Alþingi 1977

Sameinað þing, 1. fundur.

Mánudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1977, mánudaginn 10. okt., var nítugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það áttugasta aðalþing í röðinni, en hundraðasta og fjórtánda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Hjalti Guðmundsson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 10. landsk. þm.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm.
5. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
7. Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv.
8. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv.
9. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
10. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
11. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl.
12. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm.
13. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
14. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
15. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl.
16. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm.
17. Gunnar Thoroddsen, 2. þm. Reykv.
18. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv.
20. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl.
21. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
22. Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm.
23. Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.
24. Ingiberg J. Hannesson, 4. þm. Vesturl.
25. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Suðurl.
26. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
27. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
28. Jón Helgason, 4. þm. Suðurl.
29. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
30. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
31. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
32. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
33. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
34. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
35. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl.
36. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
37. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.
38. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
39. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
40. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn.
41. Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn.
42. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
43. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v.
44. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
46. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v.
47. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
48. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm.
49. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm.
50. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
52. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
53. Steinþór Gestsson, 6. þm. Suðurl.
54. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm.
55. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
56. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
57. Vilhjálmur Hjálmarsson, 1. þm. Austurl.
58. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
59. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Forseti Íslands Kristján Eldjárn: Hinn 7. sept. s. l. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh. að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. okt. 1977.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík 7. sept. 1977.

Kristján Eldjárn

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um að Alþ. skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. okt. 1977."

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Vera má að það hafi frá upphafi verið skáldlegar ýkjur sem segir í Alþingisrímunum gömlu, að þjóðin öll mæni hingað til þessa húss meðan Alþingi situr að störfum. Þó eru næg dæmi sem sanna að löngum þótti það merkur viðburður á ársins hring að Alþingi væri sett og tæki til starfa. Oft er á það drepið á vorum dögum að nú sé af sem áður var og nú láti menn sér þvílík tíðindi í léttu rúmi liggja. Þegar betur er að gáð mun þó koma á daginn að þessu er síður en svo þannig farið. Rétt mun að vísu að fáir

taki sig nú upp frá vinnu sinni og sæki á Austurvöll til þess að horfa á alþingismenn ganga fylktu liði milli dómkirkju og þinghúss, en það er ekki marktækur kvarði í þessu efni. Setningu Alþingis geta menn nú séð og heyrt heima hjá hjá sér að kvöldi dags. Mála sannast er að enn sem fyrri er því fullur gaumur gefinn þegar Alþingi kemur saman og þess beðið með vakandi huga sem þar gerist.

Fyrir nýju þingi liggja ætíð brýn úrlausnarefni sem alþjóð manna lætur sig miklu varða hvernig skipast, og áreiðanlega er það svo að þessu sinni. Enginn vafi er á að sú spurning knýr nú æ fastar á í huga alls þorra manna hvort og hvernig auðnast megi að stemma stigu fyrir hinni hamslausu verðþenslu sem vér búum nú við. Það er bersýnilegt að þetta vandamál veldur hugsandi mönnum sívaxandi áhyggjum og ugg, enda þykjast menn ekki sjá hvar endar, ef svo heldur fram sem verið hefur. Þetta er mál þjóðarinnar allrar og forsvarsmanna hennar á mörgum sviðum, og hætt er við að tvísýnt verði um veruleg umskipti til hins betra nema með sameiginlegu átaki margra aðila. Má þá nærri geta að svo margþætt viðfangsefni muni koma víða við sögu í störfum þess þings sem nú hefur göngu sína.

Ég nefndi hér áður setningu Alþingis, sjálfa athöfnina, og vildi nú bæta þar nokkrum orðum við, um hinn ytri búning hennar. Ég geri það að gefnu tilefni þótt ekki sé víst að þykja muni mikið mál. Þess varð vart í blaðaskrifum eftir síðustu þingsetningu, að setning löggjafarþings Íslendinga þætti daufleg og sviplítil athöfn. Á vorum dögum skrifa menn margt að því er virðist til þess að finna sér eitthvað til fremur en að þeim sé það alhugað. En ummælin um setningu Alþingis voru þannig til komin og að því er virtist af þeirri alvöru mælt, að mér finnst ekki rétt að láta þau með öllu sem vind um eyru þjóta. Annars mundi ég ekki gera þau að umtalsefni úr þessum ræðustól. Hugsanlegt er að þarna hafi verið mælt fyrir munn margra, og þess vegna er gaumur að því gefandi.

Ábending um litilmótleika Alþingissetningar jafngildir ósk um breytingu, og þá það sem kalla mætti tilkomumeira form. Engin áþreifanleg tillaga hefur þó komið fram í þá átt. Vissulega mun vera hægt að benda á dæmi þess í öðrum löndum að þjóðþing séu sett með meiri viðhöfn en vér gerum. E. t. v. mætti taka eitthvað slíkt til fyrirmyndar, þótt raunar ætti ekki að vera ofverk sjálfra vor að ráða fram úr slíku. Þingsetningarathöfn vor einkennist af miklu látleysi, eins og fleira í erfðavenjum vorum, en á það má minna, að látleysi þarf ekki að vera hið sama og svipleysi og það af síður hið sama og innihaldsleysi.

Ég vil vekja athygli á því, sem menn gera sér e. t. v. ekki nógu skýra grein fyrir, að tilhögun vor á setningu Alþingis er arfleifð til vor komin úr höndum margra kynslóða. Á þessu ári eru 122 ár síðan endurreist Alþingi var sett í fyrsta sinn hér í Reykjavík. Þeir, sem þá komu til þings, fundu mjög til þess að þeir voru að leggja hornstein að æðstu og merkustu stofnun þjóðarinnar. Þeir voru að leggja grundvöll, sem byggt yrði á og búið við af seinni tíma mönnum, m. a. að tilhögun og formsatriðum, eins og t. d. setningu þingsins. Við þingsetninguna mælti konungsfulltrúi á þessa leið:

„Næsta hátíðleg er þessi stund, nú þegar að því er komið að vér skulum setja Alþing. Vart mun það orð finnast, er hér á landi bæði rifji upp fyrir mönnum svo margar endurminningar fornaldarinnar og glæði svo margar vonir hins komandi tíma sem þetta eina orð: Alþing."

Hvað var svo formið sem þessir fyrstu alþingismenn höfðu á setningu hins fyrsta þings hinn 1. júlí 1845? Það var út í æsar hið sama sem vér höfum enn á þessum degi. Þar hefur engin breyting á orðið nema þær einar sem óhjákvæmilega hefur leitt af stjórnarfarslegri stöðu landsins í tímans rás, að þeir menn hafa borið mismunandi embættisheiti sem lesið hafa fyrir þingheimi bréfið um samkomudag Alþingis og lýst yfir því að Alþingi væri sett. Sjaldnar en hitt hafa þessir menn talið sig þurfa eða eiga að láta brýningu eða boðskap til þings eða þjóðar fylgja máli sínu, og eru þess þó allmörg dæmi bæði fyrr og síðar, eins og eðlilegt er og tilhlýðilegt eftir atvikum á hverri tíð, en ekki sjálfsagt eða nauðsynlegt til hátíðabrigða einna saman. Ytri viðhöfn hefur aldrei nein verið, önnur en sú sem felst í kirkjugöngu og guðsþjónustu á undan þingsetningunni.

Kjarni þessa máls er sá, að Alþingi Íslendinga hefur verið sett með sama formála og með sömu ytri umgerð í allri sögu sinni. Setning þingsins er eðlilegt og nauðsynlegt formsatriði, en um leið er hún táknræn athöfn. Umgerðin, í einfaldleika sínum, er ein af hefðum gamallar stofnunar. Og það er þessi langa hefð sem gefur jafnvel mjög fábrotinni og látlausri athöfn gildi og inntak, ef rétt er skilið. Þetta eru reyndar alþekkt sannindi úr sögu bæði veraldlegra og trúarlegra stofnana. Sumir fábreyttir siðir og forsagnir hafa ævarandi gildi innan sinnar menningarheildar, ekki vegna upprunalegs ágætis síns, heldur af því að þetta er venjuhelguð arfleifð viðkomandi þjóðar.

Alþingi er gömul stofnun, en á þó að vera síungt og endurnýjast með nýjum tímum, nýjum mönnum, nýjum viðhorfum og vinnubrögðum eftir nauðsyn og kröfu hvers tíma. En ræturnar eru og eiga að vera þær sömu og í upphafi var, og hefðir og tákn skerpa tilfinninguna fyrir þessu. Það form, sem vér höfum á setningu Alþingis, er ein af þessum gömlu rótum. Hana á að minni hyggju ekki að rífa upp, heldur hlúa að henni. Ný viðhöfn, hver sem hún ætti að vera, gæti hæglega orðið innantóm eins og klingjandi bjalla, en venjuhelgað látleysi mun hins vegar, hér eftir sem hingað til, vel gefast til að minna á veg og vanda þessarar stofnunar og allra sem hér eiga sæti.

Ég flyt yður, hv. alþm., bestu óskir á þessum þingsetningardegi og læt þá von og trú í ljós, að störf yðar í þágu þjóðar vorrar takist eins farsællega og ég veit fyrir víst að vilji yðar stendur til.

Að svo mæltu bið ég þingheim að minnast fósturjarðar vorrar með því að rísa úr sætum.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsrh. Geir Hallgrímsson** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð — Ísland lifi.“ — Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Guðlaug Gíslason, 3. þm. Suðurl., að ganga til forsetastóls.

Minnst látinna alþingismanna.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Þá verður fundi fram haldið í Sþ. Vil ég leyfa mér að bjóða þm. alla svo og starfslið Alþingis velkomið til starfa. Áður en þingstörf hefjast verður minnst látinna þingmanna.

Á þessum þingsetningardegi söknum við alþm. og minnumst eins úr okkar hópi. Jón Árnason alþm. andaðist í sjúkrahúsi Akraness aðfaranótt laugardags 23. júlí, 68 ára að aldri. Einnig minnumst við Lárusar Jóhannessonar fyrrv. alþm., lögmanns og hæstaréttardómara, sem andaðist á heimili sínu í Reykjavík aðfaranótt sunnudags 31. júlí 78 ára að aldri.

Jón Árnason var fæddur á Akranesi 15. jan. 1909. Foreldrar hans voru Árni trésmíðameistari þar Árnason húsmanns að Melaleiti í Leirársveit Árnasonar og kona hans, Margrét Finnsdóttir formanns í Sýruparti á Akranesi Gíslasonar. Hann ólst upp á Akranesi og auk barnaskólanáms stundaði hann þar nám í unglingaskóla tvo vetur. Veturinn 1926—1927 var hann við bókhaldsnám í Reykjavík. Frá og með árinu 1928 stundaði hann um langt skeið verslunarstörf á Akranesi, vann við verslun Guðjóns Jónssonar til 1932, stofnaði þá eigin verslun og rak hana til 1936. Það ár varð hann verslunarstjóri við verslun Þórðar Ásmundssonar hf., og gegndi hann því starfi til 1964. Hann var jafnframt framkvæmdastjóri tveggja annarra hlutafélaga, útgerðarfélagsins Ásmundar og hraðfrystihússins Heimaskaga, frá 1943 til ársloka 1970. Árið 1966 stofnaði hann Fiskiðjuna Arctic hf. og var forstjóri hennar til æviloka.

Jón Árnason hóf ungur afskipti af félagsmálum. Hann varð ungur að árum stofnandi og formaður áhugamannafélaga í heimabæ sínum, Akranesi. Forustumaður í sveitarstjórnarmálum var hann hátt á þriðja áratug, átti sæti í bæjarstjórn á árunum 1942—1970, var í bæjarráði tvo áratugi og forseti bæjarstjórnar á annan áratug. Hann var kjörinn alþm. Borgarfjarðarsýslu vorið 1959 og var síðan alþm. Vesturlandskjördæmis frá hausti þess árs til æviloka, sat á 20 þingum alls. Hann átti lengi sæti í beitunefnd, var í stjórn Sementsverksmiðju ríkisins frá 1968, í stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins frá 1972, í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins frá 1974.

Þegar Jón Árnason tók sæti á Alþingi fimmtugur að aldri hafði hann öðlast staðgóða reynslu í margs konar félagsmálum og víðtæka þekkingu á atvinnumálum. Hann var því vel undir það búinn að vinna hér á Alþingi að málum kjördæmisins og almennum þjóðmálum. Hann var enginn málskrafsmaður í þingsölum, en gat brugðið hart við til varnar þeim málum sem hann taldi varða hag og heill þjóðarinnar. Nefndarstörf vann hann í sjávarútvegs-, landbúnaðar-, samgöngu- og fjárveitinganefndum. Hann þekkti gjörla þau mál, sem lutu að sjávarútvegi og fiskvinnslu, og vann með ráðum og dáð að eflingu íslensks iðnaðar úr sjávarafurðum. Tímafrekasta og affarasælasta starf Jóns Árnasonar á Alþ. var unnið í fjvn. Hann átti sæti í þeirri nefnd frá haustinu 1959 og var formaður hennar frá 1964 til 1971 og frá 1974 til æviloka. Á þeim vettvangi hafði hann forustu um stuðning við margs konar framfaramál og lét sér annt um að styðja hvers konar líknarmál. Samherjum hans og andstæðingum í stjórnmálum ber saman um það, að hann hafi stýrt störfum nefndarinnar með röggsemi og festu, sáttfýsi og glaðlyndi, hreinskilni og orðheldni.

Jón Árnason átti að baki mikið ævistarf þegar hann féll frá. Hann var áhugasamur og ósérhlífinn, félagslyndur og drenglyndur, hafði ágæta söngrödd og yndi af söng, var eljusamur starfsmaður, naut trausts og vinsælda. Síðasta missiri ævi sinnar átti hann við vanheilsu að stríða, en rækti erilsöm skyldustörf af ósérhlífni og samviskusemi svo lengi sem kostur var.

Lárus Jóhannesson var fæddur á Seyðisfirði 21. okt. 1898. Foreldrar hans voru Jóhannes bæjarfógeti og alþm. Jóhannesson sýslumanns í Hjarðarholti í Stafholtstungum Guðmundssonar og kona hans, Jósefína Lárusdóttir Blöndals sýslumanns og alþm. á Kornsá í Vatnsdal. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík vorið 1917 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1920. Framhaldsnám í lögum stundaði hann í Kaupmannahöfn veturinn 1920—1921. Hann var fulltrúi hjá föður sínum við bæjarfógetaembættið í Reykjavík á árunum 1921—1924 og var settur bæjarfógeti í forföllum öðru hverju á því tímabili. Einkaritari Jóns Magnússonar forsrh. var hann frá því í júní 1921 þar til í marsmánuði 1922. Hæstaréttarlögmaður varð hann síðla árs 1924 og rak málflutningsskrifstofu í Reykjavík frá 1924—1960. Í aprílmánuði 1960 var hann skipaður hæstaréttardómari. Í mars 1964 var honum veitt lausn frá því embætti.

Lárus Jóhannesson var skipaður árið 1942 í milliþinganefnd til þess að meta verðgildi hlutabréfa Útvegsbanka Íslands. Hann var kosinn 1943 í milliþinganefnd um launakjör alþm., átti sæti í landsbankanefnd 1946—1957. Hann var formaður Lögmannafélags Íslands 1947—1960 og kjörinn heiðursfélagi þess 1961. Alþm. Seyðfirðinga var hann á árunum 1942—1956, sat á 15 þingum alls. Hann sat þing Evrópuráðsins á tímabilinu 1952—1956 og þing Norðurlandaráðs 1956.

Lárus Jóhannesson átti sér glæsilegan námsferil, lauk embættisprófi í lögum 21 árs að aldri. Fyrstu árin að námi loknu var hann aðstoðarmaður föður síns við umsvifamikil embættisstörf. Brátt hóf hann rekstur lögmannsskrifstofu sem hann rak í 36 ár og sinnti málflutningi og eignaumsýslu. Hann var í hópi atkvæðamestu lögmanna landsins og formaður í samtökum þeirra á annan áratug, þar til hann tók sæti í Hæstarétti. Hann var formaður félags sem stofnað var árið 1925 og var brautryðjandi í

rekstri útvarps hér á landi. Síðar á ævinni rak hann prentsmiðju og bókaútgáfu. Á heimili foreldra sinna hlaut hann náin kynni af stjórnmálum og baráttunni fyrir fullveldi Íslands, þar sem faðir hans stóð framarlega í fylkingu. Að nýfengnu kjörgengi og kosningarrétti tók hann sæti á framboðslista við alþingiskosningar í Reykjavík 1923. Tæpum tveimur áratugum síðar tók hann sæti á Alþingi, var hér fulltrúi fæðingarbæjar síns, Seyðisfjarðar, og vann ötullega að velferðarmálum hans.

Lárus Jóhannesson átti mörg áhugamál. Hann hafði ákveðnar skoðanir á þjóðmálum, en var sátta- og samningamaður og naut sín vel í nefndastörfum. Stundum á ævinni gustaði um hann, en hann var að eðlisfari ljúfmenni, hjálpfús og örlátur og naut vinsælda. Hann var söngmaður og gleðimaður, víðlesinn og fjölfróður. Á tímabili fékkst hann í stopulum tómstundum allmikið við þýðingar erlendra rita og hefur fátt eitt af því birst á prenti. Síðustu ár ævi sinnar fékkst hann við ættfræði af miklum áhuga og dugnaði. Heilsu og starfskröftum hélt hann til æviloka.

Ég vil biðja þingheim að minnast Jóns Árnasonar og Lárusar Jóhannessonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Ingiberg J. Hannesson tekur sæti á Alþingi.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Vegna frá falls Jóns Árnasonar alþm., 2. þm. Vesturl., tekur Ingiberg J. Hannesson nú sæti á Alþ. sem 4. þm. Vesturl. Ingiberg J. Hannesson hefur áður unnið eið að stjórnarskránni og býð ég hann velkominn til starfa.

Fundi verður nú frestað til kl. 2 miðdegis þriðjudaginn 11. okt. 1977 og fer þá fram kjör forseta, varaforseta og ritara.

Þriðjudaginn 11. okt., kl. 2 síðdegis, var fundinum fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti lét fara fram kosningu forseta Sþ. Kosningu hlaut

Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., með 52 atkv. 8 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., með 56 atkv. 4 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., með 52 atkv. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., fékk 3 atkv. 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SigurlB, en á B-lista JHelg. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að rétt væru kjörin án atkvgr.:

Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm., og
Jón Helgason, 4. þm. Suðurl.

Efri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 11. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 10. landsk. þm.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
5. Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv.
6. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm.
7. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
8. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl.
9. Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm.
10. Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.
11. Ingiberg J. Hannesson, 4. þm. Vesturl.
12. Jón Helgason, 4. þm. Suðurl.
13. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
14. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
15. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn.
16. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v.
17. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
18. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
19. Steinþór Gestsson, 6. þm. Suðurl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf., með 18 atkv. 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm., með 19 atkv. 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., með 19 atkv. 1 seðill var auður.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var AJ, á B-lista IT. — Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Axel Jónsson, 10. landsk. þm., og
Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

6. sæti hlaut Ragnar Arnalds.
7. — — Jón Helgason.
8. — — Jón G. Sólnes.
9. — — Geir Gunnarsson.
10. — — Ásgeir Bjarnason.
11. — — Steingrímur Hermannsson.
12. — — Oddur Ólafsson.
13. — — Eggert G. Þorsteinsson.
14. — — Jón Árm. Héðinsson.
15. — — Halldór Ásgrímsson.

16. sæti hlaut Ingiberg J. Hannesson.
17. — — Stefán Jónsson.
18. — — Helgi F. Seljan.
19. — — Steinþór Gestsson.
20. — — Albert Guðmundsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Þriðjudaginn 11. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þm.:
1. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm.
2. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
3. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv.
4. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
5. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
6. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl.
7. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
8. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Suðurl.
9. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm.
10. Gunnar Thoroddsen, 2. þm. Reykv.
11. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf.
12. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv.
13. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
14. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Suðurl.
15. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
16. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
17. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
18. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
19. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
20. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
21. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl.
22. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
23. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.
24. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
25. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
26. Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn.
27. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
28. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v.
29. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
31. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
32. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm.
33. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm.
34. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
35. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm.
36. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
37. Tómas Árnason, 4. þm. Austurl.
38. Vilhjálmur Hjálmarsson, 1. þm. Austurl.
39. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Suðurl.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv., með 30 atkv. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm., fékk 1 atkv. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf., fékk 1 atkv. 8 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fram fara kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut
Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., með 39 atkv. 1 seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn
Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., með 35 atkv. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm., hlaut 1 atkv. 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var EKJ, á B-lista PP. — Samkv. því lýsti forseti yfir að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v., og
Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum.

Afbrigði um að Jóhann Hafstein hlyti 23. sæti og Magnús Kjartansson 35. sæti án sætahlutunar samþ. með 33 shlj. atkv.

Sætahlutunin fór á þessa leið:

10. sæti hlaut Lárus Jónsson.
11. — — Garðar Sigurðsson.
12. — — Sverrir Hermannsson.
13. — — Gunnlaugur Finnsson.
14. — — Karvel Pálmason.
15. — — Pálmi Jónsson.
16. — — Stefán Valgeirsson.
17. — — Ólafur G. Einarsson.
18. — — Guðmundur H. Garðarsson.
19. — — Ingólfur Jónsson.
20. — — Þórarinn Sigurjónsson.
21. — — Sighvatur Björgvinsson.
22. — — Tómas Árnason.
24. — — Benedikt Gröndal.
25. — — Jón Skaftason.
26. — — Sigurlaug Bjarnadóttir.
27. — — Þórarinn Þórarinsson.
28. — — Eðvarð Sigurðsson.
29. — — Jónas Árnason.
30. — — Magnús T. Ólafsson.
31. — — Ellert B. Schram.
32. — — Guðlaugur Gíslason.
33. — — Svava Jakobsdóttir.
34. — — Gylfi Þ. Gíslason.
36. — — Gils Guðmundsson.
37. — — Lúðvík Jósepsson.
38. — — Friðjón Þórðarson.
39. — — Ingvar Gíslason.
40. — — Pétur Sigurðsson.

Sameinað þing, 2. fundur.

Miðvikudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningarnar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Steinþór Gestsson (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Pálmi Jónsson (A),
Geir Gunnarsson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Lárus Jónsson (A),
Ingi Tryggvason (A),
Ellert B. Schram (A),
Helgi F. Seljan (B),
Sighvatur Björgvinsson (C).

2. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Jóhann Hafstein (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Gils Guðmundsson (B),
Tómas Árnason (A),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Gylfi Þ. Gislason (C).

Varamenn:
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Magnús Kjartansson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

3. Atvinnumálanefnd.
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Gils Guðmundsson (B),
Páll Pétursson (A),
Sverrir Hermannsson (A),
Karvel Pálmason (C).

4. Allsherjarnefnd.
Lárus Jónsson (A),
Jón Skaftason (A),
Ólafur G. Einarsson (A),
Jónas Árnason (B),
Jón Helgason (A),
Ellert B. Schram (A),
Magnús T. Ólafsson (C).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Hermannsson (A),
Ingvar Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Efri deild, 2. fundur.

Miðvikudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Albert Guðmundsson (A),
Halldór Ásgrímsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Ragnar Arnalds (B),
Jón Helgason (A),
Axel Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

2. Samgöngunefnd.
Steinþór Gestsson (A),
Jón Helgason (A),
Jón G. Sólnes (A),
Stefán Jónsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Ingiberg J. Hannesson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Steinþór Gestsson (A),
Ásgeir Bjarnason (A),
Axel Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Ingi Tryggvason (A),
Ingiberg J. Hannesson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Stefán Jónsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Ingiberg J. Hannesson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Jón G. Sólnes (A),
Stefán Jónsson (B),
Ingi Tryggvason (A),
Albert Guðmundsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

6. Félagsmálanefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Axel Jónsson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Jón Helgason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Ásgeir Bjarnason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Helgi F. Seljan (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Albert Guðmundsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

8. Menntamálanefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (A),
Axel Jónsson (A),
Ragnar Arnalds (B),
Jón Helgason (A),
Steinþór Gestsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (C).

9. Allsherjarnefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Ingi Tryggvason (A),
Jón G. Sólnes (A),
Geir Gunnarsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (C).

Neðri deild, 2. fundur.

Miðvikudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Lúðvík Jósepsson (B),
Tómas Árnason (A),
Lárus Jónsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (C).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Sverrir Hermannsson (A),
Páll Pétursson (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Karvel Pálmason (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Ingólfur Jónsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Benedikt Gröndal (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Pétur Sigurðsson (A),
Jón Skaftason (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Tómas Árnason (A),
Garðar Sigurðsson (B),
Sverrir Hermannsson (A),
Sighvatur Björgvinsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Ingólfur Jónsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (A),
Lárus Jónsson (A),
Magnús Kjartansson (B),
Ingvar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Benedikt Gröndal (C).

6. Félagsmálanefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Stefán Valgeirsson (A),
Ellert B. Schram (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (B),
Jóhann Hafstein (A),
Magnús T. Ólafsson (C).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Jón Skaftason (A),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Magnús Kjartansson (B),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Karvel Pálmason (C).

8. Menntamálanefnd.
Ellert B. Schram (A),
Ingvar Gíslason (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Gunnlaugur Finnsson (A),
Svava Jakobsdóttir (B),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Magnús T. Ólafsson (C).

9. Allsherjarnefnd.
Ellert B. Schram (A),
Páll Pétursson (A),
Ingólfur Jónsson (A),
Svava Jakobsdóttir (B),
Ingvar Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (A),
Sighvatur Björgvinsson (C).

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Þetta þing, sem nú er nýkomið saman, er síðasta þing þessa kjörtímabils. Á næsta ári eru væntanlega tvennar kosningar, alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, enda þrautrætt á undanförnum árum og þá ekki síst undanförnum mánuðum, að ákvæði stjórnarskrár og kosningalaga um kosningar samrýmast ekki lengur þeim kröfum sem gera ber um lýðræðislega stjórnarhætti, og virðist ríkja í þessu efni víðtækt samkomulag milli manna úr öllum stjórnmálaflokkum.

Augljóst er að eins og mál hafa þróast eru áhrif kjósenda á skipan Alþingis orðin mjög misjöfn eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu. Núgildandi kosningareglur veita ekki heldur tryggingu fyrir því, að flokkaskipun á Alþ. sé í samræmi við þann vilja kjósenda sem fram kemur í kosningum. Mjög misjafnt gildi atkvæðisréttar kjósenda eftir því, hvar þeir eru bú-

settir, getur auðvitað ekki talist samrýmast lýðræðissjónarmiðum.

Þá hlýtur það og að teljast eðlilegt í lýðræðisþjóðfélagi, að flokkaskipan á Alþ. sé í eins nánu samræmi og mögulegt er við þann vilja kjósenda sem komið hefur fram í kosningum. Núgildandi reglur tryggja það hins vegar ekki með nægilegum hætti.

Þá hefur það og mjög verið rætt undanfarið, að það sé alvarlegur galli á núgildandi reglum um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, að kjósendur hafa mjög takmarkaðan rétt til þess að hafa áhrif á hverjir hljóta kosningu af einstökum framboðslistum. Af hálfu forustumanna allra flokka hefur því verið lýst yfir opinberlega, m. a. nýlega í sjónvarpsþætti, að þennan rétt ber að hafa sem mestan, enda virðist það sjónarmið njóta almenns stuðnings meðal kjósenda.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem ég hef nefnt og býsna almenn samstaða virðist vera um í grundvallaratriðum, þ. e. a. s. að jafna og auka rétt kjósenda, þyrfti að breyta bæði stjórnarskrá og kosningalögum. Nú er það alkunna, að um nokkurra ára bil hefur sérstök nefnd, stjórnarskrárnefnd, starfað að tillögugerð um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Verkefni hennar er að sjálfsögðu miklu víðtækara en það sem ég hef hér gert að umtalsefni. Þar eð dráttur hefur orðið á því, að stjórnarskrárnefnd skili áliti, er eðlilegt að sú spurning vakni, hvort ekki sé ástæða til að sérstakri þingnefnd yrði falið að fjalla sérstaklega um þau mál er lúta að kosningum og rétti kjósenda, þannig að unnt væri að afgreiða þau á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins. Ef sjónarmið meiri hl. Alþ. væri það, að ekki væri nægur tími til þess að gera breytingar á stjórnarskránni á því þingi sem nú er að hefjast, er þess að geta, að unnt er að gera ýmsar leiðréttingar varðandi þau atriði, sem ég hef hér gert að umræðuefni, með breytingum á kosningalögum einum. Til þess ætti tvímælalaust að vera nægilegt tóm á þessu þingi. Það er m. ö. o. hægt að gera breytingar, sem leiddu til aukins lýðræðis frá því sem nú er, með breytingum á kosningalögunum einum. Hins vegar ber ekki að gera slíkar breytingar án þess að freistað hafi verið að ná um þær sem víðtækustu samkomulagi innan Alþingis.

Þingflokkur Alþfl. hefur rætt þessi mál ítarlega nú við upphaf þessa þings. Hann telur ekki rétt að flytja nú þegar frv. um tilteknar breytingar á gildandi skipan. Þær breytingar, sem gerðar yrðu á stjórnarskrá eða kosningalögum einum, eiga að dómi þingflokks Alþfl. að vera niðurstaða ítarlegra umr. og sem víðtækasts samkomulags milli þingflokka. Þess vegna hefur þingflokkur Alþfl. samþ. að beina fsp. um það til hæstv. forsrh., hvort hæstv. ríkisstj. hafi fyrirhugað að þau mál, sem ég hef gert að umtalsefni, komi til kasta þessa þings svo tímanlega að unnt ætti að vera að afgreiða þau á þinginu. Þingflokkur Alþfl. mundi fagna yfirlýsingu hæstv. forsrh. um að ríkisstj. vildi beita sér fyrir því, að allir þingflokkarnir settust á rökstóla til þess að ræða hvers konar ráðstafanir væri unnt að gera á þessu þingi til aukins lýðræðis í sambandi við úrslit næstu kosninga, bæði að því er það snertir að jafna kosningarrétt með tilliti til búsetu og tryggja kjósendum úrslitaáhrif á hverjir hljóta kosningu á einstökum framboðslistum. Í slíkum viðræðum mundi þingflokkur Alþfl. leggja fram ákveðnar till. um hvernig hann teldi unnt að gera breytingar í þessa átt. Hafi ríkisstj. hins vegar ekki rætt þessi mál og sé ekki reiðubúin til að hafa nú í byrjun þings forgöngu um að viðræður allra þingflokka hefjist um þetta mál, mun Alþfl. flytja till. til þál., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela n. 5 manna, sem skipuð sé fulltrúum þingflokkanna, að semja frv. um breytingar á stjórnarskrá og kosningalögum, sem feli það í sér, að kjósendur hafi sem jöfnust áhrif á skipan Alþingis án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir eða hvaða flokk þeir kjósa, og þeir hafi úrslitaáhrif á hverjir hljóta kosningu af einstökum framboðslistum.“

Þar eð þingflokkur Alþfl. telur að hér sé ekki um að ræða þess konar mál sem venjulega eru nefnd flokksmál, kysi hann helst að hæstv. ríkisstj. hefði nú þegar í upphafi þings forgöngu um að þingflokkarnir hæfu viðræður um þessi mál til að leiða í ljós um hvaða ráðstafanir í umræddu skyni gæti náðst sem víðtækast samkomulag. Þess vegna er fsp. mín til hæstv. forsrh. sú, hvort hæstv. ríkisstj. sé reiðubúin að beita sér fyrir því nú við upphaf þessa þings, að samráð hefjist milli þingflokkanna um breytingar sem feli í sér að kjósendur hafi sem jöfnust áhrif á skipan Alþ. án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir eða hvaða flokk þeir kjósa, og að þeir hafi úrslitaáhrif á hverjir hljóta kosningu af einstökum framboðslistum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Í tilefni þessarar fsp. hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, er mér ljúft að skýra alþm. frá því, að ríkisstj. hefur rætt þessi mál og ákveðið að efnt skuli til viðræðna milli stjórnmálaflokka um þau til að kanna, hvaða úrræði væru fyrir hendi til endurbóta á kosningalöggjöf og stjórnarskrá. Jafnframt hefur ríkisstj. ákveðið og ég mun gera ráðstafanir til að stjórnarskrárnefnd sé innt eftir skýrslu og grg. um störf n. almennt og þar á meðal að því er lýtur að þeim málum sem hér hafa sérstaklega verið gerð að umtalsefni.

Ég tel ekki ástæðu til að fara efnislega út í þessi mál í umr. utan dagskrár enda hef ég persónulega skýrt á opinberum vettvangi frá afstöðu minni til höfuðmálanna, en legg á það áherslu, að þessar viðræður verða auðvitað hafnar í þeim tilgangi að kanna að verði hve víðtæk samstaða náist meðal þm. um breytingar á þessu sviði.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Við, sem erum í stjórnarskrárnefnd, höfum hlustað á það, að menn telja að störf þar gangi nokkuð seint, og það má með sanni segja að þau ganga nokkuð seint vegna þess að fundir eru sjaldan haldnir. Menn ræða um nauðsyn þess að breyta kosningalögum og stjórnarskrá með tilliti til þess að tryggja lýðræði í landinu og réttláta skipan

Alþingis. Eðlilega tekur nokkurn tíma að breyta stjórnarskránni, og það er vandasamt, því að það skal vel vanda sem lengi á að standa. En það er enginn vafi á því, að það má lagfæra ýmislegt með einföldum lögum. Ég hef rætt það mál sérstaklega við starfsmann stjórnarskrárnefndar, dr. Gunnar Schram prófessor, hvað það væri sem hægt væri að breyta með einföldum lögum, ef Alþ. vill, og láta þær breytingar taka gildi fyrir næstu alþingiskosningar. Ég tel mjög vafasamt að tími vinnist til að ganga frá þeim breytingum á stjórnarskránni sem eðlilegt er að gera þegar stjórnarskránni er breytt. En hitt hlýtur að vera til athugunar, hvort menn vilja breyta kosningalögunum. Það munu þingflokkarnir ræða og það mun koma í ljós.

Ég vil í stuttu máli gera grein fyrir því, hvaða breytingar er unnt að gera með einföldum lögum.

Það er talið að mikið misrétti hafi myndast á síðustu árum milli kjördæma landsins að því er varðar atkvæðafjölda að baki hverjum þm. Er sá munur nú orðinn því sem næst fjórfaldur á milli fjögurra kjördæma, þ. e. Vestfjarða og Norðurlands vestra annars vegar og Reykjavíkur og Reykjaness hins vegar. Nokkru minni er hann milli annarra kjördæma. Þetta má afnema að miklu leyti með breytingum á 122. gr. kosningalaganna. Gera þarf á greininni tvær breytingar til þess: Í fyrsta lagi fella niður ákvæðið um að uppbótarsætum sé úthlutað samkv. hlutfalli auk atkvæðamagns. Í öðru lagi fella niður það ákvæði sem mælir svo fyrir, að aðeins einn uppbótarmaður geti verið fyrir sama flokk í kjördæmi. Hagstofan hefur reiknað út að áhrif þessara tveggja lagabreytinga verði þau, að uppbótarsætin flytjist til Reykjaness eða Reykjavíkur. Hlutfall atkv. að baki hvers þm. mundi leiðréttast úr allt að einum á móti fjórum í einn á móti tveimur. Við þessa breytingu, miðað við úrslit kosninganna 1974, yrðu 2653 kjósendur að baki hverjum þm. í Reykjavík, 2876 að baki hverjum þm. í Reykjaneskjördæmi og 2235 að baki hverjum þm. í Norðurlandskjördæmi eystra. Öll önnur kjördæmi eru með undir 2000 atkv. að baki hvers þm. Undirstrika skal að þessi kosningalagabreyting hefur vitanlega engin áhrif á úthlutun uppbótarsæta til flokkanna, heldur hefur hún aðeins áhrif á það, til hvaða kjördæma uppbótarsætin falla. Ef vilji er fyrir hendi til breytingar á þessum grundvelli mun unnt að kjósa vorið 1978 í samræmi við slíka lagabreytingu og fá þannig fram mjög aukið jafnrétti milli kjördæma landsins hvað þingmannatölu varðar.

Unnt er með lagabreytingu einni saman að koma á persónubundnum kosningum í miklu ríkari mæli en nú tíðkast hér á landi. Undirstrikað skal að þær fjórar leiðir, sem nefndar verða hér á eftir, krefjast ekki stjórnarskrárbreytingar, heldur aðeins breytinga eða viðbóta við kosningalögin. Væri því einnig unnt að kjósa eftir slíku nýju fyrirkomulagi að vori. Helstu leiðir til þess að auka valfrelsi kjósenda með lagabreytingum eru þessar:

1. Einfaldasta leiðin til þess að koma á fullkomnu valfrelsi kjósenda er að lögfesta ákvæði um að nöfn a. m. k. aðalmanna á lista skuli skráð í stafrófsröð, en þeim ekki raðað af flokkunum eins og nú tíðkast. Tölusetur kjósandi þá nöfn frambjóðenda svo sem honum sýnist. Vel er þetta framkvæmanlegt í kjördæmum utan Reykjavíkur, en hins vegar nokkru óhægara um vik í Reykjavík þar sem milli 12 nafna yrði að velja. Þetta er sama fyrirkomulag og tíðkast m. a. á Írlandi og í framkvæmd í Danmörku. Í Danmörku er slíkt fyrirkomulag að vísu ekki lögboðið, en síðustu 10 árin hafa flokkar boðið fram óraðaða lista að undanskildum kommúnistum og vinstri sósíalistum. Hér gildir því hið fullkomna valfrelsi kjósandans. Ókost þessa fyrirkomulags munu ýmsir telja að með þessu geta flokkarnir ekki lengur skipað mönnum í algerlega trygg sæti, svo sem nú tíðkast, heldur aðeins ákveðið hvaða menn skuli skipa sætin á listanum. Framhaldið er í höndum kjósandans. Yrði því hér í raun um prófkjör að ræða innan hvers flokks samfara sjálfri þingkosningunni.

2. Þá kemur einnig til greina að taka í lög ákvæði er veiti flokkunum heimild til þess að ákveða hvort þeir bera fram raðaðan lista eða ekki. Er það raunar unnt samkv. gildandi lögum, en sérstök lagaákvæði í þessu efni mundu vekja athygli á báðum þessum kostum. Mætti ætla að þeir flokkar, sem vildu auka valfrelsi kjósenda í þessu efni, byðu þá fram óraðaðan lista, en aðrir ekki. Þá er og hér sá kostur, að flokkur raði aðeins í efstu sætin, en listinn sé að öðru leyti óraðaður. Eftir stjórnlagabreytinguna í Danmörku 1953 báru flokkarnir fram raðaða lista, en svo sem fyrr segir hafa þeir nú horfið frá því án nokkurrar lagaþvingunar og bjóða nú fram fleiri óraðaða lista.

3. Sé um raðaða lista að ræða er engu að síður unnt að auka valkosti kjósenda verulega frá því sem nú er. Samkv. 110. gr. kosningalaganna hafa breytingar kjósenda á röð nafnanna mjög lítil áhrif á heildarúrslit kosninganna. Þessum reglum er unnt að breyta á þann hátt, að fullt tillit sé tekið til allra breytinga kjósandans, en ekki aðeins að ⅓ svo sem nú er. Til greina kemur einnig að auka vald kjósenda í þessu efni. Má gera það á þann hátt, að vægi breytingar hans verði t. d. tvöfalt eða þrefalt. Með því er opnuð leið til þess að hafa ríkari áhrif á hverjir frambjóðenda nái kjöri en ella væri á röðuðum lista. Kæmi slíkt aukið vægi eða vald kjósenda á móti þeim forréttindum flokksins sem felast í réttinum til þess að raða á listann.

4. Loks skal hér bent á fjórða kostinn í þessu efni sem veitir kjósandanum mun meira valfrelsi en nú tíðkast samkv. gildandi kosningalögum. Það er innleiðing svipaðs fyrirkomulags og nú er í dönsku kosningalögunum. Núverandi kjördæmaskipan yrði látin halda sér óbreytt og yltu úrslit eftir sem áður á heildartölum milli flokkanna í öllum kjördæmum. Hins vegar væri hverju kjördæmi skipt upp í einmennings- eða tvímenningskjörsvæði. Sömu frambjóðendur væru á listum á öllu kjörsvæðunum, en ekki í sömu röð. Frambjóðandi A væri þannig efstur á lista á kjörsvæði nr. 1, en neðar á lista á kjörsvæði nr. 2. Þeir frambjóðendur, sem fengju flest persónuleg atkv. á þennan hátt, mundu síðan deila með sér þeim þingsætum sem flokkurinn hlyti í kjördæminu öllu. Á þennan hátt næðust fram að nokkru kostir einmenningskjördæma þótt eftir

sem áður væri um að ræða hlutfallskosningalista í stórum kjördæmum. Þeir þm, sem kjörnir væru í hverju kjörsvæði, teldust fyrst og fremst fulltrúar þess, en jafnframt flokksins í heild innan kjördæmisins svo sem nú er.

Þá eru ákvæði sjálfrar stjórnarskrárinnar sem mætti breyta með einföldum lögum. Hér að framan hefur verið getið breytinga á kosningafyrirkomulaginu sem gera má með breytingu á kosningalögum. Jafnframt er rétt að geta þess, að breyta má sjálfri stjórnarskránni með einföldum lögum í þremur tilvikum:

Í fyrsta lagi má breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um samkomutíma Alþingis með lögum (35. gr.). Er það í raun gert á hverju ári. Þá má breyta því með lögum að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja hér á landi (62. gr.) Loks má breyta því með lögum að utanþjóðkirkjumaður gjaldi til Háskóla Íslands þau gjöld sem honum hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar, (3. mgr. 64. gr.).

Ég hef talið ástæðu, þar sem umr. var hafin um þetta mál utan dagskrár, til að vekja athygli á því, hvað unnt er að gera án stjórnarskrárbreytingar. Sýnist mér að auka mætti réttlætið frá sjónarmiði þeirra sem tala um að nú sé ríkjandi óréttlæti í kosningaskipan til Alþingis.

Ég hitti formann stjórnarskrárnefndar fyrir tveimur til þremur vikum og spurði hann að því, hvort ekki stæði til að fara að boða fund í stjórnarskrárnefnd. Taldi hann það sjálfsagt og einnig nauðsynlegt og það mundi hann gera um það leyti sem Alþ. yrði kvatt saman. Við skulum þess vegna gera ráð fyrir að formaður stjórnarskrárnefndar boði bráðlega til fundar, og þá tel ég að nauðsynlegt sé að taka þessi atriði, sem ég nú hef gert grein fyrir, til athugunar í n. Það kemur svo í ljós, hvort þingflokkarnir eða Alþingi í heild vill eitthvað gera í þessu máli nú í vetur til þess að það geti tekið gildi fyrir kosningarnar næsta ár.

Ellert B. Schram: Hæstv. forseti. Strax nú á þriðja degi þessa þings liggja á borðum okkar tvö frv. um breytingar á kosningalögum. Mér er kunnugt um að ýmsir fleiri þm. hafa hugsað sér til hreyfings í þessum málum, annaðhvort með frumvarpsflutningi eða flutningi þáltill. Og nú hefur hv. 9. þm. Reykv. kvatt sér hljóðs utan dagskrár til þess að gera kosningalög og breytingar á þeim að umtalsefni. Ég held að þetta sýni afar ljóst hvert hugur þm. stefnir og hvað er efst og brýnast um þessar mundir.

Ég held að það fari ekki milli mála, að þessi málatilbúnaður og það, að nú skuli kosningalögin vera tekin til umr. hér utan dagskrár, sé mjög tímabært, og ég þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir frumkvæði hans. Ég minni á að á síðustu árum hefur sífellt sigið meira á ógæfuhliðina frá sjónarmiði hins almenna kjósanda í hinum stærri kjördæmum. Og nú er svo komið að vægi atkv. er 1:4.5 þegar reiknað er út frá hinu smæsta kjördæmi og hins vegar Reykjaneskjördæmi. Það, sem fólk talar fyrst og fremst um, er þess vegna að laga til annaðhvort kosningalög eða stjórnarskrá á þann veg, að vægi atkv. sé ekki eins geigvænlega mikið og það er nú, og svo hitt, að kjósendur fái að velja meir á milli einstakra frambjóðenda en hefur verið fram að þessu.

Ég vil vegna þessara umr. leyfa mér að minna á að ég ásamt nokkrum öðrum þm. hef flutt till. til þál. á s. l. þingum. Og á síðasta vetri var flutt þáltill. af mér ásamt 16 öðrum þm. Þessar till. hafa gert ráð fyrir því, að stjórnarskrárnefnd legði fram hið fyrsta till. um breytingar á kosningalögum eða stjórnarskrá í þá átt sem hér er um að ræða. Ég og fleiri þm. hafa bundið nokkrar vonir við að stjórnarskrárnefnd mundi leggja fram slíkar till., ekki síst vegna þess að í þeirri n. eru valinkunnir heiðursmenn. En það verður að segjast eins og er, að enda þótt formaður stjórnarskrárnefndar hafi lýst því yfir fyrir 2—3 vikum að hann telji sjálfsagt að n. sé kölluð saman, þá er orðið næsta lítil von til þess að n. skili frá sér till. í tæka tíð. Ég lít svo á að afgreiðsla þáltill. á síðasta vetri hafi farist fyrir af handvömm einni saman. Það lá fyrir nál. þar sem mikill meiri hluti allshn. Sþ. mælti með samþykkt nefndrar till., og ég vil trúa því að meiri hl. þm. sé þeirrar skoðunar að rétt sé að athuga þetta mál í fullri alvöru.

Nú hefur hæstv. forsrh. lýst yfir að ríkisstj. muni efna til umræðna meðal stjórnmálaflokkanna varðandi þetta efni og hún muni óska eftir öllum þeim upplýsingum, sem stjórnarskrárnefnd hefur aflað sér um hugsanlegar breytingar á kosningalögum eða stjórnarskrá. Ég fagna þessari yfirlýsingu. Í mínum huga skiptir ekki máli hvort það er stjórnarskrárnefndin eða einhver sérstök n., sem skipuð er annað hvort af Alþ. eða ríkisstj., sem fjallar um málið. Aðalatriðið er að menn setjist nú niður og fjalli um þetta mál í alvöru og skili tillögum. Ég veit að hugur margra þm. hefur staðið til þess að leggja hér fram till. að nýju um skipan n. eða þá beinlínis setja fram sérstakt frv. um breytingar á kosningalögum sem fjallaði þá fyrst og fremst um úthlutun uppbótarsæta. En ég get sagt það hvað mig snertir, að ég vil doka við og sjá hvað úr efndum verður eftir þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. Ég minni þó á að það er áríðandi, að ekki sé aðeins efnt til umr., heldur þurfi líka að skila till. fyrir einhvern ákveðinn tíma. Við megum ekki vera að velta þessu máli á undan okkur einn veturinn enn þá án þess að eitthvað eigi sér stað og einhverjar ákveðnar till. komi fram. Ég vil leyfa mér að túlka yfirlýsingu hæstv. forsrh. á þann veg, að um leið og efnt verði til þessarar umr. komi flokkarnir allir til móts við þessa hugmynd og setjist niður og stefni að því að till. liggi fyrir í síðasta lagi fyrir áramót.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans við fsp. minni. Þau voru algerlega jákvæð. Ég læt í ljós þá ósk að þær viðræður, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú lýst yfir að hún muni beita sér fyrir milli þingflokka, muni leiða til þess konar breytinga á kosningaskipun að réttur kjósenda verði jafnaður og aukinn. Jafnframt fagna ég þeim ummælum hv. þm. Ingólfs Jónssonar, sem á sæti í stjórnarskrárnefnd, að stjórnarskrárnefndin

muni koma til fundar einhvern næstu daga og það muni verða til þess að flýta því verki sem hæstv.. ríkisstj. hefur nú boðað að muni verða hafið í upphafi þessa þings.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil fagna þeim umr. sem hér hafa orðið um þau mjög svo mikilsverðu mál í lýðræðislandi sem lúta að kosningarrétti þegnanna. Þær eru mjög svo tímabærar, þessar umr., því að þannig er málum komið á okkar landi, að sú staða, sem uppi er í þessum málum, er að mínu viti algerlega óviðunandi.

Ég lít á kosningarréttinn sem mannréttindi. Þegar barist var fyrir almennum kosningarrétti á sínum tíma var sú barátta grundvölluð á því að færa þessi réttindi út til alls fólksins. Mjög misjafnt vægi atkvæða eftir kjördæmum er því að mínu viti skerðing á mannréttindum fyrir þá sem búa við slíkt misvægi. Ég fagna því þeim umr. sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hóf hér áðan.

Hann talaði um tvö atriði aðallega. Í fyrsta lagi nefndi hann réttilega þann mikla mun sem nú væri orðinn á þyngd atkvæða eftir kjördæmum, og ég tók svo eftir að hv. þm. Ingólfur Jónsson teldi að hann hefði verið um fjórfaldur. (Gripið fram í.) Það er rétt, hann var rúmlega fjórfaldur um síðustu kosningar, en hann mun verða rúmlega fimmfaldur þegar gengið verður næst til kosninga, og það er meira en eðlilegt er að þola.

Hitt atriðið, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vék að, hverjir af listum flokkanna skuli hljóta setu á Alþ. eftir kosningar, er líka stórt og mikið atriði. Það vildi svo til að þegar hv. þm. var að tala, þá var verið að útbýta frv. frá mér um nýskipan þessara mála. Hún lýtur að því, að ef frv. mitt verður samþ., þá leggja flokkarnir framvegis fram lista sína með nöfnum frambjóðenda í stafrófsröð og svo verður það algerlega á valdi kjósendanna sjálfra að raða þeim nöfnum eftir því sem þeim þykir best. Það fylgir nokkur grg. þessu frv., sem ég vil vísa til frekari upplýsinga og skal ekki lengja þennan fund með að orðlengja um efni frv.

Mig langar þó að víkja að einu atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Ingólfs Jónssonar áðan, — ræðu sem var markverð og gaf miklar upplýsingar, sem ég er þakklátur fyrir. Hann talaði um þá möguleika sem fyrir hendi væru, m. a. til þess að jafna þyngd atkv. eftir kjördæmum með því að breyta 122. gr. kosningalaganna, og talaði þá um að afnám hlutfallsreglunnar um úthlutun uppbótarsæta mundi leiða til þess að meira jafnvægi um þyngd atkv. næðist eftir að slík breyting hefði verið gerð. Þetta getur verið rétt, en það getur líka verið rangt, svo merkilegt sem það er. Ég hef látið athuga þetta atriði sérstaklega með hliðsjón af úrslitum síðustu alþingiskosninga. Hefði þá verið í lögum, að uppbótarsætum skyldi einungis úthlutað eftir atkvæðamagni, hefði það leitt til þess að uppbótarsætum Reykjavíkur hefði fjölgað, en uppbótarsætum Reykjaneskjördæmis, sem býr nú við mest misrétti í þessum efnum, hefði ekkert fjölgað þó að þessi breyting hefði þá verið komin á. Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi úrlausn fyrir okkur Reyknesinga. Ég hef þó nokkuð kynnt mér þessi mál, hvort hægt væri að ná eðlilegu réttlæti í þessum málum með því einu að breyta kosningalögunum, og því miður verð ég að segja það sem mína skoðun, að það er að mínu viti ekki hægt. Til þess þarf líka að verða breyting á sjálfri stjórnarskránni.

Ég hef áður lýst því yfir, að ég tel eðlilegt að svo kölluð landsbyggð hafi, ef svo mætti orða það, nokkru þyngri atkv. heldur en tvö fjölmennustu kjördæmi landsins, Reykjavík og Reykjanes hafa. Ég get látið mér detta í hug að það væri jafnvel ekki óeðlilegt að landsbyggðaratkv. hefðu tvöfalda þyngd á við atkv. úr Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Ef menn gefa sér þá forsendu og athuga nú að fjölga þyrfti uppbótarþm. til þess að misvægið væri hvergi meira en tvöfalt, þá hefði þurft að bæta við sex uppbótarþm. í síðustu alþingiskosningum, uppbótarþm. hefðu orðið að vera 17 í stað þess að þeir eru 11. Ég hygg að það sé lítill grundvöllur fyrir því á hv. Alþ. og áreiðanlega lítill stuðningur við það úti í þjóðfélaginu að fjölga þm. frá því sem er, svo að sú leið út af fyrir sig er ófær.

Þó að ég geti tekið undir flest það sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði hér í upphafi, þá er eitt atriði sem ég er honum ekki sammála um, og það er þegar hann segir að þingflokkur Alþfl. hafi komist að þeirri niðurstöðu eftir athugun þessara mála að rétt væri að setja n. til að athuga málið. Við höfum satt að segja ekki mjög glæsilega reynslu af þeim n. sem hafa verið settar til að athuga þessi mál. Núv. stjórnarskrárnefnd var skipuð, ef ég man rétt, 19. maí 1972. Frá henni hafa engar meiri háttar till. komið um þessi mál. Og ég hef ekki mikla trú á því, að ný nefndarskipun verði til þess að hraða framgangi einhverra breytinga á þessum málum. Sum atriði liggja alveg ljós fyrir. Alþm. verða sjálfir að taka afstöðu og gera upp hug sinn til vissra breytinga. Það frv., sem ég flyt á þskj. 21, er mjög einfalt og þarf enga sérstaka umhugsun um það. Menn þurfa bara að gera það upp við sig, hvort þeir vilja þessa tiltölulega einföldu en þó róttæku breytingu eða vilja hana ekki.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau orð margra, að hér er hreyft ákaflega brýnu máli, og ég er mjög ánægður með að það skuli gert í upphafi þings þegar þingkosningar eru tiltölulega skammt undan.

Ég held að það væri ákaflega nauðsynlegt að breyta kosningalögum eftir því sem unnt er til þess að auka jöfnuð á milli manna. Í mínum huga er kosningarréttur mannréttindi, og öll saga þeirrar baráttu, sem háð hefur verið fyrir kosningarrétti, staðfestir það sjónarmið. Ég vil minna á að það er ekkert ýkjalangt síðan konur höfðu ekki kosningarrétt. Það er ekki ýkjalangt síðan kosningarréttur var bundinn við þá eina sem áttu eignir. Barátta fyrir almennum kosningarrétti hefur alla tíð verið mannréttindabarátta, og í mínum huga er kosningarrétturinn mannréttindi og á að vera jafn hjá öllum þegnum þjóðfélagsins, hvort sem þeir eiga eignir, eins

og áður var talað um, eða hvert er kynferði þeirra og einnig hvar sem þeir eru staddir í þjóðfélaginu.

Ég er ekki sammála því sem hv. þm. Jón Skaftason sagði, að ástæða væri til að vægi kosningarréttar sé meira úti um land heldur en hér í Reykjavík. Ég tel ekki að það eigi að leysa vandamál af þessu tagi, sem tvímælalaust eru uppi í þjóðfélaginu, með því að skerða mannréttindi. Það er röng stefna. Það verður að leysa þennan vanda eftir einhverjum öðrum leiðum. Menn eiga að hafa jafnan rétt á þessu sviði hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Annað er ekki í samræmi við lýðræðishugmyndir okkar tíma.

Ég veit það ákaflega vel, að þeir, sem eru fulltrúar utan af landi, þurfa að sinna ákaflega mörgum verkefnum hér umfram t. a. m. okkur fulltrúa Reykjavíkur til þess að aðstoða kjósendur sína í samskiptum við ýmsa opinbera aðila sem aðsetur hafa hér í Reykjavík, og þar er unnið ákaflega mikilvægt starf. En ég vil ekki að þetta sé tengt við þingmennskuna á þann hátt, að sagt sé að Reykvíkingar eigi að hafa skert mannréttindi á við aðra þegna þjóðfélagsins. Það held ég að sé algerlega rangt. Þetta atriði verður að leysa eftir öðrum leiðum en þeim að skerða mannréttindi. Við verðum að halda fast í það sjónarmið, að allir eigi að hafa sömu mannréttindi á þessu sviði, og leysa þau vandamál, sem þessu eru tengd, út frá því sjónarmiði.

Ég hef mínar hugmyndir um hvernig hægt er að leysa þessi mál þannig að mannréttindi séu tryggð jafnt hjá öllum þegnum þjóðfélagsins. En ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að tíunda það núna. En ég vil ítreka það, að mér er ánægjuefni að þetta mál hefur verið tekið upp þegar í upphafi þings, og ég vona, að þingheimur beri gæfu til að gera þær breytingar sem unnt er að gera í lýðræðisátt þegar fyrir næstu kosningar.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Nú eru hafnar hér umræður af miklu kappi um það sem menn telja réttlæti frá ranglæti því sem við hefur verið haft.

Það er nú þegar búið að leggja fram hér á Alþ. eitt frv. og eina þáltill. um breytingar í þeim efnum sem hér hefur verið um að ræða, þ. e. a. s. á kosningalögum til Alþingis. Hér hafa tveir gamlir þingskörungar, sem báðir að vísu ætla sér að hætta þingmennsku, talað í þessu máli og talað um geysilega mikla þörf á að hrinda nú þeim mikla ójöfnuði sem þeir telja að uppi hafi verið varðandi kosningarrétt til Alþingis. Menn tala hér mikið um mannréttindamál í þessum efnum, og vissulega er það mannréttindamál að hafa kosningarrétt. En það er á fleiri sviðum sem menn ættu að hugleiða hvort ekki er mikill ójöfnuður og mikið misræmi milli þegna þessa þjóðfélags eftir því hvar þeir eru búsettir á landinu. Það eru líka mannréttindi, a. m. k. í hugum landsbyggðarfólks, að það hafi sama rétt, svo ég orði það eins og hv. þm. Magnús Kjartansson orðaði það — og Reykvíkingar til sömu lífsskilyrða úti á landi á hinum ótalmörgu sviðum sem dreifbýlisfólk hefur búið við stórkostlega skert mannréttindi miðað við Reykjavík.

Það er því ástæða til þess að vekja nú á síðasta þingi kjörtímabilsins þessa ágætu hv. þm., sem eru svo spenntir fyrir breytingum á kosningalögum og jafnvel stjórnarskrá varðandi vægi atkvæða á þm. eftir búsetu, minna þá á að það er á ótalmörgum öðrum sviðum sem herfilegt óréttlæti, ójöfnuður af hvers kyns tagi er ríkjandi í þjóðfélaginu, annars vegar milli þess fólks, sem býr úti á landi, og hins vegar þeirra íbúa, sem búa hér á þéttbýlissvæðinu, á Reykjavíkurhringnum. Það er ekki nægilegt að einblína bara á einn þátt í þessum málum.

Ég er ekki að standa upp til þess að mótmæla því, að það þurfi að lagfæra ýmislegt í þessum efnum. En mér virðist að þessir ágætu menn, sem fyrst og fremst tala fyrir þeim breytingum sem þeir vilja láta gera í þessum efnum, *einblíni á þennan ójöfnuð, sem þeir kalla*, varðandi annars vegar Reykjavík, Reykjanes og hins vegar, eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði áðan, íbúa Norðurlandskjördæmis vestra og Vestfjarða. En hvað reikna þessir hv. þm. inn í vægi atkv., eins og þeir tala um? Hversu mikið er að þeirra áliti, hversu þungt vegur það við vigtun á vægi atkv. t. d. Reykvíkinga eða Reyknesinga, að allt stjórnsýslukerfi landsins er hér á þessu svæði? Hversu mikil áhrif hefur það t. d. hjá forsvarsmönnum bæjar eða sveitarfélaga á þessu svæði að vera í tengslum við stjórnsýslukerfið, svo nánum sem þeir geta verið í Reykjavík og á Reykjanesi, miðað við það sem sveitarstjórnarmenn annars staðar á landinu þurfa að búa við? Hversu þungt vegur þetta við vigtun á vægi áhrifa kjósenda og skiptingu hér á Alþ. milli kjördæma? Ég held nefnilega að þessir hv. þm. horfi gjörsamlega fram hjá því, hversu aðstaða kjósenda hér í Reykjavík t. d. er allt önnur í þessum efnum heldur en hún er úti á landi. Það þarf líka að taka til greina að mínu viti, hver áhrif þessa eru á þetta mál.

Ef þeir hv. þm. Jón Skaftason og Magnús Kjartansson telja að hér sé um að ræða skerðingu á mannréttindum íbúa Reykjavíkur og Reykjaness, þá bið ég þá að hugleiða sérstaklega hvort þeir komi ekki auga á það, að mannréttindi eru brotin eða skert á ótalmörgum öðrum sviðum, annars vegar samanborið við íbúa dreifbýlisins og hins vegar við íbúa hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu. Eða eru þetta einu mannréttindin sem um er að ræða að séu skert í okkar þjóðfélagi? Ég held að því miður sé það ekki svo. Það er staðreynd, að það er geysilega mikill munur varðandi lífsafkomu manna í þjóðfélaginu eftir því hvar þeir eru búsettir, og það er líka skerðing á mannréttindum.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði áðan að sá mikli áhugi, sem virtist ríkja hér á hv. Alþ. varðandi þessi mál, sýndi, svo að ekki væri um að villast, hvað brýnast væri í hugum manna um þessar mundir. Allt annað í þjóðfélaginu fellur að hans mati í skuggann fyrir þessu. Og vel má vera að fleiri hv. þm. séu þessarar skoðunar. Ég er það hins vegar ekki.

Ég skal ekki, hæstv. forseti, eyða lengri tíma

að þessu sinni í umr. um þetta, en ég taldi rétt, vegna þess sem hefur komið fram í þessum umr., að koma þessum hugleiðingum mínum á framfæri.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Pílatus heitinn spurði að því, hvað væri sannleikur, og var í dálitlum vafa um það. Hv. 5. þm. Vestf. var í dálitlum vafa um hvert réttlætið væri, það sem hv. þm. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hafa verið að tala um, eða hvort réttlætið gæti verið eitthvað ofurlítið fleira en þetta margumtalaða vægi atkvæða.

Þetta vægi hefur raskast á undanförnum árum og er stöðugt að raskast. Fólkið hefur streymt á suðvesturhorn landsins, það kemur hingað vegna þess að það heldur að hér sé betra að búa, og að sumu leyti er hér þægilegra að búa. Þjónusta er fljótvirkari og ódýrari hér, og það er auðvelt, eins og hv. 5. þm. Vestf. drap á, að nefna dæmi þess, að það er ekki jafn réttur í mörgum atriðum, ekki jafn réttur dreifbýlisfólksins og þess fólks sem býr hér á suðvesturhorninu. Nú á Alþ. að tryggja þegnunum sem jöfnust lífskjör í landinu, og þessari skyldu virðist þá Alþ. ekki hafa fullkomlega gegnt. Það hefur ekki sinnt því hlutverki nægilega að jafna aðstöðu fólksins í landinu, jafnvel þó að þetta margumtalaða vægi sé meira á atkv. manna fyrir norðan eða vestan heldur en hér á Reykjanesi. Þm. dreifbýlisins hafa ekki staðið sig nægilega vel. Og mér finnst fráleitt að telja Reykvíkinga eða Reyknesinga stórkostlegum órétti beitta.

Þó að það séu fleiri atkv. hér að baki hverjum þm., þá vil ég benda á það og biðja menn að athuga hvernig búsetu okkar er háttað. Það eru a. m. k. fullir ⅔ af þingheimi sem eru búsettir hér á Faxaflóasvæðinu og halda heimili hér allt árið. Mér taldist svo til, — ég var að renna augum yfir listann áðan, að það væru 18 eða 19 þm. sem búa annars staðar en hér á Faxaflóasvæðinu, hafa þar heimili sín. Þessir ⅔ þingheims, sem búa í Reykjavík eða á Reykjanesi eða hér í nánasta umhverfi, þeir þekkja að sjálfsögðu þann vanda sem hér er við að glíma og þeir eru ekkert að rassskella sjálfa sig með því að beita fólkið við götuna sína sérstökum órétti. Það hefur líka komið fram í þessum umr., að þingmenn dreifbýliskjördæma þurfa að sinna ýmsum nauðsynjaerindum fyrir umbjóðendur sína sem þm. hér í Reykjavík og grennd þurfa ekki að snúast í.

Þó að vafalaust sé heppilegt að gera einhverjar breytingar á kosningalöggjöf og þau mál þurfi að vera í nokkurri endurskoðun öðru hverju, þá legg ég áherslu á það, að að mínu mati eru þm. dreifbýlisins ekki margir og réttur þess síst of freklega tryggður innan þessarar stofnunar.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þetta þing hefur hafist með nokkuð sérstöku og að mínu mati að ýmsu leyti skemmtilegu kapphlaupi milli Alþb. og Alþfl. Í gær var lögð fram á Alþ. till. frá Alþb.-mönnum sem hljóðar á þá leið, að Alþ. kjósi fimm manna n., er skipuð sé einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, til að semja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 1959, um kosningar til Alþingis er miði að því að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja á milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa. Í dag gerist svo það, að formaður þingflokks Alþfl. kemur upp og heldur fram sama máli og að mér virðist er hann að reyna að stela þessum króa af Alþb.

Mér finnst þetta kapphlaup skemmtilegt, þegar ég rifja upp fyrstu daga mína hér á Alþingi. Það var á sumarþinginu 1959 og þá var deilt um það kosningafyrirkomulag sem við búum við núna. Þá voru það Alþb. og Alþfl. sem höfðu samvinnu við Sjálfstæðisfl. og rufu reyndar vinstri stjórnina til að koma þessu fyrirkomulagi á. Og hver var sú meginbreyting sem gerð var með stjórnarskrárbreytingunni 1959? Meginbreytingin var sú að afnema persónulegt kjör þm. Fram að þeim tíma höfðu þm. verið að langsamlegu mestu leyti kosnir í einmenningskjördæmum, en það er eina fyrirkomulagið sem fullkomlega tryggir persónulega kosningu þm.

Megindeilan hér á Alþ. á sumarþinginu 1959 og reyndar á vetrarþinginu þar áður stóð um þetta atriði, hvort ætti með einhverjum hætti að halda við persónulegri kosningu á þm. ellegar taka upp það fyrirkomulag sem upp var tekið með stjórnarskrárbreytingunni 1959 og afnam hana að langsamlega mestu leyti. Af hálfu Framsfl. voru lagðar fram till. til breyt. á stjórnarskránni sem ég tel að hafi að sumu leyti verið gallaðar, en byggðu þó á þeim megingrundvelli að haldið væri við persónulegt kjör á þm. Þessar till. fundu ekki náð hjá meiri hl. Alþ. þá, þ. e. Alþb. og Alþfl. ásamt Sjálfstfl. Meiri hl. tók upp það fyrirkomulag sem talsmenn Alþb. með till. í gær og talsmaður Alþfl. með ræðu sinni í dag eru sammála um að þurfi að breyta.

Raunar kom mér það ekki á óvart þó að þetta gerðist, og reyndar átti ég von á því að þetta mundi gerast miklu fyrr. Sú breyting á stjórnarskránni eða kosningafyrirkomulaginu, sem var tekin upp 1959, var að ýmsu leyti vanhugsuð og gerð í fljótræði, en mesti gallinn á henni var samt sá, að með henni var að mestu leyti afnumið persónulegt kjör þm. Og nú eftir 18 ár eru menn farnir að sjá að þessi breyting var röng, að það hefði átt að stefna að einhverju öðru, að svo miklu leyti sem þyrfti að breyta kosningafyrirkomulaginu, heldur en að afnema persónulegt kjör þm. Skoðun okkar framsóknarmanna er að sjálfsögðu sú sama og var 1959, að við teljum heppilegt að reynt sé að stefna að því að tryggja sem best persónulegt kjör þm. En mikil spurning er hvernig það sé hægt að gera, og ég hygg að það sé ákaflega erfitt að óbreyttu kosningafyrirkomulaginu eins og það er í dag. En sjálfsagt er að leita úrræða í þeim efnum og reyna að ná samkomulagi um það, hvort hægt sé að koma kjöri þm. meira í sömu átt og meðan þeir voru kosnir persónulegri kosningu í einmenningskjördæmum.

Það hefur verið talað um það hér, að þessum breytingum megi ná með tvennum hætti: annaðhvort með breytingum á stjórnarskránni eða á kosningalögum eða hvoru tveggja. Sennilega þyrfti að gera hvort tveggja. Ég hallast

nú meira að því persónulega, að ef að því ráði verði horfið að gera breytingu í þessum efnum, þá ætti að leggja megináherslu á að gera breytingar á stjórnarskránni. Þó að megi leiðrétta þetta eitthvað með breytingu á kosningalögunum, þá getur það aldrei orðið nema kák og það verður margt eftir sem nauðsynlegt er að gera. Það verða að koma breytingar á stjórnarskránni ef það á að ná fullkomlega þeim tilgangi sem stefnt er að í þessum efnum. Ég er hræddur um, ef horfið væri að því ráði að gera eingöngu breytingu á kosningalögunum nú, að þá gæti það orðið til þess að tefja fyrir breytingum á stjórnarskránni sem þarf að gera. Þess vegna legg ég persónulega áherslu á það, að verði nú hafið samstarf milli flokkanna, eins og ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir, um að reyna að finna lausn á þessu máli, þá verði frekar unnið að því að breyta stjórnarskránni, að ganga rótt tækt til verks og breyta stjórnarskránni í samræmi við þetta og þá kosningalögunum á eftir.

Það kom líka greinilega fram hjá hv. 4. þm. Reykn. áðan, að þó að horfið væri að því að reyna að jafna á milli kjördæma með því að breyta úthlutun uppbótarþingsæta, þá mundi, miðað við úrslit síðustu kosninga, ekki verða nein breyting á þeirri tölu þingmanna sem Reykjaneskjördæmi fékk. Ég held að menn geti viðurkennt það, eins og nú er komið, að það er óeðlilegt að þetta stóra kjördæmi fái ekki nema 5 þm.

Auk þess eru í sambandi við þetta ýmis atriði í stjórnarskránni sem nauðsynlegt er að breyta, ef menn vilja tryggja fullkomið jafnrétti. Ég vil t. d. benda á það, að hálft orð í stjórnarskránni getur valdið því, að þúsund eða tíu þúsund, jafnvel 12 þúsund atkv. falli dauð. Í d-lið 31. gr. stjórnarskrárinnar segir á þessa leið — það er um úthlutun uppbótarsæta: „11 landskjörnir þm. til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.“ Vegna þess að þarna er talað um þingflokka, en ekki flokka, þá þýðir þetta að enginn flokkur kemur til greina við úthlutun uppbótarsæta nema sá flokkur sem hefur fengið kjördæmakosinn þm.

Nú munaði minnstu síðast, eins og þm. mun áreiðanlega reka minni til, að Alþfl. fengi kjördæmakosinn þm., en ef hann hefði engan kjördæmakosinn þm. fengið þá hefðu rúmlega 10 þús. atkv. fallið dauð. Þetta er að sjálfsögðu ákvæði sem þarf að lagfæra. Það er létt að sporna gegn því, að hér geti myndast óeðlilega margir smáflokkar, en hins vegar ganga hömlur í þeim efnum of langt þegar svo er komið að flokkur, sem fær yfir 10 þús. atkv., fær engan þm. kjörinn. Þetta er eitt af því sem mér finnst hvetja til þess, að verði horfið að því ráði núna að gera breytingar á kosningafyrirkomulaginu, þá verði það bæði látið ná til stjórnarskrár og kosningalaga, en ekki dregið að gera breytingar á stjórnarskránni.

En um þessi atriði ætla ég ekki að ræða frekar að þessu sinni. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég er mjög ánægður með þær umræður sem hafa farið fram hér í dag, sérstaklega þegar ég minnist þeirra umr. sem voru hér í Alþ. þegar ég tók hér fyrst sæti. Nú eru þeir, sem beittu sér þá fyrir að afnema persónulegt kjör þm., komnir á þá skoðun, að það sé nauðsynlegt að vinna að því, þó að þær aðferðir, sem þeir benda á, séu e. t. v. ekki sem heppilegastar. Sem sagt, sú stefna, sem við framsóknarmenn beittum okkur fyrir 1959 og hafnað var þá, virðist vera að fá aukið fylgi aftur og það er vel.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég lagði áherslu á það í þeim orðum sem ég mælti hér áðan, að menn yrðu að minnast þess að kosningarréttur er mannréttindi og á ekki að skerða, hvorki út frá eign manna, kynferði manna, búsetu eða neinum öðrum ástæðum.

Hv. þm. Karvel Pálmason kom upp í ræðustólinn á eftir og minnti á að það væri um að ræða mismunandi mannréttindi íslenskra þegna á fleiri sviðum. Þetta er alveg rétt. En þetta er ekki röksemd fyrir því, að það eigi að skerða mannréttindi að því er varðar kosningarrétt.

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði að ýmsir landshlutar væru verr settir en Reykjavík og þyrftu þess vegna að hafa aukin mannréttindi á þessu sviði. Ég held að vandi þessara byggðarlaga verði ekki leystur með því, að menn hafi þar gildari kosningarrétt en aðrir. Í tíð fyrrv. ríkisstj. störfuðum við hv. þm. Karvel Pálmasin saman að stefnumótun og framkvæmdum sem höfðu þann tilgang að auka jafnrétti milli allra byggða í þjóðfélaginu, og það náðist mjög mikill árangur á þessu sviði, m. a. á Vestfjörðum þar sem þessi hv. þm. er kjörinn. Þetta var ekki vegna þess að Vestfirðingar ættu svo feiknalega marga fulltrúa hér á þingi, heldur vegna þess að það var samstaða um það, pólitísk samstaða um að standa þannig að málum að auka jafnrétti fólks um allt land á þessum sviðum. Ég tók þátt í þessu samstarfi sem Reykvíkingur, og ég var þrautseigari í þessu samstarfi en hv. þm., sem hljópst á brott áður en ríkisstj. var búin að vinna að því markmiði sem hún hafði sett sér.

Það er nú svo hér á þingi, að ég hef aldrei orðið var við það — aldrei, að fulltrúar Reykjavíkur litu á sig sem fulltrúa Reykjavíkurkjördæmis eins. Fulltrúar Reykjavíkur hafa alltaf litið á sig sem fulltrúa landsins alls, og það er skynsamleg regla. Þannig eiga raunar allir þm. að líta á sig sem eru kjörnir hér á þing.

Hv. þm. Karvel Pálmason talaði í sambandi við misrétti, að lífsafkoma manna hér í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu væri betri en úti um landið. Þar hefur verið mismunandi ástatt eftir tímabilum. Það hafa verið tímabil þar sem lífskjör manna í Reykjavík hafa verið mun þrengri en lífskjör manna úti á landi. Og mér finnst satt að segja hálfleiðinlegur sá tónn, sem ég heyri stundum úr ræðustól Alþingis hjá sumum fulltrúum utan af landi, að tala með árásarhreim um Reykjavík, tala t. a. m. um að hér sé allt of margt fólk. Við skulum gera okkur það fullkomlega ljóst, að ef við viljum hafa nútímaþjóðfélag á Íslandi, eins og við verðum að gera, þá verðum við að hafa myndarlega höfuðborg sem getur staðið undir ýmiss konar athöfnum á sviði menntamála, á sviði menningarmála og vísinda o. s. frv., sem koma þjóðinni allri að gagni, en þurfa á þýsna stórum þéttbýliskjarna að halda til að hægt sé að halda slíkri

starfsemi uppi. Og það er algjörlega rangt að vera að egna til einhverrar óvildar á milli Reykjavíkur og annarra landshluta. Fyrir því eru engin rök. Ég staðhæfi: fyrir því eru engin rök. Því er nú þannig háttað eða hefur verið háttað til skamms tíma um Reykvíkinga, að þeir hafa verið að verulegum hluta til aðfluttir frá öllum héruðum landsins. Hér í Reykjavík hafa verið starfandi átthagafélög, ég veit ekki hvað mörg, en þau halda hér bæði fundi og skemmtisamkomur reglulega. Þetta fólk ber ákaflega hlýjan hug til átthaga sinna og vill mikið fyrir þá gera, eftir því sem unnt er, og ég kannast ekki við að nein önnur sjónarmið séu uppi hjá þm. Reykv. en að líta á landið allt sem verkefni sitt. Það er ekki rígur á milli Reykjavíkur og annarra landshluta sem sker úr, heldur skoðanir manna um stjórnmálaleg og félagsleg atriði.

Hv. þm. Karvel Pálmason taldi að menn ættu að hafa aukin réttindi að því er varðar kosningarrétt ef þeir byggju utan Reykjavíkur. Þessi hv. þm. hefur greint frá því opinberlega, að hann ætli næst að bjóða sig fram utan flokka. Kannske fáum við að heyra þá röksemd hjá honum, að menn, sem bjóða sig fram utan flokka, eigi að hafa forréttindi fram yfir þá sem starfa innan flokka og það þurfi t. a. m. færri atkv. til að koma utanflokkamanni á þing en þeim sem er flokksbundinn. Þetta er alveg nákvæmlega sama röksemdin og sú almenna, að menn eigi að hafa aukinn kosningarrétt af því þeir búi í einhverju byggðarlagi fjarri Reykjavík. Það er fjarstæða að gera kosningarrétt að einhverju samningsatriði. Hann er mannréttindi og það á að líta á hann sem mannréttindi. Það á ekki að versla með kosningarrétt gagnvart neinu öðru, og það er engin þörf á því heldur til að leysa vandamál í landinu að gera það með skerðingu á kosningarrétti.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hefur tekið nærri sér þau orð sem ég sagði hér áðan, og kemur mér þó undarlega fyrir sjónir að svo skuli vera.

Hann vék að því, að hann, þá sem heilbr.- og trmrh. að ég vænti, hafi átt samstarf við mig um ýmsar leiðréttingar varðandi mál á Vestfjörðum og þá í sambandi við heilbrigðisþjónustuna þar. Það er að vissu leyti rétt. (Gripið fram í.) Þú tiltókst fyrst og fremst Vestfirði. Það er alveg rétt, og fyrr mætti nú vera, ef það væri ekki hægt að vinna með þm. Reykv., í þessu tilfelli hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, á einhverjum sviðum í þá átt að leiðrétta misrétti sem verið hefur áratugum saman. Skárra væri það nú, ef þm. Reykv., í þessu tilfelli Magnús Kjartansson, hefði ekki búið við það hugarfar sem til þurfti að breyta hlutum í þessum efnum. Ég satt að segja, þó ég hafi enga sérstaka trú á hæfileikum hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar til þess að rétta við hlut landsbyggðarinnar, taldi samt að það væri hægt að fá út úr honum einhvern lítinn anga af réttlæti til landsbyggðarinnar, og það sýndist vera hægt í þessu tilfelli. En hann var ákaflega lítill miðað við það allt óréttlæti sem gildir í þessum efnum hjá landsbyggðarfólki.

Hv. þm. sagði að hann hefði verið þrautseigari í því að sitja í ráðherrastólnum sem ráðh. Alþb. í vinstri stjórninni heldur en ég sem óbreyttur þm. þeirrar ríkisstj. Það má vel vera að hann hafi þá skoðun, og að vissu leyti er hún rétt. Það sem skildi milli okkar var það í þessum efnum, af því hann rifjar þetta upp, að ég vildi ekki ganga á bak orða og loforða sem yfirlýst voru í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstj., en Magnús Kjartansson gekk fúslega á bak orða sinna í þeim efnum og fótumtróð það, sem þar var sagt, til þess að sitja í ráðherrastólnum. Þarna skildi í milli. Og ég uni því hlutskipti vel að hafa viljað halda mér við það sem búið var að ákveða í stjórnarsáttmála, þrátt fyrir það að ríkisstj. þyrfti að fara frá, heldur en að halda dauðahaldi í aðstöðuna, í ráðherrastólinn, eins og Magnús Kjartansson gerði í þessu tilfelli, en kastaði hinu fyrir borð, sem búið var að lýsa yfir. Ég undi því hlutskipti vel. Og í því máli hefur dómur fallið fyrir rúmum þremur árum og hann var mér ekki neitt sérstaklega óhagstæður. (Gripið fram í.) Nei. (**Gripið fram í: Ekki Samtökum frjálslyndra og vinstri manna.**) Nú var hv. þm. að tala um mig sem einstakling, meira að segja utanflokkaframboð mitt sem einstaklings, ekki að tala um SF. Annars vegar var einstaklingurinn Magnús Kjartansson, þá sem ráðh., hins vegar einstaklingurinn Karvel Pálmason, þá sem óbreyttur þm.

Hv. þm. Magnús Kjartansson sagði að þm. Reykjavíkur hefðu aldrei litið á sig sem sérstaka fulltrúa Reykjavíkurkjördæmis, — vel má vera að þetta sé að einhverju leyti rétt, — þeir hafi fyrst og fremst litið á sig sem þm. alls landsins, sem landsfeður. Ég hygg að sé þetta rétt hjá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, þá sé það líklega fyrst og fremst til komið vegna þess, að þm. Reykjavíkur þurfa að mjög takmörkuðu leyti að sinna í einu eða neinu þeim verkefnum sem dreifbýlisþm. þarf að sinna. Að meira eða minna leyti er hér allt við höndina, við bæjardyrnar hjá kjósendum þessara hv. þm., þannig að þeir þurfa ekki að hreyfa legg eða lið til þess að aðstoða í einu eða neinu frambjóðendur sína á svipaðan hátt og t. d. þm. dreifbýliskjördæmanna. Þetta er fyrst og fremst það sem ræður úrslitum um það, ef rétt er sem hv. þm. Magnús Kjartansson heldur fram, að þm. Reykjavíkur líti fyrst og fremst á sig sem landsfeður, ekki þm. síns kjördæmis.

Ég skal nú ekki gerast dómari í því sem hv. þm. Magnús Kjartansson var að víkja að áðan, að ýmsir þm. landsbyggðarinnar töluðu í árásartón um íbúa Reykjavíkur eða Reykjaneskjördæmis eða þess þéttbýliskjarna sem er hér á suðvesturhorni landsins. Í mínum huga er það a. m. k. ekki á neinu sviði árásartónn að benda á það óréttlæti sem hefur verið á ótalmörgum sviðum milli þess fólks, sem býr úti í dreifbýlinu, og þess fólks, sem býr hér á þéttbýliskjarnanum. Hér er aðeins um að ræða staðreyndir sem enginn getur á móti mælt. Og það er ekki af neinum illum hvötum, að ég held, hjá einum eða neinum þm. dreifbýlisins, að bent er á þetta, sem að mínu viti á fullkomlega rétt á sér. Þar er ekki um neinn árásartón að

ræða. Og það er sjálfsagt alveg rétt hjá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, eins og hann orðaði það, að Íslendingar þurfa að hafa myndarlega höfuðborg. Það er að sjálfsögðu alveg rétt. En lítill myndarbragur væri að þeirri höfuðborg ef framámenn þjóðfélagsins eða forsvarsmenn Reykjavíkurborgar ætluðu að halda þannig á málum að höggva af sér alla landsbyggðina til þess eins að geta sagt: Jú, Reykjavík er myndarleg. — Hún á að vera það. Því aðeins verður höfuðborg myndarleg að aðrar byggðir blómstri líka. Það ættu fulltrúar Reykjavíkur að hafa í huga. Það er því tími til þess kominn að menn viðurkenni þær staðreyndir, að á undanförnum árum og áratugum hafa verið á ótalmörgum sviðum brotin mannréttindi á landsbyggðarfólki miðað við það sem á sér stað hér á Reykjavíkursvæðinu — á ótalmörgum sviðum. Með þessu er ekki á nokkurn hátt verið að efna til óvildar milli Reykvíkinga og annarra íbúa þessa lands. Hér er einvörðungu verið að benda á staðreyndir sem fyrir hendi eru.

Um það, hvort það verði næsta ósk mín á eftir því, að t. d. Vestfirðingar hafi sama rétt til lífsgæða og Reykvíkingar, eins og ég hef krafist og krefst enn, þá verði það næsta ósk mín að utanflokkaþm. þurfi færri atkv. til þess að komast á þing heldur en þm. sem býður sig fram fyrir t. d. Alþb. — (Gripið fram í.) Þú komst að þessu, hv. þm., sjálfur. (Gripið fram í.) Næst á eftir því, sagði ég. Hv. þm. vék að þessu sjálfur, og sjálfsagt er þessi hv. þm. sem einn af forustusauðum Alþb. orðinn uggandi um sinn hag í þessum efnum í því kjördæmi sem hann var að tala um. En ég get fullvissað hann um það, að hvorki ég né Vestfirðingar almennt munu óska eftir því, að maður, sem hefur trú á því að hægt sé að komast áfram með einhverjum hætti án þess að vera rígbundinn af flokksklafa, hvort sem það er Alþb. eða eitthvað annað, — við óskum ekki eftir því að njóta neinna sérréttinda, en við viljum gjarnan njóta jafnréttis við aðra. Og ég ber engan kvíða í brjósti um það, að ég þarf enga undanþágu til færri atkv. heldur en t. d. væntanlegur frambjóðandi Alþb. á Vestfjörðum.

Magnús Kjartansson: Athugasemdin er aðeins sú, að fulltrúar Reykjavíkur frá Alþb. hér á þingi eru þrír og þriðji fulltrúinn, sem er uppbótarmaður, hefur 3300 atkv. á bak við sig. Vill hv. þm. Karvel Pálmason skila ámóta atkvæðamagni?

Sameinað þing, 3. fundur.

Fimmtudaginn 13. okt., kl. 2 miðdegis.

Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, þáltill. (þskj. 5). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði, þáltill. (þskj. 13). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efnisskrá.

Aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði 32.
Forseti Íslands setur þingið 2.
Ingiberg J. Hannesson tekur sæti á Alþingi 7.
Kosning forseta og skrifara, 7, 8, 9.
Kosning í fastanefndir 10, 11, 13.
Kosning þingfararkaupsnefndar 11.
Minnst látinna alþingismanna 5.
Sætaskipun 8, 10.
Umræður utan dagskrár 14 (kosningalög).
Þingsetning 1.
Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum 32.

Mælendaskrá.

Forseti Íslands Kristján Eldjárn 2.
Aldursforseti Guðlaugur Gíslason 5, 7.
Forsrh. Geir Hallgrímsson 16.
Ellert B. Schram 19.
Gylfi Þ. Gíslason 14, 20.
Ingólfur Jónsson 16.
Jón Skaftason 21.
Karvel Pálmason 23, 29.
Magnús Kjartansson 22, 28, 32.
Páll Pétursson 25.
Þórarinn Þórarinsson 25.

Efri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Innlend lyfjaframleiðsla, þáltill. (þskj. 20). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Neðri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 17. okt., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 4. fundur.

Mánudaginn 17. okt., að loknum deildafundum.

Efling útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 17). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur á mörgum fundum sínum og síðast á fundi sínum í morgun fjallað um yfirstandandi kjaradeilu milli ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þykir því hlýða að greina þingheimi nokkuð frá stöðunni í þeirri kjaradeilu og fer sú fyrirætlan saman við ósk formanna þingflokka Alþb. og Alþfl. að þessu leyti.

Í gærkvöld barst ráðherrum skýrsla og bréf frá kjaradeilunefnd, sem var á þá lund, að ekki væru virtar ákvarðanir kjaradeilunefndar í sérstaklega tilgreindum tilvikum. Það eru nefnd 6 tilvik þar að lútandi, en bréf kjaradeilunefndar hljóðar svo í upphafi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í yfirstandandi verkfalli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur ekki verið hlýtt ákvörðunum kjaradeilunefndar í nokkrum tilvikum og þar með verið brotnar þær grundvallarreglur, sem ríkisstj. Íslands og stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja komu sér saman um að skyldu gilda í verkfalli opinberra starfsmanna og staðfestar voru með setningu laga nr. 29 frá 1976.“

Án þess að ég reki þau tilvik, sem hér er um að ræða, í einstökum atriðum, a. m. k. að svo stöddu, þá vildi ég láta það koma hér fram, að ríkisstj. taldi þetta svo alvarlega þróun mála að nauðsynlegt væri að kveðja stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja á fund og var sá fundur haldinn nú fyrir tæpri klukkustund.

Á þessum fundi var lögð á það megináhersla, að samkomulag hefði náðst milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstj. um flutning frv. til l. um verkfallsrétt opinberra starfsmanna og þá lagasetningu eingöngu á þeirri forsendu, að þeim lögum yrði í einu og öllu hlýtt. Og ein veigamesta forsenda þess verkfallsréttar, sem samkomulag tókst um með aðilum að þessu leyti, var að kjaradeilunefnd hefði fullt og óskorað vald til þess að úrskurða hverjir ættu að vinna meðan á verkfalli stæði. Tilvera kjaradeilunefndar og úrskurðarvald hennar var forsenda þess að lögin um verkfallsrétt Bandalags starfsmanna ríkis og bæja voru samþ. á Alþ., og af hálfu ríkisstj. er litið svo á, að það sé því skilyrðislaus skylda framkvæmdavaldsins að sjá um að ákvarðanir n. verði framkvæmdar.

Ég tel rétt að það komi hér fram, að formaður kjaradeilunefndar var viðstaddur þennan fund og undir það bréf, sem kjaradeilunefnd skrifar ríkisstj., skrifa velflestir meðlimir kjaradeilunefndar, jafnt fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem aðrir. Á þessum fundi skiptust menn á skoðunum, en lokaorðin voru, að fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja kváðust mundu halda landsins lög, og verður að vænta þess, að við það verði staðið í sambandi við framkvæmd þessa verkfalls.

Í sambandi við efni málsins sjálfs og í sambandi við deiluatriðin tel ég ekki þörf á því að rifja upp efni í skýrslu samninganefndar ríkisins, sem var dags. á þriðjudaginn var, 11. okt. s. l., og birst hefur í blöðum landsins og hv. alþm. hafa kynnt sér, enda hefur efni þeirrar skýrslu ekki sætt andmælum. En það er rétt að hér sé rifjað upp með örfáum orðum það, sem ég hef þegar gert, aðdragandi að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna innan BSRB.

Á þessu ári fengu opinberir starfsmenn innan BSRB, sem alkunna er, verkfallsrétt til að fylgja eftir kröfum sínum um aðalkjarasamninga. Þessi breyting var þáttur í margvíslegum og veigamiklum breytingum á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að því er varðar félagsmenn innan vébanda BSRB. Löggjöfin, sem samþ. var á Alþ. vorið 1976 með öllum þorra atkv. þm. úr öllum flokkum, átti sér langan aðdraganda. En á mörgum þingum BSRB á undanförnum árum hafa verið samþykktar ályktanir og áskoranir um verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Í málefnasamningi ríkisstj. þeirrar, sem sat árin 1971—1974, var um þetta mál fjallað á þann hátt, að verkfallsrétti opinberra starfsmanna hlyti að fylgja að æviráðning félli niður og sjálfkrafa tengsl kjara opinberra starfsmanna við kjör annarra stétta í þjóðfélaginu yrðu rofin. Um þessi atriði náðist þó ekki samkomulag í n. þeirri er undirbjó frv. um breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem síðar varð að l. nr. 46 frá 1973. Kröfum um verkfallsrétt var hins vegar haldið ákaft fram af BSRB. Lög nr. 29 frá 1976, um kjarasamninga BSRB, voru svo ávöxtur samkomulags BSRB og ríkisvaldsins af afstöðnum langvarandi og ítarlegum samningaviðræðum um þetta efni. Í framsöguræðum og aths. við frv. kom skýrt fram, að verkfallsrétturinn var veittur með því skilyrði að endurskoðunarrétturinn, þ. e. hin sjálfvirku tengsl sem verið hafa milli kjarasamninga BSRB og kjarasamninga heildaraðila vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. A. S. Í. og Vinnuveitendasambands Ís-

lands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, innan samningstímans féllu niður og að æviráðningin verði þrengd, auk þess sem verkfallsréttur inn verði háður skynsamlegum takmörkunum, þ. á m. þeirri takmörkun, að kjaradeilunefnd hefði óskorað vald til þess að úrskurða, hverjir skyldu vinna meðan á verkfalli stæði, og þannig yrðu túlkuð ákvæði laganna um með hvaða hætti öryggis og heilsu borgaranna skyldi gætt.

Öll þessi atriði voru fullkomlega ljós við meðferð málsins, bæði í samningum við BSRB og á Alþ. Þetta kemur e. t. v. skýrast fram af því, að við Bandalag háskólamanna náðist ekki samkomulag um breytingar á kjarasamningalögum að því sinni, einkum vegna þess að Bandalag háskólamanna vildi ekki skipta á endurskoðunarrétti og verkfallsrétti.

Af þessari forsögu málsins má öllum vera ljóst, að alls ekki er unnt að samþykkja endurskoðunarrétt á samningstímanum með verkfallsrétti að óbreyttum lögum. Enn fremur er með öllu ljóst, að þessi krafa BSRB felur í sér brigður á því samkomulagi, sem gert var þegar lögin voru sett vorið 1976, og að ríkisstj. getur ekki beitt sér fyrir lagasetningu í þessa átt, eins og málin eru í pottinn búin.

Ég vil þessu næst rifja upp stöðuna í samningunum þegar til verkfalls kom. Þegar upp úr slitnaði bar einkum þrennt á milli:

Í fyrsta lagi krafðist BSRB endurskoðunarréttar með verkfallsrétti á samningstímanum, einkum ef breyting yrði á verðbótaákvæðum kjarasamninga með löggjöf eða hliðstæðum hætti. Þessari kröfu hvorki getur ríkisstj. né vill verða við, eins og lýst hefur verið hér að framan. Hins vegar hefur legið fyrir vilji ríkisstj. til þess að binda sig við það, að BSRB hafi aldrei lakari verðbótatilhögun en almennt gerist.

Í öðru lagi krafðist BSRB hækkunar lægstu launa umfram það sem ríkið hafði boðið. Við þessari kröfu taldi ríkisvaldið sig ekki geta orðið umfram það sem gerðist í samningaviðræðunum frá því að sáttatillagan var felld og þar til upp úr samningaviðræðum slitnaði s. l. mánudag. Með því væru kjör BSRB komin upp fyrir það sem almennt gerist á vinnumarkaðnum, sem er óverjandi. Hins vegar bauðst ríkisstj. til þess að tryggja að enginn starfsmaður, sem starfsfestu næði, sæti lengi í neðstu þrepum launastigans, heldur flyttist upp eftir almennum reglum sem reyndar má finna fyrirmynd að í sérsamningi Starfsmannafélags ríkisstofnana.

Í þriðja lagi krafðist BSRB sérstakrar hækkunar um miðbik launastigans, 15—20% umfram almennar launahækkanir ASÍ. Ríkisstj. hefur þegar með sínum boðum gengið afar langt til móts við þessar kröfur, svo langt reyndar að lengra er naumast hægt að ganga, ef ekki á að hleypa af stað óstöðvandi kjarakapphlaupi. Um þetta atriði hafa komið fram glöggar skýrslur frá samninganefnd ríkisins.

Auk þess, sem hér hefur verið rakið, lýsti ríkisstj. því yfir, að hún væri reiðubúin að ræða önnur atriði samninganna innan ramma síns lokatilboðs og þ. á m. ýmsar sérkröfur, sem ekki voru nefndar raunverulega af hálfu samninganna BSRB, fyrr en eftir að sáttatillagan var felld, á síðasta stigi viðræðna áður en verkfall skall yfir, þótt þær sérkröfur hefðu verið ræddar ítarlega af hálfu samninganefnda beggja aðila fyrr, meðan á samningaviðræðunum stóð undir leiðsögn sáttanefndar.

Það er rétt að það komi hér fram nú, þegar þau þáttaskil hafa orðið að samningar hafa tekist með ýmsum sveitarfélögum og starfsmannafélögum þeirra, að ríkisstj. er reiðubúin til þess að taka samningaviðræður upp að nýju í ljósi þeirra samninga, og samninganna við Reykjavíkurborg sérstaklega, til þess að leitast við að leysa þessa deilu. En það skal fram tekið, að við erum í þessum efnum bundin við ákveðin mörk, bæði ef halda á friðinn á vinnumarkaðinum og gæta þess að halda útgjöldum ríkisins innan hóflegra marka. Ég skal ekki fara hér með ákveðnar tölur um þann útgjaldaauka, sem ríkissjóður fyrirsjáanlega verður fyrir umfram það sem gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. En þar er tekið mið af samsvarandi útgjaldauka ríkissjóðs sem vinnuveitanda eins og ætla má að verði útgjaldaauki atvinnuveitenda almennt í landinu. En ljóst er að um umframgreiðslur frá þeirri viðmiðun verður að ræða, jafnvel þótt miðað sé við sáttatillöguna, sem felld var, eða síðasta tilboð ríkissjóðs eða samsvarandi samninga og t. d. Reykjavíkurborg hefur gert. Þar er um ákveðið vandamál að ræða sem alþm. standa frammi fyrir ásamt með ríkisstj. og leysa verður þegar ljóst er hver niðurstaðan verður í yfirstandandi kjaradeilu.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar að sinni, a. m. k. ekki án gefins tilefnis, um kjaradeiluna almennt, en vil láta það koma hér fram, að þegar hefur verið boðað að frumkvæði sáttasemjara til sáttafundar sem haldinn var kl. 12 í dag og ákveðið var að fresta til kl. 6 síðdegis. Og ég vil aðeins að lokum láta í ljós þá von og ósk, að kjaradeila þessi leysist og menn virði þá almennu hagsmuni, sem hljóta að vera fólgnir í því, að starfsmenn ríkisins fái sambærileg kjör og aðrir vinnandi menn í þjóðfélaginu, — sem hljóta að miðast við það, að starfsmenn hins opinbera fari ekki heldur fram úr þeim kjörum, sem almennust eru meðal launþega landsins. Við hér á Alþ. höfum skattlagningarvald og getum að því leyti aukið skattheimtu hins opinbera til þess að greiða starfsmönnum hins opinbera hærri laun. En forsenda fyrir slíkri skattheimtu er ekki fyrir hendi ef laun hins opinbera eru hærri en á almennum vinnumarkaði, hærri en í framleiðslunni sjálfri sem verður þó að standa undir þjóðarbúinu. Það er líka ósk mín og von, að menn virði þau fjárhagstakmörk sem eru hvað snertir ríkissjóð, svo að ekki komi til þess að ríkissjóður verði rekinn með halla, með þeim afleiðingum að verðbólgan aukist, sem og mundi verða niðurstaðan ef hér hæfist kjarakapphlaup milli mismunandi hagsmunahópa og stétta í þjóðfélaginu. Mikið er í húfi, að vel takist til um lausn kjaradeilunnar, og vænti ég þess, að allir hv. alþm. leggi sitt lið til að svo megi verða.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í morgun óskuðum við formenn þingflokka Alþb. og Alþfl.

eftir því, að hæstv. ríkisstj. gerði hér á Alþ. grein fyrir stöðu samninga varðandi það verkfall sem nú stendur yfir hjá opinberum starfsmönnum. Eins og allir vita, hefur þetta verkfall nú staðið í rúma viku og er þegar farið að hafa allvíðtæk áhrif í þjóðfélaginu. Alþ. hefur hins vegar ekki fengið neina skýrslu frá ríkisstj. um stöðu málsins á þann hátt sem við teljum að eðlilegt hefði verið að gefa hér. Það hafa að vísu komið frá hálfu ríkisstj. fram nokkur sjónarmið sem hún hafði sett fram í samningaviðræðunum, en úr því að verkfall var skollið á og ný staða var komin upp í málinu, þá hefur ekki komið fram af hálfu ríkisstj. neitt um það, hvað hún hugsaði sér frekar fyrir í málinu.

Það er ekki um það að villast, að það er brýn þörf á því að reynt sé að leysa þessa deilu sem upp er komin, og auðvitað hvílir á ríkisstj. alveg sérstök skylda að hafa áhrif á það að leysa deiluna, þar sem hún er beinlínis annar samningsaðilinn. Það er því skoðun mín, að eins og nú er komið beri ríkisstj. skylda til að hafa forgöngu um það að viðræður verði teknar upp á nýjan leik og á þeim grundvelli sem einhver von er til að hægt verði að leysa málin.

Mér sýnist að af hálfu ríkisstj. hafi ekki verið vel haldið á þessum málum. Frá því var skýrt, að fulltrúar ríkisstj. hefðu á lokastigi viðræðnanna tilkynnt að tilboð þeirra, sem þeir þá lögðu fram, væri lokatilboð. Ég held að það séu allir menn sammála um það, að vinnubrögð af því tagi, sem þarna áttu sér stað, hefðu aldrei getað gerst t. d. í samningaviðræðum atvinnurekenda hér almennt og Alþýðusambandsins. Þar sem aðilar, sem eru kunnugir slíkum vinnubrögðum, fara með málið, gera þeir sér ljóst að eftir nokkurt samningaþóf segir ekki annar aðilinn: Nú gengur þú að þessu eða allt er búið. — Þannig tala menn ekki við samningaborð í jafnerfiðum samningum og launasamningar yfirleitt eru. Ég álít að í þessum efnum hafi ríkisstj. orðið á mikil skyssa, sem beinlínis hafi leitt til þess að viðræður féllu niður, en hefðu átt að halda áfram og menn hefðu átt að halda áfram að leita að samkomulagsgrundvelli. Það er allt annað mál, hvort ríkisstj. hafi fundist á þessu stigi að nóg væri komið, en tilkynning af þessu tagi hlaut vitanlega að leiða til þess að samningar færu í strand, enda varð sú raunin á.

Ég vil einnig segja það, að mér sýnist að það, sem frá ríkisstj. hefur komið varðandi annað mjög mikilvægt atriði í þessu máli, en það er hvað við skuli taka varðandi launakjör opinberra starfsmanna ef breytingar verða á samningstímabilinu gerðar á vísitölugrundvelli eða grundvelli samninganna á annan hátt breytt með opinberum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins, — þá sýnist mér að það, sem frá ríkisstj. hefur komið varðandi þetta, sé algerlega óeðlilegt og ófullnægjandi. Ég tel að það sé sanngjarnt og eðlilegt, að verði til þess gripið af ríkisvaldsins hálfu að breyta grundvelli samninga sem gerðir hafa verið til tveggja ára, þá eigi þeir, sem þá samninga hafa, að fá nákvæmlega sams konar rétt og aðrir launþegar í landinu hafa við slík skilyrði, þá eigi þeir að hafa fullkominn samningsrétt, en ekki takmarkaðan. Ég álít að það sé engin von til þess að nein launþegasamtök geti gert launasamninga til tveggja ára á verðsveiflutímum eins og hjá okkur hafa verið án þess að hafa eitthvert öryggi um það, að verði grundvelli kippt undan samningum af hálfu opinberra aðila, þá verði að taka málið upp á ný.

Ég vil líka segja það í sambandi við það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að ég tel að hann og efalaust fleiri séu að rugla saman óskyldum atriðum, þar sem talað er um almennan endurskoðunarrétt á samningstímabili og öryggisákvæði í þá átt sem ég hef hér talað um, þ. e. a. s. hvernig með skuli fara ef ríkisvaldið sjálft breyti grundvelli kjarasamninga. Það er, held ég, engin deila um það við opinbera starfsmenn nú að sá samningur, sem við þá verði gerður, eigi að standa í tvö ár. Menn eru því bundnir af þeim samningi allt það tímabil, enda séu auðvitað virtar grundvallarforsendur samninganna, eins og t. d. verðbótaákvæði. Það er um þetta atriði sem endurskoðunarrétturinn fjallaði á sínum tíma. Menn voru þá ásáttir um að ekki væri ástæða til þess að heimta endurskoðun á samningstímabilinu með tilliti til launahreyfingar sem kynni að verða hjá einhverjum öðrum eftir samningagerð þeirra, heldur öryggisákvæði varðandi verðbótareglur, að ef þeim yrði svipt í burtu, þá fengju menn sem sagt fullan samningsrétt til þess að taka á málinu á nýjan leik.

Það var ekki ætlun mín að fara að ræða hér almennt um inntak þessara samninga sem hafa verið í burðarliðnum nú um skeið. Ég legg engan dóm á hvernig launastiginn er í einstökum greinum eða önnur ákvæði sem þar hefur verið fjallað um, umfram það sem ég hef hér sagt. Það stendur og það er mín skoðun, að það hafi verið mjög óheppilegt við þessar viðræður af hálfu ríkisstj. að taka fram, að till. hennar væru lokatillögur, og það hafi haft sín áhrif á það að reka allt í strand. Eg tel líka að afstaða ríkisstj. varðandi öryggisákvæði, sem eðlilega hlýtur að fylgja svona samningum, sé óeðlileg. Um önnur atriði samninganna ætla ég ekki að ræða.

En ég vil að lokum leggja á það áherslu, að það, sem er höfuðatriði málsins eins og nú er komið, er að mjög viðtækt verkfall stendur yfir og er farið að segja mjög alvarlega til sín í þjóðfélaginu. Af þeim ástæðum verður ríkisstj. að hafa frumkvæði í málinu, beita sér fyrir því, að viðræður fari fram, og brjóta þar odd af oflæti sínu. Ég álít einnig að hún eigi að taka til endurskoðunar afstöðu sína varðandi þessi öryggisákvæði í samkomulaginu, af því að ég held að þar hafi hún haldið á óeðlilegan hátt á málinu. Ég held að þessi mál standi ekki þannig, að það sé að hefjast eitthvert nýtt kjarakapphlaup í landinu. Mér sýnist að það, sem þegar hefur fram komið varðandi till. til lausnar á þessari deilu, bendi mjög til þess, að það, sem þar hefur verið talað um, sé nokkuð í samræmi við það, sem þegar hefur gerst og vitað er um í þjóðfélaginu, og að menn eigi því ekki að gera allt of mikið úr einhverjum slíkum fullyrðingum, en snúa sér hins vegar með meiri alvöru að því að reyna að leysa málin. Ég fagna því, að það virðist vera komin nokkur hreyfing á viðræður, og

vona, að hæstv. ríkisstj. láti ekki á sér standa að reyna að finna lausn á þessu viðkvæma vandamáli.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég staðfesti það, sem hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sagði hér áðan, að í morgun óskuðum við formenn þingflokka Alþb. og Alþfl. eftir því, að hæstv. forsrh. gæfi nú í upphafi þingfundar síðdegis í dag skýrslu um það, hvernig samningaviðræður stæðu milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisvaldsins. Það er ekki viðunandi að verkfall skuli hafa staðið — víðtækt og alvarlegt verkfall — jafnlengi og nú ber raun vitni um, án þess að þingheimi sé frá skýrt, hvernig málavextir í raun og veru séu. Nú hefur hæstv. forsrh. gert það og kann ég honum þakkir fyrir það.

Um efni málsins að öðru leyti vil ég segja, án þess þó að gera að umtalsefni einstök atriði í gagnkvæmum samningatilboðum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og ríkisins hins vegar, að það er ómótmælanlegt og það er grundvöllur þess alvarlega ástands, sem nú hefur skapast, að opinberir starfsmenn höfðu dregist mjög verulega aftur úr öðrum launastéttum á undanförnu tímaskeiði. Svo mikið höfðu opinberir starfsmenn dregist aftur úr öðrum launastéttum, að við það ástand var ekki lengur unandi. Það var því fullkomlega eðlilegt, að forustumenn opinberra starfsmanna segðu samningum upp með þeim hætti sem þeir gerðu, og jafnframt fullkomlega eðlilegt, að þeir hagnýttu sér þann rétt, sem Alþ. svo til einróma nýverið hafði veitt þeim, þ. e. a. s. að knýja á kröfur sínar með því að beita verkfalli, með því að hagnýta sér verkfallsréttinn. Að sjálfsögðu hafa allir gert ráð fyrir því, að í því sambandi yrði farið að lögum, eins og raunar varð niðurstaða þess fundar sem nú er afstaðinn milli ráðh. annars vegar og forustumanna ríkisvaldsins hins vegar. Um það eru að sjálfsögðu allir löghlýðnir borgarar sammála, að í einu og öllu, einnig í verkfalli, beri að virða lög. En ég tek undir það með hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, að á þessu augnabliki, á þessum degi er það tvímælalaus skylda hæstv. ríkisstj. að hafa forgöngu um lausn málsins, að hafa forgöngu um að efnisviðræður hefjist milli samningsaðila þegar í dag, eins og mér raunar skildist á hæstv. forsrh., að ráðstafanir hefðu verið gerðar til að gæti átt sér stað.

Ég skal ekki fjölyrða um það, að skoðun mín er sú, að hægt hefði verið að komast hjá verkfalli ef nægilegri lagni hefði verið beitt við samningsgerðina. En það er liðinn tími. Verkfallið er skollið á og nú á þessum degi er það mikilvægast af öllu, og þess krefjast mikilvægir þjóðarhagsmunir, að verkfallið leysist sem fyrst. Í því efni hvílir sérstök ábyrgð á hæstv. ríkisstj. að hafa forustu um viðræður sem leiði til jákvæðrar niðurstöðu og þess, að eðlilegt þjóðlíf geti aftur hafist í landinu.

Varðandi það atriði, sem mikið hefur verið rætt um undanfarið í sambandi við samningsgerðina og nokkuð hefur borið á góma í þessum umr., þ. e. a. s. með hverjum hætti hægt væri að tryggja rétt opinberra starfsmanna ef gerður yrði samningur til tveggja ára, þá vil ég að það komi fram, að ég álít sjálfsagt að opinberum starfsmönnum sé tryggt það með algerlega öruggum hætti, að þeir dragist ekki framar úr öðrum launþegastéttum, öðrum launþegum í landinu. Ef aðrar stéttir fá kjarabót, þá sé þannig frá málum gengið í samningi, að opinberir starfsmenn fái hliðstæða kjarabót.

Ég vil svo að síðustu ítreka, að það er skoðun okkar í þingflokki Alþfl. að mjög mikilvægir þjóðarhagsmunir krefjist þess, að þetta verkfall leysist sem fyrst, og í því sambandi hvíli sérstök ábyrgð á herðum hæstv. ríkisstj. Ég vil mega treysta því og beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ríkisstj., að hún í lokaviðræðum taki sanngjarnt tillit til réttmætra hagsmuna opinberra starfsmanna.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Það stóðst á endum á þessu hausti, að þing var sett og í landinu hófst fyrsta verkfall opinberra starfsmanna, sem hér hefur verið háð. Og ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að það er ekki vonum fyrr að þetta ástand kemur til umr. hér í þingsölum. Nú hefur verið skýrt frá því, sem allir hljóta að fagna, að samningaumleitanir, sem legið hafa niðri hartnær í viku, séu hafnar á ný.

Ég tel ekki heppilegt né rétt að gera hér að umtalsefni einstök atriði í þeim tilboðum, sem fyrir lágu þegar upp úr viðræðum slitnaði síðast, eða bollaleggja um það, hversu þar megi málum þoka í hverju atriði um sig til þess að ná endum saman og leysa þessa deilu, sem tvímælalaust er brýn vegna þjóðarhagsmuna, vegna afkomu og álits ríkisins út á við og vegna hagsmuna þeirra, sem í deilunni eiga, að taki sem fyrst enda. En ég tel ástæðu til að fara nokkrum orðum um þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið, og þær almennu ályktanir um það, hvernig á málum er haldið í slíkri deilu, sem draga má af því sem þegar hefur skeð.

Það mátti sjá nokkru áður en til verkfalls kom, að vel gæti svo farið að það skylli á, og því hvíldi sú ábyrgð á báðum aðilum, en þó sér í lagi á ríkisvaldinu, að vera vel undir það búið að taka vinnustöðvun og standa þannig að málum að hún yrði sem skemmst. Á þessu tel ég hafa orðið misbrest. Það var ekki rétt af samningamönnum ríkisstj. að loka sig inni á síðasta snúningi samningaviðræðna, eins og gert var með því að lýsa ákveðið tilboð lokaboð. Og það ber tvímælalaust að harma og átelja, ef það hefur komið í ljós, að úrskurðir kjaradeilunefndar kveðnir upp að réttum lögum hafi ekki verið virtir. En þar ber einnig að líta á það, að ljóst er af því sem gerst hefur, að mál hafa ekki verið búin svo í hendur kjaradeilunefnd af a. m. k. sumum stofnunum ríkisins sem þurft hefði að vera. Það hefur komið á daginn, að undanþágulistar þeir, sem kjaradeilunefnd ber að senda frá sér og bundnir skulu vera við ákveðin nöfn, eru að einhverju leyti og hvað sumar stofnanir varðar byggðir á úreltum gögnum, svo gömlum starfsmannalistum að þeir undanþágulistar fá ekki að fullu staðist. Þetta tel ég að séu algerlega óþörf mistök, og þarna má vel vera að sé að leita

undirrótar að því að einhverju leyti, ef árekstrar hafa orðið verulegir milli ákvarðana kjaradeilunefndar og þeirra viðbragða sem verkfallsmenn og verkfallsstjórn hafa sýnt gagnvart þeim.

Ég skal enga fjöður draga yfir það, að ég tel einnig að af hálfu verkfallsmanna hafi verið að ýmsu leyti handahófskennd framkvæmd á verkfallsaðgerðunum. *Þess eru dæmi að verkfall* er einn daginn á einhverjum vinnustað, en unnið er þar af sömu starfshópum næsta dag. Það er engin þörf á því að láta það dragast hátt í viku að hleypa úr landi ferðafólki af öðrum þjóðum, sem orðið hefur innlyksa. Eitt er það enn, sem mjög hefur vakið athygli og er vottur um það, hve illa menn hafa búið sig undir að standa að þessum málum. Þetta er sá hringlandaháttur sem gætt hefur um starfsemi í framhaldsskólum, þar sem hverfandi lítill hluti starfsmanna er innan vébanda BSRB, en þorri þeirra innan vébanda BHM, sem ekki er í verkfalli. Það er ljóst t. a. m. að hæstv. menntmrh. hefur ekki verið undir það búinn að taka afstöðu til þess máls þegar í upphafi og að athuguðu máli. Því hafa orðið mikil óþægindi og verið efnt til leiðinda sem mátt hefði komast hjá hefði þar verið ráð í tíma tekið.

Ég fagna því sem sagt, að sáttafundir eru hafnir á ný, og ég veit, að það er ósk allra landsmanna, sem hafa fylgst með þessu verkfalli, að vísu við mjög skertan fréttaflutning margir hverjir, að *því megi ljúka sem fyrst*. En ég vil ekki hverfa svo úr þessum ræðustól að vekja ekki máls á atriði sem mér finnst hafa legið um of í láginni. Það var einn þáttur í aðdraganda þessa máls, að hæstv. fjmrh. fór þess á leit við Hagstofu Íslands, að hún gerði könnun á því, hversu hagað væri *raunverulegum launakjörum* á svokölluðum frjálsum vinnumarkaði, þ. e. a. s. utan ríkisgeirans í atvinnulífinu. Þessi könnun var gerð. Niðurstöður hennar hafa legið fyrir um nokkurt skeið og á þeim niðurstöðum virðist byggð að verulegu leyti kröfugerð talsmanna BSRB. Þeir telja að þessi könnun hafi sýnt að opinberir starfsmenn hafi í raunverulegum launakjörum dregist verulega aftur úr fólki utan ríkisgeirans. Og ég hef skilið ákveðin ummæli hæstv. fjmrh. á þann veg, að hann viðurkenni þetta að vissu marki a. m. k. En niðurstöður af þessari könnun Hagstofunnar eru innanhússgagn þeirra samningsaðila sem nú takast á um kaup og kjör félaga í BSRB. Þær upplýsingar, sem þar er að finna, hafa á alls engan hátt verið gerðar opinberar. Ég tel þetta tvímælalaust vera gögn, sem almenning varði, og vil því beina því til hæstv. fjmrh., að hann beiti sér fyrir því að niðurstaða þessarar kjarakönnunar verði gerð opinber hið fyrsta.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir stöðu máls þess, sem hér er til umr., og ég sé ekki ástæðu til að bæta þar við. Það eru aðeins örfá atriði vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram, þeirrar gagnrýni, sem fram hefur komið, sem mér finnst nánast veigalítil.

Ég hjó eftir því að hv. 2. þm. Austurl. vildi ekki gefa þeim aðilum, sem hafa staðið í þessum samningum, jákvæð meðmæli. Ég er ekki viss um að þeir hefðu viljað hafa niðurstöðuna þá, að það væri að vænta úr þeirri átt jákvæðrar umsagnar. Hins vegar hjó hann í og notaði orðið „lokatilboð“ og vildi sýna fram á með því orði og því, sem hann vildi láta þar fylgja, að þannig væri ekki rétt á málunum haldið. Ég væri ekki *hlutlaus aðili í þessari deilu ef ég færi að* hefja hér langar umr. En ég vil þó ekki láta hjá líða að vekja athygli á því, sem fram er komið í blöðum, í grg. samninganefndar ríkisins, þar sem vikið er að því, að umrætt sunnudagskvöld var lagt fram á fundi, eins og það var orðað, lokatilboð þegar þar var ræddur launastiginn og það sem honum var til samtengingar. Þegar spurt var eftir öðrum atriðum, sem vikið hafði verið að áður í þeim umr., þá voru þau atriði ekki tiltæk, en við töldum að sjálfsögðu nauðsynlegt að fá vitneskju um, hver þessi önnur atriði væru og þau yrðu metin áður en samningur væri undirritaður, að við vissum hvað í samningnum fælist.

Það var haldinn sérstakur fundur síðdegis á mánudag þar sem sáttanefnd var beðin um það af okkar hálfu að fá fram þessi önnur atriði. En það tókst ekki, og þess vegna slitnaði upp úr umr. Ég vænti þess, að síðari hluta þessa dags liggi fyrir samninganefndunum þessi önnur atriði, svo að hægt sé að meta þau og halda áfram þar sem frá var horfið.

Hér var vikið af hv. 3. landsk. þm. að grg. þeirri, sem Hagstofa Íslands gerði, og þeim orðum, sem ég hef látið um þá skýrslu falla. Það er rétt, Hagstofan gerði samanburð að mínu frumkvæði og ég skýrði frá því hér á Alþ. í fyrra. Þessi samanburður, sem Hagstofan gerði, er *ákaflega erfiður, því að stöður hjá hinu opinbera* og á almenna vinnumarkaðnum eru ákaflega misjafnar og þar erfitt um samanburð, og gerir hagstofustjóri mikinn fyrirvara á þeirri grg. sem hann lætur frá sér fara. Hann undirstrikar mjög rækilega, að það er ákaflega erfitt að gera þennan samanburð þannig að viðhlítandi sé. Engu að síður taldi ég að af þessum samanburði mætti marka, að í vissum launaflokkum hjá hinu opinbera væru starfsmenn þess orðnir aftur úr og bæri þess vegna að leiðrétta það í þeim samningum sem nú hafa staðið yfir. Með hvaða hætti hægt verður að fá fram þá leiðréttingu sem allir geta sætt sig við, skal ég ekki um segja. En ég hef látið hafa það eftir mér, eins og fram kom í ræðu hans, að ég vildi að það væri tekið tillit til þessa og það yrði reynt að ná fram þeirri réttlætingu sem mögulegt væri. Hvernig þessi skýrsla yrði lögð fram hér á þingi eða alþm. gerður greiður aðgangur að henni skal ég athuga og reyna að koma þeim málum þannig fyrir, að þm. geti fengið þá skýrslu til skoðunar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vildi koma þessu að hér. Ég tek undir það, sem hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni, að forsenda þeirrar löggjafar, sem sett var um aðferðir í sambandi við launakjör opinberra starfsmanna, var sú, að þar væri til aðili sem úrskurðaði um það, hverjir ættu að sinna störfum til þess að öryggi og heilsa landsmanna væri tryggð. Ég

vonast til þess að báðir aðilar virði og hliti úrskurði kjaradeilunefndar. Það mun að sjálfsögðu ríkisstj. og ríkisstofnanir gera. Og við hljótum að gera þá kröfu, að viðsemjandi okkar geri það líka. Ef ekki, þá eru forsendur brostnar fyrir því samkomulagi sem gert var á sínum tíma, og ég veit að mikill meiri hluti opinberra starfsmanna vill ekki að þær forsendur séu brostnar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Verkfall opinberra starfsmanna hefur nú staðið í eina viku og valdið miklum erfiðleikum og óþægindum, og menn hljóta að spyrja sig, hvort ekki hefði verið hugsanlegt að komast hjá því að til þessara tíðinda drægi. Ég held að kjarni þessa máls, kjarni þeirrar umr., sem hér hefur farið fram, sé sá að ríkisvaldið hafi ekki til fulls áttað sig á því að ástæður eru breyttar, að sá tími er liðinn að fjmrh. geti deilt og drottnað í viðskiptum sínum við opinbera starfsmenn og sagt: Þetta er ég reiðubúinn að láta, annað ekki. — Ég held að mörg rök megi færa því til sönnunar, að með skynsamlegri vinnubrögðum af hálfu ríkisvaldsins hefði mátt komast hjá þessu verkfalli.

Í þessari deilu eru að sjálfsögðu fjöldamörg atriði sem um er deilt, og ég ætla ekki að gera þau hér almennt að umtalsefni frekar en aðrir sem hér hafa talað. En vegna orða hæstv. forsrh. áðan sé ég mig nú til knúinn að ræða hér sérstaklega um eitt atriði þessarar deilu, en það er endurskoðunarrétturinn. Ég held að flestir geti verið sammála um það, sem nokkuð þekkja til, að ekkert eitt atriði í þessari deilu hefur tafið samningsgerð eins og einmitt þetta atriði varðandi endurskoðunarrétt.

Í samningum þeim, sem gerðir voru milli atvinnurekenda og almennu verkalýðsfélaganna í sumar, var talið sjálfsagt að hafa það ákvæði með í samningnum, að ef ríkisvaldið rifti visitöluákvæðum samningsins, þá skyldi samningurinn vera uppsegjanlegur. Því miður hef ég nú ekki þetta orðalag fyrir framan mig, en ég veit að enginn dregur í efa að slík ákvæði eru í samningum hinna almennu verkalýðsfélaga, jafnvel þótt samningurinn sem slíkur sé gerður til ákveðins tíma. Afstaða BSRB hefur verið sú að gera þessa sömu kröfu. Það hefur krafist þess, að ef visitöluákvæðum samningsins yrði riftað, þá stæði að vísu aðalsamningurinn áfram eftir sem áður, en BSRB hefði rétt til uppsagnar á launalið samningsins þar sem forsendur fyrir þeim launum, sem um væri samið, væru algerlega brostnar.

Í lögunum er ekkert ákvæði um þetta atriði málsins. Það er alveg óumdeilt, að lögum um verkfallsrétt opinberra starfsmanna fylgir ekki þessi réttur, fylgir ekki þessi endurskoðunarréttur af sjálfu sér. Það segir einfaldlega í grg. með frv. þegar það var lagt fram hér á Alþ.: „Lögbundinn endurskoðunarréttur með gerðardómi eða verkfallsrétti fylgir ekki aðalkjarasamningi.“ En þar fyrir er ekkert því til fyrirstöðu að sjálfsögðu, að samningsaðilar komi sér saman um slíkan endurskoðunarrétt, og ég vek á því athygli að það er ekki eitt einasta ákvæði í þessum lögum sem kemur í veg fyrir að slíkt samningsákvæði sé tekið upp í samningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja við ríkið. Það er alger rangtúlkun á lögunum sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að það væri nánast lögbrot að semja um slíkt ákvæði. Menn verða að hafa það í huga, að ef visitöluákvæðum þessa samnings, sem BSRB mun væntanlega fyrr eða síðar gera við ríkið, er riftað af ríkisvaldinu, þá er raunverulega verið að rifta samningnum, þá var það ríkisvaldið sem hefur frumkvæði að því að rifta samningnum. Og þá er spurningin sú ein, hvort opinberir starfsmenn hljóti ekki að hafa endurskoðunarrétt til að krefjast endurskoðunar í framhaldi af þeirri riftun sem ríkisvaldið hefði þá sjálfsagt átt frumkvæði að.

Ég sem sagt vek á því athygli, að menn geta lesið í gegn lögin um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þeir munu ekki finna þar eitt einasta ákvæði sem kemur í veg fyrir að samningsákvæði af þessu tagi sé tekið upp í væntanlega samninga opinberra starfsmanna fyrir ríkið. Öllum ákvæðum laganna yrði fylgt eftir sem áður, m. a. því ákvæði sem kemur fram í 8. gr., að samningurinn skuli gerður til tveggja ára. Aðalkjarasamningurinn mundi árfam standa, enda þótt þessu eina atriði, þ. e. a. s. launalið samninganna, yrði sagt upp.

Ég vil einnig vekja á því athygli, að bersýnilegt er öllum þeim, sem þetta mál skoða, að ein helsta ástæðan til þess, að samningar opinberra starfsmanna við ríkið eru nú komnir í baklás, er sú, að ríkisstj. hefur bitið sig algerlega fast í þessa afstöðu sína. Og því miður hafa verið gefnar ótímabærar yfirlýsingar, bæði af hálfu forsrh. og af hálfu hæstv. fjmrh., um þetta atriði. Ég held hins vegar að öllum hugsandi mönnum hljóti að vera það ljóst, að þessi deila verður ekki leyst ef ríkisstj. ætlar að sýna fullkomna óbilgirni og stifni í afstöðu sinni. Það segir sig sjálft, að ríkisstj. er alls ekki stætt á því að neita opinberum starfsmönnum um þennan rétt sem almennu verkalýðsfélögin sömdu um. Þetta er alveg samsvarandi réttur og engin ástæða til þess að opinberir starfsmenn þurfi að sitja þar við annað og verra borð.

Ég vil sem sagt láta það verða mín lokaorð hér, að afstaða ríkisvaldsins, afstaða ríkisstj. er bersýnilega grundvölluð á einhverjum lögfræðilegum útúrsnúningum sem eiga sér ekki neina stoð í heilbrigðri skynsemi og enn síður í lögum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég efast ekki um að breyting á afstöðu ríkisstj. til endurskoðunarréttarins muni verulega flýta fyrir samningum, og ég vil því leyfa mér að lokum að skora á þá aðila innan ríkisstj., sem því miður hafa fram til þessa bitið sig í harla óskynsamlega afstöðu hvað þetta snertir, að breyta afstöðu sinni.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. gat um áðan að væri eitt það mál sem hefði verið hvað erfiðast í þessum samningum og mest strandaði á, og þeim útskýringum, sem hann var hér með í sambandi við þá löggjöf sem sett var, langar mig til þess að lesa hér upp úr blaðinu Ásgarði, sem er blað Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, 1. tbl., í apríl 1976, þar sem vikið er að þeim

samningum, sem fram höfðu farið á milli BSRB og ríkisins, og málalyktum sem þar urðu, með leyfi forseta:

„Vilji kom fram hjá fulltrúum ríkisins að endurskoða mætti launaliði samningsins tvisvar á samningstímabili, eftir að forsendur lægju fyrir að launþegar á frjálsum vinnumarkaði fengju launahækkun. Verkfallsréttur gilti ekki við slíka endurskoðun á samningstímabili, heldur skyldi gerðardómur skera úr ágreiningi. Miklar viðræður höfðu farið fram á milli fulltrúa BSRB og ríkisins um þessi þýðingarmiklu atriði í væntanlegri löggjöf, og var því nú lýst yfir, að sú afstaða ríkisins, er að framan greinir, væri ófrávíkjanleg. Ef verkfallsréttarmálið átti að nást fram með samningum varð því að finna lausn á þessu stóra ágreiningsatriði. Eftir miklar umræður á sameiginlegum fundi stjórnar samninganefndar og verkfallsnefndar BSRB var svofelld till. samþ. með 44 shlj. atkv.: Fundurinn samþykkir með hliðsjón af aðstæðum í samningaviðræðum að ganga inn á tveggja ára samningstímabil með uppsagnarrétti miðað við 1. júlí 1977 með verkfallsrétti þá."

Hér er alveg skýrt tekið fram, hvernig þessi mál gengu fyrir sig. Það var gert ráð fyrir því, að um væri að ræða verkfallsrétt við gerð aðalkjarasamnings og ekki annað. Hins vegar hefur ekki af hálfu samninganefndar ríkisins verið talið eðlilegt að gera annað en að í þennan samning kæmi bókun eða ákvæði í sambandi við breytingar á vísitölu, ef til kæmu, og í þessu tilboði ríkisstj. eða samninganefndar ríkisins var eftirfarandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Verði gerðar breytingar á vísitölureglum almennra kjarasamninga í landinu á gildistíma þessa samnings með lögum, skulu samningsaðilar taka upp viðræður í því skyni að tryggja þann tilgang ákvæða samningsins um verðbætur í lið 1.3.3., að þær verði eigi lakari en hjá öðrum fjölmennum launþegasamtökum í landinu."

Ég get ekki séð annað en með þessu ákvæði sé eins skýrt komið til móts við þá aðila, sem við erum að semja við, og mögulegt er. Og við skulum vona að það náist samkomulag og þar verði þessum aðilum tryggt það sem hér er um að ræða. Ég vildi leyfa hv. þm. að heyra úr málgagni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hvernig þeir litu á þessi mál þegar samningar voru gerðir.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þessi mál mjög ítarlega eins og þau standa nú. En það eru aðeins örfá atriði sem ég vildi koma inn á og þá alveg sérstaklega það atriði sem varðar endurskoðunarrétt og kröfu BSRB um endurskoðunarrétt á samningnum á samningstímabilinu, ef vissar forsendur eru fyrir hendi.

Ég vil aðeins fyrst segja það, að staða opinberra starfsmanna samningslega hefur verið í stórum dráttum æðilengi ekki sjálfstæð, heldur verið eins konar taglhnýting við aðra varðandi sín kjör. Samningsrétturinn frá 1962 breytti þessu ekki í neinum verulegum atriðum, einmitt vegna þess að verkfallsréttinn skorti. Með lögum frá s. l. ári, þegar verkfallsrétturinn fékkst fram, átti þessu tímabili í samtökum og kjarabaráttu opinberra starfsmanna að vera lokið. Og ég veit að allir þeir, sem eitthvað hafa við félagsmál fengist og ekki hvað síst kjaramál, skilja þessa afstöðu ákaflega vel. Og það er afar mikill misskilningur, ef hæstv. ráðh. og ríkisstj. ætla sér að leggja þungann á það að láta ekki opinbera starfsmenn sitja við sama borð og önnur samtök launamanna í landinu hvað þetta áhrærir. Ég vil fullyrða, að hér er ekki um atriði að ræða sem fyrst og fremst varðar útgjöld. Hér er í rauninni um mannréttindi að ræða.

Ég ætla ekki að fara neitt að ræða hér út af fyrir sig launamál opinberra starfsmanna. Það er mál sem varðar samtök þeirra og viðsemjendur, og á þessu stigi ætla ég ekki að koma inn á þau. En ég held að þetta atriði sé mjög veigamikið þegar um er að ræða sjálfstæðan samningsaðila, og það vil ég undirstrika að opinberir starfsmenn eiga nú að vera orðnir, lögin áttu að skapa þeim þennan rétt.

Það er margt sem sjálfsagt kæmi til álita, ef menn færu að ræða um það hvers vegna þessi staða er nú komin upp, hvers vegna samningar tókust ekki án verkfalls. Ég er í engum efa um það, að þarna kemur áreiðanlega til að verulegu leyti reynsluleysi beggja. Það er ekki nokkur vafi á því, að þetta svokallaða lokatilboð ríkisstj. gerði ákaflega mikið til þess að skella öllum hurðum aftur. En ég vil einnig benda á að lögin sjálf, eins og þau eru og áttu að vera sérstök fyrirmynd og ýmsir höfðu held ég, sterkar vonir um að gætu orðið að fyrirmynd að lögum fyrir hinn almenna vinnumarkað, þessi lög reynast svo meingölluð, að það er kannske á valdi hvorugs aðila að afstýra því, að svona fari eins og nú fór. Með allri uppbyggingu á sáttatilraunum o. s. frv. er allt svigrúm til samninga svo þröngt, að það eru afar miklar líkur til og hlutu að verða miklar líkur til að svo færi eins og nú fór, þegar einnig kemur til, að hér er um frumraun að ræða.

Það, sem ég ætlaði fyrst og fremst að leggja áherslu á, endurskoðunarrétturinn. Ég dreg afar mikið í efa að það sé rétt fullyrðing, sem hæstv. forsrh. viðhafði hér áðan, að það sé ekki hægt að semja um þennan endurskoðunarrétt að óbreyttum lögum. En ekki aðeins dreg ég hana í efa, ég álít að það sé röng fullyrðing. Ég skal ekkert um það segja, hvað menn hafa með sjálfum sér hugsað þegar þessi lög voru sett. Það er ekki mitt að dæma um. En lögin sjálf segja þetta ekki, það gera þau ekki. Það, sem hæstv. fjmrh. las hér áðan upp úr blaðinu Ásgarði um afstöðu forustumanna BSRB, snerti atriði ef aðrir fengju launahækkun, þá skyldi þessi endurskoðunarréttur vera fyrir hendi. Það er ekki þetta sem BSRB er að fara fram á. Það vill sjálft með sínum samtökum og með sömu réttindum og aðrir launþegar í landinu hafa þennan möguleika, þ. e. a. s. að tryggja kjör umbjóðenda sinna. Þetta er það sem málið snýst um, en ekki hvort af borði eins eða annars falla einhverjir molar af líkri stærð og fallið hafa til annarra. Það er ekki það sem þeir eru að biðja um. Og í þessu efni vil ég benda á að almennu verkalýðsfélögin hafa í sínum samningum æðilengi haft uppsagnarákvæði, stundum varðandi allan samninginn, stundum varðandi kjaraákvæðin, þ. e. a. s. launaákvæði þeirra, ef til-

teknar ráðstafanir yrðu gerðar af hálfu opinberra aðila eða ef tiltekin kjararýrnun ætti sér stað, svo sem vegna gengisfellingar eða annars slíks.

Í þeim samningum, sem gerðir voru í vor, svokölluðum sólstöðusamningum, eru tvær greinar sem fjalla um þessi mál og eru alveg hliðstæðar því sem BSRB gerir kröfu um að komi í samninga þess. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa þessar tvær gr. Það er 10. gr., hún er þannig orðuð:

„Verði á samningstímanum sett lög, sem breyta ákvæðum þessa samnings um afgreiðslu verðlagsuppbóta á laun, er hvorum aðila um sig heimilt að segja upp kaupgjaldsákvæðum samningsins með eins mánaðar fyrirvara.“

Og hin er þannig:

„Verði veruleg breyting á gengi íslenskrar krónu á gildistíma samnings þessa, skal hvorum samningsaðila heimilt að segja upp kaupliðum hans með venjulegum uppsagnarfresti, enda verði gildistími nýs samnings þá hinn sami og þessa samnings.“

Þessar tvær greinar fjalla um endurskoðun ef tilteknar aðgerðir eiga sér stað, í öðru tilvikinu, að veruleg breyting verði á gengi íslensku krónunnar, og í hinu tilvikinu, að sett verði lög sem breyta verðbótaákvæðum samningsins. Það er þetta sem þeir hjá BSRB, opinberir starfsmenn, vilja fá í sína samninga, þ. e. a. s. sama rétt og önnur launbegasamtök í landinu hafa. Það er ekki verið að fara fram á að það fái eitthvað tiltekið í krónum ef eitthvað gerist, heldur réttinn til þess að endurskoða samninginn, sem segja honum upp, kaupgjaldsákvæðum hans, ef löggjafarvaldi er beitt til þess að breyta forsendum samningsins. Og það hefur oft komið til álita, hvort þá væru jafnvel samningar fallnir úr gildi, ef forsendum væri breytt.

Ég sagði áðan að þessi ákvæði eða svipuð þessum hefðu lengi verið í samningum almennu verkalýðsfélaganna. Ég held að það séu afar fá dæmi þess, að þessi ákvæði hafi verið notuð. Samningum hefur að vísu verið stundum sagt upp fyrr en annars hefði orðið, stundum hafa þeir ekki orðið nema nokkurra mánaða gamlir, — ég minni á 1974, þegar þeir samningar áttu að gilda í tvö ár og giltu aðeins í nokkra mánuði í reynd. Það er í rauninni sama, má segja, hvort svona ákvæði eru fyrir hendi eða ekki, ef gerðar eru grófar ráðstafanir til þess að kippa grundvelli undan kjarasamningi, þá verða viðbrögð ævinlega einhver, — og er þá ekki heilbrigðara og betra að menn reyni að semja um fyrir fram hvernig þessi viðbrögð eigi að vera og eftir hvaða leikreglum skuli farið?

Ég legg sem sagt áherslu á að hæstv. ríkisstj. skoði hug sinn vel áður en hún gerir þetta atriði að svo miklu úrslitaatriði eins og mér virðist að það stefni að. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef tekið er mannlega á þessum málum munu önnur atriði verða auðleystari, því að hvað sem einhverjum krónum líður, þá setja menn þó vonandi enn sjálf mannréttindin ofar.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það er dregið í efa, það sem ég sagði í ræðu minni, að það væri ekki heimilt af hálfu ríkisstj. að semja um endurskoðun aðalkjarasamnings BSRB og ríkisins með verkfallsrétti á tveggja ára gildistíma aðalkjarasamnings. Í tilefni af þessu vil ég leyfa mér að lesa upp — með leyfi forseta — 18. gr. þeirra laga sem um þetta fjalla, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, en þar stendur:

„Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33 frá 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, er Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum þessum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Hér er um takmarkaðan verkfallsrétt að ræða, og það gerðu allir hv. alþm. sér ljóst, þegar þessi lög voru samþykkt. Og hvernig er þessi grein skýrð í aths. um þetta lagafrv.? Þar stendur um 18. gr., með leyfi forseta:

„Hér er gert ráð fyrir að BSRB sé heimilt að gera verkfall, þó eingöngu við gerð aðalkjarasamnings. Ekki er gert ráð fyrir heimild fjmrh. til verkbanna þar sem verkfallsréttur er eingöngu í höndum heildarsamtaka, en ekki einstakra félaga, auk þess sem önnur heildarsamtök hafa ekki verkfallsrétt. Réttur til verkbanna er því óraunhæfur.“

Ég vildi lesa alla aths. um greinina upp, þannig að það kæmi ljóst fram að hér er alveg ótvírætt tekið til orða, að verkfallsrétturinn er bundinn við gerð aðalkjarasamnings, verkfallsrétturinn er bundinn við að verkfall sé ekki boðað oftar en á tveggja ára fresti.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, alþm., og tala ekki eins og við munum ekki aðdraganda þessarar lagasetningar. Um þessa lagasetningu var mikill ágreiningur á Alþingi Íslendinga þótt viðtæk samstaða tækist að lokum, en þó ekki alger eins og kunnugt er. Og vegna hvers tókst þessi viðtæka samstaða? Vegna þess að verkfallsrétturinn var takmarkaður lögum samkvæmt. Það voru margir hv. alþm. sem greiddu atkv. með þessum verkfallsrétti einmitt á þeim grundvelli að hann kæmi ekki til greina nema á tveggja ára fresti. Við vildum koma til móts við óskir opinberra starfsmanna um verkfallsrétt, en þó með ákveðnum takmörkunum. Þetta var Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og forráðamönnum þess vel ljóst. Það var ekki farið á bak við þá, eins og sést af grg. þeirri sem hæstv. fjmrh. las upp úr blaði opinberra starfsmanna sjálfra. Hér er einnig sönnun að því leyti, að Bandalag háskólamanna átti kost á samsvarandi takmörkuðum verkfallsrétti og BSRB, en Bandalag háskólamanna hafnaði þeim takmarkaða verkfallsrétti og vildi heldur óbreytt ástand en þá takmörkun sem í því felst að verkfallsréttur er bundinn við að honum verði ekki beitt nema einu sinni á tveim árum.

Þegar við hugleiðum málið, þá er ekkert undarlegt þótt opinberir starfsmenn, með mikilli virðingu og einmitt vegna mikillar virðingar fyrir verkefnum þeirra, hafi ekki samsvarandi verkfallsrétt og aðrir launþegar í landinu. Ég vil aftur á móti segja það sem staðreynd, að opinberir starfsmenn, jafnvel þótt þeir njóti ekki

æviráðningar, jafnvel þótt þeir njóti nú þess atvinnuöryggis sem núv. ríkisstj. hefur sem betur fer tekist að tryggja á umrótatíma í efnahagsmálum, þá hafa almennir launþegar í landinu ekki það atvinnuöryggi sem opinberir starfsmenn hafa. Ég veit að hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, gerir sér manna best grein fyrir því. Hann jafnar ekki öryggi umbjóðenda sinna í Dagsbrún við öryggi þeirra sem í opinberri þjónustu eru. Þetta verður að meta og vega, og þetta verður að meta og vega m. a. líka í tengslum við verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Það var ekki ætlun Alþingis að verkfallsréttur opinberra starfsmanna væri algerlega án takmarkana, það vitum við allir, hver og einn, sem í þessum sal sitjum. Og við vitum hvernig lögin eru orðuð, við vitum hvernig aths. eru orðaðar, og þess vegna er alveg ljóst að það væri verið að fara á bak við hv. Alþ. ef fallist væri á þá samningskröfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að verkfallsréttur fylgdi endurskoðun einstakra ákvæða samningsins. Ég vil vekja athygli á því, að samninganefnd ríkisins hefur ekki hafnað endurskoðunarrétti sem slíkum. Samninganefnd ríkisins eða ríkisstj. hefur ekki hafnað því að taka til umr. og afgreiðslu réttmætar kröfur á samningstímanum miðað við breyttar forsendur. Samninganefnd ríkisins hefur þvert á móti lofað opinberum starfsmönnum að þeir hvað snertir vísitöluuppbætur skuli halda jafnrétti á við aðra launþega í landinu. Hvað meira er unnt að gera, og hvaða áhættu taka þá opinberir starfsmenn miðað við þetta samningstilboð ríkisins?

Ég vil láta þetta koma hér fram að gefnu tilefni. En ég vil líka bæta því við, að vitaskuld hlusta ég og ráðh. og sjálfsagt ekki sist samninganefnd ríkisins, svo erfitt hlutverk sem slík samninganefnd hefur með höndum, með athygli á ábendingar hv. þm. að þessa deilu verði að leysa. Við erum allir sömu skoðunar í þeim efnum. En á veltur auðvitað að báðir aðilar, sem að þessari deilu standa, hafi vilja til þess að leysa deiluna. Við, sem förum með umboð ríkisins, verðum annars vegar að gera okkur grein fyrir því, hvort þau tilboð, sem af hálfu ríkisins eru gefin eða samþykkt, séu í samræmi við launakjör í landinu. Hv. þm. hafa fengið skýrslu um það, hvað tilboð ríkisins er talið munu valda miklum útgjaldaauka fyrir ríkið sem atvinnuveitanda miðað við útgjaldaauka vinnuveitenda almennt í landinu. Ég tel ummæli þessara hv. þm. því bera vitni um að þeir telji að rétt sé að ganga nokkru lengra til móts við opinbera starfsmenn en gengið var til móts við almenna launþega í landinu, vegna þess að mismunur hafi verið á kjörum þeirra áður en til samninga var gengið. A. m. k. vil ég strax hér og nú vísa á bug aths. annaðhvort hv. þm. eða utan þingsala, að of langt sé gengið til móts við opinbera starfsmenn, miðað við þær ábendingar sem við höfum hér fengið innan þingsala og raunar utan einnig. Það er kjarasamanburður við launþega utan samtaka opinberra starfsmanna sem okkur ber skylda til að hafa í huga. Okkur ber skylda til að hafa í huga útgjöld ríkisins sem slíks, vegna þess að almennir skattgreiðendur greiða þann reikning, bæði þeir opinberu starfsmenn, sem kjarabæturnar fá, og þar með er hluti þeirra tekinn aftur, og svo aðrir launþegar sem þegar hafa samið um kjör sín. Við erum hér á Alþingi Íslendinga og í ríkisstj. í samningsforsvari fyrir allan almenning í landinu. Hér er það breytt viðhorf, að atvinnuveitandinn er fjölmennari að höfðatölu heldur en launþegarnir, gagnstætt því sem á við um hina almennu kjarasamninga. En með því að vekja athygli á þessari staðreynd er ég ekki að draga þá ályktun eða gefa nokkuð í skyn í þá átt, að vegna þess að launþegarnir séu í minni hluta og atvinnuveitandinn í meiri hl. með þjóðinni, þá eigi ekki minni hlutinn sinn rétt. Minni hlutinn á sinn rétt í lýðræðisþjóðfélagi, og meiri hlutinn á aldrei að sitja yfir hlut minni hlutans og það verður ekki heldur gert í þessari kjaradeilu.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil biðja um leyfi til þess að fá að leggja orð í belg um það viðkvæma mál sem hér er rætt nú. Ég hef hugleitt það mikið, eins og flestir aðrir borgarar landsins, og það er sannarlega rétt, sem einn hv. þm. sagði hér áðan: það hefur valdið erfiðleikum og óþægindum, það ástand sem hefur skapast. Það er víst enginn sem efast um það. Það hefur ekki aðeins valdið erfiðleikum og óþægindum. Það hefur líka valdið vonbrigðum, undrun og hneykslun.

Tvenn ummæli eru mér efst í huga af öllu því flóði viðtala og yfirlýsinga sem birtar hafa verið í sambandi við þetta verkfall og þann verkfallsrétt sem opinberum starfsmönnum var veittur með lögum á s. l. vori. Ég nefni ummæli hæstv. fjmrh. daginn sem verkfallið hófst. Ég held að ég muni þau rétt, svo fast grópuðust þau í hug minn.

Hæstv. fjmrh. sagði í viðtali sem birt var í Morgunblaðinu: Mér eru það mikil vonbrigði að þetta verkfall skyldi skella á. Engin ríkisstj. hefur sýnt opinberum starfsmönnum meiri trúnað en þessi. Um þetta held ég að menn deili ekki. Hæstv. fjmrh. bætti við: Ég hafði vonast til þess að opinberir starfsmenn sýndu þá bjóðhollustu að til þessa verkfalls þyrfti ekki að koma.

Það blýtur að vera ljóst, að hinn almenni félagsmaður í BSRB sé engan veginn ánægður með framvindu mála, og ég leyfi mér að fullyrða, að fjöldi félagsmanna í BSRB er mjög óánægður með það að verkfall skyldi skella á, brátt fyrir að hann greiddi atkv. gegn sáttatillögunni á sínum tíma. Ég held að fólk hafi búist við, þegar svo lítið bar á milli sem raun bar vitni síðasta daginn, að þá yrði ekki farið í verkfall. En það varð engu síður staðreynd. Þessi réttur var notaður, þó takmarkaður væri, eins og segir í lögunum, „þessi mannréttindi“ eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði. En um leið og þessi réttur var notaður, var hann ofnotaður og misnotaður. Og það voru ekki aðeins mannréttindi sem beitt var, heldur hafa mannréttindi verið fótum troðin í framkvæmd verkfallsins. Og ég kalla það að mannréttindi séu fótum troðin, þegar menn í verkfalli hika ekki við að brjóta lög og hindra löglega starfsemi. Hv. þm. biður um orðið af þessu tilefni, sé ég. Það er nefnilega svo, að

verkfallsbrot, sem verkfallsverðir kalla oft svo, er ekki sama og lögbrot. Það er því miður svo, að þeir, sem að verkföllum standa, telja oft að allur réttur sé sín megin. Og það er líka því miður svo, að það er allt of sjaldan látið á það reyna hve mörg lögbrot eru framin þegar verkföll standa yfir. Þetta verður til þess að fjöldi, fjöldi fólks í landinu heldur að það sé heilagur sannleikur, sem sagt er við það í verkfalli, að örfáir menn megi stöðva starfsemi stórra stofnana. Þó er öðrum samkv. lögum heimilt að vinna það verk sem þeir hafa lagt niður. Það er samt svo, að menn skilja ekki að nauðsynlegt sé að starfsemi stórra og dýrra stofnana sé stöðvuð af þessum sökum, — ekki heldur að oft og tíðum geti örfáir menn stöðvað einhverja dýrustu atvinnugrein í þjóðarbúinu, og ýmiss konar framleiðslugreinar sem færa okkur björg í bú, eyðilagt mikil verðmæti. En það er eins og þetta verkfall, þegar opinberir starfsmenn eiga í hlut, hafi opnað augu manna fyrir því, að mörg lögbrot séu framin í verkföllum. Og það er einhvern veginn svo, að reiði margra manna beinist gegn opinberum starfsmönnum yfirleitt. Mönnum hættir til að álykta sem svo: Opinberir starfsmenn áttu aldrei að fá leyfi til að „fara í verkfall", rétt eins og opinberum starfsmönnum væri enn síður trúandi til þess að fara með þann rétt heldur en öðrum launþegum í landinu. Ég held að þetta sé ekki rétt niðurstaða. Hitt er annað mál, að þeir, sem að framkvæmdinni hafa staðið, hafa farið rangt að ráði sínu.

Í þessu sambandi vil ég víkja að einu atriði, sem hv. 3. landsk. þm. vék raunar að, og það er hringlandahátturinn starfsemi skólanna. Þetta tel ég svo alvarlegra en við verði unað. Hvað um uppeldisáhrif skólanna? Hvað á ungt fólk í skólum landsins að halda þegar það kemur til náms í skóla sínum, kennararnir eru komnir, skólastjórinn er kominn, en verkfallsverðir hindra það að skólastjórinn geti hleypt nemendum sínum inn í skóla sinn? Þetta er ekkert annað en lögbrot sem ekki á að líða. Hins vegar átta nemendurnir sig ekki á því, þegar stuðningur við þetta athæfi kemur úr hörðustu átt, sjálfu menntmrn. — eins og gerðist í síðustu viku, vafalaust fyrir mistök, en mjög alvarleg mistök. Þar var talið rétt að halda friðinn, eins og sagt var. En ég leyfi mér að segja og segi það áreiðanlega fyrir hönd margra: Við skulum halda lögin. Og sagt var fyrir mörg hundruð árum á Íslandi, með öðrum orðum þó, að það væri skilyrði þess, að friður héldist.

Í dag, nokkrum dögum eftir að ríkisstj. lýsti því yfir að starfsemi skyldi hefjast í framhaldsskólum landsins, gerist það, að nemendurnir eru enn sendir heim. Nokkuð óljósar upplýsingar eru um það, hvaða ástæður lágu hér að baki. Sums staðar er sagt að verkfallsvörður f. h. húsvarðar hafi meinað nemendum inngöngu. Ég efast ekki um að húsverðir þessara skóla séu allir hinir ágætustu menn. Og þeir telja trúlega samkv. upplýsingum sinna forustumanna í félögunum að rétt sé farið að. Þeim, húsvörðunum, er líka misbeitt í þessu sambandi.

Í öðrum skólum er sagt að kennararnir, sem ekki eru í BSRB, séu allt í einu komnir í samúðarverkfall. Ég veit ekki heldur hvaða reglur í þjóðfélaginu leyfa þetta athæfi og hvernig þeir hyggjast fullnægja þeirri skyldu sinni að uppfræða æskulýðinn með því að koma svona fram. Ég þykist vita að hér eigi hlut að máli menn úr ýmsum stjórnmálaflokkum, og ég veit það, að vafalaust líkar þeim illa að þm. í borginni skuli vera að agnúast út í þetta e. t. v. gagnvart einhverjum sínum flokkssystkinum. En mér þykir hitt mikilvægara, að það verður að vera ljóst, bæði í verkfalli, sem opinberir starfsmenn standa að, og í verkföllum þeim, sem aðrir aðilar vinnumarkaðarins standa að, að lögbrot séu ekki venjuhelguð og að ofbeldi sé ekki löghelgað.

Reynslan af þessu verkfalli, og reynslan af öðrum verkföllum, sem háð hafa verið á Íslandi og líka hafa sett í strand mestalla starfsemi í þjóðfélaginu, hefur sýnt að nauðsynlegt er að taka upp nýja hætti. Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. ríkisstj., að endurskoðuð verði löggjöfin um réttindi manna til verkfalla, hvar sem þeir vinna, hvort sem þeir vinna hjá ríkinu eða öðrum aðilum í þjóðfélaginu. Þessi löggjöf verði rækilega endurskoðuð í heild og samhengi, með það fyrir augum að stórfelldu tjóni, sem hvert mannsbarn sér að okkar viðkvæma efnahagslíf þolir ekki, slíku tjóni verði afstýrt. Ég veit að ég þarf ekki að tíunda hér einstök atriði í þessu sambandi. Það sér hver maður, að hér er t. d. um jafnaugljósa hluti að ræða og millilandaflug, tengsl Íslands við umheiminn, sem er einhver dýrasti þátturinn og mikilvægasti í rekstri okkar ríkis. Ég ætla ekki heldur að fara sérstaklega að tala um það þegar ríkið er að skipta sér af atvinnustarfsemi sem aðrir gætu annast og ríkinu er valdið tjóni vegna þess að sá rekstur stöðvast. Og þá þarf ekki heldur að telja upp viðkvæmar framleiðslugreinar þjóðarinnar, þar sem verðmæti eru sótt með ærinni fyrirhöfn og miklum tilkostnaði og menn verða að horfa á það aðgerðarlausir, að slík verðmæti, sem aflað er á okkar dýrustu atvinnutækjum, séu eyðilögð vegna verkfalls.

Ég ítreka það, herra forseti, að það er ósk mín og vafalaust fjölmargra annarra, að það að augu almennings hafa nú opnast enn betur fyrir því en áður, hvað það er sem raunverulega gerist í stórum verkföllum, það verði til þess að öll vinnulöggjöfin, löggjöfin um kjarasamninga opinberra starfsmanna og yfirleitt löggjöfin um þau atriði, sem stöðvað geta reksturinn í okkar þjóðfélagi, verði rækilega endurskoðuð í heild.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við það, sem ég sagði hér áðan, en sé mig þó til knúinn að fara hér nokkrum orðum um afstöðu hæstv. forsrh. og fjmrh. sem kom fram í ræðum þeirra áðan. Ég held að fleiri en ég hljóti að hafa orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með orð hæstv. forsrh., því að afstaða hans var bersýnilega ekki sérlega vel til þess fallin að stuðla að lausn þessarar deilu. Hann virðist bíta sig enn fast í þá fullyrðingu sína, að samkv. lögum um verkfallsrétt opinberra starfsmanna sé óheimilt að semja um

endurskoðunarrétt. Hann las hér upp 18. gr. laganna og það ætla ég líka að gera, með leyfi herra forseta, til þess að ljóst megi vera að í þessari grein er ekkert ákvæði þess efnis, að óheimilt sé að semja um þetta atriði. Hún er á þessa leið:

„Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, er Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilum um aðalkjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í lögum þessum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.“

Ég læt mér ekki detta í hug að hæstv. forsrh. haldi því fram, að hér sé skýrum orðum talað um þetta meinta bann á samningum aðila um þetta atriði. Hann heldur því hins vegar fram, að hér megi lesa á milli línanna, hér megi lesa eitthvað á milli línanna, sem ekki stendur þar. Ef ætlun löggjafans hefði verið að banna samninga af því tagi, þá hefði að sjálfsögðu þurft að vera um ótvírætt ákvæði að ræða — algerlega ótvírætt ákvæði. (**Forsrh.:** Vill hv. þm. lesa aths.?) Já, ég hef líka lesið aths., sem ég hef nú að vísu ekki hér fyrir framan mig. En ég sé ekki að hún feli það í sér, — það er alveg sjálfsagt að lesa hana líka, (**Fjmrh.:** Hvernig væri að lesa 18. gr.) Ég var að enda við að lesa hana. (**Gripið fram í:** Lesa hana aftur. Hér er gert ráð fyrir að BSRB sé heimilt að gera verkfall, þó eingöngu við gerð aðalkjarasamnings.) En í þessum orðum er ekkert sem felur það í sér, að aðilar geti ekki samið um að haga málum á þann veg, að hægt sé að gera verkfall, ef má segja að riftað sé samningum með gerðum ríkisvaldsins. Og ég vil vekja athygli á því, af því að menn eru að hengja sig í þessi orð grg. og reyna að finna þar eitthvað til að styðja þá skoðun sína, að þarna megi lesa eitthvað á milli línanna, að við skulum ekki orðlengja um þessa lagakróka út af fyrir sig. Ef hæstv. ríkisstj. er reiðubúin til að fallast á þetta, þá er henni að sjálfsögðu í lófa lagið að semja með fyrirvara um að ríkisstj. afli ótvíræðrar lagaheimildar um þetta umdeilda atriði. Auðvitað hengja menn sig ekki í lagakróka af þessu tagi nema vegna þess, að menn vilja endilega láta allt standa fast í þessu atriði. Ríkisstj. er auðvitað hægur leikurinn að afla heimildar sem tekur af skarið um þetta atriði, ef hún stendur fast á því að þetta megi skilja á fleiri en einn veg.

Ég vek á því athygli, að afstaða hæstv. fjmrh. var nokkuð á annan veg, a. m. k. það sem fram kom hjá honum áðan, vegna þess að í máli hans var raunverulega ekkert sem gekk í bága við það sem ég hafði sagt hér áður. Hann las upp úr Ásgarði, málgagni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hver hefði verið aðdragandi þessara samninga, og það er í sjálfu sér ekkert nýtt, það er flestum kunnugt hvernig þetta gekk til. Afstaða ríkisins lá fyrir. Ríkisvaldið var á þessum tíma ekki reiðubúið að ganga lengra en það, að endurskoðunarréttur væri heimill, ef um væri að ræða að hækkanir hefðu orðið á launum almennu verkalýðsfélaganna. Þá var ríkisstj. tilbúin til að samþykkja að gerðardómur kvæði upp lokadóm í málinu. Um þetta atriði varð ekkert samkomulag. Um þetta atriði er þess vegna ekkert sagt í lögunum til eða frá. Þetta var látið opið og það stendur enn opið. Það stendur enn opið fyrir samningsaðila að semja um þetta á annan veg. Ég lít svo á, að úr því að hæstv. fjmrh. hagaði orðum sínum á þennan veg hafi hann nokkurn vilja til þess að skoða þetta atriði betur. Hann las að vísu upp orðalag þess ákvæðis sem fólst í samningstilboði ríkisstj., ef um yrði að ræða breytingar á vísitöluákvæðum samninga eða aðrar mikilvægar breytingar, — ég hef þetta orðalag ekki fyrir framan mig, — en að þá væri ríkisstj. reiðubúin til þess að taka upp viðræður. Halda menn að opinberir starfsmenn geti sætt sig við það, að það sé algerlega á valdi gagnaðilans hvort þær viðræður leiða til nokkurrar jákvæðrar niðurstöðu?

Ég vil svo að lokum segja það eitt, að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. er auðvitað að allra dómi búin að kalla býsna mikinn vanda yfir þjóðina og hún verður að sýna nokkurn sveigjanleika í þessu máli. Þessi deila er bersýnilega komin á það stig, að hún verður ekki leyst, ef menn hengja sig fasta í ímyndaða lagakróka sem hvergi er að finna, en menn telja sig geta lesið einhvers staðar á milli línanna.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður. Í sjálfu sér hafði ég ekki hugsað mér að taka til máls. Það má kannske orða það svo, að hv. 5. þm. Reykv. hafi kveikt í mér með þeim hætti að fara mörgum orðum um það óæskilega sem fylgir verkfalli opinberra starfsmanna, en jafnframt láta þess getið að sumir hefðu talið það vera ástæðu til þess að vera á móti verkfallsréttinum, en það var svo að skilja á hv þm. að ekki væri ástæða til þess.

Ég greiddi atkv. gegn frv. að lögum sem veittu opinberum starfsmönnum verkfallsrétt, hvernig sem menn vilja skilja þann rétt, hvort hann er alger eða takmarkaður. En ástæður mínar voru þær, að slíkt samræmdist ekki reynslu okkar af verkföllum í þessu landi né hinu veika ríkisvaldi. Nú ætla ég ekki að fara að halda hér ræðu mína sem ég hélt gegn þessu frv. á sínum tíma. Ég vil aðeins víkja að því, að menn verða að gera sér grein fyrir því, að það er munur á opinberum starfsmönnum og öðrum launþegum í landinu. Og sá munur er í mínum huga ekki þess eðlis að það eigi lítt að taka mark á opinberum starfsmönnum, þvert á móti að það eigi að halda þá svo, að þeir geti unað við sín launakjör, og það sé vænlegra fyrir hvaða ríkisstj. sem er heldur en að hafa yfir sér reidda verkfallssvipu opinberra starfsmanna.

Ég sagði að verkfallsréttur opinberra starfsmanna samræmdist ekki hinu veika ríkisvaldi okkar. Það má flytja hér langt mál til stuðnings þessari fullyrðingu. Ég skal ekki gera það. En það hefur verið talað hér um ýmsa meinbugi á framkvæmd þessa verkfalls og minnst á það hér í umr. Ég vil minnast á eitt sem varðar sérstaklega ríkisvaldið og framkvæmd ríkisvaldsins, og þar á ég við lögregluna. Það hefur verið talið

að kjaradeilunefnd yrði að taka afstöðu til þess, hver væri staða lögreglunnar í því verkfalli sem nú er. Ég hef fyrir framan mig fundargerð kjaradeilunefndar þar sem fjallað er um þetta 1. okt. s. l. og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjaradeilunefnd hefur kynnt sér sjónarmið lögreglumanna og yfirstjórnar lögreglunnar varðandi störf lögreglumanna ef til verkfalls kemur. Er m. a. upplýst að menn vantar í 20 stöður lögreglumanna í Reykjavík og að unnin er mikil yfirvinna af lögreglumönnum um land allt.

Að þessu athuguðu telur kjaradeilunefnd ekki fært annað en að lögreglumenn starfi almennt áfram þótt til verkfalls komi.

Samþykkt þessi nær þó ekki til eftirtalinna starfsþátta lögreglumanna:

1. Útgáfu skírteina og leyfa.
2. Skráningu í spjaldskrár.
3. Vörslu og afhendingu óskilamuna.
4. Starfsemi lögregluskólans.
5. Umferðarfræðslu og sektarinnheimtu.

Þá er samþykkt að almenn fyrirgreiðsla, sem lögreglumenn veita og ekki telst öryggisgæsla“ — og ekki telst öryggisgæsla, takið eftir — „verði felld niður og eftirlitsstörf verði í lágmarki.“

Þetta eru þau fyrirmæli sem kjaradeilunefnd setti með samþykkt sinni 1. okt. s. l. En hvernig hefur þetta verið framkvæmt. Ég skal ekki vera langorður um þetta. Ég læt mér nægja að vitna í bréf sem stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur hefur skrifað öllum lögreglumönnum. Það er dags. 14. okt. og þar segir m. a.:

„Sem áður í þessu yfirstandandi verfalli verði eftirlit í lágmarki. Eftirlitsferðir eru verkfallsbrot. Ef lögreglumenn eru hvattir til slíkra brota af yfirmönnum ber lögreglumönnum að halda þegar í stað til verkfallsnefndar BSRB að Hekluhúsinu, Laugavegi 172, sími 26688, og bíða þar fyrirmæla verkfallsnefndar.“

Ég held að þetta skýri sig sjálft. Þetta er alvarlegt mál, eins og bréfið ber með sér. Lögreglumenn, eins konar handhafar ríkisvaldsins, eru hvattir til að hlýða ekki yfirmönnum sínum. Það er sagt að það sé verkfallsbrot ef þeir gera það. Þeir eiga að snúa sér til stjórnar BSRB eða verkfallsnefndar, réttara sagt, og bíða fyrirmæla. Það er þetta sem er alvarlegt, og þetta er aðeins eitt dæmi, en mjög alvarlegt, sem styður þá fullyrðingu mína og þá afstöðu að vera andsnúinn því að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt.

Ég taldi rétt að gefnu tilefni að þessi sjónarmið kæmu hér fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti: Ég sé nú að því miður er hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv., gengin úr salnum, en ég vil hefja mál mitt á þeirri stuttu aths. að til þess hljóti að þurfa hýsna gljúpan hug, að orð hæstv. fjmrh. grópist í hann. Það þarf a. m. k. skarpan hug til þess að skilja orð þessa sama hæstv. ráðh. þegar hann fjallar um kjaramál opinberra starfsmanna.

Það voru aftur á móti staðhæfingar hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur um lögbrot við framkvæmd þessa verkfalls opinberra starfsmanna sem gerðu það að verkum, að ég hlýt nú að óska þess af hæstv. forsrh., að hann segi okkur frá efni kærubréfanna 6 sem hann gat um hér í upphafi frá kjaradeilunefnd, þannig að efni þeirra komist þó a. m. k. á dylgjustig, ekki síst vegna þess að hann gaf það í skyn, að hann hefði tekið stjórn BSRB á hné sér núna kl. 13.15 í dag með þeim ágæta árangri, að hún hefði bara lofað bót og betrun — stjórn BSRB — og lofað því að brjóta aldrei framar lög.

Ég hef óljósan grun og raunar staðfastan grun um það, að efni þessara bréfa kjaradeilunefndar kunni að orka tvímælis í sumum atriðum, og eins það, að stjórn BSRB hafi ekki gert neina lögbrotajátningu fyrir hæstv. forsrh. á fundinum í dag. Mér finnst alveg bráðnauðsynlegt að fá að heyra efni þessara bréfa, sem var þess eðlis að hæstv. forsrh. taldi nauðsynlegt að kveðja saman sérstakan ríkisstjórnarfund til þess að fjalla um bréfin, einnig að hæstv. forsrh. láti ekki við það sitja að segja okkur frá því, að velflestir nm. kjaradeilunefndar, þ. á m. fulltrúar BSRB í n., hafi skrifað undir þessi bréf, og þó umfram allt að gera okkur þann greiða að skilgreina störf kjaradeilunefndar í þessu sambandi nokkru ítarlegar en hann gerði í ræðu sinni fyrr.

Jú, það er rétt, að í lögunum er kveðið á um það, að kjaradeilunefnd segi til um hvaða starfsmenn sinni störfum í verkfalli opinberra starfsmanna, til þess að tryggt væri öryggi, til þess að séð verði fyrir þörfum samfélagsins um öryggi og til þess að tryggja að sinnt verði heilbrigðismálum.

Ég vildi gjarnan að það yrði upplýst með hvaða hætti krafa kjaradeilunefndar um starfrækslu telex-sambands til útlanda, sem að langmestu leyti starfar í þágu einkafyrirtækja, verslunarfyrirtækja, — með hvaða hætti þetta telexsamband, sem kjaradeilunefnd gerir kröfu um að haldið sé uppi, eigi að tryggja öryggi og heilbrigði þegnanna. Einnig vil ég gjarnan fá að vita með hvaða hætti stjórnun lögreglumanna, sem settir eru til starfa við löggæslu í hliði Keflavíkurflugvallar, þ. e. a. s. starfstilhögun þeirra, kemur undir verksvið kjaradeilunefndar. Mér er það fyllilega ljóst, að fjöldi starfsmanna við sjúkrahúsin varðar heilbrigðismál. Mér er það fyllilega ljóst. Ég viðurkenni fyllilega að kjaradeilunefnd hefur þar íhlutunarrétt. Hann vil ég alls ekki vefengja.

En þá komum við að atriði sem varðar þetta, með hvers konar samviskusemi kjaradeilunefnd hefur unnið sín störf, hvað á hana er að treysta, þegar hæstv. ráðh. rísa hér upp hver á fætur öðrum og lýsa yfir því, að úrskurður kjaradeilunefndar um það, hverjir skuli starfa í þessu verkfalli, sé óvefengjanlegur. Af hálfu stjórnar BSRB hefur verið vakin athygli á því, að hér er um að ræða framkvæmd fyrsta verkfalls, og af hálfu stjórnar BSRB hefur verið játað fúslega að það hafi orðið vegna reynsluskorts ýmis mistök. En þau skyldu þó ekki hafa orðið af völdum kjaradeilunefndar líka? Ef úrskurður kjaradeilunefndar um það, hverjir gegna skuli störfum í verkfallinu af heilbrigðisástæðum og öryggisástæðum, er óvefengjanlegur þá skilst mér t. d. að það verði að vekja upp frá dauðum nokkra starfsmenn sem kjaradeilunefnd tilnefndi til starfa í sjúkrahúsunum núna, og það má

ómögulega koma sökinni á stjórn BSRB ef þar skyldi eitthvað ganga erfiðlega.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, samtímis því sem við leggjum áherslu á þetta, að framkvæma ber verkfall opinberra starfsmanna samkv. lögunum, þá skulum við gera okkur grein fyrir því, að það er verkfall og að í ljós er komið að kjaradeilunefnd, — ég vil alls ekki bera brigður á heiðarleika einstakra starfsmanna þeirrar n., — að kjaradeilunefnd hefur sýnt mjög svo eindregna tilhneigingu í þá átt að halda fram málstað annars deiluaðilans, á sama hátt og kjaradómur gerði á sínum tíma og eyðilagði sjálfan sig á því, — að kjaradeilunefnd hefur sýnt ákveðna tilhneigingu til þess að halda fram málstað annars aðilans, þ. e. a. s. ríkisstj.

Ég ítreka svo bara í lokin, að mér finnst bráðnauðsynlegt eins og þessar umr. hafa snúist og þó kannske ekki síst eftir að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson las nú upp, gekk nú svo langt að lesa jafnvel símanúmerið sem lögregluþjónarnir áttu að hringja í til þess að leita leiðbeininga um framkvæmd verkfallsins, að hæstv. forsrh. segi okkur frá þessum 6 kæruatriðum kjaradeilunefndar sem urðu þess valdandi, að hann boðaði ríkisstj. til sérstaks fundar eftir hádegi í dag.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef löngun til þess að minna á tvennt í sambandi við þær umr. sem hér hafa farið fram í dag í tilefni af verkfalli opinberra starfsmanna, og ég skal reyna að gera það í stuttu máli.

Í fyrsta lagi langar mig til að vekja athygli á því, að hér hefur ævinlega verið bæði af hálfu opinberra starfsmanna og eins þeirra hv. alþm. sem að lagasetningunni stóðu, verið vitað að hér var um það að ræða sem kalla má áfanga eða áfangasigur fyrir opinbera starfsmenn, þar sem þeir hlutu með lögunum frá 1976 takmarkaðan verkfallsrétt. Ég held að það þurfi ekki að koma okkur neitt á óvart, þeim sem vorum á þingi 1976, sem við vorum víst flest, og tókum þátt í afgreiðslu þessara laga, að það gerðu sér allir ljóst að verkfallsréttur sá, sem veittur er með þessum lögum, er ekki fyllilega sambærilegur við þann verkfallsrétt sem aðrir launþegar hafa og þá kannske ekki síst þeir sem eru félagar í Alþýðusambandi Íslands, enda minnist ég þess, að þeir, sem best þekkja til verkfallsmála, og á ég þá ekki síst við hv. 7. þm. Reykv. sem jafnan talar hér af yfirvegaðri skynsemi, — hann lét í ljós nokkurn ugg í þeim umr. um að þessi lagasetning kynni að verða fyrirmynd annarrar lagasetningar sem drægi úr réttindum annarra launþega. Þess vegna held ég að við verðum að muna það, að hér er um áfangasigur BSRB að ræða og kannske þess vegna fyrst og fremst og áreiðanlega þess vegna ekki hægt að jafna þessum tveimur atriðum fyllilega saman. Þetta segi ég vegna þess verkfallsréttar sem talað er um að þurfi til að koma á tímabilinu. Miðað við þær forsendur sem lögin fylgdu og þau eru byggð á, sem hér hafa verið lesnar, svo og miðað við orðalag þeirra lagagreina, sem hér er um að tefla, þá er ríkisstj. ekki gefin heimild til þess frá Alþ. að semja um verkfallsrétt á tímabilinu oftar en á tveggja ára fresti. Ef slík heimild á til að koma þarf hún að koma til ríkisstj. frá Alþ. á nýjan leik, sem þýðir það að þetta mál verður þá rætt hér að nýju í ljósi þeirra staðreynda sem nú liggja fyrir, en ekki lágu fyrir áður.

Ég get út af fyrir sig ákaflega vel skilið það, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir kveiki í hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni. En ég er bara hræddur um að það kvikni miklu betur í honum og fleirum ef farið verður að ræða málið hér frá rótum á ný um verkfallsrétt opinberra starfsmanna.

Hitt atriðið, sem mig langar til að benda á, er það, að hér er, eins og margsinnis hefur verið bent á, um frumraun að ræða í verkfallsmálum opinberra starfsmanna. Og ég hygg að við þurfum ekki að undrast það, þó nokkur ágreiningsatriði hafi komið fram í framkvæmd slíks verkfalls sem er, eins og ég áðan sagði, alger frumraun hér, og satt að segja kalla ég það hreint ekki mjög illa sloppið að það skuli þó ekki vera nema sex atriði sem komið hafa fram í þessari viku, sem verkfallið hefur staðið, sem deilan stendur um, enda hygg ég það hljóti að vera keppikefli forustumanna BSRB að þetta verkfall fari vel úr hendi. Það hlýtur að vera sameiginlegur áhugi okkar, sem stóðum að lagasetningunni, og þeirra, sem framkvæma hana af hálfu opinberra starfsmanna, að hún fari þannig úr hendi að það megi halda því fram og við getum haldið því fram að við höfum gert rétt þegar þessi réttindi voru látin í té. Ég hef trú á því ef framhald verður á þessu verkfalli, sem ég raunar vona að ekki verði, að framkvæmd þess muni ganga eðlilegar en gert hefur til þessa, því fyrstu byrjunarörðugleikarnir munu vera yfirstignir og menn hafa áttað sig á því hver réttur þeirra er og hvert vald þeirra er. Það er vandasamt að fara með vald, og það er kannske ekkert óeðlilegt þó að það taki einhvern tíma að læra það. En þeim, sem ganga að því með hugarfari eins og ég hygg að gæti nú hjá flestum opinberra starfsmanna, að þeim beri að sýna með framgöngu sinni í þessu verkfalli að þeim sé trúandi fyrir þessu valdi, mun takast að beita því þannig að ekki komi til neinna lögbrota a. m. k. og helst sem allra fæstra árekstra.

Ég tel þess vegna að Alþ. ætti ekki að eyða miklu meiri tíma en orðið er í að karpa hér um einstök atriði þeirrar samningagerðar sem fyrir dyrum stendur og hefst kl. 6, ef ég man rétt eða hef tekið rétt eftir, heldur ættum við á þessu stigi að láta sitja við þær góðu óskir, sem komið hafa fram frá öllum þeim sem hér hafa talað, til þeirra manna sem í samningaviðræðunum eiga að taka þátt, frá hvorum aðilanum sem er, að þeim megi takast að finna þá lausn á þessu vandamáli sem sé öllum viðunandi og þjóðfélaginu fyrir bestu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þótt ég sé vissulega sammála niðurlagsorðum hæstv. utanrrh. og þeim óskum sem hann þar lét í ljós, þá tel ég ekki fært annað en að verða við beiðni hv. 5. þm. Norðurl. e. um að lesa hér upp bréf kjaradeilunefndar til ríkisstjórnar Íslands og stjórnar BSRB, en ég hef getið um þetta bréf og aðalefnisinnihald þess fyrr í umr. Bréfið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Reykjavík, 16. okt. 1977.

Til ríkisstjórnar Íslands og stjórnar BSRB.

Í yfirstandandi verkfalli BSRB hefur ekki verið hlýtt ákvörðunum kjaradeilunefndar í nokkrum tilvikum. Hafa þar með verið brotnar þær grundvallarreglur sem ríkisstj. Íslands og stjórn BSRB komu sér saman um að skyldu gilda í verkfalli opinberra starfsmanna og staðfestar voru með setningu laga nr. 29/1976.

Ofangreind tilvik skulu hér rakin.

1. Hinn 11. okt. s. l. ákvað kjaradeilunefnd eftir áskorun formanns BSRB og formanns Hjúkrunarfélags Íslands og að fengnum upplýsingum frá fulltrúum hjúkrunarskólanna og Landsspítalans að hjúkrunarkennarar skyldu starfa þrátt fyrir verkfall BSRB. Vísast til fundargerðar í fskj. nr. 1, tl. 1 og 3. Ákvörðun n. var tilkynnt bréflega sama dag, sbr. fskj. nr. 2. Þrátt fyrir þessa ákvörðun n. loka verkfallsverðir BSRB Hjúkrunarskóla Íslands hinn 13. okt. s. l., sbr. bréf skólans, dags. sama dag, merkt fskj. nr. 3.

2. Á fundi n. 12. okt. s. l. samþ. hún, að skv. ábendingu frá Slökkvistöðinni í Reykjavík til Pósts og síma skyldi samband við símstöðina við Brúarland lagfært, sbr. fskj. nr. 4. Viðgerð þessi var hindruð af verkfallsvörðum BSRB.

3. Á sama fundi og um getur í tl. 2 samþ. n. að kalla skyldi út viðgerðarmann til þess að gera við kortavél fyrir tölvu telex-þjónustu Pósts og síma. Viðgerðarmaður þessi var hindraður í að vinna starf sitt. Vísast um þetta til fundargerðar 13. okt., fskj. nr. 6. tl. 1. Voru fyrirmæli til viðgerðarmannsins ítrekuð með bréfi, sbr. fskj. nr. 7, en þar voru starfsmanninum jafnframt gefin fyrirmæli um að skipta um kort í götunarvélum telexstöðvarinnar.

Með bréfi BSRB, dags. 14. okt., sbr. fskj. nr. 5, tilkynnti BSRB að verkfallsvarsla yrði á nýjan leik sett á telexstöðina, og hefur því framangreindur starfsmaður af þeim sökum ekki getað skipt um þau kort sem honum hafði verið fyrirskipað að gera.

Í framhaldi af þessum aðgerðum verkfallsvarða BSRB hefur kjaradeilunefnd borist bréf frá verkfallsnefnd BSRB, dags. 14. okt. s. l., sbr. fskj. nr. 8, þar sem n. er beðin að endurskoða þessa ákvörðun sína. Í bréfi verkfallsnefndarinnar kemur ennfremur fram, að hún hyggst taka lögskipað vald kjaradeilunefndar í sínar hendur, sbr. niðurlag bréfsins: „Hins vegar vill verkfallsnefnd BSRB taka fram, að hún mun taka rökstuddar óskir um nauðsynlegar viðgerðir á telexbúnaði stjórnvalda, ríkisstofnana og erlendra sendiráða hér á landi til vinsamlegrar athugunar eftir því sem efni standa til hverju sinni."

4. Hinn 11. okt. s. l. var tekin fyrir hjá n. orðsending frá lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli um hliðvörslu lögreglumanna á flugvellinum. Ákvörðun n. var tilkynnt með bréfi 11. okt., sbr. fskj. nr. 9. Þrátt fyrir þessi fyrirmæli hefur hliðgæslu verið hagað þannig að það fær ekki samrýmst ákvörðun þessari.

5. Kl. 12.30 föstudaginn 14. okt. kom hjúkrunarforstjóri Landsspítalans á fund n. til að gefa henni upplýsingar um ástand starfsmannamála á spítalanum. Greindi hún frá því, að um morguninn hefðu verkfallsverðir „sent heim" aðstoðarfólk sjúkraþjálfara á Landsspítalanum. Síðar staðfesti yfirsjúkraþjálfari spítalans að 12 starfsmenn hefðu verið sendir heim af verkfallsvörðum. Þetta var gert þótt legið hafi fyrir ákvörðun kjaradeilunefndar um að starfsmennirnir skyldu starfa.

6. Í ákvörðun kjaradeilunefndar er gert ráð fyrir því, að löggæslu sé hagað á sama hátt og almennt hefur tíðkast með tilteknum afmörkuðum undantekningum, sbr. bókun n. 1. okt., fskj. 10. Í tilkynningu Lögreglufélags Reykjavíkur, dags. 14. okt., fskj. 11, kemur fram að Lögregluféiagið og verkfallsnefnd BSRB hafa einhliða ákveðið frekari takmarkanir á störfum lögreglumanna, og fara takmarkanir þessar í bága við ákvarðanir nefndarinnar.

Kjaradeilunefnd telur rétt og skylt að gera ríkisstjórn Íslands og stjórn BSRB grein fyrir þessum atriðum nú þegar.

Kjaradeilunefnd,
Helgi V. Jónsson, Friðjón Þórðarson,
Pétur Einarsson, Þorsteinn Geirsson,
Ólafur Ólafsson, Nanna Jónasdóttir,
Guðmundur Gígja, Ágúst Geirsson,
Magnús Óskarsson."

Að gefnu tilefni vil ég láta það koma hér fram, að mér skilst að þetta sé kjaradeilunefnd fullskipuð og ekki eingöngu velflestir nm., sem undir þetta bréf rita, en þannig mun ég hafa tekið til orða í varúðarskyni hér fyrr í dag.

Ég vil enn fremur, og það skulu vera lokaorð mín að sinni, vitna hér — með leyfi forseta — í 26. gr. laga um kjarasamninga BSRB, en sú grein hljóðar svo:

„Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna."

Hér er alveg ótvírætt tekið fram, að kjaradeilunefnd hefur fullt og óskorað úrskurðarvald um hverjir skuli vinna í verkfalli og fram hjá því verður ekki gengið. Það er ekki hægt að leysa ágreining með öðrum hætti en úrskurði kjaradeilunefndar. Ef aðilar telja úrskurð kjaradeilunefndar ekki eðli málsins skv. réttan eða lögum samkvæman, þá á viðkomandi aðili, hvor þeirra sem er, rétt á að leita úrskurðar dómstóla um málsmeðferð, en úrskurði kjaradeilunefndar verður ekki breytt lögum skv. með verkfallsvörslu eða beitingu valds.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með þessar umr. Mér virðast ummæli hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. í þessum umr. mjög hafa fallið á þann veg, að þeir teldu fyrst og fremst fram tormerki á því að gera það, sem við ýmsir höfum bent á að mætti e. t. v. verða til þess að leysa deiluna, og að málflutningur þeirra sé á þann veg, að það virtist ekki líklegt að þeir væru á samningabuxunum, því miður.

Ég tel einnig fráleitt að á þessu stigi sé farið að gera aðalatriði úr því varðandi þessa vinnudeilu, hvernig tekist hefur til með að fram-

fylgja verkfallinu í einstökum greinum, því að við vitum öll að það hefur aldrei átt sér stað verkfall á Íslandi, að ekki hafi verið meira og minna haldið fram að þar hafi lög og reglur verið brotin. Og ég satt að segja býst ekki við því, að menn hafi reiknað með, þegar lögin um verkfall opinberra starfsmanna voru sett, að verkfall samkv. þeim yrði háð þannig að þar yrði ekki einhver ágreiningur um framkvæmdina. Að mínu mati er það, sem þarna hefur komið fyrir og hvort einstakir aðilar hafi farið eitthvað út fyrir réttan lagaramma eða ekki, hreint aukaatriði í þessu máli. Það er kannske minna, sem gert hefur verið í þeim efnum, en búast mátti við. Hitt er vitanlega aðalatriði, hvernig á að reyna að standa að því að finna lausn á deilunni. Það er aðalatriðið.

Ég skildi orð hæstv. forsrh. þannig, að hann hefði skilið ummæli okkar úr stjórnarandstöðunni á þann veg, að það, sem við hefðum sagt hér, þýddi að við vildum í rauninni veita opinberum starfsmönnum meiri kjarabætur en öðrum starfsstéttum í landinu. Hafi ég skilið þessi ummæli hæstv. forsrh. rétt, þá vil ég mótmæla þessu. Ekkert í okkar máli fór á þessa leið. Við tókum þvert á móti fram, að við ætluðum ekki hér að ræða um einstök atriði þessarar samningagerðar, eins og launastiga og annað þess háttar, við teldum að það væri ekki hér til umr., en bentum hins vegar á það, að við teldum að nokkur atriði varðandi framkvæmd samningaviðræðna hefðu ekki verið á þá lund sem við teldum vera rétt. Og við minntumst á hvað það væri.

Það efnisatriði, sem ég m. a. dró hér fram að ég teldi að ætti að vera á annan veg en fram hafði komið hjá ríkisstj., var um rétt þann sem opinberir starfsmenn skyldu hafa ef vísitöluákvæðum samninganna yrði breytt með lögum. Mér sýnist að af hálfu ríkisstj. gæti einkennilegs þráa í málflutningi varðandi þetta atriði, og mér finnst að það viti á illt. Menn eru hér að blanda saman óskyldum atriðum alveg augljóslega, eins og ég sagði í upphafi míns máls.

Það er rétt, að það voru uppi kröfur um það á sínum tíma af hálfu opinberra starfsmanna, að þeir hefðu á þessu tveggja ára samningstímabili þann rétt að heimta endurskoðun á gerðum samningi til samanburðar við það sem aðrar launastéttir kynnu að hafa fengið á samningstímanum. Um þetta snerust umr. varðandi endurskoðunarrétt á sínum tíma. Það er ekki verið að heimta að fá þessu breytt nú, heldur hitt, sem allir sjá að er augljóst mál, þegar aðilar eiga að semja um launakjör til tveggja ára þar sem einn stór liður í launakjaraákvæðum er verðtryggingarákvæði, að verði verðtryggingarákvæðunum breytt með lögum, þá sé réttur til fullkominnar samningaaðstöðu tekinn upp á nýjan leik. Þetta er vitanlega allt annað atriði en það sem rætt var um á sínum tíma varðandi endurskoðunarmálið. Ég held að það sé svo augljóst mál, að það beri að veita opinberum starfsmönnum þennan rétt eins og aðrir launþegar hafa, að það eigi ekki að þurfa að vera deilur um þetta atriði í langan tíma.

Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég tel fánýtt í þessari stöðu málsins að fara að ræða hér um einstaka framkvæmdaliði eða einstök framkvæmdaratriði verkfallsins. Það er alveg fráleitt. Það liggur ekki heldur fyrir nú að hefja hér umr. um það, hvort opinberir starfsmenn eigi að hafa verkfallsrétt eða ekki og hvort það hafi verið hyggilegt að veita þeim verkfallsrétt. Nú snýst málið að sjálfsögðu um að leysa deiluna. Ég held að það sé mikil skammsýni að búast við því, að þessi deila verði leyst nú á næstunni, ef ríkisstj. beitir sér gegn þessu mikilvæga atriði, sem veitir opinberum starfsmönnum ákveðið öryggi varðandi hin umsömdu laun verði verðtryggingarákvæðum breytt með lögum, ef hún bitur sig í það, að þar eigi engu um að þoka. Ef hún gerir það, þá kallar hún eflaust yfir sig og þjóðina alla langt verkfall. Ég held því, að það væri skynsamlegast í þessari stöðu að segja a. m. k. ekki meira en búið er að segja af hálfu stjórnvalda um þessi atriði og snúa sér að því af einlægni að reyna að finna lausn á deilunni. Ég trúi því fyrir mitt leyti, að það eigi að vera hægt að leysa þessa deilu og það tiltölulega fljótlega og að í rauninni beri ekki svo mikið á milli aðila að það sé í rauninni afsakanlegt að halda þarna uppi langri vinnudeilu, nema þá menn vilji fara að taka upp allt málið aftur, eins og mér heyrist á vissum aðilum, draga í land og segja að þessir opinberu starfsmenn hafi ekkert við verkfallsrétt að gera því þeir setji þá hér allt á hausinn, taki jafnvel lögregluvaldið svo í sínar hendur að við liggi eiginlega byltingu.

Ég held að þannig sé þessu ekki varið. Ég held að það hafi ekkert komið fram sem réttlætir að halda því fram, að opinberir starfsmenn fari öðruvísi með sinn verkfallsrétt en aðrir. Það er alveg rétt, að þeirra verkfallsréttur er takmarkaður. En hann er takmarkaður t. d. með valdi kjaradeilunefndar og ýmsum öðrum ákvæðum í lögunum, en ekki með því, að það megi ekki setja inn öryggisákvæði í sambandi við það ef verðtryggingarreglum samkv. samningum er breytt. En um hitt er auðvitað ekki deilt, að verkfallsréttur opinberra starfsmanna samkv. þessum lögum er í allt öðru formi en hjá ýmsum öðrum launastéttum í landinu og miklu takmarkaðri.

Ég endurtek svo það sem ég hef sagt áður, að ég skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því og hafa frumkvæði um það, að teknar verði upp viðræður um að leysa deiluna. Það er ábyggilega hægt ef einhver vilji er þar á bak við af hálfu ríkisstj.

Albert Guðmundsson: Forseti. Ég vil fyrst harma það, að hv. 5. þm. Norðurl. e. var svo mildur að ég held að hann hafi ekki gott af því að fara í sumarfrí. Ég þekkti hann ekki fyrir sama mann, er í einhverju góðmennskukasti, mér fannst hann ekki vera sjálfum sér líkur. Ég bjóst við miklu harðari deilu á þá sem hafa staðið að samtölum eða viðræðum við BSRB, þannig að ég held að ríkisstj. geti verið ánægð með það, hún hlýtur að vera á réttri leið í því.

Aftur á móti varð ég hissa og skildi ekki

alveg hvað hæstv. utanrrh. var að fara. Við erum í deilu sem er miklu hættulegri og harðari en við gerum okkur grein fyrir. Mér flaug í hug það sem ég var að lesa nýlega í bók, að góðir diplómatar sætu og horfðu á með eyrunum. Það er ýmislegt að gerast í okkar þjóðfélagi sem við getum ekki lokað augunum fyrir.

Áður en ég kem að því, þá vil ég taka undir það sem átti að vera til að slá úr og milda af hv. síðasta ræðumanni, að hér er komið byltingarráð. Það fer ekkert á milli mála. Ef við lesum það fyrsta sem hæstv. forsrh. las upp áðan, með leyfi forseta, þá hljóðar það svo:

„Hinn 11. okt. s. l. ákvað kjaradeilunefnd eftir áskorun formanns BSRB“ — ég endurtek: „eftir áskorun formanns BSRB og formanns Hjúkrunarfélags Íslands“ o. s. frv. Og í lokin segir: „Þrátt fyrir þessa ákvörðun n. loka verkfallsverðir BSRB Hjúkrunarskóla Íslands“ o. s. frv. Sem sagt, þrátt fyrir áskorun formanns samninganefndar — og sama á sér stað með lögregluna, þá fara þessir aðilar eftir byltingarráði sem kallar sig allt öðru nafni, það kallar sig verkfallsverði. Við skulum ekki loka augunum fyrir því, að með þessari þróun er lýðræðið í hættu, og við skulum ekki reyna að breiða yfir það, við skulum ganga út í þá hættu með opnum augum, en ekki hálfblindir. — Þetta er það sem ég vildi segja við hv. síðasta ræðumann.

Hv. 9. þm. Reykv. talaði um að opinberir starfsmenn hefðu mjög verulega, eins og hann orðaði það sjálfur, dregist aftur úr í launakjörum. Ég ætla ekki að mótmæla því. En ég vil að hann sýni það svart á hvítu að svo sé, að það sé rétt. Það hafa aðrir komið að þessu. Hv. 3. landsk. þm. kom að þessu líka og deildi á sama tíma á vinnubrögð ríkisstj. í sambandi við samningaviðræður. Eigum við þá ekki að láta reikna út hvað þeir hafa raunverulega í kaup, ekki bara þá krónutölu sem við erum að bera saman allan tímann, eigum við ekki að vita hvað þeir hafa í hlunnindum og öðru sem hinn frjálsi vinnumarkaður hefur alls ekki? Ég veit ekki til þess að það sé til á hinum frjálsa vinnumarkaði, að menn hafi t. d. greiðslu fyrir ómælda yfirvinnu. Ekki er það í þeim fyrirtækjum, sem ég stjórna, og ekki þeim fyrirtækjum, sem ég þekki til. Ég veit ekki til þess að það sé neitt sérstaklega lagt í orlofsheimilasjóði umfram þær prósentur sem fara í Lífeyrissjóð verslunarmanna að vísu í þeim efnum. Ég veit ekki til þess að skjólstæðingar Alþýðusambands Íslands hafi æviráðningu og þar með sambærileg hlunnindi við opinbera starfsmenn. Það hlýtur að vera hægt að reikna þetta í hlunnindum. Og þessir menn fara í verkfall alveg öruggir, það er ekki hægt að segja þeim upp. En þegar hinn frjálsi markaður fer í verkfall, þá getur atvinnurekandi ráðið hvort hann hefur efni á að halda mönnunum áfram eftir verkfall eða ekki. Þetta er mikill munur. Það hlýtur að vera hægt að reikna þetta til fjár líka.

Lífeyrissjóðurinn er verðtryggður. Hvers virði er það þegar maður er kominn á eftirlaun? Við höfum heyrt hv. 6. landsk. þm. hvað eftir annað lýsa þeim mismun úr þessum ræðustól, svo einhvers virði hlýtur það að vera, því hv. þm., sem hér hafa talað á móti ríkisstj. í þessum kjarasamningum, hafa tekið undir orð hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar.

Þegar talað er um að ríkisstj. hafi ekki staðið rétt að viðræðum við BSRB, þá vil ég mótmæla því, hreinlega mótmæla því, þó að ég sé síst af öllu til þess fallinn að tala máli ríkisstj. En ég er þó einn af þeim almennu útvarps- og sjónvarpshlustendum þessa lands, þegar það fær að vera í gangi. Og ég veit ekki betur en eftir að ráðh. höfðu verið 2—3 nætur samfellt á fundum með samninganefndunum, þá hafi formaður samninganefndar BSRB, formaður BSRB, komið í sjónvarpi og sagt að nú væri kominn tími til þess að tala í alvöru og í hreinskilni. Hvað á þetta að þýða? Rétt áður en upp úr slitnar í samningaviðræðum, þá er viðtal við hann í sjónvarpi. Á lokastundu leyfir hann sér að segja, eftir að ráðh. hafa verið 2—3 sólarhringa samfleytt með þeim, að nú sé kominn tími til þess að þeir fari að tala í alvöru. Er hægt að taka mark á svona mönnum? (Gripið fram í.) Ég var að vitna í formann BSRB.

En sem sagt, ég legg mikla áherslu á að fá sannreynt um þessar fullyrðingar sem hér hafa komið fram frá tveimur hæstv. fyrrv. ráðh., að BSRB-menn séu svona langt á eftir í launum eins og þeir vilja láta í skína, og vil ég þá óska eftir því, að það verði látið reikna út þau hlunnindi sem þeir hafa umfram hinn frjálsa vinnumarkað. Ég hef leitað mér upplýsinga um það, hvort Hagstofan hafi tekið þessi hlunnindi með þegar reiknuð voru út laun og borin saman við frjálsan markað, og þá var svarið neikvætt.

Hitt er svo annað mál, að það væri gaman að fá að vita hvað þarf margar vinnandi hendur verkamanna til þess að standa undir þessari viðbót sem farið er fram á núna, hvað þarf marga á hinum frjálsa vinnumarkaði til að standa undir bara þessum kröfum sem nú er verið að fara fram á til viðbótar og hvernig þjóðfélagið á að standa undir því. Við erum að tala um að reyna að koma í veg fyrir aukna verðbólgu. Það er ekki á þennan hátt sem við gerum það.

Svo segir hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, að tíminn sé liðinn, það sé löngu liðin sú tíð að fjmrh. geti sagt: hingað og ekki lengra. Ég fagna því ef ráðh. fara að segja hingað og ekki lengra og fara að stjórna á miklu áhrifaríkari hátt en mér finnst þeir hafa gert hingað til. Það er kominn tími til að einhver slái í borðið og segi: nei, hingað og ekki lengra. En ég ætla þá að bæta við, að sá tími er ekki kominn enn þá að landsmenn almennt og alls ekki BSRB geti sagt: Þetta viljum við fá og ekkert minna. Það er einmitt það sem verið er að gera. Og ég er sannarlega sammála ráðh. þegar hann slær svona í borðið.

En ég vil taka undir það með 7. þm. Reykv., að lögin, sem við erum nýbúnir að samþ., eru meingölluð. Þar erum við alveg sammála. En það er hægt að segja, að fái starfsmenn ríkisins ekki ákveðinn fullan verkfallsrétt á milli samninga, þá sé verið að brjóta á þeim, þá hafi þeir ekki mannréttindi á við aðra. Þeir hafa þegar mannréttindi fram yfir þá sem hv. þm.

er talsmaður fyrir. Ég get ekki skilið annað en að við getum verið sammála um það. Það er langt frá því að það sé réttlætanlegt að tala um að þeir hafi ekki mannréttindi.

Ég tel að það sé alvarlegt, og þá kem ég aftur að þessu byltingarráði sem er verkfallsverðirnir, að lögreglan skuli hlýða verkfallsvörðum BSRB, en ekki eiðssvörnum yfirmönnum. Hvað er að ske hér í þjóðfélaginu ef þetta er ekki angi af byltingu? Við höfum verið að taka inn í smáskömmtum hér á Alþ. og víðar frá kommúnistum, hvort sem þeir klæða sig í nafni Alþýðubandalagsins eða annarra, og nú er komið að því, að þessir smáskammtar fari að ganga upp í eina heild. Við ráðum ekki við þjóðfélagið með þessu áframhaldi. Svo ætla menn að fara að loka augunum fyrir þessari staðreynd. Við skulum a. m. k. ganga út í það hyldýpi vandræða, sem því gætu fylgt, með opin augu. Ef menn vilja það, þá getur Alþ. haldið áfram að sofa. Ef þeir vilja það ekki þá vil ég gera tilraun til þess að bæta fyrir þau mistök sem urðu þegar þessi verkfallsréttur var samþ.

En ég vil líka að það komi hér fram, að samþykkt mín var byggð á reynslu, þ. e. a. s. á þessum verkfallsrétti. Hún var byggð á reynslu minni af löngu samstarfi við starfsmenn og forustumenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Það eru samtök, sem ég átti við þá, sem urðu til þess að ég samþ. að veita þennan verkfallsrétt. Og ég taldi þá kjaradeilunefnd þann öryggisventil sem þurfti til að valdhafar, þ. e. a. s. ríkisstj., hverju sinni yrðu ekki beittir neinum fantabrögðum eða fantatökum og yrði aldrei mögulegt að taka kverkatökum.

Nú hefur það aftur á móti sýnt sig, að verkfallsrétturinn hefur verið misnotaður og ákvarðanir kjaradeilunefndar brotnar eða jafnvel breytt með einhliða ákvörðun verkfallsnefndar BSRB. Það tel ég mjög alvarlegt mál, eins og hér hefur komið fram hjá fleirum sem hafa tekið til máls. Það stóð aldrei til í mínum huga að lögum yrði beitt á þann hátt. Ég tel því rétt að þessi lög verði tekin til endurskoðunar og verkfallsréttur BSRB og þeim verði þá breytt á þá leið sem réttlætanlegt er að mati Alþ. að fenginni þessari reynslu, þannig að þau geti aldrei orðið til þess, hvorki að BSRB né aðrir hópar geti tekið ríkisstj. þeim kverkatökum sem hún er nú tekin og þjóðfélagið allt er tekið nú í dag. Og mér er óhætt að bæta við, að það verði alltaf og ávallt starfandi samninganefndir, en ekki byltingarráð, þegar kjaradeilur eru á annað borð uppi. Hvað kallið þið það annað, sem Morgunblaðið gat réttilega um í gær, þegar hópur erlendra manna er kyrrsettur hér, kemst ekki í burtu, og þegar þeir sækja um að komast í burtu, þá skuli verkfallsnefnd, byltingarráðið, svara því til: Nei, það er gott fyrir okkur að halda þessum hóp hér vegna þess að það flýtir fyrir lausn á verkfallinu sem við erum í? En svo ákváðu þeir að sleppa þeim, mér er sagt að það hafi verið gert í gær. Sem sagt, þeir voru ekki lengur sjálfir vissir um að þeir væru að gera rétt með því að halda þessum útlendingum hér sem verslunarvöru á innanlandsmarkaði.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Eg vona að ég eigi eftir að sjá þann dag og það áður en þessu þingi lýkur, að lögin, sem veitt hafa þennan verkfallsrétt BSRB til handa, verði endurskoðuð og lagfærð.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér hafa langar ræður verið fluttar í viðkvæmu deilumáli. Það er ekki ætlun mín að bæta miklu við. Því síður er ætlun mín að ræða afstöðu þá, sem ég eða aðrir alþm. höfðum til þessarar lagasetningar. Það er mál út af fyrir sig. Nú er þetta orðið að lögum og ekki um annað að gera en skýra þau og framfylgja þeim eftir bestu getu. En hitt veit ég, að það voru fjölmargir hér á þingi sem samþ. þessu lög í trausti þess, að þeim yrði beitt af hófsemi, og mönnum var fyllilega ljóst að ekki var hér um svokallaðan fullkominn verkfallsrétt að ræða.

En aðalástæðan fyrir því, að ég tek hér til máls, er að ég er einn alþm. sem var skikkaður til að taka sæti í hinni svokölluðu kjaradeilunefnd með atkv. fundarmanna hér í salnum á sínum tíma. Og þessa kjaradeilunefnd hefur nokkrum sinnum borið á góma í þessum umr. Tel ég því rétt að ég segi hér örfá orð.

Í raun og veru hófst þessi umr. á því, að hæstv. forsrh. gat um bréf kjaradeilunefndar til ríkisstjórnar Íslands og stjórnar BSRB þar sem hæstv. ríkisstjórn var skýrt frá gangi mála. Það er vitanlega ekki nægjanlegt að kveða upp úrskurði ef þeim er ekki framfylgt.

Af þessu tilefni ætla ég að rifja upp í örfáum orðum hvað kjaradeilunefnd er og hvert er hlutverk hennar. Þetta er ekki mikið mál. Það eru aðeins tvær greinar sem fjalla um þetta efni, 26. og 27. gr. laga um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Kjaradeilunefnd er skipuð 9 mönnum. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna til 3 menn, fjmrh. skal nefna til 3 menn, 2 skulu kosnir af Sþ. og 1 nefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Og í 26. gr. segir svo um hlutverk nefndarinnar:

„Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu".

Að þessu er vikið enn nánar í grg. með frv. þar sem segir:

„Hér er gert ráð fyrir að verkfallsrétti verði þau takmörk sett að öryggi og heilsu fólks verði ekki stefnt í hættu."

Það er þetta viðfangsefni sem við fulltrúarnir í kjaradeilunefnd höfum nú við að glíma, að koma í veg fyrir á þessum verkfallstímum að öryggi og heilsu fólks sé stefnt í hættu.

Það hefur verið vikið að því hér, mig minnir sérstaklega af hv. 5. þm. Norðurl. e., að efni bréfa kjaradeilunefndar og úrskurða muni oft orka tvímælis. Lét hv. þm. orð falla hér áðan um það, að kjaradeilunefnd hefði sýnt mjög svo ákveðna tilhneigingu í þá átt að halda fram málstað annars deiluaðila, þ. e. a. s. ríkisstjórnarinnar.

Ég skal vera manna fyrstur til að viðurkenna

að störf okkar orka tvímælis. Allt orkar tvímælis þá gert er. Okkur berast fjölmörg mál, smá og stór, sem við verðum að reyna að greiða úr eftir bestu getu, og það gildir um störf okkar, að þau verða yfirleitt að vinnast fljótt. Það er ekki mjög langur tími til gagnaöflunar né uppsagnar úrskurða. Að þessu leyti er starf okkar líkara starfi dómara á knattspyrnuvelli, sem verður að kveða upp úrskurð á stundinni, heldur en dómara t. d. í Hæstarétti. Þó er það svo, að jafnvel dómurum í Hæstarétti getur missýnst. Hæstiréttur okkar, Hæstiréttur Íslands, hefur starfað frá 1920 með miklum ágætum. Ég hygg að það sé almennt viðurkennt að störf hans hafi verið mjög vel af hendi leyst. Þó getur honum skjátlast, og það er tiltölulega auðvelt að taka sér í hendur hæstarréttardóm, eða a. m. k. finna hann, sem getur orkað tvímælis. Og fyrir kemur að dómurinn skiptist, fimm manna dómur skiptist í meiri og minni hl.

Ég held að af þessu getið þið, góðir þm., séð að okkur er nokkur vandi á höndum í kjaradeilunefnd. Það er líka svo, eins og hv. 7. þm. Reykv. nefndi áðan, að hér er um fyrsta verkfall að ræða af þessu tagi. Það er reynsluleysi beggja aðila. Og fleiri en hann hafa nefnt að lögin væru meingölluð.

Ég ætla ekki, held ég, á þessu stigi að hafa þessi orð fleiri. Að sjálfsögðu mun ég alls ekki ræða einstök mál eða einstaka úrskurði kjaradeilunefndar. Ég geri það ekki á þessum vettvangi. Það er nógu erfitt að setja sig í dómarasæti og dæma í málum annarra þó að þeir dómar séu ekki gerðir að umræðuefni á slíkum vettvangi, hver og einn út af fyrir sig. Hitt vil ég benda á, að samstarf þessara 9 aðila í kjaradeilunefnd hefur verið ágætt. Þeir hafa yfirleitt komist að samhljóða niðurstöðu, aðeins örsjaldan verið gerðir eða bókaðir minni háttar fyrirvarar. Því ber að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh., að niðurstaða fundar ríkisstjórnar Íslands með fulltrúum kjaradeilunefndar, sem ég gat því miður ekki mætt á í dag, hafi verið jákvæð. Þá leyfi ég mér og að vona að góð samvinna geti haldist milli kjaradeilunefndar og beggja deiluaðila, úrskurðum nefndarinnar verði fylgt í framkvæmd. Og loks ber að vona af einlægni að deilan leysist sem fyrst.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á einu atriði, en það var rædda hv. 2. þm. Austurl.

Þótt oft hafi ég verið á öndverðum meiði við hv. þm., þá er það nú svo eftir þann langa tíma sem ég hef átt sæti á þingi, að mér þykir leitt að sjá að hv. þm. er brugðið í málflutningi. Hv. 2. þm. Austurl. gleymdi í fyrsta sinn, svo að ég muni eftir, að setja upp andlitið. Það er svo að flokkur hans hefur verið flokka lagnastur við að taka á sig nýja gervi og setja upp nýja andlit, eftir því sem við hefur átt. Hv. þm. sagði samt núna: Aldrei hefur verið háð verkfall í landinu svo að menn hafi ekki haldið fram að lög hafi verið brotin. — Hann sagði enn fremur: Menn vissu auðvitað, er lög þessi voru sett, að deila yrði um framkvæmdina, en þetta er ekkert aðalatriði. — Þarna kemur ljóslega fram hið rétta andlit Alþb. og þeirra afla sem þar eru sterkust. (Gripið fram í.) Sem sé: lögin í landinu, þau eru ekkert aðalatriði, það er ekki í fyrsta sinn að haldið er fram að lög séu brotin, það er ekkert aðalatriði. Ég leyfi mér að segja það sem mína skoðun, og ég fullyrði að það er skoðun mjög margra borgara, sem sitja alls ekki við samningaborð þegar kaupum og kjörum er skipað í landinu, að við teljum það ekkert aukaatriði, heldur meginatriði að lögum landsins sé fylgt. Til hvers setjum við hér á Alþ. og samþykkjum lög, ef okkur dettur alls ekki í hug að þeim sé fylgt? Við vitum að auðvitað verður deilt um framkvæmdina. Hv. þm. telur það bara ekkert atriði. Hv. þm. sagði: Þetta er ekkert aðalatriði. Aðalatriðið er að leysa deiluna.

Vitanlega þarf að leysa deiluna. Það er hver einasti maður bæði í þingsölum og utan þings vafalaust á þeirri skoðun, að það verði að leysa deiluna. Ríkisstj. gerði það sem hún gat, áður en skarst í odda og verkfallið skall á, og lýsti því meira að segja yfir, sem hér er mjög gagnrýnt, að lengra treysti hún sér ekki til að ganga. Það lá fyrir að menn höfðu teygt sig eins langt og þeir töldu fært án þess að verulegt tjón yrði að. Það skarst í odda. Ég nefni nú ummæli sem mér hafði sést yfir að nefna í minni fyrri ræðu. Það voru ummæli formanns BSRB, sem höfð voru eftir honum í Ríkisútvarpinu á mándeginum, daginn áður en verkfallið skall á. Kunngert hafði verið *lokatilboð ríkisstj.* og þá sagði formaður BSRB ekki annað en þetta: „Nú, það er ljóst að ríkisstj. stefnir í verkfall.“ Ég hugsa að það hafi verið fleiri en ég sem urðu hvumsa.

Menn geta auðvitað haft þá skoðun að þetta sé *frambærileg rökhugsun. Mér finnst það ekki.* Það er hins vegar ekki aðalatriði í þessu máli, hvort þessi setning var réttmæt heldur vil ég undirstrika: Aðalatriðið er í þessu verkfalli, í öðrum verkföllum og endranær, að lög séu haldin. Agaleysið í þjóðfélagi okkar er allt of mikið. *Agaleysið veldur borgurunum öryggisleysi,* og það er alvarlegra en svo, að við getum horft á það sem eitthvað er ekkert þurfi um að tala.

Ég tíunda ekki frekar yfirlýsingar hv. 2. þm. Austurl. um álit hans á þessu atriði, hvort lög skuli haldin í framkvæmd verkfallsins. Hann notaði orð eins og fánýtt og fráleitt og fleira.

Mér dettur ekki í hug að það þurfi neina sérstaka yfirlýsingu af minni hálfu frekar en frá öðrum þm., auðvitað erum við öll sammála um það, að deiluna verði að leysa. Vitanlega erum við líka a. m. k. mörg okkar sammála um að það sé eðlilegt að opinberir starfsmenn leiti réttar síns. En ég held að það væri ekki í þökk hinna almennu meðlima BSRB ef rétti þeirra væri ekki beitt með fyllilega löglegum og eðlilegum hætti. Ella er unnið á móti þeirra markmiðum. Ég sé ekki eftir því að opinberir starfsmenn fái kjarabætur. Þeir eiga ekki að gjalda þess að þeir vinna hjá ríkinu. Opinberir starfsmenn, sem vinna mjög sérhæfð ábyrgðarstörf, eru

margir í afar lágum launaflokkum sem vafalaust þættu ekki frambærilegir á hinum almenna vinnumarkaði. Þess vegna finnst mér í sjálfu sér engan veginn hneyksli að opinberir starfsmenn geri kjarakröfur, slíkt er viðurkennt í okkar þjóðfélagi, og það er eðlilegt að þessir launþegar leiti réttar síns eins og aðrir.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, að það er aðalatriði þessa máls að ganga til samninga og leysa þesa deilu og friður komist á á vinnumarkaðnum í þjóðfélaginu. Hitt er ekki rétt hjá honum, að það sé aukaatriði hvernig staðið er að verkfalli. Það er annað aðalatriði þessa máls. Það er oft að bæði atvinnurekendur og ríkisstjórn — og þó sérstaklega ríkisvaldið — segja, þegar kaupkröfur eru gerðar í þjóðfélaginu, að þær séu takmörkunum háðar, hvað hægt sé að ganga langt til þess að verða við óskum launþega. Í raun og veru er hægt að verða við hvaða kaupkröfu sem er og hver og einn ber fram í þjóðfélaginu, en þá fylgir sá böggull skammrifi, að ef orðið er við öllum kaupkröfum, þá heldur dans verðbólgunnar áfram og tröllríður öllu í þessu þjóðfélagi. Það gerir það að verkum að útflutningsatvinnuvegirnir stöðvast með öllu, og þá er gripið til þess gamla og leiðinlega úrræðis að lækka verðgildi krónunnar, það verður að gera það til þess að halda áfram útflutningsatvinnuvegunum og atvinnu landsmanna. Þess vegna er eðlilegt að ríkisstj. á hverjum tíma og í raun og veru Alþ. allt, samhuga og samstillt, geri sér í hugarlund hvað hægt er að ganga langt án þess að verði stórfelld og bullandi verðbólga á sama tíma og okkur hefur tekist að draga úr verðbólgu síðustu tvö árin. Ef við göngum svo langt í launahækkunum og verðhækkunum, eða víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, að við ráðum ekki neitt við verðbólguna, þá held ég að þeir, sem nú berjast fyrir stórfelldum kauphækkunum, séu ekki að vinna fyrir umbjóðendur sína, nema síður sé.

Ég held að höfuðatriði þessa máls sé að leiðrétta misrétti á milli stétta og starfshópa, en hafa þó í heiðri að kauphækkunum verður að setja takmörk ef við ætlum eitthvað að halda í við verðbólguna í landinu. Við verðum líka að taka mið af því, að við eigum stærstu viðskipti okkar í útflutningsafurðum við Bandaríkin, en þar er stórminnkandi verðbólga. Það er talið að verðbólgan í Bandaríkjunum muni fara niður fyrir 7% á þessu ári. Annað stærsta viðskiptaland okkar eru Sovétríkin. Þar er verðbólgan á núlli. Þar er sterkt ríkisvald sem heldur verðbólgunni niðri, og við getum því ekki selt afurðir okkar til þessara landa ef við ætlum að stefna í 30, 40 eða 50% verðbólgu. Þetta hlýtur hver maður að skilja og þetta eru í raun og veru svo augljós sannindi, að það er ekki hægt að segja við launþega, hvorki úr hópi opinberra starfsmanna né aðra, að það séu ekki nema vondir menn í landinu sem vilji ekki veita þeim kjarabætur.

Eins og ég sagði, það er hægt að hækka kaupið alveg viðstöðulaust og verða við óskum hvers og eins og missa um leið allt taumhald á öllu verðlagi og allri útflutningsstarfsemi og lækka gengi krónnunnar. En þá erum við fyrst að gera öllum launþegum í landinu stórskaða.

Það er að mörgu leyti ekki óeðlilegt, þegar opinberir starfsmenn fá verkfallsrétt í fyrsta skipti, að eitthvað komi fyrir sem á ekki að koma fyrir. Verkalýðshreyfingin er búin að hafa þennan rétt í langan tíma, og hún hefur kunnað mun betur að fara með þennan rétt, því að hún hefur sýnt töluverða lipurð á undanförnum árum eða áratugum í samskiptum við þjóðfélagsþegnana. Verkalýðshreyfingin hefði getað og hefur getað neitað og gripið inn í starfssvið annarra stétta, en hún hefur reynt að forðast árekstra. Verkalýðshreyfingin hefur aldrei meinað opinberum starfsmönnum að ganga til sinnar vinnu. Verkalýðshreyfingin hefur aldrei í verkfalli gert ráðstafanir sem hefðu orðið til þess að ríkisstarfsmenn misstu laun sín. En því miður hafa ríkisstarfsmenn nú gert það að verkum að fólk í öðrum starfsgreinum, bæði verkamenn og sjómenn, hefur misst í launum. Þar hafa þeir farið villir vegar. Og það hefur ekki allt að segja í baráttu sem þessari að vera svo ósamvinnuþýðir við þjóðfélagsþegnana eins og að neita hópum íþróttamanna að sækja íþróttamót erlendis, sem aldrei hefur staðið á verkalýðshreyfingunni að gera alveg umsvifalaust og greiða fyrir á allan hátt. Það er ekki heldur hyggilegt að gera margvíslegar tilraunir til þess að stöðva fiskiskipaflota landsmanna og setja ferðabann á útlendinga, eins og áður hefur verið minnst á í þessum umr. Ferðabann útlendinga héðan hefur staðið í 5 daga, en þegar gríska herforingjaklíkan tók völdin í Grikklandi þá stóð ferðabann útlendinga þar í landi ekki nema í tæpan sólarhring, og þó var ástæða til þá að stofna sérstakt Grikklandsvinafélag á Íslandi til þess að mótmæla bæði þeirri skerðingu og annarri.

Ég harma alveg sérstaklega hve Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur beitt harkalega verkfallsvopninu. Það er því ekki til ávinnings að beita verkfallsvopninu með þessum hætti. Það getur gert það að verkum að það verði að endurskoða þessa löggjöf. En eftir að Alþ. hefur samþ. löggjöf um það að gefa verkfallsmönnum verkfallsrétt, þá er ekki hægt að veita verkfallsrétt annað árið og taka hann af hitt árið. En það var gert í trausti á og í samvinnu og samkomulagi við þetta samband, og við það samkomulag á að standa. En við bætum okkur ekki með því að standa í stórfelldu stríði. Þeir, sem fá nú þetta bitra vopn, verða að hugsa meira um það en þeir hafa gert undanfarna daga að beita því af lipurð, en þó af festu fyrir sinn málstað. Með því að gera það og hlýða landslögum er auðveldari leið að ná samkomulagi á milli deiluaðila.

Ég tel að það hafi verið mikilvægt atriði að samkomulag náðist á milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og borgaryfirvalda, og þar sýndi sig að fólk vildi ekki halda verkfalli áfram. Ég taldi og tel miður að á útifundi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skuli hafa verið hafður uppi áróður til þess að reyna að spilla því að þar næðist samkomulag. Ég tel að það eigi ekki að vera neinn mismunur á milli borgarstarfsmanna og ríkisstarfsmanna í þessum efnum. En

það verður að jafna þennan ágreining, hvernig verkfallsvopninu er beitt, til þess að hægt sé að ná samkomulagi sem við allir hljótum að stefna að að verði sem allra fyrst. En til þess að ná samkomulagi verða báðir deiluaðilar að hafa það efst í huga, að samkomulag verður að nást, og hverfa frá þessum aðgerðum sem eru utan við þessi lög og þann rétt sem Alþingi Íslendinga veitti fyrir ári.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. of mikið, en það eru nokkur atriði sem mig langar til að gera að umtalsefni.

Það kom fram í fyrstu ræðunum sem haldnar voru hér við þessar umr. af hálfu stjórnarandstæðinga, að þeir létu í ljós nokkra undrun á því að ríkisstj. skyldi ekki fyrr hafa gefið Alþ. skýrslu um þetta mál. Ég læt í ljós undrun á því að stjórnarandstæðingar skyldu ekki fyrr hafa beðið ríkisstj. um það hér utan dagskrár á Alþ. að skýra frá gangi mála. Ég er nokkuð undrandi á því, hversu langur tími hefur liðið, meðan verkfall hefur staðið, án þess að stjórnarandstæðingar gerðu þetta mál að umræðuefni hér utan dagskrár á Alþingi.

Varðandi málið sjálft eru það nokkur atriði sem sérstaklega hafa verið rædd í þessum umr. Þar á meðal er endurskoðunarrétturinn sem ég mun koma nokkuð að síðar.

Frv. til laga um kjarasamninga BSRB var ávöxtur langra og mjög ítarlegra samninga milli BSRB og ríkisvaldsins á sínum tíma, og í þeim samningi var m. a. byggt á því, að hinn svokallaði endurskoðunarréttur félli niður. Það var einnig byggt á því, að æviráðning starfsmanna ríkisins yrði þrengd frá því sem verið hefur og að verkfallsréttur væri háður skynsamlegum takmörkunum, án þess að það væri nánar skilgreint þegar kom að því að semja lög og reglur um framkvæmd verkfalla opinberra starfsmanna.

Ég er talsvert undrandi á því, að menn skuli deila um það, að endurskoðunarrétturinn yrði felldur niður, vegna þess að það kemur skýrt fram við undirbúning málsins og í lögunum sjálfum, sérstaklega þó í lagafrv. Segir um þetta atriði í 8. gr. laganna fyrst, að kjarasamningar skuli gerðir til tveggja ára, eða til eigi skemmri tíma en tveggja ára miðað við mánaðamót, og síðan segir í athugasemdum við þessa 8. gr. svo hljóðandi:

„Kjarasamningar verði gerðir til eigi skemmri tíma en tveggja ára og gætu orðið lengri, þannig að kjarasamningar yrðu ekki alltaf lausir á sama árstíma. Ekki er gert ráð fyrir lögbundnum endurskoðunarrétti á samningstímanum þótt kjarabreytingar eigi sér stað á vinnumarkaðinum.“

Samt eru menn að deila um þetta atriði hér í umr. Mér finnst það nú allt að því fyrir neðan virðingu Alþ. að deila um svona mál sem svona skýrt er ákveðið í aths. við frv. Það er kunnar en frá þurfi að segja, að það liggja fyrir margir dómar Hæstaréttar þar sem lög eru skýrð með hliðsjón af því hvað segir um lagafrv. í aths. við það, og það þarf ekki að leita lengi í þessum aths. til þess að ganga úr skugga um þetta atriði. En það er fleira sem kemur fram í aths. við lagafrv. Þar segir svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Við gerð aðalkjarasamnings milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh. nú í vor gerðu samningsaðilar samkomulag um takmarkaðan verkfallsrétt opinberra starfsmanna innan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Yfirlýst var að lagafrv., sem samið yrði á grundvelli samkomulagsins, yrði lagt fram á þessu þingi, sem stjórnarfrv. Síðan eru taldir upp margir liðir eða samtals 18. Í einum þessara liða segir svo orðrétt:

„Aðalkjarasamningur gildi skemmst í 24 mánuði frá gildistökudegi miðað við mánaðamót, uppsagnarfrestur verði skemmstur 3 mánuðir.“ Og svo segir: „Lögbundinn endurskoðunarréttur með gerðardómi eða verkfallsrétti fylgir ekki aðalkjarasamningi.“

Þrátt fyrir þetta deila menn hástöfum um það hér í löngum umr. hvort endurskoðunarrétturinn fylgi eða skuli falla niður. Mér finnst þetta svo skýrt sem verða má og um það þurfi ekki að deila.

Síðan er annað atriði, sem ég hef orðið nokkuð undrandi á, og það er að hæstv. forsrh. gerði grein fyrir stöðu málsins í frumræðu sinni hér við þessa umr. og sagði þá orðrétt, að því er mig minnir:

„Hins vegar hefur legið fyrir vilji ríkisstj. til þess að binda sig við það að BSRB hafi aldrei lakari verðbótatilhögun en almennt gerist.“

Mér finnst að það komi svo skýrt fram sem verða má, að annars vegar sé endurskoðunarréttturinn, en ekki heimilt að fylgja honum eftir með verkfalli samkvæmt lögunum, hins vegar yfirlýsing af hálfu ríkisstj. um að sama verðbótatilhögun skuli gilda um samninga eða launakjör opinberra starfsmanna sem annarra launþega.

Varðandi framkvæmd verkfallsins skal ég vera stuttorður, vegna þess að verkfallinu er ekki lokið og það er eðlilegra að ræða um þau mál þegar því er lokið. Þá hafa menn heildaryfirsýn yfir það sem hefur gerst. En það er engin spurning um að framkvæmdin hefur farið úr skorðum í mörgum atriðum. Það er alveg ljóst. Og það er engin spurning um það, að það er fjöldi fólks í landinu, kannske miklu fleiri en ég og aðrir halda, mjög undrandi á því sem er að gerast. Það er engin spurning um það.

Nú er það svo með verkföll og lögbrot, að ég hef verið þeirrar skoðunar, — það kann að vera rangt hjá mér, — að það sé nú ekki oft sem landslög hafa verið brotin í verkföllum. En eigi að síður er það ljóst, að hér hefur allt farið úr skorðum. Ég held að það sé mikil afturför að flytja átök um kjaramál inn í skóla og uppeldisstofnanir í þjóðfélaginu. Ég held að það sé mikil afturför. Og ég álít að það sé engin þörf á slíku. Ég held að menn geti deilt og tekist á um þessi mál án þess að flytja átökin inn í skólana.

Þá er margt fleira sem mætti minnast á í sambandi við framkvæmd verkfallsins, eins og t. d. það, að ég álít að það sé alls ekki gætt öryggis. Ég hef fengið kvartanir og upphringingar utan af landsbyggðinni, þar sem menn kvarta yfir því að þeir hafi takmarkaða möguleika til þess

að komast í gegnum símakerfið síðan verkfallið hófst. Ef einhverjir vélegir atburðir gerast og menn þurfa að ná skilyrðislaust sambandi við ýmsa aðila, t. d. lækna, þá hafa menn hringt til mín og sagt mér að þessi mál væru engan veginn í því ástandi sem nauðsynlegt væri, þótt svo eigi að heita að svokallaðar neyðarvaktir séu. Það er mikið álag á sjálfvirka símanum t. d. — geysilegt — og erfitt að komast í gegnum hann. Og þá álít ég mikinn galla að Ríkisútvarpinu skuli vera lokað. Það er mikið öryggisatriði í okkar nútímaþjóðfélagi að Ríkisútvarpið sé opið og starfandi, vegna þess að það geta gerst atvik skyndilega sem enginn sér fyrir, sem valda því að nauðsynlegt, allt að því lífsnauðsynlegt sé að nota Ríkisútvarpið til þess að aðstoða við það, hvaða ráðstafanir eru gerðar, og hafa samband við almenning og senda út tilkynningar o. s. frv.

Það erindi, sem ég átti í ræðustólinn, var kannske fyrst og fremst að lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég er þeirrar skoðunar hiklaust, þó að verkfallinu sé ekki lokið og það geti gerst ýmsir atburðir í sambandi við verkfallið sem menn sjá ekki fyrir nú, að það þurfi að taka þessi mál til endurskoðunar — rækilegrar athugunar og endurskoðunar — þegar þessu verkfalli og þessum átökum lýkur.

Sameinað þing, 4. fundur.

Þriðjudaginn 18. okt., kl. 2 miðdegis.

Sundlaug við Endurhæfingardeild Borgarspítalans, fsp. (þskj. 19). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Í upphafi síðasta þings flutti ég ásamt þremur öðrum þm. till. til þál. um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans. Tillgr. var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að beita sér fyrir því í samráði við ríkisstj., að á fjárlög ársins 1977 verði tekið framlag til sundlaugargerðar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg."

Samflm. mínir að þessari till. voru hv. þm. Jóhann Hafstein, hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, en við áttum það allir sameiginlegt að við höfðum dvalið á Grensásdeild Borgarspítalans, mismunandi lengi þó og af mismunandi ástæðum, við þekktum deili á þessari stofnun og vissum afar vel að gerð sundlaugar við þessa stofnun var ákaflega brýn. Grg. þáltill. var aðallega samin af dr. Ásgeir Ellertssyni forstöðumanni Grensásdeildar og gerði grein fyrir nauðsyn þess, að sundlaug væri tiltæk á slíkum endurhæfingarstöðvum. Í grg. var einnig skýrt frá því, að borgarstjórn Reykjavíkur væri einhuga um að vilja ráðast í þessa framkvæmd, ef samvinna við ríkið gæti komið til, og hefði gert nauðsynlegan undirbúning í þessu sambandi.

Ég mælti fyrir þessari till. á þingi 21. okt. í fyrra, og þegar ég hafði lokið máli mínu og gert grein fyrir till. tóku nokkrir hv. alþm. til máls. Mig langar að vitna örlítið í ræður þeirra. Næstur á eftir mér tók til máls hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson. Hann sagði m. a. í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er vissulega alveg rétt, sem hv. 3 þm. Reykv. nefndi í sínu máli, að það hefur verið reynt að bæta úr þessum skorti á sundlaug með því að flytja sjúklinga niður á Háaleitisbraut 17. Það er betra en ekkert, má segja, að sú laug skuli vera til. En þessir flutningar eru erfiðir í mörgum tilvikum, bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk, þeir eru dýrir og óhagkvæmir, auk þess það sem verst er, að það eru ekki nándar nærri allir sem geta farið, þó ekki sé nema þessa leið, í áætlunarbíl eða hvaða bifreið sem vera skal vegna þess einfaldlega að þeir þola ekki flutninginn.

Það er líka alveg rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að sundlaugin að Háaleitisbraut 17, sem *ég þekki líka af eigin raun*, hentar ekki alls kostar til þess að leysa það verkefni sem hér er um fjallað. Og ég trúi því ekki að okkar þjóðfélag sé svo fátækt, þó að illa megi kannske bera því vitnisburðinn að ýmsu leyti, að við höfum ekki efni á því að búa betur að þessari deild sem svo mjög margt gott lætur af sér leiða."

Næsti ræðumaður á þessum fundi var hæstv. heilbrrh. Matthías Bjarnason. Hann sagði m.a.:

„Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að ríkið leggi fram framlög til byggingar slíkrar sundlaugar ef það verður ofan á og talið rétt af eiganda deildarinnar, sem er Reykjavíkurborg, að byggja sundlaug við hana, og ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að ég er samþykkur þessari þáltill. og ég vil vinna að því fyrir mitt leyti, þegar þessar upplýsingar liggja fyrir, að fyrsta framlag verði tekið inn á fjárlög næsta árs.

Ef Alþ. afgreiðir þessa sjálfsögðu till. á sem allra skemmstum tíma og upplýsingar borgarverkfræðings liggja fyrir borgarráði og vilji borgarráðs og borgarstjórnar, þá tel ég mér bæði vera sjálfsagt og skylt að mæla sterklega með því að framlag til þessara framkvæmda verði tekið á fjárlög næsta árs."

Næstur talaði hv. þm. Albert Guðmundsson, sem einnig er forustumaður í borgarmálefnum Reykvíkinga. Hann sagði m. a. í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég get fullvissað alla hv. þdm. að borgarstjórn er einhuga um að gera það sem í hennar *valdi er til að koma upp sundlaug við Grensásdeildina*."

Hann sagði enn fremur:

„Ég get glatt hv. þm. með því, að ég veit, að það er sérstakur áhugi hjá borgarstjóra að flýta þeirri áætlun sem borgarverkfræðingi og borgarlækni hefur verið falið að gera, þ. e. a. s. kostnaðaráætlun og könnun um það, hvort hægt er, eða það er óhætt að segja, hvenær hægt er að staðsetja þetta mikilvæga mannvirki við endurhæfingarstöð Borgarsjúkrahússins."

Og hv. þm. *Albert Guðmundsson* lauk máli sínu á þessa leið:

„Um leið og ég lýk máli mínu, þá vil ég leggja til að þessu máli verði hraðað það mikið að það geti ekki verið neinn vafi á því að Alþ. geti komið málinu á fjárlög núna, ef við ætlum að gera það. Þess vegna segi ég, að það er bara

spurningin um það, hvort menn vilji hugsa með kerfinu, á sama hátt og kerfið, eða hvort menn vilja hugsa með hjartanu. Fólkið biður. Það er nóg af fólki sem þarf á þessu að halda, og ég vona að við séum ekki fastir í einhverju sérstöku kerfi, einhverjum farvegi við gerð fjárlaga, að það sé ekki pláss fyrir það sem ég kalla að hugsa með hjartanu.“

Síðasti ræðumaður við þessar umr. var hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason. Hann tók undir það, sem aðrir þm. höfðu sagt, og sagði að lokum:

„Vil ég sérstaklega taka undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, að nauðsynlegt er og sómi þingsins liggur við að málið fái sem hraðasta og skjótasta afgreiðslu hér á hinu háa Alþingi.“

Þegar þessar umr. höfðu farið fram var ég mjög bjartsýnn á að þessi till. næði fram að ganga þegar á síðasta þingi. En þá tóku að hefjast dálitið annarlegir atburðir. Ég ætla ekki að fara að rifja þá atburðarás upp, hún var á margan hátt ákaflega óskemmtileg. Enn því miður leiddi hún til þess, að þessi fjárveiting var ekki tekin inn á fjárlög árið 1977 sem nú eru í gildi. En fjvn., sem fékk till. okkar fjórmenninganna til meðferðar, afgreiddi hana fyrir þinglok. Ég vil geta þess, að ég átti þá ekki sæti á þingi og hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson beitti sér mjög fyrir því, að þessi till. yrði afgreidd. Hún var afgr. með svo hljóðandi nál.:

„Nefndin hefur rætt till. Samkv. till. er gert ráð fyrir að Alþ. beiti sér fyrir framlagi við byggingu sundlaugar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg á fjárl. ársins 1977. Svo varð ekki. Hins vegar lítur fjvn. svo á, að í þáltill. þessari sé hreyft mikilsverðu nauðsynjamáli sem athuga þarf við undirbúning næstu fjárl. Fjvn. hefur orðið sammála um að leggja til að till. verði vísað til ríkisstj.“

Hæstv. utanrrh. tók til máls við þessa umr. Hann sagði þar m. a.:

„Vil ég geta þess a. m. k. fyrir mína hönd og hv. 1. flm. Magnúsar Kjartanssonar, að við erum eftir atvikum ánægðir með þessa afgreiðslu fjvn. og teljum að sá rökstuðningur, sem fylgir áliti n., sé á þann veg, að hann muni verða til þess að málið verði tekið til efnislegrar afgreiðslu við gerð næstu fjárlaga.“

Ég taldi að þegar Alþ. hafði einróma samþykkt þessa till. fjvn., þá væri það algerlega öruggt að framlag til sundlaugar við Grensásdeildina yrði á fjárl. fyrir árið 1978. Þegar ég fékk fjárlagafrv. í hendur, þá var mitt fyrsta verk að aðgæta hvort svo væri ekki. Ég gat ekki séð að svo væri. Það var enginn tilgreindur sérstakur þáttur í fjárl. sem hét fjárveiting til byggingar sundlaugar við Grensásdeild Borgarspítalans. Þess vegna spyr ég nú um þetta mál, því þarna liggur fyrir einróma vilji Alþingis.

Ég beini fsp. minni ekki til hæstv. heilbrrh., þó að Grensásdeildin heyri undir verksvið hans. Ég beini henni ekki heldur til hæstv. fjmrh., þó að hann eigi að afla þeirra fjármuna sem þarf til þess að ráðast í þessa framkvæmd. Ég beini henni til hæstv. forsrh., vegna þess að ég hef farið að hugsa um stjórnlög í þessu sambandi. Ég hef borið þetta mál undir lögfræðing sem ég tel vera einna hæfastan íslenskra lögfræðinga, — ég nefni nafn hans ekki því að þetta voru einkaviðræður, — en hann sagðist líta svo á að ef Alþ. hefði lýst vilja sínum í einhverju alveg skýrgreindu máli, þá væri það skylda ráðh. að framkvæma þennan vilja Alþ., það væri skylda ráðh. Og einmitt þess vegna beini ég máli mínu til hæstv. forsrh., því að hann e rverkstj. ríkisstj., og ég vil biðja hann, um leið og hann svarar fsp., að segja mér álit sitt á því, hvort hann sé ekki sammála þeim lögfræðingi sem ég vitnaði til, að ef Alþ. tekur ákvörðun um vilja sinn í tilteknu máli, þá sé það skylda ráðh. að framkvæma þann vilja.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mun leitast við að svara þeirri fsp. sem hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, flytur hér og hefur gert grein fyrir.

Spurningin er: Hvers vegna framkvæmdi ríkisstj. ekki þann einróma vilja Alþ. að gera ráð fyrir fjárveitingu til byggingar sundlaugar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans þegar fjárlög fyrir árið 1978 voru undirbúin?“

Ég skal strax taka það fram, að ég hefði talið eðlilegra hvað snertir undirbúning fjárlaga og þá gagnrýni sem e. t. v. má lesa út úr fsp., að ekki sé sérgreindur liður í fjárlagafrv. varðandi þennan framkvæmdakostnað, hefði fsp. réttilegar verið beint til fjmrh., en varðandi efnisatriði málsins um byggingu sundlaugar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans, Grensásdeildina, væri fsp. beint til heilbrrh. Ég ætla mér ekki að bera fyrir mig nein slík formsatriði og mun leitast við að svara fsp. sjálfri. En ég get þessa hér til þess að þetta svar mitt verði ekki fordæmi um það, að fsp. um mál, er samkv. verklagsreglu og verkaskiptingu ríkisstj. heyrir undir sérstakan ráðh., verði ekki eftir sem áður beint til þeirra.

Fsp. sem slík gengur út frá því að fyrir liggi skjallega í afgreiddri þáltill. einróma viljayfirlýsing Alþ. Hv. þm. spurði mig, hvort ég teldi það ekki skyldu ráðh. að framkvæma einróma vilja Alþ. Ég get út af fyrir sig svarað þeirri fsp. játandi almennt. En hér liggur ekki fyrir, eins og málin voru afgreidd, einróma viljayfirlýsing Alþ. hvað þetta málefni snertir með afgreiðslu þáltill. Það var velviljaður og mjög jákvæður rökstuðningur fyrir till. um að vísa málinu til ríkisstj., en þáltill. hv. þm og meðflm. hans fékk ekki efnislega afgreiðslu á síðasta þingi. Ég vil taka það fram vegna þeirra sem eru ókunnugri þingstörfum en hv. þm. eiga að vera, að hér er aðeins um þingsköp og vinnubrögð í þingi að ræða og þetta ætti svo reyndur þm. sem hv. þm. Magnús Kjartansson greinilega að vita.

Varðandi afstöðu ríkisstj. er svo það að segja, að í fjárlagafrv. er samkv. venju ekki tiltekinn sundurliðun um einstakar framkvæmdir sem fé verði ætlað til á sviði heilbrigðismála. En í fjárl. er sérstakur liður, sem heitir: Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, og er áætlað að verja 1 milljarði 300 millj. kr. til þessa. Hér undir falla framkvæmdir eins og bygging sundlaugar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans. Þetta er að finna á bls. 75 í fjárlagafrv. fyrir 1978. Það er ekki venja að

ríkisstj. sundurliði við framlagningu fjárlagafrv. þennan lið frekar en gert er í fjárlagafrv., þ. e. a. s. tilgreini hann í einni tölu. Síðar fær fjvn. fjárlagafrv. til meðferðar og fjallar um till. um skiptingu þessarar heildarfjárveitingar á milli hinna mismunandi framkvæmda á þessu sviði í landinu. Og ég get lýst því yfir, að mér er kunnugt um að bæði hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. munu leggja áherslu á að til þessara framkvæmda, sem hv. þm. hefur hér reifað, verði varið fjárveitingu, til þess að unnt sé að framkvæmdir fari af stað og nái eðlilegum áfanga á næsta ári, enda náist samkomulag við borgaryfirvöld þar að lútandi hvað snertir þátttöku þeirra í þessum framkvæmdum. Ég efast heldur ekkert um að aðrir ráðh. líti á málin með sama velvilja, og raunar líta þm. á þetta málefni einnig með miklum velvilja. Ég veit að þetta málefni á út af fyrir sig víðtækan stuðning hér á þingi. En það þarf ekki að lýsa fyrir þm. að fjvn. þarf að taka afstöðu til fjárveitinga til einstakra framkvæmda, ekki hverrar fyrir sig, heldur í heild við afgreiðslu fjárlagafrv.

Ég ætla aðeins til glöggvunar á hvernig mál þetta var afgreitt að geta um það — með leyfi hæstv. forseta — að frá fjvn. var till. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar o. fl. afgreidd með svo hljóðandi tillögu:

„Nefndin hefur rætt till. Samkv. till. er gert ráð fyrir að Alþ. beiti sér fyrir framlagi til byggingar sundlaugar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans við Grensásveg á fjárl. ársins 1977. Svo varð ekki: Hins vegar lítur fjvn. svo á, að í þáltill. þessari sé hreyft mikilsverðu nauðsynjamáli sem athuga þarf við undirbúning næstu fjárl. Fjvn. hefur orðið sammála um að leggja til að till. verði vísað til ríkisstj."

Ég þarf ekki að bæta fleiri skýringarorðum við, hvað felst í þeirri afgreiðslu Alþ. að vísa till. til ríkisstj. Og síst af öllu þarf ég að veita hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni kennslustund í því, hvað í því felst. Ég vil aðeins til frekari skýringar — með leyfi forseta — einnig vitna hér í það sem hv. frsm. fjvn., Ingi Tryggvason, sagði þegar hann fylgdi þessari till. fjvn. úr hlaði:

„Fjvn. hefur rætt þáltill. um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans. Till. varð ekki fullrædd áður en gengið var frá fjárl. ársins 1977, en í till. stendur raunar að verkefni það, sem hún fjallar um, verði tekið til greina á fjárl. fyrir árið 1977. Till. var ekki rædd fyrr en eftir að þessi fjárlög voru samþykkt, þar sem svo varð þótti þó rétt að minna á það verkefni, sem till. fjallar um, og gera það með þeim hætti að vísa till. til ríkisstj., þannig að efni till. kæmi til álita í sambandi við undirbúning næstu fjárl. Það varð sem sagt niðurstaða fjvn. að leggja til að till. verði vísað til ríkisstj."

Og einn af meðflm. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, hæstv. utanrrh., Einar Ágústsson, segir þá:

„Þar sem ég hygg að ég sé eini flm. þessarar till. sem hér er staddur nú vil ég geta þess fyrir a. m. k. mína hönd og hv. 1. flm. Magnúsar Kjartanssonar, að við erum eftir atvikum ánægðir með þessa afgreiðslu fjvn. og teljum að sá rökstuðningur, sem fylgir áliti n., sé á þann veg, að hann muni verða til þess að málið verði tekið til efnislegrar afgreiðslu við gerð næstu fjárlaga."

Nú er aðeins fyrsta stig í fjárlagaafgreiðslunni komið fram á Alþ., þ. e. a. s. frv. til fjárl., og í því efni er farið að venju og þingsköpum. Framhald málsins verður að fjvn. fjallar um skiptingu þessarar fjárveitingar í heild sinni milli einstakra framkvæmda. Ég sé enga ástæðu til að ætla annað en tillit verði tekið til þessarar mikilvægu framkvæmdar og hennar sjáist staður í endanlegri skiptingu fjvn. Ef svo illa færi að það væri ekki, sem ég held að sé engin ástæða til reyndar að ætla, þá getur þingið allt tekið til sinna ráða og afgreitt fjárl. með þeim hætti sem vilji þingsins stendur til.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sambandi við framlög til sjúkrahúsa og læknisbústaða, þá hækka framlög til byggingar sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknabústaða um 341.7 millj. á yfirstandandi fjárl. eða um 35.7%. Þegar við ræddum um framlög til þessa liðar, fjmrh. og ég, við undirbúning fjárlagafrv., þá benti ég á þær framkvæmdir sem þegar væru fyrirhugaðar, bæði hér á Reykjavíkursvæðinu á vegum Reykjavíkurborgar og sömuleiðis annars staðar á landinu, og ég taldi rétt að framlag til Grensásdeildarinnar hvað þetta snertir væri á sérstökum fjárlagalið. Fjmrh. taldi réttara að það væri innan þessa heildarliðar og það yrði afgr. af fjvn. Ég varð fyrir mitt leyti að fallast á það, vegna þess að hér er um að ræða framlög á móti eignaraðila öðrum en ríkinu, og þá verður auðvitað að liggja fyrir heildaráætlun um það, hvað þessi framkvæmd er áætluð, og jafnframt um það, hvað borgin treysti sér að leggja fram. En þessu hefur Reykjavíkurborg ekki gengið frá vegna þess að þar stendur undirbúningur fjárhagsáætlunar yfir alveg eins og hann stendur yfir hjá ríkissjóði. En fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa margsinnis rætt þetta mál og eiga eftir að taka ákvörðun, en endanleg ákvörðun er auðvitað í höndum fjvn. og Alþ. hvað þetta snertir.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. og hæstv. heilbrrh. fyrir svör þeirra. Þau voru tvímælalaust jákvæð, og þeir lýstu því báðir yfir að framlag til byggingar sundlaugar við Grensásdeild Borgarspítalans væri í þeim þætti fjárlaga sem heitir: Til sjúkrahúsa og læknabústaða. Hæstv. heilbrrh. greindi frá því, að hann hefði sjálfur talið eðlilegast að þessi fjárveiting til Grensásdeildar Borgarspítalans yrði sérstakur fjárlagaliður, og það hefði ég talið einnig. En annaðhvort fjmrh. eða embættismenn hans kusu að fela þetta inni í ákaflega almennum lið sem heitir: til sjúkrahúsa og læknabústaða. Ég las þennan lið þegar ég var að skoða fjárl. í upphafi, og ég vil leyfa mér að lesa viðfangsefnin sem þar eru tilgreind.

„Bygging sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamið-

stöðva og læknabústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa — Röntgentækni — Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur. — Styrkur til heilsuverndarstöðva. — St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur. — Landakotsspítali, röntgentækni."

Þegar ég las þetta gat ég ekki komið auga á að sundlaug við Grensásdeild gæti falist undir þessari upptalningu. En það stafar trúlega af því að mér hefur alltaf verið heldur illa við skriffinnsku og ég hef ekki lagt á mig að læra það sérstaka tungumál sem skriffinnar nota. En þetta skiptir raunar ekki máli. Það skiptir mestu máli að tveir hæstv. ráðh. hafa lýst yfir því, að þeir telji að þetta eigi að vera í fjárl. næsta árs. Hæstv. forsrh. sagði að þetta færi eftir ákvörðunum fjvn. Eins og ég rakti í upphafsræðu minni, þá liggur stefna fjvn. fyrir. Hún var ekki aðeins almenn vísun til ríkisstj., hún var rökstudd. Hún var rökstudd með því að fjvn. ætlaðist til að þetta yrði gert í sambandi við fjárlög þessa árs. Þetta var ekki almenn tilvísun til ríkisstj. Þetta var stefnuyfirlýsing. Og í fjvn. eiga sæti allir sömu menn og á síðasta þingi, fyrir utan Jón Árnason sem lést, þannig að vilji fjvn. er algerlega ljós. Mér fannst það alger óþarfi hjá hæstv. forsrh. að fara að reyna að vefja þetta mál inn í einhverja þoku. Það er alveg ljóst fyrst hæstv. ráðh. segja að þeir vilji að þessi fjárveiting sé inni í fjárl., og þar liggur fyrir afstaða hv. fjvn. og raunar afstaða Alþ. líka.

Ég vil fagna þessum yfirlýsingum ákaflega mikið, því að eins og allir ættu að vita er fötlun alvarlegasta mannamein hér á Íslandi og í öðrum þjóðfélögum sem hafa sæmilega heilbrigðisþjónustu. Ég las það í skýrslum frá finnsku öryrkjasamtökunum, að þau telja að hvorki meira né minna en 15% þjóðarinnar eigi við svo alvarlega fötlun að stríða að menn eigi erfitt með að ferðast með almenningsfarartækjum. Inni í þessari tölu er andlega fatlað fólk og einnig börn á aldrinum 0—3 ára. En 15% þýðir sjöundi hver maður, og ég vil minna félaga mína á Alþ. á það, að 15% kjósenda geta komið 9 mönnum inn á þing. Með þessu er ég ekki að halda því fram að við þm. hugsum einvörðungu um það, hvernig við eigum að krækja okkur í atkv. En þessi hópur er svona sterkur og hann á rétt á að fá að njóta hér miklu meira jafnréttis en hann nýtur í þjóðfélagi okkar.

Það er þannig hér á Íslandi, að við höfum orðið miklir eftirbátar annarra um að breyta þjóðfélaginu þannig að fatlað fólk geti athafnað sig á sama hátt og heilbrigt fólk. T. a. m. Svíar eru komnir miklu lengra á þessu sviði. Þar gengu í gildi í júlí í sumar sérstök lög sem kveða á um að allar nýjar opinberar byggingar, allir nýir vinnustaðir og öll íbúðarhús meira en tvær hæðir verði jafnaðgengileg fyrir alla þegna, hvort sem þeir eru heilbrigðir eða fatlaðir, og ef þurfi að gera meiri háttar breytingar á eldri húsakynnum, þá verði að haga breytingunum þannig, að tekið sé tillit til þess að svona stór hluti þjóðarinnar býr við fötlun.

Við vitum það öll, að endurhæfingarlækningar eiga sér stuttan aldur í veröldinni, en af þeim hefur náðst alveg feiknalegur árangur. Ég hef haft fyrir augunum ýmsa atburði sem ég vil líkja til kraftaverka. En meginatriðið verður það, að ákaflega stór hluti fatlaðra nær þeim styrk að þeir geta unnið í þjóðfélaginu á eðlilegan hátt, ef aðstaða er til þess að þeir komist á vinnustaði sína. En þeir vinnustaðir eru því miður fáir sem þannig eru. Hér uppi á áhorfendapöllum eru ýmsir vinir mínir af Grensásdeild Borgarspítalans, einnig sjúklingar, og mér þykir vænt um að þeir koma hingað í dag. En þeir sjá hér á Alþ. hvernig þessi vinnustaður er hannaður t. a. m. fyrir fatlaða. Ég vil staðhæfa það, að maður sem væri öllu meira fatlaður en ég gæti alls ekki unnið hér á þingi, t. a. m. maður sem væri bundinn við hjólastól. Og við skulum íhuga hvað í þessu felst. Einn mikilhæfasti stjórnmálamaður þessarar aldar, Bandaríkjaforsetinn Franklin D Roosevelt, veiktist á miðjum stjórnmálaferli sínum, fékk lömunarveiki og fatlaðist svo illa að hann gat ekki hreyft sig nema í hjólastól. Ef þessi maður hefði verið þm. á Alþingi Íslendinga hefði hann ekki getað haldið áfram störfum eftir að hann fatlaðist. Þetta er atriði sem ég held að við þm. allir eigum að hafa mjög sterklega í huga og að við eigum að einbeita okkur að því að koma á jafnrétti á þessu sviði, svo að fatlað fólk geti stundað störf sín á eðlilegan hátt og umgengist aðra þjóðfélagsþegna á eðlilegan hátt án þess að verða fyrir mjög annarlegum torfærum sem eru í svo til öllum húsum á Íslandi, einnig opinberum húsum, sem byggð hafa verið nýlega. Ég vil minna á það, að við höfum hér í Reykjavík hús sem teiknað er af heimsfrægum arkitekt, finnska arkitektinum Alvar Alto, Norræna húsið. Ég geri ráð fyrir að flestir hafi komið þangað. Þar er ekki hægt að skilja eftir bíl nema býsna langt frá húsinu. Inn í húsið eru langar tröppur, að vísu hægilegar tröppur, en engin handrið, þannig að þeir, sem eiga við jafnvægisvandamál að etja, eiga erfitt með að komast inn í húsið, og það er engin leið að komast inn í húsið á hjólastólum. Þetta er til marks um blindu sem hefur verið uppi ekki aðeins hér á Íslandi, heldur hvarvetna um heim, og verður að taka á. Og þessari till. minni um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans er ekki aðeins ætlað að gera þeirri ágætu stofnun betur kleift að leysa viðfangsefni sín, heldur vil ég með þessu reyna að stuðla að því að bjóða ís. Endurhæfingardeildin á Landsspítalanum er ákaflega illa sett. Þar er svo þröngt að það er ekki hægt að stunda starfsemina á neinn eðlilegan hátt. Og við þurfum að setja okkur það mark á sem allra skemmstum tíma, að fatlað fólk njóti jafnréttis í þjóðfélaginu. Það er hægt að gera þetta og til þess þarf ekki ýkjamikinn tilkostnað ef það er hugsað fyrir fram.

Ég bið hæstv. forseta afsökunar á því að ég hef talað lengur en ég mátti.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég held að mér sé óhætt að segja það, að mér sé fyllilega ljós þörfin á sundlaug á endurhæfingarstofnunum og fyrir sjúka sem eru í endurhæfingu. Þó að ég hafi í fyrra verið einn af flm. þess máls sem

hér er verið að ræða, þá hef ég lítið látið heyra til mín um það opinberlega. En ég vil láta það koma fram núna á þeim stutta tíma sem við höfum til umr. í fyrirspurnatíma, að eftir að fjárl. voru afgr. í fyrra eins og raun bar vitni hafði ég mjög náið samband við fjmrh., forsrh. og heilbrrh., og mér er óhætt að fullyrða það, að þegar fsp. hv. 3. þm. Reykv. var lögð fram hér í þinginu, þá varð ég dálítið hissa og sneri mér þá strax til fjmrh. og spurði: Hvað, er ekki séð fyrir þessu í fjárl. eins og fjmrh. hefur tjáð mér og ég hef eftir honum tjáð öðrum, m. a. dr. Ásgeiri Ellertssyni yfirlækni á endurhæfingarstöðinni? — Jú, það er gert ráð fyrir því, sagði fjmrh. Hann er því miður ekki viðstaddur hér, en við vitum það þm. að hann er bundinn við önnur störf í bili. En ég þori að segja frá þessu, því að svo ákveðið og eindregið var svar hans. Ég hef einnig fengið fulla vissu fyrir því, að það skortir ekki á vilja hinna ráðh. Sjálfstfl., og ég efast ekkert um ráðh. Framsfl., enda var einn þeirra flm. málsins í fyrra, og ég býst við að það sé enginn ágreiningur á milli þeirra.

Þetta vil ég láta fram koma og tel þess vegna að umr. og sérstaklega deilur um þetta mál séu til ills eins, því að málið er leyst og það verður á fjárl. næsta árs, því sem nú liggur fyrir. Og það að fjvn. fjallar um skiptingu þess fjár sem forsrh. tjáði að væri ætlað til heilbrigðismálanna, það er auðvitað mjög sterkt. Afgreiðsla fjvn. í fyrra sýnir það. Það er ekki líklegt að fjvn. nú sé neitt annars sinnis og muni þess vegna, áður en til afgreiðslu fjárlaganna kemur, skipta þessari fjárupphæð þannig að séð sé fyrir fé til þessarar sundlaugar.

Ég álít að það hafi verið mjög illt að í fyrra hófust deilur um byggingu sundlaugar við Endurhæfingardeild Borgarspítalans annars vegar. Ef við byrjum á einum staðnum, þá höldum við áfram og annar kemur næst. En ég álít að við þurfum ekki að eyða fleiri orðum að þessu nú, þetta mál megi eftir öllum atvikum teljast leyst.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil út af fyrir sig fagna því að þessi fsp. hefur komið hér fram. Ég hygg að hún geti ekki orðið til annars en að minna á og ýta á eftir mikilvægu nauðsynjamáli, eins og talað hefur verið um í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Mér finnst þó að ég þurfi að leggja áherslu á, af því að það kom fram í fyrra þegar þetta mál var lagt fyrir Alþ., að það var jafnvel fundið að því við Alþ. að viðtökurnar hefðu almennt ekki orðið nógu eindregar og afdráttarlausar með því að afgreiða málið, að sannleikurinn er auðvitað sá, að okkur öllum alþm. er fyllilega ljóst að þarna er eitt af þessu stóru, viðkvæmu nauðsynjamálum sem öll okkar vildum ekkert frekar en geta lagt okkar lið.

En á hitt ber að minna einnig, að málið bar að með nokkuð óvenjulegum hætti. Það var borið upp utan fjárlaga, og það er, þegar um svo stórar fjárhæðir er að ræða, heldur óvenjulegt. Það lá einnig fyrir að könnun borgaryfirvalda á umfangi verkefnisins lá alls ekki fyrir, þannig að á ýmsan hátt virtist þessi þáltill. borin fram með ótímabærum hætti. Ég get ekki heldur komist hjá því að nefna það, að sum okkar og ég hygg mörg hafi haft í huga, þegar talað var um þessi mál, að 4 flm., sem stóðu að því, voru allir fyrrv. ráðh. og áttu allir sameiginlegt að hafa dvalist á Grensásdeildinni. Manni fannst, og kunni varla við þann hugsunarhátt, að þess vegna ætti þetta mál að fá forgang fram yfir önnur mál. Ég veit að þetta hefur ekki verið ætlun flm., ég tek það fram, heldur leit þetta þannig út í augum almennings.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það eru mörg nauðsynjamál sem bíða okkar alþm. að afgr., og þó að sagt sé hér í ræðustóli með nokkrum þunga, að við eigum stundum að hugsa fremur með hjartanu heldur en kerfinu, þá eru þetta orð sem duga okkur þegar á hólminn kemur harla lítið. Það dugir líka harla lítið að vitna til Svía og annarra stórríkra þjóða í þessu tilliti. Við erum 218 þús. sálir sem þurfum að standa undir okkar margþætta velferðarríki, þannig að það er ekki furða þó að ýmislegt gangi hægar hjá okkur heldur en hinum ríku nágrönnum okkar.

En ég vil taka undir það, að ég fagna því að þetta mál hefur komið hér fram. Ég óska þess, vegna þeirra fjölmörgu sem þurfa á aðstöðu þessari við Grensásdeildina að halda, að það komist í höfn. Hins vegar er auðvitað alrangt að segja að þarna hafi einróma vilji Alþ. legið fyrir. Forsrh. hefur skýrt það og það þarf ekki að skýra það fyrir okkur alþm., að viljayfirlýsing fjvn. þýðir ekki það sama og fullnaðarafgreiðsla alls Alþingis. (Gripið fram í.) Þáltill. sem slík kom alls ekki til atkvgr., það vitum við öll. (Gripið fram í.) Ja, ég skal ekki orðlengja þetta lengur, ég hef talað minn tíma og lengur, en ég vil að hið rétta komi fram í málinu og að meðferð Alþ. á þessu máli hefur með öllum hætti verið í fyllsta máta eðlileg og í samræmi við mikilvægi málsins. Það kom fram í afstöðu fjvn. Og ég vona, eins og hér hefur komið fram, að þessi framkvæmd sé með í hinum hartnær 1500 milljónum sem eru veittar á fjárl. til sjúkrahúsbygginga.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð þeirra ræðumanna, sem hér hafa talað á undan mér um það, að mál sundlaugar við Grensásspítala væri leyst. Ég efast ekkert um að svo verði, að það verði afgr. á þessum fjárl. og fjármagn til þeirrar sundlaugar verði veitt. Og það er mjög gleðilegt til þess að vita, því að sannarlega er hér um mikið nauðsynjamál að ræða.

En varðandi þá annmarka, sem taldir voru á sambykkt till. hér í vor, þá held ég að nokkru hafi ráðið þar um að til voru í landinu tveir aðrir staðir þar sem einnig kom til greina að byggja sundlaug fyrir fatlaða. Á öðrum staðnum, sem er endurhæfingardeild Landsspítalans, fer fram kennsla í endurhæfingu, og þar hefur endurhæfing líka farið fram miklu lengur en á Grensásspítalanum. Þar var grunnur sprengdur og búinn að standa í 15—20 ár og t. d. allan þann tíma sem flm. þessarar till. höfðu verið heilbrrh. Enn fremur er það svo, að í Dvalar-

heimili Sjálfsbjargar er ætluð sundlaug fyrir fatlaða og hún bíður að sjálfsögðu aðeins eftir fjármagni. Og nú þegar þetta sundlaugarmál Grensásdeildar er leyst, þá finnst mér ekki úr vegi að við höfum þetta í huga, að þarna eru tvær stofnanir sem sannarlega bíða eftir afgreiðslu á sundlaugum og hafa beðið mjög lengi báðar tvær.

En það, sem aðallega gerði að ég stóð upp, voru orð hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar um ástand okkar í endurhæfingarmálum. Ég er honum fyllilega sammála að því leyti, að endurhæfing geti gert stórvirki, og enn fremur það, að við erum eftirbátar ýmissa þjóða í endurhæfingarmálum, en ekki margra þjóða. Það má segja kannske að við séum eftirbátar Norðurlandaþjóðanna að sumu leyti, en ekki að öllu leyti. Og ráðh. fyrrv. gat um það, að það er núna í júlí í sumar sem verið er að samþ. löggjöf í Svíþjóð sem mun bæta verulegu úr umferðarmálum fatlaðra. Hér á landi hefur einnig verið í undirbúningi alllengi að gera umbætur á tvennum lögum með það í huga að auðvelda umferð fatlaðra.

Til þess að þetta mætti verða var skipuð n. nokkurra manna 1972. Sú n. hefur unnið að undirbúningi þessarar lagasetningar, og nál. var skilað fyrir tveim eða þrem árum. En þá vildi þannig til að verið var að undirbúa frv. til byggingarlaga, var ákveðið í samráði við sérfræðinga á sviði byggingarmála að heppilegt mundi þykja að taka ákvæði um umferð fatlaðra inn í byggingarlög, en smáatriðin aftur á móti skyldu koma í byggingarreglugerðum.

Þetta tafði málið nokkuð. En nú er svo komið, að byggingarlög fóru ekki í gegn á síðasta þingi og þess vegna hefur nú verið undirbúið að gera breyt. á tvennum lögum, þ. e. a. s. skipulagslögum og lögum um byggingarsamþykktir. Önnur till. hefur þegar verið lögð fram, en hin mun koma fram í dag eða á morgun. Þegar þessar breyt. eru orðnar að lögum, þá má segja að við stöndum að mínu viti nokkurn veginn jafnfætis í málum framtíðarbygginga og flestar nágrannaþjóðir gera.

En hitt er svo enn mikið mál, og það er að fá fram breytingar á þeim byggingum, sem nú eru notaðar, til þess að auðvelda umferð fatlaðra. Þetta er mikið fjárhagsmál. Það er nauðsynlegt að sveitarfélög og ríki vinni í sameiningu að umbótum á þessu sviði og taki fyrir ár frá ári vissar byggingar í þessu skyni. Þetta er mikið nauðsynjamál, en ég vona að þegar á næstu fjárl. megi sjá þess einhvern vott að farið sé að huga að þessu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þesari umr., en af því að ég hef nokkuð verið nefndur í sambandi við meðferð þessa máls, þá þykir mér rétt að segja aðeins örfá orð. En ég mun hafa þau fá.

Þegar fjvn. skilaði afgreiðslu á þeirri till. sem hér hefur verið rædd, þá leit ég svo á að málið væri í höfn, að fjvn. mundi ekki senda svo ákveðinn rökstuðning til ríkisstj. öðruvísi en að þar fylgdi hugur máli. Þess vegna lét ég þau orð falla, sem vitnað hefur verið til, í þingræðu í fyrra.

Mér er enn fremur kunnugt um það og get vitnað það, að hv. þm. Jóhann Hafstein, fyrrv. forsrh., beitti sér fyrir því í samtölum við flokksmenn sína að þessu máli yrði haldið við og fjárveiting til þess ætluð á næstu fjárlögum. Og ég trúi ekki öðru en að svo verði, enda finnst mér þær yfirlýsingar, sem hér hafa verið gefnar, staðfesta það, þannig að ekki þurfi til frekari umr. að koma.

Ég harma það mjög ef sú staðreynd, að flm. þáltill. hafa gegnt ráðherraembættum, á að verða til þess að þm. telji sér síður unnt að samþykkja hana heldur en ella væri. Þá væri sannarlega illa farið. Og ég trúi því ekki að óreyndu að svo sé vilji þm.

Við, sem flytjum till., höfum átt þess kost að njóta umönnunar og meðferðar á þeirri deild sem hér hefur verið talað um. Við þekkjum þess vegna nokkuð til aðstæðna á þessum stað, og það er í ljósi þeirrar reynslu, sem við erum sannfærðir um, að hér þurfi úrbóta við. Það er vegna þessara staðreynda sem við fluttum till. Hún er ekki flutt fyrir okkur. Vonandi þurfum við ekki að leita á náðir þessarar stofnunar framar. Hún er flutt vegna þeirra sem eru þar nú og eiga eftir að koma þangað. Og ég mótmæli því, að það sé hallað á nokkra stofnun þó að byrjað sé á deildinni við Grensás. Einhvers staðar verður að byrja, eins og hv. þm. Jóhann Hafstein komst réttilega að orði, og það er ekki hægt að gera allt í senn. En sú framkvæmd, sem hér er til umræðu og verður framkvæmd á næsta ári, er byrjun á því mikla verki sem óunnið er í þessu efni.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls í þessum umr., taldi að þegar hefði verið sagt það sem þurfti að segja um þetta mál, eftir að hv. þm. Magnús Kjartansson og hv. þm. Jóhann Hafstein höfðu talað og svör ráðh. lágu fyrir.

Það er ekkert einsdæmi að þm. tali stundum í málum til þess eins að tala. Ræða hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur kom mér til þess að standa hér upp af svipuðum ástæðum og hæstv. utanrrh. hafði sem forsendu fyrir orðum sínum hér áðan, að till. kynni að hafa goldið þess með einhverjum hætti að við, sem vorum flm. hennar, höfum átt þess kost að vera um tíma á þessu ágæta sjúkrahúsi sem hér er um að ræða og á að fá þessa auknu þjónustumöguleika. Við slíkum málflutningi tek ég ekki fremur en heim rökum, að það hafi verið einhverjir aðrir staðir sem hefði átt að byrja byggingu sundlaugar á. Þm., hvort sem það er hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir eða aðrir, verða að hafa skoðun og kjark til þess að byrja einhvers staðar, ekki skýla sér á bak við það, að það séu 10 eða 20 staðir aðrir sem þurfa á þessari aðstöðu að halda. Þarna var af nánum kunnugleik okkar flm. flutt till. sem ekki var um villst að við höfum fullkomna og nána snertingu við og þekkingu á, hvaða mál við vorum að flytja og fylgja. (Gripið fram í.) Við höfum sannarlega þekkt Landsspítalann einnig, og það kemur e. t. v. úr hörðustu átt

að einn af forstjórum Framkvæmdastofnunar skuli gera slíka athugasemd, því að eftir málflutningi hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur ætti að loka þeirri stofnun af því að hún gæti aldrei byrjað á neinu verkefni vegna þess að það væru aðrir staðir sem þyrftu á aðstoð að halda líka. Það er tilgangslaus málflutningur að ætla endalaust að skýla sér á bak við slíkt, bara af því að aðrir staðir séu í sama vanda, sem ég efast ekkert um að Landsspítalinn er og fleiri sjúkrahús.

Ósanngjarnt er að láta till. gjalda þess, að fjórir fyrrv. sjúklingar af þessum ágæta spítala eru flm. till. Þetta er gjörsamlega út í hött **og eins og ég áðan sagði — einungis talað til þess að tala, en ekki til þess að segja neitt um skoðun sína á sjálfu málinu.**

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að skírskota til ræðu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar **þegar málið var rætt hér í fyrra og þessara orða minna nú hér, sem skýra ótvíræða** afstöðu Alþfl. til þessa máls. Ég vona að þingið beri **gæfu til þess að taka skýra og hreina afstöðu til þessa máls, ef ekki verður hægt að fá það skýrt fram við fjárlagaumr. hver fjárupphæð verður ætluð til sundlaugarbyggingar við Grensásdeildina.**

Ég vil leiðrétta örlítinn misskilning eða missögn nánast **sem fram hefur komið í þessum umr., nú þegar með réttu er talað um að reynt hafi verið að notast við sundlaug að endur**hæfingarstöðinni að Háaleitisbraut 13, en ekki 17, **— að Háaleitisbraut 13 í Reykjavík, en ekki 17. En sá hængur var við byggingu þeirrar sundlaugar, að samkvæmt stefnumiðun þess félags,** sem endurhæfingarstöðina rekur, **var hún fyrst og fremst hugsuð til þjónustu við lömuð ungbörn og þess vegna ekki sérstaklega hugsuð fyrir fullorðið fólk, þó að notast hafi verið við hana og með mjög góðum árangri og samstarfi og vilja stjórnar félagsins, sem stöðina rekur, og yfirlæknanna á Grensásdeildinni. Og ég vona sannarlega að sú sundlaug verði notuð svo sem kostur er meðan á byggingu þeirrar sundlaugar stendur sem hér er um að ræða og þangað til hún kemst í notkun. Það ber að nota þá staði, sem við þegar höfum, til hins ítrasta. En það er jafnlítilmótlegt að skýla sér á bak við það, að þarna megi ekki byrja framkvæmdir af því að einhverjir aðrir staðir séu líka í þörf. Þörfin er víða til og ber vissulega að viðurkenna. En það er ekki og má ekki verða endalaust skjól þeim sem vilja draga úr framkvæmdum þessa verkefnis.**

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það var aðeins í tilefni af réttmætum ábendingum hv. fyrirspyrjanda um erfiðleika fatlaðra að nota húsnæði ýmissa opinberra stofnana eða athafna sig í því. Ég vil láta koma fram upplýsingar um það, að á vegum menntmrh. Norðurlanda hefur að undanförnu verið fjallað töluvert um þessi mál að því er skólahúsnæði varðar. Ég segi: að undanförnu, en þá nær það raunar yfir þó nokkuð mörg ár. Hér er um samnorrænt samstarf að ræða. Mér fannst ástæða til að geta um þetta í tilefni af þessum réttmætu ábendingum hv. fyrirspyrjanda.

Ég get aðeins nefnt það hvað snertir aðgerðir hér heima, að í júlí 1974 sendi menntmrn. út **orðsendingu til hönnuða skólahúsnæðis um að** gæta vel að þessu atriði, og það var þá gert **í framhaldi af nýlega höldnum fundi menntmrh. Norðurlanda. Þessi orðsending var síðan á**réttuð **með bréfi til Arkitektafélags Íslands í mars 1975. Það hefur verið fjallað um þessi mál á norrænni skólabyggingaráðstefnu sem** íslenska menntmrn. átti fulltrúa á, og það stendur til að gefa út, áður en langt um líður, ábendingar eða leiðbeiningar til þeirra arkitekta sem fjalla um málefni skólanna fyrst og fremst.

Ég vil, fyrst ég er staðinn upp til að gefa þessar upplýsingar sem mér finnst skipta máli í sambandi við þessar umr., sem eins og oft vill verða hafa farið svolítið inn á almennt svið og ekki alveg þröngskorðast við fsp., geta þess, að það hefur t. d. komið fram eftirtektarvert atriði, að nú er í frv. til byggingarlaga ákvæði um þetta efni, frv. sem vonandi verður að lögum þar sem það er nú endurflutt sem stjórnarfrv. Ég vil jafnframt aðeins minna á það, að í lögum grunnskóla eru ákvæði um að allir skuli eiga kost á skólagöngu við sitt hæfi, einnig þeir sem hamlaðir eru á einhvern hátt, og að í sérkennslureglugerð, sem nýlega var gefin út, eru ákvæði sem eiga að greiða fyrir því að þessu marki verði náð fyrir alla hamlaða, hvort sem það er vegna hreyfihömlunar, eins og sagt er í skólaákvæðinu, eða á annan hátt. Og það má einnig minna á það til þess að sýna að það er hreyfing á þessu sviði, einnig af hálfu fjárveitingavaldsins, að nú er í smíðum við Hlíðaskólann í Reykjavík húsnæði sem sérstaklega er ætlað þeirri deild hreyfihamlaðra sem þar hefur starfað að undanförnu.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég kem hér upp einungis til þess að biðja þingbróður minn, hv. 4. landsk., Eggert G. Þorsteinsson, afsökunar ef hann hefur tekið það sem aðdróttun í hans garð að persónuleg reynsla hans þarna hafi af ásettu ráði átt að fleyta þessu máli áfram. Ég meinti það alls ekki, og ég held að hann hafi af ásettu ráði misskilið orð mín. En hitt er svo annað mál, að ef alþm. eiga ekki að sinna málum öðrum en þeim sem þeir þekkja af persónulegri reynslu, þá er ég hrædd um að störfum okkar hér á Alþ. yrði skrýtilega háttað. Og það sem ég vakti athygli á, var einungis þetta, að hefði þessi þáltill. verið samþ. þegar hún var borin upp, þá hefði það verið með algjörlega afbrigðilegum og óþinglegum hætti. Það er þetta sem vakti fyrir mér og fleirum, sem töldu ekki rétt, hversu brýnt og gott sem málefnið var, að veita því svo greinilegan forgang umfram öll hin stóru góðu málin sem við erum að burðast við af veikum mætti að leysa.

Ég átti að hafa talað hér til að tala. Kannske er það rétt í sumum tilfellum um okkur þm. En ég vil benda á að hv. fyrirspyrjandi hefði getað fengið þau svör, sem þingbróðir hans, Jóhann Hafstein, hafði fengið, með því að spyrja viðkomandi menn sem um þetta vissu, fjmrh. og heilbrrh., hvað þessu máli liði. (Gripið fram í.) Þá hefði fyrirspurn hans í rauninni verið óþörf. **(Gripið fram í:** Þetta er ekki einkamál mitt.)

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki í einu eða neinu að svara síðasta ræðumanni öðru en því, að ég held að við getum öll verið sammála um að það skemmir ekki fyrir málum að alþm. hafi persónulega reynslu af þeim þegar þau eru borin hér fram, og mætti kannske oft vera meira um það, þó í þessu tilfelli harmi ég að alþm. hafi persónulega reynslu af þeim stofnunum sem við tölum um. En það segir sig sjálft, að við höfum ákveðnum skyldum að gegna, skyldum fram yfir ýmsa aðra við þá sem þurfa sérstaklega á aðstoð að halda á einn eða annan hátt í þjóðfélaginu. En það er ekki það sem ég ætlaði að tala um, heldur einungis að staðfesta það hér enn einu sinni úr þessum ræðustól, að borgarstjórn Reykjavíkur er einhuga um þessa framkvæmd. Borgarstjórn Reykjavíkur lét skipuleggja sundlaug við Grensásdeildina strax og undirtektir hér á Alþ. voru ljósar, og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að eftir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram í dag, að á fjárlögum sé ákveðin fjárhæð ætluð til framkvæmda, þá mun borgarstjórn haga fjárhagsáætlun sinni í samræmi við það.

Ég mun að sjálfsögðu flytja borgarstjóra þau boð sem hér hafa komið fram, því að borgarstjóri hefur persónulega sýnt þessum málum mjög mikinn velvilja, og það vita þeir, sem á aðstoð borgarstjórnar hafa þurft að halda í þessum málum og öðrum, og þá á ég við blinda líka.

Ég skal stytta mál mitt og koma að öðru því sem ég vil gera athugasemd við og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, Magnúsi Kjartanssyni, 3. þm. Reykv. Þó að menn séu að einhverju leyti í vanda staddir, þá er alls ekki þar með sagt að fatlað fólk geti ekki starfað á Alþingi Íslendinga. Ég vil mótmæla þessu, af því að mér fannst þetta vera talað til þess fólks sem ég vissi ekki fyrr að hafði fjölmennt hér á pallana. Og ég vil þá tala til þess líka: Látið ekkert slíkt tal draga úr ykkur kjark ef hugur ykkar stefnir að pólitík. Það, sem er á borðinu fyrir framan hv. fyrirspyrjanda, sýnir það best að Alþingi Íslendinga gerir þær ráðstafanir sem til þarf. (Gripið fram í.) Það yrðu þá gerðar þær ráðstafanir sem til þarf.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á og minna hv. þm. á að hér er ekki verið að ræða um þáltill. Hér er verið að svara fyrirspurn. Þeirri fyrirspurn hefur verið svarað, og ættum að halda okkur við þingsköp og halda okkur frá almennum umr. þegar um fyrirspurnir er að ræða. Ég legg því til að við, sem erum sjálfsagt allir sammála um þetta mál, látum nú verkin tala, en látum orðræður falla niður.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Enda þótt sjálfsagt sé að vera sammála hæstv. dómsmrh. um að miklar umr. með fyrirspurnum séu ekki æskilegar, er það ákvörðun Alþ. sjálfs við síðustu breytingu þingskapa að leyfa þm. að taka til máls með mjög stuttar ræður. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að þm. geri það, ef þeim sýnist og efnið gefur tilefni til, innan þeirra marka sem þingsköp setja.

Varðandi það, sem hér kom fram áðan, að hæstv. fyrirspyrjandi hefði getað hringt í ráðh. og fengið svar við fsp., þá vil ég benda á að þetta er grundvallarmisskilningur. Þetta geta allir þm. um allar fyrirspurnir. En þær eru ekki lagðar fram á Alþ. til að fá upplýsingar fyrir viðkomandi mann einan, heldur til að vekja athygli á málinu, spurningunni og svarinu. Ef það hefur tekist með fyrirspurn, þá sýnist mér að það hafi tekist í dag.

Og að lokum vil ég segja það, að því miður þurfti að bera fólkið úr hjólastólunum upp á pallana svo að það gæti hlustað á þessar umr.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 18. okt., að loknum 5. fundi.

Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum, þáltill. (þskj. 22). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Starfshættir Alþingis, þáltill. þskj. 6). — Fyrri umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á síðustu 2—3 áratugum hafa orðið stórfelldar breytingar á þjóðfélagsháttum hér á landi og í nágrannalöndum okkar sem hafa leitt til þess að störf þjóðþinga, löggjafarþinga, hafa einnig tekið miklum breytingum, orðið flóknari og umfangsmeiri en áður. Afleiðing af þessu hefur orðið sú, að nálega hvert einasta þjóðþing í nágrannalöndum okkar hefur sett nefnd þm. til að gera till. um breytingar á starfsháttum, og hefur varla liðið svo ár að eitthvert þessara þinga í kringum okkur, sem við teljum okkur skyldust, hafi ekki gert meiri eða minni breytingar á störfum sínum. Hér er um að ræða tæknilegar breytingar á sjálfum starfsháttunum sem í sjálfu sér hafa ekki áhrif á heildarsvip þjóðþinganna eða þann sögulega arf sem í þeim felst, nema ef vera kynni að menn vildu telja að afnám deildaskiptingar væri slík breyting. Það hefur átt sér stað í Danmörku og Svíþjóð mjög nýlega.

Við, sem setið höfum á Alþingi Íslendinga, höfum oft rætt um starfshætti þingsins, en ekki hefur orðið eins mikið af skipulegu starfi til að endurskoða þá og ég hef talið nauðsynlegt.

Fyrir rúmlega áratug komu fram till. um ýmsar breytingar, og minnist ég þá sérstaklega róttækra breytinga á skipan útvarpsumr. Þessar till. leiddu til þess, að sett var þingmannanefnd sem starfaði lengi og vel, fór í gegnum þingsköpin öll og gerði að lokum ærið margar till. um breytingar á þeim. Það fór svo af einhverjum ástæðum, sem ég hirði ekki að ræða frekar nú, að Alþ. tók mörg ár að afgreiða þetta mál, en þó voru afgreiddar allvíðtækar breytinga á þingsköpum sem árangur af þessum málum. Síðan hafa liðið 6 eða 7 ár, og tel ég að það sé tvímælalaust nauðsyn-

legt að Alþ. taki þetta mál upp á nýjan leik, hrindi af stað endurskoðun og hún þurfi að leiða til þess að gerðar verði margvíslegar breytingar á störfum þingsins.

Ég mun í þessu sambandi ekki ræða um deildaskiptinguna, því að ég og flokksbræður mínir höfum enn einu sinni flutt sérstakt frv. um það mál. Á síðasta þingi lagði ég fram frv. um breyt. á þingsköpum, þar sem gerð var grein fyrir ýmsum þeim hugmyndum sem ég hef í sambandi við breytingar á þeim. Ég gerði mér satt að segja ekki nokkra von um að slíkt frv. næði fram að ganga. Tilgangur þess var fyrst og fremst að kynna þessar hugmyndir og hvetja til þess, að Alþ. gerði það sama sem það gerði fyrir áratug, skipaði þingmannanefnd til athugunar á þessum málum og að gera um þau tillögur.

Að þessu sinni hef ég flutt þáltill. sem gerir beinlínis ráð fyrir nefndarskipun til að endurskoða þingsköpin í heild. Ég geri þetta vegna þess að ég get nú vísað í frv. frá því í fyrra til að sýna hvaða hugmyndir ég hef um þessi mál og er ekki að stinga upp á endurskoðun út í bláinn, án þess að hafa gert mér grein fyrir því, hvaða atriðum ég tel að helst þurfi að breyta.

Nú vil ég taka fram, að þótt ég hafi bæði í frv. og í þessari till. nefnt bein efnisatriði mun ég ekki telja mig bundinn við þau ef umr. verður frekari og aðrir þm. sannfæra mig um að aðrar hugmyndir séu betri. Ég áskil mér því allan rétt, því að sjálfsagt er og rétt að vinna þetta mál þannig að hópur þm. gefi sér góðan tíma til að fjalla um það, leiti eftir hugmyndum og afstöðu í þingflokkum og kanni málin sem best áður en endanlegar till. eru mótaðar.

Það er sem sagt efni þessarar þáltill. um bætta starfsemi Alþ., að kjósa skuli 7 manna nefnd þm., — ég tel ekki eðlilegt að utanþingsmenn sitji í slíkri n., þó að það sé í sjálfu sér engan veginn útilokað, — og að n. þessi skuli hefja endurskoðun á þingsköpum og gera síðan till. um breytingar á þeim í þá átt að bæta starfshætti þingsins. Síðan eru í till. nefnd nokkur atriði m. a., og ég vil undirstrika: m. a., því að sú upptalning er að sjálfsögðu engan veginn tæmandi og ekki heldur víst að þm. sýnist að yfirveguðu ráði að ástæða sé til að breyta öllu því sem þarna er talið.

Fyrstu tveir liðirnir lúta að nefndaskipun Alþ., sem ég tel að sé, eins og nú er málum háttað, veikasti hlekkurinn í störfum þingsins og sá sem hvað mest nauðsyn er á að endurskoða og gera á miklar efnisbreytingar. Ég tel að nefndir þingsins séu allt of margar, þar sem við höfum í raun og veru þrjú nefndakerfi, eitt fyrir hvora deild og hið þriðja fyrir Sþ. Margir þm. sitja í fjórum, fimm og jafnvel sex nefndum, og það hlýtur að vera augljóst að þeir geta ekki sinnt hverri n. um sig eins vel og vera þyrfti með þeim hætti. Þá tel ég rétt að fastanefndir þingsins starfi á milli þinga og skuli, þegar efni gefur tilefni til, halda fundi utan þingstaðar víðs vegar um landið og geti þannig bætt tengsl á milli þingsins og byggðanna. Að lokum tel ég að þingnefndir eigi ekki aðeins að fjalla um þau mál, sem þingmenn leggja fram í d. og Sþ., og láta í ljós álit á þeim, heldur eigi þingnefndir að leggja fram sjálfstætt starf við að fylgjast með framkvæmd þeirra laga sem í gildi eru á starfssviði hverrar n. og þar með að fylgjast með framkvæmdavaldinu og veita því aðhald.

Mikið hefur verið um það talað, að Alþ. hafi undanfarna áratugi misst völd í hendur ríkisstj., rn., sérfræðinga og annarra slíkra aðila. Óneitanlega er nokkuð til í þessari gagnrýni. En það er skoðun mín að Alþ. hafi ekki misst völd úr höndum sínum vegna geðleysis þm., heldur vegna þess að meira og meira af löggjöf verður svo tæknilegs eðlis og svo umfangsmikið að óhjákvæmilegt er að leita aðstoðar við undirbúning slíkrar löggjafar.

Það er skoðun mín, að Alþ. hefði átt að bæta sér upp það, sem það missir af völdum í hendur sérfræðinga, með því að auka aðhald og eftirlit með framkvæmdavaldinu. Sú hefur verið þróun mála í öllum þingræðislöndum sem við getum talið sambærileg við okkur hvað stjórnskipan snertir, að slíkt eftirlit með framkvæmdavaldi er talið einn mikilvægasti þátturinn í störfum þinga. Ef fyrirspurnir eru taldar frá, verður varla sagt að mjög mikið fari fyrir þeim þætti í störfum Alþ. Þessi störf tel ég að þurfi að bætast við störf n. og að þau muni fylla upp nefndastörfin, að þau verði jafnari árið um kring og að það verði fullkomið verkefni fyrir þm. að sinna vel störfum í t. d. tveimur n., en útilokað fyrir þm. að geta sinnt fimm eða sex nefndum eins og nú eru mörg dæmi um.

Í 3. lið er bent á að setja þurfi í þingsköp reglur varðandi umr. utan dagskrár, þannig að þm. eigi þess jafnan kost að hefja umr. um aðkallandi mál sem ekki þola bið venjulegra þingmála, án þess að önnur þingstörf truflist af þeim sökum. Á því hefur mikið borið í störfum Alþ., að umr. utan dagskrár hafa truflað önnur störf, oft tekið heila vinnudaga, og það er að sjálfsögðu ekki æskilegt. Á hinn bóginn verða menn að gera sér ljóst, að umr. utan dagskrár skipa mjög veigamikið hlutverk í verkefnum Alþingis.

Það er óhugsandi að þingið hagi starfsháttum sínum þannig, að ekki sé hvenær sem er hægt að hefja umr. um mál sem skyndilega ber að höndum og ekki þola þá bið sem venjulega verður á því að þingmál séu tekin til umr. Hvert einasta þjóðþing, sem ég hef haft kynni af, hefur leyst þessi mál á sinn hátt, og t. d. breska þingið hefur þrjár eða fjórar mismunandi leiðir til þess að gera þm. kleift að hefja slíkar umr. Til eru þing, eins og fylkisþingin í Þýskalandi, sem hafa ákveðinn tíma, að vísu stuttan, á hverjum einasta degi opinn fyrir slík mál. Af þessu er ljóst að við þurfum að gera okkur grein fyrir því, hvernig best er að leysa þetta mál við okkar aðstæður, þannig að umr. utan dagskrár þurfi ekki að trufla þingstörf eða þurrka önnur störf út heila daga, en þrátt fyrir það sé þeim ætlað svigrúm, þannig að þau verði áfram og á skipulegri og betri hátt en hingað til sá veigamikli þáttur sem þau hljóta að vera í störfum þingsins.

Í 4. lið er bent á meðferð þáltill. og talað um að stytta þann tíma sem fer í umr. um annað en beina lagasetningu. Þar er átt við till. eins og þá, sem hér til umr., og margar fleiri. Snemma á þessari öld og raunar áratugina eftir að deildaskiptingin var tekin upp 1874 gegndi Sþ. litlu hlutverki. En það hlutverk hefur farið vaxandi

statt og stöðugt. Árið 1934 voru fjárlögin færð úr deildum í Sþ., en fjöldi ályktunartillagna hefur farið sífellt vaxandi og er miklum mun meiri en hann var fyrir 20—30 árum.

Rétt er að gera sér grein fyrir því, að þáltill. geta verið mjög mismunandi. Sumar þeirra snerta grundvallaratriði í íslensku þjóðlífi. Ákvörðun um stofnun lýðveldis var þáltill. Staðfesting á samningum, sem eru kjarni í utanríkisstefnu, er í þáltill. Ég tel að slíkar till., sem snerta utanríkis- og varnarmál og stjórnarskrárefni, eigi að fá þá meðferð sem þær hafa fengið og megi ekki skerða það á neinn hátt. Hins vegar vitum við öll að mikill meiri hl. af þáltill. er þess eðlis, að þm. nota þær til þess að kynna hugmyndir, koma á framfæri óskum sem síðar gætu orðið til þess, að með löggjöf eða öðrum stjórnarathöfnum yrði farið eftir þeim. Þetta er mjög eðlilegt hlutverk á Alþ., og ég sé enga ástæðu til að amast við því í sjálfu sér, þó að ýmsir gagnrýnendur telji að þm. gangi stundum býsna langt í því að nota þessar till. í pólitísku áróðursskyni.

Ég tel að hvað snertir allan þorra af þáltill. séu það mikil hlunnindi fyrir alþm. að geta lagt till. fram skriflega og fengið þær prentaðar, fengið þskj. til dreifingar og komið þeim þannig á framfæri við fjölmiðla. Það ætti að vera nóg að hafa um þessar till. sama hátt og er yfirleitt um flest þingmál í öðrum þingum, að þær fari svo til umræðulaust til n. Þrentun þáltill. og grg. ætti að geta komið í staðinn fyrir 1. umr. og till. ættu að fara sjálfkrafa til n., að undanskildum þeim sem snerta utanríkis-, varnar- og stjórnarskrármál, eins og ég áður sagði. Síðan vinna n. að þessum málum og þær velja úr þær till. sem nm. eða meiri hl. þeirra virðist mest aðkallandi og þeir geta fallist á að verði afgreiddar, og þær till. fá þá áframhaldandi afgreiðslu við 2. umr., eftir því sem þingheimi sýnist, og atkvgr. að lokum.

Í 5. lið er talað um að taka upp fasta forsætisnefnd, er stjórni málum Alþ. með auknum völdum og aukinni ábyrgð. Núverandi kerfi er mjög í áttina til þessarar hugmyndar, því að þingforsetar þingsins eru vissulega húsbændur hvað snertir allan daglegan rekstur þingsins sem stofnunar og á þeim hvíla margar ákvarðanir á því sviði. En ég tel að það væri æskilegt að setja þetta í fastara form og gera úr því fasta stofnun, forsætisnefnd, sem ætti að sinna stjórnun þingsins töluvert meira og töluvert betur en gert hefur verið.

Að lokum er í 6. lið lagt til að staðfesta í lögum þá hefð, að þingforsetar gegni störfum milli þinga, jafnvel þegar þing er rofið. Fyrir þrem árum risu allmiklar deilur um það, að þing var rofið og þar með var umboð tekið af þingmönnum öllum. — Þá var óhjákvæmilegt, eins og gert hefur verið í reynd, að forsetar störfuðu áfram, t. d. að forseti Sþ. gegndi starfi sínu sem einn af handhöfum forsetavalds þegar á það reyndi. Ég tel að það sé mjög óviðeigandi að þingforsetar þurfi að starfa á þennan hátt eftir að búið er að taka af þeim þingmannsumboðið með þingrofi. Það þarf því að setja sérstakar reglur sem gera ljóst að þingforsetar hafi fullt umboð til að starfa áfram, svo að það verði aldrei tímabil þegar Alþ. á sér enga forsvarsmenn með fullu umboði. Þetta er lagalegt formsatriði, en ég tel það þó svo alvarlegt að við ættum að sinna því að koma því formlega í fast og eðlilegt horf.

Ég ítreka, herra forseti, að þessir liðir eru aðeins nokkrar hugmyndir sem ég hef sett fram til stuðnings því, að ástæða sé nú til að hefja endurskoðun þingskapa með því að skipa þingmannanefnd til þess verkefnis. Ég ítreka að hugmyndir um breytingar á þingsköpum eru sjálfsagt miklu fleiri en þetta, og ég áskil mér allan rétt til afstöðu til þeirra og til þessara 6 liða, ef umr. verða áfram um málið. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt, að við verðum eins og öll þjóðþing í kringum okkur að íhuga hvernig starfshættir okkar gætu dugað betur til að leysa þau vaxandi verkefni sem Alþ. verður að sinna.

Herra forseti. Ég legg til að till. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Till. sú, sem hv. þm. Benedikt Gröndal hefur flutt hér um bætta starfshætti Alþingis, á vafalaust fyllsta rétt á sér. Hann leggur til, að kosins sé 7 manna n. þm. til að endurskoða þingsköpin, og tiltekur þar nokkur atriði sem hyggja þurfi að. Sum þessara atriða skipta vafalaust verulegu máli, og ég á þar fyrst og fremst við 1., 2. og 3. lið till., en hin atriðin eru ýmist minna um verð eða þá þegar svo venjuhelguð að það mun ekki skipta miklum sköpum í starfi Alþ. þó þar verði einhver bið á breytingum.

Ég tel að 4. liðurinn, það atriði að stytta þann tíma sem fer í umr. um annað en beina lagasetningu, sé kannske það atriði sem hæpnast er í till. og fjærst mér að hægt sé að samþykkja. Ég er hins vegar mjög sammála því sem fram kemur í 1., 2. og 3. lið.

Í fyrsta lagi tel ég að fastanefndir þingsins séu of margar og það væri mjög æskilegt að gera hverjum þm. kleift að einbeita sér að einni til tveimur n. Og ég held að fastanefndir þingsins þurfi að starfa milli þinga og fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði, eins og segir í till. Þetta eru góðar hugmyndir. Hitt er ljóst, að hugmyndir þessar tengjast óhjákvæmilega þeirri spurningu, hvort Alþ. á að starfa áfram í tveimur deildum eða verða ein málstofa, og vissulega yrði miklu auðveldara að breyta þessu í það horf, sem till. gerir ráð fyrir, ef um yrði að ræða að þingið starfaði í einni málstofu.

Hitt atriðið, sem er í 3. lið og ég vil taka sterklega undir, er það, að settar verði í þingsköp reglur varðandi umr. utan dagskrár. Ég er hv. þm. algjörlega sammála um að þess er þörf. Ég er líka sammála honum um það, sem kemur fram í grg., að slíkar umr. eru einn veigamesti þáttur allra þingstarfa og það má fyrir hvern mun ekki taka fyrir umr. utan dagskrár. Ég er líka sammála því, sem kemur fram í grg., að umr. verður að sjálfsögðu að takmarka með einhverjum hætti, ef við á annað borð ætlum að gera ráð fyrir að umr. fari fram eftir dagskrá, og það á að takmarka þær við mál sem ber skyndilega að höndum og þola ekki bið eins og önnur þingmál eða eiga ekki heima í formi frv. eða till. Þessu er ég mjög sammála.

Mér þykir vegna þessara þörfu ábendinga að ekki sé úr vegi að nefna eitt dæmi um það,

hvernig umr. utan dagskrár ber að höndum á þann hátt sem ég býst við að við hv. þm. séum sammála um að flokkist ekki undir að málið þoli ekki bið. Mér virðist að Alþfl. hafi einmitt nú nýverið haft í frammi nokkra sýnikennslu hér á Alþ. um það, hvernig ekki eigi að standa að umr. utan dagskrár.

Eins og þm. er kunnugt, komu hér fram í þingbyrjun tvö mál sem bæði snertu breytingar á kosningalögum. Önnur till. var flutt af nokkrum þm. Alþb. og er á þskj. 4. Hin till. var frv. flutt af hv. þm. Jóni Skaftasyni í Nd. Alþingis, um breytingar á kosningalögum, sem átti að miða að því að gera kjósendum betur fært en nú er að velja milli manna á framboðslista um leið og þeir velja sér lista. Það er svo að sjá að hv. þm. Alþfl. hafi fengið nokkurn sting í *hjartað þegar þessar till. komu fram, eins og* þeim fyndist að væri verið að stela frá þeim hugmyndum og þeim þætti illt að einhverjir aðrir bæru slík mál hér fram í þinginu, því að það gerðist öllum á óvart á öðrum degi eftir þingsetningu, áður en nokkrar umr. um till., sem fluttar höfðu verið hér í þinginu, voru leyfðar, að form. þingflokks Alþfl. krafðist þess, að umr. færu fram utan dagskrár, og erindi hans í ræðustól reyndist vera að lýsa yfir að ef ríkisstj. beitti sér ekki fyrir því að umr. færu fram um endurskoðun kosningalaga, þá mundi Alþfl. flytja till. um þetta efni. Þetta var það erindi sem þoldi ekki bið. Og hvernig átti svo sú þáltill. að vera sem þm. boðaði að hér yrði flutt. Jú, að hálfu leyti var um nákvæmlega sömu till. að ræða og þegar voru komnar fram till. hér í þinginu um, og að hálfu leyti var um að ræða sams konar mál og höfðu verið rædd á mörgum undanförnum þingum, ég má segja á hverju þingi á þessu kjörtímabili, en höfðu ekki hlotið afgreiðslu.

Mér finnst vel við hæfi, úr því að hv. form. Alþfl. hefur hér tímabæra umr. um umr. utan dagskrár, að æskilegt væri að fá skoðun hans á því, hvað hann segi um umr. utan dagskrár af þessu tagi, og það væri gott í þessu sambandi að fá skoðun fleiri aðila um þetta mál. Ég veit með vissu að þessi óvenjulega ýtni hneykslaði marga þm., og satt að segja voru margir sem furðuðu sig á að forseti Nd. skyldi á þessu stigi þingstarfa leyfa umr. um fsp. af þessu tagi.

Ég vil upplýsa það hér, að á öðrum degi þingsins ræddi ég lauslega við hæstv. forseta Sþ. um möguleika á því, að umr. urðu hér á þingi utan dagskrár um verkfall BSRB. Þetta var lauslegt tal okkar í milli. En ég skildi hann svo, að hann teldi óeðlilegt að umr. færu fram utan dagskrár áður en nokkur þingmál hefðu verið sett á dagskrá, enda væri það verkefni þessa fundar, á miðvikudeginum s. l., að kjósa nefndir þingsins og væri því eðlilegra að bíða með slíkar umr. til fimmtudags a. m. k. Þó var um ræða mjög einstæðan atburð. Þarna var um að ræða atburð sem aldrei hefur áður gerst á Íslandi. Það var mjög mikið í húfi að hnútur yrði leystur og stórkostlegir erfiðleikar og óþægindi sem þúsundir manna bjuggu við af völdum þeirra átaka sem upp voru komin milli ríkisins annars vegar og BSRB, og ég efast ekki um að allir þm. eru sammála um að umr. af því tagi, sem hér fóru fram í gær um verkfall opinberra starfsmanna, áttu fyllsta rétt á sér og hefðu átt rétt á sér miklu fyrr en þær fóru fram. En þær umr., sem form. þingflokks Alþfl. beitti sér fyrir, gegnir öðru máli. Í fyrsta lagi var þar ekki um að ræða mál sem tengist ákveðinni stund og er þess eðlis að það þolir ekki nokkurra daga bið. Það sést best á því, að Alþ. hefur verið að ræða þessi mál á hverju einasta ári í mörg ár. Í öðru lagi voru þetta mál sem líkur voru á að umr. yrðu hér um síðar, vegna þess að þessi mál höfðu þegar verið flutt og voru meðal fyrstu mála sem ætlunin var að ræða hér.

Ég held þess vegna að nokkuð sé ljóst, að þessar umr. flokkuðust ekki undir þess háttar umr. sem form. Alþfl. leggur áherslu á í till. sinni að eigi að geta farið fram utan dagskrár. *Umræður af þessu tagi bera fyrst og fremst* vott um óviðfelldna auglýsingamennsku sem að mínum dómi er ekki samboðin störfum Alþ., og slíkar umr. bera eiginlega fyrst og fremst þess vott, að menn una ekki þeim leikreglum sem settar hafa verið, enda held ég að þessar umr. séu nokkuð einstæðar, a. m. k. í síðari ára þingsögu.

Menn kunna nú að spyrja, hvort það skipti í sjálfu sér nokkru máli hvort umr. um mikilsvert mál fer fram hér í þinginu fyrr eða síðar. Aðalatriðið sé hvað menn segja, en ekki hvenær þeir segja það og af hvaða tilefni þeir segja það. Þetta gæti virst mikill sannleikur. En málið er ekki alveg svona einfalt. Þess vegna eru mál tekin á dagskrá með þinglegum hætti, að allir eiga að hafa jafna aðstöðu til að búa sig undir umr. og til að taka með sér á þingfundi þau gögn sem þeir telja sig þurfa að hafa. Ég á ekki sæti í Nd. og var ekki viðstaddur þessa umr., en þeir, sem þekkja til, sögðu mér, að það hefði verið ákaflega áberandi að sumir höfðu verið svo heppnir að vita af þessari umr. fyrir fram og aðrir ekki. T. d. er mér sagt að fyrir utan frummælanda, sem kom víst með langa skrifaða ræðu, hafi einn hv. þm., Ingólfur Jónsson, einnig verið með mikið skrifað mál meðferðis sér til stuðnings í þessari umr. En margir aðrir þm., sem þessi mál hafa hugleitt, sögðu aðeins örfá orð eða þá að þeir létu umr. alveg fram hjá sér fara, því þeim þótti ekki við hæfi að ræða efni þessa máls utan dagskrár.

Umr. utan dagskrár gera ekki boð á undan sér. Þannig verður þetta að sjálfsögðu að vera þegar það þolir litla bið að mál sé tekið til umr. Venjulega er það svo, að aðeins fyrirspyrjandi, forseti og viðkomandi ráðh., sem svara á fsp., vita um að umr. eigi að fara fram. En þegar hafnar eru efnislegar umr. utan dagskrár um mál sem þegar er búið að flytja í þinginu og það á degi þegar enginn reiknar með að slíkar umr. fari fram, þá er bersýnilega verið að fara aftan að hlutunum, verið að læðupokast í kringum rétt þingsköp á mjög óviðfelldinn hátt. Og auðvitað skilja allir til hvers svo óvenjuleg vinnubrögð eru við höfð. Þau eru við höfð vegna þess að frumkvöðull að slíkri umr. sættir sig ekki við, að aðrir flokkar eigi frumkvæði að ákveðnum umr. í þinginu og viðkomandi vill þá koma því svo fyrir, að svo líti út sem hann og hann einn hafi átt frumkvæðið að því að umr. um

tiltekið mál fari hér fram. En sem sagt, spurningin er aðeins sú, hvort mönnum líki svona starfsaðferðir og hvort við eigum að gera þetta að almennum vinnubrögðum hér í þinginu.

Ég vil taka það fram, að þessi tiltekna umr. utan dagskrár er í sjálfu sér ekkert stórmál. Og ég held að margt athyglisvert hafi komið fram í þessari umr., svo að ég harma það í sjálfu sér alls ekkert að hún skyldi fara fram. Ég á ekki sæti hér í hv. Nd., og mér er nokkuð sama hvort umr. um þetta mál hér í d. fara fram að frumkvæði hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar eða að frumkvæði hv. þm. Jóns Skaftasonar. Við Alþb.-menn höfum lagt fram þingmál sem snertir þetta mál, og afstaða okkar liggur því ljós fyrir. Það skiptir okkur í sjálfu sér ekki neinu máli til eða frá hvenær umr. um þá till. fer fram. Ég hef ekki enn mælt fyrir þessari till., þó að ég hafi átt þess kost, vegna þess að ég er að bíða eftir gögnum sem snerta þetta mál og tel því rétt að doka aðeins við.

En sem sagt, vegna þess að form. Alþfl. hefur hafið hér umr. um rétt manna til að hefja umr. utan dagskrár, þá þótti mér rétt að vekja athygli á því, að þetta hefði borið upp á sama daginn, að form. Alþfl. flutti þessa till., þar sem gert er ráð fyrir að umr. utan dagskrár séu ákveðin takmörk sett, og form. þingflokksins óskaði síðan umr. utan dagskrár af þessu tagi. Mér sýnist að það sé ekki mikið samræmi í þessu hjá Alþfl., ef þessir tveir menn hafa ekki haft neitt samráð sín í milli um hvernig að máli skyldi standa hér í þinginu. Og ég tel að við verðum að gera okkur grein fyrir því, ef við erum að tala um bætta starfshætti í þinginu í fullri alvöru, hvort við teljum eðlilegt að mál, sem er borið hér upp í þinginu með eðlilegum, þinglegum hætti, sé tekið upp til umr. af öðrum þm., kannske daginn áður en umr. um það á að fara fram, í þeim tilgangi einum að sá, sem á undan er, geti merkt sér málið með einhverjum sérstökum hætti. Mér þætti mjög forvitnilegt að heyra hvort hæstv. forseti Sþ. mundi t. d. leyfa umr. af því tagi sem ég hef hér nefnt. Og sérstaklega þætti mér æskilegt að fá skoðun formanns Alþfl. um þetta efni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hér var að ljúka máli sínu form. þess flokks sem á undanförnum árum hefur oftar efnt til umr. utan dagskrár í Sþ. og deildum en nokkur annar stjórnmálaflokkur á Íslandi fyrr eða síðar. (Gripið fram í.) Það er auðvelt að telja það. (Gripið fram í.) Það er auðvelt. Ég hef að vísu ekki talið það, mér gafst ekki tími til þess meðan þm. var að tala, en ég skal hafa það tilbúið næst þegar við eigum orðaskipti. Ég er það minnugur að mér skjátlast þar örugglega ekki, að þm. þessa flokks hafa oftar kvatt sér hljóðs utan dagskrár en þm. nokkurs annars þingflokks. Þetta staðhæfi ég að er rétt og skal við annað tækifæri færa fram tölur því til sönnunar. Ég hef ekki verið að finna að því á undanförnum árum, þótt þetta hafi átt sér stað, og mundi ekki gera það nú ef hv. þm. hefði ekki haldið jafndæmalausa ræðu og hann hélt hér rétt áðan. Hann finnur að því, að umr. skuli hafa farið fram utan dagskrár á einum fyrsta starfsdegi þingsins um eitt aðalmál íslenskra þjóðmála í dag, þ. e. a. s. hugsanlega endurskoðun á stjórnarskrá og kosningalögum, til þess að bæta úr augljósu misræmi sem kosningar leiða til skv. gildandi kosningareglum, þ. e. a. s. til þess að bæta úr þeim ójöfnuði, sem ríkir milli kjósenda í landinu, og því réttleysi, sem kjósendur eiga nú við að búa varðandi það hverjir hljóta kosningu á ákveðnum framboðslistum.

Hv. þm. heldur því fram að einhverjar óeðlilegar hvatir hafi legið til þess, að þingflokkur Alþfl. einum rómi, að loknum mörgum umræðufundum, ákvað að form. hans skyldi kveðja sér hljóðs við fyrsta tækifæri á Alþ. til þess að leita upplýsinga um með hvaða hætti eða hvort ríkisstj. hefði undirbúið að leggja þetta mikilvæga mál, sem ég nefndi áðan, fyrir þetta þing, sem er síðasta þingið sem háð er á þessu kjörtímabili.

Ég vil taka það skýrt fram og um það bera fundargerðarbækur þingflokks Alþfl. ótvírætt vitni, að þingflokkur Alþfl. hefur á mörgum fundum, áður en þing kom saman, rætt það mál sem hér er um að ræða, ásamt öðrum þingmálum sem hann hugðist leggja fyrir þetta þing. Þingflokkurinn var á einu máli um það, að hér væri um að ræða eitt stærsta málið, auk fjárlaga og lausnar brýnustu efnahagsmála, sem koma ætti til kasta þessa síðasta þings kjörtímabilsins. Ég veit ekki hvernig þingflokkur Alþb. hagar vinnubrögðum sínum, en við í þingflokki Alþfl. högum vinnubrögðum þannig, að við hittumst allgóðum tíma áður en þing kemur saman til þess að ráðgast um hvaða mál við eigum að leggja fyrir þingið. Sem sagt, þetta mál, sem þm. sagði alveg réttilega að er ekki nýtt, töldum við engu að síður vera svo mikilvægt, að það mætti ekki dragast, það yrði að leggja á það áherslu í byrjun þingsins, að þetta mál yrði að hljóta einhverja afgreiðslu á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins.

Hv. þm. og nokkrir samflokksmenn hans lögðu fram till. um örlítinn þátt þessa máls á fyrsta degi þingsins. Okkur hafði ekki verið kunnugt um það, og auðvitað höfðum við ekki séð þessa till. Við sáum það eins og allir aðrir þm. á fyrsta degi þingsins. Ég veit ekki hvenær þessi till. hefur verið samin, hvort hún er gömul eða hvort hún er ný, en ég geri ráð fyrir að hún sé samin í þingflokknum eða af einhverjum úr þingflokknum. Dettur hv. þm. í hug að til þm. annarra flokka leki um samningu till. eða umr. í þingflokki Alþb.? Við satt að segja höfðum ekki séð till. fyrr en fyrsta daginn, og þá vorum við búnir að ákveða það, búnir að semja till. sem við mundum leggja fram, ef ekki fengjust um það jákvæð ummæli frá hæstv. forsrh. að ríkisstj. sjálf mundi gera þetta mál að þingmáli.

Það má spyrja, af hverju við höfum tekið þá ákvörðun að bera þetta mál upp hér á Alþ. í formi fsp. til ríkisstj., en ekki í tillöguflutningi. Ástæðan var einfaldlega sú, eins og ég raunar gat um í minni stuttu ræðu, — ég flutti ekki langa ræðu, eins og þm. gat um áðan, hún var þvert á móti mjög stutt, hún var skrifuð og þess

vegna gat hún verið mjög stutt, — en ástæðan var sú, eins og ég gat um áðan, að við teljum hér ekki vera um þess konar mál að ræða sem venja er að kalla flokksmál og ákveðinn þingflokkur eigi þess vegna ekki að tengja það við sig sem þingflokkur. Við gerum okkur ljóst, að ef von á að vera um einhverjar úrbætur á kosningaskipan til jöfnunar kosningarréttar og aukinna áhrifa kjósenda á það, hver er kosinn, þá er engin von til að þær úrbætur nái fram að ganga, nema því aðeins að viðtækar umr. fari fram milli allra fimm þingflokkanna um málið og leitað sé í slíkum umr. eftir sem viðtækustu samkomulagi milli þingflokka. Hér er ekki um mál að ræða sem neinn einn þingflokkur á að geta þakkað sér upphafið að, því að hér verður engu áorkað nema með viðtæku samkomulagi allra þingflokka eða a. m. k. stórs meiri hluta í öllum þingflokkum.

Það var af þessum ástæðum, það var af þessu litillæti, en ekki neinni auglýsingatilhneigingu, sem við tókum þá afstöðu að spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. ríkisstj. vildi hafa forustu í málinu. Það er eðlilegt að í slíkum málum sem þessum hafi ríkisstj. landsins, hver svo sem hún er, forustu um viðræður á milli flokka, milli stjórnar og stjórnarandstöðu, milli allra þingflokka, til þess að freista þess hvort um víðtæka samstöðu getur verið að ræða. Þess vegna fluttum við till. Þess vegna tókum við málið upp í fyrirspurnarformi. Og ég gerði það með allvenjulegum hætti. Eg talaði við hæstv. forseta Nd. daginn áður en hægt var að bera fram fsp. og sömuleiðis við hæstv. forsrh. Þetta kann að vera ástæðan til þess, að einhverjir þm. hafa fengið að vita um, að von var á fsp., og getað búið sig undir umr. Það er alveg eðlileg skýring á því. Eg sýndi þá sjálfsögðu kurteisi að biðja um orðið daginn áður, en ekki í fundarbyrjun, eins og ýmsir þm. Alþb., sem efnt hafa til umr. utan dagskrár, hafa látið sig hafa það að gera. Þetta er væntanlega skýringin á hinni ítarlegu og merku ræðu sem hv. þm. Ingólfur Jónsson hélt við þessa umr. og mér skilst að hv. þm. hafi átt við.

Um frv. hv. þm. Jóns Skaftasonar er það að segja, að því var ekki útbýtt fyrr en sama daginn og þessi umr. fór fram. Hvernig í ósköpunum hefðum við átt að vita um það áður? Það var lagt á borðið um svipað leyti og ég sté í ræðustólinn. Eg er ekki gæddur neinni forspárgáfu til að sjá hvað væntanlega kemur á borðin hér um það leyti sem ég er að standa upp úr stól minum til þess að ganga í ræðustólinn. Þetta vona ég að öllum sé ljóst.

Nei, sannleikurinn er sá, að hér er ekki um neitt við okkur að sakast í þingflokki Alþfl. Við fórum hér algjörlega eðlilega að. Sú fsp., sem ég bar fram fyrir hönd flokksins, hafði verið rækilega undirbúin, og þingflokkurinn hafði rækilega rætt þá till. sem við mundum flytja ef ríkisstj. hefði neikvæða afstöðu til málsins eða engar fyrirætlanir um að gera málið af þingmáli. En af því að svör hæstv. ríkisstj. voru jákvæð vorum við að sjálfsögðu eftir á sammála um að láta þennan tillöguflutning vera, gera enga tilraun til þess að eigna okkur eitt eða neitt í þessu máli með tillöguflutningi eða frv.-flutningi, heldur sætta okkur fullkomlega við þau eðlilegu vinnubrögð að ríkisstj. beitti sér fyrir viðræðum milli þingflokkanna um þetta mikilvæga mál.

M. ö. o.: niðurstaðan af málatilbúnaði okkar hefur verið jákvæð. Það er komin hreyfing á málið. Ríkisstj. er búin að lýsa yfir að þetta mál muni vera þingmál á þessu þingi, þó enginn geti að sjálfsögðu sagt fyrir um það, hvort viðtæk samstaða náist um eitthvað, annaðhvort mikið eða lítið. Það verða viðræðurnar að leiða í ljós.

Munurinn á starfi okkar í þingflokki Alþfl. og þeirra í þingflokki Alþb. er sá, að hv. þm. er ekki enn tilbúinn að tala fyrir þeirri till. sem hann flutti á fyrsta degi þingsins. Það er kominn 18. okt., þingið kom saman 10. okt., það er komin önnur vika þingsins, og hv. þm. er ekki tilbúinn að tala fyrir till. sinni enn. Þetta er nú allur áhuginn, þetta er nú allur undirbúningur hans á málinu. Við vorum hins vegar búnir að ræða málið áður en þing kom saman og erum þegar búnir að koma því til leiðar að málið verður þingmál á þessu þingi. M. ö. o. niðurstaðan af atferli okkar hefur þegar leitt til jákvæðrar niðurstöðu, áður en hv. þm. er tilbúinn að tala fyrir till. sem hann flytur á fyrsta degi þingsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Síðan ég kvaddi mér hljóðs hafa umr. um þáltill. þessa snúist inn á mjög einkennilegar brautir. Hv. formaður þingflokks Alþfl. og hv. formaður Alþb. hafa hér ást við. Þeir hafa verið að tala um hvatir hvor annars. Þeir hafa verið að tala um hvort hafi lekið eða ekki lekið. Þetta eru mál þess eðlis að ég hef ekki hugsað mér að blanda mér inn í þessar sérstöku umr., enda tel ég ekki í minum verkahring að kveða á um það, hvort þeir eru lekir eða ekki lekir.

En mér þótti hins vegar rétt að kveðja mér hljóðs af því að hér er til umr. athyglisverð till. og hér er vissulega um merkilegt mál að ræða. Við hljótum að hafa allir áhuga á að gera það sem bætt getur starfshætti þingsins, en þessari till., sem hér liggur fyrir, er ætlað að miða að því. Hv. flm., hv. 2. landsk. þm., hefur sagt hér í sinni framsögu að þau atriði, sem upp eru talin í þáltill. um breytingar á starfsháttum Alþ., eigi að skoðast sem ábending af hans hálfu, honum sé jafnvel ekki fast í hendi að halda við allt sem þar kemur fram, og áskilur sér rétt til þess að koma með sitthvað fleira. Þetta er ákaflega eðlileg afstaða, því að þetta mál er margslungið og margþætt og þar kemur vissulega margt til athugunar. Ég hef ekki hugsað mér í þessum fáu orðum, sem ég segi hér, að fara að ræða þetta veigamikla mál í heild, en mig langar til þess að víkja nokkrum orðum að þeim tölusettu atriðum sem hv. flm. hefur tilgreint í þáltill.

Það er þá 1. liðurinn sem þar er um að ræða, þar segir að störf þeirrar n., sem gert er ráð fyrir að fjalli um þessi mál, skuli miða að því að breyta skipan og verkefnum fastanefnda þingsins, fækka þeim verulega og gera hverjum þm. kleift að einbeita sér að einni eða tveim n. Mér finnst fara vel á því að tiltaka hér fyrst

og efst á blaði nefndir þingsins. Ég hygg að ef við viljum bæta starfshætti þingsins, þá beri okkur ekki síst að beina athyglinni að því, hvað má gera í sambandi við starf nefndanna. Ég held að það sé sannmæli sem kom fram í máli hv. 2. landsk. þm., að það er ýmsu ábótavant í starfi n., þó að auðvitað sé margt gert vel á þeim vettvangi og þar sé fyrst og fremst um að ræða spurningu um skipulagsbreytingu, en ekki að hv. þm. leitist ekki við að vinna verk sín samviskusamlega í nefndum.

Hér er bent á að fækka verulega nefndum, þannig að hverjum þm. sé gert kleift að beita sér að einni eða tveim n. Það kann að vera að þetta sé leið. Ég er þó fyrir mitt leyti ekki viss um að það sé úrræði í þessu efni endilega að fækka n. og að það sé skilyrði fyrir því, að þm. geti beitt sér að sínum verkefnum, að n. séu færri. Þetta virðist mér að sé ekki grundvallaratriðið. Við verðum að hafa í huga verkefni n., málafjöldann, og ef við göngum út frá því að verkefni n. breytist ekki, málefnafjöldinn sé sá sami eftir sem áður, þá er ég ekki viss um að það hafi mikla þýðingu að fækka n. Ég held nefnilega að menn geti einbeitt sér við störf í n. þó að þeir séu í fleiri en einni n. Það er ekki það sem skiptir höfuðmáli í þessu efni. Ég bendi nú aðeins á þetta. Mér finnst að þetta sé viðhorf sem sé rétt að komi fram, en ég tel mig ekki vera að koma hér fram með nein algild sannindi.

Um 2. liðinn er það að segja, að þar er gert ráð fyrir að láta fastanefndir starfa milli þinga, halda fundi utan þingstaðar, fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði og hafa frumkvæði um lagasetningu eða breytingu laga. Það kann að vera að það hafi þýðingu að fastanefndir starfi á milli þinga. En ég leyfi mér að láta í ljós þá skoðun, að það sé vafasamt að það hafi neina verulega þýðingu eða úrslitaþýðingu til þess að bæta starfshætti þingsins.

Á milli þinga eru mánuðirnir júní, júlí, ágúst og september. Það er reynsla í okkar landi, að það er erfitt að hafa nefndarfundi um hásumarið. Ég er ekki að segja að það sé útilokað, en ég held að það hafi ekki mikla þýðingu. Auðvitað hafa mesta þýðingu fundarhöld fastanefndanna þegar þing situr. Að halda fundi utan þingstaðar skiptir ekki máli í þessu sambandi. Það er hins vegar athugandi, eins og hér er gert ráð fyrir, að hafa heimild til þess að halda fundi á milli þinga og þá jafnvel utan þingstaðar eins og þarna er gert ráð fyrir, en að það sé mikil meinabót efast ég hins vegar um.

Annað atriði, sem þarna er bent á, að það sé hlutverk fastanefndanna að fylgjast með framkvæmd laga hver á sínu sviði. Það finnst mér að sé atriði sem þurfi sérstaklega að athuga, og það er bæði verðugt og nauðsynlegt viðfangsefni að mínu viti. Í því sambandi tek ég mjög undir það sem hér er einnig bent á, að n. hafi frumkvæði um lagasetningu eða breytingu laga. Ég skil þetta þannig, að n. taki upp þann sið í einhverjum mæli að bera fram frv. eða till. af sjálfsdáðum. Þetta finnst mér koma mjög til greina. Að vísu er þetta ekkert nýtt. Það kemur fyrir að n. bera fram frv., svo sem kunnugt er, og mér sýnist að það þurfi ekki neinar breytingar á þingsköpum til að koma við þessum breyttu vinnuaðferðum. Hins vegar er að mínu viti bent hér á athyglisverðan þátt í þeirri viðleitni sem uppi þarf að hafa til þess að bæta starfshætti þingsins.

Þá kem ég að 3. liðnum, að setja í þingsköp reglur varðandi umr. utan dagskrár, þannig að þm. eigi þess jafnan kost að hefja umr. um aðkallandi mál, sem ekki þola bið venjulegra þingmála, án þess að önnur þingstörf truflist af þeim sökum. Þetta er alveg sjálfsagt mál, og þetta er það sem hefur verið framkvæmt. Menn geta komið með og hafið umr. um aðkallandi mál utan dagskrár, og það er ekkert nýtt. Ég hygg að í flestum tilfellum hafi það verið gert án þess að önnur þingstörf hafi truflast af þeim sökum. En það er talað um í þessu sambandi að setja reglur í þingsköp. Um hvað á að setja reglur? Mér virðist að þegar talað er um að setja reglur í þessu sambandi í þingsköp, þá eigi menn fyrst og fremst við reglur um það, hvað fyrirspyrjandi geti talað lengi, hvað hann geti talað oft og hvað umr. megi dragast. Og auðvitað er þetta vandamálið. En það eru ekki reglur um þetta í þingsköpum nú. Það eru reglur um venjulegar skriflegar fsp., en það eru ekki reglur um fsp. utan dagskrár. Það hefur stundum verið leitast við að hafa í framkvæmd umr. utan dagskrár hliðstæðar og umr. um skriflegar fsp. En það hefur allur gangur verið á því. Og mér virðist að það sé ákaflega erfitt að setja reglur um hvað lengi leyfist að tala um fsp. utan dagskrár. Það getur verið svo ákaflega mismunandi sem um er að ræða. Við getum hugsað okkur t. d. að það hefði skeð í þorskastríðinu einhverju að einu varðskipi hefði verið sökkt. Það hefði verið eðlilegt að ræða slíkt mál á Alþ., en ekki náð nokkurri átt að hafa nokkrar hömlur á umr., hvað menn mættu tala lengi um það efni. Mér virðist a. m. k. mál þetta geta borið þannig að. Það gæti hins vegar verið fsp. utan dagskrár varðandi skipun skólanefndarformanns einhvers staðar úti á landi. Það mál getur verið þýðingarmikið út af fyrir sig, en naumast nokkur ástæða til þess að taka það sömu tökum og hitt dæmið sem ég nefndi. Hvernig á þá að setja reglur í þingsköp um þessi efni? Spurningin er frekar: En nauðsynlegt að setja nokkrar reglur? Er það nauðsynlegt vegna eðlis slíkra fsp. eða eins og slíkar fsp. ættu að vera? Ég hef orðað þetta svo, að það ætti ekki að leyfa fsp. utan dagskrár nema um mál sem þyldu ekki bið til næsta dags. Og ef sú regla er framkvæmd, þá virðist mér að oftast nær mundi það fylgja, að um mjög þýðingarmikil mál væri að ræða. Þó getur verið mismunur á þessu. En miðað við eðli þessara fsp., eins og þær eiga að vera að mínu viti, þá held ég að það verði erfitt að koma við föstum reglum um þessi efni í þingsköpum, það verði að gera ráð fyrir að forseti hafi vald til að ákveða hvað umr. séu lengi í hvert sinn, forseti hafi vald til þess og hann verði að meta það. Mér virðist, — ég tek fram að ég vil ekki fullyrða of mikið um þessi efni, þetta er of margslungið mál til þess, — en mér virðist e. t. v. eina leiðin mjög í anda þess

sem tíðkað er í öðrum þjóðþingum þar sem samanburður gæti átt við.

3. tölul. á við umr. eða fsp. utan dagskrár. Mig langar í þessu sambandi að minnast á fsp. samkv. dagskrá, skriflegrar fsp. Mér finnst ekki síður þörf á því að taka það mál til athugunar og ekki síður þörf á að gera þar breytingar á þingsköpum. Það eru líka ákveðin fyrirmæli hvernig fara skuli með skriflegar fsp. Fyrirspyrjandi má tala tvisvar, 5 mínútur í hvort skipti, ráðh. má tala 10 mínútur, svo má hver og einn þm., sem biður um orðið, tala í tvær mínútur. Það eru þessar fsp. sem fara í vaxandi mæli, alltaf meir og meir, með tíma þingsins. Það er skoðun mín að þessar reglur, eins og þær eru núna, séu ekki réttar, það eigi ekki að leyfa öðrum að taka til máls en þeim, sem spyr, og þeim, sem er spurður, og það sé vafasamt hvort þeir eigi að fá að tala jafnlengi og nú er gert ráð fyrir í þingsköpum. Það eigi ekki að leyfa að aðrir þm. komi inn í umræðurnar. Það er þessi regla sem tefur allar fsp. og meira en tefur, gefur oft alranga mynd af því sem átti að fá fram. Það er farið að ræða um allt aðra hluti en fyrirspyrjandinn spurði um og ráðh. svaraði. Það tekur kannske 10 mínútur, stundarfjórðung að afgreiða það mál. Þá kemur þriðji aðili og spyr um aðra hluti eða sveigir umræðurnar inn í allt annan farveg en fyrirspyrjandinn ætlaðist til. Hann er búinn að tala sig dauðan, getur ekki tekið þátt í þeim umr., þannig að það hefur algerlega mistekist, það sem hann ætlaði að gera, að vekja athygli á ákveðnu máli í þeim tilgangi oft og tíðum að stuðla að framgangi einhvers tiltekins framfaramáls sem hann vildi hreyfa. Ég bendi á að þetta sé atriði sem þurfi að taka til athugunar, og þetta er eitt af þeim atriðum, eins og hv. frsm. orðaði það, sem gæti komið til viðbótar við þau tilvik sem eru nefnd í þessari tillögu.

Ég kem þá að 4. tölul., að breyta meðferð þáltill. til að stytta þann tíma sem fer í umr. um annað en beina lagasetningu. Ég geri mér ekki alveg ljóst við hvað er átt með þessu. Ef hægt er að gera eitthvað til þess að draga úr óþörfum málalengingum, þá er það af hinu góða. En mér virðist að það sé ekki brýnt verkefni að draga úr þáltill. En ástæðan er talin sú, að stytta þurfi þann tíma sem fer í umr. um annað en beina lagasetningu. Ég held að það hafi ekki komið að sök í störfum Alþ., að það hafi ekki verið nægur tími til beinnar lagasetningar. Það er kannske frekar spurning hvort tíminn hefur verið vel notaður. Og það vitum við allir, hvernig tíminn er ákaflega illa notaður oft og tíðum á Alþ., sérstaklega framan af þingi, og verður það fyrst og fremst skrifað á reikning ríkisstj. hvaða ríkisstj. sem hefur verið við völd, og ég geri ekki upp á milli ríkisstj. í þessu sambandi.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. vék aðeins að þessu, og mér virtist hann ekki gera mikið úr þessu atriði frekar en ég. En ef ég hef skilið hann rétt, þá meinti hann að þáltill. kæmu síður að trafala í löggjafarstarfinu ef við hefðum eina þingdeild. Ég ætla ekki hér að ræða spurningu um eina eða tvær þd. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að við getum offrað meiri tíma í þáltill. ef við höfum tvær deildir. Það er ýmislegt sem styður það. Ég skal aðeins nefna eitt sem menn gleyma oft í þessu sambandi, að í tveim deildum getum við unnið að löggjafarstarfi og umr. um löggjöf á tveim stöðum samtímis. Og ef við viljum gera sem flesta þm. virka í löggjafarstarfinu og m. a. með því að þeir eigi þess kost að tjá sig sem best í því efni, þá taka umr. tíma. En ef umr. eru í sama þjóðþingi samtímis á tveim stöðum, þá vinnst betur, það sjá allir. Þetta er eitt atriði sem hefur núna komið upp og ég las nýlega í ensku blaði varðandi hugleiðingar um að leggja niður bresku lávarðadeildina, sem háværar raddir eru uppi um. Á þessum stað var bent á að það gæti vel komið til greina, en það yrði að hafa í staðinn aðra þd. með löggjafarvaldi, því að það yrði ofviða neðri málstofunni að vera með allar umr. um löggjafarstörf á einum vettvangi. Sem sagt, ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. En ég geri ekki mikið úr eða ég átta mig ekki fullkomlega á, hvað hv. flm. er að fara með þessum 4. lið.

Þá er 5. liðurinn, þar sem gert er ráð fyrir að tekin verði upp forsætisnefnd sem stjórni málefnum Alþ. með auknum völdum og aukinni ábyrgð. Það er, eins og hv. flm. sagði, í raun og veru um slíka nefnd að ræða þar sem eru forsetar þingsins sem halda reglulega fundi til þess að ræða þingstörfin og til þess að skipuleggja þingstörfin. Hér er, að mér virðist fyrst og fremst um formsatriði að ræða, ef á að fara að kalla forseta þingsins, þegar þeir koma allir saman, forsætisnefnd, og legg ég ekki sérlega mikið upp úr því. En ef þetta er eitthvert efnislegt atriði, þá væri fróðlegt að heyra það. Það er reyndar talað þarna um aukin völd. Já, það er gott að hafa aukin völd. En mér sýnist að forminu til hafi forsetar þingsins ákaflega mikil völd. Og það er staðreynd, forsetar þingsins ákveða dagskrá þingsins, sem er eitt veigamesta atriðið í sambandi við störf þingsins. Það er talað líka um aukna ábyrgð. Ég átta mig ekki almennilega á hvað það er. En ég er að vekja athygli á þessu. Ég tek það fram að ég er ekki að finna að neinu því sem í þáltill. er. Mér finnst réttmætt að setja öll þessi atriði fram. En þau eru sett fram til þess að ræða þau og öll sjónarmið komi fram.

6. tölul. og síðasti er um að staðfesta í lögum þá hefð, að þingforsetar gegni störfum milli þinga jafnvel þegar þing er rofið. Þetta er ekki annað en formsatriði, og kann að vera að það sé ekkert á móti því að staðfesta þetta í lögum. En ég verð nú að segja, að mér finnst enginn galli á því, þó að sumt í þingsköpum og stjórnskipunarlögum mótist af hefð. Það getur alveg verið jafnhaldgott og að hafa það í lögum. Og sú var tíðin, ef það er ekki að segja enn þá, að þar sem þingræði var talið mest til fyrirmyndar var ýkjamargt byggt á hefð og ekki á skriflegum lögum eða jafnvel skriflegri stjórnarskrá. Ég á þá við breska þingræðið

Ég hef farið hér nokkrum orðum um þessa till. Eins og ég sagði í upphafi, finnst mér hér vera um athyglisvert mál að ræða og merkilegt, og ég fagna því, að þetta mál hefur verið tekið upp, og hef ekkert nema gott um það að segja. Ég vænti þess, að þessi till. fái góða og vandaða meðferð í þeirri þn. sem fær hana til meðferðar.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vestf., fyrir vinsamlegar undirtektir hans undir till. þessa og hvatningu til þess að hún og efni hennar verði vandlega íhugað. Hann fór í gegnum þá liði, sem bent er á í till., og komst að visu að þeirri niðurstöðu, að hann teldi ekki ýkjaríka ástæðu til að gera breytingar í þá átt, sem þar eru nefndar, taldi þó sjálfur aðrar breytingar sem kynni að vera ástæða til að athuga. Ég vil fara um þetta örfáum orðum, en mun þó ekki eyða í það miklum tíma á þessu stigi.

Hv. þm. taldi að verkefni n. væri meginatriði, og auðvitað er það rétt. En einn af megingöllum á núverandi nefndaskipulagi þingsins er það, að oft eru tvær, jafnvel þrjár nefndir, sem hafa sama verkefnið. Það eru landbn., sjútvn., fjhn. o. s. frv. í báðum deildum, og t. d. eru þrjár allshn. í þinginu. Nú er það rétt, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að lausn á þessu máli snertir nokkuð deildaskiptinguna. En þó er ekki víst að svo þurfi að vera. Hitt er staðreynd, að Alþingi Íslendinga með 60 þm. telur sig þurfa að hafa 26—27 þn., en fastanefndir í stórum þingum nágrannalanda eru yfirleitt 12—14. Þær n. eru miklu meiri stofnanir sem vinna af miklu meiri festu heldur en hér er gert, og þess vegna hafa þær miklu meira hlutverki að gegna í heildarstörfum þinganna.

Ég eyddi í það nokkrum stundum s. l. vor að skoða fundagerðabækur allra nefnda þingsins, og það er svo ótrúlega mismunandi hvernig n. starfa, að því mundi enginn trúa fyrr en hann tekur á. Sumar n. starfa, eins og hv. þm. sagði, mjög vel, en aðrir eru varla til. Það eru n. sem hafa haft frá 5 og upp í 10 mál og haldið 3—4 fundi og e. t. v. ekki lítið á þessi mál hálft þing. Sannleikurinn er sá — við skulum viðurkenna það hvert fyrir öðru — að oft á tíðum eru nefndarstörf ekki tekin sérstaklega hátíðlega. Það er fljótaskrift á því, hvernig sumar n. taka við frv. og afgreiða álit á þeim. Síðari n., sem fjallar um frv., vinnur sér það verk ákaflega oft létt með því að vísa í nánari athugun hjá fyrri n., hvor deildin sem á í hlut.

Meginatriðið varðandi n. er auðvitað það sem felst í orðunum að „fylgjast með framkvæmd laga". Þar á ég við eins og ég útskýrði í framsögu og útskýrði í grg., að ég tel að þingið eigi að taka upp miklu meira eftirlit og aðhald með framkvæmdavaldinu. Og þegar ég tala um að n. eigi að hafa frumkvæði um lagasetningu, á ég við það að n. athugi mál og komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi að gera breytingu á lögum eða setja ný lög og láti síðan vinna þau lög fyrir sig. Þetta hefur mér vitanlega ekki verið gert. Það er allt annað heldur en tíðkast hefur, að þegar ráðh. vilja ekki flytja frv. í eigin nafni, þá eru þn. beðnar um hvort þær vilji flytja viðkomandi mál. Er hefð að gera það með þeirri aths. að nm. séu algerlega óbundnir. Þetta er hreint formsatriði. Lög eiga ekki upptök sín í n. á Alþ. Um það mætti ræða langt mál, en ég læt það bíða betri tíma.

Hv. þm. taldi að erfitt væri að setja reglur varðandi það, sem nú heita umræður utan dagskrár. Það eru reglur um fsp. og ýmsa aðra liði, og auðvitað er hægt að setja reglur um þetta líka. Ég tel að eitt meginatriðið, sem þyrfti að gera sér grein fyrir, sé hvar á að ætla þessu hlutverki stað í stundatöflu þingsins, í starfsáætlun þingsins. Þetta er eitt af því fyrsta sem önnur þing hafa ákveðið. T. d. breska þingið, sem við heimsóttum formlega í sumar, hefur tvö, ef ekki þrjú föst form á slíkum umr. Eitt af því, sem er kerfisbundið í þingum, er að ætla þessu einhvern stað. Í sumum þingum er hálftími framan af hverjum degi, eða sums staðar 2—3 dögum í viku, og þar haft opið rúm. Ef spurningar, sem eru efst í huga þm., eru aðeins um skólanefndarmenn, þá notast þessi tími e. t. v. ekki. Ef það koma fyrir stórmál, eins og hann benti á að hefði getað gerst í landhelgisdeilunni, — stærri en við fengum þá til umr., — þá springur ramminn, það gerist hvort eð er þegar stórmál ber á góma.

Það eru atriði eins og það, hvar er hægt að koma þessu fyrir, sem ástæða er til að hafa reglur um, svo og að viðkomandi ráðh. fái aðvörun með einhverjum ákveðnum fresti. Stundum hefur það brugðist og deilur orðið um það hér hjá okkur. Ýmislegt fleira er það sem fullkomin ástæða er til að setja í reglur um það sem nú heita umr. utan dagskrár. Auðvitað ætti ekkert að vera „utan dagskrár". Dagskráin á að vera hafin þegar forseti segir að fundur sé settur. Það er órökrétt að gera neitt „utan dagskrár", eftir að fundur hefur verið settur og áður en honum er slitið. Við eigum að gangast við þessum króga, taka hann inn í fjölskylduna, og ætla honum það rúm, þægilegt herbergi sem gegnir sínu hlutverki.

Varðandi þáltill. útskýrði ég það í frv. í fyrra, að hugmynd mín sé sú, að um allan þorra þáltill., allar nema þær sem snerta stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál, tel ég að það sé nóg að þær fari, þegar þær hafa verið fluttar skriflega, prentaðar, beint til n. Þá sparast tími. Ef athugað er hvað verður um þáltill.-flóðið, þá munu hv. þm. fljótlega sjá að þarna er vandamál á ferðinni, því að þær n., sem afgreiða hvað lægsta prósentutölu af þeim málum sem koma til þeirra, eru n. í Sþ. er fá ályktunartill., allshn. og atvmn. Og ef við tökum tölur, en ekki prósentur, langhæst tala af óafgreiddum málum einmitt þar, svo að ekki verður sagt annað en nokkurt vandamál sé þarna á ferðinni og færi betur að ganga betur frá þeim hlutum.

Það er ekki langt síðan ákveðið var að vera skyldi sérstakur fundur í Sþ. fyrir fsp. Það var af því að fsp. rákust á till. Ég get fallist á það með hv. þm., að gjarnan mætti athuga fsp.-kerfið eins og það er. Þó vil ég minna á að núverandi fyrirspurnakerfi var ákveðið fyrir aðeins 7 árum, við síðustu almennu breytingar þingskapa. Þá var rætt um það í n., sem undirbjó þær till., og líka hér í þinginu, ef ég man rétt, hvort yfirleitt ætti að leyfa nokkrar umr. um fsp. Ég var í undirbúningsnefndinni reiðubúinn til að fallast á að leyfa engar umr., en þá þótti mönnum vera nógu mikill niðurskurður úr frjálsum umr. um eina fsp., sem tóku

oft nálega allan daginn, niður í tveggja mínútna regluna sem við höfum nú. En svo fljótt breytast viðhorf manna, að nú vill hv. þm. afnema þessar tvær mínútur, og ég vil alls ekki fortaka að það væri skynsamlegt. Við sáum að visu í dag að slíkar umr. geta verið gagnlegar fyrir góð málefni, og ég býst við að þm. muni þykja það hart aðgöngu af þeir fá alls ekki að taka til máls um fsp. og svör við þeim.

Hv. þm. spurði að hvaða leyti ætti að auka völd og ábyrgð forsætisnefndar ef hún yrði sett á laggirnar. Ég gerði þetta að umtalsefni í frv. í fyrra sem ég vísa í til að gera grein fyrir nokkrum þeim hugmyndum sem ég legg fram í þessu tilefni. Þar var minnst á þann möguleika að afnema eina n. þingsins og fela forsætisnefndinni hlutverk hennar. Það er þingfararkaupsnefnd, sem við skömmumst okkar í raun og veru allir fyrir, af því að hún vinnur á laun og ákveður kaup okkar og kjör. Það er satt að segja ekki boðlegt að ákvarðanir um kaup okkar og kjör skuli vera teknar leynilega í 7 manna n., aldrei birtar og aldrei bornar undir þingið sjálft. Þetta er eitt af stjórnunarverkefnum þingsins sem ég tel að við verðum að taka fastar á. Annað, sem var minnst á í frv. varðandi þetta, var að ef þingflokkur á engan þingforseta finnst mér að sá þingflokkur ætti að fá mann í forsætisnefnd sem fer með stjórnun þingsins. Þetta er öryggisventill varðandi húsbóndavaldið innan þingsins.

Að lokum er ég sammála hv. þm. um að hófleg íhaldssemi sé ágæt á réttum stað. Hefðir ber ekki að forsmá, en ég tel að hefðin að þingforsetar starfi áfram, t. d. eftir að þing hefur verið rofið og umboð tekið af þm., sé of veik. Það var deilt um þetta fyrir þremur árum, og það var hugsanlegt að vefengja rétt báv. forseta Sþ. að starfa sem einn þriðji af handhöfum forsetavalds. Við sáum þá að slík deila gæti komið upp. Það er þess vegna sem ég vildi giarnan að þessi hefð yrði lögfest. Ef slíkar hættur væru ekki fyrir hendi mundi ég ekki gera neitt úr slíku máli.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir hugleiðingar hv. þm. og ítreka að ég set þessa 6 liði aðeins fram sem nokkrar hugmyndir til umr., en áskil mér rétt til að láta sannfærast ef menn eru þeim ekki samþykkir eða geta bent á að annað fari betur.

Ég vil einnig þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir góðar undirtektir undir till. almennt. Ég er honum sammála um að þrír fyrstu liðirnir eru að sjálfsögðu efnislega veigamestir.

Hann óskaði sérstaklega eftir því, að ég léti í ljós álit mitt á umr. utan dagskrár sem flokkur minn, Alþfl., hóf fyrir nokkrum dögum. Það er búið að gera því máli skil, svo að ég þarf ekki að fjölyrða um það. En ég get hætt því við það, sem kom fram hjá formanni þingflokks míns, að í undirbúningi undir þessa umr. ræddum við einmitt um að ef einhverjir aðilar ætluðu að hefja umr. utan dagskrár um vinnudeilu opinberra starfsmanna, þá mundum við láta þetta mál okkar bíða. Og það fóru fram viðræður á milli formanna þingflokka Alþfl. og Alþb. til að samhæfa þetta. Ef það hefði verið vilji hjá öðrum hvorum til að hefja umr. um verkfall opinberra starfsmanna á þeim degi þá hefðum við ekki óskað eftir því að okkar form. fengi að taka til máls utan dagskrár. Hins vegar vil ég varðandi þetta mál benda á að það er á valdi forseta hvort slíkar umr. utan dagskrár eru leyfðar. Það er sama hvaða reglur við setjum, það verður alltaf endanlega mat forseta hvort tiltekið mál fellur inn í þann ramma, hvort það er eðlilegt að veita manni orðið utan dagskrár eða ekki. Það er því ekki eðlilegt að sakfella þá sem biðja um orðið utan dagskrár, ef forseti hefur fallist á að veita þeim það. Það er ekki óeðlilegt að þingflokkar og menn, sem beita harðri málfylgju, reyni að nota hvert tækifæri til að koma máli sínu fram. En matið verður alltaf í höndum forseta, og gagnrýni hv. þm. á þessum umr., sem Alþfl. hóf, er því í raun og veru gagnrýni á forseta Nd. fyrir að leyfa þessa umr. á þessum tíma. Því miður er forseti Nd. ekki hér staddur og var ekki þegar hv. þm. talaði, en mér finnst að í grundvallaratriðum verði að vísa til hans og það sé ekki ástæða til að átelja þó að menn kveðji sér hljóðs. Það má, í hvert skipti sem menn kveðja sér hljóðs á Alþ. í dagskrá eða utan hennar, vefengja það, hvort þeir hafi haft nokkra ástæðu til þess að gera það. Auðvitað rífast menn um það. En það er fyrst og fremst matsatriði forseta. Og það var mat forseta að það væri rétt að verða við þessari ósk á þessum tíma. Það þýðir ekkert að vera að kvarta undan því við okkur eftir á.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að fara nokkrum orðum um svör hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, formanns þingflokks Alþfl., enda þótt hann væru öll bersýnilega út í hött, miðað við þá ábendingu sem ég kom með áðan. Hann kom einfaldlega hvergi nærri því máli sem ég var að reifa — hvergi. Ég var ekki að ræða það í fyrri ræðu minni, hvort umr. utan dagskrár ættu rétt á sér eða ekki. Reyndar tók ég skýrt fram að ég teldi að umr. utan dagskrár ættu fyllsta rétt á sér, og ég sagðist búast við að það væri óumdeilt. Ég var ekki heldur að ræða það, hvort umr. utan dagskrá ættu oft rétt á sér eða sjaldan rétt á sér, og enn síður var ég að átelja einn eða neinn flokk fyrir að hafa hafið umr. utan dagskrár oftar en einhver annar flokkur. Ég hef að vísu ekki tölfræðina við höndina og get ekkert um það sagt, hvort fullyrðing hv. þm. sé rétt, að við Alþb.-menn höfum á þessu kjörtímabili átt oftast frumkvæði að því að mál væru rædd utan dagskrár. Það má vel vera að svo sé. Ég er samt ekkert viss um það, og ég er sannfærður um að á kjörtímabilinu sem var á undan þessu, þegar aðrir flokkar voru í stjórnarandstöðu, þá áttu þeir metið. Þannig hefur þetta giarnan verið og blýtur að vera og er ekkert óeðlilegt við það. Það segir sig sjálft, að stjórnarandstöðuflokkar eiga miklu frekar frumkvæði að því að mál séu rædd utan dagskrár.

Hitt skiptir öllu máli, hvort óskað er eftir umr. utan dagskrár um mál, sem bolir ekki bið, eða hvort menn eru bara að kveðja sér hljóðs utan dagskrár til þess að vekja athygli á sjálf-

um sér eða á einhverju þingmáli sem þeir eru að hugsa um að flytja einhvern tíma seinna meir, eins og hv. þm. hafði frumkvæði að í upphafi þings.

Ég var ekki heldur að ræða það, hvort kosningalögin og kjördæmaskipunin væru mikilvægt mál eða ekki. Auðvitað erum við hv. þm. innilega sammála um að hér er um mjög mikilsverð mál að ræða. Enginn hefur dregið það í efa.

Ég var ekki heldur að ræða það, hvort hugmyndin um breytt kosningalög væri komin upp í hópi Alþb.-manna eða í hópi Alþfl.-manna og hvort hún hefði þá lekið úr einni áttinni í aðra. Það er gersamlega utan við umræðusvið, eins og hér hefur komið fram, og enginn annar en hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason lætur sér detta í hug að draga það inn í umr. Það er alls ekki það sem málin snúast um.

Ég var hins vegar að vekja á því athygli, að formaður Alþfl. telur rétt í þeirri till., sem hér er til umr., að takmarka umr. utan dagskrár við mál sem eru aðkallandi og þola ekki bið, og einmitt í því sambandi nefndi ég dæmi um hið gagnstæða. Ég veit að hv. þm. gerir sér fullkomlega ljóst hvað var raunverulega til umr., enda þótt hann kjósi að þykjast ekkert skilja og svara út í hött. Auðvitað er spurningin sem hér er verið að ræða um, vegna þess dæmis sem ég nefndi, hvort Alþfl. hefði ekki í þessu tilviki átt að vekja athygli á því, sem hann vildi koma hér á framfæri, með þinglegum hætti. Það er spurningin sem málið snýst út af. Í dag er fyrsti fsp.-dagurinn, í dag er fyrstu fsp. svarað, og hefði fsp. hv. þm. komið fram með eðlilegum hætti, þá hefði hún komið þar inn í fsp.-röðina sem hún átti heima, en hún hefði ekki verið tekin fram fyrir allar aðrar fsp., sem menn óskuðu eftir að bera upp í þinginu. Hún hefði komið í réttri röð. Og spurningin, sem ég er hér að varpa fram, er þessi: Verða ekki að vera einhver sérstök rök fyrir því, að spurning af þessu tagi sé tekin fram fyrir allar aðrar og hún rædd jafnvel áður en búið er að setja nokkur þingmál á dagskrá, eins og var á miðvikudaginn var? Ég finn ekki þau rök, enda þótt ég viðurkenni að málið er stórmerkilegt og athyglisvert. En ég finn ekki rökin, síst af öllu þegar fyrir lá að tvær till. voru komnar fram í þinginu um svipað efni og væntanlega von á fleiri till. um hliðstæð efni, ef marka má þá reynslu sem fengist hefur á liðnum þingum.

Ég vildi segja að lokum og leggja á það áherslu, að ég er fylgjandi þeirri till. sem hér hefur verið flutt um skipun n. til að endurskoða þingsköp. Ég er líka hlynntur því að umr. utan dagskrár eigi sér háan sess í þingstörfum og verði löghelgaðar, eins og hv. flm. hefur gert hér till. um að athugað verði. Mér finnst sjálfsagt að umr. utan dagskrár fari oft fram hér í þinginu, það er fyllsta þörf á því. En það verða að vera einhver sérstök rök fyrir því hverju sinni. Annaðhvort verður að vera um einhvern nýliðinn atburð að ræða, sem menn vilja ræða meðan hann er ferskur og nýr, ellegar þá það verður að vera um að ræða einhverja atburðarás sem er í gangi, eitthvert ástand sem er ríkjandi, ellegar þá eitthvað sem er fram undan og þolir ekki bið að rætt sé með venjulegum hætti hér í þinginu. Umr. utan dagskrár mega hins vegar alls ekki byggjast á hégómlegum óskum einstakra þm. sem leitast við að vera í kapphlaupi við aðra þm. um að vekja máls á einstökum þingmálum.

Mér virðist á málflutningi formanns Alþfl., bæði þeim, sem kemur fram á till. hans, og hér áðan, að hann sé mér sammála í meginatriðum. Mér þótti hins vegar rétt, úr því að umr. utan dagskrár voru hér til umr. sérstaklega, að vekja athygli á því, að framganga hv. formanns þingflokks Alþfl. s. l. miðvikudag var víðs fjarri því að upfylla þau skilyrði sem fram koma í málflutningi formanns flokksins.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég vil í tilefni af síðustu ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds benda á og undirstrika, að fsp. mín fyrir hönd þingflokks Alþfl. í s. l. viku var ekki venjuleg fsp. í þeim skilningi sem gert er ráð fyrir í þingsköpum. Það var ekki verið að leita upplýsinga um eitt eða neitt sem skipti staðreyndir, heldur var verið að spyrja hver væri fyrirætlun ríkisstj. varðandi eitt stærsta mál sem vitað var að gæti borið á góma á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins. Það hefði verið algerlega óeðlilegt að flytja fsp. um þetta efni í venjulegu fsp.-formi. Það var einmitt eðlilegt að gera þetta í mjög stuttu máli utan dagskrár við eðlilegt tækifæri, eins og ég taldi mig hafa gert fyrir hönd flokksins og flokkurinn ákvað að ég skyldi gera á sínum tíma.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Benedikt Gröndal tók fram í ræðu sinni áðan, að ef það hefði orðið niðurstaðan í viðræðum okkar formanns þingflokks Alþb., Lúðvíks Jósepssonar, að gera verkfall BSRB að umræðuefni við fyrsta tækifæri sem skapaðist til umr. utan dagskrár, þá vorum við í Alþfl. búnir að tala um að taka þetta mál ekki upp. Það var eingöngu vegna þess að við hv. þm. Lúðvík Jósepsson vorum sammála um að láta bíða að gera verkfall BSRB hér að umtalsefni, að ég framfylgdi þeirri sambykkt þingflokks Alþfl. sem gerð var áður en þing kom saman, að vekja máls á þessu stóra málefni utan dagskrár við fyrsta tækifæri sem í þinginu gæfist.

Ég vil taka það skýrt fram, að við í þingflokki Alþfl. vorum fyrir þingbyrjun búnir að semja till. þá sem ég las í ræðu minni utan dagskrár. Við vorum búnir að semja hana áður en við sáum till. hv. þm. Ragnars Arnalds og áður en við sáum frv. hv. þm. Jóns Skaftasonar. Við tókum ákvörðun um það fyrir þingbyrjun að hafa þetta mál fyrst þingmála af okkar hálfu, nema eðlilegt þætti að taka verkfall BSRB fyrir til umr. utan dagskrár.

Gagnrýni hv. þm. á þessa fsp. okkar utan dagskrár í s. l. viku getur ekki byggst á öðru en því, sem hann raunar lét liggja orð að í síðustu orðum ræðu sinnar áðan, að við hefðum vitað um till. hans, jafnvel um frv. hv. þm. Jóns Skaftasonar, og við hefðum verið að gera tilraun til þess — ég held að hann hafi notað orðin að stela málinu frá þeim. (RA: Það sagði ég aldrei.) Nei, þá bið ég afsökunar á því, ef þetta orð hefur ekki verið notað, en a. m. k. eigna okkur málið umfram þá. Það held ég að sé kurteislegar til orða tekið og rétt haft eftir

honum. Þetta gæti því aðeins átt við minnstu rök að styðjast, að einhver þm. Alþb. hefði sagt okkur frá því að von væri á slíkri till. frá nokkrum þm. Alþb., því að eins og ég sagði og gerðabók þingflokks okkar ber glöggt vitni var fyrirhuguð till. okkar og öll þessi málsmeðferð ákveðin áður en þing kom saman og áður en till. hv. þm. Ragnars Arnalds var útbýtt, hvað þá frv. Jóns Skaftasonar, sem var útbýtt enn seinna. Þá er bara spurningin: Hvaða þm. Alþb. er formaður flokksins að bera á brýn að hafi sagt okkur frá því sem gerðist á þingflokksfundi í Alþb.? Ég segi fyrir mitt leyti: Enginn þm. sagði mér orð frá því. Ég hafði ekki hugmynd um þessa till. og enginn þm. Alþfl., því að þá hefði þess áreiðanlega verið getið á þingflokksfundum, — fundum, segi ég, þeir voru fleiri en einn þar sem þetta mál bar á góma. Nei, sannleikurinn er sá, að þetta bar að með algerlega eðlilegum hætti í þingflokki okkar. Við teljum hér vera um að ræða eitt af stórmálum komandi þings, og við vorum búnir góðum tíma fyrir þingsetningu að ákveða að gera þetta að einu okkar fyrsta máli á þessu síðasta þingi kjörtímabilsins.

Að síðustu vil ég svo enn fremur vekja athygli á því, að hér er í raun og veru um tvö gerólík mál að ræða, það mál, sem við vöktum athygli á og höfum sett í form tillögu sem ég las upp, og það mál, sem hv. þm. Ragnar Arnalds og nokkrir flokksbræður hans fluttu hér. Okkar mál er miklu viðtækara en hans mál. Hans mál fjallar aðeins um einn þátt þess vanda sem kosningalögin skapa.

Það mætti kannske spyrja, þó að ég vilji ekki lengja þessar umr. og ætlist ekki til svars á þessari stundu, — fyrst hann er með tortryggni í okkar garð, þá megum við e. t. v. líka vera ofurlítið tortryggnir í hans garð, — en sú spurning kann að vakna: Hvernig stendur á því, að hann hefur ekki flutt frv. um jöfnun kosningarréttarins sem er ekki síður stórmál en hitt málið sem hans litla till. fjallar um? Það vita allir, að sumir þm. eru kosnir með allt að fjórföldum kosningarrétti á við aðra. Og svo undarlega vill til, að þessi hv. þm., Ragnar Arnalds, er einn í hópi þeirra sem kosnir eru með allt að því fjórföldum kosningarrétti á við það, sem sumir kjósendur í öðrum kjördæmum hafa. Ef maður vildi vera illgjarn, mætti e. t. v. spyrja: Hefur hann látið undir höfuð leggjast að flytja till. um jöfnun kosningarréttar af því að hann vill halda í þennan fjórfalda kosningarrétt þeirra manna sem hann hafa kosið? Ég vil ekki ætla formanni Alþb. svo illt. En sannleikurinn er sá, að slíkar getsakir í hans garð væru síst ósanngjarnari en þær getsakir sem hann hefur verið með í okkar garð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 19. okt., kl. 2 miðdegis.

Byggingarlög, frv. (þskj. 14). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessu frv., sem hér er lagt fram, felst það að sett verði ein heildarlög um byggingarmálefni fyrir allt landið. Nú eru í gildi mörg lagaákvæði, svo sem um byggingarsamþykktir í þéttbýli, um byggingarmálefni Reykjavíkur og mörg önnur einstök lög.

Fyrir fáum árum var sett á stofn n. manna með fulltrúum frá mörgum samtökum og stofnunum til að undirbúa heildarlöggjöf sem flestum þótti einsýnt að væri orðin tímabær. Árangurinn af starfi þessarar n. var frv. til byggingarlaga sem lagt var fyrir Alþ. haustið 1975, fyrir hv. Nd. Málinu var vísað til félmn. Hún leitaði umsagnar margra aðila og bárust að ég ætla 29 umsagnir. Ekki vannst tími til að vinna úr þeim umsögnum á því þingi, en fram að næsta Alþingi var unnið úr þessum umsögnum og gerðar nokkrar breyt. á frv. Þannig breytt var það lagt fyrir síðasta Alþingi, aftur fyrir Nd., og fór til félmn. sem afgreiddi svo málið frá sér og var frv. samþ. í hv. Nd. í marsmánuði s. l. Þegar málið kom til þessarar hv. d. var orðinn of skammur tími til að fjalla um svo viðamikinn lagabálk, en frv. er nú lagt fyrir þessa hv. deild eins og það var afgreitt frá Nd. á síðasta þingi.

Þetta frv. felur í sér ýmis mjög mikilvæg ákvæði, en þó er í lagafrv. sjálfu að eðlilegum hætti ekki farið mjög ítarlega út í ýmis einstök atriði sem verða að koma nánar í byggingarreglugerð sem gert er ráð fyrir að sett verði, þar sem ítarleg ákvæði verði um mörg þau atriði sem á er drepið í frv.

Á undanförnum þingum, þegar málið hefur legið fyrir, hef ég gert allítarlega grein fyrir efni málsins og sé ekki ástæðu til að endurtaka það nú, en vísa til þess og hinnar ítarlegu grg. með frv.

Ég vil leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til félmn. með 17 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 15). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til breyt. á skipulagslögum er samið af sömu n., sem undirbjó byggingarfrv. sem hér var til umr. nú næst á undan, og þetta frv. stendur í beinu sambandi við það frv. Ég tel ekki þörf á að skýra það nánar til viðbótar því sem gert er í grg. frv., en legg til að frv. verði einnig vísað til 2. umr. og félmn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Frá því að lög um skipulag voru samþ. á Alþ. 1964 hefur orðið veruleg breyting á afstöðu fólks til umferðar, og einkum er það, að komið hefur í ljós að vissir minnihlutahópar eiga oft erfitt með að nota sér og hagnýta ýmis svæði og möguleika sem öðrum er greiðfært um. Og þar sem þessi mál hafa verið allmikið í sviðsljósinu að undanförnu, þá er að mínu áliti komið mál til að breyta nokkuð þessari löggjöf. Hér er einkum um að ræða erfiðleika fatlaðra og

aldraðra til að komast um útivistarsvæði og síðar, og með tilliti til þess að til stendur breyting á þessum lögum hvort eð er, þá hef ég lagt til, að þeim verði breytt enn frekar, og hef lagt fram hér á Alþ brtt. á þessa leið:

„Á eftir 2. gr. komi ný gr. er verði svo hljóðandi:

13. gr. IV. kafla orðist svo:

Ráðherra skal að fengnum till. skipulagsstjórnar setja reglugerð um gerð skipulagsuppdrátta, samkv. 10. og 11. gr. Þar skal m. a. ákveðið um mælikvarða og frágang uppdrátta og hver grg. skuli fylgja uppdrætti. Einnig skal þar ákveðið, hvaða lágmarkskröfur skuli gera um fjölda opinna bifreiðastæða, er fylgja hverju húsi eða byggingarreit, og skal í því efni miða við notkun þess, svo og um stærð leiksvæða fyrir börn á lóðum íbúðarhúsa og athafnasvæði fyrir íbúa að öðru leyti.

Enn fremur skal þar kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og skal í því efni við það miðað að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss.

Þá skal og kveða þar á um nýtingarhlutfall í hinum ýmsu hverfum, en nýtingarhlutfall er hlutfallið milli samanlagðs gólffletar húss og lóðarstærðar.

Kveðið skal á um að hið skipulagða svæði geri fötluðum og öldruðum auðvelt að komast leiðar sinnar. Ef um sérstök íbúðarhús fyrir fatlaða og aldraða er að ræða á framkvæmdasvæðum, skulu þau sett sem næst miðju, þar sem umferðarmöguleikar eru bestir, og í nágrenni þjónustustofnana. Götur, gangstéttir, bílastæði og opin svæði skulu gerð þannig, að fatlaðir og aldraðir eigi þar greiðan gang um. Bifreiðastæði næst aðalinngangi hvers húss skulu ætluð fötluðum og stærð miðuð við þarfir þeirra. Gangbrautir yfir götur skulu merktar í sterkum litum vegna sjóndapurra og afmarkaðar með nokkurra millimetra upphækkunum. Ákveða má að auðkenndir skulu sérstaklega og upphækkaðir þeir staðir, sem eru áberandi t. d. við torg og aðalgötur, og sé leyfi til byggingar þar bundið samþykkt skipulagsstjórnar.“

Von er einnig á breytingu á lögum um byggingarsamþykktir þar sem frekar verður kveðið á um umbætur vegna fatlaðra og aldraðra. Það hafði verið ætlun þeirra, sem í n. hafa unnið að þessum málum á undanförnum árum, að byggingarlög gætu gripið yfir þessi ákvæði, en nú þykir hagkvæmara að breyting verði gerð á þessum gömlu lögum, skipulagslögum og lögum um byggingarsamþykktir, en að síðan verði kveðið nánar á í byggingarreglugerðum um einstök atriði þessara umbóta.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv 2. þm. Reykn. hreyfir með brtt. sinni mjög merku máli sem þarfnast vissulega athugunar. Það þarf að ganga miklu betur til móts við hina fötluðu og öldruðu í byggingar- og skipulagsmálum en gert hefur verið.

Ég vil í sambandi við frv. til byggingarlaga benda á, að eftir að frv. kom frá undirbúningsnefnd bætti ég inn í frv. 3. mgr. 4. gr. sem varðar þetta mál, þar sem segir: „Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.“ Gert er svo ráð fyrir að nánar verði um þetta ákveðið í byggingarreglugerðinni.

Hv. þm. flytur hér viðauka við skipulagslögin um svipað efni, sem snertir skipulagið sjálft. Þar leggur hann til að það verði lögákveðið, að í reglugerð skuli ákveðið að á skipulögðum svæðum sé fötluðum og öldruðum gert auðvelt að komast leiðar sinnar, og enn fremur, að götur, gangstéttir, bílastæði og opin svæði skuli gerð þannig, að fatlaðir og aldraðir eigi greiðan gang, og mörg fleiri ákvæði eru þar.

Ég vil lýsa stuðningi minum við efni þessarar till. hv. þm., en bæti því aðeins við, að þetta mál kom til umr. áður en frv. var lagt fyrir og virtist sumum sem ekki væri þörf sérstaklega á lagaákvæðum í þessu efni. En ég er sammála hv. þm. um að það er auðvitað örugg ara að mæla fyrir í lögum að slíkt ákvæði skuli sett í reglugerð.

Það er oft nokkur vandi að velja og ákvarða í því efni, hvað eigi heima í lögum beinlínis og hvað í reglugerð, og vænti ég þess, að hv. n. athugi það mál gaumgæfilega. Ég bendi aðeins á þetta atriði, hvað eigi heima í lögum og hvað í reglugerð, um leið og ég lýsi stuðningi við efni þessa máls og við till. hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 17 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um almannatryggingar er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 28. júní á s. l. sumri. Þau voru gefin út í samræmi við ákvörðun ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 22. júní, til þess að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi, valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum. Því voru þessi ákvæði sett, að fjárhæð annarra árstekna lífeyrisbega en lífeyris varðandi þetta verði hjá einstaklingi 180 þús. kr. í staðinn fyrir 120 þús. kr. og fyrir hjón 252 þús. í staðinn fyrir 168 þús. kr.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta nánar, það liggur alveg ljóst fyrir. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 24). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er svo með þetta frv. að það er einnig til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 28. júní

og voru gerð í samræmi við ákvörðun ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 22. júní 1977, þar sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða á samningssviði þeirra þess efnis, að lífeyrir lífeyrisþega, sem rétt eiga til slíks samkv. lögum nr. 63 frá 1971, verði árin 1977—1979 verðtryggður með greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri og verði útgjöld vegna uppbótagreiðslna þessara borin af þeim lífeyrissjóðum sem í hlut eiga.

Enn fremur skorti í lögin frá 1971, nr. 63, ákvæði er heimili greiðslu makalífeyris til fólks sem búið hefur saman ógift svo árum skiptir, og því talið brýnt að setja slíkt heimildarákvæði, eins og gert var í brbl. og lagt er til hér að verði staðfest.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er eins með þetta frv. og hin tvö, sem ég mælti fyrir áðan, að það er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 9. ágúst í sumar, og það var gert í samræmi við ákvörðun ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í kjarasamningunum sem undirritaðir voru 22. júní, þess efnis, að tekin verði upp sérstök heimilisuppbót á lífeyri allra einhleypra tekjutryggingarþega, sem búa einir á eigin vegum. Frv. er um það, að einhleypingi, sem nýtur óskertra uppbóta tekjutryggingar og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót, 10 þús. kr. á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

Það tók fyrst nokkurn tíma að vinna að undirbúningi þessarar lagasetningar. Hún var gerð í fullu samráði og samstarfi við tryggingaráð og Tryggingastofnun ríkisins. Eftir að brbl. voru gefin út var rætt á milli rn. og tryggingaráðs um að setja sem fyrst reglugerð um tekjutryggingu almennt, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar. Þessi reglugerð hefur verið gefin út nú fyrir nokkru, eða 30. sept., og er í fullu samkomulagi og samvinnu við tryggingaráð og Tryggingastofnun ríkisins. Hér er um að ræða mjög afmarkaða greiðslu úr almannatryggingum. Þessi heimilisuppbót er eingöngu til þeirra sem njóta tekjutryggingar eða eiga rétt á tekjutryggingu og búa algjörlega einir og án aðstoðar annarra. Var það eitt af þeim efnum sem um var samið við aðila vinnumarkaðarins og þá auðvitað sérstaklega við verkalýðshreyfinguna, að þetta yrði gert með þessum hætti.

Hins vegar hefur það komið í ljós, eftir að auglýst var eftir umsóknum samkv. þessum nýju lögum, að margir hafa sótt og það er mjög mikið um það að fólk sækir um þessa heimilisuppbót sem ekki á rétt á henni. Þess vegna taldi tryggingaráð og heilbrrn. rétt að flýta útgáfu þessarar reglugerðar. En ég get til upplýsingar skýrt frá því, að þegar hafa verið úrskurðaðar um 650 umsóknir um þessa heimilisuppbót, en annað eins liggur fyrir af umsóknum sem ekki hefur verið úrskurðað um enn þá og ekkert verið gert undanfarið, vegna þess að velflest starfsfólk Tryggingastofnunar ríkisins er í verkfalli, en verður vonandi, þegar því er lokið, tekið til og úrskurðað um þær umsóknir sem fyrir liggja.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagna alveg sérstaklega 1. gr. þessa frv. og um leið því sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan um reglugerð sem ákvæði nánar um það, hvernig með þessa 1. gr. skyldi farið. Hér held ég að hafi verið um ágæta og þarfa lagfæringu að ræða, því að margháttaður er vandi þessa fólks sem býr eitt og á við tekjutrygginguna eina að búa. Hjá þessu fólki er aukakostnaður ærinn, ekki síst hitunarkostnaður þess fólks sem býr við olíukyndingu.

Það er auðvitað mála sannast, að það er ljóst að þetta ákvæði er allvandmeðfarið í framkvæmd, og því er ánægjulegt að þar hefur komið til reglugerð og þær reglur og þau mörk önnur sem Tryggingastofnunin eða umboðsaðilar hennar miða við.

Um þessi atriði urðu allmikil blaðaskrif í sumar, og ég dæmi ekkert um réttmæti þeirra, en ég veit að hér er oft erfitt um að dæma. Það verður eflaust reynt að fara í kringum þetta af einhverjum. En ég hygg þó að meiri hætta sé á að þeir, sem ótvíræðan rétt eiga, nýti hann ekki og sæki jafnvel ekki um, þó að hæstv. ráðh. upplýsti áðan að svo mikill fjöldi umsókna væri þó kominn sem raun bar vitni.

Ég legg sem sagt aðaláherslu á það, að séð verði svo um að Tryggingastofnunin komi þessu sem best frá sér. Sjálfsagt hefur þetta verið sent í bæklingsformi, eins og Tryggingastofnunin hefur yfirleitt gert, til hvers elli- og örorkulífeyrisþega, með þeim skýringum, að þetta eigi auðvitað eingöngu við það fólk sem býr við tekjutryggingu. En oft nægir það ekki, og ég hygg að umboðsaðilar Tryggingastofnunarinnar þurfi að vera vel vakandi til þess ekki einungis að óverðugir njóti ekki ranglega þessarar uppbótar, heldur enn frekar, að hinir verðugu og þeir, sem mest þurfa á að halda, njóti þessa mikilvæga réttar, því að hér er um þýðingarmikið atriði að ræða sem vegur býsna þungt í lífsframfæri þessa fólks.

Ég þekki því miður dæmi um hvort tveggja: Aðila sem ég veit að hefur fengið samþykki og ég álít að sé hæpið að eigi að njóta þessa réttar. En ég veit hins vegar um fleiri en einn og fleiri en tvo sem hafa ekki hlotið þessa uppbót, bíða e. t. v., en ég hygg að þeir hafi fengið óbeina

synjun frá sínu umboði, en þó enn frekar vegna ónógrar vitneskju og þess jafnvel, að sumu af þessu fólki finnst að hér sé um að ræða of mikið umstang, svo sem algengt er hjá fólki á þessum aldri. Það má kannske segja að fólki, sem bjargar sér ekki til að ná í þessa sjálfsögðu uppbót, sé ekki viðbjargandi. En sannleikurinn er sá, að þetta fólk gerir oft minni kröfur en ýmsir aðrir og finnst ýmislegt varðandi umsóknir um þetta eða hitt vera ansi mikil fyrirhöfn. Ég legg því aðaláherslu á bæði góðar upplýsingar og jafnvel vissa aðstoð umboðsaðila til handa þessu fólki, þar sem víða úti um land gjörþekkja þessir aðilar hvernig ástandið er. Þegar þetta mál verður tekið fyrir í n. mun ég einnig óska þess sérstaklega, að þá liggi fyrir okkur, til þess að við getum séð það, sú reglugerð, sem gefin hefur verið út, og þær reglur, sem Tryggingastofnunin hefur að öðru leyti sett um úthlutun þessara bóta, svo að við fáum að sjá þessar reglur okkur til frekari glöggvunar. En ég fagna sem sagt bæði þessu frv.-ákvæði og eins því, að nú skuli hafa verið sett skýr og ég vona ákveðin reglugerð um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Innlend lyfjaframleiðsla, þáltill. (þskj. 20). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt þrem öðrum þm. Alþb. endurflutt till. til þál. um eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa frv. á þá lund, að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs umfram innflutt lyf, sé hún fyllilega samkeppnisfær.

Að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum, verði læknum lögð viss skylda á herðar að nýta þau umfram hin erlendu lyf.

Jafnframt verði stuðlað að fjölbreyttari lyfjaframleiðslu en nú er.“

Okkur þótti eðlilegt að endurflytja þessa till., því að hún fékk ekki athugun í n. á síðasta þingi, en í grg. hennar sagði, að aðalástæða hennar væri í raun og veru miklar umr. um verðmismun erlendra og innlendra lyfja sem hefðu vakið athygli og ýmsar spurningar, og væri ljóst að svör fengjust ekki við þessu nema með nákvæmri athugun færustu aðila og sú athugun þyrfti að fara fram og svo ráðstafanir í kjölfar hennar.

Það hlýtur auðvitað að vera æskilegast að lyf séu sem ódýrust, og þegar margfaldur verðmismunur hefur komið fram eins og átt hefur sér stað um sumar lyfjategundir, þá er von að krafist sé skýringa og aðgerða. Ég á tæpast von á því, að um miklar breytingar á þessum málum verði að ræða eða einhverja gerbreytingu, hvað þá nýskipan. Spurning er þá um, hvort endurskoðun verður einhver eða standi jafnvel yfir á lögum um lyfjaframleiðslu almennt. En engu að síður töldum við rétt að hreyfa till. aftur í óbreyttri mynd eins og hún var lögð fram á síðasta þingi.

Klögumálin gengu á víxl varðandi þennan verðmismun sem ég rakti þarna sem aðalkveikjuna að þessum tillöguflutningi, og þar bar mjög á milli. Því töldum við að það þyrfti að athuga þetta sem allra best og fá á þessu sem hlutlægasta athugun. Við gerðum okkur ljóst og á það benti ég á síðasta þingi, að mikill vandi fylgdi þessari framkvæmd, ef hún ætti að verða svo sem segir í þessari till., og einnig var á það bent glögglega við umr. á síðasta þingi af hv. þm. Oddi Ólafssyni, sem gerþekkir þessi mál, hver vandi væri hér á ferðum. Við drögum ekkert úr því, að það kann að vera spurning hversu mjög er hægt að skylda lækna til þess sem hér er lagt til. Mat þeirra hlýtur ævinlega að vera mikilvægt. En hins vegar er það, að í reglugerð hlýtur að vera unnt að setja ákvæði sem legði þeim vissar skyldur á herðar. Það eru margs konar lög og reglugerðir til sem setja hinum ýmsu starfsstéttum í landinu reglur sem þeim er skylt að hlíta.

Engu að síður er okkur það ljóst, flm., að hér er um viðkvæmasta þáttinn að ræða. En ég trúi því, að læknar skilji þetta vel og vilji áreiðanlega komast hér að skynsamlegri niðurstöðu. Það hlýtur að vera nauðsyn, svo mjög sem hér ber á milli varðandi lyfjaverð.

Ég sagði að umr. hefðu orðið kveikjan að þessari till. En alveg eins kom hitt til greina, sem ég rakti í framsögu í fyrra, þar sem var saga sjúklings úr mínu heimahéraði sem hafði lengi notað rándýrt erlent lyf við sjúkdómi, þar til nýr læknir breytti til, gaf lyfseðil út á innlent lyf sem bar í hvívetna, að því er ég best veit, sama árangur. Þetta er áreiðanlega aðeins eitt dæmi af miklum fjölda, en varð í raun kveikjan að því, að ég fór að hugsa frekar um þessi mál, ásamt þeim umr. sem um þetta urðu.

Við vitnuðum í grg. okkar í tvö viðamikil frv. sem lögð voru fram í tíð fyrrv. heilbrrh., Magnúsar Kjartanssonar. Ég skal ekki gera annað hér en að rifja upp meginmarkmið þeirra frv.

Annað þeirra var um Lyfjastofnun ríkisins. Hlutverk hennar átti m.a. að vera þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Flytja inn hráefni og umbúðir til lyfjagerðar, sérlyf, eiturefni og hættuleg efni, hjúkrunar- og sjúkragögn og aðrar skyldar vörur, sem lyfjabúðir og sjúkrahús samkv. eðli slíkra stofnana selja eða nota.

2. Selja í heildsölu vörur, sem taldar eru í lið 1, og auk þess innlenda framleiðslu sömu vöru.

3. Annast útflutning á lyfjum.

4. Vinna með stöðugum athugunum gegn hvers konar óhóflegri notkun lyfja og stuðla að hagsýni í lyfjanotkun meðal almennings og á sjúkrahúsum.

5. Safna og vinna úr upplýsingum varðandi lyfjanotkun í samráði við heilbrrn.

6. Stuðla með fjárframlögum í mennta- og rannsóknarskyni að framförum í lyfjafræði, lyfjaframleiðslu og skyldum greinum.“

Hér var um viðamikið frv. að ræða og vandasamt um leið, og þetta frv. var greinilega viðkvæmt. Hinir færustu menn höfðu samið það,

en mjög voru skiptar skoðanir um það og það náði ekki afgreiðslu, man ég eftir, frá þessari hv. d. Um það urðu miklar deilur.

Hitt frv. var um lyfjaframleiðslu og var varðandi sérstakt fyrirtæki þar sem átti að endurskipuleggja lyfjaverslunina með því að tengja hana við heilbrigðisþjónustuna og setja hana undir félagslega stjórn. Um það frv. varð miklu meiri samstaða. En tilgangur þess fyrirtækis, sem þarna átti að stofna, átti að vera annars vegar að starfrækja meiri háttar lyfjaframleiðslu samkv. löggiltri lyfjaskrá og löggiltum lyfsalasöfnum og lyfjaforskriftum og í öðru lagi að stunda tilraunir og rannsóknir með það fyrir augum að framleiða sérlyf.

Einn kaflinn í þessu frv. fjallaði alveg sérstaklega um verðlagningu á lyfjaframleiðslu, þar sem sagði að það skyldi ávallt vera kostnaðarverð með hæfilegu tilliti til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Í aths. sagði einmitt, að það hefðu farið fram nokkrar undirbúningsviðræður við fyrirtækið Pharmaco hf. um hugsanlegt lyfjaframleiðslufyrirtæki sem væri þó að meiri hluta til í eigu ríkisins. Þetta frv. var afgr. frá okkur í Ed. með einhverjum breytingum. Það kom fram mikill vilji margra til að koma þessu frv. fram, en mikla andstöðu varð ég ekki var við, eins og varðandi hið fyrrnefnda frv.

Ég varð þess áskynja þá sem formaður heilbr.- og trn. þessarar d. í viðtölum við sérfróða aðila, að þörf var á hvoru tveggja, og því mætti segja nú, að það væri nær að flytja a. m. k. það frv., sem meiri samstaða var um, inn í þingið á ný og láta reyna á það eða a. m. k. viss atriði þess. Vel gæti af því orðið, að þetta frv. yrði endurflutt á þessu þingi í einhverri mynd, þó að síðar yrði. Margar breytingar á núverandi löggjöf eru einnig hugsanlegar. Ég vitnaði í fyrra aðeins í eitt atriði, sem vísir menn höfðu þá bent mér á, en það var í sambandi við lyfjaskráningu hér, hún væri þyngri í vöfum, tæki lengri tíma en t. d. á Norðurlöndunum, í nágrannalöndum okkar. Hér gilti 20 ára regla um skráningartíma, en allt niður í 5 ár í sumum okkar nágrannalöndum. Og mér var sagt að þessi regla stæði m. a. í vegi fyrir því, að hægt væri að knýja niður verð á lyfjum. Hins vegar væri auðvitað hægt að neita um frekari hækkanir á þeim. Nú er ég ekki nógu vel að mér til þess að vita hvort þetta er rétt, en þetta tjáðu mér vísir menn.

Ég benti einnig á nokkrar staðreyndir sem ég vil vísa aftur til stuttlega, annars vegar um hlutföll erlendra og innlendra lyfja og hins vegar um mismun á lyfjaverði. Þar var miðað í sambandi við lyfjanotkun hér annars vegar við erlend lyf og hins vegar þau innlendu, og þar var vitnað í skýrslur um það, að magnið hefði haldist mjög svipað frá árinu 1970 til 1975, þ. e. a. s. um 33% bæði árin, en hvað verðmæti snertir hefði þróunin orðið sú, að 1970 voru um 28% af lyfjunum innlend lyfjaframleiðsla, en á árinu 1975 aftur um 23%, hafði sem sagt farið niður um 5%. En ég fékk þá skýringu á því, að þar væri sumpart um að kenna sífellt dýrari erlendum lyfjum sem kæmu á markaðinn, en ekki beinlínis því, að innlend lyfjaframleiðsla hefði dregist svo mjög saman. Þetta var að vísu samanburður milli áranna 1970 og 1975, en mér er tjáð að 1976 hafi þessi hlutföll lítið breyst, en þó heldur í óhag innlendu lyfjunum hvað verðmæti snertir.

Dæmi um verðmismun tek ég einnig frá því í fyrra, enda mun sá verðmismunur enn þá marktækur að öllu leyti. Þar nefndi ég dæmi um þennan verðmismun innlendra og erlendra lyfja, annars vegar um róandi lyf, sem væru mjög mikið notuð hér, en sá skammtur, sem þar væri miðað við, kostaði 335 kr. af hinu innlenda lyfi, en af hinu erlenda, sem hefði nákvæmlega sams konar verkun að því er mér var sagt, kostaði hann í öðru tilfellinu 2193 kr., en í hinu tilfellinu 2190 kr. Ég nefndi hins vegar dæmi um glákulyf, innlent lyf sem kostar 695 kr., danskt lyf sem kostar 1194 kr., sami skammtur, og svo bandarískt, sem kostaði 2296 kr. sami skammtur.

Hér er um gífurlegan mismun að ræða, og vafalaust eru hér tekin grófustu dæmin, sem ég hef beint frá þeim aðila sem hér þekkir gerst til. Þessi verðmismunur fær auðvitað engan veginn staðist, vegna þess að hér er að áliti færra manna um nákvæmlega jafnárangursrík lyf að ræða. Í þessum tilfellum hlýtur að vera eðlilegt og sjálfsagt að innlend lyf njóti viss forgangs umfram hin innfluttu, og þar koma auðvitað læknarnir fyrst og fremst við sögu, og þess vegna erum við með þennan síðari hluta okkar tillögu.

Ég benti á það í fyrra, að hér væru ýmsir erfiðleikar á ferð varðandi innlendu lyfjaframleiðsluna hvað snertir einkaleyfi á þessum lyfjum mörgum, hráefni væri ekki auðfengið til þeirra o. s. frv., en um meginhluta þessara lyfja gilti þó það, að við gætum og við ættum að framleiða þau sem allra mest. Og þá starfsemi, sem snertir innlendu lyfjaframleiðsluna, þyrfti því sannarlega að styrkja og að því beinist einmitt till. okkar.

Ég vitnaði þá í það, að ég hefði heyrt hinn ágætasta lækni hafa þau orð hér um, að við ættum jafnvel að innleiða bann við innflutningi rándýrra lyfja, ef jafngóð lyf væru fyrir hendi hér. Við viljum auðvitað ekki ganga svo langt, en þó kann það að koma til álita. Ég virði a. m. k. orð þessa ágæta manns mikils, en hann viðhafði þau einmitt í því sambandi, að það þyrfti þá ekki að ganga eins hart fram í því að leggja einhverja vissa skyldu á herðar læknunum. En auðvitað verður þá að vera fullkomlega úr því skorið — og á það leggjum við og lögðum áherslu — fullkomlega úr því skorið, að hér sé um jafngóð og jafnárangursrík lyf að ræða, og það er alls ekki okkar meining að hér verði flanað að neinu.

Efling þessarar framleiðslu, að svo miklu leyti sem við fáum stjórnað og ráðið við, er ekkert áhorfsmál. Það er nýlokið miklu áróðursári og þörfu fyrir innlendan iðnað, og nú þurfa verkin sem víðast að tala. Hér er að einum þætti vikið sem hefur mikla þýðingu fyrir þjóðarheildina og snertir hvert mannsbarn. Það, hve verðsamanburðurinn er hagstæður innlendri framleiðslu, sem ekki er algengt, jafngóðri að talið er, ætti einmitt að ýta hér mjög undir. Ef endurskoðun er í gangi á lyfjaframleiðslu og fyrirkomulagi hennar og skipulagi í heild, þá hljóta þessi atriði

að koma þar með, og þá tel ég kost að þau hafi verið reifuð hér og fengið sína eðlilegu meðferð í nefnd.

Við flm. drögum sem sagt enga dul á vanda og viðkvæmni sumra þátta þessa máls, einkum þess er lýtur að læknunum og einnig um þá staðhæfingu að lyfin séu jafngóð talin. Þar kann að vera að um vandasöm mörk kunni að vera að ræða, ég er ekki nægilega fróður til að vita það. En ekki er unnt að láta sem ekkert sé þegar verðmismunur er svo gífurlega mikill og fullyrðingar lærðustu manna hníga í þá átt, að um jafngóða vöru og árangursríka til lækninga sé að ræða. Að þessu þarf sem sagt að huga, og að því lýtur till. okkar. Við treystum því, að hér verði hægt að finna einhvern þann veg færan sem losar okkur við verstu agnúa skipulags og framkvæmdar í dag. Því er till. þessi flutt, sem ég vil svo leggja til, herra forseti, að verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 4. fundur.

Miðvikudaginn 19. okt., kl. 2 miðdegis.

Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum, frv. (þskj. 2). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þetta frv. um niðurfellingu útflutningsgjalda af kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977 er flutt til staðfestingar á brbl. um sama efni sem út voru gefin 15. júlí á s. l. sumri. Þetta var einn þáttur í því að draga verulega úr veiðum á þeim fisktegundum, sem eru í verulegri lægð um þessar mundir, og leggja þess í stað kapp á að auka veiðar á öðrum tegundum og þá sérstaklega á kolmunna og spærlingi, sem haft var í huga. En til þess að greiða fyrir því og auka áhuga manna á þessum veiðum var talið nauðsynlegt að leggja til, að útflutningsgjald af þessum afurðum yrði fellt niður á þessu ári. Þrátt fyrir það að þetta útflutningsgjald var fellt niður, sem gerði það að verkum að þessar afurðir til útgerðar og sjómanna hækkuðu um nálægt 1.10 kr. hvert kg, var árangurinn ekki að sama skapi, því að kolmunnaveiði var mun minni en við gerðum ráð fyrir, að menn mundu frekar fara yfir í þessar veiðar en áður. Þær byrjuðu, þessar veiðar, við Færeyjar samkv. samningi og samkomulagi á milli Færeyinga og Íslendinga, og þar veiddust tæpar 5200 lestir af kolmunna, en við Austurland veiddust um 3150 lestir sem eitt einasta skip, Börkur frá Neskaupstað, tók, en hélt því miður ekki áfram þessum veiðum. En hann var einnig einn af þátttakendunum í veiðum við Færeyjar. Önnur veiði á kolmunna hefur verið fram til miðs þessa mánaðar um 625 tonn. Samtals hefur kolmunnaveiðin numið tæpum 9 þús. tonnum, eða 8950 tonnum.

Á vegum sjútvrn. og í nánu samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunina var tekinn á leigu togarinn Runólfur frá Grundarfirði og aflaði hann 125 lesta og þar af voru heilfrystar hjá ýmsum frystihúsum um 50 lestir. Sömuleiðis var unnið í marning í frystihúsi í Sandgerði og heilfryst, slægt og hausað af Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði 20 lestir á hvorum stað, en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur unnið úr afla Runólfs í Gerðum um það bil 150 lestir í skreið eða til þurrkunar, og það er stærsta tilraun sem hefur verið gerð á þessu sviði á þessu ári. Þessar tilraunir halda áfram, og nú nýlega hefur á vegum sjútvrn. verið tekinn á leigu annar togari þegar Runólfur hætti, togarinn Guðmundur Jónsson frá Sandgerði, sem er ætlunin að leigja um mánaðarskeið til þess að halda þessum veiðum áfram, og þá sérstaklega á Dornbanka, og leggja upp bæði kolmunna til vinnslu í verksmiðjum og eins að halda þessum þurrkunartilraunum áfram á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Spærlingsveiðarnar hafa einnig verið mun minni en menn gerðu sér vonir um á s. l. vori. Það hefur verið landað mest í Vestmannaeyjum, 11200 tonnum, í Þorlákshöfn rúmlega 6400 tonnum og Grindavík og víðar 12 þús. tonnum, eða samtals liðlega 18800 tonnum. En þrátt fyrir það að almennur áhugi er ekki hjá útgerðarmönnum á kolmunnaveiðum og kolmunnavinnslu, þá tel ég að þessi brbl. hafi verið nauðsynlegt að gefa út og nauðsynlegt að staðfesta af Alþ. Og ég vil lýsa því hér yfir, að ég tel að þó að þessi lög séu aðeins um niðurfellingu útflutningsgjalda á þessu ári, þá tel ég mjög koma til greina að framhald verði á þessu á næsta ári, meðan verið er að glæða áhuga manna á veiðum á þessum fisktegundum og á þann hátt að draga úr öðrum fiskveiðum.

Forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til sjútvn. með 30 shlj. atkv.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Ég vil fylgja þessu frv. úr hlaði með nokkrum orðum.

Ég minni fyrst á, að það kom fljótt í ljós þegar Íslendingar fóru að skipa stafsetningarmálum sínum með opinberum auglýsingum, að landsmenn yfirleitt létu sig þau mál miklu varða. Nægir að minna á að það liðu áratugir frá útgáfu auglýsingar 1929 þar til t. d. öll dagblöð landsins höfðu tekið þá stafsetningu upp sem þar var notuð. Menn voru alls ekki sáttir við hana fyrst lengi vel. Svo fór um síðir að allur þorri landsmanna tók upp þessa stafsetningu og batt raunar við hana allmikla tryggð, eins og síðar hefur komið á daginn.

Einstök atriði stafsetningarinnar frá 1929 sættu þó gagnrýni að sjálfsögðu, svo er um flest mannanna verk. En nærri hálf öld leið þó áður en til breytinga kæmi af opinberri hálfu.

Breytingar, sem gerðar voru 1973 og 1974, vöktu mikið umtal, miklar deilur má raunar segja. Þær voru gagnrýndar harðlega af sumum, en nutu ákveðins stuðnings annarra. Kom þar enn glöggt í ljós mjög mikill og almennur áhugi á þeim þætti íslensks máls er stafsetninguna varðar og e. t. v. miklu meiri áhuga en ýmsa hafði órað fyrir.

Mér virðist þeir atburðir eða þær umr., sem orðið hafa í tengslum við breytingarnar 1929 og svo aftur 1974, benda eindregið til þess, að það sé ósk hins almenna borgara, ef svo mætti segja í þessu tilfelli, að sem mestur stöðugleiki sé í stafsetningarmálum okkar. Einn alþm., Ingi Tryggvason, komst svo að orði fyrir nokkru, að það væri hæfilegt að breyta íslenskri stafsetningu einu sinni á öld. Ég veit ekki hvort þessi hv. þm. hefur meint þetta bókstaflega. En mér er satt að segja nær að halda, að þeir séu ekki svo fáir sem innst inni hugsa eitthvað á þessa leið. — Ég skal játa það hreinskilnislega, að ég hallast frekar á þá sveifina.

S. l. vetur efndi menntmrn. til allfjölmennrar ráðstefnu um íslenska stafsetningu hér í Reykjavík í samræmi við ábendingar frá Alþ. vorið áður, og hv. þm. fengu á sínum tíma fundargerð þessarar ráðstefnu. Þessi ráðstefna var mjög vel sótt. Þar mættu málvísindamenn og móðurmálskennarar fyrst og fremst, nokkrir alþm. og fleiri áhugamenn um þessa hluti. Í byrjun þessarar ráðstefnu lagði ég fram hugmynd að eins konar málamiðlun um þau atriði sem mest hefur verið deilt um. Lærðir menn og ágætir íslenskumenn ræddu síðan þær hugmyndir og þó miklu fremur málið almennt, ég vil fullyrða bæði af vitsmunum, mikilli þekkingu og mikilli hófsemi. Í framhaldi af þessari ráðstefnu ræddi ég svo stafsetningarmálin í þrengri hópum með málvísindamönnum og móðurmálskennurum einkum. Það kom glöggt í ljós, að menn voru síður en svo sammála um einstök atriði, ekki heldur þeir aðilar sem yfirgripsmesta og traustasta þekkingu höfðu á þessum málum, á íslensku máli. Nokkrir vildu hverfa alfarið til stafsetningarinnar frá 1929, eins og raunar er kunnugt, m. a. af umr. hér á Alþ. Aðrir vildu enga breytingu gera frá því sem komið var, en í þeim hópi virtust kennarar fjölmennir. Og mörg önnur sjónarmið komu fram, bæði á ráðstefnunni og í þessum viðræðum sem ég var að nefna. Og satt að segja man ég ekki eftir neinu afmörkuðu, veigamiklu atriði sem allir væru sammála um, liggur mér nú við að segja. Það er kannske heldur djúpt tekið í árinni, en ekki fjarri lagi. En eins og ég sagði áðan, held ég að það leiki ekki á tveimur tungum, að mjög margir, sem þarna lögðu orð í belg, og ég vona að enginn alþm. dragi það í efa, voru og eru ágætlega vel að sér um íslenskt mál og málnotkun. Má nærri geta, fyrst það eru svona skiptar skoðanir hjá þessum hópi manna, að mönnum með mína menntun, mína móðurmálskunnáttu eða ámóta, þeim situr kaka við rass að gerast dómarar og segja til um hvað rétt sé og hvað rangt í einstökum tilvikum stafsetningarinnar. Og ég get tekið mér í munn orð viðmælanda Jóns Indíafara á knæpunni í Kaupmannahöfn og sagt: „Það má Óðinn gera, en ég aldrei.“

Þó virðist mér augljóst eftir ráðstefnuna og eftir þær umr, sem fylgdu í kjölfar þessarar ráðstefnu, að sú breyting, sem flestir aðhylltust, var að taka aftur upp fyrri reglu og venjur um hversu rita skuli stóran staf og lítinn, og þá á ég við það sem gilt hafði frá 1929. Ég gat ekki fundið að það væri hörð andstaða gegn breytingum í þá stefnu. En þessi orð ber þó ekki að skilja svo, að um þetta væru allir málvísindamenn og móðurmálskennarar sammála, sbr. það sem ég áður sagði.

Að þessari niðurstöðu fenginni ákvað ég sem sagt að breyta með auglýsingu reglum um stóran og lítinn staf til samræmis við fyrri háttu, nokkurn veginn nákvæmlega, og auglýsing um þetta efni var gefin út 28. 6. 1977 í svipuðu formi og á sama hátt og áður hefur verið gert.

Það er mín skoðun að nú sé alveg tvímælalaust tímabært að hugleiða í fullri alvöru meðferð stafsetningarmálanna í framtíðinni og taka ákvarðanir um það, hvernig þeim málum verði skipað framvegis. Mér sýnist að óánægjan frá árinu 1929 og svo aftur 1973 og 1974 gefi það til kynna, að það sé æskilegt að breyta nokkuð aðferðum við töku ákvarðana um íslenskt ritmál, íslenska stafsetningu.

Þetta atriði var nokkuð hugleitt í menntmrn. veturinn 1975—1976, m. a. í framhaldi af þál. sem afgreidd var frá Alþ. árið áður. Varð þá og þar, í rn., til frv. til l. um setningu reglna um íslenska stafsetningu. Fyrstu drög þessa frv. gerðu þeir að beiðni minni Árni Gunnarsson deildarstjóri og Runólfur Þórarinsson fulltrúi. Síðar fjölluðum við Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri og raunar fleiri einnig um þessi frv.-drög. En það frv., sem þá varð til í rn. á þennan hátt, var svo lagt fram á Alþ. 1975—1976. Það var ekki grundvöllur fyrir því að flytja það sem stjfrv., því að ráðh. voru ekki allir á einu máli um það. Ég flutti þá frv. sem menntmrh., eins og hv. þm. rekur minni til. Þetta frv. fór ekki langt í þinginu, en nokkrar umr. urðu þó um það og mér fannst alþm. út af fyrir sig ekki taka frv. illa. Mætti segja að þeir hafi tekið frv. sæmilega. Einkum var gagnrýnd skipun eða samsetning þeirrar n. sem vera skyldi rn. til aðstoðar og leiðbeiningar við ákvarðanatöku þegar og ef til breytinga kæmi. En þm. töldu skipun þessarar n. helst til þrönga.

Nú er best að segja hverja sögu eins og hún gengur. Þrátt fyrir nokkra yfirvegun hefur mér og okkur félögum þarna í menntmrn. ekki tekist að bæta um búnað frv. sem ég áðan nefndi, eins og ég segi, þrátt fyrir nokkra yfirvegun, því að við höfum dálítið rætt þetta mál í okkar hópi og raunar við fleiri, svo að ég flyt hér frv. óbreytt og að öllu með sama hætti og fyrr.

Ég vil nú leitast við að gera örlitla grein fyrir efni frv.

Eins og fyrirsögn þess ber með sér: Frv. til l. um setningu reglna um íslenska stafsetningu, er hér um að ræða fyrirmæli um verklag, en ekki um það, hversu rita skuli einstök orð.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um að menntmrn. setji reglur um íslenska stafsetningu. Þar er skilgreint gildissvið slíkra reglna, og ég hygg að þar sé í engu vikið frá því, sem nú gildir varðandi gildissviðið.

Í 2. gr. frv. er svo kveðið á um skipun n. sem leita skal tillagna frá áður en stafsetningarreglum er breytt. Í þessari n. skulu sitja menn með sérþekkingu á íslenskri tungu og með reynslu í kennslu móðurmálsins. Einn nm. skal tilnefndur af deildarráði heimspekideildar Háskóla Íslands og vera úr hópi fastra kennara Háskólans í íslenskri málfræði. Einn skal skipaður af Íslenskri málnefnd úr hópi nm. sem yfirleitt eru málvísindamenn. Og loks tilnefnir stjórn Félags ísl. fræða þriðja nm. og skal hann vera úr hópi móðurmálskennara á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Þegar þetta frv. lá hér fyrir Alþ. í fyrstu var, eins og ég áðan gat um, skipun þessarar n. nokkuð gagnrýnd og einkum að hún skyldi ekki vera fjölmennari. Ég hef nokkuð hugleitt þetta atriði sérstaklega, en niðurstaða mín varð sú að breyta ekki þeirri tilhögun sem hér er lagt til að höfð verði. Þá er hvort tveggja, að ég tel skipan þessarar n. þannig undirbyggða í frv., að hún ætti að tryggja nokkra breidd í viðhorfum. Inn í n. koma fulltrúar frá málvísindamönnum og svo frá kennurum, og tel ég grundvallaratriði að fá þessa tvo aðila beint inn í þessa n. Einnig er svo hitt, að í lok 2. gr., síðari mgr., er að því vikið og óbeint hvatt til þess að rn. leiti „umsagnar um till. n. hjá öðrum sérfróðum aðilum um íslenska tungu og móðurmálskennslu“, eins og þar segir. Ég tel þess vegna að auðvelt ætti að vera að koma á framfæri flestum eða öllum sjónarmiðum í gegnum störf þessarar n. En svo sem af sjálfu leiðir, þá er það auðvitað á valdi Alþ. að hafa hér annan hátt á og breyta ákvæðum 2. gr.

Í 3. gr. segir, að „við framkvæmd laga þessara skal þess gætt að stuðlað sé að æskilegri festu í stafsetningu og reglum ekki breytt örar en nauðsynlegt þykir til samræmis við eðlilega þróun“. Hér er lögð áhersla á að festa sé æskileg í stafsetningu og í greininni er ákvæði sem er ætlað að tryggja að þeirra sjónarmiða verði gætt við framkvæmd laganna. Og ég álít, eins og ég áðan drap á, að einmitt þetta sé í samræmi við skoðanir alls þorra manna.

Loks er svo í 4. gr. ákvæða um það, að áður en settar eru stafsetningarreglur eða gerðar breytingar á þeim, þá skuli afla heimildar Sþ. til breytinganna í formi þál. Með þessu ákvæði er því slegið föstu, að þær stafsetningarreglur eða breytingar á stafsetningarreglum, sem menntmrn. hyggst gefa út að fengnum till. sérfræðinganna, verði hverju sinni lagðar fyrir Sþ. sem fskj. með till. til þál. um heimild til útgáfu þeirra.

Ég hef þessi orð þá ekki miklu fleiri, held ég. En ég legg á það megináherslu að með þessu frv. er reynt að tryggja æskilega festu í stafsetningunni og að tryggja hvort tveggja, að sjónarmið sérfræðinga fái að njóta sín, sérfræðinga og móðurmálskennara, en verði þó ekki gerð gildandi nema Alþ. hafi kynnt sér og samþykkt.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til menntmn.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég hef ekki séð þetta frv. áður, ég gat ekki tekið þátt í störfum Alþ. þegar það var lagt fram upphaflega. Ég hef lesið það núna og ég fæ ekki betur séð en þetta frv. sé hófsamlegt og skynsamlegt í öllum meginatriðum og hef í sjálfu sér enga aths. að gera við það. Að vísu er þarna á einum stað orðalag sem ég felli mig ekki alveg við. Það er talað um að nauðsynlegt sé að stuðlað sé að æskilegri festu í stafsetningu. Á því máli eru tvær hliðar.

Þess er getið í upphafi grg., að um þetta mál hafi mikið verið rætt á þingi 1975—1976. Ég fylgdist með þeim umr. með aðstoð fjölmiðla, og mér virtust þetta vera umr. af því tagi sem stundum spretta upp hér á Alþ. þegar í þjóðfélaginu eru mikil vandamál sem menn eiga erfitt með að festa hendur á. Þá ber einatt svo við að alþm. fara að deila hatrammlega um einskisverða hluti, algerlega ómerkilega hluti. Þetta hefur verið gert oft áður í minni tíð hér á þingi. Ég minnist hatrammlegra umr. sem urðu á sínum tíma um rjúpuna. Þetta voru umr. af nákvæmlega sama tagi. Menn æstu sig upp út af hlutum sem voru algert smáatriði og skipta ekki nokkru minnsta máli í sambandi við stafsetningu.

Ég ætla ekki að fara að stuðla að slíkum deilum með þeim fáu orðum sem ég segi hér. Ég er þeirrar skoðunar að um stafsetningu eigi aðeins að gilda ein regla, að hún eigi að vera sem auðlærðust og aðgengilegust fyrir fólk, og sem betur fer er íslensk tunga svo gagnsæ að það er hægt að koma þessu við hér á Íslandi. En markmiðið stafsetningar á að vera það eitt, að allir, sem ganga í barnaskóla, eigi að geta lært að stafsetja málið á sem auðveldastan hátt. Þessi regla ein á að gilda og ekkert annað.

Menn tala stundum um nauðsynina á samhengi í íslensku ritmáli. Það samhengi er vissulega til, en ekki í formi stafsetningar. Ef maður les forn handrit, eins og ég gerði dálítið endur fyrir löngu, þá sér maður að það er sérstök stafsetning á hverju einasta handriti og sú stafsetning gefur raunar ýmsar vísbendingar um skrifara handritanna sem fróðlegt er að hafa. Þessi skipan hélst allt fram á 19. öld. Sendibréf og alls konar plögg eru til frá þessu tímabili og þau eru skrifuð hvert með sinni stafsetningu, og þetta hefur reynst málvísindamönnum ákaflega mikill kostur, því að einmitt vegna þess að ekki voru staðlaðar reglur um stafsetningu geta málvísindamenn lesið úr þessum handritum ýmsar breytingar á framburði íslenskrar tungu, t. a. m. gert grein fyrir því, hvenær Íslendingar týndu niður að bera fram það hljóð sem merkt er stafnum ufsilon. Það hefði sennilega ekki vera hægt ef til hefði verið einhver samræmd stafsetning, einhver stöðluð stafsetning sem menn hefðu hlýtt, hvernig svo sem breytingar hefðu orðið á framburði landsmanna. Ég tel það mikinn feng að þetta kerfi var ekki til, að það var ekki til nein samræmd stafsetning þá, eins og danskur málfræðingur og kreddumaður, sem hét Wimmer, kom á á seinustu öld og síðan hefur verið notuð mestmegnis við útgáfu handrita. Ég get staðhæft, að það er miklu skemmtilegra að lesa handritin eins og þau voru,

með rithætti skrifaranna, heldur en með þessari samræmdu stafsetningu fornu.

Að því er varðar nútímamálið, þá hygg ég að nútímastafsetning eigi rætur sínar að rekja til málfræðingsins fræga, Rasmusar Kristjáns Rask, sem kom hingað og skrifaði málfræðirit um íslenska tungu sem kannske er grundvöllur þeirrar þróunar sem þar hefur orðið. Það voru hér uppi á sínum tíma ákaflega ofstækisfullar skoðanir um stafsetningu. Það voru á sínum tíma sett lög hér á Alþ. sem höfðu þann tilgang að koma *Halldóri Laxness í tugthúsið vegna þess að hann* leyfði sér að gefa út forn handrit með nútímastafsetningu, en ekki þessari samræmdu stafsetningu fornrita. Hæstiréttur hratt að vísu þeirri fáránlegu lagasetningu.

Ég lýsi yfir þessari almennu skoðun minni, að ég tel að stafsetning eigi að vera sem einföldust og auðlærðust fyrir alla. Það er ekki nema sáralítill hluti þjóðarinnar sem fer í það að lesa gömul handrit eða miðaldahandrit, og ég get borið því vitni að það er ekkert ýkjaerfitt að komast upp á lag með það og þeir, sem það gera, geta haft mikla ánægju af því, einmitt vegna þess að stafsetningin var ekki samræmd.

Stafsetningin er ákaflega mikilvægt atriði, og við Íslendingar erum þar vel settir vegna þess hve gagnsætt mál okkar er. Ég vil minna t. a. m. á náfrændur okkar Færeyinga. Þeir tóku upp á sínum tíma stafsetningu sem var sniðin eftir íslenskri stafsetningu. Þetta er mjög hagkvæmt fyrir okkur. Það er enginn vandi fyrir Íslendinga að lesa færeyskan texta. En þessi stafsetning, sem Færeyingar tóku upp, er mjög erfið fyrir færeysk börn, því að bilið á milli ritaðs máls og talaðs er þar ákaflega mikið. Og þetta þekkjum við úr ýmsum þjóðtungum öðrum, t. a. m. ensku, sem er ákaflega þægilegt mál í sjálfu sér. Stafsetning þar er svo erfið að það getur enginn maður lært hana. Jafnvel menn, sem hafa þá atvinnu að skrifa hvern einasta dag, munu á hverjum einasta degi þurfa að gá í uppsláttarrit til að vita hvernig sum orð eru stafsett. Og þetta er áreiðanlega óhemjulegur þröskuldur fyrir almennt fólk í landi eins og Bretlandi. Mig minnir að rithöfundurinn Bernard Shaw hafi gefið allar eignir sínar, þegar hann lést, til þess að hægt væri að koma fram breytingum á stafsetningu enskrar tungu. En ég held að lítið hafi verið gert í því þrátt fyrir þetta. Þetta var víst allhá fúlga. Í hana runnu m. a. höfundarlaun fyrir bækur hans. Þetta er mikið vandamál víða um lönd. T. a. m. í Kína og fleiri löndum er ekki notað stafróf, heldur rittákn sem merkja hvert sitt orð. Í Kína t. a. m., ef menn vilja verða sæmilega skrifandi eða læsir, þá verða þeir að læra hvorki meira né minna en 3000—5000 rittákn. Það er margra ára erfitt starf fyrir barn að læra þetta. Stafsetning skiptir því ákaflega miklu máli. En ég endurtek það sem ég sagði í upphafi: Afstaða mín er sú að hún eigi að vera sem allra einföldust. Ég er mjög á bandi Fjölnismanna það árið sem þeir gáfu Fjölni út undir forustu Konráðs Gíslasonar með stafsetningu sem var ákaflega lík framburði.

En ég ætla aðeins að gera aths. við eitt atriði og það var tilefnið til þess að ég kvaddi mér hljóðs. Á 4. síðu þessa bskj. er auglýsing um breytingu á auglýsingu frá 1974 um íslenska stafsetningu. Í þessari auglýsingu er fjallað um óhemjulega ómerkilegt atriði, þ. e. a. s. það, hvaða orð eigi að skrifa með stórum staf og hver með litlum. Þetta byrjar á langri þulu. Ég sé orðið Stokkseyringur og tek eftir því, af því ég er Stokkseyringur *sjálfur og þykir vænt um* Stokkseyri, en mér er alveg hjartanlega sama hvort Stokkseyringur er skrifaður með litlum staf eða stórum, það skiptir ekki nokkru minnsta máli. En það er eitt atriði í þessari auglýsingu sem skiptir máli, því að þar er komið inn á allt aðra hluti en stafsetningu. Í seinni hluta auglýsingarinnar er brtt. við 12. gr. upphaflegrar auglýsingar og þar stendur: „Nöfn á fylgismönnum stefna, jafnframt stjórnmálastefna sem annarra, svo og nöfn á fylgismönnum einstakra forustumanna skal rita með litlum staf, t. d. framsóknarmaður, sjálfstæðismaður, alþýðuflokksmaður“ — og svo heldur þulan áfram og endar á „hitlerssinni, maóisti, gaullisti“ o. s. frv. Ég vil biðja menn að veita athygli muninum sem þarna er í upphafi: framsóknarmaður, sjálfstæðismaður, alþýðuflokksmaður. Af hverju stafar þessi munur? Hann stafar af því að það er til á íslensku orðið alþýðumaður og það er ekki hægt að nota orðið alþýðuflokksmaður í sömu merkingu og alþýðumaður, það væri ofbeldi gagnvart málskynjuninni. Um þetta væri hægt að hafa ýmsar útleggingar um eðli Alþfl. t. a. m. og ég kæri mig ekkert um það. Ég er að benda þarna á atriði sem ég tel skipta miklu máli. Því er alveg eins farið með orðin framsóknarmaður og sjálfstæðismaður, að þau hafa allt aðra merkingu en framsóknarflokksmaður og sjálfstæðisflokksmaður. Þau hafa allt aðra merkingu og það er ofbeldi af hæstv. menntmrh. að heimta það að menn skrifi sjálfstæðismaður og framsóknarmaður með litlum staf í merkingunni sjálfstæðisflokksmaður og framsóknarflokksmaður. Þetta er ofbeldi við tunguna og þessu *vil ég mótmæla*. Ég mun aldrei gera þetta sjálfur. Hvað sem hæstv. ráðh. auglýsir þetta margsinnis og jafnvel þó að hann setji lög um að refsa mönnum fyrir að gera þetta ekki, þá mun ég aldrei hlýða þessu. Ég mun annaðhvort skrifa sjálfstæðisflokksmaður og framsóknarflokksmaður með litlum staf, eða ég gæti líka skrifað Framsóknarmaður og Sjálfstæðismaður, með stórum staf, vegna þess að þessir menn vilja heita þetta og þeir mega heita það sem þeir vilja. En þetta er heiti. Þetta er ekki það sama og sjálfstæðismaður og framsóknarmaður hafa sem merkingu í orðinu sjálfu og er miklu eldri merking en þessir tveir flokkar. (**Gripið fram í:** Það má hafa það innan gæsalappa.) Það má hafa það innan gæsalappa, já, en það felst ekki í þessari auglýsingu. Og ég vil vara hæstv. menntmrh. mjög alvarlega við því að blanda saman merkingu tungunnar, sem er ákaflega mikilvægt atriði, og formsatriðum eins og stafsetningu. Það er gert þarna á þann hátt sem ég mótmæli algerlega, og ég endurtek þá tilkynningu mína til hæstv. menntmrh. að ég mun aldrei fylgja þessari auglýsingu hans um stafsetningu á íslenskri tungu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta mál og þessi málatilbúnaður er að vísu ekki nýr hér

fyrir sjónum hv. þm. Þessi tillögugerð, sem er hér í frv.-formi, rak hér fyrst á fjörur þm. sem vinnuskjal frá starfsmönnum hæstv. menntmrh. sem hann hafði að þeirra beiðni haldið á hér niður eftir. Hann sendi þetta til samstarfsflokksins, sem eru 8 þm. fjölmennari, sem styður hæstv. menntmrh., til umsagnar og samstarfsflokkurinn vísaði þessu algerlega á bug, alfarið, um það var enginn ágreiningur. Nú er þetta ekki flokksmál og ekki stjórnarmál, þannig að hann hefur að sjálfsögðu frjálsar hendur um það að flytja þetta sjálfur. En það hefur hver fyrir sig smekk um hvernig samstarfið eigi að vera á milli flokka. Ástæðan fyrir því, að Sjálfstfl. tók ekki í mál þessa aðferð, var sú, að áður en að því er komið að við finnum skipan málsins, finnum leið til þess að skipa málum þessum, þá verðum við að ná sáttum fyrst í þeirri miklu þrætu sem staðið hefur yfir. Þarna var verið að hlaupa yfir og þessi aðferð var fundin út af þeim mönnum sem hafa lagst á öll tog um það að ná þessum breytingum fram og halda þeim sem í fljótræði voru gerðar á sínum tíma.

Ég er — og hef lýst því yfir áður — samþykkur þeirri reglu í meginatriðum sem er lögð til í þessu frv. En áður en við skipum málum á þann veg þurfum við að ná samkomulagi. Að vísu má segja að Alþ. hafi tekið af skarið áður um þetta efni. Það er langt síðan Alþ. gerði það. Það var samþykkt hér á hinu háa Alþ. þáltill. þar sem ekki var skorað á ríkisstj. til eins eða neins, heldur tekin ákvörðun um að hrundið skyldi þeirri ákvörðun að fella z niður úr rituðu íslenzku máli — bein ákvörðun Alþingis. Hv. þm., sem síðast talaði, var að hæla eða tjá fylgi sitt að mestu leyti við þetta frv. hæstv. menntmrh. Hann sýnist mér í öðru máli hér vera ákaflega harðsnúinn fylgismaður þess að ráðh. átti sig á því, að þeim beri að fara að vilja Alþ., þeir séu, eins og hann segir í frv. sínu um Iðntæknistofnun Íslands, framkvæmdastjórar Alþingis og beri að fara að vilja Alþingis. Þetta þarf auðvitað ekkert að ræða, auðvitað ber þeim það. En þeir hafa, bæði í fyrrv. ríkisstj. og núv., ekki farið að vilja Alþ. og þetta er ákaflega alvarlegt mál, ekki síður alvarlegt heldur en hvernig búningur íslenzks máls sé í rituðu máli. Og ég held að alþm. verði að hugsa sig um tvisvar áður en þeir taka ekki til höndum, ef svo á fram að ganga. Og það eru svo sem fleiri dæmi til um þetta. Ég ætla nú ekki sérstaklega að ræða það hér og nú. En á einhverju ferðalagi í sumar heyrði ég í útvarpi að hæstv. dómsmrh. væri byrjaður að framkvæma þáltill. sem aldrei hefur fengizt samþykkt í Alþ. Hann hefur skipað n. til þess að framkvæma þáltill. um endurskoðun laga um prestkosningar, sem alveg greinilega, ár eftir ár, hafði ekki fylgi hér í Alþ. Það er nægur tími til þess að ræða þessi mál þegar þar að kemur og þessi n. hefur skilað áliti. En ég tók svo eftir, að hún ætti að fara eftir inntaki þeirrar þáltill. eins og hún var búin í hendur Alþ., enda þótt, eins og ég segi, fyrir lægi alveg tvímælalaust að hér var ekki fylgi fyrir samþykkt slíkrar tillögu.

Hv. þm. verða að fara að gá að sér í þessu efni og gæta þess vandlega, að hæstv. ríkisstj. fari ekki sínu fram, því að það er rétt, sem hv. þm. Magnús Kjartansson segir í grg. sinni með frv., sem ég minntist á, að þeir eru framkvæmdastjórar Alþingis. Og hann hnykkti á því mjög hér í gær, að hann hefði borið það undir ónefndan frægan lögfræðing, að eftir samþykktum Alþingis og að vilja Alþingis væru þeir siðferðilega skuldbundnir að fara, hæstv. ráðh. Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum. En fyrst þeir gera það ekki, þá verða hv. alþm. að taka til sinna ráða. Það eru einhver ráð með það, ef þetta á að vera tiðkuð aðferð. (Gripið fram í.) Ja, allt kemur auðvitað til álita í því, ef fer að taka mjög í hnúkana. En við verðum aðeins að gefa umþóttunartíma, og erindi mitt hérna er að leggja til aðferð svo að við komumst hjá því í þessu máli.

En saga málsins hér á hinu háa Alþ. undanfarin þrjú ár er auðvitað lengri en þetta. Það hefur ýmislegt annað og fleira skeð en það, að Alþ. samþykkti beint að hrundið skyldi þessari ákvörðun um brottfall z-unnar. Það var skrifað undir áskorun til hæstv. menntmrh. á sinni tíð af meiri hl. þm. um málið. Það var lagt fram lagafrv. hér sem var samþ. í Nd. Alþ. með 25:14 atkv. og gekk þá á síðasta degi þingsins til Ed., og eins segir í grg. með þessu frv., þá lagði menntmn. Ed. til, „þar sem ljóst er að ekki vinnst tími til að afgreiða málið á þessu þingi, að frv. verði vísað til ríkisstj.“ Þetta var eina forsendan fyrir því, að málinu var þá vísað til ríkisstj.

En allt hefur komið fyrir ekki. Þótt menn hafi getað sýnt fram á það, að meirihlutavilji í Alþ. var fyrir því að hindra, að z-an skyldi alfarið numin brott úr rituðu íslenzku máli, þá hefur allt komið fyrir ekki, og spurningin er: hvers vegna í ósköpunum? Hvers vegna í ósköpunum leyfir hæstv. ráðh. sér það að fara ekki að þessum vilja og ætla svo að skjótast fyrir horn með því núna að setja kappmellu á málin með lagafrv. þessu, sem búið er að lýsa yfir við hann og hann hlýtur að hafa gert sér grein fyrir að ekkert samkomulag var um? Samhljóða var afgreiðsla þingflokks Sjálfstfl. á því að hafna því að þessi aðferð skyldi fest í lög nú, og mér er kunnugt um að ýmsir aðrir eru sama sinnis.

Það er alveg þýðingarlaust að ætla að láta svo sem mönnum sé ekki kunnugt um fyrri sögu þessa máls, og það hefur þeim auðvitað verið fullkunnugt um, þessum sem höguðu sér eins og þjófar á nóttu árið 1973 um breytingar í þessu efni. Auðvitað var þeim fullkunnugt um það, hvaða sögu þetta mál átti sér, og áttu þeir þess vegna ekki að láta sér til hugar koma að þeir gætu náð þessu fram með þeim hætti sem þeir unnu að. Það var skipuð felunefnd nokkurs konar, fimm manna. Henni var fengið geysilega viðamikið viðfangsefni að rannsaka. En hún skilaði ekki áliti sem síðar var rætt, eins og hefði þurft að gera, heldur eftir örskamma hríð skilaði hún áliti um eitt atriði af ótalmörgum, og það var hent á lofti af hæstv. þáv. menntmrh. og tilkynning gefin út, algerlega að órannsökuðu og óræddu máli, gersamlega. Síðan var haldið áfram og enn komið með till.

um breytingu á ritun á stórum og litlum staf. Það endaði í skötulíki, eins og hæstv. menntmrh. lýsti hér fyrir okkur áðan.

En þrætan um búning málsins ritaðs stóð langt á aðra öld, og það voru margir jafnmerkir menn og hv. þm. Magnús Kjartansson sem höfðu lýst yfir fylgi sínu við aðferð þeirra Fjölnismanna í gegnum aldirnar — stórmenni — í málvísindum. Fyrst skal frægan telja Konráð Gíslason, Björn M. Ólsen, rektor Háskólans, Guðmund Björnson landlækni, Bjarna frá Vogi og ótal stórfursta, sem lögðu þessari aðferð lið, sem er ritun málsins eftir framburði, en ekki uppruna. Og það þarf ekkert að fara í langar lýsingar á því, hvað þetta þýðir t. d. fyrir hæstv. menntmrh. Ég hef kynnt mér það, að í slíkar ógöngur hafði framburður gengið um hríð á Austurlandi, að það væri ekki frá Neskaupstað, heldur Niskaupstað, og sjálfur mundi ekki hæstv. menntmrh. éta rjóma, sykur og skyr í hvert mál, heldur rjóma, sekur og sker. Þannig er það, að það er hægt með mjög einföldum hætti að sýna fram á í hvers lags ógöngur málið hefði getað farið.

Það eru margir áratugir síðan hljóðvilla var ákaflega útbreidd um Austurland og ef það hefði leiðrétzt m. a. með því að hafa samræmda stafsetningu, þá hefði þetta getað þróazt og lent í algerum ógöngum þannig að aðrir landsmenn hefðu e. t. v. átt í erfiðleikum með að skilja það. Og þá hefði nú verið heldur betur illa komið fyrir hæstv. menntmrh.

En eftir þessa ótrúlega löngu og harðsnúnu deilu hinna frægustu menntagarpa á Íslandi, þá varð samkomulag, þá urðu sættir árið 1929. Og enginn kvartaði undan þessu nema einstaka barnakennari, og því var því miður létt af þeim með tilkynningu menntmrh., Haralds heitins Guðmundssonar, 1932 trúlega, að það var felld niður sú skylda að kenna z-una í barnaskólum. En friður ríkti með mönnum loks eftir að hinir hæfustu menn höfðu náð saman höndum um samræmda stafsetningu.

Og það er alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. Magnús Kjartansson að halda því fram, að búningur málsins í rituðu formi hafi ekki úrslitaþýðingu, að uppruni málsins skipti ekki máli. Við geymum hann, upprunann, með rituninni, með því t. d. að vita að í orðinu veizla er stofninn að veita, með tannhljóðinu t, en veisla, þar sem tannhljóðið er horfið, það er ekki af veita, það gæti verið af orðinu veisa, sem þýðir gröftur. Og verslun, það var verð, virði, það er af þeim stofni. En hvernig ætli menn, ef þetta tannhljóð, ð-ið, hefði verið fyrir löngu horfið, af hverju ætli menn hefðu þá ætlað að þetta orð, verslun, væri? Við getum tekið dæmi að gamni okkar. Þessar höndlanir voru flestar í verum, sjávarplássum. Menn hefðu kannske ætlað, að þetta hefði stafað af því að þessar verslanir hefðu risið fyrst í verum landsins. Það hefði getað verið af ver, sbr. sængurver, að verja eitthvað, þar hefðu kaupmenn varið vörur sínar. Það hefði getað verið af því, sem er skynsamleg ályktun, að þangað hefði fólk farið til að verja peningum sínum og kaupa nauðsynjar sínar. En það er ekkert af þessu rétt. Auðvitað er höfuðnauðsyn að við vitum af hverju þetta er komið, og það vitum við einvörðungu vegna þess að tannhljóðið hefur geymzt, að menn rituðu z þarna í staðinn fyrir ðs. Svo náttúrlega, gæsla, við vitum ekki lengur að það er af orðinu gát með tannhljóðinu t. Ja, af hverju er það þá? Gægsla, sjálfsagt af orðinu að gægjast eða einhverju álíka merkilegu. Þannig heldur afbökunin áfram í allar ótrúlegar áttir, ef hverjum sérvitringi á að fá að haldast uppi að rita eftir framburði. Það lendir í eintómum hafvillum, málið sjálft.

Ég minntist aðeins á aðdragandann að breytingunum 1973. Aðdragandinn var auðvitað ekki eins og hann átti að vera, og satt best að segja er ég aðallega sammála þessari aðferð, sem fram kemur í frv. hæstv. menntmrh., að höfuðmarkmiðið með þessu er það að hindra að menntmrh. framtíðarinnar. geti farið höndum svo um þetta mál eins og þeir tveir hinir síðustu. Að sjálfsögðu er þörf að hindra frumhlaupin og handvammirnar, því að hvernig svo sem litið er á það hvernig að breytingunni 1973 var staðið, þá hlýtur það að vera stórámælisvert miðað við alla forsögu málsins, sem menn auðvitað, sem þarna um véltu, gerþekkja. Það er rétt hjá hæstv. menntmrh., að það þarf að vera sem mestur stöðugleiki í þessu máli og, eins og hann sagði, með því að athuga þetta eins og einu sinni á öld. Þetta má alltaf vera í athugun, það rifjar upp fyrir mönnum málið sjálft og öll umræða er af hinu góða. En ekki hafði hann nú það í huga, að breyta þessu svo sem eins og einu sinni á öld, þegar hann í sumar hljóp til í júní og gaf út breytingu á stórum og litlum staf í staðinn fyrir auðvitað að hinkra með þá breytingu þar til útséð var um það, hvort við gætum náð sáttum um aðalefni þess sem þæft hefur verið um, varðveislu z-unnar, og gera það í einu lagi heldur en að gefa út því fleiri breytingarreglugerðir.

En þegar hæstv. menntmrh. segir frá því í grg. með frv. þessu, að haldin hafi verið ráðstefna um þetta mál, og að þar hafi ekki orðið um sérstakar undirtektir að ræða eða að ekki hafi verið stefnt til neinna sátta, þá er þetta að mínum dómi rangt. Á þessari ráðstefnu varpaði sjálfur formaður endurskoðunarnefndarinnar, Halldór Halldórsson, fram sáttatillögu, ekki skriflega eða formlega, heldur eftir að menn höfðu þæft málið um alllanga hríð, þá stóð hann upp og spurði og varpaði því fram: Er ekki ráð til þess að ná sáttum, sem nauðsynlegt er að ná, að við geymum z-una í stofni orða? Þetta er auðvitað fyrir þá, sem eru fylgjandi rithættinum frá 1929, ákaflega stór biti að kyngja, svo að ekki sé meira sagt. En með því er þó aðalröksemdin þessi, að þá er ekki lengur hægt að segja að það sé sérstaklega flókið mál og krefjist mikillar málfræðikunnáttu. Ef við sleppum ritun z úr miðmyndarendingunum, þá er sú röksemd þeirra, andstæðinga z-unnar, í brott fallin, ef sá háttur verður hafður á. Enn fremur er það vegna uppruna málsins, þá næst tilgangurinn með því að varðveita hana í stofni orða, þannig að hér létti mjög mörgum manninum sem ekki hefur bitið sig því fastar í einhverja eina aðferð. Og ég verð að segja það fyrir mitt leyti, þó að mér sé ákaflega annt um staf-

setningu frá 1929 og vildi helst við hana búa, þá vil ég þó ýmislegt leggja á mig til þess að við getum skilið skaplega sáttir í þessu máli.

Þess vegna er það, að ég hef undirbúið till. til þál. um íslenzka stafsetningu. Ég legg höfuðáherzlu á það, að hér er reynt af minni hálfu og þeirra, sem mér hafa fylgt að málum, að teygja sig eins langt í sáttaátt og nokkur kostur er. Þetta er till. til þál., vegna þess að ég vil líka láta láta reyna á það til fullnustu, ef hún skyldi fá meirihlutafylgi á hinu háa Alþingi, hvort við munum áfram þurfa að búa við það að ekki verði farið að meirihlutasamþykktum Alþ. Það er alveg nauðsynlegt. Ég er andstæður lagasetningu í þessu, þó að ég neyddist til þess í hittiðfyrra að bera fram lagafrv., vegna þess að ég var þá um hríð úrkula vonar um að öðruvísi næði málið fram að ganga. En þetta á ekki að vera bundið í lögum að minni hyggju. Í þessari till. til þál. er horfið frá reglunni frá 28. febr. 1929 yfir í það að varðveita þá aðalreglu, að z-an sé rituð í stofni orða, þ. e. að við geymum tannhljóðið í stofni orða, d, ð, t, þetta er aðalreglan, en ekki í miðmyndarendingum sagna.

Í þessari þáltill. er tekið upp svo hljóðandi ákvæði, — ef hún verður samþykkt í heild sinni, þá er ég fylgjandi þessari aðferð sem hæstv. menntmrh. leggur hér til: „Ef talin verður þörf á síðar að athuga um breytingar á íslenzkri stafsetningu, skal leita um það álits og tillagna 7 manna n.“ Hæstv. menntmrh. gat þess, að það hefði komið fram gagnrýni á þetta atriði í fyrra frv.-flutningi hans. Samt sem áður treysti hann sér ekki til þess að breyta þessu. Það er einkennilegt, að ekkert, blátt áfram ekkert af því, sem bent er á í þessu sambandi, virðist fá náð fyrir augum hæstv. menntmrh. Og það voru hálfbroslegir tilburðir þegar hann var að skýra okkur frá því, hvernig þeir ynnu þetta upp frá í rn. Fyrst hefði hann beðið Runólf og Árna að setja eitthvað saman, síðan hefðu ráðuneytisstjórinn og hann athugað þetta. Til hvers þurfti þessar skýringar á þessu? Við fengum plaggið hingað niður eftir merkt sem vinnuplagg Birgis Thorlacius ráðuneytisstjóra. Og þetta virðist allt saman vera kokkað þarna upp frá hannig, að hann sjálfur, hæstv. menntmrh., nái tæplega vopnum sínum. Það má heita með ólíkindum, að jafnsanngjarn maður og hann er skuli, í hvert eitt skipti sem menn reyna að leggja til það sem mönnum sýnist horfa til rétts vegar, slá á þá hönd, eins og t. d. í þessu efni. Hann segist hafa velt þessu grandgæfilega fyrir sér og hann kemur ekki fyrir nema hremur mönnum í þetta frá þremur stofnunum. Ég er með till. hér um 4 aðra, m. a. frá menntmn. hins háa Alþingis. Það skyldi þó ekki vera, að það væri ástæða til þess að Alþ. hefði barna frá upphafi beina aðild að málatilbúnaði, tvær 7 manna n. sem fást hér við öll mál í lagasetningu og öðru sem frá hinu háa Alþ. gengur í menntamálum. Og till. er á þann veg, að n. verði þannig skipuð: þrír hinir fyrstu þeir sömu sem hæstv. menntmrh. leggur til, þ. e. frá deildarráði heimspekideildar Háskóla Íslands úr hópi prófessora í íslenzkri málfræði, einn tilnefndur af Íslenzkri málnefnd úr hópi nm., einn tilnefndur af stjórn Félags ísl. fræða og skal hann vera móðurmálskennari á grunnskóla- eða framhaldsskólastigi, einn tilnefndur, í þessari till. hér, af Landsbókasafni Íslands úr hópi bókavarða, einn tilnefndur af stjórn Félags ísl. bókaútgefenda, — maður skyldi halda að þeim kæmi málið eitthvað við, — einn tilnefndur af stjórn Blaðamannafélags Íslands, — þetta var nú sá félagsskapurinn sem hefði einhver örlagaríkustu afskipti af íslenzkri stafsetningu á fyrri hluta þessarar aldar, — og einn tilnefndur af menntmn. Alþingis.

Síðan er gerð till. um að n. kjósi sér sjálf formann, því að maður er hreint ekkert viss um, þegar menntmrh. er farinn að skipa n. eða formann, hver það er sem um það vélar. Það er kannske byrjað á Runólfi og Árna og endað svo á ráðuneytisstjóranum. En það er hér í tillögunni, að tillögur n. þessarar um breytingar skuli lagðar fyrir Alþ. til staðfestingar.

Grg. með þessu er örstutt, og ég leyfi mér að kynna þessa till. þó hún hafi ekki enn verið prentuð eða lögð fram, ég hef verið að kynna einstökum þm. innihald hennar. Grg. er örstutt og hljóðar svo:

„Á undanförnum árum hefur komizt á mikil ringulreið í stafsetningu íslenzkrar tungu í stað þeirrar festu, sem áður hafði ríkt í hálfa öld. Á tæpum fjórum árum, frá 4. sept. 1973 til 28. júní 1977, hafa þrívegis verið gefin út fyrirmæli um breytta stafsetningu. Reyndin er hins vegar sú, að lesefni þjóðarinnar er enn að miklu leyti gefið út með hinni rótföstu stafsetningu undanfarinna áratuga.

Nauðsynlegt er að koma aftur á festu í stafsetningu íslenzkrar tungu. Það verður eigi gert nema fest verði í sessi stafsetning sem er þjóðinni töm og ber henni víðast fyrir augu. Því er í þáltill. þessari lagt til, að tekið verði af skarið í því efni.

Æskilegast væri að halda stafsetningunni frá 1929 óbreyttri. Til sátta við þá, sem telja gildandi z-reglur krefjast meiri þekkingar á íslenzku máli en ætla megi Íslendingum almennt, er þó í till. þessari gerður kostur á tilslökun til málamiðlunar.“

Ég hef lýst hér megininnihaldi þessarar þáltill. sem borin er fram til sátta í þessu máli, og ég skora nú á hv. þm. að skoða þetta mál gaumgæfilega, hvort ekki er ráð til þess nú og nauðsyn að við reyndum að ná höndum saman og sættast í málinu. Við verðum ekki sammála um neina aðferð um það, hvernig þessum málum sé skipað, fyrr en við höfum náð sáttum um þetta — um aðalefni málsins. Það er alveg útilokað. Þá heldur ófriðurinn áfram. Hann verður kannske ekki til lykta leiddur á næsta áratug. Það skiptir ekki máli. Ófriðurinn heldur áfram, við höfum sögulegar staðreyndir fyrir augum í því efni. En ég hygg að með þessu móti, þótt langt sé gengið til samkomulags þar sem halda á aðeins við z í stofni orða, þá hygg ég að sættir kunni að takast.

Ég verð að segja það, að jafnvel hinir illvígustu þverhausar í þeim hópi manna sem ég

hef átt samleið með í máli þessu, fyrst tekizt hefur að teyma þá til þessa samkomulags, þá var ég að gera mér vonir um það, að hv. þm. hver og einn, þótt þeir áður hefðu lagzt gegn minni málamiðlun eða stefnu í málinu, þá gætu þeir hugsað sér að taka nú höndum saman um þetta, ef þeim sýnist eftir rækilega íhugun að þetta sé leiðin til þess að við getum sætzt á á málið.

A þetta vil ég leggja ríka áherzlu. Ég ætla ekki nú á þessu stigi málsins að rifja fleira upp í þessu sambandi. Mönnum er orðið inntak málsins allrækilega kunnugt. Eg trúi því ekki fyrr en ég tek á, að það verði enn slegið á útrétta sáttahönd í þessu máli.

Eg fer alls ekki fram á það við hæstv. menntmrh., að hann standi upp hér og lýsi einu eða neinu yfir um það, hvort hann, ef þessi þáltill. mín nær meirihlutafylgi á Alþ., fer að henni eða ekki. Eg spyr ekki um svo sjálfsagðan hlut.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. fjallar ekki um það, hver skuli vera stafsetning íslenskrar tungu. Það fjallar um það eitt, með hverjum hætti skuli skipa stafsetningarmálum hér á landi. Meginefni þess er það, að menntmrh. skuli setja reglur um það, hver skuli vera stafsetning íslenskrar tungu, að fengnum till. nefndar sem sett er saman með ákveðnum hætti, og síðan skuli þessi ákvörðun menntmrh. lögð fyrir Alþingi til staðfestingar.

A þessi meginatriði frv. get ég fyrir mitt leyti fallist. Eg hef ávallt verið þeirrar skoðunar, að sú regla, sem þáverandi menntmrh., Jónas Jónsson, beitti 1929, að setja með einföldu ráðherrabréfi nýjar reglur um stafsetningu, hafi verið óeðlileg. Eg hef getið þess áður í umr. um þetta mál, að valinkunnir lögfræðingar hafa tjáð mér að það hefði með réttu mátt draga í efa lögmæti þess ráðherrabréfs sem um var að ræða, en þar sem enginn hefði gert það væri enginn vafi á því, að ráðherrabréfið stæðist, enda var því fylgt í 40 ár.

En í þau 15 ár, sem ég gegndi starfi menntmrh., bárust mér aldrei nein tilmæli frá neinum samtökum, hvorki samtökum kennara né samtökum málvísindamanna eða áhugamönnum um þau mál, um að breyta stafsetningunni frá 1929. Ef mér hefðu borist slík tilmæli og ef ég hefði talið rétt að verða við þeim eða ef þau hefðu verið frá þess konar aðilum í þjóðfélaginu, svo áhrifamiklum aðilum að ég teldi sjálfsagt að taka tillit til þeirra, þá hefði ég haft aðferð sem svipar til þeirrar sem hæstv. menntmrh. nú leggur til, að leggja til að sett yrði löggjöf um það, með hverjum hætti breyting á íslenskri stafsetningu skyldi ákveðin, í stað þess að gera það upp á eigin spýtur.

Með þessu er ég ekki að draga í efa rétt hæstv. fyrrv. menntmrh., Magnúsar Torfa Ólafssonar, til þess að gera breytingu á íslenskri stafsetningu sem hann gerði með ráðherrabréfi á sínum tíma. Þó ég hafi verið henni efnislega ósammála, þá tel ég að hann hafi haft venjubundinn, hefðbundinn rétt til þess að fara að eins og hann fór að. Ég hef aldrei dregið í efa réttargildi þeirra reglna sem hann á sínum tíma gaf út, og það er alveg óháð efnisinnihaldi reglnanna, sem kunnara er en frá þurfi að segja að ég er ekki sammála.

Ég tel rétt að til séu lög um það, hvernig stafsetningu íslenskrar tungu sé skipað, og grundvallarnugsunnni í þessu frv. er ég því sammála, að því þó fráteldu að ég er ekki ánægður með hvernig ráðgjafarnefndin skuli skipuð. I þeim efnum er ég tylgjandi þeim hugmyndum sem síðasti hv. ræðumaður, Sverrir Hermannsson, lýsti í boðaðri brtt. við þetta frv.

Eg skal líka taka fram, að ég tel ekki eðlilegt að sjálfri stafsetningunni sé skipað með lögum. Í því efni er ég sammála hæstv. ráðh. og hv. síðasta ræðumanni, þótt ég eins og hann hafi talið mig neyddan til þess fyrir tveim árum að flytja frv. um lögfestingu stafsetningarinnar frá 1929 af því að útséð virtist um að það mál næði fram að ganga með öðrum hætti. Þessa lausn, sem hér er um að ræða, tel ég mun heppilegri, þó þannig, að samsetningu ráðgjafarnefndarinnar verði breytt.

Hæstv. ráðh. gerði að umtalsefni fjölmenna ráðstefnu sem haldin var á Hótel Sögu um stafsetningarmálin fyrir einu ári.

Eg tok þátt í störfum þessarar ráðstefnu, og ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram hér, að mér virtist svo að hún skiptist í tvo jafna hluta. Af þeim, sem tóku til máls, voru nokkurn veginn jafnmargir fylgjendur stafsetningarinnar frá 1929 og þeir sem voru fylgjendur stafsetningarinnar frá 1974.

En það má athuga í þeirri skýrslu eða frásögn af umr. á ráðstefnunni, sem þm. hafa fengið, hvort þetta mat mitt er ekki rétt.

Einmitt þetta varð til þess, að sjálfur formaður þeirrar n. sem var ráðgefandi fyrir hæstv. fyrrv. menntmrh., Halldór Halldórsson prófessor, í lok umr., þegar hann sá hversu skoðanir manna voru gersamlega skiptar um málið, varpaði fram þeirri tillögu sem hv. síðasti ræðumaður, Sverrir Hermannsson, gat um í máli sínu. Efni síðustu ræðu hans, alveg undir lok ráðstefnunnar, var í aðalatriðum það, að þetta mál væri komið í fyllsta óefni, það væri ríkjandi ringulreið í stafsetningarmálum, sem ekki væri viðunandi, og það yrði að leita sátta í málinu, þannig að allar kennslubækur, öll opinber skjöl og öll blöð yrðu rituð með sömu stafsetningu. Og hann varpaði fram ákveðinni hugmynd í þeim efnum, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson lýsti í aðalatriðum, þeirri að varðveita z í stofni, en sleppa henni í miðmyndarendingum. Þetta er hugmynd formanns þeirrar n. sem undirbjó það ráðherrabréf sem fyrrv. hæstv. menntmrh. gaf út fyrir nokkrum árum.

Og það eru orð að sönnu, sem prófessor Halldór Halldórsson sagði sem sín lokaorð á þessari ráðstefnu, að það er ríkjandi fullkomin ringulreið á þessu sviði. Þetta frv. ræður ekki bót á þeirri ringulreið, enda er því ekki ætlað að gera það. Það fjallar um annað efni. Það fjallar um formshlið málsins, en ekki efnishlið þess. Ringulreiðin kemur m.a. fram í því, að dagblöð nota sitt hvora stafsetninguna, þá sem er nú lögskipuð og þá frá 1929. Bækur eru gefnar út með báðum stafsetningunum. Og sjálft stjórnar-

ráðið notar báðar stafsetningarnar. Við svo búið má að sjálfsögðu ekki lengur standa.

Ég fyrir mitt leyti mun fylgja allri viðleitni til að koma á sáttum í þessu máli, sem er mikilvægt, mjög mikilvægt. Þó að sú rödd hafi heyrst hér að um smámál og hégómamál sé að ræða, þá er mjög mikilvægt að Íslendingar stafsetji tungu sína allir með einum og sama hætti. Eg fyrir mitt leyti mun fylgja því, að reynt verði að ná sáttum í þessu máli, og get eins og hv. síðasti ræðumaður sætt mig við þá málamiðlun sem felst í þeirri hugmynd sem prófessor Halldór Halldórsson varpaði fyrstur fram opinberlega á ráðstefnunni á Sögu og gerð hefur verið að umtalsefni.

Áður en ég lýk máli mínu langar mig til þess að víkja örfáum orðum að þeim rökum sem fram komu í máli hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, að þetta mál skipti litlu máli, — ég tel það skipta mjög miklu máli, — og þeim ummælum hans að stafsetning eigi að vera sem líkust talmáli.

Engin stafsetning, sem notar stafróf, hefur það að meginmarkmiði að líkjast talmáli, — engin. Stærstu þjóðtungur vestrænna þjóða, enska og franska, beita, eins og allir vita sem nokkuð þekkja til þessara mála, stafsetningu sem er víðs fjarri því að reyna að líkjast talmáli. Samt sem áður hefur engin alvarleg hreyfing verið uppi meðal enskumælandi þjóðum né heldur með frönskumælandi þjóðum að breyta stafsetningu þeirra, sem er mjög erfið, margfalt erfiðari en íslenska stafsetningin frá 1929. Það hefur engin hreyfing verið uppi með þessum þjóðum um að breyta stafsetningunni til þess að auðvelda hana í þá veru að gera hana líkari talmáli. Það er af því að þær miklu menningarþjóðir, sem þessar tungur tala og skrifa, enskumælandi þjóðir og frönskumælandi þjóðir, bera þá virðingu fyrir uppruna tungu sinnar og fyrir þeirri hefð, þeirri aldahefð sem hefur skapað ritmál þeirra, að hringla ekki með stafsetninguna eins og því miður hefur orðið raun á hér hjá okkur Íslendingum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. neitt að ráði núna, en vil segja nokkur orð í tilefni af ræðum sem hér hafa verið fluttar.

Ég vil þakka góðar undirtektir undir frv. sem slíkt, því að þær sýnast mér í aðalatriðum vera það. Um það sérstaka atriði, skipan ráðgjafarnefndarinnar, sem bæði nú og áður hefur verið rökrætt hér á Alþ. og komið fram skoðanir um að hún ætti að vera fjölmennari, þá vil ég árétta það sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég legg að sjálfsögðu á vald menntmn. þingsins og þd. að ráða því máli til lykta. Ég fann ekki flöt á því að gera n. betur úr garði en þetta. En það má vel vera, þegar fleiri en þeir, sem hv. 3. þm. Austurl. virðist tortryggja nokkuð, fjalla um þetta mál, að þá finnist betri flötur á skipan þessarar n., og þá hef ég að sjálfsögðu ekkert við það að athuga.

Það er í sjálfu sér ekki erindi mitt í ræðustól út af ummælum hv. þm., — ætli það sé ekki í þriðja sinn sem hann er að fjölyrða um það blað sem sent var sem vinnuplagg úr rn. nokkrum hv. þm. til skoðunar, ljósrit af því blaði, — að þetta eru ósköp einkennilegar umr. um þetta efni. Ég vil árétta það og vekja athygli á því, að það er mjög venjulegt og mér finnst það eðlilegt þegar flutt eru frv. hér á Alþ., að þá sé greint frá því, hvernig þau hafa orðið til, og það hef ég gert hér. Eg hafði sagt frá því, að þetta frv. er ekki unnið af sérstakri skipaðri n., heldur er það unnið í rn., og ég hef greint frá því, hvaða menn stóðu einkum að því og sérstaklega hverjir gerðu fyrstu drögin.

En svo er það þetta, sem er náttúrlega mikið atriði þó það varði ekki þetta frv. nema óbeint, en auðvitað varðar það stafsetningarmálið, sem hv. 3. þm. Austurl. ræddi hér um, að ná sáttum í deilunni um stafsetninguna sjálfa, um z-una. Þetta mál horfir þannig við mér — ég get greint frá því örlítið nánar en ég gerði í fyrri ræðu minni — að um það atriði eru mjög skiptar skoðanir hjá málvísindamönnum sjálfum. Það hefur komið fram í skoðanakönnun hjá Félagi ísl. fræða, að menn skiptust þar mjög. Á ráðstefnunni, sem var að vísu blönduð af kennurum og öðrum málvísindamönnum, kennurum á framhalds- og grunnskólastigi og öðrum fróðum mönnum, kom fram nokkurn veginn tvískipting um þetta. Svo er mér ákaflega vel kunnugt um það af áskorunum og ályktunum sem mér hafa borist, að það er ákaflega sterk andstaða gegn því að taka upp bókstafinn z, taka hann inn í stafsetninguna á ný, hjá kennurum á framhaldsskóla- og grunnskólastigi. Það yrði mjög erfitt, og ég álít að það kæmist mikil hreyfing á — mér liggur við að segja ringulreið — ef nú á að fara að breyta aftur þessu atriði gegn vilja nokkurs hluta málvísindamanna og mjög mikils hluta kennara. Á hinn bóginn hefur það komið fram í viðtölum okkar hv. 3. þm. Austurl. og viðtölum mínum við fleiri menn, sem eindregið eru þeirrar skoðunar að taka eigi aftur upp z, að það er algjört skilyrði frá þeirra hálfu til þess að sættast að taka upp z að þessu marki sem hv. 3. þm. Austurl. minntist á. Mér sýnist sem sagt af því, að sættir séu óhugsandi nema komi z, og það þýðir það mikið rask að ég vil ekki leggja það til. Ég vildi að gefnu tilefni víkja aðeins að þessu sérstaka atriði.

En svo að lokum — kannske kvaddi ég mér nú sérstaklega hljóðs til þess — vil ég aðeins víkja orðum í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Austurl. að stöðu menntmrh., stjórnskipulegri stöðu hans í sambandi við þál. sem samþ. hafa verið um þetta mál og yfirleitt þessa málsmeðferð.

Hv. 9. þm. Reykv. tók skýrt fram, að hann teldi að menntmrh. hefðu til þess hefðbundinn rétt að gefa út auglýsingar um stafsetningu og skipa málum þannig, og ég held að það fari ekki á milli mála, fyrst og fremst vegna þess að stafsetningarreglum hefur um langt skeið verið skipað með einhliða ákvörðun ráðh. sem síðan hefur verið auglýst, og verði þess vegna að telja þennan setningarhátt venjubundinn og að hann gildi þar til öðruvísi yrði ákveðið með lögum frá Alþ. En svo vil ég vekja athygli á því, að almennar þáltill. eru yfirlýsingar Alþ. og hafa ekki lagagildi. Þær

eru ekki undirritaðar af þjóðhöfðingjanum t. d. Og þær víkja fyrir lögum og breyta ekki settum lögum, og mun mega sjá staðfestingu á því í hæstaréttardómum. En þó geta þær haft stjórnskipulega þýðingu í sumum tilvikum, eins og þál. um meðferð konungsvalds — hefur mér verið bent á — frá 1940 og þál. frá 1944 um niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins. Svo eru í sérflokki ályktanir frá Alþ. sem gert er ráð fyrir beinlínis í stjórnarskránni, en ég ætla ekki að fara að tíunda það. Og það eru vissar þál. sem hafa í raun lagagildi, eins og þál. um vegáætlun o. fl.

En þál. frá 1974 um stafsetningu hefur ekki lagagildi og bindur ekki hendur ráðh. stjórnskipulega, og það er kannske ekki deilt um það út af fyrir sig. Það má hins vegar vera og ég skal ekki efa það, að hún leggi stjórnmálalega ábyrgð á hendur ráðh. og að hann hafi þá mátt vænta vantrausts frá meiri hl. alþm. ef hann færi ekki eftir till. Engir tilburðir voru til þess að flytja vantraust á fyrrv. menntmrh. út af því, að till. frá 1974 var ekki framfylgt. Síðan hefur það gerst, að henni hefur ekki verið framfylgt, og það hefur ekki heldur verið farið út á þá braut að flytja vantrauststill. á núv. ráðh. út af þessu sérstaka atriði.

Hins vegar var flutt hér þáltill. og var afgreidd sem ályktun 1975, áskorun til ríkisstj. um að leggja fram frv. um stafsetningarmál. Það er eins með þá ályktun og þál. frá 1974, að hún bindur ekki ráðh. stjórnskipulega eða ríkisstj., en hún bindur hana stjórnmálalega séð. Varðandi það atriði reyndi ég sem menntmrh. að fullnægja þessari skyldu með frv. um íslenska stafsetningu, hvernig með hana skyldi fara. Ályktunin sjálf, orðalag hennar, fól ekki í sér hvort ætti að undirbúa frv. um hvernig skrifa skyldi eða um almenna skipan stafsetningarmálanna. Ég held því að það sé ekki hægt að halda því fram, að menntmrh. hafi að þessu leyti brotið af sér stjórnmálalega séð.

Það er líka vert umhugsunar í þessu sambandi hvað snertir núv. menntmrh., að frá því að ályktunin frá 1974 var gerð og þar til hann tók við störfum höfðu farið fram kosningar og þing hafði verið skipað, ef litið er á það frá stjórnmálalegu hliðinni. Mér barst að vísu bréf frá alþm., en stjórnskipulega þýðingu hafa slík bréf ekki. Hins vegar hafa þau eins og önnur bréf og áskoranir merkingu út af fyrir sig.

Skoðun mín er því sú, að ég hafi fullnægt stjórnskipulegum skyldum mínum í þessu máli og reyndar stjórnmálalegum líka. Þetta vildi ég aðeins sagt hafa í framhaldi af ræðu hv. 3. þm. Austurl. um þetta efni og annað.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst hingað í ræðustól til þess að láta í ljós ánægju mína og fögnuð í tvennum greinum. Í fyrsta lagi vil ég láta í ljós ánægju mína að hér sér á ný dagsins ljós frv. hæstv. menntmrh. sem áður hefur legið fyrir Alþ. og ég lýsti þá fylgi við og taldi æskilegt að að lögum yrði, og vona ég að svo fari nú. En fögnuð sérstakan vil ég láta í ljós út af því, að tveir blindaðir í þessum sal hafa loksins fengið opin augu og eru horfnir af miklum villigötum á réttari veg. Þar vil ég tilnefna hv. 3. þm. Austurl. og hv. 9. þm. Reykv. sem á þeim tæpur tveimur árum sem liðin eru síðan þeir börðust eins og ljón fyrir því að sett yrðu hér á Alþ. í þessum sal lög um stafsetningu íslenskrar tungu, lög um hvert og eitt stafsetningaratriði út af fyrir sig, hafa séð að þetta, sem þeir töldu þá hið eina sanna hjálpræði, er hin mesta fásinna, það að ætla sér að skipa stafsetningarmálum með beinni lagasetningu Alþ. um hvert og eitt stafsetningaratriði. Ég tel það fagnaðarefni að meira að segja þessir þm. skuli hafa á ekki lengri tíma en þetta gert sér grein fyrir í hverja ófæru þeir voru að reyna að etja Alþ. og spöruðu hvorki til þess kapp né stór orð. En ég vil láta í ljós þá von, að þessi bati þeirra haldi áfram, að þeir sjái einnig að sér í öðrum greinum þar sem þá vantar enn nokkuð til að komast niður á jörðina í þessum efnum.

Ég vil einkum mega vænta þess, að hv. 3. þm. Austurl. venji sig af þeim sið að sproksetja hér á Alþ. einstaka embættismenn sem veitt hafa ráðh. aðstoð við undirbúning og meðferð mála. Slíkt er hvorki sæmandi honum né öðrum þm. Þá vil ég einnig vísa því gersamlega á bug, að n. sú, sem undirbjó till. um breytingar á stafsetningu 1973 og 1974, eigi skilið að heita felunefnd eða hún hafi á nokkurn hátt farið lumulega með hlutverk sitt. Og það er alrangt, sem hv. þm. heldur fram, að sú n. hafi orðið til næstum af engu, hún hafi verið skipuð líklega af kenjum mínum í þá daga. Þvert á móti er sú nefndarskipun til komin eftir að fjölmenn ráðstefna kennara, sérstaklega móðurmálskennara, hafi fjallað um stafsetningarmálin, bent þar á ákveðin atriði sem þessir kennarar töldu nauðsynlegt að hugað væri að, og í erindisbréfi n. voru einmitt þessi atriði sett efst á blað. Og því fór svo fjarri að nefndarskipun væri falin, að um hana var gefin út opinber fréttatilkynning og um erindisbréfið.

Ég vil lítillega víkja að því sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi um það sem fram fór á ráðstefnu hæstv. menntmrh. um stafsetningarmál. Þar finnst mér ástæða til að geta þess, að það kom fram í þeim umr. að hv. 9. þm. Reykv. hafði, þegar hann var menntmrh., a. m. k. leitt hugann að því og var jafnvel af sumum ráðstefnumönnum talinn hafa gefið ádrátt um að breyta z-reglunni á þann veg sem alvara var gerð úr 1973, þótt hann hyrfi frá því ráði. Og ég vil sérstaklega minna á ummæli Baldurs Jónssonar lektors á þessari ráðstefnu. Hann lýsti sig upphaflega í mörgum greinum fráhverfan þeim stafsetningarbreytingum sem gerðar voru 1973 og 1974, en hélt mjög skilmerkilega tölu á stafsetningarráðstefnunni og kvaðst vera kominn að þeirri eindregnu niðurstöðu, að það, sem brýnast væri í stafsetningarmálum þjóðarinnar, væri það að slá skjaldborg um þá stafsetningu, sem ákveðin var 1973 og 1974, og hindra að þeir, sem berðust gegn þeim stafsetningarbreytingum af kappi miklu, en lítilli forsjá, færu að hræra í þeim málum. Það eru einmitt þeir sem hafa

valdið því, ef hrærigrautur ríkir í hugum einhverra um stafsetningarmál.

Það er svo rétt eftir öðru þegar hv. 3. þm. Austurl. kemur hér í ræðustól ekki aðeins í gervi siðameistara ráðh. og Alþingis, sem hann hefur slegið yfir sig margsinnis, heldur í gervi sáttasemjara og betrumbætis málfars Austfirðinga. Ekki er nú lítið færst í fang, að kenna Austfirðingum að tala móðurmálið, og mátti ekki seinna vera að hv. þm. leitaði á þær slóðir frama og mannvirðinga. Þegar hann tekur að telja hér dæmi um nauðsyn þess að z fái þó að haldast í stofni orða og tilfærir dæmi, verður hann svo seinheppinn að taka þar sem sérstaklega þýðingarmikið dæmi orðið verslun. Ég veit ekki hverju það sætir, að næstum í hvert skipti sem hv. þm. tekur að ræða þetta mál og vill færa sem vönduðust rök að máli sínu, þá reynast þau hálmstrá ein og hjóm og reykur, eins og þetta merka orð verslun. Ég þarf ekki að tilfæra fyrir þingheim það sem hv. þm. sagði um þýðingu þess að þetta orð væri stafsett með z, svo fram kæmi rækilega að það væri komið af orðinu verð, þarna mætti nú tannhljóðið alls ekki missa sig. Að vísu gat hann þess, að hugsanlegt væri að orðið væri af því komið að verja fé sínu, en vék algerlega frá sér svo ómerkilegri hugmynd og óviðurkvæmilegri. En mergurinn málsins er sá, að niðurstaða merkra málvísindamanna er, að það hafi verið fyrir algeran misskilning fyrri manna að farið var að skrifa verslun með z, verslun sé alls ekki komin af verð, heldur því að verja fé sínu og eigi því ekki að vera með neinni z, þar sé ekkert tannhljóð í stofni. Og það, sem sker úr um þetta, er einmitt orðið vara. Það er til orð sem heitir vara. Hvar er tannhljóðið í því, orðinu vara, sem er samstofna við verslun og að verja? Hvar finnst tannhljóðið í því orði? Hét það, sem nú er nefnt vara, kannske upphaflega varða eða varta? Því aðeins fær z-an í verslun staðist að svo sé í pottinn búið.

Ég ætla ekki að elta ólar frekar við fjarstæður hv. þm., en vil fagna því, að hann er á batavegi, og vona að hann haldi áfram á þeirri braut.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Ég ætla að taka það fram, að ég ætla ekki á þessu stigi málsins að tjá mig efnislega um það mál sem hér er um rætt. En það er að sjálfsögðu alltaf matsatriði hvenær leiðrétta skal vitleysur sem sagðar eru úr þessum ræðustól, og ég geri það kannske ekki nema vegna þess að það var sagt hér ranglega frá áðan og vegið að ráðh. sem er fjarstaddur. Það var út af ummælum hv. 3. þm. Austurl. um framkvæmd á þál., að ég tali nú ekki um till. til þál. sem ekki eru samþykktar og um nefndarskipun. Ég vildi bara upplýsa að viðkomandi ráðh., sem er dóms- og kirkjumálaráðherra, var ekki að framkvæma neina ályktun Alþ., heldur var hér í eina tíð á ferðinni lagafrv. sem var vísað til ríkisstj. og þess vegna eðlilegt áframhald að viðkomandi ráðh. skipaði n., en ekki vegna þáltill. sem ekki var samþ. burt séð frá því, hvort hún nokkurn tíma hafði meirihlutafylgi eða ekki, en á það reyndi ekki.

Þessari örstuttu aths. vildi ég koma á framfæri, en eins og ég sagði, ég ætla ekki á þessu stigi málsins að lengja umr. um efnisatriði þess frv. sem hér liggur fyrir.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Ég held ég hafi yfirleitt tekið til máls þegar stafsetning hefur verið til umr. hér á Alþ. Ég hef ekki gert það, eins og skilja mátti af orðum hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar áðan, til þess að draga athygli frá einhverjum þeim vandamálum sem stjórnvöld ættu við að stríða hverju sinni. Ég hef gert það vegna þess að mér er þetta töluvert mikið alvörumál. Ég er sannfærður um að sú mikla umr., sem orðið hefur um stafsetninguna hér á Alþ., stafar ekki af því, sem hv. þm. Magnús Kjartansson nefndi áðan, heldur hinu, að mönnum er annt um tunguna. Þó að skoðanir séu skiptar, þá vakir eitt og hið sama fyrir öllum þeim sem taka þátt í umr. af þessu tagi: að vernda tunguna. Þess vegna segi ég að þessar löngu umr., sem þjóðin hefur verið að skopast að oft á tíðum, eru góðs viti. Þær sýna að í öllum flokkum eru menn sem skilja þýðingu tungunnar fyrir tilveru þessarar þjóðar, fyrir sálarheill þessarar þjóðar. Og ég vil segja það hér, að það er að *mínum dómi* ekki tilviljun að sá maður, sem hefur haft sig hvað mest í frammi til að verja z-una, halda henni í stafsetningunni, sá maður, sem hefur að atvinnu lengi verið togaraútgerðarmaður og er einn af svonefndum „kommisserum“ Framkvæmdastofnunar, hann talar hvað litríkasta og rismesta íslensku sem við heyrum úr þessum ræðustól. Þetta kalla ég líka góðs vita. Ég er ekki viss um að meðal margra þjóða muni menn í stöðu þessa manns, og með lífsskoðun þessa manns, sem er ekki par góð að dómi okkar margra, hafa til að bera jafnmikinn smekk fyrir tungu sinni, fyrir móðurmáli sínu. Það er góðs viti að rammur íhaldsmaður skuli sýna þessa tilfinningu fyrir móðurmálinu.

Þegar við höfum risið upp hér á vinstri kantinum til þess að tala um að það væri gott að halda z-unni í stafsetningunni, þá höfum við fengið ákúrur af vinstri kanti, í okkar eigin blaði: Við séum að sýna alþýðunni fjandskap! Við séum að stuðla að stéttaskiptingu! Við séum að ætlast til þess að alþýða manna skrifi stafsetningu sem, eftir útleggingum þessum, þessum skringilegu marxísku útleggingum, sé ekki á færi annarra en langskólamanna að læra. Þessum Marxisma vil ég mótmæla hér. Ég tel að alþýða manna hafi alveg jafnmiklar gáfur til þess að læra að skrifa z á réttum stöðum eins og langskólagengnir menn. Að vera vinur alþýðu er ekki endilega það sama og að gera engar kröfur til alþýðu.

Um z-una hefr verið talað langt mál, margt spaklegt. Aths. þær, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði hér áðan um þýðingu þess að halda henni í stafsetningunni vegna þess að hún leiðir hugann til tengsla við önnur orð, vísar nemendum veg inn í undraheima tungunnar, þessar aths. eru mjög skynsamlegar. Þegar við sleppum staf eins og z-unni, þá erum við hættir að gera þær kröfur til íslenskukennarans að stafsetningin verði ekki eingöngu það þurra stagl,

sem hún því miður æðioft er, heldur hverfi hann aftur í sögu tungunnar. Og það gefur honum þá tilefni til þess að benda á ýmislegt sem miklu skiptir að nemendur viti. Gerð var athugasemd við eitt þeirra dæma sem hv. þm. Sverrir Hermannsson nefndi. Ég verð að játa að þó að ég hafi stundað íslenskukennslu í ein 12—14 ár, þá hélt ég að z-an í verzlun stafaði af skyldleika við orðið verð. En fyrrv. menntmrh. upplýsti hér áðan, — og vitnaði, held ég, til einhverra fræðimanna, sem ég er ekkert viss um að séu endilega neitt meiri fræðimenn í þessu en t. d. hv. þm. Sverrir Hermannsson, — að þetta orð væri skylt sögninni að verja. Látum það liggja á milli hluta. Dæmi þau, sem Sverrir Hermannsson tók, voru góð. Mér dettur í hug að taka enn eitt dæmi til þess að skýra frekar hvað ég á við þegar ég nefni þá möguleika sem z-an gefur kennurum. Það er svo annað mál, hvort allir þeir, sem fást við íslenskukennslu, eru þess megnugir að kenna móðurmálið, hafi tilfinningu fyrir því, hafi yfirleitt nokkurn áhuga á því. Það er önnur saga. En tökum t. d. nafnorðið hirzla. Af hverju er z þarna? Vegna þess að orðið er skylt sögninni að hirða. Síðan leiðist talið að orðunum hirðingjar og hjörð. Þá er komið að klofningunni. Og nú þætti mér gaman að vita eitt. Þeir, sem segja að við eigum að fara í stafsetningunni eingöngu eftir framburði, vilja þeir líka afnema ypsilonið? (**Gripið fram** í: Já.) Þá er líka grundvellinum kippt undan ýmsu fleiru sem getur orðið til þess að leiða nemandann inn í undraheima tungunnar. Ef við ætlum að kippa burt ypsiloninu, þá er engin þörf fyrir kennarann í þessu tilfelli að skýra það út, að sögnin að hirða er skrifuð með i, en ekki ypsiloni vegna þess að í rótinni er e, sem hljóðverpist ekki í ypsilon, heldur i. Af hverju er e í rótinni? Vegna þess að við höfum klofninguna hjörð — hjarðar. M. ö. o.: her, hjörð, hirða, allt eru þetta náskyld orð. (**MK:** Það er hægt að kenna þeim allt saman án stafsetningar.) Það verður ekki gert. Það verður ekki gert, vegna þess að kennarinn með sitt mannlega eðli reynir að sleppa sem „billegast“ frá þessu. Og ég nota hér dönskuslettu: „billegast“.

Þetta er nú orðin æðilöng umr. Og ég þykist vita að á næstu dögum muni fram ganga ýmsir þeirra sem eru nógu alvörugefnir til að sjá hvað þetta er mikill hégómi, þeir muni spretta upp í blöðum, „húsmæður í Austurbænum“ eða einhverjir slíkir til að fjargviðrast yfir þessum bölvuðum hégóma. Þess vegna skal ég fara að stytta mál mitt. (Gripið fram í.) Nei, ekki þess vegna reyndar, stytta það samt.

Ég vil aðeins að lokum víkja að atriði sem hv. þm. Sverrir Hermannsson nefndi, en það er flámælið. Hér erum við komin að býsna stóru atriði sem samræmd stafsetning gæti e. t. v. haft einhver áhrif á til hins verra, ég veit það ekki. En það eru blæbrigði tungunnar, blæbrigði hins talaða máls, sem útvarpið hefur verið að flæma burt. Ég sakna þess t. d. í ágætri íslensku hv. þm. Sverris Hermannssonar, að hann segir aldrei: langur eða strangur með a-framburði, þaðan af síður: nordan hardan gerdi gard. Mál hans mundi vera enn athyglisverðara ef hann héldi enn þá þessum framburði. Hann nefndi Austfirðinga sem hafa orðið frægastir fyrir flámæli. Tekist hefði að útrýma því. „Að útrýma“ merkir að þarna hafi verið unnið þarft verk. Það er ekki þar með sagt að íslenskunni sé unnið þarft verk, þó að útrýmt sé ýmsum þessum blæbrigðum, jafnvel flámæli. Menn hafa skopast að flámæli. En ég hef átt heima fyrir austan og það verð ég að segja eins og er, að margir þeir, sem þar töluðu fegurst mál, rismesta íslensku og besta, voru flámæltir. Og flámælið var að vissu leyti styrkur í þeirra máli, jók því afl vegna þess blæbrigðisauka sem flámælið var.

Eins og ég sagði er þetta allt að fletjast út, vestfirski framburðurinn t. d. alveg að hverfa, og þeir, sem halda honum við, eru grunaðir um hégóma, þeir tali vestfirsku af hégómaástæðum. Menn mættu gjarnan gera slíkt af hégómaástæðum að mínum dómi.

Sumir stórsnillingar tungunnar hafa ekki verið alveg lausir við flámæli. Okkar ágæti Þórbergur Þórðarson, það örlaði aðeins á flámæli í hans tali. Sama er að segja um bróður hans, Steinþór á Hala. Þar örlar líka á flámæli. En ég vil ekki segja að þetta spilli máli þeirra bræðra, heldur frekar að það auki fegurð þess, megni áhrif þess.

Það fléttaðist svolítil gamansemi inn í þessa umr. Það er rétt, að flámæli getur valdið misskilningi. Það var t. d. sagt um íbúa í einu byggðarlagi fyrir austan, að þeir hefðu kallað spikfeita hrúta spekinga.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð vegna þess sem fram kom hjá hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni, 4. þm. Vestf. Það lá í orðum hans að ég hafi vikið orðum mínum að fjarstöddum ráðh. Það er svo með það, að það er ekki alltaf gott að henda reiður á ráðh., og þó maður víki aðeins að málum sem snerta þá, þá sé ég ekkert athugavert við það. Ég tók það fram að ég hygðist ekki ræða það mál sérstaklega nú og gerði ekki, hafði enda ekki kynnt mér nákvæmlega hvernig málið var vaxið. En tók eftir því í útvarpi einhvers staðar þar sem ég ók leiðar minnar, að hæstv. dómsmrh. hefði skipað n. til þess að endurskoða lög um prestskosningar og hann hefði sett n. þann veg fyrir, að hún skyldi taka mið af innihaldi þáltill. sem flutt var um þetta mál hér í þingi og fékk engan byr, þótt á væri leitað ár eftir ár. Ég tók ekki öðruvísi eftir þessu. En hafi ég misfarið með eitthvað í þessu, þá mun hið sanna koma í ljós, því að ég mun vitanlega nú strax verða mér úti um þessa ákvörðun sem birtist í tilkynningarformi frá dómsmrn., svo að við skulum ekki eyða tímanum í að þræta um þetta.

Ég verð að segja það, að ég hafði mjög mikið gaman af þessu sem ég hafði aldrei heyrt fyrr, að verzlun kynni að vera komið af orðinu vara, og þess vegna var það eitt út af fyrir sig nægilegt til þess að gera ræðu Magnúsar Torfa, hv. þm., merkilega, ef rétt reynist sem ég vil ekki draga í efa. (**MÓ:** Samstofna.). Samstofna, já, og þess vegna er þar ekkert tannhjólið og þess vegna hefði z-an ekki þurft að vera. Þar sjá menn hversu mikilvægt þetta er, að átta sig á því hvernig uppruni orðanna er, og hversu skemmtilegt þetta er, hversu stórkostlega skemmtilegt þetta er, að sjá alltaf nýja möguleika, hvað okkar mál

er auðugt, margslungið og stórkostlegt. En annars sagði hann ekkert sem veigur var í.

Hann sagði að ég mætti ekki sproksetja embættismenn og ætti að hætta því. Við skulum taka okkur annan tíma til þess að ræða hvernig embættismannavaldið hefur færzt í aukana á þessu landi og hvernig hið háa Alþ. hefur látið draga burst úr nefi sínu árum saman. Það á að *fara með völdin og á að ráða, og þeir eru framkvæmdastjórar*, hæstv. ráðh., framkvæmdastjórar þingsins. En við höfum blómberanleg dæmi um það, hvernig embættislýðurinn hefur sölsað undir sig völdin í æ ríkara mæli. Og við þurfum að fara að taka okkur á, við þurfum að fara að taka okkur heldur betur á, því að við erum *til þess kjörnir í frjálsum kosningum að fara* með völdin. En það eru margar ástæður sem til þess arna liggja, m. a. það, að við erum allt of fámennir af ráðh., það er allt of fámenn stétt. Hverjum manni er ætlandi, þó að yfirtaks duglegur sé, að hafa bæði með höndum sjávarútvegsmál og heilbrigðis- og tryggingamál á Íslandi og ætla þeim manni að ná þann veg tökum á málunum að hann geti stjórnað þeim eins og þyrfti að vera, sem umboðsmaður alls Alþingis? Það er auðvitað augljóst mál, að við getum ekki haft þeim mun hlutfallslega færri ráðh. en önnur þjóðfélög, vegna þess að þetta þjóðfélag, þótt fámennt sé, er alveg jafnmargbrotið *tæknibjóðfélag og þau*. En gáið að því, að þegar mynduð er stjórn og menn eru að fitja upp á því að nú þurfi að fjölga ráðh., þá kemur heldur betur hljóð úr horni. Það þarf að spara. Það er hægt að stofna Seðlabanka sem verður fjölmennari á fjórum árum að starfsliði en allt stjórnarráðið, og þá þarf ekki að spara. En ef Alþ. ætlar að velja sér fleiri starfsmenn og framkvæmdastjóra fyrir sig, sem eiga að ráða og verða að ráða, þá er rokið upp til handa og fóta og sagt að við höfum ekki efni á því. Og hverjir halda þið að stjórni þeim áróðri sem hrifur? Það eru embættismennirnir sem vilja hafa hara einn ráðh. yfir allri súpunni sem kemur helst ekki öðru við en að skrifa nafnið sitt eftir því hvernig þeir rétta að þeim málin. Þetta er stórkostlega athugavert, og ég verð að segja það, að í þessu máli, stafsetningarmálinu okkar, hefur mér virst vera draugagangur embættismanna sem riðið hefur húsum. Ég get ekki að því gert. Og af því að mér finnst þetta, þá hef ég orð á því. Ég segi frá því af því að það er skoðun mín að vænn maður eins og hæstv. menntmrh., sem sjálfur hefur látið í það skína æ ofan í æ að hann vilji sættir í þessu máli, hefur ekki fengið að ráða sínum næturstað hvað það snertir. Þetta er skoðun mín, ég get ekki dulið hana og kæri mig ekkert um það.

En svo sagði hinn prúði maður, Magnús Torfi Ólafsson, hv. þm., að það væru þeir, sem hafa staðið gegn og beitt sér gegn breytingum frá 1973, sem hafa valdið því, eins og hann orðaði það, ef *hrærigrautur ríkir í stafsetningarmálum*. Ég satt að segja skal engum getum að því leiða, hvað veldur þeim hugarruglingi sem gripið hefur hennan hv. ágæta mann í þessu máli. En hvílíkur öfugsnúður, hvílík öfugmæli eru þetta ekki! Hverjir bera ábyrgð á þeirri feiknalegu þrætu, sem er upp risin um þetta mál, nema þeir sem hófu að breyta stafsetningarreglunum *gersamlega að ófyrirsynju og ekki nálægt því að* nægjanlega athuguðu máli? Við hljótum, ef við metum málið af sanngirni og yfirvegað, að sjá að að þeirri breytingu var ekki staðið með sómasamlegum hætti, þó að ekki sé meira sagt. Og a. m. k., þó að þeir beri ekki alla ábyrgðina, þá veldur sá miklu sem upphafinu veldur.

En ég enda þessi orð mín nú á því að minna á þetta sem var aðalinntak minnar ræðu, að skora á þm. að ganga nú með opnum huga til sátta í málinu, ef þess er nokkur kostur. Ég minni á það, sem var það bitastæða sem fram kom á ráðstefnunni sem hæstv. menntmrh. beitti sér fyrir, till. formanns endurskoðunarnefndarinnar *um stafsetningu, Halldórs Halldórssonar*, að sættir yrðu reyndar á þessum grundvelli, einvörðungu að varðveita z-una í stofninum, sem er höfuðmálið ef við viljum byggja og treysta uppruna málsins okkar. Þetta var það þegar upp var staðið á þeirri ráðstefnu. Og við getum að öðru leyti stytt mál okkar í þessu efni, en hver *og einn* ættum við að velta fyrir okkur: Er þetta sá kostur sem við eigum á því að sættir náist, því að allt annað leiðir til öngþveitis og stóraukinna erfiðleika alveg í náinni framtíð? Ég hygg, eftir því sem ég hef kynnt mér málið betur og borið undir fleiri málsmetandi menn, að þá sé þetta möguleiki. Ég sagði áðan, að ég teldi mig beygja mig djúpt og teygja mig langt með því að fallast á að menn héldu sig einvörðungu við stofn orðanna. En samt sem áður vil ég kosta því til, því að ég vil flestu til kosta að sættir megi takast, svo að við þurfum ekki að búa við þessa upplausn áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 7. fundur.

Fimmtudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Afbrigði um stefnuræðu forsætisráðherra og umræður um hana.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Áður en gengið er til dagskrár vil ég leita afbrigða frá þingsköpum, þar sem gert er ráð fyrir að fresta umr. um stefnuræðu forsrh. Afbrigðin hljóða þannig:

Leitað er afbrigða frá 2. mgr. 51. gr. laga um þingsköp Alþingis, þar sem segir, að innan tveggja vikna frá þingsetningu skuli útvarpa stefnuræðu forsrh. og umr. um hana, en eftirrit af ræðunni skuli afhent þm. sem trúnaðarmál eigi síðar en viku áður en ræðan er flutt. Er farið fram á að fresta flutningi ræðunnar samkv. nánara samkomulagi formanna þingflokka og forsrh. og eftirrit ræðunnar verði afhent þm. þremur sólarhringum fyrir flutning hennar.

ATKVGR.

Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

Afstaða Framsóknarflokksins til erlendrar hersetu, fsp. (þskj. 44). — Hvort leyfð skuli.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Áður en atkvgr. fer fram vil ég greina frá því, að það hefur verið til mín leitað um að taka fsp. þessa á dagskrá, en ég hef synjað því vegna þess að ég tel að fsp. samrýmist ekki 32. gr. þingskapa Alþingis, en tvær fyrstu mgr. hljóða svo:

„Vilja alþm. óska upplýsinga ráðh. eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriði þess, gerir hann það með fsp. í sameinuðu Alþingi er afhent sé forseta. Fsp. skal vera skýr, um afmörkuð atriði eða mál, sem ráðh. ber ábyrgð á, og sé við það miðað, að hægt sé að svara henni í stuttu máli. Alþm. segir til um það, hvort hann óskar skriflegs eða munnlegs svars. Stutt grg. má fylgja fsp., ef óskað er skriflegs svars.

Forseti ákveður samdægurs, hvort fsp. skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er, getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkv. á næsta fundi í Sþ. Skal það einnig gert, ef fyrirspyrjandi óskar þess, en forseti synjar fsp."

Hv. fyrirspyrjandi, 3. þm. Reykv., hefur óskað eftir að fá úrskurð Alþ. um það, hvort þessi fsp. skuli leyfð eða ekki. Ég mun bera þetta mál upp. Hefur verið óskað eftir nafnakalli og verður við því orðið.

ATKVGR.

Fellt að leyfa fsp. með 44:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, MK.

nei: RH, SighB, SigurlB, StH, StG, SvH. TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, BGr, EggÞ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GeirG, GH, GilsG, GHG, GTh, GF, GÞG, HÁ, HFS, IH, IngJ, IG, JHelg, JÁH, JSk, JGS, KP, LárJ, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓlJ, PJ, PS, ÁB.

RA, StJ, EðS, JónasÁ greiddu ekki atkv.

10 þm. (SV, SvJ, AJ, GS, GuðlG, HES, IT, JóhH, ÓE, PP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er ljóst að í fsp.-tíma á Alþ. sitja formenn flokka ekki fyrir svörum, heldur ríkisstj. og ráðh. sem forstöðumenn rn. Annað mál er það, að vissulega er tími til kominn að forustumenn Framsfl. svari því hver sé afstaða þeirra til hersetu á Íslandi, því að við þeirri spurningu væri vissulega æskilegt að fá svar. En þar sem formaður Framsfl. mun vafalaust fá næg tækifæri til þess við almennar umr. hér á Alþ. að svara þeirri spurningu, þá greiði ég ekki atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég tel ekki að Framsfl. heyri undir dómsmrh. Íslands. Það er því ekki embættisskylda dómsmrh. Íslands að bera ábyrgð á framboði þess flokks eða svara fyrir hann hér á Alþ. Ég segi því nei.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Í 32. gr. laga um þingsköp Alþingis segir að alþm. geti óskað svars af ráðh. um opinbert málefni eða einstakt atriði þess. Þessi fsp. uppfyllir gersamlega þetta ákvæði þingskapa. Það skuli gera með fsp. í Sþ. er afhent sé forseta, fsp. skuli vera skýr, um afmörkuð atriði, þessu er gersamlega fullnægt í fsp. minni, og um það mál sem ráðh. ber ábyrgð á. Ég geri ráð fyrir að menn hengi sig í þetta, að hæstv. dómsmrh. fari ekki með hermál. En hæstv. dómsmrh. er bæði dómsmrh. og formaður Framsfl., og hann gegnir hér embætti sínu sem ráðh. vegna þess að hann er formaður Framsfl. Ég þekki hæstv. dómsmrh. býsna vel, tel ég vera, þó að hann sé ekki sérlega opinn fyrir öðrum yfirleitt, og ég get ekki gert þann greinarmun á þessum hæstv. ráðh., að hann sé tvær manngerðir, önnur sem ráðh. og hin sem formaður Framsfl. Ég hef að vísu lesið í bókum um þessi fyrirbæri, m. a. minnistæða sögu um persónu sem var tvískipt, þ. e. dr. Jekyll vísindamaður í venjulegu starfi, en breyttist stundum í Mr. Hyde sem var afbrotamaður. Ég hef aldrei orðið var við það, að neinn slíkur klofningur væri í hæstv. ráðh. Ólafi Jóhannessyni, og því finnst mér það mjög eðlilegt að hann svari fsp. sem er í fyllsta samræmi við þingsköp, og því segi ég já.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Samkv. 32. gr. þingskaparlaganna verður fsp. aðeins beint til ráðh. um stjórnarmálefni sem eru í hans verkahring. Fsp. samkv. 32. gr. þingskaparlaganna verður ekki beint til einstakra þm., og skiptir ekki máli, hvort þeir eru formenn stjórnmálaflokka eða ekki, né heldur hitt, hvort fsp. varðar stjórnmálastefnur eða önnur almenn málefni. Fsp. þessi er því óheimil samkv. þingsköpum og mundi skapa varhugavert fordæmi, ef hún væri levfð og henni væri svarað. Hitt er annað mál, að ég er hvenær sem er fús til þess að ræða við hv. þm. Magnús Kjartansson um utanríkisstefnu Framsfl. og um utanríkismál almennt. Ég vænti þess að hann hafi einurð til þess að koma slíkri fsp. á framfæri utan dagskrár. Ég segi nei.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Beiðni um að taka þessa fsp. á dagskrá er synjað og málið tekið út af dagskrá. Ég lýsi því enn fremur yfir, að ég lít þannig á að fsp., sem hefur verið borin undir þingheim, hvort ræða mætti á Alþ. eða ekki, og synjað sé jafnóheimil í sama formi utan dagskrár.

Skipulag orkumála, þáltill. (þskj. 30). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsókn á djúpræktjumiðum fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 31). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Starfshættir Alþingis, þáltill. (þskj. 6). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 44 shlj. atkv.

Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, þáltill. (þskj. 5). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á þskj. 5 hef ég leyft mér að flytja þáltill. sem hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara sérstaka allsherjarathugun og úttekt á öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum. Öryggiseftirlit ríkisins og Heilbrigðiseftirlit ríkisins skulu stjórna athuguninni og framkvæmd hennar gerast í samráði við vinnuveitendur, trúnaðarmenn starfsfólks og viðkomandi verkalýðsfélög."

Undanfarna mánuði hafa orðið mörg alvarleg vinnuslys hér á landi, og sýna þau að rík nauðsyn er að gefa meiri gaum að öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum en gert hefur verið til þessa. Sú heildarathugun og úttekt á þessum málum, sem till. þessi fiallar um, mundi án efa leiða í ljós fjölmargar hættur sem unnt er að fyrirbyggja. Auk þess mundi hún verða ómetanleg stoð við þá endurskoðun laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem nú stendur yfir.

Í viðræðum um kiarasamninga s. l. sumar lagði verkalýðshreyfingin mikla áherslu á að lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum yrðu endursamin og þá með tilliti til nútímahugmynda á þessu sviði. Með bréfi hinn 22. júní s. l. féllst ríkissti. á að skipa 9 manna n. til að vinna það verk og skyldi stefna að því, að ný lög taki gildi eigi síðar en í ársbyrjun 1979. Vil ég treysta því, að þessi n. hafi þegar hafið störf og það takist að afgreiða ný lög um þetta efni ekki seinna en 1979, eins og miðað er að.

Þá lagði verkalýðshreyfingin s. l. sumar jöfnum höndum áherslu á að „gerð verði sérstök allsherjarathugun og úttekt á ástandi aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustöðum". Var þess óskað að úttekt þessi færi fram á næstu 12 mánuðum samkv. sérstöku umboði stjórnvalda, svo og að allar nauðsynlegar úrbætur yrðu gerðar samkv. gildandi lögum að viðlagðri lokun vinnustaðanna. Enn fremur var farið fram á að fyrirtækjum yrðu veitt sérstök lán til þess að gera nauðsynlegustu úrbætur á þessu sviði.

Svo fór að ríkissti. féllst ekki á þessa kröfu nema að nokkru leyti. Hún lofaði í áðurnefndu bréfi athugun sem á „að ná til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða", eins og það er orðað í bréfinu.

Enda þótt mikill ávinningur sé að endursamningu laganna og takmarkaðri úttekt vinnustaða sýnir reynslan um hin tíðu og alvarlegu vinnuslys, að nauðsyn er á heirri allsherjarathugun sem samninganefndir verkalýðsfélaganna óskuðu eftir. Samhvkkt Alb. á þessari till., sem ég hef flutt, mundi því ekki aðeins verða mikilsverður stuðningur við þetta mál almennt, heldur aðkallandi útvikkun á því loforði sem ríkissti. gaf.

Það getur verið örlagarikur munur á því, hvort athugun er látin ná til allra vinnustaða sem unnt er að skoða, eins og verkalýðsfélögin óskuðu eftir, eða til ákveðins og takmarkaðs fjölda vinnustaða, vegna þess að aðstæður geta verið mjög mismunandi á sambærilegum vinnustöðum og aðstæður geta í einu og einu fyrirtæki verið hannig að verkafólki stafi bein hætta af. Ég tel allsherjarathugun nauðsynlega bæði til þess að reyna að fyrirbyggja sem víðast slysahættu, eins og vinnuaðstaða er í dag, og einnig til þess að sú n., sem á að endurskoða þessi mál fyrir nýja lagasetningu ekki seinna en 1979, fái sem víðtækastar heildarupplýsingar um ástand mála á þessu sviði og geti af því dregið ályktanir um það, hvernig rétt og nauðsynlegt er að smíða væntanleg lög við íslenskar aðstæður.

Við þm. Alþfl. höfum mörg undanfarin þing flutt till. um vinnuvernd og starfsumhverfi, algera endurskoðun á löggiöf og hugmyndum manna á því sviði, og hafa þær verið ræddar, oft fengið miög góðar undirtektir manna úr öllum flokkum, en hafa þó ekki hlotið afgreiðslu. Þessar till. hafa nú náð fram að ganga á þann hátt, að verkalýðshreyfingin hefur sjálf tekið málið upp í sambandi við heildarsamninga og ríkissti. hefur fallist á að setja þá athugun í gang sem óskað hefur verið eftir. En sú áhersla, sem verkalýðshreyfingin leggur á þetta mál, kemur mjög vel fram í þeirri viðbótarkröfu samninganefndanna, að nú þegar fari fram og verði lokið á næstu 12 mánuðum allsherjarathugun og úttekt á ástandi vinnustaða hvað öryggi og heilbrigðishætti snertir.

Herra forseti. Að lokinni umr. legg ég til að till. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr frestað.

Aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði, þáltill. (þskj. 13). — Ein umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Á síðasta þingi flutti ég þessa sömu till. og grg., sem var á sömu lund og fylgir till. nú. Till. sjálf hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að skora á ríkissti. og fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði að beita sér fyrir því að Grænlendingar fái fulla aðild að Norðurlandaráði og velji fulltrúa sína sjálfir."

Við Íslendingar höfum að vonum ævinlega reynt að fylgiast dálítið með högum Grænlendinga. Við áttum sameiginlega sögu í nokkrar aldir, og það er eitt af leyndarmálum mannkynssögunnar hvernig þessari sameiginlegu sögu lauk. Má vel vera að Grænlendingar séu auk annars einnig frændur okkar.

En það er mikil ástæða bæði fyrir okkur og fyrir allar Norðurlandaþjóðir að beina athygli sinni að Grænlandi. Því er svo háttað með Norðurlandaþjóðirnar, að við stöndum mjög framarlega meðal þjóða heims á ýmsum sviðum að því er varðar lífskjör, menningarmál, félagsmál o. fl., og við hælum okkur einatt af þessu og höfum nokkra ástæðu til. En því miður er svo ástatt á Norðurlöndum, að þar er að finna staði sem hafa ekki tekið þátt í þessari svo jákvæðu þróun sem fyrst og fremst hefur verið að gerast síðustu hálfa öld eða svo.

Sá staður, sem verst er ástatt um hvað þetta snertir, er Grænland. Ég kynntist því sjálfur 1975, þegar samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs hélt fund á vesturströnd Grænlands, og notaði tækifærið til að ferðast þar æðimikið um um hálfs mánaðar skeið, þannig að ég kynntist ástandinu í landinu talsvert mikið, og þetta er í eina skiptið sem ég hef komið í land þar sem verið hefur nýlenduástand þó ég hafi flakkað æðimikið um veröldina. Þegar ég kom til Grænlands 1975 var þar ótvírætt nýlenduástand. Grænland var að vísu ekki formleg nýlenda lengur en til ársins 1953. Þá breyttu Danir stöðu landsins þannig að þeir kölluðu Grænland síðan amt í Danmörku.

Ástæðan fyrir þessari breytingu var mjög annarleg. Það hafði verið samb. á þingi Sameinuðu þjóðanna, að Sameinuðu þjóðirnar skyldu kanna ástandið í þeim nýlendum sem eftir væru í heiminum. Danir vildu af eðlilegum ástæðum ekki að Sameinuðu þjóðirnar könnuðu ástandið á Grænlandi og þess vegna var þessi breyting gerð, að Grænland hét ekki lengur nýlenda, heldur amt í Danmörku. En það gerðist því miður um leið, að Danir framkvæmdu ákaflega umfangsmikla röskun á högum Grænlendinga. Fram að þeim tíma hafði allur þorri Grænlendinga verið veiðimenn og veiðimenn eru persónulega frjálsir menn hvernig sem háttað er yfirstjórn í landi þeirra. Þeir geta rekist á ýmsa ömurlega hluti í sambandi við verslunarkjör og annað slíkt, en daglega eru veiðimenn frjálsir menn. En 1953 var farið víða, m.a. með hreinu ofbeldi, að flytja alla Grænlendinga í þorp og smábæi við strendur Grænlands. Þetta gerðist á mjög stuttum tíma og hefur haft mjög átakanleg áhrif á grænlensku þjóðina. Þróun af þessu tagi er að vísu víða um lönd, m.a. hér á Íslandi. Hér hefur sú þróun orðið, að fólk hefur streymt úr sveitum til bæja. En hér gerðist þessi þróun það hægt og án nauðungar að hún hefur ekki klippt sundur samband þjóðar við fortíð sína eins og gerst hefur á Grænlandi.

Meðan ég ferðaðist um Grænland rak ég mig hvarvetna á þetta ömurlega ástand. Það er svo, að með því að flytja fólk til bæja við ströndina og reyna að fá það til að taka upp svipaða lifnaðarhætti og tíðkast t.a.m. í ýmsum Vestur-Evrópulöndum, þá hefur hagur fólks ekki batnað því að sú vinna, sem fyrst og fremst var tekin upp, var fiskveiðar og ýmiss konar fiskvinnsla í sambandi við þær. Hins vegar er svo ástatt í flestum höfnum Grænlands, að þar leggst ís að á veturna og ekki er hægt að stunda fiskveiðar eða fiskvinnslustörf á því tímabili og á þessu tímabili er fólkið atvinnulaust. Slík skipan getur að sjálfsögðu ekki haldist. Og ég rak mig hvarvetna á nýlenduástandið meðan ég ferðaðist um Grænland þennan hálfa mánuð.

Í landinu eru um 40 þús. Grænlendingar og um 10 þús. Danir. Danir eru algjör yfirstétt í landinu. Danskir verkamenn, sem vinna í Grænlandi, fá miklu hærra kaup en Grænlendingar. Og þetta á líka við um embættismenn. Ég man eftir því, að þegar ég ferðaðist við strendur Grænlands 1975, þá hitti ég einu sinni ungan grænlenskan kennara og við spjölluðum svolitið saman. Hann sagði mér að hann hefði komist til Danmerkur og gengið þar í danska kennaraháskólann og lokið prófi. Í skólanum kynntist hann danskri stúlku, sem líka var að læra til kennara, og þau giftust og útskrifuðust á sama tíma. Síðan störfuðu þau í eitt eða tvö ár í Danmörku við sama skóla og fengu að sjálfsögðu sama kaup. Síðan ákveða þau að flytjast til Grænlands. Þau eru ráðin að sama skólanum. En þá gerist það að kaup Grænlendingsins er skorið niður býsna mikið í samanburði við kaup konu hans, vegna þess að þar gilti sú regla að þeir, sem voru Grænlendingar, ættu að hafa lægra kaup heldur en þeir sem voru Danir. Afleiðingin af þessu er m.a. sú, að meiri hl. af kennarastéttinni í Grænlandi er Danir og flestir þeirra kunna ekki neitt í grænlensku. Það er ömurlegt ástand í grænlenskum skólum þar sem koma börn, sem skilja ekki dönsku, og kennari, sem kann ekki grænlensku. Það verður lítið um kennslu í slíkum skólum, enda tóku Danir upp á því átakanlega úrræði, að þeir fluttu börn 10—11 ára gömul frá Grænlandi til Danmerkur og létu þau vera þar í eitt ár til þess að þau lærðu dönsku og gætu skilið kennara sinn. Það er varla hægt að hugsa sér öllu ömurlegra ástand en þetta.

Aðgangur Grænlendinga að námi hefur verið mjög takmarkaður. Þegar ég var í Grænlandi 1975 var mér sagt að þar væri einn maður, einn einasti Grænlendingur, sem hefði fengið að læra til þess að verða læknir. Ég kom á sjúkrahús, myndarlegt sjúkrahús, á einum stað þar sem við höfðum viðkomu. Þetta var myndarbygging og vel búin, og svo fór ég að spyrja um starfsliðið. Það kom í ljós að allir læknar sjúkrahússins voru danskir og kunnu ekki orð í grænlensku. Það kom í ljós að allar hjúkrunarkonur og allir sjúkraliðar á sjúkrahúsinu voru Danir og kunnu ekki orð í grænlensku. Grænlendingar fengu að vinna önnur störf í sjúkrahúsinu, þvo gólf, þvo þvotta og annað slíkt, en þeir fengu ekki að sinna sjúklingunum. Og afleiðingin var sú, að læknar og hjúkrunarfólk gat ekki talað við sjúklingana nema með aðstoð túlks, og menn geta nærri hversu erfið hjúkrunarstörf eru þegar þannig er ástatt.

Ég get nefnt ákaflega mörg dæmi af þessu tagi sem ég rak mig á þessar tvær vikur sem ég ferðaðist um Grænland. Þau voru öll á þessa sömu lund. Og afleiðingin af þessu hefur að sjálfsögðu orðið sú, að það hefur vaxið upp frelsishreyfing hjá ungu fólki í Grænlandi — frelsishreyfing sem hefur verið að magnast undanfarin ár og kemur stundum fram á býsna harkalegan hátt. Ég heyrði það í fréttum á síðasta ári, að mig minnir, að forsrh. Dana, Anker Jörgensen, hefði orðið fyrir því í einni höfn, sem hann kom til í Grænlandi, að hann hefði verið grýttur. Ástand af þessu tagi hvetur til slíkra atburða.

Ég vil ekki líta á þetta einvörðungu sem smánarblett á Dönum, það er það, og það er smánarblettur á öllum Norðurlandabúum. Eins og ég sagði áðan eigum við sameiginlega sögu með Grænlendingum. Norðmenn eiga það líka, og raunar deildu Norðmenn og Danir um það

um skeið hvor ætti að fá að hafa nýlenduna Grænland. Það var hópur manna hér á Íslandi fyrir ekki ýkjalöngu sem stofnaði sérstakt félag sem átti að hafa þann tilgang að gera Grænland að íslenskri nýlendu. Sem betur fer heyrast ekki slíkar raddir lengur. En Grænlendingar hafa haft þessi sögulegu tengsl við Norðurlönd frá upphafi sögualdar, má segja, og það er sameiginleg skylda okkar Norðurlandabúa að aðstoða Grænlendinga til þess að geta haldið menningu sinni og andlegu sjálfstæði í því efnahagslega umróti sem vafalaust er óumflýjanlegt hjá þeim.

Það er sagt að Grænlendingar eigi að fá heimastjórn á næsta ári, minnir mig. En þessi hugmynd um heimastjórn er óhemjulega takmörkuð. Hún er takmörkuð á þann hátt, að allar auðlindir Grænlendinga, öll auðæfi, sem kunna að finnast í Grænlandi eða á hafsbotninum umhverfis Grænland, eru ekki eign Grænlendinga, heldur danska ríkisins. Þetta er að mínu viti ömurlegur blettur á Dönum, að gera slíkt. Við þekkjum að vísu þetta sama. Árið 1901 sömdu Danir við Breta um að Bretar mættu veiða fisk alveg upp að ströndum Íslands, inni á fjörðum og flóum, upp að 3 mílum. Þetta var viðskiptasamningur til þess að koma dönsku fleski og dönsku smjöri á markað í Bretlandi. Við sátum uppi með þennan samning þangað til 1951, og við höfum orðið að heyja harða baráttu til þess að hrinda afleiðingum þessa samnings. Okkur hefur sem betur fer tekist það. En það kynni að verða erfiðara fyrir Grænlendinga að hrinda samningum sem gerðir væru við alþjóðlega auðhringa um að vinna t. a. m. olíu eða úran sem hvort tveggja hefur fundist á Grænlandi. Ef slíkir atburðir gerðust, að erlendum alþjóðlegum auðhringum yrði heimilað að vinna úran eða olíu við Grænland, þá yrði endanlega bundinn endir á sögu Grænlendinga og sennilega menningu.

Menning Grænlendinga á mjög í vök að verjast. Menning er hvarvetna samofin atvinnusögu og öðrum þvílíkum aðstæðum, eins og við Íslendingar þekkjum mætavel. Þegar Grænlendingar voru rifnir með valdi úr eðlilegu umhverfi sínu 1953 voru slitin tengsl þeirra við fortíðina á ömurlegan hátt. Það er starfandi í Grænlandi einn lýðháskóli þar sem kennt er á grænlensku um grænlenska menningu. Ég kom þangað. Þetta er mjög myndarleg stofnun, en hún er ekki sérlega öflug. Þessi skóli hefur mikinn áhuga á því að ná til næstu frænda Grænlendinga sem búa hinum megin við svolítið sund, Kanadamegin, því að þar er um að ræða sameiginlega menningu og að allmiklu leyti sameiginlegt málfar. Fulltrúar lýðháskólans fengu einu sinni tækifæri til þess — og hvernig gerðist það? Það var ekki hægt að ferðast þessa stuttu leið yfir sundið frá Grænlandi til Kanada, það voru engar samgöngur. Fulltrúar skólans urðu að fljúga til Kaupmannahafnar og þaðan var síðan flogið til höfuðborgar Kanada og loks farið landleið til næstu nágrenna Grænlendinga Kanadamegin.

Þetta ástand er algerlega herfilegt og er, eins og ég hef áður sagt, sameiginlegur blettur á Dönum og okkur öllum Norðurlandabúum. Mér er ljóst að það þarf æðimikið átak til þess að Grænlendingar fái aftur fótfestu og geti hnýtt aftur tengslin við sína fornu menningu þó aðstæður séu breyttar. Til þess þarf vafalaust mjög mikla fjármuni. En ég tel að það ætti að vera siðferðileg skylda allra Norðurlandaríkja að leggja þá fjármuni fram. Við Íslendingar höfum notið þess, að hér hefur verið starfandi um skeið iðnþróunarsjóður sem önnur Norðurlönd veittu fé til til þess að aðstoða okkur. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að stofna slíkan iðnþróunarsjóð handa Grænlendingum einnig og þá með þátttöku okkar að sjálfsögðu. Við eigum að geta aðstoðað Grænlendinga við að nýta sjálfir þær auðlindir sem finnast í Grænlandi eða í hafsbotninum umhverfis Grænland, að nýta þær sjálfir og fá arðinn af starfseminni, sem kemur á sínum tíma, í eigin hendur. Þetta er tvímælalaus skylda okkar og þetta tel ég að við eigum að gera. Páltill. mín hefur þennan tilgang. Ég skora í henni á ríkisstj. og fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði að beita sér fyrir því að Grænlendingar fái fulla aðild að Norðurlandaráði og velji fulltrúa sína sjálfir. Ég vona að þessi samstaða sé til á hinu háa Alþ. og að engin formleg atriði komi þar til með að standa í vegi.

Ég á, eins og ég gat um áðan, sæti í samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs. Við, sem eigum sæti í þeirri n., höfum haft þann hátt á, að við höfum heimsótt ýmsa afskekkta staði á Norðurlöndum og kynnt okkur aðstæður þar, ekki aðeins Grænland. Ég lagði til á fundi, sem haldinn var í sumar í þessari n. á Álandseyjum, að n. sameiginlega beitti sér fyrir því að þjóðernisminnihlutar á Norðurlöndum fengju beina aðild að Norðurlandaráði hver um sig með a. m. k. tveimur fulltrúum svo að afstaða þeirra gæti komið fram á sem skýrastan hátt. Þarna er um að ræða Grænlendinga, þarna er um að ræða Sama, þarna er um að ræða Færeyinga og Álandseyjabúa og þýska minni hlutann í Danmörku. Félagar mínir í samgöngumálanefndinni töldu að það væri ekki hægt af formlegum ástæðum að fallast á þetta, eins og ekki var hægt að fallast á fyrirspurnina hér í upphafi fundar af formlegum ástæðum, og vísuðu málinu á bug af formlegu tilefni. Ég ræddi við félaga mína í samgmn., og ég heyrði það á Dönum að þeir höfðu áhyggjur af því, að ef slík till. yrði samþ. eins og þessi, þá mundi þýski minni hl. í Danmörku geta fengið aðild að Norðurlandaráði. Við vitum það ákaflega vel, að ástandið í kringum landamærin milli Danmerkur og Þýskalands hefur verið ákaflega viðkvæmt mál. En ég held að það eina skynsamlega fyrir Dani væri það, ef þýski minni hl. óskar eftir því að komast í Norðurlandaráð, að hann fái fullkomlega aðstöðu til þess. Það er þýskur minni hl. Danamegin við landamæri, það er danskur minni hl. Þýskalandsmegin við landamærin og þarf að tryggja — það hlýtur að vera hagsmunamál Dana — að þarna verði sem eðlilegast ástand. Það verður einmitt með því að þessir minni hl. fái eðlilega aðild að sameiginlegum stofnunum.

Ég flutti þetta mál á þinginu í fyrra. En ég var veikur þegar málið kom til umr. og hv. þm. Gils Guðmundsson mælti fyrir því í minn stað. Mér þótti ákaflega vænt um, að hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson tók til máls eftir að hv. þm. Gils Guðmundsson hafði mælt fyrir málinu og

hæstv. utanrrh. tók mjög undir þetta sjónarmið mitt. Hæstv. ráðh. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er þessu mjög sammála. Ég álít að Grænlendingar eigi ekkert síður rétt á því heldur en Færeyingar, Álendingar og við að eiga aðild að Norðurlandaráði og kynna þar aðstæður sínar, málefni og vinna heim það fylgi sem Norðurlandaráð getur veitt og við höfum áður rætt um hér og það ekki alls fyrir löngu að er umtalsvert."

Og hæstv. ráðh. lauk máli sínu á þessa leið:

„Er hér um umtalsvert þjóðarbrot að ræða, fólk sem byggir sérstakt land og fólk sem á skilið að njóta fyllstu mannréttinda. Þess vegna styð ég þessa till. af heilum hug."

Þetta sagði hæstv. ráðh. og þetta var vissulega mikilvægur atburður. Mér er kunnugt um að hann vakti m. a. athygli í Danmörku.

Ég geri mér vonir um að þetta mál geti borið þannig að í Norðurlandaráði að við fulltrúar Íslands sameiginlega getum flutt málið. Það mundi gefa því þann þunga sem málið þarf að hafa. Og ég mun freista þess að ræða við félaga mína í Íslandsdeild Norðurlandaráðs um það, hvort við getum ekki náð samstöðu um að flytja þetta mál saman. Ég tel að á þann hátt sýndum við Grænlendingum þann ítrasta stuðning sem við getum gert að því er varðar Norðurlandaráð.

Nú reynist þetta af einhverjum ástæðum ókleift, þá mun ég beita mér fyrir því, að þessi till. verði engu að síður flutt í Norðurlandaráði, og leita þá almennt til Norðurlandaráðsmanna um hvort þeir vilji standa að tillögugerðinni með mér. En ég legg áherslu á það, að ég tel að það væri langsamlega öflugast ef við Íslendingar bærum gæfu til að standa saman um flutning þessarar tillögu.

Ég vil taka það fram, að ef einhver metnaður er í mönnum þá geri ég það ekki að neinu atriði að ég verði fyrsti flm. Hitt geri ég að mjög miklu atriði og vona að það takist, að Íslendingar standi saman um þá stefnu, sem ég hef verið að lýsa, og um þá stefnu, sem hæstv. utanrrh. hefur á eindregnasta hátt lýst stuðningi við.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Saga Íslendinga er í ýmsum greinum samtvinnuð sögu frændþjóða okkar. Fyrr á öldum bar oft dimma skugga á samkomulag þessara þjóða, og sagan um samskipti þessara þjóða var oft blóði drifin, því miður.

Þessi tími er sem betur fer löngu liðinn. Allar þessar þjóðir hafa á marga lund kostað kapps um að auka og bæta samstarf og vináttu sín á milli. Menn hafa séð það, að í hinu breytta samfélagi nútímans er það miklu vænlegra til árangurs og framfara í öllum þessum löndum að þau standi saman sem vinir og samherjar, en eigist ekki við sem óvinir innbyrðis. Það er einnig löngu ljóst og það ætti saga Íslendinga á síðustu öldum að hafa fært mönnum heim sanninn um, að það er líka vænlegra til framfara í þessum löndum að öll hafi þau fullt sjálfstæði.

Eftir okkar löngu og erfiðu sjálfstæðisbaráttu getum við sýnt fram á, að þá fyrst urðu framfarir í landi okkar verulegar á öllum sviðum er við höfðum fengið fullt sjálfstæði. Við ættum því að skilja það manna best hverjir eru erfiðleikar þeirra þjóða sem ekki hafa náð fullu sjálfstæði. Þess vegna tel ég það rétt, að við styðjum og tökum undir sjálfstæðisbaráttu þeirra þjóða, sem undirokaðar eru, og reynum að gera það með raunhæfum hætti.

Þessi till., sem hér liggur fyrir, er flutt til þess að stuðla að því að Grænlendingar fái fulla aðild að Norðurlandaráði. Það er aðeins ein lítil grein af því sem yrði ef Grænlendingar væru sjálfstæð þjóð. Vitanlega þarf ekki að brýna alþm. á Íslandi á því að styðja Grænlendinga, það er ljóst að við hljótum að gera það. Ég hef ekki, eins og hv. 3. þm. Reykv., til Grænlands komið, en hef þó af ýmsum ástæðum mjög mikla samúð með Grænlendingum.

Hitt er annað mál, að þegar lagt er fram mál í Alþ. sem á að vera Grænlendingum til stuðnings, þá má það að mínu mati ekki vera þess eðlis að það verði einungis til ýfinga við Dani. Hér er mál flutt sem ætti að sumu leyti betur heima á þingi Dana. Þetta mál, þessi till. hljóðar svona:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj." — þ. e. a. s. ríkisstj. Íslands — „og fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði að beita sér fyrir því að Grænlendingar fái fulla aðild að Norðurlandaráði og velji fulltrúa sína sjálfir."

Við getum ekki að því gert, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að Grænland er stjórnskipulega séð hluti hins danska ríkis. Þess vegna væri það harla einkennilegt ef þetta mál væri tekið upp sem ríkisstjórnarmál í öðru landi. Hins vegar tel ég að það væri mjög vel farið ef ríkisstj. veitti Grænlendingum stuðning á þann veg sem viðeigandi er eftir okkar þingreglum og enn fremur í því mikla samstarfi sem íslenskir ráðh. eiga með starfsbræðrum sínum á Norðurlöndum. Á þeim vettvangi geta Íslendingar og íslenskir ráðh. veitt Grænlendingum stuðning með því að sýna skilning á málefnum þeirra og útbreiða þann skilning.

Nú er það svo, að stundum hafa Grænlendingar átt sæti í sendinefnd Dana í Norðurlandaráði. Svo var þangað til í fyrra, að grænlenskur þm., Nikolaj Rosing, sem var í sendinefnd Dana, lést. Eftir það var enginn Grænlendingur í þeirri sendinefnd.

Þegar rætt er hér um það, að till. þessi sé um aðild er sé sambærileg aðild Færeyinga og Álandseyinga í Norðurlandaráði, þá er það rangt. Hvorki Færeyingar né Álandseyingar hafa sjálfstæða aðild eins og nú er, heldur velja þeir að vísu fulltrúa sjálfir, en þeir eru annars vegar í dönsku sendinefndinni og hins vegar finnsku. Hitt er annað mál, að við getum haft á því þá skoðun að þessu ætti að vera annan veg farið, að þarna ætti að koma til full og sjálfstæð aðild.

Núna er til meðferðar í Norðurlandaráði till. sem þar var borin fram af Færeyingum um fulla aðild Færeyinga að Norðurlandaráði. Það er eðlilegri háttur, að málefni sem þetta beri að fyrir frumkvæði þeirrar þjóðar sem þar á í hlut. Ef hv. 3. þm. Reykv. vill hafa áhrif á þetta mál,

ætti hann fremur að þeita sér fyrir því að málefni Grænlendinga fengju almennt meiri skilning þar sem hann skortir og enn fremur að vinna því fylgi meðal ýmissa Norðurlandaþjóða. Líka þarf að átta sig á því, hvaða áhrif þetta eina mál, þessi eina grein málefna Grænlendinga hefur á þeirra sjálfstæðisbaráttu yfirleitt. Mig skortir t. d. upplýsingar um það, hvort það er nákvæmlega þetta mál sem Grænlendingar teldu að æskilegast væri þeim í þeirra sjálfstæðismálum nú. Hv. þm. minntist á athyglisvert mál þar sem var iðnþróunarsjóður. Eitthvað slíkt gæti ég ímyndað mér að kæmi að verulegu gagni.

Ég hef rætt hér um að mér finnist ekki að öllu leyti formlega rétt, ef ég má segja svo, ekki að öllu leyti þinglegt að skora á íslensku ríkisstj. að þeita sér fyrir fullri aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði. Hitt má segja að geti staðist, að þar sé skorað á fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði. En um þetta getur hv. þm. rætt á fundi í Íslandsdeild Norðurlandaráðs þegar formaður hennar, hv. 4. þm. Reykn., heldur næsta fund í þeirri n. Hv. 3. þm. Reykv. á sjálfur sæti í Norðurlandaráði og gæti sem best kannað þetta mál einnig á þeim vettvangi út fyrir hóp Íslendinga, enda skýrði hv. þm. frá því, að hann hefði rætt þetta við félaga sína í samgmn. Norðurlandaráðs, þar hefði borið á góma aðild þjóðernisminnihluta að ráðinu. Fyrir örfáum árum lá fyrir till. í Norðurlandaráði um það, að Samar fengju sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Það mál hlaut eftir nákvæma athugun þá afgreiðslu, að ekki þætti rétt að minni hlutar innan ríkjanna fengju aðild að ráðinu. Samkv. reglum ráðsins er aðild að því aðeins miðuð við sjálfstæð ríki. Það yrði þá að breyta því atriði. Hitt er annað mál, að það má vel hugsa sér ýmis form fyrir áhrif slíkra þjóðarbrota á störf ráðsins og þátttöku með ýmsum hætti.

Í stuttu máli: Ég tel að hér sé um mál að ræða sem ekki ber að með fyllilega þinglegum hætti. Í því felst ekki efnisafstaða. Ég tel okkur rétt og skylt að styðja lífsbaráttu og sjálfstæðisbaráttu þeirra þjóða, bæði innan Norðurlanda og utan, sem í slíkri baráttu standa. Ég veit að þessi till. og umr. um hana hér á Alþ. á s. l. vetri vakti mjög mikla undrun og reiði, sem ég held að hafi því miður ekki orðið málinu til framdráttar. Hér hefur hv. þm. farið mörgum orðum um *illmennsku Dana*. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. les yfir ræðu sína á morgun, þá er ég nú ansi hrædd um að hann sjái það. (Gripið fram í.) Já, hv. þm. nefnir nýlendustefnu, en nú á dögum erum við ekki þeirrar skoðunar, að nýlendustefna sé það fyrirbrigði sem stefna beri að og halda við í okkar heimi. (Gripið fram í.) Er ekki nokkuð náið samband milli skapgerðareiginleika og stjórnarfars? Ég man það ósköp vel og við *munum* það öll, hver ólga var hér í garð Dana á ýmsa lund allt þar til lýðveldi var stofnað. Margt hefur þó orðið til framfara á alllöngum tíma í sambúð Íslendinga og Dana og vinátta þessara þjóða hefur farið batnandi á þeim tíma allt fram að lýðveldisstofnuninni. En það vottaði alltaf fyrir hinni gömlu ólgu, hinu svokallaða Danahatri. Hins vegar er það alveg ljóst, að þau sár eru löngu gróin sem Íslendingar báru hér áður fyrr og Danir að sínu leyti, vegna þess að þeim mörgum hverjum sárnaði og þeir skildu ekki nógu vel hver nauðsyn okkur var á fullu sjálfstæði. Þessi sár eru löngu, löngu gróin, og ég leyfi mér að segja, með allri virðingu fyrir vinaþjóðum okkar og miðað við þær skoðanir sem við vissum að hjá Dönum ríktu löngu áður, þá held ég að engin þjóð hafi sýnt okkur jafnmikinn drengskap eins og þegar menntmrh. Dana kom á sínum tíma hingað til lands með handritin. Þetta eina atriði nefni ég hér, mörg atriði mætti nefna, en þetta atriði er eitt af því sem margar þjóðir í heiminum líta á sem tákn um fyrirmynd að góðri sambúð ríkja þrátt fyrir erfiðleika í samskiptum fyrr í sögu þjóðanna. Þess vegna tel ég, að við ættum að reyna að halda þannig á þessu máli og yfirleitt á stuðningi okkar við Grænlendinga, að við reyndum að fá vini okkar Dani í samstarf með okkur, fá þá á réttum vettvangi til liðs tillögum sem orðið gætu Grænlendingum að raunverulegu gagni. Þetta eina litla mál leysir því miður ekki þann vanda sem þyrfti að gera.

Utanrrh. (Einar Ágústson): Herra forseti. Ég hef ekki breytt um skoðun frá því í fyrra að þetta mál var hér til umr. Ég tel enn eins og þá, að það sé sjálfsagt mál að Grænlendingar fái tækifæri til þess á þingi Norðurlandaráðs að gera sjálfir grein fyrir sínum málum og hafa áhrif á afgreiðslu mála á því þingi. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af þeim rökstuðningi sem fluttur hefur verið fyrir þessari niðurstöðu, aðeins ítreka að hún er hvað mig snertir óbreytt. Mér er ljóst að Danir sjálfir telja, að til þess að slíkt geti orðið, til þess að þetta skipulag geti náð fram að ganga, þurfi nokkrar stjórnarfarslegar breytingar að verða á stöðu Grænlands innan danska konungsríkisins, eða danska ríkisins, væri kannske réttara að segja núna, eftir að Margrét drottning tók þar við völdum. (**MK:** Drottningarríkisins.) Ég veit ekki — ég var að hugsa hvort ég ætti að segja það, að það mætti hvorki kalla það lengur konungsné drottningarríki, heldur finna eitthvert þriðja orðið, en ég fann það ekki, svo að ég hætti við það. (**Gripið fram í:** Mannfélag.) Mannfélag, já, Og ég er sannfærður um að Danir hljóta að viðurkenna nauðsyn þessara stjórnarfarsbreytinga og þær muni ekki vera langt undan.

En í mínum augum er þetta ekki neitt aðalatriði, heldur sú staðreynd, að Grænland byggir að verulegu leyti sérstök þjóð sem hefur sérstakar aðstæður, eigið tungumál og menningararfleifð sem þarf að standa vörð um og halda vörð um, og hún þarf á stuðningi til þess að halda, og þá er eðlilegt að sá stuðningur komi fyrst og fremst frá Norðurlandaþjóðunum. Ég er ekki með þessu að mæla með því, að við förum að skipta okkur af innanríkismálum Dana og fara að leitast við að hafa sérstök áhrif á það, hvernig sambandi landanna verður fyrir komið í framtíðinni, enda fjallar þessi till. ekki um það. Hún fjallar, eins og hér hefur margsinnis verið tekið fram, aðeins um það, að Grænlendingar eigi þess kost að flytja sjálfir mál sitt á þingi Norðurlandaráðs, alveg á sama hátt og Færeyingar og Álendingar eiga nú kost á, og það eiga þeir enda þótt formlega séð séu full-

trúar þeirra á þingi Norðurlandaráðs meðlimir annars vegar dönsku og hins vegar finnsku sendinefndanna. Þeir kjósa þessa fulltrúa sína sjálfir, þeir ráða því að öllu leyti hvernig þeir flytja mál sitt, og þeir eru þar fulltrúar þjóða sinna, þó að enn þá sé haldið við það gamla form að þeir teljist hlutar af sendinefndum stærri eininga, enda eru þeir óánægðir með það fyrirkomulag, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir kom að, og leitast við að fá því breytt og sjálfsagt verður því breytt. Ég hef fulla trú á því.

Ég held að það sé ekki hægt að líkja þessari beiðni eða kröfum á nokkurn hátt saman við þá málaleitan sem lögð hefur verið fram á þingi Norðurlandaráðs, að Samar fengju aðild að ráðinu, vegna þess að þjóðflokkurinn Samar byggir þrjú af aðildarríkjum Norðurlandaráðs, þ. e. a. s. Svíþjóð, Noreg og Finnland, ég held að það sé rétt með farið hjá mér. Þeir eru þess vegna öðruvísi settir en Grænlendingar, sem byggja sitt eigið land, eins og ég áðan sagði, og byggja á sinni sérsöku menningararfleifð, sem þróast hefur þar í Grænlandi, og tala allir sömu tungu, sem Samarnir gera ekki nema að hluta til.

Það hefur verið bent á það hér við umr., að íslenskir ráðh. og íslenskir þm. gætu notað ýmis tækifæri, sem gefast til viðræðna við starfsbræður sína og félaga frá hinum Norðurlöndunum, til þess að vinna þessu máli stuðning. Það er vissulega alveg rétt. Það hefur nokkuð verið þreifað á þessu máli. En hér er lagt til, meginefni till. er það, að á þingi Norðurlandaráðs verði slík till. fram borin, og ríkisstj., hvort sem það er íslensk eða annars ríkis, hefur ekki beina aðild að tillöguflutningi á þingum Norðurlandaráðs. Ríkisstjórnirnar óska ekki eftir því og þingið — geri ég ráð fyrir — það an af síður óskar eftir því, að ríkisstj. fari að blanda sér of mikið þar inn í starfsemina. Þetta er stækkað Alþ., ef svo mætti segja. Þetta er þing með þátttöku Norðurlandaþjóðanna og sem slíkt sér það um sín málefni og ræður sínum ráðum sjálft og óháð öðrum stofnunum og aðilum, og á það að mínu mati svo að vera.

Ég skal ekki tefja tímann, herra forseti, með löngum ræðuhöldum um eitt og annað sem hér hefur borið á góma, sumt athyglisvert, eins og sambúð Norðurlandanna hvers við annað frá fyrstu tíð og fram á þennan dag. Um það má sjálfsagt margt segja og hefur verið sagt. Þótt ýmislegt sé ósagt enn, þá ætla ég ekki að taka það hlutverk að mér. En ég vil aðeins í lok þessarar stuttu ræðu, eins og ég gerði við sama tækifæri í fyrra, óska þess að hv. utanrmn. taki till. til vinsamlegrar athugunar, og ég er sannfærður um það, að verði hún samþykkt hér á Alþ. hljóti að finnast leiðir sem dugi til þess að tryggja Grænlendingum þá réttarbót, sem hér er farið fram á, án þess að til nokkurra sárinda eða leiðinda þurfi að koma við aðrar þjóðir sem aðilar eru að því.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég á sæti í Íslandsdeild Norðurlandaráðs og er því nokkuð kunnugur þeim málavöxtum sem hér er um að ræða. Sannleikurinn er sá, að efnislega séð er till. þessi ekki í samræmi við gildandi millirikjasamning um starfsemi Norðurlandaráðs og starfsreglur þess. Efni hennar er í beinu ósamræmi við þann samning sem Ísland er aðili að og gildir nú um starfsemi Norðurlandaráðs. M. ö. o.: af formlegum ástæðum væri ógerningur fyrir Alþingi Íslendinga, að ég ekki tali um fyrir Norðurlandaráð sjálft, að samþykkja slíka till. Ég er í sjálfu sér ekki hissa á því, þótt hv. flm. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, flytji till. sem ekki er formlega hægt að samþykkja. Alþ. var fyrir einni og hálfri klukkustund að fella að leyfa fsp., sem hann hafði borið fram, af hliðstæðum ástæðum, vegna þess að hún er ekki í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi Alþingis, þ. e. a. s. ekki í samræmi við þingsköp, og það var skoðun allra viðstaddra þm. nema tveggja.

Hitt verð ég að segja, í allri vinsemd þó, að mér kemur það mjög á óvart að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera kunnugri þeim millirikjasamningi, sem gildir um Norðurlandaráð og Ísland er aðili að, og þeim reglum, sem gilda um starfsemi Norðurlandaráðs, en svo, að hann treystir sér til þess að mæla með því að þessi till. verði samþ. Í henni segir að ríkisstj. og fulltrúar Íslands skuli beita sér fyrir því, að Grænlendingar fái fulla aðild að Norðurlandaráði og velji fulltrúa sína sjálfir. Það er rangt, sem hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinn áðan, því miður, að Færeyingar og Álendingar hafi fulla aðild að Norðurlandaráði. Þeir velja að vísu sjálfir þá fulltrúa sem eiga sæti í deildum hlutaðeigandi ríkja sem Færeyingar og Álendingar eru í lögákveðnum tengslum við. En fulla aðild eiga Færeyingar og Álendingar ekki, beinlínis af því að samkvæmt stofnsamningi Norðurlandaráðs er slíkt ekki mögulegt. Af nákvæmlega sömu ástæðum yrði ekki heldur unnt að veita Grænlendingum fulla aðild að Norðurlandaráði.

Þetta hefur auðvitað verið ástæða þess, að enginn félaga hv. flm. í samgmn. Norðurlandaráðs hefur viljað taka undir þessa hugmynd hans þar. Öllum hinum þm. í samgmn. hefur auðvitað verið kunnugt um þær staðreyndir sem ég er að lýsa, að þetta er af formlegum ástæðum ekki mögulegt, og með formlegum ástæðum á ég við að það væri í andstöðu við millirikjasamninginn um Norðurlandaráð og þær starfsreglur sem ráðið hefur sett sér samkv. honum.

Að sjálfsögðu hljóta ekki aðeins allir Íslendingar, heldur allir góðir menn á Norðurlöndum að hafa fyllstu samúð með réttindabaráttu og sjálfstæðisbaráttu þjóðaminnihlutanna á Norðurlöndum: Færeyinga, Álendinga, Grænlendinga og Sama og þýska minni hlutans í Danmörku, eins og hv. flm. nefndi. Ég endurtek: Að sjálfsögðu hljóta allir Íslendingar og allir góðir menn á Norðurlöndum og raunar hvarvetna að hafa fyllstu samúð með réttinda- og sjálfstæðisbaráttu þessara þjóðaminnihluta. En formlega rétta leiðin til þess að koma því fram, að þeir fái fulla aðild að Norðurlandaráði, er þá auðvitað að bera fram brtt. við millirikjasamninginn eða um starfsreglur ráðsins sjálfs. Það getur gerst með tvennum hætti: annaðhvort að Norðurlandaráð sjálft hafi frumkvæði

að því að breyta starfsreglum sínum eða ríkisstj. komi sér saman um breytingar á milliríkjasamningnum um starfsemi Norðurlandaráðs. Með öðru móti er það ekki hægt. Ég geri ekki ráð fyrir að neinum detti í hug, að ef slík breyting yrði gerð næði hún til eins þjóðernisminnihlutans. Þá ætti hún auðvitað að ná til þeirra allra. Hitt er vægast sagt út í bláinn, að ætlast til þess að ríkisstj. eða fulltrúar Íslands í Norðurlandaráði beiti sér fyrir samþykkt af hálfu þess, ráðsins sjálfs, sem er í beinni andstöðu við starfsreglur þess og samninginn sem þær eru grundvallaðar á. Hitt væri sök sér, að Alþ. skoraði á íslensku ríkisstj. að beita sér fyrir breytingum á samningnum og starfsreglunum í þá átt að auka réttindi þjóðernisminnihlutanna á Norðurlöndum. Það er allt annað mál.

Ég vek athygli á því, að þessi till. er ekki um réttinda- eða sjálfstæðisbaráttu Grænlendinga. Hún er um skipan Norðurlandaráðs, nánar tiltekið aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði. En ég endurtek, að slík aðild er ekki möguleg að óbreyttum starfsreglum Norðurlandaráðs og óbreyttum þeim samningi sem Íslendingar hafa undirritað. Slík till. væri í fullu ósamræmi við hann, og það er alveg öruggt, að verði slík till. flutt í Norðurlandaráði, þá verður henni vísað frá af nákvæmlega sömu ástæðu og Alþingi Íslendinga vísaði áðan frá fsp. hv. þm. til hæstv. dómsmrh. og formanns Framsfl., hvort sem menn vilja kalla það formlega ástæðu eða hafa um það einhver önnur orð.

Það er kunnugt, það ætti hv. flm. að vera kunnugt og það ætti einnig hæstv. utanrrh. að vera kunnugt, að Grænlendingar sjálfir hafa enga ósk borið fram í þessa átt. Það hefur engin ósk komið fram af hálfu grænlenskra stjórnvalda í þessa átt auðvitað af þeirri einföldu ástæðu að forustumönnum Grænlendinga er kunnugt um hvernig starfsreglur Norðurlandaráðs eru og hvernig sá milliríkjasamningur er sem starfsemi þess er grundvölluð á. Þess vegna hafa þeir enga slíka ósk borið fram. Hitt kæmi auðvitað vel til mála, það samrýmist reglunum og milliríkjasamningnum, að Grænlendingar fengju sömu aðstöðu og Færeyingar hafa nú að því er Danmörk snertir og Álendingar að því er Finnland snertir. Það samræmdist samningnum. Ef till. væri um það, þá væri hún frambærileg og yrði ekki vísað frá. En hún er ekki um það. Form hennar er þannig, að hún samræmist ekki gildandi reglum og samningum og yrði því eflaust vísað frá á þingi Norðurlandaráðs. Það tel ég að mundi hvorki verða Íslendingum til sóma né heldur gera Grænlendingum gagn. Þess vegna mun ég ekki treysta mér til þess að vera aðili að flutningi till. efnislega samhljóða þeirri sem flutt er á þskj. 13.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég hlustaði með mikilli undrun á ræðu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég hef að vísu fylgst með því undanfarin ár hvernig þessi hv. þm. hefur í sífellu verið að þróast í íhaldsátt, en að hann væri orðinn svo steinrunnið íhald eins og fram kom í ræðu hans úr þessum ræðustóli kom mér hreinlega á óvart. Hann sá ekkert annað en formsatriði. Hann talaði um millilandasamning um Norðurlandaráð eins og einhvern helgan dóm og yrði því að flytja till. sem fæli í sér að breyta þeim milliríkjasamningi. Sér er nú hver íhaldssemin! Millilandasamningurinn um Norðurlandaráð er samningur sem auðvelt er að breyta, og það skiptir máli að menn geri sér grein fyrir því, hvernig þeir vilja breyta honum. Að tala um hann sem eitthvað sem alls ekki megi breyta er svo steinrunnin íhaldssemi að það er átakanlegt til þess að vita að maðurinn, sem talar þetta, skuli telja sig vera sósíaldemókrata.

Það er auðvelt verk að breyta samningnum um Norðurlandaráð ef vilji er fyrir því meðal Norðurlandaþjóðanna. En til þess að samningnum verði breytt þurfa menn að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, í hvaða átt þeir vilja breyta honum. Það er málefnið sem skiptir máli, en ekki formið. Það eru bara íhaldskurfar sem sjá ekki annað en form og skilja ekki málefnið.

Það er ekki rétt hjá þessum hv. þm., að engar óskir um þetta hafi komið fram af hálfu Grænlendinga. Ég hef rætt um þetta mál við forustumenn í samtökum ungra Grænlendinga sem berjast fyrir auknu sjálfstæði, og þeir hafa sagt mér að þetta væri þeim mikið áhugamál. Það hefur kannske ekki borið formlega á fjöru hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, en ég veit þetta. Ég hef talað við þessa menn. Og við vitum ósköp vel hvernig stofnun Norðurlandaráðið er. Það er umræðustofnun. Hún hefur ekki vald. Hún gerir ályktanir. En það er komið undir ríkisstj. meðlimalandanna hvort þær taka tillit til þessara ályktana eða ekki. Þær hafa gert það í mörgum tilvikum, sem betur fer. Og ég tel þetta vera ákaflega mikilvæga stofnun. En einmitt af þessari ástæðu tel ég að þjóðernisminnihlutar á Norðurlöndum og þá fyrst og fremst Grænlendingar, því þeir búa við verra hlutskipti en nokkrir aðrir, eigi að hafa þarna fulltrúa sem geti gert grein fyrir grænlenskum málefnum og viðhorfum Grænlendinga, til þess að þeir þm., sem þarna sitja, fái vitneskju um það og séu ekki að blaðra um einhver formsatriði án þess að vera menn til að setja sig inn í raunveruleikann.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hafði vinsamlega afstöðu til Grænlendinga, en afstaða hennar var ákaflega þröng. Ég minnist á það í grg. með till., kemst svona að orði: „Danskir ráðamenn segja oft að vandamál Grænlendinga séu „danskt innanríkismál“, og er vonandi ógeðfellt fyrir alla Íslendinga að hlusta á slíkan málflutning.“ Ég hélt að þetta væri ógeðfellt fyrir alla Íslendinga. En hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir virðist telja þetta eðlilegt sjónarmið. Hv. þm. segir að slíkar till. ættu að koma frá Dönum, en ekki öðrum — (**RH:** Grænlendingum.) þeir eru hluti af Danaveldi eins og er — og að við kynnum að vera að efla úlfúð með því að flytja þessa till. Ég vil minna á okkar eigin sjálfstæðisbaráttu. Við vorum einu sinni hluti af Danaveldi einnig, og sem betur fór voru þá til aðilar sem hjálpuðu okkur í sjálfstæðisbaráttunni, norskir aðilar, þýskir aðilar, menntamenn víða um lönd. Þeir voru okkur ákaflega dýrmætur stuðningur í sjálfstæðisbaráttu okkar. Á sama hátt eigum við að hegða okkur gagnvart Græn-

lendingum sem búa við hlutskipti sem er algjörlega ósæmandi innan Norðurlanda.

Ég minntist á það áðan, að það eru fleiri minni hlutar á Norðurlöndum sem ég tel að ættu að fá beina aðild að Norðurlandaráði, og eins og hæstv. utanrrh. benti á er staða Sama sú, að þeir geta ekki komið málum sínum fram í Norðurlandaráði með aðstoð neinnar einstakrar þjóðar vegna þess að þeir búa í þremur ríkjum. En vissulega þurfa Samar að eiga fulltrúa sína í Norðurlandaráði og gera grein fyrir vandamálum sínum. Þar er um að ræða þjóð sem er trúlega skyldari okkur Íslendingum en margir gera sér grein fyrir. Þar er um að ræða þjóð sem býr að nokkru leyti enn þá við lífshætti og atvinnuhætti sem eru ákaflega fornir, og það væri mjög ánægjulegt verkefni að aðstoða Sama við að ná góðri fótfestu í nútímanum án þess að rjúfa allt of mikið tengsl sín við fortíðina. Ég held að þetta sé hægt hjá Sömum vegna þess að þeir hafa ekki orðið að þola sama átakanlega hlutskiptið og Grænlendingar hafa orðið að þola.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði að þessi till. mín væri ekki formlega rétt. Formsatriðin vaða uppi hér í dag. Hún segir að það sé ekki formlega rétt að skora á ríkisstj. í þessu sambandi. Nú skulum við gera okkur grein fyrir því, að Norðurlandaráð starfar því aðeins að ríkisstj. Norðurlanda taka fullan þátt í því starfi. Ráðh. mæta þar á fundum, þeir halda ræður, þeir hafa að vísu ekki atkvæðisrétt, enda mundi ekki starfa neitt Norðurlandaráð ef ríkisstj. teldu það ekki hluta af verkefnum sínum að sinna störfum Norðurlandaráðs. Menn mega ekki einblína svo ógnarlega á formsatriði að þeim sjáist yfir einföldustu hluti.

Fulltrúar ríkisstj. á Norðurlöndum, Íslendinga og annarra, hittast ákaflega oft í sambandi við Norðurlandaráð. Það eru meira að segja sérstakir ráðh. í öllum ríkisstj. Norðurlanda sem mynda sérstaka n. um þessa norrænu samvinnu, og að sjálfsögðu getur íslesnkur ráðh. í þeirri n. og fleiri n. lagt fram sjónarmið Íslendinga hvað þetta snertir, þannig að það er ekkert óeðlilegt við það að skora á hæstv. ríkisstj. í þessu sambandi.

En mér þykir leiðinlegt að heyra þennan formsatriðatón, sem var viðurstyggilegur sérstaklega í máli hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Við eigum að vera menn til þess að hugsa um Grænlendinga sem minni hluta sem á í miklum erfiðleikum og hefur verið leikinn ákaflega grátt. Við eigum að líta á það sem skyldu okkar að gera það sem við megum til þess að rétta hlut þeirra. Með þessum orðum mínum er ég ekki að efna til úlfúðar milli Norðurlanda, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði áðan.

Hún minnti á að það hefði verið uppi úlfúð milli Dana og Íslendinga, og hún var vissulega ekki ástæðulaus. En sú úlfúð er nú horfin — og hvers vegn? Vegna þess að við Íslendingar höfum náð rétti okkar. Eina ráðið til þess að kveða niður úlfúð, sem er uppi núna milli Grænlendinga og Dana, er að Grænlendingar nái rétti sínum. Landfræðilega má segja að Grænland sé hluti af Ameríku. En saga Grænlendinga hefur verið samtvinnuð sögu Norðurlandaríkjanna í næstum því 1000 ár. Ég er þeirrar skoðunar að framtíð Grænlendinga sem sjálfstæðrar menningarþjóðar, grænlenskrar menningarþjóðar, væri best tryggð með því að halda sem bestum samskiptum við Norðurlönd. Vestan megin við þá eru risar sem eiga kannske erfitt með að skilja, hvað 40 000 manna þjóðfélag þarf á að halda, eða virða menningu slíks minni hluta. Ég er þeirrar skoðunar, að Norðurlandaþjóðirnar séu líklegri til þess að geta aðstoðað Grænlendinga við að ná tökum á því verkefni að lifa í nútímaþjóðfélagi. Þess vegna er ég ekki að tala um það, að Grænlendingar eigi að kljúfa sig frá öðrum Norðurlandabúum, þvert á móti. Ég er að gera till. um að við reynum að halda þannig á málum, að Grænlendingar telji bæði eðlilegt og eðlilegt hagsmunamál að halda áfram að vinna með öðrum Norðurlandaþjóðum. En það getur því aðeins tekist að við tryggjum Grænlendingum fullt jafnrétti á þessum sviðum.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að bæta ýkjamiklu við það sem ég sagði hér í fyrri ræðu. Sú orðahöll, sem hv. 9. þm. Reykv. byggði, var bæði hátimbruð og glæsileg, eins og hans var von og vísa, enda er hann orðasmiður góður. En það var á henni sá galli, sem trúlega bagar hana, eins og margar slíkar byggingar, að hún var byggð á sandi, a. m. k. að því er snertir það sem hann vék að mér. Ég ætla bara að svara þeim tveimur atriðum, sem sérstaklega sneru að mínum málflutningi, og láta að öðru leyti málið fram hjá mér fara.

Ég hygg, að það hljóti að hafa verið misheyrn hjá hv. 9. þm. Reykv., ef hann telur sig hafa heyrt mig segja að Færeyingar og Álandseyingar ættu fulla aðild nú þegar að Norðurlandaráði. Hafi ég sagt það, — ég hef ekki skrifaða ræðu, — þá er það mismæli og ég get tæpast trúað að ég hafi sagt það þannig að menn hafi ekki þá tekið eftir því mismæli, því ég lagði einmitt sérstaka áherslu á það í framhaldi af þessum aths., að Færeyingar hefðu nú uppi kröfur um að fá fulla aðild. Það mundu þeir tæpast gera ef þeir hefðu hana nú þegar, og meira að segja ég ætti að geta skilið það. Þess vegna held ég að þetta hljóti að vera byggt á misskilningi. Það kemur í ljós þegar við fáum útskriftina á morgun, þá mun ég ganga úr skugga um það, hvort ég hef mismælt mig hér eða ekki. Það var a. m. k. ekki meining mín að halda því fram, og ég hygg að það hafi komið fram í framhaldi ræðunnar að það gat tæpast verið.

Þá vil ég enn fremur mótmæla því, að það sé byggt á misskilningi hjá mér að vilja að þessi till. fái jákvæðar undirtektir hér, því allt það, sem hv. 9. þm. Reykv. var að tala um að þyrfti að koma til þess að Grænlendingar gætu fengið þá aðild sem hér er um rætt, felst innan þeirrar till. sem hér er til umr. Till. er svona. Hafi menn ekki lesið hana, þá er efni hennar það, að beita sér fyrir því að Grænlendingar fái fulla aðild að Norðurlandaráði og velji fulltrúa sína sjálfir. Það er ekki skilgreint hér hvað það er sem þarf til þess að gera það. Það er sagt að það þurfi að skapa þau skilyrði að þetta sé hægt, og ég held að ég hafi áreiðanlega sagt það í máli mínu hér áðan, að áður en þetta gæti orðið þyrftu Danir að gera stjórn-

skipulegar breytingar í samskiptum sínum við Grænlendinga — og þess er þörf. Það er rétt, ef þeir eiga að fá þó ekki sé nema takmarkaða aðild, hvað þá heldur fulla, þá þarf að gera þarna stjórnskipulegar breytingar. En ég tók þessa till. fyrst og fremst þannig, að Alþingi Íslendinga vildi lýsa yfir vilja sínum til þess að Grænlendingar fengju þá aðstöðu, sem hér er um að tefla, og að þær ráðstafanir, hvort sem þær eru stjórnskipulegar eða þá að það eru fundarsköp og starfsreglur Norðurlandaráðs sem þarf að breyta, að þá verði þeim breytt á þann veg að þessi tilgangur geti náðst. Það var a. m. k. meining mín með stuðningi við þessa tillögu.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mig langar til þess að leggja fá orð í belg við þá umr. sem hér hefur staðið um tíma um þetta mál.

Í fyrsta lagi vil ég lýsa því sem minni skoðun, að mér hefði fundist eðlilegt að hv. flm. þessarar þáltill. hefði leitað eftir stuðningi annarra þm., sem skipa Íslandsdeild Norðurlandaráðs, um aðgerðir til þess að koma þeim vilja sínum áleiðis sem tillgr. sjálf fjallar um. Ég væri reiðubúinn til þess að standa að tillöguflutningi með hv. þm. ef hann flytti till. á þeim grundvelli að Alþ. skoraði á hæstv. ríkisstj. og sérstaklega á hæstv. utanrrh., sem hefur lýst yfir velvilja í þessu máli, að kanna möguleikana á breytingu á stofnsamningi Norðurlandaráðs sem geri þetta mögulegt. Það er sú leið — og eina rétta leið — sem hægt er að fara í þessu efni.

Það, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði hér áðan um samstarfssamning Norðurlandanna er hárrétt. Það er miklu meira en tal um eitthvert form þegar hv. þm. bendir á það, að samstarfssamningur Norðurlanda gerir ráð fyrir því, að aðeins sjálfstæðar þjóðir séu fullgildir aðilar að Norðurlandaráði, þannig að ef menn vilja víkja frá málskrúði og skoða staðreyndir málsins, þá er nákvæm könnun nauðsynleg forsenda þess að koma Grænlendingum í nánara samstarf á vettvangi Norðurlanda og auka áhrif þeirra þar, og að því vil ég stuðla.

Því miður gat ég ekki hlustað á alla ræðu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar þegar hann talaði fyrir þessari till. og veit því ekki hvort hann upplýsti í henni hvaða grænlenskir aðilar hafi beðið hann að flytja svona till. (Gripið fram í.) Það er gott að fá að vita það. Ég þekki því miður ekki þessi samtök. Ég veit ekki hvort þetta er þing Grænlendinga eða hvað. Það er annað. Mér finnst sjálfsagt að það liggi ljóst fyrir þegar talað er um svona till., að einhver ábyrgur aðili hafi beðið flm. um að flytja hana. (Gripið fram í.) En ég er búinn að benda hv. þm. á færa leið í þessu efni, og ég vil endurtaka það hér, að ég er reiðubúinn til þess að flytja ásamt honum þáltill. í því formi sem ég var hér að lýsa. En ég get jafnákveðið lýst því yfir, að meðflm. till. eins og hún er upp byggð get ég ekki orðið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér þykir mjög vænt um að formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, hv. alþm. Jón Skaftason, hefur nú lýst yfir að þau efnisatriði, sem ég gerði að umtalsefni áðan í ræðu minni varðandi þessa till., eru fullkomlega rétt, enda ekki við öðru að búast af hans hálfu né heldur neinna þeirra sem þekkja gjörla til starfsemi og starfsreglna Norðurlandaráðs. Ég átti alls ekki von á öðru en að ummæli hans yrðu á þá lund sem þau raunverulega voru, en þykir hins vegar vænt um að þau skuli hafa komið skýrt fram.

Hann benti á það, eins og ég hafði gert, að eina leiðin til þess að ná fram efni tillögunnar væri að flytja till. í Norðurlandaráði sjálfu eða milli ríkisstj. um að breyta stofnsamningnum og þar með starfsreglunum. Ég get tekið undir það með honum, að ég fyrir mitt leyti vil gjarnan standa að því og stuðla að því að Íslendingar beiti sér fyrir slíkri tillögugerð, þ. e. a. s. breyt. á stofnsamningnum og þar með starfsreglunum sem auki rétt þjóðarminnihlutanna í hinum einstöku Norðurlandaríkjum, þannig að þau fái fulla aðild að ráðinu. Það er rétta formið, og það er, eins og hann benti á, fáránlegt að tala með lítilsvirðingu um form. Með sama hætti mætti tala með lítilsvirðingu um lög. Það er skammur vegur frá því að tala með lítilsvirðingu um form og tala með lítilsvirðingu um lög. (**MK:** Það eru sum lög sem eru lítils virði.)

Mér þykir vænt um að það kom fram í ræðu hæstv. utanrrh., að ég er talinn hafa misskilið það sem hann sagði, og að hann í síðari ræðu sinni virtist gera sér skýra grein fyrir því, að það, sem þarf til þess að ná fram auknum rétti þjóðarbrotanna á Norðurlöndum, er að breyta stofnsamningi Norðurlandaráðs og þar með starfsreglum þess. Og hafi ég misskilið hann, þá biðst ég afsökunar á því. En ég tel mig hafa nokkra afsökun fyrir því að hafa misskilið hann, ef það kemur í ljós að svo hafi verið, og sú afsökun er fólgin í því, að hæstv. ráðh. mælti með samþykkt till. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, en hún er um fulla aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði sem ekki samræmist stofnsamningnum eða starfsreglunum. (Gripið fram í.) Nú reynir hv. þm. að segja að þetta felist í till., en þar með er hann að túlka hana allt öðruvísi, eftir að ég flutti mitt mál, en hann gerði í framsögu sinni. Allir hv. þm., sem heyrðu framsöguræðu hans, tóku auðvitað eftir því, að tilgangurinn með tillöguflutningnum hér er að fá flutta till. í Norðurlandaráði um þetta sama efni. Hann sagði meira að segja að ef þessi till. yrði ekki samþ. hér, þá mundi hann sjálfur flytja hana og reyna að fá aðra þm. Norðurlanda til þess að flytja hana. (**MK:** Auðvitað.) Það fór því ekkert á milli mála — (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekki samtal.) Ég held að hæstv. forseti ætti að leggja meiri áherslu á að hér sé gætt venjulegra fundarskapa og venjulegrar framkomu heldur en virðist vera að tíðkast hér í upphafi þessa þings.

Það er alveg ljóst, að tilgangurinn með flutningi þessarar till. er sá, að sams konar till. verði flutt í Norðurlandaráði. Það var erindi mitt í ræðustól áðan að benda á að slíkri till. mundi verða vísað frá í Norðurlandaráði og þess vegna væri hvorki sómi að því fyrir Íslendinga né Grænlendingum gagn að því að

slík till. yrði flutt. Ég minnti í því sambandi á að auðvitað er þetta ástæðan fyrir því tvennu, að af samnefndarmönnum hv. flm. í samgmn. tók enginn undir slíka tillögugerð né heldur að nokkur tilmæli hafa borist, eins og ég sagði, frá stjórnvöldum í Grænlandi. Það má vel vera — (Gripið fram í.) Grænlendingar hafa sín eigin stjórnvöld. (**MK:** Það eru Danir.) Það má vel vera að einhver félagssamtök hafi gert um þetta ályktun, en ég benti á hitt, ég tók alveg skýrt og ljóst til orða, að þau stjórnvöld, sem Grænlendingar hafa, landsstjórnin þar, hafa ekki borið fram slíka ósk, auðvitað af því að hún gerir sér grein fyrir að þetta form er ekki leiðin til þess að auka rétt Grænlendinga né annarra þjóðernisminnihluta á Norðurlöndum.

Það var vegna undirtekta hæstv. utanrrh. undir þessa till. sem ég taldi að hann væri að mæla með því, að Grænlendingar fengju fulla aðild að Norðurlandaráði. En nú kom það fram í síðari ræðu hans, að það var ekki meining hans. Fagna ég því og sé þá ekki í raun og veru að það sé neinn ágreiningur á milli hv. þm. Jóns Skaftasonar, hæstv. utanrrh. og mín um áframhaldandi meðferð málsins, sem yrði önnur en gert er ráð fyrir í þessari till. Fagna ég því að sjálfsögðu að hæstv. utanrrh. er, þegar öllu er á botninn hvolft, í raun og veru sammála okkur Jóni Skaftasyni um það, hvað þurfi til í þessu máli, en ekki sammála því sem hv. flm. þessarar till. hefur lagt til í till. sjálfri.

Ég læt mér auðvitað sem vind um eyru þjóta þau ummæli hv. flm., að það að benda á rétt form, það að benda á lög sé íhaldssemi eða eitthvað í þá átt. Það er ekki annað en sjálfsögð réttlætistilfinnig og virðing fyrir lögum og reglum að benda á það, að eftir lögum eigi að fara. Ég efast ekki um að góður hugur er að baki þessari tillögu. Það hvarflar ekki að mér annað en að góðvild í garð Grænlendinga, sem ég hef líka til að bera, liggi að baki þessari till. Það hefur aldrei hvarflað annað að mér. En góðvildinni er valið rangt form. Henni er valið rangt form, með þeim afleiðingum að ekkert gott fyrir Grænlendinga gæti hlotist af flutningi þessarar till., hvorki hér á hinu háa Alþ. né heldur í Norðurlandaráði.

Ég lýk þessum orðum mínum með því að endurtaka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að þessi till. er ekki um sjálfstæði Grænlendinga. Ef hún væri um það, þá stæði ekki á mér að lýsa stuðningi við hana og leita með öðrum að ráðum til þess að ná þeim tilgangi. Hún er ekki um það. Hún er um fulla aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði. Hún er um mál sem ekki er framkvæmanlegt á grundvelli gildandi samninga og starfsreglna Norðurlandaráðs.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki gert ráð fyrir því að taka þátt í þessari umr. nú nema sérstakt tilefni gæfist til, því hvort tveggja er, að ég ræddi þetta mál nokkuð hér á þingi í fyrra og á auk þess sæti í þeirri n. sem væntanlega fær málið til meðferðar, utanrmn. En satt að segja blöskraði mér svo málflutningur eða kannske *ætti fremur að segja sá mikli og leiði* misskilningur sem virðist kominn upp, sérstaklega hjá hv. 9. þm. Reykv. og raunar fleirum, að það sé eitthvað í formi þessarar till. sem komi í veg fyrir það, að hægt sé að samþ. hana. Ég held að annaðhvort sé hér um að ræða að hv. 9. þm. Reykv. hafi ekki lesið tillgr. rækilega eða þá að hann hafi af einhverjum ástæðum viljað misskilja það sem þar segir. Ég get ekki séð að það sé neitt í þessari till. sem komi í veg fyrir að þeir aðilar, sem þar er skorað á, þ. e. a. s. ríkisstj. Íslands annars vegar og fulltrúar Íslands í Norðurlandaráði hins vegar, beiti sér fyrir að sú breyting verði gerð á þeim sáttmála og þeim reglum, sem gilda um þessi efni, að Grænlendingar — (Gripið fram í.) kem að því, — að Grænlendingar eigi þess kost að gerast aðilar.

Nú ætla ég að stytta mál mitt, en nefna það, að við, ég og hv. 9. þm. Reykv., eigum báðir sæti í utanrmn. Hann hefur þegar lýst því yfir, að ef öllum formsatriðum væri fylgt, þá sé hann í rauninni fylgjandi kjarna málsins. Þess vegna vænti ég fulls stuðnings hans við till., sem yrði þá lítils háttar breytt, t. a. m. á þann veg, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. og fulltrúa Íslands í Norðurlandaráði að beita sér fyrir þeim breytingum á samningi um Norðurlandaráð sem geri kleift að Færeyingar, Grænlendingar, Álandseyingar og e. t. v. Samar geti öðlast sjálfstæða aðild að Norðurlandaráði. Ég mun beita mér fyrir brtt. í þessa átt, ef það mætti verða til þess að menn geti sameinast um kjarna málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði 148.
Afbrigði um stefnuræðu forsætisráðherra og umræður um hana 144.
Afstaða Framsóknarflokksins til erlendrar hersetu 145.
Almannatryggingar (heimilisuppbót) 113.
Almannatryggingar (tekjutrygging) 112.
Byggingarlög 109.
Efling útflutningsstarfsemi 33.
Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum 112.
Innlend lyfjaframleiðsla 33, 115.
Íslensk stafsetning 120.
Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum 119.
Rannsókn á djúpækjumiðum fyrir Norðurlandi 146.
Skipulag orkumála 146.
Skipulagslög 110.
Starfshættir Alþingis 88, 146.
Sundlaug við Endurhæfingardeild Borgarspítalans 73.
Umræður utan dagskrár 33 (verkfall BSRB).
Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum 88.
Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum 147.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Ásgeir Bjarnason 144, 145, 146.
Forsrh. Geir Hallgrímsson 33, 47, 58, 76.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 87, 146.
Fjmrh. Matthías Á. Mathiesen 41, 44.
Iðnrh. Gunnar Thoroddsen 110, 111.
Menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson 85, 120, 135.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 69, 78, 112, 113, 119.
Utanrrh. Einar Ágústsson 57, 83, 156, 162.
Albert Guðmundsson 62, 87.
Benedikt Gröndal 87, 88, 103, 147.
Eðvarð Sigurðsson 45.
Eggert G. Þorsteinsson 84.
Friðjón Þórðarson 66.
Gils Guðmundsson 166.
Gunnlaugur Finnsson 139.
Gylfi Þ. Gíslason 39, 95, 108, 133, 157, 163.
Helgi F. Seljan 114, 115.
Jóhann Hafstein 80.
Jón Skaftason 163.
Jónas Árnason 140.
Lúðvík Jósepsson 36, 60.
Magnús Kjartansson 73, 78, 124, 145, 148, 159.
Magnús T. Ólafsson 40, 137.
Oddur Ólafsson 82, 110.
Ragnar Arnalds 43, 52, 92, 106, 145.
Ragnhildur Helgadóttir 50, 67, 153.
Sighvatur Björgvinsson 145.
Sigurlaug Bjarnadóttir 81, 86.
Stefán Jónsson 55.
Sverrir Hermannsson 126, 142.
Tómas Árnason 71.
Þorv. Garðar Kristjánsson 54, 98.

Efri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðasamningur um ræðissamband, frv. (þskj. 36). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er lagt fyrir Alþ. frv. til l. um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband. Málið á þann aðdraganda, að árið 1963 var af hálfu Sameinuðu þjóðanna boðað til ráðstefnu í Vínarborg til að ræða samningsgerð um ræðissamband, en drög að slíkum alþjóðasamningi höfðu þá verið gerð af þjóðréttarnefndinni. Þessari ráðstefnu lauk í apríl 1963 og var þá undirskrifaður samningur um ræðissamband, svonefndur Vínarsamningur, og tók gildi 1967.

Með lögum frá 1971 var ríkisstj. heimilað að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Vínarsamningnum um stjórnmálasamband frá 1961, og gekk sá samningur í gildi gagnvart Íslandi hinn 17. júní 1971. Ráðgert var að Ísland gerðist fljótlega einnig aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband frá 1963, en staðið hefur á íslenskri þýðingu samningstextans þar til nú, eins og í aths. segir. Þar eru enn fremur talin upp þau ríki, 84 talsins, sem 20. apríl s. l. höfðu gerst aðilar að þessum samningi, en þess jafnframt getið, að ýmis önnur ríki hafa undirritað samninginn, en enn þá ekki fullgilt.

Það er ræðismönnum Íslands í hag, að Ísland gerist aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband. Samningurinn hefur að geyma skrásetningu á gildandi reglum þjóðaréttarins varðandi ræðismenn, svo sem um störf þeirra, réttindi og skyldur og um stofnun, meðferð og slit ræðissambands.

Með hliðsjón af því að langflestir ræðiserindrekar erlendis eru kjörræðiserindrekar, þ. e. a. s. ólaunaðir ræðismenn, er ráðgert að gefa svo hljóðandi yfirlýsingu, þegar Ísland gerist aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband:

„Með skírskotun til 22. gr. samningsins lætur ríkisstj. Íslands í ljós þá ósk, að í löndum þar sem venja hefur verið að leyfa ríkisborgurum viðtökuríkisins eða þriðja ríkis að taka við skipun sem kjörræðiserindrekar fyrir Ísland, verði þeirri venju haldið áfram. Íslenska ríkisstj. lætur einnig í ljós þá von, að önnur ríki, sem taka upp ræðissamband við Ísland, muni fylgja sömu venju og veita samþykki til skipunar kjörræðiserindreka í samræmi við 2. og 3. mgr. 22. gr. samningsins."

Eins og hv. alþm. er kunnugt, var haldin hér á s. l. sumri, í ágústmánuði, ráðstefna ræðismanna Íslands erlendis. Það var önnur ráðstefnan í röðinni. Hina fyrri hafði fyrrv. utanrrh. Emil Jónsson undirbúið, en það kom í hlut þáv. stjórnar Ólafs Jóhannessonar að hafa framkvæmd þeirrar ráðstefnu með höndum. Þessar ráðstefnur hafa gefið mjög góða raun og þar hefur komið glöggt fram, hversu mikið verk ræðismenn Íslands, sem eins og ég áðan greindi flestir — raunar allir að einum undanskildum — eru ólaunaðir áhugamenn, vinna fyrir okkur á erlendum vettvangi. Ég tel því sjálfsagt að ríkisstj. og Alþ. sýni þeim nokkra viðurkenningu á þessu starfi með því m. a. að fullgilda þann samning sem hér um teflir og hefur að geyma nokkur réttindi og ákvörðun um réttarstöðu þessum mönnum til handa.

Herra forseti. Ég legg til að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 24. okt., kl. 2 miðdegis.

Vandamál fatlaðra, þáltill. (þskj. 11). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Engin lög eru til um Sinfóníuhljómsveitina og þetta frv. hefur ekki áður verið flutt á Alþ., en Sinfóníuhljómsveitin hefur hins vegar starfað hátt á þriðja áratug. Mér er ekki kunnugt um neinn tónlistarmann sem dregur í efa mikilvægi hljómsveitarinnar fyrir tónlistarlífið í landinu. Mikilvægi tónmennta, iðkunar tónlistar, fyrir uppeldi þjóðarinnar verður ekki dregið í efa. Það er ekki lengur deilt um tilverurétt Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og nauðsyn lagasetningar um svo viðamikla starfsemi á vegum opinberra aðila fær varla dulist. Þeir, sem kosta reksturinn, jafnt og hinir, sem við hljómsveitina starfa, þurfa að hafa sitt á hreinu. Rétt er að gera grein fyrir tilkomu frv. og helstu efnisatriðum þess.

Þetta frv. er samið af n. sem menntamrh. skipaði 27. okt. 1976. Í n. áttu sæti þessir menn: Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, Ólafur B. Thors, forseti bæjarstjórnar Reykjavíkur, Pálmi Jónsson alþm. og Örn Marinósson þáv. skrifstofustjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Í grg. n., sem prentuð er í aths. með frv., eru raktir nokkrir þættir úr forsögu hljómsveitarinnar, eins og þar er komist að orði. Hefur Guðmundur Jónsson óperusöngvari tekið þá saman fyrir n. Þar segir, að árið 1876 hafi að líkindum verið gerð fyrsta tilraun hérlendis til að mynda hljómsveit, og síðan er sagt frá ýmsum atburðum, sem hér verða ekki raktir, ekki í þessari ræðu, allt fram til ársins 1950, en þá er talið, að Sinfóníuhljómsveitin hafi verið stofnuð. En fyrstu hljómleika sína hélt hún 9. mars 1950.

Frá upphafi var litið svo á, að hljómsveitin væri sérstök stofnun, en í nánum tengslum við Ríkisútvarpið. Að henni stóðu í upphafi

auk Ríkisútvarpsins Þjóðleikhúsið, Tónlistarfélagið hér í Reykjavík, Reykjavíkurborg og ríkið. Og hljómsveitin fékk í tekjustofn í byrjun 10% álag á skemmtanaskatt. Í fyrstu var þátttaka ríkisins aðeins óbein með álagningu *skemmtanaskattsins, en árið 1952 er fyrst veittur beinn ríkisstyrkur til hljómsveitarinnar.*

Nú mun ég ekki rekja þessa sögu í einstökum atriðum, en vísa til aths. með frv. Þó vil ég geta þess, að nú um alllangt skeið hefur Ríkisútvarpið annast daglegan rekstur hljómsveitarinnar, og greiðsluhlutföllin hafa verið þannig síðustu missirin, að ríkissjóður greiðir 50.6% af mismun tekna og gjalda hljómsveitarinnar, Ríkisútvarpið 28%, Borgarsjóður Reykjavíkur 21.4%, en fram til 1971 greiddi Þjóðleikhúsið 14% og ríkissjóður þá þeim mun minna. En síðan 1971 hefur Þjóðleikhúsið keypt hljómlistarflutning á frjálsum markaði, en ekki verið beinn aðili að rekstri hljómsveitarinnar.

Heildarkostnaður við Sinfóníuhljómsveit Íslands á síðasta ári nam tæplega 136 millj. kr. Er það nánar sundurgreint á reikningum sem prentaðir eru með frv. sem fskj. I.

Það er eftirtektarvert og sýnir þróun tónlistarmála í landinu, að um hríð voru hljómleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar fremur fásóttir. En þetta hefur nú gerbreyst. Hljómleikarnir hafa hin síðari ár verið haldnir í Háskólabíó, sem tekur nærri 1000 manns í sæti, og hefur húsið yfirleitt verið þéttsetið.

Sinfóníuhljómsveitin hefur stöku sinnum farið hljómleikaferðir út fyrir höfuðstaðinn og raunar nokkuð oft styttri ferðir, en sjaldan hringinn í kringum landið. Nú í sumar var farin ein hringferð og komið víða við. Á sumum þessara viðkomustaða hafði hljómsveitin ekki leikið alllengi. Aðsókn á hljómleikana spáir góðu, en nauðsynlegt er að ekki líði allt of langur tími á milli slíkra hljómleikaferða af skiljanlegum ástæðum.

Þess má geta, að á þessu ári fór hljómsveitin sína fyrstu hljómleikaferð út fyrir pollinn, þ. e. til Færeyja, eins og hv. þm. er raunar kunnugt af blaðafréttum. Heppnaðist sú för frábærlega vel og var hljómsveitinni ákaflega vel tekið meðal frænda okkar í Færeyjum.

Ég tel að ekki verði hjá því komist að treysta stöðu hljómsveitarinnar og einkum fjárhagsgrundvöll hennar með lagasetningu eitthvað á borð við þá sem þetta frv. fjallar um. En frv. er fremur fáort, byggt upp sem rammi um rekstur og stöðu og snertir minna innra starf.

Ég vil þá í stuttu máli greina frá nokkrum helstu efnisatriðum frv.

1. gr. þess kveður á um óbreytt nafn og heimilisfang og að hljómsveitin heyri undir menntmrn. svo sem hún hefur gert. Það breytir hins vegar ekki því, að kjaramál eru eins og önnur slík á sviði fjmrn., og er vikið að því síðar í frv.

Í 2. gr. er tilgangurinn með starfi hljómsveitarinnar greindur, sem „er að sjálfsögðu sá að glæða og efla áhuga á æðri tónlist í landinu," eins og segir í aths., „veita mönnum þá menntun og gleði sem góðri tónlist er samfara, stuðla að því að hún verði veigamikill þáttur í menningarlífi þjóðarinnar og búa íslenskum hljómlistarmönnum og tónskáldum starfsvettvang. Leggja ber áherslu á að sem flestir landsmenn geti notið starfs hljómsveitarinnar, t. d. með því að hún efni til hljómleika oft og víða," *segir enn fremur í þessum aths.*

Þá er í frv. fjallað um, hver skuli vera greiðsluhlutföll milli aðila þeirra sem standa að rekstri hljómsveitarinnar. Samkv. þeirri skiptingu, sem frvgr. gerir ráð fyrir, fellur meginhluti kostnaðarins eða 75% á ríkissjóð. Ríkisútvarp, Þjóðleikhús, Borgarsjóður Reykjavíkur og bæjarsjóðir nágrannabyggðanna nokkurra bera hins vegar til samans 25%, og gætu síðar bæst í þennan aðilahóp fleiri sveitarfélög. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að Þjóðleikhúsið verði á ný aðili að Sinfóníuhljómsveitinni og nokkur sveitarfélög hér í nágrenninu bætist í aðilahópinn.

Það er rétt að geta þess, að í framkvæmd hefur ríkissjóður talið skemmtanaskattsframlagið hluta af sínu framlagi, en frv. gerir ráð fyrir að skemmtanaskattsframlagið komi nú til greiðslu sameiginlegs kostnaðar við hljómsveitina, en það, sem á vantar, skiptist milli greiðsluaðila.

Í frv. er ákvæði um stjórn hljómsveitarinnar og gert er ráð fyrir að hún sé í höndum 5 manna nefndar sem menntmrn. skipar samkv. tilnefningu frá sveitarstjórnum, starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, frá fjmrn. og Þjóðleikhúsinu. Þá á útvarpsstjóri sæti í stjórninni samkv. stöðu sinni og er hann jafnframt formaður og fulltrúi menntmrn.

Í frv. er ákvæði um ráðningu framkvæmdastjóra og gert ráð fyrir að hann sé ráðinn til fjögurra ára í senn, en endurráðning heimil.

Í 6. gr. er fjallað um tölu hljóðfæraleikara og sagt að „stjórn hljómsveitarinnar ræður, að fengnum till. framkvæmdastjóra, allt að 65 hljóðfæraleikara til fastra starfa við hljómsveitina, auk hljómsveitarstjóra, ritara og umsjónarmanns." Þetta er hið fasta starfslið sem frv. gerir ráð fyrir. Nú ber að geta þess, að ekki varð fullt samkomulag um þetta atriði í þeirri n. sem undirbjó frv. Pálmi Jónsson og Örn Marinósson gera grein fyrir skoðun sinni á þessu atriði á þskj. II sem prentað er með frv. Segir þar m. a. orðrétt: „Við teljum eðlilegt, að fjöldi hljóðfæraleikara, samkv. 6. gr., sé ákveðinn með afgreiðslu fjárl. hverju sinni."

Nú má vitanlega deila um það, hver sé eðlilegur og um leið viðráðanlegur fjöldi fastráðinna hljóðfæraleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands — ég meina fjárhagslega viðráðanlegur. Mér er kunnugt um það, að hljómlistarmenn ýmsir telja varhugavert að binda þessa tölu í lögum og of lágt að nefna þá 65. Þeir telja að beri að setja í lögin þó nokkru hærri tölu sem hámark, ef hámark verði sett, og það eins þótt ekki yrði strax farið í þann fjölda hljómlistarmanna. Ég tel hins vegar að rétt sé að fara að till. meiri hl. n. að þessu leyti og setja hámark og hafa það núna 65. Hitt er svo annað mál, hvort menn síðar, þegar við skulum segja ríkissjóði og öðrum aðilum vex fiskur um hrygg, ákveða hærri tölu. En aftur á móti sýnist mér að það sé nánast ekki unnt að fara að till. minni

hl. n. og ákveða tölu hljóðfæraleikara í hljómsveitinni árlega um leið og fjárlög eru ráðin. Ég held, að það yrði allt of mikil lausatök og mjög erfiður starfsgrundvöllur fyrir stofnun eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands að búa við það fyrirkomulag.

Þá er í frv. ákvæði um það, hvernig ákvarða skuli um efnisval, og fleiri slík ákvæði, er varða skipulag starfseminnar. Skal ég nú ekki tefja tímann við að rekja það nánar hér.

Ráðgert er að Ríkisútvarpið annist, svo sem verið hefur, skrifstofuhald fyrir hljómsveitina og fái útvarpið eðlilega greiðslu fyrir þetta framlag sitt. Má ætla að að því sé nokkurt hagræði, því að þannig yrði þá komist hjá stofnun nýrrar skrifstofu, en þetta er sem sagt óbreytt frá því sem nú gildir.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að áformuð eru með frv. náin og að sumu leyti kannske enn nánari tengsl en áður með þessum þremur menningarstofnunum: Sinfóníuhljómsveitinni, Þjóðleikhúsinu og Ríkisútvarpinu, og ég held að það sé nokkuð þýðingarmikið atriði. Ég vil einnig vekja athygli á því og ég tel það mikilvægt, að samstarf takist um rekstur hljómsveitarinnar með fleiri sveitarfélögum en Reykjavíkurborg einni. Það er eitt höfuðatriði þessa máls að tengja starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar við byggðir og fólk sem allra víðast um landið sem allra traustustum böndum.

Ég tel æskilegt að þetta frv. verði nú tekið til efnislegrar meðferðar hér á Alþ. og afgreiðslu á fyrri hluta þingsins, þannig að niðurstaða liggi fyrir þegar gengið verður frá fjárl. fyrir næsta ár. Ég hygg að við skoðun þessa frv. komi í ljós, að þó að þar kunni að vera ágreiningsatriði, þá er málið ekki flókið í sjálfu sér, þannig að þetta ætti að vera gerlegt.

Virðulegi forseti. Ég vil svo leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég er nákunnugur sögu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og starfsemi hennar. Líf hennar hékk á bláþræði, þegar ég tók við forstöðu menntmrn. sumarið 1956. Það tókst sem betur fer þá að bjarga lífi hennar, og hefur tekist til þessa dags ekki aðeins að bjarga lífi hennar, heldur einnig að efla hana stórum, þannig að Sinfóníuhljómsveitin er tvímælalaust orðin einn sterkasti og merkasti þáttur í menningarlífi Íslendinga, — ekki aðeins í tónlistarlífi Íslendinga, heldur í menningarlífi íslensku þjóðarinnar í heild. Þess vegna fagna ég mjög framkomu þessa frv. og mun styðja eindregið að það nái fram að ganga svo tímanlega á þessu þingi, að unnt verði að taka tillit til þessa frv. sem laga þegar gengið verður frá fjárl. fyrir árið 1978, eins og kom fram í máli hæstv. menntmrh.

Ég er alveg algerlega samþykkur þeim reglum sem tilgreindar eru í 3. gr. um skiptingu kostnaðar við rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar. Mergur málsins er samt sem áður sá, að það er framtíð hljómsveitarinnar lífsnauðsyn að um hana verði sett lög, þannig að starfsgrundvöllur hennar verði til fulls tryggður. Hann verður ekki tryggður fyrr en lög verða sett um hljómsveitina. Hljómsveitin er orðin svo merkur og sterkur þáttur í íslensku menningarlífi, að það er sjálfsagt að um hana gildi sérstök lög eins og Ríkisútvarpið, Háskólann, söfnin og aðrar merkar menningarstofnanir þjóðarinnar.

Það er aðeins eitt atriði í frv. af einstökum atriðum þess sem mig langar til að gera að umtalsefni með örfáum orðum, og það er ákvæði 6. gr. um að stjórn hljómsveitarinnar ráði að fengnum till. framkvæmdastjóra allt að 65 hljóðfæraleikara til fastra starfa við hljómsveitina auk hljómsveitarstjóra, ritara og umsjónarmanns. Hæstv. ráðh. gerði þetta nokkuð að umtalsefni í framsöguræðu sinni áðan og vitnaði til þess, að minni hl. þeirrar n., sem undirbúið hefur frv., þeir Pálmi Jónsson og Örn Marinósson, hafi ekki talið eðlilegt að fjöldi hljóðfæraleikara sé ákveðinn í lögunum sjálfum, heldur tekin afstaða til fjölda hljóðfæraleikaranna við afgreiðslu fjárl. hverju sinni. Ég skil að vísu niðurlagið á ummælum þeirra um þetta efni þannig, að þeir telji hljómsveitina vera óþarflega fjölmenna, ef í lögunum sé sagt að ráða skuli 65 fastráðna hljóðfæraleikara við hljómsveitina, því að þeir segja, með leyfi hæstv. forseta: „Getum við ekki staðið að því að leggja til, að lögfest verði, að við hljómsveitina starfi 65 hljóðfæraleikarar.“ Ég held að þetta þýði að þeir geti ekki lagt til að svo margir hljóðfæraleikarar verði ráðnir fastir við hljómsveitina. Hæstv. ráðh. hefur hins vegar, eins og meiri hl. n. lagði til, tekið upp í 6. gr. frv. að ráða skuli allt að 65 hljóðfæraleikara til fastra starfa við hljómsveitina. Ég tel þetta ekki heppilegt. Ég tel að það sjónarmið, sem minni hl. n. setur fram, að ekki skuli fastbinda töluna í lögum, sé rétt, þó ekki með sömu röksemd og ég þykist mega lesa úr orðum minni hl. n., þ. e. a. s. að talan 65 sé of há, heldur þvert á móti, að reynsla næstu ára kunni að sýna að sú tala kunni að reynast of lág. Ég er ekki að segja, að hún sé of lág á þessu ári, kannske ekki næsta, en ég vara við því að binda tölu starfsmanna ákveðinnar stofnunar í lögum. Það á sér ekki stað, mér vitanlega, um nokkra aðra stofnun, hvorki menningarstofnun né félagsmálastofnun, eða stjórnardeild eða atvinnufyrirtæki, sem ríkið á og rekur eða opinberir aðilar eiga og reka, að starfsmannafjöldi sé bundinn í lögum. Ég minnist þess ekki. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða, að þess séu ekki dæmi. Sinfóníuhljómsveitin yrði þá eina stofnunin, a. m. k. eina menningarstofnunin í landinu, þar sem væri ákveðið í lögum að starfsmannafjöldi skyldi vera ákveðinn.

Reynslan sýnir að ef hliðstæð ákvæði eru komin inn í lög, þá er mjög tafsamt og veldur oft óþarfa umstangi og deilum að breyta því. Þess vegna hygg ég að hyggilegra væri að hafa í lögum enga fasta tölu hljóðfæraleikara, heldur ákveði fjvn. hverju sinni, um leið og hún ákveður framlag til hljómsveitarinnar, hversu þeir skuli vera margir. Ætti henni að vera treystandi til þess, eins og hún í reynd ákveður fjölda starfsmanna í stjórnarráðinu, fjölda starfsmanna við Háskólann, fjölda starfsmanna við Ríkisútvarpið og þar fram eftir götunum með afgreiðslu sinni á fjárl. hverju sinni.

Ég er hræddur um að þessi tala í 6. gr. kunni að verða þróun hljómsveitarinnar fjötur um fót þegar fram í sækir og þess vegna sé ekki hyggilegt að nefna þarna ákveðna tölu. Vil ég beina til hv. menntmn., sem fær frv. þetta til athugunar, að hugleiða þetta atriði alveg sérstaklega, og ég veit að hún mun gera það með velvild. En ég endurtek, að skoðun mín er sú, að svo kunni að fara innan skamms að þetta ákvæði reynist úrelt. Þá þarf að breyta því og það er ekki heppilegt. Hins vegar legg ég áherslu á að ég tel framlagningu frv. engan veginn mega stranda á ágreiningi um þetta atriði, sem ég tel sannarlega vera minni háttar í samanburði við hitt, að Sinfóníuhljómsveit Íslands fái eigin lög til að starfa samkvæmt.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er hverju orði sannara, að mikils er vert fyrir okkur Íslendinga að hafa sinfóníuhljómsveit og sjálfsagt metnaðarmál okkar að halda henni uppi. Manna síðastur mundi ég telja eftir fjármuni sem fara til þess að reka svo ágætt fyrirtæki. En því miður er það svo, að ekki gætir alltaf samræmis í stuðningi hins opinbera við menningarviðleitni í þessu landi. Sums staðar er þar að finna afskaplega mikið ósamræmi.

Samkv. þessu frv. og grg. með því hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands fengið af opinberu fé árið 1976 rúmlega 135 millj. kr. Og hér er að sjálfsögðu stefnt að því að draga ekki úr framlögum. Það er gott. Í frv. því til fjárl., sem fyrir okkur liggur núna, er gert ráð fyrir beinu ríkisframlagi til Sinfóníuhljómsveitarinnar að upphæð 80 millj. kr. Það er aðeins hluti af því sem hún á að fá, kannske ekki nema helmingur, þegar allt kemur til alls í þessu sama frv. eru ætlaðar til leiklistarstarfsemi í landinu annarrar en starfsemi Þjóðleikhússins 26 millj. Það er aðeins þriðjungurinn af því, sem Sinfóníuhljómsveitin á að fá á fjárlögum núna og aðeins ⅙ kannske af því, sem hún mun sennilega fá allt í allt. Þetta er að mínum dómi ekki gott. Það er gott að Sinfóníuhljómsveitin fái peninga til þess sem hún þarf. En það er slæmt, að til leiklistarstarfseminnar í landinu, áhugastarfseminnar allrar saman, Leikfélags Reykjavíkur og Leikfélags Akureyrar, skuli ekki fara meiri fjármunir en þetta. Ég hika ekkert við að segja það hér, að sú starfsemi er, þrátt fyrir mikla þýðingu Sinfóníuhljómsveitar Íslands, miklu, miklu meira virði fyrir menningu þessarar þjóðar heldur en starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þar er enda um að ræða starfsemi sem ekki leikur nokkur vafi á að öll þjóðin nýtur. Þar er ekki um að ræða neina menningarlega stéttaskiptingu, þátttakendur í leikhúslífi á Íslandi í dag eru svo að segja allir Íslendingar. Aftur á móti grunar mig, að Sinfóníutónleikana sæki ekki nema tiltölulega mjög fáir.

Hæstv. ráðh. sagði hér áðan, og það kemur einnig fram í grg. með þessu frv., að aðsókn að hljómleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar hafi verið að aukast. Þeir fara fram, eins og menn vita, í Háskólabíó sem tekur 976 manns í sæti. Eins og segir í grg. hefur húsið yfirleitt verið þéttsetið. Nú langar mig að vita: Hvaða fólk er þetta? Það er hægt að kanna það. Þetta er iðulega kannað í sambandi við menningarstarfsemi víða í löndum. Ég veit t. d. að Þjóðleikhús Breta kannaði það ekki alls fyrir löngu, hve margir væru verkamenn eða fólk af því tagi sem Bretar nefna „manual workers“, þar með eru taldir iðnaðarmenn, hve stór prósenta af því fólki sækti Þjóðleikhús Breta. Og könnunin leiddi í ljós, að það var aðeins 1%. Þetta var við fyrstu könnun. Síðan fór fram könnun, held ég, tveim árum seinna, og þá hafði verið reynt mjög til þess að auka aðild þessa fólks að þessu menningarstarfi, auka aðsókn þess að leikhúsinu. Þá er það orðið 1.5%. Ég vil segja hér, að ef niðurstaðan yrði sú, að þessir 976, sem sækja tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar hér í Reykjavík, væru yfirleitt hinir sömu 976, þá get ég ekki sagt að þar sé um að ræða almenna þátttöku á þessu sviði menningarlífsins.

Athugun á þessu ætti að vera auðveld. Og ef niðurstaðan verður sú, að þarna komi ekkert við sögu tilteknar stéttir og kannske þær sem fjölmennastar eru, þá sýnist mér að gera þurfi eitthvað til þess að auka aðild þeirra stétta, kenna þeim að meta þetta ágæta starf.

Það er rétt, að Sinfóníuhljómsveitin hefur stundum farið út á landsbyggðina. Og gott er að heyra hæstv. ráðh. leggja áherslu á það hér, að gjarnan mætti auka það. Sannleikurinn er sá, að sú starfsemi, sá þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur hvergi nærri verið nógu mikill. Ég þekki þetta í Borgarfirði. Við höfum þar tónlistarfélag. Og það vantar ekki að tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar vekja þar mikla athygli, mikla gleði, mikla ánægju, það er mikil aðsókn að þeim. Þar þarf enga sérstaka könnun til þess að átta sig á því, að þar kemur allra stétta fólk. Mér er nær að halda, að í starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé þessi þátturinn mikilvægastur, þarna fái hún í salinn það fólk sem kannske mestu skiptir að komi á sinfóníutónleika. Þetta þarf að auka, segi ég. Og í leiðinni vil ég láta í ljós furðu mína yfir þeim kveðjum sem við Borgfirðingar fengum í fyrra, þegar verið var að halda listahátíð með pomp og prakt hér í Reykjavík. Sinfóníuhljómsveitin átti þá samkv. áður gerðu samkomulagi að koma til okkar. En listahátíð í Reykjavík er mikill viðburður, mestur listaviðburður hér á Íslandi. Ekkert er til sparað, eins og allir vita, og ekkert vafamál, að þar gerist margt gott. Þar er vakin athygli á menningarstarfsemi þessarar þjóðar. En spyrja má aftur hvort hinir 976 á sinfóníutónleikum á listahátíð séu ekki e. t. v. hinir sömu og á öllum öðrum sinfóníutónleikum.

Er skemmst frá því að segja, að þann dag, sem við Borgfirðingar áttum að fá Sinfóníuhljómsveitina gat hún því miður ekki komið. Hún var önnum kafin við listahátíð í Reykjavík. Við fengum í staðinn ágætan kór, kór Menntaskólans hér við Hamrahlíð. En það var ekki Sinfóníuhljómsveitin.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi, að ég tel það mikils virði að hér starfi Sinfóníuhljómsveit. Og einmitt vegna þess að hún fær opinberan styrk, svona mikinn opinberan styrk,

þá er sjálfsagt að við gerum til hennar miklar kröfur.

Ferðir Sinfóníuhljómsveitarinnar út á landsbyggðina skipta miklu máli fyrir okkur sem þar eigum heima. En einn er sá hængurinn á þeim ferðum, eins og líka leikferðum atvinnuleikhúsanna, að þessar leikferðir eru yfirleitt ekki farnar nema á sumrin. Sinfóníuhljómsveitin hefur yfirleitt bundið sig við þann árstíma með ferðir sínar út á landsbyggðina. En hún á líka að heimsækja okkur í skammdeginu. Og það eiga líka leikflokkarnir að gera. Í skammdeginu er þetta enn meira virði fyrir fólkið úti á landsbyggðinni heldur en í dýrð sumarsins. Í skammdeginu mundi landsbyggðarfólkið kunna góðum listamönnum enn meiri aufúsu.

Úr því ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við þetta mál, þá hlýt ég að láta í ljós nokkur vonbrigði, ekki vegna starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar sem slíkrar, heldur hins, að hún skuli ekki hafa vakið upp meiri viðleitni hjá íslenskum tónskáldum heldur en raun hefur á orðið, viðleitni til að semja tónverk sem samboðin væru svo ágætri hljómsveit.

Þar er mikill munur á að því er varðar leikritun. Eins og öllum má vera ljóst, stendur hún nú með miklum blóma í þessu landi. Höfundar úti á landsbyggðinni eru jafnvel sjálfir farnir að semja þar fyrir sín leikfélög. Þannig á þetta að vera. Mér liggur við að segja: til þessa er einmitt leikurinn gerður. Við eigum sjálfir að annast sköpunarstarfið á sem flestum sviðum. Þeim mun fleiri íslensk tónverk sem Sinfóníuhljómsveitin býður upp á, góð íslensk tónverk, þeim mun betra. Við eigum ekki endilega að sækja í því efni allt til þeirra hinna útlendu meistara, sem eru flestir hverjir dauðir.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal nú ekki verða langorður um þetta frv. Það er nokkuð ljóst að frv. fer til n. sem ég á sæti í, og ég mun sem formaður þeirrar n. reyna að beita mér fyrir því, að þetta mál verði þar rækilega rætt, og ég vona, að svo megi takast að um það verði samkomulag að afgreiða það sem lög.

Þó að það sé kannske stórt orð að vera að tala um tímamót í þessu tilfelli, vegna þess að Sinfóníuhljómsveitin er staðreynd og hefði sjálfsagt lifað áfram án þessa lagafrv. eða laga, ef að l. verður, þá er þetta eigi að síður mjög merkur áfangi í sögu Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem sjálfsagt er fyrir okkur alþm. að taka vel eftir og reyna að setja okkur inn í. Ég álít að þær hugleiðingar sem hv. síðasti ræðumaður var hér með, hafi vissulega verið mjög athyglisverðar og margt af því ágætt og eðlilegt að benda á. Ég er honum t. d. alveg sammála um það, að stuðningur við leiklist í landinu þarf að vera miklu meiri en nú er, ekki síst við leiklistaráhuga almennings eða réttara sagt við áhugamannaleikhúsin eða áhugamannaleikfélögin, og einnig kemur það til, sem ég þekki nokkuð vel til og ber fyrir brjósti, leikhúsið á Akureyri, að það þarf sannarlega miklu meiri stuðnings við ef það á að geta haldið í horfi.

Mér er nú einhvern veginn þannig farið, að ég álít að stuðningur við listastarfsemi almennt í landinu þurfi að vera miklu meiri og eigi að vera miklu meiri en er. Mér hefur alltaf fundist, svo lengi sem ég hef hugleitt þessi mál og ekki síst eftir að ég kom hingað á Alþ., að það sé furðulegt hvernig tekið er hér á menningarmálum almennt. Það er eins og það sé alltaf verið að ræða einhver aukamálefni, ef þau ber á góma, og gert að einhverjum vorkunnarmálum ævinlega ef minnst er hér á eitthvað annað en það daglega þref og þras um kaup og kjör og svokölluð efnahagsmál. Þetta finnst mér ákaflega einkennilegt, og ég hef grun um, satt að segja, að þjóðþing okkar Íslendinga sé að mörgu leyti einsdæmi hvað þetta snertir. Ég fagna því í hvert skipti sem svona mál koma inn í þingið og eru rædd. Jafnvel þó að ég hafi enga löngun til þess að taka upp á því aftur að skrifa z, þá er ég feginn því þegar menn fara að ræða um z og stafsetningu hér á þinginu. Eins og fram hefur komið hjá mörgum öðrum ágætum þm., álít ég það engan veginn neitt vandræðamál eða vorkunnarmál þó að við eyðum einhverjum tíma í þess háttar hugleiðingar, og er satt að segja mikil tilbreyting frá því oft lítilfjörlega og heimskulega snakki sem hér viðgengst um efnahags- og kjaramál. Þess vegna fagna ég þessu frv. og mun persónulega styðja það og beita mér sem formaður í menntmn. fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga í öllum meginatriðum.

Hv. 9. þm. Reykv. tók hér til máls og studdi þetta frv. í orði og mun auðvitað gera í verki, þó gerði hann athugasemd við 6. gr. um fjölda hljóðfæraleikaranna. Ég held að það sé ekki skaði þó þessi tala sé nefnd, og ég held að það sé ekkert óeðlilegt þó að þessi tala sé nefnd sem fjöldi hljóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveitinni. Eftir því sem fram kemur í grg. með frv. eru nú starfandi í hljómsveitinni 59 hljóðfæraleikarar auk hljómsveitarstjóra, þannig að þarna er um talsverða aukningu að ræða ef þessi tala verður 65. Þarna segir að vísu „allt að“, þannig að hugsanlegt er að þeir verði eitthvað færri. Hins vegar verð ég að lýsa því sem skoðun minni, og ég held að flestir átti sig á því þegar þeir fara að athuga málið, að það er fáránlegt að hugsa sér að fjvn. fari að ákveða hvað margir skuli starfa í Sinfóníuhljómsveitinni á ári hverju. Ég held að þetta sé nú eitthvað það fáránlegasta sem komið hefur upp í svona till., ég verð að segja það. Og hvar haldið þið að slíkt mundi enda? Ef fjvn. ætti að fara að ákveða hvað margir ættu að starfa í hljómsveitinni á hverju ári, hvers vegna á fjvn. þá ekki líka að ákveða tölu starfsmanna í öðrum stofnunum frá ári til árs? Ég spyr. Ég bið menn að athuga það, að þó að þessi till. sé gerð af mikilli ábyrgðartilfinningu og tilfinningu fyrir því að við þurfum að fara vel með fjármál ríkisins, þá er þetta nú jafnframt ákaflega einkennileg till. og satt að segja fáránleg og óframkvæmanleg. Ég held að svona till. mundi aldrei koma fram í þinginu nema af því að um er að ræða menningarmál.

En hvað sem því líður, þó að þetta sé að vísu mikið fjárhagsmálefni og dýrt að halda þessu uppi, þá held ég að við verðum að hressa okkur og manna okkur upp í það að halda úti Sinfóníuhljómsveitinni sem starfað hefur nú í

aldarfjórðung og vel það og hefur farið vaxandi og sýnt að hún er þess verð að hún sé studd, hún fái að lifa. Ég vona að Alþ. leggist ekki svo lágt að beita sér fyrir því, að dregið verði úr þessari starfsemi eða að einhverju leyti gengið af henni dauðri.

Ég er persónulega sannfærður um það, jafnvel þó að erfiðlega gangi nú í efnahagslífinu eins og ævinlega hjá okkur, þá verði þetta ekki það sem veltir ríkissjóði eða veltir þjóðarbúskapnum um koll, þó að við höldum þessari starfsemi áfram.

Ég er alveg sannfærður um það, og ég vil bæta því jafnframt við það, sem ég sagði áðan, að ég held að stuðningur við listastarfsemina megi aukast stórlega og eigi að aukast stórlega og að við, sem í stjórnmálum stöndum, verðum að finna einhverja leið til þess að nálgast listamennina í landinu og gefa þeim tækifæri til að njóta sín og til að verða sá þáttur af þjóðlífinu sem þeir ættu að vera. Ég veit að þetta er ekki að öllu leyti auðvelt mál. Hins vegar virðist mér sem áhugamanni um þetta og þó leikmanni, að það sé einhvers konar sambandsleysi á milli ráðamanna þjóðfélagsins og þeirra sem fást við listastarfsemi. Ég held að við þyrftum að finna leið til þess að rjúfa þetta sambandsleysi og koma á betri og greiðari leiðum til samskipta í þessum efnum.

Umr. frestað.

Neðri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 24. okt., að loknum 5. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 47). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. þessu í fjarveru hæstv. fjmrh. sem er nú bundinn við önnur skyldustörf.

Mér skilst, að hæstv. fjmrh. hafi haft samráð við forustumenn þingflokkanna varðandi flutning og efni þessa frv., og leyfi mér að vona að ekki sé ágreiningur um frv. eða efni þess. En eins og segir í grg. var gert ráð fyrir með setningu laga nr. 23 frá 1977 að BSRB hefði lokið sinni samningsgerð fyrir þær tímasetningar sem lögin tilgreindu. Vegna þeirrar óvissu, sem nú ríkir um samninga BSRB, er hér gert ráð fyrir heimildarákvæði um frestun uppkvaðningar Kjaradóms ef með þarf og allir aðilar samþykkja. Taki Kjaradómur afstöðu í máli BHM áður en BSRB hefur lokið samningsgerð má búast við öðru kjaradómsmáli í kjölfar dómsins á grundvelli 7. gr. l. nr. 46 frá 1973, sbr. 1. gr. laga nr. 23 frá 1977. Endurskoðun nær þó eingöngu til launastigans, en ekki annarra kjaraatriða sem nú eru óljós.

Þótt þessar sérstöku ástæður valdi því, að slíkrar lagabreytingar sem þessarar þyki þörf einmitt nú, er fullljóst, að eins og nú háttar er lögunum ábótavant að því leyti, að þau gera ekki ráð fyrir að unnt sé að fresta uppkvaðningu kjaradóma, enda þótt allir málsaðilar æski þess. Því þykir eðlilegra, að sú heimild, sem hér er lagt til að veitt verði, sé ekki eingöngu háð þeim kjarasamningum, sem nú standa yfir, heldur komi að fullu inn í lögin sem varanleg heimild.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta mál nánar. En svo háttar til, að nauðsynlegt er að fá afgreiðslu þessa frv. frá Alþ. í dag, og vil ég því leyfa mér að óska, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn., og beini einnig ósk til n. að hún flýti afgreiðslu málsins, svo að málið komi aftur til 2. umr. nú síðar í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 29). — Frh. 1. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Oft er því haldið fram af þeim, sem meta lífsþægindin með veraldlegum og peningalegum mælikvarða, að litlu þjóðfélagi sé ofviða að halda uppi lista- og menningarstarfi með þjóðinni. Þessar raddir eru þó í miklum minni hl., þó svo að eðlilegt sé að gætt sé aðhalds og að menn sníði sér stakk eftir vexti á þessum vettvangi eins og annars staðar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur starfað um árabil. Hún hefur löngum sannað ágæti sitt og er vissulega rós í hnappagat íslensks menningarlífs. Varla verður því um það deilt, að það sé nauðsynlegt að starfsemi hljómsveitarinnar styðjist við lög og að starf hennar sé mótað með þeim hætti betur en nú er.

Ég hygg því að flestir séu sammála um að til lagasetningar þurfi að koma, en ágreiningurinn sé fyrst og fremst um það, hvernig starfsemi hljómsveitarinnar skuli fjármögnuð.

Ég held að það sé ekki andstaða gegn starfsemi hljómsveitarinnar þó að vakin sé athygli á þeim mikla kostnaði, sem hlýst af henni, og ágreiningur komi upp um það, hvernig lögin skuli úr garði gerð. Ég skil því athugasemdir minni hl. þeirrar n., sem undirbjó þetta frv., á þann veg, að þar vilji menn fara að með gát. Og vissulega er það rétt, að í fámennu þjóðfélagi eins og okkar verðum við að gera okkur grein fyrir því, hversu merkilegt og skemmtilegt sem viðfangsefnið er, að við verðum að haga okkur í samræmi við efni og fjárráð þjóðarinnar.

Um leið og ég stend hér upp og lýsi stuðningi mínum við það, að lög séu sett um starfsemi hljómsveitarinnar, vil ég fagna því, að gert er ráð fyrir breytingu hvað snertir fjármögnun Sinfóníuhljómsveitarinnar á þann veg, að nú er ætlunin að fleiri sveitarfélög en Reykjavíkurborg ein taki þátt í kostnaði af hljómsveitinni. Það gefur auga leið að starfsemi hljómsveitarinnar, sem fram fer hér í Reykjavík, er í þágu fleiri en Reykvíkinga einna. Hljómleikana sækir væntanlega fólk af öllu þéttbýlinu og vonandi af öllu landinu. En vegna staðsetningar hljóm-

leikanna má gera ráð fyrir því, að það sé auðveldara fyrir fólk héðan úr nágrannasveitarfélögunum að sækja þá, og því ekki óeðlilegt að viðkomandi sveitarfélög taki þátt í kostnaði við starfsemi hljómsveitarinnar. Ég fagna því þessari tillögu.

Ég vek athygli á því, að nú sem áður er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið taki þátt í kostnaði og rekstri hljómsveitarinnar, og er gert ráð fyrir því í frv., að hlutur útvarpsins sé 28%. Þetta eru veruleg fjárútlát fyrir Ríkisútvarpið, sem ég geri ráð fyrir að sú stofnun sjái í sjálfu sér ekki eftir, en er engu að síður nokkur baggi á þeirri stofnun. Og ég vil trúa því, að um leið og þetta frv. er tekið til athugunar séu jafnframt fjármál Ríkisútvarpsins tekin til endurskoðunar og tryggt að þeirri stofnun sé þetta ekki ofvaxið og að áfram sé nokkurt svigrúm hjá Ríkisútvarpinu til að halda uppi menningarstarfsemi þess þrátt fyrir lagasetningu um að 28% kostnaðar komi frá Ríkisútvarpinu.

Ég vil ekki að svo stöddu tjá mig eitt eða neitt um það, hvort það skuli bundið í lögum hversu margir fastráðnir hljóðfæraleikarar starfi hjá hljómsveitinni. Það má athuga vel, og ég tek undir það með síðasta ræðumanni, að það er í sjálfu sér ekki atriði sem fjvn. á að vera að taka ákvarðanir um. Slíkt hlýtur að vera utan verkahrings fjvn., að taka ákvörðun um hvort þeir séu 65 eða einum færri eða fleiri sem starfa hjá hljómsveitinni. Enda skil ég þessa athugasemd og þennan fyrirvara minni hl. n. á þann veg, að það sé verið að benda á að það þurfi að gæta hófs og gæta aðhalds þegar teknar eru ákvarðanir um hljómsveitina nú á næstunni.

Ég minni að lokum á, herra forseti, að hér í þinginu hefur lengi velkst án afgreiðslu frv. til l. um Þjóðleikhúsið, og þar sem hér er gert ráð fyrir því, að um samstarf sé að ræða milli þessara tveggja stofnana, þá tel ég nauðsynlegt og mjög áríðandi að það frv. fái afgreiðslu, um leið og þetta frv. er tekið til meðferðar, og reynt sé að hafa náið og gott samstarf þannig að þeir starfsmenn hljómsveitarinnar, sem fastráðnir verða í framtíðinni, komi að gagni og nýtist vel fyrir báðar þessar merku menningarstofnanir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður um þetta mál. Ég vil þó fyrst segja það, að mér þykir það galli á þessari umr., að hv. þm. Pálmi Jónsson, sem skrifar undir með fyrirvara varðandi þetta frv. og er einn af þeim mönnum, sem í n. voru, skuli ekki geta verið viðstaddur þegar umr. fer fram, eða öllu heldur að málið skyldi verða tekið fyrir að honum fjarstöddum. Það hefði vissulega verið æskilegra að hann hefði átt þess kost að gera hér grein fyrir viðhorfum sínum og þeirra félaga sem skrifa undir fylgiskjal II á bls. 11 í þessu frv. En nóg um það.

Ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að það sé sjálfsagt mál að það verði ákveðið við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, hversu miklum fjármunum verði varið til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég geri það á svipuðum grundvelli og ég hygg að hv. þm. Pálmi Jónsson og Örn Marinósson, sem skrifa undir þetta fskj., hafi gert. Ég er sem sagt á töluvert öndverðum meiði við skoðun hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég hygg nefnilega að það sé hægt að reka allmyndarlega sinfóníuhljómsveit þó að það sé gert með tiltölulega fáum einstaklingum. Nú hef ég að sjálfsögðu ekki mikla menntun til að dæma um slíkt, aðrir mér færari þar um, en eigi að síður er ég þeirrar skoðunar að það sé hægt að standa myndarlega að verki í flutningi hljómlistar þó að tiltölulega fáir einstaklingar séu þar með. Að vísu reynir þá meira á hvern einstakling og menn fá þá þeim mun frekar að spreyta sig á því, hversu getan er í raun og veru mikil hjá hverjum og einum. Við þurfum líka á því að halda, að hver og einn einstaklingur fái að spreyta sig, fái útrás, ekki síður á sviði lista en á öðrum sviðum í okkar þjóðfélagi. Ég segi þetta ekki á nokkurn hátt vegna þess að ég sé andvígur rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, síður en svo. Hér er um mikið menningarfyrirtæki að ræða.

En þá kem ég að því sem hv. þm. Jónas Árnason gerði fyrst og fremst að umtalsefni áðan. Það er ekki oft sem það kemur fyrir, að hv. þm. tala á þann veg að það liggur við að maður tárist af hrifningu. En það vildi nú svo til með þennan hv. þm. að hann talaði í þeim dúr. Hér er auðvitað á ferðinni alveg þaulkunnugur einstaklingur í þessum efnum, að því er varðar listir almennt, og ég er þess vegna ekkert hissa á því, þó að hans ræða væri með slíkum ágætum eins og raunbar vitni.

Ég tek fyllilega undir það, að það þurfi að stuðla að menningarlífi á þessu sviði í sambandi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og almennt menningarlíf í landinu. En ég tek undir það, sem hv. þm. Jónas Árnason sagði, að við mismunum herfilega í sambandi við stuðning ríkisvaldsins við listir. Hann bar hér saman tölur, sem hugsanlega mundu verða á fjárlögum ársins 1978 annars vegar til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar og hins vegar til leiklistar í landinu, annarrar en t. d. Þjóðleikhússins og þeirra sem eru með fasta styrki. Hér er geysilega mikill munur á upphæðum til þessara listgreina. Og það er því miður með sinfóníuhljómsveitina eins og Þjóðleikhúsið, að starfsemi þessara aðila hefur haft a. m. k. og mér sýnist allt benda til þess að hún kunni að hafa í næstu framtíð fyrst og fremst áhrif hér á þéttbýlissvæðinu. Það er, að ég held orðið miklu minna um það t. d., að Þjóðleikhúsið fari í leikferðalög út á landsbyggðina, heldur en var á tímabili. Það er orðið miklu meira um það, að stórir hópar fólks úti á landsbyggðinni þurfi að taka sig upp með ærnum kostnaði til þess að fá að njóta þessarar listar hér í Þjóðleikhúsinu, sem landsmenn almennt standa undir að er starfrækt. Og sama er að segja um sinfóníuhljómsveitina, það er tiltölulega afmarkað svæði hér á þéttbýlinu sunnanlands sem hún þjónar fyrst og fremst. Menn segja kannske: Það er útvarpað frá hljómleikum í Ríkisútvarpinu. En það er alls ekki nóg, ekki að mínu viti. Það er ekkert sambærilegt að heyra flutning hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í gegnum Ríkisútvarpið eða geta verið í hljómleikasalnum á þeim tíma sem hljómleikarnir standa

yfir. Það er æðimikill munur á þessu. Það er æðimikill munur á því líka að heyra leikrit flutt í gegnum útvarp eða geta verið í sal þar sem leikritið er flutt. Mér kemur því í hug, meðan ekki eru til þess aðstæður að þessar tvær menningarstofnanir landsins geti verið meira úti á á meðal fólksins á landsbyggðinni, hvort það sé í raun og veru gersamlega útilokað t. d. að sjónvarpa frá hljómleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands annað slagið. Ég hef enga trú á því, að það séu svo miklir annmarkar í þeim efnum að það eigi ekki að vera framkvæmanlegt. Ég minnist þess að vísu, að fyrir nokkrum árum, líklega 2—3 árum, spurðist ég fyrir um það hér á Alþ., hvers vegna ekki væri sjónvarpað frá leiksýningum t. d. í Þjóðleikhúsinu. Hæstv. menntmrh. upplýsti okkur um það, að á því væru svo miklir tæknilegir annmarkar að slíkt væri í raun og veru óframkvæmanlegt. Ég er ekki trúaður á að þetta sé svo. Ég held að það hljóti með nútímatækni að vera hægt að sjónvarpa bæði frá leiksýningum í Þjóðleikhúsinu og eins frá hljómleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þannig að þessi ágæta list berist eins vel og hægt er til þess fólks sem hennar vill njóta. Og það væri vissulega þess virði, að það væru athugaðir í því möguleikar og það gaumgæfilega, hvað það er í raun og veru tæknilega séð sem talið er koma í veg fyrir að hægt sé að sjónvarpa í þessum tilfellum beint.

Ég tek sem sagt undir það, að vissulega þarf af ríkisins hálfu að standa dyggilega við bakið á þessari menningarstarfsemi. En það má ekki gera það á þann hátt að það verði á kostnað annarra lista. Ég get alveg tekið undir það, sem hv. þm. Ingvar Gíslason sagði um að stuðningur af hálfu ríkisins við listastarfsemi þyrfti að vera miklu meiri en hann er, og hann þarf verulega að aukast, sá styrkur sem hefur verið veittur til almennrar leiklistarstarfsemi í landinu. Hún er vel þess virði, sú starfsemi sem þar er innt af hendi, að vel sé við bakið á henni stutt.

Um það, sem hv. þm. Ingvar Gíslason kom hér inn á líka, að það færi í raun og veru allt á annan endann hér ef væri farið að tala um listir hér á hinu háa Alþ., ekkert annað væri talið sjálfsagt hér en daglegt þref um kaup og kjör, þá veit ég ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma staðið á alþm. almennt að ræða um listir. Þessum hv. þm. er í lófa lagið hvenær sem er að koma á framfæri umbótum í þessum efnum, ef hann telur að hér sé illa að verki verið.

Hv. þm. Ingvar Gíslason sagði líka, að hann teldi fáranlegt að fjvn. ákvæði tölu hljómsveitarmanna. Ég er ekki sömu skoðunar í þessum efnum. Ég tel það eðlilegt. Ég tel að það sé eðlilegt, að fjvn. ákveði hverju sinni við gerð fjárl. hversu miklum fjármunum verði þarna varið og þá um leið hversu margir einstaklingar skipi sinfóníuhljómsveitina. Ég held að þetta sé ekki fyrir utan verkahring fjvn., síður en svo. Ég held að það færi miklu betur á því, að fjvn. gerði meira að því að fylgjast með hvernig fjármunum er í raun og veru varið í þeim tilvikum sem hún er að ákvarða og Alþ. að ákvarða fjárveitingar til hinna ýmsu verkefna. Ég held að það sé miklu meiri þörf á að auka þetta heldur en að draga úr.

Ég vil svo að lokum aðeins ítreka það, að ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að ákveða í lögum tölu hljómsveitarmanna, það eigi að vera háð ákvörðun fjvn. og Alþ. við gerð hverra fjárl., hversu miklum fjármunum er varið til þessara hluta.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar ábendingar sem mér þykir rétt að koma fram með við þessa umr., einkum og sér í lagi vegna þess að sá nm., sem skipaður var af fjvn. til setu í þeirri n., sem frv. þetta samdi, hv. þm. Pálmi Jónsson, er hér ekki viðstaddur. En hann hafði mjög mikið og náið samráð við fjvn. í fyrravetur um störf sín, og ég lít svo á að fjvn.-menn hafi a. m. k. ekki verið andvígir því sjónarmiði sem fram kemur í minnihlutaáliti þeirra Pálma Jónssonar og Arnar Marinóssonar varðandi fjölda sinfóníuhljómsveitarmanna. Auðvitað hafa menn getað verið sammála Pálma Jónssyni af ýmsum ástæðum, verið sammála honum vegna þess að menn hafi talið óþarfa að fara eins hátt með fjölda tónlistarmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar og frv. gerir ráð fyrir, og ennfremur geta menn verið sammála honum af sömu ástæðu eins og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason greindi frá áðan.

Ég tel að það sé eðlilegt og sjálfsagt af alþm. að reyna að gera sér í hugarlund hvað ýmsar framkvæmdir kosta, hvort sem þær eru á sviði menningar- og menntamála eða á einhverjum öðrum sviðum. Að reyna að gera sér í hugarlund hvað kostar að reka sinfóníuhljómsveit er að sjálfsögðu ekki andstætt menningarlífi eða áhuga á menningarmálum. Við Íslendingar erum fámenn þjóð. Við þurfum í mörg horn að líta og við hljótum að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvernig við förum best með fé okkar. Hv. þm. Ingvar Gíslason sem talaði hér áðan, er að vísu varaformaður Kröflunefndar, en ég tel ekki rétt að þau vinnubrögð, sem sú ágæta n. hefur haft, verði almennt notuð í sambandi við framkvæmdir á Íslandi, hvort heldur um er að ræða atriði er varðar menningarmál eða önnur mál.

Ég vil einnig láta það koma fram, að einn af þáttum í starfi fjvn. er einmitt að taka ákvarðanir um mannahald opinberra stofnana og fyrirtækja. Hér er langt í frá um að ræða eina verkefni fjvn., heldur lið í verkefnum hennar, þannig að stofnanir og fyrirtæki leggja fram fyrir fjvn. erindi sín og óskir byggðar á starfsáætlun sem þau hafa gert fyrir hvert ár, og einn þáttur í starfsemi fjvn. er að sjálfsögðu að taka afstöðu til þess, hverju af þessum óskum n. treystir sér til að sinna, þ. á m. hversu marga starfsmenn hún treystir sér til þess að kosta úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Það var þetta sem ég held að hafi vakað fyrir Pálma Jónssyni í minnihlutaáliti hans með þessu frv., þ. e. a. s. að honum fyndist eðlilegast að fyrir hvert ár gerði Sinfóníuhljómsveit Íslands nokkurs konar verkefnaáætlun þar sem fram kæmi hvaða stórverkefni Sinfóníuhljómsveitin hygðist hafa uppi á því starfsári, þ. á m. hversu marga hljóðfæraleikara Sinfóníuhljómsveitin

þyrfti til þess að sinna þeim verkefnum. Síðan væri það að sjálfsögðu fjvn. að taka afstöðu til þess, hvort n. teldi ráðlegt að ráðast í þær framkvæmdir á þessum sviðum sem Sinfóníuhljómsveitin óskaði eftir, og þá um leið, hversu marga hljóðfæraleikara mætti ráða til ársins. Að ákveða fasta tölu, eins og lagt er til að gert verði í þessu frv., er í raun og veru að festa lágmarksfjárveitingu til þessarar stofnunar, raunverulega án tillits til þess, hvort verkefnaþörfinni sé fullnægt með 65 hljóðfæraleikurum, hvort þeir þurfa að vera færri eða fleiri. Hér er um að ræða að festa ákveðnar lágmarksfjárveitingar til hljómsveitarinnar, festa þá lágmarksfjárveitingu sem nemur launakostnaði þeirra starfsmanna sem hér um ræðir.

Ég vil aðeins biðja menn í því sambandi að hugleiða rekstrar- og efnahagsreikning Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir árið 1976, á bls. 8 og 9 í þessu frv. Þar kemur fram að launakostnaður fastráðinna starfsmanna hljómsveitarinnar er um 107 millj. af alls 135.5 millj. kr. útgjöldum hljómsveitarinnar. Meginhluti þess kostnaðar sem á milli ber, þ. e. a. s. tæplega 30 millj. kr., er annar launakostnaður: launakostnaður vegna lausráðinna manna, launakostnaður vegna ómældrar yfirvinnu, vegna aukastarfa, vegna vaktaálaga o. s. frv. Ég held það megi tæplega gera ráð fyrir því, að þessi launakostnaður minnki mjög verulega, jafnvel þó að hinn fasti launakostnaður sé í lögum ákveðinn hærri en hann hefur verið.

Mér finnst að sjálfsögðu mjög eðlilegt að þessi atriði séu skoðuð jafnhliða öðrum, og ég vil aðeins biðja menn að gera sér t. d. grein fyrir því, þegar rætt er um kostnað í þessu sambandi, að á bls. 8 í þessu frv., í rekstrar- og efnahagsreikningi hljómsveitarinnar fyrir árið 1976, kemur í ljós að Ríkisútvarpið greiðir um 46.08 millj. kr. launakostnað vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, þ. e. a. s. 28% framlag upp á 36 millj. og laun fastráðinna starfsmanna greidd af Ríkisútvarpinu 10 millj. kr. Þá er sjálfsagt að menn spyrji hvað komi í staðinn. Í staðinn kemur það, að Ríkisútvarpinu heimilast að senda út beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands til landsmanna allra. Ég veit ekki til þess, ég verð þá væntanlega leiðréttur ef ég fer rangt með, að inni í þessum framlögum Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitarinnar sé annað frá Sinfóníuhljómsveitarinnar hálfu heldur en þetta, að Ríkisútvarpið útvarpi frá hljómleikum sem haldnir eru í Háskólabíói í Reykjavík. Ef rétt er, þá tel ég að hér sé um að ræða eitt það dýrasta útvarpsefni, a. m. k. miðað við lengd flutnings, sem um getur. Þetta er auðvitað atriði, sem menn verða líka að velta fyrir sér. Er eðlilegt að Ríkisútvarpið borgi jafnmikið fé og hér um ræðir fyrir að fá að útvarpa frá hljómleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar? Er ekki eðlilegra að ríkissjóður sjálfur eða aðrir aðilar taki af útvarpinu þennan bagga?

Þá vil ég enn fremur benda á, að í 9. gr. í þessu frv. er sagt að Sinfóníuhljómsveit og Þjóðleikhús eigi að hafa samvinnu um flutning söngleikja, þannig að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar fullnægi hluta af starfsskyldu sinni með vinnu á vegum Þjóðleikhússins. Eftir því sem ég best veit mun allur eða mestallur hljómlistarflutningur félaga í Sinfóníuhljómsveitinni á vegum Þjóðleikhússins nú vera greiddur sérstaklega af Þjóðleikhúsinu fyrir utan föst laun. Með því móti, sem segir í 9. gr., er raunverulega verið að — ja, ég veit ekki hvort það er rétt að orða það svo — réttlæta það að Þjóðleikhúsið taki á sig 10% kostnaðar, þ. e. a. s. að með þessu er verið að gefa í skyn að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar eigi að fullnægja hluta af starfsskyldu sinni með vinnu á vegum Þjóðleikhússins. En er það eðlilegt? Er rétt og eðlilegt að búast við að þetta geti orðið? Nú vitum við að auðvitað þarf Þjóðleikhúsið á hljómlistarmönnum að halda við flutning söngleikja og smærri verkefna af öðru tagi. En það er mjög sjaldan sem Þjóðleikhúsið þarf á öllum starfsmönnum Sinfóníuhljómsveitarinnar að halda, og ég held meira að segja að hljómsveitargryfjan í Þjóðleikhúsinu sé svo lítil, að það geti af tæknilegum ástæðum ekki orðið að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar tækju allir þar þátt í tónlistarflutningi. Ef af 9. gr. yrði í framkvæmd, þá mundi hún koma þannig út, að ákveðinn hluti starfsmanna Sinfóníuhljómsveitarinnar, ákveðnir hljóðfæraleikarar, mundu þurfa að vinna hluta af starfsskyldu sinni á vegum Þjóðleikhússins með tónlistarflutningi þar. Hins vegar yrðu aðrir starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar sem aldrei mundu stíga þar inn fyrir dyr. Ég er hræddur um að þetta yrði í framkvæmdinni ákaflega erfitt samstarf, m. a. vegna þess að starfsmenn sinfóníuhljómsveitarinnar sjálfir mundu una því illa að sumir þeirra þyrftu að ganga erinda Þjóðleikhússins í vinnutíma sínum, en aðrir ekki, þannig að ég er hræddur um að ákvæði þessarar 9. gr. verði raunverulega aldrei framkvæmd þrátt fyrir setningu þessara laga sem hér um ræðir, einfaldlega vegna þess að á það hefur reynt að þau eru ekki framkvæmd í dag.

Þetta eru aðeins ábendingar, sem ég vildi koma fram með við þessa umr. málsins. Ég vil taka það fram í annað sinn, að það er ekki vegna þess að ég hafi neitt á móti Sinfóníuhljómsveit Íslands eða starfsemi hennar, síður en svo, heldur vegna hins, að ég tel það bókstaflega skyldu okkar alþm. að reyna að gera okkur grein fyrir því, hver kostnaður verður af málum sem við erum að afgreiða frá þessari stofnun og hver eðlilegt sé að greiði þann kostnað.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í n. þeirri, sem mun fá frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands til meðferðar, mun ég ekki lengja þessa umr. með því að ræða sérstaklega um einstök atriði í frv. En ég vil ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni yfir að þetta frv. er fram komið á Alþ. Eins og hv. 9. þm. Reykv. vék að, hefur oft verið dökkt í álinn hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á því tímabili sem hún hefur starfað, og ég tel ekki ofsagt, að að öðrum ólöstuðum muni hann eiga einn drýgstan þátt í því, að hún hefur orðið eins lífsseig og raun hefur á orðið. En þar hafa unnið að margir góðir menn, og nú er svo komið, eins og þessar umr. bera með

sér, að það er almannarómur hér á Alþ. að Sinfóníuhljómsveitin sé ómissandi menningarstofnun í þjóðlífinu, en þess er ekki mjög langt að minnast, að það var öðru nær en að einróma væri lokið upp um það munni á Alþ. að sinfóníuhljómsveit bæri að starfa og hana bæri að efla. En þetta er eitt af því sem áunnist hefur með því ötula starfi sem tónlistarmennirnir og stuðningsmenn þeirra hafa unnið síðustu áratugi.

Það er fagnaðarefni að þetta frv. er fram komið, og ég vil leyfa mér að taka undir þá von, sem hæstv. menntmrh. lét í ljós, að það fái afgreiðslu á þessu þingi svo hægt verði að taka tillit til ákvæða þess við afgreiðslu fjárlaga.

En það, sem ég hef fyrst og fremst ætlað mér að gera hér að umtalsefni, eru ummæli sem fallið hafa í þessum umr. og ég tel ekki að rétt sé að láta fram hjá sér fara athugasemdalaust. Annars vegar eru það ummæli í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., sem ég fékk ekki skilið á annan veg, þótt hann léti viðurkenningarorð falla um starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, en að hann teldi í rauninni eftir það fé, sem til hennar væri varið og ætlunin væri að verja, vegna þess að hann teldi svo illa búið að leiklistinni í landinu að þar væri í rauninni frá henni tekið. Hv. þm. vitnaði í tölur í nýkomnu fjárlagafrv. og ég skal gera það líka. Þar er liður 973, Þjóðleikhúsið, framlög, það eru 359 millj. 53 þús. Næsti liður, liður 974, er Sinfóníuhljómsveitin. Þar er upphæðin 82 millj. 236 þús. Til Þjóðleikhússins er sem sagt ætluð fjórfalt hærri upphæð og ríflega það heldur en til Sinfóníuhljómsveitarinnar, svo þarna get ég alls ekki fallist á að leiklistinni sé skipað á óæðri bekk en tónlistinni, og skal ekki út í það farið, sem mörgum hefur orðið hált á, að reyna að gera upp á milli listgreina og bera þær saman í tignarröð. Ég tel að þessar tölur sýni, að það sé ekki réttmætt að halda því fram, að framlög til Sinfóníuhljómsveitar Íslands séu á kostnað hliðstæðra framlaga til meginstofnunar þjóðarinnar sem leiklist annast, því vissulega eru Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit að vissu leyti hliðstæðar stofnanir, þær hljóta að vera máttarstólpar hvor sinnar listgreinar í landinu.

En annað atriði í máli hv. 5. þm. Vesturl. er þó ekki síður aths. vert. Hér í borginni kemur út blað sem nefnist Þjóðviljinn, og við 5. þm. Vesturl. erum vel kunnugir frá fornu fari vegna starfa okkar við það málgagn. Í þessu blaði hefur þess gætt á síðustu missirum, að upp eru risnir spámenn, sem lítt gætti í okkar tíð á þeim vígstöðvum, sem eru svo harðir í fræðunum, að þeir hafa kenningu á reiðum höndum um alla hluti og hafa skilið efnislega söguskoðun á þann veg, að enginn hlutur sé rétt metinn nema það sé gert fyrst og fremst frá stéttarlegu sjónarmiði. Sem dæmi um það, út í hverjar ógöngur menn geta lent þegar þeir taka svona kreddutrú, má nefna það, að ekki eru margir mánuðir síðan í þessu blaði var lofsamlega getið kvikmyndar einnar, og hún hafði verið kynnt í sama blaði af hálfu aðstandenda og höfunda og gerð fyrir því sérstök grein hversu hið stéttarlega sjónarmið væri handterað í sögunni af Ólafi liljurós. Höfundur gat þess, að hið stéttarlega sjónarmið hefði verið leitt til öndvegis í þessari túlkun á Ólafi liljurós á þann hátt, að þar væru sýndar þrár alþýðunnar til saurlífis og gripdeilda. Þótti mörgum að hið stéttarlega sjónarmið væri alllangt leitt í þessu dæmi. Nú virðist mér hv. 5. þm. Vesturl. kominn a. m. k. með aðra litlu tána ofan í þá gryfju sem getur gleypt menn svona hremmilega eins og dæmið um kvikmyndina um Ólaf liljurós sýnir. Hann vill gera það að mælikvarða á starfsemi Sinfóníuhljósveitar Íslands, og líklega annarra stofnana sem við listir fást, hver sé stéttarleg samsetning þess fólks sem sækir hljómleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, og þá vafalaust líka sýningar í Þjóðleikhúsinu og hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Þetta tel ég stórhættulegt sjónarmið, og ég vænti þess, að hv. 5. þm. Vesturl. sjái að sér áður en hann fer lengra á þeirri braut, að framlög og stuðningur við listgreinar skuli fara eftir því hvaða þjóðfélagshópar sérstaklega njóti þessara listgreina. Vissulega er æskilegt, og það er mín reynsla, að sú sé raunin, að tónlist jafnt og aðrar listir njóta hylli fólks af öllum stigum í þjóðfélaginu. En að ætla að fara að gera upp á milli listgreinanna eftir því, í hvaða tekjuflokk eða metorðaflokki í þjóðfélaginu njótendur þeirra skiptast, það er braut sem ég tel leiða til ófarnaðar.

Það er líka mála sannast, að ef á að fara að reyna að draga tónlist og leiklist algjörlega sína í hvorn dilkinn, þá endar það líka í ófarnaði, því að frá upphafi vega hafa þessar listgreinar stutt hvor aðra. Tónlist hefur komið við sögu við hvers konar leiklist, hvort heldur orð eru þar við höfð eða um leikræna líkamstjáningu er eina að ræða, eins og í dansi og látbragðsleik. Enda er gert ráð fyrir því í frv., sem fyrir liggur að hluti af vinnuskyldu sinfóníuhljómsveitarmanna skuli leystur af hendi með störfum fyrir Þjóðleikhúsið. Ég get ekki fallist á það með hv. síðasta ræðumanni, 8. landsk., að þetta hljóti endilega að koma svo misjafnt niður á tónlistarmönnum að slíkt verði óframkvæmanlegt af þeim sökum, því að kröfur leikhússins eru svo fjölbreyttar, að þó að eitt leikverk og tónlist, sem því fylgir, krefjist ákveðinna hljóðfæraleikara, þá krefst tónlist með öðru verki allt annarra hljóðfæraleikara, svo að þetta er að mínu viti ekki gild ástæða til þess að þetta frv.-ákvæði þurfi að stranda.

En enn er eitt, sem hv. 5. þm. Vesturl. klykkti út með í ræðu sinni, að það væri eiginlega til mikils vansa að Sinfóníuhljómsveitin væri sífellt að leika gamla meistara og þar á ofan steindauða, en ekki íslensk lifandi tónskáld. Ég sé síður en svo ástæðu til að amast við því, að í tónleikasal komi mjög við sögu fyrri menn af liðnum kynslóðum sem aldirnar hafa sýnt að hafa borið af öðrum í listferli þeirra þjóða sem aðhyllast sömu tónlistarmenningu og við. Þetta á ekki síður við um leikhúsið, eins og hv. þm. hlýtur að sjá af sinni miklu þekkingu á leiklist, ef hann leiðir að því hugann, þá hefur hv. þm. sýnt það með vali tónlistar, sem hann hefur sjálfur annast við sín leikverk, að hann er ekki fyrst og fremst að hlaupa til íslenskra

tónskálda, sem nú starfa, til að afla þeirrar tónlistar. Hann fer að vísu ekki heldur til gömlu meistaranna, en til samtíðarmanna þeirra, þeirra tónlistarmanna í Írlandi og Bretlandi sem á miðöldum og á Elísabetartímanum og á tímum Karlanna 1. og 2. bjuggu til tónlist sem lifað hefur á vörum fólksins alla tíð síðan og hefur hrifið hv. 5. þm. Vesturl. svo, að hann hefur gert hana að meginuppistöðu í leikverkum sínum, ásamt auðvitað þeim texta sem hann hefur samið af sinni kunnu leikni.

Ég vil einnig vara sérstaklega við því viðhorfi, sem kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf., að það skipti ekki höfuðmáli fyrir starfsemi sinfóníuhljómsveitar hvort þar starfi fleiri menn eða færri. Hann komst svo að orði, ef ég hef tekið rétt eftir, að tiltölulega myndarleg sinfóníuhljómsveit gæti leyst af hendi störf sín með tiltölulega fáum hljómlistarmönnum. Nú veit ég ekki hvað hann telur vera tiltölulega myndarlegt og tiltölulega fáa menn í þessu sambandi. En hann útskýrði þetta með því, að þarna þyrfti bara að reyna meira á hvern einstakling og af því hefðu þeir bara gott að spreyta sig á þennan hátt. Það er ekki ástæða til að efast um það, að í Sinfóníuhljómsveit Íslands er fjöldi afbragðs tónlistarmanna. Það hafa menn fengið að reyna á liðnum árum sem sótt hafa tónleika hennar. En að þeir séu slíkir afreksmenn, að þar séu t. a. m. fiðluleikarar sem hafi hæfileika til að leika á tvær eða fleiri fiðlur samtímis, því á ég mjög bágt með að trúa, svo ekki sé nú talað um sellóleikara sem tækju að sér tvö selló eða blásara sem tækju að sér tvær eða fleiri túbur. Þó að sjálfsagt sé að gera háar kröfur og strangar til listamanna, þá er fjarstæða að ætlast til þess að þeir geri það sem allir sjá við nánari athugun að er gjörsamlega ómögulegt.

Mergur málsins varðandi mannfjölda í sinfóníuhljómsveit er auðvitað sá, að það fer eftir fjölda hljómlistarmanna, sem hljómsveitin ræður yfir, hvaða verk hún getur valið. Og þetta hefur breyst í sögu tónlistarinnar. Á 18. öld var samin sinfónísk tónlist sem gjarnan má flytja með sinfóníuhljómsveitum sem eru skipaðar tiltölulega fáum mönnum. Smátt og smátt þróaðist gerð sinfónískrar tónlistar á þann veg, að meiri og meiri fjölbreytni og margbreytni varð í hljóðfæravali. Það var sóst eftir fleiri strengjaleikurum, það var sóst eftir margháttaðri blástурshljóðfærum á 19. öldinni, og þetta hefur haldið áfram í sama farvegi, svo að sú tónlist þessarar aldar, sem þegar hefur hlotið viðurkenningu, t. d. tónlistarmanna eins og Mahlers, Stravinsky og Schönbergs og annarra slíkra, gerir kröfur til enn fleiri hljóðfæraleikara í sinfónískri hljómsveit heldur en t. d. þarf til að skipa þær sem fá ráðið við verk manna eins og Beethovens og Brahms frá síðustu öld. Þetta úrlausnarefni er fólgið í eðli þeirrar listgreinar sem tónlistarmenn fást við, og þetta er mál sem menn verða að líta á þegar ákveðið er hvrsu miklu fé eigi að verja til starfsemi sinfónískrar hljómsveitar.

Það er inntakið í því ákvæði sem hér hefur verið mjög rætt, hvort hægt er að tryggja Sinfóníuhljómsveitinni ákveðinn fjölda starfsmanna í lögum eða hvort það á að vera undir hælinn lagt frá ári til árs, hvort hljómsveitin, blátt áfram vegna starfsmannafjöldans, ræður við ákveðin verk eða jafnvel verk frá heilum tímabilum í tónlistarsögunni. Ég hef nú orðið langorðari um þetta efni en ég ætlaði mér þegar ég kvaddi mér hljóðs. En ég tel mjög brýnt að menn misskilji ekki, þegar um svo þýðingarmikið mál er fjallað sem starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, grundvallaratriði varðandi starfsskilyrði sem sú listgrein skapar sem sinfóníuhljómsveit færir mönnum í þeim veglegasta búningi, sem tónskáld hafa valið verkum sínum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir ágætan stuðning við þetta mál. Skilist mér að hver einasti þm., sem hér hefur tekið til máls, hafi lýst stuðningi við frv. Það er t. d. ekki bráðónýtt fyrir mig að fá stuðning tveggja fyrrv. menntmrh. við þetta frv. Því betur kemur það sér fyrir núv. ráðh. þar sem hann þekkir ekki nóturnar og er þar að auki nokkurn veginn laglaus! En ég held að það hafi verið rétt, sem ég fullyrti í framsöguræðu minni, að tilverurétt Sinfóníuhljómsveitar Íslands dregur enginn í efa lengur, a. m. k. ef marka má þverskurðinn af þeim umr. sem hér hafa farið fram.

Hv. þm. Ellert Schram sagði að Sinfóníuhljómsveitin væri rós í hnappagati menningarinnar á Íslandi, og þetta er satt svo langt sem það nær. En hún er þó miklu meira, því hún er stórkostlegur starfsvettvangur fyrir tónlistarfólkið og gífurlegur bakstuðningur og hvati fyrir allt tónlistarlíf í þessu landi. Á því held ég að sé enginn vafi.

Það hefur dálítið mikið verið rætt um töluna 65, og það er kannske að vonum. Mér líst nú eiginlega enn verr á það ákvæði að láta fjvn. ráða þessu, þegar á það var bent hér í umr. að þá mundi fjvn. í leiðinni athuga verkefnalistann og í raun og veru vera endanlegur úrskurðaraðili um það, hvað spilað væri á tónleikum. Mér líst nú eiginlega enn verr á þetta eftir því sem ég hugsa það betur og eftir því sem það er skýrt betur út, hvað þetta hefði að þýða í raun og veru. Ég hef það fyrir satt, að það sé mjög erfitt að takast á við mörg þau verk, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið að undanförnu, og önnur ámóta með öllu færri hljóðfæraleikurum en þeirri tölu sem þarna er nefnd. Að vísu telur hv. 5. þm. Vestf. að svo góðir geti hljómlistarmennirnir verið, svo öflugir, að þeir þurfi ekki að vera svona margir. Koma mér þá í hug ummæli sem höfð eru eftir ágætum menntamanni og skólamanni. Hann hafði verið hér í Þjóðleikhúsinu, séð marga menn að störfum niðri í hljómsveitargryfjunni og spurt hvort þeir þyrftu nú að vera svona margir að þessu. Já, danshljómsveitir eru nú í beinu sambandi við Búrfellsvirkjun, en það er áreiðanlega ekki neitt slíkt sem vakir fyrir hv. 5. þm. Vestf., heldur ofurtrú á mætti einstaklingsins! En það sem fyrir mér vakir með því að fallast á töluna 65, eins og sett er í frv. af meiri hl. n., þá geri ég það fyrst og fremst af öryggisástæðum vegna hljómsveitarinnar. Auðvitað er þetta að vísu einnig öryggi gagnvart fjármálahliðinni, að ekki verði

farið þar langt fram úr hófi, fram úr því sem geta ríkissjóðs leyfir. En mín hugsun er fyrst og fremst sú, að gera þetta af öryggisástæðum vegna hljómsveitarinnar.

Ég er ekki einn af þeim ótalmörgu sem syngja þann sönginn, að það eigi í líf og blóð að draga úr samneyslu og sameiginlegri þjónustu við landsmenn. Ég held að þetta sé varasamur áróður, og mér sýnist nú satt að segja, að það sé aðeins að fjara undan þessu og menn geri sér á ný grein fyrir því, að svo best búum við vel í þessu landi að við leggjum nokkuð hart að okkur til þess að fullnægja hinum sameiginlegu þörfum þjóðfélagsins á ótalmörgum sviðum.

Ég held það sé alveg rétt, sem hefur komið hér fram í máli manna, að tilvera Sinfóníuhljómsveitarinnar hafi oft hangið á bláþræði, ekki síst á árum áður, t. d. í þann tíð sem hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, var menntmrh. Hitt er svo annað mál, að það hefur ekki heldur núna síðustu missirin verið alveg sléttur sjór, þó að holskeflur hafi ekki risið eins hátt og þá og auðveldara að komast leiðar sinnar í því sjólagi, sem verið hefur, nú en þá, eins og sést af umr. hér á hv. Alþ. núna.

En hv. þm. Jónas Árnason, hv. 5. þm. Vesturl., minntist á leiklistarmálin og taldi að lítið væri til leikstarfsemi varið og sérstaklega til áhugaleikfélaganna. Ég er honum alveg sammála um það, að þar þurfum við að gera betur. En það breytir ekki því sem hér er um að ræða. Það gildir sem skrifað stendur, að þetta þar yður að gera og hitt eigi ógert að láta! Hann telur að miklu fleiri njóti leiklistar heldur en tónlistar, og má vera að það sé rétt. Leiklistarstarfsemi, almenn, var fyrir löngu miklu öflugri í landinu og útbreiddari heldur en hljómlistin. En við erum að reyna að vinna okkur upp á sviði tónlistarinnar. Og ég vil taka undir það sem fram kom hér hjá hv. 3. landsk. þm., ég er alveg andvígur því að við förum að kanna það, hvaða stéttir njóti þessarar eða hinnar listgreinarinnar, fljótt á litið a. m. k. enda hef ég aldrei hugleitt þetta, ég verð að segja það alveg eins og er, að við þurfum nú að fara að rannsaka það hér á Íslandi, þessir 200 þús. menn, hvaða stéttir njóti listgreina. Ég held, að við séum ekki fleiri en svo, að við eigum bara að reyna, t. d. með tónlistina, að þróa hana upp og útbreiða hana almennt meðal fólksins. Og við erum að vinna að þessu, kannske er of mikið að segja að það sé gert á myndarlegan hátt, en þó með ýmsu móti. Það er að vísu allt of lítil tónmenntakennsla í grunnskólunum, og menn hafa uppi ýmsar hugmyndir og þeim hefur verið hreyft hér á Alþ., hvernig þar mætti koma við nýjum aðferðum. En tónlistarskólarnir okkar víðs vegar um landið hafa verið efldir, m. a. með löggjöf nýlega, og eru sífellt að eflast. Og það vita sjálfsagt allir sem reynt hafa, að þar sem þeir hafa starfað gerbreytist viðhorfið og menn kunna betur en áður að meta gildi tónlistar. Við höfum ýmsa sérskóla á tónlistarsviðinu og erum að reyna að efla þá smátt og smátt, og örlítil viðleitni hefur verið sýnd til stuðnings, með því að taka efstu bekki listaskólanna undir námslánakerfið. En sem sagt, ég álít að við eigum að reyna að þróa þessi mál almennt og á breiðum grunni og ekki fara út í að byggja það á sérstökum rannsóknum um hvaða stéttir sæki leikhús og hljómleika o. s. frv.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. fór nokkrum almennum orðum um afstöðu til fjárveitinga til lista og ýmissa menningarmála almennt. Ég vil af því tilefni aðeins segja það, að í fjvn. starfar sérstök undirnefnd sem fjallar um framlög til skólabygginga. Og auðvitað verðum við að taka svo gríðarlega dýran og stóran þátt eins og skólamálin föstum tökum í sambandi við fjárveitingar og gerum það eftir því sem menn hafa tök á. En ég er honum alveg sammála um að ég er ekki ánægður með það, hvernig staðið hefur verið að verki til lengri tíma þegar fjallað er um fjárstuðning við almenn menningarmál. Þegar við hv. 1. þm. Norðurl. e áttum báðir sæti í fjvn., þá gerðum við tilraun, sem að vísu fór út um þúfur, til þess að fá þessi mál athuguð sérstaklega, ýmsa þessa styrki, sem þó eru ekki stórir í sniðum, en geta haft mjög mikla þýðingu og þyrfti að aukast, eins og t. d. við almennu leiklistarstarfsemina. En þetta mistókst og þessi mál hafa ekki fengið sams konar meðferð, vil ég segja, hjá fjárveitingavaldinu eins og ýmsir aðrir flokkar þjónustumála sem auðvitað kosta meiri fjármuni í heild, eins og hafnamál, vegamál, sjúkrahúsin og fleiri mál sem hvert um sig fær sína undirnefnd í fjvn. Ég held að það væri okkur nauðsynlegt og þeir peningar gætu vel skilað sér, sem væri bætt við í þá fjárhæð sem fer til almennra félags- og menningarmála og listastarfsemi í landinu. Þeir gætu skilað sér í mynd betra uppeldis, því að einn þáttur í listastarfseminni og sérstaklega meðal áhugamanna, en reyndar einnig á öllu því sviði, er sá, að með iðkun lista nýta menn betur tómstundir sínar, sem nú fer fjölgandi góðu heilli, nýta þær betur sér til uppbyggingar og lífsfyllingar heldur en ella.

Ég vil nú vona að það fari að rofa til í þessu efni. Ég verð var við það að fjölmenn samtök, ekki síst yngra fólks, veita menningarmálum mikla athygli. Ég hef t. d. nýlega tekið eftir því, að Samband ungra sjálfstæðismanna hefur tekið þessi mál sérstaklega fyrir og gert um þau yfirgripsmiklar ályktanir, og ég fagna þessari athygli sem menn veita menningarmálunum. Þau eru ekki ein um þetta, þessi samtök. Ég held að við þurfum að gefa þeim betri gaum, ekki eingöngu stóru viðfangsefnunum, eins og Sinfóníuhljómsveitinni og Þjóðleikhúsinu sem eru stolt okkar alveg sérstaklega, heldur einnig hinni almennu starfsemi.

Af því að ég nefndi Þjóðleikhúsið, þá kemur mér það í hug, að hv. 5. þm. Vestf. taldi að þjónustu Þjóðleikhússins við landsbyggðina hefði hrakað. Ég held að þetta sé misskilningur. Ég held að leikferðir út um land séu stöðugt farnar, en ég hef ekki tölu um það hér við höndina. Hitt veit ég, að Þjóðleikhúsið hefur aukið mjög þjónustu sína í því formi að láta leikfélögum úti á landi í té leikstjóra og ýmsa aðra fyrirgreiðslu og leiðbeiningar. Þetta er auðvitað eins og það á að vera. Svo vil ég líka fullvissa þennan hv. þm. um það, að Ríkisútvarpið gerir það sem það telur sér fært til þess að koma áleiðis til landsmanna því besta sem fram fer í menningarmálun-

um hér í höfuðborginni. Það er áreiðanlega vakandi fyrir því og teygir sig eins langt að því leyti og það telur sér mögulegt.

Umr. frestað.

Neðri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 24. okt., að loknum 6. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 47, n. 49). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv., eins og fram kemur á þskj. 49, og mælir n. einróma með samþykkt frv. Hæstv. forsrh. mælti fyrr í dag fyrir þessu frv. og er ekki ástæða til að fara mörgum fleiri orðum um málið en hann gerði og fram koma í grg.

Breytingin frá gildandi lögum felst í 1. gr. frv., þar sem 2. mgr. er ný og fjallar um heimild til að fresta dómsuppkvaðningu Kjaradóms fram yfir 1. nóv., en til þess tíma gildir núverandi samningur milli BHM og ríkisins. Ósk um slíka frestun skal koma fram með minnst tveggja vikna fyrirvara, en í ákvæði til bráðabirgða í frv. er Kjaradómi heimilt að fresta dómsuppkvaðningu þrátt fyrir ákvæði 1. gr. frv. um tveggja vikna frestinn.

Breytingin í 2. gr. frv., þ. e. breyting á 1. mgr. 17. gr. laganna, felst í því, að Kjaradómur kveði upp dóm eigi síðar en mánuði eftir lok uppsagnarfrests, og síðan kemur nýmælið: „eða gerð aðalkjarasamnings, hvort sem síðar reynist".

Fleiri orð þarf ég ekki að hafa um málið, en ég ítreka orð hæstv. forsrh. að nauðsynlegt sé að afgreiða þetta frv. í dag.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 24. okt., að loknum 7. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 47). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 29). — Frh. 1. umr.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Þegar við vorum að byrja saman á Þjóðviljanum í gamla daga, ég og hv. þm. Magnús Torfi Ólafsson, þá skrifaði hann margt gott í blaðið. Og ég held ég megi segja, að honum hafi verið heldur ósýnt um að snúa út úr. Hann flutti yfirleitt mál sitt vel og heiðarlega.

Nú kemur það allt í einu upp úr dúrnum, að maðurinn er orðinn snillingur í að snúa út úr. Og hver skyldi vera ástæðan? Getur hún verið sú, að hann hefur nú setið í 6 ár á þingi og verið þar af 3 ár ráðh.? Hvar hefur hann lært kúnstirnar?

Einn útúrsnúningurinn var sá, að með þeirri hugmynd minni, að athugað verði hvort þessir 976, sem fara á sinfóníutónleika í Reykjavík, séu e. t. v. alltaf sama fólkið og e. t. v. fólk af sama sauðahúsi, úr sömu stétt manna, t. d. menntamannastétt svonefndri, eða hvort sinfóníutónleikar væru sóttir af alþýðumönnum, þessa hugmynd mína túlkaði hann þannig, að ég væri að leggja til að efnt yrði til einhverrir skuggalegrar könnunar um persónuleg málefni, varaði við sem hann kallaði „tekjuflokkun" eða „metorðaflokkun" í menningarmálum. Mig tekur það sárt að finna hvað maðurinn er gríðarlega viðkvæmur fyrir þessari hugmynd. Það er engu líkara en hann telji persónulega nærri sér höggvið. Það, sem ég átti við með þessu, var einfaldlega það, að ef svo reyndist að alþýða manna sækti ekki sinfóníutónleika hér í Reykjavík, þá vildi ég fá athugun á því, hvað hægt væri að gera til þess að vekja áhuga alþýðu á sinfóníutónleikum.

Við vorum að rabba saman áðan ég og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson. Hann sagði: „Eftir að Þjóðleikhúsið tók til starfa, þá fengum við í Dagsbrún því til leiðar komið að laugardagssýningar væru ætlaðar okkur." Og þeir fylla Þjóðleikhús Íslendinga, verkalýðsfélagið Dagsbrún fyllir Þjóðleikhús Íslendinga laugardag eftir laugardag. Það kom í ljós að margir þeir menn, sem þarna fóru í leikhús, voru að gera það í fyrsta sinn. En síðan hafa þeir haldið uppteknum hætti. Hvernig væri nú að prófa eitthvað svipað í sambandi við sinfóníutónleika? Mér er til efs — mér er satt að segja til efs — að í þeim hópi, sem maður hittir fyrir í hléinu í Háskólabíói á sinfóníutónleikum, séu margir verkamenn. Og svona vil ég ekki hafa það, hv. þm. Magnús Torfi Ólafsson, svona vil ég ekki hafa það. Ég vil að alþýða manna njóti menningarinnar ekkert síður en það fólk sem telst til menntastéttar. Það er þetta sem fyrir mér vakir.

Hæstv. ráðh. leyfði sér sama útúrsnúninginn eða sama misskilninginn. Ég veit ekki, hvort menn verða svona tornæmir af því að vera menntmrh. (**Menntmrh.:** Er það reynsla hv. þm.?) Nei, það er ekki reynsla mín. En ég fer að verða uggandi varðandi þennan hæstv. menntmrh., ef hann fer að tala oft svona, vara við að efnt sé til athugunar á því, hvernig menn flokkast eftir stéttum varðandi menningarneyslu eða þátttöku í menningarlífi, vara við því; væri ekki nær að stuðla að því, að slík könnun fari fram, og ráða svo bót á því sem aflaga kann að fara?

Hæstv. menntmrh. lýsti því yfir að hann væri laglaus. Það er hann ekki. Ég hef heyrt hann syngja í sjónvarpi. Aftur á móti halda margir að þeir séu laglausir, og þetta stafar af vissri vanmetakennd. Ég hef orð þess mæta manns Jóns Ásgeirssonar tónskálds fyrir því, að ekkert sé til sem heiti lagleysi. Hins vegar séu sumir menn þjakaðir af þessu, þeir haldi sig laglausa. En það sé enginn vandi að laga þetta. Ég vísa á Jón Ásgeirsson til lækningar á þessari meinsemd. En Jón sá er nú reyndar — af því að ég minnist á hann — einn þeirra manna sem sannarlega hefur tekið til hendinni sem tónskáld eftir að hinir miklu möguleikar opnuðust, þar sem er Sinfóníuhljómsveitin og svo náttúrlega Þjóðleikhúsið, með sinni miklu óperu og fleiru sliku, sem hann hefur unnið gott. Þökk sé honum fyrir það. Og þökk sé fleiri slíkum fyrir góð verk. En ég sný ekki aftur með þá fullyrðingu mína, að þetta hefur ekki verið nógu mikið. Starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur ekki borið þann árangur sem hún hefði átt að bera á þessu sviði. Það er eitthvað að þarna.

Fullyrðing hv. þm. Magnúsar Torfa, að ég hafi verið að býsnast yfir því, að ekki væru leiknir aðrir en gömlu meistararnir, ég vísa þeirri fullyrðingu beint til föðurhúsanna. Ég sagði að til þess ætti leikurinn að vera gerður að efla sköpunargáfu okkar íslendinga á sviði lista. Ég taldi að þetta hefði heppnast í sambandi við leikhúsin, en ekki að sama skapi í sambandi við Sinfóníuhljómsveitina. Ég var ekki að harma það, að verið væri að spila Beethoven til að mynda. Kannske er það öllum fyrir bestu að hann verði spilaður til eilífðarnóns. Hann er ágætur. En ég hefði ekkert á móti því að fá nokkrar nýjar sinfóníur eftir Íslendinga. Og ég álít að það gætu alveg eins leynst þeir hæfileikar með þessari þjóð, eins og þar suður í hinum þýskumælandi heimi, að einhverjir meistarar kæmu upp, jafnvel sambærilegir við Beethoven. Það er engin goðgá að láta sér detta slíkt í hug. Og í þessu sambandi vil ég ítreka það, sem ég hef áður sagt um þá blómlegu leiklistarstarfsemi, sem á sér stað úti um allt land, og þann áhuga, sem þjóðin sýnir þeirri starfsemi, og þá sköpunargleði, sem upp er komin víðs vegar hjá þjóðinni og lýsir sér m.a. í því, að í smábæjum er farið að semja leikrit sérstaklega fyrir svið viðkomandi ungmennafélags eða leikfélags; ég efast um að menn geri sér ljóst hvað hér er að gerast; en upp úr þessum jarðvegi á eftir að spretta eitthvað stórt, kannske ekki fyrr en við öll erum komin undir græna torfu. En þetta á eftir að koma. Menningarfrægð þessarar þjóðar verður þá mest á sviði leikritunar. Það skuluð þið vita. Þetta er mjög athyglisverð þróun og góð þróun. Og hún sprettur af því, að öll þjóðin tekur þátt í þessu.

Það er létt verk að koma sér vel við þá sem maður kynni að hitta í hléi á sinfóníutónleikum, með því að býsnast hér yfir því, að vissir sveitamenn séu að gerast ærið skuggalega ofsóknargjarnir gagnvart þessu virðulega menningarfólki, þessu fólki hér í Reykjavík sem sækir sinfóníutónleika, frumsýningar og annað slíkt. En þessi þjóð bjargast ekki fyrir það fólk. Hún bjargast yfirleitt ekki fyrir það sem gerist í hléinu á frumsýningum eða á sinfóníutónleikum uppi í Háskólabíói. Hún bjargast fyrir þá einlægu viðleitni sem á sér stað úti um allt land á sviði menningar og lista.

Ég veit ekki nema eðlilegur fjöldasöngur og heilbrigð sönggleði, ef takast mætti að efla slíkt í skólum og annars staðar, slíkur eðlilegur söngur og slík eðlileg sönggleði mundi hafa miklu meiri þýðingu fyrir menningu þessarar þjóðar heldur en allar sinfóníur Beethovens, jafnvel þó að þær séu fluttar af þeirri snilli sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur til að bera. „Telja eftir," sagði hv. þm. Magnús Torfi áðan, ég hafi verið að „telja eftir" framlag til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég var ekki að því. Ég lýsti yfir því í ræðu minni, að ég fagnaði þessu frv., teldi að það væri gott að Sinfóníuhljómsveitin fengi þá peninga sem hún þyrfti. En það þurfa fleiri peninga til að halda uppi menningarstarfsemi, og ég vil að gefinn sé gaumur að því einnig.

Satt að segja er full ástæða til að flytja langt erindi um það, sem aðeins hefur verið tiplað á hér, það sem ekki má kanna, ekki má leiða í ljós tölulega, en það er sú menningarlega stéttaskipting sem orðið hefur í þessu landi undanfarna áratugi. Mín skoðun er sú, ef svona haldi áfram sem mig grunar að verið hafi að undanförnu með starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, að tiltölulega fáir gefi gaum að henni, tiltölulega fáir komi til að njóta þessarar dýrlegu listar, þá er þarna verið að efla menningarlega stéttaskiptingu. Og hana vil ég ekki hafa í þessu þjóðfélagi. Þetta er þess háttar þjóðfélag, að það á að geta verið laust við stéttaskiptingu bæði efnahagslega og menningarlega. Nóg er nú komið af þeirri efnahagslegu stéttaskiptingu, þó að ekki sé verið að magna þá menningarlegu.

Það er plagsiður þeirra hópa sem skipta sér mest af menningarmálum opinberlega, — ég ætla ekki að fara að undanskilja vissa hópa vinstra megin, þeir eiga þarna sinn þátt líka, — það er plagsiður þessara hópa að demba yfir þessa þjóð kenningum sem þeir hafa tínt upp úti í hinum stóra heimi, þar sem menningarstarfsemi er víða forréttindi fáeinna útvalinna, fáeinna ríkra eða fáeinna langskólagenginna. Þannig er það t.d. með leiklistarstarfsemina frægu í Bretlandi sem menn standa hér á öndinni yfir og þeim mönnum sem þaðan koma til þess að boða hennar kenningar. Þetta er menningarstarfsemi örfárra útvalinna. Maður kemur stundum í leikhús í Bretlandi þar sem tiltekin sæti hafa tilheyrt tiltekinni aðalsætt eða peningaætt kynslóð fram af kynslóð. Ef menn ætluðu að setjast í þessi sæti, þá færi nú að fara um það góða fólk, trúi ég. Kenningar frá þessum slóðum hafa dembst yfir okkur í sambandi við heimsóknir þaðan. Og menn standa gapandi af aðdáun. Allt í einu er enginn sannleikur handa leikhúsum hér uppi á Íslandi, annar en þessi stórisannleikur, sprottinn upp úr þessum jarðvegi, þessum yfirstéttarforréttindajarðvegi, sem er leikhúslíf í London, þar sem menn hafa setið í sama sætinu kynslóð fram af kynslóð og eru orðnir menningarlega dofnir í rassinum. En ég leyfi mér að fullyrða, að boðskapur af þessu tagi á ekkert erindi við þessa þjóð. Það gæti verið að hann ætti eitthvert erindi við hana eftir að búið yrði að spilla henni svo og svo mikið með peningum

og stéttaskiptingu. En hann á ekkert erindi við hana í dag, þvert á móti. Sannleikurinn er sá, að þessi þjóð gæti boðað þeim Bretum margan góðan sannleikann í menningarmálum.

Og þá kem ég aftur að rabbi okkar hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar áðan. Þegar hann minntist á þetta með Dagsbrún og Þjóðleikhúsið, þá sagði ég honum frá því, og ég segi hér með ykkur, hv. þm., frá því, að ég var fyrir nokkrum árum á leiklistarráðstefnu í Dyflinni og flutti þar erindi um íslenskt leikhúslíf og sagði einmitt frá þessu, að verkalýðsfélögin í Reykjavík keyptu iðulega upp heilar sýningar í Þjóðleikhúsinu. Á þessari ráðstefnu var heimsfrægur enskur leikhúsmaður. Hann stóð á öndinni og vildi endilega fá að heyra nánar um þetta. Þetta var aðstoðarleikhússtjóri Þjóðleikhúss Breta, hægri hönd Sir Laurence Olivier, og þótti nú heldur betur tíðindum sæta þetta sem ég sagði frá Íslandi. Hann spurði mig hvernig við færum að þessu. Ég sagði honum að hér væri um að ræða eitt af því sem sjálfsagt væri og eðlilegt í þjóðfélagi eins og okkar, að Dagsbrúnarkarlarnir færu að sjá Shakespeare ekki síður en aðrir.

Nú ætla ég til upplýsingar fyrir hv. þm. Magnús Torfa, svo að hann skilji nú enn þá betur hvað fyrir mér vakir með þessum málflutningi, að segja það, að þessi maður, sem lýsti svo miklum áhuga á mínu máli og vildi fá nánari útlistanir, hann var býsna róttækur í skoðunum, — ég veit ekki hve róttækur, en ég get vel trúað að hann hafi verið jafnvel til vinstri við Samtök frjálslyndra og vinstri manna. Og hann sagði: „Við gerðum könnun á stéttarstöðu gesta okkar, vegna þess að það vakti fyrir okkur að auka þátttöku hinna vinnandi stétta, verkalýðs, „manual workers“, — í þessari listastarfsemi okkar. Mér þótti það, satt að segja, óþolandi,“ sagði hann, „að vera að setja upp leiksýningar aftur og aftur fyrir sama fólkið. Og mér tókst á þessum tveimur árum,“ sagði hann, „að koma þátttökuprósentu verkalýðs úr 1% upp í 1.5%.“

Hann innti mig sem sagt náið eftir því, hvernig við færum að þessu hér uppi á Íslandi. Ég ráðlagði honum að koma hingað og kynnast þessu þjóðfélagi. Þá kannske gæti hann lært sitthvað það sem gæti orðið til að bæta menningarhag Breta — með tilliti til þess að vinnandi stéttir tækju meiri þátt í lifandi menningu heldur en raun væri á.

Umr. frestað.

Efri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 24. okt., kl. 5 síðdegis.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 47). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. þessu fyrir hönd hæstv. fjmrh. sem bundinn er við skyldustörf. En svo háttar til, að óskað er eftir afgreiðslu þessa frv. nú í dag vegna þeirra tímafresta sem í lögum eru hvað snertir kjarasamninga og uppkvaðningu kjaradóms.

Hæstv. fjmrh. mun hafa haft samráð við forustumenn þingflokka um efnisinnihald þessa frv. og afgreiðsluhátt, og vonast ég því til að samstaða sé engu síður um málið í Ed. en var í Nd., en Nd. afgreiddi málið af sinni hálfu fyrr í dag.

Með setningu laga nr. 23 frá 1977 var gert ráð fyrir að BSRB hefði lokið sinni samningsgerð fyrir þær tímasetningar sem lögin tilgreina. Vegna þeirrar óvissu, sem nú ríkir um samninga BSRB, er hér gert ráð fyrir heimildarákvæðum um frestun uppkvaðningar Kjaradóms ef með þarf og allir aðilar samþykkja. Taki Kjaradómur afstöðu í máli BHM áður en BSRB hefur lokið samningsgerð má búast við öðru kjaradómsmáli í kjölfar dómsins á grundvelli 7. gr. laga nr. 46 frá 1973, sbr. 1. gr. laga nr. 23 frá 1977. Endurskoðun nær þó eingöngu til launastigans, en ekki annarra kjaraatriða sem nú eru óljós.

Þótt þessar sérstöku ástæður valdi því, að slíkrar lagabreytingar sem þessarar þykir þörf einmitt nú, er fullljóst, að eins og nú háttar er lögunum ábótavant að því leyti, að þau gera ekki ráð fyrir að unnt sé að fresta uppkvaðningu kjaradóma, enda þótt allir málsaðilar æski þess. Því þykir eðlilegra að sú heimild, sem hér er lagt til að veitt verði, sé ekki eingöngu háð þeim kjarasamningum, sem nú standa yfir, heldur komi að fullu inn í lögin sem varanleg heimild samkv. því sem hér hefur verið sagt. Í grg. með frv. er frekar skýrt innihald 1. og 2. gr. frv. og ákvæðis til bráðabirgða.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera það að till. minni, að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 24. okt., kl. 5.20 síðdegis.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 47, n. 52). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 frá 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. l. nr. 23 10. maí 1977. N. leggur til að frv. verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 24. okt., að loknum 7. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 47). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 54).

Sameinað þing, 8. fundur.

Þriðjudaginn 25. okt., kl. 2 miðdegis.

Ráðstöfun húsakynna að Staðarfelli, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Síðan húsmæðraskólinn að Staðarfelli hætti störfum hafa staðið ónotuð húsakynni hans nema um sumarmánuðina, þá hafa þau verið notuð sem orlofsheimili fyrir BSRB. Hér er ekki aðeins um að ræða gamla skólahúsið, heldur líka ný hús, ágætis húsakynni. Það er ákaflega ömurlegt að vita af tómum húsum, ónotuðum húsum, úti á landsbyggðinni eða raunar hvar sem er, þeim mun ömurlegra sem um er að ræða glæsilegri húsakynni. Og ég hef fyrir tilmæli fólks þar vestra, sem hefur mikinn áhuga á því, að þessi húsakynni verði notuð til einhvers góðs, — ég hef fyrir tilmæli þess leyft mér að beina til hæstv. menntmrh. svo hljóðandi fsp:

„Hvaða starfsemi er fyrirhuguð í húsakynnum húsmæðraskólans fyrrv. að Staðarfelli?"

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur á undanförnum árum dregið úr aðsókna nemenda að húsmæðraskólum landsins. Staðarfell er einn þeirra. Aðeins tveir skólar eru nú reknir á sama hátt og áður. Nokkrir skólanna hafa verið fullnýttir eða svo gott sem til námskeiðahalds í heimilisfræðum, bæði fyrir eldri og yngri nemendur, og þessi námskeið hafa verið með mjög misjafnri tímalengd, allt frá vikunámskeiði og allt upp í 4—5 mánaða námskeið. En á tveimur hinna gömlu húsmæðraskóla, að Laugalandi í Eyjafirði og Staðarfelli í Dölum, hefur kennsla fallið niður í bili.

Varðandi húsmæðraskólann á Staðarfelli hefur menntmrn. í hyggju í fullu samráði við heimaaðila, skólanefndina sérstaklega, að koma á fót sérkennslu að Staðarfelli fyrir þá sem þroskaheftir eru. Ætlunin var að hefja slíka starfsemi þegar í haust. Það var gerð starfs- og kostnaðaráætlun á fyrri hluta þessa árs og í sumar sótt um aukafjárveitingu í þessu skyni. En fjmrn. taldi það ekki unnt, þar sem hér var um verulegar fjárhæðir að ræða, að taka þessa fjárveitingu upp utan fjárl. Fjárveiting til þessarar fyrirhuguðu starfsemi er ekki heldur tekin upp í fjárlagafrv. fyrir 1978, en erindi um þetta liggur fyrir og verður tekið til meðferðar í fjvn. og á Alþ. með venjulegum hætti.

Ég geri mér vonir um það, að Alþ. verði við beiðni um fjárveitingu til þess að hefja á ný skólahald á Staðarfelli. Þar eru allmikil og að mörgu leyti ágæt húsakynni, og það virðist fráleitt að hugsa sér annað en nýta þau á einhvern þann hátt sem hagkvæmastur þykir.

Þörfin fyrir þá kennslu eða þá starfsemi, sem ég hef nú getið um að fyrirhuguð er af hálfu rn., er alveg ótvíræð. Það er ætlunin að þessi starfsemi verði í nánum tengslum og að nokkru leyti í umsjá eða undir handleiðslu Oskjuhlíðarskólans í Reykjavík, sem er aðalskólastofnun ríkisins á þessu sviði. Hér yrði um nýjung að ræða — tilraun mætti líka segja — sem við bindum miklar vonir við. Og ég vil benda á það, að einmitt með þessari tilhögun, að tengja starfsemina sérstaklega aðalskólanum hér í Reykjavík, þá ætti hún að geta þjónað bæði svæðunum í kring, byggðarlögunum, og svo landinu í heild í vissum tilvikum a. m. k.

Nýlega ráðinn sérkennslufulltrúi menntmrn., Magnús Magnússon, fyrrv. skólastjóri við Oskjuhlíðarskólann, hefur haft forustu um að vinna að slíkri áætlun um rekstur að Staðarfelli. Og ég legg áherslu á það, að hér er fyrirhuguð skóla- og fræðslustarfsemi. Það verður stefnt að því að hjálpa þeim, sem að Staðarfelli leita, til þess að komast sem fyrst til náms og starfa á hinum almennu kennslu- og vinnustöðum. Það er m. ö. o. ekki stefnt að því, að væntanlegir nemendur dveljist langtímum saman á Staðarfelli. Hér yrði um hæfingarstofnun að ræða, en ekki dvalarheimili og því síður geymslustað.

Það hefur verið menntmrn. mikill stuðningur og jafnvel hvatning fyrir þessa áætlanagerð, hversu velviljuð skólanefnd Staðarfellaskóla hefur verið þessum hugmyndum og áhugasöm um það, að Staðarfell gæti á ný tekið til starfa í þágu uppeldismálanna, þótt í breyttu formi væri. Einnig hafa tveir hv. þm. Vestlendinga, þeir Ásgeir Bjarnason og Friðjón Þórðarson, lagt þessu máli lið.

Ný og breytt viðhorf í skólamálum, í byggingarmálum skólanna, skólaskipan og innri gerð skólanna, afleiðing breyttra hátta á ýmsum sviðum í raun og veru, hafa valdið því, að verkefni einstakra skóla hafa raskast, og það verður eitt af mörgum viðfangsefnum við setningu nýrrar löggjafar um framhaldsskólastigið og framkvæmd nýrrar skipunar að skipuleggja skólastarfið í landinu þannig að þau skólamannvirki, sem fyrir eru, verði nýtt á sem haganlegastan hátt.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Fsp. sú, sem hér er á dagskrá, gefur mér ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um málefni Staðarfellsskóla í Dalasýslu, og það er ástæða til að þakka þessa fsp. svo og svör ráðh., sem gefa vonir um að úr rætist þar á staðnum, þó að með öðrum hætti sé en verið hefur undanfarna áratugi, en húsmæðraskólinn á Staðarfelli hefði einmitt orðið fimmtugur á þessu ári hefði honum auðnast að starfa áfram. En skólamannvirki

eru þar allmikil og góð fyrir hendi, eins og komið hefur fram, og ræktun mannlífs í einhverri mynd er þar æskileg til þess að nýta þá aðstöðu sem þar er. Það er sem sé gott og blessað að gera fsp. um þetta til ráðh. á Alþ. og vekja þannig athygli á málinu. En hitt er þó öllu mikilvægara, að taka á þessu á raunhæfan hátt og vinna að því í reynd, að þarna hefjist aftur hagnýt starfsemi, þannig að sá húsakostur, sem þar er fyrir hendi, og sú aðstaða, sem þarna finnst, megi nýtast sem best. Við, sem höfum af eigin raun þekkt þá starfsemi sem fram hefur farið að Staðarfelli á undanförnum árum og áratugum, hörmum hvernig þar er komið málum. En gegn þróun tímans er erfitt að sporna. Húsmæðranám virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá ungu fólki nú á dögum, hugurinn leitar annað, og við því er í rauninni ekkert að segja. En fyrst svo er komið verður að nýta mannvirkin á staðnum til annars náms, og mér virðast þær hugmyndir, sem fram hafa komið í menntmrn. um að hefja þar skólarekstur fyrir þroskahefta unglinga á Vesturlandi og máske víðar að, geta verið allrar athygli verðar og ástæða til að hrinda því máli í framkvæmd þegar næsta haust, ef rétt sýnist að fara þá leið.

Það er auðvitað ljóst, að mikill skortur er á nægilegri kennslu þroskaheftra og aðstöðu til að veita þeim nægilegt svigrúm til menntunar og þroska svo sem þeim ber, ekkert síður en öðrum þegnum þjóðfélagsins. Því er í raun gullið tækifæri til að nýta til þeirra hluta þá starfsaðstöðu sem er fyrir hendi á Staðarfelli, úr því að skólinn getur ekki gegnt sínu upphaflega hlutverki. Fyrir tilstilli góðra velunnara Staðarfellsskóla var skólahúsnæðið þar notað s. l. sumar sem orlofsheimili á vegum opinberra starfsmanna, og taldi ég það upphafið að því að nota ætti aðstöðuna þar til nauðsynlegrar starfsemi og skóli fyrir þroskahefta byrjaði þar nú í haust. En sú von brást og það olli miklum vonbrigðum. En væntanlega tekst betur til næsta haust. Við verðum að vona, að svo verði, og beita sameiginlega kröftum í því skyni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Og ég tek undir með hv. 4. þm. Vesturl., að þær hugmyndir, sem uppi eru í fjmrn. um notkun húsnæðis, sem hér um ræðir, fyrir stofnun til hjálpar þeim sem þroskaheftir eru, þær eru góðar, þær hugmyndir. Og ég þykist vita það, að þær falli fólki þar vestra í geð.

En ég verð hins vegar að harma það, að ekki tókst að fá út úr fjmrn. fjárveitingu í þetta sinn, svo að hún kæmi inn á fjárlög fyrir 1978. Ég vona þó að við þurfum ekki að bíða til næsta hausts eftir því að sjá slíka fjárveitingu einhvers staðar svarta á hvítu, heldur takist okkur nú, meðan þingið fjallar um fjárlög, að koma inn lið, sem gerir ráð fyrir fjárveitingu til þessa. Að sjálfsögðu stendur ekki á mér að stuðla að þessu ásamt öðrum þm. Vesturl. og þá ekki síst þeim Dalamönnum sem hér hafa komið við sögu. Tveir voru nefndir í ræðu hæstv. ráðh., hv. þm. Ásgeir Bjarnason og hv. þm. Friðjón Þórðarson. Sá þriðji talaði hér áðan. Það stendur ekki á mér að stuðla að þessu. Ég vona að okkur takist að koma inn fjárveitingu áður en fjárlög verða afgreidd.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég fagna þeim upplýsingum sem hafa komið fram hér um notkun Staðarfellsskólans til sérkennslu barna í Vesturlandskjördæmi og á Vestfjörðum. Mér var raunar kunnugt um þetta áður, og mér var líka kunnugt um það sem ég hlýt að vísu að harma, að ekki skyldi verða hægt að framkvæma áætlun menntmrn. um að hefja kennslu nú þegar á þessu hausti. Ég vona og ég tek undir orð síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Vesturl., að Alþ. muni taka það fjármagn, sem til þarf, á fjárlög 1978. Hér er mjög mikið og aðkallandi nauðsynjamál á ferð.

Þó er ekki fyrir að synja, að í framtíðinni hljótum við auðvitað að stefna að því að hafa þess konar sérkennslustofnun í hverjum landsfjórðungi. Það er óendanlega mikið fengið með því að þurfa ekki að senda þroskaheft börn allt of langt frá foreldrahúsum og heimili. Ég hygg þó og við, sem höfum sérstakar áhyggjur í þessu efni út af Vestfjörðum, að þetta sé eftir öllum aðstæðum að dæma góð lausn. Á það ber að líta, að mjög mikill skortur er á sérmenntuðu fólki, þannig að hæpið er, jafnvel þótt húsakostur væri fyrir hendi, að kennslukraftar væru fáanlegir.

Ég skil að vissu marki trega Vestlendingsins hv. 4. þm. Ingibergs Hannessonar, að húsmæðraskólinn skuli lagður niður. En eins og hann sagði, þetta er þróun tímans. Húsmæðrafræðslan er að færast inn í gagnfræðaskólana og inn í grunnskólann meira og meira, og mér hefur raunar fundist oft, þegar á undanförnum árum hefur verið hnýtt ómaklega í húsmæðraskólana, að þá sé það í nokkurri þversögn við þá almennu skoðun, að verknámi eigi að sýna meiri rækt og heiður en verið hefur, þannig að þarna hefur verið um beina þversögn að ræða.

En tími minn er búinn. Ég vona að okkur takist að koma þessu áleiðis á næsta ári, og ég vil fagna því einnig, að nú loks er komin frá menntmrn. reglugerð um sérkennslu, þar sem þessum málum er loksins fundinn staður, a. m. k. á blaði, í menntakerfinu.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur flutt hér inn í þingsali „fyrir tilmæli fólks þar vestra," eins og hann orðar það, fsp. um hvaða starfsemi sé fyrirhuguð í húsakynnum húsmæðraskólans fyrrverandi á Staðarfelli. Ég vil fyrst gera aths. við þetta orð: fyrrverandi. Ég veit ekki hvort það er að öllu leyti rökrétt. Þessi skóli hefur starfað síðan 1927, oftast nær með ágætum, og verið hin síðustu ár, eða a. m. k. í tíð frú Ingigerðar Guðjónsdóttur skólastjóra, einn af þrem best sóttu húsmæðraskólum landsins, að ég ætla. Að vísu hefur sókn til skólans fallið niður nú, en það hygg ég að sé ekki nema það sem almennt gildir um húsmæðraskóla. Tímarnir breytast og mennirnir með. Það er t. d. svo að sögn tónlistarkennarans við bændaskólann á Hvanneyri, Ólafs Guðmundssonar, að s. l. vetur var í fyrsta sinn í sögu

Hvanneyrarskóla starfandi þar blandaður kór. Þar voru m. ö. a. ég held 17 skólameyjar, og nú eru þær víst enn fleiri. Þannig sveiflast tíðarandinn til og frá og er ekki um það að sakast. Hins vegar kann þetta líklega að eiga að nokkru leyti rætur sínar að rekja til þess, að húsmóðurstarfið hefur ekki verið mjög hátt skrifað, hvorki hjá alþm. né öðrum, á síðari árum. En við skulum vona að á þessu máli finnist almenn lausn, því að vitaskuld getur það ekki gengið að láta hin ágætustu húsakynni standa ónotuð lengi þarna á þessum gamla og góða skólastað. Ég fagna þeirri hugmynd sem fram hefur komið um að nýta þessi húsakynni eins og hæstv. menntmrh. hefur lýst, en ég skrifa þó ekki undir það alveg strax að húsmæðraskólinn á Staðarfelli sé „fyrrverandi" fyrir fullt og allt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ein hin mesta réttarbót, sem þroskaheftir hafa fengið hér á landi, eru ákvæði nýju grunnskólalaganna, þar sem kveðið er svo á að þeir skuli hafa jafnan rétt og aðrir til þess að stunda skólanám. Erindi mitt hingað upp var eingöngu að leggja á það áherslu, að stofnun sérskóla, sem er mjög nauðsynlegt og mikilvægt atriði, verði ekki til þess að draga úr möguleikum og áhuga á því að aðlaga grunnskóla landsins að þessu nýja verkefni, þannig að þeir geti tekið á móti þroskaheftum til náms. Á því er mikill misbrestur nú og það væri ekki spor í framfaraátt, ef framkvæmd á ákvæðum grunnskólalaganna um þetta efni yrði frestað, þannig að fleiri færu inn í sérskóla þar sem þeir fengju fræðslu. Það er ótvíræð nútímastefna að blanda þroskaheftum saman við andlega heilbrigða og kenna þeim í sömu skólum. En það þýðir að breyta þarf skólahúsnæði, það þýðir að ráða þarf viðbótarkennslukrafta við skólana, og þetta finnst mér vera meginmarkmið.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Örfá orð aðeins, herra forseti. Það er rétt að taka fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að það hefur engin ákvörðun verið tekin um það með eða móti, hvort fjárveiting til þessa fyrirhugaða rekstrar á Staðarfelli komi inn í fjárl. núna. Það var bara ekki tekið upp í fjárlagafrv., en bíður meðferðar Alþingis. Þess er kannske ekki að vænta, að á miðju ári sé samþykkt af hálfu fjárveitingavaldsins, þá fjmrn., að ráðast í fyrirtæki eins og þetta, því að þetta kostar nokkuð mikið. Þarna er um að tefla á ársgrundvelli milljónatugi, ég hef ekki áætlunina við höndina. Og þó ég harmi það út af fyrir sig, að ekki var í þetta ráðist þegar í haust, þá segi ég það ekki í ádeilutóni.

Ég vil minna á það vegna orða sem hér hafa fallið um húsmæðrafræðsluna, hún sé hvarvetna á undanhaldi, að þetta er rétt að hluta, hún hefur minnkað stórlega í gamla forminu. En aftur á móti hefur verið gífurlegur áhugi hjá nemendum og kennurum að nýta og framkvæma ákvæði námsskrár grunnskólanna um húsmæðrafræðsluna. Og ég vil vekja athygli á því, af því að hér er verið að ræða um einn húsmæðraskólann og nýtingu hans, að húsmæðraskólarnir hafa mjög komið til hjálpar með framkvæmd þessa ákvæðis grunnskólalaganna. En víða er ekki þannig um búið í grunnskólum, að aðstaða sé til þess að kenna heimilisfræði á sama hátt og hægt er í húsmæðraskólunum sem hafa alla aðstöðu sem til þarf. Á nokkuð mörgum stöðum á landinu hafa húsmæðraskólarnir annast stutt námskeið fyrir unglinga á grunnskólastigi. Bæði þar, en einnig þar sem skólarnir hafa vegna aðstöðu getað sinnt þessu, hefur áhuginn verið mjög mikill. Og hann er í raun og veru jafn hjá piltum og stúlkum — fyrir þeirri tiltölulega takmörkuðu fræðslu sem þarna er að hafa, því takmörkuð er hún vitanlega í samanburði við heils vetrar nám í húsmæðraskóla.

En af því að hér er verið að ræða um aðgerðir vegna þroskaheftra, þá vil ég leyfa mér í lokin að vekja athygli á þeirri jákvæðu þróun sem mér virðist vera í þessum málum. Ég skal nefna ein 3—4 atriði.

Ahugafélögin eru að loka keðjunni. Þau eru í þann veginn að spanna yfir allt landið og þeirra hlutur og forusta hefur verið gífurlega mikil á þessu sviði.

Grunnskólalög hafa verið sett, eins og síðasti hv. þm., sem talaði hér, minnti á. Ákvæði þeirra um þessi efni eru þýðingarmikil. Reglugerð um sérkennslu hefur verið sett og sérkennslufulltrúi ráðinn, m. a. samkv. ályktun frá Alþ. um það efni. Auðvitað kemst þessi reglugerð ekki til framkvæmda öll í einu, því að grunnskólalöggjöfin sjálf gerði ráð fyrir 10 ára aðlögunartíma.

Það hefur ákaflega mikið þokast í menntunarmálum kennara að þessu leyti. Kennarar hafa sýnt gífurlegan áhuga fyrir að sækja einmitt sérkennslunám í kennaraorlofum sínum. Og frjáls samtök, eins og Thorvaldsensfélagið, eins og Svölurnar o. fl., o. fl., hafa lagt fram gífurlega miklar fjárhæðir til stuðnings fólki sem vill nema sérkennslufræði.

Styrktarsjóður vangefinna hefur verið endurreistur á mjög myndarlegan hátt.

Byggingarfjárveitingar til stofnana þroskaheftra voru auknar stórlega síðast. 45 millj. kr. fjárveiting er á fjárl. 1977, og er gert ráð fyrir tveimur verkefnum í ár. Og í fjárlagafrv. núna er þessi fjárhæð hækkuð um 15 millj., og vonast er til að unnt verði að byrja á þriðja verkefninu á næsta ári. Og varðandi fjárveitingar til rekstrar er einnig nokkuð myndarlega á þeim málum tekið. Það voru um 160 millj. á fjárl. í fyrra, 305 millj. í frv. núna. Það var vanáætlað í fyrra og hefur verið bætt við með umframfjárveitingum, svo að munurinn er ekki eins og þessar tölur gefa til kynna, en um miklar hækkanir er að ræða. En þó álít ég og við í menntmrn. að þetta sé of lágt áætlað, og m. a. vantar inn í þessa tölu, eins og þegar hefur komið fram, fjármagn til þess að hefja rekstur inn á Staðarfelli.

En þetta, sem ég nú hef greint, breytir auðvitað ekki því, að verkefni eru gífurleg fram undan. Menn eru alltaf að sjá meiri og meiri möguleika til að koma þeim þroskaheftu til hjálpar. Og ég er sannfærður um það, að ef þeim fjármunum, sem í það fara, er skynsamlega varið, þá bókstaflega skila þeir sér aftur fjárhagslega líka.

Sameinað þing, 9. fundur.

Þriðjudaginn 25. okt., að loknum 8. fundi.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 40). — Hvernig ræða skuli.

Af till. forseta var ákveðin ein umr.

Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, þáltill. (þskj. 42). — Hvernig ræða skuli.

Af till. forseta var ákveðin ein umr.

Fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi, þáltill. (þskj. 45). — Hvernig ræða skuli.

Af till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði, þáltill. (þskj. 13). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kosningalög, þátill. (þskj. 4). — Fyrri umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 4 þáltill. ásamt fjórum öðrum þm. Alþb., Gils Guðmundssyni, Stefáni Jónssyni, Geir Gunnarssyni og Svövu Jakobsdóttur, um breytingu á kosningalögunum. — Till. er þess efnis, að Alþ. kjósi fimm manna n., sem skipuð sé einum fulltrúa frá hverjum þingflokki og verði falið það hlutverk að semja frv. til l. um breyt. á kosningalögum er miði að því að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa.

Í umr. utan dagskrár 12. okt. s. l., sem urðu hér að frumkvæði hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, formanns þingflokks Alþfl., sagði hv. þm. Þórarinn Þórarinsson í upphafi ræðu sinnar:

„Þetta þing hefur hafist með nokkuð sérstöku og að mínu mati að ýmsu leyti skemmtilegu kapphlaupi milli Alþb. og Alþfl.“

Og síðar:

„Mér finnst þetta kapphlaup skemmtilegt þegar ég rifja upp fyrstu daga mína hér á Alþ. Það var á sumarþinginu 1959 og þá var deilt um það kosningafyrirkomulag sem við búum við núna. Þá voru það Alþb. og Alþfl., sem höfðu samvinnu við Sjálfstfl. og rufu reyndar vinstri stjórnina til að koma þessu fyrirkomulagi á. Og hver var sú meginbreyting, sem gerð var með stjórnarskrárbreytingunni 1959? Meginbreytingin var sú að afnema persónulegt kjör þm. Fram að þeim tíma höfðu þm. verið að langsamlega mestu leyti kosnir í einmenningskjördæmum, en það var eina fyrirkomulagið sem fullkomlega tryggir persónulega kosningu þm.“

Þetta voru orð hv. þm. Þórarins Þórarinssonar. Það kann að vera rétt hjá Þórarni Þórarinssyni að þesar utandagskrárumr., sem fram fóru 12. okt. s. l., hafi borið þess vott af hálfu forustumanna Alþfl., að um væri að ræða eitthvert óvenjulegt kapphlaup í þeim tilgangi að þeir yrðu fyrstir til að hreyfa þessu máli. Hitt er fráleitt, sem lesa má úr orðum Þórarins Þórarinssonar, að besta lausnin á þessu vandamáli, sem varðar persónubundnari kosningar, sé sú að hverfa nokkra áratugi aftur í tímann og taka upp einmenningskjördæmi að nýju. Það væri vissulega að fara úr öskunni í eldinn. Þá væru menn að leysa ákveðið vandamál með því að kalla yfir sig annað og miklu stærra vandamál.

Á fyrri hluta þessarar aldar voru uppi tvær kenningar í kjördæmamálum. Í fyrsta lagi var uppi sú kenning, að réttast væri að skipta landinu öllu í einmenningskjördæmi. Hin kenningin var sú, að við ættum að gera landið allt að einu kjördæmi. Þeir, sem börðust fyrir fyrrnefndu stefnunni, vildu vissulega tryggja að kosningar yrðu persónubundnar og að sem nánast samband yrði milli frambjóðenda og kjósenda, en hitt létu þeir liggja milli hluta og virtist minna máli skipta fyrir þá, að sú skipan hlaut að hafa í för með sér töluvert mikið óréttlæti og mismunun milli stjórnmálaflokka, eins og reynslan hefur alls staðar sýnt. Þeir, sem aftur á móti börðust fyrir síðari stefnunni, þ. e. a. s. þeirri að gera landið allt að einu kjördæmi, vildu fyrst og fremst tryggja sem mest jafnrétti milli stjórnmálaflokkanna og sem jafnasta dreifingu atkv. á bak við hvern alþm., en létu hitt lönd og leið, að kosningin varð með þeim hætti mjög ópersónuleg. Vald flokkanna til þess að velja þá, sem urðu fulltrúar þeirra á Alþ., varð nær algert með þeirri skipan mála og áhrif kjósenda í lágmarki. Í báðum tilvikum einblíndu menn á ákveðið vandamál sem þeir hugðust leysa, en horfðu þá jafnframt fram hjá öllum öðrum vandamálum sem þessu voru tengd. Og sem betur fer var hvorug þessara leiða valin á sínum tíma. Við Íslendingar völdum millileið, sem fólgin var í því að landinu var skipt í 8 kjördæmi með 5—12 þm. í hverju kjördæmi og síðan 11 landskjörnum þm. til jöfnunar. Þessi millileið tryggir að sjálfsögðu miklu meiri tengsl kjósenda og þm. heldur en sú leið, að landið hefði verið eitt kjördæmi, en um leið er um að ræða ólíkt meira réttlæti og jafnari aðstöðu flokka en verið hefði ef landinu hefði verið skipt í einmenningskjördæmi.

Hitt er allt annað mál, og að því víkur þessi till. sem við höfum flutt hér, að núverandi kosningafyrirkomulag er langt frá því að vera gallalaust. Einn helsti gallinn er einmitt sá, hve lítil áhrif kjósendur hafa á röð þeirra frambjóðenda sem eru á þeim lista sem þeir kjósa. Miðað við núverandi kjördæmaskipun og stöðu flokkanna í dag má segja að ekki fleiri en þriðjungur alþm. sé í raunverulegri hættu að missa þingsæti sitt á kjördegi. Kosning hinna er meira eða minna fyrir fram örugg. Kjósandinn hefur að vísu rétt til þess að strika út frambjóðanda eða breyta röðinni, en raunveruleg áhrif kjósenda á röð frambjóðenda hafa reynst mjög lítil og raunar engin í reynd eftir þær breytingar, sem gerðar voru á kosningalögunum árið 1959. Í 110. gr. kosningalaganna er svo fyrir mælt, að þrátt fyrir útstrikun eða breytingu á atkvæðaseðli fái frambjóðendur

listans 2/3 atkvæðisins eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum. Með öðrum orðum má segja, að aðeins sé tekið tillit til þriðja hluta þeirra breytinga sem gerðar eru á röð frambjóðenda.

Sú skoðun hefur greinilega átt vaxandi fylgi að fagna, að réttur kjósenda til að hafa áhrif á röð frambjóðenda á þeim lista, sem þeir kjósa, væri allt of takmarkaður. Þetta hefur m. a. leitt til þess, að prófkosningar eða einhvers konar skoðanakannanir til undirbúnings framboðslista hafa orðið æ tíðari eftir því sem lengra hefur liðið frá því að þessi breyting var gerð og tilhögun þeirra hefur verið með mjög mismunandi móti hjá hinum ýmsu flokkum.

Ég tel að því sé ekki að leyna, að prófkosningar séu á ýmsan hátt gallaðar, og byggi það á því grundvallarviðhorfi minu, að það sé almennt óæskilegt í stjórnmálum að kosningar snúist fyrst og fremst um persónulega verðleika einstaklinga. Þó að ég viðurkenni að vísu að það sé ekkert óeðlilegt að kjósendur taki tillit til dugnaðar og hæfileika einstakra manna sem fram eru bornir, þá er nú samt hitt gæfulegra, að pólitískar kosningar snúist fremur um málefni og a. m. k. ekki eingöngu um menn. Það virðist sem sagt eðlilegast að á kjördegi geti kjósandinn valið milli flokka á málefnalegum grundvelli og átt þess samtímis kost að velja á milli frambjóðenda flokksins.

Fyrsti valkosturinn, sem þar kemur til greina, er að sjálfsögðu sá möguleiki að útstrikanir verði teknar upp í ríkari mæli en verið hefur, réttur til útstrikana verði aukinn.

Ég vil hins vegar lýsa því yfir, að ég er ekki hrifinn af þeirri lausn mála, að aukin áhrif kjósenda á val frambjóðenda gerist með útstrikunum. Þessi útstrikunaraðferð er neikvæð aðferð og áreiðanlega fáum að skapi. Gallinn við útstrikunaraðferðina, sem var í gildi þegar kosningalögin voru með öðrum hætti, þ. e. a. s. fyrir breytinguna 1959, var sá, að yfirgnæfandi meiri hl. kjósenda kaus flokkslistann, en hins vegar var þá hugsanlega um að ræða tiltölulega lítinn hóp manna sem skipulagði útstrikanir og náði þá gjarnan árangri með því að koma mönnum í opna skjöldu. Þetta fannst mörgum um of einkennast af því, að minni hl. færi að læðast aftan að meiri hl. Þessi réttur minni hl. var því skertur stórlega árið 1959, eins og ég hef nú þegar rakið, með þeim afleiðingum að útstrikanir hafa aldrei síðan leitt til breytinga á framboðslista.

Ég vil vekja á því athygli, að kosningaaðferð, sem byggist á merkingu kjósenda við nafn á óröðuðum lista, er allt annars eðlis en útstrikunaraðferðin gamla og hefur alls ekki þær neikvæðu hliðar sem sú aðferð hefur. Breytt kosningafyrirkomulag, sem mundi miðast með einhverjum hætti við aukin áhrif kjósenda á röð frambjóðenda, yrði að byggjast á þeirri forsendu að verulegur hluti kjósenda tæki þátt í vali frambjóðandans, tæki þátt í þessu persónulega vali, og því yrði ekki um það að ræða að einhver lítill minni hl. færi að læðast aftan að meiri hl.

Ef litið er út fyrir landssteina, hvernig aðrar þjóðir haga þessum málum, er augljóst að þar er víða um að ræða athyglisverð fordæmi fyrir okkur Íslendinga. Ég get minnt á það, að í Vestur-Þýskalandi er um það að ræða að kjósandinn hefur 2 atkvæði: annars vegar kýs hann frambjóðanda í ákveðnu kjördæmi og þá er kosningin persónubundin, hins vegar kýs hann landslista flokksins. Það eru hinir landskjörnu þm. sem þannig eru kosnir, og með þessu er reynt að blanda saman að kjósandinn kjósi flokk og að hann kjósi frambjóðanda. Ég er hins vegar ekki viss um að þessi tilhögun henti neitt sérstaklega hér á Íslandi. A. m. k. er ljóst, að þetta þýddi stórfellda breytingu á kjördæmaskipun sem ekki yrði komið á öðruvísi en með stjórnarskrárbreytingu. Ég vil benda á að í Belgíu mun vera um að ræða talsverð mikil áhrif kjósenda á röðun frambjóðenda þess lista sem þeir kjósa, en því miður hef ég ekki fengið upplýsingar um það, hvernig þessu kosningafyrirkomulagi er hagað. Hitt veit ég, að n. skipuð þm. úr öllum stjórnmálaflokkum Svíþjóðar komst að þeirri niðurstöðu nú fyrir fáum vikum, að rétt væri að breyta kosningalögum þar í landi í þá átt sem væri í Belgíu. Mér skilst að þar sé um að ræða mjög svipaðar hugmyndir og menn hafa hér á landi verið að kasta á milli sín, þ. e. a. s. að um yrði að ræða að kosningin yrði persónubundnari þó að kjördæmaskipuninni væri ekki breytt.

Það fyrirkomulag, sem ég vil helst gera hér að umtalsefni, eru dönsku kosningalögin, sem ég hef kynnt mér og ætla að rekja hér í grófum dráttum sem mjög glöggt dæmi um það, hvernig unnt er að ná þessu markmiði fram. Ég kemst hins vegar ekki hjá því að nefna þá um leið kjördæmaskipunina sem að sjálfsögðu tengist þessu máli nokkuð.

Kosningafyrirkomulagið í Danmörku einkennist af því, að landinu er skipt í 17 kjördæmi á þremur kjörsvæðum, þannig að 7 kjördæmi eru í tveimur kjörsvæðum og 3 í einu. Kjördæmin eru nefnd storkredsen og amtskredsen. En síðan eru kjördeildir, eða á þeirra máli opstillingskredse, í hverju kjördæmi, 6—7 kjördeildir í hverju kjördæmi, og kjördeildirnar eru því samanlagt 103. Uppbótarsætum er skipt milli flokka og síðan á kjördæmi í hlutfalli við atkvæði. Þegar öll þingsæti eru talin lætur nærri að einn til tveir þm. komi á hverja kjördeild eða opstillingskreds að jafnaði þó það sé engin regla. Þess vegna er það fyrirkomulag í Danmörku, að kjósandinn merkir aðeins við einn frambjóðanda, hann setur aðeins einn kross við listann á atkvæðaseðlinum og merkir þá annaðhvort við einhvern þann sem boðinn er fram í viðkomandi kjördeild, þar sem hann á kosningarrétt, eða við frambjóðanda úr annarri kjördeild sem þó er í sama kjördæminu. Flokkur, sem væntir þess að fá 2—3 þm. í ákveðnu kjördæmi, reynir þá að dreifa þeim mönnum, sem hann vill helst koma að, á þær kjördeildir sem hann telur líklegast að séu sterkastar fyrir flokkinn Með þessu fyrirkomulagi hafa Danir reynt að ná fram kostum einmenningskjördæmanna, jafnvel þótt kjördæmin séu áfram fá og stór eða 17 talsins, eins og ég sagði áðan.

Meginatriði kosningafyrirkomulagsins eru þá þau, að menn bjóða sig fram með tilstyrk með-

mælenda, minnst 25, og tilkynna þá um leið hvaða flokk þeir styðja. Flokkurinn á síðan að tilkynna hvort hann tilnefnir ákveðna frambjóðendur af sinni hálfu og hvaða frambjóðendur það eru og í hvaða röð hann setur þá fram, en í öðru lagi tilkynnir flokkurinn hvaða frambjóðendur aðrir, sem hafa verið boðnir fram í nafni flokksins, eru samþykktir af flokknum. Á þessu tvennu er augljóslega nokkur munur: annars vegar að flokkurinn tilnefni menn hugsanlega á röðuðum lista, hins vegar að hann samþykki frambjóðendur sem hafa verið tilnefndir af einhverjum öðrum. Síðan eru tilnefndir frambjóðendur auðkenndir með hálffeitu letri, en ella ræður stafrófsröðin ef ekki er um tilnefningu að ræða.

Kjósandinn á þess kost að krossa hvort heldur hann vill við flokksbókstafinn eða við ákveðinn frambjóðanda sem er innan þess ramma á atkvæðaseðlinum sem flokknum er ætlaður. Ef krossinn fellur einhvers staðar innan þess ferhyrnings sem flokknum er ætlaður á seðlinum, þá fær flokkurinn atkvæði. En atkvæðin geta verið tvenns konar eftir því hvar krossinn lendir. Ef merkt er við ákveðið nafn á seðlinum, þá er um að ræða persónubundið atkvæði, en ef merkt er við bókstafinn, þá er um að ræða flokkslegt atkvæði. Hafi hins vegar atkvæðin lent einhvers staðar utan hjá eða á milli nafna eða með ógreinilegum hætti, þá telst það einnig flokksatkvæði, þ. e. vafaatkvæði sem sannarlega lendir innan þess reits sem flokkurinn á.

Síðan er meginreglan sú, að frambjóðendur í viðkomandi kjördeild skipta með sér flokksatkvæðum í hlutfalli við persónulegu atkvæðin sem þeir hafa fengið. Síðan er kjördæmakosnum þingsætum úthlutað, þó ekki með sama hætti og hér á Íslandi, en það er annað mál sem ekki kemur þessu þingmáli við. Þó er rétt að láta þess getið mönnum til fróðleiks, að þar er skiptireglan talsvert önnur en hefur verið í gildi hér á landi um langt skeið. Við fylgjum svonefndri de Hondt reglu, þar sem deilt er í með tölustöfunum 1, 2, 3, 4, 5 o. s. frv., en Danir nota deiliregluna 1, 4, 3, 5, 7 sem gefur dálítið aðra niðurstöðu. Síðan er uppbótarþingsætum úthlutað að því marki að þingsætafjöldi flokkanna verði í réttu hlutfalli við atkvæðastyrkinn. Þegar þetta hefur verið gert getur úthlutun þingsæta farið fram. Ef flokkurinn hefur ekki lagt fram raðaðan lista, þá teljast einfaldlega þeir frambjóðendur kosnir í kjördæminu sem flest atkvæði hafa hlotið samanlagt í hinum ýmsu kjördeildum. Hins vegar ef listi hefur verið lagður fram, þá fer úthlutun þingsæta þannig fram, að í atkvæðafjölda flokksins í kjördæminu er deilt með tölu sem er einum hærri en sá fjöldi þingsæta sem flokkurinn á að fá í kjördæminu, og þá fæst út svonefnd skiptitala flokksins í kjördæminu, og frambjóðandi, sem náð hefur skiptitölu flokksins, telst kosinn. En þá er væntanlega ekki búið að úthluta nema fáum af þeim þingsætum sem á að úthluta, og því verður að yfirfæra þann atkvæðafjölda viðkomandi frambjóðanda, sem náð hefur kjöri, — það verður að yfirfæra þann atkvæðafjölda, sem er fram yfir skiptitöluna, yfir á aðra frambjóðendur flokkslistans sem hafa ekki þegar náð kjöri samkvæmt framansögðu. Þannig er haldið áfram að leita að því hver gengur næstur því að hafa hlotið kosningu, en þar er um að ræða flóknari reikningsreglur en svo að ég telji ástæðu til að fara að lýsa þeim hér.

Þetta eru meginatriðin í dönsku kosningalöggjöfinni, og af þessari lýsingu má það ljóst vera, að aðstæður eru þar töluvert aðrar hvað kjördæmaskipun snertir og einsýnt að ekki yrði um að ræða einfalda eftiröpun af okkar hálfu nema um væri að ræða stjórnarskrárbreytingu sem breytti kjördæmaskipun okkar í grundvallaratriðum.

Ég tel að ef tekið væri upp kosningafyrirkomulag, sem gengi lengra en að heimila bara útstrikanir og byggði að einhverju leyti á óröðuðum lista, þá þyrftum við að taka afstöðu til nokkurra mismunandi leiða sem til greina kæmu.

Í fyrsta lagi þyrfti að ákveða hvort óraðaður listi yrði almenn regla, sem flokkunum bæri að fara eftir, eða hvort flokkur ætti að hafa heimild til að ákveða sjálfur hvort um yrði að ræða raðaðan eða óraðaðan lista. En þannig er þetta í Danmörku, að flokkunum er í sjálfsvald sett hvort þeir gera. Persónulega tel ég að síðari leiðin sé miklu eðlilegri, að þetta sé heimildarákvæði.

Í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þess, ef um óraðaðan lista er að ræða, hvað eigi að gera við þau atkvæði sem augljóslega virðast hafa fallið á viðkomandi flokk, þ. e. a. s. merkt hefur verið annaðhvort við listabókstafinn sjálfan eða merkt hefur verið einhvers staðar á seðlinum þar sem óljóst er hver hefur átt að hljóta atkvæðið. Þar getur verið um þrjá möguleika að ræða: í fyrsta lagi að slíkt atkvæði væri talið ógilt, í öðru lagi að slík atkvæði teldust falla á flokkinn, en skiptust síðan í hlutfalli við persónulegu atkvæðin, og í þriðja lagi að slík atkvæði féllu á frambjóðendur í samræmi við einhverja fyrirfram ábendingu flokksins sem lægi fyrir. Þetta eru þrír möguleikar. Ég tel að fyrsti möguleikinn komi alls ekki til greina, að slíkt atkvæði væri talið ógilt, og önnur hvor síðari leiðin hlyti að verða fyrir valinu.

Í þriðja lagi verður að taka afstöðu til þess, hvernig merking kjósandans á að vera. Á kjósandinn að setja tölustafi við jafnmarga aðalmenn á atkvæðaseðlinum og kjósa á? T. d. hér í Reykjavík, ef maður kýs ákveðinn flokk, á hann þá að setja 12 tölustafi við frambjóðendur viðkomandi lista? Eiga tölustafirnir — það er annar möguleikinn — að vera jafnmargir og viðkomandi flokkur fékk kjörna aðalmenn í síðustu kosningum, en þá hugmynd hef ég heyrt nefnda í umr. um þessi mál. Og svo er þriðji möguleikinn, að menn setji einungis kross eða krossa á listann, hugsanlega tvo eða fleiri jafngilda krossa framan við nöfn þeirra manna sem þeir helst kjósa að verði fulltrúar listans.

Eins og ég gat um áðan hafa Danir valið þá leið, að aðeins er um að ræða einn kross. Það er eðlilegt þar sem landinu er skipt í kjördeildir og ekki koma nema einn eða tveir þm. í hlut hverrar kjördeildar. En þetta er hins vegar mjög óeðlilegt í stærri kjördæmum eða kjördeildum. Ég tel persónulega að tölusetning við mörg nöfn á atkvæðaseðli sé óþarflega flókin kosningaað-

ferð, hættulega flókin kosningaaðferð. En mér skilst að frv. það, sem hv. þm. Jón Skaftason hefur lagt hér fram, miðist við að menn setji svo og svo marga tölustafi við ákveðin nöfn á seðlinum.

Ég held persónulega að við yrðum að velja tiltölulega einfalt kerfi, og ég hallast helst að því, að um yrði að ræða í minni kjördæmum, þar sem á að kjósa 5—6 þm., að þar yrði settur annaðhvort einn eða tveir krossar, og í stærri kjördæmum, þar sem á að kjósa 12 þm., eins og er hér í Reykjavík, yrðu settir fjórir krossar. Mér finnst að þetta verði að vera mismunandi eftir kjördæmum vegna þess að kjördæmin eru misstór. Það liggur í hlutarins eðli, að það getur ekki gilt það sama um lítið kjördæmi eins og stórt, og ég sé ekkert við það að athuga að svo sé. En mér virðist líka að áhrif kjósandans gætu verið alveg nægileg jafnvel þótt hann kysi ekki jafnmarga þm. og viðkomandi flokkur hugsanlega fær. Hann fengi þarna hugsanlega að velja 4 þm., en flokkur hefur víst fengið mest 7 þm. í einu kjördæmi og það er hér í Reykjavík.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þá ýmsu möguleika sem til greina koma í þessu sambandi. Ég hef aðeins vakið athygli á þessum möguleikum til að gera mönnum betri grein fyrir hvað þarna er um að ræða. Staðreyndin er auðvitað sú, að flm. till. hafa alls ekki tekið afstöðu til þess, hvaða leið yrði valin í þessu sambandi. Eðlilegast er að væntanleg þingnefnd kanni nánar framkvæmd málsins, kynni sér hvernig þetta er framkvæmt í öðrum löndum og velji síðan þá kosningaaðferð sem er sanngjörnust og jafnframt einföldust, á það vil ég leggja áherslu.

Í sambandi við kosningafyrirkomulag er það einkum tvennt sem hefur hér komið til umr., bæði hér á Alþ. og í umr. manna á meðal utan þings. Það er í fyrsta lagi kjördæmaskipunin, tilhögunin á úthlutun landskjörinna þm. og þingmannafjöldi, í öðru lagi hvort unnt væri að gera kosninguna persónubundnari en nú er. Ég tel að þessi tvö viðfangsefni séu nokkuð aðskilin og það sé hæpinn ávinningur að blanda saman þessum tveimur verkefnum. Fyrra verkefnið, sem snertir kjördæmaskipunina, verður ekki framkvæmt öðruvísi en með stjórnarskrárbreytingu. Ég tel að allar breytingar á tilhögun við úthlutun þingsæta verði kák eitt ef farið er að fikta við kosningalögin ein, eins og hafa þó komið fram hugmyndir um, heldur, ef menn vilja þar einhverju breyta sem ég býst við að marga fýsi, verði að skoða það mál í tengslum við stjórnarskrána og þau ákvæði sem þar eru. En þetta þýðir þá líka það, að slík breyting mundi ekki geta náð fram að ganga fyrir næstu alþingiskosningar. Síðari breytingin, sem snertir persónubundið kjör, er hins vegar einföld lagabreyting sem getur tekið gildi fyrir næstu alþingiskosningar.

Ég er algjörlega andvígur því, að þessum málum öllum verði hrært saman sem viðfangsefni einnar og sömu nefndarinnar, eins og hér hafa þó komið fram hugmyndir um og fólst í ábendingum hv. formanns þingflokks Alþfl. og undirtektum forsrh. við fyrirspurn hans hér á Alþ. 12 okt. s. l. Ég held, ef farið er að skipa eina n. til að skoða öll þessi mál, bæði kosningaskipanina eða kjördæmaskipunina, úthlutun þingsæta, og svo líka spursmálið um persónubundnara kjör, þá sé það vísasta leiðin til þess að flækja þetta mál svo rækilega að engin niðurstaða fáist á þessu þingi. Mér virðist á öllu að þeir, sem vilja tryggja að engin breyting verði í þessum efnum fyrir næstu kosningar og að áhrif kjósenda við val frambjóðenda verði óbreytt frá því sem verið hefur, muni velja þá leiðina að hræra þessum viðfangsefnum öllum saman.

Hitt er leiðin til að komast að einhverri niðurstöðu varðandi þetta spursmál um persónubundið kjör, að skipa sérstaka nefnd þm. til að skoða það sérstaklega. Finnst mér þá eðlilegast að hin atriðin, sem snerta kjördæmaskipun, verði skoðuð áfram af stjórnarskrárnefnd sem Alþ. hefur sérstaklega kosið til að fjalla um það mál. Um þetta hafa einmitt farið fram talsverðar umr. í stjórnarskrárnefnd og þar verið safnað miklum gögnum, enda þótt fundartíðni í þeirri n. hafi ekki verið eins og ég hefði helst kosið. Á það sér ýmsar skýringar sem hér skal ekki fjölyrt um. En ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að flokkarnir færu fram á það við stjórnarskrárnefnd að hún hraðaði störfum sínum, a. m. k. hvað snertir þetta atriði, og að hún skilaði áliti um þessi mál fyrir einhvern ákveðinn tíma. Mér finnst það satt að segja dálítið skrýtilegt af Alþ., sem hefur kosið stjórnarskrárnefnd sem ekki hefur enn skilað störfum, en vitað er að hefur haldið æðimarga fundi og hefur sérstakan starfsmann, ef Alþ. ætlar nú að fara að kjósa aðra n. til þess að ræða um sömu mál. Og þetta vil ég sem sagt leggja áherslu á að lokum, að ef menn vilja ná einhverjum árangri í þessum efnum varðandi persónubundnara kjör og komast að einhverri niðurstöðu, þá er vænlegasta leiðin sú, að um verði að ræða sérstaka n. eins og hér er gerð till. um.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Við Íslendingar erum ekki eina þjóðin sem um þessar mundir ræðir hvernig unnt sé að gera lýðræðislegar kosningar á þjóðþingum persónulegri en þær hafa verið. Þessi mál hafa verið til athugunar hjá nefndum í ýmsum öðrum löndum og í ýmsu samhengi. Hv. síðasti ræðumaður nefndi athugun sem hefur staðið yfir í Sviþjóð, og þessi mál hafa komið til umr. í öllum löndum Efnahagsbandalagsins meira eða minna í tilefni af því að þar er nú undirbúin stofnun löggjafarþings.

Ef við lítum á þróun þessara mála nokkra áratugi, má segja að framan af þessari öld hafi, jafnframt því sem þingræði styrktist, víðast hvar verið sótt í áttina til meiri og meiri hlutfallskosninga. Það hefur verið meginmarkmið að kosningar sýndu á sem réttastan hátt styrkleikahlutföll milli þeirra flokka sem börðust fyrir meginstefnum í þjóðmálum. Enda þótt langt hafi verið komist á þessu sviði eru enn allmörg lönd sem halda fast við einmenningskjördæmi, sérstaklega í hinum enskumælandi heimi.

Þótt meiri áhersla hafi á síðustu árum verið á persónubundna kosningu heldur en hlutfallskosningarnar, vegna þess að miklum árangri

hafði verið náð á hinu sviðinu, er alrangt að túlka þetta þannig, að áhugi fólks á hlutfallskosningum til að ná því markmiði, sem þeim er ætlað, hafi á nokkurn hátt minnkað. Ég get nefnt glöggt dæmi um þetta. Nú fyrir nokkru birti breska ríkisstj. till. um hvernig hún leggur til að kosningum á hið væntanlega Efnahagsbandalagsþing skuli hagað þar í landi. Þau stórtíðindi gerðust — miðað við breska sögu og breskar aðstæður — að þessar till. gerðu ráð fyrir hlutfallskosningum, og er þetta í fyrsta skipti í sögu Bretlands sem ríkisstj. tekur afstöðu með hlutfallskosningum, enda þótt minni hl. þar í landi hafi í áratugi, raunar síðan allt aftur á síðustu öld, barist fyrir hlutfallskosningakerfi.

Nú á dögum virðist nauðsynlegt að varðveita kosti hlutfallskosningakerfisins og bæta kerfið á þann hátt að til komi meira persónulegt val. Þessi ósk stendur í beinu samhengi við aðra félagslega þróun sem hefur t. d. komið fram í því, hve kröfur um atvinnulýðræði hafa aukist. Allt er þetta hluti af því að tilfinning lýðræðisþjóða fyrir stjórnkerfi sínu hefur með aukinni menntun og skólagöngu farið vaxandi og fólk gerir sig ekki lengur ánægt með að lýðræðið sé aðeins heimild til að setja einn kross eða tvo krossa á stóran kjörseðil á 3—4 ára fresti.

Í sambandi við persónulega hlutdeild og persónulegt val þm. hafa komið fram margar hugmyndir. Ég held að nefna mætti fyrst, að í lögum margra nágrannalanda okkar er lögbundið að flokkar skuli velja frambjóðendur sína með kosningu innan sinna vébanda. Þetta hygg ég að sé t. d. í Finnlandi. Og í öðrum löndum, t. d. í Þýskalandi, er það lögbundið að frambjóðendur skuli valdir annaðhvort með beinum kosningum eða óbeinum innan flokka. Ekkert veit ég dæmi þess, að fjallað hafi verið í slíkum lagaákvæðum um það, að val frambjóðenda nái út fyrir flokkanna, eins og gerðar hafa verið tilraunir með hér á landi a. m. k. hjá sumum stjórnmálaflokkanna. En það er annað mál og mótast væntanlega af íslenskum aðstæðum.

Þetta gefur auga leið, að e. t. v. væri rétt að setja annaðhvort í kosningalög eða í stjórnarskrá einhver grundvallaratriði varðandi það, hvernig frambjóðendur skuli valdir áður en stillt er á framboðslista.

Hvað snertir kosti kjósenda til að velja persónulega, þegar til sjálfra þingkosninganna kemur, er á milli margvíslegra hugmynda að velja, eins og hv. 1. flm. till. benti á. Ég er honum sammála um að ólíklegt er að við getum sótt neinar fyrirmyndir til Þýskalands, enda þótt kerfið þar sé tiltölulega einfalt og mjög athyglisvert. Hver kjósandi fær tvö atkv., annars vegar til að kjósa þm. í einmenningskjördæmi sem hann býr í og hins vegar til þess að kjósa landslista í því fylki sem hann er búsettur í. Reynslan í Þýskalandi er sú, að það er verulegur munur á hvernig menn kjósa með þeim tveimur atkv. sem þeir hafa. Það er miklu algengara en maður skyldi ætla við fyrstu sýn, að fólk kjósi mann úr einum flokki í einmenningskjördæminu, en kjósi síðan landslista hinna flokkanna.

Mér finnst danska kerfið mótast allt of mikið af aðstæðum, sem þar eru, og vera allt of flókið til þess að líklegt sé að við getum sótt fyrirmyndir þangað til þess að nota við íslenskar aðstæður. Þó er að sjálfsögðu mjög fróðlegt að kynna sér það kerfi og hvernig það hefur þróast, enda mun býsna margt í okkar stjórnarkerfi vera úr þeirri átt komið frá fyrri árum. Síðast þegar ég var í félagsskap þingbræðra okkar í Danmörku og spurði þá út úr um þetta kerfi þeirra voru fyrstu viðbrögð þeirra að spyrja, hvort við Íslendingar værum virkilega svo vitlausir að ætla að apa þetta kerfi eftir Dönum. Það var þeirra eigin dómur, e. t. v. ekki fram borinn í fullkominni alvöru, en engu að síður fylgir flestu gamni nokkur alvara.

Ef við leitum lengra hygg ég, eftir því sem ég kemst næst, að þau kerfi, sem notuð eru og við ættum að athuga sérstaklega, megi flokka í tvennt. Ég get sagt það sama og hv. 1. flm. till. í ræðu sinni áðan, að ég hef ekki enn þá getað náð í nákvæmar skýringar á því, hvernig belgíska kerfið er. En í sambandi við frásagnir af nál. í Sviþjóð virðist mér að meginatriði belgíska kerfisins sé að flokkarnir raði listum, en kjósandinn megi velja um það, hvort hann krossar hreinlega við flokkslista og samþykkir þar með þá röðun, sem flokkurinn leggur fram, eða hvort kjósandinn raðar sjálfur. Þetta val kjósenda er víða til í ýmsum myndum, og það er athyglisvert að reynslan sýnir alls ekki að kjósendur yfirleitt noti sér strax þann rétt. Mér skilst að fyrst í stað megi búast við að 20—30% kjósenda noti slíkan rétt, að breyta röðun, en að hinir kjósi hreinlega með því að krossa við lista og láta röðun flokksins standa. Síðan fer þetta vaxandi og þykir vera merkilegt þegar tala þeirra kjósenda, sem nota sér röðunarrétt, er komin upp í 50%.

Annar kostur er sá, að nöfn á framboðslista skuli prentuð í stafrófsröð á kjörseðli, og er það sú hugmynd sem hv. þm. Jón Skaftason hefur tekið upp í frv. sínu. Þessi er meginmunurinn: Annars vegar hafi kjörseðlarnir raðaða lista sem kjósendur mega breyta; hins vegar séu listarnir óraðaðir, í stafrófsröð eða í einhverri annarri röð, t. d. mætti draga um það, á hvaða staf eigi að byrja, og fylgja síðan stafrófi, eins og tíðkast hér í þinginu þegar greitt er atkv. munnlega.

Í þeim till., sem breska ríkisstj. setti fram nú nýlega og enn eru aðeins till. og er ekki vitað um, hvort þær verða nokkurn tíma meira, er gert ráð fyrir hlutfallskosningum, eins og ég sagði áðan, í öðru lagi því, að sá flokkur, sem býður fram, skuli raða frambjóðendum sínum í stafrófsröð. Síðan á kjósandinn að kjósa mann, og hann hefur bara einn kross, kýs þann mann sem hann vill veita atkv. sitt. Við kosningu manns fær flokkur þess manns atkv. til hlutfallsreiknings, en menn fá síðan sæti af flokkslistum eftir því hvað þeir fá mörg atkv. Þó að kjósa eigi 5 eða 12 í kjördæmi — og það eru mismunandi margir sem kjósa á í þeim fáu stóru kjördæmum sem till. gera ráð fyrir í Bretlandi — fær kjósandinn sem sagt aðeins að tilnefna efsta mann á listanum. Þetta er eins og prófkjör þar sem kjósandinn fær aðeins að til-

nefna í efsta sæti og menn raðast síðan eftir úrslitum við talningu á slíkum atkv. Þetta er skiljanlegt atriði við breskar aðstæður, af því að þar er fólk vant einmenningskjördæmum og vant að setja einn kross við nafn manns. Þessu eru þeir að reyna að halda til að breytingin verði sem minnst.

Ég tel að það sé fyllilega tímabært að Alþ. — hvort sem það verður þn., er fær þessa till., eða sú n., sem hæstv. forsrh. hefur eftir fyrirspurn formanns þingflokks Alþfl. tilkynnt að ríkisstj. muni hafa forgöngu um — afli sér skjótlega ítarlegra upplýsinga um þá kosti sem valdir hafa verið í nágrannalöndum í þessu efni. Ég hygg að það eigi að vera tiltölulega auðgert, þannig að fyrir liggi á einfaldan og skýran hátt upplýsingar um það, hvaða kosti menn hafa séð í öðrum löndum. Ekki er víst að þar með þurfi að vera upp talið, því að vel má vera að við íhugun á þessu detti mönnum hér í hug einhver sá kostur, sem ekki hefur verið reyndur annars staðar, eða einhver útgáfa af þessum meginkerfum sem hefur ekki verið reynd annars staðar og Alþ. kynni að sýnast að ætti vel við íslenskar aðstæður.

Ég vil að lokum minna á það, sem kom fram í umr. utan dagskrár hjá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, að rætt hefur verið um fleiri breytingar á kosningalögunum sem gætu haft örlagarík áhrif á niðurstöðu kosninga hér á landi. Núverandi kerfi er þannig, að vel gæti komið fyrir að flokkar með 10—15 þús. atkv. fengju engan þm. á Alþ. og þar með 10—12% atkv. orðið áhrifalaus. Ég hygg að flestir séu sammála um að slíkan leka verði reynt að setja fyrir.

Á hinn bóginn hefur verið glímt við það hér og í öðrum löndum að koma lýðræðislegum kosningakerfum þannig fyrir, að smáflokkum fjölgi ekki óeðlilega mikið. Það er að vísu ólýðræðislegt að hindra stofnun smáflokka. En það má aldrei gleyma því meginmarkmiði, að vélin verður að ganga, kerfið verður að koma þannig út að það takist með skaplegum hætti og án mikilla tafa að mynda starfhæfar ríkisstj. Ef það tekst ekki dugir kerfið ekki. Þess vegna hafa menn í fjölmörgum lýðræðislöndum farið inn á þá braut að setja eins konar þröskuld, eins konar lágmarksatkvæðamagn sem flokkar verða að fá til þess að þeir fái yfirleitt kjörna menn á þing, og er þar um að ræða tölur, sem geta verið frá 2 og upp í 5%.

Þegar núverandi kosningaskipun var ákveðin 1959 höfðu menn þetta mjög í huga. Það var alvarlega rætt hjá þeim sem stóðu að meiri hl. við þá kjördæmabreytingu, hvort rétt væri að setja slíkt lágmark í lög, í stjórnarskrá eða kosningalög. Það varð hins vegar niðurstaðan að setja ekki tölulegt mark, en menn höfðu þetta mjög í huga. Það var reiknað út allnákvæmlega að sá þingmannafjöldi í hinum ýmsu kjördæmum, sem ákveðinn var, samsvaraði nokkurn veginn 4—5% marki. Þetta hefur hins vegar getað breyst við það að byggð hefur breyst og hlutfall á milli íbúatölu kjördæmanna hefur líka breyst.

Ég vil aðeins geta þess, að verði niðurstaðan eins og frummælandi till. mælti eindregið með, að ákveðið verði að breyta kosningalögunum á þessu þingi, finnst mér að Alþ. beri skylda til að íhuga nokkrar fleiri breyt. sem vandalaust er að leggja fram, þannig að menn geti gert sér nánari grein fyrir þeim.

Það, sem er að gerast í landi okkar til undirbúnings komandi kosningum, prófkjör í mörgum flokkum, skoðanakannanir, forval og umr. um það, hvernig frambjóðendur eru valdir, bendir ótvírætt til þess, að það sé tímabært að gera breytingu á þessu kerfi og fólkið óski eftir því. Þess vegna er réttlætanlegt að Alþ. eyði tíma í þetta mál og rannsaki það eins ítarlega og unnt er. Ég tel að það sé engum erfiðleikum háð að fá tæmandi upplýsingar um fordæmi annarra þjóða sem kynnu að hafa eitthvert gildi fyrir okkur. Er þetta mál ekki svo flókið að þingheimur ætti ekki að geta gert sér grein fyrir því og mótað stefnu í því fyrir næsta vor.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar eð hv. 1. flm. þessarar till. til þál., Ragnar Arnalds, vék örfáum orðum að þeim umr. sem fram fóru utan dagskrár við upphaf þessa þings, tel ég mér nauðsynlegt að leggja nokkur orð í belg.

Efni þeirra umr. var, svo sem þm. eflaust minnast, það, að ég fyrir hönd þingflokks Alþfl. beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort ríkisstj. hefði hugsað sér að taka upp á þessu þingi, sem væri síðasta þing þessa kjörtímabils, vandamál í sambandi við kosningar til þess að bæta úr því ranglæti sem núgildandi kosningaskipan augljóslega ylli, hvort sem það yrði gert með breytingu á kosningalögum einum eða með breytingu á stjórnarskránni. Ef ríkisstj. hefði ekki hugsað sér af sinni hálfu að gera þetta mál að þingmáli á þessu þingi, þá mundi þingflokkur Alþfl. flytja um það ákveðna till. sem ég gerði grein fyrir. Ástæðan til þess, að ég beindi um þetta fyrirspurn til hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstj. í stað þess að flytja þegar í stað till. um málið, var sú, eins og ég tók þá strax fram, að ég teldi hér um að ræða eitt mesta stórmál, sem gæti komið til kasta Alþ., og ég teldi hér ekki vera um flokksmál í venjulegum skilningi þess orðs að ræða, heldur mál sem reyna ætti að ráða til lykta með samráði allra þingflokka. Þess vegna væri eðlilegt að ríkisstj. hefði forustu um slíkt samráð. Því aðeins gæti það leitt til niðurstöðu sem breytti gildandi skipan í réttlætisátt.

Mér og ábyggilega mörgum fleiri til mikillar ánægju svaraði hæstv. forsrh. spurningu minni algjörlega jákvætt. Hann sagði að ríkisstj. mundi hafa forgöngu um það nú á þessu þingi að efna til viðræðna milli allra 5 þingflokkanna um hugsanlegar breytingar á kosningaskipun og jafnvel stjórnarskrá, til þess að leiða í ljós hvort og hversu mikil samstaða gæti skapast um breytingar til úrbóta á því ranglæti sem nú væri um að ræða. Þetta urðu ekki aðeins orðin tóm hjá hæstv. forsrh. Ég leyfi mér að skýra hinu háa Alþ. frá því, að þegar s.l. föstudag síðdegis boðaði formaður þingflokks Sjálfstfl., stærsta flokks þingsins, til fundar með formönnum þingflokkanna til þess að hefja viðræður milli flokkanna um þetta mál. Það mun hafa verið tilgangur hans að ræða sérstaklega hvernig skyldi staðið að samningaviðræðum milli hinna 5 þingflokka um

þetta mál. Því miður gat ekki orðið af þessum fundi vegna fjarveru einhverra af hinum 5 formönnum þingflokkanna, ég veit ekki hverra. Ég hefði getað mætt þar fyrir mitt leyti, en þess vegna varð ekki af fundinum. En ég geri ráð fyrir því, að þessi vika muni ekki líða án þess að slíkur fundur verði haldinn, þannig að í raun og veru er mál þetta komið úr höfn. Það hafa þegar fyrir góða forgöngu formanns þingflokks Sjálfstfl., hæstv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens, hefur þessum umr. þegar verið hrundið úr höfn. Að vissu leyti má því segja að till. hv. þm., sem hann mælti hér fyrir, sé orðin óþörf, þó að ég sé að engu leyti að mæla gegn því að hún sé rædd, því að sannarlega fjallar hún um efni sem nauðsynlegt er að fjalla um og ég geri ráð fyrir að verði fjallað um í þeim viðræðum sem fram munu fara milli formanna þingflokkanna og kannske fleiri aðila frá þingflokkunum og hefjast munu á allra næstu dögum.

En ég vil þó, fyrst ég á annað borð tek til máls um þessa till., taka fram, að þótt það efni, sem hún fjallar um, sé þess eðlis að þar þurfi að gera breytingar, þá fjallar hún aðeins um lítinn hluta þeirra galla sem eru á gildandi kosningaskipan. Ég er algerlega sammála þeim grundvallarrökum sem komu fram í máli hv. 1. flm. till., að það þarf að auka áhrif kjósenda á það hverjir hljóta kosningu af sérhverjum framboðslista, jafnvel tryggja kjósendum úrslitaáhrif á það hverjir kosningu hljóta. En ég minni á að þetta er aðeins einn hluti vandans í sambandi við kosningaskipunina. Ég tel meginvandann vera ferns konar. Ég nefni fyrst það ranglæti í gildandi kosningaskipun sem fólgið er í misrétti kjósendanna. Við síðustu kosningar höfðu kjósendur í einu kjördæmi fjórfaldan rétt á við kjósendur í öðru kjördæmi. Og það hefur þegar verið skýrt frá því hér á hinu háa Alþ. í umr. utan dagskrár, sem fóru fram á sínum tíma, að í næstu kosningum mundi rétturinn verða fimmfaldur í einu kjördæmi á við það sem hann yrði í öðru. Það er augljóst að slíkt er í svo hróplegu ósamræmi við hugmyndir manna um lýðræði og þingræði að þessu verður að breyta, þó að ég skuli ekki fjölyrða um það hér, enda er það í sjálfu sér ekki til umr. með hverjum hætti kæmi til mála að breyta þessu.

Sem annað meginranglæti gildandi kosningaskipunar vil ég nefna, að það er engin trygging fyrir því í gildandi skipan að fylgi stjórnmálaflokka hér á Alþ. verði í samræmi við niðurstöðu kosninga. Að vísu er það svo, að í síðustu kosningum réðust mál þannig að stærð þingflokka er nokkurn veginn í samræmi við það fylgi sem flokkarnir hlutu í síðustu alþingiskosningum. En sú skipan mála, sem gert er ráð fyrir í gildandi kosningalögum, tryggir engan veginn sjálfkrafa að slíkt hljóti að vera, og það er mergurinn málsins. Það þarf að vera tryggt að niðurstaða kosninga geti ekki leitt til annarrar skipunar Alþ. en að nokkurn veginn sé samræmi á milli kjörfylgis flokks og þess þingstyrks sem hann fær að loknum kosningum.

Í þriðja lagi vil ég svo nefna það hróplega ranglæti sem að sjálfsögðu í því felst og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson vakti fyrstur athygli á hér við umr. utan dagskrár, að svo geti hæglega farið samkv. núgildandi skipan að 10—15 þús. kjósendur, sem greiða ákveðnum flokki atkv., fái engan fulltrúa á Alþ., — 10—15 þús. kjósendur gætu orðið fulltrúalausir á Alþ. samkv. þeirri skipan um kosningar sem nú gildir. Þetta er að sjálfsögðu í hróplegu ósamræmi við hugmyndir okkar um lýðræði og þingræði.

En í fjórða og síðasta lagi vil ég nefna, án þess með nokkru móti að vilja gera lítið úr því, þó að ég telji það síðast sem ágalla á gildandi skipan, að áhrif kjósenda á það, hver nái kosningu af lista, eru hverfandi lítil, eins og hv. flm. leiddi skýr og ljós rök að í máli sínu áðan. Þessu þarf að breyta. Það þarf að auka rétt kjósendanna og, eins og ég sagði áðan, jafnvel tryggja kjósendunum úrslitarétt um það, hver hlýtur kosningu af ákveðnum framboðslista í kosningum.

En sem sagt, í framhaldi af þeim umr., sem fram fóru utan dagskrár við upphaf þingsins, er komin hreyfing á þessi mál. Ég nefndi öll þessi atriði þegar ég gerði grein fyrir fsp. minni, og hæstv. forsrh. svaraði henni játandi. Þess vegna leyfi ég mér að taka það sem jákvætt svar um öll þessi atriði, að öll þessi fjögur atriði, sem ég nefndi, verði tekin upp í þeim viðræðum milli þingflokkanna sem mun verða efnt til á allra næstu dögum. Ég segi aftur, eins og ég sagði við umr. utan dagskrár, að ég vona að þær leiði til réttlátra breytinga á gildandi kosningaskipan á Íslandi.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þær umr., sem átt hafa sér stað bæði hér á hinu háa Alþ. og á opinberum vettvangi utan þings milli stjórnmálamanna um það efni sem fjallað er um í þáltill. á þskj. 4 hafa að mínum dómi leitt í ljós að yfirgnæfandi vilji er fyrir því í öllum flokkum að koma því máli í höfn að aukinn sé réttur kjósenda til að hafa áhrif á hverjir veljast til setu á Alþ. í kosningum. Þessi samstaða um aukinn rétt kjósandans er svo ofarlega á baugi og hefur fengið slíkar undirtektir að ég tel það, eins og komið er, meginatriði málsins, hvort Alþ. og stjórnmálaflokkarnir hafa þau vinnubrögð um hönd að málinu verði ráðið til lykta og því komið í höfn á þessu þingi, svo að breytt kosningatilhögun komi til framkvæmda í næstu kosningum. Því legg ég sérstaka áherslu á þetta atriði, að ekki kemur fram í tillgr., sem til umr. er, að nefndin, sem þar er gert ráð fyrir að kjósa, skuli leggja till. sínar fyrir þetta þing, þótt fram kæmi í máli hv. 1. flm. og frsm., að það sé ætlun hans a.m.k. að koma málinu í höfn á þessu þingi.

Ég sé engin þau tormerki á þessu máli sem það ætti að geta strandað á ef nægur vilji er fyrir hendi. Að vísu þarf að velja um kosti, og þeim hefur verið lýst hér. Ég ætla engu við það að bæta, þó máske væri það unnt, og fyrir Nd. liggur þar að auki þegar frv. frá hv. 4. þm. Reykn. um breytingu á kosningalögum á þann veg, að kjósandinn ræði alfarið frambjóðendum af þeim listum sem flokkar leggi fram í stafrófsröð. Ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á það í þeim fáu orðum sem ég ætla að hafa um þetta mál að sinni, að eftir það, sem á undan

er gengið, tel ég að það varði álit Alþ. að á það reyni hvort málinu verði komið í höfn fyrir næstu kosningar. Ég tel að það sé þegar komið á þann rekspöl, eftir þeim upplýsingum sem hv. 9. þm. Reykv. hefur gefið um viðræður milli flokkanna að forgöngu ríkisstj., að allar líkur séu á að þessu marki verði náð ef skaplega er á málum haldið í slíkum viðræðum og í samræmi við þann vilja sem menn hafa tjáð í orði á Alþ. og utan þess.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil sérstaklega fagna þeim málefnalegu umr. sem hér hafa orðið um þau mikilsverðu mál sem verið er að fjalla um. Ekki síst vil ég taka undir það sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Magnúsar Torfa, að ég tel afar mikilvægt að þetta Alþ. ljúki ekki störfum án þess að það hafi sýnt þann vilja sinn í verki, sem svo margir þm. verða nú til þess að lýsa, um þær breyt. á kosningalögum sem hægt er að gera fyrir kosningar og geta þess vegna orðið gildandi lög þegar til kosninga verður gengið næst.

Ein af ástæðunum til þess, að ég flutti þingmál 21 í frv.-formi, er einmitt sú staðreynd að ég óttaðist, og hef talsvert fyrir mér í því, að ný nefndarskipun til þess að athuga þá þætti kosningalaganna, sem frv. fjallar um, mundi aðeins verða til þess að drepa málinu á dreif og koma í veg fyrir raunhæfar aðgerðir fyrir næstu alþingiskosningar. Það tel ég vera af hinu verra.

Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þær umr. sem hafa orðið um efni þeirrar þáltill. sem verið er að fjalla um. Ég ætla hins vegar að reyna að gera málinu sæmileg skil, þegar ég hef framsögu fyrir því frv. sem lagt hefur verið fram sem 21. mál þessa þings og bíður síns tíma. En ég vil þó víkja að einu atriði sem kom fram í ræðu hv. 1. flm. þáltill., Ragnars Arnalds, sem flutti að mínu viti mjög athyglisverða og málefnalega ræðu, en það er það atriði hennar, þegar hann kvað upp úr með að frv. mitt gerði sum atriði í kosningaframkvæmd flókin. Ég tók svo eftir, að eitt af þeim vandamálum, sem upp mundu rísa við samþykkt á frv. mínu, væri spurningin um það, hversu mörg númer hver kjósandi ætti eða mætti setja á framboðslistana í hverju kjördæmi. Ég held að hann hafi sagt: Á kjósandinn að númera jafnmörg nöfn og kjósa á kjördæmakosna þm. í viðkomandi kjördæmi, eða á hann að númera í jafnmörg sæti og sá flokkur, sem hann kýs, fékk í síðustu kosningum í viðkomandi kjördæmi?

Eftir því sem ég fæ best séð eru allar slíkar bollaleggingar óþarfar. Ég læt þetta atriði algerlega opið í frv. mínu, og ég fæ ekki betur séð en að sú skipan mála geti fyllilega staðist í framkvæmd og það er fjarri því, að það þurfi að vera nokkuð flókið. Ég vil taka sem dæmi, að ef frv. mitt yrði samþ. gæti, jafnvel hér í Reykjavíkurkjördæmi þar sem kosnir eru 12 þm. hlutfallskosningu, það eitt, að kjósandi númeri bara í fyrsta sætið, nægt til þess að skera úr um það hvaða þm. nái kosningu af viðkomandi lista. Ég hef nefnilega hugsað mér framkvæmdina þannig, að sá, sem fengi flest atkv. á listanum í sæti eitt, hlyti að sjálfsögðu kosningu sem fyrsti maður á þeim lista. Sá yrði nr. 2 af listanum sem fengi flest atkv. merkt nr. 2 + atkv. í fyrsta sætið o. s. frv. Þannig á þetta allt saman að geta gengið upp á mjög einfaldan og rökréttan máta, að því er mér sýnist. Sé svo, að mér missýnist um eitthvert atriði í þessum efnum, þá er sjálfsagt að taka það til athugunar við meðferð frv. hér í þinginu, en ég fæ ekki betur séð en hér sé um mjög einfalda aðferð að ræða, sem viðhöfð yrði í sambandi við talningu atkv. að frv. mínu samþykktu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu minni hér á dögunum í umr. utan dagskrár um hliðstætt mál, hefur hugmyndum um breyt. á kosningalögum og kjördæmaskipun oft verið hreyft hér á undanförnum þingum, þá einkum í formi þáltill. Því miður hafa þær till. ekki verið ræddar mjög mikið og fengið allt of litlar undirtektir. Þess vegna fagna ég því núna að menn ræða hér þessa þáltill., sem er á dagskrá, á málefnalegan hátt og ég vænti þess að þær umr. geti verið til upplýsingar fyrir þær nefndir, stjórnarskrárnefnd og þá „ad hoc"-nefnd sem nú er búið að setja á laggirnar, til þess að þær komist að einhverri skynsamlegri niðurstöðu.

Hv. þm. Magnús T. Ólafsson hefur komist að þeirri niðurstöðu að mikil samstaða sé um að auka rétt kjósenda til þess að velja á milli frambjóðenda á viðkomandi listum. Ég vil upplýsa að í sambandi við flutning þáltill. á síðasta þingi, sem 17 þm. fluttu, var upphaflega gert ráð fyrir því, að í þeirri till. væri tvennt tekið fram, þ. e. a. s. að jafna misvægi sem nú er á milli einstakra kjördæma, og svo í öðru lagi að auka rétt kjósenda til þess að velja á milli frambjóðenda. Síðarnefnda atriðið var þó fellt niður vegna þess að þau boð bárust frá þingflokki Alþb. að óskynsamlegt væri að hafa það í till., þar sem ekki næðist full samstaða um það. Þess vegna verð ég að viðurkenna að það kom nokkuð á óvart þegar þessi till. birtist hér á borðum okkar nú í upphafi þings, þó að ég að sjálfsögðu fagnaði henni og sé henni samþykkur, en hún er flutt af þm. Alþb., eins og öllum er kunnugt og ljóst.

Ég þarf ekki að tiunda það, að ég styð það í öllum grundvallaratriðum að ná fram þessu markmiði, sem till. felur í sér, þ. e. a. s. að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja á milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa. Ég vil í þessum umr. undirstrika og árétta það, sem fram hefur komið bæði nú og áður, að það er auðvitað annað mjög mikilvægt vandamál varðandi kosningalög og kjördæmaskipun, þ. e. misréttið á milli hinna ýmsu kjördæma. Ég hef verið þeirrar skoðunar að þetta misrétti sé orðið svo geigvænlegt að því yrði bókstaflega að breyta áður en næst er gengið til kosninga. Og ég hef alveg fram til skamms tíma gert mér mikla von um að þm. féllust á að gera þessar breytingar, vegna þess að misréttið er svo mikið og réttindi fólks eru svo mismunandi að ekki verður lengur við unað.

Hins vegar hefur það komið í ljós, að Alþ. er ákaflega tregt til allra breytinga á kjördæmaskipan. Það á sér vissar skýringar, sem vissulega er hægt að taka tillit til, en þar kemur fleira til heldur en einfaldlega málefnin og skynsemin. Líka virðast ráða nokkuð ferðinni hagsmunir

einstakra flokka og jafnvel einstakra þm., þegar verið er að ræða um ákveðnar breytingar á kosningalögum eða stjórnarskrá. Af þessum sökum, vegna þessarar tregðu á að breyta lögunum og stjórnarskránni og erfiðleikum á því, hafa menn nú í seinni tíð verið að benda á ákveðnar bráðabirgðalausnir og verið að framkvæma þær. Ég lít svo á að prófkjör hjá hinum ýmsu flokkum séu viðbrögð flokkanna gagnvart röddum meðal almennings um að kjósendur fái að velja meira á milli frambjóðenda heldur en verið hefur um langan aldur og hinn almenni kjósandi fái að ráða meiru um röðun frambjóðenda og kosningu þeirra heldur en gert hefur verið fram að þessu, þegar fámennar stjórnir innan flokkanna hafa ákveðið framboðslista. Ég hef alltaf verið ákafur stuðningsmaður prófkosninga og í mínum flokki beitt mér fyrir því, enda þótt ég geri mér grein fyrir því að á prófkosningum eru margvíslegir annmarkar. Og ég geri mér líka grein fyrir því, að ef sá háttur er tekinn upp í kosningalögum sem bent er á í þessari till. sem hér er á dagskrá, þá býður það vissum hættum heim. Það eru vissar hættur fólgnar í prófkosningum eða þessum aðferðum sem hér um ræðir, að lýðskrumarar komist frekar að en aðrir, fólk hafi ekki aðstöðu til að dæma um hæfileika manna og kosti þeirra til að sitja á þingi eins og þeir sem best þekkja til í þeim flokkum sem viðkomandi menn starfa í. Þetta held ég að allir geri sér ljóst og allir geti viðurkennt, að það eru mjög margir hæfir menn sem starfa í flokkum eða eru í þjóðfélaginu sem eru vel til forustu fallnir og geta lagt margt og gott til mála án þess að þeir séu kannske reiðubúnir til að hafa sig í frammi í prófkosningum eða í almennum kosningum sér sjálfum til framdráttar. Það er líka viss hætta þessu samfara, eins og hefur komið fram í prófkosningum á vegum Alþfl. að undanförnu, þar sem tilhneigingin virðist vera sú að velja frambjóðendur efst á lista sem koma frá þéttbýlli stöðum innan kjördæmanna. Og ef þessi leið er valin, sem hér er bent á í þáltill. um að kjósandinn raði sjálfur á listann, þá er hætt við því að menn veljist meir frá þessum þéttbýlisstöðum heldur en verið hefur hingað til og þá sé ekki tekið kannske tillit til annarra kosta eða hæfileika frambjóðendanna.

Ég vek athygli á því, að kjördæmaskipun sú sem við búum við nú er bundin í stjórnarskrá. Erfiðleikar eru á því að breyta stjórnarskrá. Það þarf mikið til: tvennar kosningar og samþykki þings bæði fyrir og eftir. Þess vegna er mögulegt og mjög sennilegt að umr. eins og hér hafa farið fram í dag og hafa farið fram að undanförnu á Íslandi komi upp aftur og aftur þegar kjördæmaskipun hefur breyst til misréttis og ranglætis. Sú kjördæmaskipun, sem við búum við núna, var sett í stjórnarskrá með hliðsjón af þeim íbúafjölda sem í kjördæmunum var árið 1959. En með búferlaflutningum og fjölgun fólks með mismunandi miklum hætti og á mismunandi vegu hefur þessi íbúafjöldi mjög raskast á s. l. 15 árum, raskast svo mikið að þessi kjördæmaskipun, sem við búum við, er ekki lengur viðunandi. Ég hef því haldið að það væri athugandi fyrir þingið, og fyrir þá sem gera till. um breyt. á stjórnarskránni, að auka nokkuð svigrúmið í stjórnarskránni til þess að lagfæra kjördæmaskipunina án þess að þurfi til beinnar stjórnarskrárbreytingar að koma. Það tíðkast mjög í velflestum löndum, sem við þekkjum til, að kjördæmum er breytt, þm. fjölgað eða fækkað eftir því hvernig hreyfing íbúafjöldans er. Og ég hygg að það geti verið leið sem mætti fara þó að við héldum okkur í grundvallaratriðum við þá kjördæmaskipun sem við búum við núna, þá mætti auka það svigrúm fyrir löggjafarvaldið með einföldum breytingum: að fækka eða fjölga þm. á vissu árabili með hliðsjón af búferlaflutningum og breytingum á íbúafjölda. Þetta segi ég með það í huga að tregða hefur verið mikil á að breyta út frá kjördæmaskipuninni núna nema með ærinni fyrirhöfn.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að athugandi væri að breyta aftur til einmenningskjördæma. Ég hef þó ekki verið að hafa mikið orð á því. Ég hef gert mér grein fyrir því eða litið svo á, að það ætti ekki mikinn byr. Ég hef líka verið mjög skotinn í þeim hugmyndum, sem fram hafa komið hjá fulltrúum ungra stjórnmálasamtaka sem hafa lagt til, að hér yrði tekið upp það kerfi sem notað er í Írlandi. Það kerfi kemur í veg fyrir misrétti á milli kjördæma og nálgast líka það sjónarmið sem fram kemur í hugmyndinni í þáltill. hér, að gefa kjósendum meiri kost á því að velja frambjóðendur.

Ég held að þær breytingar, sem ég hef verið talsmaður fyrir, að draga úr misréttinu og misvæginu milli atkv. og kjördæma, séu það sem er nánast skylda okkar að glíma við núna og ráða bót á. Ég er ekki með þessu að lýsa yfir andstöðu minni gegn kjósendum og gegn fólkinu í hinum dreifðu byggðum á Íslandi. Ég held að það megi ekki heldur blanda umr. um breyt. á kosningalögum og stjórnarskipun saman við félagsmál, atvinnumál eða aðstöðu fólks. Ég held að það sé mikill misskilningur og við verðum að leysa þau vandamál sérstaklega, án þess að blanda þeim inn í þessi almennu mannréttindi sem kosningarétturinn er, og það má ekki dengja þar saman ranglæti í kosningalögum og ímynduðu eða raunverulegu misvægi í félagslegum efnum.

Hitt er annað, sem vert er að vekja athygli á, að fólk á þéttbýlli svæðum, sem nú nýtur minni kosningarréttar en aðrir kjósendur í dreifðum kjördæmum, sættir sig ekki lengur við þetta ástand, og ef svo heldur áfram sem nú er, að við erum að framkvæma öfluga byggðastefnu og beina fjármagni til uppbyggingar úti á landsbyggðinni á sama tíma sem fólkið hér í þéttbýlinu situr við skertan kosningarrétt, þá leiðir það ekki til annars en upplausnar eða hefur jafnvel enn þá verri afleiðingar í þessum kjördæmum sem ég hef einkum í huga, þ. e. a. s. Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Til þess að sætta þessi sjónarmið, til þess að sætta fólk í þéttbýlinu frekar við raunverulega og skynsamlega byggðastefnu þarf vissulega að koma til móts við það varðandi kosningarrétt. Ég bind miklar vonir við að hreyfing komist á málið eftir að forsrh. lýsti því yfir að nefnd yrði sett á laggirnar núna til þess að kanna þessi mál niður í kjölinn, og ég ítreka það sem ég sagði hér í umr. á dögunum, að ég vænti þess að þeim at-

hugunum fylgi till. og þær till. verði lagðar fram eigi síðar en nú um áramótin.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér hafa orðið miklar og ítrekaðar umr. um kosningalög og einnig í sambandi við kjördæmaskipan. Allir þingflokkarnir nema að ég hygg einn, SF, hafa lagt fram þingmál er um þetta atriði fjalla, og virðist nú að allir vilji Lilju kveðið hafa að því er varðar siðbót í íslenskum stjórnmálum. Vissulega eru kosningalögin og kjördæmaskipanin þar mikilvægur þáttur. Lýðræðislegar kosningar eru í rauninni það sem öðru fremur gerir greinarmun á einræðisríki og lýðræðisríki. Í einræðisríkjum, eins og við vitum öll, er ekki kosið um menn og málefni. Þar er einn sem ræður. Að vísu eru kosningar stundum settar á svið sem skrípaleikur hjá mönnum undir einræðisvaldi einræðisskipulags til hugarhægðar gagnvart umheiminum.

Hér hefur fyrst og fremst verið fjallað um tvo þætti kosninga á Íslandi, eins og þær gerast í dag. Það hefur verið talað um vægi atkv. eða öllu heldur um misvægi atkv. Íslendinga eftir því hvar þeir búa á landinu. Og það hefur í öðru lagi verið lögð áhersla á, og um það heyrist mér flestir vera sammála, að æskilegt væri að kjósandinn hefði meiri áhrif á það hver af framboðslistum flokkanna hljóti kosningu, hver eða hverjir. Það hafa sem betur fer orðið um þetta skynsamlegar og málefnalegar umr., og ég fagna því að þær hafa komið inn á þing nú og ég vona að þær breytingar, sem Alþ. verður sammála um að séu réttar og nauðsynlegar, nái fram að ganga áður en til kosninga verður gengið næstkomandi vor.

En það er nú svo með framkvæmd lýðræðisins, að lýðræðið hlýtur eins og flest annað að mótast af aðstæðum, og ég hygg að í þessu tilliti sem öðru hafi Íslendingar sem þjóð svo mikla sérstöðu miðað við aðrar þjóðir, nágrannaþjóðir okkar hér á Vesturlöndum, að við hljótum hér að taka nokkurt mið af því. Margir þeir, sem tala um að nauðsynlegt sé að leiðrétta þetta mikla misvægi atkv., hafa mikið til síns máls. Það hafa orðið svo feiknalegar tilfærslur hvað varðar búsetu íslensku þjóðarinnar að ég fyrir mitt leyti get lýst yfir því, að mér finnst fyllilega tímabært að þar komi leiðréttingar til. Ég hygg líka að fólk úti í hinu svokallaða dreifbýli greini yfirleitt ekki á um þetta, og ég held að ósveigjanleiki, ósanngirni og einstrengingsháttur mundu spilla fyrir málstað okkar dreifbýlisfólks. En hitt er svo annað mál, og það vil ég upplýsa strax, að ég get ekki fallist á sjónarmið þeirra sem telja að það eina rétta í þessu máli sé að vægi atkv. sé alls staðar nákvæmlega hnífjafnt. Í þessu tilliti hefur ítrekað verið talað um mannréttindi. Öll viljum við halda fullkomin mannréttindi í heiðri. En eins og hér hefur komið fram í umr. á Alþ. áður, þá ná mannréttindi til fjölmargra hluta, ekki aðeins til þess að kjósa sér fulltrúa á löggjafarsamkomu þjóðarinnar.

Það má segja að það séu almenn mannréttindi, sem engum megi neita um, að geta notið þeirrar almennu þjónustu sem veitt er í landi þeirra. Það eru mannréttindi hvers manns að geta náð til læknis, ef hann þarf læknis við. Það eru mannréttindi að börn, hvar sem þau eru búsett á landinu, fái lögboðna fræðslu í skóla. Það eru mannréttindi að fólk geti komist leiðar sinnar, að það einangrist ekki frá nágrönnum sínum, venslafólki og fjölskyldu vegna landfræðilegra ástæðna, og það eru líka mannréttindi að kjósendur eigi kost á því án mikilla vafninga og kannske óyfirstíganlegra örðugleika að ná til þm. síns, koma einu eða öðru á framfæri við hann sem þeim liggur á hjarta. Ég hlýt í þessu sambandi að bera saman aðstöðu þm. og kjósenda hér í Reykjavík, í Reykjaneskjördæmi og hér suðvestanlands þar sem fólk hefur allar aðstæður til að komast í samband við sinn kjörna fulltrúa. Ég þarf ekkert að útlista hvað mismunurinn er þarna feiknalegur hjá hinum kjósendunum og þm. sem búa sitt á hvoru landshorninu, og þarf stundum marga daga til þess að ná persónulegu samtali milli kjósenda og þm. Þannig er það að við megum ekki einblína á einn þátt mannréttinda, heldur taka öll réttindin í heild og frá sem flestum hliðum.

Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði sem hér hafa verið gerð að umræðuefni um tilhögun kosninga. Mér finnst þó, að mjög athyglisverð sé og aðgengileg hugmyndin um að láta kjósendur á kjördegi einfaldlega merkja við þá frambjóðendur á listum flokkanna, sem þeir helst vilja á þing og þá um leið númera þá samkv. því. Það hefur komið fram hér, og það er alveg rétt, að þetta er örðugt í framkvæmd, sérstaklega í hinum stærri kjördæmum, og þess vegna get ég fallist á þá hugmynd að þarna þurfi ekki endilega sama reglan að gilda um öll kjördæmi, hvort sem þau eru 5 manna kjördæmi eða 12 manna kjördæmi eins og hér í Reykjavík. Ég held að hér verðum við fyrst og fremst að stefna að því með þeim breytingum, sem við hugsanlega gerum nú, að gera hlutina ekki of flókna, hafa þá einfalda þannig að vilji fólksins skili sér nokkurn veginn óbrenglaður.

Það hefur verið vitnað hér í hugmyndir frændþjóða okkar í Danmörku, Þýskalandi, Belgíu, og síðasti ræðumaður, hv. 11. þm. Reykv., benti á samstarfshóp ungra manna úr þremur stjórnmálaflokkum og hugmyndir þeirra samkv. írskri fyrirmynd um breytta skipan hér hjá okkur. Mér fannst margt gott og nýtilegt í þessum hugmyndum ungu mannanna og vissulega áttu þeir þakkir skilið fyrir að hafa þarna eiginlega brotið ísinn, eða alla vega örvað umr. um þessi efni. En ég vil benda á, og það fór ekki hjá því að mér dytti það í hug einmitt þegar hv. 11. þm. Reykv. vitnaði í þessar niðurstöður ungu mannanna rétt áðan, að þótt ýmislegt sé gott og athyglisvert í þeirra hugmyndum, þá leist mér ekkert par vel á þá uppástungu þeirra að Reykjavík skyldi skipt í fjögur kjördæmi, þau skyldu hafa 7 fulltrúa hvert, en jafnframt skyldi tveimur öðrum kjördæmum, Vestfjarðakjördæmi og Vesturlandskjördæmi, steypt saman í eitt með 7 þm. samtals. Sem sagt; Reykjavík samkv. þeirra hugmyndum skyldi hafa 28 þm., en Vestf. og Vesturl. 7 til samans. Þessi till. eða þessi hugmynd er auðvitað þannig vaxin að maður tekur hana ekki alvarlega. Maður tekur hana hreint ekki alvarlega, en ég hlýt þó að láta í ljós vissan ugg um það að okkar ágæta byggðastefna, sem svo hefur verið kölluð, það yrði henni ekki mjög

til framdráttar ef þéttbýli hér suðvestanlands ætti að hafa þrefaldan meiri hl. og meira en það á við alla hina þm. landsins til samans.

Ég ætla ekki að fara út í frekari umr. um byggðastefnu. Það hefur verið gert oft og rækilega hér á þingi, en almennt vil ég segja að það væri slæmt ef málefnum væri komið þannig á þingi að þéttbýlisþm. annars vegar eða dreifbýlisþm. hins vegar neyttu aflsmunar á þingi og spilltu þannig réttlátri og sanngjarnri meðferð mála um hvaða mál sem um er að ræða, ekki hvað síst atvinnumál og svokölluð byggðamál er koma þá fyrst og fremst upp í hugann. En ég ítreka það, að allir þm. verða að sæta þeirri kröfu að þeir hafi yfirsýn nokkuð út fyrir eigin kjördæmi og vinni að málum á Alþ. samkv. því.

Ég held að miðað við prófkjör eins og þau gerast nú væri ekki óeðlilegt að prófkjörin færðust yfir á kjördag, við losnuðum með því móti við þessi forkjör öll og kjósandinn einfaldlega beint og óhindrað hefði sín áhrif á sjálfum kjördegi.

En áður en ég fer hér úr ræðustóli langar mig í sambandi við vægi atkv. að benda á Breta. Bretar, sem eru viðurkenndir fyrirmynd þingræðis að ýmsu leyti þó að margt kunni þar að fara úrskeiðis, eiga nú ekki síður en við, þó kannske ekki alveg jafnalmennt, við þetta misvægi atkv. að búa. Í Bretlandi eru 635 kjördæmi og þau eru æðimisjöfn að mannfjölda. Í Bretlandi er, eins og við vitum, einmenningskjördæmaskipulag, þar er einn þm. fyrir hvert kjördæmi. Og ég get hér til gamans bent hv. þm. á að fjölmennasta kjördæmið í Bretlandi hefur 117 834 kjósendur. Þetta fjölmennasta kjördæmi er í Norður-Írlandi. Þar eru tvö kjördæmi með 117 834 og 103 737 kjósendum. Þau fá hvort um sig einn þm. Smæsta kjördæmið hins vegar, sem eru svo kallaðar Vestureyjar við Skotland, hefur kjósendatöluna 22 477. Þarna sýnist mér misvægið vera fimmfalt, þannig að ég bendi á þetta þeim hv. þm. sem tala hvað hæst um að þetta siðleysi hér hjá okkur viðgangist ekki annars staðar. En svo er nú ekki. Hjá þingræðisþjóðinni Bretum er þessu svo til jafnt á komið og hér, þar sem jafnan er vitnað í Vestfirðinga með fjór- til fimmfaldan kosningarrétt á við Reykvíkinga og Reyknesinga.

Ég vil að lokum láta í ljós ósk um að sanngjarnar breytingar nái fram að ganga nú. En ég mótmæli því sem óréttlæti ef það á að jafna þennan atkvæðisrétt svo út að fjölmennustu kjördæmin, Reykjanes og Reykjavík, sitji uppi með ⅔ allra þm.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Hv. þm. Ellert B. Schram rifjaði það upp í ræðu sinni áðan að 17 þm. Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis, allir þm. þessara kjördæma, hygg ég, nema einn, hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, hefðu flutt till. um jöfnun kosningarréttar á síðasta þingi. Hann lét þess jafnframt getið að till. hefði upphaflega einnig verið um persónukjör, en þau skilaboð hefðu komið frá þingflokki Alþb. að hann gæti ekki fylgt persónukjöri og því hefði það verið tekið út úr till. Hér gætir nokkurs misskilnings hjá hv. ræðumanni. Það voru ekki tilmæli frá þingflokknum. Sannleikurinn er einfaldlega sá, að þeir þm. Reykjavíkur og Reyknesinga úr flokki Alþb., sem voru með flm. þessarar umræddu till., voru ekki á því stigi reiðubúnir að taka afstöðu til síðari hluta till., þ. e. a. s. persónukjörs, en vildu ekki tefja það, að till. um jöfnun kosningarréttar kæmi fram, og fóru þess vegna fram á að till. fjallaði um það eitt. Ég vona að ég hafi gert þetta ljóst og að hv. þm. Ellert B. Schram muni það kannske ef hann rifjar það upp, að ég lét þessi orð falla við hann í fyrravor.

Það hefur allmikið verið rætt um það nú að undanförnu að tryggja bæri kjósendum aukið persónulegt val á frambjóðendum og í þeim tilgangi m. a. hefur Alþfl. tekið það upp í flokkslög sín að opið prófkjör skuli fara fram. Jafnframt þessu hefur hann rekið mikinn áróður fyrir þessu opna prófkjöri sínu og jafnvel látið þau orð falla, að þeir stjórnmálaflokkar, sem ekki fylgdu þar honum að málum, væru andlýðræðislegir og vildu láta fámennar klíkur ráða framboði, eins og oft hefur mátt lesa í málgagni flokksins og heyra í málflutningi þeirra hér á Alþingi.

Nú vil ég varpa fram þeirri spurningu um opið prófkjör, eins og Alþfl. tíðkar það og hefur sett reglur um, hvort það feli í raun og veru í sér aukið lýðræði. Ég svara þessu neitandi, og ég geng svo langt að segja að þær reglur, sem Alþfl. hefur sett, séu tilræði við lýðræði, þetta séu veilur í lýðræðinu. Alþfl. gefur öllum nema þeim, sem flokksbundnir eru í öðrum flokkum, kost á að taka þátt í prófkjöri og ráða vali frambjóðenda á listum sínum. Þetta hefur það í för með sér, að viss hópur manna í þjóðfélaginu fær meiri áhrif á kosningar en aðrir hópar. Þeir, sem ekki eru flokksbundnir, fá með þessu móti tækifæri bæði til þess að ráða listum hjá einum flokki og svo að ráða brautargengi annars flokks í hinum almennu kosningum, þ. e. a. s. áhrif viss hóps manna í þjóðfélaginu eru í rauninni margefld á við aðra. Þetta er sannarlega ekki lýðræði og ekki jafnrétti. Þetta kalla ég að sé að hafa óeðlilega mikil áhrif á almennar kosningar, ef við á annað borð trúum því, að það sé jafnrétti og lýðræði að einn maður hafi eitt atkv. og hvorki meira né minna.

Ein þeirra aðferða, sem við flm. þeirrar till., sem hér er til umr., bendum á, er sú að öllum kjósendum sé gert kleift að velja á milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa. Allir, sem á annað borð kæra sig um að kjósa hafa hér sama rétt samdægurs. Það gilda sömu skilyrði og sömu aðstæður. Vissulega hlýtur þessi réttur að vera bundinn innan flokksrammans ef á að koma í veg fyrir það misvægi og þær veilur sem felast í prófkjöri Alþfl.

Hv. síðasti ræðumaður, Sigurlaug Bjarnadóttir, flutti hér Karvelsræðu áðan og hafði mörg orð um það að kosningarréttur — (Gripið fram í.) — ég hef heyrt hana áður með ýmiss konar blæbrigðum — að kosningarréttur væri ekki einu mannréttindin. Ég veit ekki til þess að nokkur hafi haldið því fram. En það gerir kannske ekkert til þó að þau haldi áfram að kyrja þetta yfir okkur. Það mótmælir því enginn, að það er fleira mannréttindi í þessu landi en kosningar-

réttur. Hinu verður hins vegar ekki breytt, að kosningarréttur er einn af hyrningarsteinum lýðræðis, það eru leikreglur, sem settar hafa verið til þess að tryggja jöfn áhrif í þjóðfélaginu, og ég hef ekki enn heyrt nein rök fyrir því, að þm. dreifbýlisins verði verri þm. þó að fólk á suðvesturhorni landsins fái jafnan rétt til áhrifa á kjördegi og aðrir landsmenn. Ég held að það jaðri við gjaldþrot og uppgjöf ef við getum ekki fundið aðrar leiðir til þess að tryggja jafnan rétt fólks úti á landi til heilsugæslu, skólagöngu og samgangna en að láta það hafa margfaldan kosningarrétt á við Reykvíkinga og Reyknesinga. Ég hef heyrt þessu misvægi kosningarréttar lýst svo, að ef 4 Vestfirðingar flyttu suður, þá misstu þrír þeirra kosningarréttinn. Ég fæ ekki séð að þetta séu mikil mannréttindi þeirra Vestfirðinga.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vegna lokaummæla hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur vil ég aðeins segja að Íslendingar hafa aldrei talið siðleysi verða réttlætanlegt við það að Bretar iðki það.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm., sem talaði hér síðast, blandaði inn í umr. nokkrum ummælum um prófkjör Alþfl., þó að ekki væri beint tilefni til þess af annars málefnalegum umr. um kosningalög. Þau ummæli einkenndust, eins og við mátti búast úr herbúðum Alþb., af önugheitum og fullyrðingum út í bláinn eins og þeim, að sú prófkjörstilraun, sem Alþfl. gerir um þessar mundir, sé „tilræði við lýðræðið.“ Þetta rökstyður hv. þm. með því að óflokksbundnir borgarar fái rétt til að kjósa í mörgum eða jafnvel öllum flokkum. Gerir hún ráð fyrir að allir flokkar tækju upp sömu reglu og Alþfl. hefur. Það má snúa þessu við og spyrja: Er það kerfi, sem Alþb. virðist aðhyllast og helst vilja, réttlátara, þar sem allir þeir, sem eru óflokksbundnir, eru útilokaðir frá því að taka nokkurn þátt í vali frambjóðenda? Ætli það sé ekki töluverður fjöldi sem þetta nær til, kannske meiri hluti allra kjósenda?

Það er verið að tala um tvö stig í þingræðiskerfi: annars vegar val frambjóðenda og hins vegar kosningu á kjördegi. Það dugir Alþb.-mönnum hvorki hér né annars staðar að reyna að blanda þessu saman. Þetta er tvennt ólíkt. Enda þótt það, sem hér hefur verið rætt um í málefnalegum umr. eftir ræðu framsögumanns, yrði að veruleika, þá stendur enn eftir það vandamál hvernig flokkarnir eiga að velja frambjóðendur. Flokkarnir í Reykjavík þurfa alltjend að velja 24 til að setja á lista. Hvort sem þessum 24 verður raðað eftir stafrófsröð eða eftir vilja flokksmanna, þá er þetta vandamál óleyst. Það verður til eftir sem áður. Þess vegna þýðir ekki að blanda þessu tvennu saman.

Ef það gerðist sem hv. þm. virtist hafa í huga, að allir flokkar tækju upp sama kerfi og Alþfl. er nú að reyna, mætti segja að ástandið væri orðið svipað því sem það er í líðlega helming af fylkjum Bandaríkjanna þar sem prófkjör eru lögbundin. Ríkisvaldið framkvæmir prófkjörið og tryggir þannig að hver kjósandi kjósi ekki nema í einum flokki. Hann kemur á kjörstað hjá hinu opinbera í prófkjöri og segir: Ég ætla að kjósa í þessum og þessum flokki og fær þá auðvitað seðil fyrir þann flokk, en ekki hina, og þátttaka hans er þar með skráð.

Nú hef ég enga draumóra um að þróunin verði þannig hér, enda er engin ástæða til þess, né heldur höfum við Alþfl.-menn haldið því fram, að þetta kerfi sé það fullkomnasta eða eina rétta. En sannleikurinn er sá, að þessi tilraun, sem er djörf og vissulega umdeilanleg að mörgu leyti, er tvímælalaust stórt skref í áttina til aukins lýðræðis. Það hafa þúsundir manna tekið þátt í að velja frambjóðendur, þar sem t. d. í Alþb. eru örfáir tugir. Það er því algerlega út í hött að vera með slíkar fullyrðingar, að þessi tilraun Alþfl. sé „tilræði við lýðræðið.“ Því miður ber svona málflutningur aðeins vott um að Alþb. engist undir því, að það hefur opinberast fyrir þjóðinni í viðburðum síðustu vikna að þessi flokkur er þröngsýnastur allra flokka í þessum efnum, þar er tortryggnin mest í garð fólksins og hræðslan við það mest af einhverjum ástæðum. Þess vegna situr Alþb. eftir, er að reyna að bæta það upp með till. sem er góð svo langt sem hún nær. En það duga engin stóryrði til að þurrka yfir það, að Alþb. situr eitt eftir og hefur ekki tekið þátt í að gera neins konar tilraunir eða sýna teljandi vilja til þess að auka lýðræðið innan sinna vébanda í sambandi við val frambjóðenda.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það er nú nær orðið daglegt brauð hér á Alþ. að rædd séu kosningalög og það sem þeim er tengt, og kannske er ekkert við því að segja. Það er sjálfsagt að ræða þau málefni eins og hver önnur. En þó hygg ég að það megi líta langt til baka til þess að finna jafnmikinn áhuga, a. m. k. einstakra hv. þm., á breytingum í þessum efnum eins og er nú. (Gripið fram í.) Já, sjálfsagt er fiðringur kominn í hv. þm. suma, kosningaskjálfti, og við því er ekkert að segja. Þeir skera sig þá úr, þeir hv. þm. sem mest ber á skjálfta hjá í þessum efnum, sem mest hafa sig frammi í sambandi við umr. um þessi mál nú.

Sú till. til þál., sem hér er til umr., fjallar einvörðungu um að skipa n. til að semja frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 frá 1959, um kosningar til Alþingis, er miði að því að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja milli frambjóðenda á þá lista sem þeir kjósa. Það er aðeins þessi þáttur sem þessi till. gerir ráð fyrir að fjallað verði um ef þáltill. verður samþ. og n. kjörin samkv. henni.

Nú hefur mikið verið um það rætt, af einstaka þm. a. m. k., að það sé fleira og kannske önnur atriði sem sé meiri ástæða til þess að leiðrétta heldur en þetta. Það sé fyrst og fremst ástæða til þess að leiðrétta það herfilega ranglæti sem sumir hverjir telja varðandi vægi atkv. eftir því hvar kjósendur eru búsettir í landinu. Ég veit ekki hver afstaða hv. flm. þessarar þáltill., a. m. k. ekki allra, er til þessa þáttar, þ. e. a. s. um vægi atkv. eftir búsetu. Ég veit t. d. ekki hvort hv. 1. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Ragnar Arnalds, formaður Alþb., þm. dreifbýliskjördæmis, Norðurl. v., er sömu skoðunar að því er varðar þennan þátt kosninga eins og hv. þm. Svava Jakobs-

dóttir sem hér var að ljúka máli sínu. Telur hv. þm. Ragnar Arnalds að það beri skýlaust að breyta nú þegar kosningalögum á þann veg að gera vægi atkv. jafnt í öllum kjördæmum landsins? Er hann sömu skoðunar og hv. þm. Svava Jakobsdóttir í þessum efnum? Er hann sömu skoðunar og hv. þm. Magnús Kjartansson, sem hefur lýst sömu skoðun hér á Alþ., og kannske fleiri hv. þm. Alþb. og hv. þm. úr fleiri flokkum? Eða hefur hv. þm. Ragnar Arnalds einhverja aðra skoðun á þessu máli? Og hvers vegna var þetta þá ekki tekið með í sambandi við þá nefndarskipan sem hér er fjallað um í till., ef þessir hv. þm., sem standa að flutningi þessarar þáltill., eru sammála um þetta? Eða eru mjög skiptar skoðanir innan þingflokks Alþb. í þessu sambandi? Ég hygg, að svo sé. (**JónasÁ:** En ekki hjá ykkur?) Okkur? (**JónasÁ:** Eru ekki skiptar skoðanir hjá ykkur? — **RA:** Samtakamönnum.) Ég treysti hv. þm. Magnúsi Torfa, sessunaut á vinstri hönd hv. þm. Jónasar Árnasonar, til að svara því hér á eftir hver skoðun hans er á þessum efnum. Og það er það, sem ég er að biðja hv. þm. Alþb. um, að þeir segi til um hvort þeir vilja skýlaust þessa breytingu sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir og Magnús Kjartansson t. d., svo að nöfn séu nefnd, hafa krafist að gerð yrði á kosningalögum.

Ég hef lýst skoðun minni hér áður og þarf ekki að fara mörgum orðum um hana að því er þetta varðar. Hvað sem menn telja og tala fjálglega um mannréttindi í þessum efnum, þá eru mannréttindi, eins og var rækilega bent á áðan, nefnilega miklum mun fleira en bara kosningarréttur. En því virðast sumir hverjir hv. þm., þ. á m. hv. þm. Svava Jakobsdóttir, gleyma. Það er hægt á ótalmörgum sviðum að benda á misræmi og herfilegt óréttlæti milli landsmanna eftir búsetu. Ég skal ekki fara út í að telja það hér upp, það hygg ég að öllum sé kunnugt. M. a. benti hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir áðan á nokkur atriði í þeim efnum og þau eru fleiri. En ég er eindregið fylgjandi því að hinum almenna kjósanda sé gert auðveldara að velja á milli frambjóðenda, velja menn, það gert auðveldara en það nú er.

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því, að hv. 1. flm. þessarar þáltill., Ragnar Arnalds, taldi það mjög óheppilegt í framsöguræðu sinni hér áðan að kosningarnar snerust um menn, þær ættu fyrst og fremst, kannske raunar einvörðungu að snúast um stefnur. Ég er ekki sammála um þetta. Ég tel að það eigi miklu frekar en hefur verið og er að auðvelda kjósendum að velja eftir mönnum.

En það er auðvitað fleira sem er galli í sambandi við okkar kosningaskipulag eins og það var ákvarðað með breytingunum 1959. Við skulum taka t. d. Vestfirði eða Norðurland vestra eða hvaða kjördæmi sem er. Í þeim kjördæmum á að kjósa 5 þm. Reynslan hefur verið sú, ég vona að hún verði það ekki áfram í næstu kosningum, — reynslan hefur því miður verið sú að 4 af þessum 5 þm., sem kjósa ber, hafa í raun og veru verið sjálfkjörnir fyrir fram. Sem sagt, reynslan hefur sýnt að það hefur í raun og veru verið nóg fyrir hv. þm., hæstv. sjútvrh. núv., Matthías Bjarnason, hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, hv. þm. Steingrím Hermannsson og hv. þm. Gunnlaug Finnsson að senda skeyti fyrir hverjar kosningar: Erum á lífi — og nöfnin undir. Það hefði nægt líklega til þess að þessir hv. þm. hefðu haldið sínum þingsætum og ekki þurft meira að gera. Þetta er auðvitað ófremdarástand, ef við búum við kosningalög sem eru með þeim hætti að þm., sem er í eitt skipti kominn í þm.-stólinn og þm.-fötin, getur haldið því til æviloka hvernig svo sem hann hagar sér að öðru leyti? Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt. Menn verða alltaf að hafa yfir höfði sér hangandi það sverð kjósendanna að þeir verði að standa sig, því aðeins eigi þeir von um að halda pólitísku lífi. Og þessu held ég að verði fyrr en seinna að breyta. Eins og ég sagði áðan, vonandi tekst að hafa einhver áhrif á breytingar frá því sem verið hefur í einhverjum kjördæmum landsins við næstu kosningar, þannig að það sé ekki einhlítt algerlega áframhald á þessu.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu fleiri orðum í sambandi við þessa þáltill. Það er auðvitað ótalmargt, sem segja mætti í sambandi við kosningalög eins og þau nú eru, en þessi till. fjallar einvörðungu um þennan eina þátt þeirra. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég hef áður sagt, og það, sem raunar kom líka fram hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur áðan, að ef hv. þm. á annað borð vilja fara út í það að bera saman vægi atkv., þá þarf að taka fleira með en einvörðungu kosningarréttinn. Það er miklu fleira, sem þar þarf að koma til og meta og vega, heldur en einvörðungu atkv. sem slíkt. Það verður að taka með á þá vog mjög mismunandi aðstöðu sem kjósendur eru í eftir því hvar þeir eru búsettir á landinu. Eða vill nokkur halda því fram að það sé sambærilegt t. d. hjá kjósendum hér í Reykjavík, samanborið við kjósendur vestur á fjörðum, norður á landi eða austur á fjörðum, að hafa aðstöðu til þess að vera í tengslum og hafa áhrif á sína þm.? Ég tala nú ekki um að hinn almenni kjósandi hér á þessu svæði hefur greiðan aðgang að öllum stjórnsýslustofnunum ríkiskerfisins við bæjardyrnar. En hver og einn einasti einstaklingur úti á landi, sem þarf að leita þjónustu þessara aðila, verður annaðhvort að taka sig upp í langa og kostnaðarsama ferð til að sinna sínum erindum eða með einhverjum hætti að bjarga málunum á annan veg. Þetta er ekkert lítið atriði, ef menn á annað borð ætla að fara að vega þennan þátt til áhrifa á Alþingi.

Það er svo annað mál í þessu auðvitað, að menn eru alltaf að benda á Vestfirði, Vestfirðir hafa 7 þm., segja þeir, þeir hafa langfæst atkv. að baki hverjum þm. Ég veit ekki hvort menn hafa hugleitt það almennt, að 4 eða 5 af þm. Vestf. eru búsettir hér á Reykjavíkursvæðinu, þannig að það mætti spyrja: Er óeðlilegt að ætla að það séu einhver meiri tengsl við það svæði heldur en það kjördæmi sem þeir í raun og veru eiga að þjóna og eiga að vera í bestum tengslum við? A. m. k. er ég þeirrar skoðunar, að Reykvíkingar eða Reyknesingar þurfi ekki undan neinu að kvarta í þessum efnum. Þeir hafa til muna betri aðstöðu, kjósendur í Reykjavík og á Reykjanesi, þrátt fyrir þann mun sem menn eru hér að tala um á vægi atkv., heldur en aðrir kjósendur í landinu hafa.

Ég skal svo ekki, herra forseti, orðlengja þetta frekar, en ég vildi koma þessum hugleiðingum mínum að nú við þessa 1. umr. málsins.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég er rétt kominn inn í salinn og veit ekki hvað kann að hafa verið sagt hér eftir kaffihléið. Þegar ég kom hér inn var hv. þm. Karvel Pálmason að tala, og hann innti eftir afstöðu Alþb.-manna varðandi það sem menn nefna í þessum umr. „vægi" atkv. Mér skilst að honum hafi a. m. k. skilist að einn af þm. Alþb. hafi lýst því yfir hér áðan, að hann teldi að þetta „vægi" ætti alls staðar að vera hið sama, m. ö. o. sama eða svipað atkvæðamagn á bak við hvern þm., hvort sem hann kæmi úr þéttbýli eða dreifbýli. Ég get ekkert um það fullyrt, hvort þetta hafi komið fram hjá einhverjum hv. þm. Alþb. áður, en það má ljóst vera að þetta mundi tákna það, að stórlega mundi fjölga þm. úr þéttbýlinu, en fækka aftur á móti þm. úr dreifbýli. Og eins og háttar í þessu landi með búsetu og þá um leið þýðingu búsetunnar sem viðast fyrir þessa þjóð, þá tel ég að þetta komi hreint og beint ekki til mála. Ég skil það vel, að mönnum þyki nóg um þegar fimm sinnum fleiri atkv. þarf til þess að koma einum manni á þing úr Reykjaneskjördæmi heldur en þarf af Vestfjörðum. Þar með er ekki sagt að öllu réttlæti sé fullnægt með því að jafnmörg atkv. verði á bak við hvern og einn þm. Það er að vísu hægt að leysa þetta þannig, en vandamál þessarar þjóðar munu ekki minnka við það, heldur munu þau stórlega aukast.

Við erum auðvitað sammála um það, ég og hv. þm. Karvel Pálmason, að eitt af helstu vandamálum þessarar þjóðar er hvernig mannfólkið sogast á tiltölulega takmarkað svæði, en önnur byggðarlög eiga í vök að verjast hvað mannfjölda snertir, þó að vísu hafi nú skánað það ástand á seinni árum, sérstaklega í tíð vinstri stjórnarinnar. Við erum sammála um að þetta er mjög alvarleg þróun og hættuleg með tilliti til þess sem ég gæti nefnt þjóðartilveru okkar. Það er mjög mikils virði fyrir þessa þjóð að byggja landið allt, menningarlega séð, siðferðilega séð og næstum að segja sálfræðilega séð, fyrir nú utan þá nauðsyn sem okkur er á því að mannfólk sé sem víðast, þó að ekki væri nema af öryggisástæðum. Þeim, sem stunda sjóinn, veitir ekkert af að það sé mannfólk sem víðast á ströndinni.

En ef horfið yrði að hinni einföldu lausn, að það skuli vera jafnmörg atkv. á bak við hvern af þessum 60 þm., — sem þýðir náttúrlega að gera ætti landið allt að einu kjördæmi, — þá liggur í augum uppi að þessir 60 þm. mundu keppa um atkv. mest þar sem þau væru flest. M. ö. o.: Störf Alþ. mundu mótast af því að þm. vildu koma sér í mjúkinn hjá fólkinu á þeim svæðum landsins þar sem atkvæðamagnið lægi. Þetta gæti hreinlega leitt til þess, að landsbyggðin legðist alveg í eyði. Það vil ég ekki. Frekar vil ég láta kalla mig ólýðræðislega þenkjandi mann heldur en að eiga þátt í slíku. Ef það er ólýðræðislegur hugsunarháttur, að landsbyggðin skuli hafa tiltölulega fleiri þm. heldur en þéttbýlið, þá er ég til þess neyddur að játa á mig þann ólýðræðislega hugsunarhátt.

Það mætti ræða hlut Vestfirðinga sérstaklega í þessu efni. Þeir hafa átt hvað mest í vök að verjast með það að halda sínu mannfólki, hafa orðið harðast úti í þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarna áratugi. Ég vil að hv. þm. Karvel Pálmason viti það, að ég tel gott að Vestfirðingar eigi a. m. k. 1/12 hluta í þeim 60 þm. sem hér sitja. Ég tel það gott að þeir eigi þessa tölu hér inni. Hitt gæti komið til mála, að skipta um þá einhverja í næstu kosningum. (Gripið fram í.) Af því að það er gripið fram í fyrir mér af hv. þm. Karvel Pálmasyni, þá bið ég hann að skilja mig ekki svo, að ég sé endilega að óska þess að hann hverfi héðan úr þingsölum. (**KP:** Það er gagnkvæmt.)

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka þeim þm., sem hafa tekið til máls við þessa umr. — þeir eru nú orðnir æðimargir — fyrir ágætar undirtektir við efni tillögunnar.

Ég get ekki hugsað mér í þessu sambandi að karpa mikið við þá Alþfl.-menn vegna tilhögunar á prófkjöri þeirra, enda þótt formaður flokksins, Benedikt Gröndal, sem nú er horfinn af fundi, hafi gefið ærið tilefni til þess. En hann og aðrir forustumenn Alþfl. vita að sjálfsögðu að prófkjörstilhögun hjá Alþfl. hefur verið töluvert mikið gagnrýnd, bæði af þeirra eigin flokksmönnum og mönnum sem utan flokksins eru. Og gagnrýnin hefur að sjálfsögðu beinst fyrst og fremst að því atriði, að hugsanlegt sé og jafnvel mjög líklegt að menn, sem fylgja öðrum flokkum að málum, ráði úrslitum í prófkjöri Alþfl. og þetta hafi þegar gerst í þeim prófkjörum sem farið hafa fram. Ég held að það sé tiltölulega mjög auðvelt að færa rök að því, að a. m. k. séu mjög miklar líkur til þess, að annarra flokka menn, stuðningsmenn annarra flokka, hafi ráðið úrslitum um hverjir veljast í framboð fyrir Alþfl.-menn sem alls ekki ætla sér að kjósa Alþfl. þegar þar að kemur. Auðvitað er það ekki lýðræðislegt þegar svo tekst til. Það var þetta sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir átti við áðan og gerði ágæta grein fyrir, og mér fannst alveg óþarfi af formanni Alþfl. að reyna að snúa út úr orðum hennar því að þau voru mjög skýr og ljós.

Hér hafa orðið talsverðar umr. um kjördæmaskipun og það hversu margir þm. eigi að sitja fyrir hvert kjördæmi hér á Alþ. Hv. þm. Karvel Pálmason beindi spurningum til mín sérstaklega um afstöðu mína til þess atriðis. Ég tel þetta að vísu nokkuð óeðlilegt þar sem það mál, sem hér er til umr., snýst alls ekki um þennan þátt kosningalaga og kjördæmaskipunar. En ég get ekki skorast undan því að fara örfáum orðum um skoðanir mínar á þessu atriði vegna þess að þær eru ekki nú frekar en endranær neitt launungarmál.

Ég hef oft áður verið spurður um það, hver væri afstaða mín til þessa atriðis, og hef veitt svör við því og skal gera það enn. Ég tel að frá því að kjördæmabreytingin var gerð árið 1959 hafi orðið umtalsverð röskun á búsetu hér í landinu og þar af leiðandi breyting á fjölda þeirra atkv. sem eru að baki hverjum þm. Kjósendum hefur fjölgað á þessu tímabili um 45% og aðallega

á ákveðnu landssvæði. Og ég tel ekkert óeðlilegt að við reynum að hugleiða hvernig unnt væri að leiðrétta það misvægi sem af þessu hefur hlotist. Þetta mál hefur verið rætt í stjórnarskrárnefnd á undanförnum árum, og ég tel ekkert óeðlilegt að menn reyni að átta sig á því hver séu hin eðlilegustu viðbrögð gagnvart þessu vandamáli. Ég vil hins vegar taka það fram, að persónulega tel ég algerlega óraunhæft að ætla að reyna að leysa þetta vandamál með því að fækka þm. í fámennustu kjördæmunum. Þar er um að ræða mjög víðlend héruð sem búa við á margan hátt miklu lakari þjónustu en hin fjölmennari kjördæmi, og ein sú þjónusta sem hið opinbera veitir þessum héruðum er einmitt það, að þau njóti þess að hafa a. m. k. 5 þm. Ég tel að þjónustan við hinar dreifðu byggðir sé ekki svo góð að réttlætanlegt sé að skerða þennan rétt hinna dreifðu byggða, þannig að ég leita ekki lausnar á þessu vandamáli eftir þeirri leið að fækka þm. í ákveðnum kjördæmum.

Hitt er svo á að líta, að það er ekki æskilegt og vafalaust ekki sérlega vinsælt að fjölga þm. á Alþ. verulega. Ég er viss um að það hlyti engar undirtektir að fara að fjölga þm. hlutfallslega jafnmikið og kjósendum hefur fjölgað á þessu tímabili, um 45%. Til þess þyrftu þm. að verða um 88 talsins. En mér finnst vel koma til greina að leita að lausninni á þann veg, að hlutföllin geti orðið eitthvað svipuð og þau voru þegar kjördæmabreytingin var gerð árið 1959. Mér reiknast svo til, að til þess þyrfti að framkvæma þá breytingu að þm. í Reykjavík fjölgaði um 4 og þm. af Reykjanesi um aðra 4. Mér telst svo til að með þeirri breytingu væru upp komin mjög svipuð hlutföll og voru hér á landi árið 1959.

Þetta eru aðeins hugleiðingar af minni hálfu, en ekki ákveðnar till. Ég held að ég megi fullyrða að enginn flokkur hefur mótað ákveðna stefnu í kjördæmamálinu, ekki minn flokkur frekar en flokkur Karvels Pálmasonar, og ég veit ekki til að það séu uppi neinar ákveðnar till. frá neinum flokki í þessu efni. Þetta er aðeins hugleiðing af minni hálfu vegna þess að enn er þetta mál algerlega á því stigi. En mér virðist á öllu að þetta væri sú lausn, sem væri eðlilegust miðað við ríkjandi aðstæður, og sú lausn, sem auðveldast væri að ná einhverju samkomulagi um. Hitt er ljóst, að eftir þessa breytingu yrði ekki um að ræða jafnmikinn atkvæðafjölda á bak við hvern þm. Eftir sem áður yrði um að ræða það sem menn hafa í þessum umr. kallað misvægi og það talsvert. Ég er hins vegar hræddur um að það sé fullkomlega óraunhæft að ætla að rétta það misvægi fullkomlega af. Það verður ekki gert nema með lausn sem mundi hafa í för með sér mjög verulega ágalla.

Ég vil að öðru leyti segja það eitt um þetta mál, að eðlilegast er að stjórnarskrárnefnd haldi áfram umr. um það og leiti eftir samstöðu um hvernig það verði eðlilegast leyst.

Eg vil svo bæta því við að lokum, að hv. þm. Ellert Schram komst svo að orði í ræðustól áðan, að þessar umr., sem hér hefðu orðið í dag, gætu orðið leiðbeining fyrir stjórnarskrárnefnd og fyrir þá „ad hoc"-nefnd, eins og hann orðaði það, sem sett hefði verið á laggirnar til þess að fjalla um þetta mál. Hér er bersýnilega misskilningur á ferðinni. Það hefur enn ekki nein nefnd verið sett á laggirnar til að fjalla um þetta mál. Menn hafa ekki einu sinni enn komið saman til þess að ræða um tilhögun þess hvernig að slíkri nefndarskipan yrði staðið. Og enn síður liggur fyrir nokkurt samkomulag um hvaða viðfangsefni og verkefni slík nefnd á að hafa á sinni könnu.

Ég hef lýst því yfir hér í umr., að ég tel óskynsamlegt fyrir framhald málsins og sérstaklega fyrir framhald þess máls sem hér er til umr., þ. e. a. s. um aukin áhrif kjósenda á röð frambjóðenda, að blanda saman öllum þessum erfiðu úrlausnarefnum sem snerta kosningalög og kjördæmaskipun. Ég tel, eins og ég sagði áðan, réttast að stjórnarskrárnefnd fjalli áfram um kjördæmaskipun, um úthlutun þingsæta, um hugsanlegan fjölda þm. í framtíðinni og um önnur skyld atriði, eins og t. d. hvort ákveða ætti eitthvert ákveðið lágmark, hvort ákveða ætti einhvern ákveðinn lágmarksatkvæðafjölda sem tryggði flokkum rétt til þingsætis hér á Alþ. Ég er sammála þeim sem hér hafa rætt um að núverandi reglur eru óeðlilegar. Það kynni að vera mjög eðlilegt og sjálfsagt að miða þar við einhverja ákveðna hlutfallstölu ellegar t. d. miða við að sá flokkur, sem atkvæðalega séð ætti rétt á þremur uppbótarþingsætum, fengi þau, jafnvel þótt hann hafi ekki fengið neinn kjörinn mann. Einhverjar reglur af þessu tagi væri ekki óeðlilegt að setja. En þetta eru allt náskyld mál sem verður að ræða í samhengi, og ég tel eðlilegast að þau verði rædd í stjórnarskrárnefndinni sem síðar en svo hefur enn sagt af sér.

En það sem ég hef hér aftur á móti gert að umtalsefni í þessum umr., varðar persónubundnara kjör. Þar er um atriði að ræða sem snertir almenn lög. Þar er um sérgreint atriði að ræða sem hægt er að skoða sér á parti, þannig að því verði hugsanlega komið í framkvæmd í næstu kosningum, og þess vegna langeðlilegast að sérstök nefnd fjalli um það atriði. Ég tek undir það sem sagt hefur verið hér í þessum umr. að auðvitað er sjálfsagt að nefndin skili af sér þannig að niðurstaða hennar geti legið fyrir áður en þing hættir störfum og ný kosningatilhögun geti tekið gildi fyrir næstu kosningar. Ég veit að sumum þykir það kannske eitthvert umhugsunarefni, hvort hægt sé að koma því við vegna þess að ýmsir flokkar hafi nú þegar ákveðið framboð í ýmsum kjördæmum og því sé óeðlilegt að Alþ. komi nú með breytta skipan. En ég vil benda á, að ef sú leið verður valin sem ég hef hér mælt með, að hér verði einungis um heimildarákvæði að ræða, en ekki skyldu fyrir flokkana að taka upp breytt fyrirkomulag í þessum efnum, þá ætti það litlu að breyta þótt flokkarnir ýmsir hverjir hafi nú þegar ákveðið framboð sín í einstökum kjördæmum. Þá þyrftu þeir einungis að ákveða hvort þau framboð stæðu óbreytt áfram eða hvort breyting yrði á þeim.

Þetta vildi ég láta verða mín lokaorð. Ég sé ekki að þörfin fyrir þá nefndarskipun, sem hér er gerð till. um, sé neitt minni þótt forsrh. hafi gefið ákveðna yfirlýsingu um að hann vilji og

sé reiðubúinn til að skipa nefnd sem fjalli um þessi mál öll í heild sinni. Það tel ég að sé óskynsamlega að málum staðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Hlutafélög, frv. (þskj. 51). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. til l. um hlutafélög var lagt fram á síðasta þingi en varð ekki útrætt þá, enda var ekki til þess ætlast þar sem um yfirgripsmikið mál er að ræða sem nokkurn tíma þarf til að athuga. Auk þess var málið lagt fram svo seint á þingi að við því var ekki hægt að búast að það fengi afgreiðslu þá. Var gert ráð fyrir að þm. gæfist tóm milli þinga til þess að kynna sér frv.

Í þessum frv.-bálki eru vafalaust ýmis álitamál og athugunarefni, og það getur auðvitað komið til mála að skipa ýmsu með öðrum hætti en þar er gert ráð fyrir. Er þess vegna mikilvægt að málið sé ítarlega athugað í nefnd.

Frv. er lagt fram óbreytt nú. Það er samið á vegum viðskrn. og að því hafa fyrst og fremst unnið Gylfi Knudsen fulltrúi í viðskrn. og Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari.

Eins og rakið mun vera í aths. með frv., var það, þegar frumdrög að frv. höfðu verið gerð, sent ýmsum aðilum til umsagnar. Frá nokkrum þeirra aðila bárust umsagnir. Þær voru teknar til skilmerkilegrar athugunar og tillit tekið til þeirra eftir því sem ástæða þótti til. En nokkrir þeirra, sem málið var sent til umsagnar, hafa ekki látið frá sér fara neinar athugasemdir. Þó að sitthvað bæri á milli í þessum umsögnum sem fram komu, þá var það samdóma álit þeirra að nauðsyn væri að setja ný lög um hlutafélög.

Ég ætla nú að gefa yfirlit yfir helstu efnisatriði frv. og mikilvægustu nýmæli í því, en áður en ég geri það ætla ég þó að víkja með nokkrum almennum orðum að hlutafélögum og löggjöf um þau. Skal þó reynt að stikla á stóru og má vísa til framsöguræðu minnar um þetta efni frá í fyrra, auk ítarlegra athugasemda sem frv. fylgja.

Það er ekki hægt að segja að hlutafélög eigi sér ýkjalanga sögu hér á landi. Skýringar á upphafi þeirra hérlendis og setningu löggjafar um þau ber að leita í þróunarsögu atvinnulífsins. Atvinnuhættirnir voru afar fábrotnir hér á landi allt til síðustu ára 19. aldar. Í lok aldarinnar hófst togaraútgerð á Íslandsmiðum, fyrst eingöngu af hálfu útlendinga, en í byrjun 20. aldar var fyrsta alíslenska togarahlutafélagið stofnað. Fiskveiðihlutafélögum fjölgaði hægt fram til ársins 1911, en frá því ári og þar til 1917 hófu 20 aðilar togaraútgerð hérlendis. Segja má að eiginleg hlutafélög spretti upp með þessum umsvifum og umbrotum í atvinnulífinu, en öflugustu fyrirtækin í þessari nýju atvinnugrein voru rekin í hlutafélagsformi. Togaraútgerð hefur hér frá upphafi verið rekin af fyrirtækjum í hlutafélagsformi, nema þar sem um útgerðir bæjarfélaga hefur verið að tefla.

Fyrsta hlutafélagið hér, sem stofnað var með almennu útboði, mun hafa verið Íslandsbanki á sínum tíma, en á milli hans og togaraútgerðarinnar voru einmitt náin tengsl, eins og mönnum er kunnugt, þar sem togaraútgerðin fékk í upphafi aðallega fjármagn sitt frá þeim banka.

Þegar þessar breytingar í atvinnulífi höfðu staðið yfir um nokkurn tíma og hlutafélagsformið hafði verið nokkuð notað, þá voru sett hér lög um hlutafélög árið 1921, og þau lög eru enn í gildi. Lög þessi voru sniðin að mestu leyti eftir dönsku hlutafélagalögunum frá 1917. Dönsku lögin þóttu í ýmsum efnum ófullkomin og settu Danir sér því ný lög um hlutafélög þegar árið 1930.

Þessi lög um hlutafélög, nr. 77 1921, eru orðin meira en hálfrar aldar gömul. Þau eru orðin ófullnægjandi, enda er nauðsynlegt að fylgjast með löggjöf sem þessari og sjá um að hún fullnægi kröfum atvinnu- og viðskiptalífsins á hverjum tíma. Á þeim langa tíma, sem liðinn er síðan gildandi lög voru sett, hefur fengist mikil reynsla bæði hér og erlendis af lögum og reglum um hlutafélög, um kosti þeirra og galla. Enn fremur er það svo, sem ekki þarf að rekja hér, að atvinnu- og viðskiptalíf hefur tekið miklum breytingum hér á landi sem og annars staðar á þessu tímabili.

Hlutafélögum hefur á þessum tíma fjölgað mjög ört hér á landi, og er þörf á því að fylgst sé með þeim félögum af opinberri hálfu með öðrum hætti og skilvirkari en verið hefur.

Ég hygg því að það sé löngu orðin viðurkennd skoðun, að tímabært sé að setja ný hlutafélagalög. Þegar á árinu 1948 ályktaði Alþ. að skora á ríkisstj. að láta fram fara heildarendurskoðun á hlutafélagalögunum frá 1921. Var þá samið frv. um það efni sem lagt var fyrir Alþ. árið 1952. Það frv. höfðu samið hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Árni Tryggvason. Þetta frv. var tekið til 1. umr. í Nd. Alþ. 3. okt. 1952. Frv. var vísað til 2. umr. og allshn., en nál. kom ekki og frv. var ekki framar tekið á dagskrá.

Eftir 1930 vann samnorræn n., sem Íslendingar tóku að vísu ekki beinan þátt í, að undirbúningi nýrrar hlutafélagalöggjafar í því skyni, eins og endranær þegar um slíka samvinnu er að ræða, að það leiddi til samræmingar á lagasviði að því er hlutafélög varðar. Þessi samvinna leiddi til þess að sett voru lög um þetta efni í Svíþjóð, miklu ítarlegri en áður höfðu gilt.

Norræn samvinna til samræmingar á hlutafélagalöggjöf hófst að nýju árið 1961. N. sú, sem að því vann, lauk störfum árið 1969 og hafði þá samið till. að hlutafélagalögum fyrir öll Norðurlöndin að Íslandi undanskildu. Af Íslands hendi var nokkur þátttaka í þessu samstarfi. Ný lög um hlutafélög hafa svo tekið gildi í Danmörku 1974 og í Svíþjóð og í Noregi að ég hygg á þessu ári. Lög þessi eru að talsverðu leyti byggð á þeim till. sem fram komu 1969, en allmikillla frávika gætir þó. T. d. urðu Danir við setningu þeirra laga að taka tillit til þátttöku sinnar í Efnahagsbandalaginu.

Löggjöf um hlutafélög hefur þannig undanfarin ár verið í allsherjarendurskoðun á Norður-

löndum sem nú er lokið, og hafa þessi lönd þó búið við mun yngri og fullkomnari löggjöf á þessu sviði en Islendingar.

Við samningu þess frv., sem hér liggur fyrir, hafa hinar samnorrænu till. verið lagðar til grundvallar, en þó hefur verið höfð mest hliðsjón af dönsku tillögunum. Að sjálfsögðu hefur verið reynt að taka tillit til og líta til íslensks fjárhagskerfis og þjóðfélagshátta. Nokkurra upplýsinga hefur verið aflað um íslensk hlutafélög, eftir því sem tök hafa verið á, en engar heildarskýrslur eru til um þau, t. d. um skiptingu þeirra eftir atvinnuvegum, upphæð hlutafjár, fjölda starfsmanna eða annað það sem skipt gæti máli. Um fjölda hlutafélaga er það að segja, að í ársbyrjun 1972 voru skráð hlutafélög hér á landi um 3100, eftir því sem næst verður komist. Hafa ber þó í huga að ætla má að skráður sé verulegur fjöldi hlutafélaga sem hætt eru allri venjulegri starfsemi.

Undanfarin ár hafa hér á landi verið skráð um það bil 200 hlutafélög árlega. Varðandi þá spurningu í hvaða atvinnugreinum hlutafélagaformið sé einkum notað, þá má ætla að það sé mjög algengt réttarform fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu, siglingum, loftflutningum, í iðnaði, við mannvirkjagerð, svo sem byggingar, byggingastarfsemi og verktakastarfsemi ýmiss konar. Hins vegar gætir þessa réttarforms tiltölulega minna í verslun og þjónustustarfsemi þó að það sé líka einnig þar nokkuð notað.

Þetta voru aðeins fáein orð um þróun löggjafar um hlutafélög. Áður en ég vík að efni frv. sérstaklega og helstu breytingum, sem felast í því, vil ég fara nokkrum orðum um hlutafélög almennt og hlutverk þeirra.

Það hefur stundum verið haft á orði að í hlutafélögum sé ýmiss konar fjármálaleg misnotkun og jafnvel ýmiss konar spilling og þetta form væri haft að hálfgerðu yfirvarpi og væri misnotað. Talað hefur verið um gervihlutafélög, og eru þá sjálfsagt einkum höfð í huga fyrirtæki eða hlutafélög sem eru í eigu mjög fárra manna og í rauninni fjölskyldufélög. Þessi háttur mun nokkuð hafa tíðkast hér og hann hefur einnig tíðkast erlendis. Þetta hefur leitt til þess að sumir hafa haft hálfgerðan ímugust á þessum fyrirtækjum, og þessara sjónarmiða gætir talsvert enn þá.

E. t. v. eru að einhverju leyti ástæður til þessarar tortryggni á þessu félagsformi. En ef þessar skoðanir kynnu að eiga rétt á sér og hafa við einhver rök að styðjast, sem ég legg ekki neinn dóm á, dregur það auðvitað síst úr því að ný endurskoðuð löggjöf sé sett um þetta fyrirtækjaform. Þvert á móti þá ýtir það auðvitað mjög undir þá skoðun að endurskoðun sé nauðsynleg og setning nýrrar löggjafar um þetta efni sé tímabær.

Skipulag hlutafélaga er nú á tímum ekki takmarkað við hefðbundna þætti, ef svo má segja, svo sem tengslin milli stjórnar félags og hluthafafunda, stöðu minni hl. gagnvart meiri hl., samskipti einstakra hluthafa o. s. frv. Þau sjónarmið hafa komið fram að almenningur og starfsfólk félaganna eigi að fá meiri upplýsingar um þau og rekstur þeirra. Einnig er um að ræða skoðanir um að starfsmenn eigi að hafa bein áhrif á ákvarðanatöku í þessum félögum. Um atvinnulýðræði hafa orðið allmiklar umræður hér á landi undanfarið. A þessu þingi hafa þegar verið lögð fram nokkur frv. þm., sem lagu fyrir síðasta þingi reyndar líka, en voru þá ekki útrædd, og varða einmitt þátttöku starfsmanna í stjórn fyrirtækja. Meðal frv. er að finna frv. til laga um breyt. á gildandi lögum um hlutafélög og varðar það aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga. I þessu sambandi vil ég taka það fram, að ekki eru bein ákvæði í þessu frv. er lúta að þátttöku starfsmanna í stjórn hlutafélaga.

Eg fyrir mitt leyti hygg að heppilegast sé að hið svonefnda atvinnulýðræði verði rætt sérstaklega, en ekki blandað inn í umr. um almenna hlutafélagalöggjöf, enda er atvinnulýðræði alls ekki takmarkað við fyrirtæki í hlutafélagaformi. En vitaskuld er það eitt af þeim álitaefnum sem sú n., sem fær frv. þetta til meðferðar, hlýtur að taka til athugunar, hvort sé rétt að taka inn í frv. ákvæði sem lúta að þátttöku starfsmanna í stjórn félags og ákvörðunartöku.

Almennt er viðurkennt að hlutverk hlutafélaga sé ekki aðeins að stuðla að sem mestum hagsbotum fyrir hluthafana, heldur gegni þau þýðingarmiklu hlutverki í atvinnu- og efnahagslífi þjóða. Svo hefur það og reynst hér á landi. Þetta félagsform hefur skipt miklu máli fyrir atvinnurekstur hér á landi og gerir það enn í dag, og má sjálfsagt raunar segja að það gegni vaxandi hlutverki.

Frumhlutverk hlutafélagalöggjafar er að gera hlutafélagaformið að eftirsóknarverðu réttarformi fyrir atvinnurekstur. Slík löggjöf hefur því verulega þýðingu, bæði fyrir almenna þjóðfélagshagsmuni og fyrir starfsmenn slíkra félaga.

Þegar ég mælti fyrir þessu frv. á síðasta þingi fór ég nokkrum orðum um þær ástæður sem helst réðu því að hlutafélagsform væri valið. Ég endurtek það ekki hér heldur vísa til þess sem ég þá sagði um það. Sennilega er höfuðástæðan fyrir því, hve mikið það er notað, að ábyrgð einstakra þátttakenda á skuldbindingum félagsins er takmörkuð í þessu félagsformi. Einnig minntist ég þá nokkuð á opinbera verðbréfamarkaði eða kaupþing og ástæðu fyrir því að slík viðskipti hafa ekki tíðkast neitt að ráði hér. Ég sé ekki heldur ástæðu til að fara að endurtaka það sem ég sagði um það efni þá, heldur vísa til þess sem ég greindi þá frá.

Ég skal þá gefa örstutt yfirlit um efni frv., en mun síðan aðeins drepa á helstu breytingar sem felast í frv. frá gildandi lögum, en endurtek að þar er að sjálfsögðu ekki hægt að gera annað en stikla á stóru og ekki unnt að flytja nokkra tæmandi grg. En í aths. eru þær breytingar raktar og gerð grein fyrir því, að hvaða leyti frv. víkur frá gildandi lögum.

Þetta frv. er alls 160 gr., en gildandi lög eru um 60 gr. Þessi lengd og ítarleiki er í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í þessum efnum. Það, sem einkum veldur því að frv. er svo miklu meira að vöxtum en gildandi lög, er að í frv. er fjallað um mýmörg málefni, sem lítið eða ekkert er minnst á í gildandi lögum, og einnig er fjallað mjög ítarlega um ýmis atriði sem nokkur ákvæði eru þó um í þeim lögum er nú gilda.

Frv. er í 19 köflum. Í I. kafla eru 4 ákvæði um gildissvið frv., skilgreining hugtaksins hlutafélag og fjallað um svokallaða samstæðu hlutafélaga. Í II. kafla eru ítarleg ákvæði um stofnun hlutafélaga. Í III. kafla eru ákvæði um greiðslu hlutafjár. IV. kaflinn hefur að geyma ýmis ákvæði sem snerta hlutafé, hlutabréf og hlutabréfaskrá, sérstaklega fjallað um hækkun og lækkun hlutafjár svo og eigið hlutafé. Í V.—VII. kafla er fjallað um félagsstjórn og hluthafa. Um félagsstjórn og hluthafa. Um félagsstjórn og hluthafafundi eru settar ítarlegar reglur í VIII. og IX. kafla og eru þær flestar nýmæli. Í X. og XI. kafla eru ákvæði um endurskoðun og ársreikninga hlutafélaga og er þar um að ræða miklu nákvæmari ákvæði en nú gilda. En einnig er þar um nýmæli að ræða. Um arðsúthlutun og varasjóði o. fl. eru settar reglur í XII. kafla. XIII. og XIV. kafli fjalla um slit hlutafélaga og samruna þeirra. Um skaðabótaskyldu stofnenda, stjórnarmanna og annarra gagnvart hlutafélagi er fjallað í XV. kafla. XVI.—XIX. kafli hafa að geyma ákvæði um erlend hlutafélög, skráningu hlutafélaga, refsingar og önnur atriði.

Ég skal þá víkja örlítið að einstökum breytingum.

Í 1. gr. frv. er sérstök ástæða til að vekja athygli á tveimur mikilvægum breyt. frá gildandi lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til að lágmarksfjárhæð hlutafjár verði ákveðin 1 millj. kr., en samkvæmt gildandi lögum er lágmarksfjárhæð hlutafjár 2000 kr. Sú fjárhæð er nú augsýnilega orðin allt of lág miðað við verðlagsþróun sem átt hefur sér stað. En vel má vera að ýmsum sýnist að sú fjárhæð, sem tiltekin er í frv., sé of lág. Þetta er eitt þeirra atriða sem auðvitað er fullkomið álitamál hvar eigi að setja lögskipun og verður að sjálfsögðu eitt þeirra atriða sem n. tekur til athugunar.

Í öðru lagi eru gerðar ríkari kröfur til fjölda hluta og hluthafa en nú eru í gildi, þar sem nú er það svo að fimm menn geta stofnað hlutafélag, og er gert ráð fyrir að þeir skuli vera 10 eftir þessu frv. Auðvitað er þetta líka álitamál, hvaða tölu eigi þarna að setja. En sú stefnubreyting, sem þarna er um að tefla, að gera meiri kröfur til hluthafa er byggð á því að hamla gegn því að stofnuð séu hlutafélög sem ég vék aðeins að áður og stundum hafa verið kölluð gervihlutafélög.

Það eru gerðar nokkrar breytingar frá gildandi lögum varðandi skilgreiningu á hlutafélagi. Ég sé ekki ástæðu til að ræða það.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um það sem kallað er samstæður hlutafélaga. Víðar í frv. eru ákvæði um það fyrirbæri hlutafélaga og settar sérstakar reglur um það. Þetta er það sem kallað hefur verið á erlendu máli concern, en hér hefur verið kallað móður- og dótturfélög. Varðandi skilgreiningu á hugtakinu samstæða hlutafélaga er hér miðað við að meirihlutavald atkv. sé í höndum annars hlutafélags. Er þá talið að um þessa svokölluðu samstæðu hlutafélaga sé að ræða. Stundum hefur verið talað um samsteypur frekar en samstæður í þessum tilfellum. Hefur þótt hætta á því, að nokkur misnotkun gæti átt sér stað í sambandi við þess konar félagsform eða samstæður, og þess vegna hefur þótt nauðsynlegt að reyna að setja sérstakar reglur um þetta efni. Er gert ráð fyrir því í þessu frv. að gildi taki ýmsar breytingar frá því sem nú er varðandi aðferð og undirbúning að stofnun hlutafélags. T. d. er breytt ákvæðum um fjölda stofnenda, eins og ég minntist á áðan, og skilyrði þau, sem þeir þurfa að fullnægja. Samkv. gildandi lögum eiga stofnendur að vera fimm hið fæsta og lögráða menn, fjár síns ráðandi og að öðru leyti þeim kostum búnir er þeir skyldu hafa lögum samkv. til að reka í sínu nafni atvinnu fyrirhugaðs félags. Þeir eiga þær eignir sem félaginu er ætlað að eignast. Eins og áður er sagt skulu samkv. þessu frv. stofnendur vera hið fæsta tíu og hef ég rakið rökin fyrir því. En hér er ekki gerð sú krafa eins og í gildandi lögum, að um einstaklinga þurfi að vera að ræða, heldur geti ýmsir lögaðilar eða lögpersónur verið stofnendur, svo sem ríki, sveitarfélög, samvinnufélög, hlutafélög og fleiri aðilar. Er talið að kröfur tímans kalli á þessar breytingar, þar sem þróunin hefur færst í það horf að slíkir aðilar standa að og eru þátttakendur í hlutafélögum.

Um ákvæðin um stofnun hlutafélaga að öðru leyti er það að segja, að þau eru almennt ítarlegri og strangari en þær reglur sem nú gilda. Ástæðan er auðvitað sú, að það þykir einna mest hætta á misnotkun í sambandi við stofnun hlutafélaga og þess vegna nauðsynlegt að hafa þar um sem gleggstar reglur. En ég skal ekki fara út í að ræða þær frekar.

Ákvæði III. kafla um greiðslu hlutafjár eru mun ítarlegri en samsvarandi ákvæði í gildandi lögum. Markmiðið er að tryggja, eftir því sem kostur er, að hlutafélag fái fullgild verðmæti í samræmi við það sem skráð hefur verið um hlutafé. Ég vek sérstaka athygli á því nýmæli, að hlutafé skuli greiða í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu félags, en í gildandi lögum er ekki settur sérstakur frestur fyrir þessu.

Í IV. kafla, sem fjallar um hlutafé og hlutabréf og hlutabréfaskrá, er sitthvað nýtt sem ég rek ekki. Í gildandi lögum eru ófullkomin ákvæði um hækkun hlutafjár, en hins vegar hafa þau að geyma nokkuð nákvæmar reglur um lækkun hlutafjár. Varðandi hækkunina koma sömu sjónarmið til greina og við stofnun félags, og ber því að hafa vakandi auga á þeirri ráðstöfun. Sérstaklega ber að gæta að því, að áskrifanda séu tryggðar nauðsynlegar upplýsingar um hag félags. Enn fremur ber að taka tillit til eldri hluthafa og að félagið sjálft sé ekki hlunnfarið. Í frv. eru ýmsar nýjar reglur, sem eiga að tryggja hagsmuni þessara aðila sem ég hef hér nefnt, við hækkun hlutafjár.

Að því er aftur á móti varðar hlutafjárlækkun, þá eru í frv. nokkrar breytingar frá gildandi lögum. Sérstaklega má benda á að tæmandi reglur eru settar um það hvernig ráðstafa má lækkunarfjárhæðinni.

Tvær mikilvægar breytingar eru gerðar frá gildandi lögum að því er varðar eigin hlutabréf félags. Lagt er til að heimild til að veita hlutafélagi leyfi til að eiga sjálft meira en 10% af greiddu hlutafé sínu verði felld niður. En sú regla hefur skapast hér í þessum efnum, að ráðh. hefur leyft að hlutafélög ættu 30% af eigin hluta-

fé ef fjárhagur félaganna er talinn leyfa slíkt. Þessi venja, sem hefur tíðkast hér um langan aldur, er að ýmsu leyti óheppileg og því þykir rétt að afnema hana, en halda því ákvæði að hlutafélögunum sé aðeins heimilt að eiga 10% af greiddu hlutafé. Síðari breytingin er að atkvæðisréttur skal ekki fylgja eigin hlutabréfum félags, en gildandi lög leyfa það og fer þá félagsstjórn yfirleitt með atkvæðisrétt fyrir slík bréf.

Í VII. kafla eru allítarleg ákvæði um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og svokallaða fulltrúanefnd, störf þessara aðila og skiptingu starfanna, réttindi þeirra og skyldur. Gildandi lög eru mjög fáorð um þessi efni, en rétt er að vekja athygli á því, að ýmsu því, sem hér er lagt til að verði lögfest, mun fyrir venju fylgt hér á landi í framkvæmd, a. m. k. að verulegu leyti.

Í framsögu minni á þinginu í fyrra rakti ég helstu nýmælin í þessum kafla, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það allt hér, læt nægja að vísa til þess sem ég sagði þá. Ég vil þó minna á mikilvægt nýmæli sem e. t. v. er íþyngjandi, en það er skyldan til að ráða framkvæmdastjóra í stærri félögum. Í gildandi lögum er það algerlega frjálst hvort ráðinn er sérstakur framkvæmdastjóri eða ekki. Þarna er mörg nýmæli að finna um hluthafafundi, og ýmis ákvæði kaflans miða að því að auka og afmarka réttindi hinna einstöku hluthafa. Þar eru að sjálfsögðu einnig ákvæði sem eiga að tryggja rétt minni hl. hlutafjáreigenda, eiga að tryggja minni hl. hlutafjáreigenda ákveðna vernd. Ákvæði í þá átt koma reyndar víðar fram í frv., en það ætla ég ekki að rekja. En það má einmitt segja að það hefur þótt einn höfuðgalli á gildandi hlutafélagalöggjöf, að þar sé minni hl. ekki tryggð nægileg réttarvernd gegn ofríki meiri hl. og þess vegna séu hlutir þeirra, sem eru í minnihlutaaðstöðu, oft og tíðum heldur lítils virði.

Um endurskoðun og könnun reikninga eru mjög ófullkomin ákvæði í lögunum frá 1921. Um það efni fjallar X. kafli þessa frv. Segja má að mestur hluti kaflans sé nýmæli. Örfá atriði vil ég nefna sérstaklega. Er þar m. a. sérstaklega um að ræða ákvæði sem varða rétt minni hl. í sambandi við endurskoðun. Reglur eru um það að hlutafélög yfir ákveðinni stærð skuli kjósa löggiltan endurskoðanda. Ráðh. eru veittar ýmsar heimildir og hann ber ýmsar skyldur í sambandi við tilnefningu endurskoðenda þegar fyrirmælum frv. er ekki fylgt. Endurskoðendur skulu gera endurskoðunarskýrslur sem leggja skal fyrir aðalfund. Einnig skulu þeir færa endurskoðunarbók til notkunar fyrir stjórnina.

Engin ákvæði eru í gildandi lögum um efni ársreiknings og yfirleitt eru ákvæðin um hann mjög fábrotin og ófullkomin. XI. kafli, sem um ársreikninginn fjallar, er að mestu leyti nýmæli. Hér er um að ræða að mestu tæknileg bókhaldsatriði og ég fjölyrði ekki um það efni, en læt nægja að vísa til ákvæða kaflans og aths. við þau.

Í XII. kafla er fjallað um arðsúthlutanir og varasjóði. Ég læt einnig nægja að vísa til ákvæðanna í frv. og aths. við þær greinar frv.

Það eru ákvæði allítarleg sett um félagsslit, miklu ítarlegri en gildandi ákvæði, þó að það séu nokkur ákvæði um þau í gildandi hlutafélagalögum.

Í XIV. kafla eru sett ítarleg ákvæði um samruna hlutafélaga og vísa ég til ákvæða frv. um það. En samruni hlutafélaga getur haft raunhæfa þýðingu. Getur í sumum tilfellum verið ástæða til þess að gera ráð fyrir honum eða leyfa að hann geti átt sér stað.

Að því er varðar kaflann um erlend hlutafélög, þá eru þar nokkru ítarlegri ákvæði en í gildandi lögum og nokkur nýmæli.

XVII. kafli er um skráningu hlutafélaga. Þar er að finna mjög mikilvæga breytingu sem rétt er að undirstrika og vekja athygli á og líklegt er að nm. og þm. vilji athuga og hugsa sig um, og það er sú breyting að samkv. gildandi lögum er haldin sérstök hlutafélagaskrá fyrir hvert lögsagnarumdæmi, en frá því er horfið eftir þessu frv. og gert ráð fyrir því að það sé samin ein heildarskrá fyrir landið allt. Augljóst er að mikið hagræði er að því að hafa slíka heildarskrá og hafa efni um þetta á einum stað. En hitt má vera, að það geti orðið skiptar skoðanir um þetta og sjálfsagt má gera ráð fyrir því, að í þessu efni þurfi a. m. k. vissan aðlögunartíma.

Ég hef hér, eins og ég reyndar hef þegar sagt, ekki drepið á nema örfá atriði þessa frv. Það yrði allt of langt mál og þreytandi ef ætti að fara að rekja það ítarlega. Verður að treysta á að sá háttur gefist betur að þm. lesi frv. ítarlega og kynni sér það þannig og þær aths. sem því fylgja. En ef ætti að fara að gera ítarlega grein fyrir öllum ákvæðum frv. mundi það verða efni í mjög langan fyrirlestur sem tæplega er hægt að ætlast til að þm.. geti enst til að hlýða á.

Ég skal svo, herra forseti, ekki vera að fjölyrða meira um þetta frv., en vil segja það, að ég tel hér vera um mjög merkilegt mál að ræða. Ég tel mikla þörf á nýrri löggjöf um hlutafélög. Hitt skal ég ekki fullyrða, að hér hafi verið í öllum atriðum fundin sú rétta leið. En það þori ég að fullyrða, að í stórum dráttum er þetta frv. til mikilla bóta frá gildandi löggjöf um þetta efni. Ég vil því vonast til að þetta frv. geti með hliðsjón af því, að það var sýnt þm. í fyrra, fengið afgreiðslu á þessu Alþ., þó að mér sé mjög vel ljóst að það eru fjöldamörg atriði í því sem eðlilegt er að hv. þdm. þurfi að hugsa um og athuga.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 38). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum hv. þm. Alþb., þeim Geir Gunnarssyni, Helga Seljan og Stefáni Jónssyni, að flytja hér frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Í frv. þessu er lagt til að fjölga nokkuð þeim fyrirtækjum sem

greiða landsútsvör. Þessi fyrirtæki, sem hér er lagt til að bætist við í hóp þeirra sem greiða landsútsvör, greiða nú aðstöðugjöld til viðkomandi sveitarfélaga og svo að sjálfsögðu tekjuskatt til ríkisins svo fremi að um skattskyldar tekjur sé að ræða, en þau greiða ekkert til annarra sveitarfélaga í landinu þótt þau hafi sannarlega mikil viðskipti við fólk víðs vegar um land. Mjög mörg fyrirtæki hafa landið allt sem viðskiptasvæði, en hér er aðeins gerð till. um nokkur hin stærstu fyrirtæki og þá lagt til að þau greiði landsútsvör, en ekki aðstöðugjöld.

Þau fyrirtæki, sem till. fjallar um, eru í fyrsta lagi vátryggingafélögin, í öðru lagi flugfélögin, í þriðja lagi tvö stærstu skipafélögin: Eimskipafélag Íslands hf. og Hafskip hf., í fjórða lagi eru það Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Innkaupadeild Landssambands ísl. útvegsmanna, í fimmta lagi er um að ræða ferðaskrifstofur hér á landi og í sjötta lagi Samband ísl. samvinnufélaga.

Fyrirtæki, sem í dag borga landsútsvör, eru skilgreind í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, og í þessu samhengi er auðvitað sjálfsagt að gera örstutta grein fyrir því, hvaða fyrirtæki hér er um að ræða. En það eru samkv. 10. gr. laganna: Áfengis- og tóbaksverslunin og Sölunefnd varnarliðseigna, Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðjan, Síldarverksmiðjur ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, auk þess öll olíufélög og bankar. Þá eru upp talin þau fyrirtæki sem greiða í dag landsútsvör, og er að sjálfsögðu ljóst að hér er gerð till. um talsvert mikla viðbót við þann lista. Auk þeirra fyrirtækja, sem ég hef hér talið upp, greiða bankar landsútsvör, en það skilur á milli þeirra og þeirra fyrirtækja sem ég hef nú nefnt, að bankarnir greiða yfirleitt aðeins landsútsvar meðan hin fyrirtækin greiða í mörgum tilvikum önnur gjöld. Bankarnir greiða í dag samkv. 11. gr. tekjustofnalaga 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, svo sem segir í e-lið 11. gr. tekjustofnalaganna. Till. okkar er að þessi fjárhæð verði hækkuð, nánar tiltekið tvöfölduð, þannig að um verði að ræða að bankarnir greiði 2% af mismun á útláns- og innlánsvöxtum.

Rétt er að taka það fram, að til greina gæti komið að hafa þau fyrirtæki allmiklu fleiri en hér er gerð till. um sem greiða ættu landsútsvör, því að hér hafa aðeins verið tekin nokkur hin stærstu, en eftir eru fjöldamörg fyrirtæki sem hafa landið allt sem viðskiptasvæði og greiða þó aðeins aðstöðugjald til viðkomandi sveitarfélags. Félög, sem einkum koma til greina í þessu sambandi, eru heildverslanirnar, sem langflestar eru staðsettar hér í Reykjavík, þar með talin ýmiss konar innflutningsfyrirtæki, t. d. öll bifreiðaumboðin og ýmis innkaupasambönd, eins og t. d. Innkaupasamband matvörukaupmanna, svo að dæmi sé nefnt, eða Innkaupasamband bóksala, svo að annað dæmi sé nefnt. Þá gætu einnig komið til greina ýmis flutningafyrirtæki á landi og sjó sem ekki eru tilnefnd í þessu frv. Þar eru aðaðeins nefnd þau stærstu, þ. e. a. s. flugfélögin og tvö stærstu skipafélögin. En til viðbótar gætu komið fjöldamörg önnur fyrirtæki, t. d. hin fjöldamörgu landflutningafyrirtæki sem fyrst og fremst hafa landsbyggðina fyrir þjónustusvæði, en eru hins vegar með aðalmiðstöð hér í Reykjavík og greiða aðstöðugjald til Reykjavíkurborgar, — fyrirtæki eins og Vöruflutningamiðstöðin, Landflutningar, Landleiðir og auk þess bílaleigur. Þar sem erfitt er hins vegar að draga mörkin með skýrum hætti var talið a. m. k. á þessu stigi málsins eðlilegast að gera hér einungis till. um stærstu félögin. Enn einn fyrirtækjahópur, sem þarna ætti að sjálfsögðu heima, eru dagblöðin sem öll eru gefin út í Reykjavík og greiða því einungis gjöld til Reykjavíkurborgar, en hafa hins vegar landið allt sem viðskiptasvæði og ættu því að greiða í sameiginlegan sjóð sveitarfélaganna.

Eins og flestum er ljóst miðar frv. þetta að því að gera tekjur sveitarfélaganna jafnari en þær eru nú, en staðreyndin er sú, að hvað varðar tekjur sveitarfélaga er um mjög mikinn mun að ræða nú. Ég tel mér skylt að nefna hér nokkur dæmi þessu til sönnunar. Ég hef aflað mér upplýsinga úr skýrslum Hagstofu Íslands sem birtar eru að staðaldri í Hagtíðindum um sveitarsjóðareikninga, þar sem fram kemur hverjar eru tekjur hinna ýmsu sveitarfélaga í landinu, og með samanburði við íbúatölu er þá hægt að sjá hver munurinn er á tekjum sveitarfélaga. Það kemur í ljós að munurinn er mjög mikill í einstökum tilvikum, og vil ég nefna hér árið 1975 sem dæmi, nýjasta dæmið sem tiltækt er.

Á árinu 1975 voru tekjur Reykjavíkurborgar á hvert mannsbarn í borginni 73600 kr., en auðvelt er að benda á ýmsa kaupstaði í landinu sem höfðu ekki nema um 60 þús. kr. tekjur á hvert mannsbarn og allt niður í 56200 kr., sem munu vera lægstu tekjurnar, en það var hjá Ólafsfjarðarbæ. Margir aðrir staðir eru einnig lágir, eins og t. d. Neskaupsstaður með 58 þús., Hafnarfjörður með 60 þús., Siglufjörður með 68 þús. og Sauðárkrókur með 63 þús. Í heildina tekið var Reykjavíkurborg með 12.5% hærri tekjur á hvern íbúa en aðrir kaupstaðir í landinu. Ef einungis er hins vegar miðað við samanlagðar tekjur af útsvörum, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti verður munurinn enn þá meiri, og má þó ætla að sú viðmiðun sé að mörgu leyti eðlilegri, að einungis sé miðað við þessa þrjá megintekjustofna allra sveitarfélaga.

Tekjur Reykjavíkurborgar af útsvörum, aðstöðugjaldi og fasteignagjöldum á íbúa voru á árinu 1975 57900 kr., en tekjur annarra kaupstaða miðað við íbúatölu voru 48500 kr., þannig að tekjur Reykjavíkurborgar á hvern íbúa voru 19.4% hærri en tekjur annarra kaupstaða. Að sjálfsögðu eru þetta meðaltalstölur og munurinn er í mörgum tilvikum miklu meiri, því að meðan Reykjavíkurborg hafði í tekjur af útsvörum, aðstöðugjöldum og fasteignagjöldum 57900 kr. á íbúa á árinu 1975, þá má finna þess dæmi að einstök bæjarfélög hafi aðeins haft 41400 kr. á íbúa á þessu ári. Þannig var það um Ólafsfjarðarbæ. Og svo að annað dæmi sé nefnt, þá voru tekjur Hafnarfjarðarbæjar aðeins 47100 kr. á íbúa, Kópavogsbæjar 45900 kr., Siglufjarðarbæjar 43200 kr. Þarna er sem sagt munurinn enn þá meiri en í hinu tilvikinu. Þó verður munurinn auðvitað langsamlega mestur ef tekjur Reykja-

víkurborgar eru bornar saman við sveitahreppana í landinu, því að miðað við töluna 57900, sem voru tekjur Reykjavíkurborgar á íbúa af útsvörum, aðstöðugjöldum og fasteignasköttum á árinu 1975, þá er samsvarandi tala fyrir sveitahreppana í landinu aðeins 38900 kr. Hins vegar tel ég að viðmiðun við kaupstaðina sé að sjálfsögðu miklu eðlilegri. Viðmiðun við hreppana gefur ekki eðlilega útkomu vegna þess að þarfir sveitahreppa eru talsvert aðrar en kaupstaða og í mörgum tilvikum er þar um lægri álagningu að ræða á útsvörum en gerist og gengur í kaupstöðum.

Menn hljóta að spyrja, hver sé skýringin á þessum mikla mun. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að svarið hlýtur að felast að talsvert miklu leyti einmitt í því, að Reykjavíkurborg fær mjög verulegar tekjur af aðstöðugjöldum fyrirtækja sem þó hafa landið allt fyrir viðskiptasvæði, fyrir svo utan aðrar tekjur sem Reykjavíkurborg hefur af slíkum fyrirtækjum, eins og fasteignagjöld og tiltölulega há útsvör af starfsmönnum og a. m. k. stjórnendum slíkra fyrirtækja.

Í þessu sambandi er eðlilegt að spurt sé, hver áhrif frv. yrðu á tekjur Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga ef það yrði samþykkt. Skal nú gerð stuttlega grein fyrir því.

Á árinu 1976 féllu óskiptar í Jöfnunarsjóð sem landsútsvör 33.6 millj. frá bankakerfinu og í öðru lagi frá öðrum stofnunum 525.2 millj., þ. e. a. s. samtals 558.8 millj. sem komu sem landsútsvör í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Af þessari upphæð var langstærsta greiðslan frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins eða 236.8 millj. Ef við hins vegar spyrjum okkur að því, hver yrðu áhrif frv. til viðbótar því sem kemur í Jöfnunarsjóð nú þegar í gegnum landsútsvör, þá má ætla að fjármagnsflutningur úr aðstöðugjöldum í landsútsvör yrði um það bil 220 millj. kr. miðað við gjaldárið 1976. Þar af færi ¼ til viðkomandi sveitarfélags, þannig að ekki yrði um að ræða nema 165 millj. kr. sem raunverulegan tilflutning fjármagns sem kæmi til Jöfnunarsjóðs óskert. Tekjur Jöfnunarsjóðs mundu því hækka um 165 millj. kr. Vegna þess fyrirtækis, sem ég mun reyndar ekki hafa getið um þegar ég gerði grein fyrir frv. hér áðan, Fríhafnar á Keflavíkurflugvelli, en við gerum ráð fyrir að það fyrirtæki greiði einnig landsútsvar, bætast þar við 60 millj. kr. og síðan tvöföld sú upphæð sem ég nefndi áðan að kemur úr bankakerfinu, þ. e. 34 millj. Samtals gera þetta 259 millj. Af því hlyti Reykjavík aftur í sinn hlut, miðað við sína íbúatölu, 100 millj., þannig að mér reiknast til að tilfærsla fjármagns frá Reykjavíkurborg til annarra sveitarfélaga við samþykkt þessa frv. yrði 65 millj. kr., en í hlut annarra sveitarfélaga kæmu hins vegar 159 millj. Þarna yrði um einhverja svolitla tekjulækkun Reykjavíkurborgar að ræða. Miðað við sveitarsjóðareikninga á árinu 1975 yrði þar um að ræða lækkun á samanlögðum útsvörum, aðstöðugjöldum og fasteignagjöldum á hvern íbúa úr 57900 kr. í 57100 kr., þ. e. a. s. þar yrði aðeins um 800 kr. lækkun á hvern íbúa. En tekjuhækkun annarra sveitarfélaga mundi væntanlega nema um 1200 kr. á hvern íbúa.

Af þessum tölum má því sjá, að ekki yrði um að ræða að mismununin, sem nú er ríkjandi milli sveitarfélaganna, yrði leiðrétt með þessari breytingu. Kaupstaðirnir mundu sem sagt hækka miðað við tölurnar frá 1975 í 50 þús. kr. á hvern íbúa, en Reykjavík stæði áfram í 57100 kr., miðað við gjöldin eins og þau voru á árinu 1975, og hreppar færu upp í 40 þús. Það væri sem sagt áfram 7000 kr. munur á íbúa. Ég vil því undirstrika það, að til þess að ná eðlilegri jöfnun milli sveitarfélaga þyrfti að vera um að ræða miklu róttækari aðgerðir en hér er gerð till. um. En hitt er ljóst, að samþykkt till. er þó a. m. k. spor í rétta átt.

Ástæðan til þess, að þessi leiðrétting dregur ekki lengra til jöfnunar en ég hef nú gert grein fyrir, er sú sem ég hef nú reyndar þegar nefnt, að ekki er hér gerð till. nema um hluta þeirra fyrirtækja sem hafa landið allt sem viðskiptasvæði og eftir sitja þrátt fyrir þennan frv.-flutning öll heildsölufyrirtækin í Reykjavík sem greiða hér aðstöðugjald. Í öðru lagi er um að ræða að öll þau fyrirtæki, bæði þau, sem nefnd eru í frv., og þau, sem eru í núverandi lögum, greiða fasteignagjöld af stóreignum sínum til Reykjavíkurborgar. Og svo er í þriðja lagi, að bæði forustumenn og stjórnendur þessara fyrirtækja greiða hlutfallslega há útsvör.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að að sjálfsögðu falla ýmis gjöld á Reykjavíkurborg vegna þess að hún er höfuðborg, — gjöld sem önnur sveitarfélög greiða ekki, og er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að Reykjavíkurborg hafi einhverjar aukatekjur þar á móti. En ég vil hins vegar leggja áherslu á að það er ekkert sem réttlætir þann gífurlega mun sem er annars vegar á tekjum Reykjavíkurborgar vegna núgildandi skattalaga og tekjum annarra sveitarfélaga, og á ég þar alveg sérstaklega við aðra kaupstaði í landinu sem að flestu leyti hafa mjög svipaðar þarfir og Reykjavíkurborg þótt þar séu að sjálfsögðu nokkrar undantekningar.

Ég vil svo að lokum segja það, að þó að ég hafi fjölyrt hér um þann mun sem er á tekjum Reykjavíkurborgar annars vegar og annarra sveitarfélaga í landinu hins vegar, þá er það ekki svo að þessi munur sé nýr af nálinni. Þessi munur hefur oft verið mikill og lengi var hann miklu meiri en hann er nú. Ég get upplýst það hér, að í sveitarsjóðareikningum fyrir árin 1953—1962, sem Hagstofa Íslands hefur gefið út, kemur fram á bls. 15 að rekstrartekjur Reykjavíkurborgar voru árið 1962 á hvern íbúa 5077 kr., en rekstrartekjur á íbúa í öðrum kaupstöðum 4309 kr. Þá var munurinn 15.5%. Eftir því sem leið á seinasta áratug fór hins vegar þessi munur vaxandi af ýmsum ástæðum, sennilega vegna vaxandi álagningar aðstöðugjalda. Og árið 1965 er þessi munur orðinn 32%, tekjur Reykjavíkurborgar orðnar 32% meiri en meðaltalstekjur annarra kaupstaða í landinu. Árið 1968 er þessi tala komin upp í 43% og helst í svipaðri hæð allt þar til vinstri stjórnin kemst til valda. Á seinasta ári viðreisnarstjórnarinnar, árinu 1971, voru tekjur annarra kaupstaða en Reykjavíkurborgar 978 millj. 698 þús. kr. og íbúar 61025. Útkoman var sem sagt að tekjur á íbúa í öðrum kaupstöðum voru 16037. Í Reykjavík voru samsvarandi tölur 1879 millj. 665 þús., og íbúatalan var 81684,

þannig að tekjur Reykjavíkurborgar á hvern íbúa voru 23011 kr. Reykjavíkurborg hafði á því ári 43% hærri tekjur en önnur sveitarfélög. Og athyglisvert er, að það eru einmitt sveitarfélögin hérna í grennd við Reykjavík sem hnappast saman í hóp þeirra sveitarfélaga sem hvað lægst eru.

Í tíð vinstri stjórnarinnar varð veruleg breyting í þessum efnum — mjög veruleg — þegar hætt var að leggja sérstök útsvör á félög og fasteignaskattur var tekinn upp. Það var allmikil breyting sem þá var gerð og snerti ekki hvað síst tekjur sveitarfélaga í jöfnunarátt. Ég tel að einmitt sú hlið skattbreytingarinnar, sem gerð var á fyrsta starfsári vinstri stjórnarinnar, hafi verið einhver mikilvægasta breytingin sem gerð var á skattkerfinu í tíð þeirrar stjórnar. Þetta jafnaðist þá verulega og mörg sveitarfélög, sem þá voru bókstaflega talað mjög illa stæð, réttu talsvert mikið úr kútnum í framhaldi af þeirri breytingu. En eins og ég hef nú þegar rakið, er langt í frá að nokkuð sé farið að nálgast jöfnuð í þessum efnum og einmitt þess vegna er þessi till. flutt.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til félmn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni á mörgu því sem kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., í hans málflutningi. Það er e. t. v. ekki ástæða fyrir mig að undrast, þegar tekjustofna er leitað, að það skuli án undantekninga, má segja, vegið í sama knérunn og þá helst skattlagningu á þau fyrirtæki eða þá starfsemi sem fer fram í Reykjavík. Ræða hv. þm. var þess eðlis, að ég mun óska eftir að fá hana nú að þessum umr. loknum til athugunar og áskil mér rétt til að svara henni við 2. umr. Mér þótti vænt um að hann áttaði sig á tímabili á því, að Reykjavík hefur ekki ein landið allt sem viðskiptasvæði þótt mörg fyrirtæki séu staðsett hér og heimilisföst, en aftur á móti hefur landið allt höfuðborgina eina til að beina athygli sinni að. Og því fylgja skyldur, það er alveg rétt. Ég fagna því að hann skuli hafa áttað sig á því. Og þær höfuðborgarskyldur ber Reykjavík með ánægju, þó að þær kosti peninga, og þær verða vonandi áfram á herðum Reykjavíkurborgar. Næsta skrefið er kannske að stinga upp á að eitthvert annað byggðarlag verði höfuðborg, og það væri jafnvel æskilegt að það kæmi fram. Í þessu tilfelli á þetta að kosta Reykjavík 65 millj. En þó ganga till. ekki nógu langt, þær þurfa að vera róttækari, sagði flm.

Það er eins gott að Reykvíkingar átti sig á því einmitt á þessum tímamótum sem við stöndum nú á, að þessi breyting til hins verra fyrir Reykjavíkurborg átti sér fyrst og fremst stað þegar vinstri stjórnin tók við völdum. Ég óska eftir því, ef hv. 1. þm. Reykv. er hér einhvers staðar í kallfæri, að hann taki nú þátt í þessum umr. eða sendimenn hans frá Morgunblaðinu birti þetta, þannig að fólk viti það. En ég geri ekki ráð fyrir að þeir hafi eyru fyrir þessari deild frekar en vant er.

Að öðru leyti vil ég segja það, að þetta er nýr auðlindaskattur sem á að leggja á fyrirtæki vegna þess að þau eru í Reykjavík, og um það vil ég segja að mér bregður ekkert, ég hef heyrt þetta áður. En ég vil endurtaka: Ég ætla að fá afrit af þessari ræðu hv. flm. og lesa hana vel yfir og reyna að komast fram úr þeim tölum sem hann var með, vita hvað er rétt og hvað er rangt í þeim og svara honum þá betur við 2. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það gætir nokkurs misskilnings hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, 12. þm. Reykv., að hér sé um að ræða till. um nýjan skatt á fyrirtæki í Reykjavík. Samkv. þessu frv., ef það er vandlega lesið, munu þau fyrirtæki, sem nefnd eru í frv., ekki greiða meiri gjöld en þau greiddu áður. (Gripið fram í.) Já, frv. snýst um það að fyrirtækin sleppi við að greiða aðstöðugjöld, en þau greiði samsvarandi fjárhæð sem landsútsvör til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá yrði sú regla viðhöfð eins og verið hefur, að fjórðungur greiðslunnar kæmi í hlut viðkomandi sveitarfélags, en ¾ færu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og af þessum ¾ fengi síðan Reykjavíkurborg sinn réttláta hlut, væntanlega um 40% af þessum ¾ í hlutfalli við íbúatölu sína miðað við íbúafjölda landsins. Það er hins vegar alveg rétt til getið hjá hv. þm., að frv. felur það í sér að í hlut Reykjavíkurborgar kemur heldur minni upphæð en Reykjavíkurborg fær í dag. Ég taldi mig rökstyðja það allítarlega, að þrátt fyrir þessa breytingu yrði áfram um að ræða allverulega forréttindaaðstöðu Reykjavíkurborgar í tekjuöflun og breytingin fæli ekki í sér þá verulegu röskun á tekjum Reykjavíkurborgar sem leiddi til þess að sveitarfélögin sætu öll við sama borð. Því miður teljum við flm. ekki raunhæft að stilla dæminu á þann veg. Við viljum fyrst láta á það reyna, hvort menn teldu ekki sanngjarnt að þau fyrirtæki, sem þarna eru nefnd, greiddu til Jöfnunarsjóðs.

Ég vildi minna á það, að í frv. er hvergi minnst á Reykjavíkurborg. Frv. á almennt við félög af þessu tagi. T. d. ef Samband ísl. samvinnufélaga ákvæði að hafa aðalskrifstofur sínar í einhverju öðru sveitarfélagi með hliðsjón af því að sennilega er talsverður meiri hluti af viðskiptum Sambands ísl. samvinnufélaga við íbúa í öðrum sveitarfélögum en í Reykjavík, þá mundi það vera það sveitarfélag sem missti spón úr aski sínum. Einnig er vel hugsanlegt að einhver fyrirtæki, sem nefnd eru í þessari upptalningu, eigi aðsetur í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík. Það hef ég ekki kannað neitt sérstaklega, enda skiptir það í sjálfu sér ekki máli. Frv. er þess vegna mjög almenns eðlis og snertir ekki Reykjavíkurborg nema óbeint.

Ég tel hins vegar mjög nauðsynlegt að hv. þm. Albert Guðmundsson, sem þar að auki er borgarráðsmaður í Reykjavík, fái tækifæri til að kynna sér efni þessa frv. Ég vil með hliðsjón af orðum hv. þm. mælast til þess við forseta að umr. verði frestað, þannig að hv. þm. fái tækifæri til að kynna sér betur frv., því að eins og menn heyrðu áðan var ekki um að ræða rökstuddar aths. hjá honum og kannske ekki að vænta þess, þar sem hv. þm. hafði ekki haft neitt tækifæri til að kynna sér þessar tölur. Þess vegna fer ég þess á leit við hæstv. forseta að hann fresti umr.

Umr. frestað.

Neðri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 29). — Frh. 1. umr.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Þar var frá þessu máli horfið á fundi hv. d. í fyrradag, að hv. 5. þm. Vesturl. hafði borið mér á brýn herfilegan útúrsnúning á sínu máli um frv. um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég legg það undir dóm þeirra sem kunna að vilja hafa fyrir því að kynna sér ræður okkar beggja á þeim fundi, hvort ég hafi haft útúrsnúning í frammi eða annan þann óheiðarleika í málflutningi sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði að ég hefði gert mig sekan um.

Hans óbreytt orð voru þau, að ég hefði sýnt mig að því í þessari umr. að vera orðinn „snillingur að snúa út úr" og væri það slæm afturför frá því fyrir aldarfjórðungi þegar við hv. 5. þm. Vesturl. vorum samstarfsmenn við Þjóðviljann, þá hefði ég ekki verið að bregða fyrir mig slíkum brögðum. Ég neyðist þess vegna til að rifja upp í sem allra stystu máli hvað það var, sem ég gerði athugasemdir við í máli hv. þm.

Hann hafði í sinni tölu bent á það og haldið því fram, sem oftar hefur heyrst af hógværð hans og lítillæti, að leiklistarstarfsemi og sérstaklega leikritagerð sé vaxtarbroddur listanna í landinu um þessar mundir og það svo mjög, að leiklistinni verði ekki með sanni við annað frekar jafnað en blómaskeið fornbókmennta okkar aftur í öldum. Og í sambandi við þetta hafði hann látið í ljós, að fjárframlag ráðgert til Sinfóníuhljómsveitar væri í litlu samræmi við það sem varið væri sér í lagi til leiklistarstarfsemi áhugamannafélaga um land allt, og bar þær tölur saman.

Þetta taldi ég bera því vott að hv. þm. væri með slíku að telja eftir framlagið til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, vegna þess að það nær ekki nokkurri átt að bera saman þann þátt í framlögum til tónlistar, sem felst í kostnaði við störf Sinfóníuhljómsveitar Íslands annars vegar og hins vegar fjárframlög til leikstarfsemi áhugamanna. Ef þarna á að bera saman það sem sambærilegt er í raun og sannleika, þá er það annars vegar Sinfóníuhljómsveit Íslands og hins vegar Þjóðleikhúsið, og ég benti á að þar hallaðist nú síður en svo á á þann veg að leiklistin væri vanhaldin, þvert á móti fengi hún rúmlega fjórfalt hærri fúlgu, þar sem Þjóðleikhúsið væri, heldur en Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að í þessu felist útúrsnúningur eða rangfærsla, því mótmæli ég gersamlega.

Í framhaldi af þessu hafði hv. 5. þm. Vesturl. enn ýmis orð um listastarfsemi af mismunandi tagi, og þau bera því vott að mínum dómi, að hvað sem líður þróun innrætis okkar hv. þm. s. l. aldarfjórðung, þá hefur okkur vissulega hrakað í ýmsu, og þessi ummæli hv. þm. fundust mér bera því næsta glöggan vott, að hann bagaði orðið hættuleg nærsýni í listum. Hann virtist helst ekki annað sjá en leikhús og leikstarfsemi og smávegis fjöldasöng út um augnakrók á öðru auga, og ég tel að slíkt mat sé rangt og leiði ekki til góðs.

Í einu var þó hv. þm. tvímælalaust við sama heygarðshornið og fyrir aldarfjórðungi. Það var þegar hann fór um það mörgum orðum og tefldi hvoru gagnvart öðru, því sem hann kallar annars vegar „menningarfólk" eða „intelligensíu" og hins vegar alþýðu. Það var einn af ósiðum persónu sem Gallharður nefndist og kom mjög við sögu í Bæjarpósti Þjóðviljans fyrir nokkrum áratugum, að hann var alltaf að tala í nafni fólksins og nafni alþýðunnar, þótt þar væri ekki annað á ferðinni en einkaskoðanir persónuklofnings eins starfsmanns blaðsins um þessar mundir. Bar þá svo við að kunnur maður, gott skáld og alþýðumaður í bak og fyrir, tók sig til og skrifaði í Bæjarpóst ádrepu um ósiði Gallharðs þessa og sljákkaði þá nokkuð í kauða. Nú virðist þessi málflutningur Gallharðs sáluga afturgenginn hjá hv. 5. þm. Vesturl. þegar hann lætur svo sem andstæða sé annars vegar milli menningarstarfsemi og þess sem hann kallar menningarfólk og hins vegar alþýðu. Þetta er hið versta öfugmæli og hefur sem betur fer ætíð verið hér á landi, því að aðalsmerki íslenskrar menningar er að hún hefur ætíð og ævinlega fyrr og nú verið alþýðumenning, en ekki menning fámenns úrvals sem þekkist vissulega frá öðrum löndum.

Ég tel að það sé ekki til eftirbreytni að taka upp málflutning þeirra sem hafa legið á því lagi, einkum valdhafar á sumum slóðum, að upphefja eigin smekk og eigin hagsmuni til drottnunar í menningarmálum með þeim rökum að þeir séu á einhvern dularfullan hátt sjálfskipaðir til þess að tala fyrir munn alþýðunnar og bera hennar smekk til sigurs í menningarmálum. Heimsbyggðin hefur nýlega mátt horfa upp á hróplegt dæmi af þessu tagi þegar kona nokkur austur í Kína, sem nú er orðin ekkja, notaði stöðu manns síns til þess að gerast einvaldsherra yfir listum í því mikla landi, auðvitað í nafni alþýðunnar, og sérstaklega varð tónlistin fyrir barðinu á henni. Þar gerðist hvorki meira né minna en að vestræn tónlist, sem hafði fengið nokkra hylli meðal þessarar fjölmennustu þjóðar heims, var bannfærð um árabil samkv. strangri stéttarlegri skilgreiningu sem mjög er iðkuð bæði þar eystra og jafnvel af sumum hér um slóðir, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni. Sú stéttarlega skilgreining var í stórum dráttum á þá leið, að t. a. m. 18. aldar tónskáld vestræn, eins og Haydn og Mozart, þau væru örgustu talsmenn lénsaðalsins. Nokkru seinna komu til sögunnar menn eins og Schubert og Beethoven. Auðvitað voru þeir fulltrúar hinnar spilltu borgarastéttar vesturlanda og alls þess versta sem hún átti til í fari sínu, að dómi frú Sjang Sjing. Þó tók nú fyrst í hnúkana þegar nær dró okkar tíma. Þar hafði tónskáld að nafni Debussy, sem starfaði um síðustu aldamót, fengið nokkrar vinsældir í Kína, en hann var nú aldeilis strikaður út af tónleikaskrá þar. Sýnt var fram á það með miklum lærdómi og harðsnúnum fræðilegum rökum að hann væri fulltrúi einokunarauðvaldsins, hæsta og versta stigs auðvaldsins, í tónlistinni.

Nú er frú Sjang Sjing fallin frá völdum þar eystra og það er aftur farið að leika vestræna tónlist í kínverskum hljómlistarsölum, þessi þröngsýni og einstefna, sem í frammi var höfð með því að leggja nafn kínverskrar alþýðu við hégóma, er úr sögunni. Því meiri ástæða er til þess

fyrir þá hér um slóðir, sem verða varir við í fari sínu tilhneigingar til þess að gerast sjálfskipaðir talsmenn tiltekinna þjóðfélagshópa í listum og listasmekk, að varast slíkt forræði.

Þá fékk ég ekki annað skilið á máli hv. þm. en að blómlegt leiklistarlíf í landinu um þessar mundir væri sér á parti og næstum einsdæmi. Ég vil því benda honum á að ekki hefur síður tónlistarlíf og tónlistariðkun blómstrað á síðustu áratugum, og er þar um að ræða að mínum dómi enn meiri umskipti heldur en í leiklistarmálum, þó aukinn viðgangur þeirra sé vissulega gleðiefni. Það eru ekki mörg ár síðan sú hreyfing hófst sem nú hefur orðið til þess að tónlistarskólar starfa í næstum hverju lögsagnarumdæmi landsins, ég held öllum kaupstöðum og flestum sýslum. Þetta eru fjölsóttir skólar, og það er öðru nær en það sé fólk af einhverju sérstöku þjóðfélagslegu sauðahúsi sem sækir þessa skóla. Þangað koma sem betur fer börn fólks af öllum stéttum og stigum og iðka sína tónlist. Tónlistin hefur einnig blómstrað í skólunum sjálfum, þar sem henni er best sinnt, því bera vott skólahljómsveitir ágætar sem víða starfa. Og það er ekki rétt að verkalýðshreyfingin hafi engri listgrein sinnt í landinu nema leiklistinni. Það hefur hún vissulega gert á lofsamlegan hátt, eins og hv. 5. þm. Vesturl. færði fram dæmi um, en verkalýðshreyfingin hefur einnig sinnt tónlist. Hv. þm. ætti t. a. m. að vera kunnugt um Lúðrasveit verkalýðsins þar sem nákomnir menn honum hafa komið fram af mikilli prýði, og söngflokka góða hefur verkalýðshreyfingin einnig haft á sínum snærum.

Mergurinn málsins er sá, að það á að vera hverjum og einum í sjálfsvald sett hvaða listgreinar hann iðkar eða hvaða listum hann vill ljá athygli. Það nær ekki nokkurri átt fyrir mig eða hv. 5. þm. Vesturl. eða aðra að ætla að fara að draga fólk á einhverjar sérstakar sýningar, samkomur eða hljómleika. Það á að ráða þessu sjálft, af hvaða stigum sem það er. Það er engin þörf á neinum sjálfskipuðum menningarsmölum í íslensku þjóðfélagi sem betur fer.

Hv. þm. varð mjög tíðrætt um reynslu sína frá Bretlandi í þessu efni, og má hann þar djarft úr flokki tala því að hann hefur mjög vanið komur sínar til þess lands fyrr og síðar, svo sem kunnugt er. Ég hef ekki gert mér jafntíðförult til Bretlands, en þó bar það við eitt sinn að fundum okkar hv. 5. þm. Vesturl. bar saman í London. Af máli hans hér í fyrradag hefði mátt ráða að hann hefði þar verið þeirra erinda að iðka fjöldasöng með dokkukörlunum í Whitechapel eða Stepney eða öðrum úr hliðstæðu Dagsbrúnar í Bretlandi, Transport and General Workers Union. En það var nú öðru nær. Hv. þm. bjó þar í skjóli og í húsakynnum kvikmyndastjörnu og kvikmyndastjóra, Mai nokkurrar Zetterling, sem kunn er fyrir framúrstefnu í listgrein sinni, og með leyfi hæstv. forseta vil ég vitna í það sem segir um listaverk Mai Zetterling í kunnu heimildarriti, Heimssögu kvikmyndanna, og þar hef ég eftir orð Ibs Monty safnvarðar við kvikmyndasafnið í Kaupmannahöfn. Hann segir um fyrsta sjálfstæða verk hennar: „Árið 1962 gerði hún í Englandi stutta mynd, „Stríðsleikurinn", sligaða af táknmáli." Fyrsta leikna mynd hennar, „Elskendur", eftir sögu Agnesar von Krusenstierna — þetta von er vafalaust einkennisorð alþýðustúlkna í Svíþjóð. „Elskendur", eftir skáldsögu Agnesar von Krusenstierna, er „afar skaprík verk um vald kynhvatarinnar yfir mönnum, og sérstaklega er í myndinni ráðist á hjónabandið og durgslega kynhegðun karlmanna". Svo kom myndin „Næturleikur" 1966, „móðursýkisleg mynd og ósvífin í áhrifameðulum, kaffærð af æsilegum kyntáknum".

Hvort þetta er sérlega alþýðleg list, sem hér er í frammi höfð, læt ég hv. dm. eftir að dæma. En það varð helst skilið á máli hv. 5. þm. Vesturl., að Bretland væri ein eyðimörk hvað snerti alþýðumenningu, og tilfærði hann máli sínu til sönnunar ummæli aðstoðarleikhússtjóra Þjóðleikhússins nýlega í London. Ekki skal ég draga í efa að þau hafi verið rétt eftir höfð og séu marktæk það sem þau ná. En Bretland er ekki bara London. Hv. þm. á að vera a. m. k. jafnkunnugur í Yorkshire og þar er til að mynda sýsla sem heitir County Durham og er þar mikið kolanámusvæði. Þar er mjög öflugt námumannafélag og meðal annars, sem það hefur til síns ágætis, er að það efnir til landsfrægrar listahátíðar á ári hverju. Þetta er Durham Miners Gala, þar sem viðhöfð er leiklist og tónlist og með þeim ágætum sem sagt, að fólk sækir þessa listahátíð námumanna langar leiðir af Bretlandi. Það er því ekki rétt að draga þann lærdóm af lélegri sókn erfiðismanna í t. a. m. nýlegt Þjóðleikhús í London, að erfiðismenn í Bretlandi leggi ekki stund á listir rétt eins og á Íslandi, og það meira að segja bæði leiklist og tónlist nokkurn veginn jöfnum höndum.

Ég verð að segja að ekki er greiði gerður listalífi í landinu með því að reyna að upphefja eina listgreinina svo á kostnað annarra, að þær fái ekki allar að njóta sannmælis, síst hér á Alþingi.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég ætla nú sem minnst að blanda mér í mál þeirra sessunauta og fyrrv. Þjóðviljastarfsmanna, hv. 5. þm. Vesturl. og hv. 3. landsk. þm. Þeir gera þessi deilumál að sjálfsögðu upp sín í milli, hvort sem það verður hlið við hlið eða hér úr ræðustól.

En tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs nú, voru nokkur ummæli hv. 3. landsk. þm. við umr. um þetta mál s. l. mánudag. Þá vék hv. þm. nokkrum orðum að því, sem fram hafði komið hjá mér við þá umr., og þá fyrst og fremst í sambandi við það að ég hafði látið þau orð falla að ég teldi að sinfóníuhljómsveit gæti verið góð þó að hún væri skipuð tiltölulega fáum einstaklingum. Hv. 3. landsk. þm. lék á léttari strengi og fór að velta því fyrir sér hvort ég hefði m. a. átt við það að sami einstaklingurinn, sami hljóðfæraleikarinn léki, ef ég man þetta rétt, á tvær fiðlur, tvær básúnur eða tvö selló. Þessar hugleiðingar hv. 3. landsk. þm. gáfu auðvitað hugmyndafluginu byr undir báða vængi og maður fór óneitanlega að hugleiða hvort engin dæmi væru þess að einn og sami einstaklingurinn hér á landi gegndi fleiri en einu, tveimur eða jafnvel þremur störfum samtímis.

Nú er það svo í okkar þjóðfélagi, að við erum margir einstaklingar sem hafa mikil umsvif í

starfi og gegna mörgum störfum samtímis. Ég man ekki betur en þessi hv. þm. hafi á sínum sokkabandsárum sem ráðh. gegnt a. m. k. tveimur ef ekki þremur ráðherraembættum samtímis, og vissulega er lengra milli menntmrn. við Hverfisgötu og félags- eða samgrn. í Arnarhvoli heldur en ef hægt væri að koma upp tveimur hljóðfærum á sviði á hljómleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ef menn ætla að setja þessi mál upp á þennan hátt, í gamni meira en menn vilja tala af alvöru, þá er auðvitað hægt að víkka þennan sjóndeildarhring fyrir mönnum og hugleiða áfram í framhaldi af þessu.

En ég veit að hv. 3. landsk. þm. hefur ekki reiknað með því, að þessi væri meining með tali mínu eða tali annarra þeirra sem vilja með eðlilegum hætti stemma stigu við of mikilli útþenslu og of mikilli fjölgun í þessu tilfelli innan Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það er vissulega hægt að flytja góð verk og mikil verk með tiltölulega fáum einstaklingum. Við vitum það a. m. k., sem sækjum leikhús eitthvað að ráði, að býsna góð verk geta verið flutt af tiltölulega fáum einstaklingum, leikpersónum í leik. Það er ekki allt bundið við það að troða að svo og svo mörgum einstaklingum eða taka fyrir þau verkefni sem krefjast fyrst og fremst sem hæstrar tölu einstaklinga, þeirra sem flytja verkið. Það er ekki aðalspurningin. Það getur verið þörf á því einstaka sinnum að vera með kannske 60—100 manna sinfóníuhljómsveit, en það er ekki nauðsynlegt að gera það að algeru skilyrði að hún skuli vera skipuð svo og svo mörgum mönnum. Ef fjárveitingavaldinu sýnist svo hverju sinni eða einstaka sinnum að æskilegt sé listarinnar vegna að setja upp verk sem krefjast tiltölulega margra einstaklinga í sinfóníuhljómsveit, þá hagar fjárveitingavaldið auðvitað fjárveitingum eftir því hverju sinni. Og það er það sem er um að ræða.

Ég er a. m. k. ekki talsmaður þess að Sinfóníuhljómsveitinni eða neinu öðru fyrirtæki á vegum ríkisins sé gefinn laus taumur í þenslu varðandi fjármuni eða hún spreði fjármunum með einum eða öðrum hætti. Þessi stofnun þarf aðhald sem aðrar og það á að koma frá fjárveitingavaldinu og löggjafarvaldinu. Þó að ég geti líklega ekki af jafnmikilli þekkingu talað um hljómlist og mér virðist hv. 3. landsk. þm. gera, tel ég engan vafa á því, að hægt er að starfrækja á sómasamlegan hátt sinfóníuhljómsveit sem er skipuð tiltölulega fáum einstaklingum. Þetta getur verið breytilegt, en það er enginn vafi á því að barna þarf að sýna aðhald eins og í öðrum efnum.

Það kom fram hjá hv. 3. landsk. þm. einnig, að hann taldi varhugavert að fara út á þá braut að kannað yrði hver samsetning hljómleikagesta er á tónleikum hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, og sama skoðun kom fram hjá hæstv. menntmrh. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekkert varhugavert að gera sér grein fyrir því, hverjir það eru í raun og veru sem njóta þeirrar listar sem flutt er hverju sinni. Það væri í raun og veru ábyrgðarleysi að láta það lönd og leið hvort réttur þverskurður af hjóðfélaginu væri á hljómleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar t. d. eða leikhúsanna eða hvort það væri óeðlilega mikið af einhverjum — ja, við getum sagt fulltrúum ákveðinna stétta innan þjóðfélagsins, en aðrar væru þar svo til gjörsamlega útilokaðar. Ég sé ekki að neitt sé hættulegt við að fá um það vitneskju hvernig þessum málum er háttað. Sé þetta allt saman eðlilegt, þá er gott að það komi í ljós, en sé eitthvað óeðlilegt við það, þá er líka nauðsynlegt að það komi í ljós til þess að hægt sé að betrumbæta.

Ég er þannig á öðru máli en bæði hæstv. núv. menntmrh. og hv. 3. landsk. þm., fyrrv. menntmrh. Ég hygg að það gæti verið athyglisvert og lærdómsríkt ef slíkt lægi fyrir, hver samsetning gesta er, í þessu tilviki á hljómleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Hv. 3. landsk. þm. kom inn á það áðan, að hann teldi að mikil umskipti hefðu orðið á sviði hljómlistarmála hér á landi á undanförnum árum, og það er ábyggilega rétt að svo hefur orðið. En ég er ekkert sannfærður um að þau hefðu orðið meiri þó að t. d. Sinfóníuhljómsveitin hefði verið skipuð helmingi fleiri hljóðfæraleikurum en hún hefur verið á undanförnum árum, og ég er ekkert sannfærður um það heldur, að þessi miklu umskipti séu fyrst og fremst að þakka Sinfóníuhljómsveitinni. Ég er ekki sannfærður um það. Það getur ótalmargt fleira þar komið til sem hafi haft þau áhrif að umskipti hafi orðið til hins betra á hljómlistarmálum hér á landi, eins og þau hafa í raun og veru orðið í sambandi við leiklistarmálin og verður ekki vefengt að mínu mati.

Hæstv. menntmrh. kom inn á það hér s. l. mánudag, að hann teldi að orðið hefði aukin umsvif af hálfu Þjóðleikhússins í þjónustu við landsbyggðina, m. a. með því, sagði hann, að í ríkara mæli nú en áður væru sendir leikstjórar á vegum Þjóðleikhússins út á landsbyggðina til þess að leiðbeina áhugamannaleikfélögunum þar. Ég dreg þetta mjög í efa. Ég hef að vísu engar tölulegar upplýsingar um þetta, en ég dreg mjög í efa að þetta sé svo. A. m. k. veit ég ekki til þess að slík umskipti hafi átt sér stað á Vestfjörðum t. d. Mér er ekki kunnugt um það. En hitt staðhæfi ég, að á undanförnum nokkrum árum hefur verið miklu minna um það en var á tímabili að Þjóðleikhúsið ferðaðist um landið með leiksýningar, og það er ekkert óeðlilegt þó að dreifbýlisfólk beri fram óskir um það eða geri til þess kröfu að stofnun eins og Þjóðleikhúsið sinni betur landsbyggðinni en raun hefur verið á á undanförnum árum, þannig að það sé ekki hægt með réttu að kalla þetta Þjóðleikhús bara Þjóðleikhús Reykjavíkur og nágrennis. Það hefur vissulega oft og tíðum nálgast það, að með fullum rökum væri hægt að gefa því slíkt heiti. Það á auðvitað alls ekki að vera slíkt. Sama má raunar segja um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún gæti allt eins heitið Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur og nágrennis, því eðli málsins samkv., eins og haldið hefur verið á málum bæði að því er varðar Sinfóníuhljómsveitina og Þjóðleikhúsið, hefur þetta verið þjónusta fyrst og fremst við Reykjavíkursvæðið og næsta nágrenni

þess, vegna þess að það hefur ekki verið sinnt þeim sjálfsagða hlut að gefa meiri gaum að því að flytja þessa list út um landsbyggðina.

Ég vænti þess að hv. þm. Reykjavíkurkjördæmis taki það ekki sem árás á Reykjavík eða nágrenni þó að bent sé á staðreyndir sem þessar, að þetta er hlutur sem að mínu viti þarf að breyta og færa til betri vegar en verið hefur.

Ég ítreka það enn, sem ég kom að hér s. l. mánudag, en ég minnist þess ekki að nokkur hv. þm., sem hér hefur talað í þessum umr., hafi komið að, ekki einu sinni hæstv. menntmrh. sem ég veit að var mjög umhugað um þetta mál meðan hann var óbreyttur þm. og fjvn.-maður, að Þjóðleikhúsið eða sjónvarpið, hvor stofnunin sem er, gerði til þess ráðstafanir að hægt væri að sjónvarpa frá leiksýningum eða lokaæfingum, t. d. á verkefnum úr Þjóðleikhúsinu og sömuleiðis að því er varðar hljómleikahald Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Og ég vil enn ítreka það sjónarmið mitt, að ég trúi því ekki að það séu nein þau tæknileg vandamál við að glíma í þessu efni að þessu sé ekki hægt að ráða fram úr. Það er hægt, og hefur verið hægt á þessu ári, þrátt fyrir allan barlóm *ríkisstj. og* hæstv. ráðh. *um peningaleysi*, að setja svo tugum milljóna skiptir í það að sjónvarpa í lit, og allir vita líklega hvað þar er fyrst og fremst um að ræða, að einstaklingar njóti slíkrar þjónustu. Hvaðan er hægt að taka fé? Ég veit ekki til, að neinn hafi skorast undan því eða mundi skorast undan því, kæmi það fram hjá þeim valdhöfum sem nú ráða hér á landi, að einhver skattur yrði lagður á til þess að flytja þessa list til fólksins úti á landsbyggðinni. Það hefur borgað til hennar með því að hún væri eingöngu flutt hér á Reykjavíkursvæðinu, og ég er viss um að það mundi ekki á því standa að leggja svolítið meira af mörkum til þess að það fengi sjálft að njóta þessarar listar í heimabyggð. En mér þykir undarlegt að það skuli, að því er best verður séð, eiga að þegja þetta í hel, að um þetta sé rætt. Ég var að vænta þess að hæstv. menntmrh. *kæmi inn á þetta efni í sinni ræðu, a. m. k. hér síðast.* Það gerðist ekki og ég vil því enn vekja á því athygli, að hér er um málefni að ræða sem ég tel að miklu skipti, bæði að því er varðar leiklistina, sem flutt er innan veggja Þjóðleikhússins, og hljómlistina, sem flutt er á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, að gerðar séu til þess ráðstafanir, a. m. k. að það sé kannað ítarlega hverjir tæknilegir gallar eru á því að sjónvarpa frá hljómleikum í öðru tilfellinu og leiksýningum í hinu, þannig að fólk á landsbyggðinni geti notið þessa í raun og veru.

Pálmi Jónsson: Hæstv. forseti. Ég átti sæti í þeirri nefnd sem undirbjó þetta frv. og þótti því nokkuð miður að geta ekki verið viðstaddur þá umr. sem hér fór fram s. l. mánudag um þetta mál. Hafi sú umr. verið með líkum hætti og hér hefur staðið í dag, þá hef ég vissulega allmikils í misst. Ég hef þó lesið greinargóða frásögn af ræðu hæstv. ráðh. í dagblaðinu Tímanum og nokkra frásögn af umr. að öðru leyti.

Ég vil fyrst segja það, að ég tel eðlilegt að setja löggjöf um Sinfóníuhljómsveit Íslands, svo fremi að menn telji að hljómsveitin eigi að starfa hér á landi. Það er óeðlilegt að slík stofnun starfi árum og áratugum saman án þess að um hana sé sett sérstök löggjöf. Ég vil jafnframt lýsa því yfir að frv. það, sem hér liggur fyrir, er að miklu leyti í þeim farvegi sem ég tel eðlilegt að slík löggjöf fari eftir, þ. e. rammalöggjöf sem hefur inni að halda ákvæði um skiptingu kostnaðar við rekstur stofnunarinnar, stjórn stofnunarinnar og hlutverk. Enn fremur tel ég eðlilegt að í slíkri löggjöf sé svo um hnúta búið að unnt sé að gæta aðhalds í rekstri stofnunarinnar af hálfu þeirra sem kostnaðinn bera. Ég átti sæti í undirbúningsnefnd frv. sem fulltrúi fjvn. Alþ., og ræður að líkum að ég hafi fyrst og fremst hugað að þeim þáttum frv. sem snerta fjármál. Ég tel að ég hafi ekki verið tilnefndur til setu í nefndinni vegna þekkingar minnar á listrænni hlið málsins, enda er skemmst frá að segja að sú þekking er af skornum skammti hjá mér. Mun ég ekki blanda mér í þær umr. sem hér hafa farið fram um listræna hlið þessara mál.

Það fór svo, að nefndin varð ekki alveg á eitt sátt *og ég ásamt öðrum nm.*, Erni Marinóssyni þáv. skrifstofustjóra fjárlaga- og hagsýslustofnunar ríkisins, skiladi minnihlutaáliti um tiltekin atriði. Ég tel rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa þetta minnihlutaálit hér, en það er dags. í Reykjavík 2. maí 1977 og er skrifað til menntmrh., svo hljóðandi:

„Með bréfi, dags. 27. apríl s. l., skilaði nefnd sú, er skipuð var til þess að semja frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands, áliti sínu. Í bréfi þessu er tekið fram, að nefndin hafi eigi komist að sameiginlegri niðurstöðu og að tveir nm., við undirritaðir, Pálmi Jónsson og Örn Marinósson, muni gera sérstaka grein fyrir viðhorfum sínum.

Í framhaldi af því viljum við undirritaðir taka eftirfarandi fram:

1. Hlutfallsleg skipting stofn- og rekstrarkostnaðar hljómsveitarinnar samkv. 3. gr. frv. felur í sér *mjög sambærilega byrði* ríkissjóðs og verið hefur að undanförnu, þrátt fyrir nokkuð breytt fyrirkomulag. Teljum við að þar sé gengið til hins ítrasta að því er eðlilega hlutdeild ríkissjóðs varðar.

2. Við teljum eðlilegt, að fjöldi hljóðfæraleikara, samkv. 6. gr., sé ákveðinn með afgreiðslu fjárl. hverju sinni. Getum við því ekki staðið að því að leggja til, að lögfest verði, að við hljómsveitina starfi 65 fastráðnir hljóðfæraleikarar.

3. Við undirritaðir leggjum sérstaka áherslu á að fjárhagsleg þátttaka Þjóðleikhússins í rekstri hljómsveitarinnar sé háð þeim skilyrðum, sem fram koma í 9. gr. frv., þ. e. að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar fullnægi hluta af vinnuskyldu sinni hjá Þjóðleikhúsinu, í samræmi við þarfir þess. Væntum við, að þetta fyrirkomulag hafi í för með sér að komist verði að *mestu* hjá aðkeyptum tónlistarflutningi.

Virðingarfyllst,

Pálmi Jónsson.

Örn Marinósson."

Ég tel, að ekki sé ástæða til að skýra þessi atriði mörgum orðum. En í sambandi við 1. tölul. er rétt að geta þess, að með frv. er gert ráð fyrir nokkuð breyttu greiðslufyrirkomulagi af hálfu þeirra aðila sem standa undir rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, á þann veg að 10% skemmtanaskattsins, sem áður var innifalið í hlut ríkissjóðs í þessum kostnaði, renni nú beint til hljómsveitarinnar samkv. frv. Af þeim sökum er eðlilegt að dragi úr þátttöku ríkissjóðs, sem í frv. er gert ráð fyrir að verði 37% í stað 50.6%, eins og verið hefur. Þetta er mjög sambærilegt hlutfall við það sem áður var, og var ekki um að ræða af hálfu okkar, sem skipuðum minni hlutann, að ganga lengra í þátttöku ríkissjóðs.

Um 2. tölul. er það að segja, að við teljum eðlilegt að ekki sé lögfest ákveðin tala hljóðfæraleikara sem starfi sem fastráðnir við þessa hljómsveit. Við teljum að eðlilegra sé að það sé ákveðið af Alþ. hverju sinni við afgreiðslu fjárl. Með þeim hætti gefst Alþ. og fjárveitingavaldinu betri kostur á því að fylgjast með og takmarka fjárveitingar til stofnunarinnar heldur en ef fastákveðið væri í lögum að hljóðfæraleikarar væru allt að 65.

Ef litið er á það, hvernig þetta hefur verið að undanförnu, þá hafa starfað allt að 65 hljóðfæraleikarar hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Samkv. starfsmannaskrá 1976 voru 68 stöður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og hafa væntanlega verið 65 hljóðfæraleikarar þar af, en af þessum 68 stöðum voru 15 án heimildar. Hinum óheimiluðu stöðum er fækkað samkv. starfsmannaskrá 1. jan. 1977, þannig að nú virðist starfa hjá hljómsveitinni 61 maður, þar af átta án heimildar, eða að því er virðist 58 hljóðfæraleikarar. Ég tel að það liggi nokkuð ljóst fyrir, þrátt fyrir að mig bresti þekkingu á tónlistarflutningi, að verkefni, sem hljómsveitin tekur að sér, muni krefjast nokkuð mismikils mannafla og þegar samin er starfsáætlun fyrir hljómsveitina sé unnt að taka ákvörðun um það, hvort lagt skuli út í sérstaklega starfsmannafrek og fjárfrek viðfangsefni, og þær ákvarðanir þarf að taka það snemma að unnt sé að bera undir þá aðila sem standa undir rekstri stofnunarinnar, bæði áður en fjárl. eru afgreidd á Alþ. og áður en afgreiddar eru fjárhagsáætlanir fyrir þau sveitarfélög sem koma til með að standa undir rekstrinum. Þetta tel ég eðlilegra en að binda svo háa tölu sem gert er ráð fyrir í frv. um tölu hljóðfæraleikara.

Ég vil taka það fram, að framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar, Sigurður Björnsson óperusöngvari, gaf nefndinni mjög greinargóðar og trúverðugar upplýsingar um að þörf hljómsveitarinnar væri fyrir slíka starfskrafta sem hér er nú getið um, 65 hljóðfæraleikara, og hef ég í sjálfu sér ekki mikla aðstöðu til að rengja það og ekki ástæðu til. En mér sýnist þó augljóst að verkefnaval hlýtur að geta ráðið þarna verulegu og verkefnaval og kostnaður við rekstur þurfa að haldast í hendur við þær ákvarðanir sem teknar eru af Alþ. og þeim sveitarstjórnum sem koma til með að standa undir rekstri stofnunarinnar.

Í sambandi við 3. tölul. í minnihlutaáliti eða aths. okkar Arnar Marinóssonar vil ég láta það koma fram, að ég tel að 9. gr. frv. sé mjög mikilvæg gr., þar sem kveðið er á um að Sinfóníuhljómsveit og Þjóðleikhús skuli hafa samvinnu um flutning söngleikja, eftir því sem stjórn hljómsveitarinnar og þjóðleikhúsráð telja henta, og einnig að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar fullnægi hluta af starfsskyldu sinni með vinnu á vegum Þjóðleikhússins. Ég vil láta það koma fram, að forsenda fyrir því, að ég tel mér fært að samþykkja þann kostnaðarauka sem orðið hefur og fyrirsjáanlega verður af störfum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í framtíðinni, er forsenda að eitthvað marktækt komi út úr þessari grein, að það standist í raun að starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar gegni starfsskyldu sinni að hluta á vegum Þjóðleikhússins, þannig að Þjóðleikhúsið þurfi ekki nema í mjög óverulegum mæli að eyða fé í aðkeyptan tónlistarflutning. Með þeim hætti ætti að sparast nokkuð í rekstri Þjóðleikhússins á móti því sem útgjöld aukast hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þetta tel ég mikilvægt, og ég tel eðlilegt að reynsla komi á hvernig þessi grein verður framkvæmd áður en gengið yrði í það að ákveða með lögum að hljóðfæraleikarar hjá hljómsveitinni skuli vera allt að 65.

Ég sé að hv. þm. Lárus Jónsson hefur þegar flutt brtt. við þessa gr., 9. gr. frv. Ég vil lýsa yfir fylgi við þá brtt. Ég tel að gr. sé tæplega nógu skýrt mörkuð eins og hún er í frv., og sé til bóta sú viðbót sem hv. þm. Lárus Jónsson leggur til að tekin verði upp. Enda þótt segja megi og það hafi verið skilningur nm., sem unnu að samningu frv., að þau atriði, sem hann telur upp í sinni brtt., felist í frv., þá er það skýrara og ótvíræðara að það sé betur tekið fram, eins og raunar er gert í þeirri brtt. sem hv. þm. Lárus Jónsson hefur lagt fram á þskj. 57.

Ég held að ekki sé sérstök ástæða fyrir mig að fara um þetta mörgum fleiri orðum. Ég get sumpart tekið undir það sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði áðan, að betur mætti gera í því að Sinfóníuhljómsveitin færi í hljómleikaferðir út um land. Ég vil þó segja það sem ég tel lofsvert, að hljómsveitin fór a. m. k. eina ferð um landið á s. l. sumri, og það tel ég þakkarvert og vænti þess að verði framhald á því. Ég tel einnig að það sé réttlætanlegt og sjálfsagt, sem fram kemur í till. Lárusar Jónssonar, að slíkar ferðir eigi að teljast til vinnuskyldu starfsliðs hljómsveitarinnar og beri ekki að greiða sérstaka þóknun fyrir það. Eigi að síður hlýtur að leiða af því nokkurn kostnað af öðrum toga.

Það er svo með þá sem starfa í fjvn., og skýrir þá afstöðu sem ég hef sett fram í minnihlutaáliti ásamt Erni Marinóssyni, að okkur finnst ýmsir fjárlagaliðir hækka nokkuð milli ára oft á tíðum. Það hefur einnig gengið svo með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þó að ég lýsi því sjónarmiði, þá er það ekki af neinum fjandskap við listir í landinu, og ég tel að við eigum að geta rætt slík mál án þess að verið sé að túlka það sem einhverja árás á listir og þær stofnanir sem annast listflutning til þjóðarinnar.

Ég tel t.d. að ástæða sé til að fá skýringu á því, að í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir að launaliður Sinfóníuhljómsveitarinnar hækki frá fjárl. 1977 um 45% eða um 50 millj. kr. Samt hefur verið fækkað óheimiluðum stöðum hjá hljómsveitinni frá 1. jan. 1976 til 1. jan. 1977 um 7 talsins. Þannig er ýmislegt í þessum málum sem ástæða er fyrir Alþ. að fylgjast með. Af þeim toga er að mestu leyti það minnihlutaálit sem við Örn Marinósson höfum hér skilað.

Ég vænti þess, að hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi einnig þá þætti málsins, og ég vil gjarnan beina því til þeirrar n., hvort ekki sé ástæða til að freista þess að afmarka enn frekar með orðalagi 9. gr. frv., þar sem fjallað er um vinnuskyldu hljóðfæraleikara úr Sinfóníuhljómsveitinni á vegum Þjóðleikhússins, hvernig því samstarfi yrði háttað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 57 brtt. við frv. sem hér er til umr., um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Till. er svo hljóðandi:

„Aftan við 9. gr. bætist: Enn fremur fullnægir hljómsveitin hluta af starfsskyldu sinni með flutningi tónlistar víðs vegar um landið og með þátttöku í listahátíð á Íslandi. Starfsmönnum hljómsveitarinnar ber ekki sérstök þóknun fyrir framangreind störf."

Þessi brtt. er mjög í átt við ákvæði í núgildandi lögum um Þjóðleikhúsið, en 10. gr. þeirra laga hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðleikhúsið lætur Ríkisútvarpinu í té leikrit til flutnings, eftir því sem samkomulag verður um milli þjóðleikhússtjóra og útvarpsráðs. Starfsmönnum Þjóðleikhúss ber hvorki sérstök þóknun fyrir slíkan flutning né leiksýningar utan Reykjavíkur."

Tilgangur minn með þessari brtt. er fyrst og fremst sá að undirstrika að Sinfóníuhljómsveitin á skyldur að rækja við alla landsmenn, eins og raunar er tekið fram í 2. gr. þessa frv., — við alla landsmenn, hvar sem þeir búa á landinu, hliðstætt því sem er um Þjóðleikhúsið. Mér finnst einsýnt að líta svo á, að hljómleikahald hvar sem er á landinu sé hluti af vinnuskyldu hljómsveitarmanna sem ekki beri að greiða fyrir sérstaka aukaþóknun, svo sem kveðið er á um í lögum um Þjóðleikhúsið þegar starfsfólk þess fer í leikferðir um landið. Sama hlýtur að gilda um þátttöku í listahátíð, en eins og hv. þm. er kunnugt er leitast við að halda slíkar hátíðir hér á landi annað hvert ár.

Óþarft ætti að vera að rökstyðja þessa till. frekar, en benda má á að það nálgast um 100 millj. kr. sem Sinfóníuhljómsveitin kostar alla skattgreiðendur landsins á næsta fjárlagaári. Er því lítil sanngirni í því, að mikill hluti þeirra, sem bera þá skattbyrði, þurfi að sækja hljómsveitina heim um langan veg, en eðrir eigi kost á að sækja alla hennar tónleika við bæjarvegginn. Ég vil taka undir það sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Pálma Jónssyni, að þakkarvert er að hljómsveitin hefur efnt til hljómleikahalds nú undanfarið úti á landsbyggðinni. Þessa starfsemi tel ég að þurfi að auka og efla og er tilgangur minn að undirstrika það með þessum tillöguflutningi.

Ég ætla ekki að blanda mér í þær fróðlegu umr. sem farið hafa fram um þessa merku menningarstofnun, Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég tel þó rétt að benda á það álit, sem fram hefur komið hér hjá ýmsum, og get tekið undir það, að ég lít svo á að ekki sé eðlilegt að binda tölu hljóðfæraleikara í lögum, svo sem gert er í 6. gr. og hér hefur verið um rætt. Í því sambandi vil ég á það benda, að ég veit ekki til þess að fordæmi sé fyrir því að tala starfsmanna ákveðinna ríkisstofnana sé bundin í lögum. Það er t.d. ekki svo um Þjóðleikhúsið, að gert sé ráð fyrir að einhver ákveðin tala leikara starfi við Þjóðleikhúsið, heldur er það svo, að þar eru ráðnir starfsmenn sem heimilaðir eru á fjárl., og venjan er að sjálfsögðu sú, að ekki er lækkuð tala starfsmanna sem heimilað er að ráða, milli fjárl. Venjan er sú, að sótt er um fleiri stöður við stofnanirnar og það gengur misjafnlega að fá nýjar stöður samþykktar af fjárveitingavaldinu. En þetta er sú leið sem venja er að fara, og ég fæ ekki séð annað en það sé sú eðlilega málsmeðferð sem ætti að gilda um Sinfóníuhljómsveitina eins og aðrar ríkisstofnanir. Þetta er kannske ekki neitt höfuðmál. En mér finnst, eins og kom fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar, að í meira lagi sé vafasamt að slá fastri þarna ákveðinni tölu hljóðfæraleikara. Ég bendi á, eins og hann, að hér er ekki um neinn fjandskap að ræða við Sinfóníuhljómsveitina, síður en svo. Ég lít svo á, að æskilegra væri fyrir hana sem stofnun og fyrir Alþ. að ganga frá þessum lögum um þessa menningarstofnun á hliðstæðan hátt að þessu leyti og gert er um aðrar ríkisstofnanir.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. þm. Magnús Torfi kom nokkuð víða við í ræðu sinni áðan. Komu þar ýmsir við sögu: ekkja Maós formanns, Mai Zetterling og General Transport Workers Union, svo að fáeinir aðilar sé nefndir. Allir þessir aðilar voru kvaddir til vitnis um það, hvað málflutningur minn í þessum umr. væri fáránlegur.

Eins og hæstv. forseti tók fram, má ég nú aðeins gera hér aths.; ég er búinn að tala mig næstum dauðan, eins og við köllum það. Þó vænti ég þess, að hæstv. forseti, sem er einn og sami maður og sá sem ég ætla að svara hér, taki svolítið tillit til þessa og leyfi mér fyrir bragðið að tala ofurlítið lengri tíma.

Að sjálfsögðu er það næstum að segja ósvífni að fara að eyða tíma þingsins í svör við þeim fréttum, að ég hafi fyrir nokkrum árum, ásamt konu minni, búið í tilteknu húsi í Englandi svolítinn tíma. Það var reyndar ekki í eigu þeirrar kvikmyndastjörnu sem hv. þm. Magnús Torfi nefndi, heldur hafði hún átt aðild að því að útvega okkur þetta hús til stuttrar dvalar. En jafnvel þó að hún hefði átt þetta hús vil ég taka fram, að ég mundi ekki þar með telja að ég bæri ábyrgð á kvikmyndaframleiðslu hennar. Það gæti jafnvel hugsast að þær skoðanir, sem komu fram í ívitnunum hv. þm. Magnúsar Torfa í dönskan kvikmyndaspeking, þær skoðanir á kvikmynd-

um Mai Zetterling væru nærri mínum skoðunum. En slíkt mundi auðvitað engu breyta um það, að ég er ágætur vinur þessarar ágætu konu og manns hennar, sem heitir David Hughes og er ágætur rithöfundur.

Ekkju Maós formanns og tilraunir hennar til að ráða menningunni í Kína — ég get nú ekki farið langt út í það. Ég tek undir það með hv. þm., að það kann ekki góðri lukku að stýra þegar einstaklingar ætla að taka sér allt vald í þessum efnum, segja fólki fyrir, og ég vísa því til föðurhúsanna að ég hafi hér staðið í þessum ræðustól undir því formerki að ég væri að eigin áliti sérstaklega útvalinn talsmaður alþýðu. Ég hef hins vegar leyft mér að benda á í sambandi við það fyrirtæki sem hér er til umr., að því eru fengin ærið rífleg fjárframlög af opinberri hálfu. Ég hef ekki talið þessi fjárframlög eftir, en ég hef gert samanburð á þeim og þeim fjárframlögum sem ætluð eru til menningarstarfsemi úti á landsbyggðinni, mjög svo þýðingarmikillar menningarstarfsemi.

Hvað veldur þessum ágreiningi fyrst og fremst? Hvernig stendur á því að eftir aldarfjórðung er svona mikið djúp staðfest á milli okkar, þessara tveggja þm., milli mín og hv. þm. Magnúsar Torfa Ólafssonar? Ég hef ósköp einfalt svar við því. Í fyrsta lagi er hv. þm. Magnús Torfi Ólafsson kominn býsna langt til hægri síðan við unnum saman á Þjóðviljanum. Þar að auki, — þó að ég segi sjálfur frá, ég vona að hv. þm. Magnús Torfi misskilji það ekki og fari að líta á það sem sjálfshól, — þar að auki hefur ferill okkar síðan verið næsta ólíkur. Rétt um það bil sem við hættum að starfa saman á Þjóðviljanum fluttist ég í sjávarpláss austur á landi og síðan hef ég ekki átt heima hér í Reykjavík. Ég er neyddur til að búa hér á veturna af augljósum ástæðum. En síðan hefur lögheimili mitt ekki verið í Reykjavík. Ég kæri mig ekki um að búa hér með allri virðingu fyrir þessum æskustöðvum mínum. Lífsviðhorf okkar er fyrir bragðið, — hvað sem við kunnum að hafa lesið okkur til í fræðunum í gamla daga, Marxisma og slíku, og jafnvel þó að við teldum okkur enn í dag báðir tveir Marxista er lífsviðhorf okkar orðið gerólíkt. Ég er ekki þar með að segja að lífsviðhorf mitt sé gáfulegra eða á einhverju æðra plani en lífsviðhorf Magnúsar T. Ólafssonar. Það er bara annað lífsviðhorf. Það byggist á allt annarri reynslu en lífsviðhorf hans. Ég er ekki í neinum vafa um að á þessum árum, sem þessi gáfaði maður — að mörgu leyti stórgáfaður maður, hefur dvalist hér í Reykjavík, hefur honum orðið mjög ágengt í því að þroska sjálfan sig andlega, bæði á sinfóníutónleikum og á öðrum vettvangi, á meðan hefur e.t.v. verið að aukast í manni eins og mér það sem mundi vera kallað sveitamennska í ekki mjög góðri merkingu. En við þessu fær enginn gert. Á reynslu sinni byggir hver maður lífsviðhorf sitt. Látum gott heita að í sambandi við músíkina byggi hv. þm. Magnús Torfi lífsviðhorf sitt á sinfóníutónleikum og mjög svo uppbyggilegum samræðum við hámenntað fólk í hléinu vestur í Háskólabíói, en ég aftur á móti á því að stunda ekki alveg eins menningarlegar samkomur uppi í sveit. Ég tel þó nauðsynlegt að hér á hinu háa Alþ. komi sjónarmið okkar sveitamannanna rækilega fram og ekki hvað síst í sambandi við menningarmál.

Af hverju hitnar manni í hamsi við að tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar séu aðeins sóttir af sárafáum hér í Reykjavík? Ég er ekki í neinum vafa um að það fólk er allt af hinni mjög svo menningarlega þroskuðu stétt sem nefnist á útlensku „intelligensia“. Ég er ekki í neinum vafa um að það er það fólk sem stundar sinfóníutónleikana í Háskólabíói, en ekki verkalýðurinn. Af hverju hitnar manni í hamsi þegar það blasir við að ekkert stendur á fjárveitingu til þessarar stofnunar? Vel að merkja: ég er ekki að telja þær fjárveitingar eftir. Gagnrýni mín hefur beinst að því, að þarna sé ekki um að ræða nógu almenna listiðkun. Það þarf að gera eitthvað til þess að bæta úr því. En mér hitnar í hamsi þegar þetta er svo borið saman við þau fjárframlög sem ætluð eru til menningarstarfsemi úti á landi. Það er vegna þess að ég þekki til úti á landsbyggðinni og veit hvað fólk er þar tilbúið að leggja á sig til þess að taka þátt í menningarstarfsemi.

Ég var í vor á menningarviku austur á Höfn í Hornafirði. Eitt atriðið á þeirri menningarviku var kórsöngur. Menn höfðu komið á æfingar dag eftir dag, kvöld eftir kvöld, langan veg og skammman, þó yfirleitt langan veg. Sumir höfðu ekið dag eftir dag til þess að komast á þessar æfingar. Hvað halda menn langan veg? 50 km, eins og héðan austur á Þingvöll? 100 km, eins og austur á Þingvöll og til baka aftur? Nei, 250 km höfðu þeir tekið á hverjum einasta degi sem lengsta áttu leið að fara heiman og heim. Það er töluvert meira en hálf leiðin héðan úr höfuðstaðnum til Akureyrar. Þetta eru menn tilbúnir að leggja mikið á sig fyrir menninguna úti í dreifbýlinu. Ég veit ekki til þess að einn eða annar menningarsjóður hafi verið látinn borga olíuna eða bensínið á jeppana sem þarf til að koma þessu fólki fram og aftur. Og eftir því var söngurinn góður, einkenndist af sannri söngleði, tiltölulega laus við tilgerð, eins og á að vera höfuðeinkenni alls söngs: söngleði, ekki tilgerð.

Sjálfur hef ég tekið þátt í starfsemi af þessu tagi úti á landsbyggðinni, leikstarfsemi uppi í mínum dal, Reykholtsdal, og þess vegna getað fylgst náið með hvað fólk leggur á sig og þá um leið hvaða þýðingu þessi starfsemi hefur fyrir byggðarlagið, — hvaða þýðingu það hefur þegar allt byggðarlagið sameinast til þessa átaks, ekki bara þeir sem taka þátt í leiksýningunni, líka hinir, sem eiga að sjá um miðasöluna, auglýsingarnar o.fl., o.fl., áhuginn að fylgjast með hvernig gangi með aðsókn o.s.frv. Allt byggðarlagið lyftist fyrir þetta átak, — lyftist kannske ekki á annað eins æðra plan og fólk á sinfóníuhljómleikum í Háskólabíói, en lyftist. Og kannske er þarna einmitt mest þörfin. Æfingar eru kvöld eftir kvöld. Menn koma þreyttir frá vinnu sinni, konur og karlar. Yfirleitt er ekki hægt að byrja æfingar fyrr en kl. 10, því að þarna er ekki neinn þjóðleikhússtjóri eða annar leikhússtjóri sem ákveður æfingatímann, heldur kýrnar. Það er ekki hægt að byrja æfingar fyrr en búið er að mjólka. Svo er æft fram á nótt. Og menn vakna til mjalta eða gegninga eldsnemma morguninn eftir. Og svo kemur aftur kvöld og menn halda

áfram að taka á sameiginlega, gleðjast við félagsskapinn, gleðjast við árangurinn.

Ég vil ekki halda því fram að Magnús T. Ólafsson mundi ekki skilja nauðsyn þessa, að efla þessa starfsemi, og mundi ekki njóta hennar og taka þátt í henni af áhuga ef svo bæri undir. En það ber ekki svo undir. Menningarvettvangur hans er ekki þarna. Og hér um að ræða eitt af æðimörgu sem veldur því varðandi landsbyggðina, sem við svo nefnum, og þéttbýlið, að það fer að verða erfiðara og erfiðara fyrir fólk að skilja hvort annað, kallast á yfir gjána. Það er *mikil nauðsyn fyrir þjóðfélag okkar* að við tökum höndum saman um að samband náist og brúum þessa gjá. Það verður ekki gert með því að mismuna á einn eða annan hátt, mismuna landsbyggðinni og láta hana gjalda þess að þeir, sem þar búa, eru ekki hér í hlaðvarpanum hjá þeim stofnunum sem yfir fjármagninu ráða og senda frá sér stærstu úrskurðina í menningarmálum.

Að lokum ítreka ég þá hvatningu mína í mestu vinsemd, að athugað sé hvernig háttað sé, eins og hv. þm. Karvel Pálmason orðaði það, samsetningu gesta á sinfóníutónleikum. Það ber reyndar ekki að skilja svo, að farið sé að sálgreina hvern og einn. Við eigum þarna að sjálfsögðu við hópinn. Okkur grunar að þarna vanti alþýðu manna. Við vildum gjarnan að hún færi að koma þarna við sögu. Okkur grunar að þetta sé yfirleitt sami hópurinn, þessir tæplega þúsund menn, kannske ekki einu sinni það, sem stunda þessa tónleika, en þeir eru, að mér skilst, 10 á ári. Ef ætti að reikna allt til, allan stuðning, alla niðurgreiðslurnar, þá mundu miðarnir kosta kannske 10—15 þús. hver. Ef þetta er svona, þá er hér aðeins um að ræða þröngan menningarklúbb, mjög svo þröngan þegar tekið er tillit til þess að hljómsveitin heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá er þetta þröngur klúbbur fólks sem hefur áhuga á æðri tónlist, eða eins og það er stundum nefnt í gamni: hefur áhuga á „músík fyrir unnendur æðri tónlistar".

Svo vil ég að lokum láta í ljós ánægju mína yfir þeirri brtt. sem hér er fram komin frá hv. þm. Lárusi Jónssyni. Ég styð hana heilshugar. Svo þakka ég mínum fornvini af Þjóðviljanum, hæstv. forseta, fyrir að leyfa mér að standa hér miklu, miklu lengur en þingsköp í raun og veru heimiluðu honum. Ég fyrirgef honum þetta brot á þingsköpum.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Ég tók fram í upphafi að hv. þm. flytti aths., tók ekkert fram um hvort hún væri skömm eða löng.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir hversu rækilega hann hefur vakið athygli á því, að við þurfum að styðja betur við bakið á listastarfsemi áhugafólks víðs vegar um landið. Um það vona ég að hv. dm. og í raun og veru allir hv. alþm. séu sammála. **Það er e. t. v. ekki víst hvað verður þegar kemur til fjárveitinga við afgreiðslu fjárl., hvort þá kemur greinilega** fram sú hugsun manna. En ég vona að þessar umr. hérna eigi þátt í því að gera mönnum ljóst að þarna þarf betur að gera en gert hefur verið til þess að styðja það mikla áhugastarf, sem unnið er víðs vegar um landið, ekki einasta á sviði leiklistar, heldur einnig tónmenntar og á sviði annarra fagurra lista.

Nú er ég ekki að mælast undan ítarlegum umr. um mál sem ég flyt, líkt og þeim sem hér hafa farið fram, en mér þykir dálítið merkilegt samt, að öðrum þræði ber umr. þann svip að um þetta mál sé djúpstæður ágreiningur, t. d. við hv. 5. þm. Vestf. og jafnvel þann hv. þm. sem talaði síðast. Þó hef ég ekki getað betur séð en allir þm., sem hér hafa talað, hafi lýst þeim skilningi sínum að nauðsynlegt sé að setja löggjöf um Sinfóníuhljómsveitina og meira að segja löggjöf mjög í stíl við það sem lagt er til að sett verði með þessu frv. Þetta er fyrir mér aðalatriði og ég er ákaflega þakklátur fyrir þessar undirtektir, því að þetta gengur eins og rauður þráður í gegnum ræður manna, hv. þm., þrátt fyrir allt.

Hljómsveitin er nefnilega staðreynd, þýðingarmikill þáttur. Eins og ég sagði í gær er hún starfsvettvangur fyrir hljómlistarfólkið, og ég held að tilvera hljómsveitarinnar sé mikill bakstuðningur fyrir tónlistarlíf í landinu yfirleitt og stuðli að tónmenntalegu uppeldi þjóðarinnar á vissu sviði, líkt og aftur kennsla bæði í grunnskólum, sem er allt of lítil, og í tónmenntaskólunum gerir á öðrum sviðum. Þetta styður hvað annað, og ég árétta að ég álít að setning löggjafar sé sjálfsögð jafnt fyrir hið opinbera, fyrir fjárveitingavaldið og fyrir listafólkið, það fólk sem starfar í Sinfóníuhljómsveitinni.

Það hafa komið fram nokkur atriði varðandi frv. í þessum umr. í dag. Hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir sérálíti sínu og þeirra tveggja í nefndinni sem undirbjó þetta frv., og það var vel að hann fékk tækifæri, áður en þessari umr. lauk, til að gera fyrir því glögga grein.

Það, sem hefur komið fram í umr. um það atriði, hvort tiltaka skuli ákveðna tölu í lögunum eður ei, skýrir eiginlega alltaf betur og betur fyrir mér hversu nauðsynlegt er að hafa þarna einhverja fasta tölu. Mér líst alltaf verr og verr á það, eftir því sem ég velti því frekar fyrir mér, að tala hljómsveitarmanna og val verkefna á hverju ári sé háð samþykki hinna mörgu aðila, sem að hljómsveitinni standa, og þurfi hvert sinn að ræða og bera upp í fjvn. og á Alþ. og í borgarstjórn Reykjavíkurborgar og bæjarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem að hljómsveitinni standa. Þetta held ég að sé varla hægt. Hitt er svo annað mál, hvort ákvörðun um verksvið hljómsveitarinnar á að vera formuð í tölu hljómsveitarmanna ellegar þá í nánari, gleggri og meira útfærðum ákvæðum en nú eru í frv. um hvert sé í raun og veru verkefni hljómsveitarinnar og eigi að vera hennar viðfangsefni. Yrði horfið frá því að hafa ákveðna tölu sem viðmiðun, þá held ég að þyrfti að huga vel að því að afmarka verksviðið nánar á annan hátt. Tala hljómlistarmannanna afmarkar það að vissu leyti. Hún segir um möguleika til átaka við verk meistaranna.

Hv. þm. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur lagt fram brtt. og gert grein fyrir henni. Hann bendir á það að í lögum um Þjóðleikhús séu ákvæði hliðstæð þeim sem hann leggur til að tekin verði inn í þetta frv. um skyldur og

starfssvið hljómlistarmannanna. Nú getur auðvitað alltaf verið álitamál hversu náið eigi að kveða á um þetta í löggjöf, eða það eigi að koma í reglugerð eða í kjarasamningum. En mér finnst eðlilegt að þetta sé allt mjög vel athugað. Það er auðvitað ekki nema til bóta að hafa í lögunum sjálfum skýr ákvæði um þau atriði sem menn verða ásáttir um að eðlilegt sé að taka fram í lögum.

Þetta vildi ég sagt hafa um þessi efnislegu atriði sem hér hafa sérstaklega verið rædd. Ég vil treysta því, og tel mig hafa fulla ástæðu til að treysta því eftir þær umr., sem hér hafa farið fram, og undirtektir við þessa lagasetningu almennt, að þetta mál fái bæði rækilega og um leið nokkuð rösklega afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Barnalög, frv. (þskj. 55). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. hefur legið fyrir tveimur síðustu þingum. það er samið af svokallaðri sifjalaganefnd, en í henni áttu sæti Ármann Snævarr hæstaréttardómari, Baldur Möller ráðuneytisstjóri og Auður Auðuns alþm. Ritari nefndarinnar var Guðrún Erlendsdóttir. Ég mælti nokkuð fyrir þessu frv. í fyrra og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það nú sem ég sagði þá.

Þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að leysa af hólmi tvenn stofnlög sem um þetta gilda: annars vegar um réttarstöðu foreldra skilgetinna barna og hins vegar um réttarstöðu foreldra óskilgetinna barna. Þessi lög, sem nú eru í gildi, má segja að séu að stofni til frá 1921, þó að það hafi verið gerðar breytingar á öðrum lagabálkinum síðar og hann gefinn út sem ný lög 1947.

Í þessu frv. eru mjög miklar breytingar frá gildandi löggjöf. Það eru í því ýmis nýmæli. En segja má aðalbreytingin, sem í þessu felst, sé sú, að frv. fjallar samfellt um skilgetin börn og óskilgetin, þannig að það er ekki gerður sá greinarmunur á því sem hefur verið til þessa. Og um leið — það er aðalatriðið — er grunntónn þessa frv. að stefnumið er að gera hlut þessara barna, skilgetinna, sem lögin kölluðu, og óskilgetinna, sem jafnastan. Og það eru auðvitað fjölmörg ákvæði í frv. sem undirstrika þá reglu og hniga að því.

Þar sem hér er hins vegar um að ræða veigamikil nýmæli að ýmsu leyti get ég vel skilið að það geti verið skiptar skoðanir um ýmis atriði í þessu frv. Það hefur nú ekki haft framgang á tveimur síðustu þingum og við því er ekkert að segja. Þetta er langur bálkur. En æskilegast væri að Alþ. tæki nú afstöðu til þess, hvort það vildi hverfa að því ráði að setja þessa löggjöf. Það er vafasamt hvort á að vera að leggja fram frv. óbreytt þing eftir þing ef ekki fæst fram neitt nál. um það.

Ég leyfi mér að vísa til þess, sem ég hef áður sagt í framsögu um þetta frv., og vil ekki vera að þreyta þá hv. þm., sem eru í d., á því að vera að rifja það upp. En þeir, sem kynnu að hafa áhuga á því, geta fundið það í Alþingistíðindum, umræðupartinum frá 29. nóv. í fyrra.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska eftir því að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Það er auðvitað alveg hárrétt hjá hæstv. dómsmrh., að það nær engri átt annað en Alþ. reyni að afgreiða þetta frv. Ég á sæti í allshn. þessarar d. og mun gera mitt til þess að reyna að hraða afgreiðslu þess. Þetta er hins vegar, eins og hann sagði réttilega, mikill lagabálkur og þarf mikillar athugunar við. En mér sýnist að meginstefnan sé til bóta og því ekki eftir miklu að bíða með að fara að taka afstöðu til þess.

Við þessa 1. umr. málsins vil ég aðeins gera aths. við eitt atriði. Það varðar 16. gr. frv., þar sem ekki er gert ráð fyrir öðru en að meðlagsúrskurð megi kveða upp á hendur barnsföður einum. Þetta ákvæði stangast á við jafnræði kynjanna að mínu viti og raunar önnur ákvæði frv. sem gera ráð fyrir auknum rétti föður frá því sem nú er. Jafnræði foreldra varðandi meðlagsgreiðslur var viðurkennt í tryggingalögum með lagabreytingu árið 1974, þar sem kveðið var á um að reglur um greiðslu meðlags skyldu eiga við um feður engu síður en mæður. En sá er hængur á að þetta ákvæði hefur ekki verið hægt að framkvæma nema þar sem skilgetin börn eiga í hlut. Það, sem komið hefur í veg fyrir að hægt hafi verið að framkvæma þetta í málum óskilgetinna barna, er ákvæði í lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna frá árinu 1947 því að þau lög gera ekki ráð fyrir öðru en móðir óskilgetins barns fái meðlagið, en ekki faðir, jafnvel þó að hann hafi barnið í sinni umsjá. Nú eru dæmi þess að faðir óskilgetins barns hefur barnið á framfæri sínu að öllu leyti og hefur sótt um meðlagsúrskurð, en sá dómur hefur fallið í sakadómi að hann gæti ekki fengið greitt meðlag frá móður barnsins vegna ákvæða þessara laga. Þessu þarf tvímælalaust að breyta, og í þessu frv., ef að lögum verður, ætti að koma orðið „foreldri“ í 1. og 2. mgr. 16. gr., þar sem nú stendur barnsföður. Ég vil leggja áherslu á að þetta atriði þyrfti að taka út úr sérstaklega og afgreiða á þessu þingi, jafnvel þótt frv. í heild sinni yrði ekki að lögum. M.a. þess vegna hef ég tekið til máls hér við 1. umr., til þess að vekja athygli manna á þessu atriði.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má vel vera rétt hjá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, að það séu vankantar á frv. að þessu leyti, og þá tel ég sjálfsagt að sníða þá af. Þessi lög, sem hún vitnaði til frá 1947, verða afnumin með þessum lögum, en það er samt sem áður sjálfsagt að gera þetta skýrt og ótvírætt. Ég geri ráð fyrir því, að einhver nm. eða formaður nefndarinnar muni vera fús til þess að koma á fund allshn. og gera grein fyrir þessum ákvæðum, hver hugsun hefur þarna verið að baki. Ef sú hugsun hefur verið hér að baki að mismuna á einhvern hátt þá á að gera grein

fyrir því. Ég tel líklegra, að þarna sé um einhver mistök að tefla, heldur en það hafi verið meiningin, af því að það er þvert á móti, eins og kemur fram í mjög mörgum ákvæðum frv., leiðarstjarna þess að ekki sé gerður greinarmunur á stöðu barna eftir því hvort þau teljast skilgetin eða óskilgetin. Og þá sýnist mér fljótt á litið liggja í hlutarins eðli að réttur þeirra hljóti að vera sá sami gagnvart foreldrunum, hvort sem er, og það eitt sé í samræmi við jafnréttisstefnu sem hér ríkir og ég held að þetta frv. sé mjög byggt á. En það eru mörg atriði í þessu frv. sem eru nýmæli og er kannske afsakanlegt þó að einhver mistök hafi orðið í sambandi við eitthvert ákvæði þeirra. Auðvitað er full ástæða fyrir n. að skoða þetta frv. mjög vel, vegna þess að þarna er um verulega breytingu að ræða frá gildandi lögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 10. fundur.

Fimmtudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Þjóðaratkvæði um prestskosningar, þáltill. (þskj. 50). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tónmenntafræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 59). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosningalög, þáltill. (þskj. 4). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum, þáltill. (þskj. 22). — Ein umr.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Tómasi Árnasyni, Gunnlaugi Finnssyni, Pálma Jónssyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur, Páli Péturssyni, Sverri Hermannssyni og Jóni G. Sólnes leyft mér að flytja á þskj. 22 till. til þál. um að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins. Þessi till. er samhljóða till. sem sömu flm. fluttu á síðasta þingi og fékk þá ekki afgreiðslu.

Það er öllum ljóst, sem þekkja vegakerfi landsins, að mikið verk er óunnið við uppbyggingu vega. Þó er sjálfsagt að segja frá því, að þótt mikið sé óunnið hefur vissulega mikið verið þegar unnið, og ef tillit er tekið til fámennisins í landinu verður það að segjast eins og er, að vegir eru hér langir og raunar sumir furðugóðir, a. m. k. sumarmánuðina. Samt er það svo, að um fá af þeim verkefnum, sem ríkisvaldið hefur með höndum, er jafntíðrætt manna á meðal, a. m. k. í hinum dreifðari byggðum, og einmitt vegagerðina. Og sannast mála er það, að til daglegra nota á vegakerfi landsins hafa menn mjög misjafna aðstöðu. Þar kemur bæði til að þó nokkuð af vegakerfinu er þegar upp byggt með því sem kallað hefur verið varanlegt slitlag, og er þó kannske ekki ákaflega varanlegt, og þeir vegir, sem ekki eru með þessu slitlagi, eru mjög misjafnlega færir, hvort heldur er á vetri eða sumri. Þar er uppbyggingunni misjafnlega langt komið af ýmsum ástæðum, og veðurfar veldur miklu um að þessir vegir eru misgóðir eftir árstíðum.

Við flm. þessarar till. teljum að því aðeins sé hægt að tala um að frumþörfum fólksins í landinu í vegasamgöngum sé fullnægt að vegir séu gerðir sæmilega vetrarfærir, þeir vegir a. m. k. sem verulega eru notaðir til aðflutninga og til daglegra samgangna manna á meðal. Auðvitað er það svo, að ýmsir þeir vegir, sem aðeins eru notaðir að sumrinu, hljóta að koma mjög aftarlega þegar talað er um endurbyggingu þjóðvegakerfisins.

Ég ætla að leyfa mér að endurtaka hér nokkur atriði úr því máli sem ég flutti hér í fyrra — með leyfi forseta — um ástand vegakerfisins.

Í yfirliti, sem Vegagerð ríkisins hefur gert um ástand vega í landinu, er þjóðbrautum og landsbrautum skipt í fjóra flokka eftir ástandi veganna. Vegagerðin kallar þetta gott ástand, nothæft ástand, ófullnægjandi og slæmt. Samtals eru þjóðbrautir og landsbrautir taldar 7838.6 km, þar af í góðu ástandi 2569.6 km, í nothæfu ástandi 1948.9 km, í ófullnægjandi ástandi 1039 km og í slæmu ástandi 2881.1 km. Athygli vekur að lengstir eru vegirnir í lélegasta flokknum, en næstlengstir í þeim besta. Lausn þess verkefnis að gera vegina góða eða nothæfa er komin vel á veg, eins og þessar tölur sýna.

Auðvitað eru hinir lélegu vegir mjög misjafnlega snjóþungir. Svo sem kunnugt er eru snjóþyngslin mest um norðanvert landið, frá Vestfjörðum til Austfjarða. Snjóþungir vegarkaflar eru þó í öllum landshlutum og snjóþyngsli eru misjöfn milli landshluta eftir árum. Athyglisvert er að í þeim 4 kjördæmum, sem ná frá Vestfjörðum til Austfjarða, eru rúmlega 62% af þjóðbrautum og landsbrautum alls landsins, en 68.4% af þeim vegum sem taldir eru ófullnægjandi eða slæmir. Þeir vegir, sem í þessa flokka koma, eru auðvitað lítt til þess gerðir að verja sig fyrir snjó. Sú staðreynd, að vegirnir eru lélegri í snjóþyngri héruðum landsins, undirstrikar því þörfina á því að beina í auknum mæli vegagerðarfé til þessara landshluta til að bæta úr brýnni þörf fyrir samgöngur og létta að verulegu leyti af þeim kostnaði, sem ríki og sveitarfélög hafa af snjómokstri í snjóavetrum, og jafna aðstöðu fólksins í landinu til þess að hafa afnot af vegakerfinu.

Ég ætla að segja frá nýjum tölum, sem ég hef um kostnað við snjómokstur á undanförnum árum. Samkv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins varð heildarkostnaður við snjómokstur eða það, sem þeir kalla vetrarviðhald, á árinu 1975 322.7 millj. Á árinu 1976 var þessi kostnaður

319.2 millj. Og það sem af er árinu 1977 er sami kostnaður 322.8 millj. Þetta eru nokkuð merkilegar tölur. Að vísu má endurtaka það sem ég sagði áðan, að kostnaðurinn er misjafn eftir árferði hvers árs, en það kemur í ljós að þessi kostnaður hefur farið heldur minnkandi undanfarin ár, og það stafar auðvitað að nokkru leyti af því, að það hafa verið byggðir upp ýmsir þeir kaflar vegakerfisins sem erfiðastir eru til vetrarsamgangna. Séu þessar tölur færðar til verðlags ársins 1977, þá kemur í ljós að kostnaðurinn 1975 var 648 millj. á þessa árs verðlagi, 1976 var þessi kostnaður 482 millj. og það sem af er þessu ári 232 millj., en enginn veit hversu mikill kostnaður fellur þarna á það sem eftir er ársins. Það er auðvitað ekki hægt að taka allt of mikið mark á þessum tölum í sambandi við það, hvort við höfum lagt í góða fjárfestingu með þeirri uppbyggingu vegakerfisins sem farið hefur fram. En það er óhætt að segja að tölurnar bendi til þess að nokkuð hafi þegar skilað sér af þeim fjármunum sem lagðir hafa verið í uppbyggingu vegakerfisins.

Ég hef hér enn fremur upplýsingar frá vegagerðinni um mismunandi rekstrarkostnað bifreiða eftir því, eftir hvernig vegum bifreiðunum er ekið. Þar kemur í ljós að rekstrarkostnaður fólksbifreiðar á þúsund km samkv. verðlagi í byrjun ágúst 1977 er á þeim vegi, sem er með bundnu slitlagi, að mati Vegagerðarinnar 18775 kr. Þetta er einhvers konar meðaltal af fólksbílum. Ef þessum bíl er ekið á því sem Vegagerðin kallar góðan malarveg, þá hækkar þessi kostnaður upp í 22902 kr. á hverja 1000 km. Sé vegurinn aftur á móti það sem Vegagerðin kallar vondan malarveg, verður sambærilegur kostnaður 26633 kr. Þetta er kostnðurinn án skatta. Sé hins vegar um það að ræða að búið sé að bæta við þeim sköttum sem hvíla á eldsneyti og bifreiðum, þá verða þessar sömu kostnaðartölur á þá lund, að kostnaður við að aka 1000 km á vegi með bundnu slitlagi er 35 214 kr. Sé vegurinn það sem kallað er góður malarvegur, verður sambærilegur kostnaður 43 441 kr. Og sé malarvegurinn vondur malarvegur á máli Vegagerðarinnar, þá er þessi kostnaður 41 064 kr. Þetta þýðir m. ö. o. það, að á vondum malarvegi greiðir sá, sem bílnum ekur, 24 431 kr. í skatt, en aki hann á góðum vegi, þ. e. a. s. með bundnu slitlagi, verður þessi skattur 16 439 kr. Mismunurinn er rétt um 8000 kr. sem sá greiðir meira, sem á slæma veginum ekur, heldur en hinn, sem ekur á vegi með bundnu slitlagi.

Auðvitað er það svo, að sá, sem verður að aka mikinn hluta ársins í snjó og erfiðri færð, hlýtur að öðru jöfnu að koma meira í flokkinn með lakasta þjóðvegi, kostnaður hans að verða tiltölulega meiri, meiri gjöld sem hann greiðir til hins opinbera. Þessi kostnaðarmunur er auðvitað ein ástæðan til þess, að það er ákaflega mikil nauðsyn ekki einungis að byggja vegina vel upp, svo að við höfum góða malarvegi, heldur einnig að setja slitlag á þessa vegi eftir því sem efni og ástæður leyfa.

Nú er það svo, að þeir, sem í snjóþyngri héruðum búa, telja það, eins og ég gat um áður, til frumþarfa að vegir séu svo uppbyggðir um sveitir og á þeim leiðum sem fólk ferðast mest og þarf að flytja sín aðföng og sínar framleiðsluvörur mest, að þessir vegir sé nokkurn veginn færir allan ársins hring. En næst á eftir þessu hlýtur að koma nauðsyn á því að sett verði bundið slitlag á vegina og þeir þannig gerðir stórum hagkvæmari fyrir bíleigendur en nú er.

Ég ætla ekki að orðlengja hér miklu meira um þetta efni. Ég vil endurtaka það að við höfum unnið stórátök í vegagerð, það er fyrirhugað á næsta ári að verja verulega auknu fé til vegagerðar í landinu, og okkur hefur þokað svo áfram á þessum árum að verulega munar um. Láta mun nærri að á árinu sem leið, þ. e. a. s. árinu 1976, hafi verið byggðir upp um 200 km af þjóðvegum landsins, og þessir vegir eru auðvitað dreifðir um allt land, en verulegur hluti kemur á þau héruð sem snjóþung eru. Þetta finnst sjálfsagt ýmsum að fari fremur hægt með þessu áframhaldi. En það þokast vissulega í áttina, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, að mjög víða eru þeir kaflar, sem erfiðastir eru til vetrarumferðar, teknir og endurbættir.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til hv. fjvn. að loknum umr. nú.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þetta mál er, eins og hv. þm. Ingi Tryggvason tók fram í sinni framsögu, endurflutt hér í þinginu. Það var einnig flutt í fyrra og urðu um það nokkrar umr. Það komu fram margar athyglisverðar upplýsingar og staðreyndir í frumræðu frsm. sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka, en hafa verður í huga þegar þessi mál eru rædd.

Það er enginn efi á því, að samgöngur á landi og samgöngumál yfirleitt eru einn af þeim málaflokkum sem eru hvað þýðingarmestir í okkar þjóðmálaumr. og þjóðmálastarfi. Það er raunar engin ástæða til að draga fjöður yfir það að á undanförnum áratugum, vildi ég segja, og árum hafa Íslendingar varið stórkostlegu fjármagni til uppbyggingar vegakerfisins í landinu, — stórkostlegu fjármagni ef miðað er við fólksfjöldann í landinu annars vegar og stærð og lögun landsins hins vegar. E. t. v. eru þetta enn þá stærri átök en hjá öðrum þjóðum ef allt er skoðað. Eigi að síður er geysilega margt eftir í þessum efnum og mjög ábótavant um að vegirnir séu í því ástandi að við verði unað til langrar frambúðar.

Þessi till. er sérstaklega takmörkuð við það að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins, og fjallar fyrri hluti hennar um að gerð verði sérstök áætlun um að ljúka þessu verkefni á vissu árabili. Það er e. t. v. ástæða til þess nú að víkja að því, að á s. l. vetri og sérstaklega s. l. vori voru snjóalög óvenjulega mikil um a. m. k. norðaustanvert landið, geysilega mikil snjóalög langt fram á vor, og t. d. fyrri hluta maímánaðar var ástandið þannig á norðanverðum Austfjörðum, að þar voru fjallvegir tepptir líklega fram undir miðjan maímánuð sumir hverjir. Ég minnist þess, að ég var á ferðalagi yfir Fjarðarheiði, milli Héraðs og Seyðisfjarðar, fyrstu viku maímánaðar og þá voru engin tök á því að komast þar á milli öðruvísi en á snjóbílum. Þá háttaði þannig til að svokallað yfirvinnubann stóð yfir, sem allir hv. þm. muna eftir, og snjóbíla-

akstur lá niðri á vissum tímum, eins og t. d. á laugardögum og sunnudögum, vegna þess að menn máttu ekki vinna eftirvinnu. Þá var enginn kostur annar til þess að komast yfir Fjarðarheiði fyrri hluta maímánaðar heldur en annaðhvort að fara gangandi eða þá að fara á snjósleða. Ég valdi þann kostinn að fara á snjósleða. Það er út af fyrir sig mjög skemmtilegt ferðalag fyrir þá sem ekki hafa farið á snjósleða að gera það. En eigi að síður getur það verið erfitt og alls ekki hægt að sinna með því þeim þörfum sem samgöngurnar þurfa að sinna þegar um er að ræða t. d. þjónustu við atvinnnulífið og mannflutninga og vöruflutninga. En ég minnist á þetta tilvik vegna þess að hér er um að ræða mál sem *alveg sérstaklega* varðar það að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins.

Það er ekki því að neita, að það hefur orðið nokkur breyting, að því er mér finnst, í vegamálum almennt nú á allra síðustu árum. Það tíðkaðist á tímabili að gera sérstakar vegáætlanir til þess að ljúka alveg sérstökum uppbyggingarverkefnum. Fyrsta verkefnið af því tagi var vegáætlun Vestfjarða sem gerð var á áratugnum 1960—1970 og var stórátak í vegagerð á þeim tíma og ágætt mál. Síðan var gerð sérstök áætlun um vegamál á Austurlandi sem var hafin árið 1971 og er raunar enn í framkvæmd þótt henni sé senn að ljúka. Þar voru tekin fyrir ákveðin verkefni og reynt að *fylgja þeim frá ári til árs*, ljúka vissum áföngum, vissum köflum eftir fyrirframgerðri áætlun. Síðan var einnig gerð sérstök vegáætlun fyrir Norðurland, þar sem unnið var á svipaðan hátt, gerð áætlun um tiltekin verkefni.

Ég efast ekki um að Vegagerðin sinnir þessum málum og gerir áætlanir um það, hvernig hún skili verkefnum sínum, miðað við það fjármagn sem hún fær til umráða. En eigi að síður held ég að það sé nokkur afturför í því fólgin að hverfa frá þessum vegáætlunum. Vil ég hvetja til þess, að að því máli verði hugað og frekar eflt áætlunarstarf í vegamálum heldur en hitt. Ég veit vel að það er erfitt að deila út vegafé, það er erfitt fyrir alla og seint hægt að ná fullu samkomulagi um það. Hitt er annað mál, að ég held að enginn deili um að vegafé verði betur varið með því móti að taka fyrir stór verkefni *eftir fyrirframgerðri* áætlun heldur en að dreifa vegafénu út skipulagslítið. Þegar af þeirri ástæðu álít ég að væri æskilegt að efla heldur áætlunarstarf í þessum málum í framhaldi af því, sem gerðist á árunum 1960—1970 og áfram á þessum áratug, heldur en að draga úr slíku starfi.

Þessi þáltill. gerir ráð fyrir því, eins og ég gat um áðan, að gerð verði áætlun um kostnað við uppbyggingu þjóðvegakerfisins í hinum snjóþyngri héruðum landsins, með það fyrir augum að þjóðvegir um byggðir verði gerðir vetrarfærir á næstu 4—6 árum. Það er enginn vafi á því, að víða háttar svo til einmitt í snjóahéruðum, að þar eru vissir þröskuldar sem gera mönnum erfitt um vik *þegar snjóalög eru mikil*. Það er t. d. víða þannig í sveitum, að það kann að vera býsna góður akvegur um sveitina, en síðan erfiðleikar á því að komast út úr *sveitinni, vegna þess* að það eru vissir kaflar sem alveg sérstaklega eru þröskuldar í þessum efnum. Það mundi hafa verulega þýðingu ef þessir þröskuldar væru afnumdir með því að byggja vegina upp úr snjónum, og það mundi auðvelda mjög allar samgöngur þegar snjóalög eru mikil.

Þá er þess að geta, að á seinustu árum hafa orðið býsna miklar breytingar, sérstaklega í sveitunum, að því leyti til að nú þurfa menn á vegunum að *halda á hverjum einasta degi, annars* vegar til þess að flytja mjólkina til vinnslustöðvanna, en mjólkurframleiðsla hefur vaxið í öllum sveitum stórum skrefum á undanförnum árum, og svo hefur komið til annað nú á allra seinustu árum, og það eru flutningar á börnum til og frá skóla. Ég veit að víða er það svo, a. m. k. í mínu kjördæmi, að foreldrar hafa verulegar áhyggjur af þessum flutningum. Þeir fara fram í alla vega veðri og við alla vega skilyrði. Vegir eru í raun og veru hálfófærir oft á tíðum þó að reynt sé að *brjótast eftir þeim með börnin í skóla og frá* skólum, og sums staðar a. m. k. er þetta þannig að vegirnir verða stórhættulegir. Ég veit um vegarkafla t. d. á Austurlandi — og það er áreiðanlega víðar — sem eru meðfram ám, stórfljótum og verða stórhættulegir þegar snjóalög liggja á vegunum og menn þurfa með öllum mögulegum hætti að komast áfram án þess að geta forðast þær hættur sem liggja í leyni einmitt við fljótin, og það verður ekki aftur tekið ef eitthvað gerist í sambandi við slíka flutninga. Það hafa ekki orðið slys af þessu, en menn hafa miklar áhyggjur af þessum flutningum og það í vaxandi mæli. Sums staðar þarf að flytja börnin á snjósleðum o. s. frv., þannig að þörfin í þessum efnum hefur vaxið tiltölulega mjög mikið einmitt í snjóahéruðum vegna breytts mannlífs, ef svo mætti að orði kveða.

Þessi þáltill. gengur ekki lengra en það, að þetta verk verði unnið á næstu 4—6 árum, eins og það er orðað í þáltill., að vegirnir verði byggðir þannig upp, að þeir verði vetrarfærir, á næstu 4—6 árum. Ég held að það verði ekki hægt að saka tillögumenn um að þeir fari með neinu offorsi í þessu efni, heldur geri ráð fyrir því og viðurkenni að það tekur nokkurn tíma og kostar að sjálfsögðu mikið fé að standa að gerð og framkvæmd áætlunar eins og hér er gert ráð fyrir. En ég bendi á það, sem ég minnti raunar á áður, að þýðingarmest er í byrjun a. m. k. að reyna að lagfæra þá þröskulda sem ég var að minnast á og er allvíða að finna.

Það hafa verið gerðar ályktanir víða um landið í þessum efnum. Ég vil leyfa mér að gera að umtalsefni ályktun sem gerð var um sveitavegi á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, en þessi ályktun er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 1977 vekur athygli á því, hve sveitavegirnir á Austurlandi eru víða í lélegu ástandi, þar sem þeir eru iðulega ófærir vikum og jafnvel mánuðum saman vegna snjóalaga á vetrum og aurs í vorleysingum. Fundurinn minnir hins vegar á hina miklu þýðingu, sem vel uppbyggt vegakerfi hefur fyrir öll störf og allt mannlíf í sveitum, og vill t. d. aðeins minna á slaukinn akstur vegna *skólabarna og reglubundna mjólkurflutninga*.“

Þetta er ályktun sem gerð var á þessum aðalfundi. Miklar umr. voru um þessi mál og umr.

snerust um þau atriði sem ég hef sérstaklega drepið hér á.

Ég vil í þessu sambandi lýsa yfir ánægju yfir áformum hæstv. samgrh. og ríkisstj. um að auka fjármagn til vegamála umfram vegáætlun og vikja að því, hvort ekki væri sanngjarnt og eðlilegt að nokkuð ríflegur hluti af þessu fé renni til uppbyggingar einmitt í þeim tilgangi að reyna að ryðja burt þeim þröskuldum sem verða þegar snjóalög eru sem mest í snjóahéruðunum.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að um leið og ég fagna því að ríkisstj. hefur ákveðið að auka fjárframlög til vegamála, þá ber ekki að skilja það á þann hátt, að mér sé ekki ljóst að það verður að koma til örugg fjáröflun í þessu skyni. Það kann að verða deilt um hana eins og oft áður. Ég vil taka það jafnframt fram, að ég er þeirrar skoðunar að fjárhagur ríkissjóðs og rekstur ríkissjóðs sé engan veginn nándar nærri nógu traustur. Það er annað og miklu meira mál. Ég held að einmitt fjárhagsafkoma ríkissjóðs sé eitt af þeim stóru atriðum sem þarf að taka til rækilegrar athugunar til þess að stuðla að heilbrigðu efnahagslífi í landinu og efnahagsstefnu.

Það hefur oft verið rætt um vegamálin og ýmsa fleti þeirra mála. Ég vil á engan hátt, þó að ég sé flm. þessa máls og fylgismaður, draga úr því, hversu það er mikið nauðsynjamál að stefna að því að koma bundnu slitlagi á þjóðvegi landsins. Það er auðvitað mikið nauðsynjamál hvort tveggja; að byggja upp vegina og að koma síðan á þá bundnu slitlagi. Bílafloti landsmanna hefur aukist stórkostlega á undanförnum árum og er orðinn geysilega verðmætur. Í honum liggja milljarðar kr., og enginn vafi er á því, að vegirnir eru engan veginn í því ástandi í landinu að sómasamlegt geti talist, og fara áreiðanlega stórkostlegir fjármunir forgörðum í sliti á bílaflotanum og eyðslu í sambandi við rekstur bílaflotans vegna þess hvað vegirnir eru í slæmu ástandi. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé gífurlegur beinn og óbeinn hagur að því að beina miklu og það geysimiklu fjármagni til vegagerðar. Það er enginn vafi á því, vegna minna slits á bifreiðum, minni eyðslu, tímasparnaðar og lægri afskrifta og vaxta vegna þess að tækin endast miklu lengur ef þau eru notuð á góðum þjóðvegum, að hagurinn af því að bæta vegina, miðað við óbeinan og beinan hagnað, skiptir milljörðum á hverju ári. Þess vegna held ég að hér sé um að ræða eitt af stærstu hagsmunamálum þjóðarinnar fjárhagslega og ástæða til að beina geysimiklu fjármagni til vegagerðar á breiðum grundvelli á næstu árum.

Frummælandi kom inn á snjómoksturinn, sem hefur verið gífurlegur á undanförnum árum, á árunum 1975, 1976 og 1977, sennilega um einn milljarður kr., en þó kemur glöggt í ljós, eins og hann minntist á, að hann fer hlutfallslega minnkandi vegna þess að það er verið að byggja upp vegina og þar af leiðandi minnkar snjómoksturinn.

Til viðbótar vil ég svo aðeins minna á það að lokum, að hér er auðvitað um að ræða jafnréttismál, mikið jafnréttismál, sérstaklega að gera t. d. unglingunum og börnunum fært að sækja skólana. Það er jafnréttismál og þess vegna ekki óeðlilegt að það hafi vissan forgang. Þó að vegirnir séu lélegir víða annars staðar um landið þar sem snjóalög hamla ekki umferð, þá er þó hægt að komast þar á milli staða. Í því og aftur hinu, þar sem menn komast ekki um vegna snjóalaga, er auðvitað fólginn verulegur aðstöðumunur.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þessi till. á þskj. 22 er nú endurflutt á þessu þingi, fékk ekki afgreiðslu í fyrra. Ég þarf ekki að hafa langt mál um innihald hennar. Tveir af flm., framsögumaður og hv. þm. Tómas Árnason, hafa þegar drepið á mörg meginatriði sem í þessu þingmáli felast.

Ekki komu á óvart hinar mjög svo fróðlegu tölur, sem hv. þm. Ingi Tryggvason upplýsti okkur um, um viðhald veganna og um rekstrarkostnað bifreiða eftir því hvort ekið er á bestu tegund vegar eða þeim lakasta. Það, sem mesta athygli vakti í sambandi við flokkun veganna, var einmitt þetta, að í lakasta flokknum skyldu vegalengdirnar vera mestar, 2800 km eða um það bil. Í þessum fjórum flokkum, sem Vegagerðin hefur flokkað vegina í eftir ástandi, þá skulum við hugleiða það, að lakasti flokkurinn, hinir slæmu vegir sem Vegagerð ríkisins kallar svo, það eru í rauninni varla vegir nema að nafninu til. Margir þeirra eru kannske 30 ára gamlir og meira, hafa haft viðhald í lágmarki og eiga það margir hverjir sammerkt að mynda á vetrum þessa örlagaríku þröskulda sem Tómas Árnason talaði um, sem skapa sama fólkinu ár eftir ár og áratug eftir áratug meiri örðugleika og tíðari örðugleika heldur en margir gera sér grein fyrir.

Það hefur oft og réttilega verið talað um það, að gerð varanlegra vega þýddi mikinn sparnað. Sá sparnaður á ekki aðeins við um vegi með bundið slitlag, þó að oftast sé áhersla lögð á það. Sparnaðurinn kemur engu síður fram í því, eins og hér hefur verið bent á, að snjómokstur og þær stóru fjárfúlgur, sem fara í hann árlega, fara minnkandi eftir því sem fleiri vegir eru byggðir upp úr snjó, eins og við köllum það, jafnvel þó að ekki sé komið bundið slitlag.

Ég fyrir mitt leyti tel það eðlilega þróun að við vinnum að því fyrst og fremst að byggja upp vegakerfið og leggja síðan á það bundið slitlag. Með þessu vil ég þó engan veginn hafna þeirri hugmynd, að okkur beri að leggja áherslu á að koma varanlegu slitlagi á þá vegi sem fjölfarnastir eru og umferðarþunginn mestur. Hitt er svo annað mál, þegar við tölum um arðsemi vega, en arðsemi vega er, að því er ég best veit, reiknuð að miklu leyti einmitt eftir umferðarþunganum og það má til sanns vegar færa, að eftir því sem fleiri bílar fara um veginn því meira bensíni er eytt og því meira kemur inn af bensínskatti, sem að nokkru leyti kemur vegunum til góða, þó að of lítið af honum renni til Vegasjóðs. Það er líka óumdeilanlegt að rekstrarkostnaður bílanna er margfalt minnstur þegar ekið er á slitlögðum vegum. Hitt hefur að mínu mati alltaf verið nokkuð hæpið, að reikna þessa arðsemi eftir umferðarþunga yfir sumarmánuðina, en í vegalögum, 3. gr., er greinilega kveðið svo að orði, með leyfi forseta:

„Stefnt skal að því að leggja bundið slitlag á þá vegarkafla, þar sem innan 10 ára má búast við 1000 bíla umferð á dag yfir sumarmánuðina.“ Að sjálfsögðu verður umferðin þarna mest yfir sumarmánuðina. Á sumrin taka Íslendingar sig upp og ferðast um landið sitt, og síst skal ég lasta það eða gera lítið úr mikilvægi þess. En vetrarmánuðirnir skipta ákaflega miklu meira máli fyrir fólk sem er búsett í snjóþyngstu héruðunum allan ársins hring. Þá eru það ekki skemmtiferðir, sem um er að ræða, heldur lífsnauðsynlegar ferðir sem ekki verður hjá komist.

Hv. 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, benti m. a. á akstur skólabarna sem þarna er stórt atriði. Og ég vil bæta þar við ekki síður heilsugæslu í þessum landshlutum. Með nýjum heilbrigðislögum hefur stefna í heilbrigðisþjónustumálum breyst að verulegu leyti. Það eru settar upp heilsugæslustöðvar með tveimur eða fleiri læknum — einum að vísu sums staðar einnig, en staðreyndin er sú, að það er orðið lengra á milli lækna en var eftir gamla kerfinu. Þetta er skiljanlegt. Það er til þess ætlast að betri og fullkomnari þjónusta sé veitt á hinum nýju heilsugæslustöðvum, og það er ekki hægt að hafa þær eins þétt og gömlu héraðslæknarnir voru hér eina tíð. Hins vegar koma þessar heilsugæslustöðvar auðvitað alls ekki að gagni nema fólkið, sem á að njóta þjónustunnar sem þar er veitt, komist þangað nokkurn veginn örugglega bæði vetur og sumur.

Það er mjög veigamikið atriði, eins og hv. þm. Tómas Árnason benti á, að við erum nú á síðustu árum að breyta með ýmsum ætti okkar félagslegu uppbyggingu í landinu. Þessi félagslega uppbygging, bæði í almennum félagsmálum, skólamálum og heilbrigðismálum, byggist fyrst og fremst á að fyrir hendi séu þolanlega greiðar samgöngur. Þess vegna er ekkert um það að deila, að samgöngumálin og þá ekki hvað síst vegamálin eru sá málaflokkur sem við hljótum að beita okkur að af alefli eftir því sem fjárráð okkar leyfa. Að sjálfsögðu gerum við ekki allt í einu, en það hefur verið látið að því liggja, að á meðan aðalátakinu væri beint að orkumálunum yrðu vegamálin að bíða. Ég hygg að þeir, sem vegamálin bera hvað mest fyrir brjósti og samgöngumálin, hafi tekið þessa röksemd gilda. En röðin hlýtur að koma og er vonandi um það bil komin að samgöngumálunum. Og ég vil taka undir það, að ég fagna þeirri yfirlýsingu ríkisstj. frá s. l. vori, að vegáætlun yrði endurskoðuð og allverulega auknu fjármagni varið til vegagerðar á næsta ári. Það er ekki séð fyrir endann á því. Ég skal ekki fullyrða hvað úr því verður. Ég vona það besta, að þrátt fyrir róttækar aðhaldsaðgerðir í okkar efnahagsmálum, sem greinilega eru nauðsynlegar á næsta leiti, þurfi ekki að víkja frá þessari yfirlýsingu ríkissti. Sannleikurinn verður sennilega sá, að verðbólgan verður búin að sjá fyrir þessum krónum sem áttu að koma aukalega, þannig að aukningin verður ekki eins mikil og kannske var ástæða til að ætla við fyrstu sýn.

En ég hlýt að láta í ljós það álit mitt, að þegar um þetta tvennt er að ræða, að byggja vegina upp úr snjó og hraða sér við að koma bundnu slitlagi á vegina sem þegar eru uppbyggðir, þá geri ég að sjálfsögðu ráð fyrir að báðar þessar greinar samgöngumálanna fái nokkurn framgang, að önnur verði ekki skilyrðislaust tekin fram yfir hina. Ég vil eindregið vonast til þess að uppbygging veganna í snjóahéruðunum verði ekki látin sitja á hakanum fyrir hinu sjónarmiðinu. Hún ætti að mínu mati að sitja fyrir, því að þarna held ég að ekkert álitamál sé að nauðsynin sé mest aðkallandi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er um að flýta uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins. Um þetta er vitanlega ekkert nema gott að segja. Gert er ráð fyrir því að gera kostnaðaráætlun um uppbyggingu þjóðvegakerfisins í hinum snjóþyngri héruðum landsins. Slík áætlun hefur að vísu verið gerð áður og hún er til, en vegna mikilla verðbreytinga er mikil þörf á að endurskoða hana og kannske færa hana eitthvað víðara út heldur en áður hefur verið gert. Það er ekki nema gott um það að segja að eiga slíka áætlun til. Hitt er svo annað mál, hvort tekst að gera alla vegi akfæra á snjóþungum vetrum að 4—6 árum liðnum. Úr því verður reynslan að skera og einnig því, hvernig tekst að afla fjár til vegagerðar í auknum mæli.

Enda þótt menn kvarti um slæma vegi, þá verður þó að viðurkenna að á undanförnum árum hefur verið gert mikið í vegamálum og er undrunarvert hversu vegir eru góðir í okkar stóra landi og fámenna. En það er alveg sjálfsagt að bera fram óskir um auknar framkvæmdir, en gera sér grein fyrir því, hvernig að þeim megi standa, og þá einnig, hversu er hægt að afla fjár án þess að of mikið verði tekið frá öðrum framkvæmdum sem líka teljast nauðsynlegar.

Það er ekki því að neita, að snjómokstur er dýr í snjóþungum héruðum þar sem vegir eru illa gerðir og kannske niðurgrafnir, og eitthvert fjármagn mun vitanlega sparast í snjómokstri eftir að búið er að hækka vegina. Er ekki nema sanngjarnt að taka tillit til þess. Hitt er svo augljóst mál, að framkvæmdir við fjölförnustu vegina með bundnu slitlagi gefa mestan raunverulegan arð.

Það verður aldrei svo, að það verði lagt aðeins í fjölförnustu vegi og unnið að því að gera bundið slitlag á þeim, en láta hitt sitja á hakanum. Ég geri ráð fyrir að samkomulag verði um að vinna að hvoru tveggja eftir því sem hagkvæmt þykir og ástæður eru til.

En það er með fjármagnið sem okkur vantar alltaf, hvernig á að afla þess. Hér hefur verið minnst á fjáröflun sem kemur fram í fjárlagafrv. Ætlast er til að hækka bensínið allverulega í þessu skyni. Það er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að bensínið verði hækkað um 15 kr. lítrinn, sem gerir í raun hækkun á útsöluverði um 19—20 kr., því að við þessar 15 kr. bætist söluskattur og við þessar 15 kr. bætast hækkuð sölulaun o. fl. vegna hækkaðs verðs á bensíni. Mig minnir að það séu 14 eða 15 liðir, alls konar liðir í útreikningum á bensínverðinu sem

koma til greina, það er leki eða rýrnun, sem er í prósentum, og það eru ýmsir aðrir liðir, þannig að þessar 15 kr. verða 19—20 kr. í útsöluverði. Nú er lítrinn 93 kr. og við skulum segja að hækkunin verði 19 kr., þá er bensínverðið komið í **112 kr.**

Þess ber einnig að geta, að í des. 1975 var lögfest að ríkisstj. væri heimilt að hækka bensíngjald á hverjum tíma í samræmi við hækkun byggingarvísitölu, og þessi heimild hefur verið notuð. Ég geri ráð fyrir að ríkisstj. noti þessa heimild áfram, því að ef það verður ekki gert rýrnar fjárhagur Vegasjóðs með hækkuðu verðlagi, en bensínið er, eins og kunnugt er, alldrjúgur tekjustofn sem rennur í Vegasjóð. Ef við gerum ráð fyrir að á næsta ári verði hækkun byggingarvísitölu 35%, en bensíngjaldið er nú 23 kr., þá væri hækkun á bensínlítranum af þessum ástæðum á næsta ári 8.05 kr. + söluskattur 2.40 + annað sem fylgir í kjölfarið. Ef hækkun byggingarvísitölu yrði á næsta ári 35%, þá yrði hækkun á bensíni á næsta ári af þeim ástæðum, með því að heimildin verði notuð, 11 eða 12 kr. Þá er hækkun á bensínlítranum af þessum tveim ástæðum komin upp í 30—31 kr. Nú er bensínverð, eins og ég áðan sagði, 93 kr., segjum að hækkun sé 30 kr., þá er bensínverð 123 kr. lítrinn. Ef gert er ráð fyrir að á næsta ári verði einnig eitthvert gengissig, sem vel getur átt sér stað, og auk þess einhver hækkun erlendis á bensíni, sem einnig gæti átt sér stað, þá er engin fjarstæða samkvæmt þessum útreikningum að bensínlítrinn yrði kominn seinni hluta næsta árs upp í 130 kr., ef það yrði gert sem er fyrirhugað í sambandi við bensínverðið.

Nú er ætlunin að auka tekjur Vegasjóðs á þennan hátt, gert í góðri meiningu. En þá kemur spurning, hvort tekjur Vegasjóðs muni aukast í samræmi við þessa hækkun. Er ekki hugsanlegt að ýmsir minnki bensínnotkunina eftir að bensínlítrinn er kominn upp í 120—130 kr.? Er það ekki mjög líklegt? Ég er hræddur um að þeir, sem hafa takmörkuð eða lítil fjárráð, en þeir eru ábyggilega mjög margir, spari fyrr bensínið en t. d. mat og aðrar nauðsynjar sem heimilið þarf á að halda. Ég held þess vegna að það sé vafasamt að tekjur Vegasjóðs hækki í samræmi við þessa hækkun á bensíninu, enda þótt hækkuninni sé ætlað að ganga beint til Vegasjóðs. Ég held að það sé nauðsynlegt að íhuga þetta, gera sér fulla grein fyrir þessu áður en ákvörðun verður tekin um tekjuöflun Vegasjóðs til handa með þessum hætti, a. m. k. í svo ríkum mæli sem hér hefur verið lýst.

Nú er ég alveg á sama máli og síðasti hv. ræðumaður, að það sé eðlilegt að ríkisstj. standi við þær yfirlýsingar sem gefnar voru á s. l. vori um endurskoðun á vegáætluninni. Það ber hverri ríkisstjórn að gera, og það veit ég að núv. ríkisstj. ætlar sér að gera. En þess er þá að geta, að þegar hæstv. samgrh. gaf nefnda yfirlýsingu minntist hann ekkert á hversu mikil sú hækkun skyldi verða á fjármagni Vegasjóðs sem fyrirhugað væri að gera, heldur að vegáætlunin skyldi verða endurskoðuð með það í huga að auka það fjármagn sem Vegagerðin hefði yfir að ráða á næsta ári eða næstu árum. Það er þess vegna eðlilegt að menn hugleiði hvaða leið sé heppilegust til að standa við þetta loforð og hversu mikið þurfi að gera til þess að staðið sé við það loforð sem hæstv. samgrh. gaf.

Ég held einnig að það sé óhjákvæmilegt að gera sér grein fyrir því, ef sú leið verður farin sem hér hefur verið rætt um, að hækka bensínið í jafnríkum mæli og sumir vilja gera, að það hlýtur að hafa mikil áhrif á verðbólguna. Ég hef ekki fengið reiknað út hversu mikið verðlagsvísitalan hækkar af þessum ástæðum, en keðjuverkanir munu eiga sér stað allverulegar. Er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því. Allir eru sammála um að ríkisstj. og Alþ. beri að vinna gegn dýrtíð og verðbólgu, en ekki kynda undir með einum eða öðrum hætti.

Um leið og ég lýsi því yfir, að ég tel sjálfsagt að gera það sem unnt er til þess að bæta vegina og vinna að framkvæmdum í vegagerð, um leið og ég tel sjálfsagt að staðið verði við það loforð sem ríkisstj. gaf á s. l. vori um endurskoðun vegáætlunar, þá vil ég benda á að áður en sú leið verður farin að hækka bensínið með þeim afleiðingum að bensínlítrinn geti komist upp í 130 kr. á næsta ári, þá sé nauðsynlegt að íhuga hvort ekki séu aðrar og heppilegri leiðir sem mætti finna til þess að standa við gefin loforð af ríkisstjórnarinnar hálfu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að taka það fram, að ég styð þá till. sem hér er flutt. Hér er vissulega um nauðsynjamál að ræða og virðingarverða tilraun hv. flm. þessarar þáltill. a. m. k. til að benda á hvað hér er um að ræða.

En það, sem ég vildi aðallega vekja athygli á í sambandi við flutning þessarar þáltill., er í fyrsta lagi, að allir hv. flm. eru stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. og þar af leiðandi í meirihlutaaðstöðu hér á hv. Alþ. til ákvarðanatöku um framkvæmdir og það sem gera skal. Í því sambandi er rétt að benda á, eins og fram kemur í grg. með þessari till., að á síðasta Alþ. var flutt sams konar þáltill. og líklega — ég hef ekki athugað það — allir sömu flm. nú eins og þá voru. Og þá var mikið um þetta rætt og engin dul á það dregin að hér þyrfti að ráða bót á frá því sem verið hefur. Síðan þetta gerðist er búið að afgreiða vegáætlun fyrir næstu 4 ár af þessum sömu hv. þm. sem að þessari þáltill. standa og stóðu þá að því að skera niður framkvæmdir í vegamálum a. m. k. um 25% varðandi framkvæmdagetu. Og þessir sömu hv. þm. hafa staðið að því þrjú undanfarin ár að skerða framkvæmdir í vegamálum um helming að því er varðar magn frá því sem var 1974, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við og þessir hv. þm. komust í valdaaðstöðu á Alþingi.

Mér finnst því ekki að vel fari saman annars vegar tillöguflutningur af þessu tagi hjá þessum hv. þm. og hins vegar að bera saman í reynd þær ákvarðanatökur sem þeir hafa staðið að með atkvæði sínu hér á Alþ. á undanförnum árum. Það, sem auðvitað skiptir meginmáli, er að verkin tali, og þau hafa sannarlega

talað hér á undanförnum árum. Verk þessara hv. þm. hafa vissulega talað skýru máli varðandi vegaframkvæmdir á undanförnum þrem árum. Þó að hér sé vissulega um mjög gott mál að ræða, þá er tillöguflutningur þessara hv. þm. að mínu áliti algjör sýndarmennska miðað við það sem þeir standa að sjálfir varðandi ákvarðanatöku í vegaframkvæmdum — algjör sýndarmennska. Hér er verið að reyna að slá ryki í augu kjósenda í trausti þess að verkunum, sem þeir hafa staðið að hér á Alþ. í sambandi við vegaframkvæmdir, sé gleymt, en þetta standi upp úr. Það er að mínu viti full ástæða til að benda á þetta, því að þetta eru staðreyndir, **þessu getur engin** mælt í mót.

Mér finnst ekki fara saman tillöguflutningur þessara hv. þm. annars vegar og hins vegar þær ákvarðanatökur sem þeir hafa léð máls á hér á Alþ. í sambandi við vegamál undanfarandi ár. En vel má vera að þeir bæti ráð sitt við endurskoðun vegáætlunar nú á þessu hausti. Engin sinnaskipti urðu við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori, en vonandi verður það svo sem hv. þm. Lárus Jónsson segir, að þeir séu alltaf að hressast. (Gripið fram í.) Já, því miður keyrum við ekki á betri vegi með yfirlýsingunum eintómum, það verður að fylgja eitthvað á eftir. Þær nægja ekki þó góðar séu út af fyrir sig. (Gripið fram í.) Já, ég var einmitt að koma að því. Kannske Eyjólfur hressist í þessu sambandi, kannske það verði svo að eitthvert mark verði á takandi þeim vilja sem a. m. k. sýnist vera *hjá þessum hv. þm. með flutningi þáltill.* af þessu tagi. Það á eftir að koma í ljós. En undanfarin þrjú ár hefur engin endurreisn átt sér stað í þingliði þessara hv. þm. Það hefur allt farið niður á við varðandi þetta. Vonandi bæta þeir ráð sitt varðandi endurskoðun vegáætlunar nú á þessu hausti og við sjáum í raun og veru að þeir meini eitthvað með tillöguflutningi hér á Alþ. af því tagi sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Því miður hefur það ekki sést enn.

Ég skal svo ekki, herra forseti, lengja þessar umr. meira. En það er nauðsynlegt að benda á og vekja athygli á tillöguflutningi af því tagi, sem hér er um að ræða, og hins vegar verkum þessara sömu hv. þm. þegar þeir hafa aðstöðu til þess að hafa áhrif á gang og framkvæmdir mála hér á Alþ., þegar þeir skipa meiri hl. Það hefur sannarlega ekki farið saman í þessu tilfelli.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vil þakka þær umr., sem orðið hafa um þessa þáltill., og sérstaklega lýsa ánægju minni yfir því, að Karvel Pálmason, hv. 5. þm. Vestf., skyldi lýsa yfir stuðningi við till. enda þótt hann virtist hálfargur í skapi yfir henni.

Það er alveg rétt að uppbygging vegakerfisins *hefur ekki farið svo hratt fram sem menn* gjarnan vildu. Hins vegar er allmiklu fé varið til vegagerðar, og það er auðvitað ekki síst tilgangur þessarar till. að vekja athygli á því, hvaða verkefni við teljum nauðsynlegast að leysa í vegagerð. Og það er trú mín, eins langt og þessu verkefni er komið, að það sé ekki óyfirstiganlegt á nokkurn hátt að byggja upp helstu samgönguleiðir um byggðir landsins á tiltölulega skömmum tíma í snjóahéruðunum svo þeir vegir verði sæmilega vetrarfærir.

Það hefur komið í ljós að mjög víða í þeim sveitum, sem taldar hafa verið snjóþungar, hefur orðið algjör bylting í samgöngum eftir að vegir voru byggðir upp úr snjónum, eins og við köllum það. Þar sem áður var ótrúlegum erfiðleikum bundið að koma frá sér vörum og að sér vörum yfir vetrarmánuði í venjulegu árferði er svo komið, eftir að vegakaflar hafa verið byggðir upp, að þeir standa auðir þó eldri kaflar séu á kafi í snjó. Reynslan af því að byggja vegina upp á þennan hátt er örugglega langt umfram það sem bjartsýnustu menn þorðu að vona, þegar þessi nýja uppbygging veganna hófst.

Þetta er vissulega ánægjuefni, og þrátt fyrir það að hv. þm. Karvel Pálmason geri lítið úr vegaframkvæmdum, þá er það þó staðreynd að á síðustu árum hefur talsvert breyst röðun verkefna. Ég er því miður ekki með nógar skriflegar upplýsingar hjá mér, en ég man eftir því, að fyrir nokkrum árum — ég held fyrir 1960 — var það eitt árið svo, að helmingur nýbyggingarfjár til vegagerðar kom í aðeins eitt kjördæmi landsins, og auðvitað sést í því kjördæmi að þar eru vegir greiðari yfirferðar en annars staðar.

Það er alveg rétt, að það *gefur mestan arð ef* lagt er bundið slitlag á fjölförnustu vegina. En það gefur þó aðeins þeim arð sem um þá vegi fara og hafa af þeim bein not. Eins og hér hefur áður komið fram er einmitt vegagerðin eitt af helstu jafnréttismálunum. Eins og nú er hefur ríkissjóður meira upp úr þeim ökumönnum, sem aka um vonda vegi, heldur en hinum, sem aka um góða vegi. Það er svolítið gaman að velta fyrir sér þeim tölum sem ég raunar nefndi hér áðan, að ef eigandi fólksbíls ekur 10 þús. kílómetra á ári, sem ekki er neitt tiltakanlega mikill akstur, þá greiðir þessi maður í skatta til ríkisins eftir því hvernig vegirnir eru. Nú veit ég auðvitað að það er enginn einn sem ekur alltaf á góðum vegi og einhver annar sem ekur alltaf á vondum. Það hreyfist að vísu. En sá, sem ekur á vegi með bundnu slitlagi, greiðir til ríkissjóðs samkvæmt þessum útreikningi Vegagerðar ríkisins, *sem ég nefndi áðan, 164 890 kr. á ári.* Það er hans árlegur skattur til ríkissjóðs ef hann ekur bílnum sínum 10 þús. km. Aki þessi maður á góðum malarvegi, eins og Vegagerðin kallar það, greiðir hann ekki um 165 þús. kr., heldur greiðir hann 215 þús. kr. til ríkissjóðs. Og aki hann á vondum malarvegi greiðir hann 244 þús. eða um 80 þús. kr. meira til ríkissjóðs heldur en ef hann ekur á bundnu slitlagi.

Þetta eru vissulega athyglisverðar tölur. Ef við athugum muninn á skattinum, þá greiðir sá, sem ekur á góðum malarvegi, rúmum 50 þús. kr. meiri skatt til ríkisins heldur en sá sem ekur á malbikinu, og sá sem ekur á vondum malarvegi 79 þús. kr. *meira en sá sem ekur á malbikinu.* Þetta gæti leitt hugann að því sem kom fram í ræðu hv. þm. Ingólfs Jónssonar, að e. t. v. væri rétt að byggja að fleiri leiðum til þess að fjármagna vegagerð í þeim byggðum sem lakar eru settar heldur en viðbótargjald af bensíni.

Mig langar aðeins í þessu sambandi að nefna það, að sú aðferð, sem við höfum við öflun tekna

í Vegasjóð, er auðvitað tvíeggjuð. Þeir, sem þegar eru búnir að fá góðan veg undir hjólin á bílnum sínum, standa auðvitað allt öðruvísi að vígi að greiða hátt gjald til Vegasjóðs heldur en hinir, sem ekki njóta þeirra hlunninda sem góður vegur veitir. Þess vegna er það vissulega fullrar athygli vert, hvort ekki er hægt að koma á ný á veggjaldi á þeim köflum þjóðveganna sem best eru úr garði gerðir. Ég veit að þetta er ýmsum vandkvæðum bundið og til þess að það megi verða þarf að nást samstaða. Þetta gjald mætti að vísu leggja á með mismunandi hætti. En ég vil benda á það, að hugsanleg leið út úr þeim vanda, sem við erum í í vegamálum, er að leggja hærra gjald á þá, sem bestra veganna njóta, heldur en hina, sem aka lakari vegi.

Það er líka hugsanlegt að taka erlend lán til vegagerðar. Ég veit mjög vel að við höfum þegar tekið svo mikið af erlendum lánum að þessi leið er mjög erfið. En þar komum við aftur að hinu sama, að það er erfitt, eins og nú er, að láta sömu mennina gjalda þess hvors tveggja, að hafa versta vegi og greiða þó mest fyrir notkun þeirra. Þarna þarf að komast á aukið jafnrétti, og það kemst því aðeins á að aukinn verði hraði vegaframkvæmda frá því sem nú er.

Ég minntist á vetrarviðhaldið og að það hefði hlutfallslega minnkað. Það er rétt að geta þess, að þó hefur það verið aukið að því leyti, að snjómokstur hefur verið tíðari og er það vissulega réttarbót þeim sem búa við mikil snjóþyngsli. En þarna er einn mismunurinn sem menn búa við, að snjómokstur á vegum ríkisins er mjög mismunandi, oft eftir umferð á vegunum og öðrum aðstæðum, og þegnarnir búa vissulega við misjafnan hlut að þessu leyti. Enda væri ekki eins mikil þörf á að ýta eftir uppbyggingu vega í snjóahéruðum ef öllum þegnum væri séð fyrir því að vegir þeirra væru mokaðir svo að þeir væru þrátt fyrir alla erfiðleika yfirleitt opnir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar að sinni. Það hlýtur að verða áfram margra manna áhugamál að hægt verði að örva framkvæmdir í vegagerð og við hljótum að þurfa þá fremur að halda að okkur höndum einhvers staðar annars staðar ef við getum þokað þessum þætti betur áfram en hefur verið. Vil ég þó á engan hátt gera lítið úr því sem áunnist hefur, síður en svo.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Inga Tryggvasyni að ég sé argur út af þessari till. Ég lýsti eindregnum stuðningi við hana. Sé ástæða til þess að vera argur út af einhverju í sambandi við þetta mál, þá er ástæða til þess að vera argur út af þeim ákvarðanatökum sem m. a. þessi hv. þm. sem stjórnarsinni og öll halarófan á þáltill. af stjórnarsinnum hefur tekið þvert ofan í það sem þessi till. fjallar um, þvert á það sem hún vill að gert verði. Það er ástæða til að vera argur út í það, en ekki út í þessa till., það er mesti misskilningur, og ég get enn ítrekað samþykki mitt við hana. Það er sem sagt þetta: Mér finnst að það fari ekki saman boðskapur þessara hv. þm. með þáltill.-flutningnum, sem hér er til umr., og síðan þær ákvarðanir sem þeir taka í sambandi við afgreiðslu vegamála hér á Alþ. Það er eins og hér sé um að ræða allt aðrar persónur, sem flytja þessa þáltill., en þær sem taka ákvörðun varðandi afgreiðslu vegáætlunar t. d. með stórkostlegum niðurskurði árlega til framkvæmda.

Varðandi veggjaldið hygg ég að hv. þm. viti hug minn til þess. Ég veit ekki hvort hv. 1. þm. Suðurl. verður eins jákvæður í því og ég og hv. þm. Ingi Tryggvason. En ég tel það sannarlega réttlætismál að þeir, sem hafa slíka vegi með bundnu slitlagi, borgi hluta af því sem þeir annars mundu þurfa að borga, ef þeir ekki hefðu þessa vegi. Það er fullkomlega réttlætismál og það tek ég undir.

En aðalerindi mitt var að vekja athygli á þessu, sem ég vildi kannske kalla tvískinnungshátt hv. flm., annars vegar varðandi flutning till. og hins vegar afstöðu þeirra til afgreiðslu vegáætlunar hér á Alþ. á undanförnum árum.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vil aðeins út af orðum síðasta hv. ræðumanns minna á yfirlýsingu ríkisstj. á s. l. vori við samþykkt vegáætlunar um aukningu vegafjár á næsta ári. Ég vil minna á að samkv. fjárlagafrv. er staðið við þau loforð sem þá voru gefin. Og ég vil í þriðja lagi minna á að á þessu ári, sem nú er að líða, — þó að ég hafi ekki nákvæmar tölur um það, þá hygg ég að það gildi líka um s. l. ár, — þá hefur hlutfallslega meira af því fé, sem varið er til nýbygginga, farið til þess að byggja upp vegi heldur en að setja slitlag á þá, þannig að ég er þeirrar skoðunar að hlutfallslega hafi uppbyggingu þjóðveganna miðað hraðar og miklu hraðar en þessi ummæli hv. þm. gáfu tilefni til. Ég veit eins vel og hann að vegagerð hefur að nokkru goldið almenns samdráttar á framkvæmdafé með þjóðinni að undanförnu, en einmitt þessi þáttur hefur dregist hlutfallslega minnst saman í vegagerðinni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það voru mjög fróðlegar tölur sem hv. 6. þm. Norðurl. e. las hér upp áðan um muninn á greiðslum til ríkissjóðs eftir því hvort menn ækju á bundnu slitlagi eða vondum vegum. Það, sem hann sagði, var að sjálfsögðu hárrétt, að því einu undanskildu, að hann hefði mátt bæta því við að þetta er að sjálfsögðu á ekinn km. En þarfir fólks til aksturs eru mjög misjafnar. Það er t. d. vitað mál að hér á þéttbýlissvæðunum eru þúsundir manna sem verða að aka frá 5—15 km daglega til vinnu sinnar og heim til sín aftur. Og þeir, sem vinna 15 km frá sinni heimabyggð eða frá sinni íbúð, verða að gera svo vel að aka um 10 þús. km á ári að og frá vinnu. En bóndinn, sem býr á sínum vinnustað, hefur ekki neina slíka þörf. Og fólkið, sem býr í þúsund manna byggðarlögum úti á landi, þar sem í mesta lagi eru kannske 200—300 m frá vinnustað og í íbúðarhúsið, getur ekki haft mikla þörf fyrir langan akstur. Þetta ber að hafa í huga þegar metin er þörfin fyrir vegabætur, og þetta ber líka að hafa í huga þegar metið er hver þorgi mest til ríkissjóðs. Það fer ekkert á milli mála að það eru þéttbýlissvæðin hér sem greiða mest af fénu í Vegasjóð. Meðan vega-

féð er að mestu af bensíngjaldinu greiða þessi svæði mest því að hér eru eknir flestir km.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að þeir, sem búa fjarri verslunarstöðum, þurfa að borga mikla fjármuni vegna aðdrátta og flutnings á framleiðsluvörum og borga með því mjög háar upphæðir í Vegasjóð. Þetta gildir líka um þeirra persónulega aðdrætti. Og enn fremur, þó að það sé rétt að t. d. bóndi þurfi ekki að aka langar leiðir til atvinnu sinnar dag hvern, þá leiðir af strjálbýlinu að ýmsar aðrar vegalengdir verða mjög miklar, eins og t. d. það að fara í verslun og kaupa nauðsynjar sínar. Það er víða mjög langur vegur sem til þess þarf að fara. Ég veit ekki hvort gerð hefur verið nokkur könnun á þessum samanburði, en ég veit að þetta er mjög algengt, bæði í kaupstöðum og í sveitum, að eigendur bifreiða aka milli 10 og 20 þús. km á ári, auðvitað sumir meira, sumir eitthvað minna. Mér er ekki kunnugt um og ég efast um að það sé stórkostlegur munur á þessu eftir því hvar menn búa, þó að hitt sé rétt, að sjálfur aksturinn til og frá vinnunni sem slíkri er mismunandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efling útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 17). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni að flytja á þskj. 17 till. til þál. um samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi. Till. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera úttekt á skipulagi og aðstöðu útflutningsverslunar landsmanna og leita leiða til þess að efla og samræma útflutningsstarfsemi fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu. Um úttekt þessa, samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi, skal hafa samráð við þá aðila sem nú annast útflutning og markaðsstarfsemi.

Í þessu sambandi skal áhersla lögð á eftirfarandi:

1. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að koma á fót samstarfi allra aðila, sem vinna að útflutningsstarfsemi, m. a. í því skyni að stuðla að á skipulegan hátt almennri kynningu á íslenskum vörum og þjónustu erlendis og þjálfun starfsfólks, sem vinna mun að hvers konar útflutningsstarfsemi;

2. að marka enn frekar þá stefnu í skatta- og tollamálum, svo og annarri opinberri fyrirgreiðslu, sem auðveldar íslenskum útflytjendum samkeppni á erlendum mörkuðum;

3. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að samræma eða sameina starf utanr.- og viðskrn. á sviði útflutningsstarfsemi og efla starf utanríkisþjónustunnar í markaðsmálum."

Till. þessi er endurflutt frá síðasta þingi og gerði ég allýtarlega grein fyrir henni í framsögu þá, auk þess sem mjög yfirgripsmikil grg. fylgir till. Framsöguræða mín birtist í 12. hefti þingtíðinda. Ég þyrfti því ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta nú, en vil þó aðeins drepa á nokkur meginatriði í sambandi við þetta mál.

Ég vil geta þess, að till. fékk ekki afgreiðslu á síðasta þingi. Hún lá fyrir utanrmn. um nokkurt skeið, en samkv. því sem nm. hafa tjáð mér fékk n. ekki allar umsagnir sem hún taldi nauðsynlegar til þess að afgreiða málið á síðasta þingi, en ég vænti þess að n. taki till. til endurathugunar nú.

Í sambandi við þessa þáltill. er eitt höfuðatriðið að minnast þess, að við Íslendingar erum mjög háðir utanríkisviðskiptum. Við eyðum milli 35 og 40% af þjóðartekjum okkar til þess að kaupa nauðsynlegar vörur erlendis frá, flytjum þessar vörur inn og verðum síðan að sjálfsögðu að flytja út jafnmikið af vörum og þjónustu helst til þess að jafna viðskipti okkar við útlönd.

Okkar útflutningsstarfsemi hefur verið alleinhæf framan af, en hún hefur þó nokkuð breyst á síðustu árum. Fyrir allnokkru var einungis tiundi hluti af útflutningnum iðnaðarvara, en nú mun hlutur iðnaðarvöru vera komin upp í ⅕ af útflutningnum. Þetta er mjög gleðileg og æskileg þróun vegna þess að menn hafa gert sér æ betur ljóst að iðnaðurinn hlýtur að vera sú atvinnugrein sem þarf að veita nýju vinnuafli verkefni. Iðnaðurinn hlýtur að verða mesta vaxtargrein í íslensku atvinnulífi á næstu árum, og alveg sérstaklega verður þá að hyggja að útflutningsiðnaði, vegna þess að markaður okkar hér innanlands er auðvitað það þröngur að á honum byggjum við ekki neinn verulegan vöxt þessarar atvinnugreinar, sem þó þarf að gegna svo veigamiklu hlutverki sem allir hafa viðurkennt.

Nágrannaþjóðir okkar verja nú milljörðum kr. í margvíslega útflutningshvetjandi aðgerðir. Þessi starfsemi þeirra hefur margfaldast á síðustu árum og þær hafa, jafnframt því að verja stórauknu fé til útflutningshvetjandi aðgerða, endurskipulagt og samræmt þessa starfsemi hjá sér, þannig að heita má að gerbylting hafi orðið á þessu sviði á síðustu árum. Í fskj. með grg. þessarar till. er stiklað á nokkrum atriðum varðandi þetta hjá nágrannaþjóðum okkar, þ. e. a. s. hjá Norðurlandaþjóðunum, og þar kemur greinilega fram hversu gífurlegar framfarir hafa orðið á þessum sviðum á undanförnum árum. Það fer heldur ekki á milli mála, ef menn skoða vörusýningar erlendis, hvað þessar þjóðir hafa lagt á þetta ríka áherslu og verja til þessa miklu fé. Ég skoðaði nú fyrir nokkru matvælasýningu í Evrópu, sem er með stærri matvælasýningum í heiminum, og þar voru okkar nágrannaþjóðir, sérstaklega Danir, með afar stóra sýningarbása, og þeir báru raunar af Norðurlandaþjóðunum, en Norðmenn voru þó þar mjög fyrirferðarmiklir og sýndu gífurlega mikið af vörum sem þeir flytja út. Allt þetta sýnir hvað er að gerast meðal þessara þjóða í þessum efnum.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það, hvernig núverandi skipan útflutningsmála er hjá okkur. Á því sviði starfa fjölmargir aðilar, sumir samkv. lögum. Þar má t. d. nefna Fiskimálasjóð, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Sölu-

stofnun lagmetis, Útflutningslánasjóð, Iðnrekstrarsjóð, Tryggingadeild útflutningslána, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins o. s. frv. Þá starfar á vegum viðskrn. sérstök vörusýningarnefnd og á vegum utanrrn. er líka nokkur starfsemi í útflutnings- og markaðsmálum. Jafnframt starfa auðvitað að beinum útflutningi og markaðsstarfsemi kunn útflutningsfyrirtæki eins og Sölustofnun hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, Skreiðarsamlagið, Síldarútvegsnefnd o. s. frv.

Einn megingallinn við skipulag útflutningsmálanna hér er að minni hyggju sá, að þessir aðilar hafa ekki nægileg samráð og samstarf. Það er engin einn aðili sem getur komið fram fyrir hönd Íslendinga erlendis og sýnt þar íslenska vöru og komið þar fram fyrir alla þessa aðila, nema þeir komi sér saman um að það verði gert. Ég lít svo á að úr þessu þurfi að bæta og það eigi að gera með samstarfi þessara aðila í einhverju formi. Ég vil taka það mjög skýrt fram, að ég álít að við getum ekki farið þarna í för annarra þjóða fyllilega, t. d. Norðmanna, sem hafa gífurlega mikla starfsemi á þessu sviði. Við höfum ekki möguleika á því að koma hér upp einhverju stórkostlegu bákni sem e. t. v. yrði nefnt Útflutningsráð Íslendinga eða eitthvað slíkt, heldur þurfum við að koma hér á samstarfi á milli þessara aðila, a. m. k. til að byrja með, og þróa þannig þessa starfsemi e. t. v. til einhvers meira síðar, en aðalatriðið er að auka og endurbæta samvinnu þessara aðila.

Um 2. tölul. þessarar till.: að marka enn frekar þá stefnu í skatta- og tollamálum, svo og annarri opinberri fyrirgreiðslu, sem auðveldar íslenskum útflytjendum samkeppni á erlendum mörkuðum, — það þarf ekki margt um hann að segja. Það eru þar mörg augljós atriði sem þarf að lagfæra frá því sem nú er. T. d. er það svo, að uppsöfnunaráhrif söluskatts eru þessum aðilum mjög mikill fjötur um fót. Nágrannalönd okkar og aðalkeppnislönd búa við virðisaukaskatt sem leggst ekki á útfluttar vörur, en aftur á móti er það svo með söluskatt hjá okkur að hann felst að nokkrum hluta í verði útflutningsvöru og gerir íslenska útflytjendur ósamkeppnishæfari en ella. Þetta mál er nú í athugun og ég legg áherslu á að á því finnist nokkur lausn. Besta lausnin er sú auðvitað að koma hér á svipuðu skattkerfi og gildir hjá þjóðum sem keppa við okkur að þessu leyti, þ. e. a. s. með virðisaukasniði.

Margt annað væri auðvitað ástæða til að minnast á í þessu efni, en ég geri það ekki frekar að umræðuefni nú.

Um 3. liðinn er það að segja, að utanrrn. og viðskrn. starfa bæði að útflutningsstarfsemi. Þetta hefur mörgum fundist óæskilegt og óhagkvæmt, að útflutningsstarfsemin heyrði ekki undir eitt rn. Þetta mál er margrætt og um það hafa komið fram ýmsar skýrslur. Það eru vissir vankantar á því að sameina þessa starfsemi undir öðru hvoru þessu rn., en ég hygg að það sé mjög æskilegt að reyna að finna lausn á því, að samstarf milli þessara rn. verði í ákveðnu formi á þessu mikilvæga sviði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till., herra forseti, þar sem ég hef áður, eins og ég sagði áðan, gert mjög ítarlega grein fyrir henni. Ég legg til, að umr. um till. verði að loknum umr. hér frestað og till. verði vísað til hv. utanrmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það hagaði þannig til í fyrra, þegar rætt var um þessa till. sem endurflutt er nú á þskj. 17, að ég gat vegna anna ekki verið viðstaddur umr. og átti þess vegna ekki kost á því að lýsa viðhorfum til hennar. Ég vil þess vegna leyfa mér að fara um till. örfáum orðum nú, þó að þau verði ekki mörg og allra síst til þess að mótmæla neinu, sem í till. eða grg. segir, eða til þess að leggja nokkurn stein í götu þess að hún fái meðferð þingsins og samþykki.

Þessi till. er, eins og hv. fyrri flm. tók fram, þríþætt og allir liðir hennar fjalla um samræmingu og eflingu útflutningsstarfseminnar hér á landi. Um 1. liðinn skal ég vera fáorður. Það er vissulega alveg rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að megingallar þess kerfis, sem við búum við, eru auðvitað þeir, að ekki er nægilegt samstarf milli þeirra aðila sem fást við útflutning og eru margir hverjir mjög öflugir. Ég hygg það væri mjög til bóta og lýsi áhuga á því, að a. m. k. sé kannað og helst framkvæmt að koma við auknu samstarfi í þessum efnum. Mér er hins vegar ljóst, að hér er drepið á nokkuð erfitt úrlausnarefni, og ætla ég ekki að leiða nein sérstök rök að því. Ég tel að þess þurfi ekki. Ég hygg að menn viti nokkuð hvað við er átt í því efni. Ég er sammála því, sem hér er gert að markmiði, að slík efling fari fram með auknu samstarfi. Ég hef ekki trú á því, að það verði til framdráttar íslenskri markaðsöflun og útflutningsframleiðslu að ríkið taki að sér að fjalla um þau mál, eins og þó tíðkast annars staðar, eða hafi algera forgöngu í því efni. Ég hygg að það sé rétt stefna sem fylgt hefur verið nokkuð lengi, að sölusamtök útflutningsgreinanna sjálf hafi þessa starfsemi með höndum, en auðvitað með öllum þeim stuðningi, sem ríkisvaldið getur veitt, og öllum þeim atbeina, sem þá kannske einkum utanrrn. og viðskrn. geta í té látið.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um 1. lið till. Ég tel að hreyft sé mikilsverðu máli þar, og það mundi verða mér mikið fagnaðarefni ef Alþ. tækist að finna því grundvöll að auka þetta samstarf sem hér hefur verið gert að umtalsefni.

Um 2. tölul. skal ég einnig vera fáorður. Hann fjallar um það að marka enn frekar stefnu í skatta- og tollamálum, svo og annarri opinberri fyrirgreiðslu, sem auðveldar íslenskum útflytjendum samkeppni á erlendum mörkuðum. Hér er við nokkuð ramman reip að draga að því er snertir tollamálin a. m. k., þar sem samningar okkar annars vegar við erlend ríki og ríkjaheildir og hins vegar aðild okkar að slíkum samtökum, sbr. Fríverslunarbandalag Evrópu, leggja okkur þær kvaðir á herðar að lækka eða fella alveg niður aðflutningsgjöld

af vörum frá þessum aðilum. Nú stendur til samkv. samningi að framkvæma síðasta áfanga tollalækkunar gagnvart innfluttum vörum frá EFTA, og samkv. samningnum ber að gera það nú um áramót. Það hafa komið fram allháværar raddir um að þetta yrði mikil blóðtaka fyrir íslenskan iðnað, heimaiðnað. Till. fjallar auðvitað ekki um þetta, en hún snertir þetta mál mjög mikið. Að vísu fáum við í staðinn fyrir tollalækkun hér sams konar niðurfellingu í fríverslunarbandalagslöndunum. En þá er spurningin, sem hér er raunar vikið að, með hverjum hætti mætti gera íslenskum útflutningsiðnaði kleift eða kleifara en nú er að standast þá samkeppni sem við er að fást á erlendum mörkuðum.

Hér hefur verið gerður að umtalsefni uppsafnaður söluskattur þessa iðnaðar, og ég vil segja það, að ég er því algerlega sammála að óeðlilegt er að innheimta hann og rýra þannig samkeppnisaðstöðuna. Ég vona að lausn finnist á því máli nú mjög fljótlega, þannig að sá söluskattur verði endurgreiddur. Að vísu er þar ekki um verulega háar fjárhæðir að ræða, en er þó eitt skref í þá átt sem þessi till. stefnir að. Enn fremur hygg ég að nú verði innan tíðar gerð alvara úr því að reyna að taka hér upp virðisaukaskattinn, og ætti þá að sumu leyti a. m. k. að greiðast úr fyrir útflutningsiðnaði okkar að þessu leyti. Mér er ljóst, að lengi hefur staðið til að taka upp virðisaukaskatt. Það er nokkurt hik á mönnum við að stíga það skref, en ég held þó að menn komist ekki miklu lengra í athugun þess, og ég a. m. k. fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar að skrefið beri að stíga og freista þess að hafa hér sama hátt á og tíðkast í næstu nágrannalöndum okkar.

Að síðustu langar mig svo til að fara örfáum orðum um 3. lið till., sem fjallar um það að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að samræma eða sameina störf utanrrn. og viðskrn. á sviði útflutningsstarfsemi og efla störf utanríkisþjónustunnar í markaðsmálum. Ég vil geta þess hér í fyrsta lagi, að undanfarin ár hef ég nokkuð beitt mér fyrir því að láta fara fram athugun á starfsemi og endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar, enda hefur það verið eitt af stefnuskráratriðum þeirra ríkisstjórna sem ég hef starfað í. Veigamikill þáttur í því sambandi er einmitt á hvern hátt megi efla starfsemi utanríkisþjónustunnar í þágu útflutningsatvinnuveganna. Talsverðra gagna hefur verið aflað á þessu sviði og úr þeim unnið af utanrrn., að nokkru í samvinnu við utanrmn. Sumu af því, sem þessi athugun hefur beinst að, hefur verið komið í framkvæmd, en annað er enn þá á athugunar- og framkvæmdastigi. Vissulega er hér mikið verk óunnið og róðurinn hefur sóst seint, það skal ég fyrstur manna viðurkenna. Í sambandi við till. vil ég þó enn fremur geta þess, að í reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sem gefin var út í árslok 1969 á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands, er ákveðið að viðskrn. fari m. a. með þessi mál, verslun og viðskipti, þ. á m. útflutningsverslun og innflutningsverslun, undirbúning og framkvæmd viðskiptasamninga og vörusýningar erlendis. Reglugerðin staðfestir m. ö. o. það fyrirkomulag sem komið hafði verið á einum og hálfum áratug áður, að yfirstjórn utanríkisviðskipta hefur verið flutt frá utanrrn. til viðskrn. að öðru leyti en því, að utanrrn. fer áfram með samningsgerð við önnur ríki um utanríkisviðskipti sem önnur utanríkismál.

Það er svo annað mál, að af hálfu embættismanna utanrrn. hefur verið bent á að æskilegt væri að flytja utanríkisviðskipti aftur til utanrrn., t. d. með því að sameina þessi tvö rn. að því er varðar meðferð eða stjórn utanríkisviðskipta og skipti við alþjóðleg viðskipta- og efnahagssamtök. Og ég tel ekki óeðlilegt að að þessu máli verði unnið. Þetta var svo hér áður. Þessu var breytt af ástæðum sem ég hirði ekki að greina frá. Breytingin var staðfest með þeirri reglugerð sem ég drap á, en þar með er því ekki endilega slegið föstu, að hér sé um þá einu réttu leið að ræða. En ég vil taka það skýrt fram, að samstarf utanríkisþjónustunnar og viðskrn. hefur a. m. k. alla mína tíð í þessum efnum verið hið ágætasta.

En hvað sem líður fyrirkomulagi á yfirstjórn utanríkisviðskiptamála innan Stjórnarráðsins er það staðreynd, að það er mikilvægur þáttur í starfi sendiráða okkar í öðrum löndum að greiða fyrir útflutningi íslenskra afurða svo sem öðrum utanríkisviðskiptamálum, og hefur utanríkisþjónustan unnið og vinnur mikið starf á þessu sviði, sem ég hygg að metið sé af þeim sem gerst þekkja til þessara mála. Sendiráðin inna af hendi margvíslega þjónustu fyrir íslenskan útflutning, svara fsp. um viðskiptamál, gefa upplýsingar um íslenska útflytjendur, aðstoða við vörusýningar og þar fram eftir götunum. Af hálfu utanrrn. hefur undanfarin ár verið unnið að því að auka þekkingu og kynni starfsmanna utanríkisþjónustunnar á útflutningsmálum Íslands og starfsemi viðskrn. M. a. hefur rn. tekið upp þá reglu að nýir starfsmenn vinni um tíma í viðskrn. til þess að kynnast því sem þar fer fram.

Til þess að störf utanrrn. og viðskrn. á sviði útflutningsstarfsemi og efling á starfi utanríkisþjónustunnar í þessum málum yfirleitt geti borið sem bestan árangur er æskilegt og reyndar nauðsynlegt að sem víðtækast samstarf sé hér heima milli hlutaðeigandi rn. annars vegar og fyrirtækja eða samtaka útflytjenda hins vegar. Það er ljóst að mismikil þörf er hjá hinum ýmsu útflutningsgreinum fyrir aðstoð utanríkisþjónustunnar á sviði markaðsleitar. Hjá stóru sölusamtökunum í fiskiðnaði hefur komið berlega fram, að þörfin á aðstoð utanríkisþjónustunnar t. d. við beina markaðsleit er lítil. Þessir aðilar hafa komið sér upp umfangsmiklu sölukerfi í mörgum löndum þar sem sendiráð Íslands eru. Þó er það svo, að jafnvel þessir aðilar sumir hafa á stundum þurft að leita aðstoðar hjá utanrrn. og að sjálfsögðu fengið hana. Það hefur mjög oft komið fyrir. Ég nefni bara eitt dæmi: Til þess að greiða fyrir saltfisksölu, skulum við segja, til Portúgals og Spánar hefur sendiherra Íslands í þeim löndum farið þangað og ég fullyrði að honum hafi oft orðið ágengt

í því að greiða fyrir þeim sölusamningum sem nokkur tregða hefur verið á að koma í gegn. Nú er einmitt slík tregða í Portúgal og sendiherra Íslands þar er nýbúinn að fara þangað, en því miður get ég ekki fullyrt neitt um árangur ferðar hans að svo stöddu. Þetta sýnir að jafnvel með því skipulagi sem nú er á þessum málum, hefur utanríkisþjónustan hlutverki að gegna, — hlutverki sem hún hefur reynt að inna af hendi eftir bestu getu. Aðstoð utanríkisþjónustunnar við sölusamtökin kemur einnig fram í margvíslegri fyrirgreiðslu í þeim ríkjum þar sem frelsi ríkir ekki í viðskiptum og þörf er opinberra afskipta. Á hinn bóginn hafa útflytjendur iðnaðarvara leitað í ríkum mæli til utanríkisþjónustunnar um aðstoð varðandi markaðsleit og kynningu á iðnaðarvarningi, og sama má segja um landbúnaðinn.

Það sakar ekki að geta þess í þessu sambandi enn fremur, að utanrrn. hefur á mörgum undanförnum árum óskað ríflegrar fjárveitingar til þess að efla starfsemi utanríkisþjónustunnar í þágu markaðsmála, en þýsna erfiðlega hefur gengið að fá slíkar till. samþykktar. Í fjárl. yfirstandandi árs er til þessara hluta varið 1½ millj. kr. og geta allir hv. þm. gert sér í hugarlund hversu mikið er hægt að vinna að þessum málum fyrir þá fjárhæð. Nú hefur fjmrn., eða ríkisstj. kannske öllu heldur, lagt til í fjárlagafrv. næsta árs að þessi fjárveiting verði hækkuð í 6 millj. kr. Ef sú fjárveiting fær byr hjá hv. Alþ. má gera sér vonir um að eitthvað raunhæft verði hægt að gera til frekari markaðsöflunar, frekar en unnt hefur verið til þessa. Ég er ekki að svo stöddu tilbúin að greina frá því í neinum smáatriðum hvernig þessi fjárveiting yrði notuð ef til kæmi, en vel má hugsa sér að hún yrði notuð í því skyni að setja t. a. m. upp embætti verslunarfulltrúa við eitthvert sendiráða okkar í Vestur-Evrópu. Það virðist vera þannig, að viðskiptin við Bandaríkin séu í nokkuð föstu formi og a. m. k. þeir aðilar, sem selja frystan fisk, hafi komið sér upp öflugu sölukerfi og þurfi á lítilli aðstoð að halda. Aftur á móti er þessu ekki alveg á sama hátt farið í Vestur-Evrópu, eins og við vitum. Þar mundi slíkur maður, ef vel tekst til um val hans og annað sem til greina kemur, geta komið að verulegu liði. Ég vona að þessi fjárveiting, þessi tilraun, fái góðar undirtektir hv. alþm. þegar að afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár kemur.

Ég ætla mér ekki, herra forseti, að hafa þessi orð miklu fleiri. En eins og ég vona að marka megi af því, sem ég hef þegar sagt, er ég mjög fylgjandi því að málefni þau, sem þessi þáltill. fjallar um, fái rækilega athugun. Og ég mun vissulega fagna því ef unnt verður að efla starfsemi utanríkisþjónustunnar á sviði utanríkisviðskipta til muna frá því sem nú er. Ég vildi aðeins láta þessar fáu aths. koma fram við 1. umr., um leið og ég endurtek að ég tel þetta merka till. og vænti þess að hún fái greiðan gang í gegnum hv. Alþingi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið viðstaddur þegar hv. þm. Lárus Jónsson flutti framsöguræðu fyrir þessu máli. Ég var tepptur annars staðar. En ég get ekki stillt mig um að lýsa yfir ánægju með flutning þessa máls. Ég álít, að hér sé hreyft mjög merkilegu máli sem sé fyllsta ástæða til að rannsaka rækilega og gera úttekt á stöðu málsins í heild. Það var ekki meining mín að flytja hér langa ræðu. Það eru örfá atriði sem mig langar þó til að drepa á.

Málið fjallar um að gera úttekt á skipulagi og aðstöðu útflutningsverslunar landsmanna og leita leiða til að efla og samræma útflutningsstarfsemi fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu. Síðan er í þáltill. í þessu sambandi og við þessa úttekt lögð áhersla á þrjú atriði sem sérstaklega eru tekin fram í till., þ. á m. að kanna hvort rétt sé og hagkvæmt að koma á samstarfi allra aðila sem vinna að útflutningsstarfsemi, m. a. í því skyni að stuðla á skipulegan hátt að almennri kynningu á íslenskum vörum og þjónustu erlendis og þjálfun starfsfólks sem vinni að hvers konar útflutningsstarfsemi.

Grg. með þessari till. er mjög ítarleg og mjög fróðleg. Þar er í stuttu máli sagt frá því, hvernig nágrannaþjóðir okkar hér á Norðurlöndum haga þessum málum, og kemur í ljós að hjá öllum þessum þjóðum, þ. e. í Noregi, Svíþjóð, Danmörk og Finnlandi, er verulega miklu meira skipulag í þessum efnum en er hjá okkur. Það þarf ekki að þýða að það sé betra í sjálfu sér. Ég hygg þó að ástæðan fyrir því, að þessar þjóðir allar hafa talið nauðsyn á að skipuleggja þessi mál á þann veg að margir aðilar, þ. á. m. ríkisvaldið og aðilar í framleiðslustarfsemi, sneru bökum saman í þessum efnum, sé fyrst og fremst sú, að allar þessar þjóðir eru tiltölulega fámennar. Þó að þær séu á sinn hátt sterkar á ýmsum sviðum, þá eru þær samt tiltölulega fámennar miðað við ýmsar þær þjóðir, sem þær þurfa að keppa við á heimsmarkaði, — þjóðir sem hafa fyrirtæki sem eru margfalt öflugri og margfalt stærri og sterkari en þau fyrirtæki hjá þessum tiltölulega fámennu þjóðum sem standa í samkeppni við stór og öflug fyrirtæki stórþjóðanna sem hafa möguleika á því og fjármagn til þess að eyða gífurlegum fjárhæðum og mikilli starfsorku til að greiða fyrir og efla markaði sína og sölumöguleika á heimsmarkaði.

Ef þetta er rétt ályktað hjá mér, að þetta sé ein af ástæðunum, þá ætti frekar að vera ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga, sem erum afar fámennir og veikir, að sem flestir aðilar sneru bökum saman í því efni að vinna að útflutningsstarfseminni og sölu á íslenskum afurðum erlendis.

Nú er það svo, að svipuðu máli og hér um ræðir hefur áður verið hreyft á Alþ. Ég vil t. d. geta þess, að á Alþ. 1969—1970 fluttum við, ég og hæstv. núv. viðskrh., þáltill. sem var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um Útflutningsráð, er hafi það hlutverk að efla íslenska útflutningsstarfsemi og annast um útflutnings- og markaðsmál í samvinnu við utanrrn. og viðskrn. Útflutningsráð verði sjálfstæð stofnun, skipuð fulltrúum helstu samtaka íslenskra útflytjenda og atvinnuvega. Viðskiptafulltrúar ut-

anríkisþjónustunnar verði að hluta starfsemenn Útflutningsráðs.“

Þó að þessi þáltill., sem við fluttum á sínum tíma, sé ekki nákvæmlega eins að efni til og sú þáltill. sem hér er flutt, þá er hér um að ræða að mörgu leyti sama málið, og það er svipuð hugsun sem liggur til grundvallar báðum þessum tillögum.

Að sjálfsögðu eru ýmsir aðilar sem hafa unnið stórkostlega merkilegt starf í sambandi við markaðsleit og markaðsöflun fyrir okkur Íslendinga. Það langsamlega merkasta að mínum dómi, þó að margt fleira merkilegt mætti upp telja, er hvaða árangri við höfum náð á Bandaríkjamarkaði með okkar frystu fiskafurðir. Þess ber að geta að við höfum átt að mæta skilningi Bandaríkjamanna í þessum efnum. En það hefur einnig verið unnið að þessum málum þar vestra af miklum dugnaði og ég vil segja mikilli framsýni og við, svona litlir og veikir, höfum náð ótrúlega sterkri stöðu á þessum verðmæta markaði, þessum geysilega verðmæta markaði, sem auðvitað á stóran þátt í því, að okkar lífskjör eru eins góð og raun ber vitni. Þau væru mun lakari ef við hefðum ekki einmitt fengið þá fótfestu á Bandaríkjamarkaði fyrir frystar sjávarafurðir sem raun ber vitni. Að þessu hafa unnið sérstakir aðilar einstakra greina, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga. Auk þess eru ýmsir fleiri aðilar, eins og Sölusamband ísl. fiskframleiðenda og síldarútvegsnefnd og margir einkaaðilar sem hafa unnið merkt starf á þessu sviði og engin ástæða er til að draga fjöður yfir. Eigi að síður hygg ég að það væri skynsamlegt fyrir okkur að reyna að snúa meira bökum saman í þessum efnum en við höfum gert fram að þessu, hafa meiri heildarsamvinnu um það hvernig menn vilja vinna þessum málum framgang.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, þó að margt hafi verið vel gert í þessum efnum hjá okkur, að hægt er að vinna miklu meira starf í þessum málum en gert hefur verið fram að þessu, ég held m. a. með því að hafa víðtækari samvinnu en verið hefur milli fleiri aðila.

Það mætti kannske segja, að það væru tvær stefnur sem væri um að ræða í þessum málum. Önnur stefnan er að láta hverja atvinnugrein fyrir sig setja upp sérstaka stofnun sem fjallaði um útflutnings- og markaðsmál. Hin stefnan er hins vegar sú að reyna að samræma og skipuleggja starfsemi allra útflutningsgreina, m. ö. o. að veita kröftunum í einn og sama farveg í þessum efnum, þ. á m. með stuðningi ríkisvaldsins.

Þegar við, ég og hæstv. viðskrh. fluttum till. okkar á sínum tíma um útflutningsráð, flutti ég langa framsöguræðu um það mál, og hún var að talsvert verulegu leyti byggð á því að gera grein fyrir hvernig Norðmenn höguðu þessum málum hjá sér. En það er engin ástæða til að endurtaka það, vegna þess að grg. með þáltill. fylgir stutt, en mjög glögg og greinileg lýsing á því, hvernig m. a. Norðmenn hafa hagað þessum málum hjá sér.

Ég geri mér grein fyrir því, að það er engin tilviljun að Norðmenn settu á stofn útflutningsráð árið 1945, einmitt í stríðslokin, og það er engin ástæða til að leyna því, að það gæti orðið talsverð tregða á því að fá menn til að koma upp hér á Íslandi svipuðu fyrirkomulagi og Norðmenn hafa gert. En það er kannske ekki óvinnandi vegur með góðvilja þeirra sem hlut eiga að máli. Atvinnugreinarnar ættu t. d. að sjá sér hag í því, ef hægt væri að fá ríkisvaldið til þess að gera sérstakt átak með þeim til þess að stuðla að sterkari starfsemi á þessum vettvangi en hægt hefur verið að koma við með því að dreifa kröftunum. Þó að ekki sé beint lagt til í till. að stofna t. d. útflutningsráð eða eitthvað slíkt, koma á svipuðu fyrirkomulagi og er á hinum Norðurlöndunum, þá er samt lagt til að gerð sé úttekt á hvort mögulegt sé að koma á fót slíku samstarfi. Ég held að það sé alveg rétt að nálgast málið á þennan hátt. Það hefur e. t. v. ekki verið tímabært og verið ein af ástæðunum fyrir því, að sú till., sem ég hef verið að minnast á og við fluttum á sínum tíma, var ekki samþ. að það var of fljótt að bera fram slíka till. og skynsamlegra að nálgast málið á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir: að það sé rækilega kannað hvort möguleikar séu á því að setja á fót stofnun sem gæti verið hliðstæða við norska útflutningsráðið t. d., þar sem atvinnuvegirnir og hinar einstöku framleiðslugreinar og fyrirtæki ráða algjörlega ferðinni.

Ég kynnti mér það á sínum tíma, hverjar skoðanir væru uppi í Noregi um árangurinn af þessari skipulagningu og þessari starfsemi, og ég fékk þau svör að árangurinn af þesu hefði verið mjög jákvæður, reynslan hefði sýnt að þetta fyrirkomulag hefði gefist vel þar í landi.

Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar, aðeins endurtaka það, að ég álít að hér sé hreyft mikilsverðu máli, og ég vil lýsa stuðningi við þennan tillöguflutning.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. — Ég vil ekki láta hjá líða að þakka góðar undirtektir undir þennan tillöguflutning. Sérstaklega vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að mér virtist hæstv. utanrrh. vera á nákvæmlega sömu skoðun og ég um meginatriðið þessa máls í sambandi við aukið samstarf útflutningsaðila, aukið skipulagt samstarf frjálsra og óháðra útflytjenda, eins og þeir eru núna, og sjálfstæðra aðila, sem annast útflutningsstarfsemi hver á sínu sviði. Ég held að það sé leiðin til þess að nálgast það markmið sem við öll stefnum að í þessu máli. Slíkt samstarf, slík samvinna milli þessara aðila gæti haft það í för með sér að það væri auðveldara að koma við þjálfun sérmenntaðs fólks í utanríkisverslun. Við vitum að það er mjög sérhæft starf og skortir mjög að það sé nægjanlegt framboð af slíku fólki. Í samvinnu milli þessara aðila gæti þetta verkefni orðið leyst. Við skulum kalla þessa starfsemi samvinnunefnd útflytjenda eða eitthvað slíkt, og hún gæti líka haft það á sinni könnu að auglýsa Ísland erlendis sem framleiðsluland gæðavöru á hvaða sviði

sem væri og staðið að sameiginlegum vörusýningum fyrir útflutningsvörur okkar á öllum sviðum og þar fram eftir götunum. Ég fagna því sérstaklega að mér heyrist að hæstv. utanrrh. og raunar Tómas Árnason einnig, við séum mjög á sömu skoðun í þessum efnum, að það sé a. m. k. rétta leiðin að hefja þetta starf með slíkum hætti, að auka skipulagt samstarf þessara aðila.

Ég vil þakka hv. þm. og hæstv. utanrrh. góðar undirtektir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Aðild Grænlendinga að Norðurlandaráði 205.
Alþjóðasamningur um ræðissamband 169.
Barnalög 265.
Efling útflutningsstarfsemi 283.
Flugsamgöngur við Vestfirði 205.
Fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi 205.
Hlutafélög 235.
Kjarasamningar opinberra starfsmanna 179, 193, 197, 198, 199.
Kosningalög 205, 267.
Ráðstöfun húsakynna að Staðarfelli 199.
Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum 205.
Sinfóníuhljómsveit Íslands 170, 180, 194, 249.
Tekjustofnar sveitarfélaga 242.
Tónmenntafræðsla í grunnskóla 267.
Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum 267.
Vandamál fatlaðra 170.
Þjóðaratkvæði um prestskosningar 267.

Mælendaskrá.

Forseti Nd. Magnús T. Ólafsson 263.
Forsrh. Geir Hallgrímsson 179, 197.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 235, 265, 266.
Menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson 170, 190, 199, 203, 263.
Utanrrh. Einar Ágústsson 169, 286.
Albert Guðmundsson 247.
Benedikt Gröndal 212, 227.
Ellert B. Schram 180, 220.
Friðjón Þórðarson 202.
Gylfi Þ. Gíslason 173, 216.
Halldór Ásgrímsson 198.
Ingi Tryggvason 267, 279, 282, 283.
Ingiberg J. Hannesson 199.
Ingólfur Jónsson 276.
Ingvar Gíslason 177.
Jón Skaftason 219.
Jónas Árnason 175, 194, 199, 201, 231, 260.
Karvel Pálmason 181, 228, 252, 278, 281.
Lárus Jónsson 259, 283, 292.
Magnús T. Ólafsson 186, 218, 249.
Oddur Ólafsson 203, 282.
Ólafur G. Einarsson 193.
Pálmi Jónsson 255.
Ragnar Arnalds 205, 232, 242, 248.
Sighvatur Björgvinsson 184.
Sigurlaug Bjarnadóttir 202, 223, 274.
Svava Jakobsdóttir 225, 266.
Tómas Árnason 270, 289.

Efri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 38). — Frh. 1. umr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í framhaldi af umr. föstudaginn 26. okt. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 frá 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, á þskj. 38, vil ég þakka hv. 1. flm., 5. þm. Norðurl. v., fyrir að hafa gefið mér tækifæri til þess að kynna mér framsöguræðu hans, og vil ég leyfa mér að gera eftirfarandi aths. við málflutning hans þá.

Í frv. er gert ráð fyrir að nokkur af stærri fyrirtækjum landsins, sem hafa starfsvettvang um land allt, greiði framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í stað aðstöðugjalda í heimabyggð sinni. Í grg. er enn fremur talað um að mörg fyrirtæki hafi landið allt sem viðskiptasvæði, en í frv. sé þó aðeins gerð till. um að nokkur hin stærstu þeirra verði undanþegin greiðslu aðstöðugjalds, en greiði í þess stað landsútsvar. Frv. gerir einnig ráð fyrir að gjaldstofn til landsútsvara umræddra fyrirtækja verði hinn sami og gjaldstofn aðstöðugjalda. Út af fyrir sig er hér um frávik að ræða frá gildandi lagaákvæðum sem gera ráð fyrir allt öðrum gjaldstofnum til landsútsvara en aðstöðugjalda. Alkunnugt er að aðstöðugjöld hafa verið mjög umdeildur gjaldstofn og þótt að mörgu leyti mjög óréttlátur. Engu að síður hefur tilvist aðstöðugjalda verið réttlætt með því, að rétt sé að fyrirtæki greiði til sameiginlegra þarfa þess sveitarfélags sem búið hefur þeim aðstöðu til starfrækslu, þ. e. aðseturssveitar fyrirtækisins. Hér er að sjálfsögðu um allt annað hugtak að ræða en kemur fram í grg. með frv. þegar rætt er ýmist um starfsvettvang fyrirtækja eða viðskiptasvæði þeirra, og mér er nærri að halda að mikill meiri hluti allra fyrirtækja í landinu telji að starfsvettvangur eða viðskiptasvæði þeirra sé ekki bundið við heimilissveitina eina. Sem dæmi má nefna hótel úti á landi, t. d. hótel á Húsavík. Óumdeilt er að hótelið starfar á Húsavík eingöngu. En hvert er viðskiptasvæði hótelsins? Fróðlegt væri að vita hvað íbúar Húsavíkur eru stór hluti af viðskiptavinum hótelsins? Með sama hætti mætti nefna ýmis önnur fyrirtæki víðs vegar um landið. En hvar liggja mörkin á viðskiptasvæði slíkra fyrirtækja?

Eins og ég nefndi áður er meginhugsun laga um tekjustofna sveitarfélaga sú, að þar skuli fyrirtækin greiða aðstöðugjöld sem þau fá fyrirgreiðslu af hálfu sveitarfélaga. Ég tel ekki rétt að fara að hræra með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir í tekjuöflunarkerfi sveitarfélaga, en mundi ekki mæla á móti því að tekjuöflunarkerfið yrði tekið upp til athugunar í heild, og raunar kann það vel að reynast nauðsynlegt í sambandi við þá endurskoðun á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem nú stendur yfir. Sérstök rök hafa eflaust þótt mæla með því, að þeim fyrirtækjum, sem nú eru talin upp í 10. gr. laganna, hafi verið gert að greiða landsútsvör. Hér er í fyrsta lagi um að ræða nokkur ríkisfyrirtæki sem þó er heimilt að leggja aðstöðugjöld á að nokkru leyti, í öðru lagi eru það olíufélögin og í þriðja lagi bankarnir. Olíufélögin og bankarnir hafa þá sérstöðu að viðskiptasvæði þeirra spanna ekki einungis landið allt, heldur hafa þau einnig mjög víða starfsstöðvar í bæjum og sveitum. Þannig er alkunnugt að olíufélögin reka bæði birgðastöðvar víða um landið svo og dreifingu og sölu eflaust í öllum sveitarfélögum landsins. Þegar olíufélögunum var áður gert að greiða aðstöðugjöld og þau voru lögð á um land allt mun það hafa verið eilift deilumál, hvernig meta skyldi til álagningar starfsemi félaganna í hverju sveitarfélagi um sig. Þessi rök munu m. a. hafa verið til þess, að sú breyting var gerð að olíufélögunum var gert að greiða landsútsvar. Með sama hætti reka bankarnir starfsstöðvar víða um landið og af þeim sökum hefur e. t. v. þótt rétt að gera þeim að greiða landsútsvar, en þá er einnig rétt að geta þess, að bankarnir greiddu ekki aðstöðugjöld áður.

Fyrirtæki þau, sem frv. gerir ráð fyrir að greiði framvegis landsútsvör í stað aðstöðugjalda, eru óvefengjanlega með viðskiptasvæði um land allt, en hafa hins vegar starfsstöð og starfsaðstöðu í ákveðnum sveitarfélögum. Sum þeirra reka hins vegar útibú eða umboðsskrifstofur víða um land, og ég geri ráð fyrir að af þeirri starfsemi sé að sjálfsögðu greitt aðstöðugjald til viðkomandi sveitarfélags. Þannig munu t. d. Flugleiðir greiða aðstöðugjald á Keflavíkurflugvelli, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum. Eimskipafélagið rekur vörugeymslur í Hafnarfirði og greiðir eflaust aðstöðugjald þar í bæ af þeirri starfsemi, og fyrirhuguð er starfræksla vörugeymslu félagsins á Akureyri. Þessi félög, svo og t. d. vátryggingafélögin, reka einnig umboðsskrifstofur víða um landið, og ég geri ráð fyrir að umboðsaðilar þessir séu sjálfstæðir skattaðilar hver í sinni heimasveit og greiði þess vegna aðstöðugjöld af þeirri starfsemi sem að umræddum félögum lýtur. Ég fæ hins vegar ekki séð að frv. geri ráð fyrir að undanþiggja slíka umboðsstarfsemi greiðslu aðstöðugjalda.

Af grg. með frv. má marka, eins og einnig kom skýrt fram í framsöguræðu 1. flm., að aðstandendur frv. telja það aðeins spor í þá átt að afnema aðstöðugjöldin að mestu eða öllu leyti, en taka upp landsútsvör í þeirra stað. Af hverju stíga þeir ekki skrefið til fulls? Er það ekki stefna þessara hv. þm. að leggja bara á einn skatt sem renni til ríkisins sem skipti honum síðan á milli sveitarfélaga landsins eftir því sem miðstjórnarvaldi kann að þóknast hverju sinni? Er það ekki þeirra stefna að draga sem mest úr frumkvæði og athafnafrelsi jafnt einstaklinga sem sveitarstjórna víða um land, en efla í þess stað miðstýringuna og ríkisbáknið?

Skoðun mín hefur ávallt verið sú, að aðstöðugjaldið væri óréttlátur tekjustofn sem bæri að afnema sem allra fyrst. En meðan þessi tekjustofn er við lýði tel ég réttlátast að hann komi þeim sveitarfélögum til góða sem hafa með fjárfestingu og fyrirhöfn skapað þá aðstöðu sem laðar fyrirtækin að.

Í framsöguræðu 1. flm. fór ekkert á milli mála, að frv. var einkum og sér í lagi stefnt gegn borgarsjóði Reykjavíkur. Hann nefndi tveggja ára gömul dæmi um að tekjur Reykjavíkurborgar á hvern íbúa væru nokkru hærri en tekjur annarra kaupstaða. Nú er hins vegar vitað að á síðustu árum hafa atvinnutekjur Reykvíkinga einmitt hækkað um minna en atvinnutekjur íbúa margra annarra kaupstaða. Þegar af þessari ástæðu er sá samanburður, sem hv. þm. nefndi, orðinn úreltur og því ástæðulaust að sjá ofsjónum yfir honum. Þm. nefndi sérstaklega einn fyrirtækjahóp sem greiddi einungis gjöld til Reykjavíkurborgar. Það eru dagblöðin. Taldi hann sjálfsagt að þau ættu að greiða landsútsvör fremur en aðstöðugjöld til borgarsjóðs. Ég skal upplýsa hv. þm. um að dagblöðum hefur ekki verið gert að greiða aðstöðugjöld til Reykjavíkurborgar.

Í framsöguræðu sagði 1. flm. frv., að samþykkt þess mundi leiða til einhverrar örlítillar tekjulækkunar fyrir Reykjavíkurborg, og miðaði hann þá við árið 1975 og nefndi 65 millj. kr. í því sambandi. Af þessari ástæðu vil ég einnig upplýsa að fyrirtæki þau, sem frv. fjallar um að greiði framvegis landsútsvör, greiða í aðstöðugjöld á árinu 1977 samtals 321.7 millj. Miðað við ákvæði frv. mundi hinn örlitli tekjumissir borgarsjóðs á þessu ári nema um 149 millj. og á næsta ári, miðað við eðlilega hækkun, sennilega rúmlega 200 millj.

Ég er hér með skrá yfir öll þau félög sem aðstöðugjald greiða, og er hv. 1. flm. velkomið að skoða hana. Þar kemur í ljós, — ég ætla ekki að lesa upp þann lista allan, en hann hefur auðsjáanlega gleymt að telja þarna nokkur fyrirtæki með sem samkv. hans hugmynd ættu einnig að koma inn í þá mynd sem hann málar í sínu frv. Samtals væri þá, ef ég mínusa þau fyrirtæki sem hann gleymdi að telja upp, aðstöðugjaldsgreiðslan, sem Reykjavík fengi 1977, 321 697 700 kr., en fengi samkv. því frv. og þeim *hugmyndum, sem eru uppi í því frv. sem hér* er til umr., 172 millj. 751 þús. kr. Sem sagt, miðað við þessa útreikninga er tapið, eins og ég gat um, nákvæmlega 148 946 700 kr. Þessi útreikningur liggur frammi ef hv. 1. flm. kærir sig um að yfirfara hann og staðreyna hvort hann er réttur.

Herra forseti. Með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, legg ég til að þetta frv. verði fellt.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir lofsverðan áhuga á þessu máli. Hann hefur greinilega tekið sér góðan tíma til að kynna sér málið og flutti hér málefnalega ræðu sem byggðist á athugun hans á efni frv. Finnst mér svör hans vera nokkuð til fyrirmyndar miðað við það sem gengur og gerist hér í umr. á Alþ. En ég get því miður ekki fjallað nákvæmlega um tölulegar upplýsingar sem hann kom með hér, vegna þess að ég hef ekki átt þess kost að kynna mér þær, enda mun það ekki miklu breyta. Sjálfsagt er að athuga í nefnd þær tölur, sem hann lagði hér fram. Samt er það nú svo, að mig grunar að í útreikningi hans gæti nokkurs misskilnings, því að hann telur hér fram réttilega hver sé upphæð þeirra aðstöðugjalda á árinu 1977 sem þau félög mundu greiða til ríkisins sem fram að þessu hafa greitt aðstöðugjöld til Reykjavíkur, og það er sjálfsagt alveg réttilega fram talið, en hins vegar finnst mér að hann taki ekki fullt tillit til þess að ¼ hluti landsútsvara fellur í hlut viðkomandi sveitarfélags í fyrsta lagi og í öðru lagi fær Reykjavíkurborg líðlega 40% af því sem kemur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í formi landsútsvara, en það verður einnig að dragast frá, þannig að mig grunar að upphæðin, sem hann nefndi áðan um nettótap Reykjavíkurborgar af þessari breytingu, sé ekki alveg réttilega fundin. En þetta er atriði sem mætti athuga í nefnd.

Hv. þm. gagnrýndi frv. á þeim forsendum, að ekki lægi ljóst fyrir hvar mörkin lægju milli þeirra fyrirtækja, sem hefðu landið allt að viðskiptasvæði, og hinna, sem væru meira staðbundin. Þetta er út af fyrir sig aths. sem á fyllsta rétt á sér. En ég vil hins vegar vekja athygli á því, að landsútsvörum er þannig háttað, eins og þau eru lögð á í dag, að þar eru fyrirtæki sem skera sig ekki með neinum sérstökum hætti úr, þannig að vissulega má deila um hvort þau fyrirtæki, sem í dag greiða landsútsvör, eigi að takast út úr frekar en önnur. Ég nefni bara sem dæmi Sementsverksmiðju ríkisins eða Landssmiðjuna. Að hvaða leyti er eðlilegra að Landssmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins á Akranesi greiði landsútsvör heldur en t. d. Samband ísl. samvinnufélaga eða Flugfélag Íslands? Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er erfitt að draga mörkin. En löggjafinn hefur talið óhjákvæmilegt á sínum tíma að draga þau einhvers staðar. Hann tók nokkurn fjölda fyrirtækja sem ákveðið var að greiddu landsútsvör, og ég sé ekki að þau séu með neinum hætti sérgreind þannig að ekki sé vel hugsanlegt að bæta þar allmörgum fyrirtækjum við.

Hv. þm. nefndi að þessi fyrirtæki, sem greiddu nú aðstöðugjöld, hefðu starfsstöð í viðkomandi sveitarfélagi og væri því ekki óeðlilegt að þau greiddu nokkuð til þess. Ég vil vekja á því athygli, að í fyrsta lagi greiða þessi fyrirtæki öll fasteignaskatt, vegna þess að þau eiga yfirleitt stóreignir í viðkomandi sveitarfélagi, og ég tel að fasteignaskatturinn, sem þessi félög greiða og er orðinn mjög umtalsverð upphæð, enda er fasteignaskatturinn einn aðaltekjustofn sveitarfélaganna, sé alveg nægileg umbun af hálfu viðkomandi stofnunar til sveitarfélagsins vegna þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið veitir. Í öðru lagi minni ég á það, að þegar um er að ræða *landsútsvör fellur fjórði hluti landsútsvara* í hlut viðkomandi sveitarfélags, þannig að það er síður en svo að það sé algerlega afskipt með skatta frá viðkomandi fyrirtæki.

Hv. þm. sagði að sér virtist að útibú fyrirtækja í öðrum sveitarfélögum væru ekki undanþegin greiðslu aðstöðugjalds þrátt fyrir ákvæði þessara laga. Það held ég að sé á misskilningi byggt, því að í 5. gr. frv. kemur alveg skýrt fram að þeim fyrirtækjum, sem ætlað er að

greiða landsútsvar, skuli ekki greiða aðstöðugjald, hvorki í aðalstarfsstöð fyrirtækisins né í útibúum þess.

Ég tel ástæðulaust fyrir forsvarsmenn Reykjavíkurborgar að bregðast illa við frv. af þessu tagi, vegna þess að þeir hljóta að viðurkenna að Reykjavíkurborg nýtur mjög augljósrar forréttindaaðstöðu hvað snertir innheimt aðstöðugjöld, og forsvarsmenn Reykjavíkurborgar hljóta að vera reiðubúnir að rökræða það, hvort þessi forréttindaaðstaða á rétt á sér eða ekki. Ég tel að svo sé ekki, og ég tel að forsvarsmönnum Reykjavíkurborgar sé skylt að taka til yfirvegaðrar athugunar hvort ekki sé rétt að koma fram leiðréttingu.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm., að atvinnutekjur íbúa Reykjavíkurborgar hafa ekki hækkað hlutfallslega jafnmikið og tekjur íbúa ýmissa sveitarfélaga úti á landi, sem stafar einfaldlega af því að í tíð fyrri ríkisstj., vinstri stjórnarinnar, var mikið gert til þess að bæta atvinnuástand víða um land, og það hefur haft þær afleiðingar að tekjur hafa víða stóraukist. En mér finnst satt að segja að það gangi nokkuð langt ef forsvarsmenn Reykjavíkurborgar sjá ofsjónum yfir því að hlutur sveitarfélaga úti á landi, sem hafa átt við erfiðleika að stríða, batni. Þarna var um vandræðaástand að ræða og það hefur sem betur fer verulega lagast. Það þýðir ekki að hlutur Reykjavíkurborgar hafi minnkað þar fyrir, enda er alveg ljóst af þeim tölum, sem ég hef lagt fram í þessum umr., að á árinu 1975 er Reykjavíkurborg enn með verulegar tekjur umfram tekjur annarra sveitarfélaga í landinu, langt yfir meðaltali annarra kaupstaða, þannig að ég held að því fari víðs fjarri að Reykjavíkurborg þurfi neitt að kvarta. Og eins og ég benti á í framsöguræðu minni, þá fer því víðs fjarri að frv. þetta snúi hlutunum við þannig að hagur Reykjavíkurborgar verði stórlega fyrir borð borinn. Það, sem gerist við samþykkt frv., er það eitt að svolítið dregur saman með Reykjavíkurborg annars vegar og öðrum kaupstöðum hins vegar.

Ég held sem sagt að forsvarsmenn Reykjavíkurborgar og þ. á m. hv. 12. þm. Reykv. ættu að taka efni þessa frv. til athugunar og það hefur hv þm. reyndar þegar gert. Þess vegna finnst mér það skjóta nokkuð skökku við þegar hann leggur til að frv. verði fellt áður en það er athugað í n. Hann nefndi það áðan að ég hefði sagt að hér væri aðeins um að ræða skref í ákveðna átt, og hann spurði: Af hverju ekki að stiga skrefið til fulls? Ja, ég tek undir það með hv. þm. — hann segir nokkuð: Því ekki að stíga skrefið til fulls og láta ríkisvaldið innheimta öll aðstöðugjöld í landinu og skipta þeim síðan meðal sveitarfélaganna, eins og hann einmitt nefndi áðan að væri hugsanlegur möguleiki? Ég tek undir þessa hugmynd hans. Að vísu er ég ekki samþykkur þeim orðum hans, að ríkið mundi þá skipta þessum tekjum eftir geðþótta, engum mundi að sjálfsögðu detta það í hug. Ríkið mundi þá væntanlega skipta þessum tekjum í hlutfalli við íbúatölu á hverjum stað, sem sagt á fullkomlega réttlátan hátt. Ég er ekki í nokkrum vafa um að árangurinn yrði sá, að tekjur sveitarfélaga í landinu yrðu miklu jafnari en þær eru í dag. Þetta er atriði, sem mér finnst að ætti að ræða í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, og vissulega kæmi til greina að breyta aðstöðugjöldum almennt í landsútsvör þannig að viðkomandi sveitarfélag fengi bara hluta af þeim og að öðru leyti rynnu þau í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem skipti þeim á réttlátan hátt.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að orðlengja um efni þessa frv. og vænti þess fastlega að því verði vísað til n. og sú n. kanni hverjar yrðu afleiðingar af samþykkt frv. miðað við tekjustofna sveitarfélaga eins og þeir eru í dag, því þegar frv. var samið lágu ekki fyrir upplýsingar yngri en frá 1975, en vafalaust er unnt í n. að fá upplýsingar frá árinu 1976.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Að sjálfsögðu mun ég ekki greiða atkv. á móti því að frv. það, sem hér er til umr., verði sett í n., þó ég hafi hagað orðum mínum á þann hátt að mér væri kærkomnast að fella það þegar í stað. Að sjálfsögðu mun ég ekki greiða því mótatkv. að það verði sett í n., sérstaklega ef aðalatriðið hjá hv. 1. flm. er að athuga hvort þær tölur, sem ég lagði fyrir hann og þessa hv. d., eru réttar eða ekki. En ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, til að koma í veg fyrir misskilning og vil — með leyfi hæstv. forseta — endurtaka það að gefnu tilefni, að ég sagði í ræðu minni: Frv. gerir einnig ráð fyrir að gjaldstofn til landsútsvara umræddra fyrirtækja verði hinn sami og gjaldstofn aðstöðugjalda. Út af fyrir sig er hér um frávik að ræða frá gildandi lagaákvæðum sem gera ráð fyrir allt öðrum gjaldstofnum til landsútsvara en aðstöðugjaldið.

Ég vil að það komi líka fram, að það var ekki rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. að ég hafi gert að till. minni að stíga enn þá stærra skref, eins og hann orðaði það, í þá átt sem frv. gerir ráð fyrir. Vil ég leyfa mér að vitna aftur í ræðu mína áðan. Ég sagði: Af grg. með frv. má marka, eins og einnig kom skýrt fram í framsöguræðu 1. flm., að aðstandendur frv. telja það aðeins spor í þá átt að afnema aðstöðugjöldin að mestu eða öllu leyti, en taka upp landsútsvör í þeirra stað. Síðan spyr ég: Af hverju stíga þeir ekki skrefið til fulls? Ég geri það ekki að till. minni, og ég fylgdi þessu úr hlaði með því að lýsa þeirra pólitíska hugsunarhætti í sambandi við miðstjórn og miðstýringu.

Ég harma það að flm. skyldu ekki leita sér nýrri gagna en vitnað var í. Þau eru til og ég fékk þau hjá Reykjavíkurborg. Árið 1975 er hagstæðari samanburður fyrir þeirra málflutning. En það er staðreynd, eins og málin standa í dag, að atvinnutekjur Reykvíkinga hafa minnkað í hlutfalli við auknar atvinnutekjur annars staðar, og það er enginn hér í Reykjavík, hvorki ég né aðrir, sem harma það, nema síður væri, og að sjálfsögðu vonum við að atvinnutekjur landsmanna allra geti aukist, en ekki öfugt.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ástæður til þess, að ekki lágu fyrir við gerð frv. nýrri tölur en frá 1975, voru einfaldlega þær, að Hagstofa Íslands, sem tekur

saman tekjur sveitarfélaga af útsvörum, aðstöðugjaldi og fasteignaskatti, hefur ekki gefið út nýlegri upplýsingar en frá árinu 1975. Hv. þm. getur komið hér með lista yfir fyrirtæki sem greiða aðstöðugjöld til Reykjavíkur og hvað þeirra tekjutap yrði mikið. Það getum við allir gert, því skattskrá Reykjavíkur liggur að sjálfsögðu fyrir. En til þess að átta sig á aðstöðumun sveitarfélaganna verður að hafa meira heldur en skrá yfir aðstöðugjald. Það verður að hafa samanlagðar tekjur sveitarfélaganna af þessum þremur megintekjustofnum. Þó að þær upplýsingar kunni að liggja fyrir einhvern tíma á næstu vikum, þá hafa þær enn ekki verið tiltækar. T. d. eru ekki upplýsingar um þessar tölur birtar í Hagtíðindum fyrir árið 1975 fyrr en í febr. 1977, og ég geri ráð fyrir að Hagstofan sé nú u. þ. b. að ganga frá skýrslum um árið 1976.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis.

Barnalög, frv. (þskj. 55). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Ættleiðingarlög, frv. (þskj. 56). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv. til ættleiðingarlaga, sem hér er nú lagt fram, hefur legið fyrir tveim þingum. Fyrst var það að vísu lagt fram meira til kynningar heldur en ætlast væri til að það yrði afgreitt.

Frv. er samið af svokallaðri sifjalaganefnd, en í henni eiga sæti dr. Ármann Snævarr, Baldur Möller ráðuneytisstjóri, frú Auður Auðuns fyrrv. ráðherra, og ritari hefur verið Guðrún Erlendsdóttir hrl., sem er kennari í þessum fræðum við Háskóla Íslands.

Þetta frv., ef það verður að lögum, á að koma í stað laga nr. 19 1953, um ættleiðingu, og tvennra laga um breyt. á þeim lögum sem síðan hafa verið samþ.

Fyrstu heildarlög um ættleiðingu, sem sett voru hér á landi, voru þau lög sem ég nefndi áðan, lög nr. 19 frá 1953. Það var að vísu svo, að lög um ættleiðingu voru eitt af þeim málefnum innan fjölskylduréttarins sem norræn samvinnunefnd fjallaði um á sínum tíma og leiddi m. a. til þess, að bæði hjúskaparlög og eins lög um börn, bæði skilgetin og óskilgetin, voru lögtekin á sínum tíma, þó Íslendingar ættu ekki beina aðild að þeirri samvinnu á þeim tíma. Þessi samvinna leiddi til þess að lög um ættleiðingu voru sett á Norðurlöndunum upp úr 1920. En hér á landi urðu lög um ættleiðingu út undan og ekki sett heildarlög um það efni fyrr en á árinu 1953. Í stað þess var farið eftir ýmsum dreifðum lagaákvæðum og svo nokkuð í framkvæmd eftir svipuðum reglum og giltu eftir Norðurlandalögunum.

Það er ekki hægt að segja að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, felist nein stefnubreyting frá núgildandi lögum, og í þessu frv. er ekki um að ræða stórvægilegar breyt. frá gildandi lögum. En í þessu frv. eru sett skilmerkileg ákvæði um sitthvað og auk þess að sjálfsögðu gerðar ýmsar minni háttar breytingar á einstökum atriðum.

Þessu frv. fylgir ítarleg grg. Í II. kafla grg. eða athugasemdanna er skráður fjöldi ættleiðinga hér á landi og gerður nokkur samanburður á tíðni þeirra hér og á Norðurlöndum. Í III. kafla eru teknar saman á glöggan hátt þær helstu breyt., smáar og stærri, sem um er að ræða. Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara að endursegja þær hér. Loks eru í IV. kafla athugasemdanna með frv. aths. við einstakar greinar frv.

Þar sem hér hefur áður verið mælt fyrir þessu frv. í þessari hv. d. sé ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það í framsögu að þessu sinni. Það má í stuttu máli segja að það sé í megindráttum sniðið eftir hliðstæðri löggjöf á Norðurlöndum.

Ég leyfi mér að vonast til að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég held að það sé óhætt að segja að það sé talsvert viðaminna og einfaldara en það frv. sem greidd voru atkv. um áðan og vísað til n. og ég mælti fyrir á síðasta fundi hv. deildar, þ. e. a. s. frv. til barnalaga. Ég vona þess vegna, hvað sem um það frv. kann að verða, að þá sjái hv. d. og hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, sér fært að afgreiða það á jákvæðan hátt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Frv. það, sem ég hef flutt á þskj. 16, er þess efnis, að ákveðið verði með breyt. á sveitarstjórnarlögum að taka upp 18 ára kosningaaldur við sveitarstjórnarkosningar þegar á næsta vori.

Kosningarréttur til Alþingis er ákveðinn í 33. gr. stjórnarskrárinnar. Kosningarréttur til sveitarstjórna er hins vegar ákveðinn í 18. gr. sveitarstjórnarlaga. Af þessu leiðir að kosningarrétti til Alþ. verður ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingu, en kosningarrétti til sveitarstjórna má breyta með einfaldri lagasetningu.

Þetta frv. felur í sér þá breyt., eins og ég áður gat um, að kosningarréttur til sveitarstjórna verði lækkaður í 18 ár, og gæti það komið til framkvæmda þegar í sveitarstjórnarkosningum 1978 ef þetta þing vill.

Kosningarréttur hefur verið lækkaður í 18 ár í fjölmörgum löndum, og er þegar fengin af þeirri breytingu veruleg reynsla. Hefur hvarvetna komið í ljós að hrakspár, sem algengar voru um breytingu þessa áður en hún var gerð erlendis, hafa ekki reynst á rökum reistar. Unga

fólkið hefur yfirleitt reynst vera maklegt þess trausts sem því er sýnt með þeim auknu réttindum.

Alþfl. hefur frá stofnun sinni lagt ríka áherslu á baráttu fyrir auknum mannréttindum. Á fyrstu árum sínum hóf flokkurinn baráttu fyrir lækkun kosningarréttar úr 35 og 25 árum í 21 ár og lagði ríka áherslu á að fá afnumda þá svívirðu að fólk missti kosningarrétt ef það neyddist til að leita til sveitar.

Árið 1963 endurskoðaði Alþfl. stefnuskrá sína, eins og hann hefur gert á 15—20 ára fresti, og breytir þá ýmsum dægurmálum, en heldur sig jafnan við grundvallarkenningar jafnaðarstefnunnar. Við þá breytingu tók flokkurinn upp baráttu fyrir 18 ára kosningarrétti, og tveim árum síðar 1965 fluttu þm. flokksins till. þess efnis á Alþ. Var þá ákveðið að setja sérstaka n. til að athuga þetta mál. Í þeirri n. náðist samkomulag um að lækka kosningaaldurinn úr 21 ári í 20 ár og var stjórnarskrárbreyting þess efnis samþykkt á 87. og 88. löggjafarþingi með kosningum á milli. Breytingin tók gildi vorið 1968 og hafði þá sveitarstjórnarlögum verið breytt til samræmis.

Þm. Alþfl. tóku málið upp á nýjan leik 1974 og hafa flutt það á hverju þingi síðan. Að þessu sinni er aðeins gerð till. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, sökum þess að með þeirri lagabreytingu má koma 18 ára kosningarrétti á við sveitastjórnarkosningar næsta vor, en kosningarrétti til Alþ. verður að sjálfsögðu ekki breytt nema á lengri tíma. Segja má að ekki sé eðlilegt að hafa mismunandi kosningarrétt til alþingiskosninga og sveitarstjórnarkosninga, en þó má líta á þá breyt., sem þetta frv. fjallar um, sem áfanga og gera ráð fyrir að sams konar breyt. varðandi alþingiskosningar komi óhjákvæmilega fljótt á eftir.

Vert er að geta þess, að hér á landi er greinilega vaxandi áhugi á að lækka kosningaaldur enn frekar en gert var fyrir áratug. Hér hafa menn tekið eftir því, að 18 ára kosningaaldur er allt að því ríkjandi regla í öllum þorra landa, sem næst okkur eru og við teljum okkur skyldust, og hefur hvarvetna gefist vel, hefur hvergi leitt til þeirra óæskilegu afleiðinga eða rasks sem ýmsir töldu að kynni að verða. Má nefna sem dæmi um áhuga hér á landi, að í prófkjöri Alþfl. hefur að sjálfsögðu verið tekinn upp 18 ára kosningaaldur í samræmi við stefnu flokksins og a. m. k. í sumum héruðum hefur stærsti flokkur landsins, Sjálfstfl., tekið ákvörðun um að heimila flokksbundnu fólki allt niður að 16 ára aldri að taka þátt í vali frambjóðenda til alþingiskosninga. Ég tel því ríka ástæðu til að sýna íslenskri æsku það traust að lækka kosningaaldurinn í 18 ár.

Íslensk ungmenni eru yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi og félagsmálum þjóðar sinnar en tíðkast erlendis, og þeim er iðulega gert hér á landi að axla meiri ábyrgð og skyldur en tíðkast um jafnaldra þeirra meðal annarra þjóða. Með tilliti til góðrar reynslu margra nágrannaþjóða verður því að telja að það sé tímabært að sýna unga fólkinu hér á landi það traust að stíga hiklaust sporið til 18 ára kosningarréttar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og félmn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vildi láta það koma fram strax, áður en frv. þetta fer í n., að ég styð það heilshugar og tek undir þau rök sem hv. flm. frv. færði fram í ræðu sinni áðan fyrir því að sjálfsagt væri að lækka kosningaaldurinn niður í 18 ár.

Ég tek undir það t. d., að það er sjálfsagt að sýna ungu fólki þetta traust sem fælist í því að lækka kosningaaldurinn niður í 18 ár. Ég tel að það væri hollt fyrir unga fólkið að löggjafinn léti í ljós traust sitt á því með ýmsum hætti. Ýmislegt, sem talið er fara aflaga í hátterni unga fólksins stafi einmitt af því að þessu fólki sé ekki sýnt nógu mikið traust. En það er önnur saga.

Ég tek einnig undir það, að ekkert sé við það að athuga að lækka kosningaaldurinn í 18 ár að því er varðar sveitarstjórnarkosningar — þar er um að ræða einfaldari breytingu — þó að það yrði e. t. v. að bíða eitthvað að kosningaaldurinn yrði lækkaður í 18 ár einnig að því er varðar alþingiskosningar. En ég vona eins og hv. flm. að það megi verða sem allra fyrst.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég er nú svo gamall sem á grönum má sjá og ég ætla að lýsa því yfir nú þegar við 1. umr. þessa máls, að ég er á móti því að færa kosningaaldurinn niður í 18 ár.

Hv. flm. vék að því, að víða í nágrannalöndum okkar væri búið að færa kosningaaldurinn niður í 18 ár og með góðri reynslu. Þetta gat hann ekki sannað. Hann færði engar sönnur á það. Skoðun mín er sú, að það sé langt frá því að 18 ára fólk hafi þann þroska að það eigi að fá kosningarrétt til Alþ., og ég álít að það sé eðlilegra og sjálfsagðara að það fylgist að kosningarréttur til Alþ. og til sveitarstjórna. Ef hins vegar Alþ. færir kosningaaldurinn til Alþ. á sínum tíma niður í 18 ár, þá finnst mér eðlilegt að þar fylgist með kosningarréttur til sveitarstjórna.

Hv. flm. lét aðeins í það skína að Alþfl. hefði verið einhver forgangsflokkur í að færa niður kosningaaldurinn. Ég álít að það sé ekki rétt hjá honum. Það var í fyrstu stefnuskrá Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, fyrir 1930 að færa kosningaldurinn niður í 21 ár. Hann hélt fast við það og síðan hélt flokkurinn einnig fast við það að færa aldurinn niður í 21 ár. En um þetta er tilgangslaust að vera að deila og ég skal ekki eyða tímanum í það, en ég vildi lýsa þessu yfir nú þegar sem skoðun minni.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það er eðlilegt að menn hafi mismunandi skoðanir um það mál sem hér liggur fyrir, og það er engan veginn víst að afstaða manna fari í því efni eftir pólitískum flokkum. Mín persónulega afstaða varðandi þetta mál er sú, að ég hef lengi verið hlynnt því að kosningaaldur svo og ýmis önnur réttindi, sem bundin eru aldursmarki, séu miðuð við lægri aldur en nú er.

Þessa afstöðu má rekja allt til þess tíma er ég sjálf starfaði í samtökum ungra sjálfstæðismanna, og ég geri ekki ráð fyrir að hugmyndir ungs fólks um stjórnmálaafstöðu séu síður í gildi í dag en þær voru þá. Mér sýnist einmitt að við, sem eldri erum, megum margt af ungu fólki læra,

þó að fyrst og fremst sé hlutverk okkar að kenna þeim sem yngri eru.

Mér virðist svo mikil ábyrgð hvíla á ungu fólki í okkar þjóðfélagi, að ekki sé nema sanngjarnt að það fái nokkru ráðið um það hverjir hafi forræði og forstöðu um almenn málefni sveitarfélags eða þjóðar. Ég tel þó, á meðan þessi breyting verður, að gjarnan megi hafa þann hátt á að framkvæma hana smátt og smátt. Þegar n., sem skipuð var í framhaldi af þáltill. frá 1965 sem hv. flm. málsins gat hér um, gekk frá nál. sínu, var ég, sem átti sæti í þessari n., hlynnt þeirri hugmynd að kosningaaldurinn yrði færður nokkuð niður þó ekki yrði allt stökkið tekið í einu. En um þetta efni má einnig segja, að það er ekki óeðlilegt að rýmri kosningarréttur gildi um kosningu til sveitarstjórna en til Alþingis. Svo er einnig á fleiri sviðum en að því er aldurinn varðar. T. d. var það nýlega í lög leitt á öllum Norðurlöndum nema Íslandi að kosningarrétt til sveitarstjórna hafa útlendingar búsettir í landinu, séu þeir ríkisborgarar í einhverju Norðurlanda. Það er talið eðlilegt að sveitarstjórnarkosningarrétturinn sé að þessu leyti rýmri, vegna þess að sveitarstjórnarmálin eru, ef svo má segja, í enn meira nábýli við hvern einstakling heldur en margt í löggjafarmálum.

Árið 1965 var leitað umsagnar um þetta atriði sem hér um ræðir og raunar almennan 18 ára kosningaaldur. Var leitað til Sambands ungra sjálfstæðismanna, Sambands ungra jafnaðarmanna, Sambands ungra framsóknarmanna, Æskulýðsfylkingarinnar, sem þá hét svo, Íslenskra ungtemplara og Sambands bindindisfélaga í skólum.

Afstaða þessara félagasamtaka var sú, að Samband ungra sjálfstæðismanna lýsti sig meðmælt till. og benti jafnframt á að e. t. v. væri tímabært að samtímis færi fram athugun á öðrum lágmarksaldursákvörðunum, svo sem lögræðisaldri. Samband ungra jafnaðarmanna staðfesti það sem talsmaður till. sagði áðan, að það hefði verið stefnuskráratriði þar í hópi frá því löngu áður, frá árinu 1960, að lækka kosningaaldurinn. Samband ungra framsóknarmanna taldi að rétt væri að athuga lækkun kosningaaldurs og þá einnig þjóðfélagsaðstöðu ungs fólks að því er varðaði lögræðis- og hjúskaparaldur og önnur sambærileg réttindi sem þá voru almennt miðuð við 21 árs aldur. Þessi samtök bentu einnig á þá leið, að leitað yrði álits æskufólks á aldrinum 18—21 árs á þessum atriðum með þjóðaratkvgr. innan þessara aldursáfanga.

Æskulýðsfylkingin lagðist mjög á þessa sömu sveif og sagði rétt að lækka kosningaaldurinn niður í 18 ár og einnig aldursmörk sem veittu réttindi á öðrum sviðum.

Íslenskir ungtemplarar kváðu skoðanakönnun innan þeirra samtaka hafa leitt í ljós að unga fólkið teldi sig ekki dómbært um stjórnmál um 18 ára aldur og fáir óskuðu eftir breytingu um lækkaðan kosningaaldur.

Stjórn Sambands bindindisfélags í skólum lýsti sig andvíga því að kosningaaldur yrði færður úr 21 ári niður í 18 ár. Þessi skoðun var rökstudd með því, að stjórn þessara samtaka teldi að fólk milli 18 og 20 ára aldurs hefði varla náð þeim andlega þroska sem þarf til að mynda sér ákveðnar stjórnmálaskoðanir. Enn fremur bentu þessi samtök á annað atriði, sem stundum kemur upp í umr. um þetta mál og er vitaskuld rétt að hafa í huga. Stjórn samtakanna taldi einnig að niðurfærsla á kosningaaldri verkaði sem andleg þvingun á marga vegna þess að stjórnmálaflokkarnir mundu eftir megni reyna að ná tökum á þessu unga fólki.

Þegar þessi álit eru athuguð, þá vil ég gjarnan fjalla örlítið um seinasta atriðið sem ég nefndi í þessum röksemdum, þar sem því er haldið fram að slík réttindaaukning mundi um leið hafa í för með sér nokkra andlega þvingun fyrir hið unga fólk vegna þess að stjórnmálaflokkarnir mundu vilja reyna að ná því í lið með sér. Ég sé nú ekki betur en slíkar aðgerðir séu í fullum gangi í þjóðfélaginu og kosningarréttur skipti þar út af fyrir sig ekki höfuðmáli. Að því er varðar hina röksemdina, að fólk hafi e. t. v. ekki náð þeim andlega þroska á þessum aldri að það sé dómbært um stjórnmál, þá er ég ekki þeirrar skoðunar. Deila um andlegan þroska, hvort hann er fullkomnari hjá einum aldursflokki en öðrum að því er stjórnmál varðar, er atriði sem ég tel að sé ekki alveg einsýnt að fari eftir aldrinum einum saman. Þvert á móti hefur mér virst að fólk á aldrinum 18—20 ára hafi oft meiri tíma og vilja til að gera sér alvarlega grein fyrir málum, fyrir stefnum og straumum í þjóðfélaginu og e. t. v. fyrst og fremst fyrir grundvallarhugsjónum flokkanna. Þetta er atriði sem mörg okkar, sem eldri erum, gefum okkur of sjaldan tíma til að gera í dagsins önn. Ég held að niðurfærsla kosningarréttar um nokkur aldursár muni verka hinu unga fólki og okkar þjóðfélagi til góðs.

Ég vil láta þess getið, að samtök ungra sjálfstæðismanna hafa hvað eftir annað ályktað í þá átt að færa beri kosningaaldur niður í 18 ár. Ég veit að það hefur verið áhugamál innan þeirra samtaka að færa einnig niður kosningaaldur að því er varðar prófkjör innan flokkanna, eins og hv. 5. þm. Vesturl. nefndi. Það atriði hefur ekki hlotið stuðning í hinum stærstu kjördæmum. En nú er það svo, að ungir sjálfstæðismenn, sem félagsbundnir eru og náð hafa 18 ára aldri, hafa slík réttindi og þar með viss tök á að móta svipinn á stjórnmálunum. En ég tel fyrir mitt leyti að þetta sé ekki nóg. Ég tel að hið unga fólk á aldrinum 18—20 ára sé sannast sagna engu síður hugsandi fólk heldur en við hin, og ég fyrir mitt leyti vantreysti því ekki til að fara með þennan rétt fremur en mörgum okkar hinna sem eldri erum.

Þetta vildi ég nú strax á þessu stigi láta koma fram, og ég vonast til að þetta frv., sem ég er efnislega samþykk, fái brautargengi hér í þingsölum.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka þeim hv. 5. þm. Vesturl. og 5. þm. Reykv. fyrir undirtektir þeirra undir efni frv. og þær viðbótarröksemdir fyrir því sem þau hafa flutt í ræðum sínum. Hv. 6. þm. Reykv. hafði hins vegar aðra skoðun og er ekkert um það að segja, það er matsatriði. Hann benti á að ég hefði í framsöguræðu minni fullyrt að reynsla af 18 ára kosningaaldri væri góð, án þess að rökstyðja

það á nokkurn hátt. Þetta er út af fyrir sig rétt hjá honum, svo að ég mun fara um það örfáum orðum hvers vegna ég fullyrti að reynslan væri góð.

Þegar fyrst komu fram hugmyndir um 18 ára kosningaaldur var þeim ekki vel tekið og komu fram þær skoðanir og hrakspár víða um lönd, að unga fólkið skorti á þeim aldri þroska til að fara með þann rétt sem kosningarréttur inn er. Ef því yrði fenginn slíkur réttur mætti búast við að það hópaðist til að misnota hann og valda pólitísku raski sem gæti ekki orðið frjálsum þjóðfélögum til góðs. Nú hafa farið fram svo margar kosningar í ólíkum löndum, bæði stórum og smáum, frjálsum og þar sem frelsið er minna, að *ég tel að það sé hægt að draga þá ályktun* af þeim, að fengin sé reynsla í þá átt að kosningarréttur 18 ára æskufólks hafi ekki haft neinar truflandi eða óeðlilegar afleiðingar. Það sjáum við hreinlega af úrslitum kosninga. Nú vil ég ekki halda því fram, að það sé í sjálfu sér gott að úrslit raskist lítið og breytingar séu ekki góðar. En það má af úrslitunum yfir nokkurn tíma sjá hvort það hefur orðið óeðlileg breyting sem stafaði af 18 ára kosningaaldri. Það hefur ekki verið hægt að sjá að því er ég best veit.

Þá má benda á að skoðanakannanir eru orðnar mjög ítarlegar og fullkomnar í öðrum löndum. Þar taka jafnvel fræðimenn trúanlegar kannanir um hvernig þátttaka hinna ýmsu aldursflokka og hinna ýmsu stétta hafi verið og hvernig hinir ýmsu aldursflokkar hafi skipst á flokka sem í framboði eru. Reynslan hefur orðið sú, að þátttökuhlutfall 18, 19 og 20 ára fólks hefur ekki verið verulega ólíkt því hlutfalli sem tíðkast hjá öðrum aldursflokkum. Þar er dálítill munur á, fólk á miðjum aldri kýs heldur minna, en síðan meira eftir því sem það eldist. Þetta er reynslan í flestum nágrannalöndum okkar. En unga fólkið hefur ekki skorið sig úr á neinn verulegan hátt. Það virðist vera svipaður hópur í þessum árgöngum unga fólksins sem hefur pólitískan áhuga og notfærir sér þennan rétt eins og í öðrum árgöngum. Það virðist líka vera svipaður hópur sem ekki hefur nægilegan áhuga á pólitískum réttindum til að hagnýta sér kosningarrétt. Loks er spádómurinn um að þroskaleysi mundi leiða til þess að æskufólkið hópaðist í hina og þessa öfgaflokka. Það hafa ekki komið fram röksemdir eða rannsóknir sem gefa ástæðu til að ætla að breyting úr 20 eða 21 árs kosningarrétti í 18 ár hafi orðið til að efla öfgaflokka sérstaklega.

Af öllu þessu tel ég að fullyrðing mín um, að reynslan hafi verið góð, geti fullkomlega staðist. Ef menn vilja orða þetta á gætnari hátt, má nota þau orð, að hrakspár varðandi lækkun kosningaaldurs hafi örugglega ekki reynst eiga við rök að styðjast.

Ég vil að lokum minna hv. dm. á að kosningarréttur og kosningarréttarmál eru eitt af stórmálum þessa þings. Það er sýnilegt af málflutningi, sem þegar hefur átt sér stað hér í deildinni og Sþ., að þetta er eitt þeirra mála sem þjóðin væntir að Alþ. geri á breytingu. Ég bendi á að aldursmark kosningarréttarins er eitt þeirra meginatriða sem verður að taka til athugunar í því sambandi. Ég tel rétt að gera þetta skref fyrir skref. Það var ákveðið fyrir áratug að lækka kosningaaldur um eitt ár, en ekki þrjú, og næsta skrefið mætti vera að framkvæma lækkun í sveitarstjórnarlögum, enda mundi þá vera hægara að koma við leiðréttingu ef einhverjar óvæntar og óæskilegar afleiðingar kæmu í ljós.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð sem ég vil bæta við það sem ég hef áður sagt. Þær umr., sem orðið hafa um þetta frv., hafa farið fram með hinni mestu hógværð og kann ég vel að meta það. En ég vil aðeins segja það, að ég vil ekki láta skilja yfirlýsingu mína á þann hátt, að ég meti ekki og skilji unga fólkið út af fyrir sig. Ég held að þroski þess hér á landi og manndómur sé síst minni en víðast hvar annars staðar þar sem ég þekki til. Mér finnst eðlilegt að kosningaaldur til sveitarstjórna og Alþ. fylgist að. Ég ber alls ekki á móti því, að það séu nokkur rök fyrir að fara með kosningaaldurinn til Alþ. niður í 18 ár, en það eru tvenns konar skoðanir um það. Að sjálfsögðu mun ég greiða þessu frv. atkv. til 2. umr. og n., því að ég tel eðlilegt og sjálfsagt að það fái þinglega meðferð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil strax við 1. umr. þessa máls lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Ég þarf í raun og veru ekki að gera frekari grein fyrir rökstuðningi þeirrar skoðunar en hér hefur komið fram. Það má þó bæta því við, að það er svo t. d. í okkar þjóðfélagi að því er varðar vinnumarkaðinn, að fólk á 18 ára aldri er þar í flestum tilfellum síður en svo talið eftirbátar fólks sem orðið er 20 ára eða 25 ára eða hvaða aldur sem við nefnum fyrir ofan það. Það er sem sagt orðið fullgilt. Og ég held að það sé tími til þess kominn að fólk á þessum aldri fái þessi réttindi. Hér er aðeins um það að ræða að breyta þessu að því er varðar kosningar til sveitarstjórna. En ég vil jafnframt lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég tel að jafnhliða slíkri breytingu sé æskilegt að færa kosningaaldur til Alþ. niður í 18 ár. Ég tel að öll rök hnígi að réttmæti slíkrar ákvörðunar. Ég skal ekki eyða frekari tíma hér til rökstuðnings þess, en ég vildi nota tækifærið til að lýsa stuðningi mínum við þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 27). — 1. umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Þetta frv., sem ég hef leyft mér að flytja, frv. til l. um breyt. á l. nr. 39/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Efni þess er í stuttu máli það, að við Íslendingar framfylgjum ákvæðum alþjóðasáttmála um verndun fugla, sem við erum aðilar að, með því að banna haglabyssur sem taka fleiri skothylki en tvö, byssur sem hægt

er að skjóta af fleiri skotum en tveimur í einni hrinu. Slíkar byssur munu vera æðimargar hér á landi, úr þeim er hægt að skjóta allt upp í 5 skotum í einu, og liggur í augum uppi að slík vopn í höndum viðvaninga valda því að margur fuglinn flýgur burt hættulega særður. Viðkomandi ákvæði alþjóðasamþykktarinnar fjallar um bann við byssum af þessu tagi. Þetta frv. stefnir að því að draga úr þeirri hættu að rjúpna- og gæsaskyttur valdi því að fuglar særist alvarlega og taki út þjáningar sem oft og tíðum leiða að sjálfsögðu til dauða.

Það urðu alllangar umr. um þetta hér í fyrra, mjög svo fræðilegar umr. Risu upp menn, sem vit hafa á byssum, og fundu þessu ýmislegt til foráttu. Það var jafnvel gengið svo langt að halda því fram, að þeim mun fleiri skot sem væru í byssunum, þeim mun minni hætta væri á því að fuglar flygju burt særðir. Ég ætla ekki að hefja fyrir fram rökræður við þá menn sem slíku halda fram. En ég hef kynnt mér þessi mál nokkru nánar síðan í fyrra og hef sannfærst æ betur um að öll rök mæla með því að bann sé sett við umræddri tegund skotvopna.

Menn spyrja e. t. v.: Hvað liggur á? Það er verið að endurskoða lög um fuglaveiðar og fuglafriðun. Má ekki bíða þangað til frv. að þeim kemur fram? Ég hef haft þær spurnir af undirbúningi þeirrar lagasetningar, að hún eigi enn þá langt í land. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja þetta frv. aftur í þeim tilgangi að þessi ákvæði komist sem fyrst í lög. En hinu er ekki að neita eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið, að það eru allar líkur á því, að þegar þar að kemur verði þetta tekið í fuglafriðunarlögin, ákvæði um bann við umræddum byssum.

Eins og menn vita er að störfum nefnd til endurskoðunar fuglafriðunarlögunum. Í henni eiga sæti Ásgeir Bjarnason, formaður Búnaðarfélags Íslands, Arnþór Garðarsson, formaður fuglafriðunarnefndar, og frá menntmrn. Runólfur Þórarinsson fulltrúi í því rn. Mér er kunnugt um að það liggur fyrir þessari n. mjög eindregin till. um að þetta atriði verði tekið inn í frv. þegar það kemur fram endurskoðað, frv. um fuglaveiðar og fuglafriðun. N. fór þess á leit við ýmsa aðila að þeir kæmu með till. um breytingar á lögunum. Fuglafriðunarnefnd var einn þessara aðila. Fulltrúi Sambands dýraverndunarfélaga í n., Sigurður Richter, kom fram með brtt. við 20. gr. sem er efnislega samhljóða þessu frv. mínu. Og fuglafriðunarnefnd hefur gert þessa till. að sinni og sent hana til endurskoðunarnefndar. Það eru m. ö. o. miklar líkur á því, að þessi breyting á 20. gr. verði með í till. sem endurskoðunarnefndin sendir frá sér um breytingar á fuglafriðunarlögum þegar þær till. koma fram. En á því gæti, eins og ég hef áður sagt, orðið alllöng bið.

Þær röksemdir hafa heyrst gegn þessu frv., að ef þetta yrði leitt í lög mundu þar með verða ónýtar til fuglaveiða þær byssur sem nú eru í landinu og taka fleiri skot en tvö. En mér hefur verið bent á að þetta er ekki rétt. Það er mjög einfalt að breyta þessum byssum eftir að ákvæðin um bann við þeim væru komin í lög, breyta þeim þannig að þau uppfylli skilyrði laga. Mér hefur verið sent ljósrit frá dönskum aðila sem fjallað hefur um þessi mál, og þar er útskýrt hvernig að þessu er farið. Ég ætla ekki að fara að útskýra það hér, en það virðist vera mjög einfalt að finna tæknilega lausn á þessu, þannig að þeir, sem eiga þessar byssur nú þegar, þyrftu ekki að verða fyrir neinu tjóni ef þessi ákvæði, sem ég hef talað um, yrðu leidd í lög. Þeir geta haldið áfram að nota sínar byssur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 41). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 41 hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Jónasi Árnasyni og Sighvati Björgvinssyni frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 frá 1967, um skólakostnað. Þar er lagt til í 1. gr., að á eftir 1. mgr. 7. gr. laganna komi ný mgr. sem hljóði svo:

„Þó skal ríkissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum sem hafa innan við 4000 íbúa.“

Einnig er í frv. gert ráð fyrir ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

„Einnig skal ríkissjóður greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar þeirra sundlauga, sem eru í byggingu og ekki hefur verið gengið formlega frá samningum um kostnaðarskiptingu.“

Samhljóða frv. þessu hefur verið flutt á tveimur undanförnum þingum og ekki hlotið afgreiðslu. Þess er því enn freistað að flytja þetta mál, því að að áliti okkar flm. er hér um mikilsvert réttlætismál að ræða sem við teljum að nauðsyn sé á að fái framgang. Í bæði skiptin, sem sams konar frv. hefur verið flutt, hefur verið flutt nokkuð ítarleg framsaga fyrir þeim. Ég skal ekki fara að rekja hér frá orði til orðs þau rök sem þá voru fram sett málinu til stuðnings, en ég vil þó aðeins minna á örfá þeirra.

Það er alkunna að sundkennsla er mikilvægur liður í menntun barna og unglinga, enda er lágmarkskunnátta í sundíþróttinni gerð að skilyrði til fullnaðarprófs. Nú hefur það verið svo mörg undanfarin ár og áratugi, að ekki hefur verið hægt að fullnægja þessari sundskyldu samkvæmt fræðslulögum vegna þess að aðstaða hefur ekki verið fyrir hendi á hinum ýmsu stöðum á landinu til þess að framfylgja þessari lagaskyldu. En þó að sundkennsla og sundkunnátta sé nauðsynleg börnum og unglingum á grunnskólastiginu, þá er slík kunnátta ekki síður nauðsynleg á þeim stöðum þar sem grundvallaratvinnuvegur er fiskvinnsla og sjósókn. Svo nauðsynleg sem sundkennsla er unglingum, þá er hún þó enn þá brýnni þeim einstaklingum í þjóðfélaginu og á þessum stöðum sem hyggjast gera sjómennsku að ævistarfi, og það er ekki sist með tilliti til þessa sem þetta frv. er flutt.

Eins og nú háttar til varðandi kostnaðar-

skiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, þá er hér um helmings kostnaðarskiptingu að ræða. Eins og stjórnvöld hafa hagað málum varðandi mannvirkjagerð, hönnun og byggingar allar, þá er ljóst að tiltölulega fámenn sveitarfélög, eins og hér er í flestum tilfellum um að ræða, hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa undir framkvæmdum af þessu tagi. Það hefur oft verið á það bent, að það mætti ábyggilega spara nokkuð mikla fjármuni með breyttri stefnu við hönnun og byggingu iþróttamannvirkja. Ég hef verið og er einn af þeim sem hafa tekið undir það sjónarmið. Ég er handviss um að það er hægt að spara mikla fjármuni með breyttri stefnu að því er varðar iþróttamannvirki, hönnun þeirra og byggingu. En við þetta hafa sem sagt þessi sveitarfélög orðið að búa. Hér hefur ríkisvaldið sett skorður, ákvarðað með hvaða hætti þessi mannvirki skyldu byggð, og því aðeins eru þau styrkhæf að þau njóti samþykkis ríkisvaldsins.

Í þessu frv., sem hér er nú til umr., og í frv., sem flutt hafa verið á tveimur undanförnum þingum, er gert ráð fyrir að miða þessa breytingu við útgerðarstaði sem hafa innan við 4 þús. íbúa. Þessi takmörkun varðandi 75% regluna, sem frv. gerir ráð fyrir, hefur sætt nokkurri gagnrýni hjá sumum hv. þm. og þeir á það bent, að það sé óæskilegt að gera upp á milli sveitarfélaga með þeim hætti sem hér er lagt til að gert verði. Við flm. þessa frv. erum hins vegar allt annarrar skoðunar. Við teljum að þjóðfélaginu sé skylt að sjá svo um að á þessum stöðum, þar sem eru langsamlega flestir af þeim sem stunda atvinnu við aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sem er sjósókn, séu ekki hvað síst sköpuð þau skilyrði sem þeir, sem hyggjast stunda sjómennsku, geti hagnýtt sér til sundnáms og sundiðkunar, því að staðreyndin er sú, að í mörgum tilfellum hefur slík kunnátta sjómanna bjargað mannslífum. Það er einmitt þetta sem er kannske stærsta málið að því er þetta varðar, að hér er um að ræða öryggistæki sjómönnum til handa sem getur verið þeirra lífgjafi á erfiðustu stundum. Við teljum því, flm. þessa frv., að það sé ekki aðeins æskilegt, heldur eðlilegt að taka þessa staði út úr og veita þeim forgang til uppbyggingar slíkra mannvirkja.

Þegar frv. sama efnis og þetta var flutt á síðasta Alþingi fylgdu sem fskj. nokkrar upplýsingar um stöðu í hinum ýmsu kjördæmum að því er varðaði aðstöðu til sundiðkunar. Nú er rétt að taka það fram, að þessar upplýsingar voru fengnar á s.l. vetri og þá hjá iþróttafulltrúa menntmrn. og rétt að taka það fram, að vel má vera að einhver breyting hafi orðið á þessari stöðu síðan. Hún er þó að minni hyggju ekki veruleg, þannig að meginefni frv. er fullkomlega eðlilegt að sé fram sett þrátt fyrir að einhver breyting hafi orðið á þessum aðstæðum. En í frv., sem flutt var á síðasta Alþingi, kom fram að ef miðað væri við 4 þús. íbúa regluna var hér alls um að ræða 62 staði sem mundu að öllum líkindum falla undir þessa reglu. Af þessum stöðum voru 30 staðir sem enga aðstöðu höfðu til sundkennslu eða sundiðkunar. Nær helmingur af öllum þessum útgerðarstöðum, sem höfðu undir 4 þús. íbúa, höfðu enga aðstöðu til sundkennslu eða sundiðkunar, 11 staðir höfðu ófullnægjandi aðstöðu eða aðstöðu sem var í smíðum, og aðeins 21 staður hafði sundaðstöðu sem talin var viðunandi.

Hér er vissulega að okkar áliti um að ræða alvarlegt mál, þegar það kemur í ljós að meira en helmingur þeirra útgerðarstaða, sem eru með 4 þús. íbúa eða færri, hefur alls enga aðstöðu til sundkennslu eða sundiðkunar, — útgerðarstaða þar sem, eins og áður hefur verið að vikið, atvinna er grundvölluð á sjósókn. Er því að okkar áliti ekkert áhorfsmál að hér þurfi breytinga við, og það er þess vegna sem þess er enn freistað þriðja þingið í röð að flytja þetta mál og fá þá breytingu sem frv. gerir ráð fyrir að lögfesta. Ég a. m. k. fyrir mitt leyti vil ekki trúa því fyrr en ég tek á því, að þm. almennt séu ekki þeirrar skoðunar að það sé réttlætanlegt að gera undantekningu í þessum efnum. Því er alltaf borið við, að það sé ekki fjármagn til þess að setja í þennan og þennan hlutinn. Eftir því sem færri staði er um að ræða eða verkefnið er afmarkaðra, eftir því þarf minni fjármuni. En með því að halda fram því, sem alltaf hefur verið haldið fram í sambandi við þetta frv. og mörg önnur, að það sé bókstaflega út í hött að taka út úr í þessu tilfelli útgerðarstaði sem eru með 4 þús. íbúa eða færri, þarna ætti hið sama að gilda alls staðar, með því er beinlínis verið að segja að það verði ekkert gert í málinu, því við vitum ósköp vel að við fáum ekki þessa reglu fyrir allt landið, enda vafasamt að mínu áliti að neitt réttlæti sé í því. En það er fullkomlega réttlætanlegt að mínu viti að gera undantekningu að því er þessa staði varðar.

Í bæði skiptin sem þetta frv. hefur verið flutt hefur það farið til hv. menntmn., og hún hefur í bæði skiptin, muni ég rétt, skilað áliti og þar kemur einmitt fram þetta vafasama sjónarmið að mínu áliti, þ. e. a. s. að hv. nm. telja vafasamt að gera lagalega mismunun, eins og þeir orða það, á hlutdeild ríkissjóðs við byggingu sundlauga á þeim grundvelli sem frv. ætlast til. Sem sagt, að áliti hv. menntmn. þessarar d. er vafasamt að gera þá undantekningu í þessum efnum að sjómenn á útgerðarstöðum geti lært að synda og geti haldið við þeirri kunnáttu. Það er vafasamt að áliti hv. menntmn. Nd. Alþ. Það er það vafasama sem hér er verið að benda á af hálfu n. Ég trúi því ekki að hv. nm. í menntmn., þegar þeir skoða þetta mál og hugleiða það, séu ekki sammála okkur flm. þessa frv. um að það sé ekkert vafamál að slíka undantekningu eigi að gera, það sé beinlínis skylda þjóðfélagsins að gera það, því að hverjir ættu að njóta umframréttar í þessum efnum ef ekki þeir sjómenn sem hér um ræðir og stunda sjómennsku frá þessum stöðum. Það er það sem er fyrst og fremst um að ræða.

Í nál. kemur fram að hv. menntmn. segist vera að taka undir álit iþróttafulltrúa ríkisins í sambandi við þetta mál. Í nál. segir að iþróttafulltrúi ríkisins telji einnig vafasamt að gera þessa undantekningu. Hvað sem því líður, þá

vona ég a. m. k. að nú, þegar málið er flutt í þriðja sinni á Alþ., þá auðnist Alþ. að taka þannig á þessu máli, sem er stórmál a. m. k. í hugum okkar flm. og er stórmál í hugum þeirra sem hugsanlega kæmu til að njóta þessa, — að þá taki Alþ. myndarlega á þessu máli. Hér er ekki um þær fjárhæðir að ræða sem skipta sköpum að því er varðar fjárútlát úr ríkissjóði. Því var lýst í umr. um þetta mál á síðasta Alþingi, að sú breyting, sem þá var lagt til og enn er lagt til að gerð verði, mundi, miðað við verðlag á s. l. vetri, nema um 200 millj. kr., — þessi 25% aukning í þátttökukostnaði ríkissjóðs frá því sem er mundi kosta ríkissjóð um 200 millj. kr. Og a. m. k. að mínu áliti er fullkomlega réttlætanlegt að breyta í þá átt frá því sem nú er þó að það kosti 200 millj. kr. meira úr ríkissjóði en það mundi ella kosta.

Í hæði skiptin, sem hv. menntmn. d. hefur skilað nál. varðandi frv., hefur hún lagt til að málinu væri vísað til ríkisstj. Við vitum hvað það hefur í raun og veru þýtt og þýðir þegar verið er að samþ. að vísa máli til ríkisstj. án þess þó að sterklega sé mælt með úrlausnum efnisatriða viðkomandi frv. Hér er því ekki til að dreifa. En n. telur hins vegar að málið sé í sjálfu sér mikilvægt. Og það er einmitt það sem við flm. leggjum höfuðáherslu á. Málið er svo mikilvægt að við teljum að það sé ekki vansalaust af Alþ. að halda öllu lengur að sér höndum og breyta hér um, þrátt fyrir að það kynni að kosta þessa eða eilítið hærri upphæð úr ríkissjóði að málið næði fram að ganga.

Ég skal ekki eyða öllu lengri tíma í það, herra forseti, að mæla fyrir frv. Það hefur verið gerð ítarleg grein fyrir efni frv. tvívegis og ekki ástæða til að orðlengja það öllu frekar. Ég taldi þó rétt að víkja örfáum orðum að meginþáttum frv., en ég vænti þess að hv. Alþ. sjái sóma sinn í því í raun og veru að taka þetta mál nú fastari tökum en það hefur gert á tveimur undanförnum þingum og að málið nái fram að ganga áður en Alþ. lýkur störfum í vor.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn, að við erum sammála ég og hv. þm. Karvel Pálmason. Og hann hefur sýnt mér þann heiður að taka mig sem meðflm. að þessu ágæta frv. Ég tek undir allt það sem hann hefur sagt um nauðsyn þeirrar lagasetningar sem hér er stefnt að.

Samkvæmt lögum eða reglugerðum ber íslenskum börnum að kunna hitt og þetta og þar á meðal að synda. Við fullnaðarpróf er skírteini um tiltekinn þroska bundið því skilyrði af hálfu hins opinbera að börnin kunni að synda. Mér sýnist að þessi krafa leggi það á herðar hinu opinbera að sjá til þess að börnin hafi aðstöðu til þess að læra að synda. Eins og hv. 1. flm. þessa frv. hefur bent á fer því fjarri að sú aðstaða sé fyrir hendi alls staðar. Hana vantar mjög svo tilfinnanlega þar sem þörfin fyrir hana er hvað mest, en það er í sjávarplássum þar sem, eins og hv. 1. flm. benti á, eru mestar líkur á að um líf og dauða geti verið að tefla fyrir einstaklinga að hann kunni að synda.

Með aukinni sundkunnáttu Íslendinga hefur að sjálfsögðu aukist öryggi á sjó. Mörg alvarlegustu sjóslys fyrri tíma urðu við þær aðstæður, að ef viðkomandi skipshafnir hefðu kunnað að synda, þá hefði manntjón e. t. v. ekki orðið neitt þar sem það varð hins vegar mjög alvarlegt.

Þó að aðstaða til sundiðkunar sé ekki fyrir hendi, þá er reynt að bæta úr með hópferðum þangað sem sundlaugar eru, löngum ferðalögum, og iðulega verður að fella niður annað nám á meðan legið er við á öðrum stöðum þar sem hægt er að kenna börnunum að synda.

Ég tel að hér sé um að ræða sjálfsagt réttlætismál og læt í ljós þá von mína, eins og hv. 1. flm., að málið nái nú fram að ganga. 200 millj. segir hann að menntmn. segi að þetta mundi kosta, en það mundi duga til framkvæmda sem endst gætu æðilengi. Þetta er ekki miklu meiri upphæð en fer á ári í fyrirtæki sem hefur verið æðimikið til umr. hér á Alþ. (KP: Nefndu það bara.) Það er Sinfóníuhljómsveitin. Menntmn. hefur ekki svo ég viti, talið eftir þá peninga.

Úr því ég minntist á Sinfóníuhljómsveitina, þá má gjarnan minna á það að sundstaðir eru hinir mestu menningarstaðir. Hér í höfuðstaðnum eru sundstaðirnir þeir staðir að mínum dómi sem höfuðstaðurinn má vera hvað stoltastur af. Ég verð nú að hrósa þeim sem stjórnað hafa alllengi í höfuðstaðnum, að þeir hafa á þessu sviði unnið margt gott verkið. Sundlaugarnar í Reykjavík eru frábærir staðir og mjög nauðsynlegir okkur sem höfum komist upp á lag með að synda daglega, iðka daglega þá líkamsrækt sem okkur er nauðsynleg og hentar sumum okkar betur en önnur líkamsrækt. En eins og allir vita, þá hafa læknar mjög mælt með sundinu sem heilsuræktarþætti. Ég minni á að það fólk, sem býr þar sem ekki eru sundlaugar, fer á mis við þetta. Því veitist ekki tækifæri til að stunda þessa líkamsrækt. Um leið og maður hugleiðir þetta, þá vaknar að sjálfsögðu sú spurning: Hvernig stendur á því að þessir dýrðlegu staðir, sundstaðirnir, og aðrir staðir til íþróttaiðkana, eru ekki meira sóttir en raun ber vitni? Nú fyrir stuttu var viðtal við fólk í sjónvarpinu um líkamsrækt. Spurt var hvort þetta fólk stundaði líkamsrækt. Af þeim, sem spurðir voru, sem ég held að hafi verið hátt í 10, var, held ég, einn eða tveir sem sögðu að þeir gerðu það. Aðrir létu það alveg vera. Mér virðist að þarna sé um að ræða þversögn, mótsögn, þegar maður athugar í fyrsta lagi, hve mikið fjármagn fer til íþróttaiðkana á Íslandi, og einnig hitt, hve mikill áróður er hafður í frammi varðandi íþróttir. Ég er hræddur um að ef þetta mál yrði kannað, þá kæmi það í ljós, sem oft vill verða, að það sé allt of lítill hópur sem þarna kemur við sögu, það sé allt of lítill hópur Íslendinga sem stundar líkamsrækt, það sé allt of lítill hópur Íslendinga sem hefur verulegt gagn af öllu því sem gert er fyrir íþróttir.

Ég vil fyrir mitt leyti taka það fram, að

mikla ánægju hef ég haft af því að horfa á íþróttir og þá sérstaklega knattspyrnu. En mér þykir það illt til afspurnar fyrir þá menn sem stjórna þessum málum, íþróttamálum okkar Íslendinga, að svo fáir virðast taka þátt í íþróttum. Er þetta ekki að verða sýningaratriði fyrst og fremst? Og ef svo er, hvað getum við þá gert til þess að bæta úr? Íþróttir eiga fyrst og fremst að vera til þess að bæta heilsufar fólks, almennings, ekki einskorðast við þá sem afrekin vinna, ekki einskorðast við stjörnurnar. Ég kasta því hér fram, hvort ekki sé nauðsynlegt að kanna þessi mál og auka þá fjárframlög til þeirra þátta sem gætu orðið til þess að auka þátttöku almennings í íþróttum.

Mér finnst það voðalegt til afspurnar fyrir okkur Íslendinga, að könnun, sem gerð var fyrir nokkrum árum, leiddi það í ljós að líkamsþrek okkar hefur minnkað stórlega. Í samanburði við frændþjóðir okkar á Norðurlöndum, sem við erum alltaf að bera okkur saman við, þá skilst mér að við séum aftastir. Þetta er ekki gott. Lítið samræmi er í þessu, — að við skulum vera of latir eða of miklar rolur eða hver sem ástæðan er til þess að fara út og stunda íþróttir, — það er lítið samræmi í því og svo hinu, að heilsufari þjóðarinnar hrakar á vissum sviðum og svokallaðir menningarsjúkdómar magnast mjög svo alvarlega. En ráðið við þeim, segja einmitt vísindamenn, er hreyfing og líkamsrækt.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra í ræðum þeirra hv. þm. Karvels Pálmasonar og Jónasar Árnasonar skilning á mikilvægi íþróttanna. Ég held að það fari ekki á milli mála að sú skoðun er rétt, og undir hana er tekið a. m. k. af mér, að nauðsynlegt sé að byggja hér upp myndarleg íþróttamannvirki sem allra fyrst. Að því leyti hef ég síður en svo á móti þessari till., að byggðar séu sundlaugar sem víðast um landið. Ég held að skilningur hafi komið fram í áliti hv. menntmn. á tveimur undanfarandi þingum hvað það varðar. Hins vegar er 1. flm. þessarar till. kunnugt um að ágreiningur er um þessa till., einkum af tæknilegum ástæðum.

Hv. menntmn., en þar á ég sæti, hefur fjallað um þetta frv., og þrátt fyrir ágreining og þrátt fyrir rök, sem mæla gegn því að samþ. þessa till. eins og hún liggur fyrir, þá hefur n. sýnt till. þann velvilja, að vísa henni til athugunar hæstv. ríkisstj. og með því að vissu leyti tekið undir meginhugsunina sem felst í þessari tillögu.

Ég vildi hins vegar enn á ný taka fram, að ég hef haft við það að athuga að verið væri að setja í lög ákvæði sem gerðu ráð fyrir fjárstuðningi sem bundinn er við ákveðna staði með ákveðnum hætti. Ég held að fjárstuðningur ríkisvaldsins og hins opinbera eigi ekki að vera háður slíkum reglum, heldur eigi hann að vera almennur, hvort sem um er að ræða fámenna eða fjölmenna staði og hvort sem um er að ræða sundlaugar eða önnur íþróttamannvirki.

Athugasemdir mínar beinast því að því, að hér er gert ráð fyrir því að styrkja sérstaklega og meira en önnur málefni sundlaugar og þá aðeins sundlaugar sem eru í útgerðarstöðum sem hafa innan við 4 þús. íbúa. Ég sé marga annmarka á þessu frv.

Ég geri ráð fyrir að menn þurfi líka að hugsa sig um áður en þeir samþ. orðalaust að mæla með hækkun, þá væntanlega á fjárlögum, sem nemur 200 millj. kr., ef útreikningur 1. flm. er réttur. Ég er líka þeirrar skoðunar að þetta mál sé liður í miklu stærra vandamáli sem blasir við fjárveitingavaldinu og okkur, en það er fjármögnun íþróttamannvirkja yfirleitt. Á fundi fjvn. í morgun kom fram, að þrátt fyrir að fjárveitingar til Íþróttasjóðs vegna byggingar íþróttamannvirkja hækka um 117 millj. kr. frá síðustu fjárlögum og eru nú komnar upp í 261 millj. kr., þá gerir þessi fjárveiting ekki meira en að standa undir skuldbindingum sjóðsins, en gerir ekki ráð fyrir neinni fjölgun eða aukningu íþróttamannvirkja, og ekki er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að neitt íþróttamannvirki fari af stað á næsta ári. Samkv. áætlun íþróttafulltrúa ríkisins þyrfti Íþróttasjóður að fá fjárveitingu að upphæð 540 millj. til að standa undir fyrri skuldbindingum og örfáum íþróttamannvirkjum til viðbótar.

Af þessu má sjá að vandi Íþróttasjóðs er geigvænlegur og ekki í fljótu bragði séð hvernig leysa má úr þeim vanda.

Vegna orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Jónasar Árnasonar, um mikilvægi íþróttanna og þeirra athugasemda hans, að íþróttastarfið sé fyrst og fremst fyrir afreksmenn og keppnisfólk, vil ég, um leið og ég tek undir þessi ummæli að nokkru leyti, vekja athygli á því, að talið er samkv. útreikningum íþróttafulltrúa ríkisins að rekstur íþróttastarfsins innan frjálsíþróttahreyfingar sé nú um 410 millj. kr. á ári — aðeins reksturinn, en fjárveitingar héðan frá fjárveitingavaldinu, frá hinu opinbera, til þessa mikla starfs eru um 40 millj. á fjárlagafrv. núna. Mismuninn verða hin frjálsu íþróttafélög að jafna með eigin tekjuöflun, með sjálfboðaliðastarfi o. s. frv. Og skýringin á því, að íþróttafélögin hafa ekki getað sinnt almenningsíþróttum sem skyldi, er einfaldlega sú, að þau hafa ekki til þess aðstöðu og ekki til þess mannafla. Ég held, að það sé fullur hugur á því í íþróttahreyfingunni að reyna að taka á móti sem mestum fjölda til þess að reyna að útbreiða íþróttirnar sem mest og til þess að fá sem flesta á öllum aldri til þess að stunda íþróttir, en til þess hefur einfaldlega ekki gefist tækifæri, ekki svigrúm, vegna þessa mikla vanda sem íþróttafélögin eiga við rekstrarlega séð.

Það er þó talið að innan vébanda íþróttahreyfingarinnar séu rúmlega 60 þús. manns, og það er ekki lágt hlutfall ef íbúafjöldi þjóðarinnar er hafður í huga. Þennan fjölda mætti auðveldlega auka. Og ég er algerlega sammála því, að það mundi hjálpa mjög heilsufarslega og það mundi lækna marga menningarsjúkdóma ef fleiri gætu stundað íþróttir á vegum íþróttafélaganna víðs vegar um landið, ef fleiri gætu sótt íþróttastaði, íþróttamannvirki. Ég held því að besta lausnin á því sé að reyna að auka fjárveitingar til byggingar íþróttamannvirkja og til reksturs íþróttahreyfingarinnar, vegna þess að það margsamlega borgar sig fyrir fjárveit-

ingavaldið og fyrir þjóðina að hjálpa til á þessum vettvangi. Og þá hef ég það í huga sem ég nefndi áðan, að starfið kostar um 410 millj. Auðvitað kemur ekki til greina að borga það allt saman, en menn geta ímyndað sér hvers konar baggi þetta yrði fyrir fjárveitingavaldið ef íþróttafélögin legðu niður starf sitt, ef sjálfboðaliðastarfið legðist niður.

Þetta vildi ég taka fram nú við þessa umr., að það er alls ekki um að ræða neina óvild eða andúð gagnvart því að setja meira fé í byggingar sundlauga, heldur þarf að athuga það mál í samhengi við þetta mikla vandamál sem blasir við íþróttastarfinu í landinu. Ég held að það geti verið gott verkefni fyrir áhugasama menn í fjvn. að athuga rækilega hvernig leysa megi vanda Íþróttasjóðs nú á næstu missirum.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. þm. Ellert Schram nefndi hér háar tölur áðan, 60 þús. manns, sagði hann, að væru innan íþróttahreyfingarinnar. Menn geta verið aðilar að ýmsum félagsskap, menn geta verið á skrá, t. d. í stjórnmálaflokkum, án þess að starfa þar nokkuð. Ég vil biðja hann um nánari skýringu á því, hvernig þessi tala fæst, 60 þús. manns á Íslandi. Iðkar þetta fólk íþróttir að staðaldri? Ég bið hv. þm. um að skýra þetta út *nánar*.

Ég er feginn því, að hann tekur undir það sem ég sagði áðan um nauðsyn þess að auka þátttöku almennings í íþróttum eða líkamrækt. Við skulum ekki endilega kalla þetta íþróttir, við skulum kalla þetta líkamsrækt. Ég býst við að gönguferðir manna yrðu seint kallaðar íþróttir, en þær eru að sjálfsögðu líkamsrækt. Þetta ber að auka og er að verða mikil nauðsyn fyrir þetta þjóðfélag, sem eins og önnur skyld þjóðfélög er að verða hrjáð af ýmsum sjúkdómum sem af því stafa, af því orsakast að menn sitja allt of mikið kyrrir, hreyfa sig ekki. Ég er ansi hræddur um að í áróðri blaða eða fjölmiðla yfirleitt felist viss þversögn, þeim mun meira af keppnisíþróttinni, sem tiltölulega fáir taka þátt í, þeim mun meira sitja menn kyrrir. Íþróttaafrekin, sem við *sjáum í sjónvarpi, gætu leitt til þess*, að menn yrðu heilsuslappir, menn sitji meira kyrrir við það að lesa um eða horfa á þessar íþróttir, hreyfi sig ekki eins mikið og þeir gerðu áður.

Ég held að við ættum að gefa alvarlega gaum að þessu, og þá um leið mætti e. t. v. beina því til fjölmiðla, hvort ekki mætti taka eitthvað af þeim tíma og rúmi, sem varið er undir keppnisíþróttirnar, til þess að vekja áhuga almennings á líkamsrækt almennt, vekja áhuga á að almenningur fari að taka þátt í íþróttum, leggja stund á líkamsrækt almennt. Mætti ekki læða því inn í hinar vinsælu íþróttafréttir öðru hvoru, að þeir, sem á horfa og sitja heima í hægindastólum, hefðu gott af að hreyfa sig líka.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem fram hefur komið. — Ég hygg að það sé ekkert nýtt hjá hv. þm. Ellert B. Schram að heyra skilning af hálfu okkar, mín og hv. þm. Jónasar Árnasonar, á mikilvægi íþrótta. Ég veit ekki betur en í hvert skipti sem íþróttamál hefur borið á góma hér á Alþ., þá höfum við talað vinsamlega og af mikilli ábyrgðartilfinningu varðandi stuðning við íþróttahreyfinguna í landinu. Og ég vil aðeins minna þennan hv. þm. á það, hafi hann gleymt því, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var gert meira átak fyrir íþróttahreyfinguna í landinu heldur en ég hygg að hafi verið gert um árabil, og það var ekki fyrr en núv. hæstv. ríkisstj. tók við að aftur fór að halla undan fæti og safnast upp skuldahali hjá íþróttahreyfingunni, vegna þess að ríkisvaldið stóð ekki og stendur ekki enn við nema lítinn hluta af skuldbindingum sínum sem það á lögum samkv. að greiða og inna af hendi, þannig að það er ekkert nýtt að heyra mig og hv. þm. Jónas Árnason tala á þann veg, að íþróttahreyfingin njóti fullkomlega skilnings af okkar hálfu og stuðnings við hana.

Það kom mér ekki á óvart að hv. þm. Ellert Schram hefði ýmislegt við ákvæði eða efnisatriði þessa frv. að athuga. En það kom mér á óvart þegar hann lét í ljós að ágreiningur væri af tæknilegum ástæðum. Hvaða tæknilegar ástæður *liggja því til grundvallar að ágreiningur er um* þetta? Hvaða tæknileg atriði geta valdið ágreiningi um framkvæmd þessa frv.? Ég vissi skoðun hans á því, að hann vill að þessi aukna þátttaka ríkissjóðs í kostnaði nái til alls landsins, sem í raun og veru þýðir, um leið og menn segja þetta, að það er verið að drepa málið. Menn verða að gera sér grein fyrir því, það er a. m. k. svo að mínu áliti — og kannske ég tali nú sem allt of ábyrgur stjórnarandstæðingur — að með því að segja í þessu tilfelli: Við erum á móti því að auka þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu sundlauga í sjávarplássum með 4000 íbúum eða færri, — um leið og menn segja: Við erum á móti því, við viljum að það nái til alls landsins, — þá eru menn að segja: Við erum á móti málinu. — Þeir vita það ósköp vel að þetta verður ekki látið gilda yfir allt landið í heild, þannig að þetta er dulbúin neikvæð afstaða varðandi málið sjálft. Þetta bið ég menn að athuga. Og það nálgast það að vera hrein sýndarmennska þegar menn tala svona.

Það er að mínu viti ekkert vinsamlega tekið á málinu af hálfu hv. menntmrn. með því að leggja til að því verði vísað til ríkisstj. Við vitum ósköp vel hvað það þýðir að vísa málum til ríkisstj. Þau eru söltuð, flest fyrir fullt og allt. Tiltölulega fá mál, a. m. k. þann tíma sem ég þekki til hér á Alþ., sem vísað hefur verið til ríkisstj., hafa náð fram að ganga. Þetta er hægur dauðdagi yfirleitt á málum sem lagt er til að vísað sé til ríkisstj. Það er því ekki vinsamlega á máli tekið í þessu tilfelli að leggja til að ríkisstj. fái að sofa á því í áraraðir.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði: Ég vara við því að styðja ákveðna staði til aukinna fjárveitinga, í þessu tilfelli sjávarplássin úti á landi fyrst og fremst. — Menn vara við því að auka stuðning við þessa staði — en af hverju? Á þessari forsendu, sem menn telja sér trú um að sé nauðsynlegt að hið sama gildi yfir allt landið, vitandi vits að um leið og menn segja það eru þeir að gera tilraun til þess að drepa málið, hversu gott sem það er.

Nei, ég held að þeir hv. þm., sem eru sömu skoðunar og Ellert B. Schram, ættu að hugleiða

þetta betur. Það liggur ljóst fyrir hvað hér er um að ræða. Hér er um það að ræða að breyta lögum á þann veg að ríkið taki meiri þátt í kostnaði við byggingu sundlauga í sjávarplássum en það hefur gert, byggt á því að þar er þörfin og nauðsynin miklu meiri en víða annars staðar, þó að hún sé víða tilfinnanlega mikil. Og þetta mál þarf engrar sérstakrar athugunar við. Það liggur fyrir hvaða staði hér er um að ræða, hversu margir staðir í heild mundu falla undir þetta ákvæði frv., hversu margir hafa sundaðstöðu og hversu margir eru án hennar. Málið liggur ljóst fyrir. Það, sem á vantar, er spurningin um hvort Alþ. vill taka á málinu jákvætt eða neikvætt. Allt til þessa hefur skort vilja a. m. k. meiri hl. Alþ. — þess meiri hluta sem hér ræður ríkjum, og það sem verra er: þeir hv. þm., sem eru frá sjávarplássum sem þarna eiga hlut að máli, eru jafnblindir og aðrir í þeim efnum að vera neikvæðir gagnvart frv.

Hér þarf því ekkert að athuga. Spurningin er um vilja, hvort menn vilja eða vilja ekki. Ég vænti þess, að bæði hv. þm. Ellert B. Schram og aðrir, sem eru svipaðs sinnis og hann, láti nú segjast, þeir skoði þetta raunhæft, og ég er viss um að fái eigin sannfæring þeirra og tilfinning fyrir réttlæti að njóta sín, þá verða þeir sömu skoðunar og ég og hv. þm. Jónas Árnason og væntanlega miklu fleiri um það, að hér er verulegt réttlætismál á ferðinni. Hér er, eins og bent hefur verið á, um það að ræða að bæta aðstöðu fyrst og fremst þeirra manna sem hafa gert að lífsstarfi sínu sjósókn og þurfa því allra manna frekast á því að halda að læra sund og geta haldið sundkunnáttu við. Hér getur því verið og er í mörgum tilfellum um að ræða spurningu um líf eða dauða. Það verður því að telja að neiti Alþ. breytingu í þá átt sem hér er lagt til, þá er Alþ. að taka á sig mikla ábyrgð með því að hafna svo sjálfsagðri leiðréttingu sem þetta frv. gerir ráð fyrir fyrst og fremst handa sjómannastéttinni í landinu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að fara að rífast við hv. þm. um þetta einfalda mál. Ég minnist þess, að hv. menntmn. leitaði umsagna hjá íþróttafulltrúa ríkisins, hjá Íþróttasambandi Íslands, hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hugsanlega einhverjum fleiri. Ég held að ég muni það rétt, að þessar umsagnir voru ekki allar fullkomlega jákvæðar eða yfirlýsingar um að ætti að samþykkja frv. eins og það lægi fyrir, þannig að það eru fleiri en ég sem hafa haft eitthvað við þetta frv. að athuga.

Ég sagði áðan, að ég hefði athugasemdir fram að færa af tæknilegum ástæðum, og ég endurtek það. Þá á ég við að frv. er gallað eins og það er. Og þegar það kemur fyrir menntmn. sem slíkt, þá er um það að ræða fyrir n. að afgreiða málið alls ekki eða afgreiða málið með því að leggja til að það verði fellt eða þá sem n. gerði, að vísa málinu með velviljaðri umsögn til ríkisstj. til nánari athugunar. Þess vegna mótmæli ég því algerlega að menntmn. sé að svæfa málið. Það hefði hún getað gert með fyrstnefndu kostunum, sem ég nefndi, en úr því að n. á annað borð gat ekki og treysti sér ekki til að samþykkja frv. eins og það lá fyrir vegna þeirra galla sem ég hef bent á, þá held ég að þetta hafi verið besti kosturinn fyrir flm. frv. og viss undirtekt undir málið. Sú afgreiðsla er byggð á þeim forsendum, sem ég rakti áðan í minni ræðu.

Ég held að það sé óþarfi að stilla þessu frv. þannig upp, að hér sé um líf eða dauða að tefla. Það er auðvitað mjög afstætt og langsótt undir vissum kringumstæðum. Ég get tekið undir það, að öll hreyfing, öll íþróttaiðkun er til þess fallin að menn séu betur við áföllum búnir, bæði vegna slysa og vegna veikinda. En ég fer ekki að halda því fram að stuðningur við íþróttahreyfinguna sé beinlínis spurning um það hvort fólk lifi hér eða deyi. — Nóg um það.

Ég sagði áðan að innan vébanda íþróttahreyfingarinnar væru um 60 þús. manns. Ég hef hér tölur um það, alveg nýjar tölur, og það eru tölur um iðkendur innan íþróttahreyfingarinnar, svo að ástæðulaust er að vefengja það, og ég er ekki að þreyta fámennan þingheim með því að lesa upp þær tölur í einstökum atriðum. En það eru upplýsingar frá félögum, frá sérsamböndum, frá ungmennafélögum og frá héraðssamböndum um það, hversu margir iðkendur eru í hverri íþróttagrein, af hvaða kyni, hvar þeir búi, og það er mjög nákvæm skýrsla og alls ekki ástæða til þess að rengja hana. Ég held sem sagt, að það sé sönnun þess að innan íþróttahreyfingarinnar er unnið mjög merkilegt starf og mjög blómlegt starf. (Gripið fram í.) Nei, skólarnir eru ekki innifaldir, nema þá að því leyti sem nemendur eru félagar í ákveðnum íþróttafélögum. Þessa tölu má vissulega hækka, en íþróttafélögin hafa því miður ekki getað sinnt frekara starfi af þeim ástæðum, sem ég rakti áðan, að þar skortir rekstrarfé og starfsaðstöðu í miklum mæli.

Hv. þm. Jónas Árnason vék að því, að stjörnudýrkun væri of mikil og keppnisíþróttir gætu e. t. v. leitt til þess að fólk sæti kyrrt of mikið til þess að horfa á íþróttir, annaðhvort á vellinum eða í sjónvarpi. Ég er þeirrar skoðunar að þetta geti hvort tveggja farið saman, keppnisíþróttir og stjörnudýrkun annars vegar og almenningsíþróttir hins vegar, vegna þess að keppnin dregur að, hvort sem okkur líkar betur eða verr, og stjörnurnar örva unglingana til dáða, vekja athygli á íþróttaiðkun. Það er hvati fyrir unglingana og fyrir æskuna, þegar íslenskum íþróttamönnum gengur vel. Við eigum þess vegna að reyna að örva keppnisíþróttir og afreksmenn til dáða, og ég held að það hjálpi til þess að allur almenningur hafi meiri skilning á íþróttunum.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er rétt, ég hef talað tvisvar, en ég veit ekki betur, herra forseti, en það sé heimilað í þingsköpum að þm. geri aths. þrátt fyrir það að þeir hafi talað tvisvar. Og mörg dæmi eru þess hér á hv. Alþ. að menn hafi gert meira en aths., talað langt mál í þriðja skiptið. En ég skal vera stuttorður.

Það er rétt, sem hv. þm. Ellert B. Schram sagði áðan, að umsagnir voru ekki allar fullkomlega jákvæðar. Það breytir engu í mínum huga um nauðsyn málefnisins sem slíks, hvort íþróttafulltrúi, einhverjir aðrir, nefndir hér og þar úti í bæ segja já eða nei, telja málið sem

sagt ekki nauðsynlegt. Okkur, sem búum á þessum stöðum, er fullkomlega ljóst, hver nauðsyn er, og það er fyrst og fremst það sem ég byggi á, — kunnugleika á nauðsyn þess að hér verði breyting á og fólkið, sem býr á þessum stöðum, hafi þessa aðstöðu. Það er það sem skiptir höfuðmáli, ekki hvort iþróttafulltrúi eða einhverjir aðrir hér í Reykjavík telja málið gott eða vont. Það er nauðsyn málsins sem krefst þess að það verði hér eins og á ótalmörgum öðrum sviðum farið að vilja þess fólks sem fyrst og fremst á hér hlut að máli.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði að frv. væri gallað að þessu leytingu til, að það tæki ekki nema til staða sem hefðu 4000 íbúa eða færri. Það er ekki galli í mínum augum, síður en svo. (**EBS:** Það er kannske galli í annarra augum.) Það er síður en svo galli í mínum augum. En það er notað, eins og ég sagði áðan, sem átylla til þess að gera tilraun til að svæfa málið, af því að menn vita fyrir fram að þeir fá ekki fjármagn til þess að láta það ná til alls landsins. Þess vegna halda menn þessu fram nú eins og þeir hafa gert áður.

Ég er alveg hissa á því ef Ellert B. Schram meinar í raun og veru að það sé ekki tilraun til þess að svæfa málið, eins og það lá fyrir í fyrra og eins og það lá fyrir líka á þinginu í hittiðfyrra, að leggja til að því sé vísað til ríkisstj. Það var fyrir fram vitað að ríkisstj. mundi ekkert gera í málinu, og þess vegna var það svæft. Það var svæfingartilraun með því að leggja til að vísa því til ríkisstj.

Ég endurtek það sem ég sagði hér fyrr og hv. þm. Jónas Árnason tók undir líka: Það er enginn vafi á því, að það getur verið um líf eða dauða að tefla hvort sjómaður kann að synda eða kann ekki að synda. Það getur oft og tíðum verið spurning um líf eða dauða hvort þessi kunnátta er fyrir hendi eða ekki. Og það er það sem við eigum við þegar við tölum í þessum dúr. Það væri hægt að nefna ótal dæmi þess, að sundkunnátta sjómanns hefur bjargað lífi hans, sem ekki hefði gerst ef hann hefði ekki kunnað að synda, og það er mikilvægt atriði í sambandi við þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnþróunarstofnun Austurlands, frv. (þskj. 46). — 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég frv. um Iðnþróunarstofnun Austurlands. Það náði þá ekki fullnaðarafgreiðslu hér á Alþ., málinu var vísað til n., en kom þaðan ekki aftur. Ég hef því ákveðið að endurflytja frv. á þessu þingi og vænti þess að nú fái málið fullnaðarafgreiðslu.

Efni þessa litla frv. kemur fram í fyrstu tveimur greinum þess. Í 1. gr. segir, að setja skuli á fót Iðnþróunarstofnun Austurlands sem vinni að eflingu iðnaðar á Austurlandi. Og í 2. gr. segir: „Verkefni Iðnþróunarstofnunar Austurlands skulu m.a. vera þessi:

1. Að hafa forgöngu um að koma á fót nýjum iðnfyrirtækjum á Austurlandi og efla þau, sem fyrir eru.

2. Að koma á sem hagkvæmustu sölufyrirkomulagi á iðnaðarframleiðslu fjórðungsins.

3. Að veita fjárhagslegan stuðning og fyrirgreiðslu stofnunar nýrra iðnfyrirtækja þar sem sérstaklega verði leitast við að koma upp samrekstri nokkurra byggðarlaga um iðnaðarframleiðslu.“

Það er öllum vel kunnugt, að það hefur verið mikið rætt um eflingu íslensks iðnaðar að undanförnu. Áróður hefur verið hafður uppi svo að segja um allt land í því skyni að efla iðnaðinn. En þrátt fyrir allt það sem sagt hefur verið og skrifað um þau mál á undanförnum árum verðum við að játa að tiltölulega hægt hefur miðað í þá átt að koma upp nýjum iðnfyrirtækjum, einkum úti á landsbyggðinni. Til þessa liggja ýmsar ástæður, m.a. þær, að víða úti á landi er um fámenni að ræða og það er alllangt til aðalþéttbýlis landsins með þær framleiðsluvörur sem kynni að vera um að ræða, en varðandi meginhlutann af okkar iðnaði eða þeim rekstri, sem við flokkum undir almennan iðnað, er um að ræða framleiðslu sem er hugsuð fyrir innanlandsmarkað. Þá gefur auga leið að rekstur slíkra fyrirtækja fjarri aðalmarkaði veldur þeim miklum erfiðleikum.

Í þessu frv. er lögð sérstök áhersla á að koma upp á Austurlandi einni stofnun sem hafi með að gera forustuna í iðnþróunarmálum fjórðungsins. Í mínum huga, þó að hér sé um að ræða Austurland, er hér um fordæmi að ræða fyrir aðra landshluta, því að að sjálfsögðu mundu þeir notfæra sér þessa leið ef hún reyndist vel í þessu tilfelli, eins og ég álít að hún geti reynst. Hugmyndin er sú, að þessi eina stofnun eigi að tengja saman allar byggðir á Austurlandi og fá heildaryfirsýn yfir iðnaðarmálin í fjórðungnum og hún geti haft forustu um að koma upp iðnaðarfyrirtækjum sem gætu ekki aðeins verið til gagnsemi fyrir fjórðunginn sem slíkan, heldur einnig haft þýðingu fyrir landið allt.

Á það er bent í frv., að þessi stofnun skuli sérstaklega huga að þeim möguleika að koma upp iðnaði sem byggi á samstarfi margra byggðarlaga. Við þekkjum dæmi um þetta erlendis frá, m.a. frá nágrannalandi okkar Noregi, að þar er um það að ræða í mörgum tilfellum að iðnrekstur hefur verið byggður upp þannig að nokkur byggðarlög standa saman að sams konar framleiðslu. Einn staðurinn leggur höfuðáherslu á að framleiða sérstakan hluta af því sem á að framleiða, annar á annan hluta framleiðslunnar og sá þriðji sér e.t.v. um samsetningu eða annast sölumeðferð varningsins. Á þennan hátt er hægt oft og tíðum að koma við meiri fjöldaframleiðslu eða gera framleiðslueininguna stærri, og e.t.v. er hægt með þessu að koma hinum fámennari byggðum meira inn í þennan atvinnurekstur en eftir þeim leiðum sem við höfum farið til þessa.

Mér sýnist að í rauninni sé það svo um þessa hugmynd um iðnrekstur, sem byggður yrði upp á þennan hátt, að við getum í rauninni dregið nokkurn lærdóm í þessum efnum af því sem hefur gerst hjá okkur á öðrum sviðum. Í raun og veru er okkar stóri fiskiðnaður byggður í meginatriðum upp á þessum grundvelli. Þar höfum við ákveðna miðstöð hér í Reykjavík fyrir okkar fisk-

iðnað. En síðan eru mörg smærri fyrirtæki dreifð um landið sem vinna í raun og veru öll meira og minna saman að framleiðslunni sem síðan gengur á markað undir sameiginlegu heiti og sem sams konar vara og einn sameiginlegur aðili hefur með það að gera að bjóða vöruna út og koma henni á sölumarkað.

Það er skoðun mín að það muni miða heldur lítið hjá okkur í því að koma upp iðnaðarframleiðslu úti á landsbyggðinni nema tekið verði á málinu á þann hátt sem lagt er til í þessu frv., þ. e. a. s. að reyna að binda saman í ein samtök a. m. k. heilan fjórðung, þar sem tekist er á við vandamálið sem heild í einum fjórðungi, en ekki aðgreint á hverjum stað um sig, þar sem reynt er á þann hátt að samstilla kraftana. Ég held að til þess að þetta gerist þurfi ríkið að koma með nokkurn stuðning við slíka hreyfingu, og það er það sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál lengri ræðu að þessu sinni. Ég talaði fyrir þessu máli á síðasta þingi. Málið er því í rauninni kunnugt hv. alþm. En ég vænti þess að sú n., sem nú fær málið til meðferðar, sjái um að það fái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. iðnn. til fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 1. nóv., kl. 2 miðdegis.

Sjónvarp, fsp. (þskj. 19). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 19 legg ég fram fsp. til hæstv. menntmrh. um framkvæmdir á sviði sjónvarps. Fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmdum áætlunar um sjónvarp til allra landsmanna? Sérstaklega er spurt:

1. Hvað hefur verið varið miklu fjármagni til undirbúnings útsendingar í lit?

2. Hvaða nýjar dreifistöðvar sjónvarps hafa verið eða verða reistar í ár?

3. Hvaða nýjar dreifistöðvar sjónvarps eru ráðgerðar á árinu 1978?“

Fsp. þessi á rætur sínar að rekja til þess, að hæstv. menntmrh. skipaði 13. júlí 1976 n. til þess að athuga dreifingu sjónvarps og gera áætlun um slíkt. Í n. þessari áttu sæti sá sem hér talar, Sverrir Hermannsson alþm. og Ingi Tryggvason alþm. N. skilaði áliti 3. des. 1976 í skýrslu sem hún nefndi: Sjónvarp til allra landsmanna. Í skýrslu þessari er gerð áætlun um tekjur sem eru fyrst og fremst tollatekjur af innfluttum sjónvarpstækjum. Sömuleiðis er sett fram framkvæmdaáætlun sem er í 10 liðum. Framkvæmdaáætlunin nær til fimm ára og er þar gert ráð fyrir að koma sjónvarpi til allra notenda á landi og gera jafnframt verulegt átak til þess að koma sjónvarpi til sjómanna á miðum úti. Áætlun þessi nær til allra framkvæmda á sviði sjónvarps, ekki eingöngu dreifistöðva, því að talið var nauðsynlegt að skoða málið í heild sinni.

Á árinu 1977 var gert ráð fyrir í þessari áætlun að varið yrði 40 millj. kr. til endurnýjunar bráðabirgðastöðva, 63 millj. kr. til þess að halda áfram að koma örbylgjukerfi um landið, 70 millj. kr. til nýrra stöðva fyrir notendur yfir 8 og 50 millj. kr. til nýrra stöðva fyrir færri en 8 notendur. Jafnframt var gert ráð fyrir að verja 50 millj. kr. til þess að hefja útsendingar í lit.

Hæstv. menntmrh. tók þessari áætlun mjög vel og gerði grein fyrir því opinberlega, að henni yrði fylgt eins og frekast er kostur, en gat þess jafnframt að talið væri nauðsynlegt að fá gleggri upplýsingar um tekjuhlið en þær áætlanir, sem lagðar eru fram í skýrslunni, einar gera ráð fyrir. Nú er það staðreyndin, að tekjur af innfluttum sjónvarpstækjum hafa orðið fyllilega svo miklar sem gert er ráð fyrir í þessari skýrslu. Hins vegar hefur orðið nokkuð vart við það að framkvæmdir, sérstaklega í sambandi við nýjar stöðvar, hafi gengið hægar en gert er ráð fyrir.

Út af fyrir sig sýnist mér eðlilegt að tryggja tekjur áður en ákveðið er að ráðast í fjárfrekar framkvæmdir. Hins vegar hlýtur ávallt sú spurning að vakna, í hvaða röð framkvæmdum er þá frestað og hvenær tekjur eru taldar það tryggar að ganga megi til framkvæmda samkv. áætluninni og halda þeim síðan áfram út 5 ára tímabilið. Því hefur mér þótt ástæða til þess að leggja þessa fsp. fram.

Nokkur frestur hefur orðið á framkvæmdum, en fréttir benda til þess að tekjur séu hins vegar ríflegar, og tel ég nauðsynlegt að þeir, sem ekki hafa sjónvarp nú, fái að vita hvenær þeir mega vænta framkvæmda.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að hafa örlítinn formála að svari við þessari fsp. Ég vil fyrst minna á það, að útbreiðsla sjónvarps hér á landi var ótrúlega hröð. Tolltekjur af sjónvarpstækjum og lán, einkum erlend tækjakaupalán, stóðu undir framkvæmdum á þessum mikla spretti. Um 1970 var útbreiðslan að umfangi orðin nálega það sem hún er í dag. Tolltekjur minnkuðu vegna minni innflutnings móttökutækja þegar markaðurinn var mettaður orðinn og greiðslubyrði skulda féll á með miklum þunga, svo að ekkert varð í raun og veru aflögu til að kosta nýjar framkvæmdir. Jafnframt þrengdi svo að rekstri Ríkisútvarpsins í heild að skuldir söfnuðust upp hjá viðskiptabanka, ríkissjóði og eigin húsbyggingasjóði Ríkisútvarpsins. Þessi staða var óþolandi. Hún var rétt af á um það bil þremur árum. Viðskiptastaða hjá banka og ríkissjóði er nú eðlileg og húsbyggingasjóður fær framlag sitt samkv. lögum. Það sér fyrir endann á greiðslu erlendu skuldanna og tolltekjur hafa vaxið að mun þar sem endurnýjun sjónvarpstækja er orðin aðkallandi hjá fyrstu notendum og margir kaupa nú litsjónvarpstæki sem eru mun dýrari en svarthvít, eins og kunnugt er. Í samræmi við þetta hefur verið unnið að gerð áætlunar um framkvæmdir hjá sjónvarpi og útvarpi.

Nefnd hefur skilað till. að áætlun um dreifingu sjónvarps, eins og hv. fyrirspyrjandi minntist á,

og sama n. vinnur áfram að tillögugerð fyrir útvarpið. Jafnframt hefur verið hafist handa um endurnýjun bráðabirgðastöðva í dreifikerfi sjónvarps, smíði nýrra stöðva o. fl. og byrjað á litvæðingu sjónvarpsins. Einnig er á þessum árum unnið í vaxandi mæli að endurbótum hjá útvarpinu á dreifikerfi þess.

Um gerð framkvæmdaáætlunar um sjónvarpsdreifingu á grundvelli þeirra till., sem n. skilaði, vil ég aðeins segja það, að mér hefur sýnst ógerlegt að ganga endanlega frá slíkri áætlunargerð til langs tíma fyrr en að fenginni u. þ. b. eins árs reynslu af tolltekjunum, hverjar þær mundu verða eftir að litvæðing sjónvarpsins er hafin og menn taka í alvöru að kaupa inn litasjónvarpstæki.

Það er óhægt um vik að svara af tölulegri nákvæmni nokkru um framkvæmdir nú á þessum tíma og verður varla gert til fulls fyrr en ársuppgjör liggur fyrir. En ég vil greina frá því sem fyrir liggur. Ég vil þá fyrst aðeins rifja það upp, að tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum eru áætlaðar verða 200 millj. kr. á þessu ári. Það er ógerlegt að segja til um það í dag með nokkurri vissu hver útkoman verður í árslok, en líkiegt þykir að hún verði ekki langt frá áætlun. Eftir því sem mér er tjáð eru horfur á því, að tala innfluttra tækja verði töluvert lægri en áætlað var, en aftur hlutfall litatækja í innflutningi mun hærra, sem mundi þá vega það upp að tækin eru færri.

Um litvæðinguna er það að segja, að kostnaður á þessu ári er orðinn samtals um 80 millj. kr. Það má geta þess hér, að sérstakt álag á afnotagjöld af litatækjum skilar tæplega 10 millj. kr. á þessu ári.

Það, sem hefur verið gert, er að gamlar svarthvítar vélar í sjónvarpssal hafa verið endurnýjaðar með lithæfum vélum, eins og kunnugt er raunar, ásamt tilheyrandi búnaði, og einnig hefur starfsfólk hlotið nokkra þjálfun af þessu tilefni. — Ég vil skjóta því hér inn í, að næsta skref, sem til greina kæmi í litvæðingu að dómi þeirra sem þar fjalla nú mest um, er kaup á vél eða vélum sem senda út kvikmyndir í litum. Það er nokkuð dýr framkvæmd, eins og það sem nú hefur verið gert, og mér virðist ekki eðlilegt að taka ákvörðun um það fyrr en kunnugt er orðið um tolltekjur þessa árs a. m. k. En ég vil taka það skýrt fram, að ég legg þyngsta áherslu á dreifingu, endurbætur og útfærslu. Fram hjá hinu verður ekki horft, að tolltekjunum er ætlað að standa undir stofnkostnaðinum og þar skila litatækin langmestum hluta. Þegar þess er enn fremur gætt, að mjög margir a. m. k. virðast nú endurnýja tæki sín með litatækjum, þá er ljóst að vinna ber að litvæðingunni jafnframt.

Eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt, annast Póstur og sími ýmsar framkvæmdir fyrir Ríkisútvarpið, þ. á m. framkvæmdir við sjónvarpsdreifinguna. Vinnu er enn hvergi nærri lokið við þau verkefni sem hafa verið í gangi á þessu ári, og þess vegna liggur nú ekki fyrir uppgjör, en ég skal geta framkvæmdanna.

Þá vil ég fyrst nefna framlengingu örbylgjukerfis frá Akureyri austur til Gagnheiðar. Þessi framkvæmd er alldýr. Hún þjónar bæði síma og sjónvarpi og er kostuð sameiginlega af Landssímanum og Ríkisútvarpinu, eins og venja hefur verið um þessar framkvæmdir. Reistar eru á árinu endurvarpsstöðvar á Breiðdalsvík og Staðarborg í Breiðdal og á Stöðvarfirði. Þær leysa af hólmi lélegar bráðabirgðastöðvar sem þarna hafa verið reknar, og er vænst að þær verði teknar í notkun í nóvemberlok. Þá er endurnýjaður gamall sendir í sjónvarpsstöðinni að Hnúkum við Blönduós. Gamli sendirinn var orðinn mjög lélegur. Sá nýi er væntanlegur í nóv. og er stefnt að því að uppsetningu hans ljúki fyrir áramót. Nýi sendirinn hefur rúmlega helmingi meira afl en sá gamli, og má búast við töluverðum endurbótum á þeim svæðum þar sem styrkur Blönduóssendisins hefur verið í lágmarki. Í Vestmannaeyjakaupstað hefur verið sett upp endurvarpsstöð og er hún til bóta fyrir þann hluta kaupstaðarins sem nú býr við truflað sjónvarpsskilyrði. Þá verður endurnýjaður tækjabúnaður sjónvarps- og endurvarpsstöðvar á Höfn í Hornafirði, en hann var orðinn gamall og mjög úr sér genginn. Því verki mun einnig ljúka fyrir áramót. Enn má geta þess, að lítil endurvarpsstöð var sett upp til reynslu í Ólafsfirði og þjónar því íbúðahverfi sem ekki fékk mynd frá stöð sem þar var fyrir.

Fleira væri náttúrlega hægt að nefna ef allt væri tínt til, en þetta er það helsta. Ég vil geta þess jafnframt, að nokkrum millj. kr. verður varið síðari hluta ársins til þess að undirbúa byggingu nýrra stöðva á næsta ári, einkum smíði staðlaðra húsa.

Eins og mönnum er ljóst af því, sem ég hef nú farið yfir á árinu í ár, þá er einkum unnið að því að endurnýja bráðabirgðastöðvar sem eru búnar að endast miklu lengur en nokkur hafði í raun og veru vonað í upphafi, þegar þær voru reistar.

Kostnaður við þær framkvæmdir, sem ég hef talið, var áætlaður um 50 millj. kr., og mér skilst að það séu ekki líkur á að hann fari neitt stórlega fram úr áætlun, þó að nú sé, eins og ég sagði áðan, ómögulegt að segja um það með neinni vissu.

Hluti sjónvarpsins í örbylgjuframkvæmdunum er áætlaður 50—60 millj. kr. Og ég vil geta þess, að afborganir og vextir af fyrst og fremst erlendu tækjakaupalánunum nema á þessu ári um 43 millj. kr. og þurfa að fjármagnast af þessum lið að miklu leyti líka. En þá fer, eins og ég hef líka tekið fram, mjög að hægjast um greiðslur af þeim erlendu lánum.

Þá vil ég geta þess og vekja sérstaka athygli á því, að tæknideild Landssímans taldi ekki unnt að sinna meiri framkvæmdum á þessu sviði á yfirstandandi ári. Hún taldi sig ekki hafa mannskap til þess eða aðstöðu. Þetta fer í raun og veru saman við fjárhagsástæður, því að ég hygg að það hefði verið óvarlegt að ákveða í byrjun ársins öllu meiri framkvæmdir en þær sem verið er að vinna að, miðað við þá óvissu sem þá var um tekjuhliðina.

Spurt er um framkvæmdir á næsta ári. Um þær er það að segja, að fullnaðarákvarðanir hafa ekki verið teknar um það, ekki formlega

a. m. k., en þó mun mega reikna með eftirtöldum framkvæmdum:

Það verða fyrst og fremst nýjar sjónvarpsstöðvar, en þær verða væntanlega reistar í Hörgárdal, Oxnadal, Blöndudal og Svartárdal nyrðra, á Almannaskarði, þ. e. tengistöð fyrir Lónið, og svo í Lóninu og í Borgarhöfn í Suðursveit, í Drangsnesi, við Kollafjörð í Strandasýslu og loks við Bakkaflóa.

Þá er talið óhjákvæmilegt að endurnýja stöð í Grundarfirði og var raunar áformað að gera það fyrr, en hún er ein af bráðabirgðastöðvunum og mjög úr sér gengin.

Þá er þess að geta, að í Hegranesi í Skagafirði er áætlað að endurnýja 10 ára gamlan sendi sem hefur oft verið bilaður og er orðinn mjög dýr í rekstri. Verður hann væntanlega endurnýjaður með sams konar sendi og í nágrenni Blönduóss. Þarna verður um umtalsverða aflaukningu að ræða sem á að koma til góða þeim svæðum Skagafjarðar, þar sem sviðsstyrkur frá Hegranesi er nú í lágmarki.

Þá er og í ráði að endurbæta stöðvarnar á Lágafelli í Mosfellssveit og Langholti. Þær endurbætur höfðu verið fyrirhugaðar á þessu ári.

Eins og ég sagði áðan hefur verið hafist handa um smíði húsa fyrir þessar stöðvar sumar og sjónvarpið á möstur fyrirliggjandi og tækjapantanir verða gerðar nú fyrir áramót. Ætti ekki að standa á afgreiðslu þeirra.

Eg vil svo að lokum einnig geta þess, að fyrirhugaðar eru framkvæmdir við örbylgjukerfið á leiðinni Reykjavík-Vestfirðir og einkum á nyrðri hluta þeirrar leiðar. Mun sjónvarpið taka þátt í kostnaði við það að sínum hluta, líkt og það hefur gert á öðrum stöðum á landinu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með, að þetta mál skuli hafa borið hér á góma, og þakka fyrirspyrjanda, hv. 2. þm. Vestf., fyrir frumkvæði hans í því máli. Jafnframt vil ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf, og þau fyrirheit, sem ég taldi felast í þeim varðandi framkvæmdir í framtíðinni. En það bar til í fyrravetur að skoðanir voru ofurlítið skiptar um hvar megináherslan ætti að verða. Sumir lögðu mikið kapp á að hraða litvæðingu sjónvarps. Ég og sumir aðrir þm. lögðu aftur á það þunga áherslu, að heppilegra væri að koma sjónvarpinu um allt land áður en gengið yrði af fullum krafti í litvæðingu. Það eru 400 sveitabæir á Íslandi sem njóta ekki sjónvarps í dag, og því miður hefur þetta ár liðið án þess að þar hafi orðið verulegar úrbætur. Það er gleðiefni að hæstv. ráðh. skuli gefa fyrirheit um úrbætur á næsta ári, og það er þakkarvert. En ég hefði fremur kosið að nokkur litur hefði verið sýndur á því að byggja þessar dreifistöðvar og koma sjónvarpi til fleiri notenda nú í ár en raun ber vitni.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu, en ég get þó ekki farið héðan án þess að vitna til skýrslu þeirrar sem hér hefur verið gerð að umræðuefni. Gert var ráð fyrir í þessari skýrslu sjónvarpsdreifingarnefndar, sem heitir: Sjónvarp til allra landsmanna, að á árinu 1977 yrði varið til nýrra stöðva, sem þjónuðu fleiri en 8 notendum, 70 millj. kr. og færri en 8 notendum 50 millj. kr. Þetta hefur ekki verið gert á þessu ári, nema þá lítillega kannske hafinn undirbúningur. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir að vegna litasjónvarps yrði fjárfest á árinu nema 17.5 millj. í 1. áfanga og í 2. áfanga 32.5 millj., en þetta hefur samtals orðið 80 millj. svo að þarna skeikar nokkru um hraðann á vinnubrögðum.

Að lokum vil ég leyfa mér að treysta því, að árið 1978 líði ekki þannig að ekki verði undinn bráður bugur að því að koma sjónvarpi til sem flestra þeirra sem ekki hafa átt kost á að sjá það hingað til.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns, að það er fagnaðarefni að þessu máli er hér hreyft. Hins vegar komu fram hjá hæstv. menntmrh. heldur óljós svör um hvað í deiglunni væri og eins að því er varðaði tölulegar upplýsingar um fjárhagslega stöðu Ríkisútvarpsins.

Ég vitna sérstaklega í 1. grein umtalaðrar skýrslu um sjónvarp til allra landsmanna því að þar kemur fram mergurinn málsins, en hann hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lokið verði við að koma sjónvarpi til allra notenda á landi á næstu 4 árum, 1977—1980, og hafin bygging endurvarpsstöðvar fyrir fiskimiðin árið 1979.“ Á þennan þátt, síðasta lið þessarar tillgr., um byggingu endurvarpsstöðvar fyrir fiskimiðin var ekki minnst hér áðan né í svari hæstv. menntamrh., og væri fróðlegt að heyra frá honum hvort nokkur sérstakur undirbúningur að því sérstaka verkefni er hafinn.

Hér er um að ræða eins og annars staðar spurningu um peninga. Og þegar ég á sínum tíma greiddi því atkv. að tekin yrði upp sjónvarpssending í lit, þá var það einungis vegna þess að ég taldi það í rauninni einu færu leiðina til að afla tekna til þess að koma dreifikerfinu um allt land í sómasamlegt lag. Því taldi ég það þröngsýni að hafna hugmyndinni um útsendingu í litum. Það hefur sýnt sig að litvæðingin hingað til hefur farið nokkuð fram úr áætlun, kostað 80 millj., og ég hjó eftir því í orðum hæstv. menntmrh., að næsta skerf í litvæðingunni væri hugsanlega kaup á vélum til að senda út í lit. Kostnaður við slík vélakaup var ekki upplýstur, en mér finnst liggja beint við að áður en lagt er út í meiri kostnað til þess að koma á litaútsendingu, fullkomnari en hún er í dag, þá beri okkur skylda til að einbeita okkur að því að koma þessum 400 sveitabæjum og sjómönnunum á miðunum í sjónvarpssamband. Ég held að um það geti varla orðið ágreiningur. Víst ber að fagna því sem er á áætlun fyrir næsta ár, þó að það verði auðvitað hvergi nærri fullnægjandi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ég varð einu sinni enn fyrir vonbrigðum með hvernig þessi mál standa. Ég man ekki betur en það séu 5 ár síðan mér var sagt á skrifstofu Ríkisútvarpsins að það stæði til að byggja stöðvar í Hörgárdal og Öxnadal. Ég held að á hverju ári síðan hafi ég farið til þeirra og hafi fengið svipuð svör, að á næsta ári hlyti þetta að verða gert. Það komu menn að norðan, sem eru orðnir langþreyttir á þessu máli, seint

í fyrravetur, og fór ég með þeim til fjármálastjóra Ríkisútvarpsins. Þá var okkur sagt að á haustdögum yrði þetta gert. En nú heyri ég það hjá hæstv. menntmrh., að honum hafi verið tjáð að þetta sé á áætlun næsta ár. Ég vona að sagan endurtaki sig ekki, að á næsta ári verði svörin að þetta verði kannske á næsta ári. Ég held að það verði að gera eitthvert átak í þessu máli. Í þessu tilviki eru 20 notendur í þremur hreppum sem hafa annaðhvort mjög lélegt eða ekkert sjónvarp, og öll þessi ár hefur mér verið tjáð að þarna muni vera í raun og veru einn stærsti hópurinn sem bíður eftir lagfæringu á þessu máli. Ég vil sem sé undirstrika það, að nú er þolinmæði mín að þrjóta að þessu leyti.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er fjálglega talað hér um að það skorti á að séð sé fyrir sjónvarpi á nær 400 sveitabæi. En það er ekki látið fylgja með að kostnaður við að koma sjónvarpi á suma þessa bæi er líklega meiri en að flytja bæina: húsakynnin, íbúana og kannske stóran hluta jarðanna sjálfra — í átt til sjónvarpsstöðvanna. Ég held að fólk verði að vera raunsætt og horfast í augu við að það er okkur fjárhagslega ómögulegt að koma sjónvarpi á alla bæi. Það er nákvæmlega sama og ég hef fyrir löngu séð, að þó að ég vildi gjarnan koma sjónvarpi til þeirra skipa, sem eru á fiskimiðunum kringum landið, og það sé tæknilega mögulegt, þá er það svo dýrt í framkvæmd að það er ekki hægt.

Ég flutti hins vegar fyrir nokkrum árum till. um það hér á hv. Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárl., að hæstv. fjmrh. fengi heimild til að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af myndsegulböndum sem notuð væru um borð í íslenskum fiskiskipum, og það gæti að sjálfsögðu átt við afskekkta sveitabæi líka. Er þá hægt að taka upp a. m. k. vikulega útdrátt allra frétta og fleira til þess að gefa þessum aðilum möguleika á því að njóta hins besta sem úr íslenska sjónvarpinu kemur. Að vísu voru þeir báðir þá sammála í því, hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., að fella þessa till. mína. En hún mun verða endurflutt við afgreiðslu fjárlagafrv. sem liggur fyrir þinginu núna, og vænti ég að þeir hafi nokkuð breytt um skoðun.

Ég held að það þurfi líka að hafa í huga þegar talað er um, eins og gert var af hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, að kostnaður við framkvæmd litasjónvarps hafi farið nokkuð mikið fram úr áætlun, að þá þurfi enn að vekja athygli þess hv. þm. og fleiri á að tekjur sjónvarpsins, tolltekjur ríkisins, hafa líka stóraukist vegna innflutnings litasjónvarpstækja.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Mig langar til að bera aðeins saman þær tölulegu upplýsingar, sem komu fram hjá honum, við þá áætlun sem gerð var og ég hef vísað til áður.

Hæstv. ráðh. gat þess að tekjur yrðu nálægt 200 millj. kr., eða Ríkisútvarpið áætlaði þær 196.3 millj. Þá var áætlað að varið yrði til endurnýjunar bráðabirgðastöðva 40 millj. kr. á árinu 1977, en varið hefur verið 50 millj. kr. til þeirra stöðva. Til örbylgjukerfis var áætlað að verja 63 millj. kr., en varið hefur verið 60 millj. Til litasjónvarpsútsendinga var áætlað að verja 50 millj., en til þess hefur verið varið 80 millj. kr. Ég verð því að segja að þeir, sem stóðu að þessari áætlun, geti út af fyrri sig verið mjög ánægðir með hvað þetta fer nálægt áætlun. En svo er hitt, sem að sjálfsögðu veldur vonbrigðum, og það er að ekkert hefur verið hreyft við tveimur liðum, lið b og e, sem eru nýjar stöðvar. Við þeim hefur ekkert verið hreyft. Þetta veldur að sjálfsögðu ekki síst vonbrigðum öllum þeim sem hafa staðið hins vegar að því að litasjónvarp verði tekið upp til að útvega tekjur. Og ég vil reyndar taka það fram, að ég tel alls ekki koma til mála að hér hefjist ekki litaútsending. Við bókstaflega getum ekki komið í veg fyrir það þótt einhverjir kunni að vilja það. Þetta er tæknibreyting sem á eflaust rétt á sér, þótt sumir kunni að telja hana óþarfa. Og það hefur sýnt sig að endurnýjun tækja er orðin mjög brýn. En fyrst og fremst fylgdum við þessu til þess að koma hinu meginmarkmiðinu fram, þ. e. a. s. nýjum stöðvum, en við því hefur ekki verið hreyft.

Ég verð að taka undir vonbrigði, sem hér hafa komið fram í þessu sambandi. Ég kann ekki skil á því, hvers vegna varið er 80 millj. kr. í litaútsendingu í stað 50 millj. Það má vera að þarna hafi verið farið fram úr þeirri áætlun sem sérfræðingar sjónvarpsins gerðu. Vel má einnig vera að þarna hafi verið ráðist í meira en talið var brýnt til þess að koma á viðunandi litaútsendingu. Ég vil taka undir þá aðvörun sem hér hefur komið í því sambandi að ráðast ekki í mjög kostnaðarsamar aðgerðir við litasjónvarp. Kannske er það langt á undan þeirri áætlun sem samkomulag varð um. Ég vil fullyrða að það hafi verið samkomulag um þá áætlun sem hér var lögð fram, við forráðamenn útvarps og sjónvarps og það yrði þá gjarnan á kostnað nýrra stöðva. En ég held að þetta tvennt verði að haldast í hendur, annars er tilganginum ekki náð. Þetta verður að haldast í hendur, og ég treysti hæstv. menntmrh. til að sjá um að svo verði.

Ég vil svo taka það fram, að að sjálfsögðu hljóta slíkar áætlanir alltaf að vera til endurskoðunar og breytingar á þeim hljóta að verða. Það skiljum við ekki síst sem að þessu stöðum. T. d. af því að hér hefur nokkuð verið minnst á sjónvarpsútsendingu til skipa, þá er nú orðið ljóst að á því máli verður veruleg breyting með tilkomu gervihnattarins Nordsat sem verður fyrir Ísland, Færeyjar og Grænland og er ráðgert að verði komið á loft 1985. Slíkur hnöttur gjörbreytir allri aðstöðu sjómanna. Skipin ná mjög auðveldlega til slíks gervihnattar. Einnig vil ég vekja athygli á því, að slíkur gervihnöttur mun leysa vandamál margra einstakra bæja sem snúa þannig að vera í sjónmáli við þennan hnött, t. d. inni í djúpum og löngum dölum. Ég vil hins vegar ekki taka undir það, að það sé ofraun fyrir okkur að koma sjónvarpi til — ja, ef ekki allra þá a. m. k. langflestra sveitarbæja. Það var áætlað 450 millj. kr. Það geta verið örfáir sem þarna verða eftir, en þeir eru ekki margir. Og það má vel vera að vandi þeirra leysist einmitt með þessari tækniþróun. Þannig hlýtur áætlunin að verða endurskoðuð með tilliti til slíkra breytinga.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að kostnaður við sendistöðvar er að meira en hálfu leyti tollur og söluskattur, tekjur ríkisins. Það er 35% tollur á sendum og 22% söluskattur, þannig að það má nokkurn veginn margfalda erlenda verðið með 2.1. Það er því meira en helmingur af þessu tolltekjur. Ríkissjóður fær verulegar tekjur einnig af þessum stöðvum sem ekki renna til útbreiðslu sjónvarps.

Ég vil svo þakka hæstv. menntmrh. að lokum fyrir þær framkvæmdir sem ráðgerðar eru á næsta ári. Ég geri mér grein fyrir að framkvæmdamáttur tæknimanna Ríkisútvarpsins er takmarkaður. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að það má vel fá menn utan þessarar tæknideildar til að sinna mörgum af þessum verkefnum. Ég hef kynnt mér það, að það er til mikið af færum radíómönnum hér í landinu sem með mjög lítilli þjálfun eða jafnvel engri geta tekið að sér að reisa einstakar stöðvar, og mætti jafnvel hafa hér útboð að einhverju leyti.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á vonbrigði og óánægju hv. stjórnarþm. með framkvæmdir í sjónvarpsmálum. Ég tek undir óánægjuna. En ég hlýt að láta í ljós vonbrigði yfir því, að þessir hv. þm. með sína góðu stjórnaraðstöðu skuli láta vonbrigðin og óánægjuna duga ár eftir ár.

Það fer hins vegar ekki á milli mála samkvæmt því sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að höfuðáherslan virðist hafa verið lögð á þessu ári á litvæðinguna á kostnað dreifingarinnar og nýrra sjónvarpsstöðva fyrir þá sem hafa ekki sjónvarp nú. Þetta var einmitt það sem við óttuðumst. Þetta ber að harma, og ég trúi því tæpast að hér hafi á tæknideildinni einni strandað, þó að það kunni að vera ein ástæðan fyrir þessu.

Erindi mitt var annars að fá nánari upplýsingar hjá hæstv. ráðh. um það, hvenær örbylgjukerfið kæmist í gagnið á Gagnheiði eystra. Sömuleiðis vil ég benda á það, að enn eru víða ófullnægjandi bráðabirgðastöðvar í rekstri heimamanna. Svo er um minn heimastað, og þar er ástandið, að ég held, það alvarlegt að við megum búast við því á hverri stundu að þar verði stöðvun á sjónvarpssendingum til okkar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég hef kvatt mér hér hljóðs, er sú, að inn í umr., sem hér hafa farið fram, hefur verið komið inn á sjónvarpssendingar til sjómanna á miðum. Þetta mál hefur verið á dagskrá áður á þinginu. Á síðasta Alþ. var flutt frv. um þetta efni, þar sem gert var ráð fyrir að byrjað yrði á framkvæmdum varðandi sjónvarpssendingar á fiskimiðin úti fyrir Vestfjörðum. Þetta frv. náði ekki fram að ganga á síðasta Alþ. og sú hv. n., sem um það fjallaði, varð ekki sammála um afstöðu til málsins.

Ég taldi rétt, vegna þess að umr. hafa orðið um þetta nú og einnig spurningar frá hv. 9. landsk. þm. til hæstv. ráðh., hvað hafi verið gert í þessum efnum, að greina frá því hér, að ég, ásamt hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og hv. þm. Garðari Sigurðssyni, hef lagt fram frv. um þetta efni nú. Þessu frv. er ekki búið að dreifa hér í þinginu, en því verður væntanlega dreift í dag eða á morgun. Það er einmitt um framkvæmdir til sjónvarpsútsendinga á fiskimiðin í kringum landið, áætlunargerð í þeim efnum til fjögurra ára og að því verkefni verði lokið á þeim tíma.

Það er vissulega ástæða til að taka undir þær óánægjuraddir sem fram hafa komið frá stjórnarsinnum varðandi hægagang í þessum efnum. Og full ástæða er til að ítreka það, að þarna er um að ræða stóran hóp — ótrúlega stóran hóp þjóðfélagsþegna, þar sem sjómenn eru, sem ekki geta nýtt þetta tæki sem sjónvarpið er, og því full ástæða og þó fyrr hefði verið að gera nú alvöru úr því að ráðast í framkvæmdir til að hrinda þessu nauðsynjamáli af stað.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Vegna þess að þessar umr. eru nokkuð almennar finnst mér rétt að láta koma hér fram sérstakt þakklæti til hæstv. menntmrh. fyrir það, hvernig hann hefur rétt við fjárhag Ríkisútvarpsins. Árin 1971—1974 voru fjárhagslega mjög erfið Ríkisútvarpinu. Tolltekjurnar brugðust, afnotagjöldin voru lág, sáralítið var þess vegna hægt að gera til að bæta og styrkja dreifikerfið, og lausaskuldir söfnuðust svo að skipti hundruðum millj. kr.

Í tíð núv. menntmrh. hefur tekist að greiða þessar lausaskuldir að fullu og það kemur til með að styrkja aðstöðu útvarpsins í framtíðinni, vegna þess að ekki þarf að sligast undir háum vaxta- og afborganagreiðslum.

Jafnframt þessu hefur verið ráðist í litasjónvarpið, sem ég tel að sé ekki fyrst og fremst mál okkar, sem erum í þéttbýlinu og komum til að njóta þess fyrst, heldur ekki síður þeirra sem búa í dreifbýlinu, því að innflutningur á litasjónvarpstækjum skapar stórauknar tolltekjur frá því sem áður var, og þær fara til að bæta dreifikerfið. Þetta var gert að ráðum þeirrar n. sem fjallaði sérstaklega um dreifingarmálin að tillögu menntmrh. Hún taldi rétt að fara inn á þessa braut, það hefur verið gert og þar með er skapaður verulegur grundvöllur til þess að bæta skilyrðin í dreifbýlinu í framtíðinni.

Hins vegar má það rétt vera — og ég get vel skilið óánægju hv. þm. úr dreifbýlinu — að þetta gangi heldur hægt. En það er ekki nóg að láta óánægju í ljós yfir því heldur verður þá að benda á einhverjar nýjar tekjur til þess að rísa undir þessu. Án þess verður þetta ekki gert.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar eð þessar umr. hafa orðið nokkuð á víð og dreif langar mig til þess að vekja athygli í örfáum orðum á tveim atriðum.

Hið fyrra er að undirstrika það, sem kom fram hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni, að fyrir dyrum standa stórkostlegar tæknibreytingar á dreifingu sjónvarps með aðstoð gervihnatta. Á því er enginn vafi að einhvern tíma á árabilinu 1980—1985 mun verða hrein bylting í þessum efnum sem mun gerbreyta aðstöðu sjónvarpsáhorfenda um víða veröld og þá einnig hér hjá okkur. Eins og hann benti á alveg réttilega, mun

þá gerbreytast aðstaða einstakra býla, einstakra staða sem nú er fjárhagslega séð ekki framkvæmanlegt að veita aðstöðu til að njóta sjónvarps, og einnig aðstaða skipa á hafi úti.

Þetta var fyrra atriðið sem ég vildi nefna fyrst sjónvarpsskilyrði sjómanna á hafi úti hefur borið hér á góma hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni. Frv. um það hefur verið flutt áður og um það verið fjallað í n. sem ég hef átt sæti í og á enn sæti í. Ég vil bæta við því sem honum láðist að geta um, en mjög kom til umr. þegar málið var til athugunar í n. í fyrra, að útgerðarfyrirtæki um víða veröld hafa tekið í þjónustu sína nýja tækni til að veita sjómönnum aðgang að sjónvarpsefni, og hún er sú að nota segulbönd eða kasettur. Stór útgerðarfyrirtæki um víða veröld hafa komið fyrir í skipum sínum, hvort sem eru farskip eða veiðiskip, sérstaklega útbúnum sjónvarpstækjum sem gera kleift að hagnýta sér kasettur, og sjá þau skipum sínum fyrir sjónvarpsefni á kasettum. Þetta er sú leið sem nú er um víða veröld farin til að veita sjómönnum þessa sjálfsögðu þjónustu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er nú ekki tími til að ræða þetta mál ítarlega, en ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá skýrslu sem hann hér flutti. Hann hlýtur að verða þess var af þessum umr., að áhuginn á þessu máli er ákaflega mikill og mönnum finnst að seint gangi um dreifingu sjónvarps, sem rétt er. En að ýmsu leyti getum við nú horft til baka í því efni, og ég held að það hafi því miður verið tekin dálítið skökk stefna í sambandi við fjáröflun til þessa máls frá upphafi. Þegar ég átti sæti í fjvn. fyrir alllöngu bar þessi mál á góma, ekki einu sinni, heldur líklega oftar, og þá voru þær raddir uppi innan fjvn. að skynsamlegasta leiðin væri að hækka allmikið afnotagjöld og verja þessari hækkun til dreifingar sjónvarps. Þessi till. náði því miður aldrei eyrum manna þannig að hún kæmist í framkvæmd. En ég held að þessi till. eigi enn rétt á sér og hana burfi að skoða betur og með því móti sé möguleiki að tryggja það réttlætismál að dreifa sjónvarpi sem víðast um landið.

Þessi till. kann að vísu að hafa þann annmarka að það verði dregið að einhverju leyti úr starfsemi útvarpsins, e.t.v. verði ekki hægt að verja jafnmiklu til dagskrárgerðar, hvorki útvarps né sjónvarps. En mér finnst það vera höfuðatriðið í þessu sambandi að á komist réttlát dreifing sjónvarpskerfisins áður en við leggjum í öllu meira í sambandi við dagskrá. Ég vildi koma þessu að í þessu sambandi.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það hefur verið vikið að ýmsum atriðum í þessum afmörkuðu umræðum.

Hv. fyrirspyrjandi saknar nýju stöðvanna fyrst og fremst og dregur í efa að skortur mannafla hafi verið óyfirstíganlegur. Ég tel hins vegar hæpið að ætla sér að fara að fjölga mönnum á þessum vettvangi mikið af ýmsum ástæðum. Það er áreiðanlega mikið annríki í útvarpsvirkjunum um allt land og þetta er hægara sagt en gert.

Það fer meira fé í litina en var í áætluninni, og það er m.a. vegna þess að farið var í önnur atriði en þá var fyrirhugað og kostnaður hefur farið nokkuð fram úr áætlun.

Það hefur verið minnst hér á gervihnattamálið. Auðvitað horfum við með björtum augum til þess tíma þegar við fáum sjónvarp frá gervihnetti og hann mun þá vonandi leysa ýmsan vanda. En það er enn ekki mikil vissa um þetta atriði, og við hljótum að halda áfram okkar framkvæmdum eins og þær eru þrátt fyrir það.

Hv. þm. Páll Pétursson harmaði að sjónvarpinu skyldi ekki vera dreift fyrst og farið svo í litina á eftir. Þetta er hægara sagt en gert, að ætla sér að flytja inn litatæki og nota tekjurnar af þeim til þess að dreifa sjónvarpinu um landið án þess að sýna þar nokkurn lit. Hitt má svo alltaf deila um, hversu mikið skuli að gert. Ég held að menn verði að gera sér það alveg ljóst, að ágætlega unnin skýrsla þeirrar n., sem að þessum málum vann, hefur ekki enn þá verið staðfest af yfirvöldum og er bara í raun og veru vinnuplagg frá þeim komið. En það rýrir ekki gildi hennar þó að nefndin hafi sett markið nokkru hærra en unnt reyndist að fylgja eftir a.m.k. í fyrstu.

Það var margt fleira sem kom fram hjá hv. þm. Það hefur verið minnst á fiskimiðin, og það var spurt hvort sérstaklega hefðu verið undirbúnar aðgerðir á því sviði. Ég vil svara því til, að það hefur ekki farið fram sérstakur undirbúningur að byggingu sjónvarpsstöðva fyrir fiskimiðin sérstaklega. Hins vegar reyna menn að gefa því gætur í sambandi við framkvæmdir í þessum málum, hvort rétt sé á þessum eða hinum staðnum að sameina þetta tvennt, þ.e. not fyrir sjó og land.

Það hefur verið minnst hér á myndsegulböndin. Það er nokkuð síðan ég setti n. manna til að athuga möguleika á að greiða fyrir því að íslensk fiskiskip og farskip geti notið sjónvarps með hjálp myndsegulbanda og slíkra tækja. Þetta er mjög vel þekkt t.d. í Noregi og má læra af því, og ég á von á skýrslu frá þessari n. áður en langir tímar líða.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson segist hafa flutt, sem rétt er, till. um að fella niður tolla af þessum tækjum og bjarga málinu þannig. En mín reynsla í þessum sjónvarpsdreifimálum er sú, að það sé betra að hækka tolla heldur en að fella niður tolla. Það þýðir ekkert að ætla sér að standa að framkvæmdum með því móti að lækka tekjur ríkissjóðs. Ég mun eins og áður standa algjörlega með fjmrh. þegar kemur til atkvgr. um þessa till. Ég held að það sé ákaflega hæpið að hugsa sér að við getum t.d. varið 1—2 milljörðum í að koma útvarpi og sjónvarpi til sjómanna á hafi úti, sem það mundi kosta ef ætti að gera það alfarið án þess að hafa nokkurt litasjónvarp. Ég held að það gangi ekki þó að við kannske vildum það sumir.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson rifjaði það upp, að sér hefði verið sagt æ ofan í æ að það ætti á næsta ári að byggja stöðvar þar norður frá á hans heimaslóðum. Nú ber ég engar brigður á þetta, enda kom ég þar hvergi nærri og skal ekkert um það segja. Hitt veit ég og þarf ekki að fara að rekja það, að ekki hafa verið fjárhagsástæður til þess að fara í þetta fyrr en nú síðan ég kom að þessum málum. Hann hefur

látið að því liggja, að mér hefði verið tjáð að þetta væri í áætlun fyrir næsta ár. En það er misskilningur hjá hv. þm. Mér er ekki tjáð um þessa áætlun næsta árs. Það er ég sem gef út þessa áætlun eða ráðh. í samráði við Ríkisútvarpið, og ég er ekki að fara hér með neinar sögusagnir. Við álítum eftir að hafa borið saman bækur um þetta, þ. e. Ríkisútvarpið og rn. og þar með ráðh., að þetta eigi að vera kleift á árinu. Þó að ég tæki fram að endanlegar og formlegar ákvarðanir hafi ekki verið um þetta teknar, þá er þetta álit okkar í dag og ég vona að það standi.

Hv. þm. Helgi F. Seljan spurðist fyrir um það, hvenær vænta mætti örbylgjustöðvar á Gagnheiði og enn veit ég ekki annað en það takist fyrir áramót. Nokkrar tafir urðu á flutningi tækja til landsins sem í þetta fara, en ég veit samt ekki annað en þetta eigi að standast.

Varðandi stöðina á Reyðarfirði og fleiri bráðabirgðastöðvar sem enn eru í gangi vil ég aðeins láta það koma hér fram, að röð framkvæmda við endurnýjun á gömlu bráðabirgðastöðvunum er ráðin að mati tæknideildar símans eða þeirra manna sem með þetta hafa að gera. Það hefur verið mat þeirra að þessi stöð væri eitthvað skárri en t. d. stöðin á Stöðvarfirði sem var lögð niður í ár og önnur sett í staðinn. Það verður að vona að þær dugi þangað til þær verða endurnýjaðar.

Hv. þm. Helgi F. Seljan tók nú mjög undir að það bæri að harma og átelja að ekki hefði verið meira gert í sambandi við byggingu dreifistöðva fyrir þá sem ekkert sjónvarp hafa. Ég vil nú bara segja við hv. þm., að okkur var nær, honum og mér, að duga betur og svelta ekki Ríkisútvarpið eins og gert var á þeim árum sem við studdum fyrrv. ríkisstj. Sannleikurinn er sá, eins og hefur komið hér fram, að útvarpið var mjög illa statt fjárhagslega þegar stjórnarskiptin urðu, eins og ég var að lýsa áðan. Ekki meira um það.

Ég vil aðeins að lokum rifja það upp, að það eru nokkuð miklir erfiðleikar á því að gera um sjónvarpið tímasetta áætlun til langs tíma. Það eru ekki einasta þeir erfiðleikar sem landshættir okkar valda, strjálbýli og víðátta fiskimiðanna og allt það, heldur eru líka erfiðleikar vegna óvissu um tekjur. Þær eru fengnar með tolltekjum. Þó trúi ég því sem mér er sagt af fróðum mönnum, að endurnýjun hljóti að verða það mikil á sjónvarpstækjum að við eigum von á nokkuð stöðugum tekjum á næstu árum. En það kemur enn þá fleira til sem veldur því, að það er erfitt að gera áætlun um einstaka bæi og ársetja framkvæmdir. Þar kemur til t. d. byggðaþróun. Það er hreyfing á byggð ekki síst á þessum erfiðustu stöðum, og þar getur orðið hreyfing bæði til og frá, bæði til fjölgunar og fækkunar, þó hún hafi einkum orðið til fækkunar. Og enn er svo það, að þó að sleppt sé gervihnattamálinu, sem auðvitað ber alls ekki að líta fram hjá, þá eru sífelldar breytingar í tækniþróun. Einnig þarf miklar mælingar — og það er fjarri því að þær hafi verið fullunnar alls staðar — til þess að finna út hvernig ódýrast og hagkvæmast sé að koma sjónvarpi til þeirra staða sem við allra erfiðust skilyrði búa, inni í þröngum dölum o. s. frv. Þetta getur skipt ákaflega miklu máli fjárhagslega, hvort þarf að setja stöð uppi á fjall, þar sem ekkert rafmagn er nærri, eða hægt er að finna annan stað sem hægt er að koma sendingum frá til notenda.

Ég vil að lokum leggja megináherslu á að það eru fjármálin sem mest veltur á þarna, að við höfum fjármagn til að halda áfram þeim framkvæmdum sem nú eru aftur hafnar við dreifingu sjónvarpsins og við litvæðingu þess.

Svo leyfi ég mér að þakka áhuga hv. þm. á þessum málum. En munum þetta sem ég sagði síðast.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. menntmrh., að sú skýrsla, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, hefur sjálfsagt ekki lagagildi, þ. e. a. s. skýrslan sem ber nafnið: Sjónvarp til allra landsmanna — og er samin af sérstakri sjónvarpsdreifingarnefnd. En þessi skýrsla var þó lögð til grundvallar ákvörðuninni um að hefjast handa við litvæðinguna og að hefja innflutning litasjónvarpa.

Það er alveg rétt hjá formanni útvarpsráðs, hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, að litasjónvarpsinnflutningur gefur af sér tekjur, en þessar tollatekjur hafa ekki verið notaðar samkvæmt áætluninni í margnefndri skýrslu hvað varðar byggingu nýrra dreifistöðva, heldur til fjárfestingar vegna litvæðingar umfram það sem segir í þessari skýrslu.

Hvað varðar það sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði hér áðan um kostnaðinn við að koma sjónvarpi til landsmanna, þá vil ég leyfa mér að rifja upp, af því að það hefur ekki komið fram áður í þessum umr., og vísa til áætlana frá 29. nóv. 1974, og tölurnar eru miðaðar við það, hafa sjálfsagt þrefaldast síðan. Þá var kostnaðaráætlun vegna sjónvarpsstöðva vegna miðanna rúmar 600 millj. kr., en þá var kostnaðaráætlun vegna 14 nýrra endurvarpsstöðva samtals tæpar 50 millj. kr. eða sennilega 150 millj. núna. Við erum ekki að tala um sjónvarp á nákvæmlega hvern einasta sveitabæ, hvað sem það kostar. Það er bara útúrsnúningur hjá hv. þm. að halda því fram. Þar sem það er mjög dýrt og tæknilega illframkvæmanlegt verður það auðvitað að bíða. Og það kann að vera að þeir þurfi að bíða til 1985 til þess að geta farið að sjá sjónvarp frá gervihnetti. En það er nokkuð löng bið fyrir okkur Stefán Valgeirsson. Hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur þó alltaf verið dreginn á þessu, þegar hann hefur komið á kontorinn, að þetta geti komið næsta ár. En það fer nú að syrta í álinn ef það verður farið að taka þetta í 7 ára áföngum.

Við fluttum nokkrir þm. í fyrra till. til þál. um að marka ákveðinn tekjustofn til þessa verks og lögðum til að tekin yrði hluti af afnotagjöldunum í þetta. Sú till. náði ekki fram að ganga. Í umr. um þá till. lét ég í ljós ótta um að allt kappið yrði lagt á litvæðinguna, en hitt látið sitja á hakanum, og því miður verð ég enn að láta í ljós ótta minn og hryggð yfir því að svo kynni að fara jafnvel á þessu ári líka.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Vegna þess að það hefur nokkuð verið gagnrýnt að

öllu meira fé hefur verið varið til litasjónvarpsins á þessu ári en áætlað var, þá finnst mér rétt að gefa á því skýringar. Þær eru tvíþættar. Önnur er sú, að það var ákveðið að taka upp hækkað afnotagjald fyrir sjónvarpstæki og til þess að koma á móts við þá, sem áttu tækin, þótti rétt að bæta aðstöðuna *til útsendingar og láta menn* þannig fá nokkuð fyrir aukagjaldið. Hitt var það, að mönnum þótti hyggilegt, fyrst byrjað væri á litasjónvarpi á annað borð, að reynt væri að senda út sem mest af íslensku efni í lit. Áður var þetta þannig, að það var aðallega útlent efni sem var sent út í lit. En með þeim tækjum, sem nú hefur verið aflað, verður hægt að senda mjög mikið af íslensku efni út í lit, t. d. allt það sem fer fram í sjónvarpssal. Hefði þetta ekki verið gert, þá hefðu hv. alþm. aðeins verið sendir út í svarthvítu fyrir næstu kosningar, en nú verða þeir allir sendir út í lit. Ég vona að það verði litadýrð sem þeir vilja ekki missa af.

Bifreiðahlunnindi ráðherra, fsp. (þskj. 26). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Fyrirspurnin, sem ég leyfi mér að beina til hæstv. fjmrh. um bifreiðahlunnindi ráðherra, er svo hljóðandi:

„1. Hvernig er háttað fríðindum ráðherra varðandi eftirgjöf aðflutningsgjalda af einkabifreiðum og greiðslu rekstrar- og viðhaldskostnaðar slíkra bíla?

2. Hversu háa upphæð greiddi ríkissjóður árið 1976 til einkabílstjóra ráðherra?

3. Hvert er starf einkabílstjóranna í þágu hins opinbera annað en akstur hlutaðeigandi embættismanna?“

Hér er alls ekki að því vikið hvort launakjör ráðh. séu rýr, mátuleg eða of lág, heldur er 1. liður þessarar fyrirspurnar ætlaður til þess að svarið geti einfaldlega komið í stað sögusagna sem nú ganga manna milli.

Í fjármálaráðherratíð Magnúsar Jónssonar voru gerðar ákveðnar breytingar varðandi bílaútgerð ríkisins. Um þær ráðstafanir virðist hafa ríkt fádæma gott samkomulag hér á Alþ. á sínum tíma, enda breytingin til þess fallin að koma á samræmi í kjörum þeirra embættismanna sem fram að þeim tíma höfðu notið þeirra hlunninda að hafa bifreið frá ríkinu með embætti sínu. Einnig er ljóst af umr., sem urðu um þau mál og lesa má í Alþingistíðindum, ræðum sem þáv. fjmrh. flutti um málið, að hér var ætlunin að búa svo um hnútana að launakjör embættismanna, þ. á m. ráðherra, yrðu fremur á hreinu en áður hafði verið og losna þar með við eitt af tortryggnismálunum úr samfélagi okkar.

Nú er það skoðun okkar fyrirspyrjenda, að þörf sé á því að fá upplýsingar um þessi mál er síðan mættu verða til íhugunar um hvort ekki sé ástæða til þess að gera enn frekari ráðstafanir í hreingerningarmálunum á þessu sviði.

Þá er að víkja að 2. og 3. lið fyrirspurnarinnar sem varða heildarlaunagreiðslur ríkissjóðs til einkabílstjóra ráðh. og störf þeirra. Þessir liðir eru alls ekki til þess ætlaðir að gefa í skyn að þeir menn, þessir einkabílstjórar, vinni ekki fyrir kaupinu sínu eða að laun þeirra kunni að vera of há. Hið gagnstæða er fyrirspyrjendum ljóst. Fyrirspurnin varðar það hins vegar, með hvaða hætti ráðh. hefja embætti sitt. Hún snertir m. a. inntak þingsetningarræðu forseta lýðveldisins nú á þessu hausti, þar sem er fjallað um gildi látleysisins í stjórn þessa fámenna ríkis. Mun ég svo ekki flytja lengri grg. fyrir þessari fyrirspurn að sinni.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda var sérmeðferð á bifreiðum ráðh. að því er tekur til greiðslu aðflutningsgjalda ákveðin með lögum, sbr. 14. tölul. 3. gr. tollskrárlaga. Þessi ákvæði voru fyrst sett með tollskrárlögunum á árinu 1970, en hafa verið endursett síðan, síðast í árslok 1976.

Efnislega byggjast þessi ákvæði á bifreiðareglum frá 1970, sem settar voru þegar verið var að afnema bílaeign ýmissa ríkisstofnana til einkaafnota fyrir forstjóra stofnananna. Þá var ákveðið að ráðh. gætu fengið ríkisbifreiðar til afnota, en þá eingöngu opinberra nota. Kysu þeir það ekki ættu þeir kost á að fá keypta bifreið í upphafi ráðherraferils án greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, en sú hefð hafði þá lengi gilt um bifreiðakaup ráðh. þegar þeir létu af embætti. Bifreiðin yrði þá notuð sem embættisbifreið ráðh. Jafnframt var gert ráð fyrir láni að tiltekinni fjárhæð til 10 ára með 5% vöxtum til bifreiðakaupanna. Frá upphafi var gert ráð fyrir að ríkið greiddi að fullu rekstrarkostnað ráðherrabifreiða. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var ákveðið að ráðh. skuli heimilt að endurnýja bifreiðar sínar með sama hætti að því er varðar aðflutningsgjöld eftir þriggja ára samfellt starf og að sú heimild standi allt að einu ári eftir að ráðherradómi lýkur.

Svar við 2. lið fyrirspurnarinnar: Árið 1976 voru greidd laun til 8 bifreiðastjóra ráðh. auk afleysinga sem samtals námu 16 927 352 kr. Launin voru mjög mismunandi vegna mismikillar yfirvinnu, frá 1 567 000 kr. upp í 2 607 000 kr.

Svar við 3. lið: Starf bifreiðastjóranna felst í akstri og umsjón með bifreiðum ráðh. Að auki sinna þeir ýmsum sérstörfum og útréttingum í þágu rn. eftir því sem þörf krefur.

Ég vonast til að þessi svör mín megi verða til þess að upplýsa þá sem c. t. v. hafa haft um þessa hluti óljósar hugmyndir.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Ég þakka hæstv. ráðh. skýr og ítarleg svör varðandi þessa fyrirspurn mína.

Ég dreg það ekki í efa að ráðh. þurfa að eiga bíl, hafa hann til afnota. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þó að til sanns vegar megi færa að rétt sé að styðja þá til bílakaupa með eftirgjöf á aðflutningsgjöldum og söluskatti, þá væri æskilegra að gera ráðherrum búbótina viðkunnanlegri með því að reikna kostnaðinn af bílkaupum og útgerð inn í laun þeirra sem kæmu þá til skatts. Ljóst er að með þeim hætti, sem nú er við hafður, geta ráðh. hagnast persónulega á bílaskiptum. Ég hygg að fæstir ráðh. aki bíl sínum svo mikið í þrjú ár, að þeir geti ekki selt hann fyrir dágott verð að lokinni þriggja ára notkun, og raunar er mér alveg ljóst, að þeir geta við lok þriggja ára tímabilsins selt þennan

bíl miklu hærra verði en því sem þeir þurfa að greiða af höndum til þess að fá nýjan tollfrjálsan og söluskattslausan bíl.

Þegar þessi fríðindi ráðh. eru borin saman við það tillit sem tekið er til fötlunarsjúklinga, sem vissulega þurfa margir hverjir að eiga bíl ekki síður en ráðh. og þá að fá eftir gefinn lítils háttar hluta af aðflutningsgjöldum, opinberum gjöldum af bílunum, á 5 ára fresti, þá hygg ég við þann samanburð að þessi fríðindi ráðh., hinna hæst launuðu embættismanna, kunni að geta talist óhófleg. Allra hluta vegna tel ég æskilegt að gerðar verði breytingar í þessu efni. Leiðirnar, sem við blasa, eru margs konar.

Varðandi störf einkabílstjóra ráðh. vil ég gjarnan lýsa yfir þeirri skoðun minni, að heppilegra væri og meiri setningur í því, að þeir ágætu menn fengju að vinna margbreytilegri störf í þágu ríkisins en þau að aka ráðh. einum. Það er alkunna að þar eru að verki prýðismenn og gæddir þess háttar lyndiseinkunn að jafnvel mætti teljast til sérstakra hlunninda að fá að sitja í bíl með þeim. Þetta eru menn sem eru sjálfir höfðingjar, og má til sanns vegar færa í ættasamfélagi okkar, þessara 220 þús. manna, þar sem hver og einn rekur ættir sínar til fornra konunga Skandinavíu, ef ekki til guðanna, að í þess háttar ættasamfélagi sé það tæpast við hæfi, þegar ráðh. sitja á kvöldfundi, að láta þessa höfðingja sitja hér frammi í anddyri og bíða eftir þeim, jafnmarga og ráðh. eru. (**Gripið fram í:** Þeir geta skipst á að keyra ráðh. heim.) Það er hugsanlegur möguleiki, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði, að þeir gætu skipst á að aka hver öðrum heim. Þar sem við sjáum þá sitja hérna og bíða ráðh. í anddyrinu, þá hvarflar stundum að manni þessi spurning: Hvers vegna sitja þeir í anddyrinu, en ekki hinir?

Hér kemur ýmislegt til greina sem lýtur að mati þegnanna á meðferð hinna æðstu embættismanna á umboði sem þeim er falið á fjögurra ára fresti. Ég er þeirrar skoðunar, að enda þótt umbótin, sem gerð var á bílarekstri hins opinbera árið 1970, hafi verið til bóta, þá hafi ekki hvað eina verið séð fyrir, og mun ég nú taka til athugunar hvort ekki sé rétt að reyna að ganga þannig frá þessum málum, að þau verði örlítið betur á hreinu en nú er, en vík væntanlega að bifreiðahlunnindum, sem að því er virðist eru veitt án laga, í sambandi við aðra fyrirspurn sem ég hef borið hér fram.

Bifreiðahlunnindi bankastjóra, fsp. (þskj. 26). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Hér er komið að hinni annarri fyrirspurn um bifreiðahlunnindi, sem ég vék að fyrir skemmstu. Ég mun ekki hafa langan inngang að þeirri fyrirspurn. Í hinu fyrra tilfelli eru bifreiðahlunnindi veitt lögum samkvæmt. Hér er um það að ræða, að mjög hálaunaðir embættismenn, sem haldið hafa árum saman með einhverjum hætti til jafns við ráðh., virðast hafa í afli síns embættis tekið sér rétt fram hjá lögum, sem öðrum þegnum ríkisins er ekki ætlaður, þar sem er innflutningur tollfrjálsra og gjaldfrjálsra bíla.

Ég hef óskað eftir því, að hæstv. viðskrh. segði okkur frá rökunum sem að því hníga að bankastjórar ríkisbankanna njóta sömu fríðinda og ráðh. og fá lögum samkv. varðandi bifreiðakaup og bílarekstur. Enda þótt ekki sé það tekið fram í fyrirspurninni, þá má bæta hér við, að forstjórar Framkvæmdastofnunar virðast síðan hafa í sama valdi tekið sér þennan rétt varðandi bílafríðindi.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Út af fyrirspurn þessari var leitað til ríkisbankanna og spurst fyrir um hver væru bifreiðahlunnindi bankastjóra, hvenær ákveðin og af hverjum. Svör hafa borist frá öllum þeim ríkisbönkum sem heyra undir viðskrh., þ. e. a. s. Seðlabankanum, Landsbankanum og Útvegsbankanum. Svör þessi eru að efni til samhljóða og sé ég þess vegna ekki ástæðu til að lesa upp bréf frá hverjum banka fyrir sig. Í þeim kemur fram að bankastjórar njóta sömu hlunninda um kaup og rekstur bifreiða eins og ráðh., enn fremur að ákvörðun um þetta efni er í öllum bönkunum tekin árið 1970, vorið 1970. Ákvörðun þessi er tekin í öllum tilfellum af bankaráðum bankanna á formlegum fundi og með sérstakri samþykkt og bókun bankaráðanna.

Ég get að sjálfsögðu ekki gert grein fyrir því, hvaða rök hafa þá legið til þessarar ákvörðunar bankaráðsmanna, en vil minna á það, að það kemur ekki annað fram en að þessi ákvörðun hafi verið tekin af bankaráðsmönnum samhljóða, og ég hygg að allir stjórnmálaflokkar hafi þá átt fulltrúa í bankaráðunum. Ég get þó bent á það, að e. t. v. má leita skýringar í því sem kemur fram í bréfi Landsbankans, þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að fyrir þennan tíma höfðu bankastjórar haft til afnota bifreiðar sem voru eign bankans. Bankinn greiddi allan rekstrarkostnað þeirra.“ Og í svari Útvegsbanka og Seðlabanka er greint frá því, að sömu reglur hafi gilt um þetta efni hjá þeim eins og hjá Landsbanka.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum, sem fengist hafa frá Búnaðarbanka, þó hann heyri ekki undir mig, munu gilda þar sömu reglur og annars staðar hjá þessum bönkum. Og sama er að segja um þá banka sem eru hlutafélög. Ég hef að vísu ekki fengið skrifleg svör frá þessum bönkum, en eftir fengnum upplýsingum og eftir því sem næst verður komist gilda þar sömu reglur.

Ég sé ekki að það skipti út af fyrir sig miklu máli að ég fari að skrifta hér um mína persónulegu skoðun á þessu máli, þar eð ákvörðun um þetta hefur hvorki verið tekin af mér né af öðrum ráðh. og það er ekki heldur á valdi ráðh. að breyta þessari ákvörðun bankaráða. Ég lít svo á, að það verði að líta á þessi hlunnindi sem þátt í launakjörum bankastjóra, og það er bankaráðið sem ákveður þau, en ekki ráðh. (Gripið fram í.)

Ég geri ráð fyrir því, án þess að ég ætli að fara að gerast dómari í þessu máli, að það

yrði talið að bankaráðið hefði heimild til að ákveða þetta bankastjórum til handa. En ég get sagt það sem mína skoðun um þessi hlunnindi, að auðvitað skil ég það vel að skoðanir geta verið skiptar um þessi bifreiðahlunnindi bankastjóra, ekkert síður en um bifreiðahlunnindi ráðh. og kannske jafnvel enn þá frekar. En ekki er ástæða til að vera að ræða um það í sambandi við þessa fyrirspurn. Ég hef gefið þær upplýsingar sem ég hef fengið varðandi hana, og ég tel að það séu þær upplýsingar um staðreyndir málsins sem máli skipta, en ekki mín skoðun.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. Svör hans voru jafnskýr og ég bjóst við.

Ég hlýt að taka það fram, eins og í sambandi við fyrirspurnina sem kom til umræðu áðan, að ég er alls ekki að gefa það í skyn, á því hef ég ekki gert neina könnun, hef ekkert velt því fyrir mér, hvort laun bankastjóra séu óhæfilega há eða ekki. Hitt er aftur á móti staðföst skoðun mín, að ekkert það sé í starfi bankastjóranna eða í ráðningu þeirra sem geri það að verkum að þeir séu í neinu undanþegnir íslenskum lögum, og ég er staðfastlega þeirrar skoðunar, að bankaráð hafi ekkert umboð til þess að undanþiggja þá slíkum lögum, og ekki segja bankaráð fyrir um tollgreiðslur þessara manna af innfluttum varningi eða söluskatti. Við vitum þess mörg dæmi, með hvaða hætti starf bankastjórans eða embætti bankastjórans gerir hann að nokkurs konar yfirmanni bankaráðs. Hér er um að ræða sjálftekt í nokkurri mynd. Eins og ég vék að í stuttri grg. minni fyrir þessari fyrirspurn áðan, þá hafa — að því er mér skilst og ég vildi gjarnan að það væri leiðrétt ef það reyndist rangt — forstjórar Framkvæmdastofnunar nú riðið út á þetta sama vað eins og bankastjórarnir með bifreiðafríðindi. Og hvað sem öðru líður — og enn ítreka ég það, að ég ætla alls ekki að fara að gagnrýna á nokkurn hátt þau laun sem bankastjórunum eru ætluð — en hvað sem öðru líður, þá eru úr hópi þessara ágætu embættismanna einmitt þeir sem gjarnan ganga fram á ritvöllinn ef um það er að ræða að einstakar stéttir, miklu fjölmennari stéttir en bankastjórastéttin, leitast við að bæta kjör sín. Þá eru það venjulega menn úr þessum hópi sem ganga fram á ritvöllinn og sýna fram á það líósum orðum að efnahagur þjóðarinnar leyfi ekki neitt slíkt og hörf sé á því fyrir hinn sameiginlega sjóð okkar landsmanna allra að afla að sama skapi aukinna tekna frá öðrum í tollum og söluskatti.

Einnig um þetta mál, þar sem í líós kemur að einstaklingar eru með undarlegum hætti undanþegnir lögum, hygg ég að Alþ. þurfi að fjalla.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir því að koma upp í ræðustól að þessu sinni í tilefni af þessum dagskrárlið. En af því að hv. fyrirspyrjandi spurði sérstaklega um og vildi fá svör við því, hvort rétt væri að hlunnindi forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins væru þau sömu og bankastjórar hafa, vil ég upplýsa hvað rétt er í því. Það mun hafa verið ákveðið í árslok 1971 eða í ársbyrjun 1972, að forstjórar Framkvæmdastofnunarinnar fengju bifreiðahlunnindi líkt því sem er í ríkisbönkunum. Þessi hlunnindi hafa ekki verið af þeim tekin.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í svari mínu áðan féll niður eitt atriði sem e. t. v. gæti valdið misskilningi, og þess vegna vil ég koma því hér að. Það er það, að bankarnir greiða að sjálfsögðu tolla og söluskatt og önnur þau gjöld, sem um er að ræða, af þessum bifreiðum. Það er því ekki um það að tefla að haft sé fé af ríkinu með þessum hætti, heldur eru það bankarnir sem greiða þessa útgjaldaliði í sambandi við innflutning á þessum bifreiðum. Þetta er enn því til styrktar, sem ég sagði áðan, að eðlilegast er að líta þetta sem hluta af launum bankastjóra, og bankarnir leggja þarna fram fé með þessum hætti. Ég vil taka þetta fram til að koma í veg fyrir misskilning.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hér hefur verið minnst á launakjör framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins, og formaður stjórnar þeirrar stofnunar, hv. 1. þm. Suðurl., hefur veitt svar við því.

Ég hef átt sæti í þessari stjórn síðan stofnunin var sett á laggirnar, og mig rekur minni til þess, eins og hann skýrði frá, að á einum fyrsta stjórnarfundi þar hafi verið tekin ákvörðun um að framkvæmdastjórar stofnunarinnar skyldu hafa sömu launakjör og bankastjórar. Ef minni mitt bregst ekki, þá greiddi ég þessu ekki atkv. Ég vænti þess, að það standi svo í bókum stofnunarinnar, en ég vil að þetta komi fram. Ég studdi það ekki að þeir hefðu sambærileg kjör við bankastjóra.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hefur verið upplýst í þessum umr., að ákvörðun um þau fríðindi bankastjóra, sem nú gilda og hér er spurt um, hefur verið tekin á árinu 1970, þ. e. a. s. í tíð þeirrar ríkisstj. sem nefnd var viðreisnarstjórn. Hæstv. viðskrh. og bankamálaráðh. sagði áðan að þessi ákvörðun hefði verið tekin af bankaráðum og þá hefðu allir stjórnmálaflokkar væntanlega átt fulltrúa í bankaráðum. Þá hefur hann að sjálfsögðu átt við þá stjórnmálaflokka sem þá voru starfandi í landinu. Ég tel rétt að vekja athygli á því, að síðan hefur komið til einn stjórnmálaflokkur sem ekki er samábyrgur um þessa ákvörðun þeirra aðila sem að henni stóðu á sínum tíma, en það eru SF. Þau áttu eðlilega ekki á þessum tíma fulltrúa í bankaráðum og eru því ekki aðili að þessari ákvarðanatöku. Þetta skiptir kannske ekki meginmáli, en það er rétt að koma því hér að.

Það er spurning alltaf, a. m. k. er það í mínum huga, hvort þau fríðindi, sem ráðh. hafa, eru réttlætanleg gagnvart almenningi. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekkert óeðlilegt að ætla að ráðh. og vel launaður embættismaður taki á sig kvaðir t. d. gagnvart bílarekstri og bílaeign eins og hinn almenni maður í landinu verður að

gera vinnu sinnar vegna. En hvað um það, ef menn eru sammála um að ráðh. séu þess verðir að njóta slíkra réttinda, er þá jafnefilegt að t. d. bankastjórar hafi sömu fríðindi? Ég líki því ekki saman, bankastjóraembætti t. d. og ráðherraembætti. Þó að menn yrðu um það sammála að ráðh. ættu að njóta slíkra forréttinda eða fríðinda, þá tel ég það síður en svo sjálfgefið að bankastjórar eigi að njóta þeirra á sama hátt. Ég er þeirrar skoðunar, að bankastjórastarfið sé ekki þess eðlis að það sé nauðsynlegt að þeir njóti þessara fríðinda á borð við ráðh. Það er því ástæða til fyrir bankaráðin, og þá beini ég auðvitað máli mínu til þeirra hv. þm. sem eru formenn bankaráða og sitja hér í sætum, að taka upp þetta mál til breytinga, því að það er ekkert sem sérstaklega réttlætir það að bankastjórar haldi þessum sömu fríðindum og ráðh. hafa.

Fóstureyðingalöggjöfin, fsp. (þskj. 35). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 35 svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbrrh.:

„1. Hvenær er að vænta reglugerðar með fóstureyðingalöggjöfinni?

2. Hvað líður framkvæmd á þeim kafla laganna sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu?“

Það er nú um það bil hálft annað ár síðan lög voru sett á Alþ. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Um þetta urðu, eins og menn muna, allmiklar deilur og sviptingar á sínum tíma og lagasetningin var lengi á döfinni áður en hún varð að lögum. Mér segir svo hugur um, að það sé þörf á að taka þessi mál öllu fastari tökum en gert hefur verið frá þessari lagasetningu. Og þá vil ég sérstaklega benda á, að þegar þessi lög voru sett var talið að meginsjónarmið laganna skyldi vera það, að fóstureyðing væri ávallt neyðarúrræði og ekkert annað en neyðarúrræði og til þess að koma í veg fyrir fóstureyðingar átti að beita fræðslu og leiðbeiningum og fyrirbyggjandi ráðstöfunum hvers konar. Því er það að 2. liður fsp. beinist sérstaklega að I. kafla laganna, sem er um leið einn aðalkafli þeirra, um ráðgjöf og fræðslu. Samkv. lögunum skal þessi fræðsla veitt á vegum landlæknis sem yfiraðila, og hún skyldi fara fram annars vegar á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum og hins vegar í samráði við skólayfirlækni og fræðsluyfirvöld í öllum skólum landsins, á skyldunámsstigi og einnig á öðrum námsstigum. Í nágrannalöndum okkar, þar sem slík löggjöf eða hliðstæð okkar löggjöf er á komin, hefur þessum þætti, fræðsluþættinum, verið stórlega ábótavant, og margir halda því fram, sem þekkja til t. d. í Danmörku, að þar sé fóstureyðing notuð í stað getnaðarvarna. Um þetta þarf að sjálfsögðu, eins og lög gera ráð fyrir, að koma leiðbeining, fræðsla og eftirlit, og þess vegna spyr ég sérstaklega í 2. lið fsp. hvað líði framkvæmd á þessum þætti laganna. Og eins er þessi fsp. í heild borin fram til þess að ýta á eftir að reglugerð verði sett til þess að marka með öruggara móti framkvæmd laganna. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að það getur verið hyggilegt að bíða með að setja reglugerð með lögunum þangað til nokkur reynsla er fengin. En ég tel, að nú sé tími til kominn, þegar þetta langt er um liðið frá setningu laganna, að undirbúa vandlega samda reglugerð.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á miðju ári 1975 öðluðust gildi lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þessi lög komu í stað laga nr. 38 frá 1935, um leiðbeiningar fyrir konur gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og laga nr. 16 frá 1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt.

Í 32. gr. fyrrnefndra laga er kveðið svo á, að ákveða skuli um nánari framkvæmd laganna í reglugerð. Í samræmi við þetta ákvæði og vegna óska frá n., sem starfar vegna þessara laga, skrifaði heilbr.- og trmrn. landlækni bréf 24. maí á þessu ári og óskaði eftir að hann tæki að sér formennsku í n. sem ynni að samningu reglugerðar um nánari framkvæmd á ákvæðum laganna. Rn. lagði enn fremur til að í n. yrðu að öðru leyti nm. úr áðurgreindri n. sem starfar samkv. 28. gr. laganna.

N. hóf starf sitt með því að safna ítarlegum upplýsingum um fóstureyðingar á Íslandi og nokkrum nálægum löndum. Á fundum sínum hefur n. síðan fjallað um löggjöfina í heild, einstaka þætti hennar og hvaða ákvæði væri nauðsynlegt að skýra nánar í reglugerð. Verður starfi n. haldið áfram næstu mánuði.

Landlæknir hefur lýst þeirri skoðun sinni við mig, að nauðsynlegt sé að fá reynslu af framkvæmd löggjafarinnar áður en ráðist verður í útgáfu reglugerðar. Þá má geta þess, að núgildandi lög eru mjög ítarleg, eins og reyndar fyrri lög á þessu sviði, en aldrei þótti ástæða til þess að setja nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þeirra og voru þau þó í gildi í um 40 ár. Af þessum ástæðum get ég ekki fullyrt hvenær slík reglugerð verður tilbúin.

Í 1. gr. fyrrnefndra laga frá 1975 segir svo um ráðgjöf og fræðslu: „Gefa skal fólki kost á ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Landlæknir hefur með höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu.“ Í samræmi við þessa grein gerði landlæknisembættið veturinn 1975—1976 athugun á því, hvernig best væri að standa að þessu verkefni. Ákveðið var að hefja þetta starf með útgáfu fræðslubæklinga og fylgja því síðan eftir með skipulegri ráðgjöf og þjónustu á heilbrigðisstofnunum. Á vegum landlæknisembættisins voru á árinu 1976 þýddir og staðfærðir þrír sænskir bæklingar um getnaðarvarnir. Þeir komu út á þessu ári og heita í íslensku þýðingunni, fyrsti: „Spurningar og svör um pilluna“, önnur: „Spurningar og svör um lykkjuna“, þriðji: Spurningar og svör um smokkinn.“ Enn fremur er nú unnið að fræðsluriti um hettuna og er það væntanlegt á næstu mánuðum. Samkv. upplýsingum landlæknis var bæklingunum dreift á allar heilsugæslustöðvar, heilsuverndarstöðvar og ýmsar

aðrar heilbrigðisstofnanir. Þá var menntmrn. boðið að notfæra sér útgáfuna, og nýlega var þeim dreift í lyfjabúðir og nokkrar bókabúðir.

Undanfarin ár hefur heilbr.- og trmrn. veitt heilbrigðisstarfsfólki nokkra utanfararstyrki til þess að kynna sér ráðgjöf og fræðslu á þessu sviði. Heilbrigðisyfirvöld hafa einnig uppi áform um að veita hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum viðbótarmenntun um getnaðarvarnir til þess að skapa grundvöll fyrir að framfylgja þeim þætti laganna er varðar ráðgjöf og þjónustu. Á s. l. sumri fóru Örn Bjarnason skólayfirlæknir og Sigurður S. Magnússon prófessor til Bretlands á vegum menntmrn. til að kynna sér fræðslu um kynferðismál fyrir börn á skólaskyldualdri. Er að vænta tillagna frá þeim um framkvæmd slíkrar fræðslu í íslenskum skólum.

Undanfarin ár hefur skráðum fóstureyðingum fjölgað nokkuð á Íslandi. Á tímabilinu 1962—1970 voru skráðar 61—109 fóstureyðingar á ári. Frá árinu 1971 hefur skráðum fóstureyðingum fjölgað úr 142 í 359 árið 1976. Hlutfallslega var mest aukning á milli áranna 1972 og 1973 eða frá 151 fóstureyðingu í 224 eða um 48.3%. Á milli áranna 1975 og 1976 var hlutfallsleg aukning fóstureyðinga 16.5%. Og miðað við tölur frá fyrra helmingi þessa árs má gera ráð fyrir heldur meiri aukningu á milli áranna 1976 og 1977.

Þrátt fyrir þessa aukningu eru fóstureyðingar mun fátíðari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Hins vegar kemur fram í skýrslum að fjölgun fóstureyðinga í þessum löndum er að mestu til komin á síðustu 10 árum eða í kjölfar frjálslegri löggjafar. Skráðar fóstureyðingar á Norðurlöndum á hverjar 1000 konur á aldrinum 15—44 ára er: Ísland á árinu 1965 með 1.8, en hæst er Noregur með 4.8, og á árinu 1975 er Ísland með 5.9, en hæst hinna Norðurlandanna er Danmörk með 26.9. Samanburður á tölum frá Íslandi, Svíþjóð og Skotlandi leiðir í ljós að hlutfallslega fleiri fóstureyðingar voru framkvæmdar hér á landi fyrir lok 12. viku meðgöngutímans en í þessum löndum. Á Íslandi voru fyrir lok 12. viku 95.6, en í Skotlandi 84.8 og Svíþjóð 78.2, en eftir tólf vikur voru á Íslandi aðeins 4.4 á móti 21.8 í Svíþjóð og 15.2 í Skotlandi. Fóstureyðingar hjá konum 30 ára og yngri voru hlutfallslega færri á Íslandi en t. d. í Svíþjóð og Skotlandi. Konur, sem fengu fóstureyðingu og höfðu aldrei alið barn, voru 30% af heildarhópnum á Íslandi á móti 43% í Svíþjóð. Giftar konur voru líka hlutfallslega stærsti hópurinn er fékk fóstureyðingu á Íslandi, en í Svíþjóð og Skotlandi voru það ógiftar konur.

Samanburður á skráðum ástæðum til fóstureyðinga er mjög örðugur vegna ósamræmis í skilgreiningu og túlkun þeirra eftir löndum. Félagslegar ástæður virðast þó alls staðar langalgengastar. Á kvensjúkdómadeild Landspítalans voru árið 1976 eingöngu félagslegar ástæður skráðar í 65% tilfella, eingöngu læknisfræðilegar ástæður í 18.2% tilfella og bæði læknisfræðilegar og félagslegar ástæður í 16.8%. Bráðabirgðatölur fyrir allt landið benda til þess, að heildarskiptingin hafi verið mjög svipuð.

Í yfirliti frá kvensjúkdómadeild Landsspítalans kemur fram, að árið 1976 var um 4% umsókna synjað og um 3% árið áður. Sambærilegar tölur frá Svíþjóð fyrir þessi ár voru um 3%. Þá kemur einnig fram í fyrrgreindu yfirliti, að tala kvenna, er hættu við fóstureyðingu, hækkaði úr 9 í 26 á milli áranna 1975 og 1976 á kvensjúkdómadeild Landsspítalans.

Skipuleg fræðsla og ráðgjöf um kynferðismál er áreiðanlega eitt helsta úrræðið til þess að sporna gegn fjölgun fóstureyðinga og viðhalda þeirri sérstöðu Íslands að hafa hlutfallslega langlægstu tölu fóstureyðinga meðal norrænna þjóða. Þessi starfsemi er rétt hafin og mörg verkefni iggja fyrir. Þau verða ekki framkvæmd án fjárstuðnings og fyrirgreiðslu frá opinberum aðilum. Hér er því á ferðinni mál sem hv. Alþ. verður að hyggja að á komandi árum.

Landlæknir hefur látið útbúa 10 töflur um fóstureyðingar til frekari upplýsinga umfram það sem ég hef hér rætt, og hef ég beðið um að afhenda þær til fyrirspyrjanda og annarra hv. alþm. ásamt þeim þremur bæklingum sem ég gat áðan um, til þess að alþm. geti kynnt sér af eigin raun hvað gert hefur verið í þessu fræðslustarfi.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Hann var greinilega svo barmafullur af upplýsingum um þessi efni sem ég mátti vita fyrir, að mér veittist fullerfitt að fylgja honum eftir. Hann bar svo ótt á, enda mikilvægt mál hér annars vegar.

Það er alveg rétt, mér var fullkunnugt um það, að við erum langsamlega lægstir að þessu leyti hvað varðar fjölda fóstureyðinga miðað við aðrar Norðurlandaþjóðir, við erum fjórum eða fimm sinnum lægri. En ég tel að það sé ákaflega hæpið að miða um of við þessa granna okkar, því að við vitum að þeir hafa verið í miklum vandræðum með framkvæmd þessa í sínum heimalöndum, og maður hefur heyrt margar ófagrar sögur frá okkar blessaða sæluríki, Svíþjóð, að þar hafi skapast beinlínis neyðarástand á sjúkrahúsum, vegna þess að aðsóknin af fóstureyðingarkonum var það mikil að almennir sjúklingar komust hreinlega ekki að. Það er alltaf betra að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í, og þess vegna er það að ég ber fram þessar fsp. nú.

Eg sé að hæstv. ráðh. hefur ekki látið þar við sitja að dreifa í skóla og sjúkrastofnanir bæklingum sínum, þeir eru komnir hér á borð alþm., og því skyldi þeim af veita síður en öðrum, kann ég honum þakkir fyrir.

En ég heyri sem sagt að þessi mál eru á hreyfingu, og mér þykir vænt um að heyra þær upplýsingar, sem ég gat krotað niður í hraðskrift meðan mál hæstv. ráðh. stóð yfir, að konum, sem hafa hætt við fóstureyðingu eftir leiðbeiningar og ráðgjöf á viðkomandi stofnunum, hefur fjölgað. Þetta tel ég mjög jákvætt, ef rétt er, sem ég hef ekki ástæðu til að efa.

Hins vegar veit ég líka, því miður, og það m. a. skapaði mér nokkurn ugg, að það hefur komið fyrir hér í Reykjavík og ég segi það hér af því að ég veit að það er ekki slúðursaga, það var það persónulega nálægt mér að ég veit að það er rétt, að ung stúlka barnshafandi kom til læknis til að láta ganga úr skugga um hvort hún væri með barni. Það kom í ljós, og það fyrsta, sem

læknirinn sagði henni, var: „Viltu ekki bara losna við það?“ Ég þarf ekki að taka fram, að þessi unga stúlka, sem að vísu var ekki gift, en trúlofuð, varð í senn undrandi og hneyksluð og þeir aðrir sem vissu um þetta. Það eru svona tilfelli sem hnitmiðuð leiðbeiningastarfsemi og ráðgjöf á að fyrirbyggja að geti komið fyrir. En þarna er auðvitað ekki um annað að ræða en brigð í starfi sem ég vil vona að sé undantekning. En svona nokkuð hefur átt sér stað, og þess vegna er full ástæða til þess af alvöru að sýna þessu máli árvekni og láta ekki dragast um of þær ráðstafanir, sem lögin fela í sér. Og ég tel mig mega vænta þess af svari ráðh. að eitthvað sé verið að gera í rétta átt í þessum málum.

Fræðsla og þáttur fjölmiðla í áfengisvörnum, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um fyrirhugaða framkvæmd á þáltill. sem hér var samþykkt á s. l. vori, um aukna fræðslu í áfengisvörnum og þátt fjölmiðla í þeirri fræðslu. Þessi till. var allviðamikil og fylgdi henni mikil og góð grg. um hvernig hér skyldi brugðist við.

Við urðum þegar vör við það í vor að í sjónvarpi var um að ræða þætti, sem ég held að hafi verið gagnleg byrjun, en þar þarf hins vegar enn betur að gera. Skólarnir eru vitanlega hinn æskilegi vettvangur, en þar hefur fræðsla í þessum efnum verið of skipulagslaus og handahófskennd til þessa, enda hafa öll kennslugögn, námsbækur og annað því um líkt verið af skornum skammti og auðvitað hefur áhugi kennara á þessu máli verið mismikill.

Aðalástæðan fyrir þessari fsp. nú er eiginlega sú, að fjvn. hefur borist beiðni um námsstjóra í bindindisfræðum. Þetta mál liggur nú fyrir okkur í fjvn. og þar verður einhverja afstöðu að taka. Mörgum mun sýnast að hér sé um of stórt stökk í byrjun að ræða, en ljóst er að markvissa yfirstjórn og leiðbeiningar vantar, svo að full þörf er á að þessu sé betur sinnt en nú er, að einn maður önnum kafinn hafi þetta í hjáverkum, eins og ég hygg að sé nú í rn. Vegna þessarar beiðni vildi ég gjarnan heyra, hvað í ráði er, og reyndar einnig vegna þess að ég vil vita sem einn af flm. um það, hver fyrirhuguð framkvæmd þessarar ályktunar er. Þá vildi ég heyra viðhorf ráðh. og rn. til þessa og til tillögu framkvæmdarinnar í heild, áður en tekið væri á þessari beiðni í fjvn. Það er að vísu rétt, að áfengisvarnir heyra undir annað rn., en þar sem um fræðslu er fyrst og fremst að ræða og eins vegna einarðrar afstöðu hæstv. menntmrh. í þessum málum almennt er fsp. til hans beint.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er kannske rétt að rifja upp þál. frá 29. apríl, en hún er þannig:

„Alþingi ályktar, að brýn þörf sé markvissra aðgerða í þágu áfengisvarna í landinu. Sérstaklega beri að leggja rækt við hvers konar fyrirbyggjandi fræðslu- og upplýsingastarf.

Í því skyni skorar Alþ. á ríkisstj. að beita sér fyrir:

1. Að hraðað verði sem kostur er skipulagningu og undirbúningi Skólarannsókna ríkisins á áfengisfræðslu í öllum skólum landsins og endurskoðun á reglugerð um slíka fræðslu.

2. Að fjölmiðlar, og þá einkum sjónvarpið, verði nýttir með skipulegum hætti í samráði við áfengisvarnaráð og aðra þá aðila, sem vinna að bindindisstarfsemi og áfengisvörnum.“

Það, sem hefur gerst síðan, er í stuttu máli þetta:

Hinn 27. júní s. l. ritaði menntmrn. útvarpsstjóra, vegna hljóðvarps og sjónvarps, um málið. En útvarp og sjónvarp hafa flutt, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að, marga þætti, t. d. á s. l. vetri fræðslu- og kynningarþætti varðandi áfengisvarnir og bindindisfræðslu yfirleitt. Þetta mál er enn til athugunar á vegum útvarpsins, þessi þátturinn, með hverjum hætti þetta yrði skipulagt. Það er fyrst og fremst mál útvarpsins sjálfs.

Jafnframt þessu lagði rn. áherslu á að Skólarannsóknadeild hraðaði þeirri vinnu sem hún hefur á höndum varðandi námsskrárgerð um bindindisfræðslu, og einnig var með bréfi rn. þennan sama dag, 27. jún, farið fram á tilnefningu Stórstúku Íslands og Sambands ísl. barnakennara í nefnd til að endurskoða reglugerð nr. 103 frá 21. júlí 1956, um bindindisfræðslu og verður sú nefnd skipuð einhvern næstu daga.

Að því er varðar þátt Skólarannsóknadeildar í þessu máli að öðru leyti vil ég rifja þetta upp:

Í fyrsta lagi hefur verið stefnt að því að fella bindindisfræðsluna inn í aðrar greinar, svo sem líffræði, eðlisfræði, samfélagsfræði, kristinfræði o. s. frv., en ekki taka hana fyrir sem sérstaka námsgrein. Þetta er talið eðlilegra og vænlegra til árangurs, þegar allt kemur til alls.

Í öðru lagi er svo það, að miðað er við að fræðslan verði í höndum almennra kennara og byrjað á henni þegar í fyrstu bekkjum grunnskóla. Fjallað skal um tóbak, áfengi og önnur fíkniefni. Það er talið mikilvægt að þessi fræðsla sé hlutlaus og byggð á staðreyndum sem nemendur eigi auðvelt með að skilja og draga af ályktanir.

Þá vil ég láta koma fram hér, að á s. l. ári var gefin út handbók í bindindisfræðum að frumkvæði Bindindisfélags ísl. kennara og áfengisvarnaráðs. Menntmrn. styrkti þessa útgáfu mjög verulega.

Nú er verið á vegum menntmrn., Skólarannsóknadeildar sem sagt, að semja leiðbeiningar fyrir kennara um kennslu í bindindisfræðum, og er stefnt að því að ljúka verkinu fyrir áramót. Jafnframt hefur Sigurði Pálssyni, námsstjóra í kristnum fræðum, verið falið að veita upplýsingar um kennslu í bindindisfræðum samhliða sínu aðalstarfi. Þá er rétt að það komi fram að haft hefur verið samráð við áfengisvarnaráð og fulltrúa frá Bindindisfélagi ísl. kennara um þessi atriði.

Út af því, sem hv. fyrirspyrjandi vék að um beiðni um aukið framlag til endurskoðunar á námsefni, en það er í raun og veru Skólarannsóknadeild menntmrn. sem um er að ræða, þá vil ég láta koma alveg skýrt fram að við í rn.

teljum ljóst að miðað við þá fjárhæð, sem ætluð er til starfsemi Skólarannsóknadeildar í frv. til fjárl. fyrir árið 1978, verði fremur samdráttur á starfsemi deildarinnar en útfærsla, a. m. k. á grunnskólastiginu. Þess vegna er það óljóst og a. m. k. mjög miklum erfiðleikum bundið að sinna rækilega þessu áðurnefnda verkefni. Ég vil af þessu tilefni, að hér er fjallað í samhengi um þál. og um framkvæmd hennar og um beiðni um fjárveitingu og meðferð þeirrar beiðni, minna enn einu sinni á það, að oft er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, ef verulegur skriður á að komast á mál, að fylgja eftir þál. Alþ. líkum þeirri, sem *hér er um að ræða, með auknum fjárframlögum* til tilgreindra verkefna. Og ég hygg að hækkun fjárveitingar til endurskoðunar á námsefni eða til Skólarannsóknadeildar með þetta sérstaka mark fyrir augum mundi koma sér mjög vel og hjálpa til þess að fylgja þessum málum enn betur eftir í framkvæmd.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Út af því, sem hann sagði um útvarpið, þar séu þessi mál enn til athugunar, þá treysti ég hæstv. ráðh. til að fylgja því eftir, þó að það sé rétt hjá honum að það sé útvarpsins sjálfs að ákveða nánar um framkvæmd þessa atriðis. Ég tek af einlægni undir með hæstv. ráðh. varðandi það atriði, að þegar þál. eru samþykktar verði að fylgja þeim eftir í fjárveitingum. Vissulega skal ekki standa á mér að fylgja eftir fjárveitingu til þessa brýna verkefnis.

Ég sem sagt fagna því sem þarna hefur verið gert, að farið er að vinna að nýrri námsskrárgerð varðandi bindindisfræðslu og reglugerðin mun bráðlega fara í endurskoðun. Ég hafði reyndar heyrt að einn okkar ágætasti maður í þessum efnum og fær skólamaður, Hörður Zóphaníasson, mundi vera í þann veginn að taka þetta verkefni að sér, en vera kann að það sé rangt. Ég hefði fagnað því einmitt ef svo hefði verið, því að þá hefði ég getað treyst því að verkefnið yrði vel og fljótt af hendi leyst. Ég er algerlega sammála því, að þessi fræðsla sé felld inn í aðrar námsgreinar sem allra mest, tel það að mörgu leyti heppilega skipan, og auðvitað er ljóst að það er hlutlaus fræðsla um eðli og áhrif áfengisins sem skiptir hér öllu máli, því að ég þekki af eigin reynslu að prédikanir duga ansi lítið.

Almennt mætti margt um þetta mál segja. Það er augljóst þó, að núna á að nýta það vissa lag sem er í þessum málum, og öll vitum við að ástandið kallar á aðgerðir. Nýstofnuð áhugamannasamtök sýna t. d. að vilji er til þess að snúast gegn vandanum, enda þótt óvíst sé hvernig tekst til og hvort í einhverju verður þar hægt að sporna við ófremdarástandi. En það hefur verið von mín að þetta væri merki þess að meiri vakning og öflugri vitund um vandann væri fyrir hendi meðal almennings en mér hefur löngum þótt vera. Og þessu þarf einmitt að fylgja eftir í skólum, í fjölmiðlum og af öllum þeim sem láta sig nokkru skipta þjóðarheill í þessum málum.

Ég tek undir það svo að lokum með hæstv. ráðh., að til þess að þessu verði bærilega fyrir komið þarf fjármagn, og ekki skal standa á mér og ég vona að það standi ekki á hv. alþm. að koma þessum sjálfsögðu hlutum í viðunanlegt horf.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem hv. 7. landsk. þm. og við fleiri bösluðum mikið á sínum tíma við að koma saman, og við fengum þetta í gegn á síðasta þingi. Ég vil þakka hv. þm. fyrir hans ágætu samvinnu í þessu efni og mikinn áhuga fyrr og síðar, og það veitir sannarlega ekki af.

Ég þarf ekki að bæta miklu við það, sem hér hefur komið fram. Það er greinilegt að eitthvað *er verið að gera í þessum málum. Ég hef nýlega* átt samtal við áfengisráðunaut ríkisins, og hann hefur tjáð mér sitt af hverju, sem í deiglunni væri. En ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á það, eins og gert var í grg. þessarar till., að þarna er það sjónvarpið sem er sterkasti aðilinn sem hægt er að fá í lið með sér, sérstaklega sjónvarpið, þó að hljóðvarpið geri sannarlega sitt gagn líka og hafi verið vel á verði í þessum málum, ekki með of mikilli prédikunarkenndri fræðslu, heldur jafnvel almennu skemmtiefni sem getur náð þeim tilgangi að fá fólk til þess að trúa því, að hægt er að skemmta sér og vera glaður og reifur án þess að hafa vínglas í hendinni. Ef við gætum fengið tískuna í lið með okkur þarna væri mikið unnið. Og ég held að það sé hárrétt hjá hv. 7. landsk. þm., að núna er einmitt lag til þess að vinna að þessum málum. Almenningsálitið hefur vaknað í bili og við þurfum að nota okkur það. Við þurfum ekki að ganga að því gruflandi að hv. þm. Helgi Seljan mun í fjvn. ekki liggja á liði sínu til að fá fé sem þarf til að framkvæma þessa till. Ég veit að það hefur kostnað í för með sér, en ég vona að till. hans fái góðan hljómgrunn hjá öðrum mönnum í fjvn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. og þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls í framhaldi af fsp., sem hér var flutt, og skýrslu ráðh. Komið hefur á daginn nú, eins og reyndar oft áður við sömu kringumstæður hér á hv. Alþ., að menn eru sammála um þá áherslu sem leggja beri á fyrirbyggjandi ráðstafanir, þ. e. a. s. til að koma í veg fyrir ofneyslu áfengis, a. m. k. allt sem í mannlegu valdi stendur og við getum sjálf breytt. Það er einnig rétt, að nú virðist vera meiri vakning í þessum efnum en oft áður, svo sem áhugamannasamtökin nýstofnuðu bera e. t. v. ljósast vitni um og sá fjöldi fólks sem hefur lagt fram krafta sína þar, en áður hafði ekki til verka gengið til lausnar þessum málum.

En mér finnst eitt vanta í þessar ágætu og jákvæðu umr. okkar alltaf, bæði fyrr og nú. Við tölum um fyrirbyggjandi ráðstafanir og að fá til liðs við okkur fjölmiðlana. Úr veldi þeirra skal ekki dregið, síst af öllu í þessum efnum. Alveg eins og hægt er að afvegaleiða fólk með rangtúlkun þessa vandamáls þar, þá má einnig leiða fólk inn á réttar og heillavænlegri brautir. En ég held að það sé eitt atriði sem alltaf vill gleymast í þessum umræðum um fyrirbyggjandi ráðstafanir þegar þær eru á döfinni, og það er sjálf kennslan í kennaraháskólanum. Þar

er upphafið að því að nemendur geti fengið hina réttu og sönnu fræðslu í þessum efnum, að kennararnir séu svo í stakk búnir, þegar þeir hefja sín störf, að þeir hafi þar nokkuð fram að færa. Ég vildi því eindregið mælast til þess að hæstv. menntmrh. legði á það ríka áherslu, umfram það samstarf sem hann lýsti hér áðan að komið væri á með bindindisfélagi kennara, að festa ásamt öðrum námsgreinum í kennaraháskólanum dyggilega fræðslu um þessi efni. Það eru þeir aðilar sem koma til með að miðla unglingunum af þekkingu sinni og reynslu og koma næst fjölmiðlunum að áhrifum og afli, svo að einhvers árangurs má þar vænta. Það er ekki nóg að ræða þessi mál í sjálfum unglingaskólunum, á unglingastiginu, ef það er ekki gert af mönnum sem hafa það að veganesti frá sínum eigin skóla og miðla síðan á raunhæfan og feimnislausan hátt.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þm. áhuga á þessum málum og taka það fram að ábendingum frá síðasta hv. ræðumanni verður komið áleiðis. Þær verða teknar til athugunar og þeim verður komið áleiðis.

Aðstoð Þjóðleikhússins við áhugaleikfélög, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Mjög skemmtilegar og ágætar umr. í Nd. nýlega um Sinfóníuhljómsveitina vöktu mig til nokkurrar umhugsunar um það hversu Þjóðleikhúsið rækti sitt hlutverk að örva og styrkja áhugaleikfélög, svo sem það á að gera. Þegar Þjóðleikhúsfrv. var hér til umr. á sínum tíma vakti ég athygli á þörf enn skýrari ákvæða um gistileikara og leikstjóra til áhugaleikfélaganna, þar væri það skyldan ein og svo nánari ákvæði í reglugerð sem mundu duga.

Sannleikurinn er sá að ég held að þetta ágæta fólk, sem þarna starfar, muni ekkert yfir sig hrifið af slíku starfi út um hvippinn og hvappinn, a. m. k. margt af því, og því þyki lítil listræn reisn þar yfir, finnist það litlu auka við hróður sinn þó að leikstýrt sé eða leikið í einhverju sjávarplássinu úti á landi. Góðar undantekningar munu þó frá þessu. Ég man t. d. enn þá ágætt fordæmi Vals Gíslasonar austur á Héraði fyrir mörgum árum, og fleira mætti telja. Og mér er reyndar sagt að þeir, sem reynt hafa þetta, telji sig hafa haft visst gagn og vissan lærdóm af þessu, viðurkenni það meira að segja. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta er auðvitað rétt, þeir hafa af því bæði visst gagn og geta dregið af því vissan lærdóm að starfa með áhugaleikfélögum. En fyrir áhugaleikfélögin er að þessu mikill fengur og einkum er þau í sínu fjárhagslega allsleysi fá þessa góðu starfskrafta á betri kjörum en þau fá leikstjóra almennt, þ. e. a. s. á launum frá Þjóðleikhúsinu sjálfu.

Ég hef stundum heyrt látið mikið af þessum stuðningi Þjóðleikhússins við áhugaleikfélögin, og því er það að við hv. þm. Karvel Pálmason höfum nú borið fram fsp. til hæstv. menntmrh. til að fá um þetta gleggri upplýsingar en tagurgalann einan, hvort þetta sé svo sem stundum er af látið, — þ. e. a. s. hversu margir það voru t. d. á síðasta ári sem störfuðu með áhugaleikfélögum og hvort leikstjóralaun voru þá greidd af áhugaleikfélögum eða leikaralaunin felld niður, eða hvort þessir ágætu menn voru á kaupi hjá Þjóðleikhúsinu, þ. e. hvernig Þjóðleikhúsið hefur þar í einhverju móti á móti komið. Eins þykir okkur rétt að skýrt komi fram hver aðstoð önnur sé af þjóðleikhúsinu veitt, því að vissulega er þar um að ræða marga mikilvæga þætti sem unnt væri að rækja af leikhússins hálfu til mikils gagns fyrir áhugaleikfélögin.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga svo að ég geti svarað þessari fsp., en þó mun henni vart verða að fullu svarað hér af minni hálfu. Rn. hefur leitað upplýsinga hjá þjóðleikhússtjóra um þau atriði sem fsp. fjallar um. Svar hans er á þessa leið:

Aðstoð hefur verið sexþætt:

1. Leikárin 1975—1976 og 1976—1977 störfuðu 7 fastráðnir listamenn leikhússins með áhugaleikfélögum, ýmist sem leikarar eða leikstjórar, og eru þó ótaldir tveir leikstjórar sem störfuðu með Leikfélagi Akureyrar. Hér eru hins vegar ekki taldir með listamenn hússins sem starfað hafa aukreitis á höfuðborgarsvæði með Leikfélagi Kópavogs ellegar með æðri skólum eða leikfélögum þeirra. Allir þessir listamenn héldu óskertum launum sínum hjá Þjóðleikhúsinu þennan tíma.

Hér vil ég skjóta því inn í, að um greiðslur félaganna til þessara listamanna, þessara leikara, er mér ekki kunnugt og ég tel varla í mínum verkahring í raun og veru að grafa það upp þar sem hér er ekki um ríkisstofnanir að ræða, þar sem eru hin frjálsu félög. Þá tek ég aftur til við að kynna upplýsingar þjóðleikhússtjóra.

2. Verulegur hluti starfs á saumastofu í Þjóðleikhúsi er aðstoð við áhugaleikflokka og skóla vegna búninga. Að mati forstöðukonu saumastofu er slík þjónusta ársstarf eins manns í hálfu starfi. Þar við bætast að sjálfsögðu ráðleggingastörf og fleira þess háttar.

3. Mjög oft er leitað til Þjóðleikhússins í sambandi við verkefnaval, og lán á handritum til áhugaleikflokka er mjög algengt.

4. Algengt er að lána leikmuni og búnað í heilar leiksýningar úti á landi. Stöku sinnum hafa leiktjöld verið seld gegn vægu verði, en minna er um það vegna stærðarmismunar húsanna.

5. Þjóðleikhúsið veitir iðulega tæknilega aðstoð og ráðleggingar. Ekki á þetta síst við um ljósadeild þess.

6. Í samvinnu við Bandalag ísl. leikfélaga hefur verið efnt til námskeiða í leikhúsinu á vorin undanfarin ár, sérstaklega í tæknilegum efnum. Samvinna milli Þjóðleikhússins og bandalagsins hefur undanfarin ár verið mjög góð,

segir þjóðleikhússtjóri að lokum í sínum upplýsingum.

Þetta, að þarna sé góð samvinna á milli, álít ég mjög mikilvægt einmitt núna eftir að leiklistarstarfsemi áhugafólks hefur tekið slíkan fjörkipp sem hún hefur gert og Bandalag ísl. leikfélaga í raun og veru blómstrað.

Ég vil í tilefni af þessari fsp. aðeins rifja það upp sem hv. fyrirspyrjandi kom að, að í frv. til Þjóðleikhúslaga, sem hefur legið fyrir Alþ. og verður endurflutt á þessu þingi, eru bein fyrirmæli um samstarf og stuðning Þjóðleikhússins við leikfélög áhugamanna. Vel má vera að við athugun þingsins þyki rétt að gera þessi ákvæði eitthvað skýrari. En fyrirmæli um þetta er m. a. að finna í 15. gr. frv., sem fjallar um leikmunasafnið, og svo í 16. gr. þess, en þar segir m a. orðrétt:

„Þjóðleikhúsið skal kappkosta að hafa samstarf við leikfélög áhugamanna og láta þeim í té gistileikara og leikstjóra til leiðbeininga, eftir því sem unnt er. Gera skal leikfélögum áhugamanna kleift að fylgjast með starfi Þjóðleikhússins. Á vegum Þjóðleikhússins skulu árlega farnar á starfstíma þess leikferðir sem víðast um landið."

Það má vel vera, eins og ég sagði, að ástæða þyki til að hafa þessi ákvæði nokkru fyllri, nokkru skýrari, færa þau meira út, en þó held ég að menn verði að hafa nokkurt hóf á því í löggjöfinni, en gera það þá að nokkru leyti kannske í reglugerð. Ég vil sem sagt ekki þvertaka fyrir það, að ástæða kynni að vera til að fara ofan í þetta með þetta sjónrmið í huga.

Ég vil enn geta þess, fyrst farið er að spyrja sérstaklega um starfsemi Þjóðleikhússins utan veggja þess, að Þjóðleikhúsið hefur um árabil staðið fyrir árlegum leikferðum um landið. Að vísu raskast þessar áætlanir stundum, t. d. féll niður ferð um Vestfirði s. l. vor vegna óvissu um samgöngur vegna vinnudeilna sem þá stóðu yfir. Menn óttuðust verkfall, sem ekki varð þó af. Í haust hefur „Nótt ástmeyjanna" verið sýnd á allmörgum stöðum úti á landi. Eg gæti einnig upplýst það hér, að áformað er að frumsýna á Vestfjörðum í vetur gamanleikinn „Á sama tíma að ári" og í vor er svo áformað að fara sýningarferð með leikritið „Grænjaxla". Mér sýnist því að það standi sem ég sagði í umr. um Sinfóníuhljómsveitina, að hvað snertir leikferðir út á land sé um að ræða vaxandi þjónustu Þjóðleikhússins við dreifbýlið.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að með bættum samgöngum aukast möguleikar fólks víðs vegar um land til að sjá leiksýningar í Þjóðleikhúsinu og nýta þannig þá merku starfsemi sem þar fer fram. Fólk notar þessa möguleika í hópferðum sem farnar eru til Reykjavíkur og þá m. a. stefnt að því að sjá sýningar í Þjóðleikhúsinu. Það hefur aukist mjög mikið hin síðari ár.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. svör hans. Það kemur auðvitað glöggt fram í þeim, að varðandi það atriði sem ég spurði sérstaklega um hefur Þjóðleikhúsið ekki staðið neitt sérstaklega rausnarlega að. Það er ekki í sambandi við leikstjóra og gistileikara því að það er tíundað, að á tveim leikárum hafi samtals 7 fastráðnir starfsmenn starfað með áhugaleikfélögum úti á landsbyggðinni. Leikfélag Akureyrar kemur þessu auðvitað ekki við, en þar er um atvinnuleikhús að ræða. Og það er rétt, þeir tóku full laun hjá Þjóðleikhúsinu þennan tíma, en mér er líka kunnugt um að leikfélögin borguðu full leikstjórnarlaun, ég held öll, svo að það var ekki um fjárhagslega aðstoð frá Þjóðleikhúsinu að ræða þó að áhugaleikfélögin nytu út af fyrir sig góðra starfskrafta þessara manna, því að þeir fengu tvöfalda greiðslu þennan tíma, velflestir eða líklega allir. Ég veit ekki vel um fyrra leikárið sem þarna var tekið. Hins vegar er mér sagt að hvíslari í Þjóðleikhúsinu hafi fengið launalaust leyfi til að fara út á land og vinna með áhugaleikfélagi að uppsetningu leikrits, hann hafi fengið launalaust leyfi hjá Þjóðleikhúsinu, en honum voru auðvitað greidd full leikstjórnarlaun af því félagi sem réð hann.

Ég skal hins vegar taka undir það, að Þjóðleikhúsið veitir ýmiss konar aðstoð við áhugaleikfélögin. Ég veit ekki um þennan búningaútreikning og dreg hann satt að segja stórlega í efa, þetta ársstarf í hálfu starfi. En hins vegar viðurkenni ég eitt sérstaklega í þessu, og það er mikilvæg aðstoð Þjóðleikhússins varðandi námskeiðahaldið. Þar hefur Þjóðleikhúsið komið myndarlega til móts við áhugaleikfélögin og þar hefur komið til góður vilji þjóðleikhússtjóra í þessu máli sem og reyndar öðrum málefnum áhugaleikfélaganna. Það er ekki við hann að sakast vegna þess, hvað fáir menn eru þarna sem koma til liðs við áhugafélögin. Ég held sem sagt að ástæðan sé sú að þeir kjósi miklu fremur að vera hér kyrrir á sínum stað, þrátt fyrir að margir þeirra hafi við lítil verkefni að vera að manni sýnist.

Ég vil aðeins koma að því, að áhugaleikfélögin eru, eins og hér hefur verið tekið fram áður miklu betur, ákaflega fjárvana og þau greiða í formi söluskatts mörg hver margfalt á við þann ríkisstyrk sem þau fá. Það var áður svo, að leikfélögin fengu almennt ríkisstyrk sem nægði þeim til leikstjóralauna. Nú er þessi ríkisstyrkur aðeins rúmlega ⅓ af því, þ. e. a. s. hæsti styrkurinn er rúmlega ⅓ af leikstjóralaunum. Ég er ekki að sjá ofsjónum yfir fjárframlögum til Þjóðleikhússins. En hlutfallið 1/50 hluti til yfir 50 verkefna áhugaleikfélaganna, margra mjög athyglisverðra, 1/50 af ríkisstyrk Þjóðleikhússins er nokkuð sem ég get varla talið eðlilegt. Þess vegna finnst mér að Þjóðleikhúsinu með sínu ríflega fjárframlagi af hálfu ríkisins beri viss skylda til þess að styðja við áhugaleikfélögin í landinu, en það tel ég að það hafi ekki gert í því formi sem ég spurði sérstaklega um, þ. e. a. s. í formi gistileikara og leikstjóra.

Ég treysti hæstv. ráðh. til að ýta hér á eftir með Þjóðleikhúsið og svo auðvitað á hv. alþm. að stórhækka fjárveitingu til áhugaleikfélaganna, svo að þau koðni ekki niður eins og allt útlit er fyrir með áframhaldandi svipuðum fjárveitingum af hálfu Alþingis.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 1. nóv., að loknum 11. fundi.

Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, þáltill. (þskj. 42). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér, ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni, að endurflytja frá síðast þingi till. til þál. um skipulag sérfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að skipuleggja þjónustu sérfræðinga í sem flestum greinum læknisfræðinnar á heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar og auka og bæta þannig þá þjónustu, sem heilsugæslustöðvarnar eiga að veita skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Áætlun um þessa sérfræðiþjónustu verði gerð af heilbrrn. og liggi fyrir eigi síðar en 1. maí 1978 og jafnframt verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda áætluninni í framkvæmd þegar á næsta ári."

Aðalorsök þess, að við flm. viljum ýta hér á eftir svo sem mögulegt er, er sú að við höfum hér tvívegis flutt frv. til breyt. á lögum um almannatryggingar þar sem kveðið var á um þátttöku sjúkratrygginganna í kostnaði fólks við að sækja sérfræðiþjónustu og fara í rannsókn hingað til Reykjavíkur. Sumt af þessu fólki fer reglubundið, ef sjúkdómur þess er þess eðlis að nauðsynleg meðferð eða eftirlit er álitið knýjandi, allt af öðru hvoru. Við fluttum þetta frv. þó þannig, að ákvæði öll voru rúm fyrir rn. til að setja í reglugerð nánari ákvæði eða reglur um hlutdeild og hversu með skyldi farið. Við gerðum það vegna þeirrar mótbáru, sem mest hefur á borið, um hættu á misnotkun, en vorum þó með beint inn í frv. okkar allströng skilyrði, sem uppfylla þurfti ef sjúkratryggingarnar áttu að taka þátt í kostnaði.

Hér er hins vegar um mjög tilfinnanleg útgjöld að ræða, ferðir og kostnað ýmsan og beint vinnutap einnig. Allur þessi kostnaður er auðvitað því meiri sem oftar þarf að fara, en um það þekkja flm. mörg dæmi að menn þurfi að fara síendurtekið í þessar ferðir, þó ekki sé um að ræða varanlega örorku af völdum sjúkdóms. Við vissum og vitum mætavel að sérfræðiþjónusta og rannsóknaraðstaða er langsamlega best hér í höfuðborginni og því von að hinir almennu læknar úti í héruðunum sendi fólk gjarnan í rannsóknir og eins til nauðsynlegrar meðferðar hingað, þó eflaust sé stundum of mikið að því gert einnig varðandi rannsóknirnar, enn þá sem betur fer, vil ég segja.

Nú er það svo, að við lifum á öld sérfræðinnar í flestum greinum og ekki síst á sviði læknisfræðinnar, þar sem sá virðist nú vart talinn maður með mönnum í læknastétt sem ekki getur skreytt sig einhverjum sérfræðititli, og flestir eru þeir búsettir hér á þessu svæði. Nú skal enginn skilja orð mín svo, að ég geri lítið úr, þó ég haldi því fram að hinar almennu heimilislækningar hafi að nokkru lotið í lægra haldi og þar hafi röng stefna verið uppi. En eðlilegt hlýtur það að vera, að þar sem aðstaða til rannsókna jafnt sem aðgerða er best og fullkomnust, eins og hér, þar vilji þeir starfa, sem best eru menntaðir og mesta þekkingu hafa í hverri einstakri grein.

Nú viljum við flm. síður en svo gera lítið úr starfi læknanna úti í héruðunum. Þeir eru flestir mjög hæfir og verða af margþættri reynslu ríkari að almennri þekkingu, að við hyggjum, en sumir starfsbræður þeirra, sem ævinlega fást við það sama. En læknar heilsugæslustöðvanna nýju og landsbyggðarsjúkrahúsanna, þó ágætir séu, hljóta þó lengi enn að senda fólk til sérfræðinga hér í Reykjavík og það í svo ríkum mæli, að einhverja lagfæringu gegnum sjúkratryggingar hlýtur fólk að þurfa að fá til að komið sé í einhverju til móts við kostnað þann sem af því leiðir, og því er þetta frv. flutt í annað sinn. Þrátt fyrir till. af þessu tagi, sem hér er til umr., og góða og skjóta framkvæmd hennar, þá verður áfram rík þörf fyrir það sem þetta frv. gerði ráð fyrir þátttöku sjúkratrygginga í þessum kostnaði.

Ég sé raunar að í Nd. er komið fram frv. mjög áþekkt að eðli og frv. okkar var, frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, nema þar er ákveðinni kostnaðarhlutdeild slegið fastri. En tvennt veldur þessu tillöguformi nú. Annars vegar það, að við afgreiðslu frv. okkar til ríkisstj. var beint að því vikið, að unnið væri að endurskoðun tryggingalaganna, og eins það, að stefnt væri að því, að færa þessa þjónustu í auknum mæli inn á heilsugæslustöðvarnar nýju og á landsbyggðarsjúkrahúsin. Hvorugt hefur gerst að neinu marki. Það sannar m. a. frv.-flutningur hv. þm. Sighvats Björgvinssonar nú, og auðvitað er okkur það ljóst að enn er skammt komið framkvæmd laganna frá 1973 um heilsugæslustöðvar, þó þar hafi nokkuð miðað.

Og þá er að hinni ástæðunni komið. Lög um heilbrigðisþjónustu frá 1973 stefndu að því marki sem till. okkar beinist að. Aðaltema þeirra laga var um sem fullkomnasta heilsugæslu í heilsugæslustöðvunum, jafnt hvað snertir fyrirbyggjandi aðgerðir, sem meginálersla var á lögð, svo og meðferð sjúkdóma og þjónustu alla á sviði heilbrigðismála. Í 21. gr. þessara laga eru upp talin þau verkefni sem heilsugæslustöðvarnar eiga að annast, og það er langur listi og fjallar um mörg svið og mikilvæg, en þar segir m. a. í 21. gr., að á heilsugæslustöð skuli veita þá þjónustu, eftir því sem við á, sem hér segir:

1. Almenna læknisþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðilega læknisþjónustu og tannlækningar.
4. Heilsuvernd, sem síðan er talin upp í mörgum liðum.

Í þessa grein vitnum við flm. einnig alveg sérstaklega. Við óskum ákveðins, skipulegs átaks til að koma sérfræðiþjónustu sem fyrst og víðast út í héruðin, að svo miklu leyti sem fært þykir. Mér hefur þótt þess gæta í síauknum mæli, að sjúklingar kæmu á læknisfund í stað þess gagnstæða, sem áður var ríkjandi við ólíkt erfiðari aðstæður þó fyrir læknana. Sjálfur hef ég kynnst héraðslækni sem heimtaði alla til sín á stofu, hversu veikir sem þeir voru, nema honum væru

færðar óyggjandi sönnur á að sjúklingurinn væri algjörlega óferðafær, og hrökk þó tæpast til. Sem betur fer hafði sá stuttan stans austur þar. En að hinu gagnstæða lýtur einmitt till. okkar, þ. e. að færa sérfræðiþjónustuna sem mest heim til sjúklinganna, þar sem unnt er, í stað þess að þeir þurfi nær ævinlega að sækja hana á annað landshorn með ærnum kostnaði og vinnutapi, sem oft vegur þungt einnig og kemur þannig fram sem tvöfaldur viðbótarþungi á viðkomandi sjúkling.

Við flm. gerum okkur mætavel ljóst að auðvelt eða auðsótt er þetta ekki, og þetta skilur landsbyggðarfólkið mjög vel. Það er orðið þessu svo vant að nærri lætur að það taki þessu sem sjálfsögðum hlut. Ekki þar fyrir, að landsbyggðarfólkið þekki ekki dæmi um slíka þjónustu. Augnlækningaferðalögin um landið hafa gert geysimikið gagn og sparað ótaldar fjárhæðir. Sama er raunar að segja um starfsemi Heyrnarhjálpar, sem hefur gefið sérlega góða raun. Hvort tveggja hefur líka oft komið í veg fyrir beint tjón á þessum mikilvægu skynfærum, þar sem í mörgum tilfellum hefði annars orðið um óbætanlega töf og drátt að ræða þar sem fólki vex oft í augum kostnaður og fyrirhöfn, sem fylgt hefði suðurferð af þessum tilefnum.

Við flm. erum sannfærðir um að fleiri svið megi taka fyrir á svipaðan hátt, og helst enn tíðari og betri en hér hefur verið að staðið með augn- og heyrnarlækningar. En millileið væri eflaust fær ef of stórt stökk þætti að færa þjónustuna inn á stöðvarnar í næstu framtíð, og við vitum vel um annmarka þess og erfiðleika. Við vitum einnig fullvel að margar — ég viðurkenni meiri hluti heilsugæslustöðva í dag er aðeins nafnið enn ef miðað er við endanlegt markmið, en æ fleiri rísa þær af grunni og aðstaðan batnar til þess að spanna fleiri svið og veita aukna þjónustu. Vart verður því trúað, að á sérfræðingunum standi að heimsækja stöðvarnar og liðsinna fólki þannig. Vonandi eru þeir ekki það bundnir höfuðstaðarýlnum og aðstöðu sinni þar, að þeir fáist ekki til þessa mikilvæga þjónustustarfs. Þó höfum við flm. heyrt það sem veigamikla mótbáru við till. okkar, að ekki muni sérfræðinga að fá til að sinna þessu á mjög mörgum sviðum. En á það verður þá að reyna. Illa trúi ég a. m. k. á það, að augnlæknarnir okkar séu algert einsdæmi, svo mjög sem öll aðstaða þeirra hefur löngum verið ófullkomin og erfiði mikið samfara þeirra ferðum, einkum áður. Við leggjum a. m. k. til að á þetta reyni, áætlun verði gerð um skipulagningu þessarar þjónustu í sem flestum greinum svo unnt verði að láta í té bætta þjónustu til öryggis og hagræðis fyrir íbúana.

Um tímamörk áætlunar erum við flm. til viðræðu að sjálfsögðu um breytingar og eins um upphaf framkvæmda enda ekki aðalatriði, heldur að eitthvað verði gert raunhæft sem fyrst í þessum efnum. Ekki dettur okkur heldur í hug að þetta leysi allan vanda þó í framkvæmd komi. Ferðir sjúklinga utan af landsbyggðinni til meðferðar eða rannsóknar hér í Reykjavík verða ævinlega ríkjandi, en úr þeim má draga og á að draga svo sem unnt er. Þeim þarf hins vegar að mæta með vissri aðstoð einnig, eins og frv. okkar gerði ráð fyrir og frv. í Nd. nú lýtur einnig að.

Í lok grg. okkar segjum við flm.

„Efalaust eru margir annmarkar á þessari framkvæmd, bæði hvað snertir vilja sérfræðinga í þessum efnum og rannsóknaraðstöðu á heilsugæslustöðvunum. En hér er um hvort tveggja að ræða: öryggismál fyrir íbúana, einkum hvað snertir fyrirbyggjandi aðgerðir, og gífurlegt fjárhagslegt hagræði, og ef við viljum framfylgja lögunum og anda þeirra ber einskis að láta ófreistað til að hrinda þeim í framkvæmd sem fyrst og best.

Jöfn aðstaða allra landsmanna til heilsugæslu byggist ekki hvað síst á þessum þætti, og ef okkur er alvara í þeim efnum, þá hljótum við að stuðla hér að sem skjótast. Því er till. þessi flutt."

Ég hygg að fleiri orð séu óþörf, en legg til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Innkaupastofnun ríkisins, frv. (þskj. 69). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 69 frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 frá 5. júní 1947, um innkaupastofnun ríkisins.

„1. gr.: 2. gr. laganna hljóði svo:

Stjórn innkaupastofnunar ríkisins skipa 5 menn, sem Alþ. kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar, tekur lokaákvarðanir um öll innkaup og framkvæmdir og ákveður starfshætti. Fjmrh. skipar formann stjórnar til eins kjörtímabils í senn.

Forstöðumaður stofnunarinnar skal skipaður af fjmrh. að fenginni till. stjórnar.

Að öðru leyti skal starfssvið stofnunarinnar ákveðið með reglugerð, er fjmrh. setur.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég vil leyfa mér að lesa þá grg., sem hér er prentuð með, en hún er svo hljóðandi:

„Frv. þetta er efnislega shlj. frv. sem flm. lagði fram á síðasta þingi, en varð þá ekki afgreitt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að starfsemi innkaupastofnunar ríkisins hefur sætt nokkurri opinberri gagnrýni á liðnum árum. Skoðanir hafa verið skiptar um sum þeirra atriða sem gagnrýnd hafa verið, en um önnur hefur ekki þurft að deila. Í sjötta kafla laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63 frá 1970, eru umsvif innkaupastofnunarinnar aukin verulega frá því sem eldri lög kváðu á um. Þar er henni fengið vald til að taka ákvarðanir um veigamiklar framkvæmdir sem snerta verulega hagsmuni almennings og afkomu þjóðarbúsins í heild. Veltur því á miklu að starfsemi stofnunarinnar og ákvarð-

anir, er hún tekur, séu í fullu samræmi við vilja þings og þjóðar. Láta mun nærri að velta stofnunarinnar á síðasta ári hafi numið 2.7 milljörðum kr. og eru þá ekki taldir með verksamningar, sem stofnunin hefur annast og ber ábyrgð á, en þar er um mjög verulegar fjárhæðir að ræða.

Með frv. þessu er því lagt til að Alþ. kjósi sjálft stjórn stofnunarinnar og tryggi með því að stefnu þess sé fylgt í öllum meiri háttar málum, er stofnunin á ákvörðunarvald í, og þess sé jafnan gætt að starfseminni sé gert að fylgja viðteknum viðskiptavenjum."

Ég vil bæta við þetta, að Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar starfar eftir ákveðnum samþykktum um þá stofnun og hefur sérstaka stjórn, þó svo að Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar sé í meiri tengslum við sjálft stjórnkerfið, þar sem allar fundargerðir Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar eru sendar að fundum loknum til borgarstjóra, sem síðan leggur þær fyrir borgarráð, og að athuguðum fundargerðum Innkaupastofnunarinnar, fyrst af borgarstjóra, síðan af borgarráði, eru þær lagðar fyrir borgarstjórn til umr. og samþykktar, þannig að það hefur verið talsvert miklu meiri hreinsunareldur sem ákvarðanir Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar verða að ganga í gegnum.

Í þessum samþykktum um Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, sem ég er með hér hjá mér, er fyrst talað um markmið stofnunarinnar og síðan er farið út í verkefni hennar, í þriðja lagi stjórnskipulag, í fjórða lagi verksvið stjórnar og í fimmta lagi verksvið forstjóra stofnunarinnar, í sjötta lagi er talað um starfshætti og í sjöunda lagi eru almenn ákvæði.

Ég held að það þurfi ekki að orðlengja um þetta mál. Ég held að öllum sé ljóst að ekkert slíkt kerfi er til í ríkisgeiranum. Ég veit ekki til að þar sé nein hliðstæð stofnun borgarráði, reikna ekki með að fundargerðir Innkaupastofnunar ríkisins séu lagðar fyrir ríkisstj., sem er hliðstæð borgarráði í borgaruppbyggingunni, né heldur fyrir Alþ., sem er hliðstæða borgarstjórnar í ríkiskerfinu.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv . deildar.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni og stuðningi við fram komið frv., þar sem gert er ráð fyrir að sett verði sérstök stjórn yfir Innkaupastofnun ríkisins. Ég álít að það geti orðið öllum aðilum til bóta ef þessi tilhögun kæmist í framkvæmd, og hef ég þá sérstaklega í huga í sambandi við þetta mál, að á undanförnum árum hefur meira og meira orðið þess vart, að það hefur verið ákaflega erfitt að fá leyfi til þess að framkvæmdum, sem boðnar eru út á vegum Innkaupastofnunar, megi stjórna úr heimabyggðum. Ég held að sú tilhögun, að framkvæmdum og yfirstjórn þeirra sé stjórnað af stjórnvöldum hér í Reykjavík, geti skapað og hafi skapað ýmis óþægindi, og jafnvel munu vera áþreifanleg dæmi fyrir því, að þessar framkvæmdir hafi beinlínis tafist og orðið verulega dýrari en ef þær hefðu fengið að vera undir yfirstjórn heimamanna. Og þess vegna kvaddi ég mér hljóðs við þessa umr., að ég vil vekja athygli hv. dm. á þessu mikilvæga atriði.

Ég vil vænta þess, að ef þetta frv. verður að lögum, þá verði því gefinn gaumur að breyta til og marka þá stefnu, að eftir föngum verði heimamönnum, í sveitarfélögum og á öðrum stöðum, gefnir frekari möguleikar á því að stjórna og sjá um framkvæmdir, þó svo að útboð og annað þess háttar fari fram á vegum Innkaupastofnunarinnar. Á þessu máli hafa að mati þeirra, sem eru þessum málum kunnugir, verið nokkrir agnúar undanfarið. Ég held að það væri öllum til góðs, ef hægt væri að bæta hér um. Að öðru leyti lýsi ég fyllsta stuðningi mínum við fram komið frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 37). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 37 flytjum við 4 þm. þessarar hv. d. frv. sem miðar að stjórnarskrárbreytingu, en auk mín eru flm. Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan og Geir Gunnarsson. Frv. þetta miðar að því að bæta þremur nýjum mgr. við eignarréttarákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar, sem miðar að því, eins og kunnugt er, að eignarrétti skuli menn halda nema brýna nauðsyn beri til að eign þeirra sé tekin eignarnámi og þurfi þá lög til.

Í frv. okkar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að við þetta eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar bætist ákvæði um að eignir, sem enginn hefur sannanlega átt fram að þessu og eru þess eðlis að þær þurfa að nýtast af þjóðarheildinni, séu lýstar sameign þjóðarinnar allrar með stjórnarskrárákvæði. Þau verðmæti, sem hér er um að ræða, eru í fyrsta lagi öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan íslenskrar efnahagslögsögu, í öðru lagi almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda og svo í þriðja lagi þrjú sérgreind réttindi, þ. e. a. s. námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi.

Í 2. mgr. er síðan kveðið á um það, að eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni, skuli að öðru leyti skipað með lögum. Hér er átt við það, að löggjafinn þurfi að draga skýr mörk milli einkaeignar og sameignar þjóðarinnar, og þá sérstaklega þess getið, að fyllilega þurfi að gæta hagsmuna þéttbýlisbúa og tryggja þeim rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu og að sjálfsögðu til lands undir húsbyggingar á sanngjörnu verði. Og orðum er komið að þessari hugsun í frv. á þessa leið:

„Tryggja ber landsmönnum öllum rétt til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skal almennt ekki taka tillit til verðhækkunar, sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur ber að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna, þar sem þess háttar ástæður hafa óveruleg áhrif til verðhækkunar."

Þessi seinasta setning miðar að sjálfsögðu að

því að koma í veg fyrir svonefnd Votmúlamál, og höfum við Alþb.-menn nokkuð oft flutt till. þessa efnis hér í þinginu. Till. af þessu tagi náði reyndar fram að ganga hér í hv. Ed. fyrir nokkrum árum, en náði hins vegar ekki fram að ganga í Nd. og hefur ekki síðan átt upp á pallborðið hjá hv. meiri hl. þm.

Í 3. mgr. segir síðan, að með þeim takmörkunum, sem upp hafa verið taldar, skuli við það miða að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitiréttí í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. Hér er sem sagt verið að slá því föstu, að staða bænda skuli ekki skert og þeir skuli halda þeim hlunnindum, sem hafa fylgt bújörðum á liðnum öldum.

Eftir að þetta frv. kom fram í fyrsta sinn, það var á s. l. vetri, var því haldið fram að hvað bændur varðaði væri hér um að ræða stórkostlegt þjóðnýtingarfrv. En þetta er rangt. Ákvæði um réttindi til náma og um námuvinnslu geta að vísu talist breytingar frá eignarréttaraðstöðunni eins og hún sannanlega er nú, en að öðru leyti er hér fyrst og fremst reynt að festa í stjórnarskrá að það, sem verið hefur sameign þjóðarinnar um aldir, verði það áfram. Hér er því einungis verið að ákveða mörk eignarréttarins, en það er ekki verið að flytja till. um þjóðnýtingu nema þá að mjög óverulegu leyti.

Með flutningi þessa frv. viljum við Alþb.-menn hér í d. reyna að hnýta betur böndin milli verkalýðsstéttarinnar og bændastéttarinnar og koma í veg fyrir að þessir aðilar hefji óþarfa togstreitu sín í milli um eignarráð á landi og þar með marka almenna stefnu sem bæði þéttbýlisbúar og sveitafólk eiga að geta sætt sig við. Alþfl.-menn hafa löngum í blaði sínu veist að okkur Alþb.-mönnum vegna þessarar afstöðu okkar og sagt að við værum að vernda og styðja landeigendaaðalinn. Á hinn bóginn hafa ýmsir í hópi framsóknar- og sjálfstæðismanna reynt að gera afstöðu okkar sem tortryggilegasta og þar með neitað að fallast á að réttur landeigandans ætti að vera takmörkum bundinn á nokkurn hátt. Samkv. kenningum þessara manna á landeigandinn eignarrétt að jörðinni undir fótum sér allt inn að miðpunkti jarðar. Hvers konar auðæfi sem finnast lengst inni jörðinni og engir landeigendur hafa fram að þessu nytjað, eiga að teljast eign þess manns sem gengur um yfirborðið sem landeigandi þess. Stefna okkar Alþb.-manna er annars vegar sú, að eignarrétti landeigandans verði sett ákveðin takmörk, ákveðin skynsamleg takmörk. Hins vegar teljum við ekki rétt að skerða yfirráð bænda yfir jörðum sínum að svo miklu leyti sem þær eru notaðar til búskaparnytja, enda teljum við að engir séu betur til þess fallnir en íslenskir bændur að varðveita íslenskt land í höndum Íslendinga sjálfra og afkomenda þeirra og nytja það á skynsamlegan hátt. Við bendum á að ýmis dæmi eru um það úr sögu síðustu áratuga, að hægri sinnað ríkisvald hefur reynst tilbúið að fórna landsréttindum á altari erlendra hagsmunaaðila, þannig að í því er engin örugg trygging fólgin þó að ríkisvaldið gerist umráðamaður allra bújarða í landinu. Það er hyggilegra að 5 þúsund bændur í landinu eigi ræktað land og grasnyt á fjöllum en að örfáir forustumenn ríkisvaldsins geti ráðskast með þann rétt. Einmitt í þessu tilviki er dreifingu valdsins á hendur margra aðila, í þessu tilviki þúsunda aðila, gæfulegri en samsöfnun valdsins á fárra hendur.

Alþb. fylgir ekki einstrengingslegum fræðikenningum, hvorki í þessu efni né öðrum. Það gerir sér einmitt grein fyrir því, að þjóðfélagsþróun á Íslandi verður að þróast í samræmi við íslenskar aðstæður. Hæpinn ávinningur er að því að safna öllum völdum í eina miðstöð ríkisvaldsins, eins og gert hefur verið í ýmsum sósíalískum löndum. Þvert á móti verður að kappkosta að dreifa valdinu og efla lýðræði í landinu, og í þessu tilviki verður það áreiðanlega best gert með því að viðhalda dreifðum eignarrétti á bújörðum.

Ég er sannfærður um að bændur munu skoða og hugleiða till. okkar Alþb.-manna á hleypidómalausan hátt og hyggja að því, hvort þær eru ekki einmitt hinn rétti grundvöllur sem bændur sjálfir eiga að byggja rétt sinn á. Osanngjarnar kröfur um eignarréttarheimildir landeigenda, sem hvorki eiga sér stoð í íslenskum réttarvenjum né í lögum að áliti fróðustu manna og samrýmast enn síður siðferðisvitund og heilbrigðri skynsemi nútímamanna, eru að sjálfsögðu einkum til þess fallnar að grafa undan bændum og veikja þann stuðning sem bændur geta vænst að fá frá venjulegu launafólki og öðru eignalitlu fólki í þéttbýli.

Við skulum taka sem dæmi orkuver, sem reist er á afrétti, og athuga, hver réttur bóndans raunverulega er og á að vera. Bændur eiga rétt til skaðabóta, ef orkuver er reist sem veldur náttúruspjöllum, og þeir geta að sjálfsögðu beitt fyrir sig þeirri lagagrein, að vötn skuli falla eins og þau forðum hafa fallið. En það, sem hér er reynt að slá föstu, er að þeir geta ekki selt sjálfa orkuna í hinu rennandi vatni, því að þeir eiga hana ekki.

Annað hliðstætt dæmi er virkjun háhitasvæðis. Eina skerðingin, sem fólgin er í þessu frv., er sú að möguleikar manna til að selja það, sem þeir raunverulega hafa aldrei átt, eru ljóslega teknir af fyrir fullt og allt.

Þriðja dæmið er um þann mann sem á land í grennd við vaxandi þéttbýlisstað og selur landið á tíföldu venjulegu gangverði sílkra landa. Hann er bersýnilega einnig að selja eitthvað sem hann sjálfur hefur aldrei eignast. Það er annarra verk sem valda því að jörð hans hefur hækkað svo mjög í verði.

Í þessum þremur dæmum gildir það nákvæmlega sama. Það á að koma í veg fyrir að menn græði á þörfum annarra og hljóti óréttmætan hagnað án þess að hafa sjálfir látið nokkra vinnu af mörkum eða aukið eignina þeim verðmætum sem réttilega hækka hana í verði. Það er einmitt þetta sem kallað er og kallað hefur verið brask.

Við skulum skoða nánar þetta margnotaða orð, brask, því að merking þess hefur óneitanlega stundum aflagast við of mikla notkun. Ég tel að það sé ekki brask þegar kaupmaður kaup-

ir vöru og selur hana aftur með hóflegri álagningu. En hitt er brask, ef menn fá hagnað af viðskiptum án þess að hafa nokkuð, til þess unnið sjálfir, hvorki með hugviti sínu né vinnu, að það réttlæti þann hagnað sem í hlut þeirra fellur. Það er sem sagt brask ef maður kaupir jörð, sem hann veit, að á eftir að hækka gífurlega í verði að fáum árum liðnum, og selur hana aftur með miklum hagnaði. Hagnaður hans er sem sagt ekki laun fyrir að skipuleggja viðskipti, eins og hagnaður kaupmannsins er undir flestum kringumstæðum. Hagnaðurinn er einfaldlega árangur af braski.

Ég tel að slíkri hagnaðarvon hljóti bændur almennt að afneita. Þeir eiga samstöðu með verkalýð bæjanna: launamönnum, iðnaðarmönnum og sjómönnum. Þar breytir engu hvort um er að ræða trillukarl eða þann sem hlýtur aflahlut frá útgerð sem hann á ekkert í. Bændur eiga samstöðu með launafólki og einyrkjum, en ekki með stórkapítalistum og fjármálajöfrum. Og auðvitað eiga þeir ekki að greiða skatt til samtaka atvinnurekenda, en það er önnur saga. En þess vegna er á þetta minnt hér, að besta tryggingin að áliti okkar flm. fyrir því, að bændur varðveiti réttindi sín, er einmitt sú, að þeir límí sig ekki upp að auðvaldsöflum þjóðfélagsins og geri við þau bandalag og láti þau hvetja sig til óraunhæfrar kröfugerðar, heldur miklu frekar hitt, að þeir leiti eftir samstöðu við verkalýðshreyfinguna og launþegasamtökin.

Ég ætla svo að fara að lokum nokkrum orðum um þau réttindi sem frv. okkar fjallar um.

Forseti Íslands, Kristján Eldjárn, talaði eitt sinn í embættisræðu um lífbeltin tvö: annars vegar lífbeltið umhverfis landið, hins vegar græna láglendisbeltið, sem liggur með ströndum fram. Þetta var góð samlíking, en ég vildi mega hagnýta mér þessa hugsun með því að tala um sameignarsvæðin tvö. Þar er annars vegar um að ræða hið fyrra lífbelti sem forsetinn nefndi, lífbelti sjávarins sem liggur umhverfis landið, hins vegar afréttina, almenninga og önnur óbyggð lönd utan heimalanda. Á milli þessara tveggja sameignarsvæða liggur hins vegar séreignarsvæðið, séreignabletið, grænt láglendisbelti ræktaðs lands með ströndum fram.

Till. okkar fjallar alveg sérstaklega um þessi tvö sameignarsvæði. Í fyrsta lagi svæðið umverfis landið. Þó að það sé ekki sérstaklega brýnt mál í dag er enginn vafi á því, að verðmæti í sjó og á sjávarbotni gætu orðið bitbein einstakra manna síðar meir ef séreignarstefnan yrði frekar ofan á íslenskri löggjöf og ekki yrði tekinn allur vafi af með ótvíræðu stjórnarskrárákvæði.

Hitt sameignarbeltið, afréttir og almenningar og óbyggð lönd, er hins vegar þegar orðið mikið bitbein manna, en þó er á það minnt í grg. þessa frv., að það hefur verið almennt álit íslenskra lögfræðinga að einstakir menn ættu ekki beinan eignarrétt á landi í óbyggðum. Ég hirði ekki um að rekja þau lagalegu rök sem fram hafa verið borin þessari fullyrðingu til stuðnings, enda gerði ég það allítarlega í framsöguræðu minni fyrir einu ári fyrir þessu máli, en bendi á dóm Hæstaréttar frá árinu 1955 sem fjallaði um eignarhald á landi á Landmannaafrétti, en stutt frásögn af þessum hæstaréttardómi er í grg. Einnig má benda á dóm Hæstaréttar frá árinu 1969, bls. 510, sem fjallar um deilur Skagfirðinga og Eyfirðinga um eignarrétt á Nýjabæjarafrétti. Og í þriðja lagi má benda á þau sjónarmið sem fram komu hjá höfundum frv. til námulaga, sem samþ. var á Alþ. árið 1973, en í grg. þess frv., sem samið var af þrem mjög lagafróðum mönnum, sagði einmitt að almenningar, afréttir og öræfi séu ekki í einkaeign, nema sannað sé að tiltekið land, sem nú er afréttur, hafi áður verið í einkaeign. Eins og menn vita er hins vegar öndverðum skoðunum haldið fram ótt og títt af hægrisinnuðum öflum í landinu og reynt að telja fólki trú um að staðreyndir málsins séu á annan veg. Ég tel því fulla þörf á því að Alþ. taki af skarið um þetta efni í eitt skipti fyrir öll. Að öðru leyti fjölyrði ég ekki um þetta feiknarlega mikilvæga mál, sem á sér margar hliðar, vegna þess að ég fjallaði mjög ítarlega um það fyrir einu ári.

Í frv. er getið um þrenn sergreind réttindi sem eru óháð því hvort þau liggja á séreignarsvæðinu eða sameignarsvæðunum tveimur, en þessi réttindi eru í fyrsta lagi námur í jörðu, í öðru lagi orkan í rennandi vatni og í þriðja lagi jarðhitinn í jörðu niðri. Um þessi réttindi og gildandi lagaviðhorf í þeim efnum er fjallað einnig í grg. og er óþarft að fara mörgum orðum um það hér frekar.

Um námur í jörðu hefur sú stefna verið í gildi, að landeigandinn telst eigandi námunnar. Við flm. teljum eðlilegast að þessu verði breytt á þann veg að þjóðin í heild tileinki sér þessi verðmæti. Kannske má segja að frv. víki hvað mest efnislega frá gildandi rétti hvað þetta atriði snertir.

Um eignarrétt á orku í rennandi vatni hefur verið rökrætt á Íslandi í áratugi, líðlega hálfa öld, og sú saga var einnig rifjuð upp í framsöguræðu hér á Alþ. þegar ég mælti fyrir þessu frv. fyrir einu ári og skal það ekki endurtekið. En margur ágætur og fróður maður hefur fært að því rök að orka rennandi vatns ætti að teljast almenningseign, enda þótt úr þessu hafi aldrei verið skorið með lagasetningu á Alþ. Við flm. teljum að tími sé til kominn að þessu verði nú slegið föstu með ákvæði í stjórnarskrá.

Um eignarrétt á jarðhita djúpt í jörðu hefur svo mjög verið rætt hér á Alþ. við umr. um háhitasvæðin að alveg ástæðulaust er að fara að endurtaka þau sjónarmið sem þar hafa verið flutt fram þeirri skoðun til stuðnings að hiti djúpt í jörðu eigi að teljast almenningseign. Rétt er þó að benda á að frv. okkar fjórmenninga gengur heldur lengra en frv. sem margoft hefur verið flutt í Nd. Alþ. um háhitasvæðin svonefndu. Ég geri ráð fyrir að háhitasvæðin teljist ótvírætt ríkiseign, vegna þess að við viljum að allur hiti í jörðu undir 100 m dýpi, hvort sem hann er af háhitasvæði eða lághitasvæði, verði talinn almenningseign. Það teljum við eðlilegustu stefnuna og allt annað í fullkomnu ósamræmi við heilbrigða skynsemi, enda þótt við höfum að sjálfsögðu verið því innilega samþykkir að frv. um háhitasvæðin næði fram að ganga, þar

sem þar var um eins konar málamiðlunartilraun að ræða sem gekk ekki alveg jafnlangt og okkar frv. gerir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta frv. Ég vil þó segja það að lokum, að það er einkenni okkar þjóðlífs að við búum hér lítil þjóð í stóru andi, og afleiðing þess er sú, að eignarréttarákvæði eru hér óskýrari en víða annars staðar. Land á Íslandi er sennilega ódýrara en nokkurs staðar annars staðar í Evrópu, en hversu lengi það verður skal ósagt látið. En meðan svo stendur á, meðan ríkjandi aðstæður haldast er einmitt mjög gott tækifæri, ómissandi tækifæri til þess að kveða skýrt á um það í stjórnarskrá hvað sé raunverulegt eign einstaklinga og hvað sé og hafi alla tíð verið sameign þjóðarinnar.

Við höfum verið furðu sinnulausir, við Íslendingar, að ákvarða fasta og skýra stefnu í eignarréttarmálum. En þróunin bendir til þess, að þetta afskiptaleysi okkar geti boðið hættunni heim. Hættan er einfaldlega fólgin í því, að einstaklingar fari nú að sölsa undir sig eignir sem enginn einstaklingur hefur fram að þessu átt. Við verðum því að tryggja hagsmuni þjóðarheildarinnar, og það er einmitt þess vegna sem þetta frv. er flutt.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. allshn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega það langa mál sem frummælandi og 1. flm. lét fylgja þessu frv. til stjórnarskipunarlaga, en aðeins gera nokkrar athugasemdir til að það fylgi sem veganesti til allshn. með þeim orðum sem ég hlustaði á og féllu hér frá 1. flm.

En vil þó biðja um skýringar á einu. Hann talaði um að bændur ættu ekki að láta lima sig utan í atvinnurekendur eða auðvaldsöflin, en halda sér að verkalýðshreyfingunni — ég held að ég hafi heyrt rétt — samvinnuhreyfingunni. (Gripið fram í.) Þá skulum við álíta það rétt eftir haft.

Þetta sýnir strax þann anda sem fylgir frumvarpsgerðinni. En mér er ekki alveg ljóst hvort auðvaldsöfl eru meira hjá atvinnurekendum eða þeim auðhringum sem hv. flm. óskaði eftir að bændur limdu sig aftan í. Ég veit ekki betur en að auðvald það, sem safnast hefur saman, hafi safnast í sjóðum verkalýðshreyfingarinnar og samvinnuhreyfingarinnar, skulum við segja, því að ekki minna en helmingur af öllum viðskiptum fer í gegnum samvinnuhreyfinguna, á eiginlega hvaða stigi þjóðlífsins sem er. Ég vil mótmæla því að hér séu annars vegar vond öfl og hins vegar góð öfl. Þarna eru, skulum við segja, auðvaldsöfl, en þau eru ekkert mismunandi góð.

Ég held að bændur ættu að lesa á milli línanna þegar þetta er sagt. Ég álít að það sé rétt að menn átti sig á því, sem sagt var í framhaldi af þessu, að hér er lögð til ákveðin skerðing á eignarrétti einstaklinga.

Það er margt í þessu frv. sem ég get fallist á, en það er líka margt sem ég get ekki fallist á í fljótu bragði og mun gera athugasemdir við á seinna stigi. Ég mun gera tilraun til þess að menn átti sig á því, að landeigendur missi engan rétt, sem þeir hafa haft til hlunninda, hvort sem þeir heita bændur eða tilheyra þéttbýliskjörnum, þó þeir hafi einhver hlunnindi haft utan við sinn búsetustað.

Ég ætla mér ekki að fara að tala hér um að þeir sem búa t. d. í höfuðborginni og hafa haft rétt og hlunnindi utan höfuðborgarinnar, missi hann frekar en að bændur og utanbæjarmenn missi þau hlunnindi sem þeir kunna að hafa í Reykjavík. Það vitum við að er gagnkvæmt á báða bóga.

Ég vil sem sagt að það veganesti fylgi frá mér inn í allshn., að menn haldi vöku sinni gegn lævíslegum till. til breytinga á stjórnarskránni í átt til sósíalisma eða kommúnisma, sem ég er andstæður.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að hafa eytt fáum orðum að þessu frv., því að það er þó alltaf betra að heyra sjónarmið manna frekar en að þögnin ein ríki, það er betra að veifa röngu tré en öngu, eins og segir í máltækinu, þó að ég fái að vísu ekki séð að athugasemdir hans risti mjög djúpt. Ég vil þó leyfa mér að vekja sérstaklega athygli á þeim ummælum hans, að auðvaldið á Íslandi sé einna helst að finna í verkalýðshreyfingunni og samvinnuhreyfingunni. Þetta finnst mér mjög athyglisverð yfirlýsing sem rétt er að staldra við og vekja athygli á. Hann mun þá hafa átt við hina digru sjóði þessara aðila.

Ég vil hins vegar fullvissa hann um það, að það frv., sem hér er flutt, er býsna langt frá því að vera frv. um framkvæmd sósíalisma á Íslandi, eins og hann gaf hér í skyn. Og ég vil þá fyrst og fremst minna á að meginefni frv. er ekki að skerða rétt sem einstaklingar eiga í dag, heldur að setja eignarrétti einstaklinga eðlilegar og skynsamlegar skorður, eðlileg takmörk. Þessi reginmunur verður að vera mönnum ljós, að hér er ekki um að ræða skerðingu eignarréttar nema þá að mjög óverulegu leyti. Eins og ég vakti athygli á áðan, þá gæti það fyrst og fremst átt við um það ákvæði frv. sem snertir námur og námuréttindi, en ekki að öðru leyti, því að frv. er að öðru leyti fyrst og fremst um eðlileg takmörk eignarréttar.

Ég get ekki fallist á að með þessu frv. sé réttur borgarbúa í einu eða neinu skertur, eins og þm. vék þó að. Ég kannast ekki við að þeir eigi nein þau hlunnindi almennt sem um er getið í þessu frv. Þó að það kunni að vera að einhverjir borgarbúar telji sig eiga jarðhita nokkra km eða kannske tugi km niðri í jörðinni, undir yfirborði lands sem þeir eiga, þá er þetta sjónarmið þeirra byggt á misskilningi og frv. okkar miðar einmitt að því að eyða misskilningi af þessu tagi.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja örfá orð í tilefni af þeim frv. tveim sem hér eru á dagskrá, en ég hef ekki því miður vegna annarra starfa ekki tíma til að taka þátt í meðferð d. að þessu sinni á því frv. sem væntanlega verður rætt hér á eftir.

Mér finnst fyrir mitt leyti, ef ég skil þessi tvö frv. rétt, á þeim vera ákaflega mikill munur og munur sem ég vil leyfa mér að vekja athygli á, þar sem það frv., sem hér er til umr. nú, gerir ekki, eftir því sem ég skil það, ráð fyrir að skerða þann eignarrétt sem fyrir hendi er á landsins gögnum og gæðum, nema þá að einhverju óverulegu leyti og þá helst þann eignarrétt sem umdeilanlegur er og umdeildur.

Það segir hér að eignarrétti skuli að öðru leyti skipað með lögum. M. ö. o. er ekki í þessu frv. till. um að taka eignarnámi allar lóðir og lendur, eins og er gert í frv. þeirra hv. Alþfl.-manna sem hér liggur frammi á þskj. 65. Og er ég því algjörlega á móti. Ég fagna því að Alþb. og formaður þess skuli viðurkenna að það sé röng stefna að ríkisvaldið eigi allt land. Og ég vona að hv. Alþfl. sé ekki svo róttækur og svo sósíalíseraður að hann geti ekki hugsað sér að viðurkenna þetta nú a. m. k. þegar viðurkenningin liggur fyrir frá Alþb., sem hingað til hefur þó a. m. k. víða, eins og hv. formaður þess gat um, beitt sér einmitt sérstaklega fyrir því að allt land skyldi vera ríkiseign. En ég fagna því, að nú er það komið a. m. k. í ljós í þeirra augum, að slíkt fyrirkomulag sé óheppilegt, og að því er ekki stefnt í því frv. til stjórnarskipunarlaga sem hér er til umr.

Auðvitað er alltaf ágreiningur hugsanlegur og fyrir hendi raunar um eignaraðild að landsins gögnum og gæðum, og það er út af fyrir sig eðlilegt. Ég held þó, að við Íslendingar, sem landið byggjum í dag, séum ákaflega vel settir að þessu leyti eins og er. Við búum í stóru landi, fámenn þjóð. Það ætti að gefa okkur hverjum um sig aukna möguleika til þess að njóta þeirra auðæfa, sem landið hefur að bjóða og fram að færa. Og ég sé ekki annað en það sé mjög auðvelt fyrir okkur að koma málum þannig fyrir, að við getum öll notið eðlilegrar útivistar og annarra lífsins gæða sem landið hefur að bjóða. Ég minnist þess, þegar hér var verið að setja lög um náttúruvernd, að þá hélt ég um þetta dálitinn ræðustúf sem ég ætla mér ekki að endurtaka, en vísa til ef einhver nennti að hugsa aftur í tímann og skoða það sem áður hefur verið sagt. En erindi mitt hingað að þessu sinni var fyrst og fremst að vekja athygli á þeim mikla mun sem er á þessum tveimur frumvörpum, og af þessum tveimur leiðum felli ég mig miklu betur við þá sem hér er til umr. Þar með vil ég auðvitað ekki fyrir fram lýsa því yfir að lítt athuguðu máli að ég sé samþykkur öllum ákvæðum frv. Það verður að koma í ljós við nánari athugun.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að taka þátt í 1. umr. um lagafrv. nú, en tel mig ekki geta hjá því komist vegna ræðu hv. síðasta ræðumanns, utanrrh. Formaður Alþb. hefur náttúrlega ekki lýsa yfir þeirri skoðun, hvorki sinni né flokksins, að það hljóti úrtakslaust og ævinlega að vera rangt að ríkið eigi allt land. Við aðstæðurnar eins og þær eru nú er engin þörf á slíku — og það sem meira er: það væri rangt við aðstæðurnar eins og þær eru nú. En það eru meira en hugsanlegar þær aðstæður, að við hlytum að álykta að rétt væri að landið yrði allt þjóðareign. En að áliti okkar Alþb.-manna er það síður en svo forgangsverkefni núna að setja lög um að landið sé allt eign þjóðarinnar, að þjóðnýta landið. Það er álit okkar að eins og ástandið er í dag væri slíkt til hins verra, beinlínis vegna þess að það er skoðun okkar, að vernd landsins, gæsla þess og nýting þess væri verr komin undir hatti eins ráðh. eða ráðuneytisstjóra suður í Reykjavík heldur en nú, þar sem varsla þess er þó í höndum 4000—5000 bænda. Bújarðirnar okkar eru mun nær því að vera í almannaeigu nú með einkaeignarrétti bændanna, eins og er í dag, heldur en yrði ef landið yrði allt þjóðnýtt og sett á vald eins embættismanns eða fárra suður í Reykjavík.

Uppi eru ýmis vandamál í íslenskum landbúnaði, ýmis vandamál á höndum bænda, sem stafa af einkaeignarréttinum, af einkaeignarrétti bændastéttarinnar. Vel er það kunnugt að góðar bújarðir hafa lent í braski vegna ýmissa hlunninda, þ. á m. veiðihlunninda og hækkað svo óhóflega í verði, að ógerlegt er fyrir bændasyni að eignast bær eða komast yfir bær til búskapar af þeim sökum. Þetta er ekki nýtt vandamál, þ. e. a. s. vandamál jarðabrasksins er ekki nýtt. Á síðustu árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina ræddu bændur þetta vandamál mjög einarðlega sín í milli, til hvaða ráða skyldi gripið til þess að stemma stigu við jarðabraskinu, til þess að tryggja að jarðir gætu áfram verið í ábúð. Og ég hef vakið athygli á því fyrr hér í þessari hv. d. og því hefur ekki verið andmælt, að þá höfðu forustumenn bænda þegar unnið talsvert að samningu lagafrv. sem miðaði að því að landið yrði allt, til sjávar og sveita, hver ferþumlungur lands yrði eign ríkisins, en bændur héldu áfram fornum rétti sínum til nytja á landinu, til búskapar með — ef svo má segja — járnbentri erfðafestu og töpuðu einskis í nema réttinum til þess að selja landið. Af því varð að vísu ekki að frv. þessarar tegundar yrði lagt fram á Alþ. og ollu því ýmsar aðstæður á þeim tíma.

Af hálfu Alþb. er það ljóst, að ríkiseign á öllu landinu kemur mjög svo til greina þegar aðstæður krefjast slíks. En eins og nú er í pottinn búið hjá okkur yrði þjóðnýting lands hýsna aftarlega á verkefnaskrá. Við Alþb.-menn teljum aðrar eignir miklu girnilegri til þjóðnýtingar til þess að fremja með hag almennings á þessu landi.

Jón Helgason: Herra forseti. Það efni, sem þetta frv. til stjórnarskipunarlaga fjallar um, er mjög yfirgripsmikið þar sem það nær frá ystu mörkum efnahagslögsögu til óbyggða og hæstu fjalla, og ég ætla ekki að fara langt út í að ræða það. Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi vekja athygli á, en það er að með þessu frv. á að slá því föstu að afréttir skuli teljast sameign þjóðarinnar, en það hefur verið skilningur margra að þeir eigi að teljast til þeirra sveitarfélaga sem þá hafa nytjað frá örófi alda. Afréttirnir eru ekki eign einstaklinga, þeir eru sameign sveitarfélaganna, eða það hafa sveitarfélögin talið.

Það hefur komið hér fram í ræðum flm., að Alþb. telur að bújarðir séu ekki betur komnar undir stjórn eins eða fárra embættismanna í Reykjavík heldur en bænda. Og þá finnst mér

að vakni sú spurning: Af hverju er þessi sameign, afréttirnir, betur komin í höndum þessara manna heldur en fólksins sem býr á þessum landssvæðum? Ég á dálitið erfitt með að koma því heim og saman. Af hverju eiga ekki sveitarfélögin að hafa á afréttunum sama eignarrétt og bændur hafa á bújörðum sínum, hvort sem það verða þar einhvern tíma settar einhverjar takmarkanir, eins og stefnt er að með þessu frv., það skal ég ekkert fullyrða um. En sveitarfélögin bera ábyrgð á þessum afréttum að vissu leyti a. m. k. Á þeim hvílir sú skylda að smala þá, og það hafa þau gert, vegna þess að þau hafa talið að þeim bæri skylda til að gera það vegna þess að þau ættu þetta land. Ef ætti að fara að taka eignarréttinn algerlega af sveitarfélögunum og ríkið taka hann, þá finnst mér að það hljóti að vakna a. m. k. sú spurning, hvort það fylgi þá ekki einhverjar skyldur líka. Þá held ég að það gæti nú orðið þungur baggi fyrir þjóðfélagið eða ríkið. En ég hef ekki orðið var við að það, að sveitarfélög hafi talið sig eiga afréttina, hafi hindrað umferðarrétt um þá. Ég veit ekki betur en þeir hafi verið öllum landsmönnum opnir til umferðar og að njóta þess, sem náttúran hefur þar að bjóða, með því að skoða landið.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram við þessa 1. umr., að ég er í öllum meginatriðum sammála því sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. áðan og er í öllum meginatriðum sammála þeirri stefnu sem þetta frv. markar. Ég hef ekki haft tíma til þess að taka afstöðu til einstakra atriða, en stefnan sýnist mér hins vegar vera sú, að það eigi að taka af eins og unnt er vafa um eign á ýmsum landssvæðum sem um hefur verið deilt og um eign á orku og náttúruauðlindum, bæði í sjávarbotni og á landi. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvægt. Þær deilur, sem um þetta hafa staðið, hafa áreiðanlega ekki verið til góðs og ég fæ ekki séð raunar neinum til framdráttar, jafnvel ekki þeim sem hafa harðast sótt eftir því að hafa þennan eignarrétt.

Ég tek undir það með síðasta hv. ræðumanni, að ég hef fyrirvara um einstök atriði, eins og t. d. setninguna um afrétti og önnur óbyggð lönd utan heimalanda. Það finnst mér að þurfi að athuga nokkru nánar. Ég get tekið undir það með honum, að í mörgum tilfellum hygg ég að afrétt sé vel komin í höndum þeirra, sem afréttinn nýta. Hins vegar eru oft átök og deilur um einstök hlunnindi á slíkum afréttum sem ekki er hægt að fella að öllu leyti undir aldagamla nýtingu þeirrar beitar fyrst og fremst sem þar er um að ræða, t. d. veiði í vötnum og almenn útivist.

Ég tel ákaflega mikilvægt að allur fjöldi íbúa þessa lands verði hér þátttakandi og eignaraðili að landinu sjálfu. Það má alls ekki, eins og dálitið hefur borið á, útiloka þann mikla fjölda frá mikilvægri eignaraðild að landinu sem er hverjum manni, að ég hygg, nauðsynleg og eðlileg. En ég skil þetta frv. svo, að hér sé á það lögð áhersla að ganga ekki á þann afnotarétt af landinu sem bændur hafa haft til þessa. Þetta tel ég frumatriði og e. t. v. það mikilvægasta í þessu máli öllu.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi aðeins, eins og ég sagði, láta koma fram, að ég fagna þessu frv. sem ég tel mikilvægt, og vil óska þeim Alþb.-mönnum til hamingju með að því er mér finnst töluverða stefnubreytingu frá því sem mér hefur heyrst áður. Mér finnst þetta vera miklu meira niðri á jörðinni heldur en ég hef séð áður úr þeim herbúðum og æskilegt að taka þetta mál hér til umr.

Ég vil hins vegar segja það, — hv. 12. þm. Reykv. er nú ekki hér staddur, — en ég vil þó láta það koma fram, að ég á ákaflega erfitt með að skilja skilgreiningu hans á auðhringum sem kom fram áðan. Ef verkalýðsfélög eða sjóðir þeirra og sjóðir samvinnufélaga eru auðhringir, þá er það ólíkt þeirri skilgreiningu sem ég hef áður kynnst á þessu atriði. Þarna er um fjármagn að ræða sem einstaklingar, sem hafa valist þar til forustu á lýðræðislegan hátt, geta ekki ráðskað með að vild. Þeir eru bundnir í þessum félögum við ákveðin félagsleg málefni, sem þar er um að ræða, og það skilst mér vera töluvert annað en sú almenna skilgreining á auðhringum. (**StJ:** Ekki auðvald?) Sagði hann auðvald? Ég hef kannske ekki tekið rétt eftir. Mér heyrðist hann nefna auðhringa. Auðvald hefur nokkuð aðra merkingu. En í hugum flestra hygg ég þó að auðvald sé gjarnan skilið svipað og auðhringir, þ. e. a. s. vald sem getur notað fjármagn til þess að auka vald sitt og auka yfirráð sín á ýmsan kannske vafasaman máta. Staðreyndin er sú, að sem betur fer þá höfum við ekki slíkt auðvald hér á landi. Ég kannast ekki við að það sé hér, a. m. k. ekki í neinum þeim mæli sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, og ég held að við hljótum allir að fagna því.

Ekki fleiri orð um þetta. Ég vil sem sagt lýsa í meginatriðum ánægju minni með þá stefnu sem þetta frv. bendir til.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað úr hópi framsóknarmanna fyrir jákvæðar undirtektir þeirra við þetta mál. Það var ekki annað að skilja á þeim en þeir væru samþykkir þeirri meginstefnu sem kæmi fram í frv., þótt þeir hefðu fyrirvara um einstök atriði.

Afstaða Alþfl.-manna liggur nokkuð ljós fyrir enda þótt þeir hafi ekki tekið til máls við þessa umr., og mér þykir því flest benda til þess að raunverulega sé traustur þingmeirihl. á Alþ. fyrir hendi til þess að ákveða skipan þessara mála til frambúðar. Verður þá að láta skeika að sköpuðu hvenær aðstæður verða fyrir hendi svo að sá meiri hl. verði að veruleika.

Í sambandi við orð hv. þm. Jóns Helgasonar, 4. þm. Suðurl., áðan vil ég leyfa mér að benda honum og öðrum á að sjónarmið hans þurfa ekki að stangast á við efni þessa frv. Hann orðaði það svo, að afréttirnir væru sameign sveitarfélaganna og eðlilegt væri, að þeir, sem byggju næst þessum löndum, hefðu þann afnotarétt af þessum svæðum sem þeir þyrftu. Ég vil leggja á það áherslu, að till. gengur alls ekki út frá því að svipta bændur hugsanlegum afnotarétti, beitirétti eða veiðirétti (**JHelg:** Ég sagði: sama eignarrétt og bændur hafa á bújörðum.) Já, þá hef ég skilið þm. rangt. Frá okkar sjónarmiði er

sjálfsagt að bændur haldi þeim réttindum á afréttum sem þeir hafa haft fram að þessu. Það er hinn óbeini eignarréttur sem fólginn er í beitirétti og veiðirétti og almennum afnotarétti. Við teljum hins vegar að hinn beini eignarréttur, hinn formlegi eignarréttur sé best kominn í höndum þjóðarinnar allrar. Og ég vil gjarnan heyra frá honum rök fyrir því, að það megi ekki vera á þann veg ef bændurnir og ef sveitarfélagið heldur öllum þeim rétti sem það hefur haft til þessara landa. Hvers vegna skyldi það þá endilega vilja krefjast þess að afréttarlöndin teljist formleg eign líkt og lóðir í kaupstöðum eða heimalönd bænda, þegar fyrir liggur að Hæstiréttur hefur ekki viljað fallast á þá afstöðu og telur að sú afstaða sé alls ekki í samræmi við íslenska réttarvenju, sbr. hæstaréttardóm í deilum Skagfirðinga og Eyfirðinga sem ég vitnaði til áðan? Þar var ekki um að ræða almenning, heldur einmitt afréttarland, Nýjabæjarafrétt, og Hæstiréttur gat ekki fallist á að nein tiltekin jörð ætti eignarrétt að honum, þar sem það var ósannað með öllu að slíkur eignarréttur hefði nokkurn tíma verið fyrir hendi. Það sama gildir um afrétti annars staðar, að yfirleitt er það ósannað með öllu að sveitarfélög eða einstök býli hafi átt með beinum hætti afréttina, þótt þau hafi haft afnotarétt af þeim. Ég fæ ekki séð, að bændur og sveitarfélög þeirra geti ekki fallist á þessa niðurstöðu og skil ekki, af hverju þeir ættu að vera að streitast við að breyta þeim venjum sem um þetta hafa ríkt um aldir að dómi fróðustu manna.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um þetta frv. við þessa umr., en umræður hafa nú eigi að síður hneigst í þá átt að ég kann því ekki að láta ekki heyrast frá mér hljóð um þetta efni sem ég læt mig nokkru skipta. En ég verð því miður að hryggja hv. 1. flm. þess, hv. 5. þm. Norðurl. v., með því, að ég mun ekki vera í þeim trausta þingmeirihl. sem hann byggur að hann eigi með þessu frv.

Hv. þm. taldi í sinni síðustu ræðu að formlegur eignarréttur afréttarlandanna væri miklu betur kominn í höndum þjóðarinnar allrar heldur en skipan haldist með þeim hætti sem verið hefur að undanförnu og sveitarstjórnarmenn og bændur hafa yfirleitt viljað leggja áherslu á. Ég er þeirrar skoðunar, að menn stjórni málum best þar sem þeir eru á vettvangi og erfiðara sé fyrir þá, sem eiga heima fjarri þeim slóðum sem ráðstafa skal, að stjórna þeim svo að af viti sé. En ég viðurkenni að það er mikill þagi, að lögfræðingar hafa tekið upp þrætu um hver væri hin eðlilega staða og löglega staða varðandi eignarrétt afréttanna. Og mig furðar á því, sem stendur í grg. með frv., sem ég efa ekki að er rétt tekið upp úr forsendum dóms Hæstaréttar, þar sem sagt er um mál Landmannaafréttar og Holtamannaafréttar: „Hæstiréttur komst einróma að gagnstæðri niðurstöðu við undirrétt og taldi að ekki hefðu verið leiddar sönnur að því, að Landmanna- og Holtamannahreppur hefðu öðlast eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti.“ Ég skal ekki segja að þeir hafi öðlast eignarrétt á afréttinum fyrir hefð. En á það vil ég benda, að það munu vera 60—70 ár síðan sveitarstjórnir þessar, sem töldu sig eiga umráð yfir þessum afréttum, afhentu með kaupgerningi eða sölusamningi landssvæði á þessum afréttarlöndum, og það var ekki vefengt af stjórnvöldum ríkisins. Alveg sami háttur var á hafður um sölu á afréttarlandi Gnúpverjahrepps í Árnessýslu, og var ekki einungis að það væri látið óátalið af umboðsmönnum ríkisvaldsins, heldur var einn af hæstaréttardómurunum fenginn til þess að skrifa á kaupsamninginn að hann teldi hann vera með eðlilegum hætti. Mig furðar á því, ef það er rétt, að Hæstiréttur segir hér að um hefð gæti ekki verið að ræða í þessu efni.

Ég tel ekki ástæðu til þess að svo komnu máli að halda um þetta langa ræðu, en ég get ekki lýst yfir ánægju minni með frv., það sé gott og muni leiða til farsældar fyrir alþjóð. Ég veit ekki betur en öllum almenningi séu opin afréttarlöndin til umferðar eftir því sem hann óskar og mundi með þessum hætti engan frekari rétt öðlast. (**RA:** Það eru verðmæti í jörðu.) Já, það er einmitt það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., sagði áðan að nú væri frv. komið niður á jörðina, en það er náttúrlega komið niður í hana og það veit ég ekki hvort er nokkuð til bóta. Ég ætla ekki að lýsa ánægju minni yfir því, að frv. er fram komið, að öðru leyti en því, að það getur verið gott að taka upp öðru hverju umr. og rökræður um þessi mál. En ég hafði haldið að það væri ekki langt síðan þær fóru síðast fram og væri óhætt að bíða með það í bili. En ég er tilbúinn ef áfram verður haldið.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta það sem kom fram áðan í máli eins hv. ræðumanns, að hér væri um nýja stefnu af hálfu okkar Alþb.-manna að ræða. Það fer fjarri því. Þessi stefna, sem er túlkuð í þessu frv., hefur komið mjög skýrt fram í umr. af okkar hálfu einmitt í sambandi við till. þeirra Alþfl.-manna, sem áður var í því formi flutt í Sþ., um hvernig þessum málum skyldi skipað. Þar þótti okkur um sumt of langt gengið og vorum þá einmitt með þá stefnu sem meginatriði, sem kemur fram í þessu frv. okkar.

Það var gripið fram í áðan af hv. þm. Jóni Ármanni, að við nálguðumst þá Alþfl.-menn hægt og bítandi í þessu máli. En sannleikurinn er sá, að Alþfl. hefur í þessu máli tekið allmiklu raunsærri afstöðu en hann gerði í byrjun, því að í fyrstu till. flokksins voru miklu fortakslausari ákvæði en nú eru í því frv. sem hér er flutt. Þannig hefur tillögugerð þeirra eða frv.-gerð færst niður á jörðina eins og var áðan talað um varðandi okkar stefnu.

Ég held að menn geri sér ekki nægilega grein fyrir því, að ekki er um eins geysilegan mun að ræða á frv. og hér hefur verið vikið að. Við tökum það fram, að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. Við göngum út frá þessu sem meginreglu. En í frv. þeirra Alþfl.-manna segir: „Þrátt fyrir 1. gr. þessara laga skal bændum frjálst,

ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi, sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru, og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja, eggjataka, selver og reki, þó ekki veiðiréttur í ám eða vötnum" — þó ekki veiðiréttur í ám né vötnum og þarna skilur sem sagt fyrst og fremst á milli.

Ég skal viðurkenna að það er okkar skoðun að þarna sé að viðkvæmu máli komið, og við vitum mætavel að um *sumt stefnir hér í óefni* varðandi veiðiréttinn og það hvernig þessi hlunnindi eru seld á leigu. En við göngum hins vegar út frá því sem meginreglu, að þau hlunnindi, sem hafa fylgt jörðunum frá fyrstu tíð, haldist áfram og þar er þessi veiðiréttur tvímælalaust meðtalinn. Þess vegna höfum við ekki á þessu stigi gert ráð fyrir því að taka þennan rétt með í þá upptalningu sem er í 1. mgr.

Ég vildi aðeins víkja að þessu, vegna þess að áðan var um það talað að á þessum tveimur frv. væri einhver reginmunur. Þarna er í raun og veru sá helsti munur sem ég vék að áðan. Hitt er í raun aðeins blæbrigðamunur, og ég held að það sé lítill vandi fyrir okkur Alþb.-menn og Alþfl.-menn að komast að fullu samkomulagi í þessum efnum.

Jón Helgason: Herra forseti. Hv. frsm., 5. þm. Norðurl. v., spurðist fyrir um það, hvaða rök ég hefði fyrir því að halda fram þeirri skoðun sem ég gerði hér áðan. Ég vil aðeins í örfáum orðum nefna a. m. k. eitt atriði.

Ég held að lögfræðingar vilji skipta eignarétti á afréttum í tvennt. Annars vegar eru það svokallaðir almenningar sem lengi hafa fylgt sveitarfélögum og þau hafa talið sína eign. Hins vegar eru svo afréttir sem hafa verið í einkaeign einstakra jarða, en hafa verið seldir á síðustu öld eða það nálægum tíma að til eru pappírar yfir það, og þá seldir annaðhvort sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum. Þar sem slík sala hefur farið fram, þá held ég að það hafi ekki verið vefengt að um ótvíræða eign sé að ræða. Enn fremur veit ég að sum sveitarfélög, sem hafa átt afrétti frá því að sögur urðu til, hafa keypt jarðir og lagt við þá. Ég get ekki skilið hvaða rök eru fyrir því að vera að skipta þannig afréttum í tvennt eftir því hvort eru til skrifleg gögn yfir þetta eða ekki, þar sem afnota- og umráðarétturinn hefur í framkvæmd verið nákvæmlega sá sami og þetta hefur verið eins í hugum manna sem þarna hafa átt hlut að máli. Þeir hafa talið þetta vera eign sveitarfélagsins hvort tveggja. En við vitum að þar sem ekki hefur farið fram sala í margar aldir eða kannske frá ómunatíð, þá eru ekki til skrifleg gögn yfir það.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég má til með að leiðrétta augljósan misskilning sem fram kemur í máli hv. 4. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar. Hann hélt því fram, að þar sem svo stæði á að afréttarlönd hefðu verið seld, þar sem sala hefði farið fram, eins og hann komst að orði, þar væri ekki vefengt að um ótvíræða eign viðkomandi aðila væri að ræða, þ. e. a. s. kaupandans eða þeirra sem leiddu rétt sinn frá honum. Þetta er mikill misskilningur, því að í þeim tilvikum þar sem Hæstaréttur hefur fjallað um eignarrétt að afréttum, þá hefur einmitt verið um það að ræða að menn hafa vísað til þess að þeir hafi keypt viðkomandi afrétti af ákveðnum aðilum. T. d. var það þannig, að Skagfirðingar bentu á að þeir hefðu keypt afrétt Nýjabæjarlands af ákveðnum bújörðum í Eyjafirði, og þannig var reynt að rekja *málið nokkur hundruð ár aftur í tímann*. En aðalgallinn var bara sá, að Hæstiréttur féllst ekki á það raunverulega að þeir, sem seldu, hafi nokkurn tíma haft rétt yfir því sem þeir voru að selja, og það er þar sem hnífurinn stendur í kúnni. (Gripið fram í.) Þarna er um að ræða land sem sannanlega hefur verið afréttur, þetta eru afréttarlönd. Og jafnvel þótt sala hafi farið fram, þá er það ekkert sönnunargagn fyrir því að sá sem seldi hafi átt þann rétt sem hann var að selja.

Við Alþb.-menn teljum einmitt að það sé óhjákvæmilegt vegna þeirrar miklu óvissu, sem í þessum efnum er, að slá því föstu að afréttir almennt, það sem menn geta verið sammála um að geti talist til afrétta, sé sameign. Hins vegar geta Skagfirðingar haft afnotarétt af því afréttarlandi sem þeir töldu sig kaupa. Það er allt annað mál. Hæstiréttur viðurkennir í dómum sínum að það kunni að vera full ástæða til fyrir þá að krefjast þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 41). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Iðnþróunarstofnun Austurlands, frv. (þskj. 46). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum, frv. (þskj. 2, n. 63). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson) Herra forseti. 15. júlí s. l. gaf forseti Íslands út brbl. að ósk sjútvrh. um að fella niður útflutningsgjöld þau sem lögð eru á kolmunna- og spærlingsafurðir

með lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Það frv., sem hér er til umr., er flutt til staðfestingar á þeim lögum.

Forsenda þessara laga er sú stefna sem fylgt hefur verið á síðustu árum, að hlífa sem auðið er þeim fiskstofnum, sem nú eru í lægð, m. a. með því að gera það sem auðið er á hverjum tíma til að beina að og auka sókn á aðrar fisktegundir sem lítið eða ekki hafa verið nýttar af okkur Íslendingum til þessa, og eru þar magnmestar tegundirnar sem í frv. þessu er fjallað um, þ. e. kolmunni og spærlingur.

Þrátt fyrir að þetta útflutningsgjald var fellt niður, sem gerði það m. a. að verkum, eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. sjútvrh., að verð á þessum fisktegundum hækkaði um nálega 1.10 kr. hvert kg, þá varð því miður ekki sá árangur af þessum aðgerðum sem vonast var til því kolmunnaveiðin var mun minni en gert var ráð fyrir og færri skip tóku þátt í veiðunum en vonir stóðu til. Samtals munu hafa veiðst eins og líka kom fram í framsöguræðu ráðh., um 9 þús. tonn — tæp þó.

Það, sem mesta eftirtekt hefur vakið við þessar veiðar, eru þær tilraunir sem gerðar voru á vegum sjútvrn. og í nánu samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunina. Á þeirra vegum var tekinn á leigu togarinn Runólfur frá Grundarfirði og hann aflaði um 125 lestir. Þar af voru heilfrystar hjá ýmsum frystihúsum um 50 lestir, og sömuleiðis var unnið í marning í frystihúsi í Sandgerði og heilfryst, slægt og hausað af Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði, 20 lestir á hvorum stað. Síðan hefur einnig Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins unnið úr afla Runólfs suður í Gerðum u. þ. b. 150 lestir í skreið og til þurrkunar. Þetta er stærsta tilraun sem gerð hefur verið á þessu sviði — ja, mér er óhætt að segja til þessa, — til þess að nýta slíkar fisktegundir til manneldis. Er vonandi að þessi ráðstöfun og aðgerðir marki tímamót í nýtingu slíks afla fyrir fiskveiðiþjóðina Íslendinga á næstu árum.

Þessum tilraunum er haldið áfram, og hefur verið leigður annar togari til að stunda slíkar veiðar á Dohrnbanka. Mun hann leggja kolmunna upp til vinnslu í verksmiðjum og eins til þess að halda þeim þurrkunartilraunum, sem ég hef getið um, áfram á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Það kom fram í umr. n., að það gæti verið nauðsynlegt að fá enn kraftmeiri skip til slíkra tilrauna og þá m. a. til veiðitilrauna annarra tegunda og á meira dýpi en til þessa hefur verið reynt að stunda veiðar á hér við land.

Það má segja það sama um spærlingsveiðarnar, að þær voru miklu minni en menn gerðu sér vonir um. En þrátt fyrir það að almennur áhugi virðist ekki hafa verið á þessum veiðum hjá útgerðarmönnum, þ. e. kolmunnaveiðum og reyndar kolmunnavinnslu líka, þá er mjög nauðsynlegt að staðfesta þessi brbl., eins og kom fram hjá ráðh. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta, að það væri nauðsynlegt að staðfesta þessi lög af Alþ., og hann lýsti enn fremur yfir, orðrétt: „Ég tel að þó að þessi lög séu aðeins um niðurfellingu útflutningsgjalda á þessu ári, þá tel ég mjög koma til greina að framhald verði á þessu á næsta ári, meðan verið er að glæða áhuga manna á veiðum á þessum fisktegundum á þann hátt að draga úr öðrum fiskveiðum.“

Þessi ummæli ráðh. og vilji nm. til að stuðla að betri nýtingu þessara fisktegunda voru að sjálfsögðu einnig til umr. í hv. sjútvn. og einnig sú skoðun nm., að fleiri atriði gætu komið upp á næstunni sem kallað gætu fram óskir um breytingu þessa útflutningsgjalds til lækkunar. Það var t. d. bent á að fyrirframsala saltsíldar og verðlagning hennar hefði verið bundin því að síldin næði ákveðnu fitumagni. Þegar þetta var rætt í n. hafði komið í ljós, að til þessa gerði hún það ekki og væri útlit fyrir að vegna þessa þyrfti að grípa til sérstakra ráðstafana með því ráði, sem hér hefur verið bent á, eða öðrum.

Þrátt fyrir þessar ábendingar og viljayfirlýsingu ráðh., sem ég hef vitnað til, er n. sammála um að málið gangi nú áfram svo afstaða Alþ. til brbl. liggi fyrir. Á seinna stigi í þessari hv. d. eða Ed. er að sjálfsögðu möguleiki til að koma fram brtt. við frv. og þá máske í þá veru, sem hæstv. sjútvrh. vék að, eða þá í þá veru, sem einstakir nm. í sjútvn. hafa minnst á. En við erum sammála um það í hv. n. að mæla með samþykkt frv., og ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Hlutafélög, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Við þm. Alþfl. í þessari hv. d. leyfum okkur að flytja á þskj. 7 frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921.

Frv. þetta eða frv. sama efnis hefur áður verið flutt í þessari hv. d. Það var á síðasta Alþ., að þá fluttum við, þessir sömu flm., frv. til l. um atvinnulýðræði á þskj. 315, en einn kaflinn í því frv. fjallaði um breyt. á l. um hlutafélög, nr. 77 frá 1921. Frv. það, sem hér er flutt, er efnislega samhljóða þeim kafla. Málið hefur þó verið einfaldað nokkuð frá upphaflegri gerð, m. a. í þá átt að fella niður nákvæm fyrirmæli um framkvæmd kosninga á fulltrúum starfsmanna í stjórn hlutafélaga og verksvið kjörnefnda. Slík nákvæm fyrirmæli voru í kafla þeim í frv. til l. um atvinnulýðræði, sem við fluttum í fyrra, og voru sniðin eftir norskum ákvæðum um sambærileg efni. Nú er gert ráð fyrir því í þessu frv. að ráðh. setji nánari fyrirmæli um slík framkvæmdaatriði í reglugerð, þannig að málið hefur nokkuð verið einfaldað frá því er það var flutt á síðasta Alþingi.

Í umr. þeim, sem urðu í fyrra um frv. til l. um atvinnulýðræði, komu einnig fram ábendingar um að æskilegt væri að hafður yrði annar háttur á flutningi málsins en þá var, en í því frv. var gert ráð fyrir breyt. á allmörgum lög-

um, auk þess sem í upphafskafla frv. var fjallað um samstarfsnefndir, sem er nýjung og á ekki heima í annarri lagasetningu. M. a. vegna þessara ábendinga, sem fram komu frá þm. sem annars vildu stuðla að framgangi þessara mála, hefur sú leið nú verið valin við endurflutning málsins í þessari hv. d. að flytja það, sem fólst í frv. til l. um atvinnulýðræði, sem fjögur sjálfstæð þingmál að þessu sinni, þ. e. a. s. frv. það sem hér er lagt fram, frv. til l. um samstarfsnefndir, frv. til l. um breyt. á l. um Áburðarverksmiðju ríkisins og frv.. til l. um breyt. á l. um Sementsverksmiðju ríkisins. Aðeins einn þáttur stendur þá eftir af frv. til l. um atvinnulýðræði, sem flutt var á síðasta Alþ., en það er IV. kafli þess frv., sem fjallar um breyt. á l. um samvinnufélög. Samvinnuhreyfingin hefur nú þegar tekið ákveðið frumkvæði um þessi mál með því að heimila starfsfólki Sambandsins að kjósa til setu á fundum stjórnar þess fulltrúa með málfrelsi og að ég held tillögurétti einnig. Fastlega má því ætla að ef frv. þetta, sem hér liggur fyrir, um breyt. á hlutafélagalögum, nær samþykki, breytt eða óbreytt, muni samvinnufélögin af eigin hvötum fylgja því fordæmi. Verði svo ekki er auðvitað hægur vandi fyrir Alþ. að koma slíku í kring með sambærilegum breyt. á lögum um samvinnufélög og e. t. v. yrði gerð á lögum um hlutafélög, er þetta frv. lýtur að.

Rétt er einnig að benda á að einmitt þessi sami háttur var á hafður í Noregi, þegar hlutafélagalögum var breytt þar árið 1971—1972 og það gert að skyldu að starfsmenn hlutafélaga í Noregi öðluðust rétt til þess að kjósa úr sínum hópi fulltrúa í stjórn þeirra. Þá var með vilja ekki gerð sambærileg breyt. á lögum um samvinnufélög, heldur beinlínis sagt í grg. með frv. því, sem samþ. var á norska Stórþinginu, að ef samvinnufélögin fylgdu ekki að eigin frumkvæði því fordæmi, sem löggjafinn var þar að setja, mundi það verða tekið til sérstakrar skoðunar og breyt. gerð á samvinnufélagalögunum um sambærilegt efni.

Um tilgang þessa frv., sem hér um ræðir, er óþarft að fara mörgum orðum. Megintilgangurinn er sá, að fyrsta skrefið verði stigið í þá átt að viðurkennt verði að sköpun verðmæta byggist framar öðru á vinnuframlagi manna og þeir, sem vinnuna leggi fram, eigi því að sjálfsögðu að hafa áhrif á ráðstöfun verðmætanna. Með því að veita vinnandi fólki rétt til aðildar að stjórn fyrirtækis, sem það starfar fyrir, er stefnt í átt til atvinnulýðræðis, en lýðræði í efnahags- og atvinnumálum er vitaskuld aðeins eðlilegt framhald sams konar þróunar á sviði stjórnmála og félagsmála. Á sama hátt og ekkert samfélag er frjálst þar sem frelsi er takmarkað við aðeins einstaka þætti mannlegra samskipta getur ekkert samfélag talist lýðræðislegt nema það sem virðir og viðurkennir sömu grundvallarreglur lýðræðis jafnt í efnahags- og atvinnumálum sem í félags- og stjórnmálum. Tilgangurinn með frv. þessu er sá, að fyrsta skrefið verði stigið í þá átt. Jafnvel þó að frv. yrði samþ. væri ekki hægt að segja að atvinnulýðræði væri á komið á Íslandi. Aðeins væri hægt að segja að fyrsta skrefið hefði verið stigið í þá átt.

Ég ætla ekki að tala frekar um almenn markmið með flutningi þessa frv. Í grg. með frv. því, sem ég gat um áðan, frv. til l. um atvinnulýðræði, sem við fluttum Alþfl.-menn í þessari d. í fyrra, var ítarlega um það atriði fjallað, og vil ég vísa til grg. og umr. sem urðu um atvinnulýðræði almennt á þinginu í fyrra og prentað er í þingtíðindum.

Meginatriðin eru náttúrlega þau, að hér er um einfalt mannréttindamál að ræða. Hér er um það að ræða að færa vinnandi fólki aukinn atkvæðisrétt til íhlutunar og áhrifa um málefni samfélags síns. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að ekki er langt síðan það varð skilyrði fyrir kosningarrétti til sveitarstjórna og Alþ. að viðkomandi einstaklingur væri nokkurs konar hluthafi í þjóðfélaginu, að hann ætti ákveðnar lágmarkseignir til þess að hann gæti öðlast rétt til að kjósa fulltrúa til Alþ. eða sveitarstjórna. Fræg er sagan af því t. d. að Jón Sigurðsson forseti þótti ekki kjörgengur þar sem hann var ekki nægilega efnum búinn til þess að vera slíkur hluthafi í þjóðfélaginu, og sagan segir að stuðningsmenn hans hafi slegið saman og gefið honum litla jörð vestur á fjörðum. Þessi saga er raunar ekki rétt, en hún sýnir okkur að stærsti og mikilhæfasti stjórnmálamaður okkar Íslendinga, það lék vafi á því hvort hann væri kosningabær og kjörgengur vegna þess að hann þótti ekki nægilega stór hluthafi í þjóðfélaginu á þeim tíma. Það má segja að þetta ákvæði hafi verið numið úr kosningalögum fyrir allnokkru. Þó eimdi talsvert eftir af því að litið var þannig á, að menn yrðu að hafa eignast ákveðin veraldleg gæði til þess að fá notið pólitísks atkvæðisréttar. Eitt af fyrstu verkum Alþfl. á Alþ. var einmitt að afnema síðustu leifarnar af þeim efnalegu takmörkunum sem settar voru á atkvæðisrétt manna hvað pólitískum kosningum viðvíkur. Þess vegna er það mjög eðlilegt að einmitt sami flokkur, Alþfl., hafi nú forustu um það á Alþ. og frumkvæði um það að atkvæðisréttur verði færður út og látinn ná til fólks ekki aðeins varðandi pólitískar kosningar, heldur einnig varðandi áhrif á efnahags- og atvinnumál.

Ekki er réttlátt að hlutafjáreign í þjóðfélaginu sé skilyrði fyrir pólitískum atkvæðisrétti. Það er ekki heldur rétt að hlutafjáreign í fyrirtækjum sé skilyrði fyrir efnahagslegum eða atvinnulegum atkvæðisrétti. Hinn vinnandi maður leggur ekki minna fram, þvert á móti, hann leggur fram meira en sá sem aðeins leggur fram fjármagn, peninga, dauða hluti, til framleiðslustarfanna. Þess vegna er rétt að hinn vinnandi maður hafi a. m. k. ekki minni rétt til áhrifa á bróunina í efnahags- og atvinnumálum en maðurinn sem aðeins nýtur atkvæðisréttar í krafti efnalegrar velgengni sinnar. Ef við teljum rétt og sjálfsagt að atkvæðisrétturinn sé jafn á hinu pólitíska sviði, án tillits til þess hvaða þjóðfélagsstöðu maðurinn gegnir eða án tillits til þess hverjar eru hans efnalegu aðstæður, þá hljótum við einnig að vera sammála um að sömu grundvallarlýðræðisreglur eigi að ríkja í efnahags- og atvinnumálum. Þar eigi menn að hafa sem jafnastan rétt, án tillits til þess hvaða störfum þeir

gegna í þágu atvinnulífsins, án tillits til þess hvaða eignir þeir hafa undir höndum. Jöfnum atkvæðisrétti í stjórnmálum hlýtur að fylgja jafn atkvæðisréttur í efnahagsmálum, vegna þess að til lengdar getur ekkert samfélag þrifist þar sem aðeins eiga að gilda lýðræðisleg vinnubrögð á ákveðnum, takmörkuðum sviðum samfélagsins, en gamaldags og úrelt viðhorf á öðrum jafnvel mikilvægari sviðum samfélagsins heldur en stjórnmálavettvangurinn er.

Þótt við Íslendingar getum staðist samjöfnuð við ýmsar nágrannaþjóðir okkar hvað varðar lýðréttindi á sviði stjórnmála og félagsmála er ástandið í þessum efnum, í atvinnu- og efnahagsmálum, svo forneskjulegt hjá okkur að um margt minnir á lénsskipulag á miðöldum. Á sama tíma og allir Íslendingar, án tillits til efna og ástæðna, eiga a. m. k. í orði kveðnu sama rétt til íhlutunar um opinber mál, um stjórn landsins og sveitarfélags síns, er hnefaréttur fjármagnsins algjörlega einráður um málefni atvinnulífsins. Þar er sá nánast algjörlega réttlaus sem aðeins hefur fram að bjóða orku hugar og handar. Ég vil taka það fram, að það er mikill misskilningur að afskipti ríkisvaldsins af efnahags- og atvinnumálum og starfsemi einstakra atvinnufyrirtækja breyti hér einhverju um. Þau afskipti, þ. e. a. s. afskipti ríkisvaldsins, geta verið góð eða ill, mikil eða lítil eftir atvikum, en þau geta aldrei komið í staðinn fyrir lýðræðisleg réttindi einstaklingsins til beinna áhrifa á atvinnumál og á stefnumótun þess fyrirtækis sem einstaklingurinn vinnur hjá. Ríkisvaldið getur ekki gætt hagsmuna starfsfólks fyrirtækja varðandi lýðræðislegan meðákvörðunarrétt með opinberri afskiptasemi af stjórnendum eða eigendum fyrirtækja fremur en ríkisvaldið getur tryggt hagsmuni sama fólks varðandi stjórn landsins með því t. a. m. að taka að sér að greiða fyrir það atkvæði í kosningum.

Atvinnulýðræði og ríkisforsjá í atvinnu- og efnahagsmálum er því tvennt ólíkt og fer oft alls ekki saman. Það, sem hið opinberlega vald hins vegar getur gert og á að gera, er að tryggja landsmönnum öllum jafnrétti til áhrifa í atvinnu- og efnahagsmálum sambærilegt því sem þeir njóta í félags- og stjórnmálum. Þetta þarf að sjálfsögðu að gera með sama hætti í báðum tilvikum, þ. e. a. s. með lagasetningu. Þannig hefur málum verið hagað í þeim nálægum löndum, sem vitnað hefur verið til þegar þessi atvinnulýðræðismál hafa verið til umr. hér á Íslandi. Reynsla okkar kennir okkur einnig að með þeim hætti verðum við Íslendingar að halda á málum, ef árangur á að nást. Aðrar leiðir skila engum árangri. Það sést best á því, að nú eru 12 ár liðin frá því að atvinnulýðræðismálum var fyrst hreyft hér á Alþ. Í öllum þeim tilvikum, sem slíkar till. hafa komið til afgreiðslu og umr. hér, hafa þær verið látnar óafgreiddar, t. d. með tilvísun til þess að verið væri að athuga möguleika á samkomulagi um þessi mál milli aðila vinnumarkaðarins.

Þrátt fyrir vilja Alþýðusambands Íslands og annarra launþegasamtaka til þess að samkomulag af slíku tagi gæti náðst í viðræðum aðila vinnumarkaðarins hefur aldrei af því orðið, og má t. d. segja að nefnd, sem sérstaklega var skipuð til þess árið 1973 að leita eftir slíku samkomulagi, hafi gefist algjörlega upp við störf sín. Mér er ekki kunnugt um að sú nefnd hafi haldið fund nú hátt í fjögur ár. Þetta er okkar reynsla af því að reyna að leysa þessi mál á þessum grundvelli sem hér um ræðir, þ. e. a. s. með samkomulagi í samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Sama reynsla hefur einnig orðið í öllum öðrum löndum. Einmitt þess vegna hefur þar verið brugðið á það ráð að fela löggjafanum málið til úrlausnar, enda er hér um að ræða hreint og klárt löggjafaratriði sem er algjörlega sambærilegt við önnur slík um aukin lýðréttindi á sviði félagsmála eða stjórnmála.

Engum hefur komið til hugar, að t. d. pólitískur kosningarréttur eigi að vera samkomulagsatriði einhverra aðila úti í þjóðfélaginu. Allir eru sammála um að þær breyt., sem gerðar séu í þeim efnum, séu breyt. sem eigi að gera á lögum, sem þessi stofnun eigi að gera. Og auðvitað er hér um að ræða algjörlega sambærilegt mál, mannréttindamál sem Alþingi á að afgreiða. Að halda því fram að löggjafinn eigi ekki að hafa önnur afskipti af réttindum vinnandi fólks til lýðræðislegra áhrifa í efnahags- og atvinnumálum en þau að staðfesta samkomulag, sem e. t. v. kynni með tíð og tíma að vera gert milli verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda, t. d. í tengslum við vinnudeilur, — að halda slíku fram er ósköp svipað og að segja að löggjafinn ætti ekki að hafa önnur afskipti af hugmyndum um að veita yngra fólki en tvítugu kosningarrétt en þau að staðfesta samkomulag, sem e. t. v. yrði einhvern tíma gert milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins um það efni í tengslum við launamál, eða kannske milli stúdenta annars vegar og hæstv. menntmrh. hins vegar í tengslum við lánamálin.

Auðvitað er hér um að ræða pólitíska ákvörðun, réttindaveitingu sem einhverjir aðilar úti í þjóðfélaginu eiga ekki að taka í samningum, sem ekkert á skylt við samninga aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör. Hér er um að ræða réttindaveitingu, veitingu mannréttinda, sem Alþ. á að ákvarða. Að sjálfsögðu er rétt að Alþ. hafi samráð um slík mál t. d. við Alþýðusamband Íslands og önnur launþegasamtök. En fyrst og síðast er hér um að ræða verkefni Alþ., en ekki verkefni annarra aðila úti í samfélaginu, enda hefur bæði reynsla okkar og allra nálægra þjóða orðið sú, að slík vinnubrögð, þegar á að leggja það á herðar verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda að semja um slík mál, skila aldrei árangri.

Ég held ég þurfi ekki að halda langa tölu um hvernig þessu er fyrir komið í nálægum löndum. Flestallir þm. þekkja til þess. En það má rekja þessa sögu allt aftur til ársins 1912. Þá var byrjað að hreyfa þessum málum í Noregi, þeim málum sem verið er að ræða núna árið 1977 á Alþingi Íslendinga, og það er langt síðan sett voru lög, bæði í Noregi, Danmörku og Svíþjóð um ýmisleg réttindi launþegum til handa í þessa veru. Og nú hafa verið í gildi, eins og ég segi, frá árinu 1972 í Noregi lög um hlutafélög, þar sem sú skylda er lögð á herðar hluta-

félaganna að veita starfsmönnum sínum beina aðild að æðstu stjórn viðkomandi fyrirtækja. T. d. er norska stórfyrirtækið Elkem-Spigerverket eitt af þeim fyrirtækjum sem frá árinu 1972 hafa haft fulltrúa starfsmanna sitjandi í æðstu stjórn sinni, en eins og menn vita er það þetta fyrirtæki sem Íslendingar eru að semja við um málmbræðslu á Grundartanga í Hvalfirði, þannig að a. m. k. þessum frændum okkar, Norðmönnum, sem við munum hefja samstarf við um atvinnumál innan tíðar eða raunar er þegar hafið, þeim kemur það sjálfsagt á óvart þegar þeir kynnast hvers konar fornaldarvinnubrögð eru hér viðhöfð hvað varðar rétt launþega til áhrifa í atvinnulífi.

Ég er hér t. d. með úrklippu úr Arbeiderbladinu norska, frá 16. mars 1977, þar sem rætt er við bæði málmiðnaðarmenn og almenna ófaglærða verkamenn sem eiga sæti í æðstu stjórn Elkem-Spigerverket, og þeir lýsa reynslu sinni. Ég hef hér í höndum ýmis gögn, sem út eru gefin af menningar- og fræðslusambandi alþýðu í Noregi, eða sambærilegri stofnun við Menningar- og fræðslusamband alþýðu hér, þar sem eru leiðbeiningar til forustumanna verkalýðsfélaga, verkafólks, faglærðs og ófaglærðs, um hvernig það á að fara að til þess að fá fulltrúa úr sínum hópi kjörna í stjórnir ýmissa helstu stórfyrirtækja Noregs. Ég er hérna með nýjar till., sem ræddar eru í norskri verkalýðshreyfingu, um breytingar á þessum málum, svo nokkuð sé nefnt.

Hér á Íslandi hefur verið dregið saman talsvert magn efnis með upplýsingum um hvernig þessum málum er hagað í næstu nágrannalöndum og var því lýst á Alþ. í fyrra og ætla ég mér ekki að rekja það frekar.

Það sem gerst hefur einna merkilegast erlendis í þessum málum nú upp á síðkastið er það, að í janúarmánuði s. l., í janúar árið 1977, rétt í þann mund sem 1. umr. fór fram um frv. til l. um atvinnulýðræði, sem ég minntist á hér áðan, kom út á vegum viðskrn. í London mikil skýrsla ásamt till. frá sérstakri nefnd skipaðri af verslunarráðherranum breska til þess að gera till. um skipan atvinnulýðræðismála í því landi. Hér er um að ræða talsvert mikla bók, tæplega 200 bls., þar sem gerð er úttekt á stöðu þessara mála í öllum nálægum löndum: Efnahagsbandalagslöndunum, Skandinavíulöndunum og víðar, rætt við fjölmarga forsvarsmenn bæði atvinnurekenda stórfyrirtækja og verkalýðshreyfingar í þessum löndum og gerð grein fyrir áliti þeirra á tilhöguninni í hverju landi fyrir sig. Þar er einnig að finna almennar niðurstöður um gildi atvinnulýðræðis, bæði fyrir einstaklinginn, fyrir verkalýðsfélögin, fyrir þjóðfélagið í heild og fyrir atvinnureksturinn, og er mjög athyglisverð lesning að kynna sér það, því segja má að þeir séu ekki síður ánægðir með þessa niðurstöðu, sem spáðu verst í upphafi, en hinir, sem bjartsýnni voru þegar þessu var hrundið af stað.

Þá er það einnig mjög athyglisvert í þessari skýrslu hvernig þessi breska nefnd, sem er allfjölmenn, með 12 eða 13 nm., í aðfararorðum sínum í skýrslunni líkir saman annars vegar baráttunni fyrir framförum í atvinnulýðræði, sem nú eiga sér stað á þessum árum og áratugum, og hins vegar baráttunni fyrir framför í pólitísku lýðræði, sem átti sér stað fyrir mannsaldri eða svo. Það eru t. d. teknar upp blaðaúrklippur og ummæli ýmissa mætra manna frá gengnum kynslóðum þar sem varað er mjög eindregið við því, að fólk, sem ekki sé nægilega ábyrgir þjóðfélagsþegnar, m. ö. o. fólk sem eigi ekki nægilega miklar eignir, sé ekki skráð fyrir nægilega miklum eignum, það öðlist rétt til áhrifa á stjórn landsins. Það er varað mjög við þessu, talað um að ef slík ósköp gerðust, að eignalaus verkamaður fengi kosningarrétt, fengi að kjósa sér fulltrúa á þing eða í sveitarstjórn, þá væri sjálfri hinni óskráðu stjórnarskrá Stóra-Bretlands hætt. Þá mætti búast við því, að á fáum árum mundi hrynja í rúst hið mikla breska heimsveldi og öll sú lýðræðisarfleifð, sem Bretar byggja á, ef þetta eignasnauða verkafólk fengi að greiða atkv. eins og betri borgarar Bretlands.

Nákvæmlega sams konar viðbárur eru nú hafðar uppi gagnvart framförum í átt til atvinnulýðræðis. Nú koma synir eða sonarsynir eða kannske sonarsonarsynir þessara sömu manna og hér var vitnað til til þess að lýsa því hvaða ósköp mundu henda ef hlutafjáreignalaus verkalýður í þjónustu einhverra stórfyrirtækja fengi að taka ákvarðanir um stefnu þessara fyrirtækja og ráðstöfun fjármála þeirra með svipuðum hætti og stóreignamaðurinn, sem ætti fyrirtækið og hefði byggt það upp, að því er manni skildist af eigin rammleik. Og það er mjög athyglisvert að lesa það í aðfararorðum þessarar bresku skýrslu, hvernig þeir bera þetta saman og líkja saman viðbárunum eða andmælunum, sem við þekkjum nú við framförum til efnahags- og atvinnulýðræðis, — hvernig þeir líkja því saman og stilla því upp við hliðina á andmælunum sem voru algeng fyrir 50 eða 100 árum gegn því að eignalaust fólk fengi að kjósa sér fulltrúa til Alþ. eða sveitarstjórna. Og auðvitað er þetta rétt ábending því að hér er um að ræða grein af sama stofni. Hér er um að ræða að rýmka atkvæðisrétt sem þegar er fenginn varðandi pólitískar kosningar, að rýmka hann svo úr verði efnahags- og atvinnulýðræði.

Það eru einnig ýmis nýmæli í sjálfum till. í þessari Bullock-skýrslu. Að vísu klofnaði nefndin í meiri hl. og minni hl., ekki um aðfararorðin, ekki um hinar almennu niðurstöður, heldur aðeins um leiðirnar til að ná því markmiði sem nefndin setti sér, að auka áhrif launþeganna á stjórn og ráðstöfun stórfyrirtækja. Nefndin klofnaði ekki um markmiðið, aðeins um leiðirnar til að ná markmiðinu. Og það er mjög athyglisvert að kynna sér till. þessarar nefndar um atvinnulýðræði eða um fyrirtækjalýðræði, eins og er e. t. v. réttara að orða það, vegna þess að þær eru talsvert frábrugðnar því sem við þekkjum t. d. frá næstu nágrannalöndum. T. d. eru áhrif verkalýðsfélaga gerð miklu meiri í till. þessarar bresku skýrslu heldur en þessi áhrif eru t. d. í Svíþjóð, Noregi og Júgóslavíu og Vestur-Þýskalandi. Það kemur m. a. til vegna þeirra sérstöku viðhorfa sem eru í Bretlandi, að ekki eru allir starfsmenn í stórfyrirtækjum félagsmenn í verkalýðsfélögunum. Talsvert stór hópur starfsmanna í fyrirtækjum er ófélagsbundinn. M. a. þess vegna hafa þeir valið þá leið að auka völd og áhrif verkalýðssamtakanna í þessum málum

með því að láta ekki starfsmennina sjálfa kjósa fulltrúa í stjórnir fyrirtækjanna, heldur haga því á annan hátt. Í fyrsta lagi fer fram atkvgr. um það, hvort starfsmennirnir ætli að nota sér þennan rétt til að kjósa fulltrúa í stjórnir viðkomandi fyrirtækja, sem þessar till. mundu veita þeim. Ef niðurstaða slíkrar kosningar verður jákvæð, þ. e. a. s. ákveðið verður að nota þennan rétt, þá er það verkalýðsfélaganna að taka næsta skrefið og láta félagsmenn sína kjósa fulltrúa annað hvort úr röðum félagsbundinna manna eða helst úr röðum trúnaðarmanna á vinnustað til þess að setjast í stjórnir þeirra fyrirtækja eða skipa þá beint. Samkv. þessum till. nefndarinnar ætti verkalýðshreyfingin í Bretlandi t. d. að geta skipað stjórnarmenn í viðkomandi fyrirtækjum úr hópi verkafólks án þess að það færu fram kosningar um hvaða menn þar ættu að vera. Það er ekki skilyrði samkv. þessum till., svo dæmi sé nefnt, að stjórnarmennirnir starfi hjá fyrirtækinu, þeir gætu verið starfsmenn verkalýðsfélaganna, þeir gætu starfað hjá einhverjum öðrum fyrirtækjum o. s. frv.

Þessar till. eru athyglisverðar, einkum og sér í lagi vegna séraðstæðna í Bretlandi og vegna þess hve mikið kapp þær leggja á að styrkja völd og ítök verkalýðshreyfingarinnar sem stofnunar í bresku þjóðlífi. Hins vegar efast ég um að þessi aðferð henti vel íslenskum aðstæðum. Réttara væri að starfsfólkið kysi sína stjórnarmenn beint úr sínum hópi, þó að verkalýðshreyfingin hafi að sjálfsögðu hönd í bagga með því, eins og lagt er til í frv. því sem hér um ræðir.

Ég ætla ekki að fara öllu fleiri orðum um almenn markmið frv. eða þær hugmyndir og aðgerðir sem uppi eru í nálægum löndum um þetta efni, nema aðeins að vekja enn og aftur athygli á því, að jafnvel þó að við höfum reynt að feta í fótspor ýmissa nágrannaþjóða okkar varðandi félagsmál og stjórnmál og lýðræðislegar framfarir í þessum málaflokkum, þá hafa aðgerðir á sviði efnahags- og atvinnumála, sem eru skyldar þessum lýðræðislegu, pólitísku framförum, algjörlega setið á hakanum hér, og því miður hafa allt of litlar umr. og athuganir átt sér stað á þeim, bæði í röðum stjórnmálamanna, atvinnurekenda og verkafólks. E. t. v. hefur það verið vegna þess, hve við Íslendingar erum niðurnjörfaðir af umr. um bein kaup- og kjaraatriði, en höfum raunar ekki gefið okkur tíma til þess að ræða önnur atriði sem geta varðað almenna velferð launþega ekki síður, jafnvel frekar en hversu margar krónur þeir bera úr býtum fyrir unna vinnustund.

Frv., sem hér um ræðir, skýrir sig að mestu eða öllu leyti sjálft, enda eru ítarlegar útskýringar við hverja grein í grg. og ætla ég ekki að fara mörgum orðum um það.

1. gr. frv. er um stjórn hlutafélaga, hluthafafundi o. fl. Þær breyt., sem ætti að gera við þann kafla í hlutafélagalögunum, eru aðeins orðalagsbreytingar. Stafliður a er aðeins smávægileg orðalagsbreyting til þess að hægt sé að koma því við að kjósa stjórnarmenn hlutafélags annars staðar en á hluthafafundi, þ. e. a. s. á kjörfundi starfsmanna, og töluliður b er efnislega óbreyttur frá því sem nú er.

1. mgr. 32. gr. hlutafélagalaganna kveður á um hvaða skilmála menn verða að uppfylla til þess að geta verið kjörnir í stjórn hlutafélaga, telur upp sem skilmála að slíkur maður verði að vera lögráða og fjár síns ráðandi, eiga hlut í félaginu og fullnægja lögmæltum skilyrðum til þess að reka í sínu nafni þá atvinnu sem félagið rekur eða ætlar að reka. Ef þessu væri ekki breytt yrði þetta líka að vera skilyrði gagnvart þeim starfsmanni sem kosinn yrði í stjórn hlutafélagsins af starfsmönnum þess. Því er gerð sú till. um orðalagsbreyt., að þessum skilmálum sé skipt í tvennt. Annars vegar séu þeir almennir skilmálar um stjórnarmenn í hlutafélagi, að stjórnarmennirnir séu lögráða og fjár síns ráðandi, og eigi þetta jafnt við um fulltrúa í stjórn kosna af hluthöfum og fulltrúa í stjórn kosna af starfsmönnum. Hins vegar bætast þau skilyrði við varðandi þá stjórnarmenn, sem kjörnir eru á hluthafafundi, að þeir eigi hlut í félaginu og fullnægi lögmæltum skilyrðum til að reka í sínu nafni þá atvinnu, sem félagið rekur og ætlar að reka o. s. frv. Hér er sem sé um orðalagsbreyt. að ræða sem ekki breytir neinu um stöðu stjórnarmanna, sem kjörnir eru af hluthöfum, frá því sem nú er.

Meginefni frv. er svo í 2. gr. þess, sem er á þá lund, að inn í hlutafélagalögin bætist sérstakur kafli, er hljóti fyrirsögnina: „Um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga.“ Það er sagt í þessum kafla, í stuttu máli, að starfsmenn hjá hlutafélagi, sem er af vissri stærð, þ. e. a. s. þar sem 40 eða fleiri starfsmenn vinna, miðað við starfsmenn í hálfsdagsstarfi eða meira, — að starfsmenn slíks hlutafélags öðlist rétt til þess að kjósa úr sínum hópi a. m. k. tvo stjórnarmenn í hlutafélaginu, en þó aldrei færri en sem nemur ⅛ hluta stjórnarmanna. Hér er um það að ræða að starfsmenn öðlist rétt, — þeir eru ekki skyldaðir til þess að kjósa úr sínum hópi stjórnarmenn, heldur öðlast þeir slíkan rétt. Til þess að geta notað þennan rétt eru síðan ákveðin ákvæði í þessum kafla, en menn geta óskað hans með tvennum hætti: annars vegar ef meira en helmingur starfsmanna óskar skriflega eftir því við stjórn hlutafélagsins að fá að notfæra sér þennan rétt eða ef verkalýðsfélög þau, sem trúnaðarmenn eiga á vinnustað sem félagið starfrækir, óska þess. Sem sé, óskir geta komið ýmist frá starfsmönnunum sjálfum eða viðkomandi verkalýðsfélögum. Síðan eru ákvæði um að stjórnarmennirnir, sem kjörnir eru af starfsmönnunum, skuli sitja í stjórn viðkomandi hlutafélags með öllum sömu réttindum og aðrir stjórnarmenn, þ. á m. hafa sama kjörtímabil. Ég fer ekki frekar út í þessa sálma, nema hvað þessi ákvæði, sem lögð eru til í frv., eru mjög sniðin eftir norskum lögum um sambærilegt efni.

Nú er það svo, að lagt hefur verið fram í Ed. Alþ. frv. til l. um breyt. á lögum um hlutafélög, þar sem gert er ráð fyrir að endurnýja algjörlega lagasetningu um hlutafélög, sem er orðin, eins og ég sagði áðan, talsvert gömul, frá 27. júní 1921 að stofni til. Hér er um að ræða mjög miklar og víðtækar breyt. sem lagt er til að gerðar verði, — breyt. sem ég er sannfærður um að almennt njóta mikils fylgis, vegna þess að það mun vera flestra manna mál að hlutafélagalögin séu orðin gömul og úr sér gengin og þurfi að gera á þeim

mjög verulegar breyt. til bóta, og slíkar breyt. er lagt til að gerðar verði í því stjfrv. sem hér um ræðir. Þar munu m. a. vera ákvæði sem tryggja minni hl. í hlutafélagi ákveðna aðstöðu til áhrifa sem skort hefur á í núgildandi lögum. Hins vegar er mér ekki kunnugt um að þar séu lögð til sambærileg eða sams konar ákvæði og frv. þetta gerir ráð fyrir. Ég mundi fagna því mjög ef sú n., sem um þessi mál fjallar í hv. Ed. og fær það frv. til meðferðar sem þar er til umr. og afgreiðslu, tæki af eigin hvötum eða að beiðni eða ósk hæstv. ráðh. einmitt þessi mál til athugunar og athugaði hvort ekki væri hægt að fella inn í það frv. efnisatriði þess frv. sem ég mæli fyrir hér. Verði sú ekki raunin mun ég að sjálfsögðu reyna að koma því fram með flutningi brtt. við það frv. þegar það kemur fram í þessari hv. deild.

Herra forseti. Ég hef þessi orð svo ekki fleiri, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Hér er hreyft ákaflega mikilvægu máli, en ég ætti kannske að orða það svo frekar, að hér er snuddað við ákaflega mikilvægu máli, því að mér finnst vera ákaflega mikil lausatök á þessum frv.-flutningi. Hér um að ræða fjórar till. og ég vil leyfa mér að gera örlitlar athugasemdir við þær allar í heild, þó aðeins sú fyrsta sé núna á dagskrá.

Ég vil fyrst gera málfarslega athugasemd. Hv. 1. flm. notaði orðið atvinnulýðræði. Mér finnst þetta orð vera hálfgert afstyrmi. Það er hrá þýðing úr Norðurlandamálum þar sem talað er um arbejdsdemokrati eða industrieldemokrati, og mér finnst þetta fara ákaflega illa í íslensku máli. Mér fyndist miklu eðlilegra að tala um lýðræði á vinnustöðum eða efnahagslegt lýðræði eða nota ýmislegt annað orðaval. Það er nú svo með íslenska tungu, að hún er sem betur fer á ýmsan hátt fjölbreytilegri en aðrar tungur vegna þess hve mál okkar er gagnsætt, t. a. m. höfum við þann hátt á að við eigum oft fjölmörg orð yfir sama fyrirbærið. Ég man eftir því, að mér var bent á það einhvern tíma í skóla, að á því líffæri sem Danir kalla hale væru milli 10 og 20 íslensk nöfn. Ég skrifaði áðan að gamni mínu orð sem komu upp í huga minn: Skott, rófa, hali, stél, stertur, sporður, tagl. Og ég held að við verðum að muna eftir því að íslensk tunga er svona. Það hefur verið reynt á undanförnum árum að þýða mikinn fjölda af erlendum orðum á þann hátt að reyna að láta eitt íslenskt orð ná sömu merkingu og það erlenda. Ég held að þessi stefna sé mistök, hún geti aldrei heppnast og að við verðum að vera menn til þess að haga málflutningi okkar út frá okkar ágæta tungumáli og þeim sérkennum sem þetta gagnsæja tungumál okkar hefur. Þetta er sem sé formsatriði um orðalag. En ég sagði að hv. frsm. hefði snuddað við mikið vandamál, og það finnst mér Alþfl. gera í þessum fjórum frv. sínum.

Eins og hv. frummælandi tók fram, þá er hér um að ræða ákaflega mikilvægt vandamál. Það hefur lengi staðið yfir í veröldinni barátta um lýðræði. Við þekkjum baráttuna fyrir pólitísku lýðræði, m. a. hér í okkar landi. Það hefur verið langvinn og erfið barátta. En pólitískt lýðræði nær því miður oft skammt ef ekki er um að ræða efnahagslýðræði einnig. Það þekkja menn ekki síst í stærri þjóðfélögum en því íslenska, en við vitum einnig dæmi um það hér á Íslandi. Þegar ég ólst upp sem drengur í Hafnarfirði, þá var stærsti atvinnurekandinn þar enskt útgerðarfyrirtæki, Hellyers Brothers, gerði þaðan út togara og stundaði fiskverkun. Svo gerðist það í byrjun kreppunnar að þetta enska fyrirtæki taldi sig ekki hafa nægilegan arð og flutti burt með starfsemi sína og eftir stóðu Hafnfirðingar svo til atvinnulausir. Upp úr því var stofnuð fyrsta bæjarútgerð á Íslandi.

Þetta dæmi sem ég tek er dæmi um atvinnuþróunina á Íslandi í heild. Eftir að Íslendingar fengu heimastjórn í upphafi þessarar aldar var reynt að koma hér á kapítalísku þjóðfélagi, en þessi tilraun mistókst gjörsamlega. Hún hrundi hreinlega þegar kreppan mikla skall yfir nokkru fyrir síðari heimstyrjöld, og þá var tekið til við að leysa þau vandamál að tryggja atvinnurekstur á Íslandi og efnahagskerfi eftir félagslegum leiðum. Og nú er þannig ástatt, að ég hygg að það muni láta nærri að ⅔ hlutar af framleiðslukerfi og fjármálakerfi þjóðarinnar séu í félagslegri eign. Þá á ég við ríki, ég á við sveitarfélög, ég á við samvinnuhreyfingu og ég á við viss hlutafélög sem stofnuð hafa verið víða um land til þess að halda uppi atvinnulífi þar á staðnum. Þessi hlutafélög, þó að það sé á þeim hlutafélagaform, eru fyrirbæri af alveg sama tagi og bæjarfyrirtæki eða ríkisfyrirtæki. Og ef þetta er allt tínt saman hygg ég að láta muni nærri að þetta séu ⅔ hlutar af atvinnukerfi Íslendinga, hvorki meira né minna. Og þessi þróun er ákaflega mikilvæg. Það er ákaflega mikilvægt að félagslegir aðilar beri ábyrgð á atvinnufyrirtækjum á Íslandi og grípi inn í ef fyrirtækin lenda í örðugleikum, svo að ekki komi til atburða eins og þeirra sem ég var að lýsa áðan, þegar svo til öll atvinna var tekin af Hafnfirðingum þegar ég var barn. Og þannig starfa þau fyrirtæki, sem eru í félagslegri eign, og það er þeirra mikli styrkur.

Hins vegar höfum við ekki gefið því gaum, að á fyrirtækjum af þessu tagi verður að vera lýðræðislegt fyrirkomulag. Það er hafður sá háttur á hér á Alþ., að til ýmissa fyrirtækja, sem eru í ríkiseign, eru kjörnar stjórnir hlutfallskosningu hér á Alþ., og í bæjarfélögunum er hafður sami háttur á, að stjórnir eru kjörnar þar af bæjarstjórnum. En hvernig hafa þessar stjórnir starfað? Að vera kosinn í stjórn einhvers fyrirtækis á vegum ríkisins eða á vegum sveitarfélaga heitir bitlingur á máli alþýðu, vegna þess að þessir fulltrúar Alþ. starfa yfirleitt ekki í þessum fyrirtækjum sem neinir fulltrúar Alþ. Aldrei senda þessir ágætu menn Alþ. skýrslu um starfsemi sína. Ég er ekki að halda því fram, að þeir sinni ekki sínum störfum vel og allt það, en þeir líta ekki á sig sem neina fulltrúa Alþ. og þeir líta ekki heldur á sig sem neina fulltrúa fólksins sem vinnur í fyrirtækjunum.

Því miður eru þau frv., sem hv. þm. Alþfl. flytja, eiginlega eins konar áframhald á því að þetta bitlingakerfi verði pínulítið útvíkkað. Það er gert ráð fyrir því, að starfsfólk í fyrirtækjum yfir vissri stærð geti kosið þriðjung í stjórn eða eitthvað þess háttar, en það er ekki eitt einasta orð um verksvið þeirra. Yfirleitt eiga að sitja þarna nokkrir menn á sama hátt og við höfum kosið í stjórnir ýmissa atvinnufyrirtækja sem eru í ríkiseign. Meira að segja segir svo í frv. til l. um breyt. á l. um Áburðarverksmiðju ríkisins: „Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.“ Það er sem sé ekki um að ræða neina breytingu á valdsviði verkafólks með þessum frv., aðeins að bæta tveimur mönnum við sem virðist eiga að starfa eins og þeir sem fyrir voru. Og nákvæmlega sama er í frv. um Sementsverksmiðjuna. Iðnrh. setur erindisbréf og ákveður laun hennar.

En verksvið þessara stjórna skipta náttúrlega meginmáli, og það er fyrst og fremst það sem um er að ræða. Ég býst ekki við að þar verði komið á nauðsynlegum fyrirmælum einvörðungu með lagasetningu. Ég er þeirrar skoðunar að slíkar stjórnir eigi að hafa verulega mikið vald, og ég tel að þeir, sem eru kjörnir í þær af verkafólki, verði að líta á það sem skyldu sína að vera þar sem fulltrúar verkafólksins í fyrirtækinu og hafa lifandi samband við það alla tíð. Ég geri ráð fyrir að það geti orðið alllöng þróun áður en slíkar stjórnir geta fundið sér eðlilegan starfsgrundvöll, og um það verður alveg tvímælalaust háð barátta. Því tel ég að það sé algerlega nauðsynlegt, ef við ætlum að reyna að koma á slíkri skipan, að koma fastri mynd á sjálft inntakið í þessu. Þar verða að koma til samningar á milli samtaka launafólks, Alþýðusambands Íslands, BSRB, Bandalags háskólamanna annars vegar og vinnuveitendasamtakanna, sem eru Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna, ríkið og sveitarfélögin, og reyna að semja um það, hvernig háttað verði verksviði þessara manna. Komi þar upp ágreiningur, sem ekki er hægt að leysa, en þarf að leysa, er eðlilegt að honum sé skotið til Alþ. En hitt er alveg augljóst mál, að þegar slík skipan er komin á hljóta samtök launafólks að gera það að þætti í baráttu sinni að fá þarna meiri raunveruleg völd. Þau geta þá á eðlilegan hátt sett fram slíkar kröfur í sambandi við kjarasamninga og fylgt þeim eftir með kjarabaráttu. Þannig verður þessi skipun að vera, ef hún á að ná einhverjum tilgangi, ef hún á að vera eitthvað annað en innantómt form, bitlingakerfi. Og þetta kerfi er nauðsynlegra á Íslandi en í nokkru öðru þjóðfélagi vegna þess, eins og ég sagði áðan, að ⅔ hlutar af framleiðslukerfi okkar eru í félagslegri eign og við þurfum að stefna að því að þar geti orðið um eðlilegt lýðræði að ræða.

Sumum kann að finnast að þetta geti orðið erfitt í raun. Ég er ekki öldungis viss um það. Fyrirtæki á Íslandi eru yfirleitt frekar lítil, og ég dreg í efa hvort þessi mörk, sem sett eru í frv., eru rétt miðað við okkar sérstöku aðstæður. Það tíðkast ákaflega mikið í litlum fyrirtækjum á Íslandi, þar sem eigandinn vinnur sjálfur með öðru starfsliði, að hann ráðgast við samstarfsmenn sína um sitt hvað varðandi rekstur fyrirtækisins. Það hefur tíðkast í verki hér á Íslandi ákaflega lengi sem betur fer, og í þessu felst ekki það að launafólkið í þessu fyrirtæki hafi völd. En það getur haft óbein áhrif á þennan hátt, og ég hygg vegna þessarar þróunar að kerfi eins og ég er að tala um, þar sem verkafólk í fyrirtækjum fær raunverulega völd, þurfi ekki að verða eins erfitt að koma á í verki eins og mönnum kann að sýnast.

Hv. frsm. gerði grein fyrir aðdraganda þessa máls og þróun þess í ýmsum þjóðfélögum. En ég tók eftir því, að hann annaðhvort gleymdi að geta þess eða veit ekki um það, að eitt síðasta verk sósíaldemókratastjórnarinnar í Svíþjóð var að koma á löggjöf um lýðræði á vinnustöðum í Svíþjóð, bæði að því er varðar almenna verkamenn og opinbera starfsmenn. Þetta eru miklir lagabálkar, ég hef séð þá, en þeir voru gerðir að lögum í Svíþjóð, og borgarastjórnin í Svíþjóð hefur ekki sýnt neina tilburði til þess að breyta þeim. Þar er ekki um neitt sérlega bitlingasinnaða löggjöf að ræða og hún er hugsuð sem fyrsta skref.

Ég held að það sé ástæða til þess að menn, sem hafa áhuga á þessu máli, líti á hvernig búið er að koma slíkum lögum í framkvæmd í einu af Norðurlöndum. En á hitt vil ég leggja áherslu, og má vel vera að ég reyni að gera það með þskj. áður en lýkur, að það eru verkefni stjórnarinnar sem eru algerlega úrslitaatriði. Meðan ég gegndi ráðherrastörfum beitti ég mér fyrir því að settar voru samstarfsnefndir í tveimur fyrirtækjum, Sementsverksmiðjunni og Landssmiðjunni. Ég fékk plögg um það frá Alþýðusambandi Íslands hvernig slíkri samvinnu væri háttað annars staðar á Norðurlöndum, og ég setti slíkar reglugerðir um þessi tvö fyrirtæki. Ég hef ekki nægilega góða vitneskju um það hvernig reynslan er. En ég veit þó að í Landssmiðjunni var unnið samkv. þessu kerfi. Starfsmenn Landssmiðjunnar komu til mín eftir svo sem ársreynslu og báðu mig að breyta tilteknum atriðum í sambandi við þessa reglugerð, og þegar við fórum að kanna þau gerði ég það fúslega Og ég beitti mér einnig fyrir því, að sett var í lög í sambandi við sjúkrahús að samtök starfsfólks þar ættu aðild að stjórn sjúkrahúsa, og þetta var samþykkt hér á hinu háa Alþ. Ég hef ekki heldur neina nána vitneskju um hvernig þetta hefur reynst, en ég óttast að þeir menn, sem kjörnir hafa verið þar í stjórnir, hafi haft of lítið samband við fólkið sem starfar á sjúkrahúsunum. Það skiptir meginmáli með öll slík kerfi að allir starfsmennirnir séu nægilega virkir, og því er það að verkefni stjórnarinnar er meginatriði, en ekki það formsatriði að hægt sé að bæta við einhverju sem kann að vera kallað bitlingar.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég verð nú að segja eins og er, að ég vonaðist eftir því að hv. 3. þm. Reykv. mundi taka þessu máli betur en hann gerði. (**MK:** Ég tók því ákaflega jákvætt.) Ég vona að flokksbræður hans séu honum fremri í því, þessum hv. þm., að

ganga til liðs við þetta mál án tillits til þess hverjir flytja það. Eg man eftir því, að í umr., sem urðu í fyrra í hv. Sþ., sagði einn af flokksmönnum hans um annað mál, sem við Alþfl.-menn fluttum, að þetta væri að sjálfsögðu mjög gott mál og þarft, en hann vildi aldrei greiða því atkv., vegna þess að það væru Alþfl.-mennirnir sem flyttu það. Eg vona að hv. 3. þm. Reykv. láti ekki svona sjónarmið blinda sig þegar um jafnmikilvægt mál og hér um ræðir er að tefla. A. m. k. á ég þess von, að kjósendur hans hér í Reykjavík og kjósendur flokks hans víða um landið mundu vonast til þess, beinlínis ætlast til þess af hv. þm. Alþb. að þeir veittu máli eins og hér um ræðir stuðning.

Í sambandi við lausatök, sem hv. þm. ræddi um varðandi flutning á þessum frv., þá tók ég það fram í framsöguræðu minni að fyrir einu ári fluttum við þm. Alþfl. mál um sömu efnisatriði í sérstöku einu frv., í frv. til l. um atvinnulýðræði. Það frv. var í mörgum köflum og gerði ráð fyrir því, að gerðar yrðu margar sjálfstæðar breytingar á sérstökum lagabálkum. Sú ábending kom fram þá, m. a. frá virðulegum forseta þessarar d., að það væri réttari málsmeðferðferð að flytja þessi efnisatriði sem sérstök þingmál, en ekki sem kafla í einu og sama málinu, sem bandorm, eins og þm. kalla oft slík mál. Að vísu gerði ríkisstj. sig oft seka um slíkan málatilbúnað, en mig minnir að virðulegur forseti hafi beint þeirri ósk til óbreyttra þm., að þeir tækju ekki ríkisstj. sér til fyrirmyndar í þeim efnum.

Um hvernig eigi að skilgreina atvinnulýðræði getum við hv. 3. þm. Reykv. auðvitað rifist langan daginn. Sama máli gegnir um atvinnulýðræði og skilgreiningu á því eins og pólitískt lýðræði og skilgreiningu á því. Það er gamalt orð, pólitískt lýðræði, bæði í íslensku og öðrum tungumálum, og ég veit a. m. k. enn jafnvel og hv. 3. þm. Reykv. að menn eru ekki aldeilis búnir að koma sér saman um skilgreininguna á því, hvað þá heldur skilgreiningu á hvað er atvinnulýðræði, sem er miklu yngra hugtak. T. d. man ég eftir því, að ég las það í blaði ekki alls fyrir löngu þar sem var verið að skýra frá hinni nýju stjórnarskrá sem var verið að setja í Sovétríkjunum og væri mikil lýðræðisframför þar í landi, að borist hefðu ýmsar ábendingar frá hinum og þessum Jónum Jónssonum og Jónsdætrum úti um Sovétríkin. M. a. hefði borist ábending frá einhverri leikkonu um að nauðsynlegt væri að það væri sett í stjórnarskrá Sovétríkjanna að íbúar Sovétlýðveldanna ættu að ganga almennilega um íbúðir ríkisins. Það þurfi að koma ákvæði í stjórnarskránna um að leigunautar ríkisins í Sovétríkjunum ættu að annast viðhald á íbúðum ríkisins betur en þeir gerðu hingað til. Það var sérstaklega tekið fram, að undir þessar ábendingar sovésku leikkonunnar hefði verið tekið og stjórnarskrá Sovétríkjanna væri nú þannig úr garði gerð, að mönnum væri þar upp á lagt að ganga vel um íbúðir í eigu ríkisins, og væri það að sjálfsögðu mikil lýðræðisleg betrumbót í stjórnarskrá Sovétríkjanna frá því sem áður hefði verið. En ég er ansi hræddur um að jafnvel á hinu pólitíska lýðræði séu margar skilgreiningar á lofti, því að ég efast um að við hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, séum sammála þeim Sovétmönnum um það — þó er það náttúrlega aldrei að vita — séum sammála þeim Sovétmönnum um að brýna nauðsyn beri til lýðræðisins vegna að taka slík ákvæði í stjórnarskrá ríkja eins og ég lýsti hér áðan.

Þá vil ég einnig taka fram, að það er mesti misskilningur að sú lausn, sem lögð er til t. d. í þessu frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög, sé einhver fljótaskrift okkar þm. Alþfl. Eg tók það fram, og það kemur líka fram í grg. með þessu frv. og kom mjög greinilega fram þegar við fluttum sama mál á síðasta Alþ., að hér byggjum við á miklum athugunum og rannsóknum annarra og aðhæfum þær íslenskum aðstæðum. Við byggjum hér á norskri lagasetningu sem átti sér talsvert langan aðdraganda, og Norðmenn hafa haft reynslu af ýmsum skipunum í sambandi við atvinnulýðræði allt frá árinu 1912, þannig að þegar þeir árið 1972 gera breytingar á sínum hlutafélagalögum, sambærilegar og hér er lagt til að gerðar verði á íslenskum hlutafélagalögum, þá byggja þeir á langri reynslu og miklum athugunum. Við tökum í þessu frv., sem hér um ræðir, þessa vinnu Norðmanna, hinna norsku lagasmiða, mjög til fyrirmyndar og notfærum okkur þeirra reynslu og þeirra rannsóknir, og á gildandi lögum í Noregi byggjast þessar till. okkar. Að vísu aðlögum við þær íslenskum aðstæðum, t. d. fellum við algerlega niður í okkar frv. þann þátt í norsku lögunum um sambærilegt efni sem fjallar um hvernig þessum málum skuli fyrir komið hjá fyrirtækjum sem hafa 200 starfsmenn eða fleiri á sínum snærum. Af mjög eðlilegum orsökum fellum við þetta niður, þannig að það er alrangt að halda því fram að hér sé byggt á einhverjum lausum grunni, síður en svo.

Þá er það einnig rangt að ekki sé tekið fram hvaða verkefni stjórnarmenn, sem kjörnir eru af starfsmönnum hlutafélags, ættu að hafa með höndum. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að þeir hafi með höndum sama verkefni og aðrir stjórnarmenn að öllu leyti, auk þess viðbótarverkefnis, sem fram kemur í 41. gr. frv. þessa, á bls. 2, að þeir skuli ekki sjaldnar en tvisvar á ári halda reglulega fundi með starfsfólki fyrirtækisins um málefni hlutafélagsins. Að sjálfsögðu er til þess ætlast að þarna sé um náið daglegt samráð að ræða, þó að ekki sé tekið fram sérstaklega í frv., enda býst ég varla við því, þegar kjörið er á eins árs fresti í stjórnir hlutafélaga, að fulltrúar starfsmanna, sem ekki hafa sinnt þeirri einföldu skyldu að hafa samráð við sína kjósendur, yrðu endurkjörnir eftir árið.

Það er því mesti misskilningur, að ekki sé ákvæði í þessu frv. um verkefni stjórnarmanna sem kjörnir eru af starfsfólki. Og það má auðvitað lengi halda því fram, að eitthvert mál sé ekki nógu gott. Það hefur oft verið viðbáran þegar mál af þessu tagi hefur borið á góma á Alþ., að ekki borgi sig að samþykkja þetta vegna þess að það sé ekki nógu gott, og síðan er ekkert gert. En er ekki margfalt betra að samþykkja þá breytingu, sem hér er lögð til, heldur en hafa ástandið óbreytt frá því sem nú er? Það sem Norðmenn,

sem hafa reynslu allt aftur til ársins 1912, telja nógu gott fyrir sig með sína miklu forsögu í þessum málum, er það ekki nógu gott fyrir okkur, a. m. k. til að byrja með? Sambærileg ákvæði og hér eru lögð til eru búin að vera í hlutafélagalögum í Noregi frá 1972. Mér finnst full ástæða til þess og mundi þykja það myndarlegt skref, ef Alþingi Íslendinga, eftir allt sinnuleysið og allan doðann undanfarna áratugi, tæki sig nú til á því herrans ári 1977 og setti hér á Íslandi sambærileg lög um aðild starfsmanna að stjórn hlutafélaga og búin eru að gilda í Noregi síðan 1972.

Það mun hafa verið talsvert tiðkað af fyrsta formanni Alþfl. og Alþýðusambands Íslands, Jóni Baldvinssyni, þegar hann átti að mæta svipaðri andstöðu, byggðri á svipuðum grunni og nú er hjá hv. 3. þm. Reykv., að segja sögu af því þegar hann var að læra prentiðn í æsku sinni. Þá sagði hann frá því, að hann ræki minni til þess að eitt sinn hefði hann verið að setja matreiðslubók fyrir heldri manna konur. Þá hefði jafnan verið getið í uppskriftum, að taka ætti svona og svona margar silfurskeiðar af því sem nota átti í baksturinn. Nú getur það rétt verið að það megi kvarta mjög undan því, að íslenskur almenningur eigi ekki silfurskeiðar. En spurningin er hvort menn eigi þá að leggja baksturinn niður.

Það getur vel verið, að ýmislegt megi finna ábótavant við þetta frv. og þær hugmyndir um lausn, sem þar koma fram, ýmislegt sem betur mætti fara, þar séu ekki silfurskeiðarnar margar. *Spurningin, sem hlýtur að vaka fyrir okkur, er:* Jafnvel þó við eigum ekki þessar silfurskeiðar til, eigum við þá að hverfa frá verkinu? Það held ég ekki. Ég held að talsvert sé áunnið, ef við getum náð saman um einhverjar breytingar á hlutafélagalögunum í þá átt sem þetta frv. gerir ráð fyrir, kannske ekki alveg nákvæmlega eins og þar er sett fram, því að alltaf sjá augu betur en auga, og vera má að við athugun í n. þingsins komist menn að raun um að annar háttur sé betri, en það er ekki það sem er meginatriðið, heldur hitt, að Alþ. láti ekki lengur standa upp á sig — ja, ég vil segja skömmina í þessu máli, en reyni að aðhafast eitthvað svo að við a. m. k. þurfum ekki að bera kinnroða gagnvart frændum okkar á Norðurlöndum fyrir það, hvernig komið er áhrifum íslenskra launþega á atvinnurekstur fyrirtækja sem þeir starfa hjá.

Ég vil einnig taka það fram hv. 3. þm. Reykv. til fróðleiks, að við flm. þessa frv. erum búnir að safna að okkur talsvert miklum gögnum um ástand þessara mála í nálægum löndum, ekki aðeins í Vestur-Evrópulöndum, heldur í Júgóslavíu líka. Ætli þessir bæklingar og dreifirit, sem við höfum safnað að okkur á undanförnum árum, skipti ekki orðið nokkrum tugum? Við höfum einnig í höndunum norsku lögin sérprentuð, sem sett voru 1972, og enn fremur sænsku lögin, sem borin voru fram 1975—1976, sérprentuð í fallegri rauðri bókarkápu, lögin sem hv. þm. minntist á hér áðan og var að vekja athygli okkar á. Það er alveg sjálfsagt að ljá hv. 3. þm. Reykv. þennan fallega bækling til aflestrar, ef hann hefur áhuga á því. En við skulum ekki láta það fæla okkur frá því að afgreiða svona mál, þó að misjafn sé framkvæmdahátturinn sem valinn hefur verið í hinum einstöku löndum. Eins og ég lýsti hér áðan er eitt skipulag í gildi í meginlandsríkjunum, sem tilheyra Efnahagsbadnalaginu, einkum þó V.-Þýskalandi, annað fyrirkomulag í Júgóslavíu, enn annað í Sviþjóð, það fjórða í Noregi, fimmta í Danmörku og till. um sjötta fyrirkomulagið hefur verið borin upp af stjórnskipaðri nefnd í Bretlandi. Aðalatriðið er það, að við reynum að koma hér einhvers konar kerfi um áhrif starfsmanna á stjórnun fyrirtækja, sem henta vel sérstökum aðstæðum hér á Íslandi, og umfram allt að Alþ. fari nú að taka svolitla rögg á sig og taka einhverja afstöðu í slíku máli, hver svo sem sú afstaða verður.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja, frv. (þskj. 8). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að halda langa tölu um þetta mál, enda er þegar búið að mæla fyrir meginatriðum þess í tengslum við þingmál sem rætt var hér áðan. Eins og tekið var fram í framsögu fyrir því máli er hér um að ræða mál sem áður hefur verið hreyft á hinu háa Alþ., þ. e. a. s. var sérstakur kafli í frv. til l. um atvinnulýðræði, sem þm. Alþfl. í þessari hv. d. fluttu á Alþ. í fyrra. Nú hefur þessi kafli frv. um atvinnulýðræði verið gerður að sérstöku þingmáli, m. a. vegna ábendinga sem fram komu við umr. um frv. sem ég gat um hér áðan að flutt hefði verið í fyrra.

Segja má að þegar við fórum að kanna lagasetningar íslenskar um fyrirtæki og fyrirtækjastarfsemi með það fyrir augum að koma á sambærilegum atvinnulýðræðisháttum hér á Íslandi við það sem er í Noregi og víðar, þá rákum við okkur á það að löggjöf um starfsemi fyrirtækja á Íslandi er talsvert ófullkomin. T. d. er ekki til sérstakur lagabálkur sambærilegur við lög um hlutafélög um starfsemi fyrirtækja sem rekin eru af sameignarfélögum eða fyrirtæki sem starfrækt eru af einstaklingum. Því er ekki um það að ræða að lögboðin sé sérstök stjórn eða sérstakir stjórnar- eða starfshættir slíkra fyrirtækja, og því neyddumst við til þess að bregða á það ráð, þegar við hugleiddum málið frekar, að leggja til að við slík fyrirtæki yrðu settar á laggirnar samstarfsnefndir með takmörkuðum verksviðum, sem ég skal fúslega viðurkenna að ekki veita mundi launþegum jafnmikinn rétt til áhrifa og íhlutunar og frv. það til l. um breyt. á l. um hlutafélög, sem var hér á dagskrá áðan gerði, ef samþykkt yrði.

Það frv., sem hér er um að ræða, er sem sé frv. til l. um samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja og stofnana, sem yrði þá sérstök lagasetning sem næði yfir þau efnisatriði sem þetta frv. innifelur, en er ekki hægt að koma við með breytingum á lögum eða lagabálkum sem fyrir eru. Hér er sem sé lagt til að hjá stofnunum og fyrirtækjum, sem starfrækt eru af einstaklingum, sameignarfélögum, ríki eða sveitarfélögum og hafa í þjónustu sinni 40 starfsmenn eða fleiri miðað við hálft starf eða meira,

við slík fyrirtæki verði settar á stofn samstarfsnefndir. Samstarfsnefndirnar skulu skipaðar annars vegar fulltrúum, sem starfsmenn kjósa úr sínum hópi, og hins vegar jafnmörgum fulltrúum, sem tilnefndir eru af stjórnendum, stjórnunarnefndum eða eigendum fyrirtækis eða stofnunar. Hlutverk samstarfsnefndar er ákveðið í 3. gr., en þar segir að samstarfsnefnd eigi að vera stjórnendum fyrirtækis eða stofnunar til ráðuneytis um hvaðeina er varðar vinnuaðstöðu, vinnutilhögun og starfsumhverfi. Ávallt skuli leita umsagnar nefndarinnar um allar umtalsverðar breytingar á húsnæði, búnaði vinnustaðar, starfsháttum, vinnuskipulagi og í skyldum málum. Einnig eigi samstarfsnefnd að fylgjast með hollustuháttum á vinnustað, öryggismálum og aðbúnaði starfsfólks og gera till. til stjórnenda um breytingar eða umbætur ef þurfa þykir. Beri slíkar till. ekki árangur eða fáist óskir fulltrúa starfsmanna í samstarfsnefnd um aðgerðir ekki samþykktar í nefndinni, ber þeim samkv. frv. að gera viðvart þeim opinberum aðilum, sem eiga að annast lögboðið eftirlit með því að lágmarksreglum um slík atriði sé framfylgt, t. d. stofnun eins og Öryggiseftirliti ríkisins. Þá er enn fremur tekið fram í frv., að samþykktir samstarfsnefndar séu ekki bindandi fyrir fyrirtækin eða stofnunina. Hér er sem sé um að ræða skref, sem er mun styttra á veg en það skref sem lagt er til að tekið verði með frv., sem var til umr. hér áðan, um breyt. á l. um hlutafélög.

Um efnisatriði þessa frv. var talsvert mikið rætt, þegar frv. um atvinnulýðræði var til umr. í þessari hv. d. á síðasta Alþ. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um það, nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til, virðulegi forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 9). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um Áburðarverksmiðju ríkisins er einnig liður í sama þingmáli, flutt af sömu flm., þm. Alþfl. í þessari hv. d. Þetta frv. var einnig til umr. sem sérstakur kafli í frv. til l. um atvinnulýðræði, sem rætt var í fyrra á Alþ. Efnisatriði frv. eru þau að fjölgað verði í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins um tvo. Þar verði eftir samþykkt frv., ef samþykkt verður, 7 menn kjörnir hlutfallskosningu í Sþ. til fjögurra ára í senn, eins og nú er, svo og tveir starfsmenn Áburðarverksmiðjunnar, sem kjörnir eru til jafnlangs tíma af starfsfólki hennar, samkv. reglugerð sem landbrh. setur. Þetta er meginatriði þessa frv. Eins og fram kemur í grg., er hér um að ræða aðra ríkisverksmiðjuna af tveimur sem lagt er til að sú undantekning verði gerð við að starfsmenn verksmiðjunnar kjósi fulltrúa beint í stjórn hennar í stað þess, eins og lagt er til í öðru þingmáli frá okkur, að starfsmenn opinberra stofnana myndi samstarfsnefndir ásamt fulltrúum viðkomandi stjórnar. Þessi till. er gerð vegna sérstöðu Áburðarverksmiðju ríkisins og Sementsverksmiðjunnar í hópi opinberra fyrirtækja og stofnana.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sementsverksmiðja, frv. (þskj. 10). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Það er e. t. v. jafngott að frv. okkar um atvinnulýðræði var ekki í fleiri köflum á s. l. vetri, en hér er síðasti kafli þess frv. sem við endurflytjum nú sem sérstakt þingmál, þ. e. a. s. frv. til l. um breyt. á l. um sementsverksmiðju. Nokkrar breytingar leggjum við til að gerðar verði, minni háttar breytingar á lögum um Sementsverksmiðjuna. M. a. er það, sem fram kemur í síðustu mgr. 1. gr. í frv., hvernig skuldbinda beri Sementsverksmiðjuna með undirskrift stjórnarmanna. Það er nýmæli í lögunum. En meginefnisbreytingin er sú, að stjórn Sementsverksmiðjunnar verði, ef frv. verður samþ., skipuð 5 mönnum, sem Sþ. kýs til fjögurra ára í senn, eins og nú er, og þar að auki tveimur starfsmönnum verksmiðjunnar sem starfsfólk hennar kjósi til jafnlangs tíma. Þetta er meginbreytingin sem við leggjum til að gerð verði á frv. til l. um sementsverksmiðju.

Þetta mál hefur að vísu áður komið til kasta Alþ., á þinginu 1967, en þá flutti Benedikt Gröndal frv. um sama efni. Frv. þetta var rætt og sent í n., en átti þaðan ekki afturkvæmt. Nú er það flutt, eins og ég áðan sagði, sem liður í málatilbúnaði okkar Alþfl.-manna um atvinnulýðræði.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál að þessu sinni, nema ástæða gefist til, og legg því til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vandamál fatlaðra, þáltill. (þskj. 11). — Ein umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þessi till. mín til þál. um vandamál fatlaðra er í tveimur hlutum og má segja að fyrri hlutinn sé innifalinn í þeim síðari. Fyrri hlutinn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að beita sér fyrir því í samráði við ríkisstj. að á fjárl. ársins 1978 verði fjárveiting til þess að koma fyrir lyftu í lyftugöngum þeim sem eru í Þjóðminjasafnsbyggingunni. Verði lyftan við það miðuð að fatlað fólk, m. a. í hjólastólum, eigi sem greiðastan aðgang að öllum salarkynnum hússins. Gerðar verði breytingar innanhúss í sama tilgangi, m. a. þær að ganga svo frá salernum að unnt sé að aka inn í þau í hjólastólum, fjarlægja þröskulda og skipa sýningarmunum þannig að fatlaðir eigi greiðan aðgang að þeim."

Síðari hluti till. er svo almenns eðlis, þannig

að segja má að þetta sé hluti af síðari hlutanum. Engu að síður hef ég viljað taka þetta mál út úr, vegna þess að þarna er hægt að hrinda af stað framkvæmd á mjög stuttum tíma, framkvæmd sem þýddi þá að Alþ. reyndi að hefja til vegs nýja og myndarlega stefnu á þessu sviði.

Þegar Þjóðminjasafnið var vígt 1952 var það vígt sem gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín, eins og minnst er á í grg. En það var ekki gengið að fullu frá því, þegar búið var að vígja það. Sá, sem teiknaði húsið, hafði gert ráð fyrir að þar yrði lyfta upp á efstu hæð hússins, og það var gert ráð fyrir því við byggingu hússins og byggð lyftugöng. En lyftan er ekki komin enn, þó að sé liðinn aldarfjórðungur. Vafalaust hefur þessi lyfta upphaflega verið hugsuð til þess að koma sýningarmunum auðveldlega upp í húsið í samræmi við þá hugsun sem þá var ríkjandi, en mér finnst að meginverkefni þessarar lyftu þurfi að vera það að auðvelda fötluðu fólki að eiga aðgang að húsinu. Eins og nú er ástatt og allir menn þekkja er aðgangurinn býsna erfiður. Það eru tvískiptar tröppur með erfiðu handriði og oft feiknarlegt rok á tröppunum, þannig að þær eru fremur til þess ætlaðar að gera menn fatlaða en að auðvelda fötluðum að fara um þær. Og að sjálfsögðu getur maður, sem er bundinn við hjólastól, með engu móti notað þessar tröppur nema með miklu umfangsmeiri aðstoð en svo, að hægt sé að ætlast til þess að þar verði starfslið til þess að bera menn upp tröppurnar. Ég tel það því vera ákaflega stórt mál, að þarna verði komið fyrir lyftu sem sé við það miðuð að fatlað fólk, í hjólastólum m.a., geti hagnýtt lyftuna til þess að koma og hafa gagn af þessum söfnum og starfsemi sem þar fer fram. Þetta er ekki mikið kostnaðarmál, að ég hygg, og þetta er sem sé hægt að framkvæma á stuttum tíma vegna þess að lyftugöngin eru þarna. Það er aðeins eftir að velja og kaupa lyftuna og gera svo þær minni háttar breytingar, sem ég minntist á, að breyta þröskuldum og salernum og tryggja að fólk í hjólastólum geti átt greiðan aðgang að sýningarmunum. Þetta væri hægt að gera í sambandi við fjárl. fyrir næsta ár, og þetta ætti að geta vel komið til framkvæmda á miðju næsta ári. Ég tek þetta út úr af þessum ástæðum, að ég tel að það sé kominn tími til þess að Alþ. geri sér ljóst að á þessu sviði er mikið verk að vinna, og lít ég þá á þetta verkefni sem upphaf að miklu viðtækari lotu.

Í síðari hluta till. er skorað á ríkisstj. að skipa nefnd sem í eigi sæti fulltrúar fatlaðra og sérfræðingar. Skal hlutverk nefndarinnar vera að endurskoða lög, reglugerðir og samþykktir um samgöngumál, skipulagsmál, byggingarmál og önnur hliðstæð verkefni í því skyni að tryggja fötluðum sem mest jafnrétti í þjóðfélaginu. Nefnd þeirri skal veitt fjármagn til þess að ráða sér starfsmann og leita til sérfræðinga.

Hér er um ákaflega stórt mál að ræða, en það hefur því miður ekki verið á dagskrá, — ja, hvergi í heiminum fyrr en síðustu 30 árin eða svo. Þetta kemst á dagskrá í síðustu heimsstyrjöld, þegar margir fatlast af völdum styrjaldar, og kannske hafa einhverjir hermálasérfræðingar haft áhuga á því, að hægt væri að lækna fatlaða svo að þeir gætu farið út í styrjöldina á nýjan leik. En sem betur fer hefur þetta þróast þannig að það hefur verið tekið á vandamálum fatlaðra á allt annan hátt en áður var gert, fyrir 20—30 árum eða svo, og af því starfi hefur orðið ákaflega mikill árangur, ótrúlega mikill árangur.

Við verðum að gera okkur ljóst, að það er ákaflega stór hluti hverrar þjóðar sem á við fötlun að stríða af ýmsum ástæðum. Þar koma til slys, þar koma til sjúkdómar. Ég sá það í skýrslu frá landssambandi fatlaðra í Finnlandi, að talið er að hvorki meira né minna en 15% þjóðarinnar, eða rúmlega sjöundi hver maður, eigi við slíka fötlun að stríða að þeir eigi erfitt með að nota sér almenningsfarartæki. Í þeirri tölu eru andlega fatlaðir og einnig börn á aldrinum 0—3 ára. Þetta er ákaflega stór þjóðfélagshópur, og að sjálfsögðu á þjóðfélag, sem stefnir að jafnrétti, að setja sér það mark að þetta fólk geti lifað sem eðlilegustu lífi þrátt fyrir fötlun sína.

Í þessu efni hefur æðimikið verið gert annars staðar á Norðurlöndum. Ef við tökum Norðurlöndin í heild til samanburðar, erum við á þessu sviði orðnir miklir eftirbátar annarra. Í sumar tóku gildi lög í Svíþjóð sem mæla svo fyrir, að allar opinberar byggingar, allir vinnustaðir og öll íbúðarhús hærri en tvær hæðir verði að hafa þannig tilhögun að fatlað fólk geti athafnað sig þar til jafns við heilbrigða. Þetta er orðið að lögum í Svíþjóð. En hér á Íslandi hefur þessu því miður verið allt of lítið sinnt. Þó hér séu starfandi mörg öflug samtök fatlaðs fólks á ýmsum sviðum og hafi unnið ákaflega mikil störf, þá höfum við á hinu háa Alþ. ekki gert okkur ljóst hvað þessi vandi er mikill, og málum, sem flutt hafa verið hér á þingi, hefur því miður ekki verið framfylgt. Ég vil minna á það, að á 92. löggjafarþingi flutti hv. þm. Oddur Ólafsson þáltill. um ráðstafanir til að auðvelda umferð fatlaðra. Þáltill. var á þessa leið:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd, er kanni leiðir, sem tryggi, að byggingar og umferðaræðar framtíðarinnar, er njóta fjárhagslegrar fyrirgreiðslu opinberra aðila, verði hannaðar þannig, að fatlað fólk komist sem greiðlegast um þær.

Enn fremur athugi nefndin, hvort ekki sé ástæða til þess að veita úr ríkissjóði nokkra fjárhæð árlega, gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögum, til þess að bæta umferðarmöguleika fyrir fatlað fólk um þær byggingar, sem nú eru í notkun.“

Þessi þáltill. var samþykkt einróma hér á hinu háa Alþ. En hvað gerðist síðan? Það er ekki annað að sjá en félmrn., sem væntanlega hefur fengið þessa þál., hafi stungið henni í einhverja skjalahirslu og ekki sinnt henni nokkurn skapaðan hlut meir. Vera má, að þetta hafi borist til allra rn., en þá er það eins með þau. Við sjáum það ákaflega vel af tveimur frv. til laga, sem liggja fyrir þessu þingi. Annað er frv. til byggingarlaga og þar er ekki að finna ákvæði sem þetta varðar, annað en eina mjög

loðna setningu: „Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.“ Þetta er mjög loðið. Í skipulagslögum er ekki að finna eitt einasta orð. Nefnd sú, sem skipuð var í áframhaldi af tillögugerð hv. þm. Odds Ólafssonar, kom með alveg ákveðnar till. um það, hvernig ætti að breyta byggingarlögum og skipulagslögum til þess að tryggja að fatlað fólk gæti komist um á eðlilegan hátt. Það var ekkert tillit tekið til starfa þessarar nefndar þegar þessi frv., sem ég hef vikið að, voru lögð fram hér á þingi, nema þessi eina loðna setning. Og það gerist, sé ég, að hv. þm. Oddur Ólafsson verður að flytja brtt. við skipulagslög, vegna þess að það hefur ekkert mark verið tekið á því starfi sem unnið hafði verið af sérfróðum mönnum — það hefur ekkert mark verið tekið á því. Hv. þm. Oddur Ólafsson verður að taka málið upp á sama hátt og hann gerði á þinginu 1971—1972, og vinnubrögð af þessu tagi eru náttúrlega algerlega ósæmileg. Og þau mættu vera okkur þm. til nokkurrar umhugsunar. Það er æðimikið um að slíkir hlutir gerist, að við samþykkjum hér á þingi, tökum ákvarðanir sem geta skipt miklu máli, en fylgjum þeim svo ekkert eftir og ráðh. leggist á þau og hafi engan áhuga á þeim.

Ég held, að ástæða væri til þess að við hér á Alþ. færum að hyggja að því, hvort ekki ætti að breyta starfsháttum Alþ., t. a. m. í samræmi við það sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum, þannig að n. þingsins starfi allt árið, líka utan þess tíma sem þing situr. Alþm. hafa orðið sæmilegar árstekjur, og það er ekki ofætlun þeirra að vinna allt árið. Annars staðar á Norðurlöndum hafa slíkar nefndir það verkefni að fylgjast með því, hvernig staðið er að framkvæmd ákvarðana sem teknar eru á þingum, og enn fremur að kanna viss vandamál, reyna að komast til botns í þeim og flytja till. á grundvelli þess. Hér hefur það gerst, að vilji Alþ., sem var samþykktur á þingi 1972, hefur ekki verið að neinu hafður í Stjórnarráðinu, og slík vinnubrögð eru auðvitað algerlega ósæmileg.

Ég minntist á það áðan, að það hefði ekki verið tekið af alvöru á málefnum fatlaðra í heiminum fyrr en upp úr síðustu heimsstyrjöld. En síðan hafa orðið óhemjulega miklar framfarir. Ég hef dvalist á endurhæfingarstofnun sjálfur og hef haft fyrir augunum ýmsa atburði sem ég vildi jafna til kraftaverka, þar sem menn hafa fengið að heita má algeran bata af meinsemdum sem áður höfðu þjáð þá alla ævi. Og ákaflega stór hluti fatlaðra nær þeim styrk sem fatlaðir geta unnið á eðlilegan hátt í þjóðfélaginu við hlið þeirra sem heilbrigðir eru. En þar vantar mikið á í skipan þjóðfélagsins, að fatlaðir geti hagnýtt styrk sinn á þennan hátt. Það er svo til enginn vinnustaður á Íslandi sem er þannig hannaður að fatlaðir geti starfað þar við hlið heilbrigðra. Það eru til vinnustaðir á vegum SÍBS, sem eru sérstaklega gerðir handa mjög illa fötluðu fólki, en það er eina undantekningin. Ég tel hitt hins vegar skipta ákaflega miklu máli, að fatlað fólk, sem hefur þrek til þess, geti unnið á vinnustöðum við hlið heilbrigðs fólks og lifað sem eðlilegustu lífi þrátt fyrir þá örðugleika.

Við skulum íhuga það í sambandi við t. a. m. húsbyggingar, verksmiðjur, söfn, íbúðarhús, að það er ekki vitund dýrara að byggja þessi hús þannig, að fatlaðir geti haft full not af þeim. Það þarf bara að ákveða það fyrir fram, að þannig skuli þetta gert. Hér á Íslandi er komið fyrir tröppum í tíma og ótíma, þar sem þeirra er engin þörf, og það væri hægt að haga flestum byggingum þannig, að fatlaðir gætu athafnað sig þar alveg til jafns við heilbrigt fólk. Þess vegna er ákaflega mikilvægt, að um þetta verði sett algerlega bindandi löggjöf og menn vinni verk sín, byggingarfræðingar, skipulagsfræðingar og aðrir slíkir, með tilliti til þess, að sjöundi hver maður í landinu er fatlaður og við getum búist við því að það ástand standi alllengi. Og þjóðfélagið verður að skipuleggja þannig að þetta fólk hafi jafnrétti á við aðra. Það er augljóst lýðræðismál, það er augljóst mannréttindamál. Og ég flyt till. mína í því skyni að vekja athygli á þessu stórfellda vandamáli.

Sú varanlega nefnd, sem ég geri þarna till. um, ég tel að hún muni þurfa að starfa um alllangt skeið, vegna þess að það er ekki fyrr en nýlega, eins og ég segi, sem menn hafa áttað sig á því, að það er ekki gert ráð fyrir því að fatlað fólk athafni sig í þjóðfélaginu. Það er gert ráð fyrir því að það feli sig, að það sýni sig ekki á almannafæri. Í sambandi við það get ég sagt dálítið skemmtilega sögu sem kom fyrir mig í sumar úti í Kaupmannahöfn. Ég var þar og langaði til að skreppa í Tívolí, eins og ég er vanur þegar ég kem í þá ágætu borg. Ég hringdi í Tívolí og spurði hvort hægt væri að fá léðan hjólastól þar, og konan, sem svaraði, svaraði auðheyrilega bæði undrandi og hneyksluð, að ekki væri um slíka þjónustu að ræða. Ég fékk þá léðan hjólastól hjá landssambandi fatlaðra og fór þangað sjálfur með hjólastól um hádegisbil, og ég sá þá mér til ánægju að þangað kom mjög mikið af fötluðu fólki. Það kom auðsjáanlega af stofnunum, í stórum bílum með hjólastóla með sér. Ég spurði einn af starfsmönnum Tívolís um það, hvers vegna þetta væri, að Tívolí hefði ekki þessa þjónustu við fatlað fólk, að geta lánað því hjólastóla. Hann sagði mér að til skamms tíma hefði verið bannað að fólk í hjólastólum færi í Tívolí. Það var ekki bannað af umhyggju fyrir fötluðu fólki. Það var bannað vegna þess að þetta var skemmtistaður og þegar heilbrigt fólk er að skemmta sér átti það ekki að þurfa að verða fyrir þeim leiðindum að sjá fatlaða í námunda við sig. Þetta sjónarmið hefur verið ákaflega ríkt, og því vitum við að þannig er ástatt að ákaflega stór fjöldi fatlaðra vill helst ekki sýna sig á almannafæri, vegna þess að menn verða þar fyrir — ja, annaðhvort ótímabærri meðaumkun eða fyrirlitningu. Það er ákaflega mikið af fötluðu fólki sem lokar sig inni af þessum ástæðum. Það er óhemjulegt jafnréttismál að þessu fólki sé tryggður sami réttur og öðrum í þjóðfélaginu.

Við skulum ekki gleyma því heldur, að þetta

fólk getur verið ákaflega hæfur vinnukraftur. Ég minnti á það í umr. hér um daginn, að einn af frægustu stjórnmálamönnum þessarar aldar, Franklin Delano Roosevelt, lamaðist svo að hann gat ekki hreyft sig nema í hjólastól, og ég benti á að hann hefði ekki getað starfað hér á Alþingi Íslendinga ef hann hefði verið Íslendingur og þetta komið fyrir hann hér. Ég man eftir því, að hv. þm. Albert Guðmundsson stóð hér upp og vildi vefengja þessi orð mín og sagði að húsinu yrði þá breytt í samræmi við þarfir slíks manns. Ég hef fylgst með breytingum á þessu húsi síðan ég kom hingað fyrst fyrir um það bil 30 árum. Hér hafa verið gerðar ýmsar breytingar til hagræðis fyrir þm. Ég man eftir því, að þegar ég kom hingað fyrst á þing urðu þm. að skáskjóta sér meðfram fatageymslunni til þess að komast inn í húsið. Aðalinnganginn, sá innri, var lokaður. Og ef ég man rétt, þá var þetta skáskot það erfitt að t. a. m. ég hefði ekki getað komist það með tvær hækjur. Hér hafa verið gerðar miklar breytingar til hagræðis fyrir þm., eins og ég sagði, en það hefur ekki verið gerð nein breyting hér til hagsbóta fyrir fatlað fólk.

Ég skal benda hv. þm. á atriði sem þeir kannske hafa ekki veitt athygli sjálfir. Upp að aðaldyrum þinghússins eru þrjár tröppur. Þær eru handriðslausar. Ég verð að einbeita mér til að komast upp þessar tröppur án stuðnings. Tröppurnar hér af neðstu hæð upp á aðra hæð, — það er hægt að líta á þær einhvern tíma. Handriðið nær ekki lengra en svo, að það eru tvær tröppur fyrir neðan handriðið. Ég verð að teygja mig æðimikið til að ná í handriðið svo að ég geti staulast upp tröppurnar, þannig að það hefur ekki verið tekið tillit til fatlaðra í þessari stofnun frekar en öðrum. Og ég vil biðja hæstv. forseta að gefa þessu gaum, því kannske væri ástæða til þess að stjórnendur þingsins veittu þessu vandamáli athygli. Maður í hjólastól gæti náttúrlega engan veginn starfað hér vegna þeirra miklu þrengsla, sem eru í þessu húsi.

Ég tek þetta sem dæmi vegna þess að þetta er vinnustaður okkar, en þannig er ástatt yfirleitt á öllum vinnustöðum á Íslandi, að fólk, sem er fatlað, t. a. m. það illa að það sé bundið við hjólastól, getur ekki starfað á eðlilegan hátt við hlið annarra, þó það hafi þrek til þess. Þetta er mikið jafnréttismál, þetta er mikið mannréttindamál, þetta er mál, sem er skylda okkar allra að huga að, og ég vænti þess að alþm. geri það. Það vakti athygli þm. hér fyrir nokkru þegar dálítið af fötluðu fólki kom á þingpalla. Það varð að bera það upp tröppurnar, svo að það kæmist upp á pallana til að hlusta á okkur. En þessi hópur er svona stór, eins og ég sagði áðan, og það er ekki sæmandi annað en við breytum löggjöf okkar þannig að hún tryggi þessu fólki eins mikið jafnrétti og hægt er að tryggja því í þjóðfélagi okkar.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að till. verði vísað til heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 13. fundur.

Fimmtudaginn 3. nóv., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana. — Útvarpsumr.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan skiptist í tvær umferðir, þannig að í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsrh. 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Í fyrri umferð: Sjálfstfl., Alþb., Framsfl., Alþfl. og SF. Í síðari umferð: Framsfl., Alþfl., Sjálfstfl., SF og Alþb. Ræðumenn auk forsrh. verða þessir: Af hálfu Sjálfstfl. talar Steinþór Gestsson, 6. þm. Suðurl., í síðari umferð. Af hálfu Alþb. tala Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., í fyrri umferð, og Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. tala Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf., í fyrri umferð, og Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu Alþfl. tala Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., og Jón Ármann Héðinsson, 1. landsk. þm., í fyrri umferð, og Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir SF tala Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., í fyrri umferð, og Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., í síðari umferð. — Hefst þá umr. og tekur hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson til máls.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á þriggja ára starfsferli hefur ríkisstj. glímt við margvísleg örlagarík vandamál bæði á innlendum vettvangi og í skiptum við aðrar þjóðir. Almennt má fullyrða, að tekist hafi að leiða þessi mál til lykta á þann veg, að þjóðarhagsmunir hafa verið tryggðir.

Í upphafi síðasta þings gerði ég grein fyrir lokaáfanga þeirrar stefnu, að Íslendingar fengju full yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni. Árangur þeirrar stefnu kemur skýrt fram þegar litið er til afla útlendinga við Ísland á þessu ári í samanburði við 1976. Í ágústlok s. l. höfðu útlendingar veitt hér við land 8 000 tonn af þorski frá því í ársbyrjun, en 50 000 tonn á sama tíma í fyrra. Ég læt þetta litla dæmi nægja til að sýna árangurinn af stefnunni í landhelgismálinu. Það minnir okkur einnig á, að löngum veiddu aðrar þjóðir helming eða meir af þorskaflanum hér við land. Nú sitjum við einir að þeirri auðlind. Við náðum markmiði okkar að lokum með samkomulagi við nágrannaríkin, sem við erum í bandalagi við. Með þessum hætti hefur undirstaða þjóðarbúsins verið treyst stórlega og framtíðin er þess vegna bjartari en ella.

Um þessar mundir er fiskstofnum þannig farið, að við erum ekki aflögufærir, og því kemur ekki að sinni til frekari fiskveiðisamninga, en áhersla verður lögð á samvinnu um fiskvernd.

Sigurinn í landhelgismálinu nýtist okkur þó ekki til fulls án frjáls aðgangs að heimsmarkaði fyrir útflutningsvörur okkar.

Við varðveislu sjálfstæðis þjóðarinnar er ekki

nóg að sýna staðfestu gagnvart öðrum og gera ráðstafanir til að tryggja öryggi landsins. Hitt er ekki síður mikilvægt, að stjórn innanlandsmála og samskipti okkar innbyrðis séu með þeim hætti að virðingu veki og traust. Við skulum minnast þess, að Íslendingar misstu sjálfstæði sitt á þjóðveldistímanum af því að þeir gátu ekki sameinast um innlent framkvæmdavald. Staðfast framkvæmdavald er ekki síður hyrningarsteinn þjóðfélagsins nú og forsenda sjálfstæðis.

Meginreglan um frjálsa samninga um kaup og kjör milli samtaka launþega og vinnuveitenda er einn mikilvægasti þáttur okkar þjóðskipulags, en hinum frjálsa samningsrétti fylgja einnig ríkar skyldur. Hæfileg spenna milli andstæðra hagsmuna getur verið aflvaki efnahagslegra framfara. En hagsmunatogstreita, sem úr hófi keyrir, getur leitt til ófarnaðar. Verkfall opinberra starfsmanna, sem nýlega er lokið, er enn eitt dæmi um það, hve erfitt er að fara með kjarasamningamál á þann hátt, að menn haldi fram réttindum sínum án þess að missa sjónar af sameiginlegum þjóðarhagsmunum.

Á þessu sviði þurfum við vissulega að ná betri árangri. En þar með er ekki sagt, að breytinga sé þörf frá meginreglunni um frjálsa samninga og verkfallsrétt, heldur fremur að meiri samheldni gæti og gagnkvæms skilnings á vandamálum þjóðarbúsins. Það er forsenda lýðræðis að einstaklingar og hagsmunasamtök virði þær leikreglur sem lög landsins setja.

Eins og aðrar lýðræðisþjóðir eiga Íslendingar stöðugt við þann vanda að glíma, hvernig tryggja eigi skynsamlega heildarstjórn á efnahagsmálum án þess að skerða athafnafrelsi og sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga og samtaka þeirra eða hefta framtak og sjálfsbjargarviðleitni manna. Um alllangt skeið hefur það verið grundvallarstefna í íslenskum efnahagsmálum, að innflutningur og gjaldeyrisgreiðslur skuli vera frjáls nema annað sé sérstaklega ákveðið. Þá hafa ekki heldur verið hér í gildi neins konar fiárfestingarhöft né önnur bein íhlutun um útgjaldaákvarðanir manna. Þessari stefnu hefur verið framfylgt þannig að heita má að allur vöruinnflutningur er frjáls, en hins vegar er enn úthlutað levfum fyrir gjaldeyrisgreiðslum til annars en vöruinnflutnings, þó að mestu eftir föstum almennum reglum, og ströng skilaskylda er á öllum gjaldevri sem menn afla.

Það er hafið yfir allan vafa, að frjálsræðisstefnan hefur gefist vel í efnahagsmálum og leitt til mikilla framfara þótt við margvíslegan vanda hafi verið að glíma.

Gæta þarf jafnvægis í efnahagsmálum og leiðrétta tímanlega misræmi milli innlends og erlends verðlags, sem upp kann að koma, ef reka á bjóðarbúskapinn farsællega við skilyrði frjálsræðis í innflutningi og framkvæmdum. Þetta kann oft að vera erfitt í framkvæmd, en er þó eina færa leiðin. Haftabúskapur leysir engan vanda, heldur frestar honum og magnar og færir úr lagi marga þætti í efnahagsmálum, þjóðinni til tjóns. Af þessu hefur þjóðin bitra reynslu. Frelsi í viðskiptum og atvinnulífi er forsenda gróandi þjóðlífs og góðra lífskjara.

Batinn, sem hófst í íslenskum efnahagsmálum á árinu 1976, hefur haldið áfram á þessu ári. Horfur eru á, að þjóðarframleiðsla aukist um rúmlega 4% og þjóðartekjur um meira en 7%. Viðskiptahalli virðist munu verða um 1% af þjóðarframleiðslu samanborið við 1.7% 1976 og 11—12% 1974 og 1975. Atvinna hefur verið yfrið nóg og frekar borið á manneklu.

Allt ber þetta árferði og efnahagsstefnu jákvætt vitni, en hitt er verra, að horfur eru á að aukning verðbólgunnar, sem um mitt ár var komin niður í 26% á ári, verði svipuð 1977 og 1976, eða um 31—32%. Hætta er á að hún vaxi fremur en minnki á næstu mánuðum, ef ekki verður að gert.

Á árinu varð veruleg aukning kaupmáttar launataxta og tekna og hafa launþegar nú meira en endurheimt þær rauntekjur, er þeir höfðu á árinu 1973, þ. e. fyrir áföllin í þjóðarbúskapnum. Hins vegar er nú líklega breiðara bil milli raunverulegra launagreiðslna og samningstaxta en oftast áður. Þetta bil veldur án efa vanda á vinnumarkaðnum og í launasamningum sem fram úr þarf að ráða í senn með hagsmuni atvinnuvega og launþega fyrir augum.

Hagur lífeyrisþega skiptir ekki síður miklu máli. Á síðustu tveim árum hefur ríkisstj. tvívegis átt hlut að samkomulagi aðila vinnumarkaðarins um lífeyrismál og veitt því atbeina með lagabreytingum. Samkomulag þetta hefur falið í sér mjög mikla hækkun lífeyrisgreiðslna til þeirra fjölmörgu sem fá eftirlaun samkvæmt lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, og reyndar verðtryggingu þess lífeyris. Þannig hefur verið gert átak til þess að jafna kjör lífeyrisþega. Þá hefur ríkisstj. enn fremur beitt sér fyrir því að hækka á síðustu árum tekjutrygginguna — lágmarkslífeyri almannatrygginga — alveg sérstaklega og mun meira en skylt er að lögum, jafnframt því sem bætur almannatrygginga hafa að undanförnu hækkað jafnört og kaupgjald og án tafar. Að þessu verkefni er nú unnið og að því stefnt, að tillögur þar að lútandi verði lagðar fyrir þetta þing. Það er hverri menningarþjóð metnaðarmál að búa vel að þegnum sínum að lokinni starfsævi eða þegar starfsþrek brestur.

Allar horfur eru á því, að þjóðarframleiðslan geti aukist um 4% á næsta ári, en ekki sýnist óhætt að reikna með því að viðskiptakjörin haldi áfram að batna. Innlenda eftirspurn verður því að miða við það að halda vexti þjóðarútgjalda innan þeirra marka, sem aukning þjóðarframleiðslu setur ef viðskiptahalli og skuldasöfnun erlendis eiga ekki að aukast og unnt á að reynast að halda aftur af verðbólgunni.

Nauðsynlegt er að mörkuð sé samræmd heildarstefna og afstaða tekin til markmiða og leiða í efnahagsmálum.

Höfuðmarkmið efnahagsstefnunnar hljóta að vera þessi:

Í fyrsta lagi að stuðla áfram að vexti þjóðarframleiðslu.

Í öðru lagi að áframhaldandi kaupmáttaraukning ráðstöfunartekna almennings verði í samræmi við áætlaða aukningu þjóðartekna.

Í þriðja lagi að komast sem næst jöfnuði í

viðskiptum við útlönd og takmarka þannig erlendar lántökur sem mest við afborganir eldri lána og þörf bættrar gjaldeyrisstöðu.

Í fjórða lagi að afstýra atvinnuleysi og umframeftirspurn eftir vinnuafli svo að jafnvægi ríki á vinnumarkaðnum.

Í fimmta lagi að hamla gegn óeðlilega örum víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds.

Síðast, en ekki síst, verður að draga úr verðbólgunni á næstu árum og sé það markmið látið sitja í fyrirrúmi.

Verðbólgan er það vandamál, sem erfiðast hefur reynst úrlausnar, þótt hún hafi minnkað um nær helming hér á landi á undanförnum tveimur árum. Hér hefur því miðað í rétta átt, þótt hægt færi, og var vissulega ástæða til að ætla, að áframhald gæti orðið á þeirri þróun, ef rétt væri á haldið. Því miður hafa þær vonir nú brugðist í bili.

Með launasamningunum hafa viðhorfin í þessu efni breyst verulega. Er nú hætta á því að kapphlaupið milli launa og verðlags magnist, enda hefur hækkun launakostnaðar farið fram úr greiðslugetu atvinnufyrirtækja og opinberra aðila.

Sannleikurinn er sá, að afstaða manna virðist mótast allt of mikið af andvaraleysi gagnvart þeim hættum sem stóraukin verðbólga leiðir yfir þjóðina. Fæstir vilja neinu til fórna í eigin kröfugerð í því skyni að lækna þessa þrálátu meinsemd íslensks efnahagslífs. Sumir virðast jafnvel trúa því, að verðbólgan sé beinlínis til góðs, örvi atvinnustarfsemi og framkvæmdahug. Er þá m. a. vísað til þess, að atvinna og fjárfesting hafi verið meiri hér á landi síðustu árin en í flestum nágrannalöndum okkar þar sem verðbólga hefur verið miklu minni.

Þessi skoðun er á misskilningi byggð. Ástæðan fyrir því að tókst að halda uppi svo mikilli atvinnu 1974 og 1975, þrátt fyrir versnandi viðskiptakjör, var m. a. fólgin í umframeyðslu þjóðarbúsins og stórfelldri erlendri skuldasöfnun. En einnig skipti hér miklu máli, að dregið var úr óraunhæfum kaupmætti tekna almennings og þar með þjóðarútgjöldum, auk þess sem stjórnvöld beittu sér fyrir margháttuðum ráðstöfunum til þess að tryggja ótruflaðan rekstur atvinnuveganna. Á árinu 1976 og á fyrri hluta þessa árs áttu batnandi viðskiptakjör og góður hagur útflutningsframleiðslunnar mikinn þátt í að halda uppi mikilli atvinnu.

Öll rök og reynsla bæði Íslendinga og annarra þjóða sýnir að taumlaus verðbólga hlýtur að leiða til greiðsluhalla út á við, minnkandi atvinnu og síðar atvinnuleysis. Engin þjóð getur forðast óhagstæðar afleiðingar verðbólgunnar með því einu að safna erlendum skuldum, nema í skamman tíma. Þegar til lengdar lætur verða framkvæmdir og uppbygging atvinnuveganna að byggjast á sparnaði landsmanna sjálfra, en grundvöllur hans er traust almennings á sparifé og verðbréfaeign svo og heilbrigð starfsemi fjármálastofnana. Hvoru tveggja er stefnt í voða með þeirri verðbólgu sem nú geisar hér á landi.

Ríkisstj. hefur fylgt þeirri meginstefnu, frá því launasamningar voru gerðir um mitt árið, að veita aðhald gegn verðhækkunarkröfum. Reynt hefur verið að beita verðlagsákvæðum þannig, að fyrirtæki tækju á sig hæfilegan hluta aukins launakostnaðar án þess að stefnt væri í hallarekstur, og einnig hefur með svipuðum hætti verið tekið tillit til afkomu atvinnuvega við ákvörðun stefnunnar í gengismálum.

Stefnt hefur verið að því við undirbúning fjárlaga og lánsfjáráætlunar, að fjárfestingu og opinberum útgjöldum verði haldið sem mest í skefjum, svo rúm sé fyrir þá aukningu einkaneyslu, sem hækkun rauntekna og kjarasamningar hafa óhjákvæmilega í för með sér. Jafnframt verða lánskjör bæði banka og fjárfestingalánasjóða endurskoðuð eftir því sem verðlagsþróunin gefur tilefni til, svo að tryggð verði eftir föngum ávöxtun á sparifé og stuðlað að fjármagnsmyndun innanlands.

Með aðgerðum af þessu tagi hyggst ríkisstj. reyna að veita verðlagsþróun í landinu sem mest aðhald og koma um leið í veg fyrir, hvort tveggja í senn, aukinn viðskiptahalla við útlönd og of mikinn samdrátt í atvinnu. Henni er þó vel ljóst að ekki er með þessum ráðum einum saman unnt að draga nema að takmörkuðu leyti úr áframhaldandi verðhækkunum eða ráða varanlega bót á verðbólguvandanum. Til þess þarf mun róttækari ráðstafanir er byggjast verða á almennum skilningi landsmanna á þeim hættum sem áframhaldandi verðbólga hefur í för með sér, og á sem víðtækastri samstöðu um aðgerðir til úrbóta.

Eins og kunnugt er, skipaði ríkisstj. á síðasta hausti nefnd til þess að fjalla um verðbólguvandann og semja tillögur um ráðstafanir til þess að draga úr verðbólgu. Nefnd þessi starfaði á síðasta vetri og gerði ríkisstj. grein fyrir störfum sínum. En þar sem henni tókst ekki að ljúka því verki að gera sameiginlegar tillögur um aðgerðir hefur ríkisstj. falið henni að starfa áfram.

Traust og aðhaldssöm stefna í ríkisfjármálum og peningamálum er forsenda árangurs í viðureigninni við verðbólguna, hvað sem öðru líður, en þessi svið eru einmitt einkum í höndum þings og stjórnar. Eg treysti því að þingið hafi þetta að leiðarljósi við ákvarðanir sínar í fjárhagsmálum á þessum vetri.

Tryggja verður hallalausan rekstur hjá ríkissjóði og öðrum opinberum aðilum, þannig að ekki verði um aðrar lántökur að ræða en vegna framkvæmda. Í þessu felst:

Aukning samneyslu verði haldið í skefjum og hún miðist við áætlaða fólksfjölgun, þ. e. um 1½%.

Dregið verði úr opinberum framkvæmdum um 5—7%, eins og áformað er í frv. til fjárlaga fyrir árið 1978.

Þrátt fyrir þennan samdrátt er gert ráð fyrir aukningu vegagerðar, þar sem brýn nauðsyn er á að draga úr viðhaldskostnaði vega, spara eldsneyti og hagnýta betur farartæki. Nauðsynlegt er að hækka bensíngjald í þessu skyni. Öll hækkun þess nú — og reyndar meira fé — gengur til vegagerðar til þess að auka þjónustu við almenning og alla landshluta.

Kannaðar verði leiðir til þess að endurbæta starfsemi ríkisins og minnka umsvif þess á þeim

sviðum, þar sem einkarekstur og félagsrekstur getur með hægu móti sinnt verkefnunum.

Skattvísitala við álagningu tekjuskatts 1978 verði sett 31% hærri en 1977, eða sem svarar hækkun verðlags milli áranna 1976 og 1977. Þar með verður álagning tekjuskatts 1978 óneitanlega heldur þyngri en í ár vegna hækkandi tekna. Laun hækka meira en verðlag, og eftirspurn fer vaxandi og því nauðsynlegt að beinum sköttum verði beitt til að draga úr þenslunni. Hér er þess að gæta, að í ár mun kaupmáttur tekna almennings aukast um meira en 8%. Hins vegar er óraunhæft að miða ekki við minni aukningu kaupmáttar á næsta ári. En þó mætti ná þeim kaupmætti, sem sýndur var í tölum örskamma stund 1974, en þá var ekki grundvöllur fyrir að gæti staðist. Munurinn er sá, að nú gæti verið von um að tryggja þennan kaupmátt í raun til frambúðar, ef hyggilega er á málum haldið.

Afla þarf viðbótartekna til ríkissjóðs eða draga úr ríkisútgjöldum vegna launasamninga við opinbera starfsmenn. Á þessu stigi eru ekki gerðar ákveðnar tillögur í þeim efnum, en það verður verkefni þings og stjórnar við afgreiðslu fjárlaga.

Umbótum í skattamálum verði komið á í framhaldi af tillögum og umræðum á Alþingi á síðasta þingi. Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að staðgreiðslukerfi skatta verði komið á frá og með 1. janúar 1979 og í kjölfarið verði söluskattinum breytt í virðisaukaskatt. Væntir ríkisstj. þess, að Alþingi veiti tillögum hennar í þessu efni brautargengi.

Óhjákvæmilegt er að hamla gegn aukinni neyslu og fjárfestingu einkaaðila með aðgerðum í peninga- og lánsfjármálum, jafnframt því sem nauðsynlegt framboð á rekstrarlánum til atvinnuveganna sé tryggt.

Örva verður sparnað með breytingum lánskjara í samræmi við verðlagsþróun, bæði með notkun verðtryggingarákvæða, breytilegum verðbótaþætti vaxta og fjölgun sparnaðarleiða, er hentað geti einstaklingum. Atvinnureksturinn fær ekki nauðsynlegt rekstrarfé án aukinnar sparifjársöfnunar einstaklinga.

Stefna verður að því að veita rekstrarlánum forgang, en draga úr lánum til fjárfestingar, jafnframt aðhaldi í útlánum bankakerfisins.

Í lánsfjáráætlun verði að því stefnt, að fjárfestingarlánasjóðir fjármagni ekki aukna fjárfestingu á vegum einkaaðila fram yfir það sem nú er, enda er gert ráð fyrir því, að fjármunamyndun atvinnuveganna minnki um 2—3% á næsta ári.

Ríkisstj. hefur fylgt stefnu fríverslunar í utanríkisviðskiptum og framkvæmdafrelsis innanlands. Þessi stefna hefur sannað gildi sitt. Enn eimir þó eftir af skömmtunarstefnuninni í gjaldeyrisverslun, bæði að því er varðar yfirfærslur til annarra þarfa en vörukaupa, t.d. ferðalaga, og þess er varðar rétt íslenskra borgara til að eiga gjaldeyri í íslenskum bönkum, sem aflað hefur verið með eðlilegum hætti. Á sama hátt má segja, að meðan vextir af útlánum lánastofnana eru ekki í samræmi við verðlagsþróun, hljóti eftirspurn eftir lánsfé að vera umfram framboð og því ráði úthlutunarvald lánastofnana miklu um ráðstöfun fjármagns og þar með eignatilfærslur af völdum verðbólgunnar.

Unnið hefur verið að því með ýmsum hætti að bæta úr þessum vankönturn og koma á heilbrigðari lánamarkaði og bættri ávöxtun sparifjár, þótt við ramman reip hafi verið að draga vegna hinnar miklu verðbólgu. Lánsskilmálar og ávöxtunarkjör hafa verið endurskoðuð bæði með hækkun vaxta og aukinni verðtryggingu þar sem það hefur átt við. Með þessu hefur ávöxtun fjármagns fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða verið bætt verulega, þótt enn sé þar þörf umbóta. Með útgáfu spariskírteina og þó sérstaklega með stofnun vaxtaaukareikninga við innlánsstofnanir hefur almenningi verið gefinn kostur á hagkvæmu ávöxtunarformi á verðbólgutímum. Vinsældir vaxtaaukareikninganna hafa borið vitni áhuga fjölda fólks á sparnaði, ef það fær tryggingu fyrir sómasamlegri ávöxtun. Er þetta eindregin hvatning til að halda áfram lengra á sömu braut.

Á s.l. sumri var tekin sú ákvörðun að allir vextir skuli að hluta a. m. k. ráðast af hraða verðbólgunnar. Með þessu var stigið spor til að auka sparnað og koma á jafnvægi, hvort tveggja dregur úr verðþenslu. Þessi nýskipan vaxtamála verður ekki fullreynd fyrr en á þessu hausti eða á næsta ári, en hér erum við á réttri leið. Auk þess þarf að gera nýjum atvinnugreinum og gömlum jafnhátt undir höfði í lánamálum, en að því hafa vaxtaákvarðanir á þessu ári einmitt miðað.

Viðskrh. hefur falið Seðlabanka Íslands að kanna vandlega leiðir til þess að rýmka rétt manna til að eiga gjaldeyri og stofna til gjaldeyrisreikninga við íslenska banka með eðlilegri ávöxtun og yfirfærslueftirliti, í því skyni að fjölga leiðum til að verðtryggja sparnað. Gæti slík nýbreytni bæði aukið gjaldeyrisskil og innlendan sparnað.

Enginn vafi leikur á því, að raunhæf láns- og ávöxtunarkjör eru forsenda aukins frjálsræðis á lánamarkaðnum, þar sem jafnvægi framboðs og eftirspurnar komi í stað skömmtunar og forréttindakerfis. En slík breyting er líka forsenda þess að hægt sé að auka frelsi í gjaldeyrisviðskiptum. Sé þetta skref stigið til fulls, svo að peningaeign á Íslandi væri þannig ávöxtuð að hún væri ætíð jafngild erlendri eign, gæti það reynst jafnafdrifaríkt fyrir efnahagslegt jafnvægi og framfarir og friverslunarbreytingarnar áður. Þetta er sú grundvallarbreyting í peningaviðskiptum í landinu sem nauðsynlegt er að stefnt sé að.

Reynsla síðustu ára og áratuga, með miklum sveiflum í útflutningstekjum og þar af leiðandi tekjuskiptingar og verðbólguvanda, sýnir ótvírætt þörfina fyrir tvennt: Annars vegar að Íslendingar hafi einir óskoruð yfirráð auðlinda sjávarins kringum landið svo að þeir geti nýtt fiskstofnana skynsamlega og tryggt viðgang þeirra, og hins vegar að auka þurfi fjölbreytni atvinnuveganna, ekki síst útflutningsatvinnuveganna. Hið síðara er þeim mun brýnna sem fiskstofnunum eru meiri takmörk sett. Það er augljóst að skjóta þarf nýjum stoðum undir at-

vinnuvegina til þess að fjölgandi þjóð séu tryggð góð lífskjör. Þannig er það helsta verkefnið í íslenskum atvinnumálum að tryggja framfarir annars vegar á grundvelli sjávarútvegs og annarra hefðbundinna greina, og hins vegar hvers konar iðnaðar sem hagnýtir orkulindir landsins, sérstök hráefni þess og verkþekkingu landsmanna. Þessar leiðir liggja saman, ef rétt er á haldið. Í báðum tilfellum er greiður aðgangur að heimsmarkaði nauðsynlegt skilyrði fyrir framförum.

Í sjávarútvegi eru nú tvö verkefni brýnust. Annars vegar verður að leysa rekstrarvanda fiskvinnslunnar í landinu sem nú glímir við rekstrarhalla vegna örrar kostnaðarhækkunar og breytinga í skiptingu afla milli landshluta. Hins vegar er framtíðarmálið stjórn fiskveiða, einkum sóknar í þorskstofninn, og fjárfestingar til fiskveiða.

Drög hafa þegar verið lögð að lausn rekstrarvanda frystihúsanna með því að viðmiðunarverð til fiskvinnslustöðva hefur verið hækkað og önnur fyrirgreiðsla aukin til að bæta nýtingu hráefnis, fjármagns og starfskrafta í fiskvinnslufyrirtækjum, sem átt hafa í rekstrarörðugleikum. Þessar ráðstafanir verða nánar ákveðnar á næstu vikum, en nú er lokið athugun Þjóðhagsstofnunar á stöðu fiskvinnslunnar. En við blasir vandi vegna fyrirsjáanlegra kostnaðarhækkana.

Stjórn fiskveiða hefur verið mjög til umræðu á þessu ári. Nú virðast horfur á að útilokun erlendra veiðiskipa frá Íslandsmiðum og veiðitakmarkanir fyrir íslensk skip muni takmarka þorskaflann á Íslandsmiðum við um það bil 325 þúsund tonn. Þessi afli er verulega yfir þeim mörkum sem fiskifræðingar hafa ráðlagt, þ. e. 275 þúsund tonnum, en felur þó í sér 20—25 þúsund tonna minni heildarafla en 1976. Á næstu árum ríður á að takmarka sókn í þorskstofninn, en örva til sóknar í aðra stofna sem ekki eru ofnýttir. Þetta hefur einmitt tekist að verulegu marki á þessu ári.

Ríkisstj. telur hins vegar, að ekki sé, af félagslegum og efnahagslegum ástæðum, unnt að beita svo harkalegri takmörkun sóknar sem þyrfti til að halda aflanum í 275 þúsund tonnum á ári á næstunni. En hún telur jafnframt, að á grundvelli fyrirliggjandi athugana megi byggja þorskstofninn upp hægt og sígandi með því að miða þorskaflann á næsta ári við 315—325 þúsund tonn. Þetta mun takmarka sóknina stórlega á næsta ári, ekki síður en í ár. Með þessum hætti og með því að hægja á endurnýjun flotans og flýta því, að ófullkomin eldri skip hætti veiðum, mætti ná hagkvæmri nýtingu þessa mikilvægasta nytjafiskstofns á Íslandsmiðum á næsta áratug. Ríkisstj. hefur í samræmi við þetta takmarkað mjög lánafyrirgreiðslur til fiskiskipakaupa erlendis.

Á undanförnum árum hefur verið unnið stórvirki í virkjun fallvatna og jarðvarma. Nú kann að vera ástæða til að hægja á ferðinni og undirbúa um leið nýja sókn á þessu sviði, sókn sem ekki ofbýður fjárfestingarstarfseminni í landinu. Skipulagsumbætur í orkuiðnaði eru einnig í undirbúningi. Almennur iðnaður hefur vaxið mjög á síðustu árum þrátt fyrir aukna samkeppni við innflutning. Þótt sú samkeppni sé bæði holl íslenskum iðnaði og þjóðarbúinu verður að gæta þess að aðstaða hans sé sem sambærilegust við það sem erlendis gerist. Á þessu ári hefur verið unnið að ýmsum endurbótum á rekstrarskilyrðum iðnaðar, og verður því starfi haldið áfram á næstunni og Alþingi gerð grein fyrir því.

Nauðsynlegt er að umhverfisvernd sé jafnan höfð í huga við ákvarðanir um orku — og stóriðju. Á þessu þingi mun ríkisstj. leggja fram frv. til laga um umhverfismál þar sem gerðar eru tillögur um heildarstjórn þeirra mála.

Á sviði landbúnaðar mun ríkisstj. beita sér fyrir ráðstöfunum til að draga úr offramleiðslu landbúnaðarafurða með endurskoðun framleiðsluráðslaga og þ. á m. útflutningsuppbóta. Rétt er að geta þess, að skilningur á þessu vandamáli kom fram á fundi Stéttarsambands bænda í haust.

Unnið verður að því, að verðmyndunarkerfi verslunar og þjónustu sé gert frjálslegra, þannig að hagsmunir neytenda séu betur tryggðir en nú er. Jafnframt verður stefnt að því að afnema misræmi á milli atvinnuveganna og á milli fyrirtækja í einkaeign og opinberum rekstri.

Nauðsynlegt er að setja ný lagaákvæði um störf sáttasemjara ríkisins.

Ný heildarlöggjöf um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hefur lengi verið í undirbúningi. Vonir standa til þess, að greinargerð nefndar, sem unnið hefur að því verki, verði lögð fram í vetur.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir viðræðum fulltrúa þingflokka um breytingar á kosningalöggjöfinni. Þess hefur verið farið á leit við stjórnarskrárnefnd, að hún geri grein fyrir störfum sínum og tillögum, ekki síst um kosningalög og kjördæmaskipan.

Forsenda allra framfara í atvinnumálum er jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Jafnvægi næst ekki nema með samstilltu átaki allra, sem áhrif hafa á þróun efnahagsmála. Stjórnvöld verða að hafa stuðning almennings og samtaka hans til að tryggja þetta jafnvægi og þar með framfarir og batnandi lífskjör í landinu á næstu árum. Slíkt samstarf og stuðningur verður að vera byggt á sameiginlegu mati á því, hver sé framleiðslugeta þjóðarbúsins. Raunsæi verður að ráða þessu mati, en ekki óskhyggja eða gylling á framtíðinni.

Ríkisstj. lætur nú vinna að undirbúningi þjóðhagsáætlunar til langs tíma, þannig að ræða megi á sama grundvelli um tekjuskiptingarvandann í þjóðarbúinu og svigrúmið til framkvæmda, einkaneyslu og opinberra umsvifa og þar með skattheimtu. Þetta verk verður kynnt á þessu þingi.

Sú efnahagsstefna, sem hér er lýst, byggist á forsendum sem geta brugðist. Ef það gerist verður nauðsynlegt að grípa til enn öflugri ráðstafana. Þjóðin öll verður að vera undir það búin.

Herra forseti. Þjóðin er vel undir það búin að leysa viðfangsefni líðandi stundar og verkefni framtíðarinnar. Öryggi landsins og sjálfstæði er tryggt svo sem verða má með varnarsamstarfi og þátttöku í Atlantshafsbandalaginu. Yfirráð yfir fiskimiðunum, helstu auðlind lands-

ins, eru algerlega í okkar höndum. Jöfnuði hefur verið komið á í ríkisfjármálum, peningamálum og viðskiptum við önnur lönd. Full atvinna hefur haldist og dregið úr verðbólgunni. Okkur er vorkunnarlaust að herða baráttuna gegn verðþenslunni og búa enn betur í haginn fyrir framtíðina. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fjórða ár ríkisstj. Geirs Halgrímssonar er hafið. Fjórða loforðasyrpan hefur verið þulin í eyru alþjóðar. Fjórða fjárlagafrv. liggur hér á borðum þm.

Fyrir tæpum fjórum árum komu tveir Matthíasar, hvor á fætur öðrum, upp í þennan ræðustól. Þeir voru helstu fjármálaspekingar Sjálfstfl. og eru það víst enn. Erindið hingað upp í stólinn var að lýsa hneykslun sinni og forundrun yfir því hófleysi vinstri stjórnarinnar að ætla sér að samþykkja fjárlög sem nálguðust 29 milljarða kr. Fullyrtu þessir menn, að lafhægt væri að lækka þessi fjárlög um 4—5 milljarða a. m, k.

Út á þessa fjármálaspeki auk annarra verðleika urðu Matthíasarnir báðir ráðh. í núv. ríkisstj. Senn verða afgreidd fjórðu fjárlög þessara snillinga og félaga þeirra, og það eru ekki 29 milljarða fjárlög, því síður önnur lægri, sem nú á að afgreiða. Nei, ólíklegt verður að teljast að hæstv. núv. fjmrh. sleppi með 129 milljarða fjárlög að þessu sinni. Þau verða líklega hærri. M. ö. o.: í stað 4—5 milljarða lækkunar hefur komið a m. k. 100 milljarða hækkun.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum héldu ýmsir að komin væri hin sterka borgaralega stjórn sem þeir höfðu þráð. Tveir stærstu stjórnmálaflokkar þjóðarinnar stóðu að ríkisstj. Hún hafði 42 þm. að baki og ⅔ hlutar kjósenda höfðu veitt þeim umboð í síðustu kosningum.

Hin nýja og að því er virtist sterka stjórn kvaðst til þess kjörin að snúast af alefli gegn verðbólgunni og leysa efnahagsvanda þjóðarinnar. Í dag mun það næsta útbreidd skoðun, ekki síður innan stjórnarflokkanna en utan, að sjaldan hafi setið hér dáðlausari ríkisstj. né slappari þingmeirihl. reikað um þessa sali. Og menn eiga ekki torvelt með að benda á staðreyndir: Ferföldun niðurstöðutalna fjárl. frá 1974 eða rúmlega það, geigvænleg skuldasöfnun erlendis, stóraukin skattheimta, 30, 40, jafnvel 50% árleg verðbólga.

En er nú alls kostar sanngjarnt að kenna dugleysi ríkisstj. og stjórnarflokka um þessa þróun? Var nokkurn tíma ætlun þeirra að hamla gegn verðhækkunum, draga úr þenslu? Var það ekki megintilgangurinn með ákvörðunum þessarar ríkisstj., þótt annað væri látið í veðri vaka, að tryggja með tiltækum ráðum öfluga aðstöðu þeirra þjóðfélagshópa sem sterkust eiga ítökin í stjórninni: handhafa auðmagnsins, þeirra sem hyggjast græða á vinnu annarra? Launamenn mega síst af öllu gleyma því, að þegar máttarstólpar Sjálfstfl. og Framsfl. leggjast á eitt og stjórna landinu saman er um að ræða ríkisstj. hins sameinaða fjármála- og atvinnurekendavalds á Íslandi. Það eru að sjálfsögðu hagsmunir atvinnurekenda og stórfyrirtækja, burðarásanna í valdakerfi stjórnarflokkanna, sem núv. ríkisstj. hefur verið að efla og tryggja allan þennan tíma, og í því efni hefur henni óneitanlega orðið töluvert ágengt.

Er það ekki deginum ljósara, að í stað þess að draga úr verðbólgunni hefur þessi ríkisstj. beinlínis rekið verðþenslustefnu, framkvæmt markvissa verðhækkana- og skattahækkanapólitík til þess að rýra rauntekjur launafólks, til þess að flytja milljarðatugi í þjóðfélaginu frá hinum vinnandi manni til handhafa auðmagns og fyrirtækja. Og hefur ríkisstj. ekki verið býsna skelegg í látlausri styrjöld sinni við hagsmunasamtök launafólks? Og þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki hrósað sigri í síðustu átökum við launafólkið, hvorki við verkalýðshreyfinguna í vor né samtök opinberra starfsmanna í haust, þá var viljaleysi ekki um að kenna. Skýringin er einfaldlega sú, að þessi tvenn fjöldasamtök launþega eru orðin svo sterk að það er ekki hægt og á ekki heldur að vera hægt að stjórna þessu landi í fullri andstöðu og jafnvel fjandskap við fólkið sem þjóðarauðinn skapar.

Óneitanlega er það nokkuð mikil kröfuharka hjá köppunum í hægra armi Sjálfstfl. sem nú húðskamma ríkisstj. sína fyrir undanlátssemi við launafólk, fyrir lélega frammistöðu í þágu viðskiptalífsins, fyrir of lítið athafnafrelsi fjáraflamanna. Þetta er mesta ræktarleysi, því að ég fæ ekki betur séð en ríkisstj. hafi gert það sem hún gat fyrir fjármálafólkið — viljann skorti ekki.

Það er svo annað mál, að hinir fjölmörgu launþegar, sem veittu núverandi stjórnarflokkum brautargengi við kjörborðið fyrir rúmum þremur árum, hafa fengið mörg og mikilvæg tækifæri til þess að sjá í réttu ljósi þau stéttaátök sem eiga sér stað á Íslandi um þessar mundir. Og hafi ýmsir þeirra haldið, eins og ástæða er til að ætla, að flokkar stórfyrirtækja og peningamanna væru svo rúmgóðir og forustumennirnir svo víðsýnir að þeir tryggðu jafnt hag fólksins og fyrirtækjanna, þá ættu þeir nú að vera reynslunni ríkari. Ég veit að ýmsir stjórnarþm. bíða með nokkrum geig eftir dómi fólksins — vonandi ekki að ástæðulausu.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð kom það engum á óvart að broddar Sjálfstfl. sæktu það fast að komast á ný í stjórnarráðið og hnekkja stefnu vinstri stjórnarinnar á sem flestum sviðum. Hitt þótti mörgum torskildara, hvers vegna leiðtogar Framsfl. ákváðu að harðlæsa öllum hliðum sem leitt gætu til áframhaldandi vinstra samstarfs, en vörpuðu sér nær umsvifalaust í fletið til íhaldsins. Þeir tóku að vísu að nafninu til þátt í stjórnarmyndunarviðræðum við verkalýðsflokkana, en notuðu fyrsta tækifæri til að slíta þeim og semja við Sjálfstfl. Þeir samningar tókust á undraskömmum tíma og var víst aldrei deilt um málefni, heldur aðeins um ráðherrastóla, þar sem allt féll þó í ljúfa löð samkv. helmingaskiptareglu. Var margur stuðningsmaður Framsfl. meira en lítið undrandi á því, hve áhugi og raunar ákafi forustumanna flokks þeirra var mikill að mynda stjórn með Sjálfstfl. Slík virtist óbreyja þessara framsóknarhöfðingja í tilhugalífinu að helst varð lýst með orðum Þrymskviðu:

„Át vætur Freyja
átta nóttum,
svo var hún óðfús
í Jötunheima."

En oddvitar Sjálfstfl. sáu til þess, að ekki yrðu Framsóknarleiðtogarnir án allrar næringar. Þeir máttu gera svo vel að éta ofan í sig drjúgan hluta af stefnu flokksins og læra jafnframt að halda uppi vörnum fyrir algerlega gagnstæða stefnu sem nú skyldi um flest verða stefna hinnar nýju ríkisstj.

Hvergi hefur samvinna Framsóknar við íhaldið tekið á sig átakanlegri mynd en í herstöðvamálinu. Þar féllust Framsóknarforingjarnir á að sporðrenna flokksstefnunni eins og hún lagði sig, en tóku jafnframt að sér að framkvæma algerlega gagnstæða stefnu. Þær eru nú orðnar býsna margar sendiferðirnar sem hæstv. utanrrh. Einar Ágústsson hefur farið síðustu þrjú árin til að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í herstöðvamálinu. En a. m. k. jafnoft ef ekki oftar hefur ráðh. lýst því yfir, að þetta sé ekki sinn vilji, hann sé enn sama sinnis og á vinstristjórnarárunum. Hæstv. utanrrh. er nýkominn úr einni Bandaríkjaförinni, þar sem honum var gert að ræða við hershöfðingja og skoða hersveitir og hergögn. Þá mátti hann og enn einu sinni lýsa fyrir stjórnmálamönnum vestur þar hersetustefnu Sjálfstfl., stefnunni sem ríkisstj. Íslands fylgir nú, en hlaut að þegja þunnu hljóði um eigin skoðanir á því máli. Minna þessar píslargöngur Einars Ágústssonar átakanlega á það, þegar Sturla Sighvatsson var leiddur berfættur milli allra kirkna í Rómaborg, eins og segir í Sturlungu: „Bar hann það drengilega, en flest fólk stóð úti og undraðist, barði á brjóstið og harmaði er svo friður maður var svo hörmulega leikinn."

Ég vék að því áðan, að hvað eftir annað á valdaferli sínum hefur núv. ríkisstj. staðið í harðvítugum átökum um kaup og kjör við allan þorra þess fólks sem starfar hjá öðrum og tekur laun fyrir vinnu sína. Í hvert einasta skipti hefur staðið þannig á, að launafólkið hefur verið að reyna að ná til baka hluta þeirrar kjaraskerðingar sem stjórnarstefnan hafði yfir það kallað. Undanfarna mánuði hafa málpípur ríkisvalds og atvinnurekenda klifað á því, að orsök vaxandi óðaverðbólgu séu samningar þeir við verkalýðshreyfinguna sem gerðir voru s. l. vor, og vart mun hörgull á því næstu vikurnar að margvíslegar verðhækkanir verði taldar afleiðing nýgerðra samninga við opinbera starfsmenn. Það er því nauðsynlegt að fara um það nokkrum orðum, hvort réttara sé að þessir kjarasamningar launafólks séu hinn eiginlegi verðbólguvaldur eða einungis óhjákvæmilegt andsvar við verðbólgustefnu ríkisstj. og bein afleiðing af henni.

Enda þótt þjóðartekjur lækkuðu lítið eitt á árunum 1974 og 1975, borið saman við metárið 1973, réttlætti það ekki á nokkurn hátt þá gífurlegu kjaraskerðingu sem ríkisstj. knúði fram með því að margfella gengið, stórhækka allt verðlag og afnema jafnframt vísitölutryggingu á kaupi. Það er og staðreynd, sem launþegar ættu að muna, að ekki voru allir látnir taka á sig fórnir vegna þeirra efnahagserfiðleika, sem komu upp árin 1974 og 1975. Rekstrarhagnaður stórfyrirtækja var mikill árið 1975 og hann var enn meiri í fyrra. Enginn heyrði þess getið, að milliliðnum væri ætlað að færa fórnir, ekki bönkum eða vátryggingafélögum, ekki olíufélögum. Viðskipta- og þjónustufyrirtæki, einkum hin stóru, græddu samkv. eigin framtali meira en nokkru sinni fyrr.

Nú um hríð hefur engum utanaðkomandi efnahagsáföllum verið til að dreifa. Árið 1976 jukust þjóðartekjur um 5.4% og aukast að líkindum á þessu ári um 7%. Við framleiðum meira, búum við hærra afurðaverð en nokkru sinni fyrr.

En það hefur hins vegar verið stefna ríkisstj., að allt mætti hækka nema kaupið. Þrátt fyrir síhækkandi afurðaverð átti fólkið að búa áfram við kjaraskerðinguna miklu, 20—30%, sem knúin var fram árin 1974 og 1975. Það er eins og segir í frægri bók: „Dollarinn skal standa."

En launafólkið, jafnt innan verkalýðshreyfingar sem samtaka opinberra starfsmanna, seinþreytt til vandræða, snerist loks til varnar og hefur nú hnekkt að nokkru kjaraskerðingu ríkisstj. og skjólstæðinga hennar, atvinnurekenda og milliliða. Stéttarfélögum hefur verið sá einn kostur nauðugur að knýja fram umtalsverðar launahækkanir til þess að mæta að nokkru þeirri dýrtíð sem verðbólgustefna ríkisstj. hefur haft í för með sér. Athyglisverðar hugmyndir og ábyrgar till. verkalýðshreyfingarinnar um kjarabætur að hluta til í öðru formi en hækkuðu kaupi voru í vor að engu hafðar og fengust ekki ræddar af ríkisvaldsins hálfu. Var þó um að ræða viðleitni til að leita að lausn sem ekki væri verðbólguhvetjandi, en ríkisstj. var ekki til viðtals um neitt slíkt.

Þegar málpípur ríkisvaldsins og atvinnurekenda koma nú og segja: Það eru samningar verkalýðshreyfingarinnar frá í vor og opinberra starfsmanna frá í haust sem valda því að farið er að spá 50—60% verðbólgu á næsta ári — hljóta svör fólksins að vera eitthvað á þessa leið: Ekki bera almennir launamenn ábyrgð á því að gengið hefur verið fellt stórlega, að söluskattur hefur verið hækkaður, að sérstakt vörugjald hefur verið sett á og margframlengt. Ekki er launamönnum um að kenna þegar sjálft ríkisvaldið og ríkisfyrirtækin hafa gengið í fararbroddi um hækkanir á hvers konar vörum og þjónustu. Ekki bera launamenn ábyrgð á því að æ stærri hluti þjóðartekna hefur verið látinn streyma til stórfyrirtækja og milliliða. Ekki er það sök launafólksins þótt óhemjufjármunir hafi farið í stjórnlaust og lítt arðbært fjárfestingarkapphlaup ríkisins sjálfs, heildverslana, banka, umboðsaðila, tryggingafélaga, olíufélaga, flugfélaga, skipafélaga og einstaklinga. Steinsteypumusteri peningafurstanna hafa risið hvert á fætur öðru og eru mörg svo tilkomumikil að Morgunblaðshöllin hérna niðri við Aðalstræti fer að minna á gamlan hrútakofa borið saman við öll þau herlegheit.

Rétt er það, að launafólkið í landinu hefur í krafti samtaka sinna rétt hlut sinn að nokkru, eins og óhjákvæmilegt var. En hversu lengi endist slík leiðrétting? Er ekki þegar farið að hóta launafólki að kaupmátturinn verði á ný stórlega skertur? Orlaði ekki á slíkri hótun í stefnuræðu hæstv. forsrh. hér áðan? Og hversu dýrt get-

ur það ekki orðið launafólkinu sjálfu og þjóðfélaginu öllu að neyðast til að heyja látlausa styrjöld um kaupmáttinn við sjálft ríkisvaldið? Eru engar aðrar leiðir til? Ég fullyrði að þær eru til og meira að segja vel færar, ef launþegar vilja fara þær eða þegar þeir vilja fara þær. Frumskilyrðið er að launafólkið hætti að styðja til valda þá flokka, sem eru í grundvallaratriðum andvígir kjarabaráttu launafólks, en taki að standa saman í eigin stjórnmálasamtökum, taki að ráða mestu um það sjálft hvernig þessu landi er stjórnað.

Ég held að naumast sé annað verkefni brýnna innan launþegasamtakanna en að gera sem flestum grein fyrir mikilvægi þess að hætta að styðja stéttaandstæðing til valda, en margefla þess í stað eigin samtök, bæði hin faglegu og hin pólitísku ekki síður. Þess er og að vænta að fólk dragi rétta lærdóma af stefnu stjórnarflokkanna, eins og hún er í reynd, og látlausri styrjöld þeirra við alþýðu. Sú staðreynd blasir við, að launþegar geta ekki rétt hlut sinn til frambúðar með kjarasamningum einum. Þeir verða einnig að smíða sér þau pólitísku vopn sem duga.

Barátta launþega að undanförnu við atvinnurekendur og ríkisvald hefur verið lærdómsrík. Í ljós hefur komið, hversu háskalegt það er, þegar þjónar atvinnurekenda og óvinveitts ríkisvalds koma ár sinni fyrir borð innan launþegasamtakanna sjálfra. Þá er einatt hætta á ferðum. Frá mörgum flugumanni segir í fornum ritum. Einn þeirra var Þorbjörn rindill. Hann gerðist þjónn Guðmundar ríka og var falið að koma sér í mjúkinn hjá andstæðingi hans til þess að geta dregið þar lokur frá á örlagastundu. Sagan endurtekur sig. Íslensk launþegasamtök hafa síst af öllu farið varhluta af slíkum sendingum, og hefur hrekklaust fólk einatt verið helst til seint að átta sig á þessum fyrirbærum. Einn er þó sá áttaviti sem teljast má býsna öruggur. Það er aðalmálgagn Þorbjarnar rindils og Guðmundar ríka, Morgunblaðið. Kjass og blíðmælgi úr þeirri átt í garð áhrifamanna innan launþegahreyfingar ættu a. m. k. að vekja efasemdir og spurningar. Á hinn bóginn má hiklaust treysta því, að þegar fyrrgreint málgagn og önnur af svipuðum toga ráðast af mestu offorsi á forustumenn verkalýðs og annarra launþegasamtaka, þá eru þeir á réttri leið. Í síðasta mánuði hlotnaðist oddvitum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sá sómi að vera hrakyrtir í Morgunblaðinu dag eftir dag. Er það ólíkt meiri og einlægari viðurkenning á myndarlegri frammistöðu en stórriddarakross með stjörnu.

Það er vafalaust að verulegur meirihluti íslenskra ríkis- og bæjarstarfsmanna hefur kosið núverandi stjórnarflokka við síðustu kosningar. Þessir flokkar hafa einnig átt mikið fylgi meðal verkalýðs og annarra launþega. Ekkert vil ég um það fullyrða, hvort einhver umtalsverð breyting hefur orðið á þessu. Hitt þykir mér sennilegt, að látlaus styrjöld núv. ríkisstj. og flokka hennar við nær allt launafólk í landinu hafi komið ýmsum til að hugleiða rækilegar en áður samhengið milli kjarabaráttunnar og stjórnmálaátakanna. Sé þessi grunur minn réttur, kann að vera að eitthvað fækki þeim launþegum, sem styðja flokka atvinnurekenda til áhrifa og valda. Margur maðurinn í röðum opinberra starfsmanna kynntist nýlega í fyrsta sinn stéttabaráttu af eigin raun, og hann er vís til að draga af þeirri reynslu gagnlegar ályktanir.

Íslensk verkalýðshreyfing og opinberir starfsmenn eiga að líkindum þróttmeiri stéttasamtök um þessar mundir en löngum fyrr. En á vettvangi stjórnmálanna skortir enn mikið á að alþýða landsins hafi smíðað sér þau vopn sem bíta nógu vel. Um þessar mundir er Alþb. sá stjórnmálaflokkur á Íslandi sem einn virðist hafa skilyrði til að verða sú stóra pólitíska fylking hins vinnandi fjölda sem á næstu árum kynni að geta boðið flokkum auðstéttarinnar byrginn. Þessa góðu haustdaga hafa komið til liðs við okkur í Alþb. margir nýir félagar víðs vegar um land, reiðubúnir að leggja hönd á plóginn. En þeir þurfa að verða miklu fleiri. Við Alþb.-menn fögnum hverjum liðsmanni sem vill vinna að því með okkur af einlægni og einbeitni að gera þennan eina umtalsverða flokk íslenskra sósíalista, íslensks launafólks, Alþb., öflugri og betri flokk, hvassara vopn í baráttu alþýðu fyrir fegurra mannlífi, fyrir réttlátara þjóðfélagi á Íslandi.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Nú þegar hæstv. forsrh. hefur lokið við að flytja stefnuræðu sína í síðasta sinn fyrir kosningar er þess að vænta, svo sem þegar hefur mátt heyra, að umr. um hana og störf ríkisstj. það sem af er kjörtímabilinu beri nokkurn keim af þeim átökum sem hafin eru og fram undan eru á stjórnmálasviðinu.

Tvö einkenni í umr. þessum eru mér ofarlega í huga: Annars vegar nafngiftir stjórnarandstöðunnar og málgagna hennar, þar sem stjórnin er kölluð kapítalísk íhaldsstjórn og henni fundið flest ef ekki allt til foráttu, hvort heldur þar sem stjórnin hefur ekki náð settu marki eða þar sem vel hefur til tekist, svo sem í landhelgismálinu, sbr. allar hrakspár og dylgjur meðan á samningum stóð. Hins vegar söngur þeirra, sem kalla ríkisstj. sósíalska samneyslustjórn sem stendur að of miklum félagslegum aðgerðum og ver of háu hlutfalli af ríkistekjum til samneyslu og opinberrar fjárfestingar.

Ekki leyna sér vonbrigði þeirra, sem trúðu því, að með úrslitum kosninganna 1974 og aðild Sjálfstfl. að ríkisstj. yrðu opnaðar allar gáttir auðhyggjunnar og samfélagslegar aðgerðir drepnar í dróma. Ekki hafa farið fram hjá landsmönnum væringar og yfirlýsingar á hægri jaðri stjórnmálanna. E. t. v. vísar það veginn á vissan hátt þegar stjórnmálaöflin lengst til vinstri og hægri loka hringnum í samdóma áliti um að ríkisstj. sé þeim ekki að skapi. Kann það ekki að benda til þess, að ríkisstj. kunni að vera á réttum vegi?

Fleiri atriði úr stjórnmálaumr. síðustu mánaða eru athyglisverð. Máltakið segir, að sagan endurtaki sig. Ég vil biðja þig, hlustandi góður, að fylgja mér nokkur ár aftur í tímann og huga að þjóðmálaumr. á síðasta hluta valdatíma vinstri stjórnarinnar undir forsæti Hermanns Jónassonar. Þá voru efnahagsörðugleikar miklir sem leiddu til stjórnarslita. Þá upphófust miklar umr. um breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipun. Meginröksemdir andstöðuflokka Framsfl.

í þeim stjórnmálaátökum voru þau, að erfiðleikarnir stöfuðu af pólitísku ranglæti — staða Framsfl. um hinar dreifðu byggðir væri of sterk — og af því sem kallað var pólitísk fjárfesting, þ. e. að það fjármagn, sem af hálfu hins opinbera var varið til uppbyggingar á landsbyggðinni, væri að sigla þjóðarskútunni í strand.

Kjördæmabreytingin náði fram að ganga. Tveir þeirra flokka, sem að breytingunni stóðu, mynduðu ríkisstj. og tóku að framkvæma hina nýju stefnu með þeim afleiðingum að allt viðreisnartímabilið rann stöðugur straumur fólks og einkafjármagns af landsbyggðinni til suðvesturhornsins. Í lok þessa tímabils höfðu hinir ýmsu landshlutar þó snúist til varnar, myndað með sér samtök m. a. til þess að berjast gegn þessari óheillaþróun. Þeir sáu hvað best og gleggst að verið var að gelda þá mjólkurkú er síst skyldi. Þjóðarbúskapnum væri þá fyrst vel borgið, þegar til lengdar lætur, að aðstaða sé til þess að nýta landið allt, gögn þess og gæði, fiskimiðin þar að sjálfsögðu með talin, og að því fólki, sem verðmætanna aflar, verði búin sambærileg kjör um land allt, atvinnuöryggi, heilbrigðisþjónusta og menntunaraðstaða verði sambærileg, svo að eitthvað sé nefnt.

En það er fyrst eftir myndun rn. Ólafs Jóhannessonar að brotið er í blað í þessum sökum. Um það náðist pólitísk heilladrjúg samstaða, og mér finnst ástæða til að leggja á það áherslu nú, að þessari stefnu hefur sleitulaust verið fram haldið af núv. ríkisstj. Að sjálfsögðu er margt ógert, en til slíkrar umsköpunar hefur þjóðin ekki bolmagn á tæpum áratug. Of víða býr fólk ekki við nægilegt atvinnuöryggi, og umbætur á menningar- og félagslegum þáttum eru of skammt á veg komnar. En engum, sem um landið fer í dag og gerði það fyrir 6—7 árum, dylst að umskiptin hafa orðið mikil.

Áhrif þessarar stefnu hafa ekki látið á sér standa. Ungt fólk haslar sér í auknum mæli völl í sinni heimabyggð. Tími kyrrstöðunnar í húsnæðismálum er víðast úr sögunni. Sá tími er líka liðinn þegar bjartsýni þeirra, sem réðust í það að byggja eigið húsnæði, var kölluð glópska, ekkert vit væri í því að festa fé í steini og járni nema á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Þar er þenslan og verðbólgan um gróðann ef selja þyrfti. Þetta ásamt breyttum viðhorfum til lífsgæðanna hefur líka leitt margt borgarbarnið á vit hinna strjálli byggða.

En þá kemur andsvarið. Í ljósi þess, sem ég hef sagt, og með tilvísun í þjóðmálaumræður 1958 og 1959 spyr ég hvort menn finni nokkurn samhljóm með henni og þeirri kröfu — andsvarinu — sem nú er sett fram í slagorðunum „Burt með báknið". Hafa menn hugleitt hvert báknið er og hvað krafan þýðir? Er það kannske tilviljun ein sem ræður að í upphafi þessa þings urðu miklar umr. um kosningalög og kjördæmaskipan? Ekki neita ég því, að þær aðstæður hafa skapast sem réttlæta þessar umr., og Framsfl. er reiðubúinn til að taka þátt í þeim og leita farsællar lausnar. En von er að menn spyrji hvort hér séu tengsl á milli eða hvort fiskur liggi undir steini. Vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um hvort atriðið um sig.

Þess er krafist af þeim, sem stórlega vilja draga úr ríkisumsvifum, að einkaneyslan verði aukin á kostnað samneyslunnar og opinbers rekstrar. Þetta hlýtur m. ö. o. að þýða það að stórlega eigi að draga úr opinberri skattheimtu ríkis og sveitarfélaga sem og að draga úr ríkisframkvæmdum sem fjármagnaðar eru með erlendu lánsfé, og skal undir það atriði tekið. Í það hefur verið látið skína að skattheimta eða, eins og það stundum er orðað, skattpíning sé meiri hér en meðal nálægra þjóða. Fróðlegt ætti að vera að birta staðreyndir um þetta atriði.

Árið 1974 voru skatttekjur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu 33%, árið 1975 34%, árið 1976 35.5% og er áætlað nokkru lægra árið 1977. Árið 1972 var þetta hlutfall 32.4%, en þá var sambærilegt hlutfall 44—46% hjá þeim þjóðum sem við helst viljum bera okkur saman við, hjá Dönum, Svíum og Norðmönnum. Ég hef góðar heimildir um það, að frá þeim tíma hafi þetta hlutfall ekki hækkað minna þar í löndum en hér.

Það er alfarið hlutverk Alþ. að móta stefnuna í tekjuöflun ríkisins hverju sinni, og stjórnarflokkarnir bera á henni höfuðábyrgð. Þessi stefna hefur verið mótuð í megindráttum fyrir næsta ár í því fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir. Að vísu er enn eigi séð hvernig þeim kostnaðarauka verður mætt sem leiðir af samningum við opinbera starfsmenn. Hitt er augljóst, að þau fjárlög, sem væntanlega verða samþykkt á jólaföstu, verða engin svokölluð kosningafjárlög.

Úrtölumönnum þykir víst nóg um skattheimtu hins opinbera, og ekki hafa heyrst raddir um að hana beri að auka. Þvert á móti er krafan um brottnám báknsins hið gagnstæða. En samkv. þeim tekjuöflunaráformum, sem uppi eru, og þeirri skiptingu, sem áformuð er varðandi rekstur og samneyslu annars vegar og fjárfestingu hins vegar, má ljóst vera að ekki verður komið að fullu til móts við fólkið í landinu varðandi óskir þess um opinbera þjónustu. Hitt er svo annað mál, að ekki fara alltaf saman óskir um þjónustu og skattbyrði.

Sjálfsagt er að feta þær leiðir samvirkni og sparnaðar sem gera ríkiskerfið án útþenslu ódýrara og skilvirkara en það er í dag. En þær leiðir eru margslungnar og vandrataðar. Á undanförnum árum hafa verið sett lög, svo sem í heilbrigðis- og skólamálum, sem krefjast aukins starfsliðs. Það er blekking að halda því að fólki að leysa megi efnahagsvandann með því að fækka stórlega föstu starfsfólki sem tekur laun hjá ríkinu. Hvar á sú fækkun að koma niður? Á að fækka kennurum á sama tíma og fjölgar nemendum með fjölgun þjóðarinnar? Á að fækka starfsfólki í heilbrigðisstéttum? Er það í anda heilbrigðislöggjafarinnar frá 1973? Hér eru nefndir fjölmennustu hóparnir, en svo mætti áfram telja. Sannleikurinn er sá, að meginviðfangsefni fjvn. og Alþ. gegn útþenslu ríkiskerfisins er að veita strangt aðhald varðandi aukastörf og veitingu á nýjum stöðum. Það hefur verið gert og þykir mörgum nóg um, bæði þeim, sem þjónustunnar eiga að njóta, og þeim, sem veita viðkomandi stofnunum forstöðu. Í þjóðfélagi

hraðrar uppbyggingar og endursköpunar eru verkefnin óþrjótandi.

Margt er það, sem sameignarsjóður þjóðarinnar getur ekki veitt henni að svo stöddu, en bjargálna einstaklingur teldi sjálfsagt að veita sér þótt á annan hátt sé. Efnahagsforsendur leyfa ekki annað. Hægar verður farið í opinberum framkvæmdum en verið hefur að undanförnu. Minni eftirspurn á vinnumarkaði vegna minni ríkisframkvæmda má þó ekki leiða til aukinnar þenslu í fjárfestingum einkaaðila, þá væri allt unnið fyrir gýg. Beina þarf vinnuframboðinu yfir til framleiðslunnar. En hér er vandratað meðalhófið. Minni eftirspurn á vinnumarkaði má umfram allt ekki leiða til atvinnuleysis. Næg atvinna fyrir alla hefur verið einn mikilvægasti hyrningarsteinn stjórnarstefnunnar. Mörgum þætti nóg að gert þótt aðgerðir leiddu ekki til annars en að minnka stórlega það launaskrið sem nú er í landinu, þ. e. mismun á umsömdum töxtum og þeim launum sem raunverulega eru greidd. Eigi að síður — og á það vil ég leggja áherslu — verður unnið að áframhaldandi og þýðingarmiklum framkvæmdum um land allt, of mikið eflaust að mati þeirra sem mest tala um óarðbæra fjárfestingu og telja að allir efnahagserfiðleikar okkar stafi af henni. En hver er hin óarðbæra fjárfesting? Eru það kannske fiskihafnirnar sem eru undirstaða undir nýtingu fiskimiðanna? Er það kannske gerð vega sem eru slagæðar athafnalífs og mannlegra samskipta? Vera kann að atvikin hafi hagað því svo, að finna megi á sviði orkumála óarðbæra fjárfestingu í bili. Það ber að harma að Alþ. hefur enn ekki borið gæfu til að móta ákveðna framtíðarstefnu í orkumálum. En var það röng stefna eftir olíukreppuna svokölluðu og í orkuþverrandi heimi að gera þjóðina óháðari duttlungum olíufurstanna og hefja sókn til nýtingar innlendra orkugjafa? Eru hitaveituframkvæmdirnar á Suðurnesjum, Akureyri, Stór-Reykjavíkursvæðinu og víðar óarðbærar fjárfestingar? Eða er þær e. t. v. að finna þar sem verið er að reisa skóla og sjúkrahús? Er það kannske arðbærara að gera fólki ekki kleift að nýta náttúruauðæfin um og í kringum landið, eins og ég nefndi áður í máli mínu.

Ég gat þess fyrr í ræðu minni, að menn spyrðu um hvort tengsl væru á milli umr. varðandi umsvif ríkisins og framkvæmdir annars vegar og um kjördæmaskipun og kosningalög hins vegar. Um það skal ekkert fullyrt nú, en um þetta atriði vil ég fara nokkrum orðum.

Forsrh. gat þess í stefnuræðu sinni, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir viðræðum fulltrúa þingflokkanna um breytingu á kosningalöggjöfinni. Hann gat þess einnig, að unnið væri að grg. varðandi verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og að í undirbúningi væri heildarlöggjöf um þetta efni. Þegar um þetta er fjallað fer ekki hjá því að athyglin beinist að umdæmaskipan landsins og því hvaða landfræðilegar og félagslegar heildir verði heppilegastar stjórnsýslueiningar, svo fremi því fylgir alvara að færa stjórnsýsluumsvif og aukin völd í eigin málum út til héraðanna eða landshlutanna. Á þetta ekki hvað síst við að því er lýtur að skipulagi heilbrigðis- og menntamála. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort mörk nýrra stjórnsýslueininga, einnar eða fleiri, eigi að liggja að sömu mörkum og ákveðin voru með kjördæmaskipaninni 1959 eða hvort leita eigi nýrra samhæfðra marka stjórnsýslueininga og kjördæma. Hér er vandasamt, viðamikið og aðkallandi verkefni að leysa, og Framsfl. er reiðubúinn til að finna þar sem heppilegasta lausn. Umr. hafa þó ekki mikið snúist um þetta atriði, heldur tvö önnur sem ég vil nefna.

Í fyrsta lagi valfrelsi kjósandans milli frambjóðenda. Ég tel að einnig hér sé Framsfl. reiðubúinn til þess að leita þeirra leiða sem tryggja að vilji kjósenda nái fram að ganga varðandi það, hver eða hverjir frambjóðenda á hlutaðeigandi lista eru kosnir, fái listinn það atkvæðamagn að fulltrúi verði kjörinn. En ég vil í þessu sambandi minna á það, að árið 1959 barðist Framsfl. einn flokka gegn afnámi persónubundins kjörs.

Í öðru lagi svokallað vægi atkv. og fjöldi kjósenda bak við hvern þm. Ég tel að Framsfl. sé hér einnig til viðræðu, einkum með tilliti til úthlutunar þingsæta landsk. þm. En ég lít svo á, að enda þótt taka beri tillit til búsetuþróunar beri einnig í okkar þjóðfélagi að leggja þunga áherslu á vægi byggðanna, héraðanna eða landshlutanna, eftir því hvað við viljum kalla það. Í Reykjavík er fjöldi kjósenda bak við hvern þm. mestur, enda þótt meiri röskun hafi orðið í Reykjaneskjördæmi síðan kosningalögum var síðast breytt. Ekki er ráðrúm til að ræða þetta ítarlega nú. En ég vil vekja athygli á því, að enda þótt ekki sé yfirþyrmandi mismunur á vægi atkv. í Noregi, Svíþjóð og Danmörku innbyrðis, þá er hlutfall höfuðborgarþm. þar 7.74—13.71% af heildarþingmannatölu landsins. Í Reykjavík eru að vísu full 40% kjósenda, en á Alþ. á Reykjavík þó fulltrúa sem eru meira en fjórðungur þm. Við kosningar til öldungadeildar Bandaríkjaþings er ekki talað um þrefalt, fjórfalt eða fimmfalt vægi atkv. Þar er þungi atkv. Alaskabúans fimmtíufaldur miðað við fjölmennasta fylkið.

Ef þeir ráða ferðinni, sem fullt tillit vilja taka til beggja þessara þátta, atkvæðamagnsins og sérstöðu landshlutanna, þá mun fara vel. Mín trú er sú, að allur þorri kjósenda á stærstu þéttbýlissvæðunum skilji þetta og virði, þeir, sem af mestum einstrengingshætti mæla, tali þar fyrir daufum eyrum. Sérstæð gerð íslenska þjóðfélagsins leyfir ekki að erlendar fyrirmyndir séu bornar hráar á borð.

Herra forseti. Því er ekki að leyna að íslensku þjóðinni er margvíslegur vandi á höndum, fámennri þjóð með takmörkuð fjárráð og mikinn framkvæmdahug. Atvinnuvegirnir eiga flestir við vandamál að stríða, en þó misjafnlega mikil. Viðurkenna ber, að allrar aðgátar er þörf varðandi erlenda skuldasöfnun. Við upphaf fullveldis munu skuldir landssjóðs, sem svo hét þá, hafa numið þrefaldri upphæð fjárl. á sama tíma. Nú er þessi skuld langt innan við mörk niðurstöðutalna fjárlagafrv. Úr því að þjóðin þá við slíkar aðstæður hafði þrek og þrautseigju til að vinna sig út úr erfiðleikunum, hversu miklu mun betur er hún

þá ekki í stakk búin til þess í dag að takast á við þá erfiðleika sem fram undan eru?

Verulegur hluti stjórnmálaumr. allra tíma fjalla um efnahagsmál, einkum þegar stjórnmál eru rædd í áheyrn alþjóðar. Fjölmargir eru þeir þættir þjóðlífsins þó sem ekki mega gleymast. Frumkvæði og atorka einstaklinga og félagasamtaka á einstökum félagslegum sviðum er ómetanleg og stuðningur ríkisvaldsins er þar í mörgum tilvikum réttmætur og hagkvæmur. Við skulum ekki gleyma því, að á tímum þrenginga og raunverulegrar fátæktar voru mörg menningarleg og félagsleg stórvirki unnin. Þrátt fyrir bölsýnistal margra um efnahag landsins hef ég þá trú, að á grundvelli þess, sem gert hefur verið, muni þjóðin sigrast á vanda efnahagslífsins og þá jafnframt meinsemdum verðbólgunnar, en þá svo fremi að hún leggi meiri rækt við þær eigindir íslensku þjóðarinnar, sem best hafa dugað henni í framsókn til efnahags- og menningarlegs sjálfstæðis. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þjóðin hefur nú hlítt á stefnuræðu hæstv. forsrh., hina fjórðu og síðustu á þessu kjörtímabili. Það var glatt á hjalla þegar sjálfstæðismenn og framsóknarmenn leystu landfestar árið 1974 og samsigling þeirra hófst. En hvernig hefur siglingin gengið? Hefur ekki þjóðarskútan villst í þoku verðbólgunnar þrátt fyrir nútíma siglingatæki? Hefur ekki skútan siglt í hring, svo að hún er nú stödd á nokkurn vegin sama stað og í upphafi ferðarinnar 1974? Þjóðin hlýtur því að spyrja: Kunna þessir menn á skipið? Er nokkurt vit í öðru en að skipta um áhöfn?

Í fyrstu stefnuræðu sinni lofaði forsrh. að verðbólgan skyldi lækkuð niður í 15% þegar á öðru ári. Hún er enn á milli 30 og 40% og ekkert lát á. Stjórnin hefur ekki haldið á ríkisfjármálum eða opinberum framkvæmdum nægilega vel til að draga úr verðbólgu. Stjórnin hefur ekki komið fastri skipan á lánamál og lánasjóði til að draga úr verðbólgu. Launþegar sýndu þolinmæði eins lengi og unnt var, en stjórnin hefur samt ekki getað haldið stéttafrið, hún hefur ekki getað sameinað þjóðina til að draga úr verðbólgu.

Stjórnin hefur ekki hindrað taumlaust verðbólgubrask þeirra sem geta komist yfir lánsfé. Þeir hafa aldrei grætt meira en nú.

Í fyrstu stefnuræðu sinni lofaði forsrh. greiðslujöfnuði þegar á næsta ári. Greiðsluhalli hefur aldrei verið meiri en það ár og hann er enn allt of mikill. Ríkisstj. hefur fleytt sér á erlendum lántökum þar til þjóðin skuldar nú á annað hundrað milljarða. Innan skamms mun fimmti hver fiskur, sem við drögum úr sjó, fara til greiðslu á vöxtum og afborgunum. Við erum að leggja þungar byrðar á börnin okkar. Og enn virðist eiga að taka marga milljarða að láni í útlöndum á næsta ári.

Í fyrstu stefnuræðu sinni lofaði forsrh. aðhaldi í opinberum framkvæmdum. Mest hefur borið á því í sambandi við barnaheimili, skóla, sjúkrahús og slíkar stofnanir. En meðal annarra orða, hvernig hefur aðhaldið verið að Kröflunefnd? Hefur ekki sú nefnd, þeir Arnalds, Ingvar og Sólnes, farið sínu fram eins og þeir væru yfir ríkisstj. og Alþ. hafnir? Hafa ekki Arnalds, Ingvar og Sólnes látið reisa stærra orkuver en lögin um Kröfluvirkjun heimila? Hafa ekki Arnalds, Ingvar og Sólnes flanað í milljarðaorkuver áður en vitað var hvort nothæf gufa væri fyrir hendi? Hafa ekki Arnalds, Ingvar og Sólnes staðið fyrir bruðli eins og bílaleigu fyrir 40 millj., sem er meira en allir ráðherrabílarnir kosta í innkaupi og rekstri?

Sighvatur Björgvinsson og aðrir þm. Alþfl. hafa nú safnað liði á þinginu til þess að krefjast samkv. þingsköpum ítarlegrar og nákvæmrar skýrslu ráðh. um Kröflumálið, enda tími til kominn að þjóðin fái tæmandi upplýsingar um þetta hneyksli.

Já, aðhald í opinberum framkvæmdum. Fyrir tveim árum sagði forsrh. grafalvarlegur í stefnuræðu hér á Alþ., að við gætum nú sætt okkur við að hægja á vegaframkvæmdum, af því að raða verði framkvæmdum eftir hagkvæmnisjónarmiðum. Nú hefur ráðh. snúið við blaðinu, enda eru kosningar fram undan. Nú á að verja milljörðum til vegaframkvæmda og stórhækka bensínverð. Það er auðvitað gott að fá vegina. Hverjum þykir það ekki? En er þetta aðhald í framkvæmdum eða barátta gegn verðhækkunum?

Ríkisstj. hefur ár eftir ár boðað stórfelldar umbætur í skattamálum. En af einhverjum ástæðum kemur hún þeim ekki í verk. Það er auðvitað hneyksli að efnaðir menn séu skattlausir af því að þeir geta gert upp einkafyrirtæki sín með tapi. En ríkisstj. virðist vera feimin við að kippa þessu í lag. Hvers vegna? Það er ekki minna hneyksli að helmingur allra fyrirtækja í landinu skuli ekki greiða neinn tekjuskatt. En ríkisstj. virðist vera feimin við að kippa því í lag. Hvers vegna?

Það er líka hneyksli hversu stórfelld skattsvik viðgangast með þeim afleiðingum að allur fjöldi meðaltekjumanna ber þyngstar byrðarnar. Ríkisstj. er feimin við að taka á því máli. Hvers vegna? Því miður verður ekki komist hjá þeirri niðurstöðu, að ríkisstj. haldi vísvitandi verndarhendi yfir þeim sem njóta skatthlunninda. Hún hefur oft gefið fögur loforð í skattamálum en hún guggnar alltaf á að standa við þau. Hverjir skyldu kippa í spottann?

Ég gæti haldið áfram í þessum dúr í allt kvöld, svo mörg hafa verið fögur fyrirheit ríkisstj. sem runnið hafa út í sandinn.

En stefnuræða forsrh. er athyglisverð fyrir fleira en það, sem hann sagði. Hún er ekki síður merkileg fyrir það sem ráðh. sagði ekki.

Úti í Svíþjóð situr nú að völdum hægri stjórn alveg eins og hér á Íslandi. Hinn sænski forsrh. flutti stefnuræðu fyrir sig og rn. sitt 4. okt. s. l. og ég las þessa ræðu rétt áður en ég fékk til lestrar stefnuræðu Geirs Hallgrímssonar. Forsrh. sænsku stjórnarinnar á við stórbrotinn efnahagsvanda að etja, rétt eins og við. En hann lætur þau ekki kaffæra sig og hann ræðir um ýmis önnur mál. Sænski forsrh. fjallar í stefnuræðu sinni m. a. um barnafjölskyldur og dagheimili, um fatlað fólk, um baráttu gegn eiturlyfjum. Hann ræðir um lýðræði á vinnustöðum. Hann ræðir um dómsmál og betri framkvæmd þeirra. Hann ræðir um skólamál frá grunnskóla til háskóla. Hann ræðir um sjónvarp fólksins. Hann ræðir um sjúkrahúsin. Og hann ætlar að efla

bæjarlýðræðið, þ. e. a. s. gera lýðræði í sveitarfélögunum virkara en það er.

Geir Hallgrímsson minntist ekki á neitt af þessu í stefnuræðu sinni. Ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. telur ekki ómaksins vert að minnast í stefnuyfirlýsingu á þessi margvíslegu og mannlegu vandamál.

Í ræðunni er ekki eitt orð að finna um menntamál, ekki eitt orð um heilbrigðismál eða húsnæðismál eða dómsmál. Hins vegar gleymir forsrh. ekki að ræða ítarlega um splunkunýjar hugmyndir úr Seðlabankanum um að nú þurfi að leyfa umboðsheildsölunum að eiga erlendan gjaldeyri í íslenskum bönkum, svo að gróði þeirra sé alveg tryggður og þeir komist þá væntanlega fram hjá gjaldeyrishöftunum sem fólkið þekkir sem hefur brugðið sér einu sinni á ævinni suður til sólarlanda. Þetta finnst oddvita ríkisstj. vera meira mál heldur en börnin, skólarnir og sjúkrahúsin.

Ég bið ykkur, hlustendur góðir, að hugsa um hvað þetta þýðir. Fyrir meira en 30 árum gerði Ólafur Thors þá byltingu í íslenskum stjórnmálum að sveigja Sjálfstæðisfl. töluvert frá íhaldsstefnunni gömlu í átt til velferðarhugmynda jafnaðarmanna. Þetta varð undirstaða þess hve margt fólk hefur getað kosið Sjálfstfl.

Eru ekki núverandi leiðtogar Sjálfstfl. að eyðileggja verk Ólafs Thors, stýra flokknum aftur inn á stefnu auðmagns og peningahagsmuna og gleyma hinum mannlegu sjónarmiðum? Hafa þeir sjálfir hugsað um hvaða afleiðingar þessi stefna þeirra getur haft?

Ekki er hlutur Framsfl. í þessu máli betri. Fjórir framsóknarráðherrar og þingflokkurinn allur bera fulla og óskerta ábyrgð á stefnuræðu forsrh. Hann talar fyrir þeirra hönd, og í ræðu hans vottar ekki fyrir félagslegri hugsun eða samvinnustefnu, heldur er hún menguð af samkeppnis- og fríhyggju frá byrjun til enda. Hvað segja óbreyttir framsóknarmenn um slíka stjórnarstefnu? Eru þeir stoltir af frammistöðu ráðh. sinna? Greiddu þeir atkv. með slíkri íhaldsstefnu í síðustu kosningum?

Það vekur mikla athygli að enginn framsóknarráðh. talar í þessum umr. Eru þeir að mótmæla, eru þeir að svívirða forsrh., eða skammast þeir sín fyrir stefnu stjórnarinnar?

Hvað er til ráða, góðir hlustendur? Ráðið er fyrst og fremst eitt; atkv. þitt í næstu kosningum. Alþingiskosningar má hafa fyrr en í júnímánuði. Þá má stokka spilin og reyna á nýjan leik. Til að það verði er nauðsynlegt að veita þeirri sjálfstæðisforustu áminningu sem hefur gleymt viðsýni Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar frá því fyrir nokkrum árum. Til að það verði er ekki síður nauðsynlegt að veita þeirri framsóknarforustu áminningu sem situr broshýr í stólum ríkisstj. og minnist ekki á félagshyggju eða samvinnu. Til þess að nægilega verði skipt um í íslenskum stjórnmálum verður enn fremur að minnast þess, að Alþb. er nú staðnað og sundrað. Halda kjósendur þess, að evrókommúnismi geti bjargað bandalaginu eða þjóðinni?

Alþfl. stendur á tímamótum. Við höfum tekið saman höndum, fjöldamörg, ung og gömul, um allt land við að endurreisa flokkinn. Við vinnum fyrir opnum tjöldum og birtum opinberlega upplýsingar um fjárhag flokks og eignir — og geri aðrir flokkar hið sama. Við höfum sett okkur nýja stefnuskrá og ný lög, sem m. a. gera ráð fyrir prófkjöri til að styrkja lýðræðið innan flokksins. Prófkjörið hefur þegar sýnt að straumurinn liggur til Alþfl. og mörg ágæt þingmannsefni verða í framboði fyrir flokkinn.

Nú þarf að lyfta Grettistökum til að bjarga þjóðinni úr þeim erfiðleikum, sem eru fram undan. Við Íslendingar getum lifað góðu lífi í landi okkar og leyst vandamálin sem eru að mestu leyti heimatilbúin.

Við Alþfl.-menn teljum að fyrst verði að skapa pólitískan grundvöll fyrir stéttafriði, sameina launþega, atvinnurekendur og ríkisvald um heildarstefnu varðandi tekjuskiptingu. Við Alþfl.-menn teljum að Alþ. verði að leiðrétta margs konar misrétti milli landsmanna hvað snertir kosningarrétt, skattgreiðslur og aðstöðu. Þegar misréttið ríkir er friðnum stefnt í hættu. Þennan vanda verður að leysa áður en hægt er að sameina þjóðina til efnahagslegra átaka og fórna. Við Alþfl.-menn teljum að hafa verði skipulega stjórn á fjármagni þjóðarinnar og stýra framkvæmdum þannig að þær arðbærustu gangi fyrir og að hætt verði að mestu erlendum lántökum fyrst um sinn. Við Alþfl.-menn teljum að íslenska þjóðin eigi að tryggja sér raunhæft frelsi með félagshyggju og bræðralagi, dreifa byrðum réttilega og setja frið og samstöðu ofar öllu í þjóðarfjölskyldu okkar. Þá getum við lyft björgum, sem við ráðum aldrei við ef við látum samkeppnina hver við annan móta þjóðfélag okkar og daglegt líf.

Herra forseti. Núv. ríkisstj. hefur runnið skeið sitt á enda. Hún hefur verið stjórn vonbrigðanna, og hún getur ekki gert annað en að valda meiri vonbrigðum þótt hún sitji lengi enn. Þjóð, sem á sér sameiginlegt markmið, getur sameinað krafta sína til að ná því. Sjáum við ekki öll það markmið sem okkur ber að stefna að? Eigum við ekki að strengja þess heit að sameina krafta okkar í kærleik og drengskap og ná þessu markmiði? Viljum við ekki öll íslenskt frelsi, íslenskt jafnrétti og íslenskt bræðralag? — Góða nótt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég tel óhjákvæmilegt við fjórðu og síðustu stefnuræðu forsrh. að minna á orð hans í upphafi stjórnartíma hans. Forsrh. gaf þá góð fyrirheit um markmið í efnahagsmálum og mörg loforð. Eitt meginmarkmiðið og áhersluloforð var að draga verulega úr verðbólgunni og skyldi hún ekki vera meiri en um 15% um áramótin 1975—1976. Einnig átti atvinnulífið að standa föstum fótum bæði til lands og sjávar. Iðnaður skyldi nú loksins fá það sem hann hafði lengi beðið eftir: bætt skilyrði til rekstrar og lausn á miklum lánsfjárskorti. Sem sagt, allt atvinnulíf átti að fá að blómgast. Samfara þessu var lofað að ekki skyldu koma til auknar erlendar skuldir, og hafði einmitt hæstv. forsrh. sérstaklega gagnrýnt vinstri stjórnina fyrir óhóflegar erlendar lántökur. Á þeim tíma var greiðslubyrði vegna erlendra skulda þó aðeins 13—14%. Það ofbauð ráðh. þá, þegar hann var í stjórnarandstöðu. Hver er greiðslubyrði erlendra skulda í dag? Það er æskilegt að menn hafi samanburðinn, en hann er þannig: Nú fara um 19—20% þjóðartekna í

vexti og afborganir af erlendum skuldum, en komst hæst hjá vinstri stjórninni í um 14%, hefur sem sagt aukist um fjórðung. Þetta geta menn kallað stjórnsemi.

Hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson sagði í ræðu á 21. landsfundi Sjálfstfl. vorið 1975, þetta, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur sett sér mikilvæg markmið í efnahagsmálum. Sumum þeirra verður þegar í stað að ná, en búast má við að lengri tíma taki að ná öðrum. En öllum þessum markmiðum er þannig farið, að aldrei má af þeim missa sjónir."

Já, fallega var talað og áhugavert er að rifja upp loforðin, en ekki er það eins skemmtilegt. Ekki dylst það fyrir neinum landsmanni, er til vits og ára er kominn, að flest hefur farið úrskeiðis og verður ekki lengra gengið í öndverða átt við gefin loforð og yfirlýsta stefnu, bæði af hálfu ríkisstj. og beggja stjórnarflokkanna, Sjálfstfl. og Framsfl. Hvað veldur þessu? Ekki vantar sterkan meiri hl. hér á hinu háa Alþ. Ekki vantar sprenglærða ráðgjafa með doktorsnafnbótum með meiru og tölvur úti um allan bæ. Ekki veldur þessu slæmt árferði og lélegt verð á erlendum markaði. Við njótum nú með afbrigðum góðra verslunarkjara og uppgripaafla á loðnu sem bókstaflega kemur sem fundið fé til okkar og skapar marga milljarða í gjaldeyri.

Sjálfsagt eru margar samverkandi ástæður fyrir því, hversu mjög halloka við höfum farið á efnahagssviðinu. Ég vil þó fyrst telja að hreint agaleysi á æðstu stöðum og í embættismannakerfinu eigi mikinn þátt í þessu. Ohófseyðsla í mörgum myndum og bruðl með fjármuni hins opinbera veldur virðingarleysi hjá almenningi fyrir skynsamlegri ráðstöfun peninga, ásamt áhrifum frá óðaverðbólgu er hér hefur ríkt nú um sex ára skeið. Æðsta stjórn landsins er ekki fyrirmynd um neitt í aðhaldsátt. Verðbólgan afskræmir þjóðfélagið og flytur fjárráðin í ægilega stórum stíl á milli þegnanna er geta litlum vörnum við komið.

Eins og ég sagði áðan, var eitt meginmarkmið þessarar ríkisstj. að hafa hemil á verðbólgunni, og sjálfur fjmrh. lýsti því opinberlega yfir, að hlutverk sitt væri að stíga á hemlana. Þetta hefur mistekist því að verðbólgan hefur verið samkv. opinberum tölum þannig: 1974 53%, 1975 37%, 1976 32% og nú á þessu ári verður hún um 35%. Í raun hefur þó almenn kostnaðarauknin verið öllu meiri en þessar tölur segja til um og koma þar til áhrif frá beinum gengisfellingum, sem eru orðnar margar á þessum tíma, og nú stöðugu gengissigi eða gengisaðlögun, eins og það heitir nú hjá hinum orðhögu seðlabankamönnum. Þetta er óþolandi þróun og verður að beita öllum ráðum til þess að hefta verðbólguna.

Samkv. upplýsingum frá Seðlabankanum var sparifé landsmanna 30. sept. s. l. rúmlega 52 milljarðar og skiptist þannig: Á almennum bókum 38.2 milljarðar, hámark 16% vextir, og 14.2 milljarðar á vaxtaaukabókum með 26% vexti. Þar sem verðbólgan verður á þessu ári ekki undir 35%, miðað við almenna kostnaðarauknin gu, liggur í augum uppi að sparifjáreigendur sæta um 14 milljarða verðrýrnun á eign sinni í bankakerfinu á þessu ári og alls mun verðrýrnun sparifjár vera um 30—40 milljarðar á s. l. 4 árum, á ríkisstjórnartímanum. Já, takið eftir þessum tölum. Þetta er svo ægileg staðreynd, að allt annað bókstaflega bliknar í samanburði við þetta.

Ríkisstj., sem unir slíku ástandi í efnahagsmálum eins og þetta ber vitni um, verður að víkja. Efnahagslífið er helsjúkt og almenningur á meira en réttmæta kröfu á því, að ríkisstj. víki sem fyrst. Þó sjást þess ekki nokkur merki, heldur skal sitja meðan sætt er. Og vitleysan heldur áfram óhindruð.

Þessi æðisgengnu verðbólgueinkenni koma glögglega fram í fjárl. frá ári til árs. Þau hafa hækkað um rúmlega 100 milljarða nú á þremur árum. Lengra verður ekki gengið í verðþensluátt. Þessi verðrýrnun yfirfærist sem ávinningur til þeirra er skulda og fá að nota inneign sparifjáreigenda. Slík eignatilfærsla sem þessi er gersamlega óþolandi og verður almenningur að gera sér grein fyrir þessu. Ekki gerir ríkisstj. það. Ekki gerir verkalýðsforustan það heldur. Hún hefur brugðist í baráttunni við verðbólguna.

Mig langar til að tilfæra hér smádæmi um hversu verðrýrnun peninganna hefur verið vitfirringsleg s. l. 26 ár. Árið 1951 var fastakaup háseta á vöruflutningaskipi 1478 kr. á mánuði, en er nú rétt hundrað sinnum hærra. Ég vil spyrja: Er þetta hægt? Hvert stefnir hjá þjóð er ekki stjórnar fjármunum sínum betur en þetta? Það þarf ekki mikinn spámann til þess að sjá að allt eðlilegt mat á verðmætum og rökrétt dómgreind um ráðstöfun fjármuna víkur við slíkar aðstæður. Við, sem viljum fara gætilegar í sakirnar hér á hinu háa Alþ., erum settir til hliðar og loforðaflaumurinn ræður ríkjum hjá hinum með fyrrgreindum afleiðingum. Ósvífnasta eignaupptaka eða meðferð sparifjár er viðurkennd og skuldakóngarnir margverðlaunaðir. Smásárabætur til gamla fólksins með ellilífeyri eru hreint grín eftir að margra ára strit þess er að engu gert á fáeinum árum. Fyrir unga fólkið rís verðbólguveggurinn ægihár og virðist ókleifur með öllu. En við fljótum áfram á náðarlánum erlendis frá. Slík er efnahagsleg reisn Íslendinga á því herrans ári 1977.

Herra forseti. Eins og jafnan fyrir alþingiskosningar koma flokksleiðtogar fram og segja margt álitlegt við fólkið, og skal það á hlýða og eftir fara. Svo mun einnig eiga sér stað nú við komandi kosningar. Ég vil leyfa mér að vitna hér í orð fyrrv. forsrh., Jóhanns Hafsteins, er Morgunblaðið birti yfir þvera síðu laugardaginn 29. maí 1971 þessi orð: „Kjósendur beiti valdi sínu af kostgæfni og íhugun." Þetta á við enn í dag, en er miklu mikilvægara nú en oftast áður vegna þeirra atriða sem ég hef nefnt. En hvernig getur þá kjósandinn beitt valdi sínu af kostgæfni og íhugun? Hefur hann möguleika á því við gildandi kosningalög? Aðeins mjög takmarkað.

Öllum er vel kunnugt um að vaxandi kröfur eru gerðar um aukin áhrif kjósenda við val frambjóðenda til Alþingis. Vilja menn með því reyna að fá ábyrgara val þm. hér inn í þingsali. Hér liggur nú fyrir frv. frá þm. Jóni Skaftasyni, og efni þess frv. er vel ljóst. Það gerir ráð

fyrir að á kjörseðli verði frambjóðendum raðað eftir stafrófsröð, og vilji kjósandinn breyta til skal hann setja tölustafi framan við nöfn viðkomandi frambjóðenda. Í grg. frv. segir:

1. Lýðræði ykist með auknum rétti kjósenda til þess að velja þm., og áhugi almennings á stjórnmálum glæddist væntanlega við það.

2. Með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði komist næst kostum persónubundinna kosninga án þess að taka upp einmenningskjördæmin, sem illa henta hér sökum fámennis.

3. Þingkosningar og prófkjör fara í raun fram samtímis.“

Það hefur komið fram í sjónvarpi og nú hér á Alþ. að allir segjast flokksforingjarnir vilja koma á auknum rétti kjósenda við alþingiskosningar. Nú mun á það reyna, hvort enn sé aðeins um blekkingatal að ræða eða raunhæfan stuðning við gott og vel tímabært frv. Jóns Skaftasonar. Samþykkt á þessu frv. er réttlætismál, og til þess að flýta fyrir framgangi þess má vel hugsa sér að almenningur láti frá sér heyra nú þegar um málið og stuðning við það. Mörg fordæmi eru um það þegar góð mál eru á ferðinni. Nú er kjörið tækifæri fyrir hinn almenna borgara að láta áhrif sín ná inn í þingsalina, því að næsta tækifæri verður ekki fyrr en eftir fjögur ár. — Þökk þeim er hlýddu. Góða nótt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. hefur enn einu sinni birt þjóðinni boðskap sinn. Lífdagar hæstv. ríkisstj. fjara nú óðum út og vonandi verður núv. ríkisstj. ekki endurreist að loknum kosningum að vori.

Þið, góðir hlustendur, sem hlýtt hafið á boðskapinn, vitið nú hverju þið eigið von á af hálfu ríkisstj. á næstu mánuðum. Ef dregið er saman í fáar setningar það sem helst má taka mark á í ræðunni, eru það fyrst og fremst niðurlagsorð ræðunnar, en þau voru á þessa leið:

„Efnahagsstefnan, sem hér er lýst, byggist á forsendum sem geta brugðist. Ef það gerist verður að grípa til enn öflugri ráðstafana.“ Og taki menn nú eftir: „Þjóðin öll verður að vera undir það búin.“

Þessi varnaðarorð forsrh. minna á allan þann viðbúnað sem á sér stað vegna darraðardansins við Kröflu af og til. Öll þjóðin er hvött til viðbragðs- og varnarstöðu, aðeins er nú beðið viðvörunarmerkisins. Í ræðu forsrh. gengur það eins og rauður þráður að efnahagsmálin séu komin á heljarþröm, og auðvitað er spurt: Hvers vegna? Forsrh. og ríkisstj. hafa svarið á reiðum höndum. Það kom fram í ræðunni og svarið var: Allt er að fara í kaldakol vegna kauphækkana launafólks á árinu. Launafólkið hefur tekið of mikið til sín, segir forsrh. Kaupgetan verður því of mikil og það leiðir af sér ofþenslu í efnahagsmálum og því verður að draga úr fjárfestingu opinberra framkvæmda, fyrst og fremst úti á landsbyggðinni. Það er allt í lagi með eins og eitt seðlabankahús hér í Reykjavík upp á rúmar 1000 millj., eitt stykki Viðishús upp á 700 millj., við sjáum í gegnum fingur með það, en samdráttur úti á landi, það er ráðið, segir ríkisstj. — og væntanlega Gunnlaugur Finnsson líka því að hann hefur sjálfur samþykkt kaupin á Viðishúsinu. Hafa menn heyrt þetta áður? Hljómar þetta ekki eins og gömul plata sem spiluð hefur verið aftur og aftur, engir lærdómar, ekkert nýtt, alltaf í sama farinu. Hvað finnst ykkur, góðir hlustendur? Er það rétt hjá forsrh., að efnahagskerfið sé að sporðreisast vegna þess að fólkið í frystihúsunum, sjómennirnir, iðnverkafólkið eða yfir höfuð talað hinn almenni launamaður taki of mikið til sín? Auðvitað ekki. Það eru aðrir í þjóðfélaginu sem taka of mikið, og það er forsrh. og ríkisstj. og raunar samtryggingarkerfi gömlu flokkanna sem gætir hagsmuna þeirra aðila.

Það virðist ætla að verða erfitt að koma ráðamönnum í skilning um þau algildu sannindi, að því betri sem launakjör fólksins í landinu eru, þeim mun farsælla er þjóðfélagið í heild. En þetta þýðir að sjálfsögðu gerbreyttan hugsanagang valdhafa. Það er skýlaus krafa allra landsmanna, að ráðamenn þjóðfélagsins fari að stjórna og starfa í þeim anda sem lagar sig að nútíma hugsanagangi, en reyni ekki endalaust að sporna við framþróuninni.

Forsrh. sagði á þessa leið: Hitt er ekki síður mikilvægt, að stjórn innanlandsmála og samskipti okkar innbyrðis séu með þeim hætti að virðingu veki og traust. — Hver er þessi virðing og það traust sem forsrh. hefur talað um? Hvarflar það kannske að honum að þarna sé einhverju ábótavant? Eru hin alvarlegu augu forsrh. farin að opnast fyrir grun í þessum efnum? Forsrh. má vita að landsmenn allir eru fyrir löngu farnir að gera sér ljósa þessa staðreynd. Virðing okkar og traust í efnahagsmálum fer óðum þverrandi innanlands sem utan. Það er sama hvar borið er niður. Við tökum varla svo blað í hönd eða opnum fyrir útvarp og sjónvarp, að ekki sé fjallað á einn eða annan hátt um efnahagsvandræði þjóðarinnar, verðbólguvandann og allt sem honum tilheyrir. Þarna láta ekki í sér heyra bara stjórnarandstæðingar, heldur einnig og ekki síður stjórnarsinnar. Jafnvel miðstjórnarmenn Sjálfstfl. og aðalráðgjafar ríkisstj. í efnahagsmálum, eins og Jónas Haralz, geta ekki lengur orða bundist til varnaðar vegna þverrandi gengis efnahagsmálanna undir forustu hæstv. ríkisstj.

Fleiri nöfn mætti nefna, svo sem formann bankaráðs Seðlabankans, Jón Skaftason, sem er í fylkingarbrjósti gagnrýnenda á stjórn efnahagsmála. Og vissulega er mikill voði á ferð. En við hverja er að sakast? Ég fullyrði að við enga sé jafnmikið að sakast og núverandi valdhafa. Sjálfstfl. og Framsfl. hafa átt aðild að velflestum ríkisstj. síðustu áratugi. Þessir tveir gömlu flokkar hafa að mestu leyti farið með stjórn landsmála, að vísu með ívafi Alþfl. og kommúnista á stundum. Verðbólgan og slæmt ástand efnahagsmála er því þeirra afkvæmi að mestum hluta. Þeir hafa ráðið ferðinni of lengi. En hræringar í þjóðfélaginu bera þess ótvírætt vitni, að almenningur er farinn að gera sér grein fyrir þessu. Ástæða þess ástands, sem ríkir í efnahagsmálum og öðrum þjóðmálum, er sú, að gróin og stöðnuð flokksfyrirbæri, sem starfa

í engu samræmi við nútímaaðstæður og án tengsla við hræringar og viðhorf fólksins í landinu, hafa fengið að ráða ferðinni. Fámennar flokksklíkur toppmanna peningaaflanna í landinu hafa lagt á ráðin. Spilling blasir hvarvetna við í þjóðfélaginu og hún á rætur að rekja til rotnandi hugarfars og starfshátta í hinni pólitísku þjóðmálabaráttu. Það er ykkar, hlustendur góðir, að skera upp herör gegn þessari spillingu. Dómsuppkvaðningin að vori nálgast óðum. Þá fellið þið dóminn. Niðurstöður hans eru í ykkar höndum.

Á þeim árum, sem verkalýðshreyfingin var að berjast fyrir tilverurétti sínum, þótti það víst góð lexía að stjórn landsmála væri því aðeins góð að launafólki væri haldið niðri, það mætti ekki hafa of mikil peningaráð. Það ætti aðeins að vera hlutskipti fárra. Það er sorglegt að heyra nú á árinu 1977 þennan tón endurvakinn í ræðu forsrh., en það er því miður staðreynd. Sjálfstfl. og Framsfl. hafa óumdeilanlega unnið þannig að efnahagsráðstafanir miðuðust við að launþegar hefðu sem minnst kaup. Sérstaklega er Sjálfstfl. sekur í þessum efnum, auk þess sem Morgunblaðið í gegnum árin hefur stutt þessa stefnu dyggilega. Þar hefur ávallt svifið yfir vötnunum andstaða við kjarabætur launþega svo og andbyggðastefna.

Undantekningar hafa þó verið í þessari iðju Morgunblaðsins og Sjálfstfl. þegar flokkurinn hefur verið utan ríkisstj., svo sem árin 1956—1958 og 1971—1974. Þessu til staðfestu er fróðlegt að lesa viðtal við ritstjóra Morgunblaðsins fyrir nokkru þar sem hann sagði eitthvað á þessa leið:

„Ég var óánægður með þá afstöðu Morgunblaðsins á tímum fyrri vinstri stjórnarinnar að kynda undir verkföllum sem þá áttu sér stað, einungis til þess að koma ríkisstj. frá."

Heilindin leyna sér ekki. Sjálfstfl. og Morgunblaðið eiga það sammerkt að vilja halda launabaráttu fólksins í lágmarki. Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að við Íslendingar eigum stöðugt við þann vanda að glíma, hvernig tryggja eigi skynsamlega heildarstjórn á efnahagsmálum. En hvað hefur núv. ríkisstj. gert til þess að þessi skynsamlega heildarstjórn eigi sér stað? Það er gumað af frelsi einstaklinga og samtaka til sjálfsbjargarviðleitni. Frelsi er mikils virði, en stjórnleysi fráleitt. Það skipulagsleysi, sem átt hefur sér stað í fjárfestingu hér á landi, er nánast þjóðhættulegt. Um það eru velflestir sammála. Það er nánast að bera í bakkafullan lækinn að ræða það hér. Dæmin blasa alls staðar við augum.

Það er samhljóða álit allra, að blandað hagkerfi, einkarekstur, félagsrekstur og hæfilegur rekstur ríkis, sé heillavænlegast. En allt þarf þetta hæfilegt aðhald frá traustri ríkisstj. Einkareksturinn blómgast ekki nema þar séu góðir menn í stjórn og þeim séu sköpuð góð skilyrði. Þetta á einnig við um hin tvö formin. Rekstur fyrirtækja þarf að skila góðum arði, svo að þau geti boðið því fólki, sem við þau vinnur, góð lífskjör. Þetta er augljóst öllum. Til þess að fyrirtækin geti sinnt þessari skyldu sinni þarf að hlúa vel að þeim. Handahófsaðgerð, sem skilgreind er með frjálsræði, á hér ekki við. Að ætla sér að setja allt undir sama hatt í nafni frjálsræðis er hreinasta fásinna.

Launamálin hafa verið í brennidepli þetta ár. Forsrh. gat um það, að launþegar hefðu nú meira en endurheimt þær rauntekjur er þeir höfðu á árinu 1973. Þetta má til sanns vegar færa. En það er ekki núv. ríkisstj. að þakka. Þarna hafa samtök launafólks verið að verki.

Ég vil aðeins minnast á forustu Vestfirðinga í þessum málum. Þar gerðist það að vestfirsk verkalýðshreyfing og vestfirskir vinnuveitendur tóku höndum saman í góðu samstarfi og leystu launamálin. Vestfirskir vinnuveitendur þekkja vel og skilja hvar skórinn kreppir að hvað viðkemur launamálum þess fólks sem hjá þeim vinnur. Því tóku þessir aðilar þátt í að ryðja brautina í sameiningu. Vestfirskir atvinnurekendur þurfa ekki að sækja ráð til þeirra háu herra, sem við Garðastræti í Reykjavík búa, til þess að vita hvað fólkið á og þarf að bera úr býtum til að lifa mannsæmandi lífi. Þetta samstarf á Vestfjörðum sýnir og sannar að vandamálin á að leysa að sem mestu leyti heima í héraði. En það er alveg ljóst að ríkisstj. ætlar að taka aftur þá leiðréttingu sem verkalýðshreyfingunni tókst að ná með samningunum í sumar. Almenningur hefur að undanförnu fengið að kenna á ráðstöfunum ríkisstj. í verðlagsmálum. Gífurlegar verðhækkanir hafa dunið yfir og hótanir forsrh. áðan um áframhald þess voru auðskildar. Stefnan í efnahagsmálum hefur því ekkert breyst af hálfu ríkisstj. Verðbólgan er eins og fyrr að kenna launþegum að mati ríkisstj.

En hvað gerir svo ríkisstj. sjálf til þess að hefta verðbólguvandann? Fjárl., sem ríkisstj. hefur lagt fram, tala þar skýru máli. Fjárlög ársins 1977 eru 89 milljarðar. Frv. hæstv. fjmrh. fyrir árið 1978 hljóðar upp á 125 milljarða. Mismunur frv. fyrir 1978 miðað við frv. í fyrra er um 50% hækkun milli ára.

Hæstv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen taldi það hneyksli í tíð fyrrv. ríkisstj. þegar fjárl. hækkuðu um 44% milli ára. Þá hélt fjmrh. vart vatni af hneykslun. Þá varð þó ríkissjóður að taka á sig miklar byrðar sem áður hvíldu á sveitarfélögum. Nú er engu líkara til að dreifa, en þó blasir þetta við. Og menn spyrja: Hver er skýringin, Matthías?

Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson sagði áðan: Hér er ekki um nein kosningafjárlög að ræða, — þótt þau hækki um 50% milli ára. Strangt aðhald í ríkiskerfinu, sagði Gunnlaugur. Ég spyr: Hver hefur orðið var við það?

Enn þá alvarlegra athæfi ríkisstj. er svo það að ætla að stuðla að ógildingu allra kjarasamninga í landinu með því að gera ráð fyrir því, að sú bensínhækkun, sem fram undan er, komi ekki inn í vísitölu.

Svona má halda áfram endalaust að telja upp dæmi í fram komnu fjárlagafrv. sem sýna hringlandaháttt núv. ríkisstj. í efnahagsmálum.

Byggðastefna núv. ríkisstj. endurspeglast einkar vel í fjárl. og vil ég nefna örfá dæmi. Framlög til hinna ýmsu þátta verklegra framkvæmda eru af svo skornum skammti þrátt fyrir hækkunina á heildarfjármagninu að þau halda rétt í við hækkun kostnaðar. Þess ber að geta, að

á undanförnum þremur árum hefur átt sér stað stórkostlegur niðurskurður verklegra framkvæmda, ekki aðeins miðað við raungildi framkvæmdanna, heldur einnig í krónutölu. Þetta bitnar hvað harðast á landsbyggðinni.

Fjárframlög til hafnarmannvirkja hækka í krónutölu um 239 millj. frá fjárl. ársins í ár eða um 25%. Á sama tíma hefur kostnaður vegna framkvæmdanna hækkað um 33%. Niðurskurðurinn er því um og yfir 8% og þetta bitnar hvað harðast á landsbyggðinni. En Grundartanginn fær þó sitt, 250 millj. á að veita í höfnina þar. Ríkisstj. ætlar líka að fjármagna hluta sveitarfélaganna þar.

Fjárframlög til flugmála hækka úr 376 millj. í 530 millj. eða um 44%. Hækkun kostnaðar á árinu gerir það að verkum að þessi liður lækkar í raun um 19%. Þessi lækkun á sér stað þrátt fyrir þá staðreynd að velflestir flugvellir landsins ættu að vera lokaðir vegna ónógs öryggis. Þótt vissulega sé hér um að ræða stórkostlegt þjóðfélagslegt vandamál, þá er það þó enn verra þegar litið er til þess, að heill landshluti eins og Vestfirðir er svo illa settur að vera langt aftur úr öðrum landshlutum að því er varðar framkvæmdir í flugmálum og flugsamgöngum yfir höfuð talað. Bitnar því harðast á Vestfirðingum niðurskurður í þessum málaflokki.

Í frv. er ekki að finna stafkrók um framlög til byggðalínunnar á Vestfjörðum. Sú framkvæmd er þó forsenda tryggari orku Vestfirðingum til handa.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu til byggingar nýrra skólamannvirkja, það kemur líka harðast niður á landsbyggðinni.

Aukið fjármagn til vegaframkvæmda hefur verið stjórnarsinnum tamt á tungu að undanförnu og mikið gumað af því, að frv. gerir ráð fyrir stórkostlegri hækkun fjárveitinga til vegaframkvæmda. Samkv. vegáætlun ársins í ár er helmingi minna framlag til nýbyggingar vega en var á vegáætlun 1974. Nú gerir frv. ráð fyrir 15 kr. hækkun á bensíngjaldi og samsvarandi hækkun þungaskatts. Öll reisnin varðandi aukningu fjármagns til vegaframkvæmda virðist því eiga að vera sú að hækka framkvæmdir að raungildi á næsta ári um 30% frá árinu í ár, eftir að ríkisstj. hefur undanfarin þrjú ár skorið niður framkvæmdir til vegamála að raungildi um rösklega helming. Rétt er líka að hafa í huga varðandi fjárveitingar til vegaframkvæmda á næsta ári að það er kosningaár. Það þarf því að öllum líkindum kosningar á ári hverju, ef einhver von á að vera til þess að eðlilegar og nauðsynlegar framkvæmdir eigi sér stað í vegamálum. A. m. k. á það við um núverandi valdhafa.

En hann var ekki óánægður, hann Gunnlaugur Finnsson, hér áðan. Sleitulaust haldið áfram byggðastefnu, sagði hann, það ber vegakerfið með sér. Farið um landið. — Væntanlega hafið þið heyrt þetta, Vestfirðingar.

Augljóst má vera af þessari upptalningu, að fjárlagafrv. fyrir árið 1978 endurspeglar í þessu tilliti viðhorf ríkisstj. til landsbyggðarinnar. Í stuttu máli sagt: efnahagsmálin virðast nú eins og hingað til eiga að leysast með andbyggðastefnu og launaskerðingu. Það er augljóst mál að fram undan eru mikil átök hvað varðar þau verkefni sem hafist var handa um í tíð fyrrv. ríkisstj. Hér á ég við byggðastefnuna margumtöluðu. Núv. ríkisstj. hefur ekki bolmagn né vilja til þess að vinna að þessum málum eins og skyldi. Innan raða stjórnarflokkanna eru öfl og það sterk öfl, sem ekki mega til þess hugsa að landsbyggðin sitji við sama borð og þéttbýliskjarninn hér við Faxaflóa. Kröfur þessara aðila eru nú að verða æ háværari og þeir sækja fast á að andbyggðastefnunni sé framfylgt. Þessu til staðfestingar er hægt að nefna mörg dæmi. Ég nefni sem dæmi kosninguna í fjvn., þar sem þm. Reykv. tók nýverið sæti á kostnað landsbyggðarinnar. Hvert halda menn að hlutverk hans eigi að vera þar? Ég nefni hugmyndir allra gömlu flokkanna um tafarlausa breytingu á kosningalögum í þá átt að rýra hlut landsbyggðarinnar. Framsókn er til viðræðu um það, sagði Gunnlaugur Finnsson áðan. Það er einnig ástæða til þess að rifja það upp hér, að fjmrh. hefur nú þrjú ár í röð gefið yfirlýsingar í nafni ríkisstj. um breytingu á skattalögum. Í ekkert skipti hefur verið að marka þessar yfirlýsingar. Þær hafa alltaf verið sviknar. Enn er viðhaldið því herfilega ranglæti í skattlagningu sem miðar að því að skattpína launafólk, en sleppa hundruðum gróðafyrirtækja í landinu og stórum hóp stórefnamanna við skattgreiðslu til samfélagsins. Og enn á samkv. fjárlagafrv. að þyngja skattbyrði launafólks. Spurningin er: Hvað ætlið þið, góðir tilheyrendur, að líða lengi þá spillingu sem í þessu og mörgu öðru blasir við í þjóðfélaginu?

Enginn vafi er á því, að það er liðin tíð að fólkið úti á landsbyggðinni láti bjóða sér stórlega skertan hlut miðað við Faxaflóasvæðið. Á Vestfjörðum er fólkið sér þess fyllilega meðvitandi, að núv. stjórnarflokkar eru þess ekki megnandi að halda uppi þeirri landsbyggðastefnu sem með þarf. Ótrúlega stór hópur áhrifamanna í öllum flokkum virðist hvenær sem er vera reiðubúinn til að skerða frekar en orðið er hlut landsbyggðarinnar. Spurningin er: Hvenær verður það þorað?

Staða Vestfjarða gagnvart öðrum landshlutum er ofarlega í hugum manna og mun afstaða Vestfirðinga mjög mótast af því. Vestfirðingum er það meira virði en flest annað, að í framtíðinni helgist byggðaþróun á Vestfjörðum af þeim vorhug sem ríkt hefur á Vestfjörðum um nokkurt skeið, eða frá valdatöku vinstri stjórnarinnar 1971. Þarna verður að mínu mati ekki lengur treyst á gömlu flokkana. Fólkið er orðið langþreytt á gömlum úrræðum gamalla og staðnaðra flokka. „Þjóðin öll verður að vera viðbúin," þessi voru orð forsrh. í niðurlagi ræðu hans, og ég vil undir þessi orð taka í niðurlagsorðum mínum hér. Verið á verði gagnvart ríkisstj.

Ég hef hér í stuttu máli drepið á nokkrar helstu niðurstöður eins og þær koma mér fyrir sjónir eftir ræðu hæstv. forsrh. Hækkun skatta, launaskerðing og andbyggðastefna eru þau tæki, sem beita á við vanda efnahagslífsins, allt saman gömul og úr sér gengin tæki. Forustan, sem ríkisstj. á að beita sér fyrir, er vitagagnslaus og máttlaus miðað við nútímaaðstæður.

Góðir tilheyrendur. Skerum upp herör fyrir auknu réttlæti landsbyggðafólki til handa. Veitið fulltrúum ykkar á Alþ. það aðhald sem dugir

svo að þeir sofi ekki á verðinum í baráttunni fyrir réttlátum óskum ykkar og kröfum. Landsbyggðarfólk er ekki að biðja um neina ölmusu af borði þjóðfélagsins. Það biður einungis um leiðréttingu á því ranglæti sem það hefur verið beitt og biður um jafnrétti á borð við Reykjavíkurhringinn. Það biður einungis um örlítið brot af þeim verðmætum sem það skapar þjóðfélaginu með gegndarlausri vinnu að gjaldeyrisskapandi framleiðslu. Standið dyggan vörð um þessi höfuðmálefni ykkar. — Góða nótt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Frá upphafi Íslandsbyggðar hafa skipst á skin og skúrir hjá þjóð okkar, og þótt ýmsum þyki nú vandamálin, sem við blasa, stór og torleyst, þá má fullyrða að formæðrum okkar og feðrum hefðu ekki þótt þau stórvægileg miðað við það sem fólk þurfti áður fyrr að horfast í augu við.

Köld, rök og dimm húsakynni urðu flestir að búa við og það langt fram á þessa öld. Hvort fóður entist handa búsmala eða matvæli handa fólkinu fór oftast eftir veðurfari og skipakomum, og það var ekki fátítt að skortur yrði á hvoru tveggja. Þá tók við hungrið og stundum fellir.

Þegar fólk nú á dögum er að mikla fyrir sér ástandið í þjóðfélaginu og virðist ekkert sjá fram undan nema myrkur og fjárhagslegt hrun, eins og söngurinn í stjórnarandstöðunni hefur verið í þessum umr., þá hlýtur að vera meira en lítið bogið við sálarástand slíkra manna, ef hugur fylgir máli. Og auðheyrt var á formanni Alþfl. áðan að eina von hans er að Krafla muni auka honum fylgi.

Hitt skal ég fúslega viðurkenna, að þjóðfélag okkar er ekki fullkomið. En hvaða þjóðfélag er það?

Því er haldið fram, að erlendu skuldirnar séu orðnar það miklar, að þjóðin geti ekki undir þeim risið, og arfurinn eftir okkur sé lítið annað en skuldir. Síst af öllu vil ég gera lítið úr erlendu skuldunum þótt óþarfi sé að mikla þær fyrir sér. En hitt vil ég segja, að sé lítið á það sem framkvæmt hefur verið í landinu, t. d. eftir síðari heimsstyrjöld, þá er ég þess fullviss að við Íslendingar höfum slegið öll met og hvergi í veröldinni hefur verið framkvæmt eins mikið hlutfallslega á þessum tíma og hér.

Ef við lítum t. d. á íbúðarhúsnæðið er mér nær að halda að á þessum tíma hafi verið byggt a. m. k. 75% af því íbúðarhúsnæði sem nú er í notkun. Og ef við lítum á allar aðrar framkvæmdir, þá hafa gerst hér undraverðir hlutir á svo skömmum tíma. Aðrar þjóðir búa t. d. að stórum hluta í margra alda gömlu húsnæði. Það er talið að við höfum verið nokkuð lengi að byggja Hallgrímskirkju hér í Reykjavík. En hvað segja menn þá um kirkjuna í Þrándheimi, sem sagt er að Snorri Sturluson hafi skrifað í hluta af Snorra-Eddu og er þó enn ekki búið að ljúka byggingu hennar.

Miðað við það, sem búið er að framkvæma á öllum sviðum í landinu síðustu árin, eru erlendu skuldirnar ekki miklar. En þær hafa eðlilega þrýst einkaneyslunni niður, með öðru móti hefðu þessar framkvæmdir ekki verið mögulegar. Ýmsa virðist skorta skilning á því, að sú kynslóð, sem nú er að skila af sér, hefur að mestu leyti byggt frá grunni. Þó finnst mörgum að of lítið sé framkvæmt, jafnvel þó að stór hluti þjóðarinnar hafi að undanförnu lagt nótt við dag. Slík framkvæmdaþörf og gerbreyting hlýtur að kosta miklar fórnir. M. a. þess vegna hefur einkaneyslan verið minni hér en í nágrannalöndum okkar og það valdið oft og tíðum óróa í ýmsum starfsstéttum, ýtt undir kröfugerð af ýmsu tagi.

Allir bölva verðbólgunni, en hitt er svo annað mál, hvað það yrðu margir sem mundu stöðva hana að fullu ef þeir hefðu það á valdi sínu. Ætli það yrðu mjög mörg prósent af þjóðinni? En hóflaus verðbólga, eins og hér hefur verið, sljóvgar allt verðskyn og af henni leiðir verulega eignatilfærslu sem illt er upp á að horfa, og hætt er við að afleiðing hennar verði, er til lengdar lætur, að í vitund þjóðarinnar komi sá misskilningur að geymdur eyrir sé sama og glataður. Verðbólgan er fyrst og fremst afleiðing mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli, en sú eftirspurn orsakast af öllum framkvæmdunum, sem í gangi hafa verið hin síðari ár, og að vísitölugreiðslur á kaup, sem eru grundvallaðar á verðhækkunum, m. a. á erlendum aðföngum, eins og hér tíðkast, verka eins og olía á verðbólgueldinn. Fyrir slíkum greiðslum er enginn raunverulegur grundvöllur og afleiðingin verður því minni og minni króna. Kaupgreiðsluvísitala, sem byggð væri á aukinni framleiðslu og auknum þjóðartekjum, er í sjálfu sér eina leiðin til raunverulegra kjarabóta. Því er aðkallandi að endurskoða allt þetta greiðslukerfi, ef við á annað borð viljum koma fjármálum okkar í skaplegt jafnvægi.

Gengi krónunnar er skráð eftir þörfum sjávarútvegsins, en ekki landbúnaðar eða iðnaðar. Þess vegna myndast misvægi milli þessara aðalatvinnuvega við þær aðstæður sem við búum við. Þegar verðlag er hátt erlendis á útflutningsvörum sjávarútvegsins eins og nú kemur það mjög hart niður á útflutningsiðnaði, en þó sérstaklega landbúnaði og hefur því miður leitt af sér vanmat og vantrú á þjóðhagslegu gildi þessara atvinnuvega.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. kom fram að í ráði sé að draga úr fjárfestingu bæði hjá hinu opinbera, atvinnuvegum og einstaklingum til að draga úr spennu á vinnumarkaðinum, en þó ekki síður til þess að geta mætt brýnni þörf atvinnulífsins um nauðsynlegt fjármagn til rekstrar og vegna vörubirgða. Í okkar þjóðarbúskap, sem er mjög sveiflukenndur, er erfitt að stjórna þessum málum á þann veg að ekki sé öðru hverju umframeftirspurn eftir vinnuafli, en í annan tíma atvinnuleysi.

Við framsóknarmenn teljum að þjóðfélagið hafi þá skyldu við þegnana að sjá öllum fyrir vinnu, enda urðu að þessu leyti mikil umskipti frá því sem áður var eftir að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var mynduð 1971. Þá hófst uppbygging atvinnulífsins um allt land. Og þegar verðfallið varð á útflutningsafurðum okkar 1974 og þrátt fyrir að viðskiptakjör okkar urðu þá verri en dæmi eru til um áratuga skeið, þá var haldið þannig á málum að ekki kom til atvinnuleysis, andstætt því sem gerðist á viðreisnarárunum. Aðhaldsstefnu að þessu leyti verður að beita

þannig að næg atvinna haldist. Frá því má ekki hvika að mínum dómi. Og samdrátturinn verður að koma hlutfallslega jafnt niður á alla, ef samstaða á að nást um slíkar aðgerðir. Á hinn bóginn er ekki vanþörf á því að draga úr spennunni og vinnuálaginu eins og nú er og sjá til þess, að framleiðsluatvinnuvegirnir geti fengið eðlilegt rekstrarfé með viðráðanlegum kjörum, því að margar framleiðslugreinar standa nú höllum fæti og framleiðslan er þó undirstaðan undir lífskjörum þjóðarinnar. Hvað sem öllu öðru líður verður að gera ráðstafanir til þess að hún stöðvist ekki.

Hæstv. landbrh. er að leita leiða til þess að auka rekstrar- og afurðalán til landbúnaðar til að ná því markmiði, að vinnslustöðvum sé gert kleift að borga bændum 90% af verði afurðanna strax og þær hafa verið afhentar. Þetta er brýnt hagsmunamál og réttlætismál, því þegar verðbólgan er eins mikil og hefur verið hér hin síðari ár, þá fá bændur ekki nema mjög lítinn hluta af kaupi sínu á því ári sem framleiðslan fer fram. Með því greiðslufyrirkomulagi, sem nú tíðkast, hafa þeir mátt bíða eftir kaupi sínu á annað ár. Hvaða stétt önnur í þjóðfélaginu mundi sætta sig við slíka meðferð? Þetta er önnur meginástæðan fyrir því, að eins mikill munur er á sem raun ber vitni að bændur hafi náð kaupi viðmiðunarstéttanna. Hin veigamesta ástæðan er að fjármagnskostnaðurinn er mjög vanmetinn í verðlagsgrundvellinum. Hefur því atriði ásamt nokkrum öðrum verið vísað til yfirnefndar og verður að vænta þess að sá úrskurður, sem þaðan kemur, verði til þess að bændum verði tryggð sambærileg laun og aðrar stéttir hafa, eins og löggjafinn ætlast til.

Aðkallandi er að frv. það, sem samið var í fyrravetur að beiðni hæstv. landbrh. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins verði lagt fram nú þegar og séð um að það fái fullnaðarafgreiðslu fyrir jól.

Við Íslendingar höfum unnið marga og stóra sigra á síðustu áratugum, og umtalsverðar framfarir urðu ekki í landinu fyrr en þjóðin fékk stjórn eigin mála í sínar hendur. Sú saga verður ekki rifjuð upp hér, en freistandi væri að rifja upp sögu landhelgismálsins ef tími væri til. Hún er hreint ævintýri, þar sem okkar dvergríki býður stórveldum Evrópu byrginn og með framsýni og þrautseigju tókst okkur að vinna fullnaðarsigur. Í þessu mikilvæga máli hefur enginn stjórnmálaflokkur komið eins mikið við sögu og Framsfl., þó að allir flokkar hafi átt þar hlut að máli.

Árið 1946 fluttu þeir Hermann Jónasson þáv. formaður Framsfl. og Skúli Guðmundsson þáltill. um uppsögn landhelgissamningsins við Breta sem í gildi var frá 1901—1951. Þá var landhelgin aðeins 3 mílur frá fjöruborði. Árið 1952 færði ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar út fiskveiðilandhelgina í 4 mílur frá grunnlínu sem dregin var fyrir firði og flóa landsins, ríkisstj. Hermanns Jónassonar í 12 mílur árið 1957, ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar í 50 mílur árið 1972 og nú síðast ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar í 200 mílur.

Þessi upptalning segir þó minnst af því, hver hlutur framsóknarmanna var í þessu máli. 1. des. 1976 gerðist einn örlagaríkasti viðburður í allri okkar sögu, þegar bresku herskipin og allur fiskveiðifloti þeirra sigldi út úr fiskveiðilandhelgi okkar. Þá urðu hin raunverulegu stríðslok í þessu máli. Hins vegar geri ég ekki ráð fyrir að stjórnarandstaðan kæri sig um að rifjað sé upp hvað hún sagði um Oslóarsamkomulagið þegar það var gert. Í ljósi reynslunnar undrar mig ekki þó að þeir vilji láta það gleymast.

Á næsta ári hefur verið ákveðið að auka fjármagn til vegagerðar í samræmi við það sem hæstv. samgrh. gaf fyrirheit um á síðasta þingi. Þessu ber að fagna þar sem ástand veganna er þannig að þeir uppfylla engan veginn lágmarksþarfir þjóðarinnar og hvergi er aðstöðumunurinn meiri milli landshluta en í þessum þætti samgöngumála. Það hlýtur að verða forgangsverkefni næstu ára að minnka þennan mun, enda er það undirstaðan undir því að atvinnuuppbygging geti þróast eðlilega um landið.

Við framsóknarmenn viljum vinna að framför landsins alls og að því marki stefnum við með samvinnu og samhjálp á sem flestum sviðum. Umskiptin, sem urðu eftir kosningarnar 1971 um land allt, sýna það í verki hvað gerist ef við höfum aðstöðu til að ráða ferðinni. Ef rétt er á málum haldið getur þjóðin litið björtum augum til framtíðarinnar, því möguleikarnir eru miklir til lands og sjávar ekki síst eftir að við sitjum einir að fiskveiðilandhelgi okkar. Brýnasta verkefnið er að draga úr verðbólgunni án þess að það kosti atvinnuleysi. En þrátt fyrir alla verðbólguna, þrátt fyrir að uppi hafi verið spádómar á hverju einasta ári um 30 ára skeið, að hrun og atvinnuleysi sé á næsta leiti, er það staðreynd að þjóðin hefur aldrei haft það eins gott og nú, aldrei eins góð og jöfn kjör og aldrei eins mikla möguleika til að halda þeim kjörum og bæta þau, ef hún kann að ráða málum sínum og hagnýtir sér mátt moldar og möguleika sjávar og lætur ekki villa sér sýn.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hver er sá hugsandi Íslendingur sem gerir sér ekki grein fyrir að íslenskt þjóðfélag er ekki heilbrigt, — að því hefur verið slælega stjórnað á mörgum undanförnum árum? Síðustu fimm árin hafa Íslendingar búið við 30—50% verðbólgu. Á næsta ári mun verðbólgan ekki minnka. Skuldir þjóðarinnar erlendis eru orðnar ógnvekjandi, um hálf millj. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Milljarðar hafa verið festir í framkvæmdum sem engan arð munu bera, heldur verða baggi á komandi kynslóðum. Það er ekki aðeins efnahagslífið sem er sjúkt og hefur verið stjórnlítið. Upplausn hefur orðið í siðferðilegum efnum. Í kjölfar verðbólgu hefur siglt sukk í fjármálum. Heiðarleiki er ekki lengur sú dyggð sem var og vera ætti. Lög virðast ekki ganga jafnt yfir alla. Traust manna á réttarfarinu hefur dvínað. Ranglæti og ójöfnuður hefur vaxið.

Það er víðs fjarri mér að telja allt, sem aflaga fer, vera sök stjórnvalda. Við eigum öll nokkurn þátt í þessari þróun vegna þess að við höfum ekki kunnað fótum okkar forráð í verðbólgudansinum. Við skulum gera okkur ljóst að vandamálin í þjóðfélagi okkar eru orðin svo risavaxin

að þau verða ekki leyst með neinni töfraformúlu og ekki í einu vetfangi, heldur þarf til þess mörg ár. Einhvern tíma verður að byrja endurreisnina.

Ég ætla ekki að nota stuttan ræðutíma minn fyrst og fremst til þess að gagnrýna. Í stað þess ætla ég að freista þess að benda á þær meginráðstafanir sem ég tel nauðsynlegar ef okkur á að takast að endurreisa heilbrigt þjóðlíf í þessu landi og varðveita efnahagslegt og stjórnarfarslegt frelsi þjóðarinnar. Ég ætla að nefna tólf *grundvallaratriði sem ég tel eiga að* vera kjarna nýrrar endureisnarstefnu í íslensku þjóðlífi.

Fyrst nefni ég nauðsyn á allsherjarátaki til aukinnar hagræðingar í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi. Framfarir og auknar þjóðartekjur geta til frambúðar aðeins byggst á einu: betri nýtingu á auðlindum okkar og vinnuafli.

Í öðru lagi ber brýna nauðsyn til þess að hverfa frá því stjórnleysi, sem ríkt hefur í fjárfestingarmálum, og taka upp samræmda stjórn á heildarfjárfestingu þjóðarinnar, bæði fjárfestingu opinberra aðila og einkaaðila. Á næstu árum verður að takmarka fjárfestinguna verulega frá því sem verið hefur. Jafnhliða verður að fylgja mjög aðhaldssamri stefnu í fjármálum ríkisins og bankamálum. Vextir verða að vera nægilega háir til þess að varðveita sparifé landsmanna þannig að innlendur sparnaður geti komið í stað erlendra lána til þess að fjármagna æskilegar framkvæmdir.

Í þriðja lagi nefni ég málefni sjávarútvegsins. Þau eru komin í óefni. Fiskiskipaflotinn er orðinn mun stærri en hann þyrfti að vera til þess að veiða það fiskmagn sem fiskifræðingar telja óhætt að veiða á næstu árum. Það, sem nú þarf að gera í málefnum sjávarútvegsins, er að öll fyrirtæki, sem stunda veiðar og vinnslu, bindist undir forustu ríkisvaldsins samtökum um hvernig haga eigi samræmdri sókn á miðin og hvar landa skuli aflanum til þess að öruggt verði að söknin verði sú sem samrýmist hagsmunum heildarinnar og að veiði og vinnsla skiptist milli fyrirtækja *og landshluta þannig að skynsamlegt jafnvægi* sé milli arðsemissjónarmiða og atvinnusjónarmiða.

Ný stefna í málefnum sjávarútvegsins þarf fyrst og fremst að grundvallast á afnámi hvers konar forréttinda og stöðvun lánveitinga til kaupa á nýjum skipum um sinn. Til þess að tryggja hagkvæma nýtingu fiskstofna mætti láta afkastamikil veiðiskip greiða gjald fyrir heimild til þess að veiða og nota tekjur af því til þess að hjálpa eigendum hinna eldri skipa til þess að hætta rekstri þeirra. Þegar aukið samræmi hefur náðst milli afkastagetu veiðiflotans og styrkleika fiskstofnanna *mætti nota tekjur af veiðileyfunum* til þess að tryggja atvinnu í landi. Án slíkrar heildarskipulagningar á sjávarútveginum verður um að ræða sóun fjármagns og vinnuafls sem hlýtur að rýra lífskjör þjóðarinnar.

Í fjórða lagi nefni ég iðnaðinn. Hann er vaxtarbroddur íslenskrar efnahagsbróunar. Hér á ég ekki fyrst og fremst við stóriðnað þótt ég telji hann nauðsynlegan til þess að geta byggt hagkvæmar virkjanir, heldur margs konar annan iðnað sem býr að hugviti og leikni starfsmanna samhliða notkun orku sem framleidd yrði með tilstyrk fallvatna og jarðhita. Nútímaleg iðnþróun þarf að vera snar þáttur í nýrri efnahagsstefnu.

Í fimmta lagi vek ég athygli á málefnum landbúnaðarins. Á því sviði hafa stjórnvöldum orðið á örlagarík mistök í áratugi. Stefnan í landbúnaðarmálum hefur fyrst og fremst verið fólgin í því að framleiða meira og meira án þess að arðsemissjónarmið hafi fengið að koma til athugunar. En þegar haldið er áfram milljarða fjárfestingu í landbúnaði eftir að ljóst er orðið *að hann framleiðir meira en þjóðin þarfnast*, þá er ljóst að verið er að sóa fé. Um margra ára skeið hefur ný fjárfesting í landbúnaði ekki skilað þjóðarheildinni neinum arði. Hún hefur þvert á móti bundið henni bagga, eins og m. a. sést á því, að á þessu ári verða skattborgararnir að greiða 2½—3 milljarða kr. vegna landbúnaðarafurða, sem neytt er af útlendum mönnum.

Frá hinni röngu landbúnaðarstefnu verður auðvitað ekki horfið á einu ári og ekki heldur tveim, en hér gildir enn sem fyrr: Einhvern tíma verður að taka upp nýja og betri stefnu. Hún á að vera fólgin í því að framleiða fjölbreyttar afurðir fyrir innlendan markað.

Í sjötta lagi vík ég að orkumálunum. Ásamt fiskimiðunum er orka fallvatna og jarðhita helsta auðlind Íslendinga. Til skamms tíma hafa Íslendingar hagnýtt þessar auðlindir með byggilegum hætti. En á þessum áratug hefur gætt vixandi skorts á hagsýni og jafnvel beinnar óráðsíu á þessu sviði. Um það eru framkvæmdirnar við Kröflu skýrast dæmi, en í þeim liggja um 10 milljarðar kr. án þess að skila þjóðarbúinu nokkrum arði. Einn af hornsteinum nýrrar efnahagsstefnu verður að vera sá, að láta arðsemissjónarmið ein ráða því hvar og hvernig er virkjað, en gera síðan landið allt að einu *orkudreifingarsvæði*. Í því sambandi geta réttmæt byggðasjónarmið komið til skjalanna.

Í sjöunda lagi nefni ég viðskiptamál. Við Íslendingar búum enn einir vestrænna þjóða við úrelt kerfi verðlagsákvarðana sem beint og óbeint stuðlar að óhagstæðum vörukaupum til landsins og óþarflega háu verðlagi í landinu. Hér skortir samkeppni í viðskiptum, — samkeppni sem leitt gæti til lækkaðs verðlags. Jafnframt yrði að hafa eftirlit með því, að ekki sé efnt til samtaka um óeðlilega hátt verð, og hafa heilbrigt verðlagseftirlit.

Í áttunda lagi nefni ég að þróun íslenskra bankamála hefur verið óheppileg á síðari árum. Stórir ríkisbankar hafa háð harða samkeppni um sparifé almennings og bankastofnunum hefur fjölgað óeðlilega. Það er ekki hagkvæmt að svo margt fólk sinni bankaviðskiptum að það sé aðeins hálfu færra en þeir sem sækja sjóinn.

Það, sem ég hef nefnt til þessa, lýtur að aukinni hagkvæmni í rekstri atvinnuveganna. Með slíkum ráðstöfunum er ætlunin að auka þjóðartekjur. En jafnframt þarf að huga að auknu réttlæti við skiptingu þjóðarteknanna. Í því sambandi er mikilvægast að endurbæta ríkjandi kerfi tryggginga og heilsugæslu. Alla þjónustu hins opinbera við almenning ætti að sameina í eitt velferðarkerfi. Með því móti gæti þjónustan orðið betri og réttlátari en jafnframt ódýrari.

Í framhaldi af þessu vík ég í níunda lagi að nauðsyn þess að breyta skattalögunum. Það er

ómótmælanlegt, að þeir aðilar, sem nú greiða tekjuskatt fyrst og fremst, eru launþegar. Þjóðfélagið verður ekki réttlátt fyrr en ríkið hættir að innheimta tekjuskatt af venjulegum launþegum og takmarka tekjuskattsheimtu sína við atvinnurekstur, hagnað af verðhækkunum og hátekjur einstaklinga. Hér er á ferðinni minna fjárhagsvandamál en margur hyggur. Sá tekjuskattur, sem ríkið ætlar að innheimta af einstaklingum á næsta ári, er ekki 1/10 hluti af tekjum ríkissjóðs. Sérstök fjárhagsvandamál ríkissjóðs á næsta ári gera það eflaust lítt framkvæmanlegt að afnema tekjuskatt launþega á næsta ári, en markið verður engu að síður að vera það. Þegar mótuð er framtíðarstefna fyrir næstu ár verður réttlátt skattkerfi að vera einn þáttur hennar.

Þá kem ég í tíunda lagi að mikilvægu grundvallaratriði. Í hartnær fjóra áratugi höfum við Íslendingar í ríkara mæli en nokkur önnur nálæg þjóð lengst af búið við sjálfkrafa breytingar á launum og verði landbúnaðarafurða í kjölfar breyttrar vísitölu framfærslukostnaðar. Þessu kerfi hefur verið ætlað að vera nauðvörn launþegans og bóndans gegn versnandi lífskjörum. En það er órökrétt og getur reynst skaðlegt. Það er ekki rökrétt að allt kaupgjald á Íslandi hækki þótt verðhækkun verði á olíu erlendis. Og kerfið tryggir launþegum ekki kauphækkun þótt verðlag á freðfiski tvöfaldaðist í Bandaríkjunum. Einn af hornsteinum nýs efnahagskerfis þarf að vera að komast út úr vítahring þessa vélræna kerfis. Það, sem mestu máli skiptir fyrir launþega, er að þeim sé tryggð réttmæt hlutdeild í vexti þjóðartekna. En hlutdeild launþega í vaxandi þjóðartekjum mætti tryggja með því að tengja laun vísitölu um þróun þjóðartekna. Á síðari árum eru gerðar svo fullkomnar skýrslur um þjóðartekjurnar að vísitölu um þróun þeirra ætti að mega treysta.

Ég sagði áðan að vandi íslenskra þjóðmála væri ekki aðeins á sviði efnahagsmála. Ég hef nú nefnt tíu atriði sem öll lúta að efnahagsmálum. En því má ekki gleyma, að við viljum búa í lýðræðisríki. Þess vegna minnist ég í ellefta lagi á nauðsyn þess að jafna rétt kjósenda frá því sem nú er og auka áhrif þeirra á hverjir skipa löggjafarsamkomu og sveitarstjórnir. Nátengd þessu er nauðsynin á bættri réttargæslu, en jafnrétti fyrir lögum og traust og heilbrigð sjórnsýsla eru aðalsmerki lýðræðis.

Í tólfta og síðasta lagi vil ég undirstrika að allar ráðstafanir til aukinnar hagræðingar, öll lagasetning um nýskipan efnahagsmála, allar endurbætur á lýðræðisháttum verða þegar til lengdar lætur unnar fyrir gýg ef þær verða ekki reistar á grundvelli nýs hugarfars þjóðarinnar, bæði ráðamanna og almennings, — hugarfars sem byggist í stórauknum mæli á þeim fornu dyggðum sem fólgnar eru í ráðdeild og sparsemi, hófsemi og heiðarleika, dugnaði og samhug. Það er nauðsyn á nýju og betra þjóðfélagi á Íslandi. Það þarf tíma til þess að koma því á, en fyrst og fremst þarf til þess vilja og þann viljastyrk sem einn fær góðu áorkað. Ég bendi einnig á, að þessa nýju stefnu verður að móta í samráði við samtök vinnandi manna í landinu. Án skilnings og stuðnings samtaka almennings næst engin varanlegur árangur.

Núv. ríkisstj. nýtur mikils þingstyrks, en hún hefur ekki stuðning almennings í gerðum sínum. Ástæðan er sú, að hún hefur ekki borið gæfu til þess að móta neina heildarstefnu, neina framtíðarstefnu er vakið geti von og trú um betri tíma í brjósti almennings.

Með þessum orðum mínum hef ég viljað leggja áherslu á að það, sem nú skiptir mestu máli, er ekki að sýna fram á hvað sé hverjum að kenna, heldur benda á hvert skuli stefna, ekki aðeins á næsta ári, heldur á mörgum næstu árum. Það er fornt kínverskt spakmæli, að jafnvel þúsund mílna ferð byrji með einu skrefi. Tilgangur minn með þessum orðum er að benda á meginstefnu í átt til bættra þjóðfélagshátta. Ég tel að ekki sé seinna vænna að hefja ferðina.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekki verður það talið til nýlundu að stjórnarandstæðingar hér á Alþ. telji fjárlagafrv. ríkisstj. lýsa óskynsamlegri stefnu í þjóðmálum og lausatökum á stjórn ríkisfjármála. Það hefur verið árviss viðburður allt yfirstandandi kjörtímabil.

Hv. þm. Gils Guðmundsson benti á það í vandlætingartón hér áðan, hversu niðurstöðutölur fjárlaga hafa hækkað frá einu ári til annars, og hann benti á þær tölur einar án eðlilegrar viðmiðunar. Hins vegar ætla ég að menn geti verið sammála um að raunveruleg hækkun fjárlaga, hækkun sem á þeim verður í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, sé varhugaverð og til þess fallin að auka þenslu í þjóðfélaginu og raska efnahagslegu jafnvægi. Þess vegna mun ég með örfáum orðum rifja upp og bera saman fjárlög síðustu ára.

Hvernig eru þá þau fjárlög sem hv. þm. Gils Guðmundsson gumaði af í sínu máli? Það voru fjárlög ársins 1974 sem voru þau síðustu frá hendi vinstri stjórnarinnar. Þrátt fyrir það að heildarútgjöld ríkisins samkv. þeim svöruðu til þess að vera 29.6% af þjóðarframleiðslu á því ári, þá voru þau einnig ótraust að því leyti, að greiðslur þess árs fóru úr 29 milljörðum kr. upp í 41 milljarð kr. eða 12 milljarða kr. fram úr áætlun fjárlaganna. Ríkisreikningurinn sýndi útgjöld sem voru 39% umfram fjárlög.

Við gerð fjárlaganna fyrir árið 1975 gætti þessara óhollu áhrifa frá vinstristjórnartímanum enn í þeim mæli, að fjárlög fyrir árið 1975 svöruðu til þess að vera 31.4% af þjóðarframleiðslu. Hins vegar reyndust þau trúverðugri en fjárlög fyrra árs, þrátt fyrir ýmsa utanaðkomandi erfiðleika, svo að frávik ríkisreiknings á greiðslugrunni frá niðurstöðum fjárlaga reyndist þó ekki vera meiri en 21.6% á móti 31.4% árið áður.

Fjárlög ársins 1976 svöruðu til þess að vera 27.6% af þjóðarframleiðslu og frávik ríkisreiknings á greiðslugrunni frá þeim fjárlögum varð 16.1% á móti 31.4% árið 1974.

Fjárlög fyrir árið 1977 verða í hlutfalli við þjóðarframleiðsluna sennilega um 27.5%, og allar líkur benda til að frávik ríkisreiknings frá þeim verði hið allra minnsta sem orðið hefur á þessum árum og fari eitthvað niður fyrir 10%

á móti 31.4% á síðasta ári sem vinstri stjórnin bar ábyrgð á fjárlagagerðinni.

Þetta er vissulega hagstæð þróun sem vert er að hafa í huga þegar rætt er um stjórn ríkisfjármála. Þessi þróun hefur fengist fyrir þær kerfisbreytingar sem hæstv. fjmrh. hefur komið á og leitt hafa til staðbetra eftirlits með greiðslum úr ríkissjóði og fljótvirkari aðgerða en áður varð við komið þegar greiðsluáætlanir sem byggðar eru á fjárveitingum á fjárlögum fara út fyrir settan ramma. Með þessari kerfisbreytingu hefur einnig orðið mun auðveldara að hafa raunhæfan stuðning af útgjaldastöðu ríkissjóðs við fjárlagagerð næsta árs, og á þann hátt hafa fengist raunhæfari vinnubrögð og minna frávik orðið frá fjárlögunum.

Þótt fjárlagafrv. fyrir árið 1978 sýni háa niðurstöðutölu fyrir heildarútgjöld ríkisins, eða 123.1 milljarð kr., eins og getið var um áðan, þá er það þó ekki meira en sem svarar 27.3% áætlaðrar þjóðarframleiðslu á sama ári. Af þessu má ráða að veruleg lækkun hefur orðið á fjárlögunum í raun á þessum árum þegar munar ekki minna en 4% af þjóðarframleiðslu hvað þau eru nú lægri en þegar þau voru hæst og sú upphæð er umtalsverð þegar þjóðarframleiðslan er áætluð að verða um 450 milljarðar kr. á næsta ári.

Það er gott til þess að vita, að veruleg breyting hefur orðið á þjóðarbúskapnum í jákvæða átt á kjörtímabilinu. Verðþenslan hefur verið erfiðust viðfangs af þeim þáttum efnahagsmála sem við er að fást. Verðbólgan, eins og hún var árið 1974, þegar hún var 53%, var öllu fjármálakerfinu þung í skauti og olli atvinnuvegunum erfiðleikum og samkeppnisvanda á erlendum mörkuðum. Um mánaðamótin júní-júlí í sumar var verðbólga síðustu 12 mánaða komin niður í um það bil 26% og hafði þá minnkað um helming frá því sem hún var mest. En nú hafa aðrir launasamningar, sem gerðir hafa verið á þessu ári, raskað jákvæðri þróun síðustu ára og stefnir nú í tvísýnu þeim árangri sem náðst hefur í því að draga úr hraða verðþenslunnar. Ríkisstj. mun næstu mánuði leggja á það megináherslu að sporna við vexti verðbólgunnar og beita til þess þeim úrræðum sem hún og Alþ. hafa yfir að ráða. Þá er mikilvægt að allur almenningur skynji hættuna og komi til liðs við stjórnvöld og treysti stöðu lands og þjóðar.

Hér hefur ekki komið til atvinnuleysis á Íslandi. Atvinnuöryggið hefur verið svo traust sem það getur best verið. Því skyldu menn varast að ganga lengra í kröfum á hendur atvinnuvegunum en komið er. Þótt mönnum gleymist það ekki að ríkisstj. hefur með samningum tryggt Íslendingum einum rétt til fiskveiða í 200 mílna landhelgi og með fiskileit og rannsóknum lagt grundvöll að hagnýtingu áður ónýttra fisktegunda, þá helgar það ekki rétt manna til þess að gera óhóflegar kröfur til sjávarútvegsins. Frá sjávarútvegi fæst meginhluti gjaldeyristekna okkar, og því verður það eins konar varðstaða um fjöregg þjóðarinnar að honum séu búin þau skilyrði til rekstraröryggis að hann fái staðist samkeppni á erlendum mörkuðum.

Atvinnulíf í landinu er svo slungið í eina keðju að hún má hvergi rofna. Þar verður einn að styðja að viðgangi annars. Svo er t. d. um sjávarútveg og landbúnað vítt og breitt um landið. Sjávarþorpin, sem með framleiðslu sinni leggja þjóðinni til uppistöðuna að gjaldeyristekjunum, hafa óvefengjanlegan stuðning í að eiga uppland og landbúnaðarframleiðslu í nágrenni sínu. Og undirstaða allrar iðnaðarframleiðslu, sem fer til útflutnings, kemur frá sjávarútvegi og landbúnaði. Þaðan er runnið megnið af þeim hráefnum sem útflutningsiðnaðurinn nærist á. Þjóð í vexti hlýtur að leggja áherslu á iðnaðinn, úrvinnslu hins innlenda hráefnis sem aflað er jöfnum höndum til sjós og lands. Þessa höfuðþætti þarf því að tryggja sem best og kanna stöðu þeirra jafnt og þétt.

Á þessu kjörtímabili hefur ríkisstj. gert gangskör að því að sveigja þá lagasetningu, sem varðar sjávarútveginn, að kröfum tímans og til þeirra aðstæðna sem upp hafa komið við stækkaða landhelgi. Þar hefur verið um miklar breytingar að ræða á öllum sviðum þess atvinnuvegar, jafnt um nýtingu fiskimiðanna, hlutaskiptum sjómanna og aðstöðu fiskiðnaðarins. Á sama hátt hefur verið hafin endurskoðun ýmiss konar löggjafar sem landbúnaðinn varðar. Fátt eitt hefur enn komið til afgreiðslu á Alþ., en margs konar athuganir eru í gangi um veigamikla þætti landbúnaðarins, svo sem fjárfestingarmál, verðlagsmál, fræðslumál og fleira sem þyrfti að komast áfram hið fyrsta, því að tíminn krefst jafnan ákveðinna breytinga þótt ekki sé hlaupið frá höfuðstefnumiðum sem mótast hafa í aldanna rás.

Iðnaðurinn á Íslandi er yngstur þessara atvinnuvega og þess vegna í stöðugri þróun. Stefnumótun í þeirri atvinnugrein er þar af leiðandi síst sjálfgefin. Ríkisstj. hefur haft þetta sjónarmið í huga og hlutast til um margs konar lagasetningu til styrktar iðnaðaruppbyggingu í landinu. M. a. hefur Iðnlánasjóður verið efldur verulega svo og Iðnrekstrarsjóður. Með sérstakri kynningu á stöðu iðnaðarins hefur komið fram hinn almenni áhugi fyrir því að bæta skilyrði fyrir iðnrekstri, bæði almennum iðnaði og iðnaði í stærra formi, enda nærist hann á íslenskum orkugjöfum og íslenskum hráefnum.

Ef vel á að farnast í íslenskum efnahagsmálum verður að vera samræmi í afkomumöguleikum atvinnuveganna í landinu. Ríkisstj. hefur lagt á það kapp að gæta jafnvægis um aðstöðu þeirra eftir því sem kostur er, eins og ég hef í örstuttu máli leitast við að skýra fyrir áheyrendum mínum, enda er það forsenda almennrar velmegunar í landinu, að ekki hallist á um afkomu fólksins, hvaða atvinnu sem það stundar og hvar sem það er statt.

Sú þjóðmálastefna, sem ríkisstj. hefur haft, hefur bægt frá okkur hörmungum atvinnuleysis og lengst af leitt til minnkandi verðbólgu. Nú hefur dýrtíðarvöxtur færst í aukana að nýju. Það er ætlun ríkisstj. að halda uppi atvinnu í landinu og reyna til þrautar að sigrast á verðbólgunni þrátt fyrir áföll undangenginna mánaða.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Þökk þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstj. á ekki eftir nema hlaðsprettinn,

síðasta þing á kjötímabilinu. Engin ríkisstj. hefur í aldarfjórðung og ríflega það haft jafnstóran þingmeirihluta við að styðjast og ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Hún ætti því að hafa bolmagn til að taka hlaðsprettinn með nokkurri reisn. En það er öðru nær en svo sé. Hvorki ríkisstj. né færleikur hennar, þingliðið, sem hóf hana til valda og borið hefur hana uppi kjörtímabilið út í gegn, er svo á sig komið að það sé fært um að sýna af sér knáleik eða bera sig vel.

Stefnuræða forsrh. í kvöld ber því ljósan vott. Þar er viðurkennt að ný verðbólguholskefla er að ríða yfir þjóðina. „Hætta er á að verðbólgan aukist enn á ný," segir í ræðunni. Og á öðrum stað er enn dýpra tekið í árinni. Þar segir forsrh.: „Er nú hætta á því, að kapphlaupið milli launa og verðlags magnist." En þó tekur fyrst steininn úr í lokasetningum stefnuræðunnar. Þar er það viðurkennt að stefnuræðan lýsi ekki raunhæfri, fastmótaðri stefnu, heldur frómum óskum. Orðrétt segir forsrh. í nafni ríkisstj. sinnar: „Sú efnahagsstefna, sem hér er lýst, byggist á forsendum sem geta brugðist. Ef það gerist verður nauðsynlegt að grípa til enn öflugri ráðstafana. Þjóðin öll verður að vera undir það búin." Þetta eru uggvænleg orð og þeim mun ískyggilegri sem þau eru vandlegar skoðuð, því það er öðru nær en forsrh. hafi að öðru leyti gleðiboðskap að flytja frá ríkisstj. sinni.

Ríkisstj. boðar í stefnuræðunni aukna skattheimtu. Það felst bæði í ákvörðun skattvísitölu á þann veg, að tekjuskattur næsta ár leggst á af meiri þunga en var á þessu ári, og í yfirlýsingu um, að ríkisstj. hafi ekki hugmynd um hvar hún ætli að taka þá 8—9 milljarða kr. sem á þarf að halda á næsta ári til að standa við nýgerða kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Ríkisstj. boðar niðurskurð framkvæmda. Ekki skal aðeins dregið úr opinberum framkvæmdum á öllum sviðum nema einu — vegagerð er undanskilin — heldur skal einnig búið svo um hnúta með takmörkun lánveitinga að framkvæmdir einkaaðila dragist líka saman svo og framkvæmdir sveitarfélaga.

Að hvaða marki beinast þessar aðhaldsaðgerðir ríkisstj.: aukin skattheimta og skertar framkvæmdir? Er með því verið að eyða viðskiptahallanum gagnvart útlöndum sem mætt hefur verið með töku eyðslulána? Nei, öðru nær samkvæmt því sem í stefnuræðunni segir. Þar er aðeins talað um að komast sem næst jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Og úr því svo er hefur ríkisstj. auðvitað enga tilburði til að grynna á erlendum skuldum sem fyrirsjáanlegt er að muni á næstu árum gleypa í vexti og afborganir fimmta hluta útflutningstekna þjóðarinnar. Enda segir í stefnuræðunni að ríkisstj. stefni að því að halda skuldum erlendis óbreyttum með því móti að takmarka nýjar lántökur við greiðslubyrðina af skuldum sem fyrir eru. Sú stefna felur það í rauninni í sér að um ófyrirsjáanlegan tíma skuli fimmtungur af aflafé þjóðarinnar ganga til erlendra lánardrottna.

Í stefnuræðunni segir reyndar berum orðum í hvaða skyni samdráttur framkvæmda og stöðvun á aukningu félagslegrar þjónustu eigi sér stað. Þessar ráðstafanir gerir ríkisstj. svo rúm sé fyrir aukningu einkaneyslu. Það stendur svart á hvítu í stefnuræðunni. En þar er líka komið að stóra spurningarmerkinu sem ræðan endar á, eins og ég áðan rakti.

Standast þessi stefnumið, sem ríkisstj. kunngerði í upphafi þings, þegar á reynir? Líkurnar benda til að svo verði ekki, að fyrirvarinn í lok stefnuræðunnar hafi meira gildi en allt sem á undan fer í því plaggi.

Útflutningsverð á fiskafurðum er nú með hæsta móti og verð á framleiðslu frystihúsanna í algeru hámarki. Þrátt fyrir þessi hagstæðu viðskiptakjör hefur ríkisstj. séð ástæðu til að láta ríkissjóð ábyrgjast viðmiðunarverð til vinnslustöðvanna. Menn geta gert sér í hugarlund hvað skeður, ef verðlækkun á sér stað á erlendum mörkuðum, eins og einatt hefur gerst. Ábyrgð á viðmiðunarverði, eins og ríkisstj. hefur gefið, hlýtur að vera hugsuð sem bráðabirgðaráðstöfun, því ríkissjóður hefur afar takmarkað svigrúm til að mæta útgjöldum í þessu skyni. Hér er sannarlega teflt á tæpt vað.

Framleiðsluaukning á árinu í sjávarútvegi kemur að mestu leyti frá loðnuveiðum og öðrum veiðum fyrir verksmiðjuvinnslu. Verð á fiskmjöli hefur verið allhátt, en stendur nú í stað, og spáð er verðlækkun á því í kjölfar metuppskeru og verðlækkunar á fóðurkorni sem er samkeppnisvara fiskmjölsins. Ekki eru því horfurnar hagstæðar í þessari þýðingarmiklu útflutningsgrein.

Saltfisksmarkaðurinn í Portúgal hefur um langan aldur verið einhver dýrmætasti útflutningsmarkaður okkar. Þar hefur verið selt mikið magn, en tiltölulega lítið verið keypt af Portúgölum, svo andvirði saltfisksins hefur að mestu leyti verið til ráðstöfunar til að mæta halla á viðskiptum við önnur lönd. Nú hefur verið kunngert í Lissabon, að bág gjaldeyrisstaða Portúgals geri það að verkum að tekið verði fyrir innflutning á saltfiski þar í landi næsta vor, ef ekki hafi áður fundist úrræði til að greiða fyrir innflutninginn án þess að ganga á gjaldeyrisforða. Geri Portúgalsmenn alvöru úr þessari fyrirætlun er sannarlega vá fyrir dyrum hjá íslenskri saltfiskverkun.

Þessar eru þá horfurnar í þrem þýðingarmestu útflutningsgreinum fiskvinnslunnar. Þrátt fyrir metverð er greitt með frystihúsaframleiðslunni úr ríkissjóði. Mjölframleiðslan og saltfisksverkunin standa frammi fyrir verðfalli eða lokun þýðingarmesta markaðarins.

Hér innanlands er verðlag á hraðri leið upp á við. Búvörur, rafmagn og hitaveita hafa þegar hækkað verulega. Fram undan eru hækkanir á hvers konar þjónustugjöldum opinberra stofnana. Kostnaður útflutningsframleiðslunnar hækkar síðan í tilteknu hlutfalli við hækkun framfærslukostnaðar. Er nokkur sá með opin augu sem ekki sér hvert stefnir?

Rétt er að forðast hrakspár, en tvímælalaust eru erfiðir tímar fram undan. Ríkisstj., sem veit sig hafa traust þjóðarinnar, hefði sagt það opinskátt, og vaxið af. En ríkisstj., sem sendi Alþ. og landsmönnum þá stefnuyfirlýsingu sem flutt var hér í kvöld, veit sig hafa fyrirgert trausti

á ferli sínum og því sendir hún frá sér stefnuræðu þar sem bollalagt er um samdrátt samneyslu til að auka einkaneyslu, ráðgerð jafnframt nokkur skattahækkun til að halda greiðsluhalla innan þolanlegra marka, imprað á frjálsri gjaldeyrisverslun og nýju verðlagskerfi, en svo er klykkt út með því, að vel geti farið svo að ekkert af þessu sé að marka, forsendurnar, sem ríkisstj. hefur gefið sér, geti brugðist gersamlega.

Þessi eru þá öll fastatökin hjá sterku ríkisstj. sem kom til valda eftir kosningasigur Sjálfstfl. 1974, — stjórninni sem hefur stuðning rúmlega tveggja þriðju hluta þingheims.

Foringjar Sjálfstfl. stærðu sig af því í kosningabaráttunni fyrir tæpum fjórum árum að hafa á takteinum samræmd heildarúrræði til lausnar efnahagsvanda. Enn bergmála sömu orðin í stefnuræðunni í kvöld. Þar er talað um nauðsyn á að mörkuð sé samræmd heildarstefna og afstaða tekin til markmiða og leiða í efnahagsmálum. En nú eru menn reynslunni ríkari. Það hefur reynst djúpt á samræmdu heilstæðu úrræðunum og ráðdeildinni í meðferð fjármála ríkisins.

Grundvallaratriði er að koma á heilbrigðu skattakerfi í stað þess hrófatildurs sem orðið hefur til við skyndibreytingar á undanförnum árum. En skattalagafrv. frá því í fyrra bögglast enn fyrir brjósti stjórnarflokkanna. Verður því vart trúað að þeir láti þá hneisu henda sig að gefast upp við verkefni sem sérhver skilvís skattgreiðandi bíður eftir að leyst verði af hendi. En varlegast er að fortaka sem minnst þegar þessi ríkisstjórn á í hlut. Ráðh., sem bera fram aðra eins firru og ráðgerð kaup á Víðishúsinu fræga fyrir stjórnarskrifstofur, er a. m. k. ekki tiltakanlega annt um orðstír sinn fyrir gætni og yfirvegun í fjármálum.

Slík dæmi, jafnhrópleg og þau eru út af fyrir sig, eru þó nánast aukaatriði í samanburði við það hve gersamlega ríkisstj. hefur brugðist í því máli sem hæst ber þessi árin, viðureigninni við verðbólguna. Þeir, sem tregir voru í báðum stjórnarflokkum til að ganga til núverandi stjórnarsamstarfs, létu loks til leiðast fyrir fortölur foringjanna sem héldu því fram að samstjórn tveggja stærstu flokka landsins væri einmitt það afl sem þyrfti að koma til, ef halda ætti verðbólgubróuninni í skefjum. Aflið fyrirfannst ekki þegar til átti að taka, og er því stjórnin í lok ferils síns sneydd stuðningi sem hún ætti að njóta ef allt væri með felldu.

Ríkisstj., sem ekki tekst að hemja verðbólguna sem hér hefur ríkt síðustu ár, ræður í rauninni ekki við neitt sem verulegu máli skiptir. Það er verðbólgan sem gert hefur Ísland að láglaunalandi miðað við nálæg lönd, vegna þess að hún veldur því að fjárfesting landsmanna, fjárfesting sem í hlutfalli við þjóðarframleiðslu nálgast heimsmet, skilar ekki eðlilegum þjóðhagslegum arði, heldur að verulegum hluta aðeins verðbólgugróða í vasa þeirra sem fá að ráðskast með lánsfé sem í raun og veru ber ekki vexti, heldur fá lántakendur borgað með því úr vösum sparifjáreigenda og skatgreiðenda.

Það er skerðing verðbólgunnar á umsömdum kaupmætti launa sem gerir kjarasamninga að heiftúðugum átökum sem setja þjóðfélagið í umsátursástand, jafnvel oft á ári.

Það er verðbólgan sem veldur slíku misrétti í lífeyrisgreiðslum til aldraðra að það er orðið árvisst verkefni fyrir ríkisstj. og Alþ. að lappa upp á lífeyriskerfi stéttarfélaganna með bráðabirgðaráðstöfunum. Meðan verðbólgan skekkir öll hlutföll, jafnharðan og reynt er að leggja nýjan grunn, dregst stofnun lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn á jafnréttisgrundvelli von úr viti.

Það er verðbólgan sem bindur sérhverri uppvaxandi kynslóð drápsklyfjar, jafnskjótt og hún þarf að afla sér þaks yfir höfuðið. Álagið, sem lagt er á fólk um þær mundir sem það stofnar heimili, er svo óvægið vegna þess að verðbólgan skapar fjármagns-þröskuldinn sem þá þarf að yfirstíga. Þetta sést best þegar almennt húsnæðislánakerfi hérlendis er borið saman við lánakerfi í löndum sem búa við lága verðbólgu.

Alvarlegast af öllu er þó hvernig verðbólgan grefur undan afkomu útflutningsatvinnuvega og þar með efnahagslegu sjálfsforræði þjóðarinnar. Verðbólga hækkar kostnaðarstig í landinu sem nemur því sem hún er umfram verðbólgu í viðskiptalandi. Í markaðssamkeppni á seljandi frá landi með meiri verðbólgu en keppinautarnir því sífellt undir högg að sækja. Honum veitist erfitt eða ógerlegt að gera áætlanir fram í tímann og fylgjast með tækniþróun. Afleiðingin er að atvinnuvegir þjóðar með háa verðbólgu dragast aftur úr og raungildi launanna, sem þeir greiða, hefur tilhneigingu til að fara lækkandi. Dæmin sanna að þrautalending hefur einatt orðið, þegar í óefni er komið, að erlendir fjármagnseigendur komast upp með afarkosti gagnvart verðbólgulandinu gegn því að leggja fram fjármagn sem þar myndast ekki innanlands af því að verðbólgan hefur sett atvinnuvegina úr samhengi við arðsemi.

Verðbólga, sem komin er á það stig sem hér hefur ríkt síðustu ár, verður ekki færð niður í einu vetfangi, þó ekki væri af öðrum sökum en þeim, að fjölmargir aðilar hafa gert fjárhagsráðstafanir sem miðaðar eru við verðbólguáhrif. En hér er ekkert undanfæri, ef menn vilja taka á stærsta vanda sem nú er uppi í þjóðfélaginu áður en hann færir þjóðina niður á bónbjargastigið, gerir hana háða herstöðvaleigu, orkusölu á afsláttarverði eða öðrum óyndisúrræðum.

Tíminn til stefnu að ná tökum á verðbólgunni kann að vera skemmri en margur hyggur. Meðal þeirra manna, sem hafa það starf með höndum að fylgjast með hagþróun og heimsviðskiptum, vex þeirri skoðun fylgi að samdráttartímabilinu, sem hófst þegar olíukreppan skall á, sé síður en svo lokið. Helstu iðnríkjum, eins og Bandaríkjunum, Vestur-Þýskalandi og Japan, hefur ekki tekist að ná hagvaxtarmörkum sem þau settu sér, og lönd, sem búa við veika viðskiptastöðu, eru enn lengra á eftir.

Ekki þarf að útmála hver ábrif almenn hagþróun hefur á afkomu þjóðarbúskapar okkar sem erum háðari utanríkisverslun en nokkur þjóð önnur. Við eigum hreinlega um það að velja, ef langvarandi stöðnun eða samdráttur heimsviðskipta fer í hönd, hvort aðlögun okkar að breyttum aðstæðum gerist með skipulegum hætti og vís-

vitandi ráðstöfunum eða ringulreið og jafnvel hruni, sé látið skeika að sköpuðu. Það er ekki seinna vænna að þeir, sem valist hafa til að stjórna málum þjóðarinnar, geri sér og öðrum þetta ljóst.

Núv. ríkisstj. lætur reka á reiðanum. Stefnuyfirlýsing hennar í kvöld ber því gleggst vitni. Við svo búið má ekki lengur standa. Kjósendum, sem sjá að nú er nóg komið, ber að taka í taumana. Til þess fá þeir tækifæri að sumri. — Þökk þeim sem hlýddu.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Sú spurning gerist nú áleitin hjá öllum þorra manna, hvort við höfum efni á þeirri ríkisstj. sem nú situr. Eitt megineinkenni þessa kjörtímabils eru tíðar vinnustöðvanir og óvenjumargir verkfallsdagar. Á s. l. ári, árinu 1976, urðu víðtækustu verkföll sem um getur í þjóðarsögunni og verkfallsdagar það ár urðu fleiri en nokkru sinni á öllu árabilinu frá 1960 — jafnvel fleiri en á síðasta og versta ári viðreisnarstjórnarinnar, þegar verkafólk háði harðvítuga baráttu til verndar kjörum sínum og margir að auki áttu ekki annars úrkosta en flýja land vegna atvinnuleysis. Það sem ef er þessu ári, árinu 1977, hefur fjöldi vinnustöðvana verið meiri en jafnan áður. Verkföll og yfirvinnubönn Alþýðusambands Íslands í vor stóðu í 7 vikur, og nú er nýlokið tveggja vikna verkfalli opinberra starfsmanna.

Allt launafólk í landinu hlýtur að velta þeirri spurningu fyrir sér af alvöru, hvers vegna vinnustöðvanir ná hámarki á valdatíma ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., svo við ekkert verður jafnað nema alverstu tímabil síðustu áratuga. Ríkisstj. og málgagn hennar, Morgunblaðið, eru ekki í vafa um orsakirnar. Í málflutningi hennar eiga sökina óábyrgir forustumenn launþegasamtakanna, sem setji eigin valdastreitu ofar hag þjóðarbúsins, og svo hinn almenni launamaður, sem heimti meira í sinn hlut en atvinnuvegirnir þola. Síðan fylgja hrakspár um afleiðingar launahækkana. Hótað er vaxandi dýrtíð og aukinni verðbólgu.

Þennan málflutning þekkir verkalýðshreyfingin frá fornu fari. En fyrir hinum fjölmörgu félögum BSRB var þetta ný reynsla. Þúsundir launamanna, sem höfðu ekki áður orðið að heyja kjarabaráttu sína með verkfallsaðgerðum — né máttu það — sáu nú framan í grímulaust íhaldið, málsvara auðvalds og húsbóndavalds. Þessar þúsundir skildu að kjarabarátta er stéttabarátta.

Því verður ekki á móti mælt, að sjálfur fjmrh. ber þyngstu ábyrgðina á þessu verkfalli. Mörgum dýrmætum dögum eyddi hann í viðleitni til að sundra opinberum starfsmönnum, lama baráttuþrek þeirra og ala á tortryggni milli félaga í hinum almennu verkalýðsfélögum og starfsmanna BSRB. Þetta tókst ekki í þeim mæli sem fjmrh. og ríkisstj. ætluðust til. Opinberir starfsmenn stóðust þessa fyrstu eldskírn sína. En hitt er jafnaugljóst, að íhaldsstjórn sú, sem nú situr, opinberaði sitt rétta eðli. Sumir þm. Sjálfstfl. stóðu upp á Alþ. og veittust harkalega að verkfallsmönnum, *og í ræðu sinni í kvöld* sakaði forsrh. opinbera starfsmenn um að virða að engu sameiginlega þjóðarhagsmuni. Þá var málgagninu Morgunblaðinu óspart beitt og muna menn vart annan eins óhróður og það blað jós yfir önnur fjölmennustu launþegasamtök landsins. Í síðasta sunnudagsblaði voru forustumenn þeirra sakaðir um þá léttúð að stefna 13 þús. manns út í verkfall til þess eins að sjá hvaða áhrif það gæti haft!

Íhaldið hefur ekki farið dult með þá skoðun sína, að það hafi verið stórfellt mistök að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt. Ríkisstj. hefur einnig haft í handraðanum allt þetta kjörtímabil frv. um stéttarfélög og vinnudeilur sem felur í sér skerðingu á athafnafrelsi verkalýðshreyfingarinnar í vinnudeilum, bæði varðandi samningsrétt og verkfallsrétt. Þetta frv. hefur ríkisstj. ekki þorað að sýna enn á þingi vegna mikillar andstöðu, en Gunnar Thoroddsen hefur nú boðað að það verði lagt fyrir þetta þing.

Vitanlega getur ýmislegt farið úrskeiðis í framkvæmd verkfalla og rökstudd gagnrýni á fullan rétt á sér. En átökin á þessu ári hafa ekki, þegar djúpt er skyggnst, snúist um þetta fyrst og fremst, heldur um grundvallarviðhorf. Þau hafa snúist um rétt og manngildi þess fjölda sem lifir á því að selja vinnu sína. Í okkar þjóðfélagi er það frelsi *dýrmætt hinum vinnandi manni*, að hann geti lagt niður vinnu sína fái hann ekki lifað mannsæmandi lífi af kaupi sínu. Verkfallsvopnið kostar fórnir og er því ekki notað sem leikfang, eins og íhaldið heldur fram, heldur sem nauðvörn gegn atvinnurekendaríkisvaldi sem kaupir vinnuna og vill ráða kaupverðinu sjálft.

En hvernig voru þá kjörin þegar verkalýðsfélögin neyddust út í verkfall á s. l. vori? Hvernig hafði þjóðartekjunum verið skipt? Staðreyndin er sú, að það sem af var valdaskeiði Sjálfstfl. og Framsfl. hafði kaupmáttur tímakaups verkamanna rýrnað svo að hann var kominn niður á sama stig og hann var fyrir 30 árum, enda þótt þjóðartekjur á mann hefðu meira en tvöfaldast að raungildi á sama tímabili, og er þá byggt á opinberum tölum og fólksfjölgun tekin inn í dæmið. *Vinstri stjórninni tókst að auka kaupmátt* dagvinnutímakaups verkamanna um nær 30% miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. En svo rækilega tók núv. ríkisstj. þá hækkun aftur, að verkamenn stóðu í sömu sporum og fyrir þrem áratugum.

Það eru því ekki launahækkanir sem valda þeirri óhemjulegu dýrtíð sem nú geisar. Það eru ekki heldur erlendar verðhækkanir sem valda, því þær hafa ekki verið nema 5—7% að jafnaði á ári á valdatíma þessarar ríkisstj. Ytri aðstæður hafa verið svo hagstæðar að þjóðartekjur á mann ukust að raungildi um 5.4% árið 1976 og á þessu ári um meira en 7%, eins og forsrh. tók fram áðan, og eru þjóðartekjur á mann á þessu ári hærri að raungildi en nokkru sinni fyrr í allri sögu okkar. Samt þurfti nær allt launafólk í landinu í verkfall til þess að endurheimta það sem af því hafði verið tekið, og það hefur ekki enn náð kaupmættinum eins og hann var hæstur á tímum vinstri stjórnar.

Þrátt fyrir rýrari kaupmátt tímakaups verkamanna en nokkurn tíma um 30 ára skeið hefur *allt verðlag í landinu* hækkað um 183% eða nálega þrefaldast á þeim rúmum þrem árum sem ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. hefur setið að völd-

um. Til samanburðar skulu menn hafa í huga að á valdaskeiði vinstri stjórnarinnar, á jafnlöngu tímabili, rúmum þremur árum, hækkaði verðlag um 92%, og vinstri stjórninni tókst að auka kaupmátt dagvinnutímakaups verkamanna um nær 30% þrátt fyrir margfalt meiri hækkun á erlendri vöru en orðið hefur í tíð þessarar ríkisstj.

Hvað veldur þessum mismun? Því er fljótsvarað. Hér er um að ræða tvær andstæðar stjórnarstefnur: vinstri stefnu og hægri stefnu. Hægri stjórn sú, sem nú situr, hefur fært óhemju fjármuni frá launafólki til milliliða viðskiptalífsins og verðbólgubraskara. Hún hefur sóað fjármunum í rangar og ótímabærar fjárfestingar. Hún hefur eytt milljörðum í járnblendiverksmiðju. Og hún hefur tekið rangar ákvarðanir í orkumálum. Gunnar Thoroddsen tafði byggðalínuna um heilt ár, sem leiddi til þess að hraða varð Kröfluvirkjun þrátt fyrir mikla óvissu.

Það er ríkisstj. sjálf sem veldur efnahagsvanda og kjararýrnun. Því hlýtur alþýða þessa lands að spyrja: Höfum við efni á þessari ríkisstj?

Forsrh. sagði að það væri hverri menningarþjóð metnaðarmál að búa vel að öldruðum þegnum sínum að lokinni starfsævi. Hvernig hefur sá metnaður birst í verki hjá þessari ríkisstj? Sannleikurinn er sá, að allar þær breytingar til bóta á almannatryggingum og lífeyrissjóðsgreiðslum, sem forsrh. taldi upp áðan, hafa orðið að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar sem hefur knúið ríkisstjórnina með samningum til að fallast á þær. Verkalýðshreyfingin hefur knúið þessar félagslegu umbætur fram í tengslum við kaupgjaldsbaráttuna. Verkalýðshreyfingin knúði fram hækkun lífeyrisgreiðslna til aldraðra félaga í stéttarfélögunum, og lífeyrissjóðir standa undir þeirri hækkun að öllu leyti, ekki að stórum hluta eins og forsrh. sagði áðan. Í þá hækkun fer ekki eyrir úr ríkissjóði. Hitt er rétt, að ríkisstj. hefur staðið við það loforð að skerða ekki tekjutrygginguna þrátt fyrir þessa hækkun, og er forsrh. kannske vorkunn þó hann reyni að halda til haga einu dæmi um greiðslur sem hafa ekki verið skertar hjá þeim sem minnst mega sín.

En hvernig hefur þá ríkisstj. staðið við sitt gagnvart öldruðum og öryrkjum? Vinstri stjórnin beitti sér fyrir stórfelldum hækkunum á tryggingabótum til þessa fólks. Á þeim árum, árunum 1972—1974, varð kaupmáttur elli- og örorkulífeyris 165.4 stig að meðaltali miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. En á fyrsta heila ári þessarar ríkisstj. hrapaði kaupmátturinn niður í 159.9 stig úr 165.9. Og þrátt fyrir auknar þjóðartekjur síðustu tveggja ára hefur kaupmáttur þessara bóta ekki enn náð kaupmættinum eins og hann var hæstur á vinstristjórnarárunum. Þótt miðað hafi aðeins fram á við á þessu ári, þá stafar það ekki af aðgerðum ríkisstj., heldur vegna hækkana á tekjutryggingunni, sem verkalýðshreyfingin knúði fram í samningum. Ríkisstj. sjálf hefur ekki átt neitt frumkvæði að umbótum í almannatryggingamálum.

Það er alveg hárrétt, sem Geir Hallgrímsson segir, að aðbúnaður aldraðs fólks og öryrkja er mælikvarði á menningu hverrar þjóðar. En Sjálfstfl. og Framsfl. hafa ekki staðist það menningarpróf. Það er ekki aðeins að sjálfur kaupmátturinn hafi rýrnað, heldur hefur dýrtíðaraldan skollið þyngra á þessu fólki en öðrum, þar sem nauðsynlegar matvörur hafa hækkað meira en aðrar vörur. Þetta fólk getur því ekki sparað við sig nema svelta, þótt þeir Framsóknarmenn, sem hér hafa talað, viti það ekki eða vilji ekki vita það. En aldraðir og öryrkjar spyrja nú: Höfum við efni á þessari ríkisstj.?

Og hver er svo boðskapur forsrh. í kvöld? Hann boðar auknar álögur á almenning og meiri dýrtíð. Hann boðar samdrátt samneyslu, en samtímis lofsyngur hann óheft frelsi í vöruinnflutningi, jafnframt því sem innlendur iðnaður berst í bökkum og launum verkafólks er haldið niðri. Inntak þessarar stefnu er það, að þann gjaldeyri, sem alþýðan aflar, eiga heildsalar og innflytjendur, stéttarbræður Geirs Hallgrímssonar, að fá að ráðskast með að vild og eiga svo ofan á allt annað að fá að ávaxta þann gjaldeyrisgróða sinn í íslenskum bönkum.

Þetta er íhaldsstefna. Þetta er stjórnarstefna Sjálfstfl. og Framsfl.

Góðir hlustendur. Við höfum ekki efni á íhaldi, við höfum ekki efni á þessari ríkisstj. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Sameinað þing, 3. nóv.

Verðlagsmál.

Skriflegt svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Kjartanssonar um verðlagsmál, á þskj. 62, afhent þm. 3. nóv.

1. Þingmaðurinn óskar eftir birtingu á skýrslu þeirri, sem verðlagsstjóri boðaði í sjónvarpsþætti, að samin yrði um verðlag og verðlagningu í Englandi annars vegar og á Íslandi hins vegar.

Óskað var eftir svari frá verðlagsstjóra. Gaf hann svo hljóðandi svar:

„Í þeim sjónvarpsþætti, sem vitnað er til, boðaði verðlagsstjóri ekki beinlínis, að frá honum væri að vænta frekari skýrslu um þetta mál. Það breytir þó ekki því, að ég er fús til þess að svara þessari fyrirspurn og leggja fram í stuttu máli það yfirlit yfir könnunina, sem verðlagsstjóri sendi viðskiptaráðuneytinu og sem ég læt fylgja hér með:

„Eins og yður er kunnugt um, hefur eftirlit með verðlagi innfluttra vara fram til þessa m. a. verið fólgið í því að endurskoða verðútreikninga yfir innfluttar vörur. Til þess að fá verðútreikning samþykktan verða innflytjendur að leggja fram erlendan innkaupareikning, þ. e. reikning, sem á að sýna hið erlenda kostnaðarverð. Ýmsir aðilar höfðu vakið athygli mína á því, að verðlag á innfluttri vöru væri í mörgum tilvikum óeðlilega hátt í samanburði við smásöluverð erlendis. Það liggur ljóst fyrir, að vegna flutningskostnaðar, opinberra gjalda og álagningar, sem leggjast á innfluttar vörur, þurfa íslenskir neytendur að jafnaði að greiða þrefalt hærra verð fyrir hana en sem nemur kostnaðarverði vörunnar í erlendri höfn. Þessi margföldunaráhrif sýna nauðsyn þess að halda hinu erlenda innkaupsverði í lágmarki og er það meginástæðan fyrir því, að farið var út í þessa verðkönnun.

Verðkönnunin fólst í því að gera einfaldan samanburð á verðlagi nokkurra vörutegunda í London og Reykjavík. Könnunin leiddi í ljós, að íslenskir innflytjendur virðast kaupa vörur frá breskum framleiðendum á hærra verði en framleiðendurnir selja vörur á innanlandsmarkaði í Englandi. Dæmi voru einnig þess, að kaupa mátti vörur í smásölu í London á svipuðu verði og íslenskir innflytjendur keyptu sömu vörur samkvæmt innkaupareikningi.

Af könnuninni er ekki hægt að ráða í hverju þessi verðmismunur felst, en eftirtaldar skýringar tel ég, að helst komi til greina:

a) Álagning er heimiluð í hundraðstölu (%), en það hvetur ekki innflytjendur til hagkvæmra innkaupa, og getur jafnvel þvert á móti stuðlað að því, að þeir kaupi dýrara inn en nauðsynlegt er til þess að fá hærri álagningu í krónutölu.

b) Í þeim tilvikum, sem álagning er heimiluð mjög lág, er hætta á því, að innflutningsfyrirtæki taki óeðlilega há umboðslaun erlendis eða flytji inn í gegnum óþarfa milliliði.

c) Mér hefur verið tjáð, bæði af innlendum og erlendum aðilum, að erlend útflutningsfyrirtæki fylgist náið með verðlagsþróun og verðskyni í viðskiptalöndum sínum, og ef þau sjái sér fært að selja vörur sínar dýrari til eins lands en annars, þá geri þau það. Það er viss hætta á því, að við höfum sætt verri kjörum en aðrar þjóðir af þessum sökum.

d) Magnafslættir af innkaupum geta hér vissulega haft einhverja þýðingu og spurningin er, hvort íslenskir innflytjendur hafi gengið nægilega vel eftir því að fá svipaða afslætti og stærri þjóðir.

Á það skal lögð áhersla, að þessi könnun takmarkaðist við einfaldan samanburð á tiltölulega fáum vörutegundum og ber að skoða niðurstöður hennar í því ljósi. Vegna margföldunar á vöruverði innfluttra vara, eins og áður er getið um, tel ég nauðsynlegt, að verðlagsyfirvöld og innflytjendur hafi samvinnu um að stuðla að sem lægstu innkaupsverði. Mér er ljóst, að á þessu vandamáli er engin algild lausn, en ég er sannfærður um, að ýmsir ónotaðir möguleikar eru fyrir hendi.“ “

2. Þá spyr þingmaðurinn:

„Hefur verðlagsskrifstofan nægilegt fjármagn til að geta sinnt eftirlits- og rannsóknarstörfum sínum á fullnægjandi hátt?“

Ég tel svo ekki vera. En ég bendi á, að enda þótt ekki sé í framlögðu fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir auknu framlagi til verðlagsskrifstofunnar, þá gaf ríkisstjórnin yfirlýsingu að loknum kjarasamningum í sumar um það, að hún mundi styðja við bakið á verðlagsskrifstofunni eins og kostur væri. Ég mun í samræmi við það beita mér fyrir því að við endanlega afgreiðslu fjárlaga verði framlag til verðlagsskrifstofunnar aukið.

Efnisskrá.

Aðstoð Þjóðleikhússins við áhugaleikfélög 353.
Áburðarverksmiðja ríkisins 395.
Barnalög 303.
Bifreiðahlunnindi bankastjóra 341.
Bifreiðahlunnindi ráðherra 339.
Fósturcyðingalöggjöfin 345.
Fræðsla og þáttur fjölmiðla í áfengisvörnum 349.
Fuglaveiðar og fuglafriðun 310.
Hlutafélög 378.
Iðnþróunarstofnun Austurlands 323, 376.
Innkaupastofnun ríkisins 360.
Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum 376.
Samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja 394.
Sementsverksmiðja 396.
Sérfræðiþjónusta á heilsgæslustöðvum 357.
Sjónvarp 325.
Skólakostnaður 312, 376.
Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana 402.
Stjórnarskipunarlög 362.
Sveitarstjórnarlög 304.
Tekjustofnar sveitarfélaga 297.
Vandamál fatlaðra 396.
Verðlagsmál 451.
Ættleiðingarlög 303.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Ásgeir Bjarnason 402.
Forsrh. Geir Hallgrímsson 402.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 303, 342, 344.
Fjmrh. Matthías Á. Mathiesen 340.
Menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson 326, 335, 349, 353, 354.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 346.
Utanrrh. Einar Ágústsson 368.
Albert Guðmundsson 297, 302, 360, 367.
Benedikt Gröndal 304, 308, 344, 421.
Eggert G. Þorsteinsson 352.
Ellert B. Schram 317, 321.
Gils Guðmundsson 411.
Gunnlaugur Finnsson 416.
Gylfi Þ. Gíslason 334, 436.
Helgi F. Seljan 333, 349, 351, 353, 355, 357, 374.
Ingólfur Jónsson 343.
Ingvar Gíslason 335.
Jóhann Hafstein 306, 310.
Jón Helgason 370, 375.
Jón Árm. Héðinsson 424.
Jón G. Sólnes 361.
Jónas Árnason 306, 310, 315, 319.
Karvel Pálmason 310, 312, 319, 322, 333, 344, 427.
Lúðvík Jósepsson 323.
Magnús Kjartansson 387, 396.
Magnús T. Ólafsson 442.
Páll Pétursson 329, 338.
Pétur Sigurðsson 331, 376.
Ragnar Arnalds 299, 302, 362, 368, 372, 375.
Ragnhildur Helgadóttir 306.
Sighvatur Björgvinsson 378, 390, 394, 395, 396.
Sigurlaug Bjarnadóttir 330, 345, 348, 352.
Stefán Jónsson 339, 340, 341, 343, 369.
Stefán Valgeirsson 330, 433.
Steinþór Gestsson 373, 440.
Steingrímur Hermannsson 325, 331, 371.
Svava Jakobsdóttir 447.
Þórarinn Þórarinsson 334, 338.

Efri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 23, n. 74) — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um það frv. sem til umr. er. Hún er samþykk efni þess og leggur einróma til að það verði samþykkt. — Halldór Ásgrímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum ,frv. (þskj. 24, n. 75). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er um breyt. á l. um eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum. Þetta er árangur af umr. sem fóru fram í sambandi við síðustu kjarasamninga ASÍ og er um breytingu á makalífeyri. Sú gr., sem um er að ræða, hljóðar svo: „Umsjónarnefnd samkvæmt 12. gr. er heimilt að úrskurða sambúðarfólki makalífeyri eins og um hjúskap hafi verið að ræða, enda hafi sambúð staðið um árabil. Skilyrði fyrir greiðslu slíks makalífeyris er að hluthafandi sjóðsstjórn fallist á úrskurð umsjónarnefndar fyrir sitt leyti.“ Síðan er breyt. á bráðabirgðaákvæði laganna.

Heilbr.- og trn. hefur athugað frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt. — Halldór Ásgrímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 25, n. 76). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Sama gildir um þetta frv. og tvö hin fyrri, að það er til staðfestingar á brbl. er voru gefin út eftir samningana í vor.

Þetta er nýmæli í lögum um almannatryggingar og er um það, að einhleypingur, sem býr við erfiða húsnæðisaðstöðu eða dýra eða á annan hátt þarf meira til sinnar framfærslu en eðlilegt má teljast, á kost á aukagreiðslu, heimilisuppbót svokallaðri, sem er 10 þús. kr. á mánuði.

N. athugaði grundvöllinn undir þessu frv. og er einróma samþykk efni þess og leggur til að það verði samþ. — Halldór Ásgrímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Eignarráð yfir landinu, frv. þskj. 65). — 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Við Eggert G. Þorsteinsson flytjum frv. til laga um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Er frv. á þskj. 65.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Alþfl.-þm. hér hreyfa þessu mikilvæga máli. Á undanförnum árum hefur verið gerð tilraun til þess í Sþ. og á s. l. þingi hér í Ed. að ná fram löggjöf um eignarráð á landinu. En málið hefur jafnan strandað í n. og ekki fengið afgreiðslu.

Þetta frv. er í 12. gr. og fylgir því grg. er ég mun nú lesa og nokkuð ræða hverja grein fyrir sig á eftir:

Nokkur undanfarin þing hafa þm. Alþfl. flutt þáltill. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Aðalinntak þeirrar till. hefur verið, að landið allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið væru í raun sameign þjóðarinnar allrar og ríkisstj. ætti að láta sérfróða menn semja frv. til laga um þessa eign og þessi eignarráð til samræmis við breytta tíma, breyttan skilning þjóðarinnar á eignarráðum og ýmis ný viðhorf, m. a. vegna algerrar byltingar á sumum sviðum um gildi gagna og gæða landsins.

Þessi tillöguflutningur þm. Alþfl. hefur vakið mikla athygli og sívaxandi umr. manna á meðal, svo að alþjóð er farin að velta þessu máli fyrir sér af allt öðrum sjónarhóli en áður var.

Hér er gerð tilraun til að búa sjónarmiðum Alþfl. og annarra, er líkar skoðanir hafa og hann á þessum málum, stakk í frv.-formi að lögum og þoka þannig málinu til ákveðnari umr.

Vorið 1976 var haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna fjölmenn ráðstefna um búsetu mannsins á jörðinni. Nefndist hún HABITAT og fór fram í Vancouver í Kanada. Sóttu ráðstefnu þessa fulltrúar rúmlega 120 þjóða, en ekki sá íslenska ríkisstj. ástæðu til að senda fulltrúa og ber að harma það. Á ráðstefnu þessari voru gerðar víðtækar samþykktir sem yfir 120 þjóðir stóðu að einum rómi. M. a. er þar kafli um landið og er athyglisvert fyrir íslenska þjóð að kynnast efni hans. Er þar skemmst af að segja, að ráðstefnan var einróma sammála um stefnu varðandi landið, sem er mjög í sama anda og till. Alþfl. um eignarráð á landi, gögnum þess og gæðum, svo sem hér skal sýnt í þýðingu á hluta þessarar ályktunar.

Inngangsorð voru þessi: „Félagslegt réttlæti, endurnýjun byggðar eða borga og framþróun, sem eru skilyrði fyrir mannsæmandi húsnæði og heilsusamlegu umhverfi fólksins, nást því aðeins að landið sé notað í þágu þjóðfélagsheildarinnar.“

Svo segir enn fremur:

1) „Landið er takmörkuð auðlind og með-

ferð þess á að vera háð opinberu eftirliti eða stjórn í þágu alþjóðar.“

2) „Breytingar á landnotum, sérstaklega frá landbúnaði til þéttbýlis, eiga að vera háðar opinberu eftirliti og reglum.“

3) Óverðugan hagnað, sem myndast af því að land hækkar í verði vegna breyttra landnota, vegna opinberra framkvæmda eða ákvarðana eða vegna almenns vaxtar samfélagsins, skulu opinberir aðilar (þjóðfélagið) geta endurheimt, nema aðstæður kalli á aðrar frekari aðgerðir, svo sem breytta eignaraðild eða upptöku lands.“

4) „Tímabundinni eða varanlegri þjóðareign skal beita, þegar nauðsynlegt er, til að tryggja stjórn og vernda land sem þarf fyrir vöxt þéttbýlissvæða, einnig til framkvæmdar á almennum umbótum í borgum og sveitum til að tryggja almenna þróun hagkvæma þjóðfélaginu.“

5) „Eignarréttarformi liðins tíma ber að breyta til samræmis við sibreytilegar þarfir þjóðfélagsins, svo að það sé hagstætt þjóðfélagsheildinni.“

Af þessum tilvitnunum má ljóst vera, að þær skoðanir ryðja sér nú mjög til rúms að taka þurfi eignarráð á landi gögnum þess og gæðum, til ítarlegrar endurskoðunar og umbreytinga. Og það er aðalinntak í þessu öllu saman, að menn verða að horfast í augu við þá staðreynd, að það er óhjákvæmilegt, ef ekki á illa að fara í framtíðinni og það jafnvel innan skamms tíma.

Það er ekki viðfelldin staðreynd, að fósturjörðin sé á braskhrakningi. Svo er þó í raun í dag: Hitaveituréttindi, veiðiréttur, sumarbústaðalönd, lóðir og lendur í og við þéttbýli eru eftirsótt verðmæti, svo að engu hófi sætir í sumum tilfellum. Með frv. því, sem hér er flutt, er lagt til að þessi brask- og verðbólguhvati sé frá einstaklingum tekinn alfarið með því að þessi verðmæti séu gerð að sameign þjóðarinnar, þannig að ekki verði framar okrað á hitaveituréttindum, góðar bújarðir fari ekki úr búskaparnotum vegna gífurverðs, sumarbústaðalönd fáist á sanngjörnum kjörum fyrir þéttbýlisbúa, er þeir óska, og sveitarfélög þurfi ekki framar að kaupa sér „lífsrúm“ á okurverði né lax- og silungsveiðimenn að sæta afarkostum til slíkra veiða.

Ég mun fjalla að nokkru um hverja grein fyrir sig, þó að ætla mætti að hverjum hv. þdm. væri það nokkuð glöggt um hvað frv. fjallaði. En vegna þess að Alþb.-menn hafa einnig borið fram frv. um svipað efni hér í d. nú og eru þar með að nálgast okkur í þessu efni, þó í öðru formi sé, er rétt að þetta mál fái nú eina umr., því að það kom fram við umr. í s. l. viku, að svo virðist sem vaxandi stuðningur sé við frv. hér á Alþ. eða þá hugsun, sem liggur á bak við frv., hjá báðum þessum flokkum. Það er hið jákvæða í þessu öllu saman, og er það mjög vel.

Í 1. gr. frv. okkar segir:

„Landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, er sameign þjóðarinnar allrar, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum.“

Hér er því slegið föstu sem aðalreglu, að landið allt, gögn þess og gæði, sem og miðin umhverfis landið séu sameign þjóðarinnar allrar. Við *deilum ekki um miðin. Við höfum sótt út* að 200 mílum, og við deilum ekki um að það sé sameiginleg eign allrar þjóðarinnar og sameiginleg notkun eigi sér stað, þó að við höfum sett um það nokkuð stranga löggjöf hvernig við hagnýtum miðin. Það mundi margur maðurinn vilja segja: Ég hef hagnýtt þau mið, sem næst mér liggja, í áratugi, hví skulu þau af mér tekin? — Þetta hefur nú verið viðurkennt hér á Alþ. vegna nauðsynjar á því að fara vel með miðin og vernda þá fiskistofna er þar hafa verið, og mætti tilfæra mörg slík dæmi hliðstæð um landið sjálft.

2. gr. er svo hljóðandi:

„Umráðaréttur eigna þessara er í höndum Alþ., en það getur með sérstökum lögum veitt sveitarfélögum, félagssamtökum og einstaklingum tiltekinn rétt til gagna og gæða lands og miða, enda fari það ekki í bága við hag almennings.“

Hér er skilgreint að umráðaréttur þessarar sameignar sé í höndum Alþ., sem er mjög eðlilegt, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum og þá með sérstakri ráðstöfun. Það er vel við hæfi að Alþ. sé hæstráðandi yfir þessari sameign þjóðarinnar, landinu öllu og fiskimiðunum.

3. gr.: „Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Bújörðum skulu fylgja þau hlunnindi, sem þeim hafa fylgt, ef einhver eru, og bændur hafa nýtt til bútekna, svo sem dúntekja, eggjataka, selver, reki, þó ekki veiðiréttur í ám eða vötnum.“

Menn hafa mjög deilt um þessa grein, og ég held að jafnvel hæstv. utanrrh. hafi ekki lagt á sig að lesa þessa gr. nægilega vel, því að hann vitnaði í þetta frv. og gerði samanburð á því við frv. Alþb.-manna og taldi að okkar frv. væri mjög miklu miður, en þeirra að því leyti betra að þeir stefndu ekki að því að taka jarðir af bændum. Nú liggur það alveg ljóst fyrir, að vilji bóndi búa og niðjar hans einnig á jörðinni, þá gerir hann það. En óski hann þess ekki, heldur að hafa not af landinu eins og hann kærir sig um, og vilji fremur að ríkið eigi landið, en hann fái að nytja það, þá er honum alveg frjálst að velja á milli. Hann sem sagt velur á milli með hvaða hætti aðili á landið. Sé hann þess fýsandi að eiga landið og afkomendur hans, þá skal svo vera, en vilji hann bregða búi og óski þess að landið verði keypt, þá skal einnig svo verða, en ekki að það fari í auðn. Ef þetta er talið slæmt fyrir bændur, þá veit ég ekki hvað forsvarsmenn bænda vilja hér á hv. Alþingi.

Mér er kunnugt um það, að jafnvel heill dalur með miklum hlunnindum er nú til sölu. Þar munu vera 11 jarðir til sölu eða nokkurn veginn verða það á næstu dögum. (Gripið fram í: Hvaða dalur er það?) Eg vil ekki upplýsa það hér. Um það verða hv. þm. að afla sér nánari gagna. En það er hægt að segja, að hann er í umsjá 1. þm. Vesturl., og hefur hann verið talinn maður sem ber hagsmuni bænda mjög fyrir brjósti. Svo hátt verð er sett á þessar jarðir

að það er ofraun öllum, er landið vilja nytja með eðlilegum hætti, að kaupa. Væru hins vegar til lög eins og við erum að leggja til með frv. og það orðið að lögum, þá mundi ríkissjóður bjarga þessu landi úr braskinu og landið verða nýtt eins og verið hefur um árabil og aldir.

Menn virðast ekki enn vera búnir að átta sig á því, að hér er verulegt öryggi á ferðinni fyrir þá er þurfa að bregða búi af einhverjum orsökum og þurfa að losna við jarðir sínar með eðlilegum hætti.

Það kom fram hjá hv. 1. flm., 5. þm. Norðurl. v., er hann talaði fyrir frv. þeirra Alþb.-manna, að hann vildi ekki, eins og hann orðaði það, að forsvarsmenn ríkisins ráðskuðust með eignarréttinn. Það má gefa ýmsu orð þegar þannig stendur á. En ef Alþb. er ekki fært um að meta, hvað er heppilegt fyrir þjóðarbúið og þjóðarheildina að kaupa jarðir, er kynnu að fara í eyði, og endurlána þær eða tryggja búnytjar á þeim, þá veit ég ekki hvað er rétt stefna í þessu landi. Hann gerði mikið úr því, að þeir stefndu ekki að því að landið yrði þjóðareign, heldur eign viðkomandi bænda og jafnvel sveitarfélaga, og taldi okkar frv. ganga miklu lengra, sagði að þeirra frv. væri með sáralitlum þjóðnýtingarblæ, en okkar mun meira. Ég get vel viðurkennt þetta og tel að þetta sé nokkuð merkileg yfirlýsing hjá þessum ágæta manni einmitt á 60 ára byltingarafmæli hjá þeirri þjóð er hann hefur mest metið. Er þetta eins konar ágjöf á þessum merku tímamótum, að fara um það hörðum orðum að stefna að því að ríkið sjálft skuli hafa yfirráð yfir landinu. Hann um það. Ég hef mína skoðun og við ýmsir aðrir sem stöndum að þessu frv. og þessari hugsun. En ég tel að hér eigi ekkert að vera að ráðskast með eignarrétt fram og aftur. Hér á að tryggja það að býlin og landið sé nytjað á sem heppilegastan hátt. Og það er ekkert óeðlilegt við það. Það er útúrsnúningur að pexa um að það sé verið að ráðskast með þetta fram og aftur. Við viljum að þetta stefni að ákveðnu marki, og um það er frjálst val hvort bændur kjósa svo eða ekki.

Í 4. gr. segir:

„Ríkinu skal skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverð við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni.

Sömuleiðis skal ríkinu skylt að kaupa af bændum hús og ræktun á jörðum, sem fara úr byggð vegna óbyggis eða afbýlis, og skal í reglugerð setja nákvæm fyrirmæli um það, hvernig slíkar eignir skuli meta til verðs."

Við viljum efla mjög Jarðakaupasjóð, og með því mun batna hagur þeirra, er hætta vilja búskap og hafa einhverra hluta vegna ekki aðstöðu til að halda áfram á jörðum sínum. Þeirra hagur er þá tryggður með því að ríkið geti keypt jörðina. Ég get ekki séð að forráðamenn bændastéttarinnar ættu að amast við þessu.

Það eru margar jarðir sem fara í eyði árlega, því miður, vegna þess að sala er ekki tryggð á þessu landi og bóndinn flyst hingað. Eftir áratugabaráttu á búi sínu á hann e. t. v. aðeins fyrir lélegri íbúð hér í þéttbýlinu. Ef hins vegar Jarðakaupasjóður væri eðlilega sterkur og gæti keypt landið á viðeigandi verði fyrir þennan mann, sem nytjað hefur það um áratuga skeið, þá væri afkoma hans öruggari og betri, og ég trúi ekki að þetta eigi ekki vaxandi skilningi að mæta hér á hv. Alþ., að mönnum sé tryggt slíkt, er varðveitt hafa landið og aukið gildi þess um áratugi.

Sé eftirspurn ekki fyrir hendi á þessari jörð af einhverjum ástæðum hjá einstaklingi, þá hefur maðurinn ekkert val annað en að flytja af bújörð sinni án þess að geta hagnýtt það sem hann hefur starfað fyrir allt sitt líf e. t. v.

5. gr. er mikil ágreiningsgrein, það viðurkenni ég mætavel, og sýnist mjög sitt hverjum um þá grein, en hún hljóðar svo:

„Ár og vötn eru sameign þjóðarinnar, svo sem önnur gögn og gæði landsins, þar með talinn virkjunarréttur og veiðiréttur. Frjálst er þó jarðeiganda að virkja fallvatn fyrir landi sínu til eigin nota, ef það brýtur ekki í bága við almannaþarfir.

Við gildistöku laga þessara skal ríkið láta kanna, hver veiðihagur hefur verið talinn fram að hverri veiðijörð s. l. 20 ár, og greiða eiganda hennar bætur samkvæmt því fyrir veiðiréttinn. Frjálst skal þó veiðiréttareiganda, þegar lög þessi öðlast gildi, að velja á milli framangreindra bóta eða halda veiðiréttinum í allt að 20 ár eða uns sala viðkomandi veiðijarðar eða jarðhluta fer fram, ef fyrr verður, og lækkar þá bótaskylda ríkisins um 1/20 við hvert ár sem líður og fellur niður eftir 20 ár."

Hér er kveðið afdráttarlaust á um það, að ár og vötn séu sameign þjóðarinnar. Þetta er víðast hvar svo í heiminum, í flestum Evrópulöndum og einnig í Bandaríkjunum og Kanada. Þar hefur ríkisvaldið eignar- og umráðarétt yfir þessu og gætir hagsmuna þjóðarinnar og tryggir bændum, er þurfa á veiðirétti að halda, eðlileg afnot veiðiréttarins, og einnig er þeim, er vilja veiða, tryggður nokkur veiðiréttur. Fylgja því jafnan kaup á veiðirétti, og andvirði slíks veiðiréttar er jafnan notað til að varðveita vatnasvæðið og til fiskeldis og tryggingar því að veiðin rýrni ekki.

Ég má til að segja frá því, vegna þess að ég sá það í fyrrasumar í sjónvarpinu í Bandaríkjunum, að það var klukkutíma þáttur með frægum manni sem nú er nýlátinn, Bing Crosby söngvara, en hann kom hingað til laxveiða og var einn af aðaltalsmönnum ameríska stangveiðasambandsins, en í því eru hvorki meira né minna en 21 milljón manna. Þar var rætt við hann og sýndar margar myndir af hinum miklu vatnasvæðum í Bandaríkjunum og fjallað um þetta mál mjög itarlega. Hann lagði á það áherslu að viðurkennt yrði áfram eins og verið hefur, að ríkisvaldið gætti þess að vatnasvæðið væri hreint, út af mjög hættulegri mengun sem var sums staðar að gera vart við sig. Sama skeði í Kanada, að þar var vatnasvæði Winnipegvatns, sem er allt að 500 km langt, orðið mjög mengað á undanförnum árum og varð að verja til þess mörgum hundruðum millj. kr. að hreinsa það. Það var ekki á færi neinna annarra aðila en ríkisvaldsins. En bændum og þeim, er nytja vildu þetta mikla vatnasvæði, var auðvitað tryggt áframhald á fullkomnum veiðirétti, sem þeir hafa haft, og öryggi gagnvart framtíðinni.

Það er nú einu sinni svo, að veiðirétturinn hefur alltaf verið viðkvæmur og viðurkenndur hér á Íslandi. Í Grágás var sagt að lax skyldi eiga frían farveg upp svo langt sem hann gæti. Þá má segja að veiðiréttur hafi verið rýrður fyrir

þeim er næst sjó voru. En það var talið svo mikilvægt að fiskurinn ætti frjálsa göngu upp eftir á, að jafnvel í Grágás segir svo þegar á miðri þrettándu öld.

Við viljum að þetta sé alveg á hreinu, og við viljum að ekki sé mögulegt fyrir útlendinga, eins og nú hefur átt sér stað og á sér stað í dag á Íslandi, að þeir taki upp heilar veiðiár og endurleigi og reki raunverulega með því móti atvinnurekstur í landinu, sem í sjálfu sér er lagabrot. En þetta á sér stað á Íslandi a. m. k. varðandi eina á. Hitt er svo annað mál, að um það hefur verið deila milli veiðimanna og veiðiréttareigenda með hverjum hætti veiðileiga skuli eiga sér stað. Við skiptum okkur ekki að því við ríkjandi aðstæður en ég man þó og vil minna á það, að ég var við endurskoðun á laxveiðilöggjöfinni á sínum tíma, skipaður af þáv. landbrh. Ingólfi Jónssyni, og um þetta var mikil ráðstefna. Þá setti ég fram hugmynd um að það væri rétt af veiðiréttareigendum að hafa sameiginlega söluskrifstofu á veiðileyfum sínum. Það þótti slík fásinna þá, að tveir oddvitar veiðiréttareigenda mótmæltu svona vitleysu á ráðstefnunni með því að ganga út. En þremur árum seinna stóðu sömu menn að því að koma á sameiginlegri söluskrifstofu fyrir veiðiréttareigendur til þess að forða frá braski sem þeir urðu varir við með veiðileyfin erlendis, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Og þetta var auðvitað rétt hjá þeim, að gæta hagsmuna sinna sameiginlega þannig.

Hér er um viðkvæmt mál að ræða, það verður að viðurkenna. Það eru til lög um vissa þætti þessa máls hér á Íslandi, en það þarf að steypa þeim saman. Það er ekki frjálst að breyta farvatni ár eftir geðþótta, og eru við því ströng viðurlög. Þess vegna er, má segja, fallvatnsréttur nokkuð tryggður. En orkurétturinn, sem er metinn mjög mikils víða, er aftur deiluefni, a. m. k. sums staðar, og þarf að kveða skýrt á um það í okkar löggjöf, með hvaða hætti hann skuli vera.

6. gr.: „Alþingi getur falið viðkomandi sveitarfélögum eftir nánar settum reglum umráðarétt veiði og fiskræktar í ám og vötnum gegn sérstöku gjaldi, er gangi til aukinnar fiskræktar, sömuleiðis samtökum ábúenda aðliggjandi jarða áa og vatna, einnig sérstökum fiskræktarfélögum. Sama rétt má veita einstaklingum, sem einstæðan áhuga og árangur hafa sýnt í fiskræktarmálum.

Skylt skal ábúendum jarða að veiðiám og veiðivötnum að leyfa veiðileyfishöfum nauðsynlegan aðgang að veiðistöðum og umferð milli veiðisvæða, enda sýni veiðileyfishafar fyllstu nærfærni í umgengni sinni, svo að hvergi valdi spjöllum."

Hér er opnuð heimild fyrir það að ráðstafa þessu til sýslufélaga eða sveitarfélaga og veiðiréttarhafa. Það er nú þegar í veiðilöggjöf skylda að stofna félög um vatnasvæði, og er það komið á víðast hvar á landinu, þó að misjafnlega hafi gengið með stofnun þessara veiðifélaga. Þó held ég að flestir hafi séð að það er í þágu flestra eða allra að veiðifélag fjalli um vatnasvæðið í heild. Um það hafa gengið ýmsar sögur, að menn hafi skyndilega byrjað að tíunda arðsemi af veiði þegar þeir sáu fram á að veiðifélag yrði stofnað. Hið sama henti í Mývatnssveit þegar menn sáu fram á að það átti allt í einu að fara að nytja vatnið með öðrum hætti en verið hafði. Þá birtust skyndilega miklar veiðitölur í skattaskýrslum, en höfðu varla sést áður að ráði hjá sumum ágætum bændum. Þannig geta viss atvik, jafnvel langsótt atvik, orsakað það, að menn telji sér hag í því að telja fram veiðirétt, þegar á að fara að gera arðskýrslu. Þetta er ekki sagt neinum manni til hnjóðs. Þetta er mannlegt viðhorf, en eðlilegt er að slík atvik endurtaki sig ekki mjög víða á landinu.

7. gr.: „Enginn getur átt né eignast óbyggðir né afréttir utan heimalanda nema ríkið sjálft." Sem sagt, ofan við girðingar er tvímælalaust eign þjóðarinnar. „Geti einhver við gildistöku laga þessara sannað eign sína á slíku landi, skal það eigi að síður verða ríkiseign, en gjalda ber eiganda þess verð fyrir samkvæmt gildi þeirra nota, sem hann hefur af því talið fram s. l. 20 ár.

Viðkomandi sveitarfélög og/eða upprekstrarfélög skulu halda hefðbundnum afréttarnotum sínum án endurgjalds, enda sinni þau og hefðbundnum skyldum við afréttina, en skylt skal þeim að hlíta settum reglum hverju sinni um ítölu sem og gróður- og náttúruvernd, einnig reglum um umferð og ferðafrelsi innan settra marka."

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að ekki væri fyrir hendi fortakslaus eignarréttur býla á afrétti, og vitnaði hann í hæstaréttardóma orðum sínum til sönnunar. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því sem hann sagði í þessu efni. Ég er honum alveg sammála. En sem lítið dæmi vil ég aðeins segja frá vísu er varð til vegna deilu um það á Norðurlandi, hvað eitt býli ætti mikið land, er taldist stærra en Árnessýsla. Þá varð þessi vísa til:

> Óralangt sig auðnin teygir,
> útsýn bæði breið og víð.
> En hversu langt sem augað eygir
> allt er þetta Reykjahlíð.

Þeir höfðu sem sagt á takteinum gamlar sagnir um að þeir ættu land svo langt sem augað eygir, þó að pappírar væru ekki til um það, og vilja sennilega fá eitthvað vegna staðsetningar Kröflu af því að heitt er þar undir, þó að jafnvel sé um of í bili. Komi hins vegar til stórtjóns af völdum þess að hitinn leiti nú upp, þá skal ríkið blæða og blæða fljótt og vel. Þetta fer ekki saman að okkar mati. Ríkið á þetta land auðvitað eða á að eignast það fortakalaust með löggjöf og Alþ. að setja um það sérstök lög, þjóðin öll beri hag af því, sé um slíkan hag að ræða, og einnig skakkaföll, eigi einhverjar náttúruhamfarir sér stað er orsaki tjón á einkabýlum manna.

8. gr. er þannig: „Skylt er ríkinu að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir leigulóðum undir sumarbústaði og láta skipuleggja slík bústaðahverfi, en falið getur það sveitarfélögum þeim, þar sem slík hverfi rísa, þessi verkefni, ef betur þykir henta.

Þurfi að taka bújörð eignarnámi vegna sumarbústaðahverfis, eða hluta bújarðar, skal bæta eiganda hennar samkv. mati með hliðsjón af þeim búnotum sem af eignarnámslandinu hafa verið."

Hér er farið inn á þá leið að reyna að leysa þann vanda, sem víða hefur komið upp, að gefa þéttbýlisbúunum nokkurt svigrúm í sveit. Mér er

kunnugt um að sumir hreppar, m. a. vegna forgöngu 6. þm. Suðurl., hafa tekið þetta skref. Er það mjög til fyrirmyndar að úthluta slíku landsvæði og skipuleggja það strax fyrir ákveðinn fjölda sumarbústaða og ganga vel um landið og gera þar snyrtilega byggð. Það er einmitt til fyrirmyndar að standa að slíku. En við teljum rétt að setja þetta í löggjöf. Ef menn vilja ekki hafa þessa grein með þá má hún falla út. Það breytir ekki heildartilgangi frv. að neinu. En þar sem þetta er vaxandi vandamál ber að fjalla um það einnig, því að á þessu verður að finnast lausn.

9. gr. fjallar um jarðhita: „Allur jarðhiti er eign ríkisins, nema á eignarjörð sé, þá er sá jarðhiti, sem er ofan 200 m dýpis, eign viðkomandi jarðeiganda. Megi ætla, að borun ríkisins eftir jarðvarma og virkjun hans valdi notatjóni á viðkomandi bújörð eða aðliggjandi bújörðum, svo sem á matjurtarækt eða upphitun húsa, ber ríkinu að bæta slíkt samkv. mati."

Það má deila um töluna sem nefnd er þarna, hvort það eigi að vera 200 m, 50 m, 100 m eða jafnvel 500 m, en einhverja tölu verða menn að hafa sem viðmiðun. Ég get persónlega alveg fellt mig við 100 m. Hitt fer ekki fram hjá neinum, að sums staðar háttar þannig til, að svo kann að fara að ef gerð er hola dvíni hiti á býlum er haft hafa fyrir heitt vatn. Nægir t. d. að nefna eitt svæði sem er mjög viðkvæmt og ekki er búið að finna lausn á. Það er laugasvæðið í Reykjadal. Það kann að fara svo víða við aukna tækni við borun eftir heitu vatni, að vatn dvíni sem áður hefur verið, og er þá eðlilegt að ríkisvaldið bæti að fullu þeim, er verða fyrir slíku tjóni, og leiti einnig og beri kostnað af að tryggja vatn fyrir vaxandi hverfi á svæðinu. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa hér mjög skýrt ákvæði um eignarrétt á heitu vatni. Það er ekki aðeins í vissum tilfellum, sem við vitum nú fyrir fram um, að þetta er að koma upp og hefur komið upp, heldur varðandi alla framtíð. Þegar tækni er orðin svo mikil að hægt er að ná í vatn niður á allt að 3000 m dýpi, þá mun koma í ljós að mjög víða á Íslandi er hægt að ná heitu vatni. Það er því langbest að þetta liggi ljóst fyrir þegar í upphafi, með hvaða hætti skal ráðstafa hugsanlegri orku, er kemur upp við slíkar aðstæður, sé hún sótt dýpra en 200 m eigi ríkið hana, þjóðin sjálf. Ef menn vilja fara skemmra, þá skal ég mjög fúslega fallast á það, en tæplega lengra niður tel ég rétt að nokkur einstaklingur eigi. Það er engin sanngirni í því, þegar ríkið verður að sækja þennan hita, þessa orku, með fjárframlögum héðan frá Alþ., að þetta geti komið sem einhliða ávinningur til ákveðins manns er af hendingu á það landsvæði er borun fer fram á. Um þetta mætti hafa langt mál, en ég ætla ekki að ástæðulausu að gera það, en ég vitna í fyrri atvik í sambandi við hita í jörðu.

10. gr.: „Öll verðmæti í jörðu, á landi og landgrunni, sem finnast fyrir atbeina ríkisins og leyfis þess þarf til að leita eftir og vinna, eru eign ríkisins og háð valdi Alþ."

Raunar er þetta svo sjálfsagt að um það þarf vart að fjalla. En rétt er að hafa þetta ótvírætt, svo að allir viti að hverju menn ganga ef þeir óska eftir einhverjum notum af námum eða öðru er finnast kann í jörðu og ríkið verður að leggja fram fé til að afla.

11. gr.: „Allar lóðir og lendur undir húsum og öðrum mannvirkjum skulu eign viðkomandi sveitarfélags, nema ríkisins sé áður, en þá skal Alþ. fela sveitarfélagi umráðarétt slíkra eigna. Sveitarfélög skulu bótaskyld til eigenda lóða og lendna þeirra, sem í einkaeign eru, þegar lög þessi öðlast gildi, en við ákvörðun bóta skal draga frá að ¾ hlutum þá verðmætaaukningu, sem dómkvaddir matsmenn ætla, að viðkomandi þéttbýlissköpun eða aðrar aðgerðir samfélagsins hafi valdið.

Ekki er sveitarfélagi skylt að inna slíkar bætur af hendi til eiganda nema við missi vinnu vegna aldurs eða örorku, dauðsfalls eða burtflutning, og þá eigi fyrr en tveimur árum síðar.

Framangreind ákvæði skulu einnig gilda um lóðir og lendur undir hús og mannvirki í sveitum, önnur en lúta að búrekstri, þar með taldar lóðir undir sumarbústaði."

Það er mikilvægt að þetta liggi á hreinu. Ég vil nefna eitt dæmi um hvað sveitarfélag geti verið betur sett, ef framsýnir menn hafa ráðið ríkjum, og vil nefna í því tilfelli Húsavík. Skólastjórinn þar á sínum tíma var svo forsjáll maður og framsýnn, að 1903 fékk hann því framgengt að Húsavíkurhreppur keypti allt land og leyfði samtímis þeim mönnum, er notað höfðu landið og gert góð tún, að nýta það í 50 ár. Afkomendur viðkomandi manna fengu einnig afnot af þessu. Þetta tókst með friðsamlegum samningum og varð Húsavík til mikilla bóta. E. t. v. hefur þetta skeð annars staðar. En þetta er aðeins dæmi um það, hvað framsýnir og glöggir menn geta áorkað miklu með því að sjá að hverju stefnir. Ef svo hefði farið, eins og var víða á landinu, að örfáir einstaklingar hefðu átt landið undir þessum þéttbýliskjarna sem var að myndast, hefði það kostað hreppsfélagið þarna fyrir norðan jafnvel tugi millj., svo að ekki sé meira sagt. En þetta var leyst með frjálsum samningum og eðlilegum afnotarétti af jörðinni í lífstíð flestra manna eða allra, sem þarna áttu hlut að máli, og féll síðan undir hreppsfélagið í almannaþágu.

Herra forseti. Ég gæti haft um þetta mörg, mörg fleiri orð og langa tölu, en þess gerist varla þörf. Málið hefur oft verið rætt hér í þingsölunum, og nú liggja fyrir þessari d. tvö frv. er vilja leysa þetta mikla vandamál, þó með svolítið mismunandi hætti. En það er ekki meginatriðið. Meginatriðið er það, að þjóðin öll og við hv. alþm. gerum okkur grein fyrir því, að hér er komið að vandamáli sem verður að leysa fyrr eða síðar. Það er skoðun mín, að því fyrr sem það er gert því betur fyrir þjóðina alla. Ég vænti þess að hv. n., en ég vil vísa þessu frv. til allshn., setjist á rökstóla og leiti umsagna um frv. og ræði málið af alvöru og frá n. komi álit um þetta mál, því að það kemst enginn hjá því, sem hér á Alþ. situr í framtíðinni að taka afstöðu til þessara mála. Það eru mjög vaxandi vandamál hér uppi. Ég nefndi eitt dæmi nú sem verður mikið úrlausnarefni fyrir ákveðið sveitarfélag, þegar innan seilingarfjarlægðar í tíma talað, er 11 jarðir eru til sölu, mjög góðar jarðir. Það verður ofviða sveitarfélögum að kaupa. Því verður Alþ. að taka á þessu mikla vandamáli og leysa

þetta vandamál. Það er margslungið, og það er okkur til sóma að finna á því hæfilegan flöt, bæði varðandi okkur í heild og þá er landið þurfa að nytja og búa á jörðunum í framtíðinni.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef ekki löngun til þess að halda hér uppi löngu máli um það frv., sem hér er til umr., og alls ekki stofna heldur til neinna deilna við hv. 1. flm. Honum er innilega velkomið mín vegna að hafa sínar skoðanir á því, hvernig eignarrétti á landi eigi að koma fyrir, að ég tel ekki orðum að því eyðandi. En vegna þess að hv. þm. lét þess getið, að ég mundi ekki hafa lesið frv. þeirra Alþfl.-manna þegar ég tók til máls hér síðast um svipað efni, þá vil ég mótmæla því, að ég hafi ekki lesið það, enda tæplega hægt hjá því að komast, því að þetta er flutt í þriðja eða fjórða sinn og mætti vera mikið tómlæti — tómlæti sem ég vil ekki játa að ég hafi verið sekur um — ef ég hefði ekki lesið þetta frv.

Þessi ummæli hans munu byggjast á því, að ég gat þess ekki í ræðu minni þá, að í 3. gr. er gert ráð fyrir að bændum, meðan þeir svo kjósa, skuli frjálst að eiga jarðir til eigin búrekstrar. Mér var kunnugt um þessa grein. En þar sem ég rak einnig augun í að í aths. um þessa gr. segir, að það sé skoðun flm. að bændum sé í raun hagkvæmara að hafa búlönd sín í t. d. erfðafestu fremur en eign, þá áleit ég að það væri stefnumark flm. að ríkið ætti allar bújarðir, og það er það sem ég er mótfallinn. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það hafi gefist vel, þar sem reynt hefur verið, að ríkið eigi allar jarðir, og það hefur mér líka virst koma fram í máli annarra þm. margra sem um þessi mál hafa fjallað nú.

Ég vil sem sagt ítreka þá skoðun mína, að það sé ekki æskilegasta markmið með lagasetningu um eignarráð yfir landi, sem á þó vissulega fullan rétt á sér að sé skipað með ákveðnari lögum en nú er gert og þá einkum kannske það sem lýtur að landi þar sem yfirráðin eru dregin í efa og óviss eins og sakir standa. Og það var það sem ég sagði, ef ég man rétt, á sínum tíma úr þessum ræðustól síðast þegar þessi mál voru til umr.

Mér er ekki heldur alveg ljóst og mér fannst það ekki koma alveg fram í þeirri ágætu framsöguræðu, sem hér var verið að enda við að flytja, hvernig á að haga því þegar bóndi vill hætta búskap. Á þá að kaupa jörðina? Og hvernig eiga nýir bændur að eignast jarðir? Er það ekki útilokað eftir þessu lagafrv.? Ég sé ekki hvernig því eigi að koma fyrir, því að ég sé ekki þau ákvæði sem um það fjalla. Það segir í aths. um 3. gr., að hver verði að afsala sér eignarráðum á bújörð sem hann býr ekki á. Má þá afsala þeim til næsta bónda? Eða á ríkið þá að gerast eignaraðili og nýju bændurnir verða erfðafestubændur?

Ég held að þetta mál þurfi athugunar við, og síst skal ég draga úr því að það fái þá athugun hér á Alþ. En ég er ekki sannfærður um að hér sé sú eina rétta leið nefnd í frv. Og af því að HABITAT-ráðstefnuna bar hér á góma, þá get ég ekki heldur séð og hef ekki séð frá henni till. um hvernig þessu atriði eigi að vera fyrir komið. Það eru talin upp í grg. hv. þm. atriði sem samþykkt voru á þessari ráðstefnu, og þar segir að eignarréttarformi liðins tíma beri að breyta til samræmis við síbreytilegar þarfir þjóðfélagsins svo að það sé hagstætt þjóðfélagsheildinni. Það geta vafalaust allir verið sammála um þetta. En spurningin er bara hvernig á að gera það. Og hvaða breyttir þjóðfélagshættir eru það sem kalla á að allt land verði ríkiseign? Um það segir ekkert á þessari ráðstefnu, um það segir ekkert í því frv., sem hér er til umr., og um það heyrði ég ekki hv. 1. flm. segja nokkurn skapaðan hlut.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það kom fram í lokaorðum hv. flm. áðan, að með þessum aðgerðum ætlaði hann sér að losna við vandamál framtíðarinnar. Ég held að það sé mjög vafasöm fullyrðing og sé ekki líklegt að þetta mundi verða til þess að draga úr vandamálum í framtíðinni. Ég verð að segja það, að mér finnst það eignarréttarfyrirkomulag, sem við búum við, vera aðgengilegt og eðlilegt og byggt á gömlum og sterkum grunni og við þurfum ekki að grípa til róttækra ráðstafana til að lagfæra einhverjar þær misfellur sem á því kunna að vera.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að þeir, sem aðhyllast *sósialisma, munu* að *sjálfsögðu* vera mjög fýsandi þess að slíkt frv. sem þetta verði samþykkt. Grundvöllur undir sósíalismanum er að hafa eignarráð á landi og eignarráð á atvinnutækjum, og væri því mikill áfangasigur fyrir sósíalismann ef slík frv. sem nú eru hér til umr. yrðu samþykkt. En ég held að eitthvað sé okkur nauðsynlegra nú en að gera svo róttækar breytingar á okkar þjóðskipulagi.

Það er talað um að takmarka eignarrétt jarðhita við 100 m, við 200 m eða eitthvað meira. Ég man eftir því, að þegar ég var unglingur og gekk á reka á eignarjörð foreldra minna, þá varð ég að feta allar spýtur sem á land komu, því að ef þær voru meira en 14 fet, að mig minnir, þá voru þær eign einhverrar kirkju, en ef þær voru styttri, þá áttum við þær sjálfir. Ég held að það hafi verið 7 álnir. En ekki er ég með þessu að halda því fram, að við höfum verið óduglegri við að velta þeim upp úr fjörunni þó að þær væru kannske eitthvað meira en 7 álnir. Hins vegar voru menn almennt ekkert hrifnir af þessu. Og ég held að það fyrirkomulag sem nú er, að ríkið eigi 900 jarðir í landinu, sé alveg nægilegt magn til þess að byrja með. Ég hef ekki litið svo á að þessar jarðir væru betur setnar heldur en jarðir sem eru í einkaeign, hærri hlutfallstala þeirra mun nú vera í eyði heldur en hinna sem eru í eigu bænda.

Ég verð að segja það, að mér hefur stundum dottið í hug að þetta væri e. t. v. einn liður í þeirri stefnu flokks flm. að geta haft meiri áhrif á framleiðslu landbúnaðarafurða í þessu landi, því að þrátt fyrir allt tal um braskara sem séu að leggja jarðir í eyði, þá virðist vera svo, að landbúnaðarafurðir hafi aldrei verið framleiddar í meira magni heldur en nú, og hefur flokksbræðrum flytjanda stundum þótt nóg um. Það er því ekki annað hægt að segja en að hingað til hafi þetta gengið bolanlega vel fyrir bjóðarheildina, jarðir hafi jafnframt annað því að framleiða allt sem þarf af landbúnaðarafurð-

um fyrir okkur og miklu meira. Og annað er það, að jafnvel þó að jarðir séu í eyði nokkur ár, nokkurn tíma, þá er það nú svo, að þær bíða eftir nýjum ábúanda. Og samkv. gildandi lögum held ég að það séu yfirleitt ekki nein vandkvæði að fá jarðir á sanngjörnu verði, hver sem eignaraðilinn er. Hin nýju lög eiga að ganga þannig frá þessu. Hitt er svo annað mál, að þetta sífellda tal um hátt verð á jörð held ég að sé ekki sanngjarnt vegna þess að það er alveg rétt, sem kom fram í máli hv. flm., að bændur, sem standa upp af jörðum sínum, fá gjarnan ekki einu sinni andvirði einnar íbúðar þegar þeir flytja á mölina, eins og sagt var. Og það mun vera hrein undantekning ef jörð er seld á hærra verði en gott íbúðarhús í Reykjavík.

Hér er í fyrsta lagi ákvæði um að ríkið skuli hafa eignarráð á öllu landinu. Það er nú svo, að mikill meiri hluti allra landsmanna býr í þéttbýli og á þess vegna ekki mikið land, það er rétt. Hins vegar heyrum við það oft hér á Alþ., að þeir menn, sem búa hér á Faxaflóasvæðinu og víðar í þéttbýli, séu ekki afskiptir á öllum sviðum, og þykir mörgum nóg um hve miklu þeir hafi náð til sín af hlunnindum þjóðfélagsins. Ég held að það sé engin sanngirni í því, að þeir leggi nú undir sig það sem eftir er, því að þeir eru svo mikill meiri hluti þjóðarinnar, að ef landið verður allt gert að þjóðareign, þá má segja að þeir hafi náð þar öllum yfirráðum.

Ég verð að segja það líka, að mér finnst að það séu ekki rök fyrir því að taka veiðirétt í ám og vötnum undan ábúendum á jörðum, vegna þess að ég tel það fyrirkomulag, sem við búum við, hafa gefist sérlega vel, og á þeim krepputímum, sem gengið hafa yfir veiði í ám, bæði vegna mengunar og ofveiði, þá höfum við sloppið mjög vel. Ég veit ekki betur en við séum hér betur settir en víðast hvar annars staðar og ekki síst í Bandaríkjunum, þar sem ekki eingöngu megun, heldur vanræksla hefur beinlínis eyðilagt veiði í fjöldamörgum ám og vötnum. Og þótt það sé rétt, að það hafi verið gert mikið upp á síðkastið til þess að hreinsa ár og hreinsa vötn og bæta aðstöðu til veiði í þeim, þá er það svo mjög víða, að það er hægt að fá veiðirétt, en það er verra að fá veiði.

Ég verð að segja það, að ég held að það fyrirkomulag, sem við búum við í dag, hafi gefist það bolanlega að við getum bróað betta eins og hvað annað, en þurfum ekki neinar byltingarkenndar aðgerðir til þess að geta haft þetta í sæmilega góðu lagi. Ég viðurkenni að það getur komið illa við sveitarfélög að þurfa að kaupa mikið af dýru landi til sinna nota. En sveitarfélög gera kannske of lítið að því að hagnýta sér þann rétt sem þau eiga til þess að fá ½ af því landi sem tekið er til skipulags og bygginga — fá það fyrir ekki neitt til sinna þarfa samkv. skipulagslögum — og væri e. t. v. hægt að breyta og hækka þetta hlutfall, ég skal ekki segja um það. En ég sé ekki að það sé alger nauðsyn að hver lóð, sem úthlutað er, sé endilega eign þess sveitarfélags, heldur eins og sums staðar hefur verið gert, að þar væru lóðir seldar og síðan væri byggt á þeim. Það er svo alveg rétt, að á tiltölulega fáum stöðum hefur það reynst sveitarfélögum mjög erfitt að ráða við þetta fjárhagslega. Ég sé hins vegar ekki að ríki eða sveitarfélög séu í stakk búin til þess að kaupa upp landið.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Frv. með sviputuðum ákvæðum og felast í því frv., sem hér liggur fyrir til umr., var lagt fram á Alþ. í fyrra. Mér þykir rétt við 1. umr. þessa frv. í þessari hv. d. að endurtaka þá afstöðu mína sem ég lýsti við umr. málsins þegar það var síðast hér til meðferðar, að það eru mörg meginatriði þessa frv. sem stríða gegn lífsskoðun minni og ég er algerlega andvígur. Á ég þá alveg sérstaklega við þær takmarkanir, sem felast í þessu frv. á almennum eignarrétti einstaklinga á jarðnæði.

Eins og ég tók fram þá, er það engum vafa undirorpið að það er yfirgnæfandi skoðun bændastéttarinnar í íslensku þjóðfélagi, að bændur eigi sjálfir að eiga sínar bújarðir. Við þekkjum öll þá erfiðu lífsbaráttu sem leiguliðar á liðnum öldum áttu við að stríða, og við þekkjum líka hve mikið kynslóðirnar á undan lögðu í sölurnar til þess að ná því óskatakmarki, sem virtist vera háleitasta ósk hvers bónda, að verða sjálfseignarbóndi, eiga sjálfur að öllu leyti umráðaréttinn yfir jörðinni og landinu sem hann yrkir á hverjum tíma. Og eins og ég hef tekið fram áður í sambandi við umr. um þetta mál, þá stendur íslenska þjóðin í þeirri þakkarskuld við íslenska sveitamenningu, að hún á ekki að hrófla við þessari meginforsendu sem á hug yfirgnæfandi meiri hluta bændastéttarinnar og ekki að breyta neinu hér um.

Ákvæðin, sem felast í því frv. sem hér er til umr., eru svo byltingarkennd á þessu sviði, að ég vil nú þegar lýsa fyllstu andstöðu minni við þau. Ýmis ákvæði, sem felast í þessu frv., geta verið þess virði að þeim sé gaumur gefinn. Ég vil ekkert draga úr því, að ýmislegt megi færa til betri vegar í sambandi við ýmsa þá eignaaukningu og verðmætaaukningu sem verður á lóðum og lendum vegna opinberra aðgerða sem einstaklingar í vissum tilfellum hafa engan þátt átt í. Og ég er fyllilega samþykkur því, að tekin sé til athugunar eðlileg skattlagning í því sambandi. En yfirleitt miðast sú stefna, sem kemur fram í þessu frv., við það að vera á móti því að einstaklingar í þjóðfélaginu eigi jarðir, lendur og lóðir, það sé einhver háski og einhver voði, það er alltaf verið að tala um þetta sem brask. Ég held einmitt að megi finna mörg dæmi þess, að einstaklingar, sem hafa beitt orku sinni og fjármunum, hafi unnið þrekvirki í því að gera óræktarkot að góðum og gagnlegum stórjörðum sem hafi haft stórkostlega þýðingu fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag og þjóðina alla, þannig að þar hafi verið um verðmætasköpun að ræða sem fyllilega megi bera saman við eðlilega ræktun. Ég er nefnilega ekki þeirrar skoðunar, að öll verðmætasköpun sé af því illa, ef það sé einstaklingur sem stendur á bak við hana. Ég held einmitt að verðmætasköpun einstaklingsins sé af því góða.

Það að skapa verðmæti er mjög sambærilegt við það að rækta jörðina. Maður fær ekki árangur af starfi þótt maður ætlist til þess að sá árangur verði fjárhagslegur, nema stunda það, alveg eins og bóndinn þarf að hlúa vel að jörðinni, plægja akurinn og búa vel að jarðveginum, bera á og sýna fyllstu nærgætni. Það fæst ekki góð uppskera nema að þessu sé unnið af hinni mestu alúð. Það er alveg eins með það, þegar maður ætlar að fá arð fjármunalegs eðlis, hann fæst ekki nema með nærgætni og atorku sem líkja má við verk sáðmanns. Og sannleikurinn er sá, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að allar mestu og veigamestu framfarirnar sem hafa komið þjóðunum og þjóðfélagsþegnunum til góðs, á mannkynið að þakka hinum frjálsa, upplýsta kapítalisma. Það er hann sem hefur verið grundvallarforsendan fyrir því, að þjóðum og einstaklingum líður yfirleitt vel. Þar er að finna hámarkið í því hvað mönnum vegnar vel. Það er einmitt þar sem möguleikar eru fyrir því að kapítalisminn fái að dafna sem framfarir og lífsgæði eru mest.

Það mætti gjarnan geta þess hér í dag, af því að er 7. nóv., að þrátt fyrir 60 ára viðleitni stærsta þjóðfélags og stærstu tilraun sem nokkurn tíma hefur verið gerð í veröldinni til þess að láta sósíalismann ráða og skapa þúsund ára ríkið, þá er nú ekki komið lengra þar heldur en svo, að frumhvötum frjáls samfélags hefur ekki verið náð. Menn hafa ekki frjálsa vegferð, menn hafa ekki fullnægjandi húsnæði, menn mega ekki skrifa, menn mega ekki ferðast og ég veit ekki hvaða og hvaða hömlur eru þar á. Þessi er útkoman eftir 60 ára starf. Nú skal ég ekki segja að margt hafi ekki verið fært til betri vegar. En við getum þó bent á aðra staði, þar sem hinn frjálsi, upplýsti kapítalismi hefur verið að verki og þar sem lífsfyllingin, lífsgæðin og velmegunin eru á miklu, miklu hærra stigi, eru á því hæsta stigi sem þekkist í heiminum. Þetta skulum við hafa í huga þegar við erum að fjalla um frv. til l. sem stefnir að því að hefta þetta frjálsa framtak, því þó að það sé vægt að orði komist í frv., þá er lokatakmarkið að afnema eignarréttinn.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Enn er hér flutt á hv. Alþ. frv. til l. um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Eru það þm. Alþfl. hér í d. sem flytja þetta frv. Það er ekki nema rúmt ár síðan hér á hv. Alþ. voru samþ. lög sem höfðu það einmitt að markmiði, að eignarhald á jörðum yrði í höndum þeirra sem þyrftu að nota landið. 1. gr. hinna svokölluðu *jarðalaga, sem samþ. voru á Alþ. 1976*, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur laga þessara er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda."

Nú hlýtur það auðvitað að vera svo, að það séu skiptar skoðanir um það, hverjir skuli hafa eignarhald á landi. En ég hygg að það sé eðlilegt að á hverjum tíma reyni menn að mynda sér hugmyndir um hvernig þessu eignarhaldi, þessum umráðum á vissulega mikilsverðum eignum sé hagað. Og tilgangur þeirra jarðalaga, sem sett voru fyrir hálfu öðru ári á Alþ., var einmitt að tryggja að dómi Alþ. þá að landið væri í eigu þeirra sem hefðu hagsmuni af því að gæta þess og fara þannig með það að því væri vel borgið.

Ég ætla ekki nú að gera nema fá atriði að umtalsefni í frv. *þeirra Alþfl.-mannanna, en mig* langar til að nefna örfá. Í 3. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara skal bændum frjálst, ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar."

Þetta er sjálfsagt góðra gjalda vert frá sjónarmiði þeirra sem flytja þetta frv. En í raun og veru felst sú hugsun í þessu, að það sé óeðlileg ráðstöfun á jörðinni sem eign að hún sé í höndum bóndans sem nytjar hana Annars væri ekki tekið svona til orða, enda staðfestist það í skýringum við lagagr., að hugmyndin er sú, að eðlilegast sé að þessi lönd séu í eigu ríkisins. Ég er einn þeirra manna, sem telja mjög mikilvægt að jarðir lendi ekki í braski. Ég tel það mjög mikilvægt, og ég tel einmitt að það hafi verið eitt mikilvægasta atriðið í þeim jarðalögum sem ég nefndi áður, að þar er gerð a. m. k. mjög ákveðin tilraun til þess að koma í veg fyrir slíkt brask með jarðir. Það er kannske rétt að rifja það aðeins upp, að svokallaðar jarðanefndir, sem nú hafa verið skipaðar í öllum sýslum landsins, eftir því sem ég veit best, eiga að hafa m. a. það hlutverk með höndum að koma í veg fyrir að jarðir séu seldar til annarra nota heldur en þeirra sem samrýmast hagsmunum viðkomandi sveitarfélaga. Þar er beinlínis tekið fram, að það þarf samþykki jarðanefndar til þess að sala á jörðum fari fram. Og þarna er líka frá því gengið að þeir, sem selja jarðir og þurfa að selja jarðir, gjaldi þess ekki þótt þessi ákvæði séu fyrir hendi. Þá kemur til sveitarsjóður eða ríkissjóður til að kaupa þessar jarðir, ef þær seljast ekki öðruvísi samkv. fyrirmælum laganna.

Nú er það svo og það er á allra vitorði, að það hefur komið fyrir að slíkt verð hefur verið boðið í jarðir að það hefur verið mjög erfitt eða nær útilokað fyrir einstaka bændur að kaupa jarðirnar því verði til búrekstrar. En þessum ákvæðum í jarðalögunum er einmitt ætlað að tryggja að verðlag á jörðum sé í samræmi við það notagildi, sem hægt er að hafa af þeim, og ekki sé hægt að sprengja verð á jörðum upp með aðkomnu fjármagni sem ekki er hugsað að notist til þess að halda jörðunum í byggð.

Nú er það, eins og ég sagði áður, auðvitað umræðuefni og ekkert undarlegt við það, þó að mismunandi skoðanir séu á því, hvort heppilegra sé að jarðeignir séu í höndum bænda eða ríkisins. Ég get alveg fallist á það, að það sé ekkert við því að segja þó að menn greini á um þessi mál. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé heppilegra og jarðarinnar sé yfirleitt betur gætt ef bóndinn telur hana svo nákomna sér, að hún sé hans eign. Kannske getur hugsunarháttur breyst með árunum og með tímanum, þannig að bændur láti sig þetta ekki miklu skipta. En ég tel að a. m. k eins og nú er sé allur þorri bænda þess

sinnis, að hann vilji heldur búa á eigin jörð, sem hann kallar eign sína, og honum sé betur trúandi til þess að fara vel með þessa eign, ef hann telur sig eiga hana sjálfur, heldur en ef hún er ríkiseign. Í þessu sambandi langar mig til þess að minna á það sem hv. alþm. er vafalaust kunnugt, að þegar verðlagðar eru framleiðsluvörur landbúnaðarins, þá er aldrei gert ráð fyrir kostnaði af landinu sjálfu óræktuðu. Bóndinn tekur ekki gjald í verði landbúnaðarvara fyrir þann jarðargróða sem búpeningurinn aflar sér af óræktuðu landi. Að því leyti nýtist hið óræktaða beitarland allri þjóðinni jafnt og bændunum ekkert sérstaklega fremur en öðrum, því að það er alls ekki tekið tillit til þessarar eignar þegar verð er ákveðið á landbúnaðarvörum.

Það er öllum ljóst, að það eru skiptar skoðanir um hvernig skuli vera eignarhald á svokölluðum afréttarlöndum. Ég er ekki sérfræðingur á þessu sviði, en hitt er víst, að það er mjög misjafnt með skjöl sem til eru fyrir eignaraðild að afréttarlöndum. Ég held að ég viti það t. d rétt, að mitt sveitarfélag á engar afréttir aðrar en gamlar fyrrverandi bújarðir sem sveitarfélagið keypti á sínum tíma — misjöfnum tíma. Það eru öll þau afréttarlönd sem mitt sveitarfélag ræður yfir. Annars staðar er þessu öðruvísi varið. Þarna kemur auðvitað spurningin um af hverjum er keypt. Allir vitum við að enginn var til að taka við greiðslunni þegar landnámsmennirnir komu í upphafi. En gegnum aldirnar hefur þessi eignarhefð myndast, og ég hygg að með þeim hugsunarhætti, sem nú er ríkjandi yfirleitt gagnvart umgengni við landið, sé landið ekki betur komið annars staðar en í eigu bændanna.

Annað atriði, sem mig langaði til að minnast aðeins á hér, eru veiðiréttindin. Ég er manna fúsastur til að viðurkenna það, að mikil og verðmæt veiðiréttindi á jörð geta hækkað jörðina svo í verði að bændur eigi erfitt með að keppa við aðra hugsanlega kaupendur um kaup á jörðinni. Eitt af því, sem jarðalögin áttu að gera og gera vonandi, var einmitt að koma í veg fyrir það alveg sérstaklega að þessar jarðir lentu í braski. Ég held að hvað sem öllum hugmyndum um nýtingu þessara auðæfa líður, þá sé alveg augljóst mál að nú tryggir eignarréttur bændanna á þessum hlunnindum mjög mikið búsetuna í sveitunum. Landbúnaður á að ýmsu leyti undir högg að sækja eins og nú er. Það eru örðugleikar á því að flytja landbúnaðarvörur til útlanda með þeim árangri að viðunandi verð fáist fyrir vöruna, og stafar það einkum af því að þær landbúnaðarvörur, sem við framleiðum, sérstaklega þó dilkakjöt og kjötvörur, eru stórlega greiddar niður í þeim löndum sem við höfum viðskipti við. Það eru fleiri orsakir að þessu, eins og t. d. mjög mikil verðbólga í landinu sem hefur átt sinn þátt í því, að á tiltölulega fáum árum hefur samkeppnisaðstaða t. d. dilkakjöts hér í nágrannalöndum okkar, en við seljum þessa vöru aðallega til Noregs og Svíþjóðar, versnað mjög mikið. En það er fleira sem kemur til. Einmitt í þessum löndum hafa niðurgreiðslur á dilkakjöti aukist mjög mikið. Þannig er t. d. ástatt nú, að bændur í Noregi, svo að nefnt sé dæmi, fá til muna hærra verð fyrir dilkakjötið heldur en íslenskir bændur Ég hef ekki tiltækar nákvæmar tölur um þennan mun, en mér hefur verið sagt að sá munur væri milli 4 og 5 þús. kr. fyrir það sem kallað er meðaldilkur, kringum 14—15 kg dilkur, sem norskur bóndi fær meira fyrir dilkinn heldur en íslenskur bóndi. Hins vegar þegar frændur okkar kaupa af okkur dilkakjötið, þá eru þeir ekki tilbúnir nú að greiða nema nokkuð innan við helming af framleiðslukostnaðarverðinu hér. Þarna eru að verki öfl sem eru okkur erfið, og þetta stafar af því, eins og ég nefndi áður, að Norðmenn verja landbúnað sinn, þeir verja miklu fé til þess að efla landbúnað sinn og koma í veg fyrir að mikill fjöldi fólks flytjist frá landbúnaðinum, sérstaklega núna vegna aukinnar atvinnu og aukinna tekjumöguleika í sambandi við olíuna. Þetta gera þeir m. a. með því að hvetja bændur mjög til framleiðslu á dilkakjöti. Við höfum ýmiss konar viðskipti við Norðmenn. Við kaupum af þeim margs konar vörur. Og til fróðleiks vil ég geta þess hér, að á s. l vori átti ég þess kost að skoða tvær verksmiðjur í Noregi sem framleiða mjög verulegt magn af vörum fyrir Íslendinga. Önnur þessi verksmiðja framleiðir fiskkassa. Hin framleiðir ýmsan útbúnað í skip. Hvort tveggja þetta gætum við vitanlega framleitt hér sjálfir. Við borgum Norðmönnum fullt verð fyrir allar þær framleiðsluvörur sem við kaupum af þeim. Við seljum þeim lítið annað en dilkakjöt, og ég hef lýst því áður hvaða kjörum við verðum að sæta þar.

Þess vegna er það, að ef við viljum viðhalda í aðalatriðum byggð í landinu öllu, þá þurfum við að styðja það fólk, sem vill búa í hinum dreifðu byggðum, m. a. með því að unna þessu fólki þess að það hafi arð af veiðihlunnindum. Þessi arður er vissulega mikill. Verulegur hluti þess arðs hefur því miður flust til fólks sem nú býr ekki lengur í sveitunum, en enn er þarna mikið eftir. Ég held að við getum alls ekki gengið fram hjá þessu atriði þegar við tökum afstöðu til þess, hvort við viljum þjóðnýta veiðirétt almennt í landinu eða ekki.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem hefði verið ástæða til að ræða um í þessu frv. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi mál hljóti alltaf að verða til umræðu og endurskoðunar og athugunar í sambandi við breytta tíma og breyttar aðstæður. Hið háa Alþ. hefur nýlega samþykkt sérstök lög sem hafa þann tilgang, sem ég gat um áður, að koma í veg fyrir að jarðir lendi í braski, og reyna að tryggja að þeir, sem nytja landið, hafi umráð yfir því, og raunar reyna að tryggja það líka, það eru einnig ákvæði í þessum lögum sem eiga að tryggja að landið sé vel nýtt og það sé ekki ofnýtt eða því ofgert á annan hátt. Ég tel að sú reynsla, sem þegar hefur fengist af þessum jarðalögum. sé jákvæð og að það sé ekki að svo komnu máli ástæða til að gera þar á verulegar breytingar.

Þetta frv. þeirra hv. þm. Alþfl. gerir ráð fyrir mjög róttækum breytingum. Ég tel að þessar breytingar séu hvorki tímabærar né heppilegar. Ég mun því greiða atkv. gegn því að þetta frv., eins og það er nú, verði samþykkt hér frá hinu háa Alþingi.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil strax nú við 1. umr. þessa máls láta í ljós skoðun mína á því. Ég er andvígur því eins og það er lagt hér fram. Ég tel að það gangi allt of langt. Ég viðurkenni að á ýmsan hátt væri hægt og er nauðsynlegt að gera tilraun til þess að setja skýrari ákvæði um nokkur atriði sem hér er ýmist drepið á eða vikið að. En jafnróttæka breytingu og hér er lögð til get ég ekki samþykkt og er sannfærður um að það yrði ekki til bóta að samþykkja þá tilhögun sem hér er lögð til. Og þar tel ég að reynslan sé ólygnust. Ég held að það sé augljóst mál, að það hafi kannske hvað best og mest lyft upp íslenskum landbúnaði að bændurnir hafa átt jarðirnar sjálfir. Þegar það jókst æ meir að bændur yrðu sjálfseignarbændur, þá fór það heim og saman að framfarir í landbúnaði urðu meiri og meiri. Það var að mínu viti óheillaspor þegar jarðir áður fyrr komust í opinbera eigu, fyrst til klaustranna, kaþólsku kirkjunnar og síðan til konungsvaldsins þegar það yfirtók eigur klaustranna. Það sýndi sig þá að þetta var til mikils ófarnaðar miðað við þær jarðir sem setnar voru af sjálfseignarbændum. Það hefur verið kappsmál íslenskrar bændastéttar til þessa að vera eigendur jarða sinna, og ég á von á því, að þannig sé ástatt enn og muni verða nema hér breytist verulega um hugsunarhátt í okkar þjóðfélagi. Fyrst og fremst með tilliti til þessa er ég andvígur þessu frv., og væri e. t. v. alger óþarfi að ræða um einstök ákvæði hér, einstakar greinar, með tilliti til þess að málið í heild er mér ekki að skapi.

Það er gert ráð fyrir því í 4. gr. frv. að ríkinu sé skylt að kaupa bújarðir af bændum, ef þeir óska, og miðist kaupverðið við gildandi gangverð jarða til búrekstrar milli bænda hverju sinni. Það er þó svo best að jarðir verði þá á markaði milli bænda, en ekki einvörðungu til ríkisins þegar þar að kemur — og hvernig á þá að ákveða verðið? En varðandi byggingar, hús og ræktun á jörðunum, þá eiga bær sjálfsagt að sæta mati. Verða þá bændur skör lægra settir heldur en við þéttbýlishúar sem getum selt hús okkar á hinum frjálsa markaði, en ekki samkv. mati.

Varðandi ákvæði 5. gr. um að meta skuli veiðiréttinn miðað við það sem fram hafi verið talið s. l. 20 ár, þá er ég mjög undrandi á að svo langur tími skuli vera tiltekinn, því að nú veit ég að hv. flm. eru áhugamenn um veiðiskap og þekkja mjög vel að á undangengnum árum hafa átt sér stað verulegar framfarir, veruleg fiskræktun í ám okkar og vötnum. Ef við tökum 20 ár, þá er áreiðanlega mjög víða hægt að benda á það, að vegna stóraukinnar fiskræktar hefur veiði s. l. 10 ár aukist mjög mikið umfram það sem var fyrir 10 árum, þannig að það er ekkert tillit tekið til þess hvað hefur verið ræktað upp í þessu efni á s. l. árum. Það er mjög mikið og lofsvert framtak sem þar hefur verið unnið.

Ég tel að það hafi verið mjög til bóta á sínum tíma þegar var bannað með lögum að selja veiðirétt undan bújörðum. Og ég tel að það hafi verið spor fram á við þegar opnuð var heimild til þess að jarðeigendur gætu innkallað veiðiréttinn til jarða sinna aftur, auðvitað eftir mati hverju sinni. Ég held að með ræktun í ám og vötnum sé þeim málum ekki verr fyrir komið í höndum bændanna, eigenda jarðanna, heldur en setja það undir ríkisforsjá. Ég hef ekki þá trú á að ríkisforsjá í þessu efni geti nokkurn tíma orðið til bóta. Það er rétt að þetta tíðkast annars staðar. Ef við tökum Noreg, þá er veiðirétturinn hjá ríkisvaldinu, hinu opinbera, þegar kemur upp fyrir ákveðna hæð á landinu. En ég hef þá trú að í þessu efni sé eigendum jarðanna, bændunum, best til þess trúandi að rækta árnar upp og að þannig geti það orðið að mestu notagildi fyrir þjóðina.

Hv. síðasti ræðumaður minnti á jarðalögin sem eru nýsamþykkt hér á Alþ. Það er auðvitað ekki komin nein viðhlítandi reynsla á þau þann skamma tíma sem þau hafa verið í gildi, en það var a. m. k. meiningin með setningu þeirra laga að taka á vissum vandamálum sem hér hefur verið drepið á. Og ég held að það væri a. m. k. þess virði að láta reyna á ákvæði þeirra laga áður en við rjúkum til og förum að breyta í mjög róttækari átt umfram það sem var gert. Það var eflaust viss nauðsyn að setja hindrun á að seldar væru lóðir úr bújörðum undir sumarbústaði. Nú er það óheimilt nema með samþykki jarðanefndar. Ég held að það hafi verið algerlega nauðsynlegt, miðað við þá ásókn sem orðin er í slíkar lóðir, að gera tilraun til þess að koma þarna á einhverri yfirstjórn. Það er vissulega hægt að taka undir það, að það er nauðsyn á að þéttbýlisbúar geti fengið aðstöðu til þess að koma sér upp sumarbústöðum. En ég hef ekki nokkra trú á því að það leysi fremur þennan vanda, þó að sú leið verði farin að ríkið fái eignarrétt á æ fleiri jörðum og þó að það sé meira að segja ákvæði um það, að því sé skylt að sjá þéttbýlisfólki fyrir *leigulóðum undir sumarbústaði*. Ríkið á þegar í dag þó nokkuð af jarðeignum og það væri kannske þess virði að gera tilraun með að þær færi að huga að þessum þætti vandamálsins með því að athuga hvort heppilegt væri og ákjósanlegt að skipuleggja einhverjar ríkisjarðirnar með þetta í huga.

Sveitarstjórnirnar, sveitarfélögin á hverjum stað hafa náttúrlega mestra hagsmuna að gæta í þessu efni. Og það væri miklu eðlilegra að hugleiða þann möguleika, að þeim væri gert frekar kleift að stuðla að ákveðinni þróun í þessu efni heldur en er í dag. Ég hefði fremur trú á því, að það gæti orðið jákvætt, heldur en ríkið væri að ráðskast með það, ef svo mætti segja, með áreiðanlega misjöfnu hugarfari og misjöfnum árangri. Ég skal taka undir það, að það væri æskilegt að geta af ríkisins hálfu veitt meiri fyrirgreiðslu og aðstoð til þess fólks sem vill í dag festa kaup á bújörð í sveit og hefja búskap. Vissulega væri það gott og mikil nauðsyn, að hægt væri að gera meira til þess að létta undir með *því fólki*.

Herra forseti. Ég læt þessu spjalli lokið. Ég hef lýst skoðun minni. Ég er andvígur þessu frv. og er raunar undrandi á að þessi draugur skuli vera vakinn upp ár eftir ár nú, þegar komið er langt á 8. tug þessarar aldar. Þetta er gamalt stefnumál Alþfl., en ég hefði haldið að hann væri horfinn frá þessu, alveg eins og hann virðist vera horfinn frá því að landið skuli allt vera eitt kjördæmi. Það var árum saman eitt aðalbaráttumál Alþfl. Það er ekki minnst á það

þegar rætt er um þau mál nú vegna fram kominna till. á Alþ. eða utan dagskrár. Þá er ekki minnst á þetta stóra áhugamál Alþfl. fyrr á tímum: að gera landið allt að einu kjördæmi. Sá draugur virðist alveg hafa verið kveðinn niður, og ég var að vonast til að þessi draugur hefði einnig verið kveðinn niður.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Umr. um þetta frv. hafa nú farið nokkuð á dreif, og hv. 2. þm. Norðurl. e. var svo hugulsamur að muna í þessum ræðustól eftir 60 ára afmæli rússnesku byltingarinnar. Kann ég honum þakkir fyrir það, því að áhrif þeirrar byltingar eru náttúrlega óumdeild til góðs hvarvetna í heiminum, þó að margt sé miður um framkvæmdina í föðurlandi hennar. Ég ætla nú ekki að fara út í samanburð við þennan kapítalisma sem ég man nú ekki einu sinni hvað hv. þm. nefndi, hinn upplýsta kapítalisma, eins og við höfðum kynnst honum t. d. í Suður-Ameríku og víðar. Ég ætla ekki að fara út í ástandið þar sem þessi upplýsti — (**Gripið fram í:** Frjálsi.) — frjálsi, já frjálsi kapítalismi ræður ríkjum í allri sinni dýrð í dag. En það gefst kannske tími til þess einhvern tíma síðar.

Mér þótti hins vegar vænt um það og þótti gott að hv. þm. tók mjög undir að það yrði að setja vissar skorður við óeðlilegum gróða í sambandi við það, þegar opinberar aðgerðir kæmu til og gerðu landverð hærra en það hefði áður verið. Um þetta atriði höfum við í Alþb. einmitt verið með sérstaka till. Ég man nú eftir því, að þá var hv. þm. því miður ekki tilbúinn til þess að stíga það skref til fulls með okkur að setja þar við skorður og greiða atkv. með þessari brtt., en það hefði sennilega nægt til þess að hún hefði náð hér fram að ganga. En það er vissulega svo, að bændur eiga ekki að mínu viti að njóta óeðlilegs gróða af því, sem opinberir aðilar skapa með aðgerðum sínum á landi sem er eign bænda.

Ég hlýt hins vegar að gera aths. við það sem hefur komið hér fram varðandi eignarréttinn og hvað hann hefði mikla þýðingu í sambandi við alúð bænda og umhyggjusemi fyrir jörðum sínum. Ég geri þetta vegna þess að ég þekki ekki og veit ekki dæmi um annað en mikla alúð og umhyggjusemi þeirra manna sem búa á ríkisjörðum í dag. Ég þekki þó nokkuð marga þeirra og vegna þess get ég ekki látið þessu ómótmælt, því að þetta er staðreynd sem ég hygg að sé til miklu víðar á landinu en í mínu nágrenni.

Varðandi þetta frv. annars er það að segja, að ég fagna því, eins og ég gerði reyndar þegar við ræddum frv. okkar Alþb.-manna um breytingu á stjórnarskipunarlögunum. Ég fagna því, hve mikil framför hefur orðið hjá þeim Alþfl.-mönnum í öllum málflutningi varðandi þetta mál. Ég man eftir því, að það, sem fékk mig til þess að standa upp á sínum tíma og andmæla vissum atriðum í máli hv. frsm. þá voru ýmis gífuryrði um landeigendavaldið og hve brýnt væri í raun og veru að hvrja þjóðnýtinguna einmitt á þessum voðalegu mönnum sem ættu bújarðir. Það vakti einmitt hjá mér spurninguna um það, hvar væri mest þörf þjóðnýtingar í okkar landi, og um það greinir okkur á vissan hátt enn í dag, hvar þörfin er mest á því. Alþfl.-menn virðast sem sagt enn þá, þó að mjög hafi úr því dregið, álíta það eins konar forgangsverkefni í þjóðnýtingu að þjóðnýta bújarðir bænda, þó að þeir hafi þar nú miklu meiri fyrirvara á, og ber að virða það, eins og ég tók fram í umr. um okkar frv.

Rússar eru eðlilega ofarlega í hugum manna í dag, og þeir voru einnig ofarlega í huga hv. fyrri flm. Hann taldi að Rússar mundu hryggjast yfir því, hve við hefðum fjarlægst byltingarhugsjónina. En það má þá á það benda, að þeim mun meiri gleði hlýtur þá að vera hjá þeim hinum sömu mönnum yfir hinum týndu sonum sósíalismans, Alþfl.-mönnunum, sem nú eru aftur á leiðinni yfir til byltingarinnar, að því er best mátti skilja.

Við höfðum sem sagt lagt á það áherslu, Alþb.-menn, að **þjóðnýting í því formi sem hér er** reyndar **lagt til** sem aðalregla — þjóðnýting á öllu landi væri ekki tímabær við ríkjandi aðstæður. Við höfum hins vegar bent á það, t. d. í umr. um jarðalögin, að vissulega eru umhugsunarverð örlög þeirra bænda sem hafa orðið að hverfa frá jörðum sínum allslausir. Þær jarðir, sem nú standa í eyði og margar hverjar með hinum ágætustu byggingum sem menn hafa lagt ævistarf sitt í, eru vissulega ekki fallegur minnisvarði um eignarréttarnauðsynina í sambandi við bújarðir bænda. Það er önnur hlið þessa máls sem ég held að bændur þurfi sannarlega að hugleiða einnig varðandi öll þessi mál.

Og þá skal undir það tekið, sem hv. þm. Ingi Tryggvason kom inn á áðan, að það er rétt, þessi mál þurfa öll og eiga öll að vera í endurskoðun. Þau voru í endurskoðun — það skal viðurkennt — þegar jarðalögin nýju voru sett. Þau voru óneitanlega gífurleg framför frá því sem áður var, sérstaklega ef framkvæmd þeirra fer eftir þeim ákvæðum sem þar eru stífust, þó að við hefðum um margt kosið að þar kæmu ný atriði inn í, m. a. sú grein sem við erum nú með í frv. okkar um það, að menn skuli ekki hljóta óeðlilegan gróða fyrir opinberar aðgerðir eða vegna nágrennis við þéttbýli.

Ég tek hins vegar undir það — og minni á orð hv. þm. Stefáns Jónssonar í umr. um frv. okkar Alþb.-manna og orð sem komu einnig fram hjá hv. þm. **Inga Tryggvasyni** — í sambandi við varðveislu og verndun landsins, t. d. fyrir ásókn þess auðvalds sem nú teygir sig æ meira hingað til lands, að varðveisla og verndun landsins er, held ég, best komin í höndum bænda, miðað við það ríkisvald sem við höfum. Bændum er í raun og veru best treystandi í þeim efnum.

En það var einmitt eitt af þeim atriðum sem var komið mjög inn á í fyrsta flutningi þessa máls hjá þeim Alþfl.-mönnum, það var varðandi frelsi fyrir þéttbýlisbúana til þess að fara um landið, og það er auðvitað gott og blessað. En ég benti á það og bendi enn á það, að það frjálsræði fer oft út í öfgar. Sem betur fer höfum við núna löggjöf sem stemmir allverulega stigu við einmitt þessu frelsi, þ. e. a. s. náttúruverndarlöggjöfina okkar. Sem betur fer höfum við þar skýr ákvæði um að þetta frelsi, a. m. k. á mörgum

stöðum, geti ekki gengið út í hreinar öfgar eins og við höfum mörg dæmi um.

Ég held að ég tefji ekki mikið þessa umr. núna, en ég benti á það um daginn að um margt eru þessi frv. lík. Ég tel aðeins að okkar leið sé raunhæfari og eðlilegri miðað við allar aðstæður, þar sem við göngum út frá því að bújarðir bænda ásamt þeim hlunnindum, sem búskapnum hafa fylgt, séu áfram í eigu bænda. Þar með er ekki sagt, eins og á var bent í þeim umr., að þetta sé sú framtíðarstefna sem við höfum í þessum efnum. Þar með er það ekki sagt. En miðað við ríkjandi aðstæður fer ekki á milli mála, að þessi stefna er raunhæfari og eðlilegri um leið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 7. nóv., kl. 2 miðdegis.

Mannaskipti í nefnd.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Tilkynning hefur borist um að Pétur Sigurðsson hafi tekið sæti Ellerts B. Schram í iðnn. deildarinnar.

Hlutafélög, frv. (þskj. 7). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Samstarfsnefndir starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja, frv. (þskj. 8). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 9). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Sementsverksmiðja, frv. (þskj. 10). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Vandamál fatlaðra, þáltill. (þskj. 11). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 18). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Almennar kröfur um breytingar á stjórnskipun lýðveldisins hafa aldrei verið meiri en um þessar mundir, ef litið er a. m. k. allt aftur til 1959. Kröfur þessar hafa komið fram í almennum skrifum, fundahöldum og síðast en ekki síst í ýmsum málum sem flutt hafa verið hér á Alþingi.

Langflestar þessar óskir um stjórnskipunarbreytingar lúta að Alþ. og löggjafarstarfi þess, ýmist varðandi kosningar til þingsins eða starfshætti þingsins sjálfs.

Ekki verður sagt að ráðamenn þjóðarinnar hafi sýnt þessari hreyfingu, svo öflug sem hún virðist vera, mikla athygli. Þeir hafa að vísu tekið undir eitt eða tvö atriði, en annars daufheyrst við þessum málum og ekki lagt fram teljandi störf til að komið verði á fyrir næstu kosningar neinum verulegum breytingum á stjórnskipun. Að vísu er starfandi sérstök n. til að endurskoða stjórnarskrána, en rétt er að hafa í huga þá reynslu, að Alþ. hefur ávallt orðið að taka kosningar, kosningamál, kosningalöggjöf og annað, er víkur að þinginu sjálfu, út úr heildarmynd stjórnarskrármálanna til afgreiðslu, og ég hygg að svo muni reynast enn, Alþ. verði að taka þessi mál út úr og þá fyrst muni komast skriður á þá heildarendurskoðun sem unnið er að.

Ef ráðherrar hafa látið efnahagsmál og önnur þungbær dægurmál taka svo huga sinn og tíma, að þeim hefur ekki fundist ástæða til að sinna hugmyndum um breytingar varðandi skipan og störf Alþ., tel ég að það byggist á miklum misskilningi. Það er samhengi á milli þessara atriða eins og saga okkar sýnir. Þegar þjóðinni finnst skórinn kreppa um rétt manna varðandi kosningu á löggjafarþing eða hún hefur uppi háværa gagnrýni á þingið, þá er vissulega mikils virði að leiðrétta slíka hluti áður en farið er fram á við þjóðina að hún sætti sig við víðtækar efnahagsráðstafanir sem oft geta verið þungbærar fyrir almenning, eins og reynslan sýnir okkur.

Þetta samhengi á milli réttlætismála á stjórnskipunarsviðinu, varðandi Alþ. öðrum stofnunum fremur, og ástands í efnahagsmálum sjáum við með því að rifja upp veigamestu breytingar sem gerðar hafa verið á stjórnarskránni undanfarna áratugi. Árið 1933—1934 var gerð mikil breyting, einmitt þegar heimskreppan stóð sem hæst. Árið 1942 tóku Íslendingar sér fyrir hendur að gera stórbreytingu á stjórnarskránni, meðan heimsstyrjöld var allt í kringum okkur og holskefla reið yfir okkur í efnahagsmálum. Árið 1959 var enn gerð stórbreyting á stjórnskipunarmálum varðandi kosningarrétt, en þá var orðinn ærin þörf veigamikilla efnahagsbreytinga, eins og næsta ár og viðburðir þess sýndu. Enn vil ég geta þess, að einmitt þegar kreppan þunga 1967—1968 stóð yfir, ákvað þáv. ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. undir forsæti Bjarna Benediktssonar að takast fyrir hendur að afnema deildaskiptingu Alþ. og koma á þingi í einni málstofu. Yfirlýsing var gefin um þetta í fyrstu stefnuyfirlýsingu ríkisstj. eftir kosningarnar það ár, og ég tel að það hafi einungis verið vegna persónulegs harmleiks að ekki var staðið við það fyrirheit. Ef þau ósköp hefðu ekki dunið yfir og menn hefðu haldið lífi og heilsu er ég sannfærður um að deildaskiptingin hefði verið afnumin á þinginu 1971—1972, samþykkt í fyrra skipti af þingmeirihluta Sjálfst.- og Alþfl., og var þá raunar ekki vitað

til þess, að andstaða væri hjá hinum flokkunum, þó að einstaka þm. væru ekki hlynntir málinu. Ég er persónulega sannfærður um að þrátt fyrir breytingu á meiri hl. Alþ. í kosningunum hefði seinni samþykkt á breytingu þessari orðið að veruleika á þinginu 1971—1972. Mér finnst því brýn ástæða til að spyrja Sjálfstfl., hvers vegna hann hafi gleymt þessu máli sem forsrh. hans, sem sjálfur var allra Íslendinga mestur fræðimaður hvað snertir einmitt deildaskiptingu Alþ., hafði boðað þegar á árinu 1967. Mér finnst að það sé bókstaflega skylda sjálfstæðismanna, sem hafa nú aftur forustu fyrir ríkisstj., að halda áfram þar sem frá var horfið og hrinda þessari breytingu í framkvæmd.

Ef litið er á deildaskiptinguna í sögulegu samhengi, er hún óeðlilegt, ónáttúrlegt fyrirbrigði, sem útlendingar tróðu upp á okkur og Íslendingar hefðu átt að afnema fyrir löngu. Alþ. Jóns Sigurðssonar var ekki deildaskipt, það var í einni málstofu. Það var mikið rætt um þetta mál áður en þing var endurreist 1845, en þá töldu menn að hér á Íslandi væri ekki fyrir hendi sú stéttaskipting sem í öðrum löndum réttlætti tvöfalt þing í tveimur ólíkum deildum. Það var ekki fyrr en 1874 að danska stjórnin þvingaði þessu upp á Íslendinga til að tryggja það, að konungkjörnir þm. í Ed. hefðu neitunarvald á löggjöf og hafa þannig taumhald á Íslendingum eftir að löggjafarvaldið var að nokkru flutt hingað heim.

Þessi ráðstöfun varð okkur fjötur um fót í sjálfstæðisbaráttunni og tók marga áratugi að komast yfir verstu annmarka hennar. Verður að segjast enn á ný, að það er furðulegt að Íslendingar skuli enn ekki hafa leiðrétt þessa skekkju og skipað Alþ. aftur í eina málstofu eins og það auðvitað á að vera, ekki stærra þing en það er.

Þm. Alþfl. hafa nú á nokkrum þingum flutt þetta mál, ekki af því að við teljum það neitt flokksmál eða viljum hæla okkur af því umfram aðra, enda er málið sjálft a. m. k. jafngamalt hinu endurreista Alþ. Skipan þingsins í eina málstofu hefur átt sér marga merka talsmenn allt frá þeim tíma. Ég hygg að það sé eingöngu vegna þess, hve mikla tilhneigingu ráðandi menn hér á landi hafa til þess að láta efnahagsörðugleika og önnur dægurmál kaffæra sig, að það hefur ekki komist í verk að leiðrétta þetta, frekar en að endurskoða stjórnarskrána í heild, þó að lýðveldið sé yfir 30 ára gamalt.

Nú kunna menn að spyrja, af hverju ástæða sé til að leggja niður deildaskiptingu Alþ. og láta það starfa í einni málstofu. Fyrsta ástæðan er að deildaskiptingin hefur valdið vandræðum í íslensku stjórnarfari og hvað eftir annað beinlínis staðið í vegi fyrir því að föst og eðlileg stjórn væri í landinu. Þessu til sönnunar má t. d. nefna þingið 1931, þegar Framsfl. hafði meiri hl., hvernig sem hann nú var fenginn. Þá varð deildaskiptingin til þess, að þeir fengu ekki að stjórna landinu, og var gripið til einhvers sögulegasta þingrofs sem hér hefur orðið. Aftur gerðist það upp úr 1934, þegar samstjórn Framsfl. og Alþfl. sat að völdum, að deildaskiptingin olli miklum erfiðleikum sem utanflokksþm. þá björguðu að nokkru leyti. Þegar stjórn Emils Jónssonar sat 1958—1959 var enn hið sama uppi á teningnum. Hún hafði beinan og óbeinan stuðning hreins meiri hl. þingsins sem ekki nýttist nema með miklum erfiðleikum vegna deildaskiptingar. Og gleggsta dæmið tel ég vera endalok ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem síðustu mánuði hafði hreinan meiri hl. á Alþ., en gat ekki stjórnað landinu vegna deildaskiptingarinnar, fyrst og fremst vegna duttlunga eins þm. Þær afleiðingar, sem urðu af þeirri stjórnarkreppu, kunna að reynast ærið miklar. Þetta held ég að menn verði að viðurkenna, hvaða skoðanir sem menn hafa á störfum þeirrar ríkisstj.

Ég tel að það sé ekki eðlilegt, að skipta þinginu í deildir svo að það þurfi 53—54% þingsins til þess að stjórn geti verið við völd. Ef við lítum á reynslu annarra þjóða, þar sem naumur meiri hl. er nú mjög algengur í lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu, er augljóst að það er óskynsamlegt, eins og reynslan hefur sýnt okkur, að gera þessa auknu kröfu, að það þurfi meira en helming atkv. á Alþ. til að ríkisstj. geti stjórnað landinu og setið við völd.

Í öðru lagi tel ég að afnám deildaskiptingar sé undirstaða að margvíslega bættum starfsháttum sem Alþ. verður að gera og það fyrr en síðar. Það er áberandi hversu Alþ. hefur verið áhugalítið um að breyta starfsháttum sínum eftir breyttum verkefnum á síðustu árum, ef t. d. er borið saman við flest þing í nágrannalöndum okkar, sem hafa svipaða stjórnskipan, þingræði. Þar má heita að stöðug endurskoðun hafi farið fram á starfsháttum þjóðþinganna án þess að raskað væri á nokkurn hátt hinni sögulegu heildarmynd og hefð þeirra stofnana.

Ég get nefnt sem dæmi að nefndaskipun Alþ. í dag er fáránleg, að 60 manna þing skuli hafa 24 fastanefndir, en um flesta málaflokka er um að ræða a. m. k. tvær og stundum þrjár nefndir. Hygg ég að með því að skipa þinginu í eina deild væri hægt að endurbyggja nefndakerfið á nýjum grundvelli með svo sem helmingi færri nefndum en þær eru nú, en helmingi öflugri nefndum, sem þm. gætu gefið sér tíma til að sinna betur en nú er, þegar fjöldi þeirra þarf að eltast við 4, 5 og upp í 6 nefndir. Það er glöggt dæmi um, hve vegur nefnda er lítill á Alþ. í dag, og má sjá á prentaðri skýrslu yfir alþm. og nefndir þær sem þeir sitja í, að áhrifamestu menn þingflokkanna forðast að láta kjósa sig í nefndir og láta sér flestir duga eina eða tvær, á sama tíma og aðrir þm. verða að vera í 5—6 nefndum.

Í þriðja lagi vil ég nefna þá þróun síðustu áratuga, að Sþ., sem varla hafði nokkurt verkefni nema formsatriði framan af þessari öld og allt frá 1874, hefur á síðustu árum tekið í sínar hendur meira og meira starf, með þeim afleiðingum, að það er ekki lengur rétt að tala um að Alþ. starfi í tveim deildum, það starfar í þrem deildum, því Sþ. er orðið þriðja deildin. Það tók til sín sjálf fjárlögin 1934, og er það eitt út af fyrir sig stór breyting. Fjölgun á þáltill. hefur verið gífurleg, og fyrirspurnir, sem varla þekktust fyrir 30—40 árum, eru nú orðnar eitt megintæki Alþ. og þm. til að veita ríkisstj. aðhald og vekja athygli á málum sem ástæða er til að þjóðin taki eftir. Ef deila má um, hvort skynsamlegt sé að skipta 60 manna þingi í tvær deildir, er þá ekki fráleitt með öllu að það skuli í raun og veru starfa í þrem deildum?

Svo hefur farið nú síðustu árin, að Sþ. tekur tvo af fjórum föstum fundadögum þingsins í viku hverri, og gefur það góða vísbendingu um þá þróun sem hefur átt sér stað og er í fullum gangi.

Í fjórða lagi vil ég nefna að skipan þingsins í eina málstofu mundi létta miklum störfum af ráðh. Við verðum vegna smæðar þjóðarinnar að halda stærð rn. niðri og gera það m. a. með því, að flestir ráðh. hafa a. m. k. tvö umfangsmikil rn. undir sinni stjórn. Nú verða þeir að fylgja frv. sínum gegnum tvær d., þrjár umr. í hvorri d., og stendur oft ekki á þm. að heimta að þeir séu við, ef þeir eru fjarstaddir. Ég tel að þetta sé sóun á tíma ráðh. og þeir hljóti að hafa betra við tímann að gera heldur en sitja eins og fóstrur yfir frv. sínum í gegnum sex umr. í tveimur d. og þurfa svo e. t. v. að horfa upp á það, ef illa tekst til, að sex menn í Ed. geti fellt frv. ef ellefu eru á fundi og allir greiða atkv. 1/10 hluti þingsins hefur þetta vald. Það vald getur verið töluvert meira en Bernharð Stefánsson lýsti með Ed.-manns stolti í eina tíð, að óneitanlega væri hver þm. í Ed. tvígildur á við hvern í Nd., því þeir hafa sama vald, en eru þó aðeins helmingur af tölu Nd.-manna.

Í fimmta lagi tel ég að það muni tvímælalaust reynast ódýrara að þingið starfi í einni d. Ég tel að heildarmagn umræðna mundi minnka og tími þar með nýtast betur. Ég tel að það mundi verða stórum þægilegra að koma því, sem gerist í þinginu, fyrir almenningssjónir, þegar fréttamiðlar þurfa ekki að fylgjast samtímis með tveimur d. og atburðir gerast aðeins á einum stað, að ekki sé minnst á allt er lýtur að beinum starfsskilyrðum og húsakynnum.

Herra forseti. Ég þykist hafa fært nokkur rök fyrir því, hvers vegna það er rík ástæða til að taka mál sem þetta alvarlega. Ég tel að þingið verði nú að taka fyrir bæði starfshætti sína og kosningalögin og gera á þeim breyt. og bíða ekki eftir stjórnarskrárnefnd, án þess að henni sé nokkur vanvirða sýnd með því vegna þess, hve fordæmi fyrir slíkum vinnubrögðum eru mörg.

Ég tel að það væri vel til fallið ef deildaskiptingin yrði afnumin með samþykkt laga á þessu þingi og Alþ. skipað í eina málstofu, og ég treysti því, að þá mundi næsta þing eftir kosningar, sem verður 100. löggjafarþingið, afgreiða þetta mál og deildaskiptingin hverfa úr sögunni árin 1979—1980. Ég tel, að þetta mundi verða mikið og heilladrjúgt spor, og heiti á þingheim að sinna þessum málum, en láta það ekki duga lengur að tala ár eftir ár um kosningarétt fólks, um kosningalög, um þinghætti sem þarf að bæta, og um gömul söguleg slys, sem við eigum eftir að leiðrétta, eins og þegar Alþ. var skipt í tvær deildir.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umferðarlög, frv. (þskj. 34). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Á þskj. 34 flytjum við hv. þm. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv., frv. til l. um breyt. á umferðarlögum. Þetta er í þriðja skipti sem þetta frv. kemur til umr. á Alþ. Undanfarin tvö ár hafði það að geyma fleiri greinar en það hefur nú. Ber þá fyrst að nefna ákvæði um lögleiðingu öryggisbelta í bifreiðum og í öðru lagi ákvæði um breytta tilhögun á ökukennslu og stofnun sérstaks ökuskóla. Þessum ákvæðum hefur verið kippt burt nú í þessari mynd frv., einfaldlega vegna þess að þau ollu nokkrum ágreiningi tvö undanfarin ár. Illu heilli hafa önnur ákvæði frv. vegna tregðu til að samþ. þessi tvö, sem ég gat um, ekki náð fram að ganga. En við flm. teljum að frv. í þeirri mynd, sem það er lagt fram nú, hafi að geyma ákvæði er hafi tvímælalaust áhrif til bættrar umferðar á Íslandi.

Við Íslendingar eru stundum ásakaðir fyrir að vera í senn kærulausir og ónákvæmir. Líklega er nokkuð til í þessu. Og víst er að þessir eiginleikar koma mjög oft fyrir í almennri umferð á þjóðvegum úti og einnig í þéttbýli. Hin hörmulega tíðu umferðaróhöpp og umferðarslys bera þessu glöggt vitni, og nú í haust hefur einmitt riðið yfir enn ein slysaalda sem mönnum stendur óhugur af. Nú í dag hafa látist í umferðarslysum helmingi fleiri en á sama tíma í fyrra, þ. e. a. s. 30 manns hafa látist af völdum umferðarslysa nú, en 15 á sama tíma í fyrra. Á árinu 1975 urðu 33 dauðaslys í umferðinni. Á s. l. ári féll þessi tala mjög verulega niður, í 19 dauðaslys, en nú sem sagt, þegar einn og hálfur mánuður rúmlega er eftir af árinu, hafa dauðaslysin orðið 30.

Þau þrjú ákvæði, sem felast í þessu frv. nú, hníga öll að því að auka aðhald og eftirlit með hegðun manna í umferðinni. Þau horfa til bættrar umferðarmenningar. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu með þessu. Eg hef reifað það áður. Ég vil aðeins í fáeinum orðum gera grein fyrir hverri grein fyrir sig.

1. gr. frv. nú hljóðar upp á að gildistími bráðabirgðaökuskírteina sé lengdur úr 1 í 2 ár. Það er staðreynd að ungum ökumönnum er hættara í umferðinni heldur en þeim sem reyndari eru, og þykir eðlilegt að reynslutíminn sé lengdur úr 1 ári í 2. Það hefur einnig komið til tals hjá þeim mönnum, sem fást við umferðarmál, að það ætti að hækka aldur ökumanna úr 17 í 18 ár, en það er sá aldur sem tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þetta þótti þó of harkaleg aðgerð. Í stað þess er lagt til að hafa aukið eftirlit með handhafa ökuskírteinis í fyrsta skipti og lengja úr 1 í 2 ár.

Annað ákvæðið felur í sér, að þegar ökuskírteini er endurnýjað skuli ökuleyfishafi ganga undir skriflegt próf. Það er ekki skriflegt próf áþekkt því sem gerist við fyrsta prófið, heldur er þetta meira upprifjun á umferðarreglum og tekur í mesta lagi 10—15 mínútur að ganga í gegnum það. Þetta ætti að tryggja að ökumönnum, sem komnir eru við aldur, sé haldið upplýstum um umferðarreglur allar. Það er vitað mál að þær kunna að breytast frá ári til árs, og veitir því ekki af að ganga eftir því, að nýmæli í umferðarreglum séu haldin, og að sjálfsögðu ekki síður hinu, að gömlu reglurnar séu örugglega á hreinu.

3. gr. þessa frv. hljóðar um svokallað punktakerfi. Þetta er kerfi sem víða erlendis hefur

verið tekið upp og þykir gefa ákaflega góða raun og tryggja betri umferð. M. a. má benda á að þing Evrópuráðsins hefur gert samþykkt og beint þeirri áskorun til aðildarríkja að taka upp þetta kerfi. Hér er um að ræða aðferð til þess að auðvelda þeim, sem gefa eiga út ökuleyfi, að fylgjast með ökuferli manna og leggja mat á hverjir þurfi endurhæfingar við og hvenær. Samkvæmt mistaka- eða punktakerfinu hafa brot á umferðarlögum og reglugerðarfyrirmælum mismunandi gildi eftir því, hversu alvarleg þau eru. Þetta kerfi var fyrst tekið upp í Bandaríkjunum 1947 og hefur þaðan breiðst til ýmissa Evrópulanda, svo sem Frakklands, Þýskalands, Sviþjóðar og að nokkru leyti Englands. Í Sovétríkjunum hefur þetta kerfi einnig verið tekið upp, í nokkuð óliku formi þó. En alls staðar hefur þessi tilhögun þótt gefast mjög vel.

Þetta mistakakerfi tekur til allra atriða að því er varðar umgengni við umferðarreglur. Fyrst og fremst tekur það til læknisfræðilegra atriða, eins og skertrar sjónar eða heyrnar. Hins vegar beinir það athygli sinni fyrst og fremst að mönnum sem sýna ítrekað kæruleysi gagnvart umferðarreglum. Það á að koma í veg fyrir að í umferðinni séu óhæfir ökumenn, hættulegir vegfarendum, hvort sem eru akandi eða gangandi. Aðalaðferðin, sem í þessu ákvæði felst, er að halda skrá yfir brot manna, meta hvað þau eru alvarleg, og þegar brotakvótinn er að mati umferðarlagamanna orðinn fullur, þá er viðkomandi ökumaður tekinn fyrir og beittur í fyrsta skipti tímabundinni ökuleyfissviptingu. Ef um alvarlegri og ítrekuð brot er að ræða leiðir þetta til ökuréttindamissis ævilangt. En á öllu þessu er stigmunur eftir því, hve brotin eru tíð og alvarleg. Það er staðreynd að ökuleyfissvipting er máttugasta vörnin gegn brotnum umferðarreglum. Það er það ákvæði sem mönnum kemur verst að verða fyrir, miklu fremur en háar sektir, og vegna þessa er þetta áhrifamesta aðgerðin að því er reynslan sýnir.

Í nýlegri skýrslu, sem tekin er saman af prófessor Ármanni Snævarr um brot og brotamenn, kemur í ljós að umferðarlagabrot á Íslandi eru í langsamlegum meiri hl. Þannig voru á tímabilinu 1972—1974, lengra nær skýrslan ekki, 1826 dómar kveðnir upp fyrir umferðarlagabrot, en heildarfjöldi uppkveðinna dóma á þessu tímabili var 1972, þ. e. a. s. í 1826 tilfellum af 1972 er um umferðarlagabrot að ræða. Hér er því vissulega nauðsyn að leita allra bragða til að koma í veg fyrir hin feiknalega tíðu umferðaróhöpp og umferðarslys, sem að því er virðist eru mun fleiri hér en í nágrannalöndum okkar.

Við verðum sorglega oft vör við það í umferðinni hér, að ýmis sofandaháttur eða glannaháttur, ósvifni og frekja í umferðinni eru tíðari en maður ætti von á. Við þekkjum öll bílinn sem drattast áfram á vinstri akrein sem einungis á að taka við framúrakstri. Við þekkjum líka ökumennina sem ekki taka tillit til ökumannsins á eftir sem þarf að skipta um akrein og gefur árangurslaust ítrekað stefnuljós um þá fyrirætlan sína, en ökumaðurinn fyrir aftan sinnir engu og jafnvel flautar með miklu harki á ökumanninn sem nauðsynlega þarf að skipta um akrein. Það eru líka, sem betur fer, til ljósir punktar í þessu máli, en þó allt of sjaldan verðum við vör við að til eru ökumenn sem taka tillit til samferðarmannsins á veginum og gæta ítrustu varúðar og tillitsemi.

Ég vil skora á hv. þdm. að reyna að koma þessu máli í gegn nú. Við höfum tekið brott þau ákvæði sem greinilega ollu ágreiningi, með þeim beina ásetningi að þau umbótaákvæði, sem frv. felur í sér, fái öruggan byr hér á þingi, komist í gegnum afgreiðslu og verði að lögum.

Ég vil taka það fram, að þetta frv. var frá upphafi unnið í nánu samráði við umferðarráð og starfsmenn þess, og allir þeir, sem málefnum umferðarinnar sinna, eru á einu máli um að þessi ákvæði, sem hér eru til umr., mundu verða til mikilla bóta.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þegar frv. svipaðs efnis var hér til umr. á síðasta Alþ., var eins og fram kom hjá hv. frsm., um að ræða tvö efnisatriði sem ég tjáði mig andvígan. Þau hafa nú verið tekin út, þ. e. a. s. varðandi skyldu til notkunar öryggisbelta svo og ökuskóli. Afstaða mín til að lögleiða notkun öryggisbelta stafar af því, að um þetta málefni eru alveg skiptar skoðanir, ekki síst í hópi lækna. Þeir eru síður en svo á einu máli um það, að með því að leiða í lög notkun öryggisbelta mundi umferðarslysum fækka. Um þetta er ágreiningur, og ég hef ekki sannfærst um að lögleiðing á notkun öryggisbelta mundi ótvírætt draga úr umferðarslysum.

Varðandi hitt ákvæðið sem var í fyrra frv., um ökuskóla, þá var þar um að ræða að koma á fót ökuskóla sem einungis næði til Reykjavíkursvæðisins. Hann átti að vera staðsettur hér og hingað átti að flytja alla þá sem á annað borð ætluðu sér í þennan tiltekna ökuskóla, og það er að mínu viti fráleitt.

Á þessu tvennu byggðist andstaða mín gegn frv. eins og það var lagt hér fram á síðasta Alþ. Nú þegar þessu tvennu hefur verið kippt út úr frv., þá vil ég strax lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég er samþykkur því eins og það liggur nú fyrir. Ég vil þó segja nokkur orð út af því sem kom fram hjá frsm. um ökuleyfissviptinguna. Ég er hv. þm. og frsm. sammála um að ökuleyfissvipting er kannske það sem hefur mest áhrif til hins betra. Og menn tala um ökuleyfissviptingu ævilangt. Ég held að þetta tal um ævilanga ökuleyfissviptingu geti valdið nokkrum misskilningi, því að ég a. m. k. þykist vita dæmi þess, að einstaklingur, sem sviptur hefur verið ökuleyfi, eins og kallað er, ævilangt, hann getur sótt um ökuleyfi að nýju og hefur fengið það, eftir því sem ég best veit, að t. d. þrem árum liðnum. Hér er því ekki um ökuleyfissviptingu ævilangt að ræða í þeirri merkingu sem almennt er um það talað. Ég er ekki með þessu að segja að það eigi bókstaflega, í orðsins fyllstu merkingu, að svipta menn ökuleyfi ævilangt, en ég tel að það þyrfti a. m. k. að breyta orðalagi í þessum efnum, þannig að menn vissu í raun og veru um hvað væri verið

að tala, en að orðanna hljóðan gæfi ekki tilefni til allt annarrar niðurstöðu en í raun og veru er til ætlast.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En ég taldi rétt vegna þeirrar andstöðu, sem ég sýndi frv. á síðasta Alþ., nú strax við 1. umr. að gera þessa grein fyrir viðhorfum mínum til málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjónvarpssendingar á fiskimiðin, frv. (þskj. 71). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 71 hef ég ásamt hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og Garðari Sigurðssyni flutt frv. til l. um sjónvarpssendingar á fiskimiðin við landið.

1. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. láti nú þegar gera áætlun um dreifingu sjónvarps fyrir fiskimiðin, og skal miðað við að sæmileg sjónvarpsskilyrði náist á sem flestum fiskimiðum við landið á næstu 4 árum, og jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdir samkv. slíkri áætlun hefjist á árinu 1978.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. verði heimilað að taka lán til þessara framkvæmda.

Þó að ég hafi á undanförnum a. m. k. tveimur þingum gert nokkra grein fyrir máli sem þessu, þá vil ég þó fara nokkrum orðum um tilganginn og ástæðurnar fyrir því að þetta er flutt í þessu formi nú.

Það hafa átt sér stað miklar umr. um sjónvarpsmál, bæði á þessu þingi svo og á þinginu í fyrra, og margar þáltill. hafa verið fluttar varðandi sjónvarpsskilyrði og sjónvarpsdreifingu. Þær hafa þó flestar, ef ekki allar, verið bundnar við það að bæta sjónvarpsskilyrði á landi. Vissulega er þess mikil þörf að bæta móttökuskilyrði fyrir sjónvarp víðs vegar um landið, og ekkert skal úr því dregið, jafnaugljóst sem það er, að þar þurfi úrbóta við. En þá er að mati okkar, sem að þessu frv. stöndum, jafnframt ástæða til þess að gefa því aukinn gaum, að það er ekki síður ástæða til að gera ráðstafanir í þá átt, að hinum tiltölulega mikla fjölda sjómanna, sem fiskveiðar stundar á miðunum við landið, sé gert mögulegt að njóta útsendinga sjónvarps.

Á þinginu 1973 flutti ég þáltill. þar sem gert var ráð fyrir að ríkisstj. léti gera áætlun um framkvæmd þess að koma útsendingu sjónvarps út á fiskimiðin úti fyrir Vestfjörðum. Í meðförum n. á þessari þáltill. var henni breytt á þann veg, að í staðinn fyrir að þarna var um afmarkað verkefni að ræða að því er varðaði Vestfjarðamið, var till. breytt í það form að gera ráð fyrir slíkum framkvæmdum á öllum miðum í kringum landið. Gerð þessarar áætlunar átti að vera lokið haustið 1973. En það var ekki fyrr en haustið 1974, ári síðar, að fram kom vegna fyrirspurnar um framkvæmd þessarar áætlunar, að áætlun um þetta efni væri lokið. En síðan hefur ekkert gerst, að því er ég best veit.

Ég flutti því frv. um sjónvarpssendingar á fiskimiðin úti fyrir Vestfjörðum á síðasta Alþ. Það frv. komst til n. og n. skilaði því af sér til d., en n. klofnaði í málinu.

Í skýrslu, sem útbýtt var hér á Alþ. í des. 1976, kemur fram að sú n. gerir ráð fyrir byrjunarframkvæmdum að því er varðar dreifingu útsendinga sjónvarps á fiskimiðin fyrst á árinu 1979. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að kostnaður við að koma upp dreifistöðvum, sem kæmu sjónvarpssendingum út á fiskimiðin, mundi nema um 1430 millj. kr. Nú veit ég að vísu ekki hversu nákvæmt hér er í farið að því er varðar till. eða hugmyndir sérfræðinga, hvort hér er um það að ræða að koma sjónvarpssendingum bokstaflega út á öll fiskimiðin í kringum landið. Í minum huga hefur verið um að ræða fyrst og fremst að gera ráðstafanir til þess að bæta dreifikerfið þannig að koma sjónvarpssendingum út á aðalfiskimiðin í kringum landið, þ. e. a. s. að teygja betur úr þeim sjónvarpssendingum sem nú sjást á þó nokkrum miðum við landið, þannig að sjómenn gætu séð útsendingar með tiltölulega sæmilegum hætti miðað við það sem nú er. Ég a. m. k. hef þá trú, að ef um slíkt væri að ræða, þá væri það miklu minni kostnaður en fram kemur í skýrslu n., sem gerir ráð fyrir að hér sé um að ræða kostnað upp í 1430 millj.

Um þetta frv., sem flutt var í fyrra, eins og ég sagði áðan, varð ágreiningur í fjh.- og viðskn. Fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., þ. e. a. s. stjórnarflokkanna, svo og fulltrúi Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, lögðu til að frv. væri vísað til ríkisstj. vegna þess að ríkisstj. hefði til athugunar skýrslu n. um dreifingu sjónvarps m. a. til fiskimiðanna. Minni hl. n., sem hv. þm Lúðvík Jósepsson skipaði, lagði hins vegar til að gerðar yrðu breyt. á frv., og að þeim breyt. samþ. lagði hann til að frv. yrði samþ.

Málið fékk ekki afgreiðslu hér í d. Þar sem a. m. k. mér og ég veit að meðflm. mínum að þessu máli er þetta mikið áhugamál, að framkvæmdir hefjist til þess að koma sjónvarpssendingum út á fiskimiðin, þá flytjum við nú frv. í breyttu formi frá því sem ég flutti það á síðasta Alþ. Það hefur verið talað um meira en bara bætta dreifingu á sjónvarpssendingum um landið. Það var líka á síðasta Alþ. og hefur verið einnig núna á þessu þingi mikið rætt um litsjónvarp. Og það verður ekki betur séð á framkvæmdum í þeim efnum heldur en það hafi notið forgangs fram yfir að bæta dreifikerfið almennt, bæði að því er varðar dreifingu á landi og ég tala nú ekki um að því er varðar byrjunarframkvæmdir til þess að koma sjónvarpssendingum út á fiskimiðin. Í þessari skýrslu, sem ég vitnaði til áðan, gerði n. ráð fyrir eða lagði til að til framkvæmda varðandi útsendingar sjónvarps í lit. yrði varið um 50 millj. á árinu 1977. Mér er tjáð að framkvæmdir varðandi þennan þátt, litvæðingu, eins og menn eru nú farnir að kalla það, sé nú þegar búið að verja um 80 millj. kr., og það er allt útlit fyrir að framkvæmdir á þessu ári fari a. m. k. helming fram yfir það, sem n. og skýrslan gera ráð fyrir að gert verði.

Nú skal ég ekki hafa sérstaklega á móti því að sent sé út í lit. En ég er þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að hafa forgang fram yfir það að bæta þjónustu við þá landsmenn sem engra sjón-

varpsútsendinga njóta eins og er. Það er ekkert vafamál, það hefur verið upplýst og veit raunar hvert mannsbarn í landinu, að litsjónvarp þjónar fyrst og fremst nágrenninu hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er því fyrst og fremst verið að bæta úr fyrir þá, sem aðstöðuna hafa, á kostnað hinna, sem búnir eru að vera án þessarar aðstöðu allt frá því að sjónvarpið komst á laggirnar. Þessu er ég andvígur. Eg tel að það hefði fyrst átt að fara í framkvæmdir að því er varðaði bættan dreifingarbúnað fyrir þá landsmenn sem einskis hafa notið af þessum þó að mörgu leyti ágæta fjölmiðli. En það er greinilegt að ráðandi menn eru annarrar skoðunar. Nú er þegar búið að framkvæma, eins og áður er vitnað til, fyrir a. m. k. 80 millj. kr., og greinilegt er, að áfram á að halda að því er varðar fjármögnun varðandi litvæðinguna.

Við flm. þessa frv. erum þeirrar skoðunar, að því verði ekki lengur unað að ekki verði í það ráðist að hefja framkvæmdir til þess að koma sjónvarpssendingum út á fiskimiðin, og þá erum við að tala um þau fiskimið sem sjómenn stunda hér að verulegu marki á hverju ári. Það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að á fiskimiðum bæði úti fyrir Vestfjörðum og Austfjörðum eru svo tugum skiptir skip langtímum saman, og þar er um að ræða sjómenn sem skipta hundruðum og eru að því er tekur til fjölda einstaklinga jafnfjölmennir og sum bæjarfélög hér á landi eru sem notið hafa sjónvarpssendinga um árabil. Það er á engan hátt réttlætanlegt að okkar mati að í engu sé sinnt óskum og þörfum þessara einstaklinga sem kannske ættu frekast rétt til að njóta þessa vegna þeirrar sérstöku aðstöðu sem þeir eru í, að vera langdvölum að heiman frá sér, fjarri heimilum og ættingjum, og því miklu meiri ástæða til þess að þeir njóti þessarar þjónustu heldur en kannske margur annar sem er búinn að njóta hennar í mörg ár.

Þetta frv. er sem sagt flutt með það fyrir augum, að nú þegar verði hafist handa á þann hátt að gera fjögurra ára áætlun um að koma sjónvarpssendingum út á fiskimiðin og að framkvæmdir hefjist þegar á árinu 1978. Eg held að ég þurfi ekki að fara um þetta öllu fleiri orðum. Eg hygg að öllum hv. þm. sé ljós nauðsyn þessa máls og að það sé í raun og veru ekkert, sem stætt er á, í andstöðu við málið. Ef menn skoða þetta grannt og kynna sér það, þá hygg ég að þeir komist að þeirri niðurstöðu, að hér sé ekki um að ræða það fjárfrekt fyrirtæki að það sé ekki réttlætanlegt til þess verkefnis, sem því er ætlað, og til þjónustu við þá aðila, sem hér er um að ræða að veita þjónustu af þessu tagi. Eg vænti þess a. m. k., að hv. alþm. taki á þessu máli af skilningi og velvild og að þessu þingi ljúki ekki án þess að málið nái fram að ganga, því að það er vissulega stórmál í hugum sjómannastéttarinnar í heild og það er vissulega ástæða til fyrir alþm. að gefa því gaum.

Eg vil svo að lokum, herra forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþt. 1977. B. (99. löggjafarþing).

Sameinað þing, 14. fundur.

Þriðjudaginn 8. nóv., kl. 2 miðdegis.

Beiðni um skýrslu frá iðnaðarráðherra um virkjun Kröflu (þskj. 81). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin leyfð með 37 shlj. atkv.

Fjárlög 1978, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á árinu 1976 og fyrri hluta ársins 1977 varð mikill bati í efnahagsmálum hér á landi. Þjóðarframleiðslan tók að aukast á nýjan leik, viðskiptakjör bötnuðu, verðbólga minnkaði verulega og mikill viðskiptahalli áranna 1974 og 1975 hvarf að mestu. Orsaka batans var að leita annars vegar í hagstæðum ytri skilyrðum, einkum hækkun verðlags á útflutningi samfara hægari verðhækkun innfluttrar vöru en áður hafði verið, en hins vegar í því aðhaldi sem stefnan í fjármálum og efnahagsmálum innanlands veitti samfara hófsemi í launasamningum. Kom þetta fram í því jafnvægi í fjármálum ríkisins, sem náðist bæði árin 1976 og 1977 eftir halla undanfarinna ára, og í mun hægari útlánum bankanna og betri stöðu þeirra en áður hafði verið. Stefnan í fjármálum og efnahagsmálum árið 1977 var við það miðuð, að batinn gæti haldið áfram á því ári og næsta ári, að þjóðarframleiðsla gæti farið vaxandi, að lífskjör gætu batnað í samræmi við bættar aðstæður, að verðbólga gæti haldið áfram að minnka og að árið 1978 gæti viðskiptajöfnuður við önnur lönd orðið jákvæður. Gæfist þannig færi á að greiða niður erlendar skuldir sem safnast hefðu.

Horfur í þessum efnum virðast nú um sinn nokkru lakari en þær voru fram eftir árinu. Kemur hér tvennt til. Í fyrsta lagi fóru launasamningar s. l. sumar og samningar, sem nú hafa verið gerðir við opinbera starfsmenn, fram yfir þau mörk sem efnahagsbatinn gaf tilefni til. Í öðru lagi sjást þess nú merki að verðhækkun útflutningsafurða hafi náð hámarki og sölutregðu sé farið að gæta á sumum þeirra. Erfiðleikar eru nú þegar í rekstri atvinnugreina sem framleiða til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við innfluttar vörur. Horfur eru þess vegna á að framleiðsla og atvinna standi ekki eins traustum fótum og æskilegt er. Hætta er á að verðbólga fari vaxandi á ný og erfitt geti reynst að ná jöfnuði í viðskiptum landsins við önnur lönd á næsta ári. Við þessar aðstæður er afar brýnt að stefnan í fjármálum og peningamálum mótist af varúð og hófsemi. Þetta er þeim mun mikilvægara sé þess gætt, að komumst við yfir þessa tímabundnu erfiðleika með skynsamlegri stjórn, þá eru horfurnar bjartari þegar lengra er litið. Sá árangur, sem náðst hefur í efnahagsmálum, svo og sigurinn í landhelgismálinu tryggja í sameiningu traustan grunn að nýrri sókn til framfara í landinu.

Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1978 hefur mið verið tekið af þeim horfum sem ég hef nú

lýst. Stefnt hefur verið að því að jöfnuður haldist á fjárlögum og grynnkað verði á skuldum frá fyrri árum. Þetta krefst ítrasta aðhalds í útgjöldum, bæði til þjónustu og framkvæmda, — aðhalds sem þó er þröngur stakkur skorinn af gildandi löggjöf og þeim framkvæmdum sem þegar eru hafnar og komnar áleiðis. Sömu sjónarmiða verður að gæta í stjórn peningamála og lánveitinga sjóða og annarra opinberra aðila, og mun það koma fram í lánsfjáráætlun fyrir næsta ár.

Þáttur opinberra aðila í þjónustu og framkvæmdum hefur víðast hvar í heiminum farið mjög vaxandi, ekki síst undanfarinn áratug. Kemur þetta fram í síhækkandi hlutfalli opinberra útgjalda og opinberra tekna miðað við þjóðarframleiðslu. Það er ekki álitamál að þessi aukning hafi svarað þörfum sem orðnar voru brýnar og batnandi efnahagur gerði að vissu marki kleift að mæta. Það er heldur ekki álitamál að oft á tíðum varð þessum þörfum ekki sinnt nema fyrir atbeina opinberra aðila. Hitt hefur mönnum aftur á móti orðið ljóst í vaxandi mæli, að þessi öra aukning hefur að sínu leyti valdið nýjum vanda. Hún hefur skert möguleika til meiri einkaneyslu, sem komið hefur fram í hækkandi sköttum, hún hefur dregið úr fjármunamyndun í atvinnurekstri og þar með úr hagvexti og atvinnu. Við þetta bætist svo, að mönnum hefur einnig virst að þeim fjármunum, sem varið hefur verið til aukinnar opinberrar þjónustu og framkvæmda, hafi ekki alltaf verið vel varið, þjónustan hafi ekki sinnt þeim þörfum, sem til var ætlast, þrátt fyrir mikinn tilkostnað og framkvæmdirnar hafi ekki ætíð reynst arðbærar eða gagnlegar að öðru leyti. Þessi viðhorf eiga jafnt við hér á landi og annars staðar og hlýtur að verða að taka tillit til þeirra í auknum mæli. Stefnt hefur verið að því undanfarin þrjú ár að útgjöld ríkisins lækkuðu í hlutfalli við þjóðarframleiðslu og hefur nokkur árangur náðst í því efni.

Eitt veigamesta atriði til lækkunar á útgjöldum ríkisins er endurmat á þeirri þjónustu, sem ríkið veitir, og þeim framkvæmdum, sem það stendur fyrir. Slíkt endurmat getur hins vegar ekki átt sér stað fyrir tilstuðlan þeirra einna sem með fjármálastjórnina fara. Í því efni þarf samstöðu Alþingis, þeirra ráðuneyta, sem um einstaka málaflokka fjalla, og fjármálastjórnarinnar. Sú samstaða hlýtur aftur að byggjast á skilningi almennings á mikilvægi þess að breytt sé um stefnu. Sá skilningur mun áreiðanlega fara vaxandi hér á landi eins og reyndin hefur orðið annars staðar.

Í athugasemdum við fjárlagafrv. fyrir árið 1975 var lögð áhersla á þrjú meginatriði: Í fyrsta lagi að sporna við útþenslu ríkisbúskaparins miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu. Í öðru lagi að stilla opinberum framkvæmdum svo í hóf að ekki leiddi til óeðlilegrar samkeppni um vinnuafl, þó án þess að atvinnuöryggi væri hætta búin eða þessi viðleitni hamlaði gegn þjóðhagslega mikilvægum framkvæmdum. Í þriðja lagi að styrkja fjárhag ríkissjóðs og stuðla með því að efnahagslegu jafnvægi.

Ekki tókst á árinu 1975 að ná þeim árangri sem að var stefnt. Olli því m. a. meira andstreymi í ytri skilyrðum þjóðarbúsins en við hafði verið búist. Ríkissjóður var rekinn með miklum halla á árinu 1975 eins og árið 1974. Aftur á móti náðist verulegur árangur í átt til jafnvægis á öllum sviðum efnahagslífsins árið 1976 og hélt sú þróun áfram fram eftir þessu ári. Á síðasta ári voru tekjur umfram gjöld á ríkisreikningi 800 millj. kr., en á árinu 1975 var rekstrarhalli 7 500 millj. kr. og á árinu 1974 3 300 millj. kr.

Hlutur hins opinbera í sambandi við önnur svið efnahagsstarfsemi í landinu er oft mældur á þann veg að miða við ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu viðkomandi árs. Árið 1974 nam hlutfall þetta 29.6 prósentustigum, 1975 fór hlutfall þetta hækkandi og varð 31.4 prósentustig, en á árinu 1976 lækkaði þetta hlutfall um 3.8 stig og varð 27.6% af vergri þjóðarframleiðslu þess árs.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1977 var stefnt að því að auka ekki hlutdeild ríkisins í þjóðarframleiðslunni og treysta þannig þann árangur sem náðst hafði 1976 að draga úr ríkisumsvifum miðað við þjóðarframleiðslu. Hækkun þessa hlutfalls 1975 má að verulegu leyti rekja til hins erfiða árferðis á þessum árum, en einnig til þess, að útgjaldaaukning og framkvæmdir höfðu verið bundnar í lög eða ákveðnar með öðrum hætti á fyrri árum, þótt á skorti að tekjurnar hrykkju fyrir útgjöldum. Úr þessu varð óhjákvæmilega að bæta með fjáröflun, sem og var gert. Nú er útlit fyrir að hlutdeild ríkisins í þjóðarframleiðslu minnki nokkuð á árinu 1977 frá því sem var á síðasta ári. Samkvæmt þessu frv. má ætla að heildarútgjöld ríkisins verði 27—28% af þjóðarframleiðslu á árinu 1978 eða svipað hlutfall og í ár. Þannig hefur tekist á síðustu tveimur árum að draga úr ríkisútgjöldum á mælikvarða þjóðarframleiðslu, og er stefnt að því að þau aukist ekki á ný á næsta ári.

Þetta er í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstj. eins og henni hefur verið lýst í stefnuræðu forsrh., en þar voru sett fram höfuðmarkmið efnahagsstefnunnar í fimm liðum:

1) að stuðla að vexti þjóðarframleiðslu;
2) að aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna almennings verði í samræmi við áætlaða aukningu þjóðartekna árið 1978;
3) að komast sem næst jöfnuði í viðskiptum við útlönd og takmarka þannig erlendar lántökur sem mest við afborganir eldri lána og þörf bættrar gjaldeyrisstöðu;
4) að afstýra atvinnuleysi og umframeftirspurn eftir vinnuafli svo að jafnvægi ríki á vinnumarkaðnum;
5) að hamla gegn óeðlilega örum víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds, þannig að draga megi úr verðbólgunni á næstu árum og sé það markmið látið sitja í fyrirrúmi.

Þetta frv. er liður í þeirri viðleitni að komast sem næst þessum markmiðum á næsta ári og markar þá fjármálastefnu sem fylgja verður í því skyni. Eins og fram kom í upphafi máls mins eru nú ýmsar blikur á lofti í íslenskum efnahagsmálum. Hætta er á aukinni verðbólgu sem veikir samkeppnisaðstöðu íslenskra atvinnuvega og veldur margvíslegum efnahagsvanda. Við þessum hættumerkjum verður að bregðast á réttan hátt, með því m. a. að beita fjármálum ríkisins á næsta ári í samræmi við þau. Fjárlaga-

frv. endurspeglar þetta viðhorf. Kappkosta verður að treysta þann jöfnuð í ríkisfjármálum sem náðst hefur á s. l. tveimur árum, jafnframt því sem haldið er aftur af vexti þjóðarútgjalda, bæði með beinum samdrætti í opinberum umsvifum og eins með því að beita sköttum á árinu 1978 þannig að vexti einkaneyslu verði í hóf stillt. Þó er í frv. reiknað með að vöxtur einkaneyslu verði 5—6% í kjölfar 8% aukningar á þessu ári. Þessi áætlun gæti þó breyst þegar línur skýrast í þjóðhagshorfum næsta árs. Markmið frv. er að koma í veg fyrir vaxandi viðskiptahalla og jafnframt að halda svo aftur af innlendri eftirspurn að dregið geti úr verðbólgu. Þrátt fyrir samdrátt í opinberum framkvæmdum í heild um meira en 5% á næsta ári er að því stefnt með þessu frv. að skapa fjárhagslegt svigrúm fyrir aukningu vegaframkvæmda á næsta ári. Nú er svo komið að lokið er stórum áföngum í orkumálum og því gefst færi á að auka vegaframkvæmdir, en þó því aðeins að fjárhagur vegagerðarinnar sé efldur. Með frv. er gert ráð fyrir 15 kr. hækkun bensíngjalds og hliðstæðri hækkun þungaskatts í þessu skyni.

Við ákvarðanir um útgjöld ríkisins á næsta ári hefur þess verið freistað að umsvif í opinberri starfsemi verði minni miðað við þjóðarframleiðsluna en á þessu ári. Þannig eru útgjöld til samneyslu rétt um 1½% meiri en í ár, eða sem svarar fólksfjölgun. Eins og fyrr greindi verður samdráttur í opinberum framkvæmdum nærri 5%. Þessi minnkun kemur þó einkum fram í minni lántökum til framkvæmda, fremur en á sjálfri útgjaldahlið fjárlaga, vegna mikilvægis vegaframkvæmdanna sem munu aukast.

Í tekjuáætlun frv. eru magnbreytingar helstu stofna óbeinna skatta miðaðar við 4% aukningu þjóðarútgjalda á næsta ári, eða svipað og búast má við um aukningu þjóðarframleiðslu og þjóðartekna. Í frv. er reiknað með tollalækkun í ársbyrjun 1978 samkvæmt gildandi tollskrá, og skerðir það árstekjur ríkissjóðs um 1600—1800 millj. kr. Þá er reiknað með áframhaldandi innheimtu sjúkragjalds svo og 18% sérstaks vörugjalds. Eignarskattsstiga verði breytt til samræmis við breytta fasteignamatsvísitölu. Í frv. er gert ráð fyrir að láta skattvísitölu við tekjuskattsálagningu á næsta ári taka mið af verðlagsþróun jafnhliða tekjuhækkun. Sú ráðstöfun er nauðsynleg við ríkjandi aðstæður þegar tekjur hækka umfram verðlag og þörf er á að beita ríkisfjármálum gegn vaxandi þunga eftirspurnar. Að öðru leyti er tekjuáætlun reist á gildandi lögum.

Launaáætlun frv. er miðuð við samning ríkisins og BSRB, sem rann út 1. júlí s. l., og samning við BHM, sem rann út 1. nóv. s. l. Þar að auki voru launabreytingar áætlaðar í hátt við samninga ASÍ að því er varðar áfangahækkanir, og reiknað er með verðbótum á laun 1. sept. s. l., en ekki frekari verðbótum. Í verðlagsforsendum er í aðalatriðum miðað við verðlag í okt. s. l. Að auki er reiknað með verðbreytingum næsta ár sem telja má að fylgt gætu grunnkauphækkunum samkvæmt kjarasamningum ASÍ og vinnuveitenda frá júní s. l. Fyrir afgreiðslu fjárlaga þarf að endurmeta nákvæmlega launa- og verðlagsforsemdur frv., bæði með tilliti til kjarasamninga opinberra starfsmanna og verðlagshorfa. Á þetta við bæði gjaldahlið og tekjuhlið frv.

Ljóst er að útgjaldaauki ríkissjóðs vegna samninganna við ríkisstarfsmenn verður um 1500 millj. kr. árið 1977 umfram þá útgjaldahækkun sem fram kemur í aths. við frv., þ. e. að útgjöldin kynnu að verða 97.5 milljarðar kr. í stað 96 milljarða kr. Tekjuáætlunin kann einnig að breytast að nokkru, en ljóst er að hér er um verulegan fjárhagsvanda að ræða. Sé litið til næsta árs virðist óhjákvæmilegt að reikna með að nýir kjarasamningar við ríkisstarfsmenn feli í sér 3500—4000 millj. kr. útgjöld á næsta ári umfram áætlun frv. eins og það liggur fyrir, að óbreyttum verðlagsforsendum að öðru leyti. Jafnframt þarf endurskoðun að fara fram vegna verðbóta bæði 1. des. n. k. og á árinu 1978, eins og fram kemur í aths. við frv. Ljóst er að draga þarf úr ríkisútgjöldum vegna launasamninga á þessu ári eða afla ríkissjóði viðbótartekna. Á þessu stigi liggja ekki fyrir ákveðnar tillögur í þessu efni, en að þeim er unnið og munu lagðar fram síðar.

Áður en ég vík að tekju- og gjaldahlið frv. mun ég gera grein fyrir afkomu ríkissjóðs 1976 og þróun ríkisfjármála 1977.

Í mars s. l. var lögð fram á Alþingi í fyrsta sinn skýrsla fjmrh. um afkomu ríkissjóðs 1976 samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds. Þá var og A-hluti ríkisreiknings 1976 afhentur þingmönnum fyrir þinglausnir á s. l. vori.

Sú hefð hefur ríkt um árabil, að aðalgreinargerð fjmrh. til Alþingis um fjárhagslega afkomu ríkissjóðs á liðnu ári sé flutt með fjárlagaræðu í upphafi þings. Þar sem nú er kleift að afhenda þingmönnum A-hluta ríkisreiknings að vori og gera grein fyrir afkomu ríkissjóðs þá, og það hefur þegar verið gert fyrir árið 1976, tel ég tímabært að breyta frá þessari venju. Fjalla ég að þessu sinni ekki sérstaklega um afkomu ríkissjóðs á því ári. Ég vil þó drepa á tvö atriði.

Hið fyrra er hinn hagstæði rekstrarjöfnuður, að fjárhæð 816 millj. kr., sem náðist á árinu 1976, en frá og með árinu 1968 hefur rekstrarjöfnuður ríkissjóðs aðeins tvisvar áður orðið hagstæður, þ. e. árin 1970 og 1972.

Síðara atriðið er staða ríkissjóðs við Seðlabankann, bankakerfið svo og ýmsa viðskiptamenn. Staðan við Seðlabankann versnaði um 896 millj. kr. á árinu 1976. Breyting stöðunnar við innlánsstofnanir og sjóðbreyting var hins vegar hagstæð um 378 millj. kr. Þessir tveir liðir sýna því breytingu til hins verra við bankakerfið í heild um 518 millj. kr. og að auki gengishækkun lána við Seðlabankann um 699 millj. kr., eða samtals 1217 millj. kr. Lausafjárstaðan við aðra en Seðlabankann batnaði hins vegar mjög verulega, eða um 3117 millj. kr., og við aðra en bankakerfið í heild um 2739 millj. kr., þar af við ýmsa viðskiptamenn um nær 1600 millj. kr.

Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann í árslok 1976 nam 11 582 millj. kr. Eitt brýnasta viðfangsefnið á sviði ríkisfjármála er að lækka þessa skuld.

B-hluti ríkisreiknings fyrir árið 1976 hefur nú verið lagður á borð hv. þm. Fyrir þinglok vænti ég þess að geta lagt fram A- og B-hluta ríkis-

reikningsins með athugasemdum yfirskoðunarmanna, svörum og tillögum þeirra ásamt frv. til samþykktar á honum svo og frv. til fjáraukalaga.

Á liðnum árum hafa B-hluta ríkisreiknings verið lítil sem engin skil gerð í umræðu um ríkisfjármálin. A-hluti ríkisreiknings nær, sem kunnugt er, yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar með sundurliðun á reikningum almannatryggingakerfisins. Bankar og ýmsar lánastofnanir ríkisins falla ekki undir ríkisreikning samkvæmt lögum.

Í B-hluta ríkisreiknings hefur allt frá árinu 1968 í samandregnu og samræmdu formi verið gerð grein fyrir reikningum um 115 ríkisaðila hvers fyrir sig ásamt samandregnu yfirliti um efnahag þeirra svo og gjöld og tekjur. Hins vegar er nú í fyrsta skipti sýnt heildaryfirlit þar sem allir meginþættirnir eru dregnir fram með hliðstæðum hætti og gert er í A-hluta ríkisreiknings. Ég leyfi mér að vísa til þess án þess að gera hér grein fyrir þeim tölum.

Annað veigamikið nýmæli í B-hluta ríkisreiknings er í kaflanum um „sérstök yfirlit". Þar eru nú í fyrsta skipti yfirlit um tekin og veitt lán ríkisins samkvæmt A- og B-hluta ríkisreiknings. Aðalyfirlitið nær yfir árin 1971—1976. Í því koma fram bæði tekin og veitt lán ásamt frádráttarliðum vegna lána innbyrðis hjá þeim ríkisaðilum sem ríkisreikningurinn nær til. Yfirlitið á því að sýna stöðu veittra lána til annarra en ríkisins samkvæmt skilgreiningu ríkisreiknings svo og stöðu tekinna lána hjá öðrum. Jafnframt koma fram tekin lán umfram veitt. Sú fjárhæð sýnir í raun og veru verðgildi þess lánsfjár nettó sem í A- og B-hluta hefur verið notað til eigin þarfa, þá fyrst og fremst fjárfestingar. Þessi fjárhæð nam 41.9 milljarði kr. í árslok 1976 og hafði hækkað um 16.4 milljarða kr. á árinu að meðtalinni gengishækkun. Án hennar nam skuldaaukningin á árinu í A- og B-hluta 10.4 milljörðum króna. Sú fjárhæð er fyrst og fremst mismunur vegna nýrra lána orkuveitna, Landsvirkjunar, Kröfluvirkjunar, línulagna og Rafmagnsveitna ríkisins og lánveitinga Byggingarsjóðs ríkisins, Byggðasjóðs, Lánasjóðs íslenskra námsmanna o. fl. aðila í B-hluta auk breytingar yfirdráttarskuldar ríkissjóðs í Seðlabankanum í árslok 1975 í umsamin lán.

Skuldir ríkisins í A- og B-hluta við erlenda aðila í árslok 1976 eru samkvæmt yfirliti taldar 51.2 milljarðar kr.

Gerð verður nánari grein fyrir lánamálum ríkisins þegar skýrsla ríkisstj. um lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 verður lögð fram á Alþingi síðar í þessum mánuði.

Hitt atriðið, sem ég vil að lokum fjalla um í þessum kafla ræðu minnar, er endurmatsskráning eigna ríkisins. Í lögunum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga frá árinu 1966 er kveðið svo á í 59. gr., að auk árlegs endurmats efnislegra fjármuna skuli a. m. k. tíunda hvert ár framkvæmt sérstakt ítarlegra endurmat er sé miðað við áætlað endurnýjunarvirði að frádregnum afskriftum. Á vegum eignadeildar fjmrn. mun á næstu tveimur árum fara fram ítarlegt endurmat á eignum ríkisins og jafnframt því verða unnin fullkomin skrá yfir allar eignir ríkisins, bæði efnislega muni og réttindi. Skráin mun ná til allra fasteigna ríkisins og að auki til tækja, véla, áhalda og alls húsbúnaðar. Skráin mun ná til allra ríkisaðila, bæði í A- og B-hluta, og stefnt er að því að ljúka verkefni þessu og birta skrána eigi síðar en 1980 með ríkisreikningnum fyrir árið 1979.

Áður en ég vík frá umræðu um ríkisreikninginn vil ég enn einu sinni benda á hið ótvíræða gildi þess að hafa ávallt nýjar, haldgóðar upplýsingar um ríkisfjármálin, bæði innan hvers árs og fyrir árið í heild. Ég tel að verulegur árangur hafi náðst á þessu sviði varðandi ríkissjóð svo og ríkisstofnanir sem gerð er grein fyrir í A-hluta ríkisreiknings. Í þessari jákvæðu þróun hefur tvímælalaust skipt verulegu máli sú nýskipan sem upp var tekin í ársbyrjun 1976 í bókun, endurskoðun og greiðslum, ásamt gerð skammtíma greiðsluáætlana. Ein forsenda slíkra vinnubragða er tölvuvinnsla gagna sem veitir möguleika á margþættum yfirlitum úr vinnslunni. Sýnishorn af slíkum yfirlitum fylgdi í fyrsta skipti með A-hluta ríkisreikningsins 1976 sem þm. fengu s. l. vor.

Enda þótt nokkuð vel megi við una varðandi upplýsingagjöf flestra stofnana í A-hluta ríkisreiknings verður ekki hið sama sagt um ýmsa ríkisaðila er falla undir B-hluta. Dráttur á frágangi ársreikninga hefur valdið verulegum töfum við gerð B-hluta ríkisreiknings, þannig að torvelt mun reynast að skila þeim hluta að vori með A-hluta ríkisreikningsins. Að því verður þó unnið kappsamlega að koma þessu í betra horf.

Þá hefur verið ákveðið að frá og með næstu áramótum verði þeim stofnunum og ríkisfyrirtækjum, bæði í A- og B-hluta, sem hafa eigin fjárvörslu, gert skylt að senda ríkisbókhaldinu mánaðarlega yfirlit um tegundaskiptingu gjalda og tekna sinna. Með þessu eru enn frekar sköpuð skilyrði fyrir yfirstjórn ríkisfjármála til að sinna því stjórnunar- og eftirlitshlutverki sem henni er ætlað varðandi útgjöld ríkisins í heild.

Í fjárlögum ársins 1977 var tekin upp sú nýbreytni í fjárlagaáætlun að gera ráð fyrir verulegri fjárhæð til að mæta hækkunum á árinu, bæði verðbótum á laun og auknum rekstrarkostnaði, og var tekjuáætlun einnig byggð á þessum launa- og verðlagsforsendum. Þannig var á sérstökum lið hjá fjmrn. tekin upp rösklega 2 milljarða kr. fjárveiting í þessu skyni. Það er fyrir alllöngu orðið ljóst, að kostnaðarhækkanir hafa þegar farið fram úr þessari fjárhæð. Þar við bætast svo áhrif þeirra kjarasamninga milli ríkisins og starfsmanna þess sem nýgerðir eru og leiða munu til verulegra umframgjalda á þessu ári, bæði á launaliðnum sjálfum og einnig á öðrum liðum svo sem framlögum til sjúkratrygginga. Að vísu munu þessi áhrif einnig verða til hækkunar á tekjuhlið, en tiltölulega minna í ár sökum eðlilegra tafa í innheimtu. Þessi nýjung, að áætla fyrir verðhækkunum á fjárlagaárinu, veldur því með öðru að gjöld og tekjur munu sennilega fara tiltölulega minna fram úr fjárlagaáætlun 1977 en verið hefur um alllangt árabil.

Á grundvelli upplýsinga úr ríkisbókhaldi fyrir fyrstu níu mánuði ársins og mats á áhrifum sérstakra ákvarðana, sem teknar hafa verið frá

gerð síðustu fjárlaga, hefur verið gerð áætlun um gjöld, tekjur og afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Áætlun þessi er sýnd í aths. við frv. Að því er gjaldaáætlun varðar þykir nú líklegt að heildargjöld verði 95.9 milljarðar kr., tekjur eru áætlaðar 96.5 milljarðar kr. og halli á lánahreyfingum 0.6 milljarðar kr. Þessar áætlanir benda til þess að tæpur jöfnuður náist í fjármálum ríkisins á árinu. Í þessum áætlunum er gert ráð fyrir afborgunum lána til Seðlabankans að fjárhæð 2.2 milljörðum kr. Þessar áætlanir taka þó ekki mið af áhrifum þeirra kjarasamninga sem nú er nýlokið, enda hefur ekki gefist tækifæri til þess að áætla nákvæmlega hvaða breytingar á gjaldaliðum og tekjuliðum kann að leiða af þeim í einstökum atriðum. Án sérstakra aðgerða til mótvægis mun afkoma þess vegna versna, eins og ég hef þegar drepið á.

Mun ég nú gera grein fyrir í stórum dráttum þróun gjalda og tekna frá því að fjárlög ársins 1977 voru afgreidd í desember s. l., með þeim fyrirvara, að áhrif kjarasamninganna eru ekki metin í einstökum atriðum á þessu stigi málsins, eins og ég gat um áður.

Svo sem jafnan á sér stað á verðbólgutímum eru það fyrst og fremst laun og framlög til almannatrygginga sem hækka sökum sjálfkrafa tengingar þessara gjaldaliða við verðlagsvísitölu. Þannig er þessu einnig farið á yfirstandandi ári. Séu laun metin á grundvelli kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði í júní s. l. hafa laun í heild verið áætluð um 3500—3600 millj. kr. hærri en í fjárlögum. Þá er líklegt að framlög til almannatrygginga, þ. e. lífeyris- og sjúkratrygginga, verði um 700 millj. kr. yfir fjárlagaáætlun. Dregur það mjög úr þessari fjárhæð að ríflega hafði verið áætlað fyrir útgjöldum lífeyristrygginga, einkum vegna tekjutryggingar, í fjárlögum ársins. Niðurgreiðslur á vöruverði innanlands voru auknar á árinu sem liður í lausn kjaradeilunnar á hinum almenna vinnumarkaði, og eru þær af þeim sökum áætlaðar 700—750 millj. kr. umfram fjárlagaáætlun. Útflutningsuppbætur voru sem kunnugt er áætlaðar um 80% af verðábyrgð ríkissjóðs. Var raunar vitað við samþykkt fjárlaga að ólíklegt væri að þessi forsenda héldi án sérstakra aðgerða. Líklegt má telja að verðábyrgðin verði fullnýtt á árinu og leiðir það til 450 millj. kr. umframgjalda. Áætlun í fjárlögum 1977 um framlög til Lánasjóðs íslenskra námsmanna byggðist annars vegar á beinu ríkissjóðsframlagi og hins vegar á lántökuheimild.

Veittar hafa verið umframfjárveitingar vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna að fjárhæð 340 millj. kr. og til greiðslu vegna uppgjörs skólakostnaðar frá fyrri tíð, þar með talinn akstur skólabarna, að fjárhæð 350 millj. kr. Heimild er fyrir lántöku vegna þessara útgjalda, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort þessar lántökuheimildir verða nýttar. Afgangur áætlaðra umframgreiðslna, 660 millj. kr., er vegna ýmissa gjaldaliða, þ. á m. markaðra tekjustofna til samræmis við hækkaða tekjuáætlun.

Heildartekjur ríkissjóðs 1977 eru nú taldar verða um 96.5 milljarðar kr. Gjöld af innflutningi og söluskattur valda mestu um hækkunina frá fjárlögum, en tekjuskattur einstaklinga og rekstrarhagnaður ÁTVR verður minni en reiknað var með í fjárlögum. Athuga þarf að sjúkratryggingagjald er hér ekki með talið fremur en gert var í fjárlögum. Í aths. við frv. er sett fram tekjuáætlun 1977 sem hér segir:

Eignarskattar verða sennilega nokkru meiri en í fjárlögum eða um 1340 millj. kr. samanborið við 1270 millj. kr. á fjárlögum.

Tekjuskattur einstaklinga verður að líkindum um 7000 millj. kr. eða um 1200 millj. kr. minni en áætlað var við samþykkt fjárlaga. Tekjuskattur einstaklinga var lækkaður verulega í tengslum við gerð kjarasamninga, eða sennilega um nær 2 milljarða kr., en á móti vegur að tekjuaukningin frá 1975 til 1976 var vanmetin í fjárlagaforsendum.

Tekjuskattur félaga er samkvæmt álagningartölum talinn verða um 300—350 millj. kr. umfram fjárlög og nema 2400 millj. kr.

Gjöld af innflutningi hafa reynst mun meiri í ár en gert var ráð fyrir um áramót. Með tilliti til þess og með hliðsjón af innflutningsspám fyrir árið allt er gert ráð fyrir að heildarinnflutningsgjöld verði 3000 millj. kr. meiri en reiknað var með í fjárlögum og nemi alls 21 600 millj. kr. Tollhlutfall almenns innflutnings hefur verið nokkru lægra í ár en í fyrra vegna tollalækkana um s. l. áramót, en áhrif tollalækkananna hafa þó að verulegu leyti verið vegin upp af miklum innflutningi hátollavöru, einkum bíla. Bensíngjald er nú áætlað óbreytt frá fjárlagatölum. Innheimta þess var rýr fyrstu mánuði ársins, en hefur nú aukist nokkuð, þannig að horfur eru á að það nái fjárlagatölunni. Bensíngjaldið hefur í ár hækkað minna en reiknað var með í fjárlagaáætlun, en hins vegar hefur bensínsala verið mjög mikil. Innflutningsgjald af bílum er nú talið fara 500 millj. kr. fram úr fjárlagatölum.

Sérstakt vörugjald er nú talið verða 6100 millj. kr. eða 600 millj. kr. umfram fjárlög vegna mun meiri innflutnings en reiknað var með við samþykkt fjárlaga.

Söluskattur reynist að líkindum rúmir 35 milljarðar eða 3500 millj. kr. meiri en reiknað var með s. l. áramót. Að venju ræður innheimta síðustu mánaða ársins miklu um heildarútkomuna. Á s. l. ári reyndist verslun í nóvembermánuði óvenjulítil og var þeim mun meira verslað í desember. Fyrir ríkissjóð fólst í þessu fremur ódrjúg innheimta í desember, en óvenjudrjúg í janúar.

Launaskattur er talinn verða 5050 millj. kr. eða 450 millj. kr. umfram fjárlagatölur. Má þá hafa í huga að áhrifa launahækkana í júní gætir einvörðungu í innheimtu á síðasta fjórðungi ársins.

Rekstrarhagnaður ÁTVR hefur reynst mun minni en fjárlög gerðu ráð fyrir. Hér kemur einkum til að tóbakssala hefur dregist saman. Er nú gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður ÁTVR nemi 8 milljörðum kr. og verði því 600 millj. kr. minni en reiknað var með í fjárlögum.

Aðrir óbeinir skattar og ýmsar tekjur munu eftir innheimtunni á árinu að dæma verða nokk-

uð umfram fjárlög, en arðgreiðslur úr B-hluta eru óbreyttar frá fjárlögum. Í heild gætu þessar tekjur numið 5900 millj. kr. samanborið við 5500 millj. kr. á fjárlögum.

Ég mun nú víkja nokkru nánar að útgjalda- og tekjuáætlunum fjárlagafrv. fyrir árið 1978. Að því er varðar skýringar á breytingum fjárveitinga til helstu málefnaflokka og einstakra fjárlagaliða vísast til athugasemda með frumvarpinu.

Í heild nemur launakostnaður 31 885 millj. kr. sem er 9796 millj. kr. hækkun frá fjárlögum 1977, eða 44.3%. Er hér um að ræða 26% af heildarútgjöldum frv. Þessi áætlunartala er byggð á þeirri forsendu, að samningar, sem gerðir voru af aðilum vinnumarkaðarins s. l. vor, yrðu fyrirmynd samninga við ríkið, eftir því sem við gæti átt, og voru áfangahækkanir samkvæmt þeim samningum á árinu 1978 teknar með. Einnig var gert ráð fyrir 5% verðlagsuppbót í sept. s. l., en hún reyndist um 1 prósentustigi lægri sem kunnugt er. Í samræmi við venju var ekki talin ástæða til að áætla hugsanlegar verðbætur á laun frá 1. des. 1977. Á sama hátt var ekki reynt að taka mið af hugsanlegri útkomu úr samningaviðræðum ríkisins og opinberra starfsmanna frekar en fram er komið. Nú er hins vegar ljóst að þeir samningar leiða til mun meiri útgjaldaauka fyrir ríkissjóð en áætlunarforsendur fjárlagafrv. gerðu ráð fyrir. Nánar verður gerð grein fyrir endurskoðun launaliðar vegna nýrra kjarasamninga fyrir 3. umr.

Önnur rekstrargjöld eru áætluð 9523 millj. kr. og er það 18.7% hærri tala en í fjárlögum 1977. Þar sem sú fjárlagatala fól í sér áætlun um verðhækkanir árið 1977 er beinn samanburður ekki alls kostar eðlilegur, en sé áætlunarfjárhæðin 1977 lækkuð sem nemur kostnaði vegna áætlaðra verðhækkana verður hækkun annarra rekstrargjalda 27.3%. Þessi tala er sambærileg við þá verðlagshækkun sem orðið hefur frá gerð fjárlaga, þ. e. 27.5%, og er því nánast um að ræða sama magn rekstrargjalda á þessum tveimur árum.

Útgjöld vegna viðhalds eru áætluð 4034 millj. kr. og er það 68.7% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Þetta er mun meiri aukning en verðlagshækkun nemur og skýrist af því átaki sem fyrirhugað er í vegamálum á næsta ári. Þannig hækkar vegaviðhaldið um 96.1% og verður alls 3000 millj. kr. Annað viðhald í ríkisrekstrinum hækkar því mun minna eða um 20.5%. Er það allverulega undir hækkun verðlags, sem á við þann útgjaldalið, en sú hækkun er um 33% frá síðustu fjárlagagerð.

Vaxtagreiðslur af almennum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar samtals 3312 millj. kr. Er það 45.6% hærri fjárhæð en í fjárlögum yfirstandandi árs. Þessi aukning, sem nemur 1037 millj. kr., á í fyrsta lagi rætur að rekja til vaxta og vísitölubóta af lánum teknum 1977, 684 millj. kr., í öðru lagi til hækkana vísitölubóta af eldri spariskírteinalánum, 161 millj. kr., og í þriðja lagi til nettóhækkunar vaxta af öðrum lánum, 192 millj., vegna gengisákvæða.

Framlög til almannatrygginga hækka um 8414 millj. kr. eða 38.8%. Verða framlög þessi í heild 30 106 millj. kr. eða fjórðungur allra ríkisútgjalda. Sem kunnugt er ræður það mestu um aukningu framlaga til þessa málaflokks, að þau eru beint og óbeint tengd kauptöxtum og að því leyti sjálfvirk. Hefði aukningin af þessum sökum orðið enn meiri frá tölu fjárlaga 1977 ef ekki hefðu eins og áður sagði, komið til rúm framlög til lífeyristrygginga á yfirstandandi ári, en ekki er komið í ljós hversu mikilli fjárhæð þetta kann að nema. Auk þess er tekinn inn nýr bótaflokkur, heimilisuppbót, sem lögfestur var fyrr á þessu ári í sambandi við lausn kjaradeilu aðila hins almenna vinnumarkaðar, og til hans ætlaðar 450 millj. kr. Loks skal þess getið í sambandi við sjúkratryggingar, að nú er talinn með framlögum ríkissjóðs sá hluti kostnaðar er uppi var borinn með sjúkratryggingagjaldi og áætlaður er 1900 millj. kr. á næsta ári. Þessi hluti kostnaðarins var ekki talinn með ríkisframlagi í fjárlögum 1977. Á sambærilegum grundvelli nemur aukning ríkisframlags því 30% í stað áðurnefndra 38.8%. Í áætlun um framlag til sjúkratrygginga er á þessu stigi ekki gert ráð fyrir breytingu á greiðslu til kaupenda lyfja og sérfræðiþjónustu, en fyrir afgreiðslu fjárlaganna þarf að taka ákvarðanir í þessu efni.

Niðurgreiðslur á vöruverði innanlands eru áætlaðar 6531 millj. kr. og er það 28% hækkun frá fjárlögum 1977. Helsta orsök þessarar hækkunar er sú ákvörðun, sem tekin var í sambandi við lausn kjaradeilunnar í júní, að auka niðurgreiðslur allverulega frá fyrra stigi. Í framangreindri fjárhæð er með talið 345 millj. kr. framlag í Lífeyrissjóð bænda.

Útflutningsuppbætur eru áætlaðar 2963 millj. kr. á næsta ári og er það 64.6% hækkun frá fjárlagatölu í ár. Eins og þegar er getið miðaðist fjárlagaáætlun yfirstandandi árs við að verðábyrgð ríkissjóðs yrði nýtt að fjórum fimmtu hlutum. Nú er ljóst að nýtingin á yfirstandandi ári verður mun meiri en þar var gert ráð fyrir, og er fjárlagaáætlun 1978 byggð á fullnýtingu verðábyrgðarinnar. Þetta skýrir hluta hækkunarinnar. Að öðru leyti er skýringin fólgin í aukningu landbúnaðarframleiðslu, eins og hún er metin af Hagstofu Íslands, en sem kunnugt er miðast verðábyrgð ríkissjóðs við 10% af verðmæti áætlaðrar landbúnaðarframleiðslu að gildandi lögum óbreyttum. Ríkisstj. mun beita sér fyrir ráðstöfunum til að draga úr offramleiðslu landbúnaðarafurða, m. a. með endurskoðun útflutningsuppbóta. Skilningur á þessu vandamáli kom fram á fundi Stéttarsambands bænda nú í haust.

Aðrir rekstrarliðir og rekstrartilfærslur eru áætluð samtals 9504 millj. kr. eða 43.4% hærri en í fjárlögum 1977. Hér er m. a. um að ræða tilfærslur til stofnana í B-hluta fjárlaga þar sem launakostnaður er hungur á metunum, svo sem flugmálastjórn, Þjóðleikhús o. fl.

Framkvæmdaframlög eru í heild áætluð 28 milljarðar kr., en það er 34.5% hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Er það rétt rúmlega hækkun byggingarkostnaðar sem er 33% frá síðustu fjárlagagerð. Af helstu flokkum þessara framlaga hækka verklegar framkvæmdir um 35.5%. Í því felst nokkur magnaukning þeirra fram-

kvæmda sem fjármagnaðar eru um A-hluta fjárlaga, en opinberar framkvæmdir í heild munu lækka, eins og áður sagði, um 5% að magni. Verður nánari grein gerð fyrir því í lánsfjáráætlun ríkisstj. Það, sem veldur framangreindri magnaukningu, eru framlög til vegagerðar. Þar verður um að ræða, eins og áður sagði, allverulega aukningu frá áætlaðri útkomu í ár vegna þess sérstaka átaks sem fyrirhugað er í vegamálum á næsta ári og áður getur. Fjárfestingarstyrkir eru áætlaðir samtals 955 millj. kr., eða 55% hærri en í fjárlögum, og skýrist þessi mikla hækkun að öllu leyti af auknum styrkjum til vega í kaupstöðum og kauptúnum. Loks eru framlög til fjárfestingarsjóða og launagreiðslna áætluð 11 672 millj. kr. sem er 31.8% aukning frá fjárlögum 1977. Mikilvægustu hækkunarliðirnir þar eru framlög til stærstu fjárfestingarsjóðanna sem að mestu eru lögbundin og verðtryggð, þ. e. til Byggðasjóðs, Fiskveiðasjóðs, Byggingarsjóðs ríkisins og Iðnlánasjóðs, eins og nánar er skýrt í aths.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1978 er að venju reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári og hins vegar á ákveðnum fjárlagaforsendum fyrir árið 1977, einkum þeirri að almenn þjóðarútgjöld aukist um 4% 1978, eða um líkt hlutfall og þjóðarframleiðslan. Verðlagsforsendur tekjuáætunarinnar eru hinar sömu og útgjaldaáætlunarinnar.

Innheimtar tekjur eru áætlaðar samtals 124.8 milljarðar kr., samanborið við 96.5 milljarða kr. í endurskoðaðri tekjuáætlun 1977 og 90 milljaðar kr. í fjárlögum líðandi árs. Samkvæmt þessu aukast tekjur um 28.3 milljarða kr. eða 29% frá áætlaðri niðurstöðu 1977, en frá fjárlögum nemur aukningin 34.9 milljörðum kr. eða 39%. Við þennan samanburð verður að taka tillit til þess að sjúkratrygggingagjald er nú fært í fjárlagafrv., en hefur ekki verið fært með ríkissjóðstekjum til þessa. Tekjur af sjúkratryggingagjaldi eru áætlaðar, eins og áður sagði, 1900 millj. kr. 1978, og sé sú fjárhæð dregin frá heildartekjum samkvæmt frv. verður tekjuaukningin milli áranna 1977 og 1978 26.4 milljarðar kr. eða 37%.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að álagning óbeinna skatta verði óbreytt frá því sem er á þessu ári, að öðru leyti en því, að tekið er tillit til tollalækkunar í ársbyrjun 1978 samkvæmt gildandi tollskrá. Er hér einkum um að ræða lækkun tolla samkvæmt fríverslunarsamningum okkar og lækkun tolla á hráefnum, vélum og fjárfestingarvörum til samkeppnisiðnaðar. Tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum er talið nema 1600—1800 millj. kr. á árinu 1978. Eins og fyrr segir er í áætlun um bensíngjald og bifreiðaskatt enn fremur gert ráð fyrir 15 kr. hækkun bensíngjalds. Er þá ekki reiknað með frekari hækkun sem áhrif hafa á þessa stofna 1978.

Áætlanir um tekjur af beinum sköttum eru reistar á gildandi lögum. Í áætlun um eignarskatt er reiknað með breytingu fasteignamats samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna frá 1976. Niðurstöður um hækkun mats lágu ekki fyrir þegar áætlunin var gerð. Jafnframt er reiknað með að skattstiga verði breytt nokkuð með hliðsjón af hækkun matsins. Áætlun um tekjuskatt er reist á óbreyttum lögum, en gert ráð fyrir að skattvísitala hækki svipað og verðlag, þ. e. að skattvísitala við álagningu tekjuskatts 1978 verði sett 31% hærri en 1977. Svarar það til hækkunar verðlags milli áranna 1976 og 1977. Þar með verður álagning tekjuskatts 1978 óneitanlega heldur þyngri en í ár vegna hækkandi tekna. Laun hækka meira en verðlag og eftirspurn fer vaxandi og er því nauðsynlegt að beinum sköttum verði beitt til að draga úr þenslunni.

Um einstaka þætti í tekjuhlið frv. leyfi ég mér að vísa til grg. með frv.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var 12.5% 1976, en verður 14.5% samkvæmt frv. að sjúkratryggingagjaldinu meðtöldu. Að því frátöldu hækkar hlutfallið engu að síður í 13% vegna hækkunar markaðra tekna til vegagerðar. Hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkissjóðs verður um 14% 1977 í stað 16% í fjárlögum ársins, og stafar þessi lækkun hlutfallsins af lækkun tekjuskatts einstaklinga á miðju ári. Á árinu 1978 verður hlutdeild beinna skatta samkvæmt frv. talsvert meiri, eða tæplega 18%, einkum vegna þess að sjúkratryggingagjaldið er nú fært í fjárlögum í fyrsta sinn. Hlutdeild óbeinna skatta verður um 81% og hlutdeild annarra tekna verður rúmlega 1%.

Eins og venja hefur verið undanfarin ár fylgir frv. þessu yfirlit yfir ríkisframkvæmdir, bæði skv. A- og B-hluta fjárlagafrv., sem ráðgert er að kosta með lánsfé, og yfir ráðgerða fjáröflun til þessara þarfa. Í yfirlitinu koma fram lántökur að fjárhæð 10.7 milljarðar kr. til opinberra framkvæmda á vegum ríkisins árið 1978. Með fjárlögum 1977 fylgdu sambærileg lántökuáform að fjárhæð 10 milljarðar kr. Lántökurnar árið 1977 verða að líkindum 10.7 milliarðar kr. í reynd, þ. e. nær sama fjárhæð og tillaga er gerð um fyrir næsta ár. Með tilliti til verðbreytinga er hér um að ræða mjög mikinn samdrátt í lántökum að raunverulegu verðgildi. Þessi framkvæmda- og lántökuáform eru fyrsti hluti lánsfjáráætlunar, sem unnið hefur verið að samhliða fjárlagafrv., og fjallar um alla lánastarfsemi í landinu á næsta ári. Lánsfjáráætlun ber að skoða sem hluta af víðtækri stefnumótun í fjármálum og efnahagsmálum sem fjárlagafrv. felur í sér. Lánsfjáráætlunin mun stefna að sama marki og fjárlagafrv., að treysta fjárhagslegan grundvöll fyrir þjóðhagslega nauðsynlegar framkvæmdir, jafnframt því sem aðhaldi sé beitt í því skyni að draga úr verðhækkunum og viðskiptahalla á næsta ári. Til þess að svo megi verða þarf samstilltar ákvarðanir. Lánsfjáráætlanir síðustu ára hafa reynst gagnlegt tæki til að nálgast þau meginmarkmið í efnahagsmálum sem stefnt hefur verið að. Er mikilvægt að áfram verði unnið að því að bæta gerð þeirra og framkvæmd.

Að undanförnu hefur verið unnið að öðrum þáttum lánsfjáráætlunar og mótun heildarmarkmiða fyrir lánsfjármarkaðinn, er séu í sem nánustu samræmi við stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og forsendur þjóðhagsspár. Hefur verið lögð rík áhersla á að hraða gerð lánsfjáráætlunar eftir föngum svo að hún geti verið til

yfirlits og athugunar sem nánast samhliða fjárlagafrv. Reynst hefur örðugt um vik að flýta áætluninni svo sem æskilegt væri. Lánastofnanir, sem að áætlunargerðinni standa, hafa að ýmsu leyti aðra starfsrás en þá sem fyrir löngu er viðtekin regla innan ríkiskerfisins sem sækir beint undir fjárlög, og við lánsfjáráætlun eru nýttar ýmsar forsendur og efniviður sprottinn af fjárlagafrv.

Framkvæmdastofnun ríkisins hefur fyrir nokkru afhent tillögur sínar til lánsfjáráætlunar um lánveitingar og fjármögnun Framkvæmdasjóðs og þeirra fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna sem undir hann sækja um lánsfé. Þá hefur Seðlabankinn nýlega gengið frá skýrslu sinni um lánsfjármögnun fjármunamyndunar og fjáröflun hennar á innlendum sem erlendum fjármagnsmarkaði. Á næstunni er svo að vænta hugmynda um þróun lána bankakerfisins á næsta ári. Veigamikill grundvallarþáttur þeirrar áætlunar eru skipti ríkissjóðs við Seðlabankann. Er sérstaklega brýnt, einkum við þau efnahagsskilyrði sem nú ríkja, að ríkissjóður hafi bolmagn til þess að lækka frekar en auka skuldir sínar við Seðlabankann á næsta ári.

Lánsfjáráætlun komandi árs mun enn sem fyrr hafa það að meginmarkmiði að sjá fyrir brýnum fjármagnsþörfum þeirra framkvæmda er horfa til framleiðsluauka og verðmætasköpunar, en innan þeirra heildarmarka að ekki hvetji til aukinnar verðbólgu. Sérstaklega verði haft fyrir augum að efla og nýta innlendan sparnað, en stilla erlendum lántökum í hóf. Hjá verulegum erlendum lántökum verður þó ekki komist, þar sem inna þarf af hendi miklar greiðslur af skuldum frá fyrri árum. Jafnframt gætu enn verið horfur á nokkrum viðskiptahalla enda þótt beitt sé sérstöku aðhaldi að fjárfestingu.

Aðhaldi að fjárfestingu er ekki síst beitt á vettvangi hins opinbera, svo sem fram kemur m. a. af áætlun um lánsfjármagnaðar framkvæmdir á vegum ríkisins sem munu nema svipaðri fjárhæð á næsta ári og í ár, eins og ég nefndi áðan. Það er einnig mikilsvert að innlend fjármögnun til ríkisframkvæmda mun aukast úr 3410 millj. kr. í 4486 millj. kr. eða um 31.6%, en erlenda fjármögnun er áformað að draga saman úr 6670 millj. kr. í 6180 millj. kr. eða um 7.8%.

Ég hef áður gert að umtalsefni að traust fjármálastjórn ríkisins byggist m. a. á því að hafa jafnan tiltækar upplýsingar um þróun tekna og gjalda, bæði í fjmrn. og ríkisfyrirtækjum. Í byrjun árs 1976 var, eins og áður sagði, tekin upp gerð mánaðarlegra áætlana um greiðsluþarfir ríkisstofnana innan fjárlagaársins, samhliða bókun og endurskoðun, með stöðugum samanburði við greiðslur úr ríkissjóði. Þessar greiðsluáætlanir hafa tvímælalaust átt verulegan þátt í því að sporna gegn aukingu ríkisútgjalda. Þessi vinnubrögð, ásamt skýrslum frá ríkisbókhaldi og mati fjárlaga- og hagsýslustofnunar á þróun ríkisfjármálanna, hafa leitt til virkari heildarstjórnar ríkisfjármálanna en áður og jafnframt gert yfirstjórninni kleift að grípa til ráðstafana í tæka tíð. Áður vildi við brenna að staðið væri gagnvart orðnum hlut í þessum efnum.

Jafnframt þessu vil ég benda á mikilvægi þess eftirlits og aðhalds sem ríkisendurskoðunin veitir með starfi sínu. Við 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 vék ég að því, að efla þyrfti eftirlit hjá þeim stofnunum ríkisins sem hafa eigin fjárvörslu. Hér er um að ræða viðamikið verkefni sem krefst rækilegs undirbúnings. Á þessu ári hefur verið unnið af hálfu ríkisendurskoðunar að þessu verkefni, sérstaklega á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Hefur verið ákveðið að á vegum fjmrn. og heilbr.- og trmrn. verði gerð heildarkönnun á fjárhagsuppbyggingu sjúkra- og tryggingakerfisins, bæði með tilliti til þarfa ríkisins og þátttöku sveitarfélaga í þessum málaflokkum.

Með þessu frv. hefur verið komið á fullu samræmi tölulegra merkinga ráðuneyta, stofnana, viðfangsefna svo og tekju- og gjaldaliða milli fjárlaga og ríkisreiknings, sem er grundvöllur að samanburði hinna einstöku efnisþátta fjárlaga og ríkisreiknings. Með frv. er birt yfirlit sem sýnir þróun útgjalda hinna einstöku ríkisstofnana um þriggja ára tímabil. Þar eru sýndar reikningstölur síðasta árs, fjárlög yfirstandandi árs ásamt frumvarpstölum. Þannig geta alþm. nú séð á einum og sama stað þróun útgjalda s. l. tvö ár hjá hinum einstöku stofnunum ríkisins í A-hluta.

Það er ekki síst á sviði starfsmannahalds sem þörf er eftirlits og góðra upplýsinga. Með fjárlagafrv. fyrir árið 1978 er lögð fram starfsmannaskrá ríkisins 1. jan. 1977 og er það í þriðja sinn sem slík skrá er gefin út. Í 10. gr. laga nr. 97/1974, um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, er ákveðið þess efnis að fjmrn. skuli semja slíka skrá árlega og leggja hana fram með fjárlagafrv.

Megintilgangur með gerð starfsmannaskrárinnar er að tryggja að starfsmannahald ríkisins ráðist hverju sinni af fjárveitingum og þar með að Alþingi geti fylgst sem gerst með starfsmannahaldi ríkisins og ríkisstofnana.

Telja verður að nokkuð hafi þegar áunnist í þessu efni. T. d. voru 576 stöður án heimildar í ríkiskerfinu 1. jan. 1976, en um síðustu áramót voru þær 312. Þannig hefur verulega stefnt í rétta átt þótt enn hafi ekki náðst viðunandi árangur.

Af þeim 312 stöðum, sem setnar voru án heimildar um síðustu áramót, var u. þ. b. helmingur hjá ríkisspítölum eða 160 stöður. Hjá Póst- og símamálastofnuninni voru þær 42 og í Húsnæðismálastofnun ríkisins 11, þannig að meira en tveir þriðju hlutar af öllum óheimilum stöðum voru hjá þessum þremur stofnunum.

Fjvn. Alþingis mun taka eins og áður óheimilar stöður hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum til sérstakrar athugunar.

Á árinu 1976 fjölgaði á starfsmannaskrá ríkisins um 90 stöður eða 0.76%. Samkvæmt áætlun Framkvæmdastofnunar má gera ráð fyrir að aukning vinnuafls í heild 1976 hafi numið 1800 mannárum eða 1,9%. Heildarvinnuafl í landinu var um síðustu áramót í mannárum talið um 96 650, en fjöldi stöðugilda hjá ríkinu var á sama tíma samkvæmt þessari starfsmannaskrá 12 299 eða 12.7% af heildarvinnuaflinu.

Nýmæli í þessari starfsmannaskrá eru upplýsingar um ráðningarform einstakra starfsmanna. Í þessari fyrstu atrennu tókst ekki að afla tæm-

andi upplýsinga um ráðningar allra starfsmanna og verður að sjálfsögðu stefnt að því að bæta þar úr í næstu skrá. Niðurstaða þessarar athugunar sýnir að 24% ríkisstarfsmanna eru skipaðir í starf, en 10.3% eru ráðnir án uppsagnarfrests. Eru þannig 34.5% ríkisstarfsmanna ráðnir æviráðningu. Með a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfresti eru ráðnir 18.8%, 9.4% eru ráðnir með skemmri uppsagnarfresti en 3 mánuðum, 12.4% eru ráðnir með öðrum hætti, ekki liggja enn fyrir gögn um ráðningarform 21.9% starfsmanna og óráðið var um síðustu áramót í 3% heimilla staða.

Enda þótt megintilgangur með gerð starfsmannaskrárinnar sé að veita ríkisstofnunum aðhald að mannaráðningum, hefur það jafnframt verið markmiðið að upplýsinga- og notagildi skrárinnar væri slíkt, að skrána mætti nota sem hjálpartæki við nýráðningar, undirbúning fjárlaga, gerð kjarasamninga og ýmiss konar tölfræðilega úrvinnslu, auk þess að fullnægja lagaskyldu um birtingu árlegrar skrár um starfsmenn ríkisins.

Til að tryggja betur að ná megi þessum markmiðum hef ég ákveðið að launadeild fjmrn. annist útgáfu skrárinnar hér eftir og sjái jafnframt um að skrá allar breytingar á starfsmannahaldi ríkisins jafnóðum og þær gerast, þannig að á hverjum tíma séu tiltækar réttar upplýsingar um starfsmannahald ríkisins. Þá er jafnframt að því stefnt með þessu að skráin verði fyrr á ferðinni en verið hefur og verði lögð á borð alþm. fyrir þinglausnir hverju sinni.

Ég hef ekki farið dult með þann ásetning minn að draga beri úr umsvifum ríkisins í þjóðarbúskapnum og jafnframt að ríkið stundi ekki atvinnurekstur sem einstaklingar eða félög þeirra geta sinnt.

Varðandi fyrra atriðið hefur sá árangur náðst, að hlutfall ríkisútgjalda af vergri þjóðarframleiðslu lækkaði á árinu 1976 um tæp 4 prósentustig og jafngildir það 10 milljarða kr. útgjöldum ríkisins á því ári. Samkvæmt útgjaldaáætlun þessa árs mun þetta hlutfall ekki hækka. Þessi árangur hefur fyrst og fremst náðst vegna þeirrar aðhaldsstefnu sem ég hef beitt mér fyrir til að sporna gegn auknum útgjöldum ríkisstofnana. Ég vil benda á að eigi verulegur árangur að nást í því að minnka ríkisumsvif er í fyrsta lagi nauðsynlegt að stöðugt sé fylgst með og unnið að endurbótum á þeim rekstri sem fyrir er. Þetta er e. t. v. mikilvægasta atriði málsins. Í öðru lagi þarf jafnan að endurmeta umfang þeirra þjónustu, sem ríkið veitir, og athuga hvort þjónustuna megi veita á annan hátt og hagkvæmari en gert er. Ef árangur á að nást á þessum vettvangi er nauðsynlegt að beina athygli að tveimur meginsviðum, en það eru menntamál og heilbrigðis- og tryggingamál. Í þriðja lagi er svo nauðsynlegt að meta stöðugt þörf fyrir ríkisframlög í framleiðslu- og verðmyndunarkerfi landsins. Það er einkum á sviði landbúnaðarmála sem hlutur ríkisfjármálanna er umtalsverður. Síðara atriðið sem ég nefndi er ekki síður mikilvægt.

Á síðustu áratugum hefur hið opinbera tekið upp starfsemi sem nú á í beinni samkeppni við einkaaðila eða félög þeirra. Vafalaust hafa gild rök legið til grundvallar stofnun þessara fyrirtækja ríkisins á hverjum tíma, en ástæða er til að kanna hvort þau séu ekki horfin með öllu eða hafa rýrnað mjög að gildi sínu.

Á s. l. vetri skipaði ég 7 manna nefnd sem skyldi gera mér grein fyrir hvort og hvaða starfsemi, sem ríkið hefur með höndum nú, sé betur komin í höndum einstaklinga eða félaga þeirra. Þar sem hér er um geysiumfangsmikið starf að ræða verður að ætla nefndinni rúman tíma. Hins vegar óskaði ég eftir við nefndina að hún skilaði mér áfangaskýrslum, þannig að vinna mætti að þessu verkefni í áföngum. Stefnir nefndin nú að því að skila mér sinni fyrstu áfangaskýrslu fyrir næstu áramót um þau fjögur ríkisfyrirtæki og stofnanir sem hún hefur tekið til athugunar. Ég mun svo að fenginni skýrslu nefndarinnar undirbúa og gera ákveðnar tillögur í málinu.

En þótt mikilvægt sé að fylgjast reglulega með framkvæmd fjárlaga á ári hverju er einnig mikilvægt að líta lengra fram í tímann og freista þess að meta með fyrirhyggju hver skuli vera hlutur hins opinbera í þjónarbúskapnum.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1977 gat ég þess, að unnið væri að útgjaldaáætlun fyrir ríkissjóð til lengri tíma en eins árs. Með gerð langtímafjárlaga er troðin ný braut í opinberri fjármálastjórn hér á landi, og er því brýnt að gaumgæfilega verði athugað hvaða form og hvaða efnisþættir gefa langtímafjárlögum mest gildi. Reyndar orkar notkun orðsins langtímafjárlög tvímælis. Hér er ekki um lagasetningu að ræða til langs tíma, heldur könnun á horfum í ríkisbúskapnum. Þar sem orðið hefur áður verið notað í þessari merkingu verður þeirri notkun fylgt að sinni, en ég skora á þm., sem eru málhagir mjög og hafa látið til sín taka í umr. um íslenskt mál, að koma með till. þar um, og mun ég að sjálfsögðu gera athugun á því.

Á liðnu ári hefur verið unnið að gerð langtímafjárlaga eins og vonir stóðu til, og má segja að hugmyndir um framsetningu og úrvinnslu gagna hafi komist í ákveðið far. Sem stendur er unnið að samræmingu og tengingu forsendna langtímafjárlaga við þjóðhagshorfur næstu ára. Ríkisstj. hefur falið Þjóðhagsstofnun að vinna að könnun á þjóðhagshorfum næstu 4 ára í samvinnu við aðra opinbera aðila á sviði efnahagsmála.

Að öðru leyti hefur starfið að undirbúningi langtímafjárlaga verið tvíþætt. Í fyrsta lagi var gerð áætlun um þróun útgjalda til samgöngumála, en áætlunin var fyrst og fremst gerð til kynningar á þeim hugmyndum sem langtímafjárlögum er ætlað að falla að í heild. Sem stendur er unnið að áætlunum um útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála til nokkurra ára, í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti. Í öðru lagi hefur nokkrum tíma verið varið til þess að skoða þróun útgjalda helstu málaflokka fyrir liðin tímabil. Hér leitast við að meta raunverulega magnbreytingar útgjalda síðustu 5 ára og skýra í grófum dráttum hvað þar liggur að baki. Ætlast er til að slíkt yfirlit verði hluti langtímafjárlaga í framtíðinni. Ekki er tímabært að skýra frá niðurstöðum þessara athugana, en bráðabirgðaniðurstöður sýna að útgjöld til heilbrigðismála, byggðamála, dóms- og löggæslumála, orkumála, auk framhaldsmenntunar hvers konar, hafa hlutfalls-

lega aukist umfram aukningu ríkisútgjaldanna í heild. Aftur á móti hafa útgjöld til almennrar stjórnar ríkisins vaxið minna, svo að eitthvert dæmi sé nefnt.

Langtímaáætlanir fyrir ríkisbúið þjóna í fyrsta lagi því markmiði að lýsa væntanlegri þróun ríkisútgjalda án þess að vera bindandi fyrirætlun ríkisins um framgang mála. Í öðru lagi er áætlunum þessum ætlað að auðvelda árlega fjárlagagerð og vera umgjörð hennar. Í ljósi þess, sem ég nú hef sagt, lít ég svo á að gerð langtímafjárlaga fyrir sem flesta málaflokka ríkisútgjaldanna sé veigamikill liður í auknu eftirliti, aðhaldi og ábyrgri stefnu um framtíðarþróun ríkisfjármálanna í heild.

Á síðasta þingi voru miklar umræður um skattamál á grundvelli frv. til l. um tekju- og eignarskatt. Ákveðið var að verja meiri tíma til þess að vinna að umbótum á skattalöggjöfinni. Verður meðal mikilvægustu verkefna þessa þings að ljúka því verki að koma á þeim umbótum sem að var stefnt með frv., en það fól í sér mjög viðtækar tillögur til breytinga á tekjuskattlagningu og framkvæmd skattamála. Eins og kunnugt er varð frv. þetta ekki útrætt, enda er að mörgu leyti eðlilegt að slíkt stórmál sem ný tekjuskattslöggjöf er sé gaumgæfilega skoðað. Að því er stefnt að fyrir Alþingi verði nú í vetur lagt fram nýtt frv. um tekjuskatt og eignarskatt. Í þessu nýja frv. verður fylgt þeirri meginstefnu sem fram kom í frv. í fyrra, en hins vegar verður það frábrugðið því í ýmsum atriðum, sumum veigamiklum. Fyrirhugaðar breytingar munu að miklu leyti verða byggðar á athugun þingnefnda á frv. í fyrra svo og athugasemdum, ábendingum og umræðum sem spruttu af því frv. Helsta nýmæli er, eins og fram kom í stefnuræðu forsrh., að komið verði á staðgreiðslu skatta sem geti komið til framkvæmda frá og með 1. jan. 1979. Að vísu er nokkuð skammur tími til stefnu til slíks, þar sem upptaka staðgreiðslu skatta hefur óhjákvæmilega í för með sér miklar breytingar á öllum störfum við álagningu og innheimtu og krefst því mikillar vinnu við endurskipulagningu skattakerfisins og breytingar á fjölmörgum lögum. Eigi að síður tel ég að þetta ætti að vera mögulegt. Um nánari útfærslu kerfisins er ýmislegt ómótað. Ljóst virðist þó, að stefna beri að upptöku staðgreiðslu skatta að þýskri fyrirmynd, í megindráttum með sama sniði og lýst er í skýrslu ríkisskattstjóra um staðgreiðslu skatta sem út koma í maímánuði 1975. Sérsköttun hjóna, svo og sérsköttun foreldra og barna, þarf að taka til athugunar að nýju, ekki síst í ljósi staðgreiðslunnar. Af fjölmörgum öðrum atriðum, sem að þarf að hyggja varðandi nýtt frv. til um tekjuskatt og eignarskatt, má nefna reglur til að auðvelda þau umskipti sem framtalsskylda sparifjár hefur í för með sér, svo og gaumgæfileg könnun á hugmyndum um upptöku fjárfestingarsjóða í stað varasjóða hjá fyrirtækjum o. fl.

Upptaka virðisaukaskatts hefur lengi verið í athugun hér á landi. Er skemmst að minnast þess að starfshópur á vegum fjmrn. skilaði ítarlegri skýrslu um virðisaukaskatt í maímánuði 1975. Grannþjóðir okkar hafa nú nær allar tekið upp virðisaukaskatt og hefur hann víðast gefist vel. Að vísu hafa heyrst óánægjuraddir í Noregi um skattinn. Þar hafa verið uppi tillögur um að hverfa frá honum og taka þess í stað upp aftur einstigs söluskatt á síðasta stigi. Um þetta eru þó skiptar skoðanir þar í landi og er langt frá að allir sérfræðingar telji virðisaukaskattinn hafa misheppnast. Ákvörðun um, hvort taka eigi upp virðisaukaskatt hér á landi, hlýtur að byggjast á því, hvort ætla megi að slíkur skattur bæti úr göllum sem eru á núgildandi söluskattskerfi, svo og því, hvort upptöku slíks skatts fylgi einhverjir ókostir sem ekki gæti í núgildandi kerfi. Söluskattskerfið, sem við nú búum við, er óneitanlega gallað á margan hátt. Helsti gallinn er að skatturinn leggst á ýmis aðföng atvinnurekstrar svo sem orku, viðgerðarþjónustu og óvaranleg hjálparefni, og veldur þannig nokkurri uppsöfnun skatts sem íþyngir innlendri framleiðslu í samkeppni við erlenda. Annar höfuðókostur skattsins er að undanþágum frá skattinum hefur fjölgað mjög með hækkandi skatthlutfalli. Hafa sumar undanþágur reyndar verið teknar upp til að bæta úr fyrrnefndum ókostum, þ. e. a. s. til þess að eyða uppsöfnunaráhrifum. Hinn mikli fjöldi af undanþágum frá söluskattinum veldur því að skatturinn, sem var tiltölulega auðveldur í framkvæmd og eftirliti, öruggur og ódýr, er orðinn næsta flókinn og erfiður í framkvæmd og allt eftirlit með honum torvelt. Þá hafa undanþágurnar í för með sér óeðlilega röskun á neysluvali. Þriðji meginókostur núgildandi söluskattskerfis er að hin háa skattprósenta leiðir til þess að mikil freisting er fyrir greiðendur skattsins að skjóta veltu undan. Virðisaukaskatturinn bætir úr þessum annmörkum söluskattsins vegna þess að höfuðkostur hans er sá, að hann er hlutlaus og veldur ekki uppsöfnun skatts. Því má segja að hann leysi mjög vel fyrst nefnda vandann varðandi söluskattinn. Varðandi undanþágurnar er fullkomlega ljóst að virðisaukaskattur með þeim undanþágum, sem nú eru frá söluskatti, er gjörsamlega óhugsandi. Það er algjör forsenda fyrir upptöku virðisaukaskatts, að hann geti orðið algildur eða því sem næst. Þeir erfiðleikar, sem eru við framkvæmd á undanþágum í söluskattskerfi, eru hreinn barnaleikur miðað við þá erfiðleika sem yrðu á framkvæmd hliðstæðra undanþága í virðisaukaskattskerfinu. Mjög er hæpið að ætla að virðisaukaskattur dragi að nokkru marki úr undandrætti skatts. Að vísu skilaði hver innheimtuaðili lægri upphæð en hann gerir nú, en á móti kæmi að innheimtuaðilarnir yrðu mun fleiri en nú er. Reynsla erlendis hefur og verið að almennt megi ekki vænta betri skila á virðisaukaskatti en söluskatti. Þá hefur virðisaukaskatturinn þann ókost samanborið við söluskattinn að honum fylgir nokkur skriffinnska og hringstreymi fjármagns milli ríkis og gjaldenda. Þannig má búast við að bæði ríkið og atvinnurekendur gætu þurft að kosta til nokkru meiri fyrirhöfn við virðisaukaskattskerfið en nauðsynlegt er í söluskattskerfi.

Þegar þessi rök eru vegin og metin kann mönnum að sýnast sitt hvað um niðurstöðuna. Að öllu samanlögðu verður þó að telja, ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar hversu framkvæmd söluskattsins er orðin miklum örðugleikum háð, að upptaka virðisaukaskatts hér á landi sé óhjákvæmileg. Hins vegar er ekki ráðlegt að leggja í

slíka gjörbreytingu á neysluskattakerfinu um leið og unnið er að upptöku staðgreiðslu beinna skatta. Upptaka virðisaukaskatts verður þó að fylgja í kjölfar staðgreiðslukerfisins svo fljótt sem nokkur kostur er.

Ein meginástæða fyrir því, að nauðsynlegt er að breyta söluskattinum, er að hann íþyngir útflutningsiðnaði og samkeppnisiðnaði af því að atvinnurekstur greiðir söluskatt af ýmsum aðföngum sínum. Að því er tekur til útflutningsiðnaðarins er hér mestmegnis um að ræða söluskatt af flutningatækjum, óvaranlegum rekstrarvörum, olíum, orku o. fl., en í öðrum tilvikum er einnig greiddur söluskattur af vélum, búnaði, varahlutum o. fl. Þegar varan er fullgerð til útflutnings hefur þannig safnast upp nokkur söluskattsgreiðsla í framleiðslukostnaðarverðinu og hefur hún verið nefnd uppsafnaður söluskattur.

Í nágrannalöndum, þar sem virðisaukaskattur er innheimtur, er samsvarandi skattur endurgreiddur við útflutning eða sölu innanlands. Hafa forráðamenn útflutningsiðngreina bent á, að því aðeins séu þær jafnsettar í samkeppni við þessi lönd að hinn uppsafnaði söluskattur sé endurgreiddur við útflutning.

Vegna ársins 1974 var þetta gert með áætlaðri fjárhæð, aðallega vegna þess hversu gengisskráning var útflutningsiðnaði, öðrum en fiskiðnaði, óhagstæð mestan hluta þess árs. Í ársbyrjun 1975 var gerð gengisbreyting, sem verulega bætti hlut útflutningsiðnaðar, og hefur síðan ekki komið til slíkrar endurgreiðslu, enda hefur afkoma flestra greina útflutningsiðnaðarins verið allgóð, a. m. k. fram á árið 1977, þrátt fyrir þessa söluskattsbyrði.

Fjmrn. hefur látið Þjóðhagsstofnun meta þessa uppsöfnun söluskatts að nýju miðað við forsendur ársins 1977. Kemur þar í ljós að uppsafnaður söluskattur er að meðaltali um 3.6% af heildarrekstrargjöldum útflutningsiðngreina (fiskiðnaður ekki meðtalinn). Á daginn kemur að hlutfallið er nokkuð mismunandi fyrir hinar ýmsu greinar eða 2.4% fyrir ullar-, prjóna- og fataiðnað, 4% fyrir niðursuðuiðnað, 4.9% fyrir skinnaiðnað og 5.5% fyrir kísilgúrvinnslu. Samtals er uppsafnaður söluskattur í þessum greinum talinn nema 235 millj. kr. á ári miðað við verðlag í febr. 1977.

Eftir vísbendingum, sem fyrir liggja um afkomu þessara útflutningsiðngreina 1977, virðist svo sem hún sé í mörgum tilfellum erfið um þessar mundir. Af þessum sökum hefur ríkisstj. ákveðið að endurgreiða á árinu 1978 áætlaðan uppsafnaðan söluskatt af útflutningsvörum samkeppnisiðnaðarins vegna EFTA-aðildar á árinu 1977, og er söluskattsáætlunin 1978 við það miðuð.

Afkoma þessara atvinnugreina ræðst mjög á hverjum tíma af gengisskráningu og almennum aðstæðum í efnahagsmálum. Því er ekki unnt að segja á þessu stigi hvort ráðlegt sé að halda greiðslum af þessu tagi áfram. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á áform um upptöku virðisaukaskatts sem frambúðarlausn í þessu efni.

Ný tollskrárlög tóku gildi hinn 1. jan. 1977. Lögin marka framhald þeirrar tollastefnu sem mótuð var með tollskrárlögum frá 1970 og 1974. Lögin kveða því á um samningsbundnar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að EFTA og ákvæða fríverslunarsamnings við EBE. Samkvæmt þeim lækka tollar af iðnaðarvörum frá EFTA- og EBE-löndnum í áföngum og falla niður frá og með 1. jan. 1980.

Til þess að bæta stöðu hins íslenska samkeppnisiðnaðar gagnvart þessum tollalækkunum hafa á undanförnum árum verið gerðar ýmsar ráðstafanir. Í ársbyrjun 1974 voru tollar á vélum til samkeppnisiðnaðar felldir niður, en tollar á hráefnum lækkaðir um helming frá því sem þeir höfðu verið í árslok 1973, en síðari helmingur tollalækkana á hráefnum tók gildi 1. jan. 1976. Nokkur frávik voru þó frá þeirri meginreglu, að hráefni samkeppnisiðnaðarins væru tollfrjáls, en með hinni nýju tollskrá, sem gildi tók 1. jan. s. l., má heita að hráefni og vélar samkeppnisiðnaðarins séu tollfrjáls. Samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga hefur fjmrn. fellt niður eða endurgreitt aðflutningsgjöld af hráefni, efnivörum og hlutum til framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði eftir ákveðnum reglum svo og fellt niður við tollafgreiðslu toll af vélum, tækjum, vélahlutum og helstu varahlutum sem iðnfyrirtæki í samkeppnisiðnaði nota. Af hálfu ráðuneytisins hafa nú verið gerð ný drög að reglum varðandi beitingu á 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga sem fulltrúar samtaka iðnaðarins og iðnrn. hafa fengið til umsagnar, og standa nú yfir viðræður um það.

Samkvæmt heimild í XV. tl. 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1977 hefur fjmrn. síðan 1. jan. s. l. fellt niður að fullu sölugjald af nánar tilgreindum vélum, tækjum, vélahlutum og varahlutum til samkeppnisiðnaðarins en árin 1975 og 1976 náði slík niðurfelling eða endurgreiðsla einungis til helmings af söluskatti. Nýjar og nokkru rýmri reglur um beitingu þessa heimildarliðar eru nú einnig til umsagnar og til umræðu við samtök iðnaðarins og iðnrn.

Til viðbótar þeim tollalækkunum, sem ég hef nú rakið, munu tollar af helstu fjárfestingarvörum verða lækkaðir frá og með ársbyrjun 1978 til ársbyrjunar 1980. Einnig munu tollar á verndarvörum innfluttum frá löndum utan EBE og EFTA lækka til að komið verði í veg fyrir óeðlilegan tollamun á innflutningi vara eftir löndum. Það gefur auga leið, að hlutur tolltekna sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs hefur lækkað undanfarin ár og mun fara lækkandi á næstu árum.

Frá árinu 1969 til ársins 1977 hefur hlutur tolltekna lækkað úr 31.5% í 17% á þessu tímabili, og samkvæmt árlegum áætlunartölum fjárlagafrv. 1978 og lækkunum samkvæmt tollskrárlögum mun þetta hlutfall lækka í 14.3% 1978 og 12.6% 1979. Árið 1980 gæti hlutfallið verið komið í 11—12%.

Ég hef áður lýst því yfir, að ríkissjóður verður á einhvern hátt að fá bætta þá tekjuskerðingu er af lækkun tolla leiðir, og er brýnt að finna hentugastar leiðir í því sambandi. Áður hefur verið vikið að helstu kostum og göllum virðisaukaskattskerfisins og vísast til þess hér, en benda má á að nágrannalönd okkar hafa jafnframt virðisaukaskattinum í vaxandi mæli tekið upp svokallaða punktskatta eða vörugjöld til að mæta minnkandi tolltekjum.

Nú er í fjmrn. unnið að samningu frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá o. fl. Frv. þetta er samið til þess að samræma íslensku tollskrána þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins frá því að hún

var gefin út að nýju í janúar 1976 með áorðnum breytingum, m a. með nýrri undirskiptingu tollskrárnúmeranna, sem samþykkt var fyrir tilstilli Tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Ísland er meðal 130 þjóða er tekið hafa upp tollskrár sem byggðar eru á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins og hefur jafnan verið leitast við að breyta íslensku tollskránni jafnóðum til samræmis við tollnafnaskrána þannig að notið yrði þess hagræðis sem er því samfara að hafa sama tollskrárform og allar helstu viðskiptaþjóðir okkar.

Á s. l. vori var skipuð sérstök nefnd til að endurskoða lög um tollheimtu og tolleftirlit. Í nefndinni eiga sæti embættismenn og fulltrúar innflutningsverslunarinnar. Meðal þess, sem nefndinni var sérstaklega falið að taka til meðferðar, eru ákvæði er varða gjalddaga og greiðslufrest, þ. e. „tollkredit", svo og fullnustu aðflutningsgjalda með sérstöku tilliti til að það fyrirkomulag geti leitt til hagstæðari innkaupa og lækkaðs vöruverðs.

Nefnd þessi hefur þegar haldið allmarga fundi og kynnt sér sjónarmið innflytjenda og annarra er framkvæmd laga um tollheimtu og tolleftirlit varðar. *Stefnt er að því að nefndin skili áliti upp* úr næstu áramótum.

Fyrir hálfu öðru ári var hér á Alþingi samþykkt stjórnarfrv. til l. um kjarasamninga BSRB. Í framsöguræðu minni til kynningar frumvarpinu lagði ég áherslu á að um efni þess væri samkomulag milli ríkisstj. og BSRB og að verkfallsréttur, er það kvæði á um, væri á ýmsan hátt háður skynsamlegum takmörkunum.

Í fyrsta lagi væri verkfallsrétturinn einungis á hendi heildarsamtaka til stuðnings kröfum um aðalkjarasamning sem gilti skemmst í 2 ár. Aðalkjarasamningi fylgdi hvorki endurskoðunarréttur né verkfallsréttur á tveggja ára tímabilinu. Þar með væru slitin þau sjálfvirku tengsl sem áður höfðu verið milli kjara opinberra starfsmanna og launþega á almenna vinnumarkaðnum.

Í öðru lagi væri óheimilt að hefja verkfall nema að undangenginni allsherjaratkvæðagreiðslu um sáttatillögu sem a. m. k. helmingur atkvæðisbærra starfsmanna tæki þátt í og hefði fellt.

Í þriðja lagi að tryggja ætti að borgurunum væri séð fyrir nauðsynlegri öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.

Sérstakri nefnd, Kjaradeilunefnd, var falið það hlutverk að úrskurða hvaða starfsmenn skuli vinna í *verkfalli til að halda uppi nauðsynlegri* öryggis- og heilsugæslu. Var þannig frá skipun nefndarinnar gengið, að tryggt átti að vera að hún væri ávallt starfhæf. Í henni eiga sæti formaður, skipaður af Hæstarétti, 2 nefndarmenn kosnir af Alþingi, 3 nefndarmenn skipaðir af BSRB og 3 nefndarmenn skipaðir af fjmrh. Ef nefndarmenn skipaðir af BSRB eða fjmrh. ganga úr nefndinni eða neita að starfa, eiga þeir nefndarmenn sem skipaðir eru af Hæstarétti og Alþingi, að kveðja til menn í þeirra stað.

Öll þessi ákvæði taldi ég og þeir aðilar, sem að frv. stóðu, tryggja skynsamlega og hóflega beitingu verkfallsréttarins, ef til kæmi.

Í nýloknu verkfalli kom hins vegar í ljós að þær forsendur voru ekki á rökum reistar í öllum greinum.

Sáttatillagan, sem fram var sett af sáttanefnd, var felld með miklum mun í atkvæðagreiðslu þrátt fyrir að í henni væri mjög langt gengið til móts við kröfur ríkisstarfsmanna. Ég tel að þar hafi mestu ráðið kynning málsins. Að sjálfsögðu er það á valdi félagsmanna að samþykkja eða hafna sáttatillögum, en það hlýtur að vera lágmarkskrafa að efni sáttatillögu sé kynnt á hlutlægan hátt. *Á það tel ég að hafi verulega skort* og þar hafi fjölmiðlar brugðist að nokkru, einkum ríkisfjölmiðlarnir.

Þegar verkfallið var hafið kom fljótlega í ljós að verkfallsnefnd BSRB virti ekki í öllum atriðum úrskurði Kjaradeilunefndar og fór reyndar að dómi margra út fyrir þann lagaramma sem verkfalli opinberra starfsmanna var settur. Um þetta hafa orðið umræður hér á Alþingi og er eigi ástæða til að tíunda það frekar nú. Hins vegar er ljóst, að fenginni þessari reynslu, að óhjákvæmilegt er að lög þessi verði tekin til endurskoðunar.

Ljóst er að samskipti ríkisvaldsins og launþega þess hafa breyst mikið á undanförnum árum. Með hinni nýju löggjöf um kjarasamninga BSRB, og reyndar einnig með kjarasamningalögunum frá 1973, *hefur viðsemjendum ríkisins fjölgað* verulega frá því sem áður var og allt starf fjmrn. að gerð kjarasamninga vaxið gífurlega. Fram til ársins 1974 var Kjararáð BSRB eini viðsemjandi ráðuneytisins um kjör ríkisstarfsmanna, en nú eru viðsemjendur ríkisins 30—40 talsins, auk hinna tveggja bandalaga BSRB og BHM. Slíkri aukningu verkefna verður óhjákvæmilega að mæta með breyttu skipulagi.

Frá og með síðustu áramótum hefur skrifstofustjóri fjmrn. haft á hendi formennsku í samninganefndum ríkisins í launamálum. Skrifstofustjórinn hefur nú tekið við stöðu ráðuneytisstjóra í fjmrn. Hinn nýi skrifstofustjóri mun taka við formennsku í samninganefnd og gegna því samhliða starfi skrifstofustjóra.

Þrátt fyrir þá reynslu, sem fékkst í nýloknu verkfalli BSRB og áður hefur verið lýst, vil ég vona og legg áherslu á að sem best samstarf takist milli ríkisvaldsins og samtaka opinberra starfsmanna í framtíðinni. Þegar kyrrð er komin á og samningar hafa verið undirritaðir milli ríkissjóðs og þeirra, er þess að vænta, að menn líti á þessi mál af raunsæi og stillingu. Ég er ekki í vafa um að menn muni gera sér ljóst að gott samstarf og gagnkvæmur skilningur samningsaðilanna, annars vegar á þörf launþeganna fyrir kjarabætur og hins vegar möguleikum þjóðfélagsins til að veita raunhæfar kjarabætur, er affarasælast til árangurs fyrir aðila.

Kjarasamningar, sem ekki taka mið af þessu tvennu, standast ekki þegar til lengdar lætur. Með þeim kjarasamningi, sem nú hefur verið gerður við BSRB, var ákveðin nokkur launahækkun vegna þess að sumir starfshópar innan BSRB höfðu dregist aftur úr í launaþróun undanfarinna ára. Þessar breytingar voru nauðsynlegar. Hins vegar dylst engum að með þessum samningi í heild er enn aukið á verðbólguvandann í þjóðfélaginu, sem óhjákvæmilegt er að takast á við. En forsenda árangurs í þeim efnum er einmitt skilningur launþega á þjóðfélagslegum takmörkunum launabreytinga.

Þegar ríkisstj. tók við völdum fyrir rúmum þremur árum var við mjög alvarlega efnahagsörðugleika að etja vegna stórfelldrar verðbólgu og viðskiptahalla við útlönd. Ríkisstj. setti sér það meginmarkmið að vinna bug á þessum tvíþætta vanda, en þó án þess að stefna atvinnuöryggi almennings í hættu. Ekki verður um það deilt að stefna ríkisstj. hefur reynst árangursrík í öllum þessum greinum þótt ekki hafi alls staðar jafnvel tekist. Mikilvægust eru þau miklu umskipti, sem orðið hafa í stöðu þjóðarbúsins út á við. Í stað hins geigvænlega viðskiptahalla áranna 1974—1975 hefur á þessu og síðasta ári tekist að koma viðskiptahallanum niður í 1—2% af þjóðarframleiðslu. Ríkisfjármálin hafa átt sinn þátt í þessu. Tekist hefur að snúa þeim úr halla, sem nam 3% af þjóðarframleiðslunni 1974 og 1975, í því nær hallalaust horf á síðasta ári og þessu ári. Þetta er mikilvægur árangur sem við verðum nú að varðveita. Sé litið til nálægra landa eru fá dæmi um svo gagngerð umskipti í ríkisfjármálum og utanríkisverslun í átt til jafnvægis á þessum árum, einkum þegar þess er gætt að allt þetta tímabil hefur tekist að tryggja hér fulla atvinnu og á undanförnum árum hefur jafnvel frekar borið á vinnuaflsskorti og óhóflegri yfirvinnu en atvinnuleysi. Verðbólgan er hins vegar það vandamál sem erfiðast hefur reynst úrlausnar. Þótt dregið hafi um nær helming úr hraða verðbólgunnar hér á landi á undanförnum þremur árum var hann þó enn á fyrri hluta þessa árs yfir 26% á mælikvarða framfærslukostnaðar. Hafði því miðað í rétta átt þótt hægt fari, og var vissulega ástæða til að vona að framhald gæti orðið á þeirri þróun. Því miður hafa þær vonir nú brugðist í bili. Verðum við að vona að hér sé aðeins um hlé að ræða — hlé til þess að undirbúa öfluga sókn gegn verðbólgunni. Þess vegna er nú vissulega þörf aðgæslu í ríkisfjármálum. Með þeim launasamningum, sem gerðir hafa verið á þessu ári, hafa viðhorf í verðlagsmálum breyst. Nú er hætta á þenslu í þjóðfélaginu og gegn þeirri hættu þarf að beita ríkisfjármálunum. Leggja verður fram tillögur, meðan þetta frv. er til meðferðar, til þess að treysta fjárhag ríkissjóðs 1978 frekar en fram er komið. Mikilvægt er að glata því ekki, sem áunnist hefur á síðustu þremur árum á sviði ríkisfjármálanna. Vel má vera, að nauðsynlegt sé að gripið verði til svokallaðra „óvinsælla ráðstafana“ í efnahagsmálum þjóðarinnar, en undan þeirri ábyrgð getur hvorki ríkisstjórn né Alþingi vikist.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Áður en ég kem að því að fara nokkrum orðum um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 vil ég ræða nokkuð afkomu ríkissjóðs á s. l. ári, en til þess hefur þm. ekki gefist tækifæri fyrr en nú.

Skýrsla um afkomu ríkissjóðs á árinu 1976 var lögð fram á Alþ. í mars s. l. og ríkisreikningurinn lá fyrir í maí. Því miður efndi hæstv. fjmrh. ekki gefin fyrirheit um að þm. fengju tækifæri til þess að ræða skýrsluna á Alþ., heldur greip hann til þess furðulega ráðs að fjalla um hana í fyrirspurnatíma þar sem þm. hafa enga aðstöðu til að ræða mál þetta, auk þess sem enginn gat átt von á því nema hæstv. ráðh. að um efni skýrslunnar yrði fjallað í þessum fyrirspurnartíma.

Í upphafsorðum skýrslunnar um afkomu ríkissjóðs 1976 segir að Alþ. sé með þeirri skýrslu í fyrsta sinn gerð grein fyrir bráðabirgðatölum um afkomu ríkissjóðs á liðnu ári. Þetta er að vísu ekki nákvæmlega rétt, því að í jan. 1976 gaf fjmrh. út sérstaka fréttatilkynningu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1975. Í þeirri tilkynningu rn. var því slegið föstu, að halli ríkissjóðs á árinu 1975 hefði numið 5000 millj. kr. Í ljós kom síðar, þegar reikningar ríkissjóðs lágu fyrir, að hallinn hafði reyndar orðið ríflega 7500 millj. kr. Með skýrslunni um afkomu ríkissjóðs 1976 er Alþ. því ekki í fyrsta sinn gerð grein fyrir bráðabirgðatölum um afkomu ríkissjóðs. En það er skiljanlegt að fjmrh. vilji ekki láta fréttatilkynninguna frá því í jan. 1976 geymast á spjöldum sögunnar.

Útgáfu skýrslunnar frá í vor ber að þakka. Hún er þáttur í ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til þess með nýjustu tölvutækni, að hæstv. fjmrh. geti betur fylgst með afkomu ríkissjóðs en raun varð á á ári stjórnunarslyssins mikla í ríkisbúskapnum, árið 1975. Sú reynsla, sem þá fékkst, gaf lánardrottnum ríkissjóðs vissulega ærna ástæðu til að krefjast þess að gerðar yrðu sérstakar ráðstafanir til þess að hæstv. fjmrh. fylgdist með hvað stöðu ríkissjóðs liði á hverjum tíma. En á árinu 1975 var með þeim endemum staðið að þessum málum, að yfirlýsingar um, hver yrði rekstrarafkoma ríkissjóðs á árinu, breyttust frá þeirri fullyrðingu í júlí, eftir setningu brbl. um vörugjald, að reksturinn yrði hallalaus, í áætlun í grg. fjárlagafrv. fyrir 1976 um 770 millj. kr. rekstrarhalla 1975, síðan taldi hæstv. fjmrh. í fjárlagaræðu 28. okt., að hallinn yrði 1270 millj. kr., við umr. um framlengingu laga um vörugjald í des. 1975 var áætlað að hallinn yrði 3000 millj. kr., og eins og ég áðan nefndi gaf fjmrh. í jan. 1976 út fréttatilkynningu þar sem því var haldið fram sem endanlegri niðurstöðu að rekstrarhallinn yrði 5000 millj. kr. Þegar ríkisreikningurinn var lagður fram varð 1976 reyndist hallinn vera 50% meiri en greindi í fréttatilkynningu fjmrn. frá því í jan. á því ári. Rekstrarhallinn reyndist ríflega 7500 millj. kr., en það svarar til um 13 milljarða kr. á núgildandi verðlagi.

Við afleiðingarnar af þessum halla er enn verið að glíma við fjárlagagerð. Þess má t. d. geta, að áætlað er að á árunum 1975—1978, að báðum meðtöldum, nemi vaxtagreiðslur ríkissjóðs til Seðlabankans um 4600 millj. kr. miðað við verðlag hvers árs. Þessi mikli rekstrarhalli varð á því ári sem verðlag vöru og þjónustu var að meðaltali um 50.2% hærra en árið áður, en reynslan er þó sú að jafnaði, að mikil verðbólga færir ríkissjóði meiri tekjur en gjöld. Hæstv. fjmrh. tókst að snúa þessari reglu við.

Þessi mikli rekstrarhalli 1975 varð þrátt fyrir það að ríkisstj. legði á nýjan skatt, 12% vörugjald, með brbl. í júlí 1975. Hæstv. fjmrh. taldi þá að sú nýja skattheimta mundi tryggja hallalausan rekstur ríkissjóðs á því ári. Gjaldið átti að falla niður í lok ársins, og í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 var gert ráð fyrir að ekki þyrfti að

reikna með því að vörugjald yrði innheimt á því ári heldur yrði það fellt niður með öllu. Hins vegar var gert ráð fyrir því, að viðlagasjóðsgjald, 2% á söluskattsstofn, rynni eftirleiðis til ríkissjóðs og tekjur ríkissjóðs hækkuðu sem því næmi. En þegar smátt og smátt runnu upp fyrir ráðamönnum ríkisfjármála raunverulegar afleiðingar af stjórnleysinu á málefnum ríkissjóðs á árinu 1973, hinn stórkostlegi hallarekstur og skuldasöfnun, var ákveðið að framlengja vörugjaldið, en hirða viðlagasjóðsgjaldið einnig í ríkissjóð þrátt fyrir það.

Miðað við stöðu ríkissjóðs, eins og hæstv. fjmrh. hélt að hún væri við afgreiðslu fjárlaga í des. 1975, og miðað við þjóðhagshorfur og áætluð ríkisútgjöld 1976 var það skoðun hæstv. ráðh., að vörugjald ætti að nema 10% til 1. sept. 1976 og síðan 6% til ársloka. Með þessari skattaukningu við afgreiðslu fjárlaga frá því, sem áætlað hafði verið við framlagningu fjárlagafrv. fyrir árið 1976, átti áætluð heildarskattheimta, sem nú var ríflega 60 milljarðar, að skila 1.5 milljarði kr. í rekstrarafgang, og var þó jafnframt við afgreiðslu fjárlaga gert ráð fyrir nær 2000 millj. kr. lækkun skulda ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu 1976. Það, sem þó átti eftir að gerast á árinu 1976, auk þess að veltuskattar hækkuðu í samræmi við hækkun verðlags, var þetta:

1) Ytri aðstæður bötnuðu verulega t. d. jukust þjóðartekjur um 5.9% frá fyrra ári í stað 1%, sem miðað var við þegar fjárlög voru samþ.

2) Skattheimta ríkissjóðs var aukin um nær 2000 millj. kr. með sérstökum lögum sem sett voru í apríl. Í stað þess að innheimta 10% vörugjald til 1. sept. og 6% til áramóta var vörugjald ákveðið 18% frá setningu þessara nýju laga auk nýrrar skattheimtu til Vegasjóðs. Þessi nýja skattheimta var m. a. skýrð með því, að verja þyrfti 1000 millj. kr. til að auka framlag til landhelgisgæslu, fiskverndar og friðunaraðgerða. Í skýrslunni um afkomu ríkissjóðs 1976 kemur þó fram, að raunveruleg útgjöld til þessarar fiskverndar og friðunaraðgerða urðu 230 millj. kr. og útgjöld vegna landhelgisgæslu umfram eðlilegar launahækkanir urðu 452 millj. kr., eða samtals til þessara útgjalda 682 millj. Mismunurinn, 318 millj. kr., hefur því verið hirtur til einhverra annarra útgjalda ríkissjóðs en skattlagningin var réttlætt með.

3) Gengissig og vanáætlun um magn hátollavöru færðu ríkissjóði ríflega 2200 millj. kr. í tekjur umfram áætlun fjárlaga.

4) Skattvísitala ársins 1976 var ákveðin lægri en raunveruleg tekjuaukning 1975 gaf ástæðu til. Tekjuaukningin var 31.4%, en hækkun skattvísitölu einungis 28%. Þessi ákvörðun of lágrar skattvísitölu, sem var ekki í samræmi við breytingar á meðaltekjum, færði ríkissjóði um hálfan milljarð kr. umfram það sem ætlast var til við setningu fjárlaga. Þessi upphæð, sem ríkissjóður hirti, hefði dugað til þess að hækka tekjutryggingu almannatrygginga um 27% allt árið 1976, þ. e. a. s. viðbótina við almennar elli- og örorkubætur sem greiddar eru tekjulausum elli- og örorkulífeyrisþegum. En ráðamenn ríkissjóðs kusu reyndar frekar að nota þessar viðbótartekjur til að standa undir útþenslu í almennum rekstrarkostnaði.

5) Þrátt fyrir verulega bættar ytri aðstæður og stóraukna skattheimtu frá því, sem áætlað var við sampykkt fjárlaga, tókst ekki í stjórn ríkisfjármála að tryggja þann 1500 millj. kr. tekjuafgang sem fjárlög gerðu ráð fyrir, heldur nam hann um 800 millj. kr. Sú tala er þó fengin með því, að ekki eru í útgjöldum meðtaldar ógreiddar, en áfallnar útflutningsbætur að upphæð 430 millj. kr., og með því, að greiðslustaðan við lífeyristryggingar almannatrygginga versnaði um 413 millj. kr. á árinu, greiðslustaða við sjúkratryggingar um 137 millj., við atvinnuleysistryggingar um 243 millj. og við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um 166 millj. Samtals nema þessar ógreiddu fjárhæðir um áramót nær tvöfaldri þeirri upphæð sem talin er tekjuafgangur á árinu 1976.

6) Yfirdráttarskuldir ríkissjóðs við Seðlabankann voru ekki lækkaðar um nálega 2000 millj. kr., eins og upphafleg áætlun um skattheimtu í fjárlögum var miðuð við áður en hún var verulega aukin í apríl, heldur jukust skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann um 1500 millj. Þar skakkaði nær 3500 millj. kr. þrátt fyrir stóraukna skattheimtu.

Ég hef hér stiklað á nokkrum atriðum, og ljóst er, þegar bornar eru saman áætlanir og niðurstöður, að verr hefur til tekist en að var stefnt enda þótt ytri aðstæður hafi orðið verulega hagstæðari en gert var ráð fyrir við setningu fjárlaga og skattstofnar hafi þar að auki verið auknir. Þótt verð innfluttrar vöru hækkaði aðeins um 5% í erlendri mynt nam hækkun framfærslukostnaðar á árinu 32%, og á stöðugt aukin skattheimta ríkisins sinn þátt í þeirri þróun. Breytingar á innflutningsverði eru ekki skýring á þeirri miklu verðbólgu, enda segir í skýrslu Þjóðhagsstofnunar 7. 12. s. l. um framvindu 1976, með leyfi hæstv. forseta: „Í ár á verðhækkun innflutnings að eiga fremur lítinn þátt í verðhækkunum.“ Þróun launamála er ekki heldur orsök verðbólgunnar. Hægri ríkisstj. hafa jafnan seilst til þess að telja það sem þær kalla óraunhæf launakjör og launabreytingar, þ. e. a. s. hækkun raungildislauna umfram bættan þjóðarhag, vera höfuðorsök verðbólgunnar. Ekki stafaði þessi mikla verðbólga samtímis litlum breytingum á innflutningsverði af því að launafólk hafi aukið hlut sinn á árinu 1976. Kaupmáttur launataxta alls verkafólks lækkaði um 4.5% á árinu 1976 samkv. opinberum skýrslum, en þjóðartekjur á mann jukust á sama tíma um 4.4%. Með enn meira vinnuframlagi en áður héldu ráðstöfunartekjur heimilanna ríflega kaupmætti frá fyrra ári, en þó aðeins sem svaraði þriðjungi þess sem þjóðartekjur á mann hækkuðu um á árinu. Það er því sama hvernig á málið er litið, stóraukin verðmætasköpun launafólks lenti að meginhluta í höndum annarra en þess sjálfs.

Útflutningsverð sjávarafurða hækkaði að meðaltali um 19% í dollurum á árinu 1976 og meðalverð alls útflutnings í heild hækkaði um 18% í erlendri mynt. Magn vöruútflutnings jókst um 15.7% og verðmæti útflutningsins jókst um 34%

í erlendri mynt, en á sama tíma minnkaði kaupmáttur launataxta verkafólks og iðnaðarmanna um 4.5%. Það er einnig athyglisvert um árangur stjórnarstefnunnar, að á sama tíma og sjávarafurðir hækkuðu að meðaltali um 19% í verði í erlendri mynt og allur útflutningur um 18% var gengi íslensku krónunnar lækkað um rúmlega 13%. En áætla má að það eitt hafi valdið hækkun á verði innflutnings landsmanna í ísl. kr. um 8—9 þús. millj. kr. á s. l. ári. Ofan á þá upphæð bætist síðan tollar, vörugjald, álagning í heildsölu og smásölu og söluskattur síðan ofan á allt saman, þannig að í útsöluverði gæti þessi gengislækkun, sem framkvæmd hefur verið samtímis stórbættum viðskiptakjörum og auknu útflutningsmagni, þýtt nær 20 milljarða kr. í hækkuðu verðlagi. Svo þykjast þeir, sem þessu stjórna vera undrandi á því, að við búum við óðaverðbólgu.

Orsaka 32% verðbólgu á árinu 1976 er ekki að leita í því, að launafólk hafi fengið í sinn hlut vaxandi hluta afraksturs þjóðarbúsins. Kauptaxtar launafólks rýrnuðu á árinu 1976 að raungildi samtímis mjög verulega bættum ytri aðstæðum í þjóðarbúskapnum. Ráðstöfunartekjur heimilanna jukust einungis um þriðjung þeirrar aukningar sem varð á þjóðartekjum á mann. Breytingar á hagþróun á árinu 1976 frá því, sem við var miðað við gerð fjárlaga í árslok 1975, voru ekki með þeim hætti að verr ætti að takast til um ríkisreksturinn en stefnt var að með fjárlögum, eins og reyndin varð, heldur hefði þróunin átt að stuðla að hagstæðari afkomu en áætlað var.

Við afgreiðslu fjárlaga var gert ráð fyrir tæplega 7% hækkun útflutningsverðlags í erlendri mynt. Reyndin varð sú, að útflutningsverð hækkaði að meðaltali um 18% í erlendum gjaldeyri á árinu 1976 og verðmætisaukning útflutnings í heild nam um 34% í erlendri mynt á s. l. ári, eins og ég áður sagði. Innflutningsverð hækkaði hins vegar ekki meira en gert var ráð fyrir eða um 5% í erlendri mynt. Magnaukning vöruútflutnings var við gerð fjárlaga áætluð 3—6%, en varð ríflega 15%. Í stað 10—13% heildarverðmætis aukningar útflutnings í erlendri mynt á árinu 1976, sem var lögð til grundvallar í fjárlögum, var verðmætisaukningin 34%. Ytri aðstæður urðu því mun hagstæðari en gert var ráð fyrir við gerð fjárlaga.

Hæstv. ríkisstj. hélt þó ekki betur á málum en svo, að þessi efnahagsbati vegna bættra ytri aðstæðna nýttist ekki til þess að auka kaupmátt tímakaups verkafólks, minnka skattheimtu ríkisins eða grynna á skuldum við Seðlabankann. Kaupmáttur tímakaups minnkaði um 4.5% samtímis aukningu þjóðartekna á mann um 4.4%. Skattheimtan var enn aukin með sérstökum lögum í apríl. En útkoma ríkissjóðs úr öllu saman var ekki beysnari en svo, að þrátt fyrir bættar ytri aðstæður og aukna skattheimtu varð afkoma ríkissjóðs lakari en gert var ráð fyrir í fjárlögum, þar sem miðað hafði verið við lakari ytri aðstæður og minni skattheimtu og skuldin við Seðlabankann jókst um 1500 millj. kr. í stað þess að lækka um 2000 millj., eins og átti að takast samkv. uppsetningu fjárlaga sem eins og ég áðan sagði voru miðuð við verri ytri aðstæður og minni skattheimtu.

Þróunin í meðferð ríkisfjármála á næsta ári eftir stjórnunarslysið mikla 1975, sem olli 7.5 milljarða kr. rekstrarhalla, varð þannig sú, að þrátt fyrir þessar bættu ytri aðstæður var þenslan í ríkisútgjöldum svo mikil og byrðarnar svo afdrifaríkar af óstjórninni 1975, að það var ekki langt liðið á árið 1976 þegar lánardrottnar ríkissjóðs gerðu hæstv. fjmrh. ljóst að hann yrði enn að hækka skattana. Sá hinn sami sem hafði lagt til með sérstöku frv. á Alþ. í árslok 1973 að lækka skattheimtu ríkissjóðs um upphæð sem svarar til 16.7 milljarða kr. í dag, sá hinn sami og skilaði rekstrarhalla hjá ríkissjóði 1975 sem nemur 13 milljörðum kr. á núgildandi verðlagi þrátt fyrir stóraukna skattheimtu varð nú, þegar ytri aðstæður í þjóðarbúskapnum höfðu stórbatnað frá því sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga, að auka enn álögurnar með samþykkt sérstaks efnahagsmálafrv. fjórum mánuðum eftir að fjárlög ársins 1976 höfðu verið samþ. Þrátt fyrir að þjóðartekjur ykjust um nálega 5.4% árið 1976, þrátt fyrir að viðskiptakjör bötnuðu um 13%, þrátt fyrir verulega lækkun gengis ísl. kr. og auknar veltuskattstekjur af þeim sökum og þrátt fyrir að skattvísitala væri vanreiknuð og ríkissjóður hefði nú hálfan milljarð kr. af skattþegnum með þeim hætti, gripu stjórnarflokkarnir þannig til enn frekari skattheimtu til að mæta útþenslunni í rekstrarútgjöldum ríkisins. Framlög til verklegra framkvæmda höfðu á hinn bóginn verið skorin niður bæði árið 1975 og 1976. Hlutur rekstrarútgjalda hefur vaxið að sama skapi, enda er raunin sú, að þrátt fyrir samdrátt fjárveitinga til verklegra framkvæmda á fjárlögum hafa ríkisútgjöld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu verið hærri hvert einasta s. l. þriggja ára en á nokkru ári sem getið er um í skýrslu um afkomu ríkissjóðs sem lögð var fram s. l. vor. Þetta hlutfall hefur verið hærra á hverju ári 1974, 1975 og 1976 en á nokkru áranna 1968—1973, að báðum meðtöldum. Sama er að segja um skatttekjur ríkisins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Ef tekin eru árin 1968—1976 eru skatttekjur ríkissjóðs hæstar 1976, urðu á því ári 27.9%, þótt olíugjald og sjúkratryggingagjald séu ekki reiknuð með, eða jafnvel hærri en árið 1975, sem var hið hæsta áður. Þetta gerist samhliða niðurskurði fjárveitinga til verklegra framkvæmda og er vægast sagt ömurleg frammistaða þegar haft er í huga að það er eitt af yfirlýstum meginmarkmiðum þess flokks, sem fer með stjórn ríkisfjármála, að minnka hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu. Uppgefnar tölur hin allra síðustu ár eru þó naumast með öllu sambærilegar við fyrri ár og ættu að vera enn hærri ef tekið er tillit til þess, að nokkur hluti útgjalda hefur verið færður til sveitarfélaga, um 400 millj. kr. 1976, fjölskyldubætur eða barnabætur eru ekki lengur reiknaðar með í útgjöldum, heldur koma til lækkunar á tekjuskatti, 1.5 milljarðar kr. á fjárlögum 1976 og hluti af útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins er nú greiddur með sérstöku sjúkratryggingagjaldi, sem ekki er talið með á fjárlögum fyrr en nú, en nam 1200 millj. kr. 1976, og olíu-

gjaldið er ekki meðtalið heldur. En þrátt fyrir að þetta vantar í tölurnar eru skatttekjur ríkisins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, eins og þær eru tilgreindar í töflu 6 í skýrslunni, hærri 1976 en á nokkru áranna 1968—1975, að báðum meðtöldum.

Þegar þessi niðurstaða öll um ríkisreksturinn 1976 er metin: 1) stórbættar ytri aðstæður; 2) mjög aukin skattheimta við afgreiðslu fjárlaga og sérstakar viðbótarskatthækkanir á fjárlagaárinu; 3) lækkun framlaga til verklegra framkvæmda; 4) stóraukin rekstrarútgjöld; 5) nær helmingi minni rekstrarafgangur en áætlað var í fjárlögum og ógreiddir rekstrarliðir langt umfram þann afgang; 6) hækkun skulda við Seðlabankann um 1500 millj. kr. í stað 2000 millj. kr. lækkunar, — þá er naumast að undra að málgögn stjórnarflokkanna kjósi að nefna þessa niðurstöðu einungis í samanburði við útkomuna 1975. Það er hyggilegt. Í samanburði við árið 1975 er næstum sama hvernig á málum hefur verið haldið. Það gæti naumast orðið jafnslæmt. Og vissulega er hér munur á frá því að rekstrarhalli var 7500 millj. kr. á þáverandi verðlagi.

Þegar málgögn stjórnarflokkanna og hæstv. fjmrh. keppast við að benda á stjórnunarslysið mikla 1975 til samanburðar við afkomuna ári síðar og að skuldasöfnunin við Seðlabankann í góðærinu 1976 hafi verið miklu minni en 1975, þá minnir þetta óneitanlega á strákinn sem kom til móður sinnar og sagði: „Hvort vildir þú heldur að ég yrði fyrir bíl eða rifi buxurnar mínar?“ Að vísu var um skuldasöfnun að ræða 1976, en ekki skuldalækkun eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Að vísu náðu endar ekki saman nema með þeirri skuldasöfnun og nýrri skattheimtu umfram áætlun fjárlaga, þrátt fyrir stórum betri ytri aðstæður en lagðar voru til grundvallar við afgreiðslu fjárlaga. En vitundin um frammistöðuna 1975: 7500 millj. kr. rekstrarhallann og skuldasöfnunina miklu þá, vitundin um stórslysið mikla 1975 veldur því, að það þykir vel sloppið að hæstv. fjmrh. skuli þó ekki hafa valdið meiri spjöllum á stöðu ríkissjóðs á árinu 1976 en raun varð á.

Og nú hefur verið lagt fyrir Alþ. fjórða fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. Hæstv. fjmrh., sem boðaði einu missiri áður en hann tók við ráðherrastörfum að auðvelt væri að lækka útgjöld ríkissjóðs um upphæð sem svarar í dag til nálega 16.7 milljarða kr., tókst að tvöfalda upphæð fjárlaga á tveim árum, nær þrefalda hana á þrem árum og tekst nú með framlagningu þessa fjárlagafrv. ríflega að fjórfalda heildarupphæð fjárlaga á fjórum árum. Hætt er þó við að ekki séu öll kurl komin til grafar enn. Svo margt er enn óráðið um afgreiðslu fjárlaga og óljóst um meðferð frv., að í rauninni er til lítils að ræða það í heild nú við þessa umr. Ljóst er að miðað við tekjuhlið fjárlagafrv. og þá þætti, sem hljóta að eiga eftir að bætast við gjaldamegin, ná endar ekki saman. Stefna ríkisstj. í málefnum ríkissjóðs á næsta ári liggur því í rauninni ekki fyrir enn.

Það hefur einkennt fjárlagaafgreiðslu hæstv. ríkisstj. að sífellt er byggt á aukinni skattheimtu, nýjum og nýjum tekjustofnum. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur ekki dugað þeir tekjustofnar sem fyrrv. ríkisstj. byggði tekjuöflun ríkissjóðs á, heldur hefur sífellt verið seilst lengra og lengra eftir tekjum, dýpra og dýpra í vasa almennings, ekki einungis við afgreiðslu fjárlaga, heldur með sérstökum efnahagsráðstöfunum eftir að fjárlög hafa verið afgreidd og jafnt í góðæri sem við erfiðari aðstæður.

Fyrsta verk hæstv. ríkisstj. var hækkun söluskatts um 2 stig, og síðan hefur hver aðgerðin rekið aðra: viðlagagjald sem samsvarar 2 söluskattsstigum hirt í ríkissjóð, 18% vörugjald lagt á, að ógleymdum gengislækkunum og stöðugu gengissigi, jafnvel þótt verð útflutningsvöru hafi farið hækkandi. Þær lækkanir, sem á móti hafa komið vegna lækkunar tolla og breytinga á tekjuskattslögum, hafa engan veginn vegið á móti þeim breytingum sem gerðar hafa verið til tekjuaukningar fyrir ríkissjóð, enda bera fjárlög undanfarandi þriggja ára og fjárlagafrv. nú því gleggst vitni.

Það er t. d. eftirtektarvert, að ríkistekjurnar árið 1976 eru hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu en nokkurt annað ár s. l. 10 ára a. m. k., svo sem sjá má í Hagtölum mánaðarins, maíhefti 1977, og jókst þó þjóðarframleiðslan á því ári. Ef miðað er við hækkun framfærslukostnaðar í landinu frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum, þá var vísitalan 226 stig 1. nóv. 1973 þegar fjárlög fyrir árið 1974 voru til afgreiðslu. Áætla má að 1. nóv. n. k. verði sambærileg vísitala 840 stig eða 3.7 sinnum hærri, og þykir flestum nóg um. Það fjárlagafrv., sem hér er til umr., er þó ekki aðeins 3.7 sinnum hærra en fjárlög sem samþ. voru haustið 1973, heldur 4.5 sinnum hærra, og er þetta þó aðeins frv. Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að launaliðir fjárlagafrv. þurfi að hækka um 7.7 milljarða kr. Þó að ekki sé á þessu stigi reiknað með öðrum fyrirsjáanlegum hækkunum, þá yrðu fjárlögin 132.5 milljarðar og væru þá 4.5 sinnum hærri en þau fjárlög sem samþ. voru í des. 1973, en framfærsluvísitala 3.7 sinnum hærri. Hverju munar þetta í krónum? Ef tekjuhlið fjárlaga tæki sömu breytingum og orðið hefur á almennu verðlagi í landinu á sama tíma næmu niðurstöðutölur fjárlaga fyrir árið 1978 108.5 milljörðum kr. í stað 132.5 milljarða sem hæstv. fjmrh. hefur boðað. Það munar 24 milljörðum kr. hjá þeim ráðh., sem taldi haustið 1973 auðvelt að lækka fjárlögin um upphæð sem í dag svarar til 16.7 milljarða kr. Í stað þess að lækka fjárlögin um 16.7 milljarða hækkar hæstv. ráðh. þau umfram almenna verðlagshækkun um 24 milljarða. Mismunurinn á fyrirheitum og efndum er ríflega 40 milljarðar kr. Samkv. fyrirheitunum ættu fjárlögin að nema 108.5 milljörðum mínus 16.7 milljarðar eða 81.8 milljarðar, en verða a. m. k. 132.5 milljarðar eftir boðskap hæstv. ráðh. Það munar um 62%.

Nú væri ekki yfir því að kvarta ef þessi aukna skattheimta væri notuð til þess að auka í jafnríkum mæli samfélagslega þjónustu og framkvæmdir. En staðreyndin er sú, að þessir þættir fjárlaga hafa dregist saman í hlutfalli við almenn rekstrarútgjöld. Í frv. er enn gert ráð fyrir samdrætti opinberra framkvæmda um 5%, þó að efnt sé til mikillar nýrrar skattheimtu á bifreiðaeigendur til að framkvæmdir í vegamálum verði nokkuð auknar frá því lágmarki sem þær hafa verið í síðan núv. stjórnarflokkar tóku við völd-

um. Jafnhliða þessari nýju skattheimtu með hækkun bensíngjalds hirðir ríkissjóður í sinn hlut með söluskatti ofan á hækkunina um 360 millj. kr. á næsta ári. Þessi hækkun á samkv. hugmyndum stjórnarflokkanna ekki að hafa áhrif á greiðslu vísitölubóta á laun. Hér er um að ræða 0.5 vísitölustig sem ekki kæmu fram sem launahækkun. Ef miðað er við félagsmenn Alþýðusambands Íslands mundi sú ráðstöfun færa atvinnurekendum um 750 millj. kr. sparnað í launagreiðslum á næsta ári og ríkinu ríflega 200 millj. kr. í sparnaði á launaútgjöldum til starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana, auk þeirra 360 millj. kr. sem ríkissjóður mundi hirða í aukinn söluskatt.

Þrátt fyrir þá aukningu, sem ráðgerð er á vegaframkvæmdum á næsta ári með hækkun bensínverðs um a. m. k. 18 kr. á lítra, að meðtalinni sjálfkrafa hækkun á söluskatti, má reikna með að framkvæmdir verði að raungildi minni en á hverju áranna fyrir sig: 1971, 1972, 1973 og 1974. Ef miðað er við að vísitala vegagerðar verði 30% hærri á framkvæmdatíma á næsta ári en í ágúst í ár verða sambærilegar tölur um vegagerð á verðlagi ársins 1976 þessar frá 1970: 1970 1982 millj. kr., 1971 3770 millj., 1972 4128 millj., 1973 4689 millj., 1974 3761 millj., 1975 2742 millj., 1976 2515 millj., 1977 2208 millj. og 1978 3113 millj. Þrátt fyrir mjög mikla hækkun bensíngjalds og þungaskatts skortir þó verulega á að á næsta ári verði unnið að vegagerð fyrir hliðstæða upphæð, og gert var árin 1971—1974, að báðum meðtöldum. Framkvæmdaféð var á þessum fjórum árum að meðaltali 4087 millj. kr. á verðlagi ársins 1976, en verður á sama verðlagi á næsta ári 3113 millj. En samhliða þessari aukningu tekna Vegasjóðs hyggjast stjórnarflokkarnir nota tækifærið og hirða í ríkissjóð um 360 millj. kr. með auknum söluskatti á bensín. Jafnframt á að spara ríkinu 200 millj. kr. í launagreiðslur og viðsemjendum Alþýðusambands Íslands um 750 millj. kr. með skerðingu vísitölubóta á laun.

Vaxtagjöld af ýmsum lánum ríkissjóðs í A-hluta fjárlagafrv. aukast um 1040 millj. kr. og nema 3311.2 millj. kr., en námu 411.8 millj. kr. á fjárlögum 1974 eða hafa ríflega áttfaldast í tíð núv. ríkisstj. Vaxtakostnaður í A- og B-hluta nemur 11 976 millj. kr., hækkar á næsta ári um ríflega 3600 millj.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þróunina, útþenslu rekstrarliða í samanburði við framlög til verklegra framkvæmda. Eins og ég áðan sagði námu vextir af ýmsum lánum ríkissjóðs 411.8 millj. kr. á fjárlögum 1974. Þá voru veittar 444 millj. kr. til almennra hafnarframkvæmda sveitarfélaga og auk þess 169 millj. kr. vegna sérstakra framkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði. Þó að aðeins sé miðað við hinar almennu framkvæmdir sveitarfélaga, þá nam framlag ríkissjóðs nokkru hærri upphæð en útgjöld vegna vaxtagreiðslna ríkissjóðs á því sama ári. Á fjárlagafrv. nú eru 1170 millj. kr. veittar til almennra hafnarframkvæmda sveitarfélaga, en vaxtagreiðslur í A-hluta eru áætlaðar 3312.4 millj. kr. Þetta segir nokkra sögu um hvað hefur verið að gerast hin síðustu ár. Byggingarkostnaður er 3.2 sinnum hærri en við afgreiðslu fjárl. 1974, fjárveiting til almennra hafnarframkvæmda sveitarfélaga 2.6 sinnum hærri, en vaxtagjöld 8 sinnum hærri.

Það, sem jákvætt má telja í fjárlagafrv. nú, varðar einungis uppsetningu og fskj. Sjúkratryggingagjald er nú talið með tekjum ríkissjóðs, eins og frá upphafi hefði átt að gera. Sérstök yfirlit eru aukin og er það til bóta, sérstaklega yfirlit nr. 12, þar sem sýndur er samanburður á fjárveitingum samkv. ríkisreikningi 1976, fjárl. 1977 og frv. til fjárl. fyrir árið 1978 eftir rn. og stofnunum í A-hluta. Ég tel að hliðstæðar upplýsingar þyrfti að veita um heildarútgjöld eftir útgjaldaþáttum, þ. e. breyta yfirliti 1, 2 og 3 í hliðstæða mynd og yfirlit 12. Einnig þyrftu í yfirliti 8 að koma fram hliðstæðar upplýsingar um verklegar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra á gildandi fjárl. og veittar eru um fjárlagafrv. sem lagt er fram.

Án efa á fjárlagafrv. eftir að taka verulegum breytingum í meðferð Alþ. þar sem útgjöld eru sýnilega vantalin. Í sambandi við nýgerða kjarasamninga BSRB og ríkisins hafa málgögn stjórnarflokkanna óspart haldið því á lofti að útgjaldaauki vegna þeirra nemi 7.7 milljörðum kr. og vegna þessara nýju samninga verði að hækka útgjaldatölu fjárlagafrv. um þá upphæð. Morgunblaði segir t. d. hinn 26. okt., s. l., með leyfi hæstv forseta:

„Fjmrh. sagði að útgjaldaauki ríkissjóðs á næsta ári af völdum þessara kjarasamninga mundi nema um 7.7 milljörðum kr., miðað við það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir Alþ. Matthías Á. Mathiesen sagði að tryggja yrði fjármagn til þess að standa undir þessum auknu útgjöldum við afgreiðslu fjárl. í des."

Og ritstjóri Tímans, hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, hefur ekki viljað láta sinn hlut eftir liggja að sýna fólki fram á að auka þurfi útgjöld ríkissjóðs um 7.7 milljarða kr. vegna nýrra kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Hv. þm. sagði í leiðara Tímans hinn 27. okt. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. hinum nýju samningum hækka útgjöld ríkisins um 7.7 milljarða kr. umfram það sem er áætlað í hinu nýja fjárlagafrv., og er þó búið að gera þar ráð fyrir verulegri launahækkun."

Það fer ekki á milli mála hverjum stjórnarflokkarnir vilja kenna um þá hækkun, sem verður á fjárlagafrv. í meðförum Alþ. Ég er ekki svo kunnugur hinum nýju kjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisins, að mér sé ljóst hver útgjaldaauki er af þeim miðað við fjárlagafrv., og niðurstaða um launakjör félagsmanna í Bandalagi háskólamanna liggur ekki fyrir. En hitt veit ég, að í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir þeim hluta launakostnaðar á árinu 1978, sem leiðir sjálfkrafa af hækkun verðlags nú í haust, en áætlað hefur verið, að sú verðlagshækkun valdi 9.6% hækkun launa 1. des. n. k. Þessum launabreytingum, sem fyrirsjáanlegar voru, hefur verið sleppt í fjárlagafrv. að öðru leyti en því, að verðlagsbætur 1. sept. voru ofáætlaðar um 1.07%. Sú breyting á launalið, sem var fyrirsjáanleg hvað sem leið nýjum kjarasamningum, en vantar þó í fjárlagafrv., nemur 2500—2700 millj. kr., ef tekið er tillit til ofáætlunar vísitölubóta í sept. Hliðstæð hækkun á lífeyristryggingum almannatrygginga gæti numið 1400—1450 millj. kr. og á sjúkratryggingum 825—850 millj. og er eingöngu vegna venjulegra verð-

lagsbóta í samræmi við hækkun verðlags í haust. En fjárhæðinni er vísvitandi sleppt í fjárlagafrv. til þess að þessi hækkun útgjaldahliðar fjárl. verði bendluð við nýgerða kjarasamninga. Að sjálfsögðu hefur þessi útgjaldaauki þó jafnframt áhrif á tekjuhlið til hækkunar. En þeir félagar, hæstv. fjmrh. og ritstjóri Tímans, gæta þess vandlega að nefna einhverja brúttótölu, sem þegar betur er að gáð inniheldur nær 5 milljarða útgjöld sem eingöngu eiga rætur að rekja til hækkunar verðlags nú á haustmánuðum. Sá hluti útgjaldaupphæðarinnar hefði að sjálfsögðu átt að vera í fjárlagafrv. En síðan leggja þeir félagar áherslu á að afla þurfi tekna til þess að standa undir þessari hækkun útgjalda, 7.7 milljörðum kr., án þess að nefna hve mikið á rætur að rekja til venjulegra verðlagsbóta á laun eða hve mikið af launaupphæðinni kemur til baka í ríkissjóð vegna skattkerfisins.

Verulegur hluti launþega greiðir aftur til ríkisins 40% af því, sem við launin bætist, eftir að ákveðnu tekjumarki er náð. Og nú er í fjárlagafrv. beinlínis gert ráð fyrir því að færa þessi mörk niður í raun með því að láta skattvísitölu ekki fylgja breytingum á tekjum. Þessi tekjuauki ríkisins kemur þó að vísu að litlu leyti fram á næsta ári. Það er einnig staðfest í svari sem ég fékk við fsp. á Alþ. s. l. vor, að vísitölufjölskyldan greiðir 18.9% af útgjöldum sínum í aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskatt, svo að skattkerfið sér sjálfkrafa um að ná til baka í ótrúlega ríkum mæli þeim hækkunum sem verða á útgjaldahlið fjárl. vegna aukinna launagreiðslna. Þarna eru í ýmsum tilvikum komin tæplega 60% aftur í ríkissjóð, svo gegndarlaus er skattheimtan. Og samkv. svarinu við fsp. minni í vor fara svo þar að auki til viðbótar 12.4% af útgjöldum vísitölufjölskyldunnar í verslunarálagningu og allt að 11% fara í sveitarsjóð. Tilgangur þeirra fóstbræðra, hæstv. fjmrh. og ritstjóra Tímans, er auðsær og áróðurinn býsna gegnsær. 4.5—4.8 milljarða kr. upphæð beinlínis vantar í fjárlagafrv. vegna þess að látið var hjá líða að gera ráð fyrir óhjákvæmilegri og venjulegri hækkun launaliðar vegna verðlagshækkana nú í haust. Síðan er hrópað hátt um það, að þessi upphæð, auk raunverulegrar grunnkaupshækkunar komi til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs umfram áætlun fjárlagafrv. einungis vegna nýrra kjarasamninga við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og sleppt að minnast á sjálfkrafa breytingu á tekjuhliðinni.

Ýmislegt mætti nefna sem auðljóslega þarf að hækka í fjárlagafrv. Í hafnaáætlun, sem nýlega hefur verið lögð fram, eru áætlaðar framkvæmdir á árinu 1978 taldar kosta 1476 millj. kr. á verðlagi um síðustu áramót. Samkv. upplýsingum Hafnamálaskrifstofunnar er gert ráð fyrir 40% kostnaðarauka við þessar framkvæmdir vegna verðlagsbreytinga frá því, sem áætlunin er miðuð við. Hluti ríkissjóðs í framkvæmdum með kostnaðartölu fyrir 1978 nemur um 1550 millj. kr., skuldir við hafnarsjóði vegna framkvæmda í ár umfram ónotaðar fjárveitingar nema um 140 millj. kr. Fjárveitingin þarf samkv. þessu að nema 1690 millj., en í fjárlagafrv. er einungis gert ráð fyrir 1170 millj. kr. fjárveitingum. Ef eitthvað á að vera að marka þá hafnaáætlun, sem hæstv. samgrh. hefur nýlega lagt fram, og samræmi á að vera milli hennar og fjárveitinga á fjárl. vantar hér um 520 millj. kr. Fjárveitingin þarf að hækka um 44% til þess að vera í samræmi við áætlaðar framkvæmdir 1978 í þeirri hafnaáætlun fyrir árið 1977—1980 sem nýlega hefur verið lögð fram á Alþingi.

Þótt fjárlög hækki að þessu sinni um hærri krónutölu en nokkru sinni hefur áður gerst, vantar þó framlög til framkvæmda sem verður að sinna. Ég vil hér sérstaklega nefna eitt verkefni sem ég sakna alveg sérstaklega. Í þessu fjárlagafrv., sem hæstv. menntmrh. stendur að ásamt hæstv. fjmrh. og öðrum hæstv. ráðh., er ekki gert ráð fyrir að bætt verði að neinu leyti úr húsnæðisskorti Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Svo er að sjá sem þeir, sem standa að gerð fjárlagafrv., láti sér til hugar koma að ekki verði varið einni einustu krónu á a. m. k. 130 milljarða kr. fjárl. til úrbóta í húsnæðismálum fjölbrautaskólanna sem flestir telja hinn eðlilega vaxtarbrodd í menntamálum, þar sem segja má að með starfsemi þeirra sé í fyrsta sinn verið að meta verklegt nám til jafns við bóklegt og samtvinna þróun beggja þessara þátta í einni og sömu menntastofnun. Í þeim efnum hefur Fjölbrautaskólinn á Suðurnesjum verið í fararbroddi, þar sem hann hefur auk bóklegs náms tekið að sér verkefni Iðnskóla Suðurnesja og aukið það og þróað. Kennsla var hafin á tveim nýjum iðnbrautum í haust og undirbúningi var lokið að því að bóklegt nám flugliða geti hafist eftir næstu áramót. Nemendur í þessum skóla, sem starfað hefur í rúmt ár, eru nær 500, og gert er ráð fyrir að þeim fjölgi um 120—150 á næsta ári, ef ríkisvaldið sinnir því hlutverki sínu að tryggja skólanum húsnæði. Í eigin húsnæði skólans eru 7 kennslustofur, en 16 stofur verður að leigja á 4 stöðum í tveim sveitarfélögum, og þarf ekki að eyða að því orðum, hverju óhagræði þetta ástand í húsnæðismálum veldur í rekstri skólans. Alvarlegast er þó, að engin aðstaða er til að mæta fyrirsjáanlegri fjölgun nemenda. Keyrir um þverbak ef þau verða viðbrögð stjórnvalda við þessum vanda að gera ekki neitt, eins og lagt er til með því fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir. Tillaga forráðamanna skólans er að byggð verði ein hæð ofan á núverandi skólahúsnæði, og er óhætt að fullyrða að óvíða er við byggingu skóla kostur á hagkvæmari lausn á miklum vanda.

Það hlýtur að vekja sérstaka furðu, að á sama tíma og hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. hafa ekki fengist til þess að setja eina einustu krónu til úrlausnar á húsnæðisvandræðum Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum í það fjárlagafrv. sem þeir voru að sjóða saman í sumar, þá létu þeir kalla saman fjvn. til að fá hana til að samþykkja að ráðstafað yrði úr ríkissjóði um 640 millj. kr. til kaupa og lagfæringar á húsnæði sem viðkomandi eiganda gekk illa að losna við. Þetta húsnæði átti síðan að nota fyrir menntmrn. þótt engin heimild fyrirfyndist á fjárl. þessa árs til að eyða fé eða efna til skulda til að verða menntmrn. úti um húsnæði, enda hafði aldrei verið á húsnæðismál rn. minnst á Alþ. og er þó á æðimargt drepið í umr. hér. Vegna andstöðu minni hl. fjvn. og upplýsinga um málið í

dagblöðum var frá því horfið í sumar að láta verða af kaupunum á hússkriflinu á Laugavegi 166, en afstaða þessara hæstv. ráðh. Sjálfstfl. og Framsfl. er áréttuð í fjárlagafrv. Samtímis því, að þeir leggja til í fjárlagafrv. að engu fé verði varið til að leysa Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum úr þeim þrengingum sem hann býr við í húsnæðismálum, þá leggja þeir til að eigandi Víðishússins verði leystur úr þeim þrengingum sem hann er í vegna vandræða við að losna við hússkriflið.

Ég vil nú koma með tvær áskoranir á hæstv. fjmrh.: Í fyrsta lagi að í fjárl. fyrir næsta ár verði gert ráð fyrir fjármagni til að fullgera byggingu hæðar ofan á núverandi húsnæði Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum. Og í öðru lagi verðandi húsnæði sem hann hefur til þessa sýnt meiri áhuga, að hann láti hverjum og einum alþm. í té þau gögn sem fjvn. fékk til skoðunar í sumar þegar fyrir n. var lagt að taka afstöðu til kaupa ríkisins á Laugavegi 166. Þessi plögg eru: 1) Skýrsla framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, dags. 15. febr. 1977, um lauslega athugun á 4. og 5. hæð. 2) Minnisatriði frá fulltrúum menntmrn., fjmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun til menntmrh. og fjmrn., dags. 10. maí 1977, um kaupverð húseignarinnar Laugavegur 166. 3) Skýrsla Ásgeirs Markússonar, dags. 15. júní 1977, um lauslega athugun á húsinu öllu í janúar 1977. 4) Minnisatriði Gísla Blöndals og Skúla Guðmundssonar, dags. 17. ágúst 1977, um byggingarkostnað fyrir almennt skrifstofuhúsnæði. 5) Bréf fjárlaga- og hagsýslustofnunar til fjvn., dags. 2. 9. 1977: Samanburður á kostnaðarmati vegna athugunar á húseigninni Laugavegur 166.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. telji eðlilegt að nú, þegar þetta umdeilda mál er lagt fyrir Alþ. til ákvörðunar við afgreiðslu fjárl., þá hafi allir hv. alþm. í höndum þau sömu gögn og voru lögð fyrir fjvn. í sumar þegar ætlunin var að ganga frá málinu. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. veiti mér svar við þessari beiðni minni nú á þessum fundi. Með því að veita mér jákvætt svar við þessari beiðni sparar hæstv. fjmrh. mér að afla atfylgis þm. til að óska formlega samkv. ákvæðum þingskapa eftir skýrslu um þetta mál þar sem þessi fyrrgreindu gögn yrðu birt.

Ég hef oft áður við fjárlagaumr. á undanförnum árum farið nokkrum orðum um áætluð framlög úr ríkissjóði annars vegar til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og hins vegar til niðurgreiðslna á vöruverði. Ekki fellur öllum jafnvel að ríkissjóður afli fjár til að stýra neyslunni svo að meira sé keypt af tilteknum landbúnaðarvörum en ella. Hitt er ljóst, að niðurgreiðslurnar koma þó þeim að mestu gagni sem vegna lágra tekna greiða minna en almennt gerist í ríkissjóð, en eyða hlutfallslega meiru af fé sínu en hinir tekjuhærri til kaupa á þessum niðurgreiddu vörum sem eru daglega á borðum fólks. Lækkun verðlags þessara mikilvægu vara hefur jafnframt áhrif á verðlagsþróunina í landinu. Sú ráðstöfun ríkisvaldsins að verja verulegu fé til niðurgreiðslna á brýnum neysluvörum getur því einkum á miklum verðbólgutímum verið eðlileg leið ásamt öðrum heildarráðstöfunum sem gerðar yrðu til að hamla á móti keðjuverkunum verðlagshækkana. Þær eru ekki of margar, ráðstafanirnar sem gerðar eru til að hafa bein áhrif til lækkunar verðlags í landinu. Flestar ganga í þveröfuga átt með keðjuverkandi áhrifum: hækkun óbeinna skatta, hækkun vaxta, gengislækkanir og gengissig. Reynslan undanfarið hefur rækilega sýnt fram á keðjuverkun verðhækkana. Lækkun verðlags brýnustu neysluvara, borin uppi af aukinni beinni skattheimtu skattlausra fyrirtækja og þeirra einstaklinga sem best mega sín, hefði hliðstæð áhrif til hömlunar á verðbólguna. Það er á hinn bóginn ógæfuleg þróun, að af því fé, sem samtals er varið úr ríkissjóði til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og til niðurgreiðslna á vöruverði innanlands, fer sífellt stærri hluti til þess að greiða niður íslenskar landbúnaðarvörur í því skyni að ríkustu þjóðir heims fáist til þess að láta þær ofan í sig.

Ef skoðuð er þróunin síðan á fjárl. fyrir árið 1975 og fram til fjárl. fyrir árið 1978 kemur í ljós, að frá því í nóv. 1974, þegar verið var að afgreiða fjárlög fyrir árið 1975, hefur framfærsluvísitalan hækkað um 145.6%, framlag til niðurgreiðslna á vöruverði innanlands um 73.8%, en framlag ríkissjóðs til útflutningsbóta hefur hækkað um 313.8%, þ. e. a. s. hefur ríflega fjórfaldast. Hér er vítahringurinn á hraðasta snúningi. Minnkun niðurgreiðslna á verði innanlands dregur úr sölu, meira fé þarf til að greiða útflutningsbætur, hækkun óbeinna skatta til að standa undir þessum auknu útflutningsbótum skrúfar síðan upp verðbólguna.

Það er eðlilegt, að spurt sé: Hve lengi er unnt að viðhalda þeirri reglu, að skylt sé að greiða úr ríkissjóði í uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 10% af heildarverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslu, einnig reiknað af verðmæti framleiðslu svo sem kartaflna sem aldrei eru fluttar út úr landinu? Hversu lengi er unnt að viðhalda þessari reglu eftir að framleiðsla einstakra greina er komin út fyrir öll skynsamleg takmörk miðað við afurðasölu á innanlandsmarkaði? Er ekki nær að nota hluta fjármagnsins til að auðvelda tekjulágu fólki í landinu að kaupa þessar vörur? Væri ekki eðlilegra að greiðsluskylda á útflutningsbótum væri miðuð við ákveðið hutfall af verðmæti hverrar framleiðslugreinar fyrir sig, og kæmi þá til greina að það mark væri hærra en 10%.

Hér er stefnt í algert óefni þegar svo er komið að greiðslur úr ríkissjóði með útfluttum landbúnaðarafurðum, sem seljast ekki í nægum mæli innanlands, hafa ríflega fjórfaldast á þremur árum. Sá háttur, sem nú er á hafður, viðheldur stjórnleysi í framleiðslu, stýrir ekki af neinni skynsemi þróun í landbúnaði. Þegar náð er þeim mörkum, sem uppbætur úr ríkissjóði á útfluttar landbúnaðarafurðir duga til, og bændur eiga sjálfir að taka á sig mismun á verðlagi útflutnings og innanlandsmarkaðar, hljóta kjör þeirra að verða óviðunandi og sú þróun bitnar harðast á þeim sem við lökust kjör búa. Hér er því engan veginn um reikningslega hagsmuni ríkissjóðs eina að ræða. Vissulega hefur tekist að auka mjög framleiðslu á hvern vinnandi mann í landbúnaði. En gífurlegur fjárfestingarkostnaður með síauknum vaxtagreiðslum verður meiri byrði en

bændur eða aðrir þjóðfélagsþegnar geti axlað, ef þróun landbúnaðar verður áfram án nokkurrar skynsamlegrar stýringar. En hér ríkir sú stefna stjórnarflokkanna sem allsráðandi hefur verið, sú eina stefna sem þeir virðast hafa: að stjórna ekki.

Ytri aðstæður hafa batnað mjög s. l. ár og það sem af er þessu ári, og spáð er 4% aukningu þjóðartekna á næsta ári. Þjóðartekjur á mann verða á þessu ári líklega um 3% hærri en árið 1973, og samkv. þjóðarhagsforsendum, sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárlagafrv., er gert ráð fyrir að þjóðartekjur á mann aukist um 3% árið 1978. Þrátt fyrir þessa þróun er það ætlun stjórnvalda með afgreiðslu fjárl. að raska ákveðnum þáttum í grundvelli þeirra kjara sem launafólk býr nú við. Annars vegar er hér um að ræða hækkun bensínverðs á þeim grundvelli að sú hækkun komi ekki fram í verðbótum á laun, eins og í kjarasamningum er miðað við. Það gæti munað hjá félagsmönnum Alþýðusambands Íslands 750 millj. kr. á næsta ári aðeins vegna hækkunar bensínsins. Hins vegar er ætlunin að skattvísitala, sem gildir við álagningu á næsta ári, fylgi ekki að þessu sinni breytingu á meðaltekjum undanfarandi árs, eins og gilt hefur nú síðustu árin, heldur hækki til jafns við breytingar á framfærsluvísitölunni. Gera má ráð fyrir að hækkun meðaltekna á árinu 1977 verði 38—39%, en hækkun framfærsluvísitölu um 31%. Hér munar því talsverðu. Munurinn á því að nota breytingar á framfærsluvísitölu til viðmiðunar í stað breytinga á meðallaunum gæti þýtt 1750—2000 millj. kr. auknar skatttekjur hjá ríkissjóði á næsta ári. Og einnig hefur þessi ákvörðun um skattvísitölu áhrif til hækkunar á útsvör. Hæstv. ríkisstj. velur breytingar á meðallaun til viðmiðunar þegar þau hækka minna en framfærsluvísitalan. T. d. hækkuðu meðallaun um 30% 1975, en framfærsluvísitalan um 49%. Þá var miðað við hækkun meðallauna. Hins vegar kýs hæstv. ríkisstj. nú að miða breytingar á skattvísitölu við breytingar á framfærsluvísitölu þar eð dæmið hefur snúist við.

En það eru ekki ýkjamörg ár síðan fulltrúar Sjálfstfl. virtust ekki í vafa um að það væri þeirra stefna að breyting á skattvísitölu skyldi jafnan vera í réttu hlutfalli við breytingu á meðallaunum. Hinn 7. mars 1974 sagði hæstv. núv. félmrh., Gunnar Thoroddsen, í umr. á Alþ. um frv. til l. um skattkerfisbreytingu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil nefna annað atriði, sem er mjög hæpið í þessu frv. Það er um skattvísitöluna. Þar er gert ráð fyrir að halda áfram því fyrirkomulagi, sem ég veit að hefur verið þyrnir í augum verkalýðssamtakanna, að skattvísitalan sé ákveðin á hverju ári í fjárl., sem leiði til þess að ríkisstj., fjmrh., metur það eftir aðstæðum hverju sinni, hve mikið sé rétt að taka í tekjuskatt. Í frv. okkar sjálfstæðismanna var farin allt önnur leið. Í 6. gr. þess frv. var ákveðið að skattvísitala skyldi ákveðin af kauplagsnefnd ár hvert í samræmi við breytingar á almennum launatekjum, og er það sú trygging sem launþegasamtökin óska eftir að fá."

Það er víst ekki ástæða til þess að spyrja um það núna, hvers launþegasamtökin óska að fá eða hvað kynni að vera þeim þyrnir í augum. Nú er beitt útsjónarsemi að velja þá leið sem hverju sinni er launþegum óhagstæðari: breytingar á framfærsluvísitölu þegar það er launafólki óhagstæðara og breytingar á launatekjum þegar það er launafólki óhagstæðara.

Hæstv. núv. félmrh. var ekki hinn eini þeirra Sjálfstfl.-manna um þá skoðun, að skattvísitölu skyldi breyta í samræmi við breytingar á almennum launatekjum. Hæstv. núv. fjmrh., sem nú boðar kjaraskerðingu með breyttri tilhögun á ákvörðun skattvísitölu, sagði hinn 17. des. 1973 í framsöguræðu á Alþ. fyrir því fræga skattafrv. þar sem hann boðaði lækkun ríkisútgjalda um 17.6 milljarða kr. á núgildandi verðlagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum er með frv. þessu lagt til að skattvísitala verði ákveðin af kauplagsnefnd í samræmi við breytingar á almennum launatekjum." Og síðar í sömu ræðu: „Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að allir þeir frádráttarliðir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., hækki samkv. skattvísitölu sem ákvörðuð verði í samræmi við breytingar á almennum launatekjum."

Þessar ráðagerðir hæstv. núv. fjmrh. eru nú teknar að breytast varðandi skattvísitöluna ekki síður en þær sem beindust að lækkun ríkisútgjalda.

Það hefur æðioft verið sagt að fjárlagaafgreiðsla spegli stefnu viðkomandi ríkisstj. Það á að sjálfsögðu við nú ekki síður en áður. En eins og á mörgum öðrum sviðum er hér erfitt að greina í sundur orsök og afleiðingu. Stjórnarstefnan markar fjárlagaafgreiðsluna. Hægri flokkar eins og þeir, sem nú fara með völd, leggja áherslu á að draga úr samfélagslegum framkvæmdum og gefa gróðahvöt einkaframtaksins sem frjálsastar hendur. Ef samkeppni er á vinnumarkaðinum skulu dregnar saman opinberar framkvæmdir, en athafnir einkaaðila, sem í ríkum mæli eru markaðar af áformum um verðbólgugróða, sitja í fyrirrúmi. Fjárlagaafgreiðslan og það, hvernig tekst að halda á málum í samræmi við sett fjárlög, setur svo mark á efnahagsþróunina.

Hvað sem líður sundurgreiningu orsaka og afleiðinga er niðurstaðan sú eftir þriggja ára stjórn Sjálfstfl. og Framsfl., að fjárlög fyrir næsta ár verða líklega um 4—5 sinnum hærri en fjárlög fyrir 4 árum. Í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa fjárlög hækkað meir en nokkru sinni hefur áður þekkst. Það segir nokkra sögu um stjórn efnahagsmála á þessu tímabili, og verður þá sérstaklega að hafa í huga að verðlag innfluttrar vöru hækkaði á hverju þessara ára aðeins um 5—7%. Það er eðlilegt að þess sjáist merki í efnahagsmálum þegar ytri aðstæður eru mjög óhagstæðar, þegar jafnvel fer saman lækkun afurðaverðs og mikil hækkun innflutningsverðlags. En ríkisstj., sem hefur ekki ráðið við neitt í góðæri, getur ekki stýrt í logni, hefur enga afsökun. Ytri aðstæður hafa verið með eindæmum hagstæðar í fyrra og í ár, þ. e. a. s. riflega tvo þriðju hluta af stjórnartímabili hæstv. ríkisstj. tiltölulega lítil verðhækkun innfluttrar vöru, en hærra afurðaverð útfluttrar vöru og meiri verð-

mætasköpun framleiðslustéttanna en nokkru sinni fyrr. Verðbólga hefur þó áreiðanlega aldrei verið meiri öðru sinni í hlutfalli við verðhækkun á innfluttum vörum.

Oft er vitnað í verðbólguna 1974. Meðalhækkun framfærsluvísitölu á árinu 1974 nam 43%, en hækkun verðlags innflutnings nam 35% í erlendri mynt. Meðalhækkun framfærsluvísitölu árið 1975 var 49%, 1976 32% og í ár álíka mikið, en hækkun verðlags innflutnings í erlendri mynt nam árin 1975, 1976 og 1977 einungis 5—7%. Þarf ekki orðum að eyða að því að aldrei hefur verið verr staðið að því að halda innlendu verðlagi í skefjum í hlutfalli við verðlag útflutnings heldur en í tíð núv. ríkisstj., sem þó hefur stuðst við atfylgi 42 þm. af 60 og ætti að hafa afl til átaka.

En þó að nauðsynlegt sé að almenningur dragi sínar ályktanir af þessum ferli hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, þá er það svo, að meiru en að þræta um liðna tíð skiptir það, hversu tekst á komandi tíð. Nú er spurt, þegar hæstv. ríkisstj. nær engum árangri í verðlagsmálum þrátt fyrir hinar hagkvæmu ytri aðstæður: Hver verður þróunin ef eitthvað kynni að harðna á dalnum að nýju?

Ráðstafanir stjórnvalda hafa verið einstakar aðgerðir bundnar við afmarkaða þætti vandans, — ráðstafanir sem sérfræðingar geta eflaust rökstutt sem eðlilegar á sínu afmarkaða sviði, ef það svið væri einangrað og án afgerandi afleiðinga á aðra mikilvæga þætti málsins, þar sem skaðinn af ráðstöfuninni er e. t. v. margfaldur á við það sem vinnst um takmarkaðan tíma á hinu afmarkaða sviði. Þetta á við um vaxtahækkanir og gengisbreytingar. Glíma við verðbólgu er glíma við að komast út úr vítahring, eða frekar eins og umbrot manns í sandbleytu þar sem hver hreyfing, sem ekki er hnitmiðuð og rétt, færir hann dýpra í kaf. Það kann að vera að hækkun vaxta á verðbólgutímum, þegar gildi peninga rýrnar örar en vextir hafa fengið borið uppi, sé ekki óskynsamleg ályktun í sjálfu sér, hugsuð ein sér. En afleiðingin verður meiri verðbólga og enn rýrnun þeirra fjármuna sem ætlunin var að tryggja með hærri vöxtum, og svo koll af kolli. Lækkun gengis gjaldmiðilsins kann að líta vel út sem hugmynd þegar höfð er í huga hækkun innlends kostnaðar langt umfram hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum. En afleiðingin er enn meiri verðbólga og enn styttri biðtími eftir næstu gengislækkun. Þessar ráðstafanir, þótt býsna eðlilegar geti talist ef takmarkaður hluti vandans er skoðaður út af fyrir sig, auka á heildarvandann, en leysa hann ekki.

Þegar læknislyf er notað er kannað hvað mest og spurt um það, hvort það hafi hættulegar hliðarverkanir. Minna er spurt um þetta í sambandi við efnahagsráðstafanir. Til þess að gera sér grein fyrir vandanum ætti að draga saman lýsingu á sjúkdómseinkennunum, ef þau gæfu bendingar um aðgerðir sem gætu orðið hluti af heildarráðstöfunum til úrbóta. Þær ráðstafanir þyrftu án efa að vera víðtækar og í samhengi, en felast ekki í einangruðum aðgerðum til tímabundinna úrræða á afmörkuðum sviðum án tillits til hliðarverkana á aðra mikilvæga þætti, eins og verið hefur.

1) Á tímum óðaverðbólgu er sparnaður ekki mögulegur í þjóðfélaginu nema með fjárfestingu, eða a. m. k. er fjárfestingin of eftirsóknarverð leið. Fjárfesting þarf ekki að geta staðið undir eðlilegum rekstri, verðbólgugróðinn fæst án þess. Dæmi er um að húsnæði standi ónotað tímum saman, en eigandinn hljóti sitt verðbólgugull þrátt fyrir það.

2) Þegar svo er um möguleikana á varðveislu raungildis fjármuna á óðaverðbólgutímum eins og raun ber vitni leitar kaupmáttaraukningin, sem verkalýðsfélögin tryggja félögum sínum, þegar út í aukin vörukaup og auknar gjaldeyriskröfur vegna hvers konar neysluvara. Ríkisstj. eins og sú, sem nú situr, grípa þegar til þeirra aðgerða að slá niður kaupmáttaraukninguna með ráðstöfunum sem að jafnaði eru í því fólgnar að hækka enn verðlag. Væri grundvöllur til sparnaðar með eðlilegum hætti í þjóðfélaginu og hann gerður eftirsóknarverður mundi verkalýðsstéttunum reynast auðveldara að vernda kaupmáttaraukninguna.

3) Ríkissjóður greiðir nær helming vaxtakostnaðar gjaldenda án tillits til þess til hvers lánin eru tekin eða hvernig högum skuldarans er háttað.

4) Skattkerfi ríkisins byggist í æ ríkara mæli á þeim hluta tekna borgaranna sem er eytt samstundis og þeirra er aflað. Ríkinu er því illkleift að gera ráðstafanir til að hemja eyðsluna.

5) Bankakerfið fjármagnar verslunina í ríkum mæli í því skyni að borgararnir geti eytt peningum áður en þeirra er aflað, þannig að krafa um gjaldeyri kemur fram áður en kaupandinn hefur með vinnu sinni skapað verðmæti á móti.

6) Þeir, sem fá óverðtryggt fjármagn að láni frá opinberum aðilum til fjárfestingar, geta selt fjárfestinguna með gróða. Hagkvæmni lánsins fylgir ekki fjárfestingunni til nýs eiganda og verðlagið skrúfast upp.

7) Grundvöllur nýrrar fjárfestingar er oft ekki sá, að hún sé hagkvæm eða nauðsynleg í sjálfri sér, heldur ræður von um verðbólgugróða svo og ákvæði skattalaga um afskriftir, þ. e. a. s. það sem ræður er val milli skattgreiðslu til ríkisins eða nýrrar fjárfestingar fjárfestingarinnar vegna. Er hér oft um að ræða afskrift fjárfestingar sem kostuð hefur verið með óverðtryggðum lánum og síðan fást aftur óverðtryggð lán til að græða á hinni nýju fjárfestingu sem ráðist er í til að geta afskrifað áfram.

8) Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði, sem taldar eru til sparnaðar á hagskýrslum, ná vart því máli þegar rýrnun verðgildis peninga hvetur til allt of mikils íburðar og jafnvel eru byggðar þúsundir íbúða þar sem nánast engin er fjölgun mannfólksins.

9) Eignarhald einstaklinga á landi, sem hefur orðið dýrmætt fyrir annarra tilverknað, er hin öruggasta ávísun á gróða. Útgjöld vegna þess gróða dreifast síðan út í verðlagskerfið.

Svona mætti sjálfsagt lengi áfram telja, og oft gæti það orðið svo, að skilgreining þess, sem athugavert er, kalli sjálfkrafa á viðbrögðin. En víst er að eigi að sinna lausn verðbólguvandans af alvöru, og það hefur hæstv. núv. ríkisstj. aldrei gert, þá þarf að taka á ýmsu. Og telji einhver þjóðfélagsþegn það mikilsvert og eftirsóknar-

vert fyrir hann sjálfan að takist að draga verulega úr óðaverðbólgunni og færa verðlagsþróunina til eðlilegs horfs, þá er það hans að gera sér grein fyrir því, hvað er á sig leggjandi til að öðlast það sem honum er svo mikilvægt og eftirsóknarvert.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. leggur nú í fjórða sinn fram fjárlagafrv. sitt hér á hinu háa Alþ. Síðasta fjárlagafrv., sem lagt var fram áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, hljóðaði upp á 27 milljarða kr. Þá fluttu málsvarar Sjálfstfl. till. um verulega lækkun á því fjárlagafrv. eins og fram hefur komið við umr. Núna, 4 árum síðar, flytur hæstv. fjmrh. í nafni ríkisstj. fjárlagafrv. sem hljóðar upp á 125 milljarða kr. Hér er um að ræða hið minnsta hækkun um 100 milljarða á 4 árum. Aðeins frá árinu í fyrra hækkar fjárlagafrv. um 40 milljarða kr. eða ca. 48% milli ára, ef miðað er við niðurstöðutölu fjárlagafrv. þess sem lagt var fram hér á Alþ. í fyrra. Þetta sýnir best í hverjar ógöngur komið er. Hæstv. ríkisstj. hefur aldrei náð neinum tökum á meginviðfangsefnum sínum.

Í samanlögðum skráðum heimildum um íslenskt mannlíf í 100 ár hefur aldrei neinn ljótur púki verið fitaður jafnmikið og ört og verðbólgupúkinn í peningshúsum félagsbús þeirra Geirs Hallgrimssonar og Ólafs Jóhannessonar. Aldrei í sögu lýðveldisins Íslands hefur jafnmargmennum þingmeirihluta tekist að verðfella íslenskan gjaldmiðil jafnmikið á jafnskömmum tíma og núv. þingmeirihluta hefur tekist. Enda þótt stjórn og stjórnarandstöðu greini á um margt er ég sannfærður um að báðir þessir aðilar eiga nú þá eindrægnu ósk, að guð gefi að íslenska þjóðin þurfi aldrei aftur að lifa þvílíkt öngþveitis- og upplausnarástand í efnahags- og fjármálum, þvílíkan Surtarloga af verðbólgu eins og þann sem bálað hefur í landinu á því kjörtímabili sem nú er senn á enda runnið.

Ég hygg raunar að varla megi á milli sjá, hvorir fegnari séu að loks fer nú að hilla undir lok kjörtímabilsins, þm. stjórnarinnar eða við stjórnarandstæðingar. Raunar er ástandið á stjórnarheimilnu orðið þannig, að ætla má að ráðh. Framsfl. vildu allra helst að menn héldu að þeir væru hlaupnir úr vistinni og flúnir úr landi, því að þeir virðast gera sér sérstakt far um að koma helst ekki fram fyrir alþjóð í nafni ríkisstj. og þá allra sízt þegar ræða á opinberlega stefnumótun hennar eins og við umr. um stefnuræðu forsrh. nú á dögunum. Tilgangurinn með slíku er auðvitað augljós, því að í þessari framkomu er fólgið mat Framsóknarforingjanna á stöðu hæstv. ríkisstj. og sú niðurstaða þeirra, að best sé fyrir þá og þeirra flokk að láta sem minnst á sér kræla í stjórnarsamstarfinu til þess að losna, eftir því sem unnt er, undan ábyrgðinni. Eða halda menn að foringjar Framsfl. væru svona hlédrægir og hógværir ef þeir héldu að ríkisstj. hefði staðið sig vel og þeim væri akkur í því að tengjast sem mest gerðum hennar?

Framsfl. er ekki aðeins pólitískur veðurhani á Íslandi, heldur einnig ótrúlega nákvæm vog til mælinga á veðurlagi í íslenskri pólitík, og það barómet, sem Framsfl. er, stendur nú á fárviðri fyrir samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., — stórviðri sem hleypt hefur slíkum fítonskrafti í hina pólitísku veðurhana flokksins að þeir hafa hoppað ofan af húsmæninum og hlaupið í felur. Og ég vek athygli á því, að nú nokkrum dögum eftir að hv. formaður Sjálfstfl., hæstv. forsrh, ræddi stefnu ríkisstj. í opinberum umr. án þátttöku ráðh. Framsfl., — að nú nokkrum dögum síðar, þegar hæstv. fjmrh. úr sama flokki stendur hér á Alþ. til þess að flytja mál sitt um fjármál ríkissjóðs, þá hefur enn, að því er ég best veit, enginn Framsóknarráðh. beðið um orðið og enginn Framsóknarráðh. er einu sinni hér viðstaddur. Hæstv. fjmrh. verður því einn í ríkisstj. að standa í þessari orrahríð, eins og hæstv. forsrh. mátti einn undir það gangast í útvarpsumr. nú á dögunum. Kannske á það eftir að koma í ljós, að einhver ráðh. Framsfl. tali hér í umr. á eftir, þó að ekki séu þeir búnir að biðja um orðið enn. En ég verð að segja eins og er, að ef svo yrði, þá kæmi mér það allnokkuð á óvart.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við stjórnartaumunum lýsti hún því sem höfuðviðfangsefni sínu að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Fyrsta, stærsta og mikilvægasta verkefni ríkisstj. var að vinna bug á verðbólgunni. Hún lýsti því yfir sem markmiði að koma verðbólguvexti niður í 15% á tveimur árum. Í þessu meginviðfangsefni hefur hæstv. ríkisstj. herfilega misstigið sig. Henni tókst ekki að lækka vöxt verðbólgunnar frá því meti sem hæstv. síðasta ríkisstj. hafði slegið, þvert á móti. Þegar núv. hæstv. ríkisstj. fór að reyna sig fór verðbólgan ekki niður, heldur upp og komst upp í yfir 50% á einu ári. Slíkt hefur aldrei áður gerst í sögu þessa lands, jafnvel ekki á stríðstímum þegar allar aðflutningsleiðir voru lokaðar til landsins, vöruskortur í hámarki og vöruverð steig upp úr öllu valdi. Á s. l. 4 árum hefur því í þessum málum ríkt meira en stríðsástand hér á Íslandi, það er líkt og hrein landplága hafi gengið hér yfir. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. gersamlega mistekist meginviðfangsefni sitt, og fjárlagafrv. þetta er einmitt órækur vottur þar um: eitt hundrað þúsund millj. kr. hækkun á aðeins 4 árum. Að meðaltali á hverju ári hefur hæstv. ríkisstj. sem sé bætt við útgjöld fjárl. 25 þús. millj. kr. upphæð, sem nemur hartnær heildarfjárlögum íslenska ríkisins eins og þau voru síðasta árið áður en núv. ríkisstj tók við.

Vissulega verður sú viðbára notuð, að við gerð fjárl. hafi hækkun útgjalda á fjárl. og tekna aðeins orðið sjálfkrafa sem afleiðing af verðhruni peninga sem orðið hafi í þjóðfélaginu. Því verður sjálfsagt haldið fram, að fjárlagaafgreiðslan í þessu sambandi sé aðeins afleiðing, en ekki orsök, hækkunin milli ára sé aðeins óviðráðanlegt andsvar við utanaðkomandi áhrifum frá verðbólguvextinum sem orðið hafi. Vissulega er það satt og rétt, að hin mikla hækkun fjárl. hefur ekki reynst aukning í raunverulegum verðmætum. Opinberar framkvæmdir, félagsleg þjónusta, framsókn í menningarmálum o. s. frv. — þessi atriði fjárl. hafa ekki aukist, þótt fjárlagatölurnar hafi meira en fjórfaldast. En það er engu að síður rangt að halda

fram því fram, að fjárlög hverju sinni ráðist aðeins af einskærum utanaðkomandi og óviðráðanlegum aðstæðum. Það er ekki frekar hægt að halda því fram, að fjárl. og upphæðir í fjárlagatillögum ríkisstj. séu afleiðing aðstæðna, en t. d. að fullyrða að höfuðið sé afleiðing af hálsinum. Hér er að sjálfsögðu um að ræða hluta af einni heild.

Fjárl. eru einn af meiri háttar þáttum í stefnumótun ríkisstj. á hverjum tíma í efnahagsmálum. Þau eru ekki óhjákvæmileg afleiðing óviðráðanlegs verðbólguástands í þjóðfélaginu, heldur öllu heldur geta þau verið einn af meiri háttar aflvökum slíks ástands, eitt af eldfimustu brennsluefnum sjálfs verðbólgubálsins. Í fjárl. og lánsfjáráætlun er t. d. mótuð stefna ríkisvaldsins í opinberum framkvæmdum. Halda menn að það hafi engin áhrif á þróun verðbólgu í landinu þegar fjármunamyndun sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu vex á 4 árum árum úr 24.4% í 32.9% og stór hluti þessarar fjármunamyndunar er til kominn við söfnun gjaldeyrisskulda erlendis? Halda menn að það hafi engin áhrif á vöxt verðbólgunnar og almenn lífskjör í landinu þegar 10 þús. millj. kr. er kastað í óþarfar framkvæmdir norður við Kröflu sem engan arð munu færa þjóðinni í fyrirsjáanlegri framtíð, heldur þvert á móti, af því að vextir og afboganir af lánum, sem tekin voru vegna þessarar heimskulegu og ábyrgðarlausu framkvæmdar, geta numið sem svarar tekjum ríkissjóðs af 1—2 söluskattsstigum, en það samsvarar því, að þessi framkvæmd sé fjárhagslegt áfall fyrir þjóðina er nemi í raunverulegum verðmætum um eða yfir hálfum þeim búsifjum sem þjóðin varð fyrir vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, og það þó að ekkert komi fyrir mannvirkin, vélarnar og tækin við Kröflu? Ef eitthvað kemur fyrir í þeim efnum, þá bætist að sjálfsögðu það tjón við þetta.

Í fjárlagafrv. er þannig t. d. gert ráð fyrir að afla á næsta ári alls 1151 millj. í erlendu lánsfé til þess eins að greiða afborganir og vexti af öðrum lánum vegna Kröfluvirkjunar. Jafnvel vextina er ekki hægt að greiða nema með nýjum erlendum lántökum. Halda menn að þetta hafi engin áhrif til hvatningar á vöxt verðbólgunnar í landinu? Og hvað hefði verið hægt að gera við þessar 10 þús. millj. kr. annað en fjárfesta í jafnheimskulegri og arðlausri framkvæmd og hér um ræðir? Þetta fjármagn hefði hartnær nægt til þess, t. d. að nefna, að fella niður tekjuskatt af öllum einstaklingum á Íslandi á næsta ári. Þetta fjármagn hefði t. d. farið langleiðina til þess að kosta gerð vegar með varanlegu slitlagi hringinn í kringum landið. Fjölmargan slíkan samanburð er hægt að gera, sem sýnir fram á hvað svona vitfirrt stjórnleysi kostar íslensku þjóðina. Þessar stefnuákvarðanir eru markaðar í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. og í till. hennar um öflun erlends lánsfjár. Fjárlagafrv. eru þannig alls ekki afleiðing utanaðkomandi ástands, heldur einn af aflvökvum þeirra óskapa sem dunið hafa yfir Íslendinga með verðbólgu sem hefur náð allt að 50% vexti á einu ári.

Þetta leiðir hugann að öðru þessu skyldu. Ég nefndi það áðan, að fjárfesting sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu er komin hér á Íslandi talsvert langt yfir 30%, á sama tíma og hún er í nálægum löndum 20—24%. Hér eiga ákveðnar opinberar framkvæmdir hlut að máli og þá fyrst og fremst framkvæmdir eins og þær, sem ég nefndi áðan um að fjár sé aflað með erlendri lánsfjáröflun. Það hefur lengi verið tíska hér á Alþ. meðal alþm. að telja að allar framkvæmdir hljóti að vera af hinu góða: ein Borgarfjarðarbrú hljóti að vera góð, tvær slíkar framkvæmdir á sama ári hljóti að vera tvöfalt betri, þrjár slíkar framkvæmdir á sama ári hljóti að vera þrisvar sinnum betri o. s. frv., o. s. frv. Það er eins og margir alþm. haldi að það sé til einhver gullnáma sem þeir geti grafið hendur sínar í og sótt sér fulla vasa fjár til þess að kosta framkvæmdir af þessu tagi. En allir vita að enginn getur til lengdar framkvæmt meira en hann hefur efni á, nema þess sjáist einhvers staðar merki. Og merki þessarar stjórnlausu og hömlulausu framkvæmdaáforma sjást einmitt á Íslandi í dag hvert sem litið er. Það er alveg sama hvort heldur við lítum á fjármál ríkisins, skuldasafnanir ríkisins við útlönd, sem nema nú um 40% af niðurstöðutölum þessa fjárlagafrv.

Það er ekki aðeins á þessum sviðum sem áhrifanna gætir, heldur einnig á samskipti einstaklinganna í þessu samfélagi. Þegar samningar eru gerðir milli aðila vinumarkaðarins skortir þar ekki að hver silkihúfan af annarri í opinberri þjónustu, ráðunautar hæstv. ríkisstj. í æðstu stöðum, bankastjórar ríkisbanka og Seðlabanka og aðrir slíkir ryðjist fram á ritvöllinn til þess að reyna að sannfæra íslensku þjóðina að hún hafi ekki með nokkru móti efni á að greiða verkafólki við framleiðslustörf 100 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði. En hvar eru þessir menn þegar ríkisvaldið stendur í opinberum framkvæmdum? Hvað skrifa þessir menn þegar það upplýsist, — það þarf ekki einu sinni að taka fram að það upplýsist, heldur er það á allra vitorði, — að þeir, sem starfa við opinberar framkvæmdir, eins og t. d. í virkjunarmálum, beri úr býtum laun sem eru um fimm eða sexföld á við það sem þessir herramenn eru að telja okkur trú um að við höfum ekki efni á að borga fyrir vinnu í okkar undirstöðuatvinnuvegum? Þá heyrist ekki mikið í efnahagsráðunautum hæstv. ríkisstj., bankastjórum ríkisbankanna eða Seðlabankans. Og hvaða áhrif heldur fólk að þetta hafi á viðhorf launþega? Hvaða launþegi halda menn að trúi því, að íslenska þjóðin hafi ekki efni á því að greiða verkamanni eða verkakonu í fiskiðnaði 100 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði, þegar menn horfa upp á að hvarvetna þar sem ríkið stendur í verklegum framkvæmdum eru greidd laun sem eru fimm- eða sexföld á við þetta?

Það virðist vera að ef hið opinbera, hvort sem það er ríkisvaldið beint eða einhver af ríkisstofnununum, kemur nálægt einhverjum framkvæmdum hér á þessu landi, þá sé öllum hömlum sleppt, engin aðgát sýnd, ekkert skipulag haft á einu eða neinu, heldur veður þar allt á súðum. Þetta er opinbert leyndarmál sem allir vita. Öllum er þetta ljóst. Við þekkjum öll, hvert og eitt,

fjölmargar sannar sögur af því, hvernig menn hafa hegðað sér sem stjórna opinberum framkvæmdum í þessu landi. Vel má vera að það sé notað sem afsökun, að það sé ekki ríkissjóður sjálfur eða ríkisstofnanir, sem greiði þessum aðilum laun beint, heldur taki þeir laun sín í gegnum milliliði sem taki að sér að vinna ákveðin verk fyrir ríkið. En hvað skyldu þessir milliliðir þá bera úr býtum fyrir að standa í framkvæmdum fyrir ríkið og ríkisstofnanir, fyrst þeir geta greitt starfsmönnum sínum svona há laun? Svo mikið ber á milli almennra launþega á hinum frjálsa vinnumarkaði, eins og ég vil leyfa mér að kalla það, og þeirra, sem sinna ýmsum opinberum framkvæmdum, að það er óhætt að fullyrða að þessir tveir hópar eigi ekkert sameiginlegt. Og það eru dæmi þess, fleiri en eitt og fleiri en tvö, að starfsmenn, sem hafa unnið við opinberar framkvæmdir á vegum ríkisins og hafa um lengri eða skemmri tíma neyðst til þess að hverfa að öðrum störfum, hafa hreinlega neitað, nema þeim mun harðar hafi kreppt að, að vinna fyrir þau laun sem samið er um í hinum almennu launasamningum, vegna þess að þeir hafa ekki þekkt slík kjör vinnandi við þau störf sem ríkisvaldið gengst fyrir að veita þeim.

Hér er engin aðgát sýnd, engin gætni, þvert á móti kostað kapps um að fara hraðar, vinna frekar, borga meira, hraða framkvæmdum hvað sem það kostar. Og það er ekki hikað við að brjóta óskráðar reglur í samskiptum verksala og verkkaupa í þessu sambandi, svo sem eins og það, þegar ein af þeim nefndum, sem á að stjórna opinberum framkvæmdum ríkisins, hin *margfræga Kröflunefnd, leyfir sér að semja* við verktaka þar norður frá um allt að tvöfalt hærra vetrarálag á unnin störf heldur en tíðkast nokkurs staðar í þessu landi, og það aðeins til þess að geta hraðað vinnunni þar norður frá meira en þessir verktakar treystu sér til að gera með eðlilegu móti. Hvar stöndum við nú með virkjun upp á 10 þús. millj. kr. sem ekki einni kwst. getur skilað af sér til raforkunotenda?

Á þessu stjórnleysi í framkvæmdamálum hins opinbera ber hæstv. ríkisstj. höfuðábyrgð. Með þessu hefur hún skapað spennu í þjóðfélaginu, öfund og illdeilur milli starfshópa og mjög alvarlegt kjaramisrétti. Afleiðingin er að sjálfsögðu tortryggni og vantrú almennings. Hvernig er hægt að trúa því, að ekki sé unnt að greiða mannsæmandi laun fyrir starf við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, þegar ekki er óalgengt að sexföld sú upphæð sé greidd í bóknun fyrir störf við framkvæmdir á vegum ríkisins? Þessi skortur á gætni, aðgát og stjórnsemi kemur víða fram, jafnt í smáu sem stóru, jafnt í fjárlagaafgreiðslu sem við almennan rekstur ríkisins og *ríkisstofnana. Ég get nefnt hér aðeins eitt lítið* dæmi. Dæmið, sem ég nefndi áðan, var stórt. Dæmið, sem ég ætla að nefna núna, er smátt.

Fivn., sem ég á sæti í, reynir að vinna sín störf vel. Hún vann m. a. að því á s. l. sumri að fara yfir lista um óheimilaðar stöður á vegum ríkisins og ríkisstofnana og skera úr um hverja stöðu fyrir sig. Í þeim störfum, eins og *flestum þeim störfum sem fjvn. vinnur, skiptust* nm. ekki í stjórnarsinna annars vegar og stjórnarandstæðinga hins vegar, heldur reyndu þeir að vinna þessi verk af trúmennsku og af kostgæfni. Nú á dögunum, þegar fjvn. fékk til sín forráðamenn ýmissa opinberra stofnana, bar það við að ein slík stofnun, sem hefur talsverð mannaforráð, reyndist hafa bætt á nokkrum mánuðum þremur óheimiluðum stöðum við eina og hálfa óheimilaða stöðu sem hún hafði ráðið í á síðasta ári og fjvn. tekið til meðferðar og óskað eftir að ráðning yrði endurskoðuð í. Við spurðum forráðamann þessarar stofnunar, sem heyrir undir hæstv. menntmrn., *hvernig* það væri, hvort hann hefði ekki fengið niðurstöður undirnefndar fjvn. frá því í sumar og afgreiðslu hennar á hinni einu og hálfu óheimiluðu stöðu sem ráðið hafði verið í. Forstöðumaðurinn kom af fjöllum. Hann tjáði fjvn. að hann hefði ekkert slíkt fengið, rn. hans, menntmrn., hefði svikist um að senda honum afrit af bréfinu sem undirnefnd fjvn. sendi út af þessari stofnun til menntmrn. fyrir mörgum mánuðum.

Þetta er virðingin sem borin er í stjórnarstofnunum landsins fyrir aðgát, aðsjálni og gætni. Fjvn. stendur í því í sumar að beiðni hæstv. fjmrh. að gera aths. og fjalla um óheimilaðar ráðningar ríkisstofnana. En eitt stærsta og voldugasta rn. í stjórnarráðinu, menntmrn., gerir ekki einu sinni svo mikið með þessi störf að það framsendi viðkomandi stofnun niðurstöður undirnefndarinnar, með þeim afleiðingum, að stofnunin ekki aðeins tekur ábendingar undirnefndar fjvn. ekki alvarlega, heldur bætir þremur nýjum óheimiluðum stöðum ofan á þá eina og hálfa sem fyrir voru.

Þetta, herra *forseti*, kalla ég stjórnleysi. Þetta tel ég að hæstv. ráðh. beri alfarið ábyrgð á. Og ég skora á hæstv. ráðh., ef hann vill láta taka mark á beiðnum sínum til fjvn., að taka í taugina með fjvn.-mönnum og sjá til þess að stjórnarráðið og rn. a. m. k. vanvirði ekki fjvn. á þann hátt að láta eins og þau hafi ekki fengið bréf sem fjvn. hefur ritað þessum rn. Auðvitað fer ekki vel ef stjórnsemin er almennt ekki betri en þetta.

Nú kemur mér ekki til hugar að halda að hæstv. ráðh., hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., vilji hafa þetta svona. Ég veit að sá er stundum háttur stjórnmálamanna að láta í veðri vaka að andstæðingar þeirra upp til hópa sitji vísvitandi á svikráðum við þjóðina og vilji láta illt af sér leiða. Auðvitað er þetta mesta fjarstæða. Allir viljum við alþm. og ráðh. hag þjóðarinnar sem bestan. Við erum einfaldlega ekki sammála um hvernig að því skuli staðið. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur viljað margt vel og vill enn. Hún vildi ná tökum á verðbólgunni, en hún bara gat það ekki. Hún vildi geta komið á jafnvægi í efnahagsmálum, en henni tókst það ekki. Hæstv. ráðh., sem eru upp til hópa góðviljaðir menn, ætluðu sér að gera bæði mikið og gott. En öll góðu áformin hafa runnið út í sandinn. Það hefur ávallt vantað herslumuninn til þess að gera viljann að veruleika. Þegar til hefur átt að taka hafa öll góðu fyrirheitin, allur hinn góði vilji alltaf kafnað í einhverju óskiljanlegu klúðri. Hæstv. *ríkisstj.* er eins og sú manngerð, eftirlæti allra skopteiknara, sem í hjartans einfeldni er

ávallt á hjólum á heimilinu til þjónustu reiðubúin, en kemur aldrei neinu öðru í verk en að lemja sig á puttana. Hversu oft hefur t. d. ekki hæstv. fjmrh. lofað nýskipan skattamála? Það loforð hefur eiginlega verið fastur liður í fjárlagaræðu hans á hverju hausti þau fjögur ár sem hann hefur gegnt embætti fjmrh. Hann, hæstv. ráðh., hefur jafnvel boðað í smáatriðum — gerði það í fjárlagaræðu sinni í fyrra — hvernig þessi nýskipan ætti að vera. En hver er raunin á? Það hefur ekkert gerst. Það lenti allt í klúðri. Hinn góðviljaði og vikaliðugi fjmrh. hefur aldrei getað „rekið naglann í vegginn". Hann hefur aldrei hitt nema bara á puttana.

Fjölmörg önnur dæmi má nefna. Hæstv. fjmrh. hefur jafnvel ekki getað afturkallað eigin gerðir. 16. júlí árið 1975 gaf forseti Íslands að tilhlutan hæstv. fjmrh. út brbl. um sérstakt tímabundið 12% vörugjald. Þetta vörugjald átti að innheimta til ársloka 1975 til þess, eins og sagði í brbl., að jafna sérstakan tímabundinn greiðsluhalla ríkissjóðs. Hæstv. fjmrh. lagði fram frv. til staðfestingar þessum brbl. á haustþingi 1975 og flutti við það tækifæri ræðu sem ég held að ég fari rétt með að var aðeins fjórar málsgr. Mér er ekki kunnugt um að nokkurn tíma hafi nokkur íslenskur fjmrh. rökstutt nýjan skatt með færri orðum en hæstv. fjmrh. gerði þá. Ef farið væri út í reikning mætti áætla að hvert orð í ræðu hans þá hafi kostað íslenska skattborgara ekki minna en 100 millj. kr. En í þessari ræðu sinni, sem var svona dýr, dýrari ræða en nokkur íslenskur fjmrh. hefur áður flutt, var hæstv. ráðh. raunar ekki að boða nýjan skatt, eins og hefði mátt virðast, heldur var hann þvert á móti að boða það, að skatturinn sem settur hafði verið á með brbl., yrði felldur niður um áramótin 1975—1976. Ég efast ekki um að þegar hæstv. fjmrh. bar Alþ. þessi boð, þá var honum alvara. Hann meinti það sem hann sagði. En hver er raunin á? Árið 1976 var skattur þessi hækkaður úr 12% í 18%. Þannig hefur hann verið innheimtur á þessu ári. Og í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir hv. Alþ., er gert ráð fyrir að á næsta ári muni þessi skattur skila 7000 millj. kr. í ríkissjóð, og ég vek athygli á því, að nú er ekki lengur talað um sérstakt tímabundið vörugjald, eins og það hét fyrst. Nú er búið að fella orðið „tímabundið" niður, enda er það víst eins gott.

Þannig rekur sig hvert á annars horn hjá hæstv. ríkisstj. Hún hefur ekki á öllum starfsferli sínum getað mótað sér ákveðna heildarstefnu, hvorki í skattamálum né í öðrum málum. Hún hefur lofað því að setja á fót nýtt skattkerfi. Það hefur hún ekki getað efnt. Hún hefur lofað því að fella niður nýjan skatt sem var settur með brbl. Það hefur hæstv. ríkisstj. ekki heldur getað efnt. Þannig hefur hún tínt sínar fjáraflanir upp úr tíu pokum. Öll hennar ferð hefur verið án fyrirheits.

Við þm. Alþfl. höfum flutt till. hér á hinu háa Alþ. um mörkun ákveðinnar stefnu í skattamálum. Í þeim till. höfum við tekið mið af þeim staðreyndum um tekjuskatt og tekjuskattsálagningu sem sérhverjum skattborgara er kunnugt um. Tekjuskatturinn er óréttlátur. Hann mismunar fólki gróflega, býður upp á fjölmargar leiðir til löglegra undanbragða, verkar gagnvart öðrum, sem gjöldin verða að þola, sem fjötur á vinnuvilja, enda er um að ræða hreinan launamannaskatt. Hvers eðlis þessi tekjuskattur er kemur best fram í því að í sjónvapsviðtali nýlega lýsti ríkisskattstjóri því yfir einhvern veginn á þá leið, að tekjuskatturinn, eins og hann væri, væri þess eðlis að hver og einn skattborgari beitti undanbrögðum við þeim skatti eins og hann hefði vit til. Það er því ekkert launungamál, að þessi skattur, tekjuskattur, eins og hann hefur verið tíðkaður, er skattur sem allir gera sér ljóst hvaða annmarka hefur. Þegar litið er til þess, hve tekjuskatturinn er lítill þáttur í tekjuöflun hins opinbera, sést enn betur hversu litlu máli þessi óréttláti skattur er farinn að skipta í tekjuöflun hins opinbera. Í fjárlagafrv. nú er tekjuskatturinn aðeins áætlaður 12% af heildartekjum ríkissjóðs. Beinir skattar í heild 17.9% á móti 80.8%, sem óbeinir skattar eru taldir skila af tekjum ríkissjóðs. Og þessi þróun hefur orðið jöfn og þétt. Árið 1972 námu beinir skattar 26.96% af heildartekjum ríkissjóðs, árið 1973 26.19%, 1974 19.11%, 1975 15.78%, 1976 16.39%, 1977, eftir þá lækkun sem gerð var í samningum við verkalýðsfélögin, rúmlega 14% af heildarskatttekjum ríkissjóðs og nú í fjárlagafrv. röskum 18%.

Hér er um að ræða skatt sem skilar í ríkissjóð í tekjur aðeins tæplega tvöfalt meiru heldur en t. d. hið sérstaka og tímabundna vörugjald.

Þegar svo er komið að skattur, sem er jafnóréttlátur og tekjuskatturinn hefur verið, skiptir jafnlitlu máli í heildartekjuöflun ríkissjóðs og raun ber vitni og allar tilraunir til þess að betrumbæta þennan skatt hafa farið út um þúfur, er eðlilegt að menn komist að sömu niðurstöðu og þm. Alþfl. hafa gert, að réttast sé að fella þetta skattform að mestu leyti niður úr tekjuöflun ríkissjóðs nema sem sérstakan hátekjuskatt. Þetta höfum við þm. Alþfl. lagt til nú um nokkurt árabil hér á hinu háa Alþ., flutt um þetta þáltill. a. m. k. tvívegis, ef ekki þrívegis. Sú stefna, sem Alþfl. hefur í sambandi við endurskoðun á tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs hefur legið fyrir. Hæstv. fjmrh. hefur í umr. um þessi mál tekið talsvert jákvætt í ýmsa þætti þessa máls. Hann hefur ávallt sagt að það væri alveg að koma að því, að ríkisstj. legði fram frv. um breytingar á þessum málum og væri því sjálfsagt að bíða með þessar hugmyndir okkar til þeirrar afgreiðslu. En sú afgreiðsla hefur ekki enn séð dagsins ljós og sú afgreiðsla verður ekki í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Hún hefur að vísu boðað að hún muni flytja frv. um málið, boðað það eina ferðina enn. En það frv. kemur svo seint fram, ef það kemur, að það verður ekki hennar að efna loforðin, heldur annarrar ríkisstj. sem tekur við völdum að loknum næstu kosningum.

Í augum núv. hæstv. ríkisstj. er enginn annar tilgangur með skattheimtu hins opinbera en að sjálfsögðu sá að afla ríkissjóði tekna með einhverjum hætti.

Það er ekki hennar stefna að reyna að gera skattkerfið einfalt, þvert á móti. Hún hefur verið að bæta við nýjum skattaálögum í valdatíð sinni, þannig að skattkerfið er núna flóknara en það

var þegar hún tók við völdum. Hún er ekki að reyna að sníða skattkerfi svo það sé líklegt til að bera árangur. Dæmi um það eru skattlagningar hæstv. ríkisstj. á umferðina. Nú er boðað að hækka eigi bensíngjald um 15 kr. á næsta ári til að afla tekna fyrir Vegasjóð. Þá mun svo vera komið eftir bestu heimildum sem ég hef, að bensín verði orðið dýrara á Íslandi en í flestum nálægum löndum. Á sama tíma er líka skattar á innflutningi á bílum meiri hér en í flestum öðrum ríkjum. Það er sem sé skattlagt eins og unnt er, bæði innflutningur ökutækja og brennsluefni sem þessi sömu ökutæki nota.

Við þm.. Alþfl. höfum komið með till. um það nú tvö þing, að þessi mál, skattlagning á umferðina, yrðu tekin til sérstakrar skoðunar. Við höfum varpað fram þeirri hugmynd, hvort ekki væri rétt að breyta þessari tekjuöflun á þann veg að lækka mjög verulega innflutningsgjöld á bifreiðum þannig að bifreiðaeigendur gætu endurnýjað bifreiðar sínar með eðlilegum hætti, en til þess skortir nú mikið á, og að það skuli ekki vera hægt kostar bæði einstaklinginn og þjóðarbúið mikið fé. Á móti höfum við hins vegar komið með þá hugmynd, að tekna af umferðinni verði aflað með því að hafa bensínið tiltölulega dýrt, — sem sé hafa bifreiðarnar ódýrari, en bensínið dýrt. Hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp helminginn af þessum tillögum. Hún hefur tekið upp þá hugmynd að hafa bensínið dýrt, en hún hefur viljað hafa bílana dýra líka. Niðurstaðan er sú, að bifreiðaeigendur á Íslandi geta hvorugt látið eftir sér, hvorki að endurnýja bifreiðar sínar með eðlilegum hætti né heldur að nota bifreiðar sínar með þeim hætti sem þeir kjósa. Þetta tel ég vera ranga stefnu. Ég tel frekar að það eigi að endurskoða svona skattlagningu með tilliti til þess að reyna að ná sem bestum og eðlilegustum árangri með því t. d. að ýta undir eðlilega endurnýjun bifreiðaflotans, en aftur á móti taka tekjurnar með því að hafa bensín talsvert dýrt. Auðvitað er hægt að snúa þessu við, hafa bensínið ódýrt, bifreiðarnar dýrar. En ég vek athygli á því, að í flestum löndum a. m. k. þar sem ég hef haft spurnir af þessu, þá er á annan hvorn veginn farið að, annaðhvort þannig, að bifreiðar eru tiltölulega ódýrar, bensín dýrt — eða öfugt. Og bifreiðaverksmiðjurnar t. d. í Bandaríkjunum móta sína verðlagsstefnu einmitt með sambærilegum hætti með það fyrir augum að reyna að fá sem mestar tekjur út úr sölu á bifreiðum og varahlutum án þess þó að hafa óeðlileg áhrif á bifreiðaeign almennings. T. d. í orkukreppunni, þegar bifreiðaframleiðsla dróst mjög saman hjá bifreiðaverksmiðjunum í Bandaríkjunum, breyttu þær verðpólitík sinni þannig, að þær lækkuðu nýjar bifreiðar talsvert mikið í verði, en tóku aftur það tap inn með því að hækka verð á varahlutum til bifreiða. Þannig ýttu þær undir bifreiðakaup og bifreiðasölur, en töpuðu ekki á því fé þar eð varahlutirnir voru hækkaðir í verði. Slík stefna er að sjálfsögðu skynsamleg. Slíka stefnu aðhyllist hæstv. ríkisstj. ekki í málefnum skattlagningar á umferðina.

Þá er það ekki heldur stefna hæstv. ríkisstj. að auka jafnréttið í skattamálum. Tökum sem dæmi hvernig hæstv. ríkisstj. hefur leikið sér fram og til baka með ákvörðun um skattvísitölu á undanförnum fjórum árum. Á s. l. þremur árum hefur framfærsluvísitala hækkað allnokkru meira en meðallaun. Þá voru skattleysismörk miðuð við áætlaða meðaltalshækkun launa, þannig að ef samverkandi áhrif skattlagningar og hækkunar framfærslukostnaðar eru skoðuð reyndist kaupmáttur rauntekna sífellt fara minnkandi. Nú er hins vegar snúið við blaðinu. Nú er áætlað að meðallaunahækkun á næsta ári verði nokkuð umfram hækkun framfærsluvísitölu. Þá eru skattleysismörkin ákveðin til samræmis við áætlun um hækkun framfærsluvísitölu, þannig að ávallt eru skattleysismörkin svo ákveðin að ríkissjóður hafi hag af viðmiðuninni, en skattborgararnir óhag. Þetta nefnir hæstv. ríkisstj. í grg. með fjárlagafrv. „að beita sköttum þannig að einkaneyslu verði í hóf stillt". Í raun og veru er hér um að ræða hækkað skattahlutfall, hækkaða skattprósentu.

Við þm. Alþfl. teljum að tekjuöflunarmál ríkissjóðs verði að stokka upp á nýtt. Við teljum að m. a. verði að taka til sérstakrar athugunar hversu markaðar tekjur til ákveðinna verkefna hafa farið vaxandi. Nú eru slíkar tekjur 14.5% af heildartekjum fjárlagafrv., en voru í fyrra um 12%. Þá teljum við einnig að endurskoða þurfi ýmsar lagasetningar, sem eru ákvarðandi um upphæðir í fjárlagafrv. og fjárl. Til dæmis að nefna nær það ekki nokkurri átt, að ekki aðeins séu framlög og styrkir til landbúnaðar bundnir í sérstökum lögum, heldur jafnvel fastákveðið í þeim lögum að þau framlög skuli verðtryggð frá ári til árs þannig, að ekkert ráðrúm er til þess að takmarka slík framlög og styrki, jafnvel þótt offramleiðsla á ákveðnum sviðum landbúnaðarframleiðslu sé nú orðin þannig að um eða yfir 30% af þeirri framleiðslu þurfi að flytja út og greiða þurfi 2.9 milljarða kr. með útfluttum landbúnaðarafurðum, sem er hvorki meira né minna en 64.6% hækkun frá fjárl. yfirstandandi árs. Þessu kerfi verður að sjálfsögðu að breyta. Þetta kerfi er engum til góðs, ekki neytendum og enn síður bændum.

Herra forseti. Ég hef nú rætt nokkuð um tekjuhlið fjárlaga og þ. á m. um nauðsyn þess að endurskoða tekjuöflunaraðferðir ríkissjóðs í þá veru að gera hana réttlátari, einfaldari og árangursríkari, því auðvitað þarf ríkissjóður á tekjum að halda til þess að sinna viðamiklum verkefnum. Ég hef einnig rætt um hvernig áform hæstv. ríkisstj. í þeim efnum hafa ávallt farið út um þúfur sökum skorts á þreki og festu. Enn einu sinni gefur hæstv. ríkisstj. nú fyrirheit um þessi efni, að þessu sinni um staðgreiðslukerfi skatta. Að vísu ætlar hún sér ekki að efna það loforð sjálf, ekki til fullnustu, heldur gefur það á kostnað annarrar ríkisstj., þeirrar sem væntanlega á að taka við af þessari eftir kosningar. Ég vil leggja áherslu á það, að enda þótt staðgreiðslukerfi skatta sé veruleg breyting frá því kerfi sem nú er ríkjandi, þá vil ég vara við því að í því felist einhver allsherjarlausn á skattamálum. Okkur hættir til hess, Íslendingum, að vilja gjarnan trúa á einhver töframeðöl sem á einni svipstundu geti leyst

allan vanda, nokkurs konar kraftaverkalækningu. Við erum að leita að einhverjum efnahagslegum lífsteini, einhverjum Bramalífselexír sem í einni svipstundu mundi ráða bót á öllum vandamálum, og það er hald margra að staðgreiðslukerfi skatta sé þess konar Bramalífselexír í skattamálum, aðeins þurfi að veifa því eins og einhverjum töfrasprota og þá sé allt leyst. Ég vil vara mjög mikið við slíkum hugsunarhætti. Staðgreiðslukerfið er í rauninni ekki annað en annað form á innheimtu sams konar skatts og nú er innheimtur eftir á. Breyting á innheimtuaðferðum einum saman lagar í sjálfu sér harla lítið, ef ekkert annað fylgir í kjölfarið. Hún ein ræður enga bót á því misrétti sem tekjuskatturinn skapar nú. Ef engar aðrar breytingar eru gerðar viðgangast tekjuskattssvik jafnt eftir sem áður, jafnvel ekki síður. Þá eru líkur á því að staðgreiðslukerfið sé dýrara og fyrir einstaka hópa þegnanna óþægilegri innheimtuaðferð en nú er. Við eigum því að gefa gætur að hvert við förum í þessum efnum því jafnvel getur hér að baki búið aðferð til þess að auka skattheimtu án þess að menn veiti því athygli. Svo dæmi sé nefnt, þá er það að sjálfsögðu stóraukin skattheimta miðað við verðmæti, ef tekjuskatti, sem nemur 40% af fyrra árs tekjum og er innheimtur í ár, verður breytt yfir í staðgreiðslukerfi, sem innheimtir 40% tekjuskatt jafnóðum og teknanna er aflað. Slík breyting, þó prósentuhlutfallið sé óbreytt, felur að sjálfsögðu í sér talsverða skattþyngingu, a. m. k. ef verðbólga eða verðhrun peninga verður svipað og verið hefur.

Um útgjaldaáform fjárlaga hef ég einnig farið nokkrum orðum, sér í lagi varðandi opinberar framkvæmdir. Í raun réttri er þó lítið hægt um þann þátt fjárlagafrv. að segja á þessu stigi málsins. Á undanförnum árum hefur sú breyting orðið varðandi framkvæmdir hins opinbera, að sífellt er í meira mæli brugðið á það ráð að fjármagna þær með töku erlends lánsfjár utan fjárlagafrv. Í frv. er nú að vísu gert ráð fyrir rúmlega 10 þús. millj. kr. lántöku í erlendum gjaldeyri, en þar er þó vart hálfsögð sagan, því vitað er að þar er ekki séð fyrir ýmsum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru, t. d. framkvæmdum í orkumálum. Hvað t. d. um lagningu byggðalínu til Vetstfjarða sem hæstv. iðnrh. hefur lofað? Í fjárlagafrv. er ekki séð fyrir fé til þeirra hluta. Og hvað um frekari rannsóknir og framkvæmdir við gufuöflun í Kröflu eða aðrar aðgerðir til þess að reyna að hafa einhver not af þeim miklu fjármunum sem þar liggja bundnir engum til gagns? Allt þetta og margt fleira á eftir að koma fram í lánsfjáráætlun sem enn hefur ekki séð dagsins ljós, en þó hefði þurft að leggja fram jafnhliða fjárlagafrv. Þá eru enn óframkomnar till. um mikil útgjöld, svo sem varðandi hafnarmannvirki og hafnarframkvæmdir svo nokkuð sé nefnt. Þá er ástæða til að minna á það, sem hefur verið minnt á hér áður, að ekki er gert ráð fyrir í frv. að verja svo mikið sem einni krónu til stofnframkvæmda við fjölbrautaskóla, um almannatryggingar eru fyrirsjáanlegt að þær þurfa að hækka meira en í frv. stendur, og hið almenna húsnæðislánakerfi er hrunið í rúst.

Það er táknrænt fyrir þá ríkisstj. hægri aflanna, sem nú situr að völdum á Íslandi, hvernig að þessum málaflokkum er búið, alveg eins og það er táknrænt fyrir þann búskap, sem hún rekur á þjóðarheimilinu, það sem stendur í heimildagr. frv. efst á bls. 135. Þar stendur fyrst að fjmrh. sé heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 2000 millj kr. Í næsta lið á eftir segir að fjmrh. sé jafnframt heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini, eftir því sem á þarf að halda, í stað þeirra sem upphaflega verða út gefin skv. liðnum sem ég las upp áðan, að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót. Þetta þýðir ekki annað en það, að hæstv. ríkisstj. er að boða, að hún ætli að sækja sér fé með ríkisskuldabréfasölu til almennings á Íslandi að fjárhæð allt að 2000 millj. kr., og lýsir því jafnframt yfir, að þegar að því komi að greiða þurfi þetta lán muni hún gefa út ný skuldabréf, ekki aðeins með þessari upphæð, heldur einnig að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót. Þetta er svipað og ef Jón Jónsson kæmi til bankastjóra — við skulum segja í Landsbankanum — og bæði hann að kaupa af sér 1 millj. kr. víxil til 3—4 ára og legði jafnframt inn hjá honum víxil að upphæð 1 millj. kr. + áfallnir vextir á þessum árum og tilkynnti bankastjóranum að þegar að því kæmi að greiða fyrri víxilinn, þá ætli hann að óska eftir því að bankastjórinn keypti seinni víxilinn með viðbættum vöxtum á lánstímanum. Þannig er hæstv. ríkisstj. farin að stjórna búi sínu. Í einum heimildalið óskar hún eftir heimild Alþ. til að selja innanlands ríkisskuldabréf að upphæð 2000 millj. kr. og í næsta lið á eftir óskar hún heimildar Alþ. til þess, að þegar þar að komi að þessi skuldabréf verði greidd, þá heimilist henni að gefa út ný skuldabréf að upphæð sömu 2000 millj. kr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót á lánstímanum.

Herra forseti. Hæstv. núv. ríkisstj. er að renna sitt skeið á enda. Von bráðar heyrir hún sögunni til, og er vonandi að þess verði mjög langt að bíða að slík stjórn komist aftur til valda. Það er mikill misskilningur að halda, að það séum aðeins við stjórnarandstæðingar sem eigum þessa von, enda held ég að enginn hyggi það. Þetta álit kemur einnig fram hjá sjálfum dyggustu stuðningsmönnum stjórnarflokkanna. Það lýsir sér m. a. í því, sem ég vék að í upphafi ræðu minnar, að foringjar Framsfl. vilja helst ekki koma opinberlega fram í nafni ríkisstj. og ekki láta orða sig við hana, störf hennar og stefnu meira en brýnustu nauðsyn ber til. Það lýsir sér einnig í skrifum ýmissa forustumanna Sjálfstfl. þessa dagana, t. d. í skrifum frambjóðenda þeirra í væntanlegu prófkjöri flokksins í Reykjavík, þar sem þeir segja beinlínis, að afglöp ríkisstj., sem þeir draga ekki fjöður yfir, séu samstarfinu við Framsfl. að kenna, og fara ekki neitt í launkofa með þá ósk að því samstarfi verði senn lokið.

Eins og ég áðan sagði vill enginn stjórnmála-

maður, enginn stjórnmálaflokkur, engin ríkisstj. vinna þjóð sinni ógagn. Allir viljum við vel. Hins vegar hendir það stundum, eins og það henti postulann, að það góða sem menn vilja, það gjöra þeir ekki, en það illa, sem þeir ekki vilja, það gjöra þeir. Þetta hefur hent núv. hæstv. ríkisstj. í ríkari mæli en flestar aðrar ríkisstj. á Íslandi, og ein af orsökunum er sú, að hana hefur brostið dug, samheldni og samstöðu til að koma sínum góðu áformum fram og standa gegn hinu illa. Engri ríkisstj. verður með rökum kennt um þótt illa ári hjá þjóðinni, veiði bregðist eða verðfall verði á útflutningsafurðum okkar á erlendum mörkuðum, frekar en unnt er að þakka ríkisstj. góðæri, metafla og hátt útflutningsverðlag. Ríkisstj. verða ekki dæmdar góðar eða slæmar á slíkum forsendum. Það er liðin tíð að þjóðir fórni stjórnendum sínum þótt uppskera bresti. Góðar eða slæmar eru ríkisstj. dæmdar eftir því, hvernig þær halda á málum við þær kringumstæður sem óviðráðanlegar aðstæður bjóða heim, hvernig ríkisstj. býr í haginn fyrir þjóðina í góðærum, hvernig hún ver landið áföllum í harðærum. Eftir þessum verkum ber að dæma ríkisstj. góðar eða slæmar.

Ég skal fúslega viðurkenna, að núv. hæstv. ríkisstj. tók við erfiðu búi. Mér dettur ekki heldur í hug að neita því, að bæði í hópi ráðh. og annarra stuðningsmanna ríkisstj. eru mætir og reyndir menn, sem ættu að geta nýst þjóð sinni sem góðir stjórnendur. En það gerðist einfaldlega ekki í núv. ríkisstj. Í stað þess að verja þjóðina áföllum, treysta samheldni landsmanna og takast á við efnahagsvandann með festu og einbeitni forklúðraði hæstv. ríkisstj., stundum með alveg óskiljanlegum hætti, flestu því sem hún ætlaði sér gott að gera. Mikilvægasta verkefni ríkisstj. var að vinna landsstjórninni aftur það traust þegnanna sem fyrrv. ríkisstj. hafði glatað. Jafnvel erfiðustu efnahagsleg vandamál er hægt að leysa ef landsmenn bera í brjósti, sjálfrátt eða ósjálfrátt, traust til þeirrar ríkisstj. sem að völdum situr, hver svo sem afstaða þeirra til hennar er að öðru leyti, ef þeir vita að stjórnin vill og stjórnin getur. En einmitt þarna hefur núv. ríkisstj. hrapallega brugðist. Þrátt fyrir það að engin ríkisstj. með meiri þingstyrk hafi setið að völdum á Íslandi s. l. aldarfjórðung reyndist hún ekki sterk að sama skapi, heldur risi á brauðfótum.

Fólk hefur aldrei getað treyst þessari ríkisstj., og nú er svo komið að enginn gerir það, hvorki atvinnurekendur, launþegar né heldur stuðningsmenn stjórnarflokkanna sjálfra. Ekkert er erfiðara fyrir stjórnendur en að stjórna þegar almenningsálitið ber ekki traust til þeirra og reiknar með því að öll stjórnunin hljóti að fara út um þúfur. Aðeins sá hugsunarháttur, aðeins sá andi hjá almenningi er stormur í fangið fyrir hverja ríkisstj. Þjóðin er nú gegnsýrð vantrausti á þessa hæstv. ríkisstj. og verðbólguhugsunarhætti sem störf þessarar ríkisstj. hafa öðrum fremur skapað. Núv. ríkisstj. hefur ýtt undir þann hugsunarhátt og skarað að honum eld. Þar hefur hún fyrst og fremst brugðist. Sú er hennar stærsta sök. Þess vegna er hún vond ríkisstj. En það er ekki sama og að þeir ráðh., sem þessa ríkisstj. skipa, hljóti að vera vondir menn og illviljaðir, síður en svo. Þessir ágætu menn geta reynst vel við aðrar aðstæður, en sem smíðisgripur er þessi ríkisstj. stórlega gölluð, raunverulega algjörlega óhæf. Í leikriti um Pétur Gaut segir frá hnappasmiðnum sem hirti upp af götu sinni misheppnaða smíðisgripi til þess að bræða þá upp í deiglu sinni í þeim tilgangi að reyna að steypa úr þeim aftur hluti sem hægt væri að nota. Núv. ríkisstj. bíða þau örlög að lenda í deiglu hnappasmiðsins. Að sjálfsögðu má e. t. v. nota efnið úr henni aftur og steypa úr því nýja gripi sem jafnvel gætu orðið kjörgripir, ef málmblandan væri rétt saman brædd og ekki kæmu brestir við steypinguna. En þá verður hnappasmiðurinn líka að hafa aðra málmblöndu í deiglu sinni en þá, sem núv. ríkisstj. var steypt úr, og vanda betur verk sitt en þegar Ólafur Jóhannesson myndaði ríkisstj. fyrir Geir Hallgrímsson og spengdi hana saman úr brotum sinnar eigin ríkisstj. og sundurþykkum þingmannahópi Sjálfstfl.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er nú til umr. fjórða fjárlagafrv. hæstv. núv. fjmrh. og ríkisstj. Mér hefur orðið hugsað til þess í hvert skipti sem hæstv. ráðh. hefur lagt hér fram fjárlagafrv. og í hvert skipti sem hann hefur mælt fyrir þeim frv., hversu geysilega erfitt það breytingatímabil hlýtur að hafa orðið honum frá því að vera stjórnarandstæðingur fyrrv. ríkisstj. og til þess sem aðaltalsmaður Sjálfstfl. í fjármálum og fjárspeki að þurfa að ganga í gegnum þann eld sem hann hefur gert sem fjmrh. núv. hæstv. ríkisstj. Það hlýtur að vera mikil og dýrkeypt reynsla fyrir einstakling sem hæstv. fjmrh. — og raunar nafna hans, hæstv. sjútvrh., líka, sem á öndverðu ári 1974 sem stjórnarandstæðingar og aðaltalsmenn stjórnarandstöðunnar og Sjálfstfl. í fjármálum lögðu fram frv. um niðurskurð ríkisútgjalda um sem næmi 2.5 milljörðum kr. og mundi þýða á núgildandi verðlagi tæplega 17 milljarða. Óneitanlega verður manni hugsað til slíkra atburða þegar litið er yfir þann tíma, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur setið að völdum, og það sem gerst hefur á sviði fjármála og efnahagsmála þann tíma.

Hæstv. núv. fjmrh. gagnrýndi harkalega á sínum tíma fyrrv. ríkisstj. fyrir óstjórn í fjármálum. Það hefur þó gerst síðan, að sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr að völdum, hefur gert fyrrv. ríkisstj. góða að því er varðar stjórn á peningamálum, þegar við lítum til fjárl. og fjárlagafrv., sem lögð hafa verið fram í tíð núv. hæstv. ríkisstj., og förum ekki lengra aftur í tímann en aftur til ársins 1976. Það fjárlagafrv., sem þá var lagt fram af hæstv. núv. ríkisstj., var 41% hærra en fjárlög ársins þá voru. Það fjárlagafrv., sem nú er lagt fram fyrir árið 1978, er 50% hærra en það fjárlagafrv. sem lagt var fram fyrir árið 1977.

Nú við þessa umr., 1. umr. fjárl. fyrir árið 1978, er ekki mikið hægt að segja um það frv. sem hér liggur fyrir. Það er ljóst, eins og raunar hefur komið hér fram, að svo margir endar eru lausir og mörgum spurningum ósvarað að það er vart hægt að fara út í samanburð eða geta um eyður sem augsýnilegar eru að því er varðar endanlega fjárlagagerð fyrir árið 1978. Talsmenn ríkisstj. hafa t. d. haldið því fram, að inn í þetta

frv. vanti a. m. k. 7 milljarða kr., og þeir hafa sagt að það væri upphæð sem væri vegna nýgerðra samninga opinberra starfsmanna. Hér er augsýnilega ekki um að ræða alla þessa upphæð vegna nýgerðra samninga opinberra starfsmanna. Líklega er um að ræða vegna þeirra samninga einhvers staðar á bilinu frá 2.5 til 3 milljarða, en það sem á milli ber upp í 7.7 milljarða er af öðrum rótum runnið. En hvað sem því líður, hér vantar greinilega stórar upphæðir inn í fjárlagafrv. og ekkert liggur fyrir um það enn af hálfu hæstv. ríkisstj., hvaða leiðir eigi að fara til að afla þeirra tekna sem hér um ræðir og greinilega þarf.

Hæstv. forsrh. sagði orðrétt í stefnuræðu sinni fyrir nokkrum dögum að því er þetta varðar, að afla þurfi „viðbótartekna til ríkissjóðs eða draga úr ríkisútgjöldum vegna launasamninga við opinbera starfsmenn. Á þessu stigi eru ekki gerðar ákveðnar till. í þeim efnum, en það verður verkefni þings og stjórnar við afgreiðslu fjárlaga". Þetta er það eina sem sagt hefur verið af hálfu hæstv. ríkisstj. um það gat sem greinilega er í fjárlagafrv. að því er varðar þennan lið, launaliðinn. En ótalmörg önnur göt eru í frv. og greinilegt að það kemur til með að hækka allverulega í meðförum þingsins, ef það á að sjá með eðlilegum hætti fyrir þeim skuldbindingum sem þegar er búið að taka á sig.

Það eru þó nokkrir liðir sem eru ljósir að því er varðar fjárlagafrv. Það er t. d. augljóst af frv. að skattbyrði þyngist á árinu 1978, miðað við það sem er nú í ár. Skattvísitölu á að hækka um 31% á sama tíma og tekjuhækkun milli ára er a. m. k. 41%. Greinilegt er á þessu að allveruleg aukning skattbyrði á sér stað á skattgreiðendum. Þetta er ljóst. Það er einnig ljóst, verði svo á málum haldið, sem frv. gerir ráð fyrir, að þá verða ógiltir allir kjarasamningar í landinu, nái það fram að ganga sem gert er ráð fyrir í frv., þ. e. a. s. að sú hækkun bensíngjalds, sem gert er ráð fyrir að verði, komi ekki inn í vísitölu. Verði af þessu, þá er ljóst að allir kjarasamningar í landinu eru þar með ógiltir og lausir og fyrirsjáanlegt að átök verða þá á vinnumarkaðnum tiltölulega fljótt í byrjun næsta árs.

Það hefur verið einkennandi fyrir stjórn hæstv. núv. ríkisstj. á fjármálum og í þeim frv. og fjárl. sem hún hefur staðið að í sinni valdatíð, að framlög til hinna ýmsu þátta verklegra framkvæmda hafa verið skorin stórkostlega niður. Það er engu líkara en eitt af aðalmarkmiðum hæstv. núv. ríkisstj. hafi verið að skera niður að raungildi samfélagslegar framkvæmdir og það sem mest. Hér er um að ræða framkvæmdir sem varða mest allan almenning í landinu. Hér er t. d. um að ræða málaflokka eins og skólamál, hafnamál, flugmál, vegamál og íþróttamál, svo að nokkuð sé nefnt. En með framlagningu þess fjárlagafrv., sem hér er nú til umr., hafa stjórnarliðar, talsmenn ríkisstj., mjög af því gumað að nú eigi að stórauka framlög til vegamála frá því, sem verið hefur, og frá því, sem er í gildandi vegáætlun ársins í ár. Það er sagt að a. m. k. einn milljarður eigi að koma til viðbótar til framkvæmda í vegamálum á árinu 1978, miðað við þá vegáætlun, sem er í gildi fyrir það ár. Miðað við að þetta stæðist væri þrátt fyrir þetta staða framkvæmda vegamála að því er varðar raungildi þeirra ekki nema tæplega 65% miðað við það sem hún var árið 1974. Svo mikið er búið að skera niður raungildi vegaframkvæmda á undanförnum árum í tíð núv. ríkisstj., að þrátt fyrir þessa gífurlegu hækkun, sem stjórnarliðar telja nú á fjárveitingu til vegaframkvæmda, mun það ekki ná 65% af raungildi framkvæmda á árinu 1974. Þetta eru í raun hinar stórauknu fjárveitingar sem talsmenn ríkisstj. guma nú hvað mest af.

Ég get ekki stillt mig um, af því að ég tók eftir því í sjónvarpsþætti í gærkvöldi að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, formaður þingflokks Alþfl., lýsti yfir að hann teldi það algert ábyrgðarleysi ef ríkisstj. ætlaði sér að hækka fjárveitingar til vegaframkvæmda á næsta ári eða næstu árum, það taldi Gylfi Þ. Gíslason algert ábyrgðarleysi, og mig hefði því langað til þess að spyrja þá þm. Alþfl. aðra en Gylfa Þ. Gíslason, sem ég veit um afstöðu hjá, hvort þetta er í raun og veru stefna Alþfl. að því er varðar framkvæmdir í vegamálum, að það sé algert ábyrgðarleysi að auka fjárveitingar til þess málaflokks á næsta ári. (**Gripið fram í:** Það fer eftir því hvaða vegir það eru.) Já, en ef það er um það að ræða að það sé til ákveðinna vega, þá væri gott að fá upplýst hvaða vegir það eru. Ég tel að það skipti æðimiklu máli fyrir fólkið í landinu að vita það í raun og veru, hvort hér er um að ræða opinbera stefnumörkun af hálfu Alþfl. að því er varðar þennan framkvæmdaflokk. (Gripið fram í.) Ég bíð þess að hv. þm. Alþfl. svari þessu héðan úr ræðustól og segi til um hver þeirra meining er að því er þetta varðar, hvort þeir eru sammála foringja sínum í þessum efnum.

Ég get ekki heldur stillt mig um, af því að sá hv. þm., sem talaði hér á undan mér, vandaði mjög um við hæstv. ríkisstj., — og var það ekki nema eðlilegt og átti fyllsta rétt á sér, — en hann sagði eitthvað á þá leið, að alþm. virtust því marki brenndir að telja allar framkvæmdir góðar framkvæmdir og eftir því sem framkvæmdirnar væru fleiri, þá væru þær líklega betri. Hann nefndi sem dæmi að ein Borgarfjarðarbrú væri góð, en tvær Borgarfjarðarbrýr væru betri og þá þrjár auðvitað enn þá betri. Nú veit ég ekki af hverju þessi hv. þm. hefur tekið Borgarfjarðarbrúna sem dæmi, vegna þess að ég man ekki betur en þessi hv. þm. hafi einmitt verið stuðningsmaður þess að í framkvæmdir við Borgarfjarðarbrúna var ráðist á sínum tíma.

Þessi hv. þm. deildi réttilega á ráðleysi varðandi framkvæmdir við Kröflu, og ég tek fyllilega undir það. Hann sagði að það væri fyrirsjáanlegt að sú framkvæmd yrði ekki farin að skila arði á næstu árum. Ég spyr áfram þennan hv. þm. og þá Alþfl.-menn: Eru líkur á því að t. d. sú framkvæmd, sem þeir studdu hvað dyggilegast hér með núv. hæstv. ríkisstj., járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, verði farin að skila arði á næsta ári t. d. eða þar næsta? Þar er um að ræða fjárfestingu upp á a. m. k. 20 milljarða kr., fjárfestingu sem var studd dyggilega af þm. Alþfl. þegar hún var ákveðin, — framkvæmd sem líklega verður ef hún er ekki þegar orðin til þess að raska hvað mest búsetu manna í landinu.

Það hefur verið á það bent, að í þessu fjárlagafrv. er enn gert ráð fyrir vörugjaldinu illræmda, 18%, og er gert ráð fyrir að það gefi ríkissjóði

tekjur að upphæð 7 milljarða kr. á næsta ári eða næstum því sömu upphæð og greidd er í launaskatt á öllu landinu á árinu 1978. Hér er um að ræða einhvern versta og ranglátasta skatt sem lagður hefur verið á um árabil, a. m. k. á það fólk sem býr fjarri höfuðborgarsvæðinu, því að það er staðreynd og hefur verið sýnt fram á að 18% vörugjald getur þýtt í kostnaði hjá neytendum víðs vegar úti á landsbyggðinni allt að 27—30% álag ofan á það vöruverð sem ella gilti. Hér er því um herfilega ranglátan skatt að ræða að því er varðar dreifbýlisfólk. Það var réttilega getið um það áðan af einum ræðumanna, að þegar þetta gjald var sett á um mitt ár 1975, þá var það gert með brbl. og þá réttlætt sem tímabundið gjald, tímabundinn tekjustofn. Nú er augsýnilega gert ráð fyrir að þessi tekjustofn, þessi skattheimta verði kirfilega fest í ríkiskerfinu, þannig að litlar sem engar líkur eru á því, a. m. k. ekki undir stjórn núverandi valdhafa, að við losnum við þetta illræmda vörugjald eða þennan óréttláta skatt.

Það hefur verið vikið að því hér, að samkv. þessu fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til neinna nýbygginga eða nýframkvæmda að því er varðar skólamál í landinu á fjárl. ársins 1978, — ekki gert ráð fyrir neinum nýbyggingum, nýjum framkvæmdum. Ég vil í sambandi við þennan málaflokk vekja athygli á því, að samkv. fjárlagafrv. fyrir 1978 er ekki gert ráð fyrir að hefja eða halda áfram framkvæmdum t. d. við Menntaskólann á Ísafirði sem er þegar orðinn mörgum árum á eftir áætlun miðað við byggingarframkvæmdir. Hér er um að ræða að mínu viti allalverlegt mál, því að það vita a. m. k. þeir sem til þekkja, að Menntaskólinn á Ísafirði á við að búa húsnæðisskort og vandræði að því er varðar kennsluhúsnæði, og það bitnar ekki bara á menntaskólanum sem slíkum, það bitnar einnig á öðrum skólum á Ísafirði, því að kennsla hefur farið fram í gamla barnaskólahúsinu á Ísafirði. Ég vænti þess, að þeir, sem koma til með að fjalla um þessi mál í fjvn., sýni skilning að því er þessa framkvæmd varðar, því að hún er vissulega orðin miklu lengra á eftir áætlun en nokkur sanngirni mælir með að mínu viti.

En það eru fleiri málaflokkar sem koma til með að standa mjög höllum fæti, ef svo heldur fram sem horfir og ákveðið verður eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Ég vil t. d. nefna íþróttamálin. Samkv. nýjustu upplýsingum mun Íþróttasjóð vanta a. m. k. um 273 millj. kr. til þess að geta staðið við þær skuldbindingar sem lög gera ráð fyrir að hann standi við. Fjárlagafrv. gerir ráð fyrir 261 millj. kr. til Íþróttasjóðs, en þær skuldbindingar, sem hann á að standa skil á nú þegar, eru upp á 534 millj. kr. Og það á sama við, að því er ég best veit, um þennan málaflokk eins og skólamálin, að hér er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum framkvæmdum að íþróttamannvirkjum umfram það sem þegar er búið að ganga frá.

Það er rétt að minna á það hér í leiðinni, að þegar fyrrv. ríkisstj. tók við hafði myndast langur skuldahali hjá Íþróttasjóði. Frá þeim málum var gengið þá, það átti að greiðast upp á örfáum árum, þannig að hallinn var þá úr sögunni. Síðan hefur það gerst í tíð núv. ríkisstj., að hér hefur enn myndast stórkostlegur hali sem alveg er greinilegt að kemur til með að skapa stórkostleg vandræði og er þegar raunar farinn að skapa slíkt vandræðaástand.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það, hvernig ástandið er í þeim málaflokki sem heyrir undir flugmálin. Þing eftir þing og ár eftir ár hefur verið á það bent af hálfu flugmálastjóra að ástand í flugmálum á svo til öllum flugvöllum landsins væri svo slæmt að í raun og veru ætti að loka öllum flugvöllum vegna skorts á öryggi og aðbúnaði þessara flugvalla. Það virðist ekki vera gert ráð fyrir því í þessu fjárlagafrv. að neinn verulegur gaumur sé gefinn að þessu hættuástandi, sem vakin hefur verið sérstök athygli á varðandi öryggi og aðbúnað á flugvöllum. Að vísu er gert ráð fyrir nokkurri hækkun í krónutölu varðandi framkvæmdir á flugvöllum, en hún er rétt liðlega yfir það sem framkvæmdakostnaður hefur aukist á milli ára. Hér er vissulega um að ræða mjög veigamikil mál sem full ástæða er til fyrir hv. Alþ. að gera sér grein fyrir og taka alveg sérstaklega að mínu áliti fastari tökum en gert hefur verið.

Ég vil einnig vekja sérstaklega athygli á því, að fjárveitingu til hinnar svokölluðu byggðalínu á Vestfjörðum er hvergi að finna í því fjárlagafrv. sem hér er til umr. En í frv. er þó, að ég held, gert ráð fyrir fjárveitingum eða minnst á allar aðrar línur sem eru sambærilegar við byggðalínu til Vestfjarða. Hún virðist því enn vera tekin út úr, og frv. gerir ekki ráð fyrir að þar verði um neinar framkvæmdir að ræða á næsta ári. Nú er það svo, að hér er um að ræða eina af aðalforsendum þess, að Orkubú Vestfjarða var sett á stofn, og öllum ætti að vera um það kunnugt, að Vestfirðir eru sá landshluti sem hvað verst er settur að því er varðar raforku. Það verður því ábyggilega litið, svo að maður noti orð hæstv. forsrh., alvarlegum augum af Vestfirðingum ef ekki á að standa við gefin fyrirheit sem hæstv. iðnrh. hefur gefið, og það verður eftir því tekið, hvort Vestfirðir verða í þessu sem og mörgu öðru skildir eftir að því er varðar framkvæmdir í sambandi við orkumál.

Ég nefndi hér áðan hafnamálin. Það er ekkert vafamál að hafnamálin hafa verið velflestum sveitarsjóðum og hafnarsjóðum úti á landsbyggðinni hvað erfiðastur þröskuldur í sambandi við fjárfestingu og að standa við skuldbindingar í þeim efnum. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda hafa á undanförnum þremur árum verið stórkostlega skornar niður. Og eins og hér var bent á áðan, þá er gert ráð fyrir röskum 1100 millj. til framkvæmda í fiskihöfnum á landinu á því fjárlagafrv. sem hér er til um. Í hafnaáætlun, sem hér hefur nýlega verið dreift, er gert ráð fyrir miklu hærri fjárhæð til framkvæmda en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Annað tveggja gerist því, að fjárveitingar til hafnarframkvæmda verða stórlega skertar að raungildi, eða þá, sem ég tel að sé sjálfsagt, að gera verður ráð fyrir verulegri hækkun á þessum lið að því er varðar fjárlög fyrir árið 1978. Þetta á við um hinar almennu fiskihafnir í landinu. En það er annað viðhorf þegar kemur út á önnur svið að því er varðar hafnamál, eins og t. d. Grundartangahöfnina. Fyr-

ir henni virðist eiga að sjá vel, bæði að því er varðar ríkishlutann og einnig ætlar ríkið að fjármagna hlut sveitarsjóðanna sem hér eiga hlut að máli.

Ég hygg að það hafi a. m. k. ekki verið ætlun þeirra Alþfl.-þm., sem studdu Grundartangaverksmiðjuna og þær hafnarframkvæmdir sem þar er gert ráð fyrir, að þær nytu forgangs umfram allar aðrar hafnir í landinu, að framkvæmdir við Grundartanga yrðu á kostnað fiskihafna víðs vegar í kringum landið. Raunin virðist hins vegar ætla að verða sú. Ég vil aðeins í þessu sambandi varðandi hafnamálin vekja athygli á því að í þeim hafnalögum, sem samþ. voru á Alþ. 1973 og tóku gildi, ef ég man rétt, um áramótin 1973—1974, var sérstakt ákvæði til bráðabirgða sem gerir ráð fyrir að gerðar skuli sérstakar ráðstafanir til þess að létta greiðslubyrði af lánum þeirra hafnarsjóða sem eru verst settir. Hér er beinlínis lagaskylda. Á fjárl. áranna 1974 og 1975 voru á heimildargrein 50 millj. árið 1974 og 40 millj. á árinu 1975 til þessa. Síðan er mér ekki kunnugt um, að nokkuð hafi gerst að því er þetta varðar. Hefur því ekki verið framfylgt þessu lagaákvæði hafnalaga sem gert var ráð fyrir að yrði til þess að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða í landinu sem verst eru settir, og þeir eru margir. Hér er því um að ræða að mínu viti svik við framkvæmd þeirra laga sem allir voru sammála um að ætti að framkvæma eins og þetta bráðabirgðaákvæði í hafnalögunum gerði ráð fyrir. Það er full ástæða til að minna á þetta hér og spyrjast raunar fyrir um það hjá talsmönnum hæstv. ríkisstj., hver sé meining í þessu máli áfram, hvort enn eigi að forðast að standa við þetta lagaákvæði, kannske þriðja árið í röð, þ. e. a. s. árið 1978.

Þá vil ég aðeins nefna hér eitt atriði sem mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á að því er varðar fjárlagagerð fyrir árið 1978. Nú er það svo, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að ríkissjóður á 85% af öllum heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1978 er ekki gert ráð fyrir einum einasta eyri til viðhalds þessum eignum ríkisins að 85%. Það allt virðist eiga að setja á sveitarfélögin. Um þetta virðist vera ágreiningur. Meira að segja er mér kunnugt um að eitt rn., þ. e. a. s. það rn. sem hér á hlut að máli, heilbr.- og trmrn., eða fulltrúar þess telja að skýlaust eigi ríkissjóður að standa skil á og standa undir 85% af viðhaldskostnaði þessara mannvirkja. En hæstv. fjmrh. virðist vera á annarri skoðun og raunar ríkisstj. sem heild, því að hér er um að ræða frv. ríkisstj. sem heildar, en ekki einstaks ráðh. Um þetta er deilt. Það eru uppi um þetta deilur. Meira að segja viðkomandi rn. telur að ríkissjóður eigi að borga þennan hluta af viðhaldi. (Gripið fram í.) Ef hæstv. fjmrh. er í vafa um þetta, þá vil ég benda honum á að þetta kom einmitt fram hjá ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn. á fundi fjvn. nú fyrir nokkrum dögum. Þetta er því sjónarmið rn. (Gripið fram í.) Það skiptir ekki í mínum huga meginmáli, hvort menn eru lögfróðir eða ekki. Þeir geta verið meingallaðir fyrir það, þó að þeir séu lögfróðir (Gripið fram í.) Já, ég ber ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn. það ekki á brýn að hann sé ekki fróður. Það geta meirihlutamenn í fjvn. gert án minnar aðstoðar. Ég tek ekki undir það. (**Gripið fram í:** Er þm. í fjvn?). Hér er því að mínu viti stórkostlegt gat í fjárlagafrv. og raunar um stefnumál að ræða, hvort það er í raun og veru stefna hæstv. ríkisstj. að dengja þessum kostnaði öllum yfir á sveitarfélögin en fría ríkissjóð.

Ég skal, herra forseti, ekki lengja öllu meira mitt mál hér. Ég vil þó, áður en ég lýk því, aðeins vekja athygli á því og taka undir þá gagnrýni sem komið hefur fram, ekki bara hér á Alþ., heldur og víðar, varðandi þau áform hæstv. ríkisstj. að ætla á fjárl. ársins 1978 að gera ráð fyrir 700 millj. kr. til kaupa og endurbóta á hinu margnefnda Víðishúsnæði. Verði það framkvæmt og verði við það staðið af hæstv. ríkisstj., eins og bendir allt til, þá er ekki á nokkurn hátt að mínu viti hægt að tala um að ríkissjóður sé í fjárþörf. Slík ráðstöfun er að mínu viti vægast sagt bruðl á fjármunum ríkisins, ef hér á að standa að máli eins og frv. og hæstv. ríkisstj. og kannske stjórnarliðið í heild ætlar sér að gera. Ég held raunar að meiri hl. fjvn., þ. e. a. s. stjórnarliðar í fjvn., hafi þegar samþykkt þessa ráðstöfun á fjármunum ríkisins að upphæð 700 millj. vegna þessara kaupa og endurbóta.

Ég vil svo að síðustu aðeins fara örfáum orðum um þau vinnubrögð sem mér sýnist hæstv. ríkisstj. viðhafa að því er varðar fjárveitingar og fjárlög.

Það hefur gerst á undanförnum árum, að hæstv. ráðh. leggja fram fjárlagafrv. sem fjárlagafrv. ríkisstj., og þeir gera að sjálfsögðu allt sem hægt er til þess að meiri hl. fjvn. spyrni við fótum að því er varðar mikla hækkun á fjárlagafrv. frá því, sem það er lagt fram og til þess, er Alþ. gengur frá fjárl. Það eru ótalmörg dæmi þess sjálfsagt, að beiðnum hinna ýmsu aðila, sem fjvn. hefur hafnað að taka inn á fjárlög, hefur verið sinnt bakdyramegin frá af hæstv. ráðh. Það eru mörg dæmi þess, að fjárbeiðnum, sem komið hafa til fjvn. og hefur verið hafnað fyrir afgreiðslu fjárl., hefur verið sinnt bakdyramegin úr rn. viðkomandi ráðh. Nýjasta dæmið, sem ég veit um slíkt, er að því er varðar Þjóðleikhúsið. Þar er um að ræða a. m. k. 30—35 millj. kr. upphæð sem veitt var bakdyramegin eftir að fjvn. hafði hafnað þeirri beiðni í tvö ár í röð. Og fleiri slík dæmi mætti finna og nefna. Með vinnubrögðum af þessu tagi er að sjálfsögðu verið að lítilsvirða fjvn. og Alþ., og það fer að verða spurning í hugum manna, hver tilgangur sé með starfi fjvn. og Alþ. þegar einstakir ráðh. og kannske einstakir menn í kerfinu — þarf ekki ráðherratitil til — geta ráðstafað fjármunum með þessum hætti. Ég held að það sé full ástæða til fyrir hv. alþm. að gefa þessu gaum og hafa í huga að til þess eru vítin að varast þau.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri að sinni. Það gefst frekara og betra tækifæri síðar til þess að ræða þetta mál við 2. umr. fjárlaga.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Enn liggur nýtt fjárlagafrv. fyrir hinu háa Alþ. Eftir þær umr., sem hér hafa farið fram í dag af hálfu stjórnarandstöðunnar, verður víst ekki fremur nú en endranær um þetta frv. sagt hið fornkveðna, að

allir vildu Lilju kveðið hafa. Þvert á móti sætir frv. harðri gagnrýni og fáir eða engir finnast vafalaust sem ánægðir eru með alla þætti þess. Það er vissulega ekki nýtt. Fjárlög grípa með ýmsum og mismunandi hætti inn í líf hvers einstaklings. Stundum hillir þar undir að vonir um mikilsverð framfaramál heilla byggðarlaga eða landsins alls rætist. Alltaf er þó hitt gert, að það er seilst ofan í vasa borgaranna til að greiða hina ýmsu reikninga. Stundum finnst manni að þeir, sem gagnrýna harðast fjárlagafrv. hverju sinni, telji sig hafa yfir að ráða einhvers konar töfraráðum sem dugi til að hækka útgjöld til framkvæmda á hinum ýmsu sviðum, hækka t. d. tryggingabætur, auka löggæslu, stórauka framlög til skóla og menningarmála o. s. frv. og lækka jafnframt álögur á almenning. Það tíðkast mjög að flytja till. um hækkun framlaga til ýmissa nauðsynjamála sem allir vildu fegnir styðja. Hitt er sjaldgæfara, að bent sé á raunhæfar leiðir til tekjuöflunar á móti. Það er t. d. ekki úr vegi að geta þess, að ég fór lauslega yfir þær till., sem fluttar voru af hálfu stjórnarandstöðunnar við 2. og 3. umr. fjárl. á s. l. ári, og ég kom þar ekki auga á neina lækkunartill., heldur aðeins hækkunartill. (KP: Það er ekki rétt.) Ég kom ekki auga á, sagði ég.

Það væri áreiðanlega auðvelt starf fjvn. hv. Alþ. og skemmtilegt, ef það væri eingöngu í því fólgið að raða verkefnum á útgjaldahlið fjárlagafrv. og engar áhyggjur þyrfti að hafa af tekjuhliðinni. En þannig gengur þetta bara ekki til. Enn eigum við sem fyrr við þann vanda að stríða, að miklu fleiri verkefni bíða úrlausnar en gjaldþol almennings leyfir að leyst séu. Ég er einn þeirra manna sem oftast finnst þeir menn hafa rök að flytja sem bera upp óskir um aukin fjárframlög við fjvn. En svo fáir sem við erum og framkvæmdageta okkar takmörkuð er engin von til að við getum á svipstundu komist fullkomlega til jafns við langþráðar iðnaðarþjóðir við ýmiss konar uppbyggingu til félagslegra þarfa. Hitt er sönnu nær, að ástæða sé til að vera stoltur af því sem áunnist hefur. Margt af því getur áreiðanlega talist til stórvirkja.

Á undanförnum árum hafa ákveðnir þættir í þjóðarbúskap okkar verið gagnrýndir öðru fremur. Má þar t. d. nefna dómsmál, samgöngumál, upphæðir bótagreiðslna almannatrygginga, ýmsa þætti sjúkratrygginga, byggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, skóla, menningarmál o. fl. Það er mjög eðlilegt að menn finni hver á sínum stað hvar skórinn kreppir einkum að, og auðvitað er það svo eins og áður, að þetta frv., sem nú liggur fyrir hinu háa Alþ., gerir ekki ráð fyrir að sé komið til móts við nema hluta af óskum þegnanna um fjárframlög til ýmiss konar framfaramála.

Ef við lítum á þetta fjárlagafrv. og athugum helstu einkenni þess, þá er eitt það augljósasta hversu hækkanir verða miklar vegna aukins kostnaðar við sjálfan ríkisreksturinn. Annað, sem er augljóst, er að svipuð útgjöld eru ætluð til framkvæmda á fjárl. sjálfum eins og að undanförnu að framkvæmdamætti, en nokkur samdráttur í þeim framkvæmdur sem fjármagnaðar eru með lántökum. Það, sem ræður mestu um þessa þróun, að rekstrarliðirnir hækka mjög, eru þær miklu kauphækkanir sem hafa orðið á þessu ári og fyrirsjáanlegar eru á næstunni. Ég ætla ekki hér að fara að tala um að þessar kauphækkanir séu of miklar eða að þeir menn, sem taka kaup sitt hjá ríkinu, séu ofhaldnir af þeim launum sem þeir taka þar. En hitt er auðvitað alveg augljóst mál, að það er ákaflega náið samband á milli heildarupphæðar fjárlagafrv. og þess kaupgjalds sem greitt er í landinu hverju sinni. Þetta sést m. a. af því, að í A-hluta fjárlagafrv. eru laun áætluð, áður en þær hækkanir eru teknar inn sem stafa af síðustu kauphækkunum og áður en búið er að gera ráð fyrir þeirri kauphækkun sem verður 1. des. vegna vísitöluhækkana og annarra hækkana, þá er þó gert ráð fyrir því að laun séu nærri 32 milljarðar eða rúmlega fjórði hluti af heildarupphæð A-hluta fjárl., og í B-hlutanum eru launin áætluð rúmlega 12 milljarðar. Auk þess hafa svo auðvitað launagreiðslur geysilegt áhrif á hversu nýtast þau framlög sem varið er til hinna ýmsu framkvæmda í landinu. Þess vegna er það augljóst mál, að kaupgjaldið sjálft hefur ákaflega mikil áhrif á upphæð fjárl. og miklar kaupgjaldshækkanir hækka sjálfkrafa fjárlagafrv. geysimikið, ef á annað borð á að koma á svipaðan hátt til móts við almennar þarfir þjóðfélagsins og áður hefur verið.

Það kom m. a. fram hjá hv. 11. landsk. þm., eftir því sem ég skildi mál hans, að það væri ekki launahækkanirnar sem hefðu umtalsverð áhrif á verðbólguna og þær hefðu ekki heldur umtalsverð áhrif á afkomu ríkisbúskaparins, því að mikill hluti launahækkananna kæmi aftur til baka í óbeinum og beinum sköttum. Auðvitað er það rétt, að mikill hluti launahækkana kemur aftur til ríkissjóðs — mikill hluti, en ekki neitt nálægt því allt — í beinum og óbeinum sköttum. En þess ber að geta, að eins og fyrirkomulag er á skattgreiðslu kemur mjög mikill hluti af þessum hækkunum ekki til ríkissjóðs aftur fyrr en eftir nokkuð langan tíma. Og eitt af því, sem ráðgert er að breyta í skattalögunum — auðvitað aðeins eitt af því sem ráðgert er að breyta og alls ekki út af fyrir sig nein stórkostleg lækning á skattamálum — er að taka upp staðgreiðslu skatta. Það hefur auðvitað það í för með sér, að þegar launahækkanir verða miklar og verðþensla er mikil, þá koma afleiðingar launahækkana fyrr til greiðslna inn í ríkissjóð. En það er rétt sem hér var bent á, að þetta hefur veruleg áhrif á gjaldþol almennings. Ef borgaður er 40% skattur á verðþenslutímum, þá skiptir náttúrlega miklu máli hvort sá skattur er greiddur jafnóðum af því kaupi, sem út er greitt hverju sinni, eða hann er greiddur af tekjum liðins árs. Þetta mundi ekki skipta miklu máli ef við byggjum við stöðugt verðlag, en þegar verðþenslan er jafnmikil og er, þá er í raun og veru alrangt að tala um að beinir skattar séu nærri því eins háir og skattalögin sjálf segja. Menn eru á því ári, sem þeir greiða skattana, ekki að greiða nema 40 eða 50% í heild af tekjum sínum, heldur miklu lægri upphæð, misjafnlega miklulægri eftir því hversu launahækkanir verða miklar á milli áranna.

Ég ætla, áður en lengra er farið, að minnast á nokkra þætti fjárlagafrv. sem gagnrýndir hafa

verið, á mismunandi hátt að vísu, og byrja á því að nefna greiðslur landbrn. Einn sá þáttur, sem mest hefur verið gagnrýndur í þessu frv., raunar bæði í sjónvarpsumr. í gærkvöldi og eins hér í dag, er sú upphæð sem ráðgert er að verja til útflutningsbóta á næsta ári. Þessi upphæð er vissulega há, og það er ekkert undarlegt við það að menn ræði um hvernig best verði snúist við þeim vanda sem skapast af því að ekki fæst það verð fyrir útfluttar landbúnaðarvörur sem við þyrftum að fá til að framleiðsla þeirra stæði undir sér. Ég hygg að menn hlaupi oft yfir þá staðreynd, að landbúnaður svo að segja hvarvetna í heiminum, þó að það finnist vafalaust undantekningar frá því, er mjög studdur af opinberu fé. Þetta er gert hér á landi, og þetta er gert í aðalviðskiptalöndum okkar, eins og t. d. á Norðurlöndunum. Hér eru beinir styrkir til landbúnaðarins einkum fólgnir annars vegar í útflutningsbótunum og hins vegar í beinum ræktunarstyrkjum og að litlu leyti í styrkjum til húsbygginga.

Upphaf útflutningsbótanna má rekja til þess, að samkv. lagabreytingum frá 1959, sem ég hygg að allir stjórnmálaflokkar sem þá áttu sæti á Alþ. hafi samþykkt, var gert ráð fyrir að taka upp útflutningsbætur. Þessar útflutningsbætur áttu að vera að hámarki 10% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarvara. Lög geta vissulega verið umdeilanleg, en ég held að það sé rétt að rifja upp í fáum orðum tilefni og tilgang þessarar lagasetningar.

Eitt meginatriði framleiðsluráðslaganna frá 1947 er það ákvæði, að bændum skuli tryggðar tekjur í samræmi við aðrar vinnandi stéttir í landinu, eins og það var orðað. Á fyrstu árunum eftir setningu framleiðsluráðslaganna var oft skortur á einstökum landbúnaðarvörum og útflutningur var ekki. Árið 1958 lagði Framleiðsluráð landbúnaðarins verðjöfnunargjald á dilkakjöt í innanlandssölu til að bæta óhagkvæman útflutning. Þessa ákvörðun framleiðsluráðs kærðu fulltrúar neytenda í 6 manna n., en töpuðu málinu bæði í undirrétti og Hæstarétti og lauk málinu síðla sumars 1959. Upp úr þessum átökum kom sú breyting á framleiðsluráðslöggunum, að réttur til útflutningsbóta var ákveðinn og hámark þeirra miðað við 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar og skyldi þetta gjald greitt beint úr ríkissjóði. Flest ár síðan þetta var ákveðið hefur aðeins verið þörf fyrir hluta útflutningsbótanna, en á árunum 1967—1968 og árunum þar í kring hrökk útflutningsbótaréttirinn ekki að fullu til að greiða bændum það verð sem þeir áttu að fá, og það sama er að endurtaka sig á þessu ári sem nú er að líða.

Ákvæðin um útflutningsbætur eru sett til þess að tryggja bændum fullt verð fyrir framleiðsluvörur sínar þótt framleiðslan fari nokkuð fram úr innanlandsþörf. Í útflutningsbótaréttinum er viðurkennd sú meginstefna í framleiðslumálum, að miðað skuli að því að hér séu framleiddar nægar kjöt- og mjólkurvörur til innanlandsneyslu, og til þess að svo megi verða er auðvitað ekki hægt að komast hjá nokkurri umframframleiðslu, mismunandi mikilli eftir árferði. Ef tryggja á bændum viðunandi lífskjör, verður það vart gert án einhvers konar þátttöku ríkisvalds-

ins, einfaldlega vegna þess að viðskiptalönd okkar og nágrannar styrkja landbúnað sinn með beinum og óbeinum styrkjum og halda þannig niðri verði á neysluvörum. Eðlileg verðmyndun á sér því naumast stað í landbúnaði í okkar heimshluta. Gott dæmi um þetta eru viðskiptin við frændur okkar Norðmenn. Við seljum þeim verulegan hluta þess dilkakjöts sem við flytjum út. Norskir bændur fá til muna hærra verð fyrir sitt dilkakjöt en íslenskir bændur, og Norðmenn greiða okkur innan við helming þess verðs sem við þyrftum að fá. Ef við gætum selt dilkakjöt í Noregi á sama grundvelli og Norðmenn selja okkur skip og aðrar iðnaðarvörur, þyrfti ekki útflutningsbætur á þann dilkakjötsútflutning, og ekki stæði á norskum neytendum að kaupa kjötið okkar.

Of langt mál yrði að ræða hér í einstökum atriðum rök með og móti útflutningsframleiðslu landbúnaðarvara. En minna má á að ull og skinn eru verðmæt hráefni og undirstaða iðnaðar sem veitir mikla atvinnu. Vinnsla annarra landbúnaðarvara er einnig mikilvæg fyrir atvinnulíf þéttbýlisins. Útflutningur landbúnaðarvara færir okkur þrátt fyrir allt mikilsverðan gjaldeyri. Mestu máli skiptir þó, að ef við á annað borð ætlum að halda áfram að byggja þetta land, þá verður það ekki gert án landbúnaðar.

Fólki hefur fækkað mjög ört í landbúnaði á undanförnum árum. Framleiðslan hefur aukist. Ýmissa félagslegra vandamála gætir í vaxandi mæli í strjálbýlinu. Það væru hörmuleg mistök, — mistök sem afkomendur okkar ættu bágt með að fyrirgefa, ef svo yrði þrengt að íslenskum landbúnaði að enn yrði stórfelld fólksfækkun í sveitum og heil byggðarlög legðust í auðn. Við ættum heldur að hyggja að aðgerðum Norðmanna í þessu efni. Þeir telja það öryggis- og hagsmunamál að bæta hag sinnar bændastéttar og fylgja þeirri skoðun eftir með stórfelldum opinberum framlögum til landbúnaðar.

Ekki er úr vegi einmitt nú að geta þess sem öllum er kunnugt, að það fara fram stórfelldar hækkanir á kaupgjaldi í landinu og með nýlegum samningum við starfsmenn ríkis og bæja hefur ríkið tekið á sig stórfelld aukin útgjöld í formi hækkaðs kaupgjalds. Á sama tíma og þetta gerist hefur orðið að leggja sérstakt verðjöfnunargjald á dilkakjötsframleiðslu haustsins 1976 og þetta verðjöfnunargjald kemur til þess að lækka kaup og tekjur bænda mjög verulega á þessu almanaksári. Ég er einn þeirra manna sem telja að stefnan í landbúnaðarmálum þurfi alltaf að vera til endurskoðunar, og ég er líka einn þeirra manna sem telja að það sé engin allsherjarlausn á vandamálum landbúnaðarins að auka framleiðsluna. En þegar hugað er að vandamálum landbúnaðarins, þá þarf að hafa fleira en eitt í hyggju og, eins og ég sagði áðan, m. a. það að leysa þau á þann hátt að við styrkjum byggðina í sveitunum fremur en veikjum hana. Til lengdar yrði það farsælast fyrir alla landsmenn.

Samgrn. er eitt af þeim rn., sem vissulega er oft talað um, og þær framkvæmdir, sem það hefur með höndum eða Vegagerðin fyrir þess hönd. Vegalagning er eitt af þeim efnum sem hvað mest er til umr. manna á meðal, a. m. k. úti um landsbyggðina. Þetta rn. fær til umráða tals-

vert hærri fjárupphæð en var á s. l. ári. Á fjárl. 1977 var áætlað fé til vegagerðar 5 milljarðar 650 millj., en í frv. nú er sambærileg tala rúmir 9 milljarðar og hækkunin er hátt í 4 milljarða milli ára. Þetta svarar til þess að framkvæmdamáttur vegafjár hækki um 25—30% frá því sem var á s. l. ári, miðað við verðlag þess tíma sem fjárlagafrv. er sett fram.

Það hefur verið minnst á það hér áður, að formaður þingflokks Alþfl. varaði alveg sérstaklega í sjónvarpinu í gærkvöldi við þessari miklu aukningu vegafjár. Ég get varla gert ráð fyrir því að formaður þingflokksins flytji þjóðinni í sjónvarpi boðskap sem hann fylgir ekki eftir hér inni á hinu háa Alþ. Það kann að vera að stórframkvæmdir séu alltaf meira og minna varhugaverðar, og vegaframkvæmdir hafa vissulega verið umdeildar. Ég hygg þó að hinn almenni borgari í dreifbýlinu spyrji ekki eins oft um neinn einstakan þátt framkvæmda og einmitt vegagerðina. Það hefur verið rakið hér áður, að víða um land vantar mikið á að frumþörfum sé fullnægt í vegagerð. Vegirnir eru allvíða þannig úr garði gerðir að stórfelldar samgöngutafir verða á vetrum, jafnvel milli allfjölmennra byggðarlaga, þótt vegir þar liggi um láglendi. Hitt er líka alveg augljóst, að við getum ekki til lengdar unað því, að ekki komi það sem kallað er varanlegt slitlag á vegina umfram það sem nú er. Ég hygg, að við eigum ekki mjög langt í land með að byggja helstu umferðaræðar um sveitir — helstu völuflutningaleiðir og fólksflutningaleiðir um sveitir — upp úr snjónum. Og þegar því verkefni er lokið í aðalatriðum getum við snúið okkur af alefli að því að leggja slitlag á vegina.

Það er oft verið að bera saman framkvæmdir í vegagerð nú og á árunum eftir 1970, og það er rétt, að á þeim erfiðleikatímum, sem þessi ríkisstj. hefur átt við að búa í fjármálum, hefur nokkuð dregið úr vegaframkvæmdum. En ég vil vekja athygli á því, að með sérstökum hætti var staðið að stórframkvæmdum á tíma vinstri stjórnarinnar, eins og t. d. vegarlagningunni yfir Skeiðarársand, og lagt var í tiltölulega stórar framkvæmdir á takmörkuðum svæðum þá, eins og lagningu bundins slitlags í nágrenni Reykjavíkur. Þó að vegaframkvæmdir hafi ekki aukist að magni til frá þessum árum, þá hygg ég að þeir, sem búa í hinum dreifðu byggðum, verði ekki síður varir við vegaframkvæmdir nú en var á þessum árum, þegar undanskilinn er Skeiðarársandurinn.

Hér hefur verið minnst á hafnarframkvæmdir, og m. a. kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vestf. að það hefði ekki verið staðið við loforð um óafturkræf framlög úr Hafnabótasjóði á árunum 1976 og 1977. Ég vil upplýsa hv. þm. um að þetta er alls ekki rétt. Ég hef því miður ekki hér við höndina með svo litlum fyrirvara tæmandi upplýsingar um þetta mál, en þess má geta, að á árinu 1976 var t. d. veitt allmikið óafturkræft framlag til bæjar á Vestfjörðum sem heitir Bolungarvík og á árinu 1977 t. d. til Bíldudals. Það hefur því verið staðið við þetta loforð og fjárframlög úr þessum sjóði, óafturkræf fjárframlög vegna erfiðrar afkomu hafna, hefur m. a. runnið til Bolungarvíkur á þessum tíma.

Það hefur borið allmikið á því í ræðum þeirra þm., sem hér hafa talað á undan mér, að þeir hafa fullyrt margt. Það er tiltölulega auðvelt að fullyrða, það er ekki ævinlega jafnauðvelt að standa við það sem fullyrt er. Í þessu tilfelli er auðvelt og tiltölulega fljótlegt fyrir hv. þm. að ganga úr skugga um það, að hann hafi haft þarna rangt fyrir sér og það veit ég, að hann mun gera.

En ef við lítum á hafnarframkvæmdir, þá hefur vissulega mjög mikið þokast áfram í hafnarframkvæmdum á landinu á undanförnum árum. Það hefur verið unnið stöðugt að hafnargerð. Auðvitað hafa verkin þar ekki gengið eins hratt fram og áhugamenn og framkvæmdaglaðir menn hefðu viljað. Samt sem áður hefur þokast þar mjög í áttina, og ég hygg að í raun og veru sé þessi þáttur samgöngumálanna e. t. v. einna best á vegi staddur nú. Það þýðir auðvitað ekki að þarna megi láta deigan síga á nokkurn hátt. Þarna verður að halda framkvæmdum áfram um allt land. Við eigum margar hafnir í landinu. Þessar hafnir eru ákaflega nauðsynlegar, ekki eingöngu samgöngutæki, heldur líka atvinnutæki, og við megum á engan hátt vanrækja uppbyggingu hafnanna, enda tel ég, eins og áður segir, að þar hafi verið unnin stórvirki á undanförnum árum.

Um flugmálin vil ég segja það, að það kemur þar fram eins og annars staðar að við höfum ekki þá framkvæmdagetu sem við hefðum óskað eftir og vissulega hefði verið þörf á. Í landinu eru milli 30 og 40, ég held nær 40 áætlunarflugvellir, og það þarf ekki mikið ímyndunarafl til að átta sig á því, að það kostar mikið fé að búa þessa flugvelli fullkomnum öryggistækjum og búa þá yfirleitt svo úr garði að þeir geti kallast fullkomnir nútímaflugvellir. Í þessu sambandi er kannske rétt að geta þess, að nokkrir menn úr fjvn. áttu þess kost á s. l. vori að skoða flugvelli hjá frændum okkar Norðmönnum, og var það vissulega lærdómsríkt og mjög athyglisvert. Þeir hafa byggt ágæta flugvelli, bæði litla og stóra, með fullkomnum öryggisbúnaði og vel búna á allan hátt. Það, sem vekur þó athygli þegar bornar eru saman samgöngur í þessum tveim grannlöndum, er það, að Norðmenn hafa einungis mjög lítið fleiri áætlunarflugvelli en við Íslendingar. Ef við þyrftum ekki að byggja hlutfallslega fleiri flugvelli en Norðmenn, þá gætum við látið okkur nægja tvo flugvelli í landinu. Ég hygg að við mundum ekki verða í neinum sérstökum vandræðum með að leysa þann þátt samgöngumálanna, ef við ekki þyrftum að byggja þarna hlutfallslega meira en Norðmenn. Þess vegna hlýtur það að verða svo, að það taki langan tíma að gera alla flugvelli okkar svo vel úr garði sem þurfa þykir og vissulega væri ákjósanlegt. Að því er samt unnið stöðugt þó ekki sé eins hratt farið og margir hefðu óskað sér.

Af þessu, sem ég hef hér sagt, er augljóst að sá framkvæmdaþáttur, sem gert er ráð fyrir að aukist langmest samkv. fjárlagafrv., er vegagerðin. Ég fagna því, að sú ákvörðun hefur verið tekin af ríkisstj. og studd af þeim þingmeirihl., sem hún styðst við, að gera myndarlegt átak í vegamálum. Það er atriði sem ég veit að þjóðin bakkar bæði strax og þessi verk eru unnin og ekki síður þeir sem á næstu árum eiga eftir að fara um vegina. Það hefur verið gagnrýnt hér, hvernig fjár til þessara framkvæmda verður aflað, og auðvitað er það, að menn finna sárt til þess að þurfa að

greiða háar upphæðir, hvort sem það er fyrir bifreiðarnar, sem þeir kaupa, eða fyrir bensínið, sem þeir nota. Ég ætla ekki að leggja hér dóm á það, hvort hæfileg hlutföll séu þarna á milli þessara tveggja þátta. En hitt er nokkuð augljóst, að við hljótum með einhverjum hætti að leggja mikið kapp á að bæta vegina. Það er út af fyrir sig óeðlilegt ósamræmi sem í því er fólgið að við höfum efni á því að kaupa mikið af dýrum bifreiðum, en ekki efni á því að búa vegina svo úr garði að bifreiðarnar, þessar vönduðu bifreiðar okkar, endist á vegunum.

Hækkanir á því fé, sem gengur til menntmrn., eru 46.6% samkv. fjárlagafrv. Þar gætir auðvitað mjög mikilla kauphækkana, og enn eiga þær kauphækkanir, sem eftir er að gera ráð fyrir í frv., eftir að hækka hlut menntmrn. í fjárl. verulega frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Af þeim þáttum, sem þarna er verulega aukið fjármagn til, má nefna kennslu þroskaheftra. Samkv. því, sem í fjárlagafrv. segir, eru þessi framlög aukin í krónutölu úr 132 millj. árið 1976, samkv. fjárl. 1976, og upp í 372.8 millj. samkv. frv. 1978. Þarna er vissulega verkefni sem nauðsynlegt er að sinna betur en gert hefur verið, og með þessu fjárlagafrv. er sýndur mjög verulegur vilji til þess að hlúa betur að þeim, sem við erfiðleika eiga að stríða í þjóðfélaginu, heldur en gert hefur verið á undanförnum árum. Þá má líka nefna það, að verulega eru auknar fjárveitingar til fræðsluskrifstofanna sem eiga að styðja mjög við bakið á þeim, sem fást við fræðslumál dreifbýlisins.

Hækkun til dómsmrn. vegna dómgæslu, lögreglumála o. fl. er 1866.4 millj. kr. Þar fer mest fyrir hækkun til sýslumanna og bæjarfógeta, eða 607 millj., og Landhelgisgæslunnar 376 millj. rúmar. Það hefur mikið verið gagnrýnt á undanförnum árum, að dómsmálakerfið væri seinvirkt og þar þyrfti úrbóta við. Á valdatíma þessarar ríkisstj. hafa verið samþykkt nokkur lagafrv. sem eiga að auka öryggi og flýta gangi dómsmála. Stærsta nýmælið þar er rannsóknarlögregla ríkisins. Þær breytingar, sem hafa verið gerðar á dómskerfinu, kosta allmikið fé, bæði í húsakosti og mannahaldi. Á næsta ári er t. d. gert ráð fyrir 125 millj. kr. til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla, og er það síst of í lagt. Ég tel að með þeirri styrkingu, sem dómsmálakerfið hefur hlotið á þessu tímabili með lagasetningu og auknum fjárframlögum, sé tvímælalaust komið til móts við kröfur almennings í landinu með myndarlegum hætti. En þarna ber enn að sama brunni, að aukin þjónusta kostar aukið fé og þetta aukna fjármagn hlýtur að verða að sækja í vasa skattborgaranna.

Það væri rétt að nefna hér ýmislegt fleira. Það má t. d. nefna að auknu fé er varið til fiskirannsókna og til ýmissa þátta í sambandi við sjávarútveg, og alls staðar ber auðvitað frv. merki þess, að í flestum greinum er haldið áfram við þær framkvæmdir og við þau framfaramál sem aðaláhersla hefur verið lögð á á undanförnum árum.

Eitt af því sem gagnrýnt hefur verið, bæði af almenningi og stundum af stjórnarandstöðu, er hinn mikli kostnaður við sjálfan rekstur ríkisins. Það kom hér fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að komið hefði í ljós á fundi í fjvn. að ekki hefðu komist til skila ákvarðanir fjvn. um fækkun manna í ákveðnu ríkisfyrirtæki. Ég var því miður ekki staddur á þessum fundi og þekki málið þess vegna ekki frá fundinum. En ég vil gjarnan taka undir það með hv. þm., að hvernig sem á þessu stendur, hvar sem upplýsingar um þetta hafa strandað, þá er það auðvitað ófyrirgefanlegt. Ég tel að af hálfu ríkisins sé verulega unnið að því að koma í veg fyrir óþarfa og óeðlilega útþenslu ríkisbáknsins. Það er í fyrsta lagi gert með því, að allar fastráðningar starfsmanna verða að fara fyrir ráðningarnefnd ríkisins sem aflar mjög itarlegra upplýsinga um þörf fyrir þær óskir sem berast. Mér er það persónulega kunnugt, að það er mjög algengt að neitað sé um þær beiðnir sem berast um aukið mannahald, þó að hitt komi vissulega fyrir, að slíkar óskir séu teknar til greina. Þá er það eins, að fyrir fjvn. liggja hverju sinni óskir um aukið mannahald á ýmsum sviðum, og ég hygg að þeir, sem starfað hafa í fjvn., geti borið um það, að þar er ekki að því hrapað að leyfa fjölgun ríkisstarfsmanna. Þá tel ég að útgáfa starfsmannaskrár, skrár yfir ríkisstarfsmenn, þar sem gerð er grein fyrir því, hverjir hafa verið ráðnir með fullum heimildum og hverjir án slíkra fullra heimilda, sé mjög til þess að auka aðhald að ríkisstofnunum. En það hefur óneitanlega nokkuð borið á því, að einkum þær ríkisstofnanir, sem hafa að enihverju leyti tekjur á eigin vegum, hafi aukið starfsmannahald án þess að farið væri hinar réttu leiðir til þess að fá leyfi til þess. Starfsmannaskráin hefur hjálpað til þess að fjvn. gæti gert sér gleggri grein fyrir stöðunni í þessum málum, og bæði á s. l. sumri og sumrinu 1976 fór fjvn. yfir þessa skrá, gerði að vísu till. um að talsvert mikill fjöldi þeirra manna, sem þarna voru ráðnir, fengi fastráðningu eða yrði heimilað ráðning á, en neitaði líka ráðningu margra. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að starfsmannaskráin komi fyrr út en verið hefur, og nú er áformað að starfsmannaskrá, sem byggist á starfsmannahaldi á áramótum, komi út mjög snemma á næsta ári, og þá verður það enn á ný verkefni fjvn. að fara yfir skrána og kanna að hve miklu leyti kann að hafa verið farið á svig við fyrirmæli fjvn. eða þær reglur sem gilda um ráðningu starfsmanna hjá ríkisfyrirtækjum. Ég tel sem sagt að þarna sé beitt mjög verulegu aðhaldi, þó að hitt sé að vísu rétt, að það getur oft verið umdeilanlegt hvernig bregðast beri við umsóknum um aukið mannahald.

Einn sá kostnaður, sem er mjög tilfinnanlegur við mannahald ríkisins og þó mjög misjafnlega eftir starfsgreinum, er yfirvinna. Hún er í sumum starfsgreinum mikil og mjög kostnaðarsöm. Algengt er að þau rök séu færð fyrir óskum um aukið mannahald, að þá geti yfirvinnan minnkað. Og vissulega getur verið fullkomlega réttlætanlegt að ráða fremur fleira starfsfólk til starfa heldur en hlaða það starfsfólk, sem fyrir er, óhæfilega miklum störfum.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hélt hér langa ræðu áðan, fullyrti margt og varð ekki orða vant, eftir því sem ég best gat heyrt, til þess að túlka sjónarmið sín. Hann virtist sakna þess mjög að ráðh. Framsfl. tækju meiri þátt í umr. um fjárlagafrv. en raun ber vitni. Ég get náttúrlega tekið undir það með honum, að sjálfsagt hefðu orðið betri ræðuhöld hér ef ráðh. hefðu tekið þátt í umr. En hitt verð ég að viðurkenna, að ég skil

ekki fullkomlega þessa miklu aðdáun sem Sighvatur hefur á ráðh., þó að þeir séu vissulega ágætir menn. Ég hef álitið, að við hér í hinu háa Alþ. ættum að vera nokkuð jafnir gagnvart mönnum, svo að það skipti e. t. v. ekki öllu máli, þegar mál eru rædd, hvaða starfstitil sá ber sem málin ræðir. Hins vegar skal ég taka það fram, að ég tók þetta ekki sem neitt sérstakt vantraust á mig, jafnvel þó að Sighvatur vissi að ég hefði beðið um orðið.

Það var ýmislegt merkilegt í þessari ræðu, eins og t. d. fullyrðing um að aldrei hafi svo mikill meiri hl. þm. fellt gengið eins mikið og gert hefði verið hjá þessari ríkisstj. (SighB: Rýrt verðgildi gjaldmiðilsins, sagði ég.) Rýrt verðgildi gjaldmiðilsins svo mikið. Þetta getur sjálfsagt verið rétt og þarna sleginn varnagli sem ákaflega auðvelt er að koma sér á bak við, þar sem verið er að tala um hversu mikill meiri hl. sé. Ég er ekki viss um að styrkleiki ríkisstj. þurfi endilega að fara eftir því, hvort meiri hl. er einum eða tveimur mönnum í þinginu meiri eða minni, þótt vissulega sé stuðningur að því að hafa mikið þingfylgi. En það er kannske ekki endilega það sem úrslitum ræður. Mér fannst þetta ágætt dæmi um hvernig hægt er að vera með stórar fullyrðingar á þann hátt að kannske þýði þær í raun og veru ekki nokkurn skapaðan hlut, því nógu margir varnaglar voru í fullyrðingunni til þess að það var mjög ólíklegt að hún gæti ekki staðist, án þess að hún segði þó í sjálfu sér nokkurn skapaðan hlut.

Það voru líka notuð hér hörð orð um Kröfluvirkjun. Ég veit það jafnvel og allir landsmenn, að þar hefur orðið slys. Það var ekki séð, þegar þessi framkvæmd var ákveðin, að þar yrðu þau stórfelldu eldsumbrot sem orðið hafa og ekki sér enn fyrir endann á. Það verður auðvitað aldrei sannað eða afsannað að Kröfluvirkjun hefði verið afbragðs fyrirtæki, ef þetta slys hefði ekki hent. Það er ómögulegt að gera það. En ég vil leyfa mér að fullyrða að það sé okkur mjög nauðsynlegt að virkja gufuafl hér á landi og það sé ekki hægt að fullyrða neitt um það nú í dag nema þessi virkjun eigi eftir að reynast vel og skila góðum arði. Hins vegar er það rétt, að ef við hefðum getað séð svolítið fram í tímann hefðum við auðvitað ekki valið stað til öflunar gufu þar sem eldgos var í þann veginn að brjótast upp á yfirborðið.

Þá gagnrýndi hv. þm. Sighvatur Björgvinsson þá menn, sem teldu að framkvæmdir væru sífellt af því góða, og tók sem dæmi máli sínu til sönnunar, að þetta væru menn sem hugsuðu svo, að ein Borgarfjarðarbrú væri góð, tvær Borgarfjarðarbrýr væru helmingi betri og þrjár Borgarfjarðarbrýr þá náttúrlega þrisvar sinnum betri. Ég er einn þeirra manna sem telja sig vera framkvæmdasinnaða. En ég held að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson meti ekki rétt skynsemi landsmanna þegar hann mælir orð eins og þessi. Ég held að það sé algerlega fráleitt að almenningur á Íslandi hugsi á þessa leið og að nokkur hugsi á þessa leið. Og ég verð að segja það eins og er, að ég kann því út af fyrir sig ekki vel að einmitt á þetta sé deilt. Við erum skammt á veg komnir með ýmsar framkvæmdir af mjög eðlilegum ástæðum. Við vorum fátæk þjóð langt fram á þessa öld, og við höfum ekki getað gert allt það sem hugurinn girnist. En ég mótmæli því alveg, að það sé hinn almenni hugsunarháttur að hugsa ekkert um það til hvers framkvæmdirnar leiða. Auðvitað er það svo, að menn greinir á um hversu skynsamleg hver einstök framkvæmd er, en þó venjulega miklu meira um það, hvernig skuli raða þeim framkvæmdum sem við getum komið á hverju sinni.

Hv. þm. talar líka um stjórnlaus og hömlulaus framkvæmdaáform. Ég held að þetta fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, beri þess ekki vitni að fyrirhugaðar séu stjórnlausar og hömlulausar framkvæmdir. Ég held að það verði miklu fleiri til þess að gagnrýna þetta frv. einmitt með svipuðu hugarfari og hv. þm. Karvel Pálmason, sem virtist algerlega á öndverðum meiði við hv. þm. Sighvat Björgvinsson og taldi að framkvæmdaþættirnir væru allt of litlir og það væri allt of stutt stigið til framfara og framkvæma. Mér virðist að þessir hv. þm. og alveg sérstaklega hv. þm. Sighvatur Björgvinsson eigi svolítið erfitt með að samræma þetta tvennt sem hann telur sig þó fylgja, annars vegar framkvæmdir, hins vegar ekki framkvæmdir, annars vegar megi fjárlög ekki hækka, hins vegar verði ekki hjá því komist að þau hækki, m. a. vegna hækkaðra kaupgreiðslna. Það væri ákaflega æskilegt ef mál eins og fjárlög, frv. eins og fjárlagafrv. væri rætt efnislegar en mér finnst að þessir tveir hv. þm. hafi gert.

Það hefur verið minnst á skattamál, og það er rétt að ekki hefur enn þá séð dagsins ljós nýtt skattafrv. Ég er einn þeirra manna sem telja að það sé mikil nauðsyn að endurskoða skattalög, og ég vil vona að það takist, áður en þessu þingi lýkur, að semja ný skattalög. Það var minnst á staðgreiðslu skatta og þannig tekið til orða, að staðgreiðslukerfið ætti að taka upp á kostnað annarrar ríkisstj. Ég hygg að það sé ekki líklegt að slíkt fyrirkomulag mætti mjög verulegri gagnrýni, ef það er framkvæmt skynsamlega. Og ég vil vænta þess, að það fyrirkomulag að staðgreiða skatta verði þegnunum og ríkisheildinni heppilegra en það fyrirkomulag sem nú er.

Herra forseti. Það er vissulega margt í þessu frv. til fjárl. sem væri vert að taka til miklu nánari skoðunar en hefur verið gert í þessum fáu orðum mínum. Ég hefði viljað að hægt væri að samþykkja fjárlög sem fælu hvort tveggja í sér, að hægt væri að framkvæma meira og þyrfti minni skatta að taka. En það er bara ekki hægt. Við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti. Við verðum að velja úr þær framkvæmdir, sem við teljum nauðsynlegar, og reyna að koma þeim eins hratt áfram og við getum. Við verðum að stilla í hóf skattaálögum á allan almenning í landinu, og við verðum að stilla í hóf kostnaði við ríkisreksturinn.

Einn af stærstu kostnaðarliðunum og einn sá kostnaðarliður sem hvað mest mun hækka í meðförum fjvn., eru framlög til heilbrigðis- og tryggingamála. Þessi þáttur er núna langfyrirferðarmestur í fjárlagafrv. eða rösklega þriðjungur af heildarupphæð fjárlagafrv., og þessi

þáttur á mjög eftir að hækka vegna hækkana á lífeyrisgreiðslum og greiðslum til sjúkratrygginga sem verða beinar afleiðingar þeirra kaupsamninga, sem nýgerðir eru, og þeirra hækkana, sem fyrirsjáanlegar eru á kaupgjaldi á næstunni. Það hafa stundum komið upp raddir um það, að hægt væri að spara í þessum þætti ríkisútgjalda, og sjálfsagt væri það hægt. En ég vil spyrja: Viljum við það í rauninni þegar á herðir? Þarna er auðvitað mjög stór liður, og ef einhverjar aðgerðir væru gerðar til þess að lækka þennan lið, þá mundi þar fljótt geta munað um. En ég hygg samt að þegar grannt er skoðað verði menn mjög tregir til þess að lækka útgjöld til t. d. tryggingamálanna og til þeirra sem að einhverju leyti eiga erfitt í þjóðfélaginu, annaðhvort vegna aldurs eða vegna veikinda.

Herra forseti. Ég mun ekki orðlengja þetta meira að ráði. Þó langar mig aðeins til þess að geta um eina stofnun sem var nefnd sérstaklega í kvöld, og það er Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Það er rétt, að þar er ekki gert sérstaklega ráð fyrir framlagi til framkvæmda. Það er hins vegar ekki rétt, að það sé ekki rúm innan fjárl. fyrir framkvæmdir t. d. á grunnskólastiginu. Það hefur alls ekki verið ákveðið enn þá í hvaða nýjar framkvæmdir kunni að verða ráðist. En rétt til þess að sýna hvernig fjárlög geta hækkað milli ára, þá er ekki ófróðlegt að geta þess, að samkv. ríkisreikningnum 1976 var varið 23 millj. kr. til Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Samkv. fjárl. fyrir 1977 er þessi upphæð 52.3 millj. Og samkv. frv. nú er áætlað að verja til Fjölbrautaskóla á Suðurnesjum 143.9 millj. Þetta eru vissulega miklar hækkanir, þar sem bilið á milli fjárl. 1977 og áætlunar 1978 er að þetta hefur nærri þrefaldast. Á sama tíma er hækkað framlag til grunnskóla á Reykjanesi um 300 millj., en einhver hluti af þessari miklu hækkun Fjölbrautaskólans er vafalaust á kostnað grunnskólans. Þetta auðvitað leysir ekki húsnæðismál skólans, en þessar tölur sýna einungis að víða í okkar ríkiskerfi verða hækkanir, sem fylgja lögum og oft gleymast þegar talað er um framlög ríkisins til hinna ýmsu stofnana.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. sem ég tel nauðsynlegt að gera hér út af þeim ummælum hv. þm. Inga Tryggvasonar áðan, þar sem hann sagði að það væri rangt hjá mér, að þau ummæli mín, að ég vissi ekki til að gerðar hefðu verið ráðstafanir samkv. gildandi bráðabirgðaákvæði hafnalaga um sérstakar ráðstafanir til þess að létta greiðslubyrði hafnarsjóða sem verst væru settir. Ég sagði áðan að mér vitanlega hefði þetta ekki verið gert undanfarin tvö ár, þ. e. a. s. árin 1976 og 1977, og ekkert benti til þess að slíkt ætti að gerast samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1978. Þetta bráðabirgðaákvæði hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Gera skal sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða af lánum, sem verst eru settir, og skal þá miðað við lánin eins og þau eru, er lög þessi taka gildi.“

Hér er um að ræða sérstakar ráðstafanir umfram þær venjulegu ráðstafanir sem Hafnabótasjóður hefur haft heimild til um áraraðir til þess að styrkja einstök hafnarmannvirki. Í hafnalögum er einmitt tekið fram í sambandi við Hafnabótasjóð, að sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag, og það er það sem þessi hv. þm. var að tala um þegar hann nefndi dæmi eins og Bolungarvík og Bíldudal. Þetta ætti hann að vita miklu betur, því að þessi hv. þm. á einmitt sæti í samstarfsnefnd um hafnamál sem er nokkurs konar toppur á því kerfi sem lýtur að hafnamálum í landinu. Enn standa því fullkomlega þau ummæli mín, að mér vitanlega hafa engar ráðstafanir verið gerðar undanfarin tvö ár til að standa við þetta að mínu viti mikilvæga ákvæði gildandi hafnalaga um sérstakar ráðstafanir til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða sem verst eru settir. Það er allt annað sem hv. þm. Ingi Tryggvason var að tala um þegar hann benti á Bolungarvík og Bíldudal. Það er samkv. hinum venjulegu reglum sem Hafnabótasjóður hefur haft heimild til um áraraðir.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í umr. þeim, sem hér hafa farið fram í dag um fjárlagafrv., hafa komið fram nokkur atriði sem ég vil gjarnan gera að umræðuefni, enda þótt ég hugsi mér ekki að lengja umr. um of. Ég tel þó ekki mögulegt að ljúka þeim öðruvísi en koma að þeim aths. sem ég hef hripað á blað.

Hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, vék að því í ræðu sinni áðan, að ekkert fjármagn væri áætlað í þessu fjárlagafrv. til greiðslu og viðhalds á heilsugæslustöðvum, og hann vék að kostnaðarhlutfalli því sem er varðandi byggingu heilsugæslustöðva, en ríkið greiðir 85% af kostnaðinum. Hann sagði m. a. frá því sem gerðist á fundi fjvn. Þar hafði ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. komið og sagt skoðanir sínar á því, hvernig kostnaði við viðhald ætti að skipta, hver ætti að greiða hann, og taldi að um viðhaldskostnað heilsugæslustöðva ætti að gilda sama regla og um stofnkostnað. Ef lögin frá 1973 eru lesin, 22. gr., með leyfi forseta, þá kemur skýrt fram að rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, greiðist af þeim sveitarfélögum sem hlut eiga að máli. Viðhaldskostnaður hefur verið talinn til rekstrarkostnaðar eftir því sem ég best þekki til, þannig að hér er þetta skýrt tekið fram. Og ef litið er í grg. frv. kemur þar fram á bls. 16, með leyfi forseta: „Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði að 85%.“ Einnig er gert ráð fyrir að laun héraðslækna og hjúkrunarkvenna, sem starfa í læknishéruðum, greiðist að fullu úr ríkissjóði, en annar rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva af viðkomandi sveitarstjórnum. Mér sýnist því skýrt kveðið á um það hér, hvernig skuli fara með þennan kostnað. Hitt getur svo vel verið, að það séu skiptar skoðanir um hvort rétt sé að leggja þennan kostnað á sveitarstjórnirnar.

Þá kemur líka þar á móti, að það geta verið skiptar skoðanir um hvort eðlilegt sé að ríkið greiði 85% af stofnkostnaðinum á móti 15% frá sveitarfélögunum. Ég held að það sé skýrt kveðið á um þetta, hvað sem ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn. segir um málið í hv. fjvn. (**Gripið fram í:** Sem ekki er lögfróður.) Rétt, hann er læknisfróður.

Hv. þm. vék enn fremur að því, að fjvn. væri lítilsvirt, og vildi vekja athygli á því, að umframgreiðsla hefði verið heimiluð í sambandi við Þjóðleikhúsið. Það vill nú svo til að það er eitt af þeim verkefnum sem fjmrn. er ætlað, að meta umframgreiðslur ef beiðnir koma fram um þær. Það er rétt, það kom fram beiðni í sambandi við Þjóðleikhúsið vegna ákveðinna framkvæmda sem þar var talið óumflýjanlegt að stofna til. Og ég er viss um það, að þegar ríkisreikningurinn fyrir árið 1977 verður lagður á borð þm., þá geti ég bent þessum hv. þm. og öðrum hv. þm. á að hlutfallslega hafi verið minna um umframgreiðslur á þessu ári heldur en kannske oft áður.

Þá kem ég að atriði sem hv. 11. landsk. þm., Geir Gunnarsson, vék að í ræðu sinni. Þar ræddi hann um þá skýrslu, sem gefin var á Alþ. af fjmrh. á s. l. vetri, og vildi meina að hér hefði ekki verið um þá fyrstu skýrslu að ræða, heldur hefði hún verið gefin 1976, eftir áramótin, um útkomu ríkissjóðs á árinu 1975. Eftir áramótin 1975—1976 var ekki gefin skýrsla um afkomu ríkissjóðs eins og gert var á s. l. vetri um afkomu ríkissjóðs 1976. Þar var um að ræða fréttatilkynningu um bráðabirgðatölur sem þá lágu fyrir, og vissulega var það rétt, þær tölur voru ekki fallegar. Hv. þm. — og reyndar líka hv. 8. landsk. þm. — vildi mjög gjarnan sýna fram á hversu góð fjármálastjórn hefði verið hjá fjmrh. á því ári. Ég skal fúslega viðurkenna að útkoma ársins 1975 er ekki til eftirbreytni, hvorki fyrir þann fjmrh., sem situr í dag, né neinn annan. En ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að árið 1975 bar keim af því sem gerst hafði á árinu 1974, og það ár kom síður en svo vel út. Ég kom í rn. síðustu daga ágústmánaðar og sat þar 4 mánuði ársins 1974. Varla verður sagt að sá tími hafi verið með þeim hætti að hægt sé að kenna útkomuna setu minni þar. En það kom einmitt í ljós, þegar farið var að athuga þessi tvö ár, að árið 1974 verður ár sem þeir skoða sem vilja gera athugun á ríkisfjármálunum þegar fram líða stundir. Það er verkefni, sem gjarnan er haft þegar stúdentar við Háskólann skrifa um fjármál, að þá eru ríkisfjármálin skoðuð. Þá kemur í ljós að fjárl. á árinu 1974 eru 29.4 milljarðar, en ríkisreikningurinn er 41 milljarður, þannig að frávik frá fjárl. til ríkisreiknings er 11.6 milljarðar eða 39.5%, og það er ekki hægt að finna hærri prósentutölu um mismun á fjárl. og ríkisreikningi allan þann tíma sem ríkisreikningurinn hefur verið gerður samkv. þeim lögum sem nú gilda um ríkisbókhaldið. Ef við ætlum að bera saman fjármálastjórn á þessu tímabili, 1974—1977, þá gætum við e. t. v. skoðað tölur ríkisreikningsins 1974 og þá útkomu sem spáð er í dag og gerð er grein fyrir í fjárlagafrv., 97.4 milljarðar. Þá kemur í ljós að ríkisreikningurinn, þ. e. a. s. útkoman hjá ríkissjóði, heldur ekki í við vísitöluna, eins og haft var til samanburðar áður. Framfærsluvísitalan, miðað við 100 meðalvísitölu 1974, er 245 stig 1977, síðla árs. En ef tekin er vísitala ríkisreiknings 100 1974, þá er hún 238 stig 1977, þannig að hér er um lægri tölu að ræða. Ef litið er á útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, þá getum við skoðað árin 1974 og 1976 og gert okkur grein fyrir því, að árið 1974 voru ríkisútgjöldin 31.4% af vergri þjóðarframleiðslu, en 27.6% á árinu 1976. Ef miðað er við þjóðarframleiðsluna á árinu 1976, þá er hér um að ræða 10 milljarða kr. sparnað, og ef litið er til þess, sem gert er ráð fyrir, að það sé svipað hlutfall vergrar þjóðarframleiðslu til ríkisútgjalda 1977, þá er hér um að ræða enn stærri tölu og þá komast menn jafnvel upp fyrir þá 16 milljarða sem þeir reiknuðu till. mínar og nafna míns á árinu 1974. Þá er sparnaðurinn í ríkisútgjöldunum kominn upp fyrir þá tölu sem við vorum að leggja til á þeim tíma.

Varðandi þá upphæð, sem verður að taka tillit til við fjárlagagerðina fyrir næsta ár, hefur sjálfsagt einhver ruglingur orðið þegar menn hafa verið að meta hvað dæmið væri stórt. Ég gat þess í minni framsöguræðu, að vegna samninganna við opinbera starfsmenn væri sú tala um 3.5—4 milljarðar. Síðan þarf að bæta við vísitölubótum vegna desembervísitölunnar sem er eitthvað á 4. milljarð. Þannig er talan á 8. milljarð komin til. Þegar gagnrýnt er að vísitölubætur í des. skuli ekki reiknaðar inn í fjárlagafrv., þá er það með nákvæmlega sama hætti nú og á s. l. ári, og þá ber að benda á það, að tekjuáætlun fjárlagafrv. gerir ekki heldur ráð fyrir þeim forsendum, að vísitölubætur séu komnar inn, og verðlagsforsendurnar miðaðar við það, þannig að hér er samræmi bæði í tekjum og gjöldum fjárlagafrv. En í ræðu hv. 11. landsk. var eins og hann vildi álíta að það væri ekki verið að taka inn útgjaldatölur, en hins vegar reiknað með því í tekjuliðunum.

Hv. 8. landsk. þm. vék að menntmrn. og því, að varðandi bréf, sem hv. fjvn. ritaði rn. og ætlaðist til framhaldsritunar þar, hefði komið í ljós að slíkt hefði ekki verið gert. Ég er honum alveg sammála um að hér er um að ræða vanrækslu að mínum dómi sem ekki er hægt að þola, og ég er sannfærður um að hæstv. menntmrh. hefur ekki vísvitandi staðið að því að slíkt yrði vanrækt. Til þess hef ég óskað eftir mjög nánu samstarfi við fjvn. að hægt sé að koma fram þeim vilja sem Alþ. lýsir með samþykkt fjárlagafrv. Ég mun að sjálfsögðu í viðræðum við hæstv. menntmrh. víkja að þessu, og ég efast ekkert um það, ef honum er þetta ekki þegar ljóst, hann muni gera sínar ráðstafanir. En í framhaldi af því, sem hv. fjvn.-menn vita varðandi starfsmannahald ríkisins, þá mun ég gera mitt til þess að fjvn. geti sinnt því hlutverki, sem ég tel að sé hennar, í fullu samráði og samstarfi við fjmrn.

Hv. þm. vék að skattalögunum og sagði þá sögu ekki fagra hjá núv. fjmrh. né heldur ríkisstj. Hér er um að ræða veigamikla lagasetningu,

og ég held að það væri miklu auðveldara fyrir stjórnarandstöðuna að gagnrýna fljótvirkni og fljótfærni heldur en að standa hér upp og gagnrýna það, að menn vilja ekki rasa um ráð fram. Á síðasta Alþ. var lagður fram lagabálkur um þessi mál og skýrt tekið fram í framsöguræðu fyrir því frv., að það væri lagt fram til þess að hægt væri að fá um það almennar umr. hér á þingi og annars staðar. Það frv., sem lagt verður fram á þessu þingi, kemur sjálfsagt til með að bera keim af því, að tekið hefur verið tillit til ýmissa þeirra hugmynda sem fram komu hér á þingi og annars staðar þar sem umr. fóru fram um skattamál.

Hann vék síðan að vörugjaldinu. Ég held að það sé ekki möguleiki að finna neins staðar í ræðum eða umsögn eftir mig, að ég segði að vörugjaldið félli niður. Ég hef alls staðar haft þau orð að lögin giltu til áramóta, enda hafa þau verið framlengd og gilt aðeins eitt ár í senn. Hins vegar liggur ljóst fyrir að þegar ríkissjóður verður af miklum tekjum; eins og nú er í sambandi við tollalögin, verður með einum eða öðrum hætti að bæta honum það upp, nema mikill niðurskurður eigi sér stað. En það var ekki að heyra á ræðum þeirra stjórnarandstæðinga áðan, að þeir væru tilbúnir að skera mikið niður. Mér fannst heldur hitt vera, að þá vantaði mikið fjármagn til þess að koma fram mörgum ágætum áformum sínum sem annarra. En það er nú gjarnan svo, að menn eru ekki tilbúnir að benda á, hvað eigi að skera niður, og ekki heldur, ef fjármagn vantar, að benda á með hvaða hætti það eigi að nást.

Hv. þm. vék að viðtali, sem sjónvarpið átti við ríkisskattstjóra, og hefur sennilega ekki tekið nægilega vel eftir. Ég hef þess vegna aflað mér þess texta sem er ritaður af segulbandi því sem ríkisskattstjóri talaði inn á. Spurningin, sem var beint til hans, var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Heldurðu að það verði erfiðara að svíkja undan skatti eftir að staðgreiðslukerfið verður tekið upp?“

Ríkisskattstjóri svaraði:

„Ekki held ég það nú, og þó má vera að það verði, vegna þess að í þessu kerfi felst visst eftirlit. Það er miklu erfiðara að fara að ganga frá ákveðnum hlutum eftir á, vegna þess að þessir hlutir verða að gerast jafnóðum. En ef menn eru þess sinnis og hafa vit á geta þeir alltaf skattsvikið.“

Ég vil svo að lokum víkja að tveimur atriðum sem hv. 11. landsk. þm. kom inn á. Annars vegar var það Fjölbrautaskólinn á Suðurnesjum, og hann blandaði því máli saman við hið fræga Víðishús. Ég veit að hann gerir sér miklu betri grein fyrir þessu en fram kom í því sem hann sagði áðan. Honum er ljóst að gjaldfærður stofnkostnaður til þessara skóla er á ákveðnum lið. Sú upphæð er óskipt í fjárlagafrv. og hefur verið það og það er þingsins að skipta því fé. Hitt má svo vel vera, að mönnum finnist að fjmrh. liggi vel við höggi af því að það hefur verið sótt um byggingu skóla í hans kjördæmi og hann hefur ekki viljað taka það upp sem sérstaka fjárveitingu í fjárlagafrv. til þess að sýna það, heldur gert ráð fyrir, að fjvn. við athugun málsins tæki tillit til þeirra þarfa sem um er að ræða, þ. e. a. s. byggingar ofan á iðnskólahús í Keflavík, en þar hefur Fjölbrautaskólinn verið til húsa. Hv. 6. þm. Norðurl. e. vék að því í ræðu sinni, hvað fjárveitingar til þessa skóla hafa hækkað á síðustu tvennum fjárl. og þessu fjárlagafrv., og það ber vissulega ekki vott um vonsku fjmrh. við kjördæmi sitt. En við skulum vona að ég og hv. 11. landsk. þm. getum staðið saman að því að líta á þarfir þessa skóla við skiptingu þess fjármagns, sem er í lið 792, framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, gjaldfærður stofnkostnaður. Samkv. því, sem menntmrn. hefur óskað eftir, er gjaldfærður stofnkostnaður vegna fjölbrautaskóla hafður á þessum lið og kemur þess vegna óskiptur til fjvn. Verður fjvn. að meta það og vega, hvaða byggingar það eru sem í skal ráðist. Það hlaut að teljast hlutdrægni, ef þessi skóli hefði verið tekinn þar út úr.

Varðandi Víðishúsið, sem flokksbræður hv. 11. landsk. þm. hafa gert að pólitísku bitbeini á undanförnum mánuðum, var það hugsun mín að hv. þm. fengju að sjálfsögðu þær skýrslur sem fjvn. fékk á s. l. sumri, þannig að það þarf ekki að hafa með einum eða öðrum hætti fyrir því. Þær mun ég láta hv. þm. í té strax á morgun. Ég taldi hins vegar eðlilegt að það yrði gert í sambandi við þetta frv. Athugun á að kaupa Víðishúsið kom til í sambandi við vilja stjórnar Ríkisútgáfu námsbóka sem hafði heimild til að kaupa hús fyrir sig. En þau mál þróuðust þannig, að menntmrn. óskaði eftir því að fá heimild til að kaupa á húsnæði í sama húsi, og þannig kom til að menntmrn. lagði til kaup á Víðishúsinu.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hæstv. ráðh. fyrir að láta þm. í té þá skýrslu sem ég bað um, og sérstaklega að það skuli vilja svo til að það er á morgun sem hann ætlar að gera það og hefur haft það í undirbúningi. En það, sem ég ætlaði að gera að þessu sinni, var aðeins að leiðrétta það sem kom fram hjá hæstv. ráðh. varðandi fjárveitingar í gjaldfærðan stofnkostnað fyrir Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að Fjölbrautaskólinn á Suðurnesjum gæti átt von á því að fá hluta af framlögum til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, sem er liður nr. 792 hjá menntmrn. Ég hélt að hæstv. ráðh. vissi að Fjölbrautaskólinn á Suðurnesjum heyrir ekki undir grunnskóla, hann er ekki grunnskóli. Aftur á móti er á sérstökum lið undir menntmrn., lið 353, Fjölbrautaskóli Suðurnesja. Þar er framlögum ríkisins skipt í þá þætti sem þar eru tilgreindir: laun, önnur rekstrargjöld, viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður, og þar er upphæðin 5 millj. Þessi upphæð er ætluð til þess að greiða tæki sem þegar er búið að kaupa. Ef ætti að koma framlag til þess að verða við óskum Suðurnesjamanna um byggingu ofan á hús iðnskólans, þá yrði þessi tala að hækka. Það er þess

vegna alger misskilningur hjá hæstv. ráðh., að það sé um það að ræða að Fjölbrautaskólinn á Suðurnesjum geti átt von á því að fá hluta af framlagi til byggingar grunnskóla, nema hæstv. ráðh ætli að sjá til þess að sá liður verði lækkaður og sú upphæð í staðinn færð yfir á Fjölbrautaskólana, Fjölbrautaskóla Suðurnesja kannske sem aðra.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Ég stóð nú fyrst og fremst upp til þess að þakka hæstv. fjmrh. mjög fróðlegan fyrirlestur um það, hvernig var umhorfs í ríkisfjármálunum þegar hann tók við starfi sínu, og samanburðinn, sem hann gaf okkur þm. á því, hvernig árið 1974 hafi komið út, síðasta ár áður en hæstv. ráðh. tók við embætti fjmrh., samanborið við árið 1975. En ég vek athygli hæstv. ráðh. og hv. þm. á því, að ég tel varla að mikil þörf hafi verið á því fyrir hæstv. ráðh. að fræða okkur stjórnarandstöðuþm. á þessum staðreyndum, sem ef marka má hans mál eru t. d. notaðar sem eins konar námsefni við viðskiptadeild Háskóla Íslands um það, hvernig ekki eigi að stjórna ríkisfjármálum. Ég held að hæstv. fjmrh. hefði miklu frekar átt að nota tækifærið þegar viðstaddur hefði verið á þingfundi sá einstaklingur úr hópi þm., sem fór með fjármálaráðherrаembættið árið 1974, og fræða hann þá um hvernig núv. hæstv. fjmrh. gerir úttekt á fjármálastjórninni það ár. Ég vona það einlæglega, þó að ráðh. samstarfsflokksins hafi ekki sýnt þann áhuga á þessum umr. að vera viðstaddir nema við brot af þeim í upphafi umr., að þá geri þó sá eini þm. úr samstarfsflokki hæstv. fjmrh., sem tekið hefur til máls í þessum umr. og verið viðstaddur þær til loka, það þó fyrir hæstv. ráðh. að koma þessum mjög athyglisverðu ábendingum hans til skila til réttra aðila.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. hefur kannske ekki gert sér grein fyrir því, þegar hann talaði hér áðan, að þegar fjárlagafrv., sem var borið saman við fjárlagafrv. það sem hér liggur fyrir, var unnið og samþ. á Alþ., þá gegndi hv. 11. landsk. þm. því starfi að vera formaður fjvn. Það skyldi þó aldrei hafa verið hann sem hér á Alþ. átti töluvert mikinn þátt í því að móta það frv. — 29 milljarða frv. sem reyndist 41 milljarður í ríkisreikningi? Ég hef áður vikið að þessu hér á þingi, og ég hef vikið að þessu hér á þingi að viðstöddum forvera mínum, sem þurfti að taka við þessu fjárlagafrv. Það gerðu sér allir grein fyrir því sem sátu á þingi 1973 þegar þetta fjárlagafrv. var barið í gegn, að það var óraunhæft. Þáv. fjmrh. fékk í hendurnar óraunhæf fjárlög. Það er það sem ég var að benda á áðan, þegar ég sagði að ríkisreikningurinn 1977 verði með minna fráviki frá fjárlögum en ríkisreikningurinn hefur verið undanfarin ár, vegna þess að það hafa verið lögð fram og það hafa verið samþ. á þingi nú seinustu tvö árin raunhæfari fjárlög en oft áður. Og það er það sem á að gera til þess að hægt sé í raun og veru að hafa fjármálastjórnina í lagi.

Varðandi það, sem hv. 11. landsk. þm. sagði í sambandi við Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum, þá var mér fullkomlega ljóst að á liðnum Fjölbrautaskóli Suðurnesja var þessi tala, 5 millj., til kaupa á tækjum. En samkvæmt till. menntmrn. er á þeim lið, sem ég las upp áðan, það fjármagn sem ætlað er í gjaldfærðan stofnkostnað vegna grunnskóla og vegna fjölbrautaskóla, hvort sem sú upphæð er sú sem menntmrn. lagði til eða vildi gjarnan fá, það er allt annað mál. Ef við, þegar við afgreiðum fjárl., ætlum fjármagn til Fjölbrautaskólans á Suðurnesjum til byggingar, þá er þetta liðurinn þar sem fjármagnið er, hvort sem það er nægjanlegt eða nægjanlegt ekki. Þegar fjvn. skiptir þessu fjármagni þarf hún að taka tillit til þess, að samkvæmt beiðni menntmrn. er gjaldfærður stofnkostnaður grunnskóla og fjölbrautaskóla óskiptur á þessum lið. Það var því enginn misskilningur hjá mér að í þessum lið væri það fjármagn sem ætti að fara í stofnkostnað fjölbrautaskóla.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ræðan skal vera örstutt. Ég verð að segja eins og er, að nú kom hæstv. fjmrh. og bætti um betur, þegar hann upplýsti að hæstv. fyrrv. fjmrh. hefði tekið við fjárlagafrv. úr hendi formanns fjvn. Ég hélt að yfirleitt gengi þetta öfugt fyrir sig, að sá, sem væri formaður fjvn. hverju sinni, tæki við fjárlagafrv. úr hendi fjmrh. Ef fyrrv. fjmrh., sem á að leggja fjárlagafrv. fram á hv. Alþ., hefur ekki verið meiri stjórnandi en svo, að hann hafi tekið við fjárlagafrv. úr hendi hv. núv. 11. landsk. þm., sem þá var formaður fjvn., þá líst mér ekki á.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ekki bætti hv. 8. landsk. þm. um betur með þessu, því hér var sagt að hæstv. fyrrv. fjmrh. tók við fjárlögum úr hendi Alþ. Frv. kom frá ráðh., formaður fjvn. var 11. landsk., sem mótaði meira og minna og að sjálfsögðu eins og formenn fjvn. gera smíði fjárlaganna eftir að frv. var lagt fyrir þingið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 84). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má segja að þetta frv., sem hér er flutt, sé nokkuð gamall kunningi. Það hefur legið áður fyrir hv. Alþ. í þessari hv. d., en hefur ekki hlotið nægilegan byr til þess að komast alla leið í gegn. Því hefur þó, að ég tel, ekki verið illa tekið í sjálfu sér. Þess er nú freistað að leggja það fram einu sinni enn og sjá til þess, hvort það nær ekki nægilegu fylgi til þess að verða að lögum. Ég býst við því, að hvað sem um það hefur mátt segja áður, þá telji þó flestir nú að þörf sé á að sinna umferðarmálum og umferðarslysavörnum og það megi ekki spara fé eða fyrirhöfn í því efni.

Það er öllum kunnugt og þarf ekki að hafa um það mörg orð hér, að það er eins og það hafi gengið yfir landið að undanförnu slysaalda og þá ekki hvað síst umferðarslysaalda. Sjálfsagt liggja

ýmsar ástæður til þess, og má finna hinar og þessar skýringar þar á sem ég skal ekki fara út í hér. En um hitt hljóta allir sanngjarnir og góðir menn að vera sammála, að það verður að reyna að leita þeirra úrræða sem möguleg eru, allra þeirra úrræða til þess að reyna að draga úr þeim ófarnaði.

Þetta frv. gengur í þá átt að auka fjárráð Umferðarráðs og gera það með þeim hætti hæfara en ella til að sinna hlutverki sínu. Það var árið 1970 sem ákvæði um Umferðarráð voru lögfest. Það hafði reyndar verið sett á stofn árið áður, ef ég man rétt, en var þó ekki lögfest beinlínis fyrr en á árinu 1970. En í þessu lagaákvæði, sem um Umferðarráð er og er að finna í umferðarlögum, var ekki gerð grein fyrir því, með hverjum hætti starfsemi þess yrði fjármögnuð.

Eins og öllum er kunnugt, hefur síðan verið aflað fjár til að standa undir starfsemi Umferðarráðs með þeim hætti, að fé hefur verið veitt á fjárlögum hverju sinni til þess að standa straum af kostnaði við Umferðarráð. En þeim fjárveitingum hefur að jafnaði verið það þröngur stakkur skorinn, að Umferðarráð hefur ekki getað sinnt því hlutverki, sem því er ætlað að gegna að lögum, nema að takmörkuðu leyti. En hlutverk Umferðarráðs eru mjög mörg og margvísleg. Þau eru skilgreind í þessu lagaákvæði í umferðarlögunum. Sú upptalning, sem þar er, er þó með þeim hætti að þar er í raun og vera ekki um neina tæmandi upptalningu að ræða, en ég skal aðeins minna á nokkur atriði sem þar er sérstaklega tekið fram að umferðarráð eigi að sinna.

Í fyrsta lagi á Umferðarráð að beita sér fyrir því, að haldið skuli uppi umferðarfræðslu í landinu. Þetta eitt út af fyrir sig er nokkuð mikið verkefni. Jafnvel þó að öðrum aðilum, eins og skólum, sé ætlað það hlutverk að halda uppi umferðarfræðslu, þá getur þó þurft að hafa þar umsjón með og stjórn á.

Í öðru lagi er tekið fram að það skuli vera hlutverk Umferðarráðs að vera fræðsluyfirvöldum, umferðarnefndum sveitarfélaga og samtökum, sem vinna að bættri umferðarmenningu, til hjálpar og ráðuneytis eftir því sem ástæður leyfa. Þetta verkefni er að sjálfsögðu mjög víðtækt og auðvitað eðli málsins samkv. ótæmandi.

Í þriðja lagi er sagt að það eigi að vera verkefni umferðarráðs að standa fyrir útgáfu fræðslurita og bæklingum um umferðarmál og hafa milligöngu um útvegun kennslutækja og annarra gagna til nota við fræðslustarfsemi. Umferðarráð hefur auðvitað reynt að sinna þessu hlutverki. En það er eins um þetta verkefni og það sem ég nefndi áðan, að því verða í raun og veru litlar skorður settar, ef fjárráð eru fyrir hendi til að rækja það.

Í fjórða lagi er svo nefnt að það eigi að hafa milligöngu um umferðarfræðslu í Ríkisútvarpinu og öðrum fjölmiðlum. Hafa menn auðvitað orðið varir við að Umferðarráð hefur staðið að slíkri fræðslu eða fræðsluþáttum.

Í fimmta lagi á það að beita sér fyrir bættum umferðarháttum. Ég býst við að menn geti verið sammála um að það sé ekki vanþörf á því, að hér séu teknir upp betri umferðarhættir að ýmsu leyti.

Þá er sú skylda lögð á Umferðarráð, að það á að safna upplýsingum um umferðarslys og halda um þau skýrslur. Það á enn fremur að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis um umferðarmál og það á að fylgjast með umferðarmálum og þróun reglna um það efni erlendis. Svo á það líka að lokum, eftir því sem segir í lögunum, að leitast við að samstilla til samstæðra og samræmdra átaka í umferðarslysavörnum og bættri umferðarmenningu.

Þetta, sem ég hef hér aðeins lítillega minnst á, sýnir að hlutverk Umferðarráðs er æðimikið. Þó að lengi megi deila um það, hvernig Umferðarráði og hverri annarri stofnun sem um er að tefla tekst að rækja það hlutverk sem þeim er falið, þá held ég að það verði ekki vefengt að Umferðarráð hefur reynt að sinna þessu verkefni sem því er falið í lögunum. En eins og ég sagði áðan, hefur geta þess þar verið takmörkuð af þeim fjárveitingum sem því hafa verið ætlaðar.

Þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að bæta úr fjárþörf Umferðarráðs með því að ætla því ákveðinn tekjustofn, þ. e. a. s. gert er ráð fyrir í þessu frv. að 1½% af iðgjaldatekjum vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja skuli renna til Umferðarráðs. Ef þessi breyting væri gerð á lögum og Umferðarráð héldi eitthvað svipuðum fjárveitingum á fjárlögum og það hefur nú og gert er ráð fyrir að það hafi í framlögðu fjárlagafrv., þá mundi mjög verða bættur fjárhagur Umferðarráðs.

Eins og tekið er fram í grg. með þessu frv., námu heildariðgj. ábyrgðartrygginga tilheyrandi árinu 1976, sem er síðasta árið sem tölur liggja fyrir um, 1235 millj. kr. Ef þessi ákvæði hefðu þá verið í gildi, hefðu því gengið til Umferðarráðs og þar með til umferðarslysavarna á þessu ári, auk framlags á fjárlögum, um 18.5 millj. kr. En framlag á fjárlögum mun vera yfir 19 millj.

Ekki verður talið óeðlilegt að vátryggingarfélögin leggi með þessum hætti nokkuð til rekstrar Umferðarráðs, vegna þess að gera má ráð fyrir að starfsemi Umferðarráðs komi tryggingarfélögunum einmitt til góða með þeim hætti að það verði minni tjón, sem þau þurfa að bæta, eftir því sem starfsemi að umferðarslysavörnum og starfsemi Umferðarráðs getur verið öflugri.

Það er að sjálfsögðu svo, að umferðarslysavarnir eru engan veginn takmarkaðar við starfsemi Umferðarráðs. Það eru auk þess starfandi frjáls félagssamtök sem sinna þessum málum. Ég álít starfsemi slíkra frjálsra félagssamtaka mjög mikils verða og álít þýðingarmikið að hún sé örvuð á allan hátt. E. t. v. má segja að það sé með engu betra móti hægt að vinna að umferðarslysavörnum sem og slysavörnum almennt heldur en einmitt með slíku áhugamannastarfi. En ég held þó að stofnun eins og Umferðaráð geti einmitt þjónað slíkum frjálsum félagasamtökum og stutt við bakið á þeim með margvíslegum hætti. Og það er óhætt að segja, að það hefur verið, að ég best veit, hin besta samvinna á milli allra aðila sem við þessi mál fást. Ég held að það sé tímabært nú að hefja öfluga sókn í þessum málefnum. Þó að það verði út af fyrir sig ekki gert eingöngu með því að veita þetta fé, sem hér er um að ræða, til Umferðarráðs, þá er ekki nokkur

vafi á því, að það getur orðið lyftistöng og stuðlað að meiri og betri starfsemi þess. Það er skoðun mín, að við megum ekki láta neins ófreistað til þess að reyna að draga úr þeim miklu slysum sem hér hafa átt sér stað og eiga sér sínar orsakir, eins og ég gat um áðan. Mönnum hefur ekki þótt óeðlilegt að umferðarslysum fjölgi þegar bílafjöldinn eykst jafnstórkostlega og raun er á hér á landi.

Því mun eitthvað hafa verið hreyft í sambandi við þetta frv. sem mótbáru, að þó að það stæði í frv. að það væru tryggingarfélögin, sem ættu að greiða þetta gjald af iðgjaldatekjum sínum, þá mundi fara svo að þessu gjaldi yrði í raun og veru velt yfir á þá sem tryggínguna taka, á bifreiðaeigendur. Hvað sem um það er, þá held ég fyrir mitt leyti að það sé ekki hægt að segja að það sé í raun og veru ósanngjarnt, vegna þess að slysin eru til komin vegna bifreiðanna og hættan er til komin vegna þess að þær eru fyrir hendi. Og það er nú einu sinni svo, að það er eðlilegt að þeir, sem þess njóta og þau farartæki nota, leggi fram sinn skerf einmitt með þessum hætti til þess að koma í veg fyrir umferðarslys. Mér er að vísu ljóst, að þeir geta með réttu sagt að þeir greiði með ýmsum hætti sitt af hendi til hins opinbera. En ég trúi varla öðru en að þeir mundu með glöðu geði yfirleitt leggja fram þennan skerf, ef til kæmi, í þeim tilgangi sem hér er um að ræða.

Að sjálfsögðu, eins og ég sagði áðan, geta verið eitthvað skiptar skoðanir um það, hvernig á málum er haldið af Umferðarráði. Menn vita sjálfsagt í stórum dráttum hvernig það er skipað, um það eru ákvæði í lögunum. Þar eiga fulltrúa allir helstu aðilar sem koma nærri þessum málum, en að sjálfsögðu getur verið ástæða til að taka þau ákvæði til athugunar sem og umferðarlögin í heild sinni, enn fremur auðvitað ýmislegt sem varðar bifreiðaeftirlit og reglur sem varða það. En ég held að það þurfi yfirleitt, eins og segir í þessum lagaákvæðum, að samstilla og samræma kraftana, sem að þessum málum vinna, til sameiginlegs átaks í þessum efnum.

Þetta frv. er ekki stórt í sniðum og efni þess er augljóst og einfalt, og ég skal ekki fara um það fleiri orðum. Hér er spurning um það einfaldlega, hvort menn vilja gera þetta eða ekki. Menn sjá hvað hér er um að ræða og það þarf ekki nánari útskýringa við.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil með nokkrum orðum fjalla um þetta frv. nú.

Það er vissulega rétt hjá hæstv. ráðh., að það má ekki spara fé né tíma til að draga úr slysum hér á landi, og það er einnig rétt, að hætta er á því að slysum fari fjölgandi vegna aukinnar bílaumferðar. Ég segi: það er einnig hætta á því, en þarf það að vera svo? Ég er einn af þeim sem hafa undrast það undanfarið, að það skuli engin stofnun í landinu, svo margar sem þær eru, telja sér skylt að taka þessi mál sérstaklega fyrir. Ef það er eingöngu afsökun að það vanti fé, þá trúi ég því varla, vegna þess að bæði Ríkisútvarp og Sjónvarp eru ríkisreknar stofnanir og það má hafa fastan þátt um slysavarnir í þessum stofnunum eins og hverja aðra þætti. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þessir þættir hefðu verið teknir upp fyrir löngu. Það hafa stundum verið og ég tel með mjög góðum árangri mjög góðir fræðsluþættir í sjónvarpinu, og þeir, sem að þeim fræðsluþáttum hafa staðið, eiga skyldar miklar þakkir. Þar hafa verið sýndar glöggar myndir, stuttar myndir, 5 mínútna þættir, og þetta þyrfti að vera annan hvern dag. Ef einhverjir verða leiðir á því, þá verða þeir að vera leiðir á því. Þessir þættir hafa það mikið gildi að mínu mati að þeir eru ómissandi. Þegar við horfum fram á þá staðreynd, að hér eru dauðsföll í umferð svo nemur mörgum tugum manna og einnig önnur slys er nema hundruðum, þá er það óþolandi að þessir ríkisreknu fjölmiðlar skuli ekki hafa fasta þætti til þess að sporna við þessum vágesti.

Ég held ég fari rétt með það, að aðeins fótbrot kosti að meðaltali nálægt því milljón króna nú á þessu herrans ári. Við sjáum hvað þarna eru óhugnanlega stórar tölur. Því má segja að það, sem frv. gerir ráð fyrir, að afla tekna sem geta numið 19—20 millj. kr., sé ekki stórt — séu ekki stórar tölur, og að því leyti ættum við að geta samþ. það þegar í stað. En ég tel að það sé ekki einhlítt að fá alltaf meiri og meiri peninga. Við verðum að nota þau tæki sem fyrir eru.

Hæstv. ráðh. drap á það og undirstrikaði gildi þess, að frjáls félagsstarfsemi í landinu er mjög mikilvæg til þess að koma í veg fyrir hin tíðu og óhugnanlegu slys. Ég fæ því ekki skilið hvað hefur orsakað það að ekki skuli vera meiri áróður gegn slysunum. Ég fæ ekki heldur skilið að féleysi skuli kennt um og er ekki sammála.

Ég vænti þess að Alþ. beri gæfu til að taka þessi mál þeim tökum að lausn fáist á þeim, bæði með aukinni fjárveitingu og einnig þrýstingi á þann veg, að stöðugur áróður verði hafður uppi í þessum fjölmiðlum. Blöðin segja oft mjög ítarlega frá slysum. Sumir hafa kvartað undan því, að það væri óhugnanlegt að horfa á myndir af ökutækjum þegar dauðsföll hafa átt sér stað. Það kann vel að vera að það snerti ættingja þeirra, er hafa lent í slíku, mjög sárt og það sé þess vegna viðkvæmt mál. En aðvörun um að fara gætilega verður að eiga sér stað jafnt og þétt.

Þetta kostar þjóðarbúið svo gífurlegar upphæðir, að það er ekki hægt að afsaka það með peningaleysi upp á örfáar millj. kr. Ég er hlynntur því, að við finnum lausn á þessu máli, og þakka hæstv. ráðh. fyrir að koma með þetta mál hér enn einu sinni. Eins og hann sagði um frv. í upphafi, þá er þetta gamall kunningi og við höfum verið að deila um aðferðirnar til að tryggja fjármagnið. Við ættum ekki að gera það endalaust. Við ættum heldur að snúa okkur að því að finna betri úrræði til þess að koma í veg fyrir þessi óhugnanlegu slys. Hvort þetta er heppilegasta leiðin skal ég ekki segja um á þessu stigi. En ég fæ ekki séð að það sé auraleysi sem hafi háð því að hafa uppi sterkan áróður gegn aukinni slysatíðni, vegna þess að við rekum þessa fjölmiðla, ríkissjóður rekur þá, og það má vel hafa stöðuga og fasta þætti bæði í útvarpi og sjónvarpi, eins og ég gat um í upphafi ræðu minnar, og ákveðnar og vel undirbúnar áminningar til almennings að gæta hófs í umferðinni, flýta sér ekki um of, sýna kurteisi og tillitssemi sem mjög skortir á.

Ég mun ekki verða mótfallinn þessu frv. þegar það kemur úr n. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri, af því að ég á ekki sæti í þeirri n. sem fjallar um málið, til að lýsa afstöðu minni. Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir að vekja enn einu sinni máls á þessu mikla máli. En ég vil ekki hafa það sem afsökun að fé hafi skort. Það hefur eitthvað annað skort. Jafnvel er einhver togstreita á milli þeirra mörgu frjálsu félaga sem öll vilja þó vinna að slysavarnarmálum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 23). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 24). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 25). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 18). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 34). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sjónvarpssendingar á fiskimiðin, frv. (þskj. 71). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24:1 atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 21). — 1. umr.

Flm. (Jón Skaftason): Heiðraði forseti. Á þskj. 21 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 frá 1959, um kosningar til Alþingis.

Á undanförnum árum hafa orðið miklar umr. um þá kjördæmaskipun, sem hér var ákveðin 1959, og eins um það kosningafyrirkomulag, sem lögin frá 1959 ákveða. Hafa þessar umr. á stundum orðið allheitar og sýnist þar sitt hverjum, eins og eðlilegt er. Að mínu áliti erum við nú komnir að þeim tímamótum, að ég tel nauðsynlegt að hrökkva eða stökkva um breytingar, ekki einasta á lögum um kosningar til Alþingis, heldur líka að stjórnarskrárnefnd sú, sem skipuð var 1972, fari að skila till. um breytingar á stjórnarskránni og þá ekki síst á þeim ákvæðum hennar sem lúta að sjálfri kjördæmaskipuninni.

Áður en ég vík að efni þessa frv. langar mig til þess í fáum og almennum orðum að drepa á þau vinnubrögð sem hér hafa viðgengist við ákvörðun kjördæmaskipunar og kosningafyrirkomulags, sem ég tel því miður oft ekki hafa verið til mikillar eftirbreytni. Hér á ég við þá staðreynd, að undirrót margra kjördæmabreytinga hefur verið stundarhagsmunir stjórnmálaflokkanna fremur en einlæg viðleitni til þess að finna það frambúðarskipulag þessara mála sem lengi mætti standa af því að það byggðist á réttlátum grundvelli, væri einfalt og skilvirkt. Tilraunir stjórnarandstöðuflokka til þess að fleyga ríkisstjórnarsamstarf eða stjórnarflokka, sem vilja rjúfa ríkisstj. vegna erfiðleika í stjórnarsambúð, hafa oft verið aflvaki slíkra breytinga og kann slíkt ekki góðri lukku að stýra.

Aðalkjördæmabreytingar okkar 1933, 1942 og 1959 bera þessu vitni, en tíminn leyfir ekki að rekja þá sögu nánar hér. Aðeins skal bent á afleiðingar þessara vinnubragða með einu lýsandi dæmi sem sýnir að gengið hefur verið þvert á grundvallarreglu lýðræðisins um sem jafnastan kosningarrétt. Við síðustu alþingiskosningar hafði kjósandi í Reykjaneskjördæmi og Reykjavík fjórum sinnum minni áhrif á skipan Alþ. en sá sem kaus í fámennasta kjördæmi landsins, og við næstu kosningar verður réttur hans sennilega fimm sinnum minni að óbreyttum reglum. Allir sanngjarnir menn hljóta að viðurkenna að þetta fái ekki staðist til lengdar, þótt ég vilji taka fram að ég tel rétt og eðlilegt að kjósandi í dreifbýli hafi þyngra atkv., ef svo mætti segja, en kjósandi á aðalþéttbýlissvæðinu. En þetta verður að vera innan skynsamlegra og eðlilegra marka.

Þegar umr. voru hér á árinu 1959 um breytingar á stjórnarskránni og þá ekki síst þau atriði er lutu að kjördæmaskipuninni, þá lýsti Pétur heitinn Benediktsson, sem var talsmaður breytinga á kjördæmaskipuninni sem þá var í gildi, því ástandi, sem upp væri komið um kjördæmaskipunina, með því að segja, að barnið yxi, en brókin ekki. Því miður má segja að nokkuð það sama sé

hægt að segja um þá reynslu, sem orðið hefur af þeirri kjördæmabreytingu sem var gerð 1959 og ég var áðan lítilega að víkja að, um hið misþunga atkv. eftir kjördæmum.

Við Íslendingar höfum, að því er ég best veit, lengst af haft meginákvæði kjördæmaskipunarinnar og fleiri atriði, sem eru henni tengd, ákveðin í sjálfri stjórnarskránni, sem hefur gert það að verkum að allar breytingar á kjördæmaskipaninni hafa verið erfiðar og mikið umstang í kringum hverja stjórnarskrárbreytingu. Við höfum nú ákvæði í stjórnarskrá um tölu kjördæmanna og yfir hvaða svæði landsins hvert um sig tekur. Við höfum það ákveðið í stjórnarskrá hversu margir þm. skulu skipa Alþ. og hversu margir þm. frá hverju kjördæmi. Við höfum í stjórnarskrá ákvæði um fjölda uppbótarþm. Og við höfum í stjórnarskrá ákvæði um að Alþ. skuli vera deildaskipt, um kosningaaldur í sambandi við kosningar til Alþ. og um lengd kjörtímabils o. fl. Af þessu er ljóst að öll megin ákvæði, sem ákvarða kjördæmaskipunina, eru bundin í sjálfri stjórnarskránni.

Svo höfum við í lögum nr. 52 frá 1959 ákvæði um framkvæmd kosninga til Alþingis. Við höfum m. a. í þeim lögum reglur um það, hverjir frambjóðenda af listum hafi náð kosningu eftir hverjar kosningar, og við höfum einnig í þessum lögum reglur um úthlutun uppbótarþingsæta. Hvor tveggja þessi atriði eru það kunn, að ég þarf ekki frekar um þau að fjalla nú.

Þetta fyrirkomulag, þetta íslenska fyrirkomulag okkar er nokkuð mikið frábrugðið því, sem mjög algengt er víða í Vestur-Evrópu, þ. e. a. s. það atriði þessa máls sem lýtur að sjálfri kjördæmaskipuninni og tölu þm. í hverju kjördæmi. Í Danmörku t. d. er tala þm. í hverju kjördæmi athuguð á 10 ára fresti. Innanríkisráðuneytið á samkv. lögum að fylgjast með breytingu á íbúafjölda í hverju kjördæmi og gera till. um breytingar á tölu þm. miðað við þá tilflutninga sem orðið hafa síðustu 10 árin. Í Englandi er starfandi n. sem einnig fylgdist með íbúafjölda og kjósendafjölda í hverju kjördæmi og getur gert breytingar, þegar henni þykir ástæða til, um stærð hvers kjördæmis. Þetta er gert til þess að reyna að jafna vægi atkv. á milli kjördæmanna. Í stjórnarskrá Vestur-Þýskalands, sem var lögtekin árið 1949, segir að um kosningafyrirkomulagið þar skuli allt ákveðið með lögum og í lögum frá 1972 er að finna reglur um kosningafyrirkomulag í Vestur-Þýskalandi.

Þessi dæmi frá þessum þrem löndum sýna vel að það fyrirkomulag okkar að binda um of í stjórnarskrá öll helstu ákvæði um kjördæmaskipunina, tölu þm. í hverju kjördæmi o. fl., er verulega gallað. Við þá stjórnarskrárbreytingu, sem væntanlega verður gerð einhvern tíma á næstunni, mundi ég telja það ótvírætt til bóta ef ákvæðum um kjördæmaskipun og tölu þm. o. fl. verði fækkað í stjórnarskránni, en fleiri þessara atriða sett í lög um kosningar til Alþingis.

Því miður sýnist mér að nánast engar líkur séu á því, að kjördæmaskipuninni verði breytt fyrir næstu alþingiskosningar. Því miður verður að segja þá sögu eins og er, að sú stjórnarskrárnefnd, sem skipuð var í maí 1972, hefur skilað afar litlum niðurstöðum í sambandi við það verkefni sem henni var falið, og eftir því sem ég best veit, þá er ekki að vænta neinna meiri háttar till. fyrir lok þessa þings um breytingar á kjördæmaskipuninni. Vegna þess að sá kosturinn, sem betri væri að mínu viti, er ekki til staðar, þá verður nú að freista þess að fá nokkrum ákvæðum laga um kosningar til Alþingis breytt, því að það er mál sem Alþ. sjálft getur með breytingu á lögum ákveðið á yfirstandandi þingi, fyrir næstu kosningar. Frv. mitt er liður í þeirri viðleitni, og ég held að ég brjóti engan trúnað þó að ég segi það hér, að við þm. Reykn. höfum talað um það í okkar hóp að flytja enn fremur till. á þessu þingi um breytingar á reglum um úthlutun uppbótarþingsæta.

Aðalgagnrýnin á kjördæmaskipunina og lög nr. 52 frá 1959, um kosningar til Alþingis, hefur beinst að tveim atriðum. Hið fyrra er að misvægi atkv. eftir kjördæmum, að misjöfn þyngd sé nú komin langt úr hófi fram. Það er mjög sennilegt, eins og ég gat um áðan, að það þurfi 5 kjósendur í Reykjaneskjördæmi við næstu kosningar á móti einum í því kjördæminu þar sem kjósendur eru fæstir. Til þess að bæta úr þessu er hægt að stiga lítið skref, stutt skref með því að breyta reglunum um úthlutun uppbótarþingsæta í kosningalögum. Þó er ekki fyrir fram gefið að það mundi laga nokkuð verulega til í þessum efnum. Ég hef reiknað út hverju það hefði skipt í síðustu kosningum, 1974, ef reglunum um úthlutun uppbótarsæta hefði verið búið að breyta fyrir þær kosningar og uppbótarþingsætum úthlutað algerlega eftir tölu á bak við hvern uppbótarþm., en hlutfall ekki látið ráða að neinu leyti. Niðurstaðan er sú, að þá hefði Reykjavík fengið 8 uppbótarþm. í stað fjögurra, Reykjaneskjördæmi hefði fengið þrjá og hefur þrjá, Vesturland hefði ekki fengið neinn, en hefur einn, Vestfirðir hefðu engan fengið, en hafa tvo, og Austfirðir hefðu engan fengið, en hafa einn. Þessi breyting hefði ekki heldur haft nein áhrif á þingmannatölu flokkanna. Alþfl. hefði haft óbreytta þm.-tölu, það hefði aðeins orðið tilflutningur á úr hvaða kjördæmi uppbótarþm. hefðu komið, Sjálfstfl. hefði haft óbreytta þm.-tölu og Alþb. hefði haft óbreytta þm.-tölu. Fyrir okkur, sem erum þm. fyrir Reykjaneskjördæmi og kjósendur þar, hefði þessi lagfæring haft lítið að segja, og alla vega er hún það lítilvæg að veruleg sanngirni og réttlæti í skiptingu kjörinna þm. á hvert kjördæmi fæst ekki með öðru en því að breyta sjálfri stjórnarskránni.

Þetta er hið fyrra atriði sem mikið hefur verið talað um í umr. um kjördæmaskipun og kosningalög. Hitt atriðið er það, að mjög hefur verið á það deilt að kjósendur hefðu nánast litinn eða engan rétt til þess að ráða því, hverjir af frambjóðendum á framboðslistum næðu kjöri til Alþ. Með þeim reglum, sem gilda núna um þetta atriði, má segja það að í framkvæmdinni sé nánast útilokað fyrir kjósendur að breyta um á röðuðum lista. Þetta hefur allmjög verið gagnrýnt af mörgum og sannast að segja er kosningarétturinn að mínu viti mjög takmarkaður, ef réttur kjósandans í þessum efnum á að vera jafnþröngur og lítill og hann er núna. Og það er einmitt til þess að bæta úr þessu atriði sem ég hef flutt það frv. sem ég er nú að mæla fyrir.

Ég tel að ef frv. þetta, sem er afar einfalt, eins og ég skal lítillega koma að hér á eftir, fæst samþykkt á þessu þingi, þá höfum við verulega bætt gildandi lög um kosningar til Alþ. Í grg. með frv. hef ég leyft mér að telja upp þrjú atriði sem ég tel til ótvíræðra kosta við samþykkt frv.

1. Með samþykkt þess ykist lýðræðið með auknum rétti kjósenda til þess að velja þm. og áhugi almennings á stjórnmálastarfi glæddist væntanlega við það.

2. Með því fyrirkomulagi, sem frv. gerir ráð fyrir, yrði komist næst kostum persónubundinna kosninga án þess að taka upp einmenningskjördæmi sem illa henta hér á landi sökum fámennis.

3. Þingkosningar og prófkjör í raun færu fram samtímis.

Til viðbótar vil ég aðeins nefna það, að ég tel að með þessu yrði ábyrgð þm. bein og milliliðalaus gagnvart kjósendum, og tel ég það mikinn kost.

Í fjórða lagi eru þær reglur, sem frv. hefur að geyma, einfaldar og skýrar, eins og ég skal víkja að á eftir.

Ég hef heyrt því fleygt, að það mætti teljast til galla við þær reglur, sem fram eru settar í frv., að það kynni að auka á sundrungu innan flokka milli frambjóðendahópsins, ef það fyrirkomulag yrði upp tekið sem ég er hér að mæla fyrir.

Ég hef reynt að athuga þetta, m. a. með því að afla mér upplýsinga frá þeim löndum þar sem þetta fyrirkomulag er notað. M. a. átti ég kost á því s. l. mánudag að ræða við danska stjórnmálamenn, og þeir sögðu mér, að það væri þeirra reynsla að þetta væri ekki mikilvægt vandamál, þetta hefði ekki skapað stór vandamál í dönskum stjórnmálum, og töldu að ekki þyrfti að hverfa frá því fyrirkomulagi, sem ég er hér að mæla fyrir, vegna þessa atriðis út af fyrir sig.

Ég held að flokkarnir mundu við þá skipan, sem hér er gert ráð fyrir, leggja sig enn meira eftir því að fá sem hæfasta frambjóðendur. Ég vil þó á engan hátt draga úr því, að frambjóðendur flokkanna allra, sem hafa verið á undanförnum árum, séu vafalaust hæfir og gegnir menn. Þó er enginn vafi á því, að með þessu fyrirkomulagi yrði af flokkanna hálfu enn meir leitað eftir sem hæfustum mönnum til þess að fara í framboð fyrir þá. Það er líka ótvírætt til bóta.

Ég ætla þá að víkja örlítið nánar að efni frv., eftir því sem ég tel ástæðu til. Þó að það verði samþykkt hefur það enga breytingu í för með sér á þeirri reglu, að það eru stjórnmálaflokkarnir í landinu sem áfram leggja fram framboðslistana og það eru stjórnmálaflokkarnir sem ákveða hverjir eru á listunum í stafrófsröð. Sá réttur flokkanna er alveg ótvíræður. Það verða kjördæmisþingin og kjördæmisráðin eða hvað þær heita, stofnanirnar í kjördæmunum, sem leggja listana fram í stafrófsröð.

Um framkvæmd kosninganna vil ég aðeins segja það, að kjósandi krossar við þann flokkinn sem hann helst vill kjósa, en auk þess hefur hann rétt til þess að númera einstaka frambjóðendur með einu eða fleiri númerum að eigin vali. Hann setur töluna 1 við þann frambjóðenda sem hann vill helst kjósa, 2 við þann sem hann vill næsthelst og 3 þar á eftir o. s. frv. Þessi röðun kjósendans ræður því við talningu hverjir hafa náð kosningu á Alþ. ef listi flokksins fær á annað borð mann kosinn.

Kjósandi getur númerað í fyrsta sætið eða fleiri sæti ótakmarkað eftir vild. Við útreikninginn fær sá fyrsta sæti listans sem flest hefur númerin í það sæti, í annað sæti sá er fær flest númer samanlagt í fyrsta og annað sæti, í þriðja sæti sá er flest númer fær, í fyrsta, annað og þriðja sæti o. s. frv.

Einfaldara getur þetta tæpast verið né skýrara. Noti kjósandinn sér ekki rétt sinn til röðunarinnar tekur hann ekki þátt í prófkjörinu, en kýs þann flokkinn sem honum er mest að skapi. Kjósendur geta hins vegar ekki kosið frambjóðendur af fleiri listum, eins og t. d. er í Írlandi. Því hefur verið haldið fram og kom m. a. fram í umr. hér á Alþ. um daginn, þegar var verið að ræða þáltill. Alþb.-manna, sem gengur inn á nokkur svipuð atriði, að það fyrirkomulag, sem lagt er til í frv. þessu, mundi vera allmjög flókið í kjördæmum þar sem kosnir væru margir þm., og þá var talað um Reykjavík sérstaklega í því sambandi. Þá var sagt að hver kjósandi, sem vildi nota rétt sinn til að taka þátt í prófkjörinu á alþingiskosningadaginn, þyrfti að tölusetja svo og svo mörg nöfn frambjóðenda. Ég held það hafi verið talað um að Sjálfstfl. hafi fengið 7 alþm. kjördæmakosna í seinustu kosningum og því yrði kjósandi Sjálfstfl. að númera í 7 sæti og það yrði flókið við talningu og þar fram eftir götunum. Sannleikurinn er sá, að þetta er ekki rétt hugsað. Ég get nefnt dæmi sem er einfaldasta útkoma sem gæti komið fram við það skipulag sem ég er hér að tala um, og það er í teoríunni a. m. k. mætti segja að rúmlega 30 kjósendur Sjálfstfl. í Reykjavík gætu ákveðið hvaða 7 þm. næðu kosningu. Ef maður gæfi sér það, sem vissulega er mjög ósennilegt að verði í reyndinni, að hver þessara kjósenda setti aðeins númer við einn frambjóðanda á hverjum kjörseðli, þá yrði sá sem fengi 7 atkv. þannig þ. e. númer 1 á 7 kjörseðlum, fyrsti þm. flokksins. Sá, sem fengi 6 sinnum töluna 1 við sitt nafn yrði þm. númer 2 o. s. frv. Ég fæ þannig ekki komið auga á að það þurfi að setja neinar ákveðnar reglur um það í sjálfum lögunum, hvað marga frambjóðendur kjósandinn þurfi að merkja við. Ég held að það muni allt saman ráðast af sjálfu sér í sambandi við kosningarnar. Þó er aðeins eitt dæmi, sem er frekar til í teoríunni heldur en í reynd, sem er opið. Það er staðan sem upp kæmi ef enginn kjósandi notaði rétt sinn til þess að númera frambjóðendur og kysi aðeins flokkinn, því að sá, sem er á undan í stafrófsröð, á ekkert meiri rétt til þingsætis en sá er síðar er á listanum. Þetta atriði, sem að mínu viti er lítilfjörlegt, er til í teoríunni, en afar ósennilegt að það gæti nokkurn tíma orðið í reynd. Eg lýsti því í umr. um daginn, að ég væri opinn fyrir breytingum á frv. ef þörf reyndist fyrir þær.

Ég held að ég hafi þá skýrt frá meginefni frv. Ég velti því talsvert fyrir mér í upphafi þingsins, hvernig væri auðveldast að koma hreyf-

ingu á þau mál sem ég hef verið hér að fjalla um. Að sjálfsögðu er það opin og auðveld leið að flytja till. til þál. um að setja n. í að athuga vissa þætti kosningalaganna. Nefndarskipun hefur oft ekki gefist vel. Stundum hefur hún beinlínis verið notuð til þess að drepa málin eða tefja þau eins og mögulegt er. Niðurstaða mín var því sú, að í stað þess að flytja þáltill um kosningu n. til að athuga þetta væri eðlilegast að flytja frv. um breyt. á ákveðnu og miklvægu atriði sjálfra kosningalaganna, — atriði sem hefur verið mikið rætt á undanförnum árum. Efni frv. míns er ekki flóknara en svo, að hver hv. alþm. á að geta auðveldlega gert upp hug sinn til þess og þarf enga rannsókn eða nefndarskipun að vera undanfari þeirrar ákvörðunar.

Ég hygg að það hafi verið í sept. s. l. að formenn stjórnmálaflokkanna komu fram í sjónvarpi, þar sem m. a. var lítillega vikið að því atriði, hvernig framkvæmanlegast væri að auka rétt kjósenda til þess að ráða því hvaða frambjóðendur næðu setu á Alþ. Ég tel að ég geti fullyrt það, að allir flokksforingjarnir tóku undir það sjónarmið að rétt væri að auka möguleika kjósandans til þess að ráða meiru um þetta atriði en hann gerir í dag. Ég reyndi og fékk útskrift af þeirri spólu sem þessi upptaka var á, en því miður var hún svo stórlega gölluð að það var ekki hægt að ná neinu samfelldu efni réttu út úr henni. Það var svo mikið slitið úr samhengi, og sögðu tæknimenn sjónvarps mér að þetta mætti merkilegt heita, því það hefði ekki komið fyrir í mörg ár að spóla, sem tekin væri upp í sjónvarpinu, hefði eyðilagst fyrr en þessi. Mig fór því að gruna ýmislegt, að þarna kynni eitthvað hafa verið á bak við. En spólan er svo gölluð að ég get því miður ekki lesið upp það sem flokksforingjarnir sögðu um þessi atriði. En ég held að það sé fyllilega örugglega rétt munað hjá mér, að þeir tóku allir vel undir þetta.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. þetta, en ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég er mjög sammála megintilgangi þessa frv. og vil lýsa yfir þakklæti til hv. flm. fyrir að hafa samið það og lagt það fram.

Ég tel að það sé tímabært og samkvæmt vilja yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar að kosningalögum verði breytt í þá átt, að kjósendur geti haft innan hlutfallskosningakerfis meiri áhrif á val einstakra manna en unnt er eftir núgildandi lögum. Hins vegar verð ég að hafa fyrirvara um þá leið sem hv. flm. hefur valið. Ég tel að hana þurfi að íhuga mjög vandlega. Hann gerir ráð fyrir að nöfn frambjóðenda hvers flokks verði á kjörseðli í stafrófsröð og síðan megi kjósendur, ef þeir vilja, raða frambjóðendum og sú röðun eigi síðan að ráða hverjir þeirra fái þau sæti sem flokknum verður úthlutað í viðkomandi kjördæmi.

Það er hægt að hafa á þessu aðra skipun, þá að flokkar, sem bjóða fram, raði frambjóðendum sínum á framboðslista eftir þeim reglum sem þeir setja sér sjálfir, ef Alþ. setur ekki reglur um það, og síðan hafi kjósendur sama rétt og frv. gerir ráð fyrir, þeir megi breyta þeirri röð, sem á flokkslistanum er, og geti þannig haft áhrif á persónulegt val. Að vísu getur verið um að velja dálítið mismunandi aðferðir til að reikna út „vægi“ þessara breytinga, ef ég má nota það tískuorð, en ég hygg að það yrði ekki vandkvæðum bundið að ná samkomulagi um það.

Hv. frsm. nefndi þann galla á stafrófsröðuninni, að mjög fáir kjósendur gætu ráðið hvaða menn á lista hlytu kosningu. Nú er reynslan í nágrannalöndum, þar sem kjósendur hafa fengið að raða nöfnum um leið og þeir kjósa, hvort sem nöfnin eru í stafrófsröð eða raðað af flokknum, að tiltölulega lítill hluti kjósenda notar þennan rétt í fyrstu, kannske 10—15%. Komið hefur fyrir, að allt að 40—50% kjósenda séu farnir að nota réttinn til að raða eftir að kerfið hefur verið notað í þrennum, fernum kosningum, og þykir það mjog gott.

Af þessari ástæðu tel ég að það sé of þröngur stakkur ef lítill hluti kjósenda flokks fær algjörlega að ráða vali manna. Betra væri að hafa tvöfalt kerfi, þannig að innan flokkanna, væri eitthvert lýðræðislegt kerfi, sem þeir geti valið sér sjálfir, til þess að raða þeim frambjóðendum sem flokkurinn býður fram, síðar geti kjósendur breytt þeirri röð.

Ég tel að við þurfum að útvega okkur betri upplýsingar en enn hafa komið fram um reynslu af þessum tveim kerfum og þá t. d. reynsluna í Belgíu, sem Svíar virðast nú ætla að taka sér til fyrirmyndar, bera þetta saman áður en við tökum ákvörðun um hvora leiðina við veljum, ef svo fer, sem ég vona, að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi.

Hv. þm. gat um aðra annmarka á kosningu þm., misræmi milli þm.-fjölda í kjördæmum eftir íbúafjölda, og boðaði að þm. Reyknesinga mundu flytja till. um að breytt skyldi reglum um úthlutun uppbótarsæta þannig að eingöngu verði farið eftir tölu, en ekki prósentu. Ég vil á þessu stigi málsins taka afstöðu gegn þessari hugmynd, tel að hún sé að mörgu leyti varhugaverð, eins og hv. frsm. sjálfur benti á, vafasamt að hún nái tilgangi sínum. Ég tel að þetta mál sé svo alvarlegt að við verðum, um leið og stjórnarskráin verður tekin til breytinga, að reyna að finna eitthvert kerfi sem getur orðið varanlegra. Ekki verður hægt að komast fram hjá því, að það kerfi verður að vera þannig, eins og tíðkast í öllum nágrannlöndum okkur sem hægt er að bera okkur saman við, að með einhverju millibili séu gerðar breytingar í samræmi við breytta búsetu í landinu. Þar með er ekki sagt að á þingi þurfi að vera jafnt vægi atkvæða alls staðar án tillits til dreifbýlis og þéttbýlis. Þingið mundi sjálfsagt taka einhverja afstöðu um slíkt hlutfall, en innan þess ramma yrðu breytingar að vera í framtíðinni.

Í umr. um þessi mál, sem þegar hafa farið fram á þinginu um þáltill. og utan dagskrár, hefur verið nefnt að æskilegt kunni að vera að gera enn frekari breytingar á kosningalögunum. Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson benti í umr. á að samkvæmt núgildandi kosningalögum gæti hæg-

lega komið fyrir að flokkur með 10—15% greiddra atkv. í landinu fengi ekkert þingsæti, ef hann næði ekki kjördæmisþingsæti fengi hann engin uppbótarsæti. Tvisvar sinnum hefur jaðrað við þetta. Hygg ég að flestir hljóti að vera sammála um að það sé ekki í samræmi við anda stjórnarskrárinnar ef stjórnmálaflokkur með 10—15% greiddra atkv. fær engan fulltrúa á þingi.

Nú stendur í stjórnarskránni að úthluta skuli uppbótarþingsætum til jöfnunar á milli þingflokka, og í kosningalögunum er skilgreint að þingflokkur sé flokkur sem hefur fengið einn kjördæmiskjörinn mann. Flestir hafa litið á þetta án þess að íhuga það nánar og sagt að ekki væri hægt að breyta þessu nema með stjórnarskrárbreytingu. Ég vil benda á að það er hægt að breyta þessu með einfaldri breytingu á kosningalögunum. Til að kanna þetta fletti ég upp í Réttarsögu Alþingis eftir Einar Arnórsson, en þar segir á bls. 603, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnskipulög láta ekki um það mælt í einstökum atriðum, hvernig fara skuli um skipun uppbótarþingsæta. Þau fela almenna löggjafanum að setja fyrirmæli um það í lögum um alþingiskosningar. Almenna löggjafanum er því frjálst að skipa þeim málum svo sem honum þykir heppilegast innan þeirra markalína, sem sett eru í stjórnskipulögunum."

Ég fletti enn fremur upp í ritinu Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, en þar segir á bls. 217, með leyfi hæstv. forseta og hæstv. dómsmrh.:

„Enn fremur úrskurðar landskjörstjórn, hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótaþingsæta, 119. gr. kosningalaga. Þessi skilgreining á þingflokkum er aðeins að finna í kosningalögum. Stjórnarskrárgjafinn hefur ekki skýrt það, við hvað sé átt með þingflokki, heldur eftirlátið það almenna löggjafanum. Þessari skilgreiningu getur því almenni löggjafinn vafalaust breytt innan skynsamlegra takmarka. Almenni löggjafinn gæti því sennilega ákveðið að þingflokkur væri sá flokkur, sem annaðhvort hefði átt þingmann á síðasta þingi fyrir kosningar eða fengið mann kjörinn í kosningunum."

Einar Arnórsson kom auga á þá hættu, sem Þórarinn Þórarinsson og fleiri hafa gert að umræðuefni, að flokkar gætu fengið ærið þingfylgi án þess að fá þm. Hann segir í áðurnefndu riti, á bls. 605, með leyfi hæstv. forseta:

„Sá flokkur, sem hefur að vísu verið talinn stjórnmálaflokkur í kosningum samkvæmt 28. gr. kosningalaganna, en hefur ekkert þingsæti fengið í kjördæmi, getur því ekki heldur fengið uppbótarsæti, jafnvel þótt samanlögð atkvæðatala hans út af fyrir sig gæti veitt honum rétt til þess. Í sjálfu sér sýnist það ekki hugsunarrangt, að slíkur flokkur gæti fengið uppbótarsæti. Hann er fulltrúi tiltekinnar landsmálastefnu, og kosningarnar hafa leitt í ljós, að stefnan hefur nægilegt kjósendafylgi til eins eða fleiri fulltrúa á þinginu. Ef landið allt væri eitt kjördæmi, þá mundi slíkur flokkur hafa fengið þingfulltrúa."

Samkvæmt því, sem ég hef nú lesið, er skoðun tveggja fremstu fræðimanna, sem þjóðin hefur átt á þessu sviði, að skilgreina megi með venjulegum lögum hvað sé þingflokkur. Alþ. hefur því algjörlega á valdi sínu að gera breytingu á þeim ákvæðum sem nú gilda, að þingflokkur teljist flokkur aðeins ef hann hefur fengið einn þm. kjörinn í kjördæmi. Nú er það mjög algengt í nágrannalöndum okkar, sem við berum okkur oftast saman við, að sett hafa verið ákveðin mörk, þannig að flokkar verða að fá ákveðna prósentutölu greiddra atkvæða til þess að fá yfirleitt kjörinn þm. Nú skal ég ekki fullyrða hvort Alþ. gæti með breytingu á kosningalögum sett slíkt ákvæði. En ég hygg að það sé tvímælalaust stutt af skoðunum Einars Arnórssonar og Ólafs Jóhannessonar, að Alþ. geti sett ákveðna prósentu, t. d. 3%, 4% eða 5%, ákvæði um að flokkar skuli fá uppbótarsæti, ef þeir ná þessari prósentu, hvort sem þeir hafa kjördæmakjörinn þm. eða ekki, eða ef Alþ. vildi fara inn á þá braut, sem þing margra nágrannalanda hafa farið, að setja prósentu sem neðra mark, þannig að flokkur skuli aldrei fá uppbótarþingsæti ef hann fær minna en 3, 4 eða 5%. Hann gæti þá haldið kjördæmakjörnum þm., en kæmi ekki til greina við úthlutun uppbótarsæta fyrr en við eitthvert ákveðið mark.

Þessir kostir tel ég að séu fyrir hendi, og ég vildi nota tækifærið, af því að kosningalögin eru til umr., að koma fram þessum skýringum og röksemdum. Á þessu stigi málsins hef ég ekki séð ástæðu til að flytja brtt. eða annað frv. um þetta mál, en áskil mér rétt til að gera það á síðara stigi, ef þingflokki Alþfl. sýnist svo.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er greinilegt að það er allvíðtækur áhugi á því að veita kjósendum, eins og talað er um, ríkari áhrif á það að velja þm. sinn heldur en menn telja að þeir hafi nú, og hefur komið fram með ýmsum hætti að á þessu er áhugi. Það er rétt sem hér hefur komið fram, að í þeim sjónvarpsþætti, sem fyrirfinnst ekki lengur, tjáðu formenn stjórnmálaflokkanna sig á þá lund, að þeir væru hlynntir þessari hugmynd. En ég hygg að þeir hafi allir haft fyrirvara að því er varðaði það fyrirkomulag sem þá var sérstaklega til umr., og ég hygg að þeir hafi líka bent á það, sumir hverjir a. m. k., að ekki væri eins einfalt og virtist e. t. v. við fyrstu sýn að setja um þetta reglur sem tryggðu að sá tilgangur næðist sem fyrir mönnum vakir, þannig að menn mega ekki herma of mikið upp á formenn stjórnmálaflokkanna í þessu sambandi. Vissulega stend ég við það, að ég tel æskilegt að fundið sé það kerfi sem gefur hverjum einstaklingi sem mestan rétt til þess að hafa áhrif á það hver verði umbjóðandi hans á þingi. Og það er út af fyrir sig gleðilegt, að þm. skuli brjóta heilann um þetta efni og leggja fram till. eða frv. sem að þessu lúta.

Ég fyrir mitt leyti geri ráð fyrir að það þurfi talsverða athugun áður en menn finna það kerfi, sem menn geta orðið sammála um, og það kerfi, sem þeir telja að nái sem fyllstu réttlæti í þessu efni. Þess vegna held ég að það sé dálítið vafa-

samt, að menn finni það með einstakri breytingu eins og þeirri sem liggur fyrir í þessu frv., hitt geti e. t. v. verið eðlilegra, að menn gefi sér tóm til að athuga þetta mál í n., því að sannleikurinn er sá, að þetta hefur ýmsar hliðar. Ég held t. d. að það sé helst til einfalt kerfi sem gert er ráð fyrir að gildi hér, og ég þarf í raun og veru ekki að bæta við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það efni, þar sem gert er ráð fyrir að mönnum sé raðað á lista flokksins í stafrófsröð. Ég býst við að þá sé talsvert betra að heita t. d. Benedikt heldur en Vilmundur og að þeir gætu orðið nokkuð illa úti sem væru aftarlega í stafrófinu, vegna þess að ég geri ekki ráð fyrir, og m. a. er það stutt af þeirri reynslu sem hv. síðasti ræðumaður minntist á, að allir kjósendur legðu í að gera breytingar á lista. Auðvitað er hægt að hugsa sér ýmis önnur kerfi til að raða á lista. Það má alveg eins hugsa sér að hlutkesti sé látið ráða, það sé dregið um það og látið ráða hlutkesti, í hvaða röð menn eru settir á framboðslistann, eins og að láta ráða úrslitum hvaða nafn þeir hafa hlotið í vöggugjöf. Og auðvitað er hægt að fara margar aðrar leiðir í þessu efni. En ég er hræddur um að það væri hæpið að telja það í samræmi við vilja kjósenda eða flokks, ef það kæmi þannig út að nöfn þeirra, sem á þingi sætu, væru naumast fyrir aftan stafinn á t. d. eða eitthvað slíkt. Ég bendi á þetta. Eg geri ráð fyrir að hv. flm. hafi í raun og veru verið þetta ljóst, það kom fram í framsögu hans, en hann hafi samt viljað flytja málið með þessum hætti, þó að honum væru í sjálfu sér ljósir þessir annmarkar. Mér skilst að það sé þessi skilningur, sem hann gerir ráð fyrir, vegna þess að í 4. gr. segir: „Yfirkjörstjórn telur fyrst saman alla kjörseðla hvers lista eins og engin breyting hafi verið gerð á listanum.“ Þá er það sem sagt listinn í stafrófsröð sem kemur til greina við úthlutun þingsætanna. Að þessu held ég að þurfi að huga.

Ég held að það megi með ýmsu móti nálgast það markmið sem fyrir hv. þm. og ýmsum öðrum vakir í þessu sambandi. Hér fara nú t. d. fram skoðanakannanir eða prófkosningar áður en valið er á lista til framboðs. Ég tel að ein leiðin, sem til greina gæti komið í þessu sambandi, væri að lögbjóða í kosningalögum prófkjör og þá jafnframt setja reglur um það þar, hvernig það prófkjör skuli fara fram, og síðan væri það látið ráða röðun á lista. Ég get ekki séð neitt því til fyrirstöðu að slík ákvæði væru sett í kosningalög. Auðvitað eykur það fyrirhöfn, má segja, en á hinn bóginn hlýtur það að verða til nokkurrar vakningar pólitísku lífi og hvetja menn til umhugsunar um það, áður en framboðslistar eru settir fram, hvernig þeir ætla að skipa sér í flokk við næstu alþingiskosningar. Þó að það megi að sjálfsögðu benda á ýmsa annmarka sem samfara eru slíkum prófkosningum, þá tel ég, ef þær verða gerðar að reglu samkv. kosningalögum og reglur settar um þær þar, að þá væri það engan veginn fráleit aðferð. A. m. k. er ég á þessari stundu, án þess að hafa íhugað það alveg til botns, frekar á slíku heldur en setja fram framboðslista með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að láta stafrófsröðina ráða. En eins og ég sagði áðan, þá er auðvitað hægt að hugsa sér að mönnum sé raðað á listann með ýmsum öðrum hætti heldur en í stafrófsröð. En ætli mönnum þætti ekki líka nokkuð handahófskennt að hverfa að því ráði, sem ég minntist á, að láta t. d. hlutkesti ráða því, hvernig menn væru settir á lista? Það væri þá kannske alveg eins hægt að snúa dæminu við og byrja á stafrófinu aftan frá og raða mönnum þannig á lista. Það held ég að væri jafnfráleitt.

Nei, sannleikurinn er sá, að það er auðvitað með ýmsum hætti hægt að nálgast þá hugsun sem vakir fyrir mönnum í sambandi við það að gera kjör persónubundnara en hingað til. Ég gat ekki annað heyrt en hv. síðasti ræðumaður, Benedikt Gröndal, gæti fellt sig við það eða talið það koma til greina að flokkarnir settu fram sína lista, en síðan gæfist kjósendum kostur á að gera breytingar þar á. Ég get tekið undir þetta. Þetta er vissulega leið sem er hægt að fara og ekki óskynsamleg. Það var sú leið sem hér gilti til 1959. Þá var kjósendum frjálst að gera þær breytingar á röð á framboðslista sem þeir vildu. Þeir gátu sett nr. 1 við síðasta nafnið á listanum og þá færðist það upp í fyrsta sæti, og þá hafði breyting á listanum fullt vægi, eins og farið er að tala um. Þessu var breytt 1959, og nú eru líklega allir orðnir sammála um að þá hafi verið farið aftur á bak í þessu efni, vegna þess að með þeirri breytingu, sem þá var gerð, var breytingin aðeins látin gilda að 1/3 hluta og fundnar upp heldur kúnstugar reglur til að ná þeirri niðurstöðu. Ég held þess vegna að eitt af því, sem við þurfum að hugsa um í þessu sambandi, þegar þessi mál eru athuguð, sé hvort ekki er rétt að hverfa að þeirri gömlu og góðu — skulum við segja — reglu sem gilti fyrir 1959 í þessu efni, ef menn þá vilja halda sér við hlutfallskosningar. Hitt er auðvitað rétt, eins og hér efur verið bent á, að það er ekki hægt að finna neitt persónubundnara kjör heldur en einmitt það að menn séu kjörnir í einmenningskjördæmum, þar sem algerlega er kosið um persónurnar, ef menn vildu hverfa að því fyrirkomulagi. En hv. þm. Benedikt Gröndal var á því að gera ráð fyrir hlutfallskosningafyrirkomulagi.

Þessar aths. vildi ég nú gera í sambandi við þetta frv. Þær ber ekki að skilja á þá lund, að ég taki illa þessu frv. eða því framtaki sem í því felst, heldur að ég vil með þessum fáu orðum reyna að leggja áherslu á það, að þetta er ekki eins einfalt og sumir vilja jafnvel vera láta. Menn verða að gefa sér tóm til að hugleiða þessi mál áður en þeir slá föstu einhverju tilteknu kerfi í þeim efnum.

Ég er í raun og veru sammála hv. síðasta ræðumanni um að það getur verið óréttlátt að setja það skilyrði, sem sett er í stjórnarskránni, eins og það ákvæði hefur verið túlkað í framkvæmd, að flokkur skuli hafa náð kjördæmiskjörnum manni til þess að fá uppbótarsæti. Ég held að menn geti fallist á að það sé óeðlilegt að flokkur, sem fær talsvert af heildarprósentutölu allra kjósenda án þess að ná nokk-

urs staðar í kjördæmiskjörinn mann, sé alveg settur út. En ég vil út af því, sem hv. síðasti ræðumaður vitnaði til þess sem ég hefði sagt um þetta, segja það, að það er nú orðið nokkuð langt síðan ég skrifaði þetta og er nú farinn að gleyma því sem ég kann að hafa skrifað, en ég held að hafi verið sagt þarna, að það væri sennilega hægt, þannig að ekki sé fullyrt hvernig þetta yrði túlkað. Náttúrlega er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að við túlkun á þessu hlýtur að vera höfð hliðsjón af þeirri framkvæmd, sem verið hefur, og þeirri túlkun, sem þetta ákvæði hefur fengið í framkvæmd. En mér sýnist að í upphafi a. m. k. hefði mátt túlka þetta á þá lund, að þingflokkur gæti annaðhvort verið sá, sem fær mann kjörinn í kosningum, eða sá flokkur, sem hefur haft þm. á síðasta Alþ., þó að hann fái ekki nú kjörinn þm. Hins vegar held ég að mundi verða deilt um það, hvort þetta stjórnarskrárákvæði mætti túlka svo rúmt að það gæfi kosningalöggjafaheimild til að ákveða að uppbótarþingsæti skyldi úthlutað til flokks sem væri t. d. í fyrsta skipti í kjöri í kosningum og fengi að vísu háa prósentutölu, en kæmi samt engum kjördæmiskosnum manni að. Ég held þess vegna að það muni a. m. k. vera öruggara að hugsa til stjórnarskrárbreytingar í þessu sambandi ef menn ætla að breyta þessari framkvæmd sem verið hefur, af því að óneitanlega er þetta nokkuð venjuhelgað orðið, þó að löggjafinn hefði að mínum dómi a. m. k. í upphafi getað valið aðra leið en þá sem hann fór. Ég býst við að það fari líka svo, að menn komist að þeirri niðurstöðu í þessu sambandi, þegar menn fara að tala um breytingu á kosningalögum, að þeir reki sig stundum og kannske alloft á að það þurfi í raun og veru líka að breyta stjórnarskránni. Þannig kom það t. d. fram hjá hv. síðasta ræðumanni að hann teldi ekki ráðlegt — eða ég skildi hann svo — að breyta ákvæði kosningalaganna og láta úthlutun jöfnunarþingsæta bara fara eftir atkvæðafjölda. Það er að vísu hægt alveg óvefengjanlega, af því að ekkert ákvæði er um það í stjórnarskránni, það eru bara kosningalögin sem ákveða það. Fram til 1959 voru líka sérstakar reglur og öðruvísi um þetta en nú gilda. Þá mátti flokkur hafa það sem kallað var raðaðan landlista og setja fram óskir sínar með þeim hætti um hvaða frambjóðandi hans yrði landsk. þm. Samkv. þeirri reglu kom hann í þriðja sæti. Þá gilti reglan að nr. 1 var sá sem flest hafði atkv., nr. 2 sá sem hæsta hlutfallstölu hafði í kjördæmi, eins og nú gildir, en síðan kom svo þetta val, ábending flokksins. Það má segja að með þessu hafi 1959 verið stigið skref til þess að draga úr valdi flokks. Ég skal ekkert fullyrða um hversu skynsamlegt það hefur verið, því að fram hjá því er ekki hægt að líta að landsk. þm. eru til jöfnunar á milli þingflokka og þess vegna ekki fráleitt að flokkarnir geti eitthvað sagt til um hvaða menn þeir vilji fá kjörna með þeim hætti.

Herra forseti. Ég skal nú ekki orðlengja þetta frekar. Segja má að þetta séu aðeins vangaveltur í sambandi við þetta mál. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áður, að ég tel það út af fyrir sig góðra gjalda vert að þm. sýni áhuga sinn á þessum málefnum með því að koma fram með till. um þau. En ég held að eftir að þær eru fram komnar þurfi menn að athuga þær nokkuð í heild til þess að gera sér grein fyrir hvaða leið beri að velja í þessu efni. Þó að það hafi e. t. v. talsverða þýðingu í þessu efni að flýta sér, þá held ég að hitt sé samt meira virði, að það skuli vel vandað sem gert er.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það hafa farið fram hér á hv. Alþ. allmiklar umr. að undanförnu um kjördæmaskipun í landinu og kosningalög. Þessar umr. hafa einkum snúist um tvö meginatriði. Það fyrra er svonefnt persónubundnara kjör en nú er, þ. e. a. s. að gefa kjósendum meiri rétt en nú er til þess að velja á milli einstakra manna og hafa áhrif á hvaða röð gildi á hverjum framboðslista. Í öðru lagi er svo fjallað um það misrétti sem óneitanlega er komið upp og hefur reyndar lengst af verið á milli einstakra kjördæma varðandi fulltrúaval til Alþingis. Fyrst og fremst finnst mér umr. hafa snúist um þessi atriði, þó að margt fleira hafi þarna komið inn í og sitthvað megi segja um þau sjónarmið sem þar hafa komið fram.

Varðandi fyrra atriðið, persónubundnara kjör, þ. e. a. s. kjósendum sé gefinn aukinn réttur til þess að velja tilteknar persónur, þá hugsað út frá því að nú séu menn um of bundnir við það að kjósa flokka, má margt segja. Ég held að það sé enginn vafi á því, að í okkar stjórnskipunarkerfi höfum við einmitt byggt fyrst og fremst á því að heimila frjálsa flokkamyndun og ganga út frá því að kjósendur og fólkið í landinu almennt hafi fullan og óskoraðan rétt til þess að skipa sér í samtök um sameiginleg áhugamál, berjast fyrir þeim, og að á þeim grundvelli gætu menn haft áhrif á stjórn landsins og á lagasetningu í landinu í gegnum þau samtök sem almennt koma fram sem stjórnmálasamtök. Raunverulega, þegar betur er að gáð, hvílir það þingræðisskipulag og það margumtalaða lýðræði okkar í þingskipunarmálum, einmitt á þessu. Það hefur ekki þótt ýkjamikið lýðræði þar sem skipanin var orðin sú, að aðeins einn flokkur var löggiltur eða hafði aðstöðu til að starfa. Nú finnst mér að þessi umr. hafi mjög borið keim af því, að menn tækju undir þann áróður, sem oft hefur skotið upp kollinum, ekki aðeins hér á landi, heldur enn þá meira víða í öðrum löndum, en það er að reyna að ráðast á stjórnmálaflokkana og gera þá eins svarta og mögulegt er og segja að allt illt stafi frá þeim, þeir séu klíkur, flokksklíkur, sem verði að koma í veg fyrir að hafi tiltekið vald. Ætli menn þekki betta ekki frá vissum löndum sem voru sérstaklega að ryðja einræðisfyrirkomulagi braut? Þeir sem taka undir þennan áróður, ég held að þeir hafi ekki hugsað málið ýkjavel, hve miklar hættur eru fólgnar í því að ætla raunverulega að brjóta niður eða draga úr frjálsu og eðlilegu flokkakerfi. Auðvitað hafa kjósendur síðan sinn rétt til að velja á milli flokka, til að dæma flokka eftir því hvaða stefnuskrá þeir hafa og hvernig þeir virðast hafa staðið við það sem þeir boða. Þar liggur auðvitað val kjósendanna, að velja á milli eftir þessu. En kjósendurnir mndu ekki að mínum dómi komast ýkja-

langt með að hafa áhrif á þessi meginatriði varðandi stjórn landsins ef væri búið að færa þá inn á það svið, að þeir ættu að kjósa menn eingöngu út frá persónumati á mönnunum. Ég held að það mundi fljótlega með okkar nútímatækni færast í það að menn mundu fara að kjósa þá eftir fallegum myndum.

Auðvitað vitum við að 60 menn verða ekki valdir á Alþ. eingöngu á persónulegum **grundvelli. Ef** þeir kæmu þannig saman mundu þeir renna saman í flokka eða klíkur, eins og menn kalla það nú á dögum. Það hefur einnig sýnt sig þar sem um er að ræða val á þm. í einmenningskjördæmum, að það er mikill misskilningur að þeir þm., sem valdir eru samkv. slíkum reglum, séu eitthvað minna háðir flokkasamtökum og flokkasamstarfi en þeir sem eru valdir eftir öðrum reglum, t. d. hlutfallskosningareglum. Um þetta höfum við fjöldamörg sönnunargögn og þekkjum það frá fyrri tíma hér á landi. Það er ekki það sem breytir málinu. Ég vil því segja það, að ég er í grundvallaratriðum á móti þessum áróðri, tel hann hættulegan og óeðlilegan. En það þýðir ekki að ekki megi athuga hvort við getum í okkar kosningaskipulagi gefið kjósendum aukinn rétt umfram það, sem nú gildir, til þess að hafa áhrif á hvaða menn eru kosnir af hinum ýmsu framboðslistum.

Eitt af því, sem ég tel að þurfi að leiðrétta í þessum umr., eru þær röngu fullyrðingar sem hér eru bornar fram um það, hvaða reglur gilda hjá okkur varðandi þetta atriði. Hér er því haldið fram af mörgum hv. þm., að það sé búið að afnema þennan rétt með öllu, að menn geti haft áhrif á hver verði röðun á framboðslistum á þeim mönnum sem ná kosningu, þessu hafi verið breytt árið 1959, þannig að nú hafi menn eiginlega engan rétt í þessum efnum. Það er rétt, það var ákveðin nokkur breyting í þessum efnum á okkar kosningalögum árið 1959, og það er ekki ófróðlegt að rifja upp hvað gerðist varðandi þetta atriði hér á Alþ. þegar þessi breyting var samþykkt. Þá kom í ljós að allir þm., þm. úr öllum flokkum, voru sammála um að það þyrfti að breyta þeim reglum sem þá voru um þetta vald kjósenda til að hreyfa til menn á lista. Það voru allir á þessari skoðun. Það kemur greinilega fram í umr. um málið á Alþ., m. a. í framsöguræðu fyrir meiri hl. þeirrar n. sem fjallaði um málið, en það var hv. þm. Jóhann Hafstein sem hafði þá framsögu og kom skýrt fram í hans máli, að allir hefðu verið sammála um að breyta þeim reglum sem um þetta höfðu áður gilt. Nýjar reglur voru settar varðandi þetta. Og þá er rétt að rifja það aðeins upp hvernig reglurnar voru varðandi þetta vald kjósenda til að hreyfa menn til á lista og hvernig þær eru.

Reglurnar voru þannig, að t. d. í stærsta kjördæminu, í Reykjavík, þurftu ekki nema rétt rúm 4% af kjósendum að nota mest verkandi breytingu á listanum, þ. e. a. s. að strika yfir nafn þess sem var í tilteknu sæti, og koma þannig í veg fyrir að hann fengi atkv. frá þeim manni sem notaði útstrikunarregluna, það þurfti ekki nema 4% kjósenda til að breyta röðun á lista. Það hefði þýtt í síðustu kosningum hér á Reykjavíkursvæðinu, að t. d. varðandi Alþfl. hefðu það verið um 160 menn sem hefðu getað haft áhrif á það, að maður nr. 2 á listanum hefði fremur náð kosningu heldur en sá sem var nr. 1. Það hafði komið fyrir hér í kosningum að lítill hópur manna, það sem ég kalla klíku, en menn eru nú farnir að kalla heila stjórnmálaflokka klíkur, þeir gátu skipulagt sig og læðst að greinilegum meiri hl. og haft áhrif á það að hreyfa til þá skipun sem meiri hl. hafði raunverulega alveg óumdeilanlega viljað hafa á listanum. Og þetta gerðist. Einmitt í ljósi þess, sem hafði gerst í þessum efnum í þingkosningum og í sveitarstjórnarkosningum, þar sem meginreglan var sú sama, voru allir þm. á því, þegar þessi breyting fór fram, að það yrði að breyta þessu, það næði engri átt að minni hl. og það svona lítill minni hl. gæti haft svona mikið vald, hann gæti á þennan hátt læðst að meiri hl. og raskað skipun listans. En þegar kom að því að menn ræddu um það, hvað ætti að breyta þessu að miklu leyti, þá vildu menn í fyrstu umferð gera helmingi erfiðara fyrir minni hl. að knýja fram breytingu, og var þá gert ráð fyrir því í brtt., sem fram kom, að það þyrfti t. d. í Reykjavík um 8%. En það komu miklar aths. við það hjá mörgum þm., að með þessu væri enn þá verið að gefa minni hl. allt of mikið vald til þess að hreyfa til menn á lista, og þessari till. var breytt og var breytt í það sem nú gildir, að nú þarf rétt um 12% kjósenda til þess að geta komið fram slíkri breytingu hér í Reykjavík. Ef við tökum enn dæmi af Alþfl. úr síðustu alþingiskosningum, sem mun hafa haft hér á Reykjavíkursvæðinu rétt yfir 4 þús. atkv., þá þyrftu á vegum Alþfl. að koma til a. m. k. 480—500 kjósendur, sem beittu þessu valdi sínu, til þess að raska röðun listans. Og menn voru á því árið 1959, þegar þessar reglur voru settar, að það væri ekki líklegt að 12% kjósenda eða þar um bil gætu tekið sig saman og beitt svona útstrikunarvaldi án þess þá að aðrir, sem stæðu að þessum lista, yrðu varir við slíkan flokkadrátt og gætu þá gert sínar mótráðstafanir.

Þetta var eitt meginsjónarmiðið sem kom fram, að láta mörkin liggja það hátt að það væri nokkurn veginn tryggt að aðrir gætu þá gripið til sinna gagnráðstafana til þess að koma í veg fyrir að þessi minni hluti svo að segja læddist að meiri hl. Nú tala menn þannig að þetta sé allt of lítill réttur kjósenda. Ég veit það ekki. Ég held fyrir mitt leyti að það sé heldur óskemmtilegt, svo ég haldi mig við þetta dæmi um Alþfl. enn þá eða flokk sem hefði svipað atkvæðamagn hér á Reykjavíkursvæðinu, að gera ráð fyrir að menn geti haft svo mikil áhrif á röðun manna lista að það þurfi ekki nema í kringum 500 manns að skipuleggja sig, og ég held þeir geti skipulagt sig tiltölulega auðveldlega án þess að það fréttist mikið af því og aðrir væru þá viðbúnir að beita mótaðgerðum. Það er auðvitað enginn vafi á því, að við eigum að hafa þessar reglur þannig, að komi fram meirihlutavilji til þess að breyta um röð á lista, þá á sá meiri hl. að verða gildandi. Það er sjálfsagt að breyta þessum reglum þannig að það sé alveg tryggt. En það geta staðið deilur um hvort rétt sé t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu að gefa 4%

af kjósendum þetta mikla vald eða hvort eigi að gera kröfu um að það séu a. m. k. 12%.

Það var athyglisvert þegar gengið var frá þessu máli 1959, að þeir einu, sem komu með gagnrýni á þessa breytingu, voru aðilar sem fluttu till. um að setja þessa kröfu enn þá hærra. Það var Alþfl.-maður sem m. a. flutti þá till. á þinginu, að það þyrftu að vera 50% eða þar yfir til þess að geta komið fram breytingu á lista.

Ég lýsi því yfir sem minni skoðun, að ég er algjörlega andvígur að gefa kjósendum t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu meiri rétt en nú er gert ráð fyrir í lögum, þ. e. a. s. miðað við 12% til þess að geta raskað lista sem lagður hefur verið fram. Það er hins vegar rétt að út frá ákveðinni reikningsreglu, sem samþ. var og nokkuð var umrædd á sínum tíma þegar þessi breyt. var gerð, þarf talsvert miklu hærri prósentu til að koma fram breytingu í minni kjördæmunum. Það mun þurfa 27% eða rétt um það bil í fimm þingmanna kjördæmi til þess að koma fram breytingu og eitthvað um 23% þar sem um er að ræða að sex menn séu kosnir. Það er að mínum dómi sjálfsagt að athuga á nýjan leik þau réttindi sem þarna er fjallað um, og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það, sem ákveðið var í þessum efnum árið 1959, sé það eina rétta. En það er algjörlega rangt, sem hér hefur verið sagt af fleiri en einum hv. þm., að nú sé útilokað með öllu fyrir kjósendur að koma fram breytingu á framboðslista. Menn hafa þennan rétt, en minni hl. hefur ekki jafnmikla möguleika og hann hafði áður til að raska röðun á lista.

Þá er hitt atriðið, sem kemur m. a. fram í því frv. sem hér liggur fyrir, að menn koma með till. um að framboðslistar skuli í rauninni ekki vera raðaðir eða þar skuli nöfnin aðeins birtast, þau sem tilnefnd hafa verið til framboðs, í stafrófsröð. Mér er alveg sama hvort það er stafrófsröð eða einhvers konar hlutkesti sem ræður um það hvernig nöfnunum er svo að segja hent á blaðið. Ég tel slíkt ekki til bóta, heldur stórt skref aftur á bak. Allt slíkt er yfirborðslýðræði, en ekki réttlæti. T. d. á að segja við menn hér á Reykjavíkursvæðinu: Hér eru 24 nöfn. Af þeim á að kjósa 12 alþm. Hringlið nú með þau eins og þið viljið. Þið skuluð raða þessu eins og þið viljið. — Þetta er auðvitað ekkert annað en yfirborðslýðræði, að tala um að það sé einhver réttur fyrir menn að fá slíkt sem þetta. Auðvitað vitum við að meginhlutinn af kjósendum hefur ekki aðstöðu til að þekkja alla þessa aðila eða geta lagt sinn eðlilega dóm á þá persónulega. Það er engin leið fyrir fólkið að ráða fram úr þessum vanda af nokkru viti nema í gegnum einhvern flokkslegan eða klíkulegan áróður þar sem menn eru búnir að dragast í ákveðna hópa og klíkur og segja: Þessi klíka vill þetta og hin klíkan vill hitt. — Þannig verður mönnum bent á að kjósa skv. formúlu klíkunnar. Öðruvísi er þetta ekki hægt.

Það var lengi svo, að því var haldið fram að þær kosningareglur væru í eðli sínu lýðræðislegastar og bestar sem væru einfaldastar. Til þess að gefa öllum kjósendum kost á því að taka virkan þátt í kosningunni var stefnt að því að hafa kosninguna eins einfalda og mögulegt var. Við höfum eins og margir aðrir valið þá leið, að það þyrfti hvorki að skrifa nöfn flokkanna né þeirra manna sem um var að ræða. Það þurfti ekki annað en setja einn einfaldan kross fyrir framan tiltekinn bókstaf til þess að hafa kosninguna eins einfalda og mögulegt var. Þetta þótti og hefur ekki aðeins í okkar landi, heldur einnig annars staðar, alltaf þótt mikils virði. Því eru að mínum dómi til hins verra allar reglur sem stefna að því að gera kosninguna flókna, jafnvel svo flókna sem mér fannst að kæmi fram í málflutningi flm. þessa frv. Mér fannst hann ekki ráða fyllilega sjálfur við það kerfi sem hann var með. Slíkt er ekki til þess að auka lýðræði. Það er enginn vafi á því, að með því að segja við kjósendur: Þið megið gera þetta og þetta og þetta — og telja upp ótal liði og tilfærslur og breytingar, þá er það svo að það getur aldrei í framkvæmd gilt nema fyrir tiltölulega lítið úrtak af kjósendum, og það verður sá hópur, sú klíka sem notfærir sér slíkar reglur, en hinn almenni maður og meginþorri hópsins notfærir sér ekki slíkar krókaleiðir og hefur þannig minni rétt og getur auðveldlega verið plataður í leiðinni. Því álít ég að við eigum áfram að halda okkur við þá gömlu kenningu, sem hefur þótt góð bæði hér á landi hingað til og annars staðar, að hafa kosninguna eins einfalda og mögulegt er. Allar aukaflækjur eru til bölvunar. Því held ég að eigi að fara mjög gætilega í að bæta við einhverjum viðbótarreglum umfram það sem verið hefur hjá okkur.

Ég verð því að segja að afstaða mín er sú til þessa frv., að ég tel það í eðli sínu alveg fráleitt. Og jafnvel þó að slík leið sem þessi væri reynd þá hef ég enga trú á því, að þarna yrði í sjálfu sér um persónubundnara kjör að ræða en á sér stað nú. Það mundu alltaf koma upp flokkar og hópar sem slá hring um ákveðna menn, og hinn almenni kjósandi getur ekkert annað gert en að fara eftir áróðri slíkra hópa.

Stóra spurningin er í sjálfu sér þegar menn tala um persónubundið kjör: Eru menn að gefast upp á stjórnmálaflokkum? Er kannske réttast að leysa þá upp og losa sig við þá og segja bara: Allir eru í kjöri og svo geta allir gert það sem þeir vilja, skrifið bara nöfn þeirra ágætu manna sem þið viljið, það er mest réttlæti í því, eða kasta bara hlutkesti um þá menn sem búa í landinu? — Nei, það er ekki þetta sem eykur í sjálfu sér nein lýðréttindi. Ég held að við þurfum á stjórnmálaflokkunum að halda, og ég held að við eigum að reyna að gera okkur kjósendur þannig að þeir séu færir um að velja á milli flokka og á milli þess sem þeir bæði boða og gera, og það eigi að gera þetta vald tiltölulega einfalt.

Að sjálfsögðu geri ég mér grein fyrir því, að í hverjum flokki fyrir sig eru auðvitað persónur og það verða bornar fram persónur, og eflaust hafa menn auga fyrir að velja persónur. En þeir hljóta samt að miða nokkuð við það, í hvaða flokkshóp menn hafa skipað sér, hvað það er sem menn boða sem stefnu sína og hvernig þeir hafa staðið að því að reyna að framfylgja henni.

Niðurstaða mín varðandi þetta atriði, um persónubundnara kjör, er þessi, að ég tel að mikill hluti af því, sem sagt hefur verið hér varðandi

þetta atriði, fái ekki staðist við nánari athugun og sé ekki á neinn hátt af hinu góða. En ég segi: Það er sjálfsagt að athuga þær reglur sem eru í gildi hjá okkur núna varðandi rétt kjósenda til að hafa áhrif á röðun framboðslista, hvort rétt þyki að hreyfa þær reglur eitthvað til. Það er sjálfsagt að gera það. Eg fyrir mitt leyti vil að þær reglur séu þannig alveg óumdeilanlega, að ef meiri hl. kjósenda, sem kýs tiltekinn flokk eða tiltekinn lista, vill fá fram breytingu, þá á sú breyting að geta orðið. Og ég tel ekkert athugavert við að tiltekin stærð minni hl. geti komið fram breytingu, sérstaklega ef það er tryggt að aðrir, sem kjósa listann, viti að það er verið að reyna að knýja fram slíka breytingu og eigi þá kost á því að segja sitt um það jafnframt.

Þá er hitt atriðið sem hér hefur verið rætt allmikið um og er í sjálfu sér miklu stærra mál sem snertir kjördæmaskipunina sjálfa. Auðvitað býst ég við að menn geti tekið undir það, að sanngjarnt sé að reyna að hafa kosningarréttinn í landinu sem allra jafnastan. En síðan, þegar menn ganga lengra og huga að því hvernig við eigum að skipa þessum rétti, þá finna menn að þetta er ekki heldur auðvelt. Það var lengi svo, að sá flokkur, sem ég var í, boðaði að það eina rétta í þessu væri að hafa landið allt eitt kjördæmi. Það var líka stefna Alþfl. um langan tíma: Landið allt eitt kjördæmi, kjósum allt í einu lagi, og þá þurfa menn ekki að metast á um það hvers atkvæði er þar þyngst á vogaskálinni. — En fyrir þessu fékkst ekki nægjanlegt fylgi og flokkur minn hvarf einnig frá þessari kröfu og taldi að í meginatriðum væri búið að uppfylla það, sem stefnt var að með þessari kröfu, með því að taka upp hlutfallskosningakerfi í landinu og síðan með viðbótarákvæðum um ákveðin uppbótarþingsæti eða landskjörna þm. sem ættu að skiptast á milli þingflokka þannig að það yrði ekki mikið ósamræmi þar á milli flokkanna sem slíkra. Ég er á þeirri skoðun enn, að við eigum að halda í meginatriðum þeirri kjördæmaskipun, sem við búum við í dag, og ég tel hana ekki óeðlilega. Hitt er mér alveg ljóst, að tala hinna fastkjörnu þm. í hverju kjördæmi fyrir sig er ekki núna í fullu samræmi innbyrðis. Hún var það ekki einu sinni þegar þessar reglur voru settar á sínum tíma. Menn vissu mætavel að t. d. bæði Reykjavík og Reykjaneskjördæmi fengu ekki skv. þessari skipan að kjósa sér fasta þm. að sama hlutfalli og hin fámennari kjördæmi víða úti á landi. En þegar þessi kosningaskipan var ákveðin var mönnum miklu ofar í huga en virðist vera í dag að reyna að gæta að vissu réttlæti á milli stjórnmálaflokkanna í landinu, af því hér var byggt á stjórnmálaflokkum. En nú sýnist mér að margir tali þannig að kosningarnar ættu einna helst að vera eins og viss barátta á milli kjördæma, á milli landshluta, að menn þurfi að vera alveg öruggir um að þessi sé ekki borinn ofurliði af hinum landshlutanum. Ég hef fyrir mitt leyti aldrei viljað hugsa mér kosningar til Alþ. á þeim grundvelli. Fyrir mér hefur meginskipulag okkar varðandi stjórnmálaflokka haft það mikið gildi, að það hefur verið miklu þyngra í mínum huga að hér gilti réttlæti varðandi skipun þingsins á milli stjórnmálaflokkanna heldur en einhver nákvæm vog á milli landshluta, þó ég játi fullkomlega að það verður þó að taka tillit til þess að vissu marki.

Í áróðri fyrir því, að það þurfi að gera breytingu á því kerfi sem við búum við í þessum efnum, varðandi kjördæmaskipun, halda menn nú líka fram mjög mikilli fjarstæðu að mínum dómi. Í útreikningum þeirra, sem heimta breytingar, er alltaf verið að reikna það út að Reykjaneskjördæmi hafi bara 5 þm. og að Reykjavík hafi bara 12 þm. Það vantar hins vegar ekki að menn finni sér ágæta viðmiðun og segi að Vestfirðir hafi 7 þm., þó að þeir hafi auðvitað eftir sömu formúlu ekki nema 5.

Sannleikur málsins er sá, ef við lítum á þetta eins og málin standa í dag, að menn eru farnir að telja landskjörna þm., sem áttu að jafnast út á milli þingflokkanna, á milli flokkanna sem slíkra og voru þm. flokkanna, þá hefur farið svo um þessa þm., sem er úthlutað á milli flokkanna til jöfnunar hjá þeim, að menn telja þann, sem kemur frá Vestfjörðum, endilega Vestfjarðaþm. og þann, sem kemur af Austurlandi, Austfjarðaþm., þó menn vilji auðvitað helst ekki telja þá, sem koma af Reykjanesi, Reykjanesþm. og frá Reykjavík Reykjavíkurþm. En tölurnar í dag standa þannig, að það eru 24 þm. nú í dag frá Reykjavík og Reykjanesi. Það eru 8 þm. frá Reykjanesi og 16 frá Reykjavík. Það er að vísu rétt, að úr þessum tveimur stóru og fjölmennu kjördæmum á okkar mælikvarða eru 24 þm. eða 40% nákvæmlega af heildarþingmannatölunni. Það er rétt að meiri hluti landsmanna er búsettur hér, en 40% af þingmannatölunni, sem kemur út úr þessu voðalega gallaða kerfi, er þó ekkert lítið.

Ef menn líta svo aftur á það sem hlýtur að verða afleiðing þessara miklu togstreitu sem menn eru að setja hér á svið á milli einstakra kjördæma, af því að menn eru farnir að hugsa um að það sé aðalatriðið að þetta kjördæmi hafi ekki of marga menn og þessi landshluti hafi ekki of marga menn, eins og reipdrátturinn sé aðallega á milli þeirra, þá er líka réttmætt að hafa það í huga hvað margir þm. eru t. d. nú í dag búsettir í Reykjavík og voru kosnir sem Reykvíkingar. Með því að taka þar frekar lægri tölu, af því að það hefur verið að breytast — eftir að menn voru kosnir hafa sumir hverjir verið að breyta um búsetu — en með því að taka lægri töluna eru það óumdeilanlega 36 þm. eða sem nemur 60% af þingmannatölunni sem eru búsettir í Reykjavík og á Reykjanesi. Ég býst við því, að ef þessum reipdrætti, sem hér er mest talað um, verður haldið miklu lengur áfram, þá verði næsta stig að segja: Það nær vitanlega ekki nokkurri átt að Vestfirðingar séu að spandera sínum þingsætum í að kjósa hina voðalegu menn fyrir sunnan. Við kjósum enga nema búsetta Vestfirðinga. — Og þetta segi menn í öllum hinum kjördæmunum, af því að það eigi að líta svo á að þm., sem koma að vestan, séu eingöngu þm. Vestfirðinga og eigi ekki að hugsa um neitt annað á Alþ. heldur en málefni Vestfirðinga — og hið sama gildi um þm. úr öðrum landshlutum. Þetta er fráleitt. Ég held að það yrði ekki á nokkurn hátt til þess að bæta okkar stjórnmálalegu vinnubrögð.

Þó að ég nefni þessar tölur um það, hvernig staðan er í dag, þá er ekki þar með að segja að það geti ekki fyllilega komið til mála að taka

til endurskoðunar kjördæmaskipunina eins og hún er í dag með tilliti til þeirrar stöðu sem nú er komin upp. Það getur verið sjálfsagt að huga að því. En í þeim efnum er mér miklu ofar í huga að tryggja það um leið í sambandi bæði við kjördæmaskipun og kosningalög, að flokkarnir sem slíkir búi við jafnfræði varðandi styrk sinn á Alþ. með tilliti til kjósendafjölda. Það er ekki síður nauðsyn að tryggja það. Veruleg hætta er á því, ef menn hugsa eingöngu í vissum landshlutum eða í aðgreindum landshlutum, að menn geti fengið út hinn mesta óskapnað varðandi stöðu flokkanna innbyrðis. Einn flokkurinn gæti þurft að hafa miklum mun fleiri atkv. á bak við hvern kjörinn þm. en annar ef það eitt væri lagt til grundvallar.

Ég styð sjónarmið, sem hér hefur komið fram og kom m. a. fram hjá hæstv. dómsmrh., að þessi mál öll eru svo margslungin og flókin að það er nauðsynlegt að flokkarnir og hv. alþm. gefi sér góðan tíma til að athuga þær hugmyndir sem fram koma um breytingar bæði á kjördæmaskipun og kosningalögum. Menn munu þar reka sig á það nú eins og áður, þegar tekist er við þessi vandamál, að hér er um það flókin mál að ræða að fyrstu hugmyndir manna um breytingar taka gjarnan breytingum þegar þeir eru búnir að skoða málin nánar. Ég held að það sé því alveg sjálfsagt að athuga að hve miklu leyti er þörf á því að breyta kjördæmaskipuninni og ákvörðun um fjölda þm. frá hverju kjördæmi. Það er sjálfsagt að taka það til athugunar. Það er þegar liðinn alllangur tími síðan ákvörðun var síðast tekin í málinu. Ég hef fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga, en legg á það áherslu, að það er miklu þýðingarmeira að gæta þess, að stjórnmálaflokkarnir, sem allur þessi grundvöllur hvílir á, búi við svipaðan rétt allir og hér hafi þeir þm.-tölu hverju sinni miðað við það atkvæðamagn sem þeir hafa, heldur en hitt, hvort t. d. uppbótarþm. eða landskjörnir þm. flokks koma eftir ákveðnum útreikningi úr þessu kjördæminu eða hinu.

Ég þarf ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð en ég hef haft. Ég álít að frv., sem hér liggur fyrir, leysi engan vanda, það sé í rauninni augljóst dæmi um það sem ég kalla yfirborðslýðræði, því það er hreint yfirborðslýðræði að bjóða mönnum eitthvað sem menn geta raunverulega ekki notfært sér með neinum árangri. Ég held að við verðum að horfast í augu við það, að við munum áfram byggja í meginatriðum á þeim grundvelli sem við höfum byggt á, þ. e. a. s. á stjórnmálaflokkum sem verða vitanlega sjálfir í meginatriðum að geta ákveðið hvaða menn þeir velja sér, þessir stjórnmálaflokkar, til þess að túlka sinar skoðanir. Það er auðvitað alveg fráleitt að reyna að byggja upp eitthvert slíkt kerfi að menn úr öðrum flokkum geti ráðið því, hverjir eigi að vera talsmenn einhvers flokks, eins og sá prófkjörafaraldur, sem nú gengur yfir, stefnir því miður augljóslega að. Á fyrsta spretti er þetta þannig, að það eru ekki nema örfáir sem eru svo framtakssamir að þeir þjóta úr öðrum flokkum og taka þátt í prófkjöri einhvers flokks, en í næstu umferð rjúka allir af stað og velja sér andstæðinga eftir vild. Og það er að mínum dómi ekki lýðræði. Þó að mönnum þyki gaman að því að stunda margar kosningar á hverju ári, þá held ég það leysi ekkert.

Ég endurtek svo það, að ef þetta frv. fer til n. getur það verið grundvöllur til umræðu um málið, en ég aðhyllist ekki stefnu frv.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Fimmtudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Uppsafnaður söluskattur, fsp. (þskj. 26). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Fjmrh. kom að svari sínu í fjárlagaræðu sinni fyrir nokkrum dögum. En ég lít ekki á það sem neitt endanlegt svar við fsp. minni og mun flytja mál mitt eins og hann hafi ekki tekið það mál til umr. við það tækifæri.

Við störf min sem formaður Iðnkynningar í Reykjavík að undanförnu fékk ég gott tækifæri til þess að kynnast viðhorfum iðnaðarmanna, iðnrekenda og iðnverkafólks til hinna ýmsu mála sem iðnaðinn varða. Eitt þeirra mála, sem útflutningsiðnaðurinn telur sig una illa, er sá dráttur sem orðið hefur á endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts á útfluttum iðnaðarvörum fyrir árin 1975, 1976 og 1977. Þess vegna bar ég fram þá fsp. til hæstv. fjmrh. sem nú er á dagskrá, á þskj. 26, svo hljóðandi:

„Hvað líður endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af útfluttum iðnaðarvörum fyrir árin 1975, 1976 og 1977?“

Ég tel rétt að fylgja fsp. úr hlaði með nokkrum orðum til skýringar fyrir hv. þm.

Á árinu 1973 gerði iðnþróunarnefnd sérstaka könnun á vandamálum útflutningsiðnaðar. Í till. með grg., sem þeir sendu iðnrh. um þetta mál, var m. a. bent á endurgreiðslu söluskatts og tolla. Niðurstaða þessa máls varð sú að endurgreiða fyrir árið 1973 2.5% af útflutningsverðmæti útfluttra iðnaðarvara og var þar um að ræða endurgreiðslu á söluskatti og tolli af þessum framleiðsluvörum. Var endurgreiðslum þessum fram haldið til 1. sept. árið 1974, en hætt þá um tveimur mánuðum eftir að ný ríkisstj. hafði tekið við völdum og boðað gengisfellingu sem varð um þetta leyti. Síðar var útflytjendum almennra iðnaðarvara tjáð að ríkissjóður sé reiðubúinn að greiða 2.5% af andvirði útfluttra iðnaðarvara fyrir þá fjóra mánuði ársins 1974 sem eftir höfðu verið skildir áður. Nokkru áður hafði þó ríkissjóður innt þessar greiðslur af hendi vegna lagmetisiðnaðar. Þarna virðist ríkissjóður m. ö. o. hafa fallið frá viðbárum um ranga gengisskráningu.

Í maímánuði 1975 sendi fjmrn. frá sér skýrslu er nefndist: Greinargerð um virðisaukaskatt. Þar fjallar sérstakur kafli um uppsöfnunaráhrif söluskatts, á bls. 21—23. Þar er bent á að söluskattur sé ekki hlutlaus, heldur leggist á ýmis mikilvæg aðföng fyrirtækja, svo sem orku, orkugjafa og viðhaldsþjónustu, auk þess sem hann sé innheimtur af flestum fjárfestingarvörum. Þar segir enn fremur: „Af þessum ástæðum felur núgildandi söluskattskerfi í sér uppsöfn-

un skatts sem valdið getur m. a. ófyrirsjáanlegri mismunun í samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina."

Skýrsluhöfundar munu hafa snúið sér til Þjóðhagsstofnunar og beðið hana um að mæla áhrifin, og eru niðurstöður þessarar athugunar birtar á bls. 22 í skýrslunni. Þar segir um hlutföll uppsafnaðs söluskatts af heildarrekstrargjöldum, að beinn söluskattur af útflutningsiðnaði sé um 2%, óbeinn skattur 1½%, en samtals eru þetta 3.5%. Höfundar skýrslunnar útskýra síðan muninn á beinum og óbeinum söluskatti, en komust að lokum að þeirri niðurstöðu, að útreikningarnir sýni fremur vanmat á uppsöfnunaráhrifum en ofmat.

Í febrúar 1977 kom út skýrsla Þjóðhagsstofnunar sem ber heitið: Hagur iðnaðar. Einnig þar er fjallað um uppsafnaðan söluskatt, en þar segir orðrétt á bls. 51, með leyfi forseta:

„Þótt þannig megi álykta, að þegar á heildina sé litið hafi áhrifa tollalækkana ekki séð greinilega stað í lakari afkomu iðnaðarins á þessu tímabili, verður að hafa í huga að lækkuninni var í upphafi mætt með hækkun söluskatts úr 7.5% í 11%. Síðan hefur söluskattsálagningin þyngst verulega, úr 11% í 20%. Söluskatturinn er ekki lagður á hráefni, en hefur hins vegar yfirleitt verið greiddur af vélum og tækjum svo og ýmsum aðföngum til iðnaðarframleiðslu. Þótt söluskattur hafi nú verið felldur niður af iðnvélum og hlutum í þær er enn um nokkra uppsöfnun að ræða í iðnrekstri. Samkv. lauslegum áætlunum má meta þessa uppsöfnun nærri 2½% af framleiðsluverðmæti iðnaðar við skilyrði í árslok 1977. Þessi áhrif eru nokkuð misjöfn milli iðngreina."

Síðar í skýrslunni, á bls. 52, eru raktar ástæður fyrir mismunandi niðurstöðum 1975 og 1977, og svo segir á bls. 55, með leyfi forseta:

„Sú hækkun óbeinna skatta, annarra en tolla, sem orðið hefur á undanförnum árum, hefur vegna uppsöfnunar þessara gjalda í framleiðslukostnaði iðnaðar valdið nokkurri verndarröskun án þess að til væri ætlast. Með heimildum í nýjum tollskrárlögum og fjárlögum mætti án efa ráða nokkra bót á þessu, en til frambúðar væri almenn óbein skattheimta með virðisaukasniði eða víðtækum endurgreiðsluheimildum vegna skatta af aðföngum líklega rétta lausnin."

Þetta ætti að gefa fulla vísbendingu á skoðun Þjóðhagsstofnunar um þetta mál, eins og hún kemur fram um hag iðnaðarins.

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar hefur birt eftir sig grein í Fjármálatíðindum, 2. maí 1977, en þar kemur hann inn á sama mál og segir m. a. á bls. 141, með leyfi hæstv. forseta:

„Hækkun óbeinna skatta, annarra en tolla, hefur aftur á móti ótvírætt valdið nokkurri verndarröskun, án þess að til væri ætlast, vegna uppsöfnunar þessara gjalda í framleiðslukostnaði iðnaðar. Með heimildum í nýjum tollskrárlögum og fjárlögum mætti án efa ráða hér nokkra bót á, en til frambúðar væri almennt óbein skattheimta með virðisaukasniði eða víðtækum endurgreiðsluheimildum vegna skatta af aðföngum líklega rétta lausnin."

Og í niðurstöðum greinar sinnar á bls. 146 heldur forstjóri Þjóðhagsstofnunar áfram:

„Er ástæða til að benda á að hækkandi söluskattur og sérstakt vörugjald fela í sér óhagræði fyrir innlenda framleiðendur sem ráða þarf bót á. Einhvers konar virðisaukaskattur eða víðtækt kerfisbundið endurgreiðslukerfi með söluskatti á aðföngum virðist rétta frambúðarlausnin á þessu máli."

Það fer því ekki á milli mála hvaða skoðun Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar hefur á þessum málum.

Heildarútflutningur iðnaðarvara án áls nam sem hér segir: Árið 1975 3474.2 millj. og 3.5% af því eru 121.6 millj. kr., 1976 5181 millj. rúm og 3.5% af því eru 181.4 millj. Nú segir hæstv. fjmrh. að 1977 muni það verða 235 millj., ef ég man rétt. Miðað við þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir, gerir því útflutningsiðnaðurinn kröfu til endurgreiðslu sem nemur fyrir árin 1975 og 1976 303 millj. kr. + þær 235 millj. kr., sem fjmrh. gat um í ræðu sinni að væri upphæðin fyrir 1977.

Félag ísl. iðnrekenda hefur í nokkur ár farið fram á það við ríkisstj., að hér á landi yrði tekinn upp virðisaukaskattur, eins og þegar hefur verið gert í öllum samkeppnislöndum okkar, eða annað skattform sem tryggi sambærilega neysluskattstöku. Hefur verið fjallað um þetta hjá ríkisstj., bæði núv. og fyrrv., en afstaðan er engin enn. Þá er upplýst í málinu að taka mun a. m. k. tvö ár frá ákvörðun um upptöku virðisaukaskatts að koma honum á, þar sem gert er ráð fyrir að þjálfa þurfi starfsmenn í ríkiskerfinu o. s. frv. áður en af því geti orðið. Iðnrekendur líta það mjög alvarlegum augum að sitja uppi með þá uppsöfnun, sem núverandi söluskattskerfi skapar, fram yfir þann tíma sem aðlögunartíminn nær, og hafa því til viðbótar við kröfuna um upptöku virðisaukaskatts krafist þess, að tekið yrði upp víðtækt endurgreiðslukerfi eða svokallað jöfnunargjald, þar til virðisaukaskatturinn hafi komið til framkvæmda. Umfram allt þarf að koma þessu máli í fast form þannig að verið sé að greiða og endurgreiða í svipuðum krónum. Og ég vona að svar hæstv. fjmrh. verði á þá leið að allir, sem hlut eiga að máli, geti vel við unað. — Ég bið hæstv. forseta afsökunar á að ég hef tekið þetta langan tíma.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í fjárlagaræðu minni gerði ég nokkra grein fyrir þeirri ákvörðun ríkisstj., sem áður hafði fram komið í ræðu hæstv. forsrh., að upp yrði tekin staðgreiðsla skatta hinn 1. jan. 1979 og í kjölfarið yrði tekinn upp virðisaukaskattur í stað söluskatts eins og hann er í dag. Ég gerði enn fremur grein fyrir kostum og göllum virðisaukaskattsins og vék sérstaklega að þeim göllum, sem iðnaðurinn telur að þar sé um að ræða. Ég gat þess í þeirri ræðu að uppsafnaður söluskattur, sem endurgreiddist þar sem virðisaukaskatturinn væri, hefði á árinu 1974 verið endurgreiddur útflutningsiðnaðinum, öðrum en fiskiðnaði, og grundvallaðist það á því að útflutningsiðnaðurinn, þ. e. a. s. samkeppnisiðnaðurinn, hefði búið við mjög óhagstæða gengisskráningu svo til allt það ár. Upprunalega var ákvarðað að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til ágústloka 1974, en þeirri ákvörðun var breytt og

uppsafnaður söluskattur endurgreiddur út árið 1974. En gengisbreyting var aftur gerð á árinu 1975, í upphafi þess árs, og þá gengisskráningin orðin með þeim hætti að ástæða var ekki talin til endurgreiðslu á þeim uppsafnaða söluskatti sem um hafði verið rætt.

Á þessu ári hefur fjmrn. beitt sér fyrir því, að Þjóðhagsstofnun mæti uppsöfnun söluskatts að nýju miðað við forsendur ársins 1977. Þá kom í ljós að uppsafnaður söluskattur er að meðaltali 3.6% af heildarrekstrargjöldum útflutningsiðngreina, þá er fiskiðnaðurinn ekki meðtalinn. Hlutfallið er nokkuð mismunandi fyrir hinar ýmsu greinar, og gerði ég í fjárlagaræðu minni grein fyrir þeim mismun. En uppsafnaður söluskattur í þessum greinum nemur á árinu 1977 að dómi Þjóðhagsstofnunar 235 millj. kr. eftir vísbendingum sem fyrir lágu um afkomu þessara útflutningsgreina 1977. Af þeim sökum ákvað ríkisstj. að endurgreiða á árinu 1978 áætlaðan uppsafnaðan söluskatt af útflutningsvörum samkeppnisiðnaðarins vegna EFTA-aðildar á árinu 1977 og er söluskattsáætlun 1978 við það miðuð.

Afkoma þessara atvinnugreina ræðst mjög á hverjum tíma af gengisskráningu og almennum aðstæðum í efnahagsmálum. Því er ekki unnt að segja á þessu stigi hvort ráðlegt sé að halda greiðslum af þessu tagi áfram. Á það var bent, að áform eru um að taka upp virðisaukaskatt sem frambúðarlausn í þessum efnum.

Svar mitt er því að ríkisstj. hefur ákveðið að endurgreiða á árinu 1978 áætlaðan uppsafnaðan söluskatt á útflutningsvörum samkeppnisiðnaðarins vegna EFTA-aðildar á árinu 1977, en það er ekki gert ráð fyrir að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt 1975 og 1976.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Það skorti dálítið á það að hv. fyrirspyrjandi og hæstv. ráðh. gerðu grein fyrir orsökum þessa máls.

Það var svo í tíð fyrrv. ríkisstj. að í árslok 1972 blöstu við líkur á efnahagsvandkvæðum, og það leiddi til þess að fulltrúar stjórnmálaflokkssins Samtaka frjálslyndra og vinstri manna báru fram þá till. í ríkisstj. að gengið yrði fellt af þessum sökum. Það var vitað að þessi hugmynd var runnin undan rifjum forustumanna í þessum samtökum, sem aldrei höfðu viljað taka þátt í fyrrv. ríkisstj. og vildu hana feiga, eins og síðar kom greinilega í ljós. Þeir ætluðust til að við ráðh. Alþb. tækjum þetta svo óstinnt upp að við slitum stjórnarsamvinnunni. Við lýstum andstöðu við þessa ráðstöfun, gengislækkunina, í árslok 1972, en við vildum ekki slíta stjórnarsamvinnunni því að við töldum hana miklu mikilvægari en það mál.

Það kom í ljós næstu mánuði á eftir, að þessi ráðstöfun hafði verið ekki aðeins óþörf, heldur algerlega röng. Verðlag á íslenskum útflutningsvörum fór hækkandi, og það kom í ljós snemma á árinu 1973 að forsendur voru fyrir sjávarútveginn til þess að hækka gengið. Það er kannske ástæða til þess að rifja það upp hér á hinu háa Alþ. að gengið var hækkað snemma árs 1973. Það er í eina skiptið sem það hefur gerst síðan núverandi verðbólguþróun hófst á árum síðustu heimsstyrjaldar. En það varð ljóst þá að þetta kæmi útflutningsiðnaðinum í vanda því að hann hafði ekki notið sömu verðhækkana á erlendum mörkuðum og afurðir sjávarútvegsins. Því var farið í það að tryggja útflutningsiðnaðinum jafnrétti.

Iðnaðurinn á Íslandi býr við það kerfi að þurfa að greiða meiri söluskatt en aðrir. Hann verður að greiða söluskatt af mörgum aðföngum sínum og auk þess söluskatt af heildarupphæðinni að lokum, þannig að þarna verður um hærri upphæð að ræða en í annarri framleiðslu. Þetta takmarkar að sjálfsögðu mjög getu iðnaðarins til útflutnings. Ég man eftir því, að þáv. hæstv. fjmrh. átti dálítið erfitt með að átta sig á þessu á þeim tíma og taldi sig verða að halda í þá upphæð sem þarna var um að ræða, en eftir nokkrar umr. tókst að sannfæra hann um að það væri hagur fyrir ríkissjóð að sleppa þessari aukaskattheimtu ef það yrði til þess að auka útflutning á iðnaðarvörum og auka þannig gjaldeyristekjurnar sem gæfu ríkissjóði allmiklu meiri tekjur en þessi aukasöluskattur sem iðnaðurinn varð að borga af útflutningsvörum sínum. Því var farið í það að endurgreiða upphæð sem var talin jafngilda þessari aukagreiðslu útflutningsiðnaðarins af iðnaðarframleiðslu. Þessi upphæð nam árið 1973, ef ég man rétt, um 37 millj. kr. og á árinu 1974 um 50 millj. En það var raunar hægt, eins og fram kom áðan, að endurgreiða þennan aukasöluskatt 1. sept., eftir að ný ríkisstj. hafði verið mynduð, því að hæstv. núv. iðnrh. hefur haft það sem fasta mælistiku að haga öllum málum helst eitthvað öðruvísi en fyrirrennari hans. Það tókst að knýja fram endurgreiðslu fjóra mánuði fyrir árið 1974, en síðan hefur þessi baggi legið á íslenskum útflutningsiðnaði: það er innheimtur af honum meiri söluskattur en af öðrum, og þetta takmarkar að iðnaðurinn geti tryggt sér markaði erlendis.

Ég tel þetta vera mikið alvörumál. Þarna er um að ræða, eins og fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda, yfir 500 millj. kr. árunum 1975—1977, og það er upphæð sem munar um þegar iðnaðurinn er að reyna að brjótast inn á markaði erlendis. Þetta er iðngrein sem allir alþm. þykjast hafa áhuga á. En ef þannig er búið að henni að torvelda að hún geti framleitt til útflutnings, þá er verið að tefja óhjákvæmilega og eðlilega þróun hér á Íslandi.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós þá skoðun að hæstv. ríkisstj. hafi farið mjög óheppilega og óhyggilega að ráði sínu í þýðingarmiklu máli við meðferð endurgreiðslunnar á uppsöfnuðum söluskatti útflutningsiðnaðarins. Það liggur fyrir að þessum vaxtarbroddi í atvinnulífi landsins er bráðnauðsynlegt að fá jafnaða samkeppnisaðstöðu við erlenda samkeppnisaðila. Það liggur fyrir að ein greiðasta og fljótvirkasta leiðin til þess er að létta af útflutningsiðnaðinum þessum uppsafnaða söluskatti. Það liggur fyrir og er viðurkennt af öllum að heppilegast sé að virðisaukaskattur komi til framkvæmda. En meðan það er ekki gert er þetta sú leið sem allir eru sammála um,

að heppilegust sé, og þegar hún hefur komið til framkvæmda, að hlaupa frá henni allt í einu, um leið og ný ríkisstj. kemur til valda, er að mínum dómi bæði óheppilegt og óhyggilegt. Annaðhvort er þetta réttlætismál eða ekki, og það er út í hött að tala um að það gildi einu fyrir útflutningsiðnaðinn að fá gengið skráð öðruvísi vegna þessa. Það er algerlega röng leið. Gengið á að skrá almennt. Hefði verið haldið áfram að endurgreiða hinn uppsafnaða söluskatt, þá hefði gengislækkunin getað orðið þeim mun minni.

Herra forseti. Ég þarf næstum að biðja um tvöfaldan ræðutíma, því að ég tel mig þurfa að bera af mér sakir. Ég vísa gersamlega á bug af minni hálfu þeirri fullyrðingu hv. 3. þm. Reykv., að till. um mjög hóflega gengisbreytingu í árslok 1972 hafi verið tilræði við þáv. ríkisstj. (Gripið fram í.) Þvert á móti var sú tillaga gerð að ráði allra sérfræðinga sem nálægt málinu komu. Það sýndi sig líka að þessi breyting, sem fyrst og fremst var í því falin að hverfa frá hinni rígbundnu gengisskráningu til færanlegrar gengisskráningar, var rétt ráðin, því að hún gerði fært að hækka gengið skömmu síðar, þegar skilyrði höfðu breyst, og nú dettur engum lifandi manni í hug að hverfa aftur til þess bundna fyrirkomulags sem áður ríkti.

Fyrirspyrjandi (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans þó að það valdi mér miklum vonbrigðum. Ég ætla ekki að ræða hér kosti eða galla virðisaukaskattsins sem hann gerði að umræðuefni, en halda mig við fsp. um uppsafnaðan söluskatt af útflutningsiðnaði og vísa aftur til þeirrar greinar, sem ég vitnaði í, eftir forstjóra Þjóðhagsstofnunarinnar, Jón Sigurðsson. Ég vona að niðurstaða hans nú, eftir að ríkisstj. hefur beðið um nýtt álit, verði í samræmi við það sem hann hefur þegar skrifað í Fjármálatíðindi, 2. maí 1977, svo að það er ekki gamalt.

Ríkisstj. hefur ákveðið að endurgreiða á árinu 1978 uppsafnaðan söluskatt fyrir árið 1977. Ég vissi ekki fyrir þessar umr. að ríkisstj. hefði tekið nokkrar ákvarðanir um endurgreiðslu eða ekki endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti fyrir 1975 og 1976, en ég heyrði það á máli hæstv. ráðh. núna að ríkisstj. virðist hafa tekið neikvæða afstöðu til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti þeirra ára.

Ráðh. sagði að gengisbreytingin 1975 hefði bætt hlut útflutningsiðnaðarins og þess vegna þyrfti ekki að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt fyrir árin 1975—1976. En greiðsla á uppsöfnuðum söluskatti eða skil á honum til réttra aðila á ekki að fara eftir sveiflum í rekstri atvinnugreina frá einu ári til annars. Slíkt er hrein firra. Ég álít að söluskattsskil ríkissjóðs til atvinnuveganna eigi að lúta sömu reglum og söluskattsskil almennt til ríkissjóðs. Spursmálið er hvort ríkissjóður á ekki að greiða vanskilavexti til útflutningsiðnaðarins vegna þess dráttar sem hefur orðið á þessum skilum. Ef staða ríkissjóðs batnar eitt árið tel ég ekki fært að söluskattsskyldir aðilar svari innheimtumönnum ríkisins á þá lund, að nú ári betur hjá ríkissjóði og því muni þeir ekki skila þeim peningum sem þeir hafa innheimt fyrir ríkissjóð, heldur halda þeim fyrir sjálfa sig. Ég álít að hér sé rangt að farið. Ef innheimtumenn ríkissjóðs störfuðu í sama anda og ríkissjóður gerir, þá mundu þeir náttúrlega taka ríkisstj. sér til fyrirmyndar.

Haldi ríkissjóður eftir greiðslum fyrir árin 1975 og 1976 álít ég að það sé gert í skjóli þess að þeir aðilar, sem greiðslu eiga að fá, séu hlunnfarnir í skjóli vanmáttar gegn ríkisbáknínu, í þessu tilfelli ríkissjóði — kannske ekki ríkissjóði einum, heldur ríkisstj. allri, þar sem hún virðist nú hafa tekið ákvörðun um að greiða ekki hinn uppsafnaða söluskatt áranna 1975 og 1976 sem samtals er um 303 millj. kr. og hækkar verulega ef dráttarvöxtum samkv. þeim lögum, sem aðrir verða að lúta, er bætt við. Lög og reglugerðir hljóta að vera þau sömu fyrir kerfið, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki.

Vonandi tekur ríkisstj. fljótlega nýja ákvörðun um að standa við skuldbindingar sínar hvað árin 1975 og 1976 snertir, eins og hún hefur nú ákveðið að gera fyrir árið 1977, þótt uppgjör dragist fram á næsta ár. Annað er í mínum huga óhugsandi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir orð síðasta ræðumanns. Ég er því algjörlega sammála sem hann sagði. Ég sé ekki nein frambærileg rök fyrir því, að söluskatturinn verði ekki endurgreiddur fyrir árin 1975 og 1976, og ég vænti þess vegna að hæstv. ríkisstj. endurskoði þessa afstöðu sína. Ég þykist sjá að fyrirspurn hv. flm. hafi haft góð áhrif að því leyti, að hér eru komin jákvæð svör við því að söluskattur verði endurgreiddur fyrir árið 1977. Ég vænti þess, að við nánari athugun þessa máls fáist söluskatturinn frá árunum 1976 og 1975 einnig endurgreiddur því að fyrir því eru fullkomlega gild rök.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að láta í ljós fylgi mitt við þá skoðun sem hv. fyrirspyrjandi hefur lýst hér. Ég fæ ekki séð rök fyrir því að endurgreiða ekki söluskatt 1975 og 1976. Því hefur verið borið við, að gengisskráning hafi verið leiðrétt á þeim árum og því sé ekki til þess nauðsyn eða grundvöllur. En uppsafnaður söluskattur er fyrst og fremst til umræðu til samanburðar við annað skattaform sem gildir í samkeppnislöndum, þar sem virðisaukaskattur er og slíkur uppsafnaður söluskattur myndast ekki. Á meðan við búum ekki við virðisaukaskatt sýnist mér að endurgreiða eigi söluskatt og með því móti einu sé staðið við þau loforð sem íslenskum iðnaði voru gefin. Ég vil því taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það er von mín að ríkisstj. endurskoði þessa afstöðu sína.

Verðlag, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrir nokkrum vikum var frá því skýrt í dagblöðum, að sú venja tíðkaðist hjá allmörgum íslenskum skipafélögum að veita afslætti af

farmgjöldum eftir á, þannig að afslættirnir væru reiknaðir af ársviðskiptum og veittir í einu lagi. Um þetta urðu nokkur skrif og kom fram í viðtölum við embættismenn a. m. k. tveggja skipafélaga, að þeir játuðu þessu, sögðu, að talið væri sjálfsagt að veita slíkan afslátt, og töldu ekkert óeðlilegt við það. Þá var einnig fullyrt að þessi afsláttur næmi mjög oft 5%, sérstaklega þegar um mikið magn er að ræða, en gæti í tilvikum verið mun hærri.

Nú er það alkunna, að margvísleg opinber gjöld, raunar flestöll innflutningsgjöld, eru reiknuð ofan á farmgjald vörunnar eftir að hún er komin hingað til lands, og ennfremur, að álagning er reiknuð ofan á allt þetta. Verður því ljóst að bæði opinber gjöld og álagning á vörum hljóta að hafa verið reiknuð af of háum grunni í allstórum stíl ef þessar frásagnir eiga við rök að styðjast. Hér hefur því bæði ríkið tekið meira fé af vöruinnflutningi en efni standa til og eins hafa neytendur orðið að greiða mun hærra verð en efni standa til, vegna þess að ekki er reiknað af hinu rétta farmgjaldi sem er að sjálfsögðu ekki hægt að kalla svo nema tekið sé tillit til þeirra afslátta sem veittir eru, þó að þeir komi ekki fyrr en eftir árið. Ástandið í verðlagsmálum hér er nógu slæmt, með sífelldum hækkunum þannig að neytendur hafa ekki við að fylgjast með, hvað þá að borga nauðsynlegustu vörur sem þeir kaupa, þó að ekki séu slík brögð í tafli, ef rétt er að þetta kerfi, að veita afslætti af farmgjöldum eftir á, sé notað á þennan hátt. Ég tel því ríka ástæðu til að óska eftir upplýsingum hæstv. viðskrh. um þetta efni og hef því leyft mér að leggja fyrir hann fsp. í þremur liðum sem eru á þessa lund:

„1. Hafa verðlagsyfirvöld kannað, hvort skipafélög veita innflytjendum afslátt af farmgjöldum eftir á?

2. Ef svo er, hefur vöruverð ekki verið of hátt, þar sem ekki hefur verið tekið tillit til afsláttarins við verðlagningu?

3. Hvað hyggjast verðlagsyfirvöld gera til að koma í veg fyrir of háa verðlagningu af þessum sökum í framtíðinni?“

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. Benedikts Gröndals óskaði ég eftir því, að verðlagsstjóri gæfi umbeðnar upplýsingar, og fara svör hans hér á eftir.

Fyrst er spurt: „Hafa verðlagsyfirvöld kannað, hvort skipafélög veita innflytjendum afslátt af farmgjöldum eftir á?“

Þessu er svarað svo: Verðlagsyfirvöldum hefur verið kunnugt um að skipafélög veita innflytjendum afslátt af farmgjöldum og að hann er oft veittur eftir á.

Í öðru lagi er spurt: „Ef svo er, hefur ekki vöruverð verið of hátt, þar sem ekki hefur verið tekið tillit til afsláttarins við verðlagningu?“

Svarið við þessu er á þessa lund: Við ákvörðun álagningar á innfluttum vörum taka verðlagsyfirvöld m. a. mið af afkomu innflutningsfyrirtækja, og hafi fyrirtækin fært afslátt til tekna af farmgjöldum eða öðru er tekið tillit til þess við endurskoðun á álagningarreglum. Almennt tíðkast það nú að skipafélögin veiti innflytjendum 5% afslátt af farmgjöldum. Afsláttur þessi var fyrst tekinn upp fyrir nokkrum áratugum vegna harðrar samkeppni við erlend skipafélög. Þegar hins vegar hagur íslenskra skipafélaga versnaði mjög um 1960 var þessi afsláttur lagður niður, en tekinn upp að nýju árin 1962 og 1963 og hefur tíðkast síðan. Það má því til sanns vegar færa að það ár, sem afslátturinn var tekinn upp að nýju, eða næsta ár á eftir hafi verðlag verið of hátt. En strax við næstu endurskoðun á álagningarreglum var tekið tillit til hans og hefur það verið gert síðan.

Af þessu svari við 2. lið fsp. leiðir, að svar við 3. lið verður á þá lund, að verðlagsyfirvöld sjái ekki sérstaka ástæðu til aðgerða vegna þessa, þar sem talið er að tekið hafi verið tillit til afsláttarins þegar álagningarreglur voru ákveðnar.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir skýr og greinileg svör. Ég vil í fyrsta lagi láta í ljós ánægju yfir því, að verðlagsyfirvöldum skuli vera kunnugt um þetta kerfi. Mikið er við það unnið að vitneskja er þó fyrir hendi. Enn fremur er gott að heyra fullyrðingu þeirra um að tekið sé tillit til þessa við ákvörðun á álagningarreglum. Hins vegar er viðurkennt í svarinu að á tilteknu tímabili hafi verðlag af þessum ástæðum verið of hátt, en síðan tekið með við endurskoðun. Ég verð að segja að kerfi þetta, eins og það kemur í ljós, virðist vera nokkuð laust í reipunum og duttlungakennt og varla við því að búast að verðlagsyfirvöld viti ávallt nákvæmlega um þessa afslætti, t. d. þegar um sérstaka afslætti er að ræða sem oft geta verið miklu hærri en þau 5% sem talin eru algengust. Ég tel ríka ástæðu til að benda á þetta atriði og vill vænta þess, að verðlagsyfirvöld láti einskis ófreistað til að hindra að þessi aðferð verði notuð til þess að fá fram of hátt verðlag á varningi í landinu.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson). Herra forseti. Ég held að það sé ofmælt hjá hv. fyrirspyrjanda að álagningarkerfið sé eitthvað handahófskennt eða duttlungafullt. (Gripið fram í.) Að þessu leyti, vill hann segja. En ég vil segja það, að það hefur og er fylgt mjög föstum reglum, sjálfsagt að mörgum finnst of föstum reglum, við verðlagningu og við álagningu þar sem um prósentuálagingu er að tefla. Ég vil vekja athygli á því, að álagning að hundraðstölu til er nú og hefur verið um 2½ árs skeið mun lægri en hún var í mars 1974. Sú regla hefur gilt, að þegar gengislækkanir hafa verið framkvæmdar hefur verið beitt svokallaðri 30% reglu sem hefur haft það í för með sér að við gengislækkun hefur álagning lækkað. Það var gert árið 1972 þegar gengið var lækkað, eins og minnst var á áðan, að vísu ekki stórfelldlega, en þó nokkuð. Þá var þessi regla notuð og það stóð svo þangað til eftir kjarasamningana 1974, þá var ákveðin ný álagning í mars 1974. En bæði við gengislækkunina 1974 og gengislækkunina 1975 var 30% reglunni breytt og álagningin lækkuð. Álagningin prósentvís hefur síðan staðið óbreytt um 2½ árs skeið að öllu verulegu, nema að því er einstakar vörutegundir snertir. Ég vil taka það skýrt fram til þess að fyrirbyggja þann misskilning, að álagning hafi verið hækkuð

á þessu tímabili. Hún hefur þvert á móti verið lækkuð. Og ég hef sagt það, að ég gæti afskaplega vel skilið að verslunarstéttinni væri betur við minn ágæta vin, fyrrv. viðskrh., Lúðvík Jósepsson, hv. þm., heldur en mig. Sannleikurinn er sá, að það hefur verið kreppt að versluninni mjög með þessum álagningarreglum og óvíst hvað hægt er að halda því lengi áfram.

Þetta, sem ég hef hér sagt, á við um hinn almenna verðlagningargeira sem heyrir undir verðlagsnefnd. En út af því sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði, að það gæti verið að þessi afsláttur væri misjafn og þyrfti að athuga það nánar, þá vil ég segja að það er réttmæt aths. hjá honum að mínu mati, að það væri eðlilegt og er í rauninni sjálfsagt að skylda skipafélögin til að senda lista yfir þá veittu afslætti sem þau gefa. Og ég tek undir það með honum, að það verður að hafa sem mest eftirlit með þessu þannig að það sé fullvíst, hvað það er sem þarna er um að tefla.

Íslenskir aðalverktakar, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Á þskj. 53 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. utanrrh.:

„1. Hverjir eru eignaraðilar Íslenskra aðalverktaka?

2. Hver varð heildarvelta Íslenskra aðalverktaka s. l. tvö ár, hvort árið um sig?

3. Hver hafa verið aðalverkefni Íslenskra aðalverktaka s. l. tvö ár?

4. Hversu margir eru starfsmenn fyrirtækisins?

5. Hversu háum upphæðum hafa launagreiðslur fyrirtækisins numið síðustu tvö árin?

6. Hver varð hagnaður Íslenskra aðalverktaka árin 1975 og 1976?

7. Hafa Íslenskir aðalverktakar samið s. l. þrjú ár um verk á Keflavíkurflugvelli í erlendum gjaldeyri? Sé svo, hvað hefur félagið hagnast á gengisbreytingum?

8. Njóta Íslenskir aðalverktakar hlunninda í sambandi við innflutningsgjöld af vinnuvélum?“

Hér er um upplýsingaatriði að ræða, sem skýra sig öll sjálf, og þarf ég því ekki að hafa neina grg. með þessum fsp. Ég vænti þess að hæstv. utanrrh. sjái sér fært að veita þessar upplýsingar.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Svör við fsp. á þskj. 53, tölul. 2:

1. Eignaraðilar Íslenskra aðalverktaka sf. eru Sameinaðir verktakar hf. 50%, Reginn hf. 25% og Ríkissjóður Íslands 25%. — Félagið Íslenskir aðalverktakar sf. var stofnað árið 1954 fyrir tilstuðlan þáv. ríkisstj. í þeim tilgangi að það tæki að sér framkvæmdir fyrir varnarliðið í stað þeirra erlendu verktaka sem þá störfuðu hér. Sameinaðir verktakar hf. og Reginn hf. höfðu þá stafað sem undirverktakar við þessar framkvæmdir hjá hinum erlendu verktökum um nokkurt skeið.

2. Heildarvelta Íslenskra aðalverktaka sf. árið 1975 var 1 359 024 583 kr. og árið 1976 2 429 145 786 kr.

3. Aðalverkefni Íslenskra aðalverktaka sf. s. l. tvö ár hafa verið: Malbikun flugbrauta, uppsetning öryggisbúnaðar flugbrauta, endurbygging á þaki aðalflugskýlis, verkstæðisbyggingar, íbúðarhúsabyggingar, lagning dreifikerfis fyrir lokað sjónvarp o. fl.

4. Starfsmenn félagsins eru nú 526, en voru rúmlega 600 s. l. sumar.

5. Launagreiðslur fyrirtækisins vegna verkframkvæmda fyrir árið 1975 voru samtals 553 462 599 kr. og árið 1976 1 159 288 679 kr.

6. Rekstrarhagnaður félagsins árið 1975 var 23 906 167 kr. og árið 1976 142 537 046 kr.

7. Allir verksamningar Íslenskra aðalverktaka sf. eru í bandaríkjadollurum. Í samningum þeirra er ákvæði um endurskoðun samningsupphæðar á þriggja mánaða fresti ef gengi hefur breyst um 1% eða meira til hækkunar eða lækkunar á því tímabili. Ef gengisbreyting nemur 10% eða meira í einu skal samningsupphæð endurskoðuð miðað við þann dag sem slík breyting á sér stað. Félagið hagnast því ekki á gengisbreytingum.

8. Íslenskir aðalverktakar sf. greiða ekki aðflutningsgjöld af vinnuvélum sem notaðar eru við varnarliðsframkvæmdir. Sala varnarliðseigna tekur við og sér um sölu á öllum vinnuvélum og tækjum sem hætt er að nota.

Ég vona að fsp. sé þar með svarað.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. greið og glögg svör. Það var aðeins einn liður sem mér sýndist vera heldur óljós, en það er í sambandi við gengishagnað, því nú á dögum fer gengislækkun fram á þann sígandi hátt sem menn þekkja. Gengið er alltaf að síga og sveiflast því ekki um 10% í einu, svo að það kallar ekki á þá endurskoðun sem gert er ráð fyrir. Þarna getur því orðið um alldrjúgan gengishagnað að ræða þrátt fyrir þetta atriði, og væri gott að fá nánari upplýsingar um það við tækifæri.

Starfsmannafjöldi banka o. fl., fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Fsp. mín til hæstv. viðskrh. er svo hljóðandi:

1. Hve margir starfsmenn vinna á vegum bankakerfisins og 10 stærstu sparisjóðanna? Hvað voru starfsmenn sömu aðila margir árið 1970?

2. Hverjar voru bókfærðar tekjur bankanna umfram gjöld 1976, þar með taldar tekjur af eigin fé?

3. Hve margir starfsmenn vinna á vegum olíufélaganna? Hvað voru þeir margir árið 1970?

4. Hve mörg fyrirtæki starfa nú að innflutningsverslun hér á landi og hve margir eru starfsmenn þeirra? Hvað hefur starfsmönnum þeirra fjölgað síðan árið 1970?“

Þessar spurningar eru líka allar skýrar og einfaldar og þarfnast ekki neinna skýringa af minni hálfu. Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. sjái sér fært að svara þeim.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og fsp. gefa tilefni til verður nokkuð mikið af tölum í þessu svari, en ég vænti að hv. þm. geti áttað sig á þeim.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hve margir starfsmenn vinna á vegum bankakerfisins og 10 stærstu sparisjóðanna? Hvað voru starfsmenn sömu aðila margir árið 1970?“

Svarið er: Eftir upplýsingum Seðlabankans hafa starfsmenn verið sem hér segir: Seðlabanki 1970 99, í okt. 1977 117. Viðskiptabankar við bankastörf árið 1970 991, í okt. 1977 1438. Við húsvörslu, bifreiðastjórn o. fl. árið 1970 36, í okt. 1977 56. 10 stærstu sparisjóðir árið 1970 60, í okt. 1977 110. Samtals gerir þetta 31. des. 1970 1186, en í okt. 1977 1721. Fjölgun starfsmanna frá 1970 er því 535 eða 45.1%.

Í ofangreindum tölum eru ekki taldir með starfsmenn fjárfestingarsjóða, eins og veðdeildar Landsbankans, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Iðnþróunarsjóðs. Þá skal tekið fram að fjöldi þeirra, sem vinna við bankastörf, er miðaður við starfsmenn í fullu starfi, þ. e. a. s. að tveir menn í hálfs dags starfi teljast sem einn starfsmaður. Það sama mun í aðalatriðum eiga við um tölu starfsfólks við húsvörslu o. fl. Tölurnar ná bæði til fastráðins og lausráðins starfsfólks. Ekki þótti ástæða til að tilgreina fjölda þeirra er vinna við mötuneyti og ræstingu hjá bönkunum enda er þar um að ræða störf sem unnin eru hluta úr degi og að miklu leyti skv. uppmælingu. Til viðbótar framangreindu ber að nefna að Reiknistofa bankanna tók til starfa í ársbyrjun 1974 og starfa þar nú 30 menn.

Í öðru lagi var spurt: „Hverjar voru bókfærðar tekjur bankanna umfram gjöld 1976, þar með taldar tekjur af eigin fé?“

Svar: Skv. ársreikningum viðskiptabankanna fyrir árið 1976 var tekjuafgangur þeirra samtals 686 millj. kr., og hafa vextir af eigin fé þá ekki verið reiknaðir til gjalda. Tekjuafgangur Seðlabankans 1976 nam samkvæmt upplýsingum frá Sveini Jónssyni aðstoðarbankastjóra, eftir afskriftir af gengistöpum og arðgreiðslu af stofnfé samkvæmt lögum, 158 millj. kr. sem sundurliðast þannig: Vextir af eigin sjóðum 123 millj. Til ráðstöfunar til eigin sjóða 35 millj.

Í þriðja lagi er spurt: „Hve margir starfsmenn vinna á vegum olíufélaganna? Hvað voru þeir margir 1970?“

Svar: Eftir upplýsingum olíufélaganna þriggja var meðalfjöldi þeirra 1976 757 og er þá miðað við slysatryggðar vinnuvikur. Árið 1970 var samsvarandi tala 666. Hefur því starfsmönnum olíufélaganna fjölgað frá 1970 til 1976 um 91 eða um 13.7%. Í ofangreindum tölum eru ekki sjálfstæðir umboðsmenn félaganna eða starfsmenn umboðsmanna sem vinna við olíudreifingu.

Í fjórða lagi er spurt: „Hve mörg fyrirtæki starfa nú að innflutningsverslun hér á landi og hve margir eru starfsmenn þeirra? Hvað hefur starfsmönnum þeirra fjölgað síðan 1970?“

Svar: Þær upplýsingar, sem hér fara á eftir, eru byggðar á skýrslu Þjóðhagsstofnunar um verslunina 1975 og skýrslu Hagstofu Íslands, en þær eru, eftir því sem næst verður komist, einu tiltæku upplýsingarnar í þessum efnum. Skýrslurnar ná hins vegar ekki lengra en til ársins 1975. Ef tekin er tala heildsölufyrirtækja í öðrum greinum verslunar en olíuvörum, byggingarvörum og bílum hefur fjöldi þeirra á öllu landinu 1975 verið 628. Af þeim eru fyrirtæki með starfsmannafjölda 5 menn eða færri — eða að 5 mannárum stendur hér — vorið 1975 524 eða 83.4% af heildartölu innflutningsfyrirtækjanna. Fyrirtæki með starfsmannafjölda 5—30 mannár voru 95 eða 15.1% af innflutningsfyrirtækjunum. Og fyrirtæki með 30 eða fleiri mannár voru 9 eða 1.4%. Sést af þessu að mjög mikið er um smá fyrirtæki í heildversluninni. Eftir sömu skýrslum hefur starfsmannafjöldi heildsölufyrirtækja í þessum flokki árið 1970 verið 1688 mannár, en 1975 2410 mannár, eða fjölgun um 722 mannár, sem er 42.8%.

Ég vísa að öðru leyti um upplýsingar til ofangreindrar skýrslu Þjóðhagsstofnunar og til Hagtíðinda og þá einkanlega marsheftis 1977 og aprílheftis 1972. En því miður reyndist ekki unnt að leggja í það vinnu að afla upplýsinga um hvernig þessi mál stæðu í dag.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. glögg og greinargóð svör sem ég tel alveg fullnægjandi. Ég skil vel að skýrslur hafa ekki legið nákvæmlega fyrir um árið 1976.

Um þessar tölur ætla ég ekki að ræða hér að þessu sinni, utan það að benda á að það virðist vera allgóð döngun í bankarekstri á Íslandi og rekstri innflutningsverslunar, því að það er engin smáræðisfjölgun á mannafla sem starfar í þessum greinum. Mættu menn hafa það í huga á sama tíma sem opinberar skýrslur sýna að fólki fækkar beinlínis frá ári til árs í ýmsum undirstöðuatvinnugreinum landsmanna.

Orkubú Vestfjarða, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er hafa verið samþ. hér á hinu háa Alþingi lög um Orkubú Vestfjarða. Þessi lög kveða á um nýskipan á skipulagsmálum orkumála í Vestfjarðakjördæmi, og sú tilraun, sem þar er gerð, hefur án efa mikil áhrif á frambúðarskipan þessara mála í öðrum landshlutum. Þess vegna er fylgst mjög vel með því, ekki aðeins á Vestfjörðum, heldur víðar á landinu, hvernig þessi tilraun tekst.

Nú í sumar var að tilhlutun iðnrn. og fyrir forgöngu þess hrafað mjög öllum undirbúningi að stofnun Orkubús Vestfjarða, hrafað meira en margar sveitarstjórnir á Vestfjörðum áttu von á, jafnvel meira en sumar sveitarstjórnir í kjördæminu voru fyllilega sáttar við. Hvað sem því líður, þá urðu málalyktir þær að nú í haust var gengið formlega frá stofnun Orkubúsins á fundi á Ísafirði þar sem heimamenn m. a. kusu stjórnarmenn sína í stjórn Orkubúsins. En síðan gerðist harla lítið. Hæstv. ráðh. skipuðu ekki fulltrúa sína í stjórn Orkubúsins. Vikum saman hefur stjórnin því verið óstarfhæf og gat því ekki tekist á við verkefni sín, sem m. a. voru á þá lund að semja við ýmis sveitarfélög sem gert höfðu fyrirvara þegar þau samþykktu að gerast stofnaðilar, m. a. vegna þess að ekki hafði

gefist tími til þess að svara ýmsum erindum þessara sveitarfélaga.

Ég lagði því fram á sínum tíma fsp. til hæstv. iðnrh. á þskj. 53 þess efnis:

„Hvað veldur því, að svo lengi hefur dregist að ráðh. skipi fulltrúa ríkisins í stjórn Orkubús Vestfjarða?“

Fljótlega eftir að þessi fsp. var lögð fram bar hins vegar svo við að fulltrúar ríkisvaldsins í þessa stjórn voru skipaðir, og fagna ég því að sjálfsögðu. Því er fyrirspurnin í sjálfu sér óþörf að öðru leyti en því, ef hæstv. ráðh. hefur sérstaka skýringu á hvernig stóð á að þetta dróst svo mjög.

Í annan stað vil ég vekja athygli á að á undanförnum missirum hefur verið mjög alvarlegt ástand í raforkumálum á Vestfjörðum. Í stuttum ræðutíma er ekki tími til að rekja það ástand, en það gerði ég mjög rækilega á Alþ. í fyrra þegar ég lagði fram og mælti fyrir till. um lagningu byggðalínu til Vestfjarða á tveim næstu árum. Þessi till. átti ríkan stuðning heimamanna og enn fremur hér á þingi ríkan stuðning þm. Vestfjarðakjördæmis. Till. var hins vegar ekki afgreidd þrátt fyrir það. Þegar undirbúningur hófst hins vegar að stofnun Orkubúsins nú í sumar var vitað að Rafmagnsveitur ríkisins höfðu tekið lagningu byggðalínu til Vestfjarða inn á framkvæmdaáætlun sína og ætluðu að leggja til við stjórnvöld að útvegað yrði fé til þess að leggja þessa línu á næstu tveim árum.

Eitt af áhyggjuefnum Vestfirðinga í sambandi við stofnun Orkubúsins var hvort stofnun Orkubúsins mundi verka letjandi eða hvetjandi á þessa nauðsynlegu framkvæmd. Ýmis sveitarfélög gerðu þann fyrirvara fyrir samþykkt sinni að ganga til stofnunar Orkubúsins að þessi byggðalína yrði lögð, og á umræddum fundi, sem haldinn var vestur á Ísafirði, lofaði að mínu viti hæstv. orkuráðh. að þetta yrði gert á næstu tveim árum og Vestfirðingar þyrftu ekki að óttast að þessi lína kæmi ekki. Þegar frv. til fjárlaga var hins vegar lagt fram, kom í ljós að þar er ekki gert ráð fyrir svo mikið sem einni einustu krónu til lagningar á þessari línu. Á bls. 187 er skýrt frá því að samtals sé ráðgerð 2306 millj. kr. lántaka vegna byggðalína. Þar er síðan sagt frá, hvernig á að ráðstafa þessu fé og ekki eitt orð um það, að ein króna af þessu fjármagni eigi að fara til lagningar byggðalínu til Vestfjarða. Ég tel ekki ástæðu til að ætla að hæstv. iðnrh. ætli ekki að standa við það loforð sem hann gaf Vestfirðingum, að því er ég ætla að vona í nafni ríkisstj. allrar, á fundinum þegar Orkubúið var stofnað. En til þess að fá þetta loforð hans endurtekið hér og upplýst að hæstv. ríkisstj. muni við það standa hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp. á þskj. 53 til hæstv. ráðh.:

„Verður ekki staðið við þau fyrirheit, sem ráðh. hefur gefið Vestfirðingum um, að „byggðalína“ til Vestfjarða verði lögð á næstu tveim árum? Hvað veldur því, að í fjárlagafrv. ríkisstj. og því, sem vitað er um lánsfjáráætlun fyrir 1978, er engin till. gerð um fjárveitingar eða fjáröflun til framkvæmda við slíka línulögn?“

Hæstv. forseti. Ég vil svo, þó að það sé ekki í sambandi við þetta mál, vekja athygli á því, að á þessu sama þskj. er fsp. frá mér til hæstv. samgrh. um sjósamgöngur við Vestfirði sem ég veit ekki betur til en að samþykkt hafi verið hér á hinu háa Alþ., en hún hefur að einhverjum ástæðum ávallt fallið niður úr dagskrá fyrirspurnafunda í Sþ. og vil ég koma á framfæri við hæstv. forseta að það verði leiðrétt.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með ályktun Alþingis 5. apríl 1971 var ríkisstj. falið að kanna óskir sveitarfélaga á Vestfjörðum um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaganna. Þáltill. þessi var flutt af öllum þm. Vestfjarða.

Málið lá að mestu í láginni næstu ár. Ávallt var þó mikill áhugi hjá Vestfirðingum á því að taka orkumálin í eigin hendur í samvinnu við ríkið.

Á aukaþingi Fjórðungssambands Vestfjarða í júnímánuði 1975 er hvatt til þess að stofnað verði sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaga er hafi með höndum rekstur orkumannvirkja í fjórðungnum. Sams konar hugmyndir höfðu einnig komið fram í niðurstöðum á ráðstefnu Sambands ísl. rafveitna 1972 um skipulag orkumála. Iðnrh. skipaði í júlí 1975 n. til að vinna að orkumálum Vestfjarða og kanna viðhorf sveitarfélaga á Vestfjörðum til stofnunar Vestfjarðavirkjunar. N. þessi hlaut nafnið orkunefnd Vestfjarða, var skipuð 23. júlí 1975 og áttu 7 menn sæti í henni, þeir Jóhann T. Bjarnason, Engilbert Ingvarsson, Karl E. Loftsson, Ólafur Kristjánsson, Guðmundur H. Ingólfsson, Ingólfur Arason og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Þessi n. vann starf sitt af miklum dugnaði. Hún fékk til liðs við sig sérfræðinga og ræddi við fjölmarga menn sem höfðu til að bera staðarþekkingu, sérþekkingu eða voru í fyrirsvari í orkumálum Vestfjarða.

Þegar n. hafði mótað till. sínar efndi hún til 8 funda á Vestfjörðum með sveitarstjórnarmönnum þar. Till. voru kynntar og skipst á skoðunum. Kom fram mikill einhugur og áhugi á framgangi þessa máls. Einnig átti n. fundi með þm. og Fjórðungssambandi Vestfjarða.

Í lok mars 1976 skilaði n. till. sínum fullmótuðum til iðnrh. Var þar í fyrsta lagi um að ræða frv. til l. um Orkubú Vestfjarða og í öðru lagi till. um framkvæmdir í orkumálum. Var gerð ítarleg úttekt á orkumálum í því sambandi.

Megininntak frv. var þetta:

1. Ríkissjóður og sveitarfélög á Vestfjörðum skulu setja á stofn orkufyrirtæki er nefnist Orkubú Vestfjarða.

2. Orkubúið er sameignarfyrirtæki ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum. Eignarhlutur ríkisins skal vera 40%, en eignarhlutur sveitarfélaganna skulu vera samtals 60%.

3. Tilgangur fyrirtækisins skal vera að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum þar sem hagkvæmt þykir. Skal Orkubúið eiga og reka vatnsorkuver og dísilraforkustöðvar til raforkuframleiðslu ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til orkuflutnings og dreifingar. Fyrirtækið skal eiga og reka jarðvarmavirki og nauðsynlegt flutningskerfi og dreifikerfi fyrir heitt vatn. Skal fyrir-

tækið ciga og reka fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir eftir því sem ákveðið er hverju sinni.

4. Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum skulu afhenda Orkubúinu til eignar sem stofnframlag öll mannvirki og dreifikerfi sín á Vestfjörðum og taka við skuldum vegna þeirra eftir nánara samkomulagi.

5. Stjórn Orkubús Vestfjarða skal skipuð 5 mönnum. Á aðalfundi fulltrúa sveitarfélaga skulu kosnir 3 menn, iðnrh. og fjmrh. skipa einn mann hvor.

6. Iðnrh. skal gangast fyrir að sameignasamningur sé gerður og stofnfundur haldinn.

Frv. orkunefndar Vestfjarða um Orkubú Vestfjarða var síðan lagt fram á Alþ. sem stjórnarfrv. og tekið til 1. umr. í Ed. hinn 7. apríl 1976. Frv. var samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþ. 18. mai 1976.

Eftir samþykkt laganna varð að kanna ýmis fjármála- og framkvæmdaatriði og undirbúa sameignarstofnsamning. Voru þar ýmis atriði erfið viðfangs og tímafrek, svo sem yfirtaka lána. Að þessum undirbúningi unnu mest Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþm., Þóroddur Sigurðsson verkfræðingur, Guðmundur Magnússon prófessor í samráði við iðrn. Í samræmi við till. og grg. orkunefndar skyldu meginforsendur fyrir stofnun Orkubúsins vera þessar:

1. Fullnægt verði orkuþörf Vestfirðinga með innlendum orkugjöfum.

2. Vestfirðingar búi við sambærilegt orkuverð og aðrir landsmenn.

3. Orkubúið hafi traustan rekstrargrundvöll.

Málið var rætt á fundum ríkisstj., till. voru sendar öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnum á Vestfjörðum og fundir haldnir með forráðamönnum orkuveitna á Vestfjörðum. Var síðan boðað til undirbúningsstofnfundar í Reykjavík 14. júlí 1977 og í framhaldi af því haldinn stofnfundur Orkubús Vestfjarða 26. ágúst 1977 á Ísafirði. Var þar undirritaður sameignarsamningur milli ríkis og sveitarstjórna á Vestfjörðum. Iðnrh. tók fram að samningsgerðin væri háð endanlegu samþykki ríkisstj. og að um sum atriði samningsins þyrfti samþykki Alþingis.

Á ríkisstjórnarfundi 25. okt. 1977 samþykkkti ríkisstj. sameignarsamninginn.

Stjórn Orkubús Vestfjarða skipa Guðmundur H. Ingólfsson forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar, formaður, Jóhann T. Bjarnason framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfjarða, varaformaður Össur Guðbjartsson bóndi, oddviti Rauðasandshrepps, ritari, Engilbert Ingvarsson rafveitustjóri Rafveitu Snæfjalla, meðstjórnandi, Ólafur Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur, vararitari.

Varamenn eru: Ingólfur Árason hreppsnefndarmaður, Patreksfirði, Karl Loftsson oddviti, Hólmavík, Birkir Friðbertsson hreppsnefndarmaður, Suðureyri, Ágúst H. Pétursson hreppsnefndarmaður, Patreksfirði, Þóroddur Sigurðsson, vatnsveitustjóri í Reykjavík.

Stjórnin hefur þegar tekið til starfa. Hafnar eru viðræður við sveitarfélög og Rafmagnsveitur ríkisins um yfirtöku orkumannvirkja þessara aðila á Vestfjörðum. Skriður er kominn á undirbúning reglugerðar fyrir Orkubú Vestfjarða og auglýst hefur verið eftir framkvæmdastjóra. Stjórn Orkubús Vestfjarða stefnir að því að yfirtaka rekstur raforkumannvirkja á samveitusvæðum Þverárvirkjunar og Mjólkárvirkjunar 1. jan. 1978.

Með stofnun Orkubús Vestfjarða er stigið markvert spor í átt til betra skipulags orkumála og Vestfirðingar hafa nú fengið langþráða heimastjórn í orkumálum Vestfjarða.

Sem svar við seinni hluta fsp., um byggðalínu til Vestfjarða, vil ég taka fram:

Við samningu frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 gerði iðnrh. till. um framlag til 132 kw. byggðalínu, áætlaður kostnaður árið 1978 639 millj. kr. og í aðveitustöðvar 54 millj. kr. Þessar till. voru ekki teknar upp í frv. til fjárlaga. Kemur til kasta Alþingis að tryggja framgang þessa máls.

Út af ummælum í fsp. um hvort staðið verði við fyrirheit iðnrh., þá kennir hér misskilnings hjá hv. fyrirspyrjanda. Það er bókað á stofnfundinum vestra varðandi Vestfjarðalínuna, að iðnrh. hefði falið Rafmagnsveitum ríkisins að hefja undirbúning að lagningu svonefndrar byggðalínu eða Vestfjarðalínu. Í samræmi við þetta hafa Rafmagnsveiturnar og iðnrn. gert till. við samningu fjárlaga fyrir 1978 um að Vestfjarðalínan verði lögð á árunum 1978 og 1979 og verði tekin í notkun haustið 1979. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við línuna verði um 2500 millj. kr. án úttaks fyrir Þverárvirkjunarsvæðið sem gert er ráð fyrir að komi síðar.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Ég vil aðeins taka það fram, að ég og fleiri, sem sátum fundinn á Ísafirði þar sem gengið var frá stofnsamningi um Orkubú Vestfjarða og hann undirritaður, stóðum í þeirri trú og stöndum enn, að þar hafi hæstv. iðnrh. ekki aðeins gefið fyrirheit um að ef byggðalína verði lögð vestur á firði, þá verði Rafmagnsveitum ríkisins falið að framkvæma verkið, heldur þvert á móti hafi hæstv. ráðh. einnig gefið fyrirheit um að að því verki yrði staðið og það verk yrði kostað með nákvæmlega sama hætti og sú byggðalína sem áður hefur verið lögð, þ. e. a. s. byggðalínan norður í land. Þetta tel ég að hafi verið af hálfu allra fulltrúanna á þessum fundi algjör forsenda fyrir því að þeir skrifuðu undir stofnsamninginn. Og ég vil leggja áherslu á að ef þeir við það tækifæri hefðu haft pata af því, að þessar till. Rafmagnsveitna ríkisins um lagningu byggðalínu til Vestfjarða með sama hætti og lagning byggðalínu til Norðurlands átti sér stað, — ef þeir hefðu haft pata af því að slíkt mundi ekki verða gert á næstu tveim árum, þá mundu flestir, a. m. k. allmargir af þeim fulltrúum sveitarstjórna, sem voru staddir á fundinum á Ísafirði, ekki hafa skrifað undir stofnsamninginn. Það er stutt síðan ég átti tal við einn af stjórnarmönnum í Orkubúinu og hann tjáði mér — hann gat auðvitað ekki talað fyrir munn annarra stjórnarmanna — að a. m. k. hann stæði enn í þeirri trú að þetta væri fyrir-

heit frá hæstv. ríkisstj. Ég, eins og aðrir þm. Vestfirðinga og aðrir hv. alþm., bind að sjálfsögðu miklar vonir við þetta fyrirtæki. Og ég ætla að vona að fyrsta skrefið, sem tekið verður á vegum þess fyrirtækis hér á hinu háa Alþ. við afgreiðslu fjárlaga nú, verði ekki spor í öfuga átt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða nú slíkt mál sem Orkubú Vestfjarða er, og það er ekki tími til þess. Árið 1976 voru samþykkt á Alþ. heimildarlög um stofnun Orkubús Vestfjarða og varðandi afstöðu mína vil ég aðeins vísa til þess sem ég sagði þá. Hins vegar voru mörg atriði óljós þegar þau lög voru afgreidd, og ég vil leyfa mér að spyrja hvort það sé ekki rétt skilið að breytingar þurfi að verða á einhverjum lögum, t. d. lögum um verðjöfnun raforku, áður en Orkubú Vestfjarða tekur til starfa. Það hefur komið hér fram, að áætlað er að þetta fyrirtæki taki til starfa 1. jan. 1978, og ég vil aðeins leyfa mér að koma því á framfæri sem minni skoðun og spyrja að því, hvort ekki væri eðlilegra, áður en þetta mál kemst miklu lengra, að Alþ. samþykkti þær breyt. sem eru fyrirhugaðar, og hvort þessi frv., a. m. k. frv. um breyt. á verðjöfnunargjaldinu, séu ekki væntanleg. Ég tel að Alþ. hafi ekki endanlega staðfest vilja sinn í þessu máli fyrr en slíkar lagabreytingar hafa verið samþykktar.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af athugasemd eða fsp. hv. 5. þm. Austurl. vil ég taka fram, að ég skýrði frá því áðan að á stofnfundi Orkubúsins hefði verið bókaður sá fyrirvari frá minni hendi, að viss atriði þyrftu að koma til kasta Alþ. Það, sem hér er átt við, er verðjöfnunargjaldið, þ. e. a. s. að Orkubú Vestfjarða skuli fá 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku. Það þarf ekki breytingu á lögum út af fyrir sig í þessu efni. Lögin um verðjöfnunargjald falla úr gildi í lok þessa árs og þarf því að flytja sérstakt frv. um framlengingu þess gjalds. Í því frv., sem er tilbúið í iðnrn. og verður væntanlega flutt hér næstu daga, verður að sjálfsögðu tekið fram að 20% verðjöfnunargjaldsins skuli renna til Orkubús Vestfjarða.

Mér virðist kenna nokkurs misskilnings í ummælum hv. fyrirspyrjanda. Það er ekki kunnugt að þessi hv. þm. hafi lagt fram neinn sérstakan skerf til að koma á fót þessu Orkubúi Vestfjarða. Hins vegar hefur hann haldið nokkrar ræður og sérstaklega skrifað nokkrar greinar til að gera allt málið sem tortryggilegast. En nú hefur hann mikinn áhuga, að því er virðist, á þessu máli öllu saman.

Varðandi Vestfjarðalínuna vil ég endurtaka það, að Rafmagnsveitum ríkisins var falinn undirbúningur þessa máls og framkvæmdir við lagningu Vestfjarðalínu. Ég skal lesa kafla úr þeirri bókun, sem ég lét gera á stofnfundinum um þetta mál, til viðbótar því sem ég las áðan. Þar segir:

„Iðnrh. hefur skipað n., sem geri till. um heildarskipulag orkumála í landinu, svo og n., er geri till. um rekstrarfyrirkomulag og eignaraðild Norðurlínu og annarra aðalorkuflutningslína. Þessar nefndir hafa enn ekki skilað till. og þar til afstaða hefur verið tekin til till. n. gildir sú ákvörðun, að Rafmagnsveitur ríkisins byggja Vestfjarðalínu og fjármögnun hennar verður með sama hætti og annarra aðalorkuflutningslína milli landsfjórðunga. Ef þessari skipan yrði breytt eftir að till. n. lægju fyrir og afstaða stjórnvalda þar um yrðu Vestfirðingar að hlíta sömu skilyrðum og aðrir landsmenn. Höfuðreglan yrði því að Vestfirðingar nytu sömu fyrirgreiðslu sem aðrir í þessum efnum."

Þetta held ég að hafi legið alveg skýrt fyrir. Það fyrirheit, sem gefið var á fundinum og er bókað, er það sem ég lýsti hér áðan, að Rafmagnsveitur ríkisins og iðnrn. mundu gera till. við undirbúning fjárlaga 1978 um að Vestfjarðalínan yrði lögð á árunum 1978 og 1979, og það hefur verið gert. Ákvörðun um þetta atriði er í höndum Alþingis.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hef oft lýst þeirri skoðun minni, að stefna eigi að heildarskipulagi orkumála hér á landi, setja á fót landshlutaveitur í einstökum landshlutum, en landsveita sjái um alla meginorkuöflun og dreifingu um landið í heild. Ég hef litið á Orkubú Vestfjarða sem lið í þessari stefnu, þótt ég hefði að vísu heldur kosið að heildarstefna hefði verið ákveðin áður en Orkubúið var sett á fót. Ég hef oft rætt þetta mál við hæstv. iðnrh. og fleiri og ég hef ávallt lýst þeirri skoðun minni, að skilyrði til þess að Orkubú Vestfjarða fengi staðið nokkurn veginn sjálfstætt væri lína inn á Vestfirði. Raunar hef ég einnig lýst þeirri skoðun minni, að það væri hyggilegra, bæði fyrir Orkubúið og fyrir landið í heild, að meginorkuverin á Vestfjörðum yrðu rekin með einni landsveitu, þ. e. a. s. Mjólkárvirkjanir. Úr því hefur ekki orðið enn, en vel getur það að sjálfsögðu breyst ef landsveita verður sett á fót.

Mér sýnist raunar verið að deila hér um keisarans skegg. Það kom raunar fram í svari hæstv. ráðh., að hann hét því á fyrrnefndum fundi að lína skyldi lögð vestur á firði á næstu tveimur árum, enda hlyti það samþykki Alþ. Þannig skildi ég þetta. Ég held að það skipti ekki öllu máli, hvort í bókun sé sagt að iðurn. og Orkustofnun geri till. um slíkt. Þetta eru tvær stofnanir sem eru undir stjórn hæstv. ráðh.

Það hefur valdið mér og fleiri mjög miklum vonbrigðum að þetta hefur ekki komist inn í fjárlagafrv. Ég treysti því, að hæstv. iðnrh. beiti sér fyrir samþykkt á þessari framkvæmd hér á hinu háa Alþ. Ég veit að við þm. Vestf. munum allir standa með honum að því. Og ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að það er áreiðanlega mjög ofarlega í hugum margra, sem inn í Orkubúið gengu, að þessi framkvæmd hæfist, og reyndar skilyrði fyrir þátttöku þeirra. Ég hygg að þeir líti svo á, að vilyrði ráðh., sem var gefið með fyrrnefndum fyrirvara, sé það þungt á metum að slíkt hljóti að nást fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Aðeins fáein orð í tilefni þess að hæstv. orkumálaráðh. hefur flutt skýrslu um stofnun Orkubús Vestfjarða. Ég vil af þessu tilefni láta koma fram, að það hefði verið ómögulegt að koma þessu máli í höfn svo sem nú hefur gerst, þó að Alþ. hefði samþykkt heimildarlög um stofnun Orkubús Vestfjarða, nema fyrir ákveðinn vilja og stuðning og forustu hæstv. iðnrh. í þessu máli. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að láta heyrast hér og flytja þakkir sem hvarvetna á Vestfjörðum eru efst í hugum manna fyrir það sem hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. í heild hefur gert í þessu máli.

Það eru vonir allra og ekki síst Vestfirðinga, að það, sem nú hefur gerst í orkumálum fjórðungsins, verði giftu- og heillaspor í sögu Vestfjarða. Ég held að það sé ekki ástæða til þess nú í upphafi og við þetta tækifæri að fara að vefengja það eða bera brigður á það, að staðið verði við eina meginforsenduna fyrir stofnun Orkubús Vestfjarða, þ. e. a. s. að séð verði fyrir orkuþörf Vestfirðinga með innlendum orkugjöfum. Ég, eins og allir aðrir sem hafa komið nálægt þessum málum, treysti auðvitað því, að svo verði haldið á þeim að bæði þessi og aðrar mikilvægustu forsendur fyrir stofnun Orkubúsins standist.

Rafstrengur til Vestmannaeyja, fsp. (þskj. 80). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. um rafstreng til Vestmannaeyja á þskj. 80 og vil beina tveimur spurningum um það efni til hæstv. iðnrh.

Það er víst öllum hv. þm. enn í fersku minni, að mikil viðgerð fór fram á rafstrengnum milli lands og Eyja snemma á þessu ári, en síðan urðu Vestmanneyingar fyrir því áfalli, að strengurinn bilaði tvívegis eftir það. Það eru sem sagt mjög alvarlegar, tvær mjög dýrar bilanir á versta árstíma á strengnum, enda má segja að bilana sé frekast að vænta á þessum tíma, en það er einmitt sá tími þegar rafmagnsnotkunin er mest í sjávarplássi á borð við Vestmannaeyjar með margar og afkastamiklar fiskvinnslustöðvar og fiskmjölsverksmiðjur.

Á s. l. vetri var sem betur fer óvenjugóð tíð, sem gerði það að verkum að unnt var að gera við þessar bilanir og annast viðgerð á strengnum á miklu styttri tíma en gera má ráð fyrir í venjulegu árferði, þar sem strengurinn er þannig að það er erfitt að gera við hann nema í sérlega góðu veðri og kyrrum sjó. Og það getur tekið svo langan tíma að numið getur mörgum vikum og jafnvel mánuðum. Hlýtur hver maður að sjá að í byggðarlagi, sem notar hátt í 6 mw. og hefur ekki varaafl nema kannske eitthvað á 4. mw., verður um geysilega mikla röskun og erfiðleika að ræða og þeir erfiðleikar hafa alvarlegar afleiðingar fyrir rafveitu kaupstaðarins, fyrir fyrirtækin í bænum og allan almenning og raunar þjóðarbúið allt vegna þess hversu mikil framleiðsla fer þar fram á vörum til útflutnings. Það má þess vegna vera öllum ljóst, að það er full ástæða til að spyrja hæstv. ráðh. um framgang þessa nauðsynlega máls og hverja meðferð sú þáltill. hefur fengið sem samþykkt var í lok síðasta þings um þetta efni.

Spurningarnar, sem ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. iðnrh., eru svo hljóðandi:

„1. Hvað hefur verið gert af hálfu iðnrn. í því skyni að lagður verði rafstrengur til Vestmannaeyja í samræmi við þál. á síðasta þingi?

2. Hvað hyggst ráðh. gera nú til að tryggja framgang þessa nauðsynjamáls?“

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á Alþ. 4. maí 1977 var samþykkt svo hljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Rafmagnsveitum ríkisins að gera nú þegar framkvæmda- og kostnaðaráætlun um lagningu nýs rafstrengs til Vestmannaeyja.“

Þá hafði þetta mál verið mjög til umr. að undanförnu milli iðnrn. og Rafmagnsveitna ríkisins. Nokkru áður en þessi þáltill. var afgreidd frá Alþ., eða 29. apríl sama ár, ritaði iðnrn. svo hljóðandi bréf til Rafmagnsveitna ríkisins:

„Í framhaldi af fyrri viðræðum milli rn. og Rafmagnsveitnanna um lagningu nýs sæstrengs til Vestmannaeyja óskar rn. eftir því, að upplýsingum og kostnaðaráætlun verði hraðað til þess að hægt sé að undirbúa aðgerðir til fjáröflunar og framkvæmda.“

Þessi áætlun liggur fyrir og er gert ráð fyrir að kostnaður við nýjan sæstreng muni vera um 220 millj. kr. Iðnrn. gerði till. um að tekið yrði inn í frv. til fjárl. framlag til nýs sæstrengs milli Vestmannaeyja og lands eins og hér greinir. Við meðferð fjárlagafrv. á Alþ. og/eða lánsfjáráætlunar verður á einn eða annan hátt að tryggja fjármagn til þessa nýja strengs milli lands og Eyja.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir áhuga hans á þessu máli. Það var í fyrra, þegar strengurinn bilaði til Vestmannaeyja, ljóst hvað mikill háski væri á ferðum ef rafmagn færi af á vertíðinni þegar orkuþörf er mest. Það var þá sem Vestmanneyingar komu að máli við ýmsa þm. Suðurl. og óskuðu eftir því, að þeir ræddu þetta við stjórnvöld. Við ræddum málið við hæstv. iðnrh. við ræddum það við hæstv. fjmrh., við ræddum það við forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins og fengum góðar undirtektir, sbr. bréf hæstv. iðnrh. til forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins um þetta efni, að gera áætlun um kostnað við nýjan rafstreng til Vestmannaeyja. Það er aukaatriði hvort þetta var áður en till. til þál. um rafstreng til Eyja var samþykkt. Það var áður en till. var samþykkt, en ég vil ekki fullyrða hvort það var áður en hún var flutt. Það skiptir engu máli. En bréf ráðh. var sent í kjölfar viðræðna okkar við hæstv. ráðh. um þetta mál. Till., sem hér hefur verið minnst á, var samþ. á Alþ., að ég ætla, með öllum atkv. viðstaddra, svo sjálfsagt þótti alþm. að samþykkja þessa till. ef það mætti verða málinu til styrktar.

Það er gert ráð fyrir að rafstrengurinn kosti 220 millj. kr. Gera má ráð fyrir að það þurfi að borga um 20% af verðinu við undirskrift, en eftirstöðvarnar fáist til 5—7 ára.

Í fjárlagafrv., á bls. 131, er liður sem nefnist:

Fjárfestingar almennar, hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Ég hef spurt forstöðumann Rafmagnsveitna ríkisins hvort gert væri ráð fyrir rafstrengnum í þessari upphæð. Það vildi hann ekki segja og taldi að það væri æskilegt, ef ekki nauðsynlegt að hækka þennan lið eitthvað ef rafstrengurinn ætti að koma með. Ég hef sannfæringu fyrir því, að fjvn. muni leggja sig fam um að fá þann lið hækkaðan ef þörf er til þess að rafstrengurinn til Vestmannaeyja verði með. En það þarf að ákveða kaupin á honum nú fyrir áramót. Afgreiðslufrestur mun vera sjö mánuðir, og það má ekki verða seinna en í ágústmánuði n. k. sem strengurinn verður lagður.

Fyrirspyrjandi (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Í máli hæstv. iðnrh. kom fram, að hann og hans rn. hefðu gert till. um framlag til þessa verks á fjárl. Hann gat þess einnig og sagði það síðar, að það yrði að tryggja fjármagn með einum eða öðrum hætti til þess að þetta verk næði fram að ganga. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. sérstaklega fyrir mjög góðar undirtektir og áhuga hans á því að Vestmanneyingar geti fengið aukið öryggi í rafmagnsmálum. Ég treysti því að unnið verði að þessu máli svo að Vestmanneyingar geti vel við unað.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það, að þetta er mál sem okkur Sunnlendingum er ákaflega mikilsvert. Það er ákaflega mikið atriði og nauðsynlegt að geti náð fram að ganga, að við höfum meira öryggi en verið hefur í rafmagnsmálum fyrir þessa útgerðarstöð og fólkið sem býr í Eyjum. Það búa hátt í 5 þús. manns í Vestmannaeyjum og þarna er stærsta útgerðarstöð landsins, og ef rafmagn eða orka er ekki fyrir hendi er þarna vá fyrir dyrum.

Það vildi svo til á síðasta vetri, að tvisvar sinnum slitnaði þessi strengur. Það varð til þess að opna augu manna fyrir því, að þarna er um að ræða alvarlegt mál sem getur orðið til þess að Vestmanneyingar hafi ekki nema lítinn hluta þess rafmagns sem þeir þurfa, þann tíma sem er þýðingarmestur, þ. e. um vertíðina. Það er rétt, eins og kom hér fram hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að það getur orðið mjög hæpið að hægt sé að gera við bilanir á vissum tíma vetrarins. Það er oft svo, að það er erfitt að eiga við lagfæringu þegar vont er í sjóinn og jafnvel ekki hægt. Þess vegna getur það dregist allt of lengi að slíkar bilanir fáist viðgerðar. Því er mikil nauðsyn að tryggja það fyrr en seinna að Vestmanneyingar geti fengið aukastreng sem mundi tryggja þeim að þetta gæti vart komið fyrir, eða þá að þeir fengju varastöð úti í Eyjum. En ég vil taka það fram, að með því móti er líka stofnað til mikils kostnaðar, og ég veit ekki betur en á síðasta vetri hafi það valdið Rafveitu Vestmannaeyja miklum kostnaði að þessar bilanir urðu. Ég vil þess vegna leggja áherslu á það, að það er okkur ákaflega mikils virði og mikið atriði að þessi stóra verstöð ásamt því þéttbýli, sem þarna er, fái það öryggi að nýr strengur verði lagður.

Sameinað þing, 16. fundur.

Fimmtudaginn 10. nóv., að loknum 15. fundi.

Fjárlög 1978, frv. (þskj. 1). — Frh 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Efling útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 17). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Uppbygging þjóðvega í snjóahéruðum, þáltill. (þskj. 22). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, þáltill. (þskj. 42). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls, þáltill. (þskj. 60). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi, þáltill. (þskj. 66). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Íslensk stafsetning, þáltill. (þskj. 64). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnumöguleikar ungs fólks, þáltill. (þskj. 73). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Öryggisbúnaður smábáta, þáltill. (þskj. 77). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 85). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varnir gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa, þáltill. (þskj. 86). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 39). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Iðnaðarlöggjöfin á Íslandi er að meginstofni til frá árinu 1927 og að því leyti orðin um hálfrar aldar gömul. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar á henni, m. a. 1970, og voru þær breytingar þá felldar inn í fyrri lög og þau endurútgefin sem lög nr. 79/1971.

Síðan lögin frá 1927 voru upphaflega sett hafa að sjálfsögðu margvíslegar breytingar orðið, ekki aðeins í þjóðfélaginu almennt, heldur varðandi iðnað og iðju og því vissulega tímabært að taka þessi mál til gagngerrar endurskoðunar. Á Alþ. 1975 flutti Gunnar J. Friðriksson þáltill. um að fela ríkisstj. að láta endurskoða lög um iðju og iðnað og leggja fram frv. til nýrra iðnaðarlaga. Þessi till. var samþ. á Alþ. og í framhaldi af því skipaði iðnrh. n. manna til að vinna að þessu máli. Í n. voru Páll S. Pálsson, skv. tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, Sigurður Kristinsson, skv. tilnefningu Landssambands iðnaðarmanna, Axel Gíslason, skv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, Guðmundur Þ. Jónsson, skv. tilnefningu Landssambands iðnverkafólks, Sigurður Guðgeirsson, skv. tilnefningu Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands, auk þeirra Björgvin Frederiksen, fyrrv. forseti Landssambands iðnaðarmanna, og Þorvarður Alfonsson, sem jafnframt var skipaður formaður n. Iðnnemasamband Íslands fór fram á það við iðnrn. að fulltrúi þess fengi að taka þátt í störfum n. og var það að sjálfsögðu heimilað. Fulltrúi þess, Steindór Jóhannsson, sótti fundi n. með tillögurétti. Starfsmaður og ritari n. var Gísli Einarsson lögfræðingur.

Í n. náðist samkomulag um það frv. sem hér liggur fyrir. Er ítarlega rakið í grg. frv. í hverju breytingar og nýmæli eru fólgin frá gildandi lögum. Ég skal því aðeins rekja það stuttlega.

Í fyrsta lagi er sú orðnotkun í gildandi lögum að þar er talað um iðju og iðnað, en n. taldi rétt að nota heitið iðnað sem samheiti um allan iðnað, hvort sem væri handiðnaður eða verksmiðjuiðnaður. Frv. heitir: Frumvarp til iðnaðarlaga.

Í 3. gr. frv. er rætt um skilyrði til iðjuleyfis eða iðnaðarleyfis og eru þar nokkur nýmæli á ferð. Í fyrsta lagi er tekið upp það skilyrði að íslenskan ríkisborgararétt þurfi til iðnaðarleyfis, enn fremur gerðar kröfur um bókhaldsþekkingu, sem ekki hefur áður verið, og loks, að ekki megi veita þeim, sem hlotið hefur dóm fyrir verknað sem varðar sviptingu starfsréttinda skv. hegningarlögum, iðnaðarleyfi.

Þá er í frv. fjallað um það mál sem stundum hefur verið nokkur vafi á hvernig túlka skyldi. Það er í fyrsta lagi hvort aðrir en iðnlærðir mættu starfa við iðnað. Ákvæði voru um það í gildandi lögum, en hefur e. t. v. ekki að öllu leyti verið fylgt fram í reynd. En n. varð sammála um að leggja til að í 8. gr. frv. yrði ákveðið að ráða megi verkafólk til iðnaðarstarfa. Það er oft og tíðum talið nauðsynlegt að ráða til iðnaðarstarfa ófaglært aðstoðarfólk, en hins vegar rétt að taka skýrt fram að iðnlært fólk hefur að sjálfsögðu alltaf forgang til iðnaðarstarfa skv. kjarasamningum og mundi þetta ákvæði að sjálfsögðu engin áhrif hafa á það.

Þá er í gildandi lögum ákvæði um að dýravörðum og öðrum umsjónarmönnum við ríkisstofnanir skuli heimilt að vinna algenga iðnaðarvinnu til viðhalds húsum og munum slíkra stofnana. Í frv. er gert ráð fyrir að halda þessu ákvæði, en rýmka það þannig að það nái einnig til annarra starfsmanna ríkis- og einkafyrirtækja. Hins vegar er orðalaginu breytt þannig að í staðinn fyrir „algenga iðnaðarvinnu“ segir: „minni háttar viðhald“, en n. tekur fram að hér sé ekki um efnisbreytingu að ræða.

Þá er ákvæði í gildandi lögum um það, að í sveitum og kauptúnum með 300 íbúa eða færri megi óiðnlærðir menn vinna að byggingariðnaðarstörfum. Nú er það þannig að skv. skipulagslögum frá 1964 er gerður greinarmunur á kauptúnum, sem í eru færri en 100 íbúar eða fleiri. Þótti n. rétt að miða nú við það mark, að í sveitum og kauptúnum með 100 íbúa eða færri mættu óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum, en ef fjölmenni er meira í kauptúni er þar skipulagsskylda til komin. Í gildandi lögum náði þessi heimild til byggingariðnaðarstarfa, en er nú rýmkuð þannig, að hún nái til hvers konar iðnaðarstarfa.

Þá er það nýmæli að iðnaðarmenn skuli hafa lögvernd um starfsheiti sitt að sínu leyti eins og verkfræðingar, tæknifræðingar og húsameistarar hafa og er um það ákveðið í 9. gr.

Í 10. gr. frv. er fjallað um skilyrði til þess að fá meistarabréf og eru þar nokkur nýmæli. M. a. vil ég benda á það, að í gildandi lögum er ákveðið að sá geti öðlast meistararéttindi sem hefur sveinspróf í iðn sinni og að sveinsprófi loknu hefur unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara. Um þetta orðalag, túlkun þess og framkvæmd hafa menn ekki verið á einu máli, hvort nægilegt væri að annaðhvort væri unnið sjálfstætt eða undir stjórn meistara í þessi þrjú ár eða hvort ætti að skipta þessu til helminga, 1½ ár á hvorum stað, eða túlka það á annan hátt. Hefur menn þar greint á. Þótti rétt að gera þetta ákvæði alveg skýrt þannig að nú segir, að maður þurfi að hafa unnið undir stjórn meistara í iðngreininni að loknu sveinsprófi eigi skemur en 2 ár.

Ég tel mikla bót að fá löggjöfina um iðju og iðnað endurskoðaða og tel að þær breytingar, sem n. hefur lagt til að gerðar verði, séu yfirleitt til bóta. Samstaða varð um þetta frv. í undirbúningsnefndinni.

Ég vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir í þessari hv. d., og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil eindregið fagna framkomu þessa frv. og tel að hér sé stórum áfanga náð í langþráðu og margþvældu umræðuefni og deilumálum sem að margra manna dómi hafa risið upp að óþörfu, með þessum lögum mætti verulega úr því bæta. Ég legg þó sérstaklega áherslu á að við meðferð málsins í n. verði athuguð ýmis smærri atriði frv., sem að sjálfsögðu er eins og önnur lagasetning fyrst og fremst hugsað sem útlínur þessara mála, ef verða

mætti til glöggvunar við setningu reglugerðar þar að lútandi sem ég álít að verði ákaflega vandasamt mál.

Eins og hæstv. ráðh. benti réttilega á áðan hafa risið næstum því óhugnanlegar deilur út af aðgreiningunni á milli hins gamla hefðbundna handverksiðnaðar og þess verksmiðjuiðnaðar sem farið hefur í vöxt á undanförnum árum með síauknum hraða, svo sem eðlilegt er í þjóðfélagi sem telur vera sér og er nauðsynlegt að verði iðnvætt að sem allra mestu leyti og vélaafl og ný tækni leysi mannshöndina frá verkum sem vélar geta annars annast. Aðgreiningin þarna á milli hefur verið vægast sagt mjög óljós, og ég tel höfuðkost þessa frv. að nánari skilgreining og skilmerkilegri verði á þessu gerð en áður var. Hefur það dregist allt of langan tíma.

Ég stend hér upp eingöngu til að lýsa fögnuði mínum yfir framkomnu frv. og í von um að það nái fram að ganga, en að n. sú, sem málið fær til meðferðar — ég vænti að það verði iðnn. — skerpi á þeim atriðum, sem þarna er e. t. v. í nokkrum atriðum tæpt of mikið á án frekari skýringa, til glöggvunar fyrir rn. síðar meir við setningu reglugerðar sem mun skipta miklu þegar til sjálfrar framkvæmdarinnar kemur. Ég vænti þess því eindregið að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, en beini til n., að hún reyni að skerpa á ýmsu því sem milliþn. hefur sýnilega til samkomulags reynt að fara mildum höndum um, en er þörf á að skýra betur. En ég mun fá aðstöðu til að fjalla um það í þeirri nefnd, sem málið fær til meðferðar, og skal þess vegna ekki orðlengja frekar um málið nú.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það er nú naumast um efni frv. sem mig langar að segja hér fáein orð við þessa umr., heldur aðeins um orðalag. Ég tók eftir því, þegar hæstv. ráðh. ræddi um ákvæði 10. gr. þessa frv., að þá sagði hann eitthvað á þá leið, að meðan meistaraskóli væri ekki til í iðninni gæti hver maður fengið meistarabréf sem hefði unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein að loknu sveinsprófi eigi skemur en 2 ár. Ég tók eftir því að ráðh. sagði að hver maður gæti fengið meistarabréf, en í gr. er talað um að menn leysi meistarabréf. Þetta er orðalag sem ég kannast ekki við. Ég hygg þó að þetta hafi verið í þeim lögum sem eru í gildi um iðju og iðnað, en mér finnst þetta vera óeðlilegt, að tala um að menn leysi meistarabréf. Það er líka í 15. gr. þetta sama orðafar, svo þetta er ekki af hendingu, og það væri gaman að fá skýringu á því hvort nauðsynlegt sé að nota þetta. Í 15. gr. segir: „Ef maður rekur iðnað án þess að hafa leyst leyfi“ og „ef maður tekur að sér störf meistara án þess að hafa leyst meistarabréf“. Mér fyndist langtum eðlilegra að þarna væri þetta orðað eins og málvenja hefur verið: að afla sér leyfis eða fá sér leyfi, eða kaupa leyfi, ef það er það sem menn eru að tala utan að í þessu efni. — Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil fagna framkomu þessa frv. Mér finnst það að mestu leyti skýrt og þar kemur skýrt fram við hvað er átt. En þar sem ég á ekki sæti í þeirri n. sem fjalla mun um þetta frv. vil ég aðeins benda hér á tvö atriði.

Það stendur í 14. gr., að í hverjum kaupstað skuli vera iðnráð sem hefur það hlutverk að halda uppi eftirliti með ákvæðum þessara laga og starfa skv. lögum um iðnfræðslu. Nú er það svo, að það er mjög mismunandi hvaða aðilar óska eftir kaupstaðarréttindum. Það eru til mjög fjölmenn byggðarlög í landinu sem gætu út af fyrir sig fengið kaupstaðarréttindi, en hafa ekki æskt eftir því, þannig að mér finnst til athugunar hvort ekki beri að hafa þarna aðra viðmiðun, því ég hygg að það sé eins þörf fyrir iðnráð á ýmsum fjölmennum stöðum sem hafa ekki kaupstaðarréttindi. Ég vildi aðeins benda á þetta.

Einnig er vert að íhuga það aðeins betur sem kemur fram í 4. gr. um skilyrði til þess að reka iðnað. Þar kemur fram að ef félag er hlutafélag, þá skuli enn fremur meira en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi. Ég hygg að það mundi vera tryggara að það væri gerð krafa til þess að viðkomandi menn hefðu verið búsettir hér ákveðinn tíma, því að það er svo, að menn geta að vísu sest hér að og verið nýlega komnir hingað til landsins. Ég vildi aðeins varpa því fram, að það væri rétt, að íhuga hvort ekki bæri að gera það að skilyrði að viðkomandi aðilar hefðu búið hér ákveðinn tíma, t. d. 2 ár eða svo, þannig að það væri ljóst að menn væru raunverulega búsettir í landinu og ætluðu sér að búa hér.

Að öðru leyti vil ég vonast til að þetta frv. nái fram að ganga eftir þá athugun sem það mun fá í nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 87). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er gamalkunnugt og með flutningi þess nú lagt til að enn einu sinni verði framlenging á þeim hluta launaskatts sem hér um ræðir, en ástæða álagningarinnar kemur fram í aths. við frv. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það, það er hv. þdm. kunnugt, en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 88). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. þetta til laga er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út s. l. sumar í samræmi við það loforð sem ríkisstj. hafði gefið varðandi lausn þeirrar kjaradeilu sem þá stóð yfir. Á þinginu s. l. vor, þegar flutt var frv. til breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, var að því vikið að

athugað yrði um breyt. á skattalögum í sambandi við kjarasamningana. Var þá gert ráð fyrir að ef þingi yrði lokið þegar niðurstöður af samningunum lægju fyrir kynnu að verða gefin út brbl. Frv. fjallar um breytta skattstiga. Við er bætt nýjum skattstiga með skattgjaldi 30% og síðan mörkum breytt, þ. e. a. s. lágmarksfjárhæð skattskyldra tekna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum, frv. (þskj. 2, 78). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 78 samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 21). — Frh. 1. umr.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., fjallar um breytingar á kosningalögum og miðar að því að gera kjósendum auðveldara að velja á milli frambjóðenda á listum. Ég á sæti í þeirri stjórnarskrárnefnd sem kosin var á Alþ. 1972 til þess að fjalla um endurskoðun á stjórnarskránni. Ég var skipaður í þessa nefnd í fyrra og hef setið þar nokkra fundi. Eins og komið hefur fram í umr. áður, hefur stjórnarskrárnefndin ekki tekið til meðferðar þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem fjalla um kjördæmaskipun og kosningatilhögun. Hins vegar hefur hún safnað saman margs konar gögnum sem að gagni koma við endurskoðun þessara mála, þ. á m. öllum samþykktum sem vitað er um að borist hafa frá mörgum aðilum. Á þeim fundum, sem ég hef setið, hafa verið rædd ýmis grundvallaratriði stjórnarskrárinnar, eins og t. d. eignarréttarákvæði, svo dæmi sé nefnt, en það er ljóst, ég hef a. m. k. ekki trú á því að það sé að vænta tillagna eða niðurstöðu af starfi stjórnarskrárnefndarinnar á næstunni. Það hafa ekki verið haldnir fundir í sumar og haust og ég hef ekki trú á því.

Í þessu sambandi vil ég gjarnan láta koma fram, að ég er eindregið fylgjandi heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég held að það sé meira en tímabært að það fari fram heildarendurskoðun á stjórnarskránni, eins og raunar hefur verið fyrirhugað allt frá því að Ísland varð lýðveldi árið 1944, en þá voru þær einar breytingar gerðar á stjórnarskránni sem beinlínis voru nauðsynlegar til þess að svo gæti orðið. Aðrar breytingar voru ekki gerðar.

Mörg ákvæði stjórnarskrárinnar eru að stofni til yfir 100 ára gömul og þess vegna að sjálfsögðu ástæða til þess að endurskoða þau mörg, því margt hefur breyst í þjóðfélaginu á svo löngum tíma. Það eru mörg atriði sem sérstaklega er ástæða til þess að ræða og e. t. v. endurskoða og breyta. Það gæti komið til greina að endurskoða ákvæðin um embætti forseta Íslands. Ég var einu sinni, þegar ég var ungur, fylgjandi því að aðskilja framkvæmdavald og löggjafarvald á Íslandi. Það var á þeim árum þegar svokallað stjórnarskrárfélag var hér og hafði uppi ákveðnar till. þar að lútandi. Ég verð að viðurkenna að eftir því sem árin hafa liðið hef ég nú fallið frá þessum hugmyndum og er fylgjandi því, að hér verði áfram þingbundin stjórn og þingræði. Þá eru að sjálfsögðu ákvæðin um kjördæmaskipunina sem er stórt mál og stórpólitískt. Það gæti komið til greina að endurskoða ákvæði um þingrof. Það er ekki alveg sjálfsagt að þingrofsréttur sé gildandi í stjórnarskránni. Norðmenn hafa t. d. engan þingrofsrétt og það er ekki hægt að rjúfa þing í Noregi. Þar er kosið til 4 ára og án tillits til myndunar ríkisstj., og það er atriði sem gæti komið til íhugunar að endurskoða. Síðan eru mál, eins og deildaskipting Alþ., mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, ákvæðið um eignarrétt eða öllu heldur hver eigi að vera hin almennu takmörk eignarréttar, hvort eigi að taka upp í stjórnarskrána ákvæði þar um frekari en nú eru, og þjóðaratkvgr. Það eru margir fylgjandi því, að rétt væri að setja í stjórnarskrána sérstök ákvæði um þjóðaratkvgr. Ýmislegt fleira mætti nefna, en ég nefni þetta aðeins sem dæmi.

Það hefur verið rætt í þessum umr. talsvert mikið um vægi atkv. eftir kjördæmum og um jöfnun atkvæðisréttar. Fjöldi kjósenda að baki hvers kjördæmiskjörins þm. í kosningunum 1974 var fjórfaldur í Reykjaneskjördæmi og Reykjavík miðað við t. d. Vestfirði þar sem eru tiltölulega fæstir kjósendur á bak við hvern þm. Eftir að úthlutað hafði verið 11 uppbótarþingsætum hafði Reykjavík áfram fjórfalt fleiri kjósendur bak við hvern þm. en Vestfirðir, m. a. af því að Vestfirðir fengu í sinn hlut, ef svo mætti komast að orði, 2 uppbótarþingmenn, hins vegar um þrefalt fleiri en á Austfjörðum og Norðurlandi vestra, tæplega tvöfalt fleiri en Suðurland og litlu fleiri en Norðurland eystra. Á þessu hefur orðið nokkur röskun síðan, fyrst og fremst í þá átt að fjöldi kjósenda bak við hvern kjördæmiskosinn þm. í Reykjaneskjördæmi er nú um það bil 4½ sinnum meiri en á Vestfjörðum samkvæmt kjörskrá 1976.

Það væri ástæða til þess að spyrja: Hvers vegna hefur þetta hlutfall verið að breytast? Hefur það verið að breytast vegna þess að Reykjavík og Reykjaneskjördæmi hafi haft tiltölulega fleiri þm. á bak við hvern kjósanda heldur en aðrir landshlutar? Hafa menn streymt til þessa svæðis vegna þess? Það liggur auðvitað í augum uppi að svo hefur ekki verið. Þetta hefur gerst þrátt fyrir það að Reykjavík og Reykjaneskjördæmi hafa haft miklu færri þm. hlutfallslega á bak við hvern kjósanda heldur en aðrir landshlutar. Röskunin hefur orðið gífurlega mikil á nokkrum áratugum.

Á fjórum áratugum, frá 1930—1970, fjölgaði Íslendingum um um það bil 95 þús. manns. Af þessari 95 þús. manna fjölgun settust 13 þús. að úti á landsbyggðinni utan við Reykjaneskjördæmi og Reykjavík, 82 þús. settust að á þessu svæði. Á tveimur áratugum, 1950—1970, fjölgaði þjóðinni um 66 þús. manns og aðeins 11 þús. settust að úti á landsbyggðinni utan Reykjaness og Reykjavíkur.

Það mætti kannske spyrja að því, hvort landkostir væru miklu betri hér í Reykjavík og hér í grenndinni heldur en annars staðar á landinu. Ég vil ekki gerast neinn dómari í því efni. Ég geri ráð fyrir að landkostir til borgarmyndunar séu betri að ýmsu leyti en annars staðar. En það hefur margt fleira komið til en það og kemur vissulega við stjórnarskránni og ákvæðum hennar, og kem ég nánar að því.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að ákvæði stjórnarskrárinnar á undanförnum áratugum hafa haft stórkostleg áhrif á þessa þróun, og það er kannske þess vegna sem ég er fylgjandi því, að stjórnarskráin sé endurskoðuð í heild, en ekki aðeins viss ákvæði hennar, þ. e. a. s. ákvæðin um kjördæmaskipun og kosningatilhögun. Það hefur verið ákveðið í stjórnarskránni að ríkisstj. skuli hafa aðsetur í Reykjavík, og nú er einnig svo ákveðið að forseti lýðveldisins skuli hafa aðsetur í Reykjavík eða nágrenni. Svo er og ákveðið í lögum að Hæstiréttur skuli hafa aðsetur í Reykjavík. Ég er ekki að gagnrýna þetta. Ég var aðeins að benda á þá staðreynd, að þetta er allt ákveðið í stjórnarskránni og þetta hefur haft mikil áhrif á vöxt þéttbýlissvæðisins hér á Suðvesturlandi — stórkostleg áhrif — og hefur óhjákvæmilega leitt af sér í framkvæmdinni margvísleg réttindi til þeirra sem búa nálægt valdinu. Það er óhjákvæmilegt, en það er eigi að síður staðreynd.

Vegna þess að mörg ákvæði stjórnarskrárinnar hafa haft áhrif á jafnrétti þegnanna í landinu verður að líta á ákvæði hennar í heild, eins og ég var að minnast á, en ekki taka út úr eitt afmarkað svið, þ. e. a. s. kjördæmaskipunina og kosningafyrirkomulagið. Þegar grundvallarlög eru sett verður að finna einhvers konar heildarjafnvægi til þess að tryggja sæmilegt jafnrétti þegnanna. Þessi búseturöskun hefur haft margvísleg áhrif á hag manna. Þeir, sem búa hér á höfuðborgarsvæðinu, hafa margvíslega aðstöðu umfram þá sem búa fjarri ríkisvaldinu, en hér í Reykjavík eru höfuðstöðvar þýðingarmikilla þjónustugreina ríkisvaldsins. Hér er heilsugæsla á öllum sviðum best í landinu. Hér eru menntunarmöguleikar langbestir á flestöllum sviðum. Hér eru atvinnutækifæri miklu fjölbreyttari en nokkurs staðar annars staðar. Hvergi er aðstaða til að njóta lista í öllum mögulegum myndum eins margvísleg og hér. En eins og ég sagði áðan, þá er ég í sjálfu sér ekki að gagnrýna þetta. Ég er að benda á þessar staðreyndir, og í þessu felst vissulega verulegur aðstöðumunur til handa þeim sem búa nálægt valdinu eða valdastöðvunum.

Það hefur þróast þannig um áratugi, vegna þess að Reykjavík er höfuðborg landsins, að ríkisvaldið hefur sett sig niður hér með starfsemi sína og út frá því höfuðstöðvar þjónustugreina og ýmiss konar starfsemi sem ríkið hefur á sínum snærum og hefur farið stórkostlega vaxandi á undanförnum árum. Og það er spurning að hve miklu leyti menn vilja bæta ofan á þennan aðstöðumun með því að fá tveimur kjördæmum í hendur — ég vil segja löggjafarvald þjóðarinnar. Einn hv. þm., Magnús Kjartansson, lagði til að jafnmargir kjósendur ættu að vera á bak við hvern þm. í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi og annars staðar í landinu, ef ég tók rétt eftir um daginn. Þetta mundi þýða það, að miðað við 60 þm. yrðu um 35 þm. héðan úr Reykjavík og Reykjanesi og 25 þm. annars staðar af landinu. Ég álít að þetta sé fjarstæða eins og málum er háttað og þegar ákvæði stjórnarskrárinnar eru skoðuð í heild — hrein fjarstæða — og ég held að fáum hafi dottið þetta í hug.

Ég viðurkenni að það er misræmi á milli kjördæma. Það er staðreynd, það er misræmi úti um landið miðað við Reykjaneskjördæmi og Reykjavík. Þó vil ég setja Stór-Reykjavík í sérflokk þar sem íbúarnir njóta nálægðar höfuðborgaraðstöðunnar sem er raunverulega ákveðin í stjórnarskránni sjálfri. (Gripið fram í.) Ég get tekið undir það sem kom fram hjá, ég held hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, að það verður ýmislegt til í þéttbýli og þróast ýmislegt í þéttbýli sem er gott að sjálfsögðu og ekki er mögulegt að þróa í strjálbýli. Það er alveg rétt. En ég held að það væri ekki sanngjarnt, þegar hugsað er um heildarhag borgaranna í landinu, að fá höfuðborgarsvæðinu jafnmarga þm. í hendur miðað við kjósendur sem á bak við búa ofan á þau ákvæði stjórnarskrárinnar að þar skuli vera aðsetur ríkisvaldsins og allt sem því fylgir. Ég held að það verði að reyna að skapa þarna jafnvægi á milli þannig að menn búi þegar allt kemur til alls við sæmilega jafnan kost, þegar allt er tekið með í reikninginn.

Þegar rætt er um kjördæmaskipun og stjórnarskrá, þá kemur til athugunar að gera greinarmun á því að setja kjördæmaskipun fyrir þjóð og setja kjördæmaskipun fyrir flokka. Það hefur verið svo á undanförnum árum við endurskoðun á stjórnarskránni, að ég held að seinna atriðið hafi verið miklu meira ríkjandi, þ. e. a. s. að setja og breyta kjördæmaskipuninni miðað við flokka heldur en miðað við þjóðina. Það kemur t. d. til greina að setja á einmenningskjördæmi í landinu, og það eru margir merkir menn sem hafa haldið því fram að það mundi leiða af sér heppilegt stjórnkerfi. Við vitum að í þeim löndum þar sem lýðræði er kannske hvað grónast, eins og t. d. í Bretlandi, búa menn við einmenningskjördæmi. En einmenningskjördæmin hafa þann kost — ég vil segja þann höfuðkost — að þau eiginlega neyða þjóðina til þess að skipta sér í tvær meginfylkingar. Það er aðalkosturinn við einmenningskjördæmafyrirkomulag. Ég hef ekki trú á því að það sé hugsanlegt að ná samkomulagi um einmenningskjördæmafyrirkomulagið. En það hefur vissulega ýmsa kosti. Hlutfallskosningar eru í eðli sínu gagnstæðar að því leyti til, að þær ýta undir möguleikana á flokkafjölgun og eru að vissu leyti hættulegar að því leyti. Það er ekki gott fyrir þjóð að búa við mjög marga stjórnmálaflokka. Úr því verður glundroði og hefur sýnt sig að gefast illa sem stjórnarfyrirkomulag.

Ég vil í þessu sambandi aðeins minnast á þá

möguleika, ef ekki yrði horfið að einmenningskjördæmum, sem ég hef enga trú á að verði, að minnka kjördæmin frá því sem nú er. Þau eru nokkuð stór, það finnum við sem erum þm. í stórum og víðlendum kjördæmum. Það er erfitt að vera þm. í þessum víðlendu kjördæmum þannig lagað að þingmaður geti kynnst högum manna nægilega náið. Það gegnir allt öðru máli í þéttbýli. Þar er aðstaðan allt önnur í þessu sambandi. Þess vegna álít ég að það gæti komið til greina að minnka kjördæmin frá því sem nú er. Í öðru lagi kæmi til greina að gera breytingar á uppbótarþingsætum. Það gæti komið til greina að afnema uppbótarþingsæti og skipa uppbótarþingsætunum í fjölmennu kjördæmin. Og ýmislegt fleira kemur til greina í þessu sambandi. Ég ræði þetta þó heldur lauslega nú, vegna þess að þetta eru hugleiðingar svona öðrum þræði utan dagskrár, því að það málefni, sem hér er beint til umr., það frv. fjallar ekki um þessi atriði sem ég hef komið inn á.

Ég vil þá minnast á það frv., sem hér liggur fyrir, og gera það að umræðuefni. Það gerir ráð fyrir því að svipta stjórnmálaflokka lagarétti til að raða upp lista, en í stað þess skuli raða nöfnum þeirra, sem flokkarnir tilnefna, í stafrófsröð á listana. Kjósendur ræði svo frambjóðendum eftir því sem þeir kjósa. Það vakna náttúrlega margar spurningar upp í sambandi við þetta fyrirkomulag, t. d. hvað er líklegt að margir noti sér þann rétt að raða. Það hefur komið fram í umr., að reynsla er fyrir því, bæði hér og annars staðar, að menn nota sér yfirleitt ekki þennan rétt nema að takmörkuðu leyti. Það er því hætt við, ef þetta fyrirkomulag yrði innleitt, að það gæti leitt til þess að tiltölulega lítill minni hl. réði því hverjir væru kosnir þm., við skulum segja 10—20% réðu því hverjir yrðu kosnir þm., auk þess að enginn vafi er á því, að ýmsir, sem mundu nota sér þennan rétt, mundu breinlega raða mönnum í samræmi við stafrófsröð, a. m. k. að einhverju leyti. Það er líka reynsla fyrir því þar sem slíkt fyrirkomulag er notað. Og mér finnst það ótæk niðurstaða, að það hafi einhverja þýðingu í þessu efni hvað menn heita. Mér finnst það ótæk niðurstaða. Það er talað um stafrófsröð og ef það verður ofan á að samþykkja slíkt, sem ég hef enga trú á, þá þurfa menn að vera hýsna framsýnir í sambandi við þingmennskuna. Það er ekki nóg að menn hugsi fyrir því sjálfir, heldur þarf næsta kynslóð á undan að vera með á nótunum og hugsa til nafngiftar eða hafa áhuga á því að eftirkomendur hafi verulega mikla möguleika á því að verða þm. Hvernig sem á það mál er litið finnst mér fráleitt að hugsa til þess að raða á lista eftir stafrófsröð, það þurfi að vera það sem ræður kosningu hvað menn heita. Það verður að vera eitthvað meira á bak við uppstillingu heldur en hvað menn heita.

Það er ekki úr vegi að gera sér grein fyrir því, hvaða möguleika menn hafa í dag til að velja á milli frambjóðenda á listum, því að það eru möguleikar til þess í lögum þó að það þurfi talsvert til. Samkv. kosningalögunum frá 1959 hafa flokkar rétt til þess að raða frambjóðendum á lista og bera þá fram og kjósendur geta svo breytt röð frambjóðenda. Eins og lögin eru í dag þurfa yfir 12% kjósenda hér í Reykjavík að hafa strikað yfir mann til þess að það geti haft áhrif á röðun listans. Í sex manna kjördæmum geta 23% breytt röð á lista og í fimm manna kjördæmum rúm 27%. En þessu var verulega breytt frá því sem var fyrir lögin frá 1959, en kjördæmin voru áður miklu minni. Ef reglan hefði verið tekin upp óbreytt í kosningalögin frá 1959 eins og hún var áður, þá hefði þurft um 4% kjósenda hér í Reykjavík til þess að breyta röð á lista og í sex manna kjördæmum hefði þurft um 7½% og í fimm manna kjördæmum um 9%. Þegar þetta mál var til meðferðar hér í þinginu var, eins og raunar hefur komið fram áður í umr., mikið rætt um þetta atriði og þm. voru sammála um að það væri hætta á því, ef þessi ákvæði yrðu samþykkt óbreytt frá því sem var fyrir 1959, að mjög lítill minni hl. gæti raunverulega ákveðið um val þm. hvert ofan í vilja mikils meiri hl., eða 4% í Reykjavík, sem mundi þýða það að ekki þyrfti nema 200 manns til að breyta röð á lista sem fengi 5000 atkv. Þetta þótti mönnum 1959 vera of lítið eða vildu ekki ljá því fylgi. Þess vegna varð það ofan á, og ég hygg að menn hafi verið sammála um það, að breyta þessari reglu og setja upp þá reglu, að það þyrfti meira að koma til til þess að breyta röð á lista heldur en þetta. Því var sett sú regla sem nú gildir í kosningalögum.

Ég vil láta koma fram þá skoðun, að ég hygg að það hafi verið gengið fulllangt í því að takmarka áhrif útstrikana í lögunum frá 1959 í minni kjördæmunum — það hafi verið gengið fulllangt í því. En ég dreg í efa að það væri skynsamlegt að minnka þetta mikið hér í Reykjavík, sem er miklu stærra kjördæmi, minnka þetta mikið niður fyrir það að 12% eða þar um bil gætu breytt röð á lista. Þó kæmi til greina að lækka þetta eitthvað. En ég tel fráleitt að gera svo mikla breytingu í þessum efnum að einungis 4% kjósenda gætu haft veruleg áhrif á röð á listum. Það er þess vegna hægt að gera kjósendum auðveldara um breytingar á röð frambjóðenda á listum heldur en nú er með því að breyta þessum reglum í áttina til þess sem var áður en lögin frá 1959 voru samþykkt.

Það er í augnablikinu mikið í tísku að kalla það lýðræði að sem allra fæstir, vil ég segja, hefðu möguleika á að breyta röðun á frambjóðendum. Ég er ekki fyrir mína parta kominn til með að samþykkja að í þessu felist í raun og veru aukið lýðræði, vegna þess að ég vil a. m. k. skilgreina lýðræði sem það stjórnarform að meiri hl. manna ráði ákvörðunum, það sé grundvallarregla að meiri hluti manna ráði ákvörðunum. Á þeirri meginreglu, ef menn vilja halda lýðræðinu, verða að byggjast reglur um kosningar. Það er hægt að komast næst því að einstakir kjósendur hafi áhrif á það, hverjir eru kosnir þm., með því að taka upp einmenningskjördæmi. Þá er engin spurning um það, að menn eru að kjósa um einstaklingana. Og einmenningskjördæmin tryggja í raun og veru fulla persónukosningu hjá hverjum kjósanda. Í öðru lagi er mögulegt að breyta núverandi reglum, eins og ég sagði áður, þannig að röðun kjósandans hafi meiri áhrif en nú er, þar sem nú er aðeins tekið tillit að ⅓ hluta til þeirra breytinga sem gerðar eru á röð frambjóðenda.

Þessu má að sjálfsögðu breyta. Síðan er hægt á ýmsan hátt að auka áhrif einstakra kjósenda á val þm. og það er auðvitað gert. Þ. á m. eru skoðanakannanir og prófkosningar í flokkunum. Það gæti komið til greina í þessu sambandi að setja löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka, eins konar rammalöggjöf sem tryggi á einhvern hátt rétt kjósendanna, einstakra kjósenda, betur en nú er.

Nú er það svo, að gengið er frá listum, eins og allir vita aðallega með þrennum hætti. Í fyrsta lagi eru það fulltrúasamkomur sem gera það, í öðru lagi eru það prófkosningar sem ekki eru bindandi og í þriðja lagi er það prófkjör sem yfirleitt er talið vera bindandi í kosningum. Um fulltrúasamkomurnar er það að segja, að þær eru yfirleitt nefndar kjördæmisþing eða fulltrúaráð. Þessar samkomur eru oft býsna fjölmennar. Ég sat t. d. á fulltrúasamkomu fyrir nokkru í mínu kjördæmi. Þar sem voru milli 70 og 80 fulltrúar, og ég veit að margir þessara fulltrúa komu þannig til þings að þeir höfðu ákveðnar skoðanir á því, hvernig þeir vildu skipa framboðslista, sem voru byggðar á samþykktum sem gerðar voru í félögum, þannig að þessar samkomur byggjast náttúrlega á meira en þeim fulltrúum einum sem þar eru mættir. Þær byggjast auðvitað á hreyfingum, stjórnmálaflokkum, sem eru fjölmennir, og þar af leiðandi koma margir þarna til ákvörðunar. Og ég segi fyrir mína parta: ég er ekki kominn til með að samþykkja að það sé meira lýðræði fólgið í því að setja á prófkosningar eða prófkjör til þess að ákveða val á þm. Ég er ekki kominn til með að samþykkja það þegar allt kemur til alls.

En eins og ég sagði áður, þá getur það meira en komið til greina að setja rammalöggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka. Svo er í öðrum löndum sumum, t. d. í Bandaríkjunum, þar eru ákveðin lagaákvæði um þessar svokölluðu prófkosningar sem þar fara fram, sérstök ákvæði sem um þær gilda. En ég held að það væri varhugavert að taka þann rétt af stjórnmálaflokkum, stórum hreyfingum sem eru raunverulega undirstaða þess að lýðræði geti þrifist, til þess að stilla upp frambjóðendunum. Það er álitamál hvort menn vilja lögleiða prófkosningar eða skoðanakannanir. Ég er fylgjandi því fyrir mitt leyti að slíkt eigi að vera á valdi flokkanna sjálfra, en ekki lögleitt. Hins vegar kemur til greina til þess að sætta sjónarmið í þessum efnum að setja rammalöggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna og þ. á m. ákvæði um prófkosningar og prófkjör. Eitt er víst, að við prófkjör þarf að hafa strangar reglur. Annars er hætt við að prófkjör verði meira í orði en í verki. Það er t. d. alveg ljóst í sambandi við prófkjör sérstaklega í fjölmenni og e. t. v. alls staðar, að það er talsvert fyrirtæki fyrir einstaklinga að ganga til prófkjörs. Það er mikil keppni milli manna í þessu efni og það kemur sér vel að hafa fjármagn til þess að eyða í prófkosningar. Og það gæti svo farið, ef prófkosningar yrðu alfarið sú leið sem yrði notuð til þess að velja þm., að það hefði ekki litla þýðingu fyrir einstaklingana, sem vilja taka þátt í prófkjöri, að hafa yfir að ráða talsvert miklu fjármagni til þess að eyða í prófkosningar, til þess að auglýsa sjálfa sig, til þess að ráða menn til þess að vinna fyrir sig o. s. frv. Það er því ekki alveg víst, þegar málin eru skoðuð ofan í kjölinn, að prófkosning sem slík sé hið eina sanna lýðræði þegar til alls kemur og tryggi að bestu menn verði valdir til þingmennsku.

Ég er andvígur því frv. sem hér er til umr. Ég tel það ekki skynsamlega leið að raða mönnum upp eftir stafrófsröð í sambandi við val þeirra til þingmennsku. Ég álít að það sé miklu virkara lýðræði, að það eigi að vera meira á bak við frambjóðendur en nafnið eitt, og vil leggja á það áherslu að fulltrúasamkomur stjórnmálaflokka, þjóðmálaflokka sem eru venjulega fjölmennar fylkingar í þjóðfélaginu, eru vissulega þess eðlis að engin ástæða er til að dæma þær úr leik — engin ástæða til þess. Ég held að það sé t. d. dálitið varhugavert, ef á að fara að taka upp það fyrirkomulag í landinu að halda opnar prófkosningar sem eru þannig að aðrir stjórnmálaflokkar geta tekið þátt í þeim, menn geta kosið í prófkjöri ákveðins stjórnmálaflokks, en jafnhliða lýst því yfir að þeir styðji annan stjórnmálaflokk og muni kjósa hann í kosningunum. Ég held, að þetta sé dálitið varhugavert, og álít, að það væri skynsamlegra að binda prófkjör einstakra stjórnmálaflokka við þá sem fylgja flokkunum, annað hvort lýsa yfir að þeir fylgi flokkunum eða eru raunverulega í flokkunum, þó að ég segi ekki að það geti komið fyrir að menn skipti um skoðun á milli prófkjörs og kosninga. Það er ekki nema mannlegt. En aðalreglan tel ég að verði að vera sú, að eingöngu flokksmenn eða þeir, sem styðja viðkomandi flokk, taki þátt í prófkosningum.

Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því í þessu sambandi, að lýðræðið getur í raun og veru ekki þrifist án stjórnmálaflokka til lengdar. Það er útilokað, enda engin dæmi þess neins staðar í heiminum, ekki í einu einasta landi, að lýðræði hafi þrifist til lengdar án — ég vil segja: skipulagðra stjórnmálaflokka. Þetta er í sjálfu sér mjög auðskilið mál, vegna þess að lýðræðið byggist á meirihlutavaldi, og til þess að skapa meirihluta þurfa menn að þjappa sér saman, og menn þjappa sér auðvitað saman í stjórnmálaflokka, þeir sem hafa skyldastar skoðanir, til þess að skapa meiri hluta. Einræðisríkin aftur á móti hafa einn flokk og byggja á því. Bæði kommúnistaríkin og fasistaríkin hafa einn flokk, en það er allt önnur saga sem ekki er verið að ræða hér. En ég held að Íslendingar geti ekki hugsað sér það fyrirkomulag að byggja á eins flokks kerfi.

Ég hef orðið var við að menn ræða um það, að það sé hálfgamaldags að leggja áherslu á þýðingu stjórnmálaflokka. Það kann að vera að þessari skoðun vaxi fylgi eftir því sem velferðin verður meiri í þjóðfélaginu. Það er að minni hyggju rétt, að það er kannske minni munur á flokkum nú t. d. hér á landi en var fyrir einum 40—50 árum vegna þess að búið er að lögfesta mikið af þeim málum sem þá voru miskliðarefni og eru ekki lengur deiluefni í þjóðfélaginu. En eigi að síður er ég þeirrar skoðunar, að það þýði ekki það, að þýðing stjórnmálaflokka í sjálfu sér sé ekki til í þjóðfélaginu ef menn vilja búa við lýðræðisfyrirkomulag. Og ef menn eru á þeirri skoðun að vilja minnka þýðingu stjórnmálaflokka, að ég nú ekki tali um að leysa upp stjórnmálaflokka, þá álít ég að lýðræði muni ekki lifa lengi í landinu.

Varðandi stjórnarskrána og endurskoðun á henni held ég að menn eigi að flýta sér hægt. Það kann að vera að mál gangi ekki nógu hratt fram í stjórnarskrárnefndinni. Ég held að það hafi verið starfandi að nafninu til stjórnarskrárnefnd líklega í ein 30 ár, ef ég man rétt, og menn hafa verið í þeim nefndum og menn hafa sagt sig úr þeim sumir. Þeir eru búnir að vera lengi í þeim og ekkert hefur skeð. En ég held að það sé engin ástæða til þesss að menn séu að blekkja hver annan í þessum efnum. Endurskoðun stjórnarskrárinnar verður ekki tekin fyrir af alvöru fyrr en flokkarnir ganga í málið. Það er ljóst. Og flokkarnir verða að ganga í það mál af fullri alvöru til þess að eitthvað gerist. Ég fyrir mitt leyti er fylgjandi heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, ekki í neinu snarhasti, en að það verði gengið af alvöru til þess verks. Ég tel það nauðsynlegt í stað þess að ganga til breytinga á stjórnarskránni í einstökum atriðum.

Inn í þetta mál allt saman — ekki aðeins það sem snertir þetta frv., heldur þetta mál allt saman — kemur mjög sú búseturöskun sem orðið hefur í landinu á undanförnum áratugum og hefur valdið miklu í ýmsum efnum, miklu tjóni að *mínum dómi*. Það hefur verið snúist gegn þessari þróun af verulegum krafti á undanförnum árum. Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem hóf störf 1971, snerist gegn þessu máli, stofnaði sérstakan sjóð, Byggðasjóð, til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, til þess að vinna gegn áframhaldandi byggðaröskun í landinu, og það var vitanlega vegna þeirrar stórkostlegu byggðaröskunar sem orðið hafði á undanförnum áratugum. Þetta starf var nokkuð öflugt og því hefur verið haldið áfram og það hefur haft mikil áhrif, þannig að á árinu 1974 urðu þau sögulegu umskipti, að fjölgun landsmanna varð tiltölulega meiri utan Reykjavíkur og Reykjaness heldur en þar. Ég ætla nú að vonast til að það verði samstaða um það á Alþ. áfram að reyna að tryggja að þessi búseturöskun, sem svo miklu hefur raskað í okkar þjóðfélagi á undanförnum áratugum, heyri til sögunni og það verði lagt fram nauðsynlegt fjármagn til að treysta búsetuna í öllu landinu. Þá kemur ekki til sú stórkostlega búseturöskun sem leiðir það af sér að menn þurfa sífellt að gjörbreyta stjórnarskránni vegna þess að þjóðfélagið er að umbyltast á örskömmum tíma. En ég vil gjarnan taka undir það, sem komið hefur fram hjá ýmsum, að það er eitt af þeim atriðum sem þarf að huga að við endurskoðun á stjórnarskránni, að hve miklu leyti á *að festa fjölda þm. í kjördæmum í stjórnarskránni* sjálfri eða að hve miklu leyti á að taka upp svipað fyrirkomulag og er í Danmörku, þar sem þetta er endurskoðað með tilliti til breyttrar búsetu í hinum ýmsu kjördæmum á, að ég held, 10 ára fresti. Þetta er eitt af þeim atriðum sem kemur til greina að endurskoða í sambandi við stjórnarskrána.

Ég vil að lokum endurtaka það, að ég er andvígur frv. sem hér liggur fyrir, álít, að það eigi að fella það, og vonast til, að það verði fellt, því að mér finnst ekki að það réttlæti það að verða samþykkt. Ég ítreka enn fremur að nauðsyn er að endurskoða stjórnarskrána í heild í þetta sinn í staðinn fyrir að taka einstök ákvæði hennar fyrir til endurskoðunar, ákvæði eins og kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag.

Ingvar Gíslason: Hæstv. forseti. Ég skal hvorki vera allt of langorður né ætla ég heldur að hvarfla allt of mikið frá efni þessa frv., þó að það gefi náttúrlega tilefni til nokkuð víðtækra umr. um kosningamálin og um stjórnarskrármálefni almennt. En hér hafa orðið allmiklar umr. um þetta mál og er það kannske að vonum.

Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum í prentuðu máli, en eigi að síður er það býsna efnismikið. Það felur í sér mjög róttæka breytingu á kosningaháttum, þannig að það er kannske ekki hægt að ganga öllu lengra í því, og það ætti því að vera fyrirgefanlegt þó að menn staldri ögn við og reyni að átta sig á þessu máli og athugi hvað felst í þessu máli. Og hvað skyldi það þá vera sem felst í þessu frv.? Það felst í því, að það skuli raða frambjóðendum til Alþ. eftir starfrófsröð *á lista*. Síðan á það að vera hlutverk kjósenda, ef þeir vilja, ef þeir óska eftir því, að raða nöfnunum í töluröð. En ef kjósendur nota ekki rétt sinn til þess að raða í töluröð, þá skilst mér að stafrófsröðin eigi að gilda. Þetta er hið fullkomna lýðræði, skilst mér á hv. flm. En ætli þessi fullyrðing hans um hið fullkomna lýðræði fái staðist? Ég held að hún standist ekki, því að ef annmarkar eru á núverandi fyrirkomulagi, þá er till. hv. 4. þm. Reykn. ekki síður gallagripur. Og það er því miður svo um þetta frv., að það er reglulegur gallagripur. Frv. hefur að vísu góðan tilgang, en ég er ósköp hræddur um, að minn ágæti vinur, hv. 4. þm. Reykn., eigi eftir að komast að því, eins og stendur einhvers staðar í uppbyggilegum sálmi eða fræðum, að góð meining enga gerir stoð. Tilgangurinn er sá að gera kosningarnar lýðræðislegri með því að þær verði persónubundnari og þar með persónulegri, geri ég ráð fyrir, þannig að kjósandinn finni til mikilvægis síns, þegar hann gengur til kosninga, og finni að hann er að fela á persónulegan hátt pólitískt umboð sitt þeim frambjóðanda sem hann helst óskar, og slíkan tilgang get ég ekki lastað. Hann er ákaflega góður og hann lýsir göfugu hugarfari hv. flm. En gallinn við frv. er sá, að þótt tilgangurinn sé góður, þá er frv. ófært um að ná tilgangi sínum um hið fullkomna lýðræði. Því miður óttast ég að árangurinn verði alveg þveröfugur, nefnilega lýðskrum í stað lýðræðis.

Ég fæ ekki betur séð en lýðskrum fari stórvaxandi með þjóðinni og það sé síst ástæða til þess að kynda undir slíku með yfirborðslegum hugmyndum um endurbætur á kosningalögum og kjördæmaskipun. Sannleikurinn er sá, að kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipun eru hvergi nærri eins bölvuð og margir vilja vera láta. A. m. k. er víst, að kosningafyrirkomulagið hentar vel þeirri kjördæmaskipun sem við búum við. Um kjördæmaskipunina sjálfa má sjálfsagt deila og sitthvað segja. Ef eitthvað er að kjördæmaskipuninni nú, þá finnst mér það liggja í því að kjördæmin séu of stór og þau séu of sundurleit. Hins vegar er ég sammála hv. 4. þm.

Reykn. um það, að einmenningskjördæmi séu ekki í öllum tilfellum eftirsóknarverð. Þó er það svo með einmenningskjördæmin, að þar eru kosningar óneitanlega persónulegar, því að þar á sér stað útsláttarkeppni milli frambjóðenda, þannig að einn þeirra, ein persóna, stendur yfir höfuðsvörðum andstæðinga sinna. Þeir, sem því líta stærstum augum á persónuleg vopnaviðskipti og einliðaleik í framboðum til Alþingis, telja sennilega einmenningskjördæmin æskilegust, næstum að segja hvernig sem á stendur. Ég tel að einmenningskjördæmi geti átt rétt á sér í vissum tilfellum, en að þau séu fráleit í öðrum. T. d. tel ég fráleita þá hugmynd að skipta Reykjavík í einmenningskjördæmi eða stærstu kaupstöðum, svo sem Akureyri og Kópavogi. Þar finnst mér hlutfallskosning ein eiga að koma til greina, þó að einmenningskjördæmi geti átt við í fámennari félagsheildum, t. d. í fámennum sýslufélögum, ef við færum út í það að búta niður núverandi kjördæmi. Annars held ég að breyting á kjördæmaskipun sé ekki mjög aðkallandi vandamál.

Menn eru sagðir ræða mikið um kosningafyrirkomulagið. Ég held að það sé rétt, að talsvert hefur verið rætt um það í fjölmiðlum og e. t. v. manna á meðal, að kosningar til Alþ. þyrftu að vera persónubundnari — persónubundnari og persónulegri — en þær eru. Í sjálfu sér finnst mér ósk um þetta efni ekki óeðlileg og þar af leiðandi er nauðsynlegt að ræða þetta mál hér á Alþ. og athuga það gaumgæfilega. En ég held að athugun muni leiða í ljós, að það er engan veginn auðvelt að verða við ýmsum kröfum í þessu efni eins og þær eru stundum settar fram, enda eru þær oft lítið hugsaðar og þjóna ekki lýðræðisfyrirkomulaginu þegar til kastanna kemur. Þær eru ekki einungis ranghverfa einstaklingshyggjunnar, heldur líka mistúlkun á þeirri skoðun sem allir lýðræðissinnar hafa, að persónufrelsi sé eitt aðaleinkenni lýðræðis. Og hver er það t. d. í þessum sal sem vill ekki persónufrelsi? Slíkur maður finnst auðvitað ekki í þessum sal. Samt held ég að allir geri sér grein fyrir því, að persónufrelsi er ekki í því fólgið að maður hafi leyfi til að aðhafast hvað sem honum kann að detta í hug né heldur að menn komist hjá því að móta sér skynsamlegt þjóðskipulag sem byggt er á lögum og reglu, á stjórn og valdbeitingu og á því að menn skerði eitthvað persónulegt frelsi sitt.

Við Íslendingar höfum komið á hjá okkur þjóðskipulagi sem byggt er á lýðræði og þingræði og margflokkakerfi. Þetta þjóðskipulag er auðvitað ekki gallalaust fremur en önnur mannaverk. Um lýðræðið hefur verið sagt að það sé mjög slæmt þjóðskipulag, en þó sé það skárra en annað sem í boði er. Lýðræðisþjóðskipulagið leysir okkur t. d. ekki undan klafa valdsins, þeirri kvöð að lúta lögum og reglu, og allra síst þeim „ágalla“ að þurfa að taka tillit til annarra. Sannleikurinn er sá, að lýðræðisskipulagið krefst þess fyrst og fremst að menn vinni saman. Það krefst félagshyggju engu síður en persónufrelsis. Þessi krafa um samvinnu og félagshyggju hefur orðið að veruleika á þann hátt, að fólk stofnar með sér félög og samtök til þess að hafa áhrif í þjóðfélaginu, en berst ekki algerlega eitt í einhverri sérvisku og sérgæðingsskap. Þó er slíkt engum bannað. Menn geta, ef þeir vilja, verið sérgæðingslegir og andfélagslegir í okkar þjóðfélagi. En sem betur fer eru það næsta fáir sem velja sér slíkt hlutskipti. Yfirgnæfandi meiri hluti fólks lítur á samtök og félagsskap sem sjálfsagðan hlut og í rauninni undirstöðu þess þjóðskipulags sem við köllum lýðræði, — þjóðskipulags sem er ekki gallalaust, en er þó skárra en annað sem um er að velja. Ég vona að sem flestir átti sig á því, að stjórnmálaflokkar eru félagsleg samtök og eru ómissandi í lýðræðis- og þingræðislandi. Það er a. m. k. víst, að margt væri á annan veg og örðugra ef ekki væru í landinu þau skipulögðu fjöldasamtök sem nefnast stjórnmálaflokkar.

Þó er ekki því ekki að leyna, að oft og tíðum gætir misskilnings og mistúlkunar að því er varðar störf og stöðu stjórnmálaflokkanna. Ég er ekki frá því að afflutningur á mikilvægi stjórnmálaflokka sé meiri hér á landi en annars staðar í nálægum lýðræðislöndum. Má með nokkrum sanni segja að um alllangt skeið hafi flætt yfir landið linnulaus áróður gegn stjórnmálaflokkum og stjórnmálamönnum, og þessi áróður hefur jafnvel gengið út yfir Alþ. sem stofnun, að ekki sé minnst á alþm. sem einstaklinga. Þessi áróður hefur verið mjög neikvæður og þjónar ekki góðum tilgangi, og eins og yfirleitt er um neikvæðan áróður, þá hefur þessi gagnrýni á stjórnmálaflokkana verið lýðskrumskennd og yfirborðsleg, m. a. persónuleg í vondri merkingu þess orðs.

Að sjálfsögðu er ekkert vit í því að frábiðja stjórnmálaflokkana gagnrýni. Þá ber að gagnrýna og þeir verða alltaf gagnrýndir. Eigi að síður verða menn að átta sig á því, að stjórnmálaflokkarnir eru aðalmáttarstólpar lýðræðisins og alger grundvöllur þingræðisins. Ef ekki væri stjórnmálaflokkar, þá mundi öll stjórnmálastarfsemi leysast upp í eins konar frumskógahernað, skipulagslausa klíkustarfsemi, lýðskrum og atkvæðaveiðar af verstu tegund. Ef það er þess konar pólitík sem menn óska eftir, þá er auðvitað ráðið að halda áfram að jaga stjórnmálaflokkana og veikja álit þeirra meðal almennings. En að mínum dómi er slíkt hið mesta óþurftarverk. Að mínu áliti fer best á því, að framboð séu á vegum stjórnmálasamtaka, og í því sambandi hlýt ég að leggja á það sérstaka áherslu, að ég tel að ekki komi til greina annað en að röðun framboðslista sé ákveðin af stjórnmálasamtökum, um leið og ég tek það fram að kjósendur eiga að hafa rétt til að breyta þeirri röð eins og kosningalög gera ráð fyrir. E. t. v. er hægt að rýmka um möguleika kjósenda í þessu efni og er eðlilegt að ræða það mál sérstaklega. En það frjálsræði kjósenda, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., yrði ekki til bóta, heldur yrði það til þess að auka pólitískan glundroða og magna upp lýðskrumsaðferðir sem alltaf er hægt að eiga von á á vettvangi stjórnmála, ekki síst þegar mönnum hitnar í hamsi í kosningabardaga og í hlut eiga menn sem hættir til að beita ofurkappi þegar hagsmunir þeirra eru í veði.

Sú aðferð, sem stungið er upp á í þessu frv., mundi verða til þess að draga úr málefnalegri stjórnmálabaráttu, en magna upp persónu- og

eiginhagsmunabaráttu. Þessi aðferð getur aldrei leitt til annars. Með þessari aðferð er verið að efna til innbyrðis sundrungar manna sem eiga að vera samherjar og málsvarar sameiginlegrar stjórnmálastefnu.

Ég vil einnig spyrja í þessu sambandi: Hver eða hverjir eiga að vera málsvarar framboðslista sem þannig er skipaður? Hafa menn leitt hugann að því hvaða praktísk vandamál fylgja slíku fyrirkomulagi sem hér er stungið upp á? Eða er það kannske meiningin að sleppa algerlega þeim þætti úr, að frambjóðendur á sama lista berjist undir sama merki og hafi sameiginlega kosningastefnuskrá? Ef svo er, þá ætti að stiga skrefið til fulls og leggja niður stjórnmálaflokka í núverandi mynd og láta það ráðast, hverjir bjóða sig fram til þings, eða öllu heldur, það ætti ekki að hafa nein framboð, heldur ætti að haga kosningum þannig að hver kjósandi skuli leggja fram eigin lista og stinga honum í atkvæðakassann á kjördegi. Þá er víst frelsi kjósandans fullkomnað — eða er ekki svo? En þar með er ekki sagt að lýðræðinu sé gerður mikill greiði, og ég held raunar að það væri mikill bjarnargreiði við kjósendur að taka upp þess háttar skipulag. Ég hef þá trú þrátt fyrir allt, að almenningur í landinu sé yfirleitt ekki óánægður með flokkaskipunina eða starfsemi stjórnmálaflokkanna, og ég hygg að það sé skoðun alls þorra manna, að stjórnmálaflokkarnir eigi að ráða framboðum, m. a. raða á lista og ákveða hverjir skulu vera í efstu sætum þeirra og þar með málsvarar og forustumenn listans. Kjósendur almennt vilja fyrst og fremst málefnalega stjórnmálabaráttu og þeir meta stjórnmálamenn eftir málefnum og hæfni þeirra til þess að túlka skoðanir. Og kjósendur aðhyllast miklu fremur flokka og baráttumál flokkanna heldur en þeir elti einhverjar persónur í algerri blindni. Það eru aðeins skrumararnir sem halda öðru fram, að vísu eru dæmi um að skrumarar hafa náð alllangt í því að safna um sig fylgi, en yfirleitt reynast þess háttar sigrar Pyrrhusarsigrar.

Nú munu e. t. v. einhverjir, sem á mig hlýða, segja sem svo, að ég sé að boða þá kenningu að engu þurfi að breyta og engu eigi að breyta og ekkert þurfi um þessi mál að tala yfirleitt. Það er þó alls ekki mín skoðun og það eru ekki mín orð. En ég er andvígur því fyrirkomulagi kosninga sem stungið er upp á í þessu frv. og ég er andvígur því að dregið sé úr valdi stjórnmálasamtaka við ákvörðun framboða og röðun á framboðslista. Þvert á móti álít ég að það þurfi að efla starfsemi stjórnmálaflokkanna og fá fleira fólk til þess að taka virkan þátt í starfsemi þeirra.

Ég álít að það þurfi að tryggja enn betur en er að lýðræðislegt skipulag stjórnmálaflokkanna fái notið sín í reynd. Að mínum dómi verður það best gert með því að efla starfsemi grunneininganna í skipulagi flokkanna, þ. e. a. s. staðbundinna flokksfélaga og samtaka þeirra í hverju kjördæmi. Því fleiri sem taka þátt í störfum stjórnmálafélaganna því lýðræðislegri er starfsemi þeirra, og því fleiri sem taka þátt í umr. og ákvörðunum um framboð því betra. Í því sambandi tel ég mjög koma til greina að efna til skoðanakönnunar eða prófkjörs meðal flokksmanna sem undanfara ákvörðunar um framboð, enda hygg ég, að flestir stjórnmálaflokkar í landinu hafi sett sér reglur um þessi efni og að þeir beiti þessum aðferðum að meira eða minna leyti. Skoðanakönnun og prófkjör eru að mínu viti eðlilegur þáttur í flokksstarfi sem er því auðveldara að framkvæma sem flokksstarfið er virkara og fjölbreyttara. Og að því þarf að vinna að stjórnmálaflokkarnir starfi af þrótti, bæði að almennri stefnumótun og baráttu fyrir stefnumálum og einnig með því að kjósa menn til trúnaðarstarfa hver sem þau eru.

Að einu leyti er ég mjög sammála hv. flm. að því er varðar skoðanir sem hann hefur látið uppi, en það er sú gagnrýni á seinagang í störfum stjórnarskrárnefndar sem hann hefur hreyft. Núv. stjórnarskrárnefnd var kosin fyrir fimm og hálfu ári, eins og var upplýst áðan af einum nm. í þeirri n. En því miður hefur verið ákaflega hljótt um störf þessarar n. Þó er vitað að í n. sitja bæði áhugasamir menn og vel hæfir menn. Ég óttast að ástæðan fyrir seinvirkni n. sé sú, að hér sé um vandasamara og umfangsmeira starf að ræða en svo að önnum kafnir menn geti sinnt því í hjáverkum.

Gísli heitinn Guðmundsson alþm., sem var annar aðalhvatamaður að því að stjórnarskrárnefndin var sett á laggirnar, lét sér koma til hugar að nauðsynlegt kynni að reynast að stofna til sérstaks stjórnlagaþings til þess að fjalla um breytingar á stjórnarskránni. Ýmsum mun þykja slík hugmynd fjarlæg veruleikanum. En hvað skal segja þegar svo seint miðar hjá stjórnarskrárnefndinni? Ég er þeirrar skoðunar að okkur sé þörf á að endurskoða stjórnarskrána. En ég er ekki þeirrar skoðunar að nauðsynlegast sé að endurskoða þá kafla sem fjalla um kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag. Ég held líka að það væri mjög gagnlegt að vekja meiri umr. um stjórnarskrármálefni í heild og auka almennan skilning á hlutverki stjórnarskrár og mikilvægi hennar fyrir mannréttindi og fyrir virkt stjórnskipulag. Mannréttindaákvæði eru að sjálfsögðu eins og blómi hverrar lýðræðislegrar stjórnarskrár. En stjórnarskráin er líka til þess gerð og kannske fyrst og fremst til þess gerð að tryggja meiri hl. Alþ. snurðulausa stjórn á málefnum ríkisins. Stjórnarskráin á að vera grundvöllur að valdskiptingunni í þjóðfélaginu. Hún er eins konar útdeiling valds milli æðstu stjórnvalda. Ég fyrir mitt leyti held að það sé full ástæða til þess að kanna hvernig ástatt er í þessu efni. Ég held að það þurfi að rannsaka gaumgæfilega og hlutlægt hvernig nú háttar í raun valdahlutföllum í þjóðfélaginu og hvort hlutföllin séu í samræmi við eðli stjórnarskrárinnar og nauðsyn þess sem kalla má virkt stjórnskipulag. Mér finnst að það sé í verkahring stjórnarskrárnefndar að svara spurningum um þessi atriði.

Þessi orð mín verða ekki öllu fleiri, virðulegi forseti. Þó að ég viti að þetta frv. er borið fram af góðum hug, þá kemst ég ekki hjá að lýsa yfir andstöðu minni við það. Ég er sannfærður um að ef þetta frv. yrði að lögum þá mundi það síður en svo verða lýðræðinu til styrktar. Slíkt fyrirkomulag mundi auka hættu á skrumi og óvægilegum áróðri og vera hemill á málefnalega stjórnmálabaráttu. Ég álít að það sé fyrst

og fremst hlutverk stjórnmálaflokka að fjalla um framboð, og ef menn vilja auka persónuáhrif á framboð, þá hallast ég að skoðanakönnunum og prófkjörum innan flokkanna eða meðal stuðningsmanna þeirra.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Ég hef áður í umr. um kosningalög og kjördæmaskipun gert grein fyrir skoðunum mínum í aðalatriðum varðandi breytingar á vægi atkv. og eins varðandi persónukjör og mun ekki endurtaka það við þessa umr. En vegna ummæla hv. þm. Tómasar Árnasonar varðandi vægi atkv. annars vegar í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli vil ég aðeins segja örfá orð um það atriði.

Hann komst að þeirri niðurstöðu að Reykjavík væri stór og blómleg byggð þrátt fyrir það hversu fáir þm. hefðu setið á Alþ. frá Reykjavík á undanförnum áratugum. En mætti þá ekki eins snúa þessu við og spyrja: Hvers vegna leggja dreifbýliskjördæmin svo mikla áherslu á að hafa marga þm. á þingi, ef það skiptir ekki máli hvort þeir eru fleiri eða færri? Og má ekki benda á það, að sú byggðastefna, sem hann fór lofsamlegum orðum um og hér hefur verið samþykkt nær einhuga á þingi, er í reynd framkvæmd með stuðningi þeirra þm. sem kjörnir eru hér á þéttbýlissvæðunum. Hann féll jafnframt í þá gryfju sem aðrir hafa gert, að vega atkvæðisrétt kjósenda með hliðsjón af efnahagslegri og jafnvel menntunar- og menningarlegri aðstöðu kjósendanna. Ég skildi orð hans svo, að hann vildi láta vega það og meta, þegar gert væri upp hvort atkvæðisréttur skyldi vera jafn eða ekki, hver væri hin efnislega og menningarlega aðstaða í hverju byggðarlagi um sig. Enda þótt ég sé margbúinn að lýsa því yfir að vægi atkv. skuli ekki vera fullkomlega jafnt, þá vísa ég slíkum röksemdum algerlega á bug. Ég tel að Reykvíkingar eigi ekki að gjalda þess að þeir búi í höfuðborginni. Reykvíkingar hafa byggt upp þessa borg með eigin framtaki og dugnaði og það á ekki að verða til þess að draga úr atkvæðisrétti þeirra þó að þeir hafi búið vel að sjálfum sér og að höfuðborg þessarar þjóðar. Ég vek líka athygli á því, að höfuðborgin hefur ákveðnum skyldum að gegna gagnvart þjóðfélaginu í heild sinni og þeim skyldum hafa Reykvíkingar sinnt.

En það, sem kveikti í mér til að taka til máls við þessa umr., voru ummæli og hugleiðingar hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar í fyrstu lotu þessarar umr., — hugleiðingar varðandi stjórnmálaflokkana. Hann minnti á að breyting á stjórnarskránni 1959, sú mikla breyting sem gerð var á kjördæmaskipan, hefði haft tvö meginmarkmið: annars vegar að leiðrétta misvægið á milli einstakra kjördæma, sem var orðið allt of mikið, og líka til að tryggja það að stjórnmálaflokkar hefðu þingstyrk í samræmi við fylgi sitt meðal kjósenda. Hann minnti á að varðandi síðara atriðið, um stjórnmálaflokkana, hefði það markmið náðst og væri enn í fullu gildi. Ég er sammála honum um að þetta hafi verið réttur tilgangur og það ástand sé í nokkuð góðu lagi enn þá. Ég er líka sammála honum um að við verðum mjög að byggja á stöðu stjórnmálaflokkanna þegar við hugleiðum breytingar á kosningalögum eða kjördæmaskipun. Hins vegar finnst mér ástæða til af þessu tilefni að víkja nokkrum orðum að stjórnmálaflokkunum og hlutverki þeirra í þessu sambandi.

Við erum sjálfsagt öll sammála um það, að í þingræðis- og lýðræðislandi sé óhjákvæmilegt að stjórnmálaflokkar starfi og þeir hafi fylgi á þingi í samræmi við styrk sinn og fylgi meðal kjósenda. En nú á síðustu tímum, eins og hv. síðasti ræðumaður vék að, hafa flokkarnir legið undir mikilli gagnrýni og þeir hafa verið sakaðir um spillingu hvers konar, getuleysi við stjórn þjóðmála, of mikið flokksræði og tillitsleysi gagnvart kjósendum í vali sínu á frambjóðendum og trúnaðarmönnum. Það væri óskynsamlegt að virða þessa gagnrýni algerlega að vettugi, enda sýnist mér hún vera markvisst til þess fallin að draga úr áhrifum flokkanna og minnka svo álit þeirra, sem afskipti hafa af stjórnmálum, að til stórskaða er. Slík skrif og umtal er e.t.v. ekki marktækt að magninu til. En þegar ungir, menntaðir, áhugasamir menn, sem kveðja sér hljóðs í fjölmiðlum og annars staðar, bera miklar og þungar sakir á borð og almenningur er farinn að taka slíkan málflutning sem góðan og gildan sannleika, þá er óneitanlega líklegt að slíkur óhróður, sem fram er settur, grafi undan flokkunum og hrindi góðu og gegnu fólki frá stjórnmálaþátttöku. Og auðvitað veikir það mjög verulega grundvöll lýðræðisins ef þessi þróun fær að halda áfram. Það er til lítils fyrir okkur þm. að gera kröfur til breytinga á kosningalögum og kjördæmaskipun og gera kröfu til þess að stjórnmálaflokkar haldi völdum sínum og áhrifum á þingi, ef traust flokkanna fer hraðminnkandi og ef Alþ. glatar stöðu sinni og áhrifum og menn fást ekki lengur til að starfa í þágu stjórnmálaflokkanna.

Það er tvímælalaust skylda okkar að hlusta á réttláta gagnrýni og taka tillit til hennar, en að kveða hana niður og það rækilega að öðru leyti af sama þunga og þessi gagnrýni er flutt.

Við skulum fyrst víkja að ásökunum um spillinguna í stjórnmálaflokkunum.

Flokkarnir hafa legið undir ámæli fyrir að fjármál þeirra væru ekki samkv. reglum heiðarleikans, hjá flokkunum væri leyndardómsfullt reikningshald og baktjaldamakk í þröngum og lokuðum flokksklíkum. Í þessu sambandi þykir mér rétt að upplýsa eða minna á, að á síðasta vetri var kosin mþn. til að semja frv. til l. um stjórnmálaflokka. Ég hef verið formaður þessarar mþn. og hún hefur nú að mestu lokið störfum og mun væntanlega á næstunni skila frá sér frv. þar sem gert er ráð fyrir að reikningar flokka séu birtir þeim, sem eftir því óska, og að settar séu almennar reglur um starfsemi stjórnmálaflokkanna. Það hefur komið fram í þessari n. og það er hafið, held ég, yfir gagnrýni, a.m.k. hér í þessum sal, að flokkarnir allir með tölu hafa takmarkaða löngun til að skapa tortryggni um starfsemi sína og þeir vilja auðvitað ná til fólksins og laða það til sín. Og ég hygg að lög um starfsemi stjórnmálaflokkanna mundu að einhverju leyti a.m.k. eyða tortryggni að svo miklu leyti sem það er hægt.

Pólitískir flokkar geta að sjálfsögðu ekki útilokað hvers konar spillingu. Þeir geta aldrei

tryggt að þjóðfélagið sé fullkomlega heiðarlegt, og klíkuskapur og mismunun mun sjálfsagt eiga sér stað hversu mörg lög sem sett eru um stjórnmálaflokkana. Þetta er auðvitað ekki spurning um löggjöf, heldur um hugarfar í þjóðfélaginu. *Fyrirgreiðslupólitík á Íslandi hefur lengi viðgengist* og hún þarf ekki í sjálfu sér að vera óheiðarleg. Hún hefur líka þrifist eftir mörgum leiðum en flokkspólitískum eða flokkslegum. Ísland er m.a. land kunningsskaparins, og ég hef grun um að sá þáttur sé öllu stærri í fyrirgreiðslunni heldur en hin pólitísku tengsl. En flokkarnir eiga ekki að vera skálkaskjól.

Það er rétt og ég tek undir það, að það er í hæsta máta óeðlilegt t.d. að bankastjórar séu þm. *Ég er þeirrar skoðunar, að svo eigi ekki að* vera, ellegar að þm. eigi að vera „kommissarar". En þetta er auðvitað ekki lagabrot og það þarf ekki heldur að vera óheiðarleiki, en það getur flokkast undir pólitískt siðleysi. Gagnrýnt hefur verið að flokkarnir kjósi menn í bankaráð, útvarpsráð og stjórnir stórra stofnana og þetta er kölluð samtrygging stjórnmálaflokkanna, þannig að hagsmuna flokka og þeirra, sem starfa í þeirra þágu, sé vel gætt. Það hefur verið bent á það í blaðagreinum, að einfaldasta leiðin til að koma í veg fyrir þetta væri einfaldlega að leggja niður slíkar stjórnir, slík ráð. Út af fyrir sig er hægt að velta vöngum yfir því. En ég get ekki í fljótu bragði séð að auðvelt sé að fella niður bankaráð eða stjórnir á stofnunum sem hafa mikið umleikis. Ég get líka vel fallist á að það fyrirkomulag, sem við höfum í dag varðandi kosningar í bankaráð og aðrar mikilvægar stofnanir, sé ekki endilega það besta. Ekki hefði ég t.d. á móti því að bankaráðin gerðu betur opinberlega grein fyrir störfum sínum eða t.d. að útvarpsráð, sem nefnt hefur verið í þessu sambandi, starfaði í meiri tengslum við notendur ríkisútvarpsins. En meginatriðið er þó að ég hef engan heyrt setja fram hugmyndir um ákjósanlegra eða betra fyrirkomulag, ekki bent á neinar aðferðir sem tryggja betur rétt eða hagsmuni almennings. Og í þessu sambandi vaknar aftur spurningin: Hvað eru flokkarnir? Hvað eru stjórnmálaflokkarnir? Eru þeir ekki lýðræðisleg samtök fólksins í landinu? Og ef þeir væru ekki stanslaust níddir niður, þá væri kannske meiri von til þess að fólk, allur almenningur, sækti meir inn í flokkana og starfaði í þeim og beitti áhrifum sínum þar. Flokkarnir eru hreyfingar fólksins sjálfs, og ég get ekki séð betri lýðræðislega aðferð til þess að *almenningur fái að fylgjast með og koma í veg* fyrir spillingu heldur en þær aðferðir sem í aðalatriðum hafa verið viðhafðar hér á landi.

Ég vil í þessu sambandi minna á að fyrir nokkrum árum var stofnaður hér nýr flokkur og hann hafði eitt alveg sérstakt aðalstefnumál, og það var að brjóta niður hið svokallaða samtryggingarkerfi hinna vondu stjórnmálaflokka. Þessi flokkur vann frægan sigur í kosningunum 1971. En það var ekki að merkja, þegar hann var og hét a.m.k., að fram kæmu till. til breytinga í þessum efnum. Þvert á móti tók hann þátt í kapphlaupinu um völd og áhrif engu síður en gömlu flokkarnir og það var mjög eftirminnilegt þegar þurfti hér á Alþ. að breyta lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þrátt fyrir tímaþröng og aðra annmarka, til þess eins, að því er virtist, að þessi nýi óspillti flokkur fengi kosinn, eins og það var nefnt í þá daga, „pólitíska" þuklara" í stjórn Húsnæðismálastofnunar.

Varðandi spillinguna er meira um gífuryrði og slagorð en að rökstutt sé eða bent á einhverja raunverulega spillingu. Það, sem ég hef verið að tala um núna, er tiltölulega saklaust, og meðan það er ekki meira og alvarlegra þurfum við ekki að hafa miklar áhyggjur af því. Ekki hef ég orðið var við að menn séu hér mútuþægir, eins og fram er haldið í blaðagreinum nú síðustu dagana.

Þá vil ég víkja að flokksræðinu. Það er enginn vafi á því, að mjög hefur dregði úr öllu flokksræði hér á landi á síðustu tímum. Við skulum t.d. taka dagblöðin. Þau hafa mjög losnað úr viðjum flokkanna og að mínu mati hefur sú þróun orðið lýðræðinu og stjórnmálunum til mikillar styrktar. Ég held að stjórnmálaflokkarnir hafi ekki tapað á því að blöðin hafi fjarlægst þá og yfirstjórn flokkanna, og ég leyfi *mér að fullyrða að þau blöð, sem enn þá eru* fjarstýrð og eru í eigu stjórnmálaflokka, gjalda þess að nokkru leyti í dag.

Ríkisfjölmiðlarnir, hljóðvarp og sjónvarp, eru mun opnari og frjálslegri í efnisvali en áður þekktist og allur almenningur er áberandi óháðari og sjálfstæðari í afstöðu sinni til stjórnmálaflokkanna en dæmi voru um áður. Þetta er ánægjuleg þróun að mínu mati og er sönnun þess, að dregið hefur úr flokksræði. Það hefur líka verið *sama tilhneiging hér á Alþ.* Menn hafa a.m.k. viljað láta líta svo út sem þeir séu óháðari flokkunum. Flokksböndin hér á Alþ. eru ekki eins sterk. En svo getur aftur hver um sig metið kosti og galla þess að menn slíti af sér flokksböndin. Fyrrv. þm. Bjarni Guðnason lét ekki segja sér fyrir verkum, eins og alþjóð er kunnugt. Afleiðingin varð líka að sú stjórn, sem hann studdi, hrökklaðist frá, mestmegnis vegna þess að þessi ákveðni þm. vildi vera sjálfstæður og var það. *Hann lét ekki segja sér fyrir verkum.* En það kynni einhver að halda því fram, sem studdi þessa stjórn, að þar hefði stærri hagsmunum verið fórnað fyrir minni. Það þjónar nefnilega ekki alltaf málstaðnum að hafa í frammi ótímabærar yfirlýsingar eða vera óhaggandegur í afstöðu sinni enda þótt það sýnist karlmannlegt í það og það sinnið. Menn stofna samtök og flokka til að auka mátt sinn og áhrif, og vitaskuld gilda sömu lögmál varðandi stjórnmálaflokkana: *einhver yfirstjórn verður þar að* vera, hvort sem hún kallast flokksræði eða ekki.

Þá er rétt að víkja aðeins að þeim ásökunum að flokkarnir séu vanhæfir til þess að koma stefnumálum sínum fram. Það hefur jafnvel gengið svo langt, að menn eru með hástemmdar yfirlýsingar um að þeir hafi yfirgefið flokka, sagt sig úr flokkum vegna þess að flokkarnir hafi brugðist varðandi stefnumálin. Auðvitað væri æskilegt að hreinni línur væru í stjórnmálunum á Íslandi en þær eru núna og stefnur væru framkvæmdar meira í samræmi við það sem sagt er fyrir kosningar af flokkunum sjálfum, þannig að kjósendur gætu dæmt um: er þessi stefna góð eða slæm? — og skipt þá um eftir atvikum. En í þessu sambandi er ekki við flokk-

ana að sakast, að þeir hafi ekki náð meiri hluta á löggjafarsamkundunni til þess að koma stefnumálum sínum alfarið fram. Og það hefur sannast í þessu, að pólitík er samstarf, hún er málamiðlun, og það að yfirgefa flokka eða lýsa andstöðu sinni við þá vegna þess að allt næst ekki fram er að gefast upp fyrir staðreyndum og gleyma þeirri meginforsendu lýðræðisins, að taka verður tillit til fleiri en sjálfs sín. Með því að taka svo óhagganlega afstöðu að krefjast alls eða einskis eru menn ekki að þjóna frjálslyndum stjórnmálaskoðunum, heldur biðja um stjórnmálaástand sem er meira í ætt við einræði og óbilgjarnar öfgar. Ef flokkar t. d. höguðu sér með sama hætti og neituðu að taka þátt í samsteypustjórnum nema öll þeirra mál næðu fram að ganga, þá einangruðust þessir flokkar mjög fljótt og misstu ítök sín og áhrif. Menn mega ekki halda að áhrif flokka og lífsskoðana komi endilega og einvörðungu fram í ómengaðri forskrift pólitískra yfirlýsinga einhverra flokksfunda, heldur er mikilvægi flokka og stefnu þeirra fólgið í stöðugri baráttu, í viðleitninni til að nálgast markmiðin, og þau markmið geta komið fram í stóru og smáu, í hverri einustu ákvörðun sem tekin er af stjórnvöldum. Þjóðfélag er nefnilega ekki búið til í einu vetfangi, það þróast. Það þjóðfélag, sem við lifum í, Íslendingar, með öllum sínum kostum og göllum er að mínu mati nær hinu fyrirheitna ríki frjálshyggjumannsins en ýmsir aðrir í öðrum löndum þurfa að sætta sig við.

Þá er því haldið fram að stjórnmálaflokkarnir og stjórnmálamenn hafi ekki getu eða þrek til þess að stjórna, og nú tíðkast það mjög að slá sig til riddara á kostnað stjórnmálaflokkanna, enda þótt þessir hinir sömu, sem hafa hæst með slíkri gagnrýni, eru hvað ákafastir í að komast í þessa aðstöðu sjálfir. En þá er spurningin: Hver er aðstaða stjórnmálamannsins og þingmannsins til þess að hafa áhrif og breyta framvindu mála? Ég vil fyrst nefna það, að þm. eru mjög illa launaðir og þess vegna eru þeir á höttunum eftir alls kyns störfum utan þings og oft og tíðum sinna þingstörfum nánast sem aukastarfi. Það er sagt að þm. komist úr tengslum við kjósendur ef þeir sinna ekki öðrum störfum. En skoðun mín er þvert á móti sú, að ef alþm. hafa laun og stöðu til þess að sinna þingmennsku sem skyldi, þá geta þeir að sjálfsögðu og eiga að geta verið í miklu meiri tengslum við fólkið heldur en ef þeir eru bundnir á einhverjum skrifstofum í einhverju ákveðnu starfi. Þeir eiga þá sem þm. að geta haft frumkvæði að því að fylgjast með, hvernig löggjöfin er framkvæmd, hvernig peningunum er varið sem við erum að deila út, og þeir geta haft frumkvæði að alls kyns öðru eftirliti með stjórnarstofnunum og með opinberum rekstri. Og ég er sannfærður um að ef þessi staða skapaðist, þá væru þm. betur í stakk búnir til þess að stjórna og væru í meiri tengslum við fólkið heldur en þeir eru núna.

Ég er líka þeirrar skoðunar að það fyrirkomulag, sem við höfum á þingstörfum og vinnubrögðum hér í þinginu, sé senn að verða algerlega úrelt. Öll frv. eru hér í sex umr., hér eru fluttar langlokuræður, þ. á m. kannske ein núna, sem hálfur eða heill þingheimur þarf að sitja undir. Ráðh., sem eru sjálfsagt önnum kafnir við stjórnsýslustörf, þurfa að sitja hér undir mismunandi skemmtilegum eða merkilegur ræðum. (**LJós:** Þeir hefðu gott af að hlusta á þetta.) Og svo mætti áfram telja. Nefndir eru algerlega vanbúnar og að mínu mati ákaflega valdalitlar. Þær taka yfirleitt við frv., sem aðrir hafa samið, og eru að krunka í þau eftir bestu getu og eru undir mjög miklum þrýstingi frá aðilum sem eru e. t. v. jafnvaldamiklir og þingið í raun. Fjvn., sem á að vera ábyrgðarmesta þn., situr mjög takmarkaðan tíma á ári hverju, frá okt. og fram í des., til þess að fjalla um fjárlagafrv. Það eru alger handarbakavinnubrögð, ég segi það alveg eins og er. Þar er verið að ræða um mál, sem alls ekki geta neinu breytt um meginniðurstöðu fjárl. Við skulum bara horfast í augu við þennan sannleika.

Ég held að það megi mörgu breyta í því hálfkáki, sem hér fer fram á ýmsum vígstöðvum, og það megi breyta þessu þingi okkar í eina málstofu. Ég minni á það, að þetta hafa Svíar og Danir gert fyrir stuttu, og þrátt fyrir alls kyns röksemdir gegn þessu og efasemdir um að þetta tækist eru það nær einróma skoðanir danskra og sænskra þm., að breytingin hafi verið til mjög mikilla bóta fyrir þingstörf í þessum löndum. Við verðum að muna það, að nútímaþjóðfélag er allt annað en það var jafnvel fyrir 20—30 árum. Gerbylting hefur orðið í þjóðfélaginu, og Alþ. verður auðvitað að haga störfum sínum og vinnubrögðum í samræmi við þær breytingar ef þingið á að standa undir nafni. Ég er þeirrar skoðunar, að þingið verði valdaminna með hverju árinu, nema hér verði gerðar mjög skjótar og róttækar breytingar og þm. hafi raunverulega aðstöðu til að sinna löggjafar- og eftirlitsstarfi.

Ásakanir um vanmátt og getuleysi þm. og stjórnmálaflokkanna varðandi stjórn þjóðmála hafa um þessar mundir eða á síðustu missirum risið hvað hæst fyrst og fremst af einni ástæðu að mínu mati, og það er vegna þeirrar óðaverðbólgu sem ríkir í þessu landi. Það er óvissa og órói og það er kvíði í fólki. Það er talað um að stjórnmálaflokkarnir séu kjölfesta í þjóðfélaginu. En hvers konar kjölfesta er það þegar bátnum er að hvolfa? Og þegar ég segi þetta og fullyrði að óðaverðbólgan eigi stærstan þátt í því, hve þingið er nú undir smásjánni og hversu gagnrýnt það er, þá þýðir ekkert að vera að tala um að þetta sé núv. ríkisstj. að kenna. Við skulum bara vera menn til þess að viðurkenna það, en allir flokkar og þeir menn, sem hafa afskipti af stjórnmálum, hafa brugðist í því mikla verkefni sínu að ráða við þennan vanda. Og því fyrr sem menn hætta að deila hver á annan og gera sig að athlægi, m. a. í sjónvarpi, með kýtingi fram og til baka, því fyrr sem þeir hætta þessu því betra. Ég fullyrði hreint út sagt að verðbólgan er hættulegasti óvinur lýðræðisins, og þess vegna geri ég hana hér að umtalsefni, af því að hún er kannske það sem mest og alvarlegast er að grafa undan trausti stjórmálaflokkanna. Við getum talað hér áfram um fyrirkomulag kosninga og mann-

réttindi og jafnara vægi atkv., en allt er þetta hégómi samanborið við þá hættu sem stafar af verðbólgunni.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, af hvaða ástæðum ég segi þetta. Það brenglar verðmyndun. Hér þrífst spákaupmennska, uppgjöf og menn gefast upp á stjórnmálastarfi. Heiðarleiki fer þverrandi. Og hver er afleiðingin? Afleiðingin er sú, að það kallar fram öfgar í þjóðfélaginu og það kallar fram lýðskrum. Það stafar ekki af því að við séum með prófkosningar eða einhverjar aðrar reglur en áður tíðkuðust um hvernig eigi að kjósa menn á þing. Það vaða bara hér uppi alls kyns öfgakenndar skoðanir og lýðskrumarar í skjóli þessa ástands, verðbólgusjúkdómsins. Ég er þeirrar skoðunar að stjórnmálaflokkarnir eigi að sameinast í því að reyna að leysa þennan vanda, og þeir eiga að gera það meira heldur en beita áhrifum sínum hér á þingi. Stjórnarandstaðan hverju sinni getur auðvitað deilt á ríkisstj. og sagt: Þetta er allt saman ríkisstj. að kenna. — Sjálfsagt er eitthvað til í því á hverjum tíma. En það spillir kannske fyrir ríkisstj. og þeim flokkum, sem að henni standa, í næstu kosningum. En þegar til lengdar lætur eru flokkarnir allir að grafa eigin gröf. Ég tel að þeir menn, sem hafa afskipti af stjórnmálum á Íslandi, séu allt saman greindir og velviljaðir menn, ég hef ekki haft önnur kynni af þm. Og ég trúi því að menn skilji þetta alvarlega vandamál og vilji leysa það, ekki sín vegna persónulega, heldur vegna lýðræðisins í landinu og vegna framtíðar stjórnmálaflokkanna. Og ég skora á alla flokka og alla stjórmálamenn, hvar í flokki sem þeir eru, að beita áhrifum sínum í alls kyns hagsmunahreyfingum utan þings til þess að koma mönnum í skilning um þær hættur sem eru samfara áframhaldandi verðbólgu í þeim mæli sem hún hefur verið hér á Íslandi.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tala miklu lengur. Ég gerði þetta að umtalsefni hér þótt till. væri að einhverju leyti efnislega öðruvísi en það sem ég hef verið að tala um, en till. fjallar um breytingar á kosningalögunum. Ég skil hana svo, að hún sé flutt til þess að reyna að auka tengsl milli kjósenda og stjórnmálaflokkanna, og ég held þess vegna að slíkar hugleiðingar eins og ég hef sett fram eigi rétt á sér í þessum umr. Ég er sammála því, um leið og ég tek undir það að stjórnmálaflokkarnir eru mikilvæg kjölfesta í þingræðis- og lýðræðislandi, að þá er auðvitað nauðsynlegt líka að átta sig á hvernig eigi að velja mennina. Það er ekki nóg að velja bara flokka, það þarf að velja líka menn, og það hefur verið bent á margar leiðir til að ná því fram.

Mér finnst sú till., sem hér er sett fram, vera gölluð að því leyti til að gert er ráð fyrir að mönnum sé raðað eftir stafrófsröð. Það getur a.m.k. haft í för með sér að út komi alveg skökk mynd, vegna þess að kjósendur notfæri sér ekki þann rétt að númera og það þýði kannske að fyrir tilviljun sé maður valinn á þing sem stuðningsmenn viðkomandi flokks höfðu alls ekki hugsað sér að velja og viðkomandi maður e.t.v. alls ekki heldur hugsað sér að fara á þing, þó að hann hafi léð máls á því að vera á lista. Það tíðkast m.a. í Danmörku, þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið, að gefa flokkunum að einhverju leyti tækifæri og heimild til þess að raða sjálfir sínum listum og kjósendur síðan haft sín áhrif.

Þessi till. er ekki alls kostar fullkomin frekar en prófkjörin hafa verið í hinum ýmsu flokkum. Ég hef áður sagt það, að ég tel að við getum sameinað þetta hvort tveggja, þ.e.a.s. að ná fram réttu vægi á milli kjördæma og milli atkv. með því að taka upp að einhverju leyti einmenningskjördæmi á nýjan leik, og það samræmist líka því að hafa persónubundnara kjör. Ég hef m.a. sett fram þá hugmynd að við getum haldið okkur í aðalatriðum við þá skiptingu sem nú er á kjördæmunum, en skipt síðan þeim kjördæmum í smærri einingar. Það þýddi auðvitað að Reykjavík yrði skipt í einmenningskjördæmi. Það yrði sjálfsagt að fjölga þm. í Reykjavík til að ná fram því rétta vægi sem ég vona að allir séu sammála um að þurfi að komast á. Og það er ekki tiltökumál þó að þm. sé fjölgað um 4—5, það skiptir auðvitað engu meginmáli, ef það hjálpar til að ná fram réttu vægi eða eðlilegra vægi á milli kjördæma og á milli kjósenda. Síðan er ég sammála um það, að ekki eigi að binda fjölda þm. í stjórnarskránni, heldur eigi að vera möguleiki til þess að laga hann til eftir búferlaflutningum, eftir breytingum á mannfjölda í kjördæmum, í almennum lögum og með endurskoðun á 10—15 ára fresti.

Virðulegi forseti. Niðurstöður minar af þessu spjalli eru þær, að meðan við búum við þingræði gegn stjórnmálaflokkarnir lykilhlutverki. Það þarf að tryggja þeim styrk á þingi í samræmi við fylgi þeirra meðal þjóðarinnar. En á sama tíma þurfa þeir að vera opnir sjálfir og opnir fyrir að rofna ekki úr tengslum við almenning. Það er hættulegt ef það álit kemst á, að flokkarnir séu skálkaskjól spillingar. Þeir geta að nokkru leyti kennt sér um sjálfir, en þessum hugsunarhætti þarf að eyða. Og það er margt sem flokkarnir geta komið sér saman um að gera til þess að standa vörð um áframhaldandi þingræði og lýðræði í þessu landi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 17. fundur.

Þriðjudaginn 15. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 14. nóv. 1977.

Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Björn Jónsson,

forseti Alþýðusambands Íslands, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Ég leyfi mér að bjóða Björn Jónsson velkominn til starfa á Alþingi.

Úrvinnsla áls á Íslandi, fsp. (þskj. 32, tölul. 3). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þegar ríkisstj. á sínum tíma lagði fram frv. um staðfestingu á samningnum við Alusuisse um byggingu álversins fylgdi því máli allítarleg grg. Þar var einn kafli undir fyrirsögninni: „Áhrif til aukinnar iðnvæðingar." Í þeim kafla segir:

„Bygging álbræðslu mun skapa mikilvæg ný tækifæri þar sem ál gæti orðið hér jafnódýrt eða ódýrara en í nágrannalöndunum. Þetta ætti ekki aðeins að skapa góða aðstöðu til samkeppni við innfluttar álvörur, heldur einnig betri aðstöðu til að byggja upp útflutningsiðnað en á flestum öðrum sambærilegum sviðum."

Í samræmi við þessa skoðun þáv. ríkisstj. sá hún til þess, að í 37. gr. samningsins um álverksmiðjuna eru ákvæði, sem lúta að þessu. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Alusuisse og ÍSAL eru reiðubúin til að aðstoða íslenska iðnaðaraðila við þróun úrvinnslu áls á Íslandi með því að leggja fram tæknikunnáttu og aðstoð og með fjárhagslegri þátttöku í slíkum fyrirtækjum með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstj. og Alusuisse kunna að verða ásátt um."

Það leynir sér ekki hver hugur manna var á þessum tíma. Nú hefur mér skilist að erfitt hafi verið að framkvæma þetta vegna þess hvernig tollamálum var þá háttað, t. d. ef flytja átti út vöru, sem unnin væri úr hrááli hér á Íslandi. En tollamál hafa stöðugt þróast og orðið hagstæðari þannig að nú hygg ég að ekki geti verið um að ræða alvarlegar hindranir á því sviði, eða a. m. k. getum við eygt það að tollar ættu ekki að verða því til fyrirstöðu að við getum framleitt útflutningsvörur úr hráefninu þar sem álið er hér á landi. Í tilefni af þessu hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv. iðnrh. Hún er í tveim liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur verið rannsakað, hvort grundvöllur er fyrir stofnun og rekstur íslenskra iðnfyrirtækja til úrvinnslu áls, sem framleitt er í landinu?

2. Ef svo er, hver er niðurstaðan?"

Þar sem í álsamningnum er talað um þann möguleika, að Svisslendingar taki fjárhagslega þátt í slíkum fyrirtækjum, lagði ég í lestri áherslu á orðið íslenskra iðnfyrirtækja, því að ég tel að það eigi fullkomlega að vera innan þess, sem við getum ráðið við, og ætti að vera algerlega í okkar höndum, ef tæknilegir og viðskiptalegir möguleikar eru á að við getum keypt ál fljótandi úr verksmiðjunni við Straumsvík og framleitt úr því eitthvað af þeim gífurlega fjölda vörutegunda sem gerðar eru úr áli.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm. spyr, hvort rannsakað hafi verið, hvort grundvöllur sé fyrir stofnun og rekstur íslenskra iðnfyrirtækja til úrvinnslu áls sem framleitt er í landinu, og svo hver sé niðurstaðan.

Álverið í Straumsvík framleiðir, eins og kunnugt er, álhleifa úr súráli. Framleiðsla álversins hefur nær öll verið flutt út án þess að frekari vinnsla komi til innanlands. Allt frá því að álverið hóf starfsemi sína hefur verið rætt og ritað um það, hvort, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, ekki kæmi til greina frekari vinnsla hér og hvort ekki mætti á þann hátt skjóta fleiri stoðum undir íslenskan iðnað.

Fyrir tveim árum fól iðnrn. Iðnþróunarstofnun Íslands að gera úttekt á því, hvort frekari úrvinnsla áls hér á landi gæti ekki orðið hagkvæmur rekstur. Er talið að tvær leiðir komi einkum til greina við úrvinnsluna. Í fyrsta lagi er það álsteypa. Álsteypan fer fram þannig, að álhleifar eru bræddir upp aftur í þar til gerðum búnaði og hinu brædda áli helt í mót sem ýmist geta verið sandmót eða stálmót, ef um verulega framleiðslu er að ræða. Það eru einnig til sérstakar vélar er bræða ál og þrýsta því í þar til gerð málmmót, og á það einkum við þegar verið er að framleiða litla hluti úr áli. Einnig gæti komið til greina að kaupa bráðið ál frá álverinu í Straumvík og spara þannig bræðsluna.

Helstu framleiðsluvörur, er til greina kæmu, eru ýmiss konar byggingareiningar, svo sem plötur til klæðningar á hús, einnig álflot til notkunar við fiskvörpu togveiðiskipa, og enn fremur margs konar smáhlutir í bíla, svo sem blöndungar o. fl.

Iðnþróunarstofnun gerir ráð fyrir að byrjunarstofnkostnaður meðalstórrar álsteypu geti verið um 100—200 millj. kr. og mannaflsþörf 20—30 manns. Það skal undirstrikað að Iðnþróunarstofnun talar hér aðeins um byrjunarstofnkostnað. Þetta var sá möguleiki sem felst í álsteypu.

Hinn framleiðslumöguleikinn er vírdráttur eða prófíladráttur. Framleiðsluaðferð fyrir þessar vörutegundir er á margan hátt lík. Það eru steyptir sérstakir hleifar sem síðan eru látnir í þar til gerðar vélar þar sem hleifarnir eru hitaðir, og síðan er efnið dregið í gegnum formunarbúnað. Rætt hefur verið og kannað nokkuð að draga rafmagnsvír og ýmiss konar byggingarprófíla hér. Til greina kemur að húða þá síðan með ýmiss konar efnum.

Iðnþróunarstofnun telur að lauslega megi áætla að byrjunarstofnkostnaður fyrirtækis, er dragi vír eða byggingarprófíla, gæti verið á bilinu 150—250 millj. kr. og gerir ráð fyrir að allt að 60 manns gætu fengið atvinnu við slíkt fyrirtæki. Niðurstöður um hagkvæmni liggja ekki fyrir.

Þessar athuganir eru að vissu leyti á byrjunarstigi og margs konar rannsóknir eftir. En þær athuganir, sem þegar hafa farið fram, benda til þess að framhaldsvinnsla áls gæti orðið álitleg viðbót fyrir íslenskan iðnað.

Eins og ég gat um, vinnur Iðnþróunarstofnunin að könnun þessa máls. Á s. l. sumri var fenginn hingað þýskur sérfræðingur í álsteypu og áliðnaði og dvaldist hann hér um nokkurt skeið.

Skýrsla er væntanleg frá honum á næstunni um helstu möguleika sem hér koma til greina. Þess má geta að nokkur þeirra fyrirtækja, sem þegar starfa hér á landi að úrvinnslu áls, hafa sýnt mikinn áhuga á aukinni vinnslu og nýir áhugaaðilar hafa leitað til rn. og Iðnþróunarstofnunar um fyrirgreiðslu og aðstoð í þessu efni.

Uppbygging nýrra iðngreina er vandaverk og í mörg horn að líta. Þarf að sjálfsögðu að gera ítarlegar hagkvæmniathuganir, markaðskönnun þarf að sjálfsögðu einnig að gera og tryggja eins og kostur er sölu á hugsanlegum framleiðsluvörum. Þá þarf að stuðla að aukinni tækni og verkþekkingu að því er varðar framhaldsvinnslu á áli, áður en ráðlegt þætti að hefja framkvæmdir á þessu sviði.

Framhaldsvinnsla á áli hér innanlands hefur þannig verið ofarlega á verkefnalista iðnrn. og Iðnþróunarstofnunar og mun verða það áfram, þangað til niðurstöður um hagkvæmni slíkrar framleiðslu liggja fyrir.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir skýr og góð svör við fsp. minni. Mér var mikil ánægja að heyra á máli hans áhuga og trú á því, eins og hann orðaði það, að framhaldsvinnsla á áli gæti orðið álitleg viðbót við íslenskan iðnað. Mér var einnig ánægja að heyra að mál þetta er í athugun og að það er ofarlega á lista verkefna hjá rn. hans. Í þriðja lagi er gott til þess að vita, að íslensk iðnfyrirtæki, sem starfa á skyldum sviðum, og jafnvel nýir aðilar hafa látið í ljós áhuga á framhaldsvinnslu áls.

Ég þakka aftur fyrir svörin og læt í ljós þá von að ekki líði langur tími þangað til hér rísa eitt eða fleiri alíslensk fyrirtæki sem vinna úr þessu hráefni, sem við höfum í landinu, og tryggja tugum manna góða atvinnu og þjóðinni útflutningstekjur.

Rafmagn á sveitabýli, fsp. (þskj. 32). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Það var einhvern tíma nokkru áður en þing kom saman í haust, að til mín var leitað af hálfu ungs fólks, sem er að koma sér upp nýjum íbúðarhúsum á jörðum í kjördæmi mínu, og ég var beðinn að athuga hvort ekki væri hægt að flýta fyrir því að rafmagn fengist í þessi hús. Þetta unga fólk hafði fengið þau svör, að ekki væru peningar til þess að vinna verkið.

Og þannig stóðu málin þegar ég lagði fram þessa fsp. Ég lagði hana fram, eins og ég sagði fyrir tilmæli þessa fólks, en ég vissi líka að um slík dæmi var að ræða víðar. Það eru mörg dæmi þess að fólk kemst í vandræði vegna þess að treglega gengur oft að fá tengt rafmagn við ný hús. En nú hef ég haft spurnir af því, að þetta er eiginlega komið í lag að því er snertir a. m. k. — (**Gripið fram í:** Má biðja hv. þm. að tala svolítið hærra?) Já. Mætti ég þá biðja hv. þm. að tala svolítið lægra? Þá gæti þetta kannske skilað sér. — Ég hef haft spurnir af því, síðan ég lagði fram þessa fsp., að þetta væri eiginlega komið í lag að því er varðar a. m. k. tvær jarðir af þremur sem ég fylgdist dálítið með í sambandi við þetta. Iðnrn. mun hafa útvegað fjármagn til þessa. En þetta er sem sagt ekki í fyrsta sinn, sem fólk lendir í vandræðum af þessu tagi. Þetta virðist vera næstum því árvisst. Fsp. eins og þessi, sem ég hef leyft mér að beina til hæstv. ráðh., var flutt í fyrra af einum þm. Austurl., hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Þá vissi hann dæmi þessa sama úr sínu kjördæmi, æðimörg. Það er því full ástæða til að vekja athygli á þessu, að þessi dráttur, sem virðist eiga sér stað ár eftir ár, veldur fólki miklum erfiðleikum. En fsp. mín er á þessa leið:

„a) (sem er aðalatriðið í þessu sambandi): Hver er ástæðan til þess að Rafmagnsveitur ríkisins geta ekki sinnt beiðnum um tengingu íbúðarhúsa í sveitum við rafveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins?

b) Hve margar beiðnir liggja nú fyrir um tengingu, sem Rafmagnsveiturnar hafa ekki getað sinnt?

c) Hve mörg eru þau sveitabýli, sem enn hafa ekki fengið rafmagn frá samveitum, en þó er ráðgert að fái það síðar?“

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 5. sept. s. l. ákváðu Rafmagnsveitur ríkisins að stöðva lagningu heimtauga í sveitum vegna fjárskorts, en þá höfðu 56 heimtaugar verið afgreiddar á þessu ári. Þegar iðnrn. bárust spurnir af þessu voru þegar gerðar ráðstafanir til að útvega það fjármagn sem Rafmagnsveiturnar töldu að á skorti, en það voru um 60 millj. kr. Það tókst nokkru síðar og var þá af hálfu Rafmagnsveitnanna afturkölluð þessi stöðvun. Síðan hefur verið haldið áfram að tengja íbúðarhús í sveitum, og 15. nóv. s. l. hafði talan nærri tvöfaldast frá þeirri, sem ég greindi áður, þ. e. a. s. búið var þá að tengja 102 í stað 56. Rafmagnsveiturnar telja, að óafgreiddar heimtaugaumsóknir séu nú 63, og gert er ráð fyrir að fjárþörf vegna þeirra verði um 34 millj. Verður leitast við að afgreiða þessar heimtaugaumsóknir sem fyrst.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, hv. 5. þm. Vesturl., að það hefur valdið miklum erfiðleikum og óþægindum fyrir marga nú og undanfarin ár þegar framkvæmdir við tengingu nýrra íbúðarhúsa í sveitum hafa dregist vegna fjárskorts. Og ég vil leggja sérstaka áherslu á það, að við afgreiðslu fjárl. nú verði gengið tryggilega frá nauðsynlegri fjáröflun í þessu skyni, þannig að ekki þurfi að koma til tafa eða dráttar af þeim sökum á næsta ári.

Varðandi c-lið fsp. hve mörg séu þau sveitabýli sem enn hafa ekki fengið rafmagn frá samveitum, en þó er ráðgert að fái það síðar, er þess að geta, að áætluninni um rafvæðingu sveitabýla má nú að heita lokið, þ. e. a. s. þeirri áætlun, sem fyrst var kölluð fjögurra ára áætlun, síðar var kölluð þriggja ára áætlun og átti að framkvæma á þeim tíma, en reyndist taka 7 ár. Til viðbótar þeirri áætlun hefur verið til meðferðar hjá orkuráði, rafmagnsveitum og iðnrn. hvernig skyldi haga næstu framkvæmdum og fyrirætlunum í þessu efni, en það er fyrst og fremst spurning um meðalfjarlægð milli býla, hversu mikil hún eigi að vera. Um það hefur ekki enn verið tekin ákvörðun og verður eitt af

því sm þarf að taka afstöðu til við afgreiðslu fjárl. fyrir næsta ár.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Hv. þm. tóku eftir því, að hæstv. ráðh. sagði að 5. sept. hefði rn. hans borist vitneskja um að fjármagn skorti til tenginga við ný hús á jörðum víðs vegar um landið. En þegar þessi vitneskja barst brá rn. við og kippti þessu í lag. Það er til marks um að þetta er eitt af því sem mætti kalla fasta liði, eins og venjulega, að þegar hæstv. ráðh. svaraði fsp. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar í fyrra, þá var svar hans m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar rn. barst vitneskja í byrjun septembermánaðar um þessa fjárvöntun brá það strax við og tókst að útvega þetta fjármagn, sem nam um 50 millj. kr., upp úr miðjum sept., og var Rafmagnsveitum ríkisins falið að sinna öllum beiðnum um tengingu."

Svarið er m. ö. o. alveg það sama og í fyrra að öðru leyti en því, að nú eru það 60 millj. í staðinn fyrir 50.

Ég vona nú að hæstv. ráðh. standi við það fyrirheit, sem hann gaf hér áðan, að ekki þurfi að endurtaka þennan leik enn eitt haustið, og að hann sjái til þess að nóg fjármagn verði fyrir hendi til þessara verka tímanlega á næsta ári. Eitt er það, sem menn skyldu t. d. gefa gaum í þessu sambandi, og það snertir kostnaðinn. Það verður að sjálfsögðu mikill aukakostnaður við framkvæmdir eins og þessar þegar þær eru látnar dragast svona oft á tíðum fram á vetur, þegar hann er lagstur að með frost og klaka í jörð.

Framkvæmd Framleiðslueftirlits sjávarafurða, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 53 hef ég beint eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. sjútvrh.:

„1. Hve miklum bolfiskafla hefur verið landað síðan verkfall BSRB hófst 11. okt. s. l., annars vegar úr togurum og hins vegar úr bátum?

2. Hver eða hverjir hafa úrskurðað í hvaða vinnslu aflinn skuli fara samkvæmt gæðum á ferskum fiski?"

Þegar þessi fyrirspurn kom fram hafði verkfall staðið, ef ég man rétt, í 11 eða 12 daga, og þó það sé ekki tímasett þarna nákvæmlega átti ég við það magn sem landað hefur verið á verkfallstímabilinu. Hvers vegna er ég að tala um þetta hér? Það er vegna þess að blaðaskrif urðu um verksvið þessara manna og hér er raunar um allalvarlegt mál að ræða frá mínu sjónarmiði, þar sem við höfum ákveðin lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða og í 2. gr. þeirra laga, 1. mgr., segir: „Framleiðslueftirlit sjávarafurða heyrir undir sjútvrh. Stofnunin skal hafa eftirlit með eða meta allan fisk, krabbadýr og skeldýr, sem veidd eru úr sjó, svo og meðferð, flutning, geymslu og vinnslu þeirra."

Ég tel að þegar menn, sem eru félagar í BSRB, hófu verkfall, þó í fyrsta sinn væri, hafi þessi lög verið vanvirt, jafnvel brotin. Hins vegar er hér um mjög viðkvæmt og erfitt mál að ræða, og ég held að þessir fiskmatsmenn hafi gert sér grein fyrir því, að þeir stóðu ekki í deilum við sjómenn eða fiskvinnsluna í landinu, og hafi þess vegna verið jákvæðir gagnvart því að leysa þennan vanda. En ég vil vekja athygli á þessu, svo það liggi alveg á hreinu að ef til verkfalls þessara manna kemur aftur, þá tel ég að löndun á fiski haldi ekki áfram nema annað komi í staðinn, undanþága frá svokallaðri verkfallsnefnd eða jafnvel breyting á lögunum, því að lögin segja ákveðið: „skal hafa eftirlit" og „meta allan fisk", og orðið „skal" kom inn eftir miklar umr. í sjútvn. og var ekki sett af neinni tilviljun.

Ég vil því vekja athygli á þessu máli. Þetta er mikilvægt mál og viðkvæmt mál og þarf að liggja ljóst fyrir ef til verkfalls kemur aftur hjá þessum mönnum. Þess vegna hreyfi ég nú þessu máli hér á Alþ. í tæka tíð.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við fyrri lið fsp.:

Ógerningur er að svara fyrri lið fsp. af nákvæmni. Líta má þó á aflatölur á sama tíma á s. l. ári og í sept. s. l. og reyna þannig að gera sér grein fyrir um hve mikið aflamagn er að ræða þennan hálfa mánuð er verkfallið stóð.

Ef togaraaflinn er fyrst tekinn, þá var í okt. 1976 landað 12 270 lestum af bolfiski innanlands og 660 lestum erlendis. Í sept. s. l. var landað úr togurum 15 792 lestum innanlands af bolfiski og 938 lestum erlendis. Séu þessar tölur helmingaðar, þar sem verkfallið stóð í hálfan mánuð, og síðan tekið meðaltal af okt. 1976 og sept. 1977, þá verður útkoman 7 015 lestir innanlands og 400 lestir erlendis. Bolfiskafli báta í okt. 1976 var 8561 lest innanlands, og er þá spærlingur ekki meðtalinn, og landað var 1041 lest erlendis. Í sept. 1977 landa bátar 9566 lestum af bolfiski innanlands og 135 lestum erlendis. Sé svo helmingað og tekið meðaltal verða tölurnar þær, að 4531 lest er landað innanlands af bátum og 294 lestum erlendis. Þessar tölur ættu að geta gefið nokkuð nákvæma vísbendingu um það aflamagn er fyrirspyrjandi óskar upplýsinga um. Hins vegar fara nú að liggja fyrir tölur fyrir októbermánuð, en ekki fyrir þennan hálfa mánuð út af fyrir sig, heldur mánuðinn í heild.

Varðandi 2. lið fsp. skal þetta upplýst:

Öll frystihús og síldarsöltunarstöðvar hafa í þjónustu sinni fiskmatsmenn, samþykkta af Framleiðslueftirlitinu, sem eru ábyrgir fyrir framleiðslunni gagnvart stofnuninni. Verkfallið náði ekki til þessara matsmanna. Þar sem yfirmatsmenn Framleiðslueftirlitsins fylgjast með störfum þessara matsmanna, en á verkfallstímanum störfuðu yfirmatsmennrnir ekki, þá gat stofnunin ekki veitt alveg sama aðhald og venja er til. Hitt er þó staðreynd, að matsmenn frystihúsa meta hráefnið með tilliti til þeirra gæðakrafna sem gerðar eru til hinna einstöku framleiðslutegunda.

Eins og áður greinir störfuðu matsmenn á síldarsöltunarstöðvum í verkfallinu. Síldarmatsmenn Framleiðslueftirlitsins fylgjast með störfum þeirra meðan söltun og verkun fer fram, en þetta eftirlit féll einnig niður í verkfallinu. Hins vegar er það venja, að öll saltsíld er skoð-

uð og tekin út af síldarmatsmönnum Framleiðslueftirlitsins áður en hún er flutt úr landi og verður engin breyting þar á.

Framleiðendur saltfisks og skreiðar verða að hafa vinnsluleyfi, eins og tíðkast í öðrum greinum fiskvinnslu, til staðfestingar á því að fiskvinnslustöðin fullnægi kröfum um hreinlæti og búnað. Hins vegar eru ekki gerðar kröfur um að fiskmatsmaður starfi við framleiðsluna. Þegar afurðir þessar eru fullverkaðar og hæfar til útflutnings eru þær metnar í gæðaflokka þannig að hver fiskur er skoðaður. Mat þetta annast sérstakir matsmenn sem samþykktir eru af Framleiðslueftirlitinu, en þeir störfuðu í verkfallinu. Þótt yfirmatsmenn, er eftirlit hafa með störfum þessara matsmanna, legðu niður störf var fremur lítið um að vera í saltfisksmati um þessar mundir og er áætlað að næsti farmur verði fluttur úr landi seinni hluta þessa mánaðar. Yfirmatsmenn munu framkvæma yfirmat á öllum saltfiski, sem tilheyrir landinu, áður en útflutningur fer fram. Meginhluti þeirrar skreiðar sem flutt er út er metin á haustin, en vegna markaðsaðstæðna í Nígeríu er mun minna um að vera í skreiðarmati nú en venja er til á þessum árstíma.

Þótt orðalag fyrirspurnanna sé óljóst er rétt að skýra frá því, að við eðlilegar aðstæður er allur ferskur fiskur metinn af starfsmönnum Framleiðslueftirlitsins og gefa þeir fyrirmæli um vinnslumöguleika á hráefninu. Verkfall BSRB náði til þeirra ferskfiskmatsmanna, er þáðu 50% laun eða meira, og var þar um að ræða 37 af 56 starfandi ferskfisksmatsmönnum, en hjá þeim 19 ferskfisksmatsmönnum, er ekki tóku þátt í verkfallinu, fór ferskfisksmat fram með eðlilegum hætti. Á þeim stöðum, þar sem þessir matsmenn voru í verkfalli, var ekki um opinbert ferskfisksmat að ræða.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. kærlega fyrir svörin, en hann svaraði þessari fyrirspurn ágætlega. Maður kynni að draga þá ályktun af þessu svari að e. t. v. kæmist ríkissjóður hjá því að borga þarna 37 mönnum ef 19 menn geta starfað utan greiðslubyrðar af hálfu ríkissjóðs og haldið framleiðslunni gangandi. Hvort sem þetta er nú rétt metið hjá mér fyrirvaralaust eða ekki, þá vil ég samt vekja athygli á því, að þegar af störfum láta 37 menn vegna verkfalls sem eru taldir óhjákvæmilegir og skulu starfa samkvæmt lögum, þá hlýt ég að álykta að þessi lög hljóti að vera jafnrétthá öðrum lögum í landinu, þegar þeir séu ekki í starfi vegna verkfalls, þá hljóti starfsemin að leggjast niður — eða hvernig fer um kjötmat í landinu og annað mat á vinnsluvörum hér til manneldis.

Mér finnst að við megum ekki vanvirða þessi lög fremur en önnur lög í landinu, og ég vildi vekja athygli á þessu máli. Aflinn er hér 11—12 þús. tonn sem fer í gegnum vinnslu sem þessir menn hefðu þá fjallað um eða metið og úrskurðað um heilbrigði, hvort fiskurinn væri ferskur o. s. frv., svo hér er ekki um lítið mál að ræða — alls ekki. En málið er mjög viðkvæmt og það kann að vera hægt að finna lausn á því í framtíðinni sem væri þannig að hún hindraði ekki þessa menn í þátttöku síns kjarafélags né heldur að framleiðsla stöðvaðist. En þetta er mál sem verður að íhuga vegna þess umfangs sem það hefur og að lögin verði virt eins og önnur lög í landinu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af síðustu orðum hv. 1. landsk. þm.

Það, sem hér var um að ræða, var að stöðva allan fiskiskipaflotann, og hver hafði vald til þess og hver gat framfylgt slíkri stöðvun og stöðvað atvinnulífið í landinu. Ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki að gefa út slíka fyrirskipun og því síður að framfylgja henni. Við reyndum af veikum mætti í sjútvrn. að halda áfram nauðsynlegum rannsóknum í sambandi við rækjuveiðar, að koma einu skipi af stað. Því var meinað að láta úr höfn af verkfallsvörðum BSRB, það varð að bíða og stór hluti flotans fékk ekki að hefja þær veiðar. Þannig fer yfirleitt allt úrskeiðis í verkföllum, bæði í þessum efnum sem öðrum. En það, sem auðvitað skipti máli í þessu verkfalli og við fiskveiðar og fiskvinnslu á þessu tímabili, var að meginþorri fiskvinnslunnar fer til hraðfrystihúsanna á þessum árstíma og þar má segja að venjulegt eftirlit með framleiðslunni hafi átt sér stað þó yfirmenn matsmenn hafi vantað. Hins vegar er eftir sem áður í höndum Framleiðslueftirlits sjávarafurða að fylgjast með þeim afurðum sem framleiddar voru á þessu tímabili áður en þær koma til útflutnings.

Þorskstofninn, fsp. (þskj. 70). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 70 fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. varðandi þorskstofninn.

Í fyrsta lagi er spurst fyrir um hvað fiskifræðingar hafi áætlað að þorskstofninn á Íslandsmiðum hafi verið stór á árunum 1973, 1974, 1975 og hvað þeir áætli að stærð þorskstofnsins á Íslandsmiðum muni verða á árinu 1978.

Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að Alþ. fái skýrslu um þetta svo að alþm. geti gert sér grein fyrir hvar við stöndum í þessum efnum. Það er svo, að afraksturinn af þorskstofninum er undirstaðan undir útflutningi sjávarafurða, þó að nú hin síðari ár hafi verið lögð áhersla á að nytja einnig þá fiskstofna aðra sem tiltækir eru.

Í öðru lagi er spurst fyrir um hvað fiskifræðingar áætli stærð hrygningarstofnsins annars vegar á svæðinu frá Stokksnesi vestur um að Látrabjargi og hins vegar á öðrum hafsvæðum við landið. Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er sú sama og fyrir hinni fyrri. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að alþm. fái um þetta upplýsingar, og tel að Hafrannsóknastofnun mætti gjarnan gefa Alþ. skýrslu um bæði þessi atriði í lok hvers árs.

Þá er loks í þriðja lagi spurst fyrir um hvort Hafrannsóknastofnun hafi látið gera athuganir á hvaða árangur friðun hrygningarsvæðisins á Selvogsbanka og friðun svæðisins fyrir Norðausturlandi hafi borið. Friðun beggja þessara svæða var ákveðin með reglugerð fyrir nokkrum ár-

um, en ég minnist þess ekki að hafa nokkurs staðar séð grg. fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar um þessi atriði. Eg tel því mjög tímabært að um þetta sé spurt, því að á sínum tíma kom greinilega fram mikill áhugi hjá mörgum þm. fyrir þeim friðunarráðstöfunum sem hér um ræðir.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn hv. 3. þm. Suðurl. hefur eftirfarandi svar borist frá Hafrannsóknastofnun til sjútvrn.:

„Svar við fyrirspurn Guðlaugs Gíslasonar til sjútvrh. um þorskstofninn, sbr. bréf rn. frá 3. nóv. s. l.

1. Þegar rætt er um stærð þorskstofnsins er fyrst og fremst átt við veiðanlega stofninn, það er þorsks þriggja ára og eldri. Stærð þorskstofnsins í fjölda og í þyngd undanfarin ár er áætlað að hafi verið sem hér segir: Árið 1973 fjöldi í millj. fiska 610 og þyngd í þús. tonna 1306; 1974 517, 1189; 1975 509, 1135; 1976 642, 1257. Stofnstærðaraukningin árið 1976 stafar eingöngu af því að þá bætist stóri árgangurinn frá 1973 inn í veiðanlega stofninn. Í ársbyrjun 1977 er stærð stofnsins áætluð 531 millj. fiska og þyngdin 1195 þús. tonn. Veiðin á yfirstandandi ári byggist mjög á 1973 árganginum, og þar sem aflinn mun fara langt fram úr till. Hafrannsóknastofnunarinnar um æskilegan hámarksafla er áætlað að stærð þorskstofnsins í ársbyrjun 1978 verði komin ofan í 429 millj. fiska, sem eru í þyngd rúmlega 1 millj. lesta, og er það minnsta stofnstærð þorskstofnsins sem vitað er *um síðan rannsóknir hófust.*

2. Hrygningarstofn þorksins er nefndur sá hluti þorskstofnsins sem náð hefur 7 ára eða hærri aldri. Stærð hans á undanförnum árum í þús. tonna og fjöldi í millj. fiska hefur verið sem hér segir: Árið 1973 332, 63; 1974 226, 42; 1975 222, 42; 1976 180, 36. Á s. l. vetrarvertíð, 1977, var stærð hrygningarstofnsins áætluð 210 þús. lestir. Búist er við að stærð hrygningarstofnsins í byrjun komandi vertíðar verði 170 þús. lestir eða minni en nokkru sinni fyrr. Að baki þeirri hrygningu munu standa 34 millj. þorska. Með þeirri þekkingu, sem við búum yfir í dag, er engan veginn unnt að spá hversu mikið af væntanlegri hrygningu fari fram á hverju svæði. Hrygning er háð umhverfisþáttum, eins og t. d. hitastigi, og eins og er er ekki unnt að spá langt fram í tímann hvernig hitastigi í sjónum verði háttað, t. d. hvort hiti við Norðurland á vori komanda nái þeim mörkum sem geri hrygningu í einhverjum mæli mögulega og verður því ekkert fullyrt í þeim efnum. Hitt er þó ljóst, að hvernig sem háttað verður um hrygningu utan hinna hefðbundnu hrygningarstöðva suðvestanlands, þá má búast við afar rýrri vetrarvertíð suðvestanlands, þar sem hrygningarstofninn er svo lítill sem raun ber vitni og reynsla undanfarinna ára hefur staðfest.

3. Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar hefur verið fylgst með fiskgengd á friðaða svæðinu á Selvogsbanka undanfarin ár. S. l. 2 ár hefur verið gerð ítarleg könnun á hrygningu þorskfiska við Suðurland og Vesturland, og á s. l. vertíð var athugunarsvæðið stækkað og gögnum safnað um hrygninguna fyrir norðan. Þá hefur verið reynt að fylgjast með uppeldisstöðvum þorksins fyrir Norðurlandi og Austurlandi, bæði á friðuðum svæðum og veiðisvæðum, eftir því sem skipakostur hefur leyft hverju sinni.

4. Rannsóknum á hrygningar- og uppeldisstöðvunum og þar með friðuðum svæðum verður fram haldið, þar sem ekki er unnt að draga neinar viðhlítandi ályktanir nema byggja á nokkurra ára athugun. Urvinnsla gagna um friðaða hólfið á Selvogsbanka er í fullum gangi, en þar sem friðaða svæðið við Norðausturland hefur aðeins verið friðað á annað ár verður frekari gagnasöfnun að fara fram áður en unnt er að meta friðunargildi þess svæðis.

Virðingarfyllst,

Jón Jónsson."

Þetta er svar Hafrannsóknastofnunar við þessum fyrirspurnum, sem hv. 3. þm. Suðurl. hefur lagt fram.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans og þá skýrslu sem hann hér flutti. Ég tel mjög gagnlegt fyrir þingheim að fá að kynna sér hana nánar og væri vissulega ástæða til frekari umr. um þetta mál í heild. En í fyrirspurnatíma verður því að sjálfsögðu ekki við komið þar sem tími er þar mjög takmarkaður. Ég endurtek: ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þá skýrslu sem hann flutti.

Sameinað þing, 18. fundur.

Þriðjudaginn 15. nóv., að loknum 17. fundi.

Raforkumál, þáltill. (þskj. 83). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sami kjördagur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, þáltill. (þskj. 89). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsókn á djúpækjumiðum fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 31). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við hv. þm. Ragnar Arnalds flytjum hér till. til þál. á þá lund, að ríkisstj. verði falið að láta nú þegar hefja ítarlega leit að djúpækju fyrir Norðurlandi, jafnframt því sem lagt verði af mörkum nægilegt fé til rannsókna á þeim hafsvæðum svo að úr því verði skorið með sem skjótustum hætti hversu miklum flota mætti beina á slíkar veiðar nú um sinn.

Ég leyfi mér að lesa grg. með tillögunni:

„Nú þegar er hafin mjög svo arðgæf útgerð til rækjuveiða á djúpslóð fyrir Norðurlandi. Hafa starfsmenn Hafrannsóknastofnunar lagt veru-

legan skerf til leitar og rannsókna nyrðra, en þó mun sannast sagna að einkum hafi það verið framtak sjómanna sjálfra, sem leitt hafi til þess að við getum nú þegar gengið að allmiklum afla vísum af þessu dýrmæta sjávarfangi. Sökum þess að ekki hefur fengist nægilegt fé til skipulagðra rannsókna og leitar verður ekki sagt um það með vissu hversu stór þau svæði eru á landgrunninu nyrðra sem djúprækjan finnst á í veiðanlegu magni, né heldur það hversu mörgum togskipum má halda úti til djúprækjuveiða með góðum árangri án þess að gengið verði of nærri stofninum. Líkur benda þó til þess, að ekki sé ofætlað að gera megi út 15—20 lítla skuttogara á rækjuveiðar eingöngu og smærri togskip að auki meðan hlífast verður við botnfiskastofnunum.

Fyrir liggur álit sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar á þá lund, að ef gagn ætti af að verða þyrftu þeir að hafa til afnota duglegt togskip til leitar og rannsókna fyrir Norðurlandi í 7 mánuði á næsta ári, frá aprílbyrjun til októberloka. Þörf fyrir rækjuleit á þessum slóðum er brýna nú þegar á þessu hausti, þar sem útgerðarmenn hafa ekki bolmagn til að halda uppi neinni teljandi leit af eigin rammleik, en skipin bundin við veiðar á takmörkuðum svæðum þar sem afli getur brugðist og verður hamlað veiðum á Kolbeinseyjarsvæðinu þótt sjóveður sé gott austar, þar sem ætla má að einnig finnist nóg rækja.

Varðandi kostnaðarhliðina má geta þess, að togskip, sem Hafrannsóknastofnunin leigir nú til kolmunnaveiða kosta um 25 millj. kr. á mánuði í úthaldi. Er þar reiknað með kostnaðarútreikningum Landssambands ísl. útvegsmanna. Ætla má að kostnaður við úthald togskips til rækjuleitar yrði álíka."

Nú væri það að bera í bakkafullan lækinn í sambandi við flutning þessarar till. að orðlengja það, hver þörf er á því að við getum hlíft þorskstofninum a. m. k. ekki minna á næsta ári heldur en við höfum gert á þessu ári. Hafa verið færð sérfræðileg rök að því, að við höfum gengið of langt við veiðarnar í ár og megum alls ekki ganga jafnlangt á næsta ári.

Af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur það verið haft mjög uppi, hversu myndarlega hún hafi gengið fram í því, eða sjútvrn. í tíð þessarar ríkisstj., að leita nýrra leiða til útgerðar hér við land og nýtingar nýrra fiskstofna. Er þess skemmst að minnast þegar frá því var greint með verulegu pompi og talsverðri pragt fyrir skemmstu, að athuganir, sem gerðar hefðu verið á vegum ríkisstj. á því, hvernig við gætum nýtt kolmunnann til útflutnings, hefðu leitt til þeirrar niðurstöðu að þurrkaðan kolmunna af Íslandsslóð mætti selja í hunda- og kattafóður í Vestur-Evrópu og jafnvel ekki fráleitt, að það væri hægt að fá blökkumenn til þess að reyna að borða hann. Ég hygg að hið sanna í málinu sé nú það, þrátt fyrir talsverða viðleitni af hálfu yfirvalda til þess að leita að nýju sjávarfangi og nýrra leiða til þess að nýta það sjávarfang, að þá hefði mátt miklu betur að vinna heldur en gert hefur verið. Sérstaklega er það tilfinnanlegt í sambandi við djúprækjuna, þar sem við stöndum nú í þeim sporum að við höfum rökstudda ástæðu til þess að ætla að allmikið sé af djúprækjunni fyrir Norðurlandi, sem að vísu mætti nýta fyrir miklu fleiri sjávarpláss en þau sem næst liggja.

Árið sem leið voru gerðir út 78 skuttogarar á rækjuveiðar við Grænland og þar var eingöngu fiskuð stór rækja. Sleppt var aftur í sjóinn af langflestum skipum rækju af þeirri stærð sem við höfum nýtt hér á landi árum saman, sleppt lifandi í sjóinn, aðeins nýtt stærsta rækjan sem hraðfryst var um borð í skipunum til sölu á erlendum mörkuðum. Sem dæmi um það, hversu arðgæf sú útgerð er, má geta þess, að meðalafli færeysku skipanna, sem haldið var úti til þessara veiða árið sem leið, mun hafa verið langt í 14 millj. danskra kr. eða allt að 500 millj. ísl. kr. Ef unnt yrði að hefja djúprækjuveiðar í stórum stíl fyrir Norðurlandi er vafalaust að við fengjum þar ærinn starfa fyrir hluta af togaraflota okkar þann tíma sem við verðum að hlífa botnfiskastofninum. Svo ber til að við höfum aðstöðu hér til þess að nýta ekki aðeins stærstu rækjuna, sem yfirleitt er hraðfryst til útflutnings um borð í skipunum, heldur einnig millistærðina, og verkun rækju er þess háttar að tæplega mun finnast sjávarfang sem gefi eins mikla atvinnu í landi og verkun rækjunnar.

Nú skulum við ætla að orðið verði við þeirri beiðni Hafrannsóknastofnunar, að séð verði fyrir þeim fjármunum sem þarf til að fá duglegt togskip til rannsókna og rækjuleitar á næsta ári eða frá aprílbyrjun næsta árs og fram eftir því ári. En hitt er mér tjáð af hálfu þeirra manna, sem veiða rækjuna núna á djúpslóðinni fyrir norðan, að nauðsynlegt sé að fá til þess fjárstyrk að hefja leitina nú þegar fyrir Norðurlandi. Veðrátta er með þeim hætti á þeim slóðum þar sem rækjan er helst veidd núna, að úrföll verða tiltölulega marga daga, þótt sæmilegt veiðiveður sé annars staðar fyrir Norðurlandi þar sem ástæða er til þess að djúprækjan kunni að leynast. Ef við tökum tillit til þeirra verðmæta sem hér eru í húfi, þeirra verðmæta sem hægt er að afla á úthaldsdag á þeim slóðum sem rækjan heldur sig, þá yrði kostnaður við útgerð leitarskips tiltölulega lítill. Við flm. höfum ástæðu til þess að ætla að þeim fjármunum, sem varið yrði í þessu skyni, yrði ekki betur ráðstafað til annarra framkvæmda heldur en rækjuleitarinnar fyrir Norðurlandi.

Ég vil svo mælast til þess að till. þessari verði vísað til atvmn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vegna þeirrar till., sem hér liggur fyrir um að láta nú þegar hefja ítarlega leit að djúprækju fyrir Norðurlandi, vil ég upplýsa það, að á síðustu tveimur árum hefur verið varið miklum fjármunum til leitar að rækju, og þá djúprækju, sérstaklega á s. l. ári og nokkuð á þessu ári. Sá landsfjórðungur, sem ítarlegast var leitað fyrir, var Norðurland og með nokkuð góðum árangri. Hins vegar var mjög takmörkuð leit framkvæmd fyrir Austfjörðum, og beiðnir hafa verið um leit að rækju annars staðar, út af Suðvesturlandi og sömuleiðis út af Vesturlandi.

Á þessum tíma held ég að sé illmögulegt að leita að rækju með nokkrum árangri. Við höfum verið að gera tilraunir bæði með þessa leit og

eins með leit og veiðar á kolmunna á þessu ári. Þær tilraunaveiðar og vinnsla hafa gefið að sumu leyti nokkuð góða raun, en nú undanfarið hefur útkoman verið mjög léleg í veiði á kolmunna vegna þess hve veður hafa verið hörð og leit verið allt of dýr miðað við þann árangur sem fengist hefur. Var þó vitað fyrir um mjög mikið magn af þeirri fisktegund. Ég hygg að alveg óhætt sé að segja að það sé heppilegast að hefja þessa leit snemma vors og fram eftir sumri. Hún hefur gefið bestan árangur. Sömuleiðis hafa bátar sjálfir fundið veruleg mið allt frá því norðan Ísafjarðardjúps og norður og norðaustur með landi. Hér er auðvitað um að ræða hve mikið fjármagn fæst í fiskleit og fiskrannsóknir umfram það, sem Hafrannsóknastofnunin hefur úr að spila.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram, að varið hefur verið miklu fjármagni til leitar að djúprækju á síðasta og þessu ári. En hitt er alveg rétt hjá hv. flm., að það er þörf á því að auka bæði þessa leit og leit að ýmsum öðrum fisktegundum og þörf á verulegri breytingu til að nýta okkar flota, en sækja ekki um of í veiðar á fiskstofnum, eins og verið hefur á undanförnum áratugum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íslensk stafsetning, þáltill. (þskj. 64). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að flytja langa framsögu með þessari till. nú, svo mjög sem þetta mál hefur verið rætt hér á hinu háa Alþ. og eins víðar á opinberum vettvangi.

Sú till., sem hér er flutt af mér ásamt 10 öðrum hv. þm., er sáttatill. í þessari illvígu og langdrægu þrætu, að vísu ekki langdrægu ef miðað er við sögu þrætunnar sem við þekkjum frá fyrri tímum, sem stóð í tæpa öld af mikilli hörku eða frá útkomu 2. árgangs Fjölnis 1836 og til 1929. En allt að einu, þá er mál að linni. Það er lífsspursmál að mínum dómi að menn nái sáttum í þessu máli og að við höfum ein lög allir.

Ástæðan til þess, að þessi leið var farin, á uppruna sinn í því, að á ráðstefnu um þessi mál, sem hæstv. menntmrh. gekkst fyrir, varpaði formaður stafsetningarnefndarinnar, sem áður starfaði, þeirri hugmynd fram, að sættst yrði með þeim hætti að z yrði rituð í stofni orða. Ég tek það fram, að þessi till. er ekki saman sett af Halldóri Halldórssyni prófessor, enda var því ekki haldið fram hér í umr. um frv. hæstv. menntmrh. sem hann flutti hér um hvernig skyldi í framtíðinni staðið að breytingu á stafsetningarreglum, heldur var til þess vísað, að hann hefði varpað þessari hugmynd fram, að menn sættust og næðu þá báðir aðilar höfuðatriði síns máls fram, þeir, sem vilja ekki hverfa frá upprunanum, héldu stofni orðanna, en hinir, sem halda því fram að það þurfi mjög mikla málfræðikunnáttu til þess að læra að rita z í miðmyndarendingum t. d., að það yrði fallist á þeirra sjónarmið.

Um hvað er í raun og veru tekist á? Menn hefur lengi greint á í þessum efnum, og það er tekist á um það, hvort heldur skuli hallast að réttritun eftir framburði eða uppruna. En ég legg áherzlu á að engum hefur dottið það í hug um langan aldur, ekki svo að ég viti a. m. k. frá upphafi þrætunnar 1836 og til þessa dags, að hægt væri eða skynsamlegt að fara eingöngu eftir annarri leiðinni, að skrifa annað tveggja eftir framburði eða uppruna. Sannleikurinn er sá, þó að ég að þessu leyti hallist að uppruna og vilji við hann styðjast, að þá er mér ljóst að við mundum lenda í algerum myrkviði ef við ætluðum að fara að leita að öllum uppruna, — myrkviði sem við mundum ekki rata um. Það hefur engum dottið í hug nema fyrsta hv. sjálfskipuðum skemmtikrafti í Alþingi að nefna þessa leið sem er nefnd hér á tillöguplaggi frá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, og leyfi ég mér að gera það ekki frekar að umtalsefni, enda ekki umræðuhæft.

Um þetta hefur verið tekist á, en farið bil beggja og þótt best á því fara, eins og ég vil leyfa mér að vitna til Einars skálds Benediktssonar um, þar sem hann árið 1898, hygg ég, lýsir yfir fylgi sínu við stafsetningu Konráðs Gíslasonar, eftir að Konráð Gíslason sneri frá fyrri villu síns vegar um að rita eftir framburði og með 7. árgangi Fjölnis samdi sjálfur nýjar stafsetningarreglur rétt fyrir 1850, þar sem farið var bil beggja og m. a. z-an tekin upp náttúrlega á nýjan leik. En Einar Benediktsson segir um kenningu Konráðs, eftir að hann breytti aftur til, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Kenning Konráðs Gíslasonar um að láta framburð ráða nema þar sem hann kemur í bága við upprunann er svo skýr og gagnviturleg, hefur svo hárjafnt fyrir augum eflingu og staðfestingu hins lifandi máls um leið og hún heldur föstum tökum á þeim grundvelli sem byggja skal á, fornmálinu, að það sýnist óviti næst af þeim mönnum, sem gengist hafa fyrir samtökunum um að ætla sér að fara að bæta nokkru þar um eða breyta“ — og lýkur hér tilvitnuninni. En samtökin, sem hann nefnir í þessu efni, eru Blaðamannafélag Íslands, sem var þá nýstofnað og hugðist beita sér fyrir samræmingu í þessum efnum, eða eins og þeir orðuðu það; að koma á einingu í íslenzkri stafsetningu.

Þessi till. sem sagt, sem við hér flytjum, er sáttatillaga og þar er brugðið út af þeirri stafsetningu sem sett var árið 1929, með þeim hætti að aðeins skal rita z fyrir upprunalegt tannhljóð í stofni, þar sem tannhljóðið hefur fallið brott í skýrum framburði, þ. e. d, ð eða t, og nefnd um það dæmi, og enn fremur í stofni lýsingarorða og þeirra sagnorða, sem enda á d eða t og tannhljóðið fellur brott í skýrum framburði á undan hástigsviðskeytinu st eða sagnorðsendingunni st, og sömuleiðis tekin dæmi um þetta. Og hér er aðeins um stofninn að tefla. Ég verð að segja það, að ég varð undrandi á því, þótt úttekt sé enn eigi lokið í þeim efnum, þegar ég var af fróðum mönnum upplýstur um það á liðnu sumri að fjöldi orðanna, sem z mundi þá vera skrifuð í stofninum, væri aðeins á annað hundrað, og ég sat að segja á eftir að fá frekari sönnun fyrir þessu. En þá væri engum ofætlandi að læra það utan að. Ekki var verið að fíkjast í það hér á skólaárum mínum, þegar við urðum að læra eins og páfagaukar 32 óreglulegar franskar sagnir,

sem var lögð svo rík áhersla á af skólameistara okkar heitnum á Akureyri, að það situr jafnvel í manni enn, þessi ósköp. Og í annan stað getur hver og einn, ef við förum að þessari reglu, flett því upp í sinni orðabók, hvar skrifa á z. *Ég legg mikla áherzlu á þetta, þótt mér sé hin* mesta eftirsjá í z í miðmyndarendingunni, það verð ég að játa. En þó legg ég enn meira upp úr þessu, ef sættir geta tekist með þessum hætti, að varðveita z-una í stofninum, að glata ekki tannhljóðinu sem þarna stóð og í sumum tilfellum er reyndar borið fram, en fellst á þá meginröksemd, sem *ég skal játa* að hæfa er *í*, andstæðinga minna í þessu máli, sem halda því fram með nokkrum rétti að það þurfi allmikla málfræðilega kunnáttu til þess í öllum tilfellum að kunna að rita z í hinu fallinu, þ. e. a. s. í miðmyndarendingunum.

Þá er í þriðja lagi lagt hér til, að ef í stofni orðs er tvöfaldur samhljóði, tt, og *eftir fer* s, skal rita fullum stöfum tts eins og í kletts, spottskur, styttstur, battst o. s. frv. Þetta er tekið upp eftir hæstv. menntmrh. sjálfum. Þetta lagði hann fram á stafsetningarráðstefnunni, og á þetta vil ég fallast. Og það má vera með ólíkindum, ef þarna á að sveigja af leið. Við skulum taka sem dæmi, að *ég hef reynt það nýlega* að ungur piltur, sem ferðaðist austur að Seljalandsfossi sagði að vatnið úr fossinum hefði skvettst á þau, börnin. En kennaranum hans er nú fyrirskipað, að barnið megi ekki segja þetta, og megi ekki skrifa þetta þó það segi það jafnvel, það eigi að skrifa skvest. Og fari menn eftir þessu, og *það þekkjum við úr framburði, hætta þeir* að segja til kletts, heldur segja þeir bara kless þar sem við erum að tala um klett. Og við höfum dæmi fyrir okkur um það, frægan rithöfund, sem skrifaði, að mig minnir, á þá leið, að það voru Æviskrár íslenzkra hesta, minnir mig að það hafi heitið, sem Stefán nokkur safnaði og varð ríkur af, eftir Jón frá Vassdalshólum. Og það er út af fyrir sig í lagi að gagnmenntaðir menn riti svona eins og Vassholt fyrir Vatnsholt. En við getum ekki verið þekktir fyrir að kenna börnum þetta eða leyfa þetta í skólum eða leyfa þetta í opinberum plöggum þar sem samræmd stafsetning er nauðsyn. Þessi þriðji liður þarna er *tekinn upp úr þeirri till.*, sem hæstv. menntmrh. lagði fyrir stafsetningarráðstefnuna, og eins það, að ef ð helzt í framburði á undan st, þá skuli að sjálfsögðu það ritað, og það er 4. liðurinn, eins og hann gleðst og hefur glaðst og þeir hafa mæðst, hún hefur náðst o. s. frv.

Síðan er í 5. lið *tekin upp sú regla*, að ekki skuli rita z í miðmyndarendingum sagna. Þetta er aðalreglan. En síðan er í sjötta lagi leyft að z sé rituð í orðum sem eru erlend að uppruna. Ég þarf ekki að hafa mörg fleiri orð hér um.

Síðan er í till. lagt til að höfð verði svipuð aðferð um breytingar á reglum um stafsetningu í framtíðinni eins og hæstv. menntmrh. leggur til í frv. sínu, sem hér hefur verið til umr., aðeins breytt út af þeirri reglu með þeim hætti, að lagt er til að fleiri eigi aðild að þeirri n., sem fær þetta til umfjöllunar, heldur en gert er ráð fyrir í frv. hans. Við leggjum hér til að þrír hinir sömu verði áfram í hópi nm., en viljum síðan bæta fjórum við og ætti það að tryggja, að jafnan þegar lagt er til að breytt verði um stafsetningu, þá verði það að allra beztu manna yfirsýn. Ég geri ráð fyrir að augu *manna nú hafi opnast fyrir því hver nauðsyn* er á að skipta ekki um stafsetningu eins og menn skipta um föt. Og eins viljum við fallast á, eins og segir í því frv., að stafsetningarreglunum verði ekki breytt nema ályktun þar um hafi verið áður gerð á hinu háa Alþ. eftir till. sem menntmrh. leggur þar fyrir, eftir að þessi stjórn*skipaða n. hefur skilað sínum tillögum.* Og eins og ég hef áður sagt, þá er ég reiðubúinn að fallast á frv. menntmrh. þegar og ef við getum náð saman höndum og sættst í málinu og haft ein lög allir, eins og ég sagði.

Það hefur margt verið ritað og rætt um þetta mál, en ég hygg að fátt eitt hafi mér þótt meira virði *heldur en það, sem Ásgerður Jónsdóttir* kennari hefur nýlega ritað í grein í Morgunblaðinu. Og ég vil, til þess að tefja ekki tímann, aðeins leyfa mér að benda öllum hv. þm. á að kynna sér þá grein í Morgunblaðinu þar sem hún miðlar af reynslu sinni og fer ákaflega sanngjörnum orðum og sáttfúsum um þetta mál. Kemur fram hjá henni raunar, að hún vill fallast á þessa aðferð sem hér er lögð til.

Ég fullyrði að þeir, sem hófu þessa orrustu og bera ábyrgð á þessum ófriði, eða ég vænti þess fastlega, að þeir hugsi sig um tvisvar áður en þeir slá á þessa útréttu sáttahönd. Ef þeir gera það, þá er mér nær að halda að eitthvað *allt annað sitji í fyrirrúmi en sjálf tungan rituð.* Það er hér gerð tilraun til sátta af einlægum hug til þess að við komumst út úr þeim ógöngum, sem við höfum ratað í í þessu máli. Það er farið bil beggja eins og alltaf hefur þurft að gera í slíkum efnum. Það er tekið tillit til höfuðsjónarmiða beggja, og ég vil skora á alla hv. þm. að *kynna sér þessa till. nákvæmlega áður en þeir* taka afstöðu, því að grunur minn er sá, að ýmsir séu orðnir nokkuð daufheyrðir fyrir þessu, svo sem verða vill oft um mál sem lengi er þrætt um.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þegar umr. þessari verður frestað verði till. *vísað til* hv. allshn.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Mig minnir að hv. þm. Sverrir Hermannsson hafi greint mér einhvern tíma frá því að hann sé borinn og barnfæddur Vestfirðingur. Er það ekki rétt munað, Sverrir? (**SvH:** Jú. — **HFS:** Eðalborinn, sagði einhver.) Eðalborinn, já. Samt er það svo, að þessi hv. þm. notar ekki vestfirskan framburð í ræðum sínum hér á hinu háa Alþ. Hann hefur oft yrt á mig og ég minnist þess ekki að hann hafi nokkurn tíma kallað mig Manga og hann hefur stundum gert hríð að mér, en hann hefur aldrei gert að mér hardan nordangard, eins og Vestfirðingar sögðu fyrir tiltölulega skömmum tíma. Hann ber engan ræktarhug til vestfirsks framburðar, og þó að þessi ágæti þm. búi yfir mjög skemmtilegum fjölbreyttum orðaforða er það ekki vestfirskur orðaforði. Þessi orðaforði

hv. þm. er sóttur til rithöfundar sem fæddist hér í Reykjavík, en hefur lengstum alið aldur sinn uppi í Mosfellssveit, en að vísu heyjað sér orðaforða úr íslenskri tungu úr öllum hlutum landsins og raunar frá mörgum kynslóðum Íslandsbyggðar. Ræktarsemi þessa hv. þm. við íslenska tungu er þannig dálitið einkennileg. Hann bindur framburðinn ekki við uppruna sinn og hann hefur ekki reynt að koma sér upp vestfirsku tungutaki, heldur bergmálar hann þetta mjög svo merkilega og skemmtilega tungutak, sem rithöfundur sá, sem ég nefndi áðan, Halldór Laxness, hefur komið sér upp með löngu og þrotlausu starfi. Við heyrum það oft í ræðum þessa hv. þm., að þar kemur einmitt fram bergmál frá Halldóri Laxness, hann notar þar orðaforða, sem er sóttur í bækur hans og er oft skemmtilegt á að hlýða, þó að mér finnist raunar að hann hafi ekki sömu tilfinningu fyrir stíl og hann þyrfti að hafa þegar hann notar þessi orð. Það á ekki alltaf við að nota sérkennileg og málandi orð í sambandi við umr. um lítilsverða hluti, eins og stundum kemur fyrir þennan hv. þm. Mér þótti það satt að segja afar átakanlegt þegar það gerðist núna fyrir nokkrum dögum, að þessi mjög svo aðdáunarfulli lærisveinn Halldórs Laxness varð fyrir því, að Halldór tók hann mjög óþyrmilega í karphúsið í grein í Vísi og brigslaði honum um allt mögulegt. Ég held að það hljóti að hafa verið ákaflega sársaukafullt fyrir þennan hv. þm. (**Gripið fram í:** Óbeint.)

Ég hef áður gert grein fyrir hugmyndum mínum um íslenska stafsetningu. Ég gerði það í sambandi við frv. sem hæstv. menntmrh. lagði fram í þingbyrjun. Ég er þeirrar skoðunar að ritmál og talmál eigi að vera sem líkast, að það eigi að vera sem allra auðveldast fyrir Íslendinga að rita íslensku og að menn eigi ekki að leika sér að því að setja einhverjar reglur um ritmál sem geri það að verkum að aðeins nokkur hluti þjóðarinnar, þeir sem eiga kost á því að vera í langri skólagöngu, geti farið eftir þessari stafsetningu, en allur almenningur, sem hefur skamma skólagöngu, geti það ekki. Með því erum við að búa til menningarlega stéttaskiptingu á Íslandi sem er mjög hættulegt fyrirbæri. Þá stéttaskiptingu höfum við sem betur fer sjaldan haft hér á Íslandi. Ég tel að við eigum að láta framburð og stafsetningu haldast í hendur og við eigum meira að segja að vera ákaflega umburðarlyndir hvað þetta snertir. Ég hef t. a. m. ekki vitundarögn við það að athuga þó að Norðlendingar skrifi gata með t, en að okkur Sunnlendingum sé þá heimilað að skrifa gata með d. Ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut mæla gegn þessu. Þannig hefur verið ástatt hér á Íslandi þangað til á síðustu öld, að hver maður skrifaði sína eigin stafsetningu, og það hefur sannarlega ekki hamlað því að hér á landi voru samdar bókmenntir, sem ber ákaflega hátt í gervallri veraldarsögunni — af mönnum sem kunnu engar stafsetningarreglur sem betur fór.

Það er ákaflega mikils virði að þjóð geti skrifað tungu sína. Ég minntist á það á sínum tíma, þegar við ræddum frv. hæstv. ráðh., að til væru ákaflega margar þjóðir sem byggju við slíka stafsetningu á máli sínu, að öll alþýða gæti ekki skrifað það. Ég nefndi ensku og frönsku í því sambandi, og t. a. m. í Kína er þetta óhemjulega erfitt vandamál, því þar er ekki notað stafróf, heldur eru Kínverjar með tákn fyrir hvert einstakt orð, og til þess að vera sæmilega læsir og skrifandi þurfa menn að kunna milli 3000 og 5000 slík tákn. Það er margra ára nám fyrir næman nemanda að læra þó ekki sé nema þessi tákn, en í kínversku eru til milli 40 og 50 þús. tákn yfir kínverska tungu. Þegar ég var í Kína og spurði um þetta var mér sagt að það mundu vera til í landinu 1 eða 2 menn sem kynnu þessi tákn öll. Ef skrifað tungumál lendir inni á slíkum leiðum er ákaflega mikil hætta á ferðum, og ég er ansi hræddur um að við Íslendingar höfum verið að lenda inni á slíkum leiðum eftir að upp var tekin samræmd réttritun og skólahald sem fór í það að óhemjulega miklu leyti að kenna mönnum að rita einhverja stafi sem ekki eru til í framburði okkar.

Mín skoðun er sem sé sú, að breyta eigi stafsetningu til þess að gera hana sem auðlærðasta fyrir alla og vera mjög hneykslunarlaus þó menn leyfi sér að skrifa skv. eigin framburði. Það eru ekki mikil frávik í framburði á Íslandi, eins og menn vita, og ég sé ekki að það geri nokkurn skapaðan hlut til þó að þar sé leyfður sveigjanleiki.

Þessu marki, sem ég var að tala um, að hafa fullt samræmi á milli talaðs og ritaðs máls, er hægt að ná eftir tveimur leiðum. Það er hægt að gera það á þann einfalda og sjálfsagða hátt sem ég gerði grein fyrir, að haga rituðu máli sem næst framburði okkar nú. Það er einnig hægt að vikja til baka, aftur til landnámsaldar, skulum við segja, og gera mönnum að læra fornan framburð og skrifa í samræmi við hann. Þá getum við skrifað z, af því þeir höfðu þann framburð í málinu. Þá getum við skrifað y, af því þeir höfðu þann framburð í málinu. Og þá geta menn skrifað tvenns konar æ og tvenns konar ö, eins og tíðkaðist til forna. Mín till. er till. um þetta. Hv. þm. sagði að till. væri svo vitlaus að hún væri ekki umræðuhæf. Ég get svo sem tekið undir það með honum, en það stafar af því að mál það, sem brtt. er við, er svo vitlaust að það er ekki umræðuhæft. Till. mín er algerlega innan þess ramma sem lagður er með till. ellefumenninganna, og það sem þeir kunna að segja misjafnt um form þessarar till. á við um frumtill. sjálfa að öllu leyti.

En það er z-an. Ég man eftir því, að í hirtingargrein sinni um hv. þm. Sverri Hermannsson hélt Halldór Laxness því fram, að z hefði ekki verið til í íslenskum framburði nokkru sinni síðan land byggðist. Þetta mun hafa verið mat málfræðinga fyrir svo sem hálfri öld, en er það ekki núna. Þeir telja að það hljóð, sem táknað er með z, hafi verið borið fram í stofni orða sem tannhljóð að viðbættu s, þ. e. a. s. ts, ðs eða ds, en þeir telja að í endingum sagna hafi þetta ekki verið framburður nokkru sinni frá því að land byggðist. Þessi framburður féll niður á 16. öld, eins og sjá má af handritum, og þá féll raunar einnig niður framburður á

y, sem er mun erfiðara í stafsetningu fyrir nútímamenn en z, sem er tiltölulega auðvelt að læra í sjálfu sér, þeim sem eltast vilja við svo fáránlega hluti.

Í sambandi við þessar breytingar á framburði er dálitið skemmtilegt að velta því fyrir sér hvenær þær hafa mestar orðið. Það gerist á 13. öld, þeirri öld sem við missum sjálfstæði okkar, að Íslendingar týna niður að gera greinarmun á tvenns konar æ-i og tvenns konar ö-i. Það gerist á 16. öld, þegar þröngvað var upp á okkur evangelísk-lúterskri trú til þess að konungurinn gæti sölsað undir sig sem mest af eignum landsmanna að við týnum niður að bera fram z og bera fram y — og það sem háskalegast er, við týnum því sérkenni íslenskunnar sem mótaði allan fornan skáldskap, að í upphafi var gerður greinarmunur á stuttum og löngum sérhljóðum. Þeir stafir, sem núna eru skrifaðir með broddi, t. a. m. stafurinn á var í öndverðu aðeins langt a, og sama er að segja um alla aðra sérhljóða sem skrifaðir eru með broddi. Þeir voru aðeins langt afbrigði af stutta sérhljóðinu. En þetta breyttist í tvíhljóða, langt a varð að á-i, langt e varð að é-i o. s. frv. Og þessi breyting varð ákaflega afdrifarík, því að hún lokaði fyrir Íslendingum skilningi á öllum fornum skáldskap íslenskum. Allur dróttkvæður skáldskapur og fleira af slíku tagi byggist fyrst og fremst á þessum framburði, á því að sérhljóðarnir voru bornir fram ýmist stuttir eða langir, og þetta hefur komið ákaflega illa við t. a. m. dróttkvæðan skáldskap, sem er yfirleitt að efni til fáránlegur leirburður, en hefur haft hljóm af músíktagi þegar hann var borinn fram í samræmi við þessar reglur. Sama máli gildir t. a. m. um hinn fræga kveðskap Egils Skalla-Grímssonar, Höfuðlausn, sem er að mínu mati fáránlegur leirburður ef maður les efni hans. Það var framburðurinn sem gerði kvæðið stórfenglegt. Ég man ekki betur en að það standi í Egils sögu, að Eiríkur konungur hafi sagt þegar Egill var búinn að flytja kvæðið: „Hið besta er kvæðið fram flutt." Sumir fræðimenn hafa haldið því fram, að í þessu hafi falist eitthvert skens um það, að efnið hafi ekki verið merkilegt. En það held ég sé mesti misskilningur. Tilgangurinn var að búa til kvæði sem hljómaði vel í flutningi.

Það hafa sem sé gerst miklu meiri breytingar á framburði okkar Íslendinga en menn gera sér almennt ljóst, og það er vitað með býsna mikilli vissu hvernig íslensk tunga var borin fram í öndverðu. Það stafar m. a. af því, að við erum svo gæfusamir að menn höfðu þá enga samræmda stafsetningu, heldur skrifuðu skv. framburði sínum, og því má lesa breytingar á framburði beint úr handritunum. Þennan fornframburð hef ég heyrt sjálfur. Hann er notaður við háskóla í Kaupmannahöfn, í Lundi og Stokkhólmi, þar sem ég hef hlýtt á fyrirlestra um fornískensku eða norrænu. Það var að vísu enginn af þessum lærdómsmönnum, sem hafði þennan framburð á valdi sínu, að því er mér fannst, nema einn, Jón prófessor Helgason í Kaupmannahöfn. En þegar hann las dróttkvæði og Höfuðlausn með þessum framburði áttaði ég mig loksins á því hvað felst í þessum yfirgengilega leirburði. Það var músík. Það var hljómurinn. Það var það sem var aðalatriðið.

Hér er sem sé um ákaflega fjölbreytta og langa þróun að ræða, ákaflega merkilega þróun fyrir þá, sem kunna að hafa áhuga á þessari sérgrein, en ekki til þess að kenna í almennum barnaskólum. Það tel ég fáránlega endileysu. Við verðum að sætta okkur við þau óbliðu örlög að hafa glatað niður úr framburði hljóðum, sem enn eru til í hljóðtáknum. Enn þá eru til í skrifuðu máli stafir eins og z og y, þó við kunnum ekki lengur að bera þá fram. Og lesi menn fornrit sjá þeir tvenns konar æ og tvenns konar ö. Þessir bókstafir höfðu allir framburð að baki.

Ég sagði áðan að framburðarbreytingar virtust vera háðar efnahagsafkomu þjóðarinnar og almennri stjórnmálaþróun. Við höfum týnt niður stöfum á 13. öld, þegar Norðmenn lögðu okkur undir sig, og við höfum týnt niður stöfum á 16. öld, þegar danskur einveldiskonungur þröngvaði upp á okkur evangelísk-lúterskri trú til þess að ræna eignum okkar, og raunar munaði þá minnstu að hann rændi einnig tungumálinu af okkur, því að þá var svo fyrir mælt, að ekki mætti nota við kirkjusöng kaþólska sálma, og farið var að snúa á íslensku svokölluðum lúterstrúarsálmum á tungutak sem var alveg herfilegt. Ég vil minna á það, að það gerðist einmitt í Noregi á þessum sama tíma, að norsk tunga var drepin með siðaskiptunum vegna þess að sálmar og kirkjutextar voru fluttir þar á dönsku, og síðan hefur norskan orðið eins konar grein af dönskunni. Þessi hætta vofði yfir okkur Íslendingum á 16. öld. En sem betur fór voru forustumenn í klerkastétt það raunsæir og vitrir og höfðu það miklar mætur á íslenskum skáldskap, sérstaklega Guðbrandur biskup, að þeir snerust gegn þessu. Þeir kváðu niður þessa dönskuskotnu sálma sem ætlunin var að innræta þjóðinni, og Guðbrandur gaf út fræga bók, Vísnabókina, sem hefur að geyma ákaflega mikið af kaþólskum skáldskap. Sem betur fór komu upp menn sem kunnu að yrkja andleg ljóð í samræmi við þessa nýju trúarkreddu sem troðið var upp á þjóðina á 16. öld.

Og ég vil minna menn á að í minni okkar allra, sem hér erum, óð uppi hljóðbreyting sem virtist geta heltekið alla tunguna á stuttum tíma, en hún var flámælið. Það kom upp hér á Íslandi um mjög svipað leyti og heimskreppan og það munaði ákaflega litlu að þessi hljóðbreyting yrði sigursæl. Það var svo komið í ýmsum skólum, að jafnvel kennararnir höfðu ekki meira vald á tungu sinni en svo, að þeir kenndu börnunum að gera greinarmun á e-i með gati og e-i með punkti. Þeir höfðu misst allan skilning á framburðinum og voru komnir út í það, að þetta var orðið að innantómu formi. Sem betur fer tókst að snúast gegn þessari hljóðbreytingu þannig að nú hygg ég að hún sé engin hætta lengur. En þeir, sem hafa setið hér á þingi dálítinn tíma, muna að í hópi þm. hafa verið menn sem voru helteknir af þessari hljóðbreytingu, ýmist menn, sem notuðu e í staðinn fyrir i, og þm., sem voru með öfuga hljóðvillu. Þeir vissu

að e-ið gat verið rangt og lentu á þeirri braut að bera i fram í staðinn fyrir e.

Þessar breytingar allar eru, eins og ég sagði áðan, ákaflega merkilegur þáttur í menningarsögu okkar, og við skulum gera okkur fullkomlega ljóst, að þarna er um að ræða mjög merkilega þróun. Við erum að gera okkur hlægilega ef við tökum einn einstakan þátt út úr þessu og berum hann fram eins og hann sé citthvert heilagt mál, eins og gert er með till. um að viðhalda z í stofni orða. Í þessu felst ekkert annað en ómerkileg rómantík og getur ekki haft neitt gildi annað en að koma upp eða stuðla að því að reyna að koma upp andlegri stéttaskiptingu í landinu.

Það er í sjálfu sér dálítið umhugsunarefni, hvernig háttað hefur verið íslenskukennslu í skólum síðan skólakerfi var komið upp hér á Íslandi. Við skulum gera okkur það ljóst, að við lifum á ákaflega miklum umbreytingatímum, líka að því er varðar málfar. Þjóðfélag okkar hefur gerbreyst á tiltölulega stuttum tíma og orðaforði, sem var ákaflega algengur og bundinn við forna verkhætti, bæði í landbúnaði og sjávarútvegi, hefur nú enga merkingu lengur hjá ungu fólki sem er að alast upp á Íslandi. Í staðinn hefur þetta unga fólk komið sér upp annars konar orðaforða. Það kann deili á öllum hugsanlegum hlutum í bílum t. a. m. Það kann deili á öllum hugsanlegum heitum í sambandi við nútímatónlist, sem svo er kölluð. En því miður er þarna að ákaflega litlu leyti um íslenskan orðaforða að ræða eða orð sem hafa verið löguð að íslenskum framburði og íslensku beygingakerfi. Þarna held ég að taka verði ákaflega myndarlega á ef við viljum reyna að halda tungumáli okkar eða varðveita það, sem okkur hefur tekist að varðveita af tungumáli okkar, til frambúðar og tel það vera algerlega menningarlega nauðsyn. En þá skiptir það ákaflega miklu máli að fjallað sé sérstaklega um tungutakið sjálft. Það er tungutakið sjálft sem skiptir máli að því er íslensku varðar, ekki stafsetning. Ég minnist þess vel þegar ég kom í menntaskóla fyrir rúmum 40 árum. Þá var þar ákaflega góður íslenskukennari, Björn heitinn Guðfinnsson, sem síðar varð prófessor við Háskóla Íslands, ákaflega hæfur kennari og duglegur. Hann byrjaði á því að kenna okkur setningafræði sem er heldur ómerkileg vísindagrein, en þetta hafði tilgang. Setningafræðin var kennd til þess að nemendurnir gætu lært að setja punkta, semikommur og kommur skv. ákveðnum, mjög ströngum, reglum og um þetta var þusað allan þann tíma sem ég var í menntaskólanum. Það var meira að segja þannig, að ef við vorum að lesa Íslendingasögur eða Eddukvæði, þá vorum við látin greina orðin skv. setningafræðinni og ég man ósköp vel eftir því, að þetta orkaði þannig á marga félaga mína í skóla, að þeir sögðust aldrei mundu opna Íslendingasögur eftir að vera búnir að ganga í gegnum þessa sérkennilegu kennslu á því; þeir mundu aldrei líta í Eddukvæði heldur. Þarna var búin til óbeit á bókmenntum, sem geta vakið mönnum ákaflega mikla gleði, með því að hengja sig í ómerkilegt form. Og þessi kommusetning var þar að auki fáránleg endileysa. Þetta var upprunnið í Þýskalandi, en þýsk tunga er, eins og margir vita, ákaflega flókin, full af innskotssetningum og hvers konar ómerkilegu kraðaki, þannig að það er oft erfitt að lesa þýskan texta nema innskotssetningar og annað slíkt sé afmarkað með kommum. Íslensk tunga er sem betur fer ekki þannig. Þegar atvikin höguðu því svo, að ég fór að hafa starfa af því að skrifa, áttaði ég mig fljótlega á því að þessi kommusetning var tóm endileysa, að greinarmerkjasetning er hluti af stíl, en ekkert annað.

En þessi þróun, að hamrað sé í skólum á alls konar ómerkilegum þáttum í sambandi við íslenskt mál, er stórhættuleg. Í skólum þarf fyrst og fremst að vekja áhuga barna á íslenskri tungu og íslenskum bókmenntum. Það á ekki að kenna fræði sem fæla nemendur frá því að lesa fornar íslenskar bókmenntir, heldur á að halda þannig á kennslunni að hún laði menn til þess að leita í þennan gleðibrunn og hagnýta sér hann sem allra best. Kreddur í sambandi við kennslu á íslensku máli eru herfilegar. Þessi till. um z er ekki annað en fyrirlitleg, ómerkileg kredda, til þess borin fram að eyðileggja skilning ungs fólks á íslensku máli eða áhuga á því að geta notið íslenskra bókmennta.

Ég er ekki einn um þessa skoðun. Það hittist svo á að núna rétt áðan var ég að fá í hendur bréf frá manni sem skrifar fegurri íslensku en flestir menn aðrir okkar tíma. Hann heitir Friðrik Þórðarson og er lektor í samanburðarmálfræði við háskólann í Osló. Hann hefur þýtt á íslensku bækur eins og Grísk ævintýri og Dafnis og Klói á algerlega frábæru máli. Við gerum okkur það til skemmtunar að við skrifumst stundum á, og það hittist svo á að bréf, sem ég fékk í dag, fjallar um brtt. mína á þskj. 82. Hann er þar með brtt. frá sjálfum sér sem ég vil gjarnan koma á framfæri í heyranda hljóði, að á eftir síðustu málsgrein í till. minni komi viðbót á þessa leið:

„Þá skal og skáldum skyldugt að yrkja skv. þeim undirstöðureglum norrænnar bragfræði sem héldust fram á daga Jóns biskups Arasonar, er síðastur var réttur biskup á Íslandi, og breyting sú varð á íslensku máli sem kennd er við hljóðdvalarbyltingu. Alþ. lýsir því yfir að öll skáld, sem ort hafa á Íslandi síðan Jón biskup andaðist, skuli heita leirskáld, og gengur yfirlýsing þessi í gildi við næstu áramót."

Síðan komi ný málsgrein:

„Nú brýtur maður gegn þessum lýðræðislegum vilja þjóðarsamkundu vorrar, og skal hann dæmdur í þrælkunarvinnu. Skal setja á stofn vinnusveitir þessu til framkvæmdar og sé það verkefni þeirra að rífa niður, sprengja í loft upp og brenna að köldum kolum víghreiður þau er vesturheimsmenn hafa komið sér upp á Rosmhvalanesi og annars staðar á landinu, og afmá þau uns þeirra sér engan stað framar. Er það vilji Alþ. að það verði mjög í sama mund að fullnuð séu ákvæði þessarar þál. og sauðfjárhagar eru algrónir á Rosmhvalanesi."

Þetta er mjög góð till. og ég vil koma henni á framfæri í ræðu a. m. k. En meginatriðið er hitt, að menn verða að gera sér ljóst að það, sem skiptir máli í sambandi við kennslu á íslensku í skólum, er að kenna mönnum að meta íslenska

tungu eins og hún er töluð en engin formsatriði í sambandi við það, og að meta íslenskar bókmenntir án þess að útbia þær í einhverju fáránlegu málvísindastagli.

Ég vil minna menn á það, að öll hljóð hafa breyst á Íslandi síðan landnámsmenn fluttu hingað. Það á við um alla bókstafi íslenskrar tungu: a, b, c, d, e, f, g, h, i, j, k, l, m, n, o, p, q, r, s, t, u, v, x, y, z, þ, æ, ö. Þetta er hægt að kenna. Þetta hefur allt saman gerst skv. ákveðnum reglum, og til eru margar reglur sem eru ekki síður merkilegar en hljóðvörp, sem menn telja að séu ákaflega girnileg til skilnings á íslenskri tungu. Það eru til fjölmargar reglur aðrar. Þessar framburðarbreytingar hafa allar gerst þannig að málvísindamenn geta fundið reglur um hvernig þessar breytingar hafa gerst. En þetta er hreinn hégómi nema fyrir þá sem af vísindaástæðum eða einhverjum sérstökum áhuga vilja kynna sér það, það er algert hégómamál, og að staglast á slíku í skólum áorkar því einu að eyðileggja skilning barna okkar á íslenskri tungu, og það er skaðræði.

Ég læt svo lokið máli mínu herra forseti.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég mun gera mér far um að verða að þessu sinni stuttorður um þetta mál, enda margt um það búið að segja allan þann tíma sem það hefur verið á dagskrá hér á Alþ. Erindi mitt hér í ræðustól er fyrst og fremst að lýsa afstöðu minni til þeirrar till., sem fyrir liggur, og gera nokkrar aths. við það sem fram kom í máli hv. frsm., 3. þm. Austurl.

Ég tel að þótt hv. frsm. hafi lýst yfir að till. þessi sé tilraun til sátta og gerð af einlægum hug, þá beri efni hennar þó með sér að ekki eigi þessi orð hv. frsm. við að öllu leyti, því að í raun og veru villir till. á sér heimildir samkv. þeim skýringum sem hv. 3. þm. Austurl. gaf á upprunanum. Hann vildi halda því fram, að í þessari till. hans og 10 annarra þm. væri reynt að fara í þá slóð sem prófessor Halldór Halldórsson, formaður n. sem undirbjó stafsetningarbreytingarnar 1974, hafi markað á ráðstefnu um stafsetningarmál sem hæstv. menntmrh. efndi til. Þetta er alrangt hjá hv. frsm. Að vísu er rétt að prófessor Halldór sló því fram og kvaðst gera það sem uppástungu, ekki sem till., að z yrði haldið í stofni, en það var þá undirskilið að stafsetningarreglurnar frá 1974 héldu sér að öðru leyti, að breyting yrði gerð varðandi z-una, en reglurnar héldu sér í öllum meginatriðum að öðru leyti eins og þær voru þá settar.

Í till. þeirra 11-menninga er farið þveröfugt að. Þar er lagt til að reglurnar frá 1929 taki gildi að öllu leyti fyrir utan þá breytingu á z-reglunni sem felst í þáltill. Það er sem sagt lagt til að slegið verði striki yfir allt sem í reglunum frá 1974 fólst. Þótt það atriði þeirra, sem mestum umr. hefur valdið, sé ákvörðunin um niðurfellingu z úr skólastafsetningunni, er öðru nær en hún sé inntak þeirra og aðalefni. Þvert á móti, reglurnar frá 1974 eru að meginstofni framhald og frekari útfærsla á stafsetningarreglunum frá 1929. Þar eru tekin fyrir ýmis atriði sem þá var engu sinnt og komið hafði í ljós af áratugareynslu að þyrfti að fjalla um. Það er varla til sá stafur í stafrófinu sem ekki eru einhver skil gerð, sérhljóðar jafnt og samhljóðar, í þessum reglum framar en gert var í reglunnum frá 1929, og þar eru einnig reglur um greinarmerkjasetningu, sem alls ekki voru til í reglunum frá 1929. En þar hafði verið stuðst við mjög fáeinar reglur, sem hv. 3. þm. Reykv. lýsti hér að nokkru áðan. Það er því gengið í berhögg við uppástungu prófessors Halldórs Halldórssonar í þeirri till. sem hér er flutt.

Þar að auki eru í rauninni í þáltill. fólgin atriði sem ætlast er til að hafi lagagildi, þ. e. a. s. þar er tekið fram að stafsetningarreglum þeim, sem ákveðnar eru í ályktun þessari, verði eigi breytt án samþykkis Alþ. Ef slíkt á að ákveða, þá ætti að gera það í lögum. Og sömuleiðis fer næst á undan atriði um nefndarstörf til að fjalla um stafsetningarmál. Það er einnig atriði sem miklu betur væri skipað með lögum heldur en setja um þau efni ákvæði í einfalda þál.

Ég er því gersamlega andvígur þessari þáltill. og tel, eins og ég sagði áður í hv. Nd., þegar frv. hæstv. menntmrh. um meðferð stafsetningarmála var til umr., að affarasælast sé að Alþ. setji lög á þeim grundvelli sem lagður er í því frv.

Það hafa farið mörg orð um það af hálfu hv. frsm. þeirra 11-menninga sem till. flytja, bæði fyrr og síðar, að hann og þeir hafi málatilbúnað sinn uppi til að binda enda á það sem þeir kalla ringulreið eða upplausn eða óvissu í stafsetningarmálum. Ég held því fram og hef haldið því fram áður, að hér séu höfð hausavíxl á hlutunum, þá fyrst kæmi upp ringulreið og óvissa ef farið væri nú að breyta þeim reglum sem settar voru 1973 og 1974 og hefur verið mjög vel tekið í skólunum, þar sem þær eiga fyrst og fremst við. Það kom glöggt í ljós í lok þings vorið 1976, að skólamenn fylkja sér mjög eindregið um reglurnar frá 1974.

Þessi till. er að mínum dómi tilraun flm., sem sjá að málstaður þeirra er í rauninni óverjandi, til að gera tilraun til að veifa heldur röngu tré en öngu, eins og sjá má af því að rökin í grg. hníga öll í þá átt, að hvergi megi hagga við stafsetningunni frá 1929, henni beri að halda óbreyttri um aldur og ævi, skilst manni, en efni þáltill. sjálfrar er svo einmitt að breyta z-reglunni í þessum stafsetningarreglum, en nema að öðru leyti úr gildi þær reglur sem settar voru fyrir 4 árum til þess að fylla upp í reglurnar frá 1929, fylla þar upp í eyður sem reynslan hafði sýnt að voru fyrir hendi. Það væri mjög ógæfulega að málum staðið ef þessi háttur yrði upp tekinn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er ekki í fyrsta skipti sem stafsetningarmál ber á góma hér á Alþ. Það hafa vart orðið lengri umr. um önnur mál en þetta sem hér liggur fyrir. Ég vil, án þess að lengja þessar umr. um of, taka undir með þeim hv. þm. sem hafa mótmælt því að hér sé um hégómamál að ræða. Ég álít, að umgengni við íslenska tungu og varðveisla íslenskrar tungu sé og muni alltaf verða meginmál okkar Íslendinga ef við viljum varðveita þá menningu sem við byggjum á enn í dag. Hitt er svo annað mál og ég skal lýsa því yfir strax, að ég er í þessu máli kannske meðalmanneskja eins og víðar, ég vil fara þarna veg sveigjanleikans að

vissu marki. Ég er mótfallin því að gera bókstafinn z að eins konar pyntingartæki eða jafnvel fallöxi í íslenskum skólum. Við getum gjarnan sýnt þarna meira umburðarlyndi og meiri sveigjanleika en gert hefur verið hingað til. Jafnframt lýsi ég stuðningi við þessa þáltill. á þskj. 64 sem 11 braustir alþm. standa að. Ég tel að hún boði sáttaleið sem við getum öll vel við unað. Og sannleikurinn er nú sá, að það, að þetta mál var tekið upp á þingi, hefur þegar gert það til góðs að hinar fráleitu reglur um ritun stórs og lítils stafs hafa aftur verið afnumdar góðu heilli, því að sá háttur, sem þar var lagður til, miðaði að því að gera ritað mál flatneskjulegra og um leið órökréttara en það var áður.

Það hefur mikið verið talað um, að z-an sé vandkennd í skólum, og vitnað í marga kennara sem hafa verið þeirrar skoðunar. Ég hygg að það sé hér eins og stundum áður, að hinn háværi minni hl. verði meira áberandi heldur en hinir, sem láta ekki eins hátt í málinu, en þeir eru örugglega margir, kennararnir sem mundu sjá eftir z-unni í íslensku máli. Það er örskammt síðan ég átti tal við kornungan íslenskukennara, harðduglegan og samviskusaman, og hann sagði: Með því að afnema z-una mundi ég missa eitt mitt mikilvægasta hjálpargagn í að skýra fyrir nemendum mínum uppruna orða og kenna þeim að þekkja stofn frá endingum. Það er nefnilega dálítið ósamræmi í því, þegar íslenskukennarar fárast yfir z-unni hvað hún sé erfið, af því að það er verið að burðast við ýmislegt í okkar íslenskukennslu í dag sem ég fyrir mitt leyti tel heldur fánýtt. Þar get ég aðeins drepið á setningafræðikennslu sem nú er farið að kenna allt niður í 13—14 ára unglinga með svokallaðri kvíslgreiningu. Ég efast um að nokkur eða margir hv. alþm. hafi heyrt það orð nefnt. Í mínum augum, og ég hef kynnt mér málið örlítið, þó alls ekki nóg til að geta farið nákvæmlega út í það, — að mínu áliti er þar verið að fara inn á leiðir sem ekki gera annað en að flækja og gera málin óskýrari fyrir nemendum sem eiga að nema íslenskt mál.

Það hefur einnig hér verið vitnað í þjóðir eins og Frakka og Breta, og það er alveg rétt, að Bernard heitinn Shaw, sem var nú sérvitur vel og snillingur mikill, barðist heitri baráttu fyrir því að fá enska stafsetningu einfaldaða. Ég er viss um að þeir alþm., sem kunna góð skil á enskri tungu, eru sannfærðir um að þar er mikill munur á, hvað íslensk stafsetning er þó einfaldari og meira í átt við hið talaða mál en enskan. En rök Breta á móti því að einfalda stafsetninguna um of hafa verið þessi: Við viljum að þjóð okkar í framtíðinni geti átt aðgang að rithöfundum eins og Shakespeare og helst að þeir geti lesið Chaucer gamla frá miðöldum, að ég tali ekki um fornenskuna, Bjólfskviðu og fleira sem við Íslendingar í dag lesum okkur til gagns, fornenskuna, þó að Bretum sé hún harla torskilin. Hvers vegna? Hvernig stendur á því að við Íslendingar lesum mál Breta frá 5. og 6. öld eða eitthvað síðar, 8. og 9. öld? Það er vegna þess að við höfum haldið fast við okkar fornu tungu. Það er vegna þess að við erum læs á bókmenntir, bæði okkar og samnorrænar bókmenntir, sem skrifaðar voru löngu áður en við fluttumst eða landnemar norskir fluttust hingað til Íslands. Þetta hljótum við að hafa í huga. Og ef við sýnum of mikla undanlátssemi og linku í því að málið sé skrifað rétt, þá líður ekki á löngu þangað til það afbakast og með tímanum glatast. Og hvar er þá stolt Íslendinga af menningu sinni komið? Mér finnst þetta liggja nokkuð í augum uppi.

Að því er varðar Frakka er alveg það sama uppi á teningnum. Þeir vilja hvorki einfalda sína málbyggingu né stafsetningu með tilliti til þess að þeir vilja að frönsk þjóð í framtíðinni, og það alþýða manna, en ekki bara lærðir menn, eigi aðgang að því sem best hefur verið skrifað fyrr og síðar á franska tungu. Ég held því að bæði að því er varðar z-una og annað skulum við fara varlega og taka það ekki upp í okkur, að það sé íslenskum ungmennum ofraun að læra jafneinfaldan hlut og það að nota z, a. m. k. ef við föllum nú frá því sem erfiðara er, að nota hana rétt í miðmyndarendingum.

Ég tek orð — þetta er kannske fastheldni mín og þá er ég gamaldags — við skulum taka orð eins og orðið bezt. Mig hryllir við því að þurfa að skrifa best (með s-i). Við höfum verið vön því, og jafnvel áður en við lærðum nokkuð í stafsetningu, að skrifa þetta hástig af lýsingarorðinu góður með z. Við gætum tekið eitt lítið dæmi. Við erum þrjár konur á þingi og nú skulum við taka þær eftir stafrófsröð og segja: Ragnhildur er góð, Sigurlaug er betri, Svava er bezt. Ef við skrifuðum nú Svava er bezt (með z), þá er enginn vafi á því að við erum að slá Svövu Jakobsdóttur gullhamra. Ef við skrifum það hins vegar með s-i, hvað kemur þá út? Ragnhildur er góð, Sigurlaug er betri, Svava er svínabest, því að best (skrifað með s-i) þýðir í íslensku máli — ja, orð sem við ógjarnan tökum okkur í munn, það þýðir svínabest. Og ég er sannfærð um að hvorki samþm. okkar, Svava Jakobsdóttir, né hvorug hinna né neinn alþm. á þetta orð skilið. Orðið best er sennilega komið af enska orðinu beast, án þess að ég hafi fræðilega athugað það, og skrifast með s-i, og ég hygg að allir þeir, sem heyra það skammaryrði um hönd haft, viti hvað við er átt.

Það er augljóst mál af því, sem hér hefur komið fram, að það að líta um of yfir þýðingu stafsetningarinnar hefur stórfellda hættu í för með sér. Hv. frsm. þessarar till. nefndi orð eins og kless í staðinn fyrir kletts, vass í staðinn fyrir vatns. Hvað skyldu margar kynslóðir héðan í frá spyrja sig; hvað er þetta vass með tveimur essum, hvað er þetta kless? Eru það einhver klessuverk sem um er að ræða? Ef við förum út í svona hluti, þá skulum við vera raunsæ. (Gripið fram í: Hvað segirðu um orðið kvalir?) Það vitum við allir Íslendingar, Sunnlendingar með hv. og Vestfirðingar með kv. Við Sverrir Hermannsson segjum sjálfsagt kvalir, en ekki hvalir.

En ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu meira. Ég mótmæli því, sem hefur komið hér fram, eða það er mitt álit, að varfærni í að breyta stafsetningu til einföldunar muni eyðileggja skilning manna á íslensku máli. Þvert á móti, hún ætti að glæða málauðgi og málsmekk, ef rétt er farið með kennslu í þessari grein.

Um hitt get ég verið sammála hv. 3. þm. Reykv. og mörgum fleiri, sem telja að það sé í raun-

inni allt of lítil áhersla lögð einmitt á að kenna nemendum í skólum lifandi notkun málsins. Málfræðistagl hefur verið fram til skamms tíma óþarflega mikið. En það hefur gróflega mikið verið *slegið af kröfunum. Það veit, vænti ég,* hv. 5. þm. Vesturl. sem hefur kennt í gagnfræðaskóla, að þær kröfur, sem gerðar voru til svokallaðs landsprófs fyrir 10 árum, eru orðnar sýnu rýrari og margfalt færri en þær voru fyrir einum áratug. Og við hljótum að taka tillit til þess, hvað aðrar þjóðir gera í þessum efnum. Ég sem kennari í erlendum tungumálum hef orðið vör við það, svo að ekki verður um villst, að kunnáttu íslenskra nemenda í almennri íslenskri málfræði hefur hrakað svo feiknalega á undanförnum árum að það fer að verða meira en lítill vandi að kenna þeim málfræðihugtök í erlendum málum, hliðstæð íslenskunni, sem þeir hafa ekki hugmynd um. Þó að við drögum úr málfræðistaglinu og innleiðum meira af lifandi bókmenntum og lifandi máli inn í kennslu skólana, þá skulum við flýta okkur þar hægt og einfalda ekki hlutina um of og draga úr þeirri virðingu fyrir uppruna íslensks máls sem okkur ber skylda til að viðhafa.

Það var vitnað hér í Nóbelsskáldið okkar góða, Halldór Kiljan Laxness, og síst skal ég gera lítið úr snilli hans, snilli hans fyrst og fremst sem afbragðs stílista. En ég sé ekki að Nóbelsskáldinu beri nokkur nauðsyn til að gera lítið úr alþýðu manna, eins og ég vil telja okkur alþm. á Alþ., þó að við leyfum okkur að gera íslenskt mál og meðferð þess að umræðuefni. Og ég fæ ekki varist því, að mér finnst gæta nokkurs hroka í ívitnaðri grein í Vísi sem Halldór Kiljan Laxness skrifaði fyrir nokkru, þegar hann spyr með nokkrum þjósti: Hvað kemur Sverri Hermannssyni það við, hvort við skrifum z eða skrifum okkar mál eins og okkur sýnist? (**Gripið fram í:** Hann sagði þetta ekki.) Hann sagði þetta með þessum orðum, og ef þú hefur Vísi við höndina, hv. þm. Stefán Jónsson, þá muntu komast að raun um, að þetta er rétt, a. m. k. upphaf setningarinnar. Ég tel að við alþm. hljótum að setja okkar stolt í að umgangast mál okkar af virðingu og af varúð gegn því að það afbakist og *verði að bráð alls konar hortittum, öfugmælum,* latmæli og kæruleysi sem ógnar því úr öllum áttum, ekki hvað síst eftir að við erum orðin í þjóðbraut þjóða, og útlend áhrif frá ýmsum málum ættu að gera okkur það ljóst að við verðum að standa vel á verðinum.

Ég vil ásamt hv. 5. þm. Vesturl. mótmæla því, að verið sé að fara út í menningarlega stéttaskiptingu með því að taka upp vissar reglur og viðhalda vissum reglum í kennslu íslenskrar stafsetningar og meðferð íslensks máls. Þetta er hreinasta firra. Ég held að ég muni það rétt, að í umr. hér áður á þingi vísaði hv. 5. þm. Vesturl. því á bug, að alþýða fólks og þeir kannske, sem álitnir eru minni háttar í þjóðfélaginu, séu þess nokkuð síður umkomnir að læra grundvallarreglur í íslenskri stafsetningu heldur en þeir sem standa ofar í þjóðfélaginu. Þetta er bábilja og þetta er móðgun við íslenska alþýðu.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég endurtek: Ég styð þessa till., hún er til bóta og við ættum að sameinast um þessa sáttaleið allir þm. Það er aðeins eitt sem ég vil vekja athygli á og mér fyndist ekki úr vegi að athuga nánar. Það er um skipun þessarar sjö manna n. Þar eru taldir upp merkir fulltrúar úr ýmsum áttum, þ. á m. *einn móðurmálskennari, annaðhvort á grunn*skóla- eða framhaldsskólastigi. Ég tel einsýnt að við verðum að hafa þarna grunnskólakennara, og ef um það væri að velja hvort heldur grunnskólakennara eða framhaldsskólakennara, þá vel ég grunnskólakennarann frekar því að hann á að leggja undirstöðuna. Það væri eðlilegt, finnst mér, að kennurunum væri þarna sem sagt fjölgað: einn á grunnskólastigi, annar á framhaldsskólastigi og einn hv. prófessor úr háskólanum. Og þá væru 4 menn eftir enn sem gætu skipst með eitthvað breyttum hætti frá því sem gert er ráð fyrir hér.

Ég vil draga í efa það sem hv. þm. Magnús T. Ólafsson sagði, að það sé alveg marktækt viðhorf sem hann telur hafa komið fram úr skólunum almennt. Það var að vísu hópur manna sem hóaði sig saman og skrifaði undir allsterkt áskorunarskjal um að fella niður z-una algerlega. En hinir eru býsna margir, sem mundu sjá eftir henni úr íslensku ritmáli.

En svo að ég endurtaki það sem ég byrjaði á: Við skulum ekki fella z-una niður. Við getum farið þessa sáttaleið, að halda henni í stofni. Og við skulum engan veginn beita henni af of mikilli hörku og færa nemendur niður í núll í íslenskri stafsetningu þó að þeir gerðu jafnvel 10 z-villur í ritgerð. Við þurfum að sýna visst frjálslyndi, vissan sveigjanleika, leggja ekki of mikið upp úr þessu atriði. En við megum ekki ganga fram hjá því, því að það felur í sér mikla hættu fyrir okkar kæra íslenska móðurmál.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég bið nú afsökunar á því að ég skyldi afturkalla ákvörðun mína um að falla frá orðinu og þrengja mér hér inn í mælendaröðina. Ástæðan var fyrst og fremst sú, hvað oft hefur verið vitnað hér í þýðingarmikið plagg, innlegg í það mál sem hér er til umr., þar sem er Vísisgrein Halldórs Laxness. Og þar sem það fer nokkuð á milli *mála, að því er virðist,* hvað Halldór Laxness hafi sagt um þetta mál, sá maður sem lengst og mest og sjálfsagt einna best hefur skrifað án z á íslensku, þá tel ég alveg óhjákvæmilegt, að þetta innlegg hans komist inn í þingtíðindi, og ætla mér því — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þessa grein:

„Í æsku minni," segir Halldór Laxness fimmtudaginn 10. nóv. í grein sinni í Vísi, „var bókstafurinn z varla þekktur nema í sjón og algerlega látinn eiga sig í þeim skólum þar sem ég gekk um dyr; og þegar ég kvaddi 4. bekk Menntaskólans 1919 var aðeins einn maður í því fyrirtæki sem þurfti við og við að muna eftir þessum bókstaf og það var Zoëga rektor. Það er því von að mér finnist í meira lagi skrýtið ef ég á nú í annað sinn á ævinni að lifa þá ömurlegu sjón að sjá menn upptendrast á Alþingi til að setja lög út af notkun þessa bókstafs. Fyrra sinnið var 1941. Eftir þess árs z-lögum var ég dæmdur til fangelsisvistar, minnir mig, en í háar fésektir að öðrum kosti; og svo var

forleggjari minn, Ragnar Jónsson, og prentari okkar, Stefán Ögmundsson. Það er athyglisvert að við vorum dæmdir fyrir að prenta þennan bókstaf ekki í textum þeim sem við gáfum þá út, þ.á m. Hrafnkötlu og Laxdælu.

Skapbrestir þessarar kæru þjóðar virðast einatt vera helsti erfiðir til þess hún fái haldið hér uppi lögríki og siðuðu mannfélagi svo í lagi sé. Í blöðunum hérna sjást dögum oftar merki þess hve pexnáttúran er ofarlega í þessu fólki, einkum út af tittlingaskít. Oft er vígahugur í mönnum og seint virðist til að mynda séð fyrir endann á þeim stælum sem þessar hv. mömmur okkar á Alþ. hafa uppi um hvort við megum fá okkur glas af bjór — þótt allir viti að þúsundum manna hér á landi, þ. á m. farmönnum, er heimilt samkv. lögum að flytja inn þann bjór sem þeir vilja og þurfa, og afgangurinn af þjóðinni býr sér til bjór eins og hver getur torgað úr efnum sem fást í hverri matvörubúð, og hefur til þess lögleg bruggtæki sem líka fást á hverju strái. Annað dæmi er hið skylduga karp á Alþ., sem oft vill taka á sig form sjúklegrar vanstillingar, út af réttritun. Mér er sagt að þm. nokkur, sem ég þó síst vil lasta, Sverrir Hermannsson að nafni, hafi á síðasta Alþ. haldið ræður í 40 klukkustundir út af bókstafnum z, þar af tvær nætur í röð frá því kl. 10 að kvöldi og fram á fótaferðatíma að morgni. Eftir því sem mér er sögð sagan sat aðeins einn þm. þetta ræðuhald til enda, Magnús T. Ólafsson, og hlustaði brosandi allan tímann, enda einn mestur geðprýðismaður á þingi. Ég leyfi mér að óska hinum einkennilega alþm., Sverri Hermannsyni, sem heldur löngu ræðurnar um z, til hamingju að hafa slíkan mann að áheyranda sem Magnús Torfa.

Jæja, nema það er af sem áður var að þessi þýski bókstafur lægi ónotaður í stafrófinu eins og þegar ég var í skólum. Kannske á hann eftir einu sinni enn að draga hæstv. Alþ. inn í ljóslausa kofann Bakkabræðra, en eitt vona ég þó til guðs, og það er að hann komist aldrei inn í barnaskólann í Mjóafirði.

Ég man þá daga 1941, í miðri heimsstyrjöldinni síðari, þegar þessi sálarbilun kom upp á Alþ. Aðkallandi vandamál og lífsspursmál þjóðarinnar voru lögð á hilluna dögum og vikum samfleytt. Sjálft heimsstríðið var allt í einu orðið eins og veikur ómur af blikktrommusóló utan úr Effersey. Í sambandi við z-una var einnig til umræðu afnám „Wimmerisëringar“ á Íslendingasögum í þá daga, en svo var nefnd hin óvinsæla stafsetning sem Wimmer nokkur, danskur, hafði búið til á bækur þessar handa okkur. Ómurlegt var að horfa á þm. leggja nótt við dag, æðandi og æpandi í þingsölum út af þessu béaða þýska hljóðtákni, z, hlusta á lækna, sýslumenn, útgerðarmenn, kaupfélagsstjóra og bændur tútna út af bræði og umhverfast af taugaæsingi, og tala sig dauða, að mestu án þess að neyta svefns og matar, allt út af þessum eina bókstaf.

Nauðsyn þess að halda stafsetningunni eftir Wimmer á íslenskum fornritum var kannske að sumu leyti skiljanleg; en ég sleppi allri þeirri röksemdarfærslu hér. Að því er z snertir vita allir, sem vita vilja, að það ts-hljóð, sem z-an táknar, hefur ekki verið til á íslensku frá því að land byggðist. Þetta hefur verið dauður stafur eins og c og q. Sverrir þm. Hermannsson verður að fara til Þýskalands til þess að heyra þetta hljóð, en þar getur hann líka heyrt það allan daginn. Mætti ég leyfa mér að segja t. d. um getuleysi Íslendinga til að bera hljóðið rétt fram, að það kostaði vin minn, íslenskan óperusöngvara, stöðu hans í Vín, þegar hann átti í þýðingarmiklu óperuatriði að syngja um undurfagra stúlku orðin „das reizende Mädschen,“ þá varð honum svo á í messunni eftir margra ára nám, að hann söng „das reisende Madchen í staðinn, og var rekinn. Þetta vona ég að komi aldrei fyrir skemmtikraft eins og Sverri Hermannsson. Þetta þýska ts, sem z-an táknar, er hljóð, sem aldrei verður myndað í íslenskri tungu. Það er eitt af þeim mörgu blísturshljóðum í þýsku sem verka á okkur eins og óhljóð, en eru sögð komin í þýskuna úr slavneskum tungum einhvern tíma í fyrndinni. Aftur á móti er íslenska s-hljóðið óþekkt í þýsku, og væri verðugt verkefni fyrir duglegan hugsjónamann eins og Sverri Hermannsson að boða Þjóðverjum hið íslenska s. Hitt er annað mál að þar sem íslenska stafrófið er upprunalega gert eftir útlendum stafrófum, hefur það nokkra bókstafi sem eru þarflausir hér, t. d. c og q fyrir utan z-una; en nafnið á bókstafnum z höfum við fengið að láni úr grísku. Ef nógu mikill ofstækismaður kæmist inn á Alþ. gæti hann áreiðanlega með einni lítilli 40 klukkustunda ræðu talið suma þm. á að fara að skrifa c og q núna, bókstafi sem Guðbrandur Hólabiskup og þeir karlar fengu hjá Þjóðverjum í kaupbæti með síðabótinni.“

Hér vil ég aðeins gera hlé á upplestrinum til þess að vekja athygli á því, að till. á þessa lund er þegar komin hér fram, en held síðan áfram upplestri úr grein Halldórs, með leyfi forseta:

„Því miður urðu málaferlin, sem hafin voru út af stafsetningarlöggjöfinni „móti Kiljan“ 1941, til þess að snúa hlægilegum skrípalátum í harmleik, sem ekki síður var mér dapurleg reynsla en hinu háa Alþ., enda er mér ekki kunnugt um að þess konar hneyksli hafi áður gerst í sögu þeirrar stofnunar. Stafsetningarlögin, sem Alþ. hafði sett á „móti Kiljan“, voru sem sé dæmd dauð og ómerk af Hæstarétti. Mér er ókunnugt um annað dæmi þar sem Hæstiréttur landsins hafi með dómi lýst lög frá Alþ. í heilu lagi marklaust plagg. Slíkur hnekkur, mér liggur við að segja skömm, hlýtur að geymast sem aumur blettur á íslenskri réttarsögu um aldir.

Ég sé að z-menn hafa fengið einhver kennivöld, sem eru þó svo klók að þegja um nöfn sín, til að setja saman „lærðan“ rökstuðning fyrir lögvernd z, hvern sem kynni að eiga að hræða með því, vonandi ægir það ekki hinum austfirska búhöldi Vilhjálmi Hjálmarssyni sem er sómi þingsins. Ef þetta þvogl kemst í gegn gæti það vel átt eftir að hræða einhver börn fram í tímanum sem eiga eftir að fæðast. En skyldi Vilhjálmur verða hræddur? Best gæti ég trúað að þessum piltum takist ekki að plata sveitamanninn.

Aðeins örfáar athugasemdir að lokum. Mér varð gripið ofan í einhvers konar hálfopinbera z-ritsmíð eftir z-manninn Sverri Hermannsson á dögunum, þar sem þm. heldur því fram að það sé nauðsynlegt að kenna börnum z svo þau skilji rót og uppruna íslenskra orða.

Þau vísindi, sem þm. á við, munu vera sú fámenna sérgrein í málvísindum, kölluð etýmólógía, þ. e. a. s. upprunafræði orða, orðsifjafræði.

Leyfist mér að spyrja: Hvern fjárann varðar Sverri Hermannsson um uppruna orða? Og þó svo væri, hvers vegna þá endilega þeirra einna orða þar sem hægt er að koma z fyrir? Upprunafræði orða er reyndar sérstæð vísindagrein, allir vita það, en engum manni með fullu viti dettur í hug að fara að troða slíku í barnaskólabörn; enda hefur stagl af slíkum toga frekar stefnt í átt til þess að gera Íslendinga mállausa í þessari kynslóð heldur en hitt. A. m. k., sá sem rennir gagnrýnum augum yfir dagblöðin, eins og þau eru skrifuð núna, mun fljótt komast að því að það, sem hrjáir þessa menn, er eitthvað allt annað en skortur á lærdómi í etýmólógíu, fyrir nú utan sem orðsifjaleg stafsetning hlýtur að vera nokkurs konar þvermál hringsins. Svona viðvaningshugmyndir í málfræði á ekki að þurfa að ræða. Má ég spyrja hv. fyrsta sjálfkjörinn z-fræðing og etýmólóg Sverri Hermannsson: úr hverju mynduðust orðin hundur og köttur? Og hvernig og úr hverju er myndað orð eins og seta? Og hver er upprunaleg mynd orðsins fífl? Og umfram allt, hver væri að bættari þó hann vissi þetta? Enn ein spurning: af hverju eiga börn endilega að vera að skipta sér sérstaklega af upprunafræði orða í sambandi við z? Varla eru þó öll orð upprunalaus nema þau sem hafa z. Að hvaða tungumáli er Sverrir Hermannsson að leita þegar hann vill fyrirskipa í barnaskólum sérstaka upprunarannsókn á orðum með ts-rót? Ég mundi í hans stað læra þýsku, þar sem nóg er af svona blístrandi óhljóðum. Og þá er komið að mjög miðlægri spurningu í þessari forheimskun málfræðilegra viðvaninga: hvernig er hægt með lagasetningu á Alþ. að plokka einn bókstaf út úr stafrófinu og löggilda notkun hans sér á parti? Og í annan stað: hver er réttathugmynd þeirra manna sem vilja að allir bókstafir í íslenska stafrófinu skuli vera ólögverndaðir — og réttarfræðilega óskilgreindir — nema z? Og hvenær varð Alþingi Íslendinga að akademíu sem hefur það hlutverk að passa hvaða bókstafi Íslendingar skrifi eða skrifi ekki? Hvers vegna slá réttritunarreglum saman við refsilöggjöfina? Á núna að leggja einhverja vel útilátna tugthúsun við ef menn skrifa ekki setu, eins og í fyrra skiptið þegar þessi galskapur var á ferðinni í tíð Jónasar frá Hriflu? Af hverju má ég ekki skrifa nákvæmlega þá stafi sem ég vil? Það er lesenda minna, en ekki Alþ., að dæma um hvort þeim líkar sá texti sem ég skrifa. Meðal annarra orða, fer ekki að verða tími til kominn að hætta að skrifa stafinn y, sem í 500—600 ár hefur ekki táknað annað hljóð en einfalt i-hljóð í íslensku?“

Herra forseti. Ég hef lokið upplestri á þessu frumplaggi við umr. um z-málið, sem er Vísisgrein Halldórs Laxness fimmtudaginn 10. nóv. Ég ætla ekki að lengja þetta mál frá eigin brjósti um annað en það að segja sögu sem ungur og gáfaður íslenskur námsmaður sagði mér í fyrrakvöld, en hann hafði stundað nám í Þýskalandi. Það er best að nafngreina manninn, svo að það fari ekki á milli mála, hann heitir Sveinn Aðalsteinsson og lærði í Þýskalandi, tókst með ótrúlega skjótum hætti að tileinka sér þýska tungu að öðru leyti en því, að hann náði aldrei z-hljóðinu. Hann notaði alltaf íslenskt s sjálfum sér til töluverðrar hrellingar og vinum sínum þýskum til mikilla leiðinda, þannig að þeir fengu til framburðarsérfræðing að þjálfa hann í að bera fram þessa z eins og Þjóðverjar bera hana fram. Hann reyndi í hálft ár án árangurs. Og það var komið með skurðlækni til hans sem sagði honum að það væri hægt að lækna þetta með einfaldri skurðaðgerð undir tungurótunum, lama þannig tunguna að hann næði framburði á þessu þýska listhljóði. Hann spurði hvort hann gæti þá eftir sem áður borið fram íslenskt s eftir þessa breytingu, þessa líffæralegu breytingu. Þeir sögðu að það væri nú borin von að hann mundi geta það, svo að þessi ungi maður tók þá ákvörðun að láta ekki breyta byggingarlagi tunguróta sinna á nokkurn hátt og una við það að bera aðeins fram þýskt s. Við kynnum að vera komin hér inn á einfalda lausn þessa deilumáls.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn, að þegar rætt er um íslenska stafsetningu hér verður maður margs vísari. Þeir fundir, þegar um þetta hefur verið rætt, eru einhverjir þeir eftirminnilegustu sem maður hefur setið hér.

Mig langar að segja sitt af hverju í tilefni af því sem ég hef heyrt hér í dag.

Ég er ekki ýkja viðlesinn maður, en þegar ég dæmi eftir því sem ég hef lesið af skáldsögum, ekki bara íslenskum, heldur annarra þjóða skáldsögum, skáldsögum annarra höfunda en íslenskra, þá kemst ég að þeirri niðurstöðu að sá maður, sem hér hefur verið mikið vitnað í nú í síðustu ræðum, muni vera mesti skáldsagnahöfundur á þessari öld. Ég ítreka að ég miða hér aðeins við það sem ég hef lesið sjálfur. Sumt af því er reyndar eftir ýmsa sem stórþjóðirnar telja sína mestu meistara. Svona mikils met ég þennan mann sem rithöfund. Það má vera harmsefni fyrir menn sem unna bókmenntum og vilja þá gjarnan að aðrir njóti þeirra líka, að snilld þessa manns, tök hans á íslensku máli, skilar sér að sjálfsögðu aldrei yfir á önnur mál, þannig að það fólk, sem komst að þeirri niðurstöðu, að hann ætti skilið að fá Nóbelsverðlaun, hefur ekki haft aðstöðu til að meta nema part af þeirri stærð sem þessi maður er bókmenntalega.

Þó að ég segi þetta, þá er ekki þar með sagt að ég hrópi húrra fyrir öllu því, sem frá þessum manni kemur.

Ég verð að segja, að helst til lítið finnst mér leggjast fyrir kappana þegar þeir koma hér í ræðustól með þessa grein eftir Nóbelsskáldið um Alþingi — og þó sérstaklega einn alþm. Ég

hafði ekki heyrt hana fyrr né lesið. Við, sem erum dreifbýlisþm., höfum ekki alltaf aðstöðu til að lesa visdóminn í Vísi, við fáum þetta ekki alltaf upp í hendurnar. (Gripið fram í.) Vissulega mjög vel lesin af þessum hv. þm., en ekki til að benda á firrurnar í þessari grein, ekki til þess að benda á stóryrðin og ósvífnina eða hinar hæpnu fullyrðingar. Það vildi svo til eitt sinn hér um árið, þegar verið var að ræða stafsetninguna, — það vildi svo til að ég kom unglingur hérna niður á þingpalla einu sinni þegar þetta ógnarástand ríkti hér sem Halldór Laxness talar um, að þm. fóru hér „æðandi og æpandi“ um sali út af þessu. Þá ríkti hér hin mesta kyrrð, jafnvel kyrrð eins og hér í dag þegar við erum að ræða þessi mál alveg æsingalaust. Það er hæpin fullyrðing, vægast sagt, hjá Nóbelsskáldinu, að hér ríki eitthvert sjúklegt ástand út af þessu, sjúkleg vanstilling. Ég hef ekki orðið var við það. En sá maður, sem kemur hér upp til þess að lesa þessa grein, gerði enga aths. við þetta né heldur þann hroka sem kemur fram í því, að skáldið spyr: Hvað hefur þm. Sverrir Hermannsson með það að gera að vita um — hvernig var nú setningin? (Gripið fram í: Uppruna orða.) Uppruna orða, já. (Gripið fram í.) Já, hvern fjárann varðar Sverri Herrmannsson um slíkt? Og hann er kallaður sjálfskipaður etýmólóg. Fyrr má nú vera hrokinn!

Eitt af því sterkasta og besta í fari okkar Íslendinga, eitt af því þýðingarmesta er að allra stétta menn gefa gaum að ýmsu því sem ekki varðar þeirra daglega starf, ýmsu sem varðar sögu okkar og menningu. Var það ósvífni gagnvart fræðimanni eins og Sigurði Nordal, kannske líka Halldóri Laxness sem fræðimanni í bókmenntum okkar fornum, þegar bóndi austur á Jökuldal, Aðalsteinn á Vaðbrekku, tók sig til og skrifaði út af hinni frægu ritgerð Nordals um Hrafnkels sögu fræðilega ritgerð þar sem hann að mínum dómi hrakti langmest af því sem Nordal setti fram, — óbreyttur bóndi? Hvað varðar óbreyttan bónda um það, hvernig Hrafnkels saga varð til? Mætti ekki alveg eins spyrja svona?

Persónudýrkun er eitt af því voðalegasta sem getur komið yfir fólk. Og af því að ég er búinn að taka af allan vafa um það, hversu mikils ég met skáldið á Gljúfrasteini, þá verð ég að segja það hér, að mér blöskrar sú persónudýrkun sem á sér orðið stað í kringum þennan mann. Ef kemur grein eftir hann í Vísi, þá er eins og óskeikull páfi hafi talað. Menn keppast við að vitna í þetta. Það er eins og páfinn hafi talað „ex cathedra“. Hv. þm. Magnús Kjartansson lýsir því yfir, að hann vorkenni alveg sérstaklega Sverri Hermannssyni fyrir þá ádrepu, sem hann fékk frá páfanum í Vísi um daginn. (MK: Átrúnaðargoði sínu.) Já, nú kem ég að því. Það er engu líkara en Sverrir Hermannsson hafi verið ómælandi á íslenska tungu þangað til hann fór að lesa bækur Halldórs Laxness samkvæmt þessari kenningu sem við heyrðum hér áðan. Ég held þó að Magnús Kjartansson, sem alinn er upp á heimili þar sem talað var gott mál, hafi lært miklu meira í móðurmáli sínu á því heimili heldur en af Halldóri Laxness. Ég held að hann hafi verið farinn að læra að meta og tala góða og fagra íslensku áður en hann fór að lesa bækur Halldórs Laxness.

Þá ætla ég að taka dæmi, af því að það er hægt að beita því persónulega á hv. þm. Magnús Kjartansson sem hér kemur upp og segir að við eigum bara að skrifa eftir framburði. Hann segir hér áðan: Það er ekki langt síðan hver maður hafði sína eigin stafsetningu. Hver maður. Hvernig. Hvar, segir þessi maður af því að hann er ættaður úr Árnessýslu þar sem þessi framburður tíðkast. En ég vil spyrja Magnús Kjartansson: Hvernig ætlar hann að skrifa þetta Hver? Þetta er ekki hver eins og við segjum hinir sem erum að bauka við að hafa h á undan v-inu. Þetta er kokblásturshljóð sem er hvergi til í skyldum tungum. En við finnum það hins vegar hjá nágrönnum okkar. Það eru Írarnir og Skotarnir eða þeirra forna mál, keltneskan. Þar er þetta hljóð. Mér dettur nú í hug að þetta gætu verið leifar af framburði, kannske þær einu, sem mætti rekja til keltneskra forfeðra okkar. Ég vil skjóta því að Magnúsi Kjartanssyni, einkavini Jóns prófessors Helgasonar, hvort ekki gæti verið einhver hæfa í þessu, jafnvel þó að það sé þm. sem segir þetta og jafnvel þó að Nóbelsskáldið segi: Hvað varðar þm. um þetta eða hitt? Það er gaman að velta hlutunum fyrir sér. (Gripið fram í.) Já. Ég veit ekki hvort þetta hljóð finnst í máli Lappa eða Sama. Það getur vel verið. Ég get vel trúað því að margir forfeður okkar hafi eitthvað þekkt til tungu þeirra.

Þeir Mýramenn, svo að ég vitni í Sigurð Nordal, voru merkileg blanda, eins og þið vitið, af norrænum stofni og svo asíatískum stofni. Og hefði þá getað verið að þeir forfeður okkar einhverjir hafi talað mál þar sem þetta hljóð var að finna. Sigurður Nordal heldur því fram, eins og þið vitið, að Skalla-Grímur og Egill hafi haft hið mongólska svipmót, og má það reyndar lesa í Egils sögu, sérstaklega þegar Agli er lýst þar sem hann situr andspænis Aðalsteini konungi eftir orrustuna á Vínheiði. Það er greinilega Mongóli sem þar situr. En svo hafa aftur Þórólfarnir verið af hinu norræna tagi, ljósir yfirlitum, og það var, samkvæmt kynþáttakenningum þeirra tíma, oft hið sama og að vera fagur; en „svartur“ þýðir oft sama og ljótur. En nú er ég kominn út fyrir umræðuefnið hér.

En ég ítreka spurninguna: Ef við eigum allir að fara eftir framburði í stafsetningu, hvernig ætla þá Árnesingar eins og Magnús Kjartansson að skrifa hvað, hvernig, hver o. s. frv. (Gripið fram í: Búa til nýjan staf?) Ja, þarna verður að búa til nýjan Árnesingastaf.

En hér er um að ræða mjög þýðingarmikið atriði, — atriði sem ég ræddi dálítið um hér um daginn, þ. e. um blæbrigði framburðar.

Áðan fékk Sverrir Hermannsson heldur betur ádrepu út af því að hann í sínum ræðum hér talaði mál sem hann hafði greinilega lært, en væri honum ekki upprunalegt, hann segði ekki Mangi (með a-framburði) eða „nordan hardan gerdi gard“. Ég býst við að hann hafi í bernsku sagt Mangi og langur og strangur, en sennilega

hefur þá verið horfið frá því að bera fram „nordan hardan“. Þetta ber að harma, ég tek undir það.

En út af þeirri fullyrðingu að þessi hv. þm. hafi lært málið af bókum sem voru settar saman af höfundi ofan úr Mosfellssveit, þá langar mig að drepa á framburðaratriði sem snertir annan höfund. Austur í Skaftafellssýslu hafa menn haldið röddduðu -rn, -rl o. s. frv., þeir segja barn, en ekki bardn og enn þá síður baddn. Þegar ég var hér á þingi fyrir aldarfjórðungi eða aldarþriðjungi, þá heyrði ég Ásmund Sigurðsson úr Lóni alltaf tala um stjórinina, ríkisstjórnina, raddað. Aftur á móti Einar Olgeirsson sagði alltaf stjórddnin, með a. m. k. tveimur d-um, ef ekki þremur stundum, þegar mest gekk á fyrir þeim gamla. Raddaði framburðurinn kom hingað suður í munni ágæts rithöfundar, sem var á undan Halldóri Laxness á vettvangi íslenskra bókmennta, og hefur fengið þá viðurkenningu hjá Halldóri Laxness, að ef hann hefði ekki verið kominn á undan, þá hefði allt verið miklu erfiðara. Í afmælisgrein einu sinni þakkar Laxness Þórbergi Þórðarsyni sérstaklega fyrir það, hvernig hann ruddi brautina, hvað margt varð miklu auðveldara þeim, sem á eftir komu, fyrir það að Þórbergur hafði farið á undan. Þegar Þórbergur kemur til Reykjavíkur hefur hann að sjálfsögðu raddaða framburðinn á rn, rl o. s. frv. Hann hætti þessum framburði. Ég spurði hann einu sinni hvernig á þessu stæði. Hann hafði bara vanist af þessu vegna þess að hann heyrði þennan framburð ekki í kringum sig. Var þetta fyrir áhrif frá höfundinum ofan úr Mosfellssveit? (MK: Höfundurinn úr Mosfellssveit hefur tekið upp þennan framburð.) Já, ég ætlaði að bæta því við. Síðan kemur næsta stig. Höfundurinn úr Mosfellssveit tekur þennan framburð upp, eins og menn heyra, er hann les eitthvað í útvarp. Arnaldur (með röddduðu hljóði) heitir það í Sölku Völku en ekki Ardnaldur, barnið, óstjórnin. Halldór Laxness hefur vanið sig á þetta. Honum þykir þetta fallegt. Okkur finnst hins vegar sumum að þarna sé um tilgerð að ræða. En það er náttúrlega smekksatriði eins og annað. Hins vegar hefði manni ekki fundist þetta tilgerð ef Þórbergur hefði borið svona fram, enda hefði það ekki verið eins áberandi mikið raddað og það verður þegar menn læra þetta ekki sem börn, taka það upp seinna á ævi sinni. Þá er það orðið tilgerðarlegt að mínum dómi.

Af því að ég hef verið svolítið að gera aths. við það sem hv. þm. Magnús Kjartansson sagði hér áðan, þá vil ég benda á að þarna staðfestist enn hve mikil og víðfeðm er þekking þessa manns. Ég þakka honum fyrir það ágæta erindi sem hann flutti áðan.

Hann segir t. d. til rökstuðnings því, hversu fáránlegt sé að skrifa z, að hún er ekki lengur til í framburði. Margir taka nú undir þetta. Og ypsilonið, segir hv. þm., það má gjarnan sleppa því. Sama segir Halldór Laxness. En ypsilonið eins og z-an varpar ljósi í ýmsar áttir í málinu. Það gefur kennara tækifæri til að leiða nemandann inn á stigu, sem hann kæmi aldrei á ef ekki væri verið að „stagla þetta“. Þetta þarf nú reyndar ekki að vera neitt stagl, heldur getur þetta verið sá þáttur í íslenskukennslu sem er líflegastur og skemmtilegastur.

En það er ótalmargt annað af þessu tagi, segir hv. þm. Magnús Kjartansson, sem við minnumst ekki á. Þá er það mitt svar, að það er leitt að við íslenskukennarar skulum ekki hafa öðlast þekkingu til að kenna enn þá meira af þessu. En einhvers staðar verður að setja mörkin. Við erum ekki að tala um að fara aftur í forsögulega tíma einhvers staðar austur í heimi, þar sem frummálið varð til sem hin indóevrópsku mál eru öll sprottin af. Við erum ekki að tala um það. Við erum að tala um að fara sem allra lengst með sögu og tengsl málsins og uppruna orða, allra lengst án þess að ofbjóða sjálfum okkur sem kennurum eða nemendum okkar.

Ég vara mjög við því, hvaða tilhneiging er hér strax komin upp. Menn eru strax farnir að tala um að afnema ypsilonið líka, loka enn fleiri leiðum til þeirrar skemmtigöngu aftur í sögu tungunnar sem íslenskukennslan getur verið, ef kennurum er uppálagt að kenna þetta. (Gripið fram í.) Við verðum náttúrlega að fara í nám til Magnúsar Kjartanssonar eða annarra slíkra áður en við förum út í það.

Það er enginn að uppáleggja Halldóri Laxness að skrifa z. Það er enn einn útúrsnúningurinn í grein hans. Það er enginn að heimta það, að hann skrifi z, heldur erum við að tala hér um lögboðna stafsetningu sem við ætlum að láta kenna í skólum, kenna börnum. Það er enginn að krefjast þess af Halldóri Laxness að hann noti þá stafsetningu sem við erum að tala um hér. Enn síður er verið að hóta honum tugthúsi ef hann geri það ekki.

Að lokum vil ég segja þetta: Ef ekki hefði orðið það slys 1934 eða 1935, í ráðherratíð Haralds Guðmundssonar sem menntmrh., að hann lét breyta reglunum til þess horfs, að börnum skyldi ekki kennd z, heldur látið bíða til unglingsára, þá væru ekki þessar endalausu deilur um z-una. Það slys liggur hér til grundvallar. Ef þessu hefði verið haldið á barnaskólastiginu, þá væri ekki þetta pex endalaust. Ég hef reynslu af að kenna bæði unglingum og börnum, og hafði fengið töluverða reynslu af að kenna unglingum sem höfðu ekki lært z-una fyrr en ég tók við þeim, svona 13—14 ára eða 15, og það gekk ekki alltaf vel. Síðar um tíma þurfti ég að segja til hópi af börnum, sumum býsna ungum, sagði þeim m. a. til í stafsetningu. Það gekk eins og í sögu að kenna þeim z-reglurnar. Það er ósköp einfalt að afgreiða þetta mál í barnaskóla. Og þá er búið með að þetta verði einhver þröskuldur í vegi eðlilegrar móðurmálskennslu, sem að sjálfsögðu væri þá lestur bókmennta o. s. frv. Við ættum að athuga það alvarlega að færa þetta aftur yfir á barnaskólastigið.

Hv. þm. Magnús Kjartansson sagði hér áðan, að hann hefði heyrt Jón Helgason prófessor lesa upp fornkvæði, og nefndi í því sambandi Höfuðlausn og einhver fleiri kvæði Egils Skalla-Grímssonar. Ég tek undir það, að efnislega er þetta leirburður mestan part. Hv. þm. segir að hann

hafi heyrt Jón Helgason lesa þetta með þeim framburði sem fornmenn notuðu, þ. e. fornmannaframburði og þá uppgötvað músikina í þessu. Ég er ekki alveg viss um hvernig þetta má hafa tekist, hvort Jón hefur getað komist að öllu leyti að réttri niðurstöðu um það t. d. hvernig Egill Skalla-Grímsson hefði flutt Höfuðlausn — með hvaða framburði. Það er ég ekki alveg viss um. En ég er viss um að hann hefur komist þýsna nærri því, svo nærri því kannske að Egill sjálfur hefði látið gott heita. En maður finnur líka klingja við í kvæðum fornum þó að maður sé ekki eins lærður og Jón Helgason. Maður finnur músikina í þessu. Ég ætla að enda hér á frægri ástarvísu, sem Kormákur orti, og bið menn að þugleiða hvort við getum ekki enn, jafnvel þótt við kunnum nú ekki hinn forna framburð, notið þessarar tónlistar.

Brámáni skein brúna
brims und ljósum himni
Hristar hörvi glæstrar
haukfránn á mik lauka,
en sá geisli sýslir
síðan gollmens Fríðar
hvarma tungls ok hringa
Hlínar óþurft mjna.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Menn hafa nú komið víða við eins og jafnan áður þegar þessi mál eru til umr., og er skemmtilegt á að hlýða. Ég vil geta þess, af því að það kom fram hjá hv. þm. Jónasi Árnasyni, að auðvitað ólst ég alfarið upp við vestfirzkan framburð og mér var þetta eiginlegt. En mér þótti „langur“ og „gangur“ ljótara en að segja „lángur“ og „gángur“ og þess vegna breytti ég til að þessu leyti. Hins vegar er mér eiginlegur enn ýmis vestfirzkur talsmáti, eins og upp í mig, ofan í mig o. s. frv. Þegar ég heimsæki foreldra mína, þá tek ég aldrei eftir því þó að þau tali vestfirzku alfarið. En ég hrekk við í hvert skipti sem ég heyri menn tala vestfirzku, „langur“ og „gangur“, og sækja það ofan í sig með þessum hætti, sem ekki er það eiginlegt frá barnæsku.

Ég held að þetta hljóti að vera tilbúningur, þessi saga hv. þm. Stefáns Jónssonar, því að það getur ekki verið rétt að til þess að ná t-tannhljóðinu, ts-hljóðinu, þurfi að lama tunguna, og að maður, sem er með lamaða tungu, geti ekki borið fram blásturshljóðið s. Ég held að þetta sé tóm vitleysa. Maðurinn hefur verið tannlaus sem þarna átti hlut að máli. Ráðið hefði bara verið að setja upp í hann falskar tennur, þá hefði hann náð þessari z í þýzkunni. Það er því rétt að hann fari aftur til læknis, ef hv. þm. vildi skila því.

Varðandi það, sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, sem talaði drengilega og af djúpu viti um þessi mál, sagði um till. þar sem lagt er til að skipa 7 manna nefnd, en ekki þriggja manna eins og í frv. menntmrh., þá vil ég geta þess, að fyrstu þrír aðilarnir, sem gerð er till. um hér, eru þeir hinir sömu og hjá hæstv. menntmrh. Það þótti ekki ástæða til þess að breyta því, nóg er samt.

Hv. þm. Magnús T. Ólafsson minntist á það, sem rétt er, að hér væri ekki farið að till. sem komnar eru frá prófessor Halldóri Halldórssyni. Ég tók þetta skýrt fram. Eingöngu skýrði ég frá því, að það hefði verið hent á lofti uppástunga hans um að reyna sættir í málinu með þeim hætti að varðveitt yrði z í stofni orða einvörðungu. Hann bjó ekki til þessa till. sem hér liggur frammi. Þetta er ekki hans till., heldur átti hann uppástungu. Þessi formaður breytinganefndarinnar, sem skipuð var um árið, átti þessa uppástungu, að sættst yrði á þeim forsendum, og það er aðalatriðið.

Síðan leggur hv. þm. Magnús Torfi enn á ný áherzlu á að nú megi engu breyta af því sem það mundi valda aukinni ringulreið. Þetta geta þeir ekki sagt og margtuggið ofan í hv. þm., þeir sem stóðu fyrir uppreisninni í þessum málum árin 1973 og 1974. Þeir segja að þetta sé að vinna sér hefð í málinu þegar í stað, þessi nýbreytni, — við höfum nú fyrir augum hvernig það hefur gengið, bara af lestri blaða og bóka sem út eru gefin, — og þess vegna megi ekki breyta til. Þeir hefðu átt að hugsa fyrir þessu árið 1973, þegar þeir voru að stórbreyta til eftir að sættir höfðu verið með mönnum í 44 ár. Þess vegna eru það úr þeirra munni haldlaus rök og gagnslaus að vara við breytingum nú af því að það mundi valda ringulreið. Till. er til þess að koma á sáttum og festu í þessu efni, því að eins og ég sagði áður, þá held ég að það sé lífsspursmál að við höfum ein lög allir í þessu efni. Það er enginn að tala um það, að skipa eigi fyrir fullorðnu fólki og viti bornu hvernig það eigi að skrifa málið. Þess vegna getur rithöfundurinn Halldór Kiljan bægt frá sér tugthúshræðslunni, sem er bráðum fertug í honum, í eitt skipti fyrir öll. Og það er enginn að fara að lögfesta eitt eða neitt um stafsetningarmál. Það eina, sem lagt er til að lögfesta, er frv. menntmrh. um það, hvernig skuli farið að því að breyta stafsetningu í framtíðinni. Til hvers ætli það frv. sé ætlað, sem hv. þm. Magnús Torfi tekur undir og vill samþykkja? Það er til þess að hindra afglöp menntmrh. framtíðarinnar, afglöp svipuð þeim sem framin voru hér árin 1973 og 1974. Sjálfum menntmrh. þykir nú ráð að leggja til, að það verði hindrað, að gripið verði til slíkra uppátækja, með því að málið skuli fyrst fara í gerð hinna lærðustu manna og síðan lagt fyrir Alþ. í tillöguformi.

En það voru svo aðeins nokkur orð vegna ræðu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar. Hann talaði um að rithöfundurinn Halldór Laxness hefði hirt mig. Ég hef geysilegt dálæti á Halldóri Laxness og hef raunar verið þeirrar skoðunar lengi að hann sé einn mesti rithöfundur sem hafi verið nokkru sinni á dögum. En maður með rangan málstað hirtir ekki þann sem hefur rétt fyrir sér. Maður með rangan málstað, sem flýgur á annan, slær vindhögg og jafnvel klámhögg, heitir það á íslensku. Þess vegna hafði ég gaman af þessari grein og hef raunar svarað henni, og nú vænti ég þess að hv. þm., sem er hér að æfa sig í upplestri, Stefán Jónsson, taki það nú fyrir næst, ef hann talar sig ekki dauðan strax í þessu máli, að lesa þá grein líka svo að hún festist í þingtíðindunum, fyrst mönnum er svo mikið í mun að allt, sem sagt er og skrifað um þetta, komi hingað til skila.

Nei, ég er þeirrar skoðunar, og sannfæring mín stendur til þess, að þarna hafi þessi margfrægi rithöfundur rangt fyrir sér. Hv. þm. Magnús Kjartansson segir eins og skáldið, að framburður og stafsetning eigi að haldast í hendur. Og nú er rétt að draga hér fram nokkra vitnisburði frá eldri tímum og tilvitnun í grein, alveg nýlega grein eftir Ásgerði Jónsdóttur kennara. Það kom á sínum tíma fram, eftir að 2. hefti Fjölnis kom út með byltingarkenndri stafsetningu Konráðs Gíslasonar og álitið var að sú stafsetning hefði m. a. átt þátt í því að gera Fjölni óvinsælan meðal Íslendinga, þá kom fram mjög snörp gagnrýni á stafsetningu hans í Sunnanpóstinum sem Árni Helgason stiftprófastur í Görðum gaf út. Þessi grein var að vísu nafnlaus, en talið að hinn lærði málfræðingur og rektor Bessastaðaskóla, Sveinbjörn Egilsson, hefði skrifað hana og e. t. v. Árni í Görðum átt hlut að máli, þar sem undir var skrifað dulnefnið Árnabjörn. Þar víkur hann að þessu, stafsetningunni, þessi greinarhöfundur, og kemur einmitt að þessu sem hefur borið á góma hér, hvernig Norðlendingur mundi skrifa hvalir, þegar hann væri að skrifa um stórfiskana. Hann mundi vitanlega skrifa k, ef þetta ætti að liðast, að menn skrifuðu eins og þeir töluðu. Höfundurinn ræðir svo um það, að menn skynji oft framburð ýmissa hljóða misjafnlega og þá geti komið upp alls konar hrærigrautur, ef hver fær að skrifa eftir eigin hljóðskipan, og segir síðan orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi umtalaða „einkaregla“ — og er þá að tala um reglu Konráðs Gíslasonar — „er því að minni einföldu meiningu fyrsti grundvöllur Babelsbyggingar hér á landi og fullkomin tilraun að myrða mál það, sem lengi með sóma og heiðri lifað hefur og lifir enn í munni og ritum flestra Íslendinga, sem þykir sér sóma að taka inn í bókmálið hvert latmæli og bögumæli, sem nú er brúkað í daglegu tali.“ Höfundurinn viðurkennir, að bæði staðsetning sín og annarra geti þurft leiðréttingar við, en hann vill þá að sú leiðrétting fari eftir reglum sem „leiddar séu af málsins eigin eðli og byggingu, orðanna ættterni, sambandi og aðgreiningu, þó með allri mögulegri en skynsamlegri hlíf við ritvenjuna, en byggist ekki á ólíku tungutaki margra þúsunda af öldum og óbornum.“

Þetta segir, að því er talið er, hinn lærði málfræðingur Sveinbjörn Egilsson. En við ættum kannske að líta á það sem Guðbrandur Vigfússon prófessor sagði um þessa aðferð Konráðs. Að vísu breytti Konráð henni. Hann gerbreytti um stefnu. Hann tók upp aftur að skrifa eftir uppruna og gaf raunar út ritreglur í samræmi við það. Guðbrandur Vigfússon ræðir almennt stafsetningu og segir í grein í Þjóðólfi, sem kom út 1860, en hann hafði áður skrifað um þetta mál í Ný félagsrit 1857, — Guðbrandur segir, og þetta er afar lærdómsríkt og gildir og á allt við enn í dag:

„Það er fernt, sem öll stafsetning er byggð á,“ segir hann, og ég les upp orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „1. Uppruni. 2. Framburður. 3. Ritvenja. 4. Fegurð. Þess verður alls að gæta. Enginn skrifar né getur skrifað eftir upprunanum einum.“ Og hlusti nú hv. þm. Magnús Kjartansson á, sem er að fleygja hér fram tillögurusli út í bláinn: „Ef menn rita eftir upprunanum einum verður ritið of forneskjulegt, stirt og staurslegt. Riti menn eftir framburðinum einum, verður ritið húsgangslegt og á reiki eins og kúgildi á jörðu, því eins og hver syngur með sínu nefi, svo talar og hver með sinni tungu. Verða og málin eins mörg og tungur eru, það verður eitt mál fyrir hvern munn og hver ritar að munns ráði sjálfs sín. Hin skaðlegasta ritaðferð verður án efa sú að gera framburðinn að ritgoði sínu. Það mundi leysa sundur öll þjóðbönd og félag það sem eitt ritmál bindur.“

Og hann segir síðast orðrétt og er þá að tala um gömlu aðferð Fjölnis, uppátæki Konráðs Gíslasonar, sem hann hvarf frá. Guðbrandur Vigfússon segir:

„En ef menn sveigja á bakborða með Fjölni, þá horfir beint út í hafsauga, út í endalausar stafsetningar hafvillur, því þar kemur einn ritkækur og nýjung á aðra ofan, þar til ekki er heil brú eða urmull orðinn eftir af málinu, því að hverjum, sem vill miða við framburð einan, fer líkt og hafrinum, sem miðaði við skýin og fann ekki mat sinn. Og við verðum þangað til að, að enginn veit sitt rjúkandi ráð, hvernig á að stafa eða rita.“

Nú ætla ég að leyfa mér að vitna aðeins í, með leyfi hæstv. forseta, nýlega grein, sem ég gat um í framsöguræðu minni, eftir Ásgerði Jónsdóttur kennara, — sem fæst við kennslu. Hún segir svo orðrétt:

„Ég hef ekki enn og mun seint fá skilið þá menn, sem af einhverri upplýómaðri hugsjón um betri heim z-lausan knúðu fram ákvæðin um brottnám hennar úr íslenzku máli. Ég hef heldur ekki komið auga á nein frambærileg rök fyrir ágæti þessarar hugsjónar. Mig minnir þó, að þau hnigju öll í þá veru að með þessu ætti að auðvelda nám móðurmálsins. Hvílík kenning! Eins og nokkur skepna þrifist betur á gerilsneyddu glundri en sæmilegu kjarnfóðri!“

Svo segir hún hér, og þetta vænti ég að rithöfundurinn Halldór Laxness hafi líka lesið, orðrétt svo:

„Aðalhöfundur þjóðarinnar og eftirlætisskáld mitt, Halldór Laxness, hefur löngum verið iðinn við að lagða okkur barnakennara fyrir ómerkilega og smásmugulega stafsetningarkennslu, og gott ef ekki beina spillingu á eðlilegu máli nemenda. Það læt ég mér í léttu rúmi liggja. Hitt þætti mér sýnu verra, og raunar óbætanlegt tjón, ef stafsetning þjóðarinnar ætti eftir að þróast í þá átt, að menn yrðu um síðir ólæsir á bækur Halldórs Laxness og annað það sem bezt hefur verið ritað á íslenzka tungu.“

Svo leyfir hv. þm. Magnús Kjartansson sér að segja, að z sé kredda og till. þessi til þess fram borin að eyðileggja skilning barna á íslenzkri tungu. Slíkt orðfæri er auðvitað með ólíkindum og honum alls ekki sæmandi. Til þess eru refarnir ekki skornir, öðru nær. Till. okkar er til þess fram lögð að við reynum að sættast í málinu, því að það er mikil nauðsyn að það takist, og það er mikil ábyrgð þeirra manna sem ætla að neita að ganga til sáttanna.

Hann minntist á, Magnús Kjartansson, ýmsar breytingar, sem orðið hefðu á tungunni í aldanna rás. Og vitanlega er það svo, að menn þykj-

ast vita það með mikilli vissu. Hann nefndi sem dæmi að við hefðum týnt niður stöfum, þegar danskur kóngur kúgaði inn á okkur evangelísk-lúterska trú. Það kynni nú að vera, að við hefðum getað staðið fastar í ístaðinu ef við hefðum haft þá samræmda stafsetningu. Ekki er nú loku fyrir það skotið. Hann minntist á flámælið. Hvernig ætli áflogin um flámælið hefðu farið og sá hernaður ef hvert skólabarn hefði mátt rita eftir því sem það talaði og ekki verið leiðrétt? Eða — þótt annars eðlis sé — þágufallssýkin fræga, sem ég man með réttu að rithöfundurinn Halldór Laxness kallaði skrílmenningu vaxna upp úr göturæsum Reykjavíkurborgar? Ég hugsa að ég muni þetta rétt og vitna enda til þess í grein minni, sem ég hef sent Morgunblaðinu til birtingar, af því að ég skrifa ekki í Vísi, til þessa og annars af því sem ég hef hér vitnað til. Ég sem þm. treysti mér ekki til að skrifa í Vísi, t. d. vegna þess að ég las þar grein eftir ungan blaðamann á dögunum að alþm. upp til hópa mundu vera illa gefnir undirmálsmenn með glæpahneigðir, og mig minnir að hann hafi bætt því við, að þetta væri oft svona fyrstu áratugina eftir að ný veldi og ríki væru stofnuð, þá kæmu þeir helst fram og til skjalanna sem þannig væru úr garði gerðir. Þess vegna er það sem ég treysti mér ekki til þess að skrifa í Vísi, þótt Halldór Laxness treysti sér til þess.

Við þekkjum hvernig fór fyrir frændum okkar Norðmönnum. Norska málið, sem talað var sannanlega, var myrt, og nú er það svo, að þá, sem skrifa og tala á vest-norsku, skilja menn í öðrum landshlutum alls ekki. Ætli þeim hefði ekki gengið betur ef þeir hefðu staðið fast í ístaðinu varðandi ritun málsins?

Ég tek auðvitað undir það, að tungutakið sjálft skiptir höfuðmáli, en þetta á auðvitað samleið. Mig minnir að Halldór Laxness hafi það eftir Jóni Helgasyni prófessor á einhverjum stað, að hann hafi talið það óbætanlegt tjón, að framburður ypsilonsins skyldi hafa fallið niður, eftir því sem mig minnir að hann telji, á 15. eða 16. öld. Auðvitað er ég ekki að segja að ritun málsins bjargi því. Þó kynni að vera, ef eitthvert sérstakt tákn hefði verið á því ypsiloni, að það kynni að hafa hjálpað til a. m. k. að bjarga því að viðhalda framburðinum. Það kynni að vera. Ekki er það með öllu útilokað.

En Halldór — Laxness heitir hann núna — endar sína grein á því að slá það vindhögg sem gerir afganginn af greininni lítils virði, og það er með því að fitja upp á því, hvort ekki sé tími til kominn að hætta að skrifa ypsilon. Ég ætla ekki að tefja tímann núna með því að fara út í þá sálma. En þannig er sú stefna þeirra manna, sem réðu upphlaupinu 1973, þó að þeir hafi jafnan vikist undan að játa það. Þetta var þeirra stefna. Stefnan er að hefja ritun málsins eftir framburði, og ég hef nefnt ykkur ýmis dæmi um það sem gilda enn í dag, þótt gömul séu sum, til hvers slíkt mundi leiða.

Ég held svo að ekki hafi verið margt fleira, sem fram kom, sem ég sé ástæðu til þess að gera að umtalsefni nú. En að ritháttúrinn, ritun z t. d., mundi orsaka andlega stéttaskiptingu í landinu, eins og fram kom, held ég, hjá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, — það er með ólíkindum að hlýða á fullyrðingar sem slíkar. En ég verð þó að segja að ekki komst ég hjá því, frekar en við lestur greinar rithöfundarins Halldórs Laxness, að kenna nokkurs menntahroka í máli hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, þótt ég muni með þeim tala mig dauðan í málinu. Ég get að vísu ekki tekið undir með hv. þm. Jónasi Árnasyni og hv. þm. Sverri Hermannssyni á þá lund, að ég sé allsendis viss um að Halldór Laxness sé mesti rithöfundur, skáldsagnahöfundur, sem ég hafi lesið, hef ég þó sennilega lesið minna í heimsbókmenntunum en Jónas Árnason og þeir báðir. Ég treysti mér ekki til þess að kveða upp slíkan dóm. Stundum hefur mér fundist Hamsun vera fullt eins gott sagnaskáld og Halldór Laxness, stundum hefur mér fundist, þegar ég les Hemingway, að hann sé eins mikið sagnaskáld og Laxness. En það breytir engu um það, að mér finnst Halldór Laxness gott sagnaskáld og ég dái ritsnilld hans og þekkingu hans á íslensku máli, stíl hans, smekk og tilfinningu fyrir þessu blessaða tungumáli okkar. En ekki er það vegna neinnar dýrkunar sem ég las upp Vísisgrein hans áðan, heldur var það fyrst og fremst sökum þess að í hana hafði verið vitnað mikið hér við umr. Sumir gerðu það ekki öldungis rétt. Ég tel að þingtíðindin með umr. um z-málið kunni síðar meir, m. a. vegna yfirburðaþekkingar ýmissa ræðumanna — og þá náttúrlega ekki síst frummælandans, Sverris Hermannssonar — að þykja fróðleg lesning og þá hægt að spara þeim, sem fræðast vilja af þessum umr., geysimikla fyrirhöfn með því að hafa þessa grein Halldórs Laxness, sem vitnað var í bæði með réttu og röngu, við höndina til samanburðar.

Það gleður mig að hv. þm. Jónas Árnason er genginn í salinn, þar sem ég var nú rétt í þessu að reyna að vekja athygli hans á nauðsyn þess að Vísisgrein Halldórs Laxness fylgdi með í þingtíðindum til þess að menn hefðu hana til samanburðar, sérstaklega vegna þess að í hana var vitnað allmikið og sumir vitnuðu í hana ranglega. Þetta mun auðvelda ákaflega mikið þeim, sem vilja lesa hinar spaklegu umr. um bókstafinn z sem hafa átt sér stað hér á Alþ., en þetta stafaði ekki af neins konar dýrkun á alvisku Halldórs Laxness í þessu máli.

En svo að ég víki aðeins að þeirri tilgátu hv. þm. Sverris Hermannssonar, að framtennur hefði hlotið að vanta í mann þann sem ekki næði þýsku blísturshljóði í framburði, og orsökin hefði tæpast legið undir tungurótum, þá leyfi ég mér að vitna í norskan prófessor, sem lýsir einnig — og að því er virðist af allmikilli alvöru — aðferðinni við að mynda þessi sérstöku þýsku blísturshljóð með tungunni. Það hljóðar þannig í lauslegri þýðingu:

„Verpa ber tunguna þannig, að jaðrar hennar íhvolfrar nemi við innstu jaxla og broddur tungunnar sveigist aftur á við þannig að litlu muni að hann snerti úfinn".

Vildi ég gjarnan, að hv. þm. Sverrir Hermannsson bæri fram þessi þýsku blísturshljóð fyrir okkur með þessum hætti, þannig að við mættum glögglega verða þess vísari hvort hægt er að ná

þessum árangri án þess að ganga undir sérstaka skurðaðgerð.

Ég hef áður lýst yfir þeirri skoðun minni, að stafsetning, tjáningartorfærur eins og afkáralegir bókstafir, sem ekki eiga sér stoð í töluðu máli, séu ekki til þess fallnar að örva íslensk börn og unglinga til áhuga á íslensku máli, og fært hef ég fyrir þeirri skoðun minni nokkur rök. Ég ætla ekki að tíunda þau hér aftur, en vildi gjarnan vekja athygli hv. þm. á því, að þágufalissýkin, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson minntist á hér áðan, virðist halda áfram að dafna hér og lifa góðu lífi þrátt fyrir lögboðna stafsetningu.

Um fiámælið, sem hv. þm. bar sér í munn hér áðan, væri e. t. v. hægt að halda býsna langa fyrirlestra. Ég hefði m. a. haft gaman af því að geta gefið mér tóm til þess að fjalla dálítið um þetta, þar sem ég geri ráð fyrir því að hann eigi við hljóðvilluna sem ég ólst upp við á Suðausturlandi og heyrði hljóma spaklega af munni margra góðra manna sem kunnu að kveða rétt að íslensku og brast ekki orð, og kynni nú að koma þar niður málið að til álita kæmi hvort íslensk tunga hefði sem slík fegrast mikið við þess háttar sigur sem unninn var á hljóðvillu, er leiddi m. a. til þess að ungir Íslendingar þora ekki lengur að kveða að hugsun sinni á íslensku máli.

Ég sé nú ekki beinlínis, að hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir þurfi endilega að lenda í stórvandræðum þótt íslenskum unglingum yrði ekki kennt til frambúðar að skrifa best, hástigsorðið, með z. Hún á þess kost eftir sem áður að skrifa t. d. best með s-i þegar hún meinar það ekki, en með z, þegar hún meinar það, í líkingu við ónefndan alþm., sem ég vissi að skrifaði á sínum tíma — sá nafn hans — undir skjal það sem Gylfi Þ. Gíslason bar hér um sali og bað menn skrifa undir, kröfuna um uppvakningu z í ritkennslumáli í skólum. Þóttist ég þá hafa séð reikning, sem þessi hv. þm. hafði skrifað upp á einu sinni synjun: „Þessum reikningi neyta ég". Hann skrifaði það með ypsiloni af því að hann meinti það.

Þm. eiga kost hinna fjölbreytilegustu afbrigða í stafsetningu eftir sem áður, þeir sem læra vilja að skrifa íslensku með z geta gert það þegar þeir hafa hlotið til þess þroska og mótun skapgerðar sem til þess þarf að taka slíka ákvörðun af fúsum og frjálsum vilja. En það verður að bíða þess tíma. Og ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að hlífa ungum börnum, sem ekki fá borið hönd fyrir höfuð sér, við þess háttar píslun.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég sé mig tilknúinn að taka til máls á ný sökum niðurlagsorða hv. 3. þm. Austurl. Þar fullyrti hann afdráttarlaust, að það væri í raun og veru stefna þeirra, sem stóðu að stafsetningarbreytingunum 1973 og 1974, að taka upp framburðarstafsetningu, sér í lagi til að mynda að fella niður ypsílon og „rita eftir framburði", eins og þm. komst að orði. Þetta er alrangt, eins og hv. þm. gæti gengið úr skugga um ef hann hefði fyrir því að kynna sér álit þeirrar stafsetningarnefndar, sem undirbjó þessar stafsetningarbreytingar, og þær stafsetningarreglur sem hún gekk frá. Það er algerlega tilhæfulaust, sem hv. þm. heldur fram, að þessir menn hafi reynt að sigla undir fölsku flaggi og brottnám z hafi átt að vera fyrsta skref til þess að taka upp réttritun einvörðungu eftir framburði. Enda gefur það auga leið að hljóðritun — réttritun eftir framburði er ekkert annað en hljóðritun — er miklu flóknara mál og erfiðara viðfangs heldur en svo, að nokkrum viti bornum manni detti í hug að ætlast til þess að kenna hana nemendum á barnaskólaaldri. Þessi fullyrðing hv. þm. er því tilhæfulaus uppspuni, eins og hann getur gengið úr skugga um með því að kynna sér þau gögn sem ég áðan nefndi. Þar kemur fram að nefndin, sem undirbjó stafsetningarbreytingarnar, skildi svo hlutverk sitt að hún væri að fjalla um skólastafsetningu, að gera málinu stafsetningarbúning sem auðveldi uppvaxandi kynslóð að ná tökum á því að tjá sig í rituðu máli.

Það verður aldrei of oft endurtekið, að réttritunin er búningur málsins, ytri búningur málsins í riti, en inntak málsins og eðli eru hljóðkerfið og beygingakerfið. 3. þm. Austurl. vitnaði til þess áðan, að 3. þm. Reykv. hefði sagt að svo illa hefði farið á síðskiptatíma að týnst hefðu niður bókstafir. Þetta er alrangt, en sýnir hvað skilningur hv. 3. þm. Austurl. á því máli, sem hér er til umr., ristir grunnt. Það voru ekki bókstafir, sem týndust á síðskiptatímanum. Það voru hljóð sem týndust. Bókstafurinn ypsílon var til áður, var notaður á síðskiptatíma og er notaður enn í dag. En hljóðið ypsílon týndist og sömuleiðis greinarmunur langs og stutts sérhljóðs. Þær hljóðbreytingar voru ekki afleiðingar stafsetningarbreytingar, þær gerðust af allt öðrum orsökum. En að rugla þessu saman á þennan hátt, hljóðunum og hljóðtáknunum, sýnir að hv. 3. þm. Austurl. veit ekki um hvað hann er að tala, og því er allt, sem hann segir um þetta mál frá eigin brjósti, ónytjuorð. Undir niðri veit hann þetta sjálfur og reynir að brynja sig með tilvitnunum, en þær snúast gegn honum sjálfum, því að hann hefur sýnt að hann vill ekki skilja eðli málsins sem hann þó þykist umfram allt þurfa að láta til sín taka.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mér þykir nú þessar umr. hafa dreifst allvíða og vera komnar í ýmsum tilvikum nokkuð langt frá því máli sem hér er til umr., en það hélt ég væri till. til þál. á þskj. 64, um íslenska stafsetningu, eins og þar nánar greinir.

Ég skal ekki halda hér langa ræðu um þetta mál, enda ekki til þess fær að blanda mér í þær hálærðu umr. sem hér hafa farið fram um þróun íslensks máls frá upphafi vega. En ég hef ávallt verið þeirrar skoðunar og er enn, að þær breytingar, sem gerðar voru á íslenskri stafsetningu 1973 og 1974, hafi ekki verið til bóta, enda sýnist mér að nú þegar sé horfið frá þeim að talsverðu leyti. Og ég sé ekki hvaða ástæða er til þess að útrýma stafnum z, sem ekki hefur sjálfstæðan framburð í málinu, fremur en öðrum stöfum sem eins er ástatt um. Það er mér hulið. Þeir sem vilja standa vörð um ypsílon, sem þó aldrei heyrist, en útrýma z, sem raunar heyrist ekki heldur, hljóta að hafa til þess einhverjar

ástæður, einhver rök sem ég hef ekki enn þá heyrt, og væri æskilegt að þau kæmu fram, þegar þessi mál eru til umr.

Það er mikið gert úr því, að erfitt sé að læra að rita z. Ég hef ekki þá reynslu. Það er létt að rita z, ef maður lærir það í skólum snemma, eins og t. d. ég tel mig hafa gert. Það er meiri vandi að rita ypsilon eða vita, hvar það á að gerast. Og ef þetta er til þess að auðvelda ungmennum að rita málið, þá held ég að ypsilonið ætti að fara líka, en ég vil hvorugan stafinn missa. Það má vera einhver fastheldni í því, en þetta er mín skoðun.

Ritun málsins eftir framburði er hlutur sem mér líst ekki á, og satt að segja hygg ég að þingtíðindin yrðu erfið í prentun, ef slík regla yrði upp tekin, og menn yrðu þá væntanlega að skrifa þau sjálfir eins og þeir vildu rita þau, og þannig væri auðvitað með fleiri fregnir heldur en þingtíðindi. Það verður t. d. erfitt að prenta ræðu hv. þm. Jónasar Árnasonar, þar sem hann talaði um framburð okkar Sunnlendinga á hljóðinu hv. Ég sé ekki betur en það þurfi að búa til nýjan staf, ef því á að verða fullnægt. Verður það auðveldara í framkvæmd og meðferð en þær reglur, sem við höfum alist upp við, þær reglur sem hafa verið hér í gildi í áratugi og nú er farið að hringla með þannig að enginn veit hvað er upp og hvað er niður og unglingar telja sig ekki þurfa að læra raunar neina stafsetningu, af því að allt eigi að vera frjálst? Ég tel þetta ekki til bóta.

Það var minnst hér á hljóðvillu, að hún hefði verið að heltaka málið. Það hefði tekist að koma í veg fyrir hana, en hún hefði verið orðin svo útbreidd, að kennarar urðu að gera greinarmun á e með gati og e með punkti — var það ekki? — eða eitthvað í þá veru. En það skyldi þó aldrei vera, að það hefði verið þessi kennsla og þessi lögboðna eða reglubundna stafsetning sem kom í veg fyrir að hljóðvillan varð allsráðandi, þannig að skyr hét hjá sumum skyr, en hjá öðrum sker o. s. frv. Ég held þess vegna, að það sé mjög þýðingarmikið að hafa festu og samræmi í ritreglum og að allar breytingar í þeim séu varhugaverðar, jafnvel þær að fella niður stafi sem ekki heyrast í framburði.

Allar hugleiðingar hv. þm. Stefáns Jónssonar um læknisaðgerðir til þess að þessi þáltill. geti fengið framgang eru algerlega út í hött. Þessi till. er ekki um framburð, hún er um stafsetningu, og ég vænti þess að ekki þurfi að framkvæma neina skurðaðgerð á munni eins eða neins til þess að hann geti skrifað stafinn z fremur en aðra stafi. Slíkar hugleiðingar eru kannske skemmtilegar fyrir einhverja, en þær koma þessu máli ekkert við.

Menn hafa mikið vitnað hér í Halldór Laxness og grein sem hann ritaði í blað um það efni sem við erum hér að fjalla um, og menn hafa séð ástæðu til þess að tjá afstöðu sína til hans sem rithöfundar í þessu sambandi og láta þess getið í leiðinni, hvaða aðra rithöfunda þeir hefðu lesið sem nokkurs séu metnir í heimsbókmenntum. Ég ætla ekkert að fara út í þetta. Ég hef lesið nokkrar bækur líka og hef mínar meiningar um það. Ég hef mikið álit á Halldóri Laxness sem rithöfundi. En ég held að alveg óhætt sé að slá því föstu, að Halldór Laxness fékk ekki Nóbelsverðlaun fyrir stafsetningu, menn ættu að gera sér það algerlega ljóst, vegna þess m. a. að hún naut sín ekki í þýðingum. Í öðru lagi held ég líka, að hann hafi ekki öðlast frægð sína og vinsældir á Íslandi fyrir það, hvernig hann ritar orðin, heldur hvaða orð það eru sem hann ritar og hvernig hann raðar þeim saman. Þannig a. m. k. er minn skilningur. Ég hef ekki fallið í stafi af því að orðin eru rituð eftir framburði, heldur hinu, hvaða orð eru valin á hverjum stað og hvernig afstaða þeirra til annarra orða í ritum hans er.

Ég held þess vegna, að sú till., sem hér er fram borin, sé til þess að leita sátta, og ég veit að hún er það, — til þess að leita sátta í því máli sem er til leiðinda í þjóðfélaginu. Það er stríð um þennan bókstaf sem er orðið viðtækt og margir taka þátt í. Og ég held, að Alþ. ætti að sjá sóma sinn í því að vera ekki að halda endalausa maraþonfundi um íslenskt mál frá upphafi vega í sambandi við þetta, heldur reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Og ég hef ekki séð þó einlægari leið til þess að samræma sjónarmiðin en sú till., sem hér er á ferðinni, gerir ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 100). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir er um þrjár breytingar á lögum um rannsóknarlögreglu sem afgreidd voru á síðasta Alþingi.

Fyrsta breytingin varðar það, hvar rannsóknarlögregla ríkisins hafi aðalstarfsstöð. Í núgildandi lögum er kveðið svo á að hún hafi heimili og varnarþing í Reykjavík, en þarna er í 1. gr. mælt svo fyrir að rannsóknarlögregla ríkisins hafi aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni o. s. frv. óbreytt.

Í 2. gr. felst sú breyting eða nýmæli, að það skuli jafnframt skipaður vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins, að einn af þeim fulltrúum væntanlega, sem starfa við embættið, sé skipaður fastur staðgengill rannsóknarlögreglustjóra. Er það áþekk skipun og gildir um saksóknara ríkisins. Þykir eðlilegra að það sé fyrir hendi alveg föst skipun um það hver eigi að koma í stað rannsóknarlögreglustjóra þegar hann er ekki viðlátinn eða á ekki að fara með mál.

Í 3. gr. er svo nánara ákvæði um það, hvenær rannsóknarlögreglustjóri eigi ekki að fara með mál, en þar segir svo:

„Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti ekki gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmrh. Þegar ráðh. berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um það með öðrum hætti skipar

hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess máls.“

Þetta litla frv. er flutt í samráði við og skv. óskum rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Það atriði í þessum frv., sem gæti þótt umræðuvert og ástæða væri til að hér væri gerð grein fyrir, er staðarvalið. En eins og menn minnast var á sínum tíma nokkuð um það rætt og voru nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort þarna væri um heppilegan stað að ræða, og auk þess bent á það, að í lögum væri ákveðið að heimilið skyldi vera í Reykjavík. Það má reyndar segja að það hafi verið vanræksla eða vangá, að þessu ákvæði var ekki breytt strax í lögum um rannsóknarlögreglu í samræmi við þá breytingu sem hv. allshn. Nd. gerði á frv., þ. e. a. s. útvíkkað aðalstarfssvið rannsóknarlögreglunnar Í upphaflega frv. var það bundið við Reykjavík, en þessu var svo breytt, eins og hv. þm. vita, og umdæmið gert stærra. Ég var og er þeirri breytingu samþykkur, að það yrði tekið ákveðið fram um tiltekið stærra svæði sem félli undir rannsóknarlögregluna, enda þótt gert væri ráð fyrir að það væri heimild fyrir dómsmrh. að láta það ná til stærra svæðis, auk þess sem í vissum tilfellum og reyndar mörgum tekur rannsóknarlögreglu ríkisins til landsins alls.

Þær raddir, sem komu fram og fólu sumar hverjar í sér gagnrýni á þetta staðarval eða kaup á því húsi sem keypt var til þess að verða aðsetur rannsóknarlögreglu ríkisins a. m. k. fyrst um sinn, þær raddir eru nú þagnaðar, held ég, og menn eru að athuguðu máli nokkuð sammála um að þetta hafi ekki verið illa valinn staður.

En það er rétt að ég fari nokkrum orðum um þetta staðarval, hvernig stóð á því að þessi staður var valinn, og um það hús sem keypt var í þessu skyni í Kópavogi, utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Það hlaut auðvitað að verða eitt af því fyrsta, sem kom til kasta við undirbúning á því að rannsóknarlögreglan tæki til starfa, að sjá stofnuninni fyrir stað og húsnæði. Var kapp lagt á að það tækist sem fyrst, að rannsóknarlögreglan kæmist í hentugt húsnæði, en núverandi húsnæði og aðsetur rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík er að Borgartúni 7 og einnig að Hverfisgötu, í lögreglustöðinni, en staðurinn og húsnæðið, sem rannsóknarlögreglan hefur og hafði að Borgartúni 7, mun nú að flestra dómi talið allsendis ófullnægjandi undir þá starfsemi.

Fyrst í stað beindust augu manna að húsi Tryggingar hf. að Skaftahlíð 24 í Reykjavík. Samningaviðræður hófust fljótlega við forráðamenn tryggingafélagsins og leiddu eftir nokkurt þóf til þess, að 15. mars var gert bráðabirgðasamkomulag milli dómsmrn. og Tryggingar hf. um leigu á húsnæðinu. Fjmrh. féllst hins vegar ekki fyrir sitt leyti á efni þess samkomulags, enda voru leigukjör — það verður að játa — skv. því miklum mun óhagstæðari en ríkið hefur átt að venjast í skiptum við leigusala. Þá var reynt til þrautar að ná samkomulagi við Tryggingu hf. sem gæti talist viðunanlegt, en það tókst því miður ekki.

Þá var ekki um annað að ræða en að líta á þær húseignir, sem til sölu voru á þeim tíma, og velja úr þá sem best þætti henta rannsóknarlögreglunni og fjmrn. eða hagsýslan gæti sætt sig við. Rannsóknarlögreglustjóri og starfsmenn dóms- og fjmrn. skoðuðu þannig u. þ. b. 10 hús í Reykjavík og Kópavogi, og niðurstaða þeirrar athugunar varð sú, að húseignin að Auðbrekku 61 í Kópavogi væri hentugust af þeim eignum sem í boði voru, enda var það talinn kostur að slík stofnun sem rannsóknarlögreglan gæti verið í eigin húsnæði. Það má segja að það hafi verið fjárlaga- og hagsýsludeild fjmrn. sem vakti athygli á þessu húsnæði, og hafði það komið upp í sambandi við það að hún var þá að leita að húsnæði fyrir bæjarfógetaembættið í Kópavogi og athugaði þetta hús fyrst í því skyni. En þegar til kom þótti það of stórt fyrir það embætti. Hins vegar er rétt að skjóta því hér inn í — milli sviga — til athugunar, að í fjárlagafrv., heimildagrein, hefur slæðst inn svolítil villa, þannig að það er heimild til þess að kaupa bæði þetta hús, Auðbrekku 61, Auðbrekku 59, það stendur í báðum tilfellum fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, en Auðbrekka 59 er keypt fyrir bæjarfógetaembættið í Kópavogi og mun þessi starfsemi þess vegna fara fram hlið við hlið. Þetta leiðréttist sjálfsagt í meðferð hv. fjvn., en þarna hefur átt sér stað prentvilla.

Kaupverð þessa húss, sem keypt var að Auðbrekku 61, er 115 millj. kr. sem greiðist þannig skv. samningi dags. 30. mars 1977:

a. Við undirskrift samnings 40 millj. kr.

b. Hinn 25. jan. 1978 30 millj. kr.

c. Með skuldabréfum, er greiða skuli með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum og ársvöxtum 14%, 45 millj. kr.

Húseignin er keypt eftir að aflétt hefur verið af henni öllum áhvílandi veðskuldum. Húseignin er 1470 m² á þremur hæðum, en til samanburðar má geta þess, að húsnæði það, sem rannsóknarlögreglan hefst nú við í Borgartúni 7 og á Hverfisgötu, mun vera um 500 m², þannig að aðstaða rannsóknarlögreglunnar breytist mjög til batnaðar þegar gengið hefur verið frá innréttingu þessa húsnæðis og hún getur flutt í það. Arkitektar við það að innrétta þetta hús voru ráðnir Geirharður Þorsteinsson og Hróbjartur Hróbjartsson, og þeir hafa að sjálfsögðu lokið fyrir alllöngu við að gera allar teikningar, bæði að því er varðar húsið sjálft og eins lagfæringu á lóð. Þeir hafa gert eftirfarandi áætlun um kostnað við þessi verk, en sú áætlun er dags. 30. júní 1977 og er auðvitað miðuð við það verðlag sem þá gilti, þannig að hún er efalaust talsvert hærri nú og verður vafalaust eitthvað hærri.

Kostnaður við innréttingu hússins er áætlaður samtals 90.5 millj. kr. Kostnaður við kaup á húsgögnum í þetta nýja húsnæði er að auki áætlaður 24 millj. kr. Kostnaður við lagfæringu lóðar er áætlaður 13.9 millj. kr., en þá er gert ráð fyrir þeim möguleika að á bessari lóð, sem þarna fylgir með og er allstór, megi í framtíðinni og ef á þarf að halda byggja viðbótarbyggingu bak við húsið allt að 1000 m² að flatarmáli. Sú innréttíng, sem þarna er gert ráð fyrir, og allur frágangur á lóð munu að sjálfsögðu auka verðgildi hússins mjög mikið.

Framkvæmdir við húsið hafa ekki verið verulegar til þessa, enda þótti rétt að málið kæmi

til kasta hv. Alþ. áður en lagt væri í verulegan kostnað við breytingar á húsinu.

Ég held að þetta staðarval muni ekki verða umdeilt þegar öll atriði málsins eru skoðuð og þá fyrst og fremst það, að þessi staður er eins miðsvæðis og eiginlega er hægt að hugsa sér í því umdæmi sem rannsóknarlögreglunni er sérstaklega ætlað. En auk þess er það svo, eins og ég sagði áðan, að rannsóknarlögreglunni er eftir atvikum ætlað að ná til landsins alls. Enn fremur er þess að gæta, að gert er ráð fyrir því að rannsóknarlögreglan fáist fyrst og fremst við meiri háttar afbrot, og í þeim málum skiptir nálægð rannsóknarstaðar eða yfirheyrslustaðar við aðila eða þá, sem þarf að ná í, minna máli en þegar um minni háttar brot er að ræða. Auk þess er gert ráð fyrir því, eins og segir í aths. með þessu frv., að rannsóknarlögreglan geti haft að auki starfsstöðvar bæði innan síns aðalsvæðis og eins utan þess, ef þörf þykir vera á því, og ákveðið er að hún skuli hafa með höndum rannsóknir á meiri háttar brotum nálægt svæðinu.

Þó að ég verði að segja það, að ég persónulega var heldur óánægður með að það skyldi ekki vera hægt að halda við þá áætlun, sem upphaflega hafði verið stefnt að, að fá húsnæði fyrir rannsóknarlögregluna í húsi Tryggingar hf., þá verð ég að játa, eftir því sem ég hef kynnt mér þetta nánar og skoðað þennan kost, að það leiki ekki á tveimur tungum að hann er í raun og veru hagstæðari, bæði að því leyti til, að ég held að það verði ekki fundið að sjálfu staðarvalinu, og eins hitt, að þetta verður, að ég vona, miklum mun ódýrara en hin leiðin, að leigja húsnæði eins og gert hafði verið ráð fyrir, og þetta verður eign ríkisins og heldur þá væntanlega þar með sínu verði.

Herra forseti. Ég taldi rétt að taka fram þessi örfáu atriði varðandi kaupin á þessu húsnæði, hvernig þau eru til komin og hvaða kosti má telja fram til stuðnings þessu staðarvali. Og eins og ég sagði áðan, þó að menn hafi litið í byrjun nokkuð mismunandi augum á þetta, þá held ég að það sé ekki í sjálfu sér neinn ágreiningur um það lengur, a. m. k. er mér ekki kunnugt um að það sé innan rannsóknarlögreglunnar sem á við þetta að búa fyrst og fremst og það er ekki vafamál, að þegar búið verður að koma þessu húsnæði í það horf sem stefnt er að, þá verður aðstaða rannsóknarlögreglunnar afskaplega ólík því, sem hún er nú, og hægt að koma við ýmsum nýjungum og tæknibúnaði í sambandi við þetta.

Ég teldi heppilegt ef hv. allshn., sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, vildi kynna sér það nánar, og þá teldi ég rétt að hún fengi til fundar við sig rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og aðstoðarmann minn, Eirík Tómasson, sem mundu geta skýrt þetta mál allt betur og sýnt teikningar af húsinu og innréttingum. Svo væri auðvitað æskilegt, ef nm. hefðu tök á, að fara á vettvang og sjá þá aðstöðu sem þarna er um að ræða.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, enda tel ég hinar aðrar breytingar, sem um er að ræða, svo augljósar að ekki sé ástæða til að fjölyrða um þær. Menn verða auðvitað að gera það upp við sig, hvort þeir vilja að settur sé þessi sérstaki fasti vararannsóknarlögreglustjóri. Það er sem sagt að ósk rannsóknarlögreglustjóra sem sú brtt. er flutt.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Eignarráð yfir landinu, frv. (þskj. 65). — Frh. 1. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér reifa þm. Alþfl. í fimmta sinn á fáum árum mál er varðar eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum, að þessu sinni í formi frv. til l., en áður höfðu þeir reifað þetta mál í formi þáltill. í Sþ. Samtímis þessu frv. til l. hefur verið fjallað um hér í deildinni frv. sem við Alþb.-menn flytjum um breytingar í það horf, að ákvæðin landssvæði og landsgæði, sem vafi leikur á um nú hver teljast skuli eigandi að, skuli falla til alþjóðar og verða alþjóðareign, og er í grundvallaratriðum byggt frábrugðið því lagafrv. sem hér um ræðir. Þetta þingmál þeirra Alþfl.-manna hefur smám saman tekið breytingum, bæði hið ytra og hið innra, frá því að það var fyrst reifað, þá af hv. þm. Braga Sigurjónssyni upprunalega, öðrum mönnum fremur flutt þá af talsverðri heift í garð bænda í nánum tengslum við illvígt deilumál á Norðurlandi sem hv. þm. vitnaði þá til, bæði í grg. fyrir þáltill. sinni og í ræðum sínum með málinu. Að frv. þessu standa hér í d. tveir valinkunnir sómamenn, þm. Alþfl., Jón Árm. Héðinsson og Eggert G. Þorsteinsson, sem ég hygg að hvorugur verði vændur um að flytja málið af neins konar undirhyggju og enn síður af nokkurs konar rætni í garð bændastéttarinnar né í garð annarra. Ég hygg, að það, sem fyrir þeim vaki, sé raunverulega það sem fram kemur í frv. og aths. við einstakar greinar þess, sem með því eru prentaðar, og tilgangurinn sé góður. Þó er frv. með þeim hætti gjört, að ég mun ekki greiða atkv. með því, og kemur ýmislegt til.

Hv. frsm., 1. flm., Jón Árm. Héðinsson, gerði að vísu grein fyrir því í framsöguræðu sinni, að nú hefðu þeir félagar kosið að flytja málið í frumvarpsformi, en margt væri í frv. sem þeim væri út af fyrir sig ekki í hendi fast að ekki mætti breyta sem til bata horfi. Ég virði þetta sjónarmið hans, en tel þó að æskilegt hefði verið að öllu meiri vinna hefði verið lögð í að semja frv., þar sem í því gætir nokkurrar mótsagnar á milli greinanna. Svo dæmi sé nefnt, þá er kveðið á um það í 1. gr. ljósum orðum, að „landið allt með gögnum þess og gæðum og miðin umhverfis það, svo sem viðtekin efnahags- og fiskveiðilögsaga hverju sinni greinir, sé sameign þjóðarinnar allrar“ — og bætt síðan við: „að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum.“ Síðan kemur 3. gr., þar sem segir: „Þrátt fyrir 1. gr. laga þessara“ — þar sem kveðið er svona afdráttarlaust að orði um það að landið allt skuli vera sameign þjóðarinnar, þá er kveðið á um það í 3. gr., að þrátt fyrir 1. gr.

skuli „bændum frjálst ef og meðan þeir svo kjósa, að eiga jarðir til eigin búrekstrar“.

Ég vil vekja athygli á því, vegna þess sem fram kom af hálfu ýmissa annarra andmælenda þessa frv. fyrr við umr., að ástæðulaust er, virðist mér af skoðun frv., að mæla gegn því á þeirri forsendu að hér sé verið að gera ráð fyrir því að taka eignarhaldið á bújörðum af bændum. Það er kveðið á um hið gagnstæða í frv., og þótti mér gæta þess hjá ýmsum ræðumanna að þeir hefðu a. m. k. ekki lesið þetta frv. nógu ítarlega og jafnvel að þeir andmæltu nú málinu raunverulega í hinum fyrri formum þess, eins og það hefur borið hér að áður.

Ég sakna þess, að hv. þm. Jón G. Sólnes skuli vera fjarverandi umr. um málið í dag, þar sem freistandi hefði verið að taka nokkuð til athugunar hugleiðingar hans hér í d. um fullkomleika og gæsku hins upplýsta og frjálsa kapítalisma í beinum tengslum við þetta frv. Væntanlega gefst okkur tækifæri til þess að ræða það heimspekilega viðhorf hans við hann öðru sinni í tengslum við önnur mál sem lúta að eignarréttinum. En ég kemst ekki hjá því við umr. um þetta frv. að vekja athygli á þeirri staðreynd, að einkaeignarréttur á landi á Íslandi hefur verið háður ákaflega mörgum og margvíslegum takmörkunum frá upphafi, með tilliti til alþjóðarheilla og almenningsafnota. Þessar takmarkanir hafa breyst ákaflega mikið frá því að lög voru fyrst skráð á Íslandi og með tilliti til almannahagsmunua.

Á þeim tíma þegar Íslendingar voru bændasamfélag nánast eingöngu, þá var fyrst og fremst kveðið á um gagnkvæman afnotarétt af landi, vegna þess að það, sem einn lét í réttindum á sínu landi í þágu alþjóðar, það tók hann þá á landi annars manns. Þessi ákvæði eru ákaflega mörg og varða umferðarrétt, beitarrétt, reka og veiðirétt, rétt til nota hlunninda á landi annars manns.

Ég tek undir þau orð, sem hv. þm. Ingi Tryggvason lét falla hér í d. er hann tók til máls um frv. á dögunum, að nauðsynlegt er að hafa eignarréttarmálin í sífelldri endurskoðun, sífelldri athugun, vegna breyttra aðstæðna. Á síðustu 4—5 áratugunum hefur sú breyting orðið, að mikill meiri hluti þjóðarinnar býr nú ekki lengur í sveit, er ekki eignaraðili að landi í þeirri veru sem áður var, að bújörðum, en á vafalaust rétt til afnota af landinu sínu í heild, — rétt sem nauðsynlegt er að kveða á um í lögum til þess að sneiða hjá óþörfum deilumálum og árekstrum. Ég tel ákaflega æskilegt að bændur sjálfir eigi frumkvæði að þess háttar endurskoðun á löggjöf þeirri sem lýtur að eignarhaldi á landinu, vegna þess að ef þeir eiga ekki sjálfir frumkvæði að endurskoðun slíkra laga ellegar ef þeir eiga ekki beina aðild að endurskoðun slíkra laga, þá kynni hún að verða gerð með minna tilliti til hagsmuna bændastéttarinnar en ella, því að nú er svo komið að mikill meiri hl. atkvæðisbærra manna í landinu býr í bæjunum og er, eins og það er kallað, stundum kannske fullhátíðlega eða fræðilega, landlaust fólk.

Að minni hyggju er síður en svo neitt knýjandi, eins og málin standa nú, að svipta bændur eignarrétti yfir jörðum sínum og mörg önnur mál miklu brýnni til athugunar í sambandi við eignarrétt á landi hér, enda — og ég ítreka það — er alls ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. í því formi sem það liggur hér fyrir, samkvæmt 3. gr., að bújarðir verði teknar af bændum.

Ég hlýt einnig að tilgreina í 5. gr. eitt grundvallaratriði sem gerir það að verkum, að ég get ekki stutt þetta frv., og það er ákvæðið um að veiðiréttur verði tekinn undan jörðunum og settur í ríkiseigu og þá ríkisrekstur. Ég er þeirrar skoðunar að bændurnir, fólkið, sem hefur búsetu við veiðivötnin og veiðiárnar árið um kring og hagsmuna að gæta í sambandi við vernd þessara hlunninda og viðgang þeirra, það eigi að ráða þeim, það sé farsælla.

Ég er því miður vonlitill um það, að almenningur í landinu fengi frjálsari aðgang að þessum hlunnindum, einstaklingarnir, þó þau væru undir hatti ráðuneytisstjóra suður í Reykjavík eða fulltrúa hans. Hinu er ekki að leyna, að málin hafa þróast í þá átt á síðari árum, sem óþolandi má raunverulega teljast, að íslenskir þegnar skuli þurfa að keppa við ríkustu menn veraldar með tilboðum í veiðileyfi í ám og vötnum á landi okkar. Þetta er óþolandi ástand. Við verðum að leita annarra leiða til þess að kippa því í lag. Vel má fara svo, að við neyðumst til þess að kveða á um það í lögum beinlínis að íslenskir þegnar hafi úrtakslausan forgang að öllum útivistargæðum landsins og þurfi ekki að keppa við útlendinga með verðtilboðum til þess að halda þeim rétti sínum, og greiðsla fyrir þau gæði eða þau hlunnindi, sem til mála kæmi að taka gjald fyrir, svo sem veiðirétt, mundi þá miðast við lögmál íslenskrar verðmyndunar.

Það er laukrétt, sem hv. 1. flm. sagði í framsöguræðu sinni með þessu frv. á sínum tíma, að veiðiréttarhlunnindin hafa valdið truflun í búsetu á landi hér með þeim hætti, að verð ýmissa jarða hefur hækkað óeðlilega vegna veiðihlunninda, þannig að torvelt og nú í sumum tilfellum algjörlega ógerlegt hefur reynst fyrir unga menn, sem vildu setjast að í sveit, að kaupa þessar jarðir eða fá óskertan ábúðarrétt á þeim vegna þess hversu dýrar þær voru orðnar.

Það er alkunna að þrátt fyrir lög, sem kveða á um annað, hefur veiðiréttur verið tekinn undan jörðum sem í leigu eru, og hefur reynst erfitt að stemma stiga við því, einfaldlega vegna þess að veiðihlunnindin hafa hækkað verðmæti jarðanna og þar af leiðandi leigugjaldið af jörðunum, sem eigandi hefur þá kosið að taka í því formi að hann hefði afnot og yfirráð yfir veiðiréttinum.

Nú er það svo, að þegar horft er í löggjöfina varðandi byggingu bújarða, varðandi eyðibýli og hvað eina varðandi eignarhald og nytjar af landi, þá kemur í ljós að okkur skortir ekki löggjöf í rauninni til þess að ráða við þessi vandamál. Löggjöfin er fyrir hendi. Það er ýmislegt annað sem á skortir, þ á m. vilja, pólitískan vilja til þess að beita lögunum, og svo vantar fjármagn. Mjög mörg sveitarfélög vantar peninga, aðgang að lánsfé, til þess að geta nýtt sér forkaupsrétt að jörðum, og e. t. v. fyrst og fremst vegna þess að hálfu ríkisvaldsins hefur skort vilja til þess að sjá fyrir þessum fjármunum.

Ég var fyrir nokkrum árum að velta því fyrir mér, hvort hugsanlegt væri að stemma

stigu við þeim vanda sem stafar af uppkaupum á eyðijörðum, sem hlunnindi fylgja, með þeim hætti að það yrði fest í lög að hlunnindi öll, veiði, varp, reki og námur, féllu til sveitarfélags þar til jörðin byggðist aftur. Við athugun hefur náttúrlega komið í ljós, að með þessum hætti mundum við lenda í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár, og enn fleiri vankantar eru á þeirri leið. Einn er sá, að þar leggjum við allt að jöfnu. Við köllum stundum einu nafni þá menn, sem kaupa upp eyðijarðir vegna hlunnindanna, við köllum þá braskara. Þeir eru þó e. t. v., ef grannt er skoðað, misjafnlega miklir braskarar. Í þessum hópi eru menn sem hafa verið að festa peninga í jörðum til þess að ávaxta þá í von um að selja betur aftur seinna. Þar eru einnig menn sem hafa keypt eyðibýli efalítið með fullri umhugsun um sinn eigin fjárhag, en hafa lagt þar út í framkvæmdir, jarðabætur, bætur á veiðiám og fiskklak og hefur sumum hverjum tekist allvel að bæta þessar eignir og gera þær verðmætari, vitaskuld fyrir sjálfa sig, en þá einnig í sömu andránni fyrir fólkið sem býr í landinu. Óhugsandi er að við tökum arðinn af starfi þeirra. Í sumum tilfellum hefur þetta ekki eingöngu verið af fé, sem þeir hafa lagt í þetta, heldur einnig af eigin vinnu, ef við tökum arðinn af þessu starfi þeirra bótalaust. Og enn fleiri vandkvæði eru á því, því miður vil ég segja, því að þessi lausn hefði e. t. v. verið nokkuð góð og nokkuð snjöll. En því miður eru enn fleiri vandkvæði á því að við förum þessa leið sem e. t. v. hefði ella talist sæmileg.

Hitt er aftur á móti ljóst, að við gætum á tiltölulega einfaldan hátt, ef fyrir því fengist vilji hér á Alþ., eflt Jarðakaupasjóð svo að hann gerði sveitarfélögunum kleift að neyta forgangsréttar sins þegar þau vilja, þegar eftir slíku er að slægjast.

Ég hygg að sá tími sé e. t. v. ekki mjög langt undan, að við neyðumst til þess, að við verðum til þess knúðir að taka þetta mál, eignarráðin yfir landinu með gögnum þess og gæðum, til mjög ítarlegrar athugunar, og er alveg viss um að fyrst og fremst verða það hagsmunir bændanna sjálfra, hagsmunir landbúnaðarins, sem munu knýja okkur til þess að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar. Ég er ekki alveg eins viss um það og ýmsir, sem hér hafa talað, að það sé augljós vilji mikils meiri hluta bænda, eftir að þessi mál hafa verið rædd ítarlega, að halda einkaeignarréttinum á bújörðum fremur en að fá rétt sinn til þeirra tryggðan með járnbentum erfðafestum, vegna þess að vandamál, sem eru nú að rísa vegna þess að hlunnindajarðir fara úr ábúð og farið er að nytja þær til annarra hluta heldur en þeirra sem að búskap lúta, og vandamál, sem stafa af skiptingu jarða til útarfa, og önnur slík vandamál eru farin að kreppa að bændum, farin að kreppa að landbúnaðinum. Og svo er loks þetta, að það kynni að koma í ljós þegar gildandi löggjöf er skoðuð ofan í kjölinn, að einkaeignarrétturinn á landi væri nú þegar lögum samkvæmt háður það mörgum skilyrðum, ef framfylgt væri, að eftir stæði kannske aðeins óskertur rétturinn til að selja landið, til að selja jarðirnar. Og einkaréttur bóndans til þess að selja landið sitt er ekki ákaflega mikils virði að minni hyggju fyrir gengi landbúnaðarins í heild.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil nú fara nokkrum orðum um þetta mál aftur, þó að hv. síðasti ræðumaður gerði því raunverulega ágæt skil og svaraði gagnrýni hér í d. af hógværð raunverulega fyrir mig, og hefur honum farið mikið fram frá því málið var fyrst flutt, en þá sagði hann að málið væri harla gott, en hann gæti þó ekki fylgt því. Að vísu hafði hann fyrirvara á málinu nú, en fór þó um það mildum höndum og er það vel, því að bæði honum og fleirum hefur skilist að þetta mál er þannig vaxið, að það verður að taka á því fyrr eða síðar, við komumst ekki hjá því. Það mun svo sannast í framtíðinni, að meginhugsun þessa máls verður viðurkennd. En þetta frv. er auðvitað eins og hvert annað frv., það sætir breytingum í meðferð nefnda og umr. á Alþ. Öll frv., sem lögð eru fram, sæta þeim örlögum að breytast ef meiri hl. alþm. vill það, og það er alveg eins með þetta frv.

Svo að ég haldi mér við orð síðasta ræðumanns, þá drap hann á margt sem er mjög mikilvægt í þessu frv. og mikilvægt til lausnar. Hann undirstrikar það sem við segjum í 3. gr., að það er val bændanna, það er val jarðeigandans hvort hann vill áfram um mörg ár hafa óbreyttan hátt á eða ekki.

Ég veit ekki hvað margir hlustuðu á þátt um atvinnumál í útvarpinu, í fyrrakvöld held ég að það hafi verið, en þá sagði blaðafulltrúi bænda að stefnan í landbúnaðinum á Íslandi væri sú besta í heiminum, hvorki meira né minna. Það er hraustlega mælt í áheyrn allrar þjóðarinnar. Ég hef ekki þá þekkingu að ég geti dæmt um það. Hitt veit ég, að margir ungir menn, sem vilja hefja búskap, eru í vandræðum að geta hafið búskap, og mig langar að fá að vita með hvaða hætti menn hafa betri lausn fyrir ungan mann, t. d. úr þéttbýli, að hefja búskap en frv. gerir ráð fyrir, ef hann á kost á að leigja jörð er ríkið á. Ef hann verður að sæta kaupum á jörð og kaupum á öllum bústofni eða a. m. k. jörðinni og húsnæði, þá er það svo dýrt að ég fæ ekki skilið, með því ástandi sem ríkir í lánamálum landbúnaðarins, að maðurinn geti hafið búskapinn. Það eru svo ágætir fulltrúar bænda hér í d., að þeir geta sagt okkur frá, hvernig þetta mál er í dag. Jafnvel þótt jarðalögin, sem við afgreiddum hér í fyrra og gekk ekki hljóðalaust að fá í gegn, en ég studdi eindregið sem áfanga og skynsamlega löggjöf í þessu efni, — þrátt fyrir þá löggjöf mun mörgum reynast erfitt að eignast jörð í dag og hefja búskap ef hann þarf að kaupa jörð og húsnæði á marga tugi millj., ég tala nú ekki um ef jörðinni tilheyra einhver hlunnindi, svo sem veiðihlunnindi, þá tel ég það næstum ókleift nema maðurinn hafi því meira fjármagn á bak við sig. Væri nú svo, eins og frv. gerir ráð fyrir, að ríkið ætti þessa jörð, þá ætti ungur maður, sem væri kominn úr búnaðarskóla og alls ekki fjáður, en hefði áhuga og menntun til að hefja störf í landbúnaði og vildi það og hans fjölskylda öll, — þá ætti hann kost á því. Hann væri ekki þvingaður

í aðra starfsemi eða í aðra vinnu, ef frv. nær fram að ganga eða sá andi sem við boðum í frv.

Ef Jarðakaupasjóður eflist svo sem ég vona, þá er það eitt af mikilvægum málum í landbúnaðinum og hlýtur að vera hagsmunamál bænda, ég tala nú ekki um gamalla manna sem hafa misst börn sín á mölina, að geta selt jörð sína. Getur þetta verið andúð til bænda? Ég skil ekki slíkan áróður á móti því sem við viljum. Hann er ekki sagður af heilum hug. Hann er sagður af einhverjum öðrum hvötum.

Auðvitað þarf mikið fjármagn úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar til þess að efla Jarðakaupasjóð. En höfum við efni á því með núverandi fyrirkomulagi? Svo ég nefni aðeins eitt dæmi, annað mál, en ég vil nefna það dæmi, höfum við efni á því að borga með kjöti því, er flutt er til Norðmanna um 1.5 milljarða, til einnar ríkustu þjóðar í heiminum sem gefur hundruð millj., ef ekki milljarða til annarra þjóða? Þetta tel ég ofrausn. Ég vil miklu heldur að þetta fjármagn renni í Jarðakaupasjóð og hjálpi íslenskum bændum til að halda uppi eðlilegum búrekstri í landinu. Menn kunna að deila um þetta, en þetta er mín skoðun. Við verðum að sæta kaupum frá Norðmönnum á fullu verði á öllum þeirra vörum. Þeir gefa okkur ekki neitt, nema síður sé, og eru einhverjir hörðustu og erfiðustu keppinautar okkar á öllum sviðum sem um er að ræða. Og þó frændur séu taldir, þá hef ég enga samúð með þeim í þessu tilfelli og hef sagt það áður hér á hv. Alþ. Ég vildi miklu fremur sjá þessar krónur komnar í Jarðakaupasjóð eða með öðrum hætti til eflingar íslenskum landbúnaði heldur en til niðurgreiðslna á kindakjöti handa Norðmönnum. Auðvitað er mönnum frjálst að hafa sína skoðun á þessu fyrirkomulagi.

Vandamál um veiðiréttinn, menn hafa rætt um það. Það er auðvitað viðkvæmt mál, en er ekkert nýtt, mjög viðkvæmt mál. Það kom fram núna í fréttum af landsfundi stangveiðimanna, að þeir sögðu að um 800 útlendingar hefðu komið hingað til veiða á s. l. ári. Auðvitað er gott að fá þá að vissu marki og tekjur frá þeim hingað. En hitt er alvarlegra mál, að taka aðeins ungann úr tímanum hér, velja bestu árnar og borga fyrir það slíkt stórfé að enginn maður íslenskur getur keppt við þá. Það tel ég alvarlegt mál, þó ekki sé óbolandi ástand, eins og síðasti ræðumaður orðaði það, en það er a. m. k. alvarlegt mál og alvarleg þróun. Hvort breytt form í þessu efni, eins og við leggjum til í frv., gæti betur stjórnað þessum málum, skal ég ósagt láta á þessu stigi. Ég er því ekki nógu kunnugur hvernig þessi framkvæmd á sér stað, en ég tel að þetta sé mjög stórt mál, og ég veit að það yrði mikið mál í Bandaríkjunum ef um 800 þús. útlendingar kæmu þangað í veiðivötn, en það er hliðstætt tala.

Eignarréttarformið er viðkvæmt, og það er alltaf talað um að það sé helgasti réttur okkar. En hvað á verkamaðurinn? Hvað á launþeginn? Hann á sitt sparifé. Hann leggur það inn í ríkisstofnun eða einkastofnun og það á að liggja þar á vöxtum, en verðbólgan er slík að hún rýrir það um nærri þriðjung á hverju einasta ári, og það er auðvitað eignaupptaka með svívirðilegum hætti. Við leggjum þó ekki til hér að það sé neitt offors haft í frammi við þá er vilja eiga jarðir sínar. Þeir velja aðeins á milli. En við viljum einnig tryggja þeim, er selja vilja, að þeir eigi möguleika á því að breyta eign sinni, jafnvel í sparifé þó við erfiðar aðstæður sé miðað við líðandi stund. Það eru því miður allt of mörg dæmi þess, að bóndi getur ekki losnað við jörð sína af því að ekki finnst kaupandi að jörðinni og ungur maður, sem gjarnan vildi búa, hefur hvorki lánsmöguleika né fé til að kaupa jörðina. Ég var ánægður með að heyra það hjá síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefáni Jónssyni, að hann vildi mjög taka á við að efla Jarðakaupasjóð, og ég trúi ekki öðru en að fleiri talsmenn bænda hér séu á sama máli og við um að það þyrfti að gera sérstakt átak í því efni.

Fiskræktarmálin og veiðiræktarmálin hafa oft verið rædd hér á hv. Alþ. Á sínum tíma flutti ég hér þrívegis fyrir mörgum árum till. um 10. millj. kr. framlag þá, sem var allmikið fé, í fiskræktarsjóð til eflingar fiskrækt í landinu. Það var svo undarlegt að það var alltaf drepið, fyrst og fremst af forsvarsmönnum bænda, af hvaða hvötum ætla ég ekki að giska á, en framsýnin var ekki meiri en þetta. Ef menn efast um það sem ég er að segja hér, þá er ekkert hægara en að fletta upp í þingskjölum og umr. um málið. Ég er nefnilega bjartsýnn á að fiskræktin hér í landinu geti orðið stór búgrein og það væri bæði mér og öðrum til sóma að koma því á að hér gætu risið eins og þrjú eða fjögur fiskræktarbú, sitt í hverjum landsfjórðungi, og ákveðin tilraunastarfsemi í þessu efni gæti hafist sem allra fyrst. Það er búið að setja tugi millj., jafnvel hundruð millj., ef við reiknum á verði í dag, í Kollafjarðarstöðina, og ég tel að það sé tími til kominn að við reynum praktíska búskap, raunhæfan búskap í fiskræktarefnum eða uppeldisefnum á laxfiski eða öðrum ferskvatnsfiski.

Ég ætla ekki að fara að ræða um hinn upplýsta sjálfseignarbónda. Það var alveg rétt á sínum tíma. Það var markmið margra manna að gerast sjálfseignarbændur og þeim sé vel, og það var kappsmál margra ungra manna að eignast jörð og búa einn að sínu og vera bjargálna. Þeir sóttu þá lítið í landssjóð okkar nema lán til að byrja með, voru harðduglegir menn og björguðu sér. Margir höfðu vinnuhjú, og gömul venja var það á Íslandi að vinnuhjú hafði aðeins í sig og á. Þetta eru liðnir tímar og munu fáir óska að þeir komi aftur á Íslandi, svo ég held við ættum ekki að vera að rifja upp þennan þátt í íslenskum landbúnaði. Ég held að fólkið á mölinni geti þá sagt: Búi þá hver að sínu og haldi þá hver á sínu á móti. — Og þá mundi margt breytast einnig. Ég held það sé best að fólkið í þéttbýlinu styðji einnig fólkið í dreifbýlinu og fólkið í dreifbýlinu styðji einnig möguleika á því að fólkið í þéttbýlinu geti notið landsins. Ég lofa hv. 6. þm. Suðurl. fyrir þá framsýni, sem ég held ég fari rétt með, að beita sér fyrir því, að í hans hreppi væri tekið til stórt landssvæði er gæfi mönnum kost á því að eiga þar sumarbústað. Þetta tel ég til slíkrar fyrirmyndar að vel má greina frá. Og það er einmitt einn þáttur í frv. sem gerir ráð fyrir að þetta sé gert. Auðvitað væri skemmtilegt ef

fleiri menn í landinu hefðu slíka framsýni, en raunin sýnir að hún er yfirleitt ekki fyrir hendi. Það eru sárafáir sem bera gæfu til að taka slíkt skref. Kannske er ekki sagt frá þessu máli nægilega mikið. En hér er bæði verulega gott fordæmi og góð lausn á ferðinni. Ef almennt væri í hreppum landsins eða sýslum tekið á þessu máli eins og frv. gerir ráð fyrir og einnig er gert í umsjá þessa hv. þm., 6. þm. Suðurl., Steinþórs Gestssonar, væri þessi grein frv. raunverulega óþörf. En meðan ekki er tekið á þessu sem heild tel ég eðlilegt að löggjöf sé sett um málið. Kannske með því að hreyfa þessu hér á Alþ. og kannske með fordæmi höfum við báðir komið til móts við þarfir fólksins í þéttbýlinu að eiga kost á hentugum sumarbústöðum, og þá er stórmerkum áfanga náð. Sjálfsagt verðum við aldrei sammála um veiðiréttinn, því eins og einn forsvarsmaður landbúnaðar hefur sagt væru veiðimálin á Íslandi í góðri lausn ef Árnessýsla yrði undanskilin, svo hart hefur verið deilt á því svæði um veiðimálin og veiðiréttarmálin. En ég vona að það heyri hinum liðna tíma til og menn bæði þar og annars staðar sjái hvað er heppilegast í framtíðinni til þess að tryggja sem mesta og besta veiði hér á landi, bæði fyrir veiðiréttareigendur og þá er veiðileyfin kaupa.

Hv. 2. þm. Reykn., Oddur Ólafsson, kom aðeins inn á það, að ríkið ætti 900 jarðir, og taldi nóg að gert í því efni. Það kann vel að vera að það sé nægilegt. En frv. gefur mönnum val á því að eiga jörð áfram eða að Jarðakaupasjóður sé svo sterkur að hann hafi möguleika á því að kaupa jörð, ef menn óska eftir því.

Annað atriði, sem hann kom inn á, voru hitavatnsréttindin. Ég tel að það sé ekki hægt að komast hjá því að setja löggjöf um þetta mjög mikilvæga mál, og ég nefni eitt dæmi. Segjum svo að t. d. verði borað á ákveðnum stað þar sem ríkið á land og vatnið þverri í nálægð, á bújörð eða annars staðar. Á þá bóndinn, sem telur sig eiga vatnsréttinn á þessari jörð, að fá bætur eða ekki? Ef allir skulu halda sínu, þá vil ég segja að hann á ekki möguleika á nokkrum sköpuðum hlut. Ef hins vegar verður farið að anda þess frv. sem við erum hér að tala fyrir, þá tel ég að ríkisvaldið eigi að bæta manninum tjón sem hann kann að sýna fram á vegna þess að opinberir aðilar boruðu — segjum í 500 m fjarlægð eða 1 km fjarlægð — og vegna áhrifa frá þeirri borun þvarr vatn á hans landareign eða í húsum hans. Þetta dæmi kann að koma upp og hefur komið upp og verður að finna lausn á. Það fer ekki saman að menn heimti allt annars vegar og ef eitthvað fari úrskeiðis hjá þeim sjálfum, þá skuli tjónið bætt af hálfu ríkisins, en annars ágóði falla til þeirra einhliða ef allt tekst með ágætum á einkajörð. Meðan ríkisvaldið verður að skila óhemjufjármagni til baka í landbúnaðinn, sem ég er út af fyrir sig ekkert að sjá eftir, þá verðum við að reyna að finna lausn á þeim vanda sem fram undan er. Ég tek það fram, að sjálfsagt má orða sumt í þessu frv. betur en við gerum. En ég held það hljóti að skiljast, það sem við erum að mælast til að verði sett í lög, og það sé ekki gild mótbára að ekki sé hægt að samþ. frv. af því að það sé ekki nægilega skýrt orðað. Þá koma menn aðeins með betra orðalag eða betri lausn á málinu.

Ég nefndi sem dæmi í minni framsögu að 11 jarðir væru nú til sölu í blómlegum dal hér, í blómlegri byggð, og ég tel mjög alvarlegt mál ef enginn ábúandi hefur nokkurn minnsta möguleika til að kaupa neina af þessum jörðum. Ef svo fer fram sem ég hef fregnir af, hvort sem þær eru réttar eða ekki, þá er málið mjög vaxandi og alvarlegt. Ég tel því eitt af brýnustu verkefnum hér á Alþ. að tryggja Jarðakaupasjóði aukið fjármagn svo að heilar sveitir leggist ekki í auðn út af því að mönnum sé ekki vært að búa á jörðunum vegna verðhækkunar frá utanaðkomandi hlunnindum, hlunnindin verði metin svo hátt að það geti enginn nýtt jarðirnar nema þann þátt sem tilheyrir veiðiskap og þá fyrst og fremst laxveiði. Þetta er mjög alvarlegt mál og stefnir í óefni, eins og hv. þm. Stefán Jónsson drap mjög réttilega á og þekkir miklu betur en ég.

Ég læt mér svo í léttu rúmi liggja hvað félagi minn og góður samstarfsmaður í bæjarfélagi segir um að hér sé draugagangur á ferðinni. Það er alveg ástæðulaust að óttast það, að hér sé um alvarlegan draugagang að ræða. Hins vegar er oft nauðsynlegt að hafa uppi nokkurn hávaða til að vekja athygli á málum og þá oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, því jafnvel hinir ágætustu menn, eins og hv. 10. landsk., verða að gera sér grein fyrir því, að þó að margt hafi farið vel í landbúnaði hér undanfarið, þá eru svo breyttir þjóðarhagir nú og fram undan einnig svo mikil breyting hjá okkur Íslendingum, að við komumst ekki hjá því að fjalla um þessi mál í náinni framtíð. Það hafa verið lagðar fram miklar skýrslur sem ýmsir vísindamenn í landbúnaðinum hafa unnið að, og þeir segja blákalt að búum muni fækka hér á Íslandi. Ég vil ekki fortakslaust taka undir þá skoðun. Ég tel að við getum haldið við núverandi byggð með því að taka á þessu vandamáli með raunsæi og við þurfum ekki að óttast að 10—20 jarðir, að 50 jarðir fari í eyði árlega og margar hverjar seljist ekki og þeir, sem hafa nýtt þetta land, bókstaflega geti ekkert gert og eigi ekki einu sinni fyrir lélegri og litilli íbúð hér á þéttbýlissvæðinu.

Ég tel þetta alvarlegt mál, ég get ekki að því gert, og við flm. Ég hef ekki heyrt þær mótbárur gegn þessu frv. að önnur lausn sé betri en frv. gerir ráð fyrir. Og ég vil, ef menn halda áfram umr. um þetta mál nú, að þeir bendi þá á aðra lausn, því haldi það áfram, sem verið hefur undanfarin ár, að jarðir leggist í eyði jafnt og þétt á hverju einasta ári, og ef að líkum lætur, eins og þeir segja í landbúnaðarskýrslunni, þessir spöku vísindamenn, að býlum muni fækka mikið á annað þúsund á næstu árum, þá er málið orðið miklu alvarlegra en ég geri ráð fyrir og miklu brýnni nauðsyn að tryggja Jarðakaupasjóði öruggt fjármagn eða notkun á þessu landi, — miklu meira stórmál en ég hafði gert mér grein fyrir. Þá á frv. sannarlega miklu meira erindi hér og ekkert í líkingu við neinn draugagang, heldur eitt af mikilvægustu málum sem við fjöllum um hér á hv. Alþingi.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði í raun og veru ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr., og er það fyrst og fremst vegna þess að ég hef lagt drög fyrir upplýsingar sem ég taldi mig þurfa að hafa í höndunum til þess að ræða málið fyrst og fremst eða m. a. frá þeim sjónarhóli sem ég vildi fjalla um, en það eru eignarráð á afréttum. Ég gerði það lítils háttar að umræðuefni fyrir nokkru í þessari hv. d. vegna hliðstæðs máls eða till. sem flutt var af þm. Alþb. En það verður að bíða, því það hefur vafist meira fyrir mér en ég ætlaði að ná þeim upplýsingum sem ég átti von á og á von á að fá. En umr., sem orðið hafa um þetta mál hér, leiða til þess, að ég tel rétt að koma fram með fáeinar ábendingar.

Ég vil þá í fyrsta lagi minnast á það ákvæði 4. gr. frv., að ríkinu skuli vera skylt að kaupa bújarðir af bændum ef þeir óska, en ég sé ekki í frv. að ríkið sé skyldugt að kaupa af öðrum en bændum. Það er að vísu sagt að landið skuli vera eign ríkisins, en ég sé ekki að það sé hugleitt að það eru fleiri landeigendur í landinu en bændur, og ég er ekki í vafa um að ef menn óttast að eigendur jarðanna torveldi almenn not af landinu, þá eru það fyrst og fremst þeir, sem búa ekki á jörðunum, sem torvelda afnot annarra af landinu, og þess vegna væri það vissulega meira til þess að þjóna þeirri hugmynd, sem að baki þessa frv. liggur, að gera það fyrst og fremst að skyldu að kaupa þær bújarðir sem eru ekki í sjálfsábúð. Þetta er mín meining, og þetta vildi ég láta koma fram við þessa umr.

Ég held að það verði ekki heldur hægt að ganga fram hjá því, að þær kvaðir, sem með þessu frv. eru lagðar á ríkið, eru það miklar, að ég hygg að það verði torvelt að sinna þeim miðað við getu ríkisins til þess að sinna því sem um er beðið.

Það er að vísu eitt allgott ráð sem bent er á í 5. gr., og það er að það megi láta það vera t. d. að kaupa upp veiðiréttinn með því að lofa manni að nota hann í 20 ár og éta hann út, þá kosti það ekkert fyrir ríkið á eftir því að verðmætið minnki um 1/20 á ári. Hvernig fer maður með þessi réttindi, ef hann má nota þau í 20 ár og fær svo ekkert fyrir þau þegar hann stendur upp? Hafa flm. hugleitt það, ef ríkið er skyldugt til að kaupa þennan rétt, hvað það muni kosta og hvernig muni ganga að afla þess fjármagns sem til þess þarf? Ég efast um að það hafi verið hugsað til enda.

Ég gat um það áðan að mig vantaði enn þau gögn sem ég ætlaði mér að hafa í höndunum þegar ég ræddi um ákvæði 7. gr. þessa frv. Ég ætla því að sleppa því að koma að því núna. E. t. v. gefst tækifæri til þess síðar.

Þá vil ég aðeins víkja að þeim ákvæðum, sem eru í 8. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að ríkið sé skyldað til að anna eftirspurn þéttbýlisbúa eftir leigulóðum undir sumarbústaði og láta skipuleggja slík bústaðahverfi. Ég er að sjálfsögðu þakklátur fyrir viðurkenningu og hrósyrði sem ég fæ hér, aumur maður, fyrir það sem ég hef gert í þessum málum. En vegna þess að ég hef haft afskipti af þessu, þá er mér ljóst að það að gefa kost á slíku kostar peninga. Þetta, sem við höfum staðið að í Gnúpverjahreppi, að skipuleggja sumarbústaðalönd, er ekki stórt mál. Það hverfi mundi spanna yfir, ef ég man rétt, 24 sumarbústaði. En það kostar allmikið að girða land af í einu lagi, leggja um það vegi til þess að það geti verið nothæft fyrir þá sem ætla að njóta þess, og ég tel að ef slíkir staðir eru á annað borð skipulagðir þurfi að ganga frá vissum þáttum félagslega eða sameiginlega fyrir þá sem eiga að njóta þeirra. En þetta kostar allmikið fé, og ég held að það verði ekki hægt að fjármagna allt það, sem gera á í þessu efni, með því að fella niður útflutningsbætur og nota þær til Jarðakaupasjóðs og annarra hluta. Ég vil einnig benda á það, vegna þess að 1. flm. frv. kom inn á það áðan að það væri hollara að greiða fjármuni í Jarðakaupasjóð heldur en að greiða Norðmönnum fyrir að borða okkar kjöt, að það er ekki það sem við erum að gera. Með útflutningsbótunum er ekki verið að gera neitt annað en að gera tilraun til þess að tryggja bændum að þeir fái laun fyrir sína vinnu. Við getum deilt um það, hvort sú aðferð sé rétt eða röng, en þeir fjármunir, sem til þess þarf, verða ekki notaðir til annars. Ég á ekki von á því, að með því einu að kaupa eignir af bændum, sem fyrir einhverra hluta sakir vilja losna við eign sína, annaðhvort vegna þess að þeir hafa komist illa af eða þeir eru orðnir fullorðnir menn og þurfa, að hætta búskap, — ég á ekki von á því, að það verði launatrygging til þeirra þó að það sé hægt að kaupa af þeim jarðirnar, og þess vegna ekki réttlætanlegt að tala um það í sömu andránni að fella niður útflutningsbæturnar og nota þær í þessu efni.

Það var um það fjallað hér áðan eða kom fram í ræðu síðasta hv. ræðumanns, 1. landsk. þm., að veiðimálin væru erfið viðfangs og mundu sjálfsagt verða auðveldari í höndum ríkisins en í höndum margra veiðiréttareigenda, og á það bent í sömu andrá að fyrst og fremst stæði hér á Árnessýslu, sumir hefðu sagt, að ef ekki væri um veiðiréttareigendur að ræða í Árnessýslu, þá mundi þetta vera í himnalagi yfir allt landið. Það má vel vera að svo sé. En Árnessýslu verður ekki kúplað út úr þessum málum. Það eru mikil veiðihlunnindi, en þau eru sérstæð og það þarf vissulega bæði samkomulagsvilja og skipulag til þess að þau geti verið í lagi. Það hefur verið torvelt að koma því á. En þó svo að ríkið ætti þennan veiðirétt, þá mundi trúlega ekki verða þess fyrsta verk að fleygja burt öllu fólki af árbökkunum. Ég er alveg viss um það, að á meðan menn búa meðfram ánum, þá verður alveg jafnvandasamt að fást við það að sameina menn um viss átök í veiðiréttar- og fiskræktarmálum þó að veiðieigandinn sé einn, því það er nú einhvern veginn þannig, að mannvistin sjálf veldur oft mestu og torleystustu verkefnunum þegar skipuleggja á hlutina.

Ég hef lítið undirbúið þetta mál mitt af þeim sökum sem ég greindi frá áðan. En ég er búinn að lesa þetta frv. nægilega vel til þess að ég get ekki fallist á efni þess eða stutt það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum, frv. (þskj. 98). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977 er flutt til staðfestingar á brbl. um sama efni sem út voru gefin 15. júlí á s. l. sumri. Þetta var einn þáttur í því að draga verulega úr veiðum á þeim fisktegundum, sem eru ofveiddar um þessar mundir, og leggja þess í stað kapp á að auka veiðar á öðrum tegundum og þá sérstaklega á kolmunna og spærlingi. En til þess að greiða fyrir og auka áhuga manna á þessum veiðum var talið nauðsynlegt að leggja til að útflutningsgjald af þessum afurðum yrði fellt niður á þessu ári. Þrátt fyrir það að þetta útflutningsgjald var fellt niður, sem gerði það að verkum að þessar afurðir til útgerðar og sjómanna hækkuðu um nálega 1.10 kr. hvert kg, var árangurinn ekki að sama skapi, því kolmunnaveiði var mun minni en ráð var fyrir gert. Þessar veiðar byrjuðu við Færeyjar skv. samningi milli Færeyinga og Íslendinga og þar veiddust tæpar 5200 lestir af kolmunna, en við Austurland veiddust um 3150 lestir, sem eitt einasta skip, Börkur frá Neskaupstað, veiddi. Hann hélt því miður ekki áfram þessum veiðum, en hann var einn af þátttakendunum í veiðunum við Færeyjar. Önnur veiði á kolmunna hefur verið fram til þessa um 725 tonn. Samtals nam kolmunnaveiðin 950 tonnum.

Á vegum sjútvrn. og í nánu samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunina var tekinn á leigu togarinn Runólfur frá Grundarfirði og aflaði hann um 125 lestir. Þar af voru heilfrystar hjá ýmsum frystihúsum um 50 lestir. Sömuleiðis voru unnar í marning í frystihúsi í Sandgerði og heilfrystar, slægðar og hausaðar af Fiskvinnsluskólanum í Hafnarfirði liðlega 20 lestir á hvorum stað, en Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur unnið úr afla Runólfs í Gerðum u. þ. b. 150 lestir í skreið eða til þurrkunar, og er það stærsta tilraun sem hefur verið gerð á þessu sviði á þessu ári. Þessar tilraunir héldu áfram og var tekinn á leigu annar togari þegar Runólfur hætti, togarinn Guðmundur Jónsson frá Sandgerði, sem leigður var um mánaðartíma til þessara veiða og þá sérstaklega á Dohrnbanka, og átti hann bæði að leggja upp kolmunna til vinnslu í verksmiðjum og eins halda þessum þurrkunartilraunum áfram á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Þessar veiðar gengu mjög illa og leigutíma er lokið fyrir nokkrum dögum. Þar var sérstaklega um að kenna mjög slæmu tíðarfari sem varð þess valdandi að það voru tiltölulega mjög fáir dagar sem þetta skip gat verið við veiðar á þessum slóðum.

Spærlingsveiðarnar hafa einnig verið mun minni en menn gerðu sér vonir um á s. l. vori. Það hefur verið landað mest í Vestmannaeyjum, um 11200 tonnum, í Þorlákshöfn rúmlega 640 tonnum og í Grindavík og víðar um 12 þús. tonnum, eða samtals eitthvað um 18 800 tonnum. En þrátt fyrir það að almennur áhugi er ekki hjá útgerðarmönnum á kolmunnaveiðum og kolmunnavinnslu, þá tel ég að hafi verið nauðsynlegt að gefa út þessi brbl. og nauðsynlegt að staðfesta þau á hv. Alþingi.

Ég vil lýsa því hér yfir, að þó að þessi lög séu aðeins um niðurfellingu útflutningsgjalda á þessu ári, þá sagði ég, þegar ég fylgdi þessu frv. úr hlaði í Nd., að ég teldi að það kæmi mjög til greina að framlengja þessi ákvæði, og við afgreiðslu málsins í Nd. var gerð sú breyting að minni tillögu, að sjútvrh. er heimilt að fella sömu útflutningsgjöld niður á árinu 1978. Var sú till. og þetta frv. samþ. þar samhljóða.

Ég tel ekki ástæðu til á þessu stigi að lengja frekar umr. um þetta, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 93). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds að endurflytja frv. sem við fluttum í lok síðasta þings um breyt. á l. nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, en 1. gr. frv. er þannig að 1. tölul. 7. gr. laganna orðist svo:

„Vinna við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð, sem unnin er á byggingarstað svo og í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð. Sama gildir um vinnu við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja."

Hér er um það að ræða, að undanþága frá söluskatti er nú miðuð við húsbyggingar og aðra mannvirkjagerð sem unnin er á byggingarstað, en ekki varðandi þá vinnu sem unnin er í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð, eins og segir í lögunum. Söluskattsinnheimtunni er sem sagt þannig háttað, að við hinar svokölluðu einingabyggingar, sem nú færast æ meira í vöxt, er söluskattur innheimtur af nákvæmlega sams konar verkþáttum og um er að ræða á byggingarstað við venjulegar húsbyggingar.

Mig langar til að fara um húsnæðismálin örfáum orðum í tilefni af þessu frv., áður en ég kem að efni þess, en eins og við vitum eru húsnæðismálin einn snarasti þátturinn í okkar félagslegu þjónustu, þ. e. a. s. aðstoð við húsbyggjendur til að koma þaki yfir höfuð sér. Þar er um að ræða aðalhlutverk Húsnæðismálastofnunar ríkisins og þetta hlutverk hefur einnig færst yfir á lífeyrissjóði í landinu. Það er þó staðreynd að þó að margt hafi verið í þessu vel gert, þá er aðstoð okkar við húsbyggjendur hér á landi mun minni en í öðrum löndum í nágrenni okkar. Við erum að vísu með nokkra flokka íbúða þar sem um verulega lánsupphæð er að ræða eða verulega lánsprósentu, þar sem

eru verkamannabústaðirnir, leigu- eða söluíbúðir, útrýming heilsuspillandi húsnæðis, þar sem um er að ræða allt að 80% lána, en þá eru vaxtakjörin slík í okkar verðbólgu, með þeirri verðtryggingu sem er á þessum lánum, að það reynist illkleift fyrir venjulegt fólk að standa undir afborgunum og vöxtum af þessum lánum. Mér er t. d. sagt í sambandi við þessar söluíbúðir á vegum sveitarfélaganna, að þar sé upphæðin í vöxtunum og verðtryggingunni milli 800 og 900 þús. kr. á ári og sjá menn þá sína sæng upp reidda varðandi það að hinn venjulegi maður geti við það ráðið.

Viðbótarverkefni eru auðvitað ýmis, en sannleikurinn er sá, að að þeim hefur verið enn verr staðið. Þar á ég við lán til kaupa á eldri íbúðum. Til þeirra eru mjög lág lán, og það veldur því aftur að margar þokkalegar íbúðir eru ekki seldar. Þær grotna niður. Hér á það einnig við að endurbóta- og viðgerðalán þau, sem áður voru nokkur um tíma, hafa nú verið felld niður og ekkert komið í þeirra stað. Þessi nauðsyn varðandi eldri íbúðirnar og endurbyggingu og viðgerðir á þeim, þessi þáttur hefur sem sagt verið sorglega vanræktur af þeim ástæðum að þarna hefur verið um mjög lágar upphæðir að ræða og endurbyggingar- eða viðgerðalán hafa aðeins verið til öryrkja þó að það hljóti auðvitað að teljast mikil bót — aldraðra og öryrkja.

Ég var hér einu sinni á þingi með till. um að a. m. k. 10% af ráðstöfunarfé Húsnæðismálastofnunarinnar rynnu til þess að lána til kaupa á eldri íbúðum, og einnig var ég með vissa tillögu hvað snertir viðgerðir og endurbætur á húsum. Þetta náði þá ekki fram að ganga. En því var þá lýst yfir jafnframt, að við endurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni í heild mundu þessi atriði bæði verða tekin inn. Og ég man eftir því, að í fyrra var flutt í Nd., að mig minnir, frv. af framsóknarmönnum þar um ákveðin endurbóta- og viðgerðalán.

En þegar svona er staðið að þessum þáttum hlýtur að skipta máli að leggja höfuðáherslu á það við byggingarnar að þær séu sem ódýrastar. Ég veit vel um erfiðleikana af því að við gerum miklar kröfur, of miklar kröfur að mínu mati, til húsnæðis, bæði hvað stærð og íburð snertir, og virðast fæstir kunna sér þar hóf þótt margra ára skuldabaggi sé á bak bundinn með því ráðslagi. Annað er það svo, að hér á landi þarf af ýmsum orsökum að gera meiri kröfur til vandaðra og sterkra bygginga og alls ytri búnaðar húsa en víða þarf að gera.

Í 3. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins eru stofnuninni lagðar vissar skyldur á herðar, og ein af þeim, sem fyrst er upp talin, er einmitt að vinna að umbótum á byggingaraðferðum og vinna að lækkun byggingarkostnaðar. Síðan kemur löng upptalning á hinum ýmsu þáttum sem inn þar koma til greina. Ég efa ekki að eitthvað hefur verið gert, en þó áreiðanlega minna en skyldi. Ég lít sem sagt á það sem höfuðhlutverk þessarar stofnunar að skipuleggja sem best byggingar í landinu, með langtímaáætlunum að svo miklu leyti sem unnt er og með góðri yfirsýn og áætlun um það sem viðkemur nánustu verkefnum, með beinum tilraunum í byggingarstarfsemi með hagkvæmni sem aðalmarkmið og með því að beina fjármagni stofnunarinnar til þeirra þátta sem mest þörf er á á hverjum tíma, þ. e. a. s. ekki aðeins að vera sá úthlutunar- og eftirlitsaðili sem stofnunin er í dag að yfirgnæfandi hluta. Að vísu er gott eitt um það að segja svo langt sem það nær, einkum hvað snertir nauðsynlegt aðhald og eftirlit, þannig að innan skynsamlegra marka sé verið og ekki lánað til bygginga sem eru langt umfram alla þörf, svo sem þó eru um ótalin dæmi. En af þessari upptalningu, sem kemur fram í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, er þó þýðingarmest að mínu viti að stuðla að hagkvæmni og sparnaði í húsbyggingum, gera þær eins ódýrar og unnt er án þess í nokkru að skerða nauðsynleg gæði. Þá er ekki síður nauðsyn að stuðla að því að byggingartími verði sem stystur, að sem stystur tími líði frá því að húsbygging er hafin þar til viðkomandi aðili getur flutt inn í nýtt húsnæði fyrir sig og sína. Þó að hvergi skuli vanmetið starf ýmissa aðila, sem hafa að þessu stefnt, einkum byggingarsamvinnufélaga ýmiss konar þar sem alls konar samhjálp og samstarf margra hefur auðveldað verkið og sparað mikla fjármuni, gert þetta mikla átak léttara æðimörgum húsbyggjanda, þá er það skoðun okkar flm., að merkustu tilraunir til hagkvæmni og sparnaðar hafi komið fram í því sem einingarverksmiðjurnar hafa verið að gera að undanförnu hér á landi, þótt langt í frá hafi verið þar nógu vel að staðið, hvorki um uppbyggingu, fjármagn í upphafi né nauðsynlegt rekstrarfé, hvað þá nauðsynleg lágmarksafköst til þess að verulegur sparnaður geti af orðið. Flest hefur verið af vanefnum gert og allt of lítill stuðningur fylgt af hálfu þeirra aðila sem best ættu hér að vinna að, svo sem Húsnæðismálastofnunar og lánsfjáraðila þeirra sem stofnframlögum ráða. Engu að síður er hér um umtalsverðan árangur að ræða, einkum hvað snertir hagkvæmni ýmiss konar og eins varðandi styttingu byggingartíma, og á ég þar sér í lagi við timburhúsin. Væri hér um fullkomnari aðstöðu að ræða, raunverulega húsaverksmiðju með t. d. 100 húsa ársframleiðslu með fullkomnum vélbúnaði, þá er ljóst að um mjög umtalsverðan sparnað yrði að ræða fyrir húsbyggjendur, jafnvel um 10—15% lækkun kostnaðar, miðað við það sem ég hef séð í skýrslum sem ekki hafa verið vefengdar af þeim sem gerst þekkja til í byggingarmálum.

Það er hins vegar leiður kapítuli í öllu því, sem gert hefur verið hingað til í þessum efnum, að vera með verksmiðjubyggð hús í einni eða annarri mynd, að ég tel nokkuð hafa á skort um nauðsynlegt samstarf á milli byggingaraðila og Húsnæðismálastofnunar. Oft hefur myndast þar misskilningur og tortryggni og má eflaust kenna báðum um þar sem þessi hefur orðið raunin. Sums staðar hefur jafnvel verið um hálfgildings kalt stríð að ræða, m. a. um gæðakröfur og lánshæfni. Nýjasta dæmi þessa er þegar Húsnæðismálastofnun ríkisins ákvað, sem ég taldi mikla framför, að greiða ⅔ hluta láns út á íbúðarhús gegn ákveðnum skilyrðum um hve langt þessi einingahús þyrftu að vera á veg komin, þ. e. a. s. greiða ⅔ láns út við fokheldni. Þetta var ótvírætt hagræði fyrir báða aðila, bæði húskaupanda og söluaðila. En þrátt fyrir þessa

ákvörðun og reglugerð þar um hefur þó einhver hnútur myndast þarna, svo að afgreiðsla eftir þessum nýju reglum um ⅔ hluta láns við fokheldni í sambandi við einingahúsin hefur ekki enn farið fram og þarna ganga klögumálin á víxl. Segja þeir, sem eru að selja þessi hús, að um þetta gildi of strangar reglur hjá Húsnæðismálastofnun. Hins vegar segir Húsnæðismálastofnunin að það sé ekki nógu langt gengið eða vel fyrir öllu séð hjá þessum aðilum. Um þetta vil ég ekki neitt dæma, en það er ljóst að þetta mikilvæga atriði næst ekki fram meðan ekki ríkir betra samstarf og samvinna á milli þessara aðila. Það er þó ljóst, að það er skylda stjórnvalda að ýta hér undir og auðvitað tryggja þá um leið sambærileg gæði þessara húsa, hjálpa til við uppbygginguna og gæta þess alveg sérstaklega að íþyngja ekki þessu merka framtaki umfram aðrar húsbyggingar.

Þá er komið að aðalefni frv. okkar, sem sé því misrétti sem hér viðgengst og tæpast verður við unað, sem ég vék að áðan, að ekki er innheimtur söluskattur af vinnu við húsbyggingu sé hún framkvæmd á byggingarstað, en hins vegar af sömu vinnu ef hún fer fram í verksmiðju við svokallaðar einingabyggingar. Með síhækkandi söluskatti, sem eflaust sér enn ekki fyrir endann á, er hér um síaukna mismunun að ræða sem hlýtur að vera bæði óeðlileg og ranglát í senn. Hér hlýtur það að eiga að gilda, að hið sama gangi yfir í skattheimtu hvort sem hús eru byggð á byggingarstað eða í verksmiðju.

Ég spurði um þetta mál á Alþ. í fyrravor, hvort líkur væru á breytingu. Margir þeir, sem hér að standa nú eða hyggja á hreyfingu varðandi einingahús og hugðu gott til að þessu yrði aflétt, töldu sig jafnvel hafa um það vilyrði. Því var um þetta spurt. En svar ráðh. var algerlega neikvætt. Hann lýsti réttilega þeim mikla vanda sem hvers kyns undanþágur varðandi söluskattinn sköpuðu, og það er rétt að slíkum undanþágum fylgir ætíð viss misnotkunarhætta. En þó skal það undirstrikað, að ekki er hún meiri á nokkurn hátt hvað þetta snertir en annað, nema síður sé, því að hér er um mjög hreina verkþætti að ræða og algerlega sambærilega þeim sem í dag eru hvort sem er undanþegnir söluskatti. Það má hins vegar vel vera að um þetta þurfi skýrara orðalag en er í frv. okkar, þannig að ekki fari á milli mála að við ætlum hér að taka inn í undanþáguna aðeins fyllilega sambærilega verkþætti og nú eru unnir á byggingarstað, en erum á engan hátt með aðra frekari útfærslu á þessari undanþágu — aðeins það að þessar byggingar njóti fulls jafnréttis við aðrar í landinu.

Nýleg skýrsla Iðnþróunarsjóðs sýnir okkur að hér er um vaxandi starfsemi að ræða. Allmargir aðilar eru þegar í dag við byggingu þessara einingahúsa, ýmist í sambandi við steyptar einingar eða timbureiningar: Húseiningar á Siglufirði, Húsasmiðjan hér í Reykjavík, trésmíðaverkstæði á Selfossi, Trésmiðja Fljótsdalshéraðs á Hlöðum, og eins er um verksmiðju í Kópavogi. Og alls staðar virðist samkv. þessari skýrslu að um verulega aukningu og sums staðar margföldun sé að ræða. Sú er líka raunin, eins og ég kom inn á áðan, að hér þarf að verða um allmikla fjöldaframleiðslu að ræða ef takast á að ná því höfuðmarkmiði að lækka byggingarkostnað verulega, eins og þá ætti að vera unnt.

Á minum heimastað hafa verið uppi hugmyndir í þessa átt, og bendir allt til þess samkv. þeim tölum sem við höfum þar og ekki hafa verið beint vefengdar, að unnt verði að ná byggingarkostnaðinum mjög niður. Ef þær áætlanir standsem þar hafa verið gerðar, og þó að þær stæðust ekki að öllu leyti, þá mundi vera um verulega lækkun á byggingarkostnaði að ræða. Hins vegar hefur þessi hugmynd mætt, vægast sagt, tómlæti og enn er þar allt á huldu um framhald. En af þeim athugunum og áætlunum, sem þar hafa farið fram, og í viðræðum við fjölda aðila um þessi mál hef ég sannfærst æ betur um réttmæti þessa byggingarforms. Raunar ættu allir aðilar að taka fagnandi á þessu máli og styðja hér við, þar sem unnið er að þessu af alvöru, auðvitað með sjálfsagðri gát og gagnrýni, en jákvæðu hugarfari. A það hefur mér of víða þótt skorta. En ríkið sjálft hlýtur þó a. m. k. að standa þannig að, að ekki verði um aukningu á skattheimtu að ræða miðað við aðrar byggingar, ekki beina mismunun á öfugan veg til þess eða þeirra aðila sem eru hér að ryðja brautina. Það segja mér færustu menn í þessum efnum, hvort sem þeir eru jákvæðir gagnvart þessum framkvæmdum beint í dag eða ekki, að í þessu liggi framtíðin varðandi okkar byggingarmál.

Í fyrra var gerð aths., að mínu viti réttilega, ég hygg frá hv. 5. þm. Austurl., að við værum þarna að fara út á nokkuð hálan ís í sambandi við orðalagið „í verksmiðju, á verkstæði eða starfsstöð". Þetta er tekið beint eftir núgildandi orðalagi, þar sem tekið er fram að undanþágan nær ekki til þessarar vinnu: í verksmiðjum, á verkstæðum eða starfsstöð. Ég segi það fyrir mig, að ég hefði gjarnan viljað hafa þetta skýrara og miða við verksmiðjur einar, svo sem er raunar ætlunin. Hins vegar er það nú svo með a. m. k. einn eða tvo, kannske fleiri af þessum einingaframleiðendum, að vægast sagt er hæpið að tala um verksmiðjur. Það á reyndar enn við um þá alla, að það er varla hægt að tala um verksmiðjur, nema þá Húseiningar á Siglufirði, og því er orðalag þetta notað. En vafalaust mætti þarna standa eins í verksmiðju, ef það væri tekið skýrt fram í reglugerð eða grg., sem fylgdi þessu, við hvað þá væri átt og það ætti við einingabyggingarnar yfirleitt.

Þetta vildi ég í lokin taka fram, en aðeins segja það, að byggingarmáti framtíðarinnar verður án efa ekki við eina aðferð miðaður. Þó er ljóst af reynslu nágranna okkar að einingahúsin hljóta að verða mjög verulegur þáttur í húsbyggingum hjá okkur á næstunni, bæði ef framsýni ræður og viðunandi aðstaða verður sköpuð þessum aðilum til handa beinlínis til þess að gera húsin ódýrari og auka hagkvæmni í heild. Að þessu hljóta stjórnvöld að hlynna í stað þess að láta reka á reiðanum og eins og er í þessu tilfelli beinlínis leggja stein í götu með þeirri mismunun sem hér er lagt til að leiðrétt verði.

Af fjölmörgum þáttum til úrbóta, a. m. k. í dag, þykir mér þessi þáttur hvað tilfinnanleg-

astur vegna þess óréttlætis sem mér þykir að hér sé sýnt. Því er lagt til að jafnrétti ríki milli einingahúsa og annarra íbúðarhúsbygginga við söluskattsinnheimtu. Í raun og veru er ekki farið fram á annað varðandi þetta frv.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska þess að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Þingmannanefnd til þess að rannsaka innflutnings- og verðlagsmál, þáltill. (þskj. 94). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárhagslegur stuðningur við fræðslustarfsemi MFA og bréfaskóla, frv. (þskj. 72). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka forseta fyrir þá greiðvikni að leyfa mér að mæla fyrir máli minu í dag vegna þess að ég verð fjarverandi næstu vikur.

Ég hef á þskj. 72 leyft mér að flytja frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við fræðslustarfsemi menningar- og fræðslusambands alþýðu og bréfaskóla. Meðflm. minir eru hv. þm. Benedikt Gröndal og Magnús T. Ólafsson.

Við leggjum til í 1. gr. frv. að fræðsla, sem fram fer á vegum MFA, skuli hljóta ríkisstyrk sem nemi 75% af sannanlegum kostnaði.

Í öðru lagi leggjum við til að sú fullorðinsfræðsla, sem fer fram í formi bréfaskólakennslu, skuli hljóta ríkisstyrk er nemur 75% rekstrarkostnaðar svo og útgáfukostnaðar, enda hafi menntmrn. áður fallist á útgáfu kennsluefnis.

Um önnur atriði, svo sem lágmarksfjölda þátttakenda og kostnaðarviðmiðanir, leggjum við til að sett verði reglugerð og vitanlega þá í samráði við hluaðeigandi aðila.

Það er kunnugt að á vegum MFA fer fram afar víðtæk fullorðinsfræðsla. Ég legg áherslu á að þetta er einn liður í þeirri fullorðinsfræðslu sem við höfum a. m. k. í orði talið að mikilvægt væri að styrkja ef jafnrétti til náms á að vera annað en orðin tóm.

Fræðsla, sem MFA hefur á sínum vegum, nær til allra félaga í verkalýðshreyfingunni. Hún fer fram í formi námskeiða í samvinnu við hin ýmsu félög, hún fer fram í formi námshópa eða fræðsluhópa, og svo er Alþýðusamband Íslands aðili að bréfaskóla ásamt öðrum verkalýðsfélögum og samvinnuhreyfingunni.

Eins og nú er, þá er kostnaði hagað þannig við fræðslu sem MFA rekur, að verkalýðsfélögin borga þátttökugjald fyrir félaga sína, en MFA ber annan kostnað við skólahaldið. Opinber framlög til skólans eru ákaflega smá. Í ár veitti ríkið skólanum 1 millj. kr., og í fjárlagafrv., sem nú hefur verið lagt fram, er lagt til að hann fái 1300 þús. kr. á næsta ári. Þetta telur Alþýðusamband Íslands að sé allt of lágt að óbreyttum lögum. Hitt er annað mál, að Alþýðusamband Íslands batt miklar vonir við að frv. til l. um fullorðinsfræðslu næði fram að ganga, þar sem viðurkenndur yrði réttur þessara aðila til að halda uppi fræðlustarfsemi. Á Norðurlöndunum, nágrannalöndum okkar, nýtur hliðstæð fræðsla víðtæks stuðnings og opinberrar viðurkenningar í formi ríflegra fjárframlaga. Má raunar segja að við séum ákaflega miklir eftirbátar þessara nágrannaþjóða okkar í þessum efnum.

Sú fræðsla, sem MFA veitir, er vitanlega frjáls fræðsla sem engan veginn er hægt að sveigja undir hið opinbera skólakerfi. Hitt er annað mál, og ég vil minna á það hér, að í lögum um skólakerfi, sem samþ. voru hér á hinu háa Alþingi um leið og grunnskólalögin voru samþ., er kveðið svo á að ákveða megi að skóli geti verið styrktur að hálfu eða meira af almannafé án þess þó að hann sé settur undir lagaákvæði um samfellt skólakerfi. Þetta ákvæði var einkum sett með hliðsjón af lýðskólum, námsflokkum og þeirri starfsemi sem ég er hér að ræða um. Segja má að Alþ. hafi þegar sett ein lög í samræmi við þessi ákvæði laga um skólakerfi og það séu lögin um lýðskólann í Skálholti, þar sem ríkið styrkir nú þann skóla með því að greiða 80% af rekstrarkostnaði. Það er því þegar fordæmi fyrir því, að frjáls fræðsla af þessu tagi njóti opinberra fjárframlaga.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér, að þjóðfélaginu ber tvímælalaust skylda til að styrkja þá fræðslustarfsemi sem Alþýðusambandið telur sér skylt og nauðsyn að veita félögum sínum. Ég þarf ekki heldur að fara mörgum orðum um það eða færa að því mörg rök, að fólk, sem er úti í atvinnulífinu, ber þungann af kostnaðinum við hið opinbera skólahald. Skýtur því nokkuð skökku við ef það á ekki að njóta góðs af neinu því sem þar er lagt til.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og menntmn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 28). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég hef enn á ný lagt fram á Alþ. frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19 frá 1971. Meginefni frv. felur í sér að einkaleyfi ríkisins á útsendingum til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum og öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt, verði afnumið. Jafnframt verði ráðh. heimilað að veita öðrum leyfi til útvarpsrekstrar, að fullnægðum

ákveðnum skilyrðum, er ráðh. setur í reglugerð.

Tilgangur frv. er að tryggja að eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar, tjáningarfrelsið, sé virt með þeim hætti að mönnum sé veitt frelsi til að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri með þeirri fjölmiðlunartækni sem fyrir hendi er. Óeðlilegt er, miðað við nýja þróun í tækni og rekstri hljóðvarps og sjónvarps, að binda þetta rekstrarform við ríkiseinokun sem stjórnað er af fáum útvöldum stjórnmálamönnum og embættismönnum. Þess háttar einokun stríðir á móti grundvallaratriðum lýðræðislegrar stjórnskipunar og stenst ekki við nútímaaðstæður.

Almenningur krefst meira frelsis á öllum sviðum, og þarfir nútíma þjóðfélags krefjast meiri fjölbreytni í útbreiðslu þess efnis sem hljóðvarp og sjónvarp hafa að bjóða. Tilkostnaður og tækni eru ekki lengur hindrun í framkvæmd þessara mála. Á ótrúlega einfaldan og ódýran hátt er unnt að setja á stofn og reka útvarpsstöð. Flestallar lýðræðisþjóðir viðurkenna þessar staðreyndir í raun. Stjórnvöld heimila ýmsum aðilum, einstaklingum og stofnunum, að starfrækja sjálfstæðar útvarps- og sjónvarpsstöðvar við hlið hinna ríkisreknu. Sem dæmi má nefna að á Bretlandi er starfræktur mikill fjöldi sjálfstæðra útvarps- og sjónvarpsstöðva, sem ná til ákveðinna svæða. Það er álit kunnugra að hin mikla breidd, sem ríkir á þessu sviði á Bretlandi, styrki mjög lýðræðislega stjórnarhætti jafnframt því sem stöðvarnar veiti ómetanlega þjónustu við almenning. Þá má ekki gleyma hinum miklu möguleikum sem skapast á sviði kennslu og menningarmála við fjölgun hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva. Geta má þess, að í Bandaríkjunum hefur frelsi ríkt í þessum efnum í áratugi með góðum árangri.

Á s. l. vori urðu þau tíðindi í hinu „hálfsósíaliseraða“ landi Svíþjóð, að stjórnarnefnd mælti með því í álitsgerð um breytta starfshætti hljóðvarps og sjónvarps, að ákveðið frelsi væri gefið einstaklingum og öðrum aðilum til að hefja slíkan rekstur sem hér um ræðir. Meðal þeirra atriða, sem nefndin leggur til í álitsgerð, eru: Í fyrsta lagi, að sendingar sænska útvarpsins og sjónvarpsins, þ. e. a. s. hins ríkisrekna, verði lengdar. Í öðru lagi, að skipulagi sjónvarpsins verði breytt þannig, að útsendingar verði frá fleiri stöðvum en nú er. Álitsgerð sænsku stjórnarnefndarinnar og svo umræðan, sem er orðin í Svíþjóð um þessi mál, bera þess greinilegan vott að Svíar eru orðnir þreyttir á ríkisfjölmiðlunum einum á þessu sviði tjáningarforms. Róttækar hugmyndir eru á lofti sem fela í sér gjörbyltingu þessara mála í Svíþjóð, ef að veruleika verða. Eins og nú háttar eru starfræktar tvær ríkisreknar sjónvarpsrásir í Svíþjóð, þ. e. TV1 og TV2, sem senda að mestu út frá Stokkhólmi um allt land. Till. er um að í staðinn komi ein TV rás, sem sendi um allt land, og níu TV rásir, sem sendi um ákveðna landshluta. Þá er rætt um það þar í landi og kemur fram í hugmyndum nefndarinnar að hugsanlegt sé að stofnsettar verði 200 sjálfstæðar svæðisbundnar útvarpsstöðvar. Sænska ríkisútvarpið á að sjálfsögðu að starfa eftir sem áður og er lagt til að útsendingarstundum þess verði fjölgað úr 360 í 400 á viku og dagskrám eða útsendingarrásum verði fjölgað úr 3 í 4.

Allar till. sænsku stjórnarnefndarinnar hníga í átt til aukins frelsis í rekstri útvarpsfjölmiðla. Till. hafa, eins og áður var sagt, hlotið góðar undirtektir hjá almenningi í Svíþjóð, enda er þjóðin orðin lagþreytt á ofríki sænsku sósíalistanna í stjórnkerfi þjóðarinnar, sem best mátti sjá af því, að fyrir sænsku þingkosningarnar haustið 1976 skrifaði hinn þekkti sænski rithöfundur Astrid Lindgren grein í blaðið Expressen, sem fól í sér harða ádeilu á drottnunarvald sænsku sósíalistanna í sænsku þjóðlífi. Hún sagði m. a. í grein sinni að nú væri svo komið fyrir Svíum að hún saknaði orðsins frelsi. Astrid Lindgren hafði áður fyllt flokk sænskra jafnaðarmanna, en viðurkenndi að þróun hans og valdakerfi var orðið hættulegt.

Allir muna ósigra sænskra jafnaðarmanna í þingkosningunum 1976, þannig að ekki þarf að fjölyrða um það. En það, að mér skuli verða svo tíðrætt um þessi mál í Svíþjóð, stafar m. a. af því, að hér á Íslandi er rík tilhneiging til þess að líta alltaf upp til Skandínava um flest það sem til bóta mætti horfa í þjóðlífi okkar. Menn verða náttúrlega að taka mið af því sem gott er og þess vegna tók ég þessi dæmi. Í sjálfu sér hefði verið fróðlegt að þýða grein þessarar merku sænsku skáldkonu og lesa fyrir þingheim hvað hún segir um það, hvernig hægt er að fara með frelsið og stöðu einstaklingsins þar sem valdakerfið er allt meira eða minna í höndum eins flokks, eins og átti sér stað og hefur átt sér stað í Svíþjóð í áratugi.

Við Íslendingar búum við hálfrar aldar gamalt skipulagsform í rekstri útvarps. Segja má, að fyrir fámenna þjóð með takmörkuð fjárráð á sínum tíma hafi verið eðlilegt að ríkið annaðist rekstur útvarpsins. Er óhætt að segja að Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, hafi gegnt hlutverki sínu af mikilli prýði og þar hafa margir góðir starfsmenn verið. En nú eru bara tímarnir breyttir. Fólk krefst meira frelsis á þessu sviði, á sambærilegan hátt og á sér stað í útgáfu dagblaða, vikurita o. s. frv. Af hálfu einstaklinga og alls konar hagsmunahópa eru gerðar stöðugt meiri kröfur um óheft tjáningarfrelsi. Nægir í því sambandi að vísa t. d. til stúdenta og hliðstæðra hópa, sem vilja láta mikið að sér kveða. Er allt gott um það að segja. En jafnframt er vert að vekja athygli á því, að núverandi form ríkiseinokunar hljóðvarps og sjónvarps takmarkar mjög aðgang alls almennings að rekstri og afskiptum þessarar tegundar fjölmiðla. Því fer víðs fjarri að þeir fullnægi í núverandi formi þörf fólksins fyrir aukið tjáningarfrelsi og fjölbreytni í efnisvali. Til að leggja frekari áherslu á þessa skoðun vil ég vísa til ummæla eins núverandi útvarpsráðsmanns, sem fram komu í dagblaði einu hér í Reykjavík í ágúst s. l., þar sem útvarpsmaðurinn sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil aftur á móti benda á þá hættu að sjónvarpið, einkum hvað dagskrárgerð snertir, er að detta í allfastmótaðar skorður, er býður heim mikilli hættu á stöðnun. Mikilvægur fjölmiðill eins og sjónvarpið er þarf að vera í

stöðugri þróun og taka breytingum í takt við þjóðfélagsbreytingar".

Þetta eru vissulega orð að sönnu. En besta ráðið til að afstýra stöðnun og vera í takt við tímann er að gefa rekstur hljóðvarps og sjónvarps frjálsan, gefa fleirum möguleika til að reyna sig í þessum efnum. Íslendingar eru mikið hæfileikafólk á sviði tjáningar, bókmenntir okkar og listir bera þess órækan vott. Tjáning í hljóðvarpi og sjónvarpi er fjölbreytileg og getur verið og er list í höndum hæfra manna, um það er ekki deilt.

Ég hef orðið var við sérstakan áhuga hjá ungu fólki á þessu máli. Sem dæmi get ég nefnt, að á miðvikudaginn í síðustu viku komu á minn fund tveir ungir menn sem tjáðu mér að þeir væru áhugamenn í félagsskap ungs fólks hér í Reykjavík á aldrinum 17—20 ára, sem hefði áhuga á því að reka sjálfstæðar litlar hljóðvarpsstöðvar, og það efni, sem þetta unga fólk hafði áhuga á, var sérstaklega tengt æðri tónlist. Fyrir þá, sem eru mikið fyrir allt slíkt, hlýtur það að teljast framlag til listar þegar ungt fólk sýnir slíkan áhuga og vilja til þátttöku. Á mánudaginn, þegar ég kom hingað í Alþ., afhentu þessir ungu menn mér lista með rúmlega 600 nöfnum ungs fólks á þessum aldri sem höfðu skrifað undir áskorun til hæstv. Alþ. um að samþykkja þetta frv. sem ég er að kynna hér. Ég vil segja það, að virðingarvert er þegar ungt fólk, sem vinnur af slíkum áhuga að máli þessu, gjörsamlega ótengt flokkum eða sérhagsmunum, leggur það á sig að leggja á ráðin, vil ég segja, og mæla með því, sem til framfara horfir og hlýtur að koma hérlendis sem annars staðar.

Ég leyfi mér að fullyrða, að öll skilyrði séu fyrir hendi hérlendis til að framkvæma þann frjálsa rekstur í sambandi við útvarp og sjónvarp sem frv., sem ég mæli hér fyrir, gerir ráð fyrir, verði það að lögum. Það er ástæðulaust að skýra einstakar lagagreinar, þær skýra sig sjálfar, en ég vænti þess, að hv. Alþ. samþ. frv., og legg til, að að umr. lokinni verði því vísað til menntmn.

Páll Pétursson: *Herra forseti.* Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., um breytingu á útvarpslögum er sennilega hægt að flokka undir það sem kalla mætti frjálshyggjufrv., en stöku menn hafa þann orðalepp mjög uppi við nú um sinn. Hv. flm. gerði sér mjög tíðrætt um málefni Svía og hvernig Svíar væru að haga málum. En þetta frv. er náttúrlega flutt og á við íslenskar aðstæður, en ekki aðstæður í Svíþjóð, því að ekki er alveg víst að það, sem á við hjá Svíum, eigi við hjá okkur, m. a. vegna þess að við erum ekki nema rúmlega 200 þús. manns.

Ég lít svo á að það sé meira atriði að reyna að halda uppi einni góðri útvarpsstöð en mörgum lélegum. Ríkisútvarp okkar hefur barist í bökkum fjárhagslega, svo sem hæstv. menntmrh. hefur margtekið fram hér í þingsölum, og ég hef enga trú á því, að þetta útvarp, sem ég held að miðað við aðstæður verði að telja allgott, mundi batna neitt við það að dreifa kröftunum. Dreifikerfi hljóðvarps er ekki fullkomið enn þá, hvað þá dreifikerfi sjónvarpsins, og þarf þar mikilla endurbóta við. Í fyrra lagði ég til að reynt yrði að gæta sparnaðar hjá þessum stofnunum, m. a. til þess að byggja upp dreifikerfið, en sú viðleitni mín bar ekki árangur.

Ég lít svo á að tekjur þessara væntanlegu útvarpsstöðva, sem hugsanlega yrðu settar hér á fót, yrðu auglýsingatekjur, og þeir auglýsendur, sem þar auglýstu, yfirgæfu þá væntanlega Ríkisútvarpið. Þessir auglýsendur hefðu þá í hendi sér líf þessara útvarpsstöðva, og hljóðvarp og sjónvarp eru í eðli sínu mjög máttugur fjölmiðill. Ég tel nokkra hættu á því, að peningafurstar næðu tökum á þessari starfsemi og réðu dagskrá í veigamiklum atriðum og stjórnmálaskoðanir yrðu ekki jafnréttháar. Þetta gæti leitt til einstefnuaksturs stjórnmálaskoðana þeirra sem fjármagninu réðu.

Þróun dagblaðaútgáfu á Íslandi gæti gefið vissa vísbendingu um hvert þessi frjálsa samkeppni getur hugsanlega leitt okkur. Síðdegisblaðaútgáfa, sem færst hefur hér mjög í vöxt á síðustu árum, hefur ekki orðið til þess að blaðamennsku-„standardinn" hafi hækkað við fjölgun þeirra eða eflingu. Ég lít svo á að blaðaútgáfan hafi ekki batnað með auknum áhrifum þeirra viðskiptahölda, sem bera uppi með auglýsingum sínum þessa fjölmiðla, — fjölmiðla sem þeir láta vernda hagsmuni fyrirtækja sinna, og í krafti fjárhagsaðstöðu sinnar öðlast þeir óeðlileg áhrif á skoðanamyndun í landinu.

Þá getur svokölluð frjáls samkeppni í fjölmiðlum haft þau áhrif að æsifréttir og ógætilegt slúður og jafnvel bein ósannindi vaði uppi. Í grg. þessa frv. segir að vísu að áhersla skuli lögð á að fyllsta hlutleysis sé gætt í stjórnmálum við útsendingu efnis, með svipuðum hætti og nú tíðkast í útsendingum Ríkisútvarpsins. En ég lít svo á að mjög erfitt sé að tryggja það, það sé ákaflega vandmeðfarið. Það er afar vandmeðfarið hjá þeirri stofnun, sem nú er þó ein um þennan þátt fjölmiðlunar, og ég lít svo á að nánast sé ógerningur að tryggja þetta með viðunandi hætti eftir að stöðvum þessum fjölgaði.

Síðan segir seinna í grg., með leyfi forseta:

„Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum. Hið sama gildir gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum."

Ég fæ ekki séð með hvaða hætti ætti að vera unnt að tryggja þetta nægilega.

Þá segir í niðurlagi grg., að þetta sé spor í áttina að auknu frelsi fólksins frá miðstýringarvaldi embættis- og stjórnmálamanna á þessu sviði. Þessa málsgr. skil ég ekki fullkomlega. Mér dettur helst í hug að þetta sé sneið ætluð fyrrv. formanni Heimdallar, varaformanni útvarpsráðs, hv. þm. Ellert B. Schram, en mér finnst að hún sé fremur ómakleg.

Ég sé ekki ástæðu til að styðja þetta frv. Okkur liggur meira á ýmsu öðru en fleiri útvarpsstöðvum.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það veittist hv. frsm. ákaflega auðvelt að rökstyðja þetta frv. sitt með orðum eins og tjáningarfrelsi og

lýðræði, og býst ég ekki við að neinn færi að mótmæla því, að öll viljum við að lýðræði hér á landi sé sem fullkomnast og allir hafi jafnt frelsi til tjáningar og skoðanamyndunar. Hins vegar fannst mér lýsing hans á því, hvernig þessi mál eru að þróast í Svíþjóð, sýna kjarna eða eðli þessa máls betur en nokkuð annað. Þar kom fram, að hér er í rauninni um að ræða ekkert annað en kapphlaup milli fjármuna, milli opinberra fjármuna og einkafjármagns. Jafnhliða því að réttur til að reka útvarp var gefinn frjáls í Svíþjóð, eins og hann lýsti, þá hvílir sú skylda á ríkisfjölmiðlunum að lengja dagskrána og útvarpa frá fleiri stöðum en nú er. Þetta hlýtur því að þýða að rekstur útvarps verður miklu fjárfrekari en ef engin samkeppni er, og það er í samræmi við eðli samkeppni. Ég held að þegar djúpt er skyggnst sé hér ekki um það að ræða að fleiri fái frelsi til að tjá sig, heldur að einstaklingar fái frelsi til þess að verja fjármunum sínum til útvarpssrekstrar fremur en í eitthvað annað. Spurningin hlýtur að vera sú, hvort við getum tryggt tjáningarfrelsi, hvort við getum tryggt jafnræði allra í ríkisfjölmiðlum, hvort við getum aukið lýðræði með það form á útvarpsrekstri sem við höfum nú hér á Íslandi.

Ég vil fyrst nefna tvö atriði, sem ég tel að séu slíkri þróun þrándur í götu.

Í fyrsta lagi er það, að stjórnmálaflokkarnir skipa í útvarpsráð, og ekki bara það, heldur telja sumir stjórnmálaflokkar ekki annað fært en alþm. sitji í útvarpsráði. Í þessu efni, því sem ég nefndi síðast, hefur núv. ríkisstj. farið allt aðra leið en vinstri stjórnin. Vinstri stjórnin, eða þeir flokkar sem að henni stóðu, forðaðist að láta alþm. sitja í útvarpsráði. Slíkt fyrirkomulag ýtir undir það að ríkisfjölmiðlar, hljóðvarp og sjónvarp, hneigist til þess að halda fram skoðunum ríkjandi stjórnvalda og margt það, sem er uppi í þjóðfélaginu, þann og þann tíma, er kæft og nýtur hvorki jafnræðis né sannmælis.

Ég vil minna á það, að lögð var beinlínis áhersla á þetta fyrirkomulag þegar það útvarpsráð, sem vinstri stjórnin skipaði, var sett af um leið og ný ríkisstj. kom til valda. Þá þótti ekki lengur fært að hlíta lögum um útvarp, að útvarpsráð sæti út sitt kjörtímabil, heldur þurfti það að fylgja nýrri ríkisstj. og nýjum þingmeirihluta. Við þessar aðstæður segir sig sjálft að þeir, sem starfa við útvarp, finna til ákaflega mikils óbeins þrýstings. Nú geri ég ekki ráð fyrir að þeir, sem sitja í útvarpsráði, mundu vilja viðurkenna að þeir væru að gefa fyrirmæli, og ég er sannarlega ekki að bera þeim það á brýn, að þeir gefi bein fyrirmæli. En þetta fyrirkomulag hefur þau sálrænu áhrif á þá sem starfa við það. Það fer ekki hjá því, að þeir finni fyrir því og þetta hafi haft áhrif á störf þeirra.

Í sambandi við fréttir frá Alþ. og af stjórnmálum væri hægt að nefna mýmörg dæmi einmitt um það, að það virðist vera orðið annað eðli margra þeirra, sem starfa við sjónvarp, að telja að ekkert sé fréttnæmt nema það sem komi frá ríkisstj. og að stjórnarandstaðan hafi í rauninni ekkert fram að færa sem almenningur hafi áhuga á. Ákaflega fróðlegt væri að fá gagngera könnun á því, hvaða rúm stjórnarsinnar og ríkisstj. fá í sjónvarpi, og bera það svo saman við hlut stjórnarandstöðu í sama máli. Við höfum því miður mýmörg dæmi um það, að ekkert kemur fram nema skoðun ríkisstj. Þetta er í fyllsta máta ólýðræðislegt, því þó að einhverjir stjórnmálaflokkar hafi meiri hl. eitthvert kjörtímabilið, þá er langt frá því að allur almenningur, sem kostar þetta útvarp, sé þessu sammála. Skilyrði þess, að allur almenningur geti myndað sér skoðun, eru þau, að hann fái sem flestar hliðar mála fram.

Annað atriði vil ég nefna sem stríðir gegn því að ríkisfjölmiðlar geti gegnt því hlutverki sem við ætlum þeim. Það er æviráðning helstu embættismanna við þessar stofnanir. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að veitast hér að neinum þeim, sem nú situr í starfi, og hef ekki persónulega neina ástæðu til þess, en það á vitanlega að afmarka skýrt ráðningrtímabil æðstu embættismanna þessarar stofnunar og dagskrárstjóra, þeirra sem hafa mest hönd í bagga með rekstrinum frá degi til dags. Þetta ætti að tryggja meiri fjölbreytni og meira lýðræði, getum við sagt, þ. e. a. s. að sjónarmið fleiri ættu þá einhvern tíma að koma fram eða tækifæri yrðu fyrir aðra.

Mér finnst sumt í þessu frv. jákvætt, en það gæti falist í núverandi formi. Ég held að afar nauðsynlegt sé að vinna að því, að Ríkisútvarpið komi upp sjálfstæðum stöðvum í hinum ýmsu landshlutum. Ég held að nauðsynlegt sé að veita t. d. sveitarfélögum, eins og hér er lagt til, sjálfræði um það að reka útvarpsstöðvarnar fyrir sinn landshluta, þar sem fólkið, sem þar býr, fær meira rúm heldur en það getur fengið í ríkisfjölmiðlum. Og ég held að það sé alveg rétt, að skoðanir þeirra Íslendinga, sem búa á þessu landshorni, fái meira rúm en skoðanir fólks úti á landi, og þar með fær auðvitað meiri þunga sá málflutningur sem héðan er runninn.

Ég vil líka benda á að í þessu frv. er gert ráð fyrir að menntastofnanir fái leyfi til útvarpsrekstrar. Ég er ekki sammála því, að menntastofnanir fái leyfi til sjálfstæðs útvarpsrekstrar. En ég held að það sé kominn tími til að við notum menntastofnanir og sjónvarp og hljóðvarp í sameiningu til þess að halda uppi kennslu, þeirri kennslu t. d. sem allir hafa ekki tök á að njóta, annaðhvort vegna persónulegra aðstæðna eða búsetu. Vissulega mætti hugsa sér að stöðvar, sem þannig yrðu reknar, hefðu einhverja tegund sjálfstjórnar, og þær yrðu auðvitað að hafa frjálsar hendur um dagskrá og efni. En ég efast um að slíkar stöðvar væri hægt að reka án þess að þær væru fjármálalega séð undir sömu yfirstjórn og Ríkisútvarpið.

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég endurtek, að ég er andvíg frv. eins og það liggur fyrir nú, en tel rétt að athuga þá möguleika sem ríkisfjölmiðlarnir hafa til þess að dreifa valdi sínu út til sveitarfélaga og menntastofnana.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með flm. þessa máls, hv. 6. landsk. þm., að ég tel tímabært að athugað verði hvort ekki er nú svo málum háttað að reynandi sé að

hverfa frá því fyrirkomulagi, sem ríkt hefur frá því að Ríkisútvarpið tók til starfa, að það hafi einkaleyfi til útvarps- og síðan sjónvarpsrekstrar í landinu. Hins vegar er ég ekki viss um að þær leiðir, sem hv. flm. bendir á, séu að öllu leyti ákjósanlegar.

Meginefnisatriðið, sem gerir eðlilegt að endurskoða þá skipan, sem komið var á með einkaleyfi Ríkisútvarpsins, er tvímælalaust að framfarirnar í útvarpstækni hafa orðið stórstigar og það er ekki ýkjakostnaðarsamt að reka stöðvar, sem nota örbylgjutækni til þess að koma útvarpsefni frá sér til takmarkaðra svæða. Öðru máli gegnir um sjónvarpstæknina. Þar er rekstrarkostnaður með allt öðrum hætti og tækjakostur og miklu torveldara að koma upp í landi eins og okkar og með jafnfámennri þjóð kerfi sjálfstæðra sjónvarpsstöðva.

Það er almennt viðurkennt að í flestum löndum nálægt okkur í Evrópu varð skipan útvarpsrekstrar að verulegu leyti samkv. fordæmi sem skapaðist í Bretlandi þegar Breska ríkisútvarpið tók til starfa. Nú er nokkuð liðið á annan áratug, líklega farið að nálgast tvo áratugi, síðan einkaleyfi Breska ríkisútvarpsins var afnumið og þar komið upp sjálfstæðum útvarps- og sjónvarpsrekstri með allflóknu kerfi sem ekki þarf að lýsa hér frekar. Þessi breyting í Bretlandi hefur síðan dregið dilk á eftir sér, aðrir hafa farið að þessu fordæmi, eins og frsm. lýsti að nokkru.

En til er önnur fyrirmynd sem ekki breiddist út eins og sú breska. Það er hollenska fyrirmyndin. Þar hefur útvarps- og síðan sjónvarpsrekstri verið háttað á þann veg, að frá sendistöðvum, sem eru í ríkiseign eða einkaaðila, hafa allir aðilar, sem fullnægja ákveðnum skilyrðum, haft rétt á að fá sendingartíma og útbúa dagskrár á eigin ábyrgð. Þar hafa komið mest við sögu stjórnmálaflokkar og trúfélög í Hollandi, en formlega er ekkert því til fyrirstöðu að hver sem er geti safnað um sig þeim hópi í hlustendafélagi sem gefi honum rétt á að fá aðgang að útsendingarkerfinu með þá dagskrá sem hann undirbýr. Þannig er hægt að leita fleiri fyrirmynda en frsm. benti á.

Það, sem ég tel varhugavert við það kerfi sem upp á er stungið, er að mér virðist að þar sé skrefið ekki stigið nema til hálfs til að rýmka frá því einkaleyfiskerfi sem nú ríkir. Þar er gert ráð fyrir mjög ríkri þátttöku Ríkisútvarpsins og stjórnaraðila þess um útvarps- og sjónvarpsrekstur í heild í landinu, þótt nokkur kerfisbreyting verði á. Það liggur t. a. m. í hlutarins eðli að hinar langdrægu stöðvar yrðu mjög fáar vegna þess hversu háttað er úthlutun tíðnisviða. Því yrði mjög erfitt og viðkvæmt mál að úthluta slíkum leyfum sem hér er gert ráð fyrir að sé alfarið á valdi ráðh., að fenginni umsögn aðila sem í raun og veru tilheyra Ríkisútvarpinu eftir sem áður. Það, sem ég tel að þurfi að gera, er að athuga þetta mál og finna eðlilegt fyrirkomulag sem geri rekstur sjálfstæðra stöðva með sjálfstæða dagskrárstjórn og dagskrárgerð mögulegan úti á landsbyggðinni. Ég tel höfuðatriði að þær stöðvar starfi í dagskrárgerð sinni eftir almennum reglum og þurfi ekki að leita með sín mál forsjár eða úrskurðarvalds hjá þeim aðilum sem stjórna Ríkisútvarpinu, sem gert er ráð fyrir og hlýtur að verða rekið eftir sem áður, enda þótt þar kæmu til fleiri aðilar en nú er. En þeir aðilar þurfa að vera sjálfstæðir og hafa ákvörðunarrétt eftir almennum reglum um dagskrárgerð sína. Annars er ekki náð því markmiði sem fyrir flm. vakir með því að taka upp þetta mál.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langar aðeins til þess að bæta nokkrum orðum við þessar umr.

Hv. síðasti ræðumaður tók allvel þessu frv. og sagði margt skynsamlegt og í samræmi við það sem flm. þessa frv. ber fyrir brjósti þegar hann flytur frv. um að einkarekstur útvarpsins verði ekki lengur í höndum ríkisins. Hvað mundu Íslendingar segja, ef ríkið hefði einkarétt á útgáfu blaða og enginn mætti gefa út dagblað eða vikublað á Íslandi annar en ríkið? Það er að vísu þannig í kommúnistaríkjunum, eins og Sovétríkjunum, en hvað mundu Íslendingar segja við slíku?

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði orð sem vöktu mikla furðu hjá mér, en mér finnst að sé best að fylgja eftir og láta rannsaka. Hún segir, að síðan núv. útvarpsráð tók við af útvarpsráði vinstri stjórnarinnar hafi yfirleitt ekki verið um að ræða annað — ég hef nú ekki skrifað þetta eftir henni svo að ég tek bara aðalefni málsins — en að það, sem heyrðist í Ríkisútvarpinu, væri frá ríkisstj. Má nú ekki af þessari ástæðu fela Ríkisútvarpinu rannsókn á því, hvernig dagskráin var, hversu oft komu t. d. ráðh. vinstri stjórnarinnar fram í útvarpi, hversu oft tilkynningar frá ríkisstj., vinstri stjórninni, og miða svo við það sem hefur gerst nú í seinni tíð? Það er augljóst mál þeim, sem nokkuð hafa fylgst með rekstri útvarpsins, að hér varð auðvitað gerbreyting á frá því sem var þegar vinstri stjórnin var við völd. Þá var alltaf útvarpað því sem ríkisstj. var með á prjónunum og ráðh. voru mjög oft í útvarpinu og miklu oftar en áður hafði tíðkast, a. m. k. í tíð viðreisnarstjórnarinnar, og tíðkast hefur í seinni tíð. Um þetta er ekki ástæða til þess að vera að deila hér, en þetta má rannsaka, það væri þess virði. En ég er sammála því, sem fram hefur komið hjá hv. síðasta ræðumanni, að auðvitað er margt sem ber að athuga í sambandi við frjálsan útvarpsrekstur.

Ég byrjaði á því að tala um hvað menn segðu um það, ef ríkið eitt hefði heimild til þess að gefa út blöð. En hvenær kæmi að því, að Samband ísl. samvinnufélaga fengi að útvarpa, ef það væri heimilt? Er það ekki víða að verki? Það er á verslunarsviðinu, það er á iðnaðarsviðinu, það er á flugsviðinu, það er í hótelrekstrinum og á mörgum öðrum sviðum sem ég þarf ekki að telja upp. Það þyrfti auðvitað að tryggja um leið, að stórrekstur eða einkarekstur einkafyrirtækja gæti ekki átt hér einkaaðstöðu. M. ö. o.: Það þyrfti að setja hér löggjöf svipaða og er í öðrum lýðræðisríkjum til að hamla gegn því að yfirtökin á einstökum sviðum kæmust í hendur einstakra aðila, stóraðila fyrst og fremst, eins og er nú orðið hér á landi og tekur engu tali.

Þar á ég við það ófrelsi, sem er hér, eða forréttindin, sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur miðað við einstaklinga í atvinnurekstri. Þeir eru líka á bankamálasviðinu og tryggingamála o. s. frv., o. s. frv. En það snertir ekki beint þetta mál, svo að ég skal ekki fara lengra út í það í bili.

Ég vil ítreka og láta það verða mín lokaorð, því að mér skilst að ekki sé svo ýkjamikil seta þm. undir þessum umr., að núv. útvarpsráð taki sér fyrir hendur að rannsaka það sem haldið var fram hér af einum hv. þm., að einhverjar breytingar hafi átt sér stað í þá átt að Ríkisútvarpið væri nú miklu fremur en áður á sviði þeirra mála sem snertu ríkisstj. og vörðuðu hana. Ég man eftir því, að þegar vinstri stjórnin var ofbauð mér alveg hversu Ríkisútvarpið var í höndum ríkisstj. og hversu oft ríkisstj. eða fulltrúar ríkisstj. voru í Ríkisútvarpinu. En eins og ég sagði, þetta getur verið rangt hjá mér. En þá er ekkert annað en rannsaka þetta og fá hreinlega úr þessu skorið og það á að vera hægt. Og ég skora á núv. útvarpsráð að taka sér það fyrir hendur og gera síðan Alþ. grein fyrir hvernig niðurstaðan af slíkri rannsókn verður.

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um almannatryggingar er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 28. júní á s. l. sumri. Þau voru gefin út í samræmi við ákvörðun ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 22. júní, til þess að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi, valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum. Því voru þessi ákvæði sett, að fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris varðandi þetta verði hjá einstaklingi 180 þús. kr. í staðinn fyrir 120 þús. kr. og fyrir hjón 252 þús. kr. í staðinn fyrir 168 þús. kr.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta nánar, það liggur alveg ljóst fyrir. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 24). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er einnig til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 28. júní og voru sett í samræmi við ákvörðun ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 22. júní, þar sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða á samningssviði þeirra, þess efnis að lífeyrir lífeyrisþega, sem rétt eiga til slíks samkvæmt lögum nr. 63 frá 1971, verði á árunum 1977—1979 verðtryggður með greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri og verði útgjöld vegna uppbótagreiðslna þessara borin af þeim lífeyrissjóðum sem í hlut eiga. Enn fremur skorti í lögin frá 1971, nr. 63, ákvæði er heimili greiðslu makalífeyris til fólks sem búið hefur saman ógift svo árum skiptir og því talið brýnt að setja slíkt heimildarákvæði eins og gert var í brbl. og lagt er til að hér verði staðfest.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti Það er eins með þetta frv. og hin tvö, sem ég mælti fyrir hér áðan, að það er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 9. ágúst s. l. Það var gert í samræmi við ákvörðun ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlausn í kjarasamningunum sem undirritaðir voru 22. júní, þess efnis, að tekin verði upp sérstök heimilisuppbót á lífeyri allra einhleypra tekjutryggingarþega sem búa einir á eigin vegum.

Frv. er um að einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar tekjutryggingar og er einn um heimilisrekstur, án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót, 10 þús. kr. á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

Það tók fyrst nokkurn tíma að vinna að undirbúningi þessarar lagasetningar. Hún var gerð í fullu samráði og samstarfi við tryggingaráð og Tryggingastofnun ríkisins. Eftir að brbl. voru gefin út var rætt af rn. og tryggingaráði um að setja sem fyrst reglugerð um tekjutryggingu almennt, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar. Þessi reglugerð var svo gefin út 30. sept. og með fullu samkomulagi og samvinnu við tryggingaráð og Tryggingastofnun ríkisins.

Hér er um að ræða mjög afmarkaða greiðslu úr almannatryggingum. Þessi heimilisuppbót er eingöngu til þeirra sem njóta tekjutryggingar eða eiga rétt á tekjutryggingu og búa algerlega einir og án aðstoðar annarra. Það var eitt af þeim efnum, sem um var samið við aðila vinnumarkaðarins og þá auðvitað sérstaklega við verkalýðshreyfinguna, að þetta yrði gert með þessum hætti. Hins vegar hefur komið í ljós, eftir að auglýst var eftir umsóknum samkv. þessum nýju lögum, að margir hafa sótt og mjög mikið er um það að fólk sæki um þessa heimilisuppbót sem ekki á rétt á henni. Þess vegna töldu tryggingaráð og heilbrrn. rétt að flýta útgáfu reglugerðar með þessum lögum, og ég get gefið þær

upplýsingar, að fyrir um það bil mánuði hafði verið úrskurðað um 650 umsóknir um þessa heimilisuppbót hér í Reykjavík, en þá lá annað eins fyrir af umsóknum héðan af Reykjavíkursvæðinu. Hins vegar var þá lítið komið af umsóknum utan af landi, en þær hafa verið að koma nú síðustu daga.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Sem einn af samningsaðilum verkalýðshreyfingarinnar í tryggingamálum, sem frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem hér liggja fyrir, fela í sér, lýsi ég yfir stuðningi við þau. Ég vil þakka hæstv. ríkisstj. fyrir þátttöku hennar á s. l. tveim árum í því að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem horfir til framfara í þessum málum. Það hefur nú gerst tvívegis frá því í ársbyrjun 1976, svo sem ég mun rekja nokkuð.

Í upphafi er vert að vekja athygli á því, að það var ekki fyrr en með samningum verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda hinn 28. febr. 1976 sem fyrsta skrefið var stigið til að verðtryggja almennan ellilífeyri. Ríkisstj. átti veigamikinn þátt í því, að samkomulag um þetta tókst, og var aðili að því. Án aðildar hennar að málinu tel ég að þessir áfangar hefðu ekki náðst. Nægir í því sambandi m. a. að benda á að ríkissjóður er einn helsti greiðandi þeirra tryggingabóta sem samkomulag þetta og framlögð frv. ná til, og mun ég víkja að því hér á eftir.

Ég hef einnig athugað nokkuð hversu mikil kjarabót til handa ellilífeyrisþegum felst í þeirri leið sem farin var í upphafi ársins 1976 að því markmiði að verðtryggja ellilífeyri. Ég mun víkja að því síðar í ræðu minni, en vil segja strax, að ég hefði þó heldur kosið að hv. Alþ. og aðilar vinnumarkaðarins hefðu fallist á þá leið að tryggja öllum ellilífeyrisþegum verðtryggðan elli- og örorkulífeyri á grundvelli frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands sem ég lagði fram á Alþ. í ársbyrjun 1976. En að svo stöddu get ég sætt mig við þá áfanga sem þau frv. fela í sér sem hér eru til umr. Hins vegar hlýt ég að lýsa yfir því, að mér finnast þessir áfangar ekki fullnægjandi og fjarri því lokamarkmiði sem ég vil að nái fram að ganga hið fyrsta vegna örorku- og ellilífeyrisþega, sem er fullur verðtryggður ellilífeyrir á grundvelli ævitekna. Ég harma það, hvað þessi mál hafa mætt — ég vil segja tiltölulega miklu tómlæti á hv. Alþ. og þá almennt talað. Ég minnist þess, að þegar ég lagði fram frv. mitt um Lífeyrissjóð Íslands í febr. 1976 voru umr. litlar um málið. Það hafði þó ákveðna þýðingu fyrir framþróun lífeyrismála í landinu og framkallaði miklar umr. um þessi mál í þjóðlífinu og m. a. innan verkalýðshreyfingarinnar og samtaka vinnuveitenda sem fjölluðu um þessi mál um svipað leyti.

Ég er enn sannfærður um að frv. um Lífeyrissjóð Íslands fól í sér hina einu réttu leið í þessu máli, því að þótt bráðabirgðasamkomulag sé gott í bili felur það ekki í sér megingrundvöll að endanlegri lausn þessara mála, auk þess sem núverandi kerfi almannatrygginga og trygginga lífeyrissjóðanna er að verða slíkur frumskógur að enginn venjulegur maður fær skilið það án aðstoðar sérfræðinga. Ég lét gera skrá yfir allar þær bætur, sem til greina koma í almannatryggingakerfinu, hjá umsjónarnefnd eftirlauna og hjá lífeyrissjóðunum, alþm. til fróðleiks og ætla að lesa hana hér upp til þess að sýna hversu erfitt hlýtur að vera fyrir gamalt fólk og öryrkja að gera sér grein fyrir því, hvað felst í þessu kerfi.

Þær bætur sem koma frá almannatryggingum eru: ellilífeyrir, örorkulífeyrir, örorkustyrkur, makabætur, barnalífeyrir látinna, barnalífeyrir örorkulífeyrisþega, barnalífeyrir ellilífeyrisþega, barnalífeyrir ófeðraðs barns og vegna fanga, mæðra- og feðralaun, ekkilsbætur í 6 mánuði, ekkjubætur í 12 mánuði, ekkjulífeyrir, tekjutrygging, einstaklingsuppbót, uppbót á elli- og örorkulífeyri, slysadagpeningar, slysa- og örorkulífeyrir, slysa- og makalífeyrir vegna örorku lífeyrisþega, slysa-barnalífeyrir, ekkilsbætur 8 ár vegna slysadauða, ekkilslífeyrir vegna örorku- og slysadauða, barnalífeyrir vegna slysadauða, sjúkradagpeningar.

Lífeyrir frá umsjónarnefnd eftirlauna er þessi: ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir, uppbót á ellilífeyri, uppbót á örorkulífeyri, uppbót á makalífeyri.

Svo komum við að lífeyrissjóðunum og þá er listinn sem hér segir: ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnalífeyrir, verðbætur á ellilífeyri, verðbætur á örorkulífeyri, verðbætur á makalífeyri, verðbætur á barnalífeyri og annað.

Af þessum upplestri sést að það er brýn nauðsyn að einfalda þetta kerfi, gera það aðgengilegt fyrir almenning í landinu, auk þess sem þarf að gerbreyta tryggingagrundvellinum með stóraukinni verðtryggingu.

Skal þá vikið nokkuð að þeim áföngum sem unnist hafa á s. l. tveim árum í aukinni verðtryggingu ellilífeyris til hins almenna launamanns, en í samkomulaginu frá 22. júní, sem er í beinu framhaldi af samkomulaginu frá því í ársbyrjun 1976, felast eftirtaldar breytingar frá lífeyrissjóðssamkomulaginu sem gert var 28. febr.

1. Það er um að ræða bráðabirgðaráðstafanir um sérstaka uppbót fyrir þá lífeyrisþega sem njóta lífeyris samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Þessar ráðstafanir eru framlengdar um tvö ár, þ. e. a. s. til ársloka 1979.

2. Um er að ræða nýskipan lífeyriskerfisins sem mun taka gildi 1. jan. 1980 í stað 1. jan. 1978.

3. Frá og með 1. jan. 1977 skulu uppbótargreiðslur breytast ársfjórðungslega í stað tvisvar á ári.

4. Gert er ráð fyrir verðtryggingu lífeyris þeirra lífeyrissjóða á samningssviði aðila sem ekki eiga rétt samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

5. Frítekjumark tekjutryggingar hækkar úr 120 þús. kr. á ári í 180 þús. kr. fyrir einhleyping og úr 168 þús. kr. á ári fyrir hjón í 252 þús. kr. Hækkunin nemur 50%.

6. Lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum er breytt á þann veg, að heimilt

er að greiða fólki, sem búið hefur í óvígðri sambúð svo árum skiptir, makalífeyri á sama hátt og um ekkjur eða ekkla væri að ræða.

7. Tekin er upp sérstök heimilisuppbót á lífeyri allra einhleypra tekjutryggingarþega. Heimilisuppbótin nemur óskert 10 þús. kr. á mánuði.

8. Tryggt er að fólk, sem lýkur starfsævi sinni í þjónustu hins opinbera, fær sama lágmarksrétt og lög um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum og samkomulag aðila færa þeim sem þeirra njóta.

Af því, sem að framan er sagt, er óhætt að segja að töluvert hafi áunnist. En það hefur ekki komið fram, hvorki í framsöguræðu ráðh. né opinberlega, hvaða breytingar raunverulega felast í þessu með tilliti til þess ef samkomulag hefði ekki náðst um auknar tryggingar. Það er auðvitað atriði út af fyrir sig sem er mjög æskilegt og nauðsynlegt að hv. þm. hafi í huga þegar fjallað er um þetta frv. Einnig hef ég orðið var við að enginn slíkur samanburður hefur verið gerður til þess að kynna almenningi. Í stórum dráttum feist eftirfarandi í þessu samkomulagi, og mun ég taka nokkur dæmi þessu til glöggvunar:

Sem fyrr segir var samkv. samningnum 28. febr. 1976 tekin upp uppbót á lífeyri frá umsjónarnefnd, þ. e. a. s. miðað er við grundvallarlaun 4. taxta Dagsbrúnar 1. jan. og 1. júlí í stað meðaltals grundvallarlauna síðustu 5 ára. Þannig var samkomulagið 1976. Í framhaldi af því og á grundvelli þeirra samninga, sem gerðir voru núna, er vert að hafa í huga að frítekjumark almannatrygginga hækkaði úr 3865 kr. í 10 þús. á mánuði fyrir einstaklinga og úr 6955 kr. fyrir hjón Auk þess var tekinn upp örorkulífeyrir frá umsjónarnefnd. Þetta voru sem sagt grundvallaratriðin í samkomulaginu frá 28. febr. 1976.

Samkv. samningum 22. júní 1977 á að miða lífeyri umsjónarnefndar við grundvallarlaun fjórum sinnum á ári, þ. e. a. s. 1. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. 1977, 1978 og 1979. Þá var gefið fyrirheit um að frítekjumark almannatrygginga yrði hækkað í 15 þús. kr. fyrir einstakling og 21 þús. kr. fyrir hjón. Uppbótin hækkar lífeyri umsjónarnefndar núna, þ. e. a. s. frá 1. 7. 1977, um 153%. Mun ég nú koma með dæmi og tek það sem ég kalla algert dæmi.

Það er ellilífeyrisþegi, einhleypur, án eigin tekna og án lífeyris úr lífeyrissjóði. Með samkomulaginu fær þessi maður miðað við 1. 7. 1977 86897 kr., en hefði samkomulag ekki verið hefði hann aðeins fengið 63888 kr., hér er sem sagt um að ræða 36% grundvallarhækkun á tryggingum hans. Til fróðleiks get ég getið þess, að með samkomulaginu fær þessi ellilífeyrisþegi, einhleypur maður, 10 þús. kr. frá umsjónarnefnd, 15 300 kr. sem uppbót frá umsjónarnefnd, 30497 kr. sem er ellilífeyrir almannatrygginga, tekjutryggingin er 21 100 kr. og fjölskylduuppbót 10 þús. kr. Án samkomulags hefði hann ekkert fengið frá umsjónarnefnd og enga fjölskylduuppbót.

En hvaðan kemur fjármagnið? Fjármagnið kemur í fyrsta lagi frá ríkissjóði 55 473 kr., það eru 63.8%, frá lífeyrissjóði 15 300 kr., sem er 17.6%, frá Atvinnuleysistryggingasjóði 7500 kr., sem er 8.6%, og frá atvinnurekendum 8624 kr., eða 10%. Samtals eru þetta 86 897 kr. Hafi lífeyrisþeginn lífeyri frá lífeyrissjóði kemur sá lífeyrir til frádráttar lífeyri frá umsjónarnefnd og breytast lífeyristekjur lífeyrisþegans því ekki nema lífeyrir fari yfir 10 þús. kr.

Skal ég þá koma með annað dæmi. Hér er um stórar tölur að ræða, bæði fyrir viðkomandi einstaklinga og fyrir þjóðina í heild. Fyrir hvern einstakling, sem þarf að byggja á þessu, skiptir það miklu máli hver upphæðin er, og fyrir þjóðfélagið er um að ræða hundruð millj. í þessum dæmum.

Ellilífeyrisþegi án eigin tekna: Með samkomulaginu fengi hann 89 147 kr., án samkomulagsins fengi hann 66 138 kr. Skiptingin er sem hér segir hjá þessum aðila: Með samkomulaginu fær hann sem uppbót frá umsjónarnefnd 15 300 kr., lífeyri frá lífeyrissjóði 15 þús. kr., ellilífeyri almannatrygginga 30 497 kr., tekjutryggingu 18 350 kr., fjölskylduuppbót 10 þús. kr. An samkomulags fengi viðkomandi maður aðeins 66 138 kr. sem mundu skiptast þannig: Lífeyrissjóðurinn hefði greitt 15 þús., almannatryggingar 30 497 kr. og tekjutryggingin hefði orðið hjá honum 20 641 kr. Hækkun vegna samkomulags hjá þessum ellilífeyrisþega er sem sagt 34.8% á grundvelli þess samkomulags sem ríkið og samningsaðilar vinnumarkaðarins gerðu til aukinna trygginga fyrir ellilífeyrisþega.

Fjármagnið í þessu tilviki mundi skiptast sem hér segir: Frá ríkissjóði 50 608 kr., eða 56.8%, frá lífeyrissjóði 30 800 kr., eða 34%, og frá vinnuveitanda 8239 kr., eða 9.2%, samtals 89 147 kr. Ef lífeyrisþeginn hefur eigin tekjur koma 55% þeirra til frádráttar tekjutryggingunni, þar til hún er uppurin. Sem dæmi vil ég nefna ellilífeyrisþega með 38 þús. kr. á mánuði sem eigin tekjur og með lífeyri úr lífeyrissjóði. Eftir samkomulaginu mundi dæmið líta þannig út hjá þessum manni: Uppbót frá umsjónarnefnd 15 300 kr., ellilífeyrir úr lífeyrissjóði 15 þús. kr., ellilífeyrir almannatrygginga 30 497 kr., fjölskylduuppbót 10 þús. Það eru þessar 10 þús. sem gert var sérstakt samkomulag um vegna einhleypinga. Samtals eru þetta 70 797 kr. En hvernig hefði þetta dæmi litið út fyrir viðkomandi einstakling ef umrætt samkomulag hefði ekki tekist? Hann hefði aðeins fengið úr lífeyrissjóði 15 þús. kr. og frá almannatryggingum 30 427 kr., eða 45 497 kr. Samtals hækkar því ellilífeyrir þessa aðila um hvorki meira né minna en 55.6%. Fjármagnið í þessu dæmi mundi koma frá aðilum, sem hér segir: Frá ríkissjóði 34 827 kr., eða 49.2%, frá lífeyrissjóði 30 300, eða 42.8% og frá vinnuveitanda 5670 kr., eða 8%. Samtals eru það 70 797 kr.

Að síðustu ætla ég að koma hér með eitt dæmi um giftan lífeyrisþega án eigin tekna og án lífeyris úr lífeyrissjóði. Geri ég þá ráð fyrir að maki hafi ekki rétt frá umsjónarnefnd eða eigin tekjur. Samtals mundi lífeyrir hjóna, sem þannig væri ástatt um, vera sem hér segir eftir samkomulaginu: Ellilífeyrir frá umsjónarnefnd 10 þús. kr., uppbót 15 300 kr., ellilífeyrir almannatrygginga 54 895 kr., tekjutrygging 42 881 kr., eða samtals 123 076 kr. Án samkomulags

hefðu þessir aðilar fengið 108 466 kr., þannig að hækkunin er 13.5% á tekjugrundvelli þessa fólks.

Fjármagnið, sem kemur til að greiða þetta, skiptist í þessu dæmi sem hér segir: Frá ríkissjóði 86 987 kr. eða 70.4%, frá lífeyrissjóði 15 300, eða 12.4%, frá Atvinnuleysistryggingasjóði 7500 kr., eða 6.1% og frá vinnuveitendum 13 689, eða 11.1%, samtals 123 076 kr.

Mér hefur orðið tíðrætt um þetta, taldi það enda skyldu mína að koma með dæmi um þetta mál fyrir hv. Alþ. til þess að skýra enn betur hvað hér er um að ræða.

Ég efast ekki um vilja Alþ. til að samþykkja þau frv. sem hér liggja fyrir, enda hafa þau yfirleitt gengið greiðlega í gegnum þingið, gengu greiðlega í gegnum þingið á sínum tíma, þegar bráðabirgðasamkomulag var samþykkt vegna samninganna í ársbyrjun 1976. Hins vegar hlýtur að vera æskilegt að þm. fái sem gleggstar upplýsingar um hvað felst í þeim lögum sem þeir eru að samþykkja.

Ég endurtek, að af því, sem ég hef þegar sagt, kemur í ljós að mikið hefur áunnist í þessum málum fyrir þá lífeyrisþega sem eru aðilar að óverðtryggðum lífeyrissjóðum. Án samkomulags ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins væri staða þeirra núna mun lakari. Það má því segja að stefnan er góð, en hraðinn að settu marki mætti vera meiri. Beini ég þessum orðum mínum ekki hvað síst til aðila vinnumarkaðarins og hv. þm. sem hafa það náttúrlega á valdi sínu hvort þeir vilja taka upp þráðinn á grundvelli þessa frv. sem ég lagði fram á sínum tíma og að sjálfsögðu er hægt að endurflytja.

En það er eitt atriði sem mér hefur alltaf fundist vanta inn í umr. um þetta mál þegar frv. um staðfestingu bráðabirgðasamkomulags um auknar lífeyristryggingar hafa verið hér til umr., og það er að hv. þm. hafa ekki verið upplýstir um það, hvernig þeir peningar skiptast sem koma frá lífeyrissjóðunum sjálfum til umsjónarnefndar, þ. e. a. s. í hinn sameiginlega tryggingasjóð. Ég tel að hv. alþm. ættu raunverulega að hafa hér fyrir framan sig lista yfir þá sjóði sem greiða í þennan sameiginlega lífeyrissjóð sem að vissu marki er fyrsti vísirinn að landssjóði, þó að hann eigi eingöngu við þá sem eru aðilar í stéttarfélögum innan Alþýðusambandsins. En hann gefur ákveðna ábendingu um hvað hægt er að gera með sameiginlegu átaki. Ég tók þess vegna með mér þennan lista, sem er ekki trúnaðarmál, fyrir hv. alþm. þeim til upplýsingar, þ. e. a. s. það er bráðabirgðayfirlit eða réttara sagt bráðabirgðauppgjör umsjónarnefndar eftirlauna á greiðslu uppbótar á eftirlaun aldraðra. Það er uppgjör sem sýnir hver eru áætluð iðgjöld þeirra sjóða, sem standa að þessari sameiginlegu tryggingu, og hvernig þessar greiðslur skiptast á einstaka sjóði. Þetta er ekki óverulegt atriði, heldur mjög þýðingarmikið. Það vill svo til að sumir okkar, sem hér erum á hv. Alþ., eru aðilar að sumum þessara sjóða og það er æskilegt að fram komi hvernig þessi skipting er, m. a. með tilliti til þess að undirstrika þann vilja sem ég tel að hafi komið fram af hálfu þess fólks, sem myndar þessi verkalýðsfélög, til þeirrar leiðar sem við erum hér að fjalla um með framlagi ríkissjóðs.

Samkv. þessu bráðabirgðauppgjöri umsjónarnefndar fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir að iðgjöld umræddra lífeyrissjóða verði á árinu 1976 3 milljarðar 849 millj. kr. Áætlað framlag lífeyrissjóðanna til umsjónarnefndar er 239.6 millj. og skiptist mjög misjafnt á sjóðina, þ. e. a. s. hvort fólk í þeim verkalýðsfélögum, sem standa að sjóðunum, er viðtakendur eða greiðendur í þeirri samábyrgð sem hér um ræðir. Sem dæmi má nefna að sumir lífeyrissjóðir greiða stórar upphæðir í þennan sameiginlega tryggingasjóð okkar á sama tíma sem önnur félög eru stórir viðtakendur og er það sjálfsagt og eðlilegt. Á því byggist samhjálpin um samtrygginguna. Sem dæmi vil ég nefna að Lífeyrissjóður verslunarmanna borgar 19.5 millj. kr. meira inn í sjóðinn en hann tekur út eða greitt er til þeirra bótaþega sem eru þarna aðilar að, en Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar fær aftur vegna sinna félagsmanna umfram það, sem hann greiðir, 22.3 millj. kr. Er þetta mjög skiljanlegt og eðlilegt, vegna þess að í þeim stéttarfélögum, sem standa að Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar, er mun eldra fólk en t. d. það fólk sem fellur undir Lífeyrissjóð verslunarmanna, og það er sjálfsagt og eðlilegt, enda hefur afstaða verið tekin í þessum félögum með þeim hætti, að gert hefur verið hinum yngri að greiða þarna inn í tryggingasjóðinn til þess að styrkja þá eldri, og er það góðra gjalda vert. Þá má einnig geta þess að Lífeyrissjóður sjómanna kemur með framlag upp á 16 millj. umfram það sem er greitt til baka til tryggingaþega sem hafa verið í þessum sjóði. Þá má einnig geta þess, að í Lífeyrissjóð samvinnustarfsmanna eru greiddar 10.6 millj. kr. Fleiri dæmi mætti nefna. Ég tel sjálfsagt og hefði raunverulega talið æskilegt að þessi listi lægi hér frammi, svo að hv. þm. gætu kynnt sér hann, því að skoðun mín er sú, að við séum nú raunverulega komnir á það stig í þessum málum að undan því verði ekki komist að hv. alþm. taki þessi mál fastari tökum og kynni sér þau til hlítar.

Að endingu vil ég segja þetta: Þau mál, sem við erum hér að fjalla um, snerta hvorki meira né minna en 21800 manns, miðað við lífeyrisþega 1. jan. 1977, þannig að hér er um stórmál að ræða, bæði gagnvart þeim mikla fjölda lífeyrisþega, sem hér eiga beinan hlut að máli, og svo einnig gagnvart þjóðinni í heild sem hlýtur að taka æ ríkari þátt í lausn þeirra mála sem hér eru til umr.

Ég hef, herra forseti, tekið nokkuð langan tíma í að ræða þessi mál. Ég geri það vegna þess að ég tel sjálfsagt og eðlilegt að þau séu rædd ítarlega og í beinu samhengi við þann hugsanlega möguleika sem kom fram í því frv. sem ég lagði fram á sínum tíma um Lífeyrissjóð Íslands, sem er um það að koma á einu allsherjar lífeyrissjóðskerfi, þar sem allir lífeyrisþegar búa við sambærileg kjör.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Þau frv., sem hér eru til umr., eiga það öll sameiginlegt,

þrjú að tölu, að vera til staðfestingar brbl. sem út voru gefin í sumar, um leið og gengið var frá kjarasamningi. Þau eru til staðfestingar á atriðum sem aðilar urðu þar sammála um.

Hv. síðasti ræðumaður, 6. landsk. þm., Guðmundur H. Garðarsson, ræddi hér nokkuð lífeyrissjóðsmálin almennt, þó verulega í tengslum við þau mál sem samið var um bæði í sumar og einnig á s. l. ári, 1976. Það, sem einkenndi það samkomulag, sem gert var í marsmánuði 1976, og einnig samkomulagið, sem gert var í júní í sumar, er aðallega tvennt: Í fyrsta lagi er sett fram stefna um endurskoðun eða endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Er kveðið svo á í samkomulagi sem gert var bæði þessi ár, að markmið þessarar endurskipulagningar skuli vera að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna, að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma þ. e. a. s. verðtryggðan lífeyri. Og í þriðja lagi að auka jöfnuð meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta. Þetta eru þau þrjú höfuðatriði, sem eru stefnumarkandi fyrir þá endurskoðun lífeyriskerfisins sem aðilar vinnumarkaðarins, eins og það nú heitir, urðu sammála um í þessum samningum, bæði árið 1976 og 1977. Eini munurinn er sá, að samkv. samkomulaginu 1976 átti þessari endurskoðun að vera lokið þannig að nýtt kerfi gæti tekið gildi í ársbyrjun 1978, en 1977 var löngu séð, að þetta er miklu meira verk en svo að það hefði verið mögulegt og nú var þessi frestur framlengdur til ársins 1980. Þetta var annað atriðið í þessum samningum, þ. e. a. s. stefnumörkun fyrir endurskipulagningu lífeyriskerfisins. En síðan var í öðru lagi bæði árin gert samkomulag til bráðabirgða um meðferð lífeyrismálanna þar til hið nýja lífeyriskerfi gæti tekið gildi, og um það fjalla einmitt þau frv. sem hér eru til umr. núna og hv. síðasti ræðumaður kom inn á. Ég ætla ekki að fara að rekja þessi efnisatriði, þau eru fyrst og fremst í því fólgin að verðtryggja lífeyrinn til þessa fólks og gera hann að öðru leyti betri og meiri með því að breyta þeim útreikningi sem liggur til grundvallar lífeyri hverju sinni.

Hv. 6. landsk gat um að það hefði verulega áunnist í þessum málum og sannarlega er það rétt. Batnað hefur til verulegra muna staða þeirra lífeyrisþega sem njóta þeirra trygginga sem hér um ræðir. Hins vegar skulum við gera okkur ljóst að það nær engan veginn til allra landsmanna, og í mörg ár hefur verið um það rætt og það verið draumur margra að á kæmist lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Þetta er gamalt mál, var einmitt til umr. upp úr 1960. Þegar verkalýðsfélögin sömdu um lífeyrissjóði almennt vorið 1969, þá voru þau satt að segja orðin úrkula vonar um að löggjafarvaldið hefði frumkvæði um að koma þeim lífeyrissjóði á fyrir alla landsmenn sem lengi hafði verið rætt um. Þess vegna sömdu verkalýðsfélögin þá um eigin lífeyrissjóði. Nú er það hins vegar komið í ljós mjög berlega á þeim árum sem síðan eru liðin og flest hafa verið mikil verðbólguár, að sjóðsöfnun á þennan hátt getur verið mjög vafasöm á slíkum verðbólgutímum eins og verið hafa og raunar augljóst að lífeyrissjóðirnir geta ekki með þeim tekjum, sem þeir hafa, staðið undir lífeyrisgreiðslum þegar frá líður og lífeyrisgreiðslur eru komnar með fullum þunga á lífeyrissjóðina. Við höfum fyrir okkur dæmi um hvernig lífeyrissjóðir, sem starfað hafa áratugum saman, eru nú á vegi staddir. Þar er lífeyrissjóður opinberra starfsmanna gleggsta dæmið sem við höfum fyrir okkur í fjárl. núna. Ég man ekki hve mikið það er á annan milljarð sem ríkissjóður verður að greiða núna með þeim lífeyrissjóði til þess að hann geti staðið undir verðtryggðum lífeyrisgreiðslum eins og opinberir starfsmenn hafa.

Sú verðtrygging, sem tekin hefur verið upp með þessum samningum tvennum sem ég hef áður minnst á, 1976 og 1977, getur því aðeins verið til bráðabirgða á meðan greiðslubyrði lífeyrissjóðanna er enn þá alveg í lágmarki. Það eru þeir sem standa undir þessari verðtryggingu. Mér skildist á hv. síðasta ræðumanni, Guðmundi H. Garðarssyni, að ríkisstj. bæri mestar þakkir fyrir það sem hefur verið gert í þessum lífeyrismálum. Vissulega hefur hún átt þarna hlut að máli, en peningarnir til verðtryggingarinnar hafa allir komið frá lífeyrissjóðunum sjálfum til þessara auknu trygginga.

Hv. ræðumaður, Guðmundur H. Garðarsson, minntist á frv. sitt, sem lagt var fram hér á s. l. ári, um Lífeyrissjóð Íslands. Ég er fyllilega sammála um að sú stefna, sem í því frv. felst, þ. e. a. s. það atriði frv. að hafa einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, er að mínu viti rétt. Þetta tók ég greinilega fram í umr. um það frv. í fyrra. Hins vegar tel ég að það sé mjög margt í því frv. sem þyrfti mikillar athugunar við. Það er sem sagt í takt við samkomulagið um markmið endurskipulagningar lífeyriskerfisins sem ég áðan gat um og gert var í marsmánuði 1976. Þessi markmið hvor tveggja fara alveg saman, þar sem segir að samfellt lífeyriskerfi taki til allra landsmanna. Það er að vísu ekki sagt alveg berum orðum að það skuli vera einn lífeyrissjóður, lífeyrissjóður og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, verðtryggðan. Í þessum efnum er ekki um neinar andstæður að ræða, síður en svo. Þarna er stefnt að sama marki. Og það er alveg rétt sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson tók fram áðan, að sú samtrygging lífeyrissjóðanna, sem tekin var upp með samningunum 1976 til þess að standa undir verðtryggingunni, þar sem lífeyrissjóðirnir taka hver um sig að sér að greiða 4% af iðgjöldum hvers árs í þessa samtryggingu, þennan sameiginlega sjóð, það er einnig sannarlega í takt við það markmið sem sett var með samningunum 1976 um endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Það gefur hins vegar auga leið að í þessari samtryggingu láta sumir sjóðir meira af hendi heldur en þeir fá til baka vegna þess hversu aldursskipting er ójöfn í lífeyrissjóðunum. Vil ég geta um dæmi þessa, sem er kannske ekki það dæmi sem sýnir mestan mismuninn, en þó mjög nærri því, að þær 22.3 millj. sem lífeyrissjóður Dagsbrúnar fékk úr þessu kerfi á s. l. ári nægðu ekki til að standa undir þeim verðtryggingum sem sá

sjóður tók á sig. Ég man ekki nákvæmlega, ég held að það hafi verið eitthvað nálægt 12 millj. til viðbótar sem sjóðurinn varð að greiða umfram það, sem hann fékk úr þessum sameiginlega sjóði.

Það, sem felst í þeim frv. sem hér liggja fyrir, er aðallega fernt:

Það er verðtrygging lífeyrissjóðanna sem lífeyrissjóðirnir sjálfir standa einvörðungu undir.

Í öðru lagi er það lagfæring á fritekjumörkunum svonefndu, þ. e. a. s. mörkum á þeim tekjum sem menn mega hafa án þess að tekjutrygging almannatrygginga skerðist. Þetta var hækkað, eins og menn sjá í frv., fyrir einstakling úr 120 þús. í 180 þús. og fyrir hjón úr 168 þús. í 252 þús. Það, sem segja má að framlag ríkisstj. eða ríkissjóðs í þessum efnum varðandi verðtrygginguna sé, er þessi hækkun á fritekjumörkunum, sem út af fyrir sig er ekki nein bein útlát fyrir ríkissjóð, heldur gerir það að verkum að lífeyrissjóðirnir spara kostnað við tekjutrygginguna ekki eins mikið og orðið hefði ef fritekjumörkin hefðu ekki verið hækkuð.

Í þriðja lagi er svo það, að tekið er upp það ákvæði sem búið er að vera í almannatryggingalögum í mörg ár, þ. e. að fólk, sem búið hefur í óvígðri sambúð árum saman, njóti sömu réttinda og um gift fólk væri að ræða. Nú er það svo að þetta kemur enn ekki að gagni nema nokkrum hluta þeirra sem njóta lífeyris úr lífeyrissjóðum eða frá umsjónarnefnd eftirlauna til aldraðra í stéttarfélögum, vegna þess að reglugerðir lífeyrissjóðanna heimila þetta ekki. Allir lífeyrissjóðir innan Sambands almennra lífeyrissjóða, SAL, Alþýðusambandssjóðirnir, sem stofnaðir voru 1970, hafa breytt reglugerðum sínum í samræmi við þetta. Hins vegar eru svo mjög stórir lífeyrissjóðir sem hafa ekki gert þetta enn þá og eru því miður mjög sár dæmi um það, að þetta fólk nýtur ekki þess sem verið er hér að breyta með lögum. Ég vil nefna hér aðeins tvo stóra lífeyrissjóði. Það eru Lífeyrissjóður Sambands ísl. samvinnufélaga og Lífeyrissjóður verslunarmanna. Að svo komnu hafa þessir sjóðir ekki breytt reglugerðum sínum. Vonandi verður það gert mjög fljótlega.

Í síðasta lagi, fjórða lagi, felst svo í þessum frv. ákvæði um hina svokölluðu heimilisuppbót, 10 þús. kr. á mánuði fyrir þá sem búa einir og sér. Hæstv. ráðh. fór hér nokkrum orðum um þetta mál og vandkvæði á framkvæmd sem ég ætla út af fyrir sig ekki að draga úr. En ég tel að þetta ákvæði — og það er augljóst að hér er um að ræða fjármagn sem einvörðungu kemur á almannatryggingarnar eða ríkissjóð, — að þetta ákvæði sé einhver mesta viðurkenningin að vísu ekki upphæðirnar, en viðurkenningin á þörf þessa til einhleyps fólks sem býr eitt sér og er komið á hennan aldur, þetta sé eitthvert mesta réttlætismál og viðurkenning sem gerð hefur verið æðilengi í tryggingamálum. Satt að segja hefur mér löngum fundist einhver dekkstu blettirnir á almannatryggingunum einmitt það, hversu þessu einhleypa fólki er ætlaður lítill hlutur.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál núna, en mæli að sjálfsögðu með að þessi frv. fái greiðan gang gegnum þingið, en vildi aðeins ræða almennt um málin, úr því að hér hófust umr. á annað borð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 19. fundur.

Fimmtudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 6. nóv. 1977.

Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsóknarflokksins í Austurlandskjördæmi, Þorleifur Kjartan Kristmundsson sóknarprestur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Magnús T. Ólafsson,
forseti Nd.“

Ég leyfi mér að bjóða Þorleif Kristmundsson velkominn til starfa á Alþingi.

Rannsókn á djúpækjumiðum fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 31). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Íslensk stafsetning, þáltill. (þskj. 64). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipulag orkumála, þáltill. (þskj. 30). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 30 flyt ég ásamt 12 öðrum þm. Framsfl. till. til þál. um skipulag orkumála. Till. þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að stefna skuli að jöfnun orkukostnaðar um land allt. Í því skyni skal lögð áhersla á að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta og tryggja þannig sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samkeyrslu allra orkuvera og dreifikerfa. Í þessum tilgangi skal stefnt að eftirgreindu skipulagi orkumála:

1. Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki, sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. Ríkissti. taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks rekstrar í einni landsveitu. Aðilar að þessu fyrirtæki og stjórn þess verði ríkissjóður og

landshlutaveitur. Eignarhluti ríkissjóðs skal aldrei vera minni en 50%. Fyrirtækið undirbýr virkjanir og lætur virkja.

2. Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum, sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna. Þær sjá um framkvæmdir sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi rekstrar. Aðilar að slíkum landshlutaveitum og stjórnum þeirra verði sveitarfélögin og landsveitan.

3. Orkustofnun verði ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál og annist upplýsingasöfnun hvers konar um orkulindir þjóðarinnar, geri áætlanir um nýtingu þeirra og annist frumrannsóknir fyrir virkjanir. Orkustofnun veiti landsveitunni og landshlutaveitum nauðsynlega þjónustu."

Eins og fram kemur í grg. með þáltill. þessari byggist hún á samþykkt aðalfundar miðstjórnar Framsfl. vorið 1976, sem undirbúin var af sérstakri n. sem flokkurinn setti á fót haustið 1975 til að ræða og gera till. um skipulag orku mála.

Áður en ég kem nánar að efni till. þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um nokkur grundvallaratriði í orkumálum þjóðarinnar.

Oft er það nefnt að orkan í fallvötnum og jarðvarma sé ein mesta auðlind sem við eigum, og verður það ekki dregið í efa. Talið er að vatnsorkan, sem nýtanleg er, sé nálægt 35 þús. gwst. á ári, en hins vegar mun af hagkvæmniástæðum varla unnt að gera ráð fyrir að nýttar verði fleiri en 28 þús. gwst. á ári. Að öllum líkindum mun það takmarkast þó nokkuð meira af náttúruverndarsjónarmiðum. Ekki hefur enn verið tekin afstaða til nýtingar margra stórra orkulinda, margra fallvatna frá sjónarmiði náttúruvendaraðila. Þetta þarf að sjálfsögðu að gera og mun að öllum líkindum takmarka nokkru meira en ég hef nú nefnt nýtingu vatnsorku landsins.

Varmaorkan er talin vera um 80 þús. gwst. á ári. Hins vegar er það stærð sem er langtum óákveðnari en vatnsorkan, stórum erfiðara að gera sér grein fyrir magni varmaorkunnar. Einnig er nýting varmaorkunnar að ýmsu leyti óákveðnari en nýting vatnsorkunnar. Fer það mjög eftir því til hverra hluta varmaorkan er notuð. Varmaorka nýtist best til upphitunar, t. d. til upphitunar íbúðarhúsa, þar sem má fá fram 80% nýtingu, jafnvel enn betur við sérstakar aðstæður. Hins vegar er varmaorkan nýtt til raforkuframleiðslu, en nýtingin stórum minni, varla yfir 10% nema sérstakar aðferðir séu notaðar, sérstök tækni, sem er þá allkostnaðarsöm, en getur hins vegar vel komið til greina.

Vatnsorka landsins er nokkuð dreifð, en þó mest á tveimur svæðum, þ. e. sunnanlands eða suðvestanlands á Þjórsár- og Hvítársvæðinu, þar sem eru nálægt 16 þús. gwst. á ári virkjanleg orka, og síðan á Norðausturlandi, þar sem þessi tala er í kringum 8 þús. gwst. Önnur stór fallvötn eru þar í nágrenninu, t. d. Jökulsá á Fjöllum með nálægt 2 þús. gwst, ef allt er talið, Blanda með um 1200 gwst., en annað er yfirleitt smærra.

Um varmaorkuna er það að segja, að hún skiptist í fyrsta lagi í lágvarma sem er ekki gufuorka, og síðan í hávarmasvæði sem eru talin um 16 á landinu, og langsamlega mestur hluti af þessari varmaorku er að sjálfsögðu í háhitasvæðunum. Þau fylgja nokkuð jarðfræðilegu eldfjallabelti landsins, þ. e. a. s. frá Suðvesturlandi til Norðausturlands. Sum þeirra eru heldur óaðgengileg, eins og Torfajökulssvæðið, sem er það langsamlega stærsta jafnframt. Slíkt svæði verður að öllum líkindum fyrst og fremst nýtt til orkuframleiðslu.

Af þessari orku allri eru nú nýttar um það bil 3200 gwst. af vatnsafli sem nú eru vélar til að nýta, og er þá Sigalda með 800 gwst. talin með. Þetta eru um það bil 11.5% nýtanlegrar vatnsorku, þ. e. a. s. miðað við 28 þús. gwst., og hef ég þá ekki tekið tillit til að hvaða leyti það kann að vera skorið niður vegna náttúruverndarsjónarmiða.

Nýting jarðvarma er um það bil 3500 gwst. á ári, verg, en líklega fást úr því um það bil 2 þús. gwst. Þar er hins vegar aukning allhröð með hitaveitum sem nú eru í undirbúningi, t. d. á Suðurnesjum og Akureyri, og kann að breytast fljótlega. Engu að síður er ljóst að hér hefur aðeins verið nýttur tiltölulega lítill hluti af þessari miklu auðlind.

Orkuspá hefur verið gerð nokkuð ítarleg frá því í febrúar 1977, og hygg ég að þm. hafi flestir fengið hana. Hún virðist vera vandlega unnin og fróðlegt að skoða hana fram í tímann, en einnig er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig orkunotkun hefur aukist hér á landi á síðustu árum. Er eingöngu átt við raforku í því sem ég segi um það.

Árið 1940 var raforkunotkunin um 50 gwst., 1950 var hún orðin um 200 gwst., þ. e. a. s. aukningin er um 15% á ári hverju, hún fjórfaldast á þessum 10 árum. Árið 1960 er hún orðin um 550 gwst., þ. e. a. s. á þeim áratug, frá 1950—1960, er aukningin um 11%. 1960—1970 verður aukningin úr 550 gwst. í um 1400 gwst., og er það rétt undir 10% meðalaukningu á ári hverju. Árið 1975 er orkunotkunin orðin um 2 295 gwst. Áætlað er að hún verði árið 1980 3 436 gwst., 1985 4 110 gwst., 1990 4 767 gwst., og árið 2000 er áætlað að hún verði um 6 370 gwst. Það er athyglisvert að árleg aukning er áætluð fara minnkandi um 9% á ári fram til 1980, síðan lækkandi niður í um 8 og 7 og 6% og allt niður í 5% undir 1990 og síðan um 4% fram til ársins 2000.

Hér veldur fyrst og fremst tvennt. Bæði er áætlað að markaður til rafhitunar húsa, sem ekki yrði fullnægt með jarðvarma, mettist nokkuð og aukning þar verði tiltölulega minni á síðari árum. Í áætlun er ekki heldur gert ráð fyrir neinum orkufrekum iðnaði að marki, þ. e. a. s. iðnaði eins og áburðarverksmiðju, álverksmiðju, járnblendiverksmiðju, umfram það sem nú er þekkt. En að sjálfsögðu hafa þessi stóriðjufyrirtæki valdið langmestri aukningu í orkunotkun á undanförnum árum. Renna nú um 60% orkumagnsins til slíkra fyrirtækja.

Orkunotkun á hvern íbúa hér á landi er um 10 980 kwst., en er til samanburðar í Noregi 17 800, í Kanada 11 700 kwst. og erum við þriðju í röðinni. Síðan koma lönd eins og Svíþjóð og Bandaríkin rétt fyrir neðan og síðan minnkandi.

Ég vil svo fara fáeinum orðum um orkuverð.

Orkuverð byggist í sambandi við vatnsaflsvirkjanir að mjög verulegu leyti á fjármagnskostnaði við virkjanir, en hann er allbreytilegur eftir stærð og annarri afstöðu, þannig að t. d. Sigölduvirkjun með spennuvirkjum og háspennulínu er talin munu kosta um 20 milljarða ísl. kr., en uppsett afl er um 150 mw., þannig að þar er kostnaður á hvert mw. um 133 millj. kr. Þessi stofnkostnaður getur orðið lægri við enn hentugri virkjanir og talið að hann geti farið niður fyrir 100 millj. kr. fyrir mw. En hann getur einnig auðveldlega orðið langtum hærri, t. d. 300 millj. kr. á mw. við minni virkjanir. Um 85% orkukostnaðar eru fjármagnskostnaður, þ. e. a. s. fastur kostnaður sem breytist ekki eftir því hvort nýting viðkomandi mannvirkis er lítil eða mikil, breytist ekki með því. Aðeins um 10—15% eru breytilegur kostnaður.

Í des. 1976 var verð frá Landsvirkjun um 2.88 kr. á kwst. miðað við 5 þús. stunda nýtingu. Frá öðrum veitum má nefna verð frá Laxárvirkjun 2.73 kr., einnig miðað við 5 þús. stunda nýtingu, Rafmagnsveitur ríkisins með 3.22 kr., og frá Andakílsárvirkjun var þá tvenns konar verð: 2.69 kr. og 3.38 kr., allt miðað við 5 þús. stunda nýtingartíma. Hér ber þó að gæta þess, að þetta verð breytist nokkuð með afhendingarspennu. Frá Landsvirkjun er miðað við afhendingu rafmagns, 132 kw. málspennu. Í dag hefur verðið hækkað nokkuð og mun nú verð á svipuðum grundvelli frá Landsvirkjun vera nálægt 3.50 kr. kwst., þ. e. a. s. miðað við 5 þús. stunda nýtingu og 132 kw. spennu.

Ég vil einnig geta þess, að Landsvirkjun hefur nýlega sett fram verð á svonefndri afgangsorku, — sú orka, sem ég hef hingað til nefnt, mætti nefna forgangsorku, — afgangsorku, sem er á þeim tíma þar sem orkunotkunin er minnst og nýting vélakosts þess, sem fyrir hendi er, léleg, og er það verð nú um 57 aura hver kwst.

Samtenging á orkuverum og orkusvæðum landsins hefur miðað nokkuð áfram síðustu árin og nú síðast tekið eitt stærsta skrefið í því sambandi þegar svonefnd byggðalína til Akureyrar og reyndar lengra austur var tekin í notkun. Má þá segja að Landsvirkjunarsvæðið, því Landsvirkjun setur orku inn á þá línu, sé orðið allt frá Suðurlandi og norður um og farið að nálgast Austurlandið, þannig að fyrst og fremst vantar nú til að ná yfir landið, annað en Vestfirðina, línu frá Mývatni austur á firði og á Suðurlandi austur á bóginn. Þarna hefur því miðað verulega áfram. En hins vegar er, eins og kunnugt er, ekki hafin nein framkvæmd við tengingu Vestfjarða við þetta kerfi.

Raforkuvinnslufyrirtækin í landinu eru talin 14. Stærð þeirra er hins vegar mjög breytileg. Ef litið er á vatnsaflið er Landsvirkjun langsamlega stærsta fyrirtækið. Að meðtalinni Sigölduvirkjun er uppsett afl hjá Landsvirkjun um 428 mw., hjá Rafmagnsveitum ríkisins um 24.3 mw., Laxá 20.5, Andakílsá 7.9, Rafveitu Siglufjarðar 4.9 og annað 6.2 mw. Á þessu er nú hins vegar að verða nokkur breyting þar sem Orkubú Vestfjarða er orðið að veruleika og hefur tekið við eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum. Mun vatnsafl það, sem Orkubú Vestfjarða hefur til ráðstöfunar, verða í kringum 11 mw. Landsvirkjun ræður þannig yfir um 87% uppsetts vatnsafls á landinu, Rafmagnsveitur ríkisins rétt undir 5% — þá er að vísu meðtalið það sem Orkubú Vestfjarða hefur nú tekið við, Laxárvirkjun um 4.16%, Andakílsá 1.6%, Rafveita Siglufjarðar um 1.0%, og Orkubú Vestfjarða verður með um 2.3% uppsetts vatnsafls.

Ég hef nú reynt að rekja í sem stystu máli megingrundvallaratriði í sambandi við orkuforða og orkuöflun í þessu landi. Um það mætti hafa miklu lengra mál, en fyrir þá, sem vilja kynna sér það sérstaklega, má benda á ágætt rit Orkustofnunar um orkumál, sem kemur út reglulega, og ýmis fleiri gögn sem fyrir liggja um orkubúskap landsmanna.

Ég vil þá snúa mér að þeirri till. til þál. sem hér liggur frammi.

Segja má að till. okkar sé þríþætt í aðalatriðum. Í fyrsta lagi fjallar hún um dreifingu orkunnar innan landshluta og sölu orkunnar. Í öðru lagi fjallar hún um framleiðslu orkunnar og dreifingu til landshlutanna, þ. e. a. s. háspennudreifingu orkunnar. Og í þriðja lagi fjallar hún um undirbúning og rannsóknir á orkusviðinu.

Um dreifingu innan landshluta vil ég segja þetta: Ýmislegt bendir til þess að hagkvæmast sé að sameina dreifingu og sölu orkunnar innan eins landshluta eins og landfræðileg mörk frekast leyfa.

Í fyrsta lagi getur samstillt stjórn á slíkri dreifingu með ýmsu móti komið til leiðar bættri nýtingu þeirrar orku sem tekið er við frá landsveitu, t. d. með því að nýta orkuna þegar hentar til upphitunar í fjarkyndistöðvum eða til þess að dreifa álaginu á milli fyrirtækja, þannig að nýtingartíminn verði sem lengstur. Þannig má að sjálfsögðu lækka heildsöluverðið, því að heildsöluverðið breytist hjá t. d. Landsvirkjun með lengdum nýtingartíma.

Okkur finnst eðlilegt að stjórn slíkrar landshlutaveitu verði í höndum heimamanna sjálfra, en þó komi þátttaka hins opinbera þar inn í, þannig að samræming verði með rekstri slíks fyrirtækis og t. d. rekstri landsveitu.

Rafveiturnar í landinu voru í des. 1976 taldar 24. Á þessu hefur orðið nokkur breyting nú. Orkubú Vestfjarða hefur verið stofnað og þar hafa runnið saman strax tvær rafveitur sem starfandi voru á Vestfjörðum, auk starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins, og væntanlega mun þriðja rafveitan þar fljótlega sameinast Orkubúi Vestfjarða.

Við teljum yfirgnæfandi rök hníga að því, að rétt sé að öflun og háspennudreifing orkunnar sé á einni hendi. Eins og ég hef áður nefnt, er fjármagnsskortur við virkjanir gífurlega mikill og langstærsti liðurinn í orkuverði. Fjármagn þetta er hægt að nýta stórum betur með því að samræma framkvæmdir fyrir landið allt. T. d. getur fjármagnsfrek framkvæmd komist stórum fyrr í full afköst og þannig nýst betur með stærri markaði sem að sjálfsögðu fæst með samtengingu og sameinuðum rekstri fyrir landið allt. Einnig er hægt að nýta einstakar virkjanir stórum betur með tilliti til þess, að aðstaða er mjög breytileg milli virkjana. Sumar virkjanir eru svokallaðar rennslisvirkjanir, sem nýta vatnið eins og það rennur, án þess að aðstaða sé fyrir

hendi til þess að safna því saman til hentugri tíma, tíma þar sem meiri orkuþörf kann að vera. Dæmi um slíka virkjun má nefna virkjun Laxár í Þingeyjarsýslu. Aðrar virkjanir hafa hins vegar meiri miðlunarmöguleika, geta m. ö. o. geymt vatnsaflið. Þær eru því miður ekki nægilega margar og stórar hér á landi, en færast þó í vöxt. Miðlun við Þjórsárvirkjanir hefur verið stóraukin, sérstaklega með miðlunarmöguleikum í Þórisvatni. Í mörgum tilfellum getur verið hentugt og nánast nauðsynlegt að geta flutt orku frá rennslisvirkjunum, sem hvort eð er þurfa helst að ganga, en stöðva þá þær virkjanir, sem hafa miðlunarmöguleika, og gefa þeim þannig tækifæri að safna vatnsforða til þess tíma þegar orkuþörfin verður meiri. Þetta atriði er mjög mikilvægt og ákaflega stórt í allri hagkvæmni í rekstri vatnsaflsstöðva. Ég nefndi áðan að unnt getur verið að virkja stærra, og hagkvæmni þar er fyrst og fremst fólgin í því að stærri virkjanir eru yfirleitt ódýrari, það þarf ekki alltaf að vera, en yfirleitt eru þær ódýrari fyrir hvert mw. af uppsettu afli, en þá er forsendan að unnt sé að nýta þá miklu fjárfestingu á viðunandi tíma.

Í fjórða lagi vil ég nefna öryggi í sambandi við rekstur orkukerfisins. Með samtengingu þess og samræmdum rekstri á að geta náðst aukið öryggi. Að vísu þarf þá að fylgja slíkum rekstri að virkjað sé sem víðast um landið, því að stofnlínur geta verið varasamar að sjálfsögðu, a. m. k. ef þær eru ekki því öflugri og þá tvær eða fleiri til sama svæðis. En engu að síður á skynsamlegur samrekstur að leiða til meira öryggis.

Þá vil ég í fimmta lagi nefna að með þessu móti er auðveldast að koma við verðjöfnun á milli landsmanna. En við, sem þessa till. flytjum, teljum það markmið út af fyrir sig að landsmenn sitji allir við sama eða svipað verð með tilliti til raforkunnar. Verðjöfnun í heildsölu á að vera auðveld með slíkum samrekstri öflunarfyrirtækja eða sem sagt öflun á einni hendi.

Og í sjötta og síðasta lagi vil ég leggja mikla áherslu á að með þessu móti sameinast á eina hönd reynsla og þekking sem er ákaflega mikilvæg við allar framkvæmdir á þessum sviðum. Framkvæmdir eru mjög kostnaðarsamar, oft flóknar, og þar þarf að vera fyrir hendi veruleg þekking og reynsla ef vel á að fara. Raforkuvinnslufyrirtækin í landinu eru nú talin vera 14 talsins. Þau stærstu hef ég þegar nefnt, og eins og ég nefndi í því sambandi, þá er Landsvirkjun langsamlega stærst af þessum fyrirtækjum og mun nú vera með um 87% af uppsettu afli, en allar hinar fyrir neðan 5%. Stundum hefur því verið hreyft, að erfitt kynni að vera að sameina þessi fyrirtæki. Við teljum ekki svo vera. Við vekjum athygli á ákvæði í lögum um Landsvirkjun sem heimilar Laxárvirkjun að ganga inn í Landsvirkjun ef óskað er. Sú heimild er enn fyrir hendi og er sjálfsagt að á hana reyni, ef hv. Alþ. er því sammála að stefna beri að þessu samræmda skipulagi. Rafmagnsveitur ríkisins, sem eru næststærsti aðilinn, eða voru það áður en Orkubúið fékk nokkrar virkjana þeirra, ætti að sjálfsögðu að vera í hendi ríkisins að sameina Landsvirkjun. Ef þetta tvennt næst, þ. e. a. s. Rafmagnsveitur ríkisins og Laxárvirkjun sameinast Landsvirkjun, er málið í raun og veru unnið. Þá eru á einni hendi komin 97% af uppsettu vatnsafli í landinu og raunar skiptir annað þá engu máli. Jafnvel má færa að því rök, að það skipti sáralitlu máli þótt Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafveita Siglufjarðar og annað slíkt kysu að starfa sjálfstætt. Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins ráða yfir meira en 90% af uppsettu afli, og ef þeirri stefnu yrði fylgt hér eftir, að hið opinbera veitti aðeins þessu fyrirtæki virkjunarleyfi, sjá allir í hendi sér að þá er raunar megintilgangi þessa máls náð: að ná allri meginraforkuvinnslunni í landinu á eina hönd. Þetta dæmi er því satt að segja miklu auðveldara en í fljótu bragði kann að virðast og ekki ástæða til að mikla þennan vanda fyrir sér.

Við teljum að stjórn umræddrar landsveitu ætti að vera blönduð af fulltrúum ríkisvaldsins og fulltrúum landshlutaveitna. Við leggjum á það ríka áherslu, að landshlutaveitur eigi aðild að þessari stjórn, og við teljum það mikilvægt, að heimamenn verði þannig þátttökuaðilar ekki aðeins í dreifingu raforkunnar innan síns landshluta, heldur einnig í öflun hennar.

Í þessu sambandi hef ég ekki nefnt að neinu ráði sölu til orkufreks iðnaðar. Ég vil aðeins skjóta því inn hér, að það ætti að mínu mati að sjálfsögðu að vera á hendi slíkrar landsveitu, og ég get einnig lýst þeirri skoðun minni, að sala til orkufreks iðnaðar ætti að vera með sama verði og til annarra sem kaupa raforku í heildsölu hér á landi, að sjálfsögðu tekið tillit til nýtingartíma og annarra aðstæðna, en allir ættu að hafa aðgang að orku með sömu kjörum. Þessu verður fyrst og fremst að ná með einni landsveitu, og eru það raunar enn ein rökin fyrir því skipulagi.

Í þriðja lið leggjum við til að Orkustofnun verði ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál og annist upplýsingasöfnun o. s. frv. Við teljum eðlilegt að til sé ríkisstofnun sem geti veitt nauðsynlegar upplýsingar bæði ríkisstj. og Alþ. við alla ákvarðanatöku á þessu sviði. Einnig teljum við eðlilegt að innan slíkrar stofnunar sé safnað saman þeim rannsóknaaðilum, þeim sérfræðingum, sem á þessu sviði starfa, eins og frekast er unnt, og þannig sé fyrir hendi á einum stað, í einu ríkisfyrirtæki sú þekking sem er nauðsynleg til þess að undirbúa vel virkjanir, hvort sem um er að ræða vatnsaflsvirkjanir eða jarðvarmavirkjanir.

Ég get aðeins getið þess, að erlendis er skipulag að þessu leyti nokkuð breytilegt. Á Norðurlöndunum, t. d. í Noregi, eru starfandi mjög mörg fyrirtæki á sviði orkuöflunar. Þau risu upp mjög skipulagslaust á sínum tíma, bæði vegna einkaleyfa til virkjana, sem norsk stjórnvöld veittu allt frá síðustu aldamótum og jafnvel fyrr, og til virkjana einstakra sveitarfélaga, þannig að þessi orkuöflunarfyrirtæki eru ákaflega mörg. Hins vegar hófu Norðmenn að kanna þessi mál fyrir alllöngu og komust að þeirri niðurstöðu, að samræmdur rekstur þessara fyrirtækja væri ákaflega nauðsynlegur. En með tilliti til þess, hve þetta skiptist á fjölmargar hendur í Noregi og ekki neinn einn aðili svo afgerandi eins og hjá okkur, treystu Norðmenn sér ekki

til að sameina þennan rekstur þar í eitt fyrirtæki, en tóku þann kostinn að setja yfir þennan rekstur í Noregi sérstakt ríkisfyrirtæki, samkeyrslufyrirtæki, sem hefur mikil völd til þess að samræma og raunar skipa fyrir um rekstur orkuöflunarfyrirtækja í landinu. Ég held að ljóst hljóti að vera, að þetta er nánast neyðarráðstöfun, og ég legg á það áherslu, að hjá okkur er sem betur fer ástandið að þessu leyti ekki orðið það sama og var í Noregi þegar Norðmenn vildu kippa þessu í lag. Eins og ég hef bent á er orkuöflunin hér fyrst og fremst á einni hendi og því auðvelt um vik að taka upp það skipulag sem hentugast er. Annars staðar hefur hins vegar skrefið verið stigið þrátt fyrir erfiðleika og slíkur rekstur sameinaður. Má í því sambandi nefna Bretland.

Hér á hinu háa Alþ. hefur þessum málum oft verið hreyft. Ég ætla ekki að fara að rekja það langt aftur í tímann, en ég vil minna á þáltill. sem lögð var fram í tíð vinstri stjórnarinnar síðustu um þessi mál, 1972 minnir mig, þar sem gerð var tilraun til að marka ákveðna stefnu í skipulagi orkumála. Sú till. var ekki afgreidd, enda hygg ég að mönnum hafi orðið ljóst, að þar var ekki gengið nægilega langt og þessi mál þurfti að skoða töluvert nánar. Síðan hafa verið fluttar hér þáltill. bæði um skipulag orkumála af ýmsum þm. á síðasta þingi og einnig um orkumálin mjög almennt af þm. Alþb. Þessi mál hafa þannig verið hér mjög til umr. upp á síðkastið og reyndar einnig mjög í sambandi við einstakar framkvæmdir, eins og t. d. Kröflu o. fl. Okkur hefur virst vera hér mjög ákveðinn vilji til þess að skipa þessum málum í ákveðið horf. Það hefur komið fram í umr. um þessi mál öll. Hæstv. iðnrh. hefur einnig sýnt vilja sinn til þess að skipa þessum málum og kanna þessi mál.

Hæstv. ráðh. setti á s. l. vori á fót n. til að skoða orkumálin á mjög breiðum grundvelli. Sú n. hefur starfað töluvert og hefur aflað sér mjög víðtækra upplýsinga þegar, rætt við fjölmarga aðila sem tengdir eru orkumálum þjóðarinnar. Sú n. á að sjálfsögðu einnig að athuga skipulag orkumála. Ég tel fyrir mitt leyti að sú till., sem hér er lögð fram, hindri á engan máta starfsemi þeirrar n. Hér er fyrst og fremst um rammaskipulag orkumála að ræða. Að sjálfsögðu á eftir að vinna það miklu ítarlegar en hér er gert, og til þess þarf nákvæma athugun. Mér sýnist því að með samþykkt slíkrar þáltill. yrði starfsemi n. einmitt verulega auðveldað. Hún hefði þá viljayfirlýsingu frá hinu háa Alþ. og gæti þá beint starfsemi sinni að skipulagi orkumála innan þessara marka. Það er því von flm. þessarar till. að samþykkt hennar verði til þess að flýta mjög skipulagi orkumála, þ. e. a. s. flýta mjög viðunandi skipulagi í þessum ákaflega mikilvæga málaflokki.

Herra forseti. Ég tel mig hafa fært rök fyrir því, að skipa eigi orkumálum eins og lagt er til í till. til þál. á þskj. 30. Ég hef fært rök fyrir því, að með því móti má ná stórum meiri hagkvæmni, bæði á framkvæmdum á sviði orkumála, í rekstri og þá að sjálfsögðu lægra orkuverði. Ég hef fært rök fyrir því, að nauðsynlegt er að nýta þessar orkulindir eins og hagkvæmast má vera, og við flm. þessarar till. teljum, að með slíku skipulagi verði stigið mikilvægt skref í þá átt að allir landsmenn geti haft aðgang að nægri orku, öruggri orku og ódýrri orku.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég er sammála hv. flm. þessarar till., sem hér er til umr., að skipulag orkumála er í molum. Nauðsyn þess að skipulag raforkumála sé tekið til endurskoðunar með hliðsjón af breyttum aðstæðum hefur lengi legið ljós fyrir og fyrir löngu orðið tímabært að þessi mál væru tekin föstum tökum. Breyttar aðstæður hafa m. a. skapast við þá samtengingu raforkukerfanna, sem fyrir voru, og það er ekki hvað síst samtengingin, sjálfsögð samtenging allra landshluta í eitt raforkukerfi, sem kallar á það að einn aðili annist samrekstur þeirra virkjana sem hér á landi eru, einn aðili taki ákvarðanir um virkjunarrannsóknir og byggingu nýrra virkjana og loks að einn aðili sjái til þess að orkan verði tiltæk á sama heildsöluverði um land allt.

Stærstu ágallarnir á núverandi skipulagi eru einmitt þeir, að orkan er seld á mismunandi verði og misréttið er þannig í dag, að mjög víða úti um land er orkan seld á 50% hærra verði en t. d. hér á Landsvirkjunarsvæðinu. Allt of margir aðilar fást við sjálfstæða orkuöflun og orkurannsóknir. Þar er um að ræða bæði Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Kröflunefnd og ýmsa smærri aðila, svo sem Skeiðsfossvirkjun.

Það hefur lengi legið ljóst fyrir, að þessum málum yrði að breyta, og árið 1972 skipaði þáv. iðnrh. sjö manna n. til að gera till. um skipan orkumála. Í till. n., sem lagðar voru fram í þinginu á sínum tíma, var gert ráð fyrir að stefnt yrði að því að eitt fyrirtæki annaðist þessi mál, en hins vegar var við það miðað að því takmarki yrði náð í áföngum og fyrsti áfanginn var sá að komið yrði upp landshlutafyrirtækjum. Er þá gert ráð fyrir að í síðari áfanga yrði um að ræða sameiningu.

Ég tel að þessi áfangaaðferð geti vissulega orkað tvímælis. Þó má kannske segja að slík leið sé óneitanlega spor í rétta átt. En hættan er sú að þróunin gangi ekki alla leið að settu marki, heldur staðni málin á miðri leið, landshlutafyrirtækin festi sig í sessi og verði að varanlegum stofnunum. Ef svo færi, þá tel ég satt að segja að verr væri af stað farið en heima setið.

Þessi þáltill. var ekki samþykkt á sínum tíma, enda var hún seint fram komin, og hún var ekki lögð fyrir Alþ. aftur.

En það er skemmst frá að segja, að í tíð núv. ríkisstj. hefur bersýnilega stefnt til vaxandi ringulreiðar og skipulagsleysis á þessu sviði, án þess að nokkur markviss tilraun hafi verið gerð til að koma á samræmdu skipulagi raforkumála. Nefndir hafa verið stofnaðar í hinum ýmsu landshlutum til þess að fjalla um þessi mál, og þær hafa komist að mjög ólíkum niðurstöðum. Þannig eru þær till., sem lágu fyrir um orkukerfi Vestfjarða, gjörólíkar till. um Norðurlandsvirkjun, sem nefnd á Norðurlandi hefur undirbúið, og till. um skipun raforkumála á Austurlandi, sem undirbúnar voru af n. sem ráðh. skipaði, voru með þriðja fyrir-

komulaginu. Og ég hef ekki orðið var við það, að hæstv. ráð. hafi haft uppi neina tilburði til þess að móta samræmda stefnu í þessum málum, heldur hefur þvert á móti verið stefnt að mjög mismunandi fyrirkomulagi í hinum ýmsu landshlutum og þar með stefnt að vaxandi glundroða.

Eitt frv. um þessi efni hefur verið samþykkt í tíð núv. ráðh., en það eru lög um Orkubú Vestfjarða. Nú skal ég að vísu taka það fram, að lög um Orkubú Vestfjarða hafa ýmsa kosti sem ekki er hægt að vanmeta, m. a. þann kost að þar er verið að sameina ýmsar smærri rafveitur sem þurftu sameiningar við og þar er verið að taka á jarðvarmamálum með talsvert athyglisverðum hætti. Ég tel það hins vegar aðalgallann á lögum um Orkubú Vestfjarða, að Orkubúið verður sjálfstæður virkjunaraðili sem á að hafa uppi sjálfstæðar virkjunarrannsóknir. Ég tel að engum sé greiði gerður með slíku skipulagi, hvorki Vestfirðingum né öðrum landsmönnum. Ég vil láta þess getið í þessu sambandi, að þegar lög um Orkubú Vestfjarða voru til afgreiðslu hér í þinginu flutti ég í Ed. svofellda brtt., að aftan við frv. kæmi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Stefnt skal að því að endurskipuleggja skipan raforkumála á landinu öllu með það fyrir augum, að allir landshlutar tengist saman í eitt orkuveitusvæði, en ein samstarfsstofnun ríkis og sveitarfélaga annist virkjunarrannsóknir og taki ákvarðanir um nauðsynlegar virkjanir og selji jafnframt rafmagn í heildsölu til dreifingaraðila á sama verði um land allt. Meðan þessi skipan raforkumála er ekki orðin að veruleika, annast Orkubú Vestfjarða virkjunarrannsóknir og byggingu og rekstur raforkuvera á Vestfjörðum, en með nýrri skipan raforkumála skal ráðh. beita sér fyrir endurskoðun þessara laga.“

Sams konar till. var borin fram í Nd. af hálfu okkar Alþb.-manna. Hér kemur fram sú afstaða, að við erum í sjálfu sér ekki andvígir því að Orkubú Vestfjarða sé sett á stofn, ef það er gert með ákveðið heildarmarkmið í huga og við það miðað að stofnun Orkubúsins sé aðeins skref í ákveðna átt til samræmds skipulags.

Þessi afstaða okkar Alþb.-manna hefur lengi legið fyrir og hefur verið sett fram á undanförnum árum í ýmsum till. af okkar hálfu. Ég vil sérstaklega láta hér getið um stefnumótun okkar Alþb.-manna í orkumálum sem gerð var á flokksráðsfundi okkar haustið 1976, en þá fjölluðum við með ítarlegum hætti um allar hliðar orkumála, gáfum út bæði stefnuyfirlýsingu um þau mál og mjög ítarlega grg. ásamt fskj. þar sem gerð var grein fyrir flestum atriðum þessara mála sem taka verður tillit til. Þetta var 200 bls. bók sem kom út þá um haustið og vakti talsvert mikla athygli. Í þessari stefnuskrá okkar í raforkumálum segir m. a., með leyfi forseta:

„Eitt fyrirtæki opinberra aðila annist raforkuvinnslu og flutning raforku um landið og selji hana í heildsölu á sama verði til dreifiveitna hvar sem er á landinu. Tryggð verði eðlileg áhrif einstakra landshluta í stjórn fyrirtækisins. Jarðvarmaveitur, dreifikerfi og smásala með raforku og jarðvarma til notenda getur verið í höndum sveitarfélaga og/eða ríkisins eftir samkomulagi. Jafnrétti allra landshluta verði tryggt hið fyrsta varðandi orkuver um öryggi og raforkuöflun með samtengingu orkuveitusvæða, skynsamlegri dreifingu virkjana, nægu varaafli, styrkingu og fjölgun flutningslína og sem bestu dreifikerfi í þéttbýli og strjálbýli.“

Þessu til viðbótar er rétt að nefna till. okkar Alþb.-manna sem flutt var hér á Alþ. í fyrravetur, en það var till. sem má segja að hafi byggst í grundvallaratriðum á þessu nál. sem ég nú var að vitna í, og þar var kannske enn glöggar komist að orði um það, hvernig halda ætti á þessum málum, vegna þess að þar er beinlínis lagt til að um verði að ræða samruna Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og annarra stórra orkufyrirtækja. Ég tel því rétt að ég lesi þá till., með leyfi forseta, en hún var svo hljóðandi, — ég les aðeins seinustu mgr. till. því að aðrir liðir till. koma ekki þessu máli við, en seinasti liðurinn var þannig orðaður:

„Stefnt verði að samruna Landsvirkjunar, Laxárvirkjunar og annarra stórra orkufyrirtækja í eitt orkuöflunarfélag, Íslandsvirkjun, er annist byggingu virkjana, samrekstur allra helstu orkuvera landsins og selji jafnframt orkuna á sama verði um allt land til dreifingaraðila. Íslandsvirkjun skal starfrækt í deildum eftir landshlutum með þátttöku allra sveitarfélaga til að tryggja eðlileg áhrif heimamanna í stjórn hennar.“

Ég hef talið rétt að gera hér skýra grein fyrir stefnumörkun okkar Alþb.-manna á þessu sviði og rekja þær till. sem við höfum komið fram með. Þessum till. til viðbótar er rétt að benda á till. um sama efni sem hv. þm. Magnús Kjartansson hefur flutt hér í þinginu og mun vafalaust mæla fyrir innan tíðar, en hún gengur nákvæmlega í sömu átt. Ég vil lýsa því yfir, að ég fagna till. þeirra framsóknarmanna vegna þess að ég tel að þessi tillöguflutningur sýni að hér á Alþ. er mikill meiri hl. fyrir endurskipulagningu þessara mála í þá átt sem allar þessar till. gera ráð fyrir.

Ég vil í þessu sambandi aðeins nefna hér skipulag raforkuframkvæmda við Kröfluvirkjun, bæði vegna þess að hv. 1. flm. till. nefndi það mál áðan og vegna þess að ég hef talsvert hugleitt þau mál. Ég tel að þar sé um og ræða einn angann af þessu margþætta vandamáli. Eins og kunnugt er var á sínum tíma ákveðið að þrír sjálfstæðir aðilar önnuðust það verk að byggja Kröfluvirkjun og koma orkunni frá henni inn á flutningskerfið. Í fyrsta lagi var þar um að ræða Orkustofnun sem annast hefur gufuöflunina, í öðru lagi Kröflunefnd sem annast hefur byggingu orkuversins og í þriðja lagi Rafmagnsveitur ríkisins sem annast hafa byggingu flutningsvirkja. Ég tel að viss rök hafi verið fyrir því á sínum tíma að standa þannig að málum að fela þessum þremur aðilum framkvæmd verksins, þótt ég viðurkenni að um þau rök megi deila. En mér virðist að hitt sé aðalatriðið og atriði sem ætti að vera öllum ljóst, að nú þegar framleiðsla orku frá Kröfluvirkjun er rétt í þann veginn að hefjast,

þá er mjög illt til þess að vita að ekki skuli enn vera búið að koma skipulagsmálum virkjunarinnar í viðunandi horf. Ég persónulega tel að það sé löngu kominn tími til að mál Kröfluvirkjunar séu lögð í hendur þeim aðila sem ætlast er til að reki þessa virkjun í framtíðinni, og meðan nýju skipulagi hefur ekki verið komið á í orkumálum tel ég langeðlilegast, að þessi aðili sé Rafmagnsveitur ríkisins. Rafmagnsveitur ríkisins annast dreifingu raforku á öllu Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum, nema á Akureyri og í nágrenni, og Rafmagnsveitur ríkisins reka þar að auki margar stórar og smáar virkjanir. Því á það að vera fremur auðvelt fyrir Rafmagnsveiturnar og langhandhægast af öllum þeim aðilum, sem til greina koma, að fella framleiðslu Kröfluvirkjunar inn í rekstrarkerfi sitt. Ég vil taka það fram, að ég hef ekki legið á þessari skoðun minni í viðræðum við hæstv. iðnrh. og hef margoft hvatt hann til að taka þessi mál fastari tökum en gert hefur verið, því að ég tel að það sé alls ekki forsvaranlegt, að þessum málum sé ekki hið fyrsta komið í varanlegt horf. Hæstv. ráðh. hefur hins vegar ekki mér vitanlega gert neinar ráðstafanir enn sem komið er til þess að breyta skipulagi þessara mála við Kröflu. Þess vegna hefði verið mjög æskilegt að fá að vita hverjar eru ráðagerðir hans. En líklega er til lítils að bera slíkar spurningar upp nú, þar sem því miður er ráðh. ekki viðstaddur, sem þó hefði að sjálfsögðu verið æskilegast og eðlilegast.

Ég þarf svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Í samræmi við það, sem ég hef hér sagt um stefnumörkun okkar Alþb.-manna á mörgum liðnum árum, þá tel ég að till. þeirra framsóknarmannanna sé eindregið mjög jákvætt innlegg til þessara mála, og ég er sem sagt sannfærður um það, að þegar hefur skapast meiri hl. hér á Alþ. fyrir því, að skipulagi raforkumála verði komið í viðunandi horf.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er vissulega um mikilsvert mál að ræða og mér þykir miður að hætv. iðnrh. skuli ekki vera viðstaddur þessar umr., því að ég geri ráð fyrir að hann vilji koma á framfæri einhverjum sjónarmiðum að því er orkumálin varðar. Ég vil því eindregið beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann ljúki ekki þessari umr. án þess að hæstv. iðnrh. eigi þess kost a. m. k. að segja álit sitt að því er þetta mál varðar.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál hér. En ég vil fyrst segja það, að mér kemur nokkuð einkennilega fyrir sjónir að 1. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, á sæti í stjórnskipaðri n. sem á að gera till. um skipan orkumála í landinu. Ég segi þetta vegna þess að persónulega finnst mér þetta óeðlilegt og í öðru lagi vegna þess að ég á einnig sæti í n. sem kosin var á Alþ. á sínum tíma og fékk heitið Byggðanefnd, og hún er undir forsæti þessa hv. þm., Steingríms Hermannssonar. Ég veit ekki betur en hann hafi talið það alla tíð heldur óviðeigandi og latt menn þess að leggja fram eða standa að málum sem þessari n. væri ætlað að gera till. um, áður en n. sem slík hefði sagt sitt orð þar um. (Gripið fram í.) Já, mönnum virðist vera orðið brátt sumum hverjum. En eigi að síður þurfa menn að hafa í heiðri eðlileg vinnubrögð, hvað sem því líður. Ég vil koma því hér á framfæri, að mér finnst þetta heldur óæskileg vinnubrögð hver sem í hlut á.

Ég vil í öðru lagi taka undir það sem segir hér í ályktuninni: „Alþingi ályktar að stefnt skuli að jöfnun orkukostnaðar um land allt.“ Um þetta hygg ég að enginn ágreiningur sé. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að vekja athygli á því, að nú er verulegur mismunur í þessum efnum í landinu, og því er þetta ákvæði að ég held, atriði sem allir geta tekið undir.

En það, sem ég vildi fyrst og fremst segja í sambandi við þessa till., er að hún fjallar einungis um raforku. Eins og hér hefur verið minnst á, voru á síðasta Alþ. samþykkt lög um Orkubú Vestfjarða og í þeim lögum er það nýmæli, að þar er ekki einungis um raforku að ræða, heldur einnig gert ráð fyrir hitaveitum og kyndistöðvum. Mér finnst því að við fyrstu athugun komi þessi þáltill., sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson og einnig hv. þm. Gunnlaugur Finnsson standa að, en stóðu að samþykkt Orkubúsins á öllum stigum, heldur á skakk við þau lög. A. m. k. er hér um að ræða einvörðungu þá hugsjón að koma jöfnun orkukostnaðar á að því er varðar raforku. Vel má vera, að þessir hv. þm. telji Orkubúið einn þátt í þessum efnum, það skal ég ekki um segja, en fyrir mínum augum er þetta að nokkru leyti á skakk við þau lög sem þeir sjálfir stóðu að.

Ég held að ég muni það rétt, að í viðtali við eitt dagblaðið ekki alls fyrir löngu hafi hv. þm. Steingrímur Hermannsson gert ráð fyrir því, að yrði þeirri skipan komið á sem hér er gert ráð fyrir, yrði hinum svokölluðu landshlutafyrirtækjum stjórnað af höfuðstöðvunum hér syðra. Að því er Orkubúið varðar er þetta allt annað. Þar er þeim málum stjórnað heima í héraði. Sé þetta rétt munað hjá mér, sem ég vil ekki á neinn hátt fullyrða, — en ef það er ekki, þá verður það væntanlega leiðrétt hér á eftir, — þá er þetta á annan veg en gert er ráð fyrir að því er Orkubú Vestfjarða varðar.

Ég held sem sagt að það væri nauðsynlegt, einnig til upplýsinga, að hæstv. iðnrh. fengi til þess tækifæri að tjá sig um þessa till., ekki kannske síst vegna þess að hér standa að flutningi slíkrar till. einstaklingar sem jafnframt hafa verið til þess skipaðir að gera heildartillögur um skipan orkumála í nafni stjórnvalda.

En ég vil sem sagt ítreka þá ósk mína til hæstv. forseta, að hann ljúki ekki þessari umr. fyrr en hæstv. iðnrh. hefur gefist kostur á að tjá sig um þetta mál.

Umr. frestað.

Tónmenntafræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 59). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Á þskj. 59 berum við 6 þm. fram till. til þál. um tónmenntafræðslu í grunnskóla. Þeir eru, auk mín, Friðjón Þórðarson, Tómas Árnason, Sig-

hvatur Björgvinsson, Jónas Árnason og Magnús T. Ólafsson. Þessi till. er hér endurflutt. Hún var borin fram í Nd. í fyrra, á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga, þurfti að fara í gegnum báðar deildir og dagaði uppi á síðasta degi eða réttara sagt síðustu nótt þingsins í fyrravor, er þingi lauk, illu heilli, því að þessi till. hafði fengið mjög jákvæðar undirtektir hér á hv. Alþ. Enn fremur höfðu borist um hana jákvæðar umsagnir frá Skólastjórafélagi Íslands og Félagi ísl. tónmenntakennara. Till. í því formi, sem hún er nú, verður hér lesin upp, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að hún hlutist til um að hafinn verði nú þegar af hálfu menntmrn. skipulegur undirbúningur að tónmenntafræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins, þar sem engin slík fræðsla er veitt nú og verður ekki við komið með venjulegum lögbundnum hætti. Áhersla verði lögð á að tengja starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntafræðslu grunnskólanna.

Þá verði og tónmenntafræðsla felld sem valgrein inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands til viðbótar námskjarna."

Ég gerði allítarlega grein fyrir þessari till., er við bárum hana fram í fyrra, og þarf því ekki að hafa langt mál um hana nú. Ég vil þó vekja sérstaka athygli á þeirri viðbót sem nú er komin inn í till. í niðurlagi hennar, en það er sú mgr. sem víkur að því að tónmenntafræðsla verði felld sem valgrein inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands til viðbótar námskjarna. Sannleikurinn er sá, að það ömurlega ástand, sem ríkir í þessum málefnum innan grunnskólans í dag, á ekki hvað síst rætur að rekja til kennaraskorts í tónmennt. Það er ákaflega hæg framleiðsla svokallaðra tónmenntakennara frá tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. Frá því að hún tók til starfa árið 1959 hefur hún útskrifað aðeins 70 kennara, og starfandi tónmenntakennarar við grunnskóla alla á landinu munu nú um 70—80 talsins, en grunnskólarnir eru hins vegar um 225. Í grg. kemur fram, að af þessum 225 grunnskólum á öllu landinu eru 60 skólar, sem veita ekki neina tónmenntafræðslu, og þar að auki allmargir til viðbótar, þar sem þessari fræðslu er mjög svo ábótavant og varla nema nafnið tómt. Ég hygg að þarna verðum við að gera átak til úrbóta, og ég sé ekki aðra leið vænlegri heldur en einmitt þessa, að stuðla að því að framleiðsla tónmenntakennara aukist allverulega frá því sem nú er.

Eins og ástandið er í dag er að vísu tónmenntafræðsla veitt kennaraefnum í Kennaraháskóla Íslands, en þessi fræðsla er mjög af skornum skammti. Kennaraefnin fá tónlistarfræðslu í námskjarna tvær vikustundir í eitt ár. Auk þess eiga þeir að vísu kost á einhverju þar til viðbótar á öðru og þriðja ári, þeir sem áhugasamastir eru. Við flm. teljum að ef þessari fræðslu kennaraefna væri komið í fastara form og þeir ættu völ á fastmótaðri kennslu sem valgrein samkv. námsskrá, þá mundu mun fleiri kennaraefni laðast að þessari námsgrein og þar með mundi tónlistarvandi grunnskólanna leysast a. m. k. að nokkru leyti.

Það þarf ekki að taka það fram að þessir 60 skólar, sem fara algerlega á mis við tónmenntafræðslu, eru auðvitað skólarnir úti í dreifbýlinu. Það eru heilar sýslur á Íslandi í dag þar sem grunnskólarnir veita í engum skólanum neina fræðslu á þessu sviði. Og sannleikurinn er sá, að síðan gamla söngkennaradeild Kennaraskólans lagðist niður hefur þessum málum hrakað stórlega. Þeim hefur hrakað að því leyti einnig, að hvað sem reglulegri tónmenntafræðslu líður, þá hefur almennur söngur í skólum landsins þagnað. Það má segja að svo sé, og það er mjög slæmt. Við verðum að reyna að bæta þar úr og glæða fyrst og fremst sönginn og einnig almennan áhuga á tónmennt og söngmennt.

Það hefur verið talað mikið um Sinfóníuhljómsveit Íslands hér að undanförnu, og fyrir Alþ. liggur frv. til l. um hljómsveitina til þess að skapa henni öruggari starfsgrundvöll en verið hefur. Með stofnun Sinfóníuhljómsveitar var stigið stórkostlegt skref í tónlistarmálum Íslendinga. Ég minnist þess persónulega, að þegar ég að loknu námi úti í Evrópu kom heim og hafði vanist þar ýmsu góðmeti á tóniltarsviðinu með gamalgrónum menningarþjóðum Evrópu, þá tók ég fagnandi þeirri ákvörðun að við — sjálfsagt af veikum mætti — stofnuðum Sinfóníuhljómsveit. En ég man að ég sagði þá líka að það gagnaði lítt yfirleitt að byrja bygginguna ofan frá. Við verðum að byrja á því að leggja grunninn. Og það er þessi grunnur undir almennri músik- og söngmennt í landinu sem okkur vantar tilfinnanlega í dag. Sinfóníuhljómsveitin á fullan rétt á sér og okkur ber skylda til að búa sómasamlega að henni, viljum við teljast gjaldgeng menningarþjóð á nútímavísu. En við megum ómögulega gleyma börnunum í skólunum, að gefa þeim kost á að glæða tónmenntasmekk sinn, áhuga og hæfileika. Því er að mínu mati mjög brýnt að þarna verði ekki látið sitja við orðin tóm.

Ég vænti þess, að þessi till. fái nú góða afgreiðslu og að ekki dragist öllu lengur að gera alveg sérstakar ráðstafanir í þeim skólum landsins sem verst eru settir að þessu leyti. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1978 sé ég að veittar eru 252.6 millj. til tónlistarfræðslu utan grunnskólans. Þetta er ekki óveruleg upphæð, og ég fagna því að þarna hefur verið litið til tónmenntafræðslunnar, þó að hún að allt of litlu leyti komi okkar skyldunámsskólum til góða. Sannleikurinn er sá, að þessi allverulega upphæð rennur fyrst og fremst til hinna sérhæfðu tónlistarskóla í landinu, en alþm., sem hér eru, mun kunnugt um að árið 1975 voru samþykkt á Alþ. lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þar er kveðið svo á, að ríki og sveitarfélög greiði til hálfs hvort fyrir sig launakostnað skólastjóra og kennara við tónlistarskóla. Þetta er mjög mikilsverður stuðningur við tónlistarlíf í landinu, á því er enginn vafi. En illu heilli verður það að viðurkennast, að þessi ágætu lög og þetta framfaraspor, sem hér er stigið í átt til aukinnar tónmenntafræðslu þjóðarinnar, hefur orðið til þess í sumum tilvikum að söng- og tónlistarfræðsla í hinum almenna grunnskóla hefur hreinlega lagst niður. Þeir fáu kennarar, sem útskrifast frá tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans fara allir í tónlistarskólana. Þar er kennslan meira við

þeirra hæfi, við hæfi þeirra sérmenntunar, og tengsl þessara nýju tónlistarskóla margra hverra hafa alls ekki orðið sem skyldi við almenna skólann. Þess vegna vil ég einnig leggja áherslu á þá mgr. till. þar sem lagt er til að sérstök áhersla verði lögð á að tengja starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntafræðslu grunnskólanna.

Þessi skortur og þessi vanræksla í tónmenntafræðslu skóla, sérstaklega dreifbýlisskólanna úti á landi, er svo sem ekki einsdæmi að því er varðar þann skarða hlut sem fólk úti á landsbyggðinni verður oft og tíðum að búa við. Þetta nær líka til ýmiss konar sérkennslugreina, sem svo eru kallaðar, eins og t. d. leikfimi, myndlist og teikning. Það eru fleiri skólar, að ég hygg, en við gerum okkur grein fyrir þar sem allar þessar greinar, sem ekki tilheyra beint hinum hefðbundna bóklega kjarna, eru algerlega hafðar út undan. Og það er engin furða þó að fólk uni því illa að það vegna búsetu sinnar þurfi að hlíta þessari vanrækslu í menntun skólanna til handa börnum þess. Þetta er því frá öllum hliðum skoðað brýnt mál að verði tekið til athugunar — og ekki látið við það sitja, heldur þarf framkvæmdir á þessu sviði sem allra fyrst.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vildi mælast til þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til allshn. þar sem menntmn. er engin til í Sþ. Ég vænti þess, að þar fái þessi till. okkar sexmenninganna þær undirtektir sem ég tel hana verðskulda.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar till. hefur lýst því ástandi sem nú er í þessum málum og alveg sérstaklega úti á landsbyggðinni og þar er síst ofsagt. Það er af mörgum samverkandi ástæðum sem tónmenntun hefur orðið útundan í skólunum. Það er rétt, sem kom fram í máli hv. flm., aðalástæðan hefur verið skortur á hæfum starfskröftum eða þeim starfskröftum sem hafa viljað sinna þessari kennslu. Einnig er auðvitað um að ræða áhugaleysi sums staðar. Það er viss skoðun, sem maður hefur orðið var við, um litla þýðingu þessa hjá þeim sem stjórna skólamálum sums staðar heima í héraði, ekki þó hjá skólamönnunum sjálfum, heldur hjá ýmsum þeim sem þar ráða ferðinni, t. d. fjárhagslega séð. Vanmat á þessum þætti í uppeldismálum almennt hefur verið ríkjandi um of. En það er ekki síður hitt, að viss vanmáttarkennd hefur sagt til sín hjá kennurum yfirleitt. Þá á ég ekki við varðandi söngkennslu, heldur það að kennarar hafa minnkað það mjög og dregið mjög úr því að láta börnin syngja frjálst og óþvingað í kennslustundunum, ekki talið sig færa um það. Ég veit að frjáls söngur í byrjun og lok hverrar kennslustundar t. d. er sannarlega til góðs, ekki aðeins söngsins vegna, heldur er hér um miklu þýðingarmeiri þátt að ræða í kennslunni sjálfri og þeim anda sem þarf að ríkja milli kennara og nemenda.

Ég sagði að um sumt mætti rekja til áhugaleysis hve almennum söng hefur aftur farið, en einnig það, hve áberandi það hefur vrið að slíkur söngur sem ég var að lýsa áðan hefur ekki átt upp á pallborðið hjá þeim sem best hafa þóst vita og mesta kunnáttu hafa í tónmennt — hjá ýmsum þeim, væri nær að segja, vegna þess að þarna eiga ekki allir óskiptan hlut að. Það hefur sem sé ekki þótt nógu fínt eða gott að syngja þannig í hóp í skólastofunni. Þar syngur að vísu hver með sínu nefi, en það er mín skoðun að söngurinn eigi ekki að vera í rammar viðjar bundinn og á það mætti einnig benda þegar um söng- og tónmennt er rætt og það hve vanræktur þáttur hér er á ferð. En nóg um það.

Ég hef af því nokkra reynslu sjálfur hvernig það gekk til að fá einhvern söng inn í þann skóla sem ég stjórnaði á sínum tíma. Það var vægast sagt erfitt þó eftir væri leitað með öllum ráðum. Aðalviðbára þeirra, sem annast gátu undirleik t. d., var sú, að þeir kynnu ekki að kenna söng, og það var rétt. Ef unnt reyndist að fá þá til starfs, þó ekki væru þeir til þess sérstaklega menntaðir, þá ríkti mikil söngleði í hvívetna og ég taldi mikið með því fengið. En því er ekki að neita, að þær raddir heyrðust á mínum heimastað að hér væri ekki nógu vel að staðið, þetta væri svo ófullkomið, svo lélegt, að það væri kannske betra að sleppa því alveg. Þetta kom mér ekki á óvart, en olli auðvitað vonbrigðum, þegar það kom líka til að einmitt þetta umtal margra kom í veg fyrir að þessir annars ágætu menn héldu áfram því merkilega starfi sem þeir voru byrjaðir á. Hitt hefur komið mér meira á óvart, þegar nú eru komnir færir starfskraftar við góðan tónlistarskóla — ég hygg mjög góðan tónlistarskóla á mínum heimastað, þá vekur það athygli mína hve söngkennsla er lítill þáttur þar og það eru aðeins yngstu börnin sem þar eru í söngnámi, að ég best veit. Ég skal ekki segja hvort þetta er vegna annríkis þessara kennara varðandi almenna tónlistarkennslu eða kennslu í hljóðfæraleik, en svo mikið er víst, að söngkennslan í grunnskólunum er ansi lítið meiri en þegar ég var að basla við að fá þá viðvaninga, sem ég fékk í þessum efnum, til þess að kenna söng eða láta börnin syngja, svo ég orði það réttilega.

Það er því sannarlega tími til kominn að samhæfa betur tónlistarskólana og kennsluna í grunnskólunum, eins og þessi till. gerir ráð fyrir. En það er án efa þungur róður svo sem allar úrbætur í þessu efni. 1957 flutti ég hér till. um farandkennslu í söng. Ég sá þá vart aðra leið til þess að einhver söngur kæmist inn í þá allt of mörgu skóla sem engan höfðu. Og ég hygg nú að þrátt fyrir ljótan lestur, sem yfir okkur var lesinn áðan um það hve margir skólar hafa enga söngkennslu, þá hafi þó verið þá um enn fleiri skóla að ræða sem ekki höfðu söngkennslu á sinni stundarskrá. Þessi till. var einróma samþ. En ekkert var aðhafst. E. t. v. hefur það verið vegna þess, að það hefur ekki verið um neina menn að ræða til starfans, e. t. v. enginn til þess fundist þó fær hefði verið, en e. t. v. hefur þessu bara verið stungið niður í skúffu og gleymst þar. Hér var þó og er, held ég, enn um leið að ræða sem athuga ber, og ég sé að í grg. till. er að þessu vikið réttilega. (**Gripið fram í:** Í sjálfri tillögunni.) Já, fyrirgefið, í sjálfri till. einnig. Athugandi væri a. m. k., þar sem ástandið er verst, að dusta rykið af þessari 20 ára samþykkt Alþ. um farkennslu í söng jafnhliða því sem þessi till. yrði samþ.

Ég hef einnig flutt hér á þingi og verið samþ. till. sem gengur að nokkru leyti í sömu átt og þessi till. Sú till. mun hafa komið alinokkuð til umr. í Nd. í fyrra og var það ágætt, því full þörf var á að vekja athygli á þessari ótvíræðu samþykkt Alþ. þegar svipað mál kom til umr. á ný í þingsölum. Það má segja að samþykktin sé orðin það gömul, að ég hefði að sjálfsögðu átt að spyrjast fyrir um framkvæmd hennar strax á síðasta þingi, e. t. v. fyrr, en ég vissi sem var, að ekki hafði orðið mikið úr framkvæmdum á þeim atriðum sem máli skipta og hér eru að nokkru ítrekuð.

Ég undirstrika alveg sérstaklega hér og nú nauðsyn þess að samræma kennslu í grunnskólum starfi tónlistarskólanna þar sem þeir starfa, og raunar er það ótækt með öllu að þar skuli ekki vera náin og lifandi tengsl, en þar munu dæmi, því miður, um hið gagnstæða. En svo vantar auðvitað líka víða tónlistarfélög og skóla þeim tilheyrandi, og þar þarf enn meira átak til. Ég tek því heils hugar undir þessa till., því hver veit nema sá margraddaði kór, sem stendur að þessari till., megni meira en minn sólósöngur áður.

Að hinu aðalatriði till. minnar, sem samþ. var, vil ég hins vegar víkja örlítið fyrst þetta mál er hér komið á dagskrá, en þar á ég við þá grein, sem svo hljóðaði, með leyfi hæstv. forseta:

„M. a. skal starf hinna einstöku tónlistarskóla samræmt skyldunáminu og almenn tónlistarkennsla skipulögð þar sem engin er nú.“ Og síðan sagði:

„Skal að því stefnt að færa undirstöðukennslu í hljóðfæraleik inn í alla skyldunámsskóla nemendum að kostnaðarlausu. Við þessar aðgerðir, svo og aðrar, sem nauðsynlegar reynast, skal stuðst við álit tónmenntunarnefndar menntmrn. frá 30. ágúst 1972.“

Þar er um mjög gagnmerkt plagg að ræða. Að vísu er þar kannske um of að ræða framtíðarmúsik í þessum efnum, en mörg atriði eru þar verð íhugunar nú þegar og væri áreiðanlega hægt að hrinda mörgum þeirra í framkvæmd. Hér er um mjög merkt álit að ræða.

Tónlistarskólar eru góðir, en þeir eru líka dýrir, engu síður þó til komi stuðningur ríkis og sveitarfélaga auk áhugastarfsins sem alltaf er mikið í kringum þessa skóla, þó er annað enn tilfinnanlegra fyrir nemendurna, en það eru hljóðfærin sem þeir þurfa að afla sér oft og tíðum og eru fokdýr og mörgum í raun ókleift að ráðast í það fyrirtæki. Þetta er ekki hvað síst alvarlegt þegar kennarar þessara tónlistarskóla eru svo fullkomnir að þeir beinlínis ráðleggja nemendum sínum að kaupa miklu dýrari hljóðfæri en þörf er á, og þar hef ég auðvitað fyrir mér orð mér miklu vísari manna í þessum efnum.

Undirstöðuatriði tónlistarfræðslu á að fella inn í námskerfi okkar, enda beinlínis að því stefnt með grunnskólalögum þó enn sé ekki ljóst við hvaða mörk verði þar miðað. En það er auðvitað svo með þau góðu lög, að þar er margt enn ógert og þarf auðvitað mikið fjármagn til að koma öllu því í verk, sem þar er lagt til. Þar þarf í þessu sambandi líka til að koma námsskrá sem ég veit ekki heldur til að sett hafi verið varðandi þessa námsgrein sérstaklega.

Ég vísaði til hins ágæta álits tónamenntanefndar. Þó að þar hafi, eins og ég sagði, verið gengið mjög langt í ýmsum efnum og til lengri framtíðar horft, þá eru einstök atriði þar mjög einföld í framkvæmd og sjálfsagt að láta reyna á þau. Og mér er eiginlega illskiljanlegt að menntmrn. skuli ekki hafa látið reyna á þau atriði, tekið þau atriði út úr, sem þar eru einföldust, og látið reyna á hvort ekki mætti framkvæma þau. Það er einmitt atriði sem komið er inn á í þeirri þáltill., sem hér er til umræðu, og gætu að hluta til a. m. k. leyst þann vanda sem hún lýtur sérstaklega að.

Ég get hins vegar ekki lokið máli mínu án þess að leggja höfuðáherslu á það, að efla þarf almennan frjálsan söng og söngiðkun sem allra mest í skólunum, og það einnig, að söngkennsluna má ekki reyra í of fastar viðjar, svo sem oft hefur verið þegar stökkið hefur verið tekið úr algeru söngleysi eða söngkennsluleysi og yfir í svo hámenntaða söngkennslu að engu lagi hefur verið líkt.

Mér er enn minnistæð söngkennsla frá bernskuárum þegar fáir útvaldir fengu að vera í söngtíma og þar með í skólakórnum sem söng á árshátíðum skólans. Það er áreiðanlega ekki ætlun neins okkar að þannig verði að staðið. Ég man eftir því, að sama var uppi á teningnum þegar ég var í landsprófi og var auðvitað vísað frá söng vegna radd- og lagleysis ásamt meginhluta strákanna. Sumum þótti að vísu mjög gott að sleppa, en ég held að fleirum hafi farið eins og mér, að sárna þetta verulega, og afleiðingin var sú að lengi á eftir þorði ég ekki að reka upp bofs. Það kynni kannske einhver að segja að ekki hefði nú verið skaði skeður, en engu að síður voru viðbrögð mín þessi, og þessi ákvörðun varð mér til mikilla persónuegra sárinda, því ég hafði sjálfur yndi af söng og trúði því meira að segja í þokkabót að ég gæti sungið. En trúa mín er þó sú, að öðruvísi eigi að efla söngmennt og söngáhuga en með slíku úrtaki eða úrvali, og að því veit ég að þessi till. stefnir, að söngurinn verði sameign sem allra flestra, helst allra, og því styð ég till. eindregið og vona að samþykkt hennar verði hvati þeirra framkvæmda sem dugi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa, þáltill. (þskj. 86). — Ein umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 86 flytjum við 7 þm. úr Reykjaneskjördæmi till. til þál. um aðgerðir til varnar gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa. Nafn hv. 1. þm. Reykn., hæstv. fjmrh., er ekki á till. af þeirri orsök að það er ekki venja að ráðh. eigi aðild að tillöguflutningi þm.

Þáltill. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram úttekt á ágangi sjávar á land á Suðurnesjum, Vatnsleysuströnd, Hvaleyrir við Hafnarfjörð, Álftanesi og Seltjarnarnesi og gera áætlun um varnarráðstafanir.“

Eins og kunnugt er hafa á þeim svæðum, sem tilgreind eru í þáltill., orðið veruleg spjöll á landi af ágangi sjávar. Sjórinn brýtur víða landið jafnt og þétt og í aftakaveðrum veldur hafrótið stórtjóni. Kostnaður við byggingu varanlegra varnargarða eða aðrar aðgerðir, sem duga til varnar landinu, er meiri en svo að einstökum sveitarfélögum hafi verið unnt að standa straum af honum. Þeir aðilar, sem fyrir þessum búsifjum hafa orðið, hafa sótt um stuðning til ríkisins til varnaraðgerða, og lítils háttar fjárveitingar hafa verið settar í fjárl. Þessar fjárveitingar til að koma til móts við sveitarfélögin hafa verið svo smávægilegar að þær hafa engum úrslitum ráðið um það, að sveitarfélögunum yrði kleift að vinna áfanga sem einhverju verulegu gætu breytt í þessu efni.

Oft er um það deilt, hvort ástæða sé til, að úr ríkissjóði séu veittar fjárhæðir til framkvæmda sem nauðsynlegar teljast einstökum sveitarfélögum, og hvert sé hlutverk ríkisins í því sambandi. Ég hygg þó að þegar um það er að ræða að vernda sjálft landið, dýrmætt land við eða í byggð, gegn því að verða hafinu að bráð, þá sé eðlilegra en í flestum öðrum tilvikum að fjármagni ríkisins sé beitt svo að úrslitum ráði um framkvæmd verksins. Í þeirri baráttu, sem hér er um að ræða, þarf að vinna með stórvirkum vinnuvélum, en til þessa hafa fjárframlög verið svo naum að þau hafa í flestum tilvikum ekki dugað til annars eða meira en að koma tækjunum á vettvang og því litlu áorkað í þá átt að til raunhæfra varna sé gripið.

Á næsta ári mun líklega verða varið um 2 þús. millj. kr. á fjárl. til landgræðslu og ræktunar. Þeirri upphæð er varið til að bæta það land sem þjóðin á sameiginlega að bera ábyrgð á að viðhalda. En á sama tíma er ráðgert skv. fjárlagafrv. að innan við 2% af þeirri upphæð verði varið af ríkisfé til sjóvarnargarða í því skyni að verja land gegn ágangi sjávar. Á sama tíma og við verjum þó tveimur milljörðum króna til að bæta landið með ræktun og uppgræðslu brotnar niður og glatast dýrmætt land vegna þess að svo takmörkuðu fé er varið til varnaraðgerða. Þetta landbrot við sunnanverðan Faxaflóa mun halda áfram og mikið og dýrmætt land glatast ef ekki verður brugðið við með sérstökum aðgerðum ríkisvaldsins.

Fulltrúar Hafrannsóknastofnunar munu hafa kannað ástandið á þessum slóðum sums staðar a. m. k., en ljóst er að fyrsta skrefið til aðgerða er að fram fari ítarleg úttekt á ágangi sjávar á þessu svæði. Er því lagt til í þáltill. að hæstv. ríkisstj. láti framkvæma þá úttekt, síðan verði á grundvelli hennar gerð sérstök kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um varnaraðgerðir á næstu árum af hálfu ríkisvaldsins og sveitarfélaga og/eða landeigenda.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar (heimilisuppbót) 716.
Almannatryggingar (tekjutrygging) 715.
Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum 715.
Eignarráð yfir landinu 688.
Fjárhagslegur stuðningur við fræðslustarfsemi MFA og bréfaskóla 705.
Framkvæmd Framleiðsluefitirlits sjávarafurða 643.
Iðnaðarlög 613.
Íslensk stafsetning 651, 726.
Kosningar til Alþingis 617.
Launaskattur 616.
Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum 617, 699.
Rafmagn á sveitabýli 641.
Raforkumál 648.
Rannsókn á djúprækjumiðum fyrir Norðurlandi 648, 726.
Rannsóknarlögregla ríkisins 684.
Skipulag orkumála 726.
Söluskattur 700.
Tekjuskattur og eignarskattur 616.
Tónmenntafræðsla í grunnskóla 738.
Úrvinnsla áls á Íslandi 639.
Útvarpslög 706.
Varamaður tekur þingsæti 638, 726.
Varnir gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa 744.
Þingmannanefnd til þess að rannsaka innflutnings- og verðlagsmál 705.
Þorskstofninn 646.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Ásgeir Bjarnason 638, 726.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 684.
Fjmrh. Matthías Á. Mathiesen 616.
Iðnrh. Gunnar Thoroddsen 613, 640, 642.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 644, 646, 647, 650, 699, 715, 716.
Utanrrh. Einar Ágústsson 682.
Benedikt Gröndal 639, 641.
Eðvarð Sigurðsson 722.
Eggert G. Þorsteinsson 614.
Ellert B. Schram 631.
Geir Gunnarsson 744.
Guðlaugur Gíslason 646, 648.
Guðmundur H. Garðarsson 706, 717.
Halldór Ásgrímsson 615.
Helgi F. Seljan 700, 741.
Ingvar Gíslason 626.
Jóhann Hafstein 714.
Jón Árm. Héðinsson 643, 645, 692.
Jónas Árnason 641, 643, 670.
Karvel Pálmason 737.
Magnús Kjartansson 654.
Magnús T. Ólafsson 661, 681, 712.
Páll Pétursson 709.
Ragnar Arnalds 734.
Sigurlaug Bjarnadóttir 662, 738.
Stefán Jónsson 648, 666, 680, 688.
Steingrímur Hermannsson 726.
Steinþór Gestsson 615, 697.
Svava Jakobsdóttir 705, 710.
Sverrir Hermannsson 651, 675.
Tómas Árnason 617.

Sameinað þing, 20. fundur.

Mánudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hannes Jónsson fyrrv. alþm. andaðist í Reykjavík s. l. fimmtudag, 17. nóv., á áttugasta og fjórða afmælisdegi sínum.

Hannes Jónsson var fæddur í Þórormstungu í Vatnsdal 17. nóv. 1893. Foreldrar hans voru Jón bóndi þar, síðar á Undirfelli og aftur í Þórormstungu Hannesson bónda á Haukagili í Vatnsdal Þorvarðssonar og kona hans, Ásta Margrét Bjarnadóttir bónda í Þórormstungu Snæbjarnarsonar. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri vorið 1915, var á samvinnunámskeiði á Akureyri síðari hluta vetrar 1915—1916 og við nám í Samvinnuskólanum veturinn 1918—1919 og lauk þaðan burtfararprófi um vorið. Hann var sundkennari í Austur-Húnavatnssýslu 1909—1915, starfsmaður Sláturfélags Austur-Húnvetninga 1915—1917, endurskoðandi þess 1918 og forstjóri 1918—1922. Árið 1923 varð hann kaupfélagsstjóri Kaupfélags Vestur-Húnvetninga á Hvammstanga og gegndi því starfi til ársloka 1933. Hann rak bú í Kirkjuhvammi á Vatnsnesi 1929—1948 og í Þórormsstungu árið 1943. Á tímabilinu 1938—1941 var hann á vegum Landsbanka Íslands forstjóri síldarverksmiðjunnar í Nesi í Norðfirði, vann jafnframt við endurskoðun í Landsbankanum og var fulltrúi bankans í stjórn hlutafélagsins Alliance 1939—1941. Á þessum árum rak hann jafnframt síldarútgerð frá Norðfirði með leiguskipum frá Færeyjum. Fulltrúi í endurskoðunardeild fjmrn. var hann 1943—1963. Leyfi frá því starfi fékk hann frá 1. nóv. 1960 til 1. júní 1962 og var þann tíma sveitarstjóri í Ólafsvík. Eftir 1963 vann hann ýmis endurskoðunarstörf, m. a. fyrir bændasamtökin.

Hannes Jónsson var kosinn alþm. Vestur-Húnvetninga árið 1927 og átti sæti á Alþingi til 1937, á 12 þingum alls. Yfirskoðunarmaður ríkisreikninga var hann kjörinn á þingunum 1930—1933. Hann var formaður mþn. um skipulag og sölu landbúnaðarvara 1932—1934. Endurskoðandi Síldarverksmiðja ríkisins var hann 1935—1939. Í stjórn Byggingarsamvinnufélags starfsmanna stjórnarráðsins átti hann sæti 1950—1960 og gjaldkeri þess öll árin.

Nú eru liðnir fjórir tugir ára síðan Hannes Jónsson hvarf af Alþ. Á því tímabili, sem hann sat á þingi, var oft stormasamt í stjórnmáladeilum, jafnt innan þings sem utan. Í þeim átökum kvað allmikið að Hannesi Jónssyni, enda var hann jafnan ákveðinn í skoðunum og einarður. Hann var í Framsfl. fram undir árslok 1933, en þá skildu leiðir með honum og flokknum vegna málefnaágreinings. Varð hann þá einn af stofnendum og forvígismönnum Bændaflokksins og var einn manna kjördæmiskjörinn þm. hins nýja flokks næsta vor. Hann tók allmikinn þátt í umr. á þingi, átti hér sæti í fjvn., samgn. og fjvn. og hafði mest afskipti af málum sem heyrðu undir þær n., en einnig landbúnaðarmálum og menntamálum. Ævistarf Hannesar á öðrum vettvangi var stjórn á rekstri af ýmsu tagi, en þó lengst og mest umfjöllun reikninga og endurskoðunarstörf, sem hann rækti af atorku og glöggskyggni og sinnti að nokkru leyti til æviloka.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Hannesar Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 21. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 97). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að gildistöku nýs fasteignamats verði á árinu 1977 frestað frá 1. des. til áramóta eða til 31. sama mánaðar. Þessi breyting er nauðsynleg þar sem sýnt er að ekki tekst að ljúka við undirbúning að framreikningi matsverðs og frummati nýrra gagna fyrir 1. des. eins og lögin gera ráð fyrir. Ein meginástæða þessarar tafar er að nokkrum sveitarfélögum hefur reynst erfitt að ljúka vinnu og skila nauðsynlegum gögnum og upplýsingum til Fasteignamats ríkisins á tilsettum tíma. Hér er einungis lagt til að þessi frestun gildi fyrir árið í ár, þar sem þess er vænst að hér sé um byrjunarörðugleika að ræða og þurfi því ekki að koma til þess aftur, án þess þó að nokkuð skuli um það fullyrt, en ekki talin ástæða til annars en að hér sé um eins skiptis ákvörðun að ræða.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vil mælast til þess, þar sem senn líður að mánaðamótum, að nefndin hraði störfum svo og d., þannig að frv. verði að lögum fyrir mánaðarlok.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 21. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 21. nóv. 1977.

Þar sem Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm., dvelst nú erlendis í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér samkv. beiðni hennar og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Kjartan Ólafsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Lúðvík Jósepsson,
formaður þingflokks Alþb.“

Kjartan Ólafsson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili, og ég býð hann velkominn til starfa í deildinni.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 25). — Frh 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 68). — 1. umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 68 flyt ég frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 1974, um grunnskóla. Meðflm. eru hv. þm. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., Jón Skaftason, 4. þm. Reykn., og Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm. Frv. þessa sama efnis var lagt fram í lok síðasta þings, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frv. er flutt að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og mun ég nú í sem stystu máli greina frá efni þess.

Með 1. gr. frv. er lagt til að við 10. gr. laganna bætist ný mgr. sem heimili ráðh. að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þús. íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum mundi þá sveitarstjórn fara með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögunum.

Í 10. gr. grunnskólalaganna eru ákvæði um skiptingu landsins í fræðsluumdæmi. Hafnarfjörður telst til Reykjanesumdæmis samkv. 2. tölul. 2. mgr. 10. gr. Ástæðurnar fyrir því, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar fer fram á að þessi heimild um stofnun sérstaks fræðsluumdæmis verði tekin í lög, eru einkum tvær:

Í fyrsta lagi er íbúafjöldi Hafnarfjarðar yfir 12 þús. eða meiri en í sumum fræðsluumdæmum landsins sem ná yfir heil kjördæmi. Hafnarfjarðarbær hafði þegar á árinu 1969 stofnað eigin fræðsluskrifstofu og ráðið fræðslustjóra samkv. sérstökum samningi við menntmrn. Þannig hafði Hafnarfjörður að eigin frumkvæði komið upp þessari stjórnunar- og þjónustuaðstöðu í sínum skólamálum mörgum árum áður en grunnskólalögin tóku gildi. Það verður því að teljast eðlilegt að svo fjölmennt sveitarfélag fái að halda þeirri aðstöðu áfram, sem það hafði komið upp.

Hin meginástæðan fyrir beiðni bæjarstjórnarinnar um flutning þessa frv. er sú, að Hafnarfjarðarbær er ekki aðili að samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi. Bæjarstjórnin á þannig ekki fulltrúa á aðalfundum þeirra samtaka, sem falið er það vald og sýndur er sá trúnaður að kjósa fræðsluráð fyrir fræðsluumdæmið. Nú eru landshlutasamtök sveitarfélaga í raun ekkert annað en áhugasamtök, sem að vísu hafa unnið ágæt störf, en ekki fengið sess í íslenskri löggjöf þrátt fyrir tilraunir í þá átt, að öðru leyti en því, að þeim hefur verið falið að leysa ákveðin verkefni í lögum, einkum þó grunnskólalögunum. Þær skyldur, sem þar voru lagðar á landshlutasamtökin, voru við það miðaðar að þau fengju ákveðna stöðu í sveitarstjórnarlöggjöfinni. Það varð ekki þrátt fyrir yfirlýsingar í þá átt þegar grunnskólafrv. var hér til meðferðar á hv. Alþ., og vegna þess verður að telja í hæsta máta óeðlilegt að landshlutasamtök hafi þetta vald. Þetta verður sérstaklega áberandi þar sem svo fjölmennt sveitarfélag sem Hafnarfjörður á ekki aðild að samtökunum sem að nokkru ráða málum sem svo mjög varða hag viðkomandi bæjarfélags. Og þar sem ekkert bendir til að landshlutasamtökunum í sinni núverandi mynd verði veitt sú lögfesting, sem þau hafa óskað eftir, og um skylduaðild einstakra sveitarfélaga er ekki að ræða, þá verður að teljast eðlilegt að svo fjölmennt sveitarfélag sem Hafnarfjörður geti orðið sérstakt fræðsluumdæmi, einkum þegar þess er gætt, að um aðild bæjarfélagsins að landshlutasamtökunum er ekki að ræða, eins og ég áður tók fram.

Um þennan þátt þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð. Ég bæti þó aðeins við til að fyrirbyggja misskilning, að með því að taka þetta heimildarákvæði inn í lögin er ekki verið að brjóta niður það skipulag sem lögin ákveða um skiptingu landsins í fræðsluumdæmi. Þau önnur sveitarfélög, sem gætu notfært sér heimildina, eru Kópavogur og Akureyri, en ekki er vitað um áhuga í þeim bæjarfélögum í þessa áttina, enda eiga þau sveitarfélög aðild að viðkomandi landshlutasamtökum. Hér er raunverulega verið að veita Hafnarfjarðarbæ möguleika til að hafa sömu skipan á þessum málum og Reykjavíkurborg hefur samkv. gildandi lögum.

Samkv. 1. gr. þessa frv. er sett það skilyrði fyrir heimild um stofnun slíks fræðsluumdæmis, að fjárveiting sé fyrir hendi til greiðslu kostnaðar.

Með 2. gr. frv. er kveðið á um að hlutaðeigandi sveitarsjóður greiði allan kostnað af rekstri slíkrar fræðsluskrifstofu annan en föst laun fræðslustjóra, helming kostnaðar við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og helming húsaleigu, eins og segir í a-, b- og c-lið 85. gr. laganna.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21. shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Flm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt, nr. 10 frá 1960, á þskj. 79. Á síðasta þingi flutti ég frv. eins og þetta og það fékk afar litla meðferð og enga fullnaðarafgreiðslu. Þess vegna geri ég nú enn tilraun til að koma á þessum breytingum á þessu þingi, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, hversu margir og stórir aðilar í þjóðfélaginu hafa einmitt tekið undir þessa kröfu, að söluskattur verði felldur

niður af kjöti og kjötvörum og söluskattur verði felldur niður af raforku.

Sú breyting, sem felst í þessu frv., er við 6. gr. laganna, 15. tölul. Í þeirri grein eru taldar upp þær vörur og sú þjónusta sem er undanþegin söluskatti, og vil ég bæta við þá upptalningu kjöti og kjötvörum annars vegar, en hins vegar raforkusölu frá rafmagnsveitum. Kjöt til neyslu innanlands er greitt niður úr ríkissjóði, en sú upphæð, sem til þess fer, er aftur tekin í ríkissjóð með álagningu söluskatts á þessar vörur. Þannig má segja að ríkið greiði í raun lítið sem ekkert af sinni hálfu til niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum til þess að gera algengustu matvörur landsmanna ódýrari. Það er hins vegar sannað mál, að lækkun á þessari matvöru gerir það að verkum að neyslan eykst, auk þess sem lækkun af þessu tagi bætir fyrst og fremst kjör þeirra sem nota mestan hluta tekna sinna til kaupa á brýnustu nauðsynjum. Lækkun kjötverðs kemur þeim lægst launuðu best og manni hefur heyrst að það væri það sem flestir segjast styðja.

Ég vil enn undirstrika að með þessari flötu skattheimtu af kjöti er hreinlega ekki um neina raunverulega niðurgreiðslu að ræða af ríkisins hálfu. Niðurgreiðslur eru hins vegar nauðsynlegar, ekki aðeins af áður nefndum ástæðum, heldur einnig vegna þess að þeim mun meiri sem innanlandsneyslan er, þeim mun minna fjármagn þarf að koma til til þess að greiða niður kjötið fyrir útlendinga. Það kjöt, sem flutt er út á ári hverju, er orðið býsna mikill hluti af kjötframleiðslu þjóðarinnar, og þær útflutningsbætur eru að mínum dómi afar röng aðferð til þess að greiða með landbúnaðarafurðir.

Nú hafa forsvarsmenn landbúnaðarins, m. a. síðasta Búnaðarþing, lagt áherslu á að söluskattur af þessum vörum verði lagður niður, svo að bak við þennan tillöguflutning minn standa þar með æðimargir.

Þegar um það er að ræða að fella niður söluskatt af rafmagni, þá mætti auðvitað nefna ýmislegt því til stuðnings. Niðurfelling á þeirri skattheimtu felur m. a. í sér að það dregur auðvitað úr verðbólgu að leggja niður slíka skatta, og það léttir undir með þeim sem minnst hafa milli handa. Það léttir gjöldum af framleiðsluiðnaði landsmanna sem flestir þykjast nú styðja í orði a. m. k. Auk þess styður það kröfu sambandsins ísl. rafveitna og margra fleiri aðila um nauðsyn þess að afnema þennan skatt, og þess vegna má enn segja að flm. þessarar till. er ekki ber að baki gagnvart þessu máli. Það eru margir sem standa þar á bak við.

Herra forseti. Þetta mál er að sjálfsögðu ekki mjög stórt, en það stefnir þó að mínum dómi í rétta átt. Hins vegar er fyrir löngu kominn tími til að ræða af viti um verðbólguplúguna og efnahagsöngþveitið í þessu þjóðfélagi. Það mál er hins vegar því miður enn ekki til alvarlegrar umr. Tími þessarar hv. d. hefur farið í allt aðra hluti og að mínum dómi oft miklu lítilvægari enn sem komið er og menn allt of lítið fjallað um það vandamál sem er raunverulega eina vandamálið sem við þarf að eiga í þjóðfélaginu í dag. Það er sem sagt ekki til umr. í dag. En þetta er örlítill angi af því vandamáli, og það væri sannarlega kominn tími til að fara að ræða efnahagsmálin meira almennt, eins og ég nefndi áðan. En til þess að ná árangri í þeim alvarlegu efnum þurfa stjórnvöld a. m. k. að hafa vilja til að ráða þeim þáttum efnahagslífsins sem nauðsynlegt er að hafa stýringu á, ef eitthvað á að gerast í að verðbólgan verði skorin niður í hæfilegt mark og upp verði tekin skynsamleg stefna í efnahagsmálum í stað eyðslulánabúskapar og búskapar taumlausrar verðbólgufjárfestingar og óhóflegarar þenslu á öllum sviðum. En nóg um það. Þetta er hins vegar annað mál.

Ég vil óska þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og fjhn. hv. deildar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa stuðningi mínum við hugmynd þá sem hér kemur fram í þessu frv., þ. e. a. s. um afnám söluskatts á kjöti og kjötvörum. Það hefur komið fram margsinnis, að það er eindregin ósk bændasamtakanna að þetta verði gert, og þess vegna er það nauðsynjamál að þessu máli sé hreyft. Ég hefði frekar kosið að sjá þessa hugmynd í stjórnarfrv., en allt um það kann þetta að vera undanfari þess og væri þá vel.

Landbúnaður á við erfiðleika að etja, ekki óyfirstíganlega erfiðleika, ég hef ekki trú á því, en erfiðleika sem þarf að takast á við og þarf að sigrast á. Það þarf að gera það með góðvilja og skynsemi. Sjálfkjörnir sérfræðingar í landbúnaðarmál, m. a. vegna yfirstandandi prófkjörs hjá sjálfstæðismönnum hér í Reykjavík, og satt að segja finnst mér að í þeim umr., sem þeir hafa haft sín á milli, og í þeim skoðunum, sem þeir hafa látið í ljós, sé sannarlega ekki von á farsælli lausn á þeim vanda sem við er að glíma, því að sumt er þar sagt af vanþekkingu og sumt af takmarkaðri góðgirni. En það sér náttúrlega hver maður, að það er að fara aftan að siðunum að innheimta söluskatt af kjöti og verja honum síðan til niðurgreiðslu á sömu vöru. Í sumum tilfellum, t. d. eins og á nautakjöti, er þessi upphæð, sem innheimt er í söluskatt, hærri en niðurgreiðsluupphæðin. Þetta niðurgreiðslukerfi og útflutningsbótakerfi, sem notað hefur verið sem hagstjórnartæki hér á landi, er nauðsynlegt og sett á með fullum rökum, en það er ástæðulaust að vera að hafa það víðfeðmara eða stærra í sniðum heldur en nauðsyn ber til. Það hefur verið bent á það, að vegna vinnslu og breytinga, sem kjötvörurnar taka í búðum, séu tormerki á því að hafa þær söluskattslausar. En ég hygg að það hljóti að vera hægt að komast fram hjá þeim vandkvæðum, þeim agnúum sem væru á framkvæmd þess að undanþiggja þessar vörur söluskatti, og nauðsynlegt að gera það. Landbúnaðurinn stendur frammi fyrir því núna að nokkurt magn hefur safnast upp af vörum sem ekki hefur tekist að selja, og þess vegna er mikilvægt að örva söluna og hafa þessar vörur á skaplegu verði, þannig að fólkið í landinu, neytendur, geti keypt þær. Þess vegna fagna ég þessari hugmynd um að afnema söluskattinn af kjöti og kjötvörum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, (þskj. 90). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarson): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 frá 1971, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, sbr. lög nr. 33 frá 1976.

Ástæður þess, að ég legg fram þetta frv. til l., eru m. a. þær, að frá því að aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstj. gerðu með sér samkomulag um auknar greiðslur ellilífeyris og umsjónarnefndar eftirlauna hafa komið í ljós ýmsir agnúar. Með þessu frv. er gerð tilraun til að leiðrétta hið versta í sambandi við samkomulagið, þ. e. a. s. atriði sem aðilum yfirsást að gera þegar umrætt samkomulag var gert.

Um 1. gr. þessa frv. er það að segja, að með þeirri breytingu, sem greinin gerir ráð fyrir, er leiðrétt það misrétti sem stafar af misjafnlega ströngum skilyrðum sem lífeyrissjóðirnir gera til örorkulífeyrisþega, þ. e. a. s. til aðildarskyldu.

Eins og nú er háttað fær maður, sem er í lífeyrissjóði sem krefst 10 ára réttindatíma fyrir veitingu örorkulífeyris, ekki örorkulífeyri, en annar, sem er í sjóði sem einungis krefst 5 ára réttindatíma, fær lífeyri úr þeim sjóði og frá umsjónarnefnd. En það var aldrei ætlun samningsaðila, að því er ég best veit, að mismuna mönnum þannig eftir aðild þeirra að lífeyrissjóðum. Samkv. þessari grein er gert ráð fyrir að báðir aðilar hafi 5—10 ára réttindi, og þar með er fyrrgreint misrétti leiðrétt.

Um 2. gr. er það að segja, en hún hljóðar orðrétt sem hér segir:

„Í 6. gr. laganna bætist við ný mgr., er verði 3. mgr., svo hljóðandi:

Fyrir 1970 skal ekki reikna meira en 1.1 stig fyrir hvert almanaksár."

Með þessu er verið að fylla upp í eyður í lögunum og raunverulega staðfesta framkvæmd umsjónarnefndar.

Í 3. gr. segir svo:

„Við 9. gr. laganna bætist ný 2. mgr. er orðist svo:

Heimilt skal lífeyrissjóði að greiða viðbót við lífeyri samkvæmt lögum þessum sem svarar til lækkunar árlegra stiga í 1.1 stig fyrir 1970, sbr. 6. gr. 3. mgr., og lækkunar stiga vegna þess að réttindatími er ekki reiknaður nema frá 55 ára aldri eða frá 1955, sbr. 5. gr. 1. og 2. mgr., enda hafi lífeyrisþeginn greitt til lífeyrissjóðs umræddan tíma og þær greiðslur lagðar til grundvallar stigaútreikningi. Þessa viðbót skal draga frá greiðslum samkvæmt 7. og 8. gr."

Skýringin á þessu ákvæði í frv. er sú, að þar sem sérhver greiðsla úr lífeyrissjóði kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum frá umsjónarnefnd og þar sem þessar greiðslur hafa verið verðtryggðar, þá ákvarðar lífeyrir frá umsjónarnefnd í reynd samtals greiðslur til lífeyrisþega frá umsjónarnefnd og velflestum lífeyrissjóðum.

Það að miðað er við í hæsta lagi 1.1 stig fyrir 1970, og þau fá flestir, og það að réttindi eru einungis reiknuð frá 55 ára aldri eða árið 1955 gerir það að verkum, að ekki skiptir máli fyrir velflesta lífeyrisþega hvort þeir voru í lífeyrissjóði fyrir 1970 eða fyrir 55 ára aldur. Í þessu felst að mínu mati ákveðið ranglæti gagnvart þeim sem greiddu 10% af launum til lífeyrissjóða um árabil, þ. e. a. s. fyrir 1970. Njóta þeir þess í engu og þessum gömlu lífeyrissjóðum er raunverulega fyrirmunað að bæta þetta upp, þar sem sérhver greiðla af þeirra hálfu kemur til frádráttar lífeyri frá umsjónarnefnd. Lagagrein þessi mundi gera lífeyrissjóðnum kleift að bæta þetta misrétti á eigin kostnað.

Þetta frv. miðast auðvitað fyrst og fremst við gömlu lífeyrissjóðina og að gera þeim kleift að framkvæma þær leiðréttingar sem ég hef frá greint og frv. gerir ráð fyrir. Ég vænti þess, að frv. fái góða afgreiðslu hér á hv. Alþ., og legg til að því verði vísað að lokinni umr. til heilbr.- og trn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Þegar verkalýðsfélögin sömdu um lífeyrissjóði á vordögum 1969 var hér í landi nokkuð bágborið atvinnuástand og mörg fyrirtæki voru þá farin að tíðka að segja mönnum upp störfum við sjötugsaldur. Það voru æðimörg fyrirtæki sem þetta gerðu á þessum tíma. Ég vil taka fram að það hefur breyst síðan. En þegar þessum mönnum var sagt upp blasti við hvert öryggi þeirra var sem aldraðra starfsmanna, þ. e. a. s. þeir höfðu að engu að hverfa nema mjög litlum greiðslum úr almannatryggingum á þeim árum.

Það var þess vegna sem verkalýðsfélögin sömdu um það við atvinnurekendur og ríkisvaldið, ríkisstj., að um leið og lífeyrissjóðirnir voru settir á stofn var tryggður framgangur sérstökum lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum. Ákvæði þeirra voru um það í stuttu máli, að þeir, sem ekki hefðu haft lífeyrissjóðaréttindi fyrir 1970, skyldu fá greiðslu sem svaraði 15 ára réttindum í lífeyrissjóði, sams konar réttindum og ættu að vera í þeim lífeyrissjóðum sem verið var að stofna. Síðan hafa þessi lög verið í gildi. Þau hafa breyst lítillega á þessu tímabili, en höfuðgrundvöllur þessara laga var að bæta aðstöðu þeirra, sem ekki höfðu haft aðstöðu til að vera í lífeyrissjóði, með því að greiða þeim sem svaraði allt að 15 ára réttindatíma í lífeyrissjóði.

Þetta er höfuðatriði laganna um eftirlaun til aldraðra í stéttarfélögum.

Greiðslur samkv. þessum lögum hafa að ¾ hlutum komið úr Atvinnuleysistryggingasjóði og að 1/3 hluta úr ríkissjóði. Á þessum greiðslum hafa hins vegar orðið miklar breytingar, en það eru greiðslur sem lífeyrissjóðirnir sjálfir hafa tekið á sig, þ. e. a. s. að verðbæta þessar greiðslur.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér grundvallarbreytingu á þessum lögum, þ. e. a. s. 3. gr. frv. Ég ætla ekki að svo komnu að gera 1. og 2. gr. að umræðuefni, 1. gr. hefur einnig verulega breytingu í för með sér, en þar er um að ræða fyrst og fremst mismun á reglugerðarákvæðum sjóðanna, þannig að þetta ætti að mínu viti miklu frekar að vera á þeim vettvangi að sjóðirnir samræmdu reglugerðir sínar.

3. gr. fjallar um að breyta þeim ákvæðum sem eru í 9. gr. laga nr. 63 1976, að það skuli draga frá þeim greiðslum, sem maður ætti annars völ á, greiðslur úr lífeyrissjóðum, úr ríkissjóði og eftirlaunagreiðslur sem menn hafa haft og átt rétt til. Þetta er grundvallarbreyting á þessum lögum. Ég er út af fyrir sig ekki að andmæla

þessu. En ég vil að þessar breytingar fái nákvæma athugun. Ég hef t. d. sterka trú á því, að erfitt yrði í framkvæmd það sem hér segir. Því tel ég að þetta frv. verði að athuga vandlega í n. og senda það til umsagnar þeim aðilum, sem áttu hlut að máli við þá samninga sem að baki liggja þessum lögum, og alveg sérstaklega að það yrði sent til umsagnar umsjónarnefnd með eftirlaunum aldraðra í stéttarfélögunum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að málið fái rækilega umfjöllun, þannig að það sé alveg ljóst hvað hér er verið að gera. Ef allir eru sammála um að gera þessa grundvallarbreytingu, þá er ekkert um það að segja. En ég vil minna á að svona var staðið að málum og lögin kveða mjög skýrt á um þessi atriði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 22. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 21. nóv. 1977.

Axel Jónsson, 10. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Halldór Blöndal kennari, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Forseti Ed.

Þorv. Garðar Kristjánsson."

Það liggur hér fyrir kjörbréf Halldórs Blöndals. Ég leyfi mér að biðja kjörbréfanefnd að taka til starfa strax og ég fresta þingfundi í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Halldórs Blöndals ritstjóra sem gefið er út af landskjörstjórn 10. júlí 1974. Axel Jónsson, 10. landsk. þm., víkur nú af þingi, fer til útlanda í opinberum erindum, og tekur þá 1. varamaður uppbótarþm. Sjálfstfl. sæti hans. Þar sem séra Ingiberg J. Hannesson hefur nú tekið sæti á Alþingi sem 4. þm. Vesturl., ber samkv. þeirri venju, sem fylgt hefur verið, að líta svo á að Halldór Blöndal færist upp og taki fyrsta varauppbótarþingsæti Sjálfstfl., eins og hér er gert ráð fyrir.

Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Halldórs Blöndals og leggur til að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Laun forstjóra ríkisfyrirtækja, fsp. (þskj. 26). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég bar fram þessar fsp. fyrir býsna löngu, en svo bar til að á liðnum vikum hefur hæstv. fjmrh. verið allmjög önnum kafinn og það er ekki fyrr en í dag að hann fann til þess tóm að svara þessum fsp. mínum, sem eru svo hljóðandi:

„Hver eru laun eftirtalinna forstjóra: a) Íslenska járnblendifélagsins? b) Kísiliðjunnar? c) Sementsverksmiðjunnar? d) Áburðarverksmiðjunnar?" Og síðan í framhaldi: „Njóta forstjórar þessara fyrirtækja nokkurs konar launabóta í tengslum við afkomu fyrirtækjanna, framleiðslumagn eða afurðasölu? Hver eru hlunnindi forstjóranna ofan á launagreiðslur?"

Þessar fsp. bar ég raunar fram í beinum tengslum við fsp. varðandi ákveðin fríðindi ráðh. og bankastjóra og um það er lauk einnig fríðindi svonefndra kommissara eða forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins umfram aðra landsmenn í formi tollfrelsis. Síðan er, eins og ég sagði, liðinn býsna langur tími, en ég ætlaðist til þess að milli þeirra fsp. og þessara fsp. og milli svaranna við þessum fsp. gæti orðið nokkurt samhengi.

Í svörum ráðh. við hinum fyrri fsp. kom fram að ráðh. fá ofan á hæstu laun tollfrjálsa bíla á þriggja ára fresti og auka tekjur sínar allmjög með þeim hætti, en undirstrikað skal rækilega nú þegar að þetta er vissulega lögum samkv. Þetta er gert í samræmi við gildandi lög, og kemur þá sem sagt til álita að breyta þeim lögum á einhvern hátt, ef hv. alþm. eru þeirrar skoðunar að slíkt sé við hæfi að athuguðu máli. Í svörunum kom einnig fram að bankastjórar og þingkjörnir forstjórar Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa tekið sér sömu fríðindi með samþykki aðila sem alls ekki hafa vald til þess að breyta lögum. Athugun sýnir að þessa tekjuaukningu telja þeir ekki fram til skatts og sleppa með það, en þetta samsvarar því að þeir hafi undanþegið sjálfa sig lögákveðnum tollgreiðslum af bílum. Ég vil ekki gefa þessu uppátæki þeirra nein nöfn, en hygg þó að slík gætu fundist í orðabókum. Þau eru a. m. k. tiltæk þegar sjómenn eru staðnir að því að koma inn í landið varningi sér til hagsbótar, en þeir hafa náttúrlega ekki aðstöðu til þess eða klókindi að undirbúa verknaðinn félagslega á sama hátt. En sleppum því.

Ég vek aðeins athygli á því, að fsp. sú, sem hér liggur nú fyrir á dagskrá um launakjör og önnur fríðindi nokkurra forstjóra, sem eru á launaskrá hjá ríkinu beint eða óbeint, var borin fram í tengslum við fsp. sem þegar hefur verið svarað varðandi bifreiðafríðindi ráðh., bankastjóra o. fl. Þær voru bornar fram, meðan enn stóð verkfall opinberra starfsmanna, í því skyni að varpa ljósi á ýmis dálítið myrkvuð atriði varðandi launamismun í kerfi hins opinbera. Og nú vil ég, svo sem fyrr segir, ekki gefa afbrigðilegum bílainnflutningi bankastjóra eða forstjóra Framkvæmdastofnunarinnar nein nöfn, heldur láta nægja í sambandi við fsp. um kjör forstjóranna, sem hér um ræðir, að vitna í sömu ljóðlínu og ráðuneytisstjóri fjmrn. nú í haust, sá sem nú

er tekinn við forstjórastarfi málmblendifélagsins: „Margur ágirnist meira en þarf," sagði ráðuneytisstjórinn.

Ég vil vænta þess, að svör hæstv. fjmrh. við fsp. þessum leiði í ljós að þurftarmælikvarðinn úr fjmrn. á réttlæti í launagreiðslum gildi jafnt um alla starfsmenn hins opinbera og helst af öllu jafnt um alla þegna lýðveldisins.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Af upphafi ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. mátti skilja að batnandi manni er best að lifa. Ég vil, um leið og ég segi þetta, afsaka að svör við þessari fsp. hafa dregist lengur en ég hefði óskað, en hv. fyrirspyrjandi gat sér rétt til í því sem hann sagði hér áðan.

Áður en ég svara þessari fsp. langar mig aðeins til að leiðrétta það sem hann sagði áðan varðandi fsp. sem áður hefur verið rædd hér og henni svarað, varðandi bifreiðar þær sem ráð. hafa. Í lögum frá 1970 var gert ráð fyrir að sett yrði reglugerð um ríkisbifreiðar. Í þeirri reglugerð, sem sett var, er tekið fram að ráðh. getur hvort heldur er fengið bifreið í eign ríkisins til afota fyrir sig í sínu embætti eða sjálfur greitt verð bifreiðarinnar að undanskildum aðflutningsgjöldum og sölugjaldi og þá í leiðinni notað bifreiðina sem sína einkabifreið. Í fyrra tilfellinu yrði þá aðeins um að ræða notkun í sambandi við embættisrekstur viðkomandi.

Í þeirri fsp., sem hér er á dagskrá, er spurt um laun fjögurra forstjóra. Fjmrn. á aðild að samningum um föst laun tveggja þeirra forstjóra sem um er spurt: Sementsverksmiðju og Áburðarverksmiðju. Forstjórar þessara verksmiðja taka báðir laun samkv. launaflokki A 30, nóvemberlaun þeirra samkv. þeim launaflokki eru 299 713 kr. sem föst laun. Auk þess hafa þeir greiðslur fyrir yfirvinnu og fyrir vaktir, sem menn kannast kannske við undir nafninu bakvaktir eða helgarvaktir. Forstjóri Sementsverksmiðjunnar hefur yfirvinnu 45⅓ úr klst. á mánuði og það er samkv. ákvörðun stjórnar. Hjá forstjóra Áburðarverksmiðjunnar eru það 28 klst., en hins vegar fær hann 81 708 kr. fyrir þær vaktir sem ég gat um áðan. Forstjóri Sementsverksmiðjunnar fær greiddan bifreiðakostnað samkv. þeirri gjaldskrá, sem véla- og bifreiðanefnd ríkisins ákvarðar, og fær greitt fyrir 12 þús. km akstur, forstjóri Áburðarverksmiðjunnar fyrir 10 þús. km akstur. Hlunnindi forstjóra þessara fyrirtækja eru engin að undanskildu því, að forstjóri Áburðarverksmiðju fær greitt fastagjald af síma.

Spurt er hvort þeir njóti launauppbóta í tengslum við afkomu fyrirtækjanna, framleiðslumagn og afurðasölu. Svarið við því er nei. Og aðrar greiðslur eru ekki til þeirra tveggja forstjóra sem ég hef hér vikið að.

Varðandi forstjóra Járnblendifélagsins og Kísiliðjunnar var gerð fsp. til iðnrn., en eins og hv. þm. er kunnugt heyra þessar stofnanir, þ. e. a. s. eignaraðild ríkisins að þeim, undir iðnrn. Þess vegna var spurst fyrir um það mál af hálfu fjmrn. til iðnrn. Svar við því barst og það hljóðar svo:

„Um laun forstjóra Íslenska járnblendifélagsins og Kísiliðjunnar: Rn. er ókunnugt um laun þessara forstjóra. Þeir eru ráðnir af stjórnum viðkomandi félaga, en hér er um hlutafélög að ræða þar sem verulegur eignarhluti er í eigu annarra en ríkisins, þótt það sé meirihlutaaðili. Stjórnir hlutafélaganna geta því einar upplýst um laun forstjóra sinna."

Ég vonast til þess að ég hafi með þessu veitt þau svör, sem hv. þm. hefur óskað eftir, eða gefið skýringu á því í annan stað.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, og fór þó illa, því að ég hafði vænst þess að ráðh. gæti svarað þessum spurningum mínum ítarlegar en hann gerði. Samt er það mála sannast, að hann svaraði eins og efni stóðu til. Ég ætlaðist að vísu ekki til þess, að ráðh. útskýrði nákvæmlega að þessu sinni hví forstjórar ríkisstofnana þurfa samkvæmt spakmælinu úr húsganginum gamla í fjmrn. margfalt hærri laun en undirmenn þeirra. Ég hafði gert mér vonir um að hann yrði þess umkominn að greina okkur frá því, eins og í spurningunni stendur, hver launakjör þessara forstjóra allra fjögurra væru. Nú hefðu að vísu átt að vera hæg heimatökin varðandi forstjóra Járnblendifélagsins, sem var a. m. k. er fsp. mín var borin fram í senn ráðuneytisstjóri fjmrn. og forstjóri Járnblendifélagsins, og hefði e. t. v. legið beint við að spyrja hann að þessu, því að vissulega varðar það nokkuð fjármál ríkisins hver laun forstjóranna eru.

Ég tel með tilliti til þeirra umr. sem fóru fram um laun opinberra starfsmanna s. l. haust, og raunar landsmanna allra, og það í nafni hæstv. fjmrh., því það var sem starfsmaður hæstv. fjmrh. sem nefndur ráðuneytisstjóri í fjmrn. skrifaði margfræga grein í Morgunblaðið þar sem upphaf og uppistaða og ívaf var þessi gamla ljóðlína úr húsganginum við Breiðafjörð: „Margur ágirnist meira en þarf" — þess vegna hefði ég talið að það lægi beint við, vegna þess að þessi mál varða hag ríkisins og kjaramálin í landinu yfirleitt, að hæstv. ráðh. hefði nú spurt þennan starfsmann sinn að því: „Hvað fáið þér í laun hæstv. ráðuneytisstjóri í nýja djobbinu?" Og það hefði verið hægt að ætlast til þess að ráðuneytisstjórinn hefði svarað spurningunni. Ætla ég að við höfum ástæðu til þess að geta okkur til um það, að ef það reyndist nú svo að þessi ágæti embættismaður hefði meiri laun en hann þyrfti, þá væri honum það þvert um geð. Það væri raunar verðugt verkefni fyrir sérstaka áhugamenn um íslenska tungu og skáldskap hér í þinginu, þó forsprakki þeirra sé að vísu fjarverandi, að grafast fyrir um uppruna þessarar vísu, þó ekki finnist nú fyrir í henni z. Ég lærði hana sem húsgang sem barn fyrir austan. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég verð með tilliti til þess, að ég notaði mjög skamman ræðutíma á sínum tíma þegar hinar fyrri spurningar voru til umr. hér, í því skjóli að ég fengi svör við þessari, þá verð ég að mælast til þess að fá að ljúka máli mínu í tengslum við þær að þessu sinni, mun ekki fara fram yfir samanlagðan tíma.

Ég lærði sem sagt þennan forna húsgang,

ortan við Breiðafjörð, þegar ég var barn austur á landi, en hafði gleymt honum þegar ég heyrði Jón Sigurðsson hagsýslustjóra fara með hann í sjónvarp í fyrra. Síðan var hann rifjaður aftur upp fyrir mér af Jóni Sigurðssyni ráðuneytisstjóra í fjmrn. nú í haust og virðist hann vera orðinn mottó fjmrn.

Eftir kveðandinni að dæma gæti maður ímyndað sér að þessi húsgangur væri ortur á dögum Hallgríms Péturssonar, og líklega hafa það verið þessi líkindi með kveðskap Hallgríms sem gerðu það að verkum að annar húsgangur eftir Hallgrím Pétursson rifjaðist upp fyrir mér í sambandi við þessa fsp. mína. Húsgangur þessi eftir Hallgrím, sem ég lærði sem barn, er í tengslum við eina af þjóðsögunum um hann þegar hann var við járnsmíðanám í Kaupmannahöfn og kom þar að sem þjófur var hýddur. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að minna hv. þm. á að þetta málefni tilheyrir ekki fsp. og hann hefur þegar lokið sínum ræðutíma). Þetta málefni tilheyrir fsp. vissulega, og herra forseti mun komast að niðurstöðu um það áður en lýkur, eftir andartak. Þjófurinn barst illa af við refsinguna, tólf vandarhögg, og grét eftir að hann hafði meðtekið þrjú. Og þá orti Hallgrímur:

„Örlæti heims má eigi skilja,
þó yrki ég um svo látandi,
ýmsir fá miklu meira en þeir vilja
og meðtaka laun sín grátandi."

Sem sagt, ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að gefa í skyn að e. t. v. fáum við síðar svör um laun þessara forstjóra sem hann greindi ekki frá hér, ef takast mætti að knýja stjórnir þessara fyrirtækja, þar sem íslenska ríkið á meiri hluta, til svara um þessi mál. En ég mun sennilega ásamt fleiri þm. bera fram þáltill. á þá lund, að fríðindi háttsettra embættismanna í því formi, sem nú tíðkast, verði afnumin og launakjörum þeirra komið á hreint, og þá ekkert síður þeirra manna sem Alþ. kýs til þess að sýsla um opinbera sjóði. Og sér í lagi mun ég svo bera fram að nýju till., sem áður hefur verið lögð hér fram í Sþ., um að ekki skuli goldin hærri laun hér á landi en sem samsvarar tvöföldum verkamannalaunum miðað við 8 stunda vinnudag.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég veitti því athygli að hæstv. fjmrh. svaraði hér greiðlega þeim upplýsingum, sem beðið hafði verið um varðandi launakjör tveggja forstjóra, þ. e. a. s. Sementsverksmiðju og Áburðarverksmiðju. Hins vegar kom ekkert svar varðandi aðrar tvær verksmiðjur sem ríkið á meirihlutaaðild að, þ. e. a. s. járnblendiverksmiðjuna og kísilgúrverksmiðjuna.

Ég tel að það sé ekki hægt að una við það, þegar fsp. eins og þessi er borin fram á Alþ., að þá skuli ekki fást svar um svo einfaldan hlut eins og launakjör forstjóra í ríkisfyrirtækjum eða fyrirtækjum, sem ríkið á meirihluta aðild að. Það kann vel að vera að það hefði verið rétt að beina þessari fsp. til hæstv. iðnrh. En hitt sýnist mér alveg fráleitt, að iðnrn. geti svarað því, að því sé ókunnugt um þetta og það geti ekki svarað neinu. Auðvitað ber þessum ráðuneytum að afla upplýsinga um þetta atriði varðandi þessa fsp. eins og aðrar og gefa Alþ. þær upplýsingar sem um er beðið. Alþm. hafa hér aðeins að hæstv. ráðh. að snúa sér, en ekki að stjórnum þessara fyrirtækja sem auðveldlega gætu neitað um allar upplýsingar. Þetta veit ég að báðir þeir hæstv. ráðh., sem hér eiga hlut að máli, gera sér grein fyrir. Því fer ég fram á að hæstv. iðnrh., þá í félagi við hæstv. fjmrh., afli upplýsinga um þessi atriði, þ. e. a. s. launakjör forstjóra Járnblendifélagsins og kísilgúrverksmiðjunnar, og komi þeim til alþm., þó eitthvað verði síðar, því það verður ekki unað við það að halda upplýsingum fyrir Alþ. varðandi atriði eins og þetta.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess, eins og síðustu tveir ræðumenn, að láta í ljós furðu mína yfir þeim svörum sem hæstv. fjmrh. veitir við fsp. sem hér eru til umræðu.

Þegar maður kemur að Grundartanga núna, þá er orðin mikil breyting á frá því sem var fyrir tveim árum, m. a. rammger girðing komin um svæðið og á skilti stendur þar: „Óviðkomandi bannaður aðgangur." Og þarna standa verðir og gæta svæðisins nótt og dag. Þegar spurt er hér í Alþingi um aðeins eitt atriði varðandi rekstur þessarar verksmiðju, þ. e. a. s. laun forstjóra Járnblendifélagsins, þá er sett upp skiltið: „Óviðkomandi bannaður aðgangur." Og ástæðan til þess, að ekki er hægt að veita svör við þessari spurningu, er sú, að þarna er um hlutafélag að ræða, sem ríkið á að vísu meiri hl. í, en sá meiri hl. dugar ekki!

Ljóst er að ekkert er til sparað á þessu svæði. Það vantar sannarlega ekki neitt þarna. Má segja að Grundartanginn hafi algeran forgang hjá þessari ríkisstj. Það var sagt einhvern tíma um daginn, að vegamál ættu að hafa algjöran forgang. Þau hafa að því leyti algjöran forgang, að það stendur ekkert á að leggja vegi fyrir járnblendiverksmiðjuna. Og nú spyr ég: Ef maður hefur rökstuddan grun um að þarna sé um að ræða sukk, þarna sé um að ræða ósjórn og sóun á fjármunum, getur þá nokkur ráðh. svarað ef maður legði fram fsp. um það? Gilda ekki sömu rök varðandi slíkt, að alþm. geti engin svör fengið varðandi framkvæmdir á Grundartanga, fjárhagshliðar eða annað? Ef þessi rök gilda um laun forstjórans, gilda þau þá ekki um framkvæmdina alla, m. ö. o.: „Óviðkomandi bannaður aðgangur."

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er nú fátt og lítið sem maður kemur fyrir á tveimur mínútum. Ég vil í því örstutta máli, sem ég hef hér möguleika á, lýsa vissum stuðningi mínum við þessar fyrirspurnir. Það er gott að fá upplýsingar um þessi mál.

Mér fannst eins og fyrirspyrjanda og fleirum verra að fá ekki upp gefið kaup forstjóra Íslenska járnblendifélagsins, það hafa ýmsar upphæðir heyrst nefndar, 700 þús. kr. eða þaðan af meira. Það er ekki um það að ræða hér, hvort íslenska ríkið, sem er eignaraðili að félaginu, í þessu tilfelli í samvinnu við Norðmenn, hefur efni á að borga einum manni þetta há laun, heldur er það

miklu frekar vitundin um að þessir örfáu toppar, launatoppar í þjóðfélaginu, verka út í launakerfið. Það þarf enginn að ímynda sér að jafnvel verkamaðurinn á eyrinni leggi ekki eyrun við þegar hann heyrir um laun þeirra sem ég kalla toppmenn. Ég er ekki að gefa í skyn að við eigum að jafna launin fullkomlega, en ég vil fyrst og fremst að laun séu borguð eftir gildi starfsins og menn beri úr býtum fyrir vinnu sína fyrst og fremst í samræmi við dugnað sinn, samviskusemi og atorku. En þetta hefur nokkuð skekkst í okkar launakerfi, og ég hygg að það sé út í hött þegar við erum minnt á að launamismunur í öðrum löndum sé margfalt meiri en hér. Ég hygg líka að nú á þessum hættulegu verðbólgutímum væri ein leið okkar til þess að ná jafnvægi og ná friði um laun á vinnumarkaðinum að setja bann við hækkun á ákveðin laun þegar þau hafa náð ákveðnu hámarki. Þess vegna lýsti ég á sínum tíma samúð minni með till. hv. þm. Stefáns Jónssonar, þó að mér fyndist hún e. t. v. ekki mótuð á réttan hátt. En eitthvað í þessa átt ættum við að gera, og við hljótum að taka til athugunar hvort einmitt þetta gæti ekki hjálpað okkur út úr þeim ógöngum sem við erum stödd í nú í launamálum.

Mér er líka ráðgáta hvers vegna sú skipan þarf að viðgangast að bankaráð, lögum samkv., ákveði laun bankastjóra. Og ég hef ekki enn komið auga á hvers vegna bankastjórar þurfa að vera sambærilegir ráðh. að þessu leyti og hafa sína einkabíla og hlunnindi sem æðstu mönnum þjóðarinnar einum eru látin í té.

Að því er ráðherrabílana varðar er ég ekkert að finna að því, þessir menn þurfa á bílum að halda. Ég hefði talið samt sem áður að miklu eðlilegra væri að ráðh. væri betur borgað, en bílana borguðu þeir sjálfir eins og annað fólk.

Yfirleitt er einn mesti ágallinn á okkar launakerfi í dag, bæði í lægstu launastigunum og þeim efstu, að það er orðinn slíkur myrkviður að hinir svokölluðu kauptaxtar eru markleysa. Það er smurt á þá úr öllum áttum og eftir óskiljanlegum leiðum alls konar aukagreiðslum sem fela hið raunaverulega kaup sem greitt er.

Svo að ég víki aftur að þessu með samanburð við aðrar þjóðir, þá er það rétt, ég veit að launamismunur er hér margfalt minni en annars staðar. En hér sem annars staðar ættum við að fara með varfærni í að bera okkur saman við aðrar þjóðir, milljónaþjóðir með slík risafyrirtæki sem aldrei munu verða til hér á landi. Fjárhagsgeta og fjárhagsaðstaða í þessum löndum er gerólík því sem gerist hjá okkur.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér. Ég held að launamismunurinn, þó að hann sé minni hér en annars staðar, sé orðinn of mikill hér hjá okkur og það mundi gera okkur ómetanlega mikið gott ef við gætum komið inn skilningi hjá þeim mönnum, sem taka efstu launin, að þeir kæmust ákaflega vel af þó að eitthvað væri minnkað bilið á milli þeirra og hinna lægst launuðu í okkar þjóðfélagi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get tekið undir með síðasta ræðumanni, að það er náttúrulega nauðsynlegt að svona upplýsingar liggi fyrir. Þjóðfélagið þarf að borga brúsann — borga þennan brúsa sem stofnað var til með Járnblendifélaginu. Það er að vísu rétt, að þetta er rekið í formi hlutafélags, en ríkið á a. m. k. 55% í því félagi, og það væri þá ekki óeðlilegt að við fengjum a. m. k. að vita hver 55% af launum þessa framkvæmdastjóra væru, þá mundum við vera sjálfbjarga með afganginn. En það væri kannske eftir annarri ráðdeild, sem tengd er þeirri hugmynd að reisa þarna járnblendiverksmiðju, að borga framkvæmdastjóranum hærri laun en hann þyrfti.

En þetta er nú ekki það sem kom mér til að standa upp, heldur hitt, að fyrirspyrjandi, hv. þm. Stefán Jónsson, var að spyrja um höfund þessarar vísu hjá áhugamönnum um réttritun og skáldskap. Ég hef að vísu ekki blandað mér í umr. um réttritun hér og reyndar ekki um skáldskap heldur, en ég hef það fyrir satt og ber fyrir mig ljóðafróðan vin minn norður á Blönduósi, sem heitir Jónas Tryggvason, að þessi vísa sé eftir Jón Þorláksson á Bægisá. Og það er hreint ekki ómerkilegt að leggja það á minnið, vegna þess að þessi kviðlingur er kannske sá sem hefur haft einna mest áhrif á þjóðfélagsmál nú á síðustu tímum.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér í þau skáldskaparmál sem hér hafa verið flutt. En ég vil hins vegar taka mjög alvarlega undir þau ummæli, sem komið hafa fram hjá nokkrum þm. hér á undan, að það er með öllu óviðunandi og ekki þolandi, að hér á Alþ. sé ekki hægt að fá um það upplýsingar, hvaða laun forstjóri fær greidd í fyrirtæki þar sem íslenska ríkið er eigandi að meiri hl. fyrirtækisins.

Hér er ekki síst verið að ræða um laun forstjóra járnblendiverksmiðjunnar, og ég vil minna á að það má vissulega búast við í sambandi við einmitt þetta fyrirtæki, að það þurfi áður en langt um líður að fá upplýsingar um ýmsa fleiri þætti í rekstri þess. Ef á að neita að gefa upplýsingar um þennan þátt, þá má trúlega eiga von á að því verði einnig neitað þegar að öðrum þáttum kemur. Hér er um að ræða fyrirtæki sem talið er, miðað við verð á kísiljárni eins og það er nú, að á verði árlegur halli ekki langt undir 1000 millj. ísl. kr., sem getur orðið ærinn baggi á okkar ríkisbúskap. Og það er reiknað með þessum halla brátt fyrir að það orkuverð, sem samið hefur verið um, miðað við framleitt tonn af kísiljárni, sé ekki nema rétt um 20% af því verði sem þarf að greiða fyrir orkuna til þess að framleiða eitt tonn af þessari sömu vöru austur í Japan. Hér á að borga fyrir orkuna rétt um 20% af því verði sem borgað er austur í Japan, samkvæmt upplýsingum sem fram komu í tímaritinu Metal Bulletin nú fyrir stuttu. Ég vil vekja athygli á þessu vegna þess að það sýnir að hér mun þurfa að spyrja um ærið margt áður en lýkur. Og ég vil alveg sérstaklega beina því til fjmrh., hvort hann geti ekki bent þm. á einhverja þinglega leið til að fá þessar upplýsingar um laun forstjóranna fram. Ef ekki dugar að bera hér fram venjulega fyrirspurn, þá hlýtur einhver önnur leið að vera fær. Ég vil biðja hæstv. ráðh. að skýra okkur frá því, hvaða leið hann telur að eigi að fara, því ég trúi ekki að ráðh.

ætli að láta það liggja frammi fyrir þjóðinni að þessar upplýsingar sé hvergi að fá. Ég vil ráðleggja honum að hugsa málið vandlega áður en hann lætur það verða niðurstöðuna af þessum fundi.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Þessum hv. þm., varaþm., ætti að vera ljóst að málefni járnblendiverksmiðjunnar heyra undir hæstv. iðnrh. A. m. k. ætti hann að kunna sögu málsins svo vel, að honum ætti að vera kunnugt um áhuga hæstv. fyrrverandi iðnrh. á þessu máli.

Þegar ég fékk fyrirspurn um fyrirtæki sem heyrir ekki undir fjmrn., þá ritaði ég iðnrn. bréf, og það bréf las ég upp áðan. Ég held að fyrirspyrjandi og hv. 2. þm. Austurl. hafi gert sér grein fyrir að svar mitt var eins og við var að búast, það yrði bréf frá iðnrn. sem ég læsi hér upp, hvað svo sem í því bréfi stæði. Ég las bréfið upp, og þar er bent á að stjórnir hlutafélaganna geti einar upplýst um laun forstjóra sinna. Ef þm., sem hér hafa tekið til máls, vilja með einum eða öðrum hætti ræða frekar launamál þessara forstjóra, sem hér um ræðir, þá hljóta þeir að víkja þeim atriðum að iðnrn., eins og ég gerði með því að leita eftir svari og koma með það svar sem ég fékk.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp., sem hér eru á dagskrá, var beint til hæstv. fjmrh. sem hefur svarað þeim. Laun forstjóra Íslenska járnblendifélagsins hafa hins vegar verið rædd hér alveg sérstaklega. Eins og hæstv. fjmrh. gat um, beindi ráðuneyti hans spurningunni til iðnrn. Ráðuneytisstjóri iðnrn. svaraði alveg réttilega, að ráðuneytinu væri ókunnugt um laun þessara forstjóra, þeir væru ráðnir af stjórnum viðkomandi félaga, en í samþykktum Járnblendifélagsins er skýrum stöfum tekið fram, að stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður launakjör hans, þannig að launakjörin hafa alls ekki verið undir iðnrn. borin né iðnrn. frá þeim skýrt. Þess vegna er svar ráðuneytisstjórans, sem hæstv. fjmrh. las hér upp, alveg rétt.

Hitt er annað mál, að mér finnst sjálfsagt að verða við óskum hv. þm. um að reyna að afla þessara upplýsinga. Ég mun að sjálfsögðu óska eftir því við stjórn Járnblendifélagsins, að hún gefi þessar upplýsingar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég get í raun inni fallið frá því að taka hér til máls, vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur að mínum dómi brugðist hér rétt við. Ég vildi bara að það lægi hér alveg skýrt fyrir, að auðvitað hvílir eftir reglum, sem hafa gilt á Alþ., ákveðin skylda á hverju ráðuneyti fyrir sig að upplýsa Alþ. um það sem hægt er að upplýsa varðandi þýðingarmikil mál sem flokkast undir viðkomandi rn. Þar er spurningin ekki sú, hvort viðkomandi rn. hefur í öllum greinum með málið að gera. Þegar t. d. fyrir nokkrum dögum var svarað fsp. frá mér hér á Alþ. um það, hvað liði starfsmannafjölda í sparisjóðum landsins, þá er mér vel kunnugt um að viðskrh. hafði ekki ráðið þá starfsmenn. En hann svaraði. Og þannig hefur þetta verið í öllum mögulegum greinum. Mér er vel kunnugt um að samkvæmt lögum er það bankaráð Seðlabankans sem ákveður launakjör starfsmanna bankans. En eigi síður fáum við hér svör við slíkum fyrirspurnum og varðandi Landsvirkjun o. s. frv. En járnblendiverksmiðjan og kísilgúrverksmiðjan flokkast undir iðnrn., og nú hefur hæstv. ráðh. lofað að veita hér upplýsingar um þessi atriði eða afla þeirra, og ég uni við það. Hitt fannst mér mjög alvarlegt, ef ekki ætti að veita Alþ. upplýsingar um þetta atriði, því að það gæti greinilega dregið dilk á eftir sér.

Sameinað þing, 22. fundur.

Þriðjudaginn 22. nóv., að loknum 21. fundi.

Tónmenntafræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 59). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varnir gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa, þáltill. (þskj. 86). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipulag orkumála, þáltill. (þskj. 30). — Frh. einnar umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir á þskj. 30, fjallar um skipulag orkumála. Í sambandi við þessi mikilvægu mál vil ég fyrst taka það fram, að gildandi skipulag orkumála er u. þ. b. 10—12 ára gamalt. Orkulögin sjálf eru frá 1967, en tveimur árum áður voru sett lög um Landsvirkjun. Um það þarf ekki að ræða, að skipulagi orkumála, sem nú hefur verið í gildi í fullan áratug, er mjög ábótavant í mörgum greinum. Till. hafa verið uppi um endurbætur í ýmsum efnum. Efnislega hefur menn þar greint nokkuð á.

Sambad ísl. rafveitna efndi árið 1972 til ráðstefnu um skipulag orkumála. Á þeirri ráðstefnu var mörkuð sú meginstefna, að orkuvinnslufyrirtæki skyldu vera sameign sveitarfélaga og ríkis og gert ráð fyrir skiptingu landsins í landshlutafyrirtæki. Jafnframt skyldi komið á fót samstarfsnefnd landshlutafyrirtækjanna varðandi orkuvinnslu og samrekstur. Þetta er yfirlýst stefna Sambands ísl. rafveitna.

Samband ísl. sveitarfélaga hélt fulltrúaráðsfund ári síðar til þess að ræða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Niðurstaða þess varð sú að orkuframleiðsla og meginflutningur raforku skyldu vera í höndum sameignarfyrirtækja ríkis

og sveitarfélaga þar sem landshlutasamtök sveitarfélaga fari með stjórnarumboð sveitarfélaganna eftir nánar ákveðnum reglum.

Með hliðsjón af þessum yfirlýstu stefnumálum þessara tveggja sambanda sem hér koma mjög við sögu, Sambands ísl. rafveitna og Sambands ísl. sveitarfélaga, var ákveðið nokkru eftir síðustu stjórnarskipti að setja nokkrar n., landshlutanefndir til þess að kanna viðhorf sveitarfélaganna til stofnunar sameignarfyrirtækja ríkis og sveitarfélaga um orkuvinnslu og orkudreifingu. Störf þessara n. eru misjafnlega langt á veg komin.

Ein n. skilaði áliti eftir skamman starfstíma, en hafði lagt í þetta mál mjög mikla vinnu með sérfræðingum. Það var orkunefnd Vestfjarða. Hún skilaði tillögum snemma árs 1976 og lagði til einróma að stofnað yrði Orkubú Vestfjarða, þar sem sveitarfélögin á Vestfjörðum ættu 60%, en ríkissjóður 40% í þessu fyrirtæki. Samstaða var einnig þar vestra meðal sveitarstjórnanna um þetta mál. Frv. var síðan lagt fyrir Alþ. og lögfest vorið 1976. Síðan fór fram margvíslegur undirbúningur undir stofnun Orkubúsins. Verja þurfti töluverðum tíma og fyrirhöfn til að kanna fjármálin og hverjar till. skyldi gera til lausnar þeim málum, einkum varðandi skuldaskiptingu milli Rafmagnsveitna ríkisins og hins væntanlega Orkubús. Sameignarsamningur var gerður og stofnfundur Orkubúsins haldinn í lok ágústmánaðar. Málið var síðar til meðferðar hjá ríkisstj., sérstaklega út af ýmsum fjárhagsatriðum, og hefur nú endanlega verið samþ. þar.

Hvort sem menn vilja fara þá leið, að eitt landsfyrirtæki hafi alla orkuvinnslu með höndum eða að landshlutasamtök fari með þau mál, þá þarf í báðum tilvikum að hafa heildaryfirstjórn orkumálanna á vegum ríkisins. Spurningin er hvernig eigi að haga þeirri heildarstjórn. Til þess að kanna rækilega og gera till. um þetta mikilvæga mál var skipuð n. manna í janúar s. l. sem hafði það hlutverk að endurskoða orkulögin og gera till. um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála. Í þessa n. voru skipaðir Þorvaldur Garðar Kristjánsson, form. orkuráðs, sem formaður þessarar n., en aðrir nm. eru: form. Sambands ísl. rafveitna, Aðalsteinn Guðjohnsen, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Magnús Guðjónsson, formaður stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins, Helgi Bergs, Gísli Blöndal hagsýslustjóri, Jakob Björnsson orkumálastjóri, Páll Flygenring ráðuneytisstjóri og Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins og alþm. Þessi n. starfar að þessu verkefni: að gera till. um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála. Hefur verið lögð á það áhersla, að n. hagaði svo störfum að hún gæti á þessum vetri lagt till. fyrir iðnrn. og síðan ríkisstj. og Alþ. Ég vænti þess, að hv. alþm. geti verið sammála um að nauðsynlegt hafi verið að fela slíkri n. að kanna til hlítar þetta mikilvæga málefni og reyna, eftir því sem unnt væri, að sameina sjónarmiðin og skila grg. og tillögum.

Ég vænti þess, að hv. flm. þessarar till., en 1. flm. á einmitt sæti í þessari skipulagsnefnd orkumála, geti fallist á að þessi þáltill., sem að sjálfsögðu fer til n. hér, gangi ekki til fullnaðarafgreiðslu í þeirri þingnefnd fyrr en till. þessarar skipulagsnefndar orkumála liggja fyrir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þessi till. til þál., sem hér er til umr., fjallar um efni sem varðar skipulag orkumála.

Við getum verið sammála um að skipulagið á að þjóna því markmiði, að næg orka sé með sem mestu öryggi og gæðum við sem lægstu verði. Við erum sammála um að orkuframleiðsla þurfi að vera nægileg til að fullnægja almennri eftirspurn. Við viljum að innlendir orkugjafar séu hagnýttir til að leysa af hólmi erlenda orkugjafa og með því móti spara gjaldeyri. Við viljum nýta orkulindir landsins í þágu iðnaðar til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar. Við viljum að orkuframleiðslan sé rekin á hagkvæman hátt fyrir þjóðarheildina. Slík markmið erum við sammála um, en umr. um skipulag orkumála fjalla fyrst og fremst um leiðir að settum markmiðum.

Þegar rætt er um skipulag orkumála ber fyrst að hafa í huga umfang þessa málaflokks, orkugjafa og orkutegundir. Heildarskipulagið þarf að miðast við hið mikla viðfeðmi þeirra viðfangsefna sem hér er um að ræða. Auðvitað eru viðfangsefnin mismunandi aðkallandi eða þýðingarmikil, a. m. k. í bráð. Leggja verður áherslu á að það skipulag, sem sett er, stuðli sem best að hagnýtingu fallvatna landsins til raforkuframleiðslu. Skipuleggja verður ekki síður að greiða fyrir hagnýtingu jarðvarmans til húshitunar, raforkuframleiðslu, iðnaðar og ylræktar. Búa verður hitaveitum rúm innan skipulagsins, hvaða orkugjafar sem kunna að verða hagnýttir: jarðvarmi, raforka, olía eða annað. Taka verður með í reikninginn tækninýjungar, svo sem varmadælur til húshitunar. Muna verður eftir hagnýtingu jarðefna til orkuframleiðslu, sem í landinu kunna að finnast eða á íslensku yfirráðasvæði, svo sem olíu eða surtarbrands.

Þennan margbreytileik og viðfeðmi viðfangsefnisins má samt í heildarskipulagi orkumála greina í tvo meginþætti. Annars vegar er þar um að ræða rannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra. Hins vegar er orkuvinnslan og dreifing orkunnar. Það er hlutverk Orkustofnunar að annast rannsóknir á orkulindum landsins. Það er og hlutverk Orkustofnunar að vera ríkisstj. til ráðuneytis um orkumál. Það er grundvallaratriði í framkvæmd orkumálanna, að þau verk fari vel úr hendi sem Orkustofnun er falið að sjá um. Því er það brýnt verkefni að efla Orkustofnun, til þess að hún hafi sem best tök á að gegna sínu mikilvæga hlutverki í orkumálum landsins. Það þarf að endurskoða starfsemi þessarar stofnunar og gera hana að hlutgengari aðila til undirbúnings og aðstoðar við stefnumörkun í orkumálum.

Við endurskoðun á starfsemi Orkustofnunar kemur ýmislegt til greina. En í meginatriðum ættu menn að vera sammála um það tvennt, annars vegar að hnitmiða verksvið stofnunarinnar við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf um stefnumótun í orkumálum og hins vegar að efla áhrifavald stofnunarinnar og þátt hennar í heildarstjórn orkumálanna.

Það er skipulag raforkuvinnslunnar og raforkudreifingar, sem fyrst og fremst hefur verið til

umræðu á undanförnum árum. Það hefur einkum verið rætt um eignaraðild og rekstrarform raforkufyrirtækjanna. Viðfangsefni þessarar umfjöllunar hefur verið að koma á breyttu skipulagi frá því sem nú er í þeim tilgangi að stuðla að sem bestri nýtingu orkulinda landsins, svo að fullnægt verði orkuþörfinni með innlendum orkugjöfum og með sem lægstu og jöfnustu orkuverði um allt land. Til að ná þessu markmiði hefur einkum verið lögð áhersla á þau tvö atriði, annars vegar að auka stjórnunaráhrif og ákvörðunarvald landshlutanna, bæði um orkuframleiðslu og orkudreifingu, og hins vegar að koma á sterkari heildarstjórn til markvissrar stefnumótunar og framkvæmda í orkumálum. Umr. hafa mjög snúist um hvernig þessi hagrænu og félagslegu sjónarmið yrðu best samræmd.

Svo er að sjá að víðtæk samstaða hafi náðst í vissum þýðingarmiklum atriðum. Í því efni hefur borið hátt hugmyndir um landshlutafyrirtæki eða landshlutaveitur. Í þessu sambandi má minna á afstöðu Sambands ísl. rafveitna og Sambands ísl. sveitarfélaga sem hæstv. iðnrh. hefur hér á undan mér vikið að. En áður en þessi stefnumörkun Sambands ísl. rafveitna og Sambands ísl. sveitarfélaga um sameign ríkis og sveitarfélaga á raforkuvinnslufyrirtækjum kom til hafði Alþ. árið 1965 samþ. lög um Landsvirkjun og lög um Laxárvirkjun, hvort tveggja fyrirtæki í sameign ríkis og viðkomandi sveitarfélaga. Þá er og ekki síst að minnast í þessu sambandi á margítrekaðar samþykktir hinna ýmsu landshlutasamtaka á undanförnum árum þar sem settar hafa verið fram óskir um að komið verði á fót landshlutafyrirtækjum um raforkuvinnsluna.

Einnig hefur hugmyndir um landsfyrirtæki eða landsveitur borið hátt í umr. um skipulag orkumála. Þær hugmyndir byggjast fyrst og fremst á því sjónarmiði að komið verði á sterkari heildarstjórn í raforkumálunum. Þá er stefnt að því, að öll meginraforkuvinnsla og raforkuflutningur í landinu verði í höndum eins aðila. Þessi tilgangur með einu sameinuðu fyrirtæki gæti náðst með mismunandi skipulagsformi þess fyrirtækis, svo sem hreinum ríkisrekstri, sameignarfélagi ríkis og sveitarfélaga eða á annan hátt. Hins vegar hefur þessi hugmynd verið fyrst og fremst bundin við ríkisrekstur, þ. e. að um ríkisfyrirtæki sé að ræða eða yfirráð ríkisins séu tryggð. En til þess að gæta byggðarsjónarmiða og draga úr ókostum miðstýringar eins fyrirtækis hafa verið settar fram ýmsar hugmyndir.

Það er stundum óljóst hvað menn eiga við þegar talað er um heildarstjórn orkumála. En gera verður greinarmun annars vegar á heildarstjórn, sem lýtur að rannsóknum á orkulindum, áætlanagerð um orkubúskap, stefnumótun í orkumálum og ákvarðanatöku um meiri háttar framkvæmdir í byggingu orkuvera, og hins vegar yfirstjórn á samvinnu raforkuvera, yfirumsjón með raforkuviðskiptum og samræmingu í rekstri raforkuvera. Annars vegar er hér um að ræða verkefni er varða Orkustofnun og hins vegar mál í verkahring raforkuvinnslufyrirtækjanna Spurningin um það, hvort hafa skuli eitt landsfyrirtæki eða búið skuli við skipulag landshlutafyrirtækja í raforkuiðnaðinum, varðar ekki það sem ætti að vera í verkahring Orkustofnunar. Heildarstjórn sú á orkumálum, sem á að vera í höndum Orkustofnunar, hlýtur því að vera þar áfram, burt séð frá því, hvort raforkuvinnslan er í höndum eins landsfyrirtækis eða landshlutafyrirtækja.

En hinn þátturinn, stjórn á samvinnslu orkuveranna, umsjón með raforkuviðskiptum og samræming á rekstri raforkuvera, er allt annars eðlis. Þó að í þessu sambandi sé talað um heildarstjórn, þá er það engu að síður um annars konar stjórnun að ræða, þótt hún sé að vísu þýðingarmikil á sinn hátt. Það er augljóst að varðandi þessa rekstrarstjórn er viðfangsefnið auðveldara í framkvæmd, ef um eitt landsfyrirtæki er að ræða, heldur en ef búið er við skipulag landshlutafyrirtækja. Hjá landsfyrirtæki er hér ekki um annað að ræða en það sem tilheyrir stjórnun á fyrirtækinu sjálfu. Landshlutafyrirtæki þurfa hins vegar að hafa samvinnu sín á milli um þetta efni. En það er eins með orkubúskapinn og aðra þætti þjóðarbúskaparins, að við göngum ekki út frá því sem fyrir fram gefnu, að skipulagi verði ekki komið við nema í viðkomandi atvinnurekstri verði komið á fót einu landsfyrirtæki sem fari með alla meginþætti þessa rekstrar.

Það er stundum lögð áhersla á að vandamál í samskiptum landshlutafyrirtækja komi í ljós með samtengingu landsins alls í eitt orkuveitusvæði. Kannske má rekja þetta að einhverju leyti til þess, að í sambandi við hugmyndir og till., sem fram hafa verið settar um eitt landsfyrirtæki, hefur jafnan verið lögð áhersla á að orkukerfi einstakra landshluta verði tengd saman. Í hugum sumra hefur þetta svo æxlast þannig, að þeir hafa talað svo sem samtenging landsins væri ekki möguleg nema jafnframt yrði aðeins eitt orkuvinnslufyrirtæki fyrir allt landið. Það þarf naumast að eyða orðum að þessum misskilningi. Hér er ruglað saman málum, annars vegar málum tæknilegs eðlis, sem er samtenging orkuvera landsins, hins vegar málum skipulagseðlis, sem varða uppbyggingu, eignaraðild og rekstur orkuvinnslufyrirtækjanna. Menn eru sammála um mikilvægi samtengingarinnar, en hins vegar er það skipulagsatriði, hvernig fer um eignaraðild að stofnlínum eða byggðalínum sem tengja landshlutana saman, ef búið er við skipulag landshlutafyrirtækja. Kemur þar ýmislegt til greina. Þá má hugsa sér t. d. að ríkið sjálft eigi stofnlínurnar, sameignarfélög landhlutafyrirtækjanna eða hvert landshlutafyrirtæki ætti stofnlínur í sínu umdæmi, en komið væri á fót samstarfsnefnd varðandi orkuvinnslu og samrekstur.

Bent hefur verið á að verðjöfnun á rafmagni væri einfaldari í framkvæmd með einu landsfyrirtæki en landshlutafyrirtækjum eða því skipulagi sem við nú búum við. Landsfyrirtæki seldi einfaldlega orkuna á sama verði um land allt eða hefði í eigin hendi að hafa verðið sem jafnast. Með þessu móti væri komist af án beinnar skattheimtu til verðjöfnunar og komist hjá óánægju og metingi milli landshluta sem óhjákvæmilega hljóti að fylgja fyrirkomulagi því sem við nú búum við. Hins vegar hefur verið haldið fram að skipulag landshlutafyrirtækja feli í sér bestu tryggingu fyrir því, að fram komi í dagsljósið hvaða orkuver eru vel rekin og hvaða síður. Þannig fáist mælikvarði á takmörk þau, sem setja verði allri verðjöfnun, með því að verðlauna

ekki lélegan rekstur. Aftur á móti sé sama súpan í sömu skál ef um eitt landsfyrirtæki sé að ræða. Ekki sé þá hægt að hafa eins gott aðhald með hinum einstöku orkuverum, en það leiði til lélegri rekstrar og þar með til hærra orkuverðs. Verðjöfnun sé æskileg til jöfnunar á sem lægstu orkuverði, en í sjálfu sér sé verðjöfnunin ekki keppikefli ef hún óbeint leiðir til hærra verðs, jafnvel þó að hið háa verð sé jafnt um allt land.

Hugmyndir um endurskoðun á skipulagi raforkuiðnaðarins mótast mjög af nauðsyn þess að rekstrareiningar verði svo stórar sem aðstæður leyfa. Með slíku er stefnt að sem hagkvæmustum rekstri. Eitt landsfyrirtæki, sem hefði á hendi alla meginraforkuvinnslu í landinu, er í fyllsta samræmi við þessar hugmyndir. Skipulag landshlutafyrirtækja stefnir og í sömu átt. Að vísu gætu rekstrareiningarnar aldrei orðið jafnstórar, ef einungis er um að ræða raforkuvinnsluna. Aftur á móti geta landshlutafyrirtækin haft á hendi viðtækari verkefni en raforkuvinnsluna eina. Þar koma til verkefni svo sem raforkudreifingin og hagnýting jarðvarma og annarra orkugjafa til hitaveitu. Ein hugmyndin, sem varðar stærri rekstrareiningar, er sú, að gera ráð fyrir samruna Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar í eitt orkuvinnslufyrirtæki. Væru þá komin á eina hönd um 90% af allri raforkuvinnslu landsins, og svo stóra rekstrareiningu væri ekki að forsmá. Væri þá raunar kominn stofn að einu landsfyrirtæki er hefði meginhluta raforkuvinnslu landsins á hendi. En þá er ósvarað þýðingarmiklum spurningum. Til að byrja með má spyrja, hvort Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstaður vilji sameiningu fyrirtækjanna. Ef svo reyndist ekki væri það þrautaráð að taka eignarhluta þeirra í Landsvirkjun og Laxárvirkjun eignarnámi. Komi til þessarar sameiningar má spyrja hvernig færi með eignaraðild að slíku fyrirtæki, sem gera yrði ráð fyrir að yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga, hvað yrði þá um hlutdeild annarra sveitarfélaga en núverandi eignaraðila að Landsvirkjun og Laxárvirkjun? Þannig rísa upp ýmsar spurningar varðandi sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. En þetta eru í raun og veru spurningar sama eðlis og við veltum fyrir okkur í sambandi við valið milli eins landsfyrirtækis og skipulags landshlutafyrirtækja. Við nálgumst aðeins vandamálin frá mismunandi hliðum, en vandinn er sá sami ef við setjum okkur það markmið að samræma í skipulagi raforkumálanna hagræn og félagsleg sjónarmið.

Það gerir vandann í skipulagsmálum raforkuiðnaðarins einkum snúinn þegar gengið er út frá því, að raforkuvinnslan verði sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Málið væri miklu einfaldara í meðförum ef gert væri ráð fyrir að einungis ríkið hefði þessi mál með höndum. Ríkisvaldið væri þá eitt um framkvæmd þess skipulags sem það setti í raforkumálum. Þegar reiknað er með sameignarfélögum ríkis og sveitarfélaga gegnir öðru máli. Þá eru sveitarfélögin orðin aðilar að framkvæmdinni. Þess vegna verður að taka tillit til vilja sveitarfélaganna þegar skipulag þessara mála er ákveðið eða að skipulaginu sé hannig háttað að innan þess rúmist framkvæmdin með frjálsu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga.

Ég hef hér vikið að nokkrum hugmyndum og viðhorfum þegar fjallað er um skipulag orkumála. Ég hef imprað á valkostum í skipulagi raforkuvinnslufyrirtækja, svo sem annars vegar skipulagi landshlutafyrirtækja og hins vegar einu landsfyrirtæki. Kostir og vandkvæði fylgja báðum þessum leiðum. Að mínu viti þarf valið ekki að standa á milli þessara tveggja skipulagsforma. Það kann eins vel að vera, að besta leiðin kunni að vera sú, að komið verði á því skipulagi raforkuiðnaðarins sem rúmi bæði landshlutafyrirtæki í sumum landshlutum og ríkisfyrirtæki, svo sem t. d. Rafmagnsveitur ríkisins, í núverandi eða breyttu formi til þess að veita þjónustu þar sem landshlutafyrirtæki yrði ekki fyrir hendi. Um þetta skal ég samt ekkert fullyrða nú. Ég set ekki fram hér neinar till. um skipulag orkumála. Mér eru þessi mál samt ofarlega í huga.

Iðnrh. skýrði frá því í ræðu sinni áðan, að hann hefði skipað n. í byrjun þessa árs til þess að endurskoða orkulög og gera till. að heildarskipulagi og yfirstjórn orkumála. N. þessi fæst nú við margslungið og vandasamt verkefni. Það er á þeim vettvangi sem nú þarf vel að vinna. Þess er vænst, að árangur þess starfs komi ríkisstj. að tilætluðum notum við stefnumótun í þessum mikilvægu málum. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr. á ég sæti í þessari skipulagsnefnd orkumála og það á raunar líka 1. flm. till. þeirrar til þál. sem við hér ræðum um.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég tel till. til þál. á þskj. 30 um skipulag orkumála mjög athyglisverða og vil þess vegna ræða hana nokkuð. Það eitt út af fyrir sig, að allir þm. Framsfl. utan ráðh. eru flytjendur að till., sýnir svo augljóslega, að ekki verður um villst, að innan stjórnarflokka ríkisstj. eru skiptar skoðanir eða öllu heldur mikill ágreiningur um stefnuna í orkumálum.

Það kom fram hjá talsmanni Alþb., hv. 5. þm. Norðurl. v., fyrrv. formanni flokksins, að þeir væru að mestu eða öllu leyti sammála um efni till., og mjög í sama farveg féllu orð 5. þm. Vestf. Ég tel að við þm. Alþfl. getum verið sammála um flest er till. gerir ráð fyrir, þótt við viljum fá nánari umr. um sumar hugmyndir er fram koma í till. Sé þetta rétt ályktað hjá mér, fullyrði ég eins og hv. þm. Ragnar Arnalds að till. á hér á Alþ. mjög öruggan meiri hl. og ég tel að möguleiki á samþykkt hennar sé fyrir hendi, þó með nokkrum nánari skýringum er fram kunna að koma í n. Þetta er einkar athyglisverð staðreynd. E. t. v. er nú svo komið vegna nálægðar komandi kosninga, að vinstri sinnaðir framsóknarmenn séu aftur að ná undirtökunum í þingflokknum og við megum eiga von á fleiri athyglisverðum félagslegum till. úr þeirri átt. Vel ef svo væri. En sé hér hins vegar aðeins um hreina sýndarmennsku að ræða, þá mun það einnig koma í ljós í tæka tíð, því að þessi till. verður ekki látin sofa endalaust í n. Hún er þess eðlis að reyna verður á það í atkvgr. sem fyrst hvert þingfylgið er, og ég vona, að formaður þessarar margumræddu raforkumálanefndar láti verða af því að skila áliti svo fljótt sem verða má, sbr. orð hans hér áðan.

Efni till. er það mikilvægt, að alls ekki verður

komist hjá því að taka afstöðu til þess. Í till. er fjallað um eitt mesta hagsmunamál almennings og atvinnulífs á Íslandi. Þegar till. um slíkt stórmál er komin inn á Alþ., og það með stuðningi nær allra þm. úr öðrum stjórnarflokknum, er málið í sjálfu sér svo mikilvægt að fram hjá atkvgr. um það er ekki unnt að komast hér á Alþ. Því fyrr því betra að mínu mati og að ég tel margra annarra þm. einnig. Mun ég nú taka til umr. viss mjög mikilvæg atriði í tillögunni.

Fyrsta setningin er grundvallarstefnumörkun er allir félagshyggjumenn eiga að geta samþ. Hún er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að jöfnun orkukostnaðar um land allt.“

Öllum er vel kunnugt um hversu mjög orkuverð er misjafnt hér á landi og misræmið hefur farið vaxandi undanfarin ár. — Nái þessi setning og þessi stefnumörkun samþykki er brotið blað í skipan orkumála hér á landi, hvorki meira né minna. Þetta er grundvallaratriðið er ég vil undirstrika. Ég sakna þess þó í grg., að töflur um mismunandi orkuverð fylgja ekki með. Það hefði þó verið mjög eðlilegt að gera þm. grein fyrir því. Og ég saknaði þess í framsögu. Eða var kannske nokkur snöggsoðning á till.? Ekki tók ég eftir að frsm. og fyrsti flm. greindi frá því sérstaklega í framsögunni. Ég mundi fagna yfirliti um verðmismun sem fyrst frá hendi flm. Það er mjög mikilvægt að gera sér glögga grein fyrir hvernig söluverð á orku er hér á landi, bæði raforku og heitu vatni í heildsölu og smásölu.

Það er alþjóð vel kunnugt að við þm. Alþfl. höfum undanfarin ár barist fyrir því, að öll orka, sem hér verður unnin, skuli sameiginleg eign landsmanna, og rökrétt afleiðing af því er eðlilega að orkuverð verði sem jafnast um landið. Það eru mannréttindi er ég vil stuðla að. Ég bið hv. þm. að minnast þess, að ríkisvaldið er í ábyrgð fyrir öllum stórvirkjunum og verður því að teljast eðlilegt að landsmenn njóti svipaðs verðs á orku, einkum rafmagni. Ég vil minna á ákveðnar kröfur iðnaðarins um jafnt verð til atvinnulífsins og að menn sitji við sama borð í orkumálum.

Til þess að ná þessu mikilvæga markmiði segir svo orðrétt: „Í því skyni skal lögð áhersla á að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta.“ Síðan telur till. upp þrjú mikilvæg atriði í alllöngu máli, hvernig þetta skuli gert. Þar er sagt: „Eignarhluti ríkissjóðs skal aldrei vera minni en 50%.“ Þetta er mjög þýðingarmikið atriði og er táknrænt, að í framtíðinni skuli ríkið verða hinn stærri eignaraðili að öllum orkuveitum landsmanna. Það má segja að hér sé um byltingarkennd atriði að ræða, en félagshyggjumenn munu fallast á þetta sjónarmið.

Ég fæ ekki séð hvernig stjórnarflokkarnir geta lengur starfað saman ef um raunverulegan ágreining um þetta atriði er að ræða. Hér er svo stórt mál á ferðinni, eins og ég sagði áður. Framsóknarþm., er flytja þessa till., hljóta hér að vera með stefnu er gengur gersamlega þvert á stefnu hæstv. iðnrh. Eiga þeir lengur samleið? Ég fæ ekki séð að svo sé ef marka má orð beggja aðila. Það verður fróðlegt að heyra í umr. hér áfram hvað verður sagt um þetta atriði, að eignaraðildin verði í öllum tilfellum meira en helmingur.

Það kemur fram í grg., að ráðh. hefur skipað n., eins og greint var hér í umr. rétt áðan, til þess að gera till. um skipan orkumála. En starfi hennar er ekki lokið og flm. ganga út frá því að dragist að þessi n. skili áliti. Formaður n. talaði hér á undan mér og tímasetti ekki neitt frá n., en lagði þó áherslu á það, og það er mjög gott, að n. muni ekki sofa á málinu og muni vinna vel. Fyrir það vil ég þakka honum, og ég treysti því að till. frá n. um skipan þessara mála komi áður en langt um líður.

Það er nokkuð þungur áfellisdómur er þm. Framsfl. fella um stefnuna í orkumálum. Þeir segja orðrétt, „að ekki verði lengur beðið með að marka ákveðna stefnu um skipulag á yfirstjórn orkumála“. Þá höfum við það. Þolinmæði þeirra er á þrotum. Þeir una alls ekki lengur ringulreiðinni í yfirstjórn orkumála hér á landi. En hver hefur yfirstjórn orkumála hér á landi á sinni könnu? Er það ekki hæstv. iðnrh. eins og er. Og samstarfsþm. meta stjórn hans svo, að ekki megi lengur dragast að Alþ. sjálft taki málið í sínar hendur og móti stefnuna. Ekki verður harðari gagnrýni sett fram af stjórnarandstöðunni en kemur hér fram í orðum flm. Þeir gera sér nú loksins ljóst, að rökrétt og markviss gagnrýni, einkum frá okkur þm. Alþfl., hefur verið á gildum rökum byggð, og þeir vilja reyna að bjarga skinni sínu, þótt seint sé, vegna komandi kosninga. Menn þekkja það frá fyrri tíma, að Framsóknarþm. ókyrrast oft er nálgast kosningar, og virðist enn um núv. þm.

Ég er algjörlega sammála því er segir í grg. orðrétt: „Eðlilegt virðist að stefna því í fyrsta áfanga, að gjaldskrá fyrir raforku í heildsölu verði ein og hin sama um land allt.“ Og síðar segir: „Það verður tvímælalaust best gert með því, að orkuframleiðslan og tengikerfi framleiðslustöðvanna séu á einni heni.“ Sú stefna, sem hér er boðuð, hefur öruggan meiri hl. hér á hinu háa Alþ. og er mjög mikilvægt að það verði staðfest sem fyrst og stefnumótun mynduð samkv. því og áframhaldandi uppbygging orkuveranna og lagning á flutningslínum raforkunnar um landið. Sé þetta gert í raunveruleikanum munum við ekki framvegis verða að búa við það ástand er kemur fram í eftirfarandi setningu í grg.: „Fjárfesting á sviði raforkumála án heildarskipulags hefur verið áberandi.“ Og áfram segir orðrétt: „Kjördæmasjónarmið hafa ráðið miklu, en hagkvæmni hinna ýmsu kosta ekki skoðuð á þjóðhagslegum grundvelli.“ Jafnframt segir: „Þetta hefur að sjálfsögðu reynst ákaflega kostnaðarsamt.“ Já, mikið var að menn gerðu sér grein fyrir þessu. Hér er það bókað með undirskrift nær allra þm. Framsfl. á Alþ. árið 1977, að framkvæmd raforkumála hefur verið í afar miklum ólestri og það svo að þeim loksins ofbýður og það jafnvel Kröflunefndarmanninum Ingvari Gíslasyni. Bragð er að þá barnið finnur, segir gamalt máltæki. Svo fór einnig fyrir öðrum Kröflunefndarmanni er talaði hér áður, Ragnari Arnalds, fyrrv. formanni Alþb. Hann sagðist viðurkenna að um framkvæmd Kröfluvirkjunar mætti deila. Tími er kominn til að viðurkenna það hér á hv. Alþ. Hann reyndi vart að verja framkvæmdina og orðaði mest þá

einkennilegu staðreynd, að þrír aðilar hefðu séð um málið í heild, og undirstrikaði með því skipulagsleysið við Kröflumálið allt.

Til þess að ná þessum mikilvægu markmiðum, að landsmenn geti notið sama heildsöluverðs á raforku, er lagt til að orkuframleiðendur verði sameinaðir í eina veitu, landsveitu. Þessi landsveita skal selja raforkuna með sömu gjaldskrá til allra landshluta. Svo málum verði tryggilega fyrir komið leggja flm. til að ríkissjóður verði með a. m. k. 50% sem sinn eignarhluta. Landshlutaveitur geta orðið eignaraðilar eða stjórnunaraðilar að minni hl. Þetta segja flm. að muni tryggja betri tengsl milli orkuframleiðenda og notenda.

Nú eru í landinu 23 eða 24 rafveitur og getur það orðið mikið mál — það vil ég undirstrika eins og síðasti ræðumaður gerði — að koma þessum eignabreytingum í kring og stjórnun í þann farveg er till. gerir ráð fyrir. Engu að síður er óhjákvæmilegt að marka ákveðna stefnu í öllum orkuframkvæmdum, dreifingu og sölu, a. m. k. hvað varðar heildsölu að dreifistöð bæjarveitna eða sveitarrafmagnsveitna. Ég er sammála flm. um að hér hefur alvarlega skort á og raunar keyrt um þverbak hin síðari ár. Það er þó ósanngjarnt að kenna núv. hæstv. orkumálaráðh. um þessa þróun einhliða. Það á hann alls ekki skilið og of vel sloppið hjá Framsóknarþm. að skella skuldinni á hann. Þeir hafa verið í ríkisstj. síðan 1971 og eiga sannarlega sinn skammt af ringulreiðinni, eins og þeir lýsa henni sjálfri, er ríkt hefur í orkumálum undanfarin mjörg ár. Hins vegar er það jákvætt að sjá að þeir eru að vitkast nokkuð og stefna nú í rétta átt í þessum málum. Vonandi er það ekki vegna kosninganna að vori komanda, heldur fylgi hér hugur máli. Því er mikilvægt að á það reyni sem fyrst.

Þótt till. heiti „um skipulag orkumála“ er sáralítið fjallað um vinnslu hitaorku og dreifingu hennar og sölu. Það er þó mikið hagsmunamál, og nútímatækni gerir það að verkum, að búast má við að miklu fleiri landsmenn muni eiga þess kost að njóta hitavatnsorkunnar en áður var og reiknað var með. Ég veit ekki hvers vegna þeir eru svo fáorðir um heita vatnið, nema það sé afsökun að styttra sé rannsóknum komið á jarðhitasvæðum okkar en á vatnsföllum.

Ég tel að vel hafi verið unnið undanfarin mörg ár að jarðvarmaveitum og ég vil þakka hæstv. núv. iðnrh. fyrir hans stóra þátt í því og einnig fyrrv. iðnrh. Ég vil þó undirstrika það, að alls ekki er sæmandi að ríkissjóður sé að innheimta aðflutningsgjöld af innflutningi efnis er fer í stofnlagnir hitaveitna. Hitalagnir eiga í þessu efni að njóa fullkomlega sömu tollfríðinda og raforkuverin, en þau eru undanþegin tollum við byggingu. Ég vænti þess að orkumálaráðh. og fjmrh. staðfesti þennan skilning, að þeir séu hlynntir þessum skilningi, nú í umr. um þessi mál, ella verður að telja að þeir séu móti því að orkuvinnsla á hitavarma njóti jafnréttis á við raforkuvinnsluna. Öll mismunun í þessum efnum er óeðlileg og á ekki rétt á sér.

Ég gat þess hér að framan að betur hefði mátt vanda til grg. með till. Merkilegt er að alls engin tala fylgir eða tafla um orkuframleiðslu, verðlag o. s. frv. Þess vegna verð ég að fara fram á það, að tillögumenn eða ráðh. orkumála láti taka saman hið bráðasta góðar upplýsingar um verðmismun á raforku og hitaorku í landinu, bæði á heildsöluverði og smásöluverði. Með því móti munu þm. eiga hægt um vik að sjá hversu mjög brýnt hagsmunamál er að efni þessarar till. nái fram sem fyrst.

Hv. 3. þm. Reykv., fyrrv. orkumálaráðh., hefur flutt langa till. um skipulag raforkumála. Þar eru ýmsar merkilegar og fróðlegar upplýsingar um orkuvinnslu rafmagns og dreifingu hennar á ýmsu verðlagi. Þar sem þessi till. mun síðar koma til umr. mun ég ekki fjalla um hana hér, en við Alþfl.-þm. erum í stórum dráttum fylgjandi efnislegri stefnu till. Þessi till. er beint framhald af till. frá ráðherratíð hv. þm. Á sínum tíma hefði till. átt að fá greiðan framgang, en sú varð þó ekki raunin á, svo athyglisvert sem það annars kann að virðast.

Við megum ekki láta hégómleg tilfinningamál ráða afstöðu um hver gerði þetta eða hitt í orkumálum þjóðarinnar, þegar ekki verður annað séð en að verulega stór meiri hl. er fylgjandi þeirri stefnumörkun er báðar umræddar till. boða. Nokkuð mismunandi afstaða um minni háttar þætti má ekki hindra jákvæðan framgang málsins í heild. Á þetta legg ég áherslu nú. Ég vil undirstrika að þetta á sérstaklega við um allar virkjunarframkvæmdir: vinnsluna, dreifingu og heildsöluverð orkunnar. Um þessa þætti virðist breið og góð samstaða félagshyggjumanna hér á hinu háa Alþ. nú. Látum samstöðuna verða raunhæfa með góðri samstöðu um raunsæja till. í þessum efnum.

Sá þáttur till., er mun reynast erfiðastur í framkvæmd, er að fá sama raforkuverð í smásölu, eins og segir í till. Hér er mjög flókið mál á ferðinni, og ég verð að segja það, að frsm. gerði þessum þætti lítil skil í ræðu sinni og í till. er óljóslega fjallað um hvernig þetta megi takast. Samt sem áður getum við áyktað að stefna beri að sama verði innan ákveðins tíma í smásölu á raforku. Ég tel að yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar sé á því, að heppilegt sé að fá raforkuna í heildsölu á sama verði af bæjar- eða hreppsveitum, síðan sé það sveitarstjórnar að sjá um dreifinguna og verður hún þá að verðleggjast samkvæmt aðstæðum á hverjum stað. Þess er alls ekki að vænta að sama verð geti orðið í smásölu á rafmagni í fljótu bragði. Til þess eru aðstæður rafveitna á landinu svo mjög frábrugðnar og kostnaður við lagnir misjafn. Til þess að geta jafnað þetta verð kynni því að þurfa að koma eins konar fastagjald eða jöfnunargjald á heildsöluna og það svo látið til að jafna út kostnað um landið. Ég vil þó undirstrika það, að hér verður að fara mjög gætilega í sakirnar, ella má búast við að aðhald heimamanna minnki, ef svo má segja, um allar framkvæmdir og kunni að slævast og reksturinn verði ekki eins hagkvæmur í héraði og annars væri unnt með árvekni og aðhaldi frá verðsamanburði. Ég tel sem sagt að algjör jöfnun í smásölu geti varla verið æskilegt markmið, vegna annarra áhrifa sem kunna að verða afleiðing af slíkri verðstefnu. Sama má reyndar segja um heita vatnið.

Herra forseti. Ég mun nú senn ljúka máli mínu. Ég vil þó sérstaklega minna á þessi orð í lok

grg.: „Orkulindir landsmanna, bæði í fallvötnum og jarðvarma, eru einhver dýrmætasta eign þjóðarinnar. Mjög mikilvægt er að þessar orkulindir verði virkjaðar og notaðar af skynsemi og hagkvæmni. Því miður hefur þar skort mjög á.“ Þetta eru sannindi. Ég vænti þess, að mikill meiri hl. hv. þm. staðfesti þessi sannindi með stuðningi sínum við efni till.

Þá felst í því viðurkenning á þeirri grundvallarstefnu Alþfl.-manna, að öll orka er hér verður og er nú þegar unnin, er sameign allra landsmanna. Þess vegna er efni till. svo brýnt og á svo víðtækan stuðning.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom í umr. um þessa þáltill. á fundi s. l. fimmtudag, þá virðist mér að till. beri að með nokkuð sérkennilegum hætti. Upplýst er að hæstv. iðnrh. hefur skipað n. til þess að fjalla um heildarskipulag orkumála landsins og í þessari n. á sæti hv. 1. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Steingrímur Hermannsson.

Það eru að mínum dómi óvenjuleg vinnubrögð, að nefndarmaður í stjórnskipaðri n., sem falið hefur verið að vinna að lausn tiltekinna mála og leggja till. fyrir ríkisstj., hlaupi allt í einu til og flytji málið inn á Alþ. meðan n. situr að störfum. Ég minnist þess ekki að þm. hafi yfirleitt staðið þannig að málum. Ég minnist þess ekki að stjórnarandstöðuþm. hafi talið það vera eðlileg vinnubrögð, hvað þá stjórnarstuðningsmenn. Fram hjá þessum siðareglum, sem þm. almennt hafa tamið sér, virðist hv. 1. flm. þessarar till. hafa farið og þær siðareglur ekki verið erfiður þröskuldur fyrir hann að stiga yfir. Þetta finnst mér að séu sérstæð og nokkuð einkennileg vinnubrögð.

Ég þarf ekki í sjálfu sér að svara fyrir þá n. sem hér situr að störfum, enda hefur formaður hennar þegar tekið þátt í þessum umr. En mér þótti einnig athyglisvert að heyra í framsögu hv. 1. flm., að samkvæmt hans áliti hindraði till. alls ekki starf n., hún jafnvel greiddi fyrir því. Svo var að skilja sem hann áliti að eðlilegt væri að n., sem að störfum situr, tæki þessa till. upp á sína arma og bæri hana fram til sigurs.

Nú þykist ég vera það kunnugur nefndarstörfum almennt um hin ýmsu viðfangsefni, að þetta sé næsta ólíklegt. Það er ekki til þess að greiða fyrir framgangi máls, meðan n. situr að störfum, að einstakir nm. taki sig til og beri fram einstaka þætti þeirra mála eða málin í heild í tillöguformi fram á Alþ. og ætlist síðan til að aðrir nm. taki því sem sjálfsögðum hlut og þar með sé málið leyst. Að minni hyggju er mikil hætta á því, að þessi vinnubrögð greiði ekki fyrir vinnubrögðum hinnar stjórnskipuðu nefndar, þau beinlínis torveldi störf hennar. Að þessu hygg ég að hv. 1. flm. hefði gjarnan mátt huga betur áður en till. var flutt.

Þá vil ég einnig láta það koma hér fram, að mér sýnist till. þessi ganga a. m. k. í veigamiklum atriðum gjörsamlega þvert á lögin um Orkubú Vestfjarða, og ekki er annað vitað en hv. 1. flm. og hv. þm. Gunnlaugur Finnsson hafi staðið alfarið að undirbúningi þeirra laga og stofnun Orkubúsins. Ég verð að segja það, að ég átta mig ekki nægilega vel á þessu, og e. t. v. mun einhverjum Vestfirðingum þykja ástæða til að spyrja hvernig í þessu liggi. Hafa e. t. v. þessir hv. þm. verið dregnir með til fylgis við stofnun Orkubúsins, undirbúning og framkvæmd á því máli þó að þeir hafi allan tímann verið á móti þeirri stefnu, sem þar birtist, og ætla sér að stefna allt annað, eins og þessi till. ber með sér?

Ég verð að segja það, að ég undrast þetta nokkuð og skil ekki fyllilega hvað hér er á ferðinni. Ég fæ ekki séð að það samrýmist sú stefna, sem Orkubú Vestfjarða er byggt á, og sú stefna, sem þessi till. felur í sér. Ég lít sem sé svo á, að aðdragandinn að þessu máli hvað snertir hv. 1. flm. þess og jafnvel hv. meðflm., Gunnlaug Finnsson, sé með sérkennilegum hætti og á annan veg en við þm. eigum að venjast.

Ef litið er á þessa till. efnislega, þá skal ég ekki fara um hana sem slíka mörgum orðum. Efnislega séð og án tillits til þess, hvernig till. ber að, gæti hér verið um eðlilegt innlegg að ræða í þá umr. og þá tillögugerð sem nú fer fram um skipulag orkumála í landinu. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég er því sammála, eins og flestir aðrir ræðumenn hafa hér lýst yfir, að stefnt sé að jöfnun orkukostnaðar í landinu, a. m. k. að sem mestu leyti. Í till. þessari er í fyrstu lotu a. m. k. einungis átt við jöfnun orkukostnaðar hvað snertir vinnslu og heildsölu raforkunnar, og það er kunnugt að heildsöluverð raforku hér á landi er minni hluti lokaverðsins. Þetta er samt að mínum dómi stefna sem ég hygg að flestir hv. alþm. geti aðhyllst.

Þessu hyggjast hv. flm. till. ná með því að stofnað verði eitt fyrirtæki sem annist orkuöflun og orkuflutning eftir aðalflutningslínum. Það má segja um þennan þátt till., að því fylgja í sjálfu sér augljósir kostir að einn aðili annist yfirstjórn orkuvinnslunnar. Hvort það er eitt fyrirtæki, eins og hér er lagt til, eða sterk samstjórn fleiri fyrirtækja má um deila. Að þessum þætti málsins kom hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson mjög rækilega í sínu máli og skal ég ekki fara um það mörgum orðum. Hitt er ljóst, að þó að horfið verði að þeirri stefnu að fleiri en einn aðili ynnu að orkuöflun og heildsölu raforku, þá er augljóst að slík fyrirtæki þurfa að koma á sterkum aðila með samstjórn sín á milli til þess að fjalla um orkuöflunina og samrekstur slíkra fyrirtækja. Með því móti er dregið úr hættu á því að landshlutasjónarmið eða hreppasjónarmið ráði of miklu í orkuöflunarmálum, heldur verði unnið eftir þeim leiðum sem hagkvæmni og skilyrði til orkudreifingarinnar gefa best tilefni til.

Það er auðvitað nokkurt álitamál, hversu raunhæft það er að leggja til að öll orkuöflunarfyrirtæki landsins verði sameinuð í eitt. Hv. flm. gat um í framsöguræðu sinni, að í lögum um Landsvirkjun voru ákvæði er heimiluðu Laxárvirkjun að gerast aðili að Landsvirkjun. Þetta er hárrétt. En mér virtist það koma fram hjá hv. flm., að hann teldi að atbeina Alþ. þyrfti til þess að þetta kæmist í framkvæmd.

Ég hef litið svo til, að í lögum þessum sé þetta fullkomlega heimilt og atbeina Alþ. þurfi þar alls ekki við. Athyglisvert er, að þrátt fyrir að þessi heimild hafi verið í lögum í mörg ár, þá hefur þessi sameining ekki komist á og svo virðist sem vilji til hennar hafi ekki verið fyrir hendi hjá stjórn Laxárvirkjunar, því að ella væri væntanlega um eitt fyrirtæki að ræða nú orðið. Þetta gefur tilefni til þess að ætla að nokkrir örðugleikar væru því samfara, ef knýja ætti öll orkuöflunarfyrirtæki landsins og þau fyrirtæki, sem selja raforku í heildsölu, í eitt. Hitt er auðvitað jafnljóst, að ef Landsvirkjun og Laxárvirkjun væru sameinaðar í eitt, þá væri þar orðið um svo yfirgnæfandi meiri hluta orkuöflunar þjóðarinnar að ræða í einu fyrirtæki að þessi stefna væri orðin ráðandi í raun.

Í framhaldi af þessu vil ég geta þess, að 2. og 3. liður þessarar þáltill. virðast mér vera eðlilegir í stórum dráttum. Mér sýnist eðlilegt að Orkustofnun verði efld til þess að hafa yfirstjórn þessara mála, a. m. k. vissra þátta þeirra, og ég geri ráð fyrir, að það sé ekki mikill meiningarmunur um 2. liðinn. En form á landshlutaveitum eða héraðaveitum, miðað við 2. tölul. þessarar till., hlýtur að ráðast af því, hver niðurstaðan verður í sambandi við heildarskipulag á orkuvinnslunni og heildsölu raforkunnar.

Ég skal ekki lengja mikið mál mitt um þessa till. efnislega. Ég tel þess ekki gerast þörf. Ég tel eðlilegt að sú n., sem situr að störfum, vinni þetta verk til enda. Og ég legg áherslu á að það er þýðingarmikið að hún skili till. sínum sem allra fyrst, helst svo að unnt væri að lögfesta þær breytingar, sem hún leggur til, áður en þessu þingi lýkur. Það væri mikilsvert. Ég tel að hv. 2. þm. Vestf. hefði betur unnið að því með störfum innan n. heldur en með því að leggja fram sérstakt þskj. um þetta efni, eins og hér hefur verið gert.

Hv. flm. þessarar till. hóf ræðu sína með nokkrum almennum orðum um orkumál, ekki síst um stóraukna orkuþörf þjóðarinnar á komandi árum. Þarna var að mínum dómi margt vel sagt og réttilega og óhætt að þakka honum fyrir það sem þar kom fram. Þær tölur, sem hann fór með í því sambandi, byggjast, eftir því sem ég fæ séð á niðurstöðum orkuspánefndar frá öndverðu þessu ári og í samræmi við þær.

Nú er það svo, að enn meiri vandi kann að vera á höndum fyrir okkar þjóð í orkumálum heldur en þarna kemur fram. Um allan heim velta menn því nú mjög fyrir sér, hvernig mætt verði stóraukinni orkuþörf mannkynsins í framtíðinni. Það er vitað að aðeins um 10% af orkunotkun mannkynsins, eins og hún er í dag, er aflað frá orkugjöfum sem endurnýjast sjálfkrafa, þ. e. vatnsorku eða varmaorku. 90% af þeirri orku, sem mannkynið notar eins og nú standa sakir, eru frá orkugjöfum sem eyðast. Sumir þessir orkugjafar eru á því stigi að þeir munu ganga til þurrðar á næstu árum eða áratugum. Því er spáð af sérfræðingum, að olían, sem er einn mikilvirkasti orkugjafi heimsins eins og nú standa sakir, gangi til þurrðar á 30—40 árum. Því er einnig spáð af sérfræðingum margra þjóða, að á árunum 1985—1995 verði svo komið að olíuskortur geri vart við sig og orkuþörfinni í heiminum verði ekki lengur mætt með olíu þegar líður að aldamótum. Þetta eru vitaskuld alvarleg tíðindi og alvarlegar niðurstöður sem sérfræðingar hafa komist að. Þess vegna er það keppikefli allra þjóða og sérfræðinga á þessu sviði að reyna að bæta úr, finna orkulindir sem ekki eru að ganga til þurrðar og geta tekið við af olíunotkuninni.

Ég skal ekki fara út í það hér að rekja hugmyndir manna um þessi efni, en þær eru vitaskuld margvíslegar, þó að ekki sé hægt að segja til um það á þessari stundu hverjar af þeim hugmyndum er raunhæfar. Hitt er ljóst, eins og nú standa sakir t. d. með kjarnorku sem framleidd er í stórum kjarnorkuverum, að á slíkri framleiðslu eru þeir annmarkar enn sem komið er að ekki hafa fundist leiðir til þess að eyðileggja úrgangsefnin og koma í veg fyrir skaðsemi þeirra. Ef ekki finnst ný tækni er erfitt að gera ráð fyrir því, að kjarnorka geti í miklum mæli mætt orkuþörf mannkynsins á komandi árum. Á því eru stórkostleg vandkvæði sem auðvitað getur fundist lausn á, en það hefur ekki tekist enn sem komið er.

Við Íslendingar búum betur en flestar aðrar þjóðir hvað það snertir, að við eigum völ á orkugjöfum frá orkulindum sem endurnýjast sjálfkrafa að miklu leyti. Við eigum mjög mikið ónotað af vatnsafli og varmaafli og það hlýtur að vera keppikefli okkar á komandi árum að undirbúa það að taka þessa orkugjafa í notkun og nýta þá þjóðinni til heilla í sem allra ríkustum mæli. Það verður enda alger nauðsyn, því ef svo fer sem sérfræðingar spá, að olíuskortur verði þegar farinn að gera vart við sig á árunum 1985—1995 og olían þrotin áður en 40 ár eru liðin, þá líða ekki mörg ár þangað til mikil verðsprengin verður á olíuverðinu.

Fyrir fjórum árum var talið, miðað við heildarinnflutning á olíu til Íslands, að um 60% af orkunotkun þjóðarinnar væru fengin frá olíu. Mikið hefur vissulega áunnist síðan og mun gera það á komandi árum. En þetta hlutfall verður að breytast. Áður en mjög mörg ár líða verðum við að reyna að haga svo okkar málum, að olían verði hér sem minnst notuð nema til þess að knýja flutningatæki á landi, sjó og í lofti. Til þess fer verulega mikill hluti af olíunotkun þjóðarinnar, og er vandséð hvernig hjá því verði komist á komandi árum, nema ný tækni finnist.

Það er ljóst, að til þess að komast hjá olíunotkun til annarra þarfa þjóðarinnar þarf að vinna stórvirki í virkjunum, bæði á sviði fallvatna og jarðvarma. Þess vegna megum við ekki slá slöku við undirbúning slíkra framkvæmda. Við þurfum að vinna að þeim framkvæmdum með mikilli framsýni og mikilli fyrirhyggju, vegna þess hve framkvæmdir á þessum vettvangi eru dýrar og tekur mörg ár að undirbúa þær svo að vel megi fara.

Ég vildi gjarnan láta þetta koma hér fram til viðbótar við það sem hv. 1. flm. þessa máls sagði um orkumálin almennt, til þess að það væri ljóst að við megum ekki slaka á í þessum efnum. Við þurfum að vera við því búnir að

olían sem orkugjafi verði hvort tveggja miklu dýrari en nú er og að innan tíðar muni hún e. t. v. ganga til þurrðar, eða eins og sérfræðingar spá á 30—40 árum.

Ég vil svo aðeins segja það út af því sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hér á fimmtudaginn var, þar sem hann sló því föstu að núv. hæstv. iðnrh. hefði ekki haft uppi neina tilburði, eins og hann orðaði það, til stefnumótunar í skipulagi orkumálanna, og hann fengi ekki betur séð en að vaxandi glundroði hefði verið að skapast á undantörnum árum. Hv. þm. virðist hafa verið algerlega ókunnugt um það starf sem unnið hefur verið að undanförnu til að leysa þessi mál. Þarf raunar ekki önnur orð til þess að svara því en það sem fram kom í ræðu hæstv. iðnrh. hér í dag.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt um þetta efni, en ég ítreka þá skoðun mína, að það sé ákaflega þýðingarmikið að þeirri n., sem að störfum situr, takist að ljúka því viðfangsefni sem hún hefur með höndum. Ég tel að það sé ekki hyggilega að málum staðið ef einstakir nm. hlaupa til og flytja það verkefni, sem n. er ætlað, inn á Alþ. í formi tillögugerðar eða frv.-gerðar eins og hér hefur verið gert.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Menn hafa nokkuð rætt hér um aðdraganda þessarar till., og þess hefur gætt að það væri allt að því sjálfsagt mál af hálfu þm. Framsfl. að flytja þessa till. Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara að ræða um nauðsyn þess að hafa ákveðnar siðareglur í heiðri milli þm. og milli stjórnarflokka. Ég tek vissulega undir það, að nauðsynlegt er að svo sé, og má finna þess ótal dæmi, að það væri betur að ýmsar siðareglur, sem nauðsynlegar eru, væru meira í heiðri hafðar, en ég ætla ekki að ræða það frekar á þessu stigi málsins.

Ég bið menn um að minnast þess, að þegar núv. ríkisstj. var mynduð var á það lögð áhersla í málefnasamningi að orkumál fengju þar algeran forgang. Fljótlega eftir að núv. ríkisstj. var mynduð þótti okkur við hæfi að við reyndum að gera okkur ljósa grein fyrir því, að hvaða markmiðum við vildum stefna í skipulagi þessara mála. Menn settust niður og ræddu þessi mál og skiluðu tillögum í þeim efnum. Þær till. hefðu sjálfsagt mátt vera miklu ítarlegri, en þetta voru megintillögur um þau markmið sem flokkur okkar vildi að stefnt væri að. Þessar tillögur voru ræddar á miðstjórnarfundi okkar og samþykktar þar. Og ég vil taka það fram, að þessi mál hafa margoft verið rædd í þingflokki okkar, við ráðh. okkar, og það er svo með ýmsa af þm. Framsfl., að okkur hefur ekki þótt nægilega vel ganga að marka þessa stefnu. Og þá vil ég ekki vera að kenna einum né öðrum þar um, ég tek það skýrt fram, því að allir verða að gera sér grein fyrir því, að hér er um erfitt mál að ræða. Þess vegna þótti okkur við hæfi að það væri lögð áhersla á þessa stefnu með því að flytja þetta mál inn í Alþ., og ég get ekki séð að það ætti að spilla fyrir málum í þeirri vinnu, sem nú fer fram um skipulag orkumála, þótt þm. flokksins leggi áherslu á þennan hátt á það starf sem þar hefur verið unnið að mótun stefnu í orkumálum. Ég get ekki séð að þar sé á neinn hátt um siðleysi að ræða. Og þótt svo vilji til, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson sé 1. flm. þessa máls, þá á það sér svo langan aðdraganda og eðlilegt þótti að hann væri 1. flm., vegna þess að hann stjórnaði þeirri vinnu sem fór fram um þetta mál innan flokksins. Þetta vil ég að menn hafi í huga áður en menn gerast mjög fullyrðingasamir um siðleysi og óhæf vinnubrögð.

Í sambandi við skipulag orkumála er ljóst, að eftir að þýðing orkumála fór vaxandi og fleiri raforkumannvirki voru byggð hér í landinu, þá kom æ betur í ljós þýðing þess að koma þar á ákveðnum markmiðum, að hverju skyldi stefnt og á hvern hátt menn skyldu ná þeim markmiðum. Fljótlega eftir að núv. ríkisstj. var mynduð hófst starf í þessum málum á þann hátt, að n. í hinum ýmsu landshlutum voru settar á fót til þess að marka stefnu í orkumálum fyrir hvern landshluta fyrir sig, og ég segi það sem mína skoðun, að ég tel að það hafi ekki verið rétt að vinna að málinu á þennan hátt. Ég er ekki að segja annað en að það sé oft auðvelt að vera vitur eftir á og menn sjái það kannske betur nú en áður að þessi stefna var ekki rétt, enda hefur komið í ljós að í hinum ýmsu landshlutum eru ólík sjónarmið, sem erfitt er að samræma, og þessi stefnumörkun hefur að nokkru leyti beðið skipbrot að mínum dómi, enda er nú gripið til þess, sem mér sýnist að hafi verið nauðsynlegt, að skipa sérfræðinganefnd sem eigi að fjalla um þessi mál á landsgrundvelli. Ég hefði talið eðlilegra að þetta starf hefði hafist þegar í upphafi og síðan hefðu hinir einstöku landshlutar sagt álit sitt á þeirri stefnu og boðað brtt. og óskað eftir breytingum þar á. Við vitum að það eru uppi ólík sjónarmið í landinu. Sumt af þeim sjónarmiðum byggist eflaust á vanþekkingu sem má lagfæra með auknu starfi á sviði þessara mála. En við komumst ekki fram hjá því, að þarna ríkja ólík sjónarmið og þessi sjónarmið getur orðið nokkuð erfitt að samræma, þótt ég telji að það sé á engan hátt útilokað, en það þarf að leggja mikla vinnu í það og starf þessarar n., sem nú hefur verið skipuð, er á margan hátt erfitt. Það má hins vegar vel vera, að það starf, sem hefur verið unnið í hinum ýmsu landshlutum, auðveldi henni nokkuð starf sitt.

Síðan gerist það, eftir að n. í hinum einstöku landshlutum hafa skilað áliti, að þá er nál. frá einum landshluta, þ. e. a. s. frá Vestfjörðum, tekið upp og gert að lögum, eða það kemur fram í lögum um Orkubú Vestfjarða. Þar á sér náttúrlega stað ákveðin stefnumörkun í orkumálum, því að lagasetning af hálfu Alþ. hlýtur að vera á vissan hátt stefnumörkun, ef ekki þá veit ég a. m. k. ekki hvað stefnumörkun er. Í þessum lögum kemur fram, að tilgangur þessa fyrirtækis sé að virkja vatnsafl á Vestfjörðum, og það kemur einnig fram í þessum lögum, að fyrirtæki þetta skuli annast virkjunarrannsóknir í þessum landshluta. Það kemur sem sagt fram í þessum lögum, að þetta ákveðna fyrirtæki á að annast öll stig raforkumálanna í þessum ákveðna landshluta. Þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, þá var ég þeirrar skoðunar, að það væri óeðlilegt að marka slíka stefnu sem þessa án

þess að menn gerðu sér grein fyrir því, hvað skyldi á eftir koma. Við vissum að það voru ólík sjónarmið í mörgum hinna landshlutanna, og með þessari lagasetningu var á vissan hátt gengið fram hjá þeim sjónarmiðum, því að við hljótum að gera okkur grein fyrir því, að eitt getur ekki gilt í einum landsfjórðungi og annað í öðrum, ef við stefnum að ákveðnu heildarskipulagi. Þess vegna var ég mótfallinn þessari lagasetningu, af þeirri einföldu ástæðu að mér fannst lagasetningin ótímabær, þar sem stefnan í landinu í heild hafði ekki verið mörkuð. Og það er kannske aðalmálið að gera sér grein fyrir því, að hverju við stefnum, ekki aðeins í einum landshluta, heldur í öllu landinu.

Það er ljóst að uppi eru í þessum efnum tvær mögulegar stefnur, þó að út af fyrir sig sé hægt að hugsa sér þær með mörgum afbrigðum. 1 fyrsta lagi er sú stefna að stofna mörg fyrirtæki svipuð og Orkubú Vestfjarða sem hafi alla þætti orkumála á hendi í sérhverjum landshluta, eða hins vegar að stofna fyrirtæki sem hafi með höndum meginraforkuframleiðslu í landinu öllu og megindreifingu í landinu öllu. Sú páltill., sem birtist á þskj. 30, gerir ráð fyrir þeirri meginstefnu og síðan sé mögulegt að stofna landshlutaveitur í hinum einstöku landsfjórðungum.

Ég er því algerlega sammála, sem kom fram í máli hv. 3. þm. Vestf., að aðalatriðið er að hafa ákveðin markmið í orkumálum og verða sammála um þau markmið. Þau markmið eru mörg, en að *mínum dómi* eru *meginmarkmiðin* þau að jafna raforkuverðið í landinu, og það er alveg rétt sem kom fram í hans máli, að það má hins vegar ekki verða til þess að óhagkvæmur raforkurekstur þrífist víða í landinu. Jöfnunin má ekki verða slík, að það geti jafnvel ýtt undir óhagkvæman raforkurekstur. En það sýnist mér að gæti t. d. verið samkv. lögum um Orkubú Vestfjarða, að það gæti orðið tilhneiging til þess að virkja þar vatnsafl þótt það væri ekki nægilega hagkvæmt á landsvísu. Það má vel vera að það sé hægt að komast hjá því, en aðalmarkmiðið að mínum dómi er jöfnun á raforkuverði.

Í öðru lagi er það eitt aðalmarkmiðið að stjórnun þessara mála, orkumálanna, sé þannig fyrir komið að það leiði til hagkvæmasta mögulegs rekstrar. Það er einnig mjög mikilvægt markmið, að ódýrustu mögulegir virkjunarkostir séu nýttir, þótt nauðsynlegt sé að taka tillit til vissra lágmarks öryggissjónarmiða.

Þetta eru kannske þau aðalmarkmið, sem allir stefna að og aðalspurningin er: Hvernig verður þessum markmiðum best borgið? Með því að stofna mörg fyrirtæki, sem hafi með höndum alla meginraforkuframleiðsluna í viðkomandi landshluta og dreifingu, geta menn út af fyrir sig náð jöfnuði í raforkuverði með því að verðjafna á milli hinna einstöku fyrirtækja, þannig að það er hægt að ná því markmiði með þeim kosti. Stjórnun, sem leiðir til hagkvæmasts rekstrar, er sjálfsagt einnig hægt að ná því markmiði. En hins vegar finnst mér að menn geri of mikið úr því, að það sé hreinlega ekki hægt að stjórna stóru fyrirtæki vel. Það er eins og margir hafi bitið það í sig, að það sé ekki hægt að reka stórt raforkufyrirtæki hér í landinu, vegna þess að það nái yfir svo marga landshluta. En stóru fyrirtæki má einnig skipta niður í einingar, sem hlíta ákveðinni heildarstjórn, þannig að það væri ekki einasta leiðin til þess að dreifa valdi að stofna mörg fyrirtæki. Það er líka hægt að dreifa valdinu innan fyrirtækisins, alveg á sama hátt og hægt er að dreifa valdi innan ákveðins þjóðfélags í stað þess að skipta viðkomandi þjóðfélagi í margar einingar, þannig að hér eru margar leiðir. Og ég er þess fullviss, að það er hægt að reka stórt raforkufyrirtæki í landinu sem hefur með höndum meginframleiðslu og dreifingu á mjög heilbrigðan og hagkvæman hátt.

Síðan er kannske það mikilvægasta frá heildarsjónarmiði að ódýrustu virkjunarkostir séu fyrst og fremst nýttir. Eftir því sem meginraforkuframleiðsla og meginraforkudreifing er sem mest hjá einum aðila, þá tel ég fullvíst að það séu meiri möguleikar til þess að ódýrustu og hagkvæmustu virkjunarkostir í landinu séu nýttir. Ég held að það verði ávallt tilhneiging til þess hjá sérhverju orkubúi, ef landinu verður skipt í mörg orkubú, að vera sem mest sjálfu sér nægt í sambandi við framleiðslu raforku. Og þetta er út af fyrir sig eðlilegt, að menn vilji á margan hátt vera sem mest sjálfum sér nægir. En það *má hins vegar ekki ganga* svo langt að raforkuverðið fari upp úr öllu valdi af þessum sökum.

Ég vil hins vegar ítreka það, að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, að hér er ekki um auðvelt *mál* að ræða. Það er út af fyrir sig ekki auðvelt mál að koma á einu fyrirtæki sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. En það þarf að láta reyna á hvort það sé hægt, og ég veit ekki til þess að það hafi verið látið reyna á það í fullri alvöru, því að ég býst við að ef menn stæðu frammi fyrir því, að að þessu skyldi stefnt, að ná sama orkuverði um land allt, þá þýddi það að verðjöfnunargjald yrði að hækka mjög verulega, og ég býst við að þeir aðilar, sem annast meginraforkuframleiðsluna í landinu í dag, mundu fremur vilja stefna að því að sameinast um raforkumál heldur en að auka þátt verðjöfnunargjaldsins, þannig að ég býst við því, að þessum markmiðum mætti ná.

Ég vildi sem sagt aðeins leggja á það áherslu, að mér sýnist að stefnumörkun í orkumálum hafi að mínum dómi farið úrskeiðis, vegna þess — og um það getur Alþ. út af fyrir sig og menn hér sakast við sjálfa sig í þeim efnum — að í lögum um Orkubú Vestfjarða felst ákveðin stefnumörkun sem að mínum dómi er ekki miðuð við heildarhagsmuni alls landsins í raforkumálum.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér hafa spunnist alllangar umr. um orkumál og skipulag þeirra út frá till. til þál. á þskj. 30 um skipulag orkumála. Um mál þessi má að sjálfsögðu margt ræða, svo mikilvæg sem þau eru fyrir hvern og einn íbúa landsins.

Síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Austf., vakti athygli á því, að orkumálin hefðu verið sett efst á blað í málefnasamningi þeirrar ríkisstj. sem nú situr, og er það rétt og satt. Hann gagnrýndi

þó nokkuð það sem gerst hefði í þessum málaflokki að undanförnu. M. a. taldi hann að ekki hefði verið rétt, að því er mér skildist, að skipa þær héraðanefndir sem að undanförnu hafa unnið að þessum málum, að stefnumörkun hefði farið úrskeiðis og annað þar fram eftir götunum. Þar sem ég er formaður n. þeirrar, sem skipuð var á Vesturlandi til þess að athuga þessi mál, formaður raforkunefndar Vesturlands, tel ég rétt að segja um þetta örfá orð.

Slíkar nefndir munu hafa verið skipaðar í öllum byggðum landsins. Þær hafa starfað misjafnlega hratt, og er ekki að undra þar sem þessi mál eru öll í deiglunni. En ég tel út af fyrir sig að það hafi verið fyllilega rétt ákvörðun af hálfu hæstv. iðnrh. að skipa þessar n. til þess að kanna hugarheima manna í öllum byggðum landsins. Ég verð að viðurkenna, að á Vesturlandi höfum við ekki enn þá komist nógu langt í þessum málum. N. sú, sem þar starfar, var skipuð af iðnrn. í maí 1976. Það er nokkuð langur tími síðan og við verðum að sjálfsögðu að fara að skila af okkur störfum. Við höfum haldið marga fundi, og ég tel að við séum á réttri leið. Það hafa margar ályktanir verið gerðar í þessum efnum á Vesturlandi á undanförnum árum, af hálfu sýslunefnda, af hálfu sveitarstjórna og af hálfu Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, og segja má að þær hafi allar meira og minna horft í sömu átt, þ. e. að auka samvinnu í þessum málum á öllu Vesturlandi og auka áhrif heimamanna í þessum málum, þ. e. a. s. á aukna heimastjórn.

Við höfum nokkra sérstöðu á Vesturlandi að því leyti, að þar hefur myndarlegt orkufyrirtæki starfað allt frá árinu 1947, þ. e. Andakílsárvirkjun. Hún hefur reynst vel. Eigendur hennar eru Akraneskaupstaður og Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Við höfum talið eðlilegt að þetta fyrirtæki gæti fært út starfsemi sína þannig að framvegis stæðu þar að ekki aðeins tvær sýslur og einn kaupstaður, heldur fjórar sýslur og einn kaupstaður, hvernig sem uppbygging þess verður svo í einstökum atriðum. Ég tel að vilji til aukinnar samvinnu í þessum málum sé mikill á Vesturlandi. Þó höfum við ekki enn þá markað endanlega stefnu, en vonandi verður það innan skamms tíma.

Þó að við óskum eftir aukinni heimastjórn, þá er ekki þar með sagt að við viðurkennum ekki að af hálfu ríkisins verður að sjálfsögðu að vera ákveðin heildarstjórn þessara mála, enda hefur nú, eins og komið hefur fram, verið skipuð n. sem tekur til alls landsins og vinnur að heildarskipulagi á yfirstjórn orkumálanna. Ég tel að það fari mjög vel á því, að þessar nefndir starfi áfram og beri saman ráð sín, annars vegar heildarnefndin, sem tekur til alls landsins, og hins vegar þær n. sem kanna þessi mál í einstökum byggðarlögum.

Ég ætla ekki að fara að gagnrýna sérstaklega till. sem hér liggur fyrir á þskj. 30. Þó finnst mér að þar kenni nokkuð þeirrar áráttu að krefjast þess, að ríkissjóður eigi 50% eða raunverulega meiri hluta í öllum slíkum landshlutafyrirtækjum. Ég man eftir því, að einn nm. á Vesturlandi tók eitt sinn svo til orða, að ef heimastjórn ætti ekki að vera ríkari en svo, að hið opinbera gæti í raun og veru tekið í taumana hvenær sem væri og ráðið lögum og lofum í þessum efnum, þá tæki því ekki að vera að stússa lengur í þessum neindarstörfum. Og ég hygg að þar fari skoðanir okkar saman yfirleitt á Vesturlandi. Það eru þessi 50 eða 51% regla sem gægist fram í þessari þáltill. og fleiri till. sem komið hafa fram um þessi mál hér á hv. Alþingi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en aðeins að vænta þess, að hinar einstöku nefndir, sem að þessum málum vinna, hraði störfum og einnig sú n. sem nær yfir landið allt og vinnur að heildar skipan þessara mála. Eg held að mér sé óhætt að segja, að raforkunefnd Vesturlands muni halda áfram að vinna að þessu máli, og ná endanlegri samstöðu með hagsmuni allra íbúa Vesturlands fyrir augum og þjóðarheill í huga.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar till. gerði mjög glögga grein fyrir henni í framsögu sinni og ekki þarf um að bæta. En ég stend nú hér upp m. a. vegna gagnrýnisraustar, sem hér hljómaði áðan, um sióleysi og óhæf vinnubrögð sem fælust í slíkum tillöguflutningi. Eg vísa þeim ásökunum gersamlega á bug, og ég get ekki fundið að nefndarseta Steingríms Hermannssonar, hv. þm., bindi hendur mínar á nokkurn hátt í tillöguflutningi um raforkumál hér á Alþ. Eg finn ekki raunar heldur, að nefndarsetan bindi Steingrím Hermannsson sjálfan, og vafalaust er hann sammála því. Hann hefur haft ágæta forustu fyrir mótun þessarar stefnu innan flokksins. Það hefur verið lögð talsverð mikil vinna í að samræma sjónarmið okkar framsóknarmanna um þessi efni, og við höfum markað okkur þessa stefnu. Steingrímur Hermannsson, hv. þm., er ritari flokksins og auk þess á hann sæti í iðnn. og er sérfræðingur okkar í þessum efnum og það er eðlilegt að hann veljist til þess að hafa forustu fyrir málinu hér á Alþ. Og ég finn ekki betur en að nefndarstörfin beinlínis auðveldist vegna þess frumkvæðis, sem við höfum með því að leggja þessa till. fram og ræða hana, vegna þess að ég finn ekki betur en að mikill meiri hl. þm. sé hlynntur því að fara þessa leið, sem við leggjum til. Nefndarstarfið auðveldast, þegar það er lýðum ljóst hver hinn pólitíski vilji er, og þá er léttara fyrir nefndina að skila raunhæfu og skynsamlegu verki.

Við þekkjum dæmi þess að nefndir ágætra sérfræðinga hafa samið frv., sem hafa ekki verið í takt við hinn pólitíska vilja, þ. e. a. s. þau hafa ekki átt greiðan framgang hér á Alþ. í óbreyttu formi eða lítið breyttu. Mér dettur í hug dæmigert sérfræðingafrv., sem var hér til umfjöllunar í fyrra, þ. e. a. s. skattalagafrv. Ég hygg að það hefði betur verið athugað strax um hinn pólitíska þátt, vilja stjórnmálamanna, á undirbúningsstigi þess máls.

Þessari till., sem hér er til umr., er ætlað að ráða bót á vankönturn sem okkur eru ljósir á núverandi skipulagi. Þetta er ekki fullkomin till. Þetta eru sjálfsagt ekki endanleg lausnarorð, sem í henni finnast, og mér dettur í hug að það gæti verið spursmál t. d. um 3. lið till., hvort Orkustofnun er betur komin undir sérstökum hatti eða innan þessa fyrirtækis. Lands-

virkjun hefur náð ákaflega góðum tökum, að minni hyggju, á því verkefni að beisla vatnsorku og hefur í sinni þjónustu okkar færustu menn á því sviði. Ég veit ekki nema það gæti allt eins komið til mála að þróa það í þessa átt, þó að hitt sé leið líka.

Við getum ekki lokað augunum fyrir því, að nokkuð hefur skort á heildarskipulag orkumála. Við höfum stundum unnið að tveimur lausnum á sama verkefninu. Tímasetning hefur orkað tvímælis. Stundum höfum við flýtt okkur helst til mikið. Ég nefni orkuvandamál á Norðurlandi, sem að vísu voru nú ekki eins mikil og menn gerðu þau í orði, þ. e. a. s. það var talað um orkusvelti og mikla þrengingu byggðar fyrir norðan vegna orkuskorts. Þetta var nú ekki raunhæft tal, enda var ráðist í að bæta úr þessu og ráðist var í að bæta úr því á tvennan hátt. Fyrst var ráðist í byggingu byggðalínu, síðan voru tekin upp úr skúffu heimildarlög um jarðgufuvirkjun við Kröflu, hikað um stund við framkvæmdir á byggðalínunni og rokið til af fullum krafti að byggja Krófluvirkjun og sett sérstök nefnd til þess að annast það verkefni. Þarna hefði betur verið nánara samband og betra skipulag.

Ég var alla tíð mikill áhugamaður um byggðalínuna og ég er áhugamaður um aðrar línur, sem tengja saman landshluta. Mér er þó fullkomlega ljóst, að raflínur framleiða ekki rafmagn. Ég vil taka það fram til þess að taka það ómak af mönnum að fræða mig á þessu. Ég veit líka vel að rafveitustjóra á Akureyri, Knúti Otterstedt, er fullkunnugt um að raflínur framleiða ekki rafmagn. En Sigölduvirkjun var komin á fulla ferð hér fyrir sunnan og þá hefði mátt taka rafmagn frá henni og flytja norður eftir, eins og raunar er nú gert vegna þess að Krafla hefur tafist af óviðráðanlegum ástæðum.

Ég vil taka það fram, að ég er ekki með þessu að færast undan neinni ábyrgð á Krófluvirkjun. Ég tel, að tímabært hafi verið og eðlilegt að ráðist yrði í það að athuga með jarðgufuvirkjanir, því að ef rafmagnsframleiðsla með jarðgufuvirkjunum er mjög miklum annmörkum háð þurfum við að fara margfalt gætilegar í meðhöndlun vatnsorkunnar og fá heildarmynd af ástandinu. Hins vegar kann að orka tvímælis, hvort ástæða var til að ráðast í svo stóra virkjun og enn fremur að flýta sér svona mikið. En Sigölduvirkjun var virkjunarþrep, að sumu leyti of stórt. Ég lít svo á, að Sigölduvirkjun hafi verið of stór. Stærð Sigölduvirkjunar og von í raforku þaðan er notuð sem ein af ástæðunum til þess að hnoða niður járnblendiverksmiðju á Grundartanga. En það er náttúrlega fyrirtæki sem verður fyrr en varir baggi á þessu þjóðfélagi, og þá ekki síst raforkusala til þess fyrirtækis. Við hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, flytjum till. til þál. um raforkusölu á kostnaðarverði til orkufreks iðnaðar og ég mun fjalla nánar um hana síðar, en þar kynnum við m. a. skynsamlega tilhögun í Noregi. Það er ekki nóg að afla orkunnar, það verður að nota hana skynsamlega. Það er t. d. ekki skynsamleg notkun á rafmagni að selja það til álvers eða járnblendiverksmiðju.

Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson flutti hér að mörgu leyti ágæta ræðu fyrr í dag. Hann óskaði eftir upplýsingum og þótti á skorta tölulegar upplýsingar með þessari till. okkar til þál. Ég get fallist á það, að þó að margar tölulegar upplýsingar kæmu fram í framsögu, þá hefði mátt prenta eitthvað af þeim sem fskj. með till. En úr því að hv. þm. spurði eftir þessu, þá get ég — með leyfi forseta — rakið hér nokkrar tölur úr bæklingi sem Samband ísl. rafveitna hefur gefið út og heitir „Raforka á Íslandi 1976". Þar er m. a. eftirfarandi upplýsingar að finna, að raforkusala til notenda 1976 skiptist þannig: Sala rafveitna var 892 gwst., þ. e. a. s. 41.1% framleiddrar orku seldar fyrir 7422 millj. kr., þ. e. a. s. þetta 41% var selt fyrir 87.5% af söluverðmætinu. Hins vegar voru seldar til stóriðju 1217 gwst. eða 56.1%, þ. e. 56.1% af notkuninni, og fyrir það fengust einungis 874 millj. eða 10.3% af söluverðmætinu. Keflavíkurflugvöllur er líka inni í þessu dæmi og hann er eiginlega stærri liður en ég átti von á. Hann fær selda 61 gwst., þ. e. a. s. 2.8% af orkunni, en fær þetta á lágu verði, fyrir 189 millj., þ. e. 2.2%.

Ég vil rekja aðrar tölur, t. d. heildsöluverð á raforku 1. jan. 1977. Það er meðalverð miðað við 5 þús. klst. nýtingartíma, og þá áttu rafveitunnar kost á því að kaupa þessa orku á 3.40 kr., en álverksmiðjan átti kost á því að kaupa þessa orku á 77 aura, — ég endurtek: 77 aura. Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson spurði um taxtana, og þeir eru líka hér prentaðir. Þetta er útsöluverð á raforku 1/6 1977: Raforka til heimilisnota í Reykjavík er 13.65 kr. á kwst., í Hafnarfirði 13.97 kr., en hjá Rafmagnsveitum ríkisins, sem eru sá aðili sem sér okkur sveitamönnum fyrir rafmagni, þá var það ekki 13.65 eins og í Reykjavík, heldur voru það 21.48 kr. sem við urðum að gjalda fyrir hverja kwst. Þetta er meðalverð. Þá þarf ekki að undra það, þó að okkur fýsi að stefna að jöfnun á rafmagnsverði. Mér finnst að hv. þm. hafi gert óþarflega mikið úr erfiðleikum og annmörkum, sem eru á því að jafna raforkuverðið. Þetta er kannske ekki hægt að gera gersamlega, en það verður að vera meiri jöfnuður þarna á. Jöfnuður næðist auðveldlega með því að sameina raforkuvinnsluna hjá einu fyrirtæki.

Við leggjum til í till. okkar, við hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, að komið verði upp nokkurs konar raforkuvísitölu, þ. e. a. s. fundin vísitala framleiðslukostnaðarverðs á raforku. Síðan viljum við vinna að því að breyta langtímasamningum, sem gerðir hafa verið um sölu á raforku, til samræmis og tengja þá þessari vísitölu, þannig að þegar framleiðslukostnaður ykist í landinu, eins og hefur nú verið undanfarið, þá liggi ekki eftir samningar við stóra notendur eins og gerst hefur með álverið. Þegar álverið keypti fyrst raforku af Landsvirkjun árið 1969 galt álverið fyrir raforkuna 68% af því raforkuverði sem rafveiturnar urðu að greiða. Þetta skertist svo með því að teknar voru dýrari virkjanir í gagnið, nýjar virkjanir, og rafmagn framleitt með olíu o. s. frv., o. s. frv., og 1975 var þetta hlutfall ekki 68%, nei, það var komið

niður í 24% af því verði, sem rafveiturnar urðu að greiða. Þá keypti álverið sér stækkunarleyfi á kerskála 2 og nú eru í kringum 32% sem álverið greiðir. Og það er náttúrlega ekki nóg að framleiða raforkuna skynsamlega, líka þarf að nota hana skynsamleg. Ég vil leyfa mér að lesa örfáar setningar úr niðurlagi grg., því að hún segir raunar nokkuð mikið.

„Orkulindir landsmanna, bæði í fallvötnum og jarðvarma, eru einhver dýrmætasta eign þjóðarinnar. Mjög mikilvægt er, að þessar orkulindir verði virkjaðar og notaðar af skynsemi og hagkvæmni“ — ég endurtek: „skynsemi og hagkvæmni. Því miður hefur þar skort mjög á. Fyrst og fremst virðist þetta eiga rætur sínar að rekja til þess, að yfirstjórn orkumála er þess vanbúin að takast á við verkefnið. Því verður að vinda bráðan bug að bættu skipulagi og yfirstjórn. Með þessum till. er stefnt að því að leggja grundvöll að slíku skipulagi, sem án tafar þarf að vinna nánar í ýmsum smáatriðum og hrinda í framkvæmd.“

Það verður ekki nógsamlega undirstrikað, að þessar orkulindir eru okkur mikilvægar og þær eru okkar þjóðarauður. En það þarf að hagnýta þær af mikilli fyrirhyggju. Það þarf að reisa þær með þeim hætti, að þær komi okkur sem best til gagns, reisa þær með þeim hætti, að þær falli að umhverfi sínu og spilli ekki landinu. Það þarf að ráðstafa þessari orku með mikilli fyrirhyggju.

Það hefur verið hér mjög á lofti orkuspá, sem samin var í fyrravetur eða birt var í fyrravetur. Hún hljóðar að vísu í ýmsum atriðum nokkuð tortryggilega og það eru í henni veikir punktar, en framreiknuð gerir hún ráð fyrir því, að aðgengileg vatnsorka okkar verði fullnýtt einhvern tíma upp úr miðri næstu öld og það án þess að til kæmu nýir stórkaupendur, nýr orkufrekur iðnaður. Nú eru þarna inni í þessu dæmi virkjunarmöguleikar, sem ég hef ekki trú á að ráðist verði í í bili, en vera kann þó að við verðum að ganga nær landi okkar þegar þar að kemur að við erum komnir í orkukreppu. Þá getur vel verið, að þjóðin spillti landinu út úr neyð, það getur vel verið að til þess komi að við verðum að ganga nærri landinu einhvern tíma og það er ekki það langur tími, sem við eigum þessa auðlegð ótæmandi, að við megum fara glannalega í ráðstöfun þessara auðlinda. Ég legg áherslu á það, að við eigum að virkja fyrir okkur sjálfa, við eigum að búa hér sjálfir í þessu landi og reisa þær virkjanir fyrst, sem falla inn í okkar notkunarmunstur, því að sannleikurinn er sá, að við höfum verið of stórtækir. Við höfum reist virkjanir, sem eru stærri en það, að við getum hagnýtt þessi virkjunarþrep á mjög skömmum tíma, og svo best er virkjun hagkvæm að hún hafi kaupendur að mestallri orkunni, og þá höfum við neyðst til þess að ráðstafa orku í þessa óskynsamlegu samninga, sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil byrja með því að þakka margar ágætar ræður, sem hér hafa verið fluttar um þetta mál, og þá sérstaklega þann stuðning sem fram hefur komið í ræðum fjölmargra þeirra, sem tekið hafa hér til máls. Ég get stytt mál mitt, því að sumir meðflm. mínir að þessari till. hafa leiðrétt nokkuð þann misskilning, sem hefur komið fram.

Í ágætri ræðu hv. síðasta ræðumanns kom fram einn lítilfjörlegur misskilningur, sem mun líklega vera frá mér sprottinn. Vil ég leiðrétta það. Orkuspáin frá febr. 1976 gerir ekki ráð fyrir því, að vatnsorkan verði þrotin í kringum 2050 eða 2060, hún nær aðeins fram til ársins 2000, gerir þá ráð fyrir 6370 gwst. notkun, sem er 4% aukning á ári, og með því að framreikna það, sem þýðir tvöföldun á hverjum 20 árum, yrði vatnsorkan þrotin í kringum miðja öldina. Þetta er aðeins mín lauslega ágiskun, en þó byggð, eins og kom réttilega fram hjá honum, á þessari orkuspá. En vel má vera að sérfræðingar dragi enn úr árlegri aukningu eftir 2000. Eins og fram kemur í orkuspánni gera þeir það nokkuð markvisst fram til aldamóta og þá mun þetta sjálfsagt endast lengur. En aðalatriðið er að sjálfsögðu, að þetta er ekki óþrjótandi orkulind, því fer víðs fjarri.

Ég vil þá koma lítillega að þessu með síðleysið. Ég sé að hv. þm., sem fór einna hörðustum orðum um síðareglur eða brot á síðareglum, er kominn inn. Ég átti satt að segja alls ekki von á öðru af hans hendi. Hann er maður augsýnilega mjög fróður um síðareglur og væri, ef ég þekki hann rétt, síðastur manna til þess að brjóta þær. A. m. k. mundi hann ekki — og ég sé að hann gerir það ekki — víkja af fundi áður en sá, sem hann veitist að, fær tækifæri til þess að svara, svo að ég mun gefa honum góða einkunn fyrir síðareglur að öllu leyti. Um þessar svokölluðu síðareglur vil ég segja þetta. Eins og hér hefur komið fram, er sú till., sem hér er flutt, byggð á ályktun aðalfundar miðstjórnar Framsfl. 1976. Þá fylgdu þeirri samþykkt eindregin tilmæli til þm. flokksins að flytja þessa till. helst strax. Við kusum hins vegar að gera grein fyrir henni hér í umr. Við gerðum það við mörg tækifæri. M. a. gerði ég það í Ed. við umr. um Orkubú Vestfjarða, þar sem — ég get skotið því inn — ég gat þess að við teldum að sumu leyti æskilegra að móta heildarskipulagið áður en einstakir landshlutar eru afgreiddir, ef orða má það svo. Við sem sagt drógum að flytja þessa till., þrátt fyrir tilmæli aðalfundar, og það má e. t. v. einnig nefna síðleysi. Okkur er sem sagt falið að flytja þessa till., en við gerðum það ekki, m. a. vegna þess að við vissum að þessi mál voru í athugun. Við biðum á annað ár, en okkur var ekki kleift að bíða lengur vegna þessarar samþykktar sem lá fyrir frá okkar fundi.

Ég á einnig ákaflega erfitt með að sætta mig við það, satt að segja, að nánast sé hægt að kippa einum manni úr umferð með því að skipa hann í nefnd og hann sé þar með eiginlega bundinn eins lengi og nefndin kýs að starfa. (**Gripið fram í:** Setja hann inn bara.) Já, það er eins gott að setja hann inn. Ég á ákaflega erfitt að sætta mig við það.

Ég vil einnig vekja athygli á því, sem kom fram í ágætri ræðu hv. 3. þm. Vestf., sem er formaður í umræddri nefnd, að þetta mál er

mjög margslungið og þarf að ræða ítarlega, áður en svona skipulag er komið á, m. a. hvernig verður farið með eignayfirtöku slíks fyrirtækis og margt fleira, sem hann nefndi, sem er hárrétt, þannig að mér sýnist það auðvelda mjög störf nefndarinnar, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, að vilji Alþ. komi fram, þannig að nefndin viti hver pólitískur vilji er í meginatriðum í þessu sambandi. Mér virðist það raunar þegar hafa komið fram. Hér hafa talsmenn a. m. k. þriggja þingflokka og auk þess hv. þm. Karvel Pálmason lýst sig í meginatriðum fylgjandi þessari till. Ég tel að þegar með því sé töluvert unnið. Og ég skildi ekki betur hv. 3. þm. Vestf. en svo, að hann gæti sætt sig við mörg atriði í þessari till. og vísaði henni alls ekki frá. Ég tel mjög mikilvægt að þetta er komið fram, mikilvægt fyrir störf nefndarinnar.

Ég vil auk þess vekja athygli á því, að eðlilegt er að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, sendi þessa till. til viðkomandi nefndar til umsagnar. Hún getur mætavel gert það.

Ég verð að sjálfsögðu að taka því, að menn meta siðferði misjafnlega. Ég met það á minn máta. Ef mönnum þykir ég hafa gerst brotlegur, verð ég að sætta mig við það. Ég fæ ekki breytt skoðunum manna á því. En þetta er sem sagt gert af þeim ástæðum, sem ég hef nú rakið, og fyrst og fremst vegna þess að við álítum málið svo mikilvægt, að það megi ekki bíða, og við höfum ákveðin fyrirmæli um að flytja þetta mál. Ég þarf vitanlega ekki að vera á till., en það eru 12 aðrir þm. Frmsfl. á þessari till. og þeim var vitanlega frjálst að flytja hana. Þeir óskuðu eftir því, að ég yrði 1. flm., af þeim ástæðum, sem hér hafa komið fram, að ég hef unnið töluvert í þessu máli.

Það kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf., að í annarri nefnd, mþn. um byggðamál, hafði ég lagt á það áherslu, að meðlimir nefndarinnar flyttu ekki mál á eigin vegum. Þetta er misskilningur. Sú nefnd er að vísu á allt annan máta upp byggð. Hún er nefnd þm., kjörin af þinginu, og þar geta allir þm. flutt mál og einnig getur nefndin flutt mál. Hitt er sérfræðinganefnd, þótt svo vilji til, að við erum þar tveir, tveir af átta, sex eiga þess alls ekki kost að flytja mál að sjálfsögðu. Mér dettur auk þess satt að segja ekki í hug, að ég geti stöðvað að hv. 5. þm. Vestf., flytji mál, þótt ég beiti mér af alefli. Ég held, að hann sé vel þekktur fyrir að fara sínu fram. Ég mundi ekki reyna það, dytti það ekki í hug. Hins vegar er að sjálfsögðu ánægjulegt, ef menn í einni nefnd koma sér saman um að flytja mál. Mþn. um byggðamál hefur gert það í ýmsum tilfellum og það er ekkert nema gott um það að segja vitanlega. Ég ætla svo að láta útrætt um þessar síðareglur og reyna að koma nánar að fáeinum atriðum sem ekki hefur verið svarað.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson taldi, að í þessari till. kæmi fram sá vilji að ríkissjóður ætti 50% í öllum þessum fyrirtækjum. Þetta er misskilningur hjá hv. þm., því að í grg. segir svo:

„Ef slíks er óskað, virðist eðlilegt að sveitarfélög geti átt meirihlutaaðild að slíkum veitum og stjórn þeirra“ — það er átt við landshlutaveiturnar. Mér finnst sjálfsagt að heimamenn eigi þar meiri hluta ef þeir óska þess. Hins vegar hefur þetta verið nokkuð breytilegt. Eftir því sem ég veit best hafa Austfirðingar t. d. ekki óskað eftir meiri hluta eða að fyrirtækin séu í þeirra eigu. Ég leyfi mér því að leiðrétta þennan misskilning. Hann ræddi nokkuð um héraðanefndirnar. Ég hef út af fyrir sig ekkert við þær að athuga, en ég hefði talið eðlilegra, að nefnd til að athuga heildarskipulagið væri fyrst sett á fót og síðan störfuðu héraðanefndirnar innan þess ramma, sem sú nefnd hefði komist niður á. Þetta er mín persónulega skoðun. Önnur leið var farin. En út af fyrir sig hef ég ekki neitt við héraðanefndirnar að athuga, þó að ég hefði kosið að það væri á þennan máta gert.

Hv. þm. Pálmi Jónsson minntist á ýmis önnur atriði, en hann virðist horfinn af fundi, enda mun hann eiga að mæta á fundi fjvn. Ég vil samt leiðrétta í örfáum orðum misskilning, sem mér fannst koma fram hjá honum. Hann fullyrti, að með þessu væri gert ráð fyrir því — nú, hann er þarna — gert ráð fyrir því, að öll raforkuvinnslufyrirtæki landsins yrðu sameinuð í eitt. Ég undirstrikaði orðið „öll“. Þetta er misskilningur. Við segjum að meginraforkuvinnslan sameinist í eitt, og reyndar leggjum við á það áherslu og ég gerði það í framsögu. Ég upplýsti að með því að sameina tvö til þrjú fyrirtæki næðust yfir 90% orkuvinnslunnar í eitt, og þetta hefur komið fram hjá fleiri ræðumönnum hér. Hann taldi einnig að við vildum að Alþ. beitti sér fyrir því, að Laxárvirkjun nyti þess réttar, sem hún hefur í lögum um Landsvirkjun, að ganga þar inn. Það er misskilningur hjá honum. Að vísu sagði ég í ræðu minni að rétt væri að á þetta reyndi, ef Alþ. teldi þetta fyrirkomulag æskilegt, sem sagt að sameina í eitt. Með samþykkt svona till. kæmi að sjálfsögðu fram vilji Alþ., en það væri svo Laxárvirkjunar að ákveða hvort hún vill nota þessa aðstöðu. Ég er ekki með í huga — og vil leiðrétta það — að á nokkurn máta eigi að þvinga Laxárvirkjun til þess að nota þetta ákvæði — alls ekki.

Nokkuð hefur verið rætt um það hér, m. a. af hv. þm. Pálma Jónssyni og fleirum, að þetta gengi á einhvern máta á snið við Orkubú Vestfjarða. Menn hafa mismunandi skoðanir á því. Ég hef sagt fyrr í ræðu, að ég teldi æskilegra að heildarmyndin lægi fyrir áður en orkubúið væri sett á fót. Orkubúinu fylgja hins vegar margir mjög góðir kostir. Það sameinar ýmsar rafveitur. Það gerir ráð fyrir því að reka hitaveitur og rafveitur undir einni stjórn. Þetta eru hlutir sem brjóta á engan máta í bága við það sem hér er gert ráð fyrir. Það eina, sem gengur gegn þessari stefnu, er, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, að Orkubú Vestfjarða tekur við um 11 mw. aflstöðvum frá Rafmagnsveitum ríkisins. Ég hef aldrei farið leynt með þá skoðun mína, að ég hef talið bæði fyrir Vestfirðinga og fyrir þjóðina í heild æskilegra að reka þessar veitur með einni landsveitu, — ég hef aldrei farið leynt með þá skoðun mína. Þetta eru hins vegar ekki nema 2.3% af afli í orkuverum landsins, þannig að í raun og veru skiptir sáralitlu máli hvar þetta liggur. Andakílsárvirkjun er 1.6%, sem skiptir heldur engu máli. Ef komið er á eina hönd vel yfir 90%, þá er það orðin meginraforkuvinnsla landsins, eins og við leggjum á-

herslu á í þessari till. okkar. Ég tel hins vegar að nú, þegar Orkubúið er komið á fót, eigi að sjálfsögðu að bæta inn í tillgr. viðræðum við Orkubúið um yfirtöku á þessum mannvirkjum. Það var ekki komið á fót, þegar till. var flutt, svo að við treystum okkur ekki til að setja það inn í. Ekki var ljóst að samningar næðust við ríkisvaldið. Þeir hafa nú náðst og að sjálfsögðu verður þá að ræða einnig um Orkubú Vestfjarða sem einn allstóran aðila í orkuvinnslu hér á landi.

En á eitt vil ég minna, sem ekki hefur verið minnst á hér. Þeir aðilar, sem standa að Orkubúi Vestfjarða, gerðu það að skilyrði, nánast því hver og einn, að Orkubúið byggði ekki línu frá byggðalínunni í Hrútafirði inn á Vestfirðina. Þetta hefur komið fram hér í umr. Það var gert að skilyrði á stofnfundinum, að sú lína yrði byggð annaðhvort af Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum aðila, sem hefði það hlutverk með höndum, og jafnframt gekkst hæstv. iðnrh. undir að beita sér fyrir því, að fjárveiting fengist í þessu skyni, eins og komið hefur fram. Þetta er e. t. v. eitt mikilvægasta atriðið, sem greinir Orkubú Vestfjarða frá fyrirtæki sem er með alla dreifingu, alla orkuvinnslu, alla orkuöflun sína á eigin hendi. Áhersla var sem sagt lögð á það, að Orkubúið vildi ekki taka í sínar hendur að leggja þessa línu. Þetta er að mínu mati ákaflega veigamikið atriði og gengur náttúrlega þvert á hugmyndir um það, að byggðalínu verði skipt niður á landshluta, Vesturlandsorkubúið taki við henni í Hvalfirði og eigi hana norður á Holtavörðuheiði o. s. frv., o. s. frv. Þetta stangast þvert á við það. Sem sagt, Vestfirðingar leggja áherslu á að línan sé bæði byggð og rekin af öðrum aðila, þannig að þó að í sambandi við Mjólkárvirkjun sé nokkur annmarki og rekist að nokkru leyti á það, sem hér er um að ræða, þá er það þó ekki nema mjög lítill þáttur í þessu heildarmáli og þáttur, sem áreiðanlega er auðvelt að ná samstöðu um að leiðrétta, ef þetta skipulag verður ofan á. Ég vísa því algerlega á bug, að við, sem höfum fylgt hugmynd um Orkubú Vestfjarða, getum ekki stutt og flutt þá till. sem hér er uppi, alls ekki, ég vísa því á bug.

Nokkuð hefur verið minnst á það af fleiri en einum aðila, að ekki væri getið nægilega um hitaveitur. Ég held að það sé satt að segja misskilningur og byggist á því, að till. hefur ekki verið lesin nægilega vel. Í 2. lið till. segir:

„Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum, sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna.“

Í grg. er þetta jafnframt undirstrikað, að mjög hagkvæmt sé að reka saman einmitt hitaveitur og fjarhitunarstöðvar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Eðlilegt er jafnframt, að landshlutaveitur eigi og reki jarðvarmaveitur eða fjarhitunarstöðvar. Í ýmsum tilfellum kemur til greina að reka slíkar stöðvar þannig að nota megi hvort sem er jarðvarma eða raforku, auk svartolíu, eftir því sem þörf krefur. Nauðsynlegt getur því verið að samræma sem best rekstur raforkukerfisins og rekstur slíkra fjarhitunarstöðva. Því er æskilegt, að þetta sé á einni hendi. Landshlutaveitur mundu þannig annast sölu á bæði raf- og hitaorku til notenda. Eðlilegast virðist, að slíkar landshlutaveitur verði sjálfseignarfélög og eignaraðild sveitarfélaga í hlutfalli við íbúafjölda.“

Síðasta setningin er að sjálfsögðu óviðkomandi þessum hitaveitum. Ég veit ekki, hvernig er hægt að undirstrika þá skoðun okkar betur en gert er. Við teljum sem sagt rétt og eðlilegt að rekstur hitaveitna sé einnig á hendi landshlutaveitna. En vera má að mönnum hafi þótt óeðlilegt að ekki skuli vera getið um rekstur hitaveitna í fyrsta lið till., þar sem rætt er um landsveituna. Um þetta var mikið fjallað hjá okkur, en við hurfum frá því, því að sjálfsögðu, eins og ég þarf ekki að segja hv. þm., verður hitaorkan ekki flutt á milli landshluta. Allt öðru máli gegnir um hitaorku en raforku. Hitaorkan er staðbundin og virðist vera ákaflega lítið við það unnið að fela einni landsveitu að reka hitaveitur sem eru staðbundnar við ákveðna landshluta. Slíkur samrekstur getur alls ekki leitt til þeirrar hagkvæmni sem er augljós í samrekstri á raforkuöflun. Þarna er um allt annað mál að ræða. Ég vona að mér hafi tekist að leiðrétta þennan misskilning. Við teljum m. ö. o. að ekki eigi að gera ráð fyrir því að landsveita yfirtaki rekstur allra hitaveitna, alls ekki. Við teljum það rangt.

Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson flutti allítarlega ræðu. Ég gat ekki heyrt annað en hann styddi þessa till. mjög eindregið. Mér fannst hins vegar að fram kæmi, að ýmsir vildu Lilju kveðið hafa. Ég gat ekki merkt annað. Mér heyrðist hann styðja hvert atriði sem fram kemur í till., en leitaði þó eftir einhverjum leiðum til að gera aths. Hann gerði m. a. þá aths., að ekki fylgdu till. eða málflutningi mínum nægilegar tölulegar upplýsingar. Ég bíðst afsökunar á þessu. Ég vil segja, þótt hv. þm. sé reyndar farinn, að ég gekk satt að segja í einfeldni minni út frá því, að hv. þm. hefðu aðgang að upplýsingum sem er dreift mjög víða, m. a. frá Orkustofnun, í riti Orkustofnunar sem kemur út reglulega, Orkumálum, og hér er fylgirit Orkumála sem veitir mjög ítarlegar upplýsingar. Hérna er einnig, gefið út af Sambandi ísl. rafveitna reglulega, yfirlit um orkumálin, allt saman ákaflega aðgengilegt. Vitanlega er auðvelt að kasta svona skjali eða jafnvel þessari bók allri í prentun hjá Alþ., það er ákaflega auðvelt, og ég hef tekið eftir því, að sumir gera það. En ég get nú ekki séð að því fylgi neinn sparnaður í rekstri þingsins. Ég held að miklu skynsamlegra væri að gera ráðstafanir til að allir þm. fái það sem þegar er til á prenti, og ef þess er óskað skal ég með ánægju gera það. Ég ætla ekki að lesa upp hér töflu yfir 24 rafveitur, smásöluverð þeirra, — eða finnst hv. þm. að tíma okkar væri vel varið til þess? Hér er raforkusala 1975 og hér er hún 1976 og hér er getið um meðalverð frá 24 rafveitum á landinu. Ég tók þann kostinn að lesa styttri töflu um heildsöluverð raforku, m. a. vegna þess að með þessari till. teljum við okkur vera að stefna að verðjöfnun í heildsölu fyrst og fremst. Ég tek undir það, sem var sagt áðan af einum hv. þm., ég hygg að

það hafi verið hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, um erfiðleikana á algerum jöfnuði í smásölu. En mér fannst það skipta miklu máli að gera grein fyrir þeim verðmismun sem er núna í heildsölu raforkunnar, sem er e. t. v. meiri en þm. kunna almennt að gera sér grein fyrir. En sem sagt, ég biðst velvirðingar á því að hafa ekki látið prenta þessar bækur upp að nýju hér á hinu háa Alþingi.

Ég gat þess áðan, að hv. 3. þm. Vestf. flutti hér ítarlega ræðu um orkumálin, og fagna ég því. Ég vil þakka honum fyrir þær upplýsingar og þau sjónarmið sem þar komu fram. Hv. þm. ræddi málefnalega um þessa till. og fann á henni bæði kosti og lesti. Ég get verið sammála mjög mörgu. Ekkert skipulag er svo gott að algilt sé og eingöngu gott. Hins vegar var heildarniðurstaða mín af málflutningi hv. þm., að í flestum atriðum sæi hann raunar kosti við þetta skipulag. Hv. þm. gat þess réttilega, að að sjálfsögðu væri auðveldara að ná samræmingu með heildarstjórn, og þetta held ég að við þm. getum allir verið sammála um. Hann óttaðist hins vegar, að heildarstjórn kynni að leiða til of mikillar miðstýringar og sérstaklega yrði ekki dregin fram nægilega góður rekstur einstakra rafveitna. Þessu hefur hv. þm. Halldór Ásgrímsson svarað og ég get út af fyrir sig verið sammála því. En ég vil þó til viðbótar vekja athygli á því, að við gerum ráð fyrir landshlutafyrirtækjum um land allt, eins og landsmenn kunna að kjósa. Að sjálfsögðu kemur fram í rekstri þessara landshlutaveitna góður og slæmur rekstur, svo að það er langt frá því að fyrir þetta sé girt.

Ég er því alveg sammála, sem hv. þm. sagði, að vitanlega er samtenging hugsanleg með mörgum fyrirtækjum. Ég hef engan heyrt halda því fram að hún væri ekki hugsanleg í mörgum fyrirtækjum. En ég vil halda því fram, að rekstur slíkrar samtengingar sé stórum auðveldari á einni hendi heldur en t. d., eins og stundum hefur verið slegið fram, að skipta samtengingunni eftir því hvar hún gengur í gegnum landið. Ég hef aldrei getað fellt mig við þá hugsun, að landshlutaveita í einum landshluta eigi að reka háspennulínuna meðan hún fer þar í gegn. Hvernig verður þegar bilar, eins og gerðist hér um daginn? Eiga þá allar þessar landshlutaveitur að kalla út sitt viðgerðarlið til að leita að bilun? Er ekki miklu betra að hafa þetta á einni hendi og samræmt í einu fyrirtæki? Við höfum því um rekstur slíkrar samtengingar okkar efasemdir.

Hv. þm. gat þess, að verðjöfnun væri auðveldari með þessu móti. Þetta er að okkar mati mjög stórt atriði. Við vilium, og teljum það yfirlýsta stefnu Alþ., að að verðjöfnun, a. m. k. í heildsölu, verði stefnt. Rætt hefur verið nokkuð um rekstrarhagkvæmni, stórar einingar. Ég vil vísa til þess, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði um það.

Eitt kom fram í ræðu hv. þm. sem ég verð að minnast lítillega á. Það er hvort heita eigi eignarnámsheimild til þess að taka hlut t. d. Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun eða jafnvel að taka eignir Laxárvirkjunar. Ég vona að aldrei komi til slíks. Í fyrsta lagi, eins og ég hef nefnt, hefur Laxárvirkjun heimild til þess að ganga inn í Landsvirkjun og hið opinbera er þar náttúrlega ákaflega stór aðili, og það er von mín að fyrir tilstilli ríkisvaldsins verði Landsvirkjun tilleiðanleg til þess að verða landsveita, þetta náist með samkomulagi. Ef sá heildarrammi, sem hér er rætt um, verður samþykktur gæti t. d. sú nefnd, sem hér hefur oft verið nefnd, athugað þetta, hún gæti kannað þetta hjá Landsvirkjun. Þarna er eitt mjög verðugt verkefni fyrir þessa nefnd, sem hún ætti gjarna að snúa sér að, þótt verkefnin séu mörg. Ég vil því lýsa þeirri von minni, að ekki komi til eignarnáms. Hitt er svo annað mál, að ef hv. Alþ. ályktar að eitthvert meginskipulag skuli verða, þá verður vitanlega að beita þeim ráðum sem nauðsynleg eru til að ná því, en ég vona að ekki komi til eignaupptöku. Ég hygg satt að segja, að mönnum sé að verða ljósara og ljósara, að rétt sé að reka orkuver landsins á samræmdan máta, og skilningur á því fari mjög vaxandi.

Hæstv. iðnrh. flutti ræðu hér áðan, og þótt hann sé ekki á þessum fundi vil ég þó nefna nokkur atriði í því sambandi. Hæstv. iðnrh. benti réttilega á samþykktir, bæði Sambands ísl. rafveitna og Sambands ísl. sveitarfélaga frá 1972 og 1973, sem m. a. lögðu ríka áherslu á sameign sveitarfélaga og ríkisvaldsins. Í okkar till. leggjum við einnig ríka áherslu á sameign ríkisvalds og sveitarfélaga, bæði í landsveitunni, þar sem við teljum þó eðlilegra að sameiginlegur aðili eins og ríkisvaldið eigi 50%, og einnig í landshlutaveitunum, sem sveitarfélögin mættu gjarana eiga að meiri hluta, ef þau óska, að mínu mati.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að síðan 1972 og 1973 hefur mikið vatn runnið til sjávar og miklar breytingar hafa orðið. Ekki var byrjað á Kröflu 1972—1973, og grunur minn er sá, að sumir í hugsaðri Norðurlandsveitu muni hugsa sig um tvisvar áður en þeir taka við Kröflu, sem er á þeirra svæði, og mig grunar, og satt að segja hefur það komið fram í þeirri nefnd, sem hér hefur oft borið á góma, að afstaða Norðlendinga kunni að hafa gerbreyst af þeim hlutum, sem orðið hafa síðan. Norðlendingum er ljóst, að ef þeir taka við Kröflu yrðu þeir að tryggja sér gífurlega mikið verðjöfnunargjald til þess að ná sama raforkuverði og t. d. er hér á Suðvesturlandi. Ég held að þeir séu ekkert sérstaklega ginnkeyptir fyrir því að stofna til slíks. Þetta er að sjálfsögðu persónulegt mat mitt á því sem fram hefur komið hjá mönnum, sem bæði ég hef rætt við persónulega og ásamt fleirum. Ég vil einnig vekja athygli á því, að í starfi sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur síðan unnið í þessum málum, þar sem rætt er um skiptingu sveitarfélaga og ríkisvalds, hefur þessi mál borið á góma og mér er kunnugt um að áhersla á landshlutaveitur með orkuöflun virðist vera mjög minnkandi. En það er allt rétt og satt, sem hæstv. ráðh. sagði, þótt ég veki athygli á því, að ýmislegt hefur breyst í þessu sambandi.

En það sem ég vildi fyrst og fremst ræða um í sambandi við ræðu hæstv. ráðh. voru til-

mæli hans um að ekki yrði svo þrýst á að þessi till. hlyti samþykki hér á þingi áður en títtnefnd nefnd um orkumál hefur starfað nokkru lengur. Ég fellst á þessi tilmæli. Við munum alls ekki þrýsta svo á, að þessi till. fái sérstaklega hraða afgreiðslu. Ég vil leggja áherslu á að sjálfsögðu, að till. verði samþ. á þessu þingi, en ég vil hins vegar vekja athygli á því, að tilganginum hefur að nokkru verið náð með yfirlýsingum. Fyrst og fremst liggur fyrir afstaða Framsfl. í þessu máli. Ef ég skil rétt afstöðu fyrrv. form. Alþb., þá liggur fyrir afstaða Alþ. í þessu máli. Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði skýrum orðum að Alþfl. væri fylgjandi slíku skipulagi. Hv. þm. Karvel Pálmason hefur einnig tjáð sig samþykkan þessu skipulagi í meginatriðum. Þannig hefur náðst fram þegar í þessari ágætu umr. viljayfirlýsing meiri hl. hv. Alþ. Það sýnist mér vera ákaflega gott veganesti fyrir þá n., sem um þessi mál fjallar, og ætti að auðvelda störf hennar. En ég vil gjarnan láta það berast til hæstv. ráðh., að við munum alls ekki þrýsta svo á, að þessi till. fái óvenju hraða afgreiðslu, og verð því við tilmælum hans í þessu sambandi.

Ég vil svo lýsa ánægju minni með þessar umr. og margt sem hér hefur komið fram. Ég vil að lokum nefna það, að mér mun hafa láðst í framsögu minni að mæla með n., en ég vil þá gera það nú. Ég legg til að máli þessu verði vísað til atvmn. að lokinni þessari umr.

Umr. frestað.

Efri deild, 17. fundur.

Miðvikudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Gleraugnafræðingar og sjónfræðingar, frv. (þskj. 103). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er lagt fram, var lagt fram á næstsíðasta þingi, en varð þá ekki útrætt og á því hefur verið gerð smávægileg breyting.

Engin löggjöf hefur verið hér á landi um það efni, sem þetta frv. fjallar um, og því þótti tímabært að setja lög um réttindi og skyldur þeirra, sem framleiða og selja sjónhjálpartæki, og reyna með því móti að stuðla að því, að þeir, sem slíkra tækja þurfa með, fái hverju sinni sem besta þjónustu.

Við gerð þessa frv. hefur verið annars vegar haft til hliðsjónar það sem tíðkast á Norðurlöndum, hins vegar hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem komið hafa frá þeim aðilum sem málið var á sínum tíma sent til umsagnar, en það eru m.a. Félag gleraugnaverslana á Íslandi, Optikarafélag Íslands og ráðunautar þess, Páll S. Pálsson hrl., Ólafur Ólafsson landlæknir og Guðmundur Björnsson yfirlæknir augndeildar Landakotsspítala og nú síðast fyrir framlagningu þessa frv. starfshópur íslenskra gleraugnafræðinga. Yfirleitt hafa umsagnir þessara aðila verið á þann veg, að rétt væri og nauðsynlegt að setja lög um þessi efni, en að sjálfsögðu hefur menn nokkuð greint á um, hvernig slík lög ættu að vera.

Hingað til hefur ekkert í íslenskri löggjöf hindrað það að gleraugnafræðingar gætu afgreitt gleraugu eftir eigin mælingu. Hins vegar hefur yfirleitt sú hefð skapast, að þeir gerðu það ekki og afgreiddu gleraugu eftir mælingum læknis. Í álitsgerð sinni bendir Guðmundur Björnsson augnlæknir á kosti þess, að læknar einir geri sjónmælingu og gefi út ávísun á gleraugu, og mælir á móti því að frá þessari hefð verði vikið. Í frv. er hins vegar valin sú leið að gera greinarmun á gleraugnafræðingum og sjónfræðingum og gefa sjónfræðingum heimild til að framleiða og selja sjónhjálpartæki eftir eigin sjónmælingu á sjúklingi með ákveðnum takmörkunum sem raktar eru í 5. gr. frv. Vafalaust er að þessi ákvæði frv. eru líklegust til að valda deilum, og vænti ég þess, að þau verði rædd ítarlega þegar frv. verður tekið til athugunar í nefnd. Hins vegar vil ég benda á að það eru langir biðlistar hjá augnlæknum landsins og því er rétt að nota þjónustu þessara manna, sem hafa lært til þess, í stað þess að bíða mánuðum saman eftir að komast að hjá augnlæknum, og það verða þeir góðu menn einnig að skilja.

Um einstakar greinar þessa frv. er annars það að segja, að í 1. gr. þess er gert ráð fyrir því, að til þess að mega kalla sig gleraugnafræðing eða sjónfræðing og starfa sem slíkur þurfi leyfi heilbrrh. Hér eru tekin upp orðin gleraugnafræðingur fyrir orðið optiker og sjónfræðingur fyrir orðið optometrist.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því, að þeim einum megi veita leyfi sem aflað hefur sér menntunar sem er viðurkennd af íslenskum yfirvöldum, og gegnir þar sama máli um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir því, eins og venja er þegar lög eru sett um ákveðnar starfsstéttir, að tekið sé sérstakt tillit til starfsreynslu þeirra sem að þessu starfa þegar lögin eru sett. Er hér gert ráð fyrir því, að heimilt sé að veita manni, sem hefur a.m.k. þriggja ára starfsreynslu að baki og stenst hæfnispróf og fjögurra ára starfsreynslu eða fær meðmæli landlæknis, heimild til þess að kalla sig gleraugnafræðing og starfa sem slíkur. Hins vegar er ekki slík heimild fyrir hendi í sambandi við sjónfræðinga.

Í 4. gr. eru ákvæði um það, að framleiðsla og sala sjónhjálpartækja, og er þar bæði átt við gleraugu og snertilinsur, séu óheimil öðrum en þeim, sem hafa starfsréttindi samkvæmt þessum lögum, eða þeim, sem hafa í þjónustu sinni gleraugnafræðing eða sjónfræðing með full réttindi. Þetta ákvæði er sjálfsagt til að fyrirbyggja að sala og meðferð gleraugna og snertilinsna sé í höndum annarra en þeirra sem fulla menntun hafa til að framleiða þau.

Í 5. gr. er ákvæði þess efnis, að framleiðsla og sala sjónhjálpartækja sé einungis heimil gleraugnafræðingum eftir fyrirsögn augnlækna, en hins vegar megi sjónfræðingur, auk þess sem þeir geti framleitt og selt sjónhjálpartæki eftir fyrirsögn augnlæknis, selja slík tæki eftir eigin sjónmælingu með takmörkunum sem taldar eru upp í 8 liðum í þessari grein. Þessar takmarkanir ætla ég ekki að ræða nánar, en hér hefur

verið reynt að fylgja þeim reglum sem gilda á Norðurlöndum í dag.

Um lokagrein frv. get ég verið fáorður. Gert er ráð fyrir því, að eftir því sem við getur átt gildi ákvæði læknalaga um þessa starfsemi heilbrigðisþjónustunnar eins og aðrar og sömu viðurlög gildi um brot í starfi.

Eins og ég sagði í upphafi er hér um nýmæli að ræða í lagasmíð. Hins vegar er hér um að ræða málefni sem tímabært er orðið að setja löggjöf um, og ég vænti því þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu hér í hv. þd., og legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla af skiljanlegum ástæðum ekki að ræða sjálft efni þessa frv., sem ég hef þó grun um að horfi til mikilla bóta. Um það verður náttúrlega fjallað í n. sem ég á ekki sæti í. En það er eitt atriði sem ég vildi gera smáathugasemd við eða öllu heldur bera fram fyrirspurn út af. Það er út af heitinu sjónfræðingur. Það er þegar orðið ljóst fyrri nokkru, að við höfum lent í vandræðum með fjölda nýyrða með þessum fræðingsbotni. Ég er ekki reiðubúinn að gera aðra till., en ég vildi að við hugleiddum þann möguleika að brjótast út úr þessari fræðingakví, sem við erum komnir í, með nýyrði, heiti á starfsgreinum. Hér tekur eitt orðið enn til skynjana. Við getum náttúrlega endað með og ekkert ósennilegt að við fáum þá heyrnfræðing líka og lyktfræðing, smekkfræðing, og hugsanlega kæmi til fræðigrein sem fjallaði um skynfærin öll og við stæðum þá uppi með skynfræðing. Ég held að hér sé um að ræða villandi heiti og ákaflega vandræðalegt og vildi gjarnan að það yrði athugað mjög vandlega í n., hvort við gætum ekki í þessu tilfelli sloppið fyrir þetta hættulega horn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa það, að fyrst þegar gerð var drög að þessu frv., fyrir rúmlega tveim árum, var haldið við erlendu nöfnin, og þá sagði ég að ég flytti alls ekki frv. með slíkum heitum eins og optiker inn í íslenska löggjöf. Þá voru margir góðir menn sem fóru að brjóta heilann um hvað ætti að kalla þessa menn, og að lokum komumst við að þessari niðurstöðu, að þetta væri íslenskulegast og bestu heitin. En ég er ekki að segja að það sé það eina sanna og rétta, ef menn finna eitthvað annað. Sjálfsagt mundi viðkomandi ekki vera ánægður með að vera kallaður gleraugnaglámur eða eitthvað þess háttar. (Gripið fram í.) Það erum við sem erum með þau á nefinu alltaf og verðum að vera það. En ég veit ekki með fræðinga — það er alveg rétt hjá hv. þm., það er að verða næstum því eins títt og að tala um orðið hönnun á öllum sviðum, svo ég nefni svona eitt dæmi. En orðið -fræðingur er nú komið inn í margs konar löggjöf og gleraugna- og sjóneru góð íslensk heiti í sambandi við þessa starfsgrein. Hins vegar set ég mig alls ekki og síður en svo upp á móti því að heilbr.- og trn. kanni nánar hvort það sé eitthvað enn betra starfsheiti til, því ég geri þetta ekki að neinu kappsmáli. Þó tel ég það margfalt skárra en að fara að setja inn í íslenska löggjöf erlend starfsheiti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Iðjuþjálfun, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram um iðjuþjálfun, hefur verið samið í heilbr.- og trmrn. eftir beiðni Iðjuþjálfafélags Íslands.

Það mun hafa verið snemma árs 1976 að þessi beiðni barst, en þá lá einmitt fyrir Alþ. frv. til l. um sjúkraþjálfun sem fól í sér gagngera endurskoðun og breyt. á l. nr. 31 frá 1962 um sama efni. Það frv. varð síðan afgreitt frá Alþ. sem lög á árinu 1976.

Frv. það, sem nú liggur fyrir, er efnislega samhljóða lögum um sjúkraþjálfun eins og þau voru endanlega samþykkt hér á Alþ. Hér er um að ræða hliðstæðar stéttir þótt menntun sé önnur og störfin þar af leiðandi ekki heldur þau sömu.

Stétt iðjuþjálfa er ung hér á landi, þótt iðjuþjálfun í einhverri mynd eigi sér að sjálfsögðu lengri sögu. Gildi starfs eða iðju til hjálpar geðsjúku fólki hefur t. d. verið þekkt síðan á dögum Forn-Grikkja. Markviss notkun á iðju eða störfum til læknismeðferðar fyrir allar tegundir sjúklinga hefur hins vegar aðeins verið viðurkennd síðan 1918. Meðferð eða lækning með iðjuþjálfun fer þannig fram, að iðjuþjálfinn notar gagnlegar athafnir eða störf, aðlagar þau og sníður til í þeim tilgangi að mæta fjórum mikilvægum þörfum sem fólk hefur yfirleitt: þörf fyrir vinnu, skemmtun eða tómstundaiðju, þörf fyrir menntun og þörf til þess að skapa. Meðferð sjúklingsins stefnir almennt að því að gera hann færan um með sem allra minnstri hjálp annarra að klæða sig, matast, fara í bað, fara á salerni, annast um heimili, komast um inni og úti og stunda vinnu eða tómstundaiðju við sitt hæfi. Stundum þarf að fara heim með sjúklingnum, gera tillögur um breytingar á húsnæði, svo hann geti verið heima, t. d. ef hann er í hjólastól eða þarf önnur slík hjálpartæki til að komast um. Þá er stundum þörf fyrir einfaldar spelkur og önnur slík hjálpartæki og kemur því oft í hlut iðjuþjálfans að búa slíka hluti til eða hjálpa til við að útvega þá. Í stuttu máli má segja að iðjuþjálfun afmarkist ekki af notkun neinna ákveðinna athafna út af fyrir sig, svo sem handavinnu, heldur eru það verkefnin hverju sinni sem ákvarða meðferðina og er þá næstum hvað sem vera skal notað sem meðferðartæki.

Eins og áður sagði er þessi starfsgrein mjög ung hér á landi. Um 15 iðjuþjálfar með fulla menntun og réttindi eru nú við störf á Íslandi, bæði við geðlækningar og líkamlega endurhæfingu. Iðjuþjálfafélag Íslands var stofnað í mars 1976. Rétt til inngöngu í það hafa allir löggiltir iðjuþjálfar sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum iðjuþjálfaskóla, þ. e. a. s. viðurkenndum af Alþjóðasambandi iðjuþjálfa. Slíkur skóli er ekki til hér á landi, en áætlun hefur verið gerð um menntun iðjuþjálfa við Háskóla Íslands í tengslum við nám í sjúkraþjálfun sem nú hefur verið tekið upp.

Nám iðjuþjálfa tekur víðast hvar um 3 ár, sums staðar þó 4 ár, á einstaka stað aðeins 2 ár. Námið er allviðamikið og vil ég í því sambandi vísa í upptalningu á bls. 3 í grg. með framlögðu frv.

Það er mat heilbr.- og trmrn., að tímabært sé orðið að setja lög um iðjuþjálfun og iðjuþjálfa og veita þannig þessari stétt lögverndaða viðurkenningu á starfsréttindum og starfsheiti.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er frv. þetta samið með hliðsjón af þeirri afgreiðslu sem frv. til l. um sjúkraþjálfun fékk á Alþ. á sínum tíma, og er því von mín að frv. um iðjuþjálfun geti fengið góða og greiða meðferð á Alþ. Um einstakar greinar frv. sé ég ekki á þessu stigi ástæðu til að fjalla, en leyfi mér að vísa til athugasemda með frv.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það má kannske heimfærast undir nöldur, en það verður að hafa það, en tilefni þess að ég kem í ræðustól í sambandi við umr. um það frv., sem hér er til meðferðar, er hreinlega það, að þann stutta tíma, sem ég hef átt sæti á Alþ., finnst mér slíkur urmull af frv., sem hafa verið samþykkt hér á hinu háa Alþ. um ýmiss konar fræðinga á hinu og þessu sviðinu, að mér er farið að standa stuggur af þeirri þróun sem orðin er í þessum málum. Ég man ekki hve mörg frv. voru afgreidd á síðasta Alþ. um hina og þessa fræðinga, og í dag erum við að fjalla um frv. um að skapa að vissu leyti viðbótarfræðinga við hinn stóra hóp sem fyrir er.

Nú skal ég ekki á nokkurn hátt efast um gildi þess að iðjuþjálfun eigi sér stað. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hér er um að ræða mjög veigamikið og mikilsvert atriði til að hjálpa fólki og þetta er gagnlegt og að mörgu leyti mjög nauðsynlegt. En þegar á að fara að lögfesta nafn og réttindi og skyldur þessarar stéttar verð ég að segja að ég get ekki að því gert, mig óar við því.

Mér finnst að okkar fámenna þjóð, rúmar 200 þús. sálir, sé að fara út í hreinar ógöngur, ef við öll verk, sem unnin eru í þjóðfélaginu, hvort sem er til hjúkrunar, hjálpar eða liðsinnis, eigi að fara að krefjast þess, að helst þurfi menn að hafa háskólamenntun. Ég get ekki betur séð, ef sú þróun heldur áfram eins og stefnt er að og minnst er á í því frv., sem hér liggur fyrir, en að svo verði komið í okkar íslenska þjóðfélagi eftir tiltölulega skamman tíma, að mjög vafasamt sé að vandalaus manneskja megi skipta um bleiur á barni nema hún hafi til þess löggild réttindi og helst háskólapróf. (Gripið fram í.) Í því tilfelli mundi ég telja ekki óeðlilegt að slík manneskja væri kölluð bleiufræðingur.

Ég held að það sé kominn tími til að við stöldrum svolítið við. Það hefur reynst vel þessari þjóð að nota alþýðlega lífsreynslu, og það hefur dugað henni hvað best. Ég held því að það sé fyllilega tímabært að staldra nú svolítið við áður en við samþykkjum fleiri frv. um fræðinga og réttindi í því sambandi. Árangurinn af slíkri lagagerð hefur alltaf komið fram á þann veg, að þar hafa myndast sérstakir hagsmunahópar sem síðan hafa getað myndað þrýstihópa. Og við vitum öll hvaða afleiðingar það hefur haft í þjóðfélaginu.

Öll eiga þessi frv. það sameiginlegt að gera þessi störf, sem ég viðurkenni að eru nauðsynleg þjóðfélaginu, — öll eiga þau það sameiginlegt, þessi frv., að þau gera ráð fyrir því, að við Háskóla Íslands verði stofnuð sérstök deild fyrir þessi fræði, þannig að hlutaðeigandi geti aflað sér háskólaþekkingar.

Einhver hefur talað um það í sambandi við hin gífurlega háu fjárlög, sem Alþ. er að afgreiða og fara hækkandi með ári hverju, að einn stærsti liðurinn, sem menn stöðvast við, sé kostnaðurinn við fræðslukerfið, við menntamálin. Er þá ekki frekar ástæða til að reyna að minnka eitthvað þetta mikla kerfi, þetta fræðslukerfi hjá okkur, og reyna að spara peninga á því sviði, heldur en að stefna að því að auka við það?

Mér er tjáð, að við Háskóla Íslands séu komnar 27 greinar með öllu tilheyrandi: prófessorum, deildarforsetum, starfsliði og öllu sem því fylgir. Ætli þetta sé ekki nóg í bili?

Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól við 1. umr. um þetta frv. var aðeins að vekja athygli hv. dm. á því, að þau margvíslegu aðstoðarstörf sem felast í þessu frv., eins og snæravinna, tágavinna, leðurvinna, kniplingar, verkstæðisvinna, fatasaumur, það er vissulega hægt að hjálpa fötluðu fólki og heim, sem aðstoð þurfa við það, án þess að hér sé um háskólalært fólk eða einhverja sérstaka fræðingahópa að ræða. Þetta vildi ég að yrði athugað þegar við meðferð málsins í nefnd.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. þm., er hér var að ljúka máli sínu, tók til umr. jafnhliða frv., sem var búið að vísa til n., um gleraugnafræðinga og sjónfræðinga, og taldi að það væri rangt að lögfesta bæði starfsheiti, starfsréttindi og menntun. Það frv. gerir einnig ráð fyrir töluverðum skyldum þess fólks, sem fær þetta starfsheiti, og jafnframt gerir það frv. ráð fyrir að gera greiðari leið almennings í þessum efnum. Það er engan veginn eðlilegt að fólk þurfi að bíða mánuðum saman eftir ítarlegri skoðun hjá lækni sem minna menntaður maður getur framkvæmt. Það frv. er því ekki flutt til þess að viðhalda hinni ströngu sérfræði, og því er þessi athugasemd hv. þm. úr lausu lofti gripin.

Síðara frv., það sem hér er til umr., um iðjuþjálfun, gerir ekki ráð fyrir neinni menntun iðjuþjálfa. Það er ekki á valdi heilbr.- og trmrn. Hins vegar er minnst á það, að búið er á öðrum vettvangi að gera ráð fyrir þessari menntun við Háskóla Íslands. Sú ákvörðun er tekin annars staðar. Hvort sem þetta frv. nær fram að ganga eða ekki og hvort sem það er flutt eða ekki, þá hefur það ekki haft nokkur áhrif á að þessi menntun verði tekin upp.

Ég vil benda hv. þm. á það, að ég tel að það hafi verið mjög mikilvægt atriði að taka upp menntun við Háskólann í sjúkraþjálfun. Þar er ein mesta vöntun núna á fólki, þ. e. fólki við slíka þjálfun, og það hefði verið ólíkt betra ástandið og kannske líðan margra betri ef slík

menntun hefði verið tekin upp mörgum árum fyrr. En á meðan þetta fólk er að mennta sig núna, verðum við að búa við algjöran skort í þessum efnum.

Hitt get ég tekið undir með hv. þm., að það er auðvitað takmörkunum háð hvað á að ganga langt í þessum efnum, að lögfesta starfsheiti og starfsréttindi ákveðinna hópa. Við höfum ekki viljað, fyrr en kominn hefur verið nokkur hópur, flytja frv. um starfsréttindi og starfsheiti. Ég get í leiðinni nefnt það, að í dag er útbýtt hér á Alþ. frv. um breyt. á læknalögum, vegna þess að við endurskoðun læknalaganna — ég held frá árinu 1973 — fellur út heimild til ráðh., að fengnum meðmælum landlæknis, að veita takmarkað lækningaleyfi, og þegar nýir aðilar koma inn með nýja menntun, þá getum við samkv. gildandi lögum ekki gert neitt, ef kæra kemur fram til landlæknis, annað en kæra viðkomandi mann samkv. lögunum um skottulækningar. Þetta álít ég að sé of þröngt í okkar löggjöf, og þess vegna legg ég nú til — og það kemur síðar til umr. — að hér verði aftur breyt. í sömu átt og áður var.

Í sambandi við þetta frv. fá menn ekkert fræðingsheiti, því þeir heita iðjuþjálfar, og ég tel að þessi starfshópur eigi rétt á að fá starfsleyfi og lögverndað starfsheiti. Hinu er ég ekki á móti, og það er rétt hjá hv. þm., að það er gengið allt of langt í þessum efnum, því að það er mikið af fólki, sem ekki er menntað, sem hefur veitt sjúkum aðhlynningu. En það er eðlilegt, og þjóðfélagið og löggjafarþingið á auðvitað að stuðla að því, að aukin menntun og aukin sérfræði eigi sér stað. Og það er ekki von að fólk fari í langt nám, eins og t. d. sjúkraþjálfun, sem hefur verið að lágmarki 4 ára nám eftir stúdentspróf, ef það á ekki að fá nein réttindi umfram aðra. Sama er að segja hvað þetta snertir. Ég lá á þessari beiðni í fyrra og flutti hana ekki. En nú er fleira fólk að koma inn í þessa starfsgrein og ég taldi mér ekki fært að liggja lengur á þessari beiðni. Ég segi það alveg eins og er sem mína persónulega skoðun, að ég tel að þessi starfshópur eigi að fá sitt lögverndaða starfsheiti og réttindi. Þess vegna legg ég áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga. Hins vegar er það auðvitað á valdi hv. Alþ. hvort það samþykkir frv., stöðvar eða fellir það.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það, að þau orð, sem ég viðhafði áðan í sambandi við þetta mál, mega á engan hátt skoðast á þann veg, að ég telji ekki sjálfsagt að stuðla að því, að fólk sem á því þarf að halda geti fengið nauðsynlega aðstoð og hjálfun. Það var aðeins þetta sem ég var að reyna að koma á framfæri, að mér er algjörlega óskiljanlegt margt af þessu, að það þurfi að gera það að háskólafagi. Það var það sem ég var að benda á, að ég held að það sé stefnt allt of hátt í sambandi við menntun þessa fólks sem við erum öll sammála um að geti komið að góðu gagni. Ég hef áhyggjur af því, að ef gengið er mjög stranglega í þá átt að lögbinda störf eins og hér er um að ræða í þessu frv., þá missi þjóðfélagið af mjög mikilhæfum og góðum og reyndum starfskröftum, — starfskröftum sem kannske hafa ekki mikla menntun, en hafa með starfi sínu sýnt ágætan árangur, þannig að við gætum a. m. k. fyrstu árin verið í þeim sporum að við værum verr settir en áður. Það er þetta sem mér finnst að þurfi að athuga, og það er það sem ég var að benda á, að við skyldum fara að með gát, því að það er mikið af prýðilega hæfu, dugandi fólki, sem hefur sett sig inn í þessa grein, sem er prýðilega fært um að inna þessi störf af hendi. En í mörgum tilfellum hafa þessir aðilar á liðnum árum orðið að hætta starfsemi, sem þeir höfðu fullkomna kunnáttu á, vegna þess að búið var að samþ. lög á Alþ. sem innihéldu ákvæði um að til þess að fá að vinna þessi störf þyrftu menn að hafa einhverja sérstaka löggildingu eða menntun, sem þetta fólk því miður hafði ekki. Þar af leiðandi varð það að hætta störfum og þjóðfélagið var að mínu mati verr sett við að missa þá dýrmætu þjónustu sem þetta fólk vissulega innti af hendi oft og mörgum sinnum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég sé sérstaka ástæðu til að þakka hæstv. heilbrrh. fyrir frv. þetta, sem hann leggur nú fyrir Alþ. Mér þótti hann gera ágæta grein fyrir eðli þessa frv. í framsöguræðu sinni og árétta það enn fremur er hann tók til máls öðru sinni.

Mér er persónulega kunnugt um þörfina fyrir iðjuþjálfa. Ég kann miklu betur við heitið á þessari grein heldur en heiti það sem fylgdi hinu fyrra frv. sem hæstv. ráðh. mælti fyrir áðan. Mér er kunnugt um þörfina fyrir iðjuþjálfa, og vegna athugasemda hv. síðasta ræðumanns, Jóns G. Sólness, vil ég vekja athygli á 7. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að iðjuþjálfa sé heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk sem starfi á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Þar ætla ég að sé gert ráð fyrir því, að hann hafi í sinni þjónustu einmitt þetta ágæta fólk sem hv. þm. Jón G. Sólnes ræddi um áðan, sem ekki hefur lagt fyrir sig nám í þessari sérstöku grein, en er búið hæfileikum til þess að veita svona aðstoð. Og ég sé ekki betur en að frv. sé einmitt til þess fallið að hvetja fólk með hæfileika á þessu sviði til þess að afla sér frekari menntunar svo það geti orðið að enn þá meiri hjálp fyrir þá sem á þurfa að halda í þessu skyni.

Í upptalningunni í grg. á 3. síðu þessa þskj. er gerð grein fyrir allyfirgripsmikilli þekkingu sem talin er til greina koma við iðjuþjálfun, og liggur í augum uppi, að þó ýmsum sé margt til lista lagt, þá þarf býsna yfirgripsmikla og alhliða þekkingu til þess að geta gengið í það starf sem iðjuþjálfanum er ætlað. Síst vil ég og situr síst á mér að andmæla því sem hv. þm. Jón G. Sólnes sagði um gildi alþýðuþekkingar, þeirrar þekkingar og þess starfssviðs vinnuliðs sem oft er tengt góðri brjóstgreind og því hugarfari sem með þarf til þess að geta orðið öðrum að liði sem bágt eiga. En ég er nú þeirrar skoðunar, að ekki muni það draga úr að opnuð sé sérstök leið fyrir það fólk, sem gætt er þessum góðu eiginleikum, til þess að auka þekkingu sína og gera sig enn þá hæfari til að geta látið gott af sér leiða. Ég sé ekkert á móti því, að slík tilsögn, slík kennsla fari fram við Háskóla Íslands. Ég fæ ekki betur séð en að vegur Háskólans muni

vaxa við það og fæ ekki séð að það sé slæmt á nokkurn hátt.

Við neyðumst til þess í nútímasamfélagi að draga markalínur á milli þeirra, sem hafa aflað sér staðgóðrar viðurkenndrar þekkingar og hljóta þar með ákveðin réttindi, og svo hinna, sem hafa sýnt í verki sínu hæfileika til þess að afla sér þekkingar og hafa til að bera allmikla þekkingu e. t. v., en hafa ekki lagt á sig það starf sem til þess þarf að hljóta þessi réttindi. Hvar eigum við að draga mörkin á milli alþýðuþekkingarinnar og hinnar opinberu viðurkenningar sem veitir réttindi? Það er náttúrlega spurning. Eg er ekki að mæla með því að við förum, svo ég nefni dæmi, að stofna sérstaka deild við Háskóla Íslands í kukli eða göldrum, heldur vil ég að við þurfum stöku sinnum, þegar mönnum býður svo við að horfa, að sækja galdrakerlingar til annarra landa til þess að inna af höndum fyrir okkur ákveðin verk undir sérstökum kringumstæðum. (Gripið fram í.) Nú var það í þessu sérstaka tilfelli, sem ég er alveg efalaus um að hv. þm. Jón G. Sólnes veit að ég á við, þannig að galdrakerlingin, sem þeir félagar fengu norður að Kröflu í fyrrasumar, hafði samkv. yfirlýsingum þeirra sjálfra háskólamenntun í galdri að vestan. Ég á ekki við það, að við eigum að taka upp háskólamenntun í kukli, enda er ekki að því vikið í þessu frv. sem hér um ræðir. En ég sé bókstaflega ekkert á móti því, að tekin verði upp háskólakennsla í ýmsum þeim fjölbreytilegu fræðum sem með þarf til þess að veita fólki, sem vill leggja fyrir sig iðjuþjálfun, háskólapróf. Það er allt annars eðlis og kemur raunverulega ekki við þeim alþýðlegu þekkingargreinum sem hv. þm. Jón G. Sólnes virtist raunverulega vera að víkja að áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Matvælarannsóknir ríkisins, frv. (þskj. 105). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem ég fylgi hér úr hlaði um matvælarannsóknir ríkisins, er samið í heilbr.- og trmrn., og er hér um nýsmíði að ræða. Tildrög þessa frv. eru þau, að á öndverðu árinu 1976 tók til starfa á vegum heilbr.- og trmrn. stofnun sem nefnd hefur verið Matvælarannsóknir ríkisins. Stofnun þessari var komið á fót af brýnni nauðsyn, þar sem þeir aðilar, sem annast höfðu gerlafræðilegar rannsóknir í matvælum, sáu sér ekki fært að annast þær rannsóknir lengur, enda var um hreinar sérrannsóknir að ræða sem þeir urðu að annast sem viðbótarverkefni. Áður en til stofnunar Matvælarannsókna ríkisins kom kannaði rn. hvort nokkur þeirra rannsóknastofnana, sem fyrir voru í landinu eða fyrirhugaðar voru gæti tekið að sér slíkar matvælarannsóknir, og reyndust allar ófáanlegar til slíks. Það var Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem aðallega sá um framkvæmd slíkra rannsókna, og stjórnaði dr. Sigurður Pétursson gerlafræðingur þeim.

Áður en lengra er haldið er ekki úr vegi að víkja aðeins að sögu matvælarannsókna hér á landi.

Skipulegu matvælaeftirliti var komið á fót hér með lögum frá 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum. Samkv. þeim lögum höfðu lögreglustjórar með aðstoð héraðslækna, heilbrigðisnefnda og tollvörslumanna almennt eftirlit með framkvæmd laganna. Auk þess var ráðh. heimilt, ef nauðsyn bar til, að fela sérstökum eiðsvörnum kunnáttumönnum eða opinberum stofnunum, sem höfðu á að skipa kunnáttumönnum, einstakar greinar eftirlitsins og jafnvel stjórn þess í heild. Var ráðh. veitt þessi heimild, þar sem sýnt þótti að héraðslæknar, heilbrigðisnefndir eða tollvöruvörslumenn hefðu ekki til að bera þá kunnáttu í matvælafræði að þeir gætu annast efnafræðilegar og gerlafræðilegar rannsóknir á matvælum og væru yfirleitt færir um að draga réttar ályktanir af niðurstöðum rannsóknanna um gæði matvælanna. Þetta ákvæði um eiðsvarna kunnáttumenn var eingöngu nýtt tvisvar. Í fyrra tilvikinu, þegar dr. Jóni E. Vestdal var falin stjórn Matvælaeftirlits ríkisins frá stofnun þess 1936—1938, og í síðasta skiptið, þegar dr. Sigurði Péturssyni var falin ein grein eftirlitsins, þ. e. a. s. mjólkureftirlitið, á árunum 1945—1947.

Með lögum nr. 12 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, var þessum ákvæðum laganna frá 1936 breytt þannig að matvælaeftirlit sem slíkt er nú í höndum heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Samkv. 16. gr. þeirra laga skulu rannsóknastofnanir á vegum ríkisins annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu.

Gerlafræðilegt eftirlit með matvælum hófst hér á landi haustið 1935. Það var Mjólkursamsalan í Reykjavík sem hóf slíkt eftirlit með sínum eigin vörum. Mjólkursamsalan kom upp lítilli rannsóknastofu í Kirkjustræti hér í borg og var hún starfrækt til haustsins 1937, en þá var atvinnudeild Háskólans opnuð, en við iðnaðardeild þeirrar stofnunar var sett upp rannsóknastofa fyrir almennar gerlarannsóknir í þágu atvinnuveganna, eins og það var orðað. Þessi rannsóknastofa hafði með höndum eftirlit með mjólk og mjólkurvörum fyrir Mjólkursamsöluna til ársins 1945, en auk þess gerlarannsóknir á hvers konar matvælum og á vatni fyrir Heilbrigðiseftirlitið allt til ársins 1960.

Í lok ársins 1952 hafði gerlarannsóknastofa atvinnudeildarinnar verið flutt í nýbyggingu að Skúlagötu 4 ásamt rannsóknastofu Fiskifélags Íslands. Rannsóknastofur þessar voru síðan sameinaðar í eina stofnun undir stjórn Fiskifélagsins árið 1960 og síðan enn sem tvær deildir í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins árið 1965, en það var ný ríkisstofnun með sérstakri stjórn skipaðri af sjútvrh. Það þótti að vonum óeðlilegt að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins væri að fást við rannsóknir á mjólk og alls konar matvælum fyrir heilbrigðisyfirvöld, enda alls ekki gert ráð fyrir því í lögum þeirrar stofnunar. Á þetta var líka alltaf litið sem bráðabirgðaráðstöfun. En rannsóknir þessar höfðu fylgt gerladeildinni frá upphafi og hlutu að gera það þangað til

sett yrði upp ný rannsóknastofa fyrir þessa þjónustu.

Verkefni gerladeildarinnar fóru stöðugt vaxandi, svo að í árslok 1975 störfuðu við hana 9 manns. Fjölgun aðsendra sýna síðustu árin kemur glögglega fram í eftirfarandi: Árið 1960 voru sýni alls 1220, þar af 830 frá heilbrigðisyfirvöldum eða 68% allra sýna. Árið 1965 eru sýni alls 2235, þar af 1627 eða 72.8% frá heilbrigðisyfirvöldum. Árið 1970 eru sýnin orðin alls 3391, þar af um 1953 eða 57.6% frá heilbrigðisyfirvöldum. Á árinu 1975 eru sýnin orðin alls 5486, þar af 2827 eða 51.5% frá heilbrigðisyfirvöldum. Frá því að gerladeildin hóf störf árið 1937 og til ársloka 1975 hafði hún tekið á móti 70 þús. sýnum alls og voru nær 2/3 hlutar þeirra frá heilbrigðisyfirvöldum. Það var verkefni gerladeildarinnar að sjálfsögðu að annast sjálfstæðar rannsóknir og tilraunir í þágu atvinnuveganna og þá oft í samvinnu við einkaaðila.

Eins og greint hefur verið hér áður hefur árlegur fjöldi aðsendra sýna í gerladeildinni aukist mjög síðasta áratuginn og einkum sá hluti sem komið hefur frá fiskiðnaðinum. Þær kröfur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, að þjónustu gerladeildarinnar fyrir heilbrigðiseftirlit yrði hætt, fóru því stöðugt harðnandi. Varð þetta til þess, að á öndverðu ári 1976 var gripið til þess ráðs að setja á laggirnar Matvælarannsóknir ríkisins. Gerlaefna- og örverufræðilegar rannsóknir á matvælum með tilliti til heilnæmis matvælanna er mjög yfirgripsmikið sérsvið. Það er þetta sérsvið sem ætlað er Matvælarannsóknum ríkisins. Hér er um að ræða vísindalega rannsóknastofnun í eigu ríkisins, — stofnun sem vinnur fyrir heilbrigðisnefndir og héraðslækna.

Þótt frv. það, sem hér er lagt fram, sé nýtt, er sú starfsemi, sem kveðið er á um í frv., engan veginn ný, eins og ég hef þegar bent á. Þegar ljóst var að gerlarannsóknir á matvælum mundu algjörlega falla niður á árinu 1976 ákvað heilbr.- og trmrn. að setja á laggirnar rannsóknastofnun, þ. e. a. s. Matvælarannsóknir ríkisins. Það var álit rn. og sérfróðra manna á þessu sviði, að yrði ekkert gert í þessu máli stefndi hér í algjört óefni. Stofnuninni var skipaður forstöðumaður, Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur, og voru ráðnir honum til aðstoðar tveir starfsmenn. Fyrst um sinn var stofnunin til húsa að Skúlagötu 4, í húsnæði Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins sem góðfúslega lét stofnuninni í té húsnæði meðan leitað var eftir heppilegu húsnæði undir stofnunina. Í ágústmánuði s. l. tók stofnunin til starfa í nýju húsnæði að Skipholti 15 hér í Reykjavík, en það húsnæði hefur verið sérstaklega útbúið með hliðsjón af þörfum og störfum stofnunarinnar, og má segja að nú sé allvel búið að þessari stofnun sem slíkri. Sem stendur vinna við stofnunina 7 menn í fullu starfi. Engin ákvæði er að finna um stofnunina í lögum og verður að sjálfsögðu ekki við slíkt unað til langframa enda er hér um að ræða stofnun sem kveða þarf á um í lögum að mati rn. bæði vegna nauðsynjarinnar og þess kostnaðar sem hún hefur í för með sér.

Eins og áður segir, var það fyrst og fremst nauðsynin sem knúði á um stofnunina, og þarf væntanlega ekki að deila um slíkt. Tilveruréttur slíkrar stofnunar verður að vera tryggður í landi sem Íslandi, þar sem matvælaframleiðsla er ein aðalframleiðslugrein, bæði til sjávar og sveita. Þegar frv. þetta er lagt fram hefur stofnunin starfað hátt á annað ár og ætti því að vera komin töluverð reynsla á það, hvernig rannsóknum stofnunarinnar verði best háttað. Þótt gerlafræðilegar rannsóknir skipi að sjálfsögðu veigamikinn sess á þessum vettvangi eru slíkar rannsóknir ekki nema hluti þeirra rannsókna sem æskilegt er að slík stofnun annist. Því er gert ráð fyrir því í frv., að stofnunin annist ekki eingöngu gerlafræðilegar rannsóknir, heldur einnig efna- og örverufræðilegar rannsóknir. Má hér nefna sem dæmi rannsóknir á aukaefnum í matvælum, sbr. reglugerð nr. 250 frá s. l. ári um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara. Þessi reglugerð öðlaðist gildi 1. mars 1976 og er hún stefnumarkandi hvað snertir matvælaeftirlit hér á landi, þar sem með reglugerðinni fylgir sérstakur listi yfir aukefni sem blanda má í matvæli hér á landi og magn þeirra. Má með sanni segja að erfitt mun reynast að framfylgja ákvæðum þessarar reglugerðar nema rannsóknaraðstaða verði fyrir hendi.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning skal á það bent, að stofnuninni er ekki ætlað að annast matvælaeftirlit sem slíkt. Matvælaeftirlit er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna undir yfirumsjón Heilbrigðiseftirlits ríkisins samkv. lögum nr. 12 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Stofnunin yrði fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir þessa aðila og ætti því að auðvelda allt eftirlit með matvælum. Rannsóknir stofnunarinnar yrðu aðallega sýnisrannsóknir vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna geti að kostnaðarlausu sent sýni til stofnunarinnar sem síðan greini sýnin. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að stofnun sem þessi horfir til mikils öryggis á þessu sviði, eins og hún hefur gert frá því hún tók til starfa.

Eins og fram hefur komið er hér um nýmæli að ræða í lagasmíð. Hins ber að geta, að mjög er tímabært að tryggja tilverurétt Matvælarannsókna ríkisins með löggjöf.

Að svo stöddu tel ég ekki ástæðu til að fjalla frekar um efnisatriði frv., en vísa um það til frv. sjálfs ásamt aths. við það. Ég vænti þess, að þetta frv. hljóti góðar undirtektir og skjóta fyrirgreiðslu hér á Alþ., og legg til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til hv. heilbr.- og trn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðh., að mjög er nauðsynlegt að skapa þessari stofnun lagagrundvöll eða lagaramma. Ég tek undir allt sem hann sagði um mikilvægi þessarar starfsemi. Það er rétt, sem kom fram, að eftirlit með matvælum hefur verið á eins konar hrakhólum hér hjá okkur, verið eins konar aðskotadýr hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og reyndar þar mjög takmarkað, takmarkað við gerlaathuganir fyrst og fremst. Skortur hefur verið á slíku eftirliti með efnagreiningum á fjölmörgum öðrum sviðum matvælaframleiðslunnar og hafa verið nefnd um það

allt of mörg dæmi, t. d. í fjölmiðlum, þegar í ljós hefur komið að þeirri framleiðslu hefur verið ábótavant. Ég vek athygli á því, að sú stofnun, sem hér um ræðir, á fyrst og fremst að annast eftirlit með matvælum. Hún er Heilbrigðiseftirliti ríkisins til aðstoðar. Það segir, með leyfi forseta, í 3. gr.: Stofnunin skal „annast matvæla-, efna- og örverufræðilegar rannsóknir á hvers konar matvælum og neysluvörum vegna Heilbrigðiseftirlits ríkisins". Og í grg. kemur mjög skýrt fram, að hér er um ýmiss konar eftirlit með matvælum að ræða.

Ég stend upp til þess að vekja athygli á því, að oft er nokkur misskilningur í sambandi við hugtakið „rannsóknir". Hæstv. ráðh. notaði m. a. þá lýsingu á þessari stofnun, að hér væri um vísindalegar rannsóknir að ræða. Án þess að ég sé að gera á nokkurn máta lítið úr þessari mikilvægu starfsemi, þá hygg ég að þeir, sem rannsóknir stunda, skilji þetta á nokkurn annan máta. Þar er yfirleitt greint á milli rannsókna annars vegar og þjónustu, sem veitt er með efnagreiningum, hins vegar. Mjög mikill liður í starfsemi íslenskra rannsóknastofnana er slík þjónusta, og sú þjónusta er ákaflega mikilvæg við íslenska atvinnuvegi, en sú þjónusta skapar ekki nýja þekkingu, en það er yfirleitt skilgreiningin á rannsóknum og alveg sérstaklega ef rannsóknirnar eru nefndar vísindalegar.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að nýlega er hafið samstarf á milli Háskóla Íslands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um matvælarannsóknir og hefur verið veitt fjárveiting frá hinu háa Alþ. til þess að ráða sérfræðing í þessari grein. Þarna er ætlunin að leggja fyrst og fremst áherslu á rannsóknir og jafnvel vísindalegar rannsóknir, þ. e. a. s. nýsköpun á sviði matvælaframleiðslu, gera þar tilraunir með nýja framleiðslu úr íslenskum matvælahráefnum sem ekki eru nú á boðstólum, og eru bundnar miklar vonir við þá starfsemi. Þarna er ætlunin að forðast sem mest þjónustu eða efnagreiningar sem þátt í eftirliti, enda önnur stofnun, sem nefnd hefur verið Matvælarannsóknir ríkisins, til þess sett á fót.

Ég er m. ö. o. að vekja athygli á því, að e. t. v. gætir þarna nokkurs misskilnings á milli þessara tveggja mikilvægu stofnana. Reyndar er það, sem ég hef hér nefnt, ekki sjálfstæð stofnun, heldur eins konar samstarfsaðili á milli Háskólans og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og gert ráð fyrir að verði til húsa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. E. t. v. má leiðrétta þetta með einhverju öðru nafni á þessari stofnun, t. d. Matvælaeftirlit ríkisins og Matvælaefnagreiningar ríkisins. Ég er ekki að gera neina slíka till., en ég taldi rétt að standa hér upp og vekja athygli á þessu máli og leggja áherslu á að það verði athugað af þeirri n. sem fær frv. til athugunar.

Ég tek undir það með hæstv. ráðh., að þessu máli má gjarnan flýta í gegnum þingið. Það er mikilvægt mál, og sú starfsemi, sem hér er um að ræða — ég endurtek það, er ákaflega mikilvæg og þarf að fá góðan starfsgrundvöll.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af aths. hv. 2. þm. Vestf. Ég tel að Matvælaeftirlit ríkisins komi ekki til greina sem heiti á þessari stofnun, vegna þess að ég lagði á það mikla áherslu að matvælaeftirlitið er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna undir yfirumsjón Heilbrigðiseftirlits ríkisins skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ég benti aftur á að þessi stofnun, Matvælarannsóknir ríkisins, yrði fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir þessa aðila, sveitarfélögin og matvælaeftirlitið og Heilbrigðiseftirlit ríkisins, til þess að auðvelda þeim allt eftirlit með matvælum. Rannsóknir þessarar stofnunar verða svo að segja eingöngu sýnisrannsóknir vegna Heilbrigðiseftirlitsins, eins og ég gat um í minni framsöguræðu. Þess vegna tel ég að starfssvið þessarar stofnunar sé afmarkað við það, að það skuli annast matvæla-, efna- og örverufræðilegar rannsóknir á hvers konar matvælum og neysluvörum vegna heilbrigðiseftirlits í landinu. En það brýtur ekkert í bága við þær rannsóknir sem fara fram í öðrum stofnunum á matvælum, því þetta er fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir heilbrrn. og Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Það má því ekki breyta að mínum dómi nafninu í þessa átt. Hitt getur alltaf verið matsatriði hvort þeta heiti sé það eina rétta, en að mjög vandlega yfirveguðu máli komumst við í heilbr.- og trmrn. að þeirri niðurstöðu að kalla þetta frv.: Frv. til l. um Matvælarannsóknir ríkisins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og ég tók fram, er ég ekki að gera hér till. um nafnbreytingu. Ég tek undir það með hæstv. ráðh., að í frv. sjálfu og grg. þess er skýrt afmarkað verksvið þessarar stofnunar, svo ég tel ekki að þarna þurfi að vera um neinn árekstur að ræða. Ég tel hins vegar að nafnið, Matvælarannsóknir ríkisins, geti valdið misskilningi og því sé verðugt verkefni þeirrar n., sem um þetta fjallar, að athuga þann þátt.

Neðri deild, 17. fundur.

Miðvikudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 79). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 90). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 21). — Frh. 1. umr.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Það hefur nógsamlega verið fram tekið, en rétt þykir mér þó að geta þess þegar í upphafi máls míns, að það efni, sem hér er til umr., komst fyrst verulega á dagskrá á opinberum vettvangi í þessari lotu eftir samatlsþátt í sjónvarpi, fyrir rúmum tveimur mánuðum mun það vera, þar sem formenn allra flokka, sem menn eiga á þingi, voru til kvaddir að ræða aðdraganda kosninganna sem fram fara á næsta ári að réttu lagi. Þessar umr. flokksformanna tóku brátt að snúast um það einkanlega, hvort rétt væri að gera þá breytingu á kosningalögum að auka áhrif kjósenda á það, hverjir af framboðslistum hljóti kosningu. Það var minn skilningur, en ég tók þátt í þessum umr., að formennirnir allir hefðu í meginatriðum lýst fylgi sínu við breytingu á þennan veg, og sérstaklega var rætt um breytingu í þá átt, sem gert er ráð fyrir í frv. hv. 4. þm. Reykn. á þskj. 21. Það vil ég ekki fullyrða eftir minni, að sá háttur á breytingu, að kjósendur raði einir frambjóðendum í þeirri röð sem þeir hljóta þingsæti, hafi hlotið eindregnar undirtektir þeirra sem þarna ræddu málið, en a. m. k. var henni alls ekki hafnað af neinum þeirra og ég skildi undirtektirnar sem jákvæðar.

Nú hefur það komið á daginn, eins og hv. flm. skýrði frá í framsöguræðu sinni, að upptaka á þessum samtalsþætti hefur farið gersamlega í handaskolum hjá sjónvarpinu, svo að engin leið er að gera sér grein fyrir samhengi viðræðnanna af þeim slitrum af uppskrift sem ég hef séð. Ég tel þetta mjög miður farið. Það er mjög bagalegt að þar sem talsmenn og formenn allra flokka landsins koma saman og ræða mál sem varðar hvern og einn einasta kjósanda í landinu, þá skuli það ekki liggja fyrir hjá þeirri stofnun, sem annast þetta samtal og sendir það út til landslýðsins, nákvæmlega hvað þeim fór á milli, svo að hægt sé að glöggva sig á orðaskiptum eftir á þannig að þar fari ekkert á milli mála. Af þessu tilefni langar mig til að beina nokkrum orðum til hæstv. menntmrh., sem var hér í salnum þegar ég hóf mál mitt, en virðist nú hafa vikið af fundi, og þætti mér vænt um ef hæstv. forseti léti gera honum viðvart. (**Forseti:** Ég vil tjá hv. ræðumanni að það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að gera hæstv. menntmrh. viðvart og hann kemur hér áreiðanlega í salinn, ef nokkur leið er fyrir hann að komast hingað á örskammri stundu. Hann kann að vera kominn úr húsinu.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir skjótar og góðar undirtektir undir þessa beiðni mína, og meðan beðið er menntmrh. mun ég halda áfram máli mínu um önnur atriði sem ekki varða beint það sem ég vildi beina til hans.

Þá er þar til að taka, að þetta mál var síður en svo nýtt af nálinni þegar það kom til umr. á fundi flokksformannanna í sjónvarpssal. Það hefur verið meira og minna á dagskrá allt síðan ungliðasamtök þriggja stjórnmálaflokka gerðu sameigilega álitsgerð um breytingar á kosningalögum, þar sem tillögur þeirra gengu m. a. mjög í þá átt, að breytt yrði frá ríkjandi fyrirkomulagi í það horf að auka áhrif kjósandans á hverjir frambjóðendur verða fyrir vali til þingsetu í stórum kjördæmum, þar sem hlutfallskosning fer fram eins og hjá okkur hefur verið regla frá 1959.

Þó að þessar umræður hafi átt sér stað, m. a. hefur þetta mál borið á góma hér á þingi og einnig í blöðum, þá veit ég ekki til að talsmenn stjórnmálaflokkanna hafi formlega tjáð sig um þetta atriði fyrr en í þessum sjónvarpsþætti fyrir tveimur mánuðum rúmlega.

En nú er málið komið hér inn á þing og meira að segja í tveimur útgáfum, í þáltill., sem rædd var í Sþ. fyrir nokkrum vikum, og í því frv., sem hv. 4. þm. Reykn. flytur og nú er til umr. Í frv. hv. 4. þm. Reykn. er gert ráð fyrir gagngerri breytingu á kosningalögum á þann hátt, að flokkar beri fram óraðaða framboðslista, en kjósendur setji síðan þá röð á frambjóðendur, sem þeir álíta rétta, og fari síðan eftir röðun kjósendanna hverjir af listum hljóta kosningu samkv. atkvæðamagni. Þetta er tvímælalaust mjög þýningarmikið mál, sem varðar inntak almenns kosningarréttar í landinu, og því ekki óeðlilega að um það skuli hafa orðið allmiklar umræður.

Ég gerist nú úrkula vonar um að hæstv. menntmrh. sé tiltækur að hlýða á þau orð, sem ég vildi beina til hans, og vil því vænta þess, að þau berist til hans boðleið — eða inntak þeirra — með flokksbræðrum hans sem hér eru í salnum. Þau eru á þá leið, að ég vildi beina því til hæstv. ráðh. að þetta atvik, sem orðið hefur í sjónvarpinu, gefi fullt tilefni til að kannað yrði af dómbærum mönnum utan þeirrar stofnunar, hversu það má ske að upptaka af slíkum þætti, sem varðar stjórnmálastarf í landinu, fer í handaskolum þannig að enginn getur fortakslaust sagt um hvað þar hefur farið milli manna. Það ætti að mínum dómi að vera mjög auðvelt að ganga úr skugga um þetta, hvort þarna hefur verið um persónuleg mistök að ræða, hvort um hefur verið ræða gölluð tæki, en hefði svo verið eiga þau tæki að bera aðvörunarmerki og gera vart við, ef upptaka á sér ekki stað þegar tækin hafa verið stillt á upptöku. En hvernig sem í málinu liggur tel ég að sé nauðsynlegt að það komist á hreint, hvernig svona atvik vill til, ef það mætti verða til þess að slík mistök yrðu ekki aftur þegar svipað stendur á.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að taka þessa beiðni til greina og kynni Alþ. niðurstöður hennar þegar þær liggja fyrir, bæði orsakir þessara mistaka og eins þær ráðstafanir sem að athugun lokinni þykir rétt að gera til að fyrirbyggja að slíkt endurtaki sig.

Þótt mál þetta hafi þegar komið fram í tveimur þskj., þá bar það með skjótum hætti á góma strax á fyrstu dögum þingsins, þegar það var tekið upp utan dagskrár, áður en nokkur þingmál voru komin á dagskrá, vegna fsp. hv. 9. þm. Reykv. til forsrh. Þá svaraði forsrh. á þá leið, að ríkisstj. hefði ákveðið að beita sér fyrir viðræðum milli þingflokkanna um hugsanlegar breytingar á kosningalögum, m. a. í þá átt að auka valfrelsi kjósenda um frambjóðendur. Síðan eru liðnar 6 vikur fyllilega og ekki lætur sú nefndarskipun eða þær viðræður, sem forsrh. boðaði, á sér kræla.

Það er því ekki að ófyrrisynju að einstakir þm. hafa séð ástæðu til að hreyfa þessu máli.

Eins og ég gat um áðan, hafa auk hv. 4. þm. Reykn. fimm þm. Alþb. með hv. 5. þm. Norðurl. v. í broddi fylkingar borið fram þáltill. sem tvímælalaust gengur í sömu átt og frv. á þskj. 21, en er þó alls ekki eins ákveðin um leiðir. Það var athyglisvert, að í ræðu hv. 2. þm. Austurl. um þetta mál kvað við allt annan tón heldur en í þáltill. flokkssystkina hans og sér í lagi framsöguræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. Hv. 2. þm. Austurl. túlkaði þetta mál þannig, að það væri í rauninni tilræði við stjórnmálaflokkana í landinu, sem væru kjölfesta stjórnmálastarfsins, og fann því allt til foráttu. Þann röðunarrétt kjósenda, sem fimm þm. Alþb. höfðu tjáð sig meðmælta kallaði hv. 2. þm. Austurl., ef ég man rétt, gervilýðræði eða sýndarlýðræði sem einskis væri vert í raun. Og ég get ekki annað en gert að umtalsefni sumar af þeim mótbárum sem hv. 2. þm. Austurl. bar fram.

Til að mynda færði hann það fram í máli sínu, að það yrði allt of erfitt fyrir kjósanda að kjósa, ef hann þyrfti að merkja kjörseðilinn frekar en að gera einn kross við listabókstaf þess flokks sem hann velur. Þessi mótbára vekur satt að segja hjá mér endurminningar um sumar af þeim röksemdum sem á sínum tíma voru hafðar uppi gegn almennum kosningarrétti. Þá var því m. a. haldið fram af sumum, sem beittu sér gegn því að almennur kosningarréttur yrði upp tekinn, að hann mundi leiða til þess, að kapphlaupið milli frambjóðenda eða flokka snerist fyrst og fremst um að ánetja síðasta fáráðlinginn, eins og kallað var. Það er alls ekki gild mótbára að mínum dómi gegn auknu valfrelsi kjósenda, að það geti talist kjósendahópnum í heild ofætlun að gera meira á kjörstað en setja einn kross við listabókstaf.

Ég tel að sama máli gegni um þá röksemd, sem uppi hefur verið höfð, að kosning af óröðuðum lista, þ. e. a. s. lista sem fram væri borinn af flokki með nöfnum í stafrófsröð, mundi verða til þess að bæta mjög hlut þeirra manna sem framarlega eru í stafrófinu. Það er algjörlega ómakleg aðdróttun að íslenskum kjósendum, að þeir séu svo illa að sér að þeir kunni ekki stafrófið og geti ekki fundið nöfn þeirra manna sem þeir vilja að gangi fyrir um þingsetu, hvort sem þau eru framarlega eða aftarlega í stafrófinu. Svo er það algjör misskilningur, að kosningafyrirkomulag það, sem gert er ráð fyrir í frv. á þskj. 21, leiði til þess, að þeir, sem ræði ekki gagngert á listann, heldur velji það að merkja eingöngu við listabókstafinn, — þeir greiði atkv. með þeim hætti að þeir, sem efst standi, vegna þess að nöfn þeirra eru framarlega í stafrófinu, hljóti stærri hluta úr atkvæði en aðrir. Þvert á móti, atkv. þannig greidd skiptast algjörlega jafnt á frambjóðendur, hvort sem nöfn þeirra byrja á A eða Ö. Það, sem þessi aðferð felur í sér, er að þeir kjósendur, sem treysta sér til og vilja hafa fyrir því að raða frambjóðendum á óröðuðum lista, þeir ráða því algjörlega í hvaða röð frambjóðendur hljóta kosningu. Atkv. þeirra, sem ekki kjósa að raða, heldur greiða aðeins listanum atkv., skiptast hnífjafnt milli frambjóðenda. Þarna er því ekki um það að ræða að mínum dómi að aðferðin sjálf hafi í sér fólgna neina mismunun eftir því hvernig listi væri skipaður af flokksins hálfu, hvort sem hann væri í stafrófsröð, öfugri stafrófsröð eða nöfnunum raðað eftir hlutkesti. Og það er algjörlega úr lausu lofti gripið og tilefnislaust að gera því skóna, að íslenskir kjósendur séu svo miklum mun verr að sér, sérstaklega í stafrófinu, eftir allar þær umr. um bókstafi sem farið hafa fram á Alþ., að þeim sé ekki trúandi fyrir rétti og vanda sem kjósendur í öðrum löndum hafa notið árum ef ekki áratugum saman og farið með án allra slysa og að því er virðist við mikla ánægju kjósenda og flestra flokka. T. a. m. í Danmörku, þar sem flokkarnir ráða því sjálfir hvort þeir raða frambjóðendum í forgangsröð eða láta kjósendur um það, þar hafa allir flokkar nema tveir, eftir því sem ég best veit, tekið þann hátt upp að bera fram óraðaða lista og láta kjósendurna um alla forgangsröðun á frambjóðendunum. Hugsanlegt er auðvitað hér, ef einhverjir flokksforingjar vantreysta svo kjósendum sínum að þeir telja þá ekki færa um að fara með röðunarréttinn, að hafður verði svipaður háttur á og í Danmörku, að flokkunum sé þetta í sjálfsvald sett. En það er sannfæring mín að brátt mundi færast í það horf, þótt flokkarnir hefðu þetta valfrelsi, að þeir mundu allir sýna kjósendum það traust og þann trúnað sem í því felst að röðunarrétturinn sé þeirra.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á því, að þessi röðunarréttur kjósendanna allra með tölu, sem kjósa hvern flokk, er langtum yfirgripsmeiri og að mínum dómi miklu heilbrigðari og heilladrýgri en sá prófkjörsréttur sem sumir flokkar hafa gert mikið að því að heimila flokksmönnum sínum eða stuðningsmönnum. Það hefur verið bent á ýmsa vankanta á þessu prófkjörsfyrirkomulagi, svo sem að ýmsir, sem erindi ættu í framboð, séu tregir til að taka þátt í þeirri baráttu innan flokks, sem því fylgir, sömuleiðis þegar tiltölulega fámennir flokkar eiga í hlut, þá geti fylgismenn annarra flokka hæglega komið af hrekkvísi inn í prófkjör þeirra og haft þar áhrif. Fyrir allt slíkt er girt ef röðunarréttur kjósandans er viðurkenndur á þann hátt sem ráð er fyrir gert í frv. á þskj. 21. Þá standa allir jafnt að vígi sem kjósa að greiða ákveðnum flokki atkv. Þá hafa þeir allir jafna aðstöðu og jafnan rétt til þess að ráða í hvaða röð frambjóðendur af þeim lista taka þingsæti.

Þá hefur því verið haldið fram, að fólk muni reynast seint að taka við sér og nota röðunarréttinn í kosningum þótt honum væri komið á. Ég tel það hreina getgátu að svo færi. Þvert á móti tel ég að stjórnmálaáhugi sé svo ríkur með Íslendingum og kjördæmin ekki stærri eða fjölmennari en það, að allur þorri kjósenda muni treysta sér til að hafa áhrif á röðun frambjóðenda til þingsæta og muni nota sér þann rétt. En eins og ég gat um, þá er það ekki skylda að nota sér þennan rétt. Þeir, sem aðeins vilja greiða flokknum atkv., en ekki hafa áhrif á röðun frambjóðenda til þingsæta, geta greitt

sitt fulla atkv., en það skiptist þá jafnt á alla frambjóðendur á listanum. Það eru þeir, sem hafa fyrir því að ráða frambjóðendum, sem ráða því, í hvaða röð þeir hljóta þingsæti eftir atkvæðamagni flokksins.

Aftur á móti er tvímælalaust að prófkjörin gera þeim kjósendum, sem eru flokksbundnir og vilja tjá fylgi sitt opinberlega, mun hærra undir höfði en þeim hluta kjósenda, sem ekki kærir sig um að láta flokksfylgi sitt uppi, heldur lætur það aðeins koma fram í lokuðum kjörklefa á kjördag. En þeir eiga einnig sinn rétt að mínum dómi, sem aðeins verður tryggður og virtur á þann hátt, að röðunarréttur kjósenda sé viðurkenndur í kosningalögunum.

Hv. 4. þm. Austf. sagði hér í umr. um daginn að 10—20% kjósenda mundu ráða, hverjir þingsæti hlytu, ef þessi háttur væri upp tekinn. Ég tel þetta algera fjarstæðu og leiddi rök að því áðan, að þátttaka í röðun á kjördag yrði tvímælalaust almenn og margfalt meiri en þetta. Svo var það nokkurt einkenni á ræðu hv. 4. þm. Austf., að hann talaði mjög um útstrikanir, gamla útstrikunarréttinn, eins og það væri hann sem fyrst og fremst væri til umr. Með þeirri breytingu, sem gerð yrði ef þetta frv. yrði að lögum, væri í rauninni útstrikunarrétturinn úr sögunni, enda var eðli hans, og að sumu leyti notkun, aðalröksemdin fyrir því, að breytt var svo kosningalögum 1959 að réttur kjósanda til að hafa áhrif á röðun á framboðslista var rýrður um ⅔ og í rauninni að engu gerður, eins og reynslan í kosningum síðan hefur sýnt. Það er tíska, sagði 4. þm. Austf., að kalla það lýðræði að sem allra fæstir hefðu tök á að breyta röð frambjóðenda. Þetta er algert öfugmæli miðað við efni þess frv. sem hér liggur fyrir. Hér er þvert á móti hverjum og einum kjósanda gefinn jafn réttur til að ráða því, í hvaða röð frambjóðendur hljóta kosningu. Það er miklu rýmri réttur, það er miklu almennari réttur heldur en sá sem tíðkaður er, jafnvel í prófkjörum, sem hingað til hafa verið viðtækasta aðferðin til að gefa kjósendum tækifæri til áhrifa á röðunina.

Það er alveg ljóst, að ríkt er í hugum ýmissa hv. þm. að með þeirri breytingu, sem gert er ráð fyrir í frv. hv. 4. þm. Reykn., væri vegið að flokkunum og staða þeirra skert. Slík skoðun er á misskilningi byggð að mínum dómi. Eftir sem áður væru það flokkarnir, félög þeirra eða ráð, sem ákvæðu hverjir á framboðslistann færu. Það væri hins vegar tvímælalaust stuðningur og styrkur við þá alþm., sem næðu kosningu með þessari aðferð, að hafa slíka eindregna persónulega stuðningsyfirlýsingu kjósenda sinna að baki. Það væri meiri styrkur og meira traust að því fyrir alþm. heldur en að flokkur hefði skipað þeim á lista í sæti sem samkv. fylgi flokksins mætti telja öruggt, að frambjóðandinn næði kosningu eingöngu vegna útnefningar flokksins í öruggt sæti og kjósendahópurinn gæti í rauninni, eins og málum er nú háttað, ekki haft áhrif á þá niðurstöðu.

Þá hefur það verið haft á orði að þessi breyting á kosningafyrirkomulagi mundi ýta undir klíkuskap, klíkumyndun í flokkum, og í því tilefni hefur einnig verið vitnað til reynslunnar af útstrikunarreglunni gömlu. Það er alveg rétt, sem fram hefur komið, að með þá reglu að bakhjarli gátu takmarkaðir hópar fylgismanna flokka með nokkrum hætti komið aftan að flokkssystkinum sínum með því að bindast með meiri eða minni leynd samtökum um breytingar á þeirri röðun sem flokkarnir höfðu ákveðið. En þetta snýr allt öðruvísi við eftir að röðunarreglan væri orðin almenn. Þá væri ekki um það að ræða að komið væri aftan að einum né neinum, allir gengju að því frá öndverðu að það væri kjósendaviljinn, sem röðinni réði, og allir stæðu jafnt að vígi í því efni. Þar yrði ekki neinum launráðum við komið.

Ég tel því algerlega ástæðulaust að halda því fram, að þetta fyrirkomulag, sem lagt er til hér, ýti undir klíkuskap í flokkum frekar en alltaf á sér stað. Það er alltaf einhver meiningarmunur um menn og málefni í flokkum og eðlilegt að það komi fram í afstöðu til frambjóðenda. Það gerist hver svo sem háttur er á framboði og kosningu.

Þá hefur því einnig verið haldið fram, að röðunarréttur kjósandans mundi ýta undir lýðskrum einstakra frambjóðenda í kosningum. Ég bið þá, sem þessu halda fram, að leiða hugann að því, hvort prófkosningafyrirkomulagið, sem tvímælalaust mundi ryðja sér til rúms enn meira en orðið er ef engin breyting væri að þessu leyti gerð á kosningalögum, ýti síður undir lýðskrumstilhneigingar. Lýðskrum getur alltaf átt sér stað, hvernig svo sem frjálsu stjórnmálastarfi er fyrir komið, og ráðið við því er ekki einhverjar tilteknar reglur um framboð, heldur það traust sem lýðræðisskipulaginu samkv. er borið til kjósendahópsins, þar sem hann kemur allur saman, þar sem hann skilar sér á kjördegi í allri þeirri fylkingu sem kærir sig um að hafa áhrif á skipun löggjafarsamkomu þjóðarinnar.

Ég held, þvert á móti því sem fram hefur verið haldið hér, að það mundi verulega rýra traust almennings, traust kjósenda á flokkunum, eftir það sem á undan er gengið, eftir það sem formenn þeirra allra hafa sagt í áheyrn alþjóðar, þótt það finnist nú hvorki á segulbandi né blaði, svo að ég viti til. (Gripið fram í.) Ég gleðst yfir því, að hv. 4. þm. Reykn. virðist hafa fengið þetta þýðingarmikla plagg einhvers staðar hjá aðilum sem hafa betri upptökutæki eða kunna betur með þau að fara heldur en sjónvarpsmenn. En ég vil hafa það mín síðustu orð hér, að fráhvarf frá þessu ráði, sem mikið hefur verið rætt og á sér tvímælalaust mikið fylgi meðal kjósenda, mundi verða til þess að rýra traust manna á flokknum. Það er ekki vænlegt fyrir flokkana, eftir það sem á undan er gengið, að láta það verða niðurstöðu málsins að þeir vilji halda þessum málum í sínum höndum með sama hætti og verið hefur, þeir vilji í hæsta lagi efna til prófkjöra eftir einhverjum ákveðnum reglum sem þeir setja sér hver um sig eftir sínum sjónarmiðum og sínum hagsmunum, en þeir vilji alls ekki fallast á almennan röðunarrétt allra kjósenda á framboðslistanum á kjördegi. Það verður ekki til að auka álit flokkanna ef slík verður niðurstaðan af þessu máli.

Og því lengur sem málið er rætt, þeim mun ljósara er, að á miklu ríður að ríkisstj. geri alvöru úr yfirlýstri ætlun sinni að beita sér fyrir viðræðum þingflokkanna um málið. Ég skora því á ríkisstj. og sér í lagi hæstv. forsrh. að hafa hraðan á. Frammistaða ríkisstj. í þessu máli getur ráðið úrslitum um það, hvort málið nær fram að ganga á þessu þingi eða ekki.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Frv. það, sem við höfum hér verið að ræða á nokkrum þingfundum, hefur hlotið í hv. d. nokkuð misjafnar undirtektir þeirra sem talað hafa. Fyrir fram þóttist ég vita að svo mundi verða, enda efni frv. þess eðlis að ekki verður talið óeðlilegt að mönnum sýnist sitt hvað um það. Ég vil, áður en ég vík að því sem fram hefur komið í umr., sérstaklega þakka undirtektir tveggja hv. þm. við frv. og þá sérstaklega þess, sem nú var síðast að tala á undan mér, hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar, sem flutti hér mjög skilmerkilega ræðu og vék að ýmsum þeim atriðum sem komið hafa fram í umr. gegn frv. Ég sé líka ástæðu til þess að þakka formanni Alþfl., Benedikt Gröndal, fyrir jákvæðar undirtektir, þó að hann hefði ýmsar aths. fram að færa við efni frv., enda hef ég tvívegis látið í ljós að ég er opinn fyrir allri samvinnu um breytingar á frv. í meðferð þingsins. Takmark mitt er það eitt að gera rétt hins almenna kjósanda í landinu meiri en hann er nú til þess að ráða því hverjir skipa hér þingbekki.

Enn fremur vil ég í tilefni af ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, sem tók hvað minnst undir frv. af öllum þeim sem talað hafa, taka það fram, að ég hlýt að þakka 5 flokksbræðrum hans, sem eru flm. að þáltill. um sama efni og frv. varðar og hreyfa þar hugmyndum sem fara mjög svo saman við það sem ég legg til í mínu frv., — ég hlýt að þakka þeim þann stuðning við hugmynd þá sem frv. mitt felur í sér. Og í lok þeirrar ræðu, sem ég ætla að halda núna, ætla ég að víkja nokkuð að þeim sjónarmiðum, sem hafa komið fram á hv. Alþ. í mjög svo misjöfnum skoðunum hv. þm. Alþb. á þessum mjög svo mikilsverða rétti, kosningarrétti í lýðræðisþjóðfélagi.

Ég held að ég hafi getið um það hér í annarri þeirra tveggja ræðna, sem ég hef áður flutt um þetta mál, að kveikjan að þessu frv., sem hér er verið að ræða, varð til hjá mér við þann sjónvarpsþátt flokksforingjanna sem ég hygg að hafi átt sér stað í sept. s. l. Það var áberandi að þeir tóku allir mjög svo jákvætt undir þær hugmyndir og undir þá umræðu sem uppi hefur verið í þjóðfélaginu um að auka rétt kjósenda til að ráða því hverjir skipa Alþ. Ég er einn í hópi þeirra sem telja að prófkjörum og skoðanakönnunum flokkanna fylgi verulegir ókostir og það sé ekki hið rétta svar við þeim takmarkaða rétti kjósenda, sem ákveðinn var með lagabreytingunni 1959, þegar kjósendum var nánast gert ókleift að breyta röðun á framboðslista.

Hv. þm. Magnús T. Ólafsson gat um það í sinni uppbyggilegu ræðu áðan, að komið hefði fram hjá mér að hljóðupptaka í sjónvarpi á þessum þætti hefði mjög svo brenglast, og þetta er rétt. Ég fékk lánaða spóluna hjá sjónvarpinu og fékk hana afritaða hér í Alþ. og er með það afrit á borðinu mínu. En það er eins og ýmsir þm., sem fengið hafa að sjá afritið, geta borið vitni um, að þar vantar mjög mikið í samtellt mál. Þar eru langar eyður og sumt þannig að ekki er gott að fá út hvað þeir, sem í þessum sjónvarpsþætti tóku þátt, raunverulega meintu. En þegar neyðin er stærst þá er stundum hjálpin næst, og það gerðist einmitt skömmu eftir að þetta var hér upplýst, að hv. þingbróðir minn, Kópavogsbúi eins og ég, Jón Árm. Héðinsson, hafði samband við mig og sagði að hann hefði tekið þennan þátt upp á segulband heima hjá sér og ætti hann allan óskemmdan. Hann var mér svo innan handar að hann lét vélrita þessa upptöku og ég er með hana hér fyrir framan mig, þannig að úr þessu er hægt að bæta.

Mig langar, áður en ég vík að efni frv. og þeim andmælum sem fram hafa komið gegn því, að víkja nokkuð að atriðum sem komu fram í þessum sjónvarpsþætti.

Hæstv. forsrh. sagði þá m. a., þegar verið er að ræða um aukinn rétt kjósenda til þess að ráða vali þm., eftirfarandi, með leyfi virðulegs forseta:

„Ég get aftur á móti fallist á það langtum frekar og er raunar fylgjandi því, að þessum auknu tengslum milli kjósenda og þm., umbjóðenda þeirra á þingi, sé framfylgt með breytingum á kosningalögum í þá átt t. d., eins og er í Danmörku eða Belgíu, þar sem persónuleg atkv. á óröðuðum lista í Danmörku eða persónuleg atkv. á röðuðum lista að vissu marki í Belgíu geta ráðið úrslitum, hverjir eru kosnir af hverjum lista.“ Enn fremur: „Allt þetta tel ég vera viðfangsefni við endurskoðun stjórnarskrárinnar, en þó er möguleiki að breyta kosningalögunum án stjórnarskrárbreytingar, t. d. með þeim hætti að taka upp óraðaða lista eða raðaða lista með einhvers konar ákvæðum samsvarandi þeim sem eru í Danmörku og Belgíu. Að þessu leyti get ég verið inni á þeirri leið persónulega.“

Hæstv. dómsmrh., Ólafur Jóhannesson, sagði m. a. eftirfarandi í þessum sjónvarpsþætti, — ég held að ég verði að lesa spurninguna fyrst til þess að samhengið sé ljóst. Stjórnandi þáttarins spyr:

„Já, ég ætla aðeins að víkja máli mínu til Ólafs Jóhannessonar og heyra hvað hann segir um það. Nú er verið að endurskoða stjórnarskrána, eins og oft hefur komið fram, en mætti hugsanlega taka þessi mál út úr og gera breytingu fyrir næstu kosningar þannig að kjósandinn hafi meiri áhrif í raun, t. d. þessa dönsku uppstillingu, sem Ragnar Arnalds er að tala um?“

Ólafur Jóhannesson svarar:

„Jú, það er hugsanlegt. Það er hugsanlegt að gera ýmsar breytingar á kosningalögunum án þess að stjórnarskránni sé breytt, og þ. á m. hef ég gert ráð fyrir því, að tekið yrði til athugunar í vetur hvort hægt væri að koma fram breytingum í þessa átt, sem menn hafa nú verið að koma fram með hugmyndir um að reyna, sem sagt að gera kjör persónulegra. Það er það sem menn sakna, eftir að stofnað var til þessara fjölmennu kjördæma og horfið frá einmennings-

kjördæmunum, að sambandið á milli þm. og kjósandans sé ekki eins persónulegt eins og áður. Og ég álít, að það sé mjög æskilegt að reyna að gera þetta persónulegra.“

Hv. þm. Ragnar Arnalds, þáverandi form. Alþb., hafði þetta að segja m. a.:

„En ég tel persónulega að það væri miklu eðlilegra að breyta kosningalögunum þannig, að flokkarnir bara stilltu upp frambjóðendum í ónumeraðri röð og síðan væri það kjósendanna, sem greiddu þessum flokkum atkv., að velja hvaða menn þeir vildu að væru fulltrúar á hverjum lista. Þetta er danska fyrirkomulagið, og ég held að það væri sem sagt miklu heilbrigðara og eðlilegra, að allir kjósendur viðkomandi flokks tækju þátt í því að velja þann, sem þeir vildu að væri fulltrúi þess flokks, um leið og þeir kjósa, en ekki hitt, að eitthvert tilviljunarkennt brot af kjósendum og eins og Ólafur sagði hér áðan, jafnvel kjósendur annarra flokka, stuðningsmenn annarra flokka, taki þátt í sérstökum hanaslag, sem snýst fyrst og fremst um persónulega verðleika einstakra manna.“

Hv. þm. Benedikt Gröndal, form. Alþfl., sagði við þetta tækifæri m. a. þetta:

„Hitt er svo rétt, að ég er alveg sammála ykkur öllum um það, að við þurfum að gera kosninguna persónulegri og við ættum að leita að leiðum til þess að kjósandinn geti valið úr þeim mönnum, sem hver flokkur stillir upp í kjördæminu.“

Og síðast vil ég vitna til hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar, sem þarna var líka staddur. Hann sagði m. a.:

„En hins vegar tel ég að þessar umr. okkar hafi sýnt, að það er orðið mjög aðkallandi að breyta sjálfu kosningafyrirkomulaginu, svo að allir kjósendur fái aukinn rétt til þess að velja sína þm., og ég vildi að þessi einhugur, sem er við þetta borð, yrði til þess að þetta mál kæmist á rekspöl þegar á næsta Alþ., svo að við gætum kosið eftir nýjum kosningalögum, sem gæfu hverjum kjósanda aukinn rétt, þegar kjörtímabilið rennur út næsta vor.“ Og enn fremur: „En það, sem ég vildi sérstaklega koma hér að, er að ég sé ekki á nokkurn hátt að breyting á kosningalögum í þá átt, sem við höfum verið að ræða hér og teljum allir æskilega, þurfi að rekast á það starf sem unnið er í stjórnarskrárnefnd. Þessi ákvæði eru hreinlega í kosningalögunum, og á hverju stigi sem starf stjórnarskrárnefndar er, þá er mér ómögulegt að sjá að það ætti að geta tafið framkvæmd þessa þarfa máls, sem hér hefur verið drepið á, aukin áhrif kjósandans á kjör þm. þurfi að stranda á því, að stjórnarskrárnefnd sé ekki tilbúin með till. um kjördæmaskipun og annað slíkt.“

Fleira gæti ég lesið upp úr þessum umr. svipaðs eðlis og það sem ég hef þegar lesið upp, en skal ekki lengja tímann með því.

Mig langar þessu næst að víkja að nokkrum þeim gagnrýnisatriðum sem fram hafa komið í þeim umr., sem hér hafa orðið um þetta frv., þó að um sumt geti ég verið mjög fáorður vegna þess að Magnús T. Ólafsson vék að því. Almennt held ég að ég geti sagt um þau flest að þau eru afar lítilfjörleg, lítilfjörlegar mótbárur sem fá ekki staðist nákvæma skoðun. Þeir, sem hér hafa orðið fyrst og fremst til þess að gagnrýna frv., eru hv. þm. Lúðvík Jósepsson, Ingvar Gíslason og Tómas Árnason.

Það er nú svo, að þegar verið er að ræða ýmis stórmál, sem menn eru á móti af misjöfnum ástæðum, þá eru gjarnan tínd til einhver minni háttar atriði, reynt að breiða sig út yfir þau og á þann hátt reynt að tefja fyrir framgangi málsins og jafnvel drepa það á þann hátt. Allir þessir hv. þm. þrír, ágætismenn, eru þannig á lista settir að þeim er næsta lítil hætta á því að falla. Þeir hafa að sumu leyti svipaða stöðu og opinberir starfsmenn, sem ekki er hægt að segja upp starfi. En að þetta geti og eigi að ráða afstöðu til frv. get ég eigi fallist á. Hér hefur m. a. Lúðvík Jósepsson og raunar fleiri breitt sig út yfir það, að þeir, sem á framboðslista standi á undan í stafrófsröð, hafi mikil forréttindi umfram þá sem síðar skipi listann sé hann í stafrófsröð. Þessu er haldið fram af þessum hv. þm., þrátt fyrir það að ég hafi tekið greinilega fram í ræðu, þegar ég fylgdi frv. úr hlaði, að það, hvar menn standa á lista röðuðum í stafrófsröð, eigi ekki að hafa áhrif. Í umr. sem fóru fram 9. nóv. um frv. sagði ég m. a. þetta og les þá beint upp úr þingtíðindum:

„Það er staðan, sem upp kæmi ef enginn kjósandi notaði rétt sinn til þess að númera frambjóðendur og kysi aðeins flokkinn, því að sá sem er á undan í stafrófsröð á ekkert meiri rétt til þingsætis en sá er síðar er á listanum.“

Það kom fram í þessari ræðu minni, að það er aðeins röðun kjósandans sem ræður því hvaða frambjóðendur af listum komast á Alþingi. Það er rétt, sem hv. þm. Magnús T. Ólafsson sagði áðan, ef einhver kjósandi notar aðeins rétt sinn til þess að kjósa ákveðinn flokk, en notar ekki rétt sinn til þess að raða frambjóðendum, þá eiga allir frambjóðendur jafnan rétt á því atkv. flokksins. Það er röðun kjósendanna á frambjóðendum sem ræður úrslitum, og ég hef þá trú og hef raunar spurst fyrir um það sérstaklega úti í Danmörku núna fyrir einum eða tveim dögum, hvort þátttaka kjósenda í því að raða frambjóðendum hafi ekki verið mikið notuð hjá þeim flokkum sem ekki hafa lagt fram raðaða lista, og ég fæ engar upplýsingar aðrar en þær, að langalgengast sé að kjósendur noti þennan rétt sinn til röðunar.

Þá hefur því verið haldið hér fram að með þessu frv. væri sérstaklega verið að ráðast á stjórnmálaflokkana í landinu og að stjórnmálaflokkarnir í landinu væru hornsteinar lýðræðis. Það er fjarri mér, að sá sé tilgangur minn með flutningi þessa frv. Ég vil ekki viðurkenna að ég sjái ekki alveg eins þörfina og þeir hv. þrír þm., sem ég hef nefnt, á því að til séu starfandi stjórnmálaflokkar á Íslandi. Ég tel mig geta metið það alveg eins vel og þeir. Hitt er svo allt annað mál, og við skulum vera menn til þess að viðurkenna það, að uppi er í þjóðfélaginu í dag allnokkuð gagnrýnin umræða um stjórnmálaflokkana og það er ekki alveg rétt af okkur, sem hér skipum bekki Alþ., að loka augum og eyrum fyrir þeirri umr. Magnús T. Ólafsson vék að því áðan, að þrátt fyrir samþykkt frv. yrði engin breyting á því að flokkarnir sjálfir ákveða frambjóðendalista. Á því er ekki nokkur minnsti

vafi. Það eru stjórnmálaflokkarnir og það eru kjördæmaráðin og hvað þær nú heita, stofnanir flokkanna, sem mundu ákveða framboðslistana eftir þeim reglum sem gilda um það hjá hverjum flokki fyrir sig.

Eg held að árið 1959 hafi stjórnmálaflokkarnir gengið allt of langt í því að takmarka rétt kjósenda til þess að breyta röð frambjóðenda. Ástandið, sem var í þessum efnum fyrir breytinguna árið 1959, var e. t. v. líka gallað. En að mínu viti réttlættu þær reglur, sem þá giltu, ekki það að gera það nánast útilokað fyrir kjósendur að breyta röðuðum lista.

Þá hefur því verið haldið fram, að frv.-flutningur þessi bæri vott um lýðskrum og yfirborðslýðræði og upp mundi koma mikil klíkustarfsemi, sem manni skilst að ekki sé til staðar í sambandi við stjórnmálastarfsemi í landinu í dag. A þetta get ég ekki fallist. Flokkarnir hafa að undanförnu staðið í nokkrum prófkjörum og skoðanakönnunum sem margir hafa í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hefur, velt vöngum yfir hvort væri í raun og veru það heppilega fyrirkomulag sem vert væri að taka upp við röðun á framboðslista. Magnús T. Ólafsson vék að þessu áðan mjög skilmerkilega að mínu viti, svo að ég þarf ekki miklu þar við að bæta. En hvað mundi gerast ef frv. það, sem ég er hér að mæla fyrir, yrði samþykkt? Það mundi fyrst og fremst gerast, að kosningarréttur inn yrði færður að fullu til kjósenda í landinu og þeir fengju notið hans í samræmi við þær skoðanir sem hver og einn hefur um hvernig best sé að nota hann. Ég tel þetta ekki gervilýðræði. Ég tel þetta framför frá þeirri stöðu sem er í þessum málum í dag, og að því vil ég stuðla.

Þá var líka talað um að það yrðu óskaplega flóknar reglur sem kæmu upp, ef þetta frv. yrði samþ. Þessi mótbára er svo fjarri öllu réttu lagi að ekki þarf mörg orð til þess að ræða hana. Og ég tek undir það, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að ekki er álit þeirra hv. þm. á dómgreind kjósenda í landinu mikil sem þessu vilja halda fram og gera það að einhverju verulegu atriði.

Tómas Árnason sagði um daginn, að samkv. þessu frv. gæti það gerst, að minni hl. kjósenda eins flokks gæti ráðið hverjir skipuðu bekki Alþ. Vissulega er þetta rétt. Út af fyrir sig er ekkert sem kemur í veg fyrir það, að aðeins minni hl. kjósenda flokks neyti þess réttar sem hann hefur til þess að raða frambjóðendum. En ég tel, og eftir því sem ég best veit bendir reynslan meðal annarra þjóða ótvírætt til þess, að mikill meiri hluti kjósenda mundi nota sér þennan rétt, svo að ég tel þessa mótbáru ekki veigamikla.

Hv. þm. Ingvar Gíslason spurði að því, hver ætti að vera talsmaður slíks lista. Það er alveg augljóst mál, að t. d. í sambandi við sjónvarpsumr. eða útvarpsumræður til landsins alls yrði engin breyting á þessu fyrirkomulagi frá því sem er. Við vitum að flokkarnir ákveða, hvaða talsmenn fara í sjónvarp eða útvarp, þegar landsmálaumr. eru. Það mundi verða áfram nákvæmlega eins, þó að frv. yrði samþykkt. Og væri um að ræða framboðsfundi í kjördæmi og frambjóðendur gætu ekki komið sér saman um, hverjir mæltu fyrir flokkinn, þá er það auðvitað æðsta stjórn í samtökum flokksins í viðkomandi kjördæmi sem yrði að skera úr, þ. e. a. s. kjördæmisstjórnin.

Eg held því, að almennt megi segja að þær mótbárur, sem uppi hafa verið gegn þessu frv., séu ekki mjög veigamiklar og þurfi eitthvað annað og meira að koma til, til þess að menn geti með miklum rökum mælt gegn efni frv. Eg trúi því ekki, að þeir hv. þm., sem hafa verið með hrakspár um það í þessum umr., að lýðræðinu væri jafnvel hætta búin við samþykkt frv., meini það sem þeir hafa sagt um það. Ég veit ekki betur en flokkum í Danmörku hafi farið fjölgandi nú hin síðari árin. Eg held að þeir séu um 11, þrátt fyrir það að þessari reglu sé þar m. a. beitt. Eg held því að hrakspár um það, að verið sé að ganga af stjórnmálaflokkunum á Íslandi hálfdauðum með þessu frv., fái ekki staðist í ljósi þessarar dönsku reynslu.

Mig langar þá í lokin að víkja að þeim skoðunum sem mér virðast vera uppi í Alþb. á hv. Alþ. um þau mikilvægu mál sem lúta að kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði í umr. um daginn, að það, sem skipti meginmáli í sambandi við þyngd atkv., væri að réttlæti næðist á milli flokka — ekki endilega að kosningarétturinn kjósenda án tillits til búsetu væri sem jafnastur.

Hv. þm. Magnús Kjartansson hefur hins vegar lagt sterka áherslu á að hann telji kosningarréttinn til mannréttinda og hann telji að hann eigi að vera jafn, hvar sem kjósandinn býr á landinu. Að mínu viti erum við hér að fjalla um eitt almikilvægasta atriðið í sambandi við kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag, og um þetta mikilvæga atriði virðast þessir tveir hv. þm. Alþb. hafa mjög svo ólíkar skoðanir.

Í öðru lagi langar mig til þess að benda á það, sem ég hef raunar áður gert, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson hélt því fram um daginn, að ekki teldist til hinna stærri mála að auka rétt kjósenda til þess að ráða vali þm. Ég held að hann hafi kallað þetta smámál. En ég hef áður bent á að 5 þm. úr hans flokki flytja þáltill., þar sem þeir leggja megináherslu á að þetta sé ekkert smámál. Þáltill. þessi er 4. mál þessa þings og mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að lesa nokkur atriði úr henni. Sjálf tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd er skipuð sé einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, til að semja frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 frá 1959, um kosningar til Alþingis, er miði að því að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa.“

Og í grg. segja þeir m. a. þetta:

„Samkv. gildandi kosningalögum er stjórnmálaflokkunum áskilinn réttur til að leggja fram raðaðan framboðslista og ákveða þannig fyrir fram hvaða frambjóðendur hafi mesta möguleika til að ná kosningu. Kjósandinn hefur að vísu rétt til að strika út frambjóðanda eða breyta röðinni, en raunveruleg áhrif kjósenda á röð frambjóðenda hafa löngum reynst lítil, og raunar engin eftir þær breytingar sem gerðar voru á kosningalögunum árið 1959. Í 110. gr. l. nr. 52 1959 er svo fyrir mælt, að þrátt fyrir útstrikun eða breytingu á atkvæðaseðli fái frambjóðendur listans ⅔ atkvæðisins, eins og engin breyting hafi verið

gerð á listanum. M. ö. o. má segja að aðeins sé tekið tillit til þriðja hluta þeirra breytinga sem gerðar eru á röð frambjóðenda."

Nokkru síðar í grg. segja flm.: „Eðlilegast virðist að á kjördegi geti kjósandinn valið milli flokka á málefnalegum grundvelli og samtímis átt þess kost að velja milli frambjóðenda flokksins. Þess háttar fyrirkomulag tíðkast í mismunandi myndum í öðrum löndum og koma ýmsir möguleikar til greina."

Ég tel af þessum upplestri að sé ljóst að á milli núv. formanns Alþb. og þeirra 5 þm. Alþb., sem standa að þessari þáltill., sé mikill skoðanamunur um þetta grundvallaratriði.

Í þriðja lagi langar mig til þess að minna á það, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson taldi að ekki væri sérstaklega mikilvægt að breyta þeim reglum sem nú gilda um úthlutun uppbótarsæta, og að vissu marki get ég fallist á að það eitt út af fyrir sig nægir ekki til þess að koma því rétilæti á, sem ég tel að þurfi að komast sem fyrst á í sambandi við kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag. En einnig um þetta atriði eru þingbræður hans í Alþb. annarrar skoðunar. Ég gat um það seinast þegar þetta mál var hér til umr., að á fundi sem við allflestir þm. Reykn. vorum á vestur á Seltjarnarnesi, að gefnu tilefni frá sveitarstjórnarmönnum þar, hefðu umr. borist að því atriði, að nauðsyn bæri til að breyta reglum um úthlutun uppbótarsæta, og ég fullyrði að allir viðstaddir þm. Reykn. tóku vel undir óskir fundarmanna um að standa að tillöguflutningi um breytingar á þessu atriði og þar með voru báðir þm. Alþb. í Reykjaneskjördæmi.

Ég held að ég sé ekki að orðlengja þetta meira. Mér er fyllilega ljóst, að það málefni sem hér er til umr., er nokkuð vandasamt og hagsmunir alþm. geta verið mjög misjafnir í þessum efnum. Hagsmunir landshlutanna eru líka nokkuð misjafnir í þessum efnum. Hitt tel ég að sé alveg ljóst að sú staða, sem uppi er nú um kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag, er svo óréttlát að hún fær ekki staðist í miklu lengri tíma. Þess vegna þarf að vinda að því bráðan bug að gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá og lögum um kosningar til Alþ. Mér urðu það nokkur vonbrigði, þegar hv. þm. Magnús T. Ólafsson upplýsti hér áðan, að lítið hefði enn þá gerst í þeirri nefnd, sem var lýst yfir í upphafi þings að mundi verða skipuð til þess að athuga þessi mál. Við höfum nokkra reynslu af því, að nefndarskipun í svona málum hefur ekki alltaf leitt til jákvæðs árangurs, og ég verð því miður að lýsa yfir nokkrum efasemdum um að nefndarskipun nú gefi betri raun en oft hefur áður verið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hv. þm. Jón Skaftason gerði mikið úr því, að flokksbræður í Alþb. væru ekki nákvæmlega sammála allir um kosningatilhögun og sumir flyttu till. sem aðrir ekki gætu stutt. En ég verð að taka fram að það er víðar svo, í öðrum flokkum en Alþb., að menn eru ekki nákvæmlega sammála um alla hluti. Ég er t. d. ekki nákvæmlega sammála hv. þm. og flokksbróður mínum Jóni Skaftasyni um alla hluti í kosningalögum og kjördæmaskipan né heldur í fáeinum öðrum atriðum. Þó virðist okkur sjálfsagt að reyna að samræma okkar sjónarmið og vinna í sama flokki og að framgangi góðra mála. Raunar er það hláleg aðstaða fyrir mig að fara að verja þá kjördæmaskipun og þau kosningalög sem nú eru í gildi. Framsóknarmenn börðust ákaflega gegn setningu þessara laga, og þau voru með nokkrum hætti sett til höfuðs þeim til þess að gera mögulega viðreisnarstjórnina sálugu. Þau voru sett til þess að gefa ákveðnum stjórnmálaflokkum tækifæri til þess að ná saman um stjórn landsins, en ekki af beinni lýðræðisást. Þetta var hagkvæmnisþáttur.

Hins vegar hafa hrakspár þær, sem framsóknarmenn höfðu uppi við setningu þessara laga 1959, sem betur fer ekki allar ræst. Þeir spáðu t. d. hraklega fyrir auknu flokksræði, auknu miðstjórnarvaldi og óhæfilegu flokkaveldi. Flokkaskipting er lýðræðinu nauðsynleg og flokkar eiga að vera samfélög frjálsra manna, ekki endilega að þeir séu ævinlega sammála í öllum atriðum, heldur að menn með svipaðar lífsskoðanir þoki sér saman í fylkingar. Þeir verða náttúrlega að sýna af sér félagsþroska og sveigjanleik, en þeir verða þó að fá að hafa sín „prinsip". Kjósendur verða að geta treyst því, að þm. láti ekki teyma sig til hluta sem þeir vita að honum eru ákaflega ógeðfelldir og þm. verða þá náttúrlega að láta kjósendur vita hvaða hluti þeim eru ákaflega ógeðfelldir og hver þeirra „prinsip" eru.

Ég vil fullyrða að flokksræði, miðstjórnarvald hefur ekki aukist hjá framsóknarmönnum við þessa kjördæmaskipan. Það vill svo til, að ég þekki undirbúning að framboðum Framsfl. á Norðurl. v. undir þessari kjördæmaskipun, því að ég var þar í framboðsnefndum, fyrst í framboðsnefnd haustið 1959 og síðan við allar kosningar til 1971, og ég fullyrði að heimamenn, en ekki flokksforusta, höfðu ævinlega síðasta orðið. Heimamenn réðu þessari uppstillingu, en flokksforustan hafði ekki áhrif á hana. Þetta var stundum ákveðið af fulltrúum á kjördæmisþingum eða af fulltrúum sem kjördæmisþing kusu. Stundum var þetta ákveðið með prófkjörum.

Flokkaskipting er náttúrlega nauðsynleg kjölfesta líka fyrir fulltrúalýðræði, og ef við skoðum stjórnmálasögu fyrstu tveggja áratuga aldarinnar, þá var geysilega mikið los á stjórnmálastarfseminni. Það er sárgrætilegt að sjá hvernig góðar hreyfingar koðnuðu niður vegna þess að menn hlupu sundur og saman sitt á hvað eftir kringumstæðum sem virtust ekki vera svo veigamiklar að þær gerðu þetta nauðsynlegt. En e. t. v. var það að nokkru leyti vegna þess að kosningarnar voru um persónur þá fremur en stefnur, í mörgum tilvikum. Og persónukjör, eingöngu persónukjör býður upp á miklu harðvítugra návígi. Réttur minni hluta í einmenningskjördæmi er ekki tryggður eins vel og í kjördæmi þar sem fleiri flokkar fá fulltrúa kjörna, og af því leiðir að stjórnmálabaráttan verður ekki eins hörð, af því að menn vita að enginn einn getur alveg sett andstæðinga sína hjá.

Ég man líka þá tíð, og ég er alinn upp við það, hvernig er að vera minnihlutamaður í einmenningskjördæmi, og þess vegna eru mér ljósir gallar þess. Og ég lít svo á að hagsmunum kjördæmis geti verið betur borgið og sé í flestum tilfellum betur borgið þegar menn úr fleiri en einum flokki geta unnið saman að málefnum

kjördæmisins, og þannig má segja að ávinningur hafi verið að kjördæmabreytingunni 1959.

Þetta frv. er með eina lausn á því, hvernig velja megi menn á framboðslista, og það er vitaskuld nauðsynlegt, a. m. k. öðru hvoru, að kannað sé viðhorf kjósenda til frambjóðenda, og þá viðhorf kjósenda með svipaðar lífsskoðanir. Það er þeirra að velja menn til þess að halda á lofti þeim lífsskoðunum og vinna að framgangi mála á grundvelli þeirra lífsskoðana. En þess vegna mega prófkjör ekki vera galopin og það er fjarstæða að andstæðingar flokks hafi verulegan eða hafi tækifæri til þess að hafa verulegan íhlutunarrétt um það, hverjir fari með umboð flokksins.

Frv. Jóns Skaftasonar, hv. þm., er viðleitni til þess að gefa kjósendum beinan íhlutunarrétt. Þessi leið er að minni hyggju nokkuð gölluð. Hún gerir ráð fyrir að frambjóðendum sé raðað í stafrófsröð. Menn hafa gert það að nokkuð miklu umræðuefni. Ég vil ekki taka undir það sem hv. þm. Magnús T. Ólafsson sagði, að það væri vantraust á að kjósendur kynnu stafrófið sem ylli þessu, að menn væru að fetta fingur út í þessa stafrófsröð. Það yrðu vafalaust einhverjir, sem tækju þá menn, sem hendi væru næst, og byrjuðu efst á listanum. Þá getum við hugsað okkur þann möguleika, að hér fylltist allt af Albertum og Ellertum og Eyjólfum og við hinir kæmum ekki til greina. (Gripið fram í.) Já, við þessir með p-in eða m-in. En ég held að það yrðu vafalaust mjög margir sem ekki notuðu rétt sinn til þess að raða upp á listann og létu sér nægja það að kjósa flokkinn sinn, en kjósandinn vissi raunar ekki nákvæmlega að hverju hann væri að ganga. Hann væri e. t. v. að kaupa köttinn í sekknum, þó að hann hefði ákveðna skoðun á því, hverjir ættu að fara með umboð flokksins. Kjósandinn væri kannske að kjósa menn sem hann óskaði alls ekki eftir að kjósa. Kjósandinn verður að fá að vita það á kjördegi, hverjir koma til með að fara með það umboð sem hann er að reyna að fela frambjóðanda flokks. Það gætu orðið allt aðrir menn en þeir, sem hann merkti við, sem yrðu ofan á, og e. t. v. menn með blæmun á lífsviðhorfi eða starfsaðferðum. Þess vegna verður að ganga frá því, að röðunin fari fram áður en í kjörklefann kemur, með prófkjörum, forkosningu eða á annan lýðræðislegan hátt.

Ég vil endilega að kjósendum sé ljóst á kjördegi hvort þeir eru að kjósa mig eða einhvern annan. Ég vil líka að þeir viti hvað ég vil og hvað ég vil ekki. En kerfið verður að vera einfalt. Það er um ýmis kerfi að ræða. Við í Framsfl. höfum stundum átt sérstaklega duglega menn við að finna upp prófkjörsreglur. Við höfðum einu sinni prófkjör í öllum kjördæmum landsins sama árið og ég held í engum tveimur sams konar reglur. Menn frá Heimdalli, ungum krötum og ungum framsóknarmönnum hafa verið að setja saman reglur, en að sumu leyti eru þær flóknar og að sumu leyti finnst mér þær óskynsamlegar. Þær eru að uppistöðu frá Írum, og það getur verið að þær passi þeim, en þeir vilja staðfæra þær hér. Ég geri þær nú ekki að umræðuefni, hvorki það að í eðli sínu ganga þær þvert á þá byggðastefnu, sem við höfum góðu heilli fylgt síðan 1971, né hitt, að þær eru ansi flóknar. Fólkið verður náttúrlega að vera sæmilega öruggt um það, að atkvæðaseðillinn sé gildur. Hún er ekki á rökum reist hjá hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni sú skoðun, sem hann hélt fram hér áðan. Við getum tekið sem dæmi nýafstaðið prófkjör Alþfl. í Reykjavík. Ég tek það fram, að ég lít svo á að ekki komi til að það hafi verið neinn rumpulýður sem þar safnaðist saman til kosninga, og eftir atvikum var þessi atkvæðaseðill, sem þar var prentaður, fremur einfaldur og skýr. Þó voru upp undir það — ég man nú ekki þessa tölu nákvæmlega, ætli það hafi ekki verið 8 eða 10% af atkv. ógild. Og svo gerir hv. þm. Magnús T. Ólafsson sér upp mikla hneykslun á því, að þetta sé eitthvert vantraust á fólkið. Ég tek það fram, að ég skil ekki þátttakendurna í þessu prófkjöri eða þá niðurstöðu sem þeir komust að, en það er nú önnur saga. En þetta sýnir okkur að kerfið á að vera einfalt.

Og þá kem ég að þeirri hlið sem snýr að frambjóðendunum sjálfum. Frambjóðendurnir þurfa að vera samtaka félögum sínum, en ekki standa í innbyrðis deilum, eins og óhjákvæmilega yrði ef hver þyrfti að vera að ota sínum tota og togast á um fylgi við flokksbræður sína. Flokksbræðurnir verða nefnilega að vera búnir að gera það upp sín í milli, áður en kemur til höfuðorrustunnar, hvar staða þeirra eigi að vera í fylkingunni.

Mikið hefur verið rætt um þennan rétt almennings, hvað hann væri allt of lítill til þess að ráða framboðunum, ef ekki væri um prófkjör að ræða. En hann er náttúrlega alltaf fyrir hendi með þátttöku í flokksstarfinu, það er alveg tvímælalaust. Og betra flokksstarf með almennari þátttöku væri líka lýðræðinu, að minni hyggju, mjög til framdráttar. Og ég get ekki farið svo héðan, að ég fari ekki nokkrum orðum um mismunandi vægi atkv., sem mjög hefur verið haft á orði, bæði í þessum umr. og öðrum umr. sem hafa verið hér eins og fæðingarhríðir hvað eftir annað í vetur. Það hafa verið líklega á hverjum kvartilaskiptum, held ég, einhverjar umr. um kosningar og kjördæmaskipun það sem af er þessu þingi.

Þetta mismunandi vægi, sem menn eru að tala um, er nú ekki, eins og margoft hefur komið fram í þessum umr., eins hroðalega mismunandi og þeir vilja vera láta, sem harðast berjast fyrir því að breyta ríkjandi skipulagi. Það liggur ljóst fyrir, að um 40% þm., 24 þm. af þeim sem sitja í Sþ. 1977, voru á framboðslistum í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Þetta er náttúrlega ekki nákvæmlega jafnþungt, sem hvert atkv. vegur, en þetta verða menn að hafa í huga, eins og raunar hefur komið fram áður í þessum umr., hjá hv. 2. þm. Austf., ef ég man rétt. En það er meira en það að þeir séu 24, sem eru kosnir hér. Búsettur í þessum kjördæmum er líklega 41 þm., hefur hér sitt heimili og er hér allt árið eða hér um bil allt árið. Sumir þeirra eru hér kannske að nokkru leyti út úr neyð, vegna þess að þeir hafa tekið að sér störf hér í höfuðborginni sem ekki er hægt að gegna með því að vera fjarvistum frá höfuðborgarsvæðinu. En þeir eru sem sagt a. m. k. 41 sem eiga sér heimili og eru hér nákunnugir málefnum og dagsins

önn. Og mér finnst liggja ljóst fyrir að þessi 41 þm. af 60, sem eiga hér sæti, munu ekki láta það líðast að dreifbýlisþm. séu með einhvern óskaplegan yfirgang eða fari illa með Reyknesinga eða Reykvíkinga.

Sú hugmynd hefur komið fram að rétt væri að flytja alla uppbótarþm. í þessi fjölmennu kjördæmi hér á suðvesturhorninu. En ég verð að leyfa mér, eftir að ég er búinn að sjá, hvernig framboðslistar flokka eru að skipast, og eftir að hafa skyggnst t. d. undanfarnar vikur nákvæmlega í ritverk frambjóðenda í prófkjöri Sjálfstfl. í Reykjavík, að skýra frá þeirri skoðun minni, að ég held að Alþ. yrði ekkert betur skipað þó að búið yrði sérstaklega til pláss handa þessum mönnum, nokkrum þeirra, hér á Alþ. með því að láta þá koma í stað þeirra uppbótarþm. sem eru utan af landsbyggðinni. Ég get nefnilega ekki fundið að þm. landsbyggðarinnar séu of margir. Ég er alveg viss um að við höfum meira að gera en t. d. þm. Reykjavíkur og Reykjaness við þingstörf, og á ég þ. á m. við sjálfsagðan og eðlilegan erindrekstur fyrir kjördæmi okkar. Borgarstjórinn í Reykjavík getur farið sjálfur og rekið erindi borgarinnar í Stjórnarráðinu og fylgst með gangi mála í Stjórnarráðinu eða öðrum opinberum stofnunum, og þetta tekur hann ekki nema nokkra klukkutíma. En bæjarstjórinn á Siglufirði þarf að leggja á sig langa för, og oft þó nokkuð erfiða og ákaflega tímafreka, til þess að reka svipuð erindi fyrir sitt byggðarlag og það er ósköp eðlilegt að hann leiti til þm., sem eru hér fyrir sunnan hvort sem er, til þess að taka af sér ómakið, því að við eigum þægilegt með að reka erindi fyrir hann á engri stundu, eins og borgarstjórinn í Reykjavík mundi geta, en tæki bæjarstjórann vikuna.

Ég vil líka tala um persónulega fyrirgreiðslu við kjósendur sem sumir angurgapar hafa verið að tala illa um og talið mjög forkastanlega. Ég tel hana hins vegar sjálfsagða og tek ekkert nærri mér að gera fólki greiða, ef ég á þess kost. Öll þau erindi, sem ég hef verið beðinn um að reka fyrir fólk persónulega, hafa verið réttmæt og sjálfsögð og heiðarleg. Stjórnkerfi okkar vinnur stundum óþarflega hægt og erindi stöðvast óratíma vegna þess að e. t. v. eru á þeim einhverjir formgallar. Þessu er oft auðvelt að kippa í lag ef fylgst er með hvað er að gerast eða hvað tefur. Og þm. er ekkert of góður til þess að gera þetta ef hann getur. Ég hef rekið erindi fyrir flokksbræður mína eða skoðanabræður, en ég hef ekkert síður rekið erindi fyrir andstæðinga mína í pólitík, þegar þeir hafa beðið mig þess, og ég vísa algerlega á bug öllu kjaftæði um einhverja ósæmilega fyrirgreiðslupólitík sem einstöku menn hafa verið að slá um sig með og sagt að væri alveg forkastanleg.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hafa nú orðið allmiklar umr. um bæði það frv., sem hér er nú á dagskrá, svo og almennt um kosningalög og það sem að þeim lýtur. Vissulega er ekkert óeðlilegt að slíkt gerist.

Ég held að varla geti nokkur hv. þm. verið í vafa um að þeirri skoðun vex ört fylgi að kjósendum skuli gefið meira tækifæri til að hafa áhrif á val frambjóðenda til þings en tíðkast hefur á undanförnum árum. Ég trúi a. m. k. ekki öðru en þm. allir hafi orðið þessa varir. Og það er enginn vafi á því í mínum huga að hér er um vaxandi hóp að ræða og raddir sem í raun og veru krefjast þess að fá að hafa meiri áhrif á þessi mál en verið hefur.

Á þessu þingi hafa orðið miklum mun meiri umr. um þetta og almennari en á nokkrum þingum áður, og ég hygg að m. a. það, þessi aukna krafa kjósendanna um meiri ítök, sé því að kenna eða þakka, eftir því hvernig á er litið, að meira er nú rætt um þessi mál en oft áður. Sumum hverjum hefur orðið svo brátt, að á fyrstu dögum þingsins var farið upp hér utan dagskrár til þess að vekja athygli sérstaklega á þessum málefnum, sem viðkomandi telja, að þurfi að vinda bráðan bug að að breyta.

Hvort þessi þunga sókn almennings í landinu að því marki að fá frekar að ráða hér um hefur orðið þess valdandi að nær allir og líklega allir formenn stjórnmálaflokka í landinu kváðu svo stíft að orði sem raun bar vitni í margnefndum sjónvarpsþætti hér fyrr í haust, — hvort þessi þunga alda hefur orðið til þess að þeir virtust svo einhuga og umhugað um að hér yrði breyting á gerð, það skal ég ósagt láta. En ég hygg að engum hafi dulist það, sem í þessum foringjum heyrðu, að þeir töluðu á þann veg að fyllilega mætti ætlast til þess eða búast við því, að í þessum efnum yrði breyting gerð á þessu þingi. Nú virðist mér hins vegar að margir af þessum forustumönnum í stjórnmálaflokkunum keppist um það hver um annan þveran að hlaupa frá þessum yfirlýsingum, hlaupa frá því að takast á við þetta mál til þess að gera á því raunhæfa breytingu í þá átt sem almenningur í landinu krefst.

Það hefur verið vikið að því hér, og er leitt til þess að vita, að sú segulbandsspóla, sem þetta var tekið upp á í sjónvarpinu, mun nú vera týnd og tröllum gefin, þ. e. a. s. ekkert er hægt að átta sig á henni. Það er með ólíkindum að slíkt skuli geta gerst. Það þarf kannske illgirni til að láta sér detta í hug að eitthvað álíka hafi komið fyrir þessa spólu og Watergate-spólurnar á sínum tíma. Ég veit ekki hvort það er óeðlilegt að mönnum hugkvæmist eitthvað slíkt, þegar atburðir sem þessir geta gerst. En hvað sem um það er, þá hafa hv. þm. heyrt að sumir hverra þessara foringja í stjórnmálaflokkunum hafa nú hvikað allverulega frá þeim ummælum sem þeir viðhöfðu í títt nefndum sjónvarpsþætti.

Hér var orðum beint til hæstv. menntmrh. áðan og beðið um þau skilaboð til hans, af því að hann er ekki hér á þingfundi, að hann gerði nú gangskör að því að upplýsa með hvaða hætti slíkt geti átt sér stað í þessari stofnun, sem undir hann heyrir. Ég ætlaði mér að biðja hv. þm. Þórarin Þórarinsson sem formann útvarpsráðs að hlaupa undir bagga og taka til í þessum efnum. Hann er líka horfinn af þingfundi, en eftir situr varaformaður útvarpsráðs, sem er hv. þm. Ellert B. Schram, og hér með er þeim óskum komið á framfæri við hann, að hann geri til þess ráðstafanir að a. m. k. fáist úr því skorið með hvaða hætti þetta hefur getað gerst hjá sjónvarpinu, því að ef mikil brögð hafa verið að slíku er ómögulegt að henda reiður á eða hafa

handfast tak á þeim spekingum og foringjum sem fram kunna að koma í sjónvarpi í náinni framtíð, en að mínu viti er nauðsynlegt að hafa tak á þeim.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni fyrr á Alþ., að ég er eindregið fylgjandi því að auka rétt kjósenda til þess að hafa áhrif á röðun á lista og þá áhrif á það, hvaða menn verða valdir til setu hér á Alþ. Það er ekkert skemmtilegt að horfa upp á það ár eftir ár og kennske áratug eftir áratug, að pólitísku flokkarnir skuli geta skipað svo málum í trausti flokksfjötra og flokksvalds að þeir ráði til lífstíðar kannske 4 af hverjum 5 þm. í hverju kjördæmi í landinu. Þetta höfum við búið við og verðum að búa við ef engin breyting á sér stað.

Ég lýsi því eindregnum stuðningi við þetta frv. sem hér er til umr. Ég er að vísu ekkert hissa á því, þó að hinir rótgrónustu foringjar í hinum pólitísku flokkum, eins og hv. 2. þm. Austf., rísi hér upp á afturfætur og berji lóminn og segi að hér sé allt að fara úr böndum, ef að einhverju leyti verður slakað á flokksfjötrunum. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson er sá þm. sem hvað harðast hefur talað gegn beinni rýmkun að því er þetta varðar, að kjósendur hafi meiri áhrif til vals á frambjóðendum á listum flokka. Hann heldur enn í hina gömlu kenningu, að því aðeins sé hlutur inn góður að hann komi beint frá toppnum í flokknum. Vel má vera að þetta hafi verið svo í gegnum árin, t. d. hjá Alþb. eða fleiri flokkum. Ég dreg það þó mjög í efa. Ég held að það geti ekki síður komið til góðir einstaklingar, sem eru valdir af þeim kjósendum flokksins sem á annað borð aðhyllast að einhverju leyti — mismunandi miklu kannske — þá skoðun sem viðkomandi flokkur hefur. Og það er enginn vafi á því, að það er full þörf á að breyta í þá átt að almennur kjósandi hafi meiri áhrif en verið hefur.

Menn hafa mikið talað um að það þyrfti að afnema æviráðningu opinberra starfsmanna, og ég fagna því. Það þarf vissulega að breyta betur þar til en gert hefur verið. En það þarf einnig að breyta því, að í valdi pólitísks flokks sé verið að ráða þennan eða þennan einstaklinginn til lífstíðarsetu hér á Alþ. fyrir viðkomandi flokk í trausti þess fyrirkomulags sem við nú búum við. Það er staðreynd að þetta hefur gerst og mun verða áfram, fái flokkarnir þetta vald sem þeim var gefið og þeir hafa haft til þess að skipa þessum málum á þennan veg.

Ekki alls fyrir löngu mælti hv. þm. Ragnar Arnalds fyrir þáltill. hér á Alþ., sem stefnir í sömu átt og það frv. sem hér er nú til umr. Þar talaði þáv. formaður Alþb., og flm. þessarar till. eru nokkrir aðrir þm. Alþb. sem virðast vera á þeirri skoðun, ef á annað borð á að taka mark á flutningi þessarar þáltill., að þeir vilja breyta til, vilja gefa kjósendum meira áhrifavald til þess að ráða þessum málum. Svo rís hér upp hinn nýkjörni formaður Alþb., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, og gengur berserksgang og mótmælir öllu, sem kemur fram í þessu frv. og þar með auðvitað þáltill. sinna flokksbræðra, og segir að hér sé um gervilýðræði að ræða sem hann vilji ekkert hafa með. (**Gripið fram í:** Það er þægilegra að vera bara einn í flokki.) Já, vissulega er það betra undir þeim kringumstæðum sem flokkarnir hafa skipað málum í dag, þ. e. a. s. ef hv. þm., sem í hinum rótgrónu flokkum eru, hafa ekki bein í nefinu til þess að hafa sjálfstæðar skoðanir, og það á því miður við um þá flesta.

Mér finnst skjóta skökku við að á þessum tímum, eftir það sem á undan er gengið, skuli enn finnast sterkir málsvarar þess, áhrifamenn í flokkum, að brýna nauðsyn beri til þess að liðka ekkert til í þessu máli, það kunni ekki góðri lukku að stýra að kjósendur fái meiri áhrif til vals á frambjóðendum en nú sé, og meira að segja yrði það til þess að skapa alls konar klíkur í sambandi við þessi mál. Líklega hefur enginn orðið var við að klíkur hafi myndast eða unnið hafi verið í klíkum í hinum gömlu pólitísku flokkum undir núverandi ástandi. Ég held að allt tal um að hér sé verið að óska eftir breytingu, sem hafi í för með sér að allt riðlist í landinu við þetta, sé vísvitandi blekking manna sem vita betur, en óttast kannske að hinn almenni kjósandi fái meiri áhrif á þessi mál en hann hefur haft hingað til.

Ég hygg að það hafi ekki hvarflað að neinum, eða a. m. k. hef ég ekki heyrt að það hafi hvarflað að neinum, að með breytingu eins og t. d. hér er verið að tala um í þessu frv. sé verið að bjóða form sem verði þess valdandi að það eyðileggi alla starfsemi hinna pólitísku flokka í landinu. Það er síður en svo. Það, sem er þegar búið að eyðileggja að verulegu leyti eðlilega starfsemi stjórnmálaflokkanna í landinu — og heldur áfram að gera það í auknum mæli verði ekkert að gert, er hvernig flokkarnir sjálfir hafa skipað þessum málum og a. m. k. sumir hverjir foringjar þeirra virðast vilja halda áfram að skipa þeim. Það mun verða miklu fremur til að eyðileggja það eðlilega starf, pólitíska starf, sem á að fara fram í stjórnmálaflokkum, en það frv. sem hér er verið að tala um og gerir ráð fyrir að breyta í þá veru sem þar segir. Það er því augljóst mál að mínu viti, og ég er ekki í neinum vafa um að mikill meiri hluti kjósenda í landinu æskir þess, að breytingar verði hér á gerðar. Og það er eðlileg ósk, vegna þess að það skipulag, sem við höfum búið við frá því 1959, hefur reynst á þann veg að flokksræðið hefur svo tröllriðið í þessum efnum, að almenningur í landinu telur sig ekki lengur geta við slíkt unað. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti. Ég lofa að vera stuttorður og ég mun standa við það. (**Forseti:** Ég vona að hv. þm. verði ekki mjög lengi.)

Ég þarf í raun og veru ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en ég vildi við þessa 1. umr. lýsa stuðningi mínum við þetta mál. Vissulega hefði verið ástæða til þess að ræða frekar þau mörgu atriði sem hér hafa komið fram í umr. um þetta mál, og ekki kannske síst það mál sem a. m. k. ber hátt í þessum umr., það sem menn kalla vægi atkv. á bak við hvern þm. En til þess gefst væntanlega tækifæri síðar. Ég skal því ekki hafa fleiri orð um þetta.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 23. fundur.

Fimmtudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kosning varamanns í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins í stað Jóns Árnasonar, sem andaðist 23. júlí 1977, til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar.

Aðeins einn maður, Friðjón Þórðarson, var tilnefndur. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörinn væri: Friðjón Þórðarson alþm.

Skipulag orkumála, þáltill. (þskj. 30). — Frh. einnar umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Fyrr við þessa umr. lagði ég hér nokkur orð í belg varðandi þetta mál, þó ekki að því er varðar efnisatriði þess nema að örlitlu leyti. Ég vakti þá fyrst og fremst athygli á því, hvernig að þessu máli væri staðið, þ. e. a. s. að einn af þeim mönnum, sem stæði á í þeirri stjórnskipuðu n. sem gera á till. um skipulag orkumála, er 1. flm. að þessari þáltill. Ég taldi þetta óeðlileg vinnubrögð og er þeirrar skoðunar enn, þrátt fyrir það sem fram hefur komið hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni að því er þetta varðar. Ég er þeirrar skoðunar, að það séu óeðlileg vinnubrögð, þegar búið er að setja á fót n. til þess að gera till. um heildarskipulag, í þessu tilfelli að því er varðar orkumál, að þá fari einstakir nm. að leggja fram sérstakar till. varðandi það mál áður en n. hefur komið sér saman um það skipulag sem hún gjarnan vildi á þessum málum hafa. Ég er ekki í neinum vafa um að ef svona yrði staðið að málum, þá væri að verulegu leyti verra að koma á eðlilegum starfsháttum og samskiptum að því er varðar mál eins og þetta. Ég trúi því vart að þeir hv. þm., sem eru annarrar skoðunar en ég í þessum efnum, telji það til bóta fyrir viðkomandi mál, að hver og einn nm. færi að leggja fram ákveðnar till. varðandi lausn á því máli sem sérstök n. hefur verið skipuð til að gera till. um. Ég held að þetta sé miður og ætti að fara sér a. m. k. hægt í vinnubrögð af þessu tagi.

Þegar ég talaði hér fyrr, þá gat ég þess, og það var í raun og veru eina efnisatriði till. sem ég ræddi þá, að ég gerði ráð fyrir að allir hv. þm. væru sammála um það sem stæði í þessari ályktun, að það skuli stefnt að jöfnun orkukostnaðar um land allt. Ég hygg að allir þm. séu um þetta sammála. Þetta var það eina, sem ég tjáði mig um að því er varðaði efnisatriði þessa máls. Það er því ekki rétt, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði fyrr við umr., að ég hefði lýst eindregnum stuðningi við till. í heild.

Ég sagði jafnframt, að ég teldi að þessi þáltill. færi a. m. k. á snið við þau lög sem afgreidd voru hér á Alþ. varðandi Orkubú Vestfjarða, og ég er sömu skoðunar enn, þrátt fyrir þær umr. sem hér hafa farið fram, og þrátt fyrir þann rökstuðning sem hv. 1. flm., Steingrímur Hermannsson, hefur komið með í þessu máli. Það er greinilegt á þessari þáltill., að hún stefnir ekki í sömu átt og lög um Orkubú Vestfjarða, enda þarf ég ekki að leiða fram sérstök rök að því, því að einn af meðflm. hv. þm. Steingríms Hermannssonar að þessari till., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, gerði grein fyrir viðhorfum sínum til málsins fyrr við umr. Hann sagði m. a. að varðandi Orkubú Vestfjarða hefði átt sér stað stefnumörkun með þeim lögum, og það er vissulega rétt, — stefnumörkun á þann veg, að Orkubúið á að annast öll stig raforkumála á Vestfjörðum. Og þessi hv. þm. sagði í áframhaldi af þessu: Þess vegna var ég á móti lögunum um Orkubú Vestfjarða, vegna þess að það er gert ráð fyrir samkv. lögum um Orkubúið að skipa þessum málum á annan veg en þessi þáltill gerir ráð fyrir. — Og hann bætti við, þessi hv. þm.: Það getur ekki eitt gilt í einum landshluta og eitthvað annað í öðrum. — Og þetta er alveg rökrétt hugsun hjá þessum hv. þm., en stangast gjörsamlega á við það sem 1. flm. þessarar þáltill. hefur sagt í þessu máli, ekki síst með tilliti til þess, að menn vissu ekki annað en að hv. þm. Steingrímur Hermannsson væri á öllum stigum þess máls, sem varðaði Orkubú Vestfjarða, samþykkur því sem þar var verið að gera, og hann lagði blessun sína yfir og greiddi atkv. með þeim lögum. Og hið sama gerði hv. þm. Gunnlaugur Finnsson.

Ég verð því að líta svo á að hafi þeir hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Gunnlaugur Finnsson verið þessarar skoðunar þegar lög um Orkubú Vestfjarða voru afgreidd og ákveðin, þá hafi þeir annað tveggja verið með sýndarmennsku að því er varðar afstöðuna til Orkubúsins eða þá að þeir hafa skipt um skoðun frá því, og kannske er þá komin fram ástæða fyrir því, hversu treglega virtist ganga að hrinda í framkvæmd lögum um Orkubú Vestfjarða. Kannske þessi tröppugangur, sem á því hefur verið, hafi verið vegna þess að þm. Framsfl. almennt og þar með taldir líklega hæstv. ráðh. hans hafi almennt verið á móti lögum um Orkubú Vestfjarða. Öðruvísi verður þetta ekki skilið eins og umr. um þessi mál hafa hér fram farið. Og sé þetta svona, þá hefur verið hér á ferðinni einhver mesta sýndarmennska að því er varðar afstöðu til mála sem a. m. k. lengi hefur verið viðhöfð hér á Alþingi.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur tekið það ómak af mér að gera sérstaklega grein fyrir þeirri skoðun minni, að þessi þáltill., eins og hún gerir ráð fyrir varðandi skipulag orkumála, stefni raunar þvert á lög um Orkubú Vestfjarða. Ég er hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni alveg sammála um þessa túlkun hans á þessu og get tekið undir það, en þarna greinir þá flokksbræður greinilega verulega á að því er varðar afstöðu til þessa máls. Og það er auðvitað fleira, sem þarna kemur til, sem ekki er kannske ástæða til að ræða sérstaklega, en heildarstefnan, heildarmarkmiðið, sem lög um Orkubú Vestfjarða gera ráð fyrir, er ekki á þann sama veg og þessi þáltill. ætlar.

Það var ýmislegt fleira, sem kom fram í þessum umr. Hv. 1. flm. þessarar till., Steingrímur Hermannsson, greindi frá því, að hér væri um að ræða stefnumótun miðstjórnar Framsfl. í orkumálum, — stefnumótun sem var, eftir því sem ég best veit, samþ. af Framsfl. áður en lög um Orkubú Vestfjarða voru afgreidd hér frá Alþ. Enn styrkir þetta þá skoðun mína, að um sýndarmennsku hafi verið að ræða hjá þessum

hv. tveimur þm., sem stóðu að Orkubúi Vestfjarða, varðandi afstöðuna til þess, vitandi vits, og hafa þeir samþ. aðra stefnu í orkumálum innan vébanda Framsfl. heldur en Orkubúið gerði ráð fyrir. Vitandi vits um þetta samþ. þeir Orkubúið á hverju einasta stigi sem það mál var til afgreiðslu á sínum tíma. Enn óskiljanlegra verður þetta þegar höfð eru í huga orð hv. þm. Páls Péturssonar, sem hann viðhafði hér fyrr við þessa umr., á þá leið, að þessi stefna Framsfl. í orkumálum hafi náðst fram vegna ágætrar forustu Steingríms Hermannssonar um mótun þessarar stefnu innan flokksins, — mótun þeirrar stefnu varðandi raforkumál, innan flokksins, sem stefnir þvert á þær ákvarðanir sem þessi hv. þm. hefur áður tekið.

Ég held að það sé því ljóst, að annaðhvort hafa átt sér stað sinnaskipti varðandi afstöðu þessara hv. þm. til málsins eða þá að þeir hafa leikið tveimur skjöldum varðandi afgreiðsluna á lögum Orkubú Vestfjarða.

Ég sagði hér fyrr við umr., að þessi þáltill. gerði t. d. ekki ráð fyrir sams konar afgreiðslu eða stefnu varðandi hitaveitumálin eins og er í lögum um Orkubú Vestfjarða. Ég vil einnig bæta því við, að í lögum um Orkubú Vesafjarða er einnig ráð fyrir því gert, að það fyrirtæki, sem þar er um að ræða, eigi og reki fjarvarmakyndistöðvar. Um slíkt er ekki að ræða í þessari þáltill., eftir því sem ég best sé. (Gripið fram í.) Hvernig sem á þetta mál er litið, þá held ég að enginn geti gengið fram hjá því, að þessi þáltill. um skipulag orkumála gengur þvert á lög um Orkubú Vestfjarða.

Ég vildi við þessa umr. koma þessum aths. á framfæri, vegna þess að ég gerði ekki verulega grein fyrir þessum sjónarmiðum mínum fyrr við umr., og það var af þeirri ástæðu, að ég taldi rétt að hæstv. iðnrh. gæfist kostur á að ræða þetta mál, og þá var því frestað, en nú hefur hæstv. ráðh. gert grein fyrir viðhorfum sínum varðandi málið.

Ég vil þó aðeins bæta því við, að ég lét þau orð falla hér fyrr við umr. varðandi vinnubrögðin, að ég ætti sæti í n. undir forustu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, hinni svokölluðu milliþn. í byggðamálum sem er nú búin að starfa alllengi án þess að í raun og veru hafi mikið frá henni komið eða mikið í henni gerst. En ég lét þess getið að í þeirri n. hefði það komið fram hjá formanninum, að það væri heldur óæskilegt að einstakir nm. væru að flytja sérstaklega mál hér inn í þingið sem heyrðu undir það verkefni sem þessi n. ætti að vinna að. Ég tel að á sama hátt sé óeðlilegt að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, að vísu undir formennsku annars þm. í annarri n., sé með tillöguflutning að því er varðar skipulag orkumála, með hliðsjón af því að hann á sæti í þeirri n. sem um það mál á að fjalla.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð hér um, en aðeins til gamans er e. t. v. rétt að lokum að vekja á því athygli eða kannske frekar spyrjast fyrir um það, sem kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni í framhaldi af því, þegar hann var búinn að lýsa hinum góðu kostum hv. þm. Steingríms Hermannssonar til þess að laða fram sameiginleg sjónarmið Framsfl. varðandi skipulag orkumála, — í framhaldi af þessu fór hv. þm. Páll Pétursson að tala um Sigöldu sem hefði verið virkjuð of stórt. Ég veit ekki annað en að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hafi verið samþykkur þeirri framkvæmd. Og í framhaldi af því nefndi hv. þm. Páll Pétursson járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði sem hefði verið ákveðið að reisa vegna þess, hversu stórt var virkjað við Sigöldu. Ég veit ekki betur en að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hafi samþ. þá framkvæmd einu og öllu. En síðan bætti þessi hv. þm. því við, að það hefði verið nær að flytja það rafmagn, sem fékkst við Sigölduvirkjun, til Norðurlands. Kannske hefur þetta líka verið að frumkvæði eða undir forustu hv. þm. Steingríms Hermannssonar sem aðalsérfræðings þeirra framsóknarmanna í orkumálum og skipulagi þeirra. Það er nú kannske frekar til gamans að þetta er nefnt hér, en þetta kom mér svona fyrir sjónir, vegna þess að hv. þm. Páll Pétursson greindi frá þessu í áframhaldi af þeirri hinni ágætu lýsingu sinni á hæfileikum hv. þm. Steingríms Hermannssonar til þess að veita skipulagi orkumála innan Framsfl. brautargengi.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs undir umr. um þetta mál fyrir tveimur dögum til þess að koma á framfæri smávægilegum leiðréttingum við orð nokkurra hv. ræðumanna í þeim umr. Þrír hv. þm. Framsfl. töldu að ég hefði í ræðu minni um þetta mál á þriðjudaginn var ásakað hv. 1. flm. þessarar þáltill. um siðleysi. Þetta tel ég rangt með farið og annað tveggja misskilning eða rangtúlkun þessara hv. ræðumanna.

Í ræðu minni sagði ég á þá lund, mjög með sama hætti og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, að það væru að mínum dómi óvenjuleg vinnubrögð að nm. í stjórnskipaðri n., sem falið hefur verið að vinna að lausn tiltekinna mála og leggja till. fyrir ríkisstj., hlaupi allt í einu til og flytji málið inn á Alþ. á meðan n. situr að störfum. Ég sagði einnig að ég minntist þess ekki, að þm. hefðu yfirleitt staðið þannig að málum. Ég minnist þess ekki, að stjórnarandstöðuþm. hafi talið það vera eðlileg vinnubrögð hvað þá stjórnarstuðningsmenn. Fram hjá þessum siðareglum, sem þm. almennt hafa tamið sér virðist hv. 1. flm. þessarar till. hafa farið.

Ég nefndi aldrei siðleysi í ræðu minni, og ég geri nokkurn greinarmun á því, hvort farið sé fram hjá siðareglum, sem hv. alþm. hafa almennt tamið sér, eða hvort þeir eru ásakaðir um siðleysi. Hér á hv. Alþ. gilda t. d. vissar siðareglur í þessum ræðustól að því er tekur til að ávarpa þm. eða forseta. Ef ræðumaður í þessum ræðustól nefnir einhvern þm. með nafni án þess að segja hv. þm. eða kenna hann við kjördæmi sitt, hv. 2. þm. Vestf., — ef hann hefur ekki í heiðri þessa þingvenju t. d., þá fer hann fram hjá siðareglum sem haldnar skulu í heiðri. Hins vegar dytti mér aldrei í hug að saka þm., sem yrði þetta á, um siðleysi. Á þessu er reginmunur.

Hér er því um útúrsnúning eða rangtúlkun á máli mínu að ræða og einkennilegt að þrír hv. þm. Framsfl. skyldu bera sér þetta í munn.

Ég skal ekki ræða þetta mál miklu meir. Ég vil aðeins taka það fram, að skýringar hv. þm.

Steingríms Hermannssonar, 1. flm. þessarar till., er hann flutti og áttu að sanna það að vel gæti farið saman þessi þáltill. og lög um Orkubú Vestfjarða, voru yfirklór eitt. Það var auðvitað ekki þess að vænta, að aðrar skýringar fengjust, og má segja að yfirklórið hafi ekki verið verra en búast mátti við.

Hv. 1. flm. þessarar till. taldi að ég hefði ekki farið fyllilega rétt með, þar sem ég ræddi um að till. gerði ráð fyrir að sameina í einu fyrirtæki öll raforkuvinnslufyrirtæki landsins. Ég get vel beðið afsökunar á því, ef ég hef farið þarna lítillega rangt með, en í tillgr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki, sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. Ríkisstj. taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks rekstrar í einni landsveitu.“

Þarna segir skýrt og greinilega í tillgr. sjálfri: „alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta“, og upp eru talin a. m. k. flestöll fyrirtæki sem þetta hafa með höndum. Og í framhaldinu er gefið í skyn að önnur, sem ekki eru upp talin, skuli einnig falla undir þetta.

Þessar hártoganir hv. þm. eru því auðvitað hreinn orðaleikur og ekki hægt að festa mikið hönd á slíku. Auðvitað dettur mér ekki í hug, ef t. d. bóndinn í Æðey setti upp vindmyllu til þess að vinna rafmagn til heimilisnotkunar og annars brúks þar í eynni, að það fyrirtæki skyldi endilega verða sameinað þessu landsfyrirtæki. Það hefur mér ekki dottið í hug. En orðaskak hv. þm. Steingríms Hermannssonar af þessu tilefni er líkast því að barist sé við vindmyllur.

Hv. þm. taldi það mjög til gildis þessari þáltill., að nauðsynlegt væri að fram kæmi á Alþ. hinn pólitíski vilji í þessu máli, þ. e. til skipulags orkumála í landinu. Það er ekki fyrir að synja, að það hafi sína kosti og sé nauðsynlegt að það gerist fyrr eða síðar. Ég hygg þó að hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, og hv. 3. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, hafi m. a. verið skipaðir í þessa n., sem á að endurskoða lög um heildarskipulag orkumála í landinu og leggja till. þar um fyrir Alþ. og ríkisstj., til þess að þar gætu komist að hin pólitísku sjónarmið og till. orðið mótaðar í samræmi við hinn pólitíska vilja. Þeir eru fulltrúar tveggja stærstu þingflokkanna, þeirra flokka sem styðja núv. hæstv. ríkisstj. Það hefði því verið æskilegra að mínum dómi, að hinn pólitíski vilji þessara hv. þm. beggja og þeirra stjórnmálaflokka, sem þeir eru fulltrúar fyrir, kæmi fram í till. n. þegar hún skilar af sér störfum heldur en að einn nm. fari, eins og hér hefur gerst, að flytja málið inn á Alþ. og setja þar fram ákveðnar skoðanir meðan málið er í undirbúningi í n. sem hann situr sjálfur í.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þetta er þriðji dagurinn sem fram fara umr. um þessa þáltill., svo að það má nærri geta að margt merkilegt og skynsamlegt sé búið að segja. Og ég vil segja það sem mína skoðun, að mér hafa fundist þessar umr. hinar athyglisverðustu. Ég er sammála því, sem fram hefur komið hjá einstökum ræðumönnum, í sumum efnum, þó að ég sé andvígur öðru. En ég hef ekki hugsað mér að fara að ræða þetta mál efnislega nú. Ég hef talað áður í þessum umr. og lagði þá áherslu á að við ættum að vera sammála um meginmarkmið í orkumálum. Og ég held að við séum sammála um meginmarkmiðin. En vandamálið er að koma sér niður á það skipulag sem best stuðlar að því að ná þessum markmiðum.

Ég sagði áðan, að ég ætlaði ekki að fara að ræða einstök atriði sem fram hafa komið í málflutningi manna hér, en vil þó aðeins gera eina undantekningu.

Það hefur borið hér á góma, að það væru nokkuð óeðlileg vinnubrögð hjá hæstv. iðnrh. og ríkisstj. að láta skipulag orkumálanna og meðferð þeirra mála bera þannig að nú, að skipa fyrst n. í hinum einstöku landshlutum til þess að vinna að þessum málum, en skipa síðar n. sem á að gera till. um heildarskipun orkumála og endurskoða orkulögin í heild.

Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. En ég bið menn að hafa í huga að eitt af því, sem við erum allir sammála um, er að það eigi að taka tillit til félagslegra sjónarmiða í þessum efnum á þann veg að kveðja til fólkið í hinum dreifðu byggðum með það fyrir augum að gera hlut landshlutanna stærri í framkvæmd orkumálanna en hefur verið. Ef við erum sammála um þetta, þá hygg ég að við nánari athugun getum við verið sammála um að það sé eðlilegt að spyrja þetta fólk ráða og vita nokkuð um álit þess og áhugamál í þessum efnum áður en gengið er frá heildarskipulaginu. Menn segja kannske að það sé mismunandi, eins og hér hefur komið fram í umr., hvað fólkið vilji, það geti verið einn vilji í einum landshluta, en annar í öðrum. Þetta er rétt. En hvað meinum við með því að fá fólkinu meira áhrifavald í þessum efnum? Það er í raun og veru fyrst og fremst talað um að sveitarfélögin komi inn í á þann hátt, að þau séu aðilar í einhverju formi að orkuvinnslu- eða orkudreifingarfyrirtækjum í samvinnu við ríkið. Ef við meinum þetta, þá verðum við að hafa sveitarfélögin með í ráðum. Það er ekki hægt að framkvæma neitt í þessa átt nema með vilja sveitarfélaganna. Annað er að mínu viti óraunhæft. En það er rétt, það getur verið mismunandi hvað sveitarfélögin vilja. Því hef ég litið svo á, að ef við meinum eitthvað með landshlutafyrirtækjum, þá verðum við að vera viðbúnir því að landshlutafyrirtæki þurfi ekki að vera eins upp byggð í öllum landshlutum, það verði að fara eftir aðstæðum í hverjum landshluta fyrir sig og vilja sveitarfélaganna og fólksins þar. Það er þess vegna þýðingarmikið að vita sem gleggst um vilja og viðhorf manna um allt land í þessum efnum áður en við göngum frá heildarskipulaginu. Mér sýnist því að ekki hafi verið rangt að farið í þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð.

Hv. 1. flm. þessarar till., 2. þm. Vestf., vék mjög lofsamlega að því, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, og sagði, að í flestum atvikum sæi ég raunar kosti á skipulagi því sem þessi till. gerir ráð fyrir. Ég er þakklátur hv. 2. þm. Vestf. fyrir

þessi ummæli, því að ég veit að þau mótast af því, að hann vill hlut minn sem mestan í þessum málum. En ég hygg einnig að þeir aðrir, sem vilja hlut minn mikinn í þessum málum og eru á öndverðum meiði við hv. 2. þm. Vestf., muni geta sagt eitthvað álíka um ræðu mína, að í flestum atriðum sæi ég raunar kosti á því sem þeir lögðu til og var andstætt þessari till. Sannleikurinn er sá, að ég leitaðist við að ræða þessi mál á málefnalegum grundvelli. Mér finnst að það verði að hlusta á allar hugmyndir, sem fram koma, vega þær og meta af hinni mestu kostgæfni. Vegna þess að ég legg mikla áherslu á þetta hef ég e. t. v. gert mig sekan um yfirsjón að endurflytja ekki hér á Alþ. ásamt rúmlega 10 sjálfstæðisþm. till. um skipulag orkumála sem við fluttum síðast fyrir þremur árum og gekk í veigamiklum atriðum í berhögg við þessa till. En ég hef ekki gert það, því að ég hlýt að hafa þessa till. í huga við störf mín í skipulagsnefnd orkumála sem á að gera heildartillögur. Þar þurfum við að hafa allar hugmyndir til athugunar, hvaðan sem þær koma, og ég fullyrði að það hafa komið mjög athyglisverðar hugmyndir frá öllum stjórnmálaflokkunum í þessum efnum. En málið er margþætt og margslungið.

Á fyrsta fundi skipulagsnefndar orkumála, sem mjög hefur verið til umr. hér við þessar umr., sagði ég í upphafi fundar eitthvað á þessa leið:

Við erum hér saman komnir til þess að vinna að mjög mikilvægu máli. Það er mjög erfitt viðfangs. Við þurfum að grandskoða það á mjög breiðum grundvelli. Við megum ekki varpa fyrir fram fyrir borð neinum hugmyndum sem fram koma. Við skulum athuga þær, grandskoða. Við skulum halda svo á starfi okkar varðandi hvert atriði, þar sem ágreiningur kann að vera í upphafi eða skoðanir okkar fyrir fram hafa verið andstæður, að við afgreiðum það á þann veg að við látum sannfærast eða sannfærum hverjir aðra. Ef okkur tekst ekki að vinna í þessum anda í þessari n., þá óttast ég að litill sem enginn árangur verði af starfi nefndarinnar.

Þetta voru mín fyrstu orð í n. þessari, og mér finnst þessar umr. hafa gefið tilefni til þess að rifja þau hér upp.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. Karvel Pálmasyni á það, að við fáum tækifæri til að flytja ræður eins og hann flutti áðan á framboðsfundum á Vestfjörðum í vor. Mér finnst að sleggjudómar og fullyrðingar eins og þar komu fram eigi frekar erindi þangað og mun nú ekki taka þátt í slíku. Ég vil jafnframt biðja hann afsökunar á því, að ég skuli hafa ætlað honum að hafa skoðun í þessu máli. Það er eflaust til of mikils ætlast. En ég skildi orð hans í fyrstu ræðunni svo, að hann styddi þessa till., en það er sem sagt rangt og tekið til baka.

Hv. þm. Karvel Pálmason og reyndar hv. þm. Pálmi Jónsson ræddu nokkuð um Orkubúið og að þessi till. gengi á snið við það. Ég vil enn andmæla þessu, og ég vil vekja athygli á því, að þeir, sem hafa talið svo, þessir tveir ágætu þm., hafa, eftir því sem ég hef best tekið eftir, ekki nefnt eitt atriði þar sem þetta gangi á snið við Orkubúið. Hv. þm. Karvel Pálmason sagði sem sagt að í þessari till. væri ekki ætlast til þess að fyrirtækið ræki hitaveitur. Ég vil reyna að leiðrétta þetta enn einu sinni. Ég vil enn vekja athygli á því, að í 2. lið þessarar till. er talað um landshlutafyrirtæki. Orkubú Vestfjarða er landshlutafyrirtæki það er ekki landsveita. Hér segir: „Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum, sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna.“ Það kann að vera að orðið hitaveita valdi þarna einhverjum misskilningi, en hitaveita er hið almenna orð bæði um fjarkyndistöðvar og fjarhitunarstöðvar. Það er allt hitaveita sem veitir hita frá einum stað í gegnum ákveðið kerfi til notkunar. Þetta er hið almenna orð um hitaveitu. Stundum er það kallað fjarkyndistöð, þegar um kyndistöð er að ræða þar sem hitinn er framleiddur. Og stundum eru þær nefndar jarðvarmaveitur. En hitaveita er hið almenna orð. Ef þetta hefur valdið einhverjum misskilningi, þá vil ég jafnframt benda mönnum á það, að í grg. er þetta nánar undirstrikað, og þar eru reyndar notuð orðin: „reki jarðvarmaveitur eða fjarhitunarstöðvar“. Hér segir, með leyfi forseta: „Eðlilegt er jafnframt að landshlutaveitur eigi og reki jarðvarmaveitur eða fjarhitunarstöðvar.“ Ég vona því að þessi misskilningur sé leiðréttur. Að þessu leyti gengur þetta alls ekki á snið við Orkubú Vestfjarða. Það er alls ekki rétt.

Hitt er annað mál, eins og ég hef sagt, að það má segja að þetta stangist á að því leyti, að Orkubúi Vestfjarða er ætlað að reka aflstöðvar. Það hef ég alltaf viðurkennt. Þess vegna hef ég hvað eftir annað lagt áherslu á það, að ég teldi æskilegra að þessar aflstöðvar, sem eru um 11 mw, væru reknar af einni landsveitu, og ég hef aldrei farið leynt með það. Ég legg einnig áherslu á það, að teknar verði upp viðræður við Orkubú Vestfjarða um að landsveita, ef á fót verður sett, taki við rekstri þessara aflstöðva. Hitt er svo annað mál, að þessar aflstöðvar eru ekki nema 2.3% af uppsettu afli í vatnsaflsstöðvum hér á landi, og mér finnst raunar skipta ákaflega litlu máli hvorum megin þær liggja. Þetta er ekki hluti af meginraforkuvinnslu landsins. Ég vísa því enn þá algjörlega á bug, að þessar till. okkar gangi á einhvern máta gegn Orkubúinu. Ég veit að innan Framsfl. eru nokkuð skiptar skoðanir um það. Þó hygg ég að þær séu fyrst og fremst á þeim grundvelli reistar, að menn telji þar margir, og ég er því sammála, að það hefði verið réttara að ákveða heildarskipulagið um orkuvinnslu eða orkudreifingu í landinu áður en ákveðið væri um orkumál einstakra landshluta. Ég held að það sé þetta atriði sem margir þessara aðila leggja fyrst og fremst áherslu á. Þannig tók ég m. a. þau orð sem hv. 5. þm. Austurl. sagði þegar þetta var rætt s. l. þriðjudag.

Hv. þm. Karvel Pálmason var með dylgjur um það, að við þm. Framsfl. á Vestfjörðum hefðum tafið fyrir Orkubúinu. Mér þykir þetta furðulegt. Ég veit ekki betur en allir þm. Vestf. hafi staðið einhuga um Orkubúið, ég hef hvergi heyrt annað. Ég ætla ekki að bera honum á brýn eða neinum öðrum, að þeir hafi tafið fyrir því. En ég hef

í þeim viðræðum, sem ég hef átt m. a. við hæstv. ráðh. og fleiri um þetta mál, lagt á það ríka áherslu að lína yrði lögð frá byggðalínunni eða meginraforkukerfi landsins inn á Vestfirðina af öðrum en Orkubúi Vestfjarða. Ég hef sagt að ég liti á þetta sem nánast skilyrði fyrir því að Orkubúið gæti starfað svo að viðunandi væri. Ef þetta hefur tafið eitthvað fyrir, þá hef ég ekki verið einn um það, því að þetta er skilyrði sem nánast hvert einasta sveitarfélag á Vestfjörðum hefur sett. Og ég get bætt því við, að ég lagði áherslu á þetta skilyrði vegna þess einnig, að þetta greinir Orkubúið frá landsveitu. Í okkar till. er gert ráð fyrir að landsveita eigi slíkar stofnlínur. Af þeirri ástæðu m. a. taldi ég algjörlega óeðlilegt og ganga gegn samþykkt Framsfl. í þessu máli að Orkubú Vestfjarða ætti stofnlínuna inn á Vestfirði. Ég tel að þarna hafi raunar hugmyndir sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum verið mjög í samræmi við þær hugmyndir sem við setjum fram í þeirri till. sem hér er til umr. Eins og margsinnis hefur verið vakin athygli á, segir hér: „að koma á fót einu fyrirtæki, sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta". *Ég vil algjörlega vísa* því á bug, að við höfum á nokkurn máta reynt að tefja fyrir þessu máli. Við höfum lagt áherslu á þennan þátt og það hafa, hygg ég, aðrir þm. Vestf. einnig gert.

Ég ætla ekki að fara að ræða um milliþn. um byggðamál. Það getur komið tækifæri til þess síðar að ræða um það sem sú n. hefur gert. Ég vil bara leggja áherslu á það, að ég tel að sú n. hafi komið ýmsu góðu til leiðar. Vel má segja að það hefði mátt vera meira, en það, sem hefur áunnist, er þó mikilvægt, t. d. að fá byggðadeild setta á fót við Framkvæmdastofnun ríkisins, en ég fer ekki lengra út í það.

Ég vil þakka hv. þm. Pálma Jónssyni fyrir kennslustund í siðareglum. Hvort það er siðleysi að fara fram hjá siðareglum eða ekki skal ég ekki dæma um, en mér finnst satt að segja heldur lítill munur þar á og sú skýring, sem þarna kom fram, svo ég noti hans eigin orð, sé yfirklór eitt. Í landinu eru 14 raforkuframleiðslufyrirtæki. Við erum ekki að tala um að sameina vindrafstöðvar, og ég held að þetta sér algjör útúrsnúningur. Við meira að segja tölum um alla meginraforkuframleiðsluna, og við teljum að þessu sé náð þótt ekki verði öll þessi 14 raforkuvinnslufyrirtæki sameinuð. Þetta hef ég margsagt, þetta kemur fram í *till.*, kemur fram í grg., og *ég vona* að það sé enginn misskilningur um það. Hins vegar er þetta lítilfjörlegt atriði. Hv. þm. viðurkenndi að hann kynni að hafa misskilið till. að einhverju leyti, og ég vona að það sé nú leiðrétt.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona að þessar umr. hafi þegar orðið til nokkurs gagns og vísi nokkuð veginn sem hv. þm. vilja fara á þessu mikilvæga sviði. Ég ætlaði að endurtaka það sem ég sagði síðast um beiðni hæstv. orkumrh. um að við legðum ekki áherslu á að þessi till. yrði afgreidd það fljótt að umræddd n. fengi ekki tækifæri til að starfa lengur. Ég sé að hann er ekki við. En ég sagði síðast, að við föllumst með ánægju á tilmæli hæstv. ráðh. í þessu sambandi.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera smávægilegar athugasemdir og skal ekki lengja þessa umr. að ráði. En mér finnst það út af fyrir sig furðulegt vegna þeirra umr., sem hér hafa átt sér stað, að bera það fram að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hafi ekki staðið að Orkubúi Vestfjarða af fullum krafti. Ekki hefur farið fram hjá okkur öðrum þm. í Framsfl. að það hefur hann gert.

Ég vildi aðeins ítreka það sem ég sagði hér, vegna þess að það hefur verið nokkuð um það rætt hvers vegna ég var á móti lagasetningunni um Orkubú Vestfjarða. Ég sagði í ræðu minni: Mér fannst lagasetningin ótímabær, þar sem heildarstefnan í landinu hafði ekki verið mörkuð. — Þetta eru þau orð sem ég viðhafði, og aðra röksemdafærslu fyrir þeirri afstöðu minni má finna í umr. við afgreiðslu á því lagafrv.

Ég tek undir þau orð hv. 3. þm. Vestf., að auðvitað verður í slíku máli sem þessu að leita til aðila úti um allt land, úti í kjördæmunum. Ég er vissulega sammála því. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar við umr. síðast og er enn, að það hefði verið eðlilegra að það hefðu verið mótaðir einhverjir punktar, eitthvert uppkast að stefnu sem þessir aðilar hefðu fengið sem veganesti. Það er ekki sama og segja að þessir aðilar hefðu orðið því sammála. Ég hefði talið að það hefði verið betra að mynda einhvern slíkan heildarramma áður en þessar n. voru skipaðar. Ég sagði einnig að það væri oft hægt að vera vitur eftir á.

En ég vil sérstaklega leggja áherslu á, að ég taldi óeðlilegt að taka eitt af þessum nál., þ. e. nál. frá Vestfjörðum, og nota það til stefnumörkunar fyrir þann landsfjórðung. Það var það sem ég vildi leggja sérstaka áherslu á, því það hefur allmikil áhrif á umr. þessa máls í hinum landsfjórðungunum. Það hefur ekki farið fram hjá okkur á Austfjörðum í sambandi við umr. um þessi mál, að menn segja þar: Er ekki búið að ákveða eða setja upp það skipulag, að í hverjum landshluta skuli starfa svipað fyrirtæki og Orkubú Vestfjarða? Og ég vil einnig benda hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni á það, að mönnum í öðrum landshlutum líkar ekki heldur að það sé tekið eitt ákveðið nál. úr einum landshluta og það lögfest, því það eru margir sem skilja það sem ákveðna bendingu á hvern hátt þeir skuli leysa sín mál. Þetta líkar mönnum ekki. Ég tel að það hafi komið fram, að þetta *hafi verið á vissan hátt óskynsamlegt.* Ég hef ekki sagt að það sé út af fyrir sig óskynsamlegt að stofna Orkubú Vestfjarða, en það fyrirtæki verður að vera í einhverju samhengi við þá heildarstefnu sem verður mörkuð í orkumálum landsins. Ég á sérstaklega við það, að mér finnst óeðlilegt að þetta fyrirtæki annist virkjunarrannsóknir og virkjun fallvatna í þeim landshluta og aðaldreifingu raforkunnar á milli landshluta. Það eru þessi verkefni sem ég lagði sérstaka áherslu á að ættu að vera á landsvísu. En mér finnst að það komi mjög til greina, eins og kemur fram í okkar till., að fyrirtæki í landshlutunum annist dreifingu til neytenda.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram sem mínar stuttu athugasemdir.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi, þáltill. (þskj. 45). — Ein umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 45 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um upplýsinga- og fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi. Tillgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á menntmrh. að beita sér fyrir því, að sjónvarpið hefji svo fljótt sem verða má reglulega upplýsinga- og fræðsluþætti um efnahagsmál í umsjá viðskiptadeildar Háskólans og Þjóðhagsstofnunar."

Það er árciðanlega ekki ofmælt þegar ég segi, að margir ágætir landsmenn hafa mörg undanfarandi ár haft verulegar áhyggjur af þeim tröppugangi sem orðið hefur í þróun efnahagsmála hér á landi. Þar hefur það ítrekað gerst, að landsmenn hafa búið við vaxandi velsæld og þjóðartekjur hafa aukist verulega, síðan hefur komið bakslag, þjóðartekjur hafa skyndilega minnkað og lífskjörin versnað verulega. Ýmsar kenningar eru uppi um meginástæður fyrir þessari þróun og sýnist þar sitt hverjum, sem ekki er óeðlilegt. En um hitt held ég að flestir landmenn séu sammála, að nauðsynlegt sé að draga mjög úr þessari sveiflukenndu þróun efnahagsmála landsins. Ég hygg að margir, sem hafa lagt sig sérstaklega eftir því að komast til botns í þessum málum, séu þeirrar skoðunar, að öllu lengur verður ekki frestað að grípa til þeirra aðgerða, sem mundu duga verulega til að draga meira úr þessum sveiflum en þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið í þessum efnum hingað til. Ætla ég ekki að fara miklu meira út í það nú.

Um mitt þetta ár varð veruleg breyting á *þróun efnahagsmála frá því sem verið hafði um* sinn þar áður. Við höfðum fram að þeim tíma búið við verulega auknar þjóðartekjur og það var full atvinna í landinu. Okkur hafði tekist að minnka mjög verulega viðskiptahalla sem hafði á árunum 1974 og 1975 verið á milli 11 og 12% af þjóðartekjum. Ýmislegt á fyrri hluta yfirstandandi árs gaf vonir um að nokkurt framhald gæti orðið á þessari hagstæðu þróun efnahagsmála landsmanna. En því miður verður að segja hverja sögu eins og hún hefur gengið til. Nú síðari hluta þessa árs hefur verulega brugðið til hins verra um þessa þróun, og nú gætir nokkurrar svartsýni um framhaldið í þessum málum á næstu mánuðum og næstu árum.

Að mínu viti skiptir geysilega miklu um það, hvernig til tekst í næstu framtíð, hvernig staðið verður að þeim nýju vandamálum sem nú virðast vera að rísa, og á ég þar ekki síst við hættuna á því, að verðbólga kunni að vaxa á ný, eftir að hún hefur farið minnkandi frá árinu 1974, og enn fremur að skuldasöfnun sú erlendis, sem hefur m. a. orðið til vegna þess að við versnandi aðstæður í þjóðarbúskapnum hefur verið gripið til þess ráðs, m. a. til þess að lífskjörin breyttust ekki mjög skyndilega til hins verra, að taka lán erlendis og lifa þannig að verulegu leyti á erlendum lántökum. En þeirri leið eru að sjálfsögðu takmörk sett eins og hverjum öðrum lántökum. Sennilega verða erlendar skuldir þjóðarbúsins til langs tíma í lok þessa árs eitthvað nálægt 130 milljörðum kr., og hygg ég að þær hafi ekki í annan tíma verið hærri miðað við þjóðarframleiðslu.

Það er með þetta í huga sem ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um upplýsinga- og fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi. Það er staðreynd að enginn fjölmiðill í landinu *er jafnáhrifaríkur um skoðanamyndun* landsmanna og sjónvarpið. Sjónvarpið er nú svo að segja á hverju íslensku heimili, og ég hygg að það sé mikið horft á sjónvarpsdagskrá og hlustað á hana. M. a. sér þess stað í starfsemi stjórnmálaflokkanna að fundir stjórnmálaflokkanna almennt talað gerast nú æ fámennari vegna þess að fólkið vill gjarnan hlusta á stjórnmálaumr. í sjónvarpi.

Ég hef því látið mér detta í hug, að það kynni að vera til mikilla bóta og gæti orðið til nokkurrar hjálpar að vinna upp almenningsálit í landinu sem væri þess megnugt að veita aðhald og *knýja fram stefnubreytingu í þróun efnahags*mála, eins og horfurnar eru nú, og því er þessi þáltill. flutt. Það er enginn efi á því, að ef m. a. tækist að sannfæra mikinn meiri hl. þjóðarinnar um að hann stórtapaði á verðbólguþróun, þá væri verulega mikill sigur unninn í því stríði sem ég tel að brenni hvað heitast á okkur nú um sinn, þ. e. a. s. að reyna að draga úr verðbólguvexti. Ég hef þá skoðun, að það sé ótrúlega stór hópur þjóðfélagsborgara sem trúir því að hann græði á verðbólguþróun eins og verið hefur hér á Íslandi. Og því miður verð ég að segja það, að ég held að það sé ótrúlega stór hópur þjóðfélagsborgara sem heldur að það sé hægt að búa í þjóðfélagi eins og okkar við verðbólgustig af gráðunni 30—40% ár eftir ár án þess að það leiði til meiri háttar áfalla *og framleiðslustöðvunar í undirstöðuatvinnu*vegum þjóðarinnar vegna þess að útflutningsatvinnugreinarnar verða ekki samkeppnishæfar á erlendum mörkuðum.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á mjög svo fróðlegri grein sem Ásmundur Stefánsson hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands ritar í síðasta hefti Hagmála, tímarits sem ég hygg að Félag viðskiptafræðinema gefi út. Því miður tók ég þetta tímarit með mér heim og hef það ekki við höndina, en það er afar fróðleg grein, sem hann ritar, þar sem hann kemur m. a. inn á þetta atriði sem ég var að nefna, hversu margir *eru haldnir þeim misskilningi* að þeir græði á verðbólguþróun. Hann talar um þann útbreidda misskilning, að sá, sem er að byggja íbúð, litla íbúð, telji að það sé sér í hag að verðbólgan vaxi jafnvel töluvert mikið, vegna þess að slík þróun greiði niður lán þau sem viðkomandi íbúðarbyggjandi hefur fengið. Hann rekur það með dæmum, ef dæmið er skoðað til enda, að slíkar hugleiðingar eru byggðar á miklum misskilningi. Hann tekur m. a. dæmi af því, að þessi húsbyggjandi kunni að vera aðili að lífeyrissjóði og hafi því fengið lán úr lífeyrissjóðnum að verulegu leyti vegna byggingar-

kostnaðarins. Og hann rekur það, hvernig lífeyrissjóðurinn verður ófærari um að greiða lífeyri á þeim tíma þegar m. a. þessi húsbyggjandi á rétt á að taka þaðan lífeyri, vegna þess að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðsins er brunnið upp meira eða minna í þeirri verðbólguþróun sem verið hefur.

Hann tekur líka dæmi um mann sem fái lán til húsbyggingar hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins og gleðjist yfir því, að verðbólgan hjálpi honum að greiða lánin upp, gleymi að dæmið liggi ekki allt á borðinu þó að þetta kunni að einhverju leyti að vera rétt, því að Húsnæðismálastofnun fái tekjur sínar einhvers staðar frá og m. a. með skattlagningu á borgara landsins, þannig að það þurfi þá að hækka þá skatta ef verðbólga vaxi og lán þurfi að hækka til íbúðarbygginga.

Fleiri athyglisverð dæmi nefnir Ásmundur Stefánsson í þessari grein sinni sem sýna mætavel, að það er á algjörum misskilningi byggt að langstærsti hluti þjóðarinnar geti grætt á svo mikilli verðbólgu sem hér hefur verið nú um nokkra áratugi.

Ef mögulegt væri að sýna mönnum óyggjandi fram á réttmæti þessara skoðana Ásmundar Stefánssonar og raunar fleiri, þá hygg ég að verðbólgubaráttan gengi betur en verið hefur undangengna áratugi og að þeir stjórnmálamenn og þeir stjórnmálaflokkar, sem legðu sig sérstaklega fram um að berjast í anda þessarar stefnu, mundu skera betur upp við hverjar kosningar en reynslan hefur oft á tíðum sýnt.

Til þess að reyna ná þessum árangri, reyna að skapa þennan skilning er þessi till. flutt. Umræður í dagblöðunum, sem mörg hver eru ákveðin flokksmálgögn og flytja mál sitt með hliðsjón af hagsmunum þeirra flokka sem þau styðja, hafa oft á tíðum ekki verið mjög upplýsandi um réttar orsakir vandamálanna. Þar hefur e. t. v. gætt meira fullyrðinga og oft á tíðum sleggjudóma heldur en röksemdarfærslu um þessi mál. Þegar af þeirri ástæðu teldi ég heppilegt að flytja umr. að verulegu leyti þaðan og inn í sjónvarpið.

Ég legg til í tillgr. að þessir þættir, þessir föstu reglulegu þættir um efnahagsmál, verði í umsjá viðskiptadeildar Háskóla Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Vitanlega gætu ýmsir fleiri aðilar komið þar til álita sem umsjónaraðilar slíkra þátta, en ég legg þetta samt til. Ég vil undirstrika að ég legg áherslu á það, að í þessum þáttum komi ekki einasta fram hagfræðingar eða viðskiptafræðingar eða menn sem hafa sérmenntað sig á sviði efnahagsvisinda, heldur komi ekki síður þar fram menn úr atvinnulífinu, bæði úr röðum atvinnurekenda og launþega, menn sem þekkja vandamál hins daglega lífs af eigin reynslu og geta sett fram skoðanir sínar byggðar á þessari reynslu.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa öllu fleiri orð í framsögu með þessari till. til þál. Ég legg til að eftir að umr. hefur verið frestað verði till. vísað til hv. allshn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil segja aðeins örfá orð við þessa umr. um þá till. sem hér liggur nú fyrir og hv. flm. hefur gert grein fyrir. Mér fannst á málflutningi hv. flm. að hann vildi raunverulega stefna að því með aukinni fræðslu um efnahagsmál að leysa nokkuð úr þeim mikla vanda sem við erum óneitanlega í varðandi allar þær deilur sem uppi eru um stefnuna í efnahagsmálum og hvaða ráð væru þar helst til úrbóta. Mér fannst það á öllum málflutningi hans, að það væri meining hans að reyna að ná þessu marki.

Ég tel út af fyrir sig að þetta sé góð meining, tel enda að það sé gott í hverju máli að auka þar nokkuð við þekkingu sína og það sé efnt til fræðslu svo að segja um alla hluti. Það er óneitanlega gott. Ég held hins vegar að menn verði að gera sér grein fyrir því, hvers konar vandamál hér er um að ræða. Fræðsla um efnahagsmál er fræðsla um pólitík. Efnahagsmálin verða ekki aðgreind frá almennum stjórnmálum. Þau eru einn gildasti þáttur stjórnmálanna á hverjum tíma. Vissulega væri hægt að halda í útvarpi af þar til fróðum mönnum fróðleg erindi almennt um stjórnmálabaráttu og hvernig hún gengi fyrir sig. En hér er um mjög vandasamt málefni að ræða, að ælta að taka upp fræðslu um þessi efni, og er þá betra að að því máli sé staðið af fullum heilindum og allir helstu þættir málanna fái að njóta sín í þeirri kennslu.

Þetta vildi ég nú alveg sérstaklega undirstrika, þannig að hv. flm. átti sig til hlítar á því, hvers konar mál hér er um að ræða, sem ég hlýt að ætlast til að hann hafi hugleitt. Ég mæli ekki á móti þessari till., tel sjálfsagt að hún gangi til n., hún verði athuguð og íhuguð vandlega, hvort hægt er að koma fyrir aukinni fræðslu í þessum efnum á þeim grundvelli að ekki lendi út í einhverjar meiri háttar þrætur og fræðslan verði þar af leiðandi að litlu gagni, af því að hér er verið að fást við mál af þessu tagi.

Ég tók eftir því, að hv. flm. sagði, eins og margir fleiri hafa sagt í umr. um efnahagsmál nú að undanförnu, að á miðju þessu ári hefðum við verið búnir að ná allverulegum árangri í baráttu okkar við verðbólguna. Menn hafa bent á það, að þá hafi verðbólguhraðinn raunverulega verið kominn niður í um 26% aukningu miðað við árið, það hafi verið sá hraða sem hafi verið á verðbólguvextinum á miðju ári, þá hafi sem sagt hraðinn verið orðinn allt að því að vera helmingi minni en hann hafi orðið mestur hjá okkur áður, þarna hafi verið um umtalsverðan árangur að ræða, en nú virðist hins vegar allt vera að fara úr böndunum hjá okkur og verðbólguhraðinn að aukast á nýjan leik. Út af fyrir sig má segja að þetta sé rétt. Ég held hins vegar að þetta sé mjög yfirborðskenndur dómur um það, hvernig ástatt var hjá okkur á miðju ári.

Sannleikurinn er auðvitað sá sem margir vissu, að við höfðum ekki nálgast lausn á okkar verðbólguvanda að neinu leyti. Það hafði ekkert gerst af okkar hálfu almennt séð eða af hálfu þeirra, sem ráða mestu um þróun efnahagsmála í okkar landi, sem gerði málið út af fyrir sig betra en það hafði verið. Það eina, sem gerði það að verkum að þessar tölur komu út á þessa lund, var að við áttum eftir að svara þeim vandamálum sem fyrir lágu. Við vitum það mætavel allir, sem hér erum inni, að ákveðið var á seinni hluta ársins 1974 eða á fyrstu dögum þeirrar ríkisstj., sem

nú fer með völd í landinu, að gera efnahagslegar ráðstafanir sem fólu í sér óhjákvæmilegar verðlagshækkanir. Það var skoðun ríkisstj. og hennar stuðningsflokka, að þá þyrfti að grípa til efnahagsráðstafana sem leiddu af sér almenna kjaraskerðingu í landinu, lækkuð laun, og hún framkvæmdi þessa ákvörðun sína á þann hátt, að það leiddi til mikilla verðlagshækkana. Gengi krónunnar var lækkað 1. sept. 1974, sem auðvitað fól í sér verðlagshækkun. Gengi krónunnar var aftur lækkað í febrúarmánuði 1975, sem auðvitað fól í sér verðlagshækkun. Lagðir voru á nýir skattar, m.a. söluskattur hækkaður. Auðvitað vissu allir að þetta fól í sér verðlagshækkun. Fleira kom hér til. Síðan var gengi krónunnar látið halda áfram að síga með þeim afleiðingum að verðlag hækkaði.

Deilur hafa auðvitað staðið um það, eins og við allir vitum sem hér erum, hvort þetta hafi verið rétt leið sem valin var, hvort það hafi verið óhjákvæmilegt að grípa til þessara ráðstafana eða ekki. Fulltrúar launþegasamtakanna í landinu og ég ætla við allir, sem vorum í stjórnarandstöðu, töldum að það væri hægt að fara aðrar leiðir og það ætti að fara aðrar leiðir en farnar voru. En ríkisstj. og hennar meiri hl. á Alþ. ákvað að fara þessa leið sem leiddi til tiltekinna verðlagshækkana, og ætti enginn að reyna að skjóta sér undan því að þora að horfa á þær tölur sem þessar ákvarðanir leiddu til. Hitt er miklu nær sæmilegri röksemdafærslu að deila um hvort þessar ráðstafanir, sem ákveðnar voru, voru óhjákvæmilegar eða hvort þær voru kannske ekki nauðsynlegar. En verðhækkanirnar, sem við tölum um, urðu til á þennan hátt. Meira að segja stjórnvöld og aðrir, ég tala nú ekki um aðilana hinu megin við borðið hjá ríkisstj., — meira að segja stjórnvöld töldu að búið væri að gera svo mikið í þessum efnum að óhjákvæmilegt væri að hækka ýmis laun í landinu í kjölfar þessara ráðstafana, og ríkisstj. stóð að vissum launahækkunum ákveðinna aðila á eftir þessum ákvörðunum. Síðan hækkuðu laun eftir samningum og vísitöluhreyfingu sem auðvitað leiddi einnig af sér áframhaldandi verðlagshækkanir. Þessi dýrtíð, sem yfir okkur hefur gengið að þessu leyti til, átti því ekki að koma að óvörum að neinu leyti. Menn vissu að þeir höfðu ákveðið þetta sjálfir, reyndar með þeirri röksemd að þetta væri óhjákvæmilegt.

Til þess að gera þetta mál eilítið skýrara fyrir mönnum en það virðist oft vera í almennum málflutningi er rétt að benda á það, að auðvitað gátu stjórnvöld í þessum efnum náð nákvæmlega sama árangri með því að velja aðra leið. Þau hefðu t.d. getað ákveðið þessa kjaraskerðingu, sem ákveðin var og framkvæmd var, með beinni lagasetningu um lækkun á kaupi. Þá hefði auðvitað ekki geysast áfram sama verðbólga með þeim vandamálum sem verðbólgunni fylgja, en kjaraskerðingarvandamálið hefði verið það sama eftir sem áður. En ríkisstj. valdi ekki þá leið. Hún valdi verðbólguleiðina, verðhækkunarleiðina til þess að ná takmarki sínu.

Ég tel að það hafi í rauninni enginn maður verið í neinum vafa um það, að um það leyti sem nýir launasamningar voru gerðir nú á miðju þessu ári var komið að því að almenn hreyfing yrði gerð á kaupmætti launa vegna þeirrar kjaraskerðingar sem áður hafði verið framkvæmd. Hún hafði m.a. verið rökstudd, þessi kjaraskerðing, með því að vissar útflutningsvörur okkar hefðu lækkað í verði og þjóðarbúið hefði orðið fyrir vissum áföllum. Nú lá það alveg skýrt fyrir, að þessar röksemdir dugðu ekki lengur. Vörurnar höfðu hækkað í verði, hærra en nokkru sinni fyrr, og viðskiptakjörin voru orðin eins og þau höfðu verið best. Þjóðartekjurnar höfðu aukist. Ég tel að þeir menn hafi verið í rauninni algerir blindingjar í efnahagsmálum sem hafa búist við því, að það ástand, sem ríkti varðandi launakjör í landinu áður en síðustu launakjarasamningar voru gerðir á þessu ári, væri eitthvert varanlegt ástand sem þá var komið upp, að þær tölur, sem þá lágu fyrir, sýndu einhvern endanlegan árangur í baráttunni við verðbólgu. Nei, þar var aðeins um biðtíma að ræða. Svo stóðu menn eins og fyrri daginn frammi fyrir köldum veruleikanum. Kaupið lagaði sig að nýjum aðstæðum í efnahagskerfinu, eins og það hefur jafnan gert áður, og þá stóðu menn aftur í sama farinu nema bara með allar tölur miklu hærri en þegar byrjað var. Ríkisstj. hafði sem sagt ekki tekist að leysa nokkurn skapaðan hlut af þessum margumtalaða efnahagsvanda, heldur var þvert á móti að mínum dómi, að það fer allajafna svo þegar menn kasta sér út í verðbólguiðuna eða verðhækkunarskriðuna, að þá dregst þar margt með sem ekki verður auðveldlega fært aftur á bak. Nú standa menn hins vegar frammi fyrir því, að það er ekki aðeins að vísitalan, sem menn nota hér einkum sem mælikvarða, hafi farið úr 26% hraða upp í 32%, sem nú er talið að muni verða á þessu ári, heldur viðurkenna menn að sú tala muni enn hækka mjög verulega ef hjólið snýst áfram eins og allt virðist benda til.

Við vitum að nýlega hafa verið teknar ákvarðanir um að hækka alla verslunarálagningu í landinu um 10% og þó líklega öllu meira, þar sem ýmis sérstök álagning hefur hækkað meira. Auðvitað vita allir að þessi ákvörðun þýðir hækkað verðlag.

Við vitum líka að það liggja fyrir kröfur um það frá bændum landsins, að verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða verði nú hækkaður um ca. 26%. Það er ekki búið að taka ákvörðun um það enn þá hvað þessi hækkun verður mikil. Málið mun vera komið til yfirnefndar og hún á eftir að vinna sitt starf. En það vita allir, að þarna er á ferðinni talsverð verðhækkun.

Við höfum líka fengið hér á borð okkar flestir, hygg ég, upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um að fiskverkunin í landinu sé raunverulega rekin með miklum halla, eða eins og segir í nýjustu skýrslu hennar, að telja megi, að fiskiðnaðurinn þurfi að fá hækkun sér til handa sem nemi í kringum 2.5 milljarða ef hann eigi að verða rekinn með eðlilegum hætti og standa eðlilega gagnvart verðjöfnunarsjóði. Þeir voru að koma saman núna á sinn venjulega ársfund, útgerðarmenn í landinu, og formaður L. Í. Ú. flutti þar ræðu sem menn máttu svo sem vita algerlega fyrir fram hvernig hljóðaði að því leyti til, að hann leggur þar auðvitað áherslu á að um næstu áramót verði fiskverð að hækka. Fiskverð hækkaði ekki neitt 1. okt. s. l., þegar laun voru að hækka almennt

í landinu, og útgerðarmenn segja að sjálfsögðu eins og sjómannasamtökin hljóta að segja: Við krefjumst þess, að fiskverð hækki þannig að laun sjómanna geti hækkað eitthvað í takt við það sem laun hjá öðrum hækka og allt annað hækkar. Sú krafa kemur fram sem afleiðing af því sem á undan er gengið.

Við höfum einnig verið upplýstir um það, að útflutningsiðnaður landsmanna sé rekinn með stórfelldum halla og þurfi að koma til styrkjagreiðslu sem nemur hundruðum millj. kr., svo að við vitum mætavel að við stöndum þannig núna að fram undan eru sjáanlegar margar og miklar verðlagshækkanir.

Eins og ég sagði áður í sambandi við þessa till., hef ég ekki á móti því að fram fari hlutlaus kennsla og sanngjarnar upplýsingar séu veittar almenningi í landinu um ástand þessara mála. En hitt er augljóst mál, að í þeirri kennslu verða menn ekki allir á eitt sáttir um útskýringar. Og þó að við tölum um að fela Þjóðhagsstofnun þennan kennsluþátt, þá er Þjóðhagsstofnun og forstöðumaður hennar, sá ágæti maður og glöggi maður, ráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum og ber því sinn hlut af ábyrgðinni á þeirri stefnu sem upp hefur verið tekin. Við vitum að það er grundvallarmunur út af fyrir sig að þessu leyti til á Þjóðhagsstofnun og t. d. á Hagstofunni, sem reiknar út beinar staðreyndir og birtir þær aðeins hlutlægt í tölum. Það gerir Þjóðhagsstofnun vissulega líka í mörgum og mikilvægum greinum, en þar að auki hefur forstjóri Þjóðhagsstofnunar þetta sérstaka verk, að hann er trúnaðarmaður ríkisstj. varðandi þessi mál og ráðunautur hennar um aðgerðir í efnahagsmálum. En auðvitað er hægt að gera þetta allt með þeim hætti, að þarna komi fram fulltrúar frá hálfu atvinnurekenda, fulltrúar frá hálfu launþega, fulltrúar frá hálfu fræðimanna, sem ýmist halda þessu fram eða hinu. Hvort almenningur í landinu verður svo öllu fróðari á eftir, það skal ég ekkert segja um. Það er sjálfsagt að athuga það nánar.

Ég ætla mér ekki við þessa umr. að fara hér í neinar almennar umr. um efnahagsmál, ásakanir eða harðar deilur. Eg vildi aðeins draga þetta fram, sem ég held að eigi ekki að vera hægt að deila neitt um, eins og ég hef sagt það hér. Eg vildi aðeins undirstrika það, að óhjákvæmilegt er að huga vel að því, hvernig á að búa um þessa fræðslu, því að þetta er ekki mál af neinni venjulegri tegund, ekki svo sem eins og efnt væri til almennrar fræðslu um hættu af áfengisneyslu eða eitthvað þess háttar, sem ég held að mætti gjarnan fara fram í auknum mæli í útvarpinu, eða þá fræðslu um það, hvernig menn eigi að komast hjá offitu. Þetta eru allt saman hlutir, sem vel er hægt að halda uppi kennslu um. En þegar kemur að því að það eigi að halda uppi þar kennslu um pólitík, þá vandast málið. Ég vek athygli á þessu og vil vænta þess, að sú n., sem fjallar um till., hugleiði það vel áður en verður farið að efna til einhvers þess sem gæti jafnvel gert málið enn þá flóknara en það hefur nokkurn tíma verið til þessa tíma.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þær umr. sem hér hafa farið fram um efnahagsmál almennt eða þróun efnahagsmála á þessu ári. Tækifæri gefst til að ræða um það síðar og þær aðgerðir sem hafa verið gerðar á því sviði, samhljóða tillögur bankastjóra Seðlabankans. Ég sleppi því að tala um þau mál nú. En mér finnst rétt að veita nokkrar upplýsingar í sambandi við þá till. sem hér liggur fyrir.

Ég er alveg sammála flm. og síðasta ræðumanni um að það er mikilvægt að halda uppi fræðslu í hljóðvarpi og sjónvarpi um þessi mál. En það er dálítið vandasamt með þessi mál að fara vegna þess að sjónarmiðin eru mörg og margir aðilar sem koma hér við sögu og vilja koma sjónarmiðum sínum fram. Það hefur verið reynt að gera þetta með ýmsum hætti, bæði með umræðuþáttum, í Kastljósi, fréttum og víðar, en að sjálfsögðu má betur gera í þeim efnum.

Mér finnst rétt að skýra frá því í þessu sambandi, að fyrir nokkrum mánuðum flutti Friðrik Sophusson þá till. í útvarpsráði, að komið yrði upp sérstökum fræðilegum þætti um efnahagsmál, nokkuð líkt því sem flm. gerir ráð fyrir. Niðurstaðan varð sú, að leitað var til tveggja manna og þeir fengir til þess að taka að sér stjórn á slíkum þætti a. m. k. til að byrja með. Þeir menn, sem urðu fyrir valinu, voru Ásmundur Stefánsson hagfræðingur Alþýðusambandsins og dr. Þráinn Eggertsson lektor við viðskiptadeild Háskólans. Þessir menn hafa eitthvað unnið að þessu síðan, en ekki hefur orðið af framkvæmd enn þá. En ég geri mér frekar von um að það geti orðið. Það yrði kannske frekar fræðsla um grundvallaratriði efnahagsmála og reynt að sneiða hjá pólitík í þáttum eins og þessum, og þyrfti að sjálfsögðu fleira að koma til, til þess að myndin yrði sem fullkomnust. Okkur fannst rétt að velja mennina, sem ættu að sjá um þennan þátt til að byrja með, á þann hátt að það væri tryggt að það kæmu fram mismunandi sjónarmið, eða kannske væri frekar rétt að orða þetta þannig, að það kæmu fram sem flest sjónarmið og næðist sem best mynd af því máli sem um væri rætt.

Þá finnst mér rétt að geta þess, að á síðasta hausti var ákveðið að fella í einn þátt alla þætti um efnahagsmál og atvinnumál, sem eru fluttir í hljóðvarpinu, og fela sérstökum manni að skipuleggja stóran umræðuþátt um þessi mál. Það var algert samkomulag um það að fela Magnúsi Bjarnfreðssyni að stjórna slíkum þætti. Hann mun þegar hafa stjórnað tveimur eða þremur slíkum, og ég hygg að menn séu sammála um að þar sé nokkuð vel af stað farið.

Þetta fannst mér rétt að upplýsa hér í sambandi við till.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki frekar en fyrri ræðumenn, flestir a. m. k., að nota þetta tækifæri til að tala almennt um efnahagsmál og stöðu þeirra nú, þótt vissulega væri ástæða til þess, heldur skal halda mig við þessa till.

Það er vissulega rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að stjórnmál og efnahagsmál eru ekki mál sem hægt er að skilja að, og svo er með mjög mörg mál í hverju þjóðfélagi, að þau hljóta að snerta mjög stjórnmál. En það er ekki það sama og menn út af fyrir

sig, þótt hann hafi ekki sagt það, skyldu varast að tala um þau og ræða um þau frá mismunandi sjónarmiðum. Ég held að það sé mikil þörf á því, að það fari fram á einhvern hátt meiri fræðsla um hagfræði og efnahagsmál, og mér finnst almennt að sú umr., sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu, sanni þá þörf. Þótt um leiðir í efnahagsmálum megi mjög deila, þá eru þar ákveðin grundvallaratriði sem ekki verður gengið fram hjá, — grundvallaratriði eins og þau, að það er samhengi á milli halla á utanríkisverslun, verðbólgu, fjármála ríkisins og launanna í þjóðfélaginu. Menn hafa jafnvel viljað halda því fram, að laun skipti engu máli í sambandi við verðbólgu. Það eru ýmis slík grundvallaratriði — ekki sjónarmið, heldur grundvallaratriði hagfræði sem af mörgum og oft hafa hreinlega ekki verið viðurkennd í umr., þannig að ég held að það sé full þörf á því að þessi fræðsla fari á einhvern hátt fram.

Spurningin er sú, hvort það sé ekki nauðsynlegt að það fari fram meiri kennsla í hagfræði í skólum landsins. Það er mjög lítið kennt í hagfræði t. d. í gagnfræðaskólum eða í grunnskólum, og sú kennsla er ekki mjög mikil í framhaldsskólum, nema þá þegar komið er upp í háskóla. Ég held að það sé hverjum manni nauðsynlegt á göngu sinni í gegnum lífið að vita sem mest, náttúrlega á öllum sviðum, en viss lágmarkskennsla og lágmarkskunnátta í hagfræði er mjög gagnleg í öllum þjóðfélögum sem vilja veg sinn háan í samfélagi þjóðanna, þannig að ég tek mjög undir að það verði kannað rækilega á hvern hátt slík kennsla og slík fræðsla getur farið fram. Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að það sé alveg nauðsynlegt að einn fréttamaður sjónvarps sé hagfræðimenntaður maður. Það er mjög mikill hluti af fréttum á hverjum tíma sem snerta hagfræði og efnahagsmál, og það er afskaplega hvimleitt oft hvernig ýmsar upplýsingar eru settar fram. Ég hef tekið eftir því hjá öðrum þjóðum, að það er mjög algengt að allar slíkar upplýsingar og allur slíkur fréttaflutningur fer fram undir umsjón manns sem hefur bæði þekkingu og menntun á því sviði. Svo má að vísu segja um öll mál. En ég býst við því og ég er þess fullviss, að þessi mál út af fyrir sig séu svo mikilvæg sérstaklega nú í okkar þjóðfélagi, að það verði að tryggja að um þau fjalli í fjölmiðlum eins og sjónvarpi, sem er mjög áhrifamikill fjölmiðill, menn sem eru vissulega hlutlausir, en hafa verulega þekkingu á því sviði til þess að geta komið þeim upplýsingum á réttan hátt til þjóðarinnar. Þess vegna held ég að út af fyrir sig sé það mikilvægasta, sem við þyrftum á að halda í dag, að það væri fenginn hagfræðingur eða hæfur maður á því sviði til þess að annast slíkan fréttaflutning í sjónvarpi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar 751.
Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum 755, 810.
Fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi 841.
Gleraugnafræðingar og sjónfræðingar 797.
Grunnskóli 751.
Iðjuþjálfun 800.
Kosning varamanns í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins 831.
Kosningar til Alþingis 810.
Laun forstjóra ríkisfyrirtækja 758.
Matvælarannsóknir ríkisins 805.
Minnst látins fyrrv. þingmanns 749.
Rannsókn kjörbréfs — varamaður tekur þingsæti 757.
Skipulag orkumála 766, 831.
Skráning og mat fasteigna 750.
Söluskattur 752, 810.
Tónmenntafræðsla í grunnskóla 766.
Varamaður tekur þingsæti 750, 757.
Varnir gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa 766.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Ásgeir Bjarnason 749, 757.
Forseti Nd. Ragnhildur Helgadóttir 750.
Fjmrh. Matthías Á. Mathiesen 750, 759, 765.
Iðnrh. Gunnar Thoroddsen 765, 766.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 797, 799, 800, 802, 805, 809.
Eðvarð Sigurðsson 756.
Friðjón Þórðarson 757, 784.
Garðar Sigurðsson, 752.
Guðmundur H. Garðarsson 755.
Halldór Ásgrímsson 781, 840, 848.
Jón Árm. Héðinsson 772.
Jón Skaftason 817, 841.
Jón G. Sólnes 801, 803.
Jónas Árnason 762.
Karvel Pálmason 827, 831.
Kjartan Ólafsson 764.
Lúðvík Jósepsson 761, 765, 843.
Magnús T. Ólafsson 810.
Ólafur G. Einarsson 751.
Páll Pétursson 754, 763, 786, 823.
Pálmi Jónsson 777, 834.
Sigurlaug Bjarnadóttir 762.
Stefán Jónsson 758, 760, 799, 804.
Steingrímur Hermannsson 789, 808, 810, 837.
Þorv. Garðar Kristjánsson 768, 835.
Þórarinn Þórarinsson 847.

Efri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 25. nóv. 1977.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sverrir Bergmann læknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

10. þm. Reykv., Einar Ágústsson."

Sverrir Bergmann hefur átt sæti á Alþingi fyrr og býð ég hann velkominn til starfa á ný.

Alþjóðasamningur um ræðissamband, frv. (þskj. 36, n. 109). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til l. um aðild Íslands að alþjóðasamningi um ræðissamband, og varð n. sammála um að mæla með frv. óbreyttu. Einn nm., Oddur Ólafsson, var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál. Það hefur verið gerð grein fyrir því í framsögu á sínum tíma. Niðurstaða n. varð sú sem ég hef greint frá.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 97, n. 108). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um skráningu og mat fasteigna. N. leggur til að frv. verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Axel Jónsson. Þar sem hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur fyrst og fremst um það að ræða að fresta gildistöku mats vegna ákveðinna byrjunarörðugleika, og ekki hefur tekist að afla gagna eða undirbúa málið eins og gert var ráð fyrir í upphafi sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en endurtek að n. leggur til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 19. fundur.

Mánudaginn 28. nóv., að loknum 18. fundi.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 97). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. —Afbrigði leyfð með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Borist hefur svolátandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Pétur Blöndal vélsmíðameistari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austurl.
Til forseta Nd."

Pétur Blöndal hefur áður skipað þingbekk á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa í hv. deild.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 113). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, á sér nokkuð langa sögu þó það hafi ekki séð dagsins ljós fyrr en nú. Við setningu laga nr. 46 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var gerð veruleg breyting á aðild starfsmannafélaga ríkisstarfsmanna að kjarasamningum við ríkisvaldið. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna fengu þá beina samningsaðild að aðalkjarasamningum, en aðildarfélög bandalaganna beggja um sérkjaraatriði sinna félagsmanna. Gert var ráð fyrir að fjmrh. úrskurðaði um kjör þeirra starfsmanna sem voru ekki innan vébanda bandalaganna tveggja. Við setningu kjarasamningalaganna 1973 lýstu allir ráðuneytisstjórar stjórnarráðsins yfir, að þeir væru utan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, og byggðist sú afstaða á stöðu þeirra sem forsvarsaðila fyrir hönd ríkisvaldsins gagnvart stofnunum ríkisins og starfsmönnum. Jafnframt kom fram sú skoðun í þeirra hópi, að eðlilegast væri að Kjaradómur úrskurðaði um kjör þeirra, enda væri Kjaradómi falinn slíkur úrskurður um kjör hæstaréttardómara og ríkissaksóknara, auk þess sem Kjaradómur úrskurðar laun forseta Íslands og ráðherra.

Þegar ráðuneytisstjórar ræddu þessi mál við mig lýsti ég mig samþykkan afstöðu þeirra, og það varð að samkomulagi, að lagt yrði fyrir Alþ. frv. þess efnis sem hér liggur fyrir. Afstaða mín til málsins byggist á því, að ráðuneytisstjórarnir eru flestir að meira eða minna leyti í forsvari fyrir ríkið við gerð kjarasamninga, bæði við hina eiginlegu ríkisstarfsmenn og þá starfsmenn sem eru í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands. Það er því heppilegast að ákvarðanir um kjör þeirra sjálfra séu í höndum óháðs aðila og að hvorki þurfi þeir að reka kjaramál sín sjálfir né ráðh. að úrskurða um kjör nánustu samstarfsmanna sinna.

Ég vil að lokum leggja áherslu á að um þetta frv., eins og önnur frv. sem flutt eru varðandi þessa löggjöf, er samkomulag milli ríkisstj. og þeirra sem við lögin eiga að búa. Ég vænti þess, að einnig sé hægt að ná samkomulagi um málið hér eins og þau hin fyrri. Málið hefur verið kynnt öllum þingflokkunum, og ég vænti að það geti fengið skjóta afgreiðslu á Alþingi til þess að ljúka megi þeim launaákvörðunum sem nú þarf að taka fyrir. Vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að unnt verði að ljúka málinu í þessari hv. þd. í dag.

Að þessu mæltu leyfi ég mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, eru ummæli hæstv. forsrh. á flokksráðsfundi Sjálfstfl., sem haldinn var nú um þessa helgi, varðandi svonefnd varnarmál. Þau ummæli, sem ég hér á við, eru tekin upp úr ræðu hæstv. forsrh. sem birt er í Morgunblaðinu í gær. Hæstv. forsrh. sagði orðrétt sem hér segir:

„Æskilegast væri að við hættum að deila um þessi einföldu grundvallaratriði og gætum heilshugar snúið okkur að hinu, sem ávallt á að vera íhugunar- og umhugsunarefni, hvort gera þurfi frekari ráðstafanir til varnar í landinu en nú er. Verði niðurstaðan sú, t. d. eftir slíkt mat, að byggja þurfi nýjan flugvöll, t. d. á Austurlandi eða annars staðar, og leggja vegi sem tengi flugvellina, verðum við að gera okkur grein fyrir því, að við verðum að sætta okkur við aukin umsvif varnarliðsins. Slíkur nýr flugvöllur, reistur í varnanna þágu, kallar á lið og herbúnað til þess að hann komi að gagni. Allar aðrar þjóðir hafa í raun og veru þurft að framkvæma slíkt mat og meta hve mikil umsvif og höft þær vilja leggja á daglegt líf sitt á friðartímum til þess að vera viðbúnir árás eða ófriði eða koma í veg fyrir ófrið."

Það er ljóst að þessi ummæli hæstv. forsrh. eru í beinu framhaldi af umr. um talsverðan skoðanaágreining sem virðist vera innan Sjálfstfl. um það, hvort krefja skuli Bandaríkin um sérstakt gjald fyrir hernaðarlega aðstöðu, sem þau hafa hér á landi, eða ekki.

Hæstv. forsrh. hefur tekið það skýrt fram, að hann sé andvígur því að krefja Bandaríkjamenn um slíkt gjald fyrir þá aðstöðu sem þeir hafa hér nú. Hins vegar er ljóst af sérstakri skoðanakönnun, sem fram fór í sambandi við prófkjör Sjálfstfl. hér nýlega, að margir menn innan flokksins eru á annarri skoðun og krefjast þess, að farið verði fram á sérstakt gjald af hálfu Bandaríkjanna fyrir þá aðstöðu sem þau hafa hér á Keflavíkurflugvelli. Ég skil þessi ummæli hæstv. forsrh. á þá lund, að þó að hann haldi sér við fyrri yfirlýsta afstöðu sína, þá telji hann að annað geti orðið upp á teningnum ef um frekari hernaðarlega framkvæmd hér yrði að ræða, eins og t. d. byggingu hernaðarflugvallar á Austurlandi eða annars staðar á landinu og síðan tengingu slíkra flugvalla, slíkra hernaðarlegra bækistöðva með nýjum vegum. Ég tel að það sé nauðsynlegt í tilefni af þessu að fá hér á hv. Alþ. frekari skýringar hæstv. forsrh. á því, hvað hann á í rauninni við með þessum ummælum.

Það verður að teljast mjög ótrúlegt, að hæstv. forsrh. tilnefni á þann hátt, sem hann gerir í þessu tilfelli, sérstakar framkvæmdir, hernaðarlegar framkvæmdir, eins og hugsanlegan hernaðarflugvöll á Austurlandi eða annars staðar á landinu, án tilefnis. Því spyr ég: Eru þessi ummæli hæstv. ráðh. til komin vegna þess, að þetta mál hafi verið til umr.? Hafa komið fram af hálfu hernaðaryfirvalda Bandaríkjanna einhver tilmæli eða einhverjar hugmyndir í þessa átt, að ef til vill þyrfti að koma upp hernaðarmannvirkjum, eins og t. d. hernaðarflugvelli, á Austurlandi eða annars staðar á landinu og þá sérstakri vegagerð milli þeirra valla?

Ég get ekki ímyndað mér að hæstv. forsrh. staðsetji slíkar hugsanlegar framkvæmdir á þann hátt sem hann gerði alveg að tilefnislausu eða að þetta sé aðeins hugmynd hans eins, að e. t. v. yrði þetta næsti áfangi. Ég óska því eftir skýringum varðandi þetta mikilvæga atriði af hans hálfu. Sé um það að ræða að erlendir hernaðaraðilar hafi komið fram með hugmyndir af þessu tagi, þá álít ég að það sé óhjákvæmilegt að Alþ. sé gerð grein fyrir slíkum hugmyndum og hvar undirbúningur af þessu tagi er á vegi staddur.

Ég vil líka fá að heyra það, hvort hæstv. forsrh. er sjálfur á þeirri skoðun, að framkvæmdir af þessu tagi geti yfirleitt komið til greina, hvort það er hans skoðun, að það sé rétt af okkar hálfu að taka upp einhverjar viðræður, beinar eða óbeinar, við Bandaríkjamenn um framkvæmdir af þessu tagi. Það er ekki ætlun mín að fara í neinar almennar umr. að þessu sinni, en ég tel að hér sé um slíkt stórmál að ræða að það sé ómögulegt annað en að Alþ. fari fram á það við hæstv. ráðh., að hann geri grein fyrir hvað hann er að fara í þessum efnum, hvað liggur á bak við ummæli hans, því að hinu get ég ekki trúað, að það, sem hann sagði í þessum efnum, sé hending ein, því að þá held ég að hann hefði hagað orðum sínum á allt annan veg.

Í von um það, að hæstv. ráðh. geri hér frekari grein fyrir þessum ummælum sínum, skal ég ekki ræða málið frekar að sinni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Mér skilst að til mín sé beint tveimur spurningum: annars vegar hvort umgetin ummæli séu tilkomin vegna þess, að þessi mál hafi verið til umr., eða hvort tilmæli eða ósk um þessar framkvæmdir frá Bandaríkjunum hafi komið fram, og hins vegar er spurningin, hvort ég sé á þeirri skoðun að framkvæmdir af þessu tagi komi til mála.

Hvað fyrri spurninguna snertir, þá hafa þessi mál ekki verið til umr. í ríkisstj. og hafa engin tilmæli eða ósk frá Bandaríkjunum komið fram um þessar framkvæmdir. Hér er aðeins verið að nefna dæmi. Ég vil undirstrika að orðalagið er þetta: „Verði niðurstaðan sú, t. d. eftir slíkt mat, að byggja þurfi nýjan flugvöll, t. d. á Austurlandi eða annars staðar, og leggja vegi sem tengi flugvellina, verðum við að gera okkur grein fyrir því, að við verðum að sætta okkur við aukin umsvif varnarliðsins.“ Þessar framkvæmdir eru eingöngu teknar sem dæmi og eru ekki á dagskrá.

Hin fyrirspurnin er á þá leið: Er forsrh. á þeirri skoðun, að framkvæmdir af þessu tagi komi til mála?

Ég segi sem mína skoðun, að ég tel æskilegt að á hverjum tíma fari fram á mat á þeim varnarviðbúnaði sem nauðsynlegt er að hafa hér á landi. Þetta mat, sem sífellt þarf í raun og veru að vera í gangi, getur leitt til þess, að varnarliðið fari af landi brott, það getur leitt til þess, að varnarfyrirkomulaginu verði breytt, og það getur leitt til þess, að nauðsynlegt verði talið, að efla varnarliðið. Það er ekki nema að loknu slíku mati og slíkri athugun unnt að svara þeirri spurningu, hvort til mála komi framkvæmdir af þessu tagi.

Ég vil leggja á það megináherslu, að við Íslendingar metum það hverju sinni, hvað við teljum nauðsynlegt að gera til þess að tryggja öryggi landsins. Það er skylda okkar sem sjálfstæðrar þjóðar. Ég nefni það í tilvitnaðri ræðu, að sams konar mat fer í raun og veru fram hjá öllum öðrum þjóðum og niðurstaða af því mati hjá öðrum þjóðum liggur í ákvörðunum varðandi t. d. skattlagningu þeirra þjóða á þjóðfélagsþegnana til þess að standa undir varnarviðbúnaði. Um sams konar mat er að ræða hjá okkur Íslendingum, þótt við að þessu leyti þurfum e. t. v. ekki að leggja fjárhagsbyrðar á þjóðfélagsþegnana. En við þurfum að leggja á óneitanlega annars konar byrðar, þ. e. a. s. leggja að einhverju leyti höft á daglegt líf okkar hverju sinni og það verður auðvitað hið neikvæða í sambandi við ákvörðun um auknar aðgerðir á þessu sviði.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið, sem mér þykir þó vera þannig að það segi ekki alla sögu.

Hæstv. forsrh. sagði í svari sínu, að þetta mál hefði ekki verið til umr. í ríkisstj. Það svarar vitanlega ekki spurningu minni að fullu og öllu. Hann sagði líka, að það hefði engin beiðni komið fram frá hálfu Bandaríkjanna. Það svarar málinu ekki heldur að fullu að mínum dómi. Spurningin er sú, hvort sú hugmynd, sem þarna kemur fram, hefur verið hér á ferðinni einhvers staðar eða hvort það er þannig, að hún hafi fæðst hjá hæstv. forsrh. sjálfum í sambandi við þessa ræðusmíð, hann finnur það út, að ef til mála kæmi að gera hernaðarflugvöll á Austurlandi, þá sem sagt gæti margt litið öðruvísi út.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði að í rauninni gæti hann ekki svarað því, hvort hann teldi að þetta kæmi til mála eða ekki, fyrr en fram hefði farið mat á varnarþörfum okkar. Og hann undirstrikaði, að hann teldi að slíkt mat þyrfti alltaf að fara fram með vissu millibili. Ég tel að það ætti ekki að vera nokkur minnsti vafi á því, að hæstv. forsrh. hafi gert sér talsverða grein fyrir því, hvernig varnarmál landsins standa og hvort um það gæti verið að ræða að það þyrfti að fara út í einhverjar nýjar framkvæmdir af þeirri tegund, sem hann gerði þarna að umtalsefni, eða ekki, því þarna er ekki um neinar smáræðisframkvæmdir að gera.

Við erum orðin vön því, að fréttir af meiri háttar málum, ekki síst varðandi þau mál sem hér er verið að ræða um, hin svonefndu varnarmál, — slíkar fréttir berist til okkar á skotspónum, oftast nær erlendis frá eða eftir krókaleiðum. Jafnan hefur það orðið svo, að þegar slíkar fréttir berast er þeim afneitað í fyrstu eða menn vilja ekki kannast við þær a. m. k. í þeim búningi, sem fréttirnar koma fram í upphafi. En því miður hefur farið svo, að æðioft hafa fyrstu fréttir um mál af þessu tagi reynst byggðar á meiri vitneskju en þeirri sem við höfum búið yfir hér heima.

Ég verð að segja það, að mér fannst að hugmynd af því tagi sem var sett fram í ræðu sjálfs forsrh., um hugsanlegar hernaðarframkvæmdir í sambandi við flugvallargerð í nafngreindum landshluta, gæti ekki komið fram án þess að þetta hefði verið rætt af ábyrgum aðilum eða þá að hæstv. forsrh. sjálfur hefði einhverjar meiningar í málinu. En eins og málið liggur fyrir hafa ekki fengist neinar frekari skýringar á þessu, annað en það, að forsrh. segir að það þurfi að fara fram mat á þessu og þá komi að sjálfsögðu til athugunar að gera það upp, hvort hér sé nauðsyn á frekari framkvæmdum í þessa átt eða ekki.

Ég endurtek það sem ég sagði hér áður, að ég tel að Alþ. eigi kröfurétt á því að fá upplýsingar um mál eins og þetta, um það hvort til umr. eru á einhverju stigi málsins hugmyndir um að koma upp fleiri hernaðarflugvöllum í landinu og í sambandi við það við kannske meiri háttar vegagerð á milli slíkra stöðva. Ég vil vara hæstv. forsrh. við því að gera nokkra minnstu tilraun til þess að leyna þjóðina slíku. Slíkt er vitanlega ekki sæmandi. Ef hugmyndir um þessi efni hafa komið fram, þá er rétt að þjóðin fái að vita um slíkar hugmyndir og mynda sér síðan skoðun á því, hvernig við á bregðast. Það er engin ástæða til þess að halda umræðum um slíkar hugmyndir leyndum.

Hæstv. forsrh. hefur sagt að hér sé um hans hugrenningar að ræða. Hann er með þessar hugmyndir og leggur þær fram, vill að það fari fram nýtt mat á varnarmálunum, og eftir að slíkt mat hefur farið fram, þá sé hann tilbúinn að svara til um það, hvort hann aðhyllist framkvæmd á hugmynd af þessu tagi eða ekki. En það virðist a. m. k. vera svo, að málið sé ekki orðið það þróað enn þá að þarna sé um formlega beiðni af hálfu Bandaríkjamanna að ræða. Hins vegar hefur ekkert verið sagt afgerandi um það, hvaða hugmyndir þeir kunna að vera með.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, að í blöðum hefur hugmynd á borð við flugvallargerð á Austurlandi og á Norðausturlandi komið fram. Og ég hélt nú sannast best að segja að hv. 2. þm. Austurl. væri það vel lesinn í blaðagreinum á þessu sviði, að hann vissi að þetta væri ekki ný hugmynd, sem ég hefði komið fram með, sem hann væri að fjalla um. Það er t. d. ekki mjög langt síðan tveir ágætir menn skrifuðu grein, þeir Sigurður Lindal prófessor og Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur og ritstjóri Fjármálatíðinda, þar sem þeir komu fram með hugmynd af þessu tagi. Ég hef verið á fundum víða um landið, m. a. á Austurlandi og Norðausturlandi, þar sem slíkar vangaveltur hafa komið fram í ræðum manna, og ég vil taka fram, að það voru ekki flokksfundir sem þar var um að ræða. Þetta held ég að sé rétt að komi fram, enn fremur hitt, að ég er þeirrar skoðunar, að mat af því tagi, sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni á flokksráðsfundi sjálfstæðismanna, eigi auðvitað að eiga sér stað fyrir opnum tjöldum að því leyti til, að gögn málsins séu lögð fram, og að almenn umr. sé um þau.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. að öðru leyti.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl., tel ég ástæðu til að vekja athygli á því, að í þann mund sem þessar umr. hófust hér á hinu háa Alþ. barst hingað í húsið dagblaðið Vísir, útkomið í dag. Í Vísi, sem út kom nú fyrir stundu, segir í fyrirsögn yfir þvera baksíðu: „Við getum ekki lagt varanlega vegi af eigin rammleik.“ Það er ekki dagblaðið Vísir sjálft sem setur fram þessi ummæli. Dagblaðið Vísir er þarna að vitna í ummæli sem fram komu á hinum sama flokksráðsfundi Sjálfstfl. Skv. frásögn blaðsins voru þau að vísu ekki mælt af hæstv. forsrh., en þau voru mælt, skv. frásögn dagblaðsins Vísis, af öðrum hæstv. ráð. í ríkisstj. Íslands. Þau voru mælt af Gunnari Thoroddsen, hæstv. iðnrh. Ég hygg að það fari ekki milli mála, að þegar einn hæstv. ráðh. í ríkisstj. lýsir því yfir, að við Íslendingar getum ekki lagt varanlega vegi af eigin rammleik, og sjálfur forsrh. veltir fyrir sér þeirri hugmynd að byggja hernaðarflugvöll á Austurlandi og láta Bandaríkjamenn greiða kostnað við hann og einnig kostnað við vegarlagningu milli Keflavíkurflugvallar og hins nýja flugvallar, sem talað er um, og þegar þetta gerist fáum dögum eftir að yfirgnæfandi meiri hluti kjósenda Sjálfstfl. hefur í tengslum við prófkjör látið þá skoðun í ljós, að rétt sé að ætla Bandaríkjamönnum það verkefni að byggja hér upp þjóðvegakerfið, þá er að sjálfsögðu af hálfu hæstv. ráðh. verið að leita leiða til þess að það fólk, sem tók þátt í þessari skoðanakönnun og lýsti sig fylgjandi því, að Bandaríkjamenn tækju þátt í kostnaði við uppbyggingu vegakerfisins, geti sætt sig við. Þá er verið að leita leiða til þess að koma málum þannig fyrir að þetta fólk sé ánægt með niðurstöðurnar.

Það er sagt í dagblaðinu Vísi, að hæstv. iðnrh., sem því miður er ekki hér í salnum, hafi einnig látið þá skoðun í ljós á flokksráðsfundi Sjálfstfl., að það væri mjög athugandi að ætla Bandaríkjaher fleiri verkefni hér á Íslandi en hann hefur nú. Dagblaðið Vísir hefur eftir hæstv. iðnrh. Gunnari Thoroddsen, að hann teldi eðlilegt að Bandaríkjaher sæi um okkar almannavarnir, og hæstv. iðnrh. á skv. frásögn Vísis einnig að hafa látið þá skoðun í ljós á flokksráðsfundinum, að eðlilegt væri að heimta af bandaríska hernum margvísleg skattgjöld sem hann greiðir ekki nú.

Allt er þetta til marks um það, að hér er á ferð innan Sjálfstfl. þung undiralda. Það eru þungir straumar sem stefna að því að ætla bandarískra hernum langtum víðtækari verkefni hér á landi en hann hefur nú. Það má vel vera, og við skulum vona að svo sé, að a. m. k. sumir hæstv. ráðh. flokksins og hv. þm. flokksins hafi miklar áhyggjur vegna þess, sem fram hefur komið í þessum efnum, m. a. í umræddri skoðanakönnun hjá flokknum. Við skulum vona að svo sé. En ef svo er, ef hæstv. forsrh. mælir af heilum hug í viðtali í sjónvarpi, þar sem hann segir að þeir flokksmenn hans, sem vilji taka leigugjald fyrir herstöðina við Keflavík, skuli strika hann út af framboðslista Sjálfstfl. í vor, — ef hann mælir þetta af heilum hug, þá held ég að það sé ekki hyggilegt að vera á sama tíma að gera gælur við hugmyndir eins og þær að byggja nýjan hernaðarflugvöll á Austurlandi — og ætla Bandaríkjamönnum að kosta ekki aðeins flugvöllinn heldur líka þjóðvegarlagningu milli hinna tveggja flugvalla sitt á hvoru landshorni. Með því er sannarlega verið að gefa alvarlega undir fótinn með að þrátt fyrir allt komi mjög til greina að ætla Bandaríkjamönnum og her þeirra hér að kosta að mjög verulegu leyti þjóðvegarlagningu um hálft Ísland. Og ef hæstv. iðnrh. er sammála hæstv. forsrh. um það, að hyggilegt sé fyrir þá Sjálfstfl.-menn, sem vilja taka leigugjald fyrir herstöðina, að strika hæstv. forsrh. út af væntanlegum framboðslista Sjálfstfl., og máske þá hæstv. iðnrh. líka, ef þeir félagar eru báðir sama sinnis, — ef svo er, þá er næsta furðulegt að hæstv. iðnrh. lætur dagblaðið Vísi hafa það eftir sér í risafyrirsögn á sama tíma, að við Íslendingar getum með engu móti lagt varanlega vegi um land okkar af eigin rammleik.

Við erum þar á vegi staddir í þessum efnum, að það er full ástæða til að staldra alvarlega við og spyrja: Á framtíðin að verða sú hjá okkur Íslendingum, að við gefumst smátt og

smátt upp við að búa í þessu landi sem sjálfstæð þjóð? Fari svo, að erlendur her, sem í okkar landi dvelur, — við skulum láta það liggja á milli hluta að þessu sinni hvort vera hans hér stafar af nauðsyn eða ekki, — en fari svo, að slíkur erlendur her, sem í landinu dvelur áratugum saman, taki smátt og smátt að sér þau verkefni, sem sérhver þjóð, sem hyggst standa á eigin fótum, hlýtur að telja sín eigin, svo sem vegagerð og aðrar opinberar framkvæmdir, þá blasir það við að fyrr en varir hljótum við að verða svo háð þessu erlenda herliði að erfitt muni reynast að losna úr þeim böndum á ný.

Við skulum minnast þess, að ef spurningin er aðeins sú, hvort Bandaríkjamenn kynnu að telja nauðsyn á svokölluðum auknum vörnum hér á landi, þá er trúlega engin fyrirstaða að fá frá þeim jákvætt svar í þeim efnum. Hæstv. forsrh. talar um að það verði á hverjum tíma að meta nauðsyn, hvort þörf sé á auknum vörnum í landinu eða ekki, slíkt verði að meta á hverjum tíma. Hverjir hafa haft á hendi þetta mat? Hefur það verið einhver stofnun á vegum íslensku ríkisstj. á undanförnum árum? Hefur það verið einhver n. á vegum Alþingis, t. d. utanrmn.? Ég hygg að lítið hafi farið fyrir því. Það er bandarískt herinn sem í raun hefur haft þetta mat á hendi. Við skulum minnast þess, að á sínum tíma, í lok styrjaldarinnar, fyrir rúmum 30 árum, fóru Bandaríkjamenn fram á herstöðvar til 99 ára á Íslandi. Það er nú liðinn um ¼ þess tíma. Og þeir fóru ekki fram á Keflavíkurflugvöll einan. Þeir fóru fram á fleiri herstöðvar hér, m. a. í Hvalfirði og reyndar í Reykjavík. Og við skulum ekki efast um það, að þegar Bandaríkjamenn, bandarískа utanrrn. og bandarískа hermálarn., fá fréttir af því, að sjálfur forsrh. Íslands sé með bollaleggingar um það á opinberum fundi, að það geti vel komið til mála að hér þurfi, áður en langt um líður væntanlega, að auka varnir landsins, byggja nýjan hernaðarflugvöll á Austurlandi og leggja veg á vegum hins erlenda hers á suðvesturhorni landsins til norðausturhornsins, þá hljóta ráðamenn bandarískа hersins að taka mjög eftir þessum ummælum. Þegar það kemur síðan fram í umræðum hér á Alþ., að hæstv. forsrh. segir sem svo, að hann hafi þarna verið að nefna dæmi um það sem geti svo sem alveg komið til mála, þá hljóta þeir aðilar erlendir, sem löngum hafa gjarnan viljað ná fastri og öruggri hernaðaraðstöðu hér á landi, að telja að þarna sé verið að gefa undir fótinn með það, að hér séu opnar dyr fyrir frekari hernaðarumsvif.

Ég hefði gjarnan viljað, ef hæstv. iðnrh. hefði verið staddur hér í salnum, að hann gæfi ekki síður skýringu á ummælum sínum heldur en hæstv. forsrh. hefur gert. En því miður er hann hér ekki viðstaddur. Ég vil vænta þess, að hæstv. forsrh. komi því á framfæri við Gunnar Thoroddsen, hæstv. iðnrh., að hér hafi einnig verið um það spurt á hinu háa Alþ. hvað búi að baki þeim ummælum hæstv. iðnrh., að við Íslendingar getum ekki lagt varanlega vegi um okkar land af eigin rammleik.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki svara fyrir hönd hæstv. iðnrh., en hann er fjarverandi vegna þátttöku í fundi iðnrh. Norðurlanda þessa dagana.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel það ekki ofverk eða ofætlun okkur Íslendingum til handa að standa undir og framkvæma varanlega vegagerð á Íslandi með eigin aflafé. Ég vil enn fremur taka það fram, að ég tel það ekki ofætlun fyrir okkur Íslendinga að standa undir kostnaði við almannavarnir. Við búum í landi þar sem hættur felast og við þurfum að hafa almannavarnir vegna þeirra náttúruhamfara sem hér geta á skollið. Kostnaði, sem viðbúnaður í þeim efnum leiðir af sér, verðum við að standa undir. Að svo miklu leyti sem almannavarnir eru nauðsynlegar umfram þessa ástæðu, þá getum við rætt um með hvaða hætti eigi undir þeim kostnaði að standa eða með hvaða hætti skuli að slíkum vörnum standa. En á þetta legg ég megináherslu, að við Íslendingar verðum sjálfir að standa undir þessum framkvæmdum, ákveða hverjar þær skuli verða.

Auðvitað kemur til greina á hverjum tíma breytt tolla- eða skattameðferð í sambandi við dvöl varnarliðsins á Íslandi. En ég vil taka það skýrt fram, að varnarliðið er hér á Íslandi á þeim grundvelli, að við Íslendingar berum ekki einn kostnað af veru þess hér á landi eða mannvirkjagerð. Hins vegar gerum við ekki þá staðreynd, að erlent varnarlið er hér og er nauðsynlegt vegna varna landsins, að tekjustofni í einu eða neinu formi fyrir ríkissjóð. Við fáum greitt fyrir þá þjónustu sem við innum af hendi fyrir varnarliðið. En umfram kostnað, sem við höfum af veru þess hér, er það ekki virðingu okkar samboðið að einu eða neinu leyti að taka við fjármunum úr þess hendi. Ef slíkt er gert í sambandi við tolla- eða skattameðferð einstaklinga í varnarliðinu eða erlendra starfsmanna varnarliðsins, þá er skylda okkar að greiða þá upphæð til baka til þeirrar þjóðar sem innt hefur greiðsluna af hendi.

Ég skil ekki þá taugaveiklun sem hér hefur bryddað á af hálfu hv. þm. Alþb. vegna ummæla minna. Finnst mér skjóta skökku við, þegar þeir annars vegar vilja hafa opnar umr. hér á Alþ. um allar aðgerðir á varnar- og öryggissviði, en átelja hins vegar, að dæmi sé nefnt um hugsanlegar framkvæmdir, sem gætu einhvern tíma komið til mála eða meta þurfi hvort komi til mála, — telja slíkt dæmi til þess fallið að opna dyrnar fyrir ásókn eða óskir erlendra þjóða gagnvart okkur.

Við Íslendingar eigum að vera menn til þess að gera okkur sjálfstæða grein fyrir því, hvað við teljum nauðsynlegt í þessum efnum, öryggis- og varnarviðbúnað okkar sjálfra vegna. Okkur er að vísu vandi á höndum vegna þess að okkur skortir sérfræðiþekkingu, þar sem við höfum ekki hernaðarsérfræðinga og við höfum ekki her og ekki þá þjálfun eða menntun sem tíðkast í þeim löndum sem halda skóla á þessu sviði og hafa sjálfstæðum her eða varnarliði. Engu að síður er það skoðun mín, að okkur beri fyrst og fremst að leggja sjálfstætt mat á umsvif varnarviðbúnaðar í landinu á hverj-

um tíma. Hitt kann svo vel að vera, að varnarbandalag það, sem við erum þátttakendur í, meti þetta frá sjónarmiði þess og frá sjónarmiði þeirra þjóða eða þess svæðis sem það bandalag tekur til. Við eigum ekki að taka allt saman sem góða og gilda vöru, sem þannig gæti komið fram af hálfu bandalagsins.

Ég ítreka og endurtek: Það hafa engin tilmæli eða óskir komið fram af hálfu Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna um aukin umsvif eða aðgerðir varnarviðbúnðar hér á Íslandi. En þótt einhvern tíma í framtíðinni kæmu fram slíkar óskir, ættum við Íslendingar að leggja algjörlega sjálfstætt mat á það, hvort við samþykkjum slíkar framkvæmdir, hvort við teljum þær nauðsynlegar okkar vegna, og það mat á auðvitað að framkvæma af ríkisstj. og Alþingi og þeim sem löglega kjörnum yfirvöldum. (Gripið fram í.) Fsp. hv. þm. svara ég játandi. Það var haft fullt samráð við alþm. (Gripið fram í.) Fullt samráð var haft við alþm. á þeim tíma og síðan voru málin rædd á Alþingi þegar það kom saman að hausti.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér er aðeins um aths. að ræða af minni hálfu við ummæli hæstv. forsrh. Hann sagði að sér fyndist það næsta ólíklegt, að ég hefði ekki fylgst svo með því, sem skrifað hefði verið í blöð, að ég hefði ekki orðið var við að rætt hefði verið um flugvallarbyggingu á Norðausturlandi. Jú, það fer vitanlega ekki á milli mála. Ég þekki það mætavel og veit að það hefur verið rætt um að koma upp svonefndum varaflugvelli fyrir alþjóðlegt flug á Íslandi í mörg ár. Ég er því ekkert hissa á því, að hæstv. forsrh. kannist við að það hafi komið fram í umr. á fundum sem hann hefur mætt á varðandi þetta atriði. En hitt er alveg ljóst, að hæstv. forsrh. er fyrsti maður og ég held eini maður sem hefur komið beinlínis fram með þá hugmynd eða viðrað þann möguleika opinberlega, að gerður verði — ekki neinn varaflugvöllur á Austur- eða Norðausturlandi fyrir almennt millilandaflug — heldur hernaðarflugvöllur. Í þeim ummælum, sem ég vitnaði til og hæstv. forsrh. viðhafði á umræddum flokksráðsfundi Sjálfstfl., segir hann beinlínis orðrétt á þessa leið: „Slíkur nýr flugvöllur, reistur í varnanna þágu, kallar á lið og herbúnað til þess að hann komi að gagni.“ Mér er ekki kunnugt um að neinn ábyrgur aðili á Íslandi hafi komið fram með þessa hugmynd opinberlega fyrr. Ég veit ekki til þess, að nokkur aðili hafi rætt um það opinberlega, og ég trúi því ekki, að það hafi farið fram hjá mér og öllum öðrum, að landsmenn hafi rætt um það hér á almennum fundum að þeir væru að óska eftir að komið yrði upp slíku hernaðarmannvirki eins og flugvelli með tilheyrandi herbúnaði, byggðum í varnanna þágu, eins og hæstv. forsrh. ræddi um.

Ég tel að hæstv. forsrh. eigi ekki að gera neina tilraun til þess að skjóta sér undan ábyrgðinni af þessum orðum sem hann hefur þarna viðhaft. Hann hefur komið hér fram með þessa hugmynd eða rætt þennan möguleika fyrstur allra manna í tilefni af umræðum um þessi mál í hans flokki, og af því er um það spurt, hvað liggi hér á bak við.

Hæstv. forsrh. á ekki að gera tilraun til þess að skjóta sér undan ábyrgð sinni í þessum orðum með því að segja: Hafa ekki fleiri verið að tala um stóran flugvöll á Norðausturlandi? — þar sem menn voru að ræða um allt annað mál og undir allt öðrum kringumstæðum sem áttu ekkert skylt við nein hernaðarmannvirki.

Ég vildi fyrst og fremst gera þessa aths. við það sem hæstv. forsrh. sagði. En auk þess vil ég svo bæta því við, að ég fagna ummælum hans um að hann sé á annarri skoðun en hæstv. iðnrh. varðandi vegagerð okkar Íslendinga. Ég fagna því líka, að hann skuli einnig vera á annarri skoðun varðandi stjórn og rekstur okkar almannavarna. Hann telur að þetta getum við Íslendingar gert sjálfir og þetta eigum við Íslendingar að gera sjálfir, og ég vona að hann láti ekki hrekja sig frá þessari skoðun þótt að honum sé sótt innan hans eigin flokks varðandi þessa afstöðu. Ég tek undir með honum, að það væri okkur ekki sæmandi. En það er okkur ekki heldur sæmandi að hafa hinn erlenda her í okkar landi, og þar skilur auðvitað á milli mín og hæstv. forsrh. um mat á því. En það gefur alveg auga leið um þessi ummæli hæstv. forsrh. varðandi gerð á nýjum herflugvelli, þar sem hann tilgreinir tiltekinn landshluta, að það mun verða tekið eftir þessum ummælum af fleiri en Íslendingum sjálfum. Það verður örugglega mikið umræðuefni meðal Íslendinga. En það er eins og hér hefur verið bent á, það munu fleiri taka eftir ummælum eins og þessum. Og ég vænti þess, að hæstv. forsrh. láti ekki heldur hrekja sig út í það, eftir að hann hefur tekið ákveðna afstöðu, m. a. í sjónvarpsviðtali, að hann sé á móti því að krefja Bandaríkin um sérstakt gjald fyrir aðstöðuna hér á landi, — að hann láti ekki hrekja sig út í það, að hann geti þó verið með því að taka gjald ef þurfi að fara að byggja nýjan flugvöll og jafnvel að leggja veg þar á milli. Þessi mál eru af því tagi, að þarna er rétt að menn taki hreina og beina afstöðu og láti ekki hrekja sig úr einu horninu í annað. Það er von mín að það reynist rétt, að hér hafi verið næstum að segja um að ræða einhverja slysni af hálfu hæstv. forsrh. að minnast á þessi mál og þarna liggi ekkert á bak við. En ég get ekki neitað því, að enn hef ég ekki sannfærst um að þarna liggi ekkert meira á bak við. Ég á enn erfitt með að trúa því að menn nefni á þennan hátt jafnalvarlegt mál og þetta og staðsetji framkvæmdirnar í ákveðnum landshlutum af einhverri hendingu. Ég óttast, að þessar hugmyndir séu lifandi einhvers staðar á þeim stöðum, þar sem er hættulegt að þær komist inn, og af því vil ég gjarnan vara bæði hv. alþm. og þjóðina sem heild við þessum hugmyndum. Ég held að menn þurfi að gjalda þar varhug við strax í tíma.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég held að það verði að koma alveg skýrt fram, að í umr. um flugvöll á Austurlandi eða Norð-

austurlandi hefur einmitt verið rætt um flugvöll á vegum varnarliðsins, og ábendingar þær, sem Sigurður Líndal og Valdimar Kristinsson settu fram og ég nefndi hér fyrr í umr., voru bundnar við það að slíkur flugvöllur hefði varnargildi fyrir landið. Hitt vil ég líka láta koma fram, að það kann að vera að sú staðreynd, að æskilegt væri að hafa stóran alþjóðlegan, fullkominn flugvöll á Norðausturlandi eða Austurlandi, hafi gefið einhverjum hugmyndir um að varnarliðið gæti gert þennan flugvöll okkur Íslendingum að kostnaðarlausu. Dæmi mitt í ræðunni er sett fram í því skyni að segja þeim Íslendingum, sem álíta að unnt sé að láta varnarliðið borga þennan flugvöll, þann varaflugvöll fyrir alþjóðaflug á Íslandi eða um Ísland, að skilyrði þess sé að slíkur flugvöllur hafi gildi fyrir öryggi landsins, og afleiðingin af því séu aukin umsvif varnarliðsins og afnot þess af þeim flugvelli. Ég er að aðvara menn, hvar á landinu sem þeir búa, að þeir geti ekki fengið slíkt upp í hendurnar nema böggull fylgi skammrifi, og ég bendi á það í þessari ræðu minni, að við verðum að gera okkur grein fyrir hvort þær kvaðir og sú breyting, sem aukin umsvif varnarliðsins hafa í för með sér, séu þess eðlis, að við séum reiðubúin að taka þær á og hlíta þeim. Ég held að það komi alveg skýrt fram í mínu máli, að í þessu felst greinileg aðvörun, það verði ekki ráðist í slíkar framkvæmdir fyrir annarra reikning, nema þær framkvæmdir séu ótvírætt nauðsynlegar vegna okkar eigin varna og vegna okkar eigin öryggis.

Ég held, að engum blandist hugur um þetta sem les ræðu mína, að það er fólgin í henni aðvörun til þeirra landsmanna sem ætla sér að fá flugvöll upp í hendurnar, hvort heldur er á Austurlandi, Norðausturlandi eða annars staðar á landinu, eða varanlega vegi. Sú aðvörun er fólgin í því, að við tökum ekki við þeim framkvæmdum úr annarra hendi eða fjármunum til þess að standa undir þeim framkvæmdum, nema það sé nauðsynlegt frá öryggissjónarmiði okkar sjálfra. Og ég held líka, að það komi fram í mínu máli, en að svo miklu leyti sem það er ekki nægilega greinilegt skal það gert enn greinlegar með þeim hætti, að sem betur fer er nú vonandi ekki sú yfirvofandi hætta að við þurfum að gera ráð fyrir auknum umsvifum varnarliðsins eða framkvæmdum annars staðar á landinu en þar sem varnarstöðin nú er staðsett. En hins vegar getum við ekkert um þetta fullyrt um aldur og ævi. Ég tel aukin varnarmannvirki alls ekki vera á dagskrá hér öðruvísi en ég bendi á að mat á nauðsyn varnarviðbúnaðar þarf ávallt að fara fram og við þurfum ávallt að gera okkur grein fyrir stöðu okkar og taka ákvarðanir. Þær geta falist í óbreyttu fyrirkomulagi, að varnarliðið fari af landi brott eða að varnarviðbúnaður verði aukinn með einhverjum hætti.

Ég tel rétt að það komi fram, að ég hef aflað upplýsinga um það, að sú grein, sem ég hef gert hér að umtalsefni, birtist 16. jan. 1974 og bar fyrirsögnina: Nýskipan varnarmála, og undirfyrirsögn, sem ég er nú ekki alveg viss um hver var, en hún birtist sem sagt fyrir tæpum fjórum árum, þannig að út af fyrir sig er þetta ekki mín hugmynd og aðeins tekið sem dæmi í umr. Það er mjög óvenjulegt, að menn vilji ekki eigna sér hugmyndir í þessum ræðustól, en þessu er nú samt þannig varið.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hefði ekki blandað mér í þessar umr., sem hafa spunnist út af ræðu sem hæstv. forsrh. hefur flutt á flokksráðsfundi sjálfstæðismanna, nema af því að svo stendur nú á að ég gegni um stundarsakir störfum utanrrh. En einmitt vegna þess er mér ljúft og skylt að staðfesta það, sem hæstv. forsrh. hefur þegar sagt, og undirstrikað mjög rækilega, að það hafa engin tilmæli komið frá Bandaríkjunum né NATO um hernaðarflugvöll á Austurlandi né neins staðar á Íslandi annars staðar en þau hafa bækistöð nú. Og auðvitað er enn fráleitara og ætti ekki að þurfa að taka það fram, að að sjálfsögðu hafa slíkar beiðnir ekki verið settar fram af hálfu Íslendinga. Það hafa engar umr. farið fram um þetta efni í ríkisstj. né annars staðar á milli ábyrgra aðila, svo að mér sé kunnugt um. Það er náttúrlega aldrei hægt að segja til um það, hvaða furðuhugmyndir geta fæðst í heilum sumra manna, en mér er ekki kunnugt um, að hugmyndir af þessu tagi hafi verið á sveimi fyrir atbeina neinna ábyrgra aðila.

Þess er skemmst að minnast, að það er ekki langt síðan hæstv. utanrrh. var á ferð í Bandaríkjunum og ræddi þá málin við ábyrga aðila þar. Og það, sem hann m.a. ræddi um, var framkvæmd á þeim viðaukasamningi sem gerður var með varnarsáttmálanum 1974. Ég ætla, að hæstv. utanrrh. hafi gefið utanrmn. skýrslu um þær viðræður. Hafi svo ekki verið, þá er um misskilning hjá mér að ræða. En ég stend í þeirri meiningu. A. m. k. hefur ríkisstj. fengið rækilega skýrslu hans um þær viðræður. Þær snerust, eins og ég sagði, fyrst og fremst um framkvæmd á þeim ákvæðum sem um var að ræða í þeim viðaukasamningi. En ég held að það sé óhætt að segja, að meginefni þess viðaukasamnings hafi verið að takmarka frekar en hitt, þó að ekki geti orðið af þeirri fyrirætlun sem fyrrv. ríkisstj. hafði ráðgert. Eitt af þeim atriðum t. d. var að flytja varnarliðsmenn, sem utan vallarins búa, inn á völlinn og ganga eftir því, að það verði framkvæmt eins og gert hafði verið ráð fyrir og um var samið 1974. En það voru líka í þessum viðaukasamningi nefnd tiltekin atriði sem rétt væri að kanna hvert samráð Íslendingar og varnarliðið gætu haft um, þ.á m. landhelgisgæslu og almannavarnir. Vitaskuld hefur aldrei nokkrum lifandi Íslendingi dottið í hug, að ég ætla, að með þessu eða að öðru leyti væri gert ráð fyrir því, að varnarliðið tæki við yfirstjórn landhelgisgæslu, heldur hefur hugsunin verið önnur, né heldur hitt, að varnarliðið tæki við stjórn eða framkvæmd almannavarna, þeirrar stofnunar sem rekin er af hálfu íslenska ríkisins. En þrátt fyrir það geta átt sér stað ýmiss konar samráð og samvinna milli þessara aðila meðan við búum við þær aðstæður sem hér eru fyrir hendi. Að þessu lutu m.a. viðræður utanrrh. við fyrirsvarsmenn

Bandaríkjastjórnar, bæði í utanrrn. og hermálaráðuneyti. Þetta er mér algerlega óhætt að fullyrða, og um þetta hefur hann gefið ítarlega skýrslu.

Ég held því, að þó að erfitt geti verið að gefa hv. 2. þm. Austurl. trúna, þá held ég að hann geti sofið alveg rólegur, vegna þess að það eru ekki uppi nokkrar hugrenningar, að ég held, hjá nokkrum ábyrgum Íslendingi um hernaðarflugvöll, hvorki á Austurlandi né annars staðar á Íslandi.

Ég tel eðlilegra að ræða þau ummæli, sem Vísir hefur eftir iðnrh., þegar iðnrh. er sjálfur við og getur gert grein fyrir, hver hans ummæli voru og hvað hann hefur átt við með þeim, heldur en að ræða þau að honum fjarstöddum. Það hefur nefnilega viljað til, einstaka sinnum a. m. k., að það hafa slæðst villur inn í frásagnir blaðamanna, jafnvel hinna vönduðustu blaðamanna, hvað þá hinna. (Gripið fram í.) Ég tel hv. þm. í hópi hinna vandaðri blaðamanna, a. m. k. hvað ritun íslensks máls snertir.

En viðvíkjandi því, hver sé afstaða manna til þess að láta varnarliðið greiða fyrir landsafnot hér, þá vil ég gjarnan nota þetta tækifæri og segja það, að ég tel það ekki koma til greina. Ég tel að það hafi aldrei komið til greina að varnarliðið greiddi leyfisgjald fyrir landsafnot hér. Hér er um samstarf að ræða, menn geta haft mismunandi skoðanir á því, framlag okkar er fólgið í því að leggja til landsafnotin. Ég er því algerlega andvígur að við Íslendingar gerum okkur dvöl varnarliðsins — eða það væri kannske réttara að segja: þeirra viðvörunarsveita, sem hér dvelja, að féþúfu. En mér finnst jafnósanngjarnt að ætlast sé til þess af okkur Íslendingum, að við tökum á okkar herðar nokkur útgjöld sem stafa sérstaklega af dvöl þessara sveita hér eða má til hennar rekja.

Umr. frestað.

Neðri deild, 19. fundur.

Mánudaginn 28. nóv., að loknum 18. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 113, n. 118). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. þetta og mælir með því að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Mánudaginn 28. nóv., að loknum 19. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 113). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Læknalög, frv. (þskj. 110). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um það, að við 3. gr. læknalaga komi ný mgr., svo hljóðandi:

„Ráðh. getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni.“

Á árinu 1973 voru endurskoðuð læknalög og samkv. því, sem þáv. heilbr.- og trmrh. sagði í sinni framsögu, gátu samkv. þágildandi lögum þeir einir fengið lækningaleyfi hér á landi sem voru íslenskir ríkisborgarar. Þótti nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði, fella það niður, því að ákvæðið hafði sætt vaxandi gagnrýni, enda höfðu samsvarandi ákvæði verið felld úr lögum á hinum Norðurlöndunum.

Enn fremur voru gerðar nokkrar breytingar á læknalögum við þessa endurskoðun. Það þótti rétt að færa nokkur atriði þessara laga í nútímalegra horf, eins og sagði í grg. með frv., og þess vegna voru nokkrar mgr. umskrifaðar, enda voru þessi lög að stofni til frá 1932. Hins vegar féll niður það, sem var í gildandi lögum frá 1969, þetta ákvæði um að ráðh. geti veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi að fengnum tilmælum landlæknis.

Nú hefur landlæknir bent á að umrætt ákvæði hafi fallið burtu og hann hafi ekki gert ráð fyrir þessu afnámi í till. sínum frá 1973, enda telji hann að ákvæði þetta þurfi að verða áfram í lögum. Þess vegna er lagt til í þessu frv. að þetta ákvæði verði aftur lögfest og það alveg eins frá orði til orðs og var í lögunum frá 1969. Því er ekki að neita, að þetta hefur ekki haft nein áhrif fyrr en nú, að umsögn hefur borist heilbrigðisyfirvöldum um takmarkað lækningaleyfi eða starfsleyfi fyrir nýja grein, og það er starfsleyfi fyrir kíropraktor sem hefur lokið námi, sem er um það bil 5 ára nám, og hefur sótt um takmarkað lækningaleyfi. Samkv. læknalögum, eins og þau eru nú, er heilbrigðisstjórninni ekki leyfilegt að veita nein slík leyfi, og því er lagt til að þetta ákvæði verði aftur tekið upp. Og það gildir auðvitað um aðra nýmenntun, sem hefur ekki öðlast starfsheiti eða starfssvið, að slíkt starfsleyfi verði veitt ef landlæknir telur viðkomandi menn hafa þekkingu til að sinna þeim störfum.

Herra **forseti**. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Kannske að ég víki að því atriði sem var einna forvitnilegast í ræðum hæstv. ráðh. hér áðan. Þeir töluðu um það báðir með mjög siðferðilegum þunga, að Íslendingar mættu ekki gera sér bandaríska hersetu á Íslandi að féþúfu og gjaldtaka kæmi ekki til greina. Mér þótti ákaflega einkennilegt að sjá siðgæðissvipinn á hæstv. ráðh., þegar þeir mæltu þetta, og hlusta á alvöruþungann í röddum þeirra, því að það hefur sannarlega farið fram gjaldtaka í sambandi við vist bandarísks hers á Íslandi og hluti af þeirri gjaldtöku hefur sannarlega runnið í ríkissjóð.

Ég minnist þess ákaflega vel, þegar bandaríski herinn kom hingað vorið 1951. Hann kom ekki með neinu samþykki Alþingis, þótt hæstv. forsrh. héldi því fram áðan. Það er alveg rétt, að þrír flokkar héldu leynifundi utan þessa húss til þess að fallast á hersetuna, en það jafngildir ekki neinni samþykkt Alþingis. Þetta var ótvírætt stjórnarskrárbrot sem þarna var framið. Vilji Alþingis var alls ekki kannaður á þann hátt sem gera verður samkv. stjórnarskránni.

En þegar herinn kom hingað var sannarlega unnið rösklega að því að gera hernámið að féþúfu. Í fyrstu voru það erlendir verktakar sem gegndu störfum í þágu hernámsliðsins. En það var farið í það af miklum dugnaði að stofna íslensk félög sem áttu að gegna þjónustustörfum fyrir hinn erlenda her. Það var stofnað félag sem hét Sameinaðir verktakar, og ég man ekki betur en fyrsti framkvæmdastjóri þeirra samtaka héti Geir Hallgrímsson, sem nú er hæstv. forsrh. Þetta voru samtök sem stofnuð voru til þess að hagnast á erlendri hersetu.

Það gerðist fleira. Framsfl. hafði ekki síður áhuga á því að hagnast á erlendri hersetu. Fé samvinnuhreyfingarinnar var notað til þess að stofna sérstakt hlutafélag, Regin hf., til þess að hagnast á erlendri hersetu á Íslandi, og það var gerður samningur milli þeirra flokka, sem nú sitja í ríkisstj., um helmingaskipti hvað þetta snertir. Á móti fjórðungsaðild Regins hf. kom fjórðungsaðild ríkissjóðs, sem átti að tryggja það að hlutur Framsfl. væri þarna fullkomlega tryggður á móti Sameinuðum verktökum, sem talin voru samtök Sjálfstfl.-manna.

Ég minnist þess einnig, að þáv. utanrrh. beitti sér fyrir því, að stofnuð voru sérstök samtök verktaka, sem voru taldir tilheyra Alþfl., til þess að hagnast einnig á þessari hersetu.

Gjaldtakan af hernámsliðinu var býsna mikil. Yfir fjórðungur gjaldeyristeknanna, gjaldeyristekna íslensku þjóðarinnar, kom frá hernámsliðinu á fyrstu árum eftir hernámið 1951, meira en fjórðungur, — og ætli það sé ekki ærið há upphæð sem hefur runnið í ríkissjóð í sambandi við þá peninga? Þó að ekki hafi verið hafður sá háttur á, að gerður væri formlegur reikningur frá ríkisstj. Íslands til ríkisstj. Bandaríkjanna, hefur sannarlega verið um ósmáa gjaldtöku að ræða. Og þessi gjaldtaka heldur enn áfram.

Sameinaðir verktakar, sem hæstv. núv. forsrh. starfaði eitt sinn fyrir, starfa áfram á Íslandi. Þetta er að vísu orðið lokað hlutafélag, að því er mér skilst. Það mega ekki aðrir hagnast á störfum í þágu bandaríska hersins en þeir sem stofnuðu þessi samtök í upphafi, en þeir hagnast einnig ríflega á þeim — mjög ríflega. Ég man ekki betur en það gerðist fyrir tiltölulega fáum árum, að íslenska ríkið taldi sig skorta fé til þess að leggja vegarspotta hér fyrir innan Reykjavík og fékk þá lán hjá Sameinuðum verktökum til að geta lagt þennan vegarspotta. Uppi á Ártúnshöfða er, að ég hygg, stærsta hús á Íslandi, og ég veit ekki betur en það sé í eigu Íslenskra aðalverktaka, borgað með gjaldtöku, borgað vegna þess að tilteknir aðilar á Íslandi hafa haft aðstöðu til þess að gera hersetu Bandaríkjanna hér að féþúfu. Og þetta eru áhrifamiklir aðilar í þjóðfélaginu.

Ég minnist þess, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var ákveðið að bandarískt herinn skyldi fara, og það var gengið frá því á árinu 1973, ef ég man rétt, að semja um það í einstökum atriðum hvernig þessari brottför yrði háttað. Þá gerðist það að gamla stjórnarráðsbyggingin, þar sem hæstv. núv. dómsmrh. hafði þá sæti sem forsrh., fylltist einn daginn af Framsóknarflokksmönnum sem höfðu svo mikla gjaldtöku af hersetunni að þeir gengu á fund formanns síns til að mótmæla því að herinn væri látinn fara.

Hér hefur verið um ákaflega mikla gjaldtöku að ræða, og það lá við um tíma að Ísland kæmist í mjög slæma aðstöðu út af þessum áformum. Það stóð til að koma upp á Rangárvöllum mjög stórri, nýrri flugstöð. Það stóð til að koma upp herskipahöfn á Suðurlandi í sambandi við þennan flugvöll. Ég minnist þess að einn af aðalleiðtogum Framsfl. stofnaði þá svokallað fjárbú á Rangársöndum ásamt félaga sínum. Ég held að búið hafi heitið Ketla. Tilgangurinn var að geta haft flugvallarstæðið að féþúfu.

Þannig hefur verið staðið að þessu máli, og ég hygg að þau séu þessir fjármálaþræðir sem fyrst og fremst valda því, að menn vilja hafa erlendan her á Íslandi, vissir áhrifamenn, vissir fjármálamenn, vegna þess að þeir hagnast á því peningalega. Og aronskan, sem veður nú uppi í Sjálfstfl., er beint áframhald af þessari stefnu, nákvæmlega beint áframhald, þannig að það er í mínum augum hrein hræsni þegar formaður Sjálfstfl. lítur hér í kringum sig alvarlegum augum og telur að af siðferðilegum ástæðum geti ekki orðið um að ræða neina gjaldtöku af Bandaríkjamönnum. Sú gjaldtaka hefur farið fram allan tímann, og hún er ástæðan fyrir því að þessi bandaríski her er hér enn þá og það virðist vera áhugamál fjárplógsmanna sérstaklega að þessi herseta haldist til eilífðarnóns.

Ég segi þessi orð til þess að mótmæla þeirri hræsni sem fram kom í ummælum þessara

beggja ráðh. Það er gjaldtakan sem hefur verið röksemdin fyrir erlendri hersetu á Íslandi og er það enn í dag. Og það verður ekki höggvið á þessi bönd, við losum okkur ekki við niðurlægingu erlendrar hersetu fyrr en við erum menn til þess að skrúfa fyrir þessa gjaldtöku sem er eina raunverulega röksemdin.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætla fyrst að gera aths. við ummæli hæstv. forsrh. hér áðan, að rætt hefði verið um að gera flugvöll, koma upp herstöð á Norðausturlandi, og hann nefndi sem dæmi skrif Sigurðar Lindals í því sambandi. Það er rétt, Sigurður skrifaði fyrir fáeinum árum allmikið um það, að rétt væri að koma upp herstöð á Melrakkasléttu. En ég vil, vegna Sigurðar Lindals, að hér komi fram, að það, sem vakti fyrir honum var ekki að auka umsvif Bandaríkjahers á Íslandi, heldur hitt, að bægja frá þéttbýlinu hér á suðvesturkjálkanum þeirri hættu sem stafar af herstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Hæstv. forsrh. talar um að sjálfsagt sé að meta svonefnd varnarmál öðru hvoru. Við eigum að láta fara fram sjálfstætt mat á stöðunni hverju sinni. Það er mjög lýðræðislegur tónn í hæstv. forsrh., þegar hann segir þetta. Maður gæti næstum haldið að hann ætti við það t. d., að Alþingi Íslendinga ætti að ákveða þetta og þar með allir flokkar sem hér eiga fulltrúa. Hætt er nú við samt að það vaki ekki fyrir hæstv. forsrh. að hafa alla flokka með í slíkri athugun, að leyfa öllum flokkum aðild að þeirri könnun sem hann talar um.

Árið 1971, skömmu eftir að vinstri stjórnin kom til valda, var flutt hér á Alþ. þáltill. sem er með ólýðræðislegustu málum sem komið hafa inn á Alþingi Íslendinga, mál þess eðlis, að kalla mátti eitt meiri háttar þinghneyksli. 1. flm. þessarar till. var núv. hæstv. forsrh. og með honum voru flm. níu aðrir þm. Sjálfstfl. Hæstv. núv. forsrh. steig þarna fram í nafni flokksins við tíunda mann til þess að flytja svo hljóðandi þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela hverjum þeirra þingflokka, sem styðja þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu, að tilnefna einn fulltrúa, sem skuli starfa með utanrrh. í viðræðum við Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir bandalagsins um endurskoðun á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, þátttöku Íslands í störfum bandalagsins og skipan öryggismála landsins.“

Till. er svohljóðandi, en í grg. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, þegar hæstv. forsrh. er að skýra hvað fyrir honum vakir:

„Eðli málsins samkvæmt er útlokað, að þeir, sem andvígir eru áframhaldandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, taki þátt í viðræðum við það og Bandaríkjamenn um varnarmál Íslands.“

Eðli málsins samkvæmt er útilokað, að einn sjötti þm. fái notið þess réttar síns að eiga aðild að slíkum viðræðum. Það er ekki laust við að maður efist um heilindin, hvað sem líður svipnum á hæstv. forsrh., þegar hann þrástagast á því hér, að nauðsynlegt sé að meta stöðuna í svonefndum varnarmálum, óvilhallt skilst manni. Reyndar er vafamál að forsrh. hafi vilja í raun og veru, hvað þá getu til að meta þessa stöðu. Allar upplýsingar um þessa stöðu koma annars staðar frá og eftir þeim er farið.

Ég vil aðeins, áður en ég vík nánar að því atriði, geta þess, að þessi till. núv. hæstv. forsrh. var felld í utanrmn. Og í nál., sem formaður n., hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, formaður þingflokks Framsfl., skrifaði undir ásamt öðrum nm., segir að þessi till. hæstv. forsrh. og hinna sjálfstæðismannanna sé „bein árás á lýðræðislega stjórnarhætti“. Og hygg ég að þarna sé ekki of sterkt að orði kveðið. Já, það mat, sem við kynnum að fá gert í svonefndum varnarmálum, ég veit ekki hvernig hæstv. forsrh. hugsar sér það. En mat, opinbert mat íslenskra stjórnvalda, og þá fyrst og fremst flokks hæstv. forsrh., Sjálfstfl., á þessum málum hefur alveg ráðist af því, hvað talsmenn Atlantshafsbandalagsins og aðallega Bandaríkjanna segja hverju sinni. Og málgagn hæstv. forsrh. er óspart notað í því sambandi. Í hvert sinn sem þannig horfir í samskiptum stórveldanna tveggja í austri og vestri, að eitthvað kann að virðast vera að lagast samkomulagið, þá fyllist blað hæstv. forsrh. af fullyrðingum, löngum greinum þess efnis, að nú sé heldur en ekki að aukast árásarhættan o. s. frv. Og það bregst yfirleitt ekki, að hingað til lands kemur einhver legáti frá Bandaríkjunum eða NATO til þess að vitna í útvarpi og sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum um það, hver nauðsyn sé á því að hafa herstöðina á Keflavíkurflugvelli og að við séum áfram í NATO, — lífsnauðsyn fyrir allan „hinn frjálsa heim“. Ég er ekki í neinum vafa um það, — ég vil nú kveða heldur sterkar að orði en hv. þm. Lúðvík Jósepsson áðan, — ég er ekki í neinum vafa um það, að hér er maðkur í mysunni. Það er eitthvað að gerast á bak við tjöldin sem kemur m. a. fram í þessum þenkingum hæstv. forsrh. um það, að e. t. v. þyrftum við einhvern tíma að leyfa hernaðarflugvöll á Austurlandi. Ég er ekki í neinum vafa um þetta. Og þetta er að sjálfsögðu í beinum tengslum við vissa niðurstöðu sem fékkst í prófkjöri hjá Sjálfstfl. í Reykjavík nú nýlega. Í tengslum við þetta eru líka þenkingar iðnrh. eða yfirlýsingar um það, að við getum ekki einir og hjálparlaust lagt varanlega vegi. Og með tilliti til reynslunnar kæmi mér ekki á óvart að nú innan skamms birtist enn einn legátinn frá NATO eða Bandaríkjunum eða kannske sjálfur Jósep Luns, til þess að segja okkur að nú gangi þetta ekki lengur sisvona. Spyrillinn í sjónvarpi mun spyrja: Hver er nauðsynin á hernaðaraðstöðunni hér? Og enn mun það ítrekað, hve gríðarlega mikil sú nauðsyn sé, fyrir allan „hinn frjálsa heim“. Síðan verður spurt: Er varnaraðstaðan nógu mikil? Og legátinn mun svara: Nei, því fer fjarri. Og hvað væri þá til ráða? mun spyrillinn segja. T. d. að koma upp öðrum hernaðarflugvelli einhvers staðar. T. d. hvar? segir spyrillinn. T. d. á Austurlandi eða Norðausturlandi. Mér kæmi sannarlega ekki á óvart þó að einn slíkur legáti birtist hér nú alveg á næstunni.

Mér þykir verst að hæstv. dómsmrh. er horfinn úr salnum, því að ég ætlaði að beina til

hans aths. Menn hafa e. t. v. ekki tekið eftir því, en í ræðu sinni hér áðan kallaði hann hið svonefnda varnarlið ekki varnarlið. Það hét allt í einu í ræðu hæstv. dómsrh. ekki varnarlið, heldur kallaði hann það „viðvörunarsveitir“. Ég tel að þetta sé þess háttar orðalagsbreyting, að maður hljóti að beina til hæstv. dómsrh., sem nú er kominn þarna í dyrnar, fsp. þess efnis, hvort hann telji að þessar sveitir, sem hér eru, séu okkur ekki til neinna varna. Og viðvörunarsveitir, — ef þetta eru aðeins viðvörunarsveitir, — viðvörunarsveitir í þágu hverra? Eru þær í þágu okkar Íslendinga eða í þágu einhverra annarra?

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Ég tel rétt að það komi hér fram, að undirfyrirsögn í umræddri grein þeirra Sigurðar Líndals og Valdimars Kristinssonar var að herstöðin yrði flutt frá Keflavíkurflugvelli, og það er alveg rétt, að í þeirra tillögum fólust ekki aukin umsvif varnarliðsins hér á landi. En í hugmyndum manna um nauðsyn á öðrum alþjóðlegum flugvelli á Norður- eða Austurlandi hafa falist þær óskir eða skoðanir, að slíkur flugvöllur gæti verið byggður fyrir varnarliðið. Það er til þeirra manna sem ég beindi aðvörunum mínum í ræðu minni á flokksráðsfundi, að það mundi hafa í för með sér aukin umsvif varnarliðsins.

Ég vil svo aðeins segja að það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda, ég held allra ríkisstj. sem hafa verið að störfum frá því að varnarsamningurinn var gerður, að umsvif varnarliðsins væru sem minnst og tala varnarliðsmanna í lágmarki og þar af leiðandi þeirra útlendinga sem fyrir þá störfuðu. Þess vegna hafa Íslendingar tekið að sér ýmiss konar verk vegna varnarliðsins, og er það bein afleiðing af stefnu íslenskra stjórnvalda og jafnvel þeirra stjórnvalda sem Alþb. hefur átt aðild að.

Varðandi þáltill., sem hv. 5. þm. Vesturl. nefndi, þá var við flutning hennar gengið út frá því, að Alþb.-menn kærðu sig ekki um aðild að þessari endurskoðun, það væri ekki á þeirra stefnuskrá að endurskoða fyrirkomulag varna eða varnarsamnings, heldur alfarið að varnarliðið skyldi á brott og hér skyldu ekki neinar varnir vera. Þess vegna var gengið út frá því sem gefnu, að þeir kærðu sig ekki um slíka aðild málsins.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 29. nóv., kl. 2 miðdegis.

Djúpvegur, fsp. (þskj. 35). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 35 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um það, hvenær megi vænta þess að ákvörðun verði tekin um tengingu Djúpvegar við aðalþjóðvegakerfi landsins.

Nokkuð langur tími er liðinn síðan hafist var handa um vegagerð við Ísafjarðardjúp með það fyrir augum að tengja Vestfirðina við aðalakvegakerfi landsins. Það má segja að nú í nokkurn tíma hafi verið með hörmungum hægt að fara þessa leið, en enn liggur ekki fyrir, það ég best veit, hvaða leið kunni að verða farin til þess að tengja varanlega Ísafjarðardjúp við aðalakvegakerfið. Undanfarin ár hafa átt sér stað snjómælingar á heiðarvegum á Vestfjörðum. Mér skilst að Vegagerðin sé nú tilbúin að leggja fram tillögu um vegarstæði fyrir varanlega tengingu Djúpvegar við þjóðvegakerfið, og þessi fsp. er fram borin með það fyrir augum, að það fáist helst úr því skorið eða vitneskja um það, hvenær þess sé að vænta að ákvörðun um þessa framkvæmd verði tekin. Vestfirðinga er farið að lengja eftir því, að í þessar framkvæmdir verði ráðist, því að sannleikurinn er sá, að það er aðeins um klukkutíma akstur sem gerir það að verkum að Vestfjarðakjálkinn er úr tengslum við aðalakvegakerfið þetta frá 7—9 mánuði á ári. Það liggur því ljóst fyrir og er ekki nema eðlilegt að á það sé knúið, að farið verði að taka ákvörðun um vegarstæði varðandi varanlega tengingu. Fsp. mín er því fram borin með það í huga, að væntanlega liggi nú fyrir allar þær upplýsingar sem þarf til þess að hægt sé að taka ákvörðun um tengingu Djúpvegar við aðalakvegakerfið.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 35 er fsp. frá hv. 5. þm. Vestf. um það, hvenær megi vænta þess, að ákvörðun verði tekin um tengingu Djúpvegar við aðalþjóðvegakerfi landsins. Svar við þessari fsp. er fengið hjá vegamálastjóra, sem ég leyfi mér að lesa hér:

„Í maí 1976 gaf Vegagerð ríkisins út álitsgerð um tengingu Djúpvegar við Vestfjarðaveg í Austur-Barðastrandarsýslu. Í henni kemur fram, að hagkvæmasta lausnin sé annaðhvort um Þorgeirsdal eða nálægt núverandi vegi um Þorskafjarðarheiði. Á þessum leiðum hafa undanfarandi ár verið gerðar snjómælingar og er talin þörf á framhaldi á þeim, þar sem m. a. tveir síðustu vetur hafa verið óvenjulegir hvað snjóalög snertir, þ. e. hafa verið snjóléttir.

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga, sem haldið var í Reykjanesi haustið 1976, var samþykkt sú niðurröðun verkefna í vegagerð, að tenging sveita við markaðsstaði innan Vestfjarða skyldi hafa forgang, en næst kæmi tenging byggðarlaganna við aðalvegakerfi landsins. Í samræmi við þessa samþykkt veittu þm. Vestfj. fé í vegáætlun 1977—1980. Ákvörðun um tengingu ætti því að vera hægt að taka áður en sú áætlun rennur út, svo að veita megi fé í hana á næstu vegáætlun.“

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er rétt, sem hæstv. samgrh. sagði í sambandi við ályktun Fjórðungssambandsþings Vestfjarða frá 1976, að forgang skyldu hafa samkv. óskum heimamanna tenging sveita við markaðssvæði og tenging byggðarlaga innan fjórðungsins. Þetta er rétt. Að vísu hafa orðið nokkuð skiptar skoðanir um þetta heima á Vestfjörðum síðan þessi samþykkt var afgreidd á fjórðungsþingi. En ég hef staðið í þeirri meiningu, að tenging Djúp-

vegar við aðalvegakerfi landsins væri mál út af fyrir sig, sem ekki kæmi beint við innanhéraðsmálum að því er samgöngur snertir, heldur skoðaðist tenging Djúpvegar sem hluti af aðalhringvegaframkvæmdum. Ég vitna hér í, þó að ég hafi nú ekki við höndina umr. frá Alþ. frá árinu 1974, á sumarþingi þá, að þá kom það greinilega fram í máli hæstv. samgrh. og hafði raunar komið fram hjá fyrrv. samgrh., Hannibal Valdimarssyni, að tengingu Djúpvegar bæri að skoða sem hluta hringvegarins. Ég fagnaði þessari yfirlýsingu þá, og ég vildi gjarnan heyra staðfestingu á því nú frá hæstv. ráðh., að þetta væri réttur skilningur. Þess vegna er það trú *mín að það sé ekki gerlegt að bíða með* framkvæmd á tengingu Djúpvegar þangað til öllum þeim miklu verkefnum er lokið sem fyrir liggja samkv. ályktun fjórðungssambandsþings. Og ég spyr hæstv. samgrh.: Megum við ekki vænta þess, vegna þess líka að nú er mikið lagt upp úr fullri framkvæmd hringvegarins, að tenging við Vestfirði komi þar alveg ótvírætt inn í?

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svar hans, þó að ég hins vegar harmi það eins og það var hér sett fram.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það, sem kom fram hjá hv. 9. landsk. þm., að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að tenging Vestfjarðakjálkans við aðalþjóðvegakerfi landsins eigi að vera innan hringvegarins, og mér vitanlega hefur ekki verið um annað talað en svo ætti að vera. Samkv. þessu svari hæstv. ráðh. sýnist mér það liggja fyrir, að það er í fyrsta lagi 1980 *sem vænta má* þess að ákvörðun verði tekin um tengingu Djúpvegar, þ. e. a. s. 3 ár enn, hafi ég skilið rétt. Ég harma það, ef á að láta Vestfirðinga bíða í 3 ár enn eftir því, að ákvörðun verði tekin um hvaða leið skuli farin við tengingu Djúpvegar við aðalþjóðvegakerfið.

Hæstv. ráðh. las hér upp svar frá Vegagerðinni, þar sem vitnað er til samþykktar Fjórðungsþings Vestfirðinga í Reykjanesi haustið 1976, og rétt er það, að samþykktin var á þá leið eins og hér var gert ráð fyrir og túlkað í svari Vegagerðarinnar. En ég vil láta það koma skýrt fram, að ég var andvígur þeirri samþykkt. Ég taldi að með slíkri samþykkt væri verið að gefa stjórnvöldum og þeim aðilum í landinu, sem ákvörðun ættu að taka í þessum efnum, það upp, að heimaaðilar væru í sjálfu sér ekki að knýja á um þessa lokatengingu.

Nú hefur þessu verið breytt á Fjórðungsþingi Vestfirðinga á þessu hausti. Þá var gerð önnur samþykkt sem fór á annan veg heldur en sú sem gerð var haustið 1976.

Sé svo, að þessi samþykkt Fjórðungsþings Vestfirðinga hafi á þennan hátt átt hlut að því, að ákvarðanatöku um tengingu Djúpvegar hafi verið skotið á frest, þá harma ég það. En ég vil að það komi skýrt fram, að þeirri samþykkt var ég andvígur og taldi að þar væri rangt að farið.

Ég vil aðeins ítreka það, að eftir því sem ég best veit eftir upplýsingum frá Vegagerðinni, þá er hún nú tilbúin að leggja fram till. um hvaða leið verði valin til þess að tengja Vestfirði við aðalþjóðvegakerfi landsins. Sé þetta rétt, sem ég hef ekki ástæðu til þess að rengja og vil a. m. k. hafa sem rétt þangað til annað kemur fram, þá er það einungis að menn eru að skjóta sér undan því að taka ákvörðunina og ætla að *gera það næstu þrjú árin*. Það verður því ekki fyrr en 1980 sem Vestfirðingar mega vænta þess að ákvörðun verði tekin í þessu efni, og það harma ég sérstaklega.

Það þarf ekki að ítreka það hér, það hefur komið fram í opinberum plöggum, síðast frá Framkvæmdastofnun ríkisins, að Vestfirðir eru einangraðasti landshlutinn eins og málum er nú háttað, hvernig sem á samgönguhliðina er litið. Það er því að mínu viti ekki forsvaranlegt að draga það í 3 ár til viðbótar að ákvörðun verði tekin um það, hvaða leið skuli farin til þess að tengja Vestfirði við aðalþjóðvegakerfið. Ég vænti þess að þessi ákvörðun verði endurskoðuð, og það mætti raunar vænta þess, að það væri hægt að taka ákvörðun í þessu efni við endurskoðun vegáætlunar annaðhvort nú fyrir jólaleyfi, eins og ráðgert var, eða strax í upphafi þess að þing komi saman eftir jólaleyfi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram kom hjá hv. 9. landsk. þm. og hv. 5. þm. Vestf., vil ég taka það fram, að það er rétt sem hv. 9. landsk. þm. sagði, að á Djúpveg var litið sem hluta af hringvegi, og framkvæmdin var líka miðuð við það. Hins vegar kom þá ekki inn í það mál tengingin við aðalþjóðvegakerfi landsins, en það mál getur verið til ákvörðunar þegar fyrir liggur hvaða leið skuli fara í þeim efnum. Hitt er ljóst, að það liggur ekki fyrir. Ég hef ekki trú á því, að upplýsingar, sem ég hef frá vegamálastjóra, séu rangar. Ég leyfi mér að telja slíkar ásakanir á algerum misskilningi byggðar. Ef hv. þm. hefur talið að ég eða einhver annar hafi beðið um slíkt svar, þá getur hann spurt vegamálastjóra um það, og ég veit hvaða svar hann fær við því, því að hann lét mér þetta svar í hendur og ég veit að það er gefið, eins og venja er, eftir bestu samvisku og byggt á rökum.

Hitt segir ekki svarið, að ákvarðanataka þurfi að bíða til 1980. Ef fyrir liggja við endurskoðun á heildarvegáætluninni á næsta ári betri athuganir á snjóalögum þar vestra heldur en vegamálastjóri telur nú liggja fyrir, þá er ekkert því til fyrirstöðu að þeir, sem þá kunna að sitja hér á þingi, ákveði það. Hér er ekki verið að slá málinu á frest til ársins 1980, ef hv. þm. sýnist annað. Það hefur verið venja að lítið hefur vetrið tekið inn af nýjum verkefnum við endurskoðun á vegáætlun, eins og hv. 5. þm. Vestf. veit. Þess vegna hefur vegamálastjóri orðað þetta með fullkominni varfærni.

En lokaorð mín eru þau, að fyrst er að kynna sér málið fullkomlega, hvar best er að leggja vegi. Eftir það verður það ákvörðun Alþ. hvernig og hvenær það skuli gert.

Símaafnot aldraðs fólks og öryrkja, fsp. (þskj. 43). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Fsp. þessi er borin fram vegna þáltill. er fram kom á síðasta þingi um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur. Í till. var vitnað í lög um breyt. á l. nr. 30 frá 1941, um fjarskipti, er samþykkt voru á Alþ. 16. mai 1975.

Þessi þáltill. kom til umr. undir lok þings í fyrra og var vísað til ríkisstj. Um hana urðu allmiklar umr., og rök fyrir því, að hún var ekki samþykkt, því að hún naut almenns stuðnings í þinginu, voru þau, að þetta mál þyrfti nákvæmari athugunar við. Það þótti einsýnt, að hægt mundi að misnota slíka heimild, og þess vegna lýsti hæstv. samgrh. því yfir, að málið yrði tekið til athugunar á vegum fjögurra rn.: fjmrn., samgrn., heilbrrn. og menntmrn., er fjalla skyldu um þessi mál og reyna að komast þar að niðurstöðu um heildarskipulag á þessum málum. Jafnframt gaf hæstv. ráðh. það í skyn, að inn í þessa athugun skyldu koma einnig mál fatlaðra að því er varðar kaup á bifreiðum.

Það er kunnugt að öryrkjum hefur verið veittur stuðningur til bifreiðakaupa í formi niðurfellingar á aðflutningsgjöldum. Öryrkjar hafa nú á síðustu árum kvartað mjög yfir því, að þessi stuðningur hafi rýrnað mjög í báli verðbólgunnar, og fara fram á endurskoðun á þessum reglum og aukinn stuðning. Nú hljóðar fsp. einfaldlega um það, hvað þessi fjögurra rn. n. hafi gert og hvað líði störfum hennar og hvenær megi vænta niðurstöðu af þeim störfum.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 43 er fsp. frá hv. 9. landsk. þm. um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja. Þar er spurt um hvað líði störfum n. á vegum samgrn., fjmrn., heilbrrn., og menntmrn., er fjalla skyldi um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur og bifreiðakaup fatlaðra, og enn fremur hvenær megi vænta niðurstöðu af störfum n. Við þessari fsp. vil ég gefa svo hljóðandi svar:

Við umr. í Ed. um frv. til l. um Póst- og símamálastofnun s. l. vor sagði ég vegna brtt. um talstöðvar í bifreiðar fatlaðra, að það hefði orðið að samkomulagi á milli samgrh., fjmrh., heilbrrh. og menntmrh., en alla þessa ráðh. snerta þessi mál, að setja í það n. manna, sem færir eru til að fjalla um þessi mál, og sameina þetta þá í eitt og sama málið og finna leið til þess að greiða úr fyrir þessu fólki, sem sannarlega er þörf á að gera og gera það á einn og sama hátt, þ. e. að einn og sami aðilinn annist framkvæmdina. Þetta ítrekaði ég svo við umr. í hv. Nd. um þáltill. um símaafnot aldraðs fólks.

Þessi ummæli mín eru í samræmi við þá skoðun, sem ég hef áður lýst hér á hv. Alþ., að rangt sé að einstakar stofnanir, svo sem útvarp eða póstur og sími, taki á einn eða annan máta við hlutverki Tryggingastofnunar ríkisins, enda er það sannfæring mín, að fjárhæð sú, er þjóðin greiðir þeim er minna mega sín, hvort sem það er fyrir sakir elli eða sjúkdóma, skuli á hverjum tíma nægja fyrir þeim útgjöldum sem eðlileg teljast og almennt eru viðurkennd, án allra skuldbindinga um hvernig fénu sé varið.

Fleiri atriði tengjast þessu máli, svo sem bifreiðakaup fatlaðra, eins og raunar kemur fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Með hliðsjón af þeim rökum, sem hér hafa komið fram, var ákveðið að heilbrrh. skipaði umrædda n. Hafa þegar verið tilnefndir fulltrúar viðkomandi rn., og eru þeir þessir sem störfin annast: Jón Ingimarsson skrifstofustjóri í heilbrrn., og er hann formaður n., Halldór Kristjánsson deildarstjóri í samgrn., Jón Böðvarsson deildarstjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun og Knútur Hallsson deildarstjóri í menntmrn. Um þetta mál er ekkert frekar að segja en það, að n. er að störfum, og ég get ekki svarað því á þessu stigi málsins hvenær hún lýkur þeim, en ég vonast til að hún hraði störfum sínum og finni þá lausn sameiginlega sem hér er um rætt.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Framkoma hæstv. símamálaráðh. í þessu máli er einhver herfilegasta valdníðsla sem ég hef fylgst með síðan ég fór að fylgjast með störfum Alþingis. Það hefur að vísu ágerst mjög síðustu árin, að ráðh. taka ekkert mark á þáltill. sem samþ. eru hér á Alþ., þó þær feli í sér mjög skýra stefnumörkun, og mér finnst þingið hafa sýnt furðumikið langlundargeð við að þola ráðh. slíka framkomu. En hér var ekki um þál. að ræða. Hér var um að ræða frv. um breyt. á lögum um fjarskipti. Ég flutti þetta frv. á árinu 1974, ef ég man rétt, og það var samþ. árið 1975 einróma hér á hinu háa Alþ. Ég veit ekki hvort hæstv. símamálaráðh. var viðstaddur til þess að greiða atkv., en hann lét ekki í ljós neina andstöðu. Þetta var haft í því formi, að hæstv. ráðh. var heimilað að sjá um framkvæmd þessa vilja Alþingis. Alþingi gekk ekki frá reglum hvernig ætti að framkvæma þetta. Hæstv. ráðh. var falið það. En vilji Alþ. var algjörlega ótvíræður, og hæstv. ráðh. hefur gengið í berhögg við þennan vilja.

Þetta er í þriðja skiptið sem þetta mál kemur til umr. á hinu háa Alþingi. Þegar fyrst var spurt um efndir hæstv. ráðh. á áskorun Alþingis, þá svaraði hann á mjög hrokafullan hátt og taldi að hann sæi ekki neina ástæðu til að framkvæma þetta. Á síðasta þingi kom fram till. um þetta efni, og þá urðu viðbrögð hæstv. ráðh. þau að láta skipa embættismannanefnd, eins og hann greindi frá í ræðu sinni áðan, til þess að fjalla um þetta óvenjulega flókna vandamál.

Það kom fram í ræðu hv. frummælanda, að það væri hægt að misnota slíka heimild. Ég held að það sé algjörlega fráleitt. Það er hægt að binda slíka heimild við ákveðna upphæð, þannig að enginn geti misnotað símann til að hringja t. a. m. til Timbúktú eða eitthvað slíkt. Það er hægt að binda þetta við ákveðna upphæð sem geri öldruðu fólki og fötluðu, sem er bundið eitt á heimilum sínum, kleift að hafa sam-

band við umhverfi sitt. Hér er um algjöra lífsnauðsyn að ræða fyrir þetta fólk, ef það vill geta lifað eðlilegu lífi á heimilum sínum og einnig ef það vill gera viðvart ef það lendir í háskalegum vanda, eins og oft kemur fyrir.

Hæstv. ráðh. sagði að rangt væri að láta útvarp og sjónvarp taka á sig fjárhagsbyrðar af slíkum ástæðum. Það hefur áður verið samþ. hér á hinu háa Alþ., einnig samkvæmt till. frá mér raunar, að hægt væri að undanþiggja aldrað fólk og öryrkja með lágmarkstekjur því að greiða afnotagjald fyrir útvarp. Framkvæmdin hefur verið afar þröng. En þetta hefur verið í framkvæmd, og það er talsvert ískyggilegt að þessi hæstv. ráðh. skuli lýsa því yfir að þessi aðferð sé hæpin.

Í sambandi við símann held ég að það skipti ekki ákaflega miklu máli hvernig framkvæmd yrði háttað fjárhagslega. Sími er það algengur, að ef símagjöld yrðu hækkuð til þess að létta þessari byrði af því fólki sem mest þarf á síma að halda, en hefur ekki peninga til þess að hafa síma, þá hugsa ég að það kæmi ósköp svipað niður og ef síminn gerði reikning til ríkissjóðs. Það er hægt að framkvæma þetta á hvorn háttinn sem er, og hér er ekki um að ræða nein vandamál. Hér er aðeins um að ræða skort á vilja. Ég álít að þessi aðgerð hæstv. ráðh. sé brot á stjórnarskránni — valdníðsla og brot á stjórnarskránni. Og ég vil greina hæstv. ráðh. frá því, að ef hann hlítir ekki vilja Alþingis í þessu máli mjög fljótlega, þá mun ég reyna að kanna leiðir til þess að á það reyni, hvort hæstv. ráðh. hefur ekki verið að brjóta stjórnarskrána með athafnaleysi sínu á þessu sviði.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég hlýt þó að viðurkenna að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með það, hve litlu þessi n. hefur enn sem komið er áorkað og að ekki er sýnt hvenær niðurstöður muni liggja fyrir. Þar fyrir held ég að hv. 3. þm. Reykv. hafi nú tekið nokkuð mikið upp í sig.

Ég var ein þeirra sem á s. l. vori töldu einsýnt að þessa heimild mætti misnota. Það er augljóst mál. Og því miður er fólki þannig háttað, að það getur lagst svo lágt að nota sér ákvæði sem eiga að koma til góða meðbræðrum í þjóðfélaginu sem hjálpar þurfa með, nota sér vandræði þeirra og þær samfélagslegu ráðstafanir sem gerðar eru í þeirra þágu. Fram hjá þessu verður því miður ekki gengið, og því er fyllilega eðlilegt að athuga þessi mál vel. **(Gripið fram í:** Hvernig er hægt að misnota þetta?) Hv. þm. spyr hvernig misnota megi þetta. Það liggur að sjálfsögðu í augum uppi, að það er hægt að skrá á nafn aldraðrar manneskju síma sem aðrir nota svo, en láta greiða fyrir nafn hins. Þetta vitum við öll. Hins vegar má þessi hugsanlegi agnúi á framkvæmd þessa máls ekki verða til þess að tefja það óhæfilega.

Ég tek heils hugar undir það sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv., að hér er um mikið nauðsynjamál og mikið réttlætismál og mikið öryggismál að ræða. Ekki síst þar sem svo háttar til að aldrað fólk býr eitt í íbúð, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að það hafi síma og óverjandi að það hafi hann ekki. En símaafnotagjald er nú svo hátt að það er nokkuð tilfinnanlegt fyrir aldraðan einstakling sem ekki hefur á öðru að byggja en ellilífeyri, þó svo að tekjutrygging bætist við.

Ég vil því skora á hæstv. ráðh. að flýta þessu máli og einnig athugun á bifreiðum fatlaðra. Enda þótt við séum í fjárhagslegum vanda stödd megum við ekki láta það bitna meira en alltaf hlýtur að verða á þessum einstaklingum í þjóðfélaginu, sem við hljótum að bera fyrir brjósti meira en þá sem eru fullfrískir og þess umkomnir að ráða fram úr vanda sínum sjálfir.

Ég endurtek: ég vænti þess að störfum þessarar n. verði hraðað sem kostur er og út úr því komi niðurstaða sem við getum við unað.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég var einn af þeim sem tóku þátt í þeim umr. sem fram fóru á síðasta þingi varðandi þetta mál. Eins og hér hefur komið fram, urðu allmiklar umr. um þetta og allhart deilt á hæstv. ráðh. fyrir að hafa ekki orðið við þessari einróma samþykkt Alþingis. Það liggur fyrir alveg einróma viljayfirlýsing Alþigis í þessu máli. Og ég tek undir þá gagnrýni, að það er erfitt fyrir Alþ. þegar það hefur samþ. einróma að eitthvað skuli framkvæmt, að sætta sig við það, hvort sem það er hæstv. samgrh. eða einhver annar einstaklingur í stjórnkerfinu sem liggur síðan á því máli. Hér er enn eitt dæmið um það, hversu vald Alþ. er í raun og veru orðið lítið í reynd. Það getur svo að segja hver og einn ráðh., að því er virðist með hliðsjón af þessu, virt að vettugi einróma viljayfirlýsingu Alþ. um framkvæmd í tilteknu máli. Mér finnst ástæða til þess að mótmæla slíku sérstaklega. Það getur enginn alþm. setið undir því, að einróma vilji þingsins sé virtur að vettugi, hvaða hæstv. ráðh. eða einstaklingur sem þar á hlut að máli. Ég vil því mótmæla slíkum seinagangi og slíkum vinnubrögðum. Það er ekki sæmandi að það skuli líða mörg ár án þess að farið sé að einróma viljayfirlýsingu Alþingis í þessu máli sem og öðrum.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, er það minn skilningur, þó að hans skilningur sé kannske ofar og æðri, að heimild sé heimild, bein lagafyrirmæli lög, og af því sé ákvæði sett sem heimild í lög, en ekki fyrirmæli, að það eigi að meta hvort heimildina skuli nota eða ekki.

Ég hef áður látið í ljós þá skoðun, að það sé ekki eðlilegt að láta einstakar ríkisstofnanir bera uppi slíkar greiðslur af aflatekjum sínum, það eigi að vera ríkisvaldið sjálft sem það annist. Ég minnist þess, og ég hygg að hv. 5. þm. Vestf. hafi verið einn af þeim sem töldu það til verri hluta í sambandi við kjaradeilur á s. l. vori hvað símgjöld væru há. En Landssíminn hefur ekki aðrar tekjur en þær sem hann aflar, og fyrir það verður hann að framkvæma það sem gert er.

Þetta vona ég að hv. 5. þm. Vestf. skilji og virði þegar hann hugsar málið rólega, en lætur ekki kappið hlaupa með sig.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Hæstv. ráðh. kom með þá lagaskýringu áðan, að heimild sé heimild og lög séu lög, og virtist vera að leggja dýpri skilning í lagasetningu á Alþ. með þessu móti. Þetta er mál sem ég hef rætt við einn þann mann sem ég veit löglærðastan í þessu landi. Hann segir mér að orðalag, sem tíðkast hér á Alþ., sé sumt arfur frá því að Alþ. var með dönskum einvaldskonungi og menn töluðu mjög kurteisislega við fulltrúa þessa einvaldskonungs. En hann segir mér einnig, að ef vilji Alþingis komi fram á ótvíræðan hátt, þá skipti þetta orðalag engu máli, það sé skylda ráðh. að framkvæma vilja Alþingis, hvernig sem hann sé orðaður. Það er einmitt rangtúlkun eins og hæstv. ráðh. reyndi að hafa hér uppi sem veldur því, að orðafar í þingsölunum hér á Alþ. er farið að breytast, í staðinn fyrir heimild er farið að skylda ráðh. til að gera eitt og annað. En þetta er ekki í samræmi við túlkun löglærðustu manna á starfsreglum Alþingis og á stjórnarskrárákvæðum, að ráðh. hafi nokkra heimild til þess að gera upp á milli ákvarðana Alþingis eftir orðalagi þeirra.

Hæstv. símamálaráðh. ber skylda til að framkvæma einróma vilja Alþingis í þessu máli. Á meðan hann gerir það ekki er hann að brjóta í bága við þann eiðstaf sem hann undirritaði þegar hann tók að sér ráðherrastörf.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil undirstrika það, að ég tel, að það eigi að framfylgja þessari samþykkt sem allra fyrst, og skil ekki af hverju þetta tekur svona langan tíma. Einnig vildi ég óska þess, að Alþ. fengi að vita um hve marga síma væri hér að ræða. Skiptir það svo miklu máli í hinu mikla fjármálabákni ríkisins, að við getum ekki ráðið við það núna við afgreiðslu fjárlaga?

Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðh., að þetta væri nokkuð flókið, og jafnvel að Tryggingastofnunin ætti að leggja nægilega mikla fjarmuni til þessa fólks. En hvað um margt af þessu fólki sem er komið yfir sjötugt? Hefur ekki ríkisvaldið látið eigur þess brenna upp í verðbólgunni án þess að spornað hafi verið nægilega við? Sumt af þessu fólki hefur átt nokkurn sparieyri undanfarin ár, en hann er allur horfinn. Og við treystumst ekki einu sinni til þess að veita því eðlilegan lífeyri.

Ég vil fá hér á borðið sem allra fyrst hugsanlega tölu þessara síma, svo Alþ. geti mótað afstöðu sína nú við afgreiðslu fjárlaga. Annað er ekki sæmandi. Og það er óverjandi að láta þetta dragast ár frá ári. Ég vil leggja mikla áherslu á það.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Sú n., sem hér hefur verið til umr., n. embættismanna úr fjórum rn., er orðin til vegna brtt. sem ég bar fram við frv. um Póst- og símamálastofnun og fjallaði m. a. um fjarskiptamál öryrkja. En símamál eru þó annar aðalþáttur þessarar fyrirspurnar, og það er ekki bara fjárhagsatriði fyrir aldrað fólk og öryrkja að hafa síma í sínum íbúðum, það er ekki síður öryggisatriði.

Það er mikill áhugi ráðamanna víða einmitt á því að þessir aðilar geti látið frá sér heyra ef eitthvað er að hjá þeim. Með það í huga hefur verið að störfum n. á Norðurlöndum sem á að reyna að finna tæki til þess að tryggja að það komi í ljós, ef t. d. aldraður íbúi getur ekki látið frá sér heyra og þarf á hjálp að halda. Till. hefur komið fram um það, að ísskápar þessa fólks verði þannig útbúnir, að ef þeir eru ekki opnaðir innan 12 klukkustunda hringi bjalla á lögreglustöð eða einhvers staðar annars staðar. Nú er komin fram till. um að koddar verði útbúnir á sérstakan hátt, þannig að ef ekki væri lagst á þá innan ákveðins tíma, þá gerist hið sama. Eins er um stóla. Af þessu er ljóst, að það er mikið áhugamál margra að aldraðir geti verið heima í íbúðum sínum eins lengi og mögulegt er, jafnvel þó þeir séu einir, og enn fremur að geðar séu ráðstafanir til þess að þeir geti látið vita um sig. Enn fremur hefur sumum sjálfsögðu þá kostir, að hann er tæki til þess að afla sér félagsskapar, fólk getur talað við einhverja og einmanakendin verður minni.

Allt þetta er þess valdandi, að það er mikil nauðsyn að þessi till. verði framkvæmd. En það er ekki þar með sagt, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, að póstur og sími þurfi að greiða þessi gjöld. Það má alveg eins hugsa sér að hann sendi einhverjum opinberum aðilum reikning fyrir þeim kostnaði, sem af þessu leiðir, og hann verði greiddur af þeim aðilum. Hins vegar er það vitað mál, að þótt tryggingabætur yrðu hækkaðar þannig að samsvaraði þeirri upphæð sem síminn kostar, þá mundi nokkur hluti af þeim, sem hér um ræðir, ekki nota þá fjármuni til þessara hluta vegna þess, að bætur verða alltaf þær lágmarkstekjur, að það verður nog fyrir þá að gera við peningana annað en borga síma.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég veit ekki af hverju hæstv. ráðh. fór að draga kjaradeiluna á s. l. sumri inn í þessar umr. hér með því að segja að líklega hefðu mér þótt nógu háir símareikningarnir í sambandi við það, nema þá að það sé meiningin að skella því á verkalýðshreyfinguna, að það sé hennar sök að þetta mál hafi ekki náð fram að ganga. Ef verið er að láta í það skína, þá mótmæli ég því harðlega. Það hefur ekki mér vitanlega nokkurn tíma komið fram, hvorki í þessari kjaradeilu, sem var á s. l. sumri, né áður, að það væri andstaða hjá verkalýðshreyfingunni gegn því að þessi einróma vilji Alþ. næði fram að ganga. Og mér finnst það nær hlægilegt þegar hæstv. ráðh. ætlar að skjóta sér á bak við það, að hér sé aðeins um heimild að ræða. Það liggur fyrir einróma viljayfirlýsing þingsins um það, með hvaða hætti þetta mál skuli leyst, og þá ber að gera það. Ef þetta er stórt fjárhagsmál, hvort sem það yrði Póst- og símamálastofnun, sem það greiddi, eða einhver annar aðili í ríkiskerfinu, þá vil ég til ábendingar fyrir hæstv. ráðh. leggja til að það verði ekki nema helmingurinn af símakostnaði sem alþm. fái greiddan. Hinum helmingnum verði varið til þess að borga niður símaafnot aldraðs fólks, ef það er

fjárhagsatriði ríkissjóðs sem stendur í vegi fyrir því að málið nái fram.

Heilsugæslustöðvar, fsp. (þskj. 101). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 101 leyft mér að beina til hæstv. heilbrrh. svo hljóðandi fyrirspurn:

„Hvernig stendur á því að enn hefur ekki verið sett reglugerð um rekstur heilsugæslustöðva, þ. á m. starfsskyldu lækna sem við þær starfa?“

Ástæðan til þessarar fyrirspurnar er sú, að mér er kunnugt um að ekki gengur allt sem skyldi í heilsugæslustöðvunum. Fólk kvartar um að læknar, sem þar eru komnir til starfa, oft af yngri kynslóð, hafi annan skilning á starfi sínu heldur en þeir eldri. Kveður rammt að þessu stundum. Ég veit dæmi þess, að fárveikt fólk hefur orðið að fara langan veg að vetrarlagi í kuldatíð til læknanna, vegna þess að þeir hafa lagt niður siði hinna gömlu, að fara á bæina þegar þeir eru beðnir þess, vefengja iðulega ástæðurnar, telja að sjúklingar eigi að koma að því er virðist í nær öllum tilfellum til þeirra. Einhver orðaði þetta þannig, að það bæri orðið minna á þjónustu læknanna við fólkið, nú væri ætlast til þess að fólkið þjónaði kerfinu.

Þegar spurt er um ástæðurnar til þessa fær maður oftast það svar, að ein aðalástæðan sé sú, að enn hefur ekki verið sett reglugerð um rekstur heilsugæslustöðva. Það skýtur sér hver bak við annan. Eitt er nú t. d. það, að enginn má heita yfirlæknir. Og vald þeirra manna, sem skipa stjórnir heilsugæslustöðvanna, er líka oft á tíðum mjög óljóst.

Fólk álítur, að þetta kæmist í betra lag ef sett væri reglugerð um rekstur heilsugæslustöðvanna.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 1973, þá eru allgreinargóð ákvæði um starfsemi heilsugæslustöðva og fjallar raunar allur III. kafli laganna um það efni. Í 21. gr. er tekið fram, hvaða þjónustu skuli veita á heilsugæslustöð, en þar segir svo:

„Á heilsugæslustöð skal veita þjónustu, eftir því sem við á, svo sem hér segir:

1. Almenna læknisþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga.
2. Lækningarannsóknir.
3. Sérfræðilega læknisþjónustu og tannlækningar.
4. Heilsuvernd, svo sem:
   a) Mæðravernd.
   b) Ungbarna- og smábarnavernd.
   c) Heimahjúkrun.
   d) Skólaeftirlit.
   e) Íþróttaeftirlit.
   f) Atvinnusjúkdómaeftirlit.
   g) Berklavarnir.
   h) Kynsjúkdómavarnir.
   i) Geðvernd, áfengis- og fíknilyfjavarnir.
   j) Félagsráðgjöf.
   k) Hópskoðanir og skipulagða sjúkdómaleit.
   l) Sjónvernd og heyrnarvernd.

Aðrar heilsuverndargreinar eftir ákvörðun ráðh. Ráðh. getur og ákveðið, að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu í heilsugæslustöð.“

Í þessari grein er einnig tekið fram, að ráðh. setji með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæslustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þ. á m. um móttöku sjúklinga utan stöðva.

Eins og hér hefur verið rakið, er ekki gert ráð fyrir því í þessari grein og hvergi annars staðar í lögunum, að ráðh. setji reglugerð um rekstur heilsugæslustöðva. Í 22. gr. segir, að rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli. Og í 23. gr. er stjórn heilsugæslustöðva falin að meiri hluta þeim sveitarfélögum sem að henni standa. Það er því ekki gert ráð fyrir að setja beri reglugerð um rekstur heilsugæslustöðva og vafasamt hvort sveitarfélög þyrftu að lúta slíkri reglugerð yrði hún sett. Um þau atriði, sem setja á í reglugerð, þ. e. a. s. um stærð og fyrirkomulag stöðva, fjölda sérmenntaðs starfsliðs, vil ég hins vegar fara nokkrum orðum, því að reglugerð hefur enn ekki verið sett um þessi atriði enda þótt af rn. hálfu hafi verið verulega um þau fjallað.

Í þessu sambandi vil ég í fyrsta lagi benda á rit rn.: Leiðbeiningar um hönnun heilbrigðisstofnana, sem er rit heilbr.- og trmrn. nr. 1/1976 og kom út í jan. það ár. Í þessu riti er lýst hvernig byggja á upp heilsugæslustöð, hvaða starfsaðstaða þarf að vera þar fyrir hendi, um stærðir einstakra eininga svo og um fyrirkomulag starfsins, og er ritið bæði ætlað þeim, sem taka þátt í hönnun heilbrigðisstofnana, einkum heilsugæslustöðva, en samið þannig að það getur einnig komið að gagni þeim sem starfa við þessar stofnanir og annast rekstur þeirra.

Með ritinu er í raun lögð stefnumörkun rn. um fyrirkomulag og starf heilsugæslustöðva. Í skýrslu þeirri, sem ég lagði fram á síðasta þingi um heilbrigðismál og birt var sem rit heilbr.- og trmrn. nr. 1/1977, er á hinn bóginn gerð ítarleg grein fyrir því, hvaða húsnæði þurfi á hverjum stað fyrir heilsugæslu samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, hvaða starfsfólk þurfi til að annast þessa þjónustu á hverjum stað, bæði lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæður, og hvaða íbúðarhúsnæði þurfi að byggja til þess að ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu sé fullnægt. Vil ég í þessu sambandi vitna til þess rits, bls. 48—53, en þar eru þessi mál rakin mjög ítarlega.

Ég vil einnig geta þess, að á árinu 1974 var í sameiningu af hálfu rn. og landlæknisembættisins unnið að því að gera drög að reglugerð eða starfsleiðbeiningum fyrir heilsugæsluna. Allmikið starf var unnið á því ári að þessu máli, án þess að því yrði lokið og án þess að afstaða væri tekin til þess, hvor kosturinn yrði valinn þegar reynsla væri fengin, að setja rammareglugerð um starfsemi heilsugæslu og gefa síðan út

sérstakar starfsleiðbeiningar, eða hvort hin leiðin yrði valin, að sett yrði reglugerð fyrir hverja heilsugæslustöð um sig. Á s. l. sumri sendi landlæknir þau drög, sem hér um ræðir, til umsagnar svæðafélaga Læknafélags Íslands og er gert ráð fyrir að þetta mál verði tekið upp að nýju nú á þessum vetri.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má vera ljóst að á vegum heilbr.- og trmrn. og í samvinnu við landlækni hefur verið unnið að því að móta stefnu í heilsugæslumálum landsins. En það hefur ekki verið lögð á það áhersla að gefa út reglugerðir fyrr en veruleg reynsla væri komin í heilsugæslumálefnum að allra dómi.

Í fyrirspurn sinni ræðir fyrirspyrjandi um sérstaka starfsskyldu lækna sem starfa við heilsugæslustöðvar. Í þessu sambandi er rétt að minna á að erindisbréf héraðslækna frá 6. mars 1964 er í fullu gildi hvað snertir læknisstörf á heilsugæslustöðvum, eftir því sem við getur átt, svo og reglur læknalaga, nr. 80 frá 1969. Hins vegar verður að minna á það, að að öðru leyti fer um starfsskyldur lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra eftir samningi fjmrh. og Læknafélags Íslands annars vegar og hins vegar kjarasamningum fjmrh. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, svo sem er um aðra starfsmenn ríkisins. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir því í lögum um heilbrigðisþjónustu, að sérstakir samningar séu milli Stéttarfélags lækna og Tryggingastofnunar ríkisins um almenn læknisstörf, og eru slíkir samningar nú í gildi.

Eins og ég sagði áður, þá er ekki gert ráð fyrir því, að sett sé reglugerð af hálfu heilbr.- og trmrh. um rekstur heilsugæslustöðva. Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni, að til greina kemur að breyta ákvörðun um stjórn heilsugæslustöðva þannig, að heilbr.- og trmrn. eigi fulltrúa í stjórninni. Sérstaklega tel ég þetta eðlilegt ef breytt verður ákvæðum laga um skyldu ríkisins til þess að taka þátt í viðhaldskostnaði fasteigna stöðvanna og endurnýjunarkostnaði tækjabúnaðar.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég þakka fyrir að mér skuli veitt orðið, ég hafði reyndar ekki beðið um það, en hingað er ég kominn. (**Forseti:** Ég bið hv. þm. að afsaka, því að mér heyrðist hann berja í borðið áðan, en sé það misskilningur, þá er það ekki ósk mín að hann taki endilega til máls.) Ég vil, fyrst ég er kominn hingað, herra forseti, óska eftir því að mega segja nokkur orð.

Ég hef ekki kynnt mér fyllilega þessa fyrirspurn, ég er nýkominn hingað og var ekki alveg við þessu búinn, en ég ei þeirrar skoðunar að hér sé e. t. v. minna mál á ferðinni en ætla mætti. Hér er á ferðinni nýskipan, eins og ég veit að hv. fyrirspyrjandi gerir sér grein fyrir, og þessi mál eru enn þá í þróun. Ég býst við að enn þá skorti nokkuð á að nægir starfskraftar séu fyrir hendi í hinum einstöku heilsugæslustöðvum, því eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., þá er gert ráð fyrir í lögum mjög víðtækri starfsemi í heilsugæslustöðvunum, og ég er þeirrar skoðunar, að þar séu, hvergi nærri starfskraftar enn þá til þess að sinna því öllu saman.

Ég býst við að það verði aldrei hægt að reka heilsugæslustöðvar eða lækningar yfirleitt öðruvísi en að fram komi einhverjar kvartanir. Það verður aldrei gert svo að öllum líki. En ég er þeirrar skoðunar, að starfsbræður mínar og þá ekki síst þeir, sem ungir eru, séu í rauninni ákaflega ólatir að fara til fólks og veita því þjónustu hvenær sem er. En þeir verða auðvitað að reyna að meta það með fólkinu hverju sinni, hvort ástæða er til þess að hlaupa upp um miðja nótt eða hvenær sem er. Stundum mega hlutirnir bíða og jafnvel hægt að sinna þeim betur við önnur og hagstæðari skilyrði. Ég hygg að þetta atriði eigi sér stað í tiltölulega fáum tilvikum og gefi ekki tilefni til þess að taka það upp sérstaklega. Við eigum þó áreiðanlega langt í land að ganga þannig frá öllum málum í heilsugæslustöðvunum, að þar verði sinnt öllu því starfi sem ráð er fyrir gert að þar verði í framtíðinni. Hins vegar er ég sannfærður um að þetta er rétt skipan mála, og ég er viss um að þetta mun verða farsælt, þegar fram í sækir. — Svo þakka ég hæstv. forseta.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég vil, fyrst þetta mál ber á góma, víkja annarri fyrirspurn til hæstv. ráðh.

Í lögum þeim um heilbrigðismál, sem samþ. voru í tíð fyrrv. ríkisstj. voru ákvæði um það, að hæstv. ráðh. skyldi láta gera áætlun um framkvæmdir á vegum heilbrigðismála, 10 ára áætlun sem síðan skyldi endurskoðuð með tveggja ára millibili í samræmi við þá reynslu sem fengist hefur. Þessi áætlun hefur ekki enn þá séð dagsins ljós. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var ráðinn sérstakur starfsmaður í heilbrrn. til þess að vinna einmitt að þessari áætlunargerð. Þessi starfskraftur hætti störfum þar, en engu að síður var það skylda hæstv. ráðh. að sjá um að þetta verk væri unnið.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvernig gangi framkvæmd þessa skýlausa lagaákvæðis. Það er ekki um heimild að ræða, eins og menn voru að tala um hér áðan. Það er um skyldu að ræða. Þetta hefur ekki verið framkvæmt enn. Ég tel þetta vera ákaflega mikið stórmál, vegna þess að okkur Íslendingum hættir mjög við því að framkvæma hluti í glundroða. Það var gert á sviði heilbrigðismála í mjög langan tíma, að settar voru smáupphæðir í heilbrigðisstofnanir út og suður, sem dugðu ekki til þess að fullgera nokkurn skapaðan hlut. Ef við viljum vinna skipulega að þessum málum, eins og nauðsynlegt er, verðum við að vera menn til þess að ráða verkefnum. En því miður er aftur farið að falla í gamla framkvæmdahorfið.

Samkvæmt áformum fyrrv. ríkisstj. átti geðdeildin við Landsspítalann í Reykjavík að vera fullbúin á næsta ári — algjörlega fullbúin, en ég sé ekki annað en að það gerist á næsta áratug. Einnig áttu framkvæmdir við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að vera fullgerðar á næsta áratug, en ég sé ekki betur en að fjárveitingar stefni til þess að það verði ekki fyrr en á næstu öld. Þetta eru vinnubrögð sem eru

herfileg. Þegar talað er um að það sé háð ástæðum í þjóðfélaginu að vera að binda peninga í félagslegum framkvæmdum, þá er það vissulega alveg rétt, að það er það vitlausasta sem hægt er að gera við peninga að festa þá í steinsteypu sem ekki kemur að notum. Það er ákaflega mikið stórmál að unnið sé skipulega að framkvæmd þessara merku laga og að verkefnum sé raðað og þau séu síðan fullgerð á sem allra skemmstum tíma.

Ég vil sem sé beina fyrirspurn til hæstv. ráðh. um það, hvernig þessi mál standi, hvað sé komið langt gerð þessarar áætlunar sem er skylda hæstv. ráðh. að láta semja.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Þar kom fram, að að einhverju leyti gætti e. t. v. misskilnings hjá því fólki, sem hefur tekið að sér stjórn heilsugæslustöðva, eða því fólki, sem á að njóta góðs af þeim — nokkurs misskilnings varðandi stöðu rn. í þessum málum. Hitt kom líka fram, að hæstv. ráðh. hefur aðstöðu til þess að hafa þarna áhrif á, og ég vænti þess, að hann geri það og þá til góðs.

Það er rétt hjá hv. 10. þm. Reykv. að með heilsugæslustöðvunum er komin á rétt skipan mála. Menn mega ekki misskilja mig og telja að ég sé að gagnrýna þessa skipan. Það er líka rétt hjá hv. þm., að eflaust er margt af því, sem miður fer í rekstri heilsugæslustöðvanna, byrjunarörðugleikar. En það ætti þá ekki að saka að þeir örðugleikar væru ræddir og reynt að finna leiðir til að bæta þar úr. Og það var einmitt það sem vakti fyrir mér með þessari fyrirspurn, sem ég reyndar lagði fram að beiðni nokkurra forustumann í sveitarfélögum í Borgarfirði. Ég hitti þá fyrir skömmu á fundi þar sem þeir voru að ræða þessi mál.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil út af orðum hv. fyrirspyrjanda aðeins benda á það, að sé eitthvað ábótavant í sambandi við starfsmenn ríkisins á heilsugæslustöðvum ber auðvitað að gera umkvartanir um þau efni til landlæknis sem þá hefur samráð við rn. Ég skal heita því, að ef einhverjar slíkar umkvartanir koma, þá skulu þær verða kannaðar til hlítar og reynt að bæta úr því sem kann að fara úrskeiðis.

En út af ummælum hv. 3. þm. Reykv., hvað líði gerð áætlunarinnar, 10 ára áætlunarinnar um uppbyggingu heilbrigðismála, sem hafin var með ráðningu starfsmanns í rn. í ráðherratíð hans, þá lá ekkert eftir þennan hæstv. ráðh. í þessari áætlunargerð, þó hann hafi haft sérstakan starfsmann á þessu sviði. Það, sem gerðist eftir að lögin um heilbrigðisþjónustu voru afgreidd á árinu 1973, en þau taka ekki gildi fyrr en 1974, frá 1. janúar, er það, að þá eru ákveðnar framkvæmdir upp á ekki nokkur hundruð milljóna króna, heldur milljarða króna, þrátt fyrir þau ákvæði laganna að tiltekin héruð, sem væru verst á vegi stödd í þessum efnum, ættu að sitja fyrir. Þannig var umhorfs þegar ég kom þar að. Þetta var nú öll skipulagningin sem hv. fyrrv. heilbrrh. er að guma af í þessum efnum.

Það eru í fleiri lögum ákvæði um að það eigi að gera áætlun, og það hafa verið gerðar áætlanir um kostnað við byggingu heilsugæslustöðva, hverrar fyrir sig. En það datt engum manni í hug, hvorki mér, ráðuneytisstjóra né öðrum í heilbrrn., að byrja á því að gera áætlanir um uppbyggingu heilsugæslustöðva um landið eða stækkun sjúkrahúsa, fyrr en búið væri að ræða við viðkomandi forsvarsmenn í hinum ýmsu byggðarlögum um hvað ætti að byggja þar og hvernig ætti að byggja. Þetta hefur tekið langan tíma og er raunar ekki búið enn, þó að það sé komið langt á veg. Áætlun í þessum efnum, þó lögin geri ráð fyrir henni, hefði því verið algjörlega út í bláinn.

Öll þau ár, sem bæði hann, fyrrv. heilbrrh., fór með heilbrigðismál og þau ár, sem ég hef farið með þau, hafa ekki fengist þær fjárveitingar til þessara mála sem viðkomandi rn. hefur lagt til. Og það er ekkert einstakt með heilbrigðismál í þessu sambandi. Við vitum það, bæði hann og ég og aðrir hv. þm., að það eru skornar niður fjárveitingar í velflesta málaflokka í raun og veru alla málaflokka. Það er aldrei farið að öllu leyti eftir till. rn. í þessum efnum. Og ég tel að með því að fara af stað með stórframkvæmdir og dýrar framkvæmdir hér á þéttbýlissvæðunum hafi verið komið í veg fyrir að það væri hægt að sinna því verkefni, sem lögin gerðu ráð fyrir, og á þann hátt hafi verið byrjað að brjóta lögin, og það er engum einum manni um að kenna. Það má kenna Alþ. um það á hverjum tíma eða meiri hl. Alþingis.

Meðan ég er ráðh. þessara mála þá ætla ég ekki að standa að því að byggja algjörlega út í loftið áætlun um uppbyggingu, þó það standi í löggjöf. Það er líka í skólalöggjöfinni og búið að vera öll þessi ár að gera eigi langtímaáætlun. En við vitum hvernig slíkar áætlanir fara í okkar landi þar sem ekki ræðst betur við verðbólguna en hér hefur verið allt frá stríðslokum.

Ég tel að það fáa fólk, sem vinnur í heilbrrn., hafi unnið sérstaklega mikið, og gott starf öll þessi ár. Það er nú komið að lokum þess að vita, hvað er verið og hvar á að byggja upp. Ég vil líka benda á það, að lög um heilbrigðisþjónustu hafa, samkvæmt ákvörðun Alþ., ekki enn þá tekið gildi, ekki að öllu leyti. En væntanlega kemur fram hér frv. í næsta mánuði um breytingu laga um heilbrigðisþjónustu, þar sem lagt er til að allir kaflar laganna, sem tóku gildi 1974, komi til framkvæmda í fyrsta skipti.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég verð að lýsa talsverðum vonbrigðum mínum með undirtektir hæstv. ráðh. Ég bar fram einfalda fyrirspurn og átti ekki von á því, að hann færi að svara með einhverri þykkju. En hann gerði það, og það kom fram í máli hans að hann getur ekkert um það sagt, hvenær sú áætlun verði fullgerð sem fyrir er mælt í lögum að gerð skuli. Hann lýsti alls konar örðugleikum í sambandi við að gera slíka áætlun, og mér er fullkomlega ljóst að um slíka örðugleika hlýtur að vera að ræða. En það er lagaskylda að gera þetta, og því aðeins getum við varið fjármunum

til heilbrigðismála á skynsamlegan hátt að við vinnum þannig að þessu. Ég vil minna í því sambandi á vegáætlun sem Alþ. hefur unnið eftir mjög langan tíma. Fyrir þann tíma var sá háttur á hafður, að það voru fluttar hér endalausar till. við fjárl. um smásporslur í vegarspotta út og suður um landið sem gerðu ákaflega takmarkað gagn. En eftir að vegáætlun var búin til hefur verið unnið miklu skynsamlegar að þessum málum. Sama máli gegnir um heilbrigðismál. Þar er ákaflega mikið verk óunnið og verður að vinna skipulega að því að framkvæma þau verkefni sem þar eru brýnust.

Hæstv. ráðh. talaði af fyrirlitningu um framkvæmdir sem gerðar hefðu verið á þéttbýlissvæðinu. Hann hlýtur að eiga þar við geðdeild Landspítalans í Reykjavík. En hún er ekki byggð fyrir fólk á þéttbýlissvæðinu, hún er byggð fyrir landið allt, og þar er um að ræða eitthvert brýnasta heilbrigðisvandamál sem liggur á okkur hér á Íslandi, að tekið sé á þeim málum af fullri festu og alvöru. Sá háttur hæstv. ráðh. að binda þar peninga í steinsteypu án þess að ljúka verkinu er sóun á fjármunum, hrikaleg sóun á fjármunum, ekki síst á hrikalegum verðbólgutímum eins og við lifum nú m. a. fyrir tilstilli þessarar ríkisstjórnar.

Ég sé að hæstv. ráðh. er farinn, svo það er ekki ástæða til þess að ég þusi lengur yfir honum, og mínum tíma er lokið.

Sjósamgöngur við Vestfirði, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er eru samgöngur milli landshluta mjög misgóðar. Ég held ég fullyrði ekki of mikið þó ég segi að Vestfirðir séu hvað verst settir í þessum efnum, einkum og sér í lagi hvað varðar vöruflutninga. Mikinn hluta ársins eru vöruflutningar til Vestfjarða landleiðis útilokaðir og sömuleiðis vöruflutningar landleiðis milli fjarða. Þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við um vetrarmánuðina, en þá þurfa Vestfirðingar fyrst og fremst að treysta á Skipaútgerð ríkisins til vöruflutninga.

Skipasamgöngur Skipaútgerðarinnar hafa oft verið mjög strjálar og erfitt um vik með vöruflutninga til fólksins á Vestfjörðum. Eru mörg dæmi þess, m. a. um stærstu kaupstaðina á Vestfjörðum, að jafnvel jólavarningur, sem pantaður hefur verið í verslanir fyrir jól og átti að koma fyrir jól, hefur ekki borist fyrr en talsvert var liðið af nýju ári. Að sjálfsögðu gefur það auga leið, hversu erfitt er fyrir fólk að þurfa að una slíkum samgönguháttum, því að enda þótt nauðsynlegt sé að flutningar fólks til og frá stöðum úti á landi séu viðunandi, þá er ekki síður nauðsynlegt að vöruflutningar séu með skaplegum hætti.

Á síðasta Alþ. flutti ég till. til þál. sem í senn var nýtt mál og gamalt mál endurflutt. Á mörgum þingum hafa ýmsir þm. Vestfirðinga hreyft þeirri hugmynd, að Skipaútgerð ríkisins geri út sérstakt skip til siglinga á Vestfirði, og einnig hefur þeirri hugmynd verið hreyft að Skipaútgerð ríkisins geri með svipuðum hætti út sérstakt Austfjarðaskip. Þáltill. sú, sem ég flutti á síðasta þingi, gerði ráð fyrir því, að þetta mál yrði endurvakið, það er að segja að athugaður yrði möguleikinn á því, að Skipaútgerð ríkisins ræki sérstakt Vestfjarðaskip til vöruflutninga milli Reykjavíkursvæðisins annars vegar og Vestfjarðahafna hins vegar. Nýmæli, sem í till. fólst, var að jafnframt þeirri athugun yrði gerð könnun á samstarfi milli Skipaútgerðarinnar annars vegar og landflutningafyrirtækja á Vestfjörðum hins vegar, þannig að Skipaútgerðin annaðist flutninga á vörum frá Reykjavíkursvæðinu til Vestfjarða, en landflutningafyrirtæki Vestfirðinga tækju við vörunni í uppskipunarhöfn og sæju um að koma henni áleiðis til neytenda. Með þessu samstarfi hefði unnist tvennt: Í fyrsta lagi hefði verið hægt að tryggja öruggar og greiðar vöruflutningasamgöngur. Í annan stað hefði það unnist við þessa skipun **mála, að hægt hefði verið að nýta fjárma**.n mun betur en nú er gert. Komist hefði verið hjá því, að landsflutningafyrirtækin þyrftu að leggja í mjög fjárfreka og dýra flutninga, eins og flutningar á landi svo langa og erfiða leið sem hér um ræðir hljóta að verða, og jafnframt komið í veg fyrir að Skipaútgerð ríkisins missti mjög verulega spón úr aski sínum hvað varðar vöruflutninga á sumrin.

Sú nýja hugmynd, sem fólst í þáltill. þeirri sem ég flutti í fyrra, var á þá leið, að reynt yrði að taka upp samstarf um þessi flutningamál milli Skipaútgerðar ríkisins annars vegar og landflutningafyrirtækjanna á Vestfjörðum hins vegar. Nú er mér kunnugt um að nýr forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur mikinn áhuga á því að sinna vel málefnum Skipaútgerðarinnar, einkum hvað varðar flutninga á vörum. Ég er einnig sannfærður um að hæstv. samgrh. hefur áhuga á því að bæta vöruflutninga Skipaútgerðar ríkisins og sjósamgöngur yfirleitt. Því hef ég leyft mér að flytja til hans svo hljóðandi fyrirspurn á þskj. 53.

„Hvaða áætlanir eða hugmyndir eru uppi hjá forráðamönnum Skipaútgerðar ríkisins um að bæta sjósamgöngur við Vestfirði?“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur flutt svo hljóðandi fyrirspurn:

„Hvaða áætlanir eða hugmyndir eru uppi hjá forráðamönnum Skipaútgerðar ríkisins um að bæta sjósamgöngur við Vestfirði?“

Þessi fyrirspurn hv. þm. hefur verið send til umsagnar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, og leyfi ég mér — með leyfi hæstv. forseta, — að skýra hér frá frásögn hans.

Hjá stjórn og forstjóra Skipaútgerðar ríkisins hafa verið til athugunar hugmyndir um verulegar breytingar á rekstri fyrirtækisins. Er þar um að ræða annars vegar breytingar í átt til bættrar þjónustu án verulegrar fjárfestingar og hins vegar áætlun um fjárfestingu sem mundi gjörbreyta aðstöðu fyrirtækisins og stórbæta þjónustu þess við landsmenn og um leið valda mikilli hagræðingu í rekstri þess.

Bætt þjónusta án mikillar fjárfestingar er

fyrri hlutinn. Nýtt leiðakerfi hefur verið í undirbúningi og var fyrirhugað að koma því á á þessu ári. En það hefur tafist vegna vinnudeilna og ónógs tækjabúnaðar útgerðarinnar. Hið nýja leiðakerfi felur í sér vikulegar ferðir skipanna Heklu og Esju, þannig að annað þeirra yrði í vikulegum hringferðum vestur um frá Reykjavík með viðkomu á tiltölulega fáum höfnum. Hitt skipið yrði í svokölluðum pendúl-ferðum, aðra vikuna til Patreksfjarðar, Þingeyrar, Ísafjarðar og Akureyrar og síðan til baka sömu leið, en hina vikuna austur um til Seyðisfjarðar eða Borgarfjarðar og til baka. Þær hafnir, sem ekki yrðu viðkomur á, yrðu tengdar hinum með flutningakerfi á landi. Þá er í undirbúningi samræming á ferðaáætlunum flóabátanna við áætlun Skipaútgerðar ríkisins til þess að bæta strandferðaþjónustuna enn frekar. Hið nýja leiðakerfi felur í sér fjölgun ferða frá Reykjavík til Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða í eina til tvær í viku í stað einnar ferðar á 11—14 daga fresti."

Vegna hins lélega húsnæðis Skipaútgerðar ríkisins til vöruafgreiðslu hér í Reykjavík hefur ekki verið unnt að taka á móti vörum frá viðskiptavinum hvenær sem er. Það er ljóst að hin fyrirhugaða nýja vöruskemma útgerðarinnar í Reykjavík verður ekki tilbúin fyrr en í fyrsta lagi seinni part næsta árs, og þá að því tilskildu að fé verði veitt til hennar á því ári. Til þess að bæta eitthvað þjónustu útgerðarinnar fram að þeim tíma, að hið nýja hús verði tekið í notkun hefur verið ákveðið að taka á leigu hluta af húsi SÍS við Geirsgötu í Reykjavík. Verður þá væntanlega unnt að auglýsa vörumóttöku hvenær sem er. Þá er einnig í athugun að taka upp þá þjónustu að sækja og senda vöru til viðskiptavina og einföldun afgreiðsluhátta með því að sameina hina nýju þætti flutningskostnaðar, þ. e. út- og uppskipun, vörugjald og flutningsgjald, í eitt flutningsgjald sem innihéldi alla þessa þætti."

Þetta er aðalþátturinn sem hefur verið unnið að til þess að bæta úr því sem hv. 8. landsk. þm. spurði um. Þau atriði önnur, sem drepið var á hér í formálanum, eru miklu stærri í sniðum, en það eru hugmyndir um fjárfestingar og ný skipakaup. Það mál tel ég svo skammt á veg komið og óvíst um hvernig með verður farið, að ég sé ekki ástæðu til að fara út í það. Hins vegar vonast ég til að það húsnæði, sem hefur verið tekið á leigu, geri það að verkum að út í þetta nýja leiðakerfi verði farið nú þegar eða í síðasta lagi um áramót. Ég hef lagt á það mikla áherslu á þessu ári að fylgja eftir áhuga forstjórans í því að breyta þessu leiðakerfi í þá átt, sem hv. 8. landsk. þm. lýsti sem sínu áhugakerfi, og þá um leið að taka landsamgöngur á milli hinna einstöku staða í þágu þessa kerfis svo það geti gengið með eðlilegum hætti.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil fyrst láta í ljós ánægju mína yfir því að sjá hæstv. samgrh. aftur hér í þingsölum. Hann hefur verið nokkuð mikið fjarverandi undanfarið. Ég vil líka nota tækifærið til þess að óska honum til hamingju með niðurstöðu í prófkjöri á Vesturlandi. En ég læt um leið í ljós undrun yfir því, að hann er farinn að tala miklu lægra en hann gerði áður. Maður á stundum erfitt með að heyra til hans þegar maður situr svona langt frá ræðustólnum eins og ég.

En ég heyrði nóg til þess að vita að það stendur ýmislegt til hjá Skipaútgerð ríkisins. Sannleikurinn er sá, að þau mál, sem hér eru til umr., mættu gjarnan vera oftar til umr. Það er að mínum dómi furðulegt með þjóð eins og okkur Íslendinga, sem byggir mest strendur lands síns, að við skulum ekki nota sjóinn meira til flutninga. Það ætti líka að vera sérstakt kappsmál okkar á Vesturlandi, að úr þessum málum yrði bætt að því er Vestfirðinga snertir, enda gefur auga leið að ein ástæðan til þess, hversu illa er komið vegakerfi okkar, er sú, að þungaflutningar fara um Vesturlandsvegi til Vestfjarða, og reyndar annarra landshluta líka. Og að sjálfsögðu er það líka skýringin á því, hversu illa er komið vegakerfi yfirleitt, að um veginn fer allt of mikið af þungaflutningum. Ef við gætum létt þessum flutningum af vegunum yrði ástand vegakerfisins allt annað. Og ég á von á því, að hinn ungi forstjóri Skipaútgerðar ríkisins láti að sér kveða í þessum málum. Ég vænti þess, að hann sjái til þess að flutningar á sjó aukist og þar með dragi úr þungaflutningum á vegum okkar. Þar væri fengin mikil vegabót.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Síst ætla ég að kvarta yfir því, þó að hæstv. samgrh. sinni málefnum síns kjördæmis, síst þegar árangur er sá sem orðið hefur, þegar í þremur prófkjörum þriggja stjórnmálaflokka harla lítið eftir fyrir aðra. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það er að sjálfsögðu meginatriðið að tryggja öruggar sjósamgöngur til þeirra staða sem þurfa að treysta mjög á slíkar samgöngur til vöruflutninga. Meginatriðið er að það sé getrt, en ekki endilega hvernig það er gert. Ef það næst með endurskoðun á leiðakerfi, þá er vel. Ef það næst ekki með öðru móti en með kaupum eða leigu á skipi, þá auðvitað verður til þess að taka.

Ég vona að þessi endurskoðun, sem hæstv. ráðh. skýrði frá, muni skila talsverðum árangri sem a. m. k. verði hægt að una við til einhverrar framtíðar. En ég vil leggja áherslu á að það er bráðnauðsynlegt að tryggja reglubundna vöruflutninga til þýðingarmestu hafna á Vestfjörðum ekki sjaldnar en tvisvar í viku. Ég legg enn fremur ríka áherslu á, að gerðir verði samningar við flóabáta og landflutningafyrirtæki á svæðinu, milli Skipaútgerðarinnar annars vegar og slíkra fyrirtækja hins vegar, til þess að tryggja í senn góða þjónustu, skynsamlega nýtingu á fjármunum og eðlilega og æskilega verkaskiptingu, því að ég tel að sú verkaskipting sé ekki eðlileg sem gerir það að verkum, að á sumrin fara skip Skipaútgerðarinnar hálftóm til þeirra hafna sem síðan þurfa að treysta á eðlilegar sjósamgöngur að vetrarlagi þegar landflutningar eru útilokaðar.

Ég tel sem sé að til þess að árangur náist verði að leysa þessi mál í samvinnu milli Skipaútgerðarinnar annars vegar og heimamanna hins vegar, flóabáta og landflutningafyrirtækja. Og ég ætla

að leyfa mér að vona það, herra forseti, að bæði hinn nýráðni framkvæmdastjóri Skipaútgerðarinnar og hæstv. ráðh. vilji taka höndum saman um að stuðla að því að slík lausn fáist fram.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. samgrh. að ýmislegt væri á döfinni hjá Skipaútgerð ríkisins. Það var mér raunar kunnugt um áður, og við hljótum að fagna því, að endurskipulagning og endurbætur á rekstri þessa fyrirtækis virðast vera nú á döfinni í alvöru.

Hæstv. ráðh. talaði um breytta leiðatilhögun og einnig um endurbætur á aðstöðu Skipaútgerðarinnar að því er snertir vöruskemmur. Þetta er allt gott og blessað og mjög nauðsynlegt. En ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum er ég heyrði hann lýsa því yfir, að skipakaup væru skammt á veg komin og óvíst um þau, þannig að ekki tæki því að gera þau að umræðuefni. En einmitt hugmyndir hins áhugasama nýja forstjóra Skipaútgerðarinnar um ný og mjög hagkvæm skip glæddu vonir okkar Vestfjarðaþm. um að mikil bót væri jafnvel á næsta leiti. En til þessa alls þarf að sjálfsögðu fjármuni og það töluvert mikla fjármuni og ekki við því að búast að það komi allt í einu. En að því er varðar einn liðinn í þessari endurskipulagningu Skipaútgerðarinnar, sem er í því fólginn að fækka höfnum, fækka viðkomustöðum og tengja sjóferðirnar landflutningum, þá hljótum við enn og aftur að staldra við þessa staðreynd, að landsamgöngum innan Vestfirðingafjórðungs er enn í dag ákaflega ábótavant. Hinir þröngu firðir með háum fjallgörðum á milli, sem teppast á vetrum vikum og mánuðum saman, gera þessa hugmynd kannske meira en lítið hæpna sem forsendur fyrir þeim umbótum sem um er rætt. Þess vegna hljótum við auðvitað að leggja áherslu á að landsamgöngurnar hljóta að haldast í hendur við bættar samgöngur á sjó, ef sjósamgöngurnar í endurbættu formi eiga að ná tilgangi sínum.

Ég vil eindregið taka undir orð hv. 5. þm. Vesturl. að auðvitað hefðum við átt hingað til að leggja meiri áherslu á sjósamgöngur. Það er staðreynd, sem ekki verður móti mælt, að vegakerfi okkar er alls ekki við því búið að taka við öllum þeim miklu þungaflutningum, sem um þá fara og hafa í rauninni gert endurbætur á vegakerfinu ákaflega miklu erfiðari en ella og í sumum tilfellum vonlausar á meðan vegunum er ekki hlíft við þessum stóru og þungu vöruflutningabílum.

Ég tek undir það, sem sagt var í upphafi máls fyrirspyrjanda, að samgöngur við Vestfirði að vetrinum til eru hróplega lélegar. Það líða þrjár vikur oft á tíðum að vetrinum til, og vöruskortur og hvers konar vandræði, sem af því stafa, eru árvissir viðburðir og það oft á hverjum vetri. Því eru miklar vonir við það bundar, að þessar hugmyndir um bættar sjósamgöngur á vegum Skipaútgerðarinnar komist sem allra fyrst til **framkvæmda.**

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. samgrh. upplýsingar um bætta þjónustu Skipaútgerðar ríkisins, sem er ákaflega mikilvægt, og mér heyrðist á þeim upplýsingum að það væri um töluverðar endurbætur á þjónustunni að ræða, verð ég að taka undir það sem kom fram hjá hv. 9. landsk. þm. Það urðu mér nokkur vonbrigði, að hugmyndir Skipaútgerðarinnar eða forstjóra þeirrar stofnunar um bættan skipakost eru ekki lengra komnar en fram kom hjá hæstv. ráðh. Ég hef haft tækifæri til þess að kynnast þessum hugmyndum lítillega og mér sýnast þær ákaflega athyglisverðar. Þar er um það að ræða að selja þau tvö skip, sem Skipaútgerðin hefur nú, og kaupa þrjú önnur töluvert minni og langtum hentugri að ýmsu leyti, T. d. krefjast þessi minni skip það miklu minni áhafna, að ég hygg að um allt að 130 millj. kr. sparnað sé að ræða á ári af þeirri ástæðu einni, auk þess sem þessi skip henta betur bæði til útskipunar og uppskipunar.

Mér sýnist af þeim upplýsingum, sem ég hef séð, að með þessu móti sé unnt að koma rekstri Skipaútgerðar ríkisins á betri grundvöll en verið hefur upp á síðkastið. Því virðist mér að hér sé um svo athyglisverðar hugmyndir að ræða, að leggja verði á það mjög ríka áherslu að hrinda þeim í framkvæmd, að sjálfsögðu að undangenginni ítarlegri athugun. Ég vil treysta því, að sú athugun sé þegar í gangi og henni verði hraðað eins og frekast er unnt, þrátt fyrir ummæli hæstv. ráðh. þar að lútandi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þegar málefni Skipaútgerðar ríkisins ber hér á góma, þá er eðlilegt að við, sem byggjum landsbyggðina, leggjum þar orð í belg. Það er mála sannast, að áhugi Austfirðinga á bættum hag Skipaútgerðarinnar og bættri þjónustu hennar um leið er ekki minni en þeirra Vestfirðinga. Aðalmál á fundi okkar nú í haust hjá sambandi sveitarfélaga á Austurlandi var einmitt um Skipaútgerð ríkisins. Þar lýstu fulltrúar einróma yfir stuðningi við þau áform sem uppi eru hjá hinum nýja forstjóra Skipaútgerðarinnar um nýskipan allra þeirra mála sem hann kynnti á fundinum.

Mikilvægi þessarar þjónustu fyrir Austfirðinga er auðvitað ekki minna en fyrir þá Vestfirðinga, og því er von að við fögnum þeim áætlunum, sem uppi eru og trúa verður að látið verði á reyna, hvort eru raunhæfar og eins trúverðugar og þær virðast okkur leikmönnum, og síðan framkvæmdar eftir því sem fremstu tök eru á. Ég vil að vísu leggja áherslu á það, að lengi hefur verið stefna okkar Austfirðinga að við ættum í auknum mæli að fá flutningana utanlands frá beint til okkar, en ekki endilega að allt ætti að ganga í gegnum Reykjavík. Sú skoðun er vitanlega uppi enn hjá okkur Austfirðingum, að sú eigi að vera framtíðarskipan okkar flutningamála í miklu ríkari mæli. En hitt er jafnvíst, að Austfirðingar hafa sýnt það, síðast með samþykktum sínum í haust, að þeir vilja gera kost Skipaútgerðar ríkisins sem bestan, vilja eflingu hennar og hafa þannig lagt mjög mikla áherslu á að hún blómgist og þjónusta hennar batni, í stað þeirra úrtöluradda sem alltaf hafa heyrst hér á Alþ. öðru hvoru um að þessa mikilvægu þjónustu við landsbyggðina ætti hreinlega að leggja niður.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er rætt um og spurt um sjósamgöngur við Vestfirði, og

vissulega er mikilvægt að þeim sé haldið uppi. Það er aðallega rætt um nýja skipan á vegum Skipaútgerðar ríkisins um að bæta þessar sjósamgöngur. Ég bendi á að undanfarin ár hefur flóabáturinn Baldur haldið uppi ferðum frá Reykjavík til Breiðafjarðar og yfir Breiðafjörð til Barðastrandar og Vestfjarða. Það hefur oft komið fyrir, að hann hefur hlaupið í skarðið, þegar á hefur þurft að halda, og farið til Patreksfjarðar og víðar um Vestfirði. Að vetrarlagi eru áætlunarferðir Baldurs frá Stykkishólmi yfir Breiðafjörð um Flatey til Brjánslækjar og í Breiðafjarðareyjar aðeins einu sinni í viku, en fyrir nokkrum árum var svo ákveðið af samgrn., að farnar yrðu tvær áætlunarferðir á viku. Það láðist aðeins að sjá fyrir auknum tekjustofnum í þessu efni, því að vissulega þarf nokkurt fé til að standa straum af slíkum ferðum.

Ég bendi í sambandi við þessar umr. á að flóabáturinn Baldur er reiðubúinn til frekari þjónustu við Vestfirðinga þegar tími er til og tækifæri leyfa.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég mun verða að beita röddinni öllu meira en ég hef gert í dag, fyrst svo er undan því kvartað að það heyrist ekki til mín hér innan þó ekki stærri salar en þessi er. Hitt verð ég að segja út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, að fátt er ánægjulegra en þegar manns er saknað. Það er að vísu rétt, að ég er meira fjarverandi en almennt hefur verið af minni hálfu yfirleitt í minni þm.-tíð. En það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Vesturl. að ég hafi sinnt kjördæmi mínu sem skyldi, því að þá einu viku, sem ég var fjarverandi, fór ég til Rómaborgar og gekk m. a. á fund páfa og fékk auðvitað fyrirgefningu syndanna. En þangað fór ég sem landbrh. og sat fund FAO og taldi mér skylt að mæta, en þar fór sú vika sem ég hafði frí héðan úr þingsölum. Ég var svo mættur hér á mánudag aftur, átti að vísu annríkt dagana á eftir. En ferðir mínar um kjördæmið urðu fyrst og fremst þannig, að ég varð að eyða í þær kvöldstundum og vökunóttum, en tel mig eiga þær stundir sjálfur. En þetta er önnur saga, og skal ég ekki eyða lengri tíma í það.

Það er alveg rétt sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., að vegakerfi okkar er ekki undir það búið að taka við þeim þungaflutningum sem orðnir eru. Bæði eru bifreiðarnar orðnar geysilega stórar, þeim eru farnir að fylgja tengivagnar, og allt gerir þetta að verkum að jafnvel þó að í viðhald vega sé eytt miklu meira fé en nokkru sinni fyrr og það jafnvel að raunveruleika, þá er það svo að við höfum ekki í fullu tré við þessa miklu þungaflutninga sem um þá fara. Þess vegna er það nú hugsunin að reyna að koma starfsemi Skipaútgerðar ríkisins á þann hátt fyrir að hægt sé að tengja þetta sem best saman og koma þungavöruflutningunum meira út um landsbyggðina meðfram ströndinni, en ekki eins mikið á vegunum og raun ber vitni. Að vísu er skoðun mín að breyting í þá átt muni ganga með takmörkuðum hraða, m. a. vegna þess að bílarnir eru oft daglega á ferðinni og geta því tekið þær vörur, sem fólk þarf að ná til í flýti, og minna er í kringum þetta heldur en útskipun og uppskipun og annað því um líkt. Þess vegna held ég að sú breyting, sem forstjóri Skipaútgerðar ríkisins vill hafa á að sækja og senda vörur, sé afar mikils virði. Eins held ég að það sé afar mikils virði til þess að fá samstarf við þá aðila, sem vöruflutningana annast, þessa flutninga á milli hafna til þess að skip skipaútgerðarinnar komi á færri staði og geti verið fljótari í ferðum.

Ég vona að sú ákvörðun að taka húsnæði á leigu, þar sem Skipaútgerðin hefur athafnasvæði, greiði mjög fyrir og komi þessu leiðakerfi, sem forstjórinn hefur lagt grunn að, nú þegar til framkvæmda.

Ástæðan til þess, að ég fór ekki út í að ræða framtíðarskipulag þessara mála, var nú fyrst og fremst sú, að ég taldi hvorki mig né aðra hafa rætt það mál nógu vel og undirbúningur þess væri með þeim hætti, að ég væri með því kannske að gefa gyllivonir sem ég vildi ekki eiga þátt í. Hins vegar er ekki þannig, að ég meti ekki mikils þessar till. og sjái að þær eru mjög skynsamlegar. Hins vegar megum við ekki gleyma því, að miklar skuldir okkar erlendis eru líka mikið ræddar núna og einnig það, að okkur skortir fé til þess að fjármagna það sem við þurfum á fjárl. Það gerir að verkum að þetta mál getur tafist lengur en ástæða væri annars til.

Út af því, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði, þá tel ég að samstarf á milli flóabátsins Baldurs og Skipaútgerðar ríkisins sé mjög gott. Og það var eitt af því, sem ég greindi frá í ræðu minni áðan, að nota meira flóabátana eða hafa við þá aukið samstarf, og það tel ég mikils virði bæði fyrir samgöngurnar og fjárhagsstöðu þeirra.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 29. nóv., að loknum 24. fundi.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi, þáltill. (þskj. 66). — Ein umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég endurflyt á þskj. 66 till. til þál. um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi. Meðflm. minn er hv. þm. Jón Helgason. Við fluttum þessa till. snemma á síðasta þingi. Um hana urðu miklar umr., en till. varð ekki útrædd þar sem nál. kom ekki fram.

Till. þessi fékk á síðasta þingi heldur slæmar viðtökur hjá þeim sem tóku til máls um hana, með einni undantekningu þó, þar sem var hæstv. samgrh. Þrátt fyrir þann málflutning, sem hafður var í frammi af nokkrum hv. þm., leyfum við okkur, flm. þessarar till., að endurflytja hana óbreytta. Bæði er það, að við ætlum að ræður manna á síðasta þingi um þetta mál hafi ekki gefið rétta mynd af vilja Alþ., svo og hitt, að viðhorf almennings og vonandi hv. þm. er að breytast í þá áttina að ekki verði lengur staðið gegn þeim úrbótum í vegamálum sem till. gerir ráð fyrir.

Ég kemst ekki hjá því að endurtaka eitthvað af því sem ég sagði þegar ég mælti fyrir till.

á síðasta þingi. Eins og fram kemur í grg. er tilgangurinn með flutningi till. tvíþættur. Í fyrsta lagi að fá fram vilja Alþ. um það, hvernig staðið skuli að framkvæmdum við lagningu bundins slitlags á þjóðvegi næstu árin, í öðru lagi að fá fram vilja Alþ. um það, að meginverkefninu verði lokið á næstu 10—15 árum.

Ástæður fyrir því, að við flm. teljum þörf á að hefjast nú handa um þetta veigamikla verkefni, eru þessar helstar:

Í fyrsta lagi er nær ómögulegt að halda við hinum fjölförnustu malarvegum. Vegakerfið er það ófullkomið að það þolir ekki hið aukna álag sem fylgir vaxandi bifreiðaeign og þar með aukinni umferð. Viðhaldskostnaður malarvega nálgast nú að vera 1700—1800 millj. kr. á ári, en þyrfti að vera helmingi meiri, eða um 3.5 milljarðar, ef viðhald ætti að vera með þolanlegum hætti. Að sjálfsögðu verður ekki komist hjá því að ætla fé til viðhalds malarvega í framtíðinni, en með þessu móti erum við að kasta á glæ gífurlegum fjármunum árlega og sjáum ekkert eftir.

Í öðru lagi nefnum við að vegir, sem ekki eru með bundnu slitlagi, eru einhverjir mestu mengunarvaldar sem hugsast geta úti um sveitir landsins. Þetta var ekki svo slæmt áður, meðan umferðin var minni. En nú er svo komið að rykmengun er óþolandi með öllu í nágrenni hinna fjölförnustu þjóðvega. Þúsundir tonna af fínustu kornum ofaníburðarins leggjast yfir tún og annan jarðargróður árlega, spilla gróðrinum og hinu tæra andrúmslofti til skaða fyrir heilsu manna og dýra. Hið grófasta af ofaníburðinum verður hins vegar eftir í veginum þar til það sópast út fyrir kantana. Síðan hefst ný umferð á næsta ári og allt fer á sama veg.

Í þriðja lagi nefnum við að vegaframkvæmdir sem þessar eru hinar arðbærustu framkvæmdir. Ending bifreiða margfaldast og hefur í för með sér beinan peningalegan sparnað fyrir eigendur bifreiðanna og fyrir þjóðfélagið í heild. Það má segja að þungbærasti skatturinn, sem á bifreiðaeigendur er lagður, er einmitt notkun slæmra vega. En sá grunur læðist óhjákvæmilega að manni, að ríkissjóði kunni að vera beinn hagur að því, að vegir séu slæmir, vegna hinnar óhóflegu skattheimtu af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra. Hins vegar er sjáanlega arðsemi ríkissjóðs af varanlegri vegagerð ekki eins mikil og skyldi, þar sem fé til viðhalds vega hefur verið af skornum skammti, eins og ég sagði áðan. En í máli sem þessu verður að miða við að vegaviðhald sé fullnægjandi. Viðhaldskostnaður vega, sem lagt hefur verið á bundið slitlag, lækkar verulega þrátt fyrir aukna umferð, sem ætíð fylgir í kjölfar vegabóta. En hin aukna umferð hefur aftur í för með sér auknar tekjur Vegasjóðs og raunar ríkissjóðs líka. Það hefur verið reiknað út að arðgjöf sumra vegaframkvæmda fari yfir 100%.

Í fjórða lagi nefnum við að bætt vegakerfi býður upp á auðveldari samskipti milli landshluta og innan héraða til hagsbóta fyrir allt atvinnulíf í landinu og byggðaþróun yfirleitt. Með bættu samgöngukerfi er dregið úr aðstöðumuninum milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á þetta ber að leggja mikla áherslu, hina félagslegu þætti sem tengdir eru bættu samgöngukerfi. Þetta eru meginrökin fyrir nauðsyn þess að hefjast þarf nú handa með skipulegum hætti um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi landsins.

Um verkefnið sjálft eða stærð þess vil ég aðeins segja þetta: Lengd þjóðvegakerfisins er nú um 8500—8600 km, auk sýsluvega sem munu vera eitthvað yfir 3200 km. Að sjálfsögðu er ekki verið að tala hér um að endurbyggja nú allt þetta mikla vegakerfi eða leggja á það slitlag, slíkt er ekki réttlætanlegt vegna þess hve umferð er lítil um mikinn hluta þessara vega. En heildarlengd þeirra aðalvega, sem falla mundu undir þessa till., er um 2300 km, þ. e. hinir fjölförnustu vegir þjóðvegakerfisins, hringvegurinn, leiðin til Ísafjarðar og helstu tengivegir milli byggðarlaga. Slitlag hefur nú verið lagt á tæplega 200 km, nánar tiltekið á 188 km. Þar af eru steinsteyptir vegir 46.7 km, malbikaðir 33.5 km og vegir lagðir olíumöl 107.7 km. Eftir eru þá um 2100 km, sem slitlag yrði lagt á samkv. þessari till. Vegagerð ríkisins telur að mjög lítinn undirbúning þurfi til þess að hægt verði að leggja slitlag á um 800 km af þessum vegum. Eftir standa þá 1300 km, sem þarfnast meiri eða minni endurbyggingar áður en slitlag er lagt á þá.

Þetta er hin raunverulega stærð verkefnisins. Ef menn nú fallast á að 10—15 ára framkvæmdatími sé hæfilegur, þýðir það að leggja þarf slitlag á 150—200 km. á ári. Þetta er að vísu talsvert mikið miðað við unnin afrek á þessu sviði á undanförnum árum, þar sem við höfum lagt slitlag á 188 km frá því að byrjað var að leggja það á vegi hér á landi, eins og ég sagði áðan. En ég tek sérstaklega fram að með þessari till. er ekki gert ráð fyrir að sömu kröfur verði gerðar til undirbyggingar veganna og gerðar voru til undirbyggingar þeirra vega sem þegar hefur verið lagt slitlag á. Við tölum um að leggja slitlag á vegina eins og þeir eru eða nánast það, en ekki um endurbyggingu nema þar sem ekki verður hjá því komist.

Ég læt þetta nægja um stærð verkefnisins sjálfs. Þetta kann að þykja viðamikið verkefni, en mig langar aðeins til þess að minna á í þessu sambandi malbikunaráætlun Reykjavíkurborgar á sínum tíma. Þar þótti mönnum sem væri verið að ráðast í verkefni sem væri algerlega óraunhæft, þegar lögð var fram áætlun þar sem gert var ráð fyrir að á 10 árum skyldu allar götur Reykjavíkurborgar lagðar malbiki. Þetta verkefni tók 11 ár. Þegar það fór af stað var áætlaður kostnaður 680 millj. kr., og mér er sagt að nú megi reikna með að sú upphæð jafngildi 58 milljörðum. Miðað við þetta verkefni Reykjavíkurborgar á sínum tíma ætti þjóðinni ekki að vaxa í augum að ráðast í þetta verk, og ég kem nánar að því síðar, þegar ég ræði um hugsanlegan kostnað.

Það er erfitt að áætla hver kostnaður við allt þetta verk verður, þar sem svo mjög er misjafnt hve mikið þarf að lagfæra þá 1300 km sem þarfnast einhverrar endurbyggingar. Athuga verður þó að endurbygging þeirra kafla hlýtur að eiga sér stað á næstu árum, hvað sem líður

samþykkt þessarar till. Þess vegna er ástæðulaust í sjálfu sér að vera að velta því svo mjög fyrir sér, hver endurbyggingarkostnaður þess hluta vegakerfisins er. Við komumst einfaldlega ekki hjá því að endurbyggja þá vegi sem veikastir eru. En ég get nefnt nokkrar tölur til þess að gefa mönnum hugmynd um kostnaðinn.

Ef ekkert þarf að gera við viðkomandi vegarkafla nema hefla hann, má ætla að kostnaður við lagningu slitlagsins — og er þá miðað við olíumöl — og kostnaður við undirbúning að því verki sé 6.2 millj. kr. á km. Ég nefndi áðan að talið væri að um 800 km vegakerfisins þörfnuðust engrar endurbyggingar og væri hægt að leggja á þá slitlag með mjög litlum undirbúningi. Miðað við þessa tölu mundi kosta 5 milljarða að leggja slitlag á þessa 800 km, 200 km á ári mundu sem sagt kosta 1240 millj. kr. Ef þyrfti að aka fyllingarefni í vegina áður og setja unnið undirlag undir slitlagið, þá er talið að hver km mundi kosta 9 millj. kr. Þessir 800 km mundu þá kosta 7.2 milljarða, en 200 km á ári 1800 millj. kr. Um hina 1300 km, sem endurbyggingar þurfa við, er erfiðara að segja, eins og ég sagði reyndar áðan, en ætla má að kostnaður við hvern km yrði 15—20 millj. kr. og sá hluti því 19.5—26 milljarðar og verkið þá allt 25—35 milljarðar.

Þetta kunna að þykja háar fjárhæðir og svo er vissulega. En ég vil í því sambandi benda á að á þessu ári eru tekjur ríkisins af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra taldar verða 15.77 milljarðar. Af þeirri upphæð er varið til vegagerðar 5.65 milljörðum. Mismunurinn, um 10.1 milljarður sem bifreiðaeigendur greiða, fer í eitthvað annað. Slíkt er algerlega óviðunandi meðan ástand vegakerfisins er eins og það er. Á næsta ári má ætla að tekjur ríkisins af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra verði 20.8 milljarðar kr., ef reiknað er með þeirri 15 kr. hækkun á bensíngjaldi sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1978 er svo ætlunin að verja 9.6 milljörðum til Vegasjóðs og þar af eru lántökur 2.2 milljarðar. Mismunurinn er þá 11.2 milliarðar eða 13.4, eftir því hvernig við lítum á lántökurnar, og þessi mismunur fer til einhverra annarra framkvæmda heldur en vegagerðarframkvæmda eða til rekstrar, einhverra þátta hins opinbera.

Ef menn nú fengjust til að kalla hlutina réttum nöfnum, væri í sjálfu sér ekki ástæða til að hafa áhyggjur af fjármögnun vegaframkvæmda á Íslandi. Fjármagnið leggja bifreiðaeigendur þegar til og miklu meira en það, eins og ég hef hér sýnt með því að nefna þessar tölur. Fyrir þann hluta af þessum tekjum, sem ríkissjóður notar til annarra þarfa en vegaframkvæmda, gætum við í raun lokið þessu verkefni á 2—4 árum. Við förum ekki fram á slíka byltingu, vel að merkja. En meðan vegakerfið er svo bágborið sem raun ber vitni er algerlega óverjandi að verja ekki hlutfallslega stærri hluta til vegagerðar af þeim tekjum sem ríkissjóður hefur af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra. Ég fullyrði að engin þjóð, sem gerir kröfu til að teljast meðal siðaðra þjóða, ver eins litlum hluta af bifreiðasköttum til vegagerðar og Íslendingar. Raunar er það líka svo, að Ísland er að verða heimsfrægt fyrir vegakerfið, og er sjálfsagt stutt í að það þyki hvað hentugast fyrir alls konar „rallý“ og torfæruaksturskeppni, þar sem hins vegar aðrar þjóðir verða að verja töluverðum fjárhæðum til þess að útbúa slíkar keppnisbrautir.

Ég hef hér undir höndum töflur sem segja okkur sína sögu. Ég hef hér t. d. töflu sem segir okkur hvernig skattar af umferð eru sem hlutfall af ríkissköttum í nokkrum löndum. Ísland er með langhæstu súluna á þessu súluriti, sem ég er með, og hlutfallstöluna 19.6%. Nefna má Noreg, sem hefur hlutfallið 12.4%, Finnland 10.5, sama í Stóra-Bretlandi, 10% í Danmörku, 5% í Svíþjóð, 4.2% í Japan, og hér neðst á lista er land, sem heitir Shrilanka og einu sinni hér Ceylon, með 1.2%. Ef við athugum svo það fé, sem fer til vega í hlutfalli við vegaskatta eða skatta af umferðinni í þessum sömu ríkjum, þá snýst dæmið alveg við. Þá er landið Shrilanka komið með langhæstu súluna, þ. e. a. s. það ver til vegaframkvæmda umfram það, sem það heimtir í skatt af umferðinni, mun meira fé, eða 151.91%. Ég nefni fleiri lönd, eins og Japan, sem er með 144.63%, og lönd, sem eru með yfir 100%, þ. e. a. s. verja öllum bifreiðasköttunum til vegagerðar og meira til, eru fyrir utan þessi tvö Noregur, Svíþjóð og Finnland. Bandaríkin eru með 94.38%. Ísland er hins vegar komið þarna neðarlega á lista eða með 46.83%. Þessar tölur eru að vísu ekki nýjar, þær eru frá 1974, en ég held að ég megi fullyrða að þær hafa ekki breyst að neinu marki og a. m. k. ekki til hins betra hér hjá okkur.

Í sambandi við þetta og þegar ég er að tala um samanburð við önnur lönd get ég ekki stillt mig um að minnast á Færeyjar. Við berum Ísland og Færeyjar gjarnan saman í ýmsu tilliti. Þar eru malbikaðir vegir 400 km að lengd, þegar með eru talin jarðgöng og brýr sem tengja saman eyjar, en lengstu jarðgöng í Færeyjum munu vera þriggja km löng með tvöfaldri akrein. Þarna er undirlendi lítið, eins og menn vita, og vegagerð erfið, og auk þessa verða Færeyingar að halda uppi miklum ferjusamgöngum. Á Íslandi er íbúafjöldi fimmfaldur miðað við Færeyjar og bifreiðafjöldi er áttfaldur. Þetta sýnir okkur hvað við erum langt á eftir frændum vorum Færeyingum í þessu tilliti.

Ég get í sjálfu sér látið þessi orð nægja varðandi fjármögnunina og samanburð við önnur lönd. Niðurstaða mín er sú, að fjármagn sé fyrir hendi til þessara framkvæmda. Ef menn vilja svo halda sama framkvæmdahraða á öðrum verkefnum hins opinbera, þá verður að sætta sig við annað af tvennu: skattlagningu með þeim hætti sem menn kunna að sameinast um, en þá ekki skattlagningu á umferðina, til þess að fjármagna aðrar framkvæmdir eða þá innlenda eða erlenda lántöku. Um það ætla ég ekki að ræða á þessu stigi málsins.

Ég læt að lokum í ljós þá ósk, að þessi till. fái góðar undirtektir hér á hv. Alþ. En til þess þarf að vísu að verða breyting frá því sem var á síðasta þingi, þegar nokkrir hv. þm. töluðu hér hreint eins og þeir kæmu frá öðrum heimi.

Stuðningur við þetta mál er ótvíræður meðal almennings í landinu, það fullyrði ég. Ég bendi í því sambandi á ályktanir, sem gerðar hafa verið til stuðnings þessu máli, og nefni þar sérstaklega ályktun, sem nýlega var gerð á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, og ég nefni líka ályktun, sem Félag ísl. bifreiðaeigenda gerði á landsþingi sínu nú í þessum mánuði.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um málið verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 1. flm., þá er þetta endurflutt till. og í fyrra urðu um hana talsverðar umr. og sumir þm. tóku henni illa, þ. á m. ég. Ég verð að upplýsa hv. 5. þm. Reykn. um það, að ég er af þessum heimi, ég er ekki af öðrum heimi. Ég er af þessum heimi, en ég á heima kannske ofurlitið norðar í þessum heimi en hv. 5. þm. Reykn., sem hefur búið nú um sinn í Reykjaneskjördæmi. Hann er fæddur norður á Siglufirði, ef ég man rétt, og á að þekkja nokkuð til staðhátta þar og þess vegna á honum í sjálfu sér ekki að vera það sjónarmið, sem ég held fram, neitt framandi eða hafa ástæðu til þess að furða sig mjög á því.

Ég er út af fyrir sig ekki á móti olíumöl. Og það er gaman að geta ekið hratt og það er gaman að hristast ekki mikið á akstrinum, en þó er það mest um vert og enn þá meira um vert að geta komist leiðar sinnar.

Ég hef ásamt ýmsum öðrum þm. hér á hv. Alþ. lagt fram till. til þál. um uppbyggingu vega í snjóahéruðum landsins. Við viljum leggja megináherslu á þá framkvæmd. Þessi till. fjallar hins vegar um að leggja aðaláherslu á slitlag, bundið slitlag á þjóðvegi. Bæði þessi verkefni eru nauðsynleg, en við lítum bara svo á að hitt sé enn þá nauðsynlegra, þó að sjálfsagt sé að vinna nokkuð að lagningu olíumalar. Ef sú stefnumörkun, sem felst í þessari till., yrði ofan á, óttumst við að í skuggann hyrfi þessi uppbygging í snjóahéruðum, þ. e. a. s. að hækka upp úr snjónum og aurnum þannig að fólk eigi nokkra von til þess að komast leiðar sinnar mikinn hluta ársins. Þarna er verið að marka stefnu og við leggjum til, að áhersla verði fyrst og fremst lögð á upphækkunina. Það mætti segja sem svo, að hægt væri að vinna af fullum krafti að hvoru tveggja. En sjóðurinn, sem við höfum til að ganga í, gildnar ekki þó að við ætlum að gera mikið. Fé það, sem bifreiðaeigendur leggja fram, þ. e. a. s. tekjur af umferðinni eins og þeir kalla það hjá FÍB, er að vísu talsvert mikið, en hv. þm. Ólafur G. Einarsson, sem er formaður fjh.- og viðskn. Nd., veit alveg fyrir víst að ríkissjóði veitir ekkert af tekjum, og flokksbróðir og ráðgjafi fjmrh. veit að erlendar skuldir eru komnar mjög hátt, greiðslubyrði af þeim er orðin mjög þung. Langtímaskuldir voru, þegar við settumst hér á rökstóla árið 1974, eitthvað í kringum 330 þús. á hvert mannsbarn. Ætli við komumst í það að tvöfalda þær á þessu kjörtímabili? Þær eru a. m. k. komnar eitthvað yfir 500 þús. nú þegar.

En ég vil láta koma fram, að ég held að það sé ofrausn að leggja bundið slitlag á allan hringveginn, m. a. með tilliti til slysahættu. Þar sem ísingarhætta er mest á bundið slitlag ekki rétt á sér, og staðhættir geta verið slíkir að varhugavert sé að leggja bundið slitlag, nema þá með öryggisgrindum framan við veginn, eins og reynslan sýnir á olíumalarkafla á Vestfjörðum, milli Bolungarvíkur og Hnífsdals, þar sem hafa orðið mörg hörmuleg slys. En ef þessi kantur er settur framan við þannig að bílarnir renni ekki fram af í hálkunni, þá safnar kanturinn náttúrulega snjó á veginn þannig að þarna er við talsverðan vanda að etja.

Það er í sjálfu sér nauðsynlegt að gæta hagsýni, og það er alveg rétt hjá hv. flm., að hörmulegt er að sjá mölina fjúka út í loftið á sumrin, og kostnaður við viðhald malarvega er geysimikill. Kostnaður við vegi með bundnu slitlagi er líka mikill. Stundum er þetta kallað varanlegt slitlag, en það er alls ekki réttnefni og er heldur ekki notað hér í þessari till. En þetta er náttúrlega í sjálfu sér alls ekki varanlegt slitlag og kostnaður við viðhald þess er geysimikill.

Ég hef hér í höndum þál. um vegáætlun fyrir árin 1977—1980. Vonandi fáum við tækifæri til þess að endurskoða hana, en þetta er sem sagt það sem samþ. var í vor. Hér vil ég lesa, með leyfi forseta, nokkrar tölur um viðhald þjóðvega.

Viðhald malarvega — og er þá átt við sumarviðhald — átti að vera á þessu ári 652 millj. Eins og fram kom í ræðu flm., er lengd vegakerfisins eitthvað um 8500 km. Þar af eru einungis 188 km með bundnu slitlagi, ef ég hef tekið rétt eftir, en viðhaldið á þessum 188 km átti nú að vera hvorki meira né minna en 100 millj. á móti 652 á allt hitt.

1978 var fyrirhugað samkv. þessu plaggi að leggja í viðhald malarvega 884 millj., en 182 millj. í vegi með bundnu slitlagi. Ég vil vísa til till. til þál. um þessa vegáætlun, en þar segir á bls. 23, með leyfi forseta:

„Kostnaður við viðhald á olíumalarvegum við áðurnefndan umferðarflokk er um 76% af kostnaði við samsvarandi malarveg.“

Þetta er kannske kjarni málsins, sem gleymist í hita umr., að kostnaðurinn við viðhald á bundnu slitlagi er 76% af því sem hann væri við malarvegi. Ef miðað er við fjárveitingar til viðhalds vega, samsvarandi þörf og stefnt er að með þessari till., og áðurnefndir 190 km væru olíumalarbornir, þá mundi það þýða um 36 millj. kr sparnað á ári við sumarviðhald þessara vega. Það er að vísu þarna nokkur sparnaður, en hann er sem sagt ekki meiri en þetta. Hins vegar er það alveg rétt hjá hv. 1. flm. till., að slit á bifreiðum verður allmiklu minna, ef þeim er ekið á bundnu slitlagi. Það gefur náttúrlega auga leið að bíll á Reykjanesinu á að geta enst miklu lengur en bíll norður á Siglufirði eða norður í Húnavatnssýslu, sem maður þarf að slíta út í snjó og hrista sundur á malarvegunum, þannig að þar af leiðir að við þurfum að endurnýja okkar bíla að öðru jöfnu miklu oftar og leggjum verulegan skatt af mörkum á þann hátt til umferðarinnar.

Alþt. 1977. B. (99. löggjafarþing). 59

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil lýsa einlægum stuðningi mínum við þá stefnu, sem felst í þeirri þáltill. sem hér er til umr., og fagna því, að hún hefur verið borin fram. Ég held að það sé sannmæli að ekkert mál sé ofar á óskalista fólksins, sem býr í dreifbýlinu, en óskin um bættar samgöngur. Með áformum eins og felast í þeirri till., sem hér er til umr., er verið að taka mjög djarfar ákvarðanir sem lofa góðu í framtíðinni, og sannleikurinn er sá, að við náum ekki verulega miklum áfanga í þessum málum fyrr en við tökum okkur til og setjum okkur eitthvert ákveðið mark. Þess vegna held ég að sú stefna, sem felst í þessari þáltill., sé alveg rétt.

Alveg sérstaklega vil ég staldra við mjög mikilvægt og þýðingarmikið ákvæði þarna, þar sem rætt er um að leggja slitlag á vegina eins og þeir eru nú, eftir því sem hægt er, þ. e. án sérstakrar endurbyggingar þeirra. Það held ég að sé atriði sem við höfum gefið allt of litinn gaum á undanförnum árum. Menn, sem þekkja mjög vel til vegaframkvæmda, hafa tjáð mér að á löngum vegaköflum sé þannig ástatt að ekki þurfi annað en leggja þetta slitlag, sem talað er um, bundið slitlag, oliumöl, á vegina eins og þeir eru, og vegalengdin skiptir tugum ef ekki hundruðum km. Ég verð að segja að ég er alveg undrandi á því, hvað litið hefur verið gert að því, þó ekki væri nema í tilraunaskyni, að fara þessa leið í vegagerð undanfarið.

Ég er sammála hv. 3. þm. Norðurl. v., Páli Péturssyni, að við megum ekki láta svona áætlun útiloka þá nauðsynlegu framkvæmd, sem er hækkun vega upp úr snjó. Ég fellst alveg á það sjónarmið hans, að það er höfuðnauðsyn, alger höfuðnauðsyn. Eins er ég honum algerlega sammála er hann ræðir um bundið eða varanlegt slitlag á hringveginn um allt landið. Það hefur komið ofarlega í huga minn að ekki mundi ég kæra mig um að hafa malbikaða braut yfir Öxnadalsheiði, Vatnsskarðið og aðra slíka fjallvegi, þannig að þrátt fyrir að við gengjum frá því að samþykkja að meginstefnu þau ákvæði, sem felast í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir, þá væri af praktiskum ástæðum rétt að láta þessar framkvæmdir bíða, en leggja þeim mun meiri áherslu á uppbyggingu vega þar sem snjóalög eru mikil. Þetta hvort tveggja held ég að geti ákaflega vel farið saman. Hitt stendur svo óhaggað, að það besta, sem við gerum í þessum málum, er að ætla að taka stórar og djarfar ákvarðanir um þetta, ætla eitthvað mikið. Það mun verða vænlegast til þess að við í framtíðinni náum verulegum árangri, þjóðin fái bættar samgöngur sem við allir erum sammála um að er höfuðnauðsyn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um þessa till. Ég tel hana einhverja þá bestu sem fram hefur komið hér á Alþ., og ég vil vekja athygli á því, að seinasta setning í grg. þessarar till. er þannig:

„Það, sem vantar, er pólitiskur vilji til þess að ráðist verði í framkvæmdir með þeim hætti sem hér er lagt til.“

Þetta vil ég undirstrika. Við verðum að þora að hafa pólitiskan vilja og gera það, sem er rétt hér á landi, gera bókstaflega það sem er rétt, þótt stundum geti verið stefnubreyting frá því sem verið hefur.

Það eru talin upp þrjú meginatriði í grg. sem eru mikilvægust. Ég vil undirstrika þriðja atriðið: „Í þriðja lagi eru vegaframkvæmdir sem þessar hinar arðbærustu.“ Það hefur nú svo mikið verið fjárfest hér á Íslandi með ýmsu móti að kominn er tími til þess að menn þori að taka pólitiska ákvörðun, þótt um stefnubreytingu sé að ræða, um arðgæfa og skynsamlega ráðstöfun fjármagns. Fyrri flm. og frsm. till. gerði góða og glögga grein fyrir fjármagni því er ríkissjóður fær af bifreiðaumferð og bifreiðaeign landsmanna og hversu ömurlega litið rennur aftur í vegaframkvæmdir. Ég þarf ekki að endurtaka það. Ríkissjóður hirðir ⅔ — hirðir bókstaflega ⅔ — og mætti nú verða einhver stefnubreyting á. Og þó að það væru helmingaskipti, þá fáum við meira en nóg í þetta sem lagt er til í till. Hins vegar vil ég undirstrika það, að ég tel að við eigum að ganga allmiklu lengra í að leggja oliumöl en reiknað er hér með, allt að 200 km á ári. Við skulum hugleiða það, að mjög víða um landið eru vegir upphleyptir og góðir í héraði, — og sleppum öllum vangaveltum um heiðar eins og síðasti ræðumaður kom réttilega inn á. Við skulum ekkert vera að ergja okkur á því að tala um að leggja á fjallvegina bundið slitlag á þessu stigi. Það getur bara farið í skapið á nokkrum góðum dreifbýlismönnum. Nei, við skulum halda okkur við það að leggja slitlag á vegi í héraði, sem eru upphleyptir og þola að þegar sé lagt á þá bundið slitlag, og þá munum við nú þegar eiga möguleika, án þess að hafa sérstakan undirbúning á vegalagningu er næmi nokkrum hundruðum km á ári og gætum dreift framkvæmdum á öll kjördæmi — ég undirstrika það — og jafnvel fyrst og fremst utan þess kjördæmis er fyrri flm. er fulltrúi fyrir, — fyrst og fremst úti um landið. Ég get nefnt hér strax t. d. kafla sem ég ók í sumar og ræddi um við einn fjvn.-mann, kaflann frá Ljósavatnsskarði út að Húsavík og svo aftur frá Húsavík upp í Mývatnssveit. Þessir vegarkaflar eru svo góðir og svo þéttir og öruggir, að það er ekkert annað en hefla og leggja síðan slitlagið á. Auðvitað kostar það peninga, en viðhaldið kostar milljónir og aftur milljónir, vegna þess að umferðin um þessa vegarkafla er orðin svo mikil að ekki nær nokkurri átt, vegirnir bera ekki umferðina. Við verðum að horfast í augu við þær staðreyndir, að vegirnir þola ekki þessa umferð.

Auðvitað eru í heimahögum 3. þm. Norðurl. v. góðir kaflar líka er geta tekið á móti oliumöl, út frá Blönduósi í báðar áttir og jafnvel víðar, og það er sjálfsagt að sé lagt slitlag svo að nemi tugum km. Þannig er þetta um allt land. E. t. v. koma verkfræðingar og segja að við þurfum að gera tilraunir áður á nokkrum stöðum á landinu til þess að vita nákvæmlega út í hvað við erum að fara. Það var rætt um það í ákveðnum bæjarfélögum á sínum tíma, er leggja átti oliumöl, að alveg væri vonlaust nema undirbyggja og undirbyggja. En svo bý ég nú reyndar við eina götu þar sem ekki fór fram nein undirbygging, en oliumöl var lögð á hana fyrir nokkrum árum,

og hún hefur staðið sig með prýði. Sú forsenda féll því fyrir borð og saknar hennar enginn.

Ég er þess vegna mjög ánægður með þessa till. og mun styðja hana eindregið. Ég vil að fleiri þm. hugleiði hana vel og taki þá pólitísku ákvörðun, stefnumörkun, eins og till. gengur út frá, að þetta sé gert. Ég tel tíma til kominn. Hér er ekki um óskaplegar upphæðir að ræða. Flm. var að tala um 1.2 milljarða, 1200 millj. kr. eða jafnvel upp undir 2 milljarða í þessu skyni. Ég tel að við getum gert mun meira, sérstaklega vegna þess, eftir því sem hann upplýsir, að tekjur ríkissjóðs eru mjög miklar af bifreiðaeign landsmanna.

Það er auðvitað rétt, að ríkissjóður og flestir stofnfjársjóðir landsmanna eru févana. Það gerir sú óskaplega verðbólga sem eyðir öllu og brennir allt upp. En hinu verður ekki mótí mælt að þessar framkvæmdir eru mjög arðbærar, og þá hljóta þær í eðli sínu að vera skynsamlegar, það leiðir af sjálfu sér. Og ég vænti þess að menn átti sig á því við rólega yfirvegun að við verðum að taka þessa pólitísku ákvörðun og gera þessa stefnumörkun, og ég undirstrika nauðsyn þess að öll kjördæmi landsins nái verulegum áfanga, ef þessi till. verður samþ., fái lagt bundið slitlag á sína vegi. Ef menn geta ekki komið sér saman um hvar á að leggja vegi, þá verður að hafa einhverja óhlutdræga nefnd, — ég á við ef þm. geta ekki komið sér saman um það, — er velur þessa vegarkafla. En ég get lýst því sem minni skoðun, að það er allt í lagi að leggja bundið slitlag t. d. á 2—3 km, þó að 500 m kafli sé á milli þess og næsta bundins slitlags og við geymum þessa 500 m um óákveðinn tíma. En víða háttar þannig til, að það eru gamlar brýr, þó að búið sé að byggja upp vegi að brú eða því næst. Víða eru þannig vegir, að þeir geta tekið þetta bundna slitlag strax, þó að ekki sé samfellt um allt vegakerfið.

Ég gæti haft hér miklu fleiri orð um vegagerð í landinu. Það er staðreynd, þrátt fyrir að oft hafi verið gerð átök til að bæta vegakerfið, að við erum mjög aftarlega í vegagerð. Við verðum að þora að taka þá pólitísku ákvörðun, sem þessi till. gengur út frá að gerð sé hér á hv. Alþ. Það skref væri verulegt heillaskref fyrir alla landsmenn.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. undirtektir þeirra, og ég undanskil þar ekki hv. þm. Pál Pétursson. Það var talsvert annar tónn í ræðu hans núna en í fyrra, og því fagna ég. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning milli okkar, líka vegna þess að ég tók ekki til máls þegar till. hans og fleiri hv. þm., till. til þál. um uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins, var hér til meðferðar, vil ég taka það skýrt fram, að ég styð þá till. En hún er talsvert annars eðlis, svo sem ég vænti, að menn geri sér grein fyrir. Sú till. gerir ráð fyrir gerð áætlunar, en till. sú, sem nú er til meðferðar, gerir ráð fyrir framkvæmdum, og á þessu er náttúrlega meginmunur. En ég læt í ljós þá von, að þegar gerð hefur verið áætlun um uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins, þá fylgi þeirri áætlun framkvæmdir líka.

Ég held að það sé ekki ástæða fyrir neinn hv. þm. að óttast, ef samþ. yrði þetta verkefni sem við erum nú að ræða um, að það skyggði á uppbyggingu vega í snjóahéruðum. Við hljótum að halda því verkefni áfram líka. Ef meira fé af þeim sköttum, sem greiddir eru í ríkissjóð af bifreiðum og þeirra rekstrarvörum færi í Vegasjóð en nú er, þá væri hægt að halda þeim framkvæmdum áfram líka og það með auknum hraða frá því sem nú er.

Varðandi það, sem hv. þm. Páll Pétursson var hér að tíunda um viðhaldskostnað vega með bundnu slitlagi, þá er það vissulega svo að viðhald þeirra kostar fé. En það vill svo til að á þessu ári, 1977, er óvenjulega mikið um yfirlagnir, mér er kunnugt um það, — yfirlagnir sem hafa ekki verið gerðar nú um allmörg ár á vissa vegarkafla. Ég nefni þar t. d. Sandgerðisveginn svokallaða, en þar var lagt yfir nýtt lag vegna þess að hitt var orðið — ég man því miður ekki hve margra ára gamalt. Ég held 3—4 ár hafi verið liðin frá því að fyrst var lögð þar olíumöl, og þar er um verulega umferð að ræða og þ. á m. þungaumferð. Þar fara fram miklir fiskflutningar t. d. Það kunna að vera áraskipti að því, og slíkt kemur að sjálfsögðu fram í vegáætlun, hversu miklu fé er varið til viðhalds vega með bundnu slitlagi. Eins og hv. þm. tók fram, nefnum við þetta bundið slitlag, en ekki varanlegt slitlag. Sannleikurinn er sá að það má víst fullyrða að ekkert slitlag er varanlegt, ekki heldur það steinsteypta. Það sjáum við mætavel nú á Keflavíkurveginum svonefnda, sem er steinsteyptur, en er nú á köflum mjög illa farinn.

Það er að sjálfsögðu augljóst mál að bíll, sem ekkert fer út fyrir Reykjanes eða höfuðborgarsvæðið, endist lengur en bíllinn norður á Siglufirði eða norður í Húnavatnssýslu, ef þeim er ekið jafnmikið. Og það er einmitt þetta sem þessi till. gerir ráð fyrir, að við bætum þarna um. Með bættu vegakerfi spörum við bíleigendum stórfelldar fjárupphæðir og þjóðinni allri, eins og ég sagði áðan, í betri og lengri endingu bíla.

Hv. þm. Jón G. Sólnes lagði áherslu á það atriði till. sem fjallar um að slitlagið verði lagt á vegina eins og þeir eru. Þetta er annað meginefni till. eins og ég tók fram í framsögu, að slitlagið verði lagt á vegina eins og þeir eru. Það var fyrst á s. l. sumri sem gerð var veruleg tilraun í þessa áttina. Þannig var slitlag lagt á kafla Þingvallavegar frá Vesturlandsvegi og upp fyrir Gljúfrastein nú í sumar, og þannig var einnig með veginn frá Keflavíkurvegi og niður í Voga og veginn frá Keflavíkurvegi og niður í Njarðvík. Þetta eru fyrstu kaflarnir, sem hægt er að kalla svo, sem gerð er tilraun með í þessa áttina, — tilraun sem ég er ekki í nokkrum vafa um að muni takast og muni sýna okkur að þannig sé hægt að standa að þessum framkvæmdum.

Varðandi þá heiðavegi, sem hér hafa verið nefndir og eru vissulega hættulegir í hálku, og þarf ekki einu sinni að leggja á þá slitlag til, þá er það augljóst mál að við byrjum ekki að leggja slitlag á þjóðvegina á þeim stöðum. Þeir mæta eflaust afgangi, og ekki er nokkur vafi á því, að það verður að gera þar ákveðnar aðgerðir til þess að fyllsta öryggis sé gætt. Þ. á m. kann víða að vera, eins og reyndar er þegar gert, nauð-

syn á að setja upp öryggisgrindur sem kosta að vísu mikið fé. Í fyrra fékk ég uppgefnar tölur um það, hvað km í slíkum öryggisgrindum kostar, og ég held ég fari rétt með þegar ég segi að kostnaður hafi verið 7 millj., þ. e. a. s. jafnmikill og við slitlagið. En við verðum að sjálfsögðu að taka tillit til öryggissjónarmiða, þó að þau kosti mikið fé.

Aðalatriðið er að við hefjumst handa. Ég skal nefna eitt dæmi um nauðsynina á því að hefjast handa við að leggja slitlag á vegi sem þegar hafa verið endurbyggðir. Sannleikurinn er sá, að það er nær því ógerlegt fyrir Vegagerð ríkisins að halda hinum nýgerðu og breiðu vegum við. Þeir fletjast út og halda í sér vatni. Þess vegna var það nauðvörn Vegagerðarinnar á þessu sumri að verja 25 millj. kr. til þess að mjókka Þrengslaveginn. Það þurfti að mjókka hann og kosta til 25 millj. kr., til þess að það væri gerlegt að halda honum við. Sýnu skynsamlegra hefði nú verið, sýnist mér, að leggja slitlag á veginn, þó að umferðin sé ekki orðin það mikil enn að hún gefi beint tilefni til þess. En slæmt er til þess að vita, að svona þurfi að standa að verki. Ef við ætlum ekki að halda áfram að leggja slitlag á hina fjölfarnari vegi, sem hafa verið endurbyggðir, og ég tek þá sem dæmi veginn héðan upp í Hvalfjörð og í Hvalfirði, og það má nefna líka vegi norður í Húnavatnssýslu, eins og í Ásunum, á Blönduósi og í Langadal, þá eyðileggjast þessir vegir ósköp einfaldlega, þeir eyðileggjast, og ég vona að við þurfum ekki að horfa upp á það að farið verða að verja milljónatugum á allra næstu árum til þess að mjókka þessa nýgerðu vegi.

Vegna þess, sem fram kom í ræðu hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar, bendi ég á að till. gerir beinlínis ráð fyrir að unnið skuli að þessum framkvæmdum í öllum landshlutum hvert ár eftir því sem áætlun segir, og á það leggjum við áherslu. Við erum ekki að tala um það, sem stundum hefur áður skeð, að allt miðist við höfuðborgarsvæðið og þaðan höldum við út um land og mætumst svo einhvers staðar á norðausturhorninu. Við leggjum áherslu á að það verði unnið að þessum framkvæmdum sem víðast um land ár hvert.

Að lokum legg ég einnig áherslu á það, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson nefndi, að það sé hinn pólitíski vilji, sem þurfi að fá fram til þess að ráðist verði í framkvæmdirnar með þeim hætti sem till. gerir ráð fyrir.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég get ekki snúið til baka með það, að mér finnst að í þessari tillögugerð, annars vegar till. um áætlanagerð um uppbyggingu þjóðvega í snjóahéruðum landsins og hins vegar í till. um framkvæmdir við lagningu bundins slitlags á þjóðvegi, felist mismunandi áhersla á tvo ólíka framkvæmdaþætti. Það er, eins og hv. formaður fjh.- og viðskn. veit, ekki hægt að nota sömu krónuna tvisvar, — það er ekki hægt að nota hana tvisvar.

Hvað varðar það, sem kom fram í máli flm. um sérstaklega mikinn kostnað við yfirlögn sem hefði komið á þetta ár, þá er það kannske rétt. En kostnaður við yfirlögn heldur áfram, og þetta hlutfall raskaðist ekki á þeim tveim árum sem eftir voru á vegáætluninni og ég gat ekki um í máli mínu hér áðan. Mergurinn málsins er náttúrlega þessi, að kostnaður við viðhald á olíumalarvegum í áðurnefndum umferðarflokki er um 76% af kostnaði samsvarandi malarvegar. Ég geri ráð fyrir að þessi prósenttala sé ekki fundin af handahófi hjá vegagerðarmönnum. Hins vegar er ég ekki neinn fræðimaður um vegagerð eins og hv. 1. flm., sem er sérstakur fræðimaður a. m. k. um olíumöl, og get ekki fullyrt hvort þessi tala er nákvæmlega rétt eða hvort hún getur eitthvað breyst frá ári til árs eftir útkomu. o. s. frv.

Þessi till. á við hringveginn og helstu vegakafla út frá honum. Það er nú víðar fólk en beint við hringveginn. Þó að hringvegurinn sé mikilvægur, þá eru líka aðrir vegir mikilvægir. Það var alveg hárrétt hjá hv. þm. Jóni G. Sólnes, að óskin um bættar samgöngur er ofarlega á baugi í Norður-Þingeyjarsýslu og hún er ofarlega á baugi meira að segja inni í Svarfaðardal. Það er ekki ofmælt að vegamál og samgöngumál séu málaflokkur sem hugur dreifbýlisfólks dvelji við ekki síður en þéttbýlisfólks, nema fremur sé.

Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson benti á arðsemiútreikninginn. En arðsemiútreikningurinn er sem betur fer ekki einhlítur. Það er mikilvægt líka að lífsaðstaða fólksins í landinu sé sm jöfnust. Einu sinni stóð hv. 1. landsk. þm. ásamt öðrum fjvn.-mönnum að ákvörðun um um lagningu olíumalar hjá Blönduósi. Þar var endurbyggður með mjög myndarlegum hætti og fyrir ákaflega mikla peninga vegarkafli vestan við Blönduós. Í fjvn. komu þeir sér saman. Samkv. því dreifbýlissjónarmiði, sem hv. þm. hafði hér uppi, og jöfnun milli kjördæma, eins og þeir nota nokkuð í fjvn. sem betur fer, var það till. þeirra að leggja olíumöl á þennan kafla. Seinna fór nú svo, að hætt var við að leggja þessa olíumöl, og ég held allflestir heimamenn og þm. urðu sammála um að það væri skynsamlegra að nota þessa peninga heldur til þess að endurbæta bágborna og vesæla vegakafla á hringveginum, þar sem hann liggur um héraðið.

Það er alveg rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., Jóni G. Sólnes, að þetta er djörf ákvörðun að fara að leggja þetta bundna slitlag, og í sjálfu sér eru djarfar ákvarðanir ákaflega mannlegar. En djarfar ákvarðanir geta verið óskynsamlegar, og djarfar fjármálalegar ákvarðanir hafa nú komið þessu landi hér um bil á hausinn. Það, sem okkur vantar fyrst og fremst, eru ekki djarfar ákvarðanir, heldur hyggilegar ákvarðanir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um framleiðslu og sölu áfengs öls, þáltill. (þskj. 60). — Ein umr.

Flm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Á þskj. því, sem hér liggur fyrir til umr., hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram í sambandi við næstu alþingiskosningar þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls í landinu. Þátttaka

í væntanlegri atkvgr. skal heimil öllum sem náð hafa 18 ára aldri þegar atkvgr. fer fram.“

Þessari till. fylgir svo hljóðandi grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hefur allmikið verið rætt um það, hvort heimila skuli framleiðslu og sölu áfengs öls í landinu. Mjög skiptar skoðanir eru manna á meðal um þetta mál, og sýnist sitt hverjum eins og gengur. Á síðasta Alþ. var til meðferðar frv. sem gerði ráð fyrir nokkrum breytingum á núgildandi áfengislöggjöf. Flm. þessarar þáltill. flutti þá till. í sambandi við umrætt frv., sem gerði ráð fyrir því að núgildandi áfengislögum skyldi breytt á þann veg, að framleiðsla og sala áfengs öls yrði heimiluð. Örlög umræddS frv. urðu hins vegar þau, að það komst aldrei úr n. og dagaði uppi í þinginu, og reyndi því aldrei á hvort þingvilji væri fyrir því að leyfa framleiðslu og sölu áfengs öls eða ekki.

Næsta ár fara fram almennar þingkosningar. Flm. er þeirrar skoðunar, að í máli því, sem hér er til meðferðar, sé ekki óeðlilegt að leitað sé eftir því að fá vitneskju um hver sé hinn raunverulegi þjóðarvilji í jafnumdeildu máli og hér er fjallað um. Auðveld leið og kannske sú markvækasta er að mati flm. að láta fara fram þjóðaratkvgr. um málið. Og þar sem almennar þingkosningar eru á næsta leiti telur flm. sjálfsagt að nota það tækifæri sem þannig býðst. Flm. telur sjálfsagt að miða þátttöku í væntanlegri atkvgr. við 18 ára aldur og vill með því leggja áherslu á þá skoðun sína, að ákvörðun um framleiðslu og sölu á áfengu öli er ekki síður mál ungu kynslóðarinnar en hinnar eldri, og því ekki nema eðlilegt að unga fólkið fái að láta í ljós álit sitt á málinu.“

Herra forseti. Ég kýs að hafa þann hátt á að leggja þetta mál algerlega hlutlægt fyrir hið háa Alþ. til meðferðar. Því tel ég ekki rétt á þessu stigi málsins að hafa itarlega framsögu fram yfir það sem felst í grg. Aðeins vil ég til skýringar taka fram, að það ákvæði till. að miða þátttöku í væntanlegri atkvgr. við 18 ára aldur stafar af því, að það er sá aldur sem miðað er við þegar um er að ræða að leyfa mönnum aðgang að þeim stöðum sem rétt hafa til sölu áfengra drykkja. Þess vegna er ekki nema sjálfsagt, að dómi flm., að leyfa þessum aðilum að segja álit sitt á þessu máli, enda, eins og tekið er fram í grg., er ákvörðunin, sem felst í efni till., ekkert síður mál ungu kynslóðarinnar en hinnar eldri.

Flm. er ljóst að nokkur aukakostnaður mun fylgja því að útbúa kjörskrár vegna þessa aldursákvæðis. En með hliðsjón af þeirri tölvutækni, sem við höfum yfir að ráða, mun kostnaður við slíka breytingu kjörskrár ekki verða umtalsverður.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að eftir þá umræðu, sem um þetta mál kann nú að verða hér í hv. Sþ., verði umr. frestað og málinu vísað til meðferðar hv. allshn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það þyrfti kannske sérstaka skýringa við að mæla gegn sölu á veiku áfengi í landi þar sem sala á sterku áfengi er leyfð. Það er ósköp eðlilegt að ekki sé auðskilið, hvers vegna nokkrum manni dettur í hug að hættulegt og vafasamt sé að heimila framleiðslu og sölu á áfengum bjór í þessu landi, þar sem við höfum ríkulegt magn af bæði veiku og sterku áfengi. En það er nú svo, að þetta er flókið mál og margir þættir þess erfiðir.

Í fjöldamörgum löndum hefur bjór verið bruggaður öldum saman og drukkinn, og þessi lönd eru mjög misjafnlega á vegi stödd hvað áhrif áfengis á heilsufar þjóðarinnar snertir. En nýleg dæmi um áhrif áfengs öls höfum við frá þeim þjóðum sem okkur verður oftast að líta til þegar við viljum fá fyrirmyndir, en það eru frændþjóðir okkar á Norðurlöndum. Svíar og Finnar heimiluðu framleiðslu svonefnds „mellanöls“ fyrir nokkrum árum, 10—15 árum, og nú er svo komið að í Svíþjóð er framleiðsla og sala „mellanöls“ þegar bönnuð, og Finnar munu á næstunni gera hið sama. Hvers vegna? Engum dettur í hug að það hljóti ekki að vera mjög ríkar og augljósar ástæður fyrir því, að þessar tvær þjóðir haga sér á þennan hátt, því að það er hreint ekkert auðvelt, þegar búið er í við skulum segja 11—12 ár að framkvæma þetta, að fara þá allt í einu að kippa því til baka. En reynsla þessara landa er svo uggvænleg og þeim virðist svo einsýnt að um skaðleg áhrif af þessari framkvæmd sé að ræða, að þeir hafa gripið til þessa ráðs.

Fyrir aldamótin síðustu var það svo, að það, sem olli heilsuleysi og vanda í heilsufari þjóða, voru oftast bakteríusjúkdómar og ýmislegt annað sem erfitt var viðureignar og fólkið sjálft gat ekki á nokkurn hátt ráðið við. En nú er svo komið að þeir skaðvaldar heilsunnar, sem eru mestir og mest áberandi og hafa í raun og veru verst áhrif á heilsufar fólksins, eru þættir sem fólkið ætti sjálft að geta ráðið við. Það eru í fyrsta lagi vímugjafarnir, það er tóbakið, það er ofneysla matar og síðan umferðin. Allt þetta gæti fólkið sjálft haft mikil áhrif á til bóta. En það er ekki auðvelt fyrir 12—14 ára gamla unglinga að gera sér grein fyrir því, að hættulegt sé fyrir þá að súpa á ölflösku sem þeir sjá félaga sína eldri vera að drekka úr allt í kringum sig, enda er nú svo komið að í Svíþjóð, í Danmörku, í Finnlandi og reyndar mjög víða eru 10—12 ára unglingar lagðir inn á spítala með bráða áfengiseitrun vegna bjórdrykkju. Kennslukona nokkur í Danmörku, sem nýlega hélt veislu fyrir nemendur sína sem voru á aldrinum 12—14 ára, vildi gjarnan komast að því, hvaða venjur þessir unglingar hefðu, og var þess vegna ekki að skipta sér af því hvað þeir kæmu með, en þeir áttu sjálfir að leggja til drykkjarföngin. Hún varð fljótlega vör við að það var ekki kók eða sítrón, sem börnin komu með, heldur fyrst og fremst öl. Þegar fór að líða á kvöldið og þau voru orðin allþétt, fór hún að spyrjast fyrir um orsakir þess arna, og af svörum þeirra komst hún að þeirri niðurstöðu, að þau börn þóttu ekki í húsum hæf hjá félögum sínum nema þau tækju upp þessa siði og drykkju öl, þar sem einhver skemmtun var innbyrðis hjá þeim. Hún taldi að á þessu hefði orðið allsnögg breyting á til-

tölulega stuttum tíma, en vildi kenna þar um m.a. auknum fjárráðum og síðan því aukna frjálsræði á öllum sviðum sem nú viðgengst í þessum þjóðfélögum.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta. Ég býst við að flestir geri sér ljóst að okkar áfengismenning er nú á viðkvæmu og erfiðu stigi. Flestir gera sér ljóst að a. m. k. milli 90—100% af öllum þeim glæpum, sem framdir eru í þessu landi, eru annað hvort bein eða óbein afleiðing af áfengisdrykkju. Við vitum af reynslu annarra þjóða að framleiðsla og sala á áfengum bjór mundi hér í landi auka áfengisneyslu. Á því er í raun og veru ekki nokkur vafi. Og þar sem svo er hlýt ég að óska eftir því, að þessi till. verði felld.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Eg skal reyna að hafa um þetta fá orð. Ég er því sammála að þjóðaratkvgr. eigi að fara fram um mikilsverðustu mál sem um er fjallað í okkar þjóðfélagi. Það getur verið mjög réttmætt og eðlilegt að um þau fari fram þjóðaratkvæðagr. Mál sem, t. d. snerta sjálfsforræði þessarar þjóðar á einhvern hátt, ættu vitanlega að vera þar í forgangsröð, og það hefur því miður oft verið ástæða til þess að slík atkvgr. færi fram, þar sem fólkið fengi að velja eða hafna leiðum.

Þetta mál, sem hér er reifað, er vitanlega ekki þess eðlis, þótt það snerti sjálfsforræði manna að nokkru leyti. Þessi þáttur einn sér, þessi mynd sem hér er dregin, — mér þætti miður og illa farið ef mál þessa eðlis yrði fyrsta málið sem við teldum ástæðu til í okkar unga lýðveldi að láta fara fram þjóðaratkvgr. um, eins og það er í pottinn búið. Ég teldi hins vegar annað að láta reyna á það meðal þjóðarinnar og láta fara fram þjóðaratkvgr. um það, hvaða úrbætur fólk helst vildi í okkar áfengismálum.

Það virðast nær allir, sem um þessi mál tala, sammála um að ástandið sé hrikalegt og geigvænlegt. Skoðanir eru vitanlega skiptar um orsakirnar. Skoðanir eru líka skiptar um leiðir sem á að fara til að bæta úr því ástandi sem allir viðurkenna að er geigvænlegt. Um einstök atriði eru menn að vísu sammála. Ég held að flestir séu sammála t. d. um að hlutlaus og fordómalaus fræðsla og upplýsingastarfsemi af ýmsu tagi gæti á einhvern hátt komið í veg fyrir ofneyslu áfengra drykkja. Og menn eru sammála um að ástandið sé slíkt, að við það sé ekki hægt að una. Ég held að einmitt þessi staðreynd hafi stuðlað að þeim fjöldasamtökum, sem nýlega hefur verið stofnað til hér á landi. Og ég hef ekki heyrt frá þeim samtökum, þar sem ríkir þó hið mesta frjálslyndi, sýnist mér, gagnvart áfenginu í heild, — ég hef ekki séð það þar, að meginkrafa þeirra fjöldasamtaka væri sú, að við þyrftum við það ástand, sem nú þegar ríkir, að fá bjórinn til viðbótar við það áfengismagn sem menn hafa nú hér á landi.

Ég hef svo oft rætt um þetta mál í heild, að ég get litlu þar við bætt. Það er rétt að leiðir okkar hv. flm. fara engan veg saman. Ég viðurkenni að mín leið getur ekki verið allra leið. Mín leið er leið bindindis, mín eigin leið, og það er um leið vissa mín að með því sé skapað visst fordæmi. Og ég geri mér ljóst, að sú leið er mín og auðvitað margra annarra, en hún getur ekki verið allra leið í þessum efnum.

Leið hv. flm. þessarar till., að láta fara fram þjóðaratkv., er fyrst og fremst leið sem veitir aukið frelsi í þessum efnum. Það er auðvitað fallegt nafn, frelsi, og það er gott að nota það í þessu efni. Hve mikið frelsið er í raun réttri skal ég ósagt láta. Ég er ekki fær um að dæma, hvor leiðin er réttari, mín leið eða leið hv. flm. Ég er þó fremur á því, að leiðin til þess að bæta úr þessu ástandi sé ekki endilega einhver ein leið. Ég held að sameiginlegt átak leitt af sterku almenningsáliti gæti kannske einhverju um þokað á betri veg fyrir okkur. Ég veit að það er ekki auðvelt, og þess vegna fylgist ég af miklum áhuga með þeim samtökum, sem mjög nýlega hafa verið mynduð um þessi mál, til þess að sjá hvers þau eru megnug, hvað þau geta gert. Ég efa ekki að þau eigi við mikil vandamál að stríða, en þó að ég sé í mörgu ósammála þeim markmiðum, sem þau stefna að, og sérstaklega þeirri skilgreiningu, sem þau eru með í sínum samtökum, þá hlýt ég að styðja þau alfarið í þeirri viðleitni, sem kemur þó fram mjög áberandi í stefnu þeirra.

Ég held að við ættum nú frekar í þessum sölum að reyna að sameina kraftana til þess að leita þess besta sem við gætum gert í áfengismálunum. Ég hef að vísu mína einkaskoðun á því, ákveðna og rökstudda, en vitanlega er ég tilbúinn að hlíðra til, ef ég sé að skynsamlega er á málum haldið af hálfu þeirra, sem aðrar leiðir vilja reyna. En hér ber ekki á því, því miður, að um traustvekjandi upphaflega till. hafi verið að ræða í mínum augum, því að till. um þjóðaratkv. nú er upphaflega till. um bjórinn beint. Nú er hún aðeins klædd í viðkunnanlegri yfirhöfn, og lýðræðis- og frelsishjalið hlýtur að koma í kjölfarið. Ég hef svo sem heyrt þetta lýðræðistal og frelsistal hljóma af vörum ótrúlegustu manna, meira að segja kannske þeirra, sem hafa verið hvað fastast fjötraðir í þessum efnum, þeirra sem eru hreinlega ánauðugir í áfengismálum. Þeir tala oft mikið við mig um frelsið, og ég hef viðurkennt að einnig þeir hafa frelsi til þess að eyðileggja líf sitt, ef þeim er það svo mjög umhugað sem mér sýnist oft að sé. En mér finnst þetta hryggilegra mál og meira þjóðarböl en svo, að því hæfi gamanleikur af því tagi sem hér er fluttur ár eftir ár, að því er virðist í fullri alvöru, þó mér hafi alltaf þótt nokkurs hálfkærings gæta hjá hv. flm. og hef alltaf í hjarta mér verið að vona það og haft um það rökstuddan grun, að alvara hans í þessu eina atriði væri ekki eins einstrengingsleg og hann hefur viljað vera láta.

Ég hef hér í þingsölum boðið hv. flm. að leita með honum raunhæfra leiða. Ég skal bjóða það enn. Ég hef meira að segja gengið svo langt, að ég hef boðið að kannske ættum við að skipta á þessum bjór, sem hann álítur að sé allra meina bót í þessum efnum, og sterkari drykkjum til þess að prófa nú í alvöru hina miklu blessun þessa drykkjar sem hann er hér að fara fram á. Ég veit að hann flokkar það vitanlega undir frelsisskerðingu, sem hann getur ekki tekið þátt í að leiða yfir þjóðina. En ég vona samt sem áður að enn getum við ásamt öðrum sameinast um

kjarna málsins, þ. e. a. s. einhverja úrbótaleið í staðinn fyrir þetta.

Otti minn gagnvart þessu máli hefur áður komið fram. Ég skal ekki rökstyðja hann miklu frekar. Reynsla annarra þjóða er ólygnust, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á. Otti minn er því bundinn, án þess að ég geti frekar en hv. flm. leitt að því óyggjandi rök, en ótti minn er því bundinn, að bjórinn verði óhjákvæmileg viðbót við aðra drykkju, þ. e. a. s. ef sú ráðstöfun ein er gerð sem hv. flm. hefur lagt til áður í frv., — ef þessu er aðeins bætt ofan á, en ekkert annað gert í staðinn, eins og hann hefur blátt áfram lagt til. Sömuleiðis álít ég að neysla þessara drykkja færist neðar í aldursflokkana. Fyrir því er margföld reynsla. Hún verður almennari þar og annars staðar samkv. margfenginni reynslu annarra þjóða. Og hvað þá um okkur Íslendinga, því sögur eru um, eflaust sannar, að við förum verst með áfenga drykki allra þjóða?

Ég minni á það hve bjórinn í vinnunni hefur alvarleg áhrif, bæði hvað snertir afköst manna þar og ekki síður hvað snertir öryggi manna. Þetta er almennt viðurkennt, t. d. af atvinnurekendum í þeim löndum þar sem bjórinn er hvað almennastur. Og gróðasjónarmiðin eru auðsæ. Þau eru kanske aðalhvatinn í þessu máli, ekki hjá hv. flm., en hjá þeim sem sífellt eru um þetta að tala, því að bjórkrárnar eru auðvitað peningaþjófar til viðbótar við annað og ekki síst fyrir unglingana. Og bjórauðvaldið er ekki besta hlið þess auðmagns, sem fjötrar menn víða um heim. Það bjórauðvald t. d., sem nú sækir fast á í Afríku, er að nema þar land óðfluga til ófarnaðar íbúunum þar, en til áhrifa og aukins auðs fyrir bjórframleiðendur í Danmörku. Þetta hef ég beint úr frásögnum hlutlausra aðila og veit að þetta auðvald er síst hættuminna en aðrar tegundir auðvalds.

Ef ég tryði einhverju atriði, og ég hef reynt að gera það, ef ég tryði einhverju atriði í máli þeirra, sem mæla fastast með bjórnum, að ekki sé nú talað um meginrökin, þ. e. a. s. bætta stöðu í áfengismálum okkar, þá skyldi ég meira að segja vera tilbúinn að reyna þrátt fyrir andstyggðina, — ef ég tryði einhverju af þessu. En ég trúi bara engu af því. Ég hef fyrir mér rök og reynslu annarra að vísu í þessum efnum, en þau duga mér fullkomlega. Skynsemi mín, hversu mikil sem hún kann nú að vera, reynsla annarra þjóða, sem er þó alla vega ólygnust fyrir okkur, og blákalt raunsæið segja allt annað, og því er ég andvígur þessu máli í hvaða sauðargæru sem það verður flutt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 29. nóv.

Áfengi og tóbak.

Skriflegt svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Kjartanssonar um innflutning á áfengi og tóbaki, á þskj. 61, afhent þm. 29. nóv.

1. Þingmaðurinn óskar eftir skrá yfir þær tegundir áfengis og tóbaks, sem ÁTVR hefur til sölu og íslenska umboðsmenn hverrar tegundar.

Óskað var eftir svari forstjóra ÁTVR, er sendi fjármálaráðuneytinu svofellt yfirlit:

Nóvember 1977

Umboðsmenn og umbjóðendur þeirra erlendis, fyrir áfengi og tóbak.

Albert Guðmundsson, heildverzl., Grundarstíg 12.
P. Lorillard, tóbak, vindlingar, vindlar. — André Delorme, áfengi, borðvín. — Cinzano & Cie, áfengi, vermouth. — C. D. C. Dubonnet, áfengi, aperitif. — Jas Hennessy, áfengi, cognac. — White Horse Dist., áfengi, whisky. — Bénédictine, áfengi, líkjör. — Cointreau, áfengi, líkjör. — Moët & Chandon, áfengi, kampavín.

Arent Claessen & Co., Vesturgötu 10.
Liggett & Myers Export Co. Inc., tóbak, vindlingar. — Bouchard Aine & Fils, áfengi, borðvín. — Borges & Irmao, áfengi, borðvín. — Veuve Clicquot Ponsardin, áfengi, kampavín. —J. Harvey & Sons, áfengi, sherry. — Plessis, áfengi, aperitif. — Oy Alko Ab, áfengi, vodka. — Camus & Cie, áfengi, cognac. — John Walker & Sons, áfengi, whisky. — L & P Antinori, áfengi, borðvín. — T. Gordon & Co., áfengi, gin. — Johs. de Kuyper & Zoon, áfengi, genever. — Rum Company Ltd., áfengi, rom. — Underberg, áfengi, bitter. — John Jameson & Son, áfengi, whisky.

Árni Kristjánsson, Ásvallagötu 79.
Willem II Sigarenfabrieken, tóbak, vindlar. — Hudson Sigarenfabrieken, tóbak, vindlar.

Ásbjörn Ólafsson, heildverzl., Borgart. 33.
Destillerias Mollfuleda S. A., áfengi, líkjör.

Austurbakki h.f., Skeifunni 3.
Frankhof Kellerei, áfengi, borðvín. — Wm. Grant & Sons, áfengi, whisky.

Bárður Guðmundsson, heildv., Garðastræti 2.
Pedro Domecq, áfengi, sherry.

Bifreiðar & Landbúnaðarvélar, Suðurlandsbr. 14.
V. O. Sojuzplodoimport, áfengi, vodka, brandy, freyðivín.

Björn Jóhannsson, P. O. Box 783.
Soc. pour L'Exportation, áfengi, aperitiv. — Les Fils P Bardinet, áfengi, rom. — Berry Bros & Rudd Ltd., áfengi, whisky. — Sogrape, áfengi, borðvín. — Simon Rynbende, áfengi, genever. — Suze, áfengi, aperitiv. — Bodegas Varela, áfengi, sherry.

Björn Thors, Tjarnarbóli 14, Seltj.nesi.
Davide Campari, áfengi, aperitiv.

Björninn h.f., Skúlatúni.
Lignell & Piispanen, áfengi, líkjör. — Svenska Tändsticks AB, eldspýtur.

Cosmos, Hverfisgötu 50.
Henkell & Co., áfengi, freyðivín. — Société St. Raphael, áfengi, aperitiv. — Schade & Buysing N. V., áfengi, genever. — S & E & A Metaxa Dist., áfengi, líkjör. — Dopff & Irion, áfengi, borðvín.

E. Th. Mathiesen h.f., Dalshrauni 5, Hafnarf.
Roersh, tóbak, vindlar. — Larsen & Co., áfengi, cognac. — A. S. Vinmonopolet, áfengi, brennivín. — J & W Nicholson & Co. Ltd., áfengi, gin. — P. Melchers Dist., áfengi, genever. — Ronrico Corp., áfengi, rom.

Elding Trading, Hafnarhvoli, Tryggvagt.
James B. Beam Dist., áfengi, whisky, vodka.

Egill Snorrason, Hringbraut 85.
MacDonald & Muir, áfengi, whisky.
G. Helgason & Melsted, Rauðarárstíg 1.
Liggett & Myers Export Co., tóbak, reyktóbak. — J. P. Schmidt Jun. A. S., tóbak, vindlar. — Peter Hallberg, tóbak, reyktóbak. — J. Calvet & Cie, áfengi, borðvín. — Weingut Lenz Moser, áfengi, borðvín. — G. H. Mumm & Co., áfengi, kampavín. — Geo. G. Sandeman & Co., áfengi, portvín, sherry. — Martini & Rossi, áfengi, vermouth. — Courvoisier Ltd., áfengi, cognac. — G. Ballantine & Sons, áfengi, whisky. — Hiram Walker & Sons Ltd., áfengi, whisky. — Bacardi Intern., áfengi, rom. — The Drambuie Liq. Co., áfengi, líkjör. — Peter Heering, áfengi, líkjör. — Southern Comfort Corp., áfengi, líkjör. — Vinprom, áfengi, borðvín.
Glóbus h.f. Lágmúla 5.
British-American Tobacco Co., tóbak, reyktób., vindlingar, vindlar. — Brown & Williamson Tobacco Corp., tóbak, reyktób., vindlingar. — Henri Wintermans, tóbak, vindlar. — S. A. Vautier, tóbak, vindlar.
Grímnir, Ásvallagötu 44.
Gebr. Van Schuppen's Ritmeester, tóbak, vindlar. — Douwe Egberts, tóbak, reyktóbak. — Blankenheym & Nolet's, áfengi, genever.
Guðjón Hólm Sigvaldason, Skipholti 33.
Angostura Bitters Ltd., áfengi, bitter.
Guðni Jónsson, Pósthólf 693.
Robert McNish & Co. Ltd., áfengi, whisky. — Hiram Walker, áfengi, vodka.
Halldór Marteinsson, Pósthólf 427.
The American Tobacco Co., tóbak, reyktóbak, vindlar. — Christian Brothers, áfengi, borðvín. — Barton Brands Ltd., áfengi, whisky. — Federal Distillers, áfengi, rom. — B. V. Tabaksfabr. J. Gruno, tóbak, reyktóbak.
H. Ólafsson & Bernhöft, Bergstaðastr. 13.
Marques del Merito, áfengi, sherry.
Halldór H. Jónsson, Hverfisgötu 4.
E. Buess, áfengi, brennivín. — Provins Valais, áfengi, borðvín, Saip, áfengi, aperitiv.
Hannes Guðmundsson, Laugavegi 13.
A. Bichot, áfengi, borðvín. — Cruse & Fils Fréres, áfengi, borðvín. — Miguel Torres, áfengi, borðvín. — F. Gancia, áfengi, freyðivín. — C. C. F. Fischer, áfengi, borðvín. — Langenbach & Co., áfengi, borðvín. — F. Bolla, áfengi, borðvín.
Haraldur Sigurðsson & Co., Öldugötu 8.
B. V. Uto, áfengi, genever.
Hjalti Björnsson & Co., Vesturgt. 17.
National Distillers Products Co., áfengi, whisky.
Hrímfell, P. O. Box 1051.
Ronald Morrisson, áfengi, líkjör. — Deinhard & Co., áfengi, borðvín.
Íslenzk-Ameríska Verzl.fél., Tunguhálsi 7.
Philip Morris Int., tóbak, vindlingar. — Taylor & Ferguson Ltd., áfengi, borðvín. — John Dewar, áfengi, whisky. — Jack Daniel & Brown Formann, áfengi, whisky. — General Cigars Co., tóbak, vindlar. — J. Burrough, áfengi, vodka.
Íslenzk-erl.verzl.fél., Tjarnargötu 18.
Agros, áfengi, vodka, líkjör, vín, — Hans Just, áfengi, bitter.
J. P. Guðjónsson, Sundaborg v/Kleppsveg.
N. V. Hofnar Sigarenfabr., tóbak, vindlar. — Maison Geisweiler & Fils, áfengi, borðvín. — W & A Gilbey Ltd., áfengi, gin. — Heublein Intern, áfengi, vodka. — William Teacher, áfengi, whisky. — United Rum Merchants Ltd., áfengi, rom. — House of Hallgarten, áfengi, líkjör.
Jón Hjaltason, Óðal h.f., v/Austurvöll.
James & George Stodart, áfengi, whisky. — Booth's Distillers Ltd., áfengi, gin.
Jón Karl Andrésson, P. O. Box 943.
Charles MacKinlay & Co., áfengi, whisky.
O. Johnson & Kaaber, Sætúni 8.
Alfred Dunhill Ltd., tóbak, reyktóbak. — Suerdiech S.A., tóbak, vindlar.
Karl K. Karlsson, Tjarnargötu 10.
Ets. Cordier, áfengi, borðvín. — Piat, áfengi, borðvín. — The Taylor Wine Co. Inc., áfengi, borðvín. — Jose Maria de Fonseca, áfengi, borðvín. — J. Rullaud Larret, áfengi, brandy. — John Haig & Co. Ltd., áfengi, whisky. — The Distillers Agency Ltd., áfengi, whisky. — Seager Evans & Co., áfengi, gin. — The American Dis. Co., áfengi, vodka. — The Irish Mist Liq. Co., áfengi, líkjör. — J. J. Jacobsen, áfengi, vín. — Hermann Kendermann, áfengi, borðvín. — Quinta Do Noval Vinhos S. A. R. L., áfengi, portvín. — Barros Almeida, áfengi, borðvín. — Marie Brizard, áfengi, líkjör.
Kjartan Guðmundsson, Ásvallagötu 44.
White Heather Dist. Ltd., áfengi, whisky.
Konráð Axelsson, P. O. Box 1151.
Chianti Ruffino S. p. A., áfengi, borðvín. — Taittinger, áfengi, freyðivín. — Ottavio Riccadonna, áfengi, freyðivín, vermouth. — Fernando A. de Terry, áfengi, sherry. — Arthur Bell & Sons Ltd., áfengi, whisky. — Caribbean Distillers, áfengi, rom. — Marnier Lapostolle, áfengi, líkjör. — J. J. Melchers, áfengi, genever. — Patriarche Pére & Fils, áfengi, borðvín. — Rouyer, Guillet & Cie, áfengi, cognac.
Lúðvík Andreasson, Hraunbæ 62.
Cusenier, áfengi, aperitiv. — Chartreuse, áfengi, líkjör.
Magnús Kjaran, Tryggvagötu 8.
Pommery & Greno, áfengi, kampavín. — Erven Lucas Bols, áfengi, genever, líkjör. — Martell & Co., áfengi, cognac. — Vin & Spritcentralen, áfengi, brennivín.
Nathan & Olsen, Ármúla 8.
Paul Jaboulet Ainé, áfengi, borðvín.
Ólafur Kjartansson, P. O. Box 918.
Mommessin, áfengi, borðvín. — Caves de Montanha, áfengi, borðvín, brandy.
Heildverzl. Edda, Sundaborg, Klettag. 11—13.
Caves Alianca, áfengi, borðvín, brandy. — Martini & Rossi, Portugal, áfengi, vodka.
Pétur Karlsson, P. O. Box 5247.
Crist. Haggipavlu & Sons Ltd., áfengi, borðvín. — Tequila Sauza S. A., áfengi, brennivín. — Bronté Liqueur Co., áfengi, líkjör.
Pétur Pétursson, heildverzl. Suðurgt. 14.
Tobacco Exporters Int., tóbak, vindlingar. — J. Lapalus, áfengi, borðvín.
Polaris h.f., Austurstræti 18.
Justerini & Brooks Ltd., áfengi, whisky.
Robert Arnar & Co., Látrastr. 30, Seltjarnarnesi.
Fleischmann Distilling Co., áfengi, vodka, whisky. — Fratelli Branca, áfengi, bitter.

Rolf Johansen & Co., Laugavegi 178.
R. J. Reynolds Tobacco Co., tóbak, vindlingar, reyktób., vindlar. — Martin Brothers Tobacco Co., tóbak, vindlar. — Skandinavisk Tobakskompagni A.S., tóbak, vindlingar. — Schimmelpenninck Sigarenfabrieken, tóbak, vindlar. — Noilly Prat & Cie, áfengi, vermouth. — Coebergh's United Dist. Ltd., áfengi, aperitif. — James Buchanan & Co., áfengi, whisky. — Bommerlunder, áfengi, brennivín. — J & J Vickers & Co. Ltd., áfengi, vodka. — Fa. P. Bokma, áfengi, genever. — Hulstkamp's Dist., áfengi, genever. — Pimm's Ltd., áfengi, (gin blanda). — Söhnlein Rheingold K. G., áfengi, borðvín. — Shentung Foodstuffs Branch, áfengi, vodka, borðvín. — China National Light Ind., eldspýtur. — Concalves Monteiro & Fos., áfengi, borðvín. — M. Fernandes & Cia, áfengi, sherry. — Charles Tanqueray & Co. Ltd., áfengi, gin.

S. Stefánsson, Grandagarði 1 b.
Hanappier Peyrelongue & Co., áfengi, borðvín, brandy. — Carl Jos. Hoch, áfengi, borðvín. — Ligna, eldspýtur. — Glassexport, tómar flöskur.

Sigurður Hannesson & Co., Ármúla 5.
James Burrough Ltd., áfengi, whisky.

Sigurður Tómasson, P. O. Box 938.
M. Ginestet S. A., áfengi, borðvín. — Anheuser & Fehrs, áfengi, borðvín. — H. Sichel Söhne Succ. áfengi, borðvín. — Quien & Cie, áfengi, freyðivín. — E. Remy Martin & Co., áfengi, cognac. — Robert Dupin, áfengi, brandy. — Seguin & Cie S. A., áfengi, brandy. — J. Wray & Nephew Ltd., áfengi, rom.

Sigurgeir Sigurjónsson hrl., Óðinsgt. 4.
Hugel & Fils, áfengi, borðvín. — Soc. Cooperativ Vigneronne, áfengi, borðvín.

Sveinn Björnsson & Co., Austurstræti 6.
Chivas Brothers, áfengi, whisky. — Seagram's Overseas, áfengi, whisky. — Macieira, áfengi, brandy. — Bixquit Dubouché, áfengi, cognac.

Sverrir Bernhöft h.f., P. O. Box 235.
Gonzales Byass, áfengi, sherry, portvín.

T. Hannesson & Co., P. O. Box 5168.
Maison Prünier, áfengi, cognac.

Þorfinnur Egilsson, Austurstræti 14.
William Sanderson & Son Ltd., áfengi, whisky.

Þórður Sveinsson, Haga v/Hofsvallagt.
Williams & Humbert Ltd., áfengi, sherry.

Þorvaldur Guðmundsson, Hótel Holt.
A. de Luze & Fils, áfengi, borðvín, cognac. — Henri Maire, áfengi, borðvín.

Gísli Gíslason, heildverzl., Vestmannaeyjum.
Cadena Claassen, tóbak, vindlar.

Hrund Þór, Hjálmholti 12.
Agio Sigarenfabrieken, tóbak, vindlar.

Jakob Löve, P. O. Box 257.
Panter Sigarenfabrieken, tóbak, vindlar.

Kjartan Friðbjarnarson, Hafnarfirði.
E. Nobel, tóbak, vindlar.

Samband ísl. samvinnufélaga.
F. D. B. Cigarfabrikken, tóabk, vindlar. — Raznoexport, eldspýtur.

Sigurver, heildverzl., Óðinsgötu 5.
Vander Elst, tóbak, vindlar.

Snorri h.f., Suðurlandsbraut 30.
Jose L. Ferrer, áfengi, borðvín.

Steinar Petersen, P. O. Box 267.
Theodorus Niemeyer, tóbak, reyktóbak.

Style h.f., Stekkjarflöt 21, Garðabæ.
Consolidated Cigar Corp., tóbak, vindlar.

Vangur h.f., Vesturgt. 10.
Cognac Hine S.A., áfengi, cognac.

Vífill, Skólavörðustíg 16.
Co-operative Wine Growers, áfengi, borðvín.

Véla- og Skipasalan, Vesturgötu 3.
Guimaraens, áfengi, borðvín, brandy.

Emil Guðmundsson, Hótel Loftleiðir.
Georg Bestle, áfengi, bitter.

Sigurður Magnússon, Eskihlíð 23.
Caves St. Martin-Remich, áfengi, borðvín, freyðivín.

Milutin Kojic, Hávallagötu 47.
Maraska, áfengi, líkjör. — Navip, áfengi, Plum Brandy.

Lárus Fjeldsted, Optima, Suðurl.br. 10.
Empresa Cubana del Tabaco, tóbak, vindlar.

2. Þingmaðurinn spyr hve há umboðslaun séu greidd þessum íslensku milliliðum, hvernig eftirliti sé háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda og hvernig sé tryggt að umboðsmenn fái ekki greiðslur í gjaldeyri í trássi við íslensk lög. Enn fremur er spurt um hverjar séu umboðslaunatekjur þeirra 20 Íslendinga, sem hæst umboðslaun fengu fyrir innflutt áfengi og tóbak árið 1976 og hverjir þeir séu.

   Umboðslaunagreiðslur eru algjörlega óviðkomandi Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Upplýsingar um upphæðir umboðslauna af víni og tóbaki eru ekki fyrir hendi. Eftirlit með slíkum umboðslaunum er í höndum gjaldeyrisyfirvalda og með sama hætti og eftirlit með slíkum umboðslaunum almennt.

3. Þingmaðurinn spyr: „Telja stjórnendur ÁTVR sig hafa hagræði af því að erlendir áfengis- og tóbaksframleiðendur ráði í þjónustu sína íslenska milliliði?“

   Forstjóri ÁTVR gefur svofellt svar við fyrirspurn þessari:

   „Það kemur fyrir að vörur, áfengi og tóbak, komi gallaðar eða pantanir hafa verið rangt afgreiddar og er það þá umboðsmanna að sjá um leiðréttingar og endurgreiðslur ef til kemur.“

   Til viðbótar svari þessu vil ég benda á að margoft hefur verið athugað af hálfu ÁTVR hvort innkaupsverð mætti lækka með því að losna við umboðsmenn. Af hálfu seljenda víns og tóbaks hefur því jafnan verið til svarað að verð þeirra væri fast og eigi háð því hvort til staðar væri umboðsmaður. Hins vegar væri við ákvörðun verðs gert ráð fyrir að slíkur aðili annaðist hagsmuni seljanda. Þessa skipan hafa útflytjendur áfengis og tóbaks jafnan á málum, þ. m. t. áfengiseinkasölur á Norðurlöndum.

4. Þingmaðurinn spyr: „Njóta umboðsmenn erlendra áfengis- og tóbaksframleiðenda einhverra fríðinda í sambandi við kaup á áfengi og tóbaki?“

   Nei.

Efri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Verðlagsmál landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 115). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðasamningur um ræðissamband, frv. (þskj. 36). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 113). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, á sér nokkuð langa sögu, þó það hafi ekki séð dagsins ljós fyrr en nú. Við setningu laga nr. 46 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, var gerð veruleg breyting á aðild starfsmannafélaga ríkisstofnana að kjarasamningum við ríkisvaldið. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna fengu þá beina samningsaðild að aðalkjarasamningum, en aðildarfélög bandalaganna beggja um sérkjaraatriði. Gert var ráð fyrir að fjmrh. úrskurðaði um kjör þeirra starfsmanna sem ekki voru innan vébanda bandalaganna tveggja.

Við setningu kjarasamninga 1973 lýstu allir ráðuneytisstjórar stjórnarráðsins yfir því, að þeir væru utan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna. Byggðist sú afstaða á stöðu þeirra sem forsvarsaðila fyrir hönd ríkisvaldsins gagnvart stofnunum ríkisins og starfsmönnum. Jafnframt kom fram sú skoðun í þeirra hópi, að eðlilegast væri að Kjaradómur úrskurðaði um kjör þeirra, enda væri Kjaradómi falinn slíkur úrskurður um kjör hæstaréttardómara og ríkissaksóknara, auk þess sem Kjaradómur úrskurðar laun forseta Íslands og ráðh.

Þegar ráðuneytisstjórarnir ræddu þessi mál við mig lýsti ég mig samþykkan afstöðu þeirra, og varð að samkomulagi að lagt yrði fyrir Alþ. frv. þess efnis sem hér liggur fyrir. Afstaða mín til málsins byggist á því, að ráðuneytisstjórarnir eru flestir að meira eða minna leyti í forsvari fyrir ríkið við gerð kjarasamninga, bæði við hina eiginlegu ríkisstarfsmenn og þá starfsmenn sem eru í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands. Það er því heppilegast að ákvarðanir um kjör þeirra sjálfra séu í höndum óháðs aðila og að hvorki þurfi þeir að reka kjaramál sín sjálfir né ráðh. að úrskurða um kjör sinna nánustu samstarfsmanna.

Eg vil að lokum leggja áherslu á það, að um þetta frv., eins og önnur sem flutt eru við þessa löggjöf, er samkomulag milli ríkisstj. og þeirra sem við þau eiga að búa, og ég vænti þess, að einnig sé hægt að ná samkomulagi um málið hér eins og þau hin fyrri, það nái fram að ganga. Málið hefur verið kynnt öllum þingflokkunum, og ég vænti þess að það geti fengið skjóta afgreiðslu til þess að ljúka megi þeim launaákvörðunum sem þarf að taka fyrir.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 116). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 116 að flytja frv. til l. um breyt. á leiklistarlögum þeim, sem sett voru á s. l. vori, svo hljóðandi, að liður IV í 2. gr. laganna orðist svo:

„Til leiklistarstarfsemi áhugafélaga", þar sem áður stóð „Til almennrar leiklistarstarfsemi", og síðan komi nýr liður, verði VI. liður, sem orðist svo: „Til annarrar leiklistarstarfsemi."

Ég vil fyrst taka það fram, að þegar þessi lög voru sett taldi ég þau um margt mjög merka lagasetningu og henni var vel fagnað og þessi lagasetning snerti áhugafélögin í landinu fyrst og fremst.

Upphafleg till., sem leiddi til þessa frv., var flutt af mér og hv. þm. Karvel Pálmasyni árið 1972 og var þá samþ., um endurskoðun á lögum um fjárhagslega aðstoð við leiklistarstarfsemi. Sú endurskoðun var nauðsynleg vegna þess, að í þeim lögum voru mörg atriði úrelt með öllu og hins, sem verra var, að þar var um löngu úreltar hámarksupphæðir að ræða. Í þetta var sett ákveðin nefnd, sem vann sitt verk, og með frv. í fyrra fylgdi einmitt mjög góð grg. frá þessari nefnd um hennar verk og frv. sjálft eins og það kom frá nefndinni. Þar var um að ræða mjög ítarlega lagasetningu með traustri uppbyggingu, þar sem samtenging atvinnu- og áhugamennsku kom mjög skýrt í ljós, en einnig var fjallað um sérgreind svið hvors um sig.

Stuðningur hins opinbera á að vísu ekki hvað síst að vera í gegnum hið ríkisrekna leikhús, Þjóðleikhúsið, hvað snertir áhugafélögin. Og ákvæði frv. um Þjóðleikhús tengdust þessu mætavel. Þar er þegar að finna, að því er ég tel, lögbundinn stuðning í mörgum greinum ekki síst um gistileikara og leikstjóra, og sá stuðningur Þjóðleikhússins gæti svo komið í stað ríkisstyrks að hluta. Jafnvel að öllu leyti, eins og ríkisstyrkurinn hefur verið til þessara félaga á síðustu árum.

Ég bar fram fsp. á dögunum til hæstv. menntmrh. um það, hvaða þróun hefði orðið í þessum málum hjá Þjóðleikhúsinu. Það kom í ljós í svörum hans, að þróunin var jákvæð, en mjög hægfara, og sannleikurinn var sá, sem kom mjög ljóst fram af hans svörum, að fjárhagslegur ávinningur áhugafélaganna var í raun og veru enginn, því að leikfélögin greiddu full leikstjórnarlaun alls staðar nema í einu tilfelli, þó að leikararnir væru á fullu kaupi frá sinni stofnun. Nú skal það tekið fram að vitanlega er þarna um að ræða sök leikfélaganna sjálfra, en það sýnir að leikarar líta á þetta sem upplagða aukagetu og ég lái þeim það ekki. Yfirvinna og aukageta er keppikefli dagsins í dag og það er ekki meira þó að leikarar noti sér þau tækifæri, sem þeir hafa til þess, fremur en aðrir þjóðfélagshópar.

Ég vil benda á það sérstaklega, vegna þess að ég var mikill stuðningsmaður þessara leiklistarlaga í fyrra, hve leikfélögin víða um land eru afgerandi aðili í allri leiklistarsköpun og jafnvel leikritasköpun þar. Ég bendi á að Þjóðleikhúsið mun vera með um 11 frumsýningar á ári hverju, Leikfélag Reykjavíkur líklega með einar 7, Leikfélag Akureyrar mun vera með einar 6 eða líklega jafnmargar og Leikfélag Reykjavíkur, en áhugaleikfélögin með samtals 50 frumsýningar, 50 verkefni. Og ég man í svipinn eftir einum þremur frumsömdum verkum, sem hafa komið fram hjá áhugafélögunum, Gullskipi Hilmis Jóhannessonar, Sabínu Hafliða Magnússonar á Bíldudal og nú síðast Greninu eftir Kjartan Heiðberg í Neskaupstað. Ég verð að segja það, að þessi verk eru síst ómerkari en sum leikverkin sem við fáum frá útlöndum, hvað þá margt af þeim leikritum, sem kölluð eru svo, sem sjónvarpið er að sýna okkur. Eg sem sagt legg áherslu á það, þrátt fyrir þessa breytingu, sem ég er hér að leggja til að gerð verði, að leiklistarstarfsemi áhugafólks er mjög afgerandi og merkilegur þáttur í hinum dreifðu byggðum landsins.

Þessi starfsemi beinist að mörgu fleiru en uppfærslu leikverka og, eins og ég tók fram áðan, stundum samningu leikverka, svo sem dæmi eru um, er um að ræða námskeið í listrænni tjáningu margs konar, námskeið fyrir leiðbeinendur, sem auðveldar svo aftur félögum að ráðast í verkefni og létta þeim róðurinn fjárhagslega, námskeið ýmiss konar í tækni sem nýta þarf í þágu sýninganna og alltaf fer vaxandi. Starfið er því margþætt og áhuginn mikill, og framkvæmdastjóri Bandalags ísl. leikfélaga, Helga Hjörvar, gegnir þarna erfiðu, en stórmerkilegu hlutverki að mínu viti með miklum sóma og hefur átt sinn þátt t. d. í vandaðra verkefnavali þessara leikfélaga yfirleitt og vandaðri sýningum, sem af því hefur þá leitt, betri leikverkum í meðferð betur þjálfaðs áhugafólks.

Ég hef þennan inngang vegna þess að frv. nú kemur e. t. v. á óvart einhverjum þeim sem heyrðu mig fagna nýjum leiklistarlögum í fyrra — að svo fljótt skuli ég koma fram með breytingu sem þessa sem hér er um að ræða. Ég taldi það vitanlega mína sjálfsögðu og ljúfu skyldu sem forsvarsmanns áhugafélaga um árabil að tryggja leiklistarlögunum framgang. Breytingar þær, sem ég hefði reynt að flytja, hefðu hæglega getað hindrað framgang heildarlaganna. Ég vissi vel um niðurfellinguna frá fyrstu frumvarpsgerðinni, þ. e. a. s. frá frv. nefndarinnar. Ég vissi vel um gagnrýni ýmissa þeirra, sem við atvinnuleikhús fást, og minnti á það í upphafi umr. um þessi lög í fyrra. Ég taldi ákvæðið þó ekki eins afgerandi neitandi fyrir þá sem harðast gagnrýndu, því ég taldi og tel raunar enn, að möguleikar séu innan ramma núgildandi laga um fjárstuðning við atvinnuleikhús eða leikhópa, sbr. bæði IV. liðinn um almenna leiklistarstarfsemi og jafnvel það atriði sem snertir önnur verkefni leiklistarráðs.

Það hefur hins vegar komið mjög glöggt í ljós, að framkvæmdin er þröng, það er ekki af andstöðu alfarið við þetta, heldur af því einu, að ég tel, hve fjármagn er hér af skornum skammti. Og þegar það kemur svo í ljós að lagaleg viðspyrna er engin til að ná fram þessum fjárveitingum, þá hlýtur að vera nauðsynlegt að reyna að tryggja hana, þó að ég viðurkenni að í raun séu það fjárveitingarnar í heild sem öllu skipta. Það gildir auðvitað jafnt hvort sem þetta frv. verður að lögum eða ekki, verða það þær fjárveitingar, sem ákveðnar verða hverju sinni, sem sköpum skipta fyrir þá sem að þessu vinna núna utan laganna, að því er þeir telja, og eftir því sem túlkunin á þessum lögum er í rn.

Ég veit hins vegar að margir hafa skilning á þeirri þróun sem orðið hefur síðan þáltill. okkar Karvels var samþykkt, og sú þróun hefur alltaf verið heldur í áttina. Ég benti á það þegar ég flutti þá till., að áhugafélögin væru í svelti og að upphæðirnar í þáverandi lögum væru orðnar úreltar. Því miður hefur hins vegar ekki orðið sú bót á undanförnum árum sem maður hefði getað vænst. Sannleikurinn er sá, að tilraunir hafa verið gerðar, sumar hafa heppnast, aðrar ekki, sumar tilraunir til atvinnuleikhúsa hafa farið út um þúfur, m. a. af fjárskorti, sumpart af öðrum ástæðum, sumpart vegna þess að lífsneistann vantaði í þessar tilraunir. Ég man t. d. eftir Grímu, Leiksmiðjunni, sem út af fyrir sig voru merkilegar tilraunir og ágætar meðan þær stóðu við, en lífsneistann vantaði eða þá fjármagnsgetuna, hvort sem nú var, þannig að þessir aðilar gáfust upp.

Það er rétt í sambandi við þetta að geta þess, að við síðustu fjárlagaafgreiðslu fékk að vísu einn atvinnuleikhópur, atvinnuleikhús, smáviðurkenningu — aðeins smáviðurkenningu. Þar á ég við Ferðaleikhús Kristínar Magnús, sem starfað hefur óslitið í 12 ár og m. a. annast kvöldvökur fyrir erlenda ferðamenn og aðra gesti á Hótel Loftleiðum undanfarin ár undir nafninu „Light nights“. Hér var ekki um upphæð að ræða sem risið gæti undir nafni sem viðurkenning í raun, en þó sýndi þetta að auðvitað getur og á fjvn. að meta aðstæður og styrkveitingar til atvinnuleikhópa og veita þeim viðurkenningu er að mati n. eiga þar að njóta. Lögfesting þessa ákvæðis er einmitt ágæt, vegna þess að þá á fjvn. eða rn. beina tilvísun í lögum til stuðnings sínum fjárveitingum til atvinnuleikhópa eða atvinnuleikhúsa.

1975, hygg ég að það hafi verið, breytist Leikfélag Akureyrar í atvinnuleikhús. Það fékk að vísu viðurkenningu í fjárlögum á undan lagasetningu. Það leikfélag var þá í Bandalagi ísl. leikfélaga, en fékk alltaf sérstaka sundurgreinda fjárveitingu. Nú er um að ræða að það er lögbundið, að þetta atvinnuleikhús, Leikfélag Akureyrar, eigi að hljóta ríkisstyrk. En það verður að telja óeðlilegt að miða við tvö atvinnuleikhús aðeins, eins og gert er í leiklistarlögunum nú. Þess vegna einmitt lagði hin stjórnskipaða nefnd til aðra atvinnuleikhúsaðila, en í þessari nefnd voru ekki bara fulltrúar áhugafélaga, heldur einnig fulltrúar leikstjóra og rn. sjálfs. Þess vegna einmitt er þetta frv.-ákvæði nú flutt um að til viðbótar við þá liði, sem fyrir eru, komi liðurinn: „Til annarrar leiklistarstarfsemi.“

Ég vil að skýrt komi fram, að ekki er ég meðmæltur því, að allir sem vilji geti notið þessa ákvæðis. Tilraunir tilraunanna vegna geta verið ágætar að vissu marki, en hvergi nægilegur grunnur að styrkveitingu hins vegar. Í grg. nefni ég Alþýðuleikhúsið. Frv. er ekki aðeins komið þess vegna, en það felur hins vegar í sér réttlætingu slíks ákvæðis einnnig. Hér er um að ræða leikhús sem hefur gert mikið fyrir landsbyggðina. Ég held að Þjóðleikhúsið sjálft standist þar illa samanburð, og greinilegt er að hér er um skapandi listrænt starf að ræða sem styrkja ber svo sem unnt er, en engin viðurkenning hefur fengist á. Hér er um leikhús nýrrar leikritunar að ræða, þó einhverjir kunni að styggjast við boðskapinn, og móttökur fólks hvarvetna sýna, að metið er að verðleikum framlag Alþýðuleikhússins til listrænnar tjáningar og til eflingar leikstarfsemi landsbyggðarinnar, enda leikkraftar þar óumdeilanlegir. Sannleikurinn er sá, að heimsóknir slíkra leikhópa út á landsbyggðina eru örvun og hvatning fyrir þá sem heima eiga þar að reyna að gera sitt til þess að skapa slíkar sýningar. Þetta leikhús er sem sagt alveg án opinbers stuðnings. En ég skal ekki endurtaka fyrri ræður mínar hér á þingi um þetta framtak og þýðingu þess.

Ég get nefnt Leikbrúðuland, sem að vísu er innan samtaka áhugafólks til þess að hljóta þó þar einhvern styrk, en er þó með starfsemi á öðrum grunni, — starfsemi sem á vaxandi hylli að fagna, og er listform sem leggja ber aukna rækt við. Þar er auðvitað um alveg það sama að ræða, þar er hvergi fullnægjandi styrkur vegna þess, hve starfsemin felur í sér mikla og háa kostnaðarliði, um sumt alveg umfram hið hefðbundna leikform. Þessi starfsemi hefur einnig þjónað landsbyggðinni vel og rækilega við góðar undirtektir.

Ég hef sem sagt sannfærst æ betur um rök leikhúsfólks fyrir nauðsyn lagaákvæðis af þessu tagi. Ég tek hins vegar fram: sem viðspyrnu, sem ómissandi atriði í leiklistarlögum, sem sjálfsagðan lið í eðlilegri þróun leiklistar í landinu. Hins vegar legg ég áherslu á að hér er um máttvana ákvæði að ræða ef fjárveitingar fylgja ekki í kjölfarið, viðunandi fjárveitingar. Ég bendi á að áhugaleikfélögunum er í leiklistarlögum nú tryggð þessi viðspyrna, en hún dugar þó hvergi nærri til viðunandi lausnar á fjárhagsvanda þeirra. Bæði atvinnuleikhúsin, sem lögin taka skýrt til, þau kvarta og Leikfélag Akureyrar virðist blátt áfram í andarslitrunum, ef ekkert verður að gert. Þetta er auðvitað eðlilegt, ef litið er á staðreyndir fjárlaga og fjárlagafrv. Fjárl. 1977 eða fjárl. þessa árs færa Leikfélagi Reykjavíkur 9 millj. Hins vegar mun stuðningur Reykjavíkurborgar vera ellefufaldur á við stuðning ríkisins og það bjargar því, en þó segja þeir að staðan sé ekki of góð. Ríkið leggur Leikfélagi Akureyrar til 5 millj. á móti því að Akureyrarbær mun leggja því til á þessu ári, að ég hygg, 8.5 millj. kr. Þar er staðan nú slík að þar mun verða að segja upp þeim leikurum, sem ráðnir hafa verið, og Leikfélag Akureyrar sem atvinnuleikhús er í mikilli hættu. Öll félög áhugamanna með sín rúmlega 50 verkefni fá 6.5 millj. eða um 130 þús. kr. á verkefni. Síðan, eins og ég tók fram áðan, hefur Ferðaleikhúsið fengið þessa litlu viðurkenningu, sem varla er hægt að nefna hér á nafn, en þá er líka allt upp talið sem fer í þessa starfsemi.

Varðandi áhugafélögin skal það tekið fram sérstaklega, að sveitarfélögin leggja þeim til misháar fjárhæðir, sum leggja fram meira en ríkið, önnur svipað og enn önnur allt að helmingi eða rétt um helming þess, sem ríkið leggur fram. En svo eru aftur dæmi þess, að sveitarfélög leggi fram mun meira eins og varðandi Leikfélag Reykjavíkur, atvinnuleikhúsið hér, þar sem Reykjavík mun leggja fram eitthvað ellefu- eða tólffalt á við ríkið.

Þegar ég var í fyrirsvari fyrir leikfélagi á sínum tíma voru leikstjóralaunin sú viðmiðun sem styrkurinn var veittur eftir, og þá nægði styrkurinn til að greiða þessi leikstjóralaun. Nú held ég að þessi styrkur nægi vart til að greiða ⅓ og í rauninni enn minna, ef allur kostnaður er talinn. Og til viðbótar því þurfa áhugaleikfélög sem aðrir einnig að fylgjast með, þurfa að vanda allt betur. Þar eru gerðar auknar kröfur, sem betur fer, en það táknar aukinn kostnað án þess að gefa meira í aðra hönd.

Söluskatturinn leikur þessa aðila mjög grátt og þeir greiða margir miklu hærri upphæð til ríkisins en styrk ríkisins nemur. Leiklistarþing, sem háð var um helgina 20. nóv., benti á margt sem aflaga fer í þessum málum. En athyglisverðust þótti mér sú staðreynd, sem þar var fram dregin og mun vera rétt, að framlag okkar til almennra menningarmála nemi aðeins um 1.6% af þjóðarútgjöldum okkar. Ég læt menn dæma um það, hvort prósentan sé of lág, of há eða kannske rétt. Mín skoðun er hiklaust sú, að hún sé of lág, allt of lág, ekki síst hvað þetta snertir, þar sem um er að ræða einn merkasta þáttinn í okkar menningarstarfi með þátttöku fjölmargra. Í þessu fjárlagafrv. er upphæðin samtals 26 millj. í staðinn fyrir um 22 millj. á síðasta ári. Hér er innan við 20% aukning og heldur auðvitað hvergi í við hækkun fjárlaganna. Þó er viðurkennt að launaliðurinn er hér mjög stór, og einmitt nú er hækkun fjárlaga ekki hvað síst rökstudd og réttlætt með því að hækkun þessa liðar sé gífurleg.

Leiklistarþingið vakti athygli á þessu og alveg sérstaklega óskaði það eftir breytingu á leiklistarlögunum í þá átt, sem hér er lagt til. Ég er ekki endilega að segja að þetta form, sem ég hef lagt til hér, sé hið eina rétta. Það kann vel að vera að það þurfi að taka fram enn skýrar, en þó hygg ég að þetta standist fyllilega ef fjárveitingar koma svo í kjölfarið, því að með þessu ákvæði, þótt að lögum verði, er engan veginn allt fengið. Það eru fjárveitingarnar sem þar skipta öllu.

Ég ætla ekki hér og nú að fara að tíunda alla þá gagnrýni sem leiklistarlögin hafa hlotið vegna vöntunar þessa ákvæðis. Ég get ekki tekið undir allt sem þar hefur verið sagt. En ég fellst á meginrökin: eðlilega þróun skapandi listar sem veittur er eðlilegur stuðningur hins opinbera, og sem meira er: stjórnskipaðri nefnd, sem um þetta fjallaði, þótti eðlilegt að hafa þetta bundið

í lögum og hér er því komið á framfæri í frv.-formi.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil segja út frá því frv., sem hér liggur fyrir, í fyrsta lagi, eins og fram kom í ræðu hv. 7. landsk. þm., að ekki liggur alveg ljóst fyrir, hvað við er átt með þessari brtt. Hann gerði ekki slíka grein fyrir því í sinni framsöguræðu að ég geti til fulls áttað mig á því, hvað hann á þar við. En efni ræðu hans var að öðru leyti þannig, að mér þykir sem þar megi teygja og toga ýmislegt eftir orðanna hljóðan í hans útlistunum. En það var nú ekki þess vegna sem ég stóð upp, heldur vegna hins, að það er rétt, sem hann segir, að leiklistarstarfsemi víðs vegar um land hefur mjög blómstrað nú hin síðustu ár og krefst að sjálfsögðu mikillar fórnar af þeim sem taka þátt í því starfi. Á hinn bóginn hefur hið opinbera verið vanbúið að leggja fram verulegt fjármagn til stuðnings þessari starfsemi, þótt það sé mismunandi í einstökum byggðarlögum hversu mjög sveitarfélögin taka undir það. En ég vil aðeins — og til þess stóð ég hér upp nú — vara við því, að við dreifum kröftunum of víða.

Eins og hv. þm. minntist á, hefur nú verið stofnað nýtt atvinnuleikhús á Akureyri, sem hefur reynst mikil lyftistöng fyrir menningarlíf bæjarins og er orðið svo snar þáttur í bæjarlífinu, að við getum ekki til þess hugsað og það má ekki fyrir koma að gefist verði upp við þessa tilraun. Ég verð að segja það eins og er, að ég er ekki trúaður á, að mjög aukið fjármagn fáist veitt til þessarar leikstarfsemi af opinberri hálfu á næstu missirum, og tel af þeim sökum að of ítarlegar lagagr., sem ekki er fylgt eftir með framlögum, geti vakið alls konar gyllivonir, falsvonir, um væntanlegan stuðning af opinberu fé sem ekki er fyrir hendi, því að eins og hv. þm. sagði réttilega er það fjármagnið sem hér skiptir máli, en ekki lagagr. sem ekki hafa neitt innihald. Það var einnig eftirtektarvert í hans málflutningi, að hann minntist ekki á fjárhæðir í þessu skyni og gerði heldur ekki grein fyrir þeirri þörf sem þarna er um að ræða.

Ég vil aðeins ítreka það, að ég er mikill áhugamaður um að leiklistarstarfsemi dafni víða um land. En ég álít, að það hafi ekki einungis jákvæðar hliðar að vekja margvíslegar gyllivonir, og vil áskilja mér rétt til þess að íhuga nánar, hvað felist í þessum nýja lið, eftir að gefist hefur tími til að athuga það í n. og nánari skýringar liggja fyrir um hvað þarna er átt við. En ég vil aðeins ítreka að fé til þessarar starfsemi, eins og margvíslegra annarra opinberra þarfa, er ekki eins mikið og við hefðum óskað, og gildir það raunar um flesta þætti fjárlagafrv.

Á hinn bóginn get ég ekki neitað því, að hinar almennu kröfur, sem koma frá ýmsum listamönnum um opinberan fjárstuðning, eru orðnar nokkuð ógnvekjandi upp á síðkastið. Það má raunar segja að varla standi svo upp talsmaður neins hóps listamanna, að ekki séu gerðar þar mjög freklegar kröfur. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að það sé aðalsmerki listarinnar, að safna opinberum framlögum og opinberum styrkjum. Ég álít, að við eigum að fara varlega í þeim efnum, en viðurkenni á hinn bóginn að starfsemi eins og þessi, leiklistarstarfsemi og einnig tónlistarstarfsemi, hefur nokkra sérstöðu og getur illa staðið án þess að hið opinbera hlaupi þar undir bagga.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessum ummælum hv. 10. landsk. þm.

Það er alveg rétt, að ég er ekki fyllilega sáttur við þann skilning og þá túlkun á leiklistarlögunum sem uppi hefur verið í rn. En leiklistarfólk heldur því mjög ákveðið fram, að sú túlkun sé það þröng að önnur atvinnuleikhús, hvort sem þau eru starfrækt nú eða verða starfrækt, þ. e. önnur en Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar, eigi þarna engan fjárstuðning vísan, hafi sem sagt enga lagalega viðspyrnu til þess að fá nokkurn fjárhagslegan styrk vegna þess að liður IV, til almennrar leiklistarstarfsemi, eigi eingöngu samkv. grg. — og samkv. 3. gr. einnig — við áhugafélögin. Breytingin er sem sagt mjög einföld í þá átt að tryggja það með lagaákvæði a. m. k., að önnur atvinnuleikhús hafi lagalega möguleika á því að hljóta styrk, eftir því sem veitt er á fjárl. hverju sinni, eins og segir reyndar um alla þessa liði: Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, áhugafélögin og til leiklistarráðsins.

Sem sagt, frv. er ósköp einfalt þannig, og til þess að ekki sé hægt að teygja þetta og toga, þá er það flutt til að veita öðrum atvinnuleikhúsum en þeim, sem þarna eru beint upp talin, lagalega viðspyrnu til þess að eiga möguleika á fjárveitingum, og það telja þau sig þurfa og eiga rétt á. Ég skal játa að ég hefði miklu frekar, vegna þess að það vekur óneitanlega gyllivonir þegar komið er af stað með leiklistarlög, — ég hefði mjög gjarnan viljað sjá þarna fjárhæðir. Í fyrstu gerð þessa frv. að leiklistarlögum var um vissar fjárhæðir að ræða sem áttu svo að hækka eftir því sem vísitalan hækkaði, að mig minnir. Þetta var hins vegar fellt brott, og ég veit að tilgangslaust er með öllu að ætla sér að fara af stað með að setja upp þessar ákveðnu fjárhæðir. Rn. hefur lagt þarna ákveðið á móti og þn., sem um þetta hefur fjallað, einnig, að þarna væru tilgreindar fjárhæðir, heldur skyldi eingöngu farið eftir því sem fjvn. ákvæði á ári hverju.

Hins vegar er það staðreynd, að fyrir utan þessar upphæðir, sem ég taldi upp áðan, til Leikfélags Reykjavíkur 9 millj., 5 millj. til Leikfélags Akureyrar, 6½ millj. til áhugafélaganna, er ekki um neinar upphæðir að ræða til þessarar leiklistarstarfsemi, nema auðvitað, og því hefði ég auðvitað ekki átt að sleppa, til Þjóðleikhússins sjálfs, sem er risi að þessu leyti með sínar 360 millj. á fjárl. þessa árs í bein framlög, sem eflaust eiga þó eftir að hækka. Þess vegna lagði ég áherslu á að Þjóð-

leikhúsið ætti að stuðla betur að leikstarfsemi áhugafélaganna en það hefur gert.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að þessi nýju leiklistarlög vöktu án efa vonir margra um að nú væri fram undan betri tíð. Ég hins vegar gerði mér grein fyrir því, að um það væri ekki að ræða, hér væri aðeins um nauðsynlega viðspyrnu að ræða. Og ég held að á grunni þessara leiklistarlaga eigum við að geta sótt öllu fastar á en gert hefur verið um fjárstuðning við þessa starfsemi, því að ef við förum að skoða þessar tölur, þá eru þær auðvitað, hvernig sem á þær er litið, hlægilega lágar miðað við þá miklu starfsemi sem þarna fer fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 21. fundur.

Miðvikudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 97). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að gildistöku nýs fasteignamats verði í ár frestað frá 1. des. til 31. des. Slík breyting er nauðsynleg, vegna þess að sýnt er að ekki tekst að ljúka undirbúningi að framreikningi matsverðsins og frummati nýrra eigna fyrir 1. des. Ein meginástæða þessarar tafar er að nokkrum sveitarfélögum hefur reynst erfitt að skila nauðsynlegum gögnum og upplýsingum til Fasteignamats ríkisins á tilsettum tíma. Einungis er lagt til að fresturinn gildi fyrir þetta eina ár, þar sem þess er vænst að byrjunarörðugleikar, sem tengdir eru árlegu fasteignamati, verði yfirstignir á næsta ári.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska eftir því, að þessi hv. þd. geti tekið þetta mál til endanlegrar afgreiðslu í dag, þar sem við erum á síðasta degi nóvembermánaðar, og vonast til að svo geti orðið.

Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21. shlj. atkv

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 106). — 1. umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Þetta frv. stefnir að því að færa rjúpnaveiðitímann einn mánuð aftur, hann hefjist ekki eins og nú 15. okt. heldur 15. nóv., og standi þá til 22. jan. í staðinn fyrir 22. des. eins og núna.

Það, sem vakir fyrir mér með þessu, er að koma á svolitilli friðun að því er varðar rjúpnastofninn. Með þessari tilfærslu á veiðitímanum mundi styttast sá tími sem skotljóst yrði hvern dag á veiðitímanum.

Þetta er í annað sinn sem ég flyt frv. Ég flutti það líka í fyrra og hv. menntmn. d. fjallaði um það og skilaði áliti, þar sem hún lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstj., en það er að mínum dómi aðferð sem kalla má að rota mál. Þessi till. n. kom hins vegar ekki til atkvgr. Málið fékk ekki endanlega afgreiðslu hér í deildinni.

Í nál. hv. menntmn. er þess getið, að Búnaðarfélag Íslands hafi mælt með samþykkt frv., en Finnur Guðmundsson hins vegar lagst gegn því, og með nál. er birt álit Finns Guðmundssonar og því lýkur á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ég hafði satt að segja gert mér vonir um, að hæstv. Alþ. þyrfti ekki framar að verja miklu af dýrmætum tíma sínum í deilur um rjúpuna, en svo er Jónasi heitnum Hallgrímssyni (og nafna hans Árnasyni) fyrir að þakka, að þær vonir virðast ekki ætla að rætast.“

Já. fuglafræðingurinn vonaðist til þess, að Alþ. þyrfti ekki að verja „dýrmætum tíma“ sínum í að ræða um rjúpu. Mín skoðun er sú, að tími Alþ. sé ekki svo dýrmætur að það sé goðgá að þm. tali um fugla. Við Íslendingar, sem erum af þeirri tegundinni sem nefnist maður, erum ekki einu Íslendingarnir. Íslendingarnir eru fleiri. Það eru fleiri en við sem hafa tekið ástfóstri við þetta land, líður vel í þessu landi að því er virðist, kunna vel við sig hér, þykir gott að eiga heima í þessu góða landi. Og ég tel að okkur Íslendingunum, sem flokkast undir tegundina maður, beri skylda til þess að taka tillit til hinna íbúanna. Ef við sannfærumst um það, að svo hart sé gengið gegn einhverjum þeirra hinna, að tilvera þeirra sé í hættu, þá ber okkur skylda til að vekja máls á þessu hér á hinu háa Alþ. og benda á leiðir til úrbóta.

Ég er ekki í neinum vafa um að rjúpnastofninn er í mikilli hættu. Þetta byggi ég á samtölum við bændur og aðra sem eru í nánum tengslum við náttúruna og fylgjast vel með ástandi rjúpnastofnsins. Raunar byggi ég þetta álit mitt líka að nokkru á eigin reynslu. Ég man þá tíð, að þegar maður gekk úti í náttúrunni á sumrin, þá var það ekki fátítt að maður yrði þeirrar gleði aðnjótandi að sjá rjúpnahreiður eða, seinna á sumri, heilu rjúpnahópana, rjúpnamæður með 8 eða 10 eða kannske 12 unga, og varð af þessu talsvert mikil gleði fyrir mann. Þetta er góður félagsskapur, rjúpan, og mikil náttúruprýði. Nú hins vegar seinni árin eða áratugina er þetta orðið næsta sjaldgæft. Ég fer æðimikið upp um holt og hæðir í Borgarfirði, og það er orðið mjög fátítt að maður fái að njóta þess góða félagsskapar. Að heyra karra ropa, það er orðið sjaldgæf músik í Borgarfirði, jafnvel sjaldgæfari en sinfóníutónleikar í Logalandi.

Með öðrum orðum: Það er sannfæring mín að nauðsynlegt sé að gera hér einhverjar ráðstafanir og helst að alfriða rjúpuna. En eins og segir í grg. með frv., þá sýnist mér það vonlaust, og ástæðan er sú, að Finnur Guðmundsson er mjög andvígur slíku. Ég legg ekki í að stíga stærra skref en þetta í þetta sinn.

Að sjálfsögðu mætti tala langt mál um þær athuganir sem Finnur Guðmundsson hefur unnið

að nú um tveggja áratuga skeið, en takmark hans er, eins og kemur fram í áðurnefndu áliti, að sýna fram á það, með leyfi forseta, „að ef Íslendingar veiddu nógu mikið af rjúpu, þá mundu hinar alkunnu stofnsveiflur hverfa, þ. e. a. s. hámörk og lágmörk, sem hingað til hafa skipst á, mundu hverfa, en í stað þess mundi koma jöfn og árviss veiði, sem mundi nægja eftirspurn innanlands.“ Menn taki eftir því, að það er afskaplega mikið um viðtengingarhátt í þessum bollalengingum. Þó að þessi „experiment“ hafi staðið í eina tvo áratugi, þá hefur enn ekki fengist þessi niðurstaða, þ. e. a. s. að alltaf megi ganga út frá því sem vísu, að í landinu sé nógu mikið af rjúpu til þess að það passi í jólamatinn handa okkur. Ég veit ekki hvað mönnum kann að virðast að þessar tilraunir eða athuganir eigi að standa lengi, en mér sýnist að hugsanlegt sé að endanleg niðurstaða fáist ekki fyrr en þessi „experiment“ hafa staðið svo lengi, að þegar búið verði með hámörkin og lágmörkin, þá verði líka búið með **rjúpnastofninn.**

Eftir að ég lagði frv. fram nú öðru sinni hef ég hitt að máli menn sem láta sig þessi mál varða, og margir þeirra hafa gert þá aths. við þetta frv., að það feli ekki í sér styttingu veiðitímans. Þeir segja: „Þú áttir að leggja til að veiðitíminn yrði styttur um helming“ — m. ö. o. að hann hæfist, eins og lagt er til í frv., 15. nóv., en svo lyki honum 22. des., tekinn af seinni mánuðurinn. Ég tek alveg undir þetta og beini því til þeirrar n., sem fær málið til athugunar, — það er reiðilaust af hálfu flm. frv. að þessi till. sé tekin til greina og veiðitíminn styttur um helming.

Ég vona að menntmn. beri gæfu til þess að mæla með þessu frv. þegar það kemur nú fram í annað sinn. Hún er nú orðin einu árinu eldri, hv. nefnd, og þá væntanlega líka að sama skapi vitrari.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er rætt um frv. til l. um breyt. á l. um fuglaveiðar og fuglafriðun að því er rjúpuna varðar. Frv. þetta virðist flutt af ást á rjúpunni. Er ekki nema gott eitt um það að segja. En þegar málið er nánar skoðað, þá virðist nokkurs tviskinnungs gæta í þessu. Það er að vísu lagt til að veiðitíminn hefjist síðar á hausti en verið hefur, en hann er jafnframt framlengdur fram á nýtt ár. Það er sagt hér í grg.: „Hér er lagt til að rjúpnaskyttum verði uppálagt að hafa hemil á sér einum mánuði lengur en hingað til, rjúpnaveiðar hefjist ekki fyrr en 15. nóv., en standi svo til 22. jan. í staðinn fyrir 22. des., eins og kveðið er á í núgildandi lögum. Þannig mundi veiðitíminn færast dýpra inn í skammdegið og styttist sá tími sem skotljóst yrði dag hvern. Þetta yrði nokkur friðun. Ekki veitir af.“ — Þetta er mjög vafasamt. Ég veit að hv. flm., sem hér lauk máli sínu, veit mætavel hvenær skammdegið er dimmast á Íslandi. Ég get út af fyrir sig fallist á að stytta veiðitímann og auka friðunina, en ég held að þetta frv. horfi ekki í þá átt. Þetta er fyrst og fremst tilfærsla á veiðitíma.

Það er alveg rétt, að það er engin goðgá að Alþ. tali um fugla, síður en svo. Og eins og ég sagði áðan, þá verður að ætla að frv. sé flutt af ást á rjúpunni. En þá skýtur nokkuð skökku við að benda á þá leið að létta ekki skothríðinni á þennan fugl fyrir Þorláksmessu, eins og nú er lögákveðið heldur halda henni áfram um jólin, milli jóla og nýárs, kveðja gamla árið með skotum á rjúpnastofninn og hefja það nýja á sama hátt. (Gripið fram í.) Jú, að vísu þá gerði frsm. nokkra bragarbót í lok ræðu sinnar þegar hann var að ræða um hv. menntmn. sem fær þetta frv. til meðferðar. En eins og frv. lítur út þegar maður les það af blöðum, þá vaknar þessi hugsun. Ef það á að vera markmiðið með þessu frv. að auka friðunina, þá held ég að það þurfi ýmislegs annars að gæta. Það má segja það náttúrlega, að á haustin eru ungarnir ekki fullvaxnir, en aftur á móti eftir áramótin eru þeir orðnir matarmeiri, eftir meiru að slægjast. En ég bendi á og vil eins og hv. flm. benda hv. menntmn. á það, að það er ekki nóg að friða lengur á haustin, ef rjúpan er síðan skotin allt til jóla, um hátíðarnar og árásir á rjúpnastofninn eru hertar með hækkandi sól á nýju ári.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Mér virðist að hv. þm. Friðjón Þórðarson sé, jafnvel í máli eins og þessu, farinn að temja sér háttu hinna æðu stjórnmálamanna. Ég spyr hv. þm.: Eru þeir nokkru nær um það, hver er afstaða hans til þessa máls, eftir ræðu hans hér áðan? Hv. þm. slær úr og í. Í stuttri ræðu tekst honum að slá býsna mikið úr og í. Þess vegna kom ég nú hér upp í ræðustól aftur. Mig langaði að vita hver væri afstaða hans til friðunar rjúpunnar eða þessa máls yfirleitt. Væri t. d. von til þess, að hann flytti með mér hér frv. um það að alfriða rjúpuna?

„Ást á rjúpunni.“ Kannske má nota það orð um þetta. Manni er ekki alveg sama hvort einhverjar tegundir dýra eða fugla hverfa úr náttúrunni, sannarlega ekki alveg sama um það, og mætti e. t. v. nefna það ást. En kannske ræður hér meiru um afstöðu mína það, að mér virðist að rjúpnaveiðar og sérstaklega þegar þær eru stundaðar sem „sport“, séu að ýmsu leyti athugunarverðar. Það mætti sannarlega velta því fyrir sér, hve mikið „sport“ sé í því fólgið að skjóta rjúpur, þennan gæfa fugl, oft á tíðum eru þetta einstaklingar sem hafa skriðið úr eggjum rétt í túnfæti einhvers bóndans og alist þar upp í nábýli við mennina og eru orðnir mannelskir. Þetta er hænsnafuglategund, og hænsnfuglategundir margar eru mannelskar, eins og við vitum. Og eftir því sem ég kemst næst, þá er þannig háttað þessari veiði iðulega, að menn ganga fram á hópinn, sem á sér einskis ills von, treystir manninum, að hann fari nú ekki að gera neitt illt af sér, þrátt fyrir allt og allt, og svo er skotið á þetta, og sportið virðist vera svona álíka eins og menn færu með byssu að einhverjum hænsnakofanum og pilluðu þar niður hænurnar. Þetta er reyndar annað mál, og þó ekki annað mál, vegna þess að þessi fugl er að sjálfsögðu í þeim mun meiri hættu sem

hann er gæfari og stundum næstum að segja hændur að manninum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Miðvikudaginn 30. nóv., að loknum 21. fundi.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 97, n. 124). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til athugunar. Í ræðu hæstv. ráðh. hér fyrr í dag og í grg. með frv. koma fram ástæður fyrir flutningi þess. Álit n. er þskj. 124 og leggur n. til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 30. nóv, að loknum 22. fundi.

Skráning og mat fasteigna, frv. (þskj. 97). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 125).

Neðri deild, 24. fundur.

Föstudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Hinn 19. des. 1974 voru samþ. lög á Alþingi um breyt. á lögum um löndun á loðnu til bræðslu. Í þessum lögum voru ákvæði til bráðabirgða um skip það, sem frv. þetta fjallar um, og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar sem íslenskt skip í febrúar og mars 1975, enda hliti það reglum er sjútvrn. setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk."

Bráðabirgðaákvæði þetta var samþ. í Ed. án teljandi umr., en í Nd. urðu miklar umr. um málið og klofnaði sjútvn. d. í afstöðu sinni til málsins. Þau meginatriði, sem um var deilt, voru annars vegar, að hér væri um afmarkað tilfelli að ræða sem ekki veitti neitt fordæmi, en hins vegar það sjónarmið, að um er að ræða málefni, sem snertir fiskveiðilögsöguna og landhelgina, og væri þess vegna varhugavert að samþ. það vegna fordæmis sem það kynni að skapa. Sú skoðun varð ofan á, að í þessu væri verið að jafna saman tvennu ólíku, annars vegar millirikjasamningi um fiskveiðiréttindi til handa þegnum annarra þjóða og hins vegar í þessu umrædda tilfelli undanþágu til einkaaðila um takmarkaðan tíma fyrir eitt skip sem gert er út af íslenskum aðila og skipað er íslenskri áhöfn og snerti ekki á nokkurn hátt okkar landhelgismál.

Fiskifræðingar okkar telja að mikið magn loðnu sé í sjónum, svo að óhætt sé að veiða 1—1½ millj. lesta árlega af henni. Þetta álit þeirra er ekkert leyndarmál og er þekkt í öllum nágrannalöndum okkar og víðar hjá þjóðum sem áhuga hafa á fiskveiðum í Norður-Atlantshafi. Sóknarmöguleikar íslenskra skipa í dag og á næstu missirum eru ekki svo miklir að stofninn sé í hættu þess vegna. Sú kenning, að hægt sé að geyma þá loðnu í sjónum, sem við sjálfir veiðum ekki, sem nokkurs konar varasjóð til seinni tíma, er ákaflega vafasöm, svo ekki sé meira sagt. Takmarkaðar heimildir þessu eina skipi til handa hafa m. a. þá þýðingu að skapa aukna atvinnu meðal landverkafólks á þeim stöðum sem landað er. En þýðingarmeira er þó, að þær loðnuverksmiðjur, sem fjærst aðalaflasvæðum liggja, fá hráefni til vinnslu sem þær mundu ella ekki fá. Þetta mun að sjálfsögðu bæta hag þeirra og styrkja rekstur þeirra, gera þeim frekar kleift að taka á móti loðnu um lengri tíma ársins en áður og stuðla þar með að bættri móttöku á lengri loðnuvertíð. En fyrst og fremst verður þetta loðnuveiðisjómönnum í heild til hagsbóta vegna lagaákvæðanna um verðlagningu sjávaraflans. En í þeim lögum segir, að það eigi að taka tillit til hags vinnslufyrirtækjanna auk verðs á erlendum mörkuðum o. fl. Og bættur hagur loðnuverksmiðja þýðir hækkað afurðaverð til sjómanna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langa tölu í þessu sambandi um hækkandi gjaldeyristekjur af auknum útflutningi sem þetta skip gæti skapað fyrir okkur. Öllum hv. þm. mun vera fullljós sú staðreynd, að það eru aðeins tiltölulega fá skip í íslenska flotanum sem hægt er að leggja á þá hættu, bæði á skip og áhöfn, að fara bæði fyrir Horn og Langanes, þegar þessi tími árs er kominn, með fullfermi af loðnu, hættu-

legasta farm í fiskiskipi sem hægt er að hafa samhliða síld og þess konar afla. Það er stutt síðan eitt stærsta loðnuveiðiskip okkar í ekki tiltölulega slæmu veðri lá undir áföllum og var hætt komið með loðnufarm við Norðurland. Og ég held að sú stefna hljóti að verða uppi hjá þeim sem stjórna löndun loðnunnar, að þeir hreinlega stöðvi hin minni skip eða visi þeim á aðrar hafnir heldur en þær, sem hafa hættur í för með sér ef skipin ættu að landa þar, ef þau þyrftu að fara fyrir Horn eða Langanes í tvísýnu veðri, enda tel ég sjálfsagt að það sé haft í huga þegar skipað er á löndunarhafnirnar.

Við atkvgr. um þetta bráðabirgðaákvæði á sínum tíma hér í hv. d. eftir 2. umr. var það samþ. af 21 þm., en 8 þm. voru á móti, og þannig var þetta frv. endanlega samþ. á Alþ. 19. des. 1974. En sú heimild, sem þetta skip og útgerð þess fékk, var þó aldrei notuð og lágu ýmsar ástæður til þess.

Með þessu frv., sem við flytjum nú, ég og samnefndarmenn mínir í hv. sjútvn. Nd., fyrir utan einn þeirra, er breyting gerð frá fyrri ákvæðum á þann veg, að lagt er til að heimildin veitist til ársloka 1978 og að loðnunefnd geti, þegar þörf krefur og ef íslensk skip eru fyrir með afla, beint m/s Ísafold til hafna er liggja fjarri aðalveiðisvæðinu hverju sinni og þannig girt fyrir árekstra milli íslenskra sjómanna um löndunarröð og væntanlega tryggt verksmiðjum fjarri veiðisvæðinu nokkurt hráefni, sem ella væri ekki gert eins og ég hef þegar sagt.

Ég held að með þessu ákvæði og þessari breytingu frá því, sem áður var í þessum bráðabirgðaákvæðum, sé nokkuð komið á móti gagnrýni sumra þeirra loðnuskipstjórnarmanna sem hafa fundið að þessu einstaka, afmarkaða leyfi, þó ekki að öllu leyti. Nú síðast hafa komið frá þingi yfirmannasamtakanna mótmæli gegn því, að þetta yrði gert á Alþ., og með hliðsjón af því tel ég sjálfsagt að hv. n., sjútvn. d., sem ég legg til að málið fari til að lokinni þessari umr., sendi málið til þeirra til umsagnar ásamt Landssambandi ísl. útvegsmanna og Sjómannasambandi Íslands og samtökum mjölframleiðenda, þannig að þessir fjórir aðilar, sem eru beinir hagsmunaaðilar, fyrir utan þjóðina alla, geti komið með umsagnir sínar til okkar hér á Alþ. og n. þá að lokum geti lagt fyrir hv. d. álit sitt, m. a. byggt á því sem fram kemur frá þessum hagsmunaaðilum. Við flytjum frv. að beiðni þeirra íslenskra sjómanna, sem eru á skipi þessu, og hinna íslensku eigenda sem þar eru að baki.

Herra forseti. Ég legg til að þegar umr. er lokið verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. 8. þm. Reykv., 1. flm. þessa máls, tók fram í framsöguræðu sinni, eru flm. frv. allir nm. í sjútvn. Nd. fyrir utan einn, þ. e. a. s. þann sem hér stendur. Við höfðum rætt þetta mál nokkuð áður en við héldum beint fund í n. og höfum síðan spjallað um það á nefndarfundum fram og til baka og velt því fyrir okkur, hvort þetta væri rétt mál og sanngjarnt, og einnig hefur nú komið þarna upp hvaða aðili hefði átt að flytja málið. Sjútvn. var ekki beðin af hæstv. ráðh. að flytja málið, nema kannske óbeint, en það fékkst ekki staðfest að þetta væri gert að hans ósk. Mér hefði fundist eðlilegast að hæstv. sjútvrh. hefði komið þessu máli sjálfur á framfæri við hv. d., en ekki svona óbeint ætlast til þess að sjútvn. eða hluti hennar flytti málið.

Ástæðan til þess, að ég er ekki einn af flm. þessa máls, er ekki fyrst og fremst sú að ég sé harður á móti málinu. Ég sé að það eru margir kostir við þetta mál, en einnig gallar. Og þegar á þessa kosti og galla er litið, þá held ég að ég verði að segja, að kostirnir séu fleiri, þó að gallarnir séu mjög áberandi. En þó ég vilji ekki berjast gegn málinu og sé því að sumu leyti hlynntur sá ég samt ekki ástæðu til þess að ganga fram fyrir skjöldu og flytja það.

1. flm., hv. þm. Pétur Sigurðsson, hefur nú gert grein fyrir efnisatriðum í málinu og er ástæðulaust að rekja það sérstaklega frekar. Kostirnir við að fá slíkt skip hingað til loðnuveiða eru kannske fyrst og fremst þeir, að verksmiðjukostur landsmanna nýtist betur, þar sem þessu danska skipi á að beina til verksmiðja sem ekki fá afla frá þeim íslensku, þ. e. a. s. beina því til hafna sem liggja lengst frá veiðisvæðinu hverju sinni. Á það að vera í höndum loðnunefndar að sjá um framkvæmd þess.

Það er líka kostur við málið, að þarna gefum við íslenskum sjómönnum, sem eru um borð í þessu skipi, íslenskri áhöfn að öllu leyti, möguleika á að stunda veiðar á loðnu sem við eigum víst mjög mikið af. Þó eigum við að mínum dómi ekki allt of mikið af henni, þannig að það er ekki endalaust hægt að bæta við öðrum skipum en okkar. Ég er viss um að skip okkar geta áður en langt um líður veitt allt það loðnumagn sem við erum taldir geta eða mega taka hér á miðunum.

Gallarnir hins vegar við að koma þessu máli í gegn eru auðvitað fyrst og fremst þeir, að skipið er danskt, það siglir undir dönskum fána, veiðir í landhelgi Efnahagsbandalagsins þegar því hentar. Það getur fengið hluta af þeim síldveiðikvóta sem leyfður er í Norðursjó. Á sama tíma og íslenskir sjómenn, sem telja sig hafa misst þar mikils, verða að gjöra svo vel að sitja heima og horfa á, dugir þessu skipi sá danski fáni og danska heimahöfn til þess að geta setið að þeim afla. Hins vegar dugir þessu skipi íslensk útgerðarmáti og íslensk áhöfn til þess að geta notað sér toppana í loðnuveiðinni þegar það hentar því betur. Ég er viss um að þetta atriði verður ekki vinsælt hjá íslenskum sjómönnum sem stunda þessar veiðar.

Hins vegar er svo um hnútana búið í þessu frv., að það á ekki að veita fordæmi. Leyfið er gefið út á skip, eitt nafngreint skip, og fyrst og fremst um mjög takmarkaðan tíma, þ. e. a. s. aðeins á næsta ári, og á þessu ári getum við séð hver viðbrögðin verða. En ég vildi þó miklu frekar að þetta skip kæmi með sína íslensku góðu áhöfn og fyrirmyndaraflamenn og skipið yrði íslenskt að því ári liðnu, þannig að það þyrfti ekki að leita sérstakra leyfa til þessara veiða hér, en gæti tekið þátt í að veiða hluta af þeim stofnum sem við getum aukið sókn í á næstunni, ekki aðeins loðnu, heldur þegar við

förum að veiða mjög mikið af kolmunna, sem allt útlit er fyrir að við getum gert svo skiptir mörgum hundruðum þúsunda tonna.

Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli til þess að gera grein fyrir þeirri afstöðu minni að hafa ekki viljað ganga fram fyrir skjöldu í því að koma þessu máli áfram. En þar sem ég á sæti í sjútvn., þeirri n. sem fær málið til meðferðar, þá getum við sjálfsagt rætt þetta nánar og þau atriði, sem minnst hefur verið á, þegar málið kemur úr nefnd.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég hef í raun og veru litlu við það að bæta, sem 1. flm. þessa frv. sagði um þetta mál og sömuleiðis hv. 5. þm. Suðurl. En ástæðan fyrir því, að ég bið ekki sjútvn. að flytja þetta frv., er sú, að ég tel að það eigi að vera fyrst og fremst frumkvæði þm. og það úr öllum flokkum, en ekki ríkisstj., hvort eigi að gera undantekningu um atriði eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Mér fannst réttara að áhugamenn í þessu máli leituðu til þm. um það, en ekki til ríkisstj.

Eins og fram hefur komið í ræðum þessara tveggja þm., þá er hér um takmarkað leyfi að ræða til ákveðins tíma. Það hefur auðvitað sína kosti og sína galla. En ég held að það sé ekki verið að skapa neitt alvarlegt fordæmi þó að þetta frv. verði samþ. Hér er um nokkuð sérstætt mál að ræða. Á skipinu er alíslensk áhöfn og Íslendingur er eigandi þess að ég held að ⅓. Það skiptir töluvert miklu máli og sömuleiðis hitt, að útgerð þessa skips tekur á sig þær kvaðir að fylla í skörðin hjá verksmiðjum sem eru á hverjum tíma lengst frá veiðisvæði. Hitt er svo aftur galli við þetta mál, það sem hv. 5. þm. Suðurl. tók fram. En ég fyrir mitt leyti persónulega, — ekki fyrir hönd ríkisstj., ég hef ekki rætt málið þar, — ég er samþykkur þessu frv. og get stutt það vegna þess að það er til afmarkaðs tíma og innan mjög þröngra marka og með þeim skilyrðum sem verða til góðs fyrir þá staði sem lengst verða á hverjum tíma frá loðnumiðum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef fyllstu samúð með þeim aðilum sem þetta mál er flutt fyrir, íslenskum sjómönnum, sem eiga hlut að máli, og þeim Íslendingum, sem eiga ⅓ í þessu skipi. En eins og nú er komið landhelgismálum og fiskveiðileyfum í nágrannalöndum okkar og raunar hvert sem við lítum finnst mér ástæða til að staðnæmast andartak og íhuga hvað í slíku máli getur falist.

Mér leikur í fyrsta lagi forvitni á að vita hvað dönsk yfirvöld segja um þetta. Vita þau um málið? Hafa þau verið látin vita af því? Hvað segja þau við því, að Íslendingar skuli velja eitt skip úr flota þeirra og veita því slík hlunnindi? Þá kemur hitt, að þetta er e. t. v. ekki fordæmi af því að leyfi er veitt til takmarkaðs tíma og á takmörkuðum svæðum. En allir landhelgissamningarnir hafa verið til takmarkaðs tíma og flestir takmarkaðir við svæði. Hvað gerist ef Íslendingar í Grimsby koma sér upp flota og fá einhverja Íslendinga til að skrifa sig fyrir þeim að ⅓ og jafnvel lokka eitthvað af sjómönnum til að vera á þeim skipum? Ég veit ekki hvernig við mundum snúast við. Við mundum sennilega draga fljótlega í land. En fordæmið væri þá fyrir hendi.

Að lokum langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh., af því að hann er hér, um stærsta tilvik af þessu tagi, 200 mílna fiskveiðilandhelgi Bandaríkjanna. Sú landhelgi er mikil að umfangi og þar eru gömul og góð fiskimið. Sú þróun hefur gerst þar í landi, að bandarísk yfirvöld hafa með því að hafa innflutning á fiski næstum því tollfrjálsan svo til drepið eigin útgerð í norðausturhluta Bandaríkjanna, en útlend skip hafa veitt þar fyrir utan. Eftir að þetta svæði er aftur orðið bandarískt yfirráðasvæði til fiskveiða ganga sögur fjöllunum hærra um að ýmsar fiskveiðiþjóðir séu að koma sér upp aðstöðu svipaðri þeirri sem þetta íslenska skip hefur í Danmörku, útlendingar, Japanir, Sovétmenn o. fl., séu ýmist að kaupa upp útgerðarfélög eða stofna þau í Bandaríkjunum með það fyrir augum að fylla opið skarð og hagnýta sér réttindi þeirra sem teljast vera bandarískir útgerðaraðilar. Við höfum svo gífurlegra hagsmuna að gæta á þessum markaði að slík þróun skiptir okkur miklu máli, og menn spyrja: Hefur ekki hvarflað að neinum, ef verið er að leika þennan leik, hvort við komumst hjá því að gera það sama á einn eða annan hátt? Það væri að vísu ekkert nýtt í sögunni. Það mun hafa gerst, ég held í kringum 1930, að héðan af landinu fóru 40—50 sjómenn og settust að í Boston. Og sú var tíðin að fjöldinn allur af skipstjórum þar og margir sjómenn voru fæddir og uppaldir Íslendingar, og eitthvað örlítið er farið að brydda á næstu kynslóð. Þetta gæti ósköp vel gerst á nýjan leik.

Ég vil aðeins benda á að það mál, sem frá persónulegu sjónarmiði þeirra einstaklinga, sem í hlut eiga, er gott og á allt gott skilið frá okkur, mál, sem gæti orðið til þess að íslenskar byggðir fengju afla til vinnslu, sem þær ella fengju ekki, gæti við núverandi aðstæður orðið flókið og leitt inn á ýmsar brautir sem ekki sakar að reyna að gera sér fyrir fram grein fyrir.

Ég vil spyrja vegna margvíslegra viðræðna og tilrauna til samninga, e. t. v. samninga við Færeyinga, hvort kunnugt sé um viðhorf danskra yfirvalda til þess, að við veljum eitt skip úr flota þeirra og veitum því sérstök veiðiréttindi, og í öðru lagi, hvort sjútvrh. eða aðrir aðilar hér hafi íhugað hvernig þróunin í bandarísku fiskveiðilandhelginni kynni að koma við hagsmuni okkar.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Varðandi þessa fsp. get ég verið mjög stuttorður. Ég hef ekki eða sjútvrn. spurst fyrir um það, hvað danska ríkisstjórnin eða danskir hagsmunaaðilar segi um þetta mál, og mig varðar það í raun og veru litlu. Ég lít svo á, að ef hér væri um að ræða erlenda sjómenn og algjörlega erlent skip, þá hefði engum þm. dottið í hug að flytja þetta mál. Það er aðeins sú sérstaða, sem um er að ræða, að meiri hluti þess afla, sem á þetta skip kemur, fer til Íslendinga sjálfra. Þetta gildir aðeins eitt ár, og

ef einhver önnur slík mál koma upp, þá er það Alþingis eins að meta þau mál og taka ákvörðun um hvort eigi að veita einhver slík leyfi. Ef um hefði verið að ræða leyfi til botnfiskveiða hefði að mínum dómi ekki komið til greina að veita þessu skipi slíkt leyfi. Hins vegar verðum við að hafa í huga varðandi loðnuveiðarnar, að við höfum barist fyrir því á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að strandríkið eitt fái að ákvarða hvað mikið skuli veiða af hverri fisktegund eða hverjum fiskstofni. Og þegar vísindamenn okkar hafa sagt, að óhætt sé að veiða af loðnu eina milljón til eina og hálfa milljón lesta, þá er það töluvert annað mál hvað snertir þessa einu fisktegund, þar sem hlutdeild okkar þrátt fyrir metafla af loðnu á þessu ári er ekki nema rúmlega 800 þús. tonn, nálægt 815—820 þús. tonnum.

Varðandi hina spurningu hv. þm., um nýtingu bandarísku fiskveiðilandhelginnar, þá er alveg rétt, að það er gífurlegt hafsvæði og að mörgu leyti fengsæl mið sem hafa verið lokuð fyrir úthafsveiðum og Bandaríkjamenn hafa nú kastað eign sinni á, eins og við höfum tekið ákvörðun um með útfærslu okkar í 200 mílur. Bandaríkin hafa, jafnframt því að færa út í 200 mílur, gert samninga við flestar þær þjóðir sem að einhverju leyti hafa hagnýtt sér þessi veiðisvæði á undanförnum árum eða áratugum eða jafnvel öldum. En varðandi það, hvernig aðrar þjóðir búa sig undir að vinna fisk í Bandaríkjunum og selja hann þar bandarískum þegnum, þá ríkir þar, eins og allir þm. vita, annað sjónarmið en t. d. hér hjá okkur, því þar hefur verið og er mikið frelsi ríkjandi um að reisa fyrirtæki og vinna þar í landi þó að erlendar þjóðir eigi slík fyrirtæki.

Ég tel að við Íslendingar höfum unnið okkur verulegt forskot í sambandi við sölu á sjávarafurðum í Bandaríkjunum með byggingu tveggja verksmiðja þar sem eru eign íslenskra aðila. Þá á ég við verksmiðju Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og hins vegar verksmiðju Sambands ísl. samvinnufélaga. Þessar verksmiðjur hafa báðar unnið sér markaði og hafa þá sérstöðu að hafa gott hráefni, mjög góð og öflug viðskiptasambönd og sérstaklega hefur verksmiðja Sölumiðstöðvar hraðfrysihúsanna náð mjög góðum árangri þar á undanförnum árum. Hinu er ekki að neita, sem hv. þm. nefndi, að það er að vísu töluverð hætta að þar geti það gerst sem við þurfum vandlega að huga að, þó að við fáum ekki nema að örlitlu leyti ráðið ferðinni. En okkar vörn er sú, að halda áfram uppbyggingu þessara fyrirtækja landsmanna okkar í Bandaríkjunum fyrir bandarískan markað, jafnhliða því að við verðum auðvitað að knýja stórlega á um að opna nýja markaði í nýjum löndum til þess að geta selt framleiðsluvörur okkar. Og það er fleira en frystur fiskur sem við þurfum að selja. Við þurfum að búa okkur undir það að verða stórir útflytjendur síldar á næstu árum. Þetta er aðeins þriðja árið í röð sem síldveiðar eru leyfðar hér og það með miklum takmörkunum. Á nokkrum árum kemur til með að verða gífurleg aukning á síldveiðum. Sú aukning verður það mikil, að markaðir fyrir saltaða síld taka engan veginn á móti auknu magni. Þá verðum við fyrst og fremst að leita markaða fyrir bæði ísaða og frysta síld, og þá eru auðvitað Vestur-Evrópumarkaðirnir nærtækastir í þessum efnum. Við þurfum líka að hafa ákaflega sterka aðgát á saltfisksmörkuðum. Og allir þm. vita um þá miklu erfiðleika sem Íslendingar standa nú frammi fyrir varðandi skreiðarmarkaði og skreiðarsölu.

Það, sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, hefur verið bæði mér og öðrum mjög mikið íhugunarefni. Hér er um alvarlegt mál að ræða sem við verðum að fylgjast mjög vel með.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, þó að í raun og veru væri ekki mikið á þeim að græða efnislega.

Hann gefur þá meginskýringu á fylgi sínu við þessa undantekningu, að hér sé um loðnu að ræða og við getum ekki veitt nema liðlega 800 þús. tonn af henni, á sama tíma og óhætt sé að veiða að mati fiskifræðinganna — en ekki er að vísu alltaf farið eftir áliti þeirra — 1½ millj. tonna, tæplega helmingi meira en við veiðum, þess vegna megi veita leyfi til loðnuveiða skipi í Efnahagsbandalaginu sem er að ⅓ eign Íslendinga og með íslenskri áhöfn. Við getum e. t. v treyst því, að þetta sé svo ómerkilegt og lítið mál að það fréttist ekki. En við skulum vona að fylgi við þetta með þeim röksemdum, sem hæstv. ráðh. flytur, verði ekki skilið sem tilboð til Efnahagsbandalagsins um loðnukvóta.

Varðandi bandarísku markaðinn, þar sem svipað gæti hæglega gerst, en þó í allt öðrum tilgangi, er að sjálfsögðu hárrétt hjá hæstv. ráðh., að við eigum þar voldugar verksmiðjur og Sölumiðstöðin og Sambandið hafa staðið sig með afbrigðum vel, þó að við séum að vísu sá útlendi kapítalisti sem kemur og græðir þar á ódýru, mestmegnis svörtu vinnuafli. En látum það gott heita. Við berjumst um markaðinn með aðferðum sem þarna tíðkast. Hitt er ljóst, að það er til þarna vestra sterkur vilji til að byggja upp fiskveiðar á Atlantshafsströnd Bandaríkjanna. Ég hef lent í því á alþjóðlegum fundum að deila við þm. frá Massachusetts um togaraveiðar og annað slíkt. Það leynir sér ekki að þm. þar er mikið áhugamál að skapa þá aðstöðu að fiskveiðar stóraukist þar, og þá þarf ekki að taka fram að það aflamagn kæmi þar á land, en færi ekki með verksmiðjuskipum austur fyrir tjald, eins og verið hefur, eða til Japans. Það gæti orðið samkeppnismagn við verksmiðjur okkar og afla. Þess vegna spurði ég hvort menn hefðu íhugað þessi mál vandlega. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegra að gera einhverjar ráðstafanir til að eiga aðild að afla þarna heldur en eiga verksmiðjurnar sem vinna úr aflanum, þó að hvort tveggja færist að vísu fjær því, sem á að vera okkar tilgangur, að byggja á heimaafla og útvega fólkinu hérna megin hafsins sem besta afkomu. En dæmin eru mörg, og það er ekki langt síðan 3 eða 4 bátar, sem þá voru taldir ágæt fiskiskip, sigldu frá Ísafirði vestur til Nýfundnalands. Menn vissu raunar ekki nánar hvað þar var að gerast. En það hefði vel getað verið þróun mála sem stefndi að því að frv. líkum þessu færi fjölgandi.

Ég vil að lokum itreka það, að ég hef fyllstu vinsemd gagnvart aðilum þessa máls, enda þótt ég veki máls á því og veki athygli á því. Þó að við segjum að þetta sé ekki fordæmi, þá segja menn það venjulega þegar þeir eru að gefa fordæmi. Það er þess virði að íhuga hvaða flækjur gætu skapast í kringum mál eins og þetta, sérstaklega þegar öll fiskveiðiréttindi eru á jafnóvissu stigi og þau eru nú bæði í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Efnisskrá.

Alþjóðasamningur um ræðissamband 853, 919.
Áfengi og tóbak 913.
Djúpvegur 873
Fuglaveiðar og fuglafriðun 927.
Heilsugæslustöðvar 883.
Kjarasamningar opinberra starfsmanna 854, 867, 868, 919.
Lagning bundins slitlags á þjóðvegi 896.
Leiklistarlög 920.
Læknalög 868.
Löndum á loðnu til bræðslu 931.
Símaafnot aldraðs fólks og öryrkja 877.
Sjósamgöngur við Vestfirði 889.
Skráning og mat fasteigna 853, 854, 927, 931.
Umræður utan dagskrár 855, 869 (varnarmál).
Varamaður tekur þingsæti 853, 854.
Verðlagsmál landbúnaðarins 919.
Þjóðaratkvæðagreiðsla um framleiðslu og sölu áfengs öls 908.

Mælendaskrá.

Forseti Ed. Þorv. Garðar Kristjánsson 853.
Forseti Nd. Magnús T. Ólafsson 854.
Forsrh. Geir Hallgrímsson 857, 859, 862, 864, 873.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 866.
Fjmrh. Matthías Á. Mathiesen 854, 919, 927.
Landbrh. Halldór E. Sigurðsson 874, 876, 877, 880, 890, 895.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 868, 883, 887, 935, 936.
Benedikt Gröndal 935, 938.
Eyjólfur K. Jónsson 867.
Friðjón Þórðarson 894, 929.
Garðar Sigurðsson 933.
Halldór Ásgrímsson 853.
Halldór Blöndal 925.
Helgi F. Seljan 894, 911, 920, 926.
Ingi Tryggvason 853.
Jón Árm. Héðinsson 881, 903.
Jón G. Sólnes 903, 908.
Jónas Árnason 871, 883, 887, 891, 927, 930.
Karvel Pálmason 873, 875, 880, 882.
Kjartan Ólafsson 859.
Lúðvík Jósepsson 855, 857, 863.
Magnús Kjartansson 869, 878, 881, 886, 888.
Oddur Ólafsson 881, 909.
Ólafur G. Einarsson 896, 905, 931.
Páll Pétursson 901, 907.
Pétur Sigurðsson 931.
Sighvatur Björgvinsson 889, 892.
Sigurlaug Bjarnadóttir 874, 877, 879, 893.
Steingrímur Hermannsson 893.
Sverrir Bergmann 885.

Efri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 2. des. 1977.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þ. Þórðarson skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Steingrímur Hermannsson,
2. þm. Vestf."

Ólafur Þ. Þórðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi. Ég sé að hann er ekki viðstaddur í augnablikinu, en geri ráð fyrir, að hann komi þá og þegar, og býð hann velkominn til starfa.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár þeirra erinda að inna hæstv. forsrh. eftir því, hvaða úrræði ríkisstj. hyggist til að grípa til hjálpar íbúum Þórshafnar á Langanesi sem eiga nú við að etja mjög alvarlega örðugleika í sambandi við atvinnurekstur sinn þar nyrðra. Ég mun ekki orðlengja um þessa fsp. mína, en gera þó aðeins lauslega grein fyrir eðli þessa vandamáls á þessa lund:

Þórshafnarbúar höfðu á árunum eftir 1972 unnið að því að koma sér upp fullkomnu fiskiðjuveri, einu því besta sem á varð kosið hér á landi, vitaskuld í trausti þess að þeim yrði ekki meinað að afla sér farkosts til fiskveiðanna. Á svipuðum tíma urðu þeir fyrir því óhappi að heimamið þeirra, bátamiðin, gengu til þurrðar e. t. v. fyrst og fremst vegna ágangs erlendra togara þar fremur en á ýmsum miðum öðrum, og þarf ekki að rekja það mál fyrir hv. þm. Er frystihús þetta var að verða fullsmíðað hafði hins vegar orðið sú breyting á að ekki var tiltækt að fá skip og var þó fast eftir því leitað. Niðurstaðan varð svo sú, að heimamenn vildu kaupa gamalt skip af Suðurnesjum sem þeim sjálfum var kunnugt um að hvergi nærri var nægilega gott. Þessu fengu þeir framgengt með stuðningi góðra manna, og er mér það minnistætt að hæstv. forsrh. gekk í það mál að beiðni þm. kjördæmisins að hjálpa Þórshafnarbúum með fyrirgreiðslu til þess að ná þessu skipi.

Hér reyndist hins vegar, þegar til kom, vera um að ræða öllu hrörara fley heldur en við höfðum nokkrir ímyndað okkur, og hefur það ekki reynst þeim Þórshafnarbúum vel. Hafa bilanir verið tíðar og skipið alls ekki reynst nógu gott til þess að afla hráefnis handa frystihúsinu.

Nú er svo komið rekstri þessa fyrirtækis þeirra Þórshafnarbúa, sem raunar er í almannaeigu, að við algjörri stöðvun liggur og gjaldþroti. Skip þeirra, Fontur, hefur verið langtímum í viðgerð, og nú er svo komið að hráefnislaust er í frystihúsinu, yfir 60 manns atvinnulausir eða meira en þriðji hver maður á Þórshöfn, engir peningar fyrir hendi til þess að láta gera við Fontinn rétt einu sinni, en heimamenn bjóða til sölu beinaverksmiðju sína, síldarverksmiðju sína, ef þeir skyldu fá með þeim hætti fé til þess að kosta viðgerð á skipinu.

Ég vil sem sagt inna hæstv. forsrh. eftir því, hvað ríkisstj. hafi gert í máli þeirra Þórshafnarbúa og hvenær þess sé að vænta að ráðið verði fram úr vandkvæðum þeirra.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. hafði nefnt það við mig fyrir helgi, að hann hyggðist bera fram þessa fsp., um sama leyti og óskað var af hálfu þm. Norðurl. e. eftir fundi með ráðh. til að fjalla um það vandamál er fsp. nær til. Hann mun hafa forfallast sökum veikinda að sækja þann fund, en þar var greint frá hvað gert hefði verið af hálfu ríkisstj. til að reyna að greiða úr vandamálum þeirra Þórshafnarbúa. Efast ég raunar ekki um að hann hafi fengið eða a. m. k. að auðvelt hafi verið fyrir hann, að fá upplýsingar um hvað fór fram á þessum fundi. Þrátt fyrir það skal ég ekki láta undir höfuð leggjast að greina hér frá hvernig staða málsins er í dag.

Eins og hv. þm. drap á, hafa Þórshafnarbúar boðið fram fiskimjölsverksmiðju á staðnum til sölu til Síldarverksmiðja ríkisins, en með þeim hætti væri unnt að skapa grundvöll fyrir rekstri togarans. Hefur ríkistj. og hæstv. sjútvrh. sérstaklega beitt sér fyrir því við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins að viðræður yrðu teknar upp um það efni. Sannast best að segja hefur stjórn Síldarverksmiðja ríkisins fremur haft önnur fjárfestingaráform fyrr í huga en kaup á þessari verksmiðju, en hins vegar er það mál ekki enn til lykta leitt og er enn til meðferðar af hálfu stjórnvalda og af hálfu stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins sérstaklega.

Í þessu sambandi vil ég aðeins minnast á að það mun hafa verið fyrir nokkrum árum, samkvæmt beiðni Þórshafnarbúa, að Síldarverksmiðjur ríkisins seldu staðarmönnum þessa síldarverksmiðju sem þeir vilja nú selja aftur. Að vísu er það af þeim sökum, að fárra góðra kosta er völ og þessi er helstur þeirra er staðarmenn sjá til þess að skapa rekstrargrundvöll fyrir togara og fiskvinnslu.

Meðan þessi mál eru enn í athugun af hálfu Síldarverksmiðjanna hefur ríkisstj. óskað eftir því, að Byggðasjóður veiti bráðabirgðafyrirgreiðslu, svo unnt sé að halda áfram viðgerð togarans Fonts, því að ætla verður að það fiskiskip standi undir þeim útgjöldum sem endurbæturnar kosta. Mér finnst hv. þm. mála óþarflega dökkum litum hvert ástand skipsins er, því að mér er sagt að eftir þær viðgerðir, sem nú eru í gangi og fyrirhugaðar eru, verði um fyrsta flokks togara og fiskiskip að ræða.

Á þessu stigi er ekki meira að upplýsa í þessum málum, en að þeim er unnið, eins og ég hef hér greint frá.

Ragnar Arnalds: Herra orseti. Í tilefni af orðum hæstv. forsrh. vil ég láta koma fram þá skoðun mína, að þessi fsp. eigi fyllsta rétt á sér og sé harla tímabær til umr. hér á Alþingi. Það er að vísu rétt, sem hæstv. forsrh. segir, að um þetta mun hafa verið fjallað á sérstökum fundi þingmanna kjördæmisins og ríkisstj. í síðustu viku, en mér skilst að ekki hafi legið fyrir nægilega skýr svör í lok þess fundar. Staðreynd er, að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar fjallaði um þetta mál á föstudagsmorgni, og þá kom ljóslega fram að afstaða ríkisvaldsins í þessu máli lægi ekki nægilega skýrt fyrir. Það liggur fyrir að staðan í atvinnumálum á Þórshöfn er mjög alvarleg og margir, sem gerst þekkja til, telja að það mál þoli alls ekki neina bið. En til þess að hægt sé að sjá fyrir endann á þessum málum verður það að liggja fyrir, hvort ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir því, að síldarverksmiðjan á staðnum verði keypt eða hvort hún ætlar að láta málið kyrrt liggja.

Það er ósennilegt, að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins sjái sér fært að kaupa þessa verksmiðju, miðað við hin mörgu fjárfestingarplön sem Síldarverksmiðjur ríkisins hafa uppi um þessar mundir, án þess að Síldarverksmiðjum ríkisins verði með einhverjum hætti auðveldað, og þess vegna sýnist mér á öllu að það standi upp á hæstv. ríkisstj. að svara því, hvort hún ætlar að beita sér fyrir því að Síldarverksmiðjum ríkisins verði gert kleift að ráðast í þessi kaup sem eru greinilega lykillinn að lausn vandans. Ef þessi kaup eiga sér ekki stað, þá er bersýnilegt að atvinnulíf á staðnum hrynur bókstaflega talað í rúst og stendur þá ekki steinn yfir steini, hvorki varðandi útgerð né fiskvinnslu, og slíkt má að sjálfsögðu alls ekki ske.

Ég lít svo á að hér sé um að ræða harla óvenjulegt mál og að þetta sé ekki mál sem varði fyrst og fremst Síldarverksmiðjur ríkisins, hvort atvinnulíf á þessum stað hrynur í rúst eða ekki. Þetta er mál sem varðar Alþ., varðar hæstv. ríkisstj. vegna þess að Þórshöfn er óvenjulega viðkvæmur hlekkur í byggðakeðjunni á norðausturanverðu landinu og það hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir nálæg byggðarlög ef hrun yrði í atvinnustarfsemi á þessum stað.

Þetta vildi ég láta koma skýrt fram vegna orða hæstv. forsrh., sem gaf í skyn að ef hv. þm. Stefán Jónsson hefði verið viðstaddur þennan þingmannafund, þá hefði hann e. t. v. ekki þurft að spyrja hér. Ég lít svo á að þannig standi nú málin ekki. Ég held að við þm. allir þurfum að fá að vita hver verði afstaða hæstv. ríkisstj. í þessu máli, því að það er greinilegt að það er ríkisvaldið með ríkisstj. í broddi fylkingar sem heldur á lyklinum til lausnar þessu vandamáli.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Í tilefni af því máli, sem hér er til umr., vil ég taka það fram, að alla s. l. viku voru þm. Norðurl. e. mjög uppteknir af þessu máli. Við héldum bæði fund innbyrðis og náðum fundi með forsrh. um þetta mál. Fyrir okkar forgöngu var haldinn aukafundur í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar til þess að fjalla um þessi vandamál Þórshafnarbúa. Ég held að okkur sé öllum ljóst, að hér er um gífurlega mikið vandamál að ræða sem krefst úrlausnar og hennar skjótrar. Ég hef ástæðu til að ætla að svo verði haldið á þessum málum, að þessi vandræði verði leyst. Frá mínum bæjardyrum séð finnst mér að reyni fyrst og fremst á Byggðasjóð sem slíkan að leysa vandræði eins og hér er um að ræða. Hins vegar er þetta mál, eins og hefur verið bent á af hv. fyrirspyrjanda og hv. 5. þm. Norðurl. v., mikið vandræðamál í sambandi við þessa byggð. Ég vildi aðeins koma hingað í ræðustól til þess að skýra hv. þd. frá því, að þetta mál hefur fengið mikla athugun, það er verið að vinna að lausn málsins, og ég hef óbifandi trú á því að okkur takist að fá þann skilning hjá þeim, sem halda um stjórnvölin, að fljótlega verði þetta mál farsællega leyst fyrir hluteigandi byggðarlag.

Stefán Jónsson: *Herra forseti.* Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Ég hlýt þó að vekja athygli hans á því, að einmitt vegna þess, sem fram kom á fundi þm. kjördæmisins þar sem ég var því miður forfallaður, — einmitt vegna þess, sem þar fram kom og ég hef sannfrétt, taldi ég fullkomna ástæðu til að inna eftir því núna hvað síðan hefði verið gert í málinu. Í ljós kom, að enda þótt vilji hæstv. forsrh. sé góður og ég efast ekki um hæstv. ríkisstj. allrar hefur þessu máli ekki verið ráðið til lykta, ákvörðun hefur ekki verið tekin um hvað eigi að gera til að leysa þennan vanda Þórshafnarbúa. Það liggur í augum uppi, að það er ekki hægt að láta það á vald stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins hvort eitthvað gert verði til þess að leysa þennan vanda Þórshafnarbúa. Nú er ég alveg viss um að hæstv. forsrh. vill ekki heldur láta málið liggja á þann veg.

Svo vikið sé aðeins að verksmiðju þeirri sem Þórshafnarbúar bjóða nú sér til höfuðlausnar, þá má geta þess, að hún hefur vegna fjárskorts, vegna þess að Þórshafnarbúar hafa ekki haft til þess fjárhagslegt bolmagn, verið ónotuð á þessum liðnu árum, ekki verið notuð til loðnubræðslu, vegna þess að fjármunir, sem fyrst munu hafa numið í kringum 25 millj. kr., en fyrir áhrif verðbólgu mundu nú sennilega nema 100—150 millj. kr., — fjármunir, sem nota hefði þurft til þess að endurbæta verksmiðjuna, fengust ekki. Nú eru Þórshafnarbúar neyddir til að bjóða þessa verksmiðju sína, sem ella gæti efalítið lagt plássinu til fé og orðið til stuðnings atvinnulífinu þar heima, — bjóða hana til sölu, vitaskuld í því fulla trausti að verksmiðjan verði rekin af Síldarverksmiðjum ríkisins þar á staðnum, þó að heimamenn muni ekki setja nein skilyrði um tímamörk í því skyni. Hver dagur, sem líður, kostar Þórshafnarbúa sennilega um það bil 30% atvinnuleysi, geysilega mikið fé og mikið angur. Þjóðina alla kostar hver dagur, sem líður án þess að þetta góða frystihús með duglegu fólki sé rekið, einnig stórfé. Mundi ekki láta fjarri að það næmi um það bil hálfri annarri millj. í gjaldeyri á dag. Þess vegna tel ég ákaflega þýðingarmikið að sem fyrst verði ráðið fram úr því, með hvaða hætti Þórshafnarbúum verði hjálpað. Og það er ég efalaus um að það mál hvílir á ríkisstj. fremur en Byggðasjóði, og þá náttúrlega

langtum fremur á ríkisstj. heldur en stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

Umr. frestað.

Leiklistarlög, frv. (þskj. 116). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 113, n. 128). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur verið tekið fyrir í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. Þar voru menn einróma samþykkir því að mæla með því að frv. verði samþ., eins og kemur fram í nál. á þskj. 128.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru tveir hv. þm., Albert Guðmundsson og Jón Árm. Héðinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 5. des., að loknum 21. fundi.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 113). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 129).

Umræður utan dagskrár.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil fjalla nokkuð um þessa fsp. hér utan dagskrár að gefnu tilefni. Svo vildi til að ég mætti sem varamaður í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins þegar samþ. var stór lánveiting til kaupa á þessum togara. Þá gerði ég fsp. um hvað það mundi kosta að koma togaranum í viðunandi horf og hvernig rekstrarmöguleikar væru fyrir skipið og margt annað. Annar framkvæmdastjóri stofnunarinnar, hv. þm. Sverrir Hermannsson, hafði um það mörg orð, að eftir gagngerar breytingar og viðgerð og flokkunarviðgerð væri skipið í mjög góðu veiðihæfu ástandi og menn ættu að geta verið bjartsýnir um að rekstur ætti að geta lyft atvinnulífi staðarins í nokkurt öryggi, en eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda er það nú mjög bágborið og hefur oft verið svo áður. Ég dró sumt af þessu mjög í efa. Ég gerði einnig fsp. um hve miklir peningar hefðu farið í frystihúsið, sem þá hafði fengið mikla fjárhagslega fyrirgreiðslu og var nýendurbyggt. Mér telst til að fjárfesting á um 400 íbúa á þessu svæði þarna fyrir u. þ. b. tveimur árum hafi nálgast einn milljarð. Ég verð þá leiðréttur ef ég fer rangt með tölu hér, en mér telst svo til að það hafi nálgast einn milljarð. (Gripið fram í.) Ég bið hv. þm. að taka eftir: í kaup á togaranum og lagfæringu á fyrstihúsinu. Ég verð þá leiðréttur ef þetta er rangt. Hvað frystihúsið kostaði, það skiptir mjög miklu, og allar breytingarnar sem gerðar voru við að koma atvinnulífinu í lag aftur. Það er nauðsynlegt að fá þessa tölu fram sem fyrst.

Nú er ég ekki að lasta það, að mikið átak sé gert við að byggja upp atvinnulíf úti á landi, en ég gagnrýni það ef þetta kemur ekki að notum í atvinnulífinu og fjárfesting skilar engu til fólksins. Það gagnrýni ég ef þannig er staðið að hlutunum. Það skiptir engu máli hvort hér er um háa eða lága tölu að ræða. Það er eitthvað skakkt þá, eitthvað bogið við hlutina. Ég ræddi um það hér í fyrra, að það var ljóst í sambandi við uppbyggingu á síldarverksmiðjum að um 60—70 millj. kr. vantaði í verksmiðjuna á Þórshöfn svo hún gæti komist í gagnið, eins og sagt er, fyrir s. l. loðnuvertíð. Þá höfðu menn vonir um að þetta fjármagn yrði útvegað. Það hefur ekki verið gert. Sennilega er þessi tala orðin meira en helmingi hærri í dag. Ég tel að það eigi að útvega þetta fjármagn og koma verksmijunni í gagnið, og nú er sérstakt tækifæri hér á Alþ. að tryggja verksmiðjunni hráefni. Hvert er hið sérstaka tækifæri? Það er vegna þess að hér liggur fyrir frv. um, að eitt skip undir erlendum fána fái að veiða í íslenskri landhelgi, og ég hef heyrt það af vörum skipstjórans, að hann sé boðinn og búinn til að sigla þangað ef hráefnisskortur er. Ég vil hér slá tvær flugur í einu höggi: tryggja verksmiðjunni nægilegt fjármagn til að vera starfhæfa og öryggi í hráefnisöflun, því annars er það gagnslaust ef enginn vill sigla þangað. Þá þarf að upplýsa um löndunaraðstöðu, þá þarf að upplýsa um dýpi og þar fram eftir götunum og hve langan tíma þetta tekur og hve mikið fjármagn. Það er ekkert annað hægt en að fá þessar tölur. E. t. v. á þetta aðeins að vera verksvið viðkomandi þm., en mér skilst að þeir séu búnir að gera þetta að opinberu máli og þess vegna megum við allir taka þátt í umr.

Það er óverjandi að láta nærri þriðjung af vinnuafli á einhverjum stað á Íslandi vera án vinnu. Það er óverjandi og enginn getur unað því, hvort sem um stóran hóp manna er að ræða eða ekki. Það er svo stórt hlutfall í viðkomandi byggðarlagi, að það er eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði, rothögg á atvinnulífið. Við verðum því að leggja á það áherslu, allir

þm., að hæstv. ríkisstj. taki málið til alvarlegrar athugunar og — ef Byggðasjóður hefur til þess svigrúm — gera eitthvað skjótlega til að koma atvinnulífinu í gagn aftur.

Það eru eiginlega tveir staðir þarna á Norðurlandi eystra sem hafa oft verið útundan, og mig furðar mjög á hvað þeir hafa oft verið útundan hér á Alþ. Það eru Kópasker og Þórshöfn. Þó verður varla sagt að Þórshöfn hafi verið beint útundan ef fjárfestingartölur hafa numið mörg hundruð millj. kr., þar í talið kaupverð á skipinu sem var eðlilega mjög mikið. Það hefur eitthvað vantað á til þess að atvinnulífið starfi eðlilega og hjól atvinnulífsins snúist eðlilega. Ég varpa einnig fram þeirri hugmynd, að athugað sé gaumgæfilega hvort einhver togari fáist ekki til að leggja upp með vissu millibili. Við vitum að á sumum stöðum er unnið alla laugardaga og jafnvel fram á kvöld. Er þá ekki hægt að jafna framboðið á afla með staðgreiðslu til þess, er selur, til þess að Þórshafnarbúar fái nokkuð af fiski til vinnslu, ef frystihúsið er í nothæfu ástandi? Ég varpa fram þessari spurningu. En ég legg áherslu á það og ég vænti þess, að hæstv. forsrh. beiti nú áhrifum sínum hvað mest og sem skjótast til þess að atvinnulífið fari af stað aftur í þessu litla þorpi þarna á Norðausturlandi, því það þolir ekkert þorp á Íslandi slíkt ástand til lengdar að hafa um þriðjung af vinnufæru fólki án vinnu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að segja eins og er, að mér er afskaplega kært að taka þátt í umr. af þessu tilefni hér á hinu háa Alþ. og raunar þó að umr. hefðu snúist nokkru víðar en um þann sérstaka vanda sem Þórshafnarbúar standa í nú. Hann er þó svo alvarlegur, að augljóst er að hann hefur þegar haft veruleg áhrif á atvinnumöguleika og þar með byggð á þeim stað.

Ef við lítum nokkuð aftur í tímann, þá rifjast það upp að fyrir nokkrum árum var vaxandi byggð í Þórshöfn. Það var myndarleg byggð sem hafði blómgast, en eins og fram hefur komið olli samdráttur í aflabrögðum í Þistilfirði því, að útvegur minni báta þar lagðist niður og er nú aðeins svipur hjá sjón frá því sem áður var.

Þetta mál með togarann Font er að sjálfsögðu hið mesta óhappamál. Þegar þessi togari var keyptur til Þórshafnar voru bundnar við hann miklar vonir. Nýtt frystihús var þar í byggingu, og menn gerðu sér vonir um að með þessum kaupum væri hægt að koma í veg fyrir árvisst eða árstíðabundið atvinnuleysi sem þar hafði áður verið.

Ég lít svo á að það verði að snúast við þessum vanda á tvennan hátt. Annars vegar verður að leysa þá fjármagnsþörf, sem nú er, í bili til þess að unnt sé að halda viðgerð togarans áfram og koma honum út, og ég veit ekki betur en þegar þeirri viðgerð verður lokið sé þessi togari í ágætu lagi og ekki ástæða til að óttast að frekari óhöpp komi fyrir í sambandi við útgerð hans. Þetta er náttúrlega sá vandi sem fyrst og fremst verður við að snúast. Ég er ekki sammála því, sem hér hefur komið fram að Byggðasjóður hafi engar skyldur í þeim efnum, heldur tel þvert á móti að það sé ekki síst hlutverk hans að bæta hér úr og hlaupa undir bagga. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að finna frambúðarlausn fyrir atvinnulífið á Þórshöfn til þess að hægt sé að byggja það upp á sterkari grunni. Ég get vel tekið undir það, að úr því að svo er komið sem komið er, þá er kannske óhjákvæmilegt að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarverksmiðjuna á Þórshöfn. En miklu hefði hitt verið ánægjulegra ef staðarbúar sjálfir hefðu getað átt verksmiðjuna áfram og rekið hana til hagsbóta fyrir staðinn, og er raunar sama að segja um Raufarhöfn, að ég álít að það hefði verið æskilegra og betra fyrir byggðarþróun þar, ef sú verksmiðja hefði ávallt verið í höndum þorpsbúa sjálfra.

Ég vil taka undir það, að nauðsynlegt er að þessi síldarverksmiðja komist í rekstur. Fyrirsjáanlegt er að það gerist ekki nú á næstu missirum, en nauðsynlegt er að vinna að því, og eftir því sem ég hef kynnt mér þarf ekki að óttast að hráefnisöflun til hennar ætti að bitna svo verulega á Raufarhafnarbúum að slíkt geti orðið neitt úrslitamál. Það, sem hér er um að ræða, er fyrst og fremst að byggja upp atvinnulífið að nýju á Þórshöfn, þessum blómlega stað, og í því sambandi hlýtur einnig að koma til álita með hvaða hætti sé hægt að treysta byggðina í Þistilfirðinum almennt, eins og nú eru uppi áætlanir um í Bakkafirði.

Það væri einnig nauðsynlegt í þessu sambandi, að það yrði athugað — og ég tek fram, að ég álít að það sé ekki hlutverk hæstv. ríkisstj. — hvort takast mætti að koma á samvinnu milli Raufarhafnar og Þórshafnar um nýtingu sjávaraflans og þeir staðir ynnu saman og í samvinnu að hráefnisöflun.

Ég vil svo að síðustu taka undir það sem hér hefur verið sagt um þá nauðsyn sem er á því að þessi vandi verði leystur, að Þórshafnarbúar geti á ný séð fram á að þessi togari beri þeim björg úr sjó og á þann hátt rætist úr og svo verði frá hnútum gengið hvað fjármagnshliðina snertir, að unnt sé að koma þessum rekstri á heilbrigðan grundvöll, þannig að ekki þurfi að halda áfram með skyndiúrræði til þess að rekstrinn geti haldið áfram.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það er rétt, sem komið hefur fram í þessum umr., að á Þórshöfn er nú við mjög alvarleg vandamál að etja í atvinnulífi staðarins og þá jafnframt í byggðamálum í Þistilfirði öllum. Fyrir nokkrum árum steðjaði mikill vandi sérstaklega að landbúnaði í Þistilfirði vegna stórskemmda af kali á ræktunarlöndum manna ár eftir ár, og þá lá það alveg ljóst fyrir öllum, sem um þau mál hugsuðu, að ef þau vandamál hefðu orðið óyfirstíganleg og menn orðið að hverfa frá búum sínum og bændabýlum í Þistilfirði, þá hlaut sjávarþorpið, sem vissulega stóð ekki of sterkt, að verða fyrir þeim áföllum að óvíst væri um framhald byggðar eftir slíkt. Alveg eins er það nú, að ef varanlegir stórkostlegir örðugleikar verða í atvinnumálum Þórshafnarbúa, þá er vissulega byggðinni í sveitinni hætt. Þessi vandi er stór og hann er bráður vegna þess, eins og hér hefur verið margtekið fram, að tiltölulega mjög stór hluti Þórshafnarbúa er

atvinnulaus eins og er. Það er búið að vinna mikið í þessum málum, en þó hefur ekki enn þá fundist niðurstaða sem tryggi að togari Þórshafnarbúa komist fljótt til veiða og afli hráefnis fyrir frystihúsið á Þórshöfn, svo að atvinnulíf geti aftur færst þar í svipað horf og verið hefur að undanförnu.

Það hefur mikið verið unnið í þessum málum, eins og ég sagði, og ég treysti því fullkomlega að niðurstaða þeirrar vinnu verði sú að takast megi að koma frystihúsinu í fulla starfrækslu og þar með atvinnulífinu aftur í gang. Það er mjög slæmt ef þetta dregst nokkuð verulega enn. Og ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það eru margar hliðar á máli sem þessu. Þó að vissulega séu ýmsir formlegir örðugleikar, í sambandi við lausn þess, þá eru geysimiklir örðugleikar, bæði fjárhagslegir og mannlegir örðugleikar, í sambandi við það að svona mál dragist mjög á langinn.

Ég viðurkenni að það hefði verið mjög æskilegt, að það hefði verið hægt að reka verksmiðjuna á Þórshöfn sem síldarverksmiðju og það strax á þessum vetri, en á því mun því miður ekki vera möguleiki. Það hefur ekki fengist fjármagn enn til þess að koma verksmiðjunni í rekstrarhæft ástand. Það er þó hugur í ýmsum þeim, sem athugað hafa þessi mál, að svo megi verða, og mér er kunnugt um að endurbygging eða viðgerð verksmiðjunnar og starfræksla er meðal þeirra kosta sem taldir eru líklegir til þess að auka verðmætasköpun í loðnubræðslu hér á landi. Verksmiðjan er nú til sölu, ef svo viðunandi boð fæst, eftir því sem ég best veit, að kaupverð hennar dugi til þess að koma rekstri togarans vel í gang aftur. Það eru vafalaust misjafnar skoðanir á því, hversu mikils virði slík verksmiðja sem þessi er. En ef verð hennar væri borið saman við verð á nýrri verksmiðju, þ. e. a. s. að svo miklu leyti sem hún er í rekstrarfæru lagi eða að svo miklu leyti sem það kostar að koma henni í fullkomið lag, þá er verðmæti verksmiðjunnar mikið.

Ég vil taka undir það, að það hefði verið æskilegt að Þórshafnarbúar hefðu getað rekið þessa verksmiðju sjálfir. Það er þó í raun og veru aukaatriði. Aðalatriðið er að þessi tvö atvinnutæki staðarins, togarinn annars vegar, og það strax, og verksmiðjan hins vegar, þó seinna verði, komist í gang og megi verða til frambúðar undirstaða að atvinnulífi á Þórshöfn og við Þistilfjörð.

Ég vil endurtaka það, að ég treysti því að þessi mál verði leyst þannig að allir, sem eiga þar hagsmuna að gæta, megi vel við una. En ég vil leggja áherslu á að þarna þarf að vinna bæði fljótt og vel.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég held að þessar umr. sýni það ljóslega, að ríkisstj. verður ekki gagnrýnd fyrir að hafa ekki áhuga á að leysa vandamál þeirra Þórshafnarbúa eða fyrir að hafa ekki hugað að atvinnulífi þar á staðnum á umliðnum árum. Það er enginn vafi á því, að af opinberri hálfu hafa verið gerðar mjög margar ráðstafanir einmitt til þess að efla atvinnulíf þar fyrir norðan. En ég kvaddi mér nú hljóðs í lok þessara umr. til þess að mönnum sé ljóst, að ríkisstj. hefur sem slík ekki vald til þess nema með atbeina Alþingis að leysa þessi mál, ef samningaleiðin er ekki farin. Það er úrræði í þessu máli, eins og hér hefur komið fram, að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi þessa verksmiðju. Stjórn Síldarverksmiðjanna er sjálfstæð og ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins sem slíks og er kosin af Alþ. m. a. og hlýtur því að meta stöðuna í þessu máli út frá því sem henni þykir líklegast. Auðvitað ætlast ég til og ríkisstj. í heild, að hún taki tilit til óska og tilmæla af hálfu ríkisstj. Engu að síður er hér um að ræða sjálfstæða stjórn, og við viljum ekki að sjálfstæði stjórnar slíks fyrirtækis eða einkum ábyrgð stjórnar slíks fyrirtækis sé minnkuð með því, að hún geti borið fyrir sig að hún hafi ekki ráðið framvindu mála.

Ég vil þessu til viðbótar segja það, einmitt með tilvísun til þess sem hér hefur komið fram, að Þórshöfn er ákaflega mikilvægur hlekkur í byggðakeðjunni, að þetta hlýtur að vera verkefni sem stjórn Byggðasjóðs, stjórn Framkvæmdastofnunarinnar verður að taka til meðferðar. Það er m. a. þess vegna, sem Byggðasjóði er fengið svo mikið fjármagn til umráða, að hann sé þess megnugur að leysa að einhverju leyti vandamál sem þessi. En þar er einnig um sjálfstæða stjórn að ræða, sjálfstæða bingkörna stjórn, raunar úr hópi þm., og þeir verða að bera eins og stjórn Síldarverksmiðjanna sjálfstæða ábyrgð á gerðum sínum. Ríkisstj. hefur beint til þeirra tilmælum og óskum og vænst þess, að eftir þeim væri farið. En við skulum segja að hvorug þessara stjórna færi eftir þessum tilmælum og óskum sem fram hafa verið bornar. Þá á ríkisstj. það úrræði eftir að bera mál þetta undir þingheim í heild. — Það gæti t. d. komið til, ef við vildum að Þórshafnarverksmiðjan væri ein af síldarverksmiðjum ríkisins, að breyting þyrfti að eiga sér stað á lögum. Við getum líka hugsað okkur að ef stjórn Byggðasjóðs treystist ekki til að veita fjármagn til lausnar á þessu vandamáli, þá verði ríkisstj. að óska eftir fjárveitingu af hálfu Alþ. til að leysa þetta vandamál.

Ég bendi á þetta til þess að mönnum sé það ljóst, að ríkisstj. skipar ekki fyrir í þessu efni og á ekki að skipa fyrir í þessu efni. Ég vil líka leggja áherslu á það, að hér er um svo mikinn fjárhagsvanda að ræða til viðbótar þeirri fjárfestingu, sem þarna hefur átt sér stað, að nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir að viðbótarfjárfesting leysi vandann og traustur grundvöllur sé lagður fyrir atvinnulíf á staðnum, það verði ekki til ónýtis að veita aukið fjármagn til viðgerðar á togaranum.

Ég legg á það höfuðáherslu við lausn slíkra mála sem þessara, að lagður sé grundvöllur að því að staðarmenn geti rekið fyrirtæki sín með fjárhagslegri ábyrgð sinni, ábyrgðin sé flutt heim í hérað, og unnt sé að ætlast til þess af Þórshafnarbúum að reka atvinnulífið á staðnum á eigin ábyrgð og áhættu. Auðvitað þarf þá að skapa þeim fjárhagslegan grundvöll til þess, og ég vonast til að meðferð þessa máls, sem ríkisstj. hefur unnið að og fulltrúar hennar, leiði til þeirrar niðurstöðu.

Neðri deild, 25. fundur.

Mánudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Gjaldþrotalög, frv. (þskj. 120). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Nú um langt skeið hefur borið brýna nauðsyn til þess að löggjöf um gjaldþrotaskipti væru endurskoðuð, enda hefur gjaldþrotameðferð sætt nokkurri gagnrýni. Sú gagnrýni á að minum dómi nokkurn rétt á sér, þar eð meðferð á einstökum þrotabúum hefur oft á tíðum dregist úr hömlu, en það hefur aftur haft það í för með sér, að eignir búsins, hafi þær þá verið nokkrar, hafa að sjálfsögðu rýrnað með ári hverju. Ég vil segja það sem mína skoðun, að sennilega er ekki á neinu sviði réttarfarsins meiri þörf á endurbótum heldur en á sviði gjaldþrotameðferðar, og á það við enda þótt önnur svið hafi meira borið á góma í umræðum.

Ég hef látið kanna það, hvort unnt væri að breyta framkvæmd núgildandi laga um gjaldþrotaskipti án þess að gera jafnframt breytingar á þeim lögum. Niðurstaða þeirrar könnunar varð í stuttu máli sú, að ekki þótti unnt að gera æskilegar breytingar á framkvæmdinni nema lögunum væri áður breytt.

Frv. það til gjaldþrotalaga, sem nú hefur verið lagt fram, er allmikið að vöxtum. Þess er ekki að vænta, að þm. geti áttað sig á öllum þeim atriðum, sem fram koma í frv., á stuttum tíma. Hins vegar er það svo, eins og ég tók fram í upphafi, að það er mjög brýnt að frv. nái fram að ganga sem allra fyrst, og ég vil eindregið mælast til þess, að svo geti orðið á þessu þingi til þess að gjaldþrotameðferð hér á landi verði komið sem fyrst í viðunanlegt horf. Í því sambandi getur hvert árið sem líður skipt miklu máli.

Eins og sést á frv. sjálfu og athugasemdum við það, hefur frv. verið nokkuð lengi í smíðum, og ég tel að vel hafi verið vandað til undirbúnings þess. Það hefur líka verið stuðst við endurskoðun sem fram hefur farið og er að fara fram í þessum efnum á hinum Norðurlöndunum. En ég tel með tilliti til þess, sem ég sagði, að þess sé ekki að vænta, að þörf verði á því að gera verulegar breytingar á þessu frv. að því er varðar hina lagatæknilegu hlið þess. Hitt er auðvitað sjálfsagt, að þm. kynni sér meginefni frv. sem gleggst, enda má ekki skilja orð mín svo, að ég sé að hvetja til þess að mál þetta verði afgreitt í neinu flaustri.

Þessu frv. fylgir sérlega ítarleg grg. ásamt könnun sem gerð var á gjaldþrotaskiptum á sínum tíma á vegum Lagastofnunar Háskólans. Ég skal því reyna að fara fljótt yfir sögu og endursegja ekki það, sem í athugasemdum má lesa, nema þá að takmörkuðu leyti.

Lög um gjaldþrotaskipti voru fyrst sett hér á landi árið 1894. Lög þessi voru byggð á dönskum lögum frá árinu 1872. Árið 1929 voru sett hér á landi núgildandi lög um þetta efni. Þau lög byggðu í grundvallaratriðum á reglum hinna eldri laga, en var þó breytt í einstökum atriðum er ágreiningi höfðu valdið í lögunum frá 1894. Það er álit ýmissa, sem til þekkja, að með því að breyta fyrstu lögunum um gjaldþrotaskipti eins og gert var árið 1929 hafi verið stigið spor aftur á bak. Núgildandi lög hafa nefnilega frá upphafi verið haldin ýmsum annmörkum, sem þó er ekki ástæða til að fjölyrða um hér.

Gjaldþrotaskiptalögin frá 1929 hafa staðið svo til óbreytt fram á þennan dag. Árið 1972 voru að vísu gerðar breytingar á lögunum í því skyni að greiða fyrir rannsóknum á gjaldþrotamálum. Breytingar þessar hafa þrátt fyrir góðan vilja þeirra, sem að þeim stóðu, ekki náð þeim árangri sem vonir stóðu til, og vík ég e. t. v. að því síðar.

Árið 1972 var Þór Vilhjálmssyni, þáv. prófessor, nú hæstaréttardómara, falið að endurskoða löggjöf um skipti og þá fyrst og fremst gjaldþrotaskipti. Þór skilaði fyrst frv. til breytinga á reglum um skuldaröð og var það frv. síðan samþ. sem lög nr. 32 frá 1974. Í haust skilaði hann svo frv. því sem hér liggur nú fyrir til umr. Síðan var farið yfir frv. í dómsmrn. og gerðar á frv. tvær smábreytingar, þ. e. a. s. á 21. gr. og 119. gr. frv. Fyrri breytingin lýtur að því, að skiptaráðandi skuli jafnan krefja lánardrottin um tryggingu vegna kostnaðar eða bóta áður en gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp. Síðari breytingin miðar að því, að sá, sem krafist hefur gjaldþrotaskipta, beri ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar ef eignir búsins hrökkva ekki fyrir skiptakostnaði.

Það má segja að tveir meginágallar hafi verið á framkvæmd gjaldþrotaskipta hér á landi síðustu ár. Í fyrsta lagi fá kröfuhafar sjaldnast nokkuð upp í kröfur sínar, og í öðru lagi taka skiptin allt of langan tíma. Þessi atriði eru reyndar samtvinnuð oft og einatt, þar sem dráttur á því að ljúka skiptum hefur að sjálfsögðu það í för með sér, að minni eignir koma til skipta en ella væri. Í frv. er reynt að ráða bót á þessum tveimur megingöllum, en jafnframt er leitast við að færa reglur um sjálfa skiptameðferðina í nútímalegra horf.

Fjölmörg ákvæði frv. eiga að flýta fyrir skiptum á gjaldþrotabúum. Í því sambandi er e. t. v. mikilvægast að stefnt er að því að létta álagi af skiptaráðendum. Álag á skiptaráðendur er í dag allt of mikið og er ugglaust aðalástæðan fyrir því, hve skipti, einkum á hinum stærri þrotabúum, dragast á langinn. Það, sem veldur þessu mikla álagi, er að minum dómi einkum tvennt. Annars vegar eru kveðnir upp hér á landi óvenjulega margir gjaldþrotaúrskurðir, og segir tala úrskurðanna þó ekki alla söguna, þar eð fjöldinn allur af gjaldþrotabeiðnum er ýmist afturkallaður eða felldur niður áður en úrskurður er upp kveðinn, en hefur samt kostað tíma og fyrirhöfn fyrir skiparáðanda. Hins vegar hvílir svo til öll vinna við skiptameðferð, svo sem könnun eigna og skulda og búsuppgjör, á herðum skiptaráðenda. Þessu er öðruvísi farið í nágrannalöndunum, þar sem sérstakir skiptastjórar eða bústjórar án dómsvalds sjá að mestu leyti um skiptameðferðina eftir að gjaldþrotaúrskurður hefur verið kveðinn upp.

Í frv. er lagt til að þessi háttur verði tekinn upp hér á landi. Í XIII. kafla frv. er gert ráð fyrir sérstökum skiptastjóra er fari með önnur þrotabú en þau, þar sem um tiltölulega lágar fjárhæðir er að tefla eða meðferðin með öðrum

hætti sérlega einföld. Í 85. gr. frv. er skiptaráðanda að auki veitt heimild til að ráða bústjóra til bráðabirgða uns eiginlegur skiptastjóri hefur verið valinn. Og í 93. gr. er skiptaráðanda heimilað að ráða sér aðstoðarmann fari skiptaráðandi sjálfur með búskipti.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um störf og skyldur skiptastjóra eða annarra þeirra sem koma nálægt þeim skiptum, þar sem frv. geymir ítarlegar reglur um það efni og gera verður ráð fyrir því, að hv. alþm. kynni sér þær. Ég vil þó aðeins vekja athygli á því, að þóknun til þessara aðila, skiptastjóra og aðstoðarmanna sem ráðnir kunna að verða, skal að sjálfsögðu greidd af eignum búsins. Þessar tillögur ganga í meginatriðum í svipaða stefnu og samþykktir Lögmannafélags Íslands sem um það efni hafa verið gerðar og vitnað er til í athugasemdum.

Þá er lagt til í frv. að þeirri skyldu verði létt af skiptaráðendum að annast rannsókn á því, hvort þrotamaður eða aðrir hafi gerst eða kunni að hafa gerst brotlegir við refsilög. Með lögum nr. 32 frá 1972, sem áður eru nefnd, var skiptaráðendum falið þetta hlutverk. Þá var talið að með þeirri breytingu væri stefnt til bóta í þessu efni, en því miður hefur sú breyting ekki komið að tilætluðum notum.

Nú hefur verið sett á stofn rannsóknarlögregla ríkisins, og í kjölfar þess hefur rannsóknarlögreglumönnum verið fjölgað nokkuð og aðstaða þeirra bætt talsvert, þó að þar standi enn margt til bóta, þannig að rétt þykir að rannsóknarlögreglan annist rannsókn á miklum brotum á þessu sviði eins og á öðrum skyldum sviðum. Í 87. og 90. gr. frv. er þannig gert ráð fyrir því, að skiptaráðendur eða skiptastjórar skuli tilkynna ríkissaksóknara ef þeir telja að þrotamaður eða aðrir kunna að hafa gerst sekir um refsivert athæfi. Saksóknari kveður svo á um rannsókn málsins og fer hún fram að hætti opinberra mála.

Í tengslum við þetta er rétt að geta þess, að ein af ástæðum fyrir því, hve skipti á þrotabúum hafa dregist á langinn, er að oft á tíðum hefur gengið erfiðlega að ná til þrotamanns. Skiptaráðendur hafa ekki átt þess kost að leita aðstoðar lögreglu, þar sem ekki hefur verið mælt fyrir um slíkt í lögum. Í 81. gr. frv. segir aftur á móti að lögreglumönnum sé skylt að sækja þrotamann og færa hann á fund skiptaráðanda eða annarra þeirra sem með skiptin fara. Önnur leið til þess að létta álagi af skiptaráðendum er sú að fækka gjaldþrotabeiðnum og þá um leið gjaldþrotaúrskurðum, þ. e. a.s. að fækka tilefnislausum gjaldþrotabeiðnum og gjaldþrotaúrskurðum þá um leið, að það sé ekki verið að leggja á dómendur að sinna beiðnum um slíkt þegar fyrir fram er alveg augljóst að ekki er um neinar eignir að ræða og skiptameðferð getur ekki orðið að neinu gagni til að fá kröfur greiddar, heldur leiðir aðeins til ómaks og skriffinnsku hjá dómara. Í nágrannalöndunum okkar berast skiptarétti mun færri beiðnir um gjaldþrotaskipti en tíðkast hefur hér á landi, einkum þó í Reykjavík. Ástæðurnar fyrir þessu eru eflaust fjölmargar og að sjálfsögðu t. d. sá óstöðugleiki sem hefur verið hér í efnahagslífi. En það, sem þó skiptir sennilega meira máli í þessu sambandi, er sú venja, sem komist hefur á á síðustu árum, að gjaldþrotameðferð sé notuð sem einhvers konar innheimtuaðgerð, en ekki fullnustugerð, eins og henni er þó ætlað að vera.

Á ári hverju berast borgarfógetaembættinu í Reykjavík t. d. hundruð gjaldþrotabeiðna á einstaklinga sem fyrirsjáanlega eru algjörlega eignalausir. T. d. hefur sú síðvenja verið tekin upp, að Gjaldheimtan lætur sér ekki nægja að vanefni skattþegns séu sönnuð með árangurslausu lögtaki, heldur krefst gjaldþrotaskipta á búi þeirra. Slík krafa er vafasöm að mínum dómi, skilar ekki árangri og er óþörf, það sýnir reynslan. Mikið af dýrmætum tíma skiptaráðenda fer í að afgreiða slíkar beiðnir, að sjálfsögðu oftast nær með litlum eða engum árangri.

Í 21. gr. frv. er, sem fyrr segir, gert ráð fyrir því, að tryggingar vegna kostnaðar verði jafnan krafist áður en gjaldþrotaúrskurður er kveðinn upp. Með þessu á að setja undir þann leka, að lánardrottnar séu út í bláinn, að ég segi ekki að gamni sínu, að krefjast gjaldþrotaskipta í tilfellum þar sem augljóst er að þau geta ekki borið neinn árangur. Þess vegna yrði t. d. Gjaldheimtan, ef hún vildi hafa þann hátt á sem mér sýnist að hafi nokkuð tíðkast, að setja tryggingu fyrir kostnaði sem af því leiddi, áður en úrskurður væri kveðinn upp um beiðni frá henni.

Jafnframt segir svo í 119. gr. frv., að þegar skuli ljúka skiptum, ef í ljós komi að búið eigi ekki eignir umfram skiptakostnað. Hrökkvi eignir hússins ekki fyrir skiptakostnaði beri sá, sem krafist hafi gjaldþrotaskipta, ábyrgð á greiðslu kostnaðar.

Með þessum tveimur ákvæðum er leitast við að koma í veg fyrir það, eins og ég sagði, að krafist sé gjaldþrotaskipta á búi einstaklinga eða félaga, þar sem fyrirsjáanlegt er að eignir eru alls engar og engum eignum hefur verið skotið undan óeðlilegum hætti. Kostnaður sá, er kröfuhafar bera, kemur til með að verða mun meiri en nú er með tilkomu skiptastjóra þeirra sem fyrr eru greindir, en þóknun þeirra verður sem fyrr segir greidd af eignum búsins eða kröfuhöfum, ef þóknunin nemur hærri fjárhæð en eignir þær sem fyrirfinnast í búinu. Ég held að með þessum ákvæðum eigi að vera komið nokkuð í veg fyrir það sem ég vil kalla misnotkun á dómstólum.

Fleiri nýmæli er að finna í frv. sem stuðla eiga að fljótvirkari gjaldþrotameðferð. Benda má á ákvæði XV. kafla frv., þar sem kveðið er á um eftirlit skiptaráðenda með störfum skiptastjóra og annarra þeirra sem koma nálægt skiptunum. Þá gerir 125. gr. frv. ráð fyrir því, að skiptum verði lokið þótt enn séu ekki til ráðstöfunar allar eignir búsins, þótt tekið hafi verið frá fé vegna umdeildra og skilyrtra krafna eða þótt afmarkaður hluti búsins sé með öðrum hætti óuppgerður, það sé ekki verið að veltast með bú, þegar þannig stendur á, hjá skiptarétti og í bókum skiptaráðenda sem bú sem ólokið sé skiptameðferð á. Í slíkum tilvikum skal endurupptaka búsmeðferð, ef tilefni

gefst til. Fleiri ákvæði XVIII. kafla frv. stefna og í sömu átt.

Annar meginágalli á gjaldþrotameðferð hér á landi er sá, að kröfuhafar fá of lítið upp í kröfur sínar. Í könnun, sem birt er sem fylgiskjal með frv. því sem hér er til umr., kemur t. d. fram að í fjórum af hverjum fimm þrotabúum fundust engar eignir — alls engar eignir. Ef nokkrar eignir komu fram, greiddist yfirleitt ekkert upp í almennar kröfur og forgangskröfur greiddust aðeins að hluta. Þetta eru að mínum dómi óskemmtilegar tölur. Ástæðan fyrir þessu er e. t. v. sú, að það er of seint hafist handa um að beiðast gjaldþrotameðferðar á búi aðila, þar sem það þó er skylt að lögum, og hann lætur farast fyrir að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta þegar hag hans er svo komið. Enn fremur ræður að sjálfsögðu hér nokkru um, að búskiptin dragast oft lengur en hóf er á. En margt fleira kemur auðvitað til.

Ég vil aðeins víkja að einu atriði, sem ég drap reyndar á, en ofurlítið nánar, og það er um að bú koma of seint til gjaldþrotaskipta, áður hefur einstökum lánardrottnum verið ívilnað eða eignum búsins sóað með öðrum hætti. Til þess að stemma stigu við þessu hafa verið tekin upp í frv. ákvæði um svonefnda greiðslustöðvun. Slík ákvæði hafa verið í gildi um tveggja ára skeið í Danmörku og gefist vel að dómi þeirra sem til þekkja. Með ákvæði um greiðslustöðvun er m. a. leitast við að greiða fyrir samningum milli þrotamanns og kröfuhafa um skuldaskil. Í tengslum við þetta nýmæli er svo ætlunin að leggja fram frv. til breytinga á lögum um nauðasamninga, nr. 19 frá 1924, og vænti ég þess, að það geti orðið nú alveg á næstunni. Sú leið, sem lögin um nauðasamninga gera ráð fyrir, hefur því miður verið lítið notuð fram að þessu, en verður vonandi raunhæfari með tilkomu sérstakra ákvæða um greiðslustöðvun í gjaldþrotalögum.

Í VII. kafla frv. er að finna ákvæði um riftun á ráðstöfunum þrotamanns fyrir skiptin svo og riftun á vissum fullnustugerðum lánardrottna hans á sama tíma. Lagt er til að riftun á þessum ráðstöfunum verði gerð mun greiðari en nú er.

Í frv. er enn fremur lagt til að reglur um meðferð á gjaldþrotabúum verði teknar upp í gjaldþrotalög, en þær reglur hefur hingað til að mestu leyti verið að finna í lögum um skipti á dánarbúum, félagsbúum o. fl., nr. 3 frá 1878. Ef frv. yrði að lögum yrðu reglurnar um gjaldþrotameðferð meira í takt við tímann, ef svo má segja. Meginbreytingin yrði sú, að sá sem færi með skiptin, hvort sem það væri skiptaráðandi sjálfur eða skiptastjóri, fengi mun frjálsari hendur en nú tíðkast. Í frv. er lagt til að hann geti haldið eða látið halda áfram atvinnurekstri um sinn á vegum búsins, hann geti ráðstafað eignum án þess að selja þær á uppboði og hann sé ekki eins háður ákvörðunum skiptafundar og nú er. Á móti er svo gert ráð fyrir því, að heimilt sé að skipa sérstaka kröfuhafanefnd til að fylgjast með gerðum skiptaráðanda eða skiptastjóra en sú nefnd á þó ekki að hafa neitt ákvörðunarvald. Um þessi atriði og fleiri skyld er einkum fjallað í XII.—XIV. kafla frv. Þess er að vænta, að hin breytta gjaldþrotameðferð hafi það hvort tveggja í för með sér, að meðferðin verði fljótvirkari og kröfuhafar fái meira upp í kröfur sínar en nú á sér stað.

Í frv. er að sjálfsögðu að finna mörg önnur nýmæli en þau sem gerð hefur verið grein fyrir hér. Öll eiga þau að miða að því að gera gjaldþrotameðferðina einfaldari og tryggja jafnframt réttaröryggi þeirra sem í hlut eiga. En ég sé ekki ástæðu til að telja þau hér upp eða fjölyrða um þau, þar sem fyrir þeim er ítarleg grein gerð í aths. sem fylgja frv.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins leggja áherslu á að ég tel mjög nauðsynlegt að færa gjaldþrotameðferð hér á Íslandi í viðunandi horf sem allra fyrst. Stórt skref í þá átt væri að frv. það, sem hér er til umr., næði fram að ganga. Hinu má svo auðvitað ekki gleyma, að þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir í frv., verður að sjálfsögðu að fylgja eftir í framkvæmd. Lögin ein út af fyrir sig eru ekki hér fremur en endranær einhlít, heldur verður framkvæmdin að fara eftir og vera í samræmi við það sem til er ætlast.

Ég get til fróðleiks vísað mönnum á þá könnun sem gerð var í Lagastofnunum háskólans og er prentuð sem fskj. með frv. Þar er að finna athyglisverðar upplýsingar ýmsar hverjar, m. a. um það, hve búskipti hafa oft og einatt dregist óhæfilega lengi. Þar geta menn kynnt sér þær upplýsingar sem þá lágu fyrir um þetta efni. En ég tel rétt að það komi fram hér og nú, að fyrir rúmu ári leitaði dómsmrn. upplýsinga um það hjá skiptaráðendum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, hversu mikil brögð væru að því að gjaldþrotameðferð drægist á langinn. Í ljós kom, að í Reykjavík var skiptum enn ólokið í 47 þrotabúum sem tekin höfðu verið til skipta á árunum 1967—1973. Í Kópavogi og Hafnarfirði var skiptum aftur á móti lokið í næstum öllum þeim þrotabúum er tekin höfðu verið til skipta á fyrrgreindu tímabili. Í framhaldi af þessum upplýsingum skiptaráðenda í Reykjavík lagði rn. svo fyrir með bréfi, dags. 13. jan. s. l. að ljúka skiptum við 27 þrotabú er tekin höfðu verið til skipta á árunum 1967—1973. Skiptum á þessum búum er nú lokið eða um það bil að ljúka. Standa þá enn eftir 20 þrotabú frá fyrrnefndu tímabili þar sem skiptum er enn ólokið. Ástæðurnar fyrir því, hversu meðferð á þessum þrotabúum hefur dregist, eru margar, og skal ég ekki ræða það ítarlega. En þær voru að sjálfsögðu færðar fram í svörum skiptaráðanda á sínum tíma. T. d. má benda á að rannsókn á meintu misferli þrotamanna, hvort sem sú rannsókn fór fram í sakadómi eða rannsóknardeild skiptaréttar, hefur í sumum tilfellum dregist úr hófi fram. En hér kemur fleira til, eins og t. d. það sem ég hef áður nefnt: óhæfilega mikið álag á skiptaráðendur.

Það er ljóst, hvað sem líður öllum tilraunum til þess að færa gjaldþrotameðferð hér á landi í betra horf, að það verður ekki gert sem skyldi að óbreyttri löggjöf.

Ég hef nú rakið í stórum dráttum hvernig því frv., sem hér til umr., er ætlað að bæta úr því hálfgerða — svo að ég taki nú ekki sterkar

til orða — ófremdarástandi er nú ríkir á þessu sviði réttarfars. Ég vil leyfa mér að vænta þess að hv. þd. taki frv. þessu vel og hraði afgreiðslu þess svo sem kostur er. Þess vegna vil ég nú mælast til þess við þá hv. þn., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún reyni að hafa þann hátt á um meðferð þess sem leiðir til skjótari afgreiðslu en stundum tíðkast, þ. e. a. s. hún hafi frekar þann hátt á, eftir því sem við verður komið, að kalla þá fyrir sig, sem hún telur ástæðu til að ræða þessi mál við, í stað þess að senda frv., kannske lítið athugað í öndverðu, til umsagnar ýmissa aðila, sem senda svo umsagnirnar kannske seint eða ekki. Mér væri einnig mikil þökk í því, að nefndir beggja þd., sem þetta mál fer til, hefðu þann háttinn á að vinna saman að þessu máli, þannig að það gæti flýtt fyrir meðferð þess í síðari deild. En ég vil endurtaka það, að ég legg hið mesta kapp á, mér er það mikið kappsmál að þetta frv. fái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Ég heyrði að formaður þeirrar n. hefur orlof í dag, en ég vænti þess, að þeir, sem hér eru úr hv. allshn., komi þessum tilmælum mínum á framfæri við hann.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að láta í ljós sérstaka ánægju yfir því, að þetta frv. hefur verið samið og það skuli nú lagt fyrir hið háa Alþ., og ég tek eindregið undir þær óskir hæstv. dómsmrh., að sú n., sem fær það til meðferðar, vinni kappsamlega að afgreiðslu þess á þessu þingi, þannig að það takist að lögfesta það áður en þingi lýkur.

Ég er að vísu ekki lögfræðingur, en vegna kennslustarfa minna við viðskiptadeild háskólans hefur það legið í hlutarins eðli, að ég hef kynnst íslenskum félagarétti og skiptarétti og er því ljóst hversu brýna nauðsyn ber til þess að nú, þó seint sé, séu sett ný lög um gjaldþrotaskipti. Í þessu sambandi minni ég á að enn eru ekki til nein teljandi, hvað þá tæmandi lagaákvæði um ýmis veigamikil atriði félagaréttar, t. d. engin teljandi, hvað þá tæmandi ákvæði um einstaklingsfyrirtæki eða sameignarfélög, og gildandi lög um hlutafélög eru enn frá árinu 1921. Margar tilraunir hafa verið gerðar m. a. af minni hálfu meðan ég gegndi embætti viðskrh. til að fá hlutafélagalöggjöfina endurskoðaða. En af ástæðum, sem ekki er ástæða til þess að ræða hér, hefur það dregist allt til þessa dags. Því ber að vísu einnig að fagna, að fyrir þessu þingi liggur frv. að nýjum hlutafélögum sem yrði að sjálfsögðu til stórkostlegra bóta frá þeim rétti, sem nú gildir um íslensk hlutafélög, og er ekki síður ástæða til þess að láta í ljós ósk um að það frv. hljóti nú afgreiðslu.

Við lauslegan lestur á þessu frv. fæ ég fyrir mitt leyti, þó ekki sé sérfræðingur, ekki betur séð en það sé að öllu leyti mjög vandað og vel samið. Ekki er við öðru að búast en að nauðsyn sé breytinga, þegar það er haft í huga, að í raun og veru eru þær grundvallarreglur, sem gilda um gjaldþrot hér á landi, byggðar á lögum sem samin voru í Danmörku fyrir um það bil einni öld, og þó að þau lög hafi á sínum tíma í Danmörku og þegar þau voru í grundvallaratriðum lögtekin hér á Íslandi verði ágæt og hæft vel þeim tímum, sem þá voru, þá gefur auga leið að þau eiga ekki lengur við. Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á undanförnum áratugum og allar hafa í raun og veru verið smærri í sniðum en þær hefðu átt að vera, hafa að vísu allar verið til bóta. Enn stendur það þó eftir, að grundvallaratriði gildandi gjaldþrotaskiptalaga er næstum aldargömul dönsk lagasetning, og ætti ekki að þurfa frekari rökstuðning fyrir því, að sannarlega er tími til þess kominn að Alþ. hefjist hér handa og setji ný lög, og hér sýnist einmitt vera kominn hinn ákjósanlegasti grundvöllur að nýrri lagasetningu um gjaldþrotaskipti. En í því sambandi vil ég minna á, og er það raunar aðalástæða þess, að ég kveð mér hljóðs að ný og góð lög eru ekki einhlít í þessu sambandi, eins og reyndar reynsla undanfarinna áratuga hér á landi sýnir okkur.

Í sambandi við gjaldþrotaskipti skiptir framkvæmd gildandi lagaákvæða ekki síður miklu máli heldur en hitt, að lagagrundvöllurinn sjálfur sé góður og traustur. Þetta kemur einmitt greinilega fram í skýrslu sem fylgir grg. þessa frv., því að eins og raunar kom fram hjá hæstv. ráðh. þótti ástæða til þess að gera réttarfélagsfræðilega könnun á gjaldþrotamálum til að fá upplýsingar um fjölda þeirra, greiðslu upp í fram komnar kröfur og tímann sem skiptin taka. Lagastofnun Háskóla Íslands tók að sér það vandasama verk að framkvæma þá könnun. Hún var gerð af núv. aðstoðarmanni ráðh., ungum lögfræðingi, Eiríki Tómassyni, sumarið 1975, og hefur sú skýrsla verið prentuð í Tímariti lögfræðinga og er prentuð sem fskj. með þessari grg. mjög vandað, gott og nauðsynlegt verk.

En ég tel ástæðu til þess að vekja alveg sérstaka athygli á niðurstöðum þessarar skýrslu, því að hún undirstrikar það sem ég sagði áðan, að ekki einvörðungu góð lagasetning er nauðsynleg, heldur einnig vönduð framkvæmd þeirra lagaákvæða sem gilda. Rannsókn Eiríks Tómassonar tók til áranna 1960—1974. Á þessum 14 árum reyndust gjaldþrotaúrskurðir vera 318, þar af 85% í Reykjavík, og eru þetta tiltölulega mjög margir gjaldþrotaúrskurðir ef miðað er við reynslu í nágrannalöndunum. Það á sér að sumu leyti eðlilegar skýringar, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. og ég þarf ekki að endurtaka hér. En engu að síður er hér um að ræða óeðlilega háa tölu gjaldþrotaúrskurða.

En það, sem alveg sérstaka athygli blýtur að vekja í sambandi við skýrsluna, er það, að í 81% tilfellanna fundust engar eignir í gjaldþrotabúinu, og ef einhverjar komu fram, þá reyndust þær aðeins nema litlum hluta krafnanna. Það, sem ég tel þó vera enn athyglisverðara við þessa rannsókn Eiríks Tómassonar, er að könnun hans, sem náði til ársins 1974, en var framkvæmd á árinu 1975, kom í ljós að í júlí á miðju ári 1975 var enn ólokið skiptum í 58 búum, — skiptum sem hófust á árunum 1965—1969. Þetta undirstrikar það sem ég vildi leggja sérstaka áherslu á, að brýna nauðsyn ber til þess að stórbæta

framkvæmd gjaldþrotaskipta og þá auðvitað ekki síður ef komnar verða nýjar og nákvæmari reglur um gjaldþrotaskiptin en hingað til hafa verið í gildi.

Ég veitti því athygli, að hæstv. dómsmrh. skýrði frá því í niðurlagi ræðu sinnar, að hann og dómsmrn. hefðu veitt þessum niðurstöðum rannsóknanna sérstaka athygli og gerðu sér ljóst, að þessi niðurstaða bæri vott um að framkvæmd gjaldþrotaskipta á undanförnum áratugum hefði verið mjög ábótavant hér á landi og rn. hefði þegar gert ráðstafanir til þess að úr þessu yrði bætt. Vildi ég mega vænta þess, að sú viðleitni bæri árangur, og dreg ég ekki í efa, að svo muni verða. En engu að síður fannst mér rétt, um leið og ég vil taka undir þá ósk hæstv. ráðh. að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi, eins og raunar allir málavextir benda til að brýna nauðsyn beri til, að láta ekki hjá líða að undirstrika hitt, að í kjölfar nýrrar og betri lagasetningar verður að koma ný og miklu betri framkvæmd gjaldþrotaskiptamála en átt hefur sér stað um langt undanfarið skeið hér á landi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er þarft og gott verk sem unnið hefur verið með samningu þessa frv., ekki aðeins hvað varðar hugmyndir þær um breytingar, sem í frv. felast, heldur ekki síður í hinni ítarlegu og mjög athyglisverðu grg. sem samin hefur verið með frv. og ég tel að þm. ættu að kynna sér mjög gaumgæfilega, því þar kemur ýmislegt fram sem varpar nokkru ljósi á hvernig að málum hefur verið staðið í þessu sambandi á undanförnum árum.

Erindi mitt hingað upp í ræðustól var þó ekki að tala um efnisatriði þessa frv., enda þarf talsverðan tíma fyrir ólögfróðan alþm. til að kynna sér jafnviðamikið frv. og hér er um að ræða. Ég vildi aðeins vekja athygli á máli sem er þessu þingmáli skylt, þó að það sé í formi annarra laga, en það eru lög sem sett voru á Alþ. 21. mars 1974, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Ég tel að þetta mál ætti að athuga með þeim breytingum sem nú er verið að gera á gjaldþrotalögunum sjálfum.

Þau lög, sem hér um ræðir, um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot frá 21. mars 1974, voru mikilsverð réttarbót til handa launþegum, því eins og fram kemur í grg. frv. til gjaldþrotalaga var oft næsta lítið, sem til var í eignum og sjóðum fyrirtækja þegar þau voru tekin til gjaldþrotaskipta, og ýmsir misstu talsverðar fjárhæðir í launum sem þeir ella hefðu átt að fá. En í 2. gr. þessara laga um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot er þessi ríkisábyrgð talsvert takmörkuð. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Greiðsla samkv. grein þessari til hvers launþega getur í hæsta lagi numið hreföldum lágmarkstekjum, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 96 26. des. 1971.“

Í 5. gr. umræddra laga, sem eru lög um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, segir svo:

„Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisbega lægri en kr. 120 000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð.“

Ég held að ég fari rétt með það, þó að mér hafi ekki gefist tími til að kanna það, að markið, sem er í 5. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, er sem svarar daglaunum verkamanns sem greidd eru eftir 4. taxta Dagsbrúnar. Ríkisábyrgðin á launum við gjaldþrot nær því til upphæðar, sem samsvarar þeföldum launum Dagsbrúnarverkamanns eftir 4. taxta.

Nú er það svo, að í ýmsum atvinnugreinum eiga launþegar nokkuð erfitt með að fá endanlegt uppgjör, en geta stundum haft allnokkrar tekjur. Hér er t. d. um að ræða sjómenn, svo að dæmi sé nefnt, en þeir eiga ekki kröfu á uppgjör nema á fjögurra mánaða fresti, þannig að mjög veruleg launaupphæð, sérstaklega hjá aflasjómönnum, getur legið inni hjá fyrirtækjum sem á tímabilinu eru tekin til gjaldþrotaskipta.

Í annan stað má einnig nefna byggingariðnaðarmenn, sem vinna ákvæðisvinnu, en þar er orðið talsvert algengt, t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu, að ákvæðisvinnan sé ekki gerð upp með lágmarkslaunum eða tímalaunum, heldur með sérstökum útreikningum síðar. Og mér er kunnugt um að ástandið í byggingariðnaðinum er svo alvarlegt hjá sumum hverjum, að menn, sem vinna samkv. þessum samningum, eiga inni hjá atvinnuveitanda sínum allt upp í heils árs ákvæðisvinnulaun. Það er allmikill skellur fyrir þessa launþega, sem ég nefni dæmi um, annars vegar sjómenn og hins vegar byggingariðnaðarmenn, sem búa við þessar aðstæður, ef fyrirtækin eru tekin til gjaldþrotaskipta og ríkisábyrgð á launum þeirra tryggir þeim þá ekki nema mjög óverulegar bætur.

Auðvitað er hægt að sporna við þessu með tvennu móti, t. d. gagnvart sjómönnum með því að lögleiða, eins og samtök þeirra hafa óskað, uppgjör til sjómanna verði ekki sjaldnar en mánaðarlega, eins og hjá öðrum launastéttum sem ekki fá launauppgjör eftir skemmri tíma. Alveg eins væri hægt að mælast til þess við byggingariðnaðinn, hvort sem það yrði gert í lagasetningu eða með reglugerð, að með vikulegum útborgunum fylgdi ávallt útreikningur á ákvæðisvinnu og greiðsla.

Hin leiðin er svo að sjálfsögðu sú að auka ríkisábyrgðina í þessum tilvikum, og þá fyndist mér mjög eðlilegt og raunar sjálfsagt að það yrði athugað í því sambandi, hvort ekki væri rétt að atvinnufyrirtæki beinlínis keyptu sér tryggingar hjá ríkissjóði eða hjá einhverjum opinberum sjóði eða jafnvel einkaaðilum, — keyptu sér beinlínis tryggingar, sem mundu þá kosta launagreiðslur fyrirtækjanna ef um gjaldþrot yrði að ræða. Ég tel ekki eðlilegt að ríkissjóður ábyrgist slíkar fjárhæðir eins og gæti verið um að ræða, ef hámarkið yrði afnumið, án þess að atvinnurekendur legðu neitt fram á móti. Ég tel eðlilegt að atvinnurekendum væri gert að skyldu að kaupa sér slíka gjaldþrotatryggingu.

Ég vildi aðeins koma fram með þessar ábendingar, þó að lögin, sem ég vitnaði til, séu önnur en það frv. sem hér er til umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka tveimur hv. ræðumönnum fyrir góðar undirtektir undir þetta frv. Ég hef auðvitað ekki á móti því, að í sam-

bandi við þetta mál og þetta frv. sé athugað það málefni sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék að. En ég held þó að menn muni komast að þeirri niðurstöðu, þegar það mál er athugað, að það eigi betur heima í sérstökum og sjálfstæðum lögum, eins og gert hefur verið. Það efni, sem þar er fjallað um, er talsvert annars eðlis en það sem fjallað er um í gjaldþrotaskiptalögum. Það er félagslegs og tryggingalegs eðlis, enda hygg ég, þó að ég muni það ekki alveg, að þessi lög um beina ábyrgð á greiðslu kaupgjalds úr gjaldþrotabúi hafi verið undirrituð af félmrh., þannig að ég skal ekkert segja á þessu stigi um þær efnislegu aths. sem hv. þm. kom fram með í sambandi við þá lagasetningu og þau lög. Það má vel vera að þær séu á rökum reistar. Það má vel vera að það þurfi að gera breytingar á þeim lögum í samræmi við þær breytingar sem hér hafa orðið á ýmsum sviðum. En þá held ég að þær breytingar eigi heima í sambandi við þau lög, en ekki gjaldþrotalögin, þó að ég, eins og ég sagði, hafi auðvitað ekki á móti því að þetta málefni sé hugleitt og athugað í sambandi við gjaldþrotameðferðina.

Hitt var svo það, sem kom fram í hans máli og er ákaflega athyglisvert og mikið áhyggjuefni, bæði mitt og annarra sem koma nálægt þessum málum, og það er sá dráttur sem verður á ýmsum greiðslum, m. a. til byggingarmanna t. d. og annarra. Hafa vaknað jafnvel grunsemdir um það, að menn reyndu að draga á langinn greiðslur sem mest þeir mega og færu fyrir dómstóla með slíkar kröfur, jafnvel alla leið upp í hæstarétt, þó að í raun og veru sé engin vörn í málinu, aðeins til þess að draga greiðsluna. Og þannig hefur verið háttað dómum í þessum efnum, að dómstólar hafa verið heldur aðgætnir í ákvörðun vaxta, þannig að það er kannske ekki fjarri sanni að menn hafi getað talið sér hagnað í því að þvælast fyrir og greiða ekki réttmætar kröfur fyrr en eftir dúk og disk, þegar fenginn hefur verið lokadómur um þetta. Og þegar málin ganga ekki fljótar fyrir sig hjá okkur en raun ber vitni, þá getur verið að það sé hægt að draga þetta æðimikið á langinn. Það er þessi háttur í máli hv. þm. sem ég tel sérstaklega athyglisverðan, og það er málefni sem ekki verður komist hjá að gefa alveg sérstakar gætur á næstunni og reyna að mæta með einhverjum ráðum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 8. landsk., Sighvatur Björgvinsson, drap hér á lög frá 1974 um ábyrgð ríkissjóðs á kaupgreiðslum vegna gjaldþrotaskipta. Það höfðu verið nokkur brögð að því áður, að starfsmenn fyrirtækja fengu ekki laun sín greidd, ef vinnuveitandinn varð gjaldþrota. Þessi lög frá 1974 voru því til mikilla bóta og hafa þegar komið að gagni. Við framkvæmd þeirra hafa hins vegar komið í ljós nokkrir annmarkar á lögunum. M. a. kom það fyrir nýlega, að starfsmaður hafði ekki fengið greidd laun og engar eignir til í þrotabúi atvinnurekandans. Í fyrstu mun honum hafa verið synjað um greiðslu úr ríkissjóði vegna þess að slíkt væri ekki samrýmanlegt orðanna hljóðan í lögunum. En við endurskoðun þess máls tókst með frjálslegri túlkun laganna í samræmi við anda þeirra að leysa þetta mál, þannig að þessi starfsmaður fékk greiðsluna.

Þessi mál heyrðu undir félmrn., og við afgreiðslu þeirra þótti mér sýnt, að það yrði að endurskoða þessi lög. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að sú endurskoðun hefjist, og þá munu að sjálfsögðu teknar til athugunar einnig þær ábendingar sem hv. þm. bar hér fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 26. fundur.

Þriðjudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Iðnrrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á þingfundi 28. nóv. gerði einn hv. þm., Kjartan Ólafsson, að umtalsefni utan dagskrár frásögn í blaðinu Vísi sama dag. Í blaðinu er sagt frá ummælum sem Gunnar Thoroddsen hafi viðhaft í umr. um varnarliðið á flokksráðsfundi sjálfstæðismanna tveim dögum áður. Í fyrirsögn Vísis eru mér lögð í munn þessi orð innan tilvitnunarmerkja: „Getum ekki lagt vegi af eigin rammleik.“ Í frásögninni sjálfri er haft eftir mér, einnig innan tilvitnunarmerkja: „Við getum ekki lagt varanlega vegi af eigin rammleik.“

Þessi frásögn er röng, báðar útgáfur. Hin tilvitnuðu orð hef ég aldrei viðhaft og slík ummæli eru mér viðs fjarri. Þennan þingfundardag og þá næstu á eftir hafði ég fjarvistarleyfi frá þingi þar sem ég sótti fund iðnrh. Norðurlanda í Osló. Í þessum umr. á Alþ. var óskað eftir skýringum frá minni hendi. Ég mun verða við þeim tilmælum og gera í stuttu máli grein fyrir þeim viðhorfum mínum sem virðast hafa orðið tilefni þessarar blaðafréttar og umr. á Alþingi.

Ég er andvígur þeirri hugmynd, að Íslendingar taki leigugjald fyrir varnarstöðina. Ég get ekki heldur fallist á að allt skuli óbreytt standa um framkvæmd varnarmála. En oft er unnt að byggja brú milli ólíkra sjónarmiða. Hér skulu nefnd nokkur þau atriði sem ég tel tímabært að taka til nýrrar athugunar og umr.

1. Í öllum öðrum löndum Norður-Atlantshafsbandalagsins er ekki aðeins séð fyrir landvörnum, heldur einnig hugað að vörnum fyrir fólkið sjálft, almannavörnum. Í lögum okkar um almannavarnir eru hugsanlegar hernaðaraðgerðir nefndar fyrst af þeim atriðum sem almannavarnir eigi að beinast að. Þessu mikilvæga verkefni höfum við Íslendingar ekki sinnt sem skyldi, fyrst og fremst vegna kostnaðar. Margs konar varnarviðbúnað fyrir fólkið vantar. Ástand vega og brúa er víða þannig, að torvelt yrði að flytja fjölda manna skyndilega burt frá hættusvæðum. Ef til ófriðarátaka kemur eru borgararnir ofurseldir hættu og hörmungum séu þessum málum ekki gerð skil. Þetta hafa aðrar þjóðir skilið og sýnt þann skilning í verki. Allar slíkar varnaraðgerðir vegna fólksins sjálfs kosta mikið fé. Þótt þær yrðu að sjálfsögðu undir stjórn Íslendinga

sjálfra, þá eru þær hluti af vörnum Íslands og því eðlilegt að undir þeim útgjöldum verði staðið í samræmi við það. Það er ekki nægilegt að verja landið, það þarf að vernda fólkið sjálft.

2. Íslendingar þurfa að eignast menn með sérmenntun í landvörnum til þess að við þurfum ekki við mat á vörnum lands og þjóðar að sjá allt með annarra augum, heldur höfum íslenska sérfræðinga til ráðuneytis.

3. Það hefur valdið vandkvæðum, að vörur, sem varnarliðið flytur inn til eigin nota, skuli undanþegnar tollum og söluskatti. Þetta hefur leitt til ólöglegra viðskipta. Það er óeðlilegt og ástæðulaust að varnarliðsmenn njóti slíkra forréttinda fram yfir landsmenn sjálfa.

4. Varnarliðsmenn fá greidd laun sín hér á landi í erlendum gjaldeyri. Það hefur leitt af sér ólögleg gjaldeyrisviðskipti. Eðlilegt væri að varnarliðsmenn fengju greiddan í íslenskum krónum þann hluta launa sinna sem þeir nota hér á landi og að viðskipti í varnarstöðinni færu fram í íslenskum gjaldmiðli.

5. Varnarliðið ætti að geta keypt meira af íslenskum iðnaðarvörum en nú er.

6. Varnarliðið ætti að kaupa í meira mæli en nú íslenskar búvörur, svo sem kjöt, osta og smjör.

7. Íslendingar greiða sjálfir háan bensínskatt, sem notaður er til nýbygginga og viðhalds vega. Það er ekki eðlilegt að varnarliðið, sem einnig notar þessa vegi, sé undanþegið bensínskatti og njóti þeirra forréttinda fram yfir landsmenn.

8. Það þarf að athuga hvort fleiri íslenskir verktakar en nú er gætu átt þess kost að taka þátt í framkvæmdum á vegum varnarliðsins.

Ég tel það nauðsyn, að Ísland haldi áfram að vera varið land og aðili að NATO, en jafnframt þarf að endurskoða ýmis framkvæmdaatriði, eins og ég hef gert hér grein fyrir.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hafa orðið við þeim tilmælum sem ég bar hér fram á þingfundi fyrir nokkrum dögum, en hann var þá fjarverandi, svo sem hann gat um áðan. Ég vil einnig fagna því, að hæstv. iðnrh. skuli gefa um það yfirlýsingu hér á Alþ. að þau ummæli, sem eftir honum voru höfð í dagblaðinu Vísi og ég gerði hér að umtalsefni, hafi verið rangt heftir honum höfð. Það var ekki síst ástæða til þess fyrir hæstv. iðnrh. að gefa slíka yfirlýsingu hér á hinu háa Alþ., þar sem þessi ummæli, sem dagblaðið Vísir taldi hæstv. ráðh. hafa viðhaft á flokksráðsfundi Sjálfstfl., voru ekki aðeins tilgreind einu sinni í dagblaðinu Vísi, sem hingað til hefur verið talið hliðhollt Sjálfstfl., heldur sá ritstjóri Vísis, Þorsteinn Pálsson, ástæðu til þess að taka sérstaklega fram, að frásögn Vísis af ummælum hæstv. ráðh. á flokksráðsfundi Sjálfstfl. hafi verið í einu og öllu rétt eins og frá henni var skýrt í Vísi. Þetta var tekið fram öðru sinni í dagblaðinu Vísi í tilefni af því að hæstv. ráðh. hafði borið frásögn Vísis til baka í Morgunblaðinu.

Ég tek það fram, að ég vil trúa því að hæstv. ráðh. hafi gefið hér réttar upplýsingar um ummæli sín og dagblaðið Vísir farið þar rangt með, og það er út af fyrir sig gott.

Ég vil ekki fara hér út í að ræða í löngu máli um hin ýmsu atriði sem hæstv. iðnrh. talaði um. Þau voru víst ein átta, þar sem hann taldi að ástæða væri til að gera breytingar af ýmsu tagi í sambandi við fjármálaleg samskipti við bandaríska herinn á Keflavíkurflugvelli. Ég kemst þó ekki hjá því að vekja athygli á einu þessara atriða.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að víðast hvar annarsstaðar í nálægum löndum, sérstaklega mun hann hafa talað þar um Norðurlönd, væru viss tengsl á milli almannavarna í viðkomandi landi og þeirrar starfsemi sem fram færi á vegum hers viðkomandi lands, og ráðh. minntist einnig á að það væri ekki óeðlilegt að hinu svokallaða varnarlið á Keflavíkurflugvelli væri ætlað að verja ekki aðeins landið, heldur líka fólkið. Þetta kann að sýnast hljóma vel. En hæstv. ráðh. talaði um það í þessu sambandi, að hér væri ástand vega og brúa með þeim hætti að erfitt kunni að reynast að flytja fólk í skyndi frá heimahögum sínum og á aðra staði sem kynnu að vera taldir tryggir, ef um hernaðarástand væri að ræða. Ég gat ekki komist hjá því að skilja orð hæstv. iðnrh. á þann veg, að hann væri þarna að tala um það í þessum efnum eða gefa það í skyn, að í raun og veru mætti líta svo á að uppbygging vega- og brúakerfis á Íslandi væri hluti af vörnum landsins. Ég veit ekki hvort þarna er um misskilning að ræða. En ég vildi gjarnan heyra aðeins nánar frá hæstv. iðnrh., hvort hann telur þrátt fyrir allt, þrátt fyrir það að rangt hafi verið eftir honum haft í dagblaðinu Vísi, — þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hann telji koma til greina að ætla þeim erlenda her, sem dvelur á Keflavíkurflugvelli, að kosta vega- og brúagerð á Íslandi utan þess svæðis, þar sem herinn dvelur, — kosta þessa vega- og brúagerð að meira eða minna leyti.

Ég tel að hæstv. forsrh. hafi í umr. um daginn gefið skýra og afdráttarlausa yfirlýsingu af sinni hálfu í þessum efnum. En mér fannst á orðum hæstv. iðnrh. að afstaða hans væri engan veginn jafnljós. Ekki síst vegna þess að iðnrh. taldi ástæðu til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár í tilefni af þeim umr. sem fóru hér fram fyrir fáum dögum, þá vænti ég þess að hann sé mér sammála um það, að hollast sé að menn dylji sig ekki í þessum efnum á einn eða neinn veg, heldur segi skoðun sína hreint út, ekki síst þegar grunur leikur á að um ágreining sé að ræða innan sjálfrar ríkisstj. og í hópi þingflokka hennar.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, herra forseti, en vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi hér svör við þeirri spurningu sem ég hef borið fram.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég verð að þakka hæstv. iðnrh. fyrir að færa okkur upp í hendurnar efni sem vert er að ræða um í öllum þeim tómleika sem við höfum búið við hér á Alþ. að undanförnu. Við vitum að eitthvað mikið hefur verið að gerast í herbúðum stjórnarflokkanna þessa dagana, en það gerist heldur lítið á hv. Alþ. Við erum látnir bauka hér við minni háttar mál eða sitja hér inni og hlusta á alllangar framsöguræður sumra hæstv. ráðh., sem þá hafa tekið upp þann hátt að tala þannig að enginn maður í salnum heyri

til þeirra. En það skiptir ekki miklu máli. Við vitum að öll stóru málin hafa verið til meðferðar einhvers staðar annars staðar og við erum látnir bíða, og það er helst að skilja á öllu, að við eigum, t. d. almennir þm. hér ekkert að fá að heyra varðandi afgreiðslu fjárl. fyrr en um miðjan desembermánuð eða þegar kannske tæp vika verður til jólafrís. Auðvitað er ekki staðið við marggefið loforð um það, að lánsfjáráætlunin, sem markar stefnuna í efnahagsmálum að verulegu leyti, sé lögð fram í nóvember, eins og margsinnis hefur verið lýst yfir af ríkisstj. að skyldi verða gert. Hún er ekki komin fram enn þá. Þetta þekkjum við öll hér á Alþ., hvernig er ástatt í þessum efnum. En hér er þó boðið upp á það að ræða um eitt mikilsvert málefni, þ. e. um aronskuna og deilurnar í Sjálfstfl. um það merkilega mál.

Nú er það svo, að þetta mál varðar ekki þá Sjálfstfl.-menn eina, og því er full ástæða til þess að ræða málið og það ítarlega hér á Alþ. nú þegar hæstv. iðnrh. er svo elskulegur að taka málið upp á þennan hátt.

Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum manni svo að segja í þessu landi, að fram hafa farið að undanförnu heiftúðlegar deilur innan Sjálfstfl. um afstöðuna til aronskunnar. Í þeim umr., sem hér fóru fram fyrir nokkru utan dagskrár á Alþ., gerði hæstv. forsrh. nokkra grein fyrir afstöðu sinni. Það hefur hann einnig gert á öðrum vettvangi. Og Morgunblaðið hefur greinilega sagt hver afstaða þess er. Afstaða hæstv. forsrh. var á þá lund, að hann væri algerlega á móti því að farið yrði til viðbótar við það sem er að taka við fjárgreiðslum frá hinu erlenda herliði sem dvelur í landinu. Það var mjög greinilegt á málflutningi hans, að hann undi þessu ástandi tiltölulega vel eins og það er. Að vísu lágu orð hans að því, að það þyrfti að meta á hverjum tíma aðstöðuna í þessum málum, í hinum svonefndu varnarmálum, og vissulega gæti það mat leitt til þess, að hér þyrfti að ráðast í enn frekari hernaðarframkvæmdir í landinu en gert hefur verið. Í þeim efnum hafði hann m. a. minnst á það, að til þess gæti komið, að gerður yrði sérstakur herflugvöllur á Austurlandi og þá þyrfti að tengja þann völl eða aðra slíka velli, sem kynnu að verða gerðir annars staðar á landinu, saman t. d. við herflugvöllinn hér syðra og þá væri greinilega komin upp ný staða. Og okkur fannst það ýmsum þm. hér, að það mætti lesa út úr þessum orðum hæstv. forsrh., að ef að þessu ráði yrði horfið eða ef þetta mál kæmi upp, þá lægju þessi mál nokkuð öðruvísi fyrir en nú og þá væri e. t. v. til í dæminu að fara að taka umtalsverðar greiðslur af hinu erlenda hernámsliði umfram það sem er í dag. En þegar gengið var að hæstv. forsrh. í sambandi við þetta, þá færðist hann mjög undan og lét eiginlega í það skína, að hann hefði minnst á hervöll á Austurlandi í þágu varnanna næstum að segja af tilviljun og til aðvörunar fyrir ýmsa o. s. frv., en í rauninni hefði hann ekki meint neitt með þessu og því væri ekki beint þörf á að ræða það. Svo sennilegt sem það er út af fyrir sig, þegar hann stóð í sínum flokki í því varnarstríði sem hann var þá í greinilega í sambandi við þessi mál þá nefndi hann slíkt stórmál sem þetta af einhverri hendingu.

Það hefur ekki heldur farið fram hjá okkur, að það voru ýmsir menn í Sjálfstfl. sem höfðu allt aðra skoðun á þessum málum en þá sem hæstv. forsrh. hefur túlkað. Dagblaðið Vísir hefur m. a. skýrt frá því, hver hafi verið afstaða hæstv. iðnrh. í þessum efnum, og haft eftir honum tiltekin ummæli sem hæstv. iðnrh. hefur nú afneitað. En mér sýnist að það, sem hæstv. iðnrh. sagði um afstöðu sína til þessara mála, sýni mjög ljóslega að hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. hafa hvor sína skoðun í þessu stóra máli, því að auðvitað snýst þetta mál, eins og það er lagt fyrir í dag, einfaldlega um það, hvort Íslendingar eigi að krefja hið amerísku herlið, sem dvelur í landinu, um frekari fjárgreiðslur en eru í dag. Um það snýst málið. Menn geta auðvitað kallað þessar frekari fjárgreiðslur ýmsum nöfnum. Hæstv. forsrh. hefur t. d. túlkað málið þannig, að hann sé alveg á móti því að selja landið. Hann vill ekki setja verðmiða á Ísland og selja það. Það eru einhverjir allt aðrir vondir menn, sem eflaust er að finna í Sjálfstfl., sem þetta vilja gera. Og hæstv. iðnrh. segir: Ég er á móti því að taka sérstakt leigugjald fyrir flugvöllinn eða nokkra sérstaka landleigu. — Það var greinilegt að hann var á móti sérstöku leigugjaldi fyrir varnarstöðina, eins og hann orðaði það. En hvað vildi þá hæstv. iðnrh. að gert yrði þó í þessum nýju fjárkröfumálum? Það var býsna athyglisvert. Jú, það var ljóst að hann vildi að hinn erlendi her tæki að einhverju verulegu leyti að sér almannavarnir í landinu, þó undir stjórn Íslendinga, nefndi í þessu sambandi, að það yrði að verja fólkið í landinu ekki síður en landið sjálft og til þess að hægt væri að verja fólkið þyrfti að huga að ýmsu í landinu sjálfu, m. a. að við byggjum við margar þröngar brýr og vonda vegi.

Til hvers er þetta nefnt? Fer það nokkuð á milli mála, að sá, sem þetta segir, vill láta víkka brýrnar svo að menn komist greiðlega þar yfir með það fólk sem á að bjarga? Fer nokkuð á milli mála, að hann vill láta lagfæra vegina og hann vill fá peninga frá einhverjum í þessa vegi? Hvort flokksbræður hans og flokkssystkini kalla þetta að hann vilji selja landið og setja verðmiða á Ísland eða ekki, það kemur ekki mikið við mig. Það skiptir ekki neinu höfuðmáli. Hér er aðeins spurningin um það, að sá aðili, sem talar á þennan hátt, vill fá meiri peninga fyrir snúð sinn.

Þetta var ekki það einasta sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. Hann vildi ýmislegt fleira. Hann taldi upp átta atriði. Hann nefndi það í öðru lagi, að við þyrftum að hafa íslenska sérfræðinga sem gæfu sig að þessum málum. Jú, það er ekkert um það að villast, að þar a. m. k. hefðu getað opnast möguleikar fyrir okkur að koma talsvert mörgum mönnum í vinnu og fá eitthvað fyrir þá til þess að snúast í kringum herliðið. Það er hægt að láta þá borga með ýmsum hætti, að ég tali nú ekki um það, þegar komið var að síðasta töluliðnum sem hæstv. ráðh.

taldi hér upp, en hann var eitthvað á þessa leið: Athuga þarf um það, hvort fleiri verktakar en nú taka þátt í framkvæmdum geti ekki komið til með að taka að sér framkvæmdir á vegum hersins.

Hæstv. forsrh. er tiltölulega ánægður með það ástand sem er. Hann vill hafa þetta nokkurn veginn eins og það er. Íslenskir aðalverktakar eru þarna komnir upp úr gömlum Sameinuðum verktökum sem hann stjórnaði einu sinni. Þetta er allt sæmilega gott og menn geta bara vel unað við það. Þeir græða vel. Framsókn fær sinn bita út úr öllu saman. Hún á svolítinn part í félaginu og hefur ekki verið að mögla í svipinn. Og hæstv. forsrh. og hluti Sjálfstfl. er ánægður með þetta fyrirkomulag. En svo kemur hæstv. iðnrh., varaformaður Sjálfstfl., og hann er óánægður með skipulagið. Hann vill athuga þetta betur, hvort ekki geti komið fleiri inn í þetta púkk. Hann er sýnilega með einhverja sem þurfa að komast þarna að líka. Þetta er auðskilið út af fyrir sig hjá þeim sem eru á fjörunum eftir því að fá þarna meiri peninga og vilja fá meira fyrir snúð sinn.

Hæstv. iðnrh. nefndi líka að herliðið þar suður frá fengi vörur sínar undanþegnar tolli. Jú, við höfum vitað lengi að þetta var svona. Af hverju nefnir hann þetta sem þriðja atriði? Hann vill sýnilega fara að láta herinn borga toll og fá peninga í tolltekjum af innflutningi þeirra. Ég gat ekki skilið mál hans á annan veg en þann. Þetta gat ekki komið inn í þessa upptalningu hafandi neina þýðingu, nema það væri meiningin að hafa út úr þeim peninga eftir þessari leið. Vissulega er þetta hægt. Það hefur oft verið minnst á þetta áður. En það var líka ljóst, að hæstv. forsrh. taldi ástandið viðunandi eins og það væri og var ekkert á því að fá frekari peninga, ekki eftir þessari leið heldur.

Svo nefndi hæstv. iðnrh. einnig að Íslendingar yrðu að greiða drepþungan bensínskatt til þess að halda uppi vegakerfinu í landinu, en þeir þarna innan girðingar fyrir sunnan slyppu alveg við þann skatt, en væru samt á okkar vegum. Það var augljóst mál, að hann vildi láta þá borga þarna eitthvað til samræmis við Íslendinga, þeir yrðu að borga eitthvert gjald til jöfnunar við það sem Íslendingar greiddu í bensínskatt.

Þegar þetta allt er tekið saman sem hér hefur verið nefnt, þá er augljóst að hæstv. iðnrh. er á því, að við eigum að láta hið ameríska herlið, sem hér dvelur, borga meira en það hefur gert. Hann hefur þegar fundið upp ýmsar leiðir til þess. Það er hægt að leggja á þá þetta gjald og hitt gjaldið, hinn skattinn, og koma að hjá þeim mönnum umfram það sem nú er. Það er hægt að hafa meira fé út úr þessu. En hæstv. forsrh. hafði áður túlkað að hann væri því algjörlega andvígur. Og það hefur Morgunblaðið einnig sagt í sínum málflutningi. Það vill ekki að við verðum fjárhagslega háðir hinu svonefnda varnarliði.

Ég segi það, að mér þykir þetta mál svo stórt og alvarlegt að full ástæða sé til þess, að hv. Alþ. eyði nokkru af þeim tíma, sem það á alveg nóg af núna í aðgerðarleysinu, til að ræða um þetta mál. Þannig er nú komið, að núv. ríkisstj. hefur siglt okkar efnahagsmálum fullkomlega í strand þrátt fyrir í rauninni einstætt góðæri, meiri framleiðslu til lands og sjávar en nokkru sinni áður og hærra verð fyrir okkar útflutningsvörur en við höfum nokkurn tíma áður fengið. Efnahagsvandinn er slíkur alls staðar, að allt er í rauninni í upplausn, og þrátt fyrir allt verða menn að játa að kaupmáttur hinna almennu launa er síst meiri en hann var þegar ríkisstj. tók við völdum. Það er svo sem eðlilegt, þegar þannig er komið, að þá komi það upp hjá ríkisstj. hvernig hún geti fundið upp á einhverjum nýjum leiðum til að krafsa inn viðbótarpeninga við það sem þegar er krafsað inn. Af þeim ástæðum auðvitað hefur aronskan komið svo mikið upp á yfirborðið eins og hún hefur gert nú upp á síðkastið. Nú gerast þeir menn allháværir sem segja: Við eigum ekki aðeins að hafa þetta herlið í landinu, sem er hér auðvitað fyrst og fremst á vegum Bandaríkjamanna sjálfra og fyrir þá, við eigum að hafa út úr herliðinu meira fé. Við eigum að athuga um það, hvort þeir þurfa ekki á því að halda að fá hér frekari herframkvæmdir í landinu. Við eigum að athuga hvort það er ekki hægt að koma fleiri mönnum í vinnu til þeirra. Við eigum að athuga hvort við komum ekki einhverjum nýjum verktökum inn í þennan mikla „bisness“. Og við eigum að athuga hvort ríkissjóður geti ekki fengið meiri tekjur af þessu liði en við höfum hingað til fengið.

Þetta eru ástæðurnar til þess að aronskan kemur upp. Menn eru búnir að sigla hér öllu í strand, og þá er til þess arna gripið. Hæstv. forsrh. er sýnilega hræddur við að fara þessa leið, m. a. vegna þess sem hann hefur sagt um þessi mál áður. Það er Morgunblaðið líka. Við höfum enn ekki heyrt hvaða leið það er sem hæstv. forsrh. og Morgunblaðið vilja fara til lausnar á efnahagsvandanum. Við sjáum nokkuð af því, hvað hæstv. iðnrh. vill gera til þess að leysa vandann. Ég held að það fari ekkert á milli mála, þó að hann afneiti þeim ummælum sem Vísir hefur haft eftir honum og hefur eflaust haft ranglega eftir honum, þá sýnist mér að kjarni málsins liggi ljóslega fyrir, að hæstv. iðnrh. hefur verið og er á þeirri skoðun, að hann vill taka meira gjald af hinum erlenda her en tekið hefur verið. Það er kjarni málsins. Hvort hann vill taka sérstakt fast leigugjald fyrir herstöðina eða ekki, það er í rauninni aðeins form á málinu, en ekki kjarni málsins.

Það verður mjög fróðlegt að heyra það þegar fleiri sjálfstæðismenn koma í þennan hóp og lýsa afstöðu sinni til þessa stóra máls. Við skulum vona að hér geti orðið fjörugar umr. og merkilegar um býsna stórt mál, því það er sýnilegt að innan Sjálfstfl. ríkir engin ein skoðun í málinu. Ég held að málið sé engan veginn þannig, að það sé eitthvað einangrað við formann Sjálfstfl. og varaformann. Það er ábyggilegt að innan flokksins eru stórar og sterkar fylkingar sem takast á um afstöðuna í þessu máli.

Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram, sem fram hefur komið frá mér, að mér þykir hernámið nógu bölvað, eins og það hefur verið, og nógu hættulegt fyrir okkur þó að ofan á þá skömm og þá áhættu alla bætist ekki að það eigi að gera okkur enn þá háðari þessu hernámi fjár-

hagslega en við höfum verið. Lengi getur vont versnað, eins og þar stendur. Og það er auðvitað enginn vafi á því, að ef farið yrði inn á þessa braut sem hæstv. iðnrh. er hér sýnilega talsmaður fyrir, — þó hann vilji kannske ekki kalla það aronsku, þá sýnist mér það vera aronska, — þá er greinilegt að þá værum við, ef yrði farið inn á þá braut sem hann boðar hér, að gera okkur háðari hinum erlenda her en við þó erum — og nóg er samt.

Það er enginn vafi á því, það er hægt að benda á ýmis sannindamerki um það, að það eru býsna sterkir aðilar erlendis sem hafa verið að ýta á með það að undanförnu að fá enn þá sterkari hernaðarleg ítök í okkar landi en þeir hafa í dag. Það hafa birst hér greinar úr erlendum blöðum í okkar íslensku blöðum síðustu daga, þar sem hefur greinilega komið fram, að opinskátt er rætt um það erlendis að það þurfi að fá hér miklu sterkari aðstöðu og víðtækari aðstöðu fyrir erlendan her en ameríski herinn býr við í dag. Það fer ekkert á milli mála, að það eru uppi till. í þessa átt, og við vitum um það, í forustuliði Sjálfstfl. hefur það komið fram margsinnis áður, að þar eru til ýmsir aðilar sem alltaf virðast vera tilbúnir til þess a. m. k. að hlusta á kröfur í þá átt að opna enn þá frekar fyrir hernámi hér í landinu en hefur verið. Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að ef við færum inn á þá braut að gerast fjárhagslega háðari hernáminu en við erum í dag, þá mundum við um leið vera að ryðja brautina fyrir enn þá frekara hernámi í landinu. Ég óttast það, að afleiðingin af því yrði m. a. sú, að það yrði fljótlega farið að byggja nýjan herflugvöll á Austurlandi og kannske enn annan á Norðurlandi og þeir yrðu þá enn þá fleiri Íslendingarnir sem snerust í kringum einhvern hernámsgróða. Og þá yrðu það einnig enn þá fleiri sem gæfust upp á því að reyna að stjórna efnahagsmálum Íslendinga. Að mínum dómi væri nær að við ræddum á eðlilegan hátt hér á Alþ. um þann stórkostlega vanda sem við stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum þjóðarinnar, eins og komið er, og hvað væri helst til úrræða í sambandi við það sem við getum augljóslega gert sjálfir, Íslendingar, án þess að ætla að grípa til slíkra óyndisúrræða eins og þarna er verið að togast á um í Sjálfstfl.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni, en ég vonast til þess að heyra eitthvað af framhaldinu af þeim deilum sem eiga sér stað innan Sjálfstfl.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þau orð, sem tveir síðustu ræðumenn hafa viðhaft, að mér finnst ræða hæstv. iðnrh. vera ákaflega athyglisverð. Satt best að segja kom upp í huga minn önnur ræða sem ég heyrði þennan sama mann halda árið 1945. Það var 1. des. þegar hingað höfðu borist kröfur frá Bandaríkjastjórn um þrjár herstöðvar á Íslandi í heila öld. Þá flutti hæstv. ráðh. einu ræðuna sem ég hef verið sammála úr hans munni. Hann varaði mjög alvarlega við og með miklum siðferðisþunga, Íslendingar mættu ekki beygja sig undir slíkar kröfur. En það hefur mikið breyst hjá þessum hæstv. ráðh. síðan og þá sögu ætla ég ekki að rifja upp. Við vitum nú fullvel það sem við vissum ekki 1945, að kröfugerð Bandaríkjanna átti sér æðilangan aðdraganda. Það hefur sagnfræðingurinn Þór Whitehead m. a. rakið í ákaflega fróðlegum greinum, og heildarathuganir hans munu birtast í doktorsritgerð nú á þessu ári og mun hún við birtingu leiða margt fleira í ljós. En aðdragandi þessa máls var sá, að ýmsir af forustumönnum þriggja flokka hér á Íslandi, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. voru á því að innlima Ísland í Bandaríkin. Um þetta eru óhnekkjanleg gögn bæði um viðtöl Vilhjálms Þórs um þetta efni og forustumanna úr Sjálfstfl. og Alþfl., þ. á m. tveggja fyrstu forseta íslenska lýðveldisins. Þetta er ljót saga, og við vitum miklu meira um hana en við vissum þá.

En þessi hugmynd, að Bandaríkin innlimuðu Ísland, á sér raunar æðilangan aðdraganda. Ég rakst á það í dönsku riti sem ég las nýlega um stöðu Grænlands, að þegar Bandaríkin keyptu Alaska af Rússum á síðari hluta 19. aldar voru uppi sterkar raddir um það í Bandaríkjunum að kaupa af Dönum Grænland og Ísland. Þessar raddir eru því æðidjúpar í hugsun bandarískra valdamanna, að líta eigi á Ísland aðeins sem hluta af Bandaríkjunum. Því miður hefur komið í ljós að hér á Íslandi, og það rétt eftir lýðveldisstofnun, voru áhrifamenn sem vildu fallast á þessa leið.

Kröfu Bandaríkjamanna um þrjár herstöðvar, sem þeir báru fram 1945, var hafnað. En bandarísk stjórnarvöld einsettu sér að ná markmiðum sínum í áföngum. Gerður var Keflavíkursamningur 1946 til að tryggja stöðu þeirra á Keflavíkurflugvelli, og það var samið um hernám 1951 af íslenskum stjórnarvöldum. Þá voru ýmsir bæði úr Sjálfstfl. og Framsfl. sem lögðu á það áherslu að seta bandarískra hermanna hér á Íslandi væri ill nauðsyn. Ég veit að sumir þeirra voru í raun þessarar skoðunar, þ. á m. þáv. leiðtogi Sjálfstfl., Bjarni heitinn Benediktsson. Ég veit það beint af viðtali við hann. En Bandaríkin héldu sínu striki.

Ég vil minna menn á hvað gerðist árið eftir að hingað kom bandarískur her 1951. Æðistórum hluta verkfærra manna í landinu var sópað suður á Keflavíkurflugvöll til þess að vinna störf fyrir hernámsliðið. Þrír stjórnmálaflokkar á Íslandi, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., sáu um þessa vinnumiðlun. Þeir létu njósna um skoðanir þess fólks sem vildi fá atvinnu á vellinum. Njósnað var um skoðanir þess og skoðanir aðstandenda þess. Búin var til spjaldskrá um skoðanir Íslendinga til afnota fyrir Bandaríkin á vegum þessara þriggja flokka. Það ástand, sem var komið hér upp á árunum eftir 1951, var ákaflega alvarlegt. Þá stóð til að gera Ísland að miklu stórfelldara hernaðarmóðurskipi en landið er nú. Það stóð til að gera hernaðarflugvöll á Suðurlandi og herskipahöfn einnig á Suðurlandi. Það stóð til að koma upp lægi fyrir kjarnorkukafbáta í Hvalfirði. Og íslenskir aðilar voru á bólakafi í samningagerð og viðræðum um þessi atriði. Þessir þrír flokkar sem ég hef nefnt: Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., skiptu þar á milli sín beinum hagsmunum, beinum fjármálahagsmunum. Og þeir létu sér ekki einu sinni nægja að taka við því fé sem Bandaríkin greiddu af miklu örlæti. Eitt af þeim félögum, sem stofnuð hafa verið fyrir

fjármuni íslenskra samvinnumanna, Olíufélagið hf. gerði sig sekt um stórfellda fjármálaglæpi, þ. á m. gjaldeyrisþjófnað, og forustumenn þess voru dæmdir í Hæstarétti — forustumenn þessa félags sem var stofnað fyrir fjármuni samvinnuhreyfingar á Íslandi.

Mér er spurn: Er enginn framsóknarmaður hér á þingi sem finnur til blygðunar yfir því að flokkur hans skuli hafa tekið þátt í atburðum af þessu tagi? Þarna hefur verið um óhemjulegt fjármálabrask að ræða, og ég er alveg sannfærður um að þessi þáttur, sem tókst að leiða fram í dagsljósið í sambandi við Olíufélagið hf., er aðeins brot af þeim fjárdrætti sem þarna hefur farið fram.

Við fengum nýlega í fréttum skýrslu um það, að dönsk stjórnarvöld hefðu greint frá því, að Íslendingar ættu á annað hundrað millj. kr. í dönskum bönkum. Ég hugsa að þetta sé æðilítill hluti af þeirri fjárhæð sem íslenskir aðilar eiga t. a. m. í Lundúnum og New York og í Sviss, þar sem fé af þessu tagi er falið og afbrotamenn borga fyrir að fela fé sitt fyrir sig. Það kom í ljós á sínum tíma í sambandi við olíumálið, að fé, sem hafði verið stolið undan af Olíufélaginu, var geymt í Sviss, og það tókst ekki fyrir Hæstarétti að afla neinna upplýsinga um þessa fjármuni.

Það hefur sannarlega farið fram sala í sambandi við bandaríska hersetu á Íslandi. Og eins og kom fram í máli hæstv. iðnrh. er það þessi þáttur sem nú á að leggja vaxandi áherslu á. Þegar bandarískur her kom hingað 1951 og samið var um stöðu hans, þá fékk hann ýmis ákaflega einkennileg fríðindi í samanburði við íslenska þegna í landinu, og ég man að þetta var mikið rætt á þingi þá. En þetta var allt saman varið með því, að hersetan ætti aðeins að standa skamma stund, þetta væri ill nauðsyn og það mætti ekki koma málum þannig fyrir að hersetan yrði eðlilegur þáttur í íslensku þjóðlífi. Þannig var þetta rökstutt. En rökstuðningur hæstv. iðnrh. áðan var um það, að hersetan ætti að vera til frambúðar eðlilegur þáttur í íslensku þjóðlífi. Hann vildi gera ráðstafanir til þess, að varnarliðið keypti meira af landbúnaðarvörum Íslendinga, af iðnaðarvörum Íslendinga. Hann vildi að fleiri íslenskir verktakar fengju að vinna á vellinum en verktakar þeir sem eru í Sameinuðum verktökum sem hæstv. forsrh. hafði einu sinni forustu fyrir, en þeim samtökum hefur verið lokað, þannig að ýmsir nýríkir menn hafa ekki aðstöðu til að hagnast í gegnum þau eins og er. Það er greinilega munur á viðhorfum þessara tveggja hæstv. ráðh. um þetta efni. Hæstv. iðnrh. vill að hinir nýríku fái einnig að njóta góðs af hersetunni, en hæstv. forsrh. vill að fornvinir hans sitji einir að þessu.

Þetta er leiðin til þess að koma í framkvæmd því sem bandarísk stjórnarvöld hugsuðu sér og forustumenn þriggja íslenskra stjórnmálaflokka töluðu um á síðari stríðsárunum, að gera bandarísk yfirráð yfir Íslandi varanleg. Þannig stóðu sakir eftir hernámið 1951, að meira en fjórðungur af gjaldeyristekjum íslensku þjóðarinnar kom af störfum í þágu hersins.

Eins og ég minntist á áðan var mönnum sópað á völlinn hvarvetna að af landinu. Það var skipulagt atvinnuleysi til þess að flæma menn suður á völl. Og málum var svo komið að við urðum að leita til vina okkar Færeyinga til að manna skipin, vegna þess að íslenskir sjómenn höfðu verið ráðnir í störf á Keflavíkurflugvelli. Þessu tókst sem betur fer að snúa við í tíð fyrri vinstri stjórnar á Íslandi. Tekjurnar af hersetunni duttu niður fyrir 5% af þjóðartekjum og urðu ekkert vandamál. En ef farið verður inn á þessa braut, að flækja fleiri og fleiri aðilum: iðnrekendum, bændum, inn í hersetuna, þannig að þeir eigi tekjur sínar undir því að erlendi herinn kaupi sem allra mest af afurðum þeirra, er verið að reyna að festa hernámið í sessi. Við þekkjum dæmi um þetta utan úr heimi. Möltubúar sitja enn þá uppi með mjög stórfelldar breskar herstöðvar. Þeir hafa lengi viljað losna við þessar herstöðvar og samþykkt það margsinnis í þjóðþingi sínu. En þeir hafa ekki getað það, vegna þess að efnahagsafkoma þessarar eyjar var orðin algjörlega háð störfum í þágu hins erlenda hers og ef herinn hefði farið hefði þjóðin staðið uppi verkefnalítil. Forsrh. Möltubúa hefur verið að reyna að finna úrræði til þess að losna við þessar erlendu herstöðvar, en hann hefur ekki fundið þessi úrræði. Það, sem felst í málflutningi hæstv. iðnrh., er að reyna að koma hliðstæðri hnappeldu á Íslendinga, að Íslendingar geti ekki af efnahagsástæðum losað sig við þennan erlenda her. Það er verið að reyna að framkvæma áformin um að innlima Ísland í Bandaríkin — þessi áform sem voru rædd af bandarískum og íslenskum ráðamönnum fyrir meira en 30 árum.

Þetta er það alvarlega í sambandi við þetta mál, að hér er verið að reyna að gera Íslendinga háða erlendri hersetu, þannig að við losnum aldrei framar við hinn erlenda her, þannig að mál þróist smátt og smátt svo að við verðum innlimuð í Bandaríkin, eins og talað var um opinskátt á síðari árum heimsstyrjaldarinnar.

Hæstv. iðnrh. sagði ýmislegt fleira sem vert væri að minnast á. Ég skal ljúka máli mínu, hæstv. forseti, ef ég fæ eina eða tvær mínútur í viðbót. (**Forseti:** Ég vildi aðeins grennslast eftir því, hvort hv. þm. ætti mikið eftir af ræðu sinni.) Ég get átt mikið eftir, en ég get líka stytt mál mitt. (**Forseti:** Það væri gott ef hv. þm. vildi gera það, því að þingfundi verður slitið nú innan tíðar.) Það var margt í ræðu hæstv. ráðh. sem ég vil gjarnan gera athugasemdir við. Hann var t. a. m. að tala um það, að ef til hernaðarátaka kæmi væru borgararnir varnarlausir, og minntist á vegi og brýr í því sambandi og að slíkt hefði ekki verið athugað. Þetta var athugað á sínum tíma. Íslenskur vísindamaður, Ágúst Valfells, gerði skýrslu um það, hvað gerast mundi, ef kjarnorkusprengju yrði varpað á Keflavíkurflugvöll, og hvernig ætti að bregðast við hér í Reykjavík einkanlega við geislavirku úrfelli. Muna menn hver niðurstaða hans var? Hún var sú, að æðihá prósenttala af Reykvíkingum mundu farast þegar í stað og eina leiðin til að bjarga lífinu væri að fara ofan í sem dýpsta kjallara — ekki að flytja sig eftir vegum eða brúm, heldur að grafa sig niður í jörðina, hafa þar matvælabirgðir og reyna að hafast þar við sem lengstan tíma. Þarna var vandinn, og ég hygg að þetta sé algjör-

lega raunsætt mat. Ef kæmi til hernaðar, þá yrði beitt aðferðum sem svokallaðar almennavarnir mundu lítið ráða við.

En alvarlega atriðið í þessu er það, að sú stefna virðist vera komin upp innan Sjálfstfl. að taka aftur upp þau gömlu viðhorf, að við eigum að afsala okkur sjálfstæði, vera undir bandarískri stjórn um alla framtíð, fyrst sem leppríki eða hvað á að kalla það og síðan sem hluti af Bandaríkjunum. Það er þetta sem kom fram í ræðu hæstv. iðnrh.

Umr. frestað.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 27. fundur.

Þriðjudaginn 6. des., að loknum 26. fundi.

Hámarkslaun o. fl., þáltill. (þskj. 111). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Launakjör og fríðindi embættismanna, þáltill. (þskj. 112). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 121). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rekstrar- og afurðalán til bænda, þáltill. (þskj. 127). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi, þáltill. (þskj. 45). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um framleiðslu og sölu áfengs öls, þáltill. (þskj. 60). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31. shlj. atkv. og umr. frestað.

Lagning bundins slitlags á þjóðvegi, þáltill. (þskj. 66). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 6. des.

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða.

Skriflegt svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, á þskj. 99, afhent þm. 6. des.

Þingmaðurinn hefur borið fram svofellda fyrirspurn um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða:

1. Fyrir hvaða fjárhæð hafa lífeyrissjóðir keypt skuldabréf af eftirtöldum sjóðum á árunum 1971—1976:
   a) Framkvæmdasjóði,
   b) Byggingarsjóði ríkisins,
   c) Öðrum fjárfestingarlánasjóðum?
2. Um hvaða lífeyrissjóði er hér að ræða og hvar eru þeir sveitfestir?
3. Hvaða lífeyrissjóðir hafa ekki tekið þátt í slíkum skuldabréfakaupum og hver er sveitfesti þeirra?
4. Hve miklu fé hafa lífeyrissjóðirnir ráðstafað samanlagt til lána og skuldabréfakaupa?

Fjármálaráðuneytið hefur aflað upplýsinga frá Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði ríkisins og Seðlabanka Íslands sem settar eru fram í eftirfarandi fjórum töfluyfirlitum:

1. Skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Byggingarsjóði ríkisins árin 1971—1976.
2. Kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum Framkvæmdasjóðs á árunum 1973—1976.
3. Sala skuldabréfa nokkurra fjárfestingarlánasjóða til lífeyrissjóða.
4. Útlán og skuldabréfakaup lífeyrissjóða á árunum 1971—1976.

1. Skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Byggingarsjóði ríkisins árin 1971—1976.
(þús. kr.).

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Samtals
I Lífeyrissjóðir ASÍ							
Lífsj. ASB og BSFÍ				3 000	2 500	2 500	8 000
„ Austurlands			5 500	9 000	15 000	21 000	50 500
„ Bolungarvíkur				1 000	3 300	8 000	12 300
„ bókbindara	330	500	400	2 000	4 000	3 800	11 030
„ byggingariðnaðarm. í Hafnarf.				1 200	2 500	4 000	7 700

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Samtals
Lífsj. byggingarmanna		2 000	2 000	6 000	20 000	36 000	66 000
„ Dagsbrúnar og Framsóknar		5 000	5 000	50 000	100 000	130 000	290 000
„ Félags íslenskra hljómlistarm.				620	2 000	2 000	4 620
„ Félags starfsfólks í veitingah.				1 500	3 000	8 000	12 500
„ Flugvirkjafélags Íslands	600	1 600	800	5 000	8 000	13 000	29 000
„ framreiðslumanna					1 600	2 000	3 600
„ Hlífar og Framtíðar		2 500	500	15 000	12 000	23 000	53 000
„ Iðnaðarmannafélags Suðurn.					300		300
„ Landssamb. vörubifreiðastj.		500	500	4 000	10 000	12 000	27 000
„ málm- og skipasmiða		1 000		10 000	20 000	25 000	56 000
„ matreiðslumanna	50	300	300	2 500	2 000	4 000	9 150
„ múrara	260	1 500		4 000	5 000	9 000	19 760
„ Múrarafélags Suðurnesja				230	200	400	830
„ prentara		2 000	1 000	2 000	11 000	24 000	40 000
„ rafiðnaðarmanna				3 200	7 000	16 000	26 200
„ Rangæinga					2 000	4 000	6 000
„ sjómanna	5 000	15 000		20 000	80 000	80 000	200 000
„ Sóknar		750	1 750	15 000	33 000	40 000	90 500
„ stéttarfélaga í Skagafirði				2 500	4 000	5 000	11 500
„ verkalýðsfélaga á Suðurlandi			420		8 500	10 000	18 920
„ trésmiða á Akureyri			800	850	2 200	4 500	8 350
„ verkalýðsfélaga á Suðurnesjum			3 000	8 000	20 000	48 000	79 000
„ verkafólks í Grindavík				1 500	5 000	10 000	16 500
„ verkalýðsfélaga á Norðurlandi				5 300	7 000	22 000	34 300
„ verkalýðsfélaga á Vesturlandi				3 400	12 500	12 000	27 900
„ verkamanna, Hvammstanga				1 100	2 000	3 000	6 100
„ verksmiðjufólks	500	750	2 250	15 000	32 000	45 000	95 500
„ verslunarmanna	8 000	8 000	9 000	20 000	90 000	70 000	205 000
„ Vestfirðinga				12 000	15 000	20 000	47 000
„ Vestmannaeyinga		1 500		7 000	10 000	10 000	28 500
„ Björg				4 000	6 000	12 000	22 000
„ Sameining		2 500		10 000	15 000	38 000	65 500
„ Nótar, Reykjavík						600	600
„ Verkalýðsfélags Hólmavíkur						1 000	1 000
„ verkalýðsfélags í Kaldranan.hr.				400			400
Samtals	14 740	45 400	33 220	246 300	573 600	778 800	1 692 060

II Opinberir lífeyrissjóðir

Eftirlsj. Kópavogs	240		300				540
„ Akureyrar		300			1 000	2 000	3 300
„ Hafnarfjarðar		750		2 700	2 000	1 000	6 450
„ Keflavíkur	320		440		1 400	3 000	5 160
„ starfsm. Búnaðarbankans	1 000		1 000				2 000
„ starfsm. Landsb. og Samvb.		2 500				20 000	22 500
„ starfsmanna Útvegsbankans	750		1 100			6 000	7 850
Lífsj. barnakennara	800	4 000		5 000			9 800
„ Neskaupstaðar	110				1 000		1 110
„ hjúkrunarkvenna	200				4 000		4 200
„ starfsm. Ísafjarðar	100	150			1 000		1 250
„ starfsm. ríkisins	9 000	45 000		50 000	100 000		204 000
„ starfsm. Vestmannaeyja	50	200					250
„ starfsm. Reykjavíkur	2 200		1 500				3 700
„ starfsm. Akraness	250						250
Samtals	15 020	52 900	4 340	57 700	110 400	32 000	272 360

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Samtals
III Aðrir lífeyrissjóðir							
Alm. lífeyrissj. iðnaðarmanna	200		900		3 000	1 500	5 600
Eftirlsj. og örorkusj. RAFHA						2 000	2 000
„ Olíuverslunar Íslands		1 000	2 000		4 000	5 000	12 000
„ Olíufélagsins Skeljungs	220	1 800					2 020

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Samtals
Lífsj. apótekara og lyfjafræðinga ...		750	750		1 000	5 000	7 500
„ blaðamanna ...	200	400			2 000	5 000	7 600
„ slökkviliðsmanna, Keflavíflugv.	440		750	1 600		5 000	7 790
„ Eimskipafélags Íslands ...		2 000	800	5 000	7 000		14 800
„ ísl. stjórnunarstöðvar Keflavík	310		450	500	2 000	1 000	4 260
„ KEA ...		1 000	1 000				2 000
„ lækna ...		360				14 000	14 360
„ Mjólkursamsölunnar ...	1 000	2 000	1 000		21 500		25 500
„ SÍS ...	2 500	7 500	7 500		20 000	55 000	92 500
„ starfsm. Áburðarv. ...		1 250		3 000	7 000	4 000	15 250
„ starfsm. SÍF ...	150				600	500	1 250
„ starfsm. Sjóvá ...		300			2 700	800	3 800
„ Tannlæknafél. Íslands ...					500	600	1 100
„ tæknifræðinga ...	110	250					360
„ Verkfræðingafélags Íslands ...			500	7 000	12 000	17 000	36 500
„ verkstjóra ...	400	1 200	1 200	12 000	20 000	30 000	64 800
„ Hlíf ...	550		2 000		5 000		7 550
„ Skjöldur ...	700		1 800		6 500	8 000	17 000
Tryggingasjóður löggiltra endursk.					2 000	2 000	4 000
Sjúkrasjóður prentara ...				2 000	1 000	2 500	5 500
Íslensk endurtrygging ...				6 000	6 000		12 000
Hið íslenska prentarafélag ...				2 000			2 000
Samtals	6 780	19 810	20 650	39 100	123 800	158 900	369 040

	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Samtals
IV Samantekt							
I Lífeyrissjóðir ASÍ ...	14 740	45 400	33 220	246 300	573 600	778 800	1 692 060
II Opinberir lífeyrissjóðir ...	15 020	52 900	4 340	57 700	110 400	32 000	272 360
III Aðrir lífeyrissjóðir ...	6 780	19 810	20 650	39 100	123 800	158 900	369 040
Samtals	36 540	118 110	58 210	343 100	807 800	969 700	2 333 460

2. Kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum Framkvæmdasjóðs Íslands á árunum 1973—1976.

(þús. kr.).

	1973	1974	1975	1976	Samtals
Lífsj. Iðnaðarm. Suðurnesja ...		500		1 000	1 500
„ bókbindara ...		2 000			2 000
„ Hlíf ...		4 000			4 000
„ Skjöldur ...		4 600	1 000		5 600
„ lækna ...		10 000	15 000		25 000
„ málm- og skipasmiða ...		5 000			5 000
„ apótekara og lyfjafræðinga ...		3 000	1 000		4 000
„ starfsmanna S.Í.F. ...		1 600	1 000		2 600
„ Arkitektafélags Íslands ...		500	400	750	1 650
„ Félags íslenskra leikara ...			1 000	1 000	2 000
„ starfsmanna Ísafjarðarkaupstaðar ...			1 000		1 000
„ slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli ...			2 000		2 000
„ starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar ...				9 000	9 000
Eftirlsj. atvinnuflugmanna ...		15 000	25 000	25 000	65 000
„ Hafnarfjarðarkaupstaðar ...	1 100		1 000		2 100
„ Olíuverslunar Íslands hf. ...	3 000	5 500	4 000	7 000	19 500
„ Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands ...	3 000	10 200	16 000	10 000	39 200
„ Olífélagsins Skeljungur ...		2 000	7 500	12 500	22 000
„ Búnaðarbanka Íslands ...		3 500	6 000	8 000	17 500
„ Útvegsbanka Íslands ...		1 800	2 500		4 300
„ Sláturfélags Suðurlands ...		6 000			6 000
„ starfsmanna Keflavíkur ...		1 200			1 200

	1973	1974	1975	1976	Samtals
Lífsj. S.Í.S.	20 000	30 000	80 000	20 000	150 000
„ Mjólkursamsölunnar	3 500	8 500			12 000
„ prentara	2 000	2 000			4 000
„ bænda	12 000	16 000	30 000	60 000	118 000
„ trésmiða á Akureyri	350				350
„ Eimskipafélags Íslands	4 000	5 500	6 000	23 000	38 500
„ Tæknifræðingafélags Íslands	300	1 900	3 000	5 500	10 700
„ múrara	2 000				2 000
„ Hlífar og Framtíðar	4 000				4 000
„ K.E.A.	2 000	10 000	6 000	10 000	28 000
„ Verkfræðingafélags Íslands	2 000				2 000
„ Félags íslenskra hljómlistarmanna	300	700			1 000
„ sjómanna	20 000	30 000		60 000	110 000
„ starfsmanna ríkisins	42 000			200 000	242 000
„ Sóknar	9 000	15 000	12 000	75 000	111 000
„ verslunarmanna	15 000	20 000		30 000	65 000
„ starfsmanna Sjóvá	400	4 050	2 200	5 250	11 900
„ verkalýðsfélaga í Vesturlandskjördæmi	3 000	5 000		12 000	20 000
„ stéttarfélaga í Skagafirði	1 000				1 000
„ Dagsbrúnar og Framsóknar	15 000				15 000
„ hjúkrunarkvenna	1 500	3 000			4 500
„ blaðamanna	2 000				2 000
„ barnakennara		5 000		30 000	35 000
„ verkalýðsfélaga í Norðurlandi vestra		5 300			5 300
„ byggingarmanna Hallveigarstíg		10 000			10 000
Elli- og örorkubótasjóður Rafha		750			750
Elli- og örorkutryggingasjóður lækna		2 500			2 500
Almennur lífeyrissjóður iðnaðarmanna		2 000		4 000	6 000
Biðreikningur lífeyrissjóða				134 300	134 300
Samtals	168 450	253 600	223 600	743 300	1 388 950

3. Sala skuldabréfa nokkurra fjárfestingalánasjóða til lífeyrissjóða.

(millj. kr.).

	1972	1973	1974	1975	1976
Stofnlánadeild landbúnaðarins					
Lífeyrissjóður bænda	15	57	105	141	152
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands					
Lífeyrissjóður bænda	25	25	35	50	60
Verslunarlánasjóður					
Lífeyrissjóður verslunarmanna	28	30	61	60	100
Stofnlánadeild samvinnufélaga					
Lífeyrissjóður S.Í.S.				14	8

4. Útlán og skuldabréfakaup lífeyrissjóða á árunum 1971—1976.

(millj. kr.).

	1971	1972	1973	1974	1975*)	1976**)
Útlán og skuldabréfakaup samtals	981	1 570	2 409	3 536	5 650	8 600
Sundurliðun:						
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	26	30	35	9	10	90
Bæjar- og sveitarfélög	4	6	13	4	5	5
Fjárfestingalánasjóðir	90	191	355	852	1 345	2 058
Fyrirtæki	58	86	163	78	80	72
Einstaklingar	803	1 257	1 843	2 593	4 210	6 375

*) Bráðabirgðatölur
**) Áætlun

Efri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 134). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í gildandi lögum um verðjöfnunargjald af raforku er ákveðið að lögin gildi til ársloka 1977. Þetta frv. fer fram á að framlengja lögin til ársloka 1978. Eins og kunnugt er gengur verðjöfnunargjald á raforku til þess að greiða rekstrarhalla Rafmagnsveitna ríkisins. En nú er í þessu frv. lagt til að verðjöfnunargjaldinu verði skipt milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða þannig að Rafmagnsveiturnar fá 80% gjaldsins og Orkubúið 20%.

Á þingi 1976, um vorið, voru samþykkt frá Alþingi lög um stofnun Orkubús Vestfjarða. Síðan var unnið að framkvæmd þess máls sem kostaði að sjálfsögðu mikla undirbúningsvinnu. Orkubúið var síðan stofnað formlega á s.l. hausti, og eins og lögin gerðu ráð fyrir er það að 60% eign sveitarfélaganna á Vestfjörðum, en 40% eign ríkisins. Orkubúið tekur við öllum rekstri Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, og í sameignarsamningi milli ríkis og Vestfirðinga um stofnun Orkubúsins er m.a. tekið fram að meginforsendur fyrir stofnun Orkubúsins skuli vera þessar:

1. Fullnægt verði orkuþörf Vestfirðinga með innlendum orkugjöfum.
2. Vestfirðingar búi við sambærilegt orkuverð og aðrir landsmenn.
3. Orkubúið hafi traustan rekstrargrundvöll.

Við athugun á rekstrarafkomu Orkubúsins, en fram fóru mjög ítarlegar athuganir á því máli, kom fram að nauðsynlegt væri að Orkubúið fengi í sinn hlut 20% af verðjöfnunargjaldinu. Það er efni þessa frv. Í sameignarsamningi milli aðila hét ríkisstj. að beita sér fyrir því, að Orkubúið fái sem svarar 20% af tekjum af verðjöfnunargjaldi.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég tel að þau gögn, sem hafa verið lögð fram í sambandi við þetta mál, séu engan veginn fullnægjandi, og þar sem lagt hefur verið til að þessu máli verði vísað til hv. iðnn. þessarar d. og ég á ekki sæti í henni mun ég fara þess á leit að fá ýmsar upplýsingar. Hitt er svo annað mál, að það er að mínum dómi út af fyrir sig óeðlilegt að vísa máli sem þessu til iðnn. Hér er um skattlagningu að ræða og skiptingu á þeim skatti sem er fyrst og fremst fjárhagsmál, og þess vegna á þetta mál í reynd fremur heima í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að hér á Alþ., eins og kom fram hjá hæstv. iðnrh., voru samþykkt lög, ekki um stofnun Orkubús Vestfjarða, heldur um heimild fyrir ríkisstj. til þess að setja á stofn orkufyrirtæki er nefnist Orkubú Vestfjarða. Þegar þessi lög voru afgreidd voru ýmsir liðir óljósir og ýmsir hlutir óljósir, og ég tel nauðsynlegt að deildinni verði gerð nánari grein fyrir gangi mála frá því að þau heimildarlög voru samþykkt.

Í fyrsta lagi vil ég fá gögn um það, hver rekstrargrundvöllur Orkubús Vestfjarða er á næsta ári sérstaklega og á næstu árum. Í frv. til l. um Orkubú Vestfjarða var fjárhagsáætlun um rekstur Orkubús Vestfjarða sem var dregin í efa og Rafmagnsveitur ríkisins voru með ýmsa fyrirvara við, og ég mun koma að því síðar.

Einnig vildi ég fá að vita í öðru lagi, hvernig sölu á eignum RARIK til Orkubús Vestfjarða var háttað. Það er ljóst og var ljóst, að fjmrh. var á sínum tíma, þegar frv. var samþykkt, með fyrirvara þess efnis, að þessar eignir yrðu ekki seldar nema fullt samkomulag næðist á milli Rafmagnsveitnanna eða ríkisins annars vegar og Orkubúsins hins vegar. Og 5. gr. var breytt þannig, að Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður skuli afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum, enda yfirtaki fyrirtækið samkv. samkomulagi skuldir vegna mannvirkja þeirra sem það tekur við. Ég vil fá að vita hvernig þessum málum var háttað og á hvaða verði þessar eignir voru yfirteknar.

Í þriðja lagi vil ég fá að vita, hvaða áhrif þessi breyting hefur á rekstur Rafmagnsveitna ríkisins og í framhaldi af því verðlagningu á þjónustu frá Rafmagnsveitum ríkisins og hvernig það hlutfall, sem hér er ákveðið að eigi að renna til Orkubús Vestfjarða, 20%, er almennt fengið og hver er forsenda þess, að þetta hlutfall er þannig ákveðið. Ég sagði áðan, að þegar lögin voru samþykkt á sínum tíma hafi ýmsar spurningar verið uppi, og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — vitna í umsögn Rafmagnsveitna ríkisins sem send var Alþingi þegar þessi lög voru samþykkt. En m.a. segir þannig í þeirri umsögn:

„Vegna erfiðra aðstæðna, strjálbýlis, fjöllótts landslags og veðurfars, hefur rekstur Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum ávallt verið með fjárhagslegum halla. Verðlag raforku hefur verið hið sama og á öðrum svæðum landsins þar sem Rafmagnsveitur hafa á hendi raforkusölu. Hallinn hefur verið borinn uppi með betri afkomu annarra svæða og með verðjöfnunargjaldi óskiptu í heild fyrir öll svæðin."

Þetta kemur út af fyrir sig ekkert á óvart. Þetta er svona í fleiri landshlutum, eins og allir vita. Ef Rafmagnsveiturnar hætta starfrækslu á Vestfjörðum dettur að sjálfsögðu út sá fjárhagslegi stuðningur sem Vestfirðir njóta nú af því að vera í fjárhagslegum tengslum við þau raforkusvæði sem betri afkomu hafa. Ég hygg að m.a. til þess að bæta hér um sé lagt hér fram frv. til l. um að Orkubú Vestfjarða fái 20% af verðjöfnunargjaldi, og þess vegna er nauðsynlegt að vita hvernig það kemur út fyrir þetta fyrirtæki.

Síðan segir í þessari grg.: „Verði stefnt að sömu eða svipaðri meðferð á Rafmagnsveitum ríkisins eða þátttöku ríkisins í rafveitumálum landsins almennt og gert er í frv. um Orkubú Vestfjarða kemur sjálfsagt til beinna kasta Alþ. að leysa hinn stórkostlega fjárhagsvanda raforkuiðnaðarins sem við blasir í náinni framtíð. Þetta verður væntanlega gert í formi einhvers

konar verðjöfnunar, í formi beinna rekstrarstyrkja eða með yfirtöku ríkisins á lánum og eða framlögum til nýframkvæmda. Hér kemur vafalaust til sviptinga um skiptingu fjárins á milli kjördæmanna ef enginn er samnefnari lengur frá ríkisins hálfu, þ. e. a. s. Rafmagnsveitur ríkisins."

Síðan segir í þessari umsögn: „Í nefndri grg. er skýrt frá samstarfshópi sem hefði starfað að henni. Hér er um að ræða nafngreinda verkfræðinga o. fl. Þá fylgja grg. itarlegar töflur um væntanlega afkomu Orkubús Vestfjarða, svo og uppdrættir, en ekki verður séð hver beri ábyrgð á þeim gögnum, því að engin áritun finnst á þeim er sýni höfund þeirra. Í grg. þessari eru margvíslegir ágallar og skal því bent á nokkra þeirra.

Svo sem kunnugt er hafa Rafmagnsveiturnar nýlokið Mjólkárvirkjun II og eru nú að hefja framkvæmdir við svonefnda Hófsárveitu, sem mun auka framleiðslugetu Mjólkár I um 6 gwst., en kostnaður þeirrar framkvæmdar er áætlaður um 165 millj. kr. Næsta skref Rafmagnsveitnanna er síðan fyrirhugað Dynjandisvirkjun með 12 mw. afli, en kostnaður hennar er áætlaður 1960 millj. kr. Í grg. er hins vegar ekkert minnst á Hófsárveitu, sem að sjálfsögðu hefur áhrif á vinnslu- og fjárhagsmál heildarkerfisins. Á hinn bóginn er tekin í grg. Suður-Fossárvirkjun, sem ekki er hafin bygging á og sem sérskipuð nefnd rn. annast um. Vegagerð er hafin, en framkvæmdir stöðvaðar með brottfellingu fjárveitinga á þessu ári."

Það kom fram t. d. í sambandi við þessa virkjun, að hún hefði ekki fjárhagsgrundvöll. Síðan kemur hér:

„Í rekstraráætlun grg. er gert ráð fyrir að orkuverð á veitusvæði Orkubús Vestfjarða verði sambærilegt við það sem best gerist annars staðar á landinu. Þessi bjartsýni er fengin með því að fella niður stóran hluta kostnaðarliða og auk þess safna saman vaxtalausum skuldum af hallarekstri og skal það hér skýrt nánar."

Mér þykja þetta það alvarlegar fullyrðingar, sem koma fram í þessari umsögn, að ég tel nauðsynlegt að þessi mál verði skýrð.

Í framhaldi af þessu kemur hér fram:

„Áður hefur verið minnst á að stofnkostnaður og skuldir, sem Orkubú Vestfjarða yfirtaki samkv. frv., séu pr. 31. 12. 1974 um 946 millj. kr. Pr. 31. 12. 1975 mun þessi tala vera mjög nálægt 1587 millj. kr. Ef yfirtaka fer fram í lok þessa árs, pr. 31. 12. 1976, má lauslega áætla að hér sé um 1800 millj. kr. að ræða. Ef afborganir og vextir af þessari fjárhæð eru reiknaðir 18%, þá er hér fjármagnskostnaður að upphæð 324 millj. kr."

Síðan segir: „þó að Suður-Fossárvirkjun sé ekki meðtalin, en Orkubú Vestfjarða reiknar ekki með henni til yfirtöku. Kostnaður virkjunarinnar ásamt tengingu við Vestfjarðakerfið mun vera áætlaður nálægt 570 millj. kr. og fjármagnskostnaður af þeim sökum einum um 100 millj. kr. eða alls eftir yfirtöku 424 millj. kr."

Og síðan segir hér: „Þrátt fyrir niðurfellingu þessa fjármagnskostnaðar og enda þótt enginn rekstrarkostnaður sé talinn vegna þeirra mannvirkja, sem Orkubú Vestfjarða yfirtekur, kemur fram rekstrarhalli í áætlun þeirra að upphæð 299 millj. kr. Árið 1985 er þannig reiknaður halli á árinu 727 millj. kr. án vaxta af þeim skuldum sem þannig skapast. Með 12% vöxtum er þessi halli þá orðinn um 1400 millj. og ársvextir um 150 millj. kr. Hér er þó ekki öll sagan sögð um það fjárhagsfen sem Vestfirðingar hætta sér út í með stofnun Orkubús Vestfjarða."

Síðan segir: „Í áætlun Orkubús Vestfjarða um rekstrarafkomuna, að slepptum áðurnefndum fjármagnskostnaði, 424 millj. kr., er reiknað með fjármagnskostnaði nýrra mannvirkja aðeins 12% (40 ára lán). Ef hér er reiknað raunsærra og miðað við 18% vexti, eykst útgjaldabyrði um nálægt 317 millj. kr. á ári. Halli Orkubús Vestfjarða er sem áður segir í grg. Orkubús Vestfjarða talinn 299 millj. kr. árið 1978, en ætti að reiknast," segir í umsögn Rafmagnsveitnanna, „299 millj. + 424 + 317 + 90 eða samtals 1140 millj. á því ári. Hugleiðingar um verðlækkun á raforku á Vestfjörðum með tilkomu Orkubús Vestfjarða, eins og gefið er í skyn í skýringum við frv., virðast því í hæsta máta óraunhæfar."

Síðan ætla ég aðeins að vitna í það sem segir hér að lokum í þessum kafla:

„Eins og áður er um getið munu Vestfirðir vera erfiðasti landshluti til rafvæðingar, en þeir njóta nú fjárhagsaðstoðar með því að vera hluti af heildarkerfi um landið svo og með hluta af verðjöfnunargjaldi sem á árinu 1976 mun vera um 650 millj. kr. fyrir allt landið. Það er því augljóst að stofnun Orkubús Vestfjarða er mikils til bjarnargreiði fyrir íbúa fjórðungsins nema til komi sérstök fjárhagsleg aðstoð í verulegum mæli frá ríki, sem þyrfti að vera langt umfram þær fjárhæðir sem fást með verðjöfnunargjaldi."

Ég skal út af fyrir sig ekkert fullyrða um þá hluti sem hér eru sagðir, ég hef enga aðstöðu til þess. En ég vil fá að vita hvaða skoðun Rafmagnsveitur ríkisins hafa í dag á þessu máli. Þetta er sú skoðun sem forystumenn Rafmagnsveitna ríkisins lýstu á þeim tíma, þ. e. a. s. Valgarð Thoroddsen rafmagnsveitustjóri og Guðjón Guðmundsson skrifstofustjóri Rafmagnsveitna ríkisins, og ég vil fá að vita hvaða breytingar hafa hér á orðið.

Ég tel út af fyrir sig ekkert því til fyrirstöðu, að stefnt verði að því að stofna Orkubú Vestfjarða, þ. e. a. s. ég er algerlega mótfallinn því, að Orkubú Vestfjarða sjái á einhvern hátt um raforkuvinnslu. En hins vegar er mjög óljóst hvert verður framhald þessara mála í öðrum landshlutum, og ég tel algerlega ótímabært nú að hefja rekstur á þessu fyrirtæki nema fyrir liggi mörkuð stefna og yfirlýsingar um það, á hvern hátt skuli staðið að þessum málum í öðrum landshlutum. Ég tel það ekki vera neinum til góðs að hefja þennan rekstur nú án þess að hafi verið gerð heildarúttekt á þessum málum. Það má vel vera að niðurstaðan verði sú, að það verði stofnuð orkubú í hinum ýmsu landshlutum, og ég skal verða fyrstur manna til að sætta mig við þá niðurstöðu verði komin fram sannfærandi rök og niðurstöður í því máli. En ég tel algerlega ótímabært að ana í þessa hluti fyrr en þetta liggur ljóst fyrir. Ég býst við að það væri vel hægt að vinna þannig að málum, að þetta mundi liggja nokkuð ljóst fyrir og stefna

tel að það geti vart legið svo á um byrjun á rekstri þessa fyrirtækis að það geti ekki beðið heildarstefnu í þessum málum. En ég ítreka það, að ég vil fá upplýsingar um gang mála síðan þessi lög voru samþykkt. Ég var þeirrar skoðunar, að Alþ. hefði alls ekki fengið nauðsynleg gögn til þess að byggja á samþykkt þeirra laga á þeim tíma, og þess vegna er enn þá brýnna að við þm. fáum skýr svör um það, hvernig þessum málum er háttað og hvernig afkomuhorfur bæði Orkubús Vestfjarða og ekki síst Rafmagnsveitna ríkisins eru.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég get verið mjög stuttorður. Ég vil aðeins taka í einu og öllu undir orð hv. síðasta ræðumanns, hafði það sama í huga, að vekja athygli á því, að óhjákvæmilegt væri að við fengjum nánari grg. með þessu frv., jafnframt því að ég tel eðlilegt að þetta mál fari til fjh.- og viðskn. Það er þannig vaxið.

Nú vita allir menn að langar umr. urðu í Sþ. um mótun og skipan í orkumálum og þar inn í fléttaðist hugmyndin um verðjöfnunargjald af orkusölu í landinu. Því tel ég mjög mikilvægt, þar sem það kom fram í Sþ. að verulegur meiri hluti virðist vera fyrir meginefni þeirrar þátill. er þar var lögð fram, en það voru hvorki meira né minna en allir þm. Framsfl. flm. að þeirri þáltill. að undanskildum ráðh., og ég verð því að óska þess eindregið, eins og hv. síðasti ræðumaður, að við fáum grg. um þessi mál og rekstraráætlun, mjög glögga, um Orkubú Vestfjarða, þar sem hæstv. ráðh. vitnaði í þarfir á skiptingu á þessu gjaldi vegna rekstrarörðugleika Orkubúsins.

Ég get vel ímyndað mér að við verðum að taka það skref, sem frv. gerir ráð fyrir, og er ekki að boða neina andspyrnu gagnvart frv. sem slíku. En er nákvæmlega þessi skipting nauðsynleg og hin eina rétta eða ekki? Eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, þá varðar aðra landsfjórðunga mjög um hvað þeir eiga í vændum, ef eftir þessari stefnu verður farið alfarið.

Ég sem sagt vil eindregið mælast til þess, að málið verði skoðað í nýju ljósi. Það kom ekki fram eða ég hnaut ekki um það í orðum hæstv. ráðh., hvort hann leggur á það áherslu að þetta fari í gegn þegar í stað eða ekki. Ef svo er, að við fáum sæmilegt svigrúm til að fjalla um málið og fá gögn í málinu, sem ég tel óhjákvæmilegt að við fáum, þá er það vel. En ég tel það mjög miður og tel vægast sagt ekki hægt að fylgja því ef það á að fara í gegn núna á einni viku eða svo.

Ég skal ekki hafa þessa aths. lengri, herra forseti, vildi aðeins undirstrika það, að þetta mál er svo stórt og að nokkru leyti um grundvallaratriði að ræða, að við hljótum að eiga rétt á verulega góðum grg. og athugunum á málinu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Báðir þeir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa lagt til að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn., en ekki til iðnn. Ég tel þetta á algerum misskilningi byggt. Á undanförnum þingum, þegar frv. um verðjöfnunargjald af raforku hefur verið til meðferðar í þingi, hefur því jafnan verið vísað til iðnn., en ekki fjh.- og viðskn. Í annan stað var frv. um stofnun Orkubús Vestfjarða til meðferðar hjá iðnn. beggja d., svo að miðað við það, sem áður hefur gerst í þessu, og raunar eðli málsins er sú till. eðlileg að frv. gangi til iðnn.

Hv. 5. þm. Austurl. óskaði eftir því að fá ýmsar upplýsingar um undirbúning og fjárhagslega könnun í sambandi við þetta mál. þær verða að sjálfsögðu í té látnar. Sú n., sem fær málið til meðferðar, mun vitanlega fá allar þær upplýsingar sem hún óskar eftir í þessu efni. Þær ættu að liggja fyrir við 2. umr. málsins, svo að hv. 5. þm. Austurl. sem mun ekki eiga sæti í iðnn., geti haft aðgang að þeim þá, eða fyrr ef hann óskar. Það mun ekkert á því standa.

Varðandi gagnrýni hv. þm. á þessu máli, þá er hún auðvitað ekki ný, því að það kom fram við umr. um frv. um Orkubú Vestfjarða að hv. þm. er þar á öðru máli. En það, sem hv. þm. leggur áherslu á, er að orkuvinnsla sé ekki í höndum Orkubúsins eða landshlutafyrirtækja. Hv. þm. veit að sjálfsögðu að hér er um mjög mikilvægt atriði að ræða. Og hann er í þessu efni í andstöðu við yfirlýsta stefnu Sambands ísl. sveitarfélaga og hann er í andstöðu við stefnu Sambands ísl. rafveitna. Bæði þessi sambönd hafa lýst því yfir, og ég ætla að um það hafi ekki verið ágreiningur eða þess hefur ekki orðið vart í þeim samböndum, — bæði þessi sambönd hafa ályktað eftir ítarlegar umr. á þingum sínum, að stefnt skuli að því að stofna til landshlutasamtaka sem hafi ekki aðeins dreifingu raforkunnar með höndum, heldur einnig orkuvinnsluna. Hv. þm. er einnig að þessu leyti í andstöðu við mikinn meiri hl. Alþ., sem samþykkti lög um Orkubú Vestfjarða. Hann auðvitað heldur sinni skoðun í því efni og hefur vafalaust sín rök fyrir því, En svona liggja nú málin fyrir.

Hv. þm. las hér upp nokkra kafla úr umsögn Rafmagnsveitna ríkisins, sem samin var snemma árs 1976, að ég ætla. Ýmislegt það, sem þar er sagt, þarf að sjálfsögðu endurskoðunar við miðað við þá reynslu eða þá þróun sem síðan hefur orðið. Eitt af því, sem hv. þm. las upp og lagði nokkra áherslu á, að því er virtist, var að það væri mikið fjárhagsfen sem Vestfirðingar væru að hætta sér út í. Nú vil ég upplýsa hv. þm. um að það var ekki aðeins að þetta mál væri, áður en það var lagt fyrir Alþ., rætt mjög ítarlega á Vestfjörðum, og Fjórðungssamband Vestfirðinga og sveitarstjórnir á Vestfjörðum stóðu, að ég ætla, einróma með þessu máli. Síðan, við allan undirbúning málsins, hefur verið haft náið samband bæði við orkuveitur á Vestfjörðum, haldnir fundir með þeim til þess að ræða eignayfirtöku og allt fyrirkomulag í sambandi við Orkubúið. Það var haldinn sérstakur undirbúningsstofnfundur, fyrst hér í Reykjavík með fulltrúum sveitarfélaganna og orkuveitnanna að vestan til þess að ræða allar hliðar þessa máls, og síðan á sjálfum stofnfundinum, sem haldinn var 26. ágúst s. l. á Ísafirði. Ég held því að Vestfirðingar, sem mér virðist standa einhuga að baki þessa máls, og það er eftir þeirra óskum sem Orkubúið var stofnað, hafi nú gert sér grein fyrir því, hvað þeir voru að leggja út í. Hins vegar munu þeir vafalaust hlusta með athygli á þær aðvaranir og ráðleggingar sem hv. 5. þm. Austurl. gefur þeim í

hefði verið mörkuð t. d. innan eins árs. Og ég þessu efni. Ég er hins vegar ekki viss um að Vestfirðingar séu honum sammála.

Hv. 1. landsk. þm. sagðist taka í einu og öllu undir orð hv. 5. þm. Austurl. Það virðist svo sem hann sé einnig á því máli hv. þm., að varðandi skipulagsmál orkumála skuli gengið gegn tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga og Sambands ísl. rafveitna. Ég held að hér sé um ákaflega mikilvægt mál að ræða, hvort það er skoðun þessara tveggja hv. þm., að stefna skuli að aukinni miðstýringu og miðstjórnarvaldi í þessum efnum, í stað þess sem a. m. k. sumir flokksbræðra þeirra hafa stundum látið í veðri vaka, að þeir vildu auka vald og verkefni sveitarfélaganna. Þessar yfirlýsingar þeirra ganga þvert á móti þeirri stefnu.

Ég skal taka það fram, að eins og kunnugt er, þá er sérstök skipulagsnefnd orkumála að verki nú og hefur unnið mikið starf og miklar athuganir farið þar fram og umr. Vonir standa til að hún geti skilað till. sínum nú á þessum vetri. Það er auðvitað mikið vandamál, hvernig á að koma þessum málum fyrir, og ég vil taka það strax fram á þessu stigi, að það er ekki víst að sama fyrirkomulag þurfi að gilda í öllum landshlutum í þessu efni. Það fer auðvitað mjög eftir því, hverjar óskir heimamanna eru í því efni. Ef rétt er hjá hv. 5. þm. Austurl., að heimamenn óski ekki eftir að hafa umráð eða forræði í þessum málum, heldur afhenda það miðstjórnarvaldi ríkisins, þá má vera að í þeim landshluta eigi ekki sama fyrirkomulag við og á Vestfjörðum, þar sem menn hafa eindregið óskað eftir að fá aukin umráð. Ég held að Vestfirðingar hafi fagnað því, þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað, að þar með fengju þeir heimastjórn orkumála, ákveðna með lögum um stofnun Orkubúsins.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér þykir rétt að blanda mér í þær umr. sem hér hafa farið fram, m. a. vegna þess að sem formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga tel ég mig hafa þó nokkra yfirsýn yfir forsögu þessa máls.

Þar er fyrst til að taka, að með hinni miklu verðhækkun, sem varð á olíu, urðu öll þau svæði, þar sem upphitun íbúðarhúsnæðis fór fram með olíu á eftir öðrum stöðum hvað lífskjör snerti, menn yrðu látnir borga skatta af því fjármagni sem fór til upphitunar íbúðarhúsa. Tekjurnar, sem menn þurftu að hafa fram yfir önnur svæði til að geta þetta, voru alls ekki svo litlar. Þetta skipti hundruðum þúsunda.

Við horfðum á það, að Rafmagnsveitur ríkisins voru að selja raforku til upphitunar á íbúðarhúsnæði langt undir kostnaðarverði. Þarna var um raforkusölu að ræða til beinnar rafhitunar. Ég vil halda því fram sem staðreynd, að rafhitun í því formi eigi engan rétt á sér í þorpunum hér á landi. Aðalástæðan er einfaldlega sú, að á þeim tíma sem vatnið er minnst í ánum og raforkuframleiðslan þar af leiðandi minnst er orkuþörfin mest fyrir beina rafhitun. Það er ekki hægt að gera meiri vitleysu í orkumálum en þá að keyra dísilstöðvar á fullu dag eftir dag til að framleiða rafmagn sem á að fara að hita upp íbúðarhúsnæði.

Jafnframt horfðum við á það, að ef svo færi að á mörgum stöðum vestra, sem ekki er nú vitað, fyndist heitt vatn, þá gæti farið svo, að þó að heitt vatn fyndist væri enginn grundvöllur fyrir því að koma þar upp hitaveitum, einfaldlega vegna þess að búið væri að koma þar upp beinni rafhitun. Við horfðum jafnframt á það, að þar sem það er staðreynd að hin beina rafhitun hefur verið seld langt undir kostnaðarverði, þá væri það alveg óvíst atriði gagnvart framtíðinni, hvort haldið yrði áfram að selja rafmagn svo langt undir kostnaðarverði, þegar menn almennt væru búnir að breyta til, eða hvort þá yrði farið í að breyta verðhlutföllunum.

Á Ísafirði og Patreksfirði voru reknar sjálfstæðar rafveitur og eru reknar þar enn. Þar er því þannig háttað, t. d. á Ísafirði, að menn kaupa visst magn af raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta er keypt af toppi. Sjálfir selja þeir svo Rafmagnsveitum ríkisins raforku frá dísilstöðvum. Það er keypt eftir þörf á hverjum tíma. Þeir hafa engan ávinning af því að minnka rafmagnskaup sín þó að minnki það rafmagn sem þeir selja til neytenda. Það er hagkvæmt hjá þeim að keyra dísilstöðina á fullu og láta vatnið renna fram hjá eigin virkjun og kaupa toppinn allan af Rafmagnsveitunum, eins og í pottinn er búið í dag.

Þarna er náttúrlega um beina sóun á fjármunum að ræða. Ég tel að það sé þungamiðjan í þessu atriði, hversu mjög sem menn greinir á um þetta, að sami aðilinn verði að selja orkuna til upphitunar íbúðarhúsnæðis og raforkuna. Ég tel jafnframt að það verði að taka það upp sem meginstefnu varðandi sölu á orku til upphitunar íbúðarhúsnæðis, að það sé verið að selja heitt vatn, þ. e. a. s. þegar næg raforka er til, verði hún notuð til að hita vatnið upp og selja það, en þegar raforkan er ekki til nema með keyrslu dísilstöðva, þá tel ég eðlilegt að vatnið verði hitað upp með svartolíu. Það er miklu ódýrari lausn.

Aðalástæðan fyrir því, að farið er af stað með Orkubú Vestfjarða, er ekki hugmyndin um það, að við teljum að almenningur eigi með því kost á að fá raforku á ódýrara verði en aðrir landsmenn. Það hvarflar ekki að nokkrum manni þar vestra sem að þessum málum hafa staðið. Hins vegar horfðum við á það sem staðreynd, að raforkan er ekki þyngsti liðurinn í kostnaði á orku sem almenningur þarf að greiða. Þyngsti liðurinn er upphitun á íbúðarhúsnæðinu. Og við horfum á það sem staðreynd, að ef sami aðilinn hefur á hendi sölu á raforku og sölu á heitu vatni, þá getur hann látið þessa þætti vinna saman á miklu skynsamlegri hátt en þau viðskipti virðast hafa verið sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa átt við hinar ýmsu rafveitur sem hafa verið og eru á þessum svæðum.

Ég vil bæta því við í lokin, að ég tel að það sé mjög til óþurftar, eins og þessi mál standa nú, ef Alþ. færi að stöðva þá stefnu sem þarna er búið að marka. Ég vil þá beina því til þeirra, sem leggjast hart gegn því að Orkubúið fái þessi 20% af verðjöfnunargjaldinu, að þeir hugleiði það, að samkvæmt umsögn Rafmagnsveitna ríkisins blasir við að þetta orkusvæði muni hafa fengið fullkomlega þessi 20%. Það er látið í það skína, að það hafi fengið mest-

allt verðjöfnunargjaldið. Jafnframt vil ég bæta því við, að ég tel að það væri mjög tímabært hjá Rafmagnsveitum ríkisins að fara að hugleiða það, hvort þær væru reiðubúnar að selja orku í því formi heits vatns til upphitunar í íbúðarhúsnæði í þorpum úti um land, og endurskoða afstöðu sína til sölu á rafmagni til beinnar rafhitunar íbúðarhúsnæðis.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil síður en svo mæla gegn frv. þessu um verðjöfnunargjald af raforku og vil alls ekki bregða fæti fyrir það, að Vestfirðingar fái eðlilegan og lögmætan hlut af verðjöfnunargjaldi til sín þrátt fyrir stofnun Orkubús Vestfjarða, En ég tek eindregið undir óskir hv. 5. þm. Austurl. og hv. 1. landsk. um miklu ítarlegri grg. en er að finna í aths. við lagafrv. þetta, því það er sannast sagna að við umr. um lög um Orkubú Vestfjarða gerðu fjölmargir þm., sem greiddu frv. atkv., ýmsa fyrirvara í ræðum sínum, og miðuðu flestir að því að atfylgi þeirra við frv. væri bundið þeim skilmálum að með samþykkt þessa frv. yrði ekki í fyrsta lagi brugðið fæti fyrir markaða stefnu, sem virtist vera og virðist enn vera meirihlutafylgi við Alþ., — markaða stefnu um að orkuvinnsla og orkurannsóknir skuli vera á einni hendi, — né heldur brugðið fæti fyrir fyrirætlanir um samtengingu og raforkusölu um land allt á einu verði.

Ég vil rétt aðeins vekja athygli á því, ef ég kynni að geta sparað með því tíma við þessar umr., að hv. 5. þm. Austurl. var ekki í ræðu sinni áðan eða meginhluta ræðu sinnar að setja fram persónulegar skoðanir sínar á vandkvæðum þeim sem fylgdu Orkubúi Vestfjarða úr hlaði, heldur las hann upp úr álitsgerð frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem okkur fannst ýmsum að væri afgreidd heldur léttilega af hæstv. iðnrh. og öðrum þeim sem fastast fylgdu fram frv. um Orkubú Vestfjarða.

Við umr. um frv. um Orkubú Vestfjarða lögðu mjög margir þm. áherslu á kröfuna um það, að fylgst yrði með því, með hvaða hætti eignir Rafmagnsveitna ríkisins yrðu metnar til verðs, og gerðu kröfur um það, að sú hlið málsins, sem lyti að fjármögnuninni, kæmi til kasta Alþingis.

Ég ítreka það, að ég vil ekki bregða fæti fyrir það að Vestfirðingar fái sinn hluta af verðjöfnunargjaldinu. En ég er því mjög svo andsnúinn, að öðrum landshlutum verði bundinn baggi í þessu sambandi með lagasetningu um að nákvæmlega 20% af verðjöfnunargjaldinu skuli renna til Vestfjarða. Þetta vil ég ekki láta gera, nema því aðeins að málið hafi verið grandskoðað, við höfum komist að þeirri niðurstöðu að þetta sé rétt. Það kynnu að finnast aðrar leiðir en þessi til að tryggja Vestfirðingum nauðsynlegan styrk í viðureign sinni við ljón það sem fyrir fram var vitað að þeir mundu mæta á veginum, eftir að lög um Orkubú Vestfjarða kæmu til framkvæmda, og þeir vissu raunar af þarna.

Það var margt í sambandi við lög um Orkubú Vestfjarða, og hv. þm. þurfa ekki annað en að rifja það upp sjálfir með því að fletta upp í Alþingistíðindum, — það var ákaflega margt sem við ýmsir töldum að væri ekki nógu vel undirbúið í sambandi við það lagafrv. Sannleikurinn er sá, að það hefði ekki náð meiri hl. hér í d. ef ekki hefði verið farinn bónarvegur að þm. að setja ekki hitt og þetta fyrir sig sem ljósara hefði átt að vera og betur hefði mátt vinna, og ég tel að við verðum að ganga úr skugga um það, að ákvæðið um þessa hlutfallstölu af verðjöfnunargjaldi til Orkubús Vestfjarða bindi okkur ekki óhæfilega bagga, valdi ekki frekari vandræðum en við kölluðum yfir okkur raunverulega með því að flýta svo mjög afgreiðslu frv. um Orkubú Vestfjarða, sem kom of seint til umfjöllunar hér.

Enn ítreka ég það: Ég greiddi atkvæði með þessu frv. Ég var einn af þeim sem hörmuðu að það skyldi ekki vera betur undirbúið. Ég var einn af þeim sem gagnrýndu þann losarabrag sem var á fskj. og upplýsingum sem frv. fylgdu. Og ég tek undir það með hv. 5. þm. Austurl. og 1. landsk. þm., að ég tel eðlilegt af þessum sökum að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

Varðandi ummæli hæstv. iðnrh. um sérstaka afstöðu fyrrnefndra tveggja þm. til þeirra mála sem lúta að orkuöflun og orkurannsókn, og með tilvísun til ummæla hans um sérstaka n., sem nú fjallar um skipulag orkumála, leyfi ég mér að rifja það upp, að nú fyrir nokkrum dögum var rædd allítarlega í Sþ. þáltill., borin fram af þm. Framsfl., sem í öllum meginatriðum, öllu því sem máli skiptir, hnígur í sömu átt og mörkuð stefna Alþb. í skipulagi orkumála sem fram hefur komið einnig í þskj., sem hér hefur verið rætt og, eins og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson hefur lýst yfir bæði í Sþ. og eins hér, samrýmist gjörsamlega í öllu því sem máli skiptir stefnu Alþfl., þannig að hv. 5. þm. Austurl. var aðeins að gera grein fyrir stefnu í skipulagi orkumála sem augljóst er að yfirgnæfandi meirihlutastuðningur er fyrir hér á hv. Alþ. Ég hef komist á þá skoðun við umr. hér, að sannarlega væri tímabært að skera úr um það við atkvgr. Ég sé ekki betur en það sé orðið beinlínis brýnt, vegna þess að valdamenn, þ. á m. hæstv. iðnrh., hann leyfir sér að koma hér í stólinn og vitna í samþykktir Sambands ísl. sveitarfélaga og Sambands ísl. rafveitna til stuðnings því máli sínu, að þm., sem eru þeirrar skoðunar að æskilegt sé að hafa á einni hendi orkuöflun og orkurannsóknir, hafi rangt fyrir sér og brjóti í bága við almannavilja. Af þeim sökum ítreka ég þetta. Ég vildi gjarnan að þessi þáltill. framsóknarmanna í Sþ. kæmi raunverulega til afgreiðslu nú á þessu þingi, þannig að úr því fengist skorið.

Og aðeins í lokin þetta: Ég óska þess, að fjh.- og viðskn. fjalli um þetta frv. núna til að byrja með, vegna þess með hvaða hætti fjármál Orkubús Vestfjarða eru flækt inn í frv. um verðjöfnunargjald af raforku sem flutt hefur verið áður í svipuðum myndum, en í miklu einfaldari tilgangi.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir að verða við því að leggja hér fram ýmsar upplýsingar sem ég tel eðlilegt að hefðu verið lagðar fram með þessu frv. Það hefði a. m. k. getað flýtt fyrir afgreiðslu þessa máls, sem er svo stórt að mínum dómi og nokkuð

seint fram komið, að það hefði verið eðlilegra að það hefðu fylgt ítarlegri gögn. T. d. kemur hér ekki fram, hvað þessi 20% eða hvað þetta verðjöfnunargjald allt er mikið. En ég veit að það er einfalt mál að upplýsa það og einfaldur útreikningur.

Hins vegar verð ég að segja það, að ég harma það sem ég vil kalla hreina útúrsnúninga, að þegar ég vitna í grg. Rafmagnsveitna ríkisins, þá leggur hæstv. iðnrh. það þannig út að Vestfirðingar muni væntanlega hlusta með athygli á ráðleggingar mínar. Ég var aðeins að lesa upp athugasemdir sérfræðinga, sem starfa og hafa starfað undir forsjá hæstv. iðnrh., og ég sagði það í upphafi máls míns, að ég hefði ekki fengið aðstöðu til að meta svo fjárhagsleg vandamál í þessu tilfelli að ég gæti dæmt um það. Þess vegna er ég undrandi á þeim útúrsnúningum sem þar komu fram. Ég vitnaði hér aðeins í skýrslu sem öllum þm. var send, að því er mig minnir, þegar þetta mál hafði verið afgr. héðan frá Ed., frv. til l. um stofnun Orkubús Vestfjarða, eða um það leyti sem lög um heimild fyrir ríkisstj. til stofnunar Orkubús Vestfjarða voru samþ.

Það má vel vera að skoðanir mínar séu ekki í samræmi við skoðanir Sambands ísl. sveitarfélaga og meiri hl. manna á Vestfjörðum.

Ég skildi hæstv. iðnrh. þannig, að varðandi áframhald þessa máls og framhald í öðrum landshlutum yrði fyrst og fremst farið eftir óskum einstakra landshluta, og það er út af fyrir sig mjög göfugt markmið og göfug stefna, ekki skal ég draga úr því, að fara eftir óskum manna, hvort sem það eru menn í heild sinni í einstökum landshlutum eða einstakir menn í þjóðfélaginu. Það er hins vegar ljóst, að skoðanir manna í hinum einstöku landshlutum geta verið mjög skiptar, og hér er um það að ræða að taka fyrsta skrefið án þess að tekið sé tillit til skoðana manna í öðrum landshlutum. Hér er verið að fjalla um eina heild, Rafmagnsveitur ríkisins, og hér er stigið fyrsta skrefið til skiptingar á því fyrirtæki.

Hæstv. iðnrh. sagði að ég vildi auka miðstýringuna í landinu. Ég gerði grein fyrir því í umr. í Sþ., að ég hef engan áhuga á því, þvert á móti, að auka miðstýringu í landinu. Þetta er einnig útúrsnúningur. Það er ekki þannig, að til þess að draga úr miðstýringu í einu þjóðfélagi sé nauðsynlegt að taka eitt fyrirtæki fyrir og skipta því upp í eins margar einingar og hugsanlegt er, með því sé dregið sem mest úr miðstýringunni. Það er hægt á ýmsan annan máta. Það er hægt að dreifa valdinu innan þessa fyrirtækis og dreifa stjórnun fyrirtækisins. Og þetta á við um fleiri fyrirtæki, eins og Póst og síma, Vegagerð ríkisins og fleiri fyrirtæki. Hins vegar er alveg ljóst, að það verður að vera ákveðin heildarsýn yfir þessi mál, hvort sem menn vilja kalla það miðstýringu eða eitthvað annað, það skiptir mig engu máli. Það er einnig ljóst, að ef við ætlum að tryggja jafnt raforkuverð í landinu, sem ég legg út af fyrir sig höfuðáherslu á, þá verður að vera á því ákveðin stýring. Verðjöfnun er stýring, og verðjöfnun er út af fyrir sig miðstýring. Það er svo að þessi markmið rekast oft hvert á annað og þarna verður að velja og hafna. Svo lengi sem við stefnum að því að ná svipuðu raforkuverði um allt land, þá býst ég ekki við að verði hjá því komist að á þessu verði ákveðin miðstýring.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég fagna því, að þessi gögn skuli vera lögð fram. Hins vegar finnst mér það óþarfi af iðnrh., þegar við biðjum um ákveðnar upplýsingar og vitnum í ákveðnar heimildir, að hann svari með útúrsnúningum af því tagi sem hér komu fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 9:6 atkv.

Neðri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Gjaldþrotalög, frv. (þskj. 120). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 12). — 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að hæstv. iðnrh. sé viðstaddur meðan ég mæli fyrir þessu frv.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Það verða gerðar ráðstafanir til að biðja hæstv. iðnrh. að koma, ef hann er ekki upptekinn við flutning máls í Ed. Hæstv. ráðh. er bundinn í Ed. við umr. um stjórnarfrv. svo að máli þessu verður frestað um stund.

Forseti tók málið af dagskrá síðar á fundinum.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 21). — Frh. 1. umr.

Lúðvík Jósepsson: Hv. forseti. Það gerist nú orðið nokkuð erfitt að eiga rökræður um tiltekin mál hér á hv. Alþ. þar sem langt líður á milli funda. Það sýnir sig í slíkum umr. að a. m. k. ýmsir hv. þm. eiga býsna erfitt með að halda þræðinum og vill þá nokkuð bera við að menn svari því, sem aldrei hefur verið sagt, eða ræði um allt annað en rætt hafði verið um. Mér hefur fundist nokkuð bera á þessu í umr. um þetta mál.

Þegar þetta mál var tekið fyrir á fundi 9. nóv. kvaddi ég mér hljóðs og ræddi nokkuð um málið. Ég vék í mínu máli einkum að þremur meginatriðum, sem mér fannst þetta mál skipta. Í fyrsta lagi vék ég nokkuð að því, að mér fyndist að þær umr., sem nú hefðu orðið um breyt. á kosningalögum og kjördæmaskipan, hefðu borið nokkurn keim af því, að haldið væri uppi sterkum áróðri gegn stjórnmálaflokkunum í landinu, það væri talið að allt illt stafaði frá þeim, þar væri um fámennisklíkur að ræða, sem sölsuðu

undir sig allt vald og vildu standa gegn því, að hinn almenni kjósandi fengi á eðlilegan hátt að njóta sín. Ég varaði við þessum áróðri og benti m. a. á að hollt væri fyrir menn að hafa í huga, að raunverulega væri það svo, að okkar lýðræðislega, þingbundna skipulag byggðist hreinlega á frjálsri flokkamyndun, á stjórnmálaflokkum og á margflokkakerfi, og það væru vissar hættur fólgnar í því, ef menn ætluðu að gefast upp á þessu kerfi og í rauninni afhrópa flokkana að meira eða minna leyti og telja allan vanda stafa frá þeim, vegna þess að það mundi verða hér hjá okkur, eins og hefði orðið raunin hjá mörgum öðrum, þýsna erfitt að halda uppi lýðræðislegum vinnubrögðum í almennum kosningum, ef það ætti að grafa þannig undan stjórnmálaflokkunum.

Undir þetta sjónarmið mitt var tekið af þremur hv. alþm. sem ræddu um málið á næsta fundi þar á eftir. Það voru Tómas Árnason, Ingvar Gíslason og Ellert B. Schram. Allir tóku þessir þm. undir þetta sjónarmið mitt að meira eða minna leyti og styrktu þennan málflutning minn að mínum dómi verulega með sínu máli, þó að þeir væru mér ekki sammála um alla hluti aðra sem hér var rætt um.

Í máli mínu þá gerði ég síðan sérstaklega að umtalsefni tvö atriði, sem ég sagði að mér hefði fundist vera aðalefni umr. um breyt. á kosningalögum og kjördæmaskipan. Þessi tvö atriði voru: Í fyrsta lagi, að það þyrfti að gefa hinum almenna kjósanda meiri rétt en hann hefði nú til þess að ráða röð á framboðslista eða geta valið þar á milli manna, að hann fengi þar frekari rétt en hann hefði nú. Þetta var annað atriðið, en hitt atriðið snerti sjálfa kjördæmaskipunina, þar sem augljóslega væri komin upp talsvert mikil skekkja frá því sem áður var á milli einstakra landshluta, milli einstakra kjördæma.

Ég tók það mjög skýrt fram í máli mínu, eins og augljóst er af hinni prentuðu þingræðu, að ég teldi sjálfsagt að skoða það mál gaumgæfilega, hvort rétt væri að auka þennan rétt hins almenna kjósanda til þess að hafa áhrif á röðun á framboðslistum, en benti á að til þess að menn gerðu sér sæmilega góða grein fyrir því, hvort rétt væri að auka þennan rétt frá því sem hann nú er, þyrftu menn þó að viðurkenna hver rétturinn væri eins og lögin mæltu fyrir um nú í dag. Ég rifjaði upp gildandi ákvæði um þetta efni. Ég sagði m. a. um þetta atriði orðrétt á þessa leið:

„Ég vil því segja það, að ég er í grundvallaratriðum á móti þessum áróðri, tel hann hættulegan og óeðlilegan.“

Þar var ég að ræða um ádeilurnar á flokkana.

„En það þýðir ekki að ekki megi athuga hvort við getum í okkar kosningaskipulagi gefið kjósendum aukinn rétt umfram það, sem nú gildir, til þess að hafa áhrif á hvaða menn eru kosnir af hinum ýmsu framboðslistum.“

Þetta endurtók ég svo, eins og kemur greinilega fram í ræðunni nokkrum sinnum, að ég teldi alveg sjálfsagt að þetta yrði tekið til skoðunar og það yrði m. a. tryggt í nýjum reglum, að væri til staðar meiri hluti meðal kjósenda fyrir því að breyta framboðslista eða tryggja þar kosningu manna á annan hátt en gert hefði verið ráð fyrir í framboði, þá ætti sá meirihlutavilji að ráða. Þó að ég hafi sagt þetta þá gerðist það nokkru síðar í umr. um þetta mál að hér komu upp tveir hv. þm., í fyrsta lagi var þar um að ræða hv. 3. landsk. þm., Magnús T. Ólafsson, og hins vegar 5. þm. Vestf., sem báðir leyfðu sér að fullyrða það og höfðu um það mörg og stór orð, einkum þó 5. þm. Vestf., — engu líkara en hann hefði ekki heyrt neitt af því sem ég hafði sagt, — að ég hefði barist hér á móti því, að við þessu mætti hreyfa og að hér mætti á nokkurn hátt auka rétt kjósenda frá því sem verið hefði. Auðvitað er málflutningur af þessu tagi út í bláinn og segir í rauninni ekkert annað en það, að viðkomandi menn hafi ekki heyrt það sem sagt var, en taka sig svo upp nokkru seinna og tala um allt annað en rætt hafði verið um. Það vakti hins vegar athygli mína, að hvorugur þessara hv. þm. vék á neinn hátt að því, hvernig gildandi reglur, sem snerta rétt kjósenda í þessum efnum, væru. Það er rétt að ég sagði í ræðu minni, að ég teldi að það ætti t. d. ekki að auka rétt kjósenda til þess að breyta mönnum á framboðslistum umfram það sem nú er, t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu, og ég færði fyrir því rök af minni hálfu. Reglurnar, sem nú eru í gildi, eru þannig hér að það þarf rétt um 12% atkv. til þess að geta haft áhrif á það að breyta röð manna á framboðslista. Ég tók í máli mínu dæmi af því, sem hefði átt að vera í rauninni alveg auðskilið, tók til dæmis síðustu kosningaúrslit hér í Reykjavík og nefndi þar útkomuna hjá Alþfl. Hann fékk liðlega 4 þús. atkv. Það hefði því ekki þurft nema tæplega 500 menn til þess að hreyfa til á hinn virkasta hátt, sem þeir hafa rétt til, röðun á lista til þess að koma fram breytingu.

Ég benti á að þegar kjördæmabreytingin var gerð árið 1959, þá voru menn úr öllum flokkum hér á Alþ. sammála því, að sá breytingarmöguleiki, sem var í gildi fram til 1959, væri allt of mikill, og þá lágu fyrir greinileg dæmi þess að menn höfðu notað þennan breytingarrétt, tiltölulega fámennur hópur, og komið fram breytingu, sem var augljóslega í andstöðu við mikinn meiri hluta þeirra sem höfðu greitt viðkomandi lista atkv. Niðurstaðan í sambandi við breytinguna árið 1959 varð sú, að það væri rétt að draga úr þessum mikla rétti, sem kjósendur höfðu til þess að hafa áhrif á breytingar á framboðslista. Voru allir á þeirri skoðun, en margir vildu ganga lengra og draga úr þessum breytingarrétti meira en raun varð á. Eins og ég sagði þá kom m. a. fram till. frá einum Alþfl.-manni um að það skyldi ekki verða talin breyting á framboðslista nema fyrir lægi að yfir 50% hefðu greitt atkv. á þá lund að þeir vildu fá fram breytingu.

Ég hef veitt því athygli að sumir tala um að það sé ógeðfelld aðferð, sem er nú í gildi í okkar kosningalögum, að kjósandi grípi til þess að strika út nafn þess, sem er á framboðslista, þegar hann vill koma fram breytingu á röðun á listanum. Ég fellst ekki á það fyrir mitt leyti. Ég tel í rauninni skipta litlu sem engu máli

hvort sú regla er viðhöfð, ef menn vilja koma fram breytingu á röðun á listanum, að nafn manns sé þar strikað út eða merkt sé við nafn hans og sett t. d. talan 24 við nafnið, að hann sé settur neðstur á listann og hann fái þá þarna örlítið brot úr atkv. á þeim seðli. Þetta er aðeins minni háttar fyrirkomulagsatriði, og það er vitanlega hægt að gefa slíkum breytingum bæði annað form og annað gildi, ef menn óska eftir. En ég sé ekki, að ef menn vilja koma fram breytingum, þá sé neitt við það að athuga að menn geti gripið til þess einfalda ráðs að strika yfir það nafn, sem þeir vilji að víki fyrir öðru, og knýi þannig fram þá mestu breytingu sem þeir hafa vald á skv. gildandi kosningalögum.

En sem sagt, á því, hvort menn hafa nú fengið andstyggð á þessari aðferð, að strika út nafn, og hinu, að vilja heldur fara að tölusetja og veita mönnum þar aðeins örlítið brot úr atkv. á seðlinum, er aðeins stigsmunur. Sjálfsagt er hægt að ræða um það eins og annað í sambandi við aukinn rétt kjósenda eða breytingu frá þeim reglum sem nú eru í gildi.

Það er skoðun mín, að við eigum að halda því ákvæði í kosningalögunum, að kjósendur, sem velja á milli flokka og framboðslista, hinir einstöku kjósendur, hafi rétt til þess að hafa áhrif á röðun á listanum. Spurningin er aðeins sú: Hvað á að veita hinum almenna kjósanda mikinn rétt í þessum efnum? Ég hef í máli mínu sett þessi mörk varðandi t. d. Reykjavík, þar sem þarf tiltölulega lægsta prósentu til þess að hafa áhrif á breytingu, þ. e. a. s. um 12%, að ég er á þeirri skoðun að ekki eigi að veita hinum almenna kjósanda, ekki í þessu formi sem nú gildir, meiri rétt en þennan, t. d. að þá geti um 480 menn haft áhrif á röðun manna á lista hér í Reykjavík, sem fær í kringum 4 þús. atkv. Það er mjög hætt við því, ef þessi réttur verður gerður meiri, eins og hann var á tímabili, að þá finni menn fyrir því, að auðvelt er fyrir tiltölulega fámennan hóp að koma aftan að meiri hluta og hreyfa til menn á listum þannig að úr því yrði mikil óánægja.

Eins og gildandi reglur eru nú um þann rétt kjósenda að hafa áhrif á röðun á lista, þá er þetta allmiklu erfiðara núna í öðrum kjördæmum í landinu. Þannig þarf í kringum 27% kjósenda, eins og ég benti á í minni fyrri ræðu, það þarf í kringum 27% kjósenda í fimm manna kjördæmum til þess að knýja fram breytingu á röðun lista, og í sex manna kjördæmum þarf í kringum 23%. Ég sé ekki þörf á því að fara út í ástæðuna fyrir þessum mismun. Ég veit að allir hv. alþm. vita að þetta stafar hreinlega af því, að þarna er farið eftir tiltölulega ákveðinni reikningsformúlu, sem kemur auðvitað öðruvísi út þar sem eru 24 menn á framboðslista, eins og hér í Reykjavík, en á hinum stöðunum eru aðeins 10 eða 12 á listunum. Ég tel að vissulega komi til greina að breyta þessu varðandi fimm manna og sex manna kjördæmin og gera þar rétt hins einstaka kjósanda meiri til þess að geta komið fram breytingu á röðun á lista. Það kemur fyllilega til greina. En það er rétt að menn geri sér grein fyrir því, að þetta er ekki vandalaust og það felst ekki neitt sérstakt lýðræði í því, að tiltölulega fámennur hópur geti gripið fram fyrir hendurnar á meiri hluta. Og rökin, sem fram komu árið 1959, þegar þessum reglum var breytt, voru einmitt þessi, eins og ég hafði minnst á áður, að þetta hlutfall var sett svo hátt, að það ætti að verða nokkurn veginn tryggt, þegar t. d. hér í Reykjavík væru í kringum 12% að taka sig saman um að koma fram breytingu á lista, að þá ættu aðrir þeir, sem að listanum stæðu eða áhuga hefðu fyrir listanum, að vita orðið um slíka hreyfingu og gætu þá komið fram vilja sínum í aðra átt, ef vilji þeirra stæði til þess. M. ö. o.: það væri ekki hægt að læðast að mönnum eins og hafði verið hægt áður.

Ég vil enn á ný segja varðandi þetta atriði, að það er auðvitað út í bláinn að halda uppi umr. um þetta mál hér á hv. Alþ. á þeim grundvelli að hinn almenni kjósandi hafi nú engan rétt í þessum efnum. Það er rangt. Hann hefur haft rétt um langan tíma hjá okkur og hann hefur rétt enn þá til þess að koma þarna fram breytingum. Spurningin er sú, hvort við eigum að auka þennan rétt og hvort menn telja þörf á því að auka hann einnig hér í Reykjavík, eins og þessum málum er fyrir komið í dag.

Auðvitað er hægt að breyta hér algjörlega um form, eins og lagt er til m. a. í því frv. sem hér liggur fyrir. Það er hægt að hverfa algjörlega frá því að hafa raunverulega raðaðan lista og afhenda mönnum, annaðhvort í starfrófsröð eða á annan hátt, framboðslista með 10 nöfnum í þeim kjördæmum þar sem kjósa á fimm aðalmenn og fimm til vara, framboðslista í öðrum kjördæmum með 12 nöfnum og hér í Reykjavík með 24 nöfnum og segja síðan við menn: Nú skuluð þið bara hver og einn raða þessu niður eftir ykkar geðþótta. — Ég hef sagt um þessa reglu, og það eru fleiri en ég sem hafa sagt það, að þessi regla er fyrst og fremst að mínum dómi tákn um yfirborðslýðræði. Hún er að látast veita mönnum mikinn rétt, sem þeir geta ekki og munu ekki geta notfært sér í framkvæmd nema að litlu leyti.

Það er auðvitað alveg út í hött, sem kemur fram í máli hv. þm. Magnúsar Torfa, að halda því fram að þeir, sem mæla gegn þessari reglu, eins og ég og ýmsir aðrir sem hér hafa talað, séu að vantreysta kjósendum í landinu og í rauninni að bera kjósendum það á brýn, að þeir kunni hvorki stafrófið né að fara með tölur upp að 24. Allt slíkt er auðvitað bara slúður út í loftið. Það var hins vegar bent á það réttilega, að enn þá einfaldari atkvgr. sem fór þó í þessa átt, eins og sú sem fór fram á vegum Alþfl. nýlega á Reykjavíkursvæðinu í prófkjöri þess flokks, svndi að um leið og gert var ráð fyrir nokkru fleiri möguleikum kjósenda til þess að framkvæma kosninguna kom strax í ljós að nærri 10% atkv., sem fram komu, voru ógild. Og þetta hefur ekki aðeins komið fyrir hjá Alþfl., þetta hefur komið fyrir á miklu fámennari samkomum. Ýmis stærri félög hafa haft þann hátt á að leyfa mönnum að raða mörgum nöfnum og taka þátt í kosningu, sem var orðin nokkru margbrotnari en a. m. k. þær kosningar sem við eigum almennt að venjast til þings og sveitarstjórna, og alltaf hef-

ur komið í ljós að þýsna stórt hlutfall hefur reynst ógilt. Menn gera enda ráð fyrir því, að það geti farið eins fyrir okkur og öðrum í þessum efnum, það verði aðeins lítill hluti af kjósendum sem notfæri sér þennan rétt. Og þá vilja menn halda þannig á þessari miklu lýðræðisreglu, að þó að aðeins 5 eða 10% notfærðu sér þann rétt að kalla á breytingu, að raða sem sagt öllum mönnum á listann upp á nýtt og skipa mönnum þar til sætis eftir því sem þeir vildu meta þá í þessu tilfelli, þá eigi sú röðun hjá 5% eða 10% kjósenda að ráða atkvæðahlutfalli á öllum hinum seðlunum, þar sem ekki hefur verið gripið til neinna breytinga. M. ö. o.: þá yrðu það 5 eða 10% kjósenda, sem raunverulega röðuðu á listann og ákvæðu kosninguna, en mikill meiri hl. telur sig ekki hafa aðstöðu til þess að skipa mönnum þannig niður á listann af því, að menn þekkja frambjóðendurna ekki nema að litlu leyti, nema þá í gegnum mikinn og kannske voldugan áróður sem hinir ýmsu hópar hafa tekið sig saman um að halda uppi til þess að reyna að hafa áhrif á hvernig menn skili listanum frá sér.

Við höfum svo mikla reynslu í þessum efnum, að í rauninni er tómt mál um að tala að vera að neita því, að reynsla er fengin á því, að það mundi jöfnum höndum fara þannig, að mjög margir kjósenda mundu ekki notfæra sér þennan rétt, því þeir treystu sér ekki til þess eða hefðu ekki aðstöðu til þess að meta menn þarna, og enn aðrir færu þannig að, að þetta mundi eitthvað brenglast hjá þeim og atkv. þeirra yrðu gerð ógild.

Í sambandi við þennan þátt málsins minntist ég á að það hefði þótt áður fyrr, ekki aðeins hér á Íslandi, heldur einnig í öðrum löndum, fela í sér mest réttindi og mest lýðræði fyrir hinn almenna kjósanda að þannig væri um hnútana búið í kosningum, að kosningarnar væru eins einfaldar og mögulegt væri til þess að allir gætu hindrunarlaust tekið þátt í þeim, svo að ekki þyrfti til þess að koma að einhver útvalinn hópur ætti þar raunverulega að hafa meiri rétt í framkvæmd en aðrir. Af þessum ástæðum hefðu menn horfið að því ráði að merkja hina einstöku framboðslista með tilteknum bókstaf. Það hefði hvorki þótt rétt að gera tilkall til þess, að kjósandinn t. d. skrifaði nafn þess flokks, sem hann ætlaði að kjósa, né nöfn þeirra manna sem hann veldi. Það þótti eðlilegt og voru allir sammála um það, að í því fælist í rauninni meira lýðræði, meiri og víðtækari réttur fyrir kjósendur að geta búið við einfalt og skýrt kosningafyrirkomulag sem allir gætu óhindrað tekið þátt í. Þetta er sú regla sem við höfum búið við og reyndar fjöldamargir aðrir, þó að þarna hefði oft komið upp ýmis frávik.

Ég er ekki í neinum vafa um það fyrir mitt leyti, að ég tel það vera meira og fullkomnara lýðræði að gefa þannig svo að segja hverjum einasta manni, sem rétt á að kjósa, óhindraðan rétt til þess að velja á milli þess sem við ætlumst til að valið standi fyrst og fremst um, þ. e. a. s. að velja á milli þeirra stjórnmálaflokka sem bjóða fram, á milli stjórnmálastefna, en hafa þó þann rétt að geta haft nokkra umsögn einnig um val á persónum innan hvers lista, eða eins og meginskipulagið er sem við höfum búið við, — ég tel að í þessu felist miklu fullkomnara lýðræði en í hinu forminu, þar sem mönnum er boðið meira og minna sem menn geta ekki notfært sér. Auðvitað er, eins og sagt hefur verið, hægt að teygja þetta alveg endalaust. Sumir segja eflaust, og kannske yrði það næsta stigið, að það sé allt of þvingandi að einhver stjórnmálaflokkur megi tilnefna á listann þau 10 nöfn sem kjósa má um, það sé rétt að leyfa hinum almenna kjósanda að velja bara sjálfum, seðillinn eigi að vera alveg auður af nöfnum og kjósandinn mætti velja alla þá sem eru kosningabærir og framboðshæfir, hann eigi að velja þá sjálfur, það væri mesta lýðræði. Auðvitað sjá allir að þetta er yfirboðslýðræði. Þetta er ekkert annað en yfirboðslýðræði, því að út úr þessu mundi aldrei koma það sem að er stefnt í þessum efnum. Til þess að ná þarna fram kosningu á 5 mönnum eða 12 mönnum eins og er hér í Reykjavík mun þetta aldrei ganga upp svona, nema það myndist annaðhvort, formlegur stjórnmálaflokkur eða þá klíka, ef menn vilja kalla það slíku nafni heldur, eða einhver hópur manna, skipulagður hópur manna, sem heldur uppi áróðri fyrir því, að kjósendur skuli hópa sig saman um að kjósa á tiltekinn hátt. Þannig gerist þetta.

Ég held fyrir mitt leyti, að um leið og stjórnmálaflokkur með afmarkaða stefnu, sem ætti að gefa kjósendum möguleika á því að velja á milli stefnu í málum, þegar slíkur stjórnmálaflokkur fer að skiptast í marga undirflokka, koma fram fyrir kjósendur ýmist sem þessi partur flokksins eða hinn partur flokksins, þá sé verið að villa um fyrir kjósendum, þá sé verið að hræra í öllu saman og reyna að gera þetta enn þá óljósara í augum manna en það hefur verið. Ég held að það auki ekki á lýðræðisleg vinnubrögð, heldur hreinlega skapi aukna erfiðleika.

Af þessum ástæðum m. a., sem ég hef rakið og hafði að nokkru leyti tekið fram áður, er ég alveg á móti því, að hafa þann hátt á í sambandi við aukinn rétt kjósenda sem lagt er til í þessu frv., að gert sé ráð fyrir framboðslista þar sem frambjóðendum er raðað í stafrófsröð. Ég held að afleiðingarnar yrðu þær, eins og ég hef sagt, að þetta mundi flækja málin stórlega fyrir mönnum og gefa nokkrum útvöldum aðilum eða smáhópum rétt til þess að ráða kosningunni. En hinu á vitanlega hinn almenni kjósandi rétt á og þannig hlýtur hann að taka afstöðu til mála, að hann dæmi flokka bæði eftir yfirlýstri stefnu þeirra og einnig eftir því, hvernig þeir hafa staðið við orð sín. Hann fellir sinn dóm yfir þeim í samræmi við það, og þeir flokkar, sem vinna á ólýðræðislegan hátt, ættu að sjálfsögðu þá að tapa trausti fólksins um leið.

Fullyrðingar eins og komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf. um þetta atriði eru, eins og ég segi, aðeins afsakanlegar með því að það hafi verið svo langt á milli umr. um þetta mál að hann hafi verið búinn að gleyma öllu því sem hann ætlaði að nota til svara og hafi síðan bara svarað út í bláinn. (Gripið fram í.) Það stenst auðvitað ekkert af því. Það er hægt að lesa orðrétt fyrir hv. þm., hvað sagt var og hvað hann var að segja. Og þá þarf ekki nema þá sem kunna stafrófið, og það meira að segja hluta af því framan af, til að komast að raun um að það,

sem hann var að segja, var allt út í hött. Hins vegar var það, að þegar kom svo að því, að þessi hv. þm. fór að lýsa hvernig flokksklíkurnar væru, sem réðu öllu, þá var álíka á málum haldið. Maður fór að spyrja sjálfan sig: Í hvers konar flokki hefur þessi maður verið? Hvernig hafa þeir farið með þennan vesalings mann, sem talar á þennan hátt? Þetta er ekki í neinu samræmi við það sem gildir yfirleitt í öðrum stjórnmálaflokkum. (**Gripið fram í:** Í Alþýðubandalaginu.) Var svona farið með hv. þm. þá? (**Gripið fram í:** Já, já, einmitt.) Og hann slysaðist þó inn á Alþ. úr því! Þetta er algjör fjarstæða því þetta er brot á öllum lögum og þekkist ekki. Í lögum alþb. stendur alveg skýrum stöfum, að það eru flokksfélögin sem mynda þessi kjördæmisráð í hinum einstöku kjördæmum, og það eru þessi kjördæmisráð sem ráða framboðinu. Svo segir hann að flokksklíkurnar í Reykjavík ráði öllu saman! Auðvitað er þetta út í bláinn, eintóm fjarstæða. Sannleikurinn er sá, að samkv. lögum, ekki aðeins Alþb., heldur flestra hinna flokkanna, er hér ákveðið skipulag, þar sem meðlimir flokksins í viðkomandi umdæmi hafa fullan atkvæðisrétt um það, hvernig farið er með framboðsmálin. En hitt getur maður auðvitað líka skilið, að menn, sem hafa oltið út úr flokkum á víxl fram og til baka og eru óánægðir með sinn hlut, þurfi að búa til eitthvað alveg nýtt og helst fara fram á það að einhver vildi taka þá upp í starfrófsröð einhvers staðar til þess að það kæmi til greina — (Gripið fram í.) Það getur vel verið að þetta væri ákaflega hentug aðferð fyrir þá sem hafa dottið svona út úr flokkum. Ef þeir geta ekki verið tilnefndir á eðlilegan hátt, eftir lýðræðislegum reglum í sínum flokkum, þá gæti verið þægilegt fyrir þá að hafa einhvers staðar lista, þar sem mönnum er stillt upp í stafrófsröð, og þar gætu þeir komið til greina.

Auðvitað er þetta eins og hver önnur fjarstæða. Hér er ekki um það að ræða að einhverjar fámennar flokksklíkur ráði framboðunum. Um þetta gilda allt aðrar reglur.

Hv. 5. þm. Vestf. komst m.a. að orði á þessa leið, svo ég leyfi honum sjálfum að heyra hvað hann hefur sagt um þetta efni sem ég er að ræða um, — hann sagði m.a. um þetta atriði, „að pólitísku flokkarnir skuli geta skipað svo málum í trausti flokksfjötra og flokksvalds að þeir ráði til lífstíðar kannske 4 af hverjum 5 þm. í hverju kjördæmi í landinu.“ Það munaði ekkert um það. Að flokksfjötrar og flokksklíkur geti ráðið til lífstíðar 4 af hverjum 5 mönnum í kjördæmum. Það er eins og ég segi, það tekur því í rauninni ekki að vera að halda uppi rökræðum á málefnalegum grundvelli um svona fjarstæðukenndar fullyrðingar, þær eiga engan rétt á sér.

Ég vil líka segja, að það hlýtur að vera af miklu reynsluleysi þegar menn halda að t.d. með því að taka upp einmenningskjördæmi sé búið að tryggja að flokkarnir hafi ekki neitt svipað því eins mikið vald, þá komi sem sagt miklu meira vald í hlut hins almenna kjósanda til að velja sér mann en ef væri um að ræða listakosningar eða hlutfallskosningar. Auðvitað er þetta algjör misskilningur. Þetta vita þeir sem búið hafa áður við einmenningskjördæmi og hafa einhverja reynslu af þeim. Auðvitað voru frambjóðendur í einmenningskjördæmum ákveðnir á sínum stöðum af viðkomandi flokksfélögum og flokkssamtökum, engu síður en framboðslistarnir eru ákveðnir af flokksfélögum eftir núverandi reglum. Og auðvitað skiptir höfuðmáli í einmenningskjördæmunum hvort viðkomandi flokkur, sem þar stóð að, var sterkur og öflugur, því það fóru ekki fram neitt óflokkslegri kosningar undir því skipulagi heldur en undir því skipualgi sem við búum við í dag. Það er algjör misskilningur. Það fóru fram fullkomlega flokkslegar kosningar, og það hefur auðvitað sýnt sig alls staðar þar sem það skipulag hefur verið, að ekki hefur verið síður flokkslegt skipulag þó að um einmenningskjördæmi hafi verið að ræða heldur en þar sem um listakjör er að ræða.

En hitt atriðið, — ég hef hér aðallega vikið að málflutningi þeirra hv. þm. Magnúsar Torfa og Karvels Pálmasonar, — hitt atriðið, sem ég gerði hér nokkuð að umtalsefni, var kjördæmaskipunin og það misræmi sem komið er upp á milli kjördæma. Um það ræddu þeir tiltölulega mjög lítið. Ég sagði varðandi þetta atriði, að ég teldi sjálfsagt og eðlilegt að þetta yrði tekið til endurskoðunar. Þarna hefur orðið á allveruleg röskun. En ég benti að vísu á í mínum málflutningi, að ég teldi í þessu tilfelli eins og hinu, að óhjákvæmilegt væri að menn gerðu sér raunhæfa grein fyrir því hvernig þessi mál stæðu eins og þeim væri fyrir komið hjá okkur nú í dag. Sannleikurinn er sá, að í þessum efnum hallar orðið verulega á, og hefur reyndar alltaf verið svo frá því þetta kosningaskipulag var tekið upp og reyndar miklu lengur, það hefur hallað á fjölmennustu kjördæmin, eins og Reykjaneskjördæmi og Reykjavík, borið saman við fámennari kjördæmin. En þessi skakki er engan veginn eins mikill og menn vilja vera láta. Staðreyndin t.d. nú er sú, að af þessu svæði, þ.e.a.s. úr Reykjavík og Reykjanesi, eru nú 24 menn á Alþ. Eftir þeim úthlutunarreglum um uppbótarsæti sem nú eru í gildi, eru 24 af 60 þm. af þessu svæði eða sem sagt nákvæmlega 40%. Það er rétt ef þessi svæði hefðu þm. miðað við höfðatölureglunа, þá hefðu þau átt að hafa enn þá fleiri þm. En það hefur þótt ekki ósanngjarnt að taka nokkurt tillit til aðstöðu í þessum efnum, og menn hafa sætt sig fullkomlega við að hér væri ekki fullkominn jöfnuður á. Ég benti einnig á að menn mættu gjarnan taka tillit til þess, að auk þess sem 24 þm. af 60 væru nú frá Reykjavík og Reykjanesi, kosnir á þennan hátt, þá væru óumdeilanlega 60% þm., eða 36 þm., eins og nú standa sakir, búsettir og hefðu verið búsettir í Reykjavík. Ég veit að hér hafa verið nefndar hærri tölur en þetta, að telja 36 þm. sem hafa fasta búsetu í Reykjavík. Ég hef nefnt töluna 36 vegna þess að ég tel þá með eingöngu þá þm. sem hafa um langan tíma og óumdeilanlega talið heimili sitt í Reykjavík og verið hér. Ég tel því fyrir mitt leyti, þó að ég viðurkenni að þarna sé talsverður skakki orðinn á sem sjálfsagt sé að taka til skoðunar og athuga hvernig hægt yrði að leiðrétta, að þessi skakki sé engan veginn eins mikill og illur og sumir vilja vera láta í málflutningi sínum. En það er augljóst að

ef ætti að koma fram leiðréttingu í þessum efnum yrði að verða um breytingu á kjördæmaskipuninni að ræða, stjórnarskrárbreytingu, og vegna þess að reynslan hefur sýnt að þetta eru mjög samtvinnuð og flókin mál, þá er eðlilegt að talsverður tími fari í að skoða þessi mál, með hvaða hætti yrði komið fram breytingum á þann hátt að sem flestir mættu við una.

Ég lagði áherslu á það í mínu máli og geri það enn, að um leið og til þess kæmi að breytt yrði hlutföllum í þessum efnum, þá yrði það að mínum dómi þó eitt höfuðatriði að gæta þess jafnframt, að ekki yrði aukið á það misrétti á milli stjórnmálaflokkanna við breytt skipulag sem til er nú í dag, þó að það sé ekki meira en svo að menn uni almennt við það. Breytingin, sem gerð var árið 1959 á kjördæmaskipuninni og kosningalögunum, fól fyrst og fremst í sér leiðréttingu í þá átt að tryggt yrði að stjórnmálaflokkarnir, sem bjóða fram í landinu og ganga til kosninga, fengju fulltrúa á Alþ. nokkurn veginn í réttu hlutfalli við atkvæðastyrk sinn hver um sig. Ég legg á það áherslu fyrir mitt leyti, að það þarf að gæta að þessu öllu öðru fremur, því að mínum dómi er miklu mikilvægara, ef menn líta á okkar skipulag sem heild, á hverju það raunverulega hvílir, — miklu þýðingarmeira að mínum dómi að þessa réttlætis sé gætt heldur en að fullkominn jöfnuður náist á milli einstakra landshluta, því að eins og ég hef sagt get ég ekki hugsað mér að vilja stuðla að því, að kosningar fari fyrst og fremst að snúast um það, frá hvaða landshluta einstakir menn, sem valdir eru til þings, eru kosnir. Kosningarnar eiga ekki að vera á milli landshluta. Og það er mikill galli, sem maður verður hér oft var við, sú skipan á mönnum að þeir þurfi að taka afstöðu til allra mála eftir því hvar þeir kunna að vera búsettir. En hitt viðurkenni ég, að mikið misræmi í atkvæðisrétti í hinum einstöku kjördæmum hlýtur vitanlega að leiða til þess að gerðar verða kröfur um að slík mál séu tekin til endurskoðunar, og ég fyrir mitt leyti er ekki andvígur því að það sé gert.

Reynt var að halda því fram í þessum umr., sem ég hef vikið hér að, að ekki væri samræmi í málflutningi mínum varðandi framboðslista og kosningar og annarra flokkssystkina minna sem hér hafa flutt till. um að gengið verði til endurskoðunar þessara mála. Það kann vel að vera, að nokkur munur sé á sjónarmiðum mínum og þeirra varðandi það skipulag sem á að gilda í þessum efnum. Það get ég ekki sagt um á þessu stigi. En ég er þeim sammála að því leyti til, eins og ég hef hér margundirstrikað, að ég tel sjálfsagt að athuga hvort hægt er að breyta þeim reglum, sem í gildi eru, um rétt hins almenna kjósanda til þess að hafa áhrif á röðun nafna á framboðslista. Ég er hins vegar á móti því að hverfa að óröðuðum lista. Ég veitti því athygli að Ragnar Arnalds, sem talaði fyrir þessari umræddu till. Alþb.-manna varðandi þetta efni, benti strax á að það væri miklum vandkvæðum bundið að gera ráð fyrir því í sambandi við framboðslista að kjósendur merktu við nöfn margra á listanum. Í þessum efnum er hann sammála mér.

Skoðun mín er sem sagt sú, að ég tel eðlilegast að í þessum efnum byggjum við á stjórnmálaflokkunum, eins og við höfum gert, og að kjósendur geri þær kröfur til stjórnmálaflokkanna að þeir standi á lýðræðislegan hátt að því, hvernig þeir bjóða fram til Alþ. Ef einhverjir stjórnmálamenn verða fyrir því, að þeir eru kúskaðir og bældar niður þeirra skoðanir í stjórnmálaflokkum þeirra, þá hrekjast þeir bara úr þeim flokki og reyna annan. Það er hinn eðlilegi gangur málsins. En vitanlega á að gera þá kröfu til stjórnmálaflokkanna að þeir standi að framboðum sínum á lýðræðislegan hátt. Það tel ég að þeir geri í öllum meginatriðum, eftir því sem upplýst hefur verið á Alþ. um þeirra reglur. Ég veit mætavel hvernig reglurnar eru í Alþb. Það er skráð í lögum flokksins, hvernig þar er farið að því að ákveða framboðslista. Hér í Reykjavík t. d. er það ekki aðeins fulltrúaráð, sem fjallar um framboðið, heldur er opinn réttur og hann venjulega notaður til þess að halda almennan fund í því félagi, eina félagi flokksins á þessu svæði, sem síðan ákveður fyrir sitt leyti framboðslista. Þar á eftir koma hin almennu kosningalög, sem veita þeim, sem vilja kjósa listann, sem velja hann sem sinn lista, einnig rétt til þess að hafa áhrif á skipan á listanum að vissu marki. Ég tel að sá réttur sé alls ekki lítill, heldur sé hann mikill.

Þarna tel ég að sé lýðræðislega staðið að framboðum, nema menn séu á þeirri skoðun að þeir vilji afhrópa flokkana sem eitthvert voðalegt fyrirtæki, sem beiti alla ofbeldi og ofríki og allt illt stafi frá, eins og hefur komið hér fram m. a. s. í þessum umr., einkum frá hv. 5. þm. Vestf., sem virtist hafa verið mjög hart leikinn þar sem hann hefur verið. Ég segi það, að ég vil í öllum aðalatriðum byggja á þessu kerfi, en tel að sjálfsagt sé að við tökum til rækilegrar endurskoðunar gildandi reglur um rétt kjósenda til að hreyfa til nöfn á lista. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að núgildandi reglur séu þær einu réttu. Þar kemur vissulega til greina að gera einhverjar breytingar á. Sömuleiðis álít ég að eins og nú er komið sé orðið nauðsynlegt að taka til endurskoðunar reglurnar varðandi skipan þingsins í sambandi við kjördæmaskipun. En það tekur örugglega alllangan tíma að átta sig á því, hvernig hentugast yrði að koma þeim breytingum fyrir.

Þetta er í meginatriðum afstaða mín, og af henni leiðir svo það sem ég hef sagt, að ég er andvígur þessum óröðuðu listum og stafrófsröðuðu listum, af því að ég tel að sú leið leysi í rauninni ekkert, en hún bjóði mönnum rétt sem þeir geta illa notfært sér og ekki muni takast að tryggja neitt réttlæti.

Ég skal svo aðeins bæta því við, að ég tel að það hafi þegar sýnt sig að þær tilraunir, sem ýmsir flokkar hafa verið að gera varðandi prófkjör, séu gallaðar. Það er að verða nokkurn veginn almannadómur að á þeim tilraunum séu svo miklir gallar að það verði í rauninni að gefa þær upp á bátinn, a. m. k. í þeim búningi sem þær hafa verið. Það er augljóst að í þeim efnum er verið að bjóða ákvarðanir sem varla fá staðist, þar sem menn úr allt öðrum stjórnmálaflokkum geta í sumum tilfellum haft áhrif á röðun á lista hjá flokkum, eða boðið að aðilar,

sem ráða yfir miklu fjármagni og geta svo að segja auðveldlega borist á í kosningabaráttu eins og heill stjórnmálaflokkur væri og kannske rúmlega það stundum, geti rutt sér braut sem einhverjir sýningarmenn og komist þannig fram fyrir aðra og fram fyrir það sem sá stjórnmálaflokkur vill, sem raunverulega stendur að framboðinu. Ég tel að þetta fyrirkomulag sé á engan hátt það sem beri að keppa að. Ég hef áður lýst því yfir, að ég er samþykkur því að það verði farin sú leið, sem hæstv. ríkisstj. lýsti yfir, að leitað yrði eftir samstarfi við stjórnmálaflokkana hér á Alþ. um hvernig yrði tekið á þessum málum. Það verður væntanlega gert. En ég á erfitt með að trúa því, að við nána athugun manna á þessum málum komist þeir að þeirri niðurstöðu að hverfa skuli að þeim till. sem þetta frv., sem hér hefur verið til umr., gerir ráð fyrir.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Þetta frv. er nú til umr. hér í Nd. Alþ. í þriðja skipti. Ég hygg að mælt hafi verið fyrir því 10. nóv., fyrir næstum því mánuði, en síðan var rætt um það öðru sinni fyrir svo sem hálfum mánuði. Ég kvaddi mér hljóðs í annað skiptið sem rætt var um það í tilefni af einhverjum ummælum, mig minnir að það hafi verið í tilefni af ræðu hv. þm. Tómasar Árnasonar. En ég er nú satt að segja búinn að gleyma tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs. Engu að síður vil ég gjarnan segja nokkur orð um þetta mál.

Það hefur tíðkast mjög á Íslandi á undanförnum árum að talað hefur verið óvirðulega bæði um Alþingi Íslendinga og um íslenska stjórnmálaflokka. Uppi hefur verið mjög neikvæður tónn í garð Alþingis Íslendinga og sú gagnrýni, sem fram hefur verið borin, hefur að minni hyggju verið studd nokkrum rökum. Við höfum ekki endurnýjað starfshætti Alþ. eins og við hefðum þurft að gera þegar sú sjálfsagða breyting var tekin upp að alþingisstarf varð fullt starf í þjóðfélaginu. Fyrir þann tíma fengu alþm., eins og allir vita, afar lágar greiðslur fyrir störf sín og urðu að gegna öðru starfi við hliðina á þingmennskunni til þess að hafa lífsframfæri. Þessi breyting gerði það hins vegar að verkum að alþm. hafa sómasamleg laun allt árið, en þessu hefur ekki verið fylgt eftir með því að ætlast til þess að alþm. helguðu viðfangsefnum sínum krafta sína á sama hátt og gert er í öðrum þjóðþingum þar sem ég þekki til. Við tökum okkur afarlangt sumarleyfi til að mynda, og þá er ekkert starfað formlega á vegum Alþ. sjálfs. Annars staðar, þar sem ég þekki til, t. a. m. alls staðar á Norðurlöndum, starfa nefndir þingsins allan ársins hring, og þegar hlé er á þingstörfum kanna þn. einstök mál, fylgjast með því hvernig ríkisstj. heldur á málum sem samþykkt hafa verið á þingi o. s. frv. Ég held að það ætti að huga að því, að Alþingi Íslendinga taki á sig talsvert meiri starfsbyrði en verið hefur, einmitt til þess að afla sér vitneskju um alls konar vandamál, sem uppi eru í þjóðfélaginu, og reyna að vinna saman að því að leysa vandamál, sem upp koma, og einnig að fylgjast með því, hvernig ríkisstj. hverju sinni fara með ákvarðanir Alþ. En það er ákaflega mikið um það að ráðh. láta sér nægja að loka ákvarðanir Alþ. niðri í skúffu hjá sér og framkvæma þær ekki og þetta lætur Alþ. sér lynda.

En jafnhliða þessum áróðri gegn Alþ., sem uppi hefur verið lengi, hefur verið í gangi að undanförnu áróður gegn stjórnmálaflokkum, að stjórnmálaflokkar séu einhver annarleg fyrirbæri í þjóðfélaginu, og í staðinn hafa menn farið að flíka einhverjum einstaklingum sem ættu að vera réttu mennirnir til þess að sitja hér á Alþ. Röksemdin hefur verið sú, að þar hefur verið um menn að ræða sem oft hafa birst á sjónvarpsskermi og komið þar vel fyrir. Þeir menn eru taldir tilvaldir til að vera á Alþ. Ég ætla að þetta viðhorf sé ákaflega hættulegt. En það verður vart vissrar uppgjafar fyrir þessum áróðri, sem er að minni hyggju andstæður heilbrigðri lýðræðishugmynd, hér á hinu háa Alþ. Það kemur m. a. fram í frv. því til laga, sem nú er til umr., frá hv. þm. Jóni Skaftasyni. Hann er með þá hugmynd að listum sé ekki raðað hjá stjórnmálaflokkum eins og gert hefur verið, heldur skuli mönnum á listanum raðað í stafrófsröð.

Nú er það svo, að víða um lönd eru ákvæði sem gera auðveldara fyrir að gera upp á milli manna heldur en hér á Íslandi í sambandi við kosningar. En reynslan er sú, að það er tiltölulega mjög lítill hluti kjósenda sem kýs með því hugarfari. Það er mjög lítill hluti kjósenda sem kýs flokk út af einhverjum mönnum sem eru á listanum, heldur vegna stefnumiða sem flokkarnir eru fulltrúar fyrir. Það er ákaflega lítið um það í löndum þar sem ég þekki til í námunda við okkur í Evrópu, að menn noti rétt til þess að færa til menn á listum, og ég er sannfærður um að sú yrði raunin hér einnig ef farið væri inn á þessa braut sem hv. þm. Jón Skaftason leggur til, að notuð verði stafrófsröð.

Ég hef átt sæti í stjórnmálaflokkum í meira en 30 ár þar sem kosið hefur verið til vissra trúnaðarstarfa eftir listum sem raðað hefur verið á eftir stafrófsröð. Þannig hafa verið kosnir fulltrúar á flokksþing eða landsfundi þeirra stjórnmálasamtaka sem ég hef verið í, og þannig hafa einnig verið kosnir fulltrúar í miðstjórn. Ég hef talsverða reynslu af þessu og sú reynsla er dálítið skrýtin og skemmtileg. Það hefur allan tímann sannast að þeir, sem eru snemma í stafrófsröðinni, hafa meiri líkur á að vera kosnir en þeir, sem voru síðar í stafrófsröðinni. Þetta hefur stafað einfaldlega af því, að fólk hefur vitað að það hafði þarna möguleika á að kjósa 20, 30, 40 menn t. a. m. og hefur ráðstafað atkv. frjálslegar í upphafi. Svo áttaði það sig á því, þegar það var komið niður á miðjan lista eða svo, að það eru ekki eftir nema fá atkv. og þá þurfti að fara að velja og hafna, þannig að ef einhver fræðimaður færi að athuga, hvaða regla væri á bak við þá menn, sem setið hafa í miðstjórnum í Sósíalistaflokknum og Alþb., þá kynni að vera hægt að grafa upp einhver átakamál, ég veit það ekki. En aðalreglan yrði sú að meiri hluti fólks er snemma í stafrófsröð með nöfn sín. Ef tekin væri upp þessi regla, sem hv. þm. Jón Skaftason gerir till. um, mætti segja mér að ýmsir annarlegir atburðir færu að gerast. Það er hægt að fá nafnbreytingar hér á Íslandi, og

ég geri ráð fyrir því að þeir, sem hefðu áhuga á því að komast á þing, mundu fara út í það að fá breytt nöfnum sínum. Það gæti endað á því, að allir karlmenn hér á þingi hétu Aðalbergur — mig minnir að það sé fyrsta nafnið í stafrófsröðinni í bókum um mannanöfn — og að allar konur hér á þingi hétu Aðalbjörg. Ef þessi þróun héldi áfram, ásamt því að þingmennskustarf erfist eins og nú virðist vera farið að gerast, getur það endað á því, að allir þm. á Íslandi heiti Aðalbergur Aðalbergsson og allar konur á þingi heiti Aðalbjörg Aðalbergsdóttir. Þetta getur leitt til slíks ástands, vegna þess að þetta vandamál, sem verið er að tala um, er miklu, miklu minna en menn halda. Upphafið, stafurinn sem nöfn manna byrja á, hefur miklu meiri áhrif en allur ágreiningur sem kann að vera um einstaklinga eða stjórnmálaflokka.

Hér er sem sé verið að leggja til að tekið verði upp visst stjórnleysi í sambandi við kjör manna á þing. En mér er spurn: Hvers vegna er ekki farið lengra? Það er hægt að velja menn á þing samkv. reglum líkindareiknings. Það er t. a. m. hægt að hafa þann hátt á að steypa hér úti á Austurvelli fyrir aftan styttuna af Jóni Sigurðssyni heljarstóran harðkúluhatt og setja í hann nöfn allra þeirra sem hafa kosningarrétt á Íslandi. Síðan væri hægt að framkvæma kosninguna þannig að velja einhverja fallega stúlku og klæða hana í föt Fjallkonunnar. Það yrði að vísu að hengja hana neðan í krana, en láta hana síðan síga ofan í hattinn og draga nöfn úr hattinum þangað til 60 nöfn væru komin. Rétt væri að hafa hátíðahöld með þessu. Það mætti láta forseta þjóðarinnar vera viðstaddan og áhorfendur gætu sungið „Óxar við ána“ eða eitthvað þess háttar. En líkindareikningurinn segir að upp úr þessu mundi koma sama hlutfall á milli stjórnmálaflokka og er í raun og veru, að vísu ekki hverju sinni, en ef við tækjum tímabil eins og t. d. eina öld, þá mundi koma út að þetta væri alveg rétt mynd sem kæmi af stjórnmálaátökunum í landinu, og fyrir þjóð, sem hefur þjóðsöng þar sem lögð eru að jöfnu einn dagur og þúsund ár, skiptir varla miklu máli um eina öld eða svo, þótt einhverjir smágallar væru á þessari framkvæmd. Með þessu móti væri hægt að leggja niður alla stjórnmálaflokka á Íslandi og þetta yrði bara að eins konar þjóðhátíð, eða hvað menn kalla það, hvernig menn væru valdir hér á hið háa Alþ. Með þessu er hins vegar verið að gefa undir fótinn ákaflega háskalegu sjónarmiði að mínu viti. Það sem á að skera úr um þjóðmálaátök eru stefnumið stjórnmálaflokkanna og raunar einnig þeir hagsmunahópar sem flokkarnir berjast fyrir. Ef ekki er tekist á um málefni hér á hinu háa Alþ., þá verður þetta að marklausri stofnun með öllu — algerlega marklausri stofnun.

Ég vil lýsa sárum vonbrigðum mínum með að hugmyndir um glundroða og hreina vitleysu á þessu sviði skuli eiga formælendur hér á hinu háa Alþ. Ef við viljum hafa raunverulegt lýðræði verður það að byggjast á skoðunum og samtökum um skoðanir. En að gera þetta að einhverri stofnun fyrir framagosa, sem líta vel út á sjónvarpsskermi, finnst mér ákaflega alvarleg hugmynd.

Í sambandi við umr. um þetta skringilega frv., sem mér finnst einvörðungu hjákátlegt, hefur margt borið á góma í sambandi við kosningarrétt og kjördæmi. Ég hef áður lýst því hér á Alþ. hver er afstaða mín til kosningarréttar. Ég lít svo á að kosningarréttur sé mannréttindi og það megi ekki skerða þau mannréttindi út frá neinum sjónarmiðum. Við skulum muna eftir því, að meðan kosningarréttur var bundinn við eignir manna á Íslandi voru færð rök fyrir því, að það væri hættulegt að breyta þessari skipan, og menn tóku þær röksemdir alvarlega. Það er hægt að lesa æðimikið um þetta. Slíkar röksemdir eru sem betur fer ekki til lengur, en þær voru til þá. Og alveg nákvæmlega sama máli gegndi um það, þegar konur fengu atkvæðisrétt. Þá voru haldnar um það alvarlegar og rökstuddar ræður, hvað væri hættulegt að konur hefðu kosningarrétt. Þetta segir enginn núna, og ég er ansi hræddur um að röksemdir sem uppi eru um að fólk, sem búi á einhverjum tilteknum landshluta, eigi að hafa margfaldan kosningarrétt á við aðra, verði taldar mjög undarlegt fyrirbæri eftir tiltölulega skamman tíma. Mér er það fullkomlega ljóst, að byggðir landsins hafa mismunandi aðstöðu til þess að gegna ýmsum verkefnum. En það á ekki að leysa með því að skerða mannréttindi, það er alveg fráleit hugmynd. Ég veit ósköp vel að þm. utan af landi hafa margir miklar annir fyrir fólk í kjördæmi sínu. Þeir gegna hvers konar erindum, og ég hef síst neitt við það að athuga. Það verður að vera til kerfi sem gerir öllum landshlutum kleift að hafa greiðan aðgang að þeim opinberu stofnunum til að mynda, sem menn þurfa að leita til. En það á ekki að gera það með því að skerða mannréttindi. Það er algerlega röng regla.

Stundum heyrist að kjördæmi, önnur en Reykjavík, þurfi að hafa meiri rétt vegna þess að hér í Reykjavík séu miðstöðvar stjórnkerfisins alls. Ég held að þessar kenningar séu algerlega rangar og komi ekki einu sinni fram í verki. Menn hafa yfirleitt verið kosnir á þing hér á Íslandi eftir stjórnmálaflokkum. Þegar ég sat í ríkisstj. þeirri, sem áður var en sú sem nú situr, þá hafði hv. þm. Karvel Pálmason áhuga á mörgum málum í tengslum við kjördæmi sitt. En hann leitaði ekki til fulltrúa Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi um stuðning við málefni sín. Hann leitaði ekki til fulltrúa Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi um stuðning við málefni sín. Hann leitaði m. a. til mín, Reykvíkingsins, og ég veit ekki til að ég hafi sinnt hans erindum neitt verr en aðrir. Ég hef aldrei litið svo á að ég sæti hér á þingi sem einhver sérstakur fulltrúi Reykjavíkur. Mér er vissulega annt um að Reykjavík fái þá aðstöðu sem hún þarf að hafa. Ég tel mig sitja hér á þingi sem fulltrúa stjórnmálaflokks með tilteknar stjórnmálaskoðanir, og mér hefur aldrei dottið í hug að setjast á hagsmunamál annarra kjördæma vegna þess að þau væru ekki hluti af því kjördæmi sem ég er kosinn í, enda minnist ég þess ekki að á þeim tíma, sem ég gegndi framkvæmdastjórastörfum fyrir hið háa Alþ., hafi ég nokkurn tíma sætt ámæli fyrir það að ég hafi tekið Reykjavík fram yfir önnur kjördæmi. Mér hefur aldrei dottið í hug að líta þannig á mál, og ég vil satt að segja gagnrýna það enn einu

sinni að mér finnst sumir þm. úti á landi ala á óeðlilegan og óheiðarlegan hátt á því að reyna að búa til óvild til Reykjavíkur hjá fólki úti um land. Þetta er algerlega ómaklegt, og þetta er hættulegt. Mál þróast ekki hér á þingi á kjördæmagrundvelli, heldur á flokksgrundvelli.

Ég minntist áðan á hv. þm. Karvel Pálmason. Sama máli gegnir um hv. þm. Tómas Árnason. Hann leitaði stundum til mín um málefni Austurlands. En ég efast um, að hann hafi nokkurn tíma leitað til hv. þm. Sverris Hermannssonar, þó að hann sé kosinn í sama kjördæmi. (Gripið fram í.) Það sýnir að það er ekki kjördæmið, sem skiptir máli, heldur flokkarnir sem menn eru fulltrúar fyrir. Þess vegna er þessi röksemd, að það sé eitthvert hagsmunamál fyrir t. a. m. Vestfirði að Vestfirðingar hafi fjórfaldan atkvæðisrétt eða fimmgildan á við Reykvíkinga, algerlega röng. Hún brýtur ekki aðeins í bága við mannréttindi, eins og ég sagði áðan, hún er einnig röng í sambandi við þau átök, sem fram kunna að fara á Alþ., því að átökin fara ekki þannig fram.

Það, sem ég vildi leggja áherslu á í sambandi við þetta mál, er þetta meginatriði: Kosningarétturinn er mannréttindi, og það á ekki að fjalla um kosningarrétt á neinum öðrum forsendum. Menn, sem vilja misskammta mönnum kosningarrétt út frá annarlegum hagsmunum, eru *andvígir lýðræði og þingræði, — svona einfalt* er það.

Ég hef lokið máli mínu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Mér þykir nú menn fara að verða allháfleygir í ræðum sínum og séu komnir raunar nokkuð langt frá því málefni, sem hér er á dagskrá. En það hafa orðið miklar umr. um þetta frv. og mjög skiptar skoðanir að hverju skuli stefna í sambandi við væntanlegar breytingar, bæði á stjórnarskránni og kosningalögunum. Um eitt virðast þó hv. alþm. vera sammála, að einhverra breytinga sé þörf, ekki síst á því atriði sem felst í þessu frv., þ. e. a. s. að með einhverjum hætti sé nauðsynlegt að auka möguleika kjósandans til að hafa meiri áhrif á hverjir komist að á þeim lista sem hann kýs. Um þetta virðast menn vera að mestu leyti sammála. En hvernig skal þessu svo breytt? Þá vandast málið.

Ég held að menn hafi raunar ekki áttað sig nógu vel á því, hvernig stendur á því að þessi umr. fer fram einmitt núna um að breytinga sé þörf, eða a. m. k. hef ég ekki heyrt það af þeim ræðum, sem ég hef hlustað á. Því miður hef ég ekki hlustað á allar þessar ræður. En umr., sem fer fram um þetta mál, er einmitt út af þeim prófkjörum sem hafa farið fram nú að undanförnu, og menn hafa sannfærst um að þarna verði eitthvað að breyta til og útilokað sé að þetta geti farið fram áfram eins og tekist hefur til með sum þessi prófkjör á þessum vetri. Það er auðvitað vel hægt að hugsa sér að setja lög hér á hv. Alþ. sem kveða á um það hvernig prófkjör skuli fara fram. Það er hægt að hugsa sér að setja lög um það, að ef prófkjör fara fram á annað borð skuli þau fara fram hjá öllum þeim flokkum, sem vilja slíkt, í einu. Það eru sögusagnir um það, sem ég veit auðvitað ekki hvort eru sannar, að í ákveðnu þéttbýli á landinu, þar sem fram fór þrisvar sinnum prófkjör á þessu hausti eða þessum vetri, hafi um 90% í hvert skipti eða um það bil tekið þátt í hverju prófkjöri um sig. Þetta sýnir náttúrlega hvað er að marka þessi prófkjör í sjálfu sér í mörgum tilvikum. Og þegar menn standa frammi fyrir þessu fara menn að hugsa um það, hvernig sé hægt að koma málum þannig fyrir að slíkt geti ekki skeð, að í raun og veru séu það allt aðrir í mörgum tilvikum en þeir sem styðja þann flokk, sem í þetta og þetta sinn hefur prófkjör, kannske allt aðrir, sem ráða því, hvernig listinn verður settur fram.

Þegar hv. þm. Jón Skaftason lagði þetta frv. fram ræddi hann um það við mig m. a., að ég yrði meðflm. hans á þessu frv. Ef það hefði verið svolítið á annan veg hefði ég gert það, því að það stefnumið, sem felst í frv., tel ég til bóta. Það er bara þetta atriði, að raða upp eftir stafrófsröð, sem ég get ekki fallist á. Ég tel rétt að flokkarnir, hver og einn, raði upp listanum eins og kjördæmisþing hvers flokks ákveður. Hins vegar vil ég fyrir mitt leyti ekkert hafa með það atkv. að gera sem vill mig ekki og strikar mig út. Ég vil ekki hafa neitt með það að gera. Það kann vel að vera að sumir hv. þm. vilji fljóta inn á slíkum atkv., en ég vil ekkert með það gera. Og ég held að það væri réttmætt, þegar menn eru að tala um frelsi í þessum efnum, að kjósendur séu frjálsir að því hvern þeir kjósa. Það eru mannréttindi. Það eru að mínu mati mannréttindi að menn ráði því, hvern þeir kjósa, en fari ekki að öllu leyti eftir því sem flokkurinn setur upp, — að menn hafi rétt til þess að breyta. Hitt má svo aftur deila um, hvað þetta eigi að vega mikið, því að ég vil ekki ¾ af því atkvæði sem vill mig ekki, ég vil ekki sjá það. Og ég held að ef menn vilja réttlæti, ef menn vilja mannréttindi á annað borð nema bara í orði kveðnu, eigi þeir að fylgja því fram að menn fái þessi réttindi. En ég veit ekki um hvaða mannréttindi menn eru þá að tala. Það þarf að skilgreina það nánar svo að ég skilji það.

Það er talað um það hér að tekist sé á um stefnur. Auðvitað er tekist á um stefnur. En einstaklingar takast alltaf á um stefnur, og það er þess vegna ekki alveg sama fyrir kjósendur hvaða einstaklingar það eru sem þeir kjósa, sem þeir fela að takast á um þessar stefnur. Ég held að þetta geti farið saman, að flokkarnir raði upp listunum, ef menn vilja í sjálfu sér breyta einhverju. Menn eru kannske að verða svo íhaldssamir að þeir vilji engu breyta, ekki neinu, þó að menn horfi á það opnum augum að ástandið, sem ríkir í þessum málum, er ekki hægt að þola. Ég skal taka þátt í því að flytja frv. um að það verði að fara eftir ákveðnum reglum í sambandi við prófkjör, þannig að það sé komið í veg fyrir að hópar manna í öðrum flokkum geti skipulagt hverjir verði á listum andstæðinganna, eins og nú virðist vera. Ef þessu er ekki breytt verður líka að auka rétt kjósandans til þess að geta haft áhrif á það, hverjir komast inn af listum sem eru svona raðaðir. En ég get tekið undir

hitt, að ég felli mig ekki við þá leið að raða þessu í stafrófsröð, enda hefur hv. þm. Jón Skaftason tekið það fram, að þó að hann setti þetta upp þannig, væri hann tilbúinn að ræða um breytingar á því fyrirkomulagi á ýmsa vegu. Hann gerir þetta svona til þess að fá umr. og umfjöllun þm. um málið yfirleitt, ef ég hef skilið orð hans rétt.

Menn tala um réttlæti, menn telja réttlætið það, að óeðlilegt sé að Vestfirðingar hafi mörgum sinnum meiri rétt til þess að kjósa sér fulltrúa á Alþ. en t. d. Reykjanes hefur. Það hafa verið lagðar fram tölur í því sambandi sem eru að mínu mati ákaflega villandi. Ég hef haft samband við námsmenn í tveimur löndum undanfarin þrjú ár. Það var mikil lífsreynsla fyrir mig. Ég hef talað inn á segulbandsspólur og þeir hafa haldið fundi og svarað þessu og spurt mig. Einn þessara manna sagði að hann væri ekki pólitískur, en hann mundi þó fylgja helst Framsfl. að málum vegna þess hvaða skoðanir framsóknarmenn hefðu á þessum málum, og hann tók Vestfirði sem dæmi. Hann sagði: „Það er allt annað fyrir þm. á Vestfjörðum að ná til kjósendanna. Það verður líka að taka tillit til svæðanna, til hinna dreifðu byggða. Það er allt annað fyrir þm. Vestf. eða Austurl. eða Norðurl. e. að ná til fólks heldur en t. d. á Vesturlandi eða Suðurlandi.“ Ég hélt að þetta væri Vestfirðingur, en þegar ég fór að grennslast eftir því síðar, hvaðan þessi ungi maður væri, kom í ljós að þetta var Reykvíkingur, og það voru fleiri ungmenni einmitt af þessu svæði, sem voru þarna erlendis, sem hugsuðu á sama hátt og þessi ungi maður.

Það hefur komið fram í þessum umr. að formenn allra stjórnmálaflokkanna eru hlynntir því að gera einhverjar breytingar að þessu leyti. En ef maður svo hlustar á umr. hér á hv. Alþ., þá er í raun og veru verið að tala um allt annað og drepa málinu á dreif. Það er greinilegt af ræðum margra hv. þm. að hugur fylgir alls ekki máli.

Ég skal svo ekki vera að ræða þetta í lengra máli. Ég legg áherslu á að málið komist í n. Ég legg áherslu á að það sé kannað hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um að breyta þarna til. Ég álít að reynslan af prófkjörunum í vetur ætti að hafa kennt okkur að setja verði lög eða fastar reglur um prófkjör, og ég held að ef menn hafa meint eitthvað með því sem þeir hafa sagt á undanförnum árum, að þeir vilji styðja rétt kjósandans til þess að hafa áhrif á það hverjir nái kjöri á framboðslistum, þá eigi þeir að manna sig upp og reyna að ná samkomulagi til þess að gera breytingar á því fyrirkomulagi sem nú er.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir því, að ég tæki aftur til máls í þessu máli við þessa umr. En ástæðan fyrir því eða tilefnið er sú ræða sem hv. 2. þm. Austurl. flutti áðan. Að vísu skal það sagt, að ekkert nýtt kom fram í ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar umfram það sem hann gat um í ræðu fyrr við þessar umr. Það, sem ég vildi gera aths. við í ræðu hans, eru þau ummæli, að það benti allt til þess að ég hefði ekki hlýtt á mál hans hér fyrr og hefði í mínu máli talað í raun og veru um allt annað en hann hefði verið að tala um í sinni ræðu. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og ástæða til að leiðrétta það. Áður en ég kem að því finnst mér rétt að vekja á því athygli, að miklum mun fannst mér hv. þm. mildari í ræðu og tóni heldur en fyrr við þessa umr., enda tók hann í sumum tilvikum stórt upp í sig þá og fullyrti mikið.

Ummæli hv. þm. um að ég hafi ekki komið nálægt því efni sem hann var að ræða um, í þeim fáu orðum sem ég lét hér falla fyrr, fá náttúrlega ekki staðist, og hafi þessi hv. þm. ekki hlustað, en bara lesið umr., þá hefði hann getað séð þetta. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa örfá orð úr minni fyrri ræðu, sem er prentuð í þingtíðindum, en þau geyma öll ummæli mín varðandi ræðu hv. 2. þm. Austurl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki alls fyrir löngu mælti hv. þm. Ragnar Arnalds fyrir þáltill. hér á Alþ., sem stefnir í sömu átt og það frv. sem hér er nú til umr. Þar talaði þáv. formaður Alþb., og flm. þessarar till. eru nokkrir aðrir þm. Alþb. sem virðast vera á þeirri skoðun, ef á annað borð á að taka mark á flutningi þessarar þáltill., að þeir vilja breyta til, vilja gefa kjósendum meira áhrifavald til þess að ráða þessum málum.“ Og svo kemur: „Svo rís hér upp hinn nýkjörni formaður Alþb., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, og gengur berserksgang og mótmælir öllu, sem kemur fram í þessu frv., og þar með auðvitað þáltill. sinna flokksbræðra, og segir að hér sé um gervilýðræði að ræða sem hann vilji ekkert hafa með.“

Þetta var það í minni ræðu sem sérstaklega vék að hv. 2. þm. Austurl. En hvað sagði hv. þm. Lúðvík Jósepsson um þetta frv.? Hann sagði orðrétt, og enn bið ég um leyfi hæstv. forseta:

„Ég verð því að segja að afstaða mín er sú til þessa frv., að ég tel það í eðli sínu alveg fráleitt.“

Er hægt að kveða sterkara að orði um afstöðu til máls en segja að maður telji málið alveg fráleitt, í raun og veru sé það ekki þess eðlis eða efnis eða þess vert að um það sé talað? Ég sé því ekki að undir neinum kringumstæðum geti hv. 2. þm. Austurl., þó snjall sé að snúa út úr og snúa sig frá málum, með tilvitnunum í ræðu mína haldið því fram að ég hafi talað um allt aðra hluti en þá sem hann í raun og veru talaði um í sinni ræðu. Hann taldi þetta frv., efni þess, svo fráleitt að í raun og veru væri ekkert um það að segja annað. En samt taldi hv. þm. Lúðvík Jósepsson sig þurfa að halda ræðu sem stóð yfir á annan klukkutíma, bara til þess að vekja athygli á því sem ég og hv. þm. Magnús T. Ólafsson höfðum sagt fyrr við umr. Ekkert nýtt kom fram.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði að undir ræðu minni hefði hann farið að spyrja sjálfan sig að því, í hvaða flokki þessi hv. þm., Karvel Pálmason, hefði verið. Þessum forustumanni Alþb. fyrr og nú virðist ekki hafa verið um það kunnugt, að fyrir nokkuð mörgum árum og um nokkurt árabil var ég í Alþb. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefði átt að muna þetta, því að ekki gekk svo lítið á á þeim tíma á Vestfjörðum einmitt innan Alþb. vegna þeirrar stefnu og þeirra

vinnubragða sem viðhöfð voru af foringjum Alþb. þá. Hitt skal tekið fram, að á þessum tíma var Alþb. ekki stjórnmálaflokkur, þá var það kosningasamtök. Það varð ekki formlega að stjórnmálaflokki fyrr en eftir að ég fór úr því, sem betur fer. En þetta hefði hv. þm. Lúðvík Jósepsson, núv. form. Alþb., endilega þurft að muna. En menn eldast og gleyma, og við því er ekkert að segja.

Um hina fullyrðingu mína, þar sem ég hélt því fram að hv. þm. Lúðvík Jósepsson væri greinilega á öðru máli en sumir hverjir hans flokksbræður og skoðanabræður um það að vilja gefa almennum kjósendum aukinn rétt til þess að hafa áhrif á framboðsmál, röðun lista o. s. frv., þá sagði hann áðan: „Ég skal ekkert um það segja", segir hann, „á þessu stigi, hvort mismunur er á sjónarmiðum mínum og minna flokkssystkina hér á Alþ. í þessu efni." Hann treysti sér ekki sjálfur til þess, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, að skera úr um það á þessu stigi hvort hann gengi samstiga sínum flokksbræðrum hér á Alþ. í átt til þess að auka rétt hins almenna kjósanda til að hafa áhrif á framboðsmál og hafa þar með áhrif á það hvernig hv. Alþ. er skipað. Þetta skrifaði ég orðrétt og ég vænti þess að hv. þm. neiti því ekki, — orðrétt haft eftir honum. (Gripið fram í.) Þetta er orðrétt skrifað. Sé það moðhausaháttur í hugsun, þá kemur sá moðhausaháttur frá hv. þm. sjálfum og það verður hann að eiga við sig. En þetta sagði hv. þm., og það er ekki nema eðlilegt að ég, sem er utan dyra í flokknum, þ. e. a. s. Alþb., reyni að gera mér hugmyndir um það, hvort þessir hv. þm. gangi nú samstiga í málinu. Og ég komst að raun um það, og þá sný ég mér til hægri, til hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, — ég komst að raun um það, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson gengur ekki samstiga sumum hv. þm. Alþb. í þessu efni, t. d. fyrrv. formanni þess, 1. flm. að þáltill. sem hér var til umr. fyrir nokkru.

Eitthvað var nú fleira sem ég taldi rétt að gera aths. við hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Hann sagði, efnislega er það a. m. k. rétt, ég skal ekki segja hvort það er orðrétt, að ég hefði deilt allhart á flokksræðið í landinu og flokkarnir réðu of miklu að mínum dómi að því er varðaði ákvörðun um framboð og þar með í raun og veru hverjir sætu sem fulltrúar þjóðarinnar hér á Alþ. Ég nefndi sem dæmi að í mörgum kjördæmum, við skulum taka t. d. Vestfjarðakjördæmi, væri í raun og veru um lífstíðarstarf að ræða, hefði verið hjá efstu mönnum t. d. á lista Framsfl. og Sjálfstfl., tveimur efstu mönnum, þar væri í raun og veru um lífstíðarstarf að ræða, þar yrði engu breytt. Allt frá 1959, að núverandi kosningalög tóku gildi, hafa þessir tveir efstu menn á listum þessara flokka, sem kannske 25—30 einstaklingar ræða upp á fundum, hvort sem menn kalla það klíkufundi eða ekki, hlotið þennan sess. Þeir hafa sem sagt í reynd verið sjálfkjörnir. Og ég fer að hallast að því, að það megi kalla það svo, að hér sé um lífstíðarráðningu að ræða á vegum flokkanna, þegar menn fara að geta gegnt þessari stöðu svo áratugum skiptir án þess að við þeim sé hróflað. Þetta er staðreynd og þetta veit ég að hv. þm. Lúðvík Jósepsson veit ósköp vel. En oft er það nú svo með hann eins og kannske aðra, að hann er ekki alltaf að viðurkenna sannleikann, sá hv. þm., þó að hann sjái og finni á sér að öllu leyti er rétt með farið og staðreyndirnar blasa við. Ég tel þetta algera óhæfu, hvaða flokkur sem hér ætti í hlut, að geta leyft sér í krafti flokksvalds og flokksræðis að ráða hér um bil til lífstíðar menn með þessum hætti. En svona er þetta í dag og er búið að vera þannig bráðum í 20 ár.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði, að hann hefði ekki komið því fyrir sig í hvaða flokki ég hefði verið á undanförnum árum, hann kannaðist ekki við neitt líkt því sem ég var að lýsa í sambandi við flokksræðið innan vébanda Alþb., þar væri allt klárt og kvitt, reglurnar skrifaðar á blað sem lög flokksins. Þá hafa menn það. Það finnst þessum hv. þm. nóg, að það standi bara skrifað á blað, burt séð frá því hver reyndin er í sambandi við framkvæmd þessara reglna. En hún er allt önnur en þessi hv. þm. vill vera láta. Ég veit nokkur dæmi þess, að brögðum hefur verði beitt og í sumum tilfellum reynt að beita þeim án þess að árangur næðist innan vébanda Alþb. til þess að þrýsta þeim málum fram sem flokksforustan, hvort sem menn kalla það klíku eða annað, vill ná fram, burt séð frá því hvort það skoðist sem eðlileg hugsun með hliðsjón af lögum flokksins. Þessa eru mörg dæmi og ekki bara í Alþb. Það væri sök sér ef það væri bara þar, því að þá hefði það haft tiltölulega lítil áhrif í þjóðfélaginu í heild. En það er miklu víðar sem þetta gerist, í hinum pólitísku flokkunum líka. Ég man dæmi þess ekki fyrir mörgum árum, þegar búið var að ganga frá framboðslista Framsfl. á Vestfjörðum, að einn mesti forustumaður Framsfl. þá lét sig ekki muna um það að koma vestur á firði til þess að umbylta öllum þeim lista að því er varðaði efsta sætið og efstu sætin til þess að ná fram sjónarmiði flokksins, þó að það væri í andstöðu við það sem heimamenn voru búnir að ákveða. Þeir létu undan eins og allt of oft hefur viljað við bregða hjá almennum flokksmanni, að hann lætur undan þrýstingi forustunnar, flokksvaldsins, flokksræðisins. Það er það sem hefur gerst, og ekki síst þess vegna er komin upp hin mikla ádeila á flokksræðið í landinu og hina tiltölulega fámennu klíku í hverjum stjórnmálaflokkanna gömlu, sem í raun og veru hefur ráðið því sem hún hefur viljað ráða, burt séð frá því hver vilji hins almenna flokksmanns hefur verið. (MK: Er nokkur klíka í nýjasta stjórnmálaflokknum?) Ef hv. þm. Magnús Kjartansson á við yngsta flokkinn, hann hefur ekki komið sér að því að nefna hann, SF, þá er ég ekki í neinum vafa um það og veit raunar dæmi þess, að þeir hinir sömu aðilar sumir hverjir sem fóru frá Alþb. ekki síst, frá Alþfl., frá Framsfl., — fæstir þeirra hafa líklega komið frá Sjálfstfl., — að sumir þessara aðila voru þannig aldir upp í hinum gömlu pólitísku flokkum, að þessa gætti lengi eftir á, þó að þeir kynntust nýjum viðhorfum og væru komnir innan um fólk sem hafði allt önnur sjónarmið í þessum efnum. Í mörgum tilfellum tókst að venja þá af því sem betur fer. Og það skiptir mestu að hægt sé að hafa þau áhrif á hvern og einn einstakling til hins betra

að hann leggi af hið verra. Hvað gerðist? (**Gripið fram í:** Af hverju fórst þú úr flokknum?) Ég er í flokknum enn. Enn veit hv. þm. Lúðvík Jósepsson ekki, hvað um er að vera eða hvað er að gerast í landinu, ekki einu sinni að því er snertir stjórnmál. Hann er í þessu tilfelli svo aftarlega á merinni að hann veit ekki einu sinni hvar — við skulum segja forustumenn í stjórnmálum hafa skipað sér í flokka. Það virðist hafa verið tími til þess kominn að kjósa þennan hv. þm. sem formann Alþb., því að seinna hefði það ekki mátt vera, það er alveg greinilegt. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. ræðumann, hvort hann hefur lokið ræðu sinni eða á mikið eftir.) Ég hef ekki alveg lokið henni, en ég skal ljúka henni á 1—2 mínútum. Ég gæti auðvitað talað miklu lengra mál um þetta. Eins og hæstv. iðnrh. gaf tilefni til þess í gær að tala langt mál um annað efni, þá hefur hv. þm. Lúðvík Jósepsson gefið sérstakt tilefni til þess að tala langt mál um þetta. En ég skal ljúka máli mínu, herra forseti, með örfáum orðum.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði líka að ég hefði ekki vikið í neinu í minni ræðu að því er varðar kjördæmaskipanina og mismunandi vægi atkv., sem menn hafa talað um hér, eins og málin nú standa. Þetta er að nokkru leyti rétt. En það er vegna þess að ég hafði áður tvívegis í umr. hér á Alþ. lýst skoðun minni í þeim efnum og taldi raunar ástæðulaust, jafnvel þó það væri fyrir hv. þm. Lúðvík Jósepsson, að endurtaka það í þriðja skiptið. En kannske ég neyðist til þess þótt síðar verði þannig að m. a. s. hann komist að raun um hver skoðun mín er í þeim efnum. En ástæðan til þess að ég nefndi þetta ekki við þessa umr., var einfaldlega sú, að ég hafði áður lýst skoðun minni á þeim þætti málsins.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 28. fundur.

Fimmtudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 40). — Ein umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 40 flytjum við nokkrir þm. Vestfjarða till. til þál. um athugun á úrbótum varðandi flugsamgöngur við Vestfirði. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli.
2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflugvöll.
3. Öryggisbúnað og lýsingu á Þingeyrarflugvelli.
4. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugun þessari skal hraðað svo sem frekast er kostur og skulu niðurstöður liggja fyrir það snemma árs 1978, að hægt sé að gera ráð fyrir fjárveitingum til framkvæmda á fjárlögum 1979.“

Á síðasta þingi flutti ég þáltill. sem var í meginatriðum samhljóða þessari þáltill. sem hér er nú til umr., en hún hlaut ekki afgreiðslu Alþ. þá, og því er þessi till. flutt nú. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Gunnlaugur Finnsson.

Það hafa átt sér stað hér á Alþ. og víðar á undanförnum árum allmiklar umr. um samgöngumál, ekki einungis um flugsamgöngur, heldur einnig í sambandi við samgöngur á landi og á sjó. Á vegum samgrn. athugaði nefnd hvernig mál stæðu að því er varðaði flugsamgöngur innanlands, og að því er ég best veit er búin að liggja fyrir niðurstaða n. þessarar varðandi athuganirnar fast að einu ári. Það er ekki ætlan mín að rekja niðurstöður þessarar n., en ég tel rétt að vekja á því athygli, að mér vitanlega hafa ekki sést eða fram komið till. sem gefa til kynna að vænta megi skipulegra úrbóta á næstunni.

Varðandi þessa þáltill. er það að segja, að hún er um það að Vestfirðir verði sérstaklega teknir út úr og þar verði gerð athugun á úrbótum varðandi flugsamgöngur, fyrst og fremst vegna þess að Vestfirðir eru landshluti sem hefur sérstöðu varðandi samgöngumál, ekki einungis með hliðsjón af flugsamgöngum, heldur einnig bæði að því er varðar samgöngur á landi og á sjó. Það er t. d. þannig varðandi samgöngur á landi á Vestfjörðum, að Vestfirðir eru einangraðir landshluti vegna samgangna á landi allt frá 7 upp í 9 mánuði á ári hverju. Sömu sögu er að segja að því er varðar samgöngur innan Vestfjarðakjálkans sjálfs. Á sama tíma og þetta er staðreynd liða allt upp í þrjár vikur milli þess sem ríkisskip er á ferðinni á Vestfjarðahafnir. Og í þriðja lagi, þessu tvennu til viðbótar, getur það átt sér stað svo dögum skiptir að engar flugsamgöngur séu við Vestfirði. Það er því ljóst, að í öllum þessum þremur þáttum að því er varðar samgöngur eru Vestfirðir einangraðasti landshlutinn að þessu leyti, og hygg ég að menn deili ekki um það.

Einangrun eins og hér hefur verið lýst er auðvitað óþolandi, og raunar má furðulegt teljast hvað stjórnvöld virðast viljalítil og afskiptalaus að því er varðar úrbætur í þessum hagsmunamálum Vestfirðinga.

Varðandi flugsamgöngur við Vestfirði nú, þá eru þær með þeim hætti að það er um að ræða áætlunarflug á vegum Flugleiða til þriggja staða á Vestfjörðum, þ. e. a. s. Ísafjarðar, Þingeyrar og Patreksfjarðar. Enginn af þessum flugvöllum er þannig útbúinn að hægt sé á honum að lenda eftir að skyggja tekur eða myrkur er komið. Yfir mesta skammdegið er því einungis þriggja til fjögurra klukkutíma tímabil úr deginum eða sólarhringnum þar sem um er að ræða að flug geti átt sér stað til þessara staða í skammdeginu.

Þessi till., sem hér er nú til umr., er flutt ekki bara til þess að vekja athygli á þessu vandamáli

þessa landsfjórðungs og gera tilraun til þess að opna augu ráðandi manna á hinni sérstöku einangrun sem Vestfirðingar hafa þurft og þurfa við að búa í samgöngumálum, heldur er hún einnig og ekki síður flutt til þess að reyna að koma hreyfingu á málið að því er varðar það, að gerð verði athugun á því, með hvaða hætti sé hægt að ráða bót á þessu mikla samgönguvandamáli þessa landshluta og kanna til hlítar hvaða úrbætur koma hér fyrst og fremst til greina.

Í framsögu fyrir þáltill. á síðasta Alþ. gerði ég allrækilega grein fyrir þessum málum. Ég skal ekki hafa ýkjalangt mál um það nú, en vil þó aðeins drepa á nokkur atriði þess.

Varðandi 1. lið till., sem er um athugun á lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli, þá er, eins og hér hefur áður komið fram, ekki um það að ræða að á Ísafjarðarflugvöll sé hægt að fljúga nema í dagsbirtu. Auk þess er þar um að ræða sérstakt vandamál vegna misvinda sem þar eiga sér tíð stað, en ekki á ég von á því, að stjórnvöldum takist að ráða bót á því vandamáli, heldur verði til annarra ráðstafana að grípa gegn þeim vanda.

Því hefur verið haldið fram varðandi lýsingu til aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli, að ekki væri um slíkt að ræða, hvorki tæknilega séð né væri slíkt framkvæmanlegt vegna mikils kostnaðar við slíkar framkvæmdir. Nú skal engu um það slegið föstu af mér, hvort þessar fullyrðingar sumra hverra hafa við rök að styðjast. En ég tel nauðsynlegt að það verði gerð á því athugun og það rækileg, hvort hér er um að ræða slíkt vandamál sem með engum hætti er hægt að ráða bót á í nútímaþjóðfélagi.

Það voru uppi um það hugmyndir ekki alls fyrir löngu, að það mætti sameina þarna þrennt varðandi lýsingu á Ísafjarðarflugvelli, þ. e. a. s. lýsingu bæjarins sjálfs, lýsingu til lendingar á flugvellinum og lýsingu til aðflugs. Um þetta voru uppi hugmyndir ekki alls fyrir löngu, og ég hef ekki heyrt mótbárur eða andsvör gegn þessum hugmyndum sem ég tel að hafi við rök að styðjast, allra síst ef litið er til þeirrar miklu tækniviðingar sem átt hefur sér stað bæði í þessum efnum svo og öðrum á undanförnum árum. Ég tel því og við flm. nauðsynlegt að gengið sé úr skugga um hvort sé í raun og veru útilokað mál að ráða bót á þessu vandamáli.

Varðandi 2. lið till., um endurbætur á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík, þá er þar um að ræða athugun á því, hvort annar hvor þessara staða eða báðir geta ekki komið til greina sem varavellir fyrir Ísafjarðarflug í þeim tilvikum að ekki er þar hægt að lenda. En þar er, eins og ég áður sagði, um að ræða vandamál vegna misvinda á þeim stað þar sem flugvöllurinn er. Sem leikmaður og raunar eftir viðtali við suma flugstjórnarmenn, sem flogið hafa og að nokkru leyti athugað kannske lauslega aðstæður á þessum stöðum, þá hygg ég að þarna sé um framkvæmanlegt atriði að ræða, spurningin sé einvörðungu sú, hvort stjórnvöld og ráðandi menn þjóðarinnar treysti sér til þess að setja til þess það fjármagn sem þarf til að það geti orðið að veruleika.

En hér er sem sagt um það að ræða að gerð verði athugun á því, hvort ekki geti verið um að ræða úrbætur á öðrum hvorum þessara staða eða báðum sem geti leitt til þess að þjóna sem varaflugvellir vegna Ísafjarðarflugvallar í þeim tilvikum sem ekki er þar lendandi.

Í þriðja lagi er um það að ræða að auka öryggisútbúnað og gera athugun á því, hvort ekki er hægt að koma við lýsingu á Þingeyrarflugvelli. Ég hef ekki um það vitneskju, hvort nein slík lausleg athugun varðandi Þingeyrarflugvöll hefur átt sér stað. En ég tel nauðsynlegt að í þessari athugun sé einnig um það að ræða að athuga í leiðinni hvort kostnaðarsamt er og hvort framkvæmanlegt er þá að koma fyrir lýsingu á Þingeyrarflugvelli.

Það er rétt að það komi fram í sambandi við Þingeyrarflugvöll, að það hefur gerst í nokkrum tilvikum að Þingeyrarflugvöllur hefur verið notaður sem lendingarstaður þegar ekki hefur verið hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli. Þetta er og hefur verið framkvæmt að sumarlagi til þegar samgöngur eru tiltölulega greiðar. En frá Ísafirði til Þingeyrarflugvallar undir eðlilegum og miðað við okkar kringumstæður góðum aksturskilyrðum er um að ræða 1½—2 klukkutíma akstur milli þessara staða.

Ég held, þó að gert væri ráð fyrir að þarna væri fært á milli mestan hluta ársins eða allt árið, þá sé ekki um það að ræða að nota Þingeyrarflugvöll sem varaflugvöll fyrir Ísafjörð vegna þessarar vegalengdar. Og svo kemur hið stóra mál þar til viðbótar, að mikinn hluta úr árinu er þessi leið lokuð vegna snjóa. Það eitt út af fyrir sig kemur í veg fyrir að um það verði að ræða að Þingeyrarflugvöllur verði notaður nema þá tiltölulega lítinn hluta úr árinu sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð.

Í fjórða lagi er svo gert ráð fyrir því, að athugað verði, hvort ekki megi koma fyrir lýsingu á Patreksfjarðarflugvelli, og einnig verði athugað með hvaða hætti best verði ráðin bót varðandi öryggisútbúnað á þeim velli. Nú held ég að það sé talið mjög vel framkvæmanlegt að koma upp lýsingu á Patreksfjarðarflugvelli. Það er hins vegar spurningin um vilja og fjármagn til þess að ráðast í framkvæmdir af því tagi.

Eins og áður kom fram, þá gerir till. ráð fyrir að þessari athugun verði hraðað svo sem frekast er kostur, a. m. k. þannig að niðurstöður geti legið fyrir svo snemma á næsta ári að hægt verði að gera til þess ráðstafanir — því skal við bætt enn einu sinni: verði fyrir því vilji hjá stjórnvöldum að ráða hér bót á, þannig að hægt sé að gera till. um fjárveitingar á fjárlögum ársins 1979.

Ég hef áður tekið það fram og raunar oft, en hygg að það verði aldrei nógsamlega undirstrikað, hversu Vestfirðir eru í raun og veru einangraðir og afskekktir í samgöngulegu tilliti. Það er auðvitað margt sem kemur til. En það er enginn vafi á því, að þar er hægt að breyta mjög verulega til hins betra sé fyrir því vilji af hálfu ráðandi manna í þjóðfélaginu.

Það er skoðun okkar flm. þessarar þáltill., að við lítum svo til að ekkert sé í raun og veru sem ætti að geta komið í veg fyrir að þessi athugun eigi sér stað. Það skal undirstrikað að hér er einungis um það að ræða að athuga þetta

mál. Hér er ekki um það að ræða að gera till. um að fara í framkvæmdir, heldur að þessi athugun verði sett af stað og hún framkvæmd, þannig að niðurstöður fáist varðandi hugsanlegar framkvæmdir til úrbóta.

Ég vil að lokum leggja á það mikla áherslu, að þar sem hér er einungis um athugun að ræða, — athugun sem leiði af sér niðurstöður svo tímanlega á næsta ári að hægt sé að gera ráð fyrir fjárveitingum, þá legg ég á það þunga áherslu að þetta mál fáist afgreitt áður en þing lýkur störfum og helst nokkuð tímanlega á þingi eftir að það kemur saman úr jólaleyfi, væntanlega síðari hluta janúarmánaðar. Ég held að það geti vart nokkuð komið fram sem mæli gegn því að athugun af þessu tagi fari fram, þannig að menn fái sem skýrasta mynd af þeim vandamálum sem við er að glíma, bæði því, hvernig í raun og veru Vestfirðingar eru settir varðandi samgöngur, og svo hinu, með hvaða hætti er hægt að bæta það vandræðaástand sem þar hefur verið og er um að ræða. Á þetta leggjum við þunga áherslu, og ég vænti þess að sú n., sem málið fær til umfjöllunar og skoðunar, hraði störfum sínum að því er það varðar. Og ég vænti þess ekki síður að hv. Alþ. sjái sér fært að afgreiða þessa þáltill. tiltölulega snemma eftir áramót.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta öllu lengra mál. Ég vísa til framsögu fyrir sams konar till. á síðasta Alþ. og vil svo leggja til að umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn. til umfjöllunar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þessu máli var hreyft á síðasta þingi, í fyrravetur, er ég flutti þá fsp. til hæstv. samgrh. nokkurn veginn samhljóða efnislega þeirri þáltill. sem nú er hér borin fram af okkur fjórum Vestfjarðaþm. Ég vil nú í upphafi þakka kollega mínum, hv. 5. þm. Vestf., fyrir háttvísi hans að bjóða mér í þetta skipti að verða meðflm. að máli sem ég hóf umr. um hér á þingi. Það láðist honum hins vegar í fyrra og þótti mér einkennilegt, þar sem hann notaði framsögu mína með fsp. svo til orðrétta í grg. sinni með till. fluttri nokkrum dögum síðar en fsp. kom fram á Alþingi.

Þrátt fyrir þennan smámisbrest á háttvísi hv. þm., þá styð ég hann nú að sjálfsögðu eindregið í þessu máli. Þetta er mál sem okkur Vestfjarðaþm. liggur öllum mjög á hjarta og munum vafalaust gera okkar til að það fái framgang hér, hér á hinu háa Alþ. Till., eins og hv. frsm. hefur þegar gert grein fyrir, fjallar ekki um annað nú heldur en að fram fari athugun á þessum málum. Það er ekki farið fram á mjög mikið, og við teljum sjálfsagt að við þeirri ósk verði orðið. Till. fjallar að miklu leyti um að athygli skuli vakin á hinu ófullkomna öryggi í flugsamgöngum til Vestfjarða.

Ég minntist á það í máli mínu hér á Alþ. í fyrra, að þarna kæmi ekki til a. m. k. ekki eingöngu, að Vestfirðir hefðu verið settir hjá miðað við aðra landshluta, heldur öllu fremur sú staðreynd, að náttúruleg aðstaða á Vestfjörðum er ólík því sem víða gerist annars staðar á landinu. Um Patreksfjörð, sem er syðst á Vestfjörðum, er það að segja, að flugvöllurinn þar þykir gefa möguleika á því að þar mætti koma við næturlýsingu. En jafnvel þó svo yrði, sem maður vonar að verði í næstu framtíð, að þarna komi öryggistæki sem geri kleift að fljúga þangað næturflug, þá er norðurhluti Vestfjarða, þar sem mesta þéttbýli kjördæmisins er, jafnafskorinn, einfaldlega vegna þess að á milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar liggja þrír fjallvegir sem má óhikað telja í flokki erfiðustu fjallvega á öllu Íslandi, þ. e. Dynjandisheiði, Hrafnseyrarheiði og Breiðadalsheiði. Allar þessar heiðar eru lokaðar af fannfergi helming ársins og stundum meira, þannig að hér eru í rauninni tvö aðskilin vandamál hvað Vestfirðina sem heild snertir, og það gerir málið allt örðugra. Því er það, að bent hefur verið á, bæði í umr. um þetta í fyrra og nú, að sérstaklega Breiðadalsheiðin í þessu tilliti, sem er á milli nyrstu hluta Vestfjarða, Ísafjarðar og Bolungarvíkur annars vegar sem þéttbýlisstaða og hins vegar Flateyrar og Þingeyrar, er þröskuldur í samgöngumálum sem okkur Vestfirðingum öllum er vaxandi þyrnir í augum, ekki síst vegna þess að flugið á norðurhlutann er svo ákaflega stopult sem raun ber vitni.

Ég þarf ekki að endurtaka það hér aftur, sem sagt hefur verið í þessum umr., að flug til Ísafjarðar er teppt dögum saman, jafnvel þó að besta veður sé, af því að aðflugsaðstæður á Ísafirði eru þannig að lítil vindgola úr vissri átt, suðaustri og austri, gerir lendingu ófæra, þannig að þetta getur þýtt einangrun dögum saman sem kemur sér vægast sagt ákaflega illa. Það þarf ekki mörgum orðum að eyða að því, að menn, sem þurfa að reka erindi sín hér í Reykjavík sem taka kannske part úr degi eða einn dag, tekur ferðin í reynd viku til 10 daga, vegna þess að menn teppast vegna flugskilyrða. Kostnaður, sem þetta hefur í för með sér, liggur í augum uppi og er aðeins einn hluti af þeim erfiðleikum sem fólk úti á landsbyggðinni á oft og tíðum við að etja vegna erfiðra samgangna.

Þess er skammt að minnast, að sjúkt barn á Ísafirði þurfti að flytja suður með þyrlu sem lenti á sjúkrahústúninu, því að hvergi var lendandi fyrir flugvél Flugfélagsins. Mér kemur í hug í þessu sambandi ferð nokkurra manna, að ég hygg á vegum flugmálastjórnar, sem fóru s. l. sumar til Noregs og kynntu sér flugmál Norðmanna. Það var margt fróðlegt sem kom út úr þeirri heimsókn og þeirri athugun. En ég lagði við eyrun þegar einn af þeim mönnum, sem fóru þessa ferð, sagði mér að Norðmenn hefðu lýst því afsakandi fyrir Íslendingum, að flugvellirnir væru nú kannske ekki í eins góðu lagi og flugmálin yfirleitt eins og þeir óskuðu, enda væri það svo að þeir í Noregi yrðu að sjá fyrir flugvelli á hverja 100 þús. íbúa. Borið saman við okkar aðstæður hér og mannfjölda teljum við þessar tölur ekki koma okkur á óvart. Sannleikurinn er sá, að við á Íslandi höfum 99 flugvelli á 220 þús. íbúa, en þessir flugvellir eru að sjálfsögðu ekki flugvellir nema að nafninu til margir hverjir og þurfa að sjálfsögðu mikilla endurbóta við til þess að þeir nái þeim tilgangi sem til er ætlast, að létta einangrun þeirra staða þar sem þeir eru. Þar fyrir vil ég þó í leiðinni benda á það sem kom fram í þessari

athugun á norskum flugmálum, að þar virðist töluvert öðruvísi vera haldið á málum. Þar eru flugvellir, þar sem aðflugsaðstæður eru erfiðar, miðaðir við öðruvísi flugvélar en Flugfélag Íslands notar í áætlunarflugi út um land. Þeir eru með minni flugvélar sem henta á stuttu aðflugi. Og ég hef ekki skilið hingað til hvers vegna Flugfélag Íslands hefur ekki viljað taka upp þá skipan að hafa jafnhliða stóru Fokkerflugvélunum smærri flugvélar sem gætu hentað fyrir þessa staði sem erfiðastir eru í aðflugi. Að vísu höfum við önnur flugfélög sem eru með þessar litlu vélar, og góðu heilli hefur tekist viss samvinna milli Flugfélags Íslands og smærri flugfélaganna.

Ég þarf ekki að fjölyrða frekar um þetta. Við bentum á í fyrra máli okkar til stuðnings að Vestfirðir hafa í þessu tilliti greinilega sérstöðu. Á því er enginn vafi. Á þeirri forsendu töldum við að vænta mætti sérstakrar athugunar sem allra fyrst á því að ráða hér bót á. Það er enginn vafi á því, að sá skortur á öryggistækjum, sem nú hagar víða flugsamgöngur á landinu öllu, á ekki bara við um Vestfirði. Þetta kemur þannig út, að flugtíminn styttist. Það ráð, sem gripið var til í fyrra, í desembermánuði, var að stytta þann mjög svo takmarkaða tíma sem hægt er að fljúga í dagflugi í skammdeginu, og það munar um hvert kortérið og hálftímann í desembermánuði og svartasta skammdeginu sem mögulegur flugtími verður styttri. Að sjálfsögðu er það svo, að því betur sem flugvellirnir eru búnir öryggistækjum, því lengri verður flugtíminn og því meiri líkur á að þessi mál séu í sómasamlegu horfi.

Fsp. þeirri, sem ég flutti á Alþ. í fyrra, og þáltill., sem kom fram í kjölfar hennar, fylgdum við eftir, nokkrir Vestfjarðaþm., á s. l. sumri með sérstöku bréfi til flugmálastjóra, þar sem farið var fram á að þessi mál yrðu tekin til sérstakrar athugunar. Ég veit raunar að það bréf gerði lítið annað en að minna á málið og halda því vakandi hjá flugmálastjórn. Okkur er svarað því til sem við vitum að er eðlilegt: Þetta fer eftir því fjármagni sem við fáum til flugmálanna. — Að sjálfsögðu gerir það það. En við teljum engu að síður, þótt fjármagnið sé takmarkað þar og margfalt minna en við vildum þar eins og í öðrum málaflokkum, að þá verði að taka tillit til þessarar sérstöðu Vestfirðinga með erfiðar samgöngur, og ég vænti þess ásamt frsm. þessarar till., að þetta mál fái góða afgreiðslu í n. og sú athugun, sem þarna er farið fram á, verði framkvæmd á næsta sumri.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það mun hafa verið haustið 1975, sem ég skipaði n. til þess að gera úttekt á flugvöllum á landinu og tillögur um framkvæmdir í þeim málum og þá röðun sem sú n. eftir úttekt sína teldi heppilegast að hafa. Skýrsla af hálfu þessarar n. er mjög vönduð og hún var lögð fram hér á hv. Alþ. Fyrst var henni útbýtt meðal hv. þm., síðar var hún lögð hér formlega fram, en fyrir henni var ekki talað fyrr en rétt á síðasta degi þingsins, og þá gat ég þess, vegna þess að hér væri um mjög ítarlega skýrslu og gott verk að ræða, að ég mundi óska eftir umr. um skýrsluna á því þingi sem nú stendur yfir. Þetta hefur ekki komist í framkvæmd enn þá, en ég tel mig bundinn af þessu og líka að málið sé mesta nauðsynjamál, því skýrslan var þannig úr garði gerð að það ber nauðsyn til þess að hv. alþm. ræði málið í heild, eins og þar er lagður grunnur að. Ég mun því hlutast til þess við hæstv. forseta eftir áramótin, þegar við komum þá saman og vinnulag verður með þeim hætti að hægt er að taka slík mál fyrir, að þá fari þessi umr. fram, og mun ég þá búa mig undir framsöguræðu í þeim efnum á nýjan leik.

Ég vil vekja athygli á því, að í þeirri skýrslu er úttekt gerð á flugvöllum á Vestfjörðum sem og annars staðar á landinu. Og einu vil ég nú vekja athygli hv. þm. á, að það er út af fyrir sig gott og ágætt að óska eftir eilífum úttektum, en úttektirnar kosta sína fjármuni og við megum ekki eyða allt of miklu í úttekt ofan á úttekt, heldur reyna að nota það fé, sem við höfum til umráða, til framkvæmda og úrbóta í þeim efnum sem búið er að gera úttekt á.

Í till. samgrn. til fjmrn. á s. l. hausti við fjárlagaundirbúning var farið alveg að till. þessarar n. um fjárhæð. Því miður tókst ekki að fá þá fjárhæð í fjárlagafrv. sem lagt var til í till. þessarar úttektarnefndar og við urðum að draga þar nokkuð úr, en þó var verulega til úrbóta unnið í þá átt að reyna að hafa meira fé til flugvallagerðar á næsta ári heldur en verið hefur, og hefur svo verið bæði á þessu ári og því næsta að sótt er í rétta átt. Ég veit að það mun dragast lengur en n. taldi ástæðu til eða þörf á að koma í framkvæmd því sem hún lagði til, en þar koma náttúrlega til möguleikar okkar á sviði fjármála, og sú verðbólga, sem kann að verða í landinu, mun hafa þar að sjálfsögðu sín áhrif eins og annars staðar. En í fjárlagaafgreiðslunni núna er stefnt að því að láta það ganga fyrir sem n. lagði til að gert yrði, sem eru öryggismál á sviði flugvalla. Eru með nefndarskýrslunni alveg mótaðar till. í flugvallagerð hér á landi eða framkvæmdir í sambandi við flugvelli, og ég tel því að það góða verk eigi að ræða í heild hér á hv. Alþ. og mun því ekki fara út í einstaka þætti þess.

Ég minnist þess, að hv. 2. þm. Austurl. óskaði eftir því og lét í ljós þá skoðun við þær litlu umr. sem hér urðu í fyrra, að hér væri um stórt og merkilegt mál að ræða sem hann óskaði eftir að yrði rætt í þinginu síðar, og við því verður orðið.

Ég vil að lokum segja það, að ég tel að með fjárlagaafgreiðslunni núna verði farið inn á þá stefnumótun sem fólst í skýrslu þeirrar n. sem endurskoðaði þessi mál og gerði ítarlegar till. þar um. Síðar munum við svo ræða þessar till. og þá geta einstök sjónarmið hv. þm. komist að. Ég tel að ekki sé ástæða til að fara að taka umr. um einstaka þætti út úr nú, því það sé heildarmálið sem við eigum að fjalla um, og það verður gert, enda verður ekki breytt um framkvæmd á því tímabili sem þar er á milli.

Ég vil líka segja það út af till., sem bárust rn. á s. l. sumri í sambandi við Vestfjarðamál, að samgrn. hafði enga möguleika til þess að breyta þar neinu frá því sem fjvn. hafði lagt

til við fjárlagaafgreiðslu og samþ. var hér á Alþingi.

Ég tel að það sé svo mikið fengið með því að hafa fengið þarna verk sem hægt er að byggja fjárlagaafgreiðslu á í sambandi við uppbyggingu flugumferðar hér á landi, að það sé verkið sem við eigum að snúa okkur að þegar við komum saman á ný eftir áramótin. Ég geri ekki ráð fyrir að það verði hægt að ræða það nú fyrir jólahlé, en það skulum við gera og þá skýrast ýmsir þeir þættir, sem menn vilja skýra betur en kemur fram í þessari skýrslu.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta mörg orð af minni hálfu. Ég á sæti í ráði sem fjallar um flugmál allan ársins hring, og ég verð að segja það strax, að ég get ekki verið á móti því að menn leggi fram till. eins og þessa um að athuga betur hlutina, því það er svo sannarlega ekki vanþörf á að hugsa sitt ráð í tíma og skoða hlutina fyrir fram, svo menn lendi ekki í vandræðum síðar meir og þurfi stöðugt að verja sig fyrir of fljótfærnislegar ákvarðanir eins og dæmin sanna hér hjá þessari þjóð.

Hitt er svo annað mál, að margt hefur verið athugað býsna vel, eins og hæstv. ráðh. benti á og komið hefur fram í skýrslu flugvallanefndar, sem skilaði áliti fyrir ári eða svo. En þar er líka gert ráð fyrir því, að til þess að koma þessum málum í sæmilegt horf þurfi um 1000 millj. á ári, þ. e. a. s. ef miðað er við verðlag 1976. Og ef miðað er við verðlag 1978 þyrfti það að vera býsna miklu hærri upphæð, en það, sem ætlað er til framkvæmda í flugmálum á Íslandi samtals. Það eru 530 millj. af nýju fé, + 70 millj. sem fást vegna sölu á flugskýli nr. 4 hér á Reykjavíkurflugvelli, þannig að það er sýnilegt að þarna eru sannarlega nauðsynlegir fjármunir skornir við nögl og svo hefur lengi verið.

En varðandi Vestfirði og þau orð, sem hv. þm. Karvel Pálmason hafði um það allt saman, þá er það nú svo, að venjulega er óhætt að sleppa úr a. m. k. annarri hvorri setningu og jafnvel miklu fleiri því að það er mest hávaði og sjálfumgleði sem á sér stað, þegar þessi hv. ræðumaður kemur hér í stólinn, og leiðindafullyrðingar, eins og t. d. þess efnis að yfirvöld og flugmálafólkið hafi verið afskiptalaust og áhugalaust um úrbætur til Vestfjarða í þessum efnum. Ef það er rétt, þá höfum við alltaf verið afskipta- og áhugalausir um flugmál á öllu landinu. Það er ekki hægt að gera allt í einu og það er í mörg horn að líta. Menn hafa sjálfsagt tekið eftir því, hvað voru nefndir hér margir flugvellir og þeir eru allir meira eða minna vanbúnir. Sannleikurinn er sá, að það er enginn flugvöllur á landinu með fullkomnum búnaði nema Keflavíkurflugvöllur. Reykjavíkurflugvöllur nálgast það mjög og eins Akureyri. Þar með búið. En það er sífellt verið að vinna að því að auka öryggið í fluginu, og öryggið í fluginu er ekki fengið með því að ráða upp ljósum meðfram brautinni á Ísafirði. Flugmennirnir þurfa þó að finna Ísafjörð fyrst, og svo er heldur ekkert gagn að þessum brautarljósum í lendingu. Það gagn, sem getur orðið að brautarljósum á Ísafirði, er í flugtaki. Hins vegar þarf að koma upp aðflugshallaljósum á Ísafirði.

Ég vil segja það varðandi Vestfirði, að nú að undanförnu hafa verið veittar sæmilegar fjárhæðir til Vestfjarða í fluginu og þeir hafa ekki verið afskiptir miðað við aðra landshluta á þessu ári. Það er t. d. langt komið að koma upp hluta blindlendingarkerfis, svokölluðum localizer eða stefnuvita. Það er hluti af blindlendingarkerfinu. Það er þess konar radioviti sem sendir lóðrétt plan af geisla beint fram eftir miðlinu flugvallarins, en ef það á að vera fullkomið blindlendingarkerfi þá þarf annað plan, sem liggur í fleti og stefnir upp með 3° halla. Það er kallaður aðflugshallageisli á íslensku. Ég nenni nú ekki að fara að kenna þessum hv. þm. yfirleitt nokkurn skapaðan hlut. Ég hef ekki tíma til þess og allra síst hluti í sambandi við flugmál yfirleitt eða loftsiglingar. Það væri hins vegar velkomið að taka hann í tíma heima ef hann hefur áhuga. En aðalatriðið er að það þarf að bæta þarna marga hluti vissulega og er nú verið að ganga frá í Ögri þessum hluta blindflugskerfisins og öðrum hluta þar sem er um að ræða sjálfvirkan fjarlægðarmæli, sem kallað er, svo maður noti nú útlenskuna líka, DME. Næsta skrefið á Ísafirði að mínum dómi væri þá að setja upp svokölluð aðflugshallaljós. En brautarljós á Ísafirði koma að mjög litlu haldi að mínum dómi vegna þess að landið er nú bara svona í laginu og erfitt eins og margt fleira þarna fyrir vestan. Og það eru vissir hlutir, sem menn eru ábyggilega ekki mjög gráðugir í að mæta í myrkri, sem þarna eru vestur frá, eins og t. d. fjöll og kannske fleira, og það lagast ekkert þó að menn séu í litlum flugvélum, eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði áðan. Það er ekkert meira öryggi að fljúga í þeim þar sem aðflug er slæmt. Menn þurfa að vita hvert þeir eru að fara þó þeir séu í litilli flugvél, jafnvel þó að frúin tæki upp á því að fljúga bara alveg ein.

En ég er ekkert á móti því að athuga þetta betur, ég skal bjóðast til að taka þátt í því. En á eftir sjálfri till. kemur setning sem er kannske ekki alveg eins góð og hún gæti verið, enda ekki svo sem við því að búast, og það er nefnilega það, að það á að takmarka athugunina fyrst og fremst við það sem þessir hv. þm. hafa í huga, eins og þeir séu búnir að ákveða hvað þurfi að skoða og í hverju umbæturnar geti átt sér stað. Ef svo er, þá þarf ekkert að athuga. Ég held, að það sé sérfræðinganna að ákveða að hverju athugunin ætti fyrst og fremst að beinast og á hvaða sviðum úrbæturnar gætu helst komið að gagni, sem ég vonast til að sé nú aðalatriðið, en ekki bara auglýsa áhuga sinn á bættum samgöngum Vestfjarða.

Ýmislegt var það í máli þeirra hv. þm., sem kom hérna fram, sem lýsti mjög góðu hugarfari og góðum vilja, en því miður heldur litilli þekkingu á ýmsum atriðum í þessum efnum, og það er ekkert óeðlilegt. Okkur vantar alla sjálfsagt þekkingu á mörgu því sem við eigum að fást við hér. En það er afar erfitt að koma

við blindflugi í landslagi eins og er á Vestfjörðum, með þröngu aðflugi og stuttum, oft þröngum fjörðum með háum fjöllum í allar áttir. Það er bókstaflega ómögulegt að koma venjulegu blindflugi að við slík skilyrði, og þá þýðir ekkert að raða þar niður ljósum, ef menn finna ekki einu sinni fjörðinn, sem þeir ætla á, og geta ekki komist niður fyrir ský vegna þess að allt of miklar hindranir eru í vegi. Þetta er alvara málsins. En ég vil fullyrða það, að þeir, sem hafa verið að fást við þessi mál með allt of litla peninga á milli handanna undanfarin ár, hafa ekki gleymt Vestfjörðum, og ég vil enn fremur leyfa mér að fullyrða það, að menn hafa nú sérstakan áhuga á því að reyna að gera betur við Vestfirði heldur en gert hefur verið, því að það gera sér allir ljóst, að nauðsynlegt er fyrir þennan landshluta að hafa góðar samgöngur. Þetta er einn merkasti landshluti, sem við höfum, og afkastamesti og sá sem framleiðir einna mest, og þarna er auðvitað mjög merkilegt fólk, eins og mér ætti að vera manna kunnugast. Við höfum svo sannarlega ekki glatað áhuganum fyrir okkar ágætu fjörðum og leggjum áherslu á að gera það sem unnt er til þess að lagfæra þarna hlutina.

Þau atriði, sem þarna eru upp talin, eru fjögur.

Fyrsta atriðið varðar öryggistæki og lýsingu á Ísafjarðarflugvelli. Lýsingin kemur varla til greina að mínum dómi, a. m. k. ekki fyrst í stað, nema þá aðflugshallaljós. Öryggistækin eru að komast í gang, þ. e. a. s. stefnuvitinn.

Um lið nr. 2 er það að segja, að það hefur ekki verið kannað um lengingu á brautinni um Holt í Önundarfirði og þeir á staðnum hafa sennilega ekki verið mjög bjartsýnir um að það væri alveg á næstu grösum, vegna þess að það er búið að leggja þarna volduga, háspennta raflínu við endann á vellinum. Það er að sjálfsögðu mjög auðvelt að klippa hana niður þegar þar að kemur. En þetta hefur ekki verið kannað og er sjálfsagt að fara út í það. Þessi lýsing kemur ekki neins staðar að gagni nema hægt sé að koma við blindlendingarkerfi, nema þá helst á Patreksfirði.

Það er ein till. athyglisverð. Að vísu held ég að það yrði nokkuð erfitt að framkvæma hana, en hún er framúrstefnuhugmynd eins og margar fleiri frá þessum hv. ágæta þm. Það er að lýsa Ísafjarðarkaupstað og flugvöllinn með einum og sama ljósgjafanum. Það vill svo til að Ísafjarðarkaupstaður er myndarlegur kaupstaður, en hann er bara á allt öðrum stað en flugvöllurinn. Það er nokkur leið frá kaupstaðnum og þarna suður eftir og yfir á flugvöllinn, og mikið þyrfti það að vera glansandi og góð pera þarna á milli sem næði því að lýsa kaupstaðinn allan og flugvöllinn á sömu stundu í þeirri fjarlægð sem henni yrði nauðsynlegt að vera. En kannske verður þetta leyst með aukinni tækni og nægilegri orku, þegar Orkubú Þeirra Vestfirðinga hefur skilað þeim árangri sem ætlast er nú til. En hugmyndin er góð. Hún hefur næstum engan galla nema þann að það sé ekki hægt að framkvæma hana. En hvað gerir það til, þegar menn þurfa að láta það heyrast að þeir hafi nú áhuga á að gera þetta og hitt fyrir Vestfirðinga til þess að verða síðan þm. þeirra.

En ég vil þó að lokum, eins og alltaf þegar við segjum eitthvað um flugmál, endurtaka það, að það er eiginlega ómögulegt að ætlast til þess að þeir, sem þurfa að skipta þessum fjármunum, geti leyst öll þau verkefni sem nauðsynleg eru um alla landsbyggðina, og notað til þess aðeins í ár 530 millj. kr. af nýju fé, 378 millj. í fyrra, í því ástandi — svo að maður segi nú ekki ljótt um efnahagsástandið og þróun þeirra mála hér í landinu, en það er öllum ljóst hvernig það hefur verið. Ég veit að menn vita ósköp vel hvernig þetta hefur verið og þá verða auðvitað peningarnir ósköp litlir og lítið hægt fyrir þá að gera. En ég vil leyfa mér að fullyrða það, að það er ekki rétt að við höfum ekki áhuga á Vestfjörðum. Við viljum örugglega reyna að bæta fyrst og fremst úr þar sem úrbótanna er helst þörf.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins fáein orð til viðbótar. — Ég vissi alltaf að hv. 5. þm. Suðurl. þætti vænt um okkur Vestfirðinga og Vestfirði, þó að hann léti nú einhvern tíma þau orð falla, að Vestfirðir væru einhver ólögu-leg viðbótarslaufa á landinu sem þyrfti að klippa af, en það var ekki verið að tala um flugmál þá, — ég held að það hafi verið samgöngur á sjó. Og mikið þykir mér til um traust hans á mér sem Vestfirðingi, að ég skuli ekki þurfa nein tæki, flugvélar eða annað, heldur muni ég finna hjálparlaust fjöllin vestfirsku á eigin vængjum. Ætli það væri nú ekki vissara fyrir mig að hafa flugráðsmanninn Garðar Sigurðsson mér við hlið til að vera eilítið öruggari? En að gamni slepptu vil ég endurtaka það, að við erum ekki að gefa í skyn að það sé viljaleysi eða samhaldssemi eða níska í garð Vestfirðinga sem þarna sé helst að átelja, heldur einfaldlega okkar sérstaklega erfiða aðstaða í samgöngulegu tilliti.

Ég hjó eftir því að hæstv. ráðh. sagði út frá efni þessarar till., að það væri hæpið að gera úttekt á úttekt ofan, og átti þá vafalaust við þá athugun, sem hér er farið fram á, og í annan stað þá skýrslu sem hann vitnaði einnig í um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, sem er ágæt skýrsla sem skaði var að skyldi ekki gefast tími til að ræða um á Alþ. í fyrra. En það er ekki að tilefnislausu að við förum fram á þessa athugun, vegna þess að í svari hæstv. ráðh. við fsp. minni í fyrra kom það greinilega fram, að þessi atriði, sem við erum að fara sérstaklega fram á að verði athuguð, þ. á m. möguleikar á framlengingu flugbrauta við Holt í Önundarfirði og í Bolungarvík, hafa ekkert verið athuguð. Og það er rétt, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, þessi tæknilega athugun, sem við erum að fara fram á, hefur alls ekki verið gerð. Þessi skýrsla fjallar meira um almenna stefnumótun í flugmálum heldur en tekin séu fyrir ákveðin svæði sem athuguð hafi verið frá tæknilegu sjónarmiði.

En úr því að ég er að vitna í þessa skýrslu langar mig, vegna þess einmitt að hæstv. ráðh. lýsti því yfir að framkvæmd flugmála í næstu framtíð mundi byggjast á þessari skýrslu um áætlunarflugvelli og búnað þeirra og þeim at-

hugunum og niðurstöðum sem þar kæmu fram, — í því sambandi langar mig sérstaklega til að vitna beint í þessa skýrslu, en þar stendur á bls. 49 með leyfi forseta, — í þessum kafla er talað um mat á forgangsröð framkvæmda og þar segir:

„Sum byggðarlög eru sérstaklega háð flugsamgöngum, einkum að vetrarlagi þegar fjallvegir lokast. Má í þessu sambandi nefna t. d. Patreksfjörð, Suðureyri, Ísafjörð, Þórshöfn og Vopnafjörð. Á sumum þessara flugvalla eru aðflugsaðstæður þröngar og rými fyrir flugvöllinn takmarkað. Þrátt fyrir þessa annmarka verður að leggja sérstaka áherslu á að íbúar þessara og svipaðra byggðarlaga njóti reglubundinna og öruggra flugsamgangna, sérstaklega yfir vetrarmánuðina."

Þetta er mergurinn málsins. Það er þetta, að mat á þörfinni verði látið ráða framkvæmdum. Þarna hafa þeir góðu menn, sem hafa tekið saman þessa skýrslu, komist að þessari niðurstöðu um hvar þörfin sé einna brýnust. Og það er einmitt þetta sem við viljum að sé lagt til grundvallar framkvæmdum á næstunni, að taka fyrst þá staði, hvar sem þeir eru á landinu, hvort sem þeir eru á Vestfjörðum eða annars staðar, sem mest þurfa á endurbótum að halda.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil fyrst segja það, að þeir eru ekki illa staddir, þeir Alþb.-menn eða þeirra þingflokkur, í flugspekinni meðan þeir hafa álíka fulltrúa í flugráði og hér er nú nýlega búinn að ljúka máli sínu. En að því verður vikið síðar.

Hæstv. samgrh. sagði áðan, að það hefði verið áætlun sín að ræða þá skýrslu sem hin tittnefnda nefnd gekk frá á sínum tíma hér á Alþ. Það er rétt sem hann sagði, þessari skýrslu var útbýtt á einhverjum síðustu dögum þingsins nú í vor. Það er því miður með þessa skýrslu eins og svo margar aðrar, að þeim er ekki útbýtt fyrr en kannske einum til tveimur dögum áður en þingi er lokið og þar með útilokað, hvort sem það er nú gert með fyrirfram ákveðnum aðgerðum, að með nokkru móti sé hægt að ræða þessi eðlilegu mál hér á Alþingi. Sama átti sér stað varðandi skýrslu samgrh. um hafnaframkvæmdir á árinu 1976. Þeirri skýrslu var útbýtt hér annað hvort síðasta eða næstsíðasta dag þingsins og engin umr. gat átt sér stað um hana af þeim sökum. Ber auðvitað að harma, að þetta skyldi ekki takast. Væntanlega fáum við þá umr. um þessa skýrslu og það verður auðvitað ágætt út af fyrir sig. En varðandi þá skýrslu vil ég aðeins undirstrika það, sem kom fram hjá hv. 9. landsk. þm., að sú skýrsla fjallar ekki um það sem við erum að tala um í þessari þáltill. Og það er með þetta mál eins og mörg önnur, að með því að halda alltaf áfram þeirri tuggu, að það megi ekkert gera í ákveðnum framkvæmdaflokkum nema því aðeins að það nái þá yfir landið allt sem heild, þá verður aldrei neitt gert. Ef það eru ekki rök fyrir því að taka út úr í þessu tilfelli landshluta eins og Vestfirði, sem sannanlega eru langverst settir varðandi flugsamgöngur og samgöngur almennt talað, ef það er ekki réttlætanlegt að gera það, taka þá út úr og láta þá fá forgangsröðun á framkvæmdum vegna þessarar sérstöðu, þá eru menn, sem tala á því plani að það verði að gera þetta allt í einu, beinlínis á móti því að réttur verði hlutur þeirra sem verr eru settir. Þá eru menn í verki á móti því að rétta í þessu tilfelli hlut Vestfirðinga vegna þessarar sérstöðu sem þeir eru í. Það þýðir ekkert að koma hér upp á Alþ., hvort sem þar eiga í hlut flugráðsmenn eða ekki, og segja: Ja, það liggur fyrir skýrsla um allt landið, hvað þarf að gera, en það verður ekki hægt að gera það allt í einu, segja þeir, og þar með er málið afgreitt — ekkert gert. Þessir menn, sem svona tala, eru í raun og veru andvígir því að nokkuð sé gert í þessu tilfelli fyrir Vestfirðinga til þess að bæta aðstöðu þeirra að því er varðar samgöngumál, og þrátt fyrir það að þeir séu upprunnir Vestfirðingar, og leitt er að segja það. En það á við um hv. 5. þm. Suðurl., því miður verður það að segjast, að hann er upprunninn Vestfirðingur. **(Gripið fram í: Því miður?)** Því miður, eftir því sem hann talar.

Hæstv. ráðh. er því miður farinn. Hann sagði hér áðan að við mættum ekki eyða allt of miklu í úttekt á úttekt ofan og rannsóknir. Að vísu er það rétt út af fyrir sig, að það á ekki að eyða fé að óþörfu til slíkra hluta. En það getur oft verið æskilegt og nauðsynlegt og jafnframt auðvitað þá skynsamlegt. Og það getur bætt fyrir síðar meir að kanna vel og athuga um framkvæmdir, hvort sem það er af þessu tagi eða einhverju öðru sem gert er ráð fyrir að ráðast í. — Ég tala nú ekki um þegar þannig er háttað eins og í þessu tilfelli, að engin athugun að því er þessa hluti varðar, sem við erum hér að tala um, hefur átt sér stað, það er ókannað mál. Menn bara slá fram fullyrðingum um að þetta og þetta sé ekki hægt, menn séu uppi í skýjunum að biðja um þetta eða hitt, en engin rök fyrir því að það hafi nokkurn tíma farið fram eðlileg eða raunhæf athugun á því, hvort og þá með hvaða hætti sé hægt að bæta þetta ástand.

Hæstv. samgrh. sagði, að í núverandi fjárlagagerð eða væntanlegri væri farið inn á þá stefnu að framkvæma það sem n. lagði til. Þó að slíkt verði gert að einhverju marki, þá er það víðs fjarri að þar sé verið að fara inn á þá stefnu að framkvæma eins og n. taldi nauðsynlegt að gert yrði, því að það mun líklega vera rétt hjá flugráðsmanninum, hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að miðað við verðlag 1976 var gert ráð fyrir að það þyrfti um einn milljarð árlega nokkur næstu ár til þess að koma þessum málum í eðlilegt og viðunandi horf. Og það kom alveg sama fram hjá hæstv. ráðh., og það varð ég fyrir vonbrigðum með, — það kom fram nákvæmlega sama afstaðan hjá honum og hjá svo mörgum öðrum, einnig hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, hann sagði: Þetta er heildarmál. Það má ekki taka sérstaka þætti út úr. — Þar með er auðvitað öllu saman drepið á dreif og tækifæri gefst til þess að liggja um svo og svo langan tíma á þessu sem og öðru sem nauðsynlegt er að framkvæma. Og ég undirstrika það enn einu sinni, að með svona tali eru menn vitandi vits að drepa í þessu tilfelli þessu máli

á dreif. Ég harma það mjög, að hæstv. samgrh. skyldi tala í þeim dúr sem hann gerði áðan, því að ég gat ekki betur heyrt, að vísu var það ekki alveg augljóst, en hann talaði, að mér fannst, í þeim dúr að hann teldi þetta óþarft mál, sem hér væri um að ræða að því er varðaði Vestfirði. Það væri í raun og veru búið að gera þessa athugun og það kæmi síðan síðar meir að því að framkvæma hana á landsmælikvarða að því er mér skildist. Þetta harma ég mjög hjá hæstv. samgrh., að hann skyldi taka þannig í þetta mál, því að eins og hér hefur komið fram áður, hér er einungis farið fram á það, að þetta verði athugað, þessir ákveðnu hlutir.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson fann því nú til foráttu hjá okkur, — hann talaði alltaf um mig sem einan flm. að þessu máli, en það er mesti misskilningur, þeir eru fleiri, að vísu er enginn Alþb.-maður þar, það er kannske þess vegna, — en þessi hv. þm. fann þessari till. það til foráttu, að við gerðum ráð fyrir að það yrðu athugaðir ákveðnir þættir, ákveðin málefni. Samkv. hans tali hefði till. líklega átt að vera svona: „Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta athuga eitthvað um með hvaða hætti tryggja megi sem bestar flugsamgöngur við Vestfirði" — að hafa eitthvað, ekki binda á ákveðna hluti sem við viljum að séu athugaðir, að fenginni nokkurri reynslu, ekki bara heimamanna á Vestfjörðum, heldur og sumra af okkar færustu flugstjórum sem hafa flogið á þessari flugleið um áraraðir. Nei, heldur vill hann láta athuga bara eitthvað og þá kæmi að sjálfsögðu í hlut spekinga eins og hans í flugráði að ákveða hvað þetta eitthvað væri. Og þá sjá menn útkomuna, ef þeir eru allir eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson, hvað út úr þeirri athugun kæmi.

Það væri fróðlegt að fá að heyra það, hvort hv. þm. Kjartan Ólafsson, sem nú situr á þingi fyrir Alþb. og er talinn a. m. k. af mörgum sem þm. Vestf., frambjóðandi er hann af Vestfjörðum a. m. k., hvort hann er nú sammála því sem hv. flokksbróðir hans, þm. Garðar Sigurðsson, talaði hér áðan, hvort má skilja það svo, að hv. þm. Garðar Sigurðsson tali hér í nafni Alþb. í þessu máli eins og hann gerði það. Það væri ábyggilega fróðlegt fyrir Vestfirðinga að fá vitneskju um það, hvort þessi hv. þm., flugráðsmaðurinn Garðar Sigurðsson, talaði hér í nafni Alþb. eða hvort þm. eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson er á einhverri annarri skoðun í þessu máli heldur en kom fram hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni. Það væri fróðlegt að vita. (GS: Það eru ýmsir sem eru ósammála í Alþb. eins og þm. veit.) Nei, en þá væri æskilegt að það kæmi fram. Það væri æskilegt og ég vona að svo sé að því er varðar þetta, sannarlega, því að það tal, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson viðhafði hér, er ekki til framdráttar þessu mikilsverða máli Vestfirðinga almennt talað. Það er síður en svo til framdráttar því. Það er frekar neikvætt til framdráttar því. Það er frekar neikvætt til framdráttar þessu mjög svo mikla hagsmunamáli allra Vestfirðinga varðandi samgöngurnar.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði: Vestfirðir hafa svo sannarlega ekki verið afskiptir í þessum málum að því er varðar fjárveitingar á undanförnum árum. Það má vel vera að honum þyki og hafi þótt nægilegt fjármagn veitt til Vestfjarða að því er varðar flugmál á undanförnum árum. Við skulum aðeins líta á þessar tölur, við höfum þær hér. Við höfum t. d. fjárlög frá árinu 1974—1977 og á árinu 1974 var veitt til flugmála í heild 141 millj. rösklega. Af því voru Vestfirðir með 16.7 millj., 16 millj. og 700 þús. Á árinu 1975 voru veittar 148.5 millj. í heild, af því Vestfirðir með 5 millj. Riflega skammtað það, segir Garðar Sigurðsson, 5 millj. af 148 millj. rúmum, nægilegt fyrir Vestfirðinga að hans mati. Árið 1976 er heildarfjármagnið um 202 millj. sem fer í flugmál. Af því eru Vestfirðir með 32 millj. Og á árinu 1977 er heildartalan 261 millj. til hinna raunverulegu framkvæmda og af því eru Vestfirðir með 43 millj. Allt saman nægilegt og alls ekki afskiptur landsfjórðungur, ekki einu sinni miðað við allar þær aðstæður sem þar er við að búa. Og enn spyr ég: Eru aðrir þm. Alþb. á sama máli og þessi hv. þm. þess, Garðar Sigurðsson, að því er varðar þetta mál hjá Vestfirðingum. Það verður fróðlegt að fá um það vitneskju, hvort svo er eða ekki.

Þá þótti hv. þm. Garðari Sigurðssyni ég vera stórorður í garð stjórnvalda og ráðandi manna í þjóðfélaginu. Ég sagði, það vill nú svo vel til að ég hafði þetta skrifað, ég sagði að þessi einangrun, sem hér er um að ræða að því er varðar Vestfirði, væri óþolandi og raunar furðulegt hversu stjórnvöld eru viljalítil og afskiptalaus til úrbóta. Ég hygg að hann væri vandfundinn, sá Vestfirðingur, þó að flugráðsmaðurinn Garðar Sigurðsson leitaði hans sjálfur, sem fyndist að hér væri of stórt upp í sig tekið að því er þetta varðar. Ég hygg að Vestfirðingar almennt séu um það sammála, að hér hafi verið lítill vilji og afskiptaleysi hjá stjórnvöldum um að gera hér á úrbætur Vestfirðingum til handa í þessu máli. Og séu þetta stóryrði í garð stjórnvalda, — nú nefndi ég ekki nein ákveðin stjórnvöld, kannske hefur hv. þm. tekið þetta nærri sér varðandi núv. hæstv. ríkisstj. eða stjórnvöld, þetta gat alveg eins átt við um aðrar ríkisstj. sem setið hafa í landinu á undanförnum árum og áratugum eins og hæstv. núv. ríkisstj., — en þyki honum þetta stóryrði í garð stjórnvalda, þá er ég ábyggilega ekki einn Vestfirðinga um að viðhafa þessi orð og okkur þykir þau ekki stóryrði með hliðsjón af því, hvernig þessi mál standa nú í dag.

Ég verð að segja það almennt um ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að mér fannst hún ekki bera þess vitni að hér talaði, að því er mér finnst að ætti að vera, ábyrgur aðili í flugráði, eins og hann talaði um þessi mál. Hann talaði um þessi mál miklu frekar í gamansömum dúr, ekki af alvöru eða frá því sjónarmiði að hér væri um stórkostlegt hagsmunamál heils landshluta að ræða. Hann sneri þessu öllu eða að verulegu leyti a. m. k. upp í gamanmál og talaði út frá því. Mér fannst það síst af öllu sæma þessum hv. þm., vegna þess kannske ekki síst að hann er flugráðsmaður og ber þar af leiðandi í fyrsta lagi vissa ábyrgð varðandi þennan

þátt samgöngumála og ætti að vera góð fyrirmynd okkar leikmanna í því að tala um þessi mál, því ekki fór hjá því að hann talaði í þeim dúr að hann a. m. k. vissi allmiklu meira í þessum efnum heldur en t. d. ég og heldur en allir þm. sem að þessari þáltill. standa. Það er ég honum ekki sár fyrir, síður en svo, en ýmislegt, sem fram kom í ræðu hans, kom þó mér fyrir sjónir á þann veg, að hann bæri ekki meira skynbragð á ýmsa þætti þessa máls, sem hér er um að ræða, heldur en við sem að þessari þáltill. stöndum, síður en svo að svo væri.

Það má vel vera að honum þyki það fjarlæg draumsýn að það verði athugað, — það er nú ekki farið fram á meira en að athuga hvort ekki sé í raun og veru hugsanlegt með nútímatækni að lýsa þannig aðstæður við Ísafjörð að það gagni í senn flugvellinum og lýsingu kaupstaðarins. Ég hygg að þetta sé ekki eins fjarrænt og þessi hv. þm. vildi vera að láta. A. m. k. er það í minum huga þess virði að til þess verði fengnir menn með vitneskju og kannske sérstakan lærdóm í þessum efnum, en ekki sjálfskipaðir sérfræðingar að eigin mati, það kann aldrei góðri lukku að stýra. Við fullyrðum ekkert um þessi mál í þessari þáltill. Það eina, sem við óskum eftir, er að þessi athugun verði látin fara fram, hún verði framkvæmd af þar til bærum mönnum. En að fenginni vitneskju um þann hluta flugráðs sem snýr að hv. þm. Garðari Sigurðssyni, þá frábið ég það að flugráð verði látið framkvæma þessa athugun, nema þá því aðeins að þar séu í sæti miklum mun skárri og ábyrgari aðilar en þessi hv. flugráður virtist mér við þessa ræðu hans hér áðan.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Tveir hv. þm., 5. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Suðurl., hafa nú um sinn tekið hvor annan í tíma í flugmálum hér á Alþ. og alveg sérstaklega hvað varðar flugsamgöngur við Vestfirði. Þeir hafa skipst á um að ganga í kennarastól og taka hvor annan á hné sér í þessum efnum, og aðrir þm., þ. á m. ég, hafa haft af því ýmsan fróðleik að hlusta á þeirra mál. Ég hafði beðið hér um orðið áður en hv. þm. Karvel Pálmason beindi orðum sínum til mín sérstaklega. Ég bað um orðið vegna þess að ég taldi ástæðu til að lýsa stuðningi við þá þáltill., sem hér er til umr., og bæta þar nokkrum atriðum við.

Eins og kom fram m. a. í máli hv. 5. þm. Suðurl., þá eru flugsamgöngur við Vestfirði býsna erfiðar. Það gildir um alla staði á Vestfjörðum. Ég tel að af því sé rétt að Alþ. og hv. alþm. dragi þá einu ályktun, að einmitt vegna þess, hvað þarna er um erfið skilyrði að ræða frá náttúrunnar hendi, sé lögð alveg sérstök áhersla á að gera allt sem unnt er til að tryggja flugsamgöngur í þessum landshluta. Mér kæmi það ekki á óvart þó að ýmsir hv. alþm., sem aldrei hafa búið við þær aðstæður í samgöngumálum sem flestir Vestfirðingar verða að sæta, aldrei hafa þekkt slíkar aðstæður, kynnu að eiga erfitt með að átta sig á þeirri miklu þörf fyrir bættar samgöngur og ekki síst flugsamgöngur sem þarna er um að ræða. Ég vil hins vegar treysta því, að hv. 5. þm. Suðurl., sem sjálfur er búsettur og hefur verið lengstum í Vestmannaeyjum, þar sem samgönguerfiðleikar eru einnig miklir og flug teppist oft dögum og jafnvel vikum saman, — ég vil vænta þess og treysta því, að hjá honum sé fyrir hendi fullur skilningur á því, hversu brýn þörf er á úrbótum á þeim stöðum þar sem þannig háttar til og þá ekki síst á Vestfjörðum. Hvort hann telur sér hins vegar henta að tala hér á hinu háa Alþ. í gamansömum tón við hv. 5. þm. Vestf., það læt ég liggja milli hluta, en treysti því, að þegar á reynir sé hjá honum fullur skilningur fyrir hendi varðandi þá úrbótaþörf í flugsamgöngum fyrir Vestfirðinga sem augljós er.

Það er svo, og það vil ég minna á, að mikið er talað um jafnrétti á hinum ýmsu sviðum og æðimargir sem leyfa sér að taka það orð í munn, m. a. hér á hinu háa Alþ. Það er talað um jafnrétti í sambandi við kosningarrétt t. d. og á fjöldamörgum sviðum. En menn gleyma því kannske ærið oft, hversu gífurlegur aðstöðumunur er fyrir hendi milli þess fólks, sem býr hér á þéttbýlissvæðinu í Reykjavík og í nágrenni Reykjavíkur varðandi allt sem þarf að sækja til helstu stjórnstöðva þjóðfélagsins, — aðstaðan annars vegar hjá þeim, sem hér búa, og hins vegar því fólki, sem lifir í byggðarlögum úti um landið þar sem samgöngur eru með þeim hætti að vegir eru lokaðir kannske hálft árið eða meira, samgöngur á sjó hverfandi og flugsamgöngur í lakasta lagi. Það er ekki jafn réttur varðandi aðgang að stjórnstöðvum þjóðfélagsins sem þetta fólk býr við og hinir, sem hér eru búsettir. Og það er full ástæða til fyrir hið háa Alþ. að ganga myndarlega til verks varðandi það að draga úr því misrétti sem þarna er fyrir hendi. Slíkt verður ekki gert í einu vetfangi og aldrei að fullu. En það er fjöldamargt sem hægt er að gera til þess að auka jafnréttið, draga úr misréttinu á þessum sviðum, og eitt af því og eitt það mikilvægasta er samgönguþátturinn, þ. á m. flugsamgöngurnar.

Ég hygg að það séu full rök fyrir því varðandi flugsamgöngurnar að taka út úr tiltölulega fáa staði þar sem þörfin er brýnust og þar sem ástandið er einna verst. Ég gæti hugsað mér í þeim efnum að þar væri byrjað á byggðarlögum eins og Vestfjörðum, sem þessi till. fjallar um, og ég gæti ákaflega vel hugsað mér að staður eins og Vestmannaeyjar kæmi þar einnig með. Mér finnst að það sé farið fram á ákaflega lítið í þessari þáltill. Það er farið fram á að gerð verði athugun, og það má segja að athugun sé til alls fyrst. En staðreyndin er sú, að það hafa margvíslegar athuganir farið fram nú þegar og sá stóri þröskuldur, sem þarna er í veginum fyrir bættum flugsamgöngum við hin ýmsu byggðarlög á Vestfjörðum, er fyrst og fremst skorturinn á fjármagni. Ég vil ekki fallast á það og ég tel það alrangt að þessi ákveðni landshluti hafi fengið það fjármagn í sambandi við flugsamgöngur sem öll rök stóðu til. Ég tel að það hafi hvorki gerst sé litið á upphæð fjármagnsins, upphæð peninganna á síðustu árum, og ekki hafi heldur verið um réttláta úthlutun að ræða sé miðað við hlutfallslega skiptingu gagnvart öðrum landshlutum. Það eru 530 millj. kr., sem veittar eru til flugmála yfir landið í heild samkvæmt fjárlagafrv. eins og það var lagt fram

hér á hinu háa Alþ. í haust, og að vísu til viðbótar 70 millj. sem reiknað er með að komi inn fyrir sölu á flugskýli hér á Reykjavíkurflugvelli, en verði varið til sérstakrar uppbyggingar hér á Reykjavíkurflugvelli. Samkvæmt þeim áætlunum, sem fyrir liggja og hv. 5. þm. Suðurl. minnti hér m.a. á alveg réttilega, er þetta varla þriðjungur, varla einn þriðji af því fé sem gert er ráð fyrir að þurfi að verja til flugmála á *ári til* að ná þar *sómasamlegum* árangri.

Við vitum samt að það er ekki bara á Vestfjörðum, heldur að heita má hvar sem er á landinu sem öryggisbúnaður flugvallanna er fyrir neðan allar hellur. Menn kann að greina á um það, og það er ekkert nýtt að menn greini á um það, hvort þetta kjördæmið eða hitt eigi að hafa nokkurn forgang í sambandi við fjárveitingar. Látum það vera. Aðalatriðið fyrir allt það fólk í hinum dreifðu byggðum landsins sem býr við öryggisleysi í þessum efnum, alvarlegan skort á nægum samgöngum, — aðalatriðið fyrir allt þetta fólk er að fá fjárveitingarnar til flugvallanna hækkaðar mjög verulega þannig að þær næðu því að vera a.m.k. helmingur af því sem áætlanir opinberra aðila hafa *gert ráð fyrir sem* árlegri þörf, en ekki bara einn þriðji. Nú er hins vegar mikið um það rætt í herbúðum ríkisstj. og hennar þingflokka, að þær fjárveitingar, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir til verklegra framkvæmda, eigi ekki að hækka í meðförum þingsins, heldur jafnvel frekar að lækka. Við skulum vona að sá niðurskurður komi ekki fram á þessum litlu 530 millj. til flugmála.

En á sama tíma og ráðagerðir eru uppi um að skera niður framlög til brýnna og bráðnauðsynlegra verklegra framkvæmda á vegum hins opinbera, þ.á m. til flugvallanna, þá virðist ríkisstj. og hennar þinglið láta sér það vel líka að hér skuli fyrirtæki, sem velta stórkostlegum fjármunum í okkar þjóðfélagi, komast hjá því að greiða eðlileg gjöld *til ríkissjóðs* sem þeim sannarlega bæri. Það vantar ekki peninga í okkar þjóðfélagi til að leggja í þjóðfélagslega nauðsynlegar framkvæmdir, hvort sem það eru flugvellir á Vestfjörðum eða flugvellir í öðrum landshlutum eða aðrar nauðsynlegar framkvæmdir á vegum hins opinbera. Í okkar auðuga þjóðfélagi er nóg til af fjármagni. En ríkisstjórnarflokkarnir virðast hafa takmarkaðan áhuga á því að sækja þetta fjármagn þangað sem það er.

Ég vil ljúka máli mínu með því að minna á að samkvæmt opinberum skýrslum, sem fyrir liggja, störfuðu hér á Íslandi á síðasta ári 1600 fyrirtæki sem greiddu hvert um sig annaðhvort engan tekjuskatt til ríkissjóðs eða svo lítinn tekjuskatt að það var um að ræða innan við hundrað þús. kr. á hvert fyrirtæki eða eins og um væri að ræða verkamann með heldur lélegar tekjur. Velta þessara fyrirtækja var engu að síður meira en tvöföld á við veltu ríkissjóðs á því sama ári, eða 130—140 milljarðar, þegar fjárlagafrv. gerði ráð fyrir 60 milljörðum hjá ríkissjóði á árinu 1976, síðasta ári. Og ég vil undirstrika þetta vegna þess að hér er verið að ræða um það, hvort hægt sé að komast yfir þann þröskuld sem menn telja sig standa frammi fyrir varðandi svo brýnar opinberar framkvæmdir sem uppbyggingu flugvallakerfisins. Það er sagt: Þetta er ekki hægt, það eru ekki til peningar.

Ég vil undirstrika það alveg sérstaklega, að ef vilji væri fyrir hendi þyrfti ekki að **láta nægja** að gera það sem þessi þáltill. leggur til, að athuga málin, heldur væri hægt að gera meira og framkvæma það sem þarf að framkvæma til að koma fram þeim góða vilja sem að baki þessari þáltill. býr. Ég lýsi stuðningi mínum við till. og *vænti* þess að *hún* verði til þess að ekki fari aðeins fram athugun, heldur sjáum við einnig fram á það að veitt verði það fjármagn, ef ekki á fjárlögum næsta árs, þá á fjárlögum ársins 1979, það fjármagn sem verulega munar um til að koma fram þeim úrbótum sem þörf er á í flugsamgöngum Vestfirðinga.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir, er í upphafi mjög almennt orðuð og markmið hennar er að tryggja sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði. Aftur á móti kemur á eftir upptalning á fjórum atriðum, og ég verð að lýsa yfir óánægju minni með þá þrengingu sem á sér stað með þeirri upptalningu. Ef verið er að biðja um fjármagn fyrir Vestfirði *alla er ekki óeðlilegt* að allir þeir flugvellir, sem þar eru, séu hafðir með, nema það sé fyrir fram gengið út frá því sem vísu að þeir flugvellir, sem hér er beðið um athugun á, séu hættulegustu flugvellirnir á Vestfjörðum. Þetta hlýtur að vera fyrsta spurningin sem höfð er í huga ef það eru öryggismálin sem eiga að vera nr. eitt.

Jafnframt tel ég að sú uppsetning á lið 2, þar sem látið er að því liggja að svo geti farið að það verði tveir varaflugvellir fyrir Ísafjarðarflug, er að mínu mati ekki í samræmi við það sem menn almennt hafa hugsað sér fyrir vestan. Þegar talað er um varavöll fyrir Ísafjarðarflug er fyrst og fremst verið að tala um varavöll fyrir Ísafjörð þegar vindur er að sunnan eða suðaustan *og veður gott*. Það *þurfa ekki að vera* nema nokkur vindstig af þessari átt til þess að ekki sé hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli fyrir þær flugvélar sem Flugfélag Íslands notar.

Nú liggur beint við að ætla að það sé eðlilegt að finna stæði fyrir einn flugvöll til að leysa af flug í þessari átt. Hér er því slegið föstu, að það komi ekki nema tveir möguleikar til greina: annars vegar Holt í Önundarfirði og hins vegar flugbrautin í Bolungarvík. Þetta tel ég allt of þröngt orðað, því að það liggur fyrir að sumir flugmenn telja að á Hvilftarströndinni sé e.t.v. besta stæðið fyrir varaflugvöll fyrir Ísafjörð. Ég hefði þess vegna talið eðlilegt að þetta orðalag yrði rýmkað svo að mætti skoða það á breiðari grundvelli, hvar varaflugvöllur fyrir Ísafjörð ætti að vera. Jafnframt hefði ég talið eðlilegt að þessir fjórir liðir yrðu ekki hafðir það afmarkaðir, að þeir flugvellir fyrir vestan, sem sennilega eru hættulegastir í dag, það er flugvöllurinn í Súgandafirði og það er flugvöllurinn við Bíldudal, geti ekki einnig komið inn á þetta plan.

Ég verð að segja það, að í þeim umr., sem áttu sér stað áðan, varð ég fyrir vonbrigðum með þann málflutning sem hv. 5. þm. Suðurl. viðhafði. Ég varð sérstaklega fyrir vonbrigðum með

þann málflutning þegar hann vék að þeim þætti í málflutningi hv. 9. landsk. þm., að það þyrfti að athuga með aðrar flugvélategundir. Ég vil spyrja þennan hv. flugráðsmann að því: Hvaðan koma rökin fyrir því að það þurfi að byggja á Íslandi 1200 m flugbrautir þegar í Noregi er innanlandsflug framkvæmt með flugvélum sem taka jafnmarga farþega en þurfa 600 m langar brautir? Ég tel að í þeim fjárhagsvandræðum, sem við erum nú löngum í Íslendingar, sé það ekkert einkamál hjá Flugfélaginu hvaða tegund af flugvélum er notuð. Að mínu viti á flugráð að skoða það mjög ákveðið, hvort í dag eru notaðar hér innanlands þær flugvélategundir sem eru heppilegastar til þess að halda uppi viðunandi farþegaflugi.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þetta er nú farið að verða býsna langt og það var ekki ætlun mín að halda hér langa ræðu, enda ástæðulaust. Þeir hv. þm., sem hafa tekið til máls eftir að ég sagði hér nokkur orð fyrr í umr., hafa að undanskildum að sjálfsögðu hv. þm. Karvel Pálmasyni talað mjög skynsamlega um málið og fjallað um það efnislega og lagt áherslu á staðreyndir og lagt enn meiri áherslu á að það þurfi að gera allt sem unnt er til að tryggja flugsamgöngur í þessum landshluta, eins og hv. þm. Kjartan Ólafsson sagði orðrétt.

Viss misskilningur hefur orðið hjá mönnum í ýmsum atriðum, og vil ég þá fyrst víkja að miskilningi hv. 2. þm. Vestf., Ólafs Þórðarsonar. Ég minntist alls ekki á lengd flugbrauta í minu máli, og það var ekki það sem ég var að tala um í sambandi við mismunandi flugvélastærð, heldur hafði hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagt að það þyrfti að athuga um aðflugsskilyrði mismunandi stærða flugvéla. Það eru sömu aðflugsskilyrði fyrir þessar flugvélastærðir, en það eru hins vegar önnur skilyrði sem gerð eru til lengdar flugbrauta, og það er auðvitað alveg sjálfsagt að nota flugvélar sem þurfa styttri brautir, svo kallaðar STOL-vélar, eins og þegar eru í notkun hér á Íslandi, eins og Twin Otter vélar og Britten Norman Islander vélar, sem Vængir hafa á sínum snærum. Þær þurfa afar stuttar brautir og fyrir þær þarf auðvitað ekki eins voldug flugvallarmannvirki. En þessar vélar þurfa auðvitað að sæta sömu reglum hvað varðar öll aðflugsskilyrði, og það var það sem var rætt um. Ég vil aðeins leiðrétta þetta hjá hv. þm. Þetta hefur auðvitað verið misskilningur.

Mér þykir leitt að hv. þm. Karvel Pálmason hefur misskilið margt í minu máli, ekki einu sinni heyrt meginatriðin í því sem ég sagði. Ég er ekki að gera því skóna að hann hafi ekki alla burði til þess að skilja venjulegt mælt mál, en það hafi aðeins farið fram hjá honum og sjálfsagt að leiðrétta það í örfáum orðum. Mér er það bæði ljúft og skylt að leiða hv. þm. út úr hans villu í þessum efnum.

Ég vil fyrst taka það fram, að hann virðist alls ekki hafa heyrt það, þegar ég byrjaði á því að lýsa yfir stuðningi mínum við till. Sjálfsagt er að athuga þessi mál vel, og það verður auðvitað gert af þeim sérfræðingum sem við eigum varðandi þennan málaflokk. Það verður ekki gert af þeim, sem sitja í flugráði, heldur verður það gert af sérfræðingum sem við höfum til þess. Hann fullyrti hins vegar hið gagnstæða, að ég hefði ólmast hér á móti till. efnislega. Það er auðvitað alrangt. Ég lagði hins vegar áherslu á að það þyrfti að athuga þá þætti sem hugsanlega gætu komið best að gagni, og ekki kannske eingöngu þá sem bent er á í þeirri till. sem um er verið að ræða. Það var nú allt og sumt um það atriði.

Hv. þm. Karvel Pálmason var að segja að þetta lýsti ekki ábyrgðartilfinningu. Ég hefði talað hér í gamansömum tón og ekki af þeirri alvöru sem hæfði svari við hans ræðu. Nú er það hans mat að sjálfsögðu og hans eins að allt beri að taka alvarlega sem hann segir. En ég er ekki viss um að sama álit sé hjá öðrum hv. þm. hvað það snertir. Það getur verið, að ég hafi ekki verið nógu ábyrgðarfullur í framan, og það er ekki mín sök þó að mér hafi ekki tekist að vera eins þrautleiðinlegur og hv. þm. Karvel Pálmason er vanur að vera hér í stólnum.

Það var önnur missögn í ræðu hv. þm., þar sem hann fullyrðir að ég hafi sagt að þetta væri allt saman heildarmál, þannig að ekki mætti taka neitt sérstakt út úr. Þetta sagði ég aldrei. Það er alltaf reynt að raða málum í forgangsröð miðað við það fjármagn sem fyrir hendi er, og síðan er fjármagnið skorið niður og aftur niður frá því sem okkur er gefið undir fótinn með að hugsanlegt sé að fá til framkvæmdaáætlunar, og þá endar þetta venjulegast með því að fátt stendur eftir af því sem menn hefðu haft vilja til að gera. Eins og ástandið er núna, þá er auðvitað nauðsynlegt, eins og ég tók fram í ræðu minni og lagði þunga og alvarlega áherslu á, að stefna fyrst og fremst að úrbótum þar sem þeirra væri mest þörf. En það var ekki hægt að byrja á því að taka erfiðustu staðina út úr. Það væri ekki hægt að byrja á því í íslenskum flugmálum að leysa vandamál t. d. Þórshafnar, Raufarhafnar, Önundarfjarðar, Siglufjarðar og þessara staða. Það er nauðsynlegt að gera það núna. En ef hefði verið byrjað á þessum minnstu og erfiðustu stöðum, þá hefðu engir flutningar verið til þess að halda uppi flugsamgöngum í landinu til þess að byggja upp flugið. Það varð að byrja fyrst að hafa þá staði flugfæra og lendingarhæfa sem gáfu hámarksfarþegafjölda.

Á því varð að byrja í upphafi flugsins að hugsa um þá staði sem mest var flogið til. Ef það hefði ekki verið gert, þá hefðum við ekkert flug. Nú er hins vegar svo komið, sem betur fer, að þeir staðir, þar sem mest umferð er, hafa flestir verið sæmilega tryggðir. Það eru Reykjavík og Akureyri og að talsverðum hluta Egilsstaðir og Vestmannaeyjar. En úti á landi eru þeir staðir, sem skera sig alveg úr með flugumferð á árinu, Akureyri og Vestmannaeyjar. Hlutur Vestmannaeyja hefur farið yfir 50 og líklega nálægt 60 þús. yfir árið þegar mest var, og auðvitað er flug ekki tryggt þar enn þá. Við vitum að veðurskilyrði eru þannig þar, að flug verður aldrei hægt að tryggja til fullnustu. Hins vegar hefur verið tryggð samgöngubót með öðrum hætti, sem kemur þá í staðinn sem betur fer. Í gegnum árin hafa fallið úr um og yfir 90 flug-

dagar á ári, þ. e. a. s. fjórði hver dagur að jafnaði. Og þeir dagar raða sér ekki jafnt þannig að það sé auðvelt að reikna með fjórða hverjum degi og gera þá áætlun samkv. því. Þeir dagar koma auðvitað þegar veður er verst að vetrarlagi og eru oft margir þétt saman, þannig að ég þekki af eigin reynslu og við Vestmanneyingar hvernig það er að búa við mjög hæpnar samgöngur. Þess vegna er mér mjög vel ljóst hversu nauðsynlegar tryggar samgöngur eru, og vil þess vegna leggja áherslu á það, að ég mun reyna að stuðla að því, eftir því sem ég get, þann tíma sem ég á eftir að vera í þessu ráði, að flugsamgöngur verði bættar við Vestfirði að svo miklu leyti sem kostur er á. En þannig hagar nú til á Vestfjörðum, eins og ég gat um áður, landslagi er þannig háttað, að þar verður aldrei hægt að ganga eins vel og tryggilega frá þessu og æskilegt er. Það er sjálfsagt að reyna það til hins ýtrasta. Hv. þm. Karvel Pálmason segir það hér alveg blákalt og án þess að blikna eða blána í stólnum og næstum því öskrar það yfir hv. deild, að í mínu máli hafi það falist að láta bara athuga eitthvað, bara gera eitthvað. Það eru nægilega margar till. komnar fram í Sþ. sem eru um það að athuga bara eitthvað, gera bara eitthvað, eins og t. d. í sambandi við kosningalögin, stofna bara n. til þess að gera bara eitthvað, til þess að vera lýðræðislegur í framan. Og mér er nær að halda að sumt af því, sem hér hefur verið sagt, eins og að lýsa upp Ísafjarðarkaupstað og flugvöllinn samtímis, og allur hávaðinn í sambandi við það mál sé ekki til þess að orðræður slíkra manna séu traustvekjandi. Menn verða að halda sig innan ramma sæmilegrar skynsemi þó að þeir séu ákafir kjördæmismenn.

Herra forseti. Ég harma það að hv. þm. Karvel Pálmason skuli í enn fleiri atriðum hafa farið rangt með. Hann fullyrðir það og hefur það eftir mér, að ég hafi sagt að ég væri ánægður með það, sem Vestfirðingar hafa fengið, og ég hefði vísi sagt, að Vestfirðingar hefðu nú fengið nóg, og væri ósköp kátur yfir. Þetta er auðvitað alrangt líka. Þetta er að sjálfsögðu alveg alrangt. Ég er alls ekki ánægður með það, sem Vestfirðingar hafa fengið, og vildi gjarnan, að þeir gætu fengið miklu meira. Og ég vil leyfa mér að vona, að þeir fái enn meira en gert er ráð fyrir í fjárl., og hef jafnvel vonir til þess að svo geti orðið.

Meginmisskilningurinn í öllum þessum hamagangi hv. þm. Karvels Pálmasonar er fólginn í því að segja að það, sem ég sagði í málinu, hefði ekki verið því til framdráttar. Það er meginmisskilningurinn. Allt það, sem ég sagði í þessu efni, var jákvætt með tilliti til flugsamgangna við Vestfirði. Þess vegna hefði hv. þm. Kjartan Ólafsson getað tekið þar undir hvert einasta orð. Hann talaði hins vegar rembingslaust um málið og gerði sér grein fyrir staðreyndum, hélt sig við bær. Það eru menn, sem tala þannig, sem í mínum augum eru meira traustvekjandi og líklegri til þess að öðlast traust hv. kjósenda á Vestfjörðum til þess að fara með þeirra umboð hér á hinu háa Alþ. heldur en þeir sem gaspra og misskilja, rangfæra og hafa vitlaust eftir.

Hv. þm. talar um það, að ekkert hafi verið kannað í þessu efni. Það er auðvitað líka vitleysa, það þarf auðvitað ekki að taka það fram. Vissulega hafa sumir af þeim þáttum, sem nefndir eru í till., verið rannsakaðir, og það eru auðvitað til um það opinber plögg og teikningar. En þeim kann ég ekki að lýsa hér. Hitt er svo annað mál, að áhrif lengingar flugbrauta í Holti í Önundarfirði hafa ekki verið kannaðar, enda sagði ég frá þeirri staðreynd áðan. Það misskildi hv. þm. Karvel Pálmason líka.

Lengri þarf þessi lestur ekki að vera. Ég vil að lokum leggja á það áherslu, að menn átti sig á því, í hverjum vanda þeir eru staddir sem skipta þurfa mjög takmörkuðu fjármagni í risastór verkefni, og það hefur verið reynt núna að undanförnu, eftir að meginþunginn hefur verið lagður á að búa ýmsa illa stadda flugvelli tækjum: blindflugstækjum, aðflugstækjum. Slíkt tæki er að komast í samband á Ísafirði með mjög góðum aukabúnaði, upp á marga tugi millj. Sama hefur verið gert á Sauðárkróki fyrir stuttu og væntanlegt að það verði gert á Húsavík eða Aðaldalsflugvelli á næsta ári. Það er einmitt horft til þeirra staða þar sem lendingarskilyrði eru hvað verst vegna veðráttu og annarra aðstæðna, og ég vona sannarlega, að jafnvel hv. þm. Karvel Pálmason skilji það, að það er ekki anað blint áfram í þessum efnum. En þeir fjármunir, sem til þessara verka eru skammtaðir, eru það litlir, að því miður kemst allt of lítið áfram.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þess, sem hér hefur komið fram.

Það er í fyrsta lagi út af því sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði áðan. Hann lýsti óánægju sinni yfir því, hversu þessi till. væri þröng að því er verkefni varðaði. Vissulega er alltaf spurning hvað á að taka fyrir mikið, þegar verið er að gera ráð fyrir að fá hreyfingu á mál. Niðurstaða okkar, sem að þessari þáltill. stöndum, var sú, að rétt væri að afmarka þetta að þessu sinni fyrst og fremst við þá staði á Vestfjörðum sem hinar stóru flugvélar Flugleiða hafa áætlunarflug til. Ég skal taka það fram fyrir mitt leyti, að þetta er mér ekki fast í hendi að því er þetta varðar. Þetta er bara spurning um mat á því, hvað sé líklegast að ná fram, hvort það næst fremur fram með því að reyna að afmarka viðfangsefnið við tiltölulega fá atriði heldur en að taka það í víðari merkingu. Þetta er fyrst og fremst það sem að þessu snýr.

En ég vil aðeins segja út af því, sem hann sagði í áframhaldi af þessu, þar sem hann var að tala um að verið væri að biðja um fjármagn fyrir Vestfirði alla, að ég tel, að í raun og veru sé ekki um fjármagnsbeiðni í merkingu þess orðs að ræða. Hér er ekki verið að tala um framkvæmdir. Hér er aðeins verið að biðja um að þetta verði athugað, þessir möguleikar á því að ráða bót á þeim vandamálum sem uppi eru.

Þá vék hann að 2. liðnum, að þar væri í raun og veru verið að slá föstu að það væru aðeins tveir staðir sem kæmu til greina sem varaflugvellir fyrir Ísafjarðarflugvöll. Að því er þetta varðar skal ég ekki um það segja. Ég lít svo á fyrst og fremst, að annar hvor þessara

staða og þá í minum huga kannske fremur flugvöllurinn í Holti í Önundarfirði heldur en í Bolungarvík, væri líklegur til að geta þjónað þessu verkefni. Það má vel vera að það sé um fleiri staði á Vestfjörðum að ræða heldur en þarna er getið. En að því er ég best veit og af þeirri vitneskju, sem ég hef um þetta fengið, eins og ég sagði áðan, þá telja þeir aðilar, sem kannske frekast vita um þetta, þ. e. a. s. flugstjórar sem á þessari leið hafa flogið, líklegast að Önundarfjörður yrði fyrir valinu og mundi þjóna best þessu markmiði, að vera varaflugvöllur fyrir Ísafjörð. Ég skal taka það fram fyrir mitt leyti, að ekki hef ég á móti því að orðalag yrði rýmkað að því er varðar þessi atriði. Það er mér ekki fast í hendi.

Þá kem ég að hv. 5. þm. Suðurl. Það má vissulega segja um hann, að hið gamla máltæki: „skjótt skipast veður í lofti", á vel við hann. Það var allt önnur og í allt öðrum dúr sú ræða, sem hann flutti nú í hið síðara sinni, heldur en var í hið fyrsta sinn, og ég kann vel að meta það. Mönnum getur alltaf orðið á í messunni, ekki síst kappsfullum mönnum sem eru fullir ákafa og með ferskt blóð í æðum og vilja hafa sem skjótastan framgang á sínu máli sem og öðru í sambandi við þessa hluti. En mér fannst allt annað að hlýða á þessa seinni ræðu hv. þm. heldur en var fyrr í dag. En þó bryddaði á því eigi að síður undir lok ræðunnar, eins og mér finnst æðioft koma fyrir þennan hv. þm., að hversu gott sem upphafið er í hans ræðu, þá vill endirinn alltaf fara á skjön við byrjunina. Það er að nokkru leyti rétt hjá þessum hv. þm., að hann byrjaði á því í upphafi sinnar fyrri ræðu að tala í stuðningstón um till. En allt það, sem þar kom á eftir, voru aðfinnslur og mótbárur í einu og öðru formi við það sem till. fjallar um, og eftir að hafa hlýtt nokkuð lengi á mál í þessum dúr, þá kannske freistast maður til þess að hafa fyrst og fremst í huga og kannske taka fyrst og fremst mark á því sem fram kemur eftir að fyrri hluta ræðu sleppir og menn fara að tala af meiri áhuga, kannske sanngirni líka og þekkingu á viðkomandi máli. En fyrir þetta hefur hv. þm. nú bætt með seinni ræðu sinni að verulegu leyti. Og hverju sem það er að þakka að svo hefur gerst, þá er það að vissu leyti þakkarvert. Vel má vera að við hefðum losnað við þessa fyrri ræðu í þeim dúr, sem hún var, hefði t. d. hv. þm. Kjartan Ólafsson talað á undan hv. 5. þm. Suðurl. Með því hefði lausnin fengist varðandi fyrri ræðuna. En ég skal ekki orðlengja um það. Ég fagna þessum breyttu viðhorfum að því er varðar afstöðu hv. 5. þm. Suðurl. til málsins.

En það eru aðeins örfá atriði sem mig langar til að gera aths. við í hinni seinni ræðu hv. þm. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þeir — ég taldi þá að þar væri hann að tala um flugráð — sem gerðu till. í þessum málum, þeir reyndu að raða málunum í forgangsröð. Og þá spyr ég, af því að það, sem við erum hér að tala um varðar Vestfirði: Í hvaða forgangsröð eru Vestfirðir að þessu leytinu til að mati þeirra flugráðsmanna? Hvar í röðinni eru Vestfirðir að því er varðar úrbætur og átak til úrbóta í sambandi við flugsamgöngur við Vestfirði? Hvar í röðinni eru þeir? Ef það er svo, sem ég vil ekki á móti bera, að flugráð ræði málefnum í forgangsröð, þá vil ég fá að vita hvar þeir aðilar hafa sett Vestfirði í þessu tilliti. Hvenær kemur að þeim, að þeir fái raunverulegt átak til úrbóta í flugsamgöngum? Þetta er meinleysisleg spurning, sem vel ætti að vera hægt að gefa svar við hér á þessum fundi og við þessa umr.

Þá sagði líka hv. 5. þm. Suðurl., þegar hann var að tala um að ég hefði fullyrt það hér, að hann hefði látið að því liggja í sinni fyrri ræðu að hann vildi hafa rýmra um orðalagið, og ég sagði áðan, að ég hefði skilið hann svo að það hefði mátt orða upphaf till. á þá leið að gera eitthvað til úrbóta varðandi flugsamgöngur við Vestfirði, — hann sagði, að það væri komið nóg af slíkum till. hér, og minnti m. a. á till. um nefnd um kosningalögin, þ. e. a. s. þá þáltill. sem hans eigin flokksbræður flytja hér á hv. Alþ. um að gera bara þetta eða hitt, eins og hann orðaði það. Hér er fyrst og fremst um að ræða ádrepu að hans mati og frá hans hálfu til þeirra fimm hv. þm. Alþb., flokksbræðra hans, sem standa að tillöguflutningnum um að kosin verði n. til þess að athuga kosningalögin. Hann telur þetta bara eitthvert fálm hjá þessum hv. þm., fyrrv. formanni Alþb. meira að segja, hv. þm. Ragnari Arnalds, hér sé bara verið að gera till. um hitt eða þetta, eitthvað. Auðvitað er það mér að meinalausu þó að hann hirti flokksbræður sína með þessum hætti í umr. á Alþ. En ég er ekki viss um að þetta sé í alla staði rétt hjá hv. þm. Ég vil að sumu leyti taka upp hanskann fyrir flokksbræður hans fimm að því er þetta mál varðar. Ég hugsa að þeir meini eitthvað með þessu, en hér sé ekki bara um sýndarmennsku eða einhvers konar hitt og þetta að ræða í tillöguflutningnum. Þetta á auðvitað ekkert skylt við það mál sem hér er til umr., en af því að hv. þm. vék að þessu, þá er ástæða til að vekja á því athygli hvernig hann metur tillöguflutning sinna eigin flokksbræðra í þessu efni hér á Alþingi.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð hér um. Ég ítreka það, að það er vissulega von okkar flm., sem að þessari þáltill. stöndum, að hún fái skjótan og jákvæðan framgang hér í þinginu þannig að hægt verði að framkvæma þessa athugun á komandi ári og hafa hliðsjón af henni í sambandi við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1979. Ég veit ekki hvort sá hv. þm., sem fram í greip, hv. þm. Stefán Jónsson, ræður einfarið um það, hver endanleg afgreiðsla þessarar till. verður. En treysti hann sér til að tryggja framgang hennar gegn því að við tölum ekki meira um hana, þá skal ég hér með láta máli mínu lokið. En þá bið ég efndanna hjá honum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, þáltill. (þskj. 92). — Fyrri umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Þannig er mál með vexti, að ég er að hverfa af þingi, og þess vegna hef ég farið fram á það við forseta að hann tæki þetta mál fyrir núna, þó að

röðin sé að vísu ekki komin að því samkvæmt dagskránni, og gæfi mér þannig tækifæri til að tala fyrir till. Ég hef svo á móti heitið honum því að reyna að vera stuttorður, vænti þess að mér takist það, þó að ég hafi að vísu ekki hér í dag lært mikið í þeirri kúnst við að hlusta á þær ræður sem hér hafa verið fluttar.

Sú till., sem hér er til umr., hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að kjósa 7 manna n. til að kanna rekstrarhorfur járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Verði störfum n. hraðað sem mest má verða. Leiði könnun í ljós að fyrirsjáanlegt tap verði af fyrirtæki þessu skulu framkvæmdir á Grundartanga stöðvaðar tafarlaust og leitað skynsamlegra ráða til að hagnýta aðstöðuna þar."

Flm. eru með mér aðrir tveir hv. þm. Alþb., Stefán Jónsson og Lúðvík Jósepsson.

Það er, hygg ég, öllum mönnum ljóst, hvers vegna við flytjum þessa till. Hér er þinglega að verki staðið. Það er lagt til, að Alþ. kjósi n. til þess að kanna rekstrarhorfurnar, og tekið fram í till., að ef könnunin leiði í ljós fyrirsjáanlegt tap, þá skuli framkvæmdir stöðvaðar á Grundartanga.

Staðreyndir liggja hins vegar nú þegar fyrir um það, að það verður tap á þessari verksmiðju. Og nú mun ég í sem allra stystu máli gera grein fyrir þeim staðreyndum. Ég mun m. ö. o. sleppa ýmsum öðrum þáttum þessa máls, enda hafa þegar verið miklar umr. um þetta mál. Það hefur komið hér fyrir í tveimur köflum, getum við sagt, tveimur löngum köflum. Fyrri kaflinn var sá sem fjallaði um samskipti íslenska ríkisins við Union Carbide í sambandi við fyrirhugaða verksmiðju þar efra og síðan norska fyrirtækið Elkem-Spigerverket. Í þessum umr. ræddum við Alþb.-menn mjög ítarlega mengunarhættu og röskun mannlífs og fleiri slíka þætti þessa máls. Ég mun ekki að þessu sinni fjölyrða um það.

Þó vil ég minna á nokkur atriði sem snerta framkomu stjórnvalda í þessu máli. Það varð mjög snemma ljóst, að almenningur þar efra var því andvígur að þessi verksmiðja yrði reist. Það sýndi t. d. frægur fundur, haldinn fyrir 3 árum á Leirá, þar sem segja má að forsvarsmenn þessarar verksmiðju og þar með taldir ráðh., seðlabankastjórar og annað slíkt fólk hafi verið tekið heldur betur í karphúsið hjá heimamönnum. Viðvörunum, sem þessir menn fengu þar, var ekki sinnt. Og um vorið eftir voru samþykkt lögin um verksmiðjuna í samstarfi við Union Carbide, framkvæmdir hafnar, og sumarið 1975 stóðu þessar framkvæmdir og með þeim hætti að segja má að forustumenn Járnblendifélagsins og verktakar þeirra hafi vaðið forina allt það sumar fram og aftur bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu þess orðs. Má nefna mörg dæmi um það. Framkoman gagnvart því fólki, sem þarna vann, var með endemum. Það óð allt út á þessu rigningasumri, skemmdir miklar unnar á náttúru o. s. frv., og meira að segja voru reistar skorður við ferðafrelsi heimamanna um héraðið. Nei, ég mun ekki dvelja við þetta, ekki heldur hitt, hvernig brugðist var við tilmælum fólks þar efra um að það fengi að segja álit sitt á þessu máli. Hvað eftir annað bárust tilmæli um það, að málið yrði rætt við heimamenn, tilmæli ofan úr sveitunum sunnan Skarðsheiðar, og ég tók undir þessi tilmæli hér á Alþ. hvað eftir annað. Aðrir þm. Vesturlandskjördæmis tóku ekki undir þessi tilmæli, þrjóskuðust við í lengstu lög. Síðan kom áskorun þar ofan að, að haldinn yrði fundur, formleg áskorun, sem þeir neyddust til að verða við. Og það var haldinn fundur á Leirá, í Félagsheimilinu Heiðarborg, 1. maí í vor, þar sem samþykkt var ályktun þess efnis, að fundurinn skoraði á ríkisstj. að hlutast til um það, að fram færi almenn, leynileg atkvæðagreiðsla meðal fólks í nágrannasveitum Grundartanga, þar sem könnuð yrði afstaða þessa fólks til verksmiðjunnar, og á öðrum stað í ályktuninni sagði, að fundurinn beindi þeim tilmælum til þm. kjördæmisins að þeir ynnu að því að samþykkt þessi næði fram að ganga. Það var eins og fyrri daginn, að aðrir þm. en ég og þm. Alþb. létu þetta sem vind um eyru þjóta, því miður. Urðu um þetta langar umr., eins og menn muna. Nú, en sleppum þessu og snúum okkur að því sem þessi till. fjallar um, en það eru rekstrarhorfur þessarar verksmiðju, markaðshorfurnar.

Í vor, áður en lögin um járnblendiverksmiðjuna í samstarfi við Elkem-Spigerverket voru samþykkt, lögðu tveir fræðimenn, Ásmundur Ásmundsson og Elías Davíðsson, Ásmundur er verkfræðingur og Elías kerfisfræðingur, þeir lögðu fram skýrslu sem hét Járnblendiverksmiðjan, — vafasamt fyrirtæki" — og gerðu þar grein fyrir framtíðarhorfum þessarar verksmiðju, sýndu fram á að þróun verðlags viðkomandi hráefnis og aðrir þættir þessa máls bentu allir til þess, að það yrði mikill taprekstur á þessari verksmiðju. Í umr., eins og menn muna, hér á hinu háa Alþ. hafði líka komið fram að samkv. niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar hefði verið tap á verksmiðjunni, ef hún hefði verið komin í gang 1976, tap upp á 850 millj. kr.

Í umr. hér á Alþ. 7. febr. í fyrravetur vitnaði hæstv. iðnrh. í tímariti sem nefnist Metal Bulletin, og það átti að vera til marks um góðar horfur eða sæmilegar horfur í markaðsmálum járnblendiverksmiðjunnar, að sérfræðingar þeir, sem málið hafði verið sérstaklega borið undir, töldu, eins og komist er að orði, „að rannsóknir gæfu tiltölulega jákvæða mynd af markaðshorfum." Ég minni á þetta vegna þess, að frá þessu sama fyrirtæki hafa nú fyrir skömmu komið upplýsingar sem sanna allt annað.

2. sept. s. l. birtist í þessu tímariti, Metal Bulletin, þessari mjög svo þýðingarmiklu heimild sem hæstv. iðnrh. hefur áður vitnað í, svo hljóðandi frétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Kísiljárnsverksmiðja Íslenska járnblendifélagsins, sem framleiðir um 50 þús. tonn á ári, mun njóta mun hagstæðari kjara en flestar aðrar verksmiðjur, að því er nýlega var upplýst. Orkan fæst þar á sem svarar aðeins 350 norskar kr. á hvert tonn af kísiljárni, en til samanburðar er orkuverðið 1800 norskar kr. á hvert tonn af kísiljárni í Japan. Verksmiðja þessi, sem nú rís að Grundartanga í grennd við Reykjavík, er sameiginleg eign íslenska ríkisins og hins nýstofnaða norræna fjárfestingarbanka." Þarna er að vísu um misskilning að ræða eins og menn vita. Það er Fjárfestingarbankinn sem veitir

lánið, sem er að upphæð 50 millj. dollara. Svo er haft eftir bankastjóranum. — (Gripið fram í.) Já, ég heyri, að það er tautað hérna úti í horni: „Það gæti fleira verið misskilningur í þessari frétt.“ — Ég er þegar búinn að vitna til þess, að hæstv. iðnrh. hefur vitnað til þessarar heimildar sem mjög áreiðanlegrar varðandi markaðshorfur á járnblendi, og ef hv. þm. Oddur Ólafsson telur ástæðu til þess að vefengja þessa frétt, þá er hann líka að vefengja sinn ráðh. Ég hef enga ástæðu til þess að efast um að hægt sé að reiða sig á niðurstöður þessara aðila. — Og svo er haldið áfram:

„Bankastjórinn, Bert Lindström, sagði að verksmiðjan væri gott dæmi um það, hvernig sérstök náttúruskilyrði yrðu hagnýtt til þess að koma á lífvænlegum iðnaði.“ — innan sviga segir svo ritstjóri þessa tímarits: „Alþjóðlegi kísiliðnaðurinn er samt í þvílíkri óreiðu, eins og sakir standa, og svo ólíklegt að úr rætist fljótlega, að eitthvað meira en hagstæð náttúruskilyrði þarf til þess að gera þennan iðnað lífvænlegan á næstu árum.“

Það hafa fleiri verið leiddir til vitnis nýlega í þessu sambandi. Í Vísi 5. des. s. l. birtist grein eftir Stefán Þorsteinsson sem býr í Ólafsvík. Hann er garðyrkjumaður, vel kunnur í Noregi, hefur mikið samband við ýmsa kunningja sína þar og þ. á m. blaðamenn, og hann byggir þessa grein á upplýsingum sem frá þeim eru komnar. Ég ætla að vitna í þessa grein, með leyfi hæstv. forseta:

„Við verðum að skera niður stálframleiðsluna, segir Bjartmar Gjerde, iðnmrh. Noregs, í Dagblaðinu í Osló 10. nóv. s. l. Hún gleypir ótaldar millj. kr., þessi vonlausa hít, bætir hann við. Og enn fremur leggur ráðh. áherslu á að birgðir hrannist upp, eftirspurnin sé á þrotum, — og um ófyrirsjáanlega framtíð sé vart raunhæft að gera sér vonir um neitt það sem geti bent til aukinnar eftirspurnar á þessari framleiðslu. Hann gerir nokkra grein fyrir þeim miklu fjármunum sem norska ríkisstj. hafi ekki komist hjá að veita til að styrkja rekstrargrundvöll þessara fyrirtækja í Noregi. Lengra geti norska stjórnin ekki gengið og nú verði Stórþingið að taka við, en fram undan sé einungis um björgunarstarf að ræða, að sínu mati.“

Það er verið að vitna í iðnmrh. Noregs.

„Og það er ekki bara norska ríkisstj. sem neyðist til að grípa til opinberra ráðstafana fólkinu til hjálpar sem að stáliðnaðinum starfar. Hægri stjórn Thorbjörns Fälldins í Svíþjóð hefur ekki heldur komist hjá því að grípa til þess óyndisúrræðis að beita hér opinberum neyðarráðstöfunum, svo að ekki sé fastar að orði kveðið.“

Og ég held áfram að vitna í þessa grein:

„Nefndar eru stál- og járnblendiverksmiðjur sem um áratugi hafa skilað prýðilegum arði og jafnvel verið bjargvættir heilla byggðarlaga, en segi nú stöðugt upp starfsfólkinu og séu sem óstarfhæfar.“

Og enn segir: „Við þorum ekki að hugsa fram í tímann, segja þeir hjá Stavanger Stål“ — en það mun vera ein af stærstu verksmiðjunum af þessu tagi, — „þar sem vinna í dag 800 manns. Án ríkisstyrks, sem hlýtur eins og nú er komið að verða að mynda rekstrargrundvöllinn, er verksmiðjan óstarfhæf. Verkamennirnir og starfsfólkið yfirleitt sér einungis fram á atvinnuleysi. ... Og þannig er ástandið víðs vegar á athafnasvæðum stál- og járnblendiveranna í Noregi, má m. a. lesa í Dagblaðinu í Osló 12. nóv. s. l. Verkafólkið er heltekið vonleysinu og þorir ekki að hugsa til þess sem framtíðin ber í skauti sínu. Iðnmrh. landsins, Bjartmar Gjerde, segir: „Nú verður Stórþingið að taka við og ráða fram úr vanda þessa fólks sem stáliðnaðurinn er að setja út á kaldan klakann. Ríkisstj. getur ekki gengið lengra.“ Ýmsar óhugnanlegar tölur lætur ráðh. hafa eftir sér því til staðfestingar að járnblendiiðnaðurinn í Noregi sé þegar kominn á heljarþröm og engar horfur á því, að úr muni rætast á næstunni.“

Ég hét hæstv. forseta því að vera stuttorður, svo að ég mun ekki bæta miklu við þetta. Þó vil ég minna á það, að fyrir rúmlega hálfu ári, þegar Alþ. samþykkti lögin um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, lagði ríkisstj. fram rekstraráætlun fyrir verksmiðjuna og þar var gert ráð fyrir að söluverðið á kísiljárninu, sem verksmiðjan á að framleiða, yrði 3405 norskar kr. á tonn á næsta ári. Miðað við þetta verð taldi ríkisstj. að hægt væri að hafa nokkurn hagnað af rekstri verksmiðjunnar, og þó því aðeins að hún fengi orkuna á langtum lægra verði en almennt gerist. En fyrir tilmæli fulltrúa Alþb. í iðnn. var farið þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún kannaði þessi mál, og þrátt fyrir það að ekki gengi vel að fá þar upplýsingar kom í ljós að tapið mundi hafa orðið 850 millj. kr. árið 1976. Þessir útreikningar sýndu að verðið á kísiljárni hefði ekki verið 3405 norskar kr. 1976, það hafði verið 2388 norskar kr., og að miðað við raunverulegt verð ársins 1976 á kísiljárni, þá var að sjálfsögðu ekki við að búast neinum hagnaði heldur bullandi tapi. En talsmenn ríkisstj. lýstu því hins vegar yfir hver á fætur öðrum, að þótt verð á kísiljárni hafi verið 2388 norskar kr. á árinu 1976, þá yrði það örugglega komið upp í 3405 norskar kr. á árinu 1978 og þess vegna væri allt tal um yfirvofandi tap á verksmiðjunni ekkert annað en venjulegt kommúnistaraus og þar fram eftir götunum. Og þm. Alþfl. tóku undir þetta heldur betur, því að þeir samþykktu athugasemdalaust frv. um járnblendiverksmiðjuna.

Eins og mönnum er kunnugt, er járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, þar sem horfurnar eru svona með framleiðsluna, langsamlega fjárfrekasta framkvæmdin sem nú er unnið að á Íslandi. Framkvæmdum er haldið áfram af fullum krafti og heildarkostnaður við byggingu iðjuversins og mannvirkja, sem því tilheyra, verður a. m. k. 20—30 milljarðar ísl. kr. eða svona á við 2—3 Kröfluvirkjanir, sem mikið er nú býsnast yfir.

Ég get ekki stillt mig um að skjóta hér inn athugasemd, af því að ég minntist áðan á afstöðu Alþfl. til þessara mála. Hann samþykkti einn flokka frv. um járnblendiverksmiðjuna alveg athugasemdalaust. Þm. stjórnarflokkanna gerðu ýmsir fyrirvara fyrir atkv. sínum og tveir þm. Framsfl. greiddu harðir og ákveðnir atkv. gegn frv. um Grundartangaverksmiðjuna. En þm.

Alþfl. skipuðu sér athugasemdalaust allir til stuðnings við það mál. En í síðvæðingu þeirri og síðabót, sem þeir hafa beitt sér fyrir undanfarið og bent réttilega á mörg hneykslismálin, þá hafa þeir alveg látið hjá líða að minnast á Grundartangaverksmiðjuna.

Útreikningar í dag benda allir til þess, að halli á verksmiðjunni væri nú a. m. k. einn milljarður, 1000 millj. kr. Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir því, að öll fjárfesting í nýju íbúðarhúsnæði verði yfir landið í heild um 22 milljarðar 400 millj. kr. á árinu 1977. Það er álíka upphæð og sú sem verið er að sökkva í fenið á Grundartanga.

En hvað segja þá þeir sem bera ábyrgð á þessu fyrirtæki? Það var stutt viðtal við forstjóra Grundartangaverksmiðjunnar í Dagblaðinu 15. nóv. Dagblaðið hringdi í forstjóra Járnblendifélagsins í tilefni af þeirri skýrslu frá þeim Ásmundi Ásmundssyni og Elíasi Davíðssyni sem fylgir sem grg. með þessari till. okkar Alþb.-manna. Og í fyrirsögn segir eftir forstjóra Járnblendifélagsins: „Ekki spurning um hvort, heldur hvenær markaðsmálin verða viðunandi.“ Nánar segir svo í fréttinni eftir forstjóra Járnblendifélagsins:

„Hvað sem um markaðsmálin má segja nú eru sérfræðingar sammála um að það sé ekki spurning um hvort markaðurinn verður viðunandi, heldur hvenær það gerist.“

Hvenær mun það gerast, að við hættum að tapa einum milljarði á ári á verksmiðjunni? Mundi það gerast eftir 10 ár? Eftir 20 ár? Forstjóri Járnblendifélagsins fjallar ekki nánar um þetta atriði, en hann segist vera á förum til útlanda og kveðst ekki vera nægilega kunnugur orðinn þessum málum til þess að geta rætt þau opinberlega. En síðan bætir hann við orðrétt: „En náin samvinna verður höfð við fjölmiðla um málefni verksmiðjunnar.“ Og hann segir að hann muni skýra frá gangi málsins fljótt eftir heimkomuna.“

„Náin samvinna við fjölmiðla.“ Það er ekki langt síðan spurt var hér á Alþ. um það, hvað þessi tiltekni maður, forstjóri Járnblendifélagsins, hefði í laun. Það var ekki nokkur leið að fá að vita það. Það var ekki nóg með að það vantaði samvinnu við fjölmiðla í því tilfelli, heldur vantaði líka samvinnu við viðkomandi ráðh. Hvorki fjmrh. né iðnrh. gat svarað þessari spurningu. En þarna eru gefin fyrirheit um nána samvinnu við fjölmiðla. Og fullyrt er, að það sé ekki spurning um hvort, „heldur hvenær markaðurinn verður viðunandi“. Ætli maður fái þá ekki einhvern tíma það svar varðandi laun þessa forstjóra, að það sé ekki spurning um „hvort, heldur hvenær þau verði viðunandi“. Hann heitir því, að fljótt eftir að hann komi heim muni hann láta fjölmiðla vita um stöðu þessa máls. Ég bað eina símastúlkuna okkar í morgun að afla upplýsinga um það, hvar forstjóri Járnblendifélagsins væri staddur og „Jón er kominn heim“. Það var að vísu ekki alveg ljóst hvenær hann hefði komið. Stúlkan innti eftir því, fékk það svar, að viðkomandi myndi ekki hvort það hefði verið s. l. fimmtudag eða fimmtudaginn fyrir hálfum mánuði. Það er ekki alveg ljóst reyndar, hvort þessar upplýsingar koma frá einhverjum millilið sem veit ekki hvort forstjórinn er búinn að vera hér í eina viku eða tvær eftir reisu sína til útlanda, eða hvort það er hann sjálfur, sem gerir sér þetta ekki fyllilega ljóst. En maður verður þó að vona að þær upplýsingar, sem hann veitir fjölmiðlum, sbr. fyrirheitið sem hann gefur í viðtalinu við Dagblaðið, — þær upplýsingar verði ljósari en þær sem okkar ágæta símastúlka, Bryndís, fékk í morgun þegar hún hringdi í skrifstofu Járnblendifélagsins.

Ég þakka forseta fyrir að gefa mér þetta tækifæri til þess að komast hér að, manni er úr öðru kjördæmi en Vestfjarðakjördæmi. Ég legg til að máli þessu verði vísað — ekki til allshn., eins og menn búast kannske við, heldur til fjvn. Ég tel að þetta mál heyri undir fjvn., henni beri að fjalla um mál af þessu tagi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 29. fundur.

Föstudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 40). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnumöguleikar ungs fólks, þáltill. (þskj. 73). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég flyt hér till. til þál. um atvinnumöguleika ungs fólks ásamt þeim hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, Ragnhildi Helgadóttur, Pétri Sigurðssyni og Albert Guðmundssyni. Ályktunin er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera athugun á vinnuaflsþörf íslenskra atvinnuvega í nánustu framtíð með sérstöku tilliti til atvinnumöguleika ungs fólks. Við gerð þessarar athugunar verði lögð áhersla á að ganga úr skugga um, hvort æskilegt jafnvægi sé milli menntunar ungs fólks annars vegar og eðlilegra þarfa atvinnuveganna hins vegar í þeim efnum. Athugun þessari skal lokið fyrir árslok 1978.“

Ályktuninni til stuðnings segir m.a. í grg.:

Eitt mesta vandamál nútímaþjóðfélaga er að tryggja ungu fólki atvinnu í samræmi við menntun og hæfni. Í svonefndum velferðarríkjum hafa á síðustu árum komið fram alvarlegir gallar í skipulagningu og samræmingu mennta- og atvinnumála með þeim afleiðingum, að milljónir ungra manna 25 ára og yngri fá enga atvinnu að námi loknu eða eiga í miklum erfiðleikum með að fá viðunandi atvinnu.

Á ráðherrafundi Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, sem haldinn var í Paris s. l. sumar, var fjallað um þessi mál, enda hafa forráðamenn þátttökuríkjanna miklar áhyggjur vegna vaxandi atvinnuleysis ungs fólks í viðkomandi ríkjum. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðavinnumálastofnuninni munu nú um 7 millj. manna undir

25 ára aldri vera atvinnulausir í OECD-ríkjunum. Það eru um það bil 40% allra atvinnuleysingja í þessum ríkjum. Meðal ástæðna fyrir þessari þróun er of hröð iðnvæðing og uppbygging atvinnufyrirtækja sem byggjast á mikilli vélvæðingu og háþróaðri tækni. Sjálfvirkni og tölvutækni hefur víða leyst mannshöndina af hólmi án þess að samsvarandi atvinnumöguleikar hafi skapast á öðrum sviðum. Þá hefur reynst erfitt að stilla saman menntun og breytta atvinnuhætti, með þeim afleiðingum að ungu fólki hefur ekki nýst menntun þess sem skyldi.

Hérlendis hefur sem betur fer ekki orðið vart þessarar þróunar í ríkum mæli enn sem komið er. Til þessa hafa þarfir íslensku þjóðarinnar fyrir menntað fólk á flestum sviðum verið svo miklar, að flestir hafa fengið starf við hæfi að námi loknu, hvort sem um hefur verið að ræða háskólanám eða nám á öðrum sérsviðum atvinnulífsins. Þó má búast við því, að á næstu árum verði hreyfing til hins verra í þessum efnum, ef ekki er hugað að þessum málum í tæka tíð. Ljóst er, að í ýmsum atvinnugreinum er vinnumarkaðurinn að mettast. Í flestum þeirra er ungt fólk í miklum meiri hluta, þannig að ekki er breytinga að vænta til hins betra í nánustu framtíð. Nægir í því sambandi að vísa til takmörkunar Háskóla Íslands á námsmöguleikum í ákveðnum greinum. Hið sama er upp á teningnum hjá fjöldamörgum háskólum erlendis.

Það hlýtur að vera keppikefli sérhverrar þjóðar, að sem flestir geti notið mikillar og góðrar menntunar. En sú viðleitni getur verið unnin fyrir gýg eða haft takmarkaða þýðingu ef menntunin kemur ekki að þeim notum sem stofnað er til með löngu og erfiðu námi, auk þess sem það hlýtur að valda viðkomandi einstaklingi fjárhagslegu tjóni og sársauka að sjá vonir ekki rætast að námi loknu.

Það er því mikilvægt að jafnvægi sé milli menntunar annars vegar og atvinnumöguleika hins vegar á hverjum tíma. Til þess að unnt sé að gera sér skynsamlega grein fyrir ástandi þeirra mála er nauðsynlegt að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um eftirspurn atvinnuveganna eftir starfskröftum.

Árið 1958 flutti Ragnhildur Helgadóttir till. til þál. um upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk, og var efni till. sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að koma á fót starfsemi, sem miði að því að jafnan séu tiltækar sem gleggstar og nýjastar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.“

Í grg. með þessari þáltill. sagði svo m. a.:

„Árlega hverfur fjöldi fjöldi æskufólks úr skólum landsins út í atvinnulífið. Sumir hafa lagt á sig langt og strangt sérnám, aðrir ekki. Áður en lagt er á þá braut að sérmenntast til ákveðins starfs, veitir það hverjum og einum leiðbeiningu og öryggi að vita með nokkurri vissu þörf manna í það starf, sem um er að ræða, og þá um leið afkomumöguleika.

Á hinu bóginn eru ýmsar greinar atvinnulífsins sem beinlínis komast ekki af án þar til sérhæfðra manna. Og þeim mun betur er hverri atvinnugrein borgið sem starfsliðið er betur að sér á sínu sviði.

Þess vegna er það nauðsyn, að jafnan séu tiltækar á einum stað nokkurn veginn nýjar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.“

Markmiðið með flutningi þeirrar till. sem Ragnhildur Helgadóttir flutti á sínum tíma, var að nokkurt liðsinni yrði veitt í þessu efni.

„Til þess að þetta yrði framkvæmt á sem auðveldastan hátt mætti fela það stofnun, sem stendur í beinu sambandi við hinar ýmsu atvinnugreinar og getur starfað að skýrslugerð um þessi mál. Þar yrðu þá að jafnaði fyrir hendi þær upplýsingar, sem hér er um að ræða.“

Er þá lokið tilvitnun í grg. sem fylgdi þáltill. Ragnhildar Helgadóttur sem flutt var árið 1958.

Þessi þáltill. var samþykkt á sínum tíma og athugun gerð af hálfu opinberra stofnana á umræddu máli. En frá því að niðurstöður hennar lágu fyrir hafa orðið miklar breytingar í atvinnu- og þjóðlífi landsmanna, auk þess sem athuganir á þessu sviði hafa ekki átt sér stað með reglubundnum hætti.

Á næstu árum munu fjölmargir árgangar ungs fólks koma inn á vinnumarkaðinn. Í því sambandi er eftirtektarvert, hversu stór hluti þessa fólks stundar menntaskóla- og háskólanám. Eftir því sem næst verður komist munu á fimmta þúsund Íslendingar vera við háskólanám heima og erlendis, en menntaskólanemar skipta þúsundum.

Sé haft í huga, hvernig atvinnuháttum er hagað á Íslandi og vilji menn á annað borð að nám og störf fari saman á raunhæfan hátt einstaklingum og þjóð til heilla, hlýtur sú spurning að vakna, hvort eðlilegt jafnvægi sé milli náms og atvinnumöguleika.

Er það skoðun flm. þessarar þáltill., að ekki sé seinna vænna að gerð sé itarleg úttekt á þessum málum á grundvelli framangreindrar þáltill. Niðurstöður hennar gefa væntanlega viðhlítandi svör um atvinnumöguleika ungs fólks í framtíðinni og segja til um það, hvort og hvaða ráðstafanir þarf raunverulega að gera til að forða því frá atvinnuleysi.

Það hlýtur að vera skylda stjórnvalda á hverjum tíma að eiga frumkvæði í þessu máli. Þá er það ekki síður þýðingarmikið, að jafnan séu handbærar upplýsingar um atvinnumöguleika og þróun vinnumarkaðarins. Í því felst veigamikil leiðbeining, án valdboðs, um framtíðarmöguleika ungs fólks á atvinnusviðunum.

Val á starfi og námi verður við það raunhæfara en nú er, auk þess sem fjölda ungmenna verður væntanlega forðað frá því að elta mýrarljós í skólakerfi nútímans, eins og því miður á sér of oft stað.

Ég legg til, herra forseti, að þáltill. þessari verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að taka mjög eindregið undir þessa till. og vekja á henni athygli.

Við Íslendingar höfum að heita má einir þjóða í norðvestanverðri og vestanverðri Evrópu haft lítið af atvinnuleysi að segja síðustu árin og fram til þessa dags. Okkur hefur hætt dálítið til að ljá því ekki eyra þegar nágrannar okkar ræða um atvinnuleysisvandamál sín. Ég tel að

þetta sé misráðið hjá okkur og við verðum að gera ráð fyrir að þessi vandi geti aukist hér á landi á ýmsan hátt. Þess vegna eigum við að gera okkur grein fyrir hverju þvi sem við getum gert til þess að draga úr atvinnuleysi.

Meginhættuna á atvinnuleysi tel ég vera staðbundið atvinnuleysi. Það kemur fyrir á einstökum stöðum, og þeir geta allt að því lamast um tíma, eins og Raufarhöfn og Stokkseyri þessa dagana. Verðum við að taka það til nákvæmrar athugunar og reyna að koma í veg fyrir það. Í öðru lagi tel ég að hætta sé á því, að þessi till. fjallar um, að það geti orðið atvinnuleysi hjá nokkrum hópum ungs fólks og það atvinnuleysi stafað af þeim ástæðum, sem till. gerir grein fyrir, að ekki er eðlilegt samræmi á milli skólakerfis og vinnuaflsþarfar. Það er vissulega ástæða til að reyna að haga svo menntun íslenskra ungmenna að þau eigi sem allra flest og helst öll framtíðartækifæri til að vinna hér á landi fyrir lífvænleg laun á þeim sviðum þar sem þau hafa menntað sig. Ég hygg að athugun á vinnuaflsþörf með tilliti til þessa, sem till. fer fram á, gæti verið gagnleg ef til hennar væri vandað og síðan væri tryggt, að skólaæskunni væru kynntar niðurstöður. Þetta er ekki athugun sem dygði að gera einu sinni, heldur þyrfti hún að vera í því formi, að hún væri endurtekin með vissu millibili, vegna þess hve vinnuaflsþörf atvinnuveganna getur verið breytileg, t. d. nýjar greinar komið til.

Ég vil hins vegar benda á að ekki er einhlítt að ræða mál þetta í sambandi við skólagengið æskufólk. Við megum ekki gleyma því, að það er mismunandi hve langt á skólabrautinni unga fólkið fer, ýmist vegna vilja eða getu eða annarra aðstæðna. Það er jafnvel enn meiri hætta á að þau ungmenni, sem öðlast ekki nema lágmarksmenntun, eigi erfitt með að finna viðunandi atvinnu eða að þau falli niður í láglaunahópana og uni því illa strax frá byrjun þjóðfélaginu og þeim aðbúnaði sem það veitir þeim. Ég vil því leggja ríka áherslu á að varðandi atvinnuleysi ungmenna verði að hugsa um flokka með mismunandi mikla skólagöngu og ekki aðeins þá sem hafa sérhæft sig hver á sínu sviði.

Í nágrannalöndum okkar, þar sem barist er við atvinnuleysi, hafa menn yfirleitt komist að þeirri niðurstöðu, að það sé engin almenn hagstjórnarleið til að hindra það. Einu sinni var talið eftir hugmyndum Keynes og fylgismanna hans, að ríkisvaldið gæti með því ýmist að herða á peningadælunum eða hægja á þeim, ráðið hversu fer um atvinnuleysi og þá í beinu samhengi verðbólgu í þjóðfélaginu. Nú virðast þessar reglur ekki standast nema í einstaka landi og þau lönd eru fleiri þar sem þetta samhengi virðist alls ekki koma í ljós. Eina svarið, sem ég hef heyrt við þessu nýja ástandi sem nú er í löndum eins og Bretlandseyjum og næstu löndum á meginlandinu svo og á Norðurlöndunum, er að það verði að gera staðbundnar gagnráðstafanir, sem sagt taka vinnusvið fyrir hvert og eitt og reyna að leysa vandamálin þannig, af því að hér sé um að ræða einhvers konar kerfismisræmi sem ekki verður við ráðið á annan hátt.

Hvarvetna heyrast þær raddir, að efst á blaði sé glíman við atvinnuleysi unga fólksins, og menn bera sérstakan ugg í brjósti gagnvart þessu vandamáli vegna þeirra afleiðinga, að stórir hópar ungmenna snúast á móti þjóðfélaginu þegar á fyrstu starfsárum sínum og taka vegna eigin reynslu upp algjörlega neikvæð viðhorf gagnvart umhverfi sínu. Þess vegna er lögð á það rík áhersla, bæði með athugunum, eins og hér er farið fram á, og með sérstökum endurhæfingarmöguleikum fyrir ungt fólk, sem finnur sér ekki vinnu við sitt hæfi, að leysa úr þessum vanda.

Ég nefndi staðbundið atvinnuleysi, sem er vandamál okkar í dag, og í öðru lagi hið stóra mál sem þessi till. fjallar um. Til að ljúka upptalningunni tel ég næsta flokk atvinnuleysingja, sem eru konur. Þjóðfélög okkar hafa verið að breytast á undanförnum áratugum, þannig að konur hafa flykkst á vinnumarkað, og þetta hefur fylgt byltingu í réttindastöðu þeirra. En reynsla nágrannalandanna er sú, að þegar um þrengist á vinnumarkaði kemur það sérstaklega illa við konur og þær eru oft með þeim fyrstu sem eru hraktar úr atvinnu og inn á heimili sín aftur, — standa þá í sömu sporum og þær gerðu áður en hafin var hreyfingin til frelsunar þeirra sem nú stendur yfir.

Herra forseti. Ég vildi aðeins með þessum fáu orðum taka undir till. og vænta þess að hún hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja örfá orð til að lýsa stuðningi mínum við þessa till. um atvinnumöguleika ungs fólks. Hún er í raun og veru sjálfsögð, næstum því of sjálfsögð til þess að hægt sé að halda um hana langa ræðu. Till. fjallar um það að fela ríkisstj. að láta gera athugun á vinnuaflsþörf íslenskra atvinnuvega í nánustu framtíð með sérstöku tilliti til atvinnumöguleika ungs fólks. Og vissulega er þetta afar mikilvægt. Mig minnir að það sé gamall málsháttur sem segir eitthvað á þá leið að sá, sem sitji auðum höndum og ekkert geri, sitji undir sjö djöflum og hampi þeim áttunda. Hvað sem þessu líður, þá er það vissulega einn af allra mikilvægustu þáttum í hverju þjóðfélagi að atvinna sé næg.

Það segir í lok till.: „Athugun þessari skal lokið fyrir árslok 1978.“ Það má vera að það sé rétt. En í raun og veru þarf slík athugun alltaf að vera — það þarf alltaf að vera að vinna að slíkri athugun, því að atvinnuleysi er það mesta böl sem hent getur. Það er í sjálfu sér furðulegt, hvað við höfum getað sneitt hjá þessum vanda hér á Íslandi, a. m. k. um langan tíma, þegar það er haft í huga hvað aðrar þjóðir og það ýmsar af okkar nánustu vina- og nágrannaþjóðum hafa lent í miklum erfiðleikum í glímunni við þetta vandamál. Ef talað er um núv. hæstv. ríkisstj., þá tel ég vera eina stærstu rós í hennar hnappagati að henni skuli hafa tekist að halda uppi fullri atvinnu.

Vissulega er eitt og annað sem mætti ræða nánar um í þessari allitarlegu grg. En það er þó að sjálfsögðu margt af því að manni finnst sjálfsagðir hlutir, eins og þetta atriði, að það sé keppikefli sérhverrar þjóðar að sem flestir geti notið mikillar og góðrar menntunar. Vissulega er það mikið keppikefli hverrar sjálfstæðr-

ar þjóðar. En menn þurfa líka að gæta þess, að menntunin sé á þá lund að hún auki manngildi þess, sem hana tileinkar sér, og verði þannig styrkur hans í lífsbaráttunni.

Sagt er að hver sé sinnar gæfu smiður, og vissulega gildir það hér. Hitt er rétt, að stjórnvöld verða vitaskuld að hafa frumkvæði í þessum efnum eftir mætti og miðla þar af upplýsingum og reynslu. Í lok grg. er vikið nokkuð að skólakerfi nútímans hér á landi og bent á það, að ef þessi till. verður tekin alvarlega af valdhöfum muni það væntanlega geta forðað ýmsum ungmennum frá því að elta mýrarljós í skólakerfinu. Vissulega er skólakerfi okkar gagnrýnivert á ýmsan hátt, og það er ekki hægt að neita því, að eins og nú er geta menn látið leiðast þar af ýmsum mýrarljósum. En vitanlega þarf skólakerfið að vera byggt þannig upp, því þarf að verða komið fyrir á þann veg, að það sé ekki villuljós, heldur leiðarljós til aukinnar sjálfsmenntunar og þjóðhollra starfa.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil þakka 1. flm. þessa máls, hv. 6. landsk. þm., fyrir frumkvæði hans að því að taka þetta mál upp. Á því er ekki síður þörf í dag en oft áður, að til séu upplýsingar um hver sé þörf íslensks atvinnulífs fyrir fólk með hinar ýmsu tegundir menntunar. Áður en fólk velur sér námsgrein, fólk fer til háskólanáms eða leggur út í dýrt sérnám, þá þurfa að vera tiltækar upplýsingar fyrir fram um hvaða atvinnumöguleikar bíða þess.

Það er vitanlega rétt, að mennt er máttur, ekki einungis vegna þess að menntunin eykur manngildið, heldur á menntunin einnig að veita mönnum möguleika til þess að tryggja afkomu bæði sína eigin og þjóðar sinnar. Það er áreiðanlegt að okkar litla þjóð þarf á allri þeirri menntun að halda sem hið unga fólk getur fengið. En það þarf líka að átta sig á því, að sú menntun sé í þeim farvegi að hún raunverulega nýtist á sem heppilegastan hátt. Margar námsbrautir eru of dýrar til þess að halda þeim uppi einungis ef ske kynni að einhverjum dytti í hug að afla sér þeirrar menntunar sem þar er í boði, án þess að raunveruleg þörf væri fyrir hana. Við höfum oft séð að ýmsar greinar komast eins og í tísku á tilteknum árum og fjöldi námsmanna stefnir í nám í tilteknum greinum á meðan í aðrar greinar skortir tilfinnanlega fólk. Á ýmsum sviðum okkar atvinnulífs vantar bæði sérfræðinga og fólk í starfsgreinar þar sem sérstaka starfsmenntun þarf. Úr þessu þarf að bæta, og það er engan veginn rétt, sem stundum hefur heyrst, að með því að leggja inn á slíkar brautir að hafa upplýsingar til um þetta væri verið að takmarka aðgang í einhverjar greinar og auka hann í aðrar. Menn hafa stundum viljað líta svo á, að sú væri hugsunin á bak við þetta mál. Svo er ekki. Það er nú sem betur fer svo, að ungt fólk stendur yfirleitt með báða fætur á jörðinni og vill vita hvort atvinnumöguleikar eru í þeim greinum sem það leggur fyrir sig. Það er einungis það sem hér er um að ræða. Ef þær upplýsingar liggja fyrir, þá held ég að straumur námsmanna beinist í þær greinar þar sem þörfin er mest fyrir okkar þjóðfélag hverju sinni.

Ég vil sérstaklega taka undir eitt atriði sem hv. 2. landsk. þm. benti á í ræðu sinni og það var að athugun sem þessi er ekki nægileg, ef hún er aðeins uppgjör um ástandið á ákveðnum tíma. Það er nauðsynlegt að tiltækar séu upplýsingar um málefni eins og þetta að staðaldri. Ég get ómögulega ímyndað mér annað en það sé unnt með allri þeirri nútímatækni sem beitt er við ýmiss konar tölfræðilegar upplýsingar. Okkur er einnig öllum kunnugt um að í menntmrn. er mikill fjöldi starfsmanna og þar ættu að geta verið til enn betri upplýsingar um þetta en nú eru. Að vísu er þar nokkuð í þá átt, en úr því þyrfti mikið að bæta. Það er ekki heldur nóg, eins og gert var á sínum tíma í tilefni af þeirri þáltill. sem ég flutti fyrir löngu, að skipuð sé samstarfsnefnd með fulltrúum frá höfuðatvinnugreinunum til að gera athugun á þessu. Slíkt er ekki nægilegt. Aðalatriðið er að slíkar upplýsingar séu jafnan tiltækar ungu fólki sem er í námi eða ætlar að leggja út á námsbrautir í ýmiss konar starfsmenntun og sérgreinum.

Annað atriði í máli hv. 2. landsk. þm. vil ég aðeins nefna, þótt það heyri ekki beinlínis undir þessa till. Hann gerði að umtalsefni atvinnuerfiðleika kvenna. Mér sýnist nú ekki að þessi till. geti að öllu leyti bætt úr þeim, en hún gæti að nokkru leyti komið til móts við konur eins og aðra sem kynnu að eiga í atvinnuerfiðleikum. En aðalatriði þess máls er allt annað. Það er staðreynd sem verður að átta sig betur á. Það hefur mikinn vanda í för með sér að konur á tilteknu aldursskeiði eiga oft í ótrúlegum erfiðleikum með að fá atvinnu. Það er líka staðreynd að konur, sem hafa margra ára reynslu í heimilisstjórn, húsmóðurstörfum, eiga stundum í enn meiri erfiðleikum að fá atvinnu þar sem þessi starfsreynsla kæmi þó að góðum notum. Þær eiga í meiri erfiðleikum að fá atvinnu við ýmis störf heldur en ungt fólk með enga starfsreynslu og ekki meiri starfsþekkingu en þær. Ég veit um þó nokkur dæmi þess, að konur með reynslu bæði í heimilisstörfum og ýmiss konar störfum annars staðar á vinnumarkaði, bæði verslunarstörfum og fleiru, og konur, sem hafa þá starfsreynslu og eru kannske yfir fimmtugt, komnar milli fimmtugs og sextugs, eiga mjög erfitt með að fá atvinnu í þeim greinum sem þær best þekkja. Þetta held ég að sé fyrst og fremst atriði er varðar hugsunarhátt almennings. Ég held, að það sé viðhorf almennings og þar með vinnuveitendanna til starfskraftanna sem þarna þarf að breyta og menn átti sig á að konur á þessum aldri búa oft yfir mikilli starfsþekkingu og mikilli starfsreynslu og eru stöðugri og betri vinnukraftur en margir úr öðrum hópum. Ég ætla ekki að fara út í það hér, enda er það ekki hluti af þessu máli, hvaða leiðir til úrbóta kæmu þarna til greina. Þær eru ýmsar. Þetta hefur í ýmsum löndum verið töluvert athugað. En ég tel fyllilega eðlilegt, að athugun á þessum málum sé upp tekin í framhaldi af þingmáli síðar, og ræði það þess vegna ekki frekar í sambandi við þetta mál.

Ég legg áherslu á það, herra forseti, að þetta mál, sem hv. 6. landsk. þm. er 1. flm. að, fái sem greiðastan gang í gegnum þingið og framhald þess verði að æskufólk verði jafnan tiltækar nýjar upplýsingar um atvinnumöguleika í ýmsum sérgreinum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég get tekið undir með öðrum sem hér hafa talað um þetta mál, að ég tel að hér sé hreyft góðu máli og nauðsynlegu og það sé fullkomlega eðlilegt að athugun af þessu tagi fari fram og góðar upplýsingar liggi jafnan fyrir um atvinnumöguleika fyrir ungt fólk. En það er aðeins eitt atriði í sambandi við þetta mál sem ég vildi vekja athygli á, að þetta er ekki alveg eins auðvelt og mér finnst að komi fram í máli manna. Það væri að sjálfsögðu tiltölulega auðvelt að gera svona athugun og koma fram með aðgengilegar upplýsingar um atvinnumöguleika, ef mörkuð hefði verið nokkuð ákveðin stefna um þróun atvinnulífsins, að hverju er stefnt, í hvaða átt er haldið.

Það hafa áður verið gefnar upplýsingar um þessi mál, eins og við þekkjum öll. Það hafa verið birtar spár um þörf atvinnulífsins á vinnuafli nokkuð langt fram í tímann. Ég minnist þess, að slíkar spár voru birtar á vegum Þjóðhagsstofnunar og Efnahagsstofnunarinnar þar áður, og þar var lögð megináhersla á að þannig horfði hér í okkar þjóðfélagi, að það mætti búast við því að á næstu áratugum yrðu ný atvinnutækifæri fyrst og fremst á sviði þjónustugreina í atvinnulífinu. Því var slegið föstu, sem virðist hafa verið nokkuð rétt, að það yrði um að ræða samdrátt í störfum í landbúnaði. Því var einnig slegið föstu, að það yrði frekar um samdrátt eða stöðnun að ræða í atvinnutækifærum í sambandi við sjávarútveginn í heild, ekki aðeins fiskveiðar, heldur fiskvinnslu og allt sem honum tilheyrir. Talið var að iðnaður mundi geta tekið við nokkru viðbótarvinnuafli á komandi árum, en þó lögð höfuðáhersla á að ný atvinnutækifæri yrðu bundin við þjónustustörf.

Nú höfum við alþm. tiltölulega nýlega fengið býsna merkilega skrá í hendur um þróun atvinnutækifæra í landinu á undanförnum árum, mannaflaskiptingu á hinar ýmsu starfsgreinar í þjóðfélaginu. Þar komu fram býsna athyglisverðar upplýsingar. Þar kom það m. a. fram, að iðnaðurinn, sem átti gjarnan að taka við fleira fólki en áður var, hefur ekki gert það. Hlutdeild hans í heildarvinnuaflinu hefur farið minnkandi. Þó er það enn alvarlegra, að í þeim hluta iðnaðarins, sem kallaður hefur stundum verið framleiðsluiðnaður, framleiðslustörf, þar sem iðnaðurinn framleiðir tilteknar vörur, ýmist til útflutnings eða til sölu hér innanlands, en er ekki sá viðgerðar- eða þjónustuiðnaður sem við þekkjum í býsna ríkum mæli, þar er þó um enn meiri samdrátt að ræða. En aðrar greinar iðnaðarins eru, eins og við vitum, mjög háðar framkvæmdamagni í landinu á hverjum tíma. Það hefur hins vegar komið í ljós, að nú á síðustu árum hefur fremur fjölgað fólki í fiskiðnaði og miklum mun meira en spámennirnir höfðu gert ráð fyrir.

Mér sýnist að þessar spár, sem hafa verið gerðar og birtar, hafi að einhverju leyti haft þau áhrif, að það hefur borið mjög á því að frá okkar skólakerfi hefur komið fólk í vaxandi mæli sem hefur búið sig undir þjónustustörfin. Það hefur að mörgu leyti verið rétt, því að ef við lítum til þeirra greina í þjóðfélaginu, sem hafa verið að taka við vaxandi vinnuafli, þá eru það bankarnir í landinu öðrum fremur, það eru vátryggingafélögin í landinu, þau hafa stórfjölgað við sig starfsliði, og svo er það öll hin svonefnda stjórnsýsla, hún hefur kallað til sín vinnuaflið í vaxandi mæli.

Spurningin í þessum efnum, þegar á að reyna að gera sér grein fyrir jafnþörfu og ágætu máli og því sem hér er um að ræða, er því þessi: Að hverju ætlum við að stefna á næsta áratug eða tveimur næstu áratugum? Ætlum við að leggja áherslu á að nýta stórum betur en við höfum gert þá möguleika sem tengjast við okkar sjávarútveg og vinnslu þess sem við getum fengið úr sjávarfangi og sölu á því? Ég er þeirrar skoðunar, að við þurfum í þá grein miklum mun fleiri menn en við höfum í dag. Þar eru okkar möguleikar hvar mestir eins og málin horfa í dag. Við þurfum því gjarnan ungt fólk og menntað fólk sem vill gefa sig að þessum fjölbreytilegum framleiðslustörfum, sem í sumum greinum hefur varla verið byrjað á, þó að það tengist þessari atvinnugrein sem ég minntist þarna á. Við þurfum gjarnan menntað ungt fólk til að takast á við þessi verkefni.

Það er einnig skoðun mín, að á sviði hins almenna iðnaðar, jafnt fyrir útflutning og fyrir innlenda framleiðslu, sé um margvíslega möguleika að ræða, og við þurfum að mennta okkar unga fólk til þess að takast á við þau verkefni. En spurningin er sem sagt þessi, þegar athugun af þessu tagi yrði gerð, hvernig menn setja upp þetta dæmi. Ef það verður sett upp á svipaðan hátt og gert hefur verið hingað til í þeim skýrslum, sem birtar hafa verið, eða spám, sem hafa verið settar fram, þá verður ávísunin gefin á það að menn skuli búa sig undir það í vaxandi mæli að ráða sig í bankakerfi landsins, að ráða sig til vátryggingafélaganna og ráða sig í stjórnsýslukerfið á öllum sviðum, ef vöxturinn á að vera þeim megin í kerfinu. Mér finnst að okkar framhaldsskólakerfi hafi mjög borið keim af þessu nú í langan tíma, enda í fullu samræmi við það sem stjórnvöld hafa helst látið frá sér fara varðandi hugsanlega þróun atvinnulífsins.

Við þekkjum það, að í ýmsum greinum erum við í rauninni mjög illa stödd nú. Mér dettur í hug ein starfsgrein hjá okkur, sem er okkar járniðnaður allur. Það er ekkert um það að villast, að við erum þar þegar komnir í mikla manneklu og vandræði að fá fólk til þeirra starfa á þessu sviði sem þjóðfélagið þarf. En til þess að ungt fólk sæki í þessa grein og henni skyldar greinar þarf vitanlega að koma fram eitthvað í þá átt, að það sé meiningin að efla þessa grein og búa þannig að henni, að ungt vinnuafl vilji til hennar leita.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að hér er hreyft þörfu máli að mínum dómi og mjög nauðsynlegu. Það þarf að reyna að gera sér grein fyrir þessu og reyna að samhæfa sem best skólakerfið okkar og þarfir atvinnulífsins á hverjum tíma. En þetta kallar á það, að menn geri sér grein fyrir því, hvert á að stefna og hvert er verið að halda varðandi þróun atvinnulífsins. Ég álít að þar þurfi að verða mjög stórfelld breyting frá því sem verið hefur. Það er skoðun mín. Ég hef minnst á áður, að ég tel að eitt af okkar meiri háttar vandamálum nú varðandi efnahagsmál í landinu sé að okkur skortir fólk til þess sem við köllum almennt

framleiðslustörf sem gætu miðað að aukinni útflutningsframleiðslu á mörgum sviðum og sparað okkur innflutning. Við þurfum fleira fólk og það vel menntað fólk á ýmsum sviðum til að takast á við þessi verkefni. En það er skoðun mín, að það mætti fækka verulega fólki í ýmsum öðrum greinum í þjóðfélaginu sem eru almennt flokkaðar undir þjónustugreinar. Við þyrftum að færa þarna til vinnuafl, og þá mundi margt koma öðruvísi út í okkar efnahagskerfi ef við næðum þessu marki. Ég tel að þróunin hafi nú um alllangt skeið verið röng í þessum efnum, og þær spár, sem hafa verið settar fram einmitt um þetta sama efni og till. fjallar um, hafa verið að mínum dómi varðandi þetta hættulegar og rangar og haft sín áhrif hreinlega til þess að þróunin hefur verið þessi. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir þessu atriði þegar tekist er á við það verkefni sem þessi annars ágæta till. fjallar um.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tel að það sé rétt, sem hv. 2. þm. Austurl. heldur fram, að það séu ýmis vandkvæði á því að vinna störf eins og till. gerir ráð fyrir í sambandi við langtímaspár um þróun atvinnuvega. Auðvitað verður að taka tillit til þeirra, og gagnrýni hans á e. t. v. meira við þjóðfélagið sem heild og hvernig það hefur lagt þessa hluti niður fyrir sér. Ég nefndi hins vegar í fyrri ræðu minni og vil ítreka þörfina á því, að slíkar athuganir haldi áfram með stuttu millibili og þær miðist við styttri tíma.

Ég get nefnt honum dæmi sem ég þekki úr daglegu lífi, að nú á s. l. hausti tóku þrír piltar, sem ég þekki alla persónulega, þá ákvörðun að hætta við að byrja bóklegt nám í MH, Menntaskólanum við Hamrahlíð, og fóru einn í járnsmíði og ég held tveir í bifvélavirkjun. Það var dálítið skemmtilegt að fylgjast með þessu, sérstaklega sambandi þeirra við hina skólafélaga sína meðan á þessu stóð. Fyrst í stað var það talið skref niður á við að hætta við hið dýrðlega stúdentspróf. En af því að drengirnir héldu áfram að hittast og voru nágrannar, fóru þeir, sem höfðu farið yfir í verknámið, að segja frá vinnunni við járnsmíðanám og bíladundið. Þá var eins og þetta breyttist.

Ég hef það á tilfinningunni að stúdentsprófstískan sé að hverfa, unga fólkið sé opnara fyrir því að fara í iðngreinar heldur en það hefur lengi verið. Þess vegna mundi upplýsingastarfsemi byggð á athugunum, sem till. þessi gerir ráð fyrir, geta haft veruleg áhrif og gæti þá líka speglað breytingar sem verða á tiltölulega stuttum tíma, þegar fram kemur eins og núna, að skortur er á mönnum í járnsmíðum, en járnsmíðaiðnaðurinn allur er einn af þeim sem auðvitað þarf að efla og er einn af okkar vaxtarbroddum. Ég vildi aðeins benda á þetta, að veðrabrigði á þessu sviði geta verið nokkuð skjót, og til þess að ráðleggingar og aðhald að ungu fólki og aðstoð við að finna rétt störf komi að gagni þarf þessi starfsemi að vera lifandi og fylgjast vel með því sem er að gerast frá ári til árs.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm., sem hafa tekið vel undir þessa þáltill., fyrir orð þeirra, og ég verð að segja það, að ég þakka þeim hv. þm. sem „nenna“ að sitja undir því að hlýða á og hugsa um þessi mál. Það er kannske tímanna tákn, hvað fáir hv. þm. hafa raunverulega áhuga á að sitja undir framsögu um þessa till., og mér finnst það einmitt undirstrika þörfina fyrir að þetta mál sé tekið til meðferðar, ekki bara á hv. Alþ., heldur einnig úti í þjóðlífinu, með þeim hætti sem kom fram í ræðum hv. þm. Benedikts Gröndals og Lúðvíks Jósepssonar. Það er greinilegt, held ég, að margir hv. þm. hafa ekki gert sér grein fyrir því, hvert stefnir í þessum málum. Hvort það stafar af áhugaleysi eða skorti á því að vera í eðlilegum tengslum við það þjóðlíf, sem við búum við, skal ég ekki segja um. Hins vegar hlýt ég að segja það hér og nú, að það hefði verið full ástæða til þess að fleiri þm. hefðu verið hér við umr. og tjáð sig um þetta mál.

Það var nefnilega mjög rétt sem kom fram í ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar þegar hann kom inn á stöðu skólakerfisins í sambandi við þetta mál. Þetta tvennt, annars vegar spár um möguleika ungs fólks í sambandi við atvinnu úti í atvinnulífinu og hins vegar þróunin í skólakerfinu, þetta tvennt á að haldast í hendur. En það gerir það raunverulega ekki í dag. Það, sem hefur skeð að mínu mati á Íslandi á undanförnum áratugum, er að skólakerfið hefur þróast sjálfstætt án eða með litlu tilliti til þeirra atvinnugreina, sem hér hafa helst verið til umr., og einnig með tilliti til þess, hvert ætti að stefna í þessum málum.

Því miður óttast ég að á næstu árum muni koma berlega í ljós, að fjöldinn allur af þeim mönnum, sem eru við framhaldsskólanám, muni ekki fá starf við sitt hæfi. Hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, minntist á það áðan, að erlendis flökkuðu þúsundir eða tugir þúsunda unglinga atvinnulausir um álfuna, hefðu ekkert stefnumark og byggju við algert vonleysi. Þetta er ungt fólk sem hefur lokið langskólanámi og hvergi fengið atvinnu og getur ekki aðlagast því að vinna við störf sem sumir kalla að taka niður fyrir sig, að vinna annað en það sem flokkast undir starf sem byggist á háskólamenntun. Ég hef satt að segja aldrei skilið það hugtak að taka niður fyrir sig í þeim skilningi, að menntamaður gæti ekki unnið önnur störf. Ég efa það ekki að ungt fólk hér á Íslandi muni taka til höndunum og vinna önnur störf en krefjast langskólanáms, en hins vegar óttast ég að þeir möguleikar verði ekki fyrir hendi.

Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sagði í ræðu sinni að það gæti verið erfitt að gera þá athugun sem þáltill. gerir ráð fyrir. Ég segi það fyrir mitt leyti, að það er ekkert erfitt að gera athuganir. Það getur hins vegar orðið erfiðara að setja markmiðin, hvort sem er um lengri tíma markmið eða styttri tíma markmið að ræða, og það er vegna þess að skólakerfið er í miklu ósamræmi við raunverulega grundvallaratvinnuvegi íslensku þjóðarinnar, svo ekki sé talað um það, að skólakerfið gerir ekki ráð fyrir því að geta átt frumkvæði að möguleikum á öðrum sviðum atvinnulífs. Ég held að áhrif skólamanna hafi verið of sterk í sambandi við uppbyggingu skólakerfisins og þar hafi vantað sjónarmið for-

ustumanna atvinnulífsins eða þeirra sem eru í nánum tengslum við það.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson talaði einnig um það, að á undangengnum árum hefði óeðlilega mikill fjöldi manna farið í svokallaða þjónustustarfsemi. Ég vil gera greinarmun á því, hvers eðlis þjónustustarfsemin er. Það er hægt að flokka þjónustustarfsemi á vegum hins opinbera annars vegar og þjónustustarfsemi úti í atvinnulífinu hins vegar. Ef við flokkum þetta á svo einfaldan hátt, þá þori ég að fullyrða, án þess að ég hafi tölur hér við höndina, að megin þorri þess fólksstraums, sem hér er um að ræða, hafi verið í störfum hjá hinu opinbera, en ekki í þjónustustörfum úti í atvinnulífinu, ef undan eru skilin tvö mjög veigamikil svið, sem eru annars vegar flugþjónusta og hins vegar þjónusta við ferðafólk. Þetta tvennt hefur þróast hérlendis á síðustu tveimur áratugum. Ég tel að það unga fólk, sem hefur streymt í flugþjónustuna, hafi unnið mjög gott starf í þágu íslensku þjóðarinnar, en því miður eru þeir atvinnumöguleikar að mettast að miklu leyti, nema því aðeins að okkur takist að byggja okkur upp áfram með jafnöflugum hætti og Flugleiðum hefur tekist og Cargolux í alþjóðlegri þjónustu. Ég vona satt að segja að sú þróun geti haldið áfram, því að hjá þessum tveimur fyrirtækjum vinna hundruð ungra manna og kvenna, bæði hér heima og erlendis, þannig að þessi tegund þjónustustarfsemi mundi flokkast undir það sem æskilegt er. Hið sama má segja um þjónustu við ferðamenn að vissu marki, og ætla ég ekki að fara nánar út í það. En ég hef fyrirvara á því, hversu langt Íslendingar eiga að ganga í þeim efnum með tilliti til þeirra sjónarmiða, hvernig ber að reyna að vernda landið og varðveita þjóðlega stöðu. Ég er einn af þeim sem aðhyllast svo gamaldags hugsunarhátt, að ég tel að það sé ekki endilega æskilegt markmið í sjálfu sér að hér fyllist allt af erlendum ferðamönnum, jafnvel svo mikið að meginþorri þjóðarinnar ætti að þjóna þeim ákveðinn stuttan tíma á ári. En að vissu marki er æskilegt að örva hér þjónustu við ferðamenn.

Um það, hvaða framtíðarmarkmið við ættum að setja okkur í sambandi við atvinnuuppbyggingu í framtíðinni, þá get ég tekið undir orð hv. þm. Luðvíks Jósepssonar, að það ber auðvitað að efla vinnslu sjávarafurða, Ég er einnig sammála honum í því, — og það kom mér á óvart vegna þess sem áður hefur komið fram, að í sambandi við vinnslu sjávarafurða eða sjávarfangs væru minnkandi möguleikar á atvinnusviðinu, — að það hefur komið í ljós að svo er ekki. Það var sagt fyrir nokkrum árum, bæði af sérfræðingum og jafnvel forustumönnum sjávarútvegs og fiskiðnaðar, að möguleikar væru ekki miklir í sambandi við sjávarútveg og fiskiðnað fyrir fleira ungt fólk, þar værum við raunverulega búnir að ná því marki að þetta væri mettað. En það hefur nú komið í ljós, sem betur fer, að svo var ekki. Ég held að það séu miklir möguleikar fyrir hendi í sambandi við frekari vinnslu fisks í salt, í þurrvinnslu, og þar geti komið til greina jafnvel umbylting frá því sem nú er, þannig að þar ættu að vera miklir möguleikar fyrir mikinn fjölda ungs fólks. En til þess að þessir möguleikar skapist með eðlilegum hætti þarf auðvitað að vinna með öðrum hætti en gert hefur verið að því að kynna ungu fólki möguleikana í íslenskum atvinnuvegum og örva það til þess að hafa áhuga á að vinna við þá atvinnuhætti sem íslenskt þjóðfélag býður. Það skortir algjörlega í framhaldsskólunum. Ég ætla ekki að koma hér með reynslusögu, en hins vegar veit ég mjög vel, að það er ekkert gert að því eða sáralítið í framhaldsskólunum, og á ég þar sérstaklega við menntaskólana, sem miðar í þá átt að telja nemendum trú um eða alla vega láta þá fá á tilfinninguna, að það sé verðugt og gott verkefni að vinna í sjávarútvegi, fiskiðnaði eða í öðrum greinum almennt. Þar er fyrst og fremst lögð áhersla á hið bóklega nám og markmið því tengt, sem að sjálfsögðu þýðir að þeir, sem taka stúdentspróf, stefna fyrst og fremst á háskólasvið eða þá á mjög þröngt sérsvið.

Þarna tel ég að séu miklir möguleikar. Það er ekki nokkur vafi á því, að hin aukna tækni í sambandi við sjávarútveg skapar ungu fólki enn frekari möguleika á ákveðnum þjónustusviðum í tengslum við sjávarútveg, þar sem krafist er mikillar þekkingar og góðrar menntunar. Á það sérstaklega við í sambandi við þau háþróuðu tæki sem notuð eru við nútímaveiðar.

En þetta er ekki nóg. Það þarf að finna ný svið og það þarf að leita nýrra möguleika. Mér hefur oft dottið í hug, hvort það gæti ekki komið til greina að gerðar yrðu ákveðnar áætlanir sem fælu það í sér, að teknir væru út úr skólakerfinu 10—20 nemendur á ári svona í 10 ár fram í tímann og kostaðir algjörlega til frekara náms á nýjum sviðum erlendis. Námið gæti verið bóklegt og verklegt. Aðalatriðið væri að þetta unga fólk leitaði eftir nýjum verkefnum og nýjum möguleikum. Og þetta nám væri kostað af íslenska ríkinu að öllu leyti. Það þyddi að á hverju ári færu e. t. v. 10—20 manns, úrvalsnemendur úr ákveðnum skólum, iðnskólum, menntaskólum og háskólanum, til að leita nýrra fanga og sjá nýja möguleika. Þetta gerðist með óbeinum hætti þegar ungir og duglegir menn fóru utan og lærðu flug. Það var á áratugnum frá 1940—1950. Það var vaxtarbroddurinn að því sem síðar varð. Þeir gerðu þetta af eigin rammleik og þó með nokkrum stuðningi, og þeir skópu nýja atvinnumöguleika. Ég er sannfærður um að ef við gerðum eitthvað í þeim efnum sem ég gat um áðan, að senda beinlínis á erlendan vettvang ungt fólk til þess að leita möguleika á nýjum sviðum, eru óþrjótandi tækifæri fyrir aukna atvinnumöguleika ungs fólks.

Ég vil þakka fyrir undirtektir og vænti þess, eins og aðrir sem hér hafa talað, að þessi þáltill. fái skjóta afgreiðslu í nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 24. fundur.

Mánudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár hér í hv. Ed., og ástæðan til þess að ég geri það nú í dag er sú, að ég tel þær spurningar, sem ég hef fram að flytja, þurfi að fá svör sem fyrst. Tilefni spurninga minna er fréttaflutningur í Ríkisútvarpinu 7. des. s. l., en þá gerðu fréttamenn Ríkisútvarpsins ákvarðanir 6 manna n., sem verðleggur landbúnaðarvörur, um verðlagningu að umræðuefni á þann hátt að vart getur samrýmst reglum Ríkisútvarpsins um hlutleysi að mínum dómi. Vil ég leyfa mér að gera fréttaflutning þennan að nokkru umræðuefni og víkja nokkrum spurningum til hæstv. menntmrh.

Ég tel rétt að rifja hér upp í örfáum orðum, að landbúnaðarvörur eru, eins og raunar öllum hv. þm. mun kunnugt, verðlagðar samkv. sérstökum lögum, lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Þeir, sem verðleggja vöruna, 6 manna n., er skylt að gæta þess í verðlagningu í senn að bændur njóti svipaðra tekna og svokallaðar viðmiðunarstéttir og eins að verði vörunnar sé stillt svo í hóf sem framast er kostur þegar þetta sjónarmið er haft í huga.

Ég tel ekki óeðlilegt að á það sé minnt, að þó að landbúnaðarvörur þyki nokkuð dýrar hér á landi af þeim sem neyta þeirra, þá eru sumar þeirra ódýrari í framleiðslu en tilsvarandi vörur í nágrannalöndum, og milliliðakostnaður hér er hlutfallslega mjög lítill miðað við það sem víða gerist annars staðar. En að undanförnu hefur sá kostnaður, sem leggst á vöruna frá því að bóndi skilar henni við vinnslustöðvarvegg og þangað til hún kemur í vörslu neytanda, verið í kringum 30% af heildarvöruverði.

Sá sérstaki þáttur verðlagningarinnar, sem vakið hefur verulega athygli nú, er breyting á verði undanrennu. Undanrenna hefur verið seld á mjög lágu verði í verslunum til þessa, og eimir þar eftir af því að undanrenna var lengi að mestu leyti seld til fóðurs. Má raunar rekja þetta lága verð einnig til þess, að það hefur verið veruleg tregða af sumum aðilum í 6 manna n. að breyta verðhlutföllum mjólkurvara og annarra landbúnaðarvara. En frá gömlum tíma hefur verið litið svo á, að fitan væri verðmætasti hluti mjólkurinnar, en nú á seinni árum hefur verulega borið á því, að ýmsir telja, að það sé ekki fyrst og fremst fitan, sem er verðmikil í mjólkinni, heldur engu síður próteinið í mjólkinni.

Eins og ég sagði áðan, hefur undanrenna verið verðlögð mjög lágt, og má geta þess, að fyrir þessa verðlagningu greiddu neytendur 38.98 kr. fyrir að fá undanrennuna pakkaða í góðar umbúðir, en umbúðirnar eru dýrar, en bændur fengu í sinn hlut aðeins 11 22 kr. af greiddu verði. Það er sami kostnaður við pökkun og dreifingu undanrennu og við aðra mjólk, og með jafnlágu verði og verið hefur á þessari vöru, en það var fyrir síðustu verðlagningu 50.20 kr. á lítra, fór meginhluti þess verðs í kostnað. Hins vegar var ákveðið við síðustu verðlagningu án ágreinings í 6 manna n. að hækka þetta útsöluverð, sem var 50.20 kr., upp í 100 kr. og við það hækkaði verðið á undanrennunni.

Nú er það svo, að það er út af fyrir sig ekki umræðuefni þó að verðbreyting verði á landbúnaðarvörum eins og öðrum vörum í landinu. Samt er það svo, að það virðist svo sem verðhækkanir á landbúnaðarvörum veki allt aðra og meiri athygli í þjóðfélaginu heldur en verðhækkanir á nokkrum öðrum vörum. Það er gömul venja, að Framleiðsluráð auglýsir verðbreytingar á landbúnaðarvörum með auglýsingum í fjölmiðlum, fyrst og fremst útvarpi, en þær gerast nú að jafnaði á þriggja mánaða fresti samkv. lögum. Jafnframt hefur sú venja skapast, að þessir fjölmiðlar segja mjög vandlega frá öllum verðbreytingum á landbúnaðarvörum.

Ég hygg að það sé á vissan hátt neikvætt fyrir vöru, sem fylgir í öllum aðalatriðum nákvæmlega hinu almenna verðlagi í landinu og hinni almennu verðlagsþróun í landinu, að hún sé tekin út sérstaklega og henni sérstakur gaumur gefinn í fjölmiðlum og þess getið alveg sérstaklega með miklum fréttaflutningi þegar verðbreytingar verða á þessari vöru. En aftur á móti er ýmissa annarra vara, sem vissulega hafa hækkað engu síður hlutfallslega heldur en landbúnaðarvörurnar, vart eða ekki getið í fjölmiðlum. Þess vegna hefur það orðið svo, að á mörgum undanförnum árum hafa verðbreytingar á landbúnaðarvörum verið gerðar að miklu fréttaefni, og að því leyti er það eðlilegt að neytendur kaupa vissulega mikið af landbúnaðarvörum og verðlag þeirra kemur mjög við pyngju hvers og eins.

Ég minnist þess þó, sem segir kannske ofurlitla sögu um þessi mál, að fyrir nokkrum árum, þegar hafði orðið veruleg verðhækkun á mjólk, þá spurði ég allmarga neytendur hér í Reykjavík um það, hvað mjólkurlítrinn kostaði, og ég rakst ekki á neinn sem vissi það, en allir vissu að mjólkurlítrinn var dýr. Og ég hygg að einmitt þessi vitneskja, að neytendur vissu að mjólkurlítrinn var dýr þó þeir vissu ekki hvað hann kostaði margar krónur, sýni talsvert mikið hvaða áhrif fjölmiðlarnir hafa á hugmyndir manna um vöruverð.

Ástæðu fyrir því, að undanrennan var hækkuð svo sem raun ber vitni, er fyrst og fremst að finna í því, að uppi hafa verið verulegar kröfur um að selja fitusnauðari mjólk en verið hefur. Það hefur ekki enn verið horfið að því ráði að selja mjólk með staðlaðri fituprósentu, en í staðinn er undanrenna seld í öllum mjólkurbúðum, og ég veit ekki annað en meðferð þeirrar undanrennu sé í ágætu lagi og þetta sé á sinn hátt ágæt vara. Þegar svo neysluvenjur sýna að neytendur kaupa í auknum mæli þessa tegund landbúnaðarvöru og í minnkandi mæli aðrar tegundir, sem áður voru verðmeiri, eins og t. d. smjör og rjóma, þá er mjög eðlilegt að um tilflutning á verði á milli þessara vörutegunda verði að ræða.

Það hefur mjög verið vitnað í það, að víða erlendis er seld mjólk með skertu fituinnihaldi, og yfirleitt er þá sú mjólk seld á mjög svipuðu verði og nýmjólkin. Það, sem verið er að gera með þessari verðbreytingu, er því eingöngu að

færa verðlagninguna meira til samræmis við eftirspurn og gert með það í huga, að það sé eðlilegt að neytendur greiði verðið fyrir þá vöru, sem þeir vilja kaupa og þeir telja sér hagkvæmt að nota. Verð það, sem er á undanrennunni, er án niðurgreiðslu úr ríkissjóði, og þrátt fyrir þessa verðbreytingu verður ekki annað sagt en að verðið sé enn þá lágt.

En ástæðan til þess, að ég geri þetta allt að umtalsefni, er eins og fyrr segir fréttaflutningur Ríkisútvarpsins, bæði hljóðvarps og sjónvarps, í sambandi við þessa verðbreytingu. Ég vil með — leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa hér inngang að frétt Ríkisútvarpsins, hljóðvarps, um þessa verðbreytingu. En formálinn eða fyrstu orðin, áður en farið var að gera grein fyrir verðhækkuninni, voru á þessa lund:

„Veruleg hækkun á verði flestra tegunda landbúnaðarvöru tekur gildi í fyrramálið. Hækkunin er mismunandi eftir tegundum og með verðákvörðuninni er greinilega gerð tilraun til þess að breyta neysluvenjum neytenda, t. d. er reynt að draga úr sölu undanrennu með mikilli verðhækkun, en auka smjörsölu.“

Það, sem mér finnst mjög athugavert við þessa frétt, er það, að áður en landsmönnum eru sögð tíðindin, þá skapar fréttamaður sér ákveðnar hugmyndir sem hann flytur landsmönnum um það, hvers vegna þessi verðlagning fer fram á þennan hátt. Ég veit ekki til þess, að það hafi komið til tals í þeirri n., sem verðleggur vöruna, að þessi væri tilgangurinn með verðbreytingunni, og ég veit ekki heldur til þess, að þessi fréttamaður hafi sótt heimildir um þetta til fulltrúa í 6 manna nefnd. Það er þessi tegund fréttaflutnings sem ég vil leyfa mér að átelja hér.

Þá var í fréttum sjónvarps ræki lega sagt frá þessum verðbreytingum. Ég vil leyfa mér líka — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér stuttan inngangskafla úr fréttaþætti um þetta mál í sjónvarpinu. Hann var á þessa leið:

„Að undanförnu hafa heilbrigðisstéttir víða um heim rekið áróður fyrir breyttum neysluvenjum almennings í þá átt að neysla grænmetis og ávaxta sé aukin svo og neysla á grófu korni og mögrum kjöt- og fisktegundum. Hins vegar er mælt með því, að dregið sé úr neyslu sykurríkra fæðutegunda og fituríkra og aukin neysla fitusnauðra mjólkurafurða á kostnað feitra. Manneldisfræðingar bæði vestan hafs og austan hafa í stórum dráttum verið á einu máli um þessi ráð og telja að með því að fara eftir þeim megi draga úr ýmsum þeim sjúkdómum sem nú höggva stærst skörð, svo sem hjartasjúkdómum og æðasjúkdómum. Í okt. s. l. kom það fram í fréttum sjónvarpsins, að sala á undanrennu hefði aukist um 130% fyrri hluta ársins miðað við sama tíma í fyrra. En á sama tíma minnkaði sala á nýmjólk um 0.9%. Hér á landi er fituinnihald mjólkur um 3.8—3.9%, en undanrenna er um 0.05% feit, og var því þessi aukning á sölu undanrennunnar í fullu samræmi við þær breytingar sem taldar eru nauðsynlegar á fæði kyrrsetufólks nútímans.“

Svo kemur það sem ég vildi vekja sérstaka athygli á, með leyfi hæstv. forseta:

„Í gær gerðist það, að Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnti 18.4% meðaltalshækkun á landbúnaðarvörum og gekk hún í gildi í morgun. Hækkunin á mjólkurvörunum er mjög mismunandi, en það, sem mesta athygli vekur, er að mjólk hækkar um 23.9%, en undanrenna um hvorki meira né minna en 66.7%. Þessar verðhækkanir stefna að þróun sem gengur í berhögg við það sem manneldisfræðingar mæla með.“

Þarna gerist nákvæmlega það sama, að fréttamaður, sem samkvæmt lögum Ríkisútvarpsins á að vera hlutlaus, leggur dóm á það, hvaða vörur séu hollar og hverjar vörur séu ekki hollar, og hann leggur dóm á afleiðingar þessarar verðbreytingar.

Um þetta er allmikið lengra mál í fréttinni, og ég ætla ekki að rekja það. En ég get þó ekki stillt mig um að geta þess, að fréttamaður spurði vegfarendur um þessar verðbreytingar og spurningin var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Heldur þú að þessi mikla hækkun á undanrennu komi til með að draga úr neyslu á henni?“ Það er verið að gera því skóna, að þetta muni draga úr neyslu á undanrennu. Það er ekki spurt t. d. á hlutlausan hátt, eins og: hvaða áhrif heldur þú að verðhækkunin hafi?

Ég rek ekki hér svörin. En þegar svarið er eins og sá fyrsti svaraði: „Ég held að það hljóti að gera það“ — þá er ekki frekar spurt. En þegar svarið verður öðruvísi, næsti maður svaraði: „Ég býst ekki við því“ — þá getur fréttamaður ekki stillt sig um að spyrja áfram þangað til hann fær það svar sem hann vill fá, að verðbreytingin hafi áhrif á söluna. Og fréttamaður leyfir sér meira að segja að spyrja, þar sem honum finnst svarið ekki nógu afdráttarlaust í fyrstu: „Finnst þér þetta rétt ráðstöfun, að hækka þetta á sama tíma eins og búið er að tala um það, það væri búið að minnast á það, að fólk þurfi að grenna sig?“

Þarna finnst mér að fréttamaður fari langt út fyrir þann ramma sem honum er ætlað. Því miður sá ég ekki þennan fréttaþátt, en heyrði af honum. Mér er sagt af þeim sem sáu hann, að það hafi ekki farið leynt í þættinum hverjar voru skoðanir fréttamanns á þeirri verðbreytingu sem verið var að gera sérstaka grein fyrir.

Ég veit að þær lífsvenjubreytingar, sem við höfum tamið okkur á undanförnum áratugum, þegar við höfum flust frá sjávar- og sveitarstörfum inn í skrifstofur og til kyrrsetulífs, þá hljóta slíkar lífsvenjubreytingar að hafa áhrif á mataræði okkar. Þetta hefur orðið til þess, að það hafa myndast ákveðnar skoðanir um hollustu vara, sem fyrrum þótti ekki vafamál að væru undirstaða heilbrigðs lífs þeirra sem erfiðisvinnu stunda. Hitt skilst mér aftur á móti, að þrátt fyrir það að slíkar skoðanir hafi myndast, þá hafi verið miklu meiri erfiðleikum bundið að sanna þær heldur en koma fram með þær og túlka þær og trúa þeim.

Það er þó rétt og skylt að geta þess, að ekki eru allir á einu máli um hollustu mjólkurvara. En því er ekki að neita, að það hefur beinlínis verið sagt af sumum, að mjólkurvörur, svo sem smjör og nýmjólk, væru ekki hollar vörur.

Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa hér stuttan kafla úr erindi, sem

Baldur Johnsen fyrrverandi borgaryfirlæknir flutti fyrir nokkrum árum og fjallaði um mjólk og mjólkurvörur, þar sem gerð er grein fyrir hollustu þessara vara. Í þessu erindi segir svo, og er sleppt nokkrum formálsorðum til að stytta málið:

„Allan þennan tíma hefur verið viðurkennt að mjólkurhvíta og eggjarauða hafi verið bestu byggingarefni líkamans, ómissandi ungviði í uppvexti og einnig nauðsynlegt gamalmennum, þar sem endurnýjun vefja reynir að halda í við hrörnunina. Þannig hefur hver sú þjóð verið talin hólpin, sem ætti nóg af mjólkurafurðum, og kvikfjárræktandi þjóðflokkar og þjóðir hafa skorið sig úr hvað líkamlegt og andlegt atgervi snertir. Reynsla kynslóðanna og vísindalegar rannsóknir hafa staðfest þetta. Það hefur verið sannað með tilraunum, að af þremur aðalundirstöðuþáttum heilbrigðinnar, heilsugæslu, húsnæði og mataræði, þá er mataræðið þyngst á metunum.

Það mundi lengja mál mitt um of að fara nákvæmlega út í einstök atriði til skýringar. En allir eru sammála um það, að mjólk innihaldi öll nauðsynleg næringarefni fyrir líkamann nema járn. En þess er sérstaklega vert að geta, að nýmjólkin hefur verið Íslendingum svo til eini C-vítamíngjafinn á umliðnum öldum, áður en kartöflur og annað grænmeti kom til sögunnar, og þannig haldið skyrbjúg frá þjóðinni. Það mun heldur ekki vera fjarri sannni, að nýmjólkin og þá sérstaklega fituhluti hennar, rjóminn og smjörið, hafa um langan tíma verið aðalvörn gegn beinkröm og A-vítamínskorti hér á landi og víðar, því að lýsi var ekki alltaf notað sem skyldi, a. m. k. ekki til sveita og jafnvel ekki við sjávarsíðuna, þar sem auðvelt var þó að afla þess.

Þegar rjómabúin voru stofnsett um síðustu aldamót og fituhlutinn, smjörið, var seldur úr landi skapaðist hálfgert vandræðaástand í heilbrigðismálum, jafnvel til sveita. Undanrennuandlitin, sem Guðmundur Hannesson, þá héraðslæknir í Eyjafirði, lýsir svo átakanlega og því volæði, sem fylgdi með, hafa síðan lengi verið mönnum víti til varnaðar. Á þeim árum, allt fram undir fyrra stríð, eru líka skráð mörg dauðsföll úr beinkröm hér á landi. Það var afleiðing af undanrennudrykkjunni. Danir urðu fyrir barðinu á hinu sama um og eftir fyrra stríð, er þeir seldu smjörfitu sína úr landi til Þjóðverja, en notuðu sjálfir undanrennu og margarín í staðinn. Urðu afleiðingarnar þær að mörg börn urðu blind í Danmörku vegna A-vítamínsskorts.

Þetta var um börn og unglinga. Það er einnig ástæða til að gefa gamla fólkinu gaum, en tíð og alvarlegu beinbrot þess benda til úrkölkunar beina, sem e. t. v. væri hægt að draga úr með meiri mjólkurnotkun. Þar sem gamalt fólk þolir ekki alltaf vel nýmjólk þarf að flóa mjólkina og nota meira skyr, ost og rjóma, nema lýsi sé notað óspart. Hitt er svo annað mál, að enginn getur lifað á eintómri mjólk nema kornabörn, sem enn nota jafnforða þann sem móðirin lagði þeim til."

Ég ætla ekki að lengja þennan lestur. En þetta er dálítið athyglisverður lestur á sama tíma og fréttir berast af því, að á barnaheimilum þessarar borgar sé farið að ráðleggja að gefa börnunum smjörlíki í stað smjörs og undanrennu í stað nýmjólkur. Ég er ekki manneldisfræðingur, en ég óttast að það verði hér sem stundum oftar, að tiltölulega takmörkuð vitneskja, sem sett er fram af mönnum, sem trúa þessari vitneskju statt og stöðugt, breyti neysluvenjum til hins verra, þannig að erfitt sé að bæta það sem aflaga fer.

Mér finnst athyglisvert t. d. í þessu sambandi, að það heyrist varla nokkurn tíma á það minnst, að Íslendingar nota helmingi meira smjörlíki heldur en smjör. Smjörlíkisneysla í landinu er um eða yfir helmingi meiri, tvöfalt meiri heldur en smjörs, og það er aldrei um það talað, að meginhluti af þessari fitu er hert fita, og það finnast engin rök fyrir því, svo ég viti til, að sú fita sé hollari en sú sem í smjörinu er.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál öllu lengra, en ég vil að lokum vegna þessara ummæla, sem ég hef lýst og komið hafa fram í Ríkisútvarpinu, leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga:

1. Hvaða aðili innan Ríkisútvarpsins fylgist með því að gætt sé hlutleysis í almennum fréttaflutningi í útvarpinu?

2. Hafa þær fréttasendingar um verðbreytingar landbúnaðarvara, sem ég hef nú gert að umtalsefni, verið ræddar innan stofnunarinnar?

3. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fréttasendingar af þessu tagi endurtaki sig ekki?

Þessar spurningar eru vissulega fram bornar vegna þess að í lögum Ríkisútvarpsins er gert ráð fyrir að útvarpið sem stofnun sé hlutlaust. Ég hef ekki tíma til þess nú að gera að umræðuefni annan þátt, sem mér hefur fundist vera landbúnaðinum ákaflega erfiður að undanförnu, og það er leiðaralestur í morgunútvarpinu. Þar hafa á undanförnum mánuðum dunið á landsmönnum fullyrðingar um landbúnað á Íslandi sem hvergi nærri fá staðist. Ég er ekki einn þeirra manna sem vilja hefta málfrelsi manna í landinu. Ég hefði þó álitið að það væri nauðsynlegt fyrir stofnun eins og Ríkisútvarpið að gefa því gaum um allt það, sem flutt er í Ríkisútvarpinu, að það verði ekki túlkað sem atvinnurógur eða sé það, eins og mér finnst að sumt af þeim leiðaralestri, sem dunið hefur á landsmönnum, hafi verið á undanförnum mánuðum.

Landbúnaðurinn á við ýmsa örðugleika að stríða. Þeir verða ekki ræddir hér. En landbúnaður, eins og allar aðrar atvinnugreinar í landinu, þarf á því að halda að njóta skilnings fólksins í landinu, og skilningur á landbúnaði sem atvinnugrein verður ekki fyrir hendi nema þar sé þekking líka.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. þykir mér rétt að rifja upp nokkur atriði varðandi fréttaflutning Ríkisútvarpsins. Fréttaflutningur Ríkisútvarpsins er nokkuð sérstaks eðlis og þess vegna gagnrýndur meira en t. d. fréttir blaðanna. Um hann gilda sérstök fyrirmæli í útvarpslögunum og í reglunum sem settar hafa verið samkv. þeim lögum,

svo að menn ættu kannske að hafa nokkuð fast undir fótum að þessu leyti. En um þetta gildir þó ekki síður en um aðra hluti, að flest orkar tvímælis o. s. frv.

Ég vil fyrst minna á það, að í 3. gr. útvarpslaganna segir m. a., að það, útvarpið, skuli „kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Það skal halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar“ o. s. frv. Og enn segir í þessari gr.: „Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.“

Síðan segir í 4. gr. m. a.: „Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess, að settum reglum um hana sé fylgt. Útvarpsstjóri gefur út reglur um fréttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þ. á m. auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.“ Og enn ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að vitna til 6. gr., en hún hljóðar svo:

„Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda. Ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæslu þess, að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar.“

Svo minni ég á, að í IV. kafla laganna er fjallað um ábyrgð á útvarpsefni, og eru nokkuð ítarleg ákvæði um þetta í þeim kafla. Treysti ég mér ekki tímans vegna til þess að rekja þau.

Þá vil ég rifja það upp í framhaldi af þessu, að í reglugerð um Ríkisútvarp segir í 15. gr. í IV. kafla, sem fjallar um fréttir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisútvarpið flytur fréttir og fréttaauka um hvað eina, sem að dómi fréttastofu hljóðvarps eða sjónvarps hefur almennt fréttagildi.

Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera blandnar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum, heldur skal gætt fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum eða einstaklingum.

Ekki mega í fréttum útvarpsins felast auglýsingar eða tilkynningar, nema þær varði starfsemi Ríkisútvarpsins sjálfs.

Fréttaskýringar ber að afmarka greinilega frá fréttum og skal ávallt kynnt nafn höfundar slíkra skýringa.

Við skráningu frétta skal þess jafnan gætt, að heimildir séu sem fyllstar og óyggjandi. Ríkisútvarpið verður ávallt að vera reiðubúið til að gera grein fyrir heimildum frétta,“ segir í reglugerðinni.

Í þeim reglum, sem vikið var að í lagagr. sem ég vitnaði til áðan, reglum um fréttaflutning Ríkisútvarpsins sem útvarpsstjóri setur, eru þessi sömu atriði og ég nú las úr reglugerðinni áréttuð og útfærð nánar. En það væri allt of langt mál að fara að rekja það eða rifja upp í einstökum atriðum hér. Ég mun þá heldur ekki af mörgum og hv. þm. auðvitað auðskiljanlegum ástæðum gera tilraun til þess að brjóta til mergjar tilvitnun í ákvæði laga og reglugerða, en ég vil í þessu sambandi vekja athygli á tvennu:

Fyrst er það, að ekki virðist gert ráð fyrir að ráðh. hafi afskipti af vali efnis og meðferð þess. Mér sýnist það ofurskiljanlegt og raunar eðlilegt í alla staði.

Ég vil láta það koma fram, að þann tíma, sem ég hef starfað í menntmrn., hefur nokkrum sinnum verið kvartað við mig um efnismeðferð, einkum í fréttum og í samtalsþáttum. Einnig hefur mér sjálfum nokkrum sinnum sýnst sem mistök hafi átt sér stað. Ég hef þá jafnan í báðum þessum tilvikum komið kvörtunum áleiðis munnlega til útvarpsstjóra ellegar til fréttastofanna án þess að gefa nokkur fyrirmæli sem ráðh. Í einstöku tilvikum hefur verið um að ræða beinar leiðréttingar og þá hefur þeim óðar í bili verið komið á framfæri í útvarpi eða sjónvarpi, eftir því sem við hefur átt. Og ég vil taka það fram sérstaklega í sambandi við þetta, sem mér fannst rétt að skýra frá, að ég hef aldrei fengið skriflega umkvörtun um þetta efni né heldur gefið út bréf um það.

Eins og ég gat um áðan, segir í 6. gr. útvarpslaganna, og vil ég minna á það aftur, að útvarpsráð tekur ákvarðanir um hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum, leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda, og svo þetta: ráðið setur reglur eins og þurfa þykir til gæslu þess að fylgt sé ákvæðum 3. gr. Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar. Með hliðsjón af þessu ákvæði lít ég svo á, að endanlegt úrskurðarvald um útvarpsefni og meðferð þess sé hjá útvarpsstjóra og útvarpsráði, þ. e. a. s. innan stofnunarinnar, svo fremi að ekki komi til málsóknar, sbr. ákvæði IV. kafla um ábyrgð á útvarpsefni. En auðvitað getur það átt sér stað varðandi þetta mál eins og flest önnur deilumál sem upp koma í þjóðfélaginu.

Hitt atriðið, sem ég vildi vekja sérstaka athygli á, er að í tilvitnuðum lagagreinum er sagt að útvarpið skuli halda uppi rökræðum til þess að fá fram ólík sjónarmið um málefni sem almenning varða. Þetta er efnislega svo, en ekki orðrétt tilvitnun. Einnig er þar sú kvöð, að útvarpið skuli halda uppi fréttaþjónustu og veita fréttaskýringar. Ef maður fer að velta fyrir sér þessum ákvæðum, þá sýnist mér a. m. k. að þessi ákvæði leggi þær kvaðir á herðar stofnunarinnar og starfsfólksins sem aldrei verða uppfylltar svo að öllum líki í öllum tilvikum. Ég held að það sé efni málsins samkv. útilokað. Sé þetta rétt skilið, þá er auðvitað óhjákvæmilegt að komi til gagnrýni meira og minna, sem er staðreynd, þá ber auðvitað báðum, bæði gagnrýnendum og þeim, sem gagnrýndir eru, þ. e. a. s. útvarpsfólkinu, að íhuga málið, ég vil segja í rólegheitum og leita sameiginlegrar niðurstöðu, — nema málsatvik þyki svo alvarleg frá annarri hvorri hliðinni, að það þurfi að leita úrskurðar dómstóla. Þetta vildi ég rifja

upp, bæði þessi fyrirmæli og svo minn skilning á þeim.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. varpaði fram þremur spurningum:

Í fyrsta lagi hvaða aðili það sé sem skuli fylgjast með því, að hlýtt sé ákvæðum útvarpslaganna og reglugerða. Svar við því er í rauninni þegar komið fram í mínu máli.

Þá spurði hann um það, hvort þessir sérstöku fréttatímar hefðu verið teknir til meðferðar eða ræddir innan stofnunarinnar og sérstakar ráðstafanir gerðar til þess að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig, eða hvernig hann nú orðaði það. Ég hef haft frekar nauman tíma til að kynna mér þetta frá því að ég frétti af þessari væntanlegu fsp. eða umr. utan dagskrár. En ég hygg þó að ekki hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir innan stofnunarinnar í sambandi við þessa fréttatíma.

Þar sem annars vegar menntmrh. er yfirmaður Ríkisútvarpsins samkv. lögum, það heyrir undir menntmrn. og ráðh., og hins vegar að ég tel ekki að mér beri sem ráðh. að fjalla um og því síður að úrskurða um meðferð efnis í útvarpi, heldur sé það útvarpsráðs og útvarpsstjóra, sbr. tilvitnað, þá mun ég ekki fjölyrða um þessa þætti sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni. En ég get þó sagt það, að persónulega þykir mér það óviðfelldið að fyrirspyrjendur í fréttatímum taki harða afstöðu í spurningum sínum, t. d.: „Er þetta ekki tilræði við skynsamlegt mataræði?“ eins og mig minnir að spurt væri, ég er ekki viss um að hafa það orðrétt, og orðrétt: „Hefði ekki verið hægt að fara einhverjar heilsusamlegri leiðir?“ Mér finnst þetta ekki viðkunnanlegt.

En um þetta kunna nú samt að vera deildar meiningar, og má t. d. benda á það, að spurning, sem er borin fram að viðstöddum aðila, sem þá er þess umkominn að gefa svar, er náttúrlega annað en umsögn.

Mér þykir það auðvitað í hæsta máta eðlileg ósk eða krafa, að það sé jafnan reynt í öllum fréttaflutningi útvarpsins að gæta nokkurs samræmis í frásögnum af hliðstæðum atriðum, við skulum segja eins og verðhækkunum hinna ýmsu vara, t. d. hinna ýmsu matvæla, þó ég auðvitað viðurkenni að erfitt er að fullyrða nákvæmlega hvað sé hliðstætt og hvað sé ekki hliðstætt, því að margt getur blandast þar inn í og m. a. mat á mismunandi fréttagildi þeirra upplýsinga sem um er að ræða hverju sinni, svo að allt er þetta nokkuð afstætt. En það tel ég ákaflega mikils vert og raunar grundvallaratriði — og það vil ég gjarnan láta koma hér fram — að tryggja ætíð mismunandi sjónarmiðum rúm í ríkisfjölmiðlunum. Og í umræddum fréttatímum og samtalsþáttum komu vissulega fram fulltrúar tveggja sjónarmiða.

Ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því, að útvarpinu er hér mikill vandi á höndum, og hvort tveggja er jafnillt, tel ég, að gagnrýnendur gangi á það lagið með óbilgirni, að þarna verður lengi hægt um að deila, og svo hins vegar það, og það væri náttúrlega ekki betra, ef starfsfólk útvarpsins skellti skollaeyrum við gagnrýninni af sömu ástæðum og svaraði einfaldlega, að enginn geri svo að öllum líki! Þetta er hvorugt gott, heldur verða menn að reyna að leggja sig í líma að komast að sameiginlegum niðurstöðum um svona hluti, þó að það kunni að kosta nokkra vafninga og umræður.

Mig undrar það ekki, þó að íslenskir bændur eða fulltrúar þeirra snúist til varnar gegn þeim gífurlega áróðri sem beitt hefur verið á síðustu missirum gegn þeim, gegn þeirra atvinnuvegi og framleiðsluvörum þeirra sérstaklega, og þá á ég við blaðaskrif margvísleg þeirra sem ég vil kalla skillitla orðháka, menn sem slíta úr samhengi einstök atriði og þvarga um þau í blöðum daginn út og daginn inn og til þess að koma þessum áróðri sem best til skila er valið leiðaraformið. Það er náttúrlega von að menn velti því fyrir sér, hvort kannske sé brotið blutleysi útvarpsins í gegnum leiðaralesturinn. En það er ákaflega erfitt að setja þar við skorður sem ekki verði að fundið. En það er eðlilegt að menn velti þessu fyrir sér.

Og nú er þetta nýjasta nýtt og kom að nokkru leyti fram í þessum tímum sem hér er rætt um, að bændum beri að verðleggja vörur sínar á læknisfræðilegum forsendum! Þetta finnst mér afskaplega langsótt. Bæði fer því fjarri að allir fræðingar séu þar á einu máli um hollustuna, en auk þess man ég nú ekki dæmi, — það má vel vera að það sé misminni, — ég veit ekki dæmi til þess að slíks hafi verið krafist af nokkurri annarri matvælaframleiðslu að verðleggja í samræmi við hollustu. Og ég held að það sé mjög erfitt, m. a. af því að það er svo erfitt að fá alveg ákveðinn úrskurð um hollustuna.

Ég ætla nú ekkert að fara að ræða um þessa heilbrigðishætti. En ég vil þó með fullri virðingu fyrir læknavísindum nútímans minna á lýsingu sem séra Sigurjón á Kirkjubæ gaf á sínum tíma um afleiðingar þess þegar stofnað var rjómabú og bændur kepptust við að selja rjómann í rjómabúið og höfðu undanrennu eftir heima. Þá komu til glanslegir mjólkurbrúsar í fyrsta skiptið og þá orti prestur:

„Senda á silfurdunk
svolítinn rjómaslunk,
fitu úr fjósnytjum alla.
Fyrir það flestir menn
fá ekki annað en
horlopa, skyrbjúg og skalla.“

En að slepptu öllu gamni, og þó felst í þessu alvara einnig þá er orðin hefð að nota þennan rétt sinn til þess að mæla hér utan dagskrár, — það er orðin hefð að alþm. noti þennan rétt til þess að vekja athygli á málum sem þeir telja mikilsvert að hreyfa á áberandi hátt og jafnframt þá að leita upplýsinga hjá viðkomandi ráðh. um þau tilteknu mál.

Að því er varðar kvartanir um útvarpsefni og meinta hlutdrægni í fréttaflutningi og í ýmsum þáttum, þá er auðvitað ekkert athugavert við það, þó að vakin sé athygli á þessu eins og öðru. En mér sýnist þó að rétta boðleiðin til þess að koma á framfæri slíkum umkvörtunum ásamt

rökstuðningi í þá veru að fá það tekið til efnislegrar meðferðar og úrbóta, eftir því sem eðlilegt sýnist við nánari athugun, sé að koma þessu á framfæri við útvarpsstjóra og útvarpsráð. Og ég vil leyfa mér að fullyrða að þessir aðilar muni leitast við að meta málsatvik á hlutlægan, en þó um leið óhlutdrægan hátt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil nú þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli hér utan dagskrár, því að það er full ástæða til þess. Sannleikurinn er hins vegar sá, að áróðurinn gegn landbúnaðinum og áróðurinn gegn bændum er orðinn svo yfirþyrmandi í okkar fjölmiðlum, að maður tekur kannske ekki svo mikið eftir því, þó að ríkisfjölmiðlarnir taki einhvern þátt í þeim ljóta leik, og kippir sér kannske ekki eins mikið upp við það af þeim ástæðum að þetta dynur yfir mann úr leiðurum þessara blaða, og í hvert sinn sem maður lítur í sum þeirra, þá er þessi áróður enn aðaluppistaðan. Það er hins vegar mjög alvarlegt þegar þó ekki sé nema lítill angi af þessari órökstuddu gagnrýni er kominn inn á gafl hjá þessum sömu ríkisfjölmiðlum, sem eiga í þessum efnum sem öðrum að gæta óhlutdrægni.

Ég verð að segja það, að mér þykir mjög eðlilegt að landbúnaðurinn og ýmislegt í kringum hann sé gagnrýnt af þekkingu og skynsemi, og það er á ýmislegt bent sem betur mætti fara. Það á við um alla, hvort sem þeir starfa við dagblöð eða annað, að þeir verða að mínu viti að hafa einhverja lágmarksþekkingu á því máli sem þeir fjalla um, til þess að þeir geti í raun og veru skrifað um það af einhverju viti. En svo vill nú til, að í sumum þessara blaða virðast þeir skrifa þeim mun meira eða þeim mun mest, sem minnst vita eða minnsta þekkingu hafa á þessu.

Varðandi þetta tiltekna atriði, þá hnaut ég að vísu um þetta í málflutningi eða fréttaflutningi í sambandi við síðustu búvöruverðshækkun. En sannleikurinn var sá, eins og ég sagði áðan, að svo vanur er maður nú orðinn þessum áróðri að ég tók ekkert sérstaklega eftir þessu, og ég hygg að þetta sé ekki í fyrsta skipti sem þetta kemur fram hjá okkar ágætu ríkisfjölmiðlum. Ég er hins vegar á því, að það sé ágætt, hve góð upplýsingaþjónusta er frá hálfu þeirra aðila sem við þessi mál fást og þyrfti að vera víðar um verðlagsbreytingar. Það væri t. d. ánægjuleg nýbreytni ef innflytjendur okkar ýmsir væru tilbúnir að auglýsa upp verðhækkanirnar hjá sér og slá þeim rækilega upp í blöðunum, sem þeir eiga jafngóðan aðgang að og raun ber vitni í sambandi við annað. En hins vegar tel ég að þegar við erum fræddir á búvöruverðinu til neytenda mætti gjarnan koma betur fram en oft er gert, hver er hlutur bændanna sjálfra, og hann rækilega tiundaður, hlutur bændanna sjálfra í þessum hækkunum. Og þá á ég ekki við bara í prósentutölum, heldur á ég við hve mikið af því verði, sem neytendur þurfa að borga í hækkuðu búvöruverði, fer beint til bænda sjálfra. Ég hygg að það væri býsna nauðsynlegt. Þetta er að vísu gert, en alls ekki nógu mikið. Og það eru bændur einir, mér vitanlega, sem verða fyrir gagnrýni neytenda í hvert skipti sem búvöruverðshækkun verður, en ekki þeir aðrir sem þarna fá þó sinn ómælda hlut.

Ég sem sagt vil segja það, að það er ekkert óeðlilegt við það, þó að greint sé frá því þegar búvörur hækka. En sú upplýsingaþjónusta þyrfti eins og ég sagði áðan, að ná miklu víðar og vera betri hjá fjölmiðlunum en hún er varðandi ýmislegt annað, ég tala nú ekki um þegar jólaauglýsingarnar flæða yfir okkur. Þá er það ákaflega einkennandi, að gæði vörunnar eru tiunduð nákvæmlega og með litríkum hætti, en eitt gleymist í þessum auglýsingum öllum, að ég hygg, og það er að segja hvað þessi gæðavara kostar. Þar er komið að einhverju sem mönnum sýnist í þessu efni feimnisatriði og er það reyndar oft og tíðum.

Út af þessu sérstaka máli vil ég segja það, að í hinum svokölluðu fræðsluþáttum um þessi mál, varðandi heilsufræðilegu hliðina, og raunar öðrum þáttum hefur ýmislegt komið fram sem er vafasamt, svo að ekki sé meira sagt. Ég hef fylgst töluvert með því án neinnar sérstakrar lífhræðslu, hvað hinir og þessir matvælasérfræðingar og heilbrigðisráðunautar hafa verið að tala um að væri okkur óhollt. Og mér sýnist næstum allt, sem ég læt ofan í mig, sé óhollt og mér jafnvel lífshættulegt, ef ég ætti að trúa öllum þeim, sem ég hef lesið frásagnir eftir og hafa kennt sig við viss fræði í þessum efnum. Það eru sem sagt mjög skiptar skoðanir um þetta. Og þó að einhver undanrennusjúklingur hafi tekið sig til og spurt eitthvað náið um þetta eða komið með skoðanir sínar á þessu meira en góðu hófi gegnir inn í ríkisfjölmiðlana, þá er því miður ekki þar með sagt að þetta sé neinn heilagur sannleikur, þó að þetta hafi verið prédikað mjög upp á síðkastið. Ég sagði undanrennusjúklingur, því ég lít helst svo á að þarna sé einhver sem hefur orðið alvarlega fyrir áfalli í sambandi við þennan áróður og sé eingöngu farinn að leggja sér þennan vökva til munns.

Ég minni á það, að þessi áróður og þessi hávaði sem hefur verið gegn búvöruhækkunum bænda hefur komið frá hinum ótrúlegustu aðilum. Einn er þó sá aðili sem hefur talið sig gera þetta með miklum rétti og ég man mætavel eftir. Það er einhver félagsskapur sem heitir Húsmæðrafélag Reykjavíkur að mig minnir. Hann hefur oft haft uppi, þessi félagsskapur, mikinn hávaða í sambandi við þessi mál, og fjölmiðlar hafa tiundað það rækilega, hvað þessi félagsskapur hefur haft um þessi mál að segja, og er ekkert nema gott um það að segja, ef þessi félagsskapur væri alltaf sjálfum sér samkvæmur. En stundum, og það á við núna um nokkuð langa hríð, hefur þessi félagsskapur verið þögull með afbrigðum. Ég man eftir því, að ég sá nokkrar konur úr þessum hóp steyta hér hnefa að þinghúsinu fyrir nokkrum árum, en þá voru þær víst ekki eingöngu að steyta hnefana gegn bændum sem aðalóvinum, heldur líka þáv. ríkisstj. Ég veit að þær vilja eitt-

hvað annað en steyttan hnefa gegn þeirri ríkisstj. sem nú situr, svo að það er von að þögnin ríki núna.

Ég vil leggja áherslu á það, að vandinn er sannarlega mikill í íslenskum landbúnaði, og ég held að almenningi yfirleitt þurfi að vera þessi vandi ljós og gera sér grein fyrir honum. *Ég held að fólk þurfi almennt að gera sér einnig* grein fyrir því, hve þýðing landbúnaðarins er mikil fyrir okkar þjóðarbúskap og fyrir okkar litlu þjóð. Hitt er svo annað, að svo má lengi halda uppi óvönduðum áróðri að fólk falli fyrir *honum meira og minna. Því held ég að skylda* ríkisfjölmiðlanna sé að hefja aukna fræðslu um landbúnaðinn, vanda hans, og sjónarmið beggja komi þar fram sem allra best. Bændasamtökin hafa gert sitt til beinnar fræðslu. Þar hefur margt verið vel gert í svörum við þessum áróðri. En ég vil enda þessi orð mín með því að vona að ríkisfjölmiðlarnir gætu komið vel inn í þá mynd og þó a. m. k. gert öllum sæmilega skynugum mönnum, sem ekki eru þó starblindir, sæmilega ljóst, hvílík lífsnauðsyn það er fyrir íslenska þjóð að hér þrífist blómlegur landbúnaður.

Umr. frestað.

Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum, frv. (þskj. 98, n. 136). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um niðurfellingu útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum á árinu 1977. Þetta frv. er til staðfestingar á brbl. sem voru gefin út 15. júlí s.l. um niðurfellingu á útflutningsgjöldum á kolmunna og spærlingi. Þetta er þáttur í þeirri viðleitni sjútvrh. að örva nýtingu fiskstofna, sem hingað til hafa verið lítt eða ekki hagnýttir, og á þann hátt að skapa möguleika til þess að draga úr þorskveiðum nú þegar þorskstofninn er í hættuástandi. Vitað er að mikið magn af kolmunna er bæði fyrir Austurlandi og Vesturlandi á vissum árstímum, og einnig var nokkurt magn veitt á Færeyjamiðum samkv. sérstöku samkomulagi við Færeyinga. Hins vegar er tilraunavinnsla jafnframt dýr og er því eðlilegt að fjárhagur bæði veiða og vinnslu sé erfiður.

Það hafa verið gerðar mjög athyglisverðar tilraunir á þessu ári með vinnslu kolmunna bæði til frystingar og herslu. Má ætla að innan fárra ára verði hér um hagnýta og arðbæra atvinnugrein í sjávarútvegi að ræða. Þess vegna er mjög æskilegt að beina stærri hluta flota okkar á kolmunna- og spærlingsveiðar næstu árin, og samþykkt þessa frv. er liður í þeirri viðleitni að gera þessar veiðar eftirsóknarverðar. N. varð því einhuga um að leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 27. fundur.

Mánudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 9. des. 1977.

Þar sem ég vegna annarra starfa mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér, skv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Skúli Alexandersson útvegsmaður taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl."

Ég býð Skúla Alexandersson velkominn til starfa hér í deildinni.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 21). — Frh. 1. umr.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Um þetta mál hafa orðið langar og strangar umr. og ég ætlaði mér ekki að verða til þess að lengja þær, en vil þó aðeins koma nokkrum aths. að.

Ég tel að það beri að þakka hv. flm. fyrir að hafa flutt þetta frv., ekki þó vegna þess að ég sé alls kostar samþykkur því, heldur vegna þess að tímabært var að taka upp almennar umr. um þessi mál hér á Alþ. að þessu sinni. Það hafa komið upp í umr. að undanförnu hér á hv. Alþ. mál sem flokkast undir svokallaða aronsku. Í þessu máli hefur komið oftar en einu sinni upp það sem ég kalla karvelsku, en það er sú árátta sumra þm., og þó aðeins nokkurra þm., að ráðast við öll tækifæri að Reykvíkingum og því sem reykvískt er og telja að Reykvíkingar sem slíkir hafi allt fram yfir aðra, sem hér á landi búa, sem er auðvitað hinn mesti misskilningur. Það væri ærin ástæða til þess í umr. um þetta mál, að þeim gefnu tilefnum sem ég hef hlustað á hér á hv. d., að ræða þetta nánar og efnislega, en þeir hafa staðið þar fremstir að, sá hv. þm. sem karvelskan er kennd við, hv. þm. Karvel Pálmason, og svo hv. 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, og er í raun og veru undarlegt hvernig þeir hafa getað komið ýmsum hnútum sínum að Reykvíkingum og Reykjavík í sambandi við þetta mál.

Það, sem ég vildi benda á í sambandi við umr. um málið og þá væntanlega til athugunar fyrir þá hv. n., sem fær málið til meðferðar, eru aðrir vankantar en hefur verið getið um að undanförnu í umr., og bendi ég m. a. þar á tækifæri og rétt þeirra aðila, sem á landi voru búa, til þess að njóta jafnréttis til að kjósa. Það var gerð, að mig minnir í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., nokkur breyting, sem var mikið til bóta í sambandi við aðstöðu sjúkra til að geta neytt atkvæðisréttar síns. Það hefur líka, a. m. k. hér á þessum þéttbýlisstað, í Reykjavík, verið gert ýmislegt til þess að aldraðir á elliheimilum gætu neytt síns kosningarréttar, þó að þar þyrfti um að bæta í sambandi við utankjörstaðarkosningar fyrir það fólk líka. Þótt það sé ekki fjarverandi úr bænum þyrfti það þegar heilsa

leyfir að geta notað tækifærið til þess að kjósa og þá utan kjörstaðar eða utan kjörfundar.

Fyrir þá, sem þurfa að neyta atkvæðisréttar síns á þann hátt að greiða atkv. í svokölluðum utankjörstaðarkosningum, sem fyrst og fremst eru sjómenn, flugfólk og ferðamenn, þá er auðvitað öllum ljóst að þeir hafa ekki þann rétt sem hér hefur verið vitnað til og er þó mikið takmarkaður hin síðustu ár, en það er rétturinn til þess að breyta listum, bæði að strika út einstaka frambjóðendur og breyta röðun. Þetta er ekki hægt í utankjörstaðarkosningu og er ákveðinn hópur manna, stundum stór hópur kjósenda, þar með sviptur þessum rétti. Ég held að það væri vel hægt að koma þessu fyrir, að gefa þessu fólki tækifæri til að hafa þennan rétt eins og aðrir hafa. Auk þess tel ég að það sé orðið tímabært að færa til fyrra horfs þennan rétt, að hafa ekki þá miklu takmörkun sem er á þessum rétti til þess að strika menn út eins og nú er, því það er auðvitað lítið vit í því, að einhver kjósandi geti aðeins strikað yfir ⅓ af hv. frambjóðanda, en látið ⅔ hans halda áfram upp í þingsali eða inn í sveitarstjórn. Þetta er ekki rétt, tel ég. Þótt ekki sé alveg farið í þennan rétt að fullu, að geta strikað manninn út, sem getur auðvitað haft ýmsar afleiðingar sem m. a. var bent á á sínum tíma þegar þessum ákvæðum var breytt í það horf, sem nú er, þá tel ég samt að þetta þurfi að breytast í átt að hinu fyrra horfi.

Það er, held ég, aðeins einn hv. þm., sem hefur komið inn á það í sambandi við umr. um þetta mál, að miklu af því, sem stefnt er að því að ná, mætti ná með prófkjörum, eins og þau eru framkvæmd í dag jafnvel. En þó hefur verið bent á það hér í umr., að til þess að þau gætu náð tilgangi sínum þyrfti að koma löggjöf um þau, og eftir síðustu reynslu manna af prófkjörum tel ég það nauðsynlegt, þannig að alla vega séu aðilar ekki að misbeita valdi sínu milli flokka, þó ekki sé annað nefnt. Flokkarnir sjálfir geta og eiga auðvitað að koma í veg fyrir misnotkun og misferli innan sinna vébanda. En ég hefði talið að lög um prófkjör gætu komið mikið á móti því sem fjallað er um í frv. og hefur komið fram í umr., og þar á ég við röðunina. Ég minnist þess, að í heimabyggð hv. flm. hefur farið orð af því að allir flokkar komu sér saman um prófkjör í eina tíð, og ég hef alltaf heyrt vitnað til þess, að það hafi tekist með ágætum vel og það voru ekki nein eftirmál þar um. Flokkarnir komu sér saman um að hafa prófkjör á sama degi. Þessu mætti auðvitað breyta á þann veg, að það væru trúnaðarmenn hins opinbera, þeirra sem með kosningamálin fara, sem sæju um þetta á hverjum stað á hverjum tíma.

Frv., eins og það er, tel ég að eigi illa við fyrir alla flokka, eins og stærð þeirra er í dag, þetta sé mjög erfitt í framkvæmd, og stafrófsröðunum er ég alfarið á móti. Alla vega hef ég þá skoðun, ef ég ætti einhvern tíma eftir í framtíðinni að lenda í prófkjöri, að þá mundi ég reyna að ná fram nafnbreytingu fyrst. Það er enginn vafi og það hafa sagt mér menn, sem við talningu hafa fengist þegar slík röðun fer fram sem prófkjör í sjálfu sér að nokkru leyti er, að þá sé áberandi hvernig stafrófsröðunin kemur út hjá kjósendum sem þurfa að velja mörg nöfn, 8—12 eins og er hjá stærsta flokknum, Sjálfstfl., hér í Reykjavík, enda er till. á því höfuðbóli, gömul nokkuð, um það, að áður en til prófkjörs væri gengið yrði fyrst hlutað um sæti á prófkjörslistanum. Sú till. náði ekki fram á sínum tíma, enda virðast allflestir í þeim flokki ekki ná aftar í stafrófinu en aftur að M eða svo. — En það er enn eitt atriði, sem ég vil benda á til viðbótar þeim mönnum, sem um málið hafa rætt, og það er, að það er í sjálfu sér engin nauðsyn að raða út allan listann, enda skilst mér að það sé ekki sú hugsun, sem að baki liggur, að þess þurfi, enda afskaplega erfitt við að eiga. Ég held að það mundi koma fram nóg prófun og vilji kjósenda þó að þeir hefðu rétt til þess aðeins að merkja við einn, tvo eða þrjá á listanum, þannig að það væri nóg röðun hinum almenna kjósanda til viðbótar því sem á undan færi fram hjá flokknum sjálfum.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að hafa þessi orð fleiri við 1. umr. málsins. En ég hef tekið eftir því, að það eru allmargir sem hafa lýst skoðunum sínum almennt á þessum málum, og ég tel það vel. Þessi mál eru kannske meira í brennidepli nú en nokkru sinni áður, m. a. vegna þess sem einnig hefur verið bent á í þessum umr., að það hefur hallast mjög á hin seinni ár um það atkvæðamagn sem býr að baki hverjum þm. Og það er enginn vafi að leiðrétting þar á mundi vera ekki aðeins talin eðlileg, heldur og réttlætanleg, og hafa verið nefndar til þess leiðir sem ég skal ekki fara út í hér að ræða. En ég vil aðeins endurtaka þau orð mín, að ég fagna því að þetta frv. kom fram og það hafi gefist kostur á að ræða þetta mál. Það hafa margir menn, sem hér hafa um þetta mál rætt, talað spaklega og vitlega, en þó ekki allir.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Þessar umr. eru nú farnar að verða ansi langdregnar og kannske líka að lokum þreytandi. Auk þess er svo langt síðan ég bað um orðið, að ég veit ekki nema eitthvað sé farið að hripa úr mér af því sem mér hafði dottið í hug að ræða, enda var ég búinn að lýsa hér áður skoðun minni á þessu máli og hún hefur auðvitað ekkert breyst á þessum tíma. En ég vil þó segja um þessar umr., að þær hafa yfirleitt verið gagnlegar og þær hafa verið málefnalegar og þær hafa m. a. leitt það í ljós, að hér er ekki fjallað um mjög auðleyst mál eða einfalt mál, og ég held að flestum sé ljóst að þetta frv. er gallað og að þeirri till., sem hér er hreyft um fyrirkomulag kosninga, ætti að hafna.

Hins vegar er líka ljóst, að það er almennur skilningur á því, að það ætti að auka möguleika kjósenda til þess að hafa áhrif á framboð og kosningu til Alþingis. En hins vegar kemur það nú í ljós, að þetta er engan veginn auðvelt mál og engan veginn vandalaust hvernig fara á með þetta. Ég held að menn þurfi að gera það upp við sig, hvernig þeir vilja leysa þetta mál, og þá held ég að við verðum að athuga margt í því sambandi og hrapa ekki að því að grípa fyrstu

till. sem kann að koma fram. Alveg sérstaklega held ég að það komi hér til miklu fleira en þessi víðtæki réttur til röðunar sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég sagði það, held ég, í fyrri ræðu minni og vil gjarnan endurtaka það, að ég held að ef kosningar yrðu með þessum hætti, þá yrðu þær óþarflega illvígar, innbyrðis illvígar í flokkunum, og ég held að þær yrðu mjög „persónulegar“ í vondri merkingu þess orðs, og auk þess held ég að þær yrðu mjög sérgæðingslegar, í stað þess að kosningar, ef þær fara fram á siðmannlegan hátt, eiga að vera málefnalegar og byggðar á sameiginlegum málstað þeirra frambjóðenda sem saman eru í framboði.

Ég held sem sagt að sú leið, sem hv. flm. bendir hér á, gangi gegn þessu, hún yrði til þess að ala á skrumi og það miklu frekar en flestar aðrar leiðir sem til greina koma. En auðvitað er það rétt, sem hefur komið fram í þessum umr., að það er aldrei hægt að koma í veg fyrir lýðskrum í stjórnmálabaráttu. Það er út af fyrir sig aldrei hægt að koma í veg fyrir það. En ég held þó að sumar kosningaaðferðir séu öðrum líklegri til þess að ala á slíku. Ég hef í rauninni ekki miklu við þetta að bæta, en minnist enn einu sinni á þetta atriði sem ég finn sérstaklega að í þessu frv.

En aftur á móti vil ég ekki að það misskiljist, að ég álít að kjósendur eigi að hafa röðunarrétt. Vissulega eiga kjósendur að hafa sinn röðunarrétt, og það hefur líka komið fram í þessum umr. hjá fleiri en einum, að í rauninni hafa kjósendur skv. núgildandi lögum röðunarrétt, og ég sé enga ástæðu til þess að gera lítið úr því, þó að e. t. v. sé hugsanlegt að það megi eitthvað breyta þar út af og auka rétt manna til þess að breyta röð á listum. En ég er sem sagt mjög andvígur þessari tegund af rétti til þess að raða, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég held nefnilega að þarna sé verið að einfalda flókið mál eða öllu fremur verið að flækja einfalt mál. Það er verið að bjóða heim óæskilegri kosningabaráttu og það er verið að láta undan kröfum fáeinna hávaðamanna í fjölmiðlum. Ég álít að það sé kominn tími til þess að sporna við fótum gegn þessu lýðskrumi og gegn þessum óhugnaði sem æsifréttamennskan er. Það er t. d. varla nema hálfur sannleikur, að það sé einhver krafa hjá fólkinu að breyta þurfi kosningarfyrirkomulagi með ákaflega róttækum hætti. Ég held að þetta sé ekki nema hálfur sannleikur. Þetta er fullyrðing, ein af mörgum, sem er búin til af örfáum mönnum sem hafa alið á þessu nú missirum saman í fjölmiðlunum, og svo kalla menn þetta kröfu fólksins. Þetta er aðeins eitt dæmið um það, hvernig fréttamenn hér á landi, eins og kannske víðar, eru farnir að „búa til fréttir“, ef svo má segja, búa til málefni handa fólkinu til að ræða um og segja svo að þetta sé krafa fólksins. Við höfum ótal dæmi um svona fréttamennsku. Við höfum ótal dæmi um það núna að undanförnu, að það eru „búin til“ sérstök mál sem menn eiga að ræða og skulu ræða og annað kemst ekki að, og málin eru yfirleitt rædd þannig, að það er búinn til einn ákveðinn skilningur sem er barinn inn í vitund manna og allt látið snúast um þann skilning einan. Ég verð að segja það um þetta mál, þegar því er haldið fram að það sé einhver „krafa fólksins“ að það þurfi að gera róttækar breytingar á kosningatilhögun, þá er það ekkert annað en meira og minna tilbúningur úr örfáum fréttamönnum sem lifa á því að búa til fréttir og búa til oft og tíðum sáraómerkileg viðfangsefni handa fólkinu til að hugsa um. Sannleikurinn er sá, að þó að almenningur á Íslandi eins og víðar sé undirlagður af svona ómerkilegum áróðri fyrir tilstilli fjölmiðlanna, sem í gangi eru, þá held ég þó að fólk hér á Íslandi sé fúst til þess að rökræða hvert mál, ég held að það sé við því búið að rökræða þetta mál og ég held að það sé óþarfi að vera að gera almenningi upp einhverjar fyrir fram skoðanir í þessu máli, eins og mér hefur fundist koma mjög sterklega fram í ræðum margra sem hér hafa talað og látið eins og þeir séu sérstaklega að tala máli fólksins og þeir séu að bera fram almenna kröfu frá fólkinu.

En eins og ég segi, þá er ég andvígur þeirri tegund af röðunarrétti sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég tel langeðlilegast að flokkarnir ákveði framboð, og ég álít að flokksleg samtök eigi að ákveða röðun á framboðslista. En jafnframt legg ég áherslu á að kjósendur geti á kjördegi umraðað að vild sinni og e. t. v. bætt við nýjum nöfnum á listann. Þetta tel ég fullnægja eðlilegri kröfu um röðunarrétt kjósenda. En jafnframt vil ég leggja á það áherslu, og ég legg á það mikla áherslu, að stjórnmálaflokkarnir starfi af þrótti og að þeir starfi þannig, að það sé óhætt að segja að þeir séu ábyrgir gagnvart kjósendum og gagnvart því lýðræðisskipulagi sem þeir starfa undir. En ég held að það sé líka praktísk nauðsyn, að framboðslistarnir eigi sér sína forustumenn og sína málsvara. En þetta atriði er sáralítið rætt og þessu hefur ekki verið gefinn mikill gaumur. Ég hef bent á þetta hér í umr. og geri það enn þá. En eins og ég segi, þá tel ég þetta fyrst og fremst praktískt vandamál, en það er í rauninni miklu meira. Það er líka spurning um það, hvernig kosningabarátttan fer fram. Það er spurning um það, hvaða innihald kosningabarátttan hefur. Það er spurning um það, hvort kosningabarátttan eigi að vera málefnaleg, þannig að hún sé barátta og átök á milli stjórnmálafylkinga, eða hvort stjórnmálabaráttan á að vera einhvers konar frumskógahernaður þar sem menn standa að nafninu til saman, en er þó ætlað í reynd að vegast á innbyrðis. Þannig held ég að það sé mjög óheppilegt að ætla að fara að blanda saman prófkjöri og almennum kosningum, eins og þó virðist vera meining hv. flm.

Ég lagði þessa spurningu um forustu fyrir frambjóðendum fyrir hv. flm. í fyrri ræðu minni og mér þykir vænt um að hann tók eftir þessari spurningu, því hún er afar mikilvæg, og hv. flm. gerði tilraun til að svara spurningu minni. En ég held þó að svar hans hafi verið mjög ófullnægjandi. Flm. segir að ef frambjóðendur geti ekki komið sér saman eigi flokkarnir að ákveða það, t. d. stjórnir kjördæmis-

sambandanna, þá eigi þær að ákveða hvaða frambjóðendur eru í málsvari fyrir listanum. En ég verð nú að bera fram þá spurningu á móti eða leggja þá spurningu fyrir, hvort þetta sé nógu gott og hvort þetta sé nógu lýðræðislegt. Ég held að það hljóti að vera ansi miklir annmarkar á þessu. Og það leiðir aftur til þess, að maður fer að spyrja: Hvað mundi ske frekar ef till. hv. flm. yrði að lögum. Ég er nefnilega sannfærður um að það sækti fljótlega í það horf, að flokkar og aðstandendur framboðslista fyndu til þess skipulagsleysis, sem leiðir af óröðuðum lista, og reyndin yrði auðvitað fljótlega sú, að flokkarnir færu að halda fram ákveðnum mönnum og reka áróður fyrir þeim. En hvað er þá unnið við þetta fyrirkomulag? Þegar svo er komið erum við komnir hringinn.

Hér hefur líka verið rætt mikið um flokkana og flokksræðið og það væri kannske ástæða þess að gera það lítillega að umræðuefni. Ég gerði það svolitið í fyrri ræðu minni, og þá lagði ég áherslu á að flokkarnir væru mikilvægir fyrir það þjóðskipulag sem við aðhyllumst, sem er lýðræði og þingræði. Ég sagði þá fullum fetum að það eigi að efla starfsemi flokkanna og ekki síst frumeininganna í flokkunum, þ. e. a. s. einstakra flokksfélaga á afmörkuðum svæðum, og kjördæmissambandanna. Ég álít að slík efling flokksstarfsemi yrði til styrktar lýðræðinu í landinu. Lýðræði okkar byggist nefnlega á margflokkakerfi. Það byggist á því, að til séu skipulögð stjórnmálasamtök, og við höfum hér á Íslandi eins og annars staðar búið við marga flokka. Og þannig er það yfirleitt í vestrænu lýðræði, að það eru margir flokkar, sem bjóða fram, og út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það og við verðum að miða okkar aðgerðir við þessa staðreynd.

En ég held líka að það hljóti að vera eitt af aðalhlutverkum stjórnmálasamtakanna að bjóða fram menn til Alþingis og halda mönnum fram til forustu í landsmálum. Þetta er að mínum dómi réttur flokkanna í lýðræðislandi, en þessum rétti fylgir auðvitað líka ábyrgð. Og þegar talað er um það, að flokksræði hafi vaxið, þá held ég að það sé beinlínis rangt. Ég held að ef þessi fullyrðing á að merkja það, að flokksforingjarnir hafi meiri áhrif núna í sambandi við ákvarðanatöku, bein áhrif, þá held ég að þetta sé rangt. Ég held að ýmsar geðþóttaákvarðanir flokksforingja séu varla þekkjanlegar nú. A. m. k. kannast ég ekki við það úr mínum flokki. Óeðlilega afskiptasemi flokksforingja af einstökum málum þekki ég ekki, og ég held að það sama sé upp á teningnum í öðrum flokkum. Sannleikurinn er sá, að lýðræðið í stjórnmálaflokkunum hefur vaxið, en ekki minnkað. Það er t. d. ekkert annað en skrum þegar sagt er að foringjaklíkur ráði framboðum. Ég þekki ekkert dæmi um slíkt, og jafnvel þó að hv. þm. Karvel Pálmason hafi verið að reyna að draga fram eitthvað slíkt hér um daginn að því er varðaði Framsfl. einhvern tíma á Vestfjörðum, þá verð ég að segja það, að ég kannast ekki við þetta dæmi og er ekki í vafa um að hann fer stórlega rangt með.

Ég held að svo sé, að allir flokkar beiti lýðræðislegum aðferðum við val frambjóðenda. Það er auðvitað ekki alltaf beitt nákvæmlega sömu reglunni, en ég held að óhætt sé að segja, að allir flokkar beiti lýðræðislegum aðferðum þegar um framboð er að ræða.

Og það er alveg fráleitt að halda því fram, að foringjaklíkur ráði öllu um framboð. Foringjaklíkur, sem svo eru stundum kallaðar, ég held að þær ráði nánast engu um framboð.

Nú er verið að ganga frá framboðum til Alþingis yfirleitt í öllum flokkum og í öllum kjördæmum. Þetta er að ske núna, hefur verið að ske að undanförnu og er enn að ske. Og hvaða aðferðum skyldi nú vera beitt? Það vita allir hv. alþm. og þarf í rauninni ekki að telja það upp. En ég ætla þó að nefna það, að það er beitt skoðanakönnunum, beinum prófkjörum, og fjölskipaðar framboðsnefndir fjalla um málin og þær leggja fram tillögur til kjördæmisþinganna eða fulltrúaráða, og kjördæmisþing eða fulltrúaráð hafa síðan æðsta valdið, en þessi fulltrúaráð og kjördæmisþing eru býsna fjölmenn fulltrúaþing flokksmanna í kjördæminu. Þetta hefði einhver tíma talist vera lýðræðisleg aðferð, og er það, þó að sjálfsagt megi gera eitthvað betur. En yfirleitt þekki ég ekki annað en að þetta fari fullkomlega eðlilega fram og á fullkomlega lýðræðislegan hátt, og það er engin ástæða til þess að gera lítið úr þess háttar starfsemi flokkanna. Ég tel einmitt að það sé ástæða til að minnast á það, að flokkarnir starfa nú og hafa starfað á síðustu árum miklu lýðræðislegar en e. t. v. kann að hafa verið hér einhvern tíma fyrrum.

Þetta vil ég að menn hugleiði og að menn viti. Þess vegna segi ég það, að allar fullyrðingar um að það sé eitthvert flokksræði í landinu, flokksræði í merkingunni foringjavald, þá er ég viss um að það er rangt.

Þessar fullyrðingar eru ekkert annað en hávaði í vissum mönnum, og ég mundi nú vilja leggja það til að hinir hófsamari menn, sem láta í sér heyra um þetta, séu ekki að bergmála þetta og éta þetta upp eftir einhverjum lýðskrumurum og æsingamönnum.

En eins og ég segi, virðulegi forseti, þá eru þessar umr. orðnar býsna langar og ég hef áður sagt skoðun mína á þessu máli. Ég sé enga ástæðu til þess að lengja þessar umr. úr hófi, en ég endurtek það, að ég held að þessar umr. hafi þrátt fyrir allt verið gagnlegar. Málefnaágreiningur hefur vissulega komið í ljós í sambandi við þetta mál, hann hefur komið skýrt í ljós, og það var í rauninni nauðsynlegt að hann kæmi fram. Það er bara sá galli á, að þessi málefnaágreiningur hefði átt að vera kominn fram miklu fyrr, helst fyrir 2—3 árum, þannig að það hefði verið hægt að kveða fyrr í kútinn ýmis konar skrum og ósannindi sem uppi hafa verið í blöðum og öðrum fjölmiðlum í sambandi við þessi mál. Að þessu leyti tel ég, að framlagning þessa frv. hafi orðið að gagni, og get þakkað hv. flm. það, en efnislega er þetta mjög óaðgengilegt frv. og þarf greinilega mikillar athugunar við.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Um þetta þingmál hafa nú sennilega farið fram

meiri umr. en um nokkurt annað þingmál það sem af er þessu þingi. Hlýtur að líða að því að málið verði afgr. til nefndar. Mig langar þó til þess áður að segja hér nokkur orð. Umr. hafa ekki aðeins fjallað um frv. sjálft sem slíkt, heldur gengið miklu lengra og víðar um kjördæmamálið og kosningalögin almennt séð.

Ég vil segja það fyrst um frv., að ég tel að sú hugmynd, sem þar er sett fram, sé allrar athygli verð. Ég vil ekki á þessu stigi, eins og sumir ræðumenn hafa gert, telja þessa aðferð forkastanlega, þó að ég sjái að vísu að á henni eru ýmsir gallar. Ég held að það hafi komið fram í umr. oft á tíðum of mikið vantraust á almenna hæfni og greind kjósenda að velja sér menn af viðkomandi lista. Ég lít þó samt ekki fram hjá því, að svo einföld regla sem þarna er gert ráð fyrir býður upp á alls konar baktjaldastarfsemi á sama tíma og kosningar fara fram, sem geta komið illa út eða á annan veg en raunverulegur vilji kjósendanna er. Ég held þess vegna að þetta mál verði að skoðast í tengslum við önnur mál varðandi kosningalög og kjördæmaskipan, ekki síst með tilliti til þess, að almennt séð er ég mótfallinn því að með litlum fyrirvara séu sett lög sem taka gildi strax, en þar gefist ekki nokkur umþóttunartími áður en lögin koma til framkvæmda. Ég tel að nú, eins og á stendur, séum við komin of nálægt kosningum og það sé búin að fara fram of mikil undirbúningsvinna til þess að það sé fært að láta þessa breytingu á kosningalögum taka gildi fyrir þann tíma. En ég vil leyfa mér að minnast á aðrar breytingar, aðrar hugmyndir, sem flestir ræðumenn hafa komið inn á í þessum umr., þannig að ég á ekki að vera nein undantekning í því, — ýmsar aðrar breytingar sem þyrfti að gera á kosningalögum og kjördæmaskipan.

Hér hafa menn haldið margar ræður þar sem talað er um lýðréttindi, jöfn lýðréttindi allra í landinu, í þá veru að við berum fyrir borð rétt einstaklinganna miðað við það kerfi sem nú gildir.

Það hefur komið líka til greina að leiðrétta þetta misjafna vægi samkvæmt öðru máli, sem hér hefur verið á dagskrá, með því að úthluta uppbótarþingsætum eftir öðrum reglum samkvæmt kosningalögunum en nú er gert.

Ég verð að segja það, að mér þótti það athyglisvert sem kom fram hjá formanni stjórnarskrárnefndar í sjónvarpsþætti eigi alls fyrir löngu, þar sem hann var að velta því fyrir sér, hvort hér kynni að vera um stjórnarskrárbrot að ræða eða ekki, þ. e. a. s. kannske ekki beinlínis gagnvart orðalagi stjórnarskrárinnar, heldur þeim hugmyndum sem liggja að baki því orðalagi sem er í henni, — þar eru þau ákvæði, að landskjörnum þingsætum sé úthlutað til þess að jafna á milli flokka, — hvort það felist í því, þegar ákvæði séu sett til þess að framfylgja þessu í kosningalögum, að það mundi þá líka vera gert ráð fyrir í þessu orðalagi stjórnarskrárinnar að þetta skuli vera til þess að jafna á milli kjördæma. Ég heyrði að formaður n. efaðist um það. Ég held að það væri rétt þess vegna, að þessi atriði yrðu líka athuguð í samhengi við málið allt, um leið og hugsanlega yrði gerð breyting á stjórnarskránni.

Ég vil segja það í sambandi við þetta algjörlega jafna vægi eða tiltölulega lítinn mismun á vægi atkvæða, að mér þykir þetta tal allt dálítið undarlegt, m. a. þegar við lítum til þess, að þetta vægi er á öðrum sviðum feikilega misjafnt. Hvernig stendur á því, að Reykvíkingar skuli una við það, að það eru litlu færri atkvæði á bak við hvern fulltrúa sem þeir kjósa til borgarstjórnar en til Alþingis. Þar hefur ekki fjölgað mönnum enda þótt heimild sé til í lögum og lúti þá ákvörðum borgarstjórnarinnar sjálfrar. Þar er vægi atkvæða feikilega misjafnt um allt land. Sums staðar er ekki nema örfá atkvæði á bak við hvern sveitarstjórnarfulltrúa. Ég geri mér grein fyrir því að valdsviðið er líka mjög misjafnt. En þarna kemur margt til athugunar, og ég er þeirrar skoðunar, að við þurfum að finna visst vægi í stjórnarskránni, annars vegar á milli landshlutanna og hins vegar vægi persónulegs atkvæðis.

Þetta mál er ekki eins á dagskrá, enda kemur ekki fram jafnmikill mismunur í öðrum löndum, en það er líka þjóðfélagsgerðin allt önnur, þar sem tiltölulega jöfn byggð er um landið allt eða hvert land fyrir sig, og þess vegna koma ekki slík vandamál upp. Hins vegar hef ég bent á það áður, að Bandaríkjamenn leysa þetta á allt annan hátt þar sem um er að ræða öldungadeildina. Það hefur verið nefnt hér í umr., þar sem öldungadeildin er mynduð af fulltrúum allra fylkja, þar sem hvert fylki út af fyrir sig hefur jafnmarga fulltrúa, hversu fjölmennt sem það er, þar sem kemur fram sextugt vægi atkvæðis í Alaska miðað við New York-ríki. Þetta getur gerst þar, vegna þess að þar stendur ekki og fellur ríkisstjórn með því hvernig þingið í heild er skipað, vegna þess að þeir búa ekki við þingræðisform eins og við gerum. Ég efast um að það sé vilji fyrir því að breyta því stjórnarformi hér að hverfa frá þingræðisforminu og taka upp það form sem er í Bandaríkjunum.

En þá er spurningin: Getum við tryggt rétt landsbyggðarinnar eða landshlutans á einhvern annan veg en þann að taka það upp hér, að önnur deildin yrði kosin beint af landshlutunum sjálfum og í hinni deildinni væri gert ráð fyrir jöfnu vægi atkvæða allra kjósenda? Getum við tekið eitthvert annað form, sem yrði eins konar millileið og tryggði þessi sjónarmið hvor tveggja. Ég er ekkert efins í því, að það er hægt að finna slíka leið. Ég geri ráð fyrir því, að ef menn athuga til hvers það mundi leiða, þá fæ ég ekki betur séð en að það mundi leiða til nokkuð svipaðrar niðurstöðu og þeirrar sem við búum við núna. Ég fæ a. m. k. ekki annað séð, ef við athuguðum hvernig við ættum að tryggja þessa hluti vítt um landið.

Það er alveg tómt mál að tala um það, að þetta séu einhver sérstök lýðréttindi sem við eigum að líta á, út af fyrir sig, í engu samhengi við annað, og ræðumenn hafa talað um það, að þeir vildu jafna aðstöðuna þannig að allir búi við sömu aðstöðu alls staðar um landið. Við verðum að sjálfsögðu að bæta aðstöðuna eins og við getum þannig að menn eigi félagslega séð rétt til sömu þjónustu, t. d. í heilbrigðismálum og skólamálum og öðrum slíkum þáttum. En við jöfnum aldrei aðstöðuna

til áhrifa, því það er landfræðilegs eðlis, þannig að það eru ýmsir þættir þarna sem gera það að verkum, að það er tómt mál að tala um það, það er fjas eitt.

Eg vil leggja á það alveg sérstaka áherslu í sambandi við þessar umr., að ég tel að það þoli ekki bið að taka ákvarðanir um það, hvort og hvaða breytingar verða gerðar á stjórnarskránni. Ég tel, að það þoli ekki ýkjalanga bið að taka ákvarðanir um það, hvort kjördæmaskipuninni sem slíkri verði breytt eða hvort sú kjördæmaskipun, sem nú er, verður áfram. Og ég tel að við stöndum nú frammi fyrir framkvæmd ýmissa málaflokka þannig að við þurfum að samhæfa stjórnunarlega séð hvernig þar verður komið fyrir hlutunum annars vegar og hvernig landið skiptist í kjördæmi hins vegar.

Það eru miklar umr. t. d. um skólamál, um grunnskólastigið og framkvæmd laga um grunnskóla. Það eru líka miklar umr. uppi varðandi framhaldsskólastigið, í hvers höndum það verði, hverjir kosti það, hverjir fari með yfirstjórn þessara mála, hver verði landfræðileg mörk fræðsluumdæmanna, hvernig verði háttað yfirstjórn þar. Verður hún sjálfstæð eða að meira eða minna leyti í tengslum við rn.? Og þá kemur upp spurningin: Eigum við að binda okkur þarna við kjördæmin eða eigum við að mynda nýjar einingar þar sem ein eining kannske verður hluti af kjördæmi, en önnur eining hluti af tveimur kjördæmum? Getum við samhæft þessi mörk?

Það sama er uppi varðandi athuganir á heilbrigðisþjónustunni. Heilbrigðislögin eru ekki að fullu komin til framkvæmda enn, og ég veit ekki til þess að úti um landið hafi embættislæknar, sem í þessum lögum eru nefndir héraðslæknar, hafi tekið til starfa. Getum við fundið þarna einhver eðlileg landfræðileg og félagsleg mörk fyrir nýjum umdæmum? Eiga þessi umdæmi að vera önnur en þau í skólamálunum, eða eiga þau að vera önnur en þau sem kjördæmin koma til með að marka ef breyting verður gerð?

Eitt atriði enn: Við hljótum líka að líta alvarlega á það, og það er eitt af því sem ég tel að ekki þoli bið, hver verður framtíð sýslunefnda í því formi sem þær eru nú. Alls staðar fara saman nú í landinu mörk sýslna og mörk kjördæma enda þótt margar sýslur séu víðast í sama kjördæminu. Starfssvið eða starfsvettvangur sýslnanna hefur á undanförnum áratugum breyst geysilega mikið og verkefni þeirra hafa horfið frá sýslunefndum yfir til ríkisins. Þær hafa mismunandi mikil verkefni á sinni könnu, sum sárafá.

Það er önnur breyting sem hefur gerst: Kaupstaðir hafa horfið út úr umdæmum sýslnanna og á þann hátt hafa þær veikst svo að staða þeirra og stærð þeirra er orðin minni en svo að það séu starfhæfar einingar stjórnunarlega séð.

Ég hef t. d. áður bent á sjálfstæða sýslu hér í okkar næsta nágrenni. Mér sýnist að það horfi þann veg, að innan nokkurra ára kunni í heilu sýslufélagi, sjálfstæðu sýslufélagi, að vera aðeins eftir einn — kannske tveir, en þó sennilega ekki nema einn hreppur ef byggðaþróun hér heldur áfram svo sem hún hefur verið á undanförnum árum. Á ég þá við Kjósarsýslu.

Þess vegna er nauðsynlegt að samræma bæði störf sýslunefnda, eins og þær eru núna, sem og þau störf sem fara fram á vegum landshlutasamtakanna, stokka þarna algjörlega upp, e. t. v. að formi til að leggja hvort tveggja niður. Það er ekkert mál fyrir mig, hvort hin nýja stjórnunareining kemur til með að heita sýslunefnd eða eitthvað annað. En þarna knýr á að taka hendinni til og ýta ekki endalaust slíku vandamáli á undan sér. Þess vegna held ég að Alþ. þurfi annaðhvort að krefjast þess að stjórnarskrárnefnd verði sett ákveðin tímamörk til að ljúka sínu starfi eða þá að taka málið í sínar hendur, til þess að snemma á næsta kjörtímabili liggi fyrir ákveðnar niðurstöður sem verða afgreiddar það tímanlega að þær geti komið til framkvæmda fyrir aðrar þingkosningar hér frá.

Niðurstaða mín er sú í sambandi við þessar umr., að ég held að það sé rétt, að þoka fram yfir þessar kosningar þeim breytingum sem reifaðar hafa verið í umr. á þessu haustþingi, en að það komi fram ákveðin yfirlýsing um það, að að þessu máli verði unnið og að það verði komist að niðurstöðu það snemma á næsta kjörtímabili, að niðurstaða liggi nægilega tímanlega fyrir.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Mér er ljóst að ég hef talað tvisvar í þessu máli og skal því ekki lengja umr. óhóflega úr því sem komið er.

Þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá vék ég nokkuð að því, að á því hefði borið að einstakir þm. hefðu fullyrt hér um það, hvað aðrir þm. hefðu sagt í málinu, sem ekki var í neinu samræmi við staðreyndir, og lagt mjög út af slíkum fullyrðingum. Ég benti á í þessu tilfelli sérstaklega ýmsar fullyrðingar sem fram höfðu komið í ræðu hv. 5. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar. Ég afsakaði þetta að nokkru leyti með því, að langt hefði liðið milli funda og menn hefðu af þeim sökum sennilega vel getað misst niður þráðinn og því hafi ekki verið fullt samræmi í því sem sagt var.

En ég tók eftir því á síðasta fundi, að það þurfti ekki að líða langt á milli til þess að menn færu alrangt með það sem sagt hafði verið. Þessi sami hv. þm. kom á nýjan leik með hinar furðulegustu fullyrðingar um það, hvað ég hefði m. a. sagt rétt áður en hann fór hér upp í ræðustól, og það er einkum það sem ég vil leiðrétta hér af því sem hann sagði.

Hann fullyrti t. d. að hann hefði skrifað eftir mér, að ég vissi ekki einu sinni hvort ég væri sammála öðrum flokkssystkinum mínum um það, hvort veita ætti kjósendum frekari rétt en þeir hefðu nú til þess að hafa áhrif á röðun framboðslista. Auðvitað sagði ég ekkert í þessa átt, heldur þveröfugt og margendurtók það í minni ræðu. En það, sem hv. þm. var hér að vitna til, hafði ég talað um á þennan hátt samkvæmt þeirri skrifuðu ræðu sem liggur hér fyrir í þinginu og ég mun tilfæra orðrétt, með leyfi forseta, þar stendur:

„Það kann vel að vera, að nokkur munur sé

á sjónarmiðum mínum og þeirra varðandi það skipulag sem á að gilda í þessum efnum. Það get ég ekki sagt um á þessu stigi. En ég er þeim sammála að því leyti til, eins og ég hef hér margundirstrikað, að ég tel sjálfsagt að athuga hvort hægt er að breyta þeim reglum, sem í gildi eru, um rétt hins almenna kjósenda til þess að hafa áhrif á röðun nafna á framboðslista."

Þetta lagði hv. þm. þannig út, að ég vissi ekki hvort ég væri sammála þeim um það að veita kjósendum nokkurn rétt. En þetta var aðeins eitt af mörgu sem fram kom hjá hv. þm. í þessa átt. Ég skal ekki fara að elta ólar við það. Það er með öllu tilgangslaust, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að þræta við þm. sem aðeins fullyrða eitthvað að mínum dómi út í bláinn og eru í rauninni tilbúnir til að taka það aftur í lok setningar sem þeir fullyrða í upphafi setningar, eins og það sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf. þegar hann sagði að hann undraðist að ég vissi ekki í hvaða flokki hann hefði verið, þar sem hann hefði verið í Alþb. og þar hefði hann nú heldur betur kynnst flokksræðinu. En hann var ekki búinn að gleypa andann til þess að byrja á næstu setningu þegar hann sagði, að að vísu hefði hann aldrei verið í Alþb. sem stjórnmálaflokki — aldrei. En hann kynntist flokksræðinu í Alþb. áður en Alþb. varð til. Á meðan Alþb. hafði ekki verið myndað sem stjórnmálaflokkur, þá beitti það þennan hv. þm. ofbeldi í sambandi við líklega framboðsmál þau sem hér var verið að ræða um, þó að hann viðurkenndi að hann hefði aldrei verið í Alþb. sem stjórnmálaflokki. En þetta er aðeins í fullu samræmi við aðrar fullyrðingar hv. þm. um þessi mál, sem í rauninni tekur ekki að vera að tala hér um. Það þekkja allir, að Alþb. var starfandi sem kosningasamtök áður en stjórnmálaflokkurinn Alþb. var myndaður. Þá var vitanlega ekki um neina flokksstjórn að ræða og ekkert flokksræði. Það var samkomulag þeirra aðila sem höfðu komið sér saman um að standa sameiginlega að framboðum. Og sem sagt, allar fullyrðingar hv. þm. í þessa átt detta auðvitað dauðar eins og hvert annað sem ekki verður sannað með neinum hætti.

Sama er auðvitað að segja um fullyrðingar þar sem hann bar að mínum dómi mjög ómaklega á þá Vestfirðinga að þeir létu kúga sig á þann hátt, að þó að þeir væru búnir að bjóða fram til Alþingis, þá kæmu menn stundum frá flokkunum í Reykjavík og sneru þeim í hring og píndu þá til þess að leggja af skoðun sína og taka upp það sem flokkarnir vildu. Ég tel að þetta sé mesti óhróður um Vestfirðinga og sagt um þá alveg ómaklega, að þeir séu svo aumir að þeir láti snúa sig niður á þennan hátt, hafandi réttinn og vera búnir að bjóða fram, en svo senda flokksforustumenn menn vestur og þá snarsnúast Vestfirðingar og gefast upp undireins. Þetta er svo sem eins og fullyrðing um það, og var greinilegt að hv. þm. átti við Vestfirðinga, að það tíðkaðist að flokksforustan réði menn til lífstíðar til þingmennsku. Hvað er að heyra! Er svona komið fyrir Vestfirðingum virkilega, að þeir láti fara svona með sig, þó að það sé upplýst að flokkarnir hafi þann hátt á, að það sé fullkomlega á valdi flokksmannanna í viðkomandi kjördæmi gegnum kjördæmisráðin að ráða framboðum? En það er eins og ég segi, það er auðvitað alveg þýðingarlaust að vera að þræta við menn sem fullyrða á þennan hátt og koma í rauninni hvergi nærri því að rökræða um mál. Við getum auðvitað alltaf sagt: Ég var píndur, það var farið illa með mig, og flokkarnir voru svona óbilgjarnir, jafnvel áður en flokkarnir urðu til ákváðu þeir þetta eða hitt.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar, hæstv. forseti, vegna þess að ég veit að það er ástæða til að þetta mál komist til n. Ég hef lýst afstöðu minni til þessa máls og bent á hvað ég tel vera aðalatriði málsins. En fullyrðingar út í bláinn um það, hvernig hafi verið farið með einstaka menn eða hvernig einstakir menn hafi látið fara með sig af einhverjum flokksstjórnum, koma málinu ekki við. Og það er í rauninni allt annað sem hér hefði átt að ræða um og að mínum dómi hefur verið rætt um í þessum umr. af nálega öllum þeim sem hafa tekið þátt í þeim, öðrum en hv. 5. þm. Vestf., sem bara hefur kastað fram svona fullyrðingum, jafnvel um að flokkar, sem ekki voru orðnir til, hafi farið illa með hann.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Ég sé mig til neyddan að hefja umr. utan dagskrár til að átelja fréttaflutning Ríkisútvarps og Sjónvarps, er þessar stofnanir greindu frá síðustu verðhækkunum á landbúnaðarvörum í síðustu viku. Ég tel mér þetta skylt þar sem ég er formaður landbn. þessarar hv. d. Þetta er ellefta árið sem ég á sæti hér á hinu háa Alþ., en þetta er í fyrsta skipti sem ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, þannig að ekki er hægt að segja að ég hafi misnotað þennan rétt sem hv. alþm. hafa þegar sérstakt tilefni er til sem knýr á að hefja umr. hér á hv. Alþ. án þess að málefnið sé á dagskrá.

Það má segja að það sé ekkert nýtt fyrirbrigði, að þessir fjölmiðlar gæti ekki þeirrar óhlutdrægni sem þeir eiga að gæta samkv. lögum, og að full ástæða hafi verið oft áður til að fjalla um starfsemi þessara áhrifamiklu fjölmiðla og benda alþjóð á ýmis dæmi þess, að óhlutdrægni hafi oft ekki verið gætt, og eins hitt, að hlutdrægni er iðulega beitt í sambandi við val á mönnum í einstaka þætti. Ég stend líka í þeirri trú, að þessir fjölmiðlar hafi gengið lengra að þessu leyti að undanförnu en áður fyrr, og ég set það í samband við þann gegndarlausa, órökstudda áróður sem uppi hefur verið hafður gegn bændastéttinni og framleiðslu hennar t. d. í síðdegisblöðunum og miklu víðar, hvernig fréttamenn þessara beggja stofnana greindu frá og matbjuggu fréttir af þessu tilefni. Það bendir allt til þess, að hin gamalreynda aðferð nasistanna: að endurtaka nógu oft það sama, sé farin að hafa áhrif á starfsmenn þessara stofnana, þeir séu hættir að gera sér fulla grein fyrir hvað er hlutlaus frásögn.

Maður hrekkur við þegar svo er komið að eins ágæt kona og Sigrún Stefánsdóttir fréttamaður er virðist hafa orðið fyrir áhrifum frá þessum gegndarlausa áróðri, ef dæma má af hlut hennar í uppsetningu umræddrar fréttar. Ég ætla þá fyrst að lesa hluta af umræddri frétt eins og hún var í hljóðvarpinu 6. þ. m., fréttamaður var Vilhelm G. Kristinsson, með leyfi forseta:

„Veruleg hækkun á verði flestra tegunda landbúnaðarvöru tekur gildi í fyrramálið. Hækkunin er mismunandi eftir tegundum, og með ákvörðuninni er greinilega gerð tilraun til þess að breyta neysluvenjum neytenda. T. d. er reynt að draga úr sölu undanrennu með mikilli verðhækkun, en auka smjörsölu. Undanrennan hækkar í verði um 68%, en mikil eftirspurn hefur verið eftir undanrennu að undanförnu. Verð á nýmjólk hækkar um tæplega 24%. Hins vegar hækkar smjör ekki í verði, miklar smjörbirgðir hafa safnast fyrir í birgðageymslum í landinu á þessu ári. Rjómi hækkar aðeins í verði um 1.4%, ostur um 16.9%, kindakjöt um 17—18% og nautakjöt yfirleitt um 20%.

Nú verða tekin nokkur dæmi um verðhækkun landbúnaðarvöru sem tekur gildi í fyrramálið. Hver lítri af undanrennu hækkar, eins og fyrr sagði, í verði um tæplega 68%. Hver lítri kostar á morgun 100 kr., hækkar um 40 kr. Verð á mjólk í tveggja lítra fernum hækkar um tæplega 24%, hækkar úr 184 kr. fernan í 228.“

Fréttamaðurinn segir að með verðákvörðuninni sé greinilega gerð tilraun til þess að breyta neysluvenjum neytenda. Ég vil spyrja: Er þetta óhlutdrægni í frásögn? Er það viðeigandi af fréttamanni að nota tækifærið, sem hann fær um leið og hann segir frá verðhækkun á þessari vöru, til að segja hver sé skoðun hans á hvað liggi á bak við þá ákvörðun — í þessu tilfelli framleiðsluráðs — að verðleggja hinar ýmsu afurðir mjólkurinnar eins og var gert þessu sinni? Og hann heldur áfram: T. d. er unnt að draga úr sölu undanrennu með mikilli verðhækkun, en auka smjörsölu. — Ég átel harðlega svona framkomu fréttamanns. Það er hvorki viðeigandi né í hans verkahring að leggja mat á það, hvað liggi að baki slíkri verðákvörðun. Hans verksvið er það eitt og annað ekki að segja frá þessum hækkunum, ef honum finnst það þá frétt. En mat fréttamanna hvað sé frétt og hvað ekki getur verið umdeilanlegt, ekkert síður en margt annað, en ég mun koma að því síðar.

Þá er það sjónvarpið 7. þ. m., fréttamaður Sigrún Stefánsdóttir.

„Að undanförnu hafa heilbrigðisstéttir víða um land rekið áróður fyrir breyttum neysluvenjum almennings í þá átt, að neysla grænmetis og ávaxta sé aukin svo og neysla á grófu korni og mögrum kjöt- og fisktegundum. Hins vegar er mælt með því, að dregið sé úr neyslu sykurríkra fæðutegunda og fituríkra og aukin neysla fitusnauðra mjólkurafurða á kostnað feitra. Manneldisfræðingar bæði vestanhafs og austan hafa í stórum dráttum verið á einu máli um þessi ráð og telja að með því að fara eftir þeim megi draga úr ýmsum þeim sjúkdómum sem nú höggva stór skörð, svo sem hjartasjúkdómum og æðasjúkdómum.

Í okt. s. l. kom það fram í fréttum sjónvarpsins, að sala á undanrennu hefur aukist um 130% fyrri hluta ársins miðað við sama tíma í fyrra. En á sama tíma minnkaði sala á nýmjólk um 0.9%. Hér á landi er fituinnihald mjólkur um 3.8—3.9%, en undanrennan er með 0.05% feiti, og var því þessi aukning á sölu undanrennunnar í fullu samræmi við þær breytingar, sem taldar eru nauðsynlegar á fæðu kyrrsetufólks nútímans.

Í gær gerðist það, að Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnti 18.4% meðaltalshækkun á landbúnaðarvörum og gekk hún í gildi í morgun. Hækkunin á mjólkurvörunum er mjög mismunandi, en það, sem mesta athygli vekur, er að mjólk hækkar um 23 9%, en undanrennan hvorki meira né minna en 66.7%. Þessar verðhækkanir stefna að þróun sem gengur í berhögg við það, sem manneldisfræðingar mæla með. En hver er þá skýringin?“

Fréttamaður notar tækifærið til þess að koma fram með ákveðna prédikun gegn fituneyslu um leið og sagt er frá umræddri verðhækkun, hefur samband við m. a. landlækni og Bjarna Þjóðleifsson lækni, sem er þekktur að því að beita áróðri gegn neyslu á fituríkri fæðu, og fréttamaður spyr vegfarendur um álit þeirra. Spurningarnar eru alltaf á þann veg að reyna að fá svör gegn þessari verðákvörðun á undanrennunni, og raunar gerðist alveg það sama í fréttaauka útvarpsins, þegar Helgi H. Jónsson spurði hina ýmsu í sambandi við þetta mál. Og enn segir fréttamaður sjónvarpsins, eftir að hafa sagt frá því að undanrennan hafi hækkað um 66.7%: „Þessar verðhækkanir stefna á þróun sem gengur í berhögg við það sem manneldisfræðingar mæla með?“ Er þetta óhlutdrægni í frásögn? Er fréttatími sjónvarpsins réttur vettvangur fyrir fréttamenn til að prédika um einhverjar ákveðnar neysluvenjur sem taldar eru af einhverjum æskilegar fyrir almenning? Það væri fróðlegt, að hæstv. menntmrh. segði sitt álit á því hér á eftir. Annað mál er það, þó að fréttamaður spyrji lækni eða einhverja bóklærða menn um álit þeirra.

Hins vegar er engin marktæk, afgerandi niðurstaða til á því, hvað er hollt og hvað er óhollt í þessu tilliti. Einn segir þetta og annar hitt, aðeins staðhæfingar sem sannarlega er nóg af. Ég veit ekki betur en læknar og aðrir þeir, sem telja sig þess umkomna að segja til um hvað sé hollt og hvað sé óhollt, segi eitt í dag og annað á morgun, og væri það allt rifjað upp, sem ýmsir, sem telja sig þess umkomna á þessu sviði að vera leiðandi, hafa sagt um hollt og óhollt mataræði, mundi koma í ljós að einhvern tíma á síðustu tveimur áratugum hafa verið uppi kenningar um að flest það, sem við leggjum okkur til munns, sé a. m. k. óhollt, ef ekki banvænt. Og svo reyna menn að kalla slíkt og þvílíkt vísindi!

Þann áróður, sem hefur verið rekinn gegn neyslu á feitu kjöti, smjöri og jafnvel mjólk, er varla hægt að flokka undir annað en atvinnuróg, og slíkt er tæplega hægt að þola af fréttamönnum sjónvarps og útvarps. Ég vil mælast

til þess við hæstv. menntmrh., að hann sjái til þess að fréttamönnum þessara stofnana sé gert ljóst, hvert starfssvið þeirra sé, og af þeim krafist óhlutdrægni í hvívetna.

Ég vil undirstrika það sérstaklega, að það liggur ekki fyrir nein afgerandi vísindaleg niðurstaða um það, hvað sé hollt og hvað ekki til neyslu, og ekki er ósennilegt að það sé einstaklingsbundið. Það er talið óæskilegt, að menn fitni a. m. k. að ráði. En fitnar fólk ekki fyrst og fremst af því að það borðar of mikið, frekar en hvað það borðar? Það er sagt að fólk í vissum *héruðum* Rússlands verði *mjög gamalt*, allt að því 150 ára, og það lifi mjög mikið á mjólkurafurðum. Sé það rétt bendir það ekki til þess að mjólkin hafi óæskileg áhrif á heilsu þessa fólks.

Ég varð fyrir þeirri reynslu fyrir einum 5 eða 6 árum, eftir skoðun hjá Hjartavernd, að mér var tjáð að allt of mikil fita væri í blóði mínu og ég yrði að breyta um mataræði. Ég brást nú þannig við, að ég sagði við lækninn, sem var enginn annar en Ólafur Ólafsson, núv. landlæknir: „Ef ég hefði alltaf farið eftir ráðleggingum lækna um mitt mataræði, þá væri ég löngu dauður“ — ég mundi engu breyta um mataræði og enginn borðaði feitara kjöt en ég eða meira smjör. Og við það sat. Ég borðaði það sama og áður. Eftir tvö ár, er ég kom aftur í skoðun, var fitan í blóðinu komin í eðlilegt horf. Ef ég hefði breytt matarvenjum mínum samkv. ráðleggingum læknisins, hefði þá ekki verið sagt við mig í síðara skiptið: Þú ert orðinn góður, þarna sérðu, þetta er árangurinn af breyttu mataræði, og þessu verður þú að halda áfram ef þér er annt um heilsu þína? Mín reynsla sannar auðvitað ekkert annað en það, að blóðfitan komst í eðlilegt horf án breytinga á *lífsvenjum*, og bendir til þess, að það sé annað en hvað menn borða sem veldur of mikilli blóðfitu, þótt eitt slíkt tilfelli segi að vísu ekki mikið.

En hvers vegna fer fram endalaus umr. um það, hvað sé hollt og hvað sé óhollt af framleiðslu landbúnaðarins, þótt það liggi fyrir að það séu heilsusamlegustu neysluvörurnar sem á boðstólum eru? Skiptir þá engu þessa prédikara allt annað sem menn leggja sér til munns, og hvað um verðlag á öllum öðrum neysluvörum? Það kann að vera að fyrir komi að sagt sé frá verðbreytingum á ýmsum vörum í þessum fjölmiðlum, en það hefur þá farið fram hjá mér. Einn er t. d. sá drykkur sem börn og unglingar drekka ekki minna af en mjólk, og á ég þar við Coca-Cola. Heyrt hef ég að í Bandaríkjunum sé bannað að nota litarefni í það, eins og hér er gert, vegna þess að það sé talið skaðlegt heilsu manna. Sé það rétt, hví er þá ekki krafist breytinga á því af þessum mönnum? Og hvað um verðið? Er það talið engu skipta? Er verð á Coca-Cola í eðlilegu samræmi t. d. við verð á undanrennu og nýmjólk?

Í *erlendum blöðum hefur komið fram*, að í ljós hafi komið að í þeytikremi séu efnasambönd sem talin séu skaðleg heilsu manna. Þetta þeytikrem er notað hér í staðinn fyrir rjóma og sett á rjómakökur. Eru þetta ekki vörusvik, að selja þeytikrem sem rjóma? Er það fyrir það að þetta þeytikrem er ekki framleiðsla íslensks landbúnaðar sem fjölmiðlar yfirleitt hafa ekki áhuga á að upplýsa, hvernig þessi feiti er notuð og um álit erlendra aðila á því til neyslu? Eða er þetta e. t. v. *spegilmyndin af því*, hvers konar hlutleysi þessir aðilar tileinka sér?

Í ljós hefur komið að ýmis eiturefni, sem talin eru skaðleg heilsu manna, eru notuð erlendis við ræktun á grænmeti og ávöxtum. Hefur verið kannað, hvort slík eiturefni kunni að vera notuð við ræktun á því grænmeti og þeim ávöxtum sem til landsins eru flutt? Eða nær áhuginn ekki svo langt hjá þessum aðilum? Og hvað um sólargeislann frá Flórída? Hann er talinn íslenskur iðnaður, þó að ekkert sé gert nema blanda vatni saman við þennan ávaxtasafa og setja hann í nýjar umbúðir. Gaman væri að heyra álit hæstv. ráðh. á því, hvort auglýsingabrellan, sem virtist fyrst og fremst hafa verið gerð til þess að fela verðhækkun, sem orðið hefur á þessari íslensku „iðnaðarvöru“, samrýmist lögum um óréttmæta verslunarhætti, að láta nokkurs konar happdrættisvinning í milljónustu fernuna. Er þetta ekki hliðstætt flauelsgallabuxunum sem bannað var að selja á Akureyri *fyrir nokkrum árum*, þar sem plastflauta fylgdi með í kaupbæti fyrir hvern þann sem þessar buxur keypti? Það kann að hafa farið fram hjá mér eins og margt annað í þessum fjölmiðlum, en hvergi hef ég heyrt um það eða séð á prenti, að þess hafi verið getið að verðhækkun á hverjum lítra af Tropicana hafi orðið síðan í sumar fyllilega eins mikil og á undanrennunni og er nú um það bil þrisvar sinnum dýrari hver lítri, hvorki hækkunin né hin augsýnilega auglýsingabrella sem virðist hafa verið gerð til þess að fela þessa verðhækkun.

Virðulegi forseti. E. t. v. er ég um of viðkvæmur fyrir hvernig umræddar fréttir bárust mér í gegnum þessa fjölmiðla. En það er þá vegna þess að ég veit, að a. m. k. sumir þessara fréttamanna hafa fullan skilning á þessum málum og eru hliðhollir í raun og veru landbúnaðinum, þó að svona tækist til að mínu mati. Þess vegna stakk þetta mig meira en ella og ég átti síst von á slíku frá þeim.

Annað *mál* er það, þó að síðdegisblöðin séu með endalaust skítkast út í landbúnaðinn, samvinnuhreyfinguna og Framsfl. Þá hljómar það eins og lofsöngur í mínum eyrum. Það er ekki hægt að fá betra síðferðisvottorð en óhróðursskrif frá slíkum aðilum, enda kom það fram í prófkjörinu í Norðurlandi v., að menn meta þar slíkt á réttan hátt. Ég vænti þess, að þessi nýja síðfræði fái einnig annars staðar sambærilegar viðtökur, enda væri annaðhvort ef allur almenningur kynni ekki að meta þennan nýja boðskap þessara vitringa sem að eigin sögn eru að springa af réttlætiskennd, heiðarleika og fórnarlund, enda er það í samræmi við skrif þessara manna.

Til að finna orðum mínum stað ætla ég að síðustu að koma með sýnishorn af þessum skrifum, með leyfi forseta, kjallaragrein s. l. föstudag: „Ólafur Jóhannesson aðstoðaði afbrotamenn, sem sannanlega stóðu í vafasömum viðskiptum við flokk hans, svo að fleira sé ekki talið.“ Úr sama blaði á s. l. sumri: „Klúbbur-

inn, sem áður hét Glaumbær, Framsóknarhúsið.“ Og úr leiðara sama blaðs 5. des. s.l.: „Óvinir bænda eru nefnilega mennirnir sem hvöttu þá til framleiðsluaukningar þvert ofan í heilbrigða skynsemi og eingöngu til að þjóna hagsmunum vinnslustöðva og sölufélaga. Þetta eru ráðamenn Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands.“

Og svo að þessi sviðsetning „heiðarleikans“ verði enn áhrifameiri, þá ættu þessir félagar að boða til fundar niðri á Lækjartorgi, stíga þar upp á kassa og syngja dúett, og væri þá við hæfi, að þeir notuðu sér vísu eftir Sölva Helgason:

„Ég er gull og gersemi,
gimsteinn elskuríkur.
Ég er djásn og dýrmæti,
drottni sjálfum líkur.“

Blindir menn mundu þá e.t.v. öðlast sýn hvers konar mikilmenni eru þarna á ferðinni.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Mér var kunnugt um það að menn gætu kvatt sér hér hljóðs út af margvíslegustu málefnum utan dagskrár, en ekki var mér kunnugt um það fyrr en nú, að menn gætu kvatt sér hljóðs til þess að ræða eigið heilsufar. En að svo miklu leyti sem ræða hv. þm. sneri að fréttaflutningi Ríkisútvarpsins, þá vil ég aðeins segja nokkur orð, þar sem hann lét sér um munn fara allalvarlegar fullyrðingar, m.a. þær, að hér væri um beinan atvinnuróg að ræða í garð bændastéttarinnar og að fréttastofan beitti aðferðum nasista. Að vísu er þetta ekki í fyrsta skipti á þessu haustþingi sem þm. gera fréttir Ríkisútvarpsins að umtalsefni. Einn af hv. þm. Alþb. komst að þeirri niðurstöðu fyrr í haust, að vegna tilveru ákveðinna manna í útvarpsráði væru sálræn áhrif þeirra svo mikil á fréttamenn þessarar stofnunar, að þar gætti fyllstu hlutdrægni. Í sjálfu sér kemur ekki á óvart þótt slíkar fullyrðingar komi úr þeirri átt, því fólk, sem aðhyllist kommúnisma og aðrar öfgastefnur til vinstri, skilur kannske best hvaða áhrif pólitísk ráðstjórn hefur á fréttastofur og fjölmiðla. En það kemur mér á óvart, að jafnlífsreyndur og umburðarlyndur bardagamaður eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson finnur tilefni til þess að standa upp út af minni háttar orðalagi á fréttaflutningi í tilteknu máli.

Ég held satt að segja að taugaveiklun manna út af flutningi frétta sé oft á tíðum of mikil og að þm. allra helst ættu að skilja, að fréttastofurnar starfa ákaflega sjálfstætt og eru undir nánast engum kringumstæðum undir áhrifum eða beinni stjórn pólitískra stjórnvalda. Ég þekki engin dæmi þess í tíð núverandi útvarpsráðs, a.m.k. hef ég aldrei gert minnstu tilraun til þess að hafa áhrif á hvernig fréttir eru fluttar. Ég held að þessi ræða hv. þm. sé sprottin af þeirri árátttu fulltrúa bændastéttarinnar að líta svo á að öll gagnrýni, sem fram kemur á landbúnaðarmál, sé árás á bændastéttina og að allar tillögur til breytinga séu gagnrýni á landbúnaðinn. Vitaskuld er fréttastofa Ríkisútvarpsins ekki heilög stofnun og hún á að sæta gagnrýni eins og aðrir aðilar, og sjálfsagt er oft tilefni til þess. En ég hygg að það sé ekki réttmætt að gera mikið veður út af því af þessu tilefni.

Ég skal ekki deila eða ræða ítarlega um þær fréttir sem hv. þm. gerir hér að umtalsefni. En ég vil þó sérstaklega vekja athygli á því, að í tilefni af þessari hækkun á landbúnaðarvörum, sem getið var um í fréttum hljóðvarps og sjónvarps, var fulltrúum sex manna n.: Guðmundi Sigþórssyni; formanni Stéttarsambands bænda, Gunnari Guðbjartssyni; forstöðumanni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Birni Sigurbjörnssyni, öllum gefið tækifæri til þess að tjá sig um þetta mál, og mér finnst það ekki sanngjarnt, á sama tíma sem þessir ágætu menn fá allir að túlka sjónarmið bændastéttarinnar og gera grein fyrir þessum hækkunum og röksemdunum á bak við þær, að vera að halda því fram, að fréttastofan sé þar með aðferðir nasistanna og sé með atvinnuróg í garð bænda.

Ég vildi því að þessu tilefni standa hér upp og vísa þessum ásökunum á bug, ekkert endilega fyrir hönd fréttastofunnar, ekki endilega vegna þess að ég á sæti í útvarpsráði, heldur vegna þess að mér finnst menn vera allt of viðkvæmir fyrir því, hvernig fréttir eru fram fluttar, og að þetta stafi af því, að menn álíta enn að fréttastofum útvarpsins sé stjórnað af pólitískum yfirvöldum. Ég þykist hafa af því reynslu, að fréttamenn þessarar stofnunar gæti fyllsta sannmælis og hlutleysis í flestum málum, reyni að vinna sitt starf af fullri samviskusemi, og í þessu tilfelli, þrátt fyrir að ég hafi hlustað vel á hin tilteknu ummæli, get ég ekki séð að þeir hafi brotið þessa grundvallarreglu.

Ég vil síðan aðeins segja það, um leið og ég óska hv. þm. Stefáni Valgeirssyni til hamingju með að lifa enn þá þrátt fyrir að borða feita kjötið, að þá þurfi í sjálfu sér ekki að hafa miklar áhyggjur ef jafngreindir menn og hann taka jafnlítið mark á læknum og fjölmiðlum og hann var að lýsa fyrir okkur áðan.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 30. fundur.

Þriðjudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1978, frv. (þskj. 1, n. 149, 148, 150). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 til umfjöllunar frá því um miðjan október, eða í hart nær tvo mánuði. Haldnir hafa verið 39 fundir í nefndinni, en undirnefnd fjvn., sem skipuð er einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, vann að þessu sinni með minnsta móti að undirbúningi fjárlaganna. Til þess að nefndin starfaði minna en áður lágu þær ástæður, að formaður n. lést á þeim tíma og truflaðist starf hennar verulega af þeim sökum, en vinna undirnefndarinnar hefur jafnan flýtt fyrir afgreiðslu frv.

Ég tel að það þyrfti að verða fastur starfsháttur fjvn. að kynna sér rekstur og framkvæmdafyrirætlanir forsvarsmanna hinna ýmsu

ríkisstofnana að nokkru marki á milli þinga og þó aðallega síðasta mánuðinn fyrir þingbyrjun. Við það verklag vinnst tvennt: Í fyrsta lagi mætti með ítarlegum viðræðum samræma sjónarmið fjvn. og ráðamanna hinna ýmsu stofnana svo að fjármunir hins opinbera nýttust betur en ella, og í öðru lagi fengist lengri tími fyrir nefndina að gaumgæfa fjárlagafrv. sem ásamt lánsfjáráætlun ríkisstj. er orðið giska viðamikið verkefni og margslungið, en þýðingarmikið tæki til stjórnar efnahagsmálum, ríkisfjármálum og lánamálum á komandi ári.

Eins og að undanförnu hafa nefndarmenn skipt sér í vinnunefndir sem tekið hafa fyrir einstaka málaflokka til athugunar. Má þar til nefna sérstaklega hafnarframkvæmdir, skólabyggingar, uppbyggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, framkvæmdir í flugmálum, fyrirhleðslur til varnar við ár, svo og sjóvarnargarða, framlög **til íþrótta- og æskulýðsmála**, eftirlauna, dagvistarstofnana og til ýmiss konar starfsemi á sviði menningarmála. Alþingismenn hafa átt aðgang að þessum vinnuhópum og hafa getað komið á framfæri við þá viðhorfum sínum til margs konar málaþátta, og hafa þeir hagnýtt sér það að þessu sinni eins og jafnan áður. Þá hefur nefndin átt góða samvinnu við hagsýslustjóra og starfslið hans í fjárlaga- og hagsýslustofnun og hefur það gert nefndinni kleift að vinna að endurskoðun frv. á svo skömmum tíma. Hefur það samstarf verið svo gott sem best verður á kosið, og vil ég þakka það fyrir hönd fjvn.

Samnefndarmönnum mínum vil ég þakka gott samstarf í nefndinni, og gegnir þar einu máli um fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna sem samherja. Allir hafa jafnan verið reiðubúnir að leggja sig fram til að auðvelda nefndarstörfin er leysa þurfti úr miklum vanda sem oft hefur verið fyrir hendi þegar takmörkuðu fjármagni skal skipta í marga staði til aðkallandi verkefna. Nú er mér tjáð, að frá því sé skýrt í Þjóðviljanum í morgun, að minni hluti fjvn. muni ekki skila nefndaráliti við þessa umræðu. Ekki er mér ljóst hvað veldur — og væntanlega mun verða skýrt frá því hér á Alþingi af talsmönnum minni hlutans. Að svo komnu máli mun ég ekki ræða þetta frekar, en mun síðar við þessa umræðu víkja frekar að þessum óvenjulegu viðbrögðum stjórnarandstöðunnar, ef tilefni er þá til þess.

Enda þótt fjvn.-menn hafi ekki orðið á eitt sáttir um heildarstefnu varðandi afgreiðslu fjárlagafrv., þá er það svo að brtt. þær, sem nefndin flytur á þskj. 148, eru fluttar af nefndinni sameiginlega, en minni hlutinn hefur áskilið sér rétt til að hafa óbundnar hendur um afstöðu til einstakra tillagna sem fram koma svo og að flytja frekari brtt.

Í fjárlögum fyrir árið 1977 er í fyrsta sinn gert ráð fyrir kauphækkunum fram á mitt fjárlagaár, en lengst af hefur verðlag og gildandi launataxtar í desember verið lagðir til grundvallar við gerð fjárlaga. Sú breyting, sem gerð var á þessu í fyrra, veldur því, að minni munur verður á fjárlögum og ríkisreikningi, þ. e. a. s. að fjárlög verða með þessum hætti traustari og betra stjórntæki til að beita aðhaldi og eftirliti með ríkisútgjöldum og efnahagsmálunum í heild. Nú hefur þetta eftirlit verið hert á þessu ári og ríkisbókhaldið eflt og gert virkara á þessu sviði. Árangur þessara aðgerða kemur m. a. fram í því, að fjölgun ríkisstarfsmanna hefur verið tiltölulega lítil og opinber útgjöld hafa lækkað þegar miðað er við *þjóðarframleiðslu*. Þannig reyndust heildarútgjöld ríkisins á árinu 1975 vera 31.4% af þjóðarframleiðslu, en á yfirstandandi ári er þetta hlutfall áætlað 27.3%. Og um leið verður minna frávik ríkisreiknings frá niðurstöðu fjárlaga. Á sama hátt hefur tekist að hamla gegn fjölgun starfsmanna við opinber störf þannig að á árinu 1976 fjölgaði ríkisstarfsmönnum um 0.76%, eða um 90 manns, á sama tíma og aukning á vinnumarkaði í heild varð 1.9% eða 1800 manns. Fullyrða má að í þessu efni verði svipaða sögu að segja um árið sem nú er brátt á enda. Fjvn. hefur áformað að gæta þess, að á þessu sviði verði gætt hófs svo að ríkisumsvifin vaxi ekki frá því sem nú er. Henni er það ljóst, að í ríkisrekstrinum þarf að breyta ýmsu í átt til frekari hagræðingar og endurskoða nánar stofnanir ríkisins og opinberan rekstur yfir höfuð. Það er mikið verk, sem ekki verður unnið á skömmum tíma, en ugglaust gæti leitt til sparnaðar og minni útgjalda fyrir ríki og sveitarfélög.

Í sumar, þegar verið var að leggja síðustu hönd á gerð fjárlagafrv., hafi orðið mjög jákvæð þróun í verðlagsmálum á síðustu 12 mánuðum, svo að verðbólgan hafði sigið niður í um það bil 26% og hafði þá minnkað um helming frá því sem hún var mest. En þegar áhrif launasamninganna á þessu ári eru metin kemur berlega í ljós að þau raska jákvæðri þróun síðustu ára og stefna í tvísýnu þeim árangri sem náðst hefur í því að draga úr hraða verðbólgunnar.

Samkvæmt síðustu áætlunum er gert ráð fyrir að útgjaldahlið fjárlaga muni hækka um fulla 17 milljarða króna sem tengjast nýjum kjarasamningum með ýmsum hætti. Koma þar til fyrst launahækkanirnar sjálfar ásamt hækkunum 1. des. svo og áætlaðar verðbætur á næsta ári, 9.8%, sem koma á öll laun, lífeyrisgreiðslur og sjúkratryggingar, auk þess sem launahækkanir hafa áhrif á ýmis rekstrargjöld og viðhaldsliði fjárlagafrv. Þessum mikla vanda verður mætt með niðurfærslu og aðhaldsaðgerðum á ýmsum sviðum. Dregið verður úr framkvæmdum opinberra aðila með ýmsum hætti, en það haft að endanlegu marki að tryggja greiðslujöfnuð hjá ríkissjóði á næsta ári, viðskiptajöfnuð við útlönd og koma í veg fyrir hækkun erlendra skulda.

Forstöðumenn Þjóðhagsstofnunar komu á fund fjvn. og skýrðu frá hugmyndum sínum um breytingu á tekjum ríkissjóðs þegar tekið hefur verið mið af þeim forsendum sem nú verður að byggja á og óðum skýrast. Fullnaðarniðurstaða þess endurmats mun hins vegar liggja fyrir eftir fáa daga og endanleg afgreiðsla frv. verður byggð á því.

Við 3. umr. mun fjvn. fella saman við fjárlagafrv. áhrif lánsfjáráætlunar ríkisstj. umfram það sem áætlun var um áður, en hún er nú

endanlega birt. Verður við það miðað og að því stefnt, að þjóðarútgjöld aukist ekki á næsta ári miðað við þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur. Það mundi leiða til þess að viðskiptahalli við útlönd yrði svipaður því sem hann er áætlaður á árinu 1977, og að því er stefnt að hallinn aukist ekki.

Það er álit meiri hl. fjvn. að til þess að ná því marki, sem að er stefnt og ég hef lýst hér í máli minu, verði að halda áfram að veita ekki aðeins sterkt aðhald í útgjaldaáformum ríkissjóðs við fjárlagagerð, heldur verði og að hafa á því vakandi auga að eftir fyrirmælum Alþingis sé farið um mannaráðningar og eyðsla rekstrarfjár fari ekki fram úr fjárlagaákvörðunum nema um vanáætlanir sé að ræða.

Svo sem áður hefur fjvn. átt viðtöl við fjölmarga aðila við athugun sína á fjárlagafrv. Er þar um að ræða forstöðumenn ráðuneyta og hinna ýmsu ríkisstofnana, forsvarsmenn sveitarfélaga og fjölda annarra einstaklinga og forvígismenn félagasamtaka, sem komið hafa með erindi til nefndarinnar vegna margvíslegra málefna sem öll eiga það sammerkt að farið er fram á fjárveitingar í einu eða öðru formi. Nefndin hefur eftir föngum reynt að kynna sér öll þau erindi sem henni hafa borist. En því miður er það svo, að enda þótt vakin hafi verið athygli á því, að hafi menn málefni, sem ætlast er til að tekið sé tillit til við afgreiðslu fjárlaga, þá þurfi þau að berast viðkomandi ráðuneyti eigi síðar en um mitt sumar, þá er reynslan hins vegar sú, að erindi eru að berast nefndinni allt fram á síðasta dag fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. Þess vegna er þess naumast að vænta að nefndinni vinnist tími til að lesa slík erindi, hvað þá að taka þau til afgreiðslu.

Hjá nefndinni liggja enn nokkur erindi sem hún mun taka til nánari athugunar á milli 2. og 3. umræðu. Þar er um að ræða m. a. endanlega afgreiðslu fjárveitinga til ríkisspítalanna, bæði stofnkostnað og rekstur. Á sama hátt bíður enn afgreiðslu rekstrarkostnaður dómsmála- og löggæsluembætta. Þá bíða einnig tillögur um dagvistarheimili, ýmsa þætti er varða þjóðkirkjuna, menntaskólana og skipting eftirlauna og styrktarfjár. Þá eru enn óafgreiddar tillögur um Orkusjóð og Rafmagnsveitur ríkisins og fleiri framkvæmdir sem tengdar eru lánsfjáráætlun.

Ég mun nú í stuttu máli gera grein fyrir þeim brtt. sem nefndin flytur á þskj. 148.

Koma þar til fyrst brtt. sem varða forsrn.

Gjöf Jóns Sigurðssonar: Lagt er til að framlag hækki um 1315 þús. kr. og er það í samræmi við ákvörðun Alþingis og háð launabreytingum. — Við embætti húsameistara ríkisins er lagt til að sértekjur stofnunarinnar hækki um 5500 þús. kr. vegna hækkaðrar þjónustugjaldskrár, og lækkar þá ríkisframlag um sömu upphæð. — Lagt er til að framlag til þjóðgarðsins á Þingvöllum hækki um 500 þús. kr. er gangi til líffræðirannsóknar í Þingvallavatni sem kostuð er til jafns af ríkissjóði og Landsvirkjun.

Þá koma næst brtt. varðandi menntamálaráðuneytið.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Framlag hækki um 236 000 þús. kr., og er það stofnkostnaðarframlag tekið út af lið nr. 792, sem er um framlög til grunnskóla. — Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli hækki um 13 000 þús. kr., og er það stofnkostnaðarframlag tekið út af lið nr. 792. — Fjölbrautaskóli Suðurnesja, stofnkostnaðarframlag verði 30 000 þús. kr., upphæðin tekin út af lið nr. 792. — Til tónlistarstarfsemi, 2000 þús. kr, fellur út af lið nr. 563, og kemur aftur inn á „Listir, framlög“ nr. 982. — Til Tónlistarskóla Seyðisfjarðar verði veitt 500 þús. kr. byggingarframlag, og er það nýr liður. — Framlag til héraðsskóla, gjaldfærður stofnkostnaður, hækki um 5000 þús. kr., og er það ætlað til endurbóta á skólahúsnæði að Núpi, að öðru leyti vísast til sundurliðunar á sérstöku yfirliti. — Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra lækka um 279 000 þús. kr., sem skýrist af því að fé af þessum lið í frv. er ráðstafað til þriggja fjölbrautaskóla, eins og sagt var hér að framan. Sundurliðun er á sérstöku yfirliti á þskj. 148 og vísast til þess. En rétt er að geta þess, að á árinu 1978 er gert ráð fyrir framkvæmdum við 138 mannvirki á grunnskólastigi, en í ár voru þau 145, en framlag til undirbúnings framkvæmdum fer nú til 39 verkefna á móti 36 á sl. ári. — Framlögum til skólabygginga fyrir þroskahömluð börn er skipt á þessi viðfangsefni: Hlíðaskóli 8000 þús. kr., Öskjuhlíðarskóli 26 000 þús. kr. og skóli við Lyngás 26 000 þús. kr. — Lagt er til að fjárveiting til stofnana afbrigðilegra barna hækki um 10 000 þús. kr., sem skýrist af því, að ætlað er að koma á fót slíkri stofnun á Staðarfelli í Dalasýslu haustið 1978. Er ætlað til launa 5000 þús. kr., til annarra rekstrargjalda 3000 þús. kr., til stofnkostnaðar 1000 þús. kr., svo og til stofnkostnaðar við Sólborg á Akureyri 1000 þús. kr. — Til náms- og hælisvistar unglinga er tillaga um hækkað framlag um 200 þús. kr. og til sumardvalarheimila 500 þús. kr. — Til Félagsstofnunar stúdenta er tillaga um hækkun sem nemur 5000 þús. kr., og er það ætlað beint til viðhalds á stúdentagörðunum. Fjvn. hafði áformað að kynna sér ástand stúdentagarðanna og meta þörf þeirra og athuga rekstrarstöðu þeirra, en tími hefur ekki unnist til þess. En nefndin mun láta verða af því síðar í vetur.

Tillaga er um að hækka framlag til Vísindasjóðs um 3000 þús. kr. — Þá er næst tillaga um hækkun á liðnum „Listir, framlög“ um 27 249 þús. kr. sem stafar af eftirfarandi: Framlög ríthöfunda hækki um 6216 þús. kr., sbr. sérstaka sundurliðun. Framlög til tónlistar er lagt til að hækki um 3050 þús. kr. Á þennan lið kemur framlag að upphæð 2000 þús. kr. sem flutt er til af öðrum lið, en af þessum lið er áskilið að 1250 þús. kr. gangi til lúðrasveita. Tillaga er um að framlag til myndlistar hækki um 2900 þús. kr. og skiptist þannig, að til listasafna verði varið 3500 þús. kr., til myndlistarsýninga 500 þús. kr. og til listiðnaðarmála 400 þús. kr. Þá er lagt til að framlag til kvikmyndagerðar hækki um 500 þús. kr. Lagt er til að heiðurslaun listamanna hækki um 3000 þús. kr. og listamannalaun um 10 000 þús.

kr., og er það í samræmi við almennar launabreytingar. Þá er lagt til að „Önnur framlög“ hækki um 1583 þús. kr. og verði að upphæð 14 080 þús. kr., sem skiptist þannig, að til listkynningar verði varið 1000 þús. kr., til Bandalags ísl. listamanna gangi 250 þús. kr., starfslaun listamanna verði 6530 þús. kr. og til lista og menningarmála almennt verði varið 6300 þús. kr., en undir þeim lið er gert ráð fyrir framlagi til Listahátíðar í Reykjavík og listkynningar í skólum. — Tillaga er um að styrkur til Norræna félagsins hækki um 300 þús. kr. — Þá er tillaga um að liðurinn rekstrarstyrkir Íþróttasjóðs o. fl. hækki um 5300 þús. kr. og verði 19 000 þús. kr. Þessu fé hefur einkum verið varið annars vegar til kennslustyrkja og hins vegar til sérfræðiaðstoðar vegna mannvirkjagerðar. Það er vilji nefndarinnar að hlutur kennslustyrkja í þessum lið aukist og hækkunin er gerð með það í huga, enda er eðlilegt að sérfræðileg aðstoð greiðist beint af þeim mannvirkjum, sem hennar njóta hverju sinni, eða þá af fjármagninu sem skipt er á mannvirkin. — Framlög til byggingar íþróttamannvirkja eru á sérstöku yfirliti sem birt er á þskj. 148 og vísast til þess. — Þá er lagt til að framlög til æskulýðsmála hækki um 9430 þús. kr., og verður sú hækkun á þessum undirliðum: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 580 þús. kr., UMFÍ um 6000 þús. kr., Bandalag ísl. skáta um 1760 þús. kr., starfsemi skáta að Úlfljótsvatni hækki um 280 þús. kr., Íslenskir ungtemplarar hækki um 150 þús. kr., starfsstyrkir KFUK og KFUM hækki um 200 þús. kr. og starfsemi KFUK í Vindáshlíð um 380 þús. kr. — Lagt er til að til ýmissa íþróttamála hækki framlög um 19 618 þús. kr. Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum hækki um 500 þús. kr. vegna kaupa á snjóbíl, sumarnámskeið í Heiðarskóla um 300 þús. kr. og styrkur til íþróttamála fatlaðra hækki um 2100 þús. kr., þar af til Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík 500 þús. kr. Felldir eru niður styrkir til Frjálsíþróttasambands Íslands 150 þús. kr., til Knattspyrnusambands Íslands 300 þús. kr. og til útgáfu handbókar um skólaíþróttir 100 þús. kr.

Þá er brtt. varðandi utanrrn. þar sem lagt er til að liðurinn „Samskipti við Vestur-Íslendinga“ hækki um 2000 þús. kr.

Næst kynni ég brtt. sem varða landbrn.

Lagt er til að við embætti veiðistjóra verði tengt nýtt viðfangsefni sem varðar rannsóknir á vistferli íslenska refsins og að til þess verði varið 500 þús. kr. Rannsókn þessi verður gerð af Páli Hersteinssyni líffræðingi. — Gerð er tillaga um að á vegum Landnáms ríkisins hækki liðurinn til grænfóðurverksmiðja um 6348 þús. kr. vegna vélakaupa við verksmiðjuna í Fiatey á Mýrum, A.-Skaftafellssýslu, og liðurinn til skipulagningar hækki um 3750 þús. kr. og breytist viðfangsefnið á þá lund, að það nefnist Inn-Djúpsáætlun. Er hér um að ræða lokagreiðslu til þeirrar áætlunar. — Lagt er til að framlag til byggingar dýralæknisbústaða hækki um 4800 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr. sem verði varið svo sem hér segir:

Þórshöfn	15 000	þús. kr.
Skógar	1 500	þús. kr.
Hvolsvöllur	7 700	þús. kr.
Barðaströnd	2 000	þús. kr.
Borgarnes	1 500	þús. kr.
Búðardalur	1 500	þús. kr.
Egilsstaðir	800	þús. kr.

Lagt er til að framlög til landþurrkunar hækki um 200 þús. kr. og vísast til sundurliðunar á sérstöku yfirliti sem birt er á þskj. 148. — Þá er lagt til að styrkur til Landssambands hestamannafélaga hækki um 50 þús. kr.

Þá koma till. sem varða dóms- og kirkjumrn.

Tillaga er gerð um að framlag til Almannavarna hækki um 1500 þús. kr. Er gert ráð fyrir að af því fé fari 1000 þús. kr. til uppsetningar á viðvörunarkerfi við Mývatn og Kötlu, og eins og áður er gert ráð fyrir að Almannavarnir hafi 1300 þús. kr. til þess að standa straum af rannsóknum á snjóflóðavörnum. Tillaga er um að styrkur til Kirkjukórasambands Íslands hækki um 150 þús. kr.

Næst eru till. sem varða félmrn.

Tillaga er um að nr. 0110 undir liðnum Vinnumál hækki um 1000 þús. kr. og verði texti orðaður svo: Hagdeildir Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga. — Þá er gerð tillaga um að liðurinn „Ýmis framlög“ hækki um 4325 þús. kr. og skýrist sú hækkun þannig: Neytendasamtökin hækki um 250 þús. kr. — Til sjómannastofa hækki framlag um 500 þús. kr. Gert er ráð fyrir að ráðuneytið skipti þessum lið að venju, en nefndin mælir með ríflegum byggingarstyrk til sjómannastofu í Grindavík. — Þá er tillaga um að Öryrkjabandalagið fái hækkaðan styrk um 500 þús. kr. — Tillaga er um að Landssamtökin Þroskahjálp fái 1000 þús. kr. styrk, og er það nýr liður, en um leið falla niður sérstakir styrkir til Styrktarfélags vangefinna 25 þús. kr., Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi 100 þús. kr. og Styrktarfélags vangefinna á Austurlandi 100 þús. kr., enda falla þau undir Landssamtökin Þroskahjálp. — Tillaga er um að niður falli liðurinn „Aðstoð við blinda“ 1200 þús. kr., en styrkur til Blindrafélagsins hækki um 1800 þús. kr. og verði nú 2500 þús. kr., sem skiptist þannig að byggingarstyrkur verði 1200 þús. kr., félagsráðgjöf 1000 þús. kr. og starfstyrkur 300 þús. kr. Þá er lagt til að inn komi nýr liður, Blindravinafélagið 500 þús. kr., en þetta viðfangsefni var áður við menntmrn. Tillaga er um nýtt viðfangsefni: Styrkur til talbókagerðar fyrir blinda og sjónskerta 1200 þús. kr.

Næst koma tillögur sem varða heilbr.- og trmrn.

Ekki er gerð tillaga um breytta upphæð til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamiðstöðva, annarra en ríkissjúkrahúsa, en sundurliðun á því fé eftir viðfangsefnum er birt í sérstöku yfirliti á þskj. 148 og vísast til þess. — Þá er lagt til að styrkur til sjúkraflugs hækki um 1700 þús. kr. og verði 7500 þús. kr. Mun fjvn. skipta því fé milli aðila eins og áður hefur verið gert. — Tillaga er um að inn komi nýr

liður: Grensásdeild Borgarspítalans, sundlaug, að upphæð 3000 þús. kr., sem verði varið til frumhönnunar sundlaugarinnar. — Þá leggur nefndin til að inn komi nýr liður að upphæð 2000 þús. kr.: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar, til rannsókna hans, úrvinnslu gagna og útgáfu bókar um meðferð brunasára.

Næst koma tillögur sem varða samgrn.

Tillaga er um að liðurinn Vegagerð, undirliður nr. 94: Til einstaklinga og samtaka, hækki um 1000 þús. kr., en þetta eru styrkir til gististaða sem sinna ferðafólki að vetri til, og mun fjvn. skipta þessu fé síðar eins og venja hefur verið. — Ekki er gerð tillaga um breytta upphæð til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, en sundurliðun er birt í sérstöku yfirliti á þskj. 148 og vísast til þess. — Þá er lagt til að framlag til ferjubryggja hækki um 7000 þús. kr. og er skiptingin kynnt í sérstöku yfirliti. — Tillaga er um að framlag til sjóvarnargarða hækki um 1300 þús. kr. og er skipting þess fjár alls sýnd á sérstöku yfirliti. — Þá er lagt til að framlag til sjóslysanefndar hækki um 1000 þús. kr. vegna kaupa á gúmbjörgunarbátum. — Ekki er gerð tillaga um breytta fjárhæð til fjárfestingar í flugmálum. Sundurliðun kemur fram í sérstöku yfirliti. Ágreiningur var um þá skiptingu í nefndinni og er minni hlutinn andvígur 70 000 þús. kr. framlagi til flugstöðvarbyggingar í Reykjavík.

Þá eru að síðustu tillögur sem varða iðnrn.

Gerð er till. um að liðurinn 299 0108 orðist svo: Til athugana á orkufrekum iðnaði. — Tillaga er um að framlag til ullar- og skinnaverkefna hækki um 3000 þús. kr.

Herra forseti. Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir þeim brtt. sem fjvn. flytur við þessa umræðu um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978. Eins og ég hef áður vikið að bíða ýmis erindi og málefni afgreiðslu nefndarinnar til 3. umr. En verði þessar brtt. nefndarinnar samþykktar sem ég hef nú lýst, þá valda þær auknum útgjöldum sem nemur 125 035 þús. kr.

Eigi að síður og þrátt fyrir það að vitað er um að mæta þarf verulega hækkuðum útgjöldum, sem ég hef áður greint frá, mun meiri hluti nefndarinnar miða afgreiðslu sína á fjárlagafrv. við það að fjárlög verði afgreidd greiðsluhallalaus.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Frv., sem flutt eru á Alþ., eru að jafnaði tekin til umfjöllunar í n. eftir að 1. umr. lýkur og síðan tekin til 2. umr. þegar viðkomandi n. hefur komist að niðurstöðu um afgreiðslu málsins. N. í heild eða nefndarhlutar gefa þá út nál. til útskýringar á afstöðu sinni til endanlegrar afgreiðslu málsins. 2. umr. er ætluð til raunverulegrar umfjöllunar um viðkomandi frv. og til þess ætlast að þm., bæði nm. og aðrir, geti á því stigi haft heildaryfirsýn yfir málið og till. n. um afgreiðslu þess. Ef mál er ekki svo upplýst að fyrir liggi a. m. k. aðalatriði þess yrði 2. umr. á því stigi ekki annað en formsatriði, hinni raunverulegu umfjöllun og afgreiðslu frestað til 3. umr. og í raun ógerlegt að fjalla um viðkomandi mál í nál. fyrir 2. umr. 2. umr. yrði þá aðeins sýndarumræða.

Ég hygg að oftast hafi verið farið að við afgreiðslu þingmála eins og hér er lýst. Nefndir skila nál. þegar nauðsynlegar upplýsingar hafa fengist og raunverulegur grundvöllur er til að taka málið til 2. umr.

En varðandi eitt veigamesta mál, sem hvert þing fjallar um, fjárlagafrv., hefur sótt í það horf, að algjörlega er nú orðið óviðunandi. Vissulega hefur oft oltið á ýmsu um málsmeðferð í sambandi við afgreiðslu fjárl. og lausn vandamála ekki legið fyrir við 2. umr. 1974 og 1975 fór 2. umr. ekki fram fyrr en 16. des. og 1974 voru aðeins tveir starfsdagar milli 2. og 3. umr. og sjá allir, hver aðstaða fjvn. hefur þá verið til starfa.

Ég rakti þessi vinnubrögð bæði í fyrra og hittiðfyrra, og sérstaklega hve á skorti að þau gögn, sem eru grundvöllur við afgreiðslu ýmissa málaflokka, væru lögð fyrir n. í tæka tíð. Í fyrra hafði vegáætlun ekki verið lögð fram þegar 2. umr. fór fram. Sama gerist nú. Lánsfjáráætlun, sem bæði í fyrra og í ár var heitið í nóv., sást ekki í fjvn. né var rædd þar fyrir 2. umr. í fyrra og nú fengu fjvn.-menn prófarkir af lánsfjáráætlun senda heim sem trúnaðarmál s. l. sunnudagskvöld eftir að n. hafði hætt störfum fyrir 2. umr. Nú er verið að útbýta því plaggi á þessum fundi.

Ég ræddi í fyrra og hittiðfyrra um óviðunandi vinnubrögð hæstv. ríkisstj. við afgreiðslu fjárl., vinnubrögð sem bitna á n. allri, meiri hl. jafnt sem minni hl. En svör hæstv. fjmrh. báru með sér að hann taldi ekkert athugavert og því var ljóst að lítil von var til þess, að úr yrði bætt meðan hann fjallaði um afgreiðslu fjárlaga.

Því miður hefur nú komið í ljós, að lengi getur vont versnað. Það hefur vissulega oft verið svo, að við 2. umr. um fjárl. hefur lausn þess vanda að koma saman endum á fjárl. ekki legið fyrir í öllum atriðum og ég hef ekki búist við því nú heldur. Á hinn bóginn hefur stjórnarandstaðan á hverjum tíma talið fært að gefa út nál. við 2. umr., vegna þess að hún hefur átt þess kost að fá upplýsingar um vandann, um það hvað á því stigi hefur skort á til að endar næðu saman og hvaða áhrif breyttar forsendur frá samningu fjárlagafrv. hafa haft á einstaka útgjaldaliði. Við því hafa fengist svör hafi verið um það spurt.

Nú hefur öllum landslýð verið ljóst að það fjárlagafrv., sem lagt var fram í haust með 1700 millj. kr. rekstrarafgangi, er markleysa í dag. Fjölmiðlar hafa hent á lofti ýmsar tölur um óumflýjanlegar hækkanir einstakra útgjaldaliða á fjárl. svo að í heild nemur nálega eða um það bil 1½ tug milljarða kr. eða meira, en ýmsar tölur hafa verið nefndar. Jafnframt hefur verið ljóst að vegna breyttra forsendna og meiri þjóðarútgjalda í krónutölu á næsta ári en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagafrv. hækka tekjur verulega. Fjvn. hefur eytt nær tveimur mánuðum í að hlusta á einstaka aðila bera fram óskir sínar um fjárveitingar á fjárl. Fyrsta afgreiðsla n. fór svo loks fram s. l. föstudag, 9. des., en um grundvallaratriðin, þann vanda, að forsendur frv. fyrir tekjum og gjöldum ríkissjóðs á næsta ári eru gjörbreyttar, fengust ekki upplýsingar.

Um þennan vanda hafa stjórnarflokkarnir fjallað að undanförnu, en engar upplýsingar hafa verið lagðar fyrir stjórnarandstöðuna, hvorki þingflokka né nm. í fjvn., að öðru leyti en því, að samkvæmt sérstakri beiðni minni hl. n. komu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar á fund fjvn. s. l. laugardag og greindu munnlega frá horfum um tekjur ríkissjóðs á næsta ári miðað við breyttar forsendur frá gerð fjárlagafrv.

Forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar tók sérstaklega fram að hann gerði ráð fyrir því, að fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem sat fundinn, mundi síðan gera grein fyrir áhrifum breyttra þjóðhagsforsendna á einstaka útgjaldaliði. Þegar minni hl. n. gekk síðan eftir því, að þessar upplýsingar yrðu veittar, var neitað um þær, beinlínis neitað um að upplýsa hver áhrif breyttar forsendur hefðu á útgjaldaliði fjárlagafrv. Það er því ekki aðeins svo, að fjvn. eða minni hl. hennar fær fyrir 2. umr. engar upplýsingar um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. um það, á hvern veg hún hyggst afgreiða fjárlög, og látum það vera, heldur fást engar upplýsingar um hver áætla megi áhrif breyttra forsendna á einstaka útgjaldaþætti í rekstri ríkissjóðs áður en nm. eiga að gefa út nál. og ræða fjárlagafrv. við 2. umr. hér á hv. Alþ. Svo heyrir maður í fjölmiðlum í gærkvöld að fjvn. hafi að undanförnu verið að fjalla um, hvernig brúað verði það bil sem nú er talið vera á milli tekna- og gjaldabliða frv. Það eru tíðindi fyrir mig að þessi vandi hafi verið ræddur í fjvn. Það hefur a. m. k. ekki verið gert í þeirri fjvn. sem ég er í. En það hefur reyndar borið æ meira á því að undanförnu, að meiri hl. n. liti á fundi hjá meiri hl. sem fjvn.-fundi, og eflaust og vonandi hafa þeir rætt þann vanda sem ekki hefur fengist svo mikið sem skýrt frá í n. sjálfri.

Þegar þannig er að málum staðið er hverjum manni ljóst að sú ákvörðun að láta 2. umr. um fjárl. fara fram við þessar aðstæður er ákvörðun um að sú umr. verði einungis sett á svið til að fullnægja því sem formsatriði að brjár umr. fari fram um fjárlagafrv. Það er algjörlega fráleitt að gera ráð fyrir því, að minni hl. fjvn. geti í raun skilað nál. um afgreiðslu fjárlagafrv. þegar engar upplýsingar hafa fengist um þann vanda sem við er að etja. 2. umr. getur ekki átt að snúast um það eitt að skipta fjárveitingum á einstök verkefni í nokkrum framkvæmdaflokkum. Við, sem skipum minni hl. fjvn., höfum því verið á einu máli um það að gefa ekki út nál. nú fyrir þessa svokölluðu 2. umr. Til þess er enginn grundvöllur og enginn grundvöllur til að ræða fjárlagaafgreiðsluna sem slíka á þessum fundi.

Ég vil láta það koma skýrt fram að í þessu efni tel ég að ekki sé við form. n. eða þá meirihlutamenn að sakast. Samvinnan við þá alla hefur verið með ágætum og ég flyt þeim þakkir fyrir hana og þá sérstaklega hinum nýkjörna form., hv. 6. þm. Suðurl., Steinþóri Gestssyni, fyrir lipurð og tillitssemi í þeim málum sem hann hafði aðstöðu til að leysa. Sú afstaða, sem við hljótum óhjákvæmilega að taka, að gefa ekki út nál. fyrir 2. umr., beinist á engan hátt að störfum hans í n. Hans verk hefur verið heldur óskemmtilegt og ekki bjóðandi svo ágætum manni, þegar engin gögn hafa fengist frá ráðvilltri ríkisstj. og beðið hefur verið eftir ákvörðunum stjórnarflokkanna svo lengi, en án árangurs, að n. hefur komist í algjört tímahrak og setja verður á svið 2. umr., þótt engin forsenda sé til þess önnur en sú nauðsyn sem stjórnarflokkarnir telja á því að afgreiða fjárl. fyrir jól. Ég veit að enginn hefði fremur en form. n. óskað eftir því, að hæstv. ríkisstj. hefði tekist að standa að málum á annan hátt.

Þótt það markmið að afgreiða fjárl. fyrir jól sé eftirsóknarvert getur það þó ekki orðið slíkt aðalatriði, að afgreiðsla fjárl. sé höfð með þeim einstæða hætti sem hér er gert þegar fjárlagafrv. er tekið til 2. umr. og ætlast til þess, að nefndarhlutar skili áliti án þess að veittar hafi verið grundvallarupplýsingar um þann vanda, sem við er að etja við fjárlagaafgreiðsluna, hvað þá að vandamálið hafi verið lagt fyrir n. eða rætt þar. Ég hef t. d. fyrir löngu beðið um upplýsingar um hverjar séu nýjustu áætlanir um útgjöld almannatrygginga miðað við breyttar forsendur frá gerð fjárlagafrv. Þær upplýsingar hafa ekki fengist, þótt margsinnis hafi verið eftir þeim gengið, frekar en fengist hafa upplýsingar um áhrif nýrra kjarasamninga á launaliði frv. Hver getur með nokkru móti ætlast til þess, að fjallað sé um fjárlagafrv. við 2. umr. þegar fjvn. eða a. m. k. minni hl. hennar hefur ekki fengið upplýsingar um slík grundvallaratriði, þótt um hafi verið beðið?

Það fjárlagafrv., sem hér er til umr., er hið 15. sem ég tek þátt í að fjalla um í fjvn., og mér er annt um þessa nefnd, að hún skili frá sér fjárlagafrv. með eðlilegum hætti og svo fljótt sem aðstæður leyfa, og ég tel mig hafa unnið að því, hverjir sem farið hafa með meiri hl. hverju sinni. Það þarf því æðimikið til og vinnubrögð og starfsskilyrði þurfa að vera býsna langt frá því að vera viðunandi til þess að ég sjái mig til neyddan að bregðast við með þeim hætti að gefa ekki út nál. við 2. umr., enda hefur það ekki borið til áður. En sú afstaða beinist ekki gegn þeim, sem skipa meiri hl. n. eða gegn form. hennar, eins og ég hef áður tekið fram.

Öllum er ljóst að orsökin til þess, að störfin í fjvn. hafa ekki getað farið fram með eðlilegum hætti að þessu sinni og 2. umr. er ekki tímabær þegar hún er látin fara fram, er ráðleysi hæstv. ríkisstj. Hún hefur dregið of lengi að koma með nauðsynlegustu upplýsingar og úrræði í þeim vanda sem hún hefur sjálf valdið með stjórnleysi í efnahagsmálum. Allar aðgerðir hæstv. ríkissti. í efnahagsmálum hafa miðað að því, að halda niðri eða draga úr kaupmætti launa, en til þess hefur verið beitt ráðstöfunum, sem valda hækkuðu verðlagi, þ. e. a. s. gengislækkunum, veltuskattshækkunum, vaxtahækkunum og öðrum hliðstæðum verðbólguhvetjandi aðgerðum. Þess vegna hefur verðbólgan numið ríflega 30% á ári þótt verðlag innfluttrar vöru hafi einungis hækkað um 5—6% á ári s. l. 3 ár. Þess vegna er niðurstaðan sú nú í lok kjörtímabils hæstv. ríkisstj., að þrátt fyrir stfellt hækkandi verðlag útflutningsvara umfram verð innflutnings s. l. tvö ár, þrátt fyrir mjög verulega magn- og verðmætisaukningu útflutningsvöru ríkja hér efna-

hagsvandræði, en úrræðaleysið er slíkt, að við svokallaða 2. umr. um fjárl. hefur fjvn. engin grein verið gerð fyrir þeim vanda sem efnahagsstefna hæstv. ríkisstj. hefur valdið ríkissjóði í þessu mesta góðæri varðandi ytri aðstæður sem þjóðin hefur lifað. Þeir, sem halda um stjórnvöl þjóðarskútunnar, hafa siglt í strand í birtu og blíðviðri.

Ríkissjóði hefur á því kjörtímabili, sem nú er að ljúka, verið haldið gangandi með beinni seðlaútgáfu Seðlabankans. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann nemur um 13.5 milljörðum kr. og hefur hækkað á hverju ári, enda þótt skattheimtan hafi verið miðuð við lækkun skuldarinnar. Þessi fasta skuld, talsvert á annan tug milljarða, brýtur í bága við lög um Seðlabankann þar sem sérstaklega er tekið fram, að bankanum sé einungis heimilt að lána ríkissjóði til skamms tíma, og við það miðað að slík lán greiðist upp í lok hvers fjárhagsárs. Þannig hefur óstjórn stjórnarflokkanna í efnahagsmálum valdið: 1) óðaverðbólgu þrátt fyrir mjög væga hækkun innfluttra vara, — verðlagshækkanir innanlands eru 5—6 sinnum meiri en verðbreytingar á innflutningsvöru; 2) stórfelldri skuldasöfnun erlendis á sama tíma og viðskiptakjör fara sífellt batnandi og verðmætasköpun er meiri en nokkru sinni fyrr; 3) mikilli skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, þrátt fyrir meiri skattheimtu en nokkru sinni fyrr, og 4600 millj. kr. vaxtakostnaði af þeirri skuld á kjörtímabilinu. Afleiðingarnar af öllu saman eru hugmyndir um enn nýja skattheimtu, þ. á m. um tvöföldun sjúkratryggingagjalds og enn frekari niðurskurð fjárveitinga til samfélagslegra framkvæmda, en vinnubrögðin þau, að fjárlagafrv. er tekið til sýndarumræðu, sem kölluð er 2. umr. um fjárlagafrv., án þess að nm. í stjórnarandstöðu í fjvn. fái umbeðnar upplýsingar um þann vanda, sem stjórnarstefnan hefur valdið varðandi afkomu ríkissjóðs á næsta ári. Á þessu stigi er því um ekkert annað að fjalla en þá skiptingu á framkvæmdafé til nokkurra málaflokka, sem stjórnarflokkarnir hafa talið hæfilegt að leggja fyrir þennan fund sem fundarefni í stað raunverulegrar 2. umr. um fjárlagafrv. Hér á einnig að fjalla um nokkrar brtt., sem samtals nema 125 millj. kr., þegar allt bendir til þess að sveiflurnar frá frv. gætu í raun numið yfir 15 milljörðum eða 17 milljörðum kr., hverjar sem nettóbreytingarnar verða. Þetta sýnir m. a. hversu fráleit þessi umr. er sem 2. umr. um fjárlög.

Þrátt fyrir verulega hærri kostnaðargrundvöll nú en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. eru framkvæmdaframlög, sem gerð er till. um skiptingu á, óbreytt frá fjárlagafrv. Í hafnamálum þýðir það að nýlega framlögð hafnaáætlun fyrir árin 1977—1980 er að því er varðar árið 1978 skorin niður um ¼ áður en áætlunin kemur til umr. á Alþ. Á tímum vinstri stjórnarinnar voru veitt mjög veruleg fjárframlög til sérstakra hafnaaðgerða í Grindavík, Þorlákshöfn og í Höfn í Hornafirði til viðbótar almennu hafnarframkvæmdafé. Ekkert verður nú, frekar en fyrr á þessu kjörtímabili, af efndum á fyrirheiti hæstv. samgrh. um fjárhæðir ámóta að verðgildi og veittar voru í þessar sérstöku framkvæmdir, sem nokkur sveitarfélög nutu, kæmu, þegar þeim lyki, áfram til viðbótar við almennt famkvæmdafé og féllu þá í hlut annarra sveitarfélaga. Öll verða þessi fyrirheit að engu í vesaldarafkomu ríkissjóðs í óðaverðbólgunni þrátt fyrir hinar hagstæðu ytri aðstæður. Hinar almennu framkvæmdafjárveitingar til hafna hafa þar á ofan stórrýrnað að verðgildi. Nú eru það stóriðjuframkvæmdirnar sem njóta forgangs í hafnamálum. Langstærsta fjárveiting til einstakrar hafnar er 250 millj. kr. fjárveiting til hafnarframkvæmda við Grundartanga, en fiskiskipahafnirnar eru í framkvæmdasvelti.

Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra námu á fjárlögum 1974 658.4 millj. kr. Jafngildi þeirrar upphæðar 1978 væri nær 2300 millj. kr., en hér er gerð till. um 1376 millj. kr. fjárveitingu. Upphæðin þyrfti að hækka um 67% til að vera jafngildi og fyrir 4 árum og er þá ekki tekið tillit til fólksfjölgunar.

Ég mun ekki fjalla frekar um þessa málaflokka, þar sem svo er staðið að málum af hálfu stjórnarflokkanna varðandi 2. umr. sem raun ber vitni. En þar sem nú á að afgreiða framlög til stofnkostnaðar fjölbrautaskóla vil ég vekja athygli á brtt. sem ég flyt ásamt hv. 1. landsk. þm., Jóni Árm. Héðinssyni, og hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundssyni, um að framkvæmdaframlag til Fjölbrautaskóla Suðurnesja hækki úr 35 millj. kr. í till. fjvn. í 65 millj. kr.

Ég gerði við 1. umr. grein fyrir því, að algjörlega er óhjákvæmilegt að á næsta ári, fyrir næsta haust, verði byggð hæð ofan á hús fjölbrautaskólans til þess að unnt sé að veita viðtöku þeim 120—140 nýju nemendum sem munu leita eftir inngöngu í skólann fyrir næsta skólaár, en þeir verða hrein viðbót við nemendafjöldann, þar sem fyrstu nemendur útskrifast vorið 1979 og þá hefur skólinn náð sinni eðlilegu stærð. Óhætt er að fullyrða, að af þeim framkvæmdum, sem ríkissjóður veitir framlög til á Suðurnesjum, er þetta mál málanna og mikil og algjör samstaða Suðurnesjabúa um framgang þessa máls.

Það kom fram á fundi fjvn. frá fulltrúa menntmrn., að till. þess rn. um fjárveitingu til byggingarframkvæmda við Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefði verið 30 millj. kr., 5 milli. kr. eru ætlaðar til greiðslu á tækjum, sem þegar hafa verið keypt, og þá miðað við að framkvæmdin, bygging hæðar, taki tvö ár. Aðspurður um, hvort till. menntmrn. byggðist á því að vandanum varðandi skólavist fyrir nýja nemendur næsta haust ætti að mæta með takmörkun á nemendafjölda, svaraði fulltrúi menntmrn. játandi. Það er í þessu sambandi athyglisvert, að á sama tíma og það er yfirlýst stefna menntmrn. að beita takmörkunum á inngöngu nemenda í fjölbrautaskólann á Suðurnesjum og vísa þeim frá eru till. gerðar um fjárveitingu til byggingar héraðsskóla þar sem nemendum fækkar. Til að tryggja að fyrir húsnæði verði séð á Suðurnesjum fyrir þá nemendur, sem leita inngöngu í fjölbrautaskólann næsta haust, leggjum við flm. brtt. til, að framlag til byggingarframkvæmdanna verði 60 millj. kr., og er sú fjárhæð æðiknöpp. Ég vænti þess að hv. alþm. síái til þess að komið verði til móts við óskir allra Suður-

nesjamanna í þessu máli með því að samþ. brtt. Enn fremur fer ég fram á það við hæstv. fjmrh., sem hefur látið hugmyndina um 30 millj. kr. fjárveitingu til byggingarframkvæmda nægja í þessu efni, að hann lýsi því yfir hér á þessum fundi eða við atkvgr., að verði till. um lægri fjárveitingu, 30 millj. kr. til byggingaframkvæmda, samþ., en Suðurnesjamönnum takist að útvega fé með lántökum eða framlögum sveitarfélaga umfram lögbundin framlög á móti ríkissjóði, verði af hálfu fjmrn. heimilað að vinna að framkvæmdum í þeim mæli sem það fé dugir til, — 30 millj. kr. framlag ríkisins, sem er ónóg fjárveiting, teljist þannig ekki um leið takmörkun á heimiluðum byggingaráfanga á næsta ári, heldur verði Suðurnesjamönnum heimilað að stofna til skuldbindinga ríkisins umfram það, ef þeim tekst að útvega lánsfé eða viðbótarframlög sveitarfélaga.

Ég stend ekki að fleiri brtt. við þessa svokölluðu 2. umr. um fjárlagafrv., en itreka mótmæli mín og okkar minnihluta í fjvn. við þeim vinnubrögðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft við afgreiðslu fjárl., að neita fulltrúum minni hl. um upplýsingar um þann vanda sem óstjórnin í efnahagsmálum hefur komið ríkissjóði í, en ætlast til þess á sama tíma að fjárlagafrv. sé tekið til 2. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram hvað mig varðar og ég hygg raunar líka hv. þm. sem hér lauk máli sínu, að það er samkvæmt ákvörðun míns þingflokks sem ég afréð í fjvn. að standa ekki að útgáfu nál. við þessa umr. Þingflokkur Alþfl. telur að ástandið, eins og því hefur verið lýst af hv. síðasta ræðumanni, sé þannig, að fulltrúi hans í fjvn. geti undir engum kringumstæðum staðið að útgáfu nál. við 2. umr. Þetta vil ég aðeins taka fram, til þess að það sé ljóst að hér er ekki aðeins um mótmæli við málsmeðferðina að ræða af minni hálfu sem nm. í fjvn., heldur stendur þingflokkur Alþfl. að þeim mótmælum. Af því tilefni gætu ræður manna við þessa 2. umr. verið stuttar, því það er bókstaflega ekkert hægt að segja um þá stefnumótun sem á að felast í fjárlagagerð, einfaldlega vegna þess að ekkert er enn um hana vitað.

Að vísu er þetta ekki í fyrsta sinn sem til 2. umr. um fjárl. er gengið án þess að vitað sé um hugmyndir eða till. stjórnvalda um meginatriði þeirrar fjárlagagerðar. Slíkt hefur margoft gerst áður, þó ekki sé það til fyrirmyndar, og er þetta nánast frekar orðið regla en undantekning. Hins vegar veit ég ekki til þess, að það hafi áður gerst að fjvn., þegar komið er til 2. umr. fjárl., viti ekki um eðli og umfang þess vanda sem fólginn á að vera í því að koma fjárl. saman. Ég tel að fjvn. sé þetta ekki ljóst, þó vera kunni að fulltrúar meiri hl. í fjvn. viti eitthvað um þetta. Fjvn. veit sem slík ekki annað en það, sem formlega er tekið fyrir á fundi þeirrar n., og fjvn. hefur ekki verið greint frá þessum atriðum. Það sem meira er: fulltrúar ríkisvaldsins hafa neitað fjvn um slíkar upplýsingar þegar nm. hafa óskað eftir þeim. Það skiptir ekki máli í því sambandi hvort þeir nm. eru úr hópi minni hl. eða meiri hl. á þingi. Það, sem skiptir máli í því sambandi, er að málsvarar hæstv. ríkisstj. hafa neitað fjvn. Alþ. um upplýsingar um eðli og inntak þess vandamáls, sem fjvn. lögum samkvæmt er ætlað að fást við. Ég veit ekki til þess, að slíkt hafi áður gerst. Að vísu á ég ekki langa þingsögu að baki og hef ekki setið nema eitt ár í fjvn. Hins vegar hef ég átt sæti nokkuð lengi í þingflokki Alþfl. með fullum réttindum, eða frá því að ég tók við ritstjórn Alþýðublaðsins, og hef því fylgst með þingstörfum um talsvert langan tíma, og mér er ekki kunnugt um dæmi þess áður að til 2. umr. um fjárlagafrv. hafi verið gengið við slíkar aðstæður.

Slíkur losarabragur hefur að mínu viti aldrei áður verið á stjórn landsins og það hefur aldrei áður gerst að Alþ. sem stofnun hafi verið sýnt slíkt virðingarleysi, að sú n. þjóðkjörinna fulltrúa, sem lögum samkvæmt er falið það verkefni af löggjafarsamkomunni að fjalla um fjármál ríkisins og gera till. þar að lútandi til þingsins, sé að yfirlögðu ráði leynd upplýsingum um meginviðfangsefni sín með þeim afleiðingum að n. er allsendis ófær um að sinna lögboðnum verkefnum sínum. Ég tel að n. hafi verið leynd þessum upplýsingum að yfirlögðu ráði einfaldlega vegna þess að í áliti meiri hl. nál., sem dreift var hér í gær, eru fram teknar upplýsingar, sem við fulltrúar minni hl. á fjvn.-fundum höfum óskað eftir að fá, en fengum afsvar. A. m. k. í því gagni kemur fram, að meiri hl. fjvn.-manna og þeim ráðunautum, sem ríkisstj. hefur sér til aðstoðar við fjárlagasmíði, var kunnugt um þessar upplýsingar, sem við óskuðum eftir, en fengum ekki. Hér erum við alþm. sem sé látnir sitja bróðurpart ársins og látið heita að verkefni okkar sé að fjalla um úrlausn á vandamálum þjóðarinnar í því umboði sem okkur er veitt í almennum kosningum. En í raun réttri er farið að standa þannig að málum, að þegar stjórnarmyndun er lokið í kjölfar þingkosninga má heita að verkefnum alþm. sé að mestu lokið og eftir það gegni þeir nánast hlutverki einhvers konar opinberra handauppréttara á meðan aðrir stjórna landinu í þeirra nafni. Þegar svo er komið, að hæstv. ríkisstj. virðir fjvn. Alþ. svo lítið, að henni er ekki svo mikið sem veittar upplýsingar um eðli og umfang þeirra vandamála, sem n. ber að fást við og gera till. um, þá er Alþingi Íslendinga og þeim, sem þá stofnun skipa, ekki lengur ætlað að gegna því hlutverki sem þeim er falið. Þá er farið að stjórna landinu í samræmi við reglur fámennisstjórnar, en ekki í anda þeirra reglna, sem við þekkjum hér á Vesturlöndum, um lýðræði og þingræði.

Um miðja s. l. viku var fjvn. þannig ekki farin að afgr. svo mikið sem eitt einasta erindi viðvíkjandi fjárl. og hafði þó setið á fundum daglega og stundum tvisvar á dag allar götur frá því þing kom saman í haust. Þegar síðasti fundur n. fyrir 2. umr. var haldinn s. l. laugardag hafði n. enn ekki borist nein frásögn af því við hvaða vanda væri að etja við fjárlagaafgreiðsluna, hvað þá heldur að á góma hefði borið einhverjar hugmyndir um lausn slíks vanda.

Það hefði því engu breytt um störf fjvn. þótt við nm. hefðum verið sendir heim til okkar strax að lokinni þingsetningu í okt. og ekki kvaddir aftur til starfa við undirbúning fjárlagagerðar fyrr en á miðvikudag eða fimmtudag í síðustu viku.

Þeim mun alvarlegri sem vandinn samfara landsstjórninni er sagður vera, þeim mun minni virðist vandinn vera hér á hinu háa Alþingi. Þá eru alþm. minnst látnir hafa fyrir stafni þegar vandi þjóðarinnar er sagður mestur.

Ég get að sjálfsögðu nefnt mörg einstök dæmi um, hvernig fjvn. hefur verið sniðgengin og að litlu höfð af hæstv. ríkisstj. við fjárlagagerðina fram til þessa og eftir hvaða leiðum við nm. a. m. k. nm. stjórnarandstöðunnar, höfum orðið að leita okkur upplýsinga um þau mál sem landslög gera ráð fyrir að við eigum að fjalla um.

Eins og ég sagði áðan var nál. meiri hl. fjvn. dreift á Alþ. í gær. Þar segir svo neðarlega á bls. 1, með leyfi forseta:

„Samkvæmt síðustu áætlunum er gert ráð fyrir, að útgjaldahlið fjárlaga hækki um fulla 17 milljarða vegna kauphækkana 1. des.“ o. s. frv.

Ég vil taka það fram, að þó að við séum búnir að sitja í fjvn. í rösklega tvo mánuði, þá er þetta í fyrsta sinn, sem ég sem fjvn.-maður sé þessa tölu eða þessa spá. Við höfum spurt um þetta, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, við höfum fengið neitun. Þetta er í fyrsta sinn sem við sjáum spár um það, hvað launahækkanirnar muni skapa mikil viðbótarútgjöld fyrir ríkissjóð miðað við fjárlagafrv. frá upphaflegri gerð þess. Þannig er staðið að málum í einni valdamestu n. þingsins.

Í útvarpsfréttum í gær var svo haft eftir form. fjvn., að n. hefði að undanförnu setið á rökstólum til að fjalla um, hvernig mæta eigi þessum útgjaldaaukningum vegna kjarasamninga BSRB og annarra launahækkana. Ég verð að segja alveg eins og hv. síðasti ræðumaður, að mér kom þetta mjög á óvart vegna þess að ég hafði ekki orðið var við að þessi mál hefðu nokkurn tíma verið rædd í fjvn. a. m. k. ekki í þeirri n. sem ég á sæti í. Þá hlýtur að vera búið að stofna einhverja allt aðra fjvn. hér í þinginu, ef þessi mál hefur borið þar á góma, vegna þess að sú fjvn., sem við fulltrúar stjórnarandstöðunnar höfum setið í, hefur ekki einu sinni rætt það, hver þessi vandi vegna kauphækkananna væri talinn vera, hvað þá heldur að n. hafi fjallað um það hvernig ætti að mæta honum! Og sem enn eitt dæmi um það hvernig að þessum málum er staðið vildi ég skýra frá því, að í grg. með fjárlagafrv. er sagt að lánsfjáráætlun verði lögð fram í nóvembermánuði. Að sjálfsögðu var það ekki gert. Það var verið að dreifa henni hér í þingsal núna rétt áðan. En í nóvembermánuði fékk fjvn. heimsókn frá byggingarnefnd Landsspítalans. Þá var frá því skýrt svona í framhjáhlaupi af form. byggingarnefndarinnar, að sá vandi sem væri við að etja varðandi gerð lánsfjáráætlunar þessa dagana, væri að skera erlendar lántökur niður úr 24.5 milljörðum í 20 milljarða. Fjvn. skipuð þjóðkjörnum fulltrúum hafði aldrei heyrt á þetta minnst. Þetta er eitt af verkefnunum, sem við eigum að ræða. Þetta er eitt af verkefnunum, sem lofað var að við fengjum til umfjöllunar í nóvembermánuði. Ég sem fjvn.-maður hafði aldrei heyrt á þetta minnst. Ég hafði mínar upplýsingar frá form. byggingarnefndar Landsspítalans. Hvaðan í veröldinni hafði hann sínar upplýsingar, sem nú virðast vera réttar? Er það með þessum hætti, sem fulltrúar Alþ. í fjvn. þingsins eiga að fá sínar upplýsingar, ef skyldi vera að einhverjir menn utan úr bæ, sem kæmu á fund n., vildu virða n. svo mikils að veita henni upplýsingar um málefni sem hún á að fjalla um? Þannig höfum við farið að því alþm. að afla okkur frétta, — þeir menn úr hópi þjóðkjörinna fulltrúa í þessari stofnun, sem Alþ. sjálft hefur valið til þess að fjalla um fjármál ríkisins og gerð fjárlaga. Við höfum þurft að vera á höttunum eftir lausafregnum hingað og þangað að úr þjóðfélaginu til þess að fá eitthvað að vita um það verkefni sem okkur er ætlað að fjalla um. Við höfum engar upplýsingaar um þessi mál fengið sem alþm. eða fjvn.-menn. Sennilega hefur hæstv. ríkisstj. ætlast til, að við tækjum upp það, sem kallast rannsóknarblaðamennska, til þess að fá einhverjar fréttir. A. m. k. virðast blöðin vera miklu betur upplýst en við. Ég vil aðeins vekja athygli hv. alþm. á forsíðu Dagblaðsins í dag. Þar skýrir fréttamaður Dagblaðsins frá ýmsu sem hann þykist vita um hvaða aðgerðir séu í aðsigi hjá hæstv. ríkisstj. til þess að leysa fjárlagavandann. Þar er t. d. tekið fram, að blaðamaður Dagblaðsins viti af því, að ráðgerð sé hækkun á sjúkratryggingagjaldi um tæpa 2 milljarða. Þegar ég var nýbúinn að lesa þessa frétt í Dagblaðinu kom ég hingað niður í Alþ. og settist í sætið mitt, — og hvað mætti mér þá? Frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 o. s. frv., um breyt. á l. um almannatryggingar. Og hvers eðlis skyldi nú þetta frv. vera? Jú, um að hækka sjúkratryggingagjald til þess að færa ríkissjóði tekjuauka upp á 1.9 milljarða. M. ö. o.: upplýsingar blaðamanns Dagblaðsins voru réttar. Ég sem alþm. og fjvn.-maður hafði aldrei um þetta heyrt. Svona er farið að umgangast okkur þm., svona er farið að umgangast ýmsar valdamestu n. þingsins.

Ég get talið upp fleiri atriði sem getið er um í þessari Dagblaðsfrétt. Í lið nr. 2 er talað um sérstakan skatt af gjaldeyri og jafnvel ferðamannaskatt. Þetta hefur aldrei borið á góma í fjvn., þetta eru till. sem aldrei hafa borist til þingflokkanna, a. m. k. ekki stjórnarandstöðunnar. Þetta eru hugmyndir, sem ég hef aldrei heyrt ræddar inni í þessum þingsal eða stofnunum Alþ., þeim stofnunum sem eiga að stjórna þjóðarskútunni. Rétt áðan barst mér eitt bréfið enn. Það voru í því ýmsar upplýsingar frá hæstv. ráðh. sem merktar eru trúnaðarmál. Ég má því ekki staðfesta hér á Alþ. hvort þessar fregnir Dagblaðsins eru réttar eða rangar, en blaðamaðurinn þykist vera alveg viss um hvað hann er að fullyrða. Þá eru ýmsar fréttir í þessari blaðafregn líka um efnisatriði lánsfjáráætlunar sem lögð var fram í dag. Það er sérstök undirnefnd fjvn., sem kjörin var til þess að fjalla um lánsfjáráætlun, — og hvað skyldi hún hafa haldið marga fundi? Engan. Undirnefnd

fjvn., sem á að fjalla um lánsfjáráætlun íslenska ríkisins fyrir árið 1978, hefur engan fund haldið. Fjvn. veit ekki til þess, að það sé verið að semja um lánsfjáráætlun, en blöðin vita það. (**Gripið fram í:** Hverjir voru í nefndinni?) Undirnefnd fjvn.? Ég tel, að fulltrúi úr stjórnarandstöðunni í þeirri n. hafi verið hv. þm. Geir Gunnarsson. Ég veit ekki til þess, að sú n. hafi haldið fund.

Það er ekki annað en hneyksli þegar svona lagað kemur upp, þegar framkvæmdavaldið og handhafar þess bregða á það ráð að neita Alþ. og n. Alþ. um upplýsingar um viðfangsefni sem löggjafanum er ætlað að leysa. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að mikið vatn hefur til sjávar runnið frá því Alþ. var endurreist á Íslandi og frá þeim tíma þegar því var falið löggjafarhlutverk sitt. Lengi vel framan af voru verkefni Alþ. frekar einföld og auðunnin og þingmennska aukastarf sem leyst var af höndum á fáum vikum á ári hverju. Viðfangsefni Alþ. voru þá fá og skýr og verkin fyrst og fremst fólgin í því, að þm. tóku endanlega afstöðu, völdu og höfnuðu milli fárra og augljósra valkosta. En síðan þetta var hefur mikið vatn til sjávar runnið og miklar breytingar orðið á eðli þeirra starfa, sem vinna þarf á Alþ. Nú er talið nauðsynlegt að Alþ. sitji að störfum meginhluta ársins og umfangsmesta n. þingsins, fjvn., starfi raunar allt árið með stuttum hléum. Eins og í öðrum þjóðþingum hefur þróunin orðið sú, að sífellt meiri verk ættu að hafa færst yfir í hendur löggjafans eftir því sem þjóðfélagið verður flóknara og margbrotnara, þingið ætti að hafa frumkvæði um lausnir, og þingmennskan er orðin aðalstarf. En þrátt fyrir þessar ytri breytingar, lengingu þingsins, aukna möguleika til þingstarfa og það að þingmennska er orðin aðalstarf, er vinnuskipulagið hér á Alþ. samt sem áður enn upp á gamla móðinn, eins og var þegar þingmennska var aukastarf og þingið sat aðeins fáar vikur á ári. Meginhluta þingtímans sitjum við þm. aðgerðalausir og biðum tillagna annarra. Stofnunin sem slík hefur ekkert frumkvæði, og það er orðið svo, eins og fram hefur komið við þessa fjárlagaafgreiðslu, að henni eða réttara sagt n. Alþ. er ekki einu sinni heimilað lengur að fylgjast með, að fá upplýsingar um þann vanda sem Alþ. er ætlað að leysa. Og gegn þessari þróun ber þm. að sjálfsögðu að standa. Það er ekki aðeins nauðsynlegt að gera þær breytingar á starfsháttum þingsins, sem ýta undir sjálfstæði þess og frumkvæði í málatilbúnaði, eins og t. d. felst í till. um bætta starfshætti Alþ. sem form. Alþfl., Benedikt Gröndal, hefur haft forustu um að flytja hér á Alþ., en það er ekki síður, þó að slíkar breytingar séu ekki gerðar, nauðsynlegt að standa vörð um rétt þingsins og þm. innan þess takmarkaða ramma sem núverandi starfshættir setja.

Herra forseti. Þetta er eitt af mikilvægustu verkefnum þínum og starfsfélaga þinna hér í þinginu. Þið eruð kjörnir af okkur þm., ekki aðeins til þess að stýra fundum okkar, heldur til þess að standa vörð um sjálfstæði og réttindi þessarar stofnunar og þeirra sem þar starfa. Því hljótið þið, herra forseti, að taka til mjög alvarlegrar athugunar þær athugasemdir, sem við þm., fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn., höfum nú gert í sambandi við vinnubrögð í þeirri n. Aðalatriðið er ekki hvort við fáum okkar upplýsingar sem stjórnarþm. eða stjórnarandstæðingar. Aðalatriðið er sú aðstaða sem við höfum sem alþm., því sá sem er í stjórn í dag er gjarnan í stjórnarandstöðu á morgun. Og sem þm., sem kjörnir eru í frjálsum kosningum, eigum við ekki að vera háðir um upplýsingar og frásagnir velvild handhafa framkvæmdavaldsins á hverjum tíma, heldur eigum við að hljóta slík svör í krafti þess valds, sem við höfum frá þjóðinni, og þess réttar, sem sú stofnun á að hafa þar sem störf okkar fara fram. Ég vil leyfa mér að hvetja forseta Alþ. til þess að sjá svo um, að réttindi þm. og réttur þingsins í þessum sökum séu á engan hátt sniðgengin.

Eins og ljóst er og þegar hefur verið fram tekið höfum við stjórnarandstæðingar í fjvn. hvorki fengið upplýsingar um eðli né umfang þess vanda sem við er að etja í fjárlagaafgreiðslunni nú. Við slíkar kringumstæður gefur auga leið, að ógerningur er að ræða fjárlagasmíðina sem heild eða þá stefnu sem þar er mótuð eða þar ætti að móta. Í stað þess að ræða málið á grundvelli slíkrar heildaryfirsýnar er þm. nú nauðugur sá kostur einn að ræða fjárl. á grundvelli þeirra till. um einstaka málaflokka, sem fyrir liggja, án þess að gera nema takmarkaða tilraun til að ræða þær sem hluta af heildarmynd.

Athyglisverðast er þó, þegar reynt er að gera sér grein fyrir hvert stefnir í fjárlagagerðinni nú, að öll þjónusta og allar framkvæmdir af því tagi sem fólgið er í því að fólkið fái eitthvað áþreifanlegt í staðinn fyrir peningana sem það leggur til ríkiskassans, allt slíkt er skorið niður. Hafnaáætlun hefur verið skorin niður áður en frá henni er gengið, eins og rakið var hér áðan. Ekki er staðið við fyrirheit stjórnvalda í sambandi við framkvæmdir við dagheimili. Niðurskurður á grunnskólum og fjölbrautaskólum er slíkur, að segja má að búið sé í raun réttri að fella grunnskólalöggjöfina úr gildi. Svona má áfram telja. Sjúkrahús og heilsugæsla eru skorin niður úr 2.2 milljörðum samkvæmt till. rn. í 1.3 milljarða, og það er varla að sá peningur nægi til þess að hægt sé svo mikið sem að standa við gerða verksamninga. M. ö. o.: niðurskurðarstefnan, sem talað er um að fólgin sé í þessu frv., er fyrst og fremst á þessum sviðum, að það eru skornar niður þær framkvæmdir og sú þjónusta þar sem fólkið fær áþreifanlega sönnun fyrir því að fjármunirnir, sem það leggur til sameiginlegra þarfa, komi að gagni. Allt annað er látið óhreyft. T. d. er algjörlega látið óhreyft það mikla fé sem gengur til þess að viðhalda ríkiskerfinu sjálfu. Allt, sem ríkisbáknið þarf til framfærslu fyrir sjálft sig, er látið ósnert. Allt það, sem ungir sjálfstæðismenn kalla bákn, er látið ósnert. Það er því ekki að furða þó að tveir þm. Sjálfstfl., þeir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Pétur Sigurðsson, hafi nýlega lagt fram hér á hinu háa Alþ. till. um niðurskurð í mannahaldi. Ég ætla ekki að fella neinn dóm um það hér, hvort þær till. eru réttlætan-

legar eða ekki. En slíkar till. frá þm. Sjálfstfl. við þessar aðstæður sýna ekki annað en það, að þeir eru harðlega að mótmæla þeirri stefnu sem ég var að lýsa að fælist í fjárlagaafgreiðslu hæstv. ríkisstj. nú. Þeir eru að lýsa því yfir, að hæstv. núv. ríkisstj. vilji ekki báknið burt, heldur báknið kyrrt. Þeir eru að lýsa því yfir, að sú niðurstaða, sem fæst frá hæstv. ríkisstj. í sambandi við hennar tillögugerð, sé í því fólgin að láta báknið kyrrt, skera niður allt það sem áþreifanlegt er, sem menn finna fyrir að þeir fái í staðinn fyrir peningana, sem þeir borga í ríkissjóð með sköttum sínum og skyldum. Það má vel vera, að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Pétur Sigurðsson fái eitthvað fyrir snúð sinn eins og Kiðhús fékk hérna áður fyrr. En sú ákvörðun þeirra að leggja þessa till. fram sýnir þó, að ekki eiga þeir von á miklu. Í sambandi við þá stefnu, sem fólgin er í afgreiðslu hæstv. ríkisstj. á fjárlagafrv. nú, þá minnir þetta talsvert á sögurnar um risaeðlurnar í fornöld. Okkur var sagt, og var það lengi haldið fyrir sannleik, að þessar risaeðlur hafi dáið út af því að 24 stundir sólarhringsins hafi ekki lengur nægt þeim til þess að éta. Þær hefðu þurft að éta allan sólarhringinn til þess að halda líkamsstarfseminni gangandi. Þær hefðu ekki lengur orku afgangs til þess að verja sig, ekki orku til að flytja sig á betri stað, til að flýja loftslagsbreytingar, ekki orku til að viðhalda tegundinni, allar stundir sólarhringsins hafi „dýnosárarnir“ staðið við það eitt að taka til sín fæðu bara til þess að halda sér gangandi. Og undir forustu hæstv. ríkisstj. er báknið orðið slíkur „dýnosár“. Þrátt fyrir stöðugt aukna skattheimtu, er ástandið orðið þannig, að fólkið er hætt að fá nokkuð fyrir peningana sína, „dýnosárinn“ er hættur að skila nokkrum sköpuðum hlut nema mat fyrir sjálfan sig, báknið, fyrst og fremst. (Gripið fram í: Er það þá ekki að deyja út?) Nei, það er lengi hægt að leggja á skatta. Það er lengi hægt að leggja á skatta. Til allrar hamingju fyrir íslenska ríkisbáknið er við völd ríkisstj., sem telur sig alltaf geta bætt við sköttum, eins og frv. til laga um sjúkratryggingagjaldið sýnir. Það er bara viðbótarfæða fyrir báknið, svolítið meiri matur fyrir „dýnosárinn“. En þetta er staðreynd að þrátt fyrir meira og meira fé, sem tekið er af hinum almennu borgurum í sköttum og skyldum, þá fá þeir minna og minna í staðinn, en meira og meira fer í það eitt að halda bákninu gangandi. Þetta veit ég auðvitað að þeim er ljóst, t. d. hv. þm. Pétri Sigurðssyni og Eyjólfi Konráð Jónssyni. Og ég veit það líka eða vona það, að hv. þm. Framsfl. sé þetta ljóst, vegna þess að ég trúi því ekki að sá flokkur geti miklu lengur kennt sig við félagshyggju sem stendur að slíkum niðurskurðarframkvæmdum eins og þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, þar sem allt, sem kemur almenningi og fólkinu í landinu að gagni, er skorið niður, en báknið sjálft er látið kyrrt.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég á að fara miklu lengra út í umr. um fjárl. nú að þessu sinni. Það hefur rignt yfir okkur stjórnarandstæðinga, ég veit ekki um hina, þennan síðasta klukkutíma alls kyns upplýsingum, sem við höfum beðið um dögum og vikum saman á fundum fjvn., en ekki fengið, en flestallar þessar upplýsingar eru merktar trúnaðarmál. Þó væri e. t. v. ekki úr vegi, þar sem svo bar við að skyndilega virðist ríkisstj. hafa áformað að ræða lánsfjáráætlun að þessu sinni, að fara örfáum orðum um það sem þar kemur fram. Þessa áætlun höfum við haft sem trúnaðarmál nú um nokkurra daga skeið og höfum því getað kynnt okkur hana, þó við hefðum ekki átt von á því, að hún yrði rædd nú. Mjög athyglisvert er að blaða lauslega í gegnum þessa skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun fyrir árið 1978, vegna þess að strax á fyrstu síðum kemur dómurinn um stjórnsemina. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt lánsfjáráætlanir áranna 1976 og 1977 hafi ekki gengið eftir í bókstaflegri merkingu má telja, að þær hafi gefið gagnlegt yfirlit yfir starfsemi lánastofnana.“

M. ö. o.: lýst er yfir því strax í upphafi að þó að áætlanaþáttur lánsfjáráætlunar hafi reynst algjör markleysa þessi tvö ár sem sérstök lánsfjáráætlun hefur verið gerð, hafi áætlunin verið ansi góð svona sem sérstakt yfirlit yfir það sem gert var árin á undan. Með þessu er hæstv. ríkisstj. sem ég vænti að beri ábyrgð á þessari skýrslu, auðvitað að dæma sjálfa sig, eigin stjórnsemi. Þá segir á bls. 4, en þar er talað um að mörkuð hafi verið mjög skýr stefna um aðhald í fjármálum ríkisins, eins og t. d. í nýframkomnum frv. um ríkisfjármál. Mér er spurn: Hvaða nýframkomnu frv.? Hvaða nýframkomin frv. eru hér á Alþ. um ríkisfjármál þar sem mörkuð er stefna um aukið aðhald í fjármálum ríkisins? Ég hef ekki orðið var við að búið sé að leggja slík frv. fram. Þá er líka talað um ofar á síðunni, með leyfi forseta, áhrif „aðgerða, sem fram koma í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálunum 1978.“ Með leyfi að spyrja, hvar er það frv.? Hver leggur það fram? Um hvað fjallar það? Er ætlunin að lánsfjáráætlun sé rædd án þess að fylgi með þau frv., sem boðuð eru í upphafi lánsfjáráætlunar sem einn viðamesti þátturinn í þeirri stefnumörkun, sem lánsfjáráætluninni er ætlað að marka? Þetta er aðeins sýnishorn af stjórnleysinu og vitleysunni, sem farið er að viðgangast nú á síðustu dögum þessarar fjárlagaafgreiðslu, þar sem till. eru að dynja yfir okkur nú á síðasta klukkutímanum, raunverulega án þess að hægri höndin á hæstv. ríkisstj. viti hvað sú vinstri er að gera.

Þá segir hér um lánsfjármarkaðinn á bls. 5, þar sem talað er um hvernig fyrri áætlanir hafi reynst í framkvæmdinni. Það er talað um árið 1976, að þá hafi lánsfjáráætlun farið úr skorðum, ekki vegna þess að einkaaðilarnir hafi farið fram úr því sem þar var áætlað, Þar segir: „Einkaaðilar fengu svipað fjármagn og að var stefnt, en opinberir aðilar tóku til sín alla aukningu lánsfjár, sem varð frá gerðri áætlun.“ Það var sem sagt stjórnin af hálfu hins opinbera sem brást. Það var hún, sem ónýtti lánsfjáráætlunina fyrir árið 1976. Það voru ekki einkaaðilarnir sem tóku til sín meiri lán en lánsfjáráætlunin gerði ráð fyrir. Þeir fengu ekki krónu meira. Nei, það var hinn opinberi „sektor“, það var hann sem skorti stjórnunina og aðhaldið. En

hvernig skyldi það hafa verið á árinu 1977? Nákvæmlega það sama, fyrst og fremst hinn opinberi „sektor“ í lánsfjáráætluninni, sem ekki stóðst.

Svona mætti halda áfram og tíunda þessi atriði í þessari lánsfjáráætlun lengi dags.

Ég vil aðeins að lokum taka það fram, að samkvæmt þeirri verkaskiptingu, sem áformuð var í fjvn., er það undirnefndar að fjalla fyrst um þessa áætlun og skýra hana svo og ræða á fundi n., og ætlast ég að sjálfsögðu til þess, að þau vinnubrögð séu í heiðri höfð.

En ég vil aðeins í sambandi við þetta rétt í lokin vekja athygli á tveimur atriðum: Í fyrsta lagi því, að samkv. fljótlegum yfirlestri á þessari lánsfjáráætlun liggur það algjörlega fyrir, að mjög á að draga saman seglin hvað varðar fjárveitingar úr öllum opinberum lánasjóðum, stofnlánasjóðum atvinnuveganna, fjárfestingarlánasjóðum og þar með töldum Byggingarsjóði ríkisins. Þar er verið t. d. að boða stórfelldan samdrátt í íbúðarhúsabyggingum um land allt. Menn hafa haft þungar áhyggjur af ástandinu eins og það hefur verið nú að undanförnu, þegar ákaflega lítið hefur verið byggt, og þrátt fyrir þessar litlu íbúðarhúsabyggingar hefur ástandið hjá Byggingarsjóði ríkisins verið þannig, að hann hefur verið langt á eftir með sínar lánveitingar. En í lánsfjáráætluninni er boðaður enn frekari samdráttur og þá fyrst og fremst og einkum og sér í lagi á Byggingarsjóði ríkisins og lánveitingum hans. Og hver halda menn að afleiðingin verði fyrir atvinnulíf í landinu, eins og nú er komið málum með milli 30—40% verðbólgu, þegar í senn eru dregin saman seglin í rekstrarlánakerfinu hjá bönkunum með miklu aðhaldi í lánveitingum og miklum vaxtahækkunum og jafnframt boðaður í lánsfjáráætlun mikill samdráttur í stofnlánasjóðum atvinnuveganna? Afleiðingin getur ekki orðið nema sú ein, að þegar kemur fram á árið 1978 tekur við hreint kreppuástand í atvinnumálum á Íslandi, og má búast við að um mitt árið eða seinni hluta ársins verði farið að bera á mjög alvarlegu atvinnuleysi. Þessi stefna er alvarleg stefna, sú alvarlega stefna sem boðuð er í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun.

Og svo að lokum eitt atriði, sem mig langaði til þess að vekja athygli á, sem kemur fram á bls. 8 í þessari áætlun þar sem fjallað er um það, hvernig á að sækja það takmarkaða lánsfé, sem þó á að vera til ráðstöfunar á næsta ári, og hverjir eigi að inna það af hendi. Þar kemur fram, að áætlað er að framlög lífeyrissjóðanna í landinu í þetta lánakerfi hækki um 85.2%. Og hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að með einhverjum ráðum, góðum eða illum, ætlar hæstv. ríkisstj. að draga til sín, draga inn í opinbera fjárfestingalánasjóði svo til allt ráðstöfunarfé hinna frjálsu lífeyrissjóða í landinu.

Þessum tveimur atriðum vil ég vekja athygli á í lok ræðu minnar og læt svo umr. um fjárlagafrv. sjálft og stefnu þess lokið.

Ég vil aðeins í lokin vekja athygli á brtt. sem við flytjum þrír þm., eða auk mín hv. þm. Karvel Pálmason og hv. þm. Kjartan Ólafsson, í sambandi við hafnarframkvæmdir á Vestfjörðum. Við leggjum til, að framlög til Tálknafjarðarhafnar hækki úr 700 þús. í 3 millj. og 700 þús. Þarna er um að ræða stað sem engar fjárveitingar hefur fengið til eins eða neins, að undanskilinni mjög óverulegri fjárhæð til dagheimilisbyggingar, öll þau ár sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum. Þarna er um að ræða stað sem á við mjög erfiðar hafnaraðstæður að búa, sem verða allsendis ófullnægjandi þegar komin verða þar ný og stórvirk veiðiskip, sem koma munu til Tálknafjarðar á næstu vikum. Til þess að mæta þeim þörfum er nauðsynlegt að verja talsverðu fé til hafnarframkvæmda á þessum stað, og við sem sé gerum till. um að það fé verði 3.7 millj., sem ekki nægir þó nema til þess að ljúka u. þ. b. helmingi þeirra framkvæmda, sem áætlað er að þurfi til þess að hafnaraðstæður á Tálknafirði séu slíkar, að þar geti skuttogari athafnað sig.

Þá gerum við það að till. okkar einnig að framkvæmdir sem hafnaáætlun gerir ráð fyrir í Hólmavík, en á að skera niður samkv. till. fjvn., verði teknar inn aftur. Hér er um að ræða hækkun úr 7.2 millj. upp í 18.2 millj. og fyrir það fé á fyrst og fremst að vinna við dýpkun hafnarinnar í Hólmavík, en inn í höfnina er mjög mikill sandburður og er ástand nú orðið þannig, að bátar Hólmvíkinga standa í sandinum í höfninni og er nauðsynlegt að dæla honum burt. Við gerum það að till. okkar, að þessi framkvæmd verði unnin eins og hún var áformuð í hafnaáætlun, sem lögð hefur verið á borð þm., og fjárveitingar í því skyni verði hækkaðar úr 7.2 millj. í 18.2 millj.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um fjárl. almennt við þessa umr., en mun að sjálfsögðu áskilja mér rétt til að taka aftur til máls síðar, einkum og sér í lagi um lánsfjáráætlunina, ef hæstv. fjmrh. mælir fyrir henni síðar á fundum þingsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er það undir heldur óæskilegum kringumstæðum sem 2. umr. fjárl. fer fram. Hv. þm. vita væntanlega allir með hvaða hætti hefur verið haldið á málum að því er varðar afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1978, og væntanlega vita allir hv. þm. líka, hvernig hefur verið háttað störfum hér á Alþ. á undanförnum vikum. Hér hafa verið mjög stuttir þingfundir á undanförnum vikum og í mörgum tilfellum rætt um tiltölulega veigalítil mál, meðan beðið hefur verið eftir því að hæstv. ríkisstj. kæmist að niðurstöðu um það, með hvaða hætti hún ætlaði sér að mæta þeim vanda sem við blasir varðandi frágang og afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1978. Þessu hafa hv. þm. orðið vitni að á undanförnum vikum, og eins og fram kom í frásögn Morgunblaðsins miðvikudaginn 8. des. s. l. höfðu stjórnarflokkarnir þann dag, þingflokkar stjórnarflokkanna, rætt þann vanda, sem fram undan er, en það er að brúa það bil sem myndast hefur milli fjárlagafrv. og raunveruleikans, sagði Morgunblaðið. Þetta hefur verið það vandamál sem stjórnarliðar hér á Alþ. hafa setið á rökstólum

um undanfarnar vikur og virðast að því er best verður séð ekki búnir að komast að niðurstöðu um, hvernig leysa skuli, a. m. k. hefur stjórnarandstöðunni ekki verið greint frá því. Það var í sama eintaki Morgunblaðsins greint frá því, að ráðgert væri að kynna stjórnarandstöðunni daginn eftir þær úrlausnir sem grípa ætti til til lausnar vandanum, þ. e. a. s. s. l. fimmtudag. Hér er um að ræða vinnubrögð, sem ég hygg að allir þm. séu sammála um að ekki nái nokkurri átt. Hér er um að ræða vinnubrögð, sem eru óvirðing við Alþ. og alþm. og á engan hátt á að líða, hvorki þessari hæstv. ríkisstj. né neinni annarri.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1977 á s. l. hausti var það skýrt tekið fram, að lánsfjáráætlun fyrir árið 1977 yrði lögð fram í nóvembermánuði. Sú lánsfjáráætlun var lögð fram hér á Alþ. einum eða tveimur dögum áður en þinghlé var gert fyrir jól. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1978 er sagt, með leyfi forseta:

„Lánsfjáráætlun 1978 verður lögð fram á Alþ. í nóvembermánuði, en hana ber að skoða sem hluta af viðtækri stefnumótun í fjármálum og efnahagsmálum, sem fjárlagafrv. felur í sér. Lánsfjáráætlun mun stefna að sama marki og fjárlagafrv., að treysta fjárhagslegan grundvöll fyrir þjóðhagslega nauðsynlegar framkvæmdir jafnframt því sem aðhaldi sé beitt í því skyni að draga úr verðhækkunum og viðskiptahalla á næsta ári.“

Lánsfjáráætlun á samkv. boðun í fjárlagafrv. að leggjast fram í nóvember. Henni var útbýtt á borð þm. í dag, 13. des., þ. e. a. s. þeim hluta af fjárlagadæminu sem viðkemur lánsfjáráætluninni. Henni er útbýtt sama daginn og 2. umr. um fjárl. fer fram á Alþingi.

Ég held að hvað sem líður stjórnmálalegum ágreiningi á Alþ. hljóti þm. allir að vera um það sammála, að vinnubrögð af þessu tagi ná ekki nokkurri átt. Það er beinlínis óvirðing við Alþ. að halda þannig á málum eins og hér hefur verið gert. Og það er því miður, þó hart sé að segja það, það er því miður orðið svo, að ekki virðist trúandi nema tiltölulega litlum hluta af því sem fram kemur, m. a. s. frá hæstv. ráðh., en það hlýtur að verða að skoða fjárlagafrv. sem frv. ríkisstj. í heild.

Það hefur komið hér fram, og var raunar strax séð í gær, að minni hluti fjvn. hefur við þessa umr., 2. umr. um fjárl. fyrir árið 1978, ekki skilað nál. Hér hefur verið gerð grein fyrir ástæðum þess. Ég vil því taka það strax fram, að við erum algjörlega sammála þessari afstöðu minni hluta fjvn., að undir þeim kringumstæðum, sem nú ríkja og ríktu þegar slitið var fundi í fjvn. fyrir 2. umr. fjárl., var vart á annan hátt hægt að standa að málinu en þann að gefa ekki út nál., vegna þess kannske fyrst og fremst að neitað hefur verið um upplýsingar — fjvn.-mönnum hefur verið neitað um upplýsingar frá ríkisstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnuninni. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að auðvitað er ekki við form. fjvn. eða meiri hluta fjvn. að sakast. Hér er fyrst og fremst um að sakast við hæstv. ríkisstj. Hún ber höfuðábyrgðina á því, með hvaða hætti er haldið á málum, eins og raun ber vitni í þessu tilviki. Ég tek svo sannarlega undir það, að óvirðing við Alþ. og alþm. af þessu tagi, að ríkisstofnun skuli neita að gefa upplýsingar um grundvallaratriði í ríkisbúskapnum og fjárlagagerðinni, nær ekki nokkurri átt, — og í hvaða þjóðþingi skyldi það verða liðið að embættismenn höguðu sér á þennan hátt? Verðugasta svar hv. þm. við vinnubrögðum eins og hér hafa verið viðhöfð hefði auðvitað verið það, að þeir hefðu allir sem einn vikið af fundi í mótmælaskyni við í fyrsta lagi vinnubrögð hæstv. ríkisstj. og í öðru lagi vinnubrögð þeirrar ríkisstofnunar sem hefur neitað að gefa upplýsingar um fjárlagagerðina.

Það er í mínum huga orðið stórkostlega mikið vafamál, hvort við í raun og veru búum við þingræði hér á Íslandi, eins og að málum hefur verið staðið og vinnubrögð hafa verið á undanförnum árum. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að þessi 2. umr. um fjárl. er sýndarmennskuumræða í þess orðs fyllstu merkingu. Hér er hrein sýndarmennska á ferðinni því það liggur í raun og veru ekkert fyrir um það, a. m. k. ekki hjá stjórnarandstöðunni, með hvaða hætti á að brúa það bil sem fram kemur í nál. meiri hluta fjvn. að sé milli tekjuhliðar, eins og mál standa nú, og gjaldahliðar á fjárl. fyrir árið 1978, eins og nú er gert ráð fyrir að þau verði afgreidd. Það vantar a. m. k. 7 milljarða upp á það að dæmið gangi upp.

Talið er í nál. að það verði um 17 milljarðar sem hér sé um að ræða, en eftir því sem nýjustu upplýsingar leiða í ljós sé einungis um að ræða 10 milljarða kr. tekjuaukningu miðað við breyttar forsendur frá því sem voru þegar frv. var lagt fram. Hvernig á að brúa þetta bil? Stjórnarandstaðan hefur enga vitneskju fengið um það frá hæstv. ríkisstj. fyrr en nú í dag, að strax upp úr hádegi, þegar Dagblaðið og Vísir komu út, sáu menn fregnir um það, með hvaða hætti ætti að brúa bilið. Hvort þessar fréttir eru sannar eða ekki skal ég ósagt láta að sinni, en þetta eru þær fyrstu fregnir, sem a. m. k. ég sem stjórnarandstæðingur fæ um það, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að standa að afgreiðslu fjárl., um tekjuöflun á móti því sem útgjaldahliðin mun segja til um á fjárlögunum.

Og það er rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér áðan. Að vísu fékk ég sent trúnaðarbréf frá hæstv. fjmrh. varðandi þetta, sem ég hef ekki frekar en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson heimild til að gera efnislega heyrinkunnugt um hugmyndir ríkisstj. um afgreiðslu á þessu. Það er raunar komið fram eitt frv. um hækkun á sjúkratryggingagjaldi, sem kann að gefa ríkissjóði um 1.9 milljarða. Annað höfum við ekki fengið vitneskju um frá hæstv. ríkisstj. Að vísu hafa heyrst um það ýmsar sögusagnir úti um hvippinn og hvappinn, hvaða hugmyndir væru uppi, en engin formleg vitneskja hefur verið af hálfu hæstv. ríkisstj. lögð fram í þessum efnum. Og lái hver sem vill stjórnarandstöðunni, að hún skuli ekki treysta sér til að gefa út nál. í þeirri stöðu sem málið er nú komið í. Ég a. m. k. er ekkert hissa á því, þó að þeir minnihlutamenn í fjvn. hafi tekið þá ákvörðun að standa með þessum hætti að umr. nú, því

að minu viti væri það miklu meira ábyrgðarleysi ef staðið væri að útgáfu nál. um málefni sem í raun og veru tiltölulega lítið sem ekkert er vitað um hvernig á að ráða fram úr og hvernig standi, en neitað hefur verið upplýsingum um það í sumum tilvikum hvernig málin í raun og veru stæðu að því er varðaði fjárlagadæmið í heild. (Gripið fram í: Var hv. þm. á fundinum?) Það skiptir kannske ekki meginmáli hvort hv. þm. hefur verið á fundinum sjálfur, — en það er gagnspurning til hv. þm. Lárusar Jónssonar. Var hann á fundinum? Hafi það breytt einhverju um það, hvort ég hafi á fundi verið eður eigi, upplýsingarnar hefðu komið hefði ég verið, þá er ég orðinn mikils virði innan veggja fjvn. og miklu meira virði en ég sjálfur gerði mér í hugarlund. Ég heyri, að þessi hv. þm. metur mig það mikils í n. að hann gerir jafnvel ráð fyrir því, að mér hefði ekki verið neitað um upplýsingar, sem fulltrúum hinna stjórnarandstöðuflokkanna hefur neitað um. Kannske er það, — ja ég veit ekki hvort ég á að segja: víti til að varast og best að passa upp á það sérstaklega að mig vanti ekki á fundi í fjvn., þannig að mál séu þá öll í lagi og á hreinu, ef það er lækningaraðferðin.

Ég hygg samt að það hefði engu breytt um þetta þó ég hefði setið þennan fund. Ég hygg að fulltrúi hagsýslustofnunar hefði neitað eigi að síður. (Gripið fram í.) Ég hef enga trú á því og væni ekki þá fulltrúana, hv. þm. Geir Gunnarsson og hv. þm. Sighvat Björgvinsson, að þeir skýri ekki rétt frá. Ég skora því á hv. þm. Lárus Jónsson að greina frá því hér, ef hann vænir þá um að segja ekki rétt frá því sem þarna gerðist. Ég vænti þess, að hann geri það þá í ræðu hér á eftir. Ef hann er að láta í veðri vaka að þessir hv. þm. fari með ósannindi, þá er best að það komi fram frá þessum hv. þm. (Gripið fram í.) Ég hef enga ástæðu til þess að væna þá um að segja ekki satt. En hitt er svo annað mál að ég veit mörg dæmi þess, að margur hver meirihlutamaðurinn í fjvn. hefur verið það úti á þekju, ekki bara í ár, heldur mörg undanfarin ár, að þeir hafa ekki haft hugmynd um það, hvort búið væri að afgreiða þetta eða hitt málið í meiri hl. n. eða n. allri. Þar hefur alls konar ruglingur átt sér stað, og það gefur kannske skýrari og betri mynd af því hvert hugarfar ríkir hjá sumum meirihlutamönnum í fjvn., þannig að þetta skeyti beinist frekar að einhverjum úr þeirra hópi en að þeim stjórnarandstæðingum þar.

Það hefur komið hér fram, að á því, sem nú er lagt til að afgreiða, er um að ræða 123 millj. kr. hækkun á ýmsum póstum. Það er talið að fjárlagafrv. muni hækka a. m. k. um 17 milljarða frá því það var lagt fram og til endanlegrar afgreiðslu, þannig að mér sýnist að þeir hv. meirihlutaþm. í fjvn. hafi fengið að ráða tiltölulega litlum hluta af því ráðstöfunarfé sem ráðstafa á á næsta ári úr ríkissjóði til hinna ýmsu málaflokka, þar hafi hæstv. ráðh. verið miklu drýgri og notað sér betur skömmtunarvaldið, því þeir ætla sér að öllum líkindum að ráða ráðstöfun á um 130—135 milljörðum, en hinir 8 þm. stjórnarliðsins í fjvn. eiga líklega að fá að ráða einhvers staðar á bilinu frá 500—1000 millj., þ. e. a. s. 8 þm. stjórnarliðsins af 42, þ. e. ráðh., ráðstafa 130 milljörðum, en hinir 34 stjórnarliðarnir, sem eftir eru, fá kannske að ráða hvað gert verður við 500—1000 millj. í mesta lagi. Þetta er orðið þingræðið á Íslandi! Þetta er orðið það þingræði sem nú er búið við undir stjórn hæstv. ríkisstj., og nær auðvitað ekki nokkurri átt að bjóða þm. að standa þannig að málum, og ég er alveg bit á því, að enginn hv. stjórnarþm. skuli hafa bein í nefi til þess að segja: hingað og ekki lengra. Mig óar við því, að það skuli vera svo komið hér á Alþ., að 8 þm., sem eru hæstv. ráðh., skuli ráða svo lögum og lofum hér í stofnuninni, að hinir 34, sem eftir eru af stjórnarliðinu, fá engu um breytt og láta sig hafa það. Ég held því, að það sé kominn tími til þess — og þó fyrr hefði verið — að hv. þm. almennt uggi að sér í þessum efnum og láti hvorki hæstv. ráðh., hverjir sem þeir eru og á hvaða tíma sem er, né embættismannakerfið í landinu, ríkisstofnanirnar, ráða lögum og lofum um það, hvað hér er verið að gera og hér er verið að ákvarða. Það er komið allt of mikið af slíku.

Eins og hér hefur komið fram, held ég að það sé naumast um það að ræða í raunveruleika að tala um þá afgreiðslu, sem hér er nú verið að leggja til að gerð verði á fjárlagafrv. við 2. umr. Ég skal því ekki hafa um það mál öllu fleiri orð. En ég vil fyrir mitt leyti mótmæla harðlega þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð, bæði af hálfu hæstv. ríkisstj. og einnig að það skuli líðast að ríkisstofnun skuli geta neitað þm. um upplýsingar, sem þeim ber skýlaus réttur til að fá.

Ég vil þó aðeins í áframhaldi af þessu vekja sérstaka athygli á einum þeim málaflokki, sem hér er nú lagt til að afgreiddur verði. Það eru hafnamálin. Í haust var útbýtt hér hafnaáætlun. Það plagg hefur legið hér án þess að það hafi verið rætt síðar. Með þeim till., sem hér liggja frammi um afgreiðslu á fjárveitingum til hafnarframkvæmda á næsta ári, er þessi fjögurra ára áætlun gerð gjörsamlega ómerk áður en hún kemur til umr. hér í þinginu, áður en hún er rædd. Það er ekki farið að ræða hana. Það er búið að ómerkja þetta plagg með tillöguflutningi af hálfu meiri hl. á Alþ. varðandi fjárveitingar á næsta ári. Auðvitað er óhæfa að standa þannig að málum, og ég tek fyllilega undir það sem hér kom fram áðan, að það fyrirheit hæstv. samgrh., sem gefið var á sínum tíma um auknar fjárveitingar til hinna almennu fiskihafna þegar lyki hinum miklu framkvæmdum í Grindavík og Þorlákshöfn, er gjörsamlega svikið, en þá var það loforð gefið, að þegar þeim framkvæmdum lyki skyldu verða auknar fjárveitingar til hinna almennu fiskihafna í landinu. Við þetta hefur á engan hátt verið staðið. Það þarf ekki að fjölyrða um það hér, hversu geysilega mikill þáttur það er í allri útgerð og fiskvinnslu að búa svo að fiskihöfnunum í landinu að þar geti átt sér stað eðlileg þróun, en það er síður en svo, að slíkt sé gert. Hér er því um niðurskurð að ræða á framkvæmdum í hafnamálum. Hið sama má segja um grunnskólamálin, sem nú er lagt til að

afgreiða, eins og hér hefur verið vikið að. Þar er hreinlega um niðurskurð að ræða.

En áður en ég lýk máli minu vil ég aðeins víkja hér að brtt. sem ég stend að. Það er í fyrsta lagi brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Kjartani Ólafssyni og Sighvati Björgvinssyni. Hún er við liðinn ferjubryggjur. Till. er um það, að inn komi nýr liður á eftir 9. lið, sem verði „Bæir, 10 millj." Hér er um það að ræða að lengja ferjubrygguna í Bæjum. Það hefur verið knúið á af heimamönnum á undanförnum árum að fá þetta framkvæmt, og þeir leggja mjög upp úr því, að í þetta verði ráðist. Raunar hefði þurft að gera þetta fyrr, en málum er þannig háttað, að það er orðið svo grunnt við bryggjuna að miklum vandkvæðum er bundið oft og tíðum að athafna sig með Djúpbátinn við bryggjuna. Á þessu ári voru framkvæmdar nokkrar viðgerðir á bryggjunni í Bæjum, en hér er sem sagt fyrst og fremst um það að ræða að lengja bryggjuna. Að sjálfsögðu þyrfti að gera þetta í einum áfanga, og er talið að 10 millj. kr. mundu nægja til þess að fullgera þetta í einum áfanga. Og um það snýst þessi brtt. Það þarf ekki að vekja á því athygli að hér er um að ræða geysilega mikla og nauðsynlega framkvæmd. Þó að hér sé ekki um háa fjárupphæð að ræða, þá kemur þessi framkvæmd að gagni geysilega stórum hluta bænda og öðrum í Inn-Djúpi, því þarna fara miklir flutningar með framleiðslu af þessu svæði og síðan aðdrætti alla frá Ísafirði. Ég vænti þess fastlega að þessi till. njóti stuðnings hér í þinginu. Ég á ekki von á því, að hún mæti neinni andstöðu, og vænti þess, að hún verði samþ.

Í öðru lagi er kannske rétt að bæta aðeins við það, sem áður hefur komið fram um brtt. á þskj. 160, þ. e. varðandi lið 16, Súðavík. Sá staður er ekki nýtt umfjöllunarefni hér á hv. Alþ. Það hafa a. m. . tvö undanfarin ár verið haldnar margar og kannske langar ræður um fjárveitingar til þess staðar. En í stuttu máli er um það að segja, að á þessu ári var hafin framkvæmd við byggingu á grjótgarði, sem þarna á að koma út frá landinu, og til þess veittar 22 millj. kr. á fjárl. Það er talið að framkvæmdakostnaður við þetta mannvirki á þessu ári nemi um 45 millj. kr. Þarna er um að ræða grjótgarð sem hefur náð rétt liðlega hálfri þeirri lengd sem honum er í raun og veru ætluð, og það gefur auga leið að afar óæskilegt er þó ekki sé meira sagt, að ætla sér að framkvæma ekkert við þetta mannvirki á árinu 1978, en eins og till. meiri hl. fjvn. nú eru, þá er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til framkvæmda í hafnarmálum í Súðavík á árinu 1978. Þessi till. okkar er um það, að í staðinn fyrir 6.5 millj. komi 30 millj. kr. fjárveiting og með því ætti að vera hægt að fara langt með það að ljúka þessu mannvirki, a. m. k. ætti að vera hægt að ganga frá því þannig að það lægi ekki undir skemmdum. En greinilegt er að verði skilið við mannvirkið eins og það er nú er fullkomin hætta á því, að það verði fyrir áföllum og skemmist að meira eða minna leyti. Um þetta er þessi till., og það þarf ekki að taka fram, ég veit að allir þm. Vestfjarða og vitamálastjóri hafa fengið um þetta hvatningu frá þeim Súðvíkingum nú. Þeir leggja á það höfuðáherslu að þarna fáist inn fjárveiting, veruleg fjárveiting til þess að halda þessu verki áfram, og ég vænti þess og raunar tel það víst að allir þm. Vestf. séu sammála um þetta og að þeir styðji málið með þeim hætti, að það nái fram að ganga við endanlega afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1978, þegar að henni kemur, með hvaða hætti sem að því verður staðið, þeirri lokaafgreiðslu fjárl. fyrir árið 1978.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í ræðu minni við 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 kom fram, að rík áhersla hefur verið á það lögð að hraða eftir föngum gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 sem hér er lögð fram, svo að hún gæti verið til yfirlits og athugunar sem nánast samhliða fjárlagafrv. Nokkur vandkvæði hafa þó verið á því að flýta áætluninni svo sem æskilegt hefði verið og um var rætt, þar sem annars vegar hefur verið kappkostað að vanda sem mest til verksins, ekki síst með því að áætlunin væri í sem mestu samræmi við fjárlagatillögur og tillögur ríkisstj. um fjáröflun með lántöku, og hins vegar tefur það áætlunina, að ákvarðanir um einstakar framkvæmdir og fjáröflun til þeirra hljóta ætíð að taka nokkurn tíma í meðferð ríkisstj. og nefnda. Þrátt fyrir þessar tafir hefur þó tekist að þessu sinni að kynna þingmönnum lánsfjáráætlun þegar við 2. umr. um fjárlagafrv. í stað 3. umr. eins og verið hefur tvö undanfarin ár.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 er þriðja árlega heildaráætlunin um lánastarfsemina í landinu sem ríkisstj. leggur fram á Alþingi. Í áætlunum þessum hafa verið settar fram hugmyndir og markmið um þróun í lánamálum í samræmi við efnahagsstefnu ríkisstj. Þótt lánsfjáráætlanir árin 1976 og 1977 hafi ekki gengið fram nákvæmlega, hafa þær gefið mjög gagnlegt yfirlit yfir starfsemi lánastofnana og auðveldað mjög stjórn lánamála og peningamála. Nokkuð hefur skort á að lánskjör og ýmis atriði önnur, sem áhrif hafa á lánahreyfingar, hafi verið ákveðin með samræmdum hætti, og jafnframt hafa möguleikar yfirvalda í peningamálum til að fylgja áætlunum eftir verið fremur takmarkaðir. Á þessu ári hefur hins vegar verið stigið stórt skref í samræmingu lánskjara og tekin upp virkari og sveigjanlegri vaxtastefna en fyrr. Lánsfjáráætlunin fyrir árið 1978, sem hér er lögð fram, og raunar öll peningastjórn ætti því að verða mun styrkari en áður. Við ýmis framkvæmdavandamál er þó enn að etja og verður áfram unnið að úrlausn þeirra í þeim tilgangi að efla stjórn peninga- og lánamála í landinu, svo sem óhjákvæmilegt er til þess að unnt sé að koma fram brýnustu markmiðum efnahagsstefnunnar næstu missiri.

Lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 er samin á vegum fjmrn. í samvinnu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Undirbúningsvinna að því er tekur til lánamála er að meginhluta unnin í hagfræðideild Seðlabankans. Efni um ríkisframkvæmdir og fjár-

öflun til þeirra er unnið í fjárlaga- og hagsýslustofnun. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða eru reistar á efni frá Framkvæmdastofnun ríkisins og Húsnæðismálastofnuninni. Áætlunin er reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar og spá Seðlabankans um þróun greiðslujafnaðar 1978, sem samdar voru í októbermánuði s. l.

Í skýrslunni er fyrst fjallað um meginatriði efnahagsstefnu ríkisstj. og almennar efnahagshorfur. Síðan er fjallað um meginniðurstöður lánsfjáráætlunarinnar fyrir lánamarkaðinn í heild og hvað varðar banka, fjárfestingarlánasjóði og lífeyrissjóði. Þá er gerð grein fyrir áætlun ríkisstj. um opinberar framkvæmdir, sem fjár er aflað til með lánum, svo og um áformaða erlenda lántöku. Loks er fjallað um fjármunamyndunarspá fyrir árið 1978. Í töfluviðauka er yfirlit yfir niðurstöður lánsfjáráætlunarinnar. Í heild gefur skýrslan yfirlit yfir uppruna og ráðstöfun lánsfjár 1976 og 1977 og skiptingu þess eftir lánþegum.

Ríkisstj. hefur lýst þeirri meginstefnu sinni í efnahagsmálum næsta árið að bægja verði frá hættunni á vaxandi viðskiptahalla og skuldasöfnun við útlönd og á aukinni verðbólgu, sem veikir stöðu atvinnuveganna og teflir þar með atvinnuöryggi í tvísýnu auk þess sem hún veldur margvíslegum öðrum efnahagsvanda. Að öllu óbreyttu er peningatekjum og þjóðarútgjöldum stefnt hærra en samrýmst getur jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Af þessum ástæðum er aðgerða þörf á sviði fjármála og lánamála, sem grein verður gerð fyrir í lagafrumvörpum þess efnis. Lagt verður fram á Alþ. frv. til laga um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir á sviði lánamála sem nauðsynlegar eru til þess að ná markmiðum lánsfjáráætlunarinnar á næsta ári.

Meginmarkmið þessarar lánsfjáráætlunar er að aukning heildarútlána á næsta ári verði ekki meiri en svo að samrýmst geti eftirfarandi viðmiðunum:

1) Verðbólguhraði og viðskiptahalli verði ekki meiri 1978 en 1977.
2) Hlutur innlends sparnaðar í fjármögnun framkvæmda og rekstrarlána verði aukinn svo að erlendar lántökur fari ekki fram úr afborgunum eldri lána, auk þeirrar eflingar gjaldeyrisstöðunnar, sem talin er nauðsynleg.
3) Þessu marki verði náð samtímis öruggri atvinnu.

Í samræmi við mat á núverandi stöðu og horfum í efnahagsmálum, sem fram kemur í þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunarinnar, er að því stefnt, að þjóðarútgjöld aukist ekki meira en um 4% á næsta ári eða um svipað hlutfall og þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur. Í þessu felst, að viðskiptahallinn við útlönd yrði ekki meiri en 1—2% af þjóðarframleiðslu eða svipaður og á árinu 1977. Síðustu tölur um utanríkisverslun á haustmánuðunum 1977 benda raunar til vaxandi viðskiptahalla. Þannig er fremur hætta á, að hallinn á viðskiptum við útlönd verði meiri á árinu 1977 en hér er spáð, fyrst og fremst vegna uppsöfnunar útflutningsbirgða, því talið er að útflutningsframleiðsla verði síst minni en spáð hefur verið, en útflutningur nokkru lægri á síðustu vikum. Miðað við þá kaupmáttaraukningu, sem að er stefnt á næsta ári með kjarasamningum í ár, og þau framkvæmdaáform, sem uppi eru í ýmsum greinum atvinnulífsins, er vexti þjóðarútgjalda þröngur stakkur skorinn með þessum markmiðum. Þó er í þjóðhagsspánni reiknað með að einkaneysla aukist um 6% á næsta ári og samneysla um 1—2%. Á hinn bóginn er reiknað með um 3% samdrætti í fjármunamyndun, sem er óhjákvæmilegt eigi endar að nást saman. Í þessum tölum hefur verið reiknað með áhrifum þeirra aðgerða sem fram koma í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum 1978, auk þeirra ráðstafana, sem lánsfjáráætlun þessi felur í sér. Frv. verður lagt fram á þinginu í dag eða í síðasta lagi á morgun. Samdrátturinn í fjármunamyndun kemur annars vegar fram í opinberum framkvæmdum, einkum vegna þess að enn dregur úr orkuframkvæmdum, en á móti mun vegagerð verða stóraukin. Á hinn bóginn mun innflutningur skipa og flugvéla verða mun minni en í ár. Í heild er þannig reiknað með 3—4% aukningu þjóðarútgjalda, og verður öll áhersla lögð á að halda útgjaldaaukningunni innan þessa ramma og innan líklegra vaxtarmarka þjóðarframleiðslu og þjóðartekna.

Framan af þessu ári dró talsvert úr verðhækkunum, en hraði verðbólgunnar hefur nú síðustu mánuðina farið vaxandi á ný í kjölfar kjarasamninganna. Þannig má telja að umsamdar kauphækkanir ásamt öðrum verðhækkunartilfellum hafi þegar ráðið gangi verðbreytinga fram á mitt næsta ár. Í forsendum þjóðhagsspár er reiknað með að unnt verði að halda verðbreytingum þannig í skefjum að þær verði ekki meiri að meðaltali 1978 en í ár, og er þá miðað við fyrirsjáanlega þróun fram til miðs næsta árs, en töluvert dragi úr síðari hluta ársins. Þessi forsenda þjóðhagsspárinnar felur þó þegar í sér að verulegu aðhaldi verði beitt á sviði opinberra fjármála, peningamála og verðlagsmála. Að vextir einkaneyslunnar óheftum og án sérstaks viðnáms í peninga- og lánsfjármálum stefnir hins vegar í örari verðhækkanir og meiri viðskiptahalla en þjóðhagsspáin sýnir. Í þjóðhagsspánni er miðað við að neysluvöruverð hækki um 31% að meðaltali 1978. Verðhækkun samneyslu er áætluð mun meiri, 42%, vegna hinna umtalsverðu launahækkana opinberra starfsmanna, en byggingarvísitala er talin hækka um 29% að meðaltali. Við þessar verðbreytingar er einnig miðað í lánsfjáráætluninni. Því miður er hættan sú, að þessar tölur séu fremur of lágar en of háar, og telur ríkisstj. því brýnt að beita öllum tiltækum ráðum gegn þeim mikla verðbólguþrýstingi sem nú einkennir þjóðarbúskapinn.

Á síðustu árum hafa fjárfestingarútgjöld verið stór og vaxandi hluti þjóðarútgjalda, enda hefur mikið verið fært í fang á flestum sviðum framkvæmda. Reynslan hér á landi virðist benda til að eðlilegt meðalhóf í fjárfestingu sé ekki yfir fjórðungi af þjóðartekjum, ef henni á að mæta með innlendum sparnaði. Nú síðustu árin hefur fjárfestingarhlutfallið hins vegar verið rösklega 30%, hæst 1974—1975 um 33—34%, en lækkaði í tæp 31% á síðasta ári, og spáð er frekari lækkun

1977 eða niður í rúmlega 27% af þjóðarframleiðslu. Vöxtur innlends sparnaðar hefur þó engan veginn haldist í hendur við þessa miklu aukningu fjármunamyndunar sem að verulegu leyti hefur því verið háð innflutningi fjármagns.

Samkvæmt fyrirliggjandi þjóðhagsspá 1978 er reiknað með að á næsta ári verði varið um 126 milljörðum króna til fjármunamyndunar í landinu. Er þá annars vegar gert ráð fyrir að verðlag fjármunamyndunarinnar verði um 28% hærra 1978 en 1977, og raunar er byggingarkostnaðurinn talinn hækka heldur meira, eða um 29%, en erlendi verðþátturinn nokkru minna. Hins vegar er reiknað með að raunvirði fjármunamyndunar verði um 3% lægra en á árinu 1977. Hér er því stefnt að enn lægri hlut fjárfestingar í þjóðarframleiðslu á næsta ári, eða um 26%, og er þessi stefna þáttur í þeirri viðleitni ríkisstj. að draga úr erlendri lántökuþörf og efla innlendan sparnað.

Meginástæða þess, að reiknað er með samdrætti í fjármunamyndun á árinu 1978, er að framkvæmdir við stórvirkjanir verði einungis röskur helmingur þess sem þær verða í ár, og gert er ráð fyrir að innflutningur skipa og flugvéla dragist saman um 39%. Í spánni er reiknað með að til Þjórsárvirkjana og Kröfluvirkjunar verði varið 5.2 milljörðum kr., en ætla má að í ár muni framkvæmdakostnaður við þessar virkjanir nema 7.6 milljörðum kr. Þá er reiknað með að innflutningur skipa og flugvéla nemi 8.4 milljörðum kr. 1978 í stað 11 milljarða í ár, en jafnframt er gert ráð fyrir að skip verði seld úr landi fyrir 1.8 milljarða kr. 1978 samanborið við 1 milljarð á þessu ári. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna að Grundartanga eru taldar munu vega upp að nokkru samdráttinn í stórframkvæmdum og sérstökum innflutningi fjárfestingarvöru, en heildarframkvæmdakostnaður við verksmiðjuna er áætlaður tæpir 8 milljarðar kr. 1978.

Fjármunamyndun önnur en með sérstökum framkvæmdum og kaupum skipa og flugvéla er talin aukast um 2½% á næsta ári. Fjármunamyndun atvinnuveganna í heild er á hinn bóginn talin munu dragast saman um tæplega 3%, fyrst og fremst vegna minni skipakaupa, en á móti vega framkvæmdirnar að Grundartanga. Að þeim frátöldum er reiknað með að fjármunamyndun atvinnuveganna verði um 11% minni 1978 en í ár. Íbúðabyggingar eru taldar aukast um 6% 1978.

Opinberar framkvæmdir eru loks taldar munu dragast saman um 9% á næsta ári eftir um 16% samdrátt 1977. Samdrátturinn verður einkum vegna nær þriðjungi minni framkvæmda við rafvirkjanir og rafveitur, en einnig er gert ráð fyrir að framkvæmdir við hita- og vatnsveitur verði heldur minni á næsta ári en 1977, samanborið við fimmtungsaukningu í ár.

Samgönguframkvæmdir verða hins vegar auknar að mun á árinu 1978. Eftir hina miklu vegagerð og brúarsmíði á árunum 1973 og 1974 hefur verið dregið úr þessum framkvæmdum á sama tíma og orkuframkvæmdirnar hafa verið í hámarki. Á næsta ári, er nokkurt hlé verður milli áfanga í virkjunarmálum, gefst hins vegar tækifæri til að auka samgönguframkvæmdir á ný. Er þá gert ráð fyrir að vegagerð og brúarsmíði verði aukin um 16—17%, en að samgönguframkvæmdir í heild aukist um 9%, en til þeirra teljast auk vegagerðarinnar framkvæmdir við götur og holræsi, hafnir og vita, flugvelli, síma og dreifikerfi hljóðvarps og sjónvarps. Er áformað að verja alls tæpum 15 milljörðum kr. til þessara framkvæmda á árinu 1978. Loks er reiknað með um 4% aukningu í opinberum byggingum.

Þessar spár um fjármunamyndun á árinu 1978 hafa eftir föngum verið gerðar í samræmi við fjárveitingatillögur fjárlagafrv. og lántökuáform. Þær tillögur og ákvarðanir, sem þar koma fram, gefa til kynna að í heild muni hreinar ríkisframkvæmdir dragast saman um 17% á árinu 1978, en að frátöldum meiri háttar virkjunarframkvæmdum muni þær aukast um 4—5%. Af einstökum þáttum þessara framkvæmda er reiknað með að raforkuframkvæmdir minnki um röskan þriðjung og nemi 9.4 milljörðum kr. samanborið við 11.5 milljarða í ár, framkvæmdir við samgöngumannvirki á vegum ríkisins eru taldar aukast um 16% og nema 7.9 milljörðum kr., samanborið við 5.3 milljarða á þessu ári. Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga eru taldar verða mjög svipaðar 1978 og í ár, og sama máli gegnir um framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna einna.

Að gefnum markmiðum ríkisstj. og horfunum fram undan í efnahagsmálum er ljóst, að lánsfjárframboð verður að takmarka við nauðsynlegustu framkvæmdir og brýnustu rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Einkum er brýnt að hafa hemil á peningaútstreymi úr Seðlabankanum og draga úr lántökum erlendis. Í lánsfjáráætlun þessari er gert ráð fyrir að erlendar lántökur verði takmarkaðar við 20 milljarða kr. á næsta ári og miðist við að mæta afborgunum erlendra lána og áætluðum viðskiptahalla, svo að ekki þurfi að koma til rýrnunar gjaldeyrisstöðunnar af þeim ástæðum. Hér eru erlendum lántökum settar þrengri skorður en í lánsfjáráætlun áranna 1976 og 1977, enda mjög brýnt að stöðva aukningu skulda út á við um sinn. Ráðgert er að þessu markmiði sé m. a. náð með því að taka ekki lán erlendis vegna fjárfestingarlánasjóða og draga úr erlendum lánum til opinberra framkvæmda, svo að erlend lán til þessara þarfa samanlögð eru að krónutölu aðeins helmingur af sambærilegri tölu í lánsfjáráætlun fyrir 1977.

Með lánsfjáráætlunum, sem fram hafa verið settar undanfarin ár, hefur ætíð verið stefnt að hóflegri aukningu á heildarframboði lánsfjár til þess að styðja viðleitni stjórnvalda til að draga úr viðskiptahalla við útlönd og áframhaldandi verðþenslu. Á hinn bóginn hefur einnig verið reynt að mæta lánsfjárþörf vegna nauðsynlegustu framkvæmda svo og rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Í fyrstu lánsfjáráætluninni, sem gerð var árið 1976, var stefnt að því að einkaaðilar fengju stærri skerf en áður af heildarframboði lánsfjár. Þetta stóðst aðeins að því marki, að einkaaðilar fengu svipað fjármagn og að var stefnt, en opinberir aðilar tóku til sín alla aukningu lánsfjár sem varð frá gerð áætlunar. Uppruni lánsfjárframboðs umfram lánsfjáráætlun 1976 var mestur í bankakerfinu og stafaði af

auknu ráðstöfunarfé innlánsstofnana svo og stöðu ríkissjóðs við Seðlabanka, sem varð mun lakari en að var stefnt, enda þótt greiðsluafkoma batnaði mjög frá árinu áður. Að öðru leyti má segja, að lánastarfsemin hafi í stórum dráttum fylgt þeim línum sem lagðar voru í áætluninni.

Of snemmt er að leggja lokamat á lánsfjáráætlun 1977. Þó er ljóst að á lánsfjármarkaðnum er nú mun meira fjármagn, bæði af innlendum og erlendum uppruna, en að var stefnt. Lánanotkun opinberra aðila verður langt umfram sett mark, því að verðbréfaútgáfa innanlands verður um 800 millj. kr. meiri en í upphaflegri áætlun, og greiðsluafkoma ríkissjóðs mun ekki gera kleift að endurgreiða Seðlabanka jafnmikið af eldri lánum og til stóð. Þá hafa einkaaðilar tekið meira af erlendum lánum en við var búist, jafnframt því að endurkaup Seðlabankans hafa aukist nær tvöfalt á við það sem gert var ráð fyrir í áætlun.

Snúast verður gegn þessum merkjum um jafnvægisleysi í lánamálum með ákveðnum hætti. Vaxtahækkunin á þessu ári er liður í þeirri viðleitni og lánsfjáráætlunin fyrir 1978 fylgir henni eftir.

Megineinkenni lánsfjáráætlunar 1978 eru annars vegar samdráttur erlendra fjárfestingarlána og rýmri mörk um útlán bankakerfisins en viðurkennd voru í fyrri lánsfjáráætlunum vegna rekstrarfjárþarfar atvinnuveganna. Byggist þetta á þeim forsendum, að nokkuð dragi úr fjármunamyndun og að innlendur sparnaður renni í auknum mæli til lánakerfisins. Gert er ráð fyrir samdrætti í lánum til opinberra aðila og atvinnuvegirnir hafi því greiðari aðgang að innlendu lánsfé. Nettóaukning lána er áætluð um 64 milljarðar kr. á næsta ári, sem er 11% hærri fjárhæð en spáð var fyrir 1977, þar af er áætlað að einkaaðilar fái 59 milljarða kr., eða 43% hækkun, og opinberir aðilar 5 milljarða kr., sem er einungis tæpur þriðjungur þess lánsfjár, sem til þeirra þarfa fellur á árinu 1977.

Helstu niðurstöður lánsfjáráætlunar hvað varðar einstaka hluta lánakerfisins má setja fram í fáum orðum. Hvað bankakerfið áhrærir er stefnt að því að bæta gjaldeyrisstöðu og lausafjárstöðu innlánsstofnana, einkum með því að dregið verði úr útlánsaukningu bankanna. Útlán innlánsstofnana aukast sennilega um röskan þriðjung á þessu ári, og er það mun meira en að var stefnt í lánsfjáráætlun 1977.

Stefnt er að því, að á næsta ári verði útlánaaukning innlánsstofnana heldur minni en almennar verðlagshækkanir. Þá er áætlað, að skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann lækki, en á hinn bóginn er búist við jafnmikilli innstæðulækkun sjóða í opinberri vörslu. Niðurstaðan verður sú, að innlendir liðir bankakerfisins í heild aukast um 30%. Þetta er meiri vöxtur en venjulega er sýndur í áætlunum um peningamál, en þar sem áætlað er að þjóðarframleiðslan aukist um 4% og almennt verðlag hækki um meira en 30% er hér í reynd um verulega aðhaldssemi að ræða sem stuðlað gæti að bættum viðskiptajöfnuði við útlönd. Raskist jafnvægi á peningamarkaðinum, t. d. þannig að sparnaður einkaaðila eða opinberra aðila verði minni en nú er búist við, verður nauðsynlegt að endurskoða stefnuna í útlánamálum.

Útlán fjárfestingarlánasjóða eru talin munu aukast um röskan þriðjung á þessu ári, sem er mun meiri aukning en að var stefnt í síðustu lánsfjáráætlun. Á næsta ári er hins vegar gert ráð fyrir að útlán aukist um rösklega fimmtung eða um 22%, þegar á heildina er litið. Útlánaaukning íbúðarlánasjóða er hins vegar áætluð nokkru meiri, eða um 27%. Útlánaaukningin er hins vegar áætluð mun minni, eða um 19%.

Við setningu útlánamarkmiða fjárfestingarlánasjóða á næsta ári er byggt á spá um fjármunamyndun og verðbreytingu hennar sem felld er í ramma þjóðhagsspárinnar. Aðhald að lánveitingum og annarri fjármögnun innan þessa ramma er algjört skilyrði þess, að ekki verði meiri halli á þjóðarbúinu út á við en spáin gerir ráð fyrir.

Ég hef lokið grg. fyrir þeirri lánsfjáráætlun sem nú hefur verið lögð fram við 2. umr. fjárlaga.

Þær umr., sem hér hafa farið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar, gefa mér tækifæri til þess að víkja að þeim vinnubrögðum, sem hún hefur gert að umræðuefni sérstaklega. Ég held að það, sem fram hefur komið hjá þeim hv. stjórnarandstæðingum, sé í raun og veru af þeirra hálfu meira sjónarspil heldur en að því fylgi nokkur alvara. A. m. k. getur ekki verið um að ræða mikla alvöru hjá 11. landsk. þm., fyrrv. form. fjvn., sem lengi hefur setið á Alþ., átt sæti í fjvn. og verið form. hennar um þriggja ára skeið og tekið þátt í afgreiðslu fjárlaga hér um langan tíma og haft forustu á meðan hann var form. fjvn.

Ég held að upplýsingastreymi til fjvn. og þm. nú sé töluvert meira en það hefur verið áður. Lánsfjáráætlun hefur aldrei verið samin fyrir Alþ. fyrr en í tíð núv. ríkisstj., og eins og ég gat um hér áðan, þá er hér um að ræða þá hina þriðju sem lögð er fram. Það er að sjálfsögðu hægt að gagnrýna það, að hún skuli ekki vera komin fram fyrr en við 2. umr. fjárlaga, en þeir aðilar, sem ekki stóðu að neinni lánsfjárætlun, hafa varla efni á því að gagnrýna þegar þó nú er meiri hraði á afgreiðslu mála í sambandi við lánsfjáráætlun heldur en áður og okkur tekst að hafa hana til umr. hér við 2. umr. fjárl. Og það var ekki svo, að hv. fjvn.-mönnum og forustumönnum stjórnarandstöðunnar hafi ekki verið kynnt málið, því ég gerði ráðstafanir í síðari hluta seinustu viku til þess að þeir fengju lánsfjáráætlunina, eins og hún þá var, til skoðunar þannig að þeir hefðu fullt tækifæri til þess að ræða efni hennar við þessa umr., enda þótt hún yrði ekki lögð fram fyrr.

Sú tylliástæða minni hluta fjvn. að leggja ekki fram nál. er algjörlega út í hött. Vinnubrögð fjvn. hafa verið með svipuðum hætti og áður, og 2. umr. fer fram á svipuðum tíma og áður. Það hefur ekki verið venja í fjvn. Alþ., að fyrir 2. umr. hafi verið tekin til endurskoðunar tekjuhlið fjárl. og breyttar verðlagsforsendur sem frv. hefur verið byggt á. Það hefur verið gert á milli 2. og 3. umr. Þess var þó óskað nú, að framkvæmdastjóri Þjóðhagsstofnunar kæmi á fund n. og gerði henni grein fyrir

þeirri endurskoðun, sem fram fer hjá Þjóðhagsstofnun á þessu máli. Hann varð við því að sjálfsögðu og gerði aðilum grein fyrir þessum málum þar. Það hefur öllum verið ljóst, að ekki nema hluti útgjalda vegna launa á árinu 1978 var í útgjaldahlið fjárlagafrv., og ég hef látið það frá mér fara í ræðu og í viðtölum, þannig að öllum þm. hefur verið ljóst hver vandi ríkissjóðs væri vegna þeirra samninga sem gerðir voru nú fyrir nokkrum vikum. Breyttar forsendur frv. bæta að sjálfsögðu við upphæðum í sambandi við útgjöld frv., og það eru þær breytingar sem vanalega koma á milli 2. og 3. umr.

Í lánsfjáráætluninni er hægt að sjá hverjar þessar breyttu forsendur eru, og í lánsfjáráætluninni eru þm. kynnt í fyrsta skipti fyrir 2. umr. þau áform sem ríkisstj. hefur í sambandi við opinberar framkvæmdir og alla fjármunamyndun í landinu á næsta ári. Það er þess vegna algjörlega ástæðulaust að koma við þessa umr. og lýsa því yfir, að vinnubrögðin séu með endemum. Þau hafa aldrei verið eins á Alþingi Íslendinga.

Mig langar í þessu sambandi til þess að rifja upp afgreiðslu fjárlaga í tíð fyrrv. ríkisstj. undir forustu hv. 11. landsk. þm. sem form. fjvn. Menn minnast ársins 1974 í þeim efnum, sem er metár, eins og ég hef áður sagt, þegar borið er saman frávik ríkisreiknings frá fjárlögum. Fjárlög, sem eru upp á 29 milljarða, verða í lokin 41 milljarður þegar ríkisreikningnum er skilað. Og hvernig var þá unnið að þessu fjárlagafrv. og afgreiðslu þessara fjárl.? Jú, þá kom hér upp í ræðustólinn þáv. form. fjvn. og sagði að tekin hefði verið ákvörðun um það, að niðurgreiðslur skyldu lækka, og talan í fjárlagafrv. lækkuð úr 1800 millj. ofan í 1400 millj. eða þar um bil. Hver varð svo reyndin? Ríkisreikningurinn sýnir hins vegar niðurgreiðslur upp á hátt á fjórða milljarð, einfaldlega vegna þess að þeim aðilum, sem stóðu hér í ræðustólnum þá fyrir hönd fjvn. og lögðu til afgreiðslu á fjárlagafrv., var ekki ljóst hvernig vandann skyldi leysa þegar fram á árið kæmi. Og menn muna fjárlagaafgreiðsluna fyrir árið 1972, þegar hér eru afgreidd fjárl. án þess að lög um tekjuöflun hafi verið samþ. Það var einsdæmi í sögu Alþingis. Það eru samþ. fjárl. fyrir árið 1972 og sagt: Við ætlum svo að breyta skattalögunum þegar kemur á útmánuðina til þess að tryggja þessar tekjur. — Hverjir voru þá rígbundnir? Var ekki verið að lýsa því yfir af þáv. stjórnarflokkum að þm. þeirra skyldu samþ. tekjuöflunarfrv. skv. þeim fjárl. sem þá höfðu verið samþ.? Og hver stóð að þessari fjárlagaafgreiðslu annar en hv. 11. landsk. þm., form. fjvn., og hv. 5. þm. Vestf., sem þá var nýr hér á þingi og kannske óvanur vinnubrögðum? Hann lét þá hafa sig til þess að samþ. fjárl. og standa að fjárl. þar sem tekjuhliðin var ekki byggð á lögum. Það er auðvelt fyrir þessa ágætu þm. að koma hér upp nú og gagnrýna þegar búið er að vinna að þessum málum á undanförnum árum með þeim hætti, að lánsfjáráætlun liggur hér frammi, er hér til umr. og stjórnarandstöðunni hefur verið kynnt þetta mál. Þá er talað um ráðleysi og menn viti ekki hvernig þeir hugsi sér að leysa þann vanda sem við blasir.

Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þær ræður sem þessir hv. þm. fluttu. Þeir kvörtuðu hins vegar mjög yfir því, að upplýsingaleysi hefði valdið því, að þeir hefðu ekki getað skilað nál. Þá vantaði eitthvað frá ríkisstj. til þess að geta skrifað nál. sitt. Það næsta, sem maður á kannske von á, er að maður verði beðinn um að skrifa nál. fyrir þá, til þess að þeir geti komið því fram. Ég hugsa að það væri það skynsamlegasta sem gert yrði.

Hér var vikið að því af einum hv. stjórnarandstæðingi, 8. landsk. þm., að hann hefði lesið í blaði um ráðstafanirnar sem ríkisstj. ætlaði að gera, og hann nefndi Dagblaðið. En ég sá þegar ég fletti Alþýðublaðinu, málgagni þessa hv. þm., að það var verið að segja frá einhverju slíku í því blaði. Hvaðan skyldu þeir hafa fengið upplýsingar í sambandi við þessar ráðstafanir? Hann hafði ekki lesið Alþýðublaðið. Nei, nei, Hann hafði lesið Dagblaðið. Nema hann hafi ekki viljað segja frá því að hann hafi lesið Alþýðublaðið. Vel má vera að það hafi verið ástæðan.

Það er öllum hv. þm. ljóst, að það hefur verið unnið að því af hálfu ríkisstj. og hennar stuðningsflokka hvernig vandamál þau, sem við eigum við að glíma, skuli leyst. Og það hefur enginn maður farið í grafgötur með það, að þær hugmyndir, sem upp hafa komið, hafa verið ræddar í ríkisstj., í þingflokkunum, og menn hafa reynt að gera þær þannig úr garði sem allra fyrst, að hægt væri að leggja þau frv. fyrir þingið og umfram allt að lagabálkarnir, sem tekjurnar eiga að byggjast á, séu samþ. áður en fjárl. verða samþ.

Hins vegar gerði ég það í dag, — það átti að gerast í gær, — þá sendi ég alþm. sem trúnaðarmál — en að sjálfsögðu verður það ekki eftir þessa ræðu mína — nokkrar aths. um endurskoðun frv. til fjárl. fyrir árið 1978 þar sem gerð er grein fyrir fjárlagavandanum. Ég tel rétt skv. mjög góðri ábendingu að víkja að þessu hér, þannig að þær umr., sem hér eiga sjálfsagt eftir að halda áfram, geti að einhverju leyti snúist um það sem fjmrh. hefur sagt um hugmyndirnar, til þess að menn þurfi ekki að koma hér upp með stóran stafla af blöðum og lesa um eitthvað sem þar stendur, hvort sem það er rétt eða rangt.

Nýgerðir kjarasamningar við opinbera starfsmenn og síðustu spár um verðlagsþróun á næsta ári hafa í för með sér verulega hækkun ríkisútgjalda umfram áætlun fjárl. Að því er varðar verðbætur á laun var frv. eingöngu miðað við verðbætur frá 1. sept. s. l., og grunnkaupshækkun til opinberra starfsmanna varð meiri en reiknað hafði verið með í frv. og að einhverju leyti meiri en samningar á almenna vinnumarkaðnum höfðu verið. Í ljósi þessara viðhorfa þarf því að endurskoða bæði gjalda- og tekjuhlið frv. Við þessa endurskoðun og við gerð lánsfjáráætlunar, sem ég hef nú gert grein fyrir, er miðað við 30% almenna hækkun verðlags á næsta ári, þó rúmlega 42% hækkun á verðlagi samneysluútgjalda.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlar að hækkun ríkisútgjalda til samræmis við þessar breyttu

horfur muni verða um 18.3 milljarða kr. frá fjárlagafrv., þ. e. 13.1 milljarður á launalið og 3.9 milljarðar á útgjöldum almannatrygginga sem fylgja launum að miklu leyti. Hækkun á öðrum liðum er talin 1.3 milljarðar, þ. e. 500 millj. kr. vegna ullarmilligreiðslu og tæplega 500 millj. kr. hækkun markaðra tekjustofna til samræmis við væntanlega nýja tekjuáætlun.

Þjóðhagsstofnun vinnur nú að endurskoðun tekjuáætlunar 1978 í ljósi nýjustu vitneskju um innheimtar ríkistekjur 1977 og nýrrar þjóðhagsspár fyrir næsta ár sem fram kemur í lánsfjáráætluninni. Þessu verki er ekki lokið, en fjvn., eins og ég sagði áðan, var gerð grein fyrir bráðabirgðaniðurstöðum s. l. laugardag. Innheimta ríkistekna verður að líkindum á árinu 1977 svipuð og spáð var í fjárlagafrv. í haust eða um 96.5 milljarða, þó fremur undir þeirri fjárhæð en yfir. Á þessum grunni og með breyttum verðlagsforsendum fyrir næsta ár, en hins vegar áfram miðað við 4% aukningu þjóðarútgjalda 1978, fæst sú niðurstaða, að innheimtar ríkistekjur verði á næsta ári 10.7 milljörðum meiri en áætlað er í fjárlagafrv. Í þessari áætlun er reiknað með því, að skattvísitalan verði óbreytt 131 stig, þótt hækkun meðaltekna verði líklega um 42% á milli áranna 1976 og 1977. Þetta hefur í för með sér hækkun tekjuskatts um 300 millj. kr. umfram áætlun fjárlagafrv. Auk þess er reiknað með að tekjur af eignarskatti verði um 300 millj. kr. meiri en áætlað er í frv., þar eð hækkun fasteignamats mun yfirleitt verða á bilinu 30—35% í stað 30% í fyrri áætlun. Áformað er að hækka skattskyldumörk til eignarskatts um 33%, líklega með því að bæta því ákvæði inn í frv. til staðfestingar á brbl. um tekju- og eignarskatt sem nú er til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. Ed.

Til þess að staðfesta forsendur tekjuáætlunar þarf enn fremur að flytja frv. um framlengingu gildistíma 18% vörugjaldsins, auk frv. um innheimtu gjalda með venjulegum viðauka eða um stimpilgjald og aukatekjur ríkissjóðs til staðfestingar á nýjum gjaldskrám. Annaðhvort frv. verður að samþ. fyrir jólaleyfi, og hafa fjh.- og viðskn. beggja deilda haft málið til meðferðar á fundum sínum nú í morgun. Að öðru leyti er búist við hækkun á gjöldum af innflutningi nálægt 3.7 milljörðum kr. og sköttum af seldum vörum og þjónustu nálægt 5 milljörðum. Hækkun á mörkuðum tekjustofnum er innan við 500 millj. kr., svo að hækkun almennra tekna verður líklega um 10.2 milljarðar kr. Endanlegar niðurstöður um tekjuáætlun munu liggja fyrir síðari hluta þessarar viku, og verður þá fjvn. að sjálfsögðu gerð grein fyrir endurskoðaðri tekjuáætlun og yfirfarnar þær forsendur sem hún byggist á, eins og venja hefur verið undanfarin ár.

Samkvæmt framansögðu er sá vandi, sem við er að glíma, um 7.6 milljarðar, og hann verður með einum eða öðrum hætti að leysa. Þar sem fjárlagafrv. í heild er til meðferðar munu till. um gjaldalækkun að sjálfsögðu verða ræddar og settar fram á þeim vettvangi, en aðrar fjármálaráðstafanir verða hins vegar settar fram sem lagafrv., og á ég von á því síðar á þessum fundi, ef hann dregst fram eftir kvöldi, ef ekki, þá verða þessi frv. lögð fram í þinginu á morgun. Meginefni þessara aðgerða er í sambandi við lækkun útgjalda sem nemur um 3 milljörðum 745 millj. Auk þess er gert ráð fyrir lækkun á framkvæmdafé Vegagerðar um 300 millj. frá því, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og þá tekjulækkun að sama skapi. Er gert ráð fyrir að hægt sé að draga úr launaútgjöldum ríkisins um 1700 millj. kr. og þá stefnt að því að dregið verði úr eftirvinnu og öðrum aukagreiðslum, en reynsla af greiðslum á líðandi ári bendir til þess, að þetta sé kleift. Þessari ákvörðun verður að sjálfsögðu að fylgja eftir með sérstökum ráðstöfunum og gerði ég grein fyrir þeim í ræðu minni við 1. umr. fjárl. að nokkru leyti.

Þá er ráðgert að lækka útgjöld vegna lyfja og sérfræðiþjónustu sjúkratrygginga um 500 millj. kr. með hækkun gjaldskrár, sem hefur ekki verið hækkuð frá því fyrir einu ári. Er henni ætlað að mæta auknum kostnaði í sambandi við sjúkratryggingarnar að einhverju leyti.

Síðan eru uppi till. um frestun á skuldagreiðslu til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um 200 millj. Framlag úr ríkissjóði til byggingar þjóðarbókhlöðu er lækkað, en þá jafnframt lántaka aukin um 35 millj. kr., þannig að framkvæmdafé lækkar um 50 millj. Framlag til ríkisfangelsa lækki um 25 millj. Þá eru útgjöld Landhelgisgæslu lækkuð um 150 millj. með því að hætta við fyrirhugaðan rekstur varðskipsins Alberts og að skipið verði selt. Útgjöld skv. sérstökum lögum er ætlað að lækka um 50 millj., og gert ráð fyrir að lækka framlag til Byggðasjóðs um 300 millj., en skv. endurskoðaðri áætlun um eigið fé sjóðsins er þessi lækkun framkvæmanleg innan gildandi lagaákvæða. Liðurinn Óviss útgjöld er lækkaður um 300 millj. og fyrri niðurgreiðsluáætlun um 200 millj. kr., þannig að niðurgreiðsluliðurinn hækkar sem nemur 300 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að lækka áætlun fjárlagafrv. um framræslu um 25 millj. kr. Gert er ráð fyrir lækkun á tillagi til jarðræktar um 5 millj. Þá er gert ráð fyrir lækkun framlags til Orkusjóðs um 100 millj. og gert ráð fyrir till. um lækkun rekstrarkostnaðar Orkustofnunar um 50 millj. Loks er gert ráð fyrir lækkun á ríkisframlagi til húsameistaraembættisins um 5 millj. vegna hækkaðra eigin tekna.

Af þessu má sjá að u. þ. b. helmingur þess vanda, sem við er að glíma, er leystur með lækkun útgjalda. Hins vegar er ljóst, að til þess að brúa bilið þarf með einum eða öðrum hætti að auka tekjur ríkissjóðs, og er gert ráð fyrir að þar sé um að ræða 3.4 milljarða, sem er m. a. fólgið í því, að sjúkragjald verði 2% í staðinn fyrir 1% skv. frv. sem hefur verið lagt fram. Þá verði lagt sérstakt jöfnunargjald á innflutning á sælgæti og brauðvörur, sem mun skila 300 millj. kr. í ríkissjóð. Þá er gert ráð fyrir að bensíngjald hækki um 7.50 kr. með sérstökum lögum, en í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir hærri upphæð. Eins og ég gat um er gert ráð fyrir 300 millj. kr. minna framkvæmdafé en frv. gerir ráð fyrir.

Þá er gert ráð fyrir að lagður verði á sérstakur skyldusparnaður, 10%, af tekjum umfram ákveðið mark, sem gefi um 1 milljarð inn á lána-

hreyfingareikning. Gert er ráð fyrir að tvöfalda flugvallargjald til utanlandsferða, sem gefi um 300 millj. kr. Heimild til álagningar gjalds á gjaldeyrisleyfi verði rýmkuð í 2% og henni beitt að fullu á ferðagjaldeyri, en að hálfu á flest annað, og það mun gefa rúmar 200 millj. kr.

Með þessu skortir eilítið á að náðst hafi jöfnuður í því dæmi sem ég gat um áðan, en nákvæmar niðurstöður fást ekki fyrr en við lok endurskoðunar á tekjuáætlun, sem fjvn. verður, eins og ég sagði áðan, gerð grein fyrir fyrir 3. umr. fjárlagafrv. og þá dæmið skoðað og með hvaða hætti verður eytt þeim halla sem á þessu dæmi er.

Varðandi lánsfjáráætlunina verður til þess að ná markmiðum hennar fram flutt frv. um lántökuheimildir og ríkisábyrgðarheimildir. Í því frv. er gert ráð fyrir að verði ákvæði þess efnis að lífeyrissjóðir ávaxti hluta af fé sínu í verðtryggðum skuldabréfum.

Ég hef nú lokið við að gera þm. grein fyrir því, hvernig ríkissjóðsdæmið stendur, í framhaldi af grg. með lánsfjáráætluninni og tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þau mál.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að nota þetta tækifæri til að fjalla almennt um fjárhag íslenska ríkisins, þó að þar séu æðimörg tilefni, sem vert væri að gera að umræðuefni. En mér þótti hæstv. fjmrh. tala mjög hraustlega, þegar hann minnti á umr. í sambandi við fjárlög ársins 1974. Þessi hæstv. ráðh. var þá þm. og hann flutti margar ræður um það, hvernig hægt væri að haga fjárl. ársins 1974. Hann sagði að þær upphæðir, sem væru í því frv., væru allt of háar, það ætti að skera þær niður. Hann hélt um það margar ræður og flutti um þetta margar till. Eg held að það væri ástæða til þess að hæstv. ráðh. læsi núna þessar ræður, sem hann flutti áður en fjárl. 1974 voru samþykkt, og igrundi eigin stöðu í ljósi þeirra orða, sem féllu frá honum þá, og þeirra till., sem hann bar fram þá.

Það eru gömul íslensk iþrótt að flá kött. Sú iþrótt var í því fólgin, að því er fróðir hafa sagt mér, að menn héngu neðan í bita á fótunum og áttu að fara úr öllum fötum án þess að detta niður af bitanum. Hæstv. ráðh. hefur stundað þessa iþrótt þau þrjú ár sem hann hefur verið fjmrh. Hann hefur hangið neðan í bita og hann hefur tínt af sér allar spjarir. Hann hefur hangið berstrípaður frammi fyrir okkur í þrjú ár. Og ég verð að segja eins og er, að mér rennur þetta til rifja. Mér rennur þetta að sjálfsögðu fyrst og fremst til rifja vegna þess, að stjórn fjármála á Íslandi hefur aldrei verið með slíkum endemum síðan Íslendingar fengu sjálfsstjórn í landi sínu. En mér rennur þetta einnig til rifja vegna hæstv. ráðh. Ég hef þekkt hann síðan hann var skemmtilegur strákur í Hafnarfirði endur fyrir löngu, og ég kann illa við að vita af honum hangandi berstrípuðum í þessum bita. Ég veit að hann mun losna af bitanum fljótlega, og þá veit ég að hann mun kappkosta að reyna að finna á sig einhverjar flíkur í stað allra þeirra sem hann hefur orðið að henda utan af sér undanfarin þrjú ár. En sem sagt, ég ætla ekki að tala almennt um þetta mál, heldur aðeins gera grein fyrir fáeinum brtt. sem ég flyt.

Á þskj. 150 eru nokkrar brtt. og ég minnist á þær í þeirri röð sem þær eru þar.

Þar er fyrst brtt., sem merkt er með rómverskum II, í sambandi við samskipti okkar og nágranna okkar í vestri, Grænlendinga. Um æðilangt skeið hefur verið upphæð á fjárl., annars vegar til að gera Grænlendingi kleift að stunda nám við Háskóla Íslands og hins vegar til að gera Íslendingi kleift að læra grænlensku. Þessi upphæð hefur verið að lækka að raungildi í þeirri óðaverðbólgu sem vaðið hefur yfir okkur, þannig að þessar upphæðir eru ekki lengur að neinu gagni. Þær hafa áður komið að gagni. Ég vil minna á það, að einn af kunnustu forustumönnum í stjórnmálalífi Grænlendinga, Moses Olsen, stundaði nám við Háskóla Íslands vegna þessa styrks, og ég tel að við eigum að rækja samskipti okkar við Grænlendinga myndarlega. Það hefur gerst að undanförnu sem betur fer, að samskipti Íslendinga og Grænlendinga hafa aukist, og það er ekki langt síðan stofnað var hér félag með góðri þátttöku til þess að tryggja tengsl Íslendinga og Grænlendinga.

Ég hef áður gert grein fyrir því hér, að ég tel ástandið á Grænlandi vera þess eðlis, að það sé smánarblettur á öllum Norðurlöndum. Ég ætla ekki að ítreka þær röksemdir mínar hér. En ég tel að okkur beri skylda til að halda sem bestum tengslum við Grænlendinga og þær litlu upphæðir, sem verið hafa á fjárl., haldi a. m. k. verðgildi sínu þannig að þær geti að einhverju leyti nýst. Þarna er ekki um háar upphæðir að ræða. Ég legg til að í þetta verkefni fari 2 millj. kr. og breytir það að sjálfsögðu engu um fjárlagadæmið, en ég vænti þess að alþm. vilji að við höldum tengslum við nágranna okkar í vestri.

Þriðji liðurinn í þessum till. mínum snertir Þjóðminjasafn Íslands. Ég hef áður gert grein fyrir því hér á þingi, að þann aldarfjórðung, sem Þjóðminjasafnið hefur verið starfandi, hefur ekki verið komið fyrir lyftu í byggingunni. Afleiðingin er sú, að sá mikli hluti Íslendinga, sem er fatlaður, hefur ekki átt þess neinn kost að koma inn í þessa byggingu, sem var gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín í tilefni af lýðveldisstofnuninni. Ég hef kannað, hvað svona lyfta muni kosta. Hún kostar ekki meira en um það bil 10 millj. Till. mín er um 20 millj., vegna þess að ég tel að breyta þurfi þarna aðstæðum þannig að fatlað fólk geti athafnað sig á eðlilegan hátt í byggingunni, m. a. breyta salernum og gera fleiri minni háttar breytingar. Þarna er ekki um stóra upphæð að ræða, en er mikið stórmál.

Við skulum gera okkur það ljóst, að fatlaðir eru fjölmennir. Það eru yfir 30 þús. fatlaðir menn á Íslandi, og það á að vera skylda okkar að ganga þannig frá þjóðfélagi okkar og stofnunum þess, að fatlað fólk geti athafnað sig þar til jafns við aðra. Ég þekki t. a. m. þennan vinnustað, sem við erum í. Hér hafa verið gerðar æðimargar breytingar síðan ég kom fyrst í þetta hús. En það hefur engin af þessum breytingum haft þann tilgang að gera fötluðum auð-

velt fyrir að vinna á þessum vinnustað. Þrjár tröppur eru upp að aðalinngangi hússins, en ekkert handrið. Ég segi fyrir mig, ég verð að vanda mig til þess að komast upp þessar tröppur. Og handrið aðalstigans frá hæðinni fyrir neðan og hingað upp er þannig, að það vantar æðimikið á að það *nái niður stigann*, það eru tvö þrep fyrir neðan handriðið. Maður, sem væri öllu verr fatlaður en ég, gæti ekki starfað hér á hinu háa Alþ. Þetta ástand er algerlega ósæmandi, og við verðum að taka okkur tak, Íslendingar, og ganga þannig frá þjóðfélagi okkar að á þessu sviði verði tryggt jafnrétti. Þetta er hægt að gera og þetta felur ekki í sér mikinn kostnað í sambandi við nýjar byggingar. Það er engin þörf á því að hafa þann hátt á, sem verið hefur hér á Íslandi, að hafa háar tröppur við öll hús. Arkitektar geta teiknað hús í samræmi við sjónarmið fatlaðra og þannig ber að standa að málum. Og ég tel að það færi vel á því, að Þjóðminjasafnið, gjöf Íslendinga til sjálfra sín, yrði þannig útbúið að fatlaðir hefðu tök á því að nýta þá menningarstarfsemi sem þar fer fram.

Í tölul. IV í till. ber ég fram till. um að framlag til þjónustudeildar Borgarspítalans í Reykjavík hækki úr 60 millj. í 155 millj. á næsta ári. Þetta er sú stofnun sem daglega gengur undir nafninu slysadeild. Þar hefur verið þannig ástatt um ákaflega langt árabil að vinnuaðstaða hefur verið algerlega herfileg, ekki síst um helgar, þegar drykkjusjúkt fólk þyrpist þangað inn til viðbótar venjulegum sjúklingum. Vinnuskilyrði þarna hafa verið til algerrar smánar, og ég vil benda á það, að slysadeildin er deild sem starfar fyrir landið allt. Verði menn fyrir alvarlegum slysum úti á landi er venjulega gripið til þess ráðs að reyna að flytja hinn slasaða hingað suður til Reykjavíkur til þess að láta annast hann á slysadeild Borgarspítalans. Þar eru framkvæmdir í gangi, en með þeirri fjárveitingu, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., er ekki gert ráð fyrir því, að þeim framkvæmdum ljúki á næsta ári, eins og hægt væri að gera. Þetta er stefna sem ég tel vera algerlega ranga. Það tíðkaðist hér áður fyrr að mylgra fjármunum í allar áttir og ljúka ekki neinu. Ég vil minna menn á það, að það gerðist einmitt hér í Reykjavík, að Borgarspítalinn var í smíðum á annan áratug og á sama tíma deildir við Landsspítalann og engu lokið. Við verðum að vera menn til þess að ræða verkefnum og ljúka hverju verkefni á sem allra skemmstum tíma. Það er herfileg meðferð á fjármunum að binda þá í steinsteypu sem ekki kemur að neinu gagni. Þessari framkvæmd við Borgarspítalann verður að ljúka á næsta ári og þessi till. mín er um það.

Í annan stað er ég með aðra till. varðandi heilbrigðismál, og það er að heilsugæslustöð verði undirbúin í Breiðholti og að til þess verði varið 20 millj. kr. að undirbúa þá framkvæmd. Ég minnist þess, að þegar ég tók við störfum sem heilbrrh. voru víða uppi mikil vandamál úti á landi í sambandi við læknaskort. Sem betur fór tókst að bæta talsvert úr þessu, m. a. með góðri samvinnu við lækna á heilbrigðisstofnunum hér í Reykjavík sem tóku að sér að sinna læknisstörfum úti á landi til skiptis, þar sem vandræði voru. En ég er ansi hræddur um að vandinn sé orðinn einna brýnastur og erfiðastur hér í Reykjavík. Það er þannig ástatt hér í Reykjavík, að fimmti hver Reykvíkingur hefur engan heimilislækni, og það er ákaflega *erfitt og alvarlegt ástand*. Úr þessu verður ekki bætt fyrr en búið er að koma hér upp heilsugæslustöðvum. Það hefur verið unnið að einni í Árbæjarhverfinu og í Breiðholtshverfi er brennandi nauðsyn að þetta verði gert.

Ég vil geta þess, að þessar till. og upphæðirnar, sem þar eru, eru ekki frá mér runnar. Ég fékk eins og aðrir þm. Reykjavíkur bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, Birgi Ísleifi Gunnarssyni, þar sem hann fór þess á leit að þm. Reykjavíkur beittu sér fyrir ýmsum verkefnum, þ. á m. þessum. Ég veit ekki betur en borgarstjórn Reykjavíkur standi einhuga að baki slíkum till. Þetta er að minni hyggju mjög mikið *stórmál*. Við skulum minnast þess, að heilsugæsla er mælikvarði á það, á hvaða stigi þjóð stendur félagslega. Við ákváðum fyrir nokkrum árum að gera stórátak í þessum efnum. Því miður hefur það enn sem komið er gengið of skrykkjótt, vegna þess að ekki hefur verið samin sú heildaráætlun um þróun heilbrigðismála sem gert er ráð fyrir og mælt fyrir um í gildandi lögum. Ég er hræddur um að ekki verði hægt að vinna skipulega að þessum málum fyrr en sú áætlun hefur verið gerð. En þessa áætlun verður að gera og við verðum að vera menn til þess, alþm., að vinna skipulega að þessum málum. Ég er hér að mæla fyrir till. sem komnar eru frá borgarstjórn Reykjavíkur í heild fyrir tilstilli borgarstjórans.

Á þskj. 160 er till. frá okkur 5. þm. um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans 1. flm. þessarar till. er hv. þm. Jóhann Hafstein og hann mun að sjálfsögðu mæla fyrir henni. Ég hef ekki neinn hug á að ota mér fram fyrir hann. En ég vil minna alþm. á að þarna er ekki aðeins um málavextina sjálfa að ræða. Þarna er um að ræða heiður Alþingis. Það var samþykkt einróma á hinu háa Alþ. á síðasta ári að lýsa yfir við ríkisstj. þeim vilja Alþ., að fjárveiting til sundlaugar við Grensásdeildina yrði á fjárl. ársins fyrir 1978. Þetta var einróma vilji Alþ. Ég spurðist fyrir um það í þingbyrjun í haust, hvort þetta væri á fjárl. Það gerðist þá, að hingað kom hópur af fötluðu fólki, margir tugir manna, til þess að hlusta á svör ráðh. Við þá umr. töluðu 5 hæstv. ráðh. og þeir lýstu því allir yfir, að þessi fjárveiting væri á fjárl. En engin slík fjárveiting er hér samkv. till. fjvn. Þar er gert ráð fyrir 3 millj. kr. til frumhönnunar. Þessi frumhönnun var framkvæmd fyrir einu ári af Reykjavíkurborg, það er búið að framkvæma hana. Í þessari till. virðist ekki felast annað en skuldaskil ríkissjóðs við Reykjavíkurborg, að ríkið borgi Reykjavíkurborg það sem Reykjavíkurborg hefur greitt til þess að hanna þessa sundlaug. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga að ríkissjóður standi í skilum fjárhagslega við Reykjavíkurborg og alla aðra aðila. En hér er ekki um það að ræða. Hér er um að ræða vanda fatlaðs fólks. Hér er um að ræða heilsu

og getu fatlaðs fólks til þess að athafna sig í þjóðfélaginu, og mér finnst að sómi Alþ. liggi við, að hvorki ráðh. né alþm. geri sig að minni mönnum með að svikja loforð gagnvart fötluðu fólki.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru nokkur orð sem ég vildi mæla fyrir brtt. sem við nokkrir þm. flytjum á þskj. 160, II. till. þar, en við erum flestir þeir sömu og fluttum þetta mál í fyrra, eins og þm. er kunnugt. Sverrir Bergmann kemur þarna inn sem varamaður. Hann á nú sæti í staðinn fyrir Einar Ágústsson utanrrh., sem var flm. málsins þá. Síðan eru það Magnús Kjartansson, Eggert G. Þorsteinsson og að lokum Albert Guðmundsson, sem einnig er borgarfulltrúi og borgarráðsmaður.

Hér þurfa auðvitað að koma til framlög bæði ríkis og bæjar. Um þetta atriði eru ekki lögbundin ákvæði enn þá, en ætti að geta orðið samkomulag um það. Ég átti í dag viðræður við borgarstjóra, sem sagði að það væri ekki framlag til sundlaugarinnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, sem kæmi fyrir einhvern næstu daga, en hún mundi ekki verða afgreidd að fullu fyrr en eftir áramót, sem er vafalaust vegna sambandsins við fjárl., og kemur þá einmitt til þess fyrir þann tíma að reyna að koma því áleiðis sem þarf.

Það hefur réttilega verið minnst á það af hv. 3. þm. Reykv., að forsaga þessa máls er mjög skuldbindandi fyrir þm. og líka reyndar ráðh., enda þótt fjvn. kunni að hafa sín rök fyrir brtt. sem hún hefur flutt, brtt. um þessa sundlaug, 3 millj. kr., sem er ekki nema lítill hluti af hönnunarkostnaði sundlaugarinnar. Í sjálfu sér hefur ekki enn þá farið fram tæknileg, endanleg hönnun á sundlauginni, en það lágu fyrir á s. l. vori áætlanir um aðallega tvær gerðir. Við skulum segja að kostnaðaráætlanir hafi verið eitthvað nálægt 200 millj. kr. Ef miðað væri við, að tæknilegur hönnunarkostnaður væri um 7% af því, þá mundi hann einn nálgast 14 millj. kr. En það er rétt sem sagt hefur verið, að málefnalega séð var þessari till. vísað til ríkisstj. eftir till. fjvn. í fyrra, en þar segir m. a., að þar sem ekki var komið neinni fjárveitingu inn á fjárl. fyrir 1977 líti fjvn. svo á, að í þáltill. þessari sé hreyft mikilsverðu nauðsynjamáli, sem athuga þurfi við undirbúning næstu fjárl., og fjvn. hafi orðið sammála um að leggja til, með þetta í huga að sjálfsögðu, að till. verði vísað til ríkisstj., og var það einróma gert.

Ég átti viðræður við aðila, sem um þessi mál fjalla, og hafði fulla ástæðu til að ætla að fjárframlög til sundlaugarinnar yrðu tekin inn á fjárl. 1978. En það kom til umr. hér, eins og menn muna, í byrjun þessa þings og þá var það álit bæði þm. og ráðh. að gert væri ráð fyrir fjárveitingu til þessarar sundlaugarbyggingar á vissum lið, sem til heilbrigðismála var ætlaður, og mundi fjvn. um það fjalla. Hún hefur að sjálfsögðu sín rök fyrir till. sinni, en hefur auðvitað aðstöðu til þess að athuga þau betur með hliðsjón af þeim miklu og ríku skuldbindingum sem ég tel að gagnvart mér og einnig gagnvart Alþ. og almenningi hafi legið fyrir um ærleg fjárframlög til þessa máls. Ég vil aðeins minna á það, að með hliðsjón af þessu lauk ég m. a. máli mínu um þetta mál fyrr í haust, þegar það var rætt, og sagði að ég teldi ekki að við þyrftum að lengja mikið umr. um þetta atriði, fjárframlög á fjárl. 1978, þar sem málið væri í höfn. En það verður náttúrlega ekki í höfn með svona framlagi, og þess vegna leggjum við til í þessari till. okkar, þessir þm. sem hana flytjum á þskj. 160, að veittar verði 50 millj. kr. á fjárl. til sundlaugarinnar.

Ég hygg að það mundi taka mjög litinn tíma að ljúka þeirri tæknilegu áætlunargerð, sem þarf að ganga endanlega frá, og þá muni fást úr því skorið, hver kostnaðurinn mundi verða, en nokkuð hefur hann verið dreginn í efa í þeim áætlunum sem þegar lágu fyrir, og þess vegna, ef reiknað væri einnig með framlagi frá Reykjavíkurborg á næsta ári, mundi að verulegu leyti vera hægt að byrja allmyndarlega á byggingu þessarar sundlaugar, hversu langt sem bygging hennar næði nú, sem ég þori ekki að fullyrða um á þessu stigi.

Endurhæfing fatlaðra manna hefur færst mjög í vöxt í heiminum. Það var einkum eftir síðustu heimsstyrjöld sem hún byrjaði í Ameríku t. d., og síðan held ég að það séu sárafáar borgir í Ameríku sem hafa ekki einhverja endurhæfingarmiðstöð innan sinna vébanda. Þetta hefur einnig breiðst út víða í Evrópu og einnig í Asíu og víðar og oft með hjálp þeirra frumherja í þessum málum sem voru í Bandaríkjunum eftir síðustu heimsstyrjöld. Við Íslendingar þurfum ekki mikið að skammast okkar, því að við vorum að vissu leyti komnir á undan þessum aðilum varðandi slíkar stöðvar, og á ég þar við Reykjalund, og ýmsar fleiri miðstöðvar til endurhæfingar og aðstöðu vil ég minna á, að eru mjög merkar fyrir okkur Íslendinga, sem einstaklingar hafa staðið að, bæði Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjörg og margir fleiri aðilar.

Það er að vísu rétt, að það er víða þörf í þessum efnum, en einhvers staðar verður að byrja og aldrei verður verkinu lokið ef hvergi verður byrjað. Mér fundust heldur leið orðaskipti, sem fóru fram um þetta í fyrra á opinberum vettvangi, að ekki væri komin nein sundlaug við Landsspítalann. En það mundi ekki spilla fyrir henni, að veitt yrði fé til sundlaugar við Borgarspítalann. Ég hef verið minntur á það af sumum, að ég hafi ekki látið byggja þessa sundlaug þar meðan ég var heilbrrh. En það vill nú svo einkennilega til, að það var enginn sem minnti mig á það, að það væri byrjað á að grafa fyrir sundlaug þar, og voru þó mörg verk varðandi Landsspítalann sem ég vann að sem heilbrrh., bæði í sambandi við geislastofnun þar eða sérstakt húsrými, sem byggt var vegna sérstakrar geislunar vegna krabbaveiki, og upphaf að kvensjúkdómadeild og annað slíkt og áframhald á byggingu Landsspítalans og stækkun Landsspítalalóðarinnar eins og kunnugt er. Enginn minntist þá á byggingu

sundlaugar við Landsspítalann (Gripið fram í.) Það var enginn sem minnti þig á þetta heldur. Þarna hafa auðvitað átt sér stað nokkur mistök. En ég álít að einmitt bygging við Grensásdeild, sundlaugarbygging til þess að gefa sjúklingunum, sem þar eru í endurhæfingu, möguleika á því að geta synt og æft sig í vatni, sem talið er mjög mikils virði bæði hér og annars staðar, muni aðeins verða til þess að ýta á eftir slíkum byggingum víðar og við Landsspítalann ekki síst.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál hér nú. En ég minni á það að lokum, að ég hafði sjálfur alveg fulla ástæðu til þess á s. l. vori að gera ráð fyrir því, að inn á fjárlög 1978 yrði tekið framlag til þessarar sundlaugar, og í byrjun þessa þings vorum við þm. látnir skilja svo, að það væri í raun og veru gert, því að það mundi vera á öðrum lið, sem var allstór, eitthvað á annan milljarð kr., til ýmiss konar heilbrigðismála.

Ég veit ekki hvort það er ástæða fyrir mig til þess að hafa fleiri orð um þetta. En ég minni á það, að bæði almenningur og þm. og þó sérstaklega fatlaðir menn, sem hér voru og fylgdust með þessum málum í haust, höfðu rökstudda ástæðu til þess að ætla að rösklega yrði frá því gengið að myndarlegt framlag kæmi frá ríkissjóði á fjárl. 1978 til þessarar sundlaugarbyggingar. Ég vil þess vegna mega vona að þetta mál geti þannig farið við afgreiðslu þessara fjárl., að betur rætist úr en horfir með þessari smáu till. frá fjvn. um 3 millj. kr. Þó að hún kunni að hafa haft einhverjar ástæður fyrir þeirri áætlun sinni vænti ég þess, að hún sé reiðubúin til að endurskoða það eitthvað áður en yfir lýkur og málinu megi koma það langt á veg á þessu ári með fjárframlögum frá ríki og bæ, að það sé sannmæli, sem ég sagði á sínum tíma í haust, að í raun og veru væri málið fjárhagslega komið í höfn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Þrátt fyrir allmargra ára veru mína hér á hv. Alþ. munu þskj. bera þess vitni, að ég hafi ekki tafið mikið umr. um fjárlög eða einstaka liði þeirra. Svo stendur þó á núna að ég tel rétt að segja hér örfá orð, ekki síst í framhaldi þeirra umr. sem fram hafa farið um sérstakan málaflokk, sérstök vandamál hóps manna í landinu sem lítt á þess kost að mæla fyrir sínum málum, og þar á ég við vandamál hinna lömuðu og fötluðu.

Við lok mænuveikifaraldursins fyrir um það bil 25—27 árum voru stofnuð samtök, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, hér í Reykjavík og í kjölfar þeirrar félagsstofnunar nokkur önnur félög sem hliðstæð verkefni höfðu með höndum, en það var að safna saman því fólki sem áhuga hefði á að leysa vanda þess fólks, sem í þessi veikindi hefði ratað, og aðstoða það við að fá þá læknis- og hjúkrunarmeðferð, sem nauðsynleg verður talin.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra átti á s. l. vetri 25 ára starfsafmæli og var þá lýst í fjölmiðlum mjög rækilega þeim afrekum sem unnin hafa verið með öllu því sjálfboðastarfi sem á vegum félagsins hefur verið unnið allt frá fyrrnefndum mænuveikifaraldri sem ég áðan nefndi. Hér hefur fyrst og fremst verið um það að ræða, að fórnfúsar hendur hafa lagt fram ómælda vinnu og fjármuni, og hefur það ekki farið eftir aldri manna, karla eða kvenna, verið allt frá barnahlutaveltum upp í það að samtökin hafa erft eignir gamals fólks sem kynni hafði haft af þessum sjúkdómi. Þetta hefur verið meginburðarásinn í fjáröflun þessara samtaka.

Eina viðurkenningin af hálfu hins opinbera á starfi þessa fólks hefur verið svonefnt eldspýtnagjald, sem lengi vel lék á 100—200 þús. kr., en var fyrir 4 árum endurskoðað með þeim árangri að það hefur gefið samtökunum í tekjur u. þ. b. 2 millj., eða 2.2 millj. á s. l. ári. Allir sjá, að með 50—60 milli. kr. veltu vegur þessi aðstoð hins opinbera ekki þungt. Enn þá er stuðst við sömu burðarása og í upphafi, þ. e. a. s. frjálst vinnuframlag og frjáls fjárframlög einstaklinga og félagasamtaka úti um bæ, og hefur þó mesti aflgjafinn verið svonefnt símahappdrætti.

Félagið barðist fyrir því að koma yfir starfsemi sína húseign. Þess ber að geta sem gert hefur verið, að s. l. 4 ár hefur Alþ. stutt afborganir af þessari húseign með 1 millj. kr. á fjárl. Þetta var hús að verðmæti um 20 millj. kr., sem jafnframt hefur verið barist við að reyna að halda. Þó að öll rök hnígi að því, að brýna nauðsyn beri til að stækka þetta húsnæði með viðbótarbyggingu, hefur þess ekki verið kostur á þessu 5 ára tímabili að hefja framkvæmdir vegna fjárskorts. Ég segi, að nauðsyn beri til að hefja framkvæmdir, og styð það með aðeins einni setningu: S. l. 7 ár hefur biðlistinn eftir sjúkrameðferð á endurhæfingarstöð félagsins að Háaleitisbraut 13 verið frá 120—190 manns, sem hafa orðið að bíða eftir meðferð misjafnlega langan tíma, vegna þess að reynt hefur verið að skjóta fram fyrir í röðina þeim sjúklingum sem brýnasta þörf hafa haft hverju sinni.

Við horfumst í þessu félagi í dag í augu við þá staðreynd, að komi ekki til veruleg tillitssemi og sannsýni af hálfu hins opinbera, þá muni innan örfárra mánaða þurfa það sama að koma yfir þessa starfsemi og henti Rauða kross Íslands. Eins og ég sagði áðan er starfsemi félagsins borin uppi af frjálsum framlögum einstaklinga, hundruðum og jafnvel þúsundum manna, í sambandi við happdrættið, en brátt fyrir þá mikilvægu aðstoð munum við horfast í augu við það að loka verður bessari endurhæfingarstöð líkt og Rauðakrossspítalanum sem fréttir hafa verið um þessa dagana. Það er ekki nægjanleg skýring á þessu efni, að við skuldaerfiðleika sé að etja, heldur hefur félagið átt við það andstreymi að etja að auki, að meðferðargjöld Tryggingastofnunar ríkisins hafa ekki fengist endurskoðuð nema á margra ára fresti. Af þessum sökum ber félagið og hefur um margra ára skeið borið skuldahala með skammtímalánum, sem allir vita í dag hve dýr eru og erfið, til þess að geta borgað nauðsynleg vinnulaun.

Í erindi félagsins til hv. fjvn. var farið fram á endurskoðun þessara liða. Þegar till. n. eru lagðar fram nú er ekki á þetta erindi minnst að einu eða neinu leyti eða að nokkur úrlausn

sé í sjónmáli. Þess var farið á leit við mig, að ég flytti ekki um þetta sérstakar brtt., a. m. k. fyrir 2. umr. málsins, og hef ég orðið við því. Aðalatriðið fyrir mér og þeim, sem að baki þessum till. standa, þ. e. a. s. Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, er að svo verði þarna úr bætt að félagið geti haldið áfram nauðsynlegri starfsemi. Ef ekki verður við því orðið, er slegið á útréttar hendur, sem hafa þarna lagt liðsinni, slegið á þær, og endurhæfingarstöðinni verður að loka.

Það hefur engin athugun farið fram á því, hvert hlutfall er á milli innanbæjarfólks og utanbæjar, sem þarna leitar lækninga. En óhætt er að fullyrða að þar muni nokkuð jafnt hlutfall, því að til stöðvarinnar er vísað sjúklingum til meðferðar nánast af öllu landinu, þannig að ekki ætti það að geta orðið bitbein manna á milli hér í sölum hv. Alþ. Hitt tel ég að öllum mætti ljóst vera, að þær 22—24 þús. meðferðir, sem sjúklingar hafa fengið þarna á hverju ári undanfarin ár, má ekki leggja niður, og jafnframt hitt, að öll þau frjálsu framlög, sem borið hafa starfsemi félagsins uppi á undanförnum árum, munu ekki fást — ég fullyrði það — munu ekki fást til borgar- eða ríkisrekstrar á þessari endurhæfingarstöð, þó að hið opinbera vildi nú taka við rekstri stöðvarinnar. Og ég efast um að meiri sparnaðar mundi gæta eða hagsýni í rekstri hennar við tilkomu opinbers rekstrar á þessum vettvangi. Það er því alveg einsýnt, að verði ekki af hálfu Alþ. tekið á þessu erindi félagsins svo sem nauðsynlegt er mun stöðin af sjálfu sér lokast.

Hér er ekki um neinar hótanir að ræða í garð eins eða neins. Okkur er ljóst að þær upphæðir, sem við förum fram á hvað viðbótarbygginguna snertir, sem er talin munu kosta um 21 millj., verða ekki fengnar í einum áfanga. Boðið er í erindi félagsins að taka þann styrk í þremur áföngum. Það er beðið um að þeir tveir liðir, sem á fjárl. hafa verið, verði hækkaðir, þ. e. a. s. að á eldspýtnagjaldið verði bætt sannanlegum verðlagsuppbótum s. l. 5 ár og sá 50 þús. kr. styrkur, sem er á fjárl. til endurvæðingar sjúkraþjálfara til sérnáms í leikskóla fatlaðra barna, verði fjórfaldaður eða lagður á hann a. m. k. nauðsynlegar verðlagsuppbætur s. l. 5 ár. Hér er orðið um upphæð að ræða sem er til skammar, svo að vægt sé að orði komist, því að hún mun vart duga fyrir fargjaldi til næstu nágrannalanda fyrir einn sjúkraþjálfara aðra leiðina.

Ég veit af fyrri veru minni í ríkisstj., að það er erfitt að skipta fjármunum sem naumir eru og fáir, og enginn vill mæla með hækkandi sköttum. En ég hygg, að á sama tíma sem við erum að tala um að leggja fram milljónatugi í laxastiga norður í landi, sem er mikið ágreiningsmál í sjálfu héraðinu þar sem laxastiginn á að koma, eða jafnvel það, sem mörgum mönnum þykir mikið verðmæti og er sjálfsagt eitt af framtíðarverkefnum þjóðarinnar, að talað er um hundruð millj. eða milljarða í bókhlöðu, þá sé erfitt að neita samtökum eins og þeim, sem hér er um að ræða, um áfangahækkanir vegna sinnuleysis hins opinbera eða beinna skulda frá undanförnum árum við samtökin.

Ég stend við það, að ég skal ekki flytja við þessa umr. sérstaka brtt. Verði þessu erindi ekkert sinnt milli 2. og 3. umr. hef ég í fyrsta lagi varað við afleiðingum þess, sem fram undan er, og sé mig þá til knúinn að leita eftir því, hverjir geta hugsað sér að taka þessa stöð og þá þjónustu, sem hún hefur veitt, úr umferð í heilbrigðisþjónustukerfi landsmanna.

Ég hygg að þarna sé alvarlegra mál á ferðinni en eitthvert uppsláttarmál fyrir einstaka alþm. eða mann.

Þessi orð eru í beinu framhaldi af því, og aðeins einn liður þess, sem 2 ræðumenn minntust á næst á undan mér og hafa verið að ræða, og ég tel að fáum tímum Alþ. hafi verið betur varið en þeim sem fara í að vekja athygli alþm. á vanda þessa fólks. Við, sem þekkjum vandann með einum eða öðrum hætti, ættu a. m. k. að telja það skyldu okkar að láta frá okkur heyra. Hinir eru nægjanlega margir, sem hafa ekki aðstöðu til þess. Ég treysti því einlæglega, að fjvn. líti þetta erindi mildum og sanngjörnum augum og það komi í ljós við till. n. fyrir 3. umr. málsins. Viðurkenning á samtökunum er góð og nauðsynleg, en Alþ. þarf að sýna þá viðurkenningu í verki.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. 2. umr. fjárl. fer fram nú við nokkuð sérstakar kringumstæður, þar sem minni hl. fjvn. hefur ekki skilað neinu nál. Ég hygg að það muni vera rétt sem hér hefur komið fram, að það hafi varla gerst áður. Það hefur komið fram hjá öllum þeim, sem skipa minni hl. í hv. fjvn., að þeir aðilar telja að ekki hafi legið fyrir nauðsynlegar upplýsingar til þess að í rauninni væri hægt að taka afstöðu til fjárlagaafgreiðslunnar að þessu sinni. Ég tel að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða sem óhjákvæmilega þurfi að staldra við og skoða nokkru nánar.

Það gefur auðvitað auga leið, að ekki er hægt að ganga út frá eðlilegri afgreiðslu á fjárl. nema fyrir liggi t. d. sæmilega góð grg. frá ríkisstj. um grundvallarbreytingar sem orðið hafa frá því að fjárlagafrv. var samið eða lagt fram og fram að afgreiðslutíma, varðandi t. d. breytingar á tekjuhlið og eins varðandi þýðingarmestu breytingar á útgjaldahlið. Mér sýnist af öllu því, sem komið hefur fram við þessar umr., að það sé ljóst mál, að nauðsynlegar upplýsingar um þessi atriði hafi verið fádæma seint á ferðinni. Mér sýnist t. d. að ef efni þess bréfs, sem dagsett er í gær og var nú í dag sent hv. alþm. sem trúnaðarmál, en hæstv. fjmrh. hefur nú lesið upp hér á þingi, ef efni þess hefði verið komið til fjvn. fyrir nokkrum dögum, 4, 5 eða 6 dögum, þá hefði sennilega ekki þurft að koma til þessa árekstrar. En hvað getur það verið í raun og veru sem hefur valdið því, að þessar upplýsingar, sem er að finna í þessu bréfi, lágu ekki fyrir? Það er alveg óskiljanlegt í rauninni að ekki hafi verið hægt að gera eðlilega grein fyrir því, við hverju mátti búast varðandi tekjuhlið frv., hvað hún gæti hækkað miðað við þá tekjustofna sem fjárlagafrv. er byggt á. Mér sýnist líka að það hefði átt að vera auðvelt í sjálfu sér fyrir hæstv. fjmrh. og ráðunauta hans að gefa einnig upp, hvað augljóst væri að hækka

þyrfti útgjaldahlið frv. vegna samninga og annarra ákvarðana sem búið var að taka fyrir alllöngu. Þessi atriði hefðu öll átt að geta legið fyrir. Þá hefði það einnig legið fyrir af sjálfu sér, að hér var um vanda að ræða varðandi afgreiðslu fjárlagafrv. sem var á milli 7 og 8 milljarða kr. Það virtist skorta tekjur sem því næmi eða lækka þyrfti útgjöld sem þessari fjárhæð næmi. Og ég get ekki séð annað en það hefði einnig átt að vera eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. væri búin að gera fjvn., sem hafði með afgreiðslu málsins að gera fyrir þingið, grein fyrir því í öllum aðalatriðum, hvernig hún hugsaði sér að bregðast við þessum vanda. Þetta hefur allt saman tafist, og mér sýnist að þetta blandist að nokkru leyti saman við þann ljóta sið, sem ég tel að hafi mjög ágerst í seinni tíð, ekki aðeins hjá þessari ríkisstj. heldur hjá fleirum, að gera minna og minna úr 2. umr. við afgreiðslu fjárl. og geyma sífellt stærri og stærri hluta sjálfrar fjárlagaafgreiðslunnar til 3. umr. Það tel ég í rauninni vítaverða aðferð, og ber að vara við henni og hverfa frá henni. Vissulega er ekki óeðlilegt, að nokkur hluti afgreiðslunnar geti dregist til 3. umr., eins og oft hefur átt sér stað, en öll meginafgreiðslan á vitanlega að liggja fyrir við 2. umr., svo að þm. geti tekið afstöðu til málsins á því stigi og markað afstöðu sína og flutt brtt. Síðan ætti 3. umr. aðeins að vera til minni háttar breytinga þar á eftir. En þessi aðferð, að draga jafnvel þýðingarmestu upplýsingar fram á síðustu stund, geyma sem mest af afgreiðslunni til 3. umr. og hafa hana síðan daginn áður eða svo að þing er leyst upp og þm. fara í jólaleyfi, þetta er í rauninni alveg fráleitt og endar með því, að þm. geta í rauninni ekki komið neinu af því fram, hvorki í umr. né á annan hátt, sem þeir vildu koma fram við afgreiðslu fjárl. Ég efast ekkert um að störf fjvn.-manna eru mikil — það þekki ég vel frá þeim tíma sem ég vann í fjvn. — og hafa þau eflaust aukist allverulega síðan ég átti sæti þar. En þau störf, sem þar eru unnin, eiga ekki að þurfa að hafa í rauninni nein áhrif á það, að hæstv. fjmrh. og ráðunautar hans geti tekið saman þessar grundvallarupplýsingar og látið þær liggja fyrir svo tímanlega að í rauninni sé hægt að standa með eðlilegum hætti að afgreiðslu málsins úr n. við 2. umr., og þá væri hægt að komast hjá slíkum árekstrum eins og þeim sem nú hafa komið upp.

Auk þess vil ég svo taka það fram, að ég tel að það sé orðið aðkallandi að staðið sé að fjárlagaafgreiðslu með öðrum hætti en gert hefur verið hér um alllanga hríð. Það er alveg augljóst, að ekki er hægt að einangra afgreiðslu fjárl. út af fyrir sig, þ. e. a. s. þau fjármál sem snerta ríkissjóðinn og fyrirtæki hans í þrengri merkingu, frá annarri fjármálaafgreiðslu í landinu. Og í rauninni er þetta viðurkennt með gerð lánsfjáráætlunar og þeirri grundvallarstefnumörkun, sem í henni felst. Ég tel að þær lánsfjáráætlanir, sem gerðar hafa verið þrjár í röð, fyrir árin 1976. 1977 og nú fyrir árið 1978, stefni í þessu tilfelli mjög í rétta átt og gefi mjög þýðingarmiklar upplýsingar um stöðuna í fjármálum almennt og móti stefnuna. Ég vil hins vegar segja, að það er rangt, sem hér hefur komið fram, að aldrei hafi verið gerðar svona áætlanir áður. Þær hafa að vísu ekki verið kallaðar lánsfjáráætlanir. Það var um alllangan tíma sem gerðar voru alveg hliðstæðar áætlanir með mjög góðum grg., en þær voru kallaðar framkvæmdaáætlanir og lánsfjáráætlanir. Þær voru gerðar. En lengi var það svo, að ekki þótti fært að leggja þessar áætlanir fyrir Alþ. og gefa Alþ. kost á að ræða þær fyrr en komið var nokkuð fram á vetur, fram í mars- eða aprílmánuð.

Menn hafa auðvitað séð það betur og betur, að það er alveg nauðsynlegt að afgreiða á sama tíma fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun og þá stefnumörkun sem þar er tekin í þýðingarmiklum framkvæmdamálum og fjárhagsmálum, því að það er auðvitað þannig, að stór hluti af framkvæmdum á vegum ríkisins og ríkisstofnana er að verulegu leyti fyrir utan hið þrönga fjárlagafrv., og kemur það að meira eða minna leyti inn í lánsfjáráætlun og þá heildarstefnumörkun sem þar er ákveðin. Því vil ég minnast á þetta, að þrátt fyrir þessar áætlanir, sem gerðar hafa verið og ég tel verulega til bóta, hefur alltaf farið svo, að það hefur ekki gefist neinn tími til þess hér á Alþ. að ræða þessi mál með eðlilegum hætti og í samhengi. Á s. l. ári eða þegar verið var að afgreiða fjárl. fyrir yfirstandandi ár, 1977, var lánsfjáráætlunin svo seint á ferðinni að það var með naumindum að hæstv. fjmrh. gat gert grein fyrir henni í örstuttu máli áður en þm. fóru í jólaleyfi, en engar umr. gátu farið fram um þetta þýðingarmikla plagg. Það var síðan ætlunin að taka upp umr. síðar um þá stefnu, sem fólst í lánsfjáráætluninni, en úr því varð aldrei. Það er rétt að lánsfjáráætlunin, þó að fundið hafi verið að því nú að hún hafi verið seint á ferðinni að þessu sinni, er þó ögn fyrr á ferðinni en síðast, og núna er þó nokkurt tækifæri til þess að ræða lánsfjáráætlunina og fjárlagafrv. samhliða, sem ég tel alveg nauðsynlegt. Satt að segja dreg ég það nokkuð í efa að allir hv. alþm., — eða a. m. k. finnst mér menn taka þessum málum svo létt hér á Alþ., — hafi gert sér grein fyrir því, hvað í rauninni felst í þessum lánsfjáráætlunum eins og þær eru upp settar nú, því að raunverulega er það svo, með þessum áætlunum er verið að taka ákvarðanir í fjármálum um gífurlega stór atriði sem varða öll fjármál ríkisins á öðrum sviðum en þeim sem beint snerta fjárlögin. Það er t. d. verið að marka stefnuna um það, hver skuli verða starfsemi allra helstu stofnfjársjóða í landinu á komandi ári. Það er verið að taka ákvörðun um það, hver geti orðið umsvif Fiskveiðasjóðs t. d. varðandi framkvæmdir í siávarútvegsmálum á komandi ári. Það er verið að taka ákvarðanir um það, hvaða fjárhagsmöguleika Stofnlánadeild landbúnaðarins eigi að hafa. Hið sama gildir að sjálfsögðu um iðnað og aðra stofnlánasjóði. Það er verið að marka stefnu hvernig skuli staðið að helstu stórframkvæmdum í landinu. Við vitum að fjárlagafrv. sem slíkt segir ekki nema að örlitlu leyti til um það, hvernig að þessum málum skuli staðið.

Því miður er það svo, að í þá lánsfjáráætlun, sem hér liggur fyrir nú, vantar enn þá allmikið af upplýsingum um mjög þýðingarmikil atriði varðandi þessi mál öll. Það kemur t. d. ekki

nægilega skýrt fram, hver verða í raun og veru öll umsvif eins stærsta fyrirtækis í landinu. Landsvirkjunar, þess mikla ríkisfyrirtækis. Það kemur að visu fram, hvað áætlað er að það fyrirtæki geti tekið mikið af lánum. En það kemur hins vegar ekki nægilega vel fram, hvorki í fjárlagafrv. né lánsfjáráætlun, hver heildarumsvif þessa fyrirtækis gætu orðið, ekki hliðstætt við ýmis önnur fyrirtæki. Það skortir líka á að í fjárlagafrv. séu gerð skil á eðlilegan hátt stóru ríkisfyrirtæki, sem orðið er þó að lögum, en það er Járnblendifélagið og sú framkvæmd sem það stendur fyrir. Það hefði auðvitað átt að taka inn í fyrirtækjakaflann í fjárlagafrv. Þó að þarna sé ekki hafinn formlegur rekstur, þá eru slíkar stofnframkvæmdir byrjaðar þar, að átt hefði að taka það fyrirtæki upp í þann kafla. Þessi fyrirtæki eiga ekki að liggja utan við þennan heildarramma.

Það er skoðun mín að í rauninni sé ekki hægt að standa eðlilega að afgreiðslu fjárlagafrv. eins og komið er án þess að mörkuð sé meginstefnan varðandi þjóðarbúskapinn í heild. Það er gert að talsverðu leyti í lánsfjáráætluninni, þó að það sé að mínum dómi ekki fullnægjandi.

Mig langar að víkja að nokkrum almennum atriðum, þrátt fyrir þá aðstöðu sem við höfum nú að þessu sinni, því að umr. um jafnþýðingarmikið mál og hér er á ferðinni verður að fara fram að kvöldi til og nóttu, þegar margir alþm. telja sér ekki skylt að sitja fund, — að ég tali nú ekki um sjálfa ráðh., sem telja þetta fyrir neðan virðingu sína líklega flestir, nema þá fjmrh. sem er skyldugur að vera við umr. eins og þessa. Ég álít að þetta hefði í raun og veru átt að verða ein aðalumr. á Alþ., sem hefði gjarnan átt að standa nokkra daga og á dagfundum, þar sem rætt væri um horfurnar í efnahagsmálum almennt séð og þau viðfangsefni, sem þar er við að glíma, og þá stefnu, sem er verið að móta, hvernig skuli mæta þessum viðfangsefnum. Ég veit að það er í rauninni ætlast til þess, að þessi umr. verði varla um annað en nokkrar smærri brtt. sem einstakir þm. flytja, menn tali fyrir þeim að formi til og svo sé þessu lokið. Mig langar samt til þess að víkja hér að nokkrum almennum atriðum, þótt ég skuli nú stytta mál mitt vegna þess hvernig allt er í pottinn búið.

Við stöndum frammi fyrir því, eins og þessi mál liggja fyrir í dag, að í fjárlagafrv., sem lagt var fram í þingbyrjun, í októbermánuði, var gert ráð fyrir að heildarútgjöld þess yrðu í kringum 124 milljarða. Sýnilegt er, miðað við þær upplýsingar sem liggja nú fyrir í dag, að heildarútgjöld frv. fara nokkuð yfir 140 milljarða. Síðustu fjárl. voru í kringum 89 milljarða, rétt tæpir 90 milljarðar. Fjárl. fara að þessu sinni augljóslega upp í 143 milljarða. Vel má vera að sú tala eigi enn eftir að hækka eitthvað. Það, sem liggur því fyrir, er að fjárl. hækka nú á milli ársins 1977 og ársins 1978 um ca. 54 milljarða eða rétt í kringum 60%. Þetta er ein sú mikilvæga staðreynd sem við stöndum frammi fyrir.

Svo kemur lánsfjáráætlunin. Hún segir okkur að gert sé ráð fyrir að í opinberar framkvæmdir eða ríkisframkvæmdir svonefndar fari rúmlega 10 milljarðar, eða um 10.5 milljarða verði að ræða í lántökur til þess að standa undir hreinum ríkisframkvæmdum til viðbótar við þetta. Þetta er aðeins hærri upphæð en var á síðustu lánsfjáráætlun. Breytingin verður aðeins sú, að nú er gert ráð fyrir heldur minna erlendu lánsfé í sambandi við þessar framkvæmdir en áður var en mun meira af innlendu lánsfé til framkvæmda.

Þessi áætlun segir okkur líka að við það sé miðað, að heildarfjárfestingin í landinu eigi að verða á næsta ári í kringum 126 milljarða kr., en muni reynast á þessu ári í kringum 101 milljarð. Þetta fór nú heldur betur fram úr áætlun síðustu lánsfjáráætlunar, því að þar var aðeins gert ráð fyrir 85 milljarða fjárfestingu, en fjárfestingin hefur orðið 101 milljarður á þessu ári. Okkur er líka sagt, og það er gerð sæmileg grein fyrir því í lánsfjáráætluninni, að reiknað sé með því, að þessar miklu stofnframkvæmdir upp á 126 milljarða, svona rétt aðeins undir því, sem fjárlagaútgjöldin öll verða, eigi að fjármagna að 96% af tekjum ársins, það eigi að taka þetta af framleiðsluverðmæti þjóðarinnar, af því að það er ekki gert ráð fyrir því, að við aukum að þessu leyti, nema sáralitið skuldir okkar við útlönd.

Það er býsna fróðlegt að gera sér grein fyrir því, í hvað þessi fjárfesting á að fara og í hvað hún hefur farið t. d. á þessu ári. Það er augljóst að nú eins og áður fer þessi mikla fjárfesting að langsamlega mestu leyti í svonefndar stórframkvæmdir. Þarna kemur Grundartangi til sögunnar á þessu ári, og er gert ráð fyrir að hann taki til sín 8 milljarða af þessu framkvæmdafé og hlutur hans hækki mjög verulega frá yfirstandandi ári. Það er einnig augljóst að áfram er haldið, vegna þeirrar stefnumótunar sem gerð hefur verið áður, að fjárfesta svo milljörðum skiptir í raforkuframkvæmdum, m. a. vegna Grundartanga og annarra stórframkvæmda. Auðvitað þyrftum við ekki núna að gera ráð fyrir stórfelldum útgjöldum sem tengjast Hrauneyjafossvirkjun, ef ekki hefði verið tekin um það ákvörðun að selja Járnblendifélaginu um það bil helminginn af allri orkunni frá Sigöldu eða í kringum 70 mw. Auðvitað þyrftum við ekki að halda áfram þessari fjárfestingu með því álagi sem þetta hefur í för með sér á heidarefnahagskerfið, ef ekki væru þessar ástæður.

Það er alveg augljóst, að við höfum verið að taka af okkar eigin aflafé gífurlega háar fjárhæðir á undanförnum árum og leggja m. a. í Kröflufframkvæmd, í línulagnir á milli landsfjórðunga, í miklar hitaveitufframkvæmdir og auðvitað síðast en ekki síst í stórvirkjanir eins og Sigöldu og nú Hrauneyjafossvirkjun. En það er rétt að menn geri sér grein fyrir því, að allt skapar þetta gífurlegt álag á efnahagskerfið og þungann af þessu verðum við að bera þangað til þessar framkvæmdir fara að skila einhverju teljandi í aðra hönd. Það hefur ekki einu sinni Sigalda gert hingað til. Hún hefur ekki skilað neinu teljandi í aðra hönd. Þar mætir maður aðeins á reikningum Landsvirkjunar nokkrum milljörðum í bein útgjöld vegna þeirrar framkvæmdar. Með þessum orðum er ég ekki að segja á neinn hátt að Sigalda eigi ekki eftir að leggja

nokkuð með sér í tekjum. Ég vona líka fyrir mitt leyti að Krafla eigi eftir að gera það, þótt síðar verði, og ég reikna líka með því, að þeir tímar komi að hinar miklu línur, byggðalínan á milli Suðurlands og Norðurlands og aðrar slíkar langlínur, eigi eftir að koma íslenskri þjóð að miklu gagni. En það er algerlega þýðingarlaust annað en gera sér grein fyrir því, að þessar miklu framkvæmdir taka til sín fé frá þjóðarbúinu í heild, valda okkur miklum efnahagslegum erfiðleikum á meðan þær skila litlum eða engum arði, og þetta er stór hluti af þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í okkar efnahagsmálum.

Hér er að sjálfsögðu ekki um einustu fjárfestingarnar að ræða, því að við fjárfestum mikið í öðrum greinum. En ég hef bent á það nokkrum sinnum og geri það enn einu sinni, að við höfum nú um skeið dregið mjög við okkur fjárfestingu í þeim atvinnugreinum þjóðarinnar sem þó standa undir öllu þjóðarbúinu enn í dag. Fjárfestingar okkar í sjávarútveginum í heild minnkuðu, jafnt í fiskveiðum sem fiskvinnslu, að magni til um hvorki meira né minna en 21% árið 1975 og um 17% árið 1976. Á þessu varð að vísu breyting á þessu ári með allmiklum skipakaupum, þannig að þá varð ekki á nýjan leik um samdrátt að ræða, eins og þó hafði verið spáð heldur var þá um nokkra aukningu að ræða. En nú er enn gert ráð fyrir því í þeirri lánsfjáráætlun, sem hér liggur fyrir, að um stórfelldan samdrátt verði að ræða, t. d. í sjávarútvegi okkar. Ég er ekki í neinum vafa um að þetta er ekki hyggilegt. Það er svo mikil þörf á því, að við getum gert betur en við gerum í rekstri sjávarútvegsins, svo að hann geti skilað meiri árangri en hann gerir í dag, að það er lífsnauðsynlegt að leggja áfram til fjármagn til að koma þessum umbótum fram. Og ég vil segja það enn einu sinni til viðbótar því sem ég hef sagt áður, að það leikur enginn minnsti vafi á því, að menn komast aldrei út úr þeim rekstrarlegu og efnahagslegu vandræðum, sem ganga yfir hér á suðvesturhorni landsins, á Reykjanessvæðinu og einnig á Snæfellsnesinu og víðar, án þess að lagt verði fram nýtt stofnfé, sem verði að vísu notað á hyggilegan hátt til þess að koma þarna fram nauðsynlegum umbótum.

Þær fjárfestingar, sem áttu sér stað í sambandi við breytingar á okkar fiskiskipaflota og aðallega hófust á árunum 1971 og 1972 og hafa síðan haldið áfram að meira eða minna leyti, það er lítill vandi að sanna mönnum með tölum að þær hafi skilað arði. — Þeim arði sem þjóðin lifir á í dag. Og það fé, sem gengið hefur til fjárfestingar t. d. í okkar fiskvinnslu, hefur sannanlega skilað arði í þjóðarbúið. Það er því gáleysislega að farið að mínum dómi, þegar sú stefna er mörkuð í fjárfestingarmálum og framkvæmdamálum, að ár eftir ár er stefnan sú, að við ætlum að draga saman fjárfestingu, þó að við sjáum að nauðsynlegt er að halda henni áfram, í þýðingarmestu framleiðslugreinum þjóðarinnar. En til þess að fá tölur til þess að líta þokkalega út, þá er t. d. járnblendiframkvæmdinni allri upp á 8 milljarða blandað saman við atvinnuvegina og sagt, með því að leggja þar 8000 millj. til viðbótar við það sem á að fara í fjárfestingu hjá atvinnuvegunum, að þetta sé ekki mjög mikill samdráttur, en þó nokkur. Samdrátturinn er gífurlega mikill, og menn munu ekki komast langt með þessari stefnu.

Þetta á ekki bara við sjávarútveginn. Nákvæmlega það sama kemur út úr dæminu bæði í sambandi við landbúnað og varðandi iðnaðinn. Hitt er svo annað mál, að vitanlega er alltaf mikill vandi að sjá svo um að því fjármagni sem veitt er til fjárfestingar, t. d. því fé, sem veitt er til fjárfestingar í landbúnaði, eða því fé, sem veitt er til fjárfestingar í okkar iðnaði, sé ráðstafað á þann hátt, að líklegt sé að það skili arði, það þýði aukna framleiðslu hjá okkur og aukin verðmæti í þjóðarbúið. En það er rétt að menn geri sér grein fyrir því, að með þeirri lánsfjáráætlun, sem hér liggur fyrir, er verið að taka ákvörðun um að bæta einu árinu enn við og halda áfram að draga saman í fjárfestingunni í undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar. Og áfram þokast í þá átt að leggja fram fjármagn í stórframkvæmdir, ýmist beint í verksmiðjubyggingu eins og þá, sem er verið að gera upp á Grundartanga, eða þær stórframkvæmdir sem slíkri verksmiðju verða að fylgja í sambandi við raforkuframleiðslu.

Það er svo mál út af fyrir sig, að í þessari lánsfjáráætlun, sem hér liggur fyrir, virðist vera tekin ákvörðun um að læsa öllu eins og það stendur norður við Kröflu. Það á ekki að láta neitt nýtt fjármagn í þá miklu framkvæmd, nema aðeins það fé sem þarf til þess að greiða afborganir og vexti af því sem í fyrirtækið er komið. Það á sýnilega ekki að bora meir og þar á ekki að gera neitt. Krafla á að standa eins og hún stendur. Þar er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum nema upp á rétt 100 millj., sem munu víst fara að mestu leyti í að borga skuldir. Það er alveg augljóslega verið að taka ákvörðun um að yfirgefa mannvirkið eins og það stendur og bíða. Þetta er augljóst samkv. þeirri lánsfjáráætlun sem hér liggur fyrir. Það kann að vera að þeir, sem setja fram þessa till., séu búnir að gaumgæfa hana og niðurstaðan sé að halda þannig á málum. En ég segi: Það er voðalegt ef þetta á að verða niðurstaðan. Og þá hlýtur maður að spyrja, hve lengi eigi svo að bíða eftir alla þessa fjárfestingu, því að ekki kemur gufan af sjálfu sér inn á hverflana þarna, þó að hún kannske læðist með öðru móti í kringum byggingarnar þarna.

Það er líka augljóst á grg. sem fylgir þessari lánsfjáráætlun, að áætlanir af þessu tagi, sem hér liggja fyrir, eru ekki veruleikinn sjálfur. Það er sýnilegt að hægt er að víkja frá þeim. Ríkisstj. hefur líka sýnilega misst tökin á fyrri áætlun í mörgum greinum. T. d. fór það svo á þessu ári, að erlendar lántökur hafa orðið samkv. grg. í lánsfjáráætluninni rúmlega 28 milljarðar — 28 milljarðar 450 millj. kr. — og hinar erlendu lántökur fóru fram úr áætlun um 7600 millj. kr., um 7.6 milljarða. Það er auðvitað eðlilegt að ríkisstj. ákveði upp úr þessu að fara í bindindi næsta ár, nú ætli hún ekki að taka meira af erlendum lánum, nema þá rétt upp í afborganir og vexti. En það er rétt að gera sér grein fyrir

því, að samkv. þessari lánsfjáráætlun er þó gert ráð fyrir því, að útvega á næsta ári 20 milljarða kr. í erlendum lánum. Það er gert ráð fyrir því. Ekki þyrfti nú mikið að gerast umfram það, sem gerðist á þessu ári, til þess að lántökurnar yrðu svipaðar og þær voru, þrátt fyrir þessa heitstrengingu. Ég held nefnilega að það þurfi að taka, þegar svona áætlun er gerð, miklu meira og betur tillit til þeirra staðreynda sem liggja fyrir.

Ég verð t. d. að segja það um þessa áætlun, — sem mér finnst vera fengur í, ég endurtek það, að mér sýnist hún vera gerð þannig í mörgum greinum, — að ekki vildi ég eiga mikið undir því, að hún stæðist algerlega. Í þessari áætlun segir m. a. um þær forsendur, sem áætlunin er byggð á, orðrétt á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í forsendum þjóðhagsspár er reiknað með, að unnt verði að halda verðbreytingum þannig í skefjum, að þær verði ekki meiri að meðaltali 1978 en í ár, og er þá miðað við fyrirsjáanlega þróun fram til miðs næsta árs, en töluvert dragi úr þeim síðari hluta ársins."

Hver trúir þessu? Ég held að það liggi alveg augljóst fyrir, a. m. k. benda allar þær upplýsingar, sem ég hef fengið um það, til þess, að verðhækkanir verði mun meiri á þessu ári en hinu, nema þá það standi til að gera einhverjar þær ráðstafanir, sem að vísu er verið að snúast hér í kringum að eigi að koma til framkvæmda á miðju næsta ári eða nánar tiltekið eftir kosningar.

Það er fróðlegt að lesa þessar forsendur allar eins og þær eru tilgreindar. Hér segir: „Þessi forsenda þjóðhagsspárinnar felur þó þegar í sér að verulegu aðhaldi verði beitt á sviði opinberra fjármála, peningamála og verðlagsmála." Og svo segir enn fremur: „Að vexti einkaneyslunnar óheftum og án sérstaks viðnáms í peninga- og lánsfjármálum stefnir hins vegar í örari verðhækkanir og meiri viðskiptahalla en þjóðhagsspáin sýnir."

Hvað þýðir þetta: Að vexti einkaneyslunnar óheftum stefnir í miklu meiri viðskiptahalla og í rauninni fer allt til fjandans? Auðvitað vitum við öll, sem hér erum, hvað þetta þýðir. Ef fólkið í landinu á að hafa þau fjárráð sem það hefur í dag, þá stefnir þetta á allt annað. Ef fjárráðin verða ekki tekin af mönnum með einhverjum hætti, stenst þetta ekki. Það er það sem verið er að segja. Það er eðlilegt að þeir, sem skrifa grg. fyrir þessu plaggi, endi þessa setningu alla á þessu, sem hér skal lesið: „Því miður er hættan sú, að þessar tölur séu of lágar fremur en of háar, og því brýnt að beita öllum tiltækum ráðum gegn þeim mikla verðbólguþrýstingi, sem nú einkennir þjóðarbúskapinn."

Auðvitað er það, að þegar slík stefnumörkun er ákveðin sem felst í þessari lánsfjáráætlun og framkvæmdaáætlun og þegar er verið að afgreiða fjárlög fyrir komandi ár, þá vitanlega vakna spurningar um það, hvernig hæstv. ríkisstj. ætli að glíma við vandann í efnahagsmálum, ekki bara á þröngu sviði ríkissjóðs, heldur í þjóðarbúinu sem heild. Hvernig ætlar hún að glíma við þann vanda? Hvað hugsar hún sér að gera? Út af fyrir sig er það minnstur vandi að krækja saman fjárl. þannig að þar standist tölur á og það aðeins á pappír. Vandinn liggur auðvitað í því, hvað gerist á eftir í þjóðarbúinu. Spurning mín er t. d. þessi: Hvernig ætlar ríkisstj. að mæta þeim vanda sem sérfræðingar hennar hafa gert nokkra grein fyrir, við skulum segja varðandi fiskiðnaðinn í landinu? Það hefur nýlega komið skýrsla í okkar hendur sem segir að fiskiðnaður landsmanna sé nú rekinn með 2 500 millj. kr. halla — með 2.5 milljarða halla miðað við ársrekstur, ef telja eigi rekstraraðstöðu fiskvinnslunnar eðlilega gagnvart verðjöfnunarsjóðskerfinu. Hvernig á að mæta þessum vanda? Hvað gerist þegar að þessum vanda kemur?

Við vitum einnig að uppi eru kröfur um það og það af ofurskiljanlegum ástæðum, að það þurfi að hækka fiskverð nú um næstu áramót, vegna þess að þeir, sem eiga laun sín undir fiskverði, sjómennirnir, fengu enga launahækkun 1. okt. Þá var ákveðið óbreytt fiskverð, og þeir segja nú: Það kemur vitanlega ekki til mála í öllum þeim hækkunum, sem nú ganga yfir, að laun okkar standi alveg óbreytt. Hér verður að koma til fiskverðshækkun. — Útgerðarmennirnir taka sannarlega undir þetta með sjómönnunum og segja alveg útilokað að gert sé út áfram með óbreyttu fiskverði. Og hækki fiskverðið, þá eykst þessi vandi fiskvinnslunnar sem Þjóðhagsstofnun talar um í grg. sinni. Hvað hugsar hæstv. ríkisstj. sér að gera í þessum efnum?

Ég vil einnig spyrja: Hvað hugsar hún sér að gera í sambandi við þann vanda, sem nú er mest talað um á vegum þeirra landbúnaðarmanna? Það kemur í ljós að landbúnaðurinn er þannig rekinn, að um það verður ekki deilt að greinilegt er að tekjur bænda dragast nú aftur úr tekjum viðmiðunarstéttanna miklu meira en áður hefur gerst. Síðasti samanburður, sem birtur hefur verið frá Hagstofunni um þetta efni, sýnir að á árinu 1976 drógust bændur enn meira aftur úr en áður. Meðaltekjur bænda hækkuðu yfir árið ekki nema um 27% af þeim miklu lægri tekjum sem bændur höfðu þá að meðaltali, þegar viðmiðunarstéttirnar hækkuðu sínar tekjur um 33% af allmiklu hærri tekjugrunni. Og við vitum að bændur halda áfram fundarhöldum um allt land og gera sínar kröfur. Þeir hafa farið fram á það að söluskattur verði afnuminn af kindakjöti. Það er alveg augljóst mál að eitthvað verður að gera í málefnum landbúnaðarins, ef ekki á svo að fara að tekjur bændanna verði rétt í kringum helming af tekjum viðmiðunarstéttanna. Það er alveg augljóst. Ég á satt að segja erfitt með að trúa því, að ríkisstj. treysti sér til þess að standa þannig að þessum málum að hún látist hvorki sjá þetta né heyra, að þetta sé henni óviðkomandi og í þessum efnum þurfi hún ekkert að gera.

Forsvarsmenn iðnaðarins í landinu hafa gert kröfur um það að um frestun verði að ræða á tollalækkunum á innfluttum iðnaðarvörum samkv. EFTA-samningi. Við vitum einnig að Þjóðhagsstofnun hefur gert sérstaka úttekt á afkomu ullar- og skinnaiðnaðarins í landinu, þar sem í ljós kemur að um stórfellt tap er að ræða,

og við vitum öll að uppi eru kröfur um miklar fjárgreiðslur eða stuðning við þessar atvinnugreinar. Ég spyr um það, um leið og hér er verið að afgreiða fjárl. fyrir næsta ár og marka stefnuna í peninga- og fjármálum: Hvernig hugsar ríkisstj. sér að mæta þessum vanda? Ef hún hugsar sér að mæta þessum vanda á sama hátt og hún hefur yfirleitt gert áður, þ. e. a. s. með því að lækka gengi krónunnar, leggja á nýja skatta fyrir ríkið, þá þýðir það auðvitað enn þá aukna verðbólgu í landinu, aukna dýrtíð, og launasamningar standa þannig, að þá hækka öll laun svo að segja sjálfkrafa, þar sem ekkert er undan dregið. Hvernig ætlar ríkisstj. að mæta þessum vanda — eða hefur hún alls ekki gert sér neina grein fyrir því, hvernig skuli takast á við þennan vanda? Ég tel fyrir mitt leyti, að eðlilegast væri að hér færi fram ítarleg umræða, einmitt um leið og lánsfjáráætlun er lögð fram og grg. sú, sem henni fylgir, liggur fyrir um þessi atriði sem öll hafa vitanlega sínar verkanir á afkomu ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja engu síður en á afkomu atvinnuveganna í landinu.

Ég skal nú ekki eyða miklu lengri tíma til þess að ræða þessi mál almennt, þó að það væri freistandi. En ég vil aðeins segja það í leiðinni að ég held að það sé enginn vafi á því, að sá tími er auðvitað liðinn og liðinn fyrir löngu að hæstv. ríkisstj. geti fleytt sér út úr þessum málum með því að tala í sífellu um að hún hafi tekið við vondu búi og af því stafi allur þessi vandi. Auðvitað væri býsna gaman að ræða um það, hvernig búið var sem ríkisstj. tók við, af því að það vill svo vel til, og ég ætla aðeins að minna menn á það, — en ég er tilbúinn að fara í að rekja það mál hér ef menn vilja ræða það, — að það fór fram opinber úttekt á ástandinu eins og það var þegar ríkisstj. tók við, og þessi úttekt, sem Þjóðhagsstofnun gerði, liggur fyrir og frá henni verður ekkert vikið. Úttektin um það leyti sem ríkisstj. tók við var t. d. þannig varðandi ríkissjóð, þar stendur skýrum stöfum, að um það leyti sem ríkisstj. tók við hafi tekjur og gjöld ríkissjóðs verið í jafnvægi, það mætti búast við því, að tekjurnar á árinu 1974 færu 5300 millj. kr. fram úr áætlun fjárl. og gjöldin einnig um sömu upphæð. Þetta stóð nú ekki verr en það, að því er úttektin segir, að þarna var jöfnuður. En þá var bara nær engin skuld við Seðlabankann. Nú er ekki því að heilsa. Þessi úttekt segir líka hvernig t. d. var ástatt í gjaldeyrismálum. Þá áttum við enn þá til gjaldeyrisvarasjóð. Og tölurnar liggja auðvitað fyrir í þessari úttekt. Miðað við verðgildi peninganna í dag áttum við yfir 6000 millj. í gjaldeyrisvarasjóði. Nú skuldum við orðið Alþjóðagjaldeyrissjóðnum yfir 13 milljarða og höfum í rauninni lifað á skuldasöfnun í langan tíma. Í þessari úttekt Efnahagsstofnunarinnar, svo ég aðeins minni menn á hana, sagði líka um stöðu atvinnuveganna í landinu, að sjávarútvegurinn hefði aldrei haft eins hagstætt rekstrarár og árið á undan, árið 1973, aldrei síðan menn fóru að mæla það eitthvað í tölum almennt séð. Og úttektin bætti við: „Afkoman hefur verið óbreytt og góð fram á mitt ár.“ Það var einmitt það. Hún var góð og óbreytt fram á mitt ár. Og úttektin var líka þannig varðandi iðnaðinn, að afkoma hans var betri en hún hafði verið um langan tíma. — Svona lítur þetta vonda bú út þegar menn líta yfir úttektina sem Efnahagsstofnunin gerði og gaf út á sínum tíma, að ég ekki minnist á það, hverjar voru langtímaskuldir við útlönd þá og hverjar þær eru nú.

En svo kom ný ríkisstj. og dagurinn 1. sept. 1974 rann upp, og þá dúndraði yfir okkur fyrsta gengislækkunin. Síðan liðu 5 mánuðir og þá kom næsta gengislækkun og síðan hefur verið stanslaust gengissig, þannig að á þeim tíma sem núv. ríkisstj. hefur verið við völd hefur erlendur gjaldeyrir hækkað í verði um rúm 120% að meðaltali. Þetta þýðir auðvitað það, að allar innfluttar vörur hafa hækkað að meðaltali um 120%. En það hefur ekki aðeins dugað að þannig væri haldið á gengismálum með tilheyrandi afleiðingum á öðrum sviðum, ríkisstj. hefur síðan líka bætt við nýjum skatti ofan á skatt, og hún leikur sér að því, eins og við þekkjum, að leggja á bráðabirgðavörugjald, tímabundið vörugjald heitir það enn í lögum. Það átti að standa aðeins í 5 mánuði, en er búið að standa talsvert á þriðja ár og virðist lifa góðu lífi, því það á að framlengja það allt næsta ár.

Þessar nýju álögur til viðbótar við þá tekjustofna, sem voru fyrir, og svo auðvitað gengislækkunarstefnan ásamt með vaxtahækkunarstefnu þeirri, sem nú er að reka flestan heilbrigðan atvinnurekstur í strand, þetta hefur leitt til þeirrar verðbólgu sem við stöndum frammi fyrir í dag. Það er auðvitað algjörlega tilgangslaust að ætla að neita þeirri staðreynd, að það eru gengislækkanir, það eru nýjar skattaálögur, sem allar hafa gengið út í verðlag, það eru vaxtahækkanirnar og það eru gífurlegar hækkanir á þjónustu opinberra aðila sem eru ástæðurnar fyrir því, að verðlagið í landinu hefur hækkað, og ríkisstj. getur auðvitað ekki endalaust borið það fyrir sig, sem henni tókst í byrjun, að þetta stafaði af því, að verð á útflutningsvörum okkar hefði lækkað. Það er rétt, verð á okkar útflutningsvörum lækkaði á árinu 1975. En það liggur líka fyrir hvernig hefur farið með þetta, verðlag og viðskiptakjörin og þjóðarframleiðsluna. Ég hef hér fyrir framan mig plagg frá Þjóðhagsstofnun, þar sem fram kemur sérstök vísitala yfir útflutningsverð okkar, meðaltal yfir útflutningsverð eða verð á útfluttum vörum þjóðarinnar. Enn fremur hef ég aðra vísitölu í þessu plaggi sem sýnir innflutningsverðið. Og aðeins sem dæmi um það, hvernig þetta hefur breyst, þá þótti dágott útflutningsverð sem við bjuggum við árið 1973, það metár. Þá var vísitala útflutningsverðs, á árinu 1973, 242 stig. Hún fór upp í 293 stig árið 1974. Hún fór aftur niður í 262 stig árið 1975, en síðan upp í 310 stig árið 1976, og nú árið 1977 spáir Þjóðhagsstofnun að hún verði 359 stig, hefur aldrei verið neitt viðlíka eins há, og viðskiptakjörin eru nú orðin eins og þau hafa verið best áður og þjóðarframleiðslan hefur vaxið. Það er eðlilegt að menn spyrji þegar svona hefur tekist til: Hver ósköpin hafa gerst í þessu landi? Framleiðslan er seld á háu verði, framleiðslan er meiri en nokkru

sinni áður, en eigi að síður er hér allt á fjórum fótum í efnahagsmálum. Ég segi, að ef þeir sem ráða fara ekki að hugsa sig um, hvort ekki sé eitthvað vitlaust af því sem þeir hafa verið að gera, þá er þeim í rauninni ekki viðbjargandi — alveg útilokað.

Það er enginn vafi á því, að öll skilyrði eru fyrir hendi í þjóðarbúi okkar núna til þess að það ætti að vera hægt að borga þau laun vandræðalaust sem nú eru í gildi. Það ætti að vera hægt. En eitt mjög mikilvægt atriði í þeim efnum er það, að þannig sé staðið að málum að t. d. fjárfestingin í landinu sé ekki með þeim hætti að við tökum milljarða á milljarða ofan og leggjum þá í eitt eða annað sem skilar ekki neinum arði. En það er þetta sem hefur verið gert. Og eins og ég hef sagt áður, þá vil ég að það sé alveg skýrt, þannig að það sé ekki snúið neitt út úr því fyrir mér, að sumar þessar framkvæmdir sem kallað hafa til sín þetta mikla fjármagn, eru í eðli sínu ekki vondar. Þetta eru framkvæmdir sem eiga eftir að skila okkur arði síðar meir. En vitanlega verðum við að stilla því í hóf, hvað við ráðumst í mikið á hverjum tíma, því ef við skiljum of lítinn hluta eftir í hina almennu neyslu, þá verður því svarað m. a. af launþegasamtökunum með því, að menn gera kröfu um hækkun kaupsins og knýja það fram, og við lendum í sömu vandræðum og áður.

Skoðun mín er sú í sambandi við þá fjárlagaafgreiðslu, sem hér er stefnt að, og þá lánsfjáráætlun, sem hér er gerð grein fyrir, að þetta stefni allt saman í sömu átt og að undanförnu, stefni í þá átt sem við getum ekki lengur haldið í, þar þarf að verða á breyting. Ég held að hæstv. ríkisstj. verði að fara að átta sig á því að algjörlega tilgangslaust er að nota útjaskaðar lýsingar á því sem hún er að gera. Eitt er það sem allir þekkja. Stefna ríkisstj., eins og hér hefur verið margendurtekið og maður les daglega í blöðum stjórnarinnar, er að beita aðhaldi í ríkisfjármálum. Aðhaldið kemur fram í þessu: Frá árinu í ár, 1977, til næsta árs eiga fjárl. að hækka um 60%. Þar styðst ég beinlínis við þær tölur sem liggja fyrir. Síðan er þetta endurtekið dag eftir dag í Morgunblaðinu: Þeir eiga lof skilið fyrir það, að þeir beita aðhaldi í ríkisfjármálum. — Sér er nú hvað aðhaldið. Svona aðhald fer að mínum dómi með okkur, ef við notum svona aðhald miklu lengur.

Svo er þetta, sem líka er endurtekið sí og æ, að stefnan sé sú, að ríkisstj. sé að veita viðnám gegn verðbólgu. Alltaf er hún í baráttunni við verðbólguna. Daginn sem hún stórhækkar alla vexti er hún í slag við verðbólguna. Og sé gefin út tilkynning um einhverja mikla verðhækkun einhvers staðar, auðvitað til þess að koma í veg fyrir að það verði einhver hallarekstur hjá því fyrirtæki, þá er sagt: Þetta stefnir líka í þá átt að koma í veg fyrir verðbólgu, — þó að það sé bein verðhækkun. Og allar skattahækkanir, sem hér eru samþ. og fara út í verðlagið, allar eru þær gerðar til þess að veita viðnám gegn verðbólgunni. Og auðvitað er gengislækkunarstefnan sjálf alltaf þáttur í baráttunni við verðbólguna.

Ég álít að hæstv. ríkisstj. þurfi að endurskoða verulega stefnu sína í fjárfestingarmálum. Nú hefur t. d. verið bent á að það sé alveg augljóst, að við séum að stefna út í miklu meiri vanda uppi á Grundartanga í Hvalfirði fjárhagslega og peningalega séð heldur en nokkurn tíma var í sambandi við Kröflu. Kröfluvandinn er þó varla nema upp á 9 milljarða eða þar um bil, þó að þar eigi nú að nema staðar og láta hana vera eins og hún er. En Grundartangi nemur alveg örugglega þrefaldri þeirri upphæð. Hann kemur til með að jafngilda þremur Kröflum. Þegar lögin um Grundartangaframkvæmdina voru samþ., lágu þær upplýsingar fyrir, að miðað við það verðlag, sem þá var upp gefið yrði örugglega 800 millj. kr. tap á rekstri verksmiðjunnar á einu ári. Nú benda nýjustu upplýsingar til þess, að taprekstur inn verði miklu meiri, og ég hef margbent á það sem er verra, að við erum líka að selja þessari verksmiðju raforku fyrir upphæð sem er undir réttu verði. Ég held að kominn sé tími til þess, að hæstv. ríkisstj. t. d. taki fjárfestingu eins og þessa til endurskoðunar, stöðvi framkvæmdirnar við járnblendiverksmiðjuna, geymi sér að taka slík lán og spari okkur að leggja á íslenskt þjóðarbú bæði taprekstur inn og fjármagnskostnaðinn sem fylgir í kjölfar þeirrar framkvæmdar. Það er enginn vafi á því, að hægt væri að nota hluta af þessu fjárfestingarfé á miklu skynsamlegri hátt. Það væri hægt að nota fé, sem í þetta er lagt, til þess m. a. að efla þær greinar íslensks iðnaðar sem eru líklegastar og bestar og mundu skila í þjóðarbúið miklum mun meiri verðmætum en við getum fengið út úr þessari verksmiðju. Eða þá að við legðum þetta í vaxandi mæli í að lyfta okkar þýðingarmestu framleiðslu, sjávarútveginum, og þar nefni ég fyrst til fiskiðnaðinn, upp á hærra framleiðslustig þannig að þar fáist miklu meiri nettóhagnaður en í dag fæst, því það er enginn vafi á að hægt er að koma því fram. En aðalatriðið er að þetta fæst ekki með því að halda hér uppi óbreyttri stefnu. Ég tel að afgreiðsla fjárlagafrv. í þeirri mynd, sem það liggur fyrir hér nú, tákni í rauninni óbreytta stefnu í efnahagsmálum.

Herra forseti. Ég ætla svo einnig að gera í örstuttu máli grein fyrir brtt. sem ég stend að eða hef þegar flutt. Þær brtt. er að finna á þskj. 150. Þar flyt ég ásamt hv. 7. landsk. þm., Helga Seljan, brtt. um tvær hafnir á Austurlandi. Gert er ráð fyrir því, að á næsta ári verði varið til hafnargerðar á Seyðisfirði 30 millj. kr. og til Djúpavogs 30 millj. kr. Þessar fjárveitingar eru báðar í fullu samræmi við þá hafnaáætlun sem hér hefur verið lögð fram. Í henni er gert ráð fyrir 30 millj. kr. framkvæmdum á hvorum staðnum fyrir sig. Báðir þessir staðir hafa lagt mikla áherslu á að hægt væri að koma þessum framkvæmdum fram. Hér er um býsna öfluga framleiðslustaði að ræða sem búa við erfið skilyrði í hafnamálum, og t. d. á Seyðisfirði yrði hægt að koma við miklu hagkvæmari vinnubrögðum ef sú bryggja yrði byggð sem þarna er ráðgerð. Svipað er að segja um Djúpavog. Ég vænti þess, að hv. fjvn. taki þessa till. og skoði hana, þannig að hún geti fengist samþ., það verði tekið tillit til hennar.

Þá flyt ég ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragn-

ari Arnalds, till. á þskj. 161. Það er till. í þremur liðum. Það er í fyrsta lagi, að framlög til ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli verði lækkuð um rétt u. þ. b. helming. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir rúmlega 142 millj. til ríkislögreglu á Keflavíkurflugvelli. Við erum báðir á þeirri skoðun að rétt væri að fella þennan lið niður með öllu. En það er ekki líklegt að það verði raunhæft á þessu ári, og því gerum við ráð fyrir að lækka þessa fjárveitingu um helming, og ætti að vera hægt að koma fram þessum sparnaði á þessu ári. Það er skoðun okkar að beinn lögreglukostnaður á Keflavíkurflugvelli eigi að vera okkur óviðkomandi.

Í öðru lagi leggjum við til, að að því verði stefnt að leggja niður sendiráð Íslands í Brussel, sem er fyrst og fremst sendiráð okkar hjá NATO. Við teljum að auðvelt sé að sinna þeim verkum, sem þarf að sinna í Brussel, frá sendiráðinu í París, og því leggjum við til, að stefnt verði að því að leggja þetta sendiráð niður, en gerum ráð fyrir því í till. okkar að lækka þennan kostnað á þessu ári úr rúmum 58 millj. í 25 millj. kr.

Þá leggjum við í þriðja lagi til, að beint fjárframlag til Atlantshafsbandalagsins verði fellt niður, en það nemur nú um 26 millj. kr.

Þá flytjum við einnig á þessu sama þskj. till. um að felld verði niður úr heimildargr., þ. e. a. s. 6. gr. fjárlagafrv., heimild til handa ríkisstj. til þess að kaupa 3., 4. og 5. hæð húseignarinnar að Laugavegi 166. Þetta er hið margumtalaða Víðishús, og við leggjum til að ríkisstj. fái ekki heimild til að kaupa þetta hús. Nóg er gert, — ég hef þegar minnst á það — af röngum fjárfestingum og illa völdum þó þessi bætist ekki ofan á allt hitt. Og við viljum gjarnan að sá haldi áfram að eiga þetta hús sem á það nú og ríkið verði laust við það. Við leggjum því til að þessi liður falli niður.

Þá flyt ég á þessu sama þskj. till. um það, að bætt verði við nýjum lið til útgjalda varðandi stjórn flugmála, þar sem gert er ráð fyrir að verja 20 millj. kr. til 1. áfanga að flugstöðvarbyggingu á Höfn í Hornafirði. Það þarf ekki mörgum orðum um það að fara. Ég býst við að margir hv. þm. hafi komið á flugvöllinn á Höfn í Hornafirði og séð hvers konar aðbúnað menn verða að sætta sig við þar, en þar er svo hrakleg aðstaða að það er til skammar. Ég álít, að ekki verði undan því vikist að hefja framkvæmdir við byggingu flugstöðvar á þessum þýðingarmikla framleiðslustað sem Höfn í Hornafirði er, og legg því til, að tekin verði upp byrjunarfjárveiting í þessu skyni, 20 millj. kr.

Ég vil svo aðeins benda á það, að þó að ég og við gerum hér ráð fyrir nokkuð auknum útgjöldum, þá gerum við þó till. um sparnað sem er öllu meiri en sem nemur þeim útgjöldum sem við fitjum hér upp á. Ætti því að vera hægt að samþ. útgjaldatill. okkar, þar sem við leggjum greinilega fram peninga til að standa undir þeim framkvæmdum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru örstuttar almennar hugleiðingar og síðan fáein orð um þau atriði sem fjvn. hefur þegar afgreitt.

Ég vil hefja mál mitt með því að þakka samnefndarmönnum mínum í fjvn. að mörgu leyti ánægjulegt samstarf og þá sér í lagi form. n., hv. þm. Steinþóri Gestssyni. Það er ljóst að þeir, sem þar stjórna, hafa þurft að lúta annarra leiðsögn, og öll vinnubrögð markast af því hve dæmalaus frammistaða hinnar sterku ríkisstj. er varðandi fjárl. og ákvörðunaratriði um mikilvægustu málaflokka þar. Hins vegar hlýtur seta í fjvn. að vekja ýmsar áleitnar spurningar, en þar skal aðeins að einu vikið.

Enn er það svo í hugum margra, og það á að vera það með réttu, að nefndin sé fjvn. Allir, sem gerst til þekkja, vita þó að í mörgu tilliti er um nafnið eitt að ræða. Sums staðar er allt harðlæst og lokað af ríkisstj. eða skálkaskjóli hennar, hagsýslunni. Í öðrum tilfellum er hlutverkið það eitt að skipta allt of knöppu framkvæmdafé, sem þó má hvergi hreyfa til heildarhækkunar. Og svo eru reyndar fáeinir málaflokkar þar sem einhver tilfærsla má eiga sér stað, þar sem n. í raun og veru er fjvn.

Varðandi skiptingu framkvæmdafjár í hina ýmsu þætti er venjulega um mikinn niðurskurð að ræða frá upphaflegum till. viðkomandi rn. Þessi viðkomandi rn. upplýsa svo gjarnan viðkomandi aðila, í þessu tilfelli oftast nær sveitarstjórnarmenn sem þarna eiga hagsmuna að gæta, um sínar till. sem eigin staðfastan vilja, en hafi svo verið skornar niður, ekki af þeim sameiginlega eða af hæstv. fjmrh., heldur af fjvn. Ég kann þessum vinnubrögðum eða „taktík“ illa, því öll ríkisstj., ráðh. allra rn., bera vissulega sína ábyrgð gagnvart þeim tölum öllum sem fjárlagafrv. endanlega setur fjvn. til að skipta, og þá duga hvergi til óskatölur einhverra ráðh., e. t. v. um 100% frá þeim raunveruleika sem þeir sjálfir gerast ábyrgir að.

Varðandi vinnubrögð í n. sjálfri, fyrst ég minntist á þau áðan, má enginn misskilja mig svo, að þau hafi á nokkurn hátt verið lakari en þau voru t. d. á s. l. ári og efni stóðu til nú varðandi þessa afgreiðslu. Ríkisstj. var aðeins of sein til flestra þeirra hluta sem máli skiptu. Því er niðurstaða okkar í minni hl. nú sú að geyma nál. til 3. umr. þar sem óvissuatriðin séu svo yfirþyrmandi nú varðandi niðurstöður allar — a. m. k. voru það óvissuatriði þegar að því kom að fara að skila nál., en síðan hefur mikil og fróðleg speki verið hér flutt.

Sér á parti er svo það, að núna fyrst vorum við að sjá t. d. hinar svokölluðu björgunartill. ríkisstj. Áður hefur verið á það minnst í þessum umr. að aðeins voru gefnar — mjög lauslega þó — upp áætlaðar tekjubreytingar frv. á þegar mörkuðum tekjustofnum. Þegar aftur á gjaldahliðina var minnst og upplýsinga krafist um helstu liði þar, þá var því einfaldlega neitað. Það hefur einnig verið upplýst hér áður. Hv. þm. Geir Gunnarsson óskaði fyrir margt löngu eftir áætlun Tryggingastofnunar ríkisins um útgjaldaauka næsta árs. Ítrekaðar beiðnir báru engan árangur og er þó um að ræða einn stærsta liðinn í breytingunum milli ára, ef ekki þann stærsta. Þannig var um fleira. Ríkisstj. hafði ekki haft tíma, enda máske engin furða þegar litið er til þess, að jafnvel ráðh. hófu umr. utan dagskrár frekar en að gera ekki neitt. Annars

mun ég hér og nú vísa til þess, sem hv. þm. Geir Gunnarsson ræddi um. Það skýrir að fullu afstöðu okkar í Alþb.

Hins vegar vildi ég aðeins fara fáeinum orðum um þau mál, sem þegar hafa verið afgreidd á þskj. 148. Ég átti sæti í undirnefnd skólamála og þar var vandinn vissulega mikill, því mjög vantar á að eðlilegt áframhald verði á skólabyggingum, þó mismunur á till. rn. og frv. í þessu efni væri ekki eins hrikalegur og sums staðar annars staðar. Raunframlög hafa að sjálfsögðu staðið í stað og fáar nýjar byggingar er því unnt að taka inn þrátt fyrir mikla og aðkallandi þörf. Á það hefur svo hv. þm. Geir Gunnarsson bent rækilega, hve raungildislækkunin hefur orðið mikil á tíma þessarar hæstv. ríkisstj. einmitt til þessara framkvæmda og raunar til allra félagslegra framkvæmda.

Í fyrra kom fram mjög eindregin ósk um það, að fjölbrautaskólarnir væru ekki færðir undir liðinn „framlög til grunnskólabygginga". Nú hefur það verið gert, að þeir hafa verið teknir sérstaklega út úr, og ég vil þakka form. n. það og vona að eftir því verði farið í framtíðinni. Mér er hins vegar ljóst að það leysir engan sérstakan vanda. Eftir sem áður vantar mikið á að fjárveitingar séu nægilegar í þessu sambandi. Það er svo rétt að minna á það, að margar þessar byggingar, sem við erum þarna að veita fé til, eru óhóflega dýrar, svo að er útilokuð einnig fjármögnun heiman að, nema á mörgum árum, allt upp undir áratug. Þar skera íþróttabyggingarnar sig úr, að mér finnst, og ég veit dæmi um það frá mínum heimastað, að svo sé líkast sem allt sé þar gert sem dýrast í byggingu — það er fallegt að vísu, en miður hagkvæmt að sama skapi. Þetta gildir um fleira, og ég fullyrði að með betra eftirliti með teikningu og hönnun þessara mannvirkja yfirleitt mætti spara umtalsverðar fjárhæðir.

Enn einu sinni skal það gagnrýnt, að í frv. til fjárl. er héraðs- og iðnskólum skipt sérstaklega, þ. e. a. s. ákveðinni upphæð er deilt niður á ákveðna skóla. Þetta gerir tillöguflutning illkleifan, þó á væri þörf. Fjvn. hefur margoft beðið um að þetta yrði aðeins í einni tölu, heildartölu, sem síðan yrði skipt af n. Ég tel alveg sérstaka nauðsyn á því með héraðsskólana, þar sem nú er staðið á vegamótum varðandi framtíð þeirra, og vil jafnframt leggja áherslu á það, að brýn þörf er á að gera nákvæma úttekt á framtíðarstöðu héraðsskólanna, svo hægt sé að gera sér grein fyrir því, hvar fjárveitinga er í raun og veru þörf og í hvað skuli þá sérstaklega ráðist.

Meðal þeirra mála, sem komu rétt snöggvast inn á borð okkar í skólamálanefnd, voru vandamál fræðsluskrifstofanna varðandi húsnæði þeirra. Það var eðlilega ekki hægt að taka þær inn á þann lið, til þess var hann þegar fyrir fram of knappur. Ég hlýt enn að vona, að úr vanda þeirra verði leyst og trúi vart öðru, því fræðsluskrifstofurnar gegna nú í dag mjög þýðingarmiklu hlutverki hjá okkur úti á landsbyggðinni. Það er til vansa ef þær verða olnbogabörn með sín margþættu verkefni og víðtæka verksvið. Um þau mál ræði ég ekki frekar hér, en bíð 3. umr. í þeirri von að þar rætist úr.

Ekki vil ég nú vera neikvæður að öllu leyti, enda er margt sem við höfum verið algjörlega sammála um í þessari n., þótt allt séu það auðvitað smærri atriði, enda fáum við ekki að fjalla mikið um nema þau smærri atriði. Ég fagna því, hve myndarlega hefur verið tekið á tvennum framlögum til æskulýðsmála, þ. e. framlögum til Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Ekki veit ég hvort þetta muni eiga að vera staðfesting á því, að íþróttamaður sé í n. kominn sem hittir í mark í fyrsta skoti. En hvað um það, gott er það engu að síður. Varðandi Íþróttasamband Íslands vil ég aðeins geta þess, að ég hef komist að því, að ekki eru framlögin ýkjahá frá þessu ágæta sambandi til íþróttasambandanna úti á landi, og væri betur að þessi stórhækkaða upphæð til þess núna kæmi þar til hækkunar alveg sérstaklega. Ég tek dæmi úr mínu kjördæmi: Íþróttahreyfingin á Austurlandi mun hafa fengið samtals eitthvað rúmar 200 þús. kr. á síðasta ári af þessum 32 millj. sem þá voru veittar til Íþróttasambands Íslands. Það eru í kringum 0.7%. Á Austurlandi er þó öflugt íþróttastarf og íbúatalan ekki 0.7% af þjóðinni, heldur nær tíu sinnum það. En nú skal sem sagt vonað að úr rætist við nær tvöföldun þessa framlags. Gjarnan hefði ég viljað að Ungmennafélag Íslands, sem gegnir miklu mikilvægara hlutverki fyrir landsbyggðina, hefði fengið a. m. k. ámóta hækkun, eða 23 millj. í stað 18, ef miðað er við hækkunina til ÍSÍ, en látum það vera. Allt er það gott sem í áttina fer.

Aðeins skal að heilsugæslumálum vikið, því hvergi mun hafa verið um eins langt bil að ræða milli till. rn. og raunveruleikans í fjárlagafrv. Þar kemur nú inn á Austurlandi ný heilsugæslustöð með framlag upp á 10 millj., á Búðum í Fáskrúðsfirði. Ég hef oft rætt um þessa stöð hér á Alþ. og flutt um hana till. og gert það m. a. í trausti þess, að viðkomandi ráðh. lofaði þessari stöð strax á fyrsta stjórnarári sínu. Allt þetta mál og afdrif þess hafa orðið til mikilla leiðinda á þessum stað, m. a. varðandi þann ágæta lækni sem þar var búsettur og flutti brott, og síðan hefur ástandið ekki verið of gott austur þar — skipti tíð á læknum — þó að það standi nú til bóta að sögn. En nú er þessi upphæð sem sagt komin inn í fjárl., byrjunarupphæð til þessarar heilsugæslustöðvar. En hún er þannig til komin, að áður niðurskornar fjárhæðir til tveggja annarra framkvæmda á Austurlandi voru enn færðar niður til þess að unnt væri að láta loforð ráðh. rætast í einhverju á kjörtímabilinu. Þm. Austurl. urðu að taka þessa stöðu þannig inn til þess að bjarga heiðri þessa hæstv. ráðh.

Heilbrigðismálin eru ekki öll útrædd í n. Svo vill til í dag að ein þeirra stofnana, sem heyra undir heilbrrn., er 25 ára. Hún er að vísu ekki algjör sjúkrastofnun í þess orðs fyllstu merkingu. Hér á ég við Kópavogshælið, hæli fyrir þroskahefta. Tvennt háir þessari stofnun sérstaklega: þrengsli eru mikil og aðbúnaður allur er langtum lélegri en vera ber, en þó alveg sér í lagi að starfsmenn eru allt of fáir eða innan við einn á hvern vistmann. Þetta er talin allt of lág tala. Líklega væri nær að reikna með 1½ starfsmanni á hvern vistmann þar til þess að viðunandi ástand næðist. Það er til marks um það, hve lögð er rík áhersla á þetta nú, að stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur lagt til allverulega fjölgun í sínum lokatillögum einmitt varðandi þetta hæli,

um leið og hún hefur í raun og veru fallið frá öðrum beiðnum um aukningu starfsfólks. Það vill svo til, að ég er nokkuð kunnugur þessu máli og veit mætavel um þessa þörf og hef reyndar bent rækilega á hana í umr. um málefni þroskaheftra hér í þinginu. Um öll þessi mál hefur verið mikil umr. og alls staðar hefur verið um skilning og góðvild í garð hinna þroskaheftu að ræða. En það nægir ekki. Ég vona einlæglega að þetta hæli fái sína afmælisgjöf, þetta ágæta fólk, sem verður að láta aðra berjast fyrir sig sakir þess að það getur það ekki sjálft, fái sína afmælisgjöf fyrir 3. umr. Ég veit að til þess stendur hugur fjvn.-manna allra, ef leyfi fæst að ofan til þess.

Aðeins skal ég fara nokkrum orðum um till. okkar fjögurra þm. á þskj. 150, þ. e. a. s. VI. till. þar, varðandi flugmálastjórn, um fjárfestingar í flugmálum. Við höfum látið það koma fram í n., að við teldum að í stað flugstöðvar í Reykjavík ætti að koma nýr tölul.: Til öryggismála á áætlunarflugvöllum samkv. frekari ákvörðun fjvn. og flugráðs. Þessi till. er svo flutt hér og er auðvitað ekki bein útgjaldaaukning, heldur aðeins eðlileg tilfærsla. Það hefur verið mjög á það bent af ýmsum hér í þinginu, þá ekki hvað síst flugráðsmönnum og nm. í svokallaðri flugvallanefnd, hve öryggismálin væru í hraklegu ástandi á flugvöllum okkar víðs vegar um land. Þar er síst af öllu ofsagt og mönnum kunnara en svo, að endurtaka þurfi hér. M. a. stendur í skýrslu flugráðs til okkar fjvn.-manna, að með tilliti til röðunar forgangsverkefna hljóti að vera um að ræða flugöryggismálin sem númer eitt, að þau skuli sitja fyrir. Flugráð hefur sem sagt sjálft, þrátt fyrir þessa till. sína um 70 millj., lagt áherslu á að flugöryggismálin ættu að hafa algeran forgang. Við sölu flugskýlis hér í Reykjavík koma til tekna 70 millj., sem er hægt að ráðstafa á næsta ári til viðbótar til flugmála. Meiri hlutinn leggur til að sú upphæð fari í flugstöð í Reykjavík og hefur þar viss rök fyrir sínu máli. Við gerum þá till., að þessi upphæð verði veitt til öryggismála á áætlunarflugvöllum samkv. frekari ákvörðun fjvn. og flugráðs.

Ekki skal neitt úr því dregið, að flugstöðin gamla á Reykjavíkurflugvelli er alls ófullnægjandi, og auðvitað er hér um að ræða flugstöð allra landsmanna, svo menn haldi nú ekki að hér ráði einhver hreppapólitík. En á það má þá benda um leið, sem var reyndar gert áðan af hv. síðasta ræðumanni, að t. d. á Höfn í Hornafirði er aðeins um skúrræfil að ræða, og er það þó einn af þeim tíu flugvöllum landsins sem mest umferð er um, og svo er ástatt víðar. Það er því víða sem skórinn kreppir í þessum efnum. Það liggur fyrir annars vegar, að unnt væri að hefjast handa með þessar 70 millj. í heimanmund. Þessi bygging kostar nú nokkur hundruð millj. eftir þeirri teikningu sem til er og kallar því á mjög stóran hluta fjárfestingarfjár til flugmála á næstu árum. Ef hins vegar er litið á þetta frá öðru sjónarmiði, sem er meginatriðið að okkar dómi og meginástæðan til þessarar tillögugerðar, svo eindreginnar, sýnast hverfandi litlar líkur á notkun þessa fjár í þetta verkefni á næsta ári, þar sem svo virðist vera að nýja gerbreytta teikningu þurfi samkv. þeim upplýsingum sem við höfum fengið bestar. Þegar það svo liggur fyrir margítrekað af flugmálastjóra, flugráði og flugvallanefnd og síðast, en ekki síst af flugmönnunum sjálfum, að stórátak þurfi að gera í öryggismálum, þá virðist okkur einsýnt, eins og þessi mál standa í dag, að þessu fé eigi skilyrðislaust að verja til öryggismála eftir nánari ákvörðun fjvn. og flugráðs. Þetta er sett þannig inn til þess að betra tóm gefist til að íhuga og velja þau verkefni sem ganga eiga fyrir, en þar er af nógu að taka.

Ég ítreka það, að hjá okkur er engin andstaða við nýja flugstöðvarbyggingu í Reykjavík. Við teljum aðeins, að áður en ákvörðun er um það tekin og fé til þess veitt þá þurfi að liggja skýrt fyrir, svo sem um aðrar opinberar framkvæmdir, hvers konar byggingu eigi að reisa, að það sé komin sú teikning, sem á að gilda, af þessari byggingu og síðast, en ekki síst kostnaðaráætlun um hana, eins og hún á að verða í endanlegri mynd. Ekkert af þessu veit ég til að liggi fyrir. Við höfum a. m. k. ekki fengið neinar upplýsingar um það. Í ljósi þess, að til þessa verði varið þessum 70 millj. nú og þeim kannske komið í lóg, ef á að nota þessa gömlu teikningu, sem kann að vera þó hún þyki allt of dýr og óhagkvæm, þarf vitanlega að tryggja flugmálunum í heild aukið fjármagn áður en ráðist er í framkvæmd sem getur skipt upphæð sem er ámóta eða gæti orðið ámóta og allt fé sem fer til fjárfestingar í flugmálum í dag miðað við fjárlagafrv. nú. Hin ástæðan fyrir tillöguflutningi okkar er sú, að þetta snertir hina knýjandi nauðsyn að bæta úr öryggisútbúnaði flugvalla um allt land. Þarf ekki að kynna hv. þm. það frekar.

Ég fagna því hins vegar — og vil þakka það — að sú samþykkt var gerð í fjvn. að tillögu okkar Alþb.-manna þar, að sjúkraflugvallaupphæðin nú, 32.6 milljónum, skuli skipt í samráði við fjvn.

Að lokum örfá orð um litla till. sem ég flyt á þskj. 150, um viðbót við fjárveitingu sem snertir dýralæknisbústað á Breiðdalsvík. Ráðuneytisstjórinn í landbrn. kynnti okkur á dögunum aukna fjárþörf til byggingar dýralæknisbústaða almennt. Hann nefndi þá sérstaklega að bústað vantaði á Breiðdalsvík fyrir dýralækni sem hefur verið skipaður þar í embætti fyrir stuttu. Þegar svo brtt. komu fyrir okkar sjónir frá meiri hl. var ekkert framlag í þessa framkvæmd tekið þar inn af sama rn. Það var aðeins farið í það, sem fyrir var, og bætt þar við. Breiðdalsvík var þar af leiðandi ekki með í þeirri upptalningu sem fylgdi með. Ég saknaði hennar úr þessari upptalningu og gat þess í n. og vildi gera litla till. um 5 millj. kr. til að hefja framkvæmdir þar á næsta ári. Þarna þarf að koma upp bústað fyrr en síðar og rétt að merkja hann þegar á næsta ári. Frekari rökstuðning fyrir því tel ég óþarft að hafa uppi. Hér er um það litla upphæð að ræða, að mér þykir sjálfsagt að hún komi þarna inn, úr því verið er að hreyfa þessar upphæðir á annað borð.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 160, 161, 163, 164, 165 og 166, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 33 shlj. atkv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun einungis mæla hér nokkur orð fyrir tveimur brtt., sem ég er viðriðinn. Fyrri brtt. er á þskj. 150 og í öðru lagi brtt. á þskj. 160.

Till. sú, sem við flytjum, hv. 11. landsk. þm., Geir Gunnarsson, hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, og ég, um Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur að vísu þegar verið kynnt, en ég vil þó til áherslu fara um hana nokkrum orðum. Þessi nýi skóli, sem er þegar orðinn aðalframhaldsskóli allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum, er í uppbyggingu og er svo ráð fyrir gert, að á næsta ári verði um að ræða hvorki meira né minna en 120—140 nemenda fjölgun í þessum skóla. Ég held að þó að reynsla sé ekki mikil af skólanum sé hægt að fullyrða það, að hún sé mjög góð. Sveitarfélögin þarna syðra og Suðurnesjamenn almennt eru mjög ánægðir með þá lausn, sem þessi skóli veitir í sambandi við framhaldsskólamenntun á Suðurnesjum. Og það er enginn efi á því, að sú viðbótarbygging, sem bráðnauðsynleg er nú við þennan skóla, er hið stóra mál Suðurnesjamanna allra í skólamálum í dag. Á þetta var lögð alveg sérstök áhersla á fundi sem alþm. Reykjaneskjördæmis héldu með bæjarstjórum og oddvitum allra sveitarfélaga á Suðurnesjum nú í haust. Þeir stóðu þar upp, sveitarstjórnarmennirnir, bæjarstjórar og oddvitar, hver á fætur öðrum og lýstu því, að það væri hið stærsta og brýnasta mál í skólamálum þarna syðra að þessi viðbótarbygging kæmist upp þannig að hægt yrði að taka hana í notkun fyrir eða í byrjun næsta skólaárs. Það liggur fyrir að hin raunverulega fjármagnsþörf til þessa verks er um 100 millj. kr., væri það á fjárl., en vegna þeirrar nauðsynjar, sem er á að koma þessari byggingu upp telja sveitarfélögin að þau muni reyna og e. t. v. muni þeim verða kleift með lántökum að brúa þarna nokkurt bil, þannig að þau gætu útvegað e. t. v. nokkra tugi millj. En sú upphæð, sem er á brtt. fjvn., er 35 millj. Hún er allsendis ófullnægjandi og mundi ekki nálgast það að leysa þann vanda sem þarna er um að ræða, en 65 millj. fjárveiting, eins og við gerum till. um, mundi sennilega leysa meginvandann. Sveitarfélögin mundu, eins og ég segi, telja að þá væri þeim kleift að útvega það fjármagn sem á vantaði til þess að þessi nauðsynlega framkvæmd kæmist í gagnið á eðlilegum og réttum tíma.

Síðan ætla ég að víkja nokkrum orðum að þeirri brtt., sem ég flyt á þskj. 160. Það er fyrsta brtt. á því þskj. Hún er um nokkra hækkun á þeirri fjárveitingu, sem ætluð er til aðstoðar við þróunarlönd. Það eru senn liðin 7 ár síðan sett var af Alþ. löggjöf um aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Samkv. þeirri löggjöf var kosin sérstök nefnd til að annast framkvæmdir, og var veitt dálítið byrjunarframlag á fjárl. Um þessa löggjöf var, ef ég man rétt, alger samstaða hér á Alþ. Ýmsir vildu að vísu byrja smátt, en sækja þá fremur í sig veðrið. Það var ekki hægt að segja annað en að með lögunum, sem samþ. voru, var merkið þegar í upphafi sett býsna hátt, því í 2. gr. þessara laga, sem eru frá 1971, um aðstoð við þróunarlöndin, segir, að að því skuli stefnt að framlög Íslendinga til þróunaraðstoðar nái sem fyrst því marki, sem samþ. hafði verið sem viðmiðun á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna þá fyrir fáum árum, þ. e. að þessi framlög nemi í heild 1% af þjóðartekjum. Því miður hefur skort mikið á að reynt væri í nokkurri alvöru að nálgast þetta mark. Lengi vel mátti segja að saman færi ákaflega lítilfjörlegur fjárhagsstuðningur af Íslands hálfu og sú vansæmd, að við — þessi tiltölulega ríka þjóð — fórum að sækjast eftir umtalsverðum fjármunum af því fé sem aflögufærar þjóðir lögðu fram til þróunaraðstoðar. S. l. ár var óneitanlega gerð hér umtalsverð bragarbót, þegar hætt var að þiggja þessa þróunaraðstoð. Þá firrtum við okkur þeirri vansæmd að ásælast fjármuni úr þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna, þeim sjóði sem hefur það hlutverk að hjálpa þróunarlöndunum, þeim sem fátækust eru. Og á s. l. ári gerðum við nokkru betur en þetta, og vissulega ber að þakka það. Hin afar lága fjárhæð, sem veitt hafði verið í aðstoð Íslands við þróunarlöndin, var tvöfölduð í íslenskum krónum talið, hækkaði úr 12.5 millj. kr. í 25 millj. kr. Þessar tvennar aðgerðir, að hætta að ásælast peninga úr Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna og tvöföldun hinnar litlu fjárhæðar, sem íslenska þjóðin leggur til aðstoðar við þróunarlöndin, þessar aðgerðir voru mjög ánægjulegar. Þær voru þeim til sóma sem þar áttu einkum hlut að máli, og þar hygg ég að fyrst og fremst megi nefna þá hæstv. utanrrh., Einar Ágústsson, og hæstv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen. Miðað við það hversu illa hafði verið staðið að verki um fjárframlög til þróunaraðstoðarinnar áður og hve miklir eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða við vorum og erum á þessu sviði, hvort heldur miðað er við þjóðartekjur á mann eða við fólksfjölda, þá var hér óneitanlega um nokkra framför að ræða. Hér gat í rauninni verið sett ákveðið stefnumark og það sæmilega verðugt mark til þess að stefna að næstu árin, meðan við værum að nálgast eitthvað það sem aðrar aflögufærar þjóðir telja sér sæma og skylt að leggja af mörkum í þessu skyni. Það markmið gat verið að tvöfalda þessa sáralitlu þróunaraðstoð árlega í ísl. kr. nokkur næstu árin.

Sem dæmi um það, hversu miklir eftirbátar við erum næstu nágranna okkar í þessu efni vil ég aðeins nefna, að Svíar hafa fram að þessu verði eina þjóðin í heiminum, sem náð hefur markinu sem á sínum tíma var sett af Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, þessu 1% marki. Á næsta ári gera Norðmenn ráð fyrir að ná markinu einnig og yrðu þá líklega önnur þjóðin í veröldinni sem næði því. Samtals ætla Norðmenn á næsta ári, þ. e. a. s. bæði norska ríkið og ýmis samtök, frjáls samtök þar í landi, að veita til þróunarhjálpar upphæð sem nemur 63 milljörðum ísl. kr. Miðað við fólksfjölda ætti þróunarhjálp Íslendinga þess vegna að vera um 3 milljarða ísl. kr.

Nú er ég ekki að fara fram á neitt slíkt. Ég hygg að segja megi, að hvorki hæstv. ríkisistj., hv. Alþ. né þjóðin sjálf sé í rauninni undir það búin að taka undir till. sem hníga eitthvað í þessa átt. Við erum því miður allt of oft að berja okkur, enda þótt meðaltekjur hér séu meira en tvítugfaldar miðað við hin fátækustu lönd. En við verðum samvisku okkar vegna og heiðurs okkar vegna að gera til mikilla muna betur í

þessum efnum en við höfum gert, og það er einber barlómur að halda því fram, að við höfum ekki efni á því.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1978 er framlagið til þróunaraðstoðar aukið úr 25 millj. í 40 millj. kr. Vissulega er þetta framför frá þeirri alveg fráleitu reglu að láta sömu vesældarupphæðina í ísl. kr. dingla óbreytta á fjárlögum ar eftir ár, eins og lengi var gert, þrátt fyrir gengisfellingar, gengissig og verðbólgu. En hitt er ljóst, að meginhluti þessarar hækkunar nægir aðeins til þess að vega upp á móti fyrirsjáanlegu gengissigi og verðbólgu.

Það er eðlilegt að menn spyrji, hvort hið litla framlag, sem við höfum veitt til þróunaraðstoðar hafi komið að einhverju gagni. Ég hygg að það hafi tvímælalaust komið að gagni. Það hefur tekist ágæt samvinna meðal Norðurlanda um ýmis verkefni, aðallega í Afríku, og ég held að undirbúningur allur að þeim verkefnum, sem Norðurlöndin vinna að sameiginlega, hafi verið góður og þessi aðstoð muni skila árangri og hafi jafnvel þegar gert það.

Við höfum verið síðustu árin lítils háttar aðilar að þessum sameiginlegu verkefnum Norðurlanda. Sú stofnun, sem sér um þessa þróunaraðstoð fyrir okkar hönd og er sett samkv. lögum frá 1971, eins og ég áðan nefndi, hefur sótt um 52 millj. kr. til þeirra brýnu verkefna sem hún hyggst vinna að á næsta ári. Þessi fyrirhuguðu meginviðfangsefni eru tvenns konar. Það er annars vegar að halda áfram þeim samnorrænu verkefnum í Kenýa og Tansaníu, sem unnið hefur verið að, og einnig að taka upp nýtt norrænt verkefni í Mosambique, sem er þó unnið, að ég hygg, í samvinnu við FAO. Til þessara verkefna er sótt samtals um 23 millj. kr., en auk þess er fyrirhuguð aðstoð við Kenýa á sviði fiskveiða og er gert ráð fyrir að sú aðstoð kosti á næsta ári 25 millj. kr.

Guðjón Illugason skipstjóri, sem hefur manna mest og best unnið ýmis störf í þessum löndum á sviði fiskveiðimála, hefur undirbúið þetta málefni ásamt fleirum og nú standa yfir samningar við Kenýastjórn um þessa aðstoð og framkvæmd hennar. Aðstoðin yrði falin í þjálfun fiskimanna frá Kenýa, í leiðbeiningum um hentugan skipakost, um veiðarfæri, um fiiskvinnslu og annað sem að útgerð lýtur.

Vissulega kemur margvísleg aðstoð til greina þegar um það er að ræða að leggja einhverja hjálp af mörkum til þeirra landa sem fátækust eru í veröldinni og eiga við mesta erfiðleika að stríða. Þar á meðal kemur vissulega til greina að kaupa og leggja fram til handa sveltandi fólki næringarrík íslensk matvæli, sem við eigum sem betur fer mikið af. Hitt er þó vafalaust mest um vert, þegar til lengdar lætur, að aðstoða fólkið í þróunarlöndunum til sjálfsbjargar, að gera það fært um að nytja auðlindir landa sinna í eigin þágu. Að því hefur viðleitni Norðurlandaþjóða beinst fyrst og fremst, og að því beinist viðleitni þeirrar stofnunar sem við höfum falið sérstaklega að annast þessi mál fyrir okkar hönd.

Ég legg sem sagt til á þskj. 160, að liðurinn Aðstoð Íslands við þróunarlöndin hækki úr 40 millj. í 50 millj. kr. Það yrði þá helmings hækkun frá síðasta ári, og ég tel að við stæðum okkur sómasamlega ef við tækjum upp þann hátt allmörg næstu árin, þangað til við erum farnir að vinna myndarlega að þessu máli, að tvöfalda þessa upphæð í krónum talið á hverju ári.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það væri freistandi að fara út í almennar umr. hér um fjárlagadæmið og fjárlagaafgreiðsluna, einkum ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, en mér datt í hug, þegar hann var að lýsa viðskilnaði vinstri stjórnarinnar, að hann hefði sómt sér vel sem aðalpersóna í kómedíu eftir hv. þm. Jónas Árnason. Hann hældi sér mikið af því, að vinstri stjórnin hefði skilið svo vel við, og spurði mjög eftir því, hvaða ráð væru nú fram undan. Það var engu líkara en hann væri að ráðleggja hæstv. núv. ríkisstj. að fara svipaða leið og vinstri stjórnin gerði á sínum tíma, en eins og hv. þm. muna, þá afnam hún eða frestaði, eins og það var kallað, vísitöluákvæðum kjarasamninga, sem gerðir voru í jan. 1974. (Gripið fram í.) En það er nú önnur saga. Og vera má að hv. þm. hafi átt við það, að núv. hæstv. ríkisstj. ætti að taka til þessara merku ráða sem sú ríkisstj. greip til á sínum tíma. En ég ætla að reyna að falla ekki fyrir þeirri freistingu að fara hér út í þessa sálma.

Ástæðan fyrir því, að ég brá út af vana mínum sem meirihlutamaður í fjvn. og tek til máls við þessa umr., er það einkennilega sjónarspil, sem ég vil kalla, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa hér sett á svið varðandi vinnubrögðin í fjvn. að þessu sinni. En öll meginánersla hv. stjórnarandstæðinga í þessari ágætu n., sem ég tel að við höfum átt mjög góða samvinnu í eins og áður, — öll meginánersla hefur verið lögð á það atriði, að þeim hafi verið beinlínis neitað um upplýsingar í n. Þeir hafa tilfært hér þau rök fyrir þessum fullyrðingum sínum, að fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar hafi neitað að gefa þeim þessar upplýsingar um útgjaldahlið frv., hvernig sú hlið frv. breyttist. Og þeir mótmæla þessum upplýsingaskorti með því að skila ekki nál. við 2. umr. og bæta því við, að umr. sé nánast skrípaleikur eða mjög óvenjuleg a. m. k.

Ég vil gera nokkrar athugasemdir við þennan málflutning. Ég vil í því sambandi taka það skýrt fram, að ég álít hér um mikinn misskilning að ræða. Það má vel vera að hægt sé að færa það á reikning annaðhvort meiri hl. eða minni hl. fjvn., að þessi mistök hafi átt sér stað, en ég álít a. m. k. að minni hl. fjvn. hefði getað fengið þennan misskilning leiðréttan á mjög einfaldan hátt.

Á fund fjvn. s. l. laugardag kom forstjóri Þjóðhagsstofnunar og gaf upplýsingar um breyttar þjóðhagsforsendur fjárlagafrv. og helstu breytingar á tekjuhlið frv. Þar kom fram, að tekjurnar mundu á ákveðnum, tilteknum forsendum, sem skýrðar voru á fundinum, hækka um rúma 10 milljarða kr. Þetta skilst mér að sé nýmæli á síðari árum, að forstjóri Þjóðhagsstofnunar komi fyrir 2. umr. og veiti slíkar upplýsingar.

Áður fyrr var tekjuhlið fjárlagafrv. alls ekki rædd í fjvn. fyrir 2. umr., og ég leyfi mér að vitna til orða fyrrv. form. fjvn., hv. þm. Geirs Gunnarssonar, þegar hann flutti framsögu við 2. umr. fyrir nál. meiri hl. fjvn. 1974. Ég hef ekki ummæli hans orðrétt, en ég held ég muni þau efnislega. Hann segir þar, að það sé ekki eðlilegt að fyrir liggi fyrir 2. umr. endanlegar upplýsingar um tekjuhlið fjárlagafrv., einkum og sér í lagi eftir að nýgerðir kjarasamningar liggja fyrir, eins og þá var raun á. Hann er þarna aðeins að benda á venju, sem áður hafði tíðkast, og staðreyndir, sem ég veit að hann viðurkennir að eru réttar. Þess vegna álít ég að þau vinnubrögð, sem tekin hafa verið upp einmitt í seinni tíð, að það sé reynt að láta alla fjvn., hvort sem um minni hl. eða meiri hl. er að ræða, hafa þessar upplýsingar um tekjuhliðina, eins réttar og hægt er, fyrir 2. umr., hafi verið mjög til bóta og þeim mun hæpnara að setja þetta sjónarspil á svið nú, þegar ég lít svo á að þetta hafi verið gert jafnvel ljósar en oft áður. Þó ekki væru lögð fram skrifleg gögn í sambandi við þetta mál kom ljóst fram, hver niðurstaðan var af endurskoðun Þjóðhagsstofnunar á tekjuhlið frv. og þar með hver útkoman yrði úr tekjudæminu með alveg ákveðnum forsendum, þ. e. a. s. óbreyttum sköttum — þó að nokkru leyti breyttum, svo sem gerð var grein fyrir á fundinum.

Þegar forstjóri Þjóðhagsstofnunar hafði lokið greinargerð sinni, þá munu fulltrúar minni hl. fjvn. hafa beðið fulltrúa hagsýslustjóra um upplýsingar varðandi útgjaldaliði frv. og þá ætlast til þess að þeir fengju upplýsingar um hækkanir á þeim í ljósi kjarasamninga og annarra nýrra forsendna sem tengdust kjarasamningunum. Fulltrúi hagsýslustjóra, Sigurður Haraldsson, sem var þarna á fundinum, hafði ekki þessar tiltæku upplýsingar við höndina, hafði raunar ekki unnið í þessu máli og vísaði á hagsýslustjóra. Þetta hefur þessi ágæti maður staðfest í samtali við mig, því ég hafði samband við hann eftir að þessi umr. hófst.

Eftir þetta kom engin ósk frá minni hl. fjvn. um það, að hagsýslustjóri kæmi á fund og veitti þessar upplýsingar. (**Gripið fram í:** Þetta var lokafundur.) Þetta var lokafundurinn, en hann stóð lengi eftir að þetta gerðist.

Það má vel vera að meiri hl. n. hefði átt að óska þess, að hagsýslustjóri kæmi og gerði grein fyrir þessu fyrir alla n., og það má vel vera að þetta hafi verið mistök hjá okkur í meiri hl. En ég segi: ef það hefur verið svona mikið sáluhjálparatriði fyrir minni hl. að fá þessar upplýsingar, að heiður þingsins og þeirra þm. lægi við — ja, ég segi bara: ef menn eru orðnir svona óframfærnir, að þeir geta ekki lagt fram svona beiðni í fjvn., þá skil ég hvorki upp né niður í málinu. Ég held þess vegna að þarna hafi orðið misskilningur, sem ég skal ekkert frekar ræða um hvernig hafi á staðið og þetta sjónarspil sé nánast vafasamt. Vil ég þó engri rýrð kasta á þessa ágætu vini mína, sem ég vil kalla svo, sem sitja með mér í fjvn., bæði af hálfu meiri hl. og minni hl.

Ein viðbótarröksemd við þessu er auðvitað sú, að í nál. meiri hl. n., sem gefið var út og prentað og útbýtt hér á mánudegi, í gær, er sagt, að 17 milljarða útgjöld verði vegna nýrra samninga og áhrifa þeirra á launaliði og tryggingabætur. Haldi menn svo að við höfum ætlað að leyna þessu, en sett það svo í okkar nál.! Ég held því að þarna sé einhver misskilningur á ferðinni. Enn þá fráleitara er að halda því fram, að ríkisstj. hafi skipað okkur og fulltrúa fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar að halda þessum upplýsingum. Það held ég að hver og einn geti séð að er út í loftið.

En nú liggja allar þessar upplýsingar fyrir, jafnvel núna við 2. umr., sem hv. þm. Geir Gunnarsson taldi árið 1974 að væri ekki eðlilegt að lægju fyrir. Allar þessar upplýsingar liggja nú fyrir. Tekjudæmið liggur fyrir, það liggur fyrir hvernig útgjöldin hækka og það liggur fyrir að vandi Alþ. er á milli 6 og 7 milljarða, eftir því hvernig á það dæmi er litið. Og ég held að ég ljúki máli mínu með því að láta í ljós þá ósk og von, að hv. þm. bæði úr minni hl. og meiri hl. fjvn. og hv. þm. almennt leggi sig nú í líma um að leysa þennan vanda, fyrst hann liggur á borðinu. Alla vega ætti að vera starfsaðstaða til þess þegar þessar upplýsingar liggja nú allar fyrir og þær ættu því að auðvelda mönnum að leysa þennan mikla vanda.

Að lokum vil ég aðeins á það minnast, sem kom fram í máli hv. þm. Helga F. Seljans. Ég var að mörgu leyti sammála því sem hann gerði hér að umtalsefni. Margt, sem kom fram í máli hans, er skoðun okkar allra í fjvn. En það var eitt atriði, sem hann minnti hér á, sem um var deilt í n. og menn höfðu misjafna skoðun á. Það er svokölluð flugskýlisbygging í Reykjavík, sem er í till. meiri hl. n. með 70 millj. í stofnframkvæmd.

Mál þetta er þannig til komið, að það mun hafa verið selt flugskýli, sem er í eigu flugmálastjórnar, og í till. flugráðs, sem er kosið af Alþ. og er m. a. einn fulltrúi úr Alþb., Garðar Sigurðsson, kom það fram, að þessu fé skyldi varið í flugstöðvarbygginguna. Nú er það svo, að mér skilst að B-hlutafyrirtæki hafi jafnan haft nokkurn ráðstöfunarrétt á fjármunum sem komið hafa fyrir eignasölu. Að sjálfsögðu gæti fjvn. og Alþ. tekið fram fyrir hendur þeirra, en það mun þá, eftir því sem mér skilst, vera brot á hefð sem ríkt hefur mjög lengi. Auk þess er þarna um að ræða þingkjörna stjórn, þingkjörna nefnd, sem leggur þetta einróma til. Ekki veit ég betur en að flugráð hafi lagt þetta einróma til. Af þessum sökum tók meiri hl. fjvn. þessa till. flugráðs alvarlega og vildi ekki víkja frá henni. Og í rauninni má svo segja, að flugráð hafi að þessu sinni gert mjög góða till. til fjvn. um skiptingu á því fjármagni, sem var til skipta, 600 millj. kr. til fjárfestinga í flugmálum. Till. þess voru vandaðri en nokkru sinni áður, mjög nákvæmlega unnar, og margt af því, sem í þeim till. er, lýtur einmitt að öryggi í flugmálum. Öryggismál voru á blaði í till. flugráðs úti um allt land. Að öllum þessum forsendum fengnum fannst okkur í meiri hl. fjvn. ekki rétt að ganga gegn till. flugráðs um það, að þessum 70 millj. yrði varið til flugstöðvarbyggingar í Reykjavík.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. neitt verulega né ræða um þessa fjárlagagerð almennt, en það eru örfá atriði, sem ég tel mig knúinn til þess að koma að.

Ég vil þá byrja á að minnast á það, sem hv. 7. landsk. þm. gerði hér að umræðuefni varðandi bústaði dýralækna. Framlag til þeirra var hækkað nokkuð í meðförum n. og farið að till. landbrn. í því efni. Það verður að segja eins og er, hvort sem það er stórmannleg játning eða ekki, að nákvæmlega er farið eftir till. landbrn. um skiptingu á því fé og hvergi brugðið út af. Ég vil aðeins geta þess, af því mér þótti sem það gæti misskilist af orðum hv. þm. að það hefðu verið farnar aðrar leiðir en rn. hafði óskað eftir. En svona var þetta. Það er farið hreinlega eftir till. rn. í þessu efni og hvergi brugðið út af.

En ég kemst ekki heldur hjá því að gera það lítils háttar að umræðuefni, sem hér hefur verið rætt af ýmsum, og það er það einkennilega fyrirbæri, að minni hl. fjvn. skyldi ekki treysta sér til að þessu sinni að skila nál.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa nú skýrt þingheimi frá þeim ástæðum sem þeir telja liggja til þess, að þeir koma sér hjá því að skila nál. nú við 2. umr. um fjárlagafrv. Ég fyrir mitt leyti get ekki tekið þær ástæður alvarlega eða gildar, og ég hygg að þegar þeir skoða það mál nánar, þá geri þeir það tæplega sjálfir. Ég hef átt sæti í fjvn. síðan 1971, og ég minnist þess ekki, að nokkru sinni hafi það gerst, að fyrir 2. umr. lægju fyrir upplýsingar frá stjórnvöldum um endanlegar tölur á tekju- og gjaldahlið fjárl. né upplýsingar sem bentu í þá átt, ef um vanda var að ræða, hver hann væri.

Það er nú svo, að ég er ekki sá eini sem staðhæfir þetta eftir langt starf í fjvn. Ég vil minna á það, að 12. des. 1973, þegar 2. umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1974 fór fram, aðeins einum degi fyrr en núna eftir almanakinu, sagði þáv. form. fjvn., Geir Gunnarsson, þetta:

„Ég held að hverjum sem með stjórn fer verði ávallt mjög erfitt að sjá við 2. umr., hvernig mál ráðast, svo að unnt sé að slá fastri tekjuhlið fjárlaganna og flytja við 2. umr. brtt. í samræmi við það. Einkum á þetta við þau ár, sem nýir kjarasamningar eru gerðir."

Skyldu forsendur hafa eitthvað breyst frá þessum tíma? Ég spyr. En ég á ekki von á að ég fái það svar, að það hafi gerst, og mér þykir leitt að vita til þess, að svona skuli hafa verið staðið að málum af minni hl. að ástæðulausu. Ég tel að þetta sýni m. a. það, að líkt sé nú að verki staðið og verið hefur um langt árabil. Hins vegar verð ég að mótmæla því, að form. fjvn. hafi nú neitað um umbeðnar upplýsingar. Ég vil taka það fram, að að mínu viti hefur hvorki skriflega né munnlega verið farið fram á það við mig að fá hagsýslustjóra til þess að gefa upplýsingar um áhrif launahækkana á gjaldahlið frv.

Ég minnist þess, að þess var óskað, að Sigurður Ingimundarson forstjóri almannatrygginga kæmi til fundar við n. Ég hlutaðist til um það að hann kom. Hann hafði orð á því á nefndarfundi, að sér virtist að sjúkratryggingaáætlunin væri ekki raunsæ, og það var farið fram á það við Sigurð að hann veitti okkur nánari upplýsingar og sendi okkur þær í n. Því miður hafa þær upplýsingar ekki borist. En ég held að það hafi ekki verið gert að því að neins staðar hafi verið lokað fyrir, heldur hafi þar orðið einhver mistök hjá Sigurði.

Í annan stað var óskað eftir því af minni hl., að Jón Sigurðsson forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar kæmi til fundar við n. og gæfi henni yfirlit yfir stöðu ríkissjóðs og tekjumöguleika á árinu 1978. Það gerði hann á síðasta sameiginlegum fundi okkar, og þó að þær upplýsingar væru ekki skriflegar gáfu þær okkur vissulega innsýn í það sem væntanlegt væri í þessu efni. Síðan þetta gerðist hefur það komið fram sem helst hefur verið hugleitt að gera í þessu efni. Þær till. eru settar á blað 12. des. eða í gær, og ég hygg að það megi með sanni fullyrða að þær hafi verið sýndar svo fljótt sem verða mátti, eftir að þær voru fullmótaðar. Og það er óvenjuvel að verki staðið að þessu leyti miðað við það sem oftast hefur verið áður, að þessar till. hafa ekki verið tilbúnar fyrr en alveg undir það að 3. umr. hefur farið fram.

Þá hefur verið látið að því liggja, að svo margt væri óunnið við frv. við 2. umr., að alls óraunhæft væri að tala um eðlilega afgreiðslu þess fyrir jólaleyfi. Mig langar til samanburðar að vitna aftur í ræðu form. fjvn. 12. des. 1973, við 2. umr. þá. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af ákvörðunum um fjárveitingar, sem bíða 3. umr., má nefna útgjöld vegna launahækkana 1. des. s. l., hækkanir, sem tilkynntar hafa verið á lífeyrisbótum, og væntanlegar breytingar daggjalda sjúkrahúsa og þar með útgjalda sjúkratrygginga. Auk þess má nefna ýmis önnur mál sem óafgreidd eru hjá n., svo sem húsnæðismál Tækniskólans, sem ég vænti að fái jákvæða lausn við endanlega afgreiðslu fjárl. Einnig má nefna málefni Orkustofnunar, sem eru þjóðinni sérstaklega mikilvæg nú vegna nýjustu viðhorfa í orkumálum, eins og ég áðan greindi. Þá má nefna málefni Ríkisútvarpsins, sem ég tel að afgreiða verði með öðrum hætti en gert er í frv. Og samþykkt heimildagreinar bíður 3. umr. að venju."

Ég tel að ekki sé alls ólíku saman að jafna að því er varðar vinnubrögð og tímasetningar.

Ég leiði þetta ekki fram til þess að halda því fram, að við höfum unnið þetta verk nægilega hratt. Ég tók það einmitt fram í ræðu minni fyrr í dag, að ég teldi óumflýjanlegt, eftir að fjárlagafrv. og fjárlagagerðin væri orðin jafnviðamikil og hún er, að fjvn. væri fullgild til þess að vinna verulega að undirbúningi fjárl. áður en þing kemur saman.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umr. lengur. En ég vil aðeins segja þetta að lokum: Það er niðurstaða mín, að engin rök hafi verið fyrir þeirri einstæðu ráðabreytni hv. minni hl. fjvn. að skila ekki nál. Þar er brotin hefð og algerlega að ástæðulausu.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að andmæla fullyrðingu sem kom fram hjá einum hv. þm. fyrr á þessum fundi,

hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Hann gat um till. til þál., sem ég flyt ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni, um sparnað í fjármálakerfinu, og staðhæfði, eins og hann sagði held ég orðrétt, að þar væru flm. að mótmæla harðlega stefnu ríkisstj. við afgreiðslu þessara fjárl. Þetta er auðvitað hin mesta fjarstæða, og skal ég færa að því nokkur rök.

Eins og hv. alþm. vita fjallar þessi till. um það að koma við sparnaði í fjármálakerfinu, þ. e. a. s. í bankakerfi og sjóðakerfi, og þ. á m. að skorður séu reistar við óhóflegum byggingum bankanna og um fækkun afgreiðslustöðva og fækkun starfsfólks. Ég fullyrði að þetta er einmitt í samræmi við þá stefnu sem ríkisstj. hefur markað við afgreiðslu þessara fjárl. Ég fullyrði að aldrei, a. m. k. á síðari árum, hefur verið tekist á við jafnmikinn vanda í ríkisfjármálum af jafnmiklum kjarki, ábyrgðartilfinningu og hyggindum og núv. ríkisstj. einmitt hefur gert þessu sinni. Hér er um að ræða traustari og varfærnari aðgerðir, en um leið auðvitað erfiðari en þær sem venjulega hefur verið gripið til þegar um svipaðan vanda hefur verið að ræða. Venjan hefur verið að bæta við nýjum sköttum, sem kynt hafa undir verðbólgu, fella gengið og annað í þeim dúrnum. En nú er um ekkert slíkt að ræða. Ég held jafnvel að skýringin á því, að minni hl. fjvn. hafa ekki lagt fram neitt nál., sé einmitt sú, að þeir hafi búist við því, að aðgerðir ríkisstj. yrðu með allt öðrum hætti en þeir hafa komist á snoðir um síðustu daga, þeir hafi verið búnir að búa sig undir stórárás á ríkisstj. fyrir það, að hún ætlaði — við skulum segja að halda áfram þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið meira og minna síðan vinstri stjórnin illu heilli komst hér til valda, þ. e. a. s. að gera ekki nægilega róttækar ráðstafanir til að stemma stigu við verðbólguþróun. En þegar svo kom á daginn, að nú voru einmitt gerðar þær ráðstafanir, sem líklegastar eru til að skapa grundvöll fyrir því, að unnt reynist að hægja á verðbólgu og koma á traustara stjórnarfari, væntanlega í samvinnu og með samstarfi við aðila vinnumarkaðarins — þegar það kemur í ljós, að þessar aðgerðir eru þessa eðlis, þá fer allur vindur úr hv. stjórnarandstæðingum og þeir eru ekki búnir að átta sig á því, hvernig bregðast eigi við slíkum tíðindum, þess vegna hafi þeir kosið að vinna sér frest með því að skila alls ekki nál. við 2. umr. Mér finnst líklegast að þetta sé skýringin.

En ég sagðist skyldu rökstyðja það, að till. okkar hv. þm. Péturs Sigurðssonar væri í samræmi við stefnu ríkisstj. Hún miðar að því að banka- og sjóðakerfi verði tekið sömu eða svipuðum tökum og ýmsar aðrar ríkisstofnanir hafa verið teknar og eru nú teknar. Það hefur verið eitt meginverkefni fjvn., hagsýslunnar og fjmrn. á undangengnum árum að fylgjast með þróun ríkisstofnana — þ. e. reyna að stemma stigu við því að starfsmannafjöldi ykist úr hófi og útgjöld. Þetta hefur fyrst og fremst átt við um rekstrargjöldin. T. d. má nefna heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir og rn. sjálf. Fjvn. hefur nákvæmlega fylgst með því, hvort þar væri um aukningu á starfsmannahaldi að ræða, og hæstv. núv. fjmrh. hefur tekið upp þann hátt að birta skrá yfir alla opinbera starfsmenn, þannig að vel mætti með því fylgjast, hvort um aukningu væri að ræða eða ekki.

Það kom fram hér í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjvn., að á árinu 1976 hefði fjölgun opinberra starfsmanna einungis verið 90, en á almennum vinnumarkaði hefði þá fjölgað um 1800 manns, Fjölgun hjá hinu opinbera var 0.76%, en í heild var fjölgun á vinnumarkaði 1.9%. Þarna er stefnt í rétta átt. Það er minni aukning hjá hinu opinbera en á vinnumarkaði almennt — og því ber vissulega að fagna. Þessu er allt öðruvísi varið í bankakerfinu, og þar þarf þess vegna vissulega að koma við einhvers konar aðhaldi.

Fjvn. t. d. fylgist, eins og ég sagði áðan, nokkuð náið með rekstrargjöldum fjölmargra opinberra stofnana og starfsmannahaldi. Hún fylgist að vissu leyti líka með því hjá stofnunum sem hafa með miklar framkvæmdir að gera, eins og t. d. Vita- og hafnamálastofnun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins, Vegagerðinni og slíkum stofnunum, en þó auðvitað ekki nándar nærri með sama hætti eins og hjá þeim stofnunum þar sem fyrst og fremst er um rekstrargjöld að ræða. Ég held að einhver árangur hafi orðið af þessum aðgerðum hv. fjvn., hagsýslunnar og fjmrn., þó að vissulega sé víða pottur brotinn í þeim stofnunum, sem með verklegar framkvæmdir hafa að gera, og þyrfti sjálfsagt að skoða það ekki síður eða samhliða því sem gáð er að sparnaði í fjármálakerfinu. En það er einmitt fjármálakerfið, bankarnir og opinberar stofnanir, sem hvergi utan að fá neitt aðhald.

Fjvn. gerir enga tilraun til þess að fylgjast með fjölgun starfsmanna hjá bönkunum né heldur opinberum sjóðum, einfaldlega vegna þess að þar er kostnaðurinn greiddur af fé þessara sjóða sjálfra, að sumu leyti af fjármagni sem veitt er á fjárl. af Alþ. að vísu. En samt sem áður hafa þessar stofnanir verið látnar sjálfar sjá um sinn kostnað og enginn spurt þær um það, hvernig þessum kostnaðarauka væri háttað og hvað um það fé yrði, hvort því væri hyggilega varið, hvort sparnaði væri við komið o. s. frv.

Það er mannlegt, ég skal játa það, það er mannlegt þegar ekkert aðhald er, að menn hlífast við því að sýna ýtrasta sparnað. Menn vilja gjarnan kannske búa betur að sér og sínum, kannske fjölga starfsmönnum, og allir þekkja Parkinsonslögmálið. Það er alþjóðlegt vandamál. Kerfið hleður á sig, ríkiskerfið. Raunar á þetta við líka að vissu marki í stórum einkafyrirtækjum, en þar kemur þó það til, að þar er aðhald frá hendi eigenda fyrirtækjanna. Það er aðhald frá t. d. hluthöfum í stórum félögum, og þar er líka samkeppnin, sem veitir aðhald, og sú nauðsyn fyrir stjórnendurna að geta skilað hagnaði. En þessu er hins vegar ekki til að dreifa í bankakerfinu. Þess vegna er að því vikið í þessari þáltill. og grg. með henni, að meginverkefni Alþingis eigi einmitt að vera að veita þetta aðhald, og þar segir einmitt, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþjóð er ljóst, að nú er þörf aðhaldsaðgerða

í fjármálum. Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir þó við, að fjármálastofnanir hafa þanist einna mest út allra ríkisfyrirtækja á sama tíma sem sparifjármyndun minnkar. Leiðir hér sem oftar óstjórn af ofstjórn. Við þetta verður ekki unað.“

Ég hygg að flestir hv. alþm. muni vera sammála mér um það, þegar þeir skoða það, og langflestir Íslendingar, að það getur ekki gengið, að á örfáum árum fjölgi starfsmönnum í bankakerfinu um 45.1%, eins og kom fram þegar hæstv. viðskrh. svaraði spurningu frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni fyrir skömmu um starfsmannahald bankanna. Það getur ekki gengið. Og það getur ekki heldur gengið, að bankarnir keppi með þessum hætti um að ná til sín fleiri krónum í sparifé, séu í stríði hver við annan og kosti þar til gífurlegum fjármunum og fjölgi starfsmönnum án þess að spyrja kóng eða prest.

Ég skal ekki tefja tímann lengi með því að fara lengra út í þetta. Mér gefst væntanlega kostur á að ræða efnislega um þessa till. og hv. þm. öðrum hér næstu daga, þegar hún kemur á dagskrá. En ég gat ekki látið ómótmælt þeirri fullyrðingu, að þessi till. væri í andstöðu við aðhaldsstefnu núv. hæstv. ríkisstj., sem er einmitt að koma í ljós núna. Kannske hefur stefnan ekki verið nægilega traust og góð áður, og það er út af fyrir sig kannske eitthvað til í því, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði rétt áðan, að ríkisstj. og stjórnmálaflokkarnir væru nú að fara í bindindi. Hann orðaði það svo. Við munum það öll, að þegar vinstri stjórnin tók við völdum, þá var öllum lofað öllu og allt losnaði úr reipunum. Þessi athöfn þeirra gekk undir kjörorðinu: „Góða veislu gera skal.“ Og það fór vissulega allt á leik. Við erum að súpa af því seyðið enn þá. Kannske hefur bindindið ekki verið tekið nægilega alvarlega fyrr en nú. Við skulum þá vona að það verði bindindi héðan í frá.

Ég minnist þess nú, að hv. þm. Magnús Kjartansson sagði, þegar vinstri stjórnin hafði verið við völd einungis í eitt og hálft ár, þá sagði hann hér úr þessum ræðustól í tilefni af því, að samráðh. hans, einkum Hannibal Valdimarsson, börðust fyrir smávægilegri gengisfellingu, þá sagði hann að það versta væri ekki að fjármálalíf „brogaðist“, heldur sá siðferðisbrestur sem fylgdi því þegar stöðug verðbólga væri og sívaxandi. Ég hlustaði á þessa ræðu og það er ein af bestu ræðum sem ég hef heyrt flutta héðan úr þessum stól á seinni árum, og boðskapurinn reyndist orð að sönnu. Við höfum verið að súpa seyðið af óstjórn og sukki í fjármálum frá tímum vinstri stjórnarinnar.

Okkur hefur orðið talsvert ágengt á síðustu þremur árum, vissulega. En engu að síður stefndi nú að undanförnu í óefni, og ég get ósköp vel skilið, að þeim hafi verið vorkunn, fjvn.-mönnum minnihlutaflokkanna, að hafa ekki tilbúið sitt nál., af því að þeir hafi hugsað sem svo, að allt aðrar aðgerðir yrði að gera en þær sem nú er verið að gera af hálfu ríkisstj. Ég hélt það sjálfur í haust, að við mundum lenda í enn þá meiri erfiðleikum við að leysa þennan vanda en raun hefur á orðið. Það hefur tekist eingöngu fyrir það, að stjórnarflokkarnir hafa staðið þétt saman og allir hafa slegið af og slegið miklu meira af heldur en maður þorði að vona. Þess vegna eru núna líkur til þess að takist að rétta nokkuð við.

En með leyfi forseta vil ég aðeins geta um þær tölur, sem hæstv. viðskrh. upplýsti um fjölgunina í bankakerfinu, sem sýnir hver nauðsyn er að snúast til varnar einmitt þar í samræmi við markaða stefnu hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna nú á þessum dögum. En þar segir:

„Eftir upplýsingum Seðlabankans hafa starfsmenn verið sem hér segir: Seðlabankinn: 1970 99, í okt. 1977 117. Viðskiptabankar: Menn við bankastörf árið 1970 991, í okt. 1977 1438. Við húsvörslu, bifreiðastjórn o. fl. árið 1970 36, í okt. 1977 56. Tíu stærstu sparisjóðir: Árið 1970 60, í okt. 1977 110. Samtals gerir þetta 31. des. 1970 1186, en í okt. 1977 1721. Fjölgun starfsmanna frá 1970 er því 535 eða 45.1%.“

Í ofangreindum tölum segir síðar, að ekki séu taldir með starfsmenn fjárfestingarlánasjóða, eins og veðdeildar Landsbankans, Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Iðnþróunarsjóðs o. s. frv. En síðan er bætt við:

„Reiknistofa bankanna tók til starfa í ársbyrjun 1974 og starfa þar nú 30 menn.“

Þetta er til viðbótar þessari fjölgun. Reiknistofa bankanna er geysilega dýr. Þau tæki, sem þar eru, kosta áreiðanlega stórfé, hvort sem þau hafa verið keypt eða eru leigð. Það er enginn vafi á því, að þarna þarf samræmdar aðgerðir og átak til þess að bæta um, og vona ég að þegar þar að kemur muni þm. — helst allir — sýna það með stuðningi við þessa þáltill., sem gerð var hér að umræðuefni, ekki upphaflega af mér heldur af öðrum þm., annaðhvort beint með því að samþykkja hana eða þá það sem æskilegast væri, að ríkisstj., án þess að nokkuð kæmi til samþykktar eða miklar umr. yrðu um till., tæki þennan þátt sömu tökum og fjvn. hefur verið að leitast við að taka aðra þætti ríkisfjármálanna. Og síðan eru, eins og ég gat um áðan, auðvitað fleiri þættir sem einnig þarf að taka þessum tökum, og þá mun vel fara.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég flyt á þskj. 163 brtt. í sjö liðum. Þar af er um að ræða sparnaðartillögur fyrir ríkissjóð upp á 1220 millj. kr. og útgjaldatillögur fyrir ríkissjóð upp á 243 millj. kr.

Ég ætla mér ekki að ræða hér um fjárlagafrv. almennt. Það hefur komið fram í þessum umr., að mikilvægum gögnum, sem hljóta að teljast forsenda raunverulegra umr. hér í dag við 2. umr. málsins, hefur verið skotið undan og þau hafa ekki verið afhent fyrr en í dag. Þar af leiðir, að við stjórnarandstæðingar höfum fallið frá því að halda hér uppi almennum umr. um efni fjárlagafrv. og um þá stefnu sem þar kemur fram. Hitt vita menn, að við höfum margoft bent á veikustu þættina í tekjuöflunarpólitík þessarar ríkisstj. Þar á ég að sjálfsögðu við þá einstæðu hlíf sem atvinnurekstrinum í landinu er sýnd í framkvæmd skattalaga hér á landi, á

sama tíma og hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir síhækkandi bráttósköttum á allan almenning, flötum sköttum, sem lenda hlífðarlaust á tekjum launamanna og útgjöldum þeirra. Af þessu höfum við enn einu sinni fengið smjörþefinn í dag.

Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson var að enda við að gleðjast yfir þeim tíðindum, að bjargráð ríkisstj., jólagjöfin, skyldu ekki innihalda neina nýja skatta á þjóðina, og taldi að við ættum að vera afskaplega lukkulegir yfir þeirri niðurstöðu, því að nú væri, að því er mér skildist, í fyrsta sinn gripið til ráðstafana sem fælu ekki í sér nýja skattlagningu. Ég er nú hræddur um að þessi ágæti hv. þm. hafi ekki lesið lexíuna sína nægilega vel áður en hann steig í ræðustól í þetta sinn, því að hæstv. fjmrh. var einmitt að upplýsa okkur þm. um það fyrr í dag, að til stæði að leggja á þjóðina þriggja milljarða kr. nýjar álögur og þar af mundi verða um að ræða enn einn bráttóskattinn, enn einn flatan skattinn, með fyrirhugaðri hækkun sjúkragjalds um 1%, sem mun gefa ríkissjóði í nýjar tekjur hvorki meira né minna en tæpa 2 milljarða. Hinir skattarnir, sem nefndir voru, voru að vísu af smærra tagi: innflutningsgjald á sérstakar sætar vörur, flugvallagjald, gjald á gjaldeyrisleyfi, þ. á m. á ferðagjaldeyri, og hækkun bensínverðs. Allt mun þetta gefa um 3 milljarða kr. í tekjur. Ég er ansi hræddur um að það sé lítil hrifning hjá sveitarstjórnarmönnum yfir þessum boðskap hæstv. fjmrh. í dag, þar sem það er nú staðfest að ríkisvaldið ætlar sér ekki aðeins að gera þann bráðabirgðatekjustofn, sem þetta vandræðasjúkragjald var fyrir einu ári, að varanlegum tekjustofni, heldur ætlar hún einnig að tvöfalda þennan tekjustofn. Þar með ætlar hún að ráðast inn á tekjuöflunarsvið sveitarstjórnanna í landinu, en það hefur fram undir þetta verið þeirra verksvið að leggja á bráttóskatt 10—11%. Hafa lengi verið uppi miklar óskir af hálfu sveitarstjórnarmanna um að fá að hafa þann skatt hærri, vegna þess að vitað er að flestar sveitarstjórnir í landinu eiga við gífurlega fjárhagsörðugleika að etja, ekki síst af völdum verðbólgunnar og vegna þess að tekjur sveitarfélaganna eru miðaðar við verðlag í landinu árið á undan. Þær hafa ekki fengið heimild til þess, vegna þess að staðið hefur verið á móti því að þessi flati bráttóskattur væri hækkaður. En svo þegar hæstv. fjmrh. vantar eitthvað í kassann, þá er bara gripið til þess skatts á hverju ári nú um sinn, 1% á ári.

Nei, ég er ansi hræddur um að hv. þm. Eyjólfur Konráð hefði átt að gleðjast minna yfir þessum nýju tíðindum og að hann hefði kannske átt að haga sínum bindindisorðum á annan veg en hann gerði í lok ræðunnar, því að þó að segja megi að ríkissti. hafi farið í bindindi hvað snertir framlög til margra mikilvægustu þátta þjóðlífsins, svo sem eins og byggingar sjúkrahúsa, skólamannvirkja og annarra slíkra nauðsynjamála, þá er síður en svo að hún hafi farið í neitt bindindi enn þá hvað snertir vaxandi og sífauknar álögur á almenning í landinu.

Þessi hv. þm. flutti reyndar hér alllanga framsöguræðu um þingmál sem hann hefur nýlega flutt hér í þinginu og mun það sjálfsagt vera nokkuð óvanalegt að menn flytji framsöguræður um þingmál sín við 2. umr. fjárl. En allt er nú einu sinni fyrst. Það gefst að sjálfsögðu tækifæri til þess síðar að ræða um þessa till. hans, og ég vil sannarlega taka það fram, að engir hafa meir lagt áherslu á það en við Alþb.-menn, að ástæða væri til að draga úr þeirri miklu yfirbyggingu, sem við Íslendingar búum við, og fækka mannskap í bankakerfi — og reyndar á mörgum öðrum sviðum. Ég held hins vegar að till. hans þurfi að skoða svolitið nánar, því að ég er ekki viss um að sú einfalda lausn að skera niður um 10% sé eðlileg eða auðveld í framkvæmd. Kannske er ekki alveg laust við að sannleiksneisti felist í orðum þess ágæta þm., sem gegnir starfi framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins, hv. þm. Tómasar Árnasonar, sem sagði í blaðaviðtali nú fyrir skemmstu um þessa till., að hún bæri nokkurn áróðurssvip, bæri nokkurn svip af því, að kosningar nálguðust. Staðreyndin er auðvitað sú, að ef við eigum að fækka og grisja bankakerfið verður að fækka bönkunum. Það verður ekki gert með einfaldri þáltill., heldur verður það einungis gert með því að sameina þær bankastofnanir sem fyrir eru. Á þetta mál höfum við Alþb.-menn lagt mjög ríka áherslu, eins og margir vita, og reyndum hvað við gátum að koma frv. þess efnis fram fyrir nokkrum árum, en nutum til þess minni aðstoðar hv. þm. Eyjólfs Konráðs en ástæða hefði verið til. Ég efast hins vegar ekki um að hann er nú þeirrar skoðunar, að þetta frv. hefði gjarnan mátt ná fram að ganga, og gleðst yfir því að eignast samherja í þessu máli. En ég vil undirstrika það hér, að það er auðvitað á mörgum öðrum sviðum sem þörf er á að grisja kerfið, og þar á ég ekki hvað síst við olíudreifingarkerfið. Ég vona líka að hv. þm. verði mér sammála um að það verði til mikilla bóta og mjög til að minnka yfirbygginguna í þjóðfélaginu að við þurfum ekki lengur að búa við þrefalt olíudreifingarkerfi. Reyndar er ég sannfærður um það, miðað við þá stefnu sem hv. þm. hefur tekið í þessum efnum, að hann væri til viðtals um grisjun innflutningskerfis landsmanna, því að þar fer sennilega fram mest sóunin. (Gripið fram í.) Þá á ég bara við innflutninginn almennt. (Gripið fram í.) Og ég efast ekki um að skoða verður alla þætti innflutningsverslunarinnar.

Ég ætla ekki hér að fjölyrða um þá stefnu í útgjöldum ríkisins sem fjárlagafrv. sýnir. En þar er um að ræða niðurskurð þýðingarmikilla framkvæmda á mjög mörgum sviðum: hafnamála, skólamála, vegamála, sjúkrahúsmála. Það má að vísu vera, að í einstaka tilviki sé um að ræða hlutfallslega hækkun frá árinu áður. En það, sem máli skiptir, er að sjálfsögðu að lítil úrbót fæst eftir hinn mikla niðurskurð sem átt hefur sér stað á seinustu tveimur árum, og fjárveitingar til þessara málaflokka eru því algjörlega ónógar. Einnig einkennir það þetta frv. að framlög til stofnlánasjóða og Byggingasjóðs eru stórlega skorin niður og framlög til framkvæmda í þágu atvinnuvega. Ég nefni hér sem dæmi framlög til grasköglaverksmiðja í landinu. Hitt einkennir svo frv. einnig, að um er að ræða glórulausa eyðslu í stóriðjuframkvæmdir. Þar á ég að sjálfsögðu í fyrsta lagi

við framkvæmdirnar á Grundartanga, sem taka 1220 millj., og framkvæmdirnar við nýja virkjun hjá Hrauneyjafossi, sem munu taka um 1500—2000 millj. kr., að því er ég hygg, þó að vísu vanti enn gögn um það nákvæmlega, hversu háa upphæð þar er um að ræða.

Þær till., sem ég flyt hér, snerta einmitt þessi svið sem ég hef hér lýst örfáum orðum. Við leggjum til í fyrsta lagi, hv. þm. Lúðvík Jósepsson og ég, að Grundartangaframkvæmdirnar við höfn þar verði felldar niður og einnig framlag til Íslenska járnblendifélagsins. Þess í stað erum við með allmargar tillögur um framkvæmdir í hafnamálum, og ég flyt hér sérstaklega till. um þrjár framkvæmdir á Norðurlandi vestra.

Þar er í fyrsta lagi um að ræða Skagaströnd, að til byggingar stálþils með kanti og til dýpkunar þar verði veittar 70 millj. 500 þús. í staðinn fyrir 40 millj. 500 þús. Þessi framkvæmd tengist þeim áformum Síldarverksmiðja ríkisins að endurbyggja verksmiðjuna á Skagaströnd. Að því er fróðustu menn telja eru líkur á því, að heildarframleiðsla Íslendinga á loðnu muni aukast sem nemur úrvinnslu úr 50 þús. tonnum af loðnu, ef þessi verksmiðja verður byggð, einungis vegna þess hversu haganlega hún liggur að miðunum. Verksmiðjur, sem fyrir eru í dag, anna ekki vinnslunni og þessi verksmiðja endurbyggð mundi færa þjóðarbúinu á einu ári 1.5—2 milljarða kr. Til þess að hægt sé að hefja vinnslu í þessari verksmiðju verður að koma hafnarmálum á þessum stað í fullnægjandi horf, og það liggur nú fyrir að fjárveiting upp á 40.5 millj. nægir ekki til þess. Framkvæmdir hafa staðið yfir á þessum stað sem þegar hafa tekið nokkurt fjármagn, og til þess að unnt sé að ljúka þeim framkvæmdum og svo einnig þeim dýpkunarframkvæmdum, sem ráðast þarf í til viðbótar vegna byggingar þessarar verksmiðju, dugir ekki minna en rúmar 70 millj. kr. Þetta eru nýjustu upplýsingar sem fyrir liggja í þessu máli. Því miður er málið þannig vaxið, að fyrir nokkrum vikum fékk fjvn. í hendur rangar upplýsingar um þetta efni og talið var á þeim tíma að 40 millj. kr. nægðu, en þetta hefur nú verið leiðrétt af Vita- og hafnamálaskrifstofunni. Ég vil því mjög eindregið fara þess á leit við fjvn. að hún athugi, hvort ekki væri hægt að hnika til þessari fjárveitingu og hækka hana sem þessu nemur, því hér er um mjög stórt mál að ræða fyrir bjóðarbúið allt, ekki bara fyrir bennan eina stað. Það liggur fyrir álitsgerð um það, að með þessari verksmiðju yrðu útflutningstekjur þessarar þjóðar 1.5—3 milljörðum meiri en þær eru í dag. Það er því um ólíkt þýðingarmeiri og brýnni framkvæmd að ræða en hafnargerðina við Grundartanga, sem þó á að taka fimm sinnum meira fjármagn en sú sem hér er gerð að umtalsefni.

Í öðru lagi geri ég till. um að unnið verði að gerð stálbils og þéttis ásamt kanti í höfninni á Sauðárkróki fyrir upphæðina 40 millj. kr. Hér er líka um mjög mikið nauðsynjamál að ræða, — óvenjulegt nauðsynjamál vegna þess að fyrir liggur að hafnargarðurinn þar er að hrynja, liggur undir stórskemmdum og raunveruleg hætta á því, að bæjarfélagið og þar með þjóðfélagið tapi allmörgum milljónum á þeim skemmdum sem geta orðið á næstu mánuðum ef ekki fer þar nú þegar fram viðgerð sem kostar um 50 millj. kr. Ríkishlutinn af þeirri framkvæmd væri þá nærri 40 millj. Þessar upplýsingar hafa borist fjvn., og liggja fyrir um þetta langar og miklar skýrslur ásamt myndum af ástandi þessa hafnargarðs sem er að hrynja. Ætti ekki að þurfa frekar vitnanna við, hversu nauðsynlegt þetta verk er. En hersýnilegt er, að ef ekki verður af þessu á þessu ári getur orðið um margfalt dýrari framkvæmd að ræða að einu ári liðnu.

Það er svo aftur partur af þessari hrapallegu sögu, að fyrir 3 árum, þ. e. a. s. árið 1974 var ákveðið að ráðast í þessa framkvæmd og stál var pantað til að framkvæma verkið. Það kom til Sauðárkróks og átti að fara að setja það niður, en hafnamálaskrifstofan ákvað á þeim miklu niðurskurðartímum, sem þá fóru í hönd, m. a. með tilkomu nýrrar ríkisstj., að þvinga þá Sauðkræklinga til að láta stálið af hendi, og þeir urðu að gera það vegna þess að dýpkunarframkvæmdir, sem átt höfðu sér stað í höfninni, höfðu orðið dýrari en reiknað var með. Þeir höfðu ekki fjármagn undir höndum til þess að pota stálinu niður í höfnina og það fór því á annan stað. Auðvitað hefði strax árið eftir átt að útvega fé til þessara framkvæmda, en það var ekki gert, og nú er í algjört óefni komið.

Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að ef fjvn., ef ríkisvaldið ætlar að haga sér þannig í þessu máli að láta eignir samfélagsins eyðileggjast í stórum stíl á komandi ári vegna hirðuleysis og vanrækslu, þá spretta af því mikil blaðaskrif. Það þarf enginn að vera í neinum vafa um það, að þetta verður talið til meiri háttar afglapa og hneykslismála af hálfu meiri hl. fjvn., ef ekki verður úr bætt.

Að lokum er ég hér með þriðju till. varðandi hafnargerð á Norðurlandi vestra, en það er á Siglufirði. Gerð er till. um dýpkun og gerð smábátahafnar þar fyrir 50 millj. kr. Þetta er líka mikil nauðsynjaframkvæmd, því Siglufjarðarhöfn er nú orðin ein stærsta útflutningshöfn landsins og hún samræmist ekki á nokkurn hátt þeim aðstæðum sem skapast hafa eftir að miklar loðnuveiðar eru hafnar fyrir Norðurlandi. Í Siglufjarðarhöfn eru nú mjög ónotaleg og hættuleg þrengsli, vegna þess að ekki hefur farið fram sú dýpkun í höfninni, sem þörf er á, vegna þess, að á erfiðleikaárunum á seinasta áratug var bókstaflega ekkert gert fyrir þessa höfn árum saman, bæði vegna þess að ríkisvaldið var mjög naumt á fjármagn og einnig hins, að Siglufjarðarkaupstaður hafði þá ekki fjármagn til þess að standa að sínum hlut í hafnargerðinni. Nú er þetta breytt. Nú hefur þessi höfn mjög verulegar tekjur og þarf á því að halda, að um verði að ræða stórfelldar framkvæmdir þar.

Í fjórða lagi flytjum við tveir þm. Alþb. Kjartan Ólafsson og ég, till. um hækkun á greiðslu til Félagsstofnunar stúdenta, en eins og kunnugt er hefur fjvn. nú þegar lagt til að fjárveiting til Félagsstofnunar stúdenta verði hækkuð úr 11 millj. kr. í 19 millj. Þó er það svo, að þetta framlag af ríkisins hálfu er algjörlega ófullnægjandi. Nægir að benda á það, að þörf er á stórfelldu viðhaldi á báðum Görðunum. Eðli-

legt viðhald á þeim hefur ekki farið fram um langt árabil, og nú er ástand þeirra orðið svo slæmt, að þeir teljast varla í íbúðarhæfu ástandi, eru bæði heilsuspillandi og á annan hátt stórlega varasamir. Þess má geta einnig, að Heilbrigðiseftirlitið og Eldvarnaeftirlitið hafa gert ítrekaðar kröfur um umfangsmiklar endurbætur á Görðunum og beinlínis hótað lokun þeirra ef ekki yrði af framkvæmdum hið fyrsta. Ef Görðunum verður lokað lenda 100 stúdentar á götunni og það mun að sjálfsögðu hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þetta fólk.

Framlög til Félagsstofnunar stúdenta hafa rýrnað mjög verulega frá því sem var í tíð vinstri stjórnarinnar. Nægir að benda á það, að jafnvel þótt við miðuðum við sömu stúdentatölu og var árið 1972, en við gerum ráð fyrir því, að upphæðirnar hækkuðu að verðgildi frá því sem var á vinstristjórnarárunum, þá nægði ekki minna en 26—27 millj. Ef við hins vegar miðum við þann stúdentafjölda sem er í dag, þ. e. a. s. um 3000 stúdenta, og miðum við það verðlag sem er í dag, þá mundi ekki nægja minna en fast að 40 millj. Ég tel að það sé mjög í hófi, að við gerum hér till. um 30 millj. kr.

Við flytjum, hv. þm. Stefán Jónsson og ég, till. um að til grænfóðurverksmiðja verði veittar 40 millj. til viðbótar því sem gert er ráð fyrir í till. fjvn., en það eru 35 millj. 848 þús. sem fjvn. ætlar til grænfóðurverksmiðja. Í fjárlagafrv. kemur skýrt fram, að framlög til verksmiðjanna í Saltvík og í Hólminum hafa verið skorin niður, en til þeirra voru veittar 20 millj. kr. á s. l. ári. Nú virðist hins vegar ætlunin að leggja þessar 20 millj. kr., sem veittar voru í fyrra, í salt um óákveðinn tíma og hætta gjörsamlega við byggingu þessara verksmiðja. Ég geri ráð fyrir því, að ástæðan til þess sé sú, að innlent kjarnfóður þykir nokkru dýrara í framleiðslu en innflutt kjarnfóður. Ég tel hins vegar að sú ástæða sé alls ekki nægileg til að hætta við byggingu þessara verksmiðja. Í fyrsta lagi kann hér að vera aðeins um tímabundið ástand að ræða og óvíst að þetta lága verð haldist til frambúðar, — hitt er miklu líklegra, að verð á innfluttum fóðurbæti eigi eftir að hækka, — og í öðru lagi bendi ég á, að þær verksmiðjur, sem í dag framleiða graskögglа, nota eingöngu innflutt eldsneyti, þær nota eingöngu rándýra olíu. Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að undir þeim kringumstæðum sé innlent kjarnfóður óeðlilega dýrt, dýrara en innflutt. Verksmiðjurnar, sem áformað hefur verið að byggja í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, verða væntanlega kyntar með jarðhita og með ódýru rafmagni, og þess er því að vænta, að framleiðslukostnaður í þessum verksmiðjum geti orðið talsvert lægri en hann er í þeim verksmiðjum sem nú eru í landinu.

Ég tel að það sé eitt af mörgum dæmum um ranga stefnu ríkisstj. í atvinnumálum, að hún skuli ætla sér að halda fast við svimandi háar fjárveitingar til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, en skera á sama tíma niður framlög til framleiðslu innlends kjarnfóðurs, sem mundi spara þjóðinni mikinn gjaldeyri ef það yrði mestallt framleitt hér innanlands. Talið er fullkomlega raunhæft að framleiða 40 þús. tonn af kjarnfóðri hér innanlands, sem mun vera um 80% af því sem Íslendingar þurfa á að halda, en í dag framleiðum við aðeins um 8 þús. tonn af innlendu kjarnfóðri. Það er því stórverkefni, sem bíður okkar, að fimmfalda þessa framleiðslu á næstu árum, en það verður auðvitað síst af öllu gert með því að skera niður fjárveitingar til svo brýnna framkvæmda.

Í fjórða lagi flyt ég till. um skólamál á þskj. 163. Það er einn af þeim þáttum sem verulega hafa rýrnað í meðferð núv. ríkisstj. Vil ég leyfa mér að benda á því til sönnunar, að ef fjárveitingin, sem veitt var til skólamála á árinu 1974, þ. e. a. s. í fjárl. í des. 1973, væri hækkuð til núverandi verðlags þá væri þar um að ræða 3300 millj. kr. sem þá voru veittar til byggingar skóla í landinu, og þá á ég við grunnskólana og framhaldsskólana, en samsvarandi fjárveiting í dag á sama verðlagi virðist ætla að vera 1621 millj. — sem sagt helmingi lægri að verðgildi. Þetta sýnir í hnotskurn niðurskurðinn sem þessi ríkisstjórn hefur framkvæmt.

Ég er hér með þrjár till. um hækkanir til skólamála, og margir aðrir þm. Alþb. eru með till. fyrir önnur kjördæmi.

Mínar till. snerta í fyrsta lagi skólann á Hofsósi, og fjárveiting til hans hækki úr 10 millj. í 16 millj. Þar er um það að ræða að unnt verði að ráðast í byggingu nýrrar álmu við skólann, eins og staðið hefur til, en þersýnilegt er að ekki verður af því nema fjárveitingin verði hækkuð.

Í öðru lagi er um það að ræða, að áformuð skólabygging í Haganeshreppi fái 10 millj. kr. í staðinn fyrir 4 millj. Þar er um að ræða framkvæmd sem staðið hefur til að ráðast í mörg undanfarin ár. Ég minnist þess að við afgreiðslu fjárl. í des. 1974, fyrir þremur árum, flutti ég till. um að raunveruleg fjárveiting yrði veitt til þessa skóla. Mig minnir að sú till. væri um 3 millj. á þeim tíma. Þá var sýndarfjárveiting á ferðinni — algjör sýndarfjárveiting og auðvitað ekkert fyrir hana gert. Síðan var aftur sýndarfjárveiting í des. 1976. Ég flutti till. um raunverulega fjárveitingu. Sú till. var felld. Enn gerist það í des. 1976, að enn ein sýndarfjárveitingin var veitt til þessa mannvirkis, — sýndarfjárveiting, segi ég, vegna þess að reynslan hefur sýnt að svo er. Enn er ekki búið að stinga niður einni skóflu á þessum stað. Og ég tel að hætta sé á því, að enn sé um að ræða sýndarfjárveitingu, þar sem hún er aðeins upp á 4 millj kr., og ekki verði þarna um að ræða raunverulega fjárveitingu nema að hún sé a. m. k. 10 millj.

Þriðja till. er aftur á móti mjög smá. Hún snertir skólabyggingu í Varmahlíð, 3. áfanga hennar. Vissulega væri hægt með fullum rökum að bera hér fram till. um stórfellda fjárveitingu til skólabyggingar í Varmahlíð, vegna þess að öll fjárveitingin, sem felst í till. fjvn., mun fara til að greiða það sem þegar hefur verið unnið fyrir eða til að laga í kringum húsið, ganga frá lóð, ganga frá þeim mannvirkjum, sem búið er að reisa, búið er að taka í notkun. Það veitti svo sannarlega ekki af verulega stórri fjárveitingu til þessa skóla eins og margra annarra skóla, en ég hef látið nægja að óska eftir því, að tekin verði inn 300 þús. kr. fjárveiting sem byrjunar-

fjárveiting í 3. áfanga, vegna þess að ég óttast að verði þessi fjárveiting ekki tekin nú inn muni allar framkvæmdir við þessa skólabyggingu stöðvast um tveggja ára skeið, því að alkunnugt er að ekki er byrjað á nýjum áfanga við slíka skóla nema fyrst sé veitt byrjunarfjárveiting.

Loks vil ég geta hér nokkurra till. af minni hálfu um framlög til heilsugæslumála. Þar er fyrst og fremst um að ræða heilsugæslustöðvarnar á Hvammstanga annars vegar og á Blönduósi hins vegar. Það gildir alveg nákvæmlega það sama um báðar þessar heilsugæslustöðvar og um skólabygginguna, sem ég nefndi hér áðan í Haganesvík, að í mjög mörg undanfarin ár, og rekur sig líklega allt aftur til ársins 1973, hefur verið um að ræða örsmáar fjárveitingar til þessara heilsugæslustöðva, alla tíð svo smáar að ekki hefur verið hægt að byrja á verkinu. Það er ekki hægt að byrja á stórri byggingu, sem á að kosta kannske 200 millj., með nokkrar millj. í höndum. Menn geta kannske grafið grunn og átt þá á hættu að hann standi lítt hreyfður og valdi börnum og ungmennum hættu og verði til óprýði staðnum, án þess að þar sé nokkuð annað gert í mörg ár. Þess vegna doka menn við, og þannig hefur reyndin verið.

Ég tel að ef veruleg hreyfing eigi að komast á hið mikla vandræðaástand, sem er í heilsugæslumálum á Hvammstanga, þá dugir þar ekki minna en 50 millj. kr., því ég sé fram á það, að með 25 millj. kr. fjárveitingu yrði heilsugæslustöðin þar líklega ein 8 ár í smíðum. Það er ekki aðeins að byggja þurfi þar heilsugæslustöð fyrir 150—200 millj. kr., heldur þarf einnig samhliða að framkvæma allverulegar breytingar á sjúkrahúsinu, fyrir um 50 millj. kr., og með því að fjárveitingar séu ekki hærri en þetta mundi taka 8 ár að koma upp þessu bráðnauðsynlega mannvirki. Ég hygg að óvíða sé jafnmikið vandræðaástand ríkjandi, þar sem á annað borð er heilsugæslustöð, og einmitt í sjúkraskýlinu á Hvammstanga. Það held ég að yfirmenn heilbrigðismála, sem heimsótt hafa þennan stað, séu nokkuð sammála um.

Á Blönduósi eru að vísu miklu myndarlegri mannvirki ætluð til heilsugæslu, en þar er einnig þörf á byggingu heilsugæslustöðvar fyrir mannmargt hérað. Verður að hafa í huga, að hún vrði ekki bara fyrir Blönduós, heldur einnig fyrir Skagaströnd. Til þess að verulegur skriður komist á byggingu heilsugæslustöðvarinnar þar, þaf að steypa hana upp í einum áfanga. Það verður ekki farið að gera það í mörgum áföngum og á mörgum árum. Menn steypa upp á einu ári og til þess dugir ekki minni fjárhæð en þær 50 millj. kr. sem ég hef gert till. um.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég flyt fjórar brtt. við fjárlagafrv. ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal. Ég tel að ég hefði þurft helst að flytja brtt. við hvern lið, sem snertir byggðarlögin á Vesturlandi, og gera tilraun til þess að fá breytt hverjum lið, sem er í frv. um framlög til skólamála og hafnamála og annarra almenningsmála á Vesturlandi, til þess að þetta frv. sýndi einhvern lit á því, að það væri æskilegt að byggð héldist á Vesturlandi.

Mér finnst að hæstv. ríkisstj. og hennar þingmeirihluti hafi látið fallerast fyrir síbyljuáróðri síðdegisblaðanna — eins og sagt var í þessum ræðustól í gær — á svipaðan máta og fréttamenn útvarps og sjónvarps, og að fjárl. eða þau framlög sem ætluð eru til hinna dreifðu byggða á fjárl. a. m. k. á Vesturlandi, beini raunverulega þeirri áskorun til okkar, sem þar búum, að þar sé ekki rétt að halda áfram byggð. Þeir þættir, sem snúa að okkur, framlög til skóla, hafnamála, heilsugæslu, eru allir á þann veg, að það er raunverulega ekki hægt að halda þar áfram neinum framkvæmdum.

Eins og ég sagði áðan flyt ég hér fjórar brtt. og ætla, um leið og ég ræði þær, að ræða um þau framlög, sem lagt er til í fjárlagafrv. að veitt séu til annarra staða á Vesturlandi, og fara um það nokkrum orðum, hvernig þau geti nýst eða ekki nýst.

Það er í fyrsta lagi till. okkar um framlag til nýrrar skólabyggingar á Akranesi. Þar leggjum við til, að í staðinn fyrir 3 millj. til nýrrar skólabyggingar verði lagðar 50 millj. Eins og hv. þm. mun vera kunnugt hófst kennsla í nýjum fjölbrautaskóla á Akranesi nú í haust. Sú starfsemi fer fram í skólum sem fyrr voru á staðnum, þ. e. a. s. í gagnfræðaskóla og iðnskóla. Við það að þessi skóli var stofnsettur, sem hefur vitaskuld verið vitað og samþykkt af menntmrn. og ríkisstj., þurfti ákveðið pláss fyrir þá kennslu sem fram fór í gagnfræðaskóla og iðnskóla. Eins og stendur er fjölbrautaskólanum haldið uppi á fjórum stöðum á Akranesi.

Það var þegar orðið of þröngt um gagnfræða- eða grunnskólann á Akranesi þegar fjölbrautaskólinn var tekinn inn, og það var þörf á því að byggja nýjan skóla. Þeir á Akranesi fóru fram á það, að veittar yrðu 100 millj. til nýrrar skólabyggingar. Svarið, sem þeir fá frá fjvn., er 3 millj. Við teljum að þær 3 millj. komi vitaskuld að engu gagni, hvorki fjölbrautaskólanum né grunnskólanum, en upphæð, sem væri um 50 millj., gæti orðið byrjun að framkvæmdum við grunnskóla sem væri þá hugsanlega til notkunar á vetrinum 1979—1980. Í millitíðinni þyrfti að leysa þetta vandamál með lausum stofum. Eins og stendur í frv. í dag er vandamálum Akurnesinga raunverulega ekki ansað. Það vandamál, sem er verið að skapa Akurnesingum með þessu, er raunverulega um leið verið að skapa öllum Vestlendingum, vegna þess að með því að starfsemi fjölbrautaskóla hófst á Akranesi var verið að skapa grundvöll að því, að við á Vesturlandi gætum byggt okkar grunnskóla upp í auknum mæli eða bætt þar við nýjum bekkjardeildum og námið í þeim bekkjardeildum gæti síðan nýst við fjölbrautaskólann á Akranesi. En svarið sem við Vestlendingar fáum fyrir þennan framgang Akurnesinga í því að koma af stað fjölbrautaskóla, er að raunverulega er með þessari afgreiðslu á fjárl. til skólans á Akranesi verið að segja að þessi starfsemi, sem þarna er hafin, hafi verið óþörf. Og það er varla hægt að sjá að Akurnesingar geti haldið þeirri starfsemi áfram á næsta vetri ef ekki verður bætt úr.

Til okkar á Hellissandi voru veittar 10 millj. á síðasta ári í nýjan skóla, og út frá þeim 10 millj. höfum við framkvæmdir við grunnbyggingu fyrir skólann. Sá kostnaður var það mikill, að raun-

verulega höfum við eytt tvennum 10 millj. af framlagi ríkisins. Við gátum komist af stað og byggt grunn, en þar skulum við stoppa, og 10 millj. til þessara framkvæmda eru vitaskuld sama og ekki neitt. Nákvæmlega sama sagan gerðist í Ólafsvík, þar eru áætlaðar 12 millj. til nýs skóla. Sú upphæð gagnar vitaskuld ekki neitt. Á báðum þessum stöðum og þó sérstaklega hjá okkur á Hellissandi, er ástandið þannig að kennsla fer fram — ja, það mætti nærri því segja hingað og þangað um þorpið, aðallega þó í félagsheimilinu, við mjög erfiðar aðstæður.

Mér finnst að svona trakteringar til heilla byggðarlaga jafngildi yfirlýsingu um það, að þarna skuli ekki halda uppi byggð. Það er raunverulega ekkert verið að gera annað en lýsa því yfir, bæði gagnvart Akurnesingum, okkur á Hellissandi og þeim í Ólafsvík, að það skuli ekki haldið áfram með skólaframkvæmdir og það skuli verða stungið upp í þá þróun, að fjölbrautaskóli geti starfað, það sé verið að segja að á þessum stöðum sé ekki þörf að halda áfram byggð. Vitaskuld kemur þar við sögu þessi góði síbyljuáróður um það, að hvorki landbúnaðarstörf né sjávarútvegsstörf séu nauðsynleg í þjóðfélaginu, heldur sé það allt annað, og auðvitað vitum við Vestlendingar mætavel hvað við er átt með því. Það er átt við byggingu Grundartangaverksmiðju, og þangað renna nógir peningar.

Ef við höldum áfram inn í Grundarfjörð, þá er áætlaðar til skólabyggingar þar 3 millj. Vitaskuld er þetta bara sýndartillaga og ekki neitt annað. Það má segja reyndar um Grundfirðinga, að ekki brennur eins á þeim í sambandi við sjálfan skólann og okkur á Hellissandi, Akranesi og í Ólafsvík, en aftur á móti vantar þá sárlega íþróttahús. Grundfirðingar eru þeir einu á Snæfellsnesi sem ekki hafa íþróttahús við sinn skóla. Við erum reyndar nýbúnir að fá slíkt á Hellissandi, en það er búið að vera lengi í Stykkishólmi og nokkur ár í Ólafsvík. Staða Grundfirðinga er þannig, að þeir hafa þegar byggt upp við sundlaug alla aðstöðu fyrir íþróttahúsið, þ. e. a. s. hreinlætisaðstöðu og búningsklefa, þannig að það er ekki eftir að byggja þar annað en íþróttasalinn, sem er, eins og við vitum, ekki nema tiltölulega lítill hluti af kostnaðinum, miðað við þær gerðir sem yfirleitt eru byggðar af íþróttahúsum. Sú traktering, sem Grundarfjörður fær, er 300 þús. til þessara hluta. Það er að vísu viðurkenning á því, að þarna þurfi að gera eitthvað, en það er ekki til neinna nota.

Ef haldið er áfram í Stykkishólm er nákvæmlega það sama á seyði. Þar er ástandið þannig, að meginhluti kennslunnar fer fram í húsnæði fyrir utan skóla. Reyndar mun rn. eða ríkið hafa stutt og hjálpað við að koma þeirri kennsluaðstöðu fyrir í nýja félagsheimilinu, en þar fer núna fram meginhluti grunnskólakennslunnar í Stykkishólmi. Það, sem Stykkishólmur fær til byggingar skóla, eru 6 millj., vitaskuld aðeins sýndartill. Fyrir það verður ekkert gert.

Þannig er útkoma skólamálanna á Vesturlandi. Ég get því miður ekki alveg upplýst hvernig ástandið er varðandi heimavistarskólana og aðra skóla. Ég geri ráð fyrir að þetta sé aðeins spegilmynd af þeim.

Ef litið er til hafnarmannvirkja, þá kemur í ljós að miðað við þarfir er alls staðar farið af stað með upphæðir sem ekki koma að gagni. Það má segja jafnvel á þeim stöðum tveimur í Vesturlandskjördæmi sem smávegisupphæðir fá, að þær séu það litlar og svo mikið skornar niður að þær nýtist ekki. 100 millj. kr. í Akraneshöfn nýtist ekki að fullu, vegna þess, að það, sem þarf að gera í Akraneshöfn, er svo mikið, að meginhlutinn af þessari framkvæmd færi raunverulega í sjóinn. Sama er að segja um Ólafsvíkurhöfn. 72 millj. til Ólafsvíkurhafnar nýtast ekki til fullnaðarframkvæmda, vegna þess, að sú framkvæmd, sem þarf að gera næst við Ólafsvíkurhöfn, er það stór að þessi framkvæmd yrði aðeins liðlega grunnurinn undir þeirri framkvæmd. Um Borgarneshöfn er það að segja, að þar eru áætlaðar 11,9 millj., en við Borgarneshöfn þarf bæði að koma upp hafnarvog og gera ákveðnar framkvæmdir bæði til þess að afstýra því, að höfnin skemmist, og einnig til þess að raunverulega sé hægt að nota hana. Sú fjárveiting, sá peningur, sem þarna kemur, mætti kannske segja að dygði fyrir voginni. Ég hef þann grun, og sá grunur staðfestist við þessa upphæð sem hér er, að það sé hugur ráðamanna að leggja Borgarneshöfn niður, þó að Borgarneshöfn sé í dag líkast til stærsta innflutningshöfn landsins á eftir Reykjavík, hýru auga sé rennt til nýju hafnarmannvirkjanna við Grundartanga og eigi kannske að nota okkar ágætu væntanlegu brú yfir Borgarfjörð til þess að flytja vörurnar, sem koma frá útlöndum, til Borgarness frá Grundartanga. Það er mikil öfugþróun, ef þannig á að vinna, og staðfestir enn, að síbyljuáróður þeirra siðbótarmanna og síðdegisblaðanna grefur víða um sig.

Til Grundarfjarðar eru áætlaðar 700 þús. kr. til hafnarmannvirkja. Mikil lifandis skelfing! Það hlýtur að vera hægt að gera mikið fyrir 700 þús. kr. En vitaskuld er þarna aðeins sett tala. Ég veit ekki einu sinni hvort hægt er að kalla svona tölu sýndartölu.

Í Stykkishólm er í till. reiknað með 9 millj., en við leggjum til, að sú upphæð verði hækkuð upp í 25 millj. Dráttarbrautin í Stykkishólmi er gott mannvirki. Hún er stór liður í atvinnuuppbyggingu Stykkishólms og þörf stofnun fyrir allt Snæfellsnes, sinnir viðgerðarþjónustu fyrir bátaflotann þar. En aðstaðan við dráttarbrautina er þannig, að þar er ekki hægt að geyma skip við viðlegu. Það veldur því, að ekki er hægt að fara með skip til viðgerðar í Stykkishólmi eða kostnaður verður of mikill við að fara í viðgerð þar með skip sem ekki þarf að taka í slipp. En vitaskuld er fjölda framkvæmda þannig háttað við viðgerðir skipa, að æskilegt er að hægt sé að vinna að þeim við viðlegukant við dráttarbrautina. Það er verið að gera þetta stóra og myndarlega fyrirtæki, dráttarbrautina í Stykkishólmi og fyrirtækið Skipavík, raunverulega að miklu leyti óarðbært með því að koma ekki þessari framkvæmd í gang. Við teljum að þessi aukning á framlagi geti orðið til þess að þarna verði hægt að byrja á framkvæmdum. Sú aukning, sem við leggjum til, nægir ekki til þess, að þarna geti orðið um fullnaðarframkvæmdir að ræða, en gæti verið hvati að byrjun á framkvæmdum. Með þessari upphæð, sem á fjárlagafrv. er, má segja að

það sé svipað og í Borgarnesi, með þessu væri kannske hægt að koma upp hafnarvog, sem þá Hólmara vantar líka. En ansi finnst mér skrýtin sú hugmynd, ef aðeins hafnarvogin á að nægja höfnum við Breiðafjörð og Borgarfjörð, en ekki þurfi hafnarmannvirki.

Vitaskuld eru aðrir póstar í sambandi við Vesturland og sjálfsagt aðra landshluta á svipaðan máta og ég hef lýst hér hafna- og skólamálum. Og það er, eins og ég sagði áðan, sárgrætilegt að sjá að það sé ráðað upp tölum í fjárl. hverri á fætur annarri sem raunverulega eru ekki til annars en að sýnast. Meginhluti þessara upphæða er þannig, að við þær verður ekkert hægt að gera. Það er sjálfsagt hægt að ná þeim einhvern veginn út úr ríkissjóði, en ekki er hægt að tala um það, að þær fari til þeirra framkvæmda sem þær eru ætlaðar, því þær eru engar eða næstum engar svo stórar að hægt sé að nýta þær.

Til viðbótar við þær till., sem ég hef nefnt, eru svo aðrar tvær. Það er í fyrsta lagi till. um það, að Tónlistarskóla Neshrepps verði veittar 400 þús. kr. Á fjárl. síðasta árs voru veittar 400 þús. kr. til Tónlistarskóla Neshrepps, byggingarstyrkur. Eins og ég sagði frá við 2. umr. fjárl. á síðasta ári, tók Tónlistarfélagið í Neshreppi eða á Hellissandi sig til á árinu 1976 og byggði yfir tónlistarskólann þar og gerði það með mjög miklum myndarbrag og fór svo fram á að ríkið stæði að þessari skólabyggingu með 800 þús. kr. Fjvn. tók þetta upp í fjárl. milli 2. og 3. umr. í fyrra. Ég vænti þess að svo verði gert enn þá og þetta mál hafi aðeins dottið upp fyrir nú á svipaðan hátt og í fyrra.

Í öðru lagi er svo till. um það, að veittar verði til Hafrannsóknastofnunar, vegna útibús Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík, 3 millj. kr. Í Ólafsvík er búið að byggja húsnæði fyrir Hafrannsóknastofnun, en það hefur ekki verið nýtt vegna þess að þar hefur enginn maður komið til starfa. Þessi upphæð væri til þess, að hægt væri að byrja á starfsemi í því nauðsynlega fyrirtæki.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að mikið verði breytt till. um fjármagn til Vesturlands. Það má segja kannske að þá ætti maður ekki að vera að flytja brtt., enda verður sú oftast raunin, að till. minni hl. eru gjarnan felldar, og ég geri ráð fyrir því, að meginhluti af till. okkar verði felldur. En ég vil undirstrika það, að ég harma mjög að þannig skuli vera, að mynd fjárlagafrv. skuli vera þannig, eins og ég hef getið um, að raunverulega sé verið að segja við okkur, að það sé ekkert hægt að gera, það sé ekki efni til að gera eitt eða neitt. Og það, sem fjárlagafrv. segir við okkur Vestlendinga, er einmitt þetta: Við höfum ekki efni á þessu. Við skulum sletta í ykkur nokkrum krónum ef þið getið notað þær, en við höfum ekki efni á því að láta meira.

Mér finnst raunverulega að verið sé að segja það, eins og ég sagði áður, að við höfum ekki efni á því að halda uppi landbúnaði eða sjávarútvegi. Ef við getum ekki veitt því fólki, sem vinnur að þessum undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, aðstöðu til að láta skipin sín liggja í höfn eða koma í höfn, ef við höfum ekki aðstöðu til þess að láta börnin okkar læra í skólum heima í héruðum okkar, þá er verið að segja við okkur: Þið skuluð ekki búa þarna. — Og mér finnst að með þessum fjárl., sem hér liggja fyrir, sé einmitt verið að segja þetta. Ég vona að þau fjárl., sem sjá dagsins ljós næsta haust að loknum kosningum, sýni ekki sömu hugsun eða verði í sömu mynd og þessi fjárlög.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langaði til að segja hér örfá orð, ekki síst til að taka undir ummæli hv. 4. landsk. þm. um Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Hér hafa farið fram nokkrar umr. um endurhæfingarmál og þar sem ég veit að heilbrigðismál eru enn þá ekki fullafgreidd hjá hv. fjvn. langaði mig aðeins til að leggja orð í belg.

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hefur varðandi endurhæfingu unnið mjög mikilvægt starf í þessu þjóðfélagi um meira en tvo áratugi. Það hefur jafnan búið við frekar frumstæðar aðstæður, en fékk snemma tekjustofn til sinna þarfa. Þó var það svo, að þótt sá tekjustofn væri í upphafi fyrst og fremst ætlaður til að byggja upp stofnun þess félagsskapar reyndust stjórnvöld jafnan leggja svo lítið af mörkum til rekstrar stofnunarinnar að nota varð fé, sem inn kom frá eldspýtnapeningunum, til þess að reka þá starfsemi sem þeir voru með, í staðinn fyrir að ætlunin hafði verið að þeir byggðu upp sín hús og öfluðu áhalda fyrir þetta fé. En þeir hafa lengi rekið stærstu endurhæfingarstöð í þessu landi sem er rekin utan sjúkrahúsa. Þetta er mjög mikilvægt verkefni. Þegar við höfum það í huga að endurhæfing er ekki venjuleg heilbrigðisaðgerð, heldur ekki síður kannske félagsleg meðferð, efnahagsleg og fjárhagsleg meðferð einnig, þá verðum við að gera okkur það ljóst að þessi starfsemi hefur gífurlega þýðingu fyrir þjóðfélagið. Hún hefur svo mikla þýðingu, að undir endurhæfingu er það komið, hve margir vinnufærir einstaklingar eru til í landinu, því að ef þau mál eru í góðu horfi, þá eru þeir fleiri en ella. Takmark endurhæfingarinnar er sem sagt ýmist að breyta óvinnufæru fólki í vinnufært fólk eða að breyta fólki, sem er ekki sjálfbjarga, í sjálfbjarga fólk. Hvort tveggja stuðlar að því að gera styrkþega að skattþegnum eða að spara vinnuafl, eins og gerist þegar sjúkur maður og ósjálfbjarga verður sjálfbjarga á ný.

Þótt fyrst og fremst sé rætt í kvöld um mikilvæg efnahagsmál og fjármál, þá er þetta mál ekki eins fjarri slíku og maður skyldi halda. Og í sjálfu sér er þetta líka orkumál, því að öll endurhæfing byggist á því að skapa orku hjá einstaklingum. Þegar fjöldi er endurhæfður verður um raunverulega og mikla orkuöflun að ræða. Og þó við tökum aðeins þann slysafaraldur, sem við búum við síðustu vikurnar og mánuðina, þá er augljóst að fjöldi einstaklinga þarf á hverju ári að njóta meðferðar og hjálpar hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra aðeins vegna afleiðinga slysa.

Ef okkar endurhæfingarmál væru í enn þá betra lagi en þau eru í dag, þá gætum við t. d. búist við því að við þyrftum ekki að flytja inn kvenfólk frá Ástralíu eða Nýja-Sjálandi til þess að vinna í frystihúsum okkar. Á þennan

hátt má færa sönnur á það, að hér er um mikilvægt þjóðhagslegt efnahagsmál að ræða. En því minnist ég á þetta hér, að ég hef oft hugsað um það, hvað mér finnst starfsemi félaga vera vanmetin í þessu landi. Og þetta byggist ekki á því hvaða ríkisstj. situr við völd, þetta er almennt. Öllum stjórnvöldum virðist finnast sjálfsagt að þessar félagastofnanir þurfi miklu minna fjármagn til sinnar starfsemi heldur en ef um ríkisfyrirtæki eða bæjarfyrirtæki væri að ræða. Og þetta er það sem Styrktarfélagið hefur átt við að búa í fjöldamörg ár. Ég held að það liggi við borð nú á næstunni, að það sé að gefast upp, og þá mun það koma í ljós, þegar opinberir aðilar fara að reka þessa starfsemi, að hún verður jafndýr og önnur sambærileg starfsemi sem rekin er í landinu af bæjarfélögum eða ríki, sem þýðir um það bil tvöföldun kostnaðar á hverri meðferð.

Það er oft sagt við okkur, sem höfum staðið í að reka stofnanir fyrir félög, að okkar lága verð byggðist á lélegri þjónustu. En ég fullyrði það, að á Háaleitisbrautinni er ekki um lélega þjónustu að ræða. Þar er um góða þjónustu að ræða. Þar eru svo fullkomin tæki að meira segja sú sundlaug fyrir fatlaða, sem mikið hefur verfið talað um hér í Alþ. að þyrfti að vera víðar, hún er til á Háaleitisbrautinni og hefur verið notuð þar í mörg ár. Og þar eru yfirleitt notuð nýtískutæki til endurhæfingar. Þess vegna er það, að rekstur þessarar starfsemi fyrir lítið fé borið saman við það, sem það kostar almennt, mun byggjast á góðri stjórn og sjálfboðavinnu, en ekki á því að það sé sparað þar sem ekki má spara.

Í öðru lagi vil ég aðeins minnast á það, að þegar þessi fundur hófst í Sþ. átti stærsta stofnun fyrir þroskahefta 25 ára afmæli. Ég hlustaði af tilviljun á yfirlækninn þar tala um ástandið hjá þessari stofnun, og það var hans æðsta ósk, að afmælisgjöfin gæti orðið möguleikar á betri þjónustu við hennar fólk. En hún taldi að þau, sem stjórna því heimili, hefðu árum saman reynt að fá aukna starfskrafta til starfseminnar þar suður frá, en ekki tekist, og vonaði að á þessu yrði ráðin bót nú.

Ég kom hér ekki síst vegna þess, að mér er kunnugt um að enn er ekki búið að ganga frá till. fjvn., eins og ég sagði, og ég held að ég geti fullyrt að því, sem lagt er til endurhæfingarmála, hvort sem það er til venjulegrar meðferðar, hvort sem það er til sundlauga eða annarra þátta endurhæfingarmálanna, þeim peningum er vel varið. Og þótt við séum ekki meðal þeirra þjóða, sem eiga erfiðast í þessum efnum, þá mundum við, ef við hefðum aðstöðu til að hafa okkar endurhæfingarstarfsemi í enn þá betra lagi, geta létt víða undir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki flytja hér langa ræðu við 2. umr. um fjárlagafrv., í aðalatriðum gera stutta grein fyrir nokkrum brtt. sem ég ber hér fram eða stend að. Ég hlýt þó þegar í upphafi að vísa til þess, sem sagt hefur verið um brtt., sem fram hafa verið bornar af öðrum Alþb.-mönnum um niðurskurð á fjárveitingum sem að dómi okkar Alþb.-manna mega missa sig og meira en það, niðurskurð á fjárveitingum sem vega upp á móti till. okkar og þ. á m. þeim till. sem ég mun gera grein fyrir hér um auknar fjárveitingar til annarra mála, sem við teljum fremur stefna að þjóðarheill.

Ég mun gera grein fyrir nokkrum till. um auknar fjárveitingar til fiskihafna í Norðurlandskjördæmi eystra, sem ég ætla auðvelt að sýna fram á að hafa á undanförnum árum, þrátt fyrir það að sum byggðarlaganna séu fremur fámenn, stuðlað að öflun meiri fjármuna í þjóðarbúið, hver þeirra um sig, meiri fjármuna í þjóðarbúið en þeirra, sem í það fara að standa undir augljósum halla, fyrirsjáanlegum halla af rekstri þeirrar hafnar sem nú eru veittar til hundruð millj. kr. að upp komist við Grundartanga hérna uppi í Hvalfirði. Samtímis því eru fjárveitingar til fiskihafnanna okkar skornar niður í lágmark. Í þessum brtt. mínum er líka kveðið á um auknar fjárveitingar til skóla- og menntamála í Norðurlandskjördæmi eystra. Og loks er ég aðili að brtt. ásamt Ragnari Arnalds um auknar fjárveitingar til grænfóðurverksmiðja á Norðurlandi, þ. e. a. s. fóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í S.-Þingeyjarsýslu.

Ég veit ekki, hvernig þm. bænda, framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, hafa tjáð fyrir kjósendum sínum rökin fyrir því, að þeir hafa greitt atkv. með járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, hvernig þeir hafa útskýrt það fyrir þeim að þeir hafa stutt að þessu óskapamáli, hvernig þeir ætla að fara að því að fá kjósendur sína til þess að sætta sig við það, að niður eru skornar á fjárl. nú stórkostlegar fjárveitingar til stuðnings íslenskum atvinnuvegum, til þess að stuðla að vexti og viðgangi okkar þjóðlegu atvinnuvega sem við höfum byggt velferð þessa samfélags á. Ég get ekki beinlínis sagt að ég hafi áhyggjur af því, að þeim muni farast þetta klaufalega, að tjá þetta fyrir fyrrverandi kjósendum sínum. En ég óska þess innilega, að Sjálfstfl. og Framsfl. í Norðurl. e. fallist nú á að sá háttur verði upp tekinn að nýju, sem um árabil hefur niðri legið og síðan ég fór að taka þátt í kosningabaráttu í Norðurl. e., að haldnir séu sameiginlegir fundir fyrir kosningar til Alþingis. Ég er þess fýsandi að fá að horfa framan í fjvn.-manninn Inga Tryggvason, bændaleiðtogann Stefán Valgeirsson, postula hins frjálsa framtaks Jón G. Sólnes og fjárvitringinn Lárus Jónsson í kosningabaráttunni á sumri komanda, þegar þeir útskýra fyrir kjósendum í Norðurl. e. hve mörg þjóðþrifamál á því landshorni eru nú látin sitja á hakanum vegna þess að þeir réttu upp höndina við atkvgr. um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Og þó umfram allt fýsir mig að horfa framan í líflega og oft og tíðum glaðlega ásjónu hv. þm. Jóns G. Sólness þegar hann endurtekur frammi fyrir kjósendum í Norðurl. e. grg. fyrir atkv. sínu, sem hann flutti hér á Alþ. er hann galt jáyrði sitt við málmblendiverksmiðjunni við síðari afgreiðsluna, þar sem hann sagðist vera á móti þessu fyrirtæki, hann vissi að af því mundi stafa illt eitt, en hann gyldi

málinu jáyrði sitt vegna þess hversu mikið traust hann bæri til iðnrh. Gunnars Thoroddsens.

Eins og ég sagði áður byggi ég till. mínar um auknar fjárveitingar til fiskihafnanna í Norðurl. e. á þeirri von minni, að hv. alþm. fáist til þess að stuðla að því að hætt verði við hafnargerðina á Grundartanga og við getum fremur notað fjármunina, sem fjvn. ætlar að sóa þar, til þess að bæta fiskihafnir kringum landið.

Ég ber fram á þskj. 163 till. um það, að í stað 21.3 millj. kr. fjárveitingar, sem mest fer upp í skuld, til Hjalteyrarhafnar verði veittar 30 millj., þannig að hægt verði að ganga þannig frá litla hafnargarðinum, sem búið er að koma upp þar við eyrina, að hann nýtist sjómönnum á Hjalteyri, svo að þeir geti lagt fiskinn sinn upp á þennan garð og hamið bátana sína við hann.

Eg legg til, að í stað 46.5 millj. kr., sem ætlaðar eru til bóta á Akureyrarhöfn, aðalvöruflutningahöfn Norðurlands, komi 80 millj. kr. framlag.

Ég legg til, að í staðinn fyrir 15 millj. kr. fjárveitingu til hafnarbóta á Kópaskeri komi 30 millj. kr. framlag, ef verða mætti til þess, að við fengjum höfn fyrir bátaútveginn í Norðurl. e. á milli Raufarhafnar og Húsavíkur, og ef verða mætti til þess að koma upp alhliða útgerð frá Kópaskeri, þar sem nú er eingöngu gert út á rækju, því það er algjört skilyrði fyrir viðhaldi byggðar og vexti í Axarfirði og Keldhverfi að Kópasker fái að dafna á eðlilegan hátt.

Þá legg ég til, að í staðinn fyrir 4.5 millj. fjárveitingu til Raufarhafnar, til hafnarinnar á Raufarhöfn, komi 10 millj. fjárveiting. Ég geri mér fyllilega ljóst, að ég þarf ekki að tjá það fyrir meiri hl. fjvn. að gjaldeyrisframleiðsla tæpra 500 manna, sem byggja Raufarhöfn, samsvarar því, að Reykjavíkurborg legði þjóðarbúinu til í gjaldeyrisvöru sem svaraði 80 milljörðum kr. Og ég veit að hv. meiri hl. fjvn. gerir sér einnig grein fyrir því, að með því að metið sé í gjaldeyri, þá skilar höfnin þarna norður á hjaranum við Raufarhöfn þjóðarbúinu álíka upphæð og þeirri sem við blasir að nema mundi tapinu af rekstri Grundartangahafnar á þessu ári. Ég geri mér sem sagt fyllilega grein fyrir því í hvílíkri óskapa þröng stjórnarmeirihl. í fjvn. hefur verið, við hvers konar stórvanda meiri hl. fjvn. hefur átt að stríða í störfum sínum núna, þar sem er aumingjaskapur þeirrar ríkisstj. sem þeir þm. styðja sem mynda meiri hl. fjvn. Þessir hv. þm., sem skipa meiri hl. fjvn., áttu náttúrlega ekki margra kosta völ. Þeir hlutu að vinna úr því sem fyrir þá var lagt. Og ég þarf ekki orðum að því að eyða, að ég efast ekki um að þeir hafi gert það samkvæmt bestu vitund og skammast sín fyrir hina endanlegu niðurstöðu. Þeir hafa sem sagt ekki verið öfundsverðir.

Ég ber hér fram á þskj. 166 till. um 10 millj. kr. fjárveitingu til grunnskóla á Dalvík til viðbótar við þær fáu krónur sem ráðgert er í till. meiri hl. fjvn. að varið verði til undirbúnings byggingu grunnskóla á Dalvík. Þetta mun vera fimmta árið sem varið er hungurlús til undirbúnings grunnskólasmíði á Dalvík og nú tími til kominn að þeim Dalvíkingum verði gert kleift að hefjast handa við að steypa grunn undir þennan skóla sem þeir þurfa svo mjög á að halda.

Á þskj. 163 ber ég fram till. um 10 millj. kr. fjárveitingu til sundlaugargerðar í Skútustaðahreppi í Mývatnssveit. Þetta mál hefur einnig verið mjög lengi á döfinni, og sannarlega er tími til þess kominn að fram komi efndir á loforðum um stuðning við það mál.

Loks vík ég enn að brtt., sem ég flyt ásamt Ragnari Arnalds, um fjárveitingar til fóðurverksmiðjanna í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og Hólminum í Skagafirði, þar sem við leggjum til að veittar verði 20 millj. til hvorrar verksmiðju um sig og 35.8 millj. að auki til annarra framkvæmda við verksmiðjur þessar. Við höfum núna síðustu vikurnar haft nokkrar fréttir af því, með hvaða hætti þessi litli vísir að grænfóðurframleiðslu á Íslandi, sem þegar er kominn, þar sem um er að ræða u. þ. b. 8 þús. lesta framleiðslu, hefur verið settur í hættu með innflutningi á niðurgreiddum erlendum fóðurbæti. Ég lagði fram strax í þingbyrjun fsp. til hæstv. landbrh. hér á Alþ. Fsp. var í fyrsta lagi um það, hvert væri það orkuverð sem grasköggla-verksmiðjurnar íslensku greiddu, í öðru lagi, hvað ríkisstj. hygðist gera til þess að sjá þessari innlendu kraftfóðurframleiðslu farborða í samkeppni við óeðlilega niðurgreiddan, erlendan fóðurbæti. Hæstv. ráðh. hefur enn ekki fengið tóm til þess að svara þessum fsp. mínum. Það tel ég slæmt, því ég hefði verið nokkru fróðari um stöðu grasköggla-verksmiðjanna ef hann hefði gefið sér tóm til þess arna. Svo sem kunnugt er átti hann í svokallaðri forkosningabaráttu um þetta leyti í kjördæmi sínu á Vesturlandi, þar sem hann stóð mjög í því og virtist ekki hafa tíma til annars en að tryggja sér sæti á framboðslista Framsfl. — og svör þessi hef ég ekki fengið enn þá þótt svona sé nú áliðið. Hitt heyrðum við í hádegisútvarpi nú fyrir nokkrum dögum, að grasköggla-verksmiðja ríkisins í Gunnarsholti auglýsti framleiðsluvöru sína á samkeppnisfæru verði, miðað við afgreiðslu við verksmiðjuvegg, á við það sem nú er boðinn þessi niðurgreiddi erlendi fóðurbætir hér í Rvík. Það er mér kunnugt að stjórnarþm. í minu kjördæmi, a. m. k. þm. Framsfl., hafa svarið alldýra eiða um stuðning við fóðurverksmiðjumálið í Saltvík, og einnig þetta mál örvar eftirvæntingu mína að horfa á svipbrigði þeirra svarabræðra á væntanlegum sameiginlegum fundum í kosningabaráttunni nyrðra næsta vor.

Ég hlýt að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, Odds Ólafssonar, þar sem hann vék að málefnum fatlaðra, endurhæfingarmálunum hér á landi, og þeirri höfuðnauðsyn sem á því er að ríkisvaldið styðji við bakið á félagasamtökum fatlaðra í þeim málum sem lúta að endurhæfingu og eflingu hinna fötluðu einstaklinga. Vil ég í því sambandi taka með í hópinn, þar sem ég er alveg viss um að hv. ræðumaður mun fúslega fallast á það, gamla fólkið okkar, þetta fólk sem á ekki að baki sér í lífsbaráttunni

afl neinna stéttarsamtaka, en á kröfu á stuðningi allra góðra manna og þó fyrst og fremst stuðningi þeirra manna sem fjalla nú um skiptingu á þeim fjármunum sem ríkisvaldið mun lögum samkv. verja á næsta ári til samfélagsþarfa. Ég hygg að hv. þm. hafi síst ýkt er hann brýndi fyrir alþm. þann hag, þann beina fjárhagslega hag sem þjóðfélagið hefur af því að hjálpa þessu fólki til þess að verða sjálfbjarga, að stuðla að því að það geti nýtt afl sitt, sem í mjög mörgum tilfellum er mikið, til framkvæmda, til dáða, ef því er aðeins hjálpað til þess að komast í aðstöðu til að beita því. Ég hygg að þetta sé rétt, að hér sé um að ræða stórkostlegt fjárhagslegt hagsmunamál fyrir þjóðarheildina, auk þess sem þessu fólki yrði þá hjálpað til þess að taka eðlilegan þátt í lífi þjóðarinnar og baráttu hennar og hjálpað til þess að njóta lífsins á ný og þeirrar gleði sem fylgir því að láta nokkuð gott af sér leiða.

Aftur á móti hygg ég að ástæðan fyrir því, að nú eru fluttar inn þúsund stúlkur frá Ástralíu til þess að vinna í frystihúsunum okkar, skrifist ekki fyrst og fremst á það allt í einu, í grænum hvelli, að endurhæfingarmál fatlaðra liggi í láginni, — að við skulum flytja inn þúsund stúlkur frá Ástralíu til þess að vinna í frystihúsunum okkar, samtímis því sem málmblendiverksmiðjukórinn hefur kyrjað það yfir okkur vetrum saman, að nauðsyn sé að koma upp erlendri stóriðju vegna þess að okkur muni skorta verkefni fyrir starfsfúsar hendur á Íslandi ef ekki komi til erlend stóriðja. (Gripið fram í.) Sannleikurinn er náttúrlega sá, að ekki mundi skorta fólk til vinnu í frystihúsunum okkar ef goldið væri hæfilegt kaup fyrir starfið, sem þar er unnið, og sæmilega búið að fólkinu, sem vinnur þessi störf. En í beinum tengslum við vandann í fjárlagafrv., — en mér virtist að vísu í kvöld, þegar ég heyrði fjvn.-menn tala, þ. e. a. s. ræðumenn meiri hl. fjvn., að sá vandi væri að verulegu leyti blandaður á staðnum, í þessu fjárlagafrv. og brtt. fjvn., — sé hugað að þeirri afstöðu sem fram hefur komið í málgögnum ríkisstj. hina síðari daga og í ræðum forsvarsmanna ríkisstj., þá virðist manni að enn sem fyrr sé í þá átt ina miðað að vanmeta störf fólksins, sem vinnur við framleiðsluna, en meta störf annarra ekki aðeins hærra til verðs, heldur og til virðingar.

Ég hef ekki til að bera þá reynslu sem einstakir ræðumenn hafa vitnað til varðandi afgreiðslu fjárl. hér á hv. Alþ. Hv. þm. Steinþór Gestsson, form. fjvn., getur vitnað til persónulegrar reynslu sinnar í fjvn. allar götur til ársins 1971, hv. þm. Lárus Jónsson einnig til mikillar reynslu í sambandi við störf í fjvn. Þeir nefndu það sjónarspil af hálfu formælanda minni hl. fjvn. þegar hann gerði grein fyrir því, að minni hl. treysti sér nú ekki til, eins og að væri staðið, að skila nál. Mér var það efst í huga þá, að lokinni ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar, að sæmst hefði verið, eins og að hefur verið unnið, að stjórnarandstaðan gengi úr salnum og léti stjórnarþm. það eftir undir forustu þeirra aurabræðra að afgr. þessi fjárl. Það virðist mér við blasa, eins og fjárl. þau, sem afgr. voru í hittiðfyrra, og enn fremur þau fjárl., sem afgr. voru fyrir atbeina þeirra hv. þm. í fyrra, að langtum fremur munu þau fjárl., sem nú er ætlunin að afgr. fyrir jól með þessum fororðum, reynast ómerkt plagg og aðstandendum þeirra til lítils sóma.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætla að mæla fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 164 við fjárlagafrv., og er hún við 4. gr. frv., liðinn 02 201, Háskóli Íslands. Þessi brtt. er um það, að gjaldfærður stofnkostnaður, sem í fjárlagafrv. er 388 millj., verði lækkaður niður í 340 millj., og 500 þús. Vel má vera, að einhverjir telji þennan tillöguflutning bera merki andstöðu við þá mikilsmetnu stofnun sem hér á hlut að máli. Ekki er það svo í mínum huga. En ég tel að í þeim fjárhagsvanda, sem mér heyrist þeir stjórnarliðar ekki hvað síst tala um, sé engin sérstök goðgá, að leggja til, að þessi stofnun hægi á framkvæmdum á sínum vegum, eins og ótalmargir aðrir aðilar í þjóðfélaginu verða að gera, ef við gerum ráð fyrir að afgreiðsla fjárl. verði með eitthvað líkum hætti og hér er nú talað um.

Því hefur oft verið haldið fram, ekki síst við afgreiðslu fjárl., að stjórnarandstaðan sýndi mjög mikið ábyrgðarleysi varðandi tillöguflutning til hækkunar á fjárl., samhliða því sem hún talaði um allt of há fjárl. í heild. Eins og fram kemur í þskj. með brtt. við fjárlagafrv. og till. fjvn. stend ég að nokkrum brtt. Þær eru á þskj. 160. Þar er um að ræða hækkunartillögur, og eru þær allar undir liðnum: Hafnarmannvirki og lendingarbætur. Þessar hækkunartillögur, sem ég stend að á þskj. 160, eru jafnháar í krónutölu þeirri upphæð sem ég legg til á þskj. 164 að verði tekin af Háskóla Íslands, gjaldfærðum stofnkostnaði. Hér er því einungis um það að ræða að færa til fjármuni. Þetta er ekki tillöguflutningur sem veldur hækkun á heildarútkomu fjárlaga.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð, en ég vil aðeins undirstrika það, að þær till., sem fluttar eru á þskj. 160 og ég stend að, eru í mínum huga svo nauðsynlegar, að ég tel jafnvel réttlætanlegt að lækka að nokkrum hluta þær fjárhæðir sem ætlaðar eru til framkvæmda við Háskólann á næsta ári eða á hans vegum. Eftir sem áður, þó að þessi till. næði fram að ganga og yrði samþ., hefur Háskólinn úr að moða rösklega 340 millj., og er það nokkuð góður stabbi fyrir stofnun til þess að nota til framkvæmda, a. m. k. miðað við margar aðrar stofnanir sem líkur eru á að fái úrlausn sem gert er ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

Ég vil, um leið og ég mæli fyrir þessari brtt. lýsa stuðningi mínum við brtt. á þskj. 161, brtt. frá Pétri Sigurðssyni, alveg sérstaklega þó við 3. lið þeirrar till., að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af myndsegulböndum, sem eru til afnota í íslenskum skipum. Ég lýsi yfir eindregnum stuðningi við þessa till. svo og 2. brtt. á þessu sama þskj. frá Pétri Sigurðssyni varðandi orlofsstarfsemi verkalýðssamtakanna.

Ég vil einnig lýsa yfir stuðningi við till. á þessu sama þskj., frá Lúðvík Jósepssyni og Ragnari Arnalds, þar sem gert er ráð fyrir að fella niður

heimild í fjárlagafrv. til að kaupa húseignina Laugaveg 166. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ekki séu hagkvæm kaup á þessari húseign, og ég styð því þessa brtt. um að liðurinn verði felldur niður.

Ég vil svo að lokum lýsa stuðningi mínum við brtt. á þskj. 163, einnig frá Ragnari Arnalds og Lúðvík Jósepssyni. Hún er um að fella niður liðinn: Hafnarframkvæmdir við Grundartanga. Hér er að vísu um að ræða atriði, sem er inni í lánsfjáráætlun og snertir ekki beint fjárlagafrv. eða fjárl. sem slík. Ég hef alla tíð verið andvígur framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, ég er enn frekar andvígur þeim nú eftir nýjustu upplýsingar sem fyrir liggja, og ég lýsi því stuðningi mínum við þessa brtt.

Ég vil svo að lokum aðeins ítreka það, að þessi till. mín varðandi lækkun á gjaldfærðum stofnkostnaði Háskólans er á engan hátt af minni hálfu sett fram eða flutt í þeim anda, að ég sé andvígur þeirri stofnun. En ég tel mjög réttlætanlegt í því árferði sem nú er, að því er best verður séð, að sú stofnun verði að sníða sér nokkuð stakk eftir vexti, eins og almennt er talið eðlilegt í þjóðfélaginu, jafnvel að því er mannahald áhrærir eins og hæstv. fjmrh. var að benda á.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég hef á þskj. 160 flutt um það till. ásamt hv. þm. Jóhanni Hafstein, Magnúsi Kjartanssyni, Eggert G. Þorsteinssyni og Albert Guðmundssyni, að til sundlaugar við Grensásdeild Borgarsjúkrahússins verði veittar 50 millj. kr. í stað 3 millj., eins og nú stendur.

Ég hef gerst meðflm. að þessari till. vegna þess, að hér er ákaflega þarft mál og nauðsynlegt á ferðinni. Það vita allir hv. alþm., að endurhæfing verður ekki framkvæmd svo vel sé án sundlaugar, eins og nú háttar við Grensásdeildina. Ég held að það þýði lítt um það að fást núna, þótt ekki hafi verið gert ráð fyrir sundlaug upphaflega við Grensásdeildina. Deildin var í upphafi ætluð til annarrar starfsemi. En við verðum einfaldlega að horfast í augu við þá staðreynd, að þessi starfsemi fer þarna fram núna, ég fullyrði, með mjög miklum ágætum og skortur á sundlaug stendur starfsemi deildarinnar mjög fyrir þrifum.

Þá er það einnig annað atriði, að Alþ. hefur raunar þegar afgr. upphaflega þáltill. um þetta mál með ákaflega jákvæðu hugarfari, þótt till. muni að vísu hafa verið vísað til ríkisstj. og enda þótt slík afgreiðsla jafngildi að öðru jöfnu ekki endilega langlífi. Ég tel mig einnig muna það rétt, að hæstv. forsrh. hafi sagt í umr. hér á hv. Alþ. fyrr í vetur, að fjármagn mundi verða tryggt til þessara framkvæmda, og ég er þess alveg fullviss, að hæstv. fjvn. vill ekkert það gera að hæstv. forsrh. fái þar ekki staðið við orð sín.

Þá vil ég geta þess einnig í þriðja lagi, að hæstv. utanrrh., hvers sæti ég held nú hér á hv. Alþ., var einn af upphaflegum flm. þáltill. um sundlaug við Grensásdeild Borgarsjúkrahússins.

Það eru þessi þrjú atriði, sem ég hef nefnt, sem gera það að verkum að ég styð þessa till. Þetta er að sjálfsögðu mikið hagsmunamál íbúum Reykjavíkur, en þetta er einnig hagsmunamál allra landsmanna, því Grensásdeildin þjónar fleirum en Reykvíkingum einum. Ég styð þessa till., enda þótt ég geri mér ákaflega vel ljósan þann efnahagsvanda, sem við er að etja, og hve lítið svigrúm er til aukinna útgjalda. Raunar lít ég á sjálfan mig sem talsmann sparnaðar og aukinnar hagræðingar, sérlega í öllum opinberum rekstri, og ég harma það mjög að enn skuli vera svo, að það eitt þyki nú fært til lausnar þeim efnahagsvanda, sem við stöndum frammi fyrir, að leggja á nýjar álögur. Það skiptir mig engu máli hvaða nöfn þessum álögum eru gefin. Ég harma það ákaflega mikið, að það skuli ekki liggja fyrir rækileg úttekt á rekstri jafnveigamikilla þátta eins og t. d. heilbrigðismálin eru, og ég harma það sömuleiðis, að það skuli ekki liggja fyrir nú þegar nauðsynlegar breytingar á skattalöggjöfinni, því það er a. m. k. ekki farsælt til lengdar að innheimta gjöld eftir kerfi, sem er margreynt að ekki getur talist réttlátt, og það verður um síðir einnig ómögulegt að ná inn þeim peningum, sem vantar, eftir þessu kerfi. Það verður ekki til lengdar sótt endalaust fé til landsmanna eftir þessu margnefnda kerfi og með sömu framkvæmd, svo að það dugi. En ef hins vegar einhverjir þeir peningar eru í umferð, skattskyldir peningar, er sleppa fram hjá þessu okkar álags- og innheimtukerfi, þá verður að búa svo um hnútana að hægt sé að ná í það fé, því sá takmarkaði fjöldi þegnanna, sem skattkerfið nær til, hvort heldur þeir hafa miklar eða litlar tekjur, þessi takmarkaði fjöldi stendur ekki endalaust undir nýjum álögum. Okkur má líka vera ljóst, að við sækjum, a. m. k. ekki í bráð, nema takmarkað fé til erlendra lánastofnana og a. m. k. í bili ekki mikið til frekari framkvæmda. Ég veit að ég er ekkert að færa í tal nein sérstök *vísindi. Ég veit það, að öllum hv. alþm.* er þetta vel ljóst og að ekki verður mjög lengi haldið áfram á sömu braut.

Það hlýtur að verða fljótlega að koma til ný skattalöggjöf og bætt framkvæmd við innheimtu skatta ásamt með sparnaði í ríkisrekstrinum og endurskipulagningu á mörgum þáttum þess, og ég vil af einlægni treysta því, að hæstv. ríkisstj. vinni að þessu ötullega. Það er líka mín skoðun, að á erfiðum tímum sé nauðsynlegt að meta nauðsyn framkvæmda og hvort þær séu tímabærar, hvort þær séu arðbærar og hver áhrif þeirra séu á atvinnu og byggð í landinu. Ég hygg að ekkert annað sé skynsamlegur búskapur. Það má líta á þetta sem eins konar innskot, en ég vil svo víkja svolítið nánar að sundlaugum og endurhæfingu og vildi segja þetta til viðbótar.

Ég held að þessi till. um sundlaug við Grensásdeild Borgarspítalans hafi upphaflega verið borin fram af nokkurri tilfinningasemi, og ég vona að ég særi ekki neinn með því, en ég held að hún hafi verið borin fram af tilfinningasemi fyrst og fremst og nánast eingöngu. En það breytir engu um það, að hv. Alþ. hefur léð

þessari till. sitt góða eyra og ég hef áður vitnað til orða hæstv. forsrh. Ég lít því svo á, að við þetta verði einfaldlega að standa. Hvorki hæstv. forsrh. né hv. alþm. allir vilja vera ómerkir orða sinna. En það er ekki hægt að komast hjá því að benda á það, að við Landsspítalann í Reykjavík er þegar grunnur að sundlaug og á Landsspítalanum fer fram gífurlega mikil endurhæfing. Þar þarf að endurhæfa sjúklinga með taugasjúkdóma, gigtarsjúkdóma, bæklunarsjúkdóma, m. a. eftir slys, hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma, svo að nokkuð sé nefnt. Það vantar mjög tilfinnanlega einnig sundlaug við þessa stofnun.

Ég þarf auðvitað ekkert að skýra fyrir hv. þm., hvað endurhæfing er orðin mikilvægur þáttur í lækningum, og ég þarf heldur ekkert að útskýra það fyrir hv. þm., hvað sundlaug er mikilvægur þáttur, svo að endurhæfing sé eins góð og frekast er kostur á. Ég leyfi mér í þessu sambandi að vísa til orða hv. þm. Odds Ólafssonar áðan. Og nú vil ég enn bæta því við, að það er grunnur að sundlaug og teikningar að sundlaug fyrirliggjandi við hús Öryrkjabandalagsins í Hátúni 12 í Reykjavík. Þessi sundlaug er til hliðar við að öðru leyti vonandi í nánustu framtíð fullgerða endurhæfingarstöð á neðstu hæð þess húss. Það er því raunar einnig mjög áríðandi að koma þar upp sundlaug hið allra fyrsta.

Ég geri mér hins vegar ljóst, að þýðingarlítið er að vera að biðja um fé í allt þetta. Það virðist ekki liggja á lausu og það virðist auk þess ekki vera hægt að innheimta það nema eftir kerfi, sem ekki hefur tekist að sníða agnúana af, þannig að það gæti verið sæmilega réttlátt.

Mín skoðun er sú, að það þurfi að hyggja miklu betur að því, hvernig fé til heilbrigðismála nýtist, og ég leyfi mér að fullyrða að með betra skipulagi, sem er tiltölulega einfalt að koma fyrir og koma í framkvæmd ef vilji er fyrir hendi, þá er allt það fé þegar til sem þarf til að koma upp þessum sundlaugum á skikkanlegum tíma, ekki bara við Grensásdeildina, heldur á hinum stöðunum líka. Og ég fullyrði að það sé ekki bara til fé til þessa, heldur einnig fé til þess að hægt sé að kaupa inn í landið nauðsynleg rannsóknatæki, þannig að heilbrigðisþjónustan staðni ekki, eins og hún hefur sýnt merki um þrátt fyrir allt undanfarin ár, heldur takist henni nokkurn veginn að fylgjast með því sem er að gerast. Ég hlýt því að harma það mjög, að þáltill., sem ég flutti hér ásamt hv. þm. Oddi Ólafssyni 1975 og hafði þann tilgang að kanna hversu best mætti nýta það fé, sem fer í heilbrigðisþjónustuna, hefur raunverulega enga afgreiðslu fengið sem máli skiptir.

Uppbygging endurhæfingar er ákaflega veigamikið mál, og ég veit, að hv. þm. gera sér fulla grein fyrir því. Það er raunverulegt efnahagsmál, eins og fram kom hjá hv. þm. Oddi Ólafssyni í ræðu hans áðan. Hver einasta sundlaug, sem kemur upp við endurhæfingarstöðvar, er mikill ávinningur og leysir vanda mikils fjölda fólks. Það er ekkert launungarmál, að slíkar laugar þurfa að koma við Landsspítalann og einnig við Hátún 12 í Reykvavík, og ég efast ekkert um að það getur verið þörf fyrir slíkar laugar víðar en hér á þessu svæði.

Það er rétt hjá hv. þm. Oddi Ólafssyni, að það er fullkomin og góð laug til staðar á Háaleitisbraut 13 hér í Reykjavík og hún leysir auðvitað ákaflega mikinn vanda, og það sama á við um Reykjalund. Starf þessara stofnana er gífurlega mikið, og það er ákaflega gott starf sem unnið er á þessum stöðvum. Það er þjóðinni raunverulega alveg ómetanlegt. En því miður anna þessar tvær stofnanir ekki því álagi sem er á endurhæfingarstarfseminni.

Það má vel vera, að það hefði átt að fara þá leið að skoða þessi sundlaugarmál vegna endurhæfingar sem meira heildarmál. Það er þó ákaflega erfitt um það að fullyrða, því að það er ekki alltaf svo auðvelt að ná samkomulagi um röðun framkvæmda og hver staðurinn eigi að hafa forgang. Í því efni eru allir mannlegir og hverjum og einum er hlýjast til eigin bæjar. Það má segja að sú leið, sem hefur verið opnuð, að hefjast handa svolítið tilviljanakennt og kannske fyrir tilfinningasemi á einum stað, að sá háttur sé kannske alveg jafnfarsæll, því að auðvitað mundi slík laug ekki aðeins þjóna Grensásdeildinni, hún yrði að sjálfsögðu gernýtt og mundi þjóna vafalaust miklu fleiri einstaklingum en þeim sem endilega lægju þar, þannig að hún mundi koma til viðbótar þeim, sem nú eru fyrir, og leysa vanda umfram þann sem tekur til sjúklinga deildarinnar sjálfrar. En þegar ég segi að þetta kunni að vera jafnfarsælt, þá verður það þó því aðeins jafnfarsælt að þessi framkvæmd sé beinlínis drifin áfram, en ekki að hún liggi í láginni árum saman og komist endanlega til framkvæmda jafnvel eftir áratugi og á sama tíma sé haldið að sér höndum með sömu framkvæmdir á öðrum stöðum. Ef þetta á að vera jafnfarsælt, þá verður að drífa þessa framkvæmd af og jafnframt að gera um leið áætlun í þá átt að hafist verði handa strax annars staðar, þannig að þessum málum verði lokið á öllum þessum stöðum á tiltölulega skömmum tíma. Og um leið og við gerum þetta skulum við hafa það hugfast, hvort þeir peningar leynast ekki í þeirri fjárveitingu, sem nú þegar fer til heilbrigðismála í landinu, sem mætti nota í þetta þarfaverk án þess að heilbrigðisþjónustan verði á nokkurn hátt verri. Að því er vandalaust að leiða rök og hægt að benda á, hvar þægilegt er að færa til án þess að það þurfi að skaða nokkurn mann, nema þá helst ímyndaðan metnað einhverra einstaklinga.

Ég vil með þessum orðum vænta þess, að hv. fjvn. taki þetta mál til vinsamlegrar athugunar og finni á því lausn í þeim anda sem ég hef nú nefnt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég átti þess naumast von, að hæstv. fjmrh. sýndi þá reisn að færa fram með einhverjum hætti afsökun sína vegna þess að okkur fulltrúum minni hl. í fjvn. hefur verið neitað um upplýsingar fyrir 2. umr. um þann vanda sem nú er við að etja við fjárlagagerð, neitað um upplýsingar sem hann hafði undir höndum. Auðvitað sér hæstv. ráðh. — jafnvel hann — að þessi frammistaða er algerlega óverjandi, vegna þess að þessar upplýsingar voru

til. Hann hefur nú í dag, eftir að 2. umr. er hafin, verið að tína fram þessar upplýsingar, sem okkur var neitað um, og lætur það fylgja með, að hann ætti líklega sjálfur að skrifa nál. minni hl. Það getur svo sem verið gott að njóta aðstoðar góðra manna þegar eitthvað þarf að semja, — það ætti hæstv. ráðh. að þekkja, kannske betur en ýmsir aðrir.

Hv. 6. þm. Sunnl., form. fjvn., og hv. 4. þm. Norðurl. e., sem reyndu að bera í bætifláka fyrir þá afstöðu að neita minni hl. n. um upplýsingar, sem fyrir hendi voru um útgjaldahækkanir á fjárlagafrv., vita það nákvæmlega jafnvel og ég, að þegar forstöðumaður Tryggingastofnunar ríkisins kom á fund í fjvn. fyrir ríflega hálfum mánuði að minni ósk, þá óskaði ég eftir því, að Tryggingastofnunin sendi fjvn. áætlun um þær breytingar sem ætla mætti að yrðu á útgjöldum almannatrygginga frá því sem áætlað væri í fjárlagafrv. vegna breyttra forsendna frá því að það var samið. Þeir vita einnig báðir, að ég gekk eftir þessum upplýsingum oftar en einu sinni, og á síðasta fundi n. spurði ég enn eftir þessum upplýsingum, en þær fengust ekki. Hér er um að ræða beiðni um upplýsingar um breytingar á útgjaldalið, sem er svo stór þáttur ríkisútgjalda að breytingin ein frá fjárlagafrv. vegna nýrra forsendna nemur milljörðum kr. Öllum beiðnum um upplýsingar um þessar væntanlegu hækkanir var neitað og það þó margsinnis væri gengið eftir þeim. Á síðasta fund í fjvn., nú s. l. laugardag, komu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar samkv. minni beiðni og gerðu grein fyrir áætluðum hækkunum á tekjuþáttum fjárlagafrv. Þeir gerðu það skýrt og greinilega eins og þeirra var von og vísa.

Forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar lauk máli sínu með því að segja, að hann gerði ráð fyrir því, að af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar yrði á sama hátt gerð grein fyrir áætlun um breytingar á útgjaldaliðum. Í þeim töluðu orðum virtist formaður n. vilja láta fundinum lokið, en áður hafði verið tilkynnt, að þetta yrði síðasti fundur n. fyrir 2. umr., enda var lítill tími til stefnu ef umr. átti að fara fram á þriðjudag. Ég óskaði þá eftir því, að fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem sat fundinn og hafði setið allflesta fundi n. þegar gera þurfti grein fyrir breytingum á útgjaldaliðum á fjárlagafrv. varðandi einstakar stofnanir, skýrði frá áætluðum breytingum á helstu útgjaldaþáttum, en því var neitað. Síðasta fundi fyrir 2. umr. var þar með slitið. Það þarf því ekkert að deila um það, að fulltrúum minni hl. í fjvn. var ekki útvegað yfirlit frá Tryggingastofnun ríkisins um áætlaðar útgjaldahækkanir almannatrygginga, eins og margbeðið var um, og að sá fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem látinn var mæta á þeim fundi, sem búið var að tilkynna sem síðasta fund n. fyrir 2. umr., neitaði að veita umbeðnar upplýsingar. Þessu verður ekki haggað með neinu móti. Og gagnvart slíkum vinnubrögðum var ekki annað fyrir minni hl. n. að gera en fresta því fram yfir 2. umr. að gefa út nál. í von um að þessar upplýsingar yrðu síðar látnar af hendi fyrir n. alla, en ekki einungis fyrir meiri hl. hennar.

Ég rakti það í ræðu minni fyrr í dag, að vissulega hefði oft skort á við 2. umr. um fjárlagafrv. að fyrir fjvn. hafi legið lausn þess vanda sem við hafi verið að etja hverju sinni. Það er rétt, lausn fjárlagavandans eða ákvörðun ríkisstj. um aðgerðir hefur ekki ávallt legið fyrir við 2. umr. fjárl. Þetta tók ég skýrt fram sjálfur fyrr í dag. Stundum, t. d. það ár sem hv. 6. þm. Sunnl. tilgreindi, verða breytingar, svo sem á launum, svo skömmu áður en 2. umr. fer fram að upplýsingar liggja ekki fyrir, og þá er ekki um það að fást. Því hef ég einnig orðið fyrir í minni hl. og ekki fundið að. En hitt er annað og verra og veldur því, að full ástæða er til að grípa til sérstakra aðgerða, þegar neitað er um upplýsingar sem ríkisstj. hefur, en neitar að láta af hendi við minni hl. fjvn. áður en aðalumr. um fjárlagafrv. fer fram. Það, sem nú hefur gerst í fyrsta sinn, svo að ég viti til, og það sem veldur afstöðu okkar minnihlutamanna nú, er að okkur hefur ómótmælanlega verið neitað um upplýsingar, sem ríkisstj. hafði á hendinni um það, við hvern vanda er að glíma, neitað um upplýsingar um áhrif breyttra forsendna á útgjaldaþætti fjárlagafrv. Þetta hefur ekki gerst áður meðan ég hef átt sæti í fjvn., og ég minnist þess aldrei í minni formennskutíð í fjvn., að minni hl. hafi verið neitað um nokkrar upplýsingar, sem hann bað um. Það er jafnan mjög misjafnt hve miklar upplýsingar hafa legið fyrir. Stundum hefur fulltrúi Þjóðhagsstofnunar komið á fundi fjvn. fyrir 2. umr., stundum ekki. Það hefur fyrst og fremst farið eftir því, hvort óskað hefur verið eftir því, að hann mætti, og það, hvort ósk um slíkt kemur fram eða ekki, fer eftir því, hvort verulegra breytinga er að vænta á tekjuliðum frá því, sem fram kemur í fjárlagafrv.

Ég minnist þess ekki, að neinum aðila hafi verið neitað um upplýsingar, sem fyrir hafa legið um áætlaðar breytingar á gjalda- eða tekjuhlið, fyrr en nú. Ástæðan fyrir þörf á því, að sérstök grein sé gerð fyrir þessum atriðum, getur verið mjög misjafnlega mikil, eins og ég áðan greindi. Ef ekkert sérstakt hefur gerst varðandi forsendur, sem fjárlagafrv. er byggt á, þar til það kemur til 2. umr. er ekki ávallt ástæða til að fá um breytingarnar sérstaka skýrslu fyrir 2. umr. Nú var meiri nauðsyn á þessum upplýsingum en jafnvel nokkru sinni fyrr, þar sem um stórfelldar breytingar er að ræða á þeim grundvelli, sem fjárlagafrv. er byggt á. Og það sem skiptir máli: Það var vitað um að þessar upplýsingar voru til.

Nú er fjárlagafrv. markleysa vegna breytinga á forsendum þess og alls engin leið að ræða fjárlagagerð án þess að fá þær upplýsingar sem voru til og um hafði verið beðið, en neitað var að láta af hendi. Viðbrögðin við slíkum aðgerðum gagnvart minni hl. n. nú, þegar svo mjög hefur raskast grundvöllur fjárlagafrv., hlutu að verða þau, að við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. skiluðum ekki nál. fyrir 2. umr.

Ég tók það fram í ræðu minni í dag, að það, sem er sérstakt við vinnubrögð hæstv. ríkisstj. nú, er ekki það, að fjvn. hafi ekki verið kynnt úrræði stjórnarflokkanna til að leysa þann vanda að ná endum saman. Það hefur æðioft gerst áður, þó að best væri fyrir alla að slíkar upplýsingar gætu legið fyrir við 2. umr., en þess er ekki ávallt að vænta. Nei, það, sem er sérstætt og einstakt,

er að minni hl. fjvn. hefur óvefengjanlega verið neitað um upplýsingar, sem ríkisstj. hafði í höndunum og eru grundvöllur allra umr. um fjárlagaafgreiðsluna, upplýsingar um áhrif breyttra forsendna á gjaldahlið frv., neitað um upplýsingar um þann vanda, sem við er að etja, þótt upplýsingarnar væru til. Það að neita minni hl. fjvn. um þessar upplýsingar, sem þó voru til, er að sjálfsögðu mjög alvarleg og ámælisverð ákvörðun, einkum þar sem auðsætt er, að báðar hliðar fjárlagafrv. eru markleysa, eins og best sést á því, að nú hefur verið upplýst að sveiflurnar frá frv. nemi meira en 17 milljörðum kr. og það væri fráleitt að ætlast til þess, að minni hl. n. skili nál. um frv. þegar hann hefur ekki fengið þessar upplýsingar. 2. umr. um fjárl. undir þessum kringumstæðum er merkingarlaust formsatriði.

Það kórónar svo frammistöðuna þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. lýsir því einfaldlega yfir hér áðan, að það hefði átt að nægja stjórnarandstöðunni að lesa tölurnar sem fyrst voru birtar í nál. meiri hl. fjvn. eftir hádegi á mánudag. Sú aths. sýnir e. t. v. betur en allt annað, að hér voru engin mistök á ferðinni af hálfu stjórnarflokkanna. Sú aths. er nánast fullkomin játning á því, að þessum grundvallarupplýsingum, sem stjórnarflokkarnir höfðu undir höndum, hefur verið haldið fyrir stjórnarandstöðunni — ekki af mistökum, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. hélt fram í upphafi ræðu sinnar, heldur af ásettu og yfirlögðu ráði.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þessi umr. hefur nú staðið býsna lengi og er liðið nokkuð á nýjan dag. Ég hef leyft mér að flytja aðeins eina brtt. við þetta viðamikla fjárlagafrv. þar sem niðurstöðutölur eru enn um 125 þús. millj. kr. og koma til með að verða nálægt 140 þús. millj. kr. Mér skilst að síður sé að tala hér fyrir þeim till., sem maður leggur fram, strax við þessa umr., þó að það hefði verið hagkvæmara að geyma það til 3. umr., og tala þá í einu fyrir bæði þessari litlu till. og þeim öðrum till. hugsanlegum, sem maður kynni að flytja.

Á þskj. 165 er þessi litla brtt. frá mér, um aukna fjárveitingu til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum. Nú veit ég það, að flestir landsbyggðarmenn og raunar Reykvíkingar líka gætu komið með till. um hækkanir til sjúkrahúsa, hver á sínum stað, og heilsugæslustöðva, og ef allir legðu til miklar hækkanir á þeim fjárhæðum, sem fyrir eru, þá færi þetta auðvitað allt úr böndunum og augljóst að ekki yrði hægt að verða við því. Það geri ég mér ljóst.

Það, að ég skuli flytja brtt. við þennan lið, er ekki vegna þess að ég átti mig ekki á þessari staðreynd, heldur er ástæðan sú, að það, sem þarna stendur í frv.: Vestmannaeyjar, sjúkrahús, skuldagreiðsla, ætti að vera: Vestmannaeyjar, sjúkrahús, vanskil — í stað skuldagreiðslu — því að ríkissjóður skuldar Vestmannaeyjakaupstað 100 millj. kr. til sjúkrahússins, — peninga sem Vestmannaeyjakaupstaður hefur lagt fram fyrir mörgum árum. Þessir peningar eru óverðtryggðir. Við töldum okkur hafa lagt fram nokkuð á annað hundrað millj. kr., en við athugun ríkisendurskoðunarinnar gátu þeir aðeins fallist á að þeir skulduðu rétt tæpar 100 millj. kr.

Í þessu verðbólgubáli, sem enn brennur, hverfur verðgildi peninganna fljótt, og þeim mun verr fer Vestmannaeyjakaupstaður út úr þessum samskiptum við ríkisvaldið sem lengur dregst að greiða þessa skuld. Það fer svo sannarlega ekki mikið fyrir fjárveitingum til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum, sem er stórt deildaskipt sjúkrahús í einum af stærri kaupstöðum landsmanna, þar sem ekki eru áætlaðar nema 20 millj. af heildarupphæð sem er nokkuð á annað þúsund millj. í frv. Það er ekki nema 1⅝% af heildarfjárveitingunni. En þeim mun verra er þegar svo stendur á eins og ég var að segja frá. Þarna er um 100 millj. kr. skuld að ræða sem eftir þessari fjárveitingu á sýnilega að greiðast á 5 árum í stað þess að greiða hana upp á einu ári, eins og bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum höfðu fraið fram á, og þeir samþykktu aðeins úrskurð ríkisendurskoðunarinnar um tæplega 100 millj. kr. — niðurstöður hennar — á þeirri forsendu að þessi upphæð yrði greidd öll í einu lagi á þessu ári.

Nú vill svo til, að um það bil sem líða tók á starfstíma Viðlagasjóðs beitti núv. hæstv. forsrh. sér fyrir því, að sett yrði á stofn svokölluð úttektarnefnd. Verkefni þessarar úttektarnefndar átti að vera það að bæta úr fjárhagsvandræðum Vestmannaeyjakaupstaðar, fyrirtækja hans og annarra fyrirtækja í bænum, þar sem sagt var að það væri ekki í verkahring Viðlagasjóðs að leysa úr þeim vandamálum. Þegar þessi úttektarnefnd, skipuð af hæstv. forsrh., skilaði áliti, lagði hún eindregið til, að þessi skuld við Vestmannaeyjakaupstað vegna sjúkrahússins, upp á 100 millj. kr. tæpar, yrði greidd minnst í tvennu lagi, 50 millj. í hvort skipti. Og þaðan er einmitt komin upphæðin í brtt. minni, til samræmis við það sem kemur fram í áliti úttektarnefndarinnar. Ef við fengjum 50 millj. til þessarar greiðslu á þessum fjárl. og 50 millj. á þeim næstu, þá mætti segja að sú krafa væri mjög hófsamleg og skaði kaupstaðarins ekki eins tilfinnanlegur og ef á að dreifa þessu á 5 ára tímabil. Ef við hugsum okkur það, að komandi ríkisstj. yrði kannske eitthvað álíka dugleg og núv. hæstv. ríkisstj. að glíma við verðbólguna, og verðbólgan héldi áfram eins og hún hefur gert nú undanfarin 3 ár, og yrði einhvers staðar á bilinu milli 40 og 60% á ári að jafnaði, þá getur hver maður séð, að síðustu greiðslurnar mundu verða orðnar harla lítils virði að raungildi. Með þessari aðferð, að dreifa skuldagreiðslunni á 5 ár, er verið að hafa stórkostlega fjármuni af Vestmannaeyjakaupstað sem ég hélt að menn gerðu sér grein fyrir að væri ekki vel stæður, af alkunnum ástæðum. Þar er að sjálfsögðu í geysilega mörg horn að líta við að byggja upp staðinn á mjög stuttum tíma, á svo mörgum sviðum að það tekur við venjuleg skilyrði áratugi.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á það og minna hv. viðstadda alþm. á að hér er um till. að ræða þar sem farið er fram á leiðréttingu á miklu ranglæti sem illa staddur kaupstaður er beittur að mínum dómi. Ég er viss um að þeir, sem skoða málið, eru mér sammála innst inni, og ég er líka viss um að þetta mál er, eins og ég hef greint frá, mjög sérstætt. Hækkunarbeiðnin er

komin af sérstökum ástæðum og engin leið fyrir aðra að hafa hana til fordæmis. Ég vil þess vegna sérstaklega beina máli mínu til hv. 6. þm. Sunnl., form. fjvn., að hann taki þetta mál upp í n. milli umr. og reyni að koma auga á leið til þess að þessi litla brtt. geti náð fram.

Herra forseti. Ég ætlaði að hafa þetta stutt og skal standa við það. En ég get ekki, fyrst ég er kominn hingað á annað borð, gengið héðan aftur nema minnast aðeins á annan þátt fáum orðum, þar sem mér finnst hlutur Vestmannaeyja ótrúlega lítill. Það er áætlaður hluti til Vestmannaeyjahafnar sem er skorinn meira niður og miklu meira niður en áætlað fjármagn til annarra hafna í landinu. Þar var gert ráð fyrir framkvæmd sem kostaði 70 millj. og hluti Vestmannaeyjakaupstaðar yrði þar eitthvað milli 50 og 60 millj., en þeir leyfa sér, þessir menn, að skera þetta niður í rúmlega 37 millj. kr. Það verk, sem framkvæma á fyrir þessa peninga, er nefnt hér einhvers staðar vörukantur, þ. e. a. s. bryggjukantur fyrir vöruflutningaskip. Nú hef ég heyrt það, að háttsettur embættismaður í kerfinu hafi sagt, að við Vestmanneyingar hefðum ekkert við þetta að gera, þetta væri flottheitaframkvæmd og hálfgerð óþarfaframkvæmd, og ég hef þetta eftir mönnum sem ég get fyllilega tekið mark á. Auk þess veit ég líka, að það hefur heyrst því miður frá sumum hv. þm., sem jafnvel gerst ættu að þekkja til, að við hefðum litla þörf fyrir að þetta verk yrði unnið. Það er mikill misskilningur og það eru mikil ósannindi, því að með því að gera þennan vörukant eru vöruflutningaskipin tekin frá bryggju, sem liggur næst mjög stórum vinnslustöðvum í kaupstaðnum, og losnar þar með löndunarpláss í höfninni, sem er af skornum skammti og meira að segja af svo skornum skammti, að fiskibátarnir í höfninni, sem munu vera um 70 talsins plús fjórir togarar, þurfa oft að bíða löndunar svo að mörgum klukkutímum skiptir, en þar með verða sjómenn á þessum fiskibátum að stytta hvíldartíma sinn, oft að mjög miklum mun. Þetta er ekki eina gagnið af þessu. Að sjálfsögðu kemur þarna þá vörukantur fyrir flutningaskipin, sem yrði þá á þeim eina stað, þar sem hugsanlegt væri að koma upp vöruskemmu fyrir skipafélögin. Með það í huga er auðvitað um geysilega hagræðingu að ræða — að hafa vöruskemmu á hafnarsvæðinu sjálfu, sem ekki er nú við löndunarbryggjuna, í stað þess að þurfa að keyra allan varning langt í burtu frá þeim stað þar sem hann er tekinn á land. Við þennan kant er einnig meiningin að koma upp aðstöðu til viðgerða á skipum á floti, auk þess sem gert er ráð fyrir í áætlun hafnarstjórnar í Vestmannaeyjum að þarna verði aðstaða til nótaviðgerða, því að það vita allir, að mikill hluti loðnuflotans kemur þarna á vetrarvertíðinni af öllu landinu og þarf auðvitað að fá viðhald og viðgerðir á sínum veiðarfærum, en til þess þarf gott bryggjupláss. Því yrði mjög vel fyrir komið á þessum stað, því að sannleikurinn er sá, að hin stærri nótaskip fljóta ekki inn að bryggjunni vestur af þessum kanti sem þarna er fyrirhugaður.

Auk þess, sem ég hef þegar nefnt, vil ég segja að rétt hjá þessum bryggjukanti, sem þarna er gert ráð fyrir, er nú þegar sameiginleg fiskgeymsla, kæligeymsla fyrir kassafisk, sem togaraaflinn mun verða fluttur í og síðan dreift út í stöðvarnar eftir þörfum. Það má því öllum vera ljóst, sem hafa hlustað og heyrt þessar röksemdir, að þarna er einmitt um mjög nauðsynlega framkvæmd að ræða, sem hefur verið vandlega undirbúin í framkvæmdaáætlun hafnarstjórnar í Vestmannaeyjum.

Hlutur Vestmannaeyja er sem sagt ekki nema liðlega 37 millj. Ég vil leyfa mér að benda á það, að hlutur Akraness er t. d. 100 millj., Ólafsvíkur 72 millj., svipuð upphæð eins og í Vestmannaeyjum fer til Patreksfjarðar, tvöföld upphæð til Bolungarvíkur, þó nokkru hærri upphæð til Skagastrandar, yfir 40 millj., til Siglufjarðar milli 60 og 70 millj., yfir 50 millj. til Ólafsfjarðar og til Akureyrar 46 millj. Svona mætti miklu lengur telja: Húsavík 41 millj., Vopnafjörður 65 millj., Borgarfjörður eystri 42 millj., Neskaupstaður 46 millj., Sandgerði 83 millj. og Hafnarfjörður 52 millj. Allir þessir staðir fá talsvert hærri fjárveitingu og margir margfalt hærri en Vestmannaeyjar, sem hefur þó þennan geysilega flota eins og þar er og vonandi kemur til með að skila góðum afla á land hér eftir sem hingað til. Mér sýnist að þarna sé ein stærsta verstöð landsins hlunnfarin, svo að ekki sé grófar tekið til orða, og ég harma að fulltrúar Sunnlendinga og Vestmanneyinga í fjvn. skyldu ekki ýta betur á eftir þessu nauðsynjamáli hafnarinnar en raun hefur orðið á, á sama tíma og eitt kjördæmi landsins sker sig alveg úr með fjárveitingar, kannske vegna þess að tveir af þremur nm. í undirnefnd um hafnamál eru frá því sama kjördæmi. Þær upphæðir eru geysiháar miðað við það sem okkur er boðið. Þó er aðeins farið fram á að setja þetta í eina framkvæmd, jafnvel þótt margar aðrar framkvæmdir séu nauðsynlegar.

Svona mætti auðvitað miklu lengur telja, en ég vil ekki fara að eyða tíma manna, þegar svo langt er liðið á nótt, til þess að ræða fjárlagafrv. í heild, svo að ég tali nú ekki um að fara að minnast á svokallaða efnahagsstjórn hæstv. ríkisstj. **Til þess þyrfti álíka marga klukkutíma og ég hef nú talað í margar mínútur, ef gera ætti því mikla mistakamáli einhver skil.**

Herra forseti. Ég vil að lokum endurtaka, að ég beini máli mínu enn einu sinni til hv. þm. Steinþórs Gestssonar og þeirra fjvn.-manna annarra, sem hér eru staddir, að þeir velti nú fyrir sér, hvort það geti talist sanngjarnt að láta Vestmannaeyjakaupstað verða fyrir svona miklu tjóni með því að láta greiða skuldina á eins löngum tíma og þeir leggja til eða hvort þeir vilja milda eitthvað þann skaða með því að skipta skuldagreiðslunni eða vanskilagreiðslunni í tvennt.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil láta það koma skýrt fram, að mér er ekki kunnugt um að stjórnarflokkarnir hafi af ásettu og yfirlögðu ráði haldið leyndum fyrir minni hl. fjvn. upplýsingum varðandi breytingar á útgjaldahlið fjárlagafrv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 15. des.

Skattalegir varasjóðir félaga.

Skriflegt svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds um skattalega varasjóði félaga, á þskj. 126, afhent þm. 13. des.

Þingmaðurinn spyr hve háar fjárhæðir félög hafi dregið frá hreinum tekjum til skattálagninga og lagt í skattalegan varasjóð samkvæmt heimildarákvæðum tekjuskattslaga rekstrarárin 1974, 1975 og 1976.

Leitað hefur verið upplýsinga hjá ríkisskattstjóra um ofangreint mál og eru svör hans svohljóðandi:

Rekstrarár	Gjaldár		Varasjóðstillag skv. skattskrá
1974	1975	.....	kr. 523 995 340
1975	1976	.....	— 748 355 065
1976	1977	.....	— 1 242 992 236

Rekstrarár	Gjaldár		Sem hundraðshluti af skattgjaldstekjum áður en varasjóðstillög eru frádregin:
1974	1975	.....	19,097%
1975	1976	.....	19,363%
1976	1977	.....	19,493%

Sameinað þing, 31. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1978, frv. (þskj. 1, n. 149, 148, 150, 160, 161, 163, 164, 165, 166). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 163,I felld með 40:11 atkv.
1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 148,1—3 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 164,1 felld með 46:1 atkv.
— 148,4—5 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 150,I felld með 39:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, KÓ, BGr, EðS, EggÞ, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH.

nei: JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, ÓÞÞ, StG, PBl, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, HBl, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JHelg, ÁB.

4. þm. (SkA, PS, GHG, IH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við umr. í nótt láðist mér að svara fsp. frá hv. 11. landsk. þm. varðandi þetta mál, þar sem hann bar fram þá fsp., hvort sveitarfélögum, ef þeim tækist að útvega fjármagn, yrði heimilað að fara hraðar í framkvæmdir. Nú vil ég segja þetta vegna fsp. hv. þm.: Að sjálfsögðu mun farið eftir þeim lögum og reglum sem um skólaframkvæmdir kostaðar af ríki og sveitarfélögum gilda, og samrýmist þessi hugmynd þeim reglum, mun ekkert við þá aðferð við framkvæmdir að athuga. Ég segi nei.

Brtt. 148,6—7 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 163,II tekin aftur.
— 148,8—9 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 163,III felld með 40:14 atkv.
— 163,IV. a—b felld með 40:11 atkv.
— 163,IV.c tekin aftur.
— 163,V felld með 41:12 atkv.
— 166 felld með 43:10 atkv.
— 148,10 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 148,11—14 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 150,II.1—2 tekin aftur.
— 163,VI felld með 39:15 atkv.
— 148,15 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 150,II.3 tekin aftur.
— 148,16—27 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 161,I.1—2 felld með 45:10 atkv.
— 160,I tekin aftur.
— 148,28 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 161,I.3 felld með 45:10 atkv.
— 148,29 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 163,VII tekin aftur.
— 148,30—31 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 150,III felld með 42:11 atkv.
— 148,32—34 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 163,VIII tekin aftur.
— 148,35—47 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 150,IV tekin aftur.
— 163,IX felld með 41:9 atkv.
— 165 tekin aftur.
— 148,48—49 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 160,II tekin aftur.
— 148,50 tekin aftur.
— 148.51—52 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 163,X felld með 41:10 atkv.
— 160,III.1 og 3 felld með 41:13 atkv.
— 160,III.2 tekin aftur.
— 163,XI felld með 39:11 atkv.
— 163,XII felld með 43:9 atkv.
— 150,V felld með 42:12 atkv.
— 148,53 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 160,IV felld með 39:13 atkv.
— 148,54—55 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 163,XIII felld með 37:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, LJós, MK, RA, StJ, KÓ, EðS, GS, GeirG, GilsG, HFS, SkA.

nei: LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PJ, SV, StG, PBl, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, HBl, BGr, EggÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GTh, GF, GÞG, HÁ, HES, IT, IngJ, JóhH, JHelg, JSk, JGS, ÁB.

MÓ, PP, RH, SighB, SigurlB, ÓÞÞ, IG, JÁH greiddu ekki atkv.

3 þm. (PS, GHG, IH) fjarstaddir.

Brtt. 148,56—58 samþ. með 54 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 150,VI felld með 38:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EggÞ, GeirG, GilsG, HFS, JÁH, SkA, KP, LJós, MK, RA, SighB, StJ, KÓ.

nei: HBl, BGr, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JHelg,

JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SV, ÓÞÞ, StG, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, ÁB.
GS, GÞG, MÓ, SigurlB, PBl greiddu ekki atkv.
3 þm. (GHG, IH, PS) fjarstaddir.
Brtt. 161,II felld með 38:14 atkv.
— 148,59 samþ. með 53 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 161,III tekin aftur.
— 161,IV tekin aftur.
6.—7. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Efri deild, 25. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ríkisreikningurinn 1975, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1975 liggur hér fyrir á þskj. 130. Þá hefur einnig verið lagt fram frv. til fjáraukalaga sama árs og verður gerð sérstök grein fyrir því í Sþ.

Eins og fram kemur í aths. með frv. er það samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1975. Reikningurinn var afhentur yfirskoðunarmönnum til meðferðar og lagður óendurskoðaður fyrir Alþ. í okt. 1976. Í apríl 1977 var hann lagður fyrir Alþ. endurskoðaður með aths. og till. yfirskoðunarmanna og svörum ráðh.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. fyrir þetta ár gerði ég nokkra grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1975 og ríkisreikningi. Ég mun því ekki gera nema örstutta grein fyrir honum nú, enda hafa þm. haft hann til skoðunar, eins og ég sagði, frá hausti 1976.

Yfirskoðunarmenn gerðu fsp. í 12 liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti innheimtuembætta við ríkissjóð samkv. bókhaldi ríkisbókhalds fyrir árið 1975 með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert. Svör við fsp. sínum telja yfirskoðunarmenn ýmist fullnægjandi eða rétt að viðkomandi atriði verði til athugunar. Till. sínum skiluðu yfirskoðunarmenn í mars s. l., og leyfi ég mér að vísa í ríkisreikninginn varðandi þær svo og sjálfar fsp. þeirra og svör við þeim. Tel ég ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir þeim að svo stöddu.

Með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1975 mun ég gera stutta grein fyrir helstu frávikum ríkisreiknings og fjárl. ársins, en hér rekja stærstu liði í gjöldum og tekjum A-hluta ríkisreikningsins.

Ég vil eins og áður vekja athygli á tveimur meginreglum við uppgjör A-hluta ríkisreiknings samkv. núgildandi lögum, nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Önnur er sú, að álagðar tekjur og áfallin gjöld eru lögð til grundvallar við uppgjör rekstrarreiknings, en ekki greiðsluhreyfing þessara liða, þ. e. innheimta tekna og útgreiðsla gjalda. Af því leiðir að í efnahagsyfirliti eru óinnheimtar tekjur meðal eignarliða og ógreiddar gjaldaskuldbindingar meðal skuldaliða. Hin meginreglan er sú, að fjárfestingarútgjöld A-hlutans eru talin með gjöldum þess árs þegar til þeirra er stofnað, en þeim ekki dreift með afskriftum á þann árafjölda sem gert er ráð fyrir að fjárfestingin endist, eins og gildir um uppgjör fyrirtækja og sjóða ríkisreiknings í B-hluta ríkisreiknings.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á árinu 1975 samkv. breytingu sjóðseignar, innistæðna og skulda og ávísana á hlaupareikningum við Seðlabanka Íslands og innlánsstofnanir, ásamt breytingu lánareikninga við Seðlabankann var óhagstæð á árinu 1975 um 4 milljarða 928 millj. kr., og að viðbættum lánum við Seðlabankann vegna ábyrgða ríkissjóðs á verðtryggingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, að fjárhæð 846 millj., var greiðsluafkoman óhagstæð um 5 milljarða 774 millj. kr.

Heildarniðurstaða rekstrarreiknings A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1975 var sú, að gjöld námu 58 milljörðum 576 millj. og 672 þús. kr., en tekjur námu 51 milljarði 443 millj. 985 þús. kr. Gjöldin skiptast í stórum dráttum þannig:

Gjöld vegna fræðslu- og menntamála á vegum menntmrn. námu 7 milljörðum 610 millj. 584 þús. kr., þar af vegna héraðsskóla og grunnskóla 4 milljörðum 105 millj. 875 þús. kr.

Gjöld vegna búnaðarmála námu 2 milljörðum 616 millj. 236 þús., þar af 1 milljarði 102 millj. 438 þús. kr. vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir.

Gjöld vegna útvegsmála námu 2 milljörðum 393 millj. 232 þús. kr., þar af 698 millj. 188 þús. kr. vegna Hafrannsóknastofnunar. Er þá innifalið í þeirri fjárhæð kaupverð á togaranum Baldri fyrir stofnunina, að fjárhæð 342 millj. 121 þús. kr. Einnig eru hér taldar með útvegsmálum 846 millj. 108 þús. kr. vegna skyldu framlags ríkissjóðs til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins samkv. sérstökum lögum.

Gjöld vegna dómgæslu og lögreglumála námu 3 milljörðum 15 millj. 980 þús. kr., þar af vegna landhelgisgæslu 886 millj. 25 þús. kr.

Gjöld vegna húsnæðismála námu 2 milljörðum 199 millj. 697 þús. kr., þar af 1 milljarði 896 millj. 788 þús. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins eða Húsnæðismálastofnunar.

Gjöld vegna tryggingamála og heilbrigðismála námu 18 milljörðum 468 millj. 588 þús. kr., þar af 16 milljörðum 505 millj. 57 þús. kr. til Tryggingastofnunar ríkisins.

Gjöld vegna toll- og skattheimtu námu 597 millj. 106 þús. kr. og framlag til Ríkisábyrgðasjóðs svo og vegna togara, sem fært er undir fjmrn., en ekki útvegsmál hjá sjútvrn. nam 429 millj. 984 þús. kr.

Gjöld vegna samgöngumála, auk yfirstjórnargjalda samgrn., námu 6 milljörðum 895 millj. 223 þús. kr., þar af vegna vegagerðar 4 milljörðum 5 millj. 224 þús. kr.

Gjöld vegna iðnaðarmála og orkumála, auk yfirstjórnar rn., námu 1 milljarði 571 millj. 763 þús. kr. Kröfluvirkjun er þar ekki meðtalin

frekar en aðrar virkjanir sem gerð er grein fyrir í B-hluta ríkisreiknings.

Gjöld vegna niðurgreiðslna á vöruverði námu 5 milljörðum 586 millj. 5 þús. kr.

Gjöld vegna greiðslna á vöxtum og verðbótum lána, sem ríkissjóður hefur tekið, ásamt vöxtum af yfirdráttarskuldum í Seðlabankanum námu alls 1 milljarði 766 millj. 95 þús. kr.

Stærstu einstakir gjaldaliðir A-hluta ríkisreiknings voru eins og áður vegna Tryggingastofnunar, niðurgreiðslna og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir svo og vegagerðar, samtals 27 milljarðar 195 millj. 724 þús. kr., um 46% gjalda A-hlutans í heild á árinu 1975. Árið 1974 var þessi hlutfallstala 48%.

Tekjur í heild námu, eins og áður sagði, 51 milljarði 43 millj. 987 þús. kr. samkv. tekjufærslu, þ. e. álagningu tekna. Innheimta ársins nam hins vegar, eins og gerð er grein fyrir á bls. 61 og 63 í ríkisreikningi, 49 milljörðum 342 millj. 915 þús. kr. Stærstu teknaliðir A-hluta ríkisreiknings voru eins og áður söluskattur, almenn aðflutningsgjöld, tekju- og eignarskattur og hagnaður af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Söluskattur nam í tekjufærslu 17 milljörðum 885 millj. 135 þús. kr. og í innheimtu 17 milljörðum 79 millj. 415 þús. kr. Aðflutningsgjöld, almenn, námu 10 milljörðum 110 millj. 812 þús. kr. í tekjufærslu og svo til sömu fjárhæð í innheimtu. Tekju- og eignarskattur, þar með erfðafjárskattur, námu í álagningu 6 milljörðum 102 millj. 569 þús. kr. og í innheimtu 5 milljörðum 724 millj. 515 þús. kr. Barnabætur og persónuafsláttur, að fjárhæð 2 milljarðar 686 millj. 134 þús. kr., hafa þá verið dregin frá. Hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins nam 4 milljörðum 736 millj. 364 þús. kr. Þessir fjórir liðir námu í tekjufærslu alls 38 milljörðum 842 millj. 880 þús. eða 76% af heildartekjum A-hluta ríkisreiknings árið 1975. Þessi hlutfallstala var um 80% árið 1974. Fimmti stærsti tekjuliðurinn var launaskattur, er nam 2 milljörðum 934 millj. 889 þús. í álagningu. Innheimtan nam 2 milljörðum 700 millj. 565 þús. kr. Að launaskatti meðtöldum námu þessir fimm teknaliðir 82% heildartekna A-hlutans árið 1975, en um 84% árið 1974.

Ég mun ekki gera nánari grein fyrir niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1975. Um frávik reikningsins og fjárl. mun ég fjalla, eins og ég sagði áður, í framsögu fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1975.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 138). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á s. l. vori gerðu launbegar og vinnuveitendur með sér samkomulag um að greiða á árunum 1978 og 1979 sérstakar uppbætur á lífeyrisgreiðslur, sambærilegar þeim sem greiddar hafa verið nú um tveggja ára skeið. Frv. það, sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir að svipuð skipan verði á greiðslu úr Lífeyrissjóði bænda og almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum. Lífeyrissjóðir þeir, sem stóðu að samkomulaginu s. l. vor, deila að nokkru með sér útgjöldum vegna uppbótagreiðslnanna. Samstarf þeirra tryggir að enginn sjóðanna verði fyrir þungum áföllum þeirra vegna. Í hæsta lagi þarf að verja um 13—14% af iðgjaldatekjum sjóðs til uppbótagreiðslna.

Hjá Lífeyrissjóði bænda er þessu öðruvísi farið. Sjóðurinn á ekki aðild að neinu samstarfi við aðra lífeyrissjóði um jöfnun útgjalda og verður því sjálfur að standa undir öllum uppbótagreiðslum af tekjum sínum. Áætlað er að 46% iðgjalda og framlaga af tekjum sjóðsins verði varið til lífeyrisgreiðslna árið 1978 og er langmestur hluti þeirra fjáruppbótagreiðslur. Fjárhagsbyrði þessi stafar að sjálfsögðu fyrst og fremst af mun óhagstæðari aldursskiptingu félaga í Lífeyrissjóði bænda en er hjá öðrum sjóðum.

Til að greiðslur úr Lífeyrissjóði bænda geti orðið sambærilegar greiðslum úr öðrum sjóðum er lagt til með frv. þessu að tekjur sjóðsins verði nokkuð auknar. Til þessa hafa laun þau, sem iðgjald hefur verið reiknað af, miðast við kaupgjald hausts á undan gjaldárinu að viðbættu 10% álagi vegna kaupgjaldsbreytinga. Þessi skipan hefur á undanförnum árum ekki verið í fullu samræmi við raunverulegar breytingar á launum. Hér er því lagt til að þetta álag verði 20% í staðinn fyrir 10%. Jafnframt er lagt til að iðgjöld verði aldrei miðuð við lægri fjárhæð en ⅘ af heildarverðmæti búvöru í stað ¾ hluta nú. Talið er að breytingar þessar muni auka ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1978 um rúmlega 40 millj. frá því er ella yrði.

Um einstakar gr. frv. leyfi ég mér hins vegar að vísa til aths. sem prentaðar eru með frv.

Herra forseti. Frv. þetta er samið í náinni samvinnu við stjórn Lífeyrissjóðs bænda. Hér er á ferðinni sanngirnismál sem ég vænti að fái góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu í hv. þd. Ég vil giarnan vonast til þess að hægt verði að afgreiða þetta frv. sem lög frá Alþ. áður en þm. fara í jólaleyfi.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. (þskj. 146). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á áfengislögum, fjallar fyrst og fremst um breytingu á þeim ákvæðum í VIII. kafla þeirra sem fjalla um refsingar og önnur viðurlög. Refsiákvæðin í áfengislögunum eru nú mjög sundurliðuð og er sett lágmark og hámark refsingar

fyrir brot á einstökum gr. laganna. Er lágmarkið allt niður í 100 kr., en hámark hæst 200 þús. kr., auk litragjalds, 400 kr. fyrir hvern lítra af ólöglega innfluttu áfengi. Ákvæði þessi eru að sjálfsögðu úrelt orðin vegna verðbólgu í landinu, en ákvæðin hafa staðið óbreytt frá árinu 1969. Þá voru sektarákvæðin almennt margfölduð með 2½ frá því sem var í stofnlögunum þegar þau voru sett 1954.

Á undanförnum tveimur þingum hafa legið fyrir hv. þd. frv. flutt af þm. úr öllum flokkum, þar sem m. a. var leitast við að samræma sektarupphæðir að nokkru verðlagsþróun síðustu ára. Frv. þessi fengu ekki afgreiðslu. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er farið inn á nýja braut. Er lagt til að refsiákvæði laganna verði dregin saman í eina almenna grein og að refsiramminn verði almennt óbundinn. Er hætt við að refsirammi laganna verði fljótlega of þröngur ef áfram verður haldið sama hlutfalli, enda hefur komið í ljós að refsiramminn bindur um of hendur dómstóla við ákvörðun refsingar og einnig við ýmsar nauðsynlegar aðgerðir við rannsókn mála, t. d. húsleit. Með breytingu þessari verður hámarksupphæð sektar einungis bundin af almennu sektarhámarki í almennum hegningarlögum, en það er nú 5 millj. kr., eins og ákveðið var með lögum nr. 101 1976. Er í þeim lögum einnig heimilað að beita fjársektum ásamt refsivist. Ákvæði í fjölmörgum sérlögum hafa enn að geyma lágmark og/eða hámark sektar, og er þörf á endurskoðun þeirra ákvæða eigi síður en ákvæða áfengislaganna, þannig að refsiramminn standi ekki í vegi fyrir því, að dómstólar geti jafnan ákveðið sektir eftir atvikum hverju sinni. Verður að ætla að treysta megi dómurum til rétts mats í þessu efni.

Aðrar breytingar, sem felast í frv. þessu, leiðir af brottfalli lágmarks- og hámarksrefsingar og er þar ekki um að ræða efnisbreytingar. Þó eru ákvæðin um réttindasviptingu eigi eins bundin og í gildandi ákvæðum.

Þá er lagt til að breytt verði ákvæðum áfengislaga sem varða yfirstjórn áfengisvarna til samræmis við breytingu þá sem gerð var frá ársbyrjun 1970 með reglugerð fyrir Stjórnarráð Íslands, en þá voru þau mál flutt frá dómsmrn. til heilbrrn., svo að það er þarna í tveim eða þrem greinum gert ráð fyrir því, að í staðinn fyrir dómsmrh. komi heilbrrh.

Eins og ég gat um í upphafi þessara orða, er þetta frv. fyrst og fremst um þau ákvæði áfengislaganna sem varða viðurlög. Er þess að vænta, að samstaða geti orðið um afgreiðslu frv. Rétt er að taka fram, að frv. þetta er samið í rn. í samráði við ýmsa aðila. Því er hins vegar beint til þn., að rétt kann að vera að leita umsagnar aðila um frv., t. d. áfengisvarnaráðs, ríkissaksóknara, yfirsakadómara í Reykjavík og hegningarlaganefndar.

Það kann vel að vera, að ýmsum þyki rétt og tími vera til þess kominn að endurskoða áfengislögin í heild, en ég tel þó ekki rétt að láta breytingu á þessum ákvæðum bíða eftir slíkri hugsanlegri almennri endurskoðun laganna.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta geta í raun verið fá orð. Ég vil aðeins taka undir það að hér er um réttmæta og sjálfsagða breytingu að ræða og það er staðreynd, að við höfum þá skiptar skoðanir í áfengismálum almennt, að það er áreiðanlegt að allar breytingar, sem þar þurfa til að koma, þurfa að takast inn í áföngum og með sérstakri gætni og aðgát. Sú er a. m. k. reynsla okkar sem höfum verið að starfa að þessum málum núna að undanförnu, bæði í áfengismálanefndinni svokölluðu og eins hér á Alþ. Ég tel sem sagt, að þetta frv. sé til bóta.

Eins og hæstv. dómsmrh. gat um voru breytingar sektarákvæða fluttar hér í frv.-formi af okkur nokkrum þm. Jónas Gestsson í Grundarfirði, sem er einn í þeirri áfengismálanefnd sem ekki hefur lokið störfum enn, vann þetta verk fyrir okkur nm. mjög vel og nákvæmlega í sambandi við verðlagsbreytingar almennt, en hann tók það fram við okkur um leið, að sér fyndist þetta býsna flókið og sundurgreint og æskilegra væri, þó að hann fyndi ekki leið til þess, að hafa þetta í öðru formi. Mér sýnist við fljóta athugun á þessu, að hér hafi verið fundið það form, sem við komum þá ekki auga á, til þess að einfalda þetta og gera það betra. Ég segi betra, því að ég treysti í þessu efni dómurum, að þeir gangi ekki út fyrir öll skynsamleg takmörk, þó að ekki séu sett nein sérstök ákvæði hér varðandi krónutölu.

Auðvitað er það satt, að þegar ákvæði áfengislaganna ber á góma, þá förum við auðvitað að hugleiða þessi mál almennt. Ég skal sleppa þeim hugleiðingum nú, aðeins koma að einu atriði öðru, sem við vorum með í okkar till. eða í okkar frv. Það var varðandi vínveitingaleyfi. Við vorum þar með ákveðna till. um hækkun á vínveitingaleyfunum og einnig það ákvæði, að þessi vínveitingaleyfi væru veitt til eins árs í stað fjögurra nú. Okkur var bent á það í fyrra við endurflutning þessa frv. okkar þá, að með reglugerð hefði þessum upphæðum, sem nú eru í lögum og eru fáránlega lágar — ég held 4000 kr. á fjögurra ára fresti. — verði breytt í sambandi við vínveitingaleyfin. Og mér er nær að halda, þó að ég aflaði mér ekki nægilegra upplýsinga um það þá, að þar hafi verið um tíföldun að ræða á þessum leyfum. Ég er hins vegar á því, þó að þarna hafi verið stigið allverulegt skref, að þessi tala sé enn fáránlega lág, þessi 40 þús., ef hún er sú rétta, og gildir sem sagt til fjögurra ára áfram. Ég bendi á það, að við vorum með till. sem var fjórföld á við þetta og þóttumst þó vera mjög vægir í okkar tillögugerð. Við vorum sem sagt með till. um að vínveitingaleyfin væru veitt árlega og upphæðin væri 40 þús. Ég held að þó að barna sé kannske ekki um mjög marga aðila að ræða, þá sé rétt að huga að þessu atriði, og vil beina því til hæstv. ráðh., að hann beiti sér fyrir því, að með reglugerð verði þessi ákvæði enn hækkuð mjög verulega — hér er um verulega gróðastarfsemi að ræða í langflestum tilfellum — og ég vil svo gjarnan standa að því að verja þessari hækkun

til alveg sérstakra aðgerða í sambandi við okkar áfengisvarnir, alveg sérstaklega í ljósi þess sem þar hefur verið að gerast núna á síðustu vikum og mánuðum í þessum málum. Ég sem sagt nota tækifærið nú aðeins til þess að óska eftir því við hæstv. ráðh., að fyrst þetta er hægt með reglugerðarbreytingum, þá verði það notað miklu *meira en gert hefur verið*, þó að *ég meti* það við hæstv. ráðh. að þarna hefur orðið veruleg breyting á. Ég held að sú till., sem við vorum með, hafi verið í raun og veru allt of lág og það bætti engum mikið fyrir slíkt leyfi, sem skapar þær tekjur sem hverjum og einum veitingasala eru veittar með þessu, þó að sú upphæð væri a. m. k. fimmfölduð frá því sem mér er sagt að hún sé.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þetta frv. Mig langar í leiðinni að forvitnast um það, hvort það hafi verið athugað gaumgæfilega, sem hefur komið hér upp á Alþ. áður, sú aldursviðmiðun, eins og segir í 6. gr. frv., að 34. gr. orðist svo, e-liður, að áfengi, sem ungmenni yngri en 20 ára hafa undir höndum, skuli gert upptækt til ríkissjóðs.

Það, sem mig langar til að forvitnast um, er hvort þetta aldursmark er rétt miðað við svo margt annað í þessu þjóðfélagi og hvernig beri að skilja þetta. Ég tel að það þurfi að athuga það gaumgæfilega, hvort aldursmarkið mætti ekki vera 19 ár eða jafnvel 18, þar sem ég tel að 18 ára maður sé orðinn fullþroska og fullgjaldgengur alls staðar í þjóðfélaginu. Ef við ætlum á annað borð að hafa hann slíkan, þá held ég að hann hljóti að mega hafa þetta undir höndum eins og aðrir eldri. Nú er þetta mjög viðkvæmt mál, ég viðurkenni það, og ég tel að hér þurfi að athuga mjög gaumgæfilega, hvort þessi tala er rétt eða röng. En ég veit af leiðinlegri reynslu, að 20 ára aldursmarkið er ákaflega erfitt í framkvæmd og orsakar deilur hjá fólki, t. d. giftu fólki. Það er mikið vandamál að setja þetta aldursmark og ég geri þessa fsp. aðeins til að vita hvort það hefur verið íhugað gaumgæfilega, þegar þessi ákvörðun var tekin og þetta sett inn í frv., eða hvort menn treysta sér til að fara einu ári eða tveimur neðar.

Í öðru lagi segir í 7. gr. frv., að skip og flugvélar og annar farkostur, sem áfengi hefur verið flutt ólöglega með, skuli gert upptækt. Nú leikur mér forvitni á, ef áfengi finnst hér í bifreið, t. d. vöruflutningabifreið á leið út á land með farm, ekki áfengi auðvitað, heldur eitthvað annað, en svo finnst þar áfengi, hvort slík bifreið sé þá veðhæf til tryggingar eða ekki, einnig ef veitingahús finnst sekt um það að misnota sitt leyfi og aðstöðu sína, er þá eignin veðhæf líka alveg hliðstætt við skip og flugvél? Oftast er sektin auðvitað miklu, miklu minna virði en flugvél og skip. En þar sem svo hörð ákvæði eru látin gilda um skip og flugvél og annan farkost, eins og segir í 7. gr. frv., sem áfengi hefur verið flutt með, vildi ég fá að vita um það, hversu viðtæk þessi trygging er gagnvart því að hafa aðhald að þeim er freistast til að brjóta. Ég tel líklaust að veitingahús eigi að vera jöfn að veði og skip eða flugvél gagnvart þeim er þar starfa, svo að brot eigi sér síður stað, ef þetta er talið verða til þess, að brot séu sem minnst framin eða alls ekki. Ég vil sem sagt ekki gera greinarmun á þeim hlutum, þar sem áfengi er skotið ólöglega undan, heldur hafa allt jafnt, fyrst við erum að gera þessar breytingar.

Að öðru leyti vil ég ítreka það, að ég tel bráða nauðsyn á því, að við endurskoðum alla okkar áfengislöggjöf og meðferð áfengis í landinu og áróður um það og setjum einn lagabálk um það. Það er svo mikið vandamál, hvernig almenningur í landinu fer með áfengi og neytir þess, að það er sannarlega tímabært að koma á heildarlöggjöf um þessi mál. Ég treysti hæstv. dómsmrh. til að stuðla að því manna best, að rökrétt og skynsamleg löggjöf fáist í því efni.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir undirtektir þær sem þetta frv. hefur hér fengið.

Út af því, sem hv. þm. Helgi Seljan minntist á, að gjald fyrir vínveitingaleyfi eftir lögum væri allt of lágt, þá er það rétt, eins og hann rakti, að því hefur verið breytt með reglugerð. Hefur verið talið, af því að ráðh. hefur nokkuð rúmt vald í sambandi við það, að það hafi verið heimilt og gæti staðist. En að sjálfsögðu er ekki lakara að fá inn ákvæði um þetta í frv., og ég hef auðvitað ekkert á móti því, að hv. allshn. taki það til skoðunar, hvort eigi að hækka gjöld fyrir vínveitingaleyfi.

Það er auðvitað álitamál og og getur verið álitamál, hversu hátt gjald eigi að taka fyrir slík leyfi. Ég efast ekki um að þeir, sem annast þennan veitingarekstur, muni hafa einhvern hagnað af honum. En ég álít þó miklu mikilvægara í því sambandi, að þeir hagi starfsemi sinni á þá lund, að hún sé í fyllsta samræmi að sjálfsögðu við lög og reglur og að þar sé gætt þess að hafa þá umgengni með áfengi, að þar verði ekki stór misbrestur á. Nú eru skoðanir manna skiptar um það að sjálfsögðu, hvort sé hægt að fara með áfengi á við skulum segja venjulegan hátt eða ekki. En ég hygg þó, þegar allt er gætt, að það sé mikils um vert að þau veitingahús, sem hafa þennan rétt, séu vel í stakk búin hvað allan útbúnað snertir og séu þannig að það sé ekki hægt að tala um að þessi hús séu hálfgerðar leiðindasjoppur, „búlur", eins og stundum er kallað. Ég veit ekki hvort það út af fyrir sig að hækka gjaldið fyrir leyfunum hefur mikið að segja í því sambandi. En ég hef síður en svo á móti því að það sé athugað af hv. nefnd.

Enn fremur er þess að gæta, að auðvitað getur hún líka athugað, hvort eigi að binda þessi leyfi við eitt ár í staðinn fyrir að gert er ráð fyrir því, að það geti verið til fjögurra ára. Öll leyfi eru gefin út með fyrirvara, þannig að þau eru afturkallanleg ef verulegur misbrestur verður á. En fyrir þann, sem fer með valdið í þessum efnum, er auðvitað ekki lakara að hafa alveg ákveðin og glögg mörk við að styðjast, eftir því sem unnt er að setja í löggjöf.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson vék að varðandi aldursmarkið, þá verð ég að segja það, að það er vissulega atriði sem mikið hefur verið hugsað og menn hafa brotið mjög heilann um. Skoðanir manna eru skiptar um þetta. Ágætir bindindismenn telja það kannske

óeðlilega tilslökun að lækka aldur þeirra, sem mega sækja vínveitingahús, almennt niður í 18 ár. En það eru takmarkanir á þessu, eins og menn vita, að það má ekki veita áfengi yngri manni en 20 ára. Aðrir aftur á móti hafa bent á, sem hafa eftirlit með veitingahúsunum, að þessi aldursákvæði eru ákaflega erfið í framkvæmd og leiða oft til þess, að af spretta nokkur leiðindi. Og það er auðvitað slæmt að hafa ákvæði í löggjöf sem ekki er eiginlega hægt að framkvæma. Ég skal fúslega játa, að þó að það sé e. t. v. sagt að maður sé með því að fljóta undan straumi, hefur mjög hvarflað að mér að það yrði að breyta þessum aldursmörkum og menn yrðu að beyja sig fyrir staðreyndum, leiðinlegum staðreyndum sjálfsagt, að menn neyta yfirleitt áfengis yngri heldur en átti sér stað t. d. þegar áfengislögin voru sett. Og ég efast um að þeirri staðreynd, sem á sér stað í þessum efnum, verði breytt með lagaákvæðum. Ég efast um að þau beri þann árangur. Þess vegna er það eitt þeirra atriða, sem verður að taka rækilega til athugunar í sambandi við annað hvort heildarendurskoðun á áfengislöggjöf eða í sambandi við endurskoðun á einstökum atriðum, hvort það er ekki karlmannlegast að viðurkenna staðreyndir í þessu efni og breyta lögunum til samræmis við það. Þetta þykir sjálfsagt, eins og ég sagði, einhverjum goðgá, ef menn tala um þetta á þennan veg. En þeir, sem hafa kynnst þessum málum, geta varla annað en haft opin augun fyrir þessum staðreyndum.

Svo er nú annað, að áfengismálin eru auðvitað óskaplegt vandamál hjá okkur. Þarf ekki annað en benda á þá sorglegu staðreynd, að allur þessi óskaplegi slysafjöldi, sem hér á sér stað, á æðioft rætur að rekja til áfengisneyslu og til ofneyslu áfengis. En ég verð að segja það, og styðst þar nokkuð við umsagnir löggæslumanna, að af tvennu illu er þó skárra kannske að áfengis sé neytt í vínveitingahúsum heldur en í heimahúsum, vegna þess að alvarlegustu og leiðinlegustu misfellurnar í sambandi við ofneyslu áfengis eiga sér því miður einmitt stað í heimahúsum. Það er auðvitað svið sem erfitt er fyrir löggjafa að ná til, og það er svið, sem erfitt er fyrir löggæslumenn að ná til, og auðvitað koma þeir þar ekki að fyrr en komið er í óefni og þeir eru til kvaddir. En líka í sambandi við þann ölvunarakstur, sem því miður á sér allt of oft stað, þá hýst ég við að það megi oftar rekja rætur hans til áfengisneyslu í heimahúsum eða á öðrum stöðum heldur en á opinberum vínveitingastöðum.

Ég held að menn megi ekki loka augunum fyrir þessum staðreyndum í sambandi við þessi mál, sem eru ákaflega mikil vandamál okkar þjóðfélagi. Og það eru náttúrlega ömurlegar, en sjálfsagt fróðlegar lýsingar sem menn gætu fengið í lögregluskýrslum á því ástandi sem stundum ríkir í þessum efnum í heimahúsum, þegar lögreglumenn eru kvaddir þangað til að stilla til friðar.

Ég held að þrátt fyrir allt sé það þó svo inni í vínveitingahúsunum, að menn fara þar ekki sér né öðrum að voða. Þess vegna hafa t. d. sumir komið fram með þær hugmyndir í fullri alvöru, að það ætti að hafa vínveitingahús opin lengur, og ég tek það fram, að þær ábendingar hafa ekki endilega komið frá þeim mönnum sem eru tengdir veitingahúsum, heldur jafnvel frá mönnum sem hugsa mikið um þessi málefni og vilja reyna að bæta ástandið í þessum efnum hjá okkur.

Um það mætti auðvitað tala langt mál, hversu alvarlegt og óviðunandi ástandið er hér hjá okkur Íslendingum í áfengismálum. En ég ætla ekki að fara lengra út í það í þessu sambandi, af því að þetta frv. eða efni þess er út af fyrir sig um takmarkað efni.

Þeim spurningum, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson spurði varðandi upptöku, er ég ekki viðbúinn að svara. En vafalaust mundi n. geta fengið mann eða menn á sinn fund sem gætu gefið ítarlegar upplýsingar um það, hvernig bæði ákvæðum um þetta er háttað og hvernig framkvæmdinni er háttað í þessum efnum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. gerði að umtalsefni vínveitingahúsin sérstaklega að gefnu tilefni. Þau eru sérstakur þáttur í okkar áfengisvandamáli. Satt er það, að örugglega má finna ljótari dæmi um áfengisneyslu og ýmsar afleiðingar hennar en þar finnast, en þáttur vínveitingahúsanna er því miður ekki fallegur það ég best fæ séð.

En varðandi það löggjafaratriði, sem hér var komið inn á varðandi aldursmarkið, vildi ég aðeins segja þetta:

Ég tel að það þurfi að vera samræmi í löggjöfinni hvað þetta snertir. Ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt að það gildi sama aldursmark inn á vínveitingahús og varðandi afgreiðsluna. Þarna er um tvenns konar aldursmark að ræða í dag. 18 ára unglingar mega fara þar inn, en það má ekki veita þeim áfengi innan við tvítugt.

Þegar við vorum að fjalla um þetta mál í áfengismálanefndinni voru mjög skiptar skoðanir um þetta mál þar. Meiri hl. n. lagðist mjög eindregið með því að aldursmarkið yrði alfarið fært upp í 20 ár. Ég tel mig þokkalegan bindindismann og talsmann þessara mála. Ég var ekki á þessari skoðun. Því meira sem ég hef hugsað um þetta mál verð ég að hallast að því, að það sé óraunsætt, það beri vott um fullmikla tvöfeldni hjá okkur einnig að viðurkenna ekki þá staðreynd sem við blasir að hluta til, en herða þá jafnframt eftirlit og viðurlög að sama skapi þegar við höfum stigið þetta skref, þannig að það þýði ekki neina allsherjartilslökun í áfengismálum okkar. Það er fjarri mér að vilja slíkt. En við það að horfa á þessi mál og það mikla vandamál, sem þarna er um að ræða, hef ég orðið sannfærður um að þrátt fyrir að það sé mér ekki ljóst, þá verðum við að beygja okkur fyrir þessari staðreynd, þrátt fyrir að ég sjái hrikaleg dæmi um það frá mörgum öðrum þjóðum til hvers þetta hefur leitt, því að það virðist svo, því miður, að því lengra sem farið er niður með þetta aldursmark, þá fer neyslan bara þeim mun neðar aftur í aldursflokkunum í þessum löndum. En þetta er staðreynd hjá okkur þrátt

fyrir okkar 20 ára aldursmark. Það er staðreynd í dag, að þeir aldursflokkar, sem farnir eru að neyta áfengis, þetta færist æ neðar í aldursstigann. Og það er ekkert óalgengt, að jafnvel 12 og 13 ára börn neyti áfengis í dag. Þetta er viðurkennd staðreynd sem ekki þýðir að mæla á móti. Við höfum þó verið með þetta aldursmark svo hátt sem raun ber vitni.

Ég verð því að taka undir það, að það er vissulega rétt, að lög geta stutt okkur vel í þessu, en þau geta auðvitað aldrei lagfært þetta ástand. Þau ein geta aldrei komið í veg fyrir allt það böl sem fylgir ofneyslu áfengis og neyslu áfengis hjá ungu fólki.

Ég ætla ekki að ræða frekar þetta afmarkaða málefni hér. Þar þarf miklu meira til en lög til að koma einhverju í lag. Þar kemur almenningsálitið til fyrst og fremst, eins og margoft hefur verið bent á. Ég var að vona að sú hreyfing, sem á undanförnum mánuðum hefur verið að vaxa upp hér á landi, væri e. t. v. til bóta. Ég vænti þess, að hún verði það. Ég hef ekki séð mikinn árangur af því enn þá gagnvart því að fyrirbyggja það að menn verði áfengisneyslu eða ofneyslu áfengis að bráð. En hitt er auðvitað virðingarvert, að vera með aðgerðir til varnar þeim og bjarga þeim sem hafa sokkið. Það er virðingarvert. En miklu fremur vildi ég sjá þessa hreyfingu þó beita sér fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum í þessu efni, sem tækju jafnt til fræðslu og annarra atriða sem við þurfum að stórauka og reyna, ef við getum, þó að mér sæki sífellt meira vonleysi í þessum efnum, — reyna ef við getum að snúa þessu ógæfuhjóli eitthvað við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allsh. með 13 shlj. atkv.

Niðurfelling útflutningsgjalda á kolmunna- og spærlingsafurðum, frv. (þskj. 98). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 176).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 142). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Samkv. 3. gr. gildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga frá 1972 skal leggja fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati. Þessi skattur skal miðaður við fasteignamat og vera ½% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa, en 1% af öðrum fasteignum. Samkv. þessu lagaákvæði er hverju sveitarfélagi skylt að leggja þennan fasteignaskatt á, en auk þess er sveitarstjórnum heimilt að innheimta allt að 50% álag á fasteignaskattinn. Hið fyrra er skylda, en hið síðara er heimild.

Samkv. ákvæðum laga nr. 94 frá 1976, um skráningu og mat fasteigna, átti nýtt fasteignamat að taka gildi 1. des. 1976. Gildistökunni var frestað til 31. des. 1976 samkv. auglýsingu frá fjmrh., sem er dags. 21. des. 1976. Í þessari auglýsingu var einnig tekið fram, að yfirfasteignamatsnefnd hefði ákveðið svonefndan framreikningsstuðul fyrir matsverð fasteigna og skyldi hann vera 5½%, en í auglýsingunni var þó gert ráð fyrir að hækkunin kynni að verða meiri í einstökum sveitarfélögum, og mun hún hafa komist í 6½. Þar sem augljóst var, ef ekki væri að gert, að fasteignaskattar mundu hækka mjög verulega á árinu 1977 vegna þessa nýja fasteignamats og sveitarstjórnir, sem ekki óskuðu eftir svo mikilli hækkun, fengju ekki við það ráðið, þar sem skylt er að leggja á fyrrnefnda hundraðstölu af fasteignamati sem fasteignaskatt, þá varð það að ráði, að til þess að koma í veg fyrir að svo yrði var flutt í des. 1976 frv. um breytingu á tekjustofnalögunum. Þar var ákveðið að á árinu 1977 skuli fasteignaskattar ekki verða hærri en þeir hefðu orðið samkv. þágildandi mati fasteigna, sem þýddi að fasteignagjöld skyldu ekki hækka um meira en rúm 23% á árinu 1977 frá því sem þau voru á árinu 1976. Þetta bráðabirgðaákvæði var lögfest með lögum nr. 115 frá 1976 og tók aðeins til notkunar fasteignamatsins við ákvörðun gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977.

Álagning fasteignaskatts á árinu 1978 mun að óbreyttum lögum byggjast á framreiknuðu fasteignamati sem yfirfasteignamatsnefnd ber að annast. Við þann útreikning er höfð hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins, þ. e. í des. 1976. Forstjóri Fasteignamats ríkisins hefur upplýst að fasteignamat, miðað við framreikning í þessum mánuði, verði 36% hærra en það var í des. Af þessu má ljóst vera, að verði ákvæði um álagningu fasteignaskatts óbreytt mun lágmarksfasteignaskattur hækka á næsta ári talsvert umfram þær almennu hækkanir sem orðið hafa og verða væntanlega á þessu tímabili meira en ýmis sveitarfélög eða sveitarstjórnir óska eftir.

Til þess að bæta úr þessum annmarka, sem leiðir af gildistöku hins nýja fasteignamats og að fyrrnefnt bráðabirgðaákvæði fellur niður er þetta frv. flutt, en í því felst það nýmæli, að sveitarstjórnum er heimilað að lækka um allt að 25% þá lágmarksprósentu sem tilgreind er í tekjustofnalögunum frá 1972. Jafnframt er gert ráð fyrir í þessu frv. að heimild sveitarstjórna til hækkunar á fasteignagjaldinu verði lækkuð úr 50% í 25%.

Í gildandi lögum er samkv. þessu, sem ég nú hef greint, svo fyrir mælt, að allar sveitarstjórnir skuli leggja ½% fasteignagjald miðað við fasteignamat á íbúðir, en heimild til hækkunar allt að 50%. Þetta svigrúm helst því með 50%, en það breytist að þessu leyti, að það er heimild til 25% lækkunar frá þessari lögmætu prósentu og heimildin til álagsins er 25%.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur fjallað um þetta frv. og lýst sig sammála því eins og getið er í niðurlagi grg. með frv.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 87, n. 157 og 158). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt, en minni hl. n., þeir hv. þm. Jón Árm. Héðinsson og Ragnar Arnalds, skilar séráliti. Fjarverandi afgreiðslu þessa máls voru hv. þm. Jón G. Sólnes og Albert Guðmundsson.

Þetta frv. er í sjálfu sér ekkert nýmæli og þarfnast ekki skýringa. Breyting, sem gerð er hér frá fyrri frv., er sú að gildistíminn er ekki takmarkaður, í stað þess, sem hefur gilt undanfarin ár, að launaskatturinn hefur verið framlengdur árlega fyrir eitt ár í senn. Hann hefur e. t. v. í upphafi verið hugsaður sem eitt af þeim bráðabirgðagjöldum sem stundum hafa verið sett á, og síðan hefur með árunum komið í ljós að tekjustofninn, sem var bráðabirgðagjald í upphafi, er orðinn ómissandi tekjustofn fyrir ríkissjóð. Ég hygg, að þessu sé þannig varið. Í mínum huga stendur ríkissjóður ekki aðeins frammi fyrir tekjuvandamálum nú, heldur almennum tekjuvanda í framtíðinni, vegna þess að tollar lækka nú árlega samkv. samkomulagi við EFTA. Auk þess er annað bráðabirgðagjald, vörugjald sem sett hefur verið á, orðið þýðingarmikill tekjustofn ríkisins. Ég er ekki svo bjartsýnn að álíta að það muni verða unnt í næstu framtíð að leggja niður launaskattinn. Hins vegar gæti vel komið til greina að breyta honum og jafnvel að hækka hann eða lækka hann. Launaskatturinn verkar á vissan hátt eins og bruttóskattur. Hann er ákveðið hlutfall af öllum greiddum launum þótt atvinnurekandi greiði hann.

Meiri hl. n. leggur til að frv. þetta verði samþykkt í þessu formi sem á vissan hátt er nokkur staðfesting á því, að hér sé um varanlegri skatt að ræða en menn ætluðu í upphafi. En eins og fram kemur í nál. minni hl., þá er það einkum þetta sem þeir nm. hafa á móti frv., þótt mér hafi fundist að hafi komið fram að þeir leggi á engan hátt til að skatturinn verði nú felldur niður.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það væri jafnvel gaman að hafa langt mál um fjármál ríkisins og tekjuöflun og vangaveltur um allar þær hugmyndir sem fram hafa komið á undanförnum árum í ráðherratíð hæstv. fjmrh. Það er vafamál að fleiri frv. hafi komið fram um eitt efni en tekjuöflun á s. l. þremur vetrum, því að það hafa komið frá öllum flokkum margvíslegar hugmyndir um tekjuöflun ríkissjóðs. Og margsinnis hefur verið boðað í ræðum að nýskipan þessara mála yrði upp tekin, en endaslepp hafa öll loforðin reynst frá hendi hins mikla meiri hl. á hv. Alþingi.

Það er rétt hjá síðasta ræðumanni, að slíks eru mörg fordæmi hér á hv. Alþ., að bráðabirgðaskattar reynast furðu lífseigir og hafa fleiri líf en fjárlagakötturinn og endast um ómunatíð, eins og frv. gerir ráð fyrir. Við teljum hins vegar, minni hl., stjórnarandstaðan, að það sé hæpið að lögfesta einn slíkan skatt ótímabundið, þar sem það er enn á döfinni, þrátt fyrir allt sem á undan hefur skeð, að stokka upp tekjuöflun ríkissjóðs og leita nýrra úrræða í því efni.

Það kann vel að vera að þetta skattgjald, launaskattur, verði einn af veigameiri þáttum í tekjuöflun ríkissjóðs og hann fari nú á brattann og fari í 5 stig, 8 stig eða 10 stig ásamt einhverju öðru. Menn muna eftir bráðabirgðainnflutningsgjaldi, sem var einu sinni 12%, átti að fara í 8% og síðan í núllið, en stendur nú í 18% og er nokkuð öruggt að verður framlengt enn einu sinni.

Þessi dæmi sýna aðeins að það verður ekki lengur komist hjá því að taka til athugunar tekjuöflun ríkissjóðs, hvers konar ríkisstj. sem situr í framtíðinni. Menn verða að horfast í augu við það, að það verður að koma heildarlöggjöf og hún ákveðnari, um fasta og örugga tekjuöflun til ríkissjóðs.

Okkar afstaða til þessa sérstaka frv. nú um að tryggja að launaskattur verði viðvarandi um óákveðinn tíma byggist á því, að það sé ekki rétt, eins og málum er háttað í dag, annað en að framlengja hann um eitt ár, í trausti þess að þessi mál verði öll endurskoðuð, eins og margsinnis hefur verið boðað. Við flytjum því brtt. á þskj. 158, að við 3. gr. bætist orðin: „og gildi til loka þessa árs.“ Það er sem sagt framlenging á launaskattinum um eitt ár. Miðað við boðaða stefnu og hvaða ríkisstj. sem kann að verða mynduð eftir komandi kosningar á næsta ári, þá er óhjákvæmilegt að taka upp þessi mál, alla tekjuöflun ríkissjóðs, og það er eðlilegt að hafa gildistíma launaskattsins ekki lengri en eitt ár, eins og komið hefur fram bæði hjá mér nú og frsm. meiri hl. Þó að meiri hl. leggi til að frv. verði samþykkt óbreytt, þá er það aðeins þjónustustarf við hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:1 atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 158 felld með 10:6 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 88, n. 155, 156). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 156. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv þm. Albert Guðmundsson og Jón G. Sólnes.

Hér er fyrst og fremst um að ræða frv. til l. til staðfestingar á brbl. sem sett voru á s. l.

sumri. Ég get nú ekki stillt mig um, vegna þess að ég er mikill aðdáandi tekjuskatts og veit að hv. þm. hér í d. margir hverjir eru það líka, að geta þess, að þessi ágæti skattur á 100 ára afmæli í dag, og mér finnst það vera viðeigandi að geta þess hér í deildinni.

Ég skal nú ekki fara að rekja sögu tekjuskattsins, en aðeins þó í mjög stuttu máli vitna í grein sem Björn Björnsson skrifaði í afmælisrit um Þorstein Þorsteinsson fyrrv. hagstofustjóra, að því er mig minnir. Þar kemur fram að skattamálin voru tekin til meðferðar á embættismannafundi, þegar Alþ. var endurreist 1845, og þar kom fram, að menn voru sammála um að skattamálin væru með öllu óhæf og það fyrirkomulag, sem ríkti, ætti að afnema. Hins vegar var n. eða menn ekki sammála um það, á hvaða gjaldstofn skyldi leggja hinn nýja skatt, þannig að strax í upphafi ríkti um þetta allmikill ágreiningur. En það fór svo, að landshöfðingi skipaði n. 1875 og voru í henni 3 menn: Magnús Stephensen, Halldór Kr. Friðriksson og Jón Sigurðsson frá Gautlöndum, og þeir skiluðu áliti. Í framhaldi af því voru samþykkt þrenn lög haustið 1877: lög um skatt á ábúð og afnot jarða og lausafé, lög um húsaskatt og lög um tekjuskatt. Þessi lög komu þó ekki til framkvæmda fyrr en 1879. Þessi lög áttu að mynda samfellt skattkerfi, en sjálfur tekjuskatturinn hvíldi nær eingöngu á tekjum af verslun og iðnaði og launatekjum svo og eignatekjum öðrum en af húseignum. En tekjuskatturinn náði fyrst í stað ekki til aðalatvinnuveganna, þ. e. a. s. landbúnaðar og sjávarútvegs. Það var ekki fyrr en 1917, að gerð var breyting á tekjuskattslögunum þar sem skatturinn náði einnig til landbúnaðar og sjávarútvegs. Síðan þá hafa verið gerðar miklar breytingar á skattalögum, og ég skal ekki fara að rekja þær hér. Að mínum dómi hefðu menn þurft og átt að sýna þessum skatti miklu meiri virðingu en raun ber vitni. Hann hefur aflagast á allan hátt eins og margt annað í mikilli verðbólgu undanfarinna ára, og ég vænti þess, að það gæti kannske orðið til þess, að menn strengdu þess heit nú á 100 ára afmæli tekjuskattsins að sýna honum framvegis viðhlítandi virðingu.

Ég vil biðja hv. þdm. afsökunar á þessum útúrdúr, en mér fannst þetta þó það merkilegt afmæli að ég gat ekki setið á mér að minnast þess lítillega.

Nefndin leggur til að brbl. frá í sumar verði staðfest og sá tekjuskattsstigi sem þar kemur fram. Um það má ræða langt mál, hvernig skattstiginn skuli vera, og má koma með margvísleg rök fyrir því, að hann skuli vera öðruvísi. En hér er lagt til að þessi brbl. verði staðfest.

Að öðru leyti flytur n. tvær brtt. Í fyrsta lagi um breytingu á 26. gr. laganna, sem fjallar um þann skattstofn sem eignarskattur er reiknaður af. Er lagt til að af fyrstu 8 millj. kr. hjá einstaklingi verði eign skattfrjáls og af fyrstu 12 millj. kr. hjá hjónum verði eign skattfrjáls, en síðan reiknist 0.8% af því sem umfram er, einnig að sami skattur skuli reiknaður af skattgjaldseign félaga. Þetta er hækkun á skattfrelsismörkum um 33% og þetta þýðir það, að eignarskatturinn hækkar nokkuð frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Er búist við að þetta muni verða þess valdandi, að eignarskatturinn hækki umfram það, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., um 300 millj. kr., þar af muni 100 millj. rúmar leggjast á einstaklinga, en 200 millj. tæpar á félög.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta atriði frekar í sambandi við eignarskattinn eða eyða orðum í rökfærslu fyrir þeim skatti

Í öðru lagi flytur n. þá brtt., að við 44. gr. laganna bætist ný mgr., sem hljóðar þannig:

„Skattyfirvöldum er þrátt fyrir ákvæði 49. gr. laga þessara heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.“

Þessar brtt. eru fluttar að beiðni fjmrn., og forsaga þessa máls er sú, að Seðlabanki Íslands leitaði eftir því við fjmrh., að rn. hlutist til um það að upplýsingar verði veittar. Ég vil leyfa mér að lesa það bréf frá Seðlabanka Íslands til fjmrn., en það er þannig:

„Vísað er til viðræðna sem fóru fram í síðustu viku við fjmrn. og skattrannsóknastjóra, eftir að fyrir lágu upplýsingar um gögn þau sem borist höfðu frá dönskum skattyfirvöldum um inneignir Íslendinga í dönskum bönkum. Gjaldeyriseftirlitið fer þess hér með á leit, að rn. hlutist til um að umræddar upplýsingar verði afhentar því.“

Í framhaldi af þessu kom bréf frá ríkisskattstjóra, sem er þannig, til fjmrn.:

„Hið háa rn. hefur sent mér til umsagnar ljósrit af bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 12. þ. m., um inneignir Íslendinga í dönskum banka. Í 12. gr. samnings milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðstoð í skattamálum, sbr. lög nr. 111 31. des. 1972, með áorðnum breytingum samkv. 4. gr. viðbótarsamnings, sbr. lög nr. 8 29. mars 1977, er að finna ákvæði um ákveðin upplýsingaskipti án sérstakrar beiðni milli Norðurlandanna. Upplýsingar þær, er hér um ræðir, eru sendar frá dönskum skattyfirvöldum til fjmrn. sem bærs stjórnvalds án sérstakrar beiðni samkv. c.-lið 12. gr. samningsins. Fjmrn. framsendi upplýsingar þessar til skattrannsóknastjóra í hvers höndum þær eru nú. Í 18. gr. umrædds samnings segir svo orðrétt: „Um fyrirspurnir, upplýsingar, yfirlýsingar og aðrar tilkynningar, sem samkv. samningi þessum berast til einhvers ríkjanna, skal beita þeim ákvæðum um þagnarskyldu og skjalaleynd sem gilda samkv. löggjöf þess ríkis.“ Þagnarskylda og skjalaleynd varðandi umræddar upplýsingar fellur því undir ákvæði 49. gr. laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 19. gr. laga nr. 7 1972, en 1. mgr. greindrar 49. gr. hljóðar svo:

„Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknastjóra, ríkisskattanefnd og nefnd samkv. 6. mgr. 48. gr. er bannað að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir

komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.“

Með vísan til ákvæða 49. gr. skattalaga er álit okkar að synja beri beiðni Seðlabanka Íslands um afhendingu umræddra gagna.“

Það er sem sagt ljóst, að slík yfirfærsla á gögnum og vitneskju er ekki heimil nema komi til lagabreyting. Og það er rétt að það komi skýrt fram, að þar að auki geta ákvæði millirikjasamningsins, þ. e. a. s. samningsins milli Norðurlandanna um samvinnu í skattamálum, staðið í vegi fyrir því, að þetta sé heimilt. Hér er sem sagt um það að ræða, að skattyfirvöldum er því aðeins heimilt að afhenda þessi gögn og þessar upplýsingar að ákvæði þessa samnings komi ekki í veg fyrir það, því að ef svo er þarf að breyta þeim samningi.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða frekar um þessi mál, en vil aðeins ítreka það, að n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 156, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 156,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 156,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 156,3 (ný 2. gr., verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál bjóst ég ekki við því, að svo langt mundi liða frá því að hv. þm. Ingi Tryggvason vakti þetta mál hér í d. þangað til ég kæmist að með þau örfáu orð, sem ég hafði ætlað mér að segja. — Ég get tekið undir gagnrýni hans á viðbrögðum við síðustu breytingum á verðlagi landbúnaðarafurða.

Það er merkilegt og alvarlegt tímanna tákn meðal þessarar ágætu þjóðar, sem byggir svo harðbýlt land, þar sem háð hefur verið býsna hörð barátta fyrir lífinu í 11 aldir, að eitt meginvandamál þessarar þjóðar skuli nú vera offita, óttinn við offitu, að þessi stofngöfuga þjóð að langfeðgatali, sprottin úr skauti sjálfra goðanna, skuli nú ekki lengur hafa löngun í sér til þess að breyta í orku og athafnir því feitmeti sem hún innbyrðir í þessu landi, og kjósi fremur að nærast á smjörlíki, mettuðu feitmeti, sem má heita sannað að sé krabbameinsvaldur, heldur en að eiga það á hættu að éta smjör og feitt sauðaket, sem var þó lengi vel afl þeirra hluta sem gera skyldi í þessu landi.

Sjálfur hef ég ekki til að bera þá þekkingu í næringarfræðum sem til þess þarf að kveða upp úrskurð um hollustu eða óhollustu hinna ýmsu fæðutegunda. Ég get ekki heldur af eigin raun, eins og ég sé af þskj. að hv. þm. Stefán Valgeirsson gat í Nd., sagt sögur af tilraunum sem ég hafi á sjálfum mér gert, annars vegar með hóflegri neyslu húsdýraafurða og þar á móti með óhóflegri neyslu húsdýraafurða. Mér skilst af ræðu hv. þm., að fyrst hafi hann, er hann neytti afurða þessara í hófi og leitaði síðan til læknis, komist að þeirri niðurstöðu að hann hefði of mikla blóðfitu. Læknar ráðlögðu honum þá að hætta að neyta búfjárafurða, a. m. k. feits kjöts og smjörs, en hann brást karlmannlega við og hóf nú af mjög miklu kappi að neyta þessarar fæðu umfram það sem hann áður hafði gert, og leitaði síðan til lækna og kemur þá í ljós að blóðfita hefur minnkað, og er hann nú sjálfur eins og lifandi og gangandi dæmi um hollustu þess að neyta húsdýraafurða af ofurkappi. Eins og ég segi, ég hef ekki til að bera fræðilega þekkingu til þess að kveða upp neinn úrskurð um þetta né heldur persónulega reynslu. En hitt veit ég upp á mína tíu fingur, að ef þjóðin, sem byggir þetta land, er orðin svo löt að hún nennir ekki að brenna því eldsneyti sem hún fær í kroppinn með því að borða íslenskt dilkakjöt og smjör, þá er henni alveg eins gott að panta kistuna sína strax.

Ég hef ekki trú á því — og þar tala ég af reynslu sem fréttamaður, af aldarfjórðungs reynslu í fréttaflutningi — að fréttamenn útvarps og sjónvarps hafi gert það af meðvituðum fjandskap við íslenska bændur að segja frá þessari síðustu verðbreytingu landbúnaðarafurða á þann hátt, sem þeir gerðu. Ég trúi því ekki, heldur er ég þeirrar skoðunar, að þeir hafi þarna, blessaðir vinirnir, fallið í sömu gryfju og aðrir landsmenn, þessa meðvitund hins lata slappa og dáðlausa manns, sem ekki hefur lengur kjark til að borða það, sem hann langar í, af ótta við að hann muni fitna af því að hann nenni ekki að hreyfa sig.

Ég minnist þess, að skömmu áður en þetta átti sér stað, þessi umræddi fréttaflutningur, hafði sjónvarpið nýlega lokið flutningi sjónvarpsþáttaseríu um það, með hvaða hætti íslendingar ættu að halda sér grönnum og helst fyrirhafnarlaust. Þá kom það að vísu fram hjá ágætum fræðimönnum, sem fram komu í þessum þætti og stóðu að honum, að æskilegast væri til heilsubótar og lífsnautnar að menn legðu á sig líkamlegt erfiði, helst úti við, að því marki að þeir fengju góða matarlyst og mættu borða holla fæðu, þ. á m. smjör og kjöt, af hjartans og magans lyst og færu síðan og hreyfðu sig og unnu þannig að þeir brenndu þessari fæðu.

Það munu nú vera liðin 11 ár síðan eitt höfuðskáld okkar og frægasti rithöfundur vakti athygli á þeirri furðu — það var Halldór Laxness — að Íslendingar þyrftu nú, alþýðufólk, furðulega oft að fara út til Danmerkur til megrunar. Um svipað leyti kvað annað höfuðskáld þjóðarinnar dálítið hrjúfara að orði, þar sem var Þórbergur Þórðarson, en hann komst svo að orði um þetta tiskuvandamál þjóðarinnar, að nú væri komið svo fyrir Íslendingum að þeir ætu svo mikið að þeir hefðu ekki undan að melta.

Ég hef beðið þess nú um hríð að gera grein

fyrir þáltill., sem ég flyt hér ásamt félögum mínum úr Alþb. í þessari hv. d. um verðlagningu á landbúnaðarafurðum, þar sem ég hafði hugsað mér að eitthvað yrði komið inn á þau mál sem lúta að neyslu landsmanna á þessum afurðum og hinni raunverulegu ástæðu fyrir því, hvað Íslendingar borða orðið lítið af þessari hollu og gómsætu fæðu sem dilkakjötið er og smjörið. Mun ég því ekki fara út í það að ræða hinar efnahagslegu hliðar málsins, en vil aðeins ljúka máli mínu með þeirri aths., að e. t. v. sé ekki furða þótt illa grunduð gagnrýni og fordómar á framleiðsluvörum íslenskra bænda eigi leið inn í hlustir fólksins, þegar svo er komið að fjölda-inn allur af íbúum bæjanna er farinn að trúa því að bændastéttin sé gustukafólk þeirra, bæjarbúanna, í staðinn fyrir að ef um gustukaverk er að ræða á því sviði, þá mætti ætla að hið öndverða væri hið sanna

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þær umr., sem fóru hér fram, voru um margt áhugaverðar og ég verð að segja það, að mér fannst ekkert óeðlilegt þótt það kæmi við kaunin á einhverjum þegar auglýst var hér um kvöldið 18% hækkun á landbúnaðarafurðum, en viss hluti þeirra afurða, þ. e. a. s. undanrennan, hækkaði um 60%. Það eru örugglega margir landsmenn núna sem hafa áhuga á undanrennudrykkju vegna þess, eins og hér hefur komið fram rækilega, að okkar lífnaðarhættir hafa breyst á þann veg, að við brennum nú minna en áður, en höfum meiri peninga til að éta fyrir, og árangurinn er svo sá, að við göngum ekki um sem talandi dæmi um heilsuvernd og heilsurækt, en hættir við að offitna. Og það er ekkert launungarmál og það er ákaflega vel staðfest, að offita, af hverju sem hún stafar, hvort sem hún stafar af áti á landbúnaðarvörum eða öðru, er óholl og styttir lífið, hún gerir það erfiðara. Því var það að margir, sem bundu vonir sínar við undanrennudrykk, hrukku í kút þegar allt í einu var komin 60% verðhækkun á þessa vöru.

Nú er ég ekki þar með að segja að þessi hækkun muni hafa veruleg áhrif á neyslu undanrennunnar. En hitt finnst mér jafneðlilegt, að menn hrökkvi við og um þetta verði einhverjar umr. Aftur á móti verð ég að segja að það eru önnur áhrif, sem hafa verið mjög áberandi á undanförnum árum, mörgum árum, gagnvart landbúnaðarafurðum, en það er hin markvissa barátta stjórnvalda undanfarið fyrir því að breyta þessari þjóð úr fiskneysluþjóð og yfir í kjötneysluþjóð. Að þessu hefur verið unnið með miklum árangri og á þann hátt sem jafnan er árangursríkastur, með því að greiða niður kjöt í stórum stíl, en ekki fisk. Á sama tíma og þetta hefur verið gert hafa miklar umræður víða úti um heim farið fram um fiskneyslu og kjötneyslu, og yfirleitt hefur verið talið að fiskneysla væri hollari en kjötneysla. Þess vegna held ég að enginn þurfi að hlaupa upp til handa og fóta þótt einhver smáauglýsingastarfsemi sé höfð í frammi gagnvart slíkum skyndibreytingum eins og hér fóru fram. En ég álít að þetta hafi verið hættulegt og óeðlilegt athæfi, sem hefur farið fram hér á undanförnum árum að gera höfuðatvinnuvegunum svo mishátt undir höfði í raun og veru, þ. e. a. s. að stjórnvöld ýti sí og æ undir kjötneysluna á kostnað fiskneyslunnar. Þar sem ég er mikill fiskneyslumaður hefur mér lengi fundist þetta mjög óeðlilegt og ósanngjarnt, en við því hefur ekkert verið hægt að gera vegna þess að landbúnaðarafurðir eru hagstjórnartæki og það er það sem hefur valdið þessu.

Það er alveg rétt, að það er erfitt að kveða upp dóm um það, hvort kransæðasjúkdómur standi í beinu sambandi við neyslu á landbúnaðarafurðum. Þó er ýmislegt sem bendir til þess. Hitt mun þó sanni nær og öruggt að það er fita fyrst og fremst, sem orsakar gjarnan kölkunina í æðunum og þann sjúkdóm. M. a. man ég eftir einni tilraun sem mér fannst vera mjög athyglisverð. Fyrir mörgum árum gerðu Finnar tilraun á skógarhöggsmönnum. Hér var um mörg hundruð manna flokk að ræða. Þeir mældu fituefni í blóði þessara manna og fylgdust með því ár eftir ár. Það kom í ljós, að einn hópur af þessum mönnum sýndi merki þess, að um kölkun í hjartaæðum væri að ræða. Þetta vakti nokkra athygli, og þegar farið var að taka þetta saman kom í ljós að verkstjórarnir skáru sig alveg úr, þeir sýndu einkenni um fitusöfnun og kölkun, en þeir skógarhöggsmenn, sem hjuggu skóginn, voru aftur á móti í miklu betra formi og sýndu engin merki um sjúkdómseinkenni.

Ég held að þessi tilraun sé nokkuð marktæk. Hún segir ekkert um það, hvort þeir hafi étið mikið smjör eða mikið kjöt, en hún segir til um það, að hreyfingin og áreynslan ráða úrslitum í þessu efni. Við höfum hætt að leggja mikið á okkur líkamlega, við höfum hætt að þræla eins og gert var áður fyrr, og þess vegna er okkur nú meiri hætta búin. Þetta er ekki eingöngu af setunum, sem auðvitað hjálpa til að verulegu leyti, innisetunum, en það er fyrst og fremst vegna þess að við róum ekki lengur með árum, við gröfum ekki skurðina lengur með skóflu og við höggvum ekki með haka, heldur látum vélarnar um þetta, en sitjum sjálfir inni í vélunum og stjórnum þeim. Þarna er orsökina að finna fyrir þeirri aðgæslu sem nú er nauðsynleg á ýmsum sviðum umfram það sem áður var. Þetta kemur víðar fram, matvæli geta verið ágæt og fýsileg til neyslu séu þau notuð í hófi, en séu þau notuð í óhófi eru þau skaðleg. Þetta á ekki bara við um smjör, og þetta á ekki bara við um kjöt. Við skulum bara taka áfengi líka. Það vita allir, að áfengi notað í óhófi er stórskaðlegt. En þó menn greini kannske á um það er þó mikill fjöldi manna sem lítur svo á áfengi, að sé þess neytt í hófi geri það ekki neinn verulegan skaða.

Ég held að þessi aðferð hafi verið óheppileg, að hækka þessa vörutegund svona mikið og svona skyndilega, í einu vetfangi, og m. a. vegna þess að þar sem Mjólkursamsalan hefur ekki tekið tillit til óska um að selja léttmjólk, þ. e. a. s. fituminni mjólk, þá sé eðlilegt að undanrennunni sé haldið í hóflegu verði þar til léttmjólkin kemur. Þetta mætti kannske gera með því að dreifa niðurgreiðslunum eitthvað, — það væri

ekki aðeins nýmjólkin, sem væri greidd niður, heldur undanrennan líka. Ég tel að það sé mjög mikið atriði að þessi þróun haldi áfram, að við drekkum meira af undanrennu, og margir munu nota þá aðferð núna að blanda saman nýmjólk og undanrennu og drekka það, og það er án efa mjög hollur drykkur. Þess vegna fyndist mér slæmt ef þetta uppnám yrði til þess að tefja þá þróun sem var að komast á, að við færum í örlitlum mæli að taka tillit til læknisfræðilegra atriða við ákvörðun verðlags. Ég hef fyrir mitt leyti árum saman verið á því, að það væri í raun og veru siðferðileg skylda stjórnvalda, ef þau á annað borð eru að skipta sér af neysluvenjum, að þau reyni a. m. k. að hafa eitthvað í huga að stuðla þá frekar að hollustuháttum. Það hefur, eins og ég sagði áður, ekki lukkast. Hérna mætti þó kannske gera smátilraun í þá áttina að örva léttmjólkur- eða undanrennudrykkju á kostnað nýmjólkurinnar.

Hitt er svo vandamálið, sem við eigum við að stríða nú í ár og kannske verður í nokkur ár enn þá á döfinni, það er minnkandi mjólkurdrykkja og vaxandi framleiðsla. Það er mál sem verður vafalaust að leysa á annan hátt en þann sem við erum nú að tala um. En ég endurtek það, að mér fyndist æskilegt að í framtíðinni yrði eitthvað hugað að hollustuháttum um leið og niðurgreiðslur eru ákveðnar eða stjórnvöld fara að hafa áhrif á neysluvenjur.

Jón Helgason: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hóf hér umr. um fréttaflutning Ríkisútvarpsins í sambandi við verðhækkanir nýlega á landbúnaðarafurðum og gerði þá grein fyrir því á nokkuð augljósan hátt, hvernig fréttamenn þeirrar stofnunar hefðu misnotað aðstöðu sína til þess að koma eigin skoðunum á framfæri. Það er að vísu rétt hjá hv. 7. landsk. þm., að fólk er orðið svo vant því að sjá og heyra þennan áróður í fjölmiðlum, að það verður að viðurkenna að of lítið hefur verið gert að því að kveða hann niður. Ég held að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi gert grein í sínu máli fyrir ástæðunum fyrir þeirri breytingu sem gerð var á verðlagningu á undanrennu og sé því ekki ástæðu til þess að fara frekar út í það vegna orða hv. 2. þm. Reykn., enda mun 6. þm. Norðurl. e. þá gera nánari grein fyrir því hér á eftir, þar sem það var hann sjálfur sem stóð í þessari verðlagningu.

En vegna þess, sem hv. 2. þm. Reykn. sagði um að það væri verið að reyna að breyta Íslendingum úr fiskneysluþjóð í kjötneysluþjóð, getur það vel verið að niðurgreiðsla á kjöti eða sumum tegundum kjöts hafi haft þarna einhver áhrif. Annars er það þannig nú, að að vísu eru niðurgreiðslur á kjöti, en það er einnig söluskattur á kjöti, og eins og sakir standa nú vegur þetta nokkurn veginn salt hvað viðvikur sauðfjárafurðum eða dilkakjöti. Hins vegar er niðurgreiðslan ekki svo mikil á nautakjöti og engin á öðrum kjöttegundum. En ekki er söluskattur á fiski, svo að það, sem ríkisvaldið gerir nú með sinni skattlagningu, er þó frekar að skattleggja kjötið en fiskinn. Ég held því að þetta séu dálítið hæpin rök.

Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs hér vegna þess að ég hef hér í höndunum tvær blaðagreinar eftir norræna prófessora þar sem þeir vara mjög alvarlega við þeirri hættu, að áróður þeirra, sem vinna gegn neyslu á fitu, sérstaklega mettaðri fitu, sé tekinn alvarlega, og ég vil nota þetta tækifæri til þess að vekja ahygli á skoðunum þessara norrænu prófessora. Annar þeirra er doktor í læknisfræði, Paul Astrup prófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Í grein sinni hefur hann mál sitt með því að skýra frá því, að á s. l. ári hafi hann ásamt þremur öðrum prófessorum við Kaupmannahafnarháskóla hafið umr. um mataræði til þess að andmæla þeim, sem þar í landi hafa prédikað þá kenningu að Danir eigi að neyta minni fitu, einkum mettaðrar fitu. Þeim fjórmenningum fannst nauðsynlegt að læknisfræðilegt álit kæmi fram um þetta, þar sem rök þeirra, sem þessari kenningu hafa haldið fram, væru haldlítil. Hann rekur síðan fjölmörg atriði máli sínu til stuðnings, og yrði of langt mál að fara að tíunda þau öll hér, heldur get ég aðeins skýrt frá niðurstöðunni. Hann varar t. d. við að nota hvers konar eftirlíkingar af þeim fæðutegundum sem framleiddar eru í jurta- og dýraríkinu — þetta er gervikaffi, þeytirjómi o. fl. — og seldar eru sem eftirlíkingar. Sérstaklega tekur hann fram, að hann telji smjörlíki meðal þessara eftirlíkinga og kveður það skoðun sína, að fólk eigi að forðast neyslu þess eins og það getur. Hann færir síðan rök fyrir þeim skoðunum sínum, að engar sannanir séu fyrir því að neysla fitu og þá sérstaklega dýrafitu valdi hjarta- og æðasjúkdómum, en ástæðan fyrir ágreiningi um það sé fyrst og fremst sú, að nægjanlegar rannsóknir vanti. Sérstaklega bendir hann á að svar þurfi að fást við því, af hverju engin aukning hefur orðið á hjarta- og æðasjúkdómum hjá ungum og miðaldra konum, heldur aðeins hjá karlmönnum, enda þótt þeir neyti sömu fæðu og þær.

Í lokin vitnar hann í bók eftir son skáldsins Johannes V. Jensens, þar sem hann rifjar upp endurminningar sínar og segir: „Ég heyri mömmu segja við pabba: Þú mátt ekki setja svona mikið salt á kartöflurnar, Johannes V., það getur valdið æðakölkun.“ Og máli sínu lýkur hann með orðum dansks listmálara — þessum orðum: „Maður verður að flýta sér að borða á meðan það er hollt.“

Hinn norræni prófessorinn, sem ég gat um, er Bengt Borgström við háskólann í Lundi. Fyrirsögn greinar hans er: „Það er ekki grundvöllur fyrir því að skipta á smjöri og jurtaolíum.“ Hún hefst á því, að hann segir að við höfum síðasta mannsaldurinn lifað á þeirri lífslygi að áríðandi væri að velja á milli tveggja tegunda fitu, mettaðrar og ómettaðrar, og velja þá ómettuðu. En hann segir að æ fleiri vísindamenn leggi nú áherslu á að menn viti allt of lítið um orsakirnar fyrir hjarta- og æðasjúkdómum til að geta fallist á þá kenningu, að taka eigi smjörlíki og jurtaolíu fram yfir smjör, mjólk og kjöt. Áróðurinn fyrir því segir hann að sé lítt æskilegur frá læknisfræðilegu sjónarmiði og bendir á aðra sjúkdóma sem slík breyt-

ing hafi sannanlega í för með sér. Þessi kenning byggist á trú sem menn taka, en ekki staðreyndum, segir hann. Hann segist sjálfur hafa verið í hópi hinna trúuðu fyrir 5—6 árum, en þróun rannsókna hafi kippt stoðum undan þeirri trú og samviska hans neyddi hann til þess að skýra frá því — það sama sé að gerast hjá leiðandi aðilum í læknisfræði í Bandaríkjunum, Bretlandi og Danmörku. Niðurstaða Borgströms er því hin sama og hjá dr. Paul Astrup.

Ég býst við að flestir geti tekið undir það, sem hv. 2. þm. Reykn. sagði hér áðan, að offita er óholl fyrir fólk. En ég get ekki skilið annað en það sé betra fyrir fólk að neyta hollrar fæðu en óhollrar, ef það hefur þörf fyrir að takmarka fæðuneysluna. Það er óhóf og ofneysla, sem getur verið hættuleg, en ekki það að neyta hollrar fæðu. Ef við flettum blöðum og tímaritum frá upphafi þessarar aldar eru mjög áberandi auglýsingar um svokallaðan Kínalífselixír, sem átti að vera allra meina bót að mati auglýsenda, og var reynt að fá neytendur hans til að vitna um ágæti hans. Við, sem lesum þetta nú, vorkennum þeim sem létu glepjast af þessu fánýta auglýsingaskrumi. En það virðist eftir orðum þeirra lækna sem ég vitnaði hér til áðan, að það sé að fara nú eins fyrir þeim sem að undanförnu hafa prédikað og barist gegn neyslu íslenskra landbúnaðarvara, haldnir fordómum og trú á sinn lífselixír, enda þótt enn sé reynt að blása lífi í áróðurinn með því að misnota fjölmiðla.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég saknaði þess á sínum tíma að svo mjög snöggt skyldi skorið á umr. um þessi mál, þar sem mér virtist að deildarfundur hefði þann dag gjarnan mátt vera lengri.

Það er e. t. v. óeðlilegt að ræða hér um kjarna þessa máls, sem hlýtur að vera fréttaflutningur, ekki heilbrigði í mataræði, án þess að hér sé inni neinn fulltrúi frá útvarpinu. Samt er það svo, að hér hafa komið fram nokkur atriði sem ég tel rétt að ræða, og þar er m. a. fullyrðing hv. 2. þm. Reykn. þess efnis, að stjórnvöld ýti undir kjötneyslu á kostnað fiskneyslu. Eins og þessum málum er hagað í dag er söluskattur greiddur af kjöti og sú upphæð er ekki fjarri því sem fer í niðurgreiðslu. Aftur á móti er fiskurinn niðurgreiddur um 10—20%, gæti ég trúað. Sú niðurgreiðsla er ekki framkvæmd af ríkisvaldinu, heldur eru það útgerðarmenn og sjómenn sem framkvæma hana beint.

Á sínum tíma bar ég fram þá till., að við skyldum afnema Olíusjóð fiskiskipa. Hann var þá að upphæð á ársgrundvelli um 3 milljarðar. Þegar þetta var sett fram var hann um helmingur af sjóðakerfi sjávarútvegsins, sem er fengið með tekjum af útflutningi, skattlagningu útflutnings. Það fjármagn er aftur á móti í engu tekið af hinni daglegu neyslu á fiskafurðum hér innanlands. Ef þessi skattlagning yrði lögð niður ætla ég að fiskverð gæti hækkað allverulega eða nálægt þeirri upphæð sem ég gat um að væri niðurgreiðsla á fiski til innanlandsneyslu hér í dag.

Þetta ætlaði ég samt ekki að gera að aðalatriði máls míns og ekki heldur hvað sé skynsamlegt mataræði, en býst þó við að það verði bið á því, að ég sjálfur leggi það til umr. að tala um kjöt og áfengi í sömu setningu. Ég held aftur á móti að kjarni þessa máls, sem hér er til umr., hljóti að vera fréttaflutningur fjölmiðla.

Þar vil ég geta þess fyrst, að að mínu viti er það grundvallaratriði að við getum fengið ómengaðar fréttir, þ. e. a. s. að við fáum staðreyndirnar og ekkert nema staðreyndirnar, þegar svo á að framkvæma blöndu af staðreyndum og ályktunum verði þess sérstaklega getið að hér sé um fréttaskýringar að ræða, en ekki beinar fréttir. Ég held að flestir séu þannig gerðir að þeir vilji eiga þess einhvern kost að draga ályktanir af umhverfi sínu og vilji eiga þess kost að geta áttað sig á því, hver sé orsök t. d. að verðhækkunum, hver sé ástæðan fyrir þeim, en ekki að þeir fái þetta þannig matað, að það sé kannske einhver einstaklingur sem hafi haft það eins og krossgátu fyrir fréttatímann að reyna að gera sér einhverja hugmynd um það, hver sé ástæðan fyrir þessu eða hinu.

Ég minnist þess, að það var einu sinni gerð kvikmynd um Vestfirði þar sem fréttamaður héðan að sunnan var sendur til að taka kvikmyndir og að fræða landslýð um þetta hrjóstuga land þar vestur frá. Þar vék hann m. a. að litlu sjávarþorpi, Súðavík. Hann gat þess alveg sérstaklega, að þessi staður hefði fengið hlutfallslega sinn skerf úr þjóðarbúinu gegnum fjárveitingar. Var það einhver höll, sem hann rakst á þarna, sem sannfærði hann um þetta? Nei, hann sá aftur á móti að þarna var komin höfn, við innfjörð þar sem hafnarkostnaður er í lágmarki á Íslandi miðað við það að gerð sé höfn við strönd eins og t. d. suðurströndina. Ætli þessi fréttamaður hafi lagt það á sig að reikna það út í prósentum, hverjar fjárveitingar hefðu verið til þessa staðar um eitthvert tímabil og hverjar fjárveitingar væru í prósentum á einstakling úti á landi eða á Íslendinga almennt? Það er engin ástæða til að ætla, að svo hafi verið. Það verk hefði orðið að vinnast af Þjóðhagsstofnun eða Hagstofu. Auðvitað væri fróðlegt að vinna það. Svona getsakafréttamennska eins og þarna kom fram rændi mig öllum áhuganum á þessum þætti, einfaldlega vegna þess að maður á svo erfitt með að sætta sig við að þekkingarleysið sé látið drottna í fjölmiðlum Íslands. Alveg eins og hverjum einstaklingi er það hollt að gera sér grein fyrir því, hvað það er sem hann veit og hvað það er sem hann heldur sig vita, alveg eins held ég að það sé nauðsynlegt að fjölmiðlar fjalli um þessi mál þannig að almenningur fái ómengaðar fréttir, bara staðreyndirnar, og svo mega gjarnan vera fréttaskýringarþættir og sennilega þó frekar um útlend málefni en íslensk.

Ég get ekki stillt mig um það, þegar rætt er um þessa fáfræði sem víða kemur fram og er blandað saman til fróðleiks, að í Háskóla Íslands, að mig minnir á s. l. vetri frekar en veturinn þar á undan, var verið að ræða um

sjávarútveg og Már Elísson fiskimálastjóri mun hafa verið kallaður á fundinn til að fræða nemendur. Kennarinn byrjaði á því að spyrja hann að því, hvort hann teldi, að ekki væri of mikið að hafa 5 skuttogara í Súðavík. Már vildi bera á móti því að þeir væru 5. Hann vildi halda því fram, að Ísafjörður og Hnífsdalur væru sérstök sjávarþorp. En það var varla að það fengist viðurkennt sem staðreynd annað en þetta væri bara eitt og hið sama. Ef þetta eru upplýsingarnar sem menn fá þegar verið er að miðla fréttum, hvort sem það er verið að miðla þekkingu innan Háskólans um þetta land og um það líferni, sem hér er, eða ef fréttir verða áfram í svipuðu formi og þær birtast okkur stundum í fjölmiðlum og menn eru forheimskaðir með þeim fréttaflutningi, þá held ég að það sé eins gott að leggja fréttaflutning alveg niður.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langt mál, en tilefni þessarar umr., sem hér hefur orðið utan dagskrár, er sá frásagnarmáti sem viðhafður var í sjónvarpi og útvarpi í sambandi við nýgerða verðlagningu á landbúnaðarafurðum. Ég hvorki sá né heyrði þessa þætti á þann hátt að ég telji mér fært að dæma um það, hvernig þar var um þessi mál fjallað, og get því ekki sjálfur neitt um það dæmt, hvort þar var gætt hlutleysis eða ekki.

Áður en ég held lengra ætla ég að víkja að því sem ég vildi helst segja í þessu sambandi. Hlýt ég eins og margir aðrir hv. alþm. að harma það, hversu mjög hefur verið sótt að bændastétt þessa lands um alllangt skeið og hversu allt of mörgum sýnist nú að þessi mæta stétt liggi vel við höggi og flest megi við hana og um hana segja. Ég held að allir réttsýnir og vel hugsandi menn, eins og á við um alla hv. alþm., ættu að hafa og hafi af þessu nokkrar áhyggjur, því að þetta er einn af máttarstólpum þessa lands, þar sem er bændastéttin. Hún er alls góðs verðug og alls góðs makleg og það ætti sannarlega að fræða þjóðina um það ekki síður en hitt, sem nú er lögð áhersla á, hversu mikla þýðingu þessi stétt hefur fyrir landið. Auðvitað efast ég ekkert um það, að þessi stétt á eins og allar aðrar við sín vandamál að stríða. En ég hygg að hollasta og heppilegasta lausnin finnist e. t. v. þar eins og víða annars staðar á heimavígstöðvunum.

En ef svo hefur verið, að fréttaflutningur í sambandi við breytingu á verði á landbúnaðarvörum hefur virst hlutdrægur, þá hefur það kannske ekki nema — ja, eftir atvikum — óbeint verið út af verðinu sjálfu, heldur hefur málið fyrst og fremst gengið út á það, hver hollusta væri af einstökum landbúnaðarvörum, og það er náttúrlega auðvelt að draga það fram, þar sem ákveðin tegund mjólkurafurða hækkaði í prósentutölu meira en hinar.

Því hefur verið haldið fram mjög ótæpilega, að Íslendingar neyttu of mikillar fituríkrar fæðu og þá sérstaklega í mjólk og í feitu kjöti og það kynni að vera einn þáttur þess, að því miður fer fjölgandi sjúklingum með hjarta- og æðasjúkdóma. Þeir, sem þessu hafa haldið fram skeleggast og fengið í lið með sér harðduglega baráttumenn og baráttukonur — ef ég má aðgreina mann frá konu — hafa barist fyrir þessu af mikilli hörku, að breyta neysluvenjum þannig að neytt væri minna magns mjólkur og minna af feitmeti og þá fyrst og fremst feitu kjöti. Hefur þá verið haft í huga að draga úr neyslu mettaðra fitusýra. Í sambandi við þetta vildi ég segja örfá orð.

Það er staðreynd, því miður, sem við getum ekki gengið fram hjá, að tíðni hjarta- og æðasjúkdóma er vaxandi, og ég bið alla hv. alþm. að skilja það vel, að læknar, sem standa daglega frammi fyrir ákaflega dapurlegum örlögum allt of ungs fólks vegna þessara sjúkdóma, gerast auðvitað margir hverjir mjög ákafir í baráttu sinni og stundum getur mönnum kannske yfirsést. En smám saman safnast saman ákveðnar upplýsingar. Það fyrsta, sem við verðum þó að gera okkur grein fyrir og allir læknar munu viðurkenna, er að enn — því miður — er grundvallarorsökin fyrir æðakölkun óþekkt, og það er auðvitað mergurinn málsins. Menn hafa hins vegar þóst geta rennt undir það stoðum, að ákveðnir áhættuþættir væru fyrir hendi, og þessa þætti vil ég nefna. Þar er kannske fyrst og fremst of hár blóðþrýstingur. Síðan má nefna reykingar, en á það má benda að reykingar hækka blóðþrýsting. Þá vil ég einnig nefna streitu, en þar verður þess einnig að gæta að streita hækkar blóðþrýsting sömuleiðis. Um þetta er lítill ágreiningur. Þá er einnig talið að offita, sem endilega kemur nú ekki bara af því að borða feitan mat, sé einn áhættuþátturinn. Undir það má síðan setja hreyfingarleysi, því að það út af fyrir sig stuðlar að því, að maður verði óheppilega þéttur og þungur á sér. Loks er það nefnt, að of mikið magn af fituefnum í blóði geti verið áhættuþáttur. Við megum ekki ganga fram hjá þessu. Það liggja fyrir allt of miklar niðurstöður um það að þetta kunni eitthvað að vera í samhengi, þó svo að frumorsök fyrir æðakölkuninni sé ekki kunn. Hins vegar megum við ekki heldur draga af þessu of miklar ályktanir, því að það er vel ljóst að einstaklingarnir eru ákaflega mismunandi með tilliti til þols síns gagnvart þessum einstöku þáttum. Í sjálfu sér er ekkert erfitt og það á varla að þurfa neinn hastarlegan áróður til þess að fá menn til þess að borða um það bil það næringarmagn sem þeim hentar, þannig að þeir gerist ekki of feitir, og það er að sjálfsögðu enginn ágreiningur eða ætti ekki að vera neinn ágreiningur um það, að menn séu hvattir til þess að hafa eðlilega hreyfingu, hún gerir fólk a. m. k. stælt, þó ekki sé annað. Það er sömuleiðis tiltölulega auðvelt að fylgjast með blóðþrýstingi hjá fólki og auðvelt að koma því við á Íslandi, þannig að hægt sé að halda honum nokkurn veginn innan eðlilegra marka og hjálpa fólki til að leggja af það líferni sem geti hækkað hann.

En þá komum við kannske að aðalmálinu og það er fitan. Ég er hér með mjög nýlega grein í höndunum, þar sem fjallað er um þessi mál. Hún er raunar aðeins tveggja mánaða gömul

og eru þar saman komnir læknar frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Hollandi og Ísrael, sem hafa tekið þetta fyrir skipulega. Þeir nefna allt það sem ég hef hér talið upp, og þeir draga enga dul á það, að æskilegt sé að hvetja fólk til að neyta mettaðra sýra í hófi. En þeir benda hins vegar á það, að það sé mjög einstaklingsbundið hver áhætta mannsins sé gagnvart fituneyslu og það þurfi raunverulega að athuga hvern mann með tilliti til þess, þannig að hægt sé að ákvarða honum nokkurn veginn þá áhættu sem hann stendur frammi fyrir, þannig að hann megi haga mataræði sínu í sambandi við það. Það er þeirra skoðun, að það eigi eiginlega að setja upp áætlun fyrir hvern mann, sem ætti að heita: „þekktu líkama þinn", þannig að hægt sé að kanna hjá hverjum einstaklingi hverja áhættuþætti hann hefur gagnvart öllum þeim þáttum, sem ég hef hér nefnt, er hugsanlega mættu stuðla að æðakölkun. Þessir menn láta sér þau orð um munn fara, að betra sé og hyggilegra að fara svona að og geta ráðlagt hverjum og einum heldur en að viðhafa baráttu af því tagi sem hlýtur fyrst og fremst að vera áróður og hlýtur að leiða til meiri árekstra en því nemur sem hún leysir úr. Þeir segja, að það sé miklu heppilegra að fara þessa leið og leiðbeina hverjum og einum heldur en að halda áfram að deila um það endalaust hverjar séu hugsanlegar orsakir, því að það muni langur tími líða enn þangað til þær liggi fyrir, þó svo að tillit sé tekið til þessara áhættuþátta.

Ég veit ekki hversu skýr ég hef verið í þessu máli mínu. En samandregið er það á þá leið, að enda þótt við horfum til þess með nokkrum geig, hversu fjölgað hefur þeim sem verða sjúkir vegna hjarta- og æðasjúkdóma, þá vitum við ekki enn hver grundvallarorsökin fyrir þessu er. Meðan því er svo varið getum við aðeins varað við hugsanlegum áhættuþáttum. Það er tiltölulega einfalt með suma þeirra, en gagnvart öðrum stöndum við þannig, að þar á sennilega ekki best við neinn almennur áróður, heldur mat í hverju einstöku tilviki, en með sanngirni er hægt að segja, að það sé ráðlagt í heild að menn neyti raunar hvers sem er í hófi. Og ég get sagt það hér að lokum, að það sem þeir segja við börnin, því að þeir telja að baráttan gegn æðakölkun eigi helst að byrja strax í móðurkviði eins og allir góðir hlutir, það sem eigi að ráðleggja börnunum sé að þau skuli ekki reykja og þau skuli hafa góða hreyfingu og þau skuli neyta alls í hófi.

Umr. frestað.

Efri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., að loknum 25. fundi.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 167). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því sem hér liggur fyrir er lagt til að ríkisstj. verði veitt tímabundin heimild til að innheimta ýmis gjöld, þ. e. a. s. fyrst og fremst nokkur stimpilgjöld með viðauka. Á undanförnum árum hefur slíkt frv. verið flutt árlega og heimildar Alþ. verið aflað til þess að gjöld þessi væru innheimt með óbreyttum viðauka, þ. e. a. s. 140%. Tekjur ríkissjóðs vegna innheimtu stimpilgjalda, þinglýsinga og aukatekna voru áætlaðar 1 milljarður 984 millj. kr. fyrir fjárlagaárið 1977. Samkv. frv. til fjárl. fyrir árið 1978 eru tekjur vegna sömu gjalda áætlaðar 2 milljarðar 345 millj. kr. og er þá miðað við, að áfram verði veitt heimild fyrir innheimtu gjalda með viðauka.

Ég tel rétt að greina frá því, að nú stendur yfir heildarendurskoðun laga um stimpilgjöld. Fjh.- og viðskn. Alþ. hefur verið gerð grein fyrir því, hvernig að því starfi hefur verið unnið og hvernig það stendur nú. Væntanlega verður nýtt frv. til laga um stimpilgjöld lagt fram þegar að loknu jólaleyfi þm. Hér er um yfirgripsmikið lagafrv. að ræða og því ekki talið fært að leggja það fram nú fyrir jól, á mesta annatíma þingsins. Því er enn einu sinni lagt til að ríkisstj. verði veitt hin heföbundna heimild til að innheimta þessi tilteknu gjöld fyrir næsta fjárlagaár.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 samhlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 87). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 175). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umræður utan dagskrár.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það var s. l. mánudag sem fóru fram umr. hér í þessari hv. d. utan dagskrár vegna fréttaflutn-

ings á verðlagsbreytingum á landbúnaðarvörum í fjölmiðlum þeim sem ríkið ræður yfir. Það munu vera fá dæmi þess, að ég hafi tekið þátt í umr. hér á hv. Alþ. utan dagskrár, það hafa aðrir þm. verið mér fremri í þeim efnum. En að þessu sinni taldi ég mér skylt að víkja að því sem hér var til umr. og rætt var á þessum fundi og fram haldið mun hafa verið á fundinum í dag, en af fundinum á mánudaginn varð ég að fara að öðrum störfum og gat því hvorki fylgst með þeim umr. né þeim sem urðu hér seinni partinn í dag, enda vissi ég ekki um það, að þetta mál yrði hér til umr. utan dagskrár nú.

Það, sem ég vil taka fram í þessu sambandi, er fyrst það, að ég lít svo á að hlutlaus fréttasögn sé fólgin í því að segja frétt án þess að fréttamaðurinn láti koma fram viðhorf sín gagnvart fréttaefninu. Ég held að það sé alveg óhugsandi að hægt sé að segja frétt með þeim hætti að hlutleysis sé gætt ef skoðanir fréttamanns koma fram. Þetta tel ég að sé hugsunin á bak við það að ríkisfréttamiðlar, sem eru útvarp og sjónvarp, gegni starfi sínu af fyllsta hlutleysi. Ég held að það orki ekki tvímælis, að meðferð á þessum málum hafi bæði í útvarpi og sjónvarpi, verið með þeim hætti að skoðanir fréttamanna hafa komið þar greinilega fram, og það er ekki hægt að gæta þess hlutleysis, sem ég tel að eigi að vera í sambandi við slíka frásögn. M. a. vil ég með leyfi hæstv. forseta, vitna til þessarar setningar sem kom fram hjá fréttamanni útvarpsins, Vilhelm Kristinssyni, þar sem hann segir: „Hækkunin er mismunandi eftir tegundum og með ákvörðuninni er greinilega gerð tilraun til að breyta lífsvenjum neytenda. T. d. er reynt að draga úr sölu undanrennu með mikilli verðhækkun, en auka smjörsölu.“

Hér er verið að leggja dóm á þá athöfn sem þarna er verið að skýra frá, og með þeim hætti tel ég að brotið sé það sem telst hlutleysi. Fréttamannsins er ekki að vera dómari, að mínum skilningi. Hann á aðeins að skýra frá því sem gerðist, en ekki að fara að leggja út af því með dómsorðum eins og þarna er gert.

Það sama kom fram í frétt sjónvarpsins. Og til þess að ég fari nú ekki að lengja tímann um of, þá ætla ég ekki að fara nánar út í þetta, enda er þetta kjarni málsins, sem um er að ræða í þessu sambandi. Þegar fréttamaður sjónvarps er að segja sína frétt farast honum svo orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Öðru máli gegnir“ — þá er búið að skýra frá nokkrum hækkunum — „öðru máli gegnir um undanrennuna. Hún er stórhækkuð eða um 66.7%.“ Svo kemur frekari talnafrásögn og síðan kemur þetta einnig, með leyfi hæstv. forseta: „Að undanförnu hafa heilbrigðisstéttir víða í heimi rekið áróður fyrir breyttum neysluvenjum almennings í þá átt, að neysla grænmetis og ávaxta sé aukin svo og neysla á grófmöluðu korni, mögru kjöti og fisktegundum. Hins vegar er mælt með því, að dregið sé úr neyslu sykurríkra fæðutegunda og fituríkra og aukin neysla fitusnauðra mjólkurafurða á kostnað feitra. Manneldisfræðingar bæði vestan hafs og austan hafa í stórum dráttum verið á einu máli um það ráð og telja að með því að fara eftir því megi draga úr ýmsum þeim sjúkdómum sem nú höggva, stærst skörð, svo sem hjartasjúkdómum og æðasjúkdómum. Í okt. s. l. kom það fram í fréttum sjónvarpsins, að sala á undanrennu hefði aukist um 130% fyrri hluta ársins miðað við sama tíma í fyrra, en á sama tíma minnkaði sala nýmjólkur um 0.9%.“

Hér finnst mér vera farið inn á sömu braut, að fara að túlka vissan áróður eða vissar skýringar. Nú skal ég ekki fara að hætta mér út í að ræða það, hversu mikil nauðsyn er eða að hverju gagni megi koma að breyta lífsvenjum fólks hér á landi, því að aðrir eru mér færari að fjalla um það. Hinu vil ég þó vekja athygli á, og það kom hér fram hjá hv. þm. Sverri Bergmann, að um þetta eru menn ekki heldur á eitt sáttir, svo að það sé til nein algild formúla um það, hvað hentar hverjum og einum til þess að halda lífi sínu. Og neysluvenjur manna eru breytilegar, það er því ekki á færi fréttaþjónustu ríkisútvarps eða sjónvarps að fara að segja til um, hverra fæðutegunda menn skuli neyta.

Hitt kemur greinilega fram í þessari frásögn, að þessi mikla breyting á lífsvenjum er fyrir áróður sem hefur verið haldið uppi m. a. og trú manna á því, að undanrenna sé hollari nýmjólkinni, því að dregið hefur úr sölu nýmjólkur, en aftur aukist salan á undanrennunni. Nú var það almenn skoðun hér á landi, að undanrenna væri léleg fæðutegund og tæplega eða ekki miklu meira en það að hún væri fæðutegund. Og mér og fleirum, sem höfum verið mjólkurbörn um dagana, hefur fundist lítið til þessarar fæðutegundar koma. Hins vegar hefur hver og einn rétt til þess að hafa sína skoðun á því, hvort undanrenna er betri til drykkjar en nýmjólk eða rjómi. Ég ætla mér ekki að fara að deila á neinn fyrir það. En ég vil vekja athygli á því, að það hlýtur að vera jafnsjálfsagt að fyrir þessa tegund fæðu, undanrennuna, verði neytendur að greiða eins og aðrar tegundir fæðu, og ef undanrenna er orðin að dómi neytenda holl fæðutegund, þá ber þeim auðvitað að greiða fyrir þá fæðu eðlilegt verð, en eðlilegt verð í þessu tilfelli er auðvitað matið sem er lagt á mjólkurlitrann og þær einingar, sem út úr honum koma. Til þess að framleiða undanrennuna þarf nýmjólk og til þess að undanrennan skili sér kemur rjómi og smjör í framleiðslunni, og það verður að meta þetta í heild í verðgildi svo að rétt sé að farið. Það var því ekki nema eðlilegt, að við verðákvörðunina í haust, þegar þessi reynsla lá fyrir, væri verðið á undanrennunni hækkað. Það var eðlilegt lögmál vegna eftirspurnar eftir þessari vöru og þeirra ráðstafana sem þurfti til að bændur gætu fengið sambærilegar tekjur, svo sem þeim ber lögum samkv., við aðrar stéttir af sínum afurðum. Þess vegna er ekki hægt að leggja þetta út á annan veg en þann, að þegar hafinn er áróður út af því að það er farið að verðleggja þessa vöru í samræmi við eftirspurnina og það mat, sem neytendur eru farnir að leggja á gildi vörunnar, þá sé það óeðlilegt. Þetta vil ég að komi hér fram að ég tel að það sé jafnsjálfsagt að verðleggja þessa vöru miðað við eftirspurn og þá hollustuhætti sem þeir, sem hana kaupa, telja sig hafa

af því að neyta hennar, eins og mjólkina, rjómann og smjörið.

Nú skal ég reyna að eyða ekki í þetta of mörgum orðum, en get þó ekki komist hjá því að geta þess, að á yfirstandandi ári hafa verið — og reyndar lengur þó og hefur svo sem oft komið fyrir — gerðar hatrammar árásir á bændastéttina í landinu og framleiðslu á landbúnaðarvörum. Þetta hefur venjulega verið með þeim hætti að það hefur gengið í bylgjum, það hafa komið viss tímabil sem árásir hafa verið teknar upp, og á yfirstandandi ári og s. l. ári er það orðið nokkuð langt tímabil sem þetta er búið að standa samfellt. Nú hefur það m. a. komið fram hjá ýmsum blaðamönnum — og þeir hafa auðvitað rétt til þess að túlka skoðanir sínar á annan hátt en ríkisútvarp og sjónvarp sem eiga að vera hlutlausir fréttaskýrendur — að það þurfi eiginlega að leggja íslenskan landbúnað niður. Þeir hafa gengið svo langt í ýmsum blöðum að segja, að það væri ekki nema eðlilegt að leggja íslenskan landbúnað niður og við mundum hafa af því fjárhagslegan hagnað. Í þessu sambandi kemur mér í hug, að nú á þessu hausti fór ég á fund FAO, þ. e. Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, og aðalumræðuefnið á þeirri ráðstefnu var fæðuskorturinn í heiminum og sá mikli ótti þeirra sérfræðinga, sem þar vinna og hafa kynnt sér þau mál best, að mannkynið muni ekki hafa nóg að bíta og brenna, því að það muni verða alger fæðuskortur. Þess vegna væri fjarri öllu lagi, ef þjóð eins og Íslendingar færi að hella niður framleiðslu sem var upphafið að framleiðslu hér á landi og hefur í raun og veru gegnum alla söguna verið undirstöðuatvinnugrein okkar Íslendinga.

Nú er ég að vísu sannfærður um það, að þeir blaðamenn, sem hafa verið með slíkt tal, hafa ekki látið sér detta þetta í hug í raun og veru. Það, sem þeir hafa verið að sigta á hefur eingöngu verið að reyna að vinna sér vinsældir neytendanna í landinu og hafa af því pólitískan hagnað, enda hefur það sýnt sig, að margir af þessum mönnum hafa leitað síðar eða eru að leita nú inn á hin pólitísku mið, en sumum hefur mistekist að komast á þá braut sem þeir hafa ætlað sér. Þetta er staðreynd sem er auðvelt að benda á.

En það er ekki eingöngu þetta sem hefur valdið ekki síst bændastéttinni og þeim, sem að málum hennar vinna, áhyggjum og margvíslegum leiðindum. Það var svo, að á s. l. vetri eftir verðákvörðun sexmannanefndar þá, sem var gerð samkv. lögum og reglum og byggð á kaupi þeirra stétta sem við átti að miða, fóru heildarsamtök eins og Alþýðusamband Íslands í mál við bændasamtökin út af verðákvörðuninni. Þetta mál hefur valdið mjög miklum sviða hjá bændum í landinu og það ekki að ástæðulausu. Ekki er séð fyrir endalok málsins, því að það er enn þá til meðferðar hjá þeim dómstóli, sem fékk það upphaflega. Það er mjög fjarri lagi, þegar þannig er farið að halda á málum, að neytendur og framleiðendur í þessu tilfelli þurfa að fara að eigast við með þessum hætti. Þegar verðlag á landbúnaðarafurðum var hækkað í haust, einnig eftir gildandi lögum og formúlum, var gerð sérstök ályktun af Alþýðusambandi Íslands, stjórn þess, og háværar frásagnir urðu í blöðum út af þessum verðhækkunum. Þó er það svo, að þrátt fyrir að reynt sé að halda í við verðlagið í landinu og fylgja eftir á þriggja mánaða fresti, þá hefur ekki tekist í okkar verðbólguþjóðfélagi að halda svo á verðlagsmálum bændastéttarinnar, að hún hafi getað haldið í við aðrar stéttir.

Það mun hafa verið á árunum 1972, 1973 og 1974 sem afkoma bændastéttarinnar hefur verið hvað best síðan þetta kerfi var upp tekið, ásamt árunum 1965 og 1966, samanborið við aðrar stéttir, sem nefnast viðmiðunarstéttirnar. Á árunum 1975 og 1976 hefur þetta versnað aftur og nú á árinu 1977 er ekki séð hvernig verðlagsþróun bændastéttarinnar reiðir af vegna þess hvað samdráttur var mikill í neyslu á landbúnaðarvörum hér innanlands og útflutningur þar af leiðandi mikill. Þetta hefur allt orðið þess valdandi, að það hefur skapað vissan óróleika í þjóðfélaginu, og þar við bætist svo frásögn sem á að vera hlutlaus, en er sett fram með þessum hætti, þegar reynt er að leiðrétta verð á vissum vörutegundum til samræmis við það, sem neytendur óska eftir, og taka tillit til þess að meta verðgildi varanna á þann veg sem fram hefur komið hjá neytendum.

Ég sé enga ástæðu til þess og veit að það er ekki hugsun neytenda, að bændur landsins geti frekar en aðrar stéttir í þjóðfélaginu gefið sína vinnu. Þeir fá ekki greitt fyrir hana nema gegnum framleiðsluvörur sínar, og þess vegna verður verðlagningin á hverjum tíma að miðast við það sem best hentar gagnvart sölunni. Það er sú regla sem yfirleitt gildir í þeim efnum. Og við verðum líka að hafa það hugfast, að bændastéttin í landinu og landbúnaðurinn leggur mikið til neyslu þjóðarinnar sjálfrar og sparar þannig gjaldeyri, sem þjóðin hefur nú ekki of mikið af, og tryggir afkomu hennar, þó að alls konar sveiflur gætu átt sér stað, betur en með öðrum hætti væri gert. T. d. hefði afkoma okkar í síðustu styrjöld verið í mjög mikilli hættu, ef landbúnaðarframleiðslan hefði þá ekki verið til. Og ég minni á að það kom fram í umr. á þeim tíma — ég tel mig muna það rétt — að ein mesta hætta sem sótti að Bretlandi í síðustu styrjöld var sú, að þeirra landbúnaði hafði hnignað á áratugunum á undan og þjóðin var því í mjög mikilli hættu.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil bara endurtaka það að lokum, að ég lít svo á að hlutleysi í fréttafrásögn hjá fjölmiðli sem rekinn er af ríkinu geti ekki átt sér stað nema framsetningin sé með þeim hætti, að skoðun fréttamannsins komi ekki í gegn, — það sé hið raunverulega hlutleysi. Ég tel ekkert óeðlilegt við það, þó að lífsvenjuhættir þjóðarinnar breytist, og þeir hljóta alltaf að breytast, — en hvað á að reka mikinn áróður fyrir slíku vegna þess að þekking manna á orsökum sjúkdóma er þrátt fyrir allt nokkuð takmörkuð, þótt hún fari alltaf vaxandi? Þá vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Sverri Bergmann, sem er læknir, að það getur verið æðieinstaklingsbundið hverju breyta þarf. Ég vil líka leggja áherslu á

það, að landbúnaðarframleiðsla Íslendinga getur ekki verið með eðlilegum hætti nema hægt sé að tryggja bændastéttinni svipaða afkomu og öðrum stéttum í þjóðfélaginu. Þess vegna verður það að teljast til árásar á bændastéttina þegar *málefni hennar eru meðhöndluð á þann veg*, að það geti dregið úr möguleikum hennar til að hafa sæmilega afkomu eða sjá þjóð sinni fyrir nægjanlegum og góðum matvælum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þær eru merkilegar og umfangsmiklar, þessar umr. utan dagskrár hér í Ed. um óréttmætan fréttaflutning um verðlagningu landbúnaðarvöru, og menn hafa komið mjög víða við. Ástæðan til þess, að þetta mál var hafið hér, var sennilega sú, eins og hefur komið fram hjá allmörgum ræðumönnum, að fréttamaður lét skoðun sína í ljós óþarflega skýrt að mati margra manna. Vel kann það að vera, að hann hafi hneigst til þess að meta hollustu hinna ýmsu afurðaflokka landbúnaðarvara misjafnlega og látið í það skína, að ekki væri skynsamlegt að verðleggja svo að neytendur mundu auka óþarflega neyslu á t. d. smjöri. En þetta er matsatriði og einstaklingsbundið.

Undirrótin að þessari þróun hér á Íslandi og víðar í heiminum, vaxandi tíðni í hjartabilun eða *hjartasjúkdómum, er sennilega sú, eins og fram* hefur komið, að menn reyna lítið á sig nenna varla að ganga örstutta leið á milli húsa. Þar er líklega fundin aðalorsökin og ekki bundin neinni neysluvenju, heldur áreynsluleysi hins tæknivædda þjóðfélags. Hitt er þó staðreynd, sem læknarnir munu geta staðfest, að þegar maður hefur á annað borð fengið hjartasjúkdóm, þó með mismunandi hætti sé, þá sé horum í öllum tilfellum ráðlagt að borða ekki feiti úr landbúnaðarvörum, hvorki smjör né rjóma né sykur. Hvers vegna er það gert? Þar er sennilega vegna þess að sannað þykir, a. m. k. af líkum af tíðni þessa sjúkdóms, að þessar fæðutegundir séu ekki æskilegar, a. m. k. ekki eftir að menn hafa kennt hjartasjúkdóms.

Ég get vel tekið undir það sjónarmið, að fréttamaður hafi flíkað sinni einkaskoðun þannig að meira en góðu hófi gegndi. En þetta er ekkert nýtt, þetta er alls ekki nýtt. Ég veit ekki hvað margir hv. þm. muna það — það hefur bæði komið fram í sjónvarpi og útvarpi — að þessir ágætu menn, sem fiska nú grásleppu hér hringinn í kringum landið þ. e. bæði verkamenn, bændur og annarra stétta menn, jafnvel alþm., þeir eru sakaðir um það að henda þúsundum tonna af verðmæti í sjóinn, jafnvel af vísindamönnum. Þetta hefur komið fram í fréttaflutningi aftur og aftur. En hvað er hægt að gera við grásleppuna eftir að búið er að hirða hana? Bóksaflega ekki neitt nema salta lítils háttar, örlítinn hluta — *og það eru helst Sunnlendingar sem hafa vanist á það*, eldri kynslóðin, að borða hana — að öðru leyti er fiskurinn mest vatn og ekkert hægt að nýta hann. Samt sem áður leyfa fréttamenn sér að segja, að hent sé gífurlegum verðmætum í sjóinn. Það er hægt að ganga að þessum fréttaaukum, þar sem þessir menn eru sakaðir um að henda milljónaverðmætum í sjóinn. En þeir þögðu um það á sama tíma, þegar þeir eru skattlagðir fyrir ríkissjóð um 300 millj. á s. l. 5 árum og flytja út fyrir gjaldeyri á þriðja milljarð. Ég veit ekki hvað svona fréttaflutningur er, ef þetta er ekki geggjuð vitleysa. Og á sama tíma segja þeir frá í sömu stofnun, Ríkisútvarpinu, að menn hendi eða sinni ekki að hirða *loðnuhrogn sem nemi jafnvel milljörðum* að verðmæti, og reikna út af einhverri prósentu eins og best getur verið í eina viku eða 10 daga, — það séu þúsundir og aftur þúsundir tonna, sem nemi milljörðum og milljörðum. Þetta er auðvitað svo vitlaus fréttamennska, að það tekur ekki nokkru tali. En ef ekki koma hæfir fréttamenn inn í þessa stofnun, þá verðum við að ráða bót á því. Það gildir alveg sama um fréttaflutning af landbúnaðinum. Þessir menn eru oft að fjalla um hluti sem þeir hafa ekki hundsvit á, það liggur alveg ljóst fyrir, og draga ályktanir samkv. því.

Vitanlega er það rétt, að við getum gagnrýnt það, bæði hér á Alþ. og víða annars staðar, að fréttamaður leggi skoðun sína með máli og túlki einkasjónarmið sitt. Það er ekki hans sem fréttamanns. Hann getur gert það sem borgari, það er honum algerlega frjálst eins og hverjum öðrum þegn á Íslandi, og hann getur skrifað um það grein og rætt um það með öðrum hætti. En sem fréttamaður verður hann að gæta þeirrar skyldu sinnar að segja *hlutlaust og rétt frá*. Það er hans verksvið sem fréttamanns og ekki annað. Og ég mótmæli öllum óhróðri, hvort sem hann er um bændastéttina eða einhvern annan starfshóp í landinu. Slíkt er ekki í verkahring fréttamanna, ekki undir neinum kringumstæðum, svo að það er ósköp eðlilegt að menn, sem eru hér á Alþ. og eru bændur, uni ekki slíku. Það er ósköp eðlilegt að þeir rísi upp og geri aths. við slíkan fréttaflutning. En það getur vel verið að bæði fréttamanninum, sem gerði þetta, og mörgum öðrum sé nokkur vorkunn, þegar verðlagningin tekur þessa stefnu. Og þó að nokkrar skýringar hafi komið fram á því eftir á, hvers vegna þetta var gert, þá kann mönnum einnig að vera nokkur vorkunn, en þeir fóru út af því sviði sem fréttamennska á að vera á.

Þetta er viðkvæmt mál og erfitt mál. Kannske er stofnunin svo vanbúin, að hún geti ekki haft sérfræðinga, sem þyrftu sennilega að vera þarna á vissum sviðum, sérfræðinga eða hjálfaða menn með sérstaka þekkingu á landbúnaði, *sjávarútvegi og iðnaði t. d. eða verslun, sem tækju* þá að sér sérstaka fréttaþætti og skýringar þar sem kæmu fram mismunandi skoðanir, þegar svona atvik eiga sér stað. E. t. v. hefur fréttamaðurinn fundið að almenningur er orðinn breyttur á sífelldum tilkynningum um bækkun á landbúnaðarvörum. Þetta kemur fram alls staðar í heiminum og við sjáum það alls staðar að því er mótmælt á báða vegu, neytendur mótmæla hækkun og bændur mótmæla því, að þeir fái ekki nægilega mikið. Þetta er gamalt og gróið vandamál og verður hér áfram, því að sannarlega hefur það komið fram núna undanfarið að bændur una illa sínum hag. Ég vil segja að þeir gagnrýna harðlega með þeim ályktunum, sem þeir hafa samþykkt undanfarið, ríkjandi landbúnaðarstefnu um árabil, og hæstv. landbrh. fær sinn skammt af þeirri gagnrýni, jafnvel líka frá sínum flokksmönnum. Það er

ómögulegt annað, miðað við þær ályktanir sem bændur semja — það eru ekki eintómir andstæðingar hæstv. ráðh.

Þó að gagnrýni bænda beinist líka að Alþ. og ýmsum öðrum, þá finna þeir að margt má betur fara. Hins vegar er með svona víðfeðman atvinnuveg eins og landbúnaðinn, að eðlilegt er að menn greini á um leiðir til þess að ná sem bestum árangri, og það er vaxandi spurning um það, hvort rétt sé að steypa þessu öllu saman eins og gert hefur verið undanfarin ár og hafa þetta í einum potti. Það er orðin svo mikil sundurgreining í þessum atvinnuvegi, að það er eðlilegt að a. m. k. yngri menn spyrji, hvort þetta sé rétt, þó það hafi verið rétt einu sinni. Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því í samþykkt bændafundar nú fyrir skömmu — hann var haldinn í Húnavatnssýslu og stóð í 8½ tíma, — að bændur undirstrikuðu einmitt atriði sem ég ræddi á Alþ. fyrir nokkrum dögum. Ég spurði: Hvernig á ungur bóndi að hefja búskap í dag? Ég bað forsvarsmenn bænda að svara þessu. Enginn gerði það. En nú er hæstv. ráðh. hér í þessum umr., og sannarlega væri gaman að heyra það af hans vörum, hvernig 25 ára gamall nýgiftur bóndi á að hefja búskap á Íslandi í dag, hvaða möguleika hann hefur til þess, þarf að kaupa jörð, bústofn og sæmileg húsakynni, — segjum bara að þetta sé meðalbú, segjum bara visitölubú. Við skulum bara segja samviskusamlega frá því. Ég er ekki að gagnrýna einn eða neinn með því að varpa fram þessari spurningu, en ég vil fá að vita möguleika bóndans til þess að hefja slíkan búskap.

Við vitum hvað maður þarf að leggja fram og hvað hann fær í lán ef hann ætlar að kaupa sér bát, — ef hann ætlar að kaupa 100 tonna bát og hefja línuútgerð. Við vitum líka, ef hann ætlar að stofna bifreiðaverkstæði og kaupa þau tæki sem nauðsynleg eru, hvað það kostar, og svo fram eftir götunum. Það má því vel upplýsa í þessum umr. hvernig ungur maður eða ung hjón fara að því að hefja búskap og þurfa að kaupa allt til alls. Ef hann á enga möguleika á því að hefja búskap við ríkjandi aðstæður, þá er eitthvað að, og við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvernig má laga það og hvernig við mætum ósk hans.

Ég tek ekki undir það að ryðja eigi bændastéttinni út fyrir verksvið hennar og fækka henni. Það er miklu fremur að við reynum að gera þeim mönnum, sem nú eru í bændastétt, lífið bærilegt, en stuðlum ekki að óeðlilegri aukningu, — ég undirstrika það: ekki óeðlilegri aukningu. Einhver fjölgun hlýtur að eiga sér stað eða verkaskipting, þannig að fleiri menn geti lifað af landbúnaði. En það má sjálfsagt með rökum segja að þessi 4000—5000 býli í dag séu æskileg tala til þess að brauðfæða þjóðina, ef við köllum það svo, nú næstu ár. En landið fer ekki frá okkur, við þurfum ekkert að kvíða því. Það þykir nú rétt að setja fiskveiðibann í 2—3 vikur og gera fólk gersamlega atvinnulaust á heilum landsvæðum til þess að tryggja eðlilega nýtingu þorskstofnsins. Finnst mönnum rétt, ef maður vill kaupa býli norður á Sléttu og setja upp t. d. 1000 kinda bú, að hann geri fiálst ef hann hefur nóga peninga, svo að hann ryðji öðrum til hliðar sem hafa búið í áratugi og hafa ekki haft nægilegt, eins og fram hefur komið, eða þarf hann að leita umsagnar hæstv. landbrh. eða í einhverja stofnun? Ef þessi maður hefur næga peninga og samkv. atvinnufrelsi á Íslandi getur hann keypt býli og sett upp 1000 kinda bú þegar í stað, jafnvel á morgun. Á kannske að hamla á móti því og segja: Það eru þegar fyrir nægilega margar kindur í landinu og nógu margir bændur og á þetta svið ferð þú ekki, góði minn? Þú getur farið eitthvað annað. — Menn fá ekki einu sinni að kaupa loðnuskip í dag frjálst, þó að það sé uppgripaafli og haldi þjóðarbúinu gangandi. Það eru svona strangar reglur um það. Þó er það í orðinu frjálst, en í reynd alls ekki. Til þess þyrfti maður að hafa 500—600 millj. í reiðufé og geta boðið öllu byrginn, þá væri ekki hægt að stöðva hann.

Það eru svo margvísleg vandamál, sem eru hér uppi, að það er alveg óhætt að taka eina kvöldstund, þó að nokkrar annir séu skyndilega rétt fyrir jólin, til að ræða þetta vandamál almennt.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh., að við eigum að hafa góðan landbúnað, og ég leyfði mér nú á sínum tíma, — hef sums staðar fengið bágt fyrir, en ég fann að það var rangt að hella niður mjólk, — að flytja lítið frv. sem fól það í sér, að þó verkfall væri á fjórða sólarhring skyldi mjólk bjargað frá því að vera hent, af því að við getum ekki, Íslendingar verið slíkir að við eyðileggjum matvæli, það er ekki sæmandi. Ég er sammála hæstv. ráðh. í því, að við verðum að leggja okkar skerf fram til að útrýma hungrinu í heiminum, því að nú er það svo ægilegt að á aðeins einni viku — ég bið hv. þm. að taka eftir því — deyja jafnmargir úr hungri og Íslendingar eru, — á einni einustu viku. Það væri hægt að hafa langt mál um það ástand sérstaklega og hvað við raunverulega sýnum hinum hungraða heimi lítla nærgætni. Kannske höfum við sjálfir verið svo uppteknir við að skara eld að eigin köku að við gleymum því, að á Íslandi var hungur, jafnvel fram yfir síðustu aldamót, á mörgum býlum, bæði til sjávar og sveita. Vonandi kemur það aldrei aftur.

En svo að ég komi aftur að kjarna þessa máls. Neysluvenjur Íslendinga eru orðnar æðiundarlegar. Tökum t. d. þá venju að háma í sig steiktar kartöflur kvölds og morgna og borga fyrir of fjár. (**Gripið fram í:** Og poppkorn.) Og poppkorn og kók. Þetta er stóralvarlegt mál. (Gripið fram í.) Ja, þetta eru landbúnaðarvörur, svo að það má kannske varla gagnrýna neysluna. (**Gripið fram í:** Ekki kókið.) Ja, ætli kókið sé nú ekki fengið að hluta til frá landbúnaði og svo er í því vatn eins og mjólkinni og hún er nú holl, blessuð mjólkin. Þó að hún sé 93—94% vatn, skilst mér, þá er hún holl og góð. En neysluvenjur okkar skapa okkur vandamál, og það er með ólíkindum hvað við getum liðið vitlausa þróun í þessu efni. Það er með ólíkindum. Og það er mikið áhyggjuefni ýmissa manna, að þetta skuli eiga sér stað á Íslandi, því að það er ekki aðeins að það komi fram í æðakerfi manna, þetta kemur fram í tönnum fullorðinna og barna. Tannskemmdir eru ægilegar út af þessum vitlausu neysluvenjum og margt, margt annað fylgir

þessu. Börn þroskast ekki og menn hafa ekki eðlilega máltíð heima hjá sér út af svona vitleysu, og það mætti lengi upp telja, en ég vil ekki gera það hér.

Ég vil svo undirstrika að það var alveg réttmætt hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að gera aths. við þennan fréttaflutning, því að hann var í sjálfu sér rangur. Hins vegar má kannske skamma okkur alla hv. þm. fyrir að hafa tekið okkur bessaleyfi nú á þessum tíma árs að fara að ræða um þessi mál á breiðum grundvelli. En það er þá í þeim tilgangi að vekja athygli á því, að þetta er vandamál, og kannske er illa búið að fréttamönnum með starfsaðstöðu og starfsgreinaskiptingu, og þekking mætti vera meiri. Við þurfum að bæta úr þessu, svo að jafnframt því sem við gagnrýnum fréttamennina ættum við að veita þeim tækifæri til að afla sér glöggra upplýsinga, hafa lifandi umræðuþætti í útvarpinu um þetta, þar sem menn koma fram með mismunandi sjónarmið, og þá kann fréttamaður sem venjulegur borgari að koma með sínar persónulegu skoðanir á þessu máli.

Ég tel, þrátt fyrir víðfeðmið í þessum umr., að þær muni leiða af sér jákvæða afstöðu í fréttaflutningi og mati á verðlagningu landbúnaðarafurða. Við sjáum það og finnum, að þeir, sem taka ákvörðun um verð landbúnaðarafurða, eru að reyna að beina neyslu almennings inn á vissar brautir. Ég held að ég mótmæli því ekki með þessu. Hitt er alveg rétt, að þegar undanrennan er orðin svona vinsæl, þá er ósköp eðlilegt að menn vilji að það sé borgað a. m. k. eins og hún kostar. Það er lágmarkskurteisi að una því. Hins vegar er vandamál með smjörið, og fari það nú á útsölu freistast ég til þess að kaupa nokkur kíló og geyma, því að ég hafði íslenska máltíð í kvöld og borðaði harðfisk, hákarl og smjör — fullmikið af smjöri kannske. Aðalatriðið er nú samt að hreyfa sig. Það er grundvallaratriði að menn nenni að hreyfa sig, bæði ganga, fara í sund og stunda aðra hreyfingu, því að til þess eru góðar aðstæður. Þá þyrftu menn ekki að vera svona kvíðnir fyrir hjartasjúkdómum, jafnvel þó að þeir drykkju mjólk kvölds og morgna og hefðu smásmjörsköku á rúgbrauðssneið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun tala stutt og tala mig dauðan í málinu núna, enda á ég þess von að við fáum tækifæri til þess nú alveg á næstunni að ræða verðlagsmál landbúnaðarins undir þeirri fyrirsögn.

Ég hlýt að þakka hv. þm. Oddi Ólafssyni og Sverri Bergmann, læknum deildarinnar, fyrir þá fræðslu sem þeir veittu okkur áðan varðandi þá hlið málsins sem snýr að hollustu. Mér koma nú í hug tvær bækur, sem ég las ungur maður, um nauðsyn þess að geta étið feitt á norðurslóðum, eftir tvo ágæta visindamenn sem reynt höfðu á sjálfum sér ekki síður en hv. þm., nafni minn Valgeirsson, sem ég minntist á fyrr, nauðsyn þess að geta étið feitt. Það er bókin Salt jarðar eftir Vilhjálm Stefánsson, þar sem hann segir frá fortakslausri nauðsyn þess á nyrstu slóð í kulda og vosbúð að hafa nóg af feitu kjöti, og svo bók Knud Rasmussens, Den anden Thule expedition, þar sem hann segir frá líku hinu sama. Og einhvern veginn finnst mér rétt niðurstaðan, sem læknarnir komust að á ráðstefnu þeirri sem hv. þm. Sverrir Bergmann gat um áðan í ræðu sinni, en þeir komust að þeirri niðurstöðu, að það væri best að hver og einn borðaði það, er best ætti við, sem honum væri hollast privat og persónulega fyrir sig við gefnar aðstæður, en við forðuðumst alhæfingar í þessum mataræðismálum. Þegar svo er komið þekkingu manna, umhyggju hins almenna borgara fyrir heilsu sinni, áhuga einstaklingsins fyrir langlífi, þá kynni þetta að enda með því að menn neyddust til að fara að velta fyrir sér spurningunni: Úr hverju á ég að deyja? Það kemur að því fyrr eða síðar, að það mun hver og einn gera, og ég ráðlegg mönnum að bregða heldur á það ráð að vinna, éta og drekka og vera bara glaðir.

En meginástæðan fyrir því, að ég kom upp hér öðru sinni til þess að tala mig dauðan í þessu máli, er þetta atriði, sem lýtur að fréttaflutningnum. Eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði, þá snýst þetta mál aðallega um fréttaflutninginn. Ég hygg að þeir hv. þm. sem hófu umr. utan dagskrár í Ed. og Nd. samtímis, hafi gert vel að vekja þetta mál hérna, og ég hygg að spurning hv. þm. Inga Tryggvasonar, sem hann bar fram hér í d. um það, hver bæri ábyrgð á þessum fréttaflutningi, sé vel þess virði að við leitum eftir svari. Hitt vil ég leiðrétta, sem er harla þýðingarmikið: Það er hvergi í lögum eða reglum Ríkisútvarpsins kveðið á um það, að Ríkisútvarpið eigi að vera hlutlaust í fréttaflutningi eða fréttamenn útvarpsins eigi að vera hlutlausir í störfum sínum og fréttamati eða fréttaflutningi. Það er kveðið á um það, að útvarpið á að vera óhlutdrægt í fréttaflutningi sínum og hvorki halla á menn, málefni né flokka, — óhlutdrægt. Það er alveg bráðnauðsynlegt, þegar við ræðum þessi mál, að við höfum fyrir því að skilja merkingu þessara tveggja orða og gera okkur grein fyrir mismuninum á merkingu þessara tveggja orða. Það er skylda Ríkisútvarpsins beinlínis að vera ekki hlutlaust, heldur láta sig hvað eina skipta máli, öll mannleg vandamál og hvað eina. Það er skylda útvarpsins að gera það lögum samkv. og samkv. reglum sem settar hafa verið um rekstur þess. Aftur á móti á það að gæta óhlutdrægni. Ég er þeirrar skoðunar, að fréttamönnunum hafi orðið á í messunni, þeir hafi gerst hlutdrægir. Hér hygg ég að sé miklu fremur um verkstjórnaratriði að ræða heldur en það, að þessir einstaklingar hafi viljað brjóta reglurnar um óhlutdrægni. Hlutverk þeirra var að afla upplýsinga um þetta mál frá bestu heimildum, áreiðanlegustu heimildum. Hlutverk þeirra var að leita til fulltrúa verðlagsráðs landbúnaðarins, inna þá eftir ástæðum fyrir þessari breytingu á verðlagningunni. Þeir áttu að ræða við trúverðuga og fróða fulltrúa neytenda í þessu máli. Og ef þeir vildu hætta sér út á þennan hála völl að fjalla um hollustu eða óhollustu, þá áttu þeir að leita til hinna fróðustu næringarfræðinga og þá fremur fleiri en eins á þessu sviði. Með þessum hætti, að leita

á óhlutdrægan hátt eftir upplýsingum fyrir tilstuðlan hinna bestu heimilda, hefðu þeir unnið þetta verk á réttan hátt. En það kemur í hlut fréttastjóra þessara tveggja stofnana Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps, að sjá um að verkin séu unnin á réttan hátt. Eins vil ég leggja áherslu á það, að kveðið er á um það í fréttareglum útvarpsins, sem í gildi hafa verið frá stofnun þess í tíð Jónasar heitins Þorbergssonar útvarpsstjóra, að ætíð skal getið heimilda. Fyrir ber við skrift á fréttum að ekki hæfir, þegar um minni háttar atriði er að ræða, að tilgreina heimildina í fréttinni sjálfri, en þá skal hún ávallt skrifuð við fréttina, þannig að hægt sé að fletta upp og svara þegar spurt er: Hver sagði yður þetta, herra fréttamaður? Þá á svarið að liggja á lausu. En í öllum meginmálum og öllum þeim atriðum sem miklu skipta, sem höfuðatriði teljast, og í öllum þeim fréttum, sem lúta að ágreiningsmálum, skal geta heimilda, það skal geta um sérfræðinginn. Það hefði átt að tilgreina sérfræðinginn í málinu, sem lét það uppi að tilgangurinn með breytingu verðs á undanrennu væri sá að breyta lífsháttum o. s. frv., og vel að merkja, hv. þm. Ólafur Þórðarson hefði áðan átt að tilgreina okkur, ef hann hefði verið að flytja frétt, nafn prófessors þess við háskólann sem spurði Má Elísson að því, hvort það væri ekki of mikið að hafa fimm togara í Súðavík.

Þetta atriði með heimildina, að leita ætíð hinnar bestu heimildar geta hennar þegar slíkt á við, hafa heimildarmann ávallt á reiðum höndum skráðan, ef eftir er spurt, þetta var eitt af grundvallaratriðunum í sambandi við störf á fréttastofu útvarpsins þau 25 ár sem ég vann þar. Eftir þessu var ákaflega stranglega gengið af hálfu fréttastjóra sem ég vann lengst með, Jóns heitins Magnússonar.

Ég hef orðið þess var — ég neita því ekki — hin seinni árin, að í einhvers konar viðleitni til þess að gera fréttafrásagnir lipurri og alþýðlegri virðist hafa verið hvarflað töluvert frá þessu, og það mun að mínum dómi alls ekki vera vegna þess að fréttamenn sjónvarps standi verr á verði á þessu sviði en fréttamenn útvarpsins, heldur vegna þess hversu fréttir sjónvarpsins eru eðli síns vegna öðruvísi upp byggðar heldur en fréttir útvarps, að mér finnst hafa meira borið á þessu í fréttaflutningi sjónvarps, að fréttamenn beri fyrir sig óljósar heimildir, noti orðalag eins og „sagt er“, „haft er fyrir satt,“ „menn segja“ o. s. frv., í stað þess að geta heimilda fyrir ályktunum af þessu tagi. Mér er það t. d. minnistætt, og var það þó í fréttatíma, en ekki í dagskrárþætti, og varðar það mál hæstv. landbrh. og þó fremur hann sem samgrh., þegar fréttamaður sjónvarps sagði, þegar rætt var um afstöðu ráðh. til jarðstöðvar á sínum tíma, þar sem ráðh. hafði í þingræðu borið fram — ekki andmæli gegn hugmyndinni um jarðstöð, heldur bent á nokkur atriði sem hann taldi að fara yrði að með gát, þá sagði fréttamaður sjónvarpsins frá þessum ummælum hæstv. samgrh. í sjónvarpinu það kvöld og sagði: Ef þetta er ekki að pissa í skó sinn, þá veit ég ekki hvað það er. — Og hann var sjálfur heimildarmaður fyrir þeirri ályktun sinni. Þetta hefði ekki þótt gott í þann tíð, þegar menn héldu sem fastast í hugmyndina um að tilgreina heimildarmenn og að hafa hemil á tjáningu persónulegra, en ógrundaðra sjónarmiða fréttamannanna sjálfra í fréttatímanum.

Þá komum við aftur á móti að hinu forminu, sem er á útvarpsefni sem fer í gegnum fréttastofu útvarpsins og frétta- og fræðsludeild sjónvarps og hefur verið kallað fréttaauki eða hinir svonefndu þættir í sjónarhorni. Þar er til þess ætlast að fréttamennirnir ræði við nafngreint fólk sem er þá meira og minna ábyrgt orða sinna, og er ætlast til þess, að sýndir séu fleiri fletir, jafnvel í mörgum tilfellum aðrir en þeir sem lúta að raunverulegum upplýsingum. Ég geri ráð fyrir því, að fréttamaður sá, sem hv. þm. Ólafur Þórðarson gat um, er vestur fór og óx í augum bryggjusmiði þar í litlu sjávarplássi, — ég geri ráð fyrir að hann hafi haft þessi ummæli sín um þann hlut, sem fengist hafði af ríkisfé í það pláss, með sérstökum tón, því að hljómfall í aths. hefur eins og gefur að skilja ákaflega mikla þýðingu. En þar er ekki um jafnhættuleg frávik að ræða í slíkum þáttum, í fréttaaukunum, þar sem rætt er við fólk, hinn almenna borgara, sem lætur skoðun sína í ljós, — þar er ekki um eins hættuleg frávik að ræða og í fréttatímanum sjálfum, þar sem ákaflega mikið er í húfi að fram komi staðreyndir og heimilda sé getið í meginmálum, þar sem orka kann tvímælis. Það er ákaflega þýðingarmikið.

Ég vil aðeins í lokin hamra á þessu atriði, vegna þess að þessa misskilnings hefur gætt hérna hjá ræðumanni eftir ræðumann og það síðast hjá hæstv. landbrh., sem flutti hér ágæta og fróðlega og hóflega ræðu, eins og hann hefur oft gert áður, en einnig hjá honum gætti þessa misskilnings. Það er ekki kveðið á um það, að Ríkisútvarpið skuli vera hlutlaust í fréttaflutningi sínum, heldur óhlutdrægt, og meginatriðið er að leitað sé ærlega eftir réttum upplýsingum á báða bóga þegar í tvennt skiptist og sem víðast þegar víðar skiptist og að öll þau mismunandi sjónarmið, sem máli skipta, fái að koma ærlega fram. Þetta gildir náttúrlega um fréttaaukana líka og fræðsluþættina. Þarna kemur það til álita, að menn spyrji leiðandi spurningar, eins og ég minnist nú einmitt, að mér þótti gert í þessum sjónvarpsþætti, að það var höggvið í mann eftir mann auðheyrilega í leit eftir fyrir fram ákveðnu svari. Það, sem á skorti þarna, var aðeins það, að leitað væri á mann eftir mann í leit að gagnstæðu svari og þá leitað til rétts aðila, til þeirra sem bærastir voru um að svara fyrir verðlagsráð landbúnaðarins sem að þessari ákvörðun stóð.

Ég held að það sé ekkert ofmælt hjá hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, að fáfræði sé mikil í landi hér um atvinnuvegi okkar og kjör fólksins sem að þeim vinnur, og kannske fáfræði almennt mikil, og muni halda áfram að verða það. En eitt er víst, að okkur mun seint sækjast að bæta úr henni ef við gerum þá kröfu til fréttamanna útvarps, sjónvarps og blaða að þeir séu hlutlausir. Við eigum að gera kröfu til þessara manna, sem vinna þýðingarmikil störf, um að

þeir afli sér hinna bestu fáanlegra upplýsinga, og þeir eiga eins og aðrir borgarar að taka afstöðu prívat og persónulega fyrir sig með því sem þeir telja rétt. En viðfangsefni þeirra í útvarpi og sjónvarpi er að koma staðreyndum á framfæri ærlega. Af þessum sökum er ákaflega oft æskilegt að fleiri en einn fréttamaður vinni að öflun efnis í einu og sömu fréttina eða einn og sama fréttaþáttinn. En til þess er ætlast hjá okkur, að fréttamenn okkar séu fjölfræðingar. Við höfum ekki efni á því að ráða sérfræðinga til starfa á þessu sviði. Það er erfitt að fá sérfræðinga til starfa á þessu sviði, — sérfræðinga sem jafnframt hafa til að bera þá kunnáttu og þann hæfileika sem til þess þarf að koma þessum upplýsingum þannig til skila, að fólk nenni eða vilji hlusta á þær eða vilji lesa þær, sem sagt hafi lag á því og þekkingu til þess að matreiða þessar upplýsingar þannig, að þær verði útvarpsefni, sjónvarpsefni eða blaðaefni. Því er ekkert um það að tala, við höfum ekki efni á því að reka fréttastofurnar með fastráðnum sérfræðingum. Við þurfum að reka þessar fréttastofur svo að segja með starfsfúsum, forvitnum og ærlegum fjölfræðingum, veita þeim aðhald, sjá til þess að þeir geti notið ærlegrar verkstjórnar, og svo skulum við trúa því í lengstu lög, að þeir vinni samkv. bestu samvisku og vinni jafnheiðarlega og vel og þeir geta. En ef brestur á um verkstjórnina, ef okkur finnst þeim takast illa, hafa þeir gott af því að heyra það. Þeir leiðrétta sig þá. Ef brestur á um verkstjórnina skulum við hjálpa til að breyta um hana eða bæta hana.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langaði aðeins til að leggja eina til tvær spurningar fyrir hæstv. ráðh.

Ég viðurkenni að það voru leiðandi spurningar, sem mennirnir lögðu fyrir sína viðmælendur, og það mun ekki vera viðeigandi. Hitt er svo annað mál, að mér finnst þetta vera mannlegt, þegar neysluvara hækkar allt í einu um 66%, að þá verði a.m.k. sérstök blæbrigði á röddinni þegar spurt er um, hvort þetta sé ekki óeðlilega mikil hækkun. En rétt mun það vera, þessir menn eiga að haga sér eins og getið var um hér áðan og óheppilegt að þeir skuli bregða út af því.

Ég get ekki komist hjá því að álíta, að eðlilegt sé að það sé orð á þessu haft, vegna þess að enda þótt erfitt kunni að vera að sanna beinlínis, að feit mjólk sé vafasöm fyrir framtíðarstarfsemi æða og hjarta, þá benda þó líkur að einhverju leyti til þess að svo sé. Nú er það svo, að það eina, sem almenningur mun hafa búist við að gert yrði í stað þess að hækka undanrennuna um 66%, var að hún yrði niðurgreidd á sama hátt og nýmjólkin og niðurgreiðslunni þá dreift á nýmjólk og undanrennu. Mig langar því til að leggja spurningu fyrir hæstv. ráðh.: Hvað vegur á annað hundrað prósent aukning á undanrennusölu mikið á móti 0.9% samdrætti í nýmjólkurneyslu, ég meina: hver verður heildarneyslan á mjólk, þegar þetta tvennt kemur saman? Eitt er víst, mjólk er hjá okkur alveg óþarflega feit, og þessi prósenta, sem mjólkin hefur hjá okkur, byggist að einhverju leyti á því, að það er tekið tillit til hennar í verðlagningu. Þetta er óheppilegt eins og málum er nú komið, og eins og ég sagði hér áður, þá mundi þetta mál líklega aldrei hafa komið upp ef Samsalan hefði tekið tillit til þeirra óska að framleiða hér fituminni mjólk. (**Gripið fram í:** En hvað um að blanda nýmjólk til helminga með vatni?) Nei, með undanrennu, og það er alveg ágætt og mjög gott. Ég er mjög mikill mjólkurneyslumaður og hef verið alla tíð, eins og ég ber utan á mér, en ég er búinn að komast að þeirri niðurstöðu, að blanda undanrennu og nýmjólkur sé mjög góð vara og mjög góð til drykkjar á meðan við fáum ekki mjólk með verulega minna fituinnihaldi. (**Gripið fram í:** En af hverju ekki vatni?) Það er ekki eins bragðgott. Þetta eru atriði, sem ég held að væru vel þess virði að athuga, t.d. að bændur sæktust ekki eftir því að gefa þann fóðurbæti, sem gefur fiturikasta mjólk, heldur að auka mjólkurmagnið á kostnað fitunnar. Þetta mundi auðvelda að leysa þetta spursmál sem við erum að ræða um.

En ég vona að á það, sem sagt er hér verði ekki litið sem andúð á bændum. Slíkt er fásinna. Ég held að engum hér innan þessa salar detti í hug að taka undir þann málflutning sem hefur verið hér gegn bændastétt, það er alveg út í loftið. En hitt er svo annað mál, að það hlýtur að verða okkar framtíðarmarkmið að reyna, ef við höfum hugmynd um að breyting á neysluvenjum geti gefið okkur meiri hollustu og meiri heilbrigði, þá hljótum við að reyna að taka eitthvert tillit til þess. Annað væri algerlega út í hött.

Varðandi það sem kollega minn, Sverrir Bergmann, sagði, þá var ég nú eiginlega hissa á því, hvað lítið bar á milli hjá okkur, því að það er nú svo með þessi mál, að þau eru heldur erfið viðureignar og lítið hefur verið sannað. Ég lagði megináherslu á offituna og í því sambandi á æðakölkunina, en hjá honum kom það aftur á móti í þriðja sæti. Það var einfaldlega vegna þess, að ég var ekkert að hafa orð á því, að reykingar væru orsök, vegna þess að við vorum ekki að tala um reykingar. En hitt er svo annað mál, að offitan hefur þá sérstöðu að það er lengst búið að rannsaka hana af þessum háttum og það hafa verið gerðar rannsóknir á milljónum manna á þann hátt að mæld var lífslengd, og það er ekki nokkur vafi á því, að það er sannað mál að offitan styttir lífið og giarnan fer saman offita og hár blóðþrýstingur með bar af leiðandi æðakölkun. Þetta renndi nokkrum stoðum undir það sem við vorum að tala um hér, og ég held að hægt sé að fullyrða að þarna er orsakasamband.

Það var líka mjög fróðlegt að hv. þm. Stefán Jónsson skyldi upplýsa okkur um það, hvernig haga bæri fæðu á norðurslóðum, og þetta kemur einmitt heim og saman við það sem við höfum verið að tala um. Kyrrseturnar og áreynsluleysið, 25 stiga húshitinn eða 23—24 stiga húshitinn hefur það í för með sér, að við verðum að neyta annarrar fæðu en ef við værum norður á hjara veraldar í kulda, miðað við mikla brennslu og mikla áreynslu.

Þetta er nú það sem ég vildi sagt hafa. Varðandi það sem Ólafur Þórðarson sagði um niðurgreiðslu á fiski, þar sem ég hafði borið saman verðlag á fiski og kjöti, þá held ég að við hættum okkur ekki út á þá braut að fara að leita svo langt aftur, vegna þess að í fyrsta lagi er þetta nú liðin tíð, sjóðatímabilið er liðið. (Gripið fram í: Það er enn þá að hálfu leyti.) Já, ég held að það komi nú varla niður á þessu. En annað mál er það, að ef við ættum að fara út í slíkt þá yrðum við líka að geta þess, að landbúnaðarvörurnar eru framleiddar af lægst launuðu stétt landsins, sem að sjálfsögðu hefur áhrif í þessa átt.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil nú hefja mál mitt með því að láta í ljós ánægju mína yfir þeim miklu umr. sem orðið hafa vegna þeirra fsp. sem ég beindi utan dagskrár til hæstv. menntmrh. Þessar umr. hafa farið nokkuð á víð og dreif, og er það út af fyrir sig ekki óeðlilegt. En eins og þeim er kunnugt, sem í upphafi hlustuðu á mál mitt, þá einskorðaði ég nokkuð mikið mál mitt við það, hvernig fréttaflutningur gæti haft áhrif á skoðanir manna og hvernig fjölmiðill eins og ríkisútvarpið gæti verið áhrifamikill um skoðanamyndun, ef tækinu væri til þess beitt.

Mig langar að víkja ofurlítið að einstökum atriðum, sem hafa komið fram í þessum umr., og ég vil leyfa mér að byrja á því að nefna með nokkrum orðum það sem kom fram í tveimur ræðum hv. 2. þm. Reykn., en hann endaði einmitt mál sitt hér með því að nefna það sem ein rök fyrir því, að landbúnaðarvörur væru kannske ekki mjög dýrar hér, það mætti skilja það svo, að bændur væru lægst launaða stétt landsins.

Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um hollustu einstakra vara. Það treysti ég mér ekki til að gera. En ég get ekki neitað því, að mér fannst þess gæta nokkuð mikið í máli hans, eins og oft vill verða í sambandi við umr. um mataræði, að ákveðnar vörutegundir eru sífellt nefndar og aðrar alls ekki, þegar talað er um hollustu. Og þar á ég t. d. við það, sem ég held að ég hafi getið um í framsöguræðu minni, að við Íslendingar borðum um það bil helmingi meira af smjörlíki en smjöri. Langmestur hluti af þessu smjörlíki mun vera framleiddur úr hertri jurtafeiti sem hefur flesta þá sömu eiginleika og nefndir eru að óhollusta stafi af í smjöri, en í það mun vanta ýmisleg þau efni sem hollust eru í smjörinu. Í þessu finnst mér einmitt koma það fram, sem oft vill verða, að menn einskorða sig við ákveðin atriði og gleyma svo öðrum, sem eru í raun og veru miklu varasamari, þegar verið er að tala um hollustu. Nú verður því kannske svarað til, að við höfum verið að tala hér um verð á íslenskum landbúnaðarvörum, en ekki um verð á smjörlíki. En því er þá til að svara að það hefur enn fremur komið fram í máli manna, að menn með verðlagningunni sveigðu almenning til ákveðinnar neyslu eða neyslubreytingar, og auðvitað getum við ekki gengið fram hjá því, að smjörlíki, sem framleitt er með nútímaaðferðum, er mikill keppinautur smjörsins, mjólkurfitunnar, og alveg sérstaklega verður það skæður keppinautur ef því er mjög haldið að mönnum, að önnur þessi vara sé miklu hollari. Ég held einmitt að það sé eitt af því sem varhugavert er í þessum málflutningi, að því hafi verið mjög haldið að almenningi hér á landi á undanförnum árum, að smjörlíki væri miklu hollara en smjör, án þess að fyrir því væru óhrekjanleg rök. Og ég hygg að það sé ekki rangt, að til skamms tíma hafi sjúklingum verið ráðlagt að borða hér smjörlíki, sem var með hertri fitu, engu síður en smjörið, sem við borðum. Ég hygg að það sé ekki rangt, að til skamms tíma hafi læknar hér á landi ráðlagt sjúklingum smjörlíki og við rannsókn hafi komið í ljós, að einmitt þessi vara var að mestu leyti gerð úr hertri fitu, en það er einmitt herta fitan sem ýmsir telja varhugaverða.

Þegar menn eru komnir í þá aðstöðu að geta ekki selt vinnu sína að fullu hljóta menn náttúrlega að bregðast þannig við því, að þeir reyni að leita einhverra úrræða til þess að bæta upp vinnutapið. Og í raun og veru er það sú staðreynd, sem blasir nú við íslenskum bændum, að það er ekki að fullu markaður fyrir vinnu þeirra í landinu. Þetta hefur breyst tiltölulega mikið á skömmum tíma. Ástæðurnar eru aðallega tvær: annars vegar allmikil aukning á framleiðslu vissra vörutegunda og ber þar kannske hæst mjög mikla aukningu á framleiðslu mjólkur nú á örfáum mánuðum, sem hefur gerbreytt markaðsstöðunni, og hins vegar er nokkur samdráttur í neyslu einkum smjörs og nýmjólkur. Þetta hefur valdið vissum örðugleikum, sem koma fram í birgðasöfnun og koma fram í því, að þau lög, sem áttu að tryggja bændum fullt verð fyrir ákveðið magn framleiðsluvöru, duga ekki til þess að bændur fái fullt verð fyrir alla sína framleiðslu, og þá skapast vandkvæði sem nú blasa við og erfitt verður úr að leysa.

Það gerir ekkert til þó þess verði getið hér, að til skamms tíma var sú framleiðsla á nýmjólk, sem ekki var seljanleg í landinu sjálfu, nú fyrir bara 2—3 árum, einhvers staðar á milli 5 og 10 millj. lítra, og þetta skapaði ekki mjög mikið vandamál. En það lítur út fyrir að sú mjólkurframleiðsla, sem ekki selst í landinu sjálfu, verði á þessu ári milli 25 og 30 millj. lítra, þannig að það er nokkuð augljóst að á mjög skömmum tíma hefur sú framleiðsla, sem ekki er seljanleg í landinu, aukist gífurlega þó að framleiðslan sjálf hafi ekki aukist um mjög mörg prósent. Framleiðslan jókst að vísu nokkuð í fyrra og allverulega á þessu ári. Þessu veldur, eins og ég sagði, hvort tveggja í senn: aukin framleiðsla og minnkandi markaður.

Annað langaði mig til þess að nefna aðeins í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Reykn. og það voru þau orð hans, eitthvað á þá leið, að honum fyndist ekki óeðlilegt að þessi mikla hækkun á undanrennu vekti athygli fréttamanns og kæmi kannske við hann að einhverju leyti. Þetta er kannske út af fyrir sig alveg rétt. En það er alltaf gott, ef maður undrast eitthvað, að reyna þá að gera sér grein fyrir ástæðunum til þess. Áður en þessi verðhækkun varð fengu framleiðendur ekki nema aðeins rúmar 11 kr. fyrir hvern lítra af undanrennu, og undanrennan hafði ekki hækkað að neinu ráði eða svo til ekkert í meira

en tvö ár. Ef við berum þetta saman við það, að talið er að kauphækkanir á þessu eina ári séu í kringum 60%, þá veit ég ekki nema það sé fullkomlega eins mikið undrunarefni og það, að undanrenna, sem ekki hefur breyst verð á í tvö ár, hækki — þó að reyndar skyndilega sé — á milli 60 og 70%. Ég vil líka geta þess, að ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að jafnvel þó að undanrenna með umbúðum kosti núna 100 kr. lítrinn, þá er það ekki dýr drykkur, og ég vil gjarnan fá upplýsingar um þá drykki sem seldir eru hér í verslunum almenningi og eru ódýrari í lítratölu.

Ég held að þarna hafi verið mjög fljótfærnislega ályktað, þegar menn undruðust svo mjög þessa verðbreytingu. Þó er auðvitað rétt að geta þess, að það hefur verið veruleg tregða á því að sumir fulltrúar í sexmannanefnd féllust á breytingar á hlutfalli þessara vara sem verið er að verðleggja í sexmannanefnd. En eitt af því, sem ég tel óeðlilegt við þá verðlagningu og hafi verið óeðlilegt við þá verðlagningu, er það, að hér eru allt önnur hlutföll á milli verðs á mjólk, hvort sem hún er fituskert eða ekki, og t. d. smjöri heldur en er í nágrannalöndum okkar. Og vegna þess, hvernig verðlagningu er hagað, á smjörið erfitt uppdráttar í samkeppninni við smjörlíkið, einmitt af þessum ástæðum.

Í sambandi við fréttaflutninginn vildi ég gjarnan taka það fram, að ég er algerlega á þeirri skoðun, að Ríkisútvarpið eigi að vera vettvangur fyrir skoðanaskipti. Mér hefur aldrei dottið í hug að halda því fram — þó að ég kunni að hafa einhvern tíma notað ónákvæmt orðalag þá er það alls ekki mín meining — að Ríkisútvarpið eigi að vera hlutlaust í þeirri merkingu að það láti sig litlu skipta það sem fram fer í þjóðfélaginu. En ég álít að ákaflega nauðsynlegt sé að Ríkisútvarpið bókstaflega leitist við að koma sem flestum skoðunum á framfæri og þegar um viðkvæm mál er að tefla, þá sé það beinlínis mjög nauðsynlegt, að þess sé sem best gætt, að bæði sé farið með rétt mál af þeim, *sem eru starfsmenn stofnunarinnar, og gætt sé* jafnvægis í því að leiða hin ýmsu sjónarmið fram. Það, sem ég deildi á, var einungis það, að mér fundust fréttamennirnir sjálfir gerast heimildamenn sjálfra sín um fréttaflutninginn. Þeir voru ekki bara að flytja það sem aðrir höfðu sagt þeim, ekki bara að flytja það sem maðurinn á götunni sagði eða sérfræðingarnir sögðu um þessi mál, heldur kom ný heimild til sögunnar, og það voru fréttamennirnir sjálfir. Það er það sem ég tel í þesu sambandi athugavert.

Það er rétt, sem kom fram hjá einum ræðumanni, að þetta er ekkert nýtt og er ekki í fyrsta skipti sem slíkt hefur gerst í Ríkisútvarpinu. Og það getur vel verið að einmitt hv. þm. séu of seinir til að taka vafasaman fréttaflutning ríkisfjölmiðlanna til umfjöllunar hér á hinu háa Alþ. Það getur vel verið að bæði í þessu efni og ýmsum öðrum veiti hið háa Alþ. stofnunum sínum alls ekki það aðhald, bæði í þessu og á ýmsum öðrum sviðum, sem rétt og nauðsynlegt væri.

Ég get ekki látið hjá líða að þakka menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við fsp. mínum. Ég ætla ekki að fara að svara honum að neinu leyti hér, enda er hann ekki viðstaddur. En þó verð ég að segja það, að ég er ekki viss um að það sé mjög áhrifarík leið að kvarta við starfsmenn Ríkisútvarpsins, þó að mönnum finnist að einhverju leyti hallað máli í fréttaflutningi. Ég held að slíkt verði að gerast a. m. k. annað slagið utan Ríkisútvarpsins.

Það getur líka verið að nokkuð sé til í því sem kom fram hjá 1. landsk. þm., að fólkið í landinu sé orðið þreytt á eilífum auglýsingum um hækkanir á landbúnaðarvörum. En samt er það ekki þreyttara en svo, að það verður, eftir því sem ég best veit, aldrei sú hækkun á landbúnaðarvörum, sem vandlega er raunar auglýst í útvarpi, hvort sem það er rétt eða ekki, að fréttamenn þurfi ekki að endurtaka þessar fréttir — og það oft — fyrir landslýðnum á eftir, þannig að mat fréttamanna er þá alla vega það, að þessar fréttir muni ekki verða ákaflega leiðinlegar.

Það hafa komið mörg ólík málefni fram í þessum umr., eins og ég gat um áðan. Hjá hv. 1. landsk. þm. komu fram ýmsar spurningar, sem beint var til landbrh. Það er sjálfsagt og eðlilegt að hann svari. En mér skylst að hann hafi beint þeim að einhverju leyti til okkar þm. í þessari hv. þd. fyrr og ekki fengið svör þá. Ég ætla mér ekki að fara að þreyta menn með langri ræðu og löngum svörum við þessum spurningum. Þó get ég ekki stillt mig um að geta þess, að ég hef raunar ekki tölur um það, hversu mikla fjármuni ungur maður þurfi í dag til þess að hefja búskap. Ég veit að hann þarf allmarga tugi milljóna til þess að koma sér upp sauðfjárbúi fyrir 1000 fjár norður á Sléttu og byggja yfir sig og búfénaðinn og rækta það sem til þess þarf. (StJ: 50 millj., er það ekki?) Ja, t. d. það, svona 40—50 millj. Þetta geta menn auðvitað gert ef þeir eiga nóga peninga. Menn geta líka keypt sér togara eða annað skip til að veiða loðnu ef þeir eiga nóga peninga. Þeir þurfa bara nokkrum sinnum fleiri milljónatugi til þess að kaupa loðnuskipið heldur en til þess að hefja búskapinn. En það eru litlir lánamöguleikar fyrir þann, sem er að hefja búskap, það er rétt að geta þess. Þeir eru nokkrir, en þeir eru mjög litlir miðað við þann stofnkostnað sem til þarf. Hitt er alger staðreynd, að það er útilokað að setja það niður á blað, eins og verðlag á landbúnaðarvörum er í dag, að það borgi sig að stofna til slíks búskapar. Og auðvitað er það svo, að ef menn ætla að hafa raunverulegt frelsi til atvinnuvals, þá verður það auðvitað að vera í búskap eins og öðrum greinum. Ég er þó ekki meðmælandi þess, að framleiðsla í landbúnaði sé aukin, eins og aðstæður eru í dag, þrátt fyrir það að hungur sé í heiminum og vissulega full þörf fyrir þau matvæli sem íslenskur landbúnaður framleiðir. En aðstæðurnar eru slíkar, fyrst og fremst vegna landbúnaðarpólitíkur nágrannaþjóða okkar, að þess er ekki að vænta að við getum flutt út landbúnaðarvörur með góðum árangri. Norskir bændur fá verulega hærra verð fyrir sitt dilkakjöt heldur en við fáum fyrir okkar hér. Þeir munu fá um 4500 ísl. kr. meira fyrir það sem við köllum meðaldilk, milli 14 og 15 kg þungan, heldur en íslenskur bóndi fær í dag. Við flytjum mest til Noregs af dilkakjöti okkar, þ. e. a. s. við flytjum ekki eins mikið af dilkakjöti til neins eins lands annars og Noregs, en

við fáum ekki nema innnan við helming af því verði sem norskir bændur fá fyrir sitt kjöt á þeim markaði. Ef við gætum flutt okkar dilkakjöt til Noregs á sama grundvelli og Norðmenn flytja skipin sín hingað, sem þeir smíða, eða aðrar iðnaðarvörur, sem þeir selja okkur, þá þyrftum við ekki að biðja um útflutningsbætur á íslenskt dilkakjöt. Íslendingar hafa gert Norðmönnum ómældan greiða með því að byggja upp þeirra fiskiskipaiðnað, byggingariðnað fiskiskipa, með því að kaupa af þeim skip í stórum stíl frá litlum skipasmíðastöðvum. Mér finnst reyndar að þessir frændur okkar ættu nú að taka upp þá viðskiptahætti gagnvart okkur að kaupa þær fáu vörur, sem við seljum þeim, á framleiðslukostnaðarverði, eins og við kaupum allar þær vörur, sem við kaupum af þeim, á framleiðslukostnaðarverði í þeirra landi.

Það er vafalaust að margt fleira mætti um þetta segja, en ég ætla að láta hér staðar numið Ég vil endurtaka þakklæti mitt til þeirra sem hafa tekið þátt í þessum umr. Það er rétt, að það er alltaf dálítið vafasamt, þegar jafnannríkt er í þinginu eins og nú er, að hefja umr. sem þessar. Mig óraði raunar ekki fyrir því, að þessar umr. yrðu svona langar. Ég vil einnig árétta það, að ég geri miklar kröfur til fréttamanna. Ég geri alls ekki kröfur til þess að þeir hafi ekki skoðanir á málum hver og einn, það verða þeir vitanlega að fá að hafa eins og aðrir menn. En þeim ber skylda til þess, þegar þeir flytja fólkinu í landinu fréttir af atburðum, hverjir svo sem þeir eru, að láta ekki persónuleg viðhorf til þess, sem þeir eru að segja frá, breyta framburði sínum eða málflutningi á nokkurn hátt. Það verða þeir að gera. Aftur á móti gegnir að mínum dómi allt öðru máli þegar þú talar við manninn sem þú mætir á götunni, eða þann, sem þú kallar til þess að spyrja. Ég treysti því, að fréttamenn Ríkisútvarpsins skoði ekki þessa gagnrýni sem neina persónulega óvild í þeirra garð, því að ég hef ekki um neitt við þessa menn að sakast persónulega. En ég vil vænta þess, að þessar umr. séu ekki búnar, þó að þeim sé um það bil að vera lokið hér í Alþ., og að þær megi halda að einhverju leyti áfram manna á meðal og ekki þá síst þeirra, sem starfa við ríkisfjölmiðlana.

Ég hef hér lítið fjölyrt um annan þátt, sem mér finnst að hefði verið kannske efni í langar orðræður, og það er leiðaralestur úr dagblöðunum á morgnana. Ég er raunar þeirrar skoðunar, að þeir möguleikar, sem menn hafa þar og blöð hafa þar til að koma skoðunum sínum á framfæri, séu stundum mjög misnotaðir og mér finnst að það væri ekki nema rétt, að Ríkisútvarpið velti því fyrir sér, hvort ekki sé hægt að gera menn á einhvern hátt nokkru ábyrgari fyrir því sem skrifað er í leiðurum blaðanna en nú er. Það gæti sjálfsagt ýmislegt komið þar til greina. Ég vil ekki gera lítið úr því, að leiðaralesturinn hlýtur að flytja landsmönnum ýmsan fróðleik og gefa landsmönnum undir mörgum kringumstæðum mjög gott tækifæri til að átta sig á þeim málum sem eru á baugi hverju sinni, en mér finnst að þess hafi gætt, að vissir hópar í þjóðfélaginu, og þar á ég m. a. við bændur, hafi oft orðið fyrir barðinu á þessum leiðaralestri á ósanngjarnan hátt og án þess að geta svarað á sama vettvangi og í sömu mynt. Þetta ætla ég þó ekki að gera frekar að umræðuefni og læt máli mínu lokið.

Neðri deild, 28. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Virkjun Blöndu, frv. (þskj. 153). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv.. forseti. Efni þessa frv. um virkjun Blöndu er að veitt sé heimild til þess að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka vatnsaflsstöð við Blöndu í A.-Húnavatnssýslu með allt að 150 mw. afli.

Þetta frv. var fyrst lagt fram í lok þings 1976, síðan var frv. lagt fram að nýju í mars 1977 og fylgdu því þá ný orkuspá og kostnaðaráætlun. Frv. er nú flutt að nýju nær óbreytt, og því fylgja umsagnir sem hv. iðnn. þessarar d. fékk á síðasta þingi, en með þessu frv. er prentuð umsögn Rafmagnsveitna ríkisins og útdráttur úr umsögn Orkustofnunar.

Þegar frv. var lagt fram í þessari hv. d. í mars á þessu ári urðu um það miklar umr. og málinu var síðan vísað til iðnn. að lokinni 1. umr. Hv. iðnn. leitaði þá, eins og ég gat um, umsagnar ýmissa aðila um frv., og það ætti að greiða fyrir meðferð málsins á Alþ. nú að ýmsar umsagnir höfðu borist.

Blönduvirkjun hefur marga kosti. Eftir þeim rannsóknum og áætlunum, sem gerðar hafa verið, er ljóst að Blönduvirkjun er í hópi hagkvæmustu vatnsaflsvirkjana á Íslandi. Áætlaður stofnkostnaður samkv. fskj. II er 14.8 milljarðar á verðlagi í mars þetta ár. Framleiðslukostnaður á kwst. er 2 kr. 43 aurar og það er mjög sambærilegt við aðrar þær virkjanir og virkjunarmöguleika sem hagkvæmastir eru taldir á Íslandi. Ýmsir aðrir kostir eru við virkjun Blöndu, m. a. sá, að hún er vel staðsett varðandi aðalorkuflutningslínu milli Suður- og Norðurlands, einnig að virkjunin er utan eldvirkra svæða, en stærstu raforkuver landsins eru á eldvirkum svæðum. Blönduvirkjun hefur mjög góða miðlunarmöguleika, sem stuðlar að auknu rekstraröryggi virkjunarinnar og getur einnig aukið orkuvinnslugetu annarra virkjana sem tengdar eru orkudreifingarkerfinu. Þar sem myndarleg virkjun er reist njóta nálæg byggðarlög verulega góðs af. Það örvar atvinnulífið og skapar margvíslega möguleika fyrir traustari atvinnuuppbyggingu.

Það er annmarki á Blönduvirkjun að töluvert af ræktuðu landi mundi fara undir miðlunarlón fyrir þessa stórvirkjun. Vegna þess, hve hér er um mikilvægt mál að ræða og sérstöðu þess að ýmsu leyti, voru þegar á árinu 1975 hafnar viðræður við heimamenn til þess að kynna þeim málið og leita álits þeirra. Í framsögu með frv. á síðasta þingi rakti ég gang mála allítarlega

í þessu sambandi og skal því ekki endurtaka það hér.

Í fskj. III með frv. eru birt drög að samkomulagi um bætur vegna Blönduvirkjunar. Aðalatriði þeirra draga er að virkjunin láti viðkomandi hreppum í té ókeypis raforku að vissu marki, en hrepparnir eða upprekstrarfélögin skipti því milli býlanna. Í þessu sambandi er rétt að vitna í umsögn Rafmagnsveitna ríkisins frá því í apríl s. l., þar sem er vísað til 66. gr. vatnalaganna, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er fallvatn tekið lögnámi samkv. 54., 59., 64. og 65. gr., og er þá eiganda þeirrar landareignar, sem það er í, rétt að krefjast þess, enda hafi rétturinn til orkunýtingar ekki verið áður skilinn frá eigninni, að honum verði látin í té raforka til þarfa sinna, í stað endurgjalds peningum, frá orkuverinu.“

Hugmyndirnar í þessum drögum að samkomulagi eru því byggðar á þessu ákvæði vatnalaga. Ég minntist á það, að allmikið af ræktuðu landi mundi fara undir vatn, en í þess stað er ætlunin að rækta upp jafnmikið og jafngott beitiland og það sem undir vatn fer. Rannsóknir af hálfu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins liggja fyrir um þessa möguleika, og er gert ráð fyrir því, að sú stofnun ásamt Landgræðslu ríkisins annist þessa uppgræðslu og ræktun. Iðnrn. hefur leitað umsagnar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í í sambandi við þessa fyrirhuguðu ræktun og er þeirrar umsagnar að vænta bráðlega.

Það er misskilningur, sem stundum verður vart við, að nægileg raforka eða jafnvel of mikil raforka sé nú til í landinu, svo jafnvel út af flói. Hér er, eins og ég gat um, um verulegan misskilning að ræða. Á. s. l. vetri var ástandið þannig, að lítið mátti út af bera og veruleg hætta var á orkuskorti í landinu. Fyrirhugað var að Sigölduvirkjun tæki til starfa haustið 1976, en af ýmsum ástæðum varð dráttur á því, þannig, að hún tók ekki til starfa fyrr en á þessu ári. Á s. l. vetri var vegna þessa dráttar veruleg hætta á orkuskorti. En það sem kom í veg fyrir að svo yrði, var í fyrsta lagi óvenjumildur vetur, í öðru lagi að sumarið 1976 var mjög gott vatnsár, eins og það er kallað hjá sérfræðingum, og í þriðja lagi að engar alvarlegar bilanir eða truflanir skyldu verða í hinu mikla kerfi Landsvirkjunar. Ef eitthvað af þessu hefði orðið, hvað þá ef allt hefði gerst í senn, hefði hér orðið um alvarlegan raforkuskort að ræða.

Það er einnig svo, að þegar Sigölduvirkjun er að fullu tekin til starfa með sínum þremur 50 mw. vélum endist sú stöð að afli til ekki lengur en til ársins 1979. M. ö. o.: Sigölduvirkjun verður fullnýtt að afli á árinu 1979, eftir u. þ. b. 2 ár. Verði Kröfluvirkjun ekki komin þá í rekstur og eðlilega framleiðslu er viðbúið að hér verði orkuskortur, eða þurfi í mjög stórum stíl að nýta dísilstöðvar með öllum þeim gífurlega kostnaði sem því er samfara.

Það er, eins og kunnugt er, búið að veita virkjunarleyfi fyrir Hrauneyjafossvirkjun, og er stefnt að því, að á árinu 1982 geti Hrauneyjafossvirkjun tekið til starfa, en að sú virkjun verði fullnýtt að afli á árinu 1986. Verður þá ný virkjun að vera tilbúin. Það er skoðun mín, að mjög væri æskilegt og rétt að stefna að því, að Blönduvirkjun verði næsta stórvirkjun sem ráðist yrði í og yrði tilbúin þegar Hrauneyjafossvirkjun er að verða fullnýtt.

Það er rétt í sambandi við þær hugmyndir og umtal, sem stundum verður um að raforka sé ekki aðeins nægileg, heldur of mikil og að í of mikið sé ráðist um virkjanir, að benda á það að samkvæmt þeim nýjustu orkuspám, sem fyrir liggja, þarf raforkumarkaðurinn um 120—150 mw. nýjar virkjanir á 5 ára fresti til þess að fullnægja eftirspurn eftir raforku. M. ö. o.: virkjun eins og Blönduvirkjun nægir ekki lengur en í 4 eða mesta lagi 5 ár. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda enn þá á það sjónarmið, sem er varasamur misskilningur, að um leið og virkjun tekur til starfa skuli vera seld eða seljanlegt á sömu stundu eða alveg á næstunni allt það afl og orka sem hún framleiðir. Þetta sjónarmið, sem allt of oft vill skjóta upp kollinum hjá sumum, þýðir það að dæma landslýðinn til eilífs orkuskorts.

Það er öllum ljóst, að virkjanir verður að miða við það að þær séu nokkuð við vöxt, þannig að nægileg orka sé jafnan fyrir hendi, ekki aðeins til heimilisnota, heldur ekki síst fyrir atvinnurekstur. Fyrir allan atvinnurekstur — hvort sem hann er fyrir eða um er að ræða hugmyndir um nýjan atvinnurekstur — er brýn nauðsyn að hafa öryggi um að orka sé nægileg, en atvinnureksturinn megi ekki við því búast að þurfa að þola orkuskort.

Það er enginn vafi á því, að hið alvarlega ástand, sem í nokkur ár hefur ríkt á Norðurlandi bæði varðandi orkuskort og horfur í þeim efnum, hefur verið sem lamandi hönd á nýjan atvinnurekstur þar og verður það jafnan ef ekki er búið að orkuframleiðslu þannig að sæmilegt öryggi sé til nokkurrar frambúðar.

Það er rétt að geta hér um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið við Blöndu nú á þessu ári. Það fóru í fyrsta lagi fram rannsóknir á stíflustæði og skurðleiðum. Á því svæði voru boraðar 7 kjarnaholur, samtals 226 m á dýpt, og aðrar 14 holur samtals 458 m á dýpt. Niðurstöður af þessum borunum voru jákvæðar. Jarðsveiflumælingar og viðnámsmælingar til könnunar á þykkt lausra jarðefna voru einnig framkvæmdar og kort gerð af þessum svæðum með 1 m hæðarlínu. Þá var fram haldið liffræðirannsóknum í stöðuvötnum, enn fremur haldið áfram leit að byggingarefnum, einkum stíflufefnum, og rannsókn þeirra. Þá fóru einnig fram rannsóknir á hugsanlegu stöðvarhússtæði og var þar boruð ein 350 m djúp hola. Fullnaðarniðurstöður af þeirri rannsókn liggja ekki enn fyrir frá Orkustofnun. Kostnaður við þessar rannsóknir á s. l. sumri er um 60 millj., og á næsta ári er áætlað að heimilt verði að verja rúmum 100 millj. til rannsókna á virkjunarsvæði Blöndu.

Ég mun til viðbótar því, sem ég ræddi í vor í framsögu um þetta mál, ekki halda hér lengri framsöguræðu. Ég bendi á að hér er um heimildarlög að ræða sem hafa stefnumótun í för með sér og viljayfirlýsingu af Alþ. hálfu.

Ég legg til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 23, n. 143). — 2. umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Í fjarveru hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, sem átti að vera frsm. í þessu máli, en er nú forfallaður vegna veikinda, hef ég tekist á hendur að segja örfá orð um afgreiðslu málsins í hv. nefnd.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru í sumar í sambandi við þá launasamninga er þá voru í gangi. Í brbl. þessum er að finna ákvæði um það, að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi sem þar var gert, valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum. Þetta er meginefni brbl.

Hv. heilbr.- og trn. fjallaði um þetta frv. á fundi og allir nm., sem mættir voru, lýstu sig samþykka því, að frv. fengi afgreiðslu og yrði samþ. Fjarverandi þennan fund voru Magnús Kjartansson og Þórarinn Sigurjónsson, sem gegndu öðrum störfum og gátu ekki mætt á fundinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 24, n. 144). — 2. umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það gildir hið sama um þetta frv., að það er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru í sumar í tilefni þeirra launasamninga sem þá voru til meðferðar. Ríkisstj. gaf þá fyrirheit, til þess að greiða fyrir lausn í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 22. júní 1977, þar sem aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér samkomulag um málefni lífeyrissjóða á samningssviði þeirra, þess efnis, að lífeyrir þeirra, sem rétt eiga til sliks samkvæmt lögum nr. 63 frá 1971, verði árin 1977—1979 verðtryggður með greiðslu sérstakrar uppbótar á lífeyri og verði útgjöld vegna uppbótagreiðslna þessara borin af þeim lífeyrissjóðum sem í hlut eiga. Þetta er efni brbl.

Heilbr.- og trn. þessarar d. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 25, n. 145). — 2. umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það er sama fororð um aðdragandann að þessu frv. og þeim tveimur sem ég var að mæla fyrir áðan.

Ríkisstj. lofaði á s. l. sumri og setti um það brbl., að til þess að greiða fyrir lausn í kjaradeilunni, sem þá var uppi, yrðu sett lög þess efnis, að tekin yrði upp sérstök heimilisuppbót á lífeyri allra einhleypra tekjutryggingarþega sem búa einir á eigin vegum.

Heilbr.- og trn. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 21). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan að hv. 2. þm. Austf. væri viðstaddur þessa umr. og óska því eftir að umr. verði frestað þar til hann getur setið fund.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Umr. hafa orðið allmiklar um þetta frv. og alllangar. Hygg ég að nú sé það í fimmta eða sjötta sinn tekið fyrir. Ég skal ekki tefja umr. úr hófi fram. Ég ætlaði mér satt að segja ekki að tala í þessu máli fyrr en þá kannske eftir að frv. kæmi úr n., en mér sýnist allt stefni að því, að það sé mjög vafasamt að það komi úr n. nú á þessu þingi. Þess vegna vil ég fara um frv. örfáum orðum.

Aðalefni frv. er, eins og fram kemur í 1. og 2. gr., að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur um framboðslista, en þar hefur mönnum verið raðað eftir ákvörðun viðkomandi flokka. Nú á að breyta því í það horf, að frambjóðendum sé raðað í stafrófsröð. Mér sýnist fljótt á litið að þetta sé verulegt skref aftur á bak og geti orðið þannig framkvæmt, að það mundi verulega torvelda kjósendum að greiða atkv. og örugglega tefja kosningar talsvert.

Um tilgang með flutningi þessa frv. skal ég ekki taka eins djúpt í árinni og hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði, sem hélt því fram, að frv. væri fram komið vegna áróðurs frá einstaka mönnum sem kannske hefðu hug á því að fá kosningalögunum breytt þannig að það gæti orðið möguleiki fyrir þá, sem annars hefðu ekki fylgi innan sinna flokka, að komast í efstu sæti eða í vonarsæti á listum flokkanna. Ég skal ekki um þetta dæma, en einhvern veginn hefur maður á tilfinningunni að áhrif hafi haft sá áróður, sem hefur verið fyrir því í fjölmiðlum að undanförnu að gera kosningarnar persónulegri eða láta kjósendur hafa meiri bein áhrif á kosningarnar, þannig að þeir gætu frekar valið um persónur heldur en nú er, er þeir standa frammi fyrir því að þurfa að velja um flokka. Ég skal ekki neitt um það fullyrða að þetta hafi ráðið um flutning þessa frv., en einhvern veginn hefur maður á tilfinningunni að þetta hafi haft nokkur áhrif á flm., hv. 14. þm. Reykn.

Ég skil 4. gr. frv. þannig — og ég held að flm. hljóti að meina það — að ef menn greiða atkv. án þess að gera nokkra breytingu á listann, þannig að þeir numeri ekki frambjóðendur, setji þá ekki í neina röð, falli atkv. að sjálfsögðu til listans og þá jafnt til allra þeirra á listanum sem raðað er í stafrófsröð, en eins og segir í 2. málsl. 4. gr.:

„Hafi kjósendur notað rétt sinn skv. 2. málsgr. 84. gr. til þess að raða frambjóðendum á listann ræður sú röðun við úthlutun þingsæta af listanum."

Ég tel mig hafa nokkra og alllanga reynslu af kosningum og ég fullyrði að það er rétt, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. e., að það er ekki almennur vilji kjósenda að vera settir í þá aðstöðu að þurfa að tölusetja frambjóðendur, heldur er það örugglega ósk þeirra, að kosningin sé gerð sem allra einföldust. Ég geri mér að sjálfsögðu ljóst, að það eru einstakir menn innan flokkanna og einstakir kjósendur í landinu sem vilja hafa það fyrirkomulag að geta haft þessi beinu áhrif, en almennt er það ekki, það þori ég að fullyrða. Það er yfirgnæfandi meiri hl. kjósenda, sem vill hafa kosningarnar sem einfaldastar, en ekki láta flækja þær með því að þurfa að setja númer framan við nöfn manna á listanum, enda á ég satt að segja mjög erfitt með að sjá hvernig hægt væri að framkvæma með góðu móti kosningar, t. d. hér í Reykjavík þar sem eru um 48—50 þús. manns á kjörskrá, ef ætlast væri til þess að allir kjósendur færu að setja númer fyrir framan þá frambjóðendur á listanum sem þeir vildu helst, þar sem getur verið um allt upp í 6—8 nöfn að ræða, sem þeir teldu að gætu verið eða væru örugg sæti, og þyrftu kannske að raða 10 og allt upp í 12 sæti. Af þeirri reynslu sem ég hef af kosningum, er ég sannfærður um að það yrði mjög erfitt að framkvæma kosningar hér á þessu svæði, bæði í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi, þar sem kjósendur eru þetta margir, og kosningarnar yrðu örugglega mjög tafsamar, bæði sjálfar kosningarnar og eins þegar ætti að fara að gera upp úrslit kosninganna.

Þetta er nú kannske ekki aðalatriðið. Aðalatriðið hjá mér er það, að ef þetta er rétt skilið, að þeir kjörseðlar, þar sem kjósendur hefðu ekki notað sér rétt samkv. 2. málsgr. 84. gr., eins og lagt er til í frv., og ekki hreyft neitt við röðun manna á lista, heldur krossað við listann í stafrófsröð, komi jafnt til góða öllum á listanum, þá gæti farið svo, að það væri raunverulega aðeins lítill hluti þeirra kjósenda, sem greiddu atkv., sem hefði áhrif og réði í raun og veru um það, hverjir væru kosnir af hverjum lista. Við skulum segja að helmingur kjósenda greiddi listanum atkv. án þess að nota sér rétt sinn til röðunar, en hinn helmingurinn gerði það, þá væru aðeins þeir, sem notuðu rétt sinn til röðunar, sem raunverulega hefðu áhrif. Hin atkv. féllu dauð og ómerk að þessu leyti. Ég hygg að það sé ekki spor í rétta átt að setja kjósendur í þá aðstöðu, að ef þeir vilji í raun og veru láta atkv. sín gilda eitthvað, þá séu þeir neyddir til þess að taka upp þetta kerfi, sem lagt er til í 4. gr., að raða frambjóðendum eða tölusetja frambjóðendur í þeirri röð sem þeir telja að eigi að vera á listanum.

Það er þetta ákvæði sem ég tel að sé spor aftur á bak. Ég þykist þekkja svo vel til þessara mála, að ég er sannfærður um að aldrei yrði meira en helmingur af kjósendum sem mundi nota sér þennan rétt. Þar með kæmu atkv. minna ekki til greina í þeim skilningi að þeir hefðu áhrif á það, hverjir kosnir yrðu, þar sem tekið er fram í síðari málsl. 4. gr., að það er aðeins röðun á listann sem ræður úrslitum við úthlutun þingsæta. Ég held því að grundvöllurinn fyrir þessu frv. sé þannig, að það mundi verða stórt skref aftur á bak í kosningum ef inn á það væri farið, bæði í þeim skilningi, að það mundi tefja mjög kosningarnar, gera þær allar erfiðari í framkvæmd, og annað, sem er þó verst, að það mundi alls ekki vera rétt mynd af vilja kjósenda hverjir færu inn af hverjum lista. Þetta er það sem ég tel þurfa að athuga, og ég mun ekki undir neinum kringumstæðum treysta mér til að greiða atkv. með frv. eins og það liggur fyrir.

Annað atriði, sem ég sé varhugavert við þetta frv., er að í grg. kemur það greinilega fram og er beint tekið fram í c-lið aths. með frv., að flm. ætlast til þess að þau prófkjör, sem nú eru framkvæmd í sambandi við val manna á framboðslista legðist niður og prófkosningarnar verði raunverulega samtímis hinum almennu kosningum. Þetta táknar að hver frambjóðandi, sem hefði áhuga á því að komast áfram, ná sér í fylgi, yrði — eins og nú er gert í prófkjöri — að setja upp sína kosningaskrifstofu og reyna að hafa áhrif á þá kjósendur, sem hann hefði tök á, til þess að setja sig í það sæti sem hann sjálfur teldi sig eiga að vera í.

Nú vitum við að framkvæmd á þeim prófkjörum, sem verið hafa í sambandi við þær kosningar sem fram undan eru, hefur verið á þann veg, að ég hygg að flestir séu búnir að gera sér grein fyrir því, að það eru tvær hliðar á framkvæmd prófkjöra. Ég hygg að menn séu orðnir almennt sammála um það, að ef prófkjör eiga að vera í framtíðinni verði að setja um þau einhverjar ákveðnar reglur, þannig að það mundi ekki ske, það sem nú hefur skeð í þessum prófkosningum og öllum er ljóst, að sömu menn kjósa kannske hjá tveimur og jafnvel þremur flokkum og kannske fleiri en einum flokk sama daginn. Þetta er örugglega ekki mynd af því lýðræði sem við ætlumst til að við sé haft í prófkjörum. Þess vegna hlýtur að koma að því, að Alþ. setji reglur um prófkjör. Prófkjör geta verið ágæt og þau geta verið nauðsynleg, en það form, sem nú er viðhaft, þar sem hver flokkur getur ákveðið, hvaða form hann hefur í prófkjöri, og alveg ráðið því, er vafasamt. Ég tel að þetta þurfi að endurskoða og að fram þurfi að koma ákveðnar reglur, þar sem opinberir aðilar hefðu eitthvert eftirlit með framkvæmd á sjálfum prófkjörunum.

Flm. bendir á í grg., að hann vilji forðast að prófkjörin skilji eftir „sár meðal samherja, sem síðar verða að vinna saman í sjálfum kosningunum", eins og segir orðrétt í grg. með frv. Ég hygg að þetta yrði enn þá erfiðara ef kosningalögin ættu að vera þannig, að hin raun-

verulegu prófkjör færu fram samtímis eða í sjálfri kosningabaráttunni, því þar yrðu auðvitað hörð átök innbyrðis meðal frambjóðenda hvers flokks og kosningabaráttan mundi sennilega nokkuð fara út í það, að menn í flokkunum færu að berjast innbyrðis um sæti á listunum, en árófur [illegible] málstað hvers flokks sæti þá frekar eftir. Og ef það er rétt, sem hér kemur fram í grg. sem ég las áðan, að flm. telur að prófkjörin hafi skilið eftir sár hjá mönnum, þá væri síst betra, að slíkt ástand skapaðist í sjálfri kosningabaráttunni og þá daga sem á undan kosningunni fara, en á sjálfan kjördaginn.

Ég tel því að þetta frv. þurfi að athuga mjög vel í þeirri n. sem það fer til, og ég satt að segja á varla von á því, að menn geti orðið þar sammála um þetta mál, eftir þeim umr. sem maður hér hlustaði á, eða að samkomulag verði um að koma frv. út úr n. Ég mundi telja best farið að það fengi að daga uppi í þeirri n. sem fær það til meðferðar. Ástæðan fyrir því er sú sem ég hef hér greint frá, að að mínum dómi er þetta spor aftur á bak og mundi verða til þess að tefja framkvæmd kosninganna og mundi verða til þess að gera kjósendum erfiðara fyrir við kosningarnar, sem ég fullyrði að er þvert ofan í vilja meginhluta kjósenda sem óska eftir því að kosningar almennt séu sem allra einfaldastar og auðskildastar og þeir eigi sem greiðastan aðgang að því að láta með sem hægustu móti vilja sinn í ljós með því að setja kannske einfaldan kross við þann lista sem þeir vilja styðja.

Ég hygg að í og með hafi það kannske haft nokkur áhrif á hv. flm., að það er mjög orðið í tísku að tala um klíkur innan flokkanna sem ráði framboðum. Ég hygg að þetta sé á miklum misskilningi byggt. Ég satt að segja fæ ekki almennilega skilið að nokkrum forustumanni flokks detti í hug að láta það ráða framboðum, hvaða menn einhver klíka telur að eigi að vera í framboði. Það hlýtur að vera, að þeir fari þarna nokkuð eftir því sem þeir vita um frambjóðendur, hvort þeir hafa fylgi og traust kjósendanna. Þeir hljóta að láta það frekar sitja í fyrirrúmi, því ef þeir tækju þann kostinn að fara eftir eigin duttlungum eða kröfum einhverra tiltekinna aðila, væri hætt við að þeir fengju að kenna á því í kosningum og að sá listi, sem þannig yrði staðið að, næði aldrei þeim árangri sem flokkslistinn mundi ná, ef þannig yrði að staðið, sem ég held að sé almennt núna, að þeir, sem ráða þar málum, geri það ekki af neinum klíkuskap. Þeir gera það hreinlega vegna þess að þeir telja víst og hafa örugglega látið rannsaka það mjög vel, hvaða aðilar það eru sem fólkið í þeirra flokki helst muni bera traust til og geti náð best til kjósenda. Annað væri að mínum dómi hrein fjarstæða, því auðvitað er hörð samkeppni á milli flokkanna um að koma sínu framboði þannig fyrir, að ætla megi, að listinn hafi sem allra mest traust kjósenda og sé líklegur til þess að draga að flokknum atkvæði og þar af leiðandi styrkja aðstöðu flokksins í heild. Þetta finnst mér líklegra en að einhverjar klíkur ráði málum, kannske eftir geðþótta einstakra manna sem sjálfir vilja komast í framboð. Ég þekki a. m. k ekki annað sjónarmið í sambandi við uppstillingu á lista en það, að á listana eru valdir þeir menn sem almennt er talið að hafi mest traust.

Ég hygg að þeir, sem lengi hafa fengist við kosningar, hafi rekið sig á það, og á ég þar frekar við sveitarstjórnarkosningar, að oft er erfiðara að fá menn til að taka sæti á listum en menn ætla. Það er örugglega um allt land mjög mikið af góðum og gegnum mönnum, sem fólkið vildi fá í kosningar, hvort heldur er til sveitarstjórna eða Alþ., en þeir hafa hreinlega ekki gefið kost á sér og þess vegna ná flokkarnir kannske ekki þeim árangri sem þeir gjarnan vildu, þó þeir hafi innan sinna vébanda menn sem fólkið mundi e. t. v. treysta betur en þeim mönnum sem endanlega lenda á listunum. Ég tel því að það hljóti að vera mjög hörð samkeppni á milli flokkanna einmitt á þessum grundvelli, að búa sína lista sem best út, frekar en að um nokkurn sé að ræða sem geti ráðið því, að listinn verði veikari en hann annars gæti orðið.

Ég sagði í upphafi, að ég mundi ekki tefja umr. um þetta mál, og ætla því ekki að hafa þetta lengra, en taldi mig þó vilja segja um frv. nokkur orð áður en það fer til n., af því ég satt að segja á varla von á að það komi úr n. aftur á þessu þingi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 29. fundur.

Miðvikudaginn 14. des., að loknum 28. fundi.

Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. (þskj. 170). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Þegar frv. til fjárl. fyrir árið 1978 var lagt fram í þingbyrjun var kjarasamningum opinberra starfsmanna ólokið. Kauplags- og verðlagsforsendur frv. voru í aðalatriðum reistar á kjarasamningum Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda frá því í júní að því er tekur til grunnkaupshækkana, en ekki var reiknað með áhrifum verðbóta á laun eftir 1. sept. s. l. Með frv. var stefnt að aðhaldi í ríkisfjármálum í því skyni að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir aukinn halla í viðskiptum við útlönd. Til þess að ná þessu markmiði var talið nauðsynlegt að draga úr opinberum framkvæmdum í heild og takmarka aukningu samneyslu við fólksfjölgun og beita sköttun á þann veg, að einkaneysla ykist heldur hægar en annars mætti búast við.

Nýgerðir kjarasamningar við opinbera starfsmenn og síðustu spár um verðlagsþróun á næsta ári gefa til kynna, að ríkisútgjöld muni hækka verulega — einkum laun og tryggingagjöld — umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Jafnframt stefnir í meiri aukningu einka-

neyslu og þar með þjóðarútgjalda en samrýmist markmiðum fjárlagafrv.

Í ljósi þessara viðhorfa þarf að endurskoða bæði gjalda- og tekjuhlið frv. Við þessa endurskoðun er miðað við sömu verðlagsforsendur og við gerð lánsfjáráætlunar, eða um 30% almenna hækkun verðlags á næsta ári, og þó rúmlega 42% hækkun á verðlagi samneysluútgjalda. Eins og nú horfir er fremur hætt við því, að þessar verðspár séu of lágar en of háar, og því brýnt að beita öllum tiltækum ráðum til þess að hamla gegn verðbólgu.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun áætlar að hækkun ríkisútgjalda til samræmis við þessar breyttu horfur muni verða um 18.3 milljarðar kr. frá fjárlagafrv., þar af 13.1 milljarður á launalið og 3.9 milljarðar á útgjöldum almannatrygginga, sem fylgja launum að miklu leyti. Hækkun á öðrum liðum er talin nema 1.3 milljörðum, þar af 500 millj. vegna ullarniðurgreiðslna og tæplega 500 millj. vegna hækkunar markaðra tekjustofna til samræmis við nýja tekjuáætlun.

Þjóðhagsstofnun vinnur nú að endurskoðun tekjuáætlunarinnar 1978 í ljósi nýjustu vitneskju um innheimtu ríkistekna 1977 og nýrrar þjóðhagsspár fyrir næsta ár. Þar kemur fram, að innheimta ríkistekna á árinu 1977 verði að líkindum svipuð og spáð var í fjárlagafrv. í haust, eða 96.5 milljarðar kr., þó fremur undir þeirri fjárhæð en yfir. Á þessum grunni og með breyttum verðlagsforsendum 1978 — en hins vegar áfram miðað við 4% aukningu þjóðarútgjalda — er áætlað að innheimtar ríkistekjur verði 10.7 milljörðum meiri en áætlað var í fjárlagafrv. Í þessari áætlun er miðað við að skattvísitalan verði 131 stig, en hækkun meðaltekna verði líklega um 42% milli 1976 og 1977. Þetta hefur í för með sér hækkun tekjuskatts um 300 millj. umfram áætlun fjárlagafrv., þar sem miðað var við 40% tekjuaukningu. Auk þess er reiknað með að tekjur af eignarskatti verði um 300 millj. kr. meiri en áætlað er í frv., þar eð verðhækkun fasteignamats mun yfirleitt verða á bilinu 30—35% í stað 30% í fyrri áætlun. Skattfrjáls eign mun hækka úr 6 í 8 millj. fyrir einhleyping og úr 9 í 12 millj. kr. fyrir hjón samkv. till. sem fram hafa komið í fjh.- og viðskn. Ed. við það frv. sem d. fjallar um varðandi breyt. á skattalögunum. Hækkun gjalda af innflutningi er talin vera nálægt 3.7 milljörðum kr. og á sköttum af seldum vörum og þjónustu nálægt 5 milljörðum kr. Hækkun á mörkuðum tekjustofnum er innan við 500 millj. kr. og hækkun almennra tekna verður því líklega nálægt 10.2 milljörðum kr.

Niðurstöður endurskoðaðra tekju- og útgjaldaáætlana ríkissjóðs á næsta ári leiða í ljós hækkun gjalda er nemur 18.3 milljörðum kr. og hækkun tekna sem að öllu óbreyttu er talin nema um 10.7 milljörðum kr. Sá fjáröflunarvandi, sem við er að glíma, nemur því 7.6 milljörðum kr. Þennan vanda hyggst ríkisstj. leysa bæði með lækkun útgjalda og nýrri tekjuöflun.

Ég greindi í gær í ræðu minni í Sþ. við 2. umr. fjárl. frá till. um lækkun ríkisútgjalda er nema rösklega 3.7 milljörðum kr. Meginatriði þessara till. eru fólgin í lækkun launaáætlunar um rúmlega 1.7 milljarð vegna minni eftirvinnu — og lækkunar annarra aukagreiðslna. Einnig er lagt til að framlag úr ríkissjóði til Byggðasjóðs verði lækkað um 330 millj. kr., en gert er ráð fyrir að ráðstöfunartekjur sjóðsins verði samkv. þeirri löggjöf sem um hann gilda, 2% af heildarfjárhæð fjárlaga. Þátttaka einstaklinga í beinum greiðslum fyrir lyf og sérfræðilega læknisþjónustu verður og aukin, auk þess sem reynt verður að draga úr ýmsum útgjöldum eftir því sem við verður komið.

Samtals er gert ráð fyrir að lækka ríkisútgjöldin um rúmlega 3.7 milljarða kr., en að auki er gert ráð fyrir lækkun tekjuöflunar og framkvæmdafjár til vegagerðar frá því sem var í fjárlagafrv. Til viðbótar þessu er síðan ráðgert að draga úr lánsfjármögnuðum opinberum framkvæmdum um nálega 900 millj. kr. frá því, sem var í fjárlagafrv., í því skyni að erlendar lántökur fari ekki fram úr endurgreiðslu eldri lána og því sem telja má nauðsynlegt til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna. Þessum málum eru gerð rækileg skil í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1978 sem lögð var fram á þingi í gær.

Nauðsyn aukins aðhalds í ríkisfjármálum, eins og að var stefnt í fjárlagafrv., er nú enn brýnni en áður í ljósi þróunar verðlags og utanríkisviðskipta á síðustu mánuðum. Hætta á vaxandi verðbólgu og auknum viðskiptahalla er nú greinilegri en fyrr á árinu og því enn mikilvægara að haldið verði fast við markmið fjárlagafrv. Jafnvægi í ríkisfjármálum og endurgreiðsla á skuldum ríkissjóðs er einnig eitt af frumskilyrðum þess, að stjórn peningamála verði með þeim hætti sem að er stefnt í lánsfjáráætlun.

Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum, einkum með tilliti til verðlagsþróunar, er nauðsynlegt að brúa bilið milli tekna ríkissjóðs fyrst og fremst með ráðstöfunum sem hafa ekki bein áhrif á verðlag og auka innlendan sparnað er komi í stað erlendrar lántöku.

Það frv., sem hér er til umr., mun færa ríkissjóði, ef samþ. verður, aukin fjárráð á næsta ári sem nemur 1.5 milljarði kr. Öflun þess fjár er þríþætt: 1) Álagning 10% skyldusparnaðar á tekjur fyrir ofan visst mark skilar á árinu 1978 1 milljarði. 2) Tvöföldun flugvallagjalds á utanlandsferðir gefur í auknar tekjur 300 millj. 3) Heimild til álagningar gjalds á gjaldeyrisleyfi verði rýmkuð í 2% og henni beitt þannig að það gefi ríkissjóði í auknar tekjur 200 millj.

Auk þessa frv. hefur verið lagt fram stjfrv., flutt af hæstv. heilbr.- og trmrh., um hækkun sjúkratryggingagjalds í 2%, sem verið hefur 1% af brúttótekjum einstaklinga, en það mun auka tekjur ríkissjóðs vegna tryggingakostnaðar á árinu 1978 um 1.9 milljarða kr.

Enn fremur hefur verið lagt fram stjfrv. um álagningu sérstaks jöfnunargjalds af sælgæti, kexi, brauðvöru o. fl. og er það á dagskrá þessa fundar í kvöld. Það frv. er til þess að jafna samkeppnisaðstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart innflutningi, en jafnframt félli þá

niður niðurgreiðsla á hráefnisverði til þessarar framleiðslu. Talið er að gjald þetta muni skila ríkissjóði 300 millj. kr. 1978 þegar allt er talið.

Auk þessara ráðstafana er gert ráð fyrir hækkun bensíngjalds, eins og heimilt er að óbreyttum lögum, en sérstök hækkun — um 7.50 kr. á lítra — er þar að auki með sérstökum lögum. Frv. að þeim lögum hefur verið útbýtt og er til umr. á þessum fundi. Til jafns við þá hækkun hækki þungaskattur. Þessar einstöku ráðstafanir munu skila ríkissjóði 300 millj. kr. lægri tekjum en áætlað er í fjárlagafrv., og framkvæmdafé til vegagerðar mun því lækka um þá fjárhæð, eins og þegar hefur verið getið.

Með þessum hætti skortir eilítið á að náðst hafi fullur jöfnuður í ríkisfjármálum 1978, ef frv. þessi verða að lögum. Nákvæmar niðurstöður fást fyrst í meðförum fjvn. fyrir 3. umr. fjárlagafrv., og verða þá gerða viðeigandi ráðstafanir til að eyða hugsanlegum halla, sem eftir kynni að standa þegar endanleg endurskoðun tekjuáætlunar hefur verið lögð fram.

Þær ráðstafanir, sem hér hefur verið lýst, eru nauðsynlegar til þess að tryggja að þeim þjóðhagslegu markmiðum, sem sett voru fram í fjárlagafrv., verði náð á næsta ári, auk þess sem jafnvægi í ríkisfjármálum er nauðsynleg forsenda við stjórn efnahagsmála á næsta ári.

Séu áhrifin af þeim ráðstöfunum, sem hér hefur verið stuttlega lýst, dregin saman er niðurstaðan sú, að einkaneyslan er talin aukast á næsta ári um 6% eða rúmlega það, sem er svipað hlutfall og miðað er við í fjárlagafrv. Opinberar framkvæmdir dragast saman um nær 9% eða nokkru meira en samkv. fjárlagafrv. Aukning þjóðarútgjalda og þjóðarframleiðslu yrði eftir sem áður svipuð og lagt var til grundvallar við gerð fjárlagafrv., eða 3—4%, og viðskiptahalli ekki meiri en á þessu ári.

Í 1. gr. þess frv. sem hér er fjallað um, en í þeirri grein eru ákvæðin um skyldusparnað, er gert er ráð fyrir að einstaklingur greiði 10% af skattskyldum tekjum sínum sem eru umfram 2.4 millj. Samsköttuð hjón greiði sama hlutfall af skattskyldum tekjum skattársins 1977 að frádregnum 3 millj. 100 þús., en hjón, sem telja fram hvort í sínu lagi, 10% af skattskyldum tekjum hvors um sig á skattárinu 1977 að frádregnum 1 millj. 860 þús. kr. hjá hvoru.

Í 5. gr. frv. er svo gert ráð fyrir að innheimta gjöld samkv. 2. gr. laga um flugvallagjald með 100% álagi 1978. Er hér um að ræða flugvallargjald á ferðir erlendis.

Í 6. gr. frv. er rýmkuð heimild til handa ríkisstj. í sambandi við álagningu leyfisgjalds af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að þessum orðum mínum sögðum að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Eins og hæstv. fjmrh. hefur hér gert grein fyrir, er um að ræða eitt frv. af mörgum sem hæstv. ríkisstj. leggur fram í sambandi við afgreiðslu fjárl. að þessu sinni. Samkv. þessu frv. er um að ræða nýja tekjuöflun. Frv. felur í sér þrenns konar skattlagningu í rauninni. Í fyrsta lagi, sem er meginatriði frv., eru ákvæði um skyldusparnað sem ráðgert er að gefi ríkissjóði um 1 milljarð kr. í tekjur, og er það í rauninni lánsfé, en samt ráðstöfunarfé. Í öðru lagi er ákvæði um hækkun á flugvallagjaldi, sem nemur 300 millj. kr. Og í þriðja lagi að gjald verði hækkað í sambandi við veitingu á gjaldeyrisleyfum. Það gjald er áætlað að muni gefa í kringum 200 millj. kr., eða m. ö. o.: það er gert ráð fyrir að þetta frv. leggi ríkissjóði til í viðbótartekjur við það, sem er í gildandi lögum, um 1½ milljarð kr. á ári.

Þetta frv. er aðeins eitt af mörgum, sem hér eru á ferðinni nú, og það er varla hægt að ræða um það nema í beinu samhengi við hin frv. Það er skoðun mín að sú tekjuöflun, sem felst í þessu frv., sé ekki með öllu óeðlileg. Það hefði að vísu komið til greina af minni hálfu að fara aðrar leiðir sem ég hefði talið heppilegri. Ég hefði t. d. talið heppilegra, ef ríkissjóður héldi sig óhjákvæmilega þurfa að fá meiri tekjur, að reynt hefði verið að ná nokkrum tekjum af þeim fjöldamörgu atvinnurekstrarfyrirtækjum í landinu sem engan skatt greiða til ríkisins og ég hygg að næstum allir viðurkenni að nær í rauninni engri átt.

Hér hefur verið horfið að því ráði að leggja viðbótartekjuskatt í formi skyldusparnaðar á tekjur fyrir ofan ákveðið mark. Það er ljóst að í þessari skatttöku lenda ýmsir sem ekki eru of vel í stakk búnir til að bera þennan skatt, en þó verður maður að ætla að meiri hl. þessa skatts lendi á þeim sem betri hafa tekjurnar. Svipað er að segja um það að ákveða tvöföldun á því flugvallagjaldi sem verið hefur. Það er í rauninni ekki neitt stórmál og gat vissulega komið til greina að hækka það gjald. Varðandi það sérstaka gjald, sem er lagt á gjaldeyrisleyfi og hefur verið 1%, en nú er gert ráð fyrir að verði 2%, sýnist mér vera miklu meiri vafi á því, hvað raunverulega er verið að gera með þeirri gjaldtöku. Ég hygg að sá háttur hafi verið hafður, að ríkissjóður hafi fengið um helming af þessu gjaldi til þessa, en hinn helmingurinn runnið til bankanna. Í þessu frv. segir í 6. gr., að ríkisstj. skuli sjálf ákveða hvernig gjaldi þessu verði ráðstafað, en óvenjulegt er að sjá í lagasetningu, að það sé lagt á ákveðið gjald og síðan sé bætt við, að ríkisstj. skuli sjálf ákveða til hvers gjaldinu verði ráðstafað. Eðlilegra hefði að sjálfsögðu verið að legið hefði skýrt fyrir hvort átti að hækka þetta gjald fyrir ríkissjóð, fyrir þarfir ríkissjóðs almennt, eða hvort hér er verið að hækka gjaldtöku vegna bankanna án þess að frá því sé greint. Þetta verður að sjálfsögðu athugað í n. þeirri sem fær málið til meðferðar.

Eins og ég sagði áður, er þetta frv. út af fyrir sig aðeins liður þessa máls og í rauninni ekki aðalatriði málsins. Hitt skiptir meira máli í þessu samhengi, að átta sig á því, hvort það hafi verið rétt leið, eins og nú standa sakir, að fara í þessa skattlagningu eða hvort það hefði verið til önnur leið að koma málum þannig fyrir að hægt væri að afgreiða fjárl. að þessu

sinni án rekstrarhalla. Það er skoðun mín að hægt hefði verið og það hefði átt að fara hina leiðina að lækka viss útgjöld á vegum ríkisins, sem hefði gert kleift að þeir tekjustofnar hefðu mátt duga, sem ríkið bjó við áður, og þó er ég á þeirri skoðun að sumir þeirra tekjustofna hefðu þurft að víkja, eins og ég hef tekið fram nokkrum sinnum áður þegar þessi mál hafa verið rædd.

Það verður ekki heldur undan því vikist að benda á það, að þessi aðferð til nýrrar tekjuöflunar, nýrrar skattlagningar, þó með þessum hætti sé, skýtur nokkuð skökku við. Það gerðist sem sagt á miðju þessu ári, um það leyti sem var verið að semja á vinnumarkaði um launakjör, að ríkisstj. féllst á að það skyldi m. a. verða hennar framlag til þess að kaupgjaldssamningar næðust að lækka nokkuð tekjuskatt á lægri tekjum. Sett voru brbl. í þá átt og þau hafa legið fyrir þinginu til afgreiðslu. Sem sagt, það átti að vera framlag ríkisins að lækka skatta á lægri tekjum. Þó að það hafi verið gert er hins vegar farin sú leið nú eftir nokkra mánuði, að raunverulega er þetta allt tekið aftur og meira en það með þessum ráðstöfunum, ekki fyrst og fremst með þessu frv. sem hér liggur fyrir, það er aðeins hluti ráðstafananna, en miklu fremur kemur þetta fram í frv., sem hér hefur einnig verið lagt fram og er um hækkun á sjúkratryggingagjaldi, en með því er meiningin að innheimta sem nemur 1.9 milljörðum kr. með viðbótarskatttöku. Þar er gengið miklum mun lengra en áður var samkv. skattalagaákvæðum, vegna þess að þessi gjaldtaka, hækkunin á sjúkratryggingagjaldinu, er miðuð við gjaldstofn til útsvars sem gengur miklu neðar í tekjuskalanum, leggst á lágtekjufólk í ríkum mæli. Þessi nýja gjaldtaka kemur því í rauninni þvert á loforð ríkisstj. í sambandi við lausn kjarasamninganna. Þarna er verið að leggja nýjan viðbótarskatt á það fólk sem átti að létta sköttum af.

Það er einnig brot á þessu samkomulagi að mínum dómi, sem gert er einnig ráð fyrir í meðferð þessa máls í heild í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv., þar sem nú er gengið út frá því, að skattvísitala ársins verði 31%, á sama tíma og fyrir liggur að tekjur á milli ára hafa hækkað um 42%. Í þessu felst veruleg þynging á tekjuskattinum. Þarna er verið að taka það til baka aftur sem lofað hafði verið áður í sambandi við lausn kjarasamninga. Það kemur ekki skýrt fram í þessu frv. eða í grg. ríkisstj., sem ég man eftir að hafa séð, hvað þessi ákvörðun er um miklu lægri skattvísitölu en hún hefði átt að vera, hve miklu þetta nemur til hækkunar á tekjuskatti. En mér hefur skilist að þetta næmi raunverulega um 2 milljörðum samtals. Þá er auðvitað sýnilegt að ríkisstj. er búin að gera að engu það loforð sem hún gaf til að stuðla að lausn kjarasamninganna, því hún er á þennan hátt búin að hækka aftur tekjuskattinn mjög verulega, með því að ákveða skattvísitöluna á þennan hátt og með því að hækka sjúkratryggingagjaldið eins og nú er stefnt að.

Að einhverju leyti hefur þetta frv. um skyldusparnað líka áhrif, en það liggur ekki ljóst fyrir mér enn þá, að hvað miklu leyti þessi skyldusparnaður kemur einnig á þá sem var ætlunin að lækka skatta á með loforðum frá því í sumar. En að því leyti til sem þessi skyldusparnaður þýðir skattahækkun á hina tekjuhærri í þjóðfélaginu finn ég ekki að því. Það er skoðun mín, að tekjuskatturinn og eins eignarskattur hafi verið hjá okkur tiltölulega mjög lágir á háum eða góðum tekjum og enginn vafi er á því, að þessir skattar hafa verið mjög lágir hér hjá okkur ef við berum saman við það sem mun vera algengast í löndunum í kringum okkur.

Það eru ýmis atriði í sambandi við þetta frv. sem þarf að fá frekari upplýsingar um. Ég mun ekki við 1. umr. um málið tefja það á neinn hátt. Það verður leitað eftir upplýsingum um þessi atriði í n. og síðan gefst tækifæri til að ræða þau nánar þegar málið kemur frá nefnd.

Aðeins eitt atriði vil ég minnast á til viðbótar við það sem ég hef rætt um, en það er sú ákvörðun að gera ráð fyrir hækkun á bensíngjaldi um 7.50 kr. umfram þá hækkun sem hægt er að gera samkv. gildandi lögum og reglum, en þetta mun þýða, skilst mér, eitthvað rúmlega 13 kr. hækkun á bensíngjaldinu á lítrann. Ég hef sagt það áður, að út af fyrir sig það atriði að hækka bensíngjaldið til Vegasjóðs gat fyllilega verið réttlætanlegt miðað við það ófremdarástand sem okkar vegagerðarmál hafa komist í nú á síðustu þremur árum, því keyrt hefur alveg úr hófi hvernig á þeim málum hefur verið haldið. En ég er á þeirri skoðun enn, eins og ég hef lýst áður, að ég tel að það nái engri átt að fara að hækka þetta gjald án þess að einnig komi til nokkur hluti af öllum þeim skattpeningi sem ríkissjóður tekur af hækkuðu bensínverði og hefur tekið. Það nær vitanlega engri átt að ætla sér að hækka bensíngjaldið til Vegasjóðs vegna þarfa Vegasjóðs og að það eigi þá að þýða að ríkissjóður fái viðbótartekjur bara af þessari ráðstöfun sem nemur 20% af þessari hækkun. Ég er á þeirri skoðun, að auðvitað ætti að koma þessum málum þannig fyrir að ríkissjóður tæki ekki söluskatt af því sérstaka viðbótargjaldi sem lagt verður á bensín í þágu Vegasjóðs. Einnig er ég á þeirri skoðun, að ríkissjóði beri skylda til að skila Vegasjóði nokkru af því fé sem hann hefur tekið að undanförnu með sérstakri skattlagningu á hækkandi bensínverð.

Ég mun svo ekki ræða um þetta mál frekar við 1. umr. Ég segi, að líta verður á þessi mál sem heild. Hér er valin sú leið af hæstv. ríkisstj. að taka upp nýja skattlagningu í ýmsum greinum, mjög vafasama og ósanngjarna skattlagningu, — skattlagningu sem ekki er í neinu samræmi við loforð hennar og yfirlýsingar til launþegasamtakanna áður. Hins vegar virðist ríkisstj. hafna því að reyna að takast á við þau vandamál sem óhjákvæmilegt er þó að takast á við, en það eru ekki aðeins þau vandamál sem ríkissjóður stendur frammi fyrir, heldur þau vandamál sem atvinnuvegirnir í landinu eiga við að glíma og verður að fást við innan tíðar. En allt, sem stefnir í þá átt að hækka verðlag í landinu eða gera hag hinna almennu

launþega verri en hann er í dag, eykur fremur á vandann sem þarf síðan að takast á við í sambandi við atvinnuvegina, en minnkar hann ekki. Það er því skammt hugsað í þessum efnum að hugsa aðeins um það, hvernig hægt verði að koma saman fjárl., jafnvel þó að það sé gert á þann hátt að hinn vandinn, hinn stóri vandi í efnahagslífinu, verður enn þá meiri eftir en áður.

Ég mun svo og minn flokkur lýsa afstöðunni til þessara mála í heild við afgreiðslu þeirra úr þeim n. sem um þau koma til með að fjalla.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Alþfl. gerir ekki ágreining við hæstv. ríkisstj. um hin yfirlýstu meginmarkmið hennar að ná jöfnuði í rekstri ríkissjóðs, draga úr verðbólgu og minnka greiðsluhallann. Hins vegar fer ekki á milli mála, að það er ærin ástæða til að deila um þær aðferðir, sem ríkisstj. beitir, og þær till., sem hún hefur látið rigna yfir alþm. undanfarna tvo daga eða sérstaklega undanfarnar klukkustundir.

Það er nú loks á allra vitorði, að kjarni þess vanda, sem við er að glíma á fjárhagssviðinu, er að ríkisútgjöld muni hækka um 18.3 milljarða, en á móti því er sagt að almennar tekjur ríkisins muni líka hækka um 10.2 milljarða. Þetta fjalla menn yfirleitt um sem einhvers konar jólagjöf, þetta dragi úr því hve vandinn sé gífurlega mikill.

Ég vil vara við þeim hugsunarhætti og biðja menn að gera sér grein fyrir að í raun og veru verður landsfólkið að standa undir 18.3 milljörðum — einhvers staðar verður það fé tekið. Sem dæmi get ég nefnt nokkur atriði, sem falla inn í útkomuna, að almennar tekjur ríkissjóðs hækki um 10.2 milljarða. Þar með er talið það bragð, að kukla við skattvísitöluna og haga henni á þann hátt að tekjuskattar hækka um rúmlega 2 milljarða. Þetta eitt er ekki lítil ný skattlagning, og ég tel, að það sé gáleysi sem jaðrar við blekkingu að tala um að þetta sé eðlileg, almenn hækkun á ríkistekjum. Þessi tala ætti að vera hreinlega viðurkennd sem nýjar álögur á greiðendur tekjuskatts, og munu þeir verða fáir sem sleppa við einhvern hluta af þeirri upphæð.

Við höfum fengið að heyra í gær og í dag, að fram fari mikill niðurskurður á ríkisútgjöldum og þykir það í sjálfu sér alltaf góðra gjalda vert, eins há og fjárl. eru nú orðin. Sumt af þessu kemur þó dálítið einkennilega út. Ég rak augun í litla fyrirsögn í einu stjórnarblaðinu í dag, þar sem stendur: „Lyfjakostnaður ríkisins lækkar.“ Þetta hljóðar býsna vel. Þarna eru sparnaðarmenn á ferð. En það hefði alveg eins mátt segja sannleikann og hafa fyrirsögnina: „Lyfjakostnaður fólksins hækkar.“

Það er ekki merkilegur sparnaður í ríkisrekstri að flytja væntanlega nokkur hundruð millj. af kostnaði við lyf af herðum almennings og yfir á þá sem verða að nota lyfin. Stundum er talað um að lyfjanotkun sé orðin allt of mikil og verði að gera fjárhagsráðstafanir til að reyna að draga úr henni. Það er búið að reyna þetta með brennivíninu í marga áratugi með litlum árangri, og ég efast um að það takist með lyfin, en í öllu falli er ekki um neitt slíkt að ræða, slíkar afsakanir eru ekki færðar fyrir þessu í dag. Það er hreinlega til að koma við svokölluðum „niðurskurði“, sem þessi útgjöld eru færð yfir á þá sem þurfa að kaupa lyf, og við vitum öll hversu þungur baggi lyfin eru t. d. fyrir gamla fólkið.

Verulegur liður af niðurskurðinum er einnig það sem kallað er lækkun eftirvinnu. Ekki skal ég hafa á móti því ef hægt væri að draga úr henni, því að hún er allt að því þjóðarböl hér á Íslandi. En ég verð að segja, að mig grunar að þetta geti reynst tálvonir því að það hafi oft áður orðið minna um efndir en óskir í þessum efnum. Þá liggur nærri að spyrja í sambandi við upplýsingar sem nýlega voru gefnar hér á Alþ.: Á að skera niður fastar eftirvinnugreiðslur til launahæstu embættismanna ríkisins? Trúir því nokkur, að það verði snert við slíkri eftirvinnu? Ætli það verði ekki litla fólkið í lágu launaflokkunum sem fyrst og fremst verður svipt þeirri eftirvinnu sem það kann að hafa fengið?

Það, sem gerist í þessum málum þegar litið er á þau sem heild, og ég er sammála hv. 2. þm. Austurl. um að það verður að líta á þau sem eina heild, er m. a. að opinberar framkvæmdir eru dregnar saman, en á hinn bóginn á einkaneyslan sífellt að aukast. Fer ekki á milli mála að það er meginstefna a. m. k. Sjálfstfl. og raunar ríkisstj. allrar, því að framsóknarmenn mótmæla ekki, að draga úr hinum félagslega þætti í þjóðlífinu, en auka einstaklingsþáttinn. Við getum litið á einstök dæmi og séð hvernig þetta kemur út. Við greiddum atkvæði um fjárl. í dag við 2. umr., og við vitum, að framkvæmdafé til skóla, sjúkrahúsa, barnaheimila, íþróttamannvirkja og annars slíks var skorið svo við nögl, að það mun verða kvartað sáran í öllum landshlutum. En einkaneyslan eykst stórkostlega, bæði í milljörðum og prósentum, og hún þýðir að verslunarhöllin, skýjakljúfurinn mikli, og aðrar verslunarbyggingar halda áfram að rísa. Þetta eru þær þjóðfélagsbreytingar, sem sjálfstæðismenn dreymir um, í mjög einföldu dæmi.

Mig grunar að menn muni átta sig á þessu, þó að hitt sé öllum ljóst, að takmörk eru fyrir því, hve skattheimta geti verið mikil. Það er dálítið forvitnilegt að Framsfl.-menn skuli sigla með í þessari ferð, þeir sem ávallt hafa talið sjálfa sig í hugsjónaflokki félagshyggjumanna, en það virðist nú vera algjörlega gleymt.

Þegar sagt er að æskilegra hefði verið að ríkisstj. hefði valið aðrar leiðir en almennt eru farnar í þeim frv., sem við höfum nú til meðferðar, og í fjárlagafrv., þá er fyrst á að benda að tekjuskattar og aðrir skattar á einstaklinga eru hækkaðir um milljarða, en ekki lagt neitt á veltu fyrirtækjanna og félaganna í landinu, þó að vitað sé að hundruð fyrirtækja fara ótrúlega vel út úr skattheimtu hins opinbera, þannig að vafasamt er að sambærileg dæmi séu til í nágrannalöndum.

Í öðru lagi bólar ekki á því nokkurs staðar, að skorið sé í bákn sem svo er kallað, og vantar þó ekki að það sé básúnað út — sérstaklega af Sjálfstfl. — að það þurfi að koma bákninu

burt. Það virðast aðeins vera framkvæmdirnar sem skornar eru niður.

Það er viðurkennt meira eða minna af öllum flokkum, að gerð fjárl. sé þvinguð, að ekki sé meira sagt, vegna þess hve mikið af útgjöldum eru lögbundið. Margt af því er þess eðlis, að skattpeningar almennings eru teknir og settir í útlánasjóði til að koma upp mannvirkjum. Þessi stefna hefur verið rekin í 30—40 ár og sífellt aukin, þannig að það er minna og minna, sem þingið sjálft getur ákveðið, vegna fyrri ákvæða. En það virðist ekki hafa orðið samkomulag um að gera neinar breytingar á þessum hlutum.

Loks má minna á að núv. ríkisstj. hefur hvað eftir annað lofað stórfelldum umbótum á skattakerfinu. Í fyrravetur lofaði sjálfur hæstv. forsrh. að slíkt frv. skyldi afgreitt fyrir jól, en veturinn dugði ekki og enn bólar ekki á því. En með umbótum á skattakerfinu ætti að vera hægt að draga stórkostlega úr skattsvikum og tryggja þannig nýjar tekjur upp á mörg hundruð milljónir, auk þess sem kerfið yrði gert mun réttlátara, þannig að þjóðin mundi una betur við.

Fleiri leiðir mætti nefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað fara, en í stað þess seilist hún til að leggja nýjar álögur á almenning.

Í því frv., sem nú er til umr., er skyldusparnaðurinn að sjálfsögðu meginatriði, þó að hann sé ekki einn af veigamestu liðum í aðgerðunum þegar litið er á þær í heild. Ég mun ekki andmæla honum, nema í ljós komi að framkvæmd hans muni fara of langt niður eftir tekjustiganum. Þegar vandi er við afgreiðslu fjárl. er ekki óeðlilegt að líta til hátekjugjaldenda og sjá, hvort þeir geti ekki borið örlítið meira til þess að þurfa ekki að leggja á allan almenning.

Nú er ætlunin að tvöfalda flugvallagjald, og það er vafalaust vinsæl hugmynd. Það hefur loðað lengi við og var svo til skamms tíma, að ferðir til útlanda voru taldar vera lúxus hér á Íslandi. Þótti því ekki óeðlilegt, að þær væru skattlagðar, bæði með flugvallagjaldi og jafnvel við gjaldeyrissölu til ferðamanna. En ég vil minna á þá þróun sem hefur orðið á síðustu árum, að skipulagðar hópferðir til annarra landa eru orðnar þáttur í lífi alls almennings í landinu. Fólkið, sem tekur þátt í þessum hópferðum, er fólk af því tagi, sem í íslensku þjóðfélagi fyrir 10—20 eða 30 árum hefði aldrei komist út fyrir pollinn né fengið að njóta orlofs í sól einu sinni. Ég geri töluverðan mun á þessum ferðamönnum og þjónum eða gæðingum kerfisins sem fara oft til útlanda á hverju ári og nálega alltaf á kostnað einhvers annars — oft skattgreiðenda eða fyrirtækja. Ég tel það allt annað viðhorf að taka aukið flugvallagjald af slíku flugi heldur en að leggja það á orlofshlunnindi, sem eru mikill þáttur í bættum lífskjörum alls almennings hér á landi síðustu árin.

Um bensíngjaldið mætti flytja langt mál, eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á, um samband þess við vegaframkvæmdir, um söluskattinn af því o. fl. En ég ætla að benda á eitt atriði í þessu sambandi. Ég undrast að það skuli koma fram frv. með grein um bensíngjöld og að það skuli ekki vera lagt neitt sérstakt gjald á þær bifreiðar sem eyða óhóflega miklu eldsneyti. Það eru slík frv. sem fara nú í gegnum þjóðþing nálega allra nágrannaríkja okkar. Lög þar refsa mönnum fyrir að nota bifreiðar sem eyða óhóflega miklu gjaldi, en hafa auðvitað fyrst og fremst fyrirbyggjandi áhrif og hindra að slíkar bifreiðar séu yfirleitt keyptar til landsins. Það þarf ekki nema líta á einhverja götu eða einhvern vegarspotta hér á landi til að sjá að það er fullkomin ástæða til að við tökum upp hið sama og allir aðrir hafa gert, af orkusparnaðarástæðum ekki síður en til fjáröflunar. Ég skal ekki segja hvort það mundi vega þungt í dæminu okkar stóra, en engu að síður mundi það vera aðgerð af því tagi sem allur almenningur mundi telja skynsamlega og horfa í rétta átt.

Hvað sem sagt er um vegakerfi og þörf fyrir stórfelldar aðgerðir á því sviði skulum við ekki gleyma því, að bíllinn hefur þó orðið almenningseign hér á landi á síðustu árum. Við skulum gæta þess að þrýsta ekki rekstrarkostnaði smárra og hóflegra bifreiða svo upp að venjulegir launamenn þurfi að neita sér um að eiga bifreiðar.

Um jöfnunargjald á sælgæti, brauðum og öðru slíku hef ég fátt að segja og get gjarnan samþykkt það. Hins vegar vekur það athygli, þegar frv. um slíkt gjald kemur fram, vegna þess að oft hefur verið talað um hvers vegna ríkisstj. beitti ekki meir hagstjórnartækjum af þessu tagi til að reyna að draga úr óhagstæðum verslunarjöfnuði. Því er að sjálfsögðu borið við, að við séum þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi um viðskipti og getum því ekki skorið okkur úr með því að hlaða upp einhvers konar höftum. Þetta er að sjálfsögðu rétt, og sú hætta er fyrir hendi, ef of langt yrði gengið á þessari leið, að við gætum fengið á okkur mótaðgerðir varðandi okkar eigin afurðir í öðrum löndum. Engu að síður hygg ég að nálega hver þjóð komist upp með að gera töluvert miklu meira, eftir því sem henni finnst hún sjálf þurfa, heldur en við höfum gert hér.

Herra forseti. Um ríkisútvarpið nýja ætla ég ekki að ræða, fyrr en það kemur á dagskrá, og frekari grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessara mála mun að sjálfsögðu koma fram við 2. umr. eða í nál.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Nú er kominn sá tími hér á hv. Alþ., að frv. og þar með bjargráðum hæstv. ríkisstj. rignir yfir þingheim, svo að vart gefst tími til að lesa mikið af þessum plöggum.

Um það frv., sem hér er til umr., skal ég ekki vera langorður. Aðalatriðið, að því er mér virðist, í þessu frv. er skyldusparnaðarákvörðun. Ég fyrir mitt leyti er ekki andvígur þeirri ráðstöfun. Það er að vísu alltaf spurning hvar eigi að setja mörk, bæði að því er varðar tekjuupphæðina og eins hitt, sem er spurning í mínum huga, hvort æskilegra hefði verið að hafa breytilega prósentu eftir því sem tekjur hækka. Þetta er í mínum huga ekkert meginatriði, en vel mætti athuga það. Ég vil strax við þessa 1. umr. taka fram, að ekki er um að ræða varðandi þetta frv. neinn sérstakan ágreining, að því er ég fæ séð. Miklu frekar er um að ræða ágreining og

spurningar sem svara þarf í þeim frv. sem hér verða til umr. á eftir væntanlega, þ. e. a. s. frv. um sjúkratryggingagjaldið og frv. um vörugjaldið, hið margumtalaða tímabundna vörugjald. Nú er þetta vörugjald búið að standa líklega í þrjú ár og á að standa hið fjórða. Svo er einnig væntanlega til umræðu á eftir hækkun á bensíngjaldi.

Ég vildi þó strax við þessa 1. umr., þar sem þannig er nú háttað, að við eigum ekki fulltrúa í þeirri n. sem þetta frv. fer væntanlega til, gera grein fyrir þeirri afstöðu okkar, að við erum ekki ósammála hæstv. ríkisstj. um meginatriði frv. Ekki hef ég því ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það. En auðvitað er það rétt, að þessi frv. öll eru að meira eða minna leyti þannig samofin, að kannske er ástæða til að ræða þau öll í samhengi. Ég ætla þó að geyma mér frekari umr. um það mál þar til seinni frv. koma til umr. síðar á fundinum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 168). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, er í nánum tengslum við fjárlagafrv. Í frv. til fjárl. er áætlað að tekjur af vörugjaldi árið 1978 nemi 7 milljörðum kr.

Lög um sérstakt tímabundið vörugjald voru upphaflega sett um mitt ár 1975, og hefur þeim eins og nafn þeirra ber með sér, ætlað verið ætlað að gilda í takmarkaðan tíma. Í frv. þessu er enn sá kostur valinn að ætla hinum nýju lögum takmarkaðan gildistíma.

Ég vil vekja athygli á því, að innan skamms verður lagt fyrir þingið frv. um breyt. á lögum um tollskrá. Verði það samþ. mun þurfa að endurskoða þau tollskrárnúmer sem upp eru talin í núgildandi vörugjaldslögum.

Fjárhagsmál tengd frv. þessu hafa fléttast inn í almennar umr um fjárl. og afgreiðslu þeirra og því ekki sérstök ástæða til að fara nánar út í þau mál hér. Ég leyfi mér því, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Hv. forseti. Ég leyfi mér að vísa til þess, sem ég sagði um það mál, sem var hér næst á undan á dagskránni. Þetta er eitt af þeim frv. sem hæstv. ríkisstj. er með á ferðinni í sambandi við afgreiðslu fjárl. Þetta er að vísu afbrigðilegt að því leyti, að hér er um gjald að ræða sem hefur nú staðið í rúmlega 2½ ár. Nú er verið að leggja til að framlengja það fyrir næsta ár. Ég hef nokkrum sinnum áður minnst á það, hversu fráleitt þetta gjald er og hvað það er hættulegt að halda sig við gjald eins og þetta, sem er lagt á til stutts tíma og með mikilli ónákvæmni Um það verður ekki deilt, að þetta gjald liggur með býsna miklum þunga á ýmsum vörutegundum, en snertir hins vegar ekki aðrar, og gjaldið er mjög ósanngjarnt og óheppilegt. Það er í rauninni alveg fráleitt að ætla að halda þessu gjaldi. Þetta er svo sem svipað og gerst hefur stundum áður hjá okkur, eins og t. d. með launaskattinn, sem enn stendur þó að þar væri um ráðstöfun að ræða á sínum tíma, þegar byrjað var á því gjaldi, sem átti í rauninni að koma í staðinn fyrir tiltekna hækkun á vísitölu sem sem annars hefði orðið. En þessi leið var valin. Síðan hefur verið spunnið við þetta allan tímann og eftir stendur gjaldið og það í sama búningi og þegar það var sett upphaflega. Ég lýsi aðeins yfir fullkominni andstöðu minni við þetta gjald, því að ég er á móti þessu gjaldi nú eins og áður og tel að það hefði átt að útvega ríkissjóði tekjur eftir annarri leið en þeirri sem farin er í þessu frv.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Afstaða mín til þessa tímabundna vörugjalds hefur ekki farið á milli mála allt frá upphafi. Ég hef margoft lýst því yfir hér á Alþ., að ég er algjörlega andvígur þessu gjaldi. Það byggist kannske fyrst og fremst á því, að hér er um herfilega rangláta skattheimtu að ræða. Það hefur margoft komið fram í umr. hér á Alþ. um þetta gjald, að t. d. með 18% vörugjaldi, eins og það er nú, þýðir það í raun og veru í ýmsum tilvikum skattlagningu á fólk úti á landsbyggðinni, allt upp í 29% álagningu á vöru.

Þetta er því að mínu viti einhver ranglátasti skattur sem á hefur verið lagður. Þetta var, eins og fram hefur komið, fyrst sett með brbl. um mitt ár 1975 og átti þá að gilda, ef ég man rétt, aðeins til áramótanna næstu á eftir. Mig minnir, að það hafi verið í fjárlagafrv. fyrir árið 1976 sem boðað var að þetta skyldi lækkað í smáskömmtum á því ári og því síðan eytt. En þá var ein kúvendingin tekin af hálfu hæstv. ríkisstj. og í stað þess að fara þessa leið, sem boðuð var í frv. og mig minnir að hafi verið fremur fyrir árið 1976 en 1977 — ég skal ekki um það fullyrða — var þetta gjald hækkað úr 12% í 18%. Við afgreiðslu fjárl. fyrir það ár sem fjárlagafrv. boðaði niðurfellingu gjaldsins — (Gripið fram í.) Var það ekki 1976, já? Nú, hæstv. ráðh. man þetta allt saman, ég efast ekki um það, en samkvæmt því, sem nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv., er hér um 7 milljarða kr. skattlagningu að ræða. Það eru 7 milljarðar sem gert er ráð fyrir í frv. Væntanlega hækkar það nú frá því að frv. var lagt fram og þar til fjárl. verða endanlega afgreidd, en þar er sem sagt um 7 milljarða kr. skattheimtu að ræða. Þessi upphæð er nú orðin nokkru hærri en allur launaskattur sem greiddur er í landinu.

Ég vil, þó að það sé kannske ástæðulaust vegna þess að ég hef margoft lýst algjörri andstöðu við þetta mál, ítreka það, að ég lýsi algjörri andstöðu við þetta frv. á þeim forsendum, sem ég hef margoft lýst hér á Alþ. Þær eru fyrst og fremst að hér um svo rangláta skattheimtu að ræða að engu tali tekur. Við höfum í landinu nægilega löggjöf í sambandi

við skattheimtu, sem er svo háttað að bæði er löggjöfin sem slík ranglát og einnig er framkvæmdin á löggjöfinni mjög ranglát og mismunandi. Það er komið nóg af slíkum skattpóstum, þó ekki sé verið að halda við þeim sem kannske ganga lengst í því að vera órétttlátir og ranglátir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 169). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. Með frv. þessu er lögð til nokkur aukning á fjáröflun til vegagerðar, en þó er sú aukning um 300 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir. Hef ég þegar gert grein fyrir þessari breytingu í framsögu minni fyrr í kvöld með frv. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum. Auk tekjuákvæðanna er að finna í frv. ákvæði sem ætlað er að kveða skýrar á um nokkur atriði er að innheimtu þessara gjalda lúta og ljós ákvæði skortir um í gildandi lögum.

Bensíngjald er nú 23.28 kr. á hvern lítra. Samkv. lagaheimildum má um næstu mánaðamót hækka gjald þetta upp í 29 kr. Frv. gerir ráð fyrir að heimild fáist til að bæta 7.50 kr. á hvern lítra umfram 29 kr.

Lagt er til að árlegur þungaskattur dísilbifreiða verði hækkaður. Hækkun hans er heldur meiri en hækkun bensíngjaldsins og stafar það af því, að gjöld af dísilbifreiðum vilja jafnan dragast aftur úr gjöldum af bensínknúnum ökutækjum, þar sem örðugt er að breyta þungaskattinum jafnhliða breytingum á byggingarvísitölu.

Ákvæði gildandi laga um viðurlög eru gerð skýrari með þessu frv. en verið hefur. Er þá sérstaklega við það miðað, að ákvæði um dagsektir fyrir að færa eigi bifreiðar til mælaálesturs verði virk, en að undanförnu hefur dagsektum ekki verið beitt vegna réttaróvissu.

Þá er tekið inn í frv. þetta ákvæði um dráttarvexti sambærilega þeim sem nú eru í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, leggja til að þessu frv. verði eins og hinum, sem ég hef mælt hér fyrir, vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég vísa líka til þess, sem ég hef sagt áður í umr. um hin dagskrármálin sem hér hafa verið rædd. Mér sýnist að samkv. þessu frv. sé ekki einasta gert ráð fyrir því, að bensíngjaldið til Vegasjóðs verði hækkað um 13.22 kr. á lítra, heldur einnig því, að síðan megi búast við frekari hækkun á þessu bensíngjaldi þegar líður fram á árið, því í aths. við 2. gr. frv. er beinlínis sagt, að sú sé ástæða fyrir því að hafa samkv. þessu frv. hinn svonefnda þungaskatt af þeim bifreiðum, sem nota annað aldsneyti en bensín, nokkru hærri en sem samsvarar bensínhækkuninni, að það gjald sé ákveðið fyrir allt árið, en hins vegar geti komið til frekari hækkunar á bensíni síðar á árinu, eða eins og segir þarna í umsögninni um 2. gr.: „Hækkun hans er heldur meiri en hækkun bensíngjaldsins og stafar það af því, að ekki kemur til frekari hækkunar þessa skatts á árinu.“ Þungaskattsins sem sagt. Maður getur því búist við því, að heimildir verði notaðar til að auka þetta bensíngjald síðar.

Mér sýnist líka að það sé nokkuð augljóst, að þar sem ríkissjóður tekur fullan söluskatt af útsöluverði á bensíni fái hann af þessari hækkun, þegar bensíngjaldið til Vegasjóðs hækkar um 13.22 kr. á lítra, nokkurn veginn örugglega af þeirri hækkun 350 millj. kr. miðað við árssölu, svo framarlega sem hann tekur söluskattinn af þessu eins og gert hefur verið. Það er einmitt þetta sem ég hef verið að finna að, að framlag til Vegasjóðs eftir þessari leið skuli um leið vera notað sem beinn tekjustofn fyrir ríkið, en auðvitað ætti að líta allt öðrum augum á það mál.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um efni þessa frv. Ég hef sagt það áður, að ég tel að það hefði vel komið til greina að hækka gjaldið til Vegasjóðs miðað við stöðu hans, en það er fyrst og fremst hitt, sem ég tel óeðlilegt, að þetta færi ríkissjóði allar þær tekjur sem það gerir, bæði hækkun sú, sem nú yrði, og þær hækkanir, sem á undan eru komnar.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég hygg að almennt geti menn verið sammála um það, að ekki er vanþörf á því að afla fé til Vegasjóðs til að bæta úr því ófremdarástandi sem skapast hefur á undanförnum þremur árum í vegagerð. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að stórkostlegur niðurskurður að raungildi hefur átt sér stað í vegaframkvæmdum á undanförnum árum.

Ég held að um þetta atriði geti menn almennt verið sammála, að ekkert sé óeðlilegt við það eða óhugsandi að til geti komið einhver hækkun á bensíngjaldi til þessara framkvæmda. En eins og hér hefur komið fram er það auðvitað út í hött að framkvæma slíkar hækkanir eða grundvalla þær með hliðsjón af því, að þar með sé verið að skapa ríkissjóði stóran tekjuhlut til þess að brúa bil á fjárl., eins og nú stendur. Það er auðvitað lágmarkskrafa, að séu auknar álögur á bifreiðaeigendur vegna bensínnotkunar renni þær auknu tekjur til framkvæmda í vegagerð, því það veitir sannarlega ekki af því víða a. m. k. úti á landsbyggðinni að auka vegagerð vegna þess hver þróun mála hefur orðið, ekki hvað síst á undanförnum þremur árum.

Ég held ég hafi tekið rétt eftir því í fréttum útvarpsins í morgun, að það var verið að skýra frá 7.50 kr. hækkun á lítra af bensíni. Mér virðist að hér gæti a. m. k. misskilnings að því er varðar framsetningu á þessu, hvort sem

það er nú fram sett á þann hátt viljandi eður ei. Hér er í raun og veru um 13.22 kr. hækkun að ræða, en ekki 7.50 kr. Í fjárlagafrv. var boðuð 15 kr. hækkun á bensínlítra, ef ég man rétt, en með þessu frv. hefur sú upphæð verið lækkuð nokkuð.

Varðandi það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. um hugsanlega frekari hækkun á þessu gjaldi síðari hluta næsta árs, verður auðvitað að skilja það svo, sem segir í aths. frv. varðandi 1. gr., að við því megi fyllilega búast. Hins vegar minnti mig það, — ég kom því ekki við að finna það í fjárlagafrv. eða aths. þess, en mig minnir, það kemur væntanlega í ljós hvort rétt er, — að í fjárlagafrv. hafi verið svo að orði komist, að ekki yrði um frekari hækkanir á bensíngjaldi að ræða á næsta ári heldur en í frv. sé gert ráð fyrir. Hvort þetta þýðir það, að hæstv. ríkisstj. ætli sér núna að taka 12.22 kr. og síðan mismuninn á því, sem fjárlagafrv. boðar, skal ég ekki um segja. Ég man ekki betur en að í fjárlagafrv. eða grg. þess hafi þetta verið orðað þannig, að ekki væri gert ráð fyrir frekari hækkun á bensíngjaldi á næsta ári. En á aths. þessa frv. má vissulega skilja að gera megi ráð fyrir frekari hækkun á þessum lið.

Það kemur auðvitað í ljós í meðförum þessa máls í þinginu og að fengnum upplýsingum, hversu mikið ríkissjóður kemur til með að hirða af þessari hækkun. Ég fyrir mitt leyti vil a. m. k. taka það fram, að afstaða mín til þessa frv. fer mikið eftir því, hvernig að því verður staðið varðandi áframhaldið. Ég sé enga ástæðu til þess og sé ekki að það sé réttlætanlegt að neinu leyti, að hækkun sem þessi sé notuð til þess að útvega ríkissjóði svo og svo miklar tekjur vegna hækkunarinnar. Það, sem hér kemur inn, á að fara að mínu viti að langsamlega mestu leyti a. m. k. til framkvæmda í vegagerð.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Það er aðeins út af ummælum síðustu hv. ræðumanna, þar sem þeir komu að því, að með þessari bensínhækkun væri verið að útvega ríkissjóði tekjur og þeir teldu eðlilegt að allar tekjur af þessari bensínhækkun rynnu til Vegasjóðs. Við gerð fjárlagafrv. og þá um leið undirbúning þess fjármagns, sem ætlað er til vegagerðar á árinu 1978, var sérstaklega tekið tillit til þeirra tekna sem hækkun bensíngjaldsins gæfi ríkissjóði, og framlag ríkissjóðs til vegagerðar tók mið af því. Ef lesin er grg. frv., á bls. 210, kemur í ljós að hækkun framlagsins er tæpar 600 millj. kr. og í þeirri tölu felst sá hluti sem rennur í ríkissjóð af tekjum vegna hækkunar á bensíngjaldinu, þannig að það var ekki gert ráð fyrir því með þessari sérstöku hækkun að ríkissjóður hefði neitt í sinn hlut, heldur var framlag ríkissjóðs til vegagerðarinnar hækkað með tilliti til þess.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Það er aðeins fsp. Vissulega ætti hún kannske fremur að beinast til hæstv. samgrh., en þar sem hann er nú ekki viðstaddur og ég þykist vita að hæstv. fjmrh. sé kunnugt um þetta mál, langar mig til að spyrja aðeins í framhaldi af þessu, af því að það tengist nokkuð því sem hér er verið að ræða um. Í fjárlagafrv., einmitt á bls. 210, segir:

„Endurskoðuð vegáætlun 1978 verður lögð fyrir haustþingið, og gætu þá komið til einhverjar breytingar innbyrðis.“

Hér er því slegið föstu, að endurskoðuð vegáætlun fyrir árið 1978 verði afgr. áður en jólaleyfi alþm. hefst, og þar sem mér sýnist allt benda til þess, að á engan hátt verði staðið við þessi fyrirheit sem ég tel vera, — því er slegið föstu að þetta verði gert, — þá langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh.: Getur hann upplýst það hér, hvort reikna megi með því, að þessi fullyrðing í fjárlagafrv. fái staðist þannig að endurskoðuð vegáætlun fyrir 1978 verði afgr. áður en Alþ. fer í jólaleyfi?

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Á bls. 210 stendur: „Endurskoðuð vegáætlun verður lögð fyrir haustþingið og gætu þá komið til einhverjar breytingar innbyrðis.“ Það stendur ekki að afgreiðsla vegáætlunar verði fyrir jólaleyfi. (KP: En verður hún lögð fyrir þingið?) Ég veit að verið er að undirbúa vegáætlun með tilliti til þess sem hér er lagt til. Um það, hvort hún verður lögð fyrir hv. þm. nú fyrir jól, skal ég ekki segja, en ég veit að hæstv. samgrh. vill að svo verði, hvort sem það tekst eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Jöfnunargjald af sælgæti, brauðvörum o. fl., frv. (þskj. 173). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem liggur hér fyrir, hefur tvíþættan tilgang. Annars vegar er því ætlað að styrkja samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar í tilteknum greinum og hins vegar um leið að skapa þann grundvöll, að unnt sé að afnema innflutningshömlur á tilteknum vörum.

Með innheimtu á 40% jöfnunargjaldi af sælgæti og 32% jöfnunargjaldi af kexi er íslenskum iðnfyrirtækjum tryggð hófleg vernd, sem ætlað er að gilda eftir 1. jan. 1980, þegar tollar af þessum vörum hafa að fullu verið felldir niður samkv. samningum okkar við EFTA og EBE. Jöfnunargjaldið á að brúa það bil sem er á milli hráefnisverðs innanlands, einkum mjólkur- og undanrennudufti, og hráefnisverðs erlendis. Slíkt jöfnunargjald hefur fulla stoð í þeim samningum sem við höfum gert við EFTA og EBE, eins og nánar er rakið í aths. með frv., og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér.

Reyndar hafa lönd innan EFTA tekið upp kerfi með breytilegum innflutningsgjöldum, sem eru endurskoðuð með vissu millibili eftir því sem verðlag á innlendum og erlendum hráefnum breytist. Slíkt kerfi hefur hins vegar ekki verið talið fullnægja þörfum íslensks iðnaðar og talið

allt of flókið í framkvæmd. Þess í stað er lagt til að tekið verði upp fast jöfnunargjald, sem samsvarar 40% af grunntolli umræddra vara.

Í frv. er gert ráð fyrir að jöfnunargjaldið taki gildi 1. jan. 1978.

Með álagningu jöfnunargjalds munu hækka þau gjöld sem lögð hafa verið á innflutning þessara tilteknu vara að undanförnu. Að sama skapi ætti staða þeirra innlendu iðngreina, sem framleiða þessar vörur, að styrkjast. Sælgætisgerðirnar hafa fengið nokkrar niðurgreiðslur vegna kaupa á mjólkurdufti. Þessar niðurgreiðslur munu að sjálfsögðu falla niður ef jöfnunargjald kemst á. En auk þess er talið að staða þeirra fyrirtækja, sem hér eiga hlut að máli, styrkist svo unnt sé að afnema innflutningshömlur af sams konar vöru erlendis frá.

Ég hef áður gert grein fyrir hvaða áhrif þetta frv., ef að lögum verður, hefur á tekjur ríkissjóðs á árinu 1978.

Að svo mæltu leyfi ég mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni alveg nýtt frv. Maður hefur ekki séð neitt þessu líkt í langan tíma, og hér er ríkisstj. sýnilega að fara inn á nokkuð nýja braut. Við þekkjum það, að mjög hefur verið haft í frammi að ekki væri hægt að sýna íslenskum iðnaði neina tillitssemi í sambandi við breytingar á aðlögunartíma samkv. EFTA-samkomulagi, vegna þess að það kynni að brjóta í bága við það samkomulag, en svo kemur hér frv. sem gerir ráð fyrir að taka upp sérstakt verndargjald fyrir sælgætisiðnað m. a. Mér er ómögulegt að sjá annað en að hér sé raunverulega verið að taka sælgætisiðnaðinn alveg út úr og ætla honum sérstök hlunnindi, greinilega umfram það sem ætlast er til og gert var ráð fyrir í sambandi við EFTA-samkomulagið, því þó að það ákvæði hafi komið síðar til, að það mætti leggja á gjald af þessari tegund, eins og fram kemur í grg. með þessu frv., þar sem um væri að ræða mjög breytilegt gjald í hinum ýmsu löndum, sem eiga aðild að EFTA eða EBE, varðandi hráefni úr landbúnaðarvörum, þá á það ekki við nema að sáralitlu leyti við okkar sælgætisframleiðslu. Ég held t. d. að ekki verði talið til hráefnisvöru úr landbúnaði sem neinu nemur það sem fer í lakkrís- og sykurvöruframleiðslu, brjóstsykur og sælgætistöflur, tyggigúmmí og karamellur og annað af þessu tagi. Ég held, að það geti ekki verið að þessi iðnaður byggi framleiðslukostnað sinn að nokkru teljandi ráði á hráefni frá landbúnaði. (Gripið fram í.) Já, nema að því leyti til, að sykurinn er landbúnaðarvara, en það á ekki við hjá okkur. Hins vegar er það rétt, að efalaust getur að einhverju leyti komið inn í vissar greinar brauðframleiðslu hjá okkur, að þetta væri hægt. En ég efast ekki heldur um það, að við gætum gert hliðstæðar ráðstafanir fyrir aðrar greinar okkar iðnaðar til jafnvægis við það sem önnur lönd, sem eru aðilar að EFTA, hafa gert í ýmsum tilfellum.

Ég minnist þess líka, að þegar samkomulagið við EFTA var gert var verið að aumkast alveg sérstaklega yfir sælgætisiðnaði okkar og hann fékk alveg sérstaka meðferð. Hann var ekki talinn fær um það að keppa við erlendan sælgætisiðnað og fékk því lengri aðlögunartíma og betri meferð en annar iðnaður. Enn reynist þetta þannig. Sem sagt: þar sem neyðin er stærst er hjálpin auðvitað næst. Það er enginn vafi á því, að fljótlega er hlaupið til í þessu tilfelli þar sem er um vissar greinar iðnaðar að ræða, eins og sælgætisiðnaðinn þarna, en hins vegar er öllu borið við þegar þarf að glíma við vandamál í öðrum greinum okkar iðnaðar.

Hér er líka sagt í grg., auðvitað alveg berum orðum, sem rétt er: „Hingað til hefur ekki verið talið fært að standa við þá skuldbindingu gagnvart EFTA og EBE að afnema innflutningshöft á sælgæti, en jöfnunargjaldið á að gera það kleift að svo verði gert.“ Það á sem sagt að fullnægja samningnum með því að setja annað gjald sem þarna á að koma í staðinn.

Hér er um minni háttar mál að ræða að mínum dómi, og það verður að sjálfsögðu skoðað í þeirri n. sem fær málið til meðferðar, hvort þetta samrýmist fremur þeim reglum, sem talið er að við séum bundnir af, en aðrar breytingar. En það, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á, er að í sífellu er verið með alls konar fyrirslátt og sagt að ekki sé hægt að verða við beiðni þess iðnaðar okkar, sem á í vök að verjast og hefur mikið gildi í okkar efnahagsstarfsemi, en þegar vissir, tilteknir aðilar, sem hafa sáralítið gildi í okkar atvinnulífi, mæta einhverjum vanda er fljótlega komið með frv. af því tagi sem þetta er.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Þetta frv. er lagt fram og tekið til umr. með stuttum fyrirvara við þær aðstæður, að það er ómögulegt annað en að líta svo á, að það eigi tilverusína að þakka fjárþörf ríkissjóðs. Það er flutt í syrpu frv. til að tryggja jöfnuð á fjárl. Hins vegar er óneitanlegt, að frv. veki athygli, vegna þess, að það fjallar um innflutning og vernd iðnaðar hér á landi. Ég sé því ástæðu til að itreka það, sem ég sagði í ræðu um eitt af fyrri frv., þar sem ég raunar fjallaði um þau öll nema útsvarsfrv., að ég hef það á tilfinningunni að við Íslendingar höfum verið allt of linir í sambandi við framkvæmdir á þessum málum. Þó að til séu almennar reglur um fríverslun virðist að hvenær sem þátttökuþjóðir í efnahagsbandalögum eru í vandræðum á einhverju tilteknu sviði atvinnuvega, þá gera þær það, sem þær þurfa, og þær komast alltaf upp með það, þær finna alltaf leiðir til þess. Við, sem erum allra þjóða duglegastir að tala um sérstöðu okkar og höfum að mörgu leyti ríka ástæðu til þess, hefðum að minni hyggju átt að vera grimmari í þessum efnum, en ekki svo þægir við alþjóðasamtökin og bókstaf samninganna, þar sem talað er um heildarreglur fyrir viðskipti mörgum sinnum stærri þjóða en við erum. Þess vegna tel ég að þetta frv. muni vekja umr. sem muni halda áfram eftir að við höfum lokið þessum jólaönnum og að það sé rík ástæða til þess fyrir okkur að fara vel og af raunhæfni ofan í þessi mál.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 154). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á lögum nr. 9 12. apríl 1977, sbr. lög nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að á árinu 1978 verði lagt á sjúkratryggingagjald, eins og það er kallað, hliðstætt því sem hefur verið lagt á á árinu 1976 og á árinu 1977. Sú breyting er gerð á þessum lögum, að í stað 1% sjúkratryggingagjalds af gjaldstofni álagðra útsvara verði það á næsta ári 2%, en áætlað er að þessi hækkun færi ríkissjóði nálægt 1900 millj. kr. auknar tekjur á árinu 1978.

Veruleg kostnaðaraukning við sjúkratryggingar er fyrirsjáanleg og þá ekki síst vegna launahækkana starfsfólks sjúkrahúsa, sem hafa verið mjög miklar á þessu ári vegna tilfærslna á launaliðum. Það mun vera meira en meðaltalshækkun á hinu almenna kaupi, en launatengd gjöld í sjúkrahúsa- og heilsuhælarekstri eru nálægt 70% af öllum rekstrarútgjöldum. Áætlað er að daggjöld á sjúkrahúsum og vistheimilum hækki um 1500 millj. kr. umfram það, sem gert er ráð fyrir í því fjárlagafrv. sem fyrir liggur, auk þess sem búast má við allverulegri kostnaðaraukningu á öðrum liðum sjúkratryggingganna. Útgjaldahækkun vegna útgjalda sjúkratryggingganna er því nálægt 3420 millj. kr. eða rúm 68.2% frá fjárl. þessa árs, og í heild er áætlað að aukning kostnaðar sjúkratryggingganna nemi um 4720 millj. kr. frá fjárl. yfirstandandi árs, eða nálægt 70%.

Þá er gerð nokkur breyting frá gildandi lögum varðandi það, að samkv. núgildandi lögum eru þeir gjaldfrjálsir sem ekki er gert að greiða útsvar. Þar sem útsvarshlutfallið er mismunandi eftir sveitarfélögum hafa þau mörk verið breytileg sem sjúkratryggingagjaldið hefur verið lagt á eftir og minnst hefur verið á. Í sveitarfélagi, sem hefur 10% í útsvar, hafa hjón sloppið við greiðslu sjúkratryggingagjalds vegna útsvarsleysis ef útsvarsstofn hefur verið 165 300 kr. eða lægri, en í sveitarfélagi með t. d. 3% útsvar sleppa hjón við sjúkratryggingagjald ef útsvarsstofn þeirra hefur verið um 605 400 kr. eða lægri. Samsvarandi tölur fyrir einhleyping voru 120 900 kr. og 443 bús. kr. Því er lagt til í þessu frv., að þeir verði gjaldfrjálsir sem ekki hefðu greitt útsvar væri það 10% af gjaldstofni útsvara. Er það til þess að jafna þennan mismun sem verið hefur eftir einstökum sveitarfélögum, sem er að mínum dómi réttlátt að gera. Eins er nú lagt til að gjaldið verði lagt á af skattstiórum á öllu landinu, en ekki af álagningaraðila útsvars. Ég held að það sé réttara að gjald þetta sé lagt á af sama embættismanni yfir allt landið, en fari ekki eftir því, hvort það eru skattstjórar sem leggja útsvörin á í hinum einstöku sveitarfélögum, eða viðkomandi hreppsnefndir eða sérstakar niðurjöfnunarnefndir.

Ef við lítum á fjárlagafrv., sem fyrir liggur og var afgreitt í dag til 3. umr., var heildarkostnaður við sjúkratryggingarnar samkv. fjárl. ársins 1977 10 milljarðar 862 millj., en samkv. frv. fyrir árið 1978 14 milljarðar 84 millj., og er það um 3 222 millj. kr. hækkun á milli ára. En á þessu getur orðið nokkur breyting vegna þess að þessar tölur voru áætlaðar í sumar þegar fjárlagafrv. fór í prentun. Ef litið er á hækkun einstakra liða sjúkratrygginga kemur í ljós, að daggjöld á sjúkrahúsum og vistgjöld á hælum hækka um 1660 millj. frá síðustu fjárl. vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum, þ. e. a. s. frá 1. apríl um 4.5% að meðaltali og frá 1. júlí um 10.3% að meðaltali. Þá var í frv. gert ráð fyrir hækkunum í sama hlutfalli og gildir um hækkun launa fyrir síðari hluta þessa árs og hækkun launa á árinu 1978. Hér mun vera um eitthvað of lága áætlun að ræða sem verður vafalaust leiðrétt fyrir 3. umr., vegna þess að vistgjöld hækkuðu verulega frá 1. nóv., eða um 20% að jafnaði, sem olli um það bil 248 millj. kr. útgjaldaaukningu í des. En það þýðir ekki að sú útgjaldaaukning sé hlutfallslega jafnmikil á árinu 1978, vegna þess að í þessum ákvörðunum um daggjöld fyrir síðustu tvo mánuði þessa árs — eða fyrir nóvember og desembermánuð — eru aukagjöld og hallagjöld af rekstri sjúkrahúsa, sem vantalin voru fyrr á árinu. Mig minnir að þessi útgjöld séu á árinu 1978 eitthvað 2 milljarðar kr.

Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á að lífeyristryggingarnar hafa hækkað mjög verulega frá fjárl. ársins 1977, eða úr 12116 millj. í 16 milljarða 387 millj., sem er næstum því 4.3 milljarðar á milli ára, og nú nýlega hafa allar lífeyristryggingar hækkað um 20% og auk þess nýjar tryggingar, sem upp voru teknar og voru gerðar í samræmi við samkomulag um lausn vinnudeilnanna á s. l. sumri. Hin svokallaða heimilisuppbót sem þá var um samið, 10 þús. kr., hefur nú einnig hækkað í 12 þús. kr.

Heildaraukning kostnaðar við lífeyristryggingar er þannig næstum því 4 400 millj. kr. eða 35% hækkun frá fjárl. yfirstandandi árs. Þar af koma 3 780 eða 86% í hlut ríkissjóðs og 615 millj. eða 14% í hlut atvinnurekenda. Ástæður fyrir þessari hækkun lífeyristrygginga, auk eðlilegrar mannfjölgunar í hverjum bótaflokki, eru fyrst og fremst tvær: Í fyrsta lagi hafa orðið bótahækkanir frá samþykkt síðustu fjárl., þ. e. 8% frá 1. mars og 27.5% frá 1. júlí og svo nú 20% hækkun frá 1. des. Auk þess er áætlað fyrir bótahækkunum til samræmis við þær forsendur sem fjárlagafrv. er byggt á hvað varðar hækkun launa. Þetta gjald, sem frv. gerir ráð fyrir og er ætlað að gefi ríkissjóði um 1900 millj. kr., er því ekki nema lítill hluti af heim gífurlegu hækkunum sem orðið hafa á sjúkratryggingunum og lífeyristryggingunum. Lífeyristryggingarnar hafa hækkað í fullu samræmi við meðaltalshækkun launa samkv. lögum á hverjum tíma, en á sjúkratryggingunum hafa

hækkanirnar orðið mun meiri af þeim ástæðum sem ég gat um áðan.

Nú má segja að það megi fara ýmsar aðrar leiðir í þessum efnum, það megi fara yfir í einhverja aðra og nýja skattlagningu, það megi taka upp persónugjald, eins og var hér lengst af, til almannatrygginga. Það var fellt niður á tímabili fyrrv. ríkisstj. Það má einnig segja að taka megi upp takmörkuð daggjöld á sjúkrahúsum til þess að vega eitthvað upp á móti þessum kostnaði. Allt þetta kemur mjög til greina og til athugunar. En þegar við lítum á þessar leiðir allar, þá er hér lagt til að þetta gjald verði lagt á eftir tekjum manna, skattskyldum tekjum, þannig að þeir, sem hæstar tekjurnar hafa, beri hlutfallslega mest af þessu gjaldi, en það er ekki tekinn upp nefskattur. Hins vegar er nú mun betur fyrir því séð eftir reynslu af þessu gjaldi á árinu 1976, að það nær ekki til þeirra sem litlar sem engar tekjur hafa og þurfa ekki að greiða útsvar. Fyrir því er séð með orðalaginu sem er á þessu frv. núna.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég hafði vikið að því áður í þessum umr., að þetta væri ein þessara nýju fjáröflunarleiða hæstv. ríkisstj. í sambandi við afgreiðslu fjárl., að hækka sjúkratryggingagjaldið sem nemur 1.9 milljörðum kr. á ári eða tvöfalda það. Ég tel að þessi skatttaka sé ein af þeim verstu sem hæstv. ríkisstj. kemur með tillögu um. Það er enginn vafi á því, eins og þetta gjald hefur sýnt í framkvæmd, að það er mjög óréttlátt og ósanngjarnt og það er í rauninni mjög hart, að þegar er verið að auka tryggingarnar, eins og óneitanlega hefur verið gert að undanförnu, skuli vera gerðar ráðstafanir í þessa átt til þess að draga raunverulega úr gildi tryggginganna með því að leggja gjöld á tekjulágt fólk eftir þessari leið.

Það var mikið framfaraspor þegar nefskattarnir til tryggginganna voru afnumdir árið 1972, en þá voru gamla sjúkrasamlagsgjaldið og lífeyrissjóðsgjaldið afnumið, en þá þurftu menn að greiða nokkurt fast gjald alveg án tillits til efnahags eða tekna, og menn sáu það almennt þá, að þetta samrýmdist í rauninni ekki eðli tryggginganna, eins og komið var. Þá var ákveðið, að fjár í þessu skyni skyldi aflað eftir hinni almennu fjáröflunarleið í gegnum ríkissjóð, og ríkissjóður tók að sér meginhlutann af kostnaði tryggginganna, þó að lítils háttar væri eftir á vegum sveitarfélaga. En nú er sem sagt farið að taka hér upp sem fasta tekjuöflunarleið, að leggja í verulega ríkum mæli gjald á einstaklingana og það á þann hátt, að sá gjaldstofninn er valinn sem er einna ósanngjarnastur þegar um svona mál er að ræða. Það hefði t. d. að mínum dómi verið miklu réttlátara, ef ríkið hefði talið alveg óhjákvæmilegt að afla sér tekna vegna útgjalda af tryggingunum sem nemur 3.8 milljörðum, eins og þetta gjald er farið að nema, að innheimta þetta eftir tekjuskattsleiðinni þannig að gjaldið yrði greitt eftir efnum og ástæðum eða eftir tekjuhæð einstaklinganna. Sá gjaldstofn miðar við það, að þeir, sem hafa lágar tekjur, þurfa ekki að borga tekjuskatt. Menn þurfa ekki að borga tekjuskatt sem neinu nemur nema tekjurnar séu farnar að nálgast það sem kallað er miðlungstekjur hjá alþýðufólki, en hins vegar hefðu þeir, sem hafa miðlungstekjur og hærri, vitanlega borgað talsvert meira ef sá gjaldstofn hefði verið valinn. En með þessu lagi er farið inn á gjaldstofn sveitarfélaganna, þar sem þau hafa talið sér óhjákvæmilegt að innheimta útsvör sín af bruttótekjum og teygja sig þar mjög neðarlega til þess að sveitarfélögin gætu þó fengið nauðsynlegar tekjur, og þar koma svo að segja allir, sem einhverjar tekjur hafa, til með að greiða nokkurn hluta. Á þennan gjaldstofn, sem er lagður til grundvallar í þessu tilfelli, eru nú lögð gjöld á einstaklingana sem nemur 11% til sveitarfélaganna, og síðan er ríkið komið inn á þennan sama gjaldstofn með 2% gjald vegna sjúkratrygginga.

Ég held að enginn vafi sé á því, að þarna hefur ríkisstj. valið ranga leið. Þetta er ósanngjarn tekjustofn, og það hefði verið miklu réttlátara að velja þarna aðra leið. Að sjálfsögðu hefði verið enn þá óréttlátara að mínum dómi að taka upp nefskattsleiðina, sem hæstv. ráðh. minntist hér á. Hún hefði að vísu orðið enn þá óeðlilegri og ósanngjarnari. En að gera ráð fyrir því, eins og kemur fram í þessu frv., að t. d. hjón, sem hafa um 600 þús. kr. í tekjur, þurfi að borga í sjúkragjald 12 þús. kr. gjald á ári, það er mjög óeðlilegt. Slík hjón ættu auðvitað ekki að greiða neitt gjald í tilfelli eins og þessu. Það, sem slíkir lágtekjuhópar greiða samkv. þessu, ættu aðrir, þeir sem tekjuhærri eru, að taka að sér að borga.

Ég vil benda á að svo er komið með þessari leið að það, sem telja verður almennar tekjur hjá t. d. verkafólki, þar sem eiginmaðurinn og eiginkonan verða að vinna bæði tvö að verulegu leyti fyrir tekjum heimilisins, þá er það sennilega ekki orðið óalgengt að bruttótekjurnar, eða þær tekjur sem lagðar eru til grundvallar við útsvarsálagningu, séu orðnar í kringum 2 millj. kr. miðað við núverandi verðlag, og mun víst ekki teljast háar tekjur. Þessir aðilar verða þá að greiða í flestum tilfellum þetta sérstaka gjald sem nú er til komið og orðið 40 þús. kr. Það er orðið býsna hátt gjald. Og séu samanlagðar tekjur hjóna 3 millj. kr., sem ekki gætu talist háar tekjur eins og verðlagi er nú háttað, yrði þetta gjald í þessu skyni orðið 60 þús. kr. Að sjálfsögðu kemur svo útsvar þar til viðbótar og ýmis önnur gjöld.

Ég vil því lýsa fyrir hönd míns flokks algjörri andstöðu við þetta frv. Það hefði þurft að stefna í þá átt að losa sig við þetta gjald, en svo var að skilja á hæstv. ríkisstj., þegar hún lagði það á, að hún hefði gripið til þess í nauðum sínum þegar illa stóð á með fjárhag ríkissjóðs og gjaldið væri tekið aðeins til bráðabirgða. Nú er sýnilegt að þetta er að verða fastur tekjustofn fyrir ríkið og gengið meira að segja á lagið og þetta gjald hækkað. Þetta tel ég stefna í ranga átt.

Þá vil ég aðeins vekja athygli á því, að nú er sem sagt gert ráð fyrir því, að í ýmsum greinum geti komið til, að þeir aðilar, sem ekki

bera neitt útsvar, verði eigi að síður að borga þetta sérstaka sjúkragjald, því það er á ýmsum stöðum í landinu ekki farið upp í 10% útsvarsálagningu, en lágtekjuhópar yrðu þó að borga þetta eigi að síður í ýmsum tilfellum.

Þá er í 5. tölul. 1. gr. líka ákvæði, sem ég vil benda hæstv. ráðh. á að er í rauninni afleitt ákvæði í framkvæmd, en þar er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins, sem fær þessar tekjur samkv. þessu gjaldi að lokum, þegar það hefur verið innheimt, geti í rauninni ávísað á þetta gjald á hinum ýmsu stöðum, þó að það sé ekki innheimt, dregið það frá greiðslum sínum til sjúkrasamlaga og sjúkrasamlögin á hinum einstöku stöðum þannig á óbeinan hátt gerð ábyrgð fyrir innheimtunni, þó að þau hafi ekkert með innheimtuna að gera, og þau geta augljóslega — og reynslan hefur líka verið sú — komist í vandræði af þessum ástæðum. Við vitum að þetta er í framkvæmd þannig, að sjúkrasamlögin verða að greiða sjúkrakostnað einstaklinganna á sjúkrahúsum. Sjúkrahúsin ganga að sjálfsögðu fast eftir því að fá inn sínar tekjur fyrir daggjöld, en sjúkrasamlögin geta ekki í mörgum tilfellum staðið við greiðslur sínar fyrir hina tryggðu til sjúkrahúsanna vegna þess að þeim er vísað á það, að þau eigi að fá svona og svona mikið af hinni mánaðarlegu greiðslu af innheimtu þessa gjalds á viðkomandi stað eða stöðum. Sjúkrasamlögin hafa ekki á neinn hátt með þessa innheimtu að gera og geta því ekkert úr þessu gert og lenda augljóslega í vanskilum af þessum ástæðum oft og tíðum. Ég vil nú beina því til hæstv. ráðh., að hann íhugi þetta ákvæði, hvort ekki er hægt að koma þessu fyrir á annan hátt, þannig að aðilar, sem hafa framkvæmd þessara mála á hendi, séu ekki settir í algjör vandræði í sambandi við greiðslur, — aðilar sem hafa ekki með innheimtuna að gera og geta ekki þeitt neinu valdi til þess að sjá um að þetta innheimtist.

Þetta er aðeins framkvæmdaratriði og ég vildi aðeins minnast á það í leiðinni, en aðalatriðið er að við í Alþb. erum algjörlega á móti þessari gjaldtöku, teljum hana mjög ósanngjarna og alveg fráleitt að hækka þetta gjald. Auk þess er svo, eins og ég sagði í almennum umr. um þessi tekjuöflunarmál öll, að gjaldtaka af þessu tagi fer auðvitað þvert á loforð ríkisstj. til stéttarfélaganna í samningagerðinni á s. l. sumri, þar sem gert var ráð fyrir að ríkisstj. greiddi fyrir samningum með því að vinna að því að lækka nokkuð skatta, en þetta gjald kemur til með að hvíla mjög þungt á þeim, sem þar áttu hlut að máli.

Ég er ansi hræddur um að ríkisstj. eigi eftir verða vör við það, að þessu gjaldi verður mótmælt og þeim mótmælum getur vel verið fylgt eftir með ýmsum hætti. Ég hefði því viljað vænta þess, að hæstv. ríkisstj. áttaði sig á því, að þetta er röng leið. Hún hefði átt að leita annarra úrræða en að fara inn á þessa braut.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég dreg ekki í efa upplýsingar hæstv. ráðh. um að kostnaður við sjúkratryggingar hækki geigvænlega ört. Það er talið þessi árin í nágrannalöndum okkar, að þar hafi orðið það sem kallað er útgjaldasprenging í heilbrigðismálum, og við Íslendingar erum þar engin undanþága. Það er því ljóst, að hér er um mikil og vaxandi vandamál að ræða hvað fjáröflun snertir. Ég hef heyrt ungan íslenskan lækni segja, að sennilega sé fjárþörf heilbrigðismála nálega takmarkalaus, m. ö. o. að það væri með góðu móti hægt að verja öllum þjóðartekjunum til þeirra. Það er því pólitísk ákvörðun og hún mjög erfið, sem taka verður á hverjum tíma, hversu langt við treystum okkur að ganga á þessu sviði, og um það eru vafalaust allir sammála, að við viljum ganga eins langt og fjárhagur þjóðarinnar framast leyfir.

Þrátt fyrir þetta verð ég að lýsa fullkominni andstöðu við það frv., sem hér er til umr., vegna þeirrar aðferðar sem þar er beitt til fjárútvegunar til sjúkratrygginga.

Við höfum um árabil fallist á að sveitarfélögin hefðu útsvör sem fastan bruttóskatt af tekjum, og gera það vafalaust flestir hálfnauðugir, en þó til þess að tryggja sveitarfélögunum tekjur. Ég tel hið mesta óráð, ef nú á að bæta ofan á þetta ríkisútsvari og ríkissjóður ætlar sér að fara inn á þessa leið ofan á allar aðrar. Útsvarið er þannig að það leggst með sömu prósentu á alla að heita má og nær auðvitað, eins og síðasti ræðumaður benti á, allt of langt niður í þær tekjur sem sjálfsagt fáir eða engir nema sjúklingar og gamalmenni hafa, og útsvarið fer eftir tekjupphæðinni gersamlega án tillits til þess, hvort fjölskylda er stór eða lítil, án tillits til nokkurs þess sem hægt er að telja eðlilegan frádrátt varðandi skatta.

Ég tel að ríkið megi alls ekki fara inn á þá braut að auka innheimtu slíkra skatta, hvað þá þegar þeir bætast ofan á 11% útsvar og þetta eru orðin 13% og hver veit síðan hve mörg prósent til viðbótar af heildartekjum fjölskyldnanna.

Hér er gömul saga að gerast á ný. Fyrst var sett á 1% sjúkratryggingagjald og látið fylgja útsvarinu og átti auðvitað að vera til takmarkaðs tíma, neyðarúrræði einu sinni. Það kom að sjálfsögðu aftur næsta ár, og nú er það enn komið og orðið 2%. Ef ekki verður spyrnt við fótum strax er kominn þarna einn skatturinn enn sem mun reynast jafnrótfastur og fjöldamargir aðrir sem við höfum kynnst.

Ég tel að af tvennu illu séu stighækkandi skattar eins og tekjuskattar miklum mun réttlátari í eðli sínu en útsvarið, sem er fastur bruttóskattur. Ef um hefði verið að velja þær tvær leiðir, hefði ég hiklaust viljað fara hina stighækkandi tekjuskattsleið.

Hæstv. ráðh. nefndi ýmsar aðrar leiðir sem fara mætti. Ég tel að það væri fráleitt að taka aftur upp gömlu aðferðina, sem lögð var niður fyrir 5 árum eða svo, og ég tel einnig algjört neyðarúrræði ef byrjað verður að taka gjöld af sjúklingum á sjúkrahúsum, af því að hætt er við að þau mundu fljótt hækka og einnig að það yrði erfitt varðandi þau að taka nokkurt tillit til aðstæðna, hvort um er að ræða stóra barnafjölskyldu, tekjulítið fólk eða efnamenn, sem geta staðið undir slíku. Þá erum við komin inn á hina upprunalegu braut, hið ameríska frumskógarkerfi, þar sem eitt alvarlegt slysa-

eða uppskurðartilfelli getur gert fjölskyldu gjaldþrota.

Helst hefði ég viljað kanna möguleika á því að leggja eitthvert prósentubrot á veltu fyrirtækja í landinu, eins og ég nefndi í fyrstu ræðu minni um þessa frumvarpakippu í kvöld, og hygg ég að sú prósenta þyrfti ekki að vera há til þess að ná þeim tekjum sem hér er um að ræða. Með þessu á ég að sjálfsögðu ekki við útflutningsatvinnuvegina og tel eðlilegt að athuga hvort þeir yrðu undanskildir, enda er eðli þeirra allt annað en þúsunda af fyrirtækjum, sem lifa æðimörg, að því er virðist, góðu lífi á því að veita margs konar þjónustu, framleiða eða selja okkur vörur.

Að lokum vil ég minna á að ein af forsendum fyrir samkomulagi á vinnumarkaði s. l. sumar var loforð ríkisstj. um að lækka tekjuskatta, eins og gert var með brbl. Ég er að vísu ekki alveg viss um að það hafi verið heimilt samkvæmt stjórnarskránni, en skattalækkun er svo gott mál að við skulum ekki nefna það.

Hitt fer ekki á milli mála, að með þeim álögum, sem nú er verið að leggja á þjóðina samkv. þessu frv. og með einfaldri yfirlýsingu um það hvernig skattvísitala verði framkvæmd, svo ég nefni bara tvö dæmi, er búið að svíkja öll þau loforð sem launþegum voru gefin s. l. sumar. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. geri sér grein fyrir því, að slík brigð geti dregið dilk á eftir sér. Fátt væri okkur erfiðara eða óþægilegra heldur en að upp risu nýjar og alvarlegar deilur á vinnumarkaðinum.

Ég ítreka andstöðu við þá aðferð sem beitt er í þessu frv. til tekjuöflunar, en frekari grein fyrir afstöðu Alþfl. mun koma fram í nál. og við 2. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er væntanlega öllum hv. þm. enn í fersku minni sem gerðist hér haustið 1975, þegar verið var að ræða einmitt það mál sem hér er nú til umr., að vísu er prósentan, sem taka skal, nú breytt frá því sem áður var. Um frv. um sjúkratryggingagjald urðu miklar og harðar umr., ekki bara harðar deilur um gjaldtökuna, hversu mikil hún væri, heldur einnig um þann þáttinn, að hér væri verið að fara aðrar leiðir en gefið hafði verið undir fótinn með að því er varðar verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Á þeim tíma voru miklar umr. einmitt um það og önnur frv. hér í þinginu sem þá voru til umr. og voru afgreidd sem lög.

Ég hygg að allir hv. þm. muni enn, hver í raun og veru var ástæðan fyrir því, að frv. um sjúkratryggingagjald var lagt fram haustið 1975, en það var fyrst og fremst vegna þess að í raun og veru þurfti að fela hluta af þeirri hækkun sem varð á milli ára á fjárl. Þetta var því kannske fyrst og fremst — þessi lög frá 1975 — rós í hnappagat hæstv. fjmrh., að vísu fölnuð rós, því að þarna skipti ekki verulegu máli hækkun fjárl. milli áranna 1975 og 1976 varðandi þessar upphæðir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að almennt er það einróma álit sveitarstjórnarmanna, að sjúkratryggingar eigi einvörðungu að heyra undir ríkið. Þegar umr. áttu sér stað um frv. 1975, var m. a. komið að því, að það væri starfandi nefnd sem væri að endurskoða lögin um tryggingarnar, almannatryggingalöggjöfina, og hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði þá við umr. í Ed., 15. des. 1975, að hann gerði ráð fyrir að þeirri endurskoðun yrði lokið haustið 1976, þannig að ný almannatryggingalöggjöf gæti þá tekið gildi. Nú er komið haustið 1977 og ekki bólar enn á því, að því er ég best veit, að fram hafi verið lagðar till. um nýskipan heildarlöggjafar um almannatryggingar í landinu. Við þessar umr. í Ed. kom það einnig fram í máli hæstv. heilbr.- og trmrh., að hér væri aðeins um að ræða löggjöf sem væri hugsuð til eins árs. Hann sagði orðrétt í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta: „Á meðan ég var sveitarstjórnarmaður og var í sveitarstjórn, þá leiddust mér alltaf samþykktir um kröfur á ríkið. Ég vildi fá tekjustofna og aukin verkefni sveitarfélaganna og færa meira af verkefnum, hinum sameiginlegu verkefnum, yfir í sveitarfélögin og út um byggðir landsins. Það var rauður þráður í samþykktum sveitarfélaga á þessum árum að krefjast alltaf að ríkið tæki á sig aukin verkefni. En ég vildi hafa þann hátt á að taka aukin verkefni og fá auknar tekjur. Mín skoðun er alveg óbreytt þó að þennan þátt þessa frv., sem stærsti þátturinn í því, samkv. 3. gr., sé aðeins hugsað að framkvæma í eitt ár.“ Þetta sagði hæstv. heilbr.- og trmrh. haustið 1975.

Eins og hér hefur komið fram, hefur það verið og er eindregin skoðun sveitarstjórnarmanna, að þessi þáttur eigi að vera hjá ríkissjóði, og þessari gjaldtöku eða þessum skatti var harðlega mótmælt 1975 af fjölda aðila. En kannske hefðu þessu mótmæli orðið miklum mun harðari, ákveðnari og fjölmennari hefðu menn gert ráð fyrir því, að hér væri verið að setja í lög, festa í lögum skatt til framtíðar.

Það er sem sagt komið fram — sem allt of oft verður því miður — að þó að verið sé að tala um tímabundna skattheimtu í einu eða öðru formi, þá er reynslan alltaf sú, að það verður um langtímaskattheimtu að ræða, eins og hér virðist ætla að sýna sig, og þar breytir engu hvað hæstv. ráðh. segja, hverjir sem þeir eru og á hvaða tíma. Í þessu tilfelli sagði hæstv. heilbr.- og trmrh.: Þetta er aðeins hugsað til eins árs. Það er búið að gilda í tvö ár, og hér er lagt til að það gildi þriðja árið. — Og þá á að hækka það um helming.

Ég lýsti eindreginni andstöðu við þessa gjaldtöku haustið 1975 og ég hef ekkert breytt um skoðun frá þeim tíma. Ég lýsi algjörri andstöðu við þetta frv., ekki kannske hvað síst vegna þess að það er mjög ranglátt. Hér er verið að leggja skatt á tiltölulega stóran hóp láglaunafólks í landinu, sem efnalega þolir hvað síst frekari skattpíningu. Það er því full ástæða til að mótmæla þessu harðlega.

Því hefur oft verið haldið fram, og ég held með réttu, að hægt sé að spara töluverða fjármuni í tryggingarkerfinu með bættum rekstri og betri stjórnun. Ég hygg að hægt hefði verið að ná hluta þessara fjármuna, sem hér var um að ræða og er um að ræða nú, með slíkum sparnaði og hefði það ekki á nokurn hátt bitnað á þeim

sem þurfa á þessari þjónustu að halda í gegnum almannatryggingarnar, heldur væri þar aðeins um að ræða sparnað í rekstri, betri stjórnun og annað þess háttar.

Það er enginn vafi á því, að það, sem á vantaði til þess að brúa bilið sem hér er fyrir hendi, yrði fljótfengið með því að leggja tiltölulega lítinn skatt á þann stóra hóp einstaklinga og atvinnufyrirtækja í landinu sem hefur verið vegna ranglátrar skattalöggjafar og einnig vegna ranglátrar framkvæmdar þeirrar löggjafar svo til skattlaus svo árum skiptir. Hér er því meiri spurning um það að ná til þeirra aðila í þjóðfélaginu sem hafa ekki borgað í hinn sameiginlega sjóð eins og þeim í raun og veru ber, og það miklu fremur sú leið sem á að fara til þess að ná í fjármuni, þegar þeirra er þörf, heldur en að bæta endalaust á þá þjóðfélagsþegna sem í raun og veru eru þrautpíndir fyrir með sköttum. Ég vil því taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal. Það hefði ábyggilega þurft lítið prósentubrot að leggja á veltu fyrirtækja í landinu til þess að ná þeim fjárhæðum sem hér er um að ræða, ef á annað borð hefði verið til þess vilji af hálfu hæstv. ríkisstj. að leita á önnur mið en þau hefðbundnu sem alltaf hefur verið og er leitað á, þ. e. a. s. í vasa hins almenna launamanns í landinu.

Hafi verið til þess ástæða, sem ég tel að fullkomlega hafi verið, að mótmæla þessari skattheimtu haustið 1975, þá er hún ekki síður fyrir hendi nú, þegar í fyrsta lagi er um að ræða tvöföldun á þessari skattheimtu og í öðru lagi, sem ekki skiptir minna máli að sumra áliti, að með þessari skattheimtu er framið gróft brot á þeim loforðum sem ríkisstj. gaf varðandi lausn þeirrar kjaradeilu sem yfir stóð á s. l. vori. Með þessari skattheimtu er í raun og veru brostin ein sú forsenda sem fyrir hendi var þegar gengið var frá samningum á hinum almenna launamarkaði á s. l. sumri. Auk þess hefur verið á það bent hér, þó að það sé ekki beint í tengslum við þetta frv., að ráðagerð hæstv. ríkisstj. varðandi skattvísitöluna, eins og nú virðist allt benda til að hún eigi að vera, er einnig gróft brot á einu grundvallaratriði samninganna frá því í vor af hálfu hæstv. ríkisstj. Skattalækkunin, sem gengið var út frá við samningsgerðina, var einhvers staðar á bilinu 2—3.5 milljarðar. Með framkvæmd skattvísitölunnar eins og hún virðist eiga að vera af hálfu hæstv. ríkisstj. eru 2 milljarðar teknir til baka af þessari skattalækkun sem lofað var við samningsgerðina.

Svo slæmt sem það brot er af hálfu hæstv. ríkisstj., tel ég þó að það, sem hér er lagt til, sé miklu verra brot og komi a. m. k. í mörgum tilfellum miklu verr niður á þeim sem síst skyldi. Hér er um að ræða að hækka stórlega skatt á stórum hópi láglaunafólks í landinu, sem lofað var skattalækkun með loforðum ríkisstj. frá því í vor. Það er enginn vafi á því, ef þetta verður gert, að verkalýðshreyfingin mun sýna fyllstu hörku og heimta þau loforð uppfyllt sem gefin voru við samningsgerðina í vor. Ég held að nauðsynlegt sé að hæstv. ríkisstj. geri sér fullkomlega grein fyrir þessu. Hér er það hún sem bregst, og það hefur oftast verið svo og verður svo, að sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Hér er gengið á gefin loforð, og því hefur raunar verið lýst yfir, t. d. af hálfu þings Verkamannasambands Íslands, að öllum tilraunum til þess að rifta að einhverju leyti forsendum samninganna frá því í vor verði svarað af fyllstu hörku. Ég held að enginn vafi sé á að fullkomlega má trúa því, að þetta verður gert.

Ég vil því, án þess að lengja frekar umr. að þessu sinni um þetta mál, vara hæstv. ríkisstj. eindregið við því, að stíga þetta skref, hækkun sjúkratryggingagjalds, sem hér er búist til að stíga því það er freklegt brot á gefnum fyrirheitum og loforðum við lausn kjaradeilnanna. Það er ábyggilegt, að verði þetta gert á það eftir að draga dilk á eftir sér á næstu vikum eða mánuðum, því að eins og áður hefur komið fram, mun verkalýðshreyfingin ekki una því, að endalaust sé gengið á gefin loforð af hálfu ríkisvaldsins, sem það gefur við lausn á kjaradeilum.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að taka þátt í deilum um það, hvort þetta gjald, sem fyrirhugað er að leggja á og hækka, sé réttlætanlegt eða ekki réttlætanlegt, né heldur, ef það er lagt á, hvaða leiðir eru til þess valdar. Um það má að sjálfsögðu deila. Ég hygg þó, að úr því að ákveðið er að stefna að því að leggja þetta gjald á sé skást að gera það á þann veg sem frv. gerir ráð fyrir vegna þess að þar næst einmitt til þeirra einstaklinga sem nefndir voru í ræðum tveggja hv. síðustu ræðumanna, til þeirra einstaklinga sem hafa sloppið við tekjuskatt til ríkisins, en greitt veruleg útsvör. Með því að leggja gjaldið á útsvarsstofn næst einmitt til þeirra einstaklinga miklum mun frekar en ef farið væri eftir sömu reglum og tekjuskatturinn er lagður á.

En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að ég vil biðja hv. þingnefnd, sem fjallar um þetta mál, að taka eitt atriði til athugunar. Eins og menn muna, voru lög um sjúkratryggingagjaldið sett í árslok 1975 og komu í fyrsta sinn til framkvæmda árið eftir, við álagningu sumarið 1976. Þá kom í ljós að Alþ. hafði sést yfir varðandi stöðu elli- og örorkulífeyrisþega. Til þess að leiðrétta það voru sett brbl. það sumar sem leiðréttu þessa hluti að verulegu leyti, en þó ekki alveg.

Við breytingu á þessum lögum frá 30. mars í fyrra var gert ráð fyrir því að nú yrði um ríkisinnheimtu að ræða, en ekki á vegum sveitarfélaganna, þannig að þessi gjaldtaka er engan veginn lengur á vegum sveitarfélaganna. Jafnframt var gert ráð fyrir því, að þeir, sem væru svo tekjulágir, að þeir næðu ekki útsvari, yrðu undanþegnir gjaldinu. Mátti ætla að í flestum sveitarfélögum, þar sem sveitarstjórnir gerðu ekki ráð fyrir að lagt yrði á elli- og örorkulífeyri, sbr. heimildarákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mundu elli- og örorkulífeyrisþegar yfir höfuð vera undanþegnir gjaldinu. Mér er hins vegar kunnugt um það — hef um það bein dæmi án þess að hafa í höndum nein gögn um hvernig

niðurstaðan hefur orðið vítt og breitt um landið — að útkoman við álagningu í sumar hefur orðið þannig, að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem hafa haft tiltölulega litlar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri, hafa fengið sáralítið útsvar, þeir hafa nægilega miklar tekjur til þess að ná útsvarsgreiðslu, en lágmarksútsvarið eða sú upphæð, sem menn þurfa að fá í útsvar án þess að það sé endilega fellt niður, er tiltölulega lág, mig minnir að það séu 1500 kr. Hafi þeir náð þessari upphæð er sjúkratryggingagjaldið lagt á allan stofninn með fullum þunga, að vísu samkv. þeim frádráttarheimildum eða ákvæðum sem eru í frv. Ég veit að það eru dæmi til þess, að þetta fólk hefur fengið allmiklu hærra sjúkratryggingagjald en sjálft útsvarið nam.

Ég tel rétt, áður en frv. kemur aftur frá n. til þessarar d., að hún kanni þessi atriði, kanni hvort mikil brögð eru að slíkri álagningu, kanni hvort hægt er að bæta inn í frv. viðbótarákvæðum, þannig að því marki verði náð að ellilífeyrisþegar þurfi ekki að greiða sjúkratryggingagjald, þótt þeir hafi tekjur sem nemi allt að því eins miklu og sjálfar ellilífeyrisgreiðslurnar eru.

Ég held að það sé töluvert andstætt fólki, sem þurfti ekki að greiða almannatryggingagjaldið fyrrum, eftir að það hafði náð 67 ára aldri, og hefur auðnast að vísu líf og kraftar fram á þennan dag, hefur kannske búið við það í 15—20 ár að greiða ekki til tryggingana, ef það stendur frammi fyrir því í dag, með svipuð kjör og það hafði, að greiða nú allt í einu til þessara trygginga. Ég held það sé andstætt þeirri hugmynd sem er á bak við töku þessa gjalds og andstætt við þeirra eigin hugmyndir um að það eigi ekki að standa í slíkum greiðslum.

Herra forseti. Erindi mitt var sem sagt að koma þessu atriði á framfæri við n. Ég vona að hún taki það til athugunar.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns, 4. þm. Vestf. er í þessu frv. breytt frá gildandi lögum um sjúkratryggingagjald á þann veg, að nú gætir fyllsta samræmis við álagningu gjaldsins, en þess gætti nokkuð, þegar fleiri en einn aðili lögðu þetta gjald á, að það var ekki alls kostar lagt á með sama hætti. Ég tel að með þeim undantekningum, sem um er getið í 2. tölul. 1. gr., komi slíkt ekki fyrir, því að gjaldið skal nema 2% af gjaldstofni álagðra útsvara 1978 — eingöngu álagðra útsvara. Þetta orkar því ekki tvímælis, eins og má segja að hafi gert fyrst og fremst eftir útgáfu brbl., sem voru gerð að mjög vandlega athuguðu máli, en náðu þó ekki, eins og hv. þm. benti á, í öllum tilfellum tilgangi sínum. Nú hefur þetta verið leiðrétt. Ég hygg að á þessu sé ekki hætta, enda var það aldrei tilgangur þessara laga.

Hv. 5. þm. Vestf. hafði fremur hátt í ræðu sinni — það kemur sennilega engum í hv. þd. á óvart — og talaði í nafni verkalýðshreyfingarinnar, eins og hann hefði einn allsherjarumboð fyrir hana. Það má segja að þar talaði sá sem valdið hefur. En ég ætla ekkert að elta ólar við hann í þeim efnum. Menn geta verið misjafnlega ánægðir með sig — og hví mega menn ekki vera ánægðir með sig?

Það er alveg rétt sem ég sagði 1975 í sambandi við álagningu þessa gjalds, að það var ekki hugsað nema til eins árs. En það hefur orðið, eins og margir fleiri slíkir skattar, langlífara en það átti að vera. Til þess að geta lagt niður einhverja skatta eða einhver tiltekin gjöld verður auðvitað að verða sú breyting á, að fjárþörf ríkisins fari minnkandi, en ekki vaxandi.

Ég er ekki á sama máli og hv. 2. þm. Austurl., að það hafi verið alveg hárrétt stefna, að afnema nefskattinn á sínum tíma. Það hafa margir viljað líta svo á, að þessi nefskattur hafi verið nokkurs konar iðgjald sem hver og einn borgaði. Ég er hins vegar alveg sammála því, að slíkan nefskatt eiga ekki öryrkjar að borga eða fólk sem komið er á ellilaun. En það eru líka til þó nokkuð stórir hópar í þessu landi sem hreinlega hugsa um að hafa eiginlega aldrei tekjur, þannig að þeir borgi aldrei til sveitarfélaga og því síður ríkis. Ég veit ekki hvort það er eðlilegt, sjálfsagt og sanngjarnt að þetta fólk, ef það hefur fulla heilsu, eigi að sleppa árum saman. Ég er ekki alveg tilbúinn að láta þá skoðun í ljós.

Í sambandi við gjald á sjúkrahúsin, þá held ég að við eigum ekki að slá algjörlega striki yfir það og segja að ekkert slíkt komi til greina. Ég vorkenni hvorki mér né öðrum, ef við þurfum að leggjast inn á sjúkrahús, að borga eitthvert eðlilegt gjald, eins og fæðisgjald á sjúkrahúsum. Yfirleitt er það nú þannig orðið með fólk sem hefur fasta vinnu og leggst inn á sjúkrahús, að bæði hefur það fullt kaup og algjörlega frítt uppihald að öllu leyti. Um hitt er ég alveg sammála hv. 2. landsk. þm., að ekki á með þessu að taka upp bandaríska kerfið. Það er fjarri mér að vilja það. Ef slíkt verður tekið upp verður auðvitað að miða við einhvern hámarks dagafjölda á ári og þyrfti hann að vera a. m. k. innan við mánuð, jafnvel þrjár vikur, hálfan mánuð eða eitthvað þess háttar. Líka þyrfti að undanþiggja allt tekjulaust fólk slíku gjaldi, eins og öryrkja, ellilífeyrisþega og börn. Það væri hugsanlegt að hafa slíkt gjald eingöngu á þeim sem kæmu inn skamman tíma, væru á fullu kaupi og nytu fulls kaups á meðan þeir væru á sjúkrahúsum. Ég tel þetta ekkert fjarstæðukennt.

Ég vil biðja menn að athuga að sjúkratryggingarnar og lífeyristryggingarnar hækka a. m. k. um 8 þús. millj. frá árinu á undan. Hér er um að ræða tekjupóst fyrir ríkissjóð sem er upp á 1900 millj., þannig að þau verða alveg örugglega á sjöunda milljarð, aukaútgjöldin fyrir ríkissjóð vegna þessa. Það er auðvitað ákaflega gott að finna út, að hægt sé að spara í rekstri Tryggingastofnunarinnar, eins og 5. þm. Vestf. gat um. Kannske ætlaði hann að spara 8 milljarða í rekstri Tryggingastofnunarinnar eða meira en rekstur hennar kostar að öllu leyti, og þá mundu greiðslurnar sennilega koma bara af sjálfu sér til ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Svona þýðir auðvitað ekki að tala. Þetta er svo fjarri sanni. Það hefur ekki verið leyfð ein einasta stöðuheimild í Tryggingastofnuninni. Beitt hefur verið þar eins miklu aðhaldi og frekast hefur verið kostur. En ég er ekki þar með að segja að það megi ekki spara. Við höfum aldrei lokað augunum fyrir því. En þetta er auðvitað svo mikið

tekið upp í sig, að engan veginn fær staðist að segja slíkt.

Tveir ræðumenn sögðu að þetta væri fyrst og fremst skattur á láglaunafólk. Það er alls ekki rétt. Þetta er auðvitað fyrst og fremst skattur á þá sem hæstu tekjurnar hafa. Það eru þeir sem verða að greiða mest af þessum skatti, þeir sem hafa hæstu tekjurnar.

Það kom að sumu leyti nokkuð á óvart, sem hv. 2. landsk. þm. sagði, að hann hefði heldur viljað taka þennan skatt í formi tekjuskatts. Það finnst mér vera snögg breyting frá því að vilja leggja tekjuskattinn alveg niður fyrir einu ári. Menn geta skipt um skoðun og er ekkert athugavert við það. En mér finnst bara miklu eðlilegra að taka þetta af þessum tekjustofni, af sama tekjustofni og stjórn, sem hv. 2. þm. Austurl. átti sæti í, markaði á sínum tíma með lögunum um tekjustofna sveitarfélaga. Við erum að leggja þennan skatt á sama tekjustofn og í hlutfalli við tekjur.

Sannleikur málsins er sá, að ríkissjóður stendur frammi fyrir því, að hann verður að leggja nýja skatta á. Það eru hvorki svik við verkalýðshreyfinguna né aðra. Þegar bætt er stórfelldum útgjöldum á ríkissjóð, eins og hefur verið gert nú á þessu ári, verður hann einhvers staðar að fá tekjur á móti. Lausn á síðustu deilu, deilu opinberra starfsmanna sem kostaði ríkissjóð óskaplega mikið fjármagn, verður auðvitað ekki mætt nema með því að auka tekjur ríkissjóðs jafnframt því að skera niður. Það er ekki hægt í sömu andránni að taka undir allar kröfur, allar launahækkanir, allar framkvæmdir í landinu og segja svo um leið: Við viljum ekki auka tekjur ríkissjóðs eða við viljum a. m. k. ekki hafa þetta svona og ekki svona og ekki svona. Við hljótum þó, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, að hafa þær skyldur að sjá um fjárhag ríkissjóðs, að fjárl. séu afgreidd greiðsluhallalaus, því að nóg er samt.

Ég held t. d. að ekki sé hægt að segja að það sé hægt að leggja þessar hækkanir á atvinnureksturinn í landinu og undanskilja útflutningsatvinnuvegina. Mér skilst á iðnaðinum að hann telji sig ekki neitt of sælan. Þegar kemur fram einhver barlómur er alltaf tekið undir það, að ríkið eigi að koma til móts við hvern og einn sem segist vanta peninga. Ég sá í blöðum og ríkisfjölmiðlunum, þegar frystihúsin báru sig illa í sumar, að þar var tekið undir alveg á stundinni. Allir heimtuðu aðgerðir ríkissjóðs. En svo þegar ríkissjóður aflar tekna vilja flestir vera stikkfríir, og þá er ég ekkert að sneiða að einum frekar en öðrum.

En aðeins um þá grein eða það atriði sem hv. 2. þm. Austurl. benti á varðandi 5. lið 1. gr. um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaganna. Þetta var rætt töluvert þegar lögin voru til umr. hér á síðasta þingi, að hér yrði gífurlegur munur á milli hinna einstöku sjúkrasamlaga sem yrði sumum óbærilegur og það yrði fyrst og fremst aukinn kostnaður við fámennari sveitarfélög. En reglugerð, sem ég gaf út 30. sept. að till. forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og fleiri aðila, sem voru í þeirri nefnd sem kannaði málið, er á þann veg, að það sjúkrasamlag, sem lægsta prósentuna ber, er með 11.98%, sem er Sjúkrasamlag Þingeyjarsýslu, en sjúkrasamlagið, sem hæst ber, er Sjúkrasamlag V.-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu með 16.86%. Þessi munur varð ekki meiri en þetta. Aðeins til fróðleiks skal ég geta þess, að Reykjavík er með 16.53%. Þar er langstærsta sjúkrasamlagið. Þetta bil varð í reynd að dómi þessara manna mun minna en þm. almennt óttuðust, og ég var einn í hópi þeirra sem héldu að þetta bil yrði meira. En þarna kemur auðvitað margt til, eins og menn eflaust geta getið sér til um.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem kom fram hjá hæstv. ráðh.

Ég sagði áðan, að því hefði verið haldið fram og að ég teldi með réttu, að það væri hægt að spara verulega fjármuni í rekstri Tryggingastofnunar ríkisins. Ég veit ekki annað en margir séu mér sammála um þessa skoðun. Svo kemur hæstv. ráðh. og talar í öðrum dúr, segir að ég hafi tekið stórt upp í mig og talað um að líklega væri hægt að spara 8 milljarða í rekstri Tryggingastofnunarinnar og tryggingganna, það væri sem sagt hægt að spara allan þann kostnað, sem um væri að ræða í sambandi við tryggingarnar, ég hefði talað í þeim dúr. Slíkur málflutningur skýrir sig náttúrlega sjálfur, og er leitt til þess að vita, að hæstv. heilbr.- og trmrh. skuli alltaf grípa til slíkra útúrsnúninga þegar um það er að ræða, að aðrir eru á annarri skoðun en hæstv. ráðh. Ég held fast við það og tel það raunnar engan vafa, að hægt er að spara í rekstri Tryggingastofnunar ríkisins eins og rekstri fjöldamargra annarra opinberra fyrirtækja.

Þá vildi hæstv. ráðh. ekki viðurkenna að það væri rétt, að þetta gjald, sem hér er um að ræða, kæmi hart niður á láglaunafólki. Það er alveg öruggt mál, að stór hópur láglaunafólks í landinu lendir í að greiða þetta sjúkratryggingagjald, og það tel ég að komi niður á þeim sem síst skyldi.

Hann sagði að ekki væri endalaust hægt að bæta útgjöldum á ríkissjóð, án þess að hann fengi tekjur í staðinn, og nefndi þar til nýgerða kjarasamninga opinberra starfsmanna. Eins og það eigi að vera rökin fyrir því, að brotin séu þau loforð sem gefin voru við gerð kjarasamninga á s. l. sumri! Rökin fyrir því, að þau loforð séu brotin og þau fyrirheit svikin, eigi að vera þau, að opinberir starfsmenn fengu kauphækkun með nýgerðum kjarasamningum sínum. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ráðh. allir, ekkert síður hæstv. heilbr.- og trmrh., hafi vitað um það, þegar ríkisstj. gaf loforðið við samningsgerðina á s. l. sumri við aðila hins almenna vinnumarkaðar, hæstv. ráðh. hafi vitað um það, að fyrir dyrum stóðu samningar við BSRB. Þeir hafa væntanlega gert sér grein fyrir því, að þar var um að ræða kröfur af hálfu opinberra starfsmanna um bætt launakjör, en ekki á hinn veginn. Ég hygg að hæstv. ráðh., þ. á m. hæstv. heilbr.- og trmrh., hljóti að hafa gert sér grein fyrir því, þannig að hér er ekki um neina röksemdafærslu að ræða sem réttlætir svik hæstv. ríkisstj. á loforðunum við samningsgerðina, —

þau séu réttlætanleg vegna þess að opinberir starfsmenn fengu kauphækkun.

Svo sagði hæstv. ráðh.: Það er ekki alltaf hægt að bæta á atvinnureksturinn, atvinnureksturinn telur sig ekki of vel haldinn eða of sælan. — En það virðist vera skoðun hæstv. ríkisstj., að endalaust sé hægt að bæta á launafólk, það sé of sælt af því sem það hefur, jafnvel þeir lægst launuðu. Þar er endalaust hægt að bæta sköttum á að dómi hæstv. ríkisstj. og í þessu tilfelli ekki hvað síst að dómi hæstv. heilbr.- og trmrh. Það er ekki spurt um það, hvort launafólk telji sig of sælt eða ekki. Það er alltaf sótt á hin sömu hefðbundnu mið ef um skattaálögur er að ræða og tekna þarf að afla í ríkissjóð. Alltaf er byrjað á launafólki, og það hefur ekki sýnt sig hvað síst í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Það er enginn vafi á því — ég ítreka það — að það mætti ná þessari upphæð, sem hér er um að ræða, sem nemur tekjunum af sjúkratryggingagjaldinu, með því að leggja örlítið prósentubrot á fyrirtæki í landinu, ég tala nú ekki um ef gerð væri gangskör að því að breyta hinu rangláta skattkerfi í landinu og framkvæmd þess svo að það næði til stórtekjumannanna og stóreignamannanna, þannig að þeir greiddu eitthvað í hinn sameiginlega sjóð sem þeir hafa látið vera að greiða í á undanförnum árum og áratugum. Kannske eru þeir svo illa haldnir að áliti hæstv. ríkisstj. og hæstv. heilbr.- og trmrh., að þeir séu ekki til þess færir, þangað megi ekki sækja peninga. Það er engu líkara, eftir því sem hér er talað, en að þetta sé einmitt skoðun hæstv. ráðh. Raunar má segja, að hún hafi birst í störfum og ákvörðunum hæstv. ríkisstj. á undanförnum árum. Þar hefur hæstv. ríkisstj. fyrst og fremst beitt geiri sínum að launafólki, verkalýðshreyfingunni í landinu og það á að gera enn með þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978, frv. (þskj. 174). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Af brigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1978, sem lögð var fram á hv. Alþ. í gær, kom fram að flutt yrði frv. til laga um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunarinnar 1978.

Ég mun nú gera grein fyrir því frv., sem hér er til umr. og er flutt til fullnustu þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið og gerð er grein fyrir í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun.

Að því er ríkisframkvæmdir varðar er leitað heimildar til erlendrar lántöku að jafnvirði 4866 millj. kr. Í hliðstæðu frv. vegna lánsfjáráætlunar 1977 var gert ráð fyrir erlendri lántöku til ríkisframkvæmda að fjárhæð 6870 millj. og að auki 2 862 millj. vegna Framkvæmdasjóðs, sem ekki mun taka erlend lán vegna fjárfestingarlánasjóða á næsta ári. Samtals er því erlend fjáröflun til ríkisframkvæmda og fjárfestingarlánasjóða 9732 millj. á árinu 1977, þannig að um mjög verulegan samdrátt er að ræða í erlendum lántökum í þessu skyni eða nákvæmlega 50% lækkun í ísl. kr. Til viðbótar erlendri lánsfjáröflun er gert ráð fyrir að afla 5586 millj. kr. innanlands vegna ríkisframkvæmda eða samtals 10 452 millj. kr. Innlend lánsfjáröflun skiptist þannig, að 3100 millj. er sala ríkisskuldabréfa eða spariskírteina, og þarf því að hækka lántökuheimild fjárlagafrv. um 1100 millj. Sérstök fjáröflun til framkvæmda við þjóðarbókhlöðu er 170 millj. og innheimtufé eldri spariskírteina að frádreginni innlausn skírteina 2316 millj. kr.

Að öðru leyti felur frv. í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum, m. a. bréfum Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs, lántökuheimildir vegna Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja og heimild til að breyta skammtímalánum ríkissjóðs í lengri lán.

Tilgangur frv. í heild er að tryggja að markmiðum lánsfjáráætlunarinnar verði náð á næsta ári, en fyrir þeim gerði ég ítarlega grein í ræðu í Sþ. í gær, og vísa ég til skýrslunnar um lánsfjáráætlun, með leyfi forseta.

Ég mun þá fara nokkrum orðum um einstakar frvgr. og vík fyrst að 1. gr., þar sem ákvæðið er um lántöku að upphæð 4866 millj. kr., og 2. gr., að því fé skuli varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárl. fyrir árið 1978.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til að ávaxta 40% ráðstöfunarfjár síns í verðtryggðum skuldabréfum. Tilgangur þessa ákvæðis er tvíþættur: annars vegar að treysta ávöxtun lífeyrissjóðanna til þess að þeir geti betur sinnt skyldum sínum við lífeyrisþega og einnig að tryggja fjáröflun til nauðsynlegra framkvæmda í landinu.

Á undanförnum árum hafa verið gerðir um það samningar milli fjmrn. og lífeyrissjóða, að lífeyrissjóðirnir keyptu verðtryggð skuldabréf Framkvæmdasjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs ríkisins fyrir tiltekinn hluta af árlegu ráðstöfunarfé sínu. Á þessu ári er stefnt að því, að skuldabréfakaup lífeyrissjóða frá þessum aðilum nemi samtals 30% af ráðstöfunarfé. Tilgangur þessara verðbréfakaupa hefur verið að tryggja þátttöku lífeyrissjóða í fjármögnun atvinnuvega og íbúðabygginga og jafnframt að gefa þeim kost á, að ávaxta verulegan hluta af ráðstöfunarfé sínu með fullri verðtryggingu. Framkvæmd samninganna hefur yfirleitt gengið vel, en þó hefur verið nokkur misbrestur á að allir lífeyrissjóðir keyptu verðbréf að umsömdu marki. Hefur þetta ekki aðeins skapað vandamál í framkvæmd greiðsluáætlunar, heldur hafa sumir sjóðir þannig naumast sinnt nægjanlega skyldu sinni að ávaxta fé sitt með sem hagkvæmustum hætti í þágu lífeyrisþega. Því þykir ástæða til að setja nú í lög almenn ákvæði þess efnis, að öllum lífeyrissjóðum sé skylt að ávaxta tiltekinn hluta af heildarráðstöfunarfé með fullri verðtryggingu. Jafnframt þessu er sú kvöð lögð á fjmrn., að það hafi ætíð á boðstólum verðbréf með fullri verðtryggingu — bæði eigin skuldabréf svo og bréf Framkvæmdasjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs ríkisins svo að lífeyrissjóðirnir geti ætíð fullnægt þeirri lagaskyldu, sem hér er gerð till. um, að ávaxta a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu í slíkum bréfum.

Auk þess er gert ráð fyrir að aðrir stofnlána- og fjárfestingarsjóðir geti selt lífeyrissjóðum verðtryggð skuldabréf sín, enda fullnægi þau verðtryggingarákvæðum þessa frv. að mati Seðlabankans. Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um framkvæmd þessara skuldabréfakaupa í reglugerð. Þar verður m. a. skilgreint ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, en til þess teljast vextir og afborganir að viðbættum gjaldatekjum, en frádregnum lífeyrisgreiðslum.

4. gr. frv. fjallar um heimild til lántöku erlendis vegna Landsvirkjunar. Um miðjan nóv. 1977 lauk Landsvirkjun við að reisa 220 kw. háspennulínu milli spennistöðvar sinnar við Geithála og spennistöðvar þeirrar sem nú er í byggingu á Brennimel við Hvalfjörð. Jafnframt var þá lokið samtengingu línu þessarar og byggðalínunnar og þar með hafinn rafmagnsflutningur í verulega auknum mæli frá orkuveitusvæði Landsvirkjunar til Norðurlands. Á næsta ári verður Landsvirkjunarlínan framlengd að járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði, en ráðgert er að rafmagnssala til verksmiðjunnar hefjist á árinu 1979. Vegna verksmiðjunnar hefði því ekki þurft að byggja línuna fyrr en 1978, en nú s. l. vor ákvað stjórn Landsvirkjunar, að höfðu samráði við ríkisstj., að flýta byggingu línunnar svo að unnt yrði að auka sem fyrst rafmagnsflutning til Norðurlands.

Kostnaður við byggingu Landsvirkjunarlínunnar ásamt hlutdeild Landsvirkjunar í spennistöðinni á Brennimel áætlast 1500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Kostnaður þessi er að verulegu leyti þegar áfallinn og hefur hann verið fjármagnaður með erlendum lánum til skamms tíma. Ætlunin er að taka erlent lán til langs tíma til endurgreiðslu hlutaðeigandi lána og fjármögnunar kostnaðarins á árinu 1978. Ráðgert er að umrætt lán verði annaðhvort með ríkisábyrgð eða lán sem ríkissjóður tekur og endurlánar Landsvirkjun.

5. gr. fjallar um ábyrgðarheimildir vegna Hitaveitu Suðurnesja. Framkvæmdir hófust við Hitaveitu Suðurnesja árið 1975. Þær hafa staðið sleitulaust síðan og eru langt komnar. Í nóv. 1977 var vatni hleypt á dreifikerfi Grindavíkur. Síðan hefur verið unnið að dreifikerfi fyrir Njarðvíkur og Keflavík og er áætlað að vatni verði hleypt á til Njarðvíkur fyrir áramót og til Keflavíkur í byrjun næsta árs. Framkvæmdum er haldið áfram og reiknað með að þeim ljúki á miðju ári 1979 fyrir allt Reykjanes utan Keflavíkurflugvallar. Ábyrgðarheimild, er veitt var með lögum nr. 100/1974, nam 2 milljörðum kr. Er nú talið nauðsynlegt að afla umræddrar viðbótarheimildar til að ljúka verkinu að þessu leyti, en hér er um mjög mikið þjóðþrifafyrirtæki að ræða.

6. gr. frv. fjallar um heimild til breytinga fyrir ríkissjóð á erlendum lánum, og er þar um nýmæli að ræða. Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum undanfarin ár hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægjanlega langs tíma miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra mannvirkja sem með þeim hafa verið fjármögnuð. Veldur þetta óeðlilega örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Aðstæður á erlendum lánamörkuðum hafa farið batnandi að undanförnu og gæti því orðið hagkvæmt að taka lán til greiðslu lána sem greiða verður nú á skömmum tíma.

Í þessum tilvikum sýnist mér eðlilegt að fjmrn. hafi samráð við fjvn. um slíkar lánabreytingar, og er það lagt til í síðustu mgr. 6. gr.

Ég hef nú gert grein fyrir þessu frv. með tilvísun til þess sem ég sagði um skýrslu um lánsfjáráætlun í Sþ. í gær, og leyfi mér að leggja til að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 30. fundur.

Fimmtudaginn 15. des., kl. 0.25 eftir miðnætti.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 23). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 177).

Eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum, frv. (þskj. 24). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 178).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 25). — 3. umr.

Of skammt var liðjð frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 179).

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978, frv. (þskj. 174). — Frh. 1. umr.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Það er eitt atriði þessa frv., sem hér er til umr., sem ég ætla sérstaklega að gera að umtalsefni. Ég hef stillt mig um að taka til máls um þau frv. sem rædd hafa verið hér í kvöld, þótt raunar hefði verið ærin ástæða til þess, einkum þó þau frv. sem varða skattaálögur sem að mínum dómi brjóta mjög í bága við það sem ríkisstj. lýsti yfir í sumar þegar samningamál verkalýðshreyfingarinnar voru til afgreiðslu. Ég ætla

ekki að fara að fullyrða neitt um þau efni núna, það gefst tækifæri til að ræða þau mál síðar, en aðeins vildi ég vona að ekki yrði nú haldið áfram á þeirri braut sem hér virðist vera farið inn á, þannig að til viðbótar öllum öðrum vanda í þjóðfélaginu ættum við von á verulegum átökum á vinnumarkaðinum áður en eðlilegur samningstími er útrunninn.

Í þessu frv. er í 3. gr. gert ráð fyrir því að skylda lífeyrissjóðina með lögum til þess að kaupa verðtryggð skuldabréf af stofnlánasjóðum fyrir minnst 40% af ráðstöfunartekjum sínum. Eins og fram kemur í grg. hæstv. fjmrh., sem hann flutti áðan og raunar fylgir frv., hefur með samkomulagi við lífeyrissjóðina verið sá háttur á, að þeir hafa á undanförnum árum keypt skuldabréf — verðtryggð skuldabréf — af stofnlánasjóðunum. Þetta helgast auðvitað verulega af því, að lífeyrissjóðunum er mikil nauðsyn að reyna að ávaxta fé sitt á sem allra tryggastan hátt, og segja má að vandamál lífeyrissjóðanna og lífeyriskerfisins í heild sé fyrst og fremst hin mikla verðbólga, sem við búum við, og margþætt vandamál, sem af því leiðir.

Á árinu 1974, í samningunum í mars 1974, gerði verkalýðshreyfingin, Alþýðusambandsfélögin, samkomulag við þáv. ríkisstj., að lífeyrissjóðirnir keyptu fyrir sem svaraði 20% af ráðstöfunartekjum hvers árs verðtryggð skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins. En á móti kom yfirlýsing og loforð ríkisstj. um að gera verulegt átak hvað varðar byggingu íbúðarhúsnæðis á félagslegum grundvelli. Sú ríkisstj., sem síðar tók við, síðari hluta sama árs, 1974, hefur endurnýjað tvivegis þessar yfirlýsingar um framkvæmdir í byggingum íbúðarhúsnæðis á félagslegum grundvelli og lífeyrissjóðirnir hafa fullkomlega staðið við sinn hluta, þ. e. a. s. að kaupa þessi skuldabréf af Byggingarsjóði.

Fyrir stuttu eða nú síðustu daga hefur verið útbýtt hér svari hæstv. fjmrh. við skriflegum fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Þetta hafa þm. sjálfsagt litið yfir og það ber með sér m. a., að lífeyrissjóðir Alþýðusambandsins höfðu á árinu 1976 keypt þessi skuldabréf af Byggingarsjóði fyrir um 780 millj. kr. Þetta mun verða hærri upphæð á því ári sem nú er að líða. En samtals keyptu lífeyrissjóðirnir á árinu 1976 af fjárfestingarsjóðunum verðtryggð verðbréf fyrir röska 2 milljarða, þannig að það er engan veginn að lífeyrissjóðirnir hafi ekki lagt fram verulegt fjármagn til fjárfestingarsjóðanna og þar með til atvinnuveganna í landinu.

Ég sagði að lífeyrissjóðirnir hefðu fyllilega staðið við sín fyrirheit sem gefin voru 1974. En það verður því miður ekki sagt um þátt ríkisstj. og loforð hennar. Þar hafa litlar sem engar efndir orðið á.

Ég ætla að fara örfáum orðum um hvernig staða lífeyrissjóðanna er, hvernig þeir eru í stakkinn búnir til þess að verða við þeim ákvæðum sem felast í þeirri lagagr. sem ég er hér að ræða, hvaða möguleika þeir hafa til þess að verja svo stórum hluta af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á þessum verðtryggðu skuldabréfum. Ég ætla þá fyrst og fremst að halda mig við sjóði Alþýðusambandsins, þ. e. a. s. þá sjóði sem að verulegu leyti voru stofnaðir með samningunum 1969 og urðu til frá 1. jan. 1970, en þó engan veginn með fullum iðgjöldum fyrstu þrjú árin.

Ég vil fyrst segja það, að almennt má segja að launafólk sætti sig við að greiða þennan skyldusparnað, skulum við segja, sem lífeyrissjóðsgreiðslurnar eru. Til þess eru aðallega tvennar ástæður. Yngra fólkið sættir sig við þetta vegna möguleika á lánum úr lífeyrissjóðunum. Eldra fólkið, og þá vil ég segja að það væru tæplega margir undir 50 ára, gerir það með hliðsjón af möguleikum á lífeyri þegar starfsaldri lýkur. Þannig er þetta í reynd. Ég ætla aðeins að lýsa hér þeim sjóði sem ég þekki best til og áreiðanlega stendur, eins og nú standa sakir, best að vígi til þess að geta varið fjármunum til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum. Það er Lífeyrissjóður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar, en þessi félög hafa sameiginlegan lífeyrissjóð. Það er eitt atriði sem ég vil sérstaklega leggja áherslu á og menn máske gera sér ekki fulla grein fyrir, að lífeyrisgreiðslur úr þessum sjóðum, þótt ungir séu, eru að verða býsna miklar. T. d. greiðir þessi lífeyrissjóður, sem ég nefndi, nú á þessu ári sem svarar 25% af iðgjaldatekjum ársins í lífeyrisgreiðslur. Þessu valda þeir samningar sem gerðir hafa verið milli aðila vinnumarkaðarins og raunar með ríkisstj. sem þriðja aðila tvö undanfarin ár, þ. e. a. s. á árinu 1976 og svo aftur í vor, og þá fyrst og fremst útvíkkun lífeyriskerfisins og þó fyrst og fremst verðtrygging lífeyrisins. Ég bið menn að hafa í huga, að það eru lífeyrissjóðirnir sjálfir sem að fullu og öllu standa undir verðtryggingunni. Hún er ekki sótt í ríkissjóð hvað þessa sjóði varðar. Þegar síðan þessi sjóður er búinn að kaupa verðtryggð skuldabréf af Byggingarsjóði fyrir að vísu rösklega 20% á þessu ári og búið er að fullnægja lánaþörf sjóðfélaganna er öllu ráðstöfunarfé sjóðsins á þessu ári ráðstafað. Ég endurtek, að þetta er áreiðanlega sá sjóðurinn sem hvað besta aðstöðu hefur eins og sakir standa til þess að kaupa þessi verðtryggðu bréf. Hækkun úr þessum röskum 20% hvað þennan sjóð varðar og upp í 40% af ráðstöfunarfénu til kaupa á verðbréfunum hefur því aðeins eina afleiðingu. Hún er sú, að takmarka verður lánin til sjóðfélaganna. Það er alveg óhjákvæmileg afleiðing þess, ef lífeyrissjóðurinn á að hækka kaup sín svo á verðtryggðum bréfum sem hér er áætlað að gera. Það er hins vegar sjáanlegt, hvað það hefði síðan í för með sér.

Ég sagði að þetta væri sá sjóðurinn sem stæði hvað best að vígi. Aðrir sjóðir og ýmsir sjóðir, einkanlega þeir sem að langmestum hluta eru með sjóðfélaga, sem eru ungir að árum, og þarfir þeirra einkanlega varðandi íbúðabyggingar og húsnæðismál eru mjög miklar, — þeir sjóðir geta ekki nándar nærri á borð við þann sjóð sem ég hef nú talað um, Dagsbrúnar og Framsóknar uppfyllt umsóknir sjóðfélaganna um lán og vantar mikið á. Ég get nefnt t. d. einn sjóð, sem er þó með stærri sjóðunum. Þar er biðtími sjóðfélaganna til lána nú 18 mánuðir, og þessi sjóður er með t. d. þriðjungi

lægri lán heldur en lífeyrissjóðir Dagsbrúnar og Framsóknar. Það er þess vegna augljóst, hvað er verið að gera gagnvart þeim sjóðum, sem svona er ástatt fyrir, með þeirri lagasetningu sem hér er fyrirhuguð.

Af því, sem ég nú hef sagt, lýsi ég fyllstu andstöðu í fyrsta lagi við að það skuli vera fyrirhugað að lögbinda meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna, en með því er ríkisstj. að sölsa undir sig yfirráð yfir stórum hluta þess fjármagns sem lífeyrissjóðirnir hafa til umráða. Þetta er grundvallarafstaða. Ég álít að Alþ. eigi alls ekki að setja löggjöf varðandi lífeyrissjóðina á þennan hátt. Og ég vil í öðru lagi alveg sérstaklega mótmæla þeirri prósentutölu sem hér er um að ræða. Jafnvel þó að þessi leið væri farin er þetta allt of há prósenta og gerir lífeyrissjóðunum nærri ókleift að starfa. Með svona lagasetningu er verið að stórskerða völd stjórna lífeyrissjóðanna og þó kannske einkum og sér í lagi áhrif þeirra sem eiga þessa sjóði, þ. e. a. s. áhrif sjóðfélaganna sjálfra á stjórnun og meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna.

Ég vil enn fremur taka það fram, að þetta ákvæði, sem er í þessu frv. varðandi lífeyrissjóðina, er sett án samráðs við lífeyrissjóðina. Það eru engir samningar við lífeyrissjóðina — og engan lífeyrissjóð svo að ég viti til — að baki þessu ákvæði í því frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur tvívegis aðeins verið talað við mig einan persónulega af ráðh., en þá tölu sem um er að ræða í frv., hef ég ekki heyrt fyrr en síðdegis í dag. Þetta eru vinnubrögð, sem ég álít að eigi engan veginn að viðhafa.

Þegar mál eru sett fram og á að afgreiða þau á jafnskömmum tíma og ætlunin er með þessi frv. er auðvitað ekkert ráðrúm til gaumgæfilegrar athugunar á jafnviðkvæmu og vandasömu máli og hér er á ferðinni. Ég verð að treysta því, að sú þn., sem fær þetta mál til meðferðar, leggi nauðsynlega vinnu í athugun á málinu, flaustri því ekki af.

Ég er alveg sannfærður um að þessi lagasetning, ef af henni verður, mun á margan hátt torvelda störf lífeyrissjóðanna, og ég er alveg sannfærður um að það markmið, sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla sér að ná með þessu frv., næst ekki. Lífeyrissjóðirnir geta þetta ekki og það er rétt að menn hafi það í huga. Þeir geta ekki gert þetta. Í öðru lagi er ég alveg sannfærður um að ef þetta ákvæði verður að lögum, muni það m. a. torvelda mjög innheimtu iðgjalda lífeyrissjóðanna. Og ég bið nú ráðamenn, embættismenn og ráðh., að hafa það í huga, að það eru ekki allir lífeyrissjóðir þannig settir eins og t. d. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, þar sem innheimta iðgjalda er ekki vandamál. Margir af lífeyrissjóðum almennu verkalýðsfélaganna verða að byggja innheimtumöguleika sína á eftirliti sjóðfélaganna sjálfra. Og þegar áhugi þeirra til þess að greiða er farinn, þá verður minna fé í sjóðunum en ella.

Ég endurtek, að ég lýsi yfir fyllstu andstöðu við þessa grein í frv., sem hér er til umr., og legg mikla áherslu á að viðkomandi þn. athugi þetta mál mjög gaumgæfilega.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Frv. þetta er samkvæmt fyrirsögn bundið við árið 1978, og það leynir sér ekki í 1. og 2. gr. og raunar síðar í frv., að það er tengt skýrslu um lánsfjáráætlun fyrir þetta eina ár.

Það kemur því mjög á óvart að sjá 3. gr., þar sem allt í einu eru settar almennar reglur fyrir lífeyrissjóði um það, hvernig þeir eigi að ávaxta ráðstöfunarfé sitt. Nú er það engan veginn lagalega ómögulegt, að þessi eina grein geti gilt áfram, nema það sé ætlun ríkisstj. að koma henni einhvers staðar annars staðar fyrir. En að setja ákvæði af slíku tagi inn í frv., sem er tengt ráðstöfunum bundnum við eitt ár, sýnir að ríkisstj. er komin í hreinustu vandræði og er ekki hægt að kalla vinnubrögð af þessu tagi annað en hreint fálm.

Það er sannarlega ekki verið að setja þessi mál inn í eins árs frv. af umhyggju fyrir lífeyrissjóðunum. Tilgangurinn er auðvitað að seilast meira en hingað til í fé sjóðanna og ná valdi á því. Það er merkilegt, hvað þessir frjhyggjumenn, sem alltaf eru að tala um athafnafrelsi, geta verið dæmalaust útsmognir við að finna nýjar leiðir til að tryggja ríkisvaldinu áhrifavald og stjórn yfir fjármagni og ráðstöfun þess. Ég held að þm. Sjálfstfl. mundu kalla þetta hreinan kommúnisma ef einhver önnur stjórn hefði lagt til það sem þarna er. Svo eru blöð og áróðursmenn þessa sama flokks sífellt að blása það út, hvað þeir séu miklir baráttumenn fyrir frjhyggju og athafnafrelsi. Þeir eru að stórauka ríkisvaldið. Nú er það að vísu ekki andstætt pólitískum skoðunum mínum í grundvallaratriðum, en mér finnst vera gengið nokkuð hart til verks. Ég tel að þegar sé rík reynsla fyrir því, sem ráðamenn ættu að þekkja, að það er engin leið að meðhöndla þetta mál öðruvísi en í fullu samkomulagi við lífeyrissjóðina. Það eru tvær ríkisstj. búnar að reyna að koma skipulagi á þessa hluti sem hentaði þeim betur en það sem er, en hefur hvorug getað það. Það er ekki vænlegt til árangurs að ætla sér að smeygja þessu inn í frv., þar sem slík ákvæði eiga alls ekki heima, á síðustu nóttum fyrir jólaleyfi.

Ég vil taka mjög undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 7. þm. Reykv., en hann hefur að sjálfsögðu af þessum málum miklu ítarlegri reynslu og þekkingu en ég eða nokkur annar hér inni.

Það er auðvitað orðið of seint að ræða um einstök atriði í sambandi við lánsfjáráætlunina og þetta fylgifrv. hennar. Ég ætla þó að reyna örlítið á þolinmæði hæstv. forseta með því að nefna aðeins eitt mál. Það eru vonbrigði yfir að í hvorugu þessu plaggi skuli vera minnst á framkvæmdir í sambandi við Hitaveitu Borgarfjarðar. Nú hygg ég að það séu e. t. v. engar framkvæmdir betri eða skynsamlegri, arðvænlegri eða frekar gjaldeyrissparandi heldur en hitaveiturnar. Um þetta hefur verið almennt samkomulag.

Um nokkurra ára bil hefur staðið yfir undirbúningur að Hitaveitu Borgarfjarðar, og forráðamenn hennar hafa mikinn hug á að geta byrjað framkvæmdir á næsta ári með áfanga sem ekki væri nema rúmlega 400 millj. kr., sem er ekki mikið í sambandi við framkvæmdir af þessu tagi.

Þar sem margyfirlýst stefna, ekki aðeins stjórnarflokkanna, heldur og stjórnarandstöðunnar og ég hygg allra, sem um efnahagsmál tala, er að við eigum að einbeita okkur að arðvænlegri og betri framkvæmdum en við höfum gert undanfarin ár, hélt ég að framkvæmd sem þessi mundi fá jákvæðari og betri undirtektir en hún hefur fengið. Það hefur að vísu verið skotið inn í áætlunina tveim eða þrem setningum um það, að til viðbótar við allt, sem í áætluninni er, sé eftir atvikum gert ráð fyrir sérstökum lántökum á vegum fyrirtækja ríkisins og sveitarfélaga vegna sérstaklega lánshæfra framkvæmda á vegum sveitarfélaga, svo sem hitaveituframkvæmda. En því miður hljómar þetta eins og innantóm orð, af því að í áætluninni eru margvíslegar framkvæmdir minni en þessi og ýmsar sem eru algjörlega hliðstæðar.

Ég nota þetta tækifæri til að minna á að þarna er um framkvæmd að ræða sem uppfyllir öll þau skilyrði, sem við getum gert til framkvæmda er eiga að verða arðvænlegar, mundu spara orkukaup og gjaldeyri í stórum stíl og ættu því að hafa fyllsta forgang. En það er eins og menn séu hinir ánægðustu með það ástand, sem nú er í landinu, að norður við Kröflu sé margra milljarða aflstöð, en engin gufa, en um allan Borgarfjörð fullt af gufu, en aflstöðina vantar.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög. Ég stend hér upp fyrst og fremst og reyndar eingöngu til þess að lýsa fullkominni andstöðu minni við þá grein þessa frv. sem víkur að skyldu lífeyrissjóðanna til að verja 40% af ráðstöfunarfé til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum.

Það hefur verið rakið, að 1974 var um það samkomulag gert, að lífeyrissjóðirnir ráðstöfuðu sem svaraði 20% af ráðstöfunarfé sínu til slíkra kaupa, og það liggur fyrir, m. a. hefur því verið lýst hér, að af hálfu lífeyrissjóðanna hefur verið fyllilega við þetta samkomulag staðið. Jafnframt liggur ljóst fyrir að að tiltölulega litlu leyti, ef þá er hægt að segja að nokkru leyti, hafi hæstv. ríkisstj. staðið við loforð sitt sem fram kemur í þessu samkomulagi.

Ég veit ekki hvað á að kalla það athæfi hæstv. ríkisstj., að uppdikta það nú hér á Alþ. síðustu nætur og rétt fyrir jólaleyfi án samráðs við einn eða neinn, sem hlut á að þessu máli lífeyrissjóðanna, að uppdikta það hér að skylda lífeyrissjóði til þess að verja 40% af ráðstöfunarfé til þessa þáttar. Ég á erfitt með að trúa því, að þeir fulltrúar, sem telja má í tengslum við verkalýðshreyfinguna í þingliði stjórnarliðsins, hafi lagt blessun sína yfir þessa ákvörðun hæstv. ríkisstj. Ég er nærri því viss um að þeir hafa ekki léð þessari ákvörðun samþykki sitt.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson rakti ítarlega þessi mál, m. a. hve illa lífeyrissjóðirnir væru í stakk búnir til að mæta þessu ákvæði, þó að þeir væru allir af vilja gerðir til þess að gera það. Og það er auðvitað alveg rétt, að hinir ýmsu lífeyrissjóðir, a. m. k. innan sambands hinna almennu lífeyrissjóða, eru mjög misjafnlega í stakk búnir til að inna þetta verkefni af höndum. Komið hefur hér fram, að nú koma lífeyrisgreiðslur á þessa sjóði í vaxandi mæli, og hann lýsti því, hvernig sá lífeyrissjóður innan sambands almennu lífeyrissjóðanna, sem er Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar, væri í stakk búinn til að sinna þessu, og það er sá lífeyrissjóður sem ég fullyrði að er langsamlega best settur af þessum almennu lífeyrisjóðum til að geta sinnt verkefni af þessu tagi. Það er ljóst, að með þeim auknu lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga, sem eru orðnar staðreynd, og með því að sinna verður þörfum sjóðfélaga til lána, þá er búið að ráðstafa öllu því fé sem þessi lífeyrissjóður hefur til umráða. Hvað þá með alla hina, sem margir hverjir eru miklu verr settir en þessi tiltekni lífeyrissjóður?

Alveg er augljóst mál að það er ört vaxandi þörf hjá sjóðfélögum hinna ýmsu sjóða að fá þessi lán fyrst og fremst til byggingar íbúðarhúsnæðis. Mikill hluti sjóðfélaga þessara sjóða er kannske fyrst og fremst ungt fólk, og þar er brýn þörf að sinna því verkefni að veita fyrirgreiðslu til byggingar íbúðarhúsnæðis. Það er alveg gefið mál að langsamlega flestir þessara lífeyrissjóða verða, ef af þessari lagasetningu verður, að takmarka að verulegu leyti lánafyrirgreiðslur til eigin sjóðfélaga, fyrir utan það virðingarleysi sem hæstv. ríkisstj. sýnir að dengja þessu á sjóðina án samráðs við einn eða neinn úr þeirra röðum, vitandi um margítrekaðar yfirlýsingar verkalýðshreyfingarinnar og harðorð mótmæli vegna svika hæstv. ríkisstj. á að standa við sinn hluta þess samkomulags sem var gert 1974. Ég veit a. m. k. um þann sjóð sem ég best þekki til, að gjörsamlega vonlaust er að hann geti orðið við kröfu af þessu tagi, nema þá því aðeins að til þess yrði ráðstafað verulegum hluta af því ráðstöfunarfé, sem hann hefur yfir að ráða, sem þýddi að það yrði einvörðungu á kostnað sjóðfélaga sjálfra.

Ég tek því undir þá andstöðu og þau mótmæli, sem komið hafa fram við þessu ákvæði frv. Hér er hæstv. ríkisstj. að sölsa undir sig fjármagn, sem hún á engan siðferðilegan rétt til að ná tangarhaldi á. Það er einnig full ástæða til þess að mótmæla sérstaklega þeirri prósentu sem hér er gert ráð fyrir að skikka lífeyrissjóðina til að ráðstafa í þessu tilviki, vegna þess að hvað sem því líður að þetta frv. yrði að lögum, eins og það nú er, varðandi þetta ákvæði, þá verður þetta aldrei gert, einfaldlega vegna þess að engir möguleikar eru á því. Svo er náttúrlega hitt, sem er líka stórt atriði, að hér er verið að skerða stórkostlega völd fólksins sjálfs yfir lífeyrissjóðunum. Hér er verið að afnema umráðarétt þess yfir því fjármagni sem það hefur greitt til þessara sjóða.

Ég er alveg handviss um að það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, að verði þetta gert veldur það sjóðunum miklu meiri erfiðleikum í því efni að innheimta iðgjöld en verið hefur. Það gefur auga leið, að þegar það fyrirkomulag, sem á þessu hefur verið — og fólk hefur fundið sjálft og séð, að þessir fjármunir hafa verið notaðir að verulega miklu leyti í þágu fólksins og þess þarfir á hinum ýmsu stöðum á landinu, — þegar það breytist þannig að þessir sjóðir eru skikkaðir til þess að ráðstafa fé að vild ríkisstj., þá minnkar

áhugi þessa fólks á að framfylgja því eftirliti sem þarf með því að iðgjöld séu af hendi leyst.

Ég ítreka svo fyllstu andstöðu mína gegn þessu ákvæði og treysti því, að vitinu verði komið fyrir hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, a. m. k. verði málinu ekki hraðað svo í gegnum þingið á þessum síðustu dögum og nóttum, að ekki gefist ráðrúm til að skoða þessa hluti gaumgæfilega og að fá um það umsögn og vitneskju, hvert álit þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafa á þessu ákvæði. Ég persónulega efast ekkert um það álit, þykist vita hvert það er. En nauðsynlegt er að ráðrúm gefist til þess að draga það fram áður en af því verður, sem ég vona að verði ekki, að þetta verði lögfest með þessum hætti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GF, HES, IG, SkA, LárJ, LJós, MÓ, MÁM, ÓE, PP, PJ, TÁ, VH, ÞS, BGr, EBS, FÞ, GuðlG, RH.

KP, EðS, greiddu ekki atkv.

19 þm. (GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, MK, MB, ÓlJ, PS, SighB, SigurlB, SV, KÓ, PBl, ÞÞ, EKJ, GS, GilsG, GHG) fjarstaddir,

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HES, IG, SkA, LárJ, LJós, MÓ, MÁM, ÓE, PP, PJ, TÁ, VH, ÞS, BGr, EBS, FÞ, GuðlG, GF, RH.

KP, EðS greiddu ekki atkv.

19 þm. (GÞG, IngJ, JóhH, JSk, MK, MB, ÓlJ, PS, SighB, SigurlB, SV, KÓ, PBl, ÞÞ, EKJ, GS, GilsG, GHG, GTh) fjarstaddir.

Efri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 134, n. 162, 171). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um frv. það, sem hér er til umr., á nokkrum fundum og fékk á einn fund sinn formann og framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins og ráðuneytisstjóra iðnrn. til þess að ræða um málið. Á fundinum lagði ráðuneytisstjóri iðnrn. fram gögn varðandi málið. Það var um að ræða sameignarsamning ríkisstjórnar Íslands og sveitarfélaganna á Vestfjörðum, rekstraráætlun fyrir Orkubú Vestfjarða árið 1978 og um að ræða útskrift af bókunum og samþykktum ríkisstjórnar Íslands varðandi stofnun Orkubús Vestfjarða. N. leggur til að frv. verði samþ., en einn nm., Stefán Jónsson, áskilur sér rétt til að flytja brtt.

Ég geri ráð fyrir að það hefði ekki verið ástæða til að fjölyrða hér mikið um þetta frv. ef það hefði verið að öllu leyti eins og önnur frv. sem lögð hafa verið fyrir Alþ. á undanförnum árum varðandi verðjöfnunargjald af raforku. Í raun og veru hafa þessi frv. falið í sér einungis að framlengja það gjald sem ákveðið var í lögum nr. 83 1974, framlengja fyrir hvert ár. Nú er það svo um þetta frv., að það gerir ráð fyrir og felur í sér að verðjöfnunargjaldið, tekjuöflunin, verði framlengt á sama veg og verið hefur, en það nýmæli er að þessu sinni, að gert er ráð fyrir að það fé, sem kemur inn fyrir verðjöfnunargjaldið, skiptist í ákveðnum hlutföllum milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. En það er tilgangurinn og hefur verið tilgangurinn með verðjöfnunargjaldinu að afla fjár til að verja til styrktar Rafmagnsveitum ríkisins til þess að bæta hag þeirra. Nú hefur það skeð, svo sem kunnugt er, að Orkubú Vestfjarða hefur verið stofnað og gert ráð fyrir að það taki til starfa um næstu áramót, og þá hefur verið talið eðlilegt að nokkur hluti af því fjármagni, sem fæst inn fyrir verðjöfnunargjaldið, gangi til þess að bæta hag þessa nýja fyrirtækis, því að það er litið svo á að aðgerðir hins opinbera til þess að stuðla að verðjöfnun á rafmagni í landinu fari ekki eftir því, hvaða fyrirtæki fer með rekstur raforkumálanna, heldur hvar þörf hefur verið fyrir verðjöfnun. Og þörfin hefur verið á öllu starfssvæði Rafmagnsveitna ríkisins, sem verið hefur, og þar hafa Vestfirðir verið. Að þessu leyti hefur ekkert breyst varðandi Vestfirði þó að Orkubúið sé stofnað. Það er gert ráð fyrir að þar muni vera sama þörf fyrir þessa aðstoð eftir sem áður. Og því gerir þetta frv. ráð fyrir því, að verðjöfnunargjaldinu verði varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins á þann veg, að Rafmagnsveiturnar hljóti 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldinu, en að jafnframt verði þeim varið til þess að bæta hag Orkubús Vestfjarða þannig að það fyrirtæki fái 20%.

Þetta, að Orkubú Vestfjarða er komið inn í þetta, gefur mér tilefni til þess aðeins að víkja að því fyrirtæki og hvað er að gerast með stofnun þess.

Ég vil þá minna á það, að Orkubú Vestfjarða var stofnað á þrem meginforsendum: Í fyrsta lagi, að fullnægt yrði þörf Vestfirðinga fyrir orku með innlendum orkugjöfum. Í öðru lagi, að raforkuverðið væri hliðstætt því sem annars staðar gerðist í landinu. Og í þriðja lagi, að Orkubúinu væri tryggður traustur rekstrargrundvöllur.

Til þess að fullnægja orkuþörf Vestfirðinga þarf að gera miklar framkvæmdir í orkumálunum á Vestfjörðum. Þegar undirbúin var stofnun Orkubús Vestfjarða var fjallað um þetta af sérstakri n., orkunefnd Vestfjarða. Hún skilaði skýrslu eða till. um orkumál Vestfirðinga, allmikilli bók, sem allir þm. fengu í hendur þegar frv. um Orkubú Vestfjarða lá fyrir Alþ. á öndverðu síðasta ári. Í þessari bók er gerð grein fyrir því, hvernig menn hugsa sér og hverjar till. n. eru um það, hvernig hinum þrem meginforsendum að stofnun fyrirtækisins verði náð. Þar er m. a. gerð grein fyrir þeim framkvæmdum sem þarf að gera í orkumálum Vestfjarða og voru metnar, miðað við verðlag 1975, milli 5

og 6 milljarða kr. virði, eða kostnaður þeirra. Ég skal ekki fara að fjölyrða um þetta. Ég vísa til þessarar bókar sem alþm. hafa undir höndum og lögð var til grundvallar þegar Alþ. afgreiddi lög um Orkubú Vestfjarða.

En þetta að fullnægja orkuþörfinni var aðeins ein af meginforsendum fyrir stofnun Orkubúsins. Hinar voru þær, eins og ég gat um áður, að Vestfirðingar byggju við hliðstæð kjör í orkumálunum, þ. e. orkuverð, og aðrir landsmenn og að fyrirtækinu væri tryggt rekstraröryggi. Til þess að fullnægja þessum forsendum má segja að góð ráð hafi verið dýr. Þá á ég fyrst og fremst við Vestfirðinga sjálfa, sem eru meginfrumkvöðlar og baráttumenn fyrir stofnun Orkubús Vestfjarða. Vestfirðingar gerðu ráð fyrir því, að það væri eðlilegt að það félli í þeirra hlut að afhenda hinu nýja fyrirtæki allar eignir héraðsrafveitnanna á Vestfjörðum án þess að eignarmat færi fram, en á móti kæmi það, að hið nýja fyrirtæki tæki jafnframt við áhvílandi skuldum. En það var og gert ráð fyrir því, þegar Orkubúið var stofnað samkvæmt lögum um Orkubú Vestfjarða, að þetta gildi ekki einungis um héraðsrafveiturnar á Vestfjörðum, heldur og um eignir Rafmagnsveitna ríkisins á þessu landssvæði. En þá var spurningin, með hvaða kjörum ætti að taka við eignum Rafmagnsveitna ríkisins. Það var gengið út frá því, að það færi ekki fram eignarmat á þeim eignum frekar en eignum héraðsrafmagnsveitnanna, en hið nýja fyrirtæki tæki við hluta af þeim skuldum, sem hvíldu á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum eða var talið að væru til komnar vegna framkvæmda á Vestfjörðum.

Það kom brátt í ljós, að það voru veruleg takmörk fyrir því, hvað Orkubú Vestfjarða gæti tekið við miklu af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins, til þess að hægt væri að fullnægja því sjónarmiði, að tryggur rekstrargrundvöllur væri fyrir fyrirtækinu um leið og þess væri gætt að orkuverðið væri hliðstætt og annars staðar og að gerð væru átök til þess að fullnægja betur en nú er orkuþörf Vestfirðinga. Þessar athuganir leiddu til þess, að talið var að Orkubú Vestfjarða gæti ekki tekið nema um 500 millj. kr. af skuldum þeim, sem hvíldu á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum, sem voru árið 1975 um 1400 millj. kr. Það var hins vegar gert ráð fyrir því og hefur alltaf verið gert ráð fyrir því og rækilega undirstrikað þegar í tillögum Orkunefndar Vestfjarða, sem ég vitnaði áður til og þm. fengu í hendur, að það væri ekki hægt að íþyngja rekstri Rafmagnsveitna ríkisins á þann veg, að Rafmagnsveitunum væri gert að taka á sig þær skuldir sem þarna yrðu eftir og Orkubúið tæki ekki að sér, heldur yrðu að koma til aðgerðir ríkisins sjálfs. Þannig hefur alltaf verið litið svo á, að Rafmagnsveitur ríkisins stæðu rekstrarlega hvorki betur né verr eftir stofnun Orkubús Vestfjarða.

En þegar menn lögðu þessi mál niður fyrir sér með það fyrir augum, að fullnægt yrði öllum þrem meginforsendum að stofnun Orkubúsins, þá var ljóst að meira þurfti að koma til. Það var ekki nægilegt að héraðsrafveiturnar á Vestfjörðum afhentu eignir sínar með þeim hætti sem ég hef gert grein fyrir, og það var ekki heldur nægilegt að Rafmagnsveitur ríkisins afhentu eignir sínar með þeim hætti sem ég hef hér greint frá. Það var ekki hægt að ná þessum sameiginlegu meginforsendum, sem ég hef talað um, nema til kæmi meiri aðstoð. Þá var gengið út frá því, að þó að Orkubú Vestfjarða yrði stofnað mundi ekki breytast þau viðhorf og þær skyldur sem ríkisvaldið hefur tekið á sig til að aðstoða þau byggðarlög í landinu sem höllum fæti standa í orkumálunum, annaðhvort vegna landfræðilegra aðstæðna eða vegna vanrækslu í þessum málum á fyrri tíð. Var gert ráð fyrir því, að þó að Orkubúið yrði stofnað yrði haldið áfram hinum almennu aðgerðum ríkisvaldsins til að stuðla að verðjöfnun á rafmagnsverði. Það var gengið út frá því, að það ætti ekki að breyta neinu í þessu efni, hvort Orkubúið yrði stofnað eða ekki stofnað, og Vestfirðingar ættu að njóta að sínu leyti þessarar aðstoðar ríkisvaldsins, sem felst í ráðstöfun verðjöfnunargjaldsins, eftir sem áður. Þess vegna hefur það alltaf verið forsendan fyrir stofnun Orkubúsins, að hér yrði ekki breyting á.

Hins vegar þurfti að ákveða eða meta hver ætti að vera hlutur Vestfirðinga í verðjöfnunargjaldinu eða tekjum af verðjöfnunargjaldinu. Við skulum hafa það í huga, að þó að Orkubúið sé stofnað greiða Vestfirðingar verðjöfnunargjald eins og aðrir landsmenn. En hver átti hlutur Vestfirðinga að vera af tekjum af verðjöfnunargjaldinu? Það var vandlega athugað og grandskoðað eftir ýmsum leiðum, einkum tveim leiðum. Það var athugað, hvort það ætti að miða hlut Vestfirðinga eða ákveða hann í sama hlutfalli og eignir Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum voru í miðað við heildareignir Rafmagnsveitnanna. Það var líka athugað, hvort það ætti að líta á reksturinn og miða hlut Orkubúsins við það, hver væri hlutur Vestfirðinga í rekstrarafkomu Rafmagnsveitna ríkisins.

Í sambandi við fyrra atriðið, eignahliðina, var skipt upp skuldum þeim, sem hvíla á eignunum, milli Vestfjarða og annarra hluta RARIK-svæðisins. En þess skal getið hér, að það hefur ekki verið aðskilið bókhald fyrirtækisins þannig að hægt væri að ganga að slíkum upplýsingum sem þurfti í þessu efni beint í bókhaldi Rafmagnsveitna ríkisins. Það varð þess vegna að vinna mikið starf til þess að sundurgreina þessa hluti. Það var unnið fyrst og fremst af Jakob Gíslasyni fyrrv. orkumálastjóra, sem ég hika ekki við að segja að sé einn kunnugasti maðurinn í því — ja, ég vil nú segja völundarhúsi sem þessi mál voru að vissu leyti. Niðurstaðan af þessu varð sú, að eignir Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum næmu nánast um 20% af heildareignum Rafmagnsveitna ríkisins í landinu. Það var eilítið meira, mig minnir 21% eða 22%.

Þá er það spurningin um reksturinn. Það kom í ljós að t. d. árið 1975 var talið að rekstrarhalli Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum næmi þeirri upphæð sem svaraði eiginlega nákvæmlega til sama hlutfalls og í eignunum eða 20% af rekstrarhalla fyrirtækisins í heild. Nú er það, að rekstrarhalli Rafmagnsveitna

ríkisins hefur á undanförnum árum verið greiddur með verðjöfnunargjaldinu að svo miklu leyti sem það hefur hrokkið til, m. ö. o. að það, sem á að greiða með verðjöfnunargjaldinu og var greitt með verðjöfnunargjaldinu, skiptist í þessum hlutföllum milli Vestfjarða og RARIK-svæðisins utan Vestfjarða, að 80% af rekstrarhallanum voru utan Vestfjarða, en 20% innan. Þá hnigu ákaflega sterk rök til þess, að það væri eðlilegt að ráðstafa fjármagni sem ætlað var til að standa undir þessum halla, með þeim hætti sem þurfti til þess að mæta hallanum bæði á Vestfjörðum og annars staðar í landinu og skipta fjármagninu eftir því. Frekari stuðningur við þessa niðurstöðu var svo að þeir, sem reiknuðu þetta, komust að sömu niðurstöðu þegar farin var hin leiðin, sem ég lýsti áðan, eignaleiðin. En það var að sjálfsögðu ekki vitað fyrir fram. Að því er virtist hneig all í þá átt, að það væri eðlilegt og sanngjarnt að hafa skiptingu á verðjöfnunargjaldinu í hlutfalli 20% á móti 80%, einmitt eins og frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Með því að gera ráð fyrir því, að Orkubú Vestfjarða fái þennan hlut af verðjöfnunargjaldinu, er reiknað með því, að fullnægt verði þeim þrem meginforsendum fyrir stofnun Orkubús Vestfjarða sem ég gat um í upphafi og hef minnst á hér áður.

Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því, að verðjöfnunargjaldið muni nema á næsta ári 875 millj. kr., en 20% af því nema 175 millj. kr. Það er því þessi tala sem þetta frv. felur í sér að tekin verði ákvörðun um að falli í hlut Orkubús Vestfjarða.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég ætlaði ekki að orðlengja um Orkubú Vestfjarða. Hv. alþm. ætti að vera kunnugt um sögu þess máls, enda hefur Alþ. samþykkt lög um Orkubú Vestfjarða sem farið er eftir í hvívetna. En ég vil aðeins núna minna á það, að það, sem er að ske með stofnun Orkubús Vestfjarða, er að Vestfirðingar bjóðast til þess að leggja því lið, með því að taka á sig ábyrgð og skuldbindingar, að orkumálum Vestfjarða verði komið í það horf að þau megi teljast hliðstæð því sem annars staðar gerist á landinu. Vestfirðingar eru ekki að fara fram á annað og meira í raun og veru en það sem best gerist hjá öðrum, en þeir bjóða fram liðveislu sína til þess að vinna að þessu marki.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vestf., Þorv. Garðars Kristjánssonar, formanns iðnn. þessarar hv. d., varð n. sammála um að leggja til að frv. yrði samþykkt, en ég undirritaði nál. með fyrirvara um það að ég mundi flytja brtt. sem er svofelld:

„Síðari efnismgr. 1. gr. frv. orðist svo:

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en fjvn. Alþ. skipti fénu milli þessara aðila svo að jafnrétti verði."

Greinin í lagafrv. orðast svo, þessi 1. gr. sem ég legg hér til að breytt verði, hún orðast svo í frv.:

„Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna."

Þessi mgr. er samhljóða þeim sem samþykktar hafa verið árlega hér að undanförnu. Síðan kemur hin síðari efnismgr., sem er svona:

„Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá svo sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%."

Ég legg sem sagt til, að ekki verði kveðið á í lögum um hlutföllin í þessum skiptum milli Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins, heldur verði fjvn. Alþ. falið að skipta fénu milli þessara aðila svo að jafnrétti verði, þannig að Vestfirðingar fái þann hlut sem þeim ber til jafns við aðra landsmenn, svo sem þeir hafa áður fengið.

Ástæða fyrir því, að ég vil ekki að kveðið verði á um þetta hlutfall í lögunum, er í fyrsta lagi sú, að frv. fylgja ekki sannfærandi rök fyrir því að þessi hlutföll séu rétt. Í öðru lagi færi ég fram þá ástæðu, að eignaskiptin á milli Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins hafa enn ekki verið lögð fyrir Alþ., svo sem eðlilegt er þegar um svo mikla eignatilfærslu er að ræða og breytingu á fyrirkomulagi, sem áður hefur verið, að vilja Alþingis.

Nefndarformaður sagði frá því, að iðnn. kvaddi sér til ráðuneytis formann og framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins og ráðuneytisstjóra í iðnrn., sem kom á fund n. Þótt ég gengi allhart eftir því fékk ég það ekki upp úr formanni og framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins, að þeir teldu eðlilegt eða sjálfsagt að kveðið yrði á í lögum um þessi hlutföll, þessi föstu hlutföll á skiptingu verðjöfnunargjalds á milli Rafmagnsveitna og Orkubús Vestfjarða. Niðurstaðan af þeim upplýsingum, sem n. fékk hjá þessum hv. fulltrúum Rafmagnsveitnanna, er sú, að ef miðað er við yfirtöku á skuldum og eignum RARIK á Vestfjörðum í sambandi við Orkubúið, þá væri eðlilegt að Rafmagnsveiturnar fengju 80% af verðjöfnunargjaldinu, Orkubúið 6%, en ríkið 14%, ef miðað væri við skiptingu skuldanna og eignanna. Rafmagnsveitur ríkisins skulda nú um það bil 12 milljarða kr., þar af námu skuldirnar vegna Vestfjarða 2.7 milljörðum kr. Eins og hv. formaður iðnn. gerði grein fyrir, þá var með bókun í ríkisstj. hinn 25. okt. kveðið á um það, að eðlilegt væri, miðað við ástandið 1975, að Orkubú Vestfjarða tæki að sér 500 millj. kr. skuld af rösklega 1400 millj. skuld Rafmagnsveitnanna vestra. Þessar skuldir framreiknaðar til ársins í ár verða aftur á móti, eins og ég sagði áðan, 2.7 milljarðar, þar af er Orkubúi Vestfjarða ætlað að taka við 700 millj., en 2 milljarðar af þessari skuld lenda á ríkinu. Í bókun ríkisstj. frá 25 okt. 1977 er þannig gerð grein fyrir því, hvernig þessum tveimur milljörðum skuli séð farborða: Vextir og afborganir, segir þar, af skuldum Rafmagnsveitnanna vegna Vestfjarða fram yfir þær 500 millj., framreiknaðar yfir í 700 millj. núna, sem Orkubú Vestfjarða yfirtekur með þeim hætti sem að ofan greinir, skulu greiðast af Orkusjóði og/eða öðrum tekjustofnum orkumála.

Eins og lýðum er ljóst var Orkusjóði ekki

með lögunum ætlað að taka að sér skuldir á borð við þessar. Orkusjóður hefur ekki bolmagn til þess af eigin rammleik að greiða vexti og afborganir af þessum tveimur milljörðum, sem hér á að færa yfir á hann, og/eða aðrir tekjustofnar orkumála voru til annars ætlaðir heldur en þess að taka við áföllum af skillitlum ráðstöfunum af hálfu forustumanna orkumála í sambandi við eignaskipti eins og þessi.

Það er rétt, sem hv. formaður iðnn. sagði áðan, að heimildarlög um Orkubú Vestfjarða voru samþykkt hér á Alþ. og í þessari hv. d. með ákveðnum fyrirvörum og aðvörunum varðandi einmitt framkvæmd hinnar efnahagslegu hliðar. Einmitt af þeim sökum var frv. breytt í þessari hv. d. í heimildarlög í þeirri von að hæstv. ríkisstj. mundi taka tillit til ábendinga sem komu fram hér í d. um hina efnahagslegu hættu sem stafaði af ýmsum vanköntum, ýmiss konar vansmíð á frv. Þm. samþykktu frv. vegna þeirrar kláru hugsunar sem það var byggt á í grundvallaratriðum að ýmsu leyti, e. t. v. í fyrsta lagi vegna fyrirætlana um að sameina í einni stofnun umfjöllun orkumála, jafnt hitaorku sem raforku, og í öðru lagi vegna mjög svo viðfelldinnar og ég vil segja klárrar hugsunar sem bjó að baki ákvæðunum um eignaskiptin vestra, þar sem eignum skyldi nú skipt í þessu fyrirtæki vestra með tilliti til fólksfjölda, en eignirnar í hinum einstöku byggðarlögum strikaðar út. Aftur á móti bentu þm. í þessari hv. d., maður eftir mann, á það, hversu illa væri hugsað og séð fyrir þeim hlutum er lúta að skiptum á eignum og skuldum Rafmagnsveitna ríkisins þar vestra, og á það, að þar virtist hugsunin alls ekki vera eins klár.

Nú ítreka ég það enn, að ég stefni ekki að því með þessari brtt., sem ég ber hér fram, að Vestfirðingar fái ekki sinn hlut úr verðjöfnunargjaldinu, svo sem þeir hafa áður gert, sinn réttláta skerf. Það er hitt, sem ég vara við að við lagasetningu núna verði kveðið á um hlutföll á þessari skiptingu áður en Alþ. hefur fengið að fjalla um hin endanlegu skipti eigna og skulda á milli Rafmagnsveitna ríkisins og hins fyrirhugaða Orkubús, vegna þess að ef Alþ. samþykkti nú þetta hlutfall, þá væri það búið að binda sig í þetta mál án þess að hafa fengið að fjalla um það, þ. e. a. s. eignaskiptin, á eðlilegan hátt. Við skulum aðeins hugleiða hvað gerst hefur í sambandi við þessi eignaskipti fyrir vestan með tilliti til hagsmuna landsmanna í öðrum byggðarlögum á öðrum orkuveitusvæðum, við skulum segja á starfssviði fyrirhugaðrar Norðurlandsveitu og Austfjarðaveitu, við skulum jafnvel nefna Suðurlandsveitu, að við tölum ekki um Orkubú Reykjavíkur, ef til slíks kæmi.

Við spurðum þá í n., formann og framkvæmdastjóra RARIK, hvaða áhrif það hefði haft á raforkuverð á svæði Rafmagnsveitna ríkisins, ef þessum tveimur milljörðum, sem hér á að létta af Vestfjarðasvæðinu, af Orkubúi Vestfjarða, hefði verið létt af skuldum RARIK á landinu yfirleitt, þ. á m. á Vestfjörðum, á orkuveitusvæði RARIK. Þeir svöruðu okkur því til, að ef skuldir RARIK hefðu verið strikaðar út í einu lagi um þessa tvo milljarða, þá hefði það þýtt 10% lækkun á raforkuverði. Þá stöndum við frammi fyrir því hvernig fara muni ef Norðlendingar, Austfirðingar, Sunnlendingar og Reykvíkingar tækju sig nú til á sama hátt og stofnuðu sín orkubú og nytu sama réttar sem íbúar þessara svæða vitaskuld ættu, og nú skulum við vera svo sanngjarnir að taka ekkert tillit til íbúafjölda í þessu tilliti, ekkert tillit til þeirrar staðreyndar, að íbúafjöldi á Norðurlandi er margfaldur á við þann sem er fyrir vestan, að íbúafjöldi á Austurlandi er meiri, á Suðurlandi miklu meiri, og sleppum þá að minnast á Reykjavík. Skuldir RARIK eru, eins og ég sagði áðan, um það bil 12 milljarðar. Ef aflétta ætti af Norðlendingum, af baki Norðlendinga tveimur milljörðum, Austfirðinga tveimur milljörðum, Sunnlendinga tveimur og þá af fyrirhuguðu Orkubúi Reykjavíkur tveimur milljörðum kr., þá stæði ekki eftir nema tveggja milljarða skuld, hitt væri allt saman komið yfir á ríkið, þá yfir á Orkusjóð og/eða aðra tekjustofna orkumála, eins og hér er kveðið að orði. Mér skilst samkv. sama útreikningi, að með þeim hætti væri hægt að lækka orkuverð á öllu svæðinu talsvert mikið.

Ég mæli ekki gegn, því að Vestfirðingar fái raforku á sama verði og aðrir landsmenn. Þeir eiga að fá raforku á sama verði og aðrir landsmenn. En sú klára hugsun, sem bjó að baki hugmyndarinnar um Orkubú Vestfjarða, er ekki jafnklár lengur þegar komið er að útfærslunni sem hér hefur átt sér stað, og því fer víðs fjarri, að þessir reikningar, þessi plögg, séu með þeim hætti að sæmilegt sé að Alþ. setji stimpil sinn á þetta uppgjör án þess að fá sérstakt tóm til að fjalla um þessi eignaskipti. Annað nær ekki nokkurri átt, bókstaflega nokkurri átt.

Ég tel að hér sé vaðið áfram af lítilli fyrirhyggju af þeim sem séð hafa um útfærslu á hugmyndinni um Orkubú Vestfjarða og sú klára hugsun, sem ég var að tala um áðan og hrósa áðan frumkvöðlunum fyrir, hafi korgast eilítið á leið sinni í gegnum aðra grautarhausa.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls lagði ég hér fram nokkrar fsp., gerði grein fyrir þeirri skoðun minni, að hér væri um mjög stórt mál að ræða og vegna þess væru því máli gerð allt of lítil skil í þeim skjölum sem þm. fengu í hendur. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir það, að ég hef fengið aðgang að ýmsum skjölum varðandi þetta mál. Það er hins vegar ljóst, að ég hef ekki haft nægilegt tækifæri til að kanna þetta mál svo vel sé á þeim eina sólarhring sem ég hef haft þessi skjöl undir höndum. En ég vil samt þakka honum fyrir þá viðleitni að veita mér aðgang að því sem hann hafði undir höndum.

Sem þm. höfum við orðið áhorfendur að því, að ýmis vinnubrögð eru viðhöfð í sambandi við ákvarðanatöku í stórum málum og smáum, og það er alveg ljóst, að stundum eru þau vinnubrögð góð, stundum ekki nægilega góð, og eiga ýmsir þátt af því og þá þm. einnig. Í svo stóru máli sem þessu, eins og ég met það, tel ég að vanda þurfi allan undirbúning. Menn þurfa að gera sér ljósa grein fyrir því, hvaða áhrif slík ákvörðun hefur í þjóðfélaginu sem heild, hvaða

áhrif slík ákvörðun hefur á arðsemi í orkubúskapnum, og ég tel að það liggi ekki nægilega vel fyrir. Ég hef áður gert grein fyrir því, að ég telji ótímabært að hefja rekstur á Orkubúi Vestfjarða nú, án þess að ég hafi út af fyrir sig neitað að taka þátt í því að slíkt gæti orðið. En ég vil gera mér betur grein fyrir því, hvert verður framhaldið. Ég vil ekki vera þátttakandi í því aðeins að taka fyrsta hlutann af Rafmagnsveitum ríkisins án þess að vita hvernig skuli farið með afganginn.

Það er alveg ljóst, að það er ekki í reynd vitað hvernig þessi rekstur verður. Það getur enginn spáð svo fram í tímann, hvorki um Orkubú Vestfjarða né aðra hluti. En mér sýnist að eftir að lögin um Orkubú Vestfjarða voru samþykkt hafi menn fyrst fyrir alvöru farið að íhuga og leggja niður fyrir sér hvernig þetta fyrirtæki yrði rekið. Ég gat ekki skilið betur framsögu hv. formanns iðnn. en að fyrsta ákvörðun, sem þar hafi verið tekin, hafi verið sú, að það hafi komið í ljós, eftir að menn fóru að íhuga þessi rekstrarmál, að Orkubú Vestfjarða gæti með engu móti staðið undir þeim skuldum sem á eignum Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum hvíldu. Þetta kom ljóslega fram í grg. Rafmagnsveitnanna á sínum tíma. Í framhaldi af því er tekin sú ákvörðun, að Orkubú Vestfjarða yfirtaki aðeins 500 millj. af þessum skuldum sem munu verða um næstu áramót rúmar 700 millj., og síðan yfirtaki ríkissjóður 2000 millj. Þegar þessi niðurstaða er fengin og heimildir fyrir því af hæstv. ríkisstj. að standa að þessu, þá fara menn að íhuga það, hvað stóran hluta Orkubú Vestfjarða eigi að fá af verðjöfnunargjaldinu, og komast að þeirri niðurstöðu, að það muni láta nærri, að það muni vera um 20%. Nú skiptir í sjálfu sér ekki máli á hverju menn hefðu byrjað í þessum efnum, því að allt er þetta hlutar af sömu heildinni, annars vegar niðurfellingin á skuldunum og síðan hve mikinn hluta Orkubúið á að fá af verðjöfnunargjaldinu. En ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel að hér sé um svo stóra ákvarðanatöku að ræða, að þetta mál þurfi að undirbúa miklu betur. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, hvaða ákvarðanir hér er verið að taka, eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Í fyrsta lagi er verið að taka þá ákvörðun að ganga til móts við, eftir því sem mér hefur skilist, einróma óskir Vestfirðinga, sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum, um að þetta Orkubú verði stofnað. Það er út af fyrir sig mjög góð ákvörðun, svo langt sem hún nær. En eins og ég hef áður rakið hafa menn ýmsar óskir í öðrum landshlutum og annars staðar í landinu sem stangast á við þessar óskir, og ekki hefur verið gerð nægilega góð tilraun til að samræma þessa hluti.

Í öðru lagi er verið að taka þá ákvörðun að stiga fyrsta skrefið í því að leggja Rafmagnsveitur ríkisins niður. Það er verið að taka undan rekstri Rafmagnsveitnanna ekki aðeins orkudreifingu á Vestfjörðum, heldur einnig orkuvinnslu og orkurannsóknir.

Í þriðja lagi er verið að taka þá ákvörðun óbeint, eins og ég skil það, að greiða orkuverð niður beint úr ríkissjóði. Það hefur hingað til verið stefna í landinu, að þeir, sem njóta orkunnar, verði að greiða fyrir hana og síðan gerð tilraun til þess að jafna verð á milli notenda með verðjöfnunargjaldi. Sú verðjöfnun hefur ekki verið það mikil að jafnræði ríkti í þessum málum, og að mínum dómi þyrfti að auka hana. En hér er sem sagt verið að taka þá ákvörðun, að ríkissjóður og þá Orkusjóður, af þeim tekjum sem hann hefur, taki á sig 2000 millj. af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins vegna Vestfjarða. Hafa menn trú á því, að það verði staðnæmst hér? Hafa menn trú á því, að það verði ekki ýmsir aðrir í landinu og aðrir landshlutar og önnur fyrirtæki í orkumálum í landinu sem muni óska eftir því og biðja ríkissjóð vinsamlegast að meðtaka og yfirtaka þeirra skuldir? Ég leyfi mér að vara við því að stíga þetta skref án þess að menn hyggi að framhaldinu.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þessi mál. Það eru ýmsar spurningar sem eru enn þá uppi í mínum huga í sambandi við þennan rekstur.

Það er í fyrsta lagi sú spurning, sem ég veit að verður ekki svarað til fullnustu, að mér sýnist að það verði ekki gengið fram hjá því, miðað við hvaða rekstur sé rekinn á hagkvæman hátt, að með mörgum einingum muni koma aukinn rekstrarkostnaður vegna stjórnar, vegna tæknimanna, vegna birgðahalds. Það er alveg ljóst, að efnið, sem notað er til þessara hluta, er mjög svipað, og þess vegna hefði mér þótt eðlilegt, jafnvel þótt það væru stofnuð mörg fyrirtæki, að það væri sameiginlegt birgðahald að einhverju leyti, og það má vel vera að svo verði.

Í öðru lagi liggur það fyrir, að stofnkostnaðurinn verður stórlega greiddur niður, og við sjáum ekki framhald á því.

Í þriðja lagi er það ljóst, að fyrir þetta smáar einingar verður erfiðara að mæta óvæntum og skyndilegum áföllum, og ég verð að segja það fyrir mig, að mér fyndist eðlilegt að þar væri einhver samtrygging. Ég veit til þess að rafstrengurinn yfir Arnarfjörð hefur bilað mjög oft á þessu ári og þar hefur orðið mikill viðgerðarkostnaður. Ég skal ekki fullyrða hvað hann hefur verið mikill, en einhver hefur sagt mér 70 millj. kr., og ég býst við að þessi viðgerðarkostnaður sé þá einhvers staðar á bilinu 15—20% af öllum tekjum Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum. Menn þurfa náttúrlega líka að huga að því, hvernig eigi að mæta svona áföllum sem alltaf geta orðið í öllum landshlutum. Ég býst við, að það geti orðið erfitt fyrir lítið fyrirtæki að mæta því, nema einhvers konar samtrygging sé.

Einnig er ljóst að það verður erfiðara með öll samrekstrarmál, eftir að svo er komið að fleiri og fleiri aðilar bætast í hópinn. Mér hefur verið sagt, að rafmagnsveitan í Vestmannaeyjum kaupi t.d. raforku af RARIK á ákveðnu gjaldi fyrir kwst., miðað við ákveðinn afltopp á ári. Þetta mun koma þannig út, að til þess að fara ekki yfir þennan topp keyrir Rafmagnsveita Vestmannaeyja dísilvélar úti í Vestmannaeyjum á mestu álagstímum og til þess að halda þessum toppum niðri. Þetta er jafnvel gert á

þeim tíma þegar nægileg orka er fyrir hendi hjá Landsvirkjun og vatn rennur til sjávar, og þetta getur á engan hátt verið skynsamlegt. Þess vegna er ljóst að það þarf að huga mjög að samrekstrarmálum í sambandi við þessa hluti.

Ég hef frá upphafi, frá því að ég sá þetta mál fyrst, viljað fara varlega í þessum efnum og viljað fá meiri heildaryfirsýn í þessum orkumálum. Ég hafði hugsað mér að fara af athygli yfir þau gögn, sem ég fengi, og hlusta á þær umr., sem hér færu fram, og ég hef ekki fengið sannfæringu fyrir því, að hér væri verið að stíga rétt skref við núverandi aðstæður. Þess vegna hef ég hugsað mér að leggja hér fram brtt., og ég legg hana nú fram, vegna þess að ég taldi ekki eðlilegt að gera það fyrr en við þessa umr., fyrr en ég hefði hlýtt á mál nm. í iðnn. Ég vil leggja fram brtt., sem er þess eðlis að verðjöfnunargjaldinu skuli varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, og undirstrika með því þá skoðun mína, að ég tel ótímabært að hefja rekstur á Orkubúi Vestfjarða. Ég vil koma því á framfæri, að ég tel eðlilegra að hinkra við a. m. k. eitt ár enn til að fá betri yfirsýn yfir þessi mál, til þess að fá betri yfirsýn yfir það, hvað muni gerast í öðrum landshlutum og hvað muni verða með það fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, og hvað skuli gera við það fyrirtæki og allt það starfsfólk sem þar starfar. En ég vil hins vegar undirstrika það, að ég er ekki á þennan hátt að segja að það komi ekki til greina að byrja að reka þetta Orkubú. Það er margt gott við það, t. d. að geta sameinað þarna bæði rekstur á hitaveitum og rafmagnsveitum og fleiru. En ég get ekki fallist á það, að svo mjög liggi á í þessum málum að það sé ekki rétt að hinkra við. Ég býst einnig við því, að það skipti verulegu máli fyrir Orkubúið á Vestfjörðum, hvenær það tengist öðrum orkuveitum. Ekki gerist það á næsta ári, það er ljóst, hvenær sem það verður. Þess vegna hygg ég að það geti einnig verið skynsamlegt fyrir Vestfirðinga að sjá hvernig þeim málum lyktar.

En ég vil, herra forseti, leggja hér fram þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 195) samþ. með 15 shlj. atkv.

Jón Helgason: Herra forseti. Mig langaði aðeins að segja nokkur orð vegna þessa nýja ákvæðis sem sett er hér fram í þessu frv. um skiptingu á verðjöfnunargjaldinu, enda þótt búið sé að ræða það nokkuð.

Ég vil undirstrika það, að ég tel að raforka eigi að vera seld öllum landsmönnum á sama verði og þar eigi Vestfirðingar vitanlega að sitja við sama borð og aðrir og ekki vera verr settir. Og ég vil vona að ávinningur verði svo mikill af þeirri samvinnu Vestfirðinga á sviði orkumálum sem stefnt er að með Orkubúinu, að þeir nái því marki.

Það hafa hins vegar komið fram hér í umr. ýmsar spurningar sem hafa vaknað í sambandi við samninginn sem gerður hefur verið milli ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Ég skal ekki fara að ræða mörg atriði í því sambandi. Það hefur verið minnst hér á samninga um fjármagn og annað slíkt. Ég vil aðeins benda á það, sem beinlínis kemur þessu frv. við, þ. e. a. s. verðjöfnunargjaldinu. Mér sýnist að það sé þegar að koma í ljós, að það hafi ekki verið gengið á heppilegasta hátt frá sambandinu milli Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins, úr því að það er strax núna, áður en Orkubúið tekur til starfa, farið að jagast hér á Alþ. um hvernig á að skipta verðjöfnunargjaldinu.

Ég held að það sé algerlega ófær leið, ef á að koma þessu þannig fyrir að það þurfi að gera þetta árlega. Ekki er hægt að gera þetta langt fram í tímann, ef á að ná því marki, að allir verði jafnsettir. Og hversu flókið verður það ekki ef orkubúunum fjölgar? Ég held því að það verði að vera einhvern veginn sú samvinna og samband á milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og annarra landshlutaorkubúa, ef stofnuð verða, að það verði að nokkru leyti rekið sem ein heild, en ekki svona alger skipting. Það er líka verið að fara, finnst mér, að nokkru leyti í öfuga átt þegar ákveðin er fyrir fram skipting á gjaldi sem á að ganga til verðjöfnunar, en ekki farið eftir þörfinni eftir á. Ég dreg samt í efa að fjvn. sé heppilegur aðili til að annast þessa skiptingu, eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. leggur til. Ég held, að það þurfi að vera eitthvert fastara skipulag á því en það, og tel því, að það hljóti að vera algert neyðarúrræði að fara út á þessa braut. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé ekki hlutverk fjvn. að fara að ofan í rekstrarreikninga hvers einstaks fyrirtækis og úrskurða um slíkt, það sé heppilegra að fela Rafmagnsveitum ríkisins að sjá um það.

En ég skal ekki fjölyrða um þetta, vildi aðeins leggja áherslu á það, að ég held að þetta sé algert neyðarúrræði, að vera að fara þessa leið. Það getur vel verið, að að þessu sinni sé það óhjákvæmilegt vegna þess samkomulags sem búið er að gera, til þess að það verði ekki brotið niður. Ég skal ekki fullyrða um það.

Mig langaði aðeins í lokin, vegna þess sem fram kom í ræðu hæstv. iðnrh. við 1. umr. þessa máls, að varpa fram þeirri spurningu, hvort þessi samningur eigi að marka stefnuna í sambandi við uppgjör á orkuverum og öðrum eignum í fjórðungum, hvort Sunnlendingar megi vænta sömu kjara, ef eða þegar þeir stofna sitt orkubú og yfirtaka þau orkuver sem komið hefur verið upp í Sunnlendingafjórðungi, eða hvort það eigi að vera einhverjar aðrar reglur sem gildi þar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í þeim umr. sem hér hafa farið fram leiðir maður hugann að réttlæti og kannske ekki spurningu um réttlæti aðeins á sviði raforkumála. Ég minnist þess, að ég flutti hér einu sinni þáltill. um að allar fiskbátahafnir á landinu skyldu verða landshafnir. Það var enginn af hv. þm. Suðurl. sem stóð þá upp til að styðja þá till., og skil ég þá afstöðu mætavel.

Hitt er svo annað mál, að það vekur ekki

undrun nokkurs manns að umr. um raforkumál og orkumál skuli leiða hugann að því, að í þeim málum í heild er skipulagsleysi í landinu. Hv. 5. þm. Austurl. gat um þetta skipulagsleysi og hvernig það lýsti sér, þegar hann ræddi um að Rafmagnsveita Vestmannaeyja kynti dísilvélar á sama tíma og nægileg orka væri til hjá Landsvirkjun, vegna þess að samkv. þeim samningi, sem Rafmagnsveita Vestmannaeyja hafði við Landsvirkjun, var hagkvæmt að hegða sér þannig, þó að það væri þjóðhagslega séð óhagkvæmt. Þetta sama horfðum við á fyrir vestan hvað við kom viðskiptum Rafmagnsveitu Ísafjarðar og Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég treysti mér ekki til að fara hér út í almennar umr. um orkumál í landinu og þá stefnu sem þar ber að hafa, en vil þó lýsa því sem grundvallarsjónarmiði mínu, að ef ekki verður farið út í orkujöfnun í þessu landi, þannig að það sé ekki mjög misjafnt hvað hinir almennu þegnar þessa lands þurfa að greiða fyrir rafmagn og upphitun á sínu húsnæði, þá er enginn grundvöllur fyrir því að hafa aðeins eina skattvísitölu í landinu. Það mættu menn gjarnan hugleiða.

Rafmagnsveitur ríkisins stóðu frammi fyrir því stóra vandamáli, þegar verð á olíu hækkaði mjög verulega í heiminum, hvort þær ættu að veita öllum, sem um það bæðu, leyfi til beinnar rafhitunar á íbúðarhúsnæði. Ef Rafmagnsveitur ríkisins hefðu á þessu stigi tekið þá ákvörðun að fara út í það að selja heitt vatn til upphitunar íbúðarhúsnæðis og lögum verið breytt svo að það hefði verið hægt, þá hefði verið hægt að bíða eftir ákvarðanatöku hjá sveitarfélögunum. Rafmagnsveitur ríkisins og hv. Alþ. báru ekki gæfu til að bregðast þannig við vandanum. Ef í dag er beðið, þýðir það einfaldlega það að t.d. í sjávarþorpunum fyrir vestan verður búið að dreifa beinni rafhitun það víða um þorpin, að það verður ekki hagkvæmt að koma þar upp hitaveitum, jafnvel þó að heitt vatn fyndist í næsta nágrenni, að því viðbættu, að sennilega er það dýrasta aðferð sem hugsast getur til að halda hita á þegnum þessa svæðis að keyra dísilvélar á fullu til að selja mönnum rafmagn til að hita upp íbúðarhúsnæði. Það er þjóðhagslega séð rangt. Þess vegna er ég andvígur því að bíða með stofnun Orkubúsins.

Eins og nú er komið málum í þessu landi, að ekki virðist grundvöllur fyrir því að fara lengra í kröfunni um verðjöfnun eftir þeirri leið að leggja á verðjöfnunargjald, þá tel ég að verði að reyna á það fyrir alvöru, hvort það er rangt að leita þá eftir því að stofnkostnaður sé greiddur niður svo hægt sé að koma á einhverjum jöfnuði á þessu sviði. Ég vil líka minna á það, að með þeirri ákvörðun Alþ. að greiða styrk til þeirra, sem hita upp íbúðarhúsnæði sitt með olíu, er Alþ. búið að marka þá stefnu, að það skuli beint greiða niður orkuverð í landinu. Það skiptir ekki máli í því sambandi, hvort það er fyrir einn hlut eða annan sérstaklega. Auðvitað er hér um stefnumótun að ræða. Það er augljóst mál. Ég held að það þurfi að kanna mjög ákveðið hvort sú leið að greiða niður stofnkostnaðinn er ekki að einhverju leyti fær til að hraða þeirri þróun að orkunotkun almennings í landinu á þeim svæðum, þar sem hitaveita er ekki í dag, komist í viðunandi horf.

Ég hefði gjarnan viljað að það frv. um Orkubú Vestfjarða, sem mér virðist að sé aðalrót þeirra deilna sem nú eiga sér stað, hefði verið betur kynnt fyrir þm. á frumstigi, þ. e. a. s. á því stigi þegar sú ákvörðun er tekin, og þá hefði legið fyrir jafnframt, að það hefði verið hugmyndin að standa undir vissum hlutum af þeim skuldum sem Rafmagnsveitur ríkisins segja að tilheyri Vestfjörðum. Vel að merkja, það hefur ekki verið sundurgreint bókhald hjá þeim á undanförnum árum gagnvart hinum einstöku svæðum, og jafnframt hafa þær tekið ákvarðanir um virkjanir algerlega án þess að hugleiða þær í landssvæðalegu tilliti. Þær hafa sagt sem svo: Það er þér ekki að neinum skaða þó að við virkjum á hinum staðnum, því að við seljum raforkuna alls staðar á sama verði. — Þetta ber líka að hafa í huga.

Ég undirstrika það sérstaklega, að ég hygg að við stöndum ekki í dag í þeim sporum að geta sagt sem svo: Við frestum því að Orkubúið taki til starfa. — Ég hygg að við stöndum, eins og málum er komið núna, frammi fyrir því, að annaðhvort verður þetta gert eða þetta verður ekki gert, því að ef það verður stöðvað núna tel ég víst að sveitarstjórnirnar, hver á sínum stað, muni reyna að fara að snúa sér að því að leysa upphitunarmál þorpanna. Og jafnerfitt sem það hefur verið að ná samstöðu milli þeirra þriggja aðila, sem þarna hefur verið um að ræða, þ. e. a. s. Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnsveitu Patreksfjarðar og Rafmagnsveitu Ísafjarðar, þá ætla ég að það verði nánast vonlaust verk eftir 2—3 ár, þegar menn telja sig vera komna mjög misjafnlega vel á leið með að leysa þessi mál hver á sínum stað, að ná um þau samstöðu. Ég held þess vegna að sú hugmynd yfir höfuð, að þessu sé hægt að fresta, verði ekki framkvæmanleg. Séu menn aftur á móti svo ákveðnir í þeirri skoðun sinni, þá verða þeir að velja á milli þess, hvort þeir ætla að koma í veg fyrir að þetta verði gert. Allt annað er óraunhæft í þessu sambandi.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Af hálfu iðnrn. hefur verið reynt að láta hv. iðnn. í té þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir. Við 1. umr. þessa máls bar hv. 5. þm. Austurl. fram óskir um vissar upplýsingar og voru honum sendar þær, sem tiltækar voru frá iðnrn. í gær eins og hann minntist á í ræðu sinni.

Ég vil þakka iðnn. skjóta og góða afgreiðslu hennar og frsm. hv. n. fyrir hans ágætu framsögu.

Hv. 4. þm. Suðurl. spurðist fyrir um það, hvort Sunnlendingar mundu njóta sömu kjara og Vestfirðingar ef þeir ákvæðu að yfirtaka virkjanir á Suðurlandi. Það mál liggur á nokkurn annan veg fyrir varðandi Suðurland en Vestfirði þegar af þeirri ástæðu, að mér hafa ekki borist neinar óskir eða uppástungur frá Sunnlendingum um að stofna Orkubú Sunnlendinga á svipaðan veg og Vestfirðingar hafa óskað eftir sínu. Þvert á móti hefur borist mér á sínum tíma óskir frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi um að skipa n. til að kanna hugs-

anlega aðild Sunnlendinga að Landsvirkjun, en Landsvirkjun er sem kunnugt er að hálfu eign ríkisins, en að hálfu eign Reykjavíkurborgar. Sú n. var skipuð eftir ósk Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi og ég held, að það sé rétt að bíða með frekari svör um þessi mál þangað til till. eða grg. þeirrar n. liggur fyrir. En þessar hafa verið þær óskir sem mér hafa borist hingað til.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góða afgreiðslu í hv. d. Alþingis í samræmi við till. iðnn.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil byrja með að þakka þeim hv. þm., sem hafa tekið þátt í þessum umr. Ég geri það í tilefni af því, að mér finnst umr. hafa verið málefnalegar og fyrst og fremst vinsamlegar í garð þess fyrirtækis, sem ég hef verið að skýra frá eða minntist aðallega í framsöguræðu minni, þ. e. a. s. Orkubú Vestfjarða. Auðvitað getur mönnum sýnst sitt hvað í þessum efnum eins og gengur og gerist, en við því er ekki neitt að segja. En ég vænti þess, að það fari nú sem oft áður í þessari hv. d., að menn sannfæri aðra eða láti sannfærast og við komumst að tiltölulega sameiginlegri niðurstöðu, sem þýddi það að frv. þetta yrði skjótlega afgreitt óbreytt frá deildinni.

Ég skal aðeins víkja að nokkrum atriðum. Það er brtt. hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég tek undir það, sem hv. 4. þm. Suðurl. kom inn á, að hvað sem öðru líður, þá tel ég að fjvn. sé ekki heppilegasti aðilinn til að kveða á um skiptingu á verðjöfnunargjaldinu. Ég held að þetta mál sé þess eðlis, að það sé ekki ástæða til að fela slíkt verkefni fjvn. ríkisins. En að mínu viti er það þegar útilokað, ef við ætlum okkur að stofna Orkubú Vestfjarða, eins og ég veit að hv. 5. þm. Norðurl. e. er mér sammála um, þá mundi sú leið ekki ganga vegna þess að það er tekið fram í sameignarsamningi fyrirtækisins og ríkisstj. hefur þegar samþykkt að 20% af verðjöfnunargjaldinu skuli ganga til Orkubúsins. Þegar ég segi að það geti ekki gengið, þá á ég auðvitað við það, að þetta er svo mikið atriði fyrir Vestfirðinga, að þá verða þeir að skoða sitt mál á nýjan leik.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði að það hefði verið illa gengið frá skiptingu eigna Rafmagnsveitna ríkisins í lögum um Orkubú Vestfjarða. Ég held að þessi fullyrðing sé á misskilningi byggð. Það var náttúrlega ekki hægt að setja tölur um eignirnar í lög. Það varð hins vegar að kveða skýrt og ákveðið um, með hverjum hætti eignayfirfærslan skyldi fara fram og það er gert í lögunum. Það er kveðið svo á, að það skuli yfirfæra allar eignir héraðsrafveitnanna á Vestfjörðum svo og eignir Rafmagnsveitna ríkisins til Orkubúsins með þeim skilmálum sem um semst milli sveitarfélaganna og ríkisins, og það er það sem hefur skeð. Það hefur verið samið um þessa hluti.

Hv. 5. þm. Austurl. sagði: Það var ekkert farið að tala um verðjöfnunargjaldið og skiptinguna fyrr en búið var að samþykkja lögin um Orkubú Vestfjarða. Og hann vitnaði í framsöguræðu *mína til áherslu þessari skoðun*. En hann hefur þá misskilið það sem ég sagði. Ég lagði mikla áherslu á að það hefðu legið fyrir ítarlegar upplýsingar um öll þessi mál í meginatriðum þegar frv. um Orkubú Vestfjarða lá fyrir Alþ. og hefðu allir þm. fengið bók sem var gefin út af orkunefnd Vestfjarða og hafði titilinn: „Tillögur um orkumál Vestfjarða." Og það þarf ekki annað en vísa til þessa rits til að sýna fram á, að það er mikill misskilningur, að engum hafi dottið þessi mál í hug fyrr en búið var að setja lög um Orkubú Vestfjarða.

Það var einnig sagt, hvort sem það var hv. 5. þm. Austurl. eða einhver annar hv. þm., að það hefði ekkert verið hugsað um skiptingu á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins í hluta Orkubúsins og það sem Orkubúið tekur ekki við, fyrr en búið var að setja lög um Orkubú Vestfjarða. Þetta er jafnmikill misskilningur. Ég skal ekki vera að fjölyrða um þetta, en ég vil aðeins láta þess getið hér og mér er vel kunnugt um það, af því að ég átti sæti í orkunefnd Vestfjarða, að það voru nokkrir mánuðir í störfum n., sem gengu svo að segja eingöngu út á þessi tvö atriði, margs konar útreikningar, margs konar athuganir sem voru gerðar einmitt á þessum atriðum. Í skýrslunni segir með leyfi forseta:

„Það verður að gera ráð fyrir, að af hálfu ríkisins sé haldið áfram aðgerðum til að jafna aðstöðumun milli landshluta í formi verðjöfnunar eins og nú er eða með einhverjum öðrum hætti. Hljóta þá Vestfirðingar að eiga eftir sem áður að njóta sem aðrir landsmenn slíkra almennra aðgerða af hálfu ríkisvaldsins. Talið er, að á árinu 1975 hafi verðjöfnunargjaldið alls numið 540 millj. kr. Miðað við umsvif Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum eða í réttu hlutfalli við skiptingu bókfærðra eigna milli landshluta svarar þetta til að í hlut Vestfirðinga hefðu átt að falla um 100 millj. kr. í verðjöfnunarfé. Slík fjárhæð árlega nægir til að standa undir fjármagnskostnaði Orkubús Vestfjarða af yfirtöku eigna Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum. Er þá reiknað með yfirtökuverði sem miðað yrði við stofnkostnað mannvirkjanna að frádregnum afskriftum og eignayfirfærslan verði gerð möguleg með sama hætti og staðið yrði undir nýjum framkvæmdum, þ. e. með lánskjörum sem svarar til 40 ára lána og 12% árlegs kostnaðar auk afborgana. Hér er um að ræða stofnkostnað í árslok 1974 sem nemur um 500 millj. kr. og um 300 millj. kr. stofnkostnað af Mjólkárvirkjun II, sem kom til á árinu 1975. Þetta dæmi má setja upp með öðrum hætti eða á mismunandi vegu, en það breytir engu að mati n. um það meginatriði málsins, að yfirfærsla eigna Rafmagnsveitna ríkisins verði að vera með þeim kjörum sem Orkubú Vestfjarða fær staðið undir, enda verði fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins jafnframt borgið."

Það eru vel valin orð hér fram undan, en ég sé ekki ástæðu til þess að vera að lesa þau upp. Ég aðeins minni á þetta að gefnu tilefni.

Hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þórðarson, lét þau orð falla eitthvað á þá leið eða mátti skilja þannig, að þetta mál hefði kannske ekki verið *nægilega kynnt fyrir þm. Ég vil aðeins geta þess*, að það var gert og alveg sérstaklega var þm.

Vestfirðinga kynnt þetta og öllum þm., með því að allir, hver einasti þm. fékk í hendur till. orkunefndar Vestfjarða um orkumál Vestfjarða. Og það var einmitt af hálfu hv. þm. Steingríms Hermannssonar tekið fram við 1. umr. um frv. til l. um Orkubú Vestfjarða, hve allur undirbúningur þessa máls hefði verið vandlegur. Og af því að mér hefur fundist jaðra við það, að menn teldu að það hefði verið flaustrað við undirbúning frv. að Orkubúi Vestfjarða, leyfi ég mér að vitna hér í hv. þm. Steingrím Hermannsson, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil fyrst lýsa ánægju minni með það starf, sem hefur verið unnið að úttekt orkumála á Vestfjörðum. Ég held að ekki verði um það deilt, að sú n., sem að því starfaði, vann gott starf og vann það hratt og vel, og koma niðurstöður hennar fram í þeirri skýrslu sem þm. hafa fengið um orkumál Vestfjarða."

Ég gæti haldið hér áfram lofsamlegum ummælum. En ég hef í raun og veru ekki heyrt það og vonandi er það misskilningur, að menn telji að frv. um Orkubú Vestfjarða hafi verið eitthvað sérstaklega ábótavant, og það kom ekki fram í umr. um frv. Annað mál er það og það er rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. tók fram, að það voru ýmsir hugsandi út af meginstefnunni í þessu máli, og tjáðu sig um það, þegar frv. um Orkubú Vestfjarða var til umr. En ég minnist ekki að það hafi verið sérstaklega um einhver einstök eða sérstök missmíði á frv. út af fyrir sig.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl., ræddi um þetta frv. bæði við 1. umr. og nú við 2. umr. Það var eins og vænta mátti margt skynsamlegt og athyglisvert sem fram kom í máli hans. En þó virðist mér að það gæti viss misskilnings og það er kannske í og með, og álasa ég honum ekki fyrir það, að hann sé ekki að öllu leyti nægilega kunnugur gangi þessa máls. Auðvitað dettur mér ekki í hug að halda að það mundi nokkuð hamla honum að komast að réttri niðurstöðu um heildarstefnu í málunum eftir hans skoðun. En við 1. umr. las hv. þm. langan kafla úr skýrslu sem hann sagði að væri álit Rafmagnsveitna ríkisins á stofnun Orkubús Vestfjarða. Sú skýrsla, eins og þá kom fram, var rituð af þáv. rafmagnsveitustjóra og skrifstofustjóra Rafmagnsveitnanna. Þessi skýrsla kom fram áður en frv. um Orkubú Vestfjarða var afgreitt. Og mér er óhætt að segja það, að störf iðnn. Ed. snerust ekki síst um þessa skýrslu, þegar þar var til meðferðar frv. um Orkubú Vestfjarða. Þarna voru svo alvarlegar aths., að ég held að ég geti sagt það fyrir hönd allra nm. í iðnn. hv. Ed., að það vildu allir ganga til botns í þessu máli og sættu sig ekki við annað, áður en n. skilaði áliti. Og þetta var gert með ítarlegum viðræðum við þáv. forstjóra og skrifstofustjóra Rafmagnsveitna ríkisins. Það var fenginn sérstakur sérfræðingur til þess að fara ofan í þessi mál og gera greinargerð um þessi efni. Ég heyrði ekki, ég er mér ekki þess meðvitandi, að sú skýrsla, sem rafmagnsveitustjóri og skrifstofustjóri gerðu og vitnað var í hér við 1. umr., hefði minnstu áhrif á afgreiðslu n. En þessi alvarlega skýrsla var send til ég held allra eða flestra sveitarstjórna á Vestfjörðum til þess að vara þær við, og þið getið nærri hvort menn hafa látið þetta sem vind um eyru þjóta. Að vissu leyti var það gott, að þessi skýrsla kom fram, vegna þess að hún hleypti af stað nýjum athugunum á öllu þessu máli, nýjum athugunum. Ég ætla ekki að fara efnislega út í þessa skýrslu, en ég vil aðeins segja það, að það var niðurstaða bæði forsvarsmanna Vestfirðinga í sveitarstjórnarmálum og þeirra sérfræðinga, sem sérstaklega voru til fengnir, að skýrslan hefði ekki við rök að styðjast. Ég vil aðeins segja þetta.

Þá vil ég líka leiðrétta misskilning. Ég veit að það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Austurl. og hann er skiljanlegur, því að það voru fleiri sem misskildu það. Þm. sagði, að þessi skýrsla væri álit Rafmagnsveitna ríkisins. (Gripið fram í.) Ef hann sagði það ekki, þá þýðir það auðvitað það og það hafa sumir sagt og menn sögðu þegar þeir fengu þessa skýrslu, að þetta álit hlýtur stjórn Rafmagnsveitna ríkisins að hafa samþykkt. En ég hef orð formanns Rafmagnsveitna ríkisins fyrir því, að þessi skýrsla var aldrei lögð fyrir stjórn Rafmagnsveitnanna og er ekki samþykkt af stjórn Rafmagnsveitnanna. Þetta er nú ekki í fyrsta sinn sem ég lýsi þessu yfir. Ég man t. d. þegar ég lýsti því einu sinni yfir á fundi Sambands ísl. rafveitna, þar sem við sátum hlið við hlið, ég og Helgi Bergs, formaður Rafmagnsveitna ríkisins, og gerði það auðvitað í samráði við hann. Það er nóg um þetta.

Hv. 5. þm. Austurl. nefndi nokkur atriði sem honum fannst athugaverð — nokkur atriði. Hann taldi t. d. að með stofnun Orkubús Vestfjarða væri verið að leggja niður Rafmagnsveitur ríkisins, komst eitthvað þannig að orði. Ég vil segja það, að ekki þarf það nú að vera, að Rafmagnsveitur ríkisins séu lagðar niður. Þetta fer mjög mikið eftir því, hvernig fer um þá endurskoðun á skipulagi raforkumála í landinu sem nú fer fram. Það er sú endurskoðun og sú stjórnarstefna sem verður mótuð að lokinni þeirri endurskoðun sem kveður á um það, hvað verður um Rafmagnsveitur ríkisins í framtíðinni, en ekki stofnun Orkubús Vestfjarða. En þá vil ég, af því að ég á sæti í þessari endurskoðunarnefnd og hef allmikið hugsað um þessi mál, lýsa því sem skoðun minni, að það sé ekki raunhæft í næstu framtíð að gera ráð fyrir öðru skipulagi en því, að það geti verið starfandi landshlutasamtök, þar sem menn óska eftir slíkum samtökum, auk þess ríkisfyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, í núverandi formi eða öðru, til þess að annast þessi mál, raforkumálin, þar sem ekki eru landshlutafyrirtæki. En þarna er ég kominn inn á mál sem er svo stórt að ég ætla ekki að hætta mér út í lengri umr. um það.

Þá er annað atriði sem hv. 5. þm. Austurl. benti á og þótti heldur miður, að því er mér skildist, að það var gert ráð fyrir því í lögunum, að Orkubú Vestfjarða tæki við orkurannsóknum á Vestfjörðum. Ég geri ráð fyrir að hann óttist að þetta þýði það, að Orkubúið ætli ekkert að vera komið upp á Orkustofnun og aðra almenna opinbera fyrirgreiðslu sem veitt er í þessum málum. En það er mikill misskilningur.

Það er gert ráð fyrir því, að Orkubúið verði að njóta í rannsóknarmálum sömu fyrirgreiðslu og aðrir landshlutar, og það er beinlínis tekið fram í sameignarsamningnum milli ríkisstj. og sveitarstjórnanna á Vestfjörðum. En þetta ákvæði er aðeins hugsað þannig, að Orkubúið geti, ef hentugt þykir, unnið einhverja hluti í samráði og eftir fyrirlagi Orkustofnunar.

Þá segir hv. 5. þm. Austurl., að það megi ekki greiða niður orkuverð úr ríkissjóði, og varar við því. Ég skil þetta sjónarmið, og það er ágætt að hv. þm. kemur inn á þetta. Auðvitað er þetta mikið atriði í þessum málum öllum. En það er ekki að hefjast sá leikur nú með stofnun Orkubús Vestfjarða. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að stofnun Orkubús Vestfjarða er ekki að skapa vandamál á Vestfjörðum. Þau eru fyrir og þau verður að leysa. Og ef þau eru ekki leyst eftir leiðum Orkubúsins, þá verður að gera það á annan hátt. Það kostar ekki minna fé með þeim hætt. En hv. þm. sagði, að þetta hefði ekki þekkst áður, að það væri greitt beint úr ríkissjóði. Þetta er misskilningur. Það eru ýmis dæmi þess, og síðast á árinu 1975 var greitt beint framlag ríkissjóðs, 1 milljarður 214 millj., rúmar 1200 milj. beint úr ríkissjóði ofan á verðjöfnunargjaldið.

Það er ekkert launungarmál, að reksturinn á Rafmagnsveitum ríkisins hefur oft og tíðum gengið erfiðlega. Hefur því lítill stuðningur verið að því ákvæði sem er í orkulögunum, sem nú eru í gildi, að það ætti að fjármagna Orkusjóð af rekstrarafgangi Rafmagnsveitna ríkisins. En það er ekki nóg með að Rafmagnsveitur ríkisins hafi ekki skilað rekstrarafgangi. Ástandið hefur verið þannig, að fyrir allnokkrum árum var tekin upp sú regla að endurmeta eignir Rafmagnsveitna ríkisins. Það eru ýmsar ástæður til þess og ég skal ekki fara út í það eða vera að gera það að ádeiluefni hér. En ég bendi bara á að ef það hefði ekki verið gert, þá væru Rafmagnsveitur ríkisins búnar að vera gjaldþrota á pappírnum um árabil.

Ég get aðeins gefið þær upplýsingar sem dæmi um hvað það þýðir, að endurmat það, sem fram fór á árinu 1975 og studdist við vísitöluhækkanir tveggja ára, 1974 og 1975, hækkaði stofnkostnaðartöluna um 75% frá því sem ársreikningurinn 1974 sýndi. Þetta eru ekki smáupphæðir. En með svona endurmati geta Rafmagnsveitur ríkisins eignast eigið fé reikningslega séð, það liggur í augum uppi. Og til fróðleiks get ég getið þess, að þegar skipt er eignum og skuldum Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum frá eignum og skuldum Rafmagnsveitna ríkisins í heild, þá kemur það út, miðað við áramót 1976, þetta er byggt á bókhaldi félagsins og reikningum, að eigið fé á Vestfjörðum er 1 milljarður 598 millj. En þetta er til komið að mestu leyti vegna þess, að eignirnar á Vestfjörðum hafa verið endurmetnar og endurmatið hefur hækkað bókfært verð eignanna á Vestfjörðum um 1171 millj., þannig að ef tekið er tillit til þess, þá er eigið fé Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum um 400 millj., en ekki um 1600 millj. Ég bendi bara á þetta til þess að skýra að gefnu tilefni að Rafmagnsveitur ríkisins hafa fengið margs konar aðstoð fyrir utan verðjöfnunargjaldið, og menn skyldu ekki láta sér vaxa það í augum, þó að eitthvað í sömu átt sé gert fyrir Vestfirðinga þegar verið er að leysa vanda sem orðið hefur til áður en Orkubú Vestfjarða var stofnað.

Hv. 5. þm. Austurl. ræddi um að það þyrfti að vanda allan undirbúning að þessu máli, og ég tek heils hugar undir það. Það þarf að gera. Orkunefnd Vestfjarða var skipuð í júní 1975 og skilaði áliti í mars 1976 og var stöðugt að störfum. Síðan frv. um Orkubú Vestfjarða var samþykkt í maí 1976 hefur málið verið í stöðugri athugun í iðnn., því að samkv. lögunum átti iðnrh. að undirbúa stofnun Orkubúsins. Ég held að málið hafi verið ákaflega vel undirbúið. Ég skal ekki leggja neitt mat á störf mín að þessu, ég var ekki einn í orkunefnd Vestfjarða, en ég vil láta það koma hér fram, að meðnm. mínir þar lögðu mikið og gott starf af mörkum og við vorum með heilan hóp af sérfræðingum sem unnu gagnmerkt starf í þessu efni. Og ég þarf ekki að taka það fram, hve mikið starf hefur verið unnið á vegum iðnrn. frá því að lögin voru sett. Þarf ekki að taka það frekar fram, þannig að við erum alveg sammála um þetta atriði.

En það er líka rétt, eins og hv. þm. sagði, að hvað nákvæmar áætlanir sem eru gerðar, þá er aldrei hægt að ná fullkomnu öryggi. Það er eins og hann orðaði það eitthvað á þá leið, að það væri aldrei vitað fullkomlega hvernig reksturinn verður í framtíðinni, vegna þess að þegar svona áætlanir eru gerðar verður að gefa sér forsendur, og það er mikið matsatriði oft og tíðum hvaða forsendur á að gefa sér, svo að ekki sé talað um það, að svo geta forsendur brugðist Þess vegna held ég að þó að við færum núna að lengja eitthvað undirbúning þessa máls, þá breytti það ekki staðreyndum sem þessum.

Hv. þm. minntist á ýmis atriði sem hann taldi að þyrfti að hafa góða samvinnu um milli Orkubúsins og Rafmagnsveitna ríkisins. Allt það, sem hann minntist á, var skynsamlega mælt. Það voru allt atriði sem mér er kunnugt um að stjórn Orkubúsins, sem hér hefur verið að undanförnu, hefur verið í samningum um við stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og rafmagnsveitustjóra. Þar á ég m. a. við sæstrengina fyrir vestan. Þá var það síðast í morgun, að mér var sagt einmitt frá ráðstöfunum varðandi starfsfólkið sem hv. þm. nefndi o. fl., o. fl.

Hv. þm. kemst að þeirri niðurstöðu, eins og hann orðaði það, að það sé skynsamlegt að fresta aðgerðum. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki skynsamlegt. Og Vestfirðingar sjálfir, sem mest eiga undir þessu, leggja höfuðáherslu á að nú verði ekki frekari dráttur. Við minnumst þess, getum minnst þess, að Vestfirðingar hafa alltaf lagt áherslu á það. Og t. d. þegar við vorum að ræða frv. um Orkubú Vestfjarða vorið 1976 komu hér samþykktir bæði frá bæjarstjórn Ísafjarðar og hreppsnefnd Patreksfjarðar a. m. k. til Alþ., þar sem lögð var áhersla á að flýta málinu. Og það eru einmitt þessar sveitarstjórnir á Vestfjörðum sem eru mest viðriðnar þetta mál, því að þær leggja fram eignir héraðsrafveitnanna á þessum stöðum. Þannig held ég að það væri mesta óráð að fresta málinu og það væri öllum gerður hinn mesti bjarnargreiði

með slíku, og það getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Ég held að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. óbreytt og fella báðar brtt. bæði frá hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Austurl., fella báðar brtt., samþykkja frv. óbreytt þannig að staðið verði við þá samninga sem ríkisstj. hefur þegar gert við Vestfirðinga, svo að vonir Vestfirðinga í þessu máli bresti ekki.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ætlar hæstv. iðnrh. ekki að vera viðstaddur? Það er að vísu ítrekun og önnur útfærsla á spurningum sem ég þyrfti að leggja fyrir hann. Ég get þá byrjað á þeim hluta ræðu minnar sem ég mun ekki beina fyrst og fremst til hæstv. iðnrh.

Ég vil ítreka það í upphafi máls míns, að ég er þeirrar skoðunar, að Vestfirðingar eigi að fá sinn hluta nú sem áður af verðjöfnunargjaldinu og hann óskertan. En brtt. mín, sem ég ber hér fram, er til komin af þeim sökum, að ég tel að forsendurnar fyrir því að hlutfallið á milli Orkubús og Rafmagnsveitna ríkisins, 20 á móti 80, sé ekki nægilega rökstutt til þess að við kveðum á um slíkt í lögum. Ég hef fullkomna ástæðu til þess að ætla, að hlutfall Vestfirðinga eigi, ef tekið er tillit til orkunotkunarinnar og þarfar þar af leiðandi, að vera í kringum 20%, en ég sé enga ástæðu til þess að við kveðum á um það í lögum núna beinlínis, vegna þess að með þeim hætti væri Alþ. að leggja blessun sína yfir eignaskipti sem Alþ. hefur alls ekki um fjallað.

Ég vil mótmæla þeirri skoðun hv. formanns iðnn., að skýrsla sú, sem lá fyrir iðnn. þegar fjallað var um frv. um Orkubú Vestfjarða, skýrsla frá framkvæmdastjóra Rafmagnsveitnanna og skrifstofustjóra, hafi ekki haft nein áhrif á störf n. Sannleikurinn er sá, að flestar staðhæfingar þeirra, fyrrv. framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins og skrifstofustjóra hans um þá vá sem Vestfirðingum væri búin af frv., af málinu eins og það var lagt fyrir, — flestar þær fullyrðingar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra eru staðfestar í samningnum sem hér liggur fyrir okkur sem fskj., og útskriftin er fundargerð ríkisstj. frá 25. okt. þessa árs, vegna þess að í þessari skýrslu var lögð áhersla á það, að ef Vestfirðingar ættu að taka við eignum og skuldum Rafmagnsveitnanna vestra og reka Orkubú Vestfjarða með þeim kvöðum sem þar hlytu að fylgja, ef Orkubúið tæki við sínum hluta af eignum og skuldum, þá væri Vestfirðingum búinn sá fjárhagsbaggi sem þeir mundu ekki rísa undir. Þar var sem sagt ekki reiknað með því, að Vestfirðingar mundu njóta þeirra kjara, sem þeim eru ætluð hér, þ. e. a. s. að fá eignir, sem nú munu vera metnar vel yfir 3 milljarða, með því að taka að sér skuld upp á 700 millj. Með því var ekki reiknað þá.

Ég ítreka það, að ég tel mig ekki hafa aðstöðu til þess í sambandi við afgreiðslu frv. um verðjöfnunargjald af raforku að gagnrýna þessi eignaskipti. En ég tel alveg fráleitt að Alþ. staðfesti þau með því að samþykkja hlutföllin 20 á móti 80 nú við umr. um þetta lagafrv. Ég tel alveg fráleitt að Alþ. geri slíkt, heldur er hitt nauðsynlegt, að fjallað verði um þennan eignaskiptasamning alveg sérstaklega. Og ég vil ítreka spurningu, og þá á öllu víðari grundvelli, sem hv. þm. Jón Helgason bar fram til iðnrh. áðan. Hann spurði um það, hvernig brugðist yrði við ef fram kæmi ósk Sunnlendinga um að stofna sitt Orkubú og taka við virkjunum sem væru á Suðurlandi, hvort Sunnlendingar mundu njóta þá sams konar kjara og Vestfirðingar njóta nú um eignayfirtöku. Nú hefur hæstv. ráðh. komið sér hjá því að svara þessari spurningu með því að vitna til óljósrar óskar einhverra aðila um að gerast eignaraðilar að Landsvirkjun. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvað um fyrirhugaða Norðurlandsvirkjun, ef af henni verður, því að varla getur það verið skilyrði að taka upp Orkubúsnafnið? Hvað um fyrirhugaða Norðurlandsvirkjun? Mun hún, ef af verður, njóta þess háttar kjara að fá til eignar orkuver á þessu svæði með þessum hlutföllum 3000 á móti 700 eða 3 milljörðum á móti 700 millj. í skuldayfirtöku? Þetta er ákaflega brýn spurning í raun og veru, ef við ætlum að ganga út frá því, að hér sé gert rétt í þessum eignaskiptum.

Við umr. um frv. um Orkubú Vestfjarða hygg ég að rétt hafi verið, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði, að gerð frv. sem slíks sætti ekki gagnrýni — gerð frv. sem slíks. En ræðumaður eftir ræðumann lagði áherslu á þetta atriði, að hér mætti ekki binda hendur Alþ. og ríkisstj. um stefnuna í skipulagi orkumála annars staðar — það mætti ekki gera. Og m. a. vegna þess að þetta sjónarmið kom mjög greinilega fram af hálfu eins ráðh., sem á sæti í þessari hv. d., Einars Ágústssonar utanrrh., og vegna óttans við að hér yrðu hendur orkumálayfirvalda bundnar, þá var frv. breytt í heimildarlög. Þess vegna stendur í 1. gr.: „Ríkissjóði Íslands og sveitarfélögum á Vestfjörðum skal heimilt að setja á stofn.“ Kostaði talsverð átök að fá þessu breytt í heimildarlög, en það var gert af þessum ástæðum.

Ég fæ nú ekki betur séð en það hafi komið í ljós sem ýmsa uggði, að samþykkt laga um Orkubú Vestfjarða, í þeirri mynd sem þau voru samþykkt, sé tekin að hefta nokkuð för okkar í orkumálum að öðru leyti og sé farin að ráða nokkuð ferðinni. Ég ítreka enn, að ég tel eðlilegt að Vestfirðingar fái sinn hluta af verðjöfnunargjaldi raforku núna, þannig að þeir njóti kjara til jafns við aðra Íslendinga. En ég tel að þetta hlutfall sé hvergi nærri rökstutt.

Samkv. útskriftinni af fundargerð ríkisstj. frá 25. okt., samkv. ljósriti af samningi um Orkubú Vestfjarða, sem fylgir með í þessum skjölum, má ætla að við þessi eignaskipti og skuldayfirtöku, eins og skýrt er kveðið að orði í bókun ríkisstj. að gera þurfi, hafi Orkubúi Vestfjarða verið séð fyrir rekstrargrundvelli. Ég vil fá að vita það, hvort rekstrargrundvöllur Orkubús Vestfjarða samkv. þessum samningi, samkv. þessari bókun ríkisstj., sé slíkur, að Vestfirðingar þurfi ekki á sínum hluta af verðjöfnunargjaldinu að halda. Þetta vil ég fá að vita. Þetta verður að koma fram. Ég vil að Vestfirðingar fái sinn réttláta hlut af verðjöfnunargjaldinu,

sem þeir eiga að fá. En ég vil ekki renna blint í sjóinn með það, hvert það hlutfall eigi að vera. Það er ekki nægilega rökstutt. Og ég vil ekki að Alþ. þurfi nú með því að samþykkja þetta hlutfall, lögfesta þetta hlutfall í sambandi við afgreiðslu frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku, — að Alþ. þurfi með því að samþykkja þetta hlutfall að leggja blessun sína umræðulaust á þennan eignaskiptasamning og meðferð málsins eftir að lög um Orkubú Vestfjarða voru samþykkt.

Eitt er það sem ég sakna, hæstv. ráðh., í skjölum sem hér fylgja með. Það eru upplýsingar um það, hvað varð um nýjasta raforkuver á Vestfjörðum, sem er til komið eftir að Jakob Gíslason gerði úttekt sína 1975. Ég sé ekki að yfirtökuskuldir Orkubús Vestfjarða hafi aukist neitt við tilkomu þessa nýja og stærsta orkuvers Vestfjarða. Það er eins og það hafi bara fylgt með. Ég sem sagt óska þess innilega að Alþ. fái tækifæri til að fjalla um þetta eignaskiptamál, alveg sérstaklega, og ég óska eftir upplýsingum um það, hvort Norðurlandsvirkjun séu búin slík kjör sem Vestfirðingum eru fengin hérna — og geta þá Austfirðingar dregið sínar ályktanir af því svari.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Ég vil þó gera hér örfáar aths.

Í fyrsta lagi er mér ljóst, að það eru ýmsir styrkir á fjárl. til orkumála í landinu. Það á þá sérstaklega við um það söluskattsstig, sem notað er í olíustyrkinn, og Orkusjóð að mjög miklu leyti, og þar kemur inn sveitarafvæðingin og fleira slíkt. En ég átti fyrst og fremst við það, og ég veit að ég hef ekki sagt það nógu skýrt, að hér væri verið að vikka út þetta svið mjög verulega. Mér er fullkunnugt um þau framlög sem ákveðin eru á fjárlögum.

Það skiptir út af fyrir sig ekki máli eins og mér fannst koma fram í máli hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, hvaða skuldir hafi verið færðar á Vestfjörðum. Aðalmálið er það, að mér sýnist að eignir Rafmagnsveitnanna þar hafi verið 3.6 milljarðar í lok ársins 1976 og skuldir 2 milljarðar. Þessar skuldir hafa hækkað um 700 millj., eftir því sem hér hefur komið fram, og ég býst við, að eignir hafi hækkað tilsvarandi, þannig að þarna er um eignir upp á 4.3 milljarða að ræða. Þær hafa að vísu verið endurmetnar, það er alveg rétt. En ég vil líka benda á það, að skuldir Rafmagnsveitnanna, þó að ég hafi ekki kynnt mér reikninga Rafmagnsveitnanna gaumgæfilega, eru flestar eða mikið af þeim gengistryggðar og hækka jafnhliða eignunum að einhverju leyti. Það er út af fyrir sig hægt að tryggja hag Rafmagnsveitnanna á ýmsan hátt, með því að selja raforkuna mun dýrara og með því náttúrlega líka að fella niður skuldir, þannig að ég get ekki séð ástæðu til að gagnrýna það út af fyrir sig, að Rafmagnsveiturnar endurmeti eignir sínar. Þetta tíðkast hjá öllum orkufyrirtækjum í landinu. (Gripið fram í.) Nei, nei, enda skiptir það út af fyrir sig ekki máli.

En í sambandi við þetta mál í heild, þá er það alveg rétt, að það hefur verið rætt hér, hvort þm. hefðu getað kynnt sér það nægilega vel í upphafi. Það má oft deila um það. Þetta mál var lagt fram mjög seint á þinginu 1976, þegar miklar annir voru hér, og við vitum það, sem höfum tekið þátt í störfum Alþ. og erum bundnir í n., að við eigum mjög erfitt með að kynna okkur mál gaumgæfilega sem lögð eru fram hér á síðustu stundu, og að því leytinu til tel ég að það hefði mátt vera betra. Nefndin skilar áliti í mars 1976. Það eru samþykkt lög í maí 1976. Ég leyfi mér að draga í efa að það séu nægilega vönduð vinnubrögð. Ég vil á engan hátt kasta rýrð á vinnubrögð n. En n. er skipuð fyrst og fremst aðilum í þessum landsfjórðungi, og það þarf náttúrlega einnig að fara fram vinna í þessu sambandi í sjálfu rn. Það er rn. sem leggur þetta mál fram. Og ég vil leyfa mér að efast um að það sé eðlilegur tími frá því að n. leggur fram sínar till. og þar til lög eru samþykkt, að rn. hafi haft ráðrúm til að líta á áhrif þessa máls í heild sinni.

Það hefur komið hér fram, að það álit, sem kom fram á sínum tíma, hafi ekki verið álit Rafmagnsveitna ríkisins. Það er alveg rétt, að það kemur fram framan á kápu þess álits. En ég hef ekki séð álit frá Rafmagnsveitum ríkisins, og ég hef ekki séð álit nú við þessa afgreiðslu undirritað af stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, þannig að ég vil leyfa mér að spyrja *hvort stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hafi samþykkt* og gefið út álit á þessu máli nú.

Hv. þm. Þorvaldur Garðar gat þess, að ég teldi að hér væri verið að leggja niður Rafmagnsveitur ríkisins. Ég vil aðeins leiðrétta það. Ég sagði að hér væri verið að stiga fyrsta skrefið í því sambandi. Og varðandi virkjunarrannsóknir kemur það fram í lögum um Orkubú Vestfjarða, að fyrirtækið skal annast virkjunarrannsóknir — það er nú ekkert minna. (ÞK: Hvað stendur á eftir?) Og aðrar undirbúningsrannsóknir, eftir því sem ákveðið er hverju sinni. Hvernig eiga menn eins og ég að skilja þetta á annan veg en að Orkubúið eigi að annast þessar rannsóknir? Það er a. m. k. afskaplega erfitt fyrir mig að skilja það á annan hátt. Það ber út af fyrir sig að fagna því, að orkubúið ætli að hafa samstarf við aðra aðila í landinu sem hafa annast þessi mál fram að þessu, þeir ætli ekki að vera svo sjálfstæðir að þeir ætli að slíta sig úr tengslum við allt og alla í orkumálum.

Ég vil að síðustu aðeins taka það fram, að ég sagði áðan við umr. að ég teldi eðlilegt að fresta þessu máli. Það er ekki út af fyrir sig með Orkubú Vestfjarða í huga fyrst og fremst, heldur samhengið í þessu máli við önnur raforkumál í landinu. Það er komið hér fram frv. um virkjun Blöndu. Þar stendur: „Ríkisstj. er heimilað að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila. „Kemur fram í þeim texta, að það er hugmyndin að stofna Norðurlandsvirkjun, og skal engan undra þótt menn hafi áhuga á því t. d. á Austurlandi, hvort það verði svo kannske eftir eitt ár að Rafmagnsveitur ríkisins verði ekkert annað en Rafmagnsveitur ríkisins á Austurlandi. Það þarf að vera samhengi hér á milli og menn þurfa að átta sig á þessu. Það

er þess vegna sem ég tel að það beri að fresta þessu máli þangað til menn hafa fengið betri heildaryfirsýn yfir þess mál öll.

Jón Helgason: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, að ég fékk óljóst svar við spurningu minni á þeirri forsendu að Sunnlendingar hefðu ekki borið fram neina ósk um þetta. En þegar samtök sveitarfélaga á Suðurlandi óskuðu eftir athugun um að fá að gerast aðilar að Landsvirkjun, þá var ekki búið að gera þennan samning við Orkubú Vestfjarða, þannig að það getur verið að forsendur breytist dálítið þegar hann liggur fyrir ef þar með er mörkuð stefna. En þrátt fyrir það að ég fékk ekki mikið svar við þessu, þá langar mig að varpa fram annarri spurningu, áður en þetta frv. kemur nú til atkv., vegna þess sem Þorv. Garðar Kristjánsson, hv. 3. þm. Vestf., sagði hér áðan, að ef ekki væri samþykkt þessi skipting á verðjöfnunargjaldinu, þá yrði ekkert úr stofnun Orkubús Vestfjarða. Og þá langar mig að spyrja að því, hvort þar með sé búið að slá því föstu að skipting verðjöfnunargjaldsins verði þannig í framtíðinni, hvort samningurinn sé þannig, að hann teljist rofinn af hendi ríkisstj. ef þessu eða öðrum ákvæðum samningsins yrði breytt. Ég held að það sé ákaflega þýðingarmikið fyrir okkur að það sé ljóst. Eg tel, eins og ég held að hafi komið fram hjá mér áðan, að það séu stórir annmarkar á þessu fyrirkomulagi þrátt fyrir þann ávinning sem augljóslega er af þessu, en hægt sé að breyta þessu til bóta bæði fyrir Vestfirðinga og aðra landsmenn, því sé nauðsynlegt að það verði ekki litið á það sem samningsrof þó að Alþ. breyti þessu eitthvað. Mig langaði að fá svar við þessu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Mér þykir leitt ef hv. 4. þm. Suðurl. hefur ekki verið ánægður með þau svör sem ég gaf honum, en mér fannst ekki unnt að gefa önnur svör á þessu stigi heldur en þessi, að iðnrn. varð strax við óskum Sunnlendinga sem fram voru bornar um könnun á orkumálunum, þ. e. a. s. um hugsanlega aðild að Landsvirkjun. Ég sé nú ekki meðan þeirri athugun er ekki lokið, að ástæða sé fyrir mig að fara að gefa einhverjar yfirlýsingar um einhverjar hugsanlegar hugmyndir sem kynnu einhvern tíma að koma fram. Ég held að það sé rétt að þessi könnun samkv. ósk Sunnlendinga sjálfra fari fyrst fram.

Varðandi fsp. hv. 5. þm. Norðurl. e. um það, hvort Norðurlandsvirkjun, ef stofnuð yrði, mundi njóta sömu fyrirgreiðslu og Orkubú Vestfjarða, m. a. um sömu hlutföll varðandi yfirtöku skulda, þá er rétt að gera sér grein fyrir því, að í sambandi við Orkubú Vestfjarða voru m. a. settar fram þær meginforsendur, sem taldar eru upp í sameignarsamningnum, að fullnægt verði orkuþörf Vestfirðinga með innlendum orkugjöfum, í öðru lagi, að Vestfirðingar búi við sambærilegt orkuverð og aðrir landsmenn, og í þriðja lagi, að Orkubúið hafi traustan rekstrargrundvöll. Varðandi þessa þriðju meginforsendu var auðvitað kannað rækilega hvernig ætti að búa Orkubúinu þennan trausta fjárhagsgrundvöll, og eftir nákvæma könnun á því máli varð niðurstaðan þessi: Annars vegar skyldi miða við skuldir Rafmagnsveitna ríkisins vegna mannvirkja á Vestfjörðum í árslok 1975. Þær munu hafa verið alls milli 1300 og 1400 millj. kr., ef ég man rétt. Ekki mundi fært að Orkubúið yfirtæki meira en 500 millj. af þessari fjárhæð, eða um það bil 800 millj. yrðu annaðhvort áfram hjá Rafmagnsveitunum eða aðrir aðilar en Orkubúið stæðu undir þeim. Í öðru lagi, til þess að tryggja þennan trausta rekstrargrundvöll, þyrfti Orkubúið að fá sem svarar 20% af verðjöfnunargjaldi.

Þessi tvö meginatriði voru samþykkt af ríkisstj. í júníbyrjun þessa árs. Á þessum grundvallaratriðum var síðan byggt. Viðræður við sveitarfélög og orkuveitur á Vestfjörðum, undirbúningsstofnfundur og stofnfundur Orkubúsins og allar viðræður voru byggðar á þessum tveim meginatriðum sem höfðu verið samþykkt af ríkisstj. að undangenginni nákvæmri könnun á fjárhagsstöðu og athugun á traustum rekstrargrundvelli fyrir Orkubúið.

Ef til þess kæmi að stofna landshlutasamtök víðar, sem ég vona að verði, t. d. Norðurlandsvirkjun, þá verður auðvitað á sama veg að kanna hvernig hægt sé að tryggja Norðurlandsvirkjun traustan rekstrargrundvöll. Ég tel að það sé ekki fyrir fram hægt að slá því föstu, að sams konar hlutfallsleg skipting á skuldum Rafmagnsveitnanna þyrfti endilega að eiga við þar. Það þarf auðvitað varðandi hvert þessara landshlutafyrirtækja að fara fram sjálfstæð athugun á því, miðað við eignir, skuldir og fyrirhugaða starfsemi þess fyrirtækis, hvernig þessum málum yrði fyrir komið.

Hins vegar held ég að sé óhætt að lýsa því yfir, að það er vilji og hugsun ríkisstj. að önnur landshlutafyrirtæki, sem stofnuð yrðu með svipuðum hætti og með svipuð verkefni og Orkubú Vestfjarða, fengju hliðstæða fyrirgreiðslu og Orkubú Vestfjarða. En ég vil undirstrika það, að í þessu felst auðvitað ekki að skuldayfirfærsla eða skuldaskipti þurfi að vera með nákvæmlega sama hætti eins og vegna Orkubúsins. Það þarf að fara fram sjálfstæð könnun á fjárhagsgrundvelli og traustum rekstrargrundvelli hvers fyrirtækis.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki orðlengja það sem ég hef nú að segja, en þó er þetta þyngst á metunum, að ég hygg að við verðum alveg úrtakslaust að láta Alþ. fjalla um það, með hvaða hætti stofnun ríkisins á að taka við skuldum eins og þessum, sem hér eru færðar yfir á ríkissjóð og frá honum yfir á Orkusjóð, m. a. með tilliti til þess að það virðist nú blasa við, að senn verði um það fjallað með hvaða hætti Norðurlandi öllu verði tryggður rekstrargrundvöllur fyrir Norðurlandsvirkjun, e. t. v. á næstu missirum.

Og svo vil ég rétt í lokin vekja athygli á því, að hér er um að ræða frv. til l. sem fullyrt er að gilda eigi í eitt ár og taka þá til endurskoðunar, svo sem verið hefur á undanförnum árum þegar fjallað hefur verið árlega um verðjöfnunargjald á raforku. En í samningi þeim, sem

ríkisstj. hefur gert eða hyggst gera við Orkubú Vestfjarða, segir ljósum orðum: „Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að Orkubúið fái sem svarar 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku," — 20% af tekjum af verðjöfnunargjaldi af raforku þá um ókomna framtíð, á meðan Orkubú Vestfjarða stendur, án tillits til þess hvort forsendur breytast eða breytast ekki. Hér er ekki tjaldað til einnar nætur. Hér er ekki verið, svo sem verið hefur undanfarin ár, að samþykkja frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku til eins árs. Hér er kveðið á um það, að Orkubú Vestfjarða skuli framvegis fá 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku.

Ég ítreka það, ég mæli ekki gegn því að Vestfirðingar fái sinn hlut af verðjöfnunargjaldinu. En ég vil ekki að það verði bundið í lögum, að hlutfallið á milli RARIK og Orkubús Vestfjarða verði 20 á móti 80. Ég vil ekki að það verði bundið í lögum. Og síst af öllu vil ég að það verði gert undir því yfirskini að hér sé verið að samþykkja skipan af þessari tegund til eins árs.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 31. fundur.

Fimmtudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Launaskattur, frv. (þskj. 87). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur áður sést í sölum Alþ. og því hv. þm. kunnugt. Er lagt til að sá launaskattur, sem á hefur verið lagður og skiptist þannig, að 2% renna í byggingarsjóð og 1½% í ríkissjóð, verði lögfestur á ný, en lögin renna út nú 31. des.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 175). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt í hv. Ed. til staðfestingar á brbl. sem út voru gefin s. l. sumar í samræmi við þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. gaf varðandi skattamál þegar samningar höfðu tekist á hinum almenna vinnumarkaði.

Í hv. Ed. var gerð breyting á frv. skv. till. fjmrn. Annars vegar er það 2. gr. frv., þar sem gerð er breyting á skattþrepum til eignarskatts í samræmi við þá bækkun sem um næstu áramót verður á fasteignamati. Er gert ráð fyrir að fasteignamatshækkun verði á milli 30 og 35%, eftir því hvar er á landinu, en í greininni gert ráð fyrir að eignarskattleysismörkin hækki um 33⅓%. Í lögunum í dag eru fyrstu 6 millj. skattlausar hjá einstaklingi og 9 millj. hjá hjónum, en verða 8 millj. og 12 millj. í samræmi við þá hækkun sem væntanlega verður á fasteignamati um áramótin.

Í 3. gr. frv., eins og það liggur fyrir nú, er tekið inn nýtt ákvæði við 44. gr. varðandi upplýsingagjöf skattyfirvalda til gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands. Sjálfsagt hafa þm. lesið um það í dagblöðum, að einhvers staðar séu til skoðunar hjá skattyfirvöldum eignir Íslendinga í erlendum bönkum, og gjaldeyriseftirlit Seðlabankans hefur óskað eftir því við fjmrn., að því verði fengnar í hendur upplýsingar þær sem skattyfirvöld hafa þar að lútandi og þau hafa staðfest að liggi þar á borðum.

Þegar þessi beiðni barst fjmrn. frá Seðlabanka Íslands var ríkisskattstjóraembættinu send sú beiðni. Ríkisskattstjóraembættið svaraði fjmrn. á þann veg, að það teldi að ákvæði 49. gr. skattalaganna torveldaði það, að slíkar upplýsingar væri hægt að gefa. Það er skoðun mín, að það sé sjálfsagt að skattyfirvöld gefi gjaldeyrisyfirvöldum upplýsingar varðandi athugun skattyfirvalda á gjaldeyriseign manna. Til þess að taka af öll tvímæli óskaði fjmrn. eftir því við fjh.- og viðskn. Ed., að n. flytti brtt. við frv. þar sem skýlaust ákvæði yrði sett um að slíkar upplýsingar yrðu veittar gjaldeyriseftirliti, væri óskað eftir þeim. Málsgr., sem lagt er til að bæta við 42. gr., hljóðar svo:

„Skattyfirvöldum er þrátt fyrir ákvæði 49. gr. laga þessara heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði millirikjasamninga ekki í vegi fyrir því."

Ég tel að hér sé um sjálfsagt ákvæði að ræða, og rn. beitti sér því fyrir þessari breytingu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um betta frv. og leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um ræðissamband, frv. (þskj. 36). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er komið frá hv. Ed. og hefur hlotið meðmæli þeirrar deildar samhljóða.

Hér er um að ræða heimild fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningi um ræðissamband. Sá samningur var gerður í Vínarborg 24. apríl 1963 og er prentaður sem fskj. með frv. svo og viðbótarbókanir varðandi ríkisborgararétt og skyldubundna lausn deilumála.

Hér er um það að ræða, að árið 1963 boðuðu Sameinuðu þjóðirnar til ráðstefnu í Vínarborg til að ræða um samningsgerð um ræðissamband, en drög að slíkum alþjóðasamningi höfðu þá verið gerð af þjóðréttarnefnd.

Með lögum nr. 16/1971 var ríkisstj. heimilað

að gerast aðili fyrir Íslands hönd að Vínarsamningnum um stjórnmálasamband frá 1961, og gekk sá samningur í gildi gagnvart Íslandi hinn 17. júní 1971. Ráðgert var að Ísland gerðist fljótlega einnig aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband frá 1963, en staðið hefur á íslenskri þýðingu samningstextans þar til nú, eins og í aths. segir. Hinn 20. apríl á þessu ári höfðu 84 ríki gerst aðilar að þeim samningi.

Talið er að ræðismönnum Íslands sé það í hag, að Ísland gerist aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband. Samningurinn hefur að geyma skrásetningu á gildandi reglum alþjóðaréttarins varðandi ræðismenn, svo sem um störf þeirra, réttindi og skyldur og um stofnun, meðferð og slit ræðissambands.

Með hliðsjón af því, að langflestir ræðiserindrekar Íslands erlendis, raunar allir nema einn, eru kjörræðiserindrekar, þ. e. ólaunaðir ræðismenn, er ráðgert að gefa svo hljóðandi yfirlýsingu þegar Ísland gerist aðili að Vínarsamningnum um ræðissamband:

„Með skírskotun til 22. gr. samningsins lætur ríkisstj. Íslands í ljós þá ósk, að í löndum, þar sem venja hefur verið að leyfa ríkisborgurum viðtökuríkisins eða þriðja ríkis að taka við skipum sem kjörræðiserindrekar fyrir Ísland, verði þeirri venju haldið áfram. Íslenska ríkisstj. lætur einnig í ljós þá von, að önnur ríki, sem taka upp ræðissamband við Ísland, muni fylgja sömu venju og veita samþykki til skipunar kjörræðiserindreka í samræmi við 2. og 3. málsgr. 22. gr. samningsins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til lengri framsögu og legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 152). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 152 að flytja frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, sem felur í sér að inn komi nýtt ákvæði sem verði svo hljóðandi:

„Dómsmrh. er heimilt að leyfa akstursskeppni á vélknúnum ökutækjum við aðstæður og undir eftirliti, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð sem ráðh. setur. Í þeirri reglugerð er heimilt að víkja frá hámarkshraða skv. 50. gr."

Eins og flestum er kunnugt um, er nú að ryðja sér til rúms margvísleg akstursskeppni meðal áhugamanna á þeim vettvangi og við höfum nú þegar fylgst með slíkri keppni hér á landi. Hér er um að ræða fyrst og fremst íþrótt sem reynir á hæfni manna í akstri og á að stuðla að því, að þeir, sem þátt taka í slíkri keppni, og aðrir, sem með þeim fylgjast, fái betri skilning á því, hvað sé nauðsynlegt að hafa í huga þegar menn stýra ökutækjum. Keppni af þessu tagi er orðin afar vinsæl og hér hafa verið stofnuð samtök manna um þessi málefni. Þau samtök hafa eindregið óskað eftir því, að sett yrðu í lög ákvæði sem heimila slíka akstursskeppni við eðlilegar aðstæður og undir eftirliti.

Þetta mál hefur verið borið undir ýmsa aðra aðila, svo sem Náttúruverndarráð, og þeir flestir hverjir, ef ekki allir, eru eindregið meðmæltir því, að slík lagaákvæði séu sett til þess að koma í veg fyrir að keppni af þessu tagi fari fram án eftirlits, sem getur valdið því að náttúru sé spillt og vegir eða landslag eyðilagt. Ég held því, að það sé í þágu bæði þeirra, sem áhuga hafa á þessu málefni, svo og þeirra, sem vilja stuðla að bættri umgengni við náttúruna og við landið, að þetta mál nái fram að ganga. Hér er ekki um stórt mál að ræða, sem ég þarf ekki að hafa fleiri orð um, en legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 48). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Ekki átti ég von á því, að þetta mál kæmi til umr. nú á þessum fundi með svo skyndilegum hætti. En ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að mæla fyrir því, því það er nokkuð langt síðan ég lagði það fram.

Frv. þetta er þskj. 48 og málið sjálft er raunar ekki mjög stórt í sniðum, þó að það sé mikilvægt fyrir þá sem það kemur við. En efni frv. er það, að sú breyting verði gerð á lögum um almannatryggingar, að aftan við staflið í 43. gr. þeirra laga bætist nýr stafliður er orðist svo:

„Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlaganna til sjúkrahúss eða sambærilegrar stofnunar vegna fyrirmæli læknis um eftirmeðferð, reglubundið eftirlit eða rannsóknir, sjúkra- eða orkuþjálfun ef um lengri vegalengd á landi er að ræða en 50 km eða ef nota þarf skip eða flugvél til flutninganna. Ferðakostnað þennan skal greiða að hálfu fyrir eina ferð á ári, en að ¾ fyrir hverja ferð umfram eina."

2. gr. frv. er um gildistöku, að þessi lagabreyting taki þegar gildi verði hún samþ.

Það, sem hér um ræðir, er að 43. gr. laganna fjallar um það, að auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 42. gr. um almennar sjúkratryggingar eiga sjúkrasamlögin að veita ákveðna hjálp svo sem nánar er greint í 43. gr. Þar er fyrst talað um vitjanir læknis til sjúklinga sem ekki verða fluttir, að sjúkrasamlög taki þátt í slíkum kostnaði, enn fremur óhjákvæmilegum ferðakostnaði samlagslæknis í slíku skyni, óhjákvæmilegum flutningskostnaði sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands o. s. frv. 43. gr. er sem sé upptalning á þáttum utan við hina almennu sjúkratryggingarþátttöku í kostnaði við læknishjálp, um það sem sjúkrasamlögin veita þar fyrir utan.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfitt fólk víða úti á landi á með að leita sé lækninga. Einkum og sér í lagi á þetta við um hvers konar sérfræðiþjónustu í heilbrigðismálum. Oftast er slíka læknishjálp ekki að fá nema

í Reykjavík, og verða því íbúar landsbyggðarinnar að leggja fram talsvert háar fjárupphæðir, bæði í ferðakostnað og í dvalarkostnað, til að ná fundi slíkra lækna. Segja má að fólki, sem yfirleitt býr við góða heilsu og þarf því aðeins sjaldan á slíkri sérfræðiþjónustu að halda, sé ekki íþyngt um of fjárhagslega þó það þurfi að kosta nokkru til til þess að leita læknishjálpar hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Öðru máli gegnir hins vegar um þá sjúklinga úti á landsbyggðinni sem reglulega þurfa að leita sér sérfræðilegrar meðferðar hér í Reykjavík. Útgjöldin vegna ferða til og frá heimilum í því skyni eru oft mjög mikil, dvalarkostnaður bætist stundum þar á ofan og svo oft á tíðum talsvert mikið tekjutap til viðbótar vegna þess tíma sem sjúklingur missir frá störfum. Sjúklingar þeir sem hér um ræðir, sem þurfa á reglulegu eftirliti sérfræðinga að halda, eru þar að auki oft lágtekjufólk þannig að slík útgjöld geta ráðið algjörum úrslitum um afkomu þeirra. Einmitt vegna þess, hversu kostnaðarsamt er fyrir þá sem eiga heima úti á landsbyggðinni, en þurfa reglulega að leita sérfræðilegrar meðhöndlunar fjarri heimabyggð, er þetta fólk oft neytt til að flytja búferlum hingað suður, hverfa frá umhverfi, sem það þekkir og metur, og frá störfum, sem það kann og unir við, til aðstæðna, sem eru því framandi, og atvinnu, sem ekki hæfir. Slík niðurstaða er oft báðum í óhag, einstaklingnum, sem í hlut á og samfélaginu í heild.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að margt af því fólki, sem þarf á reglulegri sérfræðimeðhöndlun að halda, getur unnið ýmsa létta vinnu sem t. d. er fáanleg víða úti á landsbyggðinni, þar sem t. d. er stutt frá vinnustað í heimili. Þetta fólk vinnur oft ekki nema hluta úr degi og er alið upp við þær kringumstæður og aðstæður sem ríkjandi eru í heimabyggð þess. Það er oft mikið átak fyrir þetta fólk, — átak sem það kemst illa frá, þegar það þarf að rífa sig upp frá slíku umhverfi og flytjast hingað suður til Reykjavíkur, ekki vegna þess að það þurfi á stöðugri læknishjálp að halda, heldur vegna hins, að það þarf að koma reglulega, t. d. einu sinni á ári, til meðferðar hjá sérfræðingum hér í Reykjavík og kostnaðurinn við að fara til og frá heimilum þess er því ofviða.

Takmarkið með flutningi þessa frv. er að bæta hér nokkuð úr. Eins og fram er tekið í 43. gr. laga um almannatryggingar og ég vék að áðan, greiða sjúkratryggingar samkvæmt ákveðnum reglum t. d. ferðakostnað læknis til sjúklinga sem ekki eru ferðafærir svo og flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum ef sjúklingurinn verður ekki fluttur með venjulegum hætti, þ. e. a. s. ef um er að ræða sjúkraflutning. Með þessu móti er komið til móts við annrs vegar sjúklinga, sem eru svo veikir að þeir verða ekki fluttir og sækja þarf lækni til, og hins vegar sjúklinga, sem t. d. þarf að flytja milli landshluta til sérfræðimeðhöndlunar og eru svo veikir að þá verður að flytja með sérstökum sjúkraflutningum. Hins vegar þurfa þessir sjúklingar og ýmsir aðrir stundum að koma aftur eftir að aðgerð eða önnur meðhöndlun hefur farið fram og þeir náð heilsu, t. d. til eftirmeðferðar, rannsóknar eða þjálfunar. Sumir þeirra þurfa að koma reglulega jafnvel um margra ára skeið, og kostnaður slíkra sjúklinga vegna heilsubrestsins getur að sjálfsögðu orðið margfaldur á við þann kostnað sem t. d. hlýst af því að flytja þurfi lækni til vitjunar í eitt skipti eða sjúkling milli landshluta með sjúkraflugvél í eitt skipti. Samt sem áður tekur sjúkrasamlagið aðeins þátt í greiðslu ferðakostnaðar hinna síðarnefndu, þótt þörf þeirra fyrrnefndu, þeirra sem reglulega verða að fara á milli landshluta vegna rannsóknar eða eftirmeðferðar hjá sérfræðingi, og kostnaður þeirra sé e. t. v. margfalt meiri en hinna. Slíkur mismunur er óréttlátur, og í frv. þessu er lagt til að úr honum verði bætt. Ég vil taka það sérstaklega fram, að jafnvel þó að frv. þetta yrði samþykkt, þá mundi það ekki hafa í för með sér mjög mikinn kostnað fyrir almannatryggingakerfið.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, er ekki unnt að sjá t. d. á ríkisspítölum, hve margir þeirra, sem þar eru lagðir inn, þurfa að koma aftur síðar til athugunar eða eftirmeðferðar. Það eru engar tölulegar skýrslur til um það. En mér hefur verið tjáð, bæði af borgarlækni og forstöðumanni ríkisspítalanna, að það sé algild regla að sjúklingar, sem eiga heima utan Stór-Reykjavíkursvæðisins, séu ekki útskrifaðir af sjúkrahúsum borgarinnar fyrr en allri meðferð, þ. e. a. s. fyrstu meðhöndlun og eftirmeðferð, er lokið og það sé mjög skaldgæft og hrein undantekning að sjúklingur utan að landi, sem tekinn hefur verið til meðferðar á spítölum hér í Reykjavík, sé beðinn að koma aftur til eftirmeðferðar, þjálfunar eða rannsóknar nokkru síðar. Yfirleitt sé reynt að ljúka öllu slíku áður en sjúklingurinn er sendur heim. En þó ber það að sjálfsögðu við, að slíkt er ekki hægt við að hafa, og eru ýmis dæmi þess, t. d. um berklasjúklinga, t. d. um krabbameinssjúklinga, t. d. um fólk sem hefur misst hönd eða fót og þarf að þjálfa upp gervilimi eða eitthvað slíkt, að þessir sjúklingar, ásamt ýmsum efnaskiptasjúklingum, þurfi að koma reglulega einu sinni á ári til rannsóknar, eftirmeðferðar, athugunar eða þjálfunar. Ef þetta fólk er búsett utan Stór-Reykjavíkursvæðisins fylgir þessu gríðarlega mikill kostnaður, og niðurstaðan verður oftast sú, að þetta fólk er neytt til þess, kannske á miðjum aldri, að rífa sig upp frá vinum sínum og kunningjum, atvinnu sem það kann við og unir við, umhverfi sem það hefur alist upp við, og taka sér bólfestu hér í Stór-Reykjavík og getur þar hvorki fundið atvinnu, húsnæði né aðstæður við sitt hæfi. Þetta er ekki til góðs, hvorki fyrir einstaklinginn, samfélagið í heild, Reykjavíkurborg né heldur sveitarfélögin sem þetta fólk flytur frá.

Ég tel að íslenska ríkið eigi að reyna að koma til móts við þetta fólk með því að auðvelda því með einhverju móti að vera kyrrt í sínu heimahéraði, jafnvel þó að það þurfi á þessari sérstöku sérfræðiþjónustu að halda. Ég tel sem sé rétt, að sjúkratryggingarnar taki þátt í slíkum kostnaði sem hér um ræðir. Ég tel ekki rétt, að sjúkratryggingarnar greiði hann að fullu, heldur að

sjúkratryggingarnar greiði helming af slíkum kostnaði fyrir eina ferð á ári, en ¾ hluta kostnaðar fyrir hverja ferð umfram eina, eins og tekið er fram í frv. Þannig koma sjúkratryggingarnar til móts við þá sjúklinga sem hér um ræðir. Eins og ég tók fram áðan er það ekki mjög stór hópur, og því má ætla að þó að þetta frv. yrði samþ., þá mundi það ekki hafa í för með sér mikil aukaútgjöld fyrir almannatryggingakerfið.

Virðulegi forseti. Ég læt þetta nægja, a. m. k. að sinni, um frv. það sem hér er flutt, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. Það hefur oft borið á góma í sambandi við breytingar á almannatryggingalögunum að taka aukinn þátt í ferðakostnaði samlagsmanns til sjúkrahúss eða sambærilegrar stofnunar vegna fyrirmæla læknis um eftirmeðferð. Er hér um ákaflega erfitt mál að ræða í framkvæmd. Það hefur oft strandað á því, hvernig eigi að túlka slík ferðalög. Það er í fyrsta lagi að ferðakostnaður sjúklinga, sem þurfa að fara til útlanda, er greiddur samkv. núgildandi löggjöf, og jafnsjálfsagt og eðlilegt að sá ferðakostnaður sé greiddur frá heimastað viðkomandi sjúklings, ef hann kemur utan af landi. Hins vegar eru almannatryggingalögin í endurskoðun og hafa verið það nú hátt á annað ár og er sú endurskoðun nokkuð langt á veg komin eða hluti hennar, þannig að nú er í prentun almannatryggingafrv. varðandi slysatryggingarnar, og eftir því sem formaður n. hefur nýlega tjáð mér mun verða lagt fram í vetur, ef engar óvæntar tafir verða, frv. um breytingar á þeim kafla sem fjallar um sjúkratryggingar. Hins vegar verður ekki lögð fram breyting á lífeyristryggingunum vegna þeirrar umfangsmiklu endurskoðunar sem á sér stað varðandi lífeyrissjóðina almennt og þar kemur hin svokallaða stóra lífeyrissjóðsnefnd inn í, og því þótti rétt að leysa þessa n., sem fjallar um almannatryggingar, undan því að endurskoða lífeyristryggingarnar um sama leyti og þessi heildarendurskoðun fer fram.

Það ákvæði, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, hefur verið til umfjöllunar og umr. í þessari n. Ég veit ekki hver verður endanleg niðurstaða n. hvað þetta snertir, en þetta er mjög vandmeðfarið. Það er til að öll slík leyfi, öll slík réttindi eru misnotuð, og þarf að reyna að koma í veg fyrir það, alveg eins og það þarf að sýna fyllstu sanngirni því fólki sem þarf í raun og veru að leita læknis um langan veg. Enn fremur verður veruleg breyting í þjóðfélaginu hvað þetta snertir með tilkomu heilsugæslustöðvanna og þá um leið verður þar í ríkum mæli aukin sérfræðiþjónusta. Allt þarf þetta mjög vandlegrar íhugunar við. Ég vil ljúka þessum orðum með því að segja, að efni þessa frv. út af fyrir sig er eftirtektarvert, og það er mjög eðlilegt að þessi mál séu afgreidd eftir mjög gaumgæfilega athugun. Ég vonast til að einhver till. um þau komi frá n. sem mun skila áliti, eins og ég sagði í upphafi, eftir að þing kemur saman úr jólafrii. Þá vænti ég þess, að frv. um þessi efni eða sjúkratryggingarnar verði lagt fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til hv. heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 32. fundur.

Fimmtudaginn 15. des., kl. 5 síðdegis.

Gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, þáltill. (þskj. 184). — Fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera hv. Alþingi grein fyrir nýju samkomulagi við Færeyinga um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir sem undirritað var hér í Reykjavík s. l. mánudag, 12. des., en ríkisstj. hefur lagt fram till. til þál. um staðfestingu þess á þskj. 184.

Hér er um að ræða sams konar samkomulag og gert var á s. l. ári, annars vegar um loðnuveiðar Færeyinga hér við land og hins vegar kolmunnaveiðar íslenskra skipa innan færeysku fiskveiðimarkanna. Magnið, sem leyfilegt er að veiða að þessu sinni, var ákveðið 35 þús. smálestir í stað 25 þús. í fyrra. Styðst ákvörðun um þetta við álit fiskifræðinga sem telja loðnustofninn það sterkan að veiðar þessar séu innan við mörk skynsamlegar nýtingar á honum. Veiðitíminn takmarkast við vetrarvertíð. Þess ber að geta, að Færeyingar hefðu kosið að geta veitt hér meira af loðnu, en sættu sig eftir atvikum við þessa niðurstöðu.

Þrátt fyrir þessa breytingu á leyfilegu hámarksaflamagni var af okkar hálfu haldið við það, að skipafjöldi Færeyinga við loðnuveiðar yrði óbreyttur, þ. e. að af þeim 15 skipum, sem leyfi hafa, yrðu aldrei fleiri en 8 skip innan fiskveiðimarkanna í senn. Er með þessu komið í veg fyrir að óeðlilega þröngt verði um okkar eigin skip sem veiðar stunda á sömu slóðum.

Eins og fyrr er færeysku skipunum gert skylt að hlíta öllum sömu reglum og íslensk skip við loðnuveiðar. Í samkomulaginu nú var lögð sérstök áhersla á reglurnar um lágmarksstærð og tekið inn ákvæði um að við löndun skuli sérstakt eftirlit haft með afla og lágmarksstærð. Aflamagn ber að tilkynna, bæði áætlaðan afla og veiðistað, við brottför af miðum og staðfesta aflatölur eftir löndun.

Gagnkvæmni samkomulagsins byggist sem fyrr á því, að Íslendingum er heimiluð veiði kolmunna innan fiskveiðimarka Færeyja, nú allt að 35 þús. smálestum. Er þar með skapaður grundvöllur fyrir áframhald og nokkra aukningu þeirra veiða, eftir því sem íslenskir útgerðarmenn vilja notfæra sér þennan möguleika. Í hinu nýgerða samkomulagi er veiðitíminn

lengdur og nær nú til alls ársins, en takmarkaðist áður við tímabilið marsbyrjun til júníloka. Þessi lenging tímabilsins hefur gildi þar sem kolmunnarannsóknir þykja benda til þess, að fiskurinn gangi á Færeyjasvæðinu lengur ársins en áður var talið. Í því skyni að greiða fyrir þessum veiðum var nú einnig ákveðið að halda áfram sameiginlegum rannsóknum og gera þær viðtækari en áður.

Um þetta samkomulag vil ég almennt segja að bæði hér á hv. Alþ. og meðal þjóðarinnar hefur frá fornu fari verið sterkur vilji til náins og góðs sambands við Færeyinga vilji til þess að koma til móts við þarfir þeirra og óskir, eftir því sem hefur verið talið hægt. Ég leyfi mér því að vona að þessu samkomulagi verði vel tekið og að það hljóti staðfestingu.

Það ber einnig að hafa í huga, að slíkt samkomulag er tvímælalaust til þess fallið að styrkja stöðu okkar í hinum alþjóðlegu umræðum um hafréttarmál. Drögin að hafréttarsáttmála, sem enn eru til meðferðar á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, gera beinlínis ráð fyrir því, að strandríkin veiti öðrum þjóðum hlutdeild í veiðum fiskstofna sem þau fullnýta ekki sjálf, en svo er nú ástatt um loðnustofninn.

Í viðræðum þeim við Færeyinga, sem fram fóru í vikunni, féllust þeir einnig á að hlutfall þorsks í samanlögðum 17 þús. smálesta handfæra- línu- og togveiðiafla þeirra hér við land minnki um 1 þús. smálestir, úr 8 þús. í 7 þús. smálestir, á árinu. Um þessar veiðar gildir áfram samkomulagið frá 20 mars 1976, sem samþ. var á Alþ. 18. maí í fyrra. Var nú undirrituð sérstök bókun varðandi framkvæmd þess þar sem kveðið er á um umrædda lækkun þorskaflans. Í bókuninni er einnig slegið fastri skyldu færeyskra skipa til að hlíta hvers konar veiðibanni eða öðrum veiðitakmörkunum sem íslensk stjórnvöld ákveða. En algjört veiðibann var sem kunnugt er ekki komið til sögunnar þegar áður nefnt samkomulag frá í mars í fyrra var gert. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að útskýra hér fyrir hv. alþm. að umrædd minnkun á þorskafla Færeyinga hentar vel núverandi aðstæðum.

Að síðustu vil ég svo skýra frá því, að í viðræðunum við Færeyinga urðu aðilar sammála um að hafa nána samvinnu sín á milli og við önnur hlutaðeigandi lönd um síldarrannsóknir á Norður-Atlantshafi, einkum með tilliti til svæðisins milli Íslands og Færeyja og þar í grennd m. a. innan vébanda Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Var undirrituð um þetta sérstök yfirlýsing.

Bókunin varðandi minnkun þorskaflans og yfirlýsingin um hinar sameiginlegu síldarrannsóknir eru að mínu mati ekki þess eðlis að þær krefjist formlegrar staðfestingar Alþingis og eru því ekki lagðar hér fyrir, aðeins frá þeim skýrt.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, leggja til að þáltill. verði vísað til hv. utanrmn. að lokinni umr.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég hyggst að þessu sinni ekki gera að umtalsefni einstök ákvæði þess samkomulags við Færeyinga sem hér er lagt fyrir Alþingi. En mér finnst ástæða til að fara örfáum orðum um einn þátt þessa máls, sem mér hefur fundist liggja um of í láginni í þeim umr. sem farið hafa fram um samskiptin í fiskveiðimálum við Færeyinga, bæði hér á Alþ. nokkrum sinnum og ekki síður á opinberum vettvangi utan þings. Mér þykja þessi orðaskipti bera of mikinn keim af því, að allt of margir líti svo á að fiskveiðiheimildir Færeyingum til handa, miklar eða litlar, séu einhvers konar góðgerðastarfsemi af okkar hálfu. Þeim, sem svo hugsa, skjátlast algerlega að mínum dómi. Eins og hæstv. utanrrh. vék að og ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um hér, þá er enginn vafi á því, að skipti okkar við Færeyinga varðandi fiskveiðimál hafa áhrif á aðstöðu okkar á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og hafa áhrif á það, hver aðstaða okkar er til þess að koma þar fram okkar sjónarmiðum sem strandríki sem í yfirgnæfandi mæli er háð fiskveiðum. En það er einnig önnur hlið á þessu máli sem varðar alþjóðleg samskipti, milliríkjasamskipti í fiskveiðum á norðanverðu Atlantshafi, eins og málum er nú komið. Þegar hvert og eitt strandríki við hafið norðanvert hefur tekið sér 200 mílna fiskveiðilögsögu, þá hefur það gerst, eins og menn vita, að Efnahagsbandalagsríkin, hin öfluga samsteypa í Vestur-Evrópu, hafa sameinað sitt lögsögusvæði í eina heildarlögsögu sem er undir stjórn yfirstjórnar Efnahagsbandalagsins í Brüssel. Færeyingum stóð til boða að ganga í Efnahagsbandalagið og fella fiskveiðilögsögu sína, sem liggur að okkar lögsögu, inn í hina sameiginlegu fiskveiðilögsögu bandalagsins. Þeir afréðu að gera þetta ekki, heldur leitast við eins og fyrr að halda uppi sjálfstæðri nýtingu, sjálfstæðu atvinnulífi sem að yfirgnæfandi hluta er byggt á fiskveiðum, því Færeyingar eru sú þjóð sem er enn háðari fiskveiðum en við Íslendingar, og er þá mikið sagt.

Annað, sem greinir aðstöðu þeirra nokkuð frá okkar, er hversu mjög þeir hafa sótt afla sinn á fjarlæg fiskimið, þ. á m. að verulegu leyti á mið sem lent hafa innan sameiginlegrar fiskveiðilögsögu Efnahagsbandalagsins, sér í lagi við Grænland og í Norðursjó. Nú hafa mál þróast þannig, að ljóst er að Efnahagsbandalagið hyggst beita ýtrasta þrýstingi á Færeyinga til þess að leitast við að knýja þá frá sinni sjálfstæðu afstöðu, að reyna að knýja þá til að breyta ákvörðuninni um að halda fiskveiðilögsögu sinni utan hinnar sameiginlegu lögsögu Efnahagsbandalagsins og fá þá inn í þetta stóra svæði.

Þetta er alveg ljóst af því sem fram kom í viðræðum sem fóru fram, ef ég man rétt, nálægt síðustu mánaðamótum í Brüssel. Þá voru t. d. Færeyingum settir þeir kostir að skera niður fiskveiðikvóta þeirra á ákveðinni tegund við Grænland rækjunni sem þeir veiddu þar fyrstir manna og veiddu einir árum saman, að skera þann kvóta niður í 1/12 hluta frá því sem verið hefur, og sjá menn auðvitað í hendi sér hvaða þýðingu slíkt hefur fyrir útgerð Færeyinga. Því hljótum við Íslendingar að mínum dómi að líta mjög til þess, hver staða okkar yrði ef Efnahagsbandalaginu tækist að þvinga Færeyinga með

aðferðum slíkum sem þessum til að ganga inn í það, til þess að fella sína sérstöku fiskveiðilögsögu, sem nú er, inn í hina sameiginlegu fiskveiðilögsögu Efnahagsbandalagsins. Þá er kominn stór fleygur milli fiskveiðilögsögu Íslands og fiskveiðilögsögu Noregs. Ef efnahagsbandalagið hefur sitt mál fram gegn Færeyingum er það tvímælalaust komið í mun sterkari aðstöðu bæði gagnvart Íslendingum og gagnvart Norðmönnum en það er nú, þegar Færeyingar hafa sína eigin fiskveiðilögsögu og þar með aðstöðu til að reka sjálfstæða fiskveiðistefnu, eins og hefur verið eindreginn ásetningur þeirra eins og okkar og Norðmanna.

Ég álít að þessi sjónarmið hafi legið um of í láginni, en til þeirra beri að taka verulegt tillit þegar við ræðum um það, hver skuli vera afstaða okkar til gagnkvæms fiskveiðisamkomulags við Færeyinga. Ekki stafa þau af tilfinningasemi né frændrækni þau rök sem með því mæla fastast. Rökin eru fyrst og fremst þau, að Íslendingar og Færeyingar hafa, þegar á heildina er litið, sameiginlegra hagsmuna að gæta í öllum langtímasjónarmiðum gagnvart fiskveiðiaðstöðu og fiskveiðistefnu á því hafsvæði sem fiskveiðilögsaga okkar beggja liggur á.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir ræðu hans hér og þann skilning sem hann leggur í þessi mál, sem er réttur, að það er ekki síður fyrir okkur gert en okkar nágranna varðandi það að sýna hvað við höfum sjálfir meint með þeirri baráttu sem við höfum háð á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Með því að afgreiða mál með þessum hætti erum við auðvitað að sýna bæði strandríkjum heims og öðrum, að við kunnum að fara með það vald sem okkur er veitt samanborið við þau frv. sem fyrir liggja að nýjum hafréttarsáttmála. Hitt er svo annað mál og er í öðru lagi, að það er auðvitað okkur skylt að skilja enn frekar vanda og erfiðleika smáþjóðar og nágrannaþjóðar, eins og er gert bæði með þessum samningi og eins og Færeyingar gera af fúsum og frjálsum vilja með því að breyta þeim samningi sem er í gildi á milli okkar og þeirra varðandi fiskveiðar. Um leið og við minntumst á það við þá að lækka þorskveiðikvótann um 1000 tonn vegna þeirra aðgerða, sem við erum að gera gagnvart íslenskum sjómönnum og útgerðarmönnum, sögðust þeir skilja til hlítar hvernig staða okkar væri í þessum efnum. Þeirra staða er nú mjög erfið vegna mikilla erfiðleika í samningum sérstaklega við Efnahagsbandalagið, en fiskveiðipólitík Efnahagsbandalagsins er að mörgu leyti mjög áljós enn þá og ekki samræmd innan bandalagsins. Því er staða Færeyinga mjög veik um þessar mundir.

Það, sem ég legg aftur mikla áherslu á og kom raunar fram í framsögu hæstv. utanrrh., er að þetta eru gagnkvæmir samningar. Þó að við höfum ekki notað nema um 30% af þeim aflakvóta, sem er í gildi, á þessu ári erum við þó flestir nokkuð bjartsýnir á að sá kvóti, sem verður samkv. þessum samningi sem væntanlega verður staðfestur, verði notaður hlutfallslega betur. En það, sem mestu máli skiptir, er að í framtíðinni geta okkar nótaveiðiskip notað að fullu og öllu þennan kvóta af kolmunna við Færeyjar. Eins og menn vita er loðnuveiðum á vetrarvertíð lokið í marslok eða um það bil sem kolmunninn er innan lögsögu Færeyja, svo að með þessu gæti útgerð skipa okkar orðið samfelld. Síðan, þegar líða tekur á sumarið, kemur kolmunninn að Austurlandi og sömuleiðis á Dohrnbanka, mjög mikið magn. Það er líka mjög mikils virði við þessar umr. að treysta enn betur böndin um rannsóknir á þessu sviði, bæði hvað kolmunnann snertir og ekki síður síldarstofninn, sem við höfum kallað norsk-íslenska síldarstofninn, en Færeyingar vilja kalla aftur Norður-Atlantshafssíldarstofninn, sem er sennilega miklu réttara orð, því að síldin þarf að fara þessa leið og koma við á umráðasvæði Færeyinga sem og á alþjóðlegu umráðasvæði. Þess vegna er mjög mikils virði að auka og efla samstöðu þessara þriggja þjóða, Færeyinga, Norðmanna og Íslendinga, og svo sömuleiðis Ráðstjórnarríkjanna þegar lengra er komið í þessari rannsókn.

Mér fannst rétt að þetta kæmi nokkru skýrar fram, og ég endurtek þakkir mínar til hv. 3. landsk. að hafa bent á þetta mikilvæga atriði.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð um þennan samning. Ég vil strax lýsa því yfir, að varðandi loðnuveiðar Færeyinga hér í okkar lögsögu og varðandi það magn, sem þessi samningur gerir ráð fyrir, get ég fallist á það. En ég vil einnig lýsa yfir í leiðinni, að ég harma það mjög að ekki kom skýrt fram að hverju stefnir með þorskveiðikvótann eða þorskveiðimagnið handa Færeyingum. Þrátt fyrir það að jákvætt sé fyrir okkur, sbr. 61. gr. og 62. gr. í því uppkasti sem nú liggur fyrir frá Hafréttarráðstefnunni, þá er það ótvírætt að þegar um þann fiskstofn er að ræða, eins og gildir um allt varðandi þorsk hér, þá getum við algjörlega rólegir gagnvart öllu því, sem er áður gert, hagnýtt okkur þorskstofninn fyrir okkur sjálfa.

Hins vegar segir á bls. 45, í þriðju línu, á ensku með leyfi forseta: „The Costal state shall give other states" o. s. frv. aðgang að því sem það getur ekki sjálft fullnýtt að eigin mati. Það er alveg rétt og er undirstrikað í fréttum og undirstrikað í ræðum núna, að það er jákvætt og viðeigandi gagnvart Færeyingum að veita þeim aðgang að loðnuveiðunum. En ég vil fá að vita um það frá hæstv. ráðh. eða ríkisstj., að hverju stefnir með þorskstofninn, því það er ekkert grín þegar þorskveiðibann á sér stað, eins og er í vændum, og öll atvinna stöðvast á vissum landssvæðum 100%. Þau landssvæði standa mjög illa að vígi og geta ekki farið í annað vegna samsetningar flota síns. Frá sömu landssvæðum hafa menn harmað það í mörgum ályktunum, að notkun á flotvörpunni flýtti fyrir því magni sem æskilegt væri að taka á einu ári hér við land. Ég fullyrði að hefði flotvarpan verið lögð til hliðar á þessu ári, eins og við margir þm. vildum, hefði ekki þurft að grípa

til þorskveiðibanns nú það sem af er þessu ári, þennan stutta tíma. Svo stórtæk er flotvarpan. Ég tel miklu skynsamlegra þegar við höfum þorskveiðiflota sem leikur sér að því, ef honum er ákveðið þeitt, að veiða allt það magn er við þorum af þorski. Ég tel óskynsamlegt að nota svo stórtækt veiðitæki eins og flotvörpuna allt árið, a. m. k. á vissum hafsvæðum, sem gerir það að verkum að við verðum að setja fullkomið þorskveiðibann í nokkrar vikur, a. m. k. marga daga, og stöðva þar með allan atvinnurekstur í vissum landssvæðum, vegna þess að við erum komnir með það mikið magn af þorski að við þorum ekki að halda áfram veiðum. Þetta er svo alvarlegt mál að jafnvel aflakvóti af þorski til Færeyinga upp á 7000 tonn er mikið **magn við ríkjandi aðstæður.**

Ég hins vegar tek fyllilega undir rök beggja hæstv. ráðh. og 3. landsk. þm. varðandi réttmæti þess að veita Færeyingum allt það sem við getum veitt þeim til handa í okkar landhelgi. Ég tek algjörlega undir það. En við komumst ekki hjá því að horfa á staðreyndir lífsins. Þrátt fyrir það að Færeyingar björguðu vetrarvertíð hér æ ofan í æ með allt að 1500 hásetum eða mönnum á sjó og landi á árunum 1950—1957 og eiga auðvitað hinar mestu þakkir skilið og virðingu frá hendi Íslendinga er hér um ofrausn að ræða við ríkjandi aðstæður að halda þessu magni áfram. Þessi samningur verður að hafa takmarkað gildi, og ég vil fá það fram, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar í því efni varðandi þorskveiðarnar. Ef hæstv. ríkisstj. reiknar með því að þessi þorskveiðisamningur hafi t. d. gildi í eitt ár senn, þá skal ég ekki tefja þessar umr. mikið. En ef þeir hafa það í huga að hann sé ótímabundinn, þá mótmæli ég því mjög ákveðið. Við getum ekki veitt hann, þ. e. kvótann, við ríkjandi aðstæður, því að við lokum allri starfsemi á vissum landssvæðum vegna þess að við þorum ekki og getum ekki tekið of mikið af þorskinum, sérstaklega með þeirri veiðitækni sem við höfum þeitt nú undanfarið og virðumst ætla að gera á næsta ári einnig. Ég á þá við að það næst ekki enn samstaða um að leggja flotvörpuna til hliðar og sækja jafnara í þorskinn og dreifa með því veiðisókninni á allt árið.

Þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar til þess að hindra aukna sókn, eru lofsverðar og góðar frá hendi hæstv. sjútvrh. Hann á þakkir skilið fyrir það sem hann hefur gert. En ég segi, og það er mín skoðun og margra annarra, að hann hefði átt að hlusta á þær raddir sem lögðu til að flotvarpan yrði lögð til hliðar í bili. Vonandi verður hún í fullu gildi aftur innan skamms, en við ríkjandi aðstæður er ekki viðeigandi að nota hana. Það má hafa sömu rök um þorsknótina. Við lögðum hana eða þeir, sem við útveginn stóðu, frjálsir til hliðar og var síðan algjörlega bönnuð, vegna þess að hún var metin of stórtækt veiðitæki. Það má setja harðari reglur varðandi þorsknet og þar fram eftir götunum um margt annað. Það er allt gott og blessað. En við verðum þó að gá að því, að það er mjög alvarlegt mál fyrir alla í þessu landi að neyðast til þess að stöðva þorskveiðar. Þetta tengist saman þrátt fyrir það að menn vilji ekki líta á það í einni heild.

Ég óska eftir að fá að vita hvað hæstv. ráðamenn hugleiða í því efni að láta samning við Færeyinga varðandi þorskveiðiheimild hafa langan gildistíma. Er það út þetta ár? Það kom ekki fram í ræðum manna. Eða er það út næsta ár? Eða er það algjörlega ótímabundið þrátt fyrir minnkandi magn? Ég tel ekki með nokkru móti hægt að sýna þá rausn við ríkjandi aðstæður varðandi þorskveiði að hafa þetta ótímabundið. Hins vegar skal ég manna fúsastur verða til þess að samþ. það, að Færeyingar fái að veiða hér aftur verulegt magn að þorski þegar við höfum bjargað stofninum frá ofveiði. Þá er það svo sjálfsagt, að ég reikna ekki með að þá verði nokkur ágreiningur, hvorki hjá sjómönnum né viðkomandi ríkisstj. eða hv. alþm. Sannarlega eiga Færeyingar það inni hjá okkur eftir að bjarga vetrarvertíð hér um allt land, að við veitum þeim allt sem hægt er. En það leysir okkur ekki undan þeirri skyldu að gera okkur grein fyrir því, að við höfum nú ekkert til skipta varðandi þorskstofninn. Því er nú verr. Því er nú verr og miður. Það væri sannarlega ánægjulegt ef við gætum sýnt þessari litlu þjóð slíka ræktarsemi, bæði á grundvelli þeirra raka, er hér hefur verið gerð grein fyrir áður, og einnig vegna skyldleika.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra. Ég tel alveg sjálfsagt að samþ. það samkomulag sem nú er sem slíkt varðandi loðnuna. Ég vil undirstrika það, að við verðum að setja punkt við þann möguleika Færeyinga að veiða hér þorsk að sinni. Hvenær við getum veitt þeim það aftur skal ég ekki spá um, en vonandi verður það innan tiltölulega skamms tíma.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Forseti. Út af fyrirspurn hv. 1. landsk. þm. varðandi fiskveiðisamningstímann við Færeyinga, þá er því til að svara, að það er hægt að segja þessum samningi upp hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara. Hann er ekki tímabundinn. Hann var gerður með þeim hætti, að segi hvorugur aðili samningnum upp, þá framlengist hann óbreyttur. Færeyingar féllust á frjálsa takmörkun að þessu leyti, og það sem gerir það að verkum, að ríkisstj. hefur ekki tekið neina ákvörðun um að segja þessum samningi upp, er að hún metur það og vegur hvernig ástandið er í fiskveiðimálum þessarar þjóðar. Það hefur verið gengið nærri færeyskum fiskimiðum, og Færeyingar veiða enn þá um 60% af heildarafla sínum á fjarlægum fiskimiðum. Og við höfum talið það vera mjög slæmt út á við og gagnvart Hafréttarráðstefnunni að segja upp þessum samningi, þó að við þurfum á þessum aflakvóta öllum að halda. Þá yrði sagt að svona ætli strandríkin að nota til hlítar hafréttarsáttmálann, og við getum átt á hættu að þjóðir rísi upp og geri bandalag um að breyta orðalagi þessara draga. Þá erum við í miklu stærri og veigameiri hættu en 7 þús. tonna þorskveiði felur í sér.

Ég held að við megum ekki einblína mjög á 7000 eða 8500 tonn, eins og þorskveiði getur

orðið hjá útlendingum, þó að við þurfum sannarlega á henni að halda, því að við verðum nú að tefla mjög vandasamt tafl í þessum efnum. Í staðinn fyrir að hafa nýtt aðeins um 50% af botnfiskaflanum, þá erum við búnir að losna við stærstu fiskveiðiþjóðirnar, og það er auðvitað það sem skiptir langmestu máli, fyrst og fremst mestu máli að losna við bresku togarana af íslenskum fiskimiðum og svo aftur nú síðast Þjóðverja, sem eru auðvitað stórir sigrar, þannig að við verðum, ef þessir samningar verða með þessum hætti út næsta ár, með 3% af þorskaflanum til annarra þjóða, en förum í 97% sjálfir, frá því að hafa verið með um 40% og upp í 50% þangað til nú á allra síðustu árum.

Undir þessum lið vil ég nú eiginlega frábiðja mér að ræða um hina margumtöluðu flotvörpu, sem er afskaplega vinsælt umræðuefni og ályktunarefni, en nú eru skiptar skoðanir í þeim málum og það mjög. Ég sendi ekki í fjölmiðlana, eins og ýmsir aðrir, þó að komi eitthvað slíkt. Ég fékk skeyti eftir samþykkt L.Í.Ú., sem samþ. með naumum meiri hl. áskorun á sjútvrh. að banna flotvörpuna. Þá fékk ég skeyti frá flestöllum togurum landsins sem voru á veiðum, eitthvað yfir 40 togurum, þar sem þeir skora aftur á sjútvrh. að hafa þá samþykkt að engu. Fiskiþing felldi bann við flotvörpu, og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gerði líka ályktun í þá átt. En viðræður við mig átti n. frá þeim sem lagði aftur mikla áherslu á flotvörpuna. Sumir menn trúa því, að þetta sé skaðræðisveiðarfæri, en ég er annarrar skoðunar persónulega. Ég tel að þetta veiðarfæri komi með besta hráefnið að landi. Eini skaðinn, sem getur skeð þar, er að það séu of stór höl sem eiga sér stað einstaka sinnum, en það er auðvitað ekki nema lítið brot. Ég hef séð fisk úr flotvörpunni, bæði hér sunnanlands, vestan og norðan, og er ekki um deilt, að það er mjög gott hráefni. En svo er aftur annað sem skiptir að mínum dómi miklu meira máli. Það er í sambandi við veiðarfæri og veiðarfæratækni, að við eigum auðvitað að nota þá tækni að við veiðum sem mest af fiski innan þeirra stærðarmarka og á þeim svæðum sem við viljum leyfa að veiða fisk. Það gerir það að verkum að útgerðarkostnaðurinn verður þá minni og tekjur sjómanna hærri.

Við getum auðvitað bannað flotvörpu, við getum bannað að nota fisksjá í skipum og jafnvel dýptarmæla, og þá verða skipin auðvitað miklu lengur að fiska upp í þennan aflakvóta. Við getum líka bannað net með öllu og sagt öllum að fara hér eftir á skak. Þá þurfum við ekki að gera neinar ráðstafanir í sambandi við möskvastærð eða annað þess háttar. En þetta hefur ekki verið stefna okkar Íslendinga í þessum efnum, hvar sem við höfum búið. Við höfum verið að auka tækni okkar á öllum sviðum og við allar veiðar, og ég er hræddur um að afköstin í loðnuveiðum væru nú ólíkt minni ef við værum með tvo snurpubáta og herpinót. Þetta er það sem mér finnst fyrst og fremst eiga að vera ríkjandi. Hitt er alveg rétt hjá hv. 1. landsk. þm., að það er ákaflega erfitt að takmarka þetta gersamlega nema með margvíslegum ráðstöfunum sem er reynt að koma niður á sem flesta. Og það er alveg rétt, það hefur verið langmest gengið á botnvörpuskipin eða á togarana í þessum efnum. Þeir hafa verið látnir stöðva helst sínar veiðar. En höfuðatriði málsins er auðvitað að fá útgerðarmenn og sjómenn með öllum ráðum til þess að fara yfir í aðrar veiðar og minnka á þann hátt sóknina í þorskinn, en auka sóknina í þá fiskstofna sem eru vannýttir eða allsendis ónýttir, eins og enda er til í dæminu. En það er eins og allir þekkja, það er alltaf erfitt með alla nýbreytni. Það eru varla nema 20 ár síðan sjómenn spörkuðu humrinum fyrir borð eins og hverju öðru óæti sem væri alls ekki hægt að hirða. Þannig tekur allt sinn tíma, alveg eins og það tekur bæði þessa þjóð og aðrar að breyta um matarvenjur.

Ég sem sagt vil ekki fara að ræða frekar um flotvörpuna, því að það mundi lengja mjög umr. í þessu máli, en ég vildi láta þetta koma fram í fullri vinsemd.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. bauð nú upp á langar umr., því þegar hann fer að tala um að leggja hin og þessi tæki til hliðar um borð í skipunum, ef það er ekki ástæða til að ræða málið alllengi og mikið, þá veit ég ekki hvað er ástæða. Það er enginn að tala um svona hugmyndir — ekki nokkur einasti maður.

Við ýmsir þm., sem stóðum að því að leggja til að flotvarpan yrði lögð til hliðar, orðuðum það aldrei að það væri eitthvert skaðvænlegt veiðitæki, að það færi illa með fisk og þar fram eftir götunum. Þetta er tilbúningur, þetta eru hreinir hugarórar. Það, sem við vildum, var að draga úr sókninni og jafna sóknina sem mest yfir árið, svo að til algjörrar stöðvunar í þorskinn kæmi ekki, og velja þar á milli. Hví leyfum við ekki flotvörpuna hvar sem vera skal við landið eða hringinn í kringum landið? Hví tökum við ekki nótina, sem er ódýrast og heppilegast veiðarfæri sem til er á þorskinn, með 45 mm möskva eða meira? Það er langódýrasta veiðarfæri sem til er til að veiða þorskinn. Ég get upplýst hæstv. ráðh., ef hann vill hlusta á mig andartak eða eina mínútu, að ég átti hlut að því sennilega að kaupa inn og teikna og búa til fyrstu nótina sem var tekin hér í notkun sem smáveiðarfæri á litla trillu fyrir rúmum 20 árum. En það voru margir öfundsjúkir og vildu stöðva það veiðarfæri. Það var í notkun í allmörg ár. Ég átti líka hlut að því að setja fyrst í skip þverskrúfur og nota dælu. En þegar við komum að landi, þá var sett aflabann á bátinn í fyrstu lotu. Það má rekja ýmislegt hér, ef við viljum. En við skulum halda okkur við staðreyndir lífsins, en ekki hugaróra. Það sem við viljum er að sóknin sé sem jöfnust og ekkert annað. Við getum líka sagt að við skulum róa árabátum sem allra mest, því það skilur mest eftir og svo fer minnst í veiðarfærakostnað, og nota seglin í staðinn fyrir olíuna sem kraft. Dæmið snýst einfaldlega ekki um það — alls ekki. Það er enginn að tala um slíkt.

Hæstv. ráðh. sagði hér í viðtali einu sinni: „Dagur kolmunnans kemur". Hann kemur vegna þess að það eru nokkrir menn á Íslandi það

bjartsýnir, að þrátt fyrir mótmæli og seinagang og þumbaldaháttt hæstv. ríkisstj. og peningavaldsins í landinu mánuð eftir mánuð brutust þessir menn áfram til að kaupa skip sem eru viðeigandi í kolmunnann. Hæstv. ráðh. segir: „Dagur kolmunnans kemur". Já, hann kemur vegna þess að það voru menn til sem höfðu þá trú á athafnafrelsi einstaklingsins, að þeir gáfust ekki upp þrátt fyrir þumbaldaháttt ýmissa manna sem telja sig vera fulltrúa athafnafrelsis einstaklingsins.

Ég get rakið þessa sögu hér í löngu máli, en hún er ekkert skemmtileg fyrir ýmsa menn, og þó ég nefndi engin nöfn, þá mundi það skiljast. Það, sem við viljum, ýmsir hv. þm. úr öllum flokkum, er að gera okkur grein fyrir því, að það þarf bæði að fara varlega í sókn með flotvörpu og net til þess að fá þorskstofninn upp að nýju. Við skulum ekki blanda neinum öðrum hugarórum inn í það. En flotvarpan er leyfð á vissu hafsvæði undan Vestfjörðum. Það voru fyrir þrem árum aðeins fáeinir togarar sem höfðu útbúnað fyrir flotvörpu. Það vissu auðvitað allir, að fyrr eða síðar mundu menn komast upp á það á Íslandi að nota þetta veiðitæki með mjög góðum árangri, enda raunin orðin sú. Útbúnaður í flotvörpuna kostar marga tugi milljóna. Ég fullyrði að ekki einn einasti togari var keyptur til landsins þannig að hann notaði flotvörpuna eingöngu — alls ekki. Hún kemur sem viðbótarsóknartæki um borð í skipið, og það er það sem við erum að leggja til hérna, nokkrir menn, að við förum varlega í að nota, það er allt og sumt, fremur en að stöðva þorskveiðar á vissum stöðum á landinu að fullu og öllu og þar með atvinnu fyrir fólkið. Já, menn geta gert grín að þessu, þeir eru alveg frjálsir að því. En ég hef mína skoðun þrátt fyrir það og margir fleiri hv. þm. hér inni, að þetta er ekki rétt. En þetta er pólitísk ákvörðun, og hún verkar vel fyrir ýmsa ónefnda menn, það er alveg á hreinu, en ekkert skemmtilega fyrir heildarvinnubrögðin í landinu. Þess vegna tel ég óhjákvæmilegt að hæstv. ríkisstj. og Alþ. geri sér grein fyrir því, að við getum ekki þrátt fyrir mjög góðan vilja gagnvart Færeyingum haft þessa heimild ótímabundna handa Færeyingum, þó að við förum niður í 7 þús. tonn af þorski, vegna ríkjandi aðstæðna. Það er rangt hjá hæstv. ráðh., að það skaði okkur eitthvað í baráttu okkar í hafréttarmálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, því þar er margsinnis undirstrikað gildi og skylda strandríkis að varðveita þá fiskstofna, þá lifandi stofna í hafinu, sem strandríki hefur innan sinnar lögsögu. Það er skylda strandríkisins og það eigum við að gera.

Það mætti nú halda því fram, að við værum ekki að gera það með of mikilli sókn, þrátt fyrir mjög harðar ráðstafanir í því efni núna sem ég þakka fyrir. Hæstv. ráðh. á þakkir skilið fyrir að setja harðar reglur um að bjarga þorskstofninum. En okkur greinir á um það, með hvaða hætti það skuli gert. Strandríki hefur skyldu í þessu efni, og við verðum að horfast í augu við skyldu okkar gagnvart þorskinum, því fjar hann út hér í hafinu við Ísland, á hverju ætlum við að lifa þá? Þá er 100% óbyggilegt í þessu landi. Hvaða maður eða hvaða Alþ. eða hvaða ríkisstj. hefur vald til þess og ábyrgð að taka þessa áhættu? Ekki nokkur hvítur maður á Íslandi — ekki nokkur maður. Það er ekki til. Það hefur enginn heimild til þess né hefur verið nokkurn tíma kjörinn til þess að taka slíka áhættu. Það kann að lukkast að komast upp úr þessari lægð fyrr en síðar. Ég segi: Það kann að lukkast. En við siglum mjög óvarlega, það er mál allra manna, mjög óvarlega. Það er margstaðfest, að hrygningarstofninn er kominn niður fyrir 200 þús. tonn, hvað svo sem einhverjir pólitískir félagar mínir vilja halda fram. Það er margstaðfest. Þorskurinn er ekki til, og hann hefur farið minnkandi æ ofan í æ. Við skulum leggja til hliðar alla hugaróra og vitleysu í þessu sambandi.

Það er skylda okkar hér á Alþ., hvar í flokki sem við stöndum, að takast á við þann vanda að bjarga þorskstofninum. Við lifum ekki í þessu landi öðruvísi en að hafa góðan þorskstofn. Ég tel það ekki skynsamleg vinnubrögð að vita það, að á vissum stöðum berst svo mikið að að fiskurinn skemmist í landi og unnið er fram á kvöld og alla laugardaga, nærri allan ársins hring. Þetta eru staðreyndir og hægt að telja stað eftir stað. Ég skoðaði þetta sjálfur í sumar og einnig um daginn ásamt fleiri þm. Á sama stað er svo verið að loka og engin atvinna fyrir aðra. Er þetta rétt? Ég segi nei. Þetta er skökk sóknarstefna. Þetta er röng sóknarstefna og getur leitt af sér stórkostleg vandræði. En ég vona það, og við sjálfsagt gerum það allir og öll íslenska þjóðin gerir það, að við komumst upp úr þessari lægð með þorskinn sem allra fyrst. Við verðum þá svo drenglundaðir og mun ekki standa á neinum manni að samþ. það hér á hv. Alþ., að Færeyingar fái þá mörg þús. tonn í sinn hlut af þorskstofninum á Íslandsmiðum. En á meðan við erum gjörsamlega, ef svo má segja, með síðasta þorskinn — hrygningarþorskinn — í höndunum, þá verðum við að fara varlega. Það er sama hver í hlut á. Það er gjörsamlega sama hvaða þjóð á í hlut hér.

Nei, þetta er allt of alvarlegt mál til þess að vera að gera grín að því og tala um að við eigum að leggja hin og þessi tæki í land og minnka þannig sóknina. Þá skulum við allir fara á árabát eða smátrillu.

Ég veit ekki hvað margir tóku eftir því með afraksturinn eða reksturinn á fyrirtæki á Húsavík. Það var nýlega haldinn þar fundur og þeir samþ. 27.8 millj. kr. uppbót, um 13%, á fiskverð fyrir árið 1977. Bráðabirgðayfirlit sýnir að þeir höfðu um 49 millj. kr. í afrakstur á þessu ári. Uppistaðan var frá þessum litlu, góðu bátum. Til hvers þá að kaupa togarana? Hvar er önnur eins niðurstaða til? En ég fullyrði samt, þar sem ég hef róið bæði á litlum bát og byrjað á árabát og upp í stór skip, að ekki er búandi við þau lífsskilyrði, sem eru heimtuð nú, að róa á opnum bát að haustlagi fyrir Norðurlandi. Þess vegna er eðlilegt að gera mönnum betri búnað um borð og betri vist þegar menn eru langdvölum burtu.

Það þýðir ekkert annað en að hafa kjark í

sér til að horfast í augu við staðreyndir lífsins, hvað varðar þorskinn og þau lífsskilyrði sem hann veitir Íslendingum. Við skulum ekki blanda neinu öðru inn í því efni. Við getum rætt lengi um notkun hinna og þessara veiðarfæra hér við land. Það er staðreynd, að það er óskynsamlegt að hafa flotvörpuna óhefta í dag. Það er óskynsamlegt. Ég skil þá skipstjóra mætavel sem vilja auðvitað fá að nota tækið, þetta stórvirka tæki, áfram fyrst þeir hafa byrjað á því. Það er mjög eðlilegt og sjálfsagt frá þeirra sjónarmiði. En á sama tíma og þeir fá það og á sama tíma og þeir heimta það, þá draga þeir úr möguleikum annarra manna hringinn í kringum landið að fá að starfa að þorskveiðum allt árið um kring, vegna þess að afkastageta þeirra togara, sem nota þetta veiðarfæri, er svo mikil að þeir fá vel sinn skammt.

Það hefur verið rætt um að setja kvóta á skip. Það hefur ekki náðst. Það var settur kvóti á skip á síldveiðum, eitt yfir alla í því efni, þrátt fyrir það að skipin væru mjög mismunandi stór. Sumir vildu þrískiptan kvóta, t. d. að skip fengi 150 lestir, annað 250 og enn eitt jafnavel 300, eftir stærð og útbúnaði. Það hefur ekki náðst slíkt samkomulag um togarana. Slíkt fordæmi er þó til víða erlendis. Sagt er: Við skulum veiða á vikunni ákveðið magn og ef vel tekst til og er gert á fimm dögum, þá er allri veiði lokið og frí næstu tvo daga. — Ég er ekki að mæla með því hér á Íslandi. Ég er miklu fremur að mæla með því, að eðlileg veiðarfæranotkun sé bæði um borð í togurum og línubátum og netabátum og við jöfnum þannig sóknarþungann næstu tvö árin, meðan við erum að komast upp úr þessum öldudal með þorskinn.

Ég harma það, að hæstv. ráðh. skuli fara hér í hreina útúrsnúninga að mínu mati, og tel það ekki viðeigandi í sambandi við þessar umr. — alls ekki. En ég ítreka það, að ég er á móti því að hafa gildistíma á þorskveiðikvóta til Færeyinga um óákveðinn tíma. Ég tel rétt að segja honum upp nú um þessi áramót og þeir viti það, að eftir 6 mánuði á næsta ári verði ekki fyrir hendi að veiða þorsk hér á Íslandsmiðum hina síðari sex mánuðina. Ef menn sjá fram á að þorskstofninn er að jafna sig, mjög skjótlega, sem við vonum allir, þá má veita þeim heimild fljótlega aftur. Það eiga þeir skilið og það verða menn almennt sammála um að gera.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mig langar til að byrja þessa stuttu ræðu á því að minna hv. þm. á það, að það mál, sem ég lagði hér fyrir, gefur ekki tilefni til að gera þennan dag að degi kolmunnans eða flotvörpunnar. Það, sem ég lagði hér fyrir, var einungis samningur, gagnkvæmur samningur um loðnuveiðar og kolmunna, en ekki um færeysku samningana.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að færeyski samningurinn um svokallaða botnfiska er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara og ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um það að svo stöddu að segja þessum samningi upp. En ég bendi á það, að ríkisstj. er auðvitað ekki ein í ráðum um það. Alþm. hafa fullan tillögurétt í þeim efnum, og ég hef ekki orðið var við neinar till. frá alþm. um að segja þessum samningi upp, fyrr en þá ef skilja ber ræðu hv. 1. landsk. þm. sem till. í þá átt. Ég vil segja það, að ég tel ekki að svo stöddu ástæðu til að segja þessum samningi upp, og vísa til ræðu hæstv. sjútvrh. í þeim efnum.

Að öðru leyti vil ég svo þakka bæði hv. 1. landsk. þm. og hv. 3. landsk. þm. fyrir undirtektir undir þá þáltill. sem hér er til umr. En í tilefni af því, að hér hefur verið deilt á ríkisstj. fyrir slælega gæslu á þorskstofni, þá langar mig til að rifja upp örfá atriði — aðeins örfá atriði.

Hv. 1. landsk. þm. sagði að það væri skylda hverrar ríkisstjórnar og hvers Alþingis að standa vörð um þessa auðlind okkar Íslendinga, sem væri algjör forsenda lífs í þessu landi. Í tilefni af þessum orðum kemur mér það í hug, að í júlímánuði 1971 fór ég í fyrsta skipti til samninga erlendis um útfærslu fiskveiðilögsögu okkar. Þær tölur, sem voru til grundvallar lagðar í þeim samningaviðræðum, þær tölur sem við fengum til að vinna úr frá fyrri árum, voru 207 þús. tonn hjá Bretum og 130 þús. tonn hjá Þjóðverjum, auk þess 20—30 þús. tonn hjá öðrum þjóðum, þannig að aflinn var 357 þús. tonn sem við byrjuðum að semja um lækkun á. Þetta var fyrir 6 árum — 6½ ári nákvæmlega. Og til þess að undirstrika það enn frekar, að hér var ekki um tilviljunarkenndar tölur að ræða, má geta þess, að hinn margnefndi og umræddi Haagdómstóll lagði til grundvallar sinni leiðarvísun, eins og það var kallað, meðalafla Breta og Þjóðverja, sem kröfðust úrskurðar undanfarin 5 ár, og þær tölur, sem dómstóllinn taldi réttar og sanngjarnar, voru 170 þús. tonn fyrir Breta, ef ég man rétt, og 119 þús. tonn fyrir Þjóðverja, samtals 289 þús. tonn. Nú eru í dag í gildi samningar sem samanlagt gefa erlendum þjóðum heimild til fiskveiða upp á tæp 25 þús. tonn á ári, þar af um 8500 lestir af þorski, þessu fjöreggi okkar. Ég vil spyrja hv. alþm. að því, hvort þeir telji að þessi árangur sé svo slakur að það sé sérstök ástæða til þess að standa upp í þessum ræðustól og gagnrýna ríkisstj. fyrir það, að enn skuli vera eftir 7 þús. tonn af þorskafla til handa Færeyingum, þegar horft er til þeirra aðstæðna sem þeir búa við, þegar horft er til þeirra röksemda, sem hv. 3. landsk. þm. rakti hér, og til allra aðstæðna almennt.

Ef það er skilningur manna, að hér hafi verið illa á málum haldið, hvað vilja menn þá segja um þá frammistöðu sem var hér frá árinu 1958 eða 1960 og til 1972? Það hefur tæpast farið fram hjá neinum, að ástand fiskstofnanna þá var ekki heldur gott og það var full ástæða þá og miklu fyrr til þess að hefja þær ráðstafanir sem nú er þó búið að koma að mestu leyti í framkvæmd.

Ég held að menn ættu ekki að halda hér uppi háværum og miklum deilum á þá menn sem hafa staðið í fyrirsvari fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar á s. l. árum, heldur horfa á þann árangur sem náðst hefur, bæði fyrir okkar starf, fyrir þróun í alþjóðamálum og fyrir samstöðu Alþingis og þjóðarinnar, sem er kannske það sem ráðið hefur úrslitum í þessu máli.

Mér fannst ástæða til að láta þessi fáu orð koma hér fram, þegar sagt er um okkur, sem nú erum með þessi mál á okkar skrifborðum, að við siglum mjög óvarlega og að við verðum að hafa kjark til að horfast í augu við staðreyndir. Mér finnst að þessi þörfu og spámannlegu orð hefðu gjarnan mátt koma fyrr fram.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til utanrmn. með 31 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Föstudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 134, n. 162, 171, 195). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 195 felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HÁ, HFS, JHelg, RA, StJ.

nei: AG, HBl, ÁB, EggÞ, GH, IT, JGS, GÓ, ÓÞÞ, StG, ÞK.

EÁ, IH, JÁH, greiddu ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil alls ekki bregða fæti fyrir það að Orkubú Vestfjarða verði stofnað. Ég tel aftur á móti að undirbúningur undir stofnun Orkubús Vestfjarða sé með þeim hætti, að óforsvaranlegt sé að Alþ. taki ábyrgð á undirbúningnum með þeim hætti sem það mundi gera, ef samþykkt væru nú föst hlutföll á skiptingu verðjöfnunargjalds milli Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins. Hér er ekki um að ræða, eins og gefið hefur verið í skyn, að eingöngu sé verið að afgreiða lagafrv. til eins árs, svo sem verið hefur undanfarið um verðjöfnunargjaldið, heldur kemur það í ljós í samningi þeim, sem gerður hefur verið á milli ríkis og Orkubús, að hér er um bindandi samþykkt að ræða. Ríkisstj. tekur á sig ábyrgð á því gagnvart Orkubúinu, að skiptin skuli vera þessi, án þess að fjallað hafi verið um þessi mál hér á hv. Alþ. Af þessum sökum, vegna þess hvernig undirbúningur hefur verið að stofnun Orkubúsins vegna þess hvernig þetta mál bar að núna, þá segi ég já.

Brtt. 171 felld með 11:5 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1975, frv. (þskj. 130, n. 180). — 2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um mál það, sem hér er til umr., og leggur n. til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Albert Guðmundsson.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi, að ég er sammála því að þessi ríkisreikningur skuli samþykktur og hef ekki við hann að athuga. Ég tel samt rétt að standa upp og vekja athygli á því, að eins og fram kemur í aths. yfirskoðunarmanna og í svörum ráðh. um kaup á húsi Síðumúla 8 hf. og prentsmiðju Jóns Helgasonar hf., sem keypt voru fyrir Ríkisprentsmiðjuna Gutenberg á sínum tíma, — á árinu 1973, ef ég man rétt, það kemur ekki fram hér, — þá fóru þau viðskipti fram á mjög óeðlilegan hátt að mínu viti, vegna þess að svo var um hnútana búið að þau hlutafélög, sem áttu viðkomandi fasteignir, voru ekki leyst upp við kaupin, heldur var svo látið heita að hinir fyrri eigendur ættu til málamynda nokkur hlutabréf eða 2% af hlutafénu, til þess að þeir kæmust undan því að greiða skattskyldan söluhagnað af þessum viðskiptum. Það kemur síðan fram í svörum ráðh., að svo var um samið að þessi bréf, sem eftir voru, yrði innleyst á nafnverði. Má af því ljóst vera að þarna var um málamyndagerning að ræða, einungis í þessu eina skyni, eins og fram kemur í aths. yfirskoðunarmanna.

Ég skal ekki gera þessi kaup að öðru leyti að umtalsefni. Það liggur ljóst fyrir, að þarna voru keyptar úreltar vélar sem illa hentuðu þessum rekstri, en slíkt er að sjálfsögðu matsatriði og ég skal ekki gera það að umtalsefni nú, en aðeins vekja athygli á þessu og láta í ljós þá skoðun mína, að viðskipti af þessu tagi geta ekki átt sér stað af opinberri hálfu. Að sjálfsögðu verður í slíkum viðskiptum að gæta þess, að þar fari allt fram með lögformlegum hætti og verði ekki fyrirmynd óheilbrigðra viðskiptahátta almennt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 138, n. 181). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð bænda til athugunar. Eftir samkomulag launþega og vinnuveitenda 22. júní s. l. um málefni lífeyrissjóða gerði stjórn Lífeyrissjóðs bænda athugun á því, hvaða ráðstafanir væri nauðsynlegt fyrir hana að gera til þess að lífeyrisþegar Lífeyrissjóðs bænda fengju sambærileg kjör og þar er gert ráð fyrir. Staða Lífeyrissjóðs bænda er mjög veik vegna þess að fjöldi þeirra, sem fá greiðslur úr Lífeyrissjóði bænda, er mjög mikill eða milli 1200 og 1300, miðað við aðeins 5 þús. sem greiða í sjóðinn. En hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum er þetta hlutfall ekki yfir 10%.

Í aths. með þessu frv. segir að þeir lífeyrissjóðir, sem gerðu samkomulagið 22. júní, hafi

að nokkru leyti samstarf með sér til þess að deila með sér útgjöldum, þannig að þau jafnist á milli sjóðanna, og hefur þetta í för með sér að þeir þurfa aðeins að greiða 13—14% af iðgjaldatekjum sínum til þessara uppbótargreiðslna. En Lífeyrissjóður bænda hefur enga slíka samtryggingu og er áætlað að bein útgjöld til lífeyrisgreiðslna hjá honum verði 260 millj. kr. á árinu 1978 af þessum sökum, og það eru 46% af iðgjalda- og framlagatekjum, eins og þær eru áætlaðar á næsta ári. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda taldi því nauðsynlegt að reyna að styrkja eitthvað stöðu sjóðsins um leið og lífeyrisgreiðslur eru auknar í samræmi við fyrrnefnt samkomulag. Fjallar efni þessa frv. um það, enda þótt það nægi hvergi nærri til þess að gera stöðu hans eins góða og annarra lífeyrissjóða.

Í 1. gr. frv. er ákvæði um að hundraðshluti búvöruframleiðslunnar, sem mótframlag við greiðslu bænda reiknast af, skuli breytast úr 3/4 í 4/5.

Í 2. gr. er fyrst ákvæði um að skilagrein um búvöruframleiðslu sjóðfélaga skuli hafa borist innan 6 mánaða frá lokum almanaksárs til þess að geta reiknast með í stigum þeim r mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans á árinu á undan. En þessi mörk eru í núgildandi lögum níu mánuðir.

Í síðari hluta 2. gr. frv. er sú breyting enn fremur gerð á 8. gr. laganna, að í stað 10% álags á dagvinnukaup bónda og húsfreyju, sem er grundvöllur stigaútreiknings hvers almanaksárs, komi heimild til að hafa það allt að 20%.

Í 3. gr. frv. eru síðan ákvæði um að hin sérstaka uppbót á lífeyri, sem greidd hefur verið á árinu 1976 og 1977, skuli einnig greiðast á árinu 1978 og 1979.

Fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki frv. (þskj. 167, n. 182). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka. N. leggur til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál. Það kemur árlega hér fyrir deildina. Það hefur staðið til að breyta þessum lögum og gera á þeim ýmsar lagfæringar. Fjh.- og viðskn. fékk uppkast að slíku frv., en þar sem ekki reyndist tími til að yfirfara og vinna það mál, þá þótti nauðsynlegt að framlengja þessi lög, en væntanlega mun hæstv. fjmrh. leggja fram nýtt frv. um þessi mál að loknu jólaleyfi.

Ég vil aðeins endurtaka það, að n. leggur shlj. til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 28. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 134). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisreikningurinn 1975, frv. (þskj. 130). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 138). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 167). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðlagsmál landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 115). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt öðrum þm. Alþb. í Ed. till. til þál. á þskj. 115 um nýtt skipulag á verðlagsmálum landbúnaðarins. Þessi till. var lögð fram í okt. síðla, en ekki hefur verið hægt að mæla fram með henni, fyrst og fremst sökum anna hér í þinginu og einnig af því að skjöl, sem ég

hafði beðið um hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins á annatíma þar, fengust ekki fyrr en liðið var fram á annatíma Alþingis. Till. okkar Helga F. Seljans, Geirs Gunnarssonar og Ragnar Arnalds, hv. alþm., hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að láta undirbúa frv. um breyt. á l. nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., er miði að því að Stéttarsamband bænda semji milliliðalaust við ríkisstj. a. m. k. til eins árs í senn um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara og heildsöluverð þeirra og önnur mál er varða réttindi og kjör bænda.

Gert skal ráð fyrir því, að bændur hafi óskoraðan samningsrétt um málefni sín til jafns við aðrar stéttir.

Frv. þetta skal lagt fyrir Alþ. eigi síðar en í febrúarlok n. k. svo tími gefist til að afgreiða það fyrir þinglok."

Ég vil lesa grg. sem fylgir þessari till. til þál.:

„Fyrirkomulag það, sem nú gildir um verðlagningu búvöru, hefur þegar fyrir löngu gengið sér til húðar. Sex manna nefndin, er tryggja skyldi umfjöllun framleiðenda og neytenda um sameiginleg hagsmunamál, er ekki lengur skynsamlegur umfjöllunaraðili þar eð fulltrúar neytenda í n. eru orðnir umboðslausir. Gerðardómurinn hefur í raun reynst skálkaskjól ríkisvaldsins með þeim afleiðingum að bændastéttin má una skertum launum frá því sem kveðið er á um í lögum svo að nú munar ríflega fimmtungi frá þeim launum sem tilgreindar viðmiðunarstéttir njóta."

Það skal tekið fram, að komið hefur í ljós við umfjöllun um þessi mál nú síðustu vikurnar, að munurinn er enn þá meiri, þannig að láta mun nærri að þriðjung vanti upp á að bændur hafi laun viðmiðunarstéttanna. — Svo að ég haldi áfram að lesa upp úr grg.:

„Efalaust er, að ríkisvaldið er eini aðilinn, sem bændur geta samið við um verðlagsmál framleiðsluvöru sinnar og önnur kjaramál. Verðlagningarkerfi það, sem nú er stuðst við, hefur leitt til þess að landbúnaðarframleiðslan, sölumálin og þar með kjaramál bænda í heild hafa lent í vítahring í efnahagskerfinu, og er nú svo komið, að fulltrúar bænda sjálfra virðast vera farnir að trúa því, að offramleiðsla sé helsta vandamál stéttarinnar. Hið sanna í málinu er hins vegar að framleiðsla búvöru hefur ekki aukist síðustu árin, þótt slíkt hefði raunar verið eðlilegt þegar tekið er tillit til fólksfjölgunar. Aftur á móti hefur verðlagning búvöru með skertum niðurgreiðslum, ásamt sveiflum í kaupmætti, valdið því að kaupgeta launastéttanna hefur orkað á neyslu búvöru innanlands. Tvisvar hefur það gerst á þessu tímabili, hið fyrra sinnið í samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., hið síðara sinnið nú í samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., að kaupmáttur launastéttanna hefur verið skertur svo, samtímis því sem verðlag á búvöru hefur verið hækkað, að fólk hefur orðið að spara við sig neyslu þessarar hollu fæðu. Afleiðingin hefur orðið sú, að fyrir hafa safnast birgðir af landbúnaðarafurðum. Reynslan hefur sýnt, að þegar kaupgeta fólks er sæmileg samtímis því sem verðlagi búvöru er haldið í eðlilegu horfi, hefur markaðurinn innanlands reynst meira en nógur fyrir framleiðsluvörur bænda. — Af þessum sökum má telja augljóst, að alls ekki sé ástæða til þess að hvetja bændur til að draga úr framleiðslu sinni, heldur brýn nauðsyn til að koma verðlagsmálum landbúnaðarins í eðlilegt samhengi við kaupgetu alþýðu. Liggur þá beint við að hugleiða hvort ekki sé betur varið því fé, sem nú rennur til útflutningsbóta á búvöru, með því að auka niðurgreiðslur vörunnar innanlands og auðvelda landsmönnum þannig framfærslu samtímis því sem vandamál útflutnings yrðu leyst. Eðlilegt er að reikna með nokkurri umframframleiðslu búvöru í góðæri og má því búast við að jafnan þurfi að grípa til útflutningsuppbóta öðru hverju. Þyrfti þá að koma málunum fyrir á þá lund, að miðað verði við ákveðna hlutfallstölu — 10—15% — af verði hlutaðeigandi framleiðsluvöru á viðkomandi verðlagsári, fremur en við heildarframleiðslu búvöru.

Að dómi flm. er varla ástæða til að ætla að samningar geti ekki tekist milli Stéttarsambands bænda og ríkisvaldsins um kjaramálin. Fari hins vegar svo að samkomulag takist ekki, verður að ætla bændum sama rétt og öðrum stéttum til þess að knýja á um kjör sín.

Að endingu leggja flm. megináherslu á það, að fulltrúar stéttarsamtaka bænda þurfi að taka ríkara tillit, framvegis en hingað til, til þess órjúfanlega samhengis, sem hlýtur að verða milli kaupgetu launastéttanna yfirleitt og hagsmuna bændastéttarinnar, og telja að erindrekum bænda sé nú sæmra að rýna eftir pólitískum orsökum þeirra þrenginga, sem bændastéttin á nú í, heldur en telja kjark úr bændum í kjarabaráttunni með því að velta yfir á þeirra herðar ábyrgð á rangri ríkisstjórnarstefnu."

Ég hef látið gera athugun á vegum Framleiðsluráðs landbúnaðarins á samhenginu, sem er á milli verðlags og kaupgetu annars vegar og neyslu á dilkakjöti og öðrum landbúnaðarafurðum hins vegar, til stuðnings þeirri staðhæfingu, að þarna sé að því er virðist órjúfandi samband, þó að fleiri atriði kunni að grípa inn í jafnframt. Vil ég lesa hér upp lauslegt yfirlit um neyslu á kindakjöti á landi hér frá því 1967, þ. e. a. s. árinu fyrir samdráttinn sem varð í kaupgjalds- og kjaramálum almennings á landi hér vegna verðfallsins mikla á fiskmörkuðum okkar vestanhafs.

Árið 1967 var kindakjötsneysla á íbúa hér á landi 48.5 kg. Árið 1968, er samdrátturinn varð, hrapaði hún niður í 39.9 kg og enn meira árið 1969 í framhaldi af efnahagsþrengingunum og kjaraskerðingunum ofan í 36.4 kg. Árið 1970, er heildur fór að lifna á dalnum í kaupgetumálum alþýðu, fór neyslan aftur að aukast og varð 38.9 kg á mann. 1971, þegar vinstri stjórnin tók við um vorið og þegar tók að rýmkast um hag alþýðu hvað launakjör snerti, hækkaði neyslan á kindakjöti upp í 46.7 kg á mann. 1972 — og kem ég hér að því sem ég drap lauslega á áðan, að enda þótt kaupgetan og verðlagið valdi mestu, þá spila hér inn í aðrir þættir. — 1972 var neyslan 44 kg á mann. 1973, þegar enn fremur hafði gætt hinnar nýju stefnu í tíð vinstri stjórnarinnar í kjaramálum, var neyslan 46.4 kg á

mann. 1974, þegar hagur almennings var hvað rýmstur jafnframt því sem haldið var niðri verðlagi á landbúnaðarafurðum, komst neyslan á kindakjöti upp í 49.2 kg á mann. 1975 var neyslan 46.6 kg á mann.

Í riti Rannsóknaráðs ríkisins um þróun landbúnaðarins, yfirlit yfir stöðu íslensks landbúnaðar og spá um þróun fram til 1985 er að finna niðurstöður af athugunum á áhrifum kaupgjalds og verðlags á sölu landbúnaðarafurða hér á landi og reiknað í 5 ára tímabilum. Er þá vert vegna þess samdráttar, sem nú hefur orðið í sölu á smjöri, að athuga hvað gerist á tímabilinu frá 1960—1975, á þessum 5 ára tímabilum.

Árin 1960—1964 varð neyslan 7.1 kg á mann, 1965—1969 varð hún 7.3 kg á mann, 1970—1974 7.7 kg á mann, en lækkaði þegar árið 1975 niður í 6.9 kg á mann.

Hér getur einnig að finna úttekt á neyslu kindakjöts á hverju 5 ára tímabili eftir 1960:

Árin 1960—1964 var neyslan 49.5 kg á íbúa, 1965—1969 var hún 43.2 kg, árin 1970—1974 varð hún 45 kg á mann og 1975 varð hún 46.6 kg á íbúa.

Hér hafa farið fram fyrir skemmstu í deildinni umr. um áhrif fjölmiðla á neyslu búvöru, um þann áróður, sem haldið hefur verið uppi gegn búfjárafurðum, og þó e. t. v. fyrst og fremst um þann áróður sem haldið hefur verið uppi gegn bændastéttinni í heild, bæði leynt og ljóst, og að því vikið með hvaða hætti þessi áróður hefur þrengt sér inn í ríkisfjölmiðlana. Ég er efalaus um það, að skilningsleysið á stöðu landbúnaðarins, skilningsleysið á kjörum bænda, hinn almenni skilningsskortur hefur valdið miklu um þau blaðaskrif sem átt hafa sér stað gegn bændastéttinni, og vafalaust hefur þessi skilningsskortur haft sín áhrif á túlkun á málefnum bænda í ríkisfjölmiðlunum. Vegna þess að einn hv. þm. hér í d. vakti athygli mína á því, að vera kynni að ummæli mín kynnu að misskiljast, sem ég viðhafði um fréttaflutning í ríkisfjölmiðlunum er þau mál voru til umr. hér um kvöldið, þá vil ég aðeins taka fram þessi atriði, taka af allan vafa um það að ég hafi sveigt að fréttastjórum deilda Ríkisútvarpsins í þessu sambandi er ég ræddi um verkstjórn — skort á verkstjórn. Þá vil ég vekja athygli á þessum atriðum:

Yfirleitt berast tilkynningar frá verðlagsráði landbúnaðarins um breytingar á verðlagi á búvörum síðdegis. Svo hefur verið í flest skipti sem ég minnist frá störfum mínum á fréttastofu útvarpsins. Þar er greint frá hinum nöktustu staðreyndum varðandi búvöruverðbreytinguna, en yfirleitt ekki frá því með hvaða hætti þessar breytingar eru reiknaðar út. Gjarnan hafa þessar tilkynningar borist þegar annir eru mestar undir aðalfréttatíma kvöldsins, sem nú er kl. 7, og starfsliði þannig háttað, að þá er ógjarnan hægt að fela sérstökum manni að ganga frá öðrum störfum, sem þegar eru aðkallandi fyrir fréttatíma, og helga sig eingöngu því að grafa upplýsingarnar um það, með hvaða hætti þessi breyting á verði búvörunnar er reiknuð út. Oft hefur það komið fyrir, að fréttatilkynningin hefur borist eftir að skrifstofutíma er lokið og óhægt er um vik að ná tali af þeim mönnum sem útskýrt gætu breytingarnar á hlutlægan hátt. Verkstjórnaratriðið, sem lýtur að því að gæta þess að sagt verði á hlutlægan hátt, þ. e. a. s. óhlutdrægan hátt, frá þeim atriðum í verðlagsbreytingunni sem lúta að kjörum bænda, sem lúta beint að kjörum bænda, felst fyrst og fremst í því, að hinn eiginlegi þingkjörni vörður um fréttaframkvæmd á lögum og reglum um rekstur Ríkisútvarpsins, þ. á m. óhlutdrægnina, þ. e. a. s. útvarpsráð, sjái til þess í fyrsta lagi að fréttastofur Ríkisútvarpsins sé þann veg menntar, að þetta starf verði unnið, og í öðru lagi að gæta þess, að vakandi sé sá skilningur á kjörum stéttanna og hagsmunahópanna, einstaklinganna og annarra aðila, sem nauðsynlegur er til þess að óhlutdrægni sé gætt.

Eins og hv. þm. má vera í fersku minni, var það eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj., er hún settist að völdum, að breyta lögum um Ríkisútvarpið á þá lund að gera henni kleift að skipta um útvarpsráð. Það var eitt af fyrstu verkum þessarar ríkisstj., er hún kom til valda, að breyta lögum um Ríkisútvarpið á þá lund, að hún gæti skipt um meiri hl. í útvarpsráði. Þessi lagabreyting var samþykkt, og það var kosið að nýju í útvarpsráð, nýir menn, nýr meiri hl. kjörinn, og það er þessi nýi meiri hl. í útvarpsráði undir hinni nýju forustu Þórarins Þórarinssonar og Ellerts Schram, sem ber ábyrgð á gæslu og óhlutdrægni í fréttaflutningi Ríkisútvarpsins einmitt um þessar mundir og á þessum missirum þegar kvartað hefur verið hvað sárast hér um hlutdræga afstöðu ríkisfjölmiðlanna til málefna bænda.

Ég get tekið undir þau ummæli, sem fram komu hjá hv. þm. Inga Tryggvasyni í lokaræðu hans um utandagskrármálið, þegar fjallað var um meðferð á málefnum bænda í fréttatíma útvarpsins, þar sem hann lét í ljós þá skoðun sína að e. t. v. væri Alþ. of afskiptalítið um málefni ýmissa stofnana sinna, ekki bara Ríkisútvarpsins, heldur ýmissa annarra stofnana sinna og ætlaði milligöngumönnum að gæta þar síns hluta. Undir þetta sjónarmið hv. þm. Inga Tryggvasonar get ég tekið. Ég hygg að það sé mjög æskilegt, að Alþ. sem slíkt og einstakir alþm. láti opinberlega á réttum vettvangi í ljós skoðanir sínar á því, hvernig til tekst um rekstur þessara stofnana, og er Ríkisútvarpið þar ekki undanskilið.

Ég tel eðlilegt að alþm. ræði þessi atriði við ráðh. útvarpsmála, þar sem er hæstv. menntmrh., og óski þess af honum sérstaklega, þar sem Ríkisútvarpið heyrir undir hans rn., að hann láti þau mál til sín taka. Þetta tel ég eðlilegt og æskilegt. En á hitt vil ég minna, að svo hefur það gjarnan orðið þessi rúm 30 ár, sem ég hef fylgst allnáið með rekstri Ríkisútvarpsins, og þar af þau 25 ár, sem ég var beinlínis starfandi hjá þeirri góðu stofnun, — svo hefur það gjarnan viljað verða, að krafa hins pólitíska valds um óhlutlægni af hálfu Ríkisútvarpsins hefur í reynd orðið krafa um nýja hlutdrægni. Svo hefur þetta gjarnan viljað fara, og ég held því ekki fram að ég kunni ráð við því. Við hljótum að ætla yfirstjórn Ríkisút-

varpsins ákveðið afl, siðferðilegt afl til þess að standa gegn utan að komandi kröfum um hlutdrægni, jafnframt því sem við verðum að ætla yfirstjórn Ríkisútvarpsins þann heiðarleika og dug sem þarf til þess að framfylgja settum lögum og reglum um rekstur stofnunarinnar.

Eg lít ekki svo á, að hv. þm. Ingi Tryggvason og Stefán Valgeirsson, sem vöktu þetta mál utan dagskrár í báðum þd. hér á hv. Alþ., hafi verið að koma á framfæri neins konar þrýstingi eða fyrir þeim hafi vakað að hafa neins konar óeðlileg áhrif á rekstur stofnunarinnar eða fréttaflutning, heldur þótti mér þeir aðeins vera að vekja athygli á misbresti, sem þar varð, og höguðu málflutningi sínum þannig, að ég tel, að Ríkisútvarpið megi þar vel við una eðlilega gagnrýni, og vona, að viðbrögðin við þeirri eðlilegu gagnrýni verði jafnframt með eðlilegum hætti.

Hitt er annað mál, að ég tel að það blasi við okkur, að ástæðan fyrir samdrætti í neyslu á landbúnaðarafurðum, sú sem orðið hefur nú, sú sem orðið hefur áður, á þeim stjórnartímum þegar dregið hefur verið úr niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum samtímis því sem launakjör í landinu hafa verið skert, — ástæðan fyrir þessum samdrætti sé beinlínis efnahagslegs eðlis að langmestu leyti. Það mun láta nærri, að dilkakjötsframleiðslan í ár mundi nægja landsmönnum til innanlandsneyslu, ef hver 5 manna fjölskylda í landinu neytti dilkakjöts þrjá daga í viku og ætlaði rösk 300 g af kjöti á mann til neyslunnar og eru þá beinin meðtalin. Ég tel að hér sé alls ekki ofætlað, mér finnst það ekki mikil kjötneysla á heimili. En hitt er annað mál, að enn þá, þrátt fyrir launahækkanirnar sem urðu í síðustu kjarasamningum, mun nokkuð á það skorta að þær fjölskyldur, sem minnstu hafa úr að spila, hafi efni á því að bjóða börnunum sínum, bjóða fólkinu sínu þó þetta lítið kjöt þrisvar sinnum í viku.

Ég las fyrir hálfum mánuði blaðagrein eftir einn af forsvarsmönnum iðnverkafólks, sem láta mun nærri að hafi í mánaðarlaun á mann í kringum 100 þús. kr., hið lægst launaða verkafólk á Íslandi, þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni, að nú væri, guði sé lof, þannig komið kjaramálum Íslendinga, að þeir þyrftu ekki á því að halda, þeir væru ekki neyddir til þess að borða þann mat. Ég hlýt að taka það fram, að ég undraðist það stórum að þessi ágæti maður skyldi reikna með því, að umbjóðendur hans með um það bil 100 þús. kr. mánaðarlaun hefðu efni á því að kaupa nægju sína af dýrari eða betri mat heldur en dilkakjöti.

Ég vék lítillega áðan að breytingunum á smjörverði með tilliti til neyslu, samtímis því sem ég las upp nokkrar tölur varðandi breytingar á neyslu í tengslum við verð á dilkakjöti og kaupgetu. Þegar farið er í gegnum skýrslurnar um neyslu mjólkur á þessu sama tímabili kemur í ljós, að sveiflurnar í neyslu nýmjólkur verða ekki jafnmiklar á þessum tímabilum og í neyslu á kjöti, og að því er fróðir menn, sem um þessi mál hafa fjallað, tjá mér er orsökin sú, að verðlagi á mjólk hefur verið haldið það vel niðri allan þennan tíma, að hún hefur undantekningarlítið verið ódýrasti eggjahvítugjafinn sem fólkið hefur átt kost á.

Þar sem vikið er í grg. með till. þessari að hættunni á því, að bændur séu sjálfir farnir að trúa því að eitt helsta vandamál þeirra í sambandi við búskapinn núna og afkomuna sé offramleiðsla, skal þess getið, að fulltrúar bænda ýmsir, — ég vil taka fram í því sambandi að hér er ekki sveigt að hv. þm. Inga Tryggvasyni, — en fulltrúar bænda ýmsir hafa haldið því fram í erindrekstri sínum er þeir hafa verið að tjá vandamál landbúnaðarins fyrir bændasamtökunum, bændum úti um land, að eitt af vandamálunum væri offramleiðsla, þrátt fyrir að við okkur blasi að landbúnaðarframleiðslan hefur ekki aukist síðustu 10 árin í hlutfalli við aukningu íbúatölu, þrátt fyrir það að liggi á borðinu fyrir framan okkur að þegar kaupgeta almennings hefur verið sæmileg, samtímis því sem þess hefur verið gætt að halda verði landbúnaðarafurða nokkuð eðlilega niðri, þá hefur landbúnaðurinn ekki gert öllu betur í meðalári en halda í við eftirspurnina. Aftur á móti þegar landbúnaðarafurðir hafa verið látnar hækka óeðlilega mikið með því að skerða niðurgreiðslurnar samtímis því sem hert hefur verið að almenningi og raunverulegar neyslutekjur almennings skertar, þá hafa menn af eðlilegum ástæðum farið að spara þessi matvæli við sig.

Í grg. er vikið að þeim möguleika að verja fremur því fé, sem nú er ætlað til útflutningsuppbóta, til þess að greiða niður verðið á landbúnaðarafurðunum innanlands, til þess að bæta kjör almennings í landinu samtímis því sem stuðlað er að lausn á vandamálum útflutningsins. Það er að vísu ljóst, að útflutningsuppbæturnar mundu ekki, þótt þær yrðu notaðar til niðurgreiðslu innanlands, leysa allan vanda í þessu sambandi, til þess þarf meira fé. En þá yrði þessu fé þó varið í fyrsta lagi til þess að lækka verð á búvörunni á markaði innanlands, í öðru lagi til þess að lækka dýrtíð í landinu, til þess að snúast á jákvæðan hátt við verðbólguvanda innanlands í staðinn fyrir að nú verka þessar greiðslur raunverulega öfugt. Í þessari þáltill. er farið mjög inn á þær brautir sem bændur og bændasamtökin hafa lagt til á liðnum mánuðum, liðnum vikum, að farið yrði inn á í sambandi við verðlagsmálin, að hafnir verði beinir samningar stéttarsamtaka bænda við ríkisvaldið, ekki bara um verðlagsmál landbúnaðarins, heldur um kjaramál bænda yfirleitt. Þetta að bændur taki upp beina samninga og milliliðalausa við ríkisvaldið, er gamalt stefnumál Alþb. Hér er ekki verið að víta á neinn hátt það kerfi sem notað hefur verið fram að þessu.

Aðferðin í sambandi við verðlagsmál landbúnaðarins fyrir tilstuðlan sex manna nefndarinnar var á sínum tíma mjög góð. Eftir að sá háttur var upp tekinn var ekki eins auðvelt og áður var að etja saman framleiðendum og neytendum þegar að því kom að semja um verðlag á búvörum. Í upphafi, fyrir tilstuðlan sex manna nefndarinnar, tókst einmitt að efla þann skilning milli bændastéttarinnar og fulltrúa launþegar að verð á landbúnaðarafurðum hlýtur, ef vel á að vera, að tengjast launakjörum neytenda, launakjörum í landinu yfirleitt. Einmitt með þessari aðferð við verðlagninguna tókst að efla

betur en áður hafði verið þann skilning, að kjör bændastéttarinnar eru nátengd kjörum launastéttanna í landinu. En þetta kerfi er orðið 30 ára gamalt og grundvöllurinn fyrir því er brostinn að því leyti til, að þeir fulltrúar, sem nú eru kallaðir fulltrúar neytenda í sex manna nefndinni, eru ekki til þess kjörnir af hálfu launasamtakanna að fara með slíkt umboð í sex manna nefndinni. Síðan hefur tii komið gerðardómurinn og afleiðingin hefur orðið sú, að yfir á oddamann í gerðardómi hefur verið velt hinni endanlegu ákvörðun hverju sinni um hið endanlega verð. Er nú svo komið að þriðjungi munar að bændur hafi í sinn hlut hinna svokölluðu viðmiðunarstétta. Hér hefur hallað ár frá ári á ógæfuhliðina, þótt verst sé þetta ástand orðið núna. Og þannig er nú um hnúana búið í sambandi við kjaramál bænda, að þeir eru í vitahring, og eftir þeim reglum, sem nú er starfað, eftir því kerfi, sem nú er viðhaft, virðist vera ógerlegt fyrir þá að ná launum viðmiðunarstéttanna. Lengdur vinnudagur dugar ekki til, aukin framleiðsla nægir ekki til að þeir geti náð þessum kjörum. Eina sýnilega leiðin virðist vera sú, að bændur efli stéttarsamtök sín og hefji síðan í krafti þeirra samninga við ríkisvaldið, ekki bara um verðlagsmálin sem slík, heldur um kjaramál sín yfirleitt, þannig að jöfnuði verði náð. Það þarf að tryggja það að bændur nái kjörum viðmiðunarstéttanna. Það verður ekki gert með því að telja úr þeim kjarkinn og segja: Nú skuluð þið, góðir vinir, reyna að bæta kjör ykkar og hag landbúnaðarins með því að draga úr framleiðslu. — Það er ekki hægt að segja slíkt við íslenska bændur þegar það er ljóst, að ef sæmilega væri búið að launastéttunum í landinu um kjör og verðlagsmálum bænda haldið í eðlilegu horfi, þá mundi framleiðsla bænda nú ekki gera betur en svo að nægja handa landsfólkinu til framfæris, til neyslu.

Jú, hv. þm. Ingi Tryggvason vakti athygli á þessu í gær, hversu mjög mundi nú á það skorta, eins og horfði, að mjólkurafurðir seldust upp innanlands. Við hljótum að reikna með því, að í meðalári verði ætið nokkur umframframleiðsla af mjólk og kjöti í landinu. Við hljótum að miða við það, að í góðæri verði hún töluverð, til þess að mæta þörfinni fyrir landbúnaðarafurðir í slöku meðalári og í slæmum árum. Við verðum að tryggja það, að á landi hér verði framleitt nóg af kjöti og mjólk handa þessari blessuðu þjóð til næringar.

Ég vil ekki í þessari framsöguræðu minni með þáltill. um nýtt skipulag á verðlagsmálum landbúnaðarins fara út í það að gera grein fyrir þeim hlutverkum sem íslenskra bænda bíða í sambandi við fjölbreyttari framleiðslu og aukna framleiðslu frá því sem nú er á ýmsum sviðum. Það verður að bíða betri tíma. En á hitt vil ég leggja áherslu, að nú er fremur þörf að stappa stáli í bændastéttina, að hún láti nú ekki deigan síga og telji sér trú um það, að hún sé orðin baggi á þjóðinni, telji sér trú um það, að ástæðan fyrir því, að neysla á dilkakjöti dregst saman eða kjör launafólks eru rýrð, samtímis því sem verðlag á dilkakjöti er hækkað með opinberum aðgerðum, sé sú, að þeir framleiði of mikið, — og sama gildir um mjólkurvörurnar, að bændur láti erindreka sína, sem jafnframt eru forsvarar núv. hæstv. ríkisstj., telja sér trú um það að ástæðan fyrir því að dregur úr smjörsölu, þegar verð á smjöri er stórhækkað samtímis því sem kaupgeta launastéttanna er rýrð, sé sú, að þeir framleiði of mikið af smjöri. Nú er þörf á því að brýna það umfram alla hluti fyrir bændum, hversu hagsmunir þeirra og hagsmunir launastéttanna eru samantvinnaðir, hvílík höfuðnauðsyn það er að bændastéttin gangi til liðs við verkamenn og aðrar deildir launþegasamtakanna um að aflétta af þessari blessuðu þjóð, sem vill borða dilkakjöt, af því að það er gott og hollt, og vill borða smjör ofan á brauðið sitt, af því að það er gott og hollt, vill miklu heldur nota smjör ofan á brauðið sitt heldur en Sólblóma, m. a. vegna þess að sannað má kalla að smjörlíki getur verið krabbameinsvaldur, — það er höfuðnauðsyn að bændastéttin gangi til liðs við launastéttirnar í þeirri baráttu sem fram undan er til þess að létta af landsfólkinu þeirri eymdarstjórn sem komið hefur kjaramálum bænda í það óskaplega horf sem þau eru í nú. Og til þess að slíkt samstarf geti tekist á milli bændastéttarinnar og launafólksins, sem við skulum kalla neytendur landbúnaðarafurða í þessu tilfelli, þá má helst ekki mistúlka fyrir bændum af opinberri hálfu ástæðurnar fyrir því, að nú hafa safnast saman í landinu birgðir af búvörum.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Áður en ég vík að þáltill. á þskj. 115 verð ég að segja hv. 5. þm. Norðurl. e., að ég er ekki eins flinkur í orðaútskýringum og hann og á því nokkuð erfitt með að átta mig á hvað hv. þm. er að fara, þegar hann sagði í þingræðu sinni um fréttaflutning fjölmiðla, að þar bæri fréttamanninum að gæta þess fyrst og fremst að hafa heimildirnar í lagi og svo að verkstjórnin væri í lagi. Þetta taldi ég mig skilja, að heimild og verkstjórn ætti að vera í lagi. En ég leit svo á verkstjórn, að í þessu tilfelli væru það þeir, sem stjórnuðu fréttastofnunum, sem væru verkstjórnarmenn, en ekki útvarpsráð, nema kæmi þá til sérstakrar úrskurðunar eða kæru eða þess háttar frá hendi þeirra sem um hefðu fjallað. Ef þessi skilningur minn er á annan veg en mér virtist vera hjá hv. þm., þá gengur okkur vist erfiðlega að ná saman í þeim efnum. Og ég mundi ekki mæla með því, að útvarpsráð yrði dómandi eða stjórnandi undirmanna í útvarpinu, hversu gott sem útvarpsráðið kynni að vera. Þess vegna held ég að þarna verði að halda sig við skýringu hans í fyrra tilfellinu, að heimildirnar og verkstjórnin eigi að vera í lagi og fréttamaðurinn eigi að haga sér í samræmi við það.

Ég hefði haft hina mestu löngun til, áður en ég viki að þáltill. þeirri sem hv. 5. þm. Norðurl. e. og fleiri flytja, að gefa nokkrar skýringar á atriðum sem hv. þm. Jón Ármann spurði hér um í umr. í fyrrakvöld, en kann nú ekki við að gefa honum þær, þar sem hann er ekki í hv. d., og geymi mér það e. t. v. þar til síðar í því sem ég kann að segja, því að hann

flutti ákveðnar spurningar. Ég vil ekki fara að lengja umr. með því að svara þessu nú.

Þarna kemur hv. þm. Jón Ármann, og mig langar til að gefa honum nokkrar upplýsingar út af kurteislegum spurningum, hv. 1. landsk., sem hann bar hér fram í fyrrakvöld. Það var út af því, við hvaða kjör þeir þyrftu að búa sem nú gerðust bændur, en hefðu ekki verið það áður.

Það mun jafnan hafa verið svo í landbúnaði og ég minnist þess frá því ég hóf búskap, að þá var allerfitt að hefja búskap og var ég þó leiguliði á jörð og þurfti ekki að kaupa jörðina. Þetta er enn þá erfiðara fyrir þann sem kaupir jörðina. Það, sem hefur verið gert á síðustu árum til þess að reyna að létta undir með þessu fólki, mér er fullkomlega ljóst, að það nægir ekki, eins og það nægir ekki heldur í öðrum atvinnugreinum, þegar út í slíka stofnun er farið, ef hlutaðeigandi á ekkert eigið fjármagn. Árið 1972 voru lánaðar 200 þús. úr veðdeild Búnaðarbanka Íslands til þess að kaupa jörð. Nú er þessi fjárhæð orðin 2 millj. kr. Ég vonast til að það verði hægt að ljúka því að afgreiða þau lán, sem sótt hefur verið um á þessu ári, og það verði gert nú fyrir áramótin.

Í öðru lagi hefur á þessu sama tímabili verið tekið upp að lána frumbýlingum bústofnslán. Það er til þess að kaupa búið og er þá miðað við hálft visitölubú. Þetta var ekki fyrir þann tíma og hefur að sjálfsögðu létt undir með þeim sem kaupa áttu, þó að ég viti að ekki síst vegna verðlagsbreytinga hefur þetta reynst nógu erfitt þrátt fyrir þessa aðstoð. Þá hefur og á þessum tíma — og var það komið áður — verið lánað til þess að tæknivæða landbúnaðinn, t. d. heimilisdráttarvélar og þess háttar, sem hefur jafnan haft forgang þegar fjár hefur verið vant úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, en í flestum árum hefur verið reynt að leysa úr því. En þetta, þótt gert hafi verið, hefur og gert það að verkum vegna verðbreytinganna, að fjármagnskostnaðurinn hefur orðið mikill, — og það er eitt af þeim atriðum sem deilt er um nú í sambandi við verðlagningu á landbúnaðarvörum og deilt er um nú í sambandi við þann dóm sem nú er nýlega upp kveðinn þar að lútandi, — að það sé ekki nógu mikið tillit tekið til fjármagnskostnaðarins, ekki síst þegar á það er að líta að fjármagnskostnaðurinn í landbúnaði hefur eins og í öðrum háttum okkar þjóðfélags vaxið mjög á síðustu árum, þar sem við höfum m. a. orðið að fá erlend lán til þess að lána í gegnum stofnlánadeildina eða verðtryggð innlend lán. Þetta hvort tveggja hefur haft geysilega mikið að segja í sambandi við fjármagnskostnaðinn og gerir það að verkum, að hann hefur ekki náð í gegnum verðlagið eins og raunverulega þarf að vera til þess að hægt sé að stofna til landbúnaðar og annarrar atvinnugreinar með lánum. Til þess þarf framleiðslan að geta borið fjármagnskostnaðinn.

Þessu til viðbótar er svo það, að á yfirstandandi ári hefur dregið úr sölunni. Að vísu hefur það ekki verið fyrr og ég kem að því síðar. En þetta hefur gert það að verkum, að þeir, sem byrja búskap núna, hafa auðvitað miklu verri aðstöðu heldur en þeir sem hafa byrjað búskap fyrir áratugum, vegna þess að þeirra fjármagnskostnaður er margfalt minni. Og svo hefur, eins og ég sagði áðan, tækni komið þarna til. Menn búa nú við rafmagn, þeir verða að greiða heimtaugagjöld og annað eftir því og yfirleitt er nú farið að nota blásara við heyþurrkun, þetta var óþekkt hér áður fyrr, svo að rekstrarkostnaður í landbúnaði hefur eins og annað í okkar þjóðfélagi orðið miklu meiri en áður. Hins vegar hefur þessi tækni dregið úr vinnuaflinu, svo að það þarf færri hendur nú til framleiðslunnar heldur en áður var, og auðvitað á tæknin að vega upp á móti þessu.

Ýmislegt hefur svo gerst á síðustu árum sem hefur orðið til þess að létta undir með bændum. T. d. hefur nú á síðustu árum verið tekin upp sérstök aðstoð við vatnsleiðslur heim á sveitaheimili, sem ekki var áður, en það hefur verið afar mikils virði, því að í þessum þætti voru bændur mjög illa settir og gátu enga aðstoð fengið frá ríkisins hálfu nema þeir hefðu félagsskap með sér, sem stundum gat verið mjög erfitt að koma við.

Þetta vil ég nú segja hv. 1. landsk. þm. um breytingar á þessum atriðum frá því sem áður hefur verið, og þessu til viðbótar get ég getið þess, að það er verið að kanna lausaskuldir bænda, hversu miklar þær séu, sérstaklega hjá þessum ungu mönnum. Um það, hvernig úr skuli leysa, get ég því miður ekki sagt á þessari stundu því að það er mál sem á eftir að vinna betur að. Mun ég nú láta þetta nægja og treysti því, að hv. þm. telji að ég hafi svarað honum eins og vera bar, því að spurningar hans voru settar fram með þeim hætti, að það var vegna eðlis málsins sem ég taldi ekki ástæðu til að fara út í þetta þá, enda hlýtur þá undir umr. um þessa þáltill.

Kem ég þá að þáltill., sem er svo, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að fela landbrh. að láta undirbúa frv. um breyt. á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. er miði að því að Stéttarsamband bænda semji milliliðalaust við ríkissti., a. m. k. til eins árs í senn um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara og heildsöluverð þeirra og önnur mál, er varða réttindi og kjör bænda.

Gert skal ráð fyrir því, að bændur hafi óskoraðan samningsrétt um málefni sín til jafns við aðrar stéttir.

Frv. þetta skal lagt fyrir Alþ. eigi síðar en í febrúarlok n.k. svo að tími gefist til að afgreiða það fyrir þinglok."

Í tilefni af þessari þáltill. langar mig að víkja aðeins aftur í tímann og minna þá á það, að eitt af þeim fyrstu verkum, sem ég vann sem landbrh. var að láta endurskoða lög um framleiðsluráð landbúnaðarins. Ég er hér með fyrir framan mig frv., sem var lagt fyrir 92. löggjafarþing, 1971—1972. Þetta frv. var sú vinna, sem sú n., sem ég þá skipaði sem landbrh. í vinstri stjórn, lét vinna til úrlausnar á þessum málum. Og eitt af þeim atriðum, sem er að finna í þessu frv., eru samningar við ríkisstj.

Nú hafði ég nokkur kynni af þessum málum meðan ég átti setu á aðalfundum Stéttarsambands

bænda, en á þeim fundum sat ég sem fulltrúi, þ. á m. stofnfundi og alla fundi, meðan ég var bóndi að einum undanskildum, sem ég forfallaðist frá, það munu hafa verið einir 8 eða 9 fundir, sem ég var fulltrúi í hópi þeirra sem sátu stéttarsambandsfundina. Þessi mál voru farin að koma til umr. á þeim árum. Ég mætti svo síðar á þessum fundum og fylgdist með umr., þó að ég ætti þar ekki seturétt. Um það voru mjög skiptar skoðanir hjá bændum, hvort rétt væri að fara inn á þá braut að semja við ríkisvaldið, eða þau rök, sem komu fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. áðan, að með því að eiga samninga við neytendur væru möguleikar til þess að auka skilning á milli þessara stétta. Ég get sagt það sem mína persónulegu skoðun, að ég hafði þessa skoðun og hef ekki alveg kastað henni fyrir róða. Hins vegar taldi ég mér skylt að fara inn á þá stefnu sem bændasamtökin mótuðu með þessu frv., jafnvel þó að ég sjái á því ýmsa vankanta. Og ég verð að segja það, að eftir að hafa þó setið í ríkisstj. í sjö ár með þrem flokkum fyrir utan okkar eigin flokk, þá er mér það ljóst, að þó að inn á þessa breytingu væri farið er ekki allt fengið með því. Hins vegar er það svo með mörg kerfi, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að þau ganga sér til húðar á vissum tíma, og það á við, sem Tryggvi heitinn Þórhallsson var talinn hafa að orðtaki, en hann heyrði ég aldrei mæla, sá hann ekki heldur, svo að ég veit ekki hvort rétt er með farið, að sagan endurtaki sig. Og sagan endurtekur sig á þann hátt, að það er breytileikinn sem gerir það að verkum.

Nú kom það fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., að með góðu samstarfi bænda og neytenda og þ. á m. alþýðusamtakanna, sem ég sagði áðan að ég hefði haft trú á, þá höfum við svo sem báðir orðið fyrir ýmsum áföllum með þessa hugsun. Fyrsta stórkostlega áfallið var það sem gerðist 1958, þegar vinstri stjórn sat að völdum sem studd var af flokkum þeim sem talið var að samtök þessi ættu mest fylgi í, þegar miðað er annars vegar við bændur og hins vegar alþýðusamtökin. Þá gerðist það út af ákvæðum laga að það ætti að jafna það, að salan á erlendum markaði gæfi minni tekjur til bænda heldur en salan innanlands, með því að bæta því ofan á verðið innanlands sem talið var að mundi skorta á verðið á erlendum markaði. Þetta var framkvæmt 1958 gegn ákvörðun neytendanna og varð til þess að neytendur fóru í mál við framleiðendur út af þessu ákvæði. Þetta var fyrsta stóráfallið sem þessi grundvöllur hefur orðið fyrir. Ég segi ekki að þetta hafi sprengt vinstri stjórnina, því að það voru almenn efnahagsmál og fleiri atriði sem ég ætla ekki að fara út í hér, en þetta gerðist þá þrátt fyrir setu þessara flokka í ríkisstj. og þessi viðhorf framleiðenda og neytenda. Og það var upp úr því, sem neytendur hættu að láta fulltrúa sinn mæta. Nú finnst mér að í mínu minni sé það, að þeir hafi byrjað á þessu aftur, ég held að það sé rétt munað hjá mér, en man ekki atvikið sem gerði það að verkum að þeir hættu síðar. En þessi átök milli neytenda og framleiðenda urðu til þess, að ákvæðin um útflutningsbætur voru tekin upp með samningum milli sex manna nefndar og báv. ríkisstj., sem var sú stjórn sem við höfum kallað Viðreisn og kom til valda í árslok 1959. Þess vegna byrjar 12. gr. framleiðsluráðslaganna á því, að það er bannað að leggja á vörur, sem seldar eru innanlands, hallann af sölunni á erlendum markaði. Þetta er tekið fram vegna þess samkomulags sem var gert um að banna þetta, en verðið tryggt með því að útflutningsbætur skuli greiddar, þó þannig að þær séu ekki hærri en 10%. Þannig er grundvöllurinn að því að sá háttur er upp tekinn.

Það, sem ég var svo að fitla við þegar ég skipaði n. sem í voru valinkunnir menn að mínu mati og ég held þeirra sem tilnefndu, var að reyna að finna leið til þess að sameina þessi sjónarmið á þann veg, að það yrði þá ríkisvaldið sem færi með þessi mál í samningum við seljendur eða framleiðendur. Nú gerðist það mér til mikilla sárinda, og auðvitað hefur orðið að búa við það síðan, að ég kom frv. aldrei í gegn. Ástæðan var sú, að ég fékk ekki þá stuðningsflokka, sem studdu mig sem landbrh. og ríkisstj. í heild, til þess að fylgja frv. eftir. Það voru í hópi þeirra þm. sem vildu ekki samþykkja frv. Ég gerði tilraunir á þingunum síðar til þess að fá þá einhverjar breytingar á þessu til þess að hægt væri að koma því í gegn, en það tókst ekki.

Nú vil ég ekki halda því fram, að flokksmenn hv. 5. þm. Norðurl. e. hafi verið þar einir að verki, þó að í þeim hópi væru þeir líka. Það voru líka í hinum stjórnarflokknum menn sem vildu ekki samþykkja frv. Þess vegna varð það ekki að lögum. Þar var m. a. gert ráð fyrir því að hækka prósentuna upp í 12 % úr 10%. Hins vegar var ekki farið inn á þá leið, sem kemur fram í grg. með þáltill. þessari og ég skal víkja frekar að síðar. En ég vil segja það í sambandi við þetta mál, að haustið 1971 atvikaðist það svo, að ég fór á fund norænna landbrh. og fleiri manna sem eru í norrænu samstarfi um landbúnað, þ. á m. eru ráðuneytisstjórarnir og fleiri embættismenn og líka fulltrúar frá félagssamtökum bænda í viðkomandi löndum, og á þennan fund fór ég til Noregs. Einn af þeim, sem sátu þennan fund, var formaður norsku bændasamtakanna. Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri Framleiðsluráðsins, sem er þessum málum mjög kunnugur í Noregi og líka persónulega kunnugur mörgum framámönnum í landbúnaði í Noregi vegna námsdvalar sinnar þar og þess kunningsskapar sem hann komst þá í í sambandi við þá aðila, var með í þessari ferð og fyrir hans tilverknað heimsótti ég þennan norska bónda til þess m. a. að fá hjá honum upplýsingar um norska sölukerfið í landbúnaði. Þetta sama haust fengum við hann líka til þess að koma hingað til Íslands til þess að geta kynnt hér hvernig Norðmenn vinna að þessum málum og kynna þeirra sölukerfi sem allra mest. Það var skoðun mín og hún er óbreytt, að við höfum unnið þarna rétt að máli og þessi norski maður hafi lagt gott til og margt hafi verið og margt sé í þessu frv. sem sé mjög gagnlegt og gott og mundi skapa miklu betra kerfi en við höfum nú.

Eitt af því sem kom í ljós, — og þetta kom líka fram í sumar þegar norski landbrh. var hér á ferðinni, þá fór hann nokkuð inn á það í viðtölum við blaðamenn, hvernig norska verðlagskerfið væri upp byggt og í hverju væri

fólgin aðstoð við bændur, — það kom fram, að ef út í þetta yrði farið, ef samningar yrðu á milli bænda og ríkisvaldsins, þá mundi ekki eingöngu verða samið um verðlagskerfið eitt. Það kom mjög greinilega fram hjá bæði formanni bændasamtakanna norsku og eins hjá landbrh. Noregs í sumar, að það, sem fer fram í þessum samningum, eru landbúnaðarmálin yfirleitt og þ. á m. stefnan. Þar mundi t. d. ekki vera eins og hjá okkur jarðræktarstyrkur eða styrkur á vatnsveitur eða annað þess háttar sérstaklega, heldur væri þetta allt saman tekið inn í kerfið í samningunum, enn fremur útflutningsbætur á vissan hátt og niðurgreiðslur, en þetta er látið fylgjast að.

Það, sem hefur valdið okkur erfiðleikum nú á hinum síðari árum, er einmitt það, að Norðmenn hafa farið, vegna þess að þeir hafa búið við verðbólgu, þó ekki í eins ríkum mæli og við, þá hafa þeir farið inn á það að auka niðurgreiðslur á dilkakjöti í Noregi, og það hefur þýtt það að verð á dilkakjöti, sem við seljum þar, hefur lækkað og útkoman fyrir okkur hefur því orðið mun verri. Þetta höfum við rætt við þá nú á yfirstandandi ári, bæði við ráðh. í sumar, enn fremur fór framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs vegna þess starfa, sem hann vinnur í n. sem ég skipaði á þessu ári til þess að athuga markaðsmálin og verðlagsmál á erlendum grundvelli, og ræddi við landbrh. bæði Noregs og Svíþjóðar um þessi kaup þeirra á okkar dilkakjöti. Og á fundi þeim, sem ég fór til FAO, ræddi ég við alla ráðh. Norðurlandanna um þessi mál og sömuleiðis við aðalforstjóra FAO. Og ég tel brýna nauðsyn bera til þess að haldið verði áfram á þessari braut, því að ég held, eins og ég kem að síðar, að ljóst sé, að við verðum alltaf að gera ráð fyrir því að við höfum eitthvað af framleiðslu umfram neysluna hér innanlands og þar komi fleira til en hv. 5. þm. Norðurl. e. vildi nú vera láta. Þess vegna þurfum við að huga að þessum málum meira en ég tel að gert hafi verið.

Út frá þessu, sem ég sagði áðan um þau átök sem urðu þarna, þá man ég ekki hvenær upp úr slitnaði aftur og fulltrúi Alþýðusambandsins hætti að mæta í sex manna nefnd. Ég hef það ekki í kollinum. (Gripið fram í: 1966.) 1966, já það má vel vera. Þá var líka offramleiðsla í okkar landi, ef ég man rétt. (StJ: Of lítil neysla.) Of lítil neysla, jú, eins og við getum orðað það líka. En eins og ég tók fram um daginn, þá munu það hafa verið bestu afkomuár fyrir bændastéttina, árin 1965 og 1966 og 1972, 1973 og 1974. Þetta tel ég mig hafa öruggar skýrslur um allt saman, en skal ekki fara út í það. En ég tel það ekki rétt með farið að fulltrúi sá, sem er í sex manna nefnd núna, sé umboðslaus, því að lögin mæla svo fyrir að ef aðili lætur ekki mæta, þá á ráðh. — í þessu tilfelli félmrh. — að skipa fulltrúa í n., og ég held að það muni enginn telja að störf Torfa Ásgeirssonar í n. séu með þeim hætti að hann telji sig umboðslausan eða hafi ekki unnið þar af mestu samviskusemi, enda veit ég að það er ekki verið að ræða um það. Mér er ljóst að það er álit allra. Hins vegar geta menn deilt um gerðir hans eins og annarra og skilning á málum, eins og fram hefur komið.

Ákvæðið um gerðardóminn, ef ekki yrði samið í sex manna nefnd, tel ég að mrni hafa verið í lögunum frá upphafi. Og ég minnist þess líka frá þeim árum þegar ég var einn í hópi bænda og fulltrúi, að þá töldu bændur sig ekki vilja fá verkfallsrétt og hafa ekki talið sig vilja fá hann enn. Og þeir eru að því leyti ekki sambærilegir við launamanninn, að þeir bara gera verkfall við sjálfa sig. Þeir geta ekki hætt að mjólka kýrnar, það er útilokað mál. Þeir geta ekki heldur hætt að gefa kúnum, ef það er vetrartími. (Gripið fram í.) Það kemur fram síðar. Og þeir geta ekki heldur annað en sinnt þeim störfum sem þarf, hvernig sem ástandið yrði. Þetta er þeim ljóst, og þess vegna er það svo, að þeir hafa ekki viljað taka þennan rétt. Það er aftur þeirra mál hvort þeir skipta um skoðun í þeim efnum, en ég hygg að á því muni verða dráttur.

Út af því, sem hv. þm. segir hér og flytjendur í grg. um að ekki hafi orðið aukning á framleiðslu á síðustu árum, þá er það ekki svo. T. d. mun vera meiri mjólkurframleiðsla á þessu ári heldur en nokkurn tíma hefur orðið. (Gripið fram í.) Já, en við tökum aftur frá 1960 til 1970, þá kemur árið 1965 með toppinn í mjólkinni, svo fer þetta að lækka 1966, það er sama 1967, svo heldur þetta áfram að lækka. Svo fer þetta aftur að aukast 1971 og 1974 er það mest, 1975 og 1976 dregst framleiðslan saman, enda eru þá hin miklu óþurrkasumur á Suður- og Vesturlandi. Ég man eftir því, að ég heyrði menn tala um það þá, að ekki yrði langt í það að hér yrði mjólkurskortur. Ég svaraði því til, að e. t. v. væri nú svo komið að ég væri orðinn svo fjarlægur landbúnaði að ég skildi ekki grundvallaratriði eins og það, hve mikil áhrif árferðið hefði á framleiðsluna. Sumur eins og 1975 og heyskapurinn þá voru ekki til að auka mjólkurframleiðsluna, nema síður væri, enda reyndist ekki svo. Sumarið 1976 var líka afleitt sumar. Þá dró úr mjólkurframleiðslu bæði sumar og vetur. Mjólkurframleiðslan var að vísu svipuð árið áður. En við sumarið í sumar og við heyin í haust eykst hún svo, að mér er sagt að það sé eitthvað á annan áratug síðan það hafi skeð, að mjólkurframleiðslan hafi aukist í nóvember, þangað til núna. Nú hefur hún aukist verulega í nóvember, og er talið að hún muni aukast um 6—7 millj. lítra á þessu ári. Þetta hefur að sjálfsögðu haft sitt að segja, og er ekki neitt undarlegt þó að svo sé. Þrátt fyrir það að bændum hafi fækkað, þá hefur tæknin og ræktunin gert það að verkum að búvöruframleiðsla hlýtur að aukast, enda hefur hver bóndi skilað það mikilli framleiðslu, að það, sem menn voru eitt sinn að tala um hér á hv. Alþ., sumir hv. alþm. og jafnvel ráðh. á þeim tíma, að bændur væru dragbítar á framleiðsluaukningunni er mjög fjarri sanni. Allt þetta er liðið hjá og tækni nútímans er orðin mikil í sveitum landsins. Ég heyrði haft eftir einum af okkar fremstu mönnum í landbúnaði sem þekkingarmanni á því sviði, ráðunautinum á Suðurlandi, að íslenskur landbúnaður væri einn best tæknivæddi landbúnaður í heimi. Nú

þori ég ekki að segja hvort þetta stenst. Séra Árni hefði bætt því við: þó víðar væri leitað, en ég læt mér nægja þetta. En þetta sýnir að bændur hafa verið ötullega að störfum og mikið hefur gerst í íslenskum landbúnaði á síðustu árum.

Þessi þáttur var um mjólkina, og þá er það kjötið, en þar hefur einnig orðið framleiðsluaukning. Á árunum 1962—1967 var kindakjötsframleiðslan mjög svipuð, hún var mest þá á síðasta áratug eða 13 500 tonn. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að hún verði um 15 þús. tonn. Aukningin er því um 9% frá því hún var mest, en aftur um 30% ef tekin eru s. l. 10 ár. Þetta segir það, að aukning hefur orðið í framleiðslunni bæði á sviði kjöts og mjólkur, og ber að hafa það í huga.

Í öðru lagi vil ég svo benda á það í sambandi við það, sem nú hefur gerst, þegar svokölluð K-vísitala var til hér á landi. Það var mikið og merkilegt fyrirbrigði, og ég man frá þeim árum sem ég var fjmrh., að þá var það K-vísitalan sem kom einna verst við hjartað á mér. Þá kom kindakjötið inn í K-vísitöluna, nautgripakjötið sama og ekki neitt. Þess vegna var farið í kindakjötið, þegar þurfti að fást við K-ið, og það greitt mest niður. Og það er sannast best að segja, að við niðurgreiðslurnar 1974, sem voru að mínu mati úr hófi fram, var farið í kindakjötið. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að þær sögur, sem sagðar voru, að sumir hefðu keypt sér frystikistur bara út á þetta, að eitthvað að þeim hefur verið satt, en megnið hefur verið ósatt. En þá var ekki verið að eiga við nautgripakjötið, því að það gerði sama og ekkert í vísitölunni. Þannig var nú farið að þá. Það, sem hefur hins vegar gerst núna, er að þessu var breytt. Það var breytt reglunum um nautgripakjötið, og svo er farið að nota núna framfærsluvísitölu í staðinn fyrir K-vísitölu og nautgripakjötið verkar álíka og kindakjötið. Þess vegna var farið að greiða niður nautgripakjöt, af því að það var orðin engin sala í nautgripakjöti og hér voru orðnar stórkostlegar birgðir af því. Þá var gripið til þess ráðs að hefja þar útsölu og síðan látin koma niðurgreiðsla. Þetta hefur auðvitað þýtt það, að niðurgreiðslan á dilkakjötinu hefur ekki orðið eins mikil og að öðrum kosti hefði verið. Þessu megum við ekki gleyma þegar við gerum samanburð á þessu. Og þessu til viðbótar vil ég svo segja það, að það, sem hefur aukist á síðustu árum þrátt fyrir kaupgetuna, er neyslan á dýrasta kjötinu, svínakjöti og fuglakjöti. Hún hefur aukist verulega á síðustu árum. Þýðir ekkert fyrir okkur að horfa fram hjá þessu, af því að við viljum blekkja okkur með hinu. Þess vegna er það staðreynd að því eru takmörk sett, hvað út færi af dilkakjötinu þótt við ykjum niðurgreiðsluna. Hins vegar er það staðreynd, að við jukum niðurgreiðslur á dilkakjöti í sumar og það kom mér á óvart, þegar var verið að ræða um það m. a. við ASÍ-samtökin, hvað voru fáir menn sem höfðu áhuga á því að auka niðurgreiðslurnar. Það voru þarna ágætismenn, sem ég þekkti að því að hafa áhuga fyrir slíku. — Ég verð að biðja hæstv. forseta að lofa mér að geyma mér ræðuna, því að ég er langt frá því að vera búinn. (**Forseti:** Já, það verður að sjálfsögðu orðið við ósk hæstv. ráðh., þó að ekkert væri til fyrirstöðu að hann héldi áfram ræðu sinni núna. En það verður orðið við óskum hans.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Efri deild, 30. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 29. fundi.

Iðjuþjálfun, frv. (þskj. 104, n. 196). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13. shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um iðjuþjálfun. Iðjuþjálfun er frekar ný starfsgrein hér á landi. Iðjuþjálfarar hafa unnið hér í nokkur ár við tiltölulega fáar stofnanir. En starf þeirra er mikilvægt og vex að umfangi, einkum nú hin síðari árin, þar eð það hefur komið í ljós, að það getur verið mörgum sjúklingum mikil nauðsyn að fá hæfa og lærða aðila til þess að kenna sér að vinna og til þess einnig að endurhæfa sig á ýmsan hátt með vinnuþjálfun.

Það er *tilgangur iðjuþjálfara* að starfa við endurhæfingu sjúkra og heilbrigðra sem fólgin er í þjálfun, fræðslu og kennslu. Getur það ekki síst átt við kennslu í því að vinna, starfa og nota þau störf sem lið í lækningu sjúkra.

N. fór rækilega yfir frv. og sér ekki neina annmarka á því og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—13. gr samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Matvælarannsóknir ríkisins, frv. (þskj. 105, n. 197, 198). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13. shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. til l. um matvælarannsóknir ríkisins hefur verið til umr. á nokkrum fundum heilbr.- og trn. Hér er um að ræða stofnun sem í raun og veru hefur verið að störfum nú í nærri tvö ár, var áður deild í matvælarannsóknum Fiskifélagsins, en vegna aðstöðu þar var ekki hægt að hafa hana þar lengur og þess vegna varð heilbrmrn. að skapa henni nýja starfsaðstöðu.

Þótt þessi stofnun sé nú fámenn og láti lítið yfir sér, þá er ætlast til þess að hún eigi fyrir sér að vaxa og geti skipst í margar deildir, þar sem séu að verki örverufræðingar (matvælagerla-

fræðingar), matvælaefnafræðingar, dýralæknar, matvælafræðingar og matvælaverkfræðingar ásamt aðstoðarfólki. Það, sem segir um tilgang stofnunarinnar í 3. gr., er þannig:

„Matvælarannsóknir ríkisins skulu undir stjórn heilbrmrh. annast matvæla-, efna- og örverufræðilegar rannsóknir á hvers konar matvælum og neysluvörum vegna heilbrigðiseftirlitsins í landinu. Stofnunin er til ráðuneytis landlækni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um matvælaeftirlit fjalla."

Í landinu eru til fyrir matvælarannsóknir iðnaðarins, matvælarannsóknir fiskiðnaðarins og matvælarannsóknir landbúnaðarins. Í fyrstu skyldi maður halda að einhver af þessum stofnunum gæti tekið að sér að annast þær þjónusturannsóknir sem hér er um að ræða. En svo reyndist ekki vera, og rn. og Heilbrigðiseftirlit ríkisins leggja mikið upp úr því, að hér verði að verki áfram sérstök stofnun sem annist matvælarannsóknir ríkisins og þá sérstaklega í formi ekki frumrannsókna, heldur sem þjónustustofnun, ekki síst við lækna og við heilbrigðiseftirlitið í landinu.

Í nágrannalöndunum er þetta víða svo, að allar þessar rannsóknastofnanir eru undir einum hatti og heita þá gjarnan Rannsóknastofnanir ríkisins. En þar sem fyrir liggur á næstu árum að endurskoða lög um matvæli og matvælaeftirlit, sem eru frá 1936, þá fannst okkur eðlilegast að samþykkja þetta frv. að mestu efnislega óbreytt, en það yrði svo ákvörðun þeirra aðila, sem endurskoðuðu lögin um matvæli og matvælaeftirlit, hvort þessar stofnanir yrðu að einhverju leyti færðar saman eða ekki.

Varðandi dreifingu rannsóknarmöguleika út um landið hefur hæstv. ráðh. upplýst okkur um það, að rannsóknir úti á landi munu verða unnar eftir sem áður af fiskirannsóknunum eða öðrum rannsóknastofum sem nú þegar eru úti um landið.

N. gerir eina tillögu til breytingar á frv. Það er ekki efnisbreyting, en hún er við 6. gr. — 6. gr. hljóðar svo.

„Nú er öðrum stofnunum eða aðilum falið með sérstökum lögum að annast rannsóknir á matvælum eða neysluvörum, sem þessi lög taka til, og fari fyrirmæli þessara aðila í bága við fyrirmæli þessara laga, skal skjóta ágreiningsmálum til ráðh. til fullnaðarúrskurðar."

Okkur fannst að þar sem aðrir ráðh. en heilbrmrh. stjórna þeim stofnunum og aðilum sem er falið með sérstökum lögum að annast rannsóknir á matvælum og neysluvörum, þá væri eðlilegra að í staðinn fyrir að hér stæði: „skal skjóta ágreiningsmálum til ráðh. til fullnaðarúrskurðar", þá stæði: „Skal skjóta ágreiningsmálum til heilbrrh. til fullnaðarúrskurðar". Og n. gerir brtt. hér um. Að öðru leyti leggur hún til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. þar sem við mæltum með þessu frv. Ég tel nauðsynlegt að lögfesta þessa stofnun sem þegar er starfrækt. Það er ekki annað en viðurkenning á því að hún sé til og annist þýðingarmikið starf, þar sem er þjónustustarf eins og hv. frsm. tók fram. Hins vegar benti hann réttilega á það, að rannsóknir á matvælum færu fram á þrem öðrum stöðum, þar ætti að vísu að vera um annars konar rannsóknir að ræða, þ. e. a. s. frumrannsóknir frekar. En þjónusturannsóknirnar, sem væru gerðar fyrir hina ýmsu aðila, heilbrigðisnefndir og ýmsa aðra, færu aftur fram í þessari stofnun sem við erum nú að ákveða að lögfesta.

Við vorum á því nokkrir í n., að það væri nauðsyn á samræmingu á öllum þessum málum, þannig að það væri ljóst að sömu aðilar væru ekki að fást við sama hlutinn, margir aðilar að fást við það sama, eins og æðioft vill við brenna hjá okkur. Og ég fékk einmitt meðan við vorum að fjalla um þetta frv. sönnun þess arna, þar sem ein þessara stofnana, sem hv. frsm. nefndi, var greinilega að framkvæma rannsókn eða athugun eða könnun á máli sem hefði hreinlega átt að vera í þessari stofnun sem við erum að lögfesta. Og ég hygg að það séu mörg dæmi um það, að margir aðilar séu þarna að fást við sama hlutinn.

Það er talað um að endurskoðun laga um matvælaeftirlit í heild fari fram. Það er gott og blessað ef það verður. Við höfum oft orðið að bíða nokkuð lengi eftir endurskoðun á ýmsum lögum, ekki síst hjá þessari hæstv. ríkisstj. sem lofaði endurskoðun, held ég, flestra laga í landinu, og við höfum fátt séð nýtilegt af því, svo að ég geri ekki ráð fyrir að það gerist a. m. k. í snarheitum hjá þessari hæstv. ríkisstj. En við skulum vona að það verði, því að ég hygg að á þessu sé hin mesta nauðsyn, eins og reyndar kom ljóslega fram hjá hv. frsm.

Það vakti einnig athygli okkar sumra í n., að þarna er verið að tala um fjölda deilda, að vísu eftir því sem fé er veitt til slíks á fjárl., og komu fram raddir um að þarna gæti orðið um nokkra útvíkkun að ræða eftir að stofnunin væri búin að fá lögildingu. En að vísu er það á valdi fjvn. hverju sinni eða á að vera. Það er kannske frekar fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem er eiginlega yfirráðili í þessum efnum, að því er manni helst skilst, að takmarka það nokkuð, þannig að þessi stofnun bólgni ekki út að óþörfu.

Ég tel hins vegar þessa stofnun mjög nauðsynlega og sjálfsagða, og það er ábyggilegt að hún fer ekki inn á verksvið þeirra stofnana sem eru að fást við matvælarannsóknir í landinu. Það er greinilegt. En ég kann þó illa við það, þegar ég sem fjvn.-maður er beðinn um að styrkja aukna fjárveitingu til matvælarannsókna hjá annarri stofnun, sem beinlínis eiga að vera þarna, en ekki hjá þeirri stofnun sem var að fara fram á aukið fé til sams konar starfsemi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 198 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 142, n. 202). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Á fundi n. komu þeir Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri og Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga til viðræðna um efni frv.

Hinn 31. des. 1976 tók gildi nýtt fasteignamat, en með bráðabirgðaákvæði í lögum um breyt. á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, var kveðið á um að við álagningu fasteignagjalda á árinu 1977 skyldi miða við eldra matið að viðbættu 236% álagi.

Samkv. lögum um skráningu og mat fasteigna skal framreikna matið í des. ár hvert, og við framreikning nú í des. mun það hækka um 33% frá síðasta ári, og skulu fasteignaskattar næsta árs miðast við það framreiknaða mat. En eftir þá hækkun er ljóst að lágmarksfasteignaskattar munu í nokkrum sveitarfélögum hækka á næsta ári frá því sem var á þessu ári töluvert umfram almennar hækkanir sem orðið hafa og verða væntanlega á þessu tímabili. Sérstaklega mun það verða í dreifbýlishreppum þar sem fasteignaskattar hafa ekki verið innheimtir með álagi á þessu ári.

Til þess að lagfæra þetta veitir þetta frv. sveitarstjórnum heimild til þess að lækka eða hækka fasteignaskatta um 25% í stað þess að í núgildandi lögum er aðeins heimild til hækkunar og um 50%. Ef þessi 25% heimild til lækkunar verður notuð munu fasteignaskattar verða í samræmi við það sem þeir voru áður en 50% heimildarhækkunin var notuð. Svigrúm, sem sveitarfélögunum er veitt með þessu nýja ákvæði, er því svipað og það var samkv. eldir ákvæðunum.

Félmn. leggur því til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 30. fundi.

Iðjuþjálfun, frv. (þskj. 104). — *3. umr.*

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Matvælarannsóknir ríkisins, frv. (þskj. 207 (sbr. 105)). — *3. umr.*

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 142). — *3. umr.*

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 32. fundur.

Föstudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Læknalög, frv. (þskj. 110, n. 183). — *2. umr.*

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar að undanförnu frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 frá 1973, sbr. læknalög nr. 80 frá 1969, og hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. með smávægilegum breytingum sem getið er í nál. á þskj. 183.

N. sendi frv. þetta til umsagnar til tveggja aðila, annars vegar til læknadeildar Háskóla Íslands og hins vegar til stjórna læknafélaganna tveggja, Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur. Bárust henni umsagnir þessara aðila um frv.

Í umsögn læknadeildar Háskólans segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi deildaráðs læknadeildar í dag var einróma samþykkt að fara þess á leit við hv. heilbr.- og trn. Nd. Alþ. að 1. gr. frv. orðist svo:

„Ráðh. getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi læknadeildar og læknis, enda mæli þessir aðilar með leyfisveitingunni.“

Bent skal á að í grg. fyrir frv. til l. um lækningaleyfi o. s. frv. frá 23. júní 1932 segir, að upphaflega hafi verið til þess ætlast að læknadeildin yrði einnig umsagnaraðili um takmörkuð lækningaleyfi. Deildarráð læknadeildar lítur svo á, að rík ástæða sé til að hinum upprunalega tilgangi verði framfylgt nú að þessu leyti.“

Út af þessu langar mig til þess að upplýsa það hér og taka sérstaklega fram, að í lögum nr. 47 frá 1932, um lækningaleyfi o. fl., svo og í lögum nr. 80 frá 1969, læknalögum, sem að meginefni til eru byggð á lögum frá 1932 og eru í meginatriðum gildandi enn í dag, var að finna

ákvæði um það, að landlæknir og læknadeild Háskóla Íslands þyrftu að mæla með ótakmörkuðu lækningaleyfi, en hins vegar er í lögunum talið nægilegt að meðmæli landlæknis komi til þegar veitt er takmarkað lækningaleyfi. Þetta féll hins vegar niður, að því er virðist fyrir vangá, þegar lögunum frá 1969 var á árinu 1973 breytt, vegna þess að rétt þótti, miðað við þær aðstæður sem þá voru fyrir hendi, að gera það ekki lengur að skilyrði fyrir því að fá ótakmarkað lækningaleyfi, að umsækjandi væri íslenskur ríkisborgari. Þessari meginbreytingu, sem gerð var á árinu 1973, fylgdu nokkrar minni háttar breytingar á læknalögum frá 1969, en einhvern veginn féll það ákvæði, sem nú er ætlunin að taka upp á ný, niður í meðferð, en um það segir í niðurlagi aths. með frv. þessu með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur landlæknir hins vegar bent á að umrætt ákvæði hafi burt fallið, hann hafi ekki gert ráð fyrir afnámi þess í sínum till. 1973, enda telji hann að ákvæði þetta þurfi að vera áfram í lögum. Hefur hann því lagt til að frv. þetta verði flutt og að aftur verði lögfest orðrétt það ákvæði úr 3. gr. læknalaga, nr. 80/1969, sem burt féll 1973, að því er virðist fyrir vangá."

Læt ég þetta nægja um álit læknadeildar Háskóla Íslands, en vil víkja örfáum orðum að umsögn stjórna læknafélaganna, en sú umsögn er dags. 8. des. s. l. Í henni segir m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Læknafélag Íslands óskaði á árinu 1973 eftir þeirri breytingu á læknalögum, að fellt yrði niður skilyrði um íslenskt ríkisfang til ótakmarkaðs lækningaleyfis. Samhliða voru gerðar aðrar breytingar á lögunum. M. a. var gerð breyting á 3. gr. sem fól í sér þrengingu ákvæða um veitingu takmarkaðs lækningaleyfis. Stjórnir félaganna telja að þessi breyting hafi einnig tvímælalaust verið til bóta og er ekki kunnugt um, að hún hafi valdið neinum vandkvæðum, og telja varhugavert að rýmka ákvæðið að nýju.

Í aths. við frv. það, sem nú er lagt fram, segir að landlæknir telji að ákvæði þetta þurfi að vera áfram í lögum. Þar sem engin rök eru tilfærð, hafa stjórnirnar óskað bréflega eftir frekari skýringu af hans hálfu. Þá má benda á að ákvæði frv. eru ekki orðrétt úr 3. gr. laga nr. 80/1969, eins og þó segir í aths.

Telji Alþ. ástæðu til að lögfesta umrædd ákvæði þrátt fyrir mótmæli læknafélaganna, telja félögin óhjákvæmilegt að læknadeild Háskóla Íslands verði umsagnaraðili ásamt landlækni eins og um veitingu annarra lækningaleyfa samkv. þessum lögum."

Um þetta get ég notað eiginlega sömu orð og ég notaði um hina umsögnina og skal ekki lengja fund hv. d. með því að endurtaka það. En um brtt. þær sem n. flytur, þær smávægilegu brtt. í nál. á þskj. 183, vil ég segja þetta:

Fyrri breytingin lýtur að því að aftan við 1. gr. bætist: „að höfðu samráði við læknadeild Háskóla Íslands". Þetta ber að skilja eins og venjulegast er gert og er algengt hér í sambandi við frv. á Alþ., að landlækni ber að kynna sér álit læknadeildar áður en hann mælir með eða gegn leyfisveitingu um takmarkað lækningaleyfi við ráðh. Tel ég þetta alveg skýrt og þurfa ekki frekari útlistunar við.

Síðari breytingin er nánast formlegs eðlis, en hefur enga efnisbreytingu í för með sér. Það þótti ljósara að orða fyrirsögn frv. á þann hátt sem gert er í þessari brtt.

Eins og ég gat um stendur heilbr.- og trn. þessarar hv. d. öll að nál. á þskj. 183. Ég tel mig mæla fyrir munn allra nm. er ég segi að menn í n. telji eðlilegt að valdið til þess að veita takmarkað lækningaleyfi sé ótvírætt í höndum heilbrrh. sem er æðsti maður heilbrigðismála í landinu. Ég a. m. k. tel að hinni læknisfræðilegu hlið og öryggissjónarmiðum sé vel borgið með því, að landlæknir þarf að mæla með slíkri takmarkaðri leyfisveitingu, og hann skal áður en hann tekur afstöðu til hennar, hafa kynnt sér skoðanir þær sem læknadeild Háskóla Íslands hefur í þessum efnum, þó að hann sé að sjálfsögðu ekki af þeim bundinn. Á þessum forsendum byggir n. þá niðurstöðu sína að leggja til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem ég var að lýsa.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Við fjöllum hér um málefni sem varða öryggissjónarmið, heilsufar borgaranna í landinu. Þess vegna var það, að ég studdi heils hugar þá breytingu sem lagði enn frekari áherslu á það atriði en jafnvel var gert í orðalagi frv. sjálfs í upphafi. Að sjálfsögðu geng ég út frá því, að landlæknir hafi fyrst og fremst hliðsjón af sjónarmiðum þeirra sem hafa með höndum umsjón læknafræðslunnar í landinu. En undanþágan, sem þetta frv. fjallar um, þ. e. a. s. veiting takmarkaðs lækningaleyfis, á að vera háð meðmælum landlæknis, að höfðu samráði við læknadeild Háskóla Íslands. Það er ljóst að þessi undanþága verður fyrst og fremst að byggjast á því, að viðkomandi einstaklingur sé talinn hafa nægilega þekkingu til að bera til að stunda þau störf sem leyfisveitingin veitir honum heimild til. Það hefur í öllum löndum verið viss ótti við svonefndar skottulækningar, allt frá því að menn viðurkenndu að verulega þekkingu þyrfti til þess að stunda lækningar. Þetta er sjálfsagt, enda felur þetta frv. ekki í sér nein frávik frá því. Það er einungis þetta, að þegar um mál er að ræða, sem kynnu að vera umdeild í læknastétt, tel ég það mikinn stuðning fyrir yfirstjórn heilbrigðismála að hafa á bak við sig álit þeirra sem hafa læknafræðsluna í landinu með höndum, þar sem er læknadeild Háskóla Íslands. Með því að sinna tilmælum Læknafélags Reykjavíkur, Læknafélags Íslands og læknadeildar Háskóla Íslands að þessu leyti tel ég að við tökum tillit til þess og viðurkennum að þarna verður þekkingin að vera framar öllu öðru.

Ég get ekki varist því að vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að menn mega ekki á þessu fremur en á öðrum sviðum óttast þekkinguna. Við eigum einmitt að reyna að notfæra okkur sem allra best þá þekkingu, sem fagmenn á ýmsum sviðum hafa yfir að ráða, ekki síst þegar um er að ræða heilsu og öryggi borgaranna í landinu. Þess vegna hefði ég ekki verið því mótfallin að tilmælum læknadeildar og læknafélaganna væri alfarið sinnt og það hefði verið skýrt

tekið fram, að meðmæli þeirra þyrftu einnig til að koma. En við nánari athugun og við ábendingar meðnm. minna sá ég að þessi breyting, sem við leggjum til að gerð verði, hlaut að vera nægileg, því að það er vitanlega sjálfsagt og liggur í augum uppi, að ekki færi landlæknir að mæla með leyfisveitingu sem hann teldi að færi í bág við álit þeirra sem telja má dómbærasta um þá þekkingu sem læknar þurfa að hafa til að bera til að sinna sínu starfi.

Ég tel sem sagt, að með brtt. n. sé gengið til móts við þetta sjónarmið á þann veg, að fullnægjandi sé, og tel í raun að það muni ekki breyta þeirri niðurstöðu sem ella hefði fengist hjá þeim aðilum sem um málið fjalla, bæði landlækni og heilbrrh., því að ég veit að ekki vilja þeir ganga gegn því sjónarmiði, að fullnægjandi þekking sé á bak við störf manna í heilbrigðisþjónustunni, síður en svo. Þeir munu vissulega, að ég held, fullnægja því sjónarmiði og fara eftir því.

Ég vildi aðeins taka þetta atriði fram. Með þeim röksemdum, sem form. n. og frsm. gat hér um áðan, og tilvísun til þeirra umsagna, sem hann las upp úr, get ég fallist á þá brtt. sem öll n. stendur að og raunar kemur fram í því, að við skrifum öll sameiginlega undir þetta nál.

Ég ráðfærði mig við landlækni um þetta atriði, er ég hitti hann hér í þinghúsinu í gær, og taldi hann við fljótlega athugun að þessi niðurstaða n. væri rétt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þessu frv. og þó sér í lagi út af ræðu síðasta ræðumanns, 5. þm. Reykv., vil ég fara um þetta mál nokkrum orðum.

Það kemur fram í athugasemdum við frv. og kom sömuleiðis í framsögu, að það orðalag, sem lagt var hér upprunalega til að tekið yrði upp, hvarf úr lögunum á sínum tíma með þeim hætti, að það er ekki viðurkennt að það hafi verið vilji nokkurs manns, að það hyrfi úr lögunum, heldur mun ástæðan hafa verið að mönnum hefur sést yfir eða eins og við segjum, það hefur hent það slys, sem engum er um að kenna eða öllum er um að kenna, að það féll niður. Með tilliti til þess, að landlæknir óskaði eftir því, að þetta atriði yrði aftur tekið upp í lög, þá legg ég þetta frv. fram.

Ég er á gagnstæðri skoðun við n., sem hefur gert þá brtt., og þó alveg sér í lagi á gagnstæðri skoðun við 5. þm. Reykv. um það, eins og 5. þm. Reykv. sagði, að það ætti að vera háð meðmælum læknadeildar, hvort ætti að veita takmarkað starfsleyfi eða ekki. Heilbrrh. koma og fara, en embættismenn sitja lengi, og þetta mál sem auðvitað hvílir fyrst og fremst á landlækni, en ekki á ráðh., enda hygg ég að enginn ráðh. vilji hafa slíka ábyrgð, að bera einn ábyrgð á því að veita takmarkað starfsleyfi.

Á sínum tíma, þegar heilbrigðisstjórnin var ákaflega veik og heilbrigðismálin voru lítill málaflokkur í þessu landi, þótti sjálfsagt og eðlilegt, eins og við uppbyggingu Landsspítalans, að ég tali nú ekki um áður, að læknadeild Háskólans hefði mjög mikið með stjórn heilbrigðismála að gera. En eftir því sem þjóðfélagið verður stærra og flóknara og þessi málaflokkur verður viðáttumeiri, þá eiga að mínum dómi að vera mjög ákveðin skil á milli heilbrigðisstjórnar og menntamála læknastéttarinnar. Þegar þessi ákvæði mörg voru sett á sínum tíma, þá voru ekki mörg stéttarfélög heilbrigðisstétta starfandi umfram læknastéttina. En nú eru fjölmörg slík félög starfandi og nýjar stéttir sem ekki voru til fyrir 10-15-20-30, hvað þá heldur 50-60 árum. Þessar stéttir eiga þá alveg eins að segja til um það eða skólar þeirra eða kennarar, hvernig eigi að standa að þessum málum, eins og læknadeild Háskóla Íslands. Innan læknadeildar Háskóla Íslands eru margir aðilar, sem ekki eru læknar, eins og allir vita, og ég tel að með því að viðhalda alltaf þessu fyrirkomulagi sé verið að rígbalda í gömul forréttindi fyrir læknadeild Háskóla Íslands, forréttindi sem hún á alls ekki að hafa og nær ekki nokkurri átt að hún hafi. Háskólinn rígheldur í sín gömlu forréttindi. Það fer ekki saman, að læknaprófessor, sem á að hafa sem aðalstarf kennslu við Háskóla Íslands, eigi að vera forstöðumaður stórs sjúkrahúss eða sjúkradeildar sem veltir hundruðum millj. kr. eða jafnvel milljörðum. Maður upptekinn í kennslustörfum á að hafa með stjórn slíkrar deildar að gera af því að þetta var einu sinni, af því að þetta var fyrir 50 árum eða 57 árum, þá á að halda því áfram. Þetta er algjörlega mishugsað af hv. þm.

Varðandi álit, sem hv. þm. sagðist hafa fengið hjá landlækni, þá láðist þm. að geta þess, að hann óskaði eftir þessu áliti eftir að nál. hafði verið útbýtt hér á borð þm. Það hefði verið skemmtilegra að taka það fram, að það byggðist ekki á áliti landlæknis, heldur var það byggt á einhverju öðru áliti, þegar landlæknir er spurður eftir að búið er að útbýta þskj. á þingi.

Ég tel að þessi till. í sjálfu sér, þessi brtt., geri enga stórbreytingu á frv. eða gangi þessara mála. Þessi mál eiga fyrst og fremst að vera í höndum landlæknis. Og ég spyr: Af hverju var þá gengið fram hjá læknadeild Háskóla Íslands, þegar lögin um heilbrigðisþjónustu voru sett, varðandi allar stöðuumsóknir, því að í þeim lögum er byggt á allt öðru? Þar er byggt á n., sem landlæknir hefur forustu í, með tveimur öðrum nm., sem eru skipaðir með allt öðrum hætti en að leita til læknadeildar Háskóla Íslands. Um þetta ákvæði í lögunum um heilbrigðisþjónustu var Alþ. sammála. En það var líka í þeim lögum reiknað með meðmælum læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss, þar sem átti að fjalla um þessa stöðu. Hins vegar er orðið svo mikið umstang um slíkar stöðuveitingar, að það getur kostað millj. kr. ef á að framfylgja lögum og lesa yfir allar ritgerðir sem læknar hafa skrifað. Til þess að lesa yfir verðum við að fá sérfræðinga, til þess að lesa bók eftir bók, og svo skrifa þeir reikning á læknataxta fyrir að láta í té umsögn um bækurnar, svo þetta er nú eiginlega orðið að skripaleik. Nú tala ég af reynslu briggja ára, og ég segi það við hv. þd., að eftir því sem fleiri koma nálægt þessum málum og viðkomandi umsækjandi hefur meira skrifað verð ég ruglaðri í sambandi við stöðuveitingar. Það er hægt að gera hlutina svona erfiða og flókna. Ég tel aftur ákvæði í núv. lögum um

heilbrigðisþjónustu, um þriggja manna n. undir forustu landlæknis, vera mjög eðlileg og það ætti að leggja niður frekari umsagnir læknaráðs viðkomandi sjúkrahúss og heimila þessari n. að ráða, þegar þurfa þykir, einhvern sérfræðing á því sviði sem um er sótt, eða eitthvað þess háttar. Hins vegar er þetta vald í raun og veru ekki í höndum ráðh. Það er ekkert nema að skrifa undir bréfið þegar þar að kemur, ef þessar n. eru sammála að veita stöðu. Hins vegar ef n. verða ósammála, þá verður auðvitað ráðh. hver sem hann er, að taka að sér að skera úr um þessi atriði.

Þessi aths. mín við till. hv. heilbr.- og trn. byggist því á þessu sjónarmiði mínu, að með því að heilbrigðisstjórnin og heilbrigðismálin eru orðin stór og sterkur málaflokkur í stjórnkerfinu, sem hefur mörgum ágætum mönnum og sérfræðingum á að skipa, bæði innan og utan sjúkrahúsa, þá eigi heilbrigðisstjórnin að vera sjálfstæð út af fyrir sig, en ekki hnýtt aftan í Háskólann af því svo var fyrir 50 árum. Þetta er mín sannfæring í þessum efnum, og þess vegna er ég á móti því að hnýta læknadeild þarna við þetta mál, eins og öll önnur mál. Læknadeildin á fyrst og fremst að fjalla um menntunarmál lækna. Hún er í fræðslukerfinu, en hún á ekki að vera svo afgerandi sem hún er á mörgum sviðum í sambandi við stjórn heilbrigðismálanna, heldur eiga þeir, sem annast störfin í heilbrigðisstofnunum, að hafa þar forustu. Það eru þeir sem eiga að ráða þar mestu. Ég er ekki með þessu að ráðast nokkurn skapaðan hlut á læknadeildina. Hún á eðlilega að sinna sínu hlutverki. En það á að aðgreina miklu frekar en gert er hvar heilbrigðisstjórnin á að ráða í þessu kerfi og hvar læknadeild Háskólans, og ég tel, ef við lítum á peningahliðina sem við þurfum að gera a. m. k. þegar er verið að leggja á nýja skatta og afla ríkissjóði fjár, að þá fer það ekki saman að vera önnum kafinn við kennslu í Háskólanum og eiga að stjórna stórum sjúkradeildum sem jafnvel velta ekki hundruðum millj., heldur milljörðum króna.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þar sem einstöku nm. eru farnir að gera grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls í n. og einnig vegna þess, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., langar mig með aðeins örfáum orðum að segja mitt álit á þessu máli. Ég vil taka strax fram, að á fyrsta fundi heilbr.- og trn., sem haldinn var fyrir nokkuð löngu, lýsti ég yfir stuðningi mínum við frv. eins og það var lagt fram, og tjáði mig reiðubúinn til að samþykkja það óbreytt. Síðan leið nokkur tími, að boðað væri til fundar aftur, en á fundinum í gær var þetta mál rætt nokkuð. Í ljós kom að einstöku nm. höfðu á þessu aðra skoðun og töldu þörf á að breyta frv. frá því sem það var.

Ég held að þessi breyting, sem hér er lagt til að gerð verði, skipti engu meginmáli. Ég tel að eftir sem áður sé þetta algjörlega í höndum ráðh. og sé ekki að um neina raunverulega efnislega breytingu sé að ræða. Eigi að síður vildi ég helst að frv. hefði náð fram að ganga óbreytt eins og það var lagt fram, og ég er þar alveg sammála hæstv. ráðh. Ég féllst um síðir á að samþ. þessa brtt. Það var fyrst og fremst til þess að reyna að sætta stjórnarliðana í n., þannig að hægt væri að koma málinu fram, þótt með þessari breytingu væri, sem ég taldi ekki hafa neina raunverulega þýðingu. Hún er meira til þess að draga úr tilfinningahita sumra, hugsa ég en að um efnislega breytingu sé að ræða. (Gripið fram í.) Er ég orðinn sállæknir? Ja, ég hef mínar hugmyndir um það, hversu mikill sem lækningamátturinn er, það er annað mál. Líklega hefði ég, eins og oftast áður, átt að halda mig fyrst og fremst við það sem ég vildi í raun og veru að fram gengi, vegna þess að þetta hefur ekkert sætt stjórnarliðið, það er greinilegt. Ég taldi víst að hv. þm. úr stjórnarliðinu, ekki hvað síst kannske úr Sjálfstfl., hefðu haft samráð við sinn ráðh. varðandi málið og að þetta væri þá með hans vitund, a. m. k., kannske vilja, að þessi breyting væri lögð til. Ég veit að það hefur ekki verið gert, en ég heyri að hæstv. ráðh., svona með semingi, fellst á þessa breytingu af því að hún hefur enga úrslitaþýðingu fyrir það meginmál sem hann vill hér ná fram.

Ég vildi sem sagt strax við þessa umr., fyrst menn fóru á annað borð að tjá sig, hv. nm. í heilbr.- og trn., aðrir en frsm., greina frá því, að að ég vil styðja fast við bakið á hæstv. ráðh. og láta málið ganga fram, eins og hann lagði til.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til þess að láta í ljós undrun mína yfir ræðu hæstv. heilbrrh. og andmælum hans við þeirri sjálfsögðu breytingu, sem ég tel að n. hafi gert á því frv. sem hér er um að ræða, sem sé að veita leyfi til þessarar tegundar af læknisstörfum að höfðu samráði við læknadeild Háskólans. Það er auðvitað alveg sjálfsagt, þegar jafnmikilvæg réttindi og hér eru veitt, að þeir aðilar séu kvaddir til ráðuneytis sem augljóslega hafa til að bera mesta sérfræðiþekkingu á þessu sviði, og það hlýtur að vera læknadeild Háskólans. Ég veit ekki betur en að almenn lækningaleyfi séu háð umsögn læknadeildar Háskólans, eins og sjálfsagt er. Hví í ósköpunum ætti það þá ekki að gilda um leyfi til þess starfa, sem hér er um að ræða? Ég tel breytinguna því sjálfsagða og hefði talið mjög hæpið að afgr. frv. eins og það var upphaflega lagt fram, þ. e. a. s. án þess að um nokkurn umsagnaraðila væri að ræða.

Það var annað atriði í ræðu hæstv. ráðh. sem ég tel nauðsynlegt að leiðrétta. Hann minntist á það, að á dögum viðreisnarstjórnarinnar voru sett ný háskólalög, háskólalögin endurskoðuð frá grunni, og hann minnti á að það hefði ekki verið gerð breyting á þeirri hefðbundnu skipan, að sumir prófessorar í læknadeild séu jafnframt yfirlæknar á tilteknum deildum á Landsspítalanum. Þetta taldi hann vera orðið úrelt og þessu ætti að breyta, m. ö. o.: láta prófessorana annast eingöngu kennslu, en yfirlæknana vera eingöngu yfirlækna. Þannig skildi ég orð hans. En þessari skoðun er ég algerlega andvígur og tel satt að segja furðulegt að þurfa að hlusta á þessa skoðun af vörum sjálfs heilbrrh. landsins. Honum hlýtur að vera ljóst, eins og öllum öðrum, að læknanámið er aðeins að hluta til bóklegt, en

að verulegum hluta verklegt, þ. e. a. s. fólgið í því að sinna störfum á sjúkrahúsum. Verulegur hluti hins 7 ára langa náms læknanema fer fram á spítölunum, á sjúkrahúsunum. Það er fólgið í verklegri kennslu á sjúkrahúsunum sjálfum. Það hefur því verið og er alls staðar með þeim hætti, að kennslustörf eru tengd sjálfum læknisstörfunum. Það er ekki hægt að kenna lækningar eingöngu af bók. Þær verður að kenna með sýnikennsluhætti, ef svo mætti segja. Sú kennsla verður að vera að verulegum hluta verkleg og það er auðvitað ástæðan til þess, að læknakennari getur ekki aðeins kennt í kennslustofu á grundvelli bóka, heldur þarf hann að kenna á vinnustað, sem er sjúkrahúsið, og leiðbeina nemendum sínum verklega á þeim stað, þar sem við sjúkdóma er glímt.

Það var engan veginn af misgáningi, íhaldssemi eða vanrækslu sem þessari skipan var haldið þegar háskólalögin voru endurskoðuð í minni menntmrh.-tíð, enda kom þá engin hugmynd fram um að gera slíka breytingu á skipulagi læknadeildarinnar annars vegar og Landsspítalans hins vegar, sem að verulegu leyti er háskólaspítali. Væntanlega þekkir hæstv. ráðh. hugtakið háskólaspítali. Það eru þær stofnanir sem eru kennslustofnanir fyrir háskólana. Í sambandi við alla háskóla, sem annast læknakennslu, eru háskólaspítalar, háskólasjúkrahús. Landsspítalinn á Íslandi er aðalháskólasjúkrahúsið hér á landi. Það væri því tvímælalaust stórt spor aftur á bak ef tekin verður upp sú skipan að greina algjörlega á milli bóklegu kennslunnar annars vegar og sjúkrahúskennslunnar hins vegar. Að þessu leyti eru því háskólalögin eðlileg og ríkjandi skipulag læknakennslunnar fullkomlega eðlilegt, enda nákvæmlega hliðstætt því sem er í öllum nálægum löndum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það var alveg óþarfi af hv. síðasta ræðumanni að taka fram, að læknisskennslan væri bæði bókleg og verkleg. Ég hugsa að allir þm. viti það. En það hefur farið fram hjá honum — kannske hefur hann ekki tekið betur eftir en svo — sem ég sagði. Ég sagði að það færi ekki saman að vera háskólaprófessor og jafnframt stjórnandi deildar á sjúkrahúsi. Það breytir ekki því, að verkleg og bókleg kennsla í læknisfræði fer fram á háskólasjúkrahúsum og Landsspítalinn er aðalháskólasjúkrahúsið, en það eru þó kenndar greinar í tveimur öðrum aðalspítölum landsins, eins og allir vita. Það, sem ég átti við og tek fram að ég tel óeðlilegt, er að þegar prófessor er skipaður við læknadeildina, þá sé hann jafnframt yfirlæknir á stórri deild og stjórni henni algjörlega með sinni kennslu. En þau tengsli verða alltaf að vera á milli heilbrigðisstjórnar og læknadeildar, að aðstaða sé fyrir prófessora og aðra kennara við læknadeildina í verklegu námi. Þetta dettur engum í hug að efast um og við þurfum ekkert að efast um það. En það var hitt atriðið, stjórnunaratriðið. Ég tel, eftir því sem deildirnar stækka og sjúkrahúsin verða stærri, að það eigi að vera heilbrigðisstjórnarinnar að ákveða yfirlækninn, en auðvitað menntmrn. að ákveða stöðu prófessora og annarra kennara. Hins vegar verður auðvitað að vera samstarf á milli þessara aðila í sambandi við öll kennslusjúkrahús. Þetta vildi ég láta koma fram, því að um algjöran misskilning var að ræða hjá hv. þm. Ég vil enga breytingu í þá átt, sem hann talaði um, en þessa breytingu vil ég.

ATKVGR.

Brtt. 183,1 samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðlG, GHG, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, LJós, MK, ÓE, PP, RH, SighB, SigurlB, SvJ, TÁ, ÞS, FÞ, GS, GilsG.

GTh, SkA, MB, MÁM, ÓlJ, PJ, PS, PBl, ÞÞ, EðS, EBS, EKJ, MÓ greiddu ekki atkv.

8 þm. (GF, HES, IG, KP, LárJ, SV, VH, BGr) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 183,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 24 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 154, n. 194 og 200). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hér er fjallað um frv., sem er liður í tekjuöflunaráætlun ríkisstj. og stendur í sambandi við afgreiðslu fjárl. Heilbr.- og trn. fjallaði um þetta mál á tveimur fundum og fékk til sín á síðari fundinn framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisskattstjóra. Þessir menn veittu n. ágætar upplýsingar og leiðbeiningar.

N. varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt, en leggur fram till. um breytingu sem er á þskj. því sem nál. er prentað á, og ég vona að minni hl. n. fallist einnig á þá breytingu. Þessi breyting varðar sérstaka ívilnun fyrir tekjulitla elli- og örorkulífeyrisþega. Ég leyfi mér að lesa þessa till., ég veit ekki, hvort allir hv. þm. eru búnir að kynna sér hana, svo skammt er liðið síðan nál. var útbýtt. Brtt. hljóðar svo:

„Við 2. tölul. 1. gr. bætist nýr stafliður, d-liður, er orðist svo:

d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1977, 300 000 kr. og hjá hjónum 500 000 kr.“

Undir þetta rita fimm nm. í meiri hl. n., þ. e. a. s. allir stjórnarsinnarnir.

Eins og menn þekkja komu fram vissir vankantar á framkvæmd laga um innheimtu sjúkratryggingagjalds þegar það var fyrst lagt á. Þá var það verkefni sveitarstjórna að leggja gjaldið á og innheimta það. Reyndin varð sú, að mörg sveitarfélög lögðu þá gjald þetta á elli- og örorkulífeyrisþega. Það fór alveg eftir því, hvernig heimildin til lækkunar útsvars hjá sveitarfélögum var notuð í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Í þeim sveitarfélögum, þar sem heimildartillaga til niðurfellingar útsvars elli- og örorkulífeyrisþega var ekki notuð, kom sjúkratrygginga-

gjaldið að öllu leyti niður á þeim hópi manna.

Næsta ár eftir þessa framkvæmd, þ. e. a. s. í fyrra var ákveðið að sveitarfélögin legðu sjúkratryggingagjaldið á, en skattstjórar innheimtu það. Það verður að segja eins og er, að skattstjórarnir fóru ekki að því leyti til eftir lögum að öllu leyti, að þeir innheimtu ekki þetta gjald af hópi elli- og örorkulífeyrisþega. Það var jafnvel lagt á og átti að innheimta hjá ellilífeyrisþegum sem voru á elliheimilum. Það sér hver maður, að aldrei var ætlunin að þannig færi, en svo varð og um þetta voru sérstök brbl. sett á sínum tíma.

Ég vil taka það fram, að þessi breyting, sem við leggjum til að verði samþykkt á frv., þýðir það að elli- og örorkulífeyrisþegar fara í flestum tilfellum betur út úr þessari álagningu gjalda en eftir lögunum sem áður voru. Ég get sýnt fram á þetta með dæmi. Ef gjaldstofn útsvars er 1400 þús. kr. þá dragast frá honum eftir a-lið frv., sem við höfum í höndum, ellilífeyririnn, sem er hjá einstaklingi 329 100 kr., en hjá hjónum 529 300 kr. Þá verða eftirstöðvarnar hjá einstaklingi 1 070 900 kr., en hjá hjónum 807 700 kr. Þetta þýðir að sjúkratryggingagjaldið yrði hjá einstaklingunum, sem eru með þennan gjaldstofn útsvara eða þessar útsvarsskyldu tekjur, 21 400 kr. að óbreyttu frv. og 16 100 kr. hjá hjónum, en eftir breytingu þá sem við leggjum til mundu þessar upphæðir lækka hjá einstaklingum um 6 þús., en hjá hjónum um 10 þús. kr. Hjá stórum hópi veldur þetta því, að sjúkratryggingagjaldið fellur alveg niður.

Ég vil taka það fram, að það, sem við höfum fyrst og fremst í huga með þessari breytingu, er að við viljum ekki láta þetta bitna á ellilífeyrisþegum sem afla sér sjálfir einhverra tekna, sem valda því að þeir hafa ekki fulla tekjutryggingu. Þetta viljum við ekki láta bitna á því aldraða fólki eða örorkulífeyrisþegum sem í hlut eiga, og okkur þykir eðlilegt að sá hópur fari jafnvel út úr þessu, eins og þeir sem fá alla upphæðina beint úr tryggingunum. Þess vegna notum við þessar upphæðir, sem í öllum tilfellum ná yfir mismuninn á grunnupphæð ellilífeyris og tekjutryggingunni. Ef útsvarsskyldar tekjur einstaklings nema 797 866 kr., þá er það sama upphæð og einstaklingur getur haft sem hefur fulla tekjutryggingu og fær tekjur þar fyrir utan sem lög leyfa að hann hafi án þess að tekjutrygging skerðist, sem er 180 þús. kr. hjá einstaklingi. Tilsvarandi upphæð hjá hjónum er samtals 1 332 482 kr., en ellilífeyririnn er 1 080 482. Mismunur þessara tveggja talna eru tekjurnar sem hjón geta haft samkv. tryggingalögum án þess að tekjutrygging þeirra skerðist. Með því að miða með þessum hætti við tekjumark í stað þess að miða almennt við aldursmark eða einvörðungu við tryggingabætur teljum við að lögin nái til þess að undanþiggja þann hóp lífeyrisþega sem frekast þarf á að halda að vera undanþeginn gjöldum. Ef fólk hefur þessar tilteknu tekjur, sem ég gat um, þ. e. a. s. 797 806 kr. hjá einstaklingi og 1 332 482 kr. hjá hjónum, þá fellur sjúkratryggingagjaldið niður. Hins vegar væri hugsanlegt að þessir einstaklingar hefðu útsvar. Þessi breyting, sem meiri hl. n. leggur til að gerð verði, þýðir það, að í sumum tilfellum er að því leyti til farið jafnvel betur að ráði sínu við álagningu þessa gjalds heldur en getur verið í sumum tilfellum við útsvarsálagningu, að þeir, sem gætu haft útsvar, sleppa við sjúkratryggingagjald.

Ég hygg að þessar skýringar nægi til þess að menn átti sig á rökunum sem liggja til þess að við flytjum þá brtt., sem er á þskj. 200. Við í meiri hl. höfum ekki sérstaklega rætt þessa brtt. Við höfum rætt við hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. fjmrh., og þeir fallast á þessa brtt.

Ég sé ekki að svo komnu máli frekari ástæðu til að tefja fundinn, herra forseti, og vonast til að hv. þdm. fallist á till. okkar.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Í tíð síðustu ríkisstj. gerðist það á hverju ári að lögð voru fyrir Alþ. frv. um veigamiklar breytingar á almannatryggingum, sjúkratryggingum og heilbrigðislöggjöf. Þetta voru allt mjög efnislegar till. um að breyta þessum kerfum og bæta þau, auka rétt þeirra sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu og eru háðir því, að almannatryggingakerfið og heilsugæslukerfið séu sem fullkomnust í landinu. Á sviði almannatrygginga var komið upp hér á landi smánarlegt ástand eftir valdatíð viðreisnarstjórnarinnar.

Alþfl. hefur oft hælt sér að því að hafa haft forustu um almannatryggingar á Íslandi, og hann má vissulega hæla sér af því sem hann hefur þar gert vel. En því miður seig á aðra hlið meðan viðreisnarstjórnin var við völd á Íslandi. Hlutur almannatrygginga varð minni og minni og þeir, sem áttu framfæri sitt undir bótum almannatrygginga, lifðu hér á Íslandi við smánarleg kjör í samanburði við það ástand sem var t. a. m. annars staðar á Norðurlöndum. Mikið stórmál var að kippa þessu í liðinn, og það var eitt af aðalverkefnum þeirrar ríkisstj. sem stofnuð var 1971. Þá var unnið mjög myndarlega að þessum málum. Það voru færðir til fjármunir svo milljörðum kr. skipti í þjóðfélaginu til þess að tryggja hag þeirra bágstöddustu, en að sjálfsögðu varð jafnframt að skerða hag þeirra, sem höfðu borið mest úr býtum í þjóðfélaginu. Um þetta var fjallað á hverju einasta þingi. Gerðar voru ákaflega miklar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni, bætur voru hækkaðar mikið í prósentutölu en prósentur eru oft villandi. Þær greiðslur, sem aldrað fólk og öryrkjar fengu í lok tímabils þeirrar ríkisstj. voru engin rausn heldur, því fer mjög fjarri. Ástandið hér á Íslandi er þannig, að tekjur þessara þjóðfélagshópa eru miklu lægri en annars staðar á Norðurlöndum. En að þessu var sem sagt unnið mjög rösklega í tíð fyrrv. ríkisstj., gerðar voru miklar breytingar á þessum sviðum og gengið frá föstum tekjustofnum til að standa undir þeim breytingum. Ég segi fyrir mig, ég hef ekki haft eins mikla ánægju af að vinna að nokkru máli eins og einmitt þessum breytingum.

Það hefur einnig gerst í tíð núv. ríkisstj., að á hverju ári hafa verið flutt frv. um breyt-

ingar sem eru taldar snerta almannatryggingar. En þær breytingar hafa ekki verið neinar efnisbreytingar á kerfi almannatrygginga, þær hafa einvörðungu fjallað um tekjuhliðina, hvernig eigi að safna peningum til að standa undir almannatryggingakerfinu. Ástæðan til þessa er að sjálfsögðu sú óðaverðbólga sem hefur vaxið út yfir öll mörk í tíð núv. ríkisstj. Hún veldur því, að ekkert stenst nema í nokkra mánuði, og tekjustofnar, sem voru fastir og öruggir í sambandi við almannatryggingar og heilsugæslumál, hafa hrunið niður í þessari óðaverðbólgu. Hæstv. heilbrrh. hefur flutt frv. á hverju einasta þingi, en einvörðungu um þessa hlið málsins.

En hæstv. ráðh. hefur ekki látið þar við sitja. Við samþykktum í tíð fyrrv. ríkisstj. nýja löggjöf um heilbrigðismál, mjög vandaða löggjöf, sem lengi hafði verið undirbúin, og menn samþykktu hana einróma hér á hinu háa Alþ. eftir breytingar sem því miður varð að fallast á. Ég minni þar á till. frá hv. þm. Ingólfi Jónssyni um að skera Suðurlandskjördæmi út úr þessari heildarlöggjöf, og ég held að það hafi verið mjög röng stefna. Á það var fallist til að reyna að ná samstöðu hér á hinu háa Alþ. Ég hygg að öllum þm. hafi verið ljóst að þessi löggjöf fól það í sér, að Íslendingar ætluðu að verja meiri hluta af þjóðartekjum sínum en áður var til þess að efla heilsugæslukerfið í landinu. Ég held að það hafi ekki farið fram hjá nokkrum manni að þetta fólst í löggjöfinni. En því miður hefur núv. heilbrrh. ekki staðið við það.

Í tíð fyrrv. stjórnar var gengið frá ýmsum mjög veigamiklum þáttum í þessu kerfi. Til að mynda var gengið frá ákvörðun um byggingu geðdeildar við Landsspítalann í Reykjavík, en vandi geðsjúklinga er einhver mesti heilbrigðisvandi sem Íslendingar eiga við að etja. Gengið var frá því máli í öllum atriðum. Undirbúningur var ákaflega vandaður. Gerð var fullgild framkvæmdaáætlun og veitt fé í samræmi við þá áætlun í tíð fyrrv. ríkisstj. Samkvæmt þeirri áætlun átti geðdeildin að vera fullbúin og taka til starfa nú um næstu áramót, áramótin 1977—1978.

Ég held að hæstv. heilbrrh. ætti að hugsa um það um jólin, hvort það hefði ekki verið skemmtilegt fyrir hann að geta vígt geðdeildina t. a. m. á nýjársdag. Hann hefði þá fest nafn sitt í sögu íslenskra heilbrigðismála. En því miður hefur þetta ekki gerst. Hæstv. ráðh. hefur skorið niður öll framlög til þessarar deildar. Hún verður ekki tilbúin um þessi áramót, sem nú eru skammt undan. Hún verður ekki tilbúin fyrr en á næsta áratug. Hæstv. ráðh. geymist ekki í sögu þessarar heilbrigðisstofnunar sem frumkvöðull, heldur sem dragbítur.

Þetta er ekki eina dæmið á þessu sviði. Fjallað var um Fjórðungssjúkrahús Norðurlands í tíð fyrrv. ríkisstj. Gengið var frá áætlun um hvernig að þeirri framkvæmd skyldi staðið, og þeirri framkvæmd átti að ljúka á næsta áratug. Ég gegndi þá starfi heilbrrh. og fékk á mig ámæli frá þeim þm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi um að þarna væri gert ráð fyrir allt of hægum vinnubrögðum. Hvað hefur gerst í tíð núv. heilbrrh.? Framkvæmdum við þessa mikilvægu miðstöð heilbrigðisþjónustu á Íslandi hefur verið frestað svo mikið að hún verður ekki fullgerð á næsta áratug, heldur á næstu öld. Þannig hefur verið staðið að fjölmörgum þáttum öðrum. Það er verið að taka upp sama háttinn og áður var að mylgra allt of litlum upphæðum á allt of marga staði, í stað þess að reyna að vinna skipulega og ljúka verkefnum eins fljótt og unnt er.

Fyrirmæli eru um það í lögum um heilbrigðisþjónustu, að gerð skuli framkvæmdaáætlun og henni skuli fylgt. Ég hef áður vakið athygli hins háa Alþingis á því, að hæstv. heilbrrh. hefur ekki látið vinna þetta verk. Hann aðhyllist handahófsvinnubrögð á þessu sviði.

Eitt dæmi um þetta atriði er raunar á dagskrá hjá okkur þm. núna. Ég hef vakið athygli á því áður, að það er ekki gert ráð fyrir því í till. meiri hl. fjvn., að lokið verði við slysadeild Borgarspítalans á næsta ári, en það er knýjandi nauðsyn, og að kasta peningum í steinsteypu á þessum verðbólgutímum án þess að steinsteypan komi að gagni er versta meðferð á fjármunum sem hægt er að hugsa sér. Við eigum að ljúka verkefnum, sem búið er að undirbúa að fullu, á sem allra skemmstum tíma. Þarna er að verki óðaverðbólgan, þessi hroðalega meinsemd sem tröllríður íslensku þjóðfélagi. Þessi meinsemd gerir það að verkum, að engar áætlanir standast nema í nokkra mánuði í hæsta lagi. Það er ekki hægt að gera áætlun til eins árs af nokkru viti. Við erum nú að ganga frá fjárl., en við vitum ákaflega vel að þetta er einskisvert starf, það stendur ekki steinn yfir steini eftir nokkra mánuði ef þessi verðbólguþróun heldur áfram.

Eins og ég minntist á áðan, fjalla frv. hæstv. heilbrrh. einvörðungu um fjármuni og ekkert nema fjármuni. Ráðh. er að glíma við draug sem hann hefur sjálfur tekið þátt í að vekja upp, verðbólgudrauginn. Ég vil vekja athygli manna á því, að þetta ástand, þessi óðaverðbólga sem er í landinu, er stórhættulegt sjálfstæði okkar og allri framtíð. Verðbólgan hefur ekki aðeins áhrif á opinberar framkvæmdir í landinu, þannig að engar áætlanir standast nema í nokkra mánuði. Hún hefur, eins og ég hef stundum minnst á áður hér á hinu háa Alþ., mjög alvarleg áhrif á siðgæðisvitund manna. Við skulum minnast þess, að siðgæðisvitund er nauðsynleg hverjum einstaklingi og hverju heilbrigðu þjóðfélagi. Siðgæðismælikvarðar eru ekki eilífir, þeir eru í vissum tengslum við þjóðfélagsaðstæður og þjóðfélagsöfl, en siðgæðisviðhorf lifa samt mjög lengi og oft langt fram yfir þann tíma þegar reglur þessar urðu til. Enginn maður og ekkert þjóðfélag stenst án siðgæðisviðhorfa. Ég vil minna á það í þessu sambandi að einmitt á þessum óðaverðbólguárum hafa verið framin hér á Íslandi verri óhæfuverk en nokkurn tíma síðan á Sturlungaöld, þegar við glötuðum sjálfstæði okkar. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hlær. Þetta er ekkert aðhlátursefni. Hér hafa verið framin viðurstyggileg óhæfuverk í þeim eina tilgangi að komast yfir peninga. Í stað siðgæðishugmynda er komin ný sókn í peninga, og menn

skulu ekki hlæja að því. Þetta er fullkomið alvörumál. Atburðir eins og gerst hafa á Íslandi síðustu árin eru einsdæmi í Íslandssögunni síðan á Sturlungaöld.

Haldi þetta ástand áfram, þessi siðferðilega upplausn, sem nú mótar þjóðfélagið, og þessi algjöra óstjórn á sviði efnahagsmála og atvinnumála, höldum við ekki lengi sjálfstæði sem þjóð. Siðgæðismælikvarðar eru mælikvarðar sem menn eiga að muna eftir. Það skiptir fleira máli en krónur. Ég nefni ekki aura því að búið er að fella þá úr gildi á Íslandi.

Einn þáttur þessarar óðaverðbólguþróunar er þetta hátterni hæstv. heilbrrh., að leggja fyrir hvert einasta Alþ. till. eða frv. um fjáröflun í sambandi við tryggingamál. Hæstv. ráðh. lagði í upphafi til fjáröflun sem nam, minnir mig, hálfum öðrum milljarði. Nú leggur hann til að þessi upphæð verði aukin um 1.9 milljarða að því er áætlað er. Þessi upphæð er komin á milli þriggja og fjögurra milljarða króna. Hvað skyldi gerast á næsta ári með sama áframhaldi að því er varðar óðaverðbólgu og óstjórn? Ætli þessi upphæð verði ekki hækkuð upp í 8 milljarða, svo 16 milljarða, síðan 32 milljarða o. s. frv., ef þessi stefna á að halda áfram? Slík stefna er þjóðhættuleg.

Í sambandi við þau vandkvæði, sem upp hafa komið vegna þessarar óðaverðbólgu, hafa birst hugmyndir um að skerða sjálft almannatryggingakerfið. Ég minnist þess ákaflega vel, að ég horfði á sjónvarpsþátt í vor þegar yfir stóðu umr. milli launamanna og atvinnurekenda um kjör launafólks á Íslandi. Málsvari atvinnurekenda í þessum umr., einn af forustumönnum Sjálfstfl., þátttakandi í prófkjöri Sjálfstfl. nú um frambjóðendur til næstu alþingiskosninga, kom fram með þá till., að fólk á sjúkrahúsum gæti borgað matinn sinn. Ég var staddur á Grensásdeild Borgarspítalans þegar ég hlustaði á þetta, og ég þekkti orðið allgóð deili á því fólki sem dvaldist þar með mér. Ég vissi ósköp vel, að allur þorri þessa fólks hefði orðið að fara út af deildinni á svipstundu ef slík breyting hefði verið gerð. Ég er ekki gefinn fyrir að bera vandkvæði mín á torg, en ég fór að hugsa um sjálfan mig. Ég hef orðið að dveljast alllengi á sjúkrahúsum síðustu árin og ef ég hefði orðið að borga matinn minn, væri ég algjörlega gjaldþrota núna, og hef ég þó góðar tekjur að mínu mati og fæ tekjur þó ég sé veikur, en ákaflega stór hluti þjóðarinnar fær það ekki.

Þetta er till. um að heilbrigðiskerfið á Íslandi nái ekki til snauðra manna, heldur verði forréttindi þeirra sem hafa miklar tekjur. Ég hélt að þetta hefði óvart skroppið upp úr þessum atvinnurekanda. En ég var ekki viðstaddur hér á þingi þegar í fyrsta skipti var lagður á sá skattur sem nú er til umr. Ég gerði það mér til fróðleiks í gær, að ég náði mér í Alþingistíðindaheftið sem fjallaði um umr. um þetta mál í fyrsta skipti. Þar sá ég að hæstv. heilbrrh. sjálfur talaði um þetta sem möguleika, að fólk á sjúkrahúsum yrði að borga matinn sinn.

Þetta eru viðhorf sem uppi eru í veröldinni. Þannig var t. a. m. ástatt í Bandaríkjunum til skamms tíma. Þar hefur orðið nokkur bót á að undanförnu, sem betur fer, en þannig var ástatt í Bandaríkjunum, að þar voru engar almannatryggingar. Til voru fyrirtæki sem tóku að sér að tryggja fólk á gróðagrundvelli. Ég þekki íslenska konu sem giftist bandarískum manni, fluttist til Bandaríkjanna og vann þar um tíma í iðnfyrirtæki. Hún fór á skrifstofu slíks tryggingafélags og tryggði sig þannig að hún fengi bætur frá félaginu ef hún yrði fyrir slysum eða sjúkdómum og yrði að leggjast á sjúkrahús. Það kom tvívegis fyrir þessa konu, að hún slasaðist í starfi sínu, — og hvað halda hv. þm. að hafi gerst? Tryggingafélagið sagði henni upp viðskiptum vegna þess að þarna var viðskiptavinur sem félagið græddi ekki á. Það sagði henni upp. Vilja menn koma upp almannatryggingum af þessu tagi á Íslandi?

Ef þessi hugmynd, sem hæstv. ráðh. hefur orðað og þar að auki þessi forustumaður Sjálfstfl. sem ég minntist á áðan, yrði að veruleika væri verið að gera það að verkum, að heilbrigðiskerfið á Ísandi yrði forréttindi efnamanna, en það er einhver viðurstyggilegasta þróun sem ég get hugsað mér.

Ég sagði frá því áðan, að ég hefði flett upp Alþingistíðindum til þess að kynna mér umr. um þetta mál þegar það kom fyrir í fyrsta sinn. Það var í desembermánuði 1975. Ég rak augun í það, að hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason sagði í framsöguræðu sinni á fundi Ed. 15. des., að þessi lög ættu ekki að gilda nema á árinu 1976. Hann sagði einnig að almannatryggingalögin væru í endurskoðun og að því væri stefnt, að þessari endurskoðun yrði lokið fyrir næsta haust, þ. e. a. s. haustið í fyrra, þannig að ný löggjöf tæki þá gildi. Ekkert frv. var lagt fram frá þessum hæstv. ráðh. í þingbyrjun í fyrra, og ekkert frv. frá þessum hæstv. ráðh. hefur verið lagt fram á þessu þingi. Svardagar hæstv. ráðh. hafa ekki staðist. Hann hefur brugðist þeim fyrirheitum sem hann gaf hinu háa Alþ. þegar hann var að mæla fyrir því, að þessi skattheimta yrði tekin upp.

Hæstv. ráðh. sagði einnig í þessari sömu ræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar vil ég taka það fram, að það hefur aldrei hvarflað að mér að skerða ellilífeyri þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. — Það má síst af öllu skerða tekjutrygginguna frá því sem hún er nú, heldur jafnvel að auka hana, enda hefur hún fullkomlega fylgt þeim verðbreytingum sem orðið hafa nú á síðasta ári og þessu ári.“

Þessi ummæli hæstv. ráðh. eru algjör ósannindi. Kaupmáttur þessara bóta hefur lækkað stórlega, en það skýrist af því, að hæstv. ráðh. notar rangan mælikvarða. Hann notaði vísitölu framfærslukostnaðar, sem er byggð á ákveðinni neyslu, mjög sómasamlegu neyslustigi á sínum tíma, en aldrað fólk og öryrkjar hafa ekki þetta sama neyslustig. Það notar tekjur sínar til að kaupa brýnustu matvæli, til þess að greiða fyrir hitunarkostnað og ljós. Þessir liðir hafa hækkað miklu meira en vísitalan í heild. Það hefur ekkert hækkað eins mikið og þessar brýnustu lífsnauðsynjar. Í rauninni væri ástæða til að reikna út sérstaka vísitölu sem miðuð væri við neyslu aldraðs fólks og öryrkja, svo að við

vissum hvernig þessum þjóðfélagshópum vegnar, en að nota almennu vísitöluna sem mælikvarða á neyslu þess er fölsun.

Ég minntist á það áðan, að hæstv. ráðh. lofaði því, að skattheimta þessi ætti aðeins að standa *í eitt ár, vegna þess að hann mundi leggja fram* nýtt frv. um breytingar á almannatryggingakerfinu í fyrrahaust. Á þessum forsendum og þessum forsendum einum fengust alþm. til að fallast á þessa annarlegu skattheimtu.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að vitna stuttlega í nokkrar ræður sem fluttar voru í sambandi við þetta mál haustið 1975.

Hv. þm. Axel Jónsson sagði: „Ég vil aðeins láta það koma hér fram strax við 1. umr., að ég tel þetta algjör bráðabirgðaúrræði, t. d. með tilliti til þess að þetta gengur á móti því sem sveitarstjórnarmenn vilja stefna að. En til þess *að leysa málið nú til bráðabirgða um eins árs* skeið, þá get ég fyrir mitt leyti fellt mig við þessa lausn málsins.“

Hv. þm. Oddur Ólafsson var frsm. heilbr.- og trn. í Ed. og hann sagði svo: „Eftir að við höfðum rætt við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga var okkur ljóst að sveitarfélögin eru mjög óánægð með þetta spor sem stigið er, ekki síst þegar litið er til þess, að þau telja þetta *beinlínis í öfuga átt við það sem þau höfðu* ætlast til.“ Ýmsar sveitarstjórnir gerðu formlegar samþykktir til að mótmæla þessari skattheimtu, því þarna er verið að ganga inn á, vaða inn á tekjuöflunarsvið sveitarstjórna í landinu.

Hv. þm. Sverrir Bergmann, sem þá sat hér á þingi sem varaþm., sagði: „Ég tel mig ekki sérstakan talsmann þessa frv. sem hér liggur fyrir, en ég hef ákveðið að ljá því minn stuðning. Til þess liggja nokkrar ástæður og hin fyrsta er sú, að hér er um bráðabirgðaráðstafanir að ræða, og ég vil treysta því, að sú mikla endurskoðun, sem nú fer fram á almannatryggingum í landinu, leiði til þess, að við getum gert þær endurbætur sem við sem allra flestir getum sameinast um.“

Hann ítrekaði í ræðu sinni að þetta væri bráðabirgðaráðstöfun, tvívegis ítrekaði hann það, og enginn þm., sem til máls tók, studdi þessa skattheimtu á neinum öðrum forsendum en þeim, að þetta væri bráðabirgðaráðstöfun sem aðeins ætti að standa í eitt einasta ár, enda voru loforð hæstv. ráðh. um, að þetta ætti aðeins að standa í eitt ár, ákaflega hátíðlega. En við erum því miður vanir að hlusta á hátíðleg loforð ráðh. sem auðsjáanlega taka minna mark á sjálfum sér en nokkrir þegnar aðrir.

Eins og við hv. þm. Karvel Pálmason gerum grein fyrir í nál. okkar er hér um að ræða félagslega rangláta skattheimtu. Útsvarsstofninn er afar lágur á Íslandi, og hér er gert ráð fyrir að lágtekjufólk bæti á sig umtalsverðum byrðum. Auk þess var það þannig í upphafi, að þessi skattheimta gekk miklu lengra en útsvörin, eins og fram hefur komið í umr., og það frv., sem lagt var fram núna af hæstv. ráðh., var einnig sama marki brennt. Við fengum til okkar ríkisskattstjóra, sem hefur verið tæknilegur sérfræðingur við samningu frv., og ég spurði hann að því, hvort það væri ekki rétt skilið hjá mér *að aldrað fólk, sem víða er undanþegið útsvari,* ætti að greiða þetta gjald. Hann viðurkenndi að svo væri.

Ég mótmælti því mjög eindregið í n., að þessi skattur væri lagður á fólk sem væri undanþegið útsvari af félagslegum ástæðum. Enginn vildi fallast á það sjónarmið okkar hv. þm. Karvels Pálmasonar á nefndarfundinum sjálfum. En ég sé að meiri hl. n. hefur tekið sig á eftir fundina í gær og gengið til móts við þetta sjónarmið okkar, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gerði grein fyrir áðan. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann eigi langt mál eftir ræðu sinnar.) Ekki ýkjalangt, hugsa ég. Ég veit ekki hvað mikið er eftir. (**Forseti:** Það hefur verið heitið kaffihléi um þetta leyti vegna nefndafunda.) Ég skal reyna að ljúka máli mínu á 10 mínútum eða 5 mínútum. (**Forseti:** Það hrekkur varla. Þá held ég að betra sé að fresta máli þm. *og ljúka því eftir kaffihlé.*) Má ég ljúka máli mínu eftir kaffihlé? Þá tala ég miklu lengur. — [Frh.]

Umr. frestað.

Vörugjald, frv. (þskj. 168, n. 187 og 191). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til athugunar. Fulltrúar minni hl. vilja ekki mæla með frv. að svo stöddu og munu verða á móti því, en meiri hl. mælir með frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 191 er birt nál. okkar sem erum í minni hl. fjh.- og viðskn. varðandi afgreiðslu þessa máls, en það eru ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason. Við eru báðir andvígir þessu frv. og leggjum til að það verði fellt.

Hér er um sömu afstöðu okkar að ræða og áður þegar þetta mál hefur verið til umr. og afgreiðslu hér á Alþ. Það er skoðun okkar, að þetta svonefnda tímabundna vörugjald eigi ekki að framlengja lengur, það sé búið að standa allt of lengi og fráleitt sé að ætla að gera þetta gjald að föstum tekjustofni ríkissjóðs. Þetta var lagt á til bráðabirgða vegna tiltekinna þarfa sem komu upp á árinu 1975, og var alltaf ætlunin að það gjald stæði aðeins stuttan tíma og hyrfi svo með öllu. En að ætla sér að halda þessu gjaldi áfram og það svona háu er í rauninni alveg fráleitt.

Eins og kunugt er hvílir þetta gjald á vissum vörutegundum, en ekki á öðrum. Það leggst því mjög óréttlátlega á. Vissulega er svo komið, að þetta gjald færir ríkissjóði miklar tekjur, eða sem nemur 7 milljörðum kr. að áætlað er á næsta ári. En það ber líka að hafa í huga, að þetta gjald eykur drjúgum á dýrtíðina í landinu. Það hækkar verðlag mjög tilfinnanlega og leiðir þar af leiðandi einnig af sér margvíslega erfiðleika í heildarrekstri ríkisins, því allt það, sem verkar til verðlagshækkunar og hækkar þar með

vísitölu, hefur auðvitað líka áhrif til útgjalda hjá ríkinu og ríkisstofnunum og hjá öllum rekstri, í landinu. Því er það, að gjaldi af þessari tegund er mjög óskynsamlegt að ætla að halda lengi.

Vegna þess, að umr. hafa farið fram um þessa gjaldtöku æðioft og sjónarmið hafa þar öll komið greinilega fram, sé ég ekki ástæðu til að lengja þessa umr. Afstaða okkar er sem sagt sú, að það beri að fella þetta gjald. Sé talið alveg óhjákvæmilegt að afla ríkissjóði tekna í staðinn verður það að gerast með öðrum hætti. Þar koma margar leiðir til greina. En eins og við bendum á í okkar nál. væri auðvitað langsamlega heppilegast að losna við nokkrar nýjar gjaldtökur í staðinn, því þá hefði þetta sín ágætu áhrif til lækkunar á verðlagi.

Sem sagt, afstaða okkar er sú, að við leggjum til að frv. verði felld.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:7 atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 87, n. 185 og 190). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Hæstv. forseti. Mál þetta er góðkunningi hv. þm. Launaskattur hefur nú um alllangt árabil verið framlengdur árlega um þetta leyti ársins, en nú er lagt til að hann verði framlengdur ótímabundið. N. hefur klofnað um málið, og leggur meiri hl. til að frv. verði samþ., en minni hl., hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason, skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Það er svipað að segja um þetta mál og hið fyrra. Við, sem erum í minni hl. fjh.- og viðskn., erum þeir sömu og í fyrra máli, þ. e. ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason. Við erum andvígir þessu frv. og ekki hvað síst því ákvæði sem gerir ráð fyrir að þessi launaskattur verði gerður að föstum framtíðartekjustofni ríkisins.

Það er enginn vafi á því, að launaskatturinn að því leyti til sem hann rennur í ríkissjóð, en það er 1½% launaskattur sem rennur í ríkissjóð, er óeðlilegt gjald og ætti að hverfa og ríkið ætti að afla sér tekna sem þessu nemur eftir öðrum leiðum. Gjaldið var upphaflega lagt á sem bráðabirgðaráðstöfun í sambandi við ákveðnar dýrtíðarráðstafanir sem þá voru á ferðinni, og þetta gjald kom í rauninni í staðinn fyrir hækkun, sem annars hefði orðið á framfærsluvísitölunni, og kauphækkun sem hefði þá orðið samkv. þeirri leið. En nú er svo langt um liðið að það hefði að sjálfsögðu verið rétt að endurskoða þetta gjald og fella það niður.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að Vinnuveitendasambandið hefur gert sérstaka samþykkt sem það hefur beint til fjh.- og viðskn. í tilefni af þessu frv. Sambandið leggst eindregið gegn því, að þessi launaskattur verði framlengdur á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir. Það er bent á að nú sé verið að gera þetta að föstum og varanlegum tekjustofni ríkisins og því er mótmælt, og að sjálfsögðu benda þeir á að staða atvinnuveganna er í mörgum greinum þannig núna, að engan veginn er réttlætanlegt að halda gjaldi eins og þessu.

Ég efast ekkert um að ríkið hefði mjög auðveldlega getað náð sér inn tekjum sem þessu gjaldi nemur eftir miklum mun sanngjarnari og eðlilegri leið en þarna er farin. En nú virðist stefnan vera sú að segja ekki aðeins, að þetta skuli framlengt út næsta ár, heldur er nú stefnt að því að gera þetta að varanlegum tekjustofni. Það er mjög varhugavert þegar gjöldum, sem lögð eru á til bráðabirgða og gripið er til vegna einhverra sérstakra ástæðna, er smám saman breytt á þennan hátt í varanlega tekjustofna. Satt að segja er ég alveg undrandi að hæstv. ríkisstj. skuli leggja það til nú að ætla að gera þetta gjald einnig að varanlegum tekjustofni með því að afnema öll tímamörk og ganga út frá því, að ríkissjóður hafi þetta sem áframhaldandi tekjustofn um óákveðinn tíma, 1½% launaskatt.

Ég vil einnig benda á það, að það kom fram í sambandi við síðustu launasamninga að hinn aðili vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. verkalýðssamtökin, lýsti sig mjög hlynntan því að þetta gjald yrði afnumið og á þann hátt yrði veitt nokkurt svigrúm til kaupgjaldshækkana. Það hefði svo, eins og þar kom fram, að sjálfsögðu verið opið fyrir ríkissjóð að meta það, hvort hann gat á þennan hátt fallið frá þessu gjaldi eða hvort hann vildi afla sér tekna eftir öðrum leiðum. En afstað hæstv. ríkisstj. virðist vera þessi, að af því að hún hefur einu sinni kræst í svona gjald sé sjálfsagt að halda því endalaust, hvernig svo sem á stendur, og helst af öllu gera hvert svona bráðabirgðagjald, hversu vitlaust sem það er, hvernig svo sem reynslan hefur orðið af því, að varanlegum tekjustofni og neita að gefa öðrum möguleikum gaum, sem auðvitað eru margir aðrir fyrir hendi.

Afstaða okkar í minni hl. er sem sagt sú, að við leggjumst gegn samþykkt þessa frv. í þeim búningi sem það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:9 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 175, n. 186). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. N. hefur haft þetta mál til athugunar og er álit n. á þskj. 186. Frv. er upphaflega flutt til staðfestingar á brbl. frá 22. júní s. l., en þau lög voru sett í framhaldi af viðræðum milli fulltrúa ríkisins og aðila vinnumarkaðarins um leiðir til að ná samningum um kaup og kjör milli þessara aðila.

Fjh.- og viðskn. Ed. hefur í samráði við fjmrn. flutt brtt. við frv. eða öllu heldur viðbót við það, þar sem eru 2. og 3. gr. frv. eins og það er nú komið frá Ed.

1. gr. frv. fjallar um frádrátt frá tekjum einstaklinga og hjóna áður en lagt er á tekjurnar og um skattstigann.

2. gr. fjallar um eignarskatt. Þar er um að ræða hækkun á skattfrelsismörkunum um 33% frá gildandi lögum, þ. e. a. s. að ekki greiðist eignarskattur af fyrstu 8 millj. kr. skattgjaldseign hjá einstaklingum og fyrstu 12 millj. kr. skattgjaldseign hjá hjónum.

3. gr. frv. varðar svo heimildir skattyfirvalda til að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabankans upplýsingar sem nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, en eins og kunnugt er hafa skattyfirvöldum borist upplýsingar erlendis frá sem vart mega fara lengra nema til þess sé ótvíræð heimild í lögum. Þessari grein er ætlað að bæta þar úr.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 32. fundi.

Læknalög, frv. (þskj. 203). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vörugjald, frv. (þskj. 168). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:9 atkv. og afgr. til Ed.

Launaskattur, frv. (þskj. 87). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 208).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 175). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 209).

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 169, n. 188 og 192, 193). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv. forseti. Þetta mál hefur verið til meðferðar í fjh.- og viðskn og í n. varð bæði samkomulag og ósamkomulag. Það varð samkomulag um það að Vegasjóður hefði fulla þörf fyrir þann tekjuauka sem frv. fjallar um, eins og líka kemur fram í nál. hv. minni hl., þar sem segir á þessa leið: „Ljóst er af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að ekki muni Vegasjóði veita af þeim tekjuauka sem frv. gerir ráð fyrir.“ Um þetta voru sem sagt bæði meiri hl. og minni hl. sammála. Hins vegar náðist ekki samkomulag um tekjuöflunina. Eins og sakir standa nú í stjórnmálum landsins treystir minni hl. sér ekki til að fylgja frv. og mun verða á móti því. Hins vegar er meiri hl. frv. samþykkur og mælir með því að það verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 192 gerum við, sem erum í minni hl. fjh.- og viðskn., grein fyrir afstöðu okkar til málsins. Þar kemur fram að við teljum að Vegasjóður þurfi vissulega á auknu fjármagni að halda, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um. Hins vegar gat hann auðvitað ekki talað á réttan hátt fyrir okkar áliti því hann hefur sennilega ekki lesið það til loka og varla von. Það stendur nefnilega hvergi þar hjá okkur að við ætlum að vera á móti frv. Það er miklu vissara að þeir tali fyrir málunum, sem flytja þau sjálfir, heldur en það séu einhverjir alveg óviðkomandi menn sem tali fyrir þeim.

En hv. frsm. meiri hl. hefði gjarnan mátt lesa allt sem við segjum, því við bendum einmitt þar á að þrátt fyrir þann tekjuauka, sem gert er ráð fyrir að Vegasjóður fái samkvæmt þessu frv., er Vegasjóður stórlega vanhaldinn eigi að síður og getur ekki haldið uppi jafnmiklum vegaframkvæmdum og t. d. voru árið 1974, þarna yrði um verulegan samdrátt að ræða. Af því hef ég m. a. flutt brtt., sem er á þskj. 193, og þar legg ég til að aftan við 1. gr. frv. bætist eins og þar segir: „Söluskattur, sem lagður kann að verða á gjald þetta, skal renna í Vegasjóð.“ Það gjald, sem hér er um að ræða, er bensíngjald sem rennur til Vegasjóðs og verður samkv. þessari 1. gr. frv. frá 1. jan. n. k. 36.50 kr. á lítra eða mun gefa Vegasjóði í tekjur á næsta ári 4460 millj. kr. Nú liggur fyrir að sá

háttur hefur verið hafður á, að ríkissjóður hefur lagt söluskatt á þann hluta bensínverðsins, sem er beint framlag til Vegasjóðs. Það er skoðun mín, að slíkt gjald, sem er innheimt fyrir Vegasjóð, eigi ekki að verða sérstakur tekjustofn fyrir ríkið. Því legg ég til að verði söluskattur lagður á þetta gjald, sem allar líkur benda nú til því sá háttur hefur verið hafður á, þá verði sá söluskattur látinn renna í Vegasjóð. Það mundi þýða að Vegasjóður fengi tæplega 900 millj. kr. til viðbótar þessu fjárframlagi á næsta ári til sinna þarfa.

Af því að ég veit mætavel að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv., finnur til með Vegasjóði og veit hvernig ástatt er fyrir honum og veit hvernig hv. flokksbróður hans líður sem stjórnar þessum málum, hæstv. samgrh., þá vona ég að hann fylgi þessari till. minni um þennan tekjuauka handa Vegasjóði. Ég skal einnig hugga hann með því, að ef hann óttast að þá fari að hallast eitthvað á hjá ríkissjóði, þannig að hann komist í þrot, þá er ég til viðtals við hann um að reyna að ná saman einhverjum nýjum tekjum handa ríkissjóði í staðinn fyrir þessa upphæð. Við ættum að finna einhverjar leiðir til þess.

En sem sagt, ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil gjarnan að fái að reyna á það hið allra fyrsta, hversu næma tilfinningu menn hafa hér fyrir Vegasjóði og hans miklu verkefnum, og vil ég að till. mín komist undir atkv. sem fyrst.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af till. hv. 2. þm. Austurl. og þeim hjartnæmu orðum, sem hann mælti hér úr ræðustóli áðan, vil ég geta þess, að svo er nú fyrir komið með þann vegaskattsauka, sem hér er um að ræða, að söluskattur af honum fer ekki í ríkissjóð, heldur í Vegasjóð. Hann er innifalinn í því framlagi sem frá ríkissjóði kemur í vegáætlun nú og meira en það, því hann er lækkaður, þessi skattur, nú við meðferð fjárlaga hér á hv. Alþ., en framlag ríkissjóðs er hins vegar ekki lækkað þrátt fyrir það og er það náttúrlega gleðiefni.

Nú verð ég að segja það frá syndum mínum gagnvart vegum, að þegar ég var meira að segja í stjórnarandstöðu, þá var ég jafnhjartnæmur og hv. 2. þm. Austurl. og studdi alla skatta á umferðina, jafnvel þó að söluskatturinn fylgdi þá ekki með. Og það var m. a. af þeim skilningi, að almennir skattar ættu ekki að tilheyra umferðinni, heldur sérskattarnir, og þannig hefur túlkun mín verið á þessu.

Ég minnist þess hins vegar þegar hv. 1. þm. Suðurl. var samgrh. 1971, þá varð samkomulag milli okkar, allra þessara ágætu þm., hv. 2. þm. Austurl. og 1. þm. Suðurl. og mín, og fleiri góðra manna um að hækka vegaskattinn, og þá tókum við að okkur í leiðinni að ná söluskattinum af þeirri skatthækkun með. Hafði þáv. samgrh. forustu um það og við fylgdum þar fast eftir. Þeirri reglu fylgjum við núna, og ég gleð hv. 2. þm. Austurl. með þessu. Auðvitað lítum við svo á það, þegar hann leggur til aukna tekjuáætlun eða auknar tekjur, því vafalaust þarf á þeim að halda einhvern tíma síðar.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv. forseti. Ég verð víst að biðjast afsökunar á orðum mínum áðan um afstöðu hv. minni hl. Ég hafði skilið hann svo, að hann mundi verða á móti frv., en nú hefur frsm. hans haldið fram að það sé misskilningur hjá mér. Ég skil það nánast af því sem hann sagði áðan, að ef þessi brtt. hans yrði samþ. eða kæmi efnislega til framkvæmda, þá væri hann frv. samþykkur. Mig langar til að vita hvort það er rétt skilið hjá mér. (Gripið fram í: Ef hún yrði samþ.?) Já, hvort hann mundi þá samþ. frv. (Gripið fram í.) Það er algjör óþarfi. Nú er upplýst að þessi till. hv. frsm. minni hl. er óþörf, vegna þess að söluskatturinn rennur í gegnum ríkisframlagið til Vegasjóðs. (Gripið fram í.) Já, það var skýring hæstv. samgrh. áðan.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Ég sé nú að hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, er orðinn enn ruglaðri en ég hafði búist við. Ég finn sárt til þess, að mér finnst hann ekki tala svo í málum eins og hann gerði hér áður fyrr, eins og ég þekkti hann. Þá fannst mér hann fylgjast talsvert vel með, en nú sýnist mér hann alveg hættur að fylgjast með.

Sú athugasemd, sem hæstv. samgrh. gerði hér, var á þá leið að hann teldi að segja mætti, að Vegasjóður fengi sem næmi söluskatti af þeirri hækkun sem nú væri verið að samþ. á gjöldum til Vegasjóðs, vegna þess að í fjárlagafrv. væri að finna ákveðið framlag til Vegasjóðs þar sem væri um hækkun að ræða. Till. mín er ekki um að söluskatturinn aðeins af þessari hækkun, sem nú er að fara fram, eigi að renna í Vegasjóð, heldur söluskatturinn af öllu gjaldinu, einnig því sem fyrir var. Sá söluskattur nemur tæpum 900 millj. kr. og framlag ríkisins er hvergi nærri svo hátt.

En það er ekki nóg með það. Sú athugasemd, sem hæstv. samgrh. kom hér með, dugar auðvitað ekki heldur fyrir það sem hann ætlaðist til. Það hefur nefnilega verið þannig um áraraðir, að ríkið hefur lagt Vegasjóði meira og minna fjármagn til framkvæmda. Og þó að það megi finna nú á þessu fjárlagafrv. ákveðna fjárhæð, sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Vegasjóði, er það ekki nema eins og gert hefur verið áður, en hlutfallslega minna að magni en oft hefur verið Þetta var m. a. þannig þegar við áttum hlut að máli í sambandi við framkvæmdir á vegum Vegasjóðs, ég og hæstv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, á árunum 1973 og 1974. Þá urðu framkvæmdir í vegamálum miklum mun meiri að magni en hægt verður með þeim tekjuauka sem gert er þó ráð fyrir nú. Það var auðvitað vegna þess að Vegasjóður naut þá ákveðinna tekna og ákveðinna framlaga frá ríkinu.

Það er auðvitað ekkert annað en smávegis skollaleikur hjá hæstv. samgrh. að segja að nú renni sem nemi söluskatti af þessari hækkun til Vegasjóðs vegna þess að ríkissjóður leggur Vegasjóði til nokkurt fjármagn. Eftir sem áður á að halda sér við það, að ríkissjóður geti gert gjaldið til Vegasjóðs að tekjustofni, þegar sem sagt á að hækka gjaldið til Vegasjóðs til að styrkja hann, þá geti ríkissjóður

notað það aukna gjald til Vegasjóðs sem tekjustofn og lagt 20% söluskatt á þetta framlag. *Ég er eins og áður andvígur þessari aðferð.* Ég tel hana ranga. Það er búið að gera þetta allt of lengi og það ber að hverfa frá því, ekki síst eins og ástatt er nú um fjármál Vegasjóðs.

Ég tók líka eftir því, að hæstv. samgrh. var að tala um að hann hefði verið á þeirri skoðun, að sérgjöld af umferðinni í landinu ættu gjarnan að renna til Vegasjóðs, en hins vegar almenn skattlagning, það var ekki óeðlilegt að hún færi þá aftur í ríkissjóð. En núna renna í stríðum straumum tekjur til ríkissjóðs af umferðinni í landinu, þar sem um er að ræða sérskatta á umferðina. Ef við lítum t. d. á fjárlagafrv., þá mun þar vera gert ráð fyrir tekjum hjá ríkinu upp á 2 milljarða og 300 millj. aðeins í innflutningsgjald af bifreiðum, aukagjald á innflutning þessara ökutækja umfram venjuleg innflutningsgjöld af vörum, svo ríkissjóður tekur þetta til sín í ríkum mæli. (Gripið fram í.) Nei, og veitir ekki af. Það hefði líka mátt færa fyrir því viss rök, að ríkissjóður ætti að fá söluskatt til sín af þeim hluta bensínverðsins sem er hið eiginlega vöruverð, þ. e. a. s. söluskatt af innflutningsverðinu á bensíni að viðbættum hinum eðlilegu álögum sem koma á bensínverðið til útsölu, að sá hluti söluskattsins hefði runnið í ríkissjóð. Þá hefði það verið svipað og á sér stað með annan varning. En að ríkissjóður eigi að taka sem tekjustofn söluskatt af beinu framlagi í annan sjóð á vegum ríkisins, það er fjarstæða. Auðvitað á Alþ. að standa frammi fyrir því sem alveg aðgreindu verkefni: Á að leggja Vegasjóði til aukið fjármagn? Ef niðurstaðan verður sú, að það sé rétt að láta Vegasjóð fá aukið fjármagn, þá á að afla þess fjármagns handa Vegasjóði, en það á ekki endilega að þýða það, að þá komi ríkissjóður og noti þetta nýja framlag til Vegasjóðs sem skattstofn. Það er um það sem málið snýst.

Það þarf ekki að efa það, ég a. m. k. efast ekkert um það, að hæstv. samgrh. mundi gleðjast ef till. mín yrði samþykkt. Hann fengi þá úr talsverðu að *spila*. Þá fyrst *gætu menn farið* að gera eitthvað í vegamálum. Þá væri líklega hvort tveggja hægt að gera: að gleðja þá, sem hafa verið að flytja till. í vetur um að byggja þjóðvegi landsins upp úr snjó, eins og sagt hefur verið, og einnig hina, sem ætla að malbera oliu það sem eftir er af óoliumalbornum vegum í landinu. Ég treysti á það, að ég fái nú góðan stuðning hjá báðum þessum hópum, þeim sem ætla að byggja vegi upp úr snjó og einnig frá hinum hópnum, sem ætlar að oliumalbera. Hér eru peningarnir. Við reynum allir að sjá um ríkissjóð verði till. samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv. forseti. Hv. frsm. minni hl. var að bera mér á brýn að ég væri heldur þekkingarlítill í þessum málum. Það kann vel að vera, og ég geri það yfirleitt ekki að státa mig af þekkingu, hvorki í þessu máli né öðrum. Mér virðist hins vegar liggja nokkurn veginn ljóst fyrir, að þekking hans er ekki meiri en mín, ef hann heldur að það framlag, sem ríkissjóður lætur vegagerðinni í té umfram það sem þetta frv. fjallar um, sé ekki meira en nemi söluskattinum að þessari tekjuöflun. Í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir að verja 9.6 milljörðum kr. til vegagerðarinnar. Eins og kemur fram í nál. hans sjálfs, þ. e. í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli, þá er reiknað með að tekjur af þessu frv., ef samþykkt verður, heildartekjur, verði ekki nema 5.6 milljarðar. Þarna munar hvorki meira né minna en 4 milljörðum. Og ég held að það sé gersamlega útilokað fyrir hv. þm. að reikna það út, að 20% söluskattur af þessu gjaldi nemi 4 milljörðum kr. Það liggur þannig ljóst fyrir, að ríkissjóður greiðir miklu meira til vegagerðarinnar umfram þennan tekjustofn heldur en nemur söluskattinum af þeirri tekjuöflun sem felst í þessu frv.

Ég hygg að þegar hv. þm. kynnir sér þessi mál betur, þá sjái hann að hann hefur vaðið hér reyk og það er rétt niðurstaða sem kom fram hjá mér, að ríkið ver til vegagerðarinnar umfram það, sem felst í þessu frv., miklu meira fé en umræddur söluskattur nemur.

ATKVGR.

Brtt. 193 felld með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: KP, LJós, MÓ, SvJ, EðS, GS, GilsG, SkA.
nei: LárJ, FB, MÁM, ÓE, PP, PS, SigurlB, SV, PBl, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, FÞ, GHG, GTh, IngJ, IG, JSk, RH.

11 þm. (MK, ÓlJ, PJ, SighB, BGr, EKJ, GuðlG, GF, GÞG, HES, JóhH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Þar sem samþykkt till. þýddi minna fjármagn til Vegasjóðs, segi ég nei.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Mér sýnist að till. sé flutt af grófum misskilningi og sé því óþörf og segi nei.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 34. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 33. fundi.

Matvælarannsóknir ríkisins, frv. (þskj. 207 (sbr. 105)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Tildrög þessa frv. eru þau, að á öndverðu árinu 1976 tók til starfa á vegum heilbr.- og trmrn. stofnun sem nefnd hefur verið Matvælarann-

sóknir ríkisins. Stofnun þessari var komið á fót af brýnni nauðsyn, þar sem þeir aðilar, sem annast höfðu gerlafræðilegar rannsóknir á matvælum, sáu sér ekki fært að annast þær rannsóknir lengur, enda var um hreinar sérrannsóknir að ræða sem þeir urðu að annast sem viðbótarverkefni. Áður en til stofnunar Matvælarannsókna ríkisins kom kannaði rn. hvort nokkur þeirra rannsóknastofnana, sem fyrir voru, gæti tekið að sér slíkar matvælarannsóknir, og reyndust allar ófáanlegar til slíks.

Gerlafræðilegt eftirlit með matvælum hófst hér á landi haustið 1935. Það var mjólkursamsalan í Reykjavík sem hóf eftirlit með eigin vörum. Mjólkursamsalan kom upp lítilli rannsóknastofu í Kirkjustræti hér í borg og var hún starfrækt til haustsins 1937, en þá var atvinnudeild Háskólans stofnuð, en við iðnaðardeild þeirrar stofnunar var sett upp rannsóknastofa fyrir almennar gerlarannsóknir í þágu atvinnuveganna, eins og það var orðað. Þessi rannsóknastofa hafði með höndum eftirlit með mjólk og mjólkurvörum fyrir Mjólkursamsöluna til ársins 1945, en auk þess gerlarannsóknir á hvers konar matvælum og vatni fyrir heilbrigðiseftirlitið allt til ársins 1960.

Í lok ársins 1952 hafði gerlarannsóknastofa atvinnudeildarinnar verið flutt í nýbyggingu að Skúlagötu 4 ásamt rannsóknastofu Fiskifélags Íslands. Rannsóknastofur þessar voru síðan sameinaðar í eina stofnun undir stjórn Fiskifélagsins árið 1960 og síðan enn sem tvær deildir í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins árið 1965, en það var ný ríkisstofnun með sérstakri stjórn sem var skipuð af sjútvrh.

Það þótti að vonum óeðlilegt að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins væri að fást við rannsóknir á mjólk og alls konar matvælum fyrir heilbrigðisyfirvöld, enda alls ekki gert ráð fyrir því í lögum þeirrar stofnunar. Á þetta var líka alltaf litið sem bráðabirgðaráðstöfun. En rannsóknir þessar höfðu fylgt gerladeildinni frá upphafi og hlutu að gera það þangað til sett yrði upp ný rannsóknastofa fyrir þessa þjónustu.

Verkefni gerladeildarinnar fóru stöðugt vaxandi, svo að í árslok 1975 störfuðu við hana 9 manns, og fjölgun aðsendra sýna fór sífellt vaxandi, t. d. voru sýni á árinu 1960 alls 1220, þar af 830 frá heilbrigðisyfirvöldum eða 68% allra sýna. Á árinu 1970 voru sýnin orðin 3391 og þar af 57.6% frá heilbrigðisyfirvöldum. Á árinu 1975 voru þau orðin 5486, þar af 51.5% frá heilbrigðisyfirvöldum.

Þótt frv. það, sem hér er lagt fram, sé nýtt er sú starfsemi, sem kveðið er á um í frv., engan veginn ný, eins og ég hef áður sagt.

Þegar ljóst var að gerlarannsóknir á matvælum mundu algjörlega falla niður á árinu 1976, þá ákvað heilbr.- og trmrn. að setja á laggirnar rannsóknastofnun sem við nefndum Matvælarannsóknir ríkisins. Það var álit rn. og sérfróðra manna á þessu sviði, að yrði ekkert gert í þessu máli stefndi í algjört óefni. Stofnuninni var skipaður forstöðumaður, Guðlaugur Hannesson gerlafræðingur, og voru ráðnir honum til aðstoðar tveir starfsmenn. Fyrst var stofnunin til húsa að Skúlagötu 4 í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, sem lét stofnuninni í té húsnæði meðan leitað var eftir heppilegra húsnæði fyrir stofnunina. En í ágústmánuði s. l. tók þessi stofnun til starfa í nýju húsnæði í Skipholti hér í borg, en það húsnæði hefur verið sérstaklega útbúið með hliðsjón af þörfum og störfum þessarar stofnunar.

Engin ákvæði er að finna um slíka stofnun í lögum og verður að sjálfsögðu ekki við slíkt unað til langframa, enda er hér um að ræða stofnun sem kveða þarf á um í lögum að mati rn., bæði vegna nauðsynjarinnar og þess kostnaðar sem hún hefur í för með sér.

Eins og ég sagði áður, var það fyrst og fremst nauðsynin sem knúði á um þessa stofnun, og þarf væntanlega ekki að deila um slíkt. Tilveruréttur slíkrar stofnunar verður að vera tryggður í landi sem Íslandi, þar sem matvælaframleiðsla er ein aðalframleiðslugreinin bæði til sjávar og sveita.

Til þess að fyrirbyggja allan misskilning skal á það bent, að stofnuninni er ekki ætlað að annast matvælaeftirlit sem slíkt. Matvælaeftirlit er í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna undir yfirumsjón Heilbrigðiseftirlits ríkisins samkv. lögum nr. 12 frá 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Stofnunin yrði fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir þessa aðila og ætti því að auðvelda allt eftirlit með matvælum. Rannsóknir stofnunarinnar yrðu aðallega sýnisrannsóknir vegna heilbrigðiseftirlits í landinu.

Gert er ráð fyrir að heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna geti að kostnaðarlausu sent sýni til stofnunarinnar sem síðan greini sýnin, og þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að stofnun sem þessi horfi til mikils öryggis á þessu sviði. Eins og fram hefur komið er hér um nýmæli að ræða sem lagasmíð. Hins ber að geta, að mjög er tímabært að tryggja tilverurétt Matvælarannsókna ríkisins með löggjöf.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fjalla frekar um efnisatriði frv., en vísa í því efni til frv. sjálfs ásamt athugasemdum sem því fylgja.

Ég vænti þess, að frv. hljóti góðar undirtektir og skjóta fyrirgreiðslu hér á Alþ., og legg til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 169). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Iðjuþjálfun, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er efnislega samhljóða lögum um sjúkraþjálfun, eins og þau voru endanlega samþykkt hér á síðasta Alþingi. Hér er um að ræða hliðstæðar stéttir þótt menntun sé önnur og störfin þar af leiðandi ekki heldur þau sömu.

Stétt iðjuþjálfa er ung hér á landi þótt iðjuþjálfun eigi sér í einhverri mynd að sjálfsögðu lengri sögu. Markviss notkun á ýmsum störfum til læknismeðferðar fyrir allar tegundir sjúklinga hefur hins vegar aðeins verið viðurkennd síðan 1918. Meðferð eða lækning með iðjuþjálfun fer þannig fram, að iðjuþjálfinn notar gagnlegar athafnir eða störf, aðlagar þau og sníður til í þeim tilgangi að mæta mikilhæfum þörfum, sem fólk hefur yfirleitt: þörf fyrir vinnu, skemmtun eða tómstundaiðju, þörf fyrir menntun og þörf til þess að skapa.

Þessi starfsgrein er mjög ung hér á landi. Um 15 iðjuþjálfar með fulla menntun og réttindi eru nú við störf á Íslandi, bæði við geðlækningar og líkamlega endurhæfingu. Iðjuþjálfafélag Íslands var stofnað í mars 1976, og rétt til inngöngu í það hafa allir löggildir iðjuþjálfar sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum iðjuþjálfaskóla, þ. e. a. s. viðurkenndum af alþjóðasambandi iðjuþjálfa. Slíkur skóli er ekki til hér á landi, en áætlun hefur verið gerð um menntun iðjuþjálfa við Háskóla Íslands í tengslum við nám í sjúkraþjálfun sem nú hefur verið tekið upp.

Nám iðjuþjálfa tekur víðast hvar þrjú ár, sums staðar þó fjögur ár og á einstaka stað aðeins tvö ár. Námið er allviðamikið, og vil ég í því sambandi vísa í upptalningu á bls. 3 í grg. með frv.

Það er mat heilbr.- og trmrn., að tímabært sé orðið að setja lög um iðjuþjálfun og iðjuþjálfa og veita þannig þessari stétt lögverndaða viðurkenningu á starfsréttindum og starfsheiti. Eins og ég sagði í upphafi, þá er þetta frv. samið með hliðsjón af þeirri afgreiðslu sem frv. til laga um sjúkraþjálfun fékk á Alþ. á sínum tíma. Það er von mín, að þetta frv. um iðjuþjálfa geti fengið góða og greiða meðferð hér í hv. þd. Um einstakar gr. frv. sé ég ekki á þessu stigi ástæðu til að fjalla, en leyfi mér að vísa til athugasemda sem frv. fylgja.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 134). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fyrir hv. Ed. og var samþ. þar óbreytt. Efni þess er framlenging á 13% verðjöfnunargjaldi af raforku sem hefur verið í gildi um skeið og gildir til loka þessa árs og fer frv. fram á að það verði framlengt fyrir árið 1978.

Þetta gjald var lagt á til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Nú hefur það gerst, að Orkubú Vestfjarða hefur verið stofnað samkvæmt lögum sem samþ. voru á Alþ. vorið 1976. Við frekari undirbúning þess máls og rækilega athugun á fjárhagsgrundvelli Orkubúsins og eignum og skuldum orkuveitna á Vestfjörðum og Rafmagnsveitna ríkisins einnig á Vestfjörðum þótti einsýnt, að til þess að Orkubú Vestfjarða fullnægði þeirri meginforsendu að vera rekið á traustum fjárhagsgrundvelli yrði að ætla Orkubúinu hluta af verðjöfnunargjaldi raforkunnar. 20% eða fimmtungur gjaldsins var sú upphæð sem till. var gerð um að lokinni þessari ítarlegu athugun á fjárhagsgrundvelli. Þetta var sumpart miðað við eignir Rafmagnsveitnanna á Vestfjörðum og við eignir Rafmagnsveitnanna í heild, enn fremur þann halla sem Rafmagnsveiturnar höfðu haft af rekstri á Vestfjörðum miðað við aðra landshluta. Á fyrri hluta þessa árs, þegar þessi mál voru í undirbúningi, var samþykkt af ríkisstj. að áfram skyldi haldið undirbúningi að stofnun Orkubúsins, m. a. á þeim grundvelli, að Orkubúið fengi 20% af verðjöfnunargjaldinu.

Á þessum grundvelli var síðan unnið áfram að þessu máli. Seinni hluta ágústmánaðar var haldinn stofnfundur Orkubúsins á Ísafirði og þetta ákvæði m. a. sett í stofnsamning sem síðan var í haust staðfestur formlega og endanlega af ríkisstj. Þar er svo ákveðið, að ríkisstj. muni beiti sér fyrir því, að Orkubú Vestfjarða fái 20% af verðjöfnunargjaldi af raforku.

Í þessu frv. er því sú breyting frá gildandi lögum, að Rafmagnsveitur ríkisins skuli fá 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi og Orkubú Vestfjarða 20%.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái hér góðar undirtektir eins og í hv. Ed., en þar mælti iðnn. öll með samþykkt frv.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki ræða málið, en mig langar aðeins til að spyrjast fyrir um það. Því miður fylgdist ég ekki alveg með framsöguræðu hæstv. iðnrh. um málið, en mig langar til að gera fsp. um það, hvort þessi skipting á verðjöfnunargjaldinu: annars vegar 80% til Rafmagnsveitna ríkisins og hins vegar 20% til Orkubús Vestfjarða, hafi áhrif eða hvaða áhrif hún hafi á rafmagnsverð Rafmagnsveitna ríkisins, — hvort hæstv. ráðh. gæti upplýst þetta.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ekki er gert ráð fyrir að þessi ákvörðun hafi nein áhrif á rafmagnsverð Rafmagnsveitna ríkisins.

Það var annað atriði en verðjöfnunargjaldið sem mjög kom til athugunar í sambandi við stofnun Orkubúsins, og það var hvernig eigna-

yfirtöku Orkubúsins skyldi háttað, bæði varðandi orkuveiturnar á Vestfjörðum og eignir Rafmagnsveitnanna og þá einnig hvernig færi um skuldir. Eftir athugun sérfræðinga á þessu máli varð niðurstaðan að til þess að fjárhagsgrundvöllur væri sæmilega traustur undir Orkubúinu gæti það aðeins tekið hluta af skuldum Rafmagnsveitna ríkisins á sig, og þegar miðað var við uppgjör í árslok 1975 var gert ráð fyrir að Orkubúið tæki á sig 500 millj. af skuldum Rafmagnsveitnanna, en um 800 millj., sem eftir stæðu, kæmu ekki til Orkubúsins. Þessar tölur hafa breyst við framreikning síðan, en hins vegar felst það í samþykkt ríkisstj. um þetta mál, að rekstur og afborganir af þeim skuldum, sem eftir verða og ekki flytjast yfir til Orkubúsins, skuli greiða úr Orkusjóði eða af öðrum tekjustofnum orkumála. Ekki er gert ráð fyrir því, að afgangurinn af þessum skuldum verði áfram á vegum Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég vil því svara fsp. hv. þm. á þá leið, að ég lít ekki svo á, að þetta hafi nein áhrif á rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1975, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1975 liggur hér fyrir á þskj. 130. Einnig hefur verið lagt fram frv. til fjáraukalaga vegna sama árs og verður gerð sérstök grein fyrir því í Sþ.

Eins og fram kemur í aths. með frv., er það samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1975. Reikningurinn var afhentur yfirskoðunarmönnum til meðferðar og lagður óendurskoðaður fyrir Alþ. í okt. 1976. Í apríl 1977 var hann lagður fyrir Alþ. endurskoðaður með athugasemdum og till. yfirskoðunarmanna og svörum ráðh. Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir þetta ár gerði ég nokkra grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1975 og ríkisreikningi. Ég mun því ekki gera nema örstutta grein fyrir honum nú, enda hafa þm. haft hann til skoðunar, eins og ég sagði, frá hausti 1976.

Yfirskoðunarmenn gerðu fyrirspurnir í tólf liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti innheimtuembætta við ríkissjóð samkv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1975 með hliðstæðum hætti og áður hafði verið. Svör við fsp. sínum telja yfirskoðunarmenn ýmist fullnægjandi eða rétt að viðkomandi atriði verði tekið til athugunar.

Till. sínum skiluðu yfirskoðunarmenn í mars s. l. og leyfi ég mér að vísa í ríkisreikninginn varðandi þær svo og fyrirspurnir þeirra og svör við þeim. Tel ég ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir þeim að svo stöddu.

Með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1975 mun ég gera stutta grein fyrir helstu frávikum ríkisreiknings og fjárlaga ársins, en hér rekja stærstu liði í gjöldum og tekjum A-hluta ríkisreikningsins.

Ég vil eins og áður vekja athygli á tveimur meginreglum við uppgjör A-hluta ríkisreikningsins samkv. núgildandi lögum, nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Önnur er sú, að álagðar tekjur og áfallin gjöld eru lögð til grundvallar við uppgjör rekstrarreiknings, en ekki greiðsluhreyfing þessara liða, þ. e. innheimta tekna og útgreiðsla gjalda. Af því leiðir að í efnahagsyfirliti eru óinnheimtar tekjur meðal eignaliða og ógreiddar gjaldskuldbindingar meðal skuldaliða.

Hin meginreglan er sú, að fjárfestingarútgjöld A-hlutans eru talin með gjöldum þess árs, þegar til þeirra er stofnað, en þeim ekki dreift með afskriftum á þann árafjölda sem gert er ráð fyrir að fjárfestingin endist, eins og gildir um uppgjör fyrirtækja og sjóða ríkisins í B-hluta ríkisreiknings.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á árinu 1975 samkv. breytingu sjóðseignar innistæðna og skulda og ávísana á hlaupareikningum við Seðlabanka Íslands og innlánsstofnana ásamt breytingum lánareikninga við Seðlabankann var óhagstæð á árinu 1975 um 4 milljarða 928 millj. kr., og að viðbættu láni við Seðlabankann vegna ábyrgðar ríkissjóðs á verðtryggingu verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, að fjárhæð 846 millj., var greiðsluafkoman óhagstæð um 5 milljarða 774 millj. kr.

Heildarniðurstaða rekstrarreiknings A-hluta ríkisreikningsins fyrir árið 1975 var sú, að gjöld námu 58 milljörðum 576 millj. 672 þús. kr., tekjur námu 51 milljarði 43 millj. 986 þús. kr. Gjöld skiptust þannig í stórum dráttum: Gjöld vegna fræðslu- og menntamála á vegum menntmrn. námu 7 milljörðum 610 milj. 584 þús. kr., þar af vegna héraðsskóla og grunnskóla 4 milljörðum 105 millj. 875 þús. kr. — Gjöld vegna búnaðarmála námu 2 milljörðum 616 millj. 236 þús. kr., þar af 1102 millj. 438 þús. vegna uppbóta á útluttar landbúnaðarafurðir. — Gjöld vegna útvegsmála námu 2 milljörðum 393 millj. 233 þús. kr., þar af 698 millj. 108 þús. kr. vegna Hafrannsóknastofnunar. Er þá innifalið í þeirri fjárhæð kaupverð á togaranum Baldri fyrir stofnunina, að fjárhæð 342 millj. 121 þús. kr. Einnig eru taldar með útvegsmálum 846 millj. 108 þús. kr. vegna skylduframlags ríkissjóðs til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins samkv. sérstökum lögum. — Gjöld vegna dómgæslu og lögreglumála námu 3 milljörðum 15 millj. 980 þús. kr., þar af vegna landhelgisgæslu 886 millj. 25 þús. kr. — Gjöld vegna húsnæðismála námu 2 milljörðum 199 millj. 697 þús. kr., þar af 1 milljarður 896 millj. 788 þús. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins eða Húsnæðismálastofnunar. — Gjöld vegna tryggingamála og heilbrigðismála námu 18 milljörðum 468 millj. 588 þús. kr., þar af 16 milljarðar 502 millj. 57 þús. til Tryggingastofnunar ríkisins. — Gjöld vegna toll- og skattheimtu námu 597 millj. 106 þús. kr., og framlag til Ríkisábyrgðasjóðs svo og vegna togara, sem tilfært er undir fjmrn., en ekki útvegsmál hjá sjútvrn., nam 429 millj. 984 þús. kr. — Gjöld vegna samgöngumála, án yfirstjórnunargjalda samgrn., námu 6 milljörðum 895 millj. 223 þús. kr., þar af vegna vega-

gerðar 4 milljörðum 5 millj. 224 þús. — Gjöld vegna iðnaðarmála og orkumála, án yfirstjórnar rn., 1 milljarði 571 millj. 763 þús. Kröfluvirkjun er þar ekki meðtalin frekar en virkjanir sem gerð er grein fyrir í B-hluta ríkisreiknings. — Gjöld vegna niðurgreiðslna á vöruverði námu 5 milljörðum 586 millj. 5 þús. kr. — Gjöld vegna greiðslna á vöxtum og verðbótum lána, sem ríkissjóður hefur tekið, ásamt vöxtum af yfirdráttarskuldum í Seðlabankanum námu alls 1 milljarði 776 millj. 95 þús. kr.

Stærstu einstakir gjaldaliðir A-hluta ríkisreiknings voru eins og áður vegna niðurgreiðslna og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir svo og vegagerðar, eða samtals 27 milljarðar 195 millj. 724 þús. kr. sem var 46% gjalda A-hlutans í heild á árinu 1975. Á árinu 1974 var þetta hlutfall 48%.

Tekjurnar í heild námu, eins og ég áður sagði, 51 milljarði 443 millj. 985 þús., samkv. tekjufærslu, þ. e. a. s. álagning tekna. Innheimtan á árinu nam hins vegar, eins og gerð er grein fyrir á bls. 61—63 í ríkisreikningi, 49 milljörðum 342 millj. 915 þús. kr. Stærstu teknaliðir A-hlutans eru eins og áður söluskattur, almenn aðflutningsgjöld, tekju- og eignarskattur og hagnaður af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Söluskattur nam í tekjufærslu 17 milljörðum 885 millj. 135 þús. kr. og í innheimtu 17 milljörðum 79 millj. 415 þús. kr. — Aðflutningsgjöld, almenn, námu 10 milljörðum 117 millj. 812 þús. kr. í tekjufærslu og svo til sömu fjárhæð í innheimtu. — Tekju- og eignarskattur, þar með erfðafjárskattur, námu í álagningu 6 milljörðum 103 millj. 569 þús. kr. og í innheimtu 5 milljörðum 724 millj. 515 þús. kr. Barnabætur og persónuafsláttur að fjárhæð 2 milljarðar 886 millj. 134 þús. hafa þá verið dregin frá. — Hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunarinnar nam 4 milljörðum 736 millj. 364 þús. kr. — Þessir fjórir liðir námu í tekjufærslu alls 38 milljörðum 842 millj. 880 þús. kr. eða 76% af heildartekjum A-hluta ríkisreiknings árið 1975. Þessi hlutfallstala var um 80% árið 1974. Fimmti stærsti tekjuliðurinn var launaskattur, er nam 2 milljörðum 934 millj. 889 þús. kr. í álagningu, innheimta nam 2 milljörðum 700 millj. 565 þús. kr. Að launaskatti meðtöldum námu þessir fimm tekjuliðir 82% heildartekna A-hlutans árið 1975, en 84% árið 1974.

Ég mun ekki gera nánari grein fyrir niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1975. Um frávik ríkisreiknings og fjárlaga mun ég fjalla, eins og ég sagði áður, í framsögu fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1975.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 138). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á s. l. vori gerðu launþegar og atvinnurekendur með sér samkomulag um að greiða á árunum 1978 og 1979 sérstakar uppbætur á lífeyrisgreiðslur sambærilegar þeim sem greiddar hafa verið nú um tveggja ára skeið. Frv. það, sem hér er lagt fram, gerir ráð fyrir að svipuð skipan verði á greiðslum hjá Lífeyrissjóði bænda og almennt tíðkast hjá lífeyrissjóðum.

Lífeyrissjóðir þeir, er stóðu að samkomulaginu s. l. vor, deila að nokkru með sér útgjöldum vegna uppbótagreiðslna. Samstarf þetta tryggir að enginn sjóðanna verði fyrir þungum áföllum þeirra vegna. Í hæsta lagi þarf að verja 13—14% af iðgjöldum sjóða til uppbótagreiðslna.

Hjá Lífeyrissjóði bænda er þessu öðruvísi farið. Sjóðurinn á ekki aðild að neinu samstarfi við aðra lífeyrissjóði um jöfnun útgjalda og verður því sjálfur að standa undir allri uppbótagreiðslu af tekjum sínum. Áætlað er að 48% af iðgjalda- og framleiðslutekjum sjóðsins verði varið til lífeyrisgreiðslna árið 1978 og langmestur hluti þess fjár uppbótagreiðslur.

Fjárhagsbyrði þessi stafar að sjálfsögðu fyrst og fremst af mun óhagstæðari aldursskiptingu félaga í Lífeyrissjóði bænda en hjá öðrum sjóðum. Til að greiðslur lífeyris úr Lífeyrissjóði bænda geti orðið sambærilegar og úr öðrum sjóðum er lagt til með frv. þessu, að tekjur sjóðsins verði nokkuð auknar. Til þessa hafa laun þau, sem iðgjald hefur verið reiknað af, miðast við kaupgjald hausts á undan gjaldárinu að viðbættu 10% álagi vegna kaupgjaldsbreytinga. Þessi skipan hefur á undanförnum árum verið í litlu samræmi við raunverulegar breytingar á launum. Hér er því lagt til að álag þetta verði 20% í staðinn fyrir 10%. Jafnframt er lagt til að iðgjöld verði aldrei miðuð við lægri fjárhæð en 4/5 af heildarverðmæti búvöru í stað ¾ hluta nú. Talið er að breytingar þessar muni auka ráðstöfunarfé sjóðsins árið 1978 um rúmlega 40 millj. frá því er það ella verður.

Um einstakar greinar frv. leyfi ég mér að vísa til athugasemda sem eru prentaðar með frv. Frv. þetta er samið í náinni samvinnu við stjórn Lífeyrissjóðs bænda. Hér er á ferðinni sanngirnismál sem ég vænti að fái góðar undirtektir og njóti skjótrar afgreiðslu í hv. þd. og vonast til að það geti orðið að lögum áður en hv. þm. fara í jólaleyfi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh - og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 167). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til

að ríkisstj. verði veitt tímabundin heimild til að innheimta ýmis gjöld, þ. e. a. s. fyrst og fremst nokkur stimpilgjöld, með viðauka. Á undanförnum árum hefur slíkt frv. verið flutt árlega og heimildar Alþ. verði aflað til að gjöld þessi væru innheimt með óbreyttum viðauka, þ. e. a. s. 140%.

Tekjur ríkissjóðs vegna innheimtu stimpilgjalda, þinglýsinga og aukatekna voru áætlaðar 1 milljarður 984 millj. kr. fyrir fjárlagaárið 1977. Samkv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1978 eru tekjur vegna sömu gjalda áætlaðar 2 milljarðar 345 millj. kr., og er þá miðað við að áfram verði veitt heimild fyrir innheimtu gjalda með viðauka.

Ég tel rétt að skýra frá því, að nú stendur yfir heildarendurskoðun laga um stimpilgjöld. Fjh.- og viðskn. Alþ. hefur verið gerð grein fyrir því, hvernig að því starfi hefur verið staðið og hvernig það stendur. Væntanlega verður nýtt frv. til laga um stimpilgjöld lagt fram þegar að loknu jólaleyfi þm. Hér er um yfirgripsmikið lagafrv. að ræða og því ekki talið fært að leggja það fram nú fyrir jólin á mesta annatíma Alþ. Er því enn einu sinni lagt til, að ríkisstj. verði veitt hin heföbundna heimild til að innheimta þessi tilteknu gjöld með viðauka næsta fjárlagaár.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Efri deild, 32. fundur.

Föstudaginn 16. des., kl. 9.40 síðdegis.

Læknalög, frv. (þskj. 203). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir breytingu á læknalögum á þá lund, að við 3. gr. laganna komi ný mgr. sem verði 3. mgr. og hljóði svo:

„Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni.“

Nd. gerði á frv. þá breytingu að við þetta ákvæði 1. gr. bættist: „að höfðu samráði við læknadeild Háskóla Íslands“, og þannig er frv. lagt hér fram við 1. umr.

Ástæðan fyrir því, að læknalögunum var breytt 1973, var, eins og þáv. heilbr.- og trmrh. sagði í framsöguræðu sinni, að samkv. þágildandi lögum gátu þeir einir fengið lækningaleyfi hér á landi sem voru íslenskir ríkisborgarar. Það ákvæði hafði sætt mjög vaxandi gagnrýni, enda samsvarandi ákvæði þá úr lögum felld á öðrum Norðurlöndum. Að till. landlæknis var frv. frá 1973 flutt, og það var síðan samþykkt og afgreitt frá Alþ. sem lög nr. 108 31. des. 1973. Þótti þá rétt að færa nokkur atriði eldri laga í nútímalegra horf, eins og sagði í grg. með frv., og þess vegna voru nokkrar mgr. læknalaganna frá 1969 undiirskrifaðar, en lögin voru þá orðin nokkuð gömul eða frá árinu 1932. Þetta voru allt saman minni háttar breytingar, eins og þá var getið um í umr. um frv.

Landlæknir hefur bent á að umrætt ákvæði, sem hér er lagt til að sé tekið aftur inn í lögin, hafi fallið í burtu og hann hafi ekki gert ráð fyrir afnámi þess í till. sínum þegar lögunum var breytt á árinu 1973, enda telji hann ákvæði þetta þurfa að vera áfram í lögum. Því lagði hann til við heilbr.- og trmrn., að frv. þetta yrði flutt og aftur lögfest orðrétt ákvæði 3. gr. læknalaganna eins og upprunalega frv. gerði ráð fyrir, en nú með þeirri breytingu sem gerð var á 1. gr. í Nd. í dag.

Ég tel ekki, herra forseti, ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að frv. verði vísað til heilbr.- og trn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Verðlagsmál landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 115). — Frh. einnar umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson) [frh.]: Herra forseti. Þegar þingfundi var frestað í dag var ég að skýra frá því, að ég hefði verið undrandi yfir því þegar var verið að ræða um auknar niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum á s. l. sumri í sambandi við kjarasamningana og það urðu mér nokkur vonbrigði, að mér fannst, að þessir þegnar, sem þá voru í kjarabaráttu fyrir alþýðusamtökin í landinu, kysu heldur að fá lækkaðan tekjuskatt en fá auknar niðurgreiðslur. Þegar umr. fóru fram um þetta, sem var að mörgu leyti nýtt fyrir mig, þá fannst mér að ég væri álíka staddur og skáldið Steinn Steinarr þegar hann fékk skáldalaunin, og þó að ég gæti ekki mælt á þann veg sem hann gerði, þá hugsaði ég bara á þann veg: „Eitthvað er breytt, annaðhvort ég eða þjóðin,“ þegar alþýðusamtökin í landinu voru farin að berjast fyrir því að lækka tekjuskattinn, en vildu ekki auka niðurgreiðslur á neysluvörum almennings, þá fannst mér eitthvað vera orðið breytt. Hins vegar varð niðurstaðan að hvort tveggja var gert. Niðurgreiðslurnar voru auknar sem svarar hálfum öðrum milljarði, miðað við eyðslu á ári, og tekjuskatturinn svo lækkaður eitthvað rúmlega það.

Það er því við að bæta líka í sambandi við niðurgreiðslurnar og aðgerðir í sambandi við landbúnaðarmálin, að það hefur verið gerð sú breyting í tíð núv. ríkisstj. að taka upp niðurgreiðslu á ull sérstaklega. Þetta var gert með tilliti til þess, að með því að gera ullina að verðmætari hluta kindarinnar en hún áður var var hægt að draga úr verðinu á kjötinu og um leið

var með þessum hætti hægt að auka mjög atvinnu viðs vegar úti um landið. Sá ullariðnaður, sem hefur verið mesti vaxtarbroddurinn í okkar iðnaði á síðustu árum, byggist á þessu. Og nú er ákveðið að verja um 330 kr. á hvert ullarkg, sem er rúmlega hálfur milljarður á þessu verðlagsári. Þetta kemur auðvitað alveg eins út fyrir framleiðendur sauðfjárafurða og þetta væri lagt á kjötið og það kemur vel út fyrir neytendur einnig, því að öðrum kosti yrði kjötverðið að vera hærra til þess að ná heildarverði kindarinnar. Þessu má ekki gleyma þegar þetta er verið að meta. Hins vegar vil ég taka það fram, sem féll niður hjá mér áðan, að þessi aukna niðurgreiðsla, sem var gerð í sumar, og jafnframt aukin kaupgeta, að ég hygg, varð þess valdandi að salan á kjötinu var meiri seinni partinn heldur en fyrri part ársins.

Ég vil svo í framhaldi af þessu geta þess, að fleira er það, sem þessi ríkisstj. hefur tekið til meðferðar í sambandi við landbúnaðarframleiðsluna og til stuðnings við hana, og það eru fleiri ástæður en fram koma í grg. þessarar þáltill. sem hafa haft veruleg áhrif á verðlag landbúnaðarvöru. Þar vil ég minna á að áburðarverðið hækkaði um rúmar 1500 millj. kr. á árinu 1975 eða um 150% og af því voru greiddar niður 752 millj. kr. Það var hins vegar ekki gert nema þetta ár, svo að verðlagið á áburðinum, sem hefur verið rólegt síðan, hefur gengið inn í verðlagið eftir þetta. Þetta hafði hins vegar mikil áhrif, að geta gert þessa breytingu, og hefði í raun og veru þurft að halda áfram með niðurgreiðslu á áburði, en hún var tiltölulega hagstæð þetta ár þegar þessi mikla verðhækkun var. Verðbólguáhrifin af svo mikilli hækkun eins og áburðarverðshækkuninni varð 1975, — talið var að verðið mundi 2½-faldast, — þegar hennar gætti endanlega í verðinu í landinu er nauðsynlegt að hafa í huga þegar þess er gætt og að því er gáð af hvaða ástæðum verðbólgan hefur aukist og verðhækkun orðið á landbúnaðarvörum.

Þá vil ég og geta þess, að þegar upp voru teknar launajöfnunarbætur þegar núv. ríkisstj. kom til valda haustið 1974, þá fengu bændur með lágar tekjur þessar launajöfnunarbætur eins og aðrar stéttir, enda eðlilegt að þannig væri með farið, og það var líka gert.

Ég vil líka geta þess, að þegar gerður er samanburður á tekjum bænda annars vegar og viðmiðunarstéttanna nú og áður, þarf að hafa í huga breytingar, sem gerðar hafa verið nú á seinni árum og sérstaklega eftir 1970. Þessi samanburður var gerður og er gerður með því, að það eru teknar annars vegar brúttótekjur bænda og hins vegar tekjur viðmiðunarstéttanna. Við samanburð á brúttótekjum bænda og viðmiðunarstéttanna samkv. þessum heimildum þarf að hafa hliðsjón af því, að breytingar hafa orðið á framtali bænda. M. a. eru vextir, fyrningar húsa og fasteignagjöld o. fl. nú fært á landbúnaðarframtal, sem ekki var áður, en þá var það fært á persónulegt framtal. Í þessu sambandi er rétt að hafa það í huga, að flýtifyrningar eru einnig að verki í sambandi við þennan samanburð og þess vegna er þessi samanburður ekki hliðstæður því, sem áður var að þessu leyti til. Þetta þarf að hafa í huga.

Um fleiri atriði, er þetta mál varða, vil ég nú geta þess, að ég sagði frá raunum mínum sem landbrh. í dag, þegar ég skipaði n. til þess að endurskoða framleiðsluráðslögin og var kominn hér með frv. upp á vasann og ætlaði að fá lög afgreidd í þinginu. Fleiri tilraunir hef ég gert í þessa átt. Og það varð samkomulag í sambandi við kjaramál að taka framleiðsluráðslögin til endurskoðunar. Hinn 26. maí 1976 skipaði ég enn á ný n. til að endurskoða framleiðsluráðslögin. Þá n. skipa, með leyfi hæstv. forseta, Jónas Jónsson ritstjóri, sem er formaður n., Björn Jónsson forseti ASÍ, Brynjólfur Bjarnason rekstrarhagfræðingur, Gunnar Guðbjartsson formaður Stéttarsambands bænda, og Ólafur Andrésson bóndi í Sogni, sem er líka í stjórn Stéttarsambandsins og í framleiðsluráði.

Nú hefur það komið fyrir í þessari n., eins og kom fyrir þegar slitnaði upp úr 1958, að eftir að verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins hafði verið hækkaður, það mun hafa verið s. l. vetur, þá kærði Alþýðusamband Íslands þessa hækkun. Þetta varð til þess, að ekki varð sérlega gott á milli foringjanna í þessari ágætu n. og formaður Stéttarsambands bænda taldi sig ekki geta tekið þátt í nefndarstörfum með forseta ASÍ á sama tíma sem þeir væru í málaferlum. Nokkrar tilraunir voru gerðar til þess að fá þetta mál í lag aftur, en án árangurs. Eitthvað var nú í skipunarbréfi mínu sem ASÍ taldi sig þurfa að gera aths. við, en það var ekki meira en svo, að ég deplaði ekki einu sinni auga, hvað þá meira, svo að það varð ekki til tafar nefndarstörfum.

Nú gerðist það svo aftur í haust, að ég ræddi við formann Stéttarsambands bænda og sagði: Nú er ekkert með það, nú gerist annað tveggja, að þú tekur upp störf að nýju og n. tekur til starfa eða þá ég verð að óska eftir því við Stéttarsambandið að það tilnefni annan fulltrúa. — Og ég hef tilkynnt formanni að ég óski eftir því, að þessi n. haldi áfram störfum. Framhaldið var svo það, að n. tók til starfa og hefur haldið nokkra fundi í haust. M. a. fjallaði hún þá um hugmyndir þær sem komu fram á Stéttarsambandsfundinum. Þær voru að vísu ekki nýjar. Þær eru í gamla frv. frá 1971 og höfðu komið fram áður, um fóðurbætisskatt sem tæki sem væri hægt að nota ef menn vildu hafa stjórn á framleiðslunni. Kvótakerfi var líka gamalkunnugt, og það urðu ekki mótmæli gegn því að fóðurbætisskattur yrði lagður á, enda kæmi hann þá ekki inn í verðlagið. Þannig fór svo þetta mál fyrir aukafund í Stéttarsambandi bænda og þar var þetta samþykkt, en þó nokkur andstaða gegn málinu. Síðan hafa, eins og kunnugt er, verið haldnir æðimargir fundir, sem ganga í þá átt að vera andsnúnir þessum skatti.

Nú hef ég sagt formanni Stéttarsambandsins að ég muni ekki beita mér fyrir flutningi þessa þáttar eins í framleiðsluráðslögunum nema samstaða væri um það, ég færi ekki að leggja út í hörku út af þessu, ef ekki kæmist meira í gegn af framleiðsluráðslögunum. Ég átti viðræður síðast í morgun við hann ásamt fleirum um þetta mál. Um niðurstöðu þar að lútandi get ég ekki gefið frekari skýringar nú.

Í sambandi við umr. um þessa endurskoðun, m. a. hjá ASÍ-mönnum og fleirum og m. a. hefur

það komið fram í stjórnarflokkunum, að um er að ræða atriði sem menn eru ekki á eitt sáttir um framkvæmd á. Eins og þessi mál eru nú framkvæmd er miðað við 10% af heildarverðmæti framleiðsluvara bænda, og hefur nokkuð verið deilt í haust um útreikninginn á því, í fyrsta skipti síðan ég fór að fara með þessi mál til þess hefur komið. Ég hef alltaf litið á hagstofustjóra sem algildan postula þar um sem ekkert þyrfti um að ræða í því sambandi. Hann hins vegar telur að grundvöllinn verði hann að fá frá öðrum, en hann eigi að reikna út. Niðurstaða í þessu hefur ekki fengist enn þá, en það, sem menn eru þar ekki á eitt sáttir um, eru einmitt hlunnindin sem hafa ekki áhrif á útflutningsbæturnar. Hins vegar hefur sú skoðun komið fram, sem er í þáltill. hv. þm. Stefáns Jónssonar og félaga hans, að taka eingöngu þær vörur sem út eru fluttar, þ. e. framleiðslu í sambandi við sauðfjárbúskap og nautgripabúskap og annað ekki. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert, og mér sýnist að ef þetta væri reiknað þannig út núna, þá mundu útflutningsbæturnar þurfa að vera um 12% af þeim tegundum framleiðslunnar, sem þarna eru tilgreindar, en ekki 10%, til þess að ná sömu fjárhæð og 10% ná núna miðað við heildarframleiðsluna.

Þetta er atriði sem má svo sem hafa mismunandi skoðanir á. Hins vegar hafa þeir stéttarsambandsmenn, sem ég hef rætt þetta við, sagt að upphaflegu lögin séu samningur milli þeirra og ríkisstj. 1959 og þar féllu þeir frá því að leggja þetta á innanlandsframleiðsluna gegn þessu, og þeim finnst að þessi samningur sé enn í gildi og svo verði nema þá lögunum verði breytt.

Þessar upplýsingar vil ég gefa í sambandi við það sem um væri að ræða, ef væri farið inn á þessa einangruðu leið, sem ég er ekki að fordæma út af fyrir sig, miðað við það þó að hún hefði meira rými eins og lagt er líka til í þáltill.

Til að upplýsa um tekjur bænda og annarra stétta í þjóðfélaginu, sem að vísu eiga allar sammerkt með það, að allar telja sig hafa of lítið, þá langar mig nú til að nefna í því sambandi að árið 1971 var fiskblokkin seld fyrir 21 cent á Bandaríkjamarkaði, en núna er hún seld á 1 dollar og 21 cent. Þrátt fyrir þetta heyrist talað um það, að frystihúsum eða fiskvinnslustöðvum verði að loka nema gerðar væru sérstakar ráðstafanir til þess að þær geti annast reksturinn. Og það er svo að heyra, að útgerðin sé ekki of vel haldin. Ef við berum þetta saman við landbúnaðarútflutninginn, þá er það svo að á sama tíma er hans verðstaða mun verri en hún var þá. T. d. gaf Noregsmarkaðurinn á þessum árum, þegar hann gaf best, um 70% af heildarverðmætinu, grundvallarverðinu og þeim kostnaði sem því fylgdi, en nú er þetta sennilega komið niður fyrir 50%. Það var um 50% í haust og það var besti markaðurinn. Hins vegar hefur allur markaður fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir versnað erlendis vegna verðbólgunnar hér, og verðhækkanir á þeim mörkuðum hafa ekki átt sér stað, nema síður sé. Og þegar þetta er haft í huga, þá verður að segjast eins og er, að maður er í raun og veru undrandi að landbúnaðurinn sem atvinnugrein skuli þó ekki vera verr haldinn þegar samanburður er gerður við aðrar atvinnugreinar. Þessu vildi ég vekja athygli á, og jafnframt vil ég geta þess, að á sama tíma hafa framkvæmdir í landbúnaði verið meiri en sennilega nokkurn tíma fyrr á 5—6 árum. T. d. hafa lán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins a. m. k. í kringum tvöfaldast að verðgildi frá 1971. Árið 1970 voru heildarlán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins 141 millj., en nú munu þau vera 2.2 milljarðar eða kringum það. (StJ: Á sama gengi?) Nei, nei, krónutala hvert ár. Ef við aftur tökum lánin á sama verði, þá er óhætt að segja þetta sem ég benti áðan á. En þetta eru krónutölur bæði árin.

Þess vegna verður að hafa í huga að það hefur verið mikil hreyfing í landbúnaði, miklar framkvæmdir, mikil vélvæðing og afkoma bænda hefur versnað núna eins og yfirleitt gerðist á árunum 1975 og 1976, og mundi hins vegar lagast á yfirstandandi ári ef salan sprengdi ekki 10% skallann, sem útlit er fyrir að verði. Það hefur að sjálfsögðu áhrif á þetta.

Nú er mér ljóst að ég er búinn að tala hér allt of lengi og skal nú fara að stytta mál mitt, en vil vekja athygli á því, að þar sem till. fjallar um endurskoðun þessa þáttar í framleiðsluráðslögunum, að framleiðsluráðslögin í heild eru í endurskoðun og það, sem ég tel mestu máli skipta, er að fá þeirri endurskoðun lokið. Þess vegna reyndi ég að gera ítrekaðar tilraunir í haust til að herða á því og vona nú satt að segja að okkar ágætu félagar eyði nú ekki tímanum í málaferli hver við annan. En það er afar erfitt að fara að taka út úr svona veigamikilli löggjöf einstaka þætti, eins og þarna á sér stað. Í þessari endurskoðun er einmitt gert ráð fyrir þessari stefnumörkun, og fara inn á samkomulag við ríkisstj. Jafnvel þó að ég segi það að fenginni reynslu að henni skuli treysta með varúð, þá hef ég samt ákveðið að fylgja þessu eftir. Ég mun ekki hika við það, ef þetta frv. félli í mínar hendur sem landbrh., að flytja það. Aðalatriðið er að það komi sæmileg samstaða út úr n. til þess að tryggja málinu framgang. Það skiptir að mínu mati meginmáli að það yrði til þess að tryggja afkomu bændastéttarinnar og um leið að tryggja þann þátt í atvinnu þjóðarinnar, að landbúnaðurinn, sem hefur verið og er einn af styrkum stoðum hennar, haldi áfram að vera öruggur og farsæll atvinnuvegur.

Það er hart að hlusta oft á það eða lesa það, að ráðist er á landbúnað, þessa matvælakistu okkar, með þeim hætti eins og margir ábyrgðarlitlir blaðasnápar gera. Ég mun hafa orðað það svo um daginn, að mér hraus hugur við því, á sama tíma og ég hlustaði á FAO-ráðstefnunni á það, þegar forustumennirnir kvörtuðu yfir því og höfðu hinar mestu áhyggjur af fæðuskorti í heiminum og töldu sig ekki sjá nein ráð til bjargar þótt öll sú fæðuöflun, sem nú væri sjáanleg, ykist svo mikið sem þeir gætu reiknað með, að það nægði til þess að fæða þá sem ættu eftir að fæðast og upp að vaxa á næstu árum eða áratugum.

Þess vegna verða það mín lokaorð nú, að ég vil óska eftir við flm. þessarar þáltill. að reyna ekki að koma henni áfram, vegna þess að hún hefur ekki þýðingu þar sem verið er að vinna að málinu, heldur að þeir reyndu að nota áhrif sín til þess að málinu yrði hraðað hjá þeim sem

að því vinna, og að sjálfsögðu mun ég reyna það líka. Og ég tek undir það með flm. og frsm., að ég kann ekki við talið um samdrátt í landbúnaði. Það hefur aldrei verið við mína skapgerð eða fallið í minn farveg. Þegar ég var við búskap hafði ég enga löngun til annars en hafa sæmilega stórt bú. Ég byrjaði þó með mjög lítið, en það var á allt annan veg þegar ég hætti. Ég gerði mér líka grein fyrir því, að það eru slíkar sveiflur í okkar veðráttu sem hafa þau áhrif á landbúnaðinn, að það hlýtur að fara svo, að við höfum umframframleiðslu miðað við innanlandsneysluna. Og það, sem mestu máli skiptir er að reyna að koma henni í sem best verð og það gerist því aðeins að við vinnum að markaðsöflun og breytum vörunni á þann hátt í gegnum iðnaðinn, að hún verði sem best seljanleg vara, eins og okkur er þegar farið að takast í sambandi við ullariðnaðinn, þótt betur megi ef duga skal. Og því treysti ég, að íslenskur landbúnaður, þó að menn hafi þar ýmislegt við að athuga nú, eins og mér virðist nú í þjóðfélaginu öllu, — eitthvað heyrðist í haust þegar var verið að fjalla um kjaramálin, — þá fari það svo, að hann verði traustur, önnur af tveim traustustu stoðum íslensks þjóðfélags í nútíð og framtíð.

Umr. frestað.

Efri deild, 33. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 32. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 168). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, er í nánum tengslum við fjárlagafrv. Í frv. til fjárl. eru áætlaðar tekjur af vörugjaldi árið 1978 7 milljarðar kr.

Lög um sérstakt tímabundið vörugjald voru upphaflega sett um mitt ár 1975 og hefur þeim, eins og nafnið ber með sér, ætíð verið ætlað að gilda í takmarkaðan tíma. Í frv. þessu er enn sá kostur valinn að ætla nýjum lögum takmarkaðan gildistíma. Ég vil vekja á því athygli, að innan skamms verður lagt fyrir þingið frv. um breyting á lögum um tollskrá, og verði það samþykkt, mun þurfa að endurskoða þau tollskrárnúmer sem upp eru talin í núgildandi vörugjaldslögum. Fjárhagsmál tengd frv. þessu hafa fléttast inn í almennar umr. um fjárl. og afgreiðslu þeirra. Ég sé því ekki ástæðu til að fara nánar út í þau mál hér.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Föstudaginn 16. des., að loknum 33. fundi.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 169). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, er flutt í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. Með frv. þessu er lögð til nokkur aukning á fjáröflun til vegagerðar, en þó er sú aukning um 300 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Hefur verið gerð grein fyrir þessari breytingu í þeim umr. sem fram hafa farið í Sþ. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Auk tekjuákvæðanna er að finna í frv. ákvæði sem ætlað er að kveða skýrar á um nokkur atriði er að innheimtu þessara gjalda lúta og ljós ákvæði skortir um í gildandi lögum.

Bensíngjald er nú 23.28 kr. á hvern lítra. Samkv. lagaheimild má nú þegar hækka gjaldið upp í 29 kr. Frv. gerir ráð fyrir að heimild fáist til að bæta 7.50 kr. á hvern lítra umfram 29 kr. Lagt er til, að álagður þungaskattur dísilbifreiða verði hækkaður. Hækkun hans er heldur meiri en hækkun bensíngjaldsins og stafar það af því, að gjöld af dísilbifreiðum vilja gjarnan dragast aftur úr gjöldum af bensínknúnum ökutækjum þar sem örðugt er að breyta þungaskattinum jafnhliða breytingum á byggingarvísitölu.

Ákvæði gildandi laga um viðurlög eru gerð skýrari með þessu frv. en verið hefur. Er þá sérstaklega við það miðað að ákvæði um dagsektir fyrir að færa eigi bifreiðar til mælaálesturs verði virk, en að undanförnu hefur dagsektum ekki verið beitt vegna réttaróvissu. Þá er tekið inn í frv. þetta ákvæði um dráttarvexti sambærileg þeim, sem nú eru í lögum um tekjuskatt og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Ég leyfi mér, herra forseti, með tilvísun til þess, sem ég hef nú sagt, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Sameinað þing, 33. fundur.

Laugardaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Fjáraukalög 1975, frv. (þskj. 123). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1975, sem hér liggur fyrir á þskj. 123, er samið af fjmrn. skv. till. yfirskoðunarmanna Alþingis eins og fram kemur í ríkisreikningi fyrir árið 1975.

Leitað er heimildar fyrir öllum umframgjöld-

um að undanskildum Alþingiskostnaði, skipt eftir rn., en hér er sami háttur hafður á og verið hefur á liðnum árum.

Eins og fram kemur í þskj. nemur heildarfjárhæð frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1975 11 milljörðum 188 millj. 340 þús. kr. Skiptist fjárhæðin á öll rn. að undanskildu fjmrn., en gjöld þess rn. urðu 38 millj. 172 þús. kr. lægri skv. ríkisreikningi en skv. fjárl. Skýring þess er fyrst og fremst sú, að í fjárl. var gert ráð fyrir fjárveitingu til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum að fjárhæð 500 millj. kr. Í ríkisreikningi var ekki fært sérstaklega á þennan lið, heldur koma gjöldin fram hjá viðeigandi stofnunum hverri fyrir sig, og er það í samræmi við túlkun laga frá árinu 1966 um uppgjör ríkisreiknings.

Í framsöguræðu minni með frv. til samþykktar á ríkisreikningi fyrir árið 1975 gerði ég grein fyrir stærstu liðum reikningsins. Hér mun ég hins vegar víkja að stærstu frávikum gjaldareiknings og fjárlaga. Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1977 gerði ég m. a. grein fyrir þessum atriðum og vísaði jafnframt í grg. ríkisbókhaldsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 1975.

Af heildarfjárhæð þessa frv., rúmlega 11 milljörðum, er talið skv. sérstöku yfirliti í ríkisreikningi á bls. 187 að rekja megi 2 milljarða 653 millj. 615 þús. kr. til sérstakra laga og markaðra tekna og þeirri fjárhæð til lækkunar 1 milljarð og 5 millj. kr. skv. heimild í lögum nr. 11/1975, um ráðstafanir í efnahags- og fjármálum. Þessar fjárhæðir taka þó ekki til áhrifa ýmissa almennra lagaákvæða um fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs sem leiddu til aukinna gjalda frá áætlun fjárl., eins og aukin framlög til Tryggingastofnunar ríkisins, uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og niðurgreiðslur á vöruverði.

Stærstu efnisþættir þessa frv., taldir í ráðuneytaröð, eru þessir:

1. Fræðslumál, menntmrn., 465 millj. 488 þús. kr.

2. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir og jarðræktarframlög hjá landbrn. 503 millj. 654 þús. kr.

3. Framlag til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins 846 millj. 108 þús. kr., og þar með gjöld Hafrannsóknastofnunar vegna kaupa á Baldri, 396 millj. 820 þús. kr., eða samtals 1 milljarður 242 millj. 926 þús. kr. hjá sjútvrn.

4. Löggæslukostnaður hjá sýslumanna-, bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættum 399 millj. 494 þús. kr., og kostnaður við landhelgisgæslu 246 millj. 150 þús. kr., eða samtals 645 millj. 644 þús. kr. hjá dóms- og kirkjumrn.

5. Umframgjöld félmrn., 455 millj. 683 þús. kr., voru nær eingöngu vegna Húsnæðismálastofnunar og Byggingarsjóðs verkamanna.

6. Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins námu 2 milljörðum 512 millj. 517 þús. kr. umfram fjárl.

7. Gjöld Vegagerðar reyndust 462 millj. 605 þús. kr. umfram fjárl., og framlög til landshafna 398 millj. 995 þús. kr. umfram fjárl. Þessir tveir liðir samgrn. námu því 861 millj. 600 þús. kr. af umframgjöldum samgrn.

8. Niðurgreiðslur á vöruverði námu 1 milljarði 828 millj., 5 þús. kr. umfram fjárl., og er sú fjárhæð nærri öll umframgjöld viðskrn.

Gjöld vegna vaxta- og verðbótagreiðslna lána námu 1 milljarði 663 millj. 692 þús. kr. umfram fjárl., en aðrir liðir fjárlaga- og hagsýslustofnunar reyndust lægri í ríkisreikningi en fjárl., m. a. vegna þess að gjaldfærsla á fjárveitingaliðum til ríkisbifreiða kemur fram hjá þeim stofnunum sem fá af þeirri fjárveitingu.

Ég hef hér talið upp einstaka efnisþætti umframgjalda ríkisreikningsins fyrir árið 1975, samtals að fjárhæð 9 milljarða 579 millj. 211 þús. kr. Aðrar fjárhæðir þessa frv. dreifast á hina ótal liði ríkisreikningsins, og tel ég ekki ástæðu til að rekja þá hér.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér, með tilvísun til þeirrar grg. sem ég hef nú gert fyrir fjáraukalögunum, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjvn. Ég vildi mælast til þess, að hægt væri, áður en þm. færu heim í jólaleyfi, að ljúka afgreiðslu þessa máls og fá fjáraukalögin samhliða ríkisreikningi fyrir 1975 samþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 39 shlj. atkv.

Efri deild, 35. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 36. fundur.

Laugardaginn 17. des, að loknum 35. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 168, n. 213 og 214). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 frá 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald. Meiri hl. leggur til að frv. þetta verði samþykkt, en minni hl. n., þeir hv. þm. Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson, skilar séráliti.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja þetta mál. Hér er um gjald að ræða, sem lagt var á til eins árs á sínum tíma og hefur einu sinni áður verið framlengt. Nú er enn lagt til, að það verði framlengt, þannig að ljóst er að ríkissjóður er orðinn verulega háður þessum tekjum. Það er ljóst, eins og oft hefur komið fram, að ríkissjóður stendur frammi fyrir tekjuvanda, ekki aðeins nú, heldur á næstu árum, og það er erfitt að hugsa sér að unnt sé að afnema gjald

eins og t. d. þetta vörugjald nema með heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfinu, þar sem tollar verða nú sífellt minni og minni hluti af tekjuöflun ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, en ítreka aðeins, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Herra forseti. Ég vil taka það fram, eins og fram kemur í nál., að hv. þm. Albert Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það varð ekki samkomulag um að framlengja þetta sérstaka tímabundna vörugjald, eins og það heitir, og við, sem skipum minni hl. n., leggjum til að frv. verði fellt. Ástæðulaust er að hafa uppi langar orðræður um þetta mál, sem hefur verið tíður gestur hér á Alþ. seinustu missirin.

Vörugjaldið var fyrst lagt á árið 1975 og átti þá í þess orðs fyllstu merkingu að vera tímabundið, ekki stóð til að það stæði nema út það ár. Þegar svo kom að árslokum sá hæstv. fjmrh. sitt óvænna og taldi sig ómögulega geta séð af því öllu í einu, svo að það var komið með framlengingu, en jafnframt var þess látið getið, að gjaldið félli niður í áföngum á árinu 1976. Enn var því hugsunin sú, að þetta væri raunverulega tímabundið gjald. Ég minnist þess, að í fjh.- og viðskn., sem fjallaði um málið á þeim tíma á vegum Ed., lét ég þá skoðun í ljós, að langeðlilegast væri fyrir hæstv. fjmrh. að sleppa orðinu „tímabundið“, því að ef að líkum léti teldi hann sig áreiðanlega ekki geta misst af þessu gjaldi þegar þar að kæmi, slíkur losarabragur væri á fjármálum ríkisins undir stjórn hæstv. núv. ríkisstj., að hún mundi áreiðanlega halda dauðahaldi í alla tekjustofna sem fælu í sér álögur á almenning, eins og þetta gjald gerir, út í rauðan dauðann. Það fór líka svo, að þegar til átti að taka og fella niður gjaldið, þá var það framlengt. Síðan hefur þróunin verið í gagnstæða átt, því að gjaldið hefur farið hækkandi og er komið upp í 18%. Og nú er lagt til, að þetta sérstaka tímabundna vörugjald sé framlengt til eins árs. Satt að segja þykir mér langmerkilegast að hæstv. fjmrh. skuli ekki leggja til að þetta sérstaka tímabundna vörugjald verði ótímabundið, vegna þess að það er bersýnilega það sem hann hefur í hyggju.

Á það hefur verið bent, að þetta gjald er mjög óréttlátt vegna þess að það mismunar einstökum starfsgreinum og leggst misjafnlega á hina ýmsu veruflokka og er að því leyti harla tilviljanakennt, eins og hlýtur að vera um skatt sem aðeins var hugsaður til mjög stutts tíma. Þetta er eitt af þeim gjöldum sem núv. ríkisstj. ber alla ábyrgð á og hefur átt sinn þátt í að magna verðbólguna í þjóðfélaginu. Við, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn., erum því eindregið þeirrar skoðunar, að þetta gjald eigi að hverfa, og leggjum til að frv. verði fellt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs eingöngu til þess að undirstrika það, sem mér fannst vanta hjá frsm., að ég hefði setið hjá við afgreiðslu þessa máls. Hann leiðrétti það, þótt seint væri, með því að snúa til baka í ræðustól, þannig að þess vegna hefði ég getað fallið frá orðinu. En úr því að ég bað um orðið vil ég taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði.

Í júlí 1975 var þetta vörugjald sett á með brbl. og var þá 12%. Síðan er að mínu mati tekin rétt stefna og það lækkað 1. jan. 1976 í 10%. Ég hafði gert ráð fyrir eins og allir, að þetta vörugjald mundi falla niður í áföngum, en það hefur verið hækkað og er nú 18% og virðist eiga að halda áfram sem fastur liður, sem er andstætt því sem lofað hafði verið.

Ég tel mig ekki geta staðið að þessu frv., þótt ég muni ekki taka afstöðu gegn því, og því sitja hjá við atkvgr. hér í d. á sama hátt og ég gerði á nefndarfundi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:3 atkv.
2. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Verðlagsmál landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 115). — Frh. einnar umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, en það voru þó nokkur atriði í máli hæstv. landbrh. sem ég ætla rétt að víkja að og svo koma með nokkrar almennar aths. varðandi málið í heild, þó að hv. frsm. hafi nú gert því það góð skil að ég hef þar litlu við að bæta. Ég vil þó taka fram, að fyrir okkur vakir ekki einungis það, að kaupgjaldsmál bænda kæmust í betra horf með þessum hætti. Við teljum einmitt að það mikilvægasta við breytingu af þessu tagi yrði það, að þarna yrði ekki samið um kaupið eitt, heldur kjara- og réttindamál bændastéttarinnar í heild. Hliðstæðir samningar ættu sér sem sagt stað og eiga sér stað við aðrar stéttir. Þetta teljum við mjög þýðingarmikið, því að það er staðreynd að ýmis réttindamál bændastéttarinnar hafa orðið aftur úr. Ég nefni mál eins og orlofsmál þeirra, ég nefni mál eins og fæðingarorlof, sem enn er alls óleyst hvað bændakonur snertir, og fleiri almenn kjaramál þeirra mætti nefna sem kæmu hér inn í. Mér þætti líka ótrúlegt, ef þessi skipan hefði komist á, að þurft hefði að kæra til jafnréttisráðs það mál sem nú nýlega hefur verið kært til þess varðandi kaup bóndakvenna og mismun á kaupi bóndans og kaupi bóndakonunnar. Mér þætti ótrúlegt, ef svona samningar færu fram, að á þessu mundi stranda. Það væri sem sagt hægt að nefna ýmis dæmi af þessu tagi, en ég skal ekki eyða löngum tíma í það, aðeins undirstrika það, að með beinum samningum við ríkisvaldið, eins og við leggjum þarna til, hygg ég að almenn réttinda- og kjaramál bændastéttarinnar kæmust betur til skila og næðust betur fram en ella yrði.

Hæstv. landbrh. flutti hér mjög greinargóða og ágæta ræðu í gær og ég er honum þakklátur fyrir ýmsar þær upplýsingar sem hann gaf okk-

ur. Það er alltaf mjög virðingarvert þegar ráðh. taka sig til og undirbúa mál sitt rækilega og vel, eins og hæstv. landbrh. gerði, og bera það á borð fyrir okkur þm. eins og fræðsluerindi sé um það mál sem fyrir liggur. Þannig leit ég á þessa ræðu hæstv. ráðh., og það var annað mál þó að ég í einhverju væri honum ósammála.

Ég vil aðeins taka það fram, af því að hæstv. ráðh. minntist eðlilega á Alþýðusamband Íslands og forustu þess varðandi afstöðu oft og tíðum til bændastéttarinnar, að ég vil ekki taka þá forustu í forsvar, hvorki hér né áður, því að þar tel ég forustu alþýðusamtakanna hafa beint spjótum sínum ranglega að bændum og oft svo að mér hefur blöskrað. Hitt er svo annað mál, af því að sá ágæti maður, formaður Stéttarsambands bænda, kom hér inn í mál hæstv. ráðh., að hann hefur ekki alltaf verið varkár í orðum sínum um launþega heldur, og gæti ég trúað að þar væri líkt á komið um fullyrðingar á báða bóga, hlýt ég að harma það, hvor aðilinn sem í hlut á.

Enn síður dytti mér í hug að mæla bót þeirri stefnu, sem hefur því miður verið allt of mikils ráðandi hjá Alþýðusambandi Íslands, að meta svo mikils sem raun ber vitni lækkun tekjuskatts. Ég hef verið algerlega andstæðrar skoðunar varðandi hag launafólksins í þessu landi. Ég tel einmitt hina óbeinu skatta, og þá söluskattinn sérstaklega, miklu hættulegri og verri en tekjuskattinn. Af honum verður hins vegar mikln meiri hávaði venjulega, þegar hann er á lagður en hitt gleymist, hve óbeinu skattarnir og þá sérstaklega söluskatturinn eru orðnir gífurlega háir og íþyngjandi fyrir launþega.

Þetta vildi ég aðeins taka fram út af því sem hæstv. ráðh. sagði um þetta mál. Hins vegar er það rétt, að neytendur hljóta ævinlega að vera vel á verði gagnvart öllu sem heitir verð á almennum neysluvörum og hljóta þar alltaf að vilja halda í við sem mest, en það má vitanlega ekki koma beint niður á launakjörum þeirra manna sem starfa að landbúnaði. Þeim óvinafagnaði ætti sem fyrst að linna sem þar hefur því miður oft borið allt of mikið á milli launþega og bænda, því að hér er um sömu hagsmuni að ræða eins og hv. frsm. þessarar till. okkar fók mjög skýrt og rækilega fram í ræðu sinni.

Hæstv. ráðh. ræddi töluvert um frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem lagt var fram á vinstristjórnarárunum. Mér heyrðist, — ég er þó ekki alveg nægilega viss um að ég hafi skilið það rétt, — að þetta frv. hafi í raun, kannske einmitt þetta atriði þess, jafnvel strandað á okkur Alþb.-mönnum. Ég held að mig misminni það ekki, að við, sem vorum þá í landbn. beggja d., höfum unnið allvel að þessu máli. Ég man ekki betur en þáv. varaþm. Sigurður Magnússon, sem starfaði í landbn. Nd. þá einmitt að þessu frv., hafi átt mjög góða samvinnu við formann landbn. Nd., hv. þm. Stefán Valgeirsson, og lagt sitt af mörkum ríkulega — og það hygg ég að hv. þm. Stefán Valgeirsson geti borið um — til þess að um þetta frv. gæti orðið samkomulag og það gæti náð fram að ganga. Það kann að vera að einhverjir okkar flokksmenn hafi ekki verið sáttir við þetta frv., en ég fullyrði að við, sem störfuðum að þessu máli fyrir hönd flokksins í landbn., sýndum því fullan skilning og meira en það. Við veittum því — og þessu atriði alveg sérstaklega — fulian stuðning. Ég vona að annaðhvort hafi mér misheyrst eða ég hafi misskilið hæstv. ráðh., því að ekki strandaði á okkur Alþb.-mönnum, allra síst hvað þetta ákvæði áhrærði, um beina samninga við ríkisvaldið.

Ég lagði fram fyrir nokkru fsp. til hæstv. ráðh. um veðdeild Búnaðarbankans. Þar hefur verið slæmt ástand að undanförnu. Reyndar er ástandið í málum veðdeildarinnar slíkt, að úrlausn þess, ekki bara skammtímalausn, heldur framtíðarlausn, þolir í raun og veru enga bið. Ég fagna því, að í umr. í gær svaraði hæstv. ráðh. í raun fsp. minni varðandi vanda veðdeildarinnar á þessu ári. Ég tók það sem sagt sem svo, að fyrir því yrði séð að þessi vandi yrði leystur nú á næstu dögum, þannig að afgreiðsla jarðakaupalána gæti farið fram nú fyrir áramót. Ég fagna þessu og vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa upplýst okkur um það og þá um leið fyrir að vinna þannig að þessu máli að lausn fáist á því, því að hér eru margir sem bíða úrlausnar, hafa beðið allt frá í sumar og jafnvel lengur eftir úrlausn og eru nú í viðbót við aðrar hrellingar, sem bændur búa við, orðnir langeygir eftir þessari fyrirgreiðslu. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, en hlýt um leið að minna á, að eftir sem áður er vandi veðdeildarinnar sem slíkur óleystur með öllu. Hér er í raun og veru um gjaldþrotafyrirtæki að ræða, þar sem veðdeildin er.

Ég ætla ekki að fara miklu nánar út í það hér. Ég á sjálfur sæti í nefndinni sem hæstv. ráðh. skipaði til að reyna að finna lausn á þessum málum. Við höfum unnið allmikið að þessum málum og málefnum stofnlánadeildarinnar einnig og höfðum þegar á s. l. vori eða s. l. vetri lagt fram drög að frv. til lausnar vanda stofnlánadeildarinnar, þar sem í raun er einnig að hluta til leystur vandi veðdeildarinnar. Það hryggir mig að það frv., sem þá komst í hendur hæstv. ráðh. og ég veit að hann út af fyrir sig var sammála, skuli ekki hafa náð fram að ganga. Ég veit mætavel að þar hafa aðrir staðið í vegi, en ég vona að hæstv. ráðh. nái vopnum sínum í þessu máli og takist að koma þessu frv. fram nú fyrir vorið, því að hér liggur við staða stofnlánadeildarinnar og veðdeildarinnar einnig, staða sem er í dag allhrikaleg, ef ekkert verður að gert. Þetta frv. vona ég sem sagt að komi fram, og ég hef lýst því yfir áður, að ekki skal standa á mér að stuðla að því að frv. náist í gegn þegar það sér dagsins ljós hér á Alþingi.

Þegar að stofnlánadeildarmálunum er komið, þá er auðvitað komið að verulegum þætti í kjaramálum bænda, þar sem eru lánamál þeirra, Ein ástæða til þess, hve bændur kvarta nú — af eðlilegum ástæðum — er einmitt erfiðleikar lánasjóðanna, sem hafa þó verið minni á þessu ári en á árunum þar áður. Þar hefur líka verið um hert lánakjör að ræða, þó að hvergi nærri hafi verið gengið eins langt í því að hækka verð-

tryggingu og farið hefur verið fram á af Seðlabankanum og þeim öðrum aðilum sem þeim peningamálum stjórna. Engu að síður er sú verðtrygging, sem þegar er í gildi, þungur baggi á bændum vegna þess eðlis sem landbúnaðarframleiðslan er og hve hún er annars eðlis en ýmis önnur atvinnustarfsemi hér, afsetningin miklu hægari og þetta er miklu seinna að skila sér en hjá mörgum öðrum aðilum.

Ég skal ekki fara miklu nánar út í þetta mál, vil aðeins beina fsp. til hæstv. ráðh. í framhaldi af þeim upplýsingum sem við höfum fengið um stöðu stofnlánadeildarinnar varðandi þá lánsfjáráætlun sem nú er í burðarliðnum hér í þinginu. Við höfum fengið þær upplýsingar, að staða stofnlánadeildarinnar í þeim samanburði sé ákaflega óhagstæð, auk þess sem sú tala, sem þar er við miðað, sé röng. Nú vil ég ekkert um þetta fullyrða, því að þetta eru aðeins tölur sem okkur hafa verið gefnar upp. Samkv. því nefni ég aðeins þau dæmi um prósentuhækkanir sem okkur hafa verið gefnar upp, að á meðan Fiskveiðasjóður hækkar um 17% miðað við næsta ár hækki stofnlánadeildin um 6.8%, en ef við rétta tölu sé miðað hækki í raun og veru framlagið til hennar um 7.6%. Ég tek enga ábyrgð á þessum tölum, en þó að hagstæðari talan sé rétt, þá er engu að síður ljóst, að ef hún er rétt, þá er staða stofnlánadeildarinnar miðað við ýmsa aðra fjárfestingarlánasjóði í landinu afar óhagstæð. Ég treysti hæstv. ráðh. til að gera sitt til þess, að þar verði ráðin á bót, ef hér er rétt með farið, en þetta eru þær upplýsingar, sem við höfum fengið í Stofnlánadeild landbúnaðarins varðandi samanburðinn við aðra fjárfestingarlánasjóði.

Þetta voru aðeins örfá atriði sem mér datt í hug undir ræðu hæstv. ráðh., en ég skal ekki nú í þessum þingönnum fara mjög mikið út í annað í till. okkar. Það er ljóst að óánægja bænda er mjög almenn um þessar mundir, og sú óánægja á við mikil rök að styðjast. Þeir hafa ekki náð sínum umsömdu launum, launin eru greidd seint og illa og margt hefur komið þar til sem gerir bændum erfiðara um vik en áður. Kostnaðaraukning í landbúnaði hefur orðið gífurleg. Henni hefur þó verið mætt með sífelldri stækkun búanna. Menn hafa komist í eins konar vítahring, eins konar kapphlaup sem hefur í raun og veru orðið þeim ofviða. Þeir eru bundnir á klafa, ekki aðeins mikillar fjárfestingar og dýrrar, heldur einnig á klafa allt of mikillar vinnu, allt of mikils vinnuálags. Ég stórefa að það sé nokkur stétt í þjóðfélaginu í raun og veru sem þarf að leggja aðra eins vinnu af mörkum og bændastéttin, og þegar þar við bætist svo, að á móti þessu vinnuálagi koma ekki einu sinni umsamin laun, þegar það tekst ekki einu sinni, þá er vitanlega von að í bændum heyrist þótt þolinmóðir hafi verið lengi, allt of lengi og að mörgu leyti, að mér hefur fundist, oft of sinnulausir um kjör sín.

Ég veit að kerfið, sem nú gildir, er síður en svo eitt sekt um þetta. Þar koma mörg atriði inn í, sem ég skal ekki fara nánar út í hér. Það er eðlilegt að öll þessi mál séu skoðuð í fullu samhengi, að ríkisvaldið móti heildarstefnu varðandi stéttina og það sé enginn millilíður þar á milli, enginn sem hægt er beint eða óbeint að skjóta sér á bak við.

Sú framkvæmd, sem við leggjum hér til í till., á nú vaxandi fylgi bænda að fagna og meira en það. Bændur eru mjög opnir fyrir hugmyndum um breytingar almennt, m. a. um skipulag framleiðslunnar, og engir gera sér ljósari grein fyrir því en bændur, að mikið er í húfi að það skipulag megi takast sem allra best. Ég held að það sé lag nú að koma þessum málum í betra horf, ekki síst sakir þess að bændur virðast vera tilbúnir sjálfir að taka myndarlega á þessum málum, ef komið er nægilega til móts við þá og þeim tryggt það, að kjör þeirra séu sambærileg við kjör annarra stétta.

Ég ætla ekki að fara hér út í umr. um útflutningsbætur og allt það fjaðrafok sem út af þeim hefur orðið, allt tal um umframframleiðslu og annað því um líkt, sem er mér eins og hæstv. ráðh. í hæsta máta ógeðfellt. Það er þó svo, að hjá einstaka bændum hef ég orðið var við það, að þeir tortryggja nokkuð vegna þess kerfis, sem nú gildir, þá aðila, sem flytja vörur þeirra út, þeir vinni ekki nægilega vel og rösklega að markaðsöflun. Ég tala nú ekki um ef maður hittir þann ágæta heiðursbónda Svein Jónsson á Egilsstöðum og fær hann til þess að lýsa markaðsmálum landbúnaðarins og hvernig að þeim er staðið. En þó ég taki nú ekki svo djúpt í árinni, þá er það hins vegar mjög einkennandi nú, að hjá bændum vakna ýmsar spurningar um það, hvort þeir, sem flytja út vörur þeirra, geri sinn hlut nægilega vel í þessum efnum. Það er eðlilegt að þeir segi þetta, af þeirri ástæðu að sá aðili, sem flytur þessa vöru út, hefur allt sitt á þurru, hann nær sem sagt þessu verði að fullu, því að ríkið tryggir útflutningsbæturnar sem á vantar. Ég vil ekkert um þessar fullyrðingar segja til eða frá, en þær hafa heyrst á bændafundum, sem ég hef verið á, og mér finnst ekkert óeðlilegt að þessar spurningar vakni hjá bændum. Eins tel ég, að það séu ekki bara þessir söluaðilar sem eiga hér að vinna að, heldur eigi ríkisvaldið sjálft ekki síður, eins og það á hér mikilla hagsmuna að gæta, að hafa forustu um markaðsleit og markaðsöflun fyrir okkar landbúnaðarvörur, því að ég er sammála Sveini Jónssyni á Egilsstöðum um það, að eiginlega er alveg ómögulegt að trúa því, að fyrir þessa ágætu vöru okkar, sem íslenska dilkakjötið er, fáist ekki meira verð en nú er hægt að fá, eitthvað hljóti þar að vera að, hverjum sem þar er um að kenna.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal reyna að tefja ekki eins tímann og ég gerði í gær. Ég afsakaði mig með því þá, að ég taldi mér skylt að gefa þær skýringar sem ég gaf í sambandi við þessi mál og taldi brýna nauðsyn bera til að gefa, og hinu líka, að ég hef ekki tafið þingstörfin á þessu hausti með miklum ræðuhöldum.

Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 7. landsk. þm., Helga Seljans, vil ég segja það, að mér er ánægja að þessi umr. fer fram rólega og menn ræða þetta mál án þess að á því sé deilublær.

Þá vil ég í fyrsta lagi gefa skýringu um orlofsrétt bænda. Á árinu 1972 mun það hafa verið, var orlofsfé bænda tekið inn í verðlagið og hefur verið svo síðan, að ég best veit. Þetta mál var þá, haustið 1971, lagt fyrir Stéttarsambandsfundinn og óskað eftir umsögn hans um það, hvort hann vildi aðgreina þetta og hafa þetta þannig sér, að bændur gætu tekið sér orlof, sem þeir eru sem betur fer farnir að gera, en sú var niðurstaða fundarins að taka það þá inn í verðlagið. Hins vegar er verið að gefa auga kerfi sem Norðmenn eru að koma í framkvæmd hjá sér og tóku upp, held ég, á þessu eða s. l. ári formlega, og það mun verða athugað í sambandi við þetta mál og rn. mun þá leggja það fyrir Stéttarsambandsfundinn.

Ég ræddi í gær um viðskipti ASÍ og Stéttarsambandsins. Ég get tekið undir það með hv. þm. Helga Seljan, að þetta hefur í flestum tilfellum orðið mér til leiðinda og er ástæðulaust að ræða um það. Það eina, sem ég gæti vonað, væri að þessir aðilar, sem nú vinna að endurskoðun þessara mála, tækju sig nú á og reyndu að finna leið til þess að leysa þetta mál á eins farsælan hátt og frekast er hægt.

Ég vil taka það fram út af því, sem hann sagði um bæði sjálfan sig og Sigurð Magnússon, sem þá sat hér á þingi, að það er rétt, að þeir lögðu sig fram um að vinna að þessum málum. Og ég man eftir því, að vinur minn, sem þá sat á þingi, sem ég met mikils og treysti vel, Ágúst Þorvaldsson á Brúnastöðum, sem var í n., hafði orð á því, að Sigurður, sem sat í henni sem varamaður, hefði lagt sig fram um að kynna sér þessi mál. Það var ekki þar sem málið strandaði, heldur á öðrum stöðum stjórnmálanna.

Út af þessu um veðdeildina, þá er mér ljóst að þó að úr þessu verði leyst núna er vandinn ekki þar með leystur, og eftir samtali mínu og Stefáns Pálssonar að dæma vona ég, að nefndin sé að vinna núna að því að gera heildarlöggjöf fyrir veðdeildina. Það er alveg rétt, ég ætlaði mér að koma þessu máli fram á s. l. þingi, en mér tókst þá ekki að koma málinu í gegnum ríkisstj. og þess vegna lagði ég það ekki fyrir þá. Hins vegar var þá um það rætt, að málið yrði betur skoðað í vetur, og af minni hálfu mun það verða gert nú eftir áramótin. Mun ég freista þess að koma málinu áfram og hefði þá óskað helst eftir því að geta verið með málið í heild. Mér er alveg ljóst, hversu mikill vandi veðdeildarinnar er, stofnlánadeildarinnar einnig. Ég verð að segja að það hafa orðið mér vonbrigði, að staða stofnlánadeildarinnar skuli ekki vera betri en hún er, þar sem hún hefur núna t. d. á næsta ári tæpan milljarð í tekjur fyrir utan vaxtatekjur, sem eru tekjur þær sem hún fær úr ríkissjóði, frá bændum og frá neytendum. Ég var svo bjartsýnn 1973, þegar ég stóð fyrir breytingum á lögum um stofnlánadeildina, að ég taldi mér trú um að ég hefði tryggt framgang hennar a. m. k. í náinni framtíð. Náttúrlega hefur verðbólgan haft þarna sín áhrif eins og á aðra sjóði. Að vísu hafa tekjurnar aukist líka, vegna þess að þær eru bundnar verðbólgunni, en eins og nú er komið hag stofnlánadeildarinnar, þá er raunalegt til þess að vita, að um einn milljarð þurfi að gefa með þeim lánum sem eru í umferð af hennar hálfu. Því er ekki að neita, að þetta hefur valdið og veldur erfiðleikum við áframhaldandi starfsemi hennar.

Hv. þm. kom að lánsfjáráætluninni núna. Í henni eru atriði sem ég hafði fyrirvara á í ríkisstj. og sagði að væru byggð á misskilningi, ég teldi að sú tala, sem þarna væri gert ráð fyrir, 2222, væri sú tala sem deildin byggði á, og fyrirvari minn var bundinn við það, að ef þetta væri ekki rétt skilið hjá mér, þá hefði ég fyrirvara um afgreiðslu málsins. Hitt er um það, að nú fyrir einu eða tveimur árum var sett prósentutala um hækkun á framlagi til lánasjóða atvinnuveganna frá því 1971 til þess tíma, og þá var hlutfall stofnlánadeildarinnar best. Þegar sú ákvörðun var tekin í ríkisstj., að erlend lántaka skyldi ekki verða meiri hjá íslensku þjóðinni á árinu 1978 en sem næmi afborgunum og gengissigi á erlendum lánum sem tekin höfðu verið, þá var lánsfjáráætlunin öll í heild, bæði til opinberra framkvæmda og til stofnlánasjóðanna, tekin til nýrrar meðferðar, og þá var ætlunin að hlutfallið væri svipað sem væri skorið niður. Að því er Fiskveiðasjóð varðar, þá er hann meðhöndlaður eins að öðru leyti en því, að hann er með samningsbundnar erlendar lántökur vegna skipakaupa, því að hann hefur ekki greitt framlag sitt til skipakaupanna — eins og t. d. togaranna — nema jafnharðan og það hefur fallið til. Þetta var allra manna mál, að ekki væri hjá því komist að þess yrði hann að njóta, því að hjá þessu yrði ekki komist, hér væri um samningsbundnar greiðslur að ræða. Eins var tekið tillit hjá hinum sjóðunum til greiðslu á þeim lánum sem þeir höfðu tekið erlendis vegna starfsemi sinnar. En þetta var miklu meira hjá Fiskveiðasjóði vegna togaranna sem hafa verið keyptir á síðustu árum. Ég held að það muni nú verða eins með Fiskveiðasjóð, t. d. fiskiðnaðinn, hann telji sig ekki betur haldinn. Það kom fram líka varðandi Iðnlánasjóð, að með þessari lánsfjáráætlun, sem þarna væri lögð til grundvallar, gæti hann sinnt aðeins 30% af sínum lánsbeiðnum. Í raun og veru var mest um hann rætt að því leyti, að brýna nauðsyn bæri til að líta á hans mál, en afgreiðslan var svona að þessu sinni. Hins vegar var þessi fyrirvari, sem ég hafði þarna — og hann er til athugunar og verður til athugunar, þó að lánsfjáráætlunin verði afgreidd svona, því að hún er ekki formlega afgreidd — það mál er ekki þar með úr sögunni, heldur verður athugað. Hitt get ég sagt, að ég hef sagt það í ríkisstj., að ég legg meiri áherslu á, að atvinnuvegirnir, landbúnaður sem aðrir, hafi hæfilegt rekstrarfé, heldur en að mikið fari til bygginga núna. Það skiptir meginmáli.

Því er ekki að neita, að það mál hefur verið til umræðu líka, að sú trygging, sem afurða- og rekstrarlánin hafa haft, hið bundna fé í Seðlabankanum, fram úr því takmarki er nú farið, þrátt fyrir að hv. þm. segði að það væri óánægja hjá bændum út af sínum málum, og ekki er að efa það. Hitt vil ég benda á, að öll þessi ár hafa bændur — nema 1975 — fengið fullt verðlagsgrundvallarverð. Þeir fengu það ekki alveg

árið 1975, en á síðustu árum hafa þeir fengið það. Út af fyrir sig er ekki við stjórnvöld að deila, því að ákvörðunin er ekki hjá þeim. Hvort það tekst fyrir árið 1977 fer eftir því sem ég kem hér að í gær og sé ekki ástæðu til að endurtaka. Að hinu hefur líka verið unnið á síðari árum, að reyna að flýta greiðslum til bænda og láta vaxtareikna það sem inni hefur staðið. T. d. veit ég um kaupfélög þau sem starfa í mínu kjördæmi og hafa mestu viðskiptin þar. Kaupfélag Borgfirðinga borgaði í nóv. 83% af innlegginu í haust og vaxtareiknar það, sem eftir stendur, frá 1. jan. Kaupfélag Hvammsfjarðar borgar 80% a.m.k., og held ég að það hafi sömu aðferð við vaxtareikninginn. Þó er ég ekki alveg eins kunnugur því og hjá hinu kaupfélaginu.

Annað hefur líka verið gert og hefur farið sívaxandi. Nú veit ég að rekstrarlánin hafa þótt lág og hafa verið, en það hefur verið afskaplega erfitt við þau að fást, því að þau voru í raun og veru sama talan frá 1960 til 1975, eða eitthvað svoleiðis. Þau voru hækkuð um 100% þá og á s.l. vori var sú fjárhæð hækkuð um 50%. Inn í þetta hafði líka komið það, að sett voru aukarekstrarlán á þeim svæðum þar sem sauðfjárframleiðsla er mest og einkum eru sauðfjárframleiðsluhéruð. Á s.l. vori var þessu öllu skellt saman í eitt. Auk þessara rekstrarlána eru svo uppgjörslánin, sem eru lánuð að vorinu, eða í maí, og þá er gert ráð fyrir því, að sláturleyfishafar geri upp innleggið frá því að haustinu miðað við grundvallarverðið frá haustinu áður og hafi upp á að hlaupa þær verðhækkanir sem hafa orðið á verðlagsárinu, það sé þeirra trygging fyrir því, að þeir greiði ekki of mikið. Þessi fjárhæð, sem fékkst til þessarna s. l. vor, var um 800 millj. Þetta hefur gert það að verkum, að sláturleyfishafarnir eiga að geta gert upp á vorin, og er eitthvað að ef það er ekki gert.

Þessu til viðbótar hefur svo verið farið inn á það nú á síðustu árum til þess að reyna að létta undir með bændum — og hafa það verið fyrst og fremst bændur á sauðfjársvæðunum — að lána hluta af áburðarverðinu. Það hefur verið borgað þannig, að búið hefur verið að borga 50% af því í ágústlok og svo hefur hitt verið borgað þegar afurðalánin hafa komið að haustinu, ekki fyrr. Áður fyrr var þetta svo, að áburðarverðið var borgað strax. Þetta hefur verið veruleg fjárhæð og hefur komið að góðu gagni á síðustu árum. Ég held að það verði að líta á þessi áburðarlán alveg eins og rekstrarlán, því að það eru þau. Ef þessi áburðarlán væru ekki, þá yrði að greiða áburðinn strax og hann er tekinn út, og koma þessi lán þannig að sama gagni. Svo eru lánuð sérstök fóðurbirgðalán á norðausturssvæði vegna ísahættu, eða þau byrjuðu þannig. 1. júní s.l. voru þessi uppgjörslán og rekstrarlán 4 milljarðar 928 millj. eða 42% af grundvallarverðlagi haustið áður. Þetta er hæsta tala sem verið hefur á þessum árum. Áburðarlánin, sem ég gat um áðan, eru svo þarna fyrir utan. En á þennan hátt hefur verið reynt að bæta úr þessum vandkvæðum. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, að í okkar öru verðbólgu segir þetta alltaf til sín, ekki síst að t. d. bændur fengu sína kauphækkun seinna en ASÍ-stéttirnar í vor. Ríkisstarfsmennirnir sögðu líka, þegar var verið að þjarka við þá, að þeir væru eftir á, og það mátti til sanns vegar færa.

Ég held að ég hafi með þessum orðum gert grein fyrir því, sem fram kom í ræðu hv. 7. landsk. þm., Helga Seljans, og sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ætla eins og hv. þm. Helgi Seljan — og þó e.t.v. enn fremur — að þakka hæstv. landbrh. fyrir mjög ítarlega og fróðlega fræðslu, sem hann hefur látið okkur í té hér í d. um stöðuna í landbúnaðarmálum frá sínu sjónarmiði, þó e. t. v. fyrst og fremst frásögn hans af þeim mikla fjölda úrræða sem grípa hefur orðið til í hans ráðherratíð — og þó fremur lengur — til bóta á brýnni neyð bændastéttarinnar sem til er komin af ýmsum sökum. Nú fer því náttúrlega víðs fjarri, að það hvarfli að mér að ætla að kenna hæstv. landbrh., Halldóri E. Sigurðssyni, einum manna eða öðrum fremur um það, hvernig nú er komið hag bændastéttarinnar í launamálum. Ég dreg það ekki í efa, að honum hefði verið það skapi næst að búa þannig um hnútana, að miklu betur væri nú ástatt um hag bænda en raun ber vitni. Eins og hann sagði okkur í fyrri hluta ræðu sinnar, þá hefur hann nú farið með málefni landbúnaðarins í 7 ár. Virtist hann minnast þess tímabils með mestri gleði er honum tókst í samstarfi við aðra vinstristjórnarflokka á árinu 1974 að koma hag og launakjörum bændastéttarinnar upp í það sem best hefur verið, þegar afurðasala bænda varð mest á landi hér og neysla búfjárafurða varð mest á hvern íbúa landsins, t. d. dilkakjötsneyslan var 49.2 kg á mann. Það er beinlínis vegna þess að launakjör bænda, hagur bænda er undir því kominn að launastéttirnar í landinu hafi efni á að kaupa búfjárafurðir og neyta þeirra.

Mér er það minnistætt þegar fyrrv. formaður Stéttarsambands bænda, Sverrir heitinn Gíslason í Hvammi, var að útskýra fyrir mér samstarf sitt við forustumenn verkalýðsamtakanna í sexmannanefndinni, sem hann sagði mér að hefði verið ágætt, og útskýrði fyrir okkur þáv. ungum framsóknarmönnum með hvaða hætti kjör bænda væru órjúfanlega hnýtt á landi hér kjörum launafólksins í bæjunum og hvernig aðeins með nánu samstarfi, góðu samkomulagi og skilningi á þessu grundvallaratriði yrði hægt að treysta vöxt og viðgang bændastéttarinnar á Íslandi. Ég hygg að enginn góðgjarn maður vilji draga í efa einlægan vilja hæstv. landbrh. Halldórs E. Sigurðssonar til þess að bæta hag bændastéttarinnar. En við íhugun á þessum 7 ára ferli hans á ráðherrastólnum kynni að koma í ljós, að honum hefði tekist rétt bærilega í starfi sínu, í viðleitni sinni til að bæta hag bændastéttarinnar, meðan hann sat á stóli þessum í samstarfi við og í skjóli við pólitíska fulltrúa verkalýðsstéttarinnar og launamanna, en tekist aftur á móti bölvanlega, þegar hann sat á ráðherrastólnum í skjóli andstæðinga launastéttanna. Jú, það má

vel vera að íslenskur landbúnaður sé nú við lok annars kjörtímabils hæstv. landbrh. á ráðherrastóli mest vélvæddur landbúnaður í heimi eða best. Það kann vel að vera. En eitthvað hlýtur að hafa farið úrskeiðis í landbúnaðinum á valdatíma hæstv. ráðh., því að þrátt fyrir þessa staðreynd, að íslenskur landbúnaður er best vélvæddur landbúnaður í öllum löndum í heiminum, skortir samt 30% á það að bændur hafi lögákveðin laun viðmiðunarstéttanna á Íslandi. Það hlýtur eitthvað annað að hafa farið hræðilega úrskeiðis.

Ég dreg ekki í efa, að fram til ársins 1975 hafi bændur fengið svokallað fullt verðlagsgrundvallarverð fyrir afurðir sínar. Hitt veit ég aftur á móti að er rétt, að laun bænda fyrir þann tíma náðu ekki heldur launum viðmiðunarstéttanna, svo sem kveðið er á um, þótt þau næðu svokölluðu verðlagsgrundvallarverði. Allar götur frá 1975, allar götur frá því að fjöruðu út áhrifin af ráðstöfunum vinstri stjórnarinnar í kjaramálum bænda, eins og annarra þeirra stétta á landinu sem vinna hörðum höndum, — allar götur síðan hefur hallað mjög skjótt á ógæfuhliðina, og er nú svo komið að bændur skortir þriðjung á það að hafa laun þeirra viðmiðunarstétta sem laun þeirra eiga að jafnast á við. Sér náttúrlega hver heilvita maður, að ástæðan felst ekki eingöngu í erfiðleikunum á því að flytja íslenskar landbúnaðarafurðir úr landi. Ef það ætti að vera skýringin ætti þriðjungur af framleiðslu íslenskra bænda af búvöru yfirleitt að bíða útflutnings, en svo er alls ekki.

Að því hefur verið vikið áður í þessum umr. af hálfu okkar hv. þm. Helga Seljans, að sala búfjárafurða á landi hér er, svo sem skýrslur verðlagsráðs og fleiri aðila sýna, óvefengdar skýrslur, órjúfanlega tengd kjörum launastéttanna, launakjörum þess fólks sem þarf að kaupa búfjárafurðirnar til neyslu. Sveiflurnar í neyslunni innanlands hafa fyrst og fremst fylgt launakjörum þessara stétta. Sjálfur er ég efalaus um það, að ekki verður bætt úr því ástandi, sem nú ríkir í landbúnaðarmálunum varðandi kjör bænda, með öðrum hætti en þeim, að stéttarsamtök bænda taki á sig rögg og axli sjálf ábyrgðina á samningum við ríkisvaldið um kjör stéttarinnar. Þar á ég ekki eingöngu við verðlag á landbúnaðarafurðum, heldur á ég við kjör stéttarinnar yfirleitt. Til þess að fá aflið, sem til þess þarf að gera slíka samninga, standa í slíkum samningum, þá verða stéttarsamtök bænda að leysa ýmis innri ágreiningsmál sín og e. t. v. að afsala sér nokkrum svokölluðum félagslegum friðindum. Það er einnig augljóst mál, að til þess að geta gengið út í slíka samninga verða stéttarsamtök bænda að taka upp annars konar og einlægara samstarf við samtök launafólks almennt í landinu en þau hafa iðkað fram til þessa.

Hæstv. ráðh. gat þess í fyrri hluta ræðu sinnar við þessar umr. á sínum tíma, að hann teldi, að það væri borin von að bændur mundu leggja út í verkfall, og vísaði þar efalaust til þeirrar mgr. í grg. með þáltill. sem hér er til umr., þar sem kveðið er á um það að ætla verði bændum eða stéttarsamtökum bænda sama rétt og öðrum stéttum til þess að knýja á um laun sín. Hann taldi það borna von, að bændur mundu leggja út í verkfall. Minnir mig þá, að einn hv. þm. hafi tekið glaðlega undir þetta úr sæti sínu og sagt sem svo, að það verði að halda áfram að mjólka og halda áfram að hleypa til. Það hefur engum komið til hugar að verkfall eða skipulegar aðgerðir af hálfu Stéttarsambands bænda mundu leiða til þess, að bændur hættu að sinna búum sínum, sinna um eignir sínar, að slíkt yrði banað. Hitt er augljóst mál, að til annarra virkra úrræða mætti grípa, svo sem þeirra að leggja á sölubann, ef með þyrfti, gagnvart óvinsamlegu ríkisvaldi, og ég efast ekkert um það, að ef bændur tækju sig til og kæmu stéttarmálefnum sínum í eðlilegt horf, viðurkenndu ýmsar grundvallarstaðreyndir sem lúta að óæfa samstöðu þeirra með launastéttunum í landinu, þá mundu bændur fá stuðning í slíkum aðgerðum, að því tilskildu að þeir hættu jafnframt að styðja til pólitískra valda á landi hér höfuðóvini sína, höfuðfjendur launastéttanna.

Það kerfi, sem við megum nú við una um verðlagningu á búfjárafurðum, er með þeim hætti að bændur hafa lokast inni í vítahring. Einstakir bændur, dugmiklir menn með mikið vinnuþrek sem vel eru settir með jarðnæði, hafa haft heilsu góða, hafa reynt að hækka laun sín með því að auka framleiðsluna, sem hefur þá náttúrlega leitt til þess að framleiðsla stéttarinnar í heild hefur aukist, sem hefur aftur á móti leitt til þess að verðlag á afurðum bænda hefur lækkað og auknar tekjur einstakra bænda, sem hefur tekist að auka sína privat og persónulegu framleiðslu, hafa þá bitnað á hinum, sem ekki höfðu sama duginn eða sömu aðstöðuna, þannig að tekjur þeirra hafa lækkað vegna lækkandi heildarverðlags. Ég vil ekki lasta — síður en svo — aukna vélvæðingu bændastéttarinnar. En ég hef grun um að ein af ástæðunum fyrir því, að svo kann að hafa farið, að óhagsýni hafi gætt í vélvæðingunni að sumu leyti og sums staðar hafi e. t. v. af þeim sökum orðið um of mikla fjárfestingu og óhyggilega að ræða í vélbúnaði, sé einmitt þessi barátta einstakra bænda til þess að reyna að bæta slæman hag sinn, til þess að reyna þrátt fyrir allt að ná launum viðmiðunarstéttanna eða vel það, þessi barátta hafi leitt til þess, að við séu e. t. v. nú með óhagkvæma fjárfestingu í vélum að sumu leyti og að skipulagsleysi og rangt fyrirkomulag á verðlagningu landbúnaðarafurða og stefnuleysi um kjaramál bænda valdi langmestu um þau vandræði sem landbúnaðurinn á nú í.

Ég endurtek það, sem ég hef áður sagt: Það hvarflar ekki að mér, að hæstv. landbrh. vilji ekki vel íslenskri bændastétt. Hann er sjálfur hluti af henni og hefur lengst af ævi sinnar sinnt kjaramálum bænda — með raisjöfnum árangri eins og gefur að skilja, eftir því hvers konar stuðning hann hefur fengið í viðleitni sinni til þess arna — með góðum árangri þegar hann hefur unnið með fulltrúum launastéttanna, fulltrúum þeirra aðila sem eiga hagsmuni sína hnýtta hagsmunum bænda, þessarar stéttar sem nú er hin kúgaða stétt, ef á landi hér finnst slík stétt og má nú una launum sem eru þriðjungi undir þeim launum sem kveðið er á um í lögum

að bændur skuli hafa. Meðan hann hefur unnið að kjaramálefnum bænda í samvinnu við þessar stéttir hefur honum vegnað vel og bændastéttinni vegnað vel. Þegar hann situr á ráðherrastóli í skjóli þeirra afla, sem andsnúin eru hagsmunum launastéttanna, alþýðunnar, og andsnúin eru bændastéttinni, þessari illa launuðu stétt sem vinnur hörðum höndum að framleiðslu verðmæta, — meðan hann situr á ráðherrastóli í skjóli slíkra afla, þá vegnar honum náttúrlega illa og líður eflaust illa. — Eun þakka ég hæstv. ráðh. fyrir hlutlæga fræðslu um kjör landbúnaðarins.

Þá fór hæstv. ráðh. nokkrum orðum um stofnlánadeildina og horfurnar þar. Enn eru tölurnar, sem fyrir liggja, talandi um það, hvort það eru hagsmunir bænda sem vaka fyrir ríkisstj. um mótun stefnu í efnahagsmálum í landinu. Í lánsfjáráætlun er Ferðamálasjóði ætluð 140% aukning, Iðnlánasjóði, sem var náttúrlega alls ekki vel haldinn fyrir, 44.1%, verslunarsjóði 71.2%, en stofnlánadeildinni 7.6%

Það gladdi mig að heyra hæstv. ráðh. taka í einlægni undir gagnrýni okkar á það tal, sem nú hefur verið haft uppi af hálfu ýmissa ráðamanna og þ. á m. erindreka bænda, að nú verði að draga úr framleiðslu landbúnaðarafurða. Þessu andmælti hæstv. ráðh. að ég held í fulkominni einlægni. En hann sagði okkur jafnframt, að framleiðsla umfram það magn, sem seljanlegt væri innanlands nú, af mjólkurafurðum fyrst og fremst, en landbúnaðarafurðum yfirleitt, kjöti líka, væri þess háttar stórvandamál sem mestu ylli nú um slæm launakjör bændastéttarinnar. Ég lái ráðh. það ekki, í þeirri stöðu sem hann er núna, þrátt fyrir góðan og einlægan vilja, þótt hann léti við það sitja að draga upp þessa mynd af erfiðleikunum á sölu landbúnaðarafurða. Þó er það svo, ef við lítum yfir samhengið á milli niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum, verðs landbúnaðarafurða og kaupgetu hins vegar á síðustu 10 árum, að við okkur blasir sveifla í neyslu á einstakling í beinum tengslum við verðlagsástandið og kaupgetuna innanlands, sem nemur 10 kg af kjöti árlega á mann, — 10 kg af kindakjöti árlega á hvern mann í landinu. Þessi sveifla orsakast beinlínis af stjórn verðlagsmála og kjaramála í landinu, sem er þrátt fyrir allt á valdi ríkisstj. Þetta munar núna í ár 2200 tonnum frá hámarksneyslu, þegar kjaramál hafa verið í góðu lagi innanlands og verðlagi á landbúnaðarafurðum haldið í eðlilegu horfi. Það munar 2200 tonnum. Við vitum býsna vel að þúsundir manna búa við þess háttar launakjör á landi hér núna, að mikið skortir á að fjölskyldurnar hafi á borðum jafnoft og þær gjarnan vildu það besta úr íslenskri matvælaframleiðslu, þar sem er dilkakjötið okkar og smjörið.

Ég er viss um að hæstv. landbrh. hlýtur að bíða með nokkurri vongleði þess tíma, að hann fái að ljúka sínum góðviljaða ferli á stóli landbrh. í samstarfi við pólitiska forustu launastéttanna. Hann getur þá tekið þátt í umr. og íhugun um málefni bændanna án þess að þurfa að spretta úr sæti sínu í miðjum klíðum og hlaupa yfir í næstu þd. til þess að hlusta eftir orðum stjórnarsamstarfsmanna sinna, sem hann kann kannske að efast um að séu hugsjónalegir samherjar hans og stuðningsmenn hans í þeirri viðleitni að bæta kjör íslenskra bænda.

Jón Helgason: Herra forseti. Öllum er kunnugt, að fram hafa farið miklar umr. um landbúnaðarmál í þjóðfélagi okkar nú að undanförnu og gera enn, og ekki er nema eðlilegt að þær geri það einnig hér á hv. Alþ. Enda þótt þar hafi komið fram ólík sjónarmið og mjög skiptar skoðanir, þá held ég að efni þessarar þáltill., sem er til umr. nú, sé ekki deilumál á meðal bændastéttarinnar. Hæstv. landbrh. ræddi svo ítarlega um sögu þessa máls í ræðu sinni fyrr í þessum umr., að ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka það. En þó að ekki séu deilur um þetta á meðal bænda, þar sem Stéttarsambandsfundur hefur oftar en einu sinni samþykkt að óska eftir því að fara þessa leið, þá eru menn kannske misjafnlega sannfærðir um ágæti þess eða vongóðir um að það leysi vandamál bændastéttarinnar að öllu leyti. En menn vilja gjarnan reyna þetta, og það er svo með allt skipulag, að það hefur nokkuð til síns ágætis. Hægt er að benda á kosti þess að fara eina leiðina, en einnig galla hennar umfram aðrar.

Í þessum umr. og grg. þessarar þáltill. er komið víðar við, þannig að hægt væri að fjalla um margt sem við kemur landbúnaðinum út frá þessum umr. Ég vil taka undir það, að nauðsynlegt sé að ræða þetta rólega og gera sér glögga grein fyrir staðreyndum, ekki vera að blekkja sjálfan sig með því kannske að viðurkenna ekki staðreyndir eða vera með einhverja óskhyggju. Ég segi þetta m. a. vegna þess, að í grg. þáltill. er sagt: „Hið sanna í málinu er hins vegar, að framleiðsla búvöru hefur ekki aukist síðustu árin.“ Þarna held ég að sé ekki rétt farið með staðreyndir. (StJ: Ef þú tekur hlutfallið í fólksfjölgun.) Ég get aðeins bent á það sem dæmi — ég skal ekki eyða löngum tíma — að á s. l. ári var mjólkurframleiðslan um 112 þús. tonna, minnir mig, en á þessu ári er gert ráð fyrir að hún fari upp í 118 þús. Þarna er um mjög mikla aukningu að ræða. Þetta er aukning sem er langalvarlegasta vandamálið fyrir okkur í dag í markaðsmálum. Það er vegna þess, að oftast á undanförnum áratugum, eða 10—15 árum, hefur mjólkurframleiðslan verið tiltölulega lítil umfram þörf þjóðarinnar. Það hefur verið milli 5 og 10%. En allt, sem umfram er, hefur þurft að flytja út, og verð á mjólkurvörum til útflutnings hefur yfirleitt verið óhagstætt, þannig að þegar aukningin verður meiri en þetta eða útflutningsþörfin, þá eru afleiðingarnar mjög slæmar. Og þegar svo saman fer minnkandi neysla innanlands, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. vildi kenna minnkandi kaupgetu, þá verður vandinn enn þá meiri. Hins vegar var athugað á undanförnum árum, að verð á nýmjólk t. d. virtist ekki hafa áhrif á sölu. Sala á henni var í það föstum skorðum, að verðbreytingar virtust ekki hafa áhrif á hana. Þarna er talið að sé nú aðrar ástæður, þ. e. a. s. neysluvenjubreytingar, sem er nýbúið að ræða hér í hv. d. og ég skal ekki fara lengra út í að ræða.

Hv. 7. landsk. þm. sagðist ekki trúa því, að ekki væri hægt að fá betra verð fyrir framleiðsluvörur okkar erlendis. Ég held að hann hljóti

að vita, að ákaflega erfitt er að selja landbúnaðarvörur víða á erlendum mörkuðum, a. m. k. fyrir það verð sem er talið framleiðslukostnaður. Við höfum heyrt talað t. d. um sölu á smjöri frá Efnahagsbandalagslöndunum til Austur-Evrópu fyrir ákaflega lágt verð, þannig að í nágrannalöndum er vandamál með sölu á vissum framleiðsluvörum, m. a. smjöri, undanrennudufti og fleiri vörum. Ekki má því vera með of mikla óskhyggju í þessu sambandi.

Hins vegar get ég tekið undir það, að eitt þýðingarmesta málið í þessu sambandi er að vinna að öflun sem bestra markaða. Það hefur verið reynt að gera það. Nú má segja að það mál sé þó sérstaklega í athugun, þar sem á s. l. sumri var komið á fót samstarfsnefnd þeirra aðila sem þarna hafa mestra hagsmuna að gæta, þ. e. frá Stéttarsambandi bænda, framleiðsluráði landbúnaðarins, landbrn., Búnaðarfélagi Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem hefur haft með söluna erlendis að mestu leyti að gera á undanförnum árum. Hefur verið reynt að fá stuðning ríkiskerfisins við þetta. Landbrh. hefur sjálfur reynt, eins og hann hefur haft tök á, að vinna að þessu, og fleiri ráðh. hafa einnig reynt að ýta á eftir þessu, þannig að það er ekki hægt að segja að þessi leið hafi ekki verið farin. Ég get aðeins nefnt sem dæmi, að nú í byrjun næsta árs, í lok janúar, verður haldin árleg sýning í Berlín, svokölluð „Græna vika“, og þar stendur til að hafa til sýnis íslenskar framleiðsluvörur og kynna þær og reyna síðan að fylgja því eftir, hvort þarna er hægt að fá markað, betri og meiri markað en við höfum í dag. Menn eru margir hverjir vantrúaðir á að þetta beri árangur, fyrst og fremst vegna þess, að besti markaður fyrir dilkakjöt okkar er í Noregi og Svíþjóð og virðist vera sá langbesti. Menn óttast því, að það verði a. m. k. torsótt að fara inn á Efnahagsbandalagssvæðið, en samt sem áður vilja menn reyna allar leiðir og kanna möguleikana, til þess að það liggi ljóst fyrir, hverjar eru staðreyndir í þessu máli.

Það virðist koma nokkuð fram í grg. þessarar till. og einnig í máli þeirra hv. 7. landsk. þm., en sérstaklega þó hv. 5. þm. Norðurl. e., að hægt væri að leysa þessi vandamál bænda með samstarfi og samstöðu við verkalýðshreyfinguna. Hv. 7. landsk. þm. sagði að vísu, að hann vildi ekki taka að sér að verja afstöðu og framkomu verkalýðshreyfingarinnar í garð bænda. Við getum vafalaust allir verið sammála um að þetta samstarf hefur ekki verið nógu gott og þyrfti að batna, og það er sannfæring mín, að allar stéttir þessa lands þurfa að hafa sem nánast og best samstarf til þess að vel gangi í okkar þjóðfélagi. Ég held að það sé ákaflega hættulegt að fara að skipta þjóðfélaginu upp í andstæðinga eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. virtist gera áðan, þegar hann var að tala um pólitíska andstæðinga verkalýðshreyfingarinnar, *minnir mig að hann hafi orðað það.* (StJ: Og bændastéttarinnar.) Já, og bændastéttarinnar. En ég veit ekki til þess, að pólitísk skipting hér í landi fari alveg eftir stéttum. Ég held að allir flokkar eigi eitthvert fylgi meðal allra stétta og ákaflega erfitt væri að gera upp það dæmi. Hv. 7. landsk. þm. minntist einmitt á það áðan, að hann væri undrandi á þeirri afstöðu Alþýðusambands Íslands að vera á móti lækkuðu verði á landbúnaðarvörum fremur en að lækka tekjuskattinn, sem manni sýnist nú að sé helsta tækið til tekjujöfnunar í okkar þjóðfélagi, a. m. k. miðað við það hvernig tekist hefur til með kjarasamninga á undanförnum árum.

Eins og ég sagði, væri hægt að halda lengi áfram að ræða um þessi mál okkar. En það er gjarnan svo, ef eitthvað gengur miður, að þá reyna menn að finna einhvern sökudólg til þess að skella skuldinni á, annaðhvort eitthvert kerfi, eitthvert skipulag eða einhverja einstaklinga, sem helst er hægt að draga þar til ábyrgðar. Ég vil vara við því, að vandamál landbúnaðarins verði leyst með því móti. En ég er sammála því og hef lagt á það áherslu, að reynt verði að kryfja þau til mergjar og kanna allar leiðir, sem væru til úrbóta, og fara síðan þá leið, sem hagkvæmust er, eða þær leiðir, sem hagkvæmastar eru fyrir bændastéttina. Landbúnaðurinn hefur margvíslegt gildi í okkar þjóðfélagi, og ég vil halda því fram, að það sé erfitt að meta það til fjár. Engu að síður þarf að tryggja fjárhagsstöðu hans sem best og þannig að þeir, sem að landbúnaðinum vinna, geti fengið sambærileg kjör og aðrar stéttir, landbúnaðurinn geti haldið áfram að vera sú kjölfesta í okkar þjóðfélagi sem hann hefur verið frá upphafi Íslandsbyggðar.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Svo fór sem mig grunaði að hlyti að verða, að í ræðustól kom fulltrúi bænda, hinn mætasti og góðgjarnasti maður, og staðhæfði frammi fyrir okkur að aukin framleiðsla á mjólk frá því sem var á einu allra erfiðasta búskaparári á Suðurlandi á mjólkurframleiðslusvæðinu, — að aukin framleiðsla á mjólk nú þegar batnar í ári, framleiðsluaukning úr 112 bús. lestum í 118 bús. lestir, væri meginvandamál landbúnaðarins í bili. Í grg. með báltill., sem við Alþb.-menn hér í d. höfum lagt fram, er vakin athygli á því, að æ hljótum við að reikna með því að nokkur framleiðsla verði umfram innanlandsneyslu í góðum árum, þ. e. a. s. í meðalgóðum árum og góðum árum, til þess að landbúnaðurinn sé í stakk búinn að framleiða það sem við þurfum nauðsynlega af þessari vöru til neyslu innanlands í slökum meðalárum og slæmum árum. Og nú er þetta svo sem við allir vitum á þessu ágæta landi okkar, að þau skiptast á góðu árin og slæmu árin og mun svo verða framvegis, en ekki eftir föstum reglum, þá væri hér léttara um vik.

Í grg. með till. okkar gerum við ráð fyrir því, að reiknað verði með útflutningsuppbótum á, eins og við segjum hér, 10—15% af framleiðslumagninu af hinum ýmsu vörum sem til útflutnings þurfa að koma, og hæstv. landbrh. fræddi okkur um það í fyrri hluta ræðu sinnar, eins og ýmislegt fleira sem nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir þegar við veltum fyrir okkur vandamálinu núna, að í ár hefði þetta sennilega numið í kringum 12%, minnir mig. Með þessu þurfum við að reikna. Þegar við reiknum með þessu erum við ekki fyrst og fremst að hugsa um hag bænda, heldur fólksins í þessu landi yfirleitt, að bændum meðtöldum, því að við verðum að búa þannig að land-

búnaði okkar, að bændur tryggi okkur æ þessar vörur. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, hversu erfitt er um vik að tryggja markað erlendis fyrir mjög svo sveiflukennda umframframleiðslu, vegna þess að við getum augljóslega ekki tryggt ákveðið magn öll ár þar sem við miðum fyrst og fremst að því að framleiða fyrir innanlandsmarkaðinn. Ég geri mér þetta fyllilega ljóst. Eigi að síður er ég þeirrar skoðunar, að það hljóti að vera hægt, ef að því er gengið af dugnaði og fyrirhyggju og til þess kostað því sem þarf til að tryggja okkur með einhverjum hætti hærra verð en gert hefur verið. Hæstv. landbrh. minntist á eina leiðina í upphafi ræðu sinnar, þar sem um er að ræða umsamin viðskipti okkar við lönd sem við höfum haft við óhagstæðan viðskiptajöfnuð, svo sem var við Norðmenn í sambandi við skipasmíðina, og fleira slíkt kemur til um þjóðir sem við kaupum meira frá heldur en við seljum til. Sjálfum er mér kunnugt um það, að frændum okkar Norðmönnum þykir íslenska dilkakjötið býsna gott, og heyrt hef ég menn um endilangan Noreg hafa það uppi, að ekki þyki þeim þeir hafa étið almennilegar baunir síðan þeir hættu að fá íslenska spaðkjötið sem var verkað sérstaklega fyrir Norðmennina.

Við verðum að reikna með umframframleiðslu í þessu landi, e. t. v. meiri sveiflum en í nokkru öðru landi, vegna þess hversu veðráttan hér er misjöfn til ræktunar. Ég gat þess, að mig minnir, í framsöguræðu minni, að verðbreytingar á nýmjólk hafi yfirleitt ekki valdið miklum sveiflum í neyslunni hér á landi. Ástæðan er beinlínis sú, að verðinu á nýmjólk hefur, guði sé lof, vil ég segja, verið haldið og er enn haldið það lágu hér á landi, að hér höfum við ódýrasta eggjahvítuefnagjafann sem við eigum völ á, næst á eftir fiski, og nýmjólkin er enn þá uppistaðan í mat hins fátæka manns á þessu landi. Ég vil halda því fram, að ein af meginástæðunum fyrir því, — ég hef fyrir mér raunar ummæli manna úr verkalýðsforustunni, — hve lengi verkalýðsfélögin á Reykjavíkursvæðinu hafa hlíft við því að hindra flutning á mjólk til Reykjavíkur í verkföllum á liðnum árum, hafi beinlínis verið sú, að það hafi verið slíkt hagsmunamál fyrir verkfallsheimilin á Reykjavíkursvæðinu að fá þennan ódýra mat, að án hans hefði framkvæmd verkfalla e. t. v. verið óframkvæmanleg.

Ég get heils hugar tekið undir ummæli hv. þm. Helga Seljans, þar sem hann lét í ljós furðu sína á því, hversu hagur bænda, þessarar láglaunastéttar sem saunarlega vinnur fyrir brauði sínu herum höndum, — hversu takmarkaðs skilnings hagur þessarar stéttar hefur tíðum gætt innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég er þeirrar skoðunar, að þar valdi m. a. gamall hefðbundinn misskilningur, kannske byggður á fræðilegri skilgreiningu sem aldrei átti sér stoð í þessu landi.

Það er alveg rétt, að ef við köllum afstöðuna til stjórnmálaflokkanna og hvar menn skipa sér í röð í kosningum til Alþingis, — ef við nefnum það eitt pólitík, þá er það alveg rétt, að þeir eru ekki fáir verkamennirnir sem styðja Sjálfstfl. í kosningum. Þeir eru ekki fáir. Þrátt fyrir það að forustumenn þessa flokks gerist æ og undantekningarlaust höfuðandstæðingar verkamanna í kjarabaráttunni og í kjaraátökum, þá er fjöldinn allur af verkamönnum sem styður Sjálfstfl. Út í ástæður þess mun ég ekki fara hérna né gefa neinum einkunn fyrir það að skipa sér þannig í baráttusveit. Bændur eru sannarlega til sem styðja til valda hugsjónalega og hagsmunalega andstæðinga sína af sams konar hvötum. Þarna er um líkt að tefla. Kaup bænda á að vera sambærilegt við kaup hinna svonefndu viðmiðunarstétta. Þar er miðað við kauptaxta sem slegist er um í hverjum átökum sem verða á vinnumarkaðinum, sem barist er um í hverju verkfalli sem gert er við uppsögn hverra kjarasamninga. Með þeim hætti eru tengd kjör bænda og þessara viðmiðunarstétta, sem eiga undir högg að sækja um kjör sín í kjarasamningum.

Ég vil svo í lokin vekja athygli á því, að hv. þm. Helgi Seljan vakti í sömu andránni athygli á því til nánari skýringar á óeðlilegri ósætt á milli bændastéttarinnar og verkalýðssamtakanna, að formaður Stéttarsambands bænda hafði rétt þá nýverið, er þarna skarst því miður í odda, lýst í blaðaviðtölum yfir þeirri skoðun sinni, að rétt væri að stemma stigu við launahækkunum til verkamanna, til launafólksins í landinu, til þess að rétta við efnahag þjóðarinnar.

Við munum, — ég ítreka það, — við munum ekki ráða bót á því misrétti, sem bændastéttin á nú við að stríða í kjaramálum, með öðrum hætti en þeim, að forustumenn bænda fari að gera sér dálitla grein fyrir pólitísku samhengi þessara vandamála við vandamál launastéttanna, gera sér grein fyrir því, að kjör launafólksins í bæjunum, sem á að kaupa landbúnaðarafurðirnar, munu ráða í meginatriðum sölumöguleikum og verði á landbúnaðarafurðum. Ef tækist nú að knýja fram þennan skilning af hálfu forustumanna bændastéttarinnar, þá hygg ég að auðvelt yrði að fá launafólkið til þess að gera sér grein fyrir því, að einyrkjabóndi á Íslandi er enginn kapitalisti, að einyrkjabóndi á Íslandi vinnur fyrir launum sínum hörðum höndum engu síður en hver annar. Þá yrði kannske dálítið meira torleiði fyrir ónefnda hagfræðiprófessora, sem eiga, — því miður, segi ég — ekki sæti í þessari d., en hafa ráðið meiru um fræðilegan pólitískan bankagang í andstöðu við íslenska bændur en velflestir aðrir, sem hafa setið á annarri ráðstefnunni í Háskólanum og hinni inni á Alþ. á liðnum áratugum og virðast vera vel á vegi komnir að lemja það inn í höfuðin á sjálfri bændaforustunni, að bændastéttin, landbúnaðurinn, sé dragbítur á hagvöxt íslensks þjóðfélags. Aukin framleiðsla í landbúnaði á síðustu 10 árum hefur rétt aðeins slefað því að halda í við aukinn fólksfjölda á landinu. Á síðustu 10 árum, þegar kaupgeta í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Færeyjum hefur meira en tvöfaldast, en kaupgeta launastéttanna á Íslandi hefur staðið í stað, þegar neysla af kjötvörum á landi hér að öllu meðtöldu, kindakjöti og nautakjöti, nemur um það bil 60 kg á mann, samtímis því sem neysla í Bretlandi er upp í kringum 110 kg á mann, í Svíþjóð og Danmörku 120 kg á mann og um 140 kg á mannsbarn í Bandaríkjunum, — ekki vegna þess að Íslendingar vilji ekki borða kjöt, heldur vegna þess að launin, sem þeir hafa úr að spila, nægja ekki til þess að borri almennings geti haft þann mat á borðum sem hann gjarnan vildi,

— þá er ársaukning á framleiðslu mjólkur frá versta landbúnaðarári aldarinnar úr 112 þús. tonnum upp í 118 þús. tonn í góðu meðalári ekki meginvandamál bændastéttarinnar.

Ég hef fylgst allnáið með þeim samþykktum sem bændur hafa verið að gera á fundum sínum kringum landið undanfarnar vikur. Mér verður kannske á að hrósa hæstv. landbrh. allt of oft og títt, en það gladdi mig eigi að síður að heyra það á máli ráðh., að hann ætlar sér ekki að leggja út í neins konar stríð við bændastéttina í sambandi við prédikaðan fóðurbætisskatt til þess að hemja með honum framleiðslu, — það ætlar hann ekki að gera. Ég heyrði það einnig á máli hans, að hann hugsar sér svo sannarlega ekki að framfylgja á nokkurn hátt hugmyndinni um kvótaskiptingu í framleiðslu á landbúnaðarafurðum. Það er beinlínis vegna þess að hvorugt þetta er hægt að gera gegn vilja bændastéttarinnar. Ég hef heyrt það á þeim bændum, sem ég hef talað við, og ég hef talað við bændur víðs vegar á landinu, að þeim finnst ekki fráleitt að taka upp skatt á erlendum fóðurbæti til styrktar innlendri kjarnfóðurframleiðslu, en aftur á móti finnst þeim af ýmsum ástæðum fráleitt að taka upp þess háttar skatt til þess að leggja framlög á framleiðslu landbúnaðarafurðanna. Hið sama gildir um hið hugsanlega kvótakerfi. Ég þykist hafa orðið þess var í þessum samþykktum bænda um kjaramálin, að þeir geri sér nú orðið grein fyrir því, að þeir verða að taka rögg á sig, efla stéttarsamtök sín, gera þau virkari og beita þeim í samningum við ríkisvaldið, ekki bara um verðlagsmálin, heldur um kjaramálin yfirleitt. Hitt geri ég mér fyllilega ljóst, að setning nýrra laga um kjaramál bænda er ekki einfalt mál. Það er ákaflega eðlilegt, að sú lagasetning verði vel undirbúin með stuðningi og ráðgjöf bænda. En grundvallaratriðið í þessu máli hygg ég vera það, að bændur geri sér grein fyrir því, á hvern hátt kjör þeirra eru tengd kjörum annars þess fólks í landinu sem vinnur fyrir brauði sínu hörðum höndum. Þeir eiga samstöðu með því fólki og kjör þeirra verða ekki slitin frá kjörum annarrar vinnandi alþýðu í landinu. Þetta hygg ég að sé meginatriðið í þeirri kjarabaráttu, sem fram undan er fyrir bændur núna, og því er kveðið á um það í grg. sem fylgir þessari þáltill. okkar, að betra væri það fulltrúum bændastéttarinnar að gera sér grein fyrir þessu pólitíska samhengi heldur en að sendast eins og landafjandar út um allt til þess að telja kjark úr bændum og telja þeim trú um að það sé dugnaði þeirra við framleiðslustörf að kenna hvernig nú er komið kjörum þeirra.

Umr. frestað.

Efri deild, 37. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 36. fundi.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 100, n. 222). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá úthýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Allshn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. um rannsóknarlögreglu ríkisins og leggur til, að frv. verði samþykkt. Eins og kemur fram í nál., hefur það verið upplýst á fundum n. og nm. gert það ljóst, að ekki muni hljótast aukakostnaður við embættið af samþykkt þessa frv.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gera, eru tvær: Í fyrsta lagi sú, að starfsstöð rannsóknarlögreglunnar geti ekki aðeins verið í Reykjavík, heldur í Reykjavík og nágrenni. Einnig er lagt þar til að rannsóknarlögreglustjóra ríkisins verði skipaður staðgengill.

Á þskj. 222 kemur fram, að n. leggur til svofellda brtt., að við fyrirsögn frv. bætist: „nr. 108 28. des. 1976“, en það hafði fallið niður.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en ítreka að n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessu frv. Ég vil taka það fram og undirstrika, að ekki er gert ráð fyrir að mannafjölgun við embættið leiði af skipun staðgengils rannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 222 samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13. shlj. atkv.

Verðlagsmál landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 115). — Frh. einnar umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Það er aðeins vegna ummæla hv. 5. þm. Norðurl. e. Mér finnst að nokkurs misskilnings gæti þegar hann er að tala um að skilningur þurfi að vera milli Alþýðusambands Íslands og Stéttarsambands bænda eða bændastéttarinnar. Mér finnst að hann sé að gefa í skyn að þennan skilning vanti af hálfu bænda. En ég vil einmitt sérstaklega benda á að bændur hafa lagt mikla áherslu á í sambandi við breytingar á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., að sambandið haldist eða viðmiðunin við aðrar stéttir, og hafa talið það algert grundvallaratriði. En það er einmitt það, sem Alþýðusamband Íslands hefur verið andvígt, og það var það atriði sem átti líklega mestan þátt í því að frv. 1972 var stöðvað. Það eru því bændur, sem leggja áherslu á að þessu sambandi sé haldið áfram, en því miður virðist þann skilning vanta hjá hinum aðilanum.

Það var þó sérstaklega upphaf síðustu ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. sem olli því, að ég kvaddi mér hljóðs. Hann lét í ljós undrun á því, að ég skyldi hafa áhyggjur af því, að erfitt yrði að selja mjólkurvörurnar núna, þessa aukningu sem hefði orðið. (StJ: Nei, það gerði ég ekki, ég talaði aðeins um offramleiðslu.) Ja, þessa aukningu á framleiðslunni úr 112 þús. tonna í 118 þús. Það er kannske vegna þess að ég er einn af mjólkurframleiðendunum, að ég hef áhyggjur af

því að illa gangi að selja þetta. Ef við eigum að fara eftir því sem stendur í grg. fyrir þessari þáltill. hv. þm., sýnist mér að ekki muni ganga vel. Hann segir að veita eigi útflutningsuppbætur eða tryggingu, sem nemur 10—15% af umframframleiðslunni. Eins og nú horfir, eru á þessu verðlagsári líkur til þess að markaður sé hér innanlands fyrir 90 þús. tonna, en framleiðslan mundi fara allt upp í 120 þús. tonna, þ. e. a. s. það muni vanta innanlandsmarkað fyrir 25% af framleiðslunni. Það er því augljóst, að þó að veitt væri 10—15% trygging í þessari framleiðslugrein einni, sem er skerðing frá því sem nú er, ef á að fara að miða við framleiðslugreinar, þá vantar stórlega upp á að það nægi. Ég vil spyrja hv. þm.: Hvað vill hann þá gera til að brúa þetta bil? Vill hann hækka þetta meira en upp í 15%, eða hvaða leið ætlar hann að fara ef við eigum ekkert að þurfa að hugsa um það, bændur, hvernig gengur að selja þetta?

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég skal hafa aths. eins stutta og ég mögulega get. Ég hef áður þrisvar í löngu máli reynt að útskýra fyrir hv. þm. Jóni Helgasyni og öðrum hv. þm. d. þá staðreynd, að kaupgetan innanlands og verðið á afurðunum hefur að verulegu leyti, mjög verulegu leyti og sjálfsagt að mestu leyti ráðið neyslunni. Þegar verð á smjöri og öðrum mjólkurafurðum er stórlega hækkað með því að skera niður niðurgreiðslurnar í tíð núv. ríkisstj., samtímis því sem launakjör og kaupmáttur launastéttanna í landinu eru skert, þá dregur úr neyslunni. Í grg. þessarar till., sem við leggjum hér fram, gerum við grein fyrir þeim möguleika að nota m. a. það fé, þó ekki hrökkvi það eitt til, sem nú hefur farið í útflutningsbætur, til þess að lækka afurðarverðið innanlands, söluverðið innanlands, til þess að gera fólkinu kleifara að kaupa þessar vörur og til þess jafnframt að slá á dýrtíðina.

Ef bændur hefðu gætt þess, og þá fyrst og fremst þm. bænda, þegar þeir gengu til stjórnarsamstarfs við íhaldið, eins og þeir gerðu upp úr síðustu kosningum, — ef þeir hefðu gætt þess þá, að hagur bænda fer saman við hag alþýðu þessa lands að öðru leyti, launastéttanna, — ef þeir hefðu ekki gengið til samstarfs við þá aðila sem hafa hagsmuni af því að rýra kjör launastéttanna og bænda líka, þá kynni að hafa verið öðruvísi ástatt nú í dag. Ég minni þm. á útkomuna hjá bændum 1974, við lok vinstristjórnartímabilsins, þegar sinnt var hagsmunamálum bænda samtímis því sem sinnt var hagsmunamálum annarra launastéttar í landinu, annars þess fólks sem vinnur hörðum höndum. Þá var hagur bændastéttarinnar góður, þá var neysla landbúnaðarafurða í hámarki og þ. á m. mjólkurafurða.

Það, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar áðan, var þetta: að ég hefði undrast það að hv. þm. Jón Helgason skyldi bræða það með sér núna og túlka fyrir bændum að um offramleiðsluvandamál væri að ræða, þó að mjólkurafurðir ykjust í góðu meðalári, á haustmánuðum þess, frá því sem þær voru í einu versta landbúnaðarári sem yfir landið hefur gengið á mjólkurframleiðslusvæðinu, sem var árið sem leið, úr 112 þús. tonnum í 118 þús. tonn. Ég gaf það alls ekki í skyn, að ég furðaði mig á því þótt hann hefði nokkrar áhyggjur nú af því, í hvílíkt óefni er komið fyrir — herra forseti, ég vil ekki segja drullusokkshátt, heldur slælega framgöngu fulltrúa bænda hér á Alþ., sem hingað voru kosnir til þess að gæta hagsmunamála þeirra, og fyrir slælega framgöngu þeirra erindreka sem á síðustu vikum hafa, eins og ég komst þá að orði og mun aftur komast að orði, verið eins og landafjandar út um allt til þess að tjá bændum það, að þeir eigi að taka sér á bak skellinn af fáránlegri stjórn landsmála yfirleitt.

Umr. frestað.

Efri deild, 38. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 37. fundi.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 100, 222). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 35. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 142). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga er ákvæði um að fasteignaskatt skuli leggja á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati. Þessi skattur skal miðaður við fasteignamat. Hann á að vera ½% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa, en 1% af öðrum fasteignum. Skv. þessu ákvæði í tekjustofnalögunum frá 1972 er hverju sveitarfélagi skylt að leggja þennan fasteignaskatt á. Auk þess er sveitarstjórnum heimilt að innheimta fasteignaskatt með allt að 50% álagi. Hið fyrra er skylda, hið síðara er heimild.

Á næsta ári, 1978, mundi fasteignaskattur á lagður og miðaður við framreiknað fasteignamat sem yfirfasteignamatsnefnd ber að annast. Við þann útreikning er höfð hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma, þ. e. í desember 1976. Forstjóri Fasteignamats ríkisins hefur upplýst að hækkun á fasteignamati miðað við framreikning nú í þessum mánuði verði 36%,

þ. e. a. s. að fasteignamatið verði almennt 36% hærra nú en fyrir ári. Það er því ljóst að ef ákvæði verða óbreytt í lögum, þá mun fasteignaskattur almennt á næsta ári hækka sem þessu svarar. Þetta er meiri hækkun en ýmsar sveitarstjórnir óska eftir, og þetta frv. er flutt til að bæta úr þessum annmarka.

Efni frv. er það, að sveitarstjórnum skuli heimilað að lækka fasteignaskattinn um 25% frá þeirri lágmarksprósentu sem tilgreind er í lögunum, jafnframt verði heimildin til álags á fasteignaskattinn 25% í staðinn fyrir 50% sem nú er.

Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og hlaut þar einróma stuðning. Eins og grg. ber með sér hefur stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga lýst stuðningi sínum við málið.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 201). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er ekkert sérstakt að segja um þetta frv. Það er sambærilegt við frv. um ríkisborgararétt sem lögð eru fram á hverju þingi og hv. þm. kannast við. Þetta er ekkert færibandafrv. Gert er ráð fyrir að það sæti venjulegri og hefðbundinni meðferð og að í meðförum þingsins verði teknir inn í frv. þeir, sem kunna að hafa orðið of seinir fyrir með umsóknir sínar, svo og þeir, sem kunna að fullnægja skilyrðum á því tímabili sem líður frá því að frv. er lagt fram og þangað til Alþ. afgr. það.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 154, n. 194 og 200). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson) [frh.]: Hæstv. forseti. Ég mælti fyrir nál. okkar hv. þm. Karvels Pálmasonar í gær og var ekki alveg búinn að ljúka máli mínu þegar hæstv. 1. varaforseti deildarinnar gaf kaffihlé. Trúlega hefur honum þótt að eitthvað væri farið að draga af mér og viljað gefa mér tækifæri til að sækja í mig veðrið og tala rösklega dálítið lengur. Ég notaði kaffitímann að sjálfsögðu til þess. En hléið reyndist verða lengra, því upp komu einhver vandamál sem gerðu nauðsynlegt fyrir þingflokk Framsfl. að ræðast við í einn eða tvo klukkutíma, þannig að ekkert varð úr fundarhaldi eftir að kaffitíminn var gefinn í gær. (**Gripið fram í:** Það var tillitsemi við þig.) Var það tillitssemi við mig, svo ég gæti sótt betur í mig veðrið? Ég hef þess vegna haft góðan tíma til að hvíla mig á milli ræðupartanna og gæti raunar rætt um þetta mál í marga klukkutíma, því málið er þess eðlis. Það varpar skýru ljósi í margar áttir. Ég ætla þó að hlífa þm. við því að ræða hér í marga klukkutíma, en það hefur sitthvað komið upp í hugann frá því að ég ræddi hér á fundinum í gær.

Ég vil minnast á það, að ég veitti því athygli og benti þm. á það, að hæstv. forseti, Ragnhildur Helgadóttir, brosti snögglega þegar ég fjallaði um einn þátt ræðu minnar. Ég var þar að tala um siðgæði manna í þessu þjóðfélagi og tengdi það við breytingar á þjóðfélagsháttum, breytingar bæði á efnahagsmálum og atvinnumálum. Þá brosti hæstv. forseti. Mér hefur alltaf þótt hæstv. forseti hafa fallegt bros, en þetta bros í gær var ekki fallegt. Það átti að vera háðsbros. Hæstv. forseti virtist telja þetta einkennilega kenningu, að siðgæði manna væri í tengslum við það sem gerðist í efnahags- og atvinnumálum. Þótt hæstv. forseti hafi kannske viljað hæðast að barnaskap mínum er þessi kenning ekki upprunnin í hugskoti mínu. Þetta er kenning sem allir helstu heimspekingar og sagnfræðingar veraldarsögunnar hafa notað í sínu mati á þjóðfélagsatburðum. Þeir hafa rakið það, hvernig heil þjóðfélög og stórveldi hafa hrunið til grunna einmitt vegna þess að siðgæðisvitund manna molnaði undir fótum þeirra. Mér er það full alvara, að sú þróun, sem hefur verið að gerast hér á Íslandi, einkanlega seinustu árin, sú óðaverðbólguþróun, sem hefur verið að magnast, er kveikjan að ýmsum þeim viðurstyggilegu atburðum, sem gerst hafa í íslensku þjóðfélagi undanfarin ár. Þeir atburðir stafa ekki af mannvonsku. Þeir stafa af því að siðferðismælikvarðar eru orðnir að engu, vegna þess að þróun þjóðfélagsins hefur orðið slík sem ég gat um áðan, og ég held að ástæða sé til fyrir alla hv. þm. og hæstv. forseta og ráðh. að gefa þessu vandamáli gaum.

Það er staðreynd, að síðustu árin hafa gerst hér á Íslandi atburðir sem aldrei fyrr hafa gerst hér á landi síðan á Sturlungaöld. Á Sturlungaöld lauk þeirri atburðarás þannig, að Íslendingar misstu sjálfstæði sitt og urðu síðan að búa við erlenda yfirstjórn í næstum því sjö aldir. Mér er það full alvara að vara við því, að ef þessi þróun heldur áfram er sjálfstæði okkar í fullkominni hættu. Þetta er mál sem við skulum ekki brosa að. Þetta er mikið alvörumál.

Í morgun fékk ég í hendur Morgunblaðið eins og aðra daga; þá sá ég grein þar eftir hæstv. forseta, Ragnhildi Helgadóttur, og greinin ber fyrirsögnina: „Skoðanakönnun Sjálfstfl. í varnarmálum.“ Þar kemur siðgæði allt í einu við sögu. Hæstv. forseti., sem setti á andlit sitt háðbros í gær þegar ég minntist á siðgæði, talar sjálf um siðgæði í Morgunblaðinu í dag í sambandi við hersetuna á Íslandi. Hún segir, með leyfi hæstv. forseta: „En svo eru aðrir menn, og þeir vona ég að séu færri, þeim hefur a. m. k. ekki skotið upp á yfirborðið í Sjálfstfl. fyrr en nú nýlega. Þeir líta svo á að allt lífið sé viðskiptalíf, ein allsherjar fésýsla. Þeir sjást tæpast fyrir í fjáröflunardugnaði sínum og vilja nota það í fjáröflunarskyni, að fleiri þjóðir en við

hafa hagsmuni af því, að Ísland sé varið. Á þeim grundvelli kynni að vera hægt að ná fram einhverjum fjárgreiðslum. E. t. v. finnst þessum mönnum að einskis virði sé að okkar land sé varið. Illa er komið fyrir mönnum þegar ekkert sést jákvætt nema peningar."

Þetta skrifar hæstv. forseti í Morgunblaðið í dag. Þarna er hæstv. forseti að lýsa siðgæðisviðhorfi gegn því peningaviðhorfi sem gagnsýrir þjóðfélag okkar og leiðir m. a. til hörmulegra atburða, glæpaverka. En hæstv. forseta er ekki mikil alvara í raun.

Ég vil vitna aftur í greinina. Síðan stendur: „Hætt er við að gjaldheimta á hendur þeim (þ. e. Bandaríkjamönnum) vegna innlendra framkvæmda á Íslandi gæti leitt til þess, að þessi varnarstöð þætti of dýr og yrði þess vegna lögð niður." Hæstv. forseti er hræddur um það, að ef lagðar verði meiri fjárhagsskuldbindingar á Bandaríkjamenn í sambandi við hersetuna kunni Bandaríkjaþing að leggja herstöðina niður. Það væri hættulegt, segir hæstv. forseti.

Þegar bandarísku hermennirnir komu hingað til lands var formaður í Sjálfstfl. sem hét Bjarni Benediktsson. Hann gerði alltaf grein fyrir því, að hann teldi að hér þyrfti að vera her vegna þess að Íslendingar væru ella varnarlausir. Hann bjó til kenningar um hættu í sambandi við styrjaldir, — kenningar sem ég féllst aldrei á og tel að ekki hafi staðist, en röksemdir hans voru ævinlega bornar fram á siðgæðisgrundvelli.

Hæstv. forseti er búinn að gleyma siðgæðinu í þessu sambandi. Bjarni heitinn Benediktsson sagði alltaf að hernámið væri ill nauðsyn, og hann sagði mér það í einkaviðtali, að hann vonaði að herinn yrði horfinn af Íslandi áður en hann dæi. Það voru siðgæðisviðhorf sem réðu mati hans. En þau komu ekki fram í þessum orðum sem ég las eftir hæstv. forseta. Þar voru einvörðungu peningaviðhorf, það mætti ekki gera meiri fjárhagskröfur á hendur hernum því þá væri hætta á að hann færi. Það er ekki lengur verið að tala um frelsi og lýðræði. Allt snýst orðið um peninga, líka hjá hæstv. forseta.

Mig langar að vitna í enn eina klausu úr þessari grein í Morgunblaðinu í dag. Hæstv. forseti minnist þar á ýmislegt sem hernámsliðið standi undir, minnist á Keflavíkurflugvöll, björgunarstörf, aðstoð í Vestmannaeyjagosinu, — hún var, að því er mig minnir, í því, að hernámsliðið flutti nokkrar kindur til lands. Og sitthvað er fleira af peningatagi sem hæstv. forseti leggur áherslu á. Svo segir hæstv. forseti: „Þess vegna skulum við taka undir bær skoðanir sem forsrh. okkar, formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, hefur sett fram um þessi mál, nú seinast í sjónvarpsviðtali nýlega. Forsrh. vill ekki verðleggja sjálfstæði Íslands." — Það er nú svo.

Ég hef minnt á það áður hér á þingi, að hæstv. forsrh. hóf opinberan feril sinn að loknu prófi í Háskólanum sem framkvæmdastjóri Sameinaðra verktaka. (**Forseti**: Ég vil minna hv. þm. á það, að á dagskránni er frv. til laga um almannatryggingar.) Já, ég var að ræða um siðgæði í því sambandi, og ég er að gera athugasemdir við sérstakt bros sem hæstv. forseti setti upp á fundinum í gær. (**Forseti**: Ég vil nú aftur minna á að það er ekki þáttur í frv. til laga um almannatryggingar.) Brosið er mjög ríkur þáttur af hæstv. forseta. — Þetta starf hæstv. forsrh., Geirs Hallgrímssonar, var í því fólgið að safna saman gróðafyrirtækjum til þess að hagnast á hersetunni, þ. á m. fyrirtækjum sem hæstv. forsrh. á mjög mikinn hlut í sjálfur. Síðan var þessu hlutafélagi lokað. Það hefur komið fram hér á þingi, að uppi er ágreiningur á milli hæstv. forsrh., Geirs Hallgrímssonar, og hæstv. iðnrh., Gunnars Thoroddsens, um þessi mál. Hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen gagnrýndi formann Sjálfstfl. og forsrh. sinn fyrir að halda þessu hermangarafyrirtæki lokuðu svo ekki kæmust fleiri aðilar að til að hagnast.

Það fer lítið fyrir siðgæðinu í öllum þessum málflutningi, og ég tel einmitt í samræmi við ræðuna, sem ég flutti í gær, að ástæða sé til að gefa því gaum, að siðgæðið á Íslandi hefur fallið jafnört og gengi íslenskrar krónu. Það er engin tilviljun að hér hafa gerst atburðir af ógnarlegu tagi einmitt af þessum sökum. Og menn skulu sannarlega ekki gleyma því, að siðgæði er undirstaða hvers heilbrigðs þjóðfélags. Siðgæðishugmyndir breytast í samræmi við atvinnuhætti og framleiðsluaðstæður, en siðgæðishugmyndir verða að gagnrýna samfélög, sem vilja halda lífi, og einstaklinga, sem vilja halda lífi.

Ég lýsti því í ræðu minni í gær, að ég teldi þá gjaldheimtu, sem felst í þessu frv., vera félagslega rangláta. Þarna er um að ræða svokallaðan flatan skatt, og menn greiða hann þó þeir hafi ákaflega lágar tekjur. Hann hækkar að vísu með tekjustigi manna. En ég vil minna hv. alþm. á það, að til er fólk á Íslandi sem hefur mjög lágar tekjur og verður samt að borga útsvar. Fyrir þetta fólk er þungbærara að borga 4 eða 5 þús. kr. á ári en fyrir suma, sem hærri tekjur hafa, að borga 40—50 þús. Það er þessi mælikvarði sem skiptir máli. Það er burðargeta þegnanna, en ekki nein upphæð. Þess vegna er þessi gjaldheimta gjörsamlega andfélagsleg.

Ég rakti það í gær, að þessi gjaldheimta er afleiðing af verðbólgustefnu núv. ríkisstj., sem gerir það að verkum að engir gjaldstofnar geta haldið sér. Ég varaði við hugmyndum sem uppi væru um að skerða réttindi fólks, sem skiptir við Tryggingastofnun ríkisins, og fólk, sem skiptir við heilbrigðiskerfið. Þær raddir hafa sannarlega verið uppi og ég er samþykkur því, að í því efnahagsöngþveiti, sem hér er, verður að halda uppi þessari félagslegu þjónustu og þyrfti raunar að bæta hana stórum. En til eru aðrar fjáröflunarleiðir en þessi. Ég held að til að mynda að það væri ákaflega einföld leið að fela hæstv. viðskrh. og dómsmrh. að leysa þetta mál. Fyrir liggur að hæstv. ráðh. eða embættismenn hans hafa fengið skýrslur um það, að íslenskir aðilar eigi mörg hundruð millj. kr. í dönskum bönkum í trássi við lög. (**Gripið fram í**: Þetta er misminni. Það er fjmrh. sem hefur fengið skýrsluna.) Hann hefur fengið hana, en þetta er verksvið hæstv. dómsmrh. og það er skylda hans að fjalla um þetta. Þarna er um að ræða ákaflega háar fjárhæðir að mínu mati. Það fé, sem finnst í Danmörku, er ákaflega lítill hluti af því sem er komið undan.

Ég vil minna á það, að fyrirrennari hæstv.

dómsmrh., Hermann heitinn Jónasson, hélt ræðu, að mig minnir 1946 austur í Hornafirði, og þar greindi hann frá því mati sínu, að eignir íslenskra peningamanna erlendis næmu 400 millj. kr. Ef við umreiknum þessa tölu miðað við breytingar á gengi dollarans og krónunnar síðan þá mundi þessi upphæð nema um 12 milljörðum kr. nú. Síðan þetta var hafa þjóðartekjur Íslendinga aukist mjög mikið og viðskipti okkar við útlönd aukist mjög mikið, þannig að ég er ekki í neinum vafa um að fjármunir, sem þannig hefur verið stolið undan og geymdir eru í fé hirslum erlendis, nema tugum milljarða kr. Þessa peninga á að gera ráðstafanir til þess að hirða. Það er skylda hæstv. ríkisstj. að gera það, og það er sérstök skylda hæstv. dómsmrh., sem ég ávarpaði hér áðan, að gera það. Þarna er um að ræða siðspillingu sem er háskaleg og ekki á að þola.

Ég hlustaði á hæstv. viðskrh. og dómsmrh. ræða um þessi mál í sjónvarpi í gærkvöld. Hann svaraði þar spurningum. Svör hans voru loðin og blendin. Ég þykist þekkja hæstv. ráðh. býsna vel, og ég hef talið, að hann hefði ríka siðgæðiskennd, af kynnum mínum við hann, vegna þess að hann er á þeim aldri og vegna þess að hann ólst upp í sveit. En þessi siðgæðiskennd virtist ekki vera ýkja-fyrirferðarmikil í sjónvarpsviðtalinu í gær. Svör hans voru loðin og blendin, þó um sé að ræða þjófnað af íslenska þjóðarbúinu og öllum þegnum íslensku þjóðarinnar, sem nemur tugum milljarða ísl. kr. Hægt væri að leysa allan fjárhagsvanda ríkissjóðs, jafnvel á þessum óðaverðbólgutímum, með því að ná í þó ekki væri nema hluta af þessu fé.

Ég er hér að benda á fjáröflunarleiðir og það sæmilegri fjáröflunarleiðir en að leggja byrðar á fátækasta fólkið í landinu vegna óðaverðbólgu einnar saman.

Um þetta mál voru haldnir tveir fundir í heilbr.- og trn. og það voru dálitið einkennilegir fundir. Á næsta ári eru liðin 30 ár síðan ég settist fyrst inn hér á Alþ. Ég hef ekki setið samfellt síðan þá, en endrum og eins og samfellt nú um nokkurt skeið. En þessir fundir í fyrradag voru einkennilegustu nefndarfundir sem ég hef setið á. Á þá komu tveir embættismenn, ríkisskattstjóri og málsvari sveitarfélaganna, framkvæmdastjóri þeirra. Framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélag ítrekaði þar þau sjónarmið sem alþm. þekkja, að sveitarfélögin telja að með þessari gjaldheimtu sé ríkissjóður að seilast inn á svið sveitarfélaganna og gera þeim erfiðara fyrir að leysa verkefni sín. Ég benti ríkisskattstjóra á það, að undanþáguákvæðin í þessu frv. væru mun þrengri en undanþáguákvæði þau sem gilda um álagningu útsvara, og ég benti honum sérstaklega á aldrað fólk í því sambandi. Ríkisskattstjóri viðurkenndi þetta. Ég lagði til að n. breytti þá frv. þannig, að þessi skattheimta leggðist ekki á aldrað og snautt fólk í ríkara mæli en útsvörin. Þetta fékk engar undirtektir á fundinum sjálfum. Svo gerist það þegar nál. kemur hér frá meiri hl. n., að þá er þetta atriði tekið upp, breyting í þessa átt. En þetta gerði meiri hl. án þess að ræða við mig og væntanlega án þess að ræða við hv. þm. Karvel Pálmason. Þetta eru vinnubrögð sem ég vil telja óþingleg með öllu. Ég kann ekki þingsköp Alþingis utan að, en ég held að það hafi alltaf verið háttur þingnefnda og eigi að vera háttur þeirra að leggja till. af þessu tagi fyrir n. í heild, en ekki að nokkur hluti nm. pukrist, eftir að störfum n. á að heita lokið.

Ég varð var við það í n., að það var enginn þar sem reyndi að verja þessa gjaldheimtu hæstv. heilbrrh. Ég gagnrýndi hana þar, með fáeinum orðum að vísu, á þessum félagslegu forsendum sem ég reyni að gera grein fyrir. En það var enginn fundarmanna, enginn nm., sem reyndi að segja eitt einasta orð til varnar þessari skatt heimtu. Og ekki nóg með það, einn nm. Guðmundur H. Garðarsson, gekk af fundi og sagðist mundu neita að skrifa undir álit meiri hl. Það hefur breyst, eftir að þessi breyting kom inn sem ég gerði grein fyrir, en þetta sýnir að það var engin ánægja með þetta frv. hjá stjórnarþm. í n. og ég skil það ákaflega vel. Það kom einnig fram í n., að það var enginn nm. sem vildi hafa framsögu. Þeir neituðu allir að hafa framsögu. Það tókst svo að leysa það. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tók þetta að sér. En þarna kom fram það sem ég hef orðið var við í viðtölum við þm., að hér er um að ræða gjaldheimtu sem örugglega á ekkert meiriblutafylgi hér á Alþ. ef þm. fylgdu því ákvæði stjórnarskrárinnar að taka tillit til samvisku sinnar. Hér er um að ræða ranga gjaldheimtu, háskalega gjaldheimtu, vegna þess að þarna er verið að ana áfram út á verðbólgubrautina enn frekar en orðið er, og ætti mönnum þó að fara að skiljast, að þar er verið að komast á ystu þröm.

Ég held að það sé kominn tími til þess, að hv. þm. stjórnarflokkanna líti dálítið alvarlega í eigin barm og láti ekki allt yfir sig ganga. Ég hef lýst því áður hér á þingi, að ég tel stjórnmálaflokka vera undirstöðu eðlilegra stjórnmálastarfsemi í landinu. Og í stjórnmálaflokkum verða menn að sjálfsögðu að taka tillit hver til annars, en aðeins á þeim grundvelli sem sameiginlegar hugsjónir kunna að marka. Mér virðist að þm. stjórnarflokkanna séu komnir langt út fyrir þessi takmörk. Þeir greiða hér atkv. aftur og aftur með málum sem þeir eru andvígir í raun og veru, og slík vinnubrögð eru ákaflega háskaleg framtíð Alþingis að minni hyggju.

Ég læt svo máli mínu lokið, hæstv. forseti.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Af fylgifrv. hæstv. ríkisstj. með fjárlagafrv. er þetta frv., sem hér er til umr., langsamlega varhugaverðast og langsamlega ranglátast. Fyrir þessari skoðun langar mig til að gera nokkra grein, en að sjálfsögðu munum við þm. Alþfl. hér í hv. d. greiða atkv. gegn þessu frv.

Áður en ég vík að röksemdafærslu minni gegn frv. og því, í hverju ranglæti þess er fólgið, kemst ég ekki hjá að víkja í örfáum orðum að upphafi ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, því að hann hóf ræðu sína, af einhverjum mér óskiljanlegum ástæðum, með ónotum í garð Alþfl. vegna afskipta hans af tryggingamálum. Það er raunar komið svo, að þessi hv. þm. heldur varla svo ræðu hér á Alþ., hvað svo sem hann talar um, að einhver kafli ræðunnar sé ekki ónot í garð eftirmanns

hans í sæti orkumálaráðh., hæstv. ráðh. Gunnars Thoroddsens, eða ónot í garð Alþfl., nema hvort tveggja sé, sem oft hefur gerst. En ummæli hans í gær um Alþfl. og tryggingamálin voru svo ósanngjörn og svo ranglát að ég kemst ekki hjá því, þó í mjög stuttu máli verði að vera, að andmæla þeim.

Það er alveg sama hvað hv. þm. Magnús Kjartansson segir um Alþfl. og almannatryggingarnar, að það verður aldrei hrakið, að Alþfl. er brautryðjandi í íslenskum þjóðmálum á sviði almannatrygginga. Það var fyrsti ráðh. Alþfl., Haraldur Guðmundsson atvinnumálaráðh., sem beitti sér fyrir því, að sett voru fyrstu lögin um almannatryggingar árið 1937. Næsta stóra sporið á sviði tryggingamála var þegar lögin um almannatryggingar voru sett árið 1944. Vita allir að það var ein af kröfum Alþfl. í sambandi við aðild hans að þeirri stjórn, að sú löggjöf yrði sett. (Gripið fram í.) Það var ekki Sósíalistaflokkurinn, sem einnig var í stjórninni, sem þá gerði kröfu um endurskoðun almannatrygginganna, heldur var það Alþfl. Þriðja stóra sporið, sem stigið hefur verið síðan almannatryggingalögin fyrstu voru sett, var í sambandi við myndun viðreisnarstjórnarinnar í árslok 1959. Þá var gert stórátak á sviði tryggingamála og það var einnig samkv. ósk Alþfl. í sambandi við stjórnarmyndun.

Það eina rétta í því, sem hv. þm. sagði í gær um tryggingamálin og Alþfl., var það, að á seinni helming 7. áratugsins minnkaði raungildi tryggginga af ýmsum ástæðum mjög verulega. Þetta gerðum við, sem áttum sæti í þeirri stjórn, og Alþfl., sem var aðili að henni, sér algjörlega ljóst. Þess vegna var það einmitt sem þáv. félmrh., Eggert G. Þorsteinsson, skipaði n. til að endurskoða almannatryggingalögin. Mig minnir að það hafi verið árið 1967. A. m. k. mun n. hafa skilað áliti 1969 og frv. n. var samþ. meðan viðreisnarstjórnin var enn við völd, á þinginu 1970—1971, áður en hv. þm. Magnús Kjartansson varð félmrh. Að vísu var það þannig, — það skal fúslega játað, það er söguleg staðreynd og sannleikur, — að það varð að ræða um það í ríkisstj. til hversu mikillar útgjaldaaukningar þetta frv. mætti leiða. Um það sýndist okkur sitt hvað, Alþfl. annars vegar og Sjálfstfl., sérstaklega fjmrh. hans, hins vegar. Niðurstaðan af þeim umr. varð sú, að efnisatriði frv. mættu ekki leiða til meiri útgjalda en sem svaraði 500 millj. kr., og annað, sem okkur Alþýðuflokksráðh. og þingfl. Alþfl. þótti enn miður, að útgjaldaaukningin eða hin nýju ákvæði skyldu ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1972. Þetta þótti okkur mjög miður. En eins og verða vill í samsteypustjórnum urðum við að sætta okkur við það sem heildarsamkomulag gat orðið um. Páv. fjmrh. taldi sér ekki fært vegna mjög örðugs hags ríkissjóðs að fallast á að hin nýja lagasetning hefði í för með sér meira en 500 millj. kr. útgjaldaaukningu.

Í þessu frv., sem samið var að undirlagi eins Alþýðuflokksráðh., Eggerts G. Þorsteinssonar, og í þessum lögum, sem enn gilda í grundvallaratriðum, voru einmitt ýmis merkustu nýmæli sem til hafa orðið á sviði almannatrygginga á síðari árum. T. d. var tekjutryggingarhugmyndin lögfest þar, þó að því miður væri ekki hægt að verja nema tiltölulega litlu fé til hennar. (Gripið fram í.) 85 millj. kr., ég man þessa tölu og er búinn að kynna mér það nákvæmlega, en nú eru það 4 milljarðar. Hugmyndin fæddist í þessari n. sem starfaði á tímum viðreisnarstjórnarinnar, og ég hika ekki við að segja, að þetta er eitt merkasta nýmæli í tryggingamálum á síðari árum. Það stafar ekki frá ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar, það stafar frá ráðherratíð Eggerts G. Þorsteinssonar. Þetta er harmleikurinn í málinu.

Það afrek sem Magnús Kjartansson vann, eina afrekið sem hann vann á sínu fyrsta ári, var að taka ákvörðun um að fá því framgengt í vinstri stjórninni, sem að sjálfsögðu var þakkarvert, að ákvæði laganna skyldu taka gildi strax á miðju ári 1971, en ekki 1. jan. 1972, eins og áður hafði verið ákveðið. Þetta studdum við þm. Alþfl. að sjálfsögðu og glöddumst yfir því. (Gripið fram í: Það var gert með brbl.) Já, já, það var gert með brbl., og við studdum þau lög að sjálfsögðu þegar þau komu til kasta Alþ. um haustið. Þessari ráðstöfun fögnuðum við.

En það, sem mestu máli skiptir er að lögin, sem enn gilda í grundvallaratriðum, eru ekki frá ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar, þau eru frá ráðherratíð Eggerts G. Þorsteinssonar, þó að fjárveitingarnar samkv. lögunum hafi tekið stórkostlegum breytingum á þeim árum sem síðan eru liðin, og Alþfl. hefur að sjálfsögðu alltaf stutt þessar breytingar.

Ég læt svo útrætt um þetta, en fannst satt að segja ónot þm. í garð Alþfl. af þessu tilefni og í sambandi við frv., sem hér er um að ræða, svo óeðlileg og svo óskiljanleg í raun og veru, að ég taldi óhjákvæmilegt að láta þessi atriði koma fram. En nú skal ég víkja að því frv. sem hér er til umr.

Hér er um það að ræða að leggja nýjan skatt á almenning í landinu að upphæð 1.9 milljarða kr. og skattgrundvöllurinn er í meginatriðum sá sami og lagður er til grundvallar við álagningu útsvara. Útsvarið er, svo sem kunnugt er, hlutfallsskattur, sem sumir nefna flatan skatt, þ. e. a. s. greiddur sami hundraðshluti af tekjum hvort sem tekjurnar eru háar eða lágar. Lágtekjumaðurinn greiðir nákvæmlega sama hundraðshluta af tekjum sínum og hátekjumaðurinn, og barnmörg fjölskylda greiðir nákvæmlega sama hlutfall af tekjum sínum og einhleypingur. Réttur til frádráttar í sambandi við útsvarsálagningu er mjög takmarkaður. Enn fremur er þess að geta, að eingöngu einstaklingar greiða útsvar. Félög greiða ekkert útsvar. Þau greiða aðstöðugjald til sveitarfélaganna. Hér er því um einstaklingsskatt að ræða, — einstaklingsskatt sem er jafn á hátekjumenn og lágtekjumenn, — einstaklingsskatt sem er jafn á barnmarga fjölskyldu og einhleyping og þar sem frádráttarréttur er mjög takmarkaður. Útsvar er fyrst og fremst launamannaskattur, og það er á þennan grundvöll sem hæstv. ríkisstj. hefur kosið að leggja eins konar ríkisútsvar, leggja á nýjan skatt sem á að færa ríkissjóði 1.9 milljarða kr.

Í þessu sambandi verður að minnast þess, að þetta er ekki eina skattahækkunin, sem hæstv. ríkisstj. leggur til í sambandi við þessa fjárlaga-

afgreiðslu. Skattbyrðin, tekjuskattsbyrðin, tekjuskattsheimtan, eykst um u. þ. b. 2 milljarða vegna þess að tekjuaukningin reynist meiri á milli ára heldur en nemur skattvisitölunni. Nýjustu athuganir leiða í ljós að tekjuaukningin milli áranna 1966 og 1967 verður 42%, en gamla ákvæðið um skattvísitöluna, 131, á að haldast óbreytt. Vegna tekjuaukningarinnar og þess, að ekki á að hækka skattvísitölu samsvarandi, eykst skattbyrðin um 2 miljarða. Um það bil önnur eins upphæð á síðan að koma í formi þessa feikilega rangláta nýja ríkisútsvars.

Í þessu sambandi hlýtur sú spurning að vakna, hvernig í ósköpunum á því stendur að ríkisstj. eða engum aðila í stjórnarflokkunum skuli hafa hugkvæmst að láta atvinnureksturinn taka einhvern þátt í þessari alveg nýju skattheimtu, í innheimtu þessara 1.9 milljarða kr. Í því sambandi skulum við athuga hvernig skattgreiðslu af atvinnurekstri hefur verið háttað á þessu ári. Álagður tekjuskattur á allan atvinnurekstur í landinu nemur nú í ár 4.5 milljörðum kr. En álagður tekjuskattur á launþega — hvað skyldi hann nema miklu í ár? Hann nemur 8 millj. M. ö. o.: launþegarnir í landinu eru látnir borga næstum helmingi meira í tekjuskatt til ríkissjóðs en allur atvinnurekstur í landinu. Finnst mönnum þetta réttlátt, og finnst mönnum í framhaldi af þessari staðreynd vera réttlátt að bæta 1.9 milljörðum ofan á einstaklingana sem skattgjaldi?

Í þessu sambandi verður líka að minna á að það er ekki aðeins að atvinnureksturinn greiði um það bil helminginn á við það sem launþegar greiða í tekjuskatt til ríkissjóðs, heldur er fjöldinn allur af atvinnufyrirtækjum skattlaus, greiðir bókstaflega engan tekjuskatt. Það er ein skýringin á því, hvað heildarupphæðin hjá atvinnufyrirtækjunum er lítil, en upphæðin 4.5 milljarðar á bæði við félög, sem stunda atvinnurekstur, og einstaklinga, sem stunda atvinnurekstur.

Þessir 4.5 milljarðar, sem lagðir hafa verið á atvinnureksturinn í landinu í ár, eru tekjuskattsgreiðsla af veltu sem nemur — hvað skyldu þm. halda? — sem nemur 425 milljörðum kr., m. ö. o.: tekjuskattur atvinnufyrirtækja í landinu er um það bil 1% af veltunni. Ef einhverjum í hv. stjórnarflokkum kynni nú að hafa dottið í hug, að það væri eðlilegt að láta atvinnureksturinn taka einhvern þátt í eða jafnvel bera alveg þennan nýja skattstofn, 1.9 milljarða, sem leggja á með feikilega ranglátum hætti á einstaklinga í landinu, þá yrði auðvitað að spyrja: Hvað má gera ráð fyrir að velta atvinnufyrirtækja í fyrra hafi verið mikil? — ef menn hugsa sér hana gjaldstofn. Þetta hef ég athugað með aðstoð sérfróðra manna. Skattstofninn undir gjaldi sem yrði innheimt 1978, tekjur atvinnufyrirtækja í ár, á árinu 1977, eru taldar verða um 600 milljarðar kr. Þá er það mjög einfalt reikningsdæmi, hversu mikinn veltuskatt þyrfti að leggja á atvinnureksturinn í ár til þess að mæta þessari 1.9 milljarða tekjuþörf. Það eru 0.3% af veltunni eins og hún er áætluð í ár. Það er ⅓ úr prósentustigi af veltunni. Þegar menn hafa í huga skattgreiðslur fyrirtækjanna í ár og þá um leið væntanlega tekjuskattsbreytingu á næsta ári, fyndist mönnum þá réttlátara að láta á næsa ári einstaklinga í landinu greiða 1.9 milljarða, sömu prósentutölu fátæka manninn og ríka manninn, láta barnmörgu fjölskylduna greiða sömu prósentutölu af tekjum sínum og einstaklinginn, eða hitt að láta atvinnufyrirtækin í landinu greiða ⅓ úr prósentustigi af veltu sinni? Það væri mjög auðvelt í framkvæmd. Gjaldstofninn er til. Veltan er notuð sem gjaldstofn í sambandi við álagningu aðstöðugjalda. Það þyrfti ekki annað en bæta við þann gjaldstofn, — og það er einmitt það sem ríkið er að gera hér þegar miðað er við útsvörin, — það þyrfti ekki annað en bæta 0.3%, ⅓ úr stigi, ofan á þann gjaldstofn sem aðstöðugjöldin eru miðuð við til þess að ríkið fengi 1.9 milljarða sem þarf til að geta ábyrgst tekjuhallalaus fjárlög. Það er markmið sem ég og minn flokkur styðjum fullkomlega, að fjárlög séu eins og á stendur afgreidd án tekjuhalla.

Það er því ekki aðeins að með fyllstu rökum sé hægt að sýna fram á að sú gjaldheimta, sem þetta frv. fjallar um, sé feikilega ranglát, — um það erum við hv. frsm. minni hl. n., Magnús Kjartansson, algjörlega sammála, — ein ranglátasta gjaldheimta sem stungið hefur verið upp á um langt skeið. Það er ekki aðeins að hægt sé að færa ljós og skýr rök fyrir því, að gjaldheimtan sé ranglát, heldur líka auðvelt að benda á aðra tekjuöflunarleið sem er mjög einföld í framkvæmd og gæfi ríkissjóði sömu tekjur. Getur nokkur maður í alvöru verið í vafa um að það væri réttlátara að láta atvinnufyrirtæki á næsta ári borga til viðbótar aðstöðugjald 0.3% af veltu sinni heldur en að láta alla einstaklinga, hvernig svo sem högum þeirra er háttað, borga 1% af tekjum sínum í viðbót í eins konar ríkisútsvar?

Hér er í raun og veru um svo einfalt og ljóst mál að ræða, að mig satt að segja furðar á því, að slíkar hugmyndir skuli ekki hafa komið upp í alvöru í stjórnarflokkunum, og ég harma það mjög, ef engin breyting verður á afstöðu stjórnarflokkanna í þessu máli. Enn er tími til þess að gera breytingu hér á. Málið er mjög einfalt í eðli sínu. Frv. er einfalt. Sú hugmynd, sem ég hef hér sett fram og lýst, er líka mjög einföld. Það er hægt að gera þetta á einum eða tveimur fundum, sem að vísu yrðu að vera svolítið merkilegri heldur en fundirnir í n. sem hv. frsm. minni hl. var að lýsa, en þetta er hægt. Þetta er vandalaust að gera yfir helgina. Spurningin er bara, hvort vilji sé fyrir hendi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég mun nú reyna að halda mér við efni þess máls sem hér liggur fyrir, nokkurn veginn a. m. k., og leiða hjá mér umr. um bros einstakra þdm., hæstv. forseta okkar í tilfelli sem kom upp áðan. Það sannast kannske hér sem stundum áður, að það getur reynst konu hættulegt að brosa á skökku augnabliki, ekki síst þegar sá, sem brosað er til, misskilur brosið. En þetta var sem sagt eins konar bros hæstv. forseta sem mér fannst taka óþarflega langan tíma í umr. hér á hv. Alþ. Ekki heldur mun ég leggja

orð í belg um hetjudáðir Alþfl. í viðreisnarstjórn í tryggingamálum, læt það tilheyra liðinni tíð.

Hér hefur sitthvað borið á góma og það er að vonum, því að þetta er viðkvæmt og stórt mál sem hér er annars vegar.

Ég vil fyrst segja það, að mér fannst ekki rétt með farið hjá hv. 3. þm. Reykv. um afstöðu okkar samnefndarmanna hans í heilbr.- og trn. Hann komst svo að orði í umr. hér í gær, að enginn í n. hefði viljað kannast við að frv. hefði neinn galla. Þetta er náttúrlega ekki rétt, enda lýsti hann því raunar yfir í dag aftur, að við hefðum haft nokkrar áhyggjur af því að þetta frv. um sjúkratryggingagjald hitti ákveðinn hóp einstaklinga það illa að við værum hreint ekki ánægð með það.

Það er nú svo, að tölur í þskj., sem við erum að fjalla um, hafa kannske ekki alltaf nógu ljósa þýðingu. Við gerum okkur ekki alltaf við meðferð málsins grein fyrir hvað tölurnar þýða í framkvæmd. Og það var einmitt það sem gerðist við athugun þessa máls, að þetta 2% sjúkratryggingagjald hlaut að koma of neikvætt út fyrir of stóran hóp fólks, og það er einmitt vegna þess, að við að loknum fundi í heilbr.- og trn. könnuðum þetta nánar. Það var raunar nokkuð sem ekki kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að hann krefði þetta virkilega til mergjar á okkar nefndarfundi. Mér heyrðist hann og fulltrúar minnihlutaflokkanna hafa hvað mestar áhyggjur af velferð sveitarfélaganna, og vissulega voru sveitarfélögin vel þess virði að taka tillit til þeirra. Mér fannst að þeir færu lítt út í að athuga og benda á hvernig þetta kæmi við ákveðna einstaklinga, en það voru einmitt einstaklingarnir, sem þetta gjald yrði lagt á, sem ég tók öllu nær mér heldur en óhagræði sveitarfélaganna við álagningu og innheimtu þessa gjalds, sem í rauninni er nú úr sögunni. Óánægja sveitarfélaganna á sínum tíma, þegar þetta sjúkratryggingagjald var lagt á upphaflega, fyrir tveim árum var það, var að þau þurftu að innheimta þetta gjald. (Gripið fram í: Spurði ég ekki ríkisskattstjóra?) Jú, með óbeinum hætti þó. (Gripið fram í: Með beinum hætti.) Ég endurtek það, að mér fannst það aðallega vera sveitarfélögin sem minnihlutafulltrúarnir höfðu áhyggjur af, en nú vitum við að þessu hefur verið breytt. Bæði álagning og innheimta fer fram af hálfu skattstjóra, þannig að nú snertir þetta mál sveitarfélögin aðeins óbeint, og á því held ég að hafi verið almennur skilningur í nefndinni.

Það er vitað mál, að sú aukaskattheimta, sem í þessu frv. felst og í öðrum þeim frv. sem ríkisstj. hefur lagt fyrir þing nú til aukinnar fjáröflunar, er okkur stjórnarþm. ekkert gamanmál. Við höfum síður en svo gaman af því. En það sannast hér sem stundum áður, að stundum verður að gera fleira en gott þykir. Og ég spyr hv. þm. í minni hl. og meiri hl., hvernig í ósköpunum þeir geti búist við því að ríkissjóður komist hjá að gera einhverjar ráðstafanir, þ. á m. í aukinni skattheimtu, til þess að mæta 60% almennum kauphækkunum á árinu. Ég hygg að þær launahækkanir, sem orðið hafa á Íslandi í ár, séu áreiðanlega heimsmet, og ég veit ekki hvaða þjóðfélag annað stenst slíkt stóráfallalaust.

Nú er ég ekki að gefa í skyn að hinar almennu launahækkanir séu eina orsök verðbólgunnar. Það vefst jafnvel fyrir sérfræðingum okkar að greina þar á milli orsaka og afleiðinga. En ég er alveg sannfærð um að launahækkanirnar, sem eru fjarri öllu lagi, eiga þar stóran þátt. Við þurfum ekki annað en að líta á þá tölulegu staðreynd, að launahækkanir ríkisstarfsmanna með samningum BSRB þýða 7—8 milljarða kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Þessu hefur ekki verið mótmælt. Og það hefur verið hlutverk okkar stjórnarþm. að setjast niður nú rétt í þann mund sem afgreiða átti fjárlög og finna þessa fjárupphæð. Einhvers staðar varð að taka hana.

En ég ætla að reyna að halda mér við frv., eins og ég upphaflega lofaði. Okkur fannst, stjórnarþm. í n., að enda þótt nokkuð sé hlíft ellilífeyrisþegum í frv. eins og það liggur fyrir, þá sé sýnt að útsvarsmörkin séu svo lág, að það væri í alla staði óeðlilegt og ranglátt að reyna ekki að bæta hag þessa hóps sem þannig var ástatt um.

Brtt. n. gerir ráð fyrir að til frádráttar komi til viðbótar 300 þús. kr. fyrir hvern einstakling og 500 þús. fyrir hjón. Með þessu er vafalaust séð nokkru betur en annars væri fyrir hag þess aldraða fólks og öryrkja sem er þannig ástatt fyrir að það mundi verða fyrir þessu sjúkratryggingagjaldi um leið og það aðeins sleppur yfir mörkin að verða útsvarsskylt. Og ég vil nú, þó að fáir ráðh. séu viðstaddir ekki láta hjá líða að þakka sérstaklega viðkomandi ráðh. heilbr.- og trmrh. og fjmrh. fyrir það, hve vel þeir tóku í ábendingar okkar og hve vel þeir brugðust við til lagfæringar.

Hv. 3. þm. Reykv. hafði mörg þung og stór orð í garð núv. ríkisstj. og þá sérstaklega heilbr.- og trmrh. fyrir frammistöðu hans í tryggingamálunum. Hann tók þannig til orða, eitthvað á þá leið, að frá ráðh. hafi helst aldrei komið neitt nema sem horfði í þá átt að heimta meiri peninga af fólki. Hann leiðréttir mig þá ef þetta hefur verið rangt heyrt. Ég er hissa á jafnglöggum og greindum manni og Magnúsi Kjartansson er að láta svona staðhæfingar sér um munn fara. Það er ekki erfitt verk að sanna það, að tryggingabætur hafa að undanförnu haldist fyllilega í hendur við almennt verðlag, að ég hygg fullt eins vel, ef ekki betur en í tíð Magnúsar Kjartanssonar sem heilbr.- og trmrh.

Í dag eru almennar bætur, hámarksbætur einstaklings, 68 714 kr., þar af er grunnlífeyrir 3659 kr., en tekjutryggingin 32 118 kr. Árið 1974 var þessi upphæð, þ. e. a. s. án tekjutryggingarinnar, 13 þús. kr. Þessar tölur hef ég frá rn., og ég hygg að þær séu réttar. Tekjutryggingin, það er enginn vafi á því, hefur hækkað þó hlutfallslega meira en grunnlífeyririnn. Hv. þm. Magnús Kjartansson hefur kannske alveg gleymt því eða ekki heyrt það, að í sumar voru sett brbl. til þess að lögleiða sérstaka heimilisuppbót fyrir einstætt aldrað fólk sem erfiðlega var sett. Það voru sett þá lög um 12

þús. kr. heimilisuppbót, sem núna nýlega, í byrjun des., hefur verið hækkuð upp í 20 þús. Varla fær heilbrrh. mikið til baka í buddu ríkissjóðs með ráðstöfunum sem hafa þessi útgjöld í för með sér. Það má bæta því við, að í desembermánuði einum saman munu þær hækkanir, sem verða til lífeyrisþega, nema 250 millj. kr. og á öllu árinu 1978 munu þær nema um 3 milljörðum kr., svo það er furðudjarft talað að voga sér að staðhæfa, að ríkisstj. og heilbrrh. geri aldrei neitt annað en að heimta meiri peninga af fólki og þá helst af því fólki sem síst má við því, eins og gefið er í skyn. (Gripið fram í.) Ég hef orðið um stundarsakir nú.

Ég vil taka það fram, að ég er alveg sammála hv. 3. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, að við eigum að reyna að gæta fyllsta réttlætis og þá auðvitað hvað helst gagnvart þeim þegnum þjóðfélagsins sem helst þurfa þess með að réttlætis sé gætt. En þegar við tölum um sjúkratryggingar og framkvæmd okkar sjúkrahúsarekstrar, þá er ég alveg hissa á því, að þessir réttlætisins postular, sem svokallaðir vinstri menn vilja telja sig sjálfskipaða, skuli ekki minnast á það í umr. hér og annars staðar, hvílíkt hróplegt ranglæti viðgengst og hefur viðgengist ótrúlega lengi óleiðrétt í málum þess sjúka fólks sem ekki kemst inn á spítala. Það er hrópað upp sem glæpur, það var gert hér í gær af hv. 3. þm. Reykv., að sú hugmynd kom fram frá heilbrrh. í fyrra, að fólk væri látið borga fyrir matinn sinn á sjúkrahúsum. Ég vil taka það fram, að ég studdi þá hugmynd heils hugar og ég taldi mig vera að þjóna réttlætinu. En sú regla átti auðvitað ekki að ganga blindandi yfir í kerfinu. Hún átti ekki að miðast við langlegusjúklinga eða þjálfunarsjúklinga á Grensásdeildinni sem hv. þm. vitnaði í. Hún átti að ná til þess fólks, sem dvaldist skamman tíma á sjúkrahúsi, hélt fullum launum og beið ekkert fjárhagslegt tjón af sínum lasleika. Þetta tel ég réttlætismál, á meðan ég tel það hróplegt ranglæti að fólk, sem kannske er haldið alvarlegum lasleika, en kemst ekki einhverra hluta vegna, stundum vegna veilu í kerfinu, inn í sjúkrahús, þarf að borga uppsprengdu verði alla læknisþjónustu, á meðan ríki maðurinn, sem kannske þarf að láta taka úr sér botnlangann eða gera á sér lítils háttar aðgerð sem kostar hann hálfan mánuð eða þrjár vikur á sjúkrahúsi, hann hagnast á því, hann beinlínis hagnast á því að leggjast inn á spítala. (MK: Hagnast á því?) Hann hagnast á því með því móti að hann þarf ekki að borga fyrir matinn sinn né aðra þjónustu, sem hann þarf að gera ef hann er fullfrískur og vinnandi maður.

Það eru einmitt svona atriði í okkar tryggingakerfi sem þurfa athugunar við, og ég lýsi mig fyllilega samþykka því að innheimta sérstaka nefskatta, — þeir mega ekki vera of fáir eða of margir, — til þess að standa straum af almannatryggingum almennt. Þá veit fólk að það er að borga tryggingu fyrir sjálft sig ef það verður fyrir óhöppum og áföllum af sökum sjúkleika, slysa eða annarra óhappa. Það að láta þetta ganga alfarið í gegnum hina stóru hít, ríkissjóð, þannig að fólk veit ekki til hvers það er að borga hvað af sínum sköttum og skyldum, það er að mínu mati sálfræðilega rangt. En við eigum að sjálfsögðu að láta þessi iðgjöld, sem ég tel eðlileg og réttmæt, ganga yfir þannig að þeim, sem ekki geta staðið undir þeim, sé hlíft. Við eigum að miða okkar almannatryggingar, sjúkratryggingar og annað við það, að þeir, sem bolmagn hafa til að bjarga sér, geri það sjálfir. Við eigum fyrst og fremst að hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi.

En kerfið, eins og það er orðið í dag sniðgengur algjörlega þetta sjónarmið. Það er orðið yfirbyggt og um leið ranglátt. Og ég skil ekki í þessum mönnum, sem alltaf eru með munninn fullan af réttlæti og vandlætingu á hinum, sem þeir telja vonda menn, að þeir skuli ekki reyna að rýna dálítið betur í þetta og reyna að gera tryggingakerfið raunhæfara og meira í samræmi við þann tilgang sem því er ætlað að ná.

Ég er líka sammála hv. 3. þm. Reykv. í því sem hann sagði um verðbólguna. Ég held við séum öll sammála um það, að verðbólgan er siðspillandi, og ég held því miður að það sé rétt hjá honum, að siðgæðisvitund okkar góðu þjóðar sé heldur á fallanda fæti og að það sé einmitt verðbólgan sem eigi sinn stóra þátt í því, að svo illa er komið. Verðbólgan hefur ýtt undir peningahyggju fólks. Það er allt metið í ónýtum krónum og aurum, og manneskjuleg sjónarmið fara oft fyrir allt of lítið. Verðbólgan hjá okkur er orðin að einum stórum blóraböggli í okkar þjóðfélagi sem allir telja sjálfsagt að skella skuldinni á og varpa um leið allri ábyrgð frá sjálfum sér.

Mér kemur í hug í þessu sambandi lesendabréf, sem ég las fyrir nokkru, í víðlesnu frönsku tímariti, sem fjallaði um verðbólguvandamál þeirra í Frakklandi, sem er þó ekki teljandi borið saman við okkar. Þessi almenni lesandi sagði eitthvað á þá leið, að það væri engin leið fær úr þeim erfiðleikum, sem hans þjóð átti við að etja, önnur en sú að almenningur, hver einasti einstaklingur, tæki málið til sín, og hann tók það djúpt í árinni, að allsherjarsiðvæðingar væri þörf. Þetta held ég að sé alveg rétt og eigi við hér hjá okkur í dag. Og hef oft bent á það og bendi á það enn, að það, sem við verðum að treysta á hér, er ekki bara ríkisstj. Alþ. og stjórnmálamenn, heldur er það hver einasti einstaklingur í landinu. Og nú skulum við athuga hvernig einstaklingarnir í landinu hafa brugðist við t. d. í kjarasamningum undangenginna missira.

Það var talað um það fjálglega, og það ætti að bæta þeim upp fyrst og fremst léleg kjör sem lélegustu kjörin hefðu. Um þetta virtust allir vera sammála. Hver varð svo árangurinn? Ég þarf ekki að segja ykkur það. Það hefur farið nú eins og alltaf áður, að lágtekjufólkið hefur lent úti í gaddinum eða alla vega margfalt verr í því heldur en hálaunafólkið. Það er talað um helgi hins frjálsa samningsréttar. Það eru verkalýðssamtökin og vinnuveitendur sem eiga að ráða málum hér, ríkisstj. á ekki að skipta sér af samningum um kaup og kjör. Ég er sammála þessu að vissu marki. En ég hefði þó talið, að þegar þeir, sem ráða fjármálum þjóðarinnar, sjá að greinileg hættumörk eru á ferðinni, þá verður að grípa inn í. Það átti að stöðva þá óhæfu, að láglaunafólkið

kæmi út með 20—26% hækkun á meðan aðrir fá hækkun allt að 70%. Hvar er fólkið, hvar eru mennirnir sem eiga að bera hag láglaunamannsins fyrir brjósti? Ég spyr: Hvar eru verkalýðsforingjarnir sem eiga að bera hag sinna umbjóðenda fyrir brjósti? Hví láta þeir æ eftir æ og alfarið hlutina fara á þessa leið, að kaupið sé keyrt upp úr öllu valdi með prósentuhækkunum fyrir þá sem hæst eru launaðir? Ég hef ekki heldur orðið vör við það úr hópi hálaunamanna sem kalla sig vinstri menn, sósíalista kommúnista, Alþýðubandalagsmenn, hvaða nafni sem við nefnum þá, — ég hef ekki orðið vör við það að þeir hafi stungið upp á að stöðva og neita meiri kauphækkunum en launalægsta fólkið fær. Ég hef ekki heyrt eina einustu rödd í þessa átt. Ég hef ekki heyrt það frá alþm., sem eru í flokki þeirra sem taka margfaldar hækkanir á við láglaunafólkið, að þeir vilji slá af kröfum sínum. Mikið af hjalinu um réttlæti og jafnvægi í launamálum og fyrst og fremst í munni hinna svokölluðu alþýðuvina kemur út sem einber sýndarmennska, skrum og hræsni. Það er hægt að tala fagurlega hér í sölum Alþingis af mönnum sem hafa þó jafngóða afkomu launalega og alþm. En það þyrfti að koma fram í reynd, að þeim væri alvara. Við áttum að jafna metin með kjarasamningum nú á þessu ári, en ekki að sprengja upp alla launaskala svo að ríkissjóður stendur uppi fjárvana með stórar fúlgur vangreiddar sem ekki var von á.

Það hefur verið talað um það í sambandi við þetta sjúkratryggingagjald, að ríkisstj. sé að svíkja gerða samninga við Alþýðusamband Íslands og launafólk. En ég held að samkomulagið um skattaívilnanir og leiðréttingu í lífeyrissjóðsmálum og fleira, sem ríkisstj. ræddi um við launþegasamtökin s. l. vor, hafi verið háð þeim skilningi af hálfu ríkisstj., að þá færu launahækkanir ekki svo úr böndum sem raun varð á. Launþegasamtökin hafa heimtað að ríkisstj. stæði við sínar skuldbindingar eftir að þau hafa sjálf gengið á svig við mat ríkisstj. á því, hvað væri eðlilegar launahækkanir, svo ég held, að þessar ásakanir séu ekki byggðar á nógu traustum forsendum.

Á borðum alþm. liggur skrá frá Hagstofu Íslands sem hefur að geyma niðurstöðu af könnun sem gerð var í sambandi við launakjör starfsmanna einkaþjónustu annars vegar og í þágu ríkisins hins vegar. Þar kemur fram, — ég veit ekki hvort þm. hafa flett þessari skrá, — að hjá einum ríkisstarfsmanni eru föst laun 162 þús. kr. á mánuði, en mæld yfirvinna mánaðarlega 250 þús. — 162 þús. kr. í föst laun mánaðarlega, en 250 þús. kr. í fasta yfirvinnu — og þar að auki kemur svo ýmislegt smærra. Þetta er ekkert einsdæmi. Svona tölur sér maður víða ef flett er þessari skrá, þó að ég haldi að þetta sé hvað ömurlegasta dæmið. Ég fagna því, að ein af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hyggst gera nú til sparnaðar, er að draga úr þessari yfirvinnu og aukagreiðslum. Þar kemur póstur upp á 1750 millj., ef ég man rétt. Þetta er sú ráðstöfun, og raunar sú eina af þeim varnarráðstöfunum, sem nú eru gerðar, sem ég fagna innilega, og ég man ekki til, síðan ég fór að fylgjast með stjórnmálum, að önnur ríkisstjórn hafi gert þetta. Ég held að hversu illa sem við erum stödd nú, þá hafi núv. fjmrh. og ríkisstj. sýnt vaxandi viðleitni í þessa átt, og ef þetta tekst, sem ég vil vænta, að spara þarna hartnær 2 milljarða í þessa brjálæðislega yfirvinnukerfi, þá væri það vel, og það væri vel ef þetta væri upphafið að hreingerningu innan ríkiskerfisins, sem sannarlega er ekki vanþörf á og hefur svo verið lengi. Það er hvorki þessi ríkisstj. né sú fyrrverandi, sem ég er sérstaklega að ásaka hér, heldur hefur þetta verið að þróast með óheillavænlegum hætti í áratugi og er mál að linni

Ég vil ekki lengja þessar umr. meir. Mér fannst hugmynd hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, um 0.3% veltuskatt á fyrirtæki, allrar athygli verð og hugsanlega mætti taka hana til athugunar og framkvæma hana. Mér sýnist hún þannig, án þess að ég hafi athugað hana nógu vel. Ég vil lýsa því yfir líka með skyldusparnaðinn að ég hefði viljað fá þær 300 eða 400 milljónir, sem þar er gert ráð fyrir, með því að búa til nýtt skattþrep á hátekjur og innheimta þær þannig, því að með þessu móti er þetta aðeins gálgafrestur fyrir ríkissjóð. Þetta er verðtryggð sparifjáreign, sem þessir hátekjumenn fá, og ef okkur er alvara með að það séu breiðu bökin sem eigi að bera byrðarnar þegar þörf er á, þá hefði þetta verið eðlilegri ráðstöfun heldur en að taka þessa fjárhæð með skyldusparnaði. En ég er víst enn komin nokkuð langt frá frv. Ég vona að það verði í framkvæmd eins og þessi brtt. okkar miðaði að, að það hlífði þeim tekjulægstu og þá fyrst og fremst aldraða fólkinu og öryrkjunum við því að fá þetta viðbótargjald á sig. Hinu vinnandi fólki í þjóðfélaginu, sem hefur fengið 60% launahækkanir á árinu, sé ég ekkert eftir að greiða þetta gjald, því að peningar detta ekki af himnum ofan, við verðum að fá þá einhvers staðar frá.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir viðhorfum mínum til þess. Það var því ekki ætlun mín að tala mikið meira um málið. En það er ástæðulaust, þegar hv. stjórnarþm. bjóða hér í almennar umr. um málefni, að verða ekki við óskum af slíku tagi og tala við þá.

Ég held að ræða hv. síðasta ræðumanns gefi fullt tilefni til þess að fara hér um þetta mál nokkrum fleiri orðum en gert hefur verið. Það er að vísu ekkert nýtt að heyra það úr herbúðum stjórnarþm., að þær ráðstafanir, sem nú sé verið að gera í skattheimtumálum, séu gerðar fyrst og fremst og raunverulega eingöngu vegna þess að launafólk hafi fengið allt of mikið í síðustu samningum. Margir hafa talað djarft í þessum málum, en engan hef ég þó heyrt tala á þann hátt sem hv. síðasti ræðumaður, Sigurlaug Bjarnadóttir, talaði.

Ég vil fyrst víkja að því sem hún sagði hér að því er varðaði nefndarstarfið. Hún talaði í ásökunartón til okkar í minni hl. n. um það, að við hefðum ekki krufið málið til mergjar á nefndarfundi. Ég vil minna þennan hv. þm. á það, að það var meiri hl., sem virtist hafa það mikið að gera varðandi eitthvað annað, að það var hann sem sleit fundi í raun og veru áður en búið var að ræða málið út í n. Það er ekki við okkur minnihlutamenn að sakast um það, að málið hafi ekki verið krufið til mergjar í n.

Það voru þá stjórnarliðar, sem virtust eiga annríkt við önnur störf en í þessari n., sem slitu fundi áður en að mínu áliti var í raun og veru búið að ræða málið til botns. Og það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, að þessari hugmynd, sem hér er nú komin á borð þm. í brtt.-formi, hreyfði hann á fundi n., og það skal fram tekið, að það var einn hv. þm. úr þingliði meiri hl. sem tók undir þetta. Það var Guðmundur H. Garðarsson, hv. þm., og hann tjáði sig ekki reiðubúinn til að skrifa undir nál. þar sem mælt væri með því að frv. yrði samþ. óbreytt eins og það væri lagt fram. Aðrir stjórnarliðar virtust vera tilbúnir að samþykkja málið eins og það lá fyrir. Að vísu sagði hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir: Ég geri grein fyrir því í umr., að ég er ekki ánægð, en ég styð samt málið þó að sú breyting komi ekki fram sem hér er búið að leggja til. — Svo talar þessi hv. þm. digurbarkalega hér um það, að hún sé óánægð, hún vildi hafa hitt og þetta öðruvísi en það nú er. Hún samþykkir samt allt saman eftir sem áður eins og það er fyrir hana lagt af foringjunum í liðinu. Og þetta er ekki í fyrsta skiptið sem hér fara fram umr. af þessu tagi af hálfu þessa hv. þm. Það er ekkert nýtt að heyra það í ræðustól á Alþ., að hún segist vera óánægð með hitt og þetta. En óánægja hennar breytir sáralitlu þegar hún samþykkir allt saman sem fyrir hana er lagt, hversu nauðug sem hún gerir það, hún gerir það eigi að síður.

Hún sagði að við fulltrúar minni hl. í heilbr.- og trn. hefðum haft meiri áhyggjur af öðru heldur en láglaunahópum sem þessi gjaldheimta kæmi niður á. Ég vísa þessu algjörlega á bug. Ég veit ekki betur en fulltrúar minni hl. á Alþ., stjórnarandstaðan, í fyrsta lagi í sambandi við umr. um málið við 1. umr. hafi lýst viðhorfum sínum og bent fyrst og fremst á það, að hér væri verið að rjúfa fyrirheit sem hæstv. ríkisstj. gaf varðandi lausnina á vinnumarkaðinum á s. l. vori, með því að leggja þetta gjald á láglaunafólk, stóra hópa láglaunafólks sem lofað var skattfríðindum eða skattalækkunum. Og þetta var ítrekað af okkur í minni hl. n. á nefndarfundi. Hér er því ekki rétt skýrt frá því sem hv. þm. var að fara með. Hitt er rétt, að við vöktum líka athygli á því, að hér væri verið að fara þvert á þau loforð og gefnu fyrirheiti, sem núv. stjórnarflokkar hafa gefið um hreinni verkskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og hér væri ekki farið að þeim óskum, sem sveitarstjórnarmenn í raun og veru allir sem einn hafa talið eðlilegast, þ. e. a. s. að það væri ríkissjóðs eins að sjá fyrir sjúkratryggingum. Þetta bentum við á, og þetta er líka hluti af málinu. Við skulum hafa það í huga, og það ætti þessi hv. þm. að muna, að haustið 1975, þegar þetta mál kom fyrst upp með 1% gjaldi á útsvarsstofn, þá var því lýst yfir af hæstv. heilbr.- og trmrh., að þetta gjald væri einungis hugsað til eins árs — einungis til eins árs og þá 1%. Nú er það búið að gilda í tvö ár og lagt er til að það gildi þriðja árið og þá 2%. Hvað sem þessi hv. þm. þykist bera mikla umhyggju fyrir láglaunafólki varðandi samningsgerð, sem ég hygg að þessi hv. þm. hafi lítið sett sig inn í, eftir því sem hún talaði varðandi samningsgerðina sjálfa og verkalýðshreyfinguna í heild og starf hennar, þá sýnist mér þessi afstaða þessa hv. þm. ekki gefa tilefni til að ætla að hún sé mjög hlynnt láglaunafólki. Hér er um að ræða stórkostlega ranglåta skattheimtu og ekki síst gagnvart láglaunafólki.

Hér er verið að leggja byrðar á þá hópa í þjóðfélaginu sem hafa síst efni á því og ástæður til að bera þær. Því er þessi hv. þm. samþykkur, hversu mikið sem hún talar um það hér í ræðustól í vandlætingartón, að þessir „sjálfskipuðu verkalýðsforingjar“ „lýðskrumarar“ og annað eftir því, sem hún talaði um, hugsi ekki mikið um þetta fólk. Ég hygg að þessi hv. þm. ætti, áður en hún talar í þessum dúr sem hún gerði hér áðan varðandi störf verkalýðshreyfingaarinnar, að kynna sér eilítið betur það sem þar hefur gerst og hefur verið að gerast á undanförnum árum og áratugum. Henni er það ábyggilega ekki vel kunnugt, eftir því sem hún talaði.

En þessi hv. þm. sagði líka: Maður verður oft að gera fleira en gott þykir. — Og það er það sem hún virðist vera að gera núna. Hún vill koma því út á þrykk, hv. þm., að hún sé óánægð, hún hefði viljað hafa hlutina öðruvísi en leggur samt blessun sína yfir það, að það verði á þann hátt sem kemur verst við þá lægst launuðu, þá sem minnst hafa.

Þessi hv. þm. sagði: Hvernig verður komist hjá því að gera ráðstafanir vegna 70% kauphækkunar á árinu? (SigurlB: 60%.) 70% sagði hún síðar í ræðunni. Við skulum taka millibilið, 65, förum miðlunarleiðina, hún sagði 60 og 70, við skulum taka 65%. Ég vil spyrja þennan hv. þm.: Hverjir voru það sem fengu 65% kauphækkun eftir samningana og hverjir sömdu um það?

Ég vænti þess, að þessi hv. þm. svari því hér á eftir, mér er ekki um það kunnugt, hvaða hópar innan Alþýðusambands Íslands hafa fengið 60 eða 65% kauphækkun. Ég vil spyrja þennan hv. þm.? Hverjir voru það sem sömdu um þessa kauphækkun í síðustu samningum? Ég vænti svars. (Gripið fram í.) Ég vænti þess, að hv. þm. komi hér í ræðustól á eftir og lýsi því skýrt og skorinort, hverjir það voru sem sömdu um þetta. Ég vil fá það á hreint. Mér er ekki um það kunnugt. Þessi hv. þm. sagði líka: Launahækkanirnar voru fjarri öllu lagi. — Hún skilgreindi ekkert nánar hvað hún ætti hér við, launahækkanirnar voru bara fjarri öllu lagi. Svo hélt hún áfram, eins og flestir stjórnarliðar hafa talað, að samningar við BSRB á s. l. hausti séu undirrót þess alls sem nú þarf að hækka varðandi afgreiðslu fjárlaga, þarf að skattleggja vegna samninganna við BSRB.

Þessi hv. þm. sagði líka að alþm. væru vel launaðir. Það er út af fyrir sig rétt, þeir eru vel launaðir. En við skulum hafa það í huga, að þessi hv. þm. hefur helminginn af sínum alþm.-launum undanþeginn skatti. Það er líka mikils virði. Þeir, sem þannig eru settir, geta talað digurbarkalega um það, að aðrir sem þurfa af eigin rammleik að sjá fyrir heimilisframfærslu, hafi nægilega góð laun. Ég varð ekki var við það, fyrst þegar þessi hv. þm. kom inn á Alþ. eftir að hafa gegnt starfi sem opinber starfsmaður, sem kennari, að hún legði mikið kapp á að aflétta því, að hún fengi borguð laun frá ríkinu fyrir meira en eitt starf, — fyrir starf sem hún gegndi ekki. En það er hægt að koma

eftir á og tala í þeim dúr sem þessi hv. þm. gerði um það, að alþm. séu það vel launaðir að hugsanlega mætti lækka hjá þeim kaupið. Um það ætla ég ekki að deila. En ég vil aðeins minna á það, að þessi hv. þm. átti ekki frumkvæði að því að leggja til að þau laun, sem borguð væru til kennara sem hér voru á Alþ., en sinntu ekki starfi, væru lögð niður. En hún var í hópnum sem fékk þau greidd. Og það er einnig rétt að minna þennan hv. þm. á það, að hann hefur skattfríðindi umfram allflesta aðra hv. þm. hér.

Svo er það eitt sem mér finnst sérstök ástæða til að fá upplýsingar um hjá þessum hv. þm. Það er í sambandi við launasamningana á s.l. sumri. Þessi hv. þm. sagði, ég held orðrétt: „Loforð ríkisstj. var háð skilyrði." Loforð ríkisstj. að því er varðaði skattalækkanir og hugsanlega annað líka, líklega lífeyrissjóði og annað slíkt, var háð skilyrði. Og ég vil fá að vita hvaða skilyrði eða skuldbiningar það voru sem verkalýðshreyfingin tók á sig að því er varðaði niðurstöðu samninganna. Var það að kauphækkanir mættu ekki fara yfir eitthvert ákveðið mark? Ég veit ekki til í fyrsta lagi, að verkalýðshreyfingin hafi gefið neinar slíkar yfirlýsingar vegna þessa loforðs hæstv. ríkisstj. En það væri fróðlegt að fá upplýst hjá þessum hv. þm. hvert þetta loforð var.

Því hefur verið haldið fram hér, bæði af mér og öðrum, að með því, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að fara með skattvísitöluna, bara það eina, hvernig hún hugsar sér að fara með skattvísitöluna, taki hún til baka þá skattalækkun sem lofað var við lausn vinnudeilnanna í sumar. Það eitt, hvernig með skattvísitöluna á að fara, gerir það að verkum, að því er öllu kippt til baka. Þó vil ég segja fyrir mitt leyti, að það, sem hér er nú verið að ræða um, er í mínum huga miklu alvarlegra atriði í því að ganga á bak loforða ríkisstj. af hennar hálfu varðandi lausn á samningunum í vor. Hér er beinlínis verið að ráðast með skattheimtu að ótrúlega stórum hóp þeirra þegna þjóðfélagsins sem verst eru settir, lægst hafa launin. Þetta frv., ef að lögum verður, segir ekki síst til sín hjá þeim.

Þá sagði hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, að hún fagnaði því sem hæstv. ríkisstj. væri nú að gera varðandi það að draga úr yfirvinnu. Vissulega er það fagnaðarefni að spara. En hvar heldur þessi hv. þm. að dregið verði úr yfirvinnu? Heldur hún að það verði frá þeim toppum sem hún var að tala um áðan? Ætli það verði fyrst byrjað á þeim? Ég hef enga trú á því. Það verður ábyggilega fyrst byrjað á þeim sem minna hafa og eru neðar í launastiganum. Það verður ábyggilega dyggilega um það séð, að þeir, sem mest hafa launin og mest hafa fríðindin að því er varðar ríkissjóð, haldi sínu. Það verður annars staðar hert að. En ég tek undir það með hv. þm., ef það verður svo, að hér verði um að ræða sparnað varðandi þá sem eru í toppunum, sem ég tel að eigi að byrja á að láta spara, þá fagna ég því. En ég hef bara ekki trú á því. Við höfum horft upp á það hér undanfarin ár undir handleiðslu núv. hæstv. ríkisstj. að útþensla ríkiskerfisins, þ. e. a. s. rekstrarins, hefur verið með þeim hætti, að það hefur ekki skapað trú á að nú yrði allt í einu snúið við blaðinu og farið að draga úr þar sem það er í raun og veru hægt. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann, hvort mikið er eftir máls hans.) Það gæti verið það og vissulega er tilefni til þess að halda lengri ræðu, en ég skal, herra forseti, ljúka þessu innan örfárra mínútna a. m. k.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði, að till. sú eða hugmynd, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefði hreyft hér áðan, væri athyglisverð. Ég vænti þess, að þessi hv. þm. sé ekki fyrst að heyra þessa hugmynd núna. Ég vænti þess, að hann hafi heyrt þessari hugmynd komið á framfæri við 1. umr. af tveimur þm. Hv. þm. Benedikt Gröndal benti á þetta við 1. umr. málsins, og undir það var tekið, að það væri nær að snúa sér frá því að fara á hin hefðbundnu mið skattheimtu, sem er láglaunafólk og almenningur í landinu, fara heldur á hin miðin sem lítt sem ekkert hafa verið könnuð, þ. e. a. s. á mið skattleysingjanna, fyrirtækjanna og þeirra hópa í þjóðfélaginu, sem hafa ekki borgað skatta hingað til, og ná þessu þar. Á þetta var bent í umr. og hefur verið bent oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, þannig að hér er ekki um nýja hugmynd að ræða, þetta hefur komið fram áður.

Ég skal herra forseti, ljúka þessu að sinni. Hugsanlega gefst tækifæri til að tala frekar í málinu síðar, haldi hv. stjórnarþm. áfram að gefa tilefni til almennra umr. um stjfrv. nú á síðustu dögum þingsins fyrir jólaleyfi. En ég vil aðeins segja það að lokum, að þetta frv. er í fyrsta lagi að mínu viti brot á því loforði sem hæstv. ríkisstj. gaf varðandi lausnina á vinnumarkaðnum á s.l. vori. Það er í öðru lagi ranglátt, fyrst og fremst vegna þess að það leggst þyngst á stóra hópa í þjóðfélaginu sem enga möguleika hafa á að bera þá skatta sem hér er lagt til að á þá verði lagðir. Þetta tvennt eru í mínum huga nægilega miklar ástæður, þó ekki bætist fleira við, sem vissulega er fyrir hendi, til þess að vera andvígur þessu frv. og það með því að greiða atkv. á móti því, — ekki bara tala hér og þar og hingað og þangað um óánægju í hinum og þessum áttum, en standa svo að því, eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, að ætla með verkunum að leggja til, að það verði samþ., og greiða atkv. með því.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vona, að hv. kvenkyns þm. Sjálfstfl. hverfi ekki af fundi. Ég hafði ekki ætlað mér að halda nema eina ræðu um þetta mál, en hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir komst þannig að orði tvívegis í ræðu sinni, að ég kvaddi mér hljóðs. Þetta fer að verða svolítið íhugunarefni með kvenkyns þm. Sjálfstfl. Ragnhildur Helgadóttir kveikti í mér í gær og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir í dag. Ég held að kvenkyns þm. Sjálfstfl. þurfi að vara sig.

Hv. þm. Karvel Pálmason svaraði ýmsum atriðum úr ræðu hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, og ég fer að sjálfsögðu ekki að ítreka það á neinn hátt. En það kom fram eitt atriði í ræðu hennar sem hneykslaði mig stórlega. Það var það atriði, að hún tók undir það sjónarmið, að eitt

af því, sem ætti að gera í sambandi við sjúkrahúsamál á Íslandi, væri að láta sjúklinga borga fyrir matinn sinn. Hún tók undir þetta sjónarmið hér úr ræðustóli hins háa Alþingis.

Hún gerði meira. Hún sagði: Það eru til menn sem hagnast á því að liggja á sjúkrahúsi, því að þar fá þeir ókeypis mat. Þarna er peningahyggjan komin inn á alvarlegt svið, þegar sjúkdómar manna eru metnir út frá peningasjónarmiðum. Ég hef sjaldan heyrt öllu viðurstyggilegri röksemd. Menn fara ekki á sjúkrahús að gamni sínu, og að meta sjúkrahúsdvöl út frá peningasjónarmiði sýnir aðeins það sem ég var að tala um áðan, hvernig peningahyggjan er farin að gagnsýra þjóðfélagið. Það væri herfilegt fyrirkomulag, ef sá háttur yrði tekinn upp á sjúkrahúsum, að menn ættu að borga fyrir matinn sinn. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir viðurkenndi að hluti þjóðarinnar gæti þetta ekki og þeir ættu þá ekki að þurfa að borga, þeir ættu þá sem sé að vera á sjúkrahúsum eins og þurfalingar að fornu. Er það kannske hugmynd þessa hv. þm., að á sjúkrahúsum séu tvöföld borð, ódýrari matur handa þurfalingunum og betri matur handa þeim sem geta borgað fyrir matinn sinn? Með þessu móti væri verið að búa til viðurstyggilega stéttaskiptingu, og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttur er ekki sæmandi að láta sér detta slíkt í hug, hvað þá að segja það opinberlega.

Sjúkrahúsakerfinu á Íslandi á að halda uppi með skattheimtu eftir tekjum manna, en það á ekki að koma fram á mismunun við menn eftir því, hversu háar tekjur þeir hafa. Slík hugsun er algerlega röng og stenst ekki neitt félagslegt mat. Þetta er ósiðlegt, að taka peningasjónarmið til þess að meta erfiðleika sjúks fólks. Þurfalingar á Íslandi bjuggu áður við slík kjör. Þá var hafður sá háttur á á ýmsum bæjum, að þurfalingar átu úti í horni og fengu þar ruður og leifar. Eru það slíkir hættir sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir vill láta taka upp í íslenskum sjúkrahúsum, þegar á að fara að meta matinn ofan í menn eftir peningasjónarmiðum? Það er vægast sagt furðulegt, að hugmyndir af slíku tagi skuli koma fram frá nokkrum manni, og ég skil ekki hvernig slíkar hugmyndir geta komið fram hjá fólki sem nær því trausti að vera kjörið á Alþingi Íslendinga. Sjónarmið af þessu tagi eru fyrirlitleg.

Hv. þm. talaði sitthvað um verðbólgu, eins og ég gerði raunar líka í ræðu minni, og það var sameiginlegt í ræðum okkar og í umtali allra, sem tala um verðbólgu, að menn eru á móti henni. En hrekkur þetta ekki afskaplega skammt? Menn verða að gera sér grein fyrir hvað verðbólgan er. Mér er kunnugt um að uppi eru um það margar kenningar í heiminum hvað verðbólga sé og menn hafa skrifað lærðar bækur um alls konar afkima í sambandi við verðbólgu. Upp er komið ósköp svipað ástand og August Strinberg lýsir í Röda rummet, þegar hann talar um knappologi eða hnappafræði, þar sem menn söfnuðu alls konar hnöppum af mismunandi stærðum og litum og mismunandi efnivið, mismunandi mörgum götum, o. s. frv. og bjuggu til um þetta vísindakenningu. En verðbólgan á Íslandi hefur eitt meginatriði sem þessi hv. þm. og allir hv. þm. ættu að gera sér ögn grein fyrir. Verðbólgan er gróðamyndunaraðferð á Íslandi og hefur verið það í æðimarga áratugi. Það er á þann hátt sem gróðinn færist til í þjóðfélaginu á milli þeirra, sem ekki hafa aðstöðu, og hinna, sem aðstöðu hafa. Ég vil minna menn á að það var framkvæmd eignakönnun hér í tíð þeirrar ríkisstj. sem var 1956—1958. Hvað leiddi sú eignakönnun í ljós? Hún leiddi það í ljós, að sá útgerðarmaður á Íslandi, sem talið var að ætti í mestum bágindum, sem átti í erfiðleikum með að borga kaup á réttum tíma og var talinn í óhemjulegum erfiðleikum, var auðugasti maður landsins. Hvers vegna? Vegna þess að hann hafði fengið lánsfé úr bönkum og fest það í steinsteypu og framleiðslutækjum sem hækkuðu í takt við verðbólguna, en hann þurfti að borga miklu verðminni krónur til baka þegar hann greiddi af skuldum sínum. Verðbólgan er gróðamyndunaraðferðin á Íslandi. Í verðbólgu skerðast sífellt lífskjör launafólks og gildir einu hversu rammlega er gengið frá samningum um vísitölubætur og annað slíkt. Með vissu millibili er slíkum samningum alltaf rift með lagasetningu á Alþ. til þess að jafna metin. Verðbólgan er enn gróðamyndunaraðferð á Íslandi, og það þýðir ekkert fyrir hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur að standa hér upp í ræðustól og segja: Ég er á móti verðbólgunni — vegna þess að sá flokkur, sem hún er fulltrúi fyrir hér á Alþ., beitir verðbólgunni til að færa til fjármuna í þjóðfélaginu handa forréttindastéttum. Með því að styðja þann flokk og vera fulltrúi hans hér á Alþ. er hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir ekki á móti verðbólgunni, hún er með verðbólgunni, því að verðbólgan er einmitt sú aðferð sem ég var að lýsa. En þetta er vissulega hættuleg braut, eins og ég hef verið að reyna að lýsa. Hún er hættuleg efnahagslega, hún er hættuleg atvinnulega, og hún er hættuleg siðferðilega. Ef við höldum áfram á þessari braut kunna að gerast mjög alvarlegir atburðir.

Ég minnist þess, að maður, sem eitt sinn var formaður Sjálfstfl., Ólafur heitinn Thors, sagði að hægt væri að lækna verðbólguna með einu pennastriki. Það er ekki hægt að lækna verðbólguna með einu pennastriki. Svo til allir Íslendingar eru búnir að flækja sig í neti verðbólgunnar, t. a. m. í sambandi við kaup á húsnæði, og það er ekki hægt að lækna þetta með neinu pennastriki nema einhver óhemjuleg ólíðindi hljótist af. Það er ekki hægt að lækna þetta mein nema með einu móti, með því móti að samtök launafólks, sem verða að beita samtökum sínum til þess að reyna að halda í við verðbólguna og gera hár prósentukröfur, vegna þess að verðbólgan er svo mikil, geri sér ljóst að þau verða að fá sama styrk hér á Alþ. og þau hafa á vinnumarkaðnum. Það þýðir lítið fyrir mig að segja þetta hér yfir hv. þm. En almenningur í landinu þarf að gera sér þetta ljóst, og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir verður að gera sér ljóst, að verðbólgan er hreyfiaflið í þessu svokallaða auðvaldsþjóðfélagi, þessu pilsfaldakapítalistaþjóðfélagi sem við lifum í á Íslandi. Hún ber fulla ábyrgð á verðbólguþróuninni með því að vera þm. fyrir þennan flokk.

Ég skal ekki tala lengi. Ég veit að hv. stjórnarliðum er dálítið illa við það, að hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir fór að efna hér til eldhúsdags-

umr. Ég gæti talað ákaflega lengi í tilefni af ræðu hennar. En ég vil minnast á eitt atriði. Ég benti á það í ræðu minni áðan, að hægt væri að ná í þessa peninga, sem um er að ræða í þessu frv., eftir öðrum leiðum. Ég benti á þann þjófnað, gjaldeyrisþjófnað, sem nú er staðfest að hefur átt sér stað í óhemjulega ríkum mæli, að það væri hægt að ná þessum peningum með því að hæstv. dómsmrh. gegndi starfi sínu eins og honum ber að gera og klófesta eitthvað af þessum peningum. Þá þyrfti ekki að leggja nein gjöld frekar á þjóðina á þessu ári.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason benti á aðra leið. Hann benti á fyrirtækin á Íslandi. Það eru 1600 fyrirtæki á Íslandi sem ýmist borga ekki neitt eða hreinan hégóma í tekjuskatt. Hann benti á að það væri hægt að hækka almennt gjald af þessum hlutafélögum um 0.3% til þess að ná þessari upphæð. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagðist vera sammála þessu sjónarmiði, og nú vil ég taka hv. þm. á orðinu. Ég skora á hv. þm. að setjast með mér í hliðarherbergi og við skulum fá með okkur hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason og gera þessar breytingar á frv. Það er ekki nema klukkutímaverk fyrir okkur að ganga frá því. Og ég óska þess, að hv. þm. svari þessari áskorun minni hér úr stóli Alþingis. Mér er þetta fullkomin alvara. Ég skal vinna að því með þessum hv. þm. að breyta þessari gjaldtöku á þennan hátt. Ef hv. þm. er alvara, þá á hann að taka þessu boði.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir talaði um kapphlaup eftir peningum, að forustumenn verkalýðsfélaganna væru ekki á því að slá af kröfum sínum. Hvers vegna tekur þessi hv. þm. ekki upp fordæmi Jóhannesar skírara? Af hverju gefur hún ekki eftir af þingmannskaupi sínu og lætur sér nægja til að mynda kaup eins og Sóknarstúlkur hafa? Ég hef haft kynni af þeim á sjúkrahúsum og það eru góðar konur. Hv. þm. getur ákaflega vel gefið eftir af kaupi sínu og sýnt þannig fordæmi eins og Jóhannes skírari og lagt þessa peninga í sameiginlegan sjóð til að halda uppi heilsugæslu á Íslandi. Hver veit nema slíkt fordæmi frá hennar hálfu gæti haft afleiðingar? Vill ekki hv. þm., í stað þess að snupra aðra, sýna fordæmi sitt í verki?

Ég hef lokið ræðu minni, hæstv. forseti.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Í þeim umr., sem hér hafa farið fram um þetta háalvarlega mál, höfum við heyrt talað um bæði hlýtt og tvírætt hros kvenna, og við höfum einnig fengið að kynnast allhvössum skaphita konu hér úr ræðustóli, og á ég þá við hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugu Bjarnadóttur. Það voru örfá atriði í ræðu hennar sem ég ætlaði að gera aths. við. Ég hafði hins vegar ekki hugsað mér að taka hér til máls um þetta mál, þó að ærin ástæða væri til En það voru einvörðungu þau atriði úr ræðu hennar, sem ég því miður heyrði ekki alla, sem fjölluðu um launa- og samningamál, sem ég get ekki setið þegjandi undir og raunar skil ekki að fullu hvað hv. þm. var að fara í þeim efnum. Þar var áreiðanlega talað meira af skaphita en þekkingu um þau efni.

Hún sagði að láglaunafólkið hefði lent úti á gaddinum í samningunum í sumar, eins og ævinlega hafi gerst, og það væri ekki mikið að marka yfirlýsingar svokallaðra verkalýðsforingja um kjör þessa fólks, þegar ætti að reyna að bæta þau. Hún nefndi sem dæmi að hækkun á kaupi almenns verkafólks hefði verið 26—27% í samningunum í sumar — þetta er rétt — á meðan aðrir hefðu fengið um 70%, var síðan bætt við. Ég kallaði fram í, hverjir það væru, en fékk ekki svar. Ég spyr enn: Hverjir voru það í samningunum í sumar, verkalýðssamtakanna, Alþýðusambandsins, sem fengu 70% hækkun eða allt að 70%?

Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja ofurlítið upp, hvers eðlis samningarnir í sumar voru, þó ekki væri til annars en þessi hv. þm. fleipraði ekki jafnrakalausa hluti og hér voru sagðir áðan.

Í samningum Alþýðusambandsins var það grundvallarreglan, að þeir, sem lægst voru launaðir, báru hlutfallslega mest úr býtum. Þetta er staðreynd, sem ekki verður fram hjá gengið. Það eru mjög mismunandi laun innan raða Alþýðusambandsins. En með grunnkaupshækkun í samningunum í júní í vor og með vísitölu fram til 1. des. eða réttara sagt fram til 1. mars á næsta ári fengu allir launþegar innan Alþýðusambandsins sömu krónutölu í laun, bæði varðandi grunnkaupshækkanir og einnig vísitölubætur. Hvort tveggja er greitt með sömu krónutölu til allra. Ég veit að menntun hv. þm. nær a. m. k. svo langt, hún getur reiknað út, að auðvitað kemur mun hærri prósenttala út á þá lægst launuðu heldur en hina, sem eru á hærri launum innan Alþýðusambandsins, þannig að þessi tala, sem hún nefndi, 26—27% til almenna verkafólksins, er hæsta prósenttalan sem um var samið hjá Alþýðusambandinu í sumar. Það fékk enginn meira, heldur fengu menn minna. Þetta eru staðreyndir málsins.

Síðan sagði hún að þessir verkalýðsforingjar, sem hún hafði ýmis orð um, og Alþb.-fólk, sem væri í háum stöðum, það hefði ekki heyrst frá því um að það ætti að draga úr launum þeirra eða það ætti að láta þá, sem meira hafa, fá minna. Ég vitna aðeins til þess sem ég hef þegar sagt, að einmitt þetta fólk fékk minna, og það var stefna Alþýðusambandsins, sem var framfylgt í sumar, að það fengi minna. Ég get sagt það úr þessum stól: ég er alveg reiðubúinn til þess ásamt hv. 9. landsk. þm. að setjast niður og athuga það, hver laun okkar alþm. ættu að vera. Satt að segja hef ég verið þeirrar skoðunar, að við hefðum kannske átt að ganga á undan og jafnvel ráðh. í ríkisstj. að hafa frumkvæði um það, að laun þeirra hæst launuðu, t. d. ráðh., og okkar alþm. jafnvel líka, hækkuðu ekki á sama hátt og þau hafa gert, alveg reiðubúinn til að ræða þetta mál. Hins vegar vil ég taka það fram að frá því að ég varð hér fastkjörinn alþm., það eru víst 17—18 ár síðan eða eitthvað þar um, þá hef ég aldrei tekið laun nema frá Alþingi Ég hef unnið, að ég tel, alveg tvöfalt starf, en ég hef aldrei tekið laun fyrir neitt annað starf en sem alþm. Ég veit ekki hvort hv. þm. getur sagt hið sama.

Þá sagði hv. þm., og veit ég ekki hvaðan henni koma þær upplýsingar, að lífeyrissamkomulagið, sem gert var í vor og ríkisstj. vissulega átti aðild að, hefði verið háð því skilyrði að launahækk-

anir yrðu viðráðanlegar. Nú skal ég ekki ábyrgjast að þetta sé nákvæmlega orðalagið, en meiningin var þessi í því sem hv. þm. sagði. Ég kallaði enn fram í og spurði: Hvaða skilyrði, skilyrði fyrir hverju? — en fékk ekki svar. Varðandi lífeyrissamkomulagið er það eitt að segja, að það var verkalýðshreyfingin sjálf, verkalýðsfélögin, lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna, sem tóku á sig öll útgjöld varðandi þau mál. Það eina, sem ríkisstj. gerði, var að færa til þau frítekjumörk sem fólk má hafa án þess að tekjutrygging skerðist, nokkuð til samræmis því sem lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu frá lífeyrissjóðunum, en ekki frá ríkissjóði. Það var því ekki hlutverk ríkisstj. að setja nein skilyrði í þessu efni, það hefði verið miklu frekar og nær að verkalýðsfélögin hefðu gert það. Ríkisstj. kom hins vegar varðandi skattamálin nokkuð á móti þeim aðilum, sem sátu við samningaborðið, til að auðvelda samningagerðina. Það þarf ekki að fara að rifja upp hvað gert var þar, hv. þm. hafa þau mál á borðinu fyrir framan sig, í þskj. Við erum með það til afgreiðslu núna hér í þessari hv. deild.

Það, sem ríkisstj. gerði í þessu efni, var talið nema um tveggja milljarða kr. lækkun á þeim tekjum sem ríkisstj. hefði af tekju- og eignarskatti, það sem gert var í skattamálum í sumar, og þetta var atriði sem við vissulega mátum. En hverju stöndum við nú frammi fyrir? Við stöndum í fyrsta lagi frammi fyrir því, að skattvísitalan miðast ekki við kauphækkun á milli ára, heldur við hækkun framfærsluvísitölunnar. Munurinn á þessu tvennu, þessari viðmiðun við kauphækkun á milli ára eða við framfærsluvísitöluna, er talinn færa ríkissjóði um tvo milljarða kr., þ. e. a. s. nánast þá sömu upphæð og skattaívilnunin, sem samið var um í sumar, átti að nema og sjálfsagt hefur numið.

Ég vil hins vegar taka það fram, að þessi leikur með vísitöluna á hennan hátt kemur ekki harðast niður á þeim allra lægst launuðu, þegar um tekjuskattinn er að ræða. Það koma áreiðanlega stærri fúlgur frá öðrum og það er vel. En hins vegar með þessu gjaldi sem hér er, 1% viðbótartryggingagjaldi, er áreiðanlega tekið meira aftur en sem muninum nemur varðandi skattvísitöluna. Þetta gjald hefur þann eiginleika, eins og hér er margbúið að taka fram, að það kemur langharðast niður á þeim sem minnst hafa, og það er enginn efi á því, að ef skattvísitalan hefur eitthvað hjálpað þeim allra lægst launuðu, þá gerir þetta gjald miklu meira en vega þar upp á móti. Þarna gaf ríkisstj. fyrirheit í skattamálunum, — fyrirheit sem ég álít að nú sé algerlega búið að ganga frá. Að sjálfsögðu reiknuðum við með því að fyrirheitið varðandi skattamálin ætti að gilda um samningstímabilið, en samningstímabilið með öllum eðlilegum hætti nær einnig yfir árið 1978 eða til 1. des. 1978.

Það hefur oft verið talað um það, að skattana ætti að leggja á breiðu bökin. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að þegar farið er að leita að breiðu bökunum, þegar stjórnvöld hafa farið að leita að breiðu bökunum, og það á sannarlega ekki síst við um núv. hæstv. ríkisstj., þá er það almenningur, það eru almennu launþegarnir fyrst og fremst. Hér hefur verið bent á aðrar leiðir sem hefði verið hægt að fara. Þar eru breiðu bökin. En stjórnvöld sjá einvörðungu möguleikana í því að leggja skattana á fjöldann, þ. e. a. s. þá almennu launþega með lágar og miðlungstekjur. Þaðan kemur stærsti hlutinn þegar um gjöld er að ræða eins og hér um ræðir og raunar tekjuskattinn líka. Stærsti hlutinn kemur einmitt frá þessu fólki. Sú ríkisstj., sem ekki sér aðra möguleika í skattlagningu, á sannarlega ekki skilið atfylgi launafólksins.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ræða mín áðan virðist hafa hitt nokkuð auma punkta á vissum þdm., en vegna þess að tími er naumur, það er beðið eftir málum í Ed. frá okkur, skal ég takmarka mál mitt við mjög stuttan tíma. Það hefur ýmist verið rangfært eða fært úr samhengi, það sem ég sagði áðan, og mun mér væntanlega síðar gefast tækifæri til að leiðrétta það. Ég vil aðeins minnast á eitt atriði sem hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hafði eftir mér, að ég hefði tjáð mig samþykka 0.3% veltugjaldi. Þetta er rangt, ég sagði, að till. væri athyglisverð.

Út af umr., sem hafa orðið um láglaunafólk, og hvernig hag þess er borgið, vil ég aðeins minna á ummæli formanns Sóknar, Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur, sem lét ekki alls fyrir löngu orð falla á þá leið, að láglaunafólk ætti ekki lengur samleið með ASÍ. Ég hygg, að þessi ummæli hennar geti nokkuð til kynna hvað við er átt, hæði mér og öðrum. Hún talaði hér af langri og biturri reynslu.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson talaði um breiðu bökin, sem ég minntist líka á. Mig rekur minni til þess á árinu 1973, þegar sett voru skattalög til þess að færa skattbyrðarnar yfir á breiðu bökin. Úr því varð eitt mesta skattahneyksli sem menn rekur minni til. Það lenti hvað harðast á ellilífeyrisþegum, og ég heyrði það haft eftir gömlum manni vestur á Snæfellsnesi, að hann þyrfti að láta mæla á sér bakið af hv. fulltrúum ríkisstj. til þess að fá út breidd þess. Á sama tíma sluppu hátekjumenn við skatt og fengu jafnvel endurgreitt.

Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma. Mér er ekki kunnugt um kaup og kjör Jóhannesar skírara, ég hygg að hann hafi þó aldrei setið á þingi, þannig að tilvitnanir til hans varðandi þingfararkaup eru litt við hæfi.

Út af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um umrætt frv. um sjúkratryggingagjald, vil ég taka fram, þó að ég leggi áherslu á um leið, að ég er ekki að þakka mér eitt eða neitt í því sambandi, en hann veittist allharkalega að mér sérstaklega, að það var mitt frumkvæði með ágætri samvinnu allra, sem leitað var til, að þessi brtt., sem nú liggur fyrir, kom fram. Að lokum: Ég viðurkenni að við hefðum átt að bera þessa brtt. undir minni hl., en það er nú svo, vinnubrögð á þingi þessa dagana eru með nokkuð óvenjulegum hætti tímans vegna. En við, sem að þessari till. stóðum, gátum ekki ímyndað okkur annað en hún hlyti að njóta stuðnings þeirra, sem í minni hl. voru, eftir því hvernig þeir höfðu talað í n. En það viðurkenni ég, að þinglegra hefði verið að við hefðum skotið á fundi um þetta og rætt það á formlegan hátt.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég vil ógjarnan sætta mig við það, að hv. 9. landsk. þm. svari ekki beinum fsp. vegna fullyrðinga sem hann fór hér með áðan. *Ég hygg þó að þessi seinni ræða* hv. þm. sanni það sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði áðan, að hér hefur skapið ráðið í hinni fyrri ræðu, en hin síðari benti til þess, að það væri farið að róast.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir vitnaði í Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur og sagði: Ég vísa til ummæla sem hún hefur viðhaft í þessum efnum. — Ég vil gjarnan fá að vita frá þessum hv. þm. sjálfum, hvað hér er um að ræða að hennar eigin mati. Ég spurði áðan vegna fullyrðinga þessa hv. þm. um það, að samið hefði verið um allt upp í 70% kauphækkun hjá *aðilum vinnu*markaðarins, þ. e. a. s. innan ASÍ, hvaða hópar það voru sem fengu þessa hækkun. Ég vil fá að vita það, því að ég sem einn af samninganefndarmönnum innan Alþýðusambands Íslands veit ekki um þetta, og ef þetta hefur verið svona, þá vil ég gjarnan fá að vita hvaða hópar þetta voru. Ég spyr því enn hv. þm.: Hvaða hópar voru það sem fengu þessa 70% hækkun innan Alþýðusambandsins? Ég vil fá skýr svör, því að það er til þess full ástæða, hafi þetta gerst, að um það fáist vitneskja, hverjir hér *eiga hlut að máli og hverjir um þetta sömdu*. Ég spyr því enn og vænti svars: Hvaða hópar voru það sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir átti við, þegar hún sagði að þeir hefðu fengið upp í 70% kauphækkun? Verði þessu ekki svarað hér nú á þessum fundi úr ræðustóli, þá lít ég á þetta sem ómerkt hjal gersamlega og úr lausu lofti gripið og komið upp í skaphita vegna tilfinninga sem um þetta mál hafa þá átt sér stað.

Ég spurði í öðru lagi vegna þess sem hv. þm. sagði, að loforð ríkisstj. varðandi skattalækkun hafi verið háð skilyrði. Þetta fullyrti hv. þm. og lét í það skína, að verkalýðshreyfingin hafi ekki orðið við þessu skilyrði hæstv. ríkisstj. með samningunum. Ég spyr því aftur, ekkert svar kom við því: Hvaða skilyrði var það sem ríkisstj. setti og var háð loforði hennar varðandi skattalækkun í þessum samningum? Hvert var skilyrðið? Mér er ekki um það kunnugt, að það hafi verið sett ákveðið skilyrði, enda hygg ég að verkalýðshreyfingin hefði aldrei farið að láta ríkisstj. segja sér til um það, hver niðurstaða samninga yrði að því er varðaði kaupliði. Það *hefur ábyggilega ekki verið meining verkalýðs*hreyfingarinnar, hvorki nú né áður, að það væri ríkisstjórnarinnar að ákveða hvaða kauphækkun eða hver niðurstaða yrði í sambandi við samningsgerðina. En ég spyr aftur: Hvaða skilyrði var þetta sem ríkisstj. setti og var háð því að hún lofaði þessari skattalækkun? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá að vita þetta. A. m. k. tel ég það nauðsynlegt.

Það er vel að hv. þm. upplýsti það, að hún hefði átt frumkvæðið að þeirri brtt. sem hér liggur nú fyrir. Af eðlilegum ástæðum var okkur *í minni hl. ekki um það kunnugt, vegna þess* að það var alls ekki rætt, fremur, verð ég að segja, var því tekið neikvætt á fundi með allri n. heldur en hitt, að vænta mætti þess að undir það yrði tekið í áframhaldandi umr. eða einhverjir stjórnarliðar hefðu þar frumkvæði. Þó hefði mér þótt líklegra, eftir þeim umr. sem fram fóru á fundinum, að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hefði átt frumkvæði að því. En ég efa ekki að það sé rétt, sem hv. þm. segir, að hún hafi átt frumkvæðið. Ég tek undir það sem kom fram í dag hjá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, að mér finnst þetta miður æskileg vinnubrögð, að *máli, sem er búið að hreyfa af* fulltrúa í minni hl. n., í þessu tilfelli fjh.- og viðskn., fær ekki undirtektir hjá meiri hl. n. að undanskildum einum fulltrúa og þar með talið að það þurfi a. m. k. að bera þetta mál undir viðkomandi ráðh., sem ekki hefur alltaf verið *gert í öðrum málum, þá finnst mér* það miður æskileg vinnubrögð, að minni hl., sem á kannske frumkvæðið og bryddar upp á hlutunum, sé a. m. k. ekki látinn vita um hvað standi til. En ég skal ekki eyða fleiri orðum um það.

Ég óska eindregið eftir því við hv. 9. landsk. þm., að hún upplýsi hér, hvaða aðilar það voru, sem fengu 70% hækkun með samningunum á almenna vinnumarkaðnum í sumar, og hvert skilyrði ríkisstj. var. Komi slíkt svar ekki fram, þá lít ég á þetta sem markleysu eina, því að svona fullyrðingar hljóta, að ég held, að hafa við einhver rök að styðjast, ef það er sagt af einhverri ábyrgðartilfinningu. (**SigurlB:** Ég hef þegar sagt þetta og þarf ekki að endurtaka það.)

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði í fyrri ræðu sinni í dag um þetta mál, að hún gæti tekið undir það sjónarmið hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, að þetta gjald ætti að taka af fyrirtækjum, en ekki af almenningi í landinu, þ. á m. snauðasta fólkinu. Ég gerði hv. þm. það tilboð að við hittumst hér í hliðarherbergi ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni og gengjum frá slíkri brtt. við frv. Ég skoraði á hv. þm. að svara þessari áskorun minni úr ræðustóli Alþingis. Þetta hefur hv. þm. ekki gert. Ég óska eftir því að fá slíkt svar. (**SigurlB:** Ég hef þegar svarað þessu.)

ATKVGR.

Brtt. 200 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17:8 atkv.
2. gr. samþ. með 15:8 tkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15:7 atkv.

Neðri deild, 36. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 35. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 232). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:7 atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningurinn 1975, frv. (þskj. 130, n. 220). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta frv. á fundi sínum. Eins og fram kemur á þskj. 220 mælir n. með því að frv. verði samþ. Frv. hefur verið borið saman við ríkisreikninginn og þannig staðreynt að tölur þess eru réttar og í samræmi við reikninginn. Aths. yfirskoðunarmanna Alþ. gefa ekki tilefni til annars en reikningurinn verði samþykktur, enda telja þeir svör við fsp. sínum fullnægjandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 138, n. 219). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Tómas Árnason): Hæstv. forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr 110 28 des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974 og lög nr. 3 frá 1977, um breyt. á þeim lögum, hefur verið til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. og n. hefur fjallað um málið og orðið sammála um afgreiðslu þess og mælir með því á þskj. 219 að frv. verði samþykkt. Málið er því ágreiningslaust í n. og því ekki ástæða til að flytja langt mál um það til viðbótar framsögu fyrir frv. við 1. umr. í hv. þd. En þetta frv. fjallar um breytingar á löggjöfinni um Lífeyrissjóð bænda, sem var sett upphaflega 1970 og hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan.

1. gr. fjallar um breytingar á 3. mgr. 7. gr. laganna. Sú mgr. 7. gr. var ákveðin með tveimur lagasetningum. Önnur var árið 1974 og hin árið 1977. 1. mgr. 7. gr. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrir fram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum og skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkv. lögum nr. 38 frá 1945.“

Á þessu var gerð breyting 1977 og 2. málsl. 3. mgr. hljóðar þannig í lögunum eins og þau eru nú:

„Þó skal gjaldið ekki vera lægra en svo, að það nemi 50% hærri hundraðshluta en hundraðshluta sjóðfélaga samkv. 1. mgr., reiknuðum að¾ hlutum heildarverðmætis búvara á almanaksárinu.“

1. gr. þessa frv. fjallar um að breyta þessum 3/4 hlutum í 4/5 hluta.

2. gr. leggur til breytingu á 8. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda. Þeirri gr. var breytt með lögum frá 1974, og 1. mgr. 8. gr. hljóðar svo:

„Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Nú hefur skilagrein um iðgjöld ekki borist sjóðnum innan 9 mánaða frá lokum almanaksárs, og er sjóðstjórn þá heimilt að telja þau iðgjöld með iðgjöldum næsta árs.“

Hér er lagt til samkv. 2. gr. þessa frv. að þessum 9 mánaða fresti verði breytt í 6 mánuði. Síðan er í 2. gr. í nánari atriðum greint frá framkvæmd þeirra breytinga sem gerðar eru með þessu lagafrv. og ég kem aðeins að í nokkrum orðum síðar, en sé ekki ástæðu til að lesa greinina í heild.

3. gr. fjallar um breytingu á löggjöf sem sett var fyrr á þessu ári og varðar ákvæði til bráðabirgða.

Varðandi málið í heild er það að segja, að með lögum nr. 3 frá 1977 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 101 frá 1970, um Lífeyrissjóð bænda, og var höfuðbreytingin sú, að sett voru ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur árin 1976-1977 til samræmis við samkomulag Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í febr. 1976 og breyt. á l. nr. 63 frá 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Launþegar og vinnuveitendur gerðu með sér nýtt samkomulag, eins og öllum er kunnugt, í júnímánuði s.l., og var höfuðefni þess varðandi lífeyrissjóðina framlenging ofangreindra ráðstafana, sem ég var að gera grein fyrir, um tvö ár, þ. e. a. s. til ársloka 1979. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að tilsvarandi framlenging eigi sér stað hjá Lífeyrissjóði bænda. Stjórn Lífeyrissjóðsins telur þessa framlengingu óhjákvæmilega, og þess vegna er þetta frv. raunverulega flutt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. Ég vil aðeins geta þess í sambandi við þetta frv., að upphaflega voru sett lög um Lífeyrissjóð bænda 1970. Síðan er búið að breyta þessu þrisvar sinnum og nú er verið að gera fjórðu breytinguna. Ef þm. eiga að átta sig á því, hvað eru lög í þessu efni, þá þurfa þeir að draga upp öll þessi lög, bera þau saman, vegna þess að þau hafa ekki verið felld saman í eitt meginmál. Ég vil nota tækifærið til að finna að því, að ekki skuli vera handhægt fyrir þm. að hafa aðgang að því, með stuttum fyrirvara og auðveldum hætti hvað eru lög, og læt ég í ljós undrun yfir því, að ekki skuli vera leiðrétt lagasafn til afnota fyrir þm. á ýmsum stöðum eða í ýmsum húsakynnum Alþ., t. d. fyrir þn. og fyrir þm. þegar þeir taka þátt í umr. hér á Alþ. Ég vil gjarnan beina því til hæstv. forseta, að forsetarnir hlutist til um að það verði gerð í þessum efnum breyting til batnaðar, þannig að það sé auðvelt fyrir þm., hvenær sem er, bæði við nefndarstörf og einnig við umr. hér á Alþ., að átta sig á því, hvað raunverulega eru lög, en þurfi ekki að tína þetta til sitt úr hverju horninu til þess að vera vissir um hvað raunverulega er í gildi sem lög, þegar verið er að fjalla um breytingar á lögum.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil þakka hv. þm. fyrir ábendingar í ræðu hans nú síðast, og ég vil tjá honum að vonir standa til að nokkrar

bætur verði gerðar í þessa átt með bættu registri Alþingistíðinda. **Við höfum óskað eftir því, að inn á þá braut verði farið að gera málaskrá með hverju hefti.**

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. — 4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 167, n. 218). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. N. hefur athugað þetta frv. og álit n. er á þskj. 218, sem fram kemur að n. mælir einróma með samþykkt frv. Hér er um að ræða frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta á árinu 1978 tiltekin gjöld með viðauka. Frv. sama efnis hefur verið flutt árlega um nokkurt skeið og hv. þm. er því kunnugt efni málsins. En í grg. með þessu frv. kemur fram fyrirheit um að sams konar frv. verði ekki á ferðinni oftar, þar sem tilbúið mun frv. til l. um stimpilgjald sem lagt verður fyrir Alþ. það sem nú situr.

N. leggur sem sagt til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. (þskj. 170, n. 216 og 217, 204, 221). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Hæstv. forseti. Frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum hefur verið til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. N. hefur klofnað í málinu og stjórnarþm. flytja sérstakt nál. og leggja til að frv. verði samþykkt, en hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason flytja sérálit um málið.

Þetta frv. er í sjö gr. alls. 1. gr. þess fjallar um álagningu 10% skyldusparnaðar og að skyldusparnaðurinn skuli lagður inn á sérstakan reikning hjá ríkissjóði og bundinn þar til alllangs tíma eða til 1. febr. 1984. Kjarni 1. gr. er fólginn í því að lögfesta 10% skyldusparnað á hátekjur. Um þetta mál sérstaklega vil ég taka fram, að það kemur raunar fram í nál. minni hl., að í sjálfu sér var n. í „prinsipinu“ sammála um skyldusparnaðinn, en minni hl. mun gera grein fyrir skoðunum sínum og sé ég ekki ástæðu til annars en aðeins að geta um þetta.

1. gr. fjallar fyrst um það, að allir menn, sem tekjuskattsskyldir eru samkv. ákvæðum laga nr. 68 frá 1971 með síðari breytingum og ekki eru orðnir 67 ára fyrir 1. jan. 1978, skuli á árinu 1978 leggja til hliðar fé til varðveislu í ríkissjóði eftir vissum reglum. Þeir einstaklingar, sem hafa yfir 2 400 000 kr. skattgjaldstekjur á árinu 1977, skulu leggja fram 10% af því sem fram yfir er, og hafi þessir aðilar börn á framfæri sínu innan 16 ára aldurs, þá bætast við 186 þús. kr. fyrir hvert barn. Á sama hátt greiða hjón sem eru samsköttuð, og sambýlisfólk, sem hefur yfir 3 millj. 100 þús. kr. skattgjaldstekjur á árinu 1977, 10% af því, sem fram yfir er, í skyldusparnað. En þetta mark hækkar einnig um 186 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs sem er á framfæri þeirra. Síðan er sett sérstök regla fyrir sérsköttuð hjón, þannig að hjá hvoru þeirra reiknast 10% skyldusparnaður af skattgjaldstekjum umfram 1860 þús. kr. Fyrir hvert barn á framfæri þeirra hækkar þetta mark um 93 þús. kr.

2. mgr. fjallar um frádrátt eða um það, að reistar verði skorður við því, hve frádráttur má vera mikill áður en skyldusparnaður er reiknaður, á hliðstæðan hátt og gert var við álagningu skyldusparnaðar 1976, en eins og kunnugt er var lögfestur 5% skyldusparnaður bæði 1975 og 1976. Í lagafrv., sem flutt var árið 1974 af þáv. ríkisstj., mun hafa verið ákvæði um skyldusparnað, að því er mig minnir 4%. Vera má þó, að það hafi verið önnur prósenta.

Síðan eru í 1. gr. nánari ákvæði um útfærslu og framkvæmd málsins sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér, það var gert í framsögu málsins við 1. umr. Þó er rétt að taka það fram, að skyldusparnaðurinn á að vera til ráðstöfunar fyrir ríkissjóð um nokkurra ára bil sem eins konar lán, bundinn á sérstökum reikningi, en verður síðan greiddur með verðtryggingu, eins og gerð er grein fyrir í 2. gr. frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þann 30. jan. 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar 1. jan. 1979 til 1. jan. 1984. Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. jan. 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. jan. næsta ár á eftir fullnaðarskilum“.

Í 3. gr. er lagt til að skyldusparnaður hljóti sömu skattmeðferð og sparifé á hverjum tíma.

4. gr. frv. kveður svo á, að fjmrh. setji reglugerð um tilhögun alls reikningshalds svo og önnur þau atriði er varða framkvæmd skyldusparnaðarins.

5. gr. þessa frv. fjallar svo um annað mál, þ. e. a. s. um að hækka hið svonefnda flugvallagjald. Á árinu 1976 voru sett sérstök lög um flugvallagjald, sem er 1500 kr. samkv. þeim lögum fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi til annarra landa, og 750 kr. fyrir börn á aldrinum 2—12 ára. Er lagt til í 5. gr. að þetta gjald verði tvöfaldað, verði 3000 kr. fyrir fullorðna og 1500 kr. fyrir börn á aldrinum 2—12 ára.

6. gr. frv. fjallar svo um það, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða að á árinu 1978 megi leyfisgjald af gjaldeyris- og innflutningsleyfum nema allt að 2% af fjárhæð þeirri sem leyfið hljóðar um. Er gert ráð fyrir að leyfisgjaldið hækki frá því, sem nú er, úr 1% í 2%.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um frv. að öðru leyti. Það er liður í fjáröflunaráformum ríkisstj., eins og hv. þm. er kunnugt um. Það var gerð endurskoðun á tekju- og útgjaldaáætlun ríkissjóðs á næsta ári nú nýlega, og kom í ljós að hækkun gjalda vegna nýrra forsendna eða breyttra forsendna nemur um 18.3 milljörðum kr. og hækkun tekna er að öllu óbreyttu talin nema um 10.7 milljörðum kr. Sá fjáröflunarvandi, sem við er að glíma, nemur því 7.6 milljörðum. Hugmynd ríkisstj. er að leysa þennan vanda annars vegar með því að afla viðbótarfjár til ráðstöfunar fyrir ríkissjóð og hins vegar að skera niður, eins og kunnugt er, nokkur útgjöld. Þessar fyrirætlanir ríkisstj. koma fram í ýmsum frv. sem eru til meðferðar hér í þinginu, og er þetta frv., sem ég er að tala hér fyrir, eitt af þeim.

Gert er ráð fyrir að þetta frv. færi ríkissjóði aukin fjárráð á næsta ári sem nemur um 1.5 milljörðum kr. Þessi fjáröflun er þríþætt. Það er í fyrsta lagi skyldusparnaðurinn á hátekjur, sem áætlað er að muni skila einum milljarði, það er í öðru lagi tvöföldun á flugvallagjaldinu á utanlandsferðir, sem áætlað er að muni skila 300 milj. kr., og í þriðja lagi heimild til álagningar gjalds á gjaldeyrisleyfi í 2% og er talið að það muni auka tekjur ríkissjóðs um 200 millj. Samtals er þá tekjuöflun og aukin fjárráð, — það er e. t. v. réttara að tala um aukin fjárráð í þessu efni, — um 1.5 milljarða samkv. þessu frv.

Það hafa orðið nokkrar almennar umr. um efnahagsmál. Ég sé að það er enginn tími til þess að fara að efna til slíkra umr. og ætla ekki að gera það. En ég vil gjarnan taka undir það, sem hefur komið fram hjá sumum hv. þm., að það væri ástæða til þess að haga vinnubrögðum þannig, að það væri hægt að koma við almennri umr. um efnahagsmál á sama tíma sem lánsfjáráætlun ríkisstj. er lögð fram og frv. í samræmi við hana og meðan fjárlög eru til meðferðar og afgreiðslu hér í þinginu. Það væri sannarlega ástæða til þess að efna til eins konar eldhúss í efnahagsmálum. En ég ætla ekki að gefa tilefni til slíkra umr., enda enginn tími til þess eins og málum er háttað.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 217 erum við í minni hl. fjh.- og viðskn., ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, og skilum þar séráliti. Við bendum á það, að þetta frv. er, eins og sagt hefur verið, aðeins einn liður í fjáröflunaráformum ríkisstj. í sambandi við afgreiðslu fjárl. að þessu sinni. Við erum andvígir þessum fjáröflunarplönum ríkisstj. þegar við lítum á þau sem heild, en tökum hins vegar fram um þann sérstaka skyldusparnað, sem hér er lagt til, að við erum ekki andvígir þessum skyldusparnaði sem slíkum, hann er ekki slík tegund skattlagningar, en álítum þó, að réttara hefði verið að grípa til annarrar tekjuöflunar. Ef það hefði verið talið nauðsynlegt, eins og nú stendur á hjá ríkissjóði, að afla frekari tekna, þá hefði verið nærtækari önnur fjáröflunarleið en sú sem ríkisstj. hefur yfirleitt valið sér. Í þeim efnum get ég vitnað til þess sem kom fram í umr. fyrr í dag hjá hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, þar sem hann benti á það, sem við höfum ætíoft bent á, Alþb.-menn líka, að fyrirtækin í landinu sleppa mjög við að greiða til samfélagslegra þarfa, þar sem það er staðreynd, að mörg hundruð fyrirtæki í landinu, sem velta hundruðum millj. kr., sleppa svo til algerlega við tekjuskattsgreiðslur til ríkissjóðs.

En í sambandi við þetta frv. þykir mér ástæða til þess að benda á það í örfáum orðum, sem nokkuð hefur komið fram í umr. hér áður, að þessi breyting minnir á það, að jafnhliða þeirri breytingu á skattalöggjöf, sem í þessu felst, eru líka hér á ferðinni aðrar tvær mikilvægar breytingar sem grípa inn í skattalagaákvæðin.

Það er í fyrsta lagi það frv. til breytingar á tekjuskattslögum, sem fullkomin samstaða hefur verið hér um og er til staðfestingar á brbl. frá s. l. sumri í samræmi við það samkomulag sem þá varð á milli fulltrúa vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisstj. hins vegar um breytingar á tekjuskattslögum. Þá var sagt að sú breyting fæli í sér um það bil 2000 millj. kr. lækkun á tekjusköttum fyrir þá sem hafa heldur lágar tekjur, og það mun eflaust vera rétt. En síðan kemur aftur sú ákvörðun hæstv. ríkisstj. að ákveða í skattvísitölu fyrir næsta ár 31% hækkun frá s. l. ári, þó að fyrir liggi að launahækkun á milli ára sé 42%. Í þessu felst ný skattahækkun. Ég hef gert smáathugun á því, eftir að hafa fengið upplýsingar frá skattyfirvöldum, hvernig þetta atriði kæmi út hjá þeim sem mætti telja svona meðaltekjumann eða kannske knapplega það. Mér sýnist að þegar lagt er til grundvallar dæmi um hjón, sem hefðu haft 2 millj. kr. samanlagt í skattgjaldstekjur á s. l. ári, þá hefðu slík hjón notið skattalækkunar samkv. samkomulaginu frá s. l. sumri sem nemur kringum 64 þús. kr. í skatti. En nú þegar skattvísitalan er ákveðin á þessa lund, þ. e. a. s. 31% hækkun í staðinn fyrir 42% hækkun, þá kemur í ljós að tekjuskattur þessara hjóna með skattgjaldstekjur 2 millj. kr., sem þá hafa að sjálfsögðu hækkað um 42% á milli ára, mundi hækka um nálega sömu upphæð eða 63 þús. kr. svo að það er nokkurn veginn ljóst að í stórum dráttum þýðir þessi breyting á skattvísitölunni að taka til baka það sem látið var af hendi af hálfu ríkisstj. með samkomulagi við verkalýðshreyfinguna á s. l. sumri. Auðvitað kemur þetta ekki fullkomlega jafnt niður á alla skattþegna. Einhverjir geta kannske haldið einhverjum smávinningi og aðrir aftur tapað. En þegar á heildina er litið og á meðaltekjufólkið er litið þá mun þessi breyting ein þýða að þeir tapa því aftur sem ávannst með samkomulaginu á s. l. sumri.

Svo kemur í þriðja lagi sú breyting sem felst í þessu frv. með skyldusparnaðarákvæðum á hærri tekjur. Um þetta frv. þarf ég ekki að fara mörgum orðum nú. Ég hef þegar rætt um það áður, þegar ég ræddi um till. ríkisstj. almennt. En ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. Sú brtt. er á þskj. 221 og er um það, að á eftir 6. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

„Frá 1. jan. 1978 skal fella niður söluskatt af kjöti og kjötvörum og verðlag á þeim vörum lækka samkv. því.“

Ég hef í umr. um þessi mál áður bent á það,

að frá minu sjónarmiði er ekki nægilegt að gera aðeins takmarkaðar ráðstafanir til þess að ná saman endum fjárl. Það þarf líka að glíma við þau vandamál, sem í sjálfu sér eru miklu stærri í efnahagslífinu, þar sem er aðstaða atvinnuveganna. Við vitum það öll að bændasamtökin hafa að undanförnu gert sínar kröfur, og er enginn vafi á því, að staða bænda er nú mjög erfið á margan hátt. Þeir hafa verið að dragast aftur úr í tekjusamanburði við aðrar stéttir. Þeir eru í alllangan tíma búnir að leggja áherslu á það, að söluskattur verði afnuminn af kjöti og kjötvörum, og við Alþb.-menn höfum flutt frv. bæði á síðasta þingi og aftur á þessu þingi í þessa átt. Það frv. hefur ekki fengið neina afgreiðslu. Nú þykir mér ljóst, að það skapast tækifæri til að það fari fram atkvgr. hér á Alþ. um það, hvort alþm. geta fallist á að verða við þessari ósk bændastéttarinnar.

Ég álít að þessi ráðstöfun sé sjálfsögð og þurfi ekki að fara um hana mörgum orðum nú. Þetta yrði til þess að lækka vöruverð í landinu um allverulega upphæð og hefði sín góðu áhrif til lækkunar á framfærsluvísitölu og þar með kaupgjaldsvísitölu og sparaði ríkinu útgjöld á því sviði og auðvitað öllum atvinnurekstri í landinu. Þetta yrði til þess að auka kjötsölu í landinu og draga þannig úr þörf á útflutningi á kjöti. Auðvitað tapar ríkissjóður þarna nokkrum tekjum, hversu mikið sem það yrði þegar litið er á nettóútkomu dæmisins. En ég tel að við höfum þegar bent á það hér, stjórnarandstæðingar, að það er mjög auðvelt að fylla upp í það skarð með till. um tekjur fyrir ríkið í staðinn. Hér er um réttlætismál að ræða fyrir bændastéttina. Þetta er nauðsynleg aðgerð, og ég tel að það fari mjög vel á því að einmitt ákvæði um þetta komi inn í þetta frv. í sambandi við aðrar ráðstafanir í þessum málum, komi þar á eftir ákvæðinu um skyldusparnað, flugvallagjald og sérstakan gjaldeyrisskatt, þar yrði þetta ákvæði um að fella niður þetta vandræðagjald og leysa að nokkru vanda á því sviði sem ég tel miklu meiri en vandann sem snýr beint að ríkissjóðnum. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta, en geri mér nú sterka von um að brtt. nái fram að ganga.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja dálitla brtt. við þetta frv., þar sem lagt er til að auka svolitlu við 5. gr. Viðbótin er svo hljóðandi:

„Hækkun flugvallagjaldsins samkv. þessari gr. skal renna til flugstöðvabygginga eftir nánari ákvörðun flugráðs.“

Í fyrri hluta þessarar gr. segir að innheimta skuli flugvallagjald á árinu 1978 helmingi hærra heldur en það sem fyrir var. Þetta er aðeins í takt við annað sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram hér, þegar hana vantar peninga, eins og á hverju ári síðan hún tók við völdum. Ríkisstj. hefur alltaf fundið nýja möguleika í tekjuöflun með því að leggja á nýja skatta. Auk þess að leggja á nýja skatta hefur hún framlengt tímabundna skatta, eins og frægt er orðið af hinu sérstaka tímabundna vörugjaldi sem átti að standa í 5 mánuði og stendur enn eftir á fjórða ár. Auk þess að framlengja skatta, finna nýja skatta, þá hefur hún tvöfaldað aðra. Og einmitt í þessari grein er lagt til að tvöfalda þennan skatt. Ríkisstj. hefur auk þess verið ákaflega hugmyndarík í því að finna nýja tekjustofna og að þessu sinni eru tekjustofnarnir afar öruggir, ekki síst sjúklingarnir sem á nú að fá til þess að auka tekjur ríkissjóðs um 500 millj. með hækkun lyfja og læknisaðstoðar. Það væri sannarlega ástæða til þess að hver einasti þm. stjórnarandstöðunnar tæki þessi mál öll til rækilegrar meðferðar. En við höfum nú látið okkur nægja að fáir blandi sér í þessar umr. og teygi ekki um of úr þeim, en skoðanir okkar Alþb.-manna hafa að sjálfsögðu komið fram í þeim öllum.

En varðandi flugvallagjaldið er það ekkert sérstakt fyrir Íslendinga, því að flugvallagjald hefur verið lagt á erlendis mjög víða. En mér er ekki kunnugt um að slíkt flugvallagjald hafi nokkurs staðar verið tekið í ríkissjóð viðkomandi lands. Það hefur í flestum tilfellum verið notað beint til þess að fjármagna rekstur viðkomandi flugvallar, þar sem það hefur verið tekið. En dæmi eru einnig til þess, að flugvallagjald hafi verið látið renna til annarra greina flugmála. Ég er á móti slíkri gjaldheimtu af ýmsum ástæðum og vil ekki tefja tímann með því að eyða löngu máli í að rökstyðja það, ég er mjög mikið á móti því að taka flugvallagjald sem rennur í ríkissjóð, en gæti hins vegar fallist á til samræmis við það sem annars staðar þekkist, ekki síst vegna fjárskorts þeirra sem eiga að sjá um framkvæmdir í flugmálum, að leggja á slíkan skatt ef hann rennur til framkvæmda í flugmálum. Það er ekki ósanngjarnt.

Í brtt. minni legg ég aðeins til að hækkun á gjaldinu — hækkunin ein — renni til sérstakra þarf í flugvallamálum, ekki allur flugvallaskatturinn, svona eins og til samkomulags, að krefjast ekki alls gjaldsins, heldur aðeins þess sem við bætist. Það er þó nokkur upphæð, þó ekki sé hún mjög há, en nógu há til þess að bæta úr sérstökum verkefnum í flugmálum. Og ég hef lagt til að þetta fari til þess að reisa flugstöðvar í landinu. Sá þáttur flugmála hefur vegna fjárskorts verið vanræktur mjög um langt árabil, því að fjárveitingar til þessara mála hafa verið svo naumt skammtaðar að ekki hefur þótt mögulegt að klípa af þeim til þess að lagfæra flugstöðvarbyggingar úti á landi eða í Reykjavík. Til þess hefur einfaldlega ekki verið fjármagn. Það er líklega áratugur síðan flugstöð var reist hér á landi, mig minnir að það hafi verið á Ísafirði, þar til nú að smíði flugstöðvar er hafin í Vestmannaeyjum.

Á fjárl. er nú áætlað að andvirði flugskýlisins í Reykjavík, sem flugmálastjórn selur, renni til smíði flugstöðvar hér í höfuðborginni, — flugstöðvar sem er auðvitað alls ekki fyrir Reykvíkinga fremur en aðra landsmenn, heldur flugstöð allra landsmanna, því að um slíka flugstöð fer á ári hverju í innanlandsflugi einu saman nokkuð á þriðja hundrað þúsund manns. Svo mikið er flugið orðið hér í þessu landi, að það er flogið með alla bjóðina á ári hverju og heldur meira en það. Og það er til skammar að hafa þá aðstöðu eins og hún er. Það er braggi á bragga ofan og hver skúrinn við annan, allt saman byggt úr efni sem getur fuðrað upp á augnabliki, og það er sérstök heppni að þessi flugstöð skuli ekki vera horfin út í veður og vind fyrir löngu í þeim

eldsvoðum sem orðið hafa hér á flugvellinum.

Með samþykkt þessarar brtt. væri einmitt tækifæri til þess að koma þessari flugstöð upp miklu fyrr en nokkur möguleiki er til með fjárveitingum af þeirri stærð sem um er að ræða í fjárlagafrv., þar sem flugstöð, sem sæmilega mætti una við, mundi vafalaust kosta mörg hundruð millj. kr. Og nú er einmitt kjörið tækifæri fyrir þá hv. hv. alþm., sem töluðu mikið í fyrri umr. sem fram fór hér á dögunum, þegar flugmálin bar á góma um leið og fjárlagafrv. var afgreitt. Þá tóku til máls margir hv. alþm. og kvörtuðu undan sáralitlum fjárframlögum til þess landshluta sem þeir sjálfir voru frá. Einstaka maður hafði þó nægilegt viðsýni til þess að sjá ekki aðeins niður fyrir tærnar á sjálfum sér, en horfði til landsins alls. En því miður eru slíkir hv. þm. allt of fáir. Nú er tækifærið fyrir þessa hv. þm., m. a. hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur sem hafði þá nægilegt loft til þess að þenja sig í alllangan tíma yfir fjárskorti til flugmála á Vestfjörðum. Og nú er einnig tækifæri til fyrir hv. þm. Framsfl. að taka undir sams konar söng flokksbróður síns Ólafs Þórðarsonar, hv. þm., því að með þessum fjármunum, sem þarna mundu koma, væri hægt að létta af fjárveitingafé hvers árs, því að ég geri fastlega ráð fyrir því, þó að þarna sé gert ráð fyrir fjárveitingunni aðeins árið 1978, þá verði það framlengt áfram eins og síður hefur verið hjá hæstv. ríkisstj. Ég slæ því ósköp einfaldlega föstu vegna reynslunnar.

Nú er einmitt tækifæri til þess fyrir þessa hv. alþm. að bæta við það fjármagn sem til ráðstöfunar fer, þar sem þessir peningar kæmu þá til þessara sérstöku mála, þ. e. flugstöðvabygginga, og þá ætla ég endilega að taka það fram, að ég á ekki eingöngu við Reykjavík, síður en svo, því víða úti á landi eru þetta kofaskrifli sem engum manni er í rauninni bjóðandi inn í. Ég get auðvitað sagt það hér, að sú flugstöð, sem enn er t. d. ínotkun í Vestmannaeyjum, er að flatarmáli minni en karlaklósettin í flugstöðinni á Eigilsstöðum, og um þessa flugstöð fara um 60 þús. manns árlega. Auðvitað er slíkt okkur til vansa. Þeir kofar, sem eru við ýmsa flugvelli úti á landi, eru þannig, að það er stundum jafnvel betra að vera úti heldur en inni, þó í vondu veðri sé. Ég tel óþarft að telja upp þá staði. En ég tel hins vegar nauðsynlegt að þessi mál komi hér sem oftast til umr., þannig að menn geti ekki komist hjá því að heyra vissar staðreyndir um þetta vandræðabarn, flugmálin, sem hefur verið allt of naumt skammtað í allt of langan tíma.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að sinni. En ég vil þó sérstaklega beina orðum mínum til hæstv. samgrh., sem ég sé að nú er kominn í salinn, að hann hvetji flokksbræður sína til að standa að samþykkt þessarar brtt., því að þeim mun meiri peningar sem koma inn í viðbót með þessum hætti, þeim mun minni áhyggjur þarf hann að hafa af því að veita meiri peninga til þessara hluta, þar sem við komumst ekki hjá því á næstu árum að bæta úr varðandi flugstöðvarbyggingar, hvort sem okkur þykir það ljúft eða leitt.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd út af ræðum tveggja síðustu hv. ræðumanna.

Fjárfestingarliðir til flugmála hækka töluvert mikið í þeim fjárlögum sem við erum að ræða á Alþ., um eitthvað á fjórða hundrað milljóna, og menn átti sig á því, að þær 300 millj., sem hér er talað um, renna til flugvallarmála í þeim fjárl. og meira en það.

Út af því, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um brtt. sína, datt mér í hug, að hér væri, eins og ýmsir hafa sagt, hinn pólitíski fimleikameistari Alþingis að tala. Það var örlítil brtt. sem hann mælti með, en þegar að er gáð, þá er í frv. að öðru leyti verið að afla ríkissjóði tekna, sem brtt. gerir ráð fyrir að ríkissjóður tapi á móti, þannig að út úr dæmi hans kemur núll ef sú brtt., sem hann flutti, verður samþ.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Aðeins örstutt athugasemd. — Ég vona að flugmálastjórn hafi aðgang að þessum peningum sem hæstv. ráðh. var að tala um. Ég þekki ekki þær tölur sem hann var að tala um, því að fyrir árið 1977 voru peningar til framkvæmda í flugmálum 378 millj., en þeir peningar, sem koma inn nú til framkvæmda í flugmálum fyrir árið 1978, eru áætlaðir 530 millj. Mismunurinn á því er 152 millj., ekki á fjórða hundrað millj. Ef við eigum að taka flugskýlispeningana með, þá verður fjárveitingin til framkvæmda í flugmálum ekki 530, heldur 600 millj., og þá verður mismunurinn 222 millj. miðað við árið í fyrra, þar sem fjárveitingar til framkvæmda voru 378 millj. Það er ekki heldur á fjórða hundrað milljóna.

Það væri kannske ástæða til að bæta nokkru við þetta. En það má öllum vera ljóst, að til framkvæmda í flugmálum um allt land, til öryggismála, til flugvalla o. s. frv., er aðeins um 530 millj. af nýju fé að ræða, sennilega talsvert lægri upphæð en flugstöðin í Reykjavík kostar ein.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 204 felld með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: LJós, MK, MÓ, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG.

nei: HES, IG, LárJ, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PS, SigurlB, SV, PBl, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EKJ, FÞ, GuðlG, GTh, GF, RH.

11 þm. (IngJ, JóhH, JSk, SkA, KP, MB, PJ, SighB, EBS, GHG, GÞG) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 221 felld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: LJós, MK, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG.

nei: LárJ, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, SV, PBI, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EKJ, FÞ, GuðlG, GTh, GF, HES, IG, RH.

MÓ, PS, SigurlB greiddu ekki atkv.

11 þm. (MB, PJ, SighB, EBS, GHG, GÞG IngJ, JóhH, JSk, SkA, KP) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Niðurfelling á söluskatti af kjöti og kjötvörum hefur margoft komið til athugunar, m.a. þegar við hv. flutningsmaður vorum í stjórnaraðstöðu. Ævinlega hefur verið frá henni horfið vegna vandkvæða sem talin eru svo veigamikil, að við einfalda niðurfellingu þessa söluskatts án mikilla hliðarráðstafana mundi botn detta úr öllu innheimtukerfi söluskattsins. Ekki hefur verið sýnt fram á að nein ný úrræði hafi verið fundin til að setja undir þennan leka, því greiði ég ekki atkvæði.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Í sambandi við þá fyrirgreiðslu, sem ríkisstj. lét í té við kjarasamninga s.l. sumar, lagði ég mjög þunga áherslu á að felldur yrði niður söluskattur á kjötvörum og reyndar fleiri nauðsynjum. Það náði ekki fram að ganga, ég hygg m. a. vegna þess að launþegasamtökin lögðu áherslu á að bein skattalækkun kæmi til. Ég tel ákvörðun um niðurfellingu söluskatts á kjöti og kjötvörum alls ekki eiga heima í sambandi við þetta mál. Ég tel hins vegar að þau tilmæli, sem fram hafa komið um það efni, þurfi að athuga í sambandi við almenna athugun á vandamálum landbúnaðarins. Með tilvísun til þess, sem ég hef sagt, segi ég nei.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Það hefur verið eindregin ósk bændasamtakanna, að felldur yrði niður söluskattur á kjöti og kjötvörum. Ég trúi því ekki að ekki sé hægt að finna sanngjarna leið til að framkvæma þetta án þess að undanbrögð verði veruleg. Ég treysti ríkisstj. fullkomlega til að láta þetta atriði fylgja öðrum sanngjörnum ráðstöfunum sem ég vonast til að hún sjái sér fært að gera í málefnum landbúnaðarins og koma þar á móts við réttmætar og sanngjarnar óskir bændasamtakanna. Ég mun gefa hæstv. ráðh. mínum dýrðina af þessu verki, en ekki hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, og segi því nei.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Hvorki hæstv. ráðh. né Lúðvík Jósepsson þurfa frekari dýrðarljóma í mínum augum en þeir þegar hafa. Ég hef verið mikill áhugamaður um að þessi leið yrði farin og verði farin, og ég er sama sinnis enn. Ég get fallist á að þetta eigi frekar heima við afgreiðslu annarra mála, — mála sem við eigum eftir að fjalla um hér á Alþ. Þetta er í sjálfu sér ekki aðeins mál bændastéttarinnar, heldur og allra neytenda. Því hefur verið haldið fram með nokkrum rökum, að nú þegar sé allmikill söluskattur, sem ekki komi fram, af fullunnum eða hálfunnum kjötvörum, landbúnaðarvörum, og jafnvel af landbúnaðarframleiðslu ýmiss konar. Mín skoðun er líka sú, að það hafi ekki verið gert það sem þurft hefur eða fullur þungi verið á bak við það að setja botn undir þann leka sem jafnvel gæti orðið ef að þessu ráði yrði horfið. Ég er hlynntur málinu. Ég fellst hins vegar á að það eigi heima undir síðari verkefnum þessa þings og greiði því ekki atkvæði.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Þar sem þetta mál er til umfjöllunar hjá hæstv. ríkisstj. að beiðni Stéttarsambands bænda og í trausti þess, að hæstv. ríkisstj. verði við beiðni þeirra, annaðhvort með því að fella niður söluskatt eða auka niðurgreiðslur sem því nemur, þá segi ég nei.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Þetta er í sjálfu sér góð till., góð hugmynd, sem oft hefur komið fram áður, en hún þarfnast undirbúnings. Vona ég að stjórnvöld athugi þetta mál gaumgæfilega sem allra fyrst, en á þessu stigi mála segi ég nei.

6.—7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 114, n. 210) — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigð samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti Sjútvn. hv. d. hefur haft mál þetta til athugunar og sendi það til umsagnar fjögurra aðila, þrír hafa svarað, þ. e. a. s. Landssamband ísl. útvegsmanna, sem leggst eindregið gegn samþykkt þess, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands einnig, en Félag ísl. fiskmjölsframleiðenda mælir með samþykkt frv. Frá Sjómannasambandi Íslands hefur ekki borist umsögn.

Ég skal ekki fara ítarlega út í að ræða málið efnislega, eins og gert var við 1. umr. málsins. Hins vegar vil ég í framhaldi af þeim umr., sem þá urðu, taka undir athugasemdir og varnaðarorð sem þar komu fram, þau eiga á margan hátt fullan rétt á sér. Ég bendi þó enn á að hér er um eitt og einangrað mál að ræða sem Alþ. ber að taka ákvörðun um, þetta eina sérstaka skip, og það er verið að gefa því takmarkað leyfi til veiða eða heimild til veiða um takmarkaðan tíma. Til þess að hv. þm. geri sér frekar ljóst, hvað í mótmælunum felst, vil ég aðeins geta efnisatriða sem þar koma fram.

Framkvæmdastjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hefur vitnað til samþykkta sem komu fram á þingi sambandsins og að nokkru var svarað í grg. og framsögu fyrir frv. við 1. umr. Það er afskaplega vafasöm kenning, að það sé hægt að geyma þá loðnu í sjónum, sem við sjálfir veiðum ekki, sem einhvers konar varasjóð til seinni tíma. Ég held að það séu fleiri en ég og þeir, sem frv. fluttu með mér á sínum tíma, sem séu sammála um það, enda mun það stangast á við kenningar fiskifræðinga. Þeir hafa líka bent á örtröð sem ríki á miðunum við suðausturog suðurströndina á hefðbundinni loðnuvertíð. Þetta getur að sjálfsögðu staðist, eins og við allar veiðar okkar hér við Íslandsstrendur, ef þær eru á takmörkuðu svæði. Nú hefur þó svo þróast, að þessi veiði dreifist á nær allt árið og hún er á mjög stórum svæðum, og miðað við það stóra hafsvæði, sem loðnan fer um, má segja sem svo, að með þeim takmarkaða

flota, sem við höfum yfir að ráða, á ekki að þurfa að koma til neinna árekstra á miðunum vegna þessa. Það, sem hins vegar hefur verið viss ótti uppi um, eru árekstrar í höfnum og við löndun þessa afla. En með orðalagi því, sem í frv. er, teljum við að sá ótti sé ástæðulaus, enda er það skilyrt að loðnunefndin geti beint þessu ákveðna skipi, mótorskipinu Ísafold, eftir því sem þörf er á til hafna er liggja fjarri aðalveiðisvæði hverju sinni.

Athugasemdir Landssambands ísl. útvegsmanna eru í fjórum höfuðliðum. Í fyrsta lið er bent á að það sé verið að veita, eins og við að sjálfsögðu vitum, hv. þm., að það sé verið að veita erlendu skipi heimild til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu, eða eins og þeir segja orðrétt — með leyfi forseta, — í sinni fyrstu athugasemd: „Við teljum ekki koma til greina að heimila einu tilteknu erlendu skipi veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu sem nýtur allra réttinda innan fiskveiðilögsögu Efnahagsbandalags Evrópu, og mun ekki koma til veiða hér nema þegar eigendum skipsins hentar vegna takmarkana á veiðum hjá EBE. En það mun hafa fiskað fyrir meira aflaandvirði en nokkurt íslenskt skip á þessu ári. Ef slíkt leyfi yrði veitt mundi það hafa í för með sér fordæmi fyrir leigu erlendra skipa til Íslands.“ Svo að ég svari þessu strax þá bendi ég enn á þá staðreynd, að það er Alþ. sem hefur úrskurðarvald um þetta í hverju og einu tilfelli, sem kemur upp í sambandi við slíka beiðni, og getur játað eða hafnað eftir því sem það sér ástæðu til. Hvernig hagur þessa skips hafi verið fram að þessu kemur auðvitað ekki þessu máli við. Spurningin er sú, hvort við teljum okkur hafa einhvern hag að því, og það teljum við. Þá segja þeir í 2. tölulið: „Við vekjum athygli á að loðnuflotinn hefur stækkað frá s. l. ári um 8—10 þús. burðarlestir. Á sama tíma hefur engin ný verksmiðja tekið til starfa. Á s. l. ári háði takmörkuð vinnslugeta verksmiðja veiðimöguleikum flotans og mun svo verða í enn ríkari mæli á næsta ári.“

Þetta var 2. tölul. í athugasemdum LÍÚ. Við þessu er það svar, að þetta er ekki alls kostar rétt hjá þessum mikilsvirtu samtökum. Þó að fjöldi verksmiðja hafi ekki aukist hafa verið gerðar stórkostlegar endurbætur á þeim verksmiðjum sem fyrir eru. Vinnslugeta þeirra hefur verið stóraukin og jafnframt geymslumöguleiki aflans sem að landi kemur. Auk þess er meginefni frv. það, að skip þetta, sem um er rætt, svo ég endurtaki það einu sinni enn, eigi að landa fjarri aðalveiðisvæðunum, þannig að ekki komi til þess að árekstrar verði við löndunina. Ég bendi á það, í fréttum sjónvarps í gærkvöld eða fyrrakvöld var skýrt frá framkvæmdum við ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði, en það hafa orðið mjög umtalsverðar breytingar á þeim og tæknibúnaði einnig. Sama má segja um Seyðisfjörð, Eskifjörð og Bolungarvík. Á öllum þessum stöðum hefur orðið mjög mikil breyting til hins betra til móttöku loðnuaflans.

Í 3. athugasemd sinni segir LÍÚ: „Ákvæði um heimild til veiði í íslenskri fiskveiðilögsögu eiga ekki heima í lögum um löndun loðnu til bræðslu. Þau lög voru sett að beiðni samtaka útvegsmanna, sjómanna og verksmiðjueigenda til þess að ná betri nýtni á veiðiskip og verksmiðjur, og loðnulöndunarnefnd hefur aldrei verið falið að stjórna löndun á erlendum veiðiskipum. Ef henni verður falið það verkefni er allt það samstarf í hættu, því vér munum ekki kæra oss um að fulltrúar í n. komi nærri því starfi.“

Svo mörg voru þau orð. Nokkru vægar er farið í efnislegar aðfinnslur heldur en þegar mál þetta var síðast á dagskrá hér á þingi, en þá voru hinar stærstu hótanir og hin verstu orð viðhöfð frá þessum samtökum í garð Alþ. ef ekki yrði farið að þeirra till. Það kemur auðvitað engum öðrum hagsmunasamtökum við hvar Alþ. ákveður að staðsetja í lögum vilja sinn. Það verður að fara eftir því sem önnur lög heimila þinginu að gera, og það er þegar fordæmi um að þetta hefur verið samþ. hér á Alþ., í báðum deildum Alþingis, að veita slíka heimild í þeim lögum sem við erum að ræða nú.

Það að kippa manni sínum út úr loðnunefnd fær auðvitað ekki staðist, og hún mun starfa áfram þrátt fyrir það. Ég fæ ekki séð heldur að það eigi að verða neitt samstarf í hættu, vegna þess einfaldlega, og það er nú það skrítna við það, að það er eins og þeir komi ekki auga á eigin hagsmuni eða hagsmuni útgerðarinnar í heild, sem slíkan flota rekur, eða sjómannanna, sem starfa á þessum skipum, því að bættur hagur verksmiðja, meiri afli til úrvinnslu þar og bættur hagur þeirra, þýðir hærra fiskverð til þeirra sem taka sitt frá skipi, bæði áhafna og eigenda.

Í fjórðu athugasemd sinni segir LÍÚ: „Með öllu er óljóst hvernig aðild umrædds skips ætti að vera að því verðkerfi sem hér gildir, t. d. varðandi flutningsstyrk til loðnulöndunanefndar, greiðslu vátryggingaiðgjalda, greiðslu í Stofnfjársjóð fiskiskipa, greiðslu útflutningsgjalda o. fl.“ Vegna þessa og líka að ósk annarra nm. leitaði ég upplýsinga hjá sjútvrn. Rn. bendir á það að sjálfsögðu, að í 1. gr. frv., sem við hér ræðum, sé gert ráð fyrir að þetta skip, eina ákveðna skip, hliti reglum sem sjútvrn. setji, og hvað snertir aðild umrædds skips að verðkerfi því sem hér gildir, þá muni rn. setja þær reglur að skipið muni ekki njóta styrkja eða greiðslna úr neinum sjóða sjávarútvegsins né heldur flutningastyrkja loðnulöndunarnefndar. Skipið mundi einungis fá greitt verð verðlagsráðs fyrir afla sinn og mundi þá einnig njóta sambærilegra greiðslna við greiðslu í stofnfjársjóð eftir nánari reglum sem settar yrðu, en það fé, sem þar safnast upp, er skráð á hvert skip fyrir sig. Auk þess var tekið fram munnlega við mig af ráðh., að það vátryggingagjald, sem skipið ætti að fá ef íslenskt væri, mundi ekki ganga til þess, heldur mundi því verða ráðstafað af sjútvrn. íslenskum sjávarútvegi til hagsbóta því að af nógu væri að taka þar.

Ég þykist þá hafa farið yfir efni þeirra athugasemda, sem hingað hafa borist, og lesið þær veigamestu og svarað þeim.

Niðurstaða sjútvn. þessarar d. varð sú, að meiri hl. hennar, fimm nm., mælir með samþykkt frv., hv. 6. þm. Suðurl. mun skila séráliti, en sjöundi nm., Sighvatur Björgvinsson, hv. 8. landsk. þm., var bundinn við skyldustörf

sín í fjvn. þegar fundur okkar var haldinn og var því fjarverandi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 37. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 36. fundi.

Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. (þskj. 170). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 138). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 229).

Gjaldaviðauki, frv. (þskj. 167). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 231).

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 114, n. 210 og 226). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Virðulegi forseti. Ég skal hafa þetta eins stutt og mögulegt er. Ég sá það í nál. hv. meiri hl. sjútvn., að þar var tilkynnt að ég mundi skila sérnál., vissi það hins vegar ekki fyrr en ég las það í nál. þeirra, en vildi ekki gera hv. formann n., þann ágæta hv. þm. Pétur Sigurðsson, ómerkan orða sinna. Ég settist niður og skrifaði nál. og vil leyfa mér að lesa það hér, með leyfi forseta. Það er hins vegar ekki búið að dreifa því nál. ennþá, það kemur innan tíðar. Nál. er svo hljóðandi:

„Undirritaður minni hl. sjútvn., einn nm., stendur ekki að flutningi þessa frv. Hinir, flm. frv., mæla með samþykkt þess, þrátt fyrir eindregin mótmæli samtaka sjómanna og útgerðarmanna.

Minni hl. n. sér hins vegar ekki ástæðu til að berjast gegn samþykkt þess, þar sem aðeins er um eitt skip að ræða, sem sérstaklega stendur á um, að talsverðum hluta í eigu Íslendinga og með alíslenskri áhöfn; auk þess gilda aðrar og strangari reglur um löndun og afla skipsins, þar sem því á jafnan að vísa til fjarlægra hafna. Megingallinn er hins vegar sá, að skipið nýtur þess í fiskveiðilögsögu EBE að sigla undir dönskum fána, en nýtur þar á ofan sinna íslensku tengsla samkv. þessu frv. í íslenskri fiskveiðilögsögu.

Með tilliti til þess, að nú hefur verið samið við útlendinga um veiðar þó nokkurra loðnuskipa í íslenskri fiskveiðilögsögu um margfaldan afla á við þann sem þetta eina hálfíslenska skip mun taka, sér minni hl. sig ekki knúinn til þess að ganga á móti málinu.

Þrátt fyrir það eru gallarnir nægilegir til þess, að dómi minni hl., að hann getur ekki staðið að samþykkt þess.“

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GF, HES, LárJ, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PS, SigurlB, PBI, TÁ, VH, ÞS, RH.

GS, GilsG, MÓ greiddu ekki atkv.

19. þm. (GHG, GTh, GÞG, IngJ, IG, JóhH, JSk, SkA, KP, LJós, MK, MB, PJ, SighB, SV, SvJ, ÞÞ, BGr, EðS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GF, HES, LárJ, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PS, SigurlB, PBI, TÁ, VH, ÞS, RH.

GS, GilsG, MÓ greiddu ekki atkv.

19 þm. (BGr, EðS, GHG, GTh, GÞG, IngJ, IG, JóhH, JSk, SkA, KP, LJós, MK, MB, PJ, SighB, SV, SvJ, ÞÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 38. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 37. fundi.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 114). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 39. fundur.

Laugardaginn 17. des., kl. 5.35 síðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 232). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur fjarvistarleyfi í dag. Ég mæli því fyrir þessu frv. samkv. beiðni hans, en hann gerði ítarlega grein fyrir þessu máli í ræðu sinni í hv. Nd.

Frv. það, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir að lögfesta 2% sjúkragjald á gjaldstofn álagðra útsvara 1978, en eins og hv. þdm. er kunnugt hefur slíkt gjald verið lagt á s.l. tvö ár, en þá 1%.

Eins og öllum er kunnugt hefur sjúkratryggingakostnaður aukist mjög og eykst mjög á næsta ári, og ég hef í þeim grg., sem ég hef flutt varðandi ríkisfjármálin, fjárl. sem eru nú til meðferðar, gert grein fyrir þessu atriði í sambandi við lausn á þeim vanda sem við er að glíma í fjármálum ríkissjóðs, sem að sjálfsögðu stafar að vissu leyti af því sem ég sagði áðan, miklum kostnaðarauka í tryggingamálum á næsta ári. Er því gert ráð fyrir því í þessu frv. að leggja 2% sjúkragjald á gjaldstofn álagðra útsvara. Með frv. þessu eru þó lagðar til þrjár breytingar frá því sem verið hefur:

1. Að gjaldið sé lagt á af skattstjórum á öllu landinu, en ekki álagningaraðila útsvars eins og verið hefur. Ástæðan er tvíþætt: Annars vegar hefur álagning þessa gjalds dregist sums staðar, þar sem skattstjórar leggja ekki á útsvar, og allt, sem varðar tengsl milli álagningar og innheimtu gjaldsins, hefur reynst þungt í vöfum og erfitt í framkvæmd varðandi þau sveitarfélög þar sem skattstjórar leggja ekki útsvörin á. Hins vegar hefur mismunandi beiting á ívilnunarákvæðum útsvarslaga leitt til ósamræmis milli gjaldenda sjúkragjalds og þá eftir búsetu.

2. Að gjaldið nemi 2% af gjaldstofni álagðra útsvara 1978, eins og ég gat um áðan, í staðinn fyrir 1%, og þar er um að ræða mikinn kostnaðarauka. 1500 millj. kr. umfram það, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Útgjaldaauki vegna útgjalda sjúkratrygginga er þannig 3419 millj. eða 68.2% frá fjárl. yfirstandandi árs, og í heild er áætluð aukning kostnaðar sjúkratrygginga 4722 millj. frá fjárl. 1977, eða um 70%.

3. Gert ráð fyrir að gjaldfrelsismörk verði samræmd. Samkv. núgildandi lögum eru þeir gjaldendur, sem ekki er gert að greiða útsvar, gjaldfrjálsir. Þar sem útsvarshlutfallið er mishátt eftir sveitarfélögum hafa gjaldfrelsismörk sjúkragjaldsins einnig verið mishá. Í sveitarfélögum með 10% útsvar sleppa t.d. hjón við greiðslu sjúkratryggingagjalds vegna útsvarsleysis ef útsvarsstofninn var 165 300 kr. eða lægri, en í sveitarfélagi með 3% útsvar sleppa hjón við sjúkratryggingagjald ef útsvarsstofn þeirra var 605 400 kr. eða lægri. Samsvarandi tölur fyrir einhleyping voru 120 900 og 443 000 kr. Því er lagt til, að þeir verði gjaldfrjálsir sem ekki hefðu greitt útsvar væri það 10% af gjaldstofni útsvara.

Við meðferð málsins í Nd. var samþykkt brtt. við frv. á þskj. 200, viðbót við 2. tölulið 1. gr., að við hann bættist: „Í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1977, 300 þús. og hjá hjónum 500 þús.“ — þannig að þessi mörk eru hækkuð sem þessu nemur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr. og trn. með 12 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 169, n. 211 og 215, 212, 223). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um fjáröflun til vegagerðar. Á fund n. kom Snæbjörn Jónasson vegamálstjóri og gaf skýringar á þeirri hækkun á fjáröflun til vegagerðar sem af samþykkt þessa frv. leiðir. Samkv. því munu markaðir tekjustofnar, þ.e. bensíngjald, gúmmígjald og þungaskattur, hækka um 1500 milj. kr., en samkv. fjárlagafrv. mun enn fremur beint framlag ríkissjóðs hækka um 400 millj. og lántökur um aðrar 400 millj. frá því sem gert var ráð fyrir í vegáætlun fyrir 1978 sem nú gildir. Segja má að lántökur séu einnig beint ríkisframlag því að frá árinu 1972 hefur ríkissjóður tekið að sér greiðslu vaxta og afborgana af lánum til vegagerðar og greitt það utan vegáætlunar. Söluskattur af hækkun hinna mörkuðu tekjustofna mun verða tæplega 240 millj. kr., þannig að með þessu aukna ríkisframlagi og láni hækkar framlag ríkissjóðs meira en þessari söluskattshækkun nemur. Er þar því stigið dálitið skref til móts við þær óskir, að vaxandi hluti tekna ríkissjóðs af bílum og umferð renni til vegagerðar. Heildartekjur samkv. núgildandi vegáætlun fyrir árið 1978 eru áætlaðar 7 milljarðar kr. og var þar gert ráð fyrir 18% verðlagshækkunum frá árinu 1977. Ef miðað er við að verðlagshækkanir verði 30% milli þessara ára, þá ætti samkv. fjárlagafrv. nú að vera um 1½ milljarður sem yrði raunverulega aukið fjármagn til vegagerðar á næsta ári. Virðast allir vera sammála um þörfina fyrir aukið fjármagn til vegagerðar, en aftur á móti skiptar skoðanir um, hvaða leiðir á að fara til að afla þess. En ég hygg, að fátt skili betri arði fyrir greiðendur en það fjármagn sem varið er til að gera vegina betri.

Í aths. við 3. gr. frv. kemur fram, að með ákvæði 2. mgr. geti ráðh. ákveðið með reglugerð

að áfallnar dagsektir innheimtist, enda þótt sú athöfn, sem knýja átti fram með dagsektum, hafi síðar verið framkvæmd. Til skýringar þessu atriði skal tekið fram, að samkv. gildandi reglum um innheimtu bifreiðagjalda skal leggja á dagsektir vegna vanrækslu á að koma bifreið til álesturs ökumælis á tilskildum tíma. Samkv. þessari reglugerð eru tvenns konar ákvæði, sem heimila undanþágu frá greiðslu dagsekta. Annars vegar er í 10. gr. heimilt að veita undanþágu frá álestri fyrir fram, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. veikindi eða ófærð. Beiðni um slíka undanþágu þarf að berast innheimtumanni fyrir lok álesturstímabils. Fallist innheimtumaður á beiðnina kemur auðvitað ekki til álagningar dagsekta. Hins vegar er heimild í sömu grein til niðurfellingar þegar álagðra sekta, ef gjaldandi færir fram sérstakar ástæður fyrir því, að ekki var komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma. Getur innheimtumaður fellt niður sektina, ef erindi berst næstu tvær vikur eftir að álesturstímabili lýkur, en eftir þann tíma er áskilið samþykki fjmrn. við því, að t. d. veikindi umráðamanns bifreiðar eða bilun á ökutæki geti leitt til niðurfellingar. Ákvæðinu í frv. til breytinga á lögum um fjáröflun til vegagerðar er ekki ætlað að hafa áhrif á þessar undanþágur. Tilgangur þess er sá einn að koma í veg fyrir að álagðar sektir falli sjálfkrafa niður án tillits til aðstæðna ef umráðamaður bifreiðar kemur síðar með hana til álesturs, en dómur Hæstaréttar í XIV. bindi hæstaréttardóma, bls. 339, bendir til að svo sé að óbreyttum lögum. Þessari breytingu er ætlað að auka áhrif dagsekta og hvetja til að umráðamenn bifreiða láti almennt koma með bifreiðar til álesturs á tilteknum tíma, en henni er ekki ætlað að hafa áhrif á niðurfellingu sekta ef sérstaklega stendur á.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt, en minni hl. mun skila séráliti, og Albert Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins. Í ljós hefur komið að í frv. hefur fallið niður ein setning úr núgildandi lögum að gjald megi vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar, og leggur meiri hl. fjh.- og viðskn. til á þskj. 223 að þessari setningu verði bætt inn í frv.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. gat um, varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við í minni hl. leggjumst raunar ekki gegn frv. nema að því leyti til, að við teljum ekki viðeigandi að ríkissjóður eigi færi á því að taka meira fé vegna þessarar hækkunar en hann þegar gerir í formi aukins söluskatts. Við skilum sérstöku nál. og við skilum einnig brtt. á þskj. 212, þar sem lagt er til, að söluskattur, sem lagður kunni að verða á gjald þetta, skuli renna í Vegasjóð. Í nál. okkar kemur fram, að við teljum að þegar ríkissjóður hafi svo mikið af umferðinni, sem er rétt um ⅔ hlutar af þeim tekjum er umferðin er skattlögð um, eigi ekki að halda lengra, heldur breyta dæminu og tryggja Vegasjóði meira fjármagn.

Það væri hægt að hafa um þetta frv. og vegamál í heild langt mál, en við ríkjandi aðstæður og tímaskort svo síðla á þessum degi ætla ég ekki að gera það. En ég vara við því, að ef til bensínhækkunar kemur samkv. heimild í lögum vegna vísitöluhækkana, hagnast ríkissjóður alltaf jafnt og þétt á því með sínu hlutfalli út úr söluskatti. Það gengur ekki. Margir eru á því, að það sé þegar of mikið ef ríkissjóður tekur helming af þeim gjöldum, sem umferðin skapar ríkissjóði möguleika á, en hér hefur verið svo undanfarið, að ríkissjóður tekur um ⅔. Allir þm. eru sammála um, að gera þarf stórátak til að lagfæra vegi um allt land, og til þess þarf auðvitað mikið fjármagn. Þess vegna erum við ekki á móti hækkuninni, en við deilum um hvernig hún á að skiptast.

Það er með eindæmum — ég fullyrði það — hversu miklir skattar eru á nýjum bifreiðum á Íslandi og hef ég sagt það áður í ræðustól á hv. Alþ., að ég tel allt of langt gengið. Ég tel að bifreiðarnar eigi ekki að skattleggja svo óskaplega þegar innkaup eru gerð á nýjum bifreiðum, tel að bifreiðin sé orðin óhjákvæmileg flestum fimm manna fjölskyldum í landinu og vegna vinnu þúsunda manna verði þeir að hafa bíl til að komast leiðar sinnar. Einnig er það staðreynd, að fólkið úti um allt land vill fá betri vegi og verður að fá betri vegi. Þess vegna er sú krafa rökrétt og réttmæt, að sem mest af því fjármagni, sem umferðin gefur, renni í vegagerð og gerð varanlegs slitlags.

Í sameinuðu þingi liggur fyrir till. frá tveimur hv. þm. Annar þm. er frsm. meiri hl. nú, hv. 4. þm. Suðurl. Ég lýsti mig mjög eindreginn stuðningsmann þessarar till. þeirra tvímenninganna að gera sérstakt átak í því að leggja það sem við köllum varanlegt slitlag eða bundið slitlag á sem mest af þjóðvegum úti um land. Ég harma að ekki skuli hafa komið fram yfirlýsingar frá hæstv. ráðh., þar sem hann styður efnislega framgang þessarar till. Vonandi fær till. byr í sameinuðu þingi, og vonandi getum við tryggt Vegasjóði réttmætan hluta þess gjalds sem umferðin gefur, því að annars förum við heldur aftur á bak í vegagerðinni vegna verðbólgu og vegna aukinnar bifreiðanotkunar úti um allt land.

Ég vil undirstrika þá till. okkar í minni hl., að þetta frv. gefi Vegasjóði allar þær tekjur er það gerir ráð fyrir, en ríkissjóður fá ekki krónu vegna frv.

ATKVGR.

Brtt. 212 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 223 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 40. fundur.

Laugardaginn 17. des., að loknum 39. fundi.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 227 (sbr. 169)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur 2. umr. málsins, þar sem ég var bundinn á öðrum fundi, og átti þess vegna ekki þess kost að koma með aths. þá við frv. Ég gæti að sjálfsögðu margt um þetta mál sagt og um fjáröflun ríkissjóðs til vegamála, en það er ekki það sem ég mun gera hér að umræðuefni, enda gefst að sjálfsögðu tími til þess þegar vegáætlun verður rædd hér síðar í þinginu.

Ég ætla að gera grein fyrir skriflegri brtt. sem ég flyt við 3. gr. frv. og verður ekki talin hápólitísk að efni. Þar er um að ræða að verið er að lauma inn með öðrum og miklu mikilvægari og stórfelldari ákvæðum, sem fyrst og fremst fjalla um fjármál, ákvæðum sem varða innheimtu dagsekta og eru á þann veg, að ég get alls ekki orða bundist.

Það, sem hér er um að ræða, er í fyrsta lagi það ákvæði 3. gr., að hægt sé að leggja á dagsektir ef menn draga það að koma með bifreið til álesturs, — bifreið sem á að koma til álesturs vegna kílómetramælis í tengslum við dísilvél bifreiðarinnar, hægt sé að leggja á dagsektir án þess að þeir fái nokkra tilkynningu um að álagning dagsekta sé hafin. Þeir geta því verið algerlega í góðri trú um rétt sinn. Kannske hafa þeir ekki tekið eftir þeirri auglýsingu sem birt hefur verið í blöðunum um að þeir eigi að koma með bíl sinn til skoðunar á ákveðnum tíma, og ef þeir gera það ekki skal falla á þá dagsekt sem getur orðið tugir þús. kr. á skömmum tíma, án þess að þeir geri sér nokkra grein fyrir því sjálfir að dýrara verður með hverjum deginum að draga það að koma með bílinn til álesturs. Þetta er í hrópandi mótsögn við íslenskar réttarvenjur, íslenskar reglur um févíti og dagsektir.

Í öðru lagi tel ég það algera óhæfu, sem kemur fram í 3. gr. frv., að innheimta dagsekta skuli ekki falla niður, jafnvel þótt álestur fari síðar fram, eins og þar segir, því að þetta er einmitt grundvallarregla íslensks réttarfars í sambandi við févíti, að þegar menn hafa fullnægt þeirri skyldu, sem févítinu var ætlað að knýja þá til, fellur févítið niður. Ég vil, ef menn trúa ekki orðum mínum einum, leyfa mér að vitna í orð núv. hæstv. dómsmrh., þáv. prófessors í lögum, Ólafs Jóhannessonar, en hann fjallar einmitt um þetta í bók sinni, Stjórnarfarsréttur, á bls. 266. Hann segir í fyrsta lagi varðandi fyrra atriðið, sem ég gerði hér að umtalsefni:

„Yfirvaldi ber að taka sérstaka ákvörðun um févíti í hverju einstöku falli, þ. e. ákvörðun þess verður að miðast við ákveðna skyldu og tilgreindan aðila. Þá ákvörðun verður síðan að tilkynna þeim aðila sérstaklega.“

Þetta er alveg ljóst. Þannig er reglan í sambandi við öll févíti, allar dagsektir sem eru lagðar á hér á landi í öllum öðrum tilvikum. En hér á að koma því á, að yfirvöld geti bara auglýst í einhverju dagblaði að þeir, sem ekki hafi komið með bílinn sinn á ákveðnum tíma, fái á sig dagsektir. Menn kunna að vera erlendis, menn kaupa e. t. v. ekki viðkomandi blöð eða á annan hátt kann þessi tilkynning að fara fram hjá þeim, og þá safna þeir á sig tugþúsunda króna skuldum á tiltölulega skömmum tíma án þess að hafa nokkra hugmynd um. Þetta er óhæfa, þetta ber að afnema.

Um hitt atriðið, sem ég geri hér að umtalsefni, farast hæstv. dómsmrh. og þáv. prófessor svo orð: „Ef þeirri skyldu, sem um er að tefla, er fullnægt innan tilskilins frests, kemur ekki til greiðslu févítis. Það hefur þá ekki fallið á skyldutegn. Ljóst er enn fremur, að fullnusta hvenær sem er stöðvar frekara áfall dagsekta. Spurning er hins vegar, hvernig fara skuli með áfallnar eða óinnheimtar dagsektir eða annað févíti, þegar skyldu er fullnægt. Hér hefur vanræksla átt sér stað og hafa því dagsektir eða aðrar þvingunarsektir fallið á um lengri eða skemmri tíma. Á að láta innheimta eða afplána áfallið févíti, þrátt fyrir það að fullnusta hefur farið fram, eða á áfallið en óinnheimt févíti að falla niður, þegar skyldu er fullnægt, þótt slíkt eigi sér ekki stað fyrr en löngu eftir tilskilinn tíma? Ef litið væri á févíti sem refsingu, mundi fyrri leiðin vera rökréttari, þ. e. fullnusta skyldunnar ætti ekki að skipta máli um áfallið févíti. Það ætti þá engu að síður að innheimta eða afplána. Yfirvaldsboðinu hefur verið óhlýðnast um lengri eða skemmri tíma — brot hefur verið framið — til refsingar hefur verið unnið. Ef gefa ætti upp sakir við fullnustu skyldunnar, án þess að aðstæður hverju sinni væru athugaðar, mætti orða, að óhlýðni væri gefið undir fótinn. Sé hins vegar litið á févíti sem þvingunarráð, koma nokkuð önnur sjónarmið til greina. Þá verður fyrst og fremst litið á það, hvor reglan er líklegri til árangurs í því einstaka falli, þ. e. hvort stuðlar betur að því, að markmiði févítis — að knýja fram efndir tiltekinnar skyldu — verði náð. Til þess er síðari kosturinn líklegri.“

Síðan rekur höfundur þessarar bókar, prófessor Ólafur Jóhannesson, einn hæstaréttardóm sem hefur fallið um þetta efni. Í undirrétti féll hann svo, að sá, sem unnið hafði til févítisins, átti að greiða dagsektirnar. Hér var um að ræða það, að húsaleigunefnd Reykjavíkur skipaði ákveðnum aðila að viðlögðum 100 kr. dagsektum að breyta ákveðnu húsnæði. Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu, segir prófessor Ólafur Jóhannesson. Í dómi Hæstaréttar segir:

„Telja verður það meginreglu í íslenskri löggjöf, að ákvæði dóms eða úrskurðar um dagsektir á hendur aðila verði ekki fullnægt, hvorki með aðför né afplánun, ef því er að skipta, eftir að hann hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti hann til með dagsektum, sbr. 2. mgr. 193. gr. l. nr. 85/1936 og áður 4. gr. l. nr. 13/1925.“

Samkv. þessu felldi Hæstiréttur hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og prófessor Ólafur Jóhannesson heldur áfram: „Á þessa niðurstöðu Hæsta-

réttar má fallast. Verður að telja hana eðlilega, þegar litið er á févíti sem þvingunarráð. Það verður því talin regla íslensks réttar, að févítisákvæði í yfirvaldsúrskurði verði ekki fullnægt, eftir að skylduþegn hefur gegnt þeirri skyldu, sem knýja átti hann til með févíti. Líklega verður sama regla að gilda, þótt skyldu sé eigi fullnægt fyrr en eftir að fjárnám hefur verið gert fyrir févíti, en áður en sala fjárnuminna verðmæta fer fram. Þó er sú regla alls ekki vafalaus."

Sem sagt, hér er verið að setja inn í 3. gr. þessara laga ákvæði, sem Hæstiréttur hefur komist að niðurstöðu um að sé gagnstætt meginreglu íslenskra laga og prófessor Ólafur Jóhannesson, sem hefur ritað þá kennslubók sem er notuð enn í dag um þessi efni, telur að ótvírætt sé ekki í samræmi við reglur íslensks réttar. Ég vildi benda mönnum á þetta, vegna þess að ég efast ekki um að þetta hefur farið fram hjá flestum og menn ekki áttað sig á því, að hér væri um algerlega óeðlilega lagasetningu að ræða.

Það, sem hér er að gerast, er einfaldlega það, að embættismönnum, var falið að semja frv. um bensíngjald, var falið að gera till. um, hvað þyrfti að hækka bensíngjald mikið, og semja frv. um það efni. Þá er smeygt inn í frv. ákvæðum sem eru í fyrsta lagi bersýnilega ósanngjörn og í öðru lagi í algerri andstöðu við íslenskar réttarvenjur. Ég vil þess vegna mjög eindregið fara þess á leit við fjh.- og viðskn., sem fjallaði ekki um þetta efni í morgun, vegna þess hversu skammur tími var þá til stefnu og vegna þess að mér láðist að koma með þessa ábendingu á þeim fundi, að hún athugaði brtt. núna. Ég ræddi þetta á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. ekki alls fyrir löngu og hélt að kannske hefði verið eitthvert tillit tekið til þeirra ábendinga, en það hefur ekki orðið af einhverjum ástæðum, og er ég að vona að þar hafi einungis verið um athugunarleysi að ræða. Brtt. mín er á þessa leið, þ. e. brtt. við það frv. sem hér er til umr.:

„1. 3. gr. 2. mgr. 2. málsl. orðist svo:

Þá getur ráðh. ákveðið með reglugerð, að það varði eiganda eða umráðamann bifreiðar dagsektum allt að 10 þús. kr. á hverju tímabili, ef eigi er komið með bifreið eða vagn til álesturs, tilkynna ber hverjum og einum að févíti verði á hann lagt og frá hvaða tíma".

2. 3. málsl. 2. mgr. 3. gr.: „Skal innheimta þessara dagsekta ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram", fellur niður.

Þarna er um að ræða tvö atriði, eins og hefur komið fram hjá mér. Ég flyt þau í tvennu lagi, vegna þess að það kann að vera að menn geti samþykkt annað atriðið þó að þeir séu ekki reiðubúnir til að fallast á hitt atriðið. Ég tel að setja verði dagsektum eitthvert hámark, allsendis ófært sé, að ráðh. sé ekki einhver takmörk sett með það, hvað dagsektir geta numið hárri fjárhæð á ákveðnu tímabili. Í öðru lagi tel ég, — og er sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram hjá núv. hæstv. dómsmrh., Ólafi Jóhannessyni, þáv. prófessor, sem hefur ritað glögglega um þetta efni í sinni bók. Stjórnarfarsrétti, — að það beri að tilkynna hverjum og einum að févíti hafi verið á hann lagt og allt annað séu réttarspjöll.

Þá tel ég, að þessi setning: „Skal innheimta þessara dagsekta ekki falla niður enda þótt álestur fari síðar fram" — verði að hverfa úr þessu frv. í fullu samræmi við öll önnur févítisákvæði íslenskra laga og í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar um þetta efni og í samræmi við álit fræðimanna um þetta efni. Ég flyt um það samt sem áður sérstaka till., vegna þess að það kann að vera að einhver væri reiðubúinn til þess að fallast á tilkynningarskylduna, enda þótt hann væri ekki reiðubúinn til þess að fallast á síðara atriðið.

Ég leyfi mér að afhenda forseta þessar brtt. og vonast til þess að hann láti þessari umr. ljúka á mánudag, þannig að tækifæri gefist til að prenta brtt. og athuga þær í nefnd.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 228) samþ. með 13 shlj. atkv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Eins og kom fram í máli hv. þm. Ragnars Arnalds, þá komu til umr. á sameiginlegum fundi n. þau ákvæði sem hann gerði að umtalsefni. Þar sem mér fannst koma fram að þær ábendingar, sem hann var þar með, hafi ekki verið athugaðar frekar, þá vil ég geta þess, að það var gert og við fengum minnisatriði um það. Einnig fékk ég á minn fund í dag embættismann frá fjmrn. til að útskýra þessa hluti nánar. En ég vil gjarnan verða við því að athuga þetta mál frekar. Það hefur verið boðaður fundur í n. á mánudagsmorgun, og þess vegna vildi ég að þessari umr. yrði frestað og okkur ynnist tími til að athuga þetta atriði betur.

Ég er ekki löglærður maður og lögskýrandi, en hins vegar hygg ég að það sé ekki einsdæmi að dagsektir falli á án tilkynninga. Ég vil leyfa mér að minna á söluskatt og launaskatt. Þar eru ákveðin ákvæði, að ef ekki er greitt á ákveðnum gjalddaga, þá falla á sektir án þess að tilkynning sé send út um það. Það eru því ákveðin fordæmi fyrir þessu.

Mér er alveg ljóst, að í sambandi við innheimtu á hlutum sem þessum þurfa að vera nokkuð ákveðin atriði, þótt þar þurfi vissulega að gæta allrar sanngirni. Þeir, sem búa við það að eiga bensínbifreið, þurfa að greiða sinn skatt um leið og þeir taka bensín á bíl sinn. Þess vegna er eðlilegt að ströng ákvæði gildi einnig um aðra innheimtu.

En ég vil gjarnan að við athugum þetta atriði enn frekar og fáum á okkar fund þá aðila sem hafa staðið að því að semja þessar greinar, svo að við getum fengið botn í þetta mál.

Umr. frestað.

Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. (þskj. 170). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 170 er frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hér er eitt af þeim frv. sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. nú í sambandi við afgreiðslu fjárl. og gerð hefur verið grein fyrir í þeim umr. sem fram hafa farið við 2. umr. fjárl. Þetta frv. fjallar um skyldusparnað, sem gert er ráð fyrir að verði árið 1978 lagður á tekjur ársins 1977, eins og kveðið er á í 1. gr. frv., og er ætlað að veiti ríkissjóði aukið ráðstöfunarfé um 1 milljarð, sem færðist þá á lánahreyfingareikning. Fjalla 1.—4. gr. frv. um skyldusparnaðinn og með hvaða hætti hann skal á lagður.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að lagt verði á flugvallargjaldið álag sem nemur 100% á árinu 1978, og gert ráð fyrir að það auki tekjur ríkissjóðs á árinu um 300 millj.

Í 6. gr. er ríkisstj. veitt heimild til að ákveða á árinu 1978, að gjald af gjaldeyris- og innflutningsleyfum verði allt að 2% af þeirri fjárhæð sem leyfin hljóða um. Ríkisstj. ákveður hvernig gjaldi þessu skuli ráðstafað. Gert er ráð fyrir að það gefi ríkissjóði um 200 millj. kr. í tekjur á árinu 1978.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv., en vísa til þess, sem ég hef áður sagt, svo og grg. Leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ákvæði þessa frv., sem hér er til umr., stefnir að því að lögbjóða að þegnarnir leggi af mörkum aðstoð við þjóðfélagið, þar sem það á í vissum erfiðleikum, með því að inna af hendi sparnað sem nánar er tilgreindur í þessu frv. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þá stefnu, sem kemur fram í þessu frv., og mun fylgja því. Aðeins fannst mér rétt á þessu stigi málsins að vekja athygli á 1. gr. frv., þar sem segir: „og ekki eru orðnir 67 ára fyrir 1. jan. 1978".

Í þjóðfélagi eins og okkar, þar sem við búum við jafnvíðtækt almannatryggingakerfi og hér ríkir samkvæmt ákvæðum laga þar að lútandi, þar sem engar hömlur eru settar á það, hvað snertir efnahag einstaklinganna, að þeir njóti þeirra hlunninda sem ákveðin eru í lögum um almannatryggingar — menn njóta þar allra réttinda hvað snertir greiðslu sjúkrakostnaðar, slysatrygginga og ellilífeyris — fæ ég ekki skilið að nokkur sanngirni mæli á móti því, að allir þegnar þjóðfélagsins, þegar svo er ástatt eins og nú er, taki þá ekki einnig þátt í því að inna þá skyldu af hendi sem rætt er um í þessu frv. Ég get ekki séð að nein ástæða sé til þess að hlífa manni við eða undanþiggja hann þeirri þjóðfélagsskyldu að koma til hjálpar ef þörf er á, þó að hann sé orðinn 67 ára eða eldri. Allar aðstæður þessa einstaklings geta verið á þann veg, að honum er miklu léttara að inna þessa skyldu af hendi en kannske yngri manni í þjóðfélaginu.

Ég verð að segja að oft hefur það komið mér í hug að taka hæri til gagngerðrar athugunar, hvort ekki ætti að lofa ungu fólki að koma sómasamlega undir sig fótunum efnahagslega séð áður en er farið að taka fulla skatta af því, því að oft vill einmitt svo verða, að þó að menn á unga aldri hafi miklar tekjur standa þeir líka í miklum og kostnaðarsömum framkvæmdum við að byggja upp heimili sín, koma sér upp húsnæði og ýmsu fleira. Hjá flestum er svo komið, að þegar þeir eru komnir á vissan aldur hafa þeir lokið þessu hlutverki, þannig að þeir eru oft miklu frekar þess umkomnir að inna af hendi slíka skyldu eins og til að mynda ræðir um hér í þessu frv. en þeir sem yngri eru.

Ég vil því leyfa mér að óska eftir því, að það yrði athugað í þeirri n., sem fær þetta frv. til athugunar, að gera breytingu á þessu frv. í þá átt sem ég hef verið að ræða um, því að ég tel að þær ábendingar, sem ég hef verið að koma með hér, séu á sanngirni reistar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil segja það, að mér kom það óþægilega á óvart að hv. 2. þm. Norðurl. e. skyldi lýsa ánægju sinni með þá stefnu sem þetta frv. til laga um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum markar. Ég vil á móti lýsa hryggð minni yfir að fjármál þjóðarinnar skuli vera svo bágborin að grípa þarf til þess að taka fjárráð að hluta af frjálsu fólki. Ríkissjóður sjálfur neitar að standa skil á vöxtum, þó svo að einstaklingar og fyrirtæki eigi inni hjá ríkissjóði, og á sama tíma rukkar ríkissjóður eða skattheimtan vexti og dráttarvexti af því sem sami einstaklingur skuldar, þannig að það er ekki sama hvort það er Jón eða séra Jón sem um er að ræða.

Það, sem ég er óánægður með að sjá í þessu frv., ætla ég að leyfa mér að lesa hér. Það er þá fyrst — og hleyp ég þá yfir talsverðan part í upphafi 1. gr. — með leyfi forseta, en þetta stendur hér:

„Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðað við vinnuframlag þeirra hefðu orðið ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila."

Þetta er stefna sem ég get ekki fellt mig við. Ég lýsi andstöðu við bæði yfirlýsingar 2. þm. Norðurl. e. og frv. ríkisstj. sem hér liggur fyrir.

Það segir svo í síðustu mgr. á bls. 1:

„Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust á reikningum til 1. febr. 1984, en með verðtryggingu samkv. 2. gr."

Af hverju á ríkið að þvinga fólk til þess að láta af hendi í skyldusparnað 10% af launum sínum, ef það nær að vinna sæmilega fyrir sér, og ríkið síðan að visu að verðtryggja það, en standa ekki í skilum með eðlilega vexti eins og ríkisbankarnir greiða af bundnu fé? Hér er ríkissjóður í sínum fjárhagsvanda að reyna að fá ódýrara fé með lagasetningu en hann hef-

ur aðgang að á frjálsum markaði, við skulum segja að hann fengi lán í bönkum, eins og hver og einn verður að gera ef hann þarf á því að halda. Ríkissjóður er hér með lögum að svipta ákveðna aðila sjálfsforræði yfir hluta af sínum ráðstöfunartekjum eftir að það hefur greitt sín opinberu gjöld og staðið í skilum við þjóðfélagið.

Síðan kemur hér í 2. gr., með leyfi forseta, svo hljóðandi: „Þann 30. jan. 1984 greiðir ríkissjóður verðbætur á höfuðstól í hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. jan. 1979 til 1. jan. 1984.“ Síðan kemur: „Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. jan. 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. jan. næsta ár á eftir fullnaðarskilum.“

Segjum sem svo, að smáhluti af heildarupphæðinni sé ógreiddur, við skulum segja 10% ógreitt þá skal 90%, sem greitt hafði verið fyrir rétlan gjalddaga, vera vaxtalaust í heilt ár. Þetta ásamt mörgu öðru í þessu frv. er hrein fjarstæða, og ég er hissa að ríkisstj. skuli leyfa sér að leggja slíkt frv. fram.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, vegna þess að ég veit að nú fer hv. þm. að svengja. En ég vil þó koma hér nokkrum aths. á framfæri varðandi þetta frv.

Ég tel að sú hugsun að leggja skyldusparnað á hátekjur sé hárrétt, og ég er því samþykkur þeirri grundvallarhugsun sem fram kemur í þessu frv. Hér er ekki verið að leggja byrðar á lágtekjufólk og ekki heldur á fólk með miðlungstekjur, heldur einungis á hátekjumenn, og þegar haft er í huga að þessi byrði felst í því einu að menn eru látnir lána samfélaginu með fullri verðtryggingu 10% af þeim launum sem umfram eru ákveðið tekjulágmark, sem er satt að segja býsna hátt, þá tel ég að það sé fullkomlega sanngjarnt og eðlilegt.

Það er hins vegar svo, að þetta gjald er ekki lagt á alla. Sumir sleppa við að greiða þetta lán til ríkisins. Hv. þm. Jón Sólnes hefur þegar getið um einn hóp sem sleppur undan því að greiða þetta gjald, en þar er um aldraða að ræða, þá sem orðnir eru 67 ára. Færa má rök bæði með og móti því, að þeir séu undanskildir. Ég ætla út af fyrir sig ekki að gera það atriði að umtalsefni. Ég hef minni áhyggjur af því, vegna þess að ég þykist vita að þar sé um tiltölulega litlar upphæðir að ræða samanlagt. Þessi hópur, fólk sem er 67 ára og eldra og hefur þetta miklar tekjur, sá hópur er ekki stór. En ábending hv. þm. er hins vegar út af fyrir sig ekki út í bláinn. Það er í sjálfu sér ekki óskynsamlegt, sem hann segir, að frekar beri að hlífa yngstu kynslóðinni, sem er að koma undir sig fótum, heldur en þeirri elstu, sem væntanlega hefur komið sér sæmilega fyrir, vegna þess að hér er aðeins um að ræða hátekjufólk meðal aldraðra. Hér er ekki verið að níðast á lágtekjufólki í þeirra hópi. En þetta er ekki það sem ég tel mestu máli skipta í þessu sambandi. Þetta er smærra atriði frá mínu sjónarmiði séð. Hitt finnst mér miklu alvarlegra, að stór hluti þeirra aðila, sem mestar tekjurnar hafa, er algerlega undanþeginn þessari skyldu.

Um 3000 aðilar í þjóðfélaginu greiða tekjuskatt og hafa verulegar tekjur, en eru þó gersamlega undanþegnir því að þurfa að gjalda nokkuð til skyldusparnaðarins. Þar á ég við allan atvinnureksturinn í landinu, þann atvinnurekstur sem rekinn er í félagsformi. Tekjur, sem stafa af rekstri sem rekinn er í eigin nafni, lenda í skyldusparnaði, en tekjur, sem félagsrekstur hefur sannanlega, sleppa algerlega. Og þarna er ekki um neinar smáræðisfúlgur að ræða. Ég gæti trúað því, svona fljótt á litið, að ríkissjóður gæti fengið 500—600 millj. kr. í aukinn skyldusparnað með því að leggja þetta einnig á atvinnureksturinn, því þó að atvinnurekstur sé að vísu að stórum hluta tekjuskattslaus, líklega upp undir helmingurinn af fyrirtækjum í félagsformi sem algerlega sleppur við að greiða tekjuskatt eða greiðir óverulegan tekjuskatt, þá munar þrátt fyrir allt svolítið um það sem hinn hlutinn greiðir, og ég held að það sé alveg ástæðulaust að láta þær tekjur sleppa undan þessum skyldusparnaði og engin ástæða til þess að þetta tekjuskattsákvæði snerti einungis, eins og segir í 1. gr., alla menn sem tekjuskattskyldir eru. Auðvitað á það að snerta alla lögaðila sem geta lent í tekjuskatti.

Ég vil láta þess getið til viðbótar, af því að um þetta er ekki margt fleira að segja og ég mun gera nánari grein fyrir hugmyndum mínum um þetta efni við 2. umr. málsins og þá væntanlega flytja brtt. í þessa átt, en um annað efni frv. vil ég segja það eitt, að ég tel mjög óeðlilegt að hér sé lagt á aukið flugvallagjald sem renni í ríkissjóð vegna margvíslegra útgjalda ríkissjóðs. Ég tel að flugvallagjald eigi að leggja á til þess að hraða uppbyggingu flugvalla í landinu og bæta öryggisbúnað á hinum ýmsu flugvöllum. Miðað við það, hve þörfin á því sviði er gífurleg, tel ég afskaplega óeðlilegt að fjmrh. skilist í þennan tekjulið bara til að fylla einhverjar glufur sem skapast hafa í fjárlagadæminu hjá honum. Ég er sannfærður um að í öllum nálægum löndum, þar sem flugvallagjald er innheimt, rennur það í ákveðna sjóði sem síðan er varið til að bæta flugvelli eða annað það sem snertir flugumferð. Ég er viss um að þetta er einsdæmi, að nú eigi öðru sinni í tíð þessrar ríkisstj. að fara þá leið að leggja skatt á flugumferð án þess að það verði flugmálum til styrktar. Ég er því mótfallinn þessu ákvæði í óbreyttum búningi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 114 er þetta frv. flutt af sjútvn. Nd. Ég veit ekki hvort sá aðili, er á beinna hagsmuna að gæta í þessu máli, hefur komið á fund allra sjútvn.-manna í Ed., en hann talaði við mig og lét það í ljós að hann byðist til að þetta skip sigldi á Norðurlandshafnir. Ég gat þess í ræðu í sambandi við annað vandamál, atvinnuleysi á Þórshöfn, að rétt væri að slá tvær flugur í einu höggi, tryggja verksmiðjunni nægilegt fjármagn og koma henni í rekstrarhæft ástand án tafar og láta einnig þetta skip landa fyrir norðan. Nú kann vel að vera að skipið kynni að afla það mikið, þar sem hér er um afburðaskipstjóra að ræða íslenskan, íslenska áhöfn og skipið stórt, að það gerði meira en að fullnægja afkastagetu á Þórshöfn, en engu að síður tel ég það meginatriði í þessu frv. og á þessu stigi nokkurn veginn forsendu fyrir mínum stuðningi, að Norðurlandshafnir hafi algeran forgang.

Ég er ekki ánægður með orðalagið eins og 1. gr. er og vil því óska þess, að formaður sjútvn. Ed. kynni sér málið áður en til nefndarfundar kemur, svo að afgreiðsla málsins tefjist ekki. Það er ekki mín meining með þessum aths. að tefja málið. En ég vil fá skýringu á því, hvers vegna orðalag frv. er eins og raun ber vitni, því að hér er ekki orðað í sama farveg eins og þegar viðkomandi skipstjóri og eigandi skipsins, sem er íslenskur, talaði við mig, þegar hann var að falast eftir stuðningi við frv. sem fæli í sér þennan möguleika fyrir skipið.

Hér er að vísu gerð undantekning frá mikilvægu ákvæði um fiskveiðilögsögu Íslands, en með tilliti til allra aðstæðna tel ég rétt að frv. haldi áfram. Ég vil samt hafa á hreinu að þetta skip þjóni þeim svæðum, sem minnsta eiga möguleika á löndun. Hægt er að útvega um það gögn með stuttum fyrirvara, hvernig loðnulöndun hefur dreifst á hafnir fyrir norðan, og gerðar hafa verið um það ályktanir á Siglufirði fyrr, að þeir væru þar afskiptir með löndun á vetrarvertíð.

Sumir segja, að sjálfsagt sé að loðnunefnd geti haft þetta vald til að ráðstafa skipinu, en það er ekki svo einfalt, vegna þess að menn verða að hafa það í huga að flotinn hefur, a. m. k. varðandi afkastagetu, verið stækkaður að mínu mati sennilega um fimmtung og á næstunni eru að koma enn stærri skip. Búið er að breyta togurum og nýtt skip er að koma með 1000 tonna burðargetu núna á næstu dögum til landsins. Allar verksmiðjur — að mínu mati — frá Seyðisfirði að Bolungarvík verða því fyrr eða síðar kaffærðar. Það er ekki á valdi nokkurra manna í loðnunefnd að fara að úthluta einu erlendu skipi einhvers staðar plássi, þar sem veiði á einum sólarhring getur hæglega verið 15—20 þús. tonn og siglingageta þessara skipa er mikil, — það hefur sýnt sig núna undanfarið, að þeir fara mjög létt með það, skipstjórarnir, að flytja aflann miklu lengri vegalengd en hér yrði um að ræða. Þess vegna vil ég hafa það á hreinu að aðallöndunarsvæðið og e. t. v. það eina ætti að vera á höfnum fyrir norðan.

Ég óska sem sagt eftir því, því að nú er naumur tími til afgreiðslu, að formaður n. komi með skýringu á því, hvers vegna þetta var ekki orðað eins og viðkomandi aðili bað um í einkasamtölum.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að upplýsa það strax, að þetta frv. er ekki flutt af sjútvn. Nd., heldur af öllum þm. úr sjútvn. Nd. sem þmfrv., að einum þm. undanskildum, sem skilaði við lokaafgreiðslu málsins séráliti, sem þegar hefur verið prentað og útgefið.

Í þeim viðtölum, sem skipstjóri þessa skips átti við mig um þetta mál, hefur hann sagt, að hann hafi boðist til þess við viðkomandi yfirvöld að landa þar á landinu sem loðnunefnd segði honum að landa, þ. e. a. s. hvar á landinu sem væri. Ég tel það vera mjög óhyggilegt varðandi þetta eina skip umfram þá viðbót, sem þegar er komin af erlendum skipum í íslenska landhelgi með einróma samþykkt Alþ., að þetta skip verði bundið við Norðurland eitt. Það er að mínu viti alrangt.

Hv. ræðumaður, 1. landsk. þm., minntist sérstaklega á Þórshöfn. Mér er sagt af kunnugum mönnum, að á því sé mjög mikill vafi, hvort skipið, sem hér er til umr., fljóti þar inn, ef fullfermt væri, þannig að ákaflega óhyggilegt væri svo að ekki sé meira sagt, að binda skipið við eina slíka höfn, þar sem ekki er fullkomið öryggi talið á því, að það flyti inn á öllum tímum sólarhrings með fullfermi. Ég hygg enn fremur, að ef loðnunefnd eða yfirvöld, sem stýra flotanum til löndunar, segja þessu skipi að landa hér eða annars staðar, verði það gert, því að skipstjórinn hefur lýst því yfir, að hann væri reiðubúinn til að fella sig við það, eins og reyndar önnur skip, sem loðnuveiðileyfi hafa, hafa orðið að gera. Hann hefur m. ö. o. lýst því yfir, að hann sé reiðubúinn til að hlíta öllum þeim takmörkunum sem settar verða um þessar landanir. En að binda það í lögum, að ákveðið tiltekið skip megi ekki landa nema í ákveðnum landshluta, teldi ég vera alrangt og a. m. k. af hálfu hv. Alþ. lágmark að fyrir því verði séð, að skipið fullfermt fljóti þar að bryggju sem því væri sagt að landa hverju sinni. Ég held þess vegna, að deilan sé raunverulega ekki um þetta. Loðnunefnd mundi áreiðanlega ekki vísa þessu skipi til löndunar á höfnum sem væru að fyllast eða í þann veginn að fyllast, heldur vísa því á þær hafnir sem minnst hráefni eða ekkert hráefni hefðu í það og það skiptið. Ég tel óhyggilegt að gera ráð fyrir því með lagabindingu einni að þær hafnir skyldu vera austan- eða norðanlands. Aðalatriði málsins er raunverulega það, hvort skipið á að fá að veiða hér og hlíta þá fyrirskipunum og reglum þeirra aðila sem með ráð í þeim efnum fara, í þessu tilfelli þá loðnunefndar. Ég geri ekki ráð fyrir að rn. fari gagnstætt ákvörðun loðnunefndar, sem er raunverulega afsprengi rn., að skipta sér af

löndunum einstakra skipa. Það er verkefni, sem það og hv. Alþ. hefur falið loðnunefnd. Loðnunefnd á því án alls efa síðasta orðið um það.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil í aðalatriðum taka undir þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni áðan. Ég tel eðlilegt að binda heimildina, sem um ræðir í lagafrv. til handa þessu sérstaka skipi undir erlendum fána, ákveðnum skilyrðum, ekki bara vegna þeirrar þarfar sem er fyrir það að aflanum úr þessu skipi verði landað á höfnunum nyrðra, þangað sem minnst berst að af hráefni fyrir, heldur líka vegna fordæmisins. Þegar þetta mál hefur verið rætt við mig, og mér er kunnugt um að við fleiri hv. þm. hefur verið rætt, þá hefur það æ fylgt með, að skipstjóri og einn af aðaleigendum skipsins væri tilbúinn að skuldbinda sig til að láta hafnirnar nyrðra sitja í fyrirrúmi um aflann til vinnslu. Ég hef haldið frá upphafi, að ég heyrði að þetta mál yrði reifað hér öðru sinni, að kveðið yrði á um þetta í lögum, einnig með tilliti til þess að hér er verið að veita undanþágu og í því skyni að skapa sem minnst fordæmi. Hér er um að ræða erlent skip, enda þótt áhöfnin sé innlend og verulegur eignarhluti á nafni Íslendinga.

Ég ítreka það, að ég vildi gjarnan að kveðið væri beinlínis á um það í lagagr., sem fram hefur verið haldið og skipstjóri hefur látið uppi, að hann er tilbúinn til þess að skuldbinda sig til þess að hlíta ákveðnum reglum um meðferð aflans umfram það sem innlendu skipin eiga að hlíta. Og ég vil að það komi fram í lagagr. sjálfri að þetta skip á ekki að njóta sömu réttinda og innlend skip varðandi veiðarnar hér við land eða löndunina, að hér verði kveðið á um undanþágu og komi fram í lagagr. að ætlunin sé ekki að skapa fordæmi með þessum hætti.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að ítreka það, að ég tel, að hér sé um misskilning að ræða eða þá í versta tilfelli bókstaflega verið að leita eftir ágreiningsatriðum. Við skulum hugsa okkur það ástand, sem er nærtækast og sem skapaðist nú fyrir örfáum dögum, að allt geymslurými norðanlands var fullt. Ég vil biðja hv. 5. þm. Norðurl. e. að taka eftir þessu. Fyrir örfáum dögum skapaðist það ástand á tveimur sólarhringum, að allar hafnir norðanlands voru fullar og vísa varð skipunum hingað suður til Reykjavíkur til löndunar. Í slíku tilfelli hefði þá átt að segja við hið umrædda skip, Ísafold: Þú verður að bíða þangað til losnar pláss fyrir norðan. — Verður ekki að landa, þar sem þeir menn, sem með stjórn á þessum veiðum fara, segja skipinu til? Í dag landar þú fyrir austan, góði, á morgun fyrir norðan og þriðji túrinn þinn verður e. t. v. í Þorlákshöfn við Suðurland. Ég held að þeir menn, sem þar halda um stjórnvöl, og reynsla er þegar fengin á því að þeir hafa í góðu samstarf við flotann allan haldið mjög góðu samkomulagi við skipstjórnarmenn um niðurröðun á löndun, ráði hvar landað er. Það getur vel farið svo, að eftir allar vel heppnaðar veiðiferðir þessa skips verði landað fyrir Norðurlandi, ég skal ekkert um það segja, a. m. k. þar sem skipið flýtur að bryggju og löndunarmöguleikar eru fyrir hendi. En að binda það í lagagr., að tiltekið skip megi ekki landa nema í tilteknum landshluta, hygg ég að væri algert einsdæmi í lögum og veit að við nánari athugun sjá menn að þetta er nánast illframkvæmanlegt og út í hött að láta skipið t. d. halda sjó fyrir norðan, vegna þess að hafnir þar eða löndunarmóttaka þar yrði stöðvuð vegna yfirfyllingar á móttökustöðvum. Þetta sér hver heilvita maður að er óeðlilegt og til háðungar fyrir hv. Alþ. að samþ. Mergurinn málsins er að þessari reglu, að skipið fari ávallt og sé ekki að óþörfu a. m. k. fyrir löndun íslenska skipa, bauðst umræddur skipstjóri í viðtölum við mig til að hlíta, fara ávallt á þær hafnir sem minnst ásókn væri í og minnstar líkur væru á að fengju annað hráefni. Þetta veit ég að hlutaðeigendur þessa máls eru tilbúnir að standa við og hlíta í því efni fyrirmælum íslenskra aðila. Ég hygg að það sé algert einsdæmi, að farið sé inn á þá braut að segja í lögum að tiltekið skip, sem hefur leyfi til að veiða í íslenskri landhelgi, megi ekki landa nema í tilteknum landshlutum. Það mun vera algert einsdæmi og hv. Alþ. til lítils sóma. Ég hygg að þær aðstæður gætu skapast, að þetta lagaákvæði yrði með öllu óframkvæmanlegt. Til hvers höfum við þá barist? Ég hef ekki trú á því, að loðnunefnd fari að vísa þessu skipi né öðrum úr veiðiskipahópnum eða þeim skipum, sem hlotnast sú gæfa að fylla sig á einum sólarhring, að vísa þeim vísvitandi til hafnar þar sem mest er beðið eftir löndun eða lengstur biðtími, viljandi eða vitandi vits, heldur muni þeir þjóðarinnar vegna og allra, sem hlut eiga að máli, vísa því til þeirrar hafnar, þar sem það er sem minnst fyrir íslenskum skipum, þar sem þörfin fyrir hráefni er mest og aðstæður raunhæfar til löndunar fyrir þetta skip sem um er að ræða eins og önnur. — Þá tiltrú hef ég á loðnunefnd og starfsmönnum hennar, þar til annað reynist.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson þarf ekki að „hyggja“ neitt um það í þessu sambandi. Hér er um að ræða einsdæmi, að erlendu skipi sé veitt veiðiheimild af þessu tagi hér við land, og einsdæminu fylgdi þá hitt, að kveðið væri á um það, að skipið landaði í höfnunum fyrir norðan. Honum er jafnvel kunnugt og mér, að vetrarloðnuveiðin er ekki fyrir Norðurlandi og er ekki sambærileg við sumarloðnuveiðina þegar skemmst er til hafnar við Norðurland. Þessu skipi er ætlað að veiða vetrarloðnuna hérna í vetur, þegar við vitum að skortur verður á loðnu í verksmiðjunum fyrir Norðurlandi. Það var algert einsdæmi, segir þm., að kveðið væri á um það, að skip, — hann tók sig nú á, sagði fyrst íslenskt skip, en segir síðan skip, — sem hafi heimild til veiða, fái ekki að landa nema fyrir Norðurlandinu. Hér er um að ræða — og því liggur þetta fyrir hér í lagafrv., — einstakt tilfelli, einsdæmi, að erlendu skipi sé heimiluð loðnuveiði hér við land núna í þessu tilfelli. Það er einsdæmið í þessu sambandi.

Okkur má vera það öllum í fersku minni, þeg-

ar fallist var á það af hálfu hv. Alþ. fyrir tveimur árum að Ísafold fengi veiðileyfi hér við land. Við munum hvernig við því var brugðist af hálfu íslenskra fiskimanna og íslenskra útvegsmanna. Viðbrögðin urðu þess háttar, að skipstjórinn og einn af aðaleigendunum taldi óheppilegt að leggja út í veiðarnar hér við slíka andstöðu íslenskra útvegsmanna og íslenskra fiskimanna.

Ég er enn þeirrar skoðunar eins og ég var þá og ekkert síður, að það sé eftir nokkru að slægjast að fá Ísafold inn á miðin hérna til vetrarloðnuveiðanna með sína innlendu áhöfn. En ég fellst ekki undir neinum kringumstæðum á það, þrátt fyrir þetta, að við eigum að ætla Ísafold, þessu útlenda skipi, þrátt fyrir allt sama rétt og innlendu veiðiskipi og að kalla það einsdæmi þó að kveðið verði á um ákveðin skilyrði í þessu sambandi fyrir veiðiheimildinni til handa Ísafold hér. Það er einsdæmi að þessar veiðar skuli vera leyfðar.

Þau rök, að þetta skip muni ekki fljóta hvarvetna að bryggju á fjöru, eru gild. Þetta er alveg rétt. Þeir staðir finnast þar sem Ísafold mun ekki fljóta að löndunarbryggju á háfjöru. En það held ég að verði varla gagnrök í þessu tilfelli. Svo er um fleiri skip, að þau fljóta ekki að öllum löndunarbryggjum á háfjöru og okkar innlendi floti má sums staðar sæta sjávarföllum.

Ég óska þess, að hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson geri sér grein fyrir því, þegar hann talar um að slíkt væri einsdæmi, að kveða á um það hvar þetta skip mætti landa, að málið, sem fyrir okkur liggur og við fjöllum um núna, er einsdæmi sem slíkt og það er alls ekki ætlunin að opna með þessum hætti gátt fyrir öðrum erlendum veiðiskipum til þess að koma á eftir. Við fjöllum um þetta sem sérstakt mál, sem einsdæmi í þessu tilfelli, og við ætlum að leyfa skipinu að veiða hérna með ákveðnum skilyrðum, þó ekki þannig að við leggjum beinlínis stein í götu eiganda eða skipstjóra, sem er allra góðra hluta verður.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Hún skal vera örstutt þessi aths. — Þm. var tíðrætt um það, að þessi lagasetning væri einsdæmi og þess vegna skuli lögin vera einsdæmi líka. Ég tel þetta ákaflega langsótt rök. Ég hafði þann starfa um 6 ára skeið að vera sjútvrh. og ég varð æ ofan í æ að taka ákvarðanir um það einn, sitjandi í mínum stól, hvort veita ætti erlendum skipum, sem þó höfðu enga íslenska áhöfn, löndunarleyfi hér og þar um landið. Venjulega voru þessi leyfi veitt með því að landa í næstu höfn. Þetta var talið um tíma vafasamt, en seinni lögskýringar sýndu, að þetta þótti fært og það voru fordæmi fyrir því, þetta hafði verið gert, að veita slík löndunarleyfi, enda voru þetta einstök tilfelli, en ekki um lengri tíma veiðar að ræða eins og hér er fyrirhugað. Ekki fór kjördæmi hv. 5. þm. Norðurl. e. varhluta af þeim löndunarleyfum mínum. En ég bara spyr sjálfan mig nú og ætla ekkert að spyrja hv. 1. landsk. þm. eða hv. 5. þm. Norðurl. e. hvort þeir vilji taka á sig þá ábyrgð, ef geymslurými hlutaðeigandi hafnar fyrir Norðurlandi hafa verið fyllt, að segja þessu eina skipi að halda sjó í hvaða veðri sem er til þess að bíða löndunar, af því að lagagr. segir að ekki megi landa nema í tilteknum landshluta. Ég held að enginn okkar vildi bera slíka ábyrgð, a. m. k. ekki ég — ég hygg að leitun muni að þeim manni.

Stefán Jónsson: Aths. verður örstutt, herra forseti. — Það er náttúrlega svona og svona að nefna það sem fordæmi um lagasetningu, þó að hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson hafi skrifað ýmiss konar ráðherrabréf í stól sínum, eins og hann sagði, í sinni ráðherratíð sem sjútvrh. Þar er ekki um að ræða lagasetningu eða fordæmi fyrir lagasetningu. Hér er um að ræða við setningu þessara laga, einsdæmi og ég segi fyrir mig, og ég reikna með því alveg fastlega að ég geti sagt það fyrir munn Jóns Árm. Héðinssonar líka, að við ætlumst ekki til þess að Ísafold verði gert að halda sjó í vondum veðrum fyrir norðan til þess að komast til hafnar þar, ef þar eru allar loðnuhafnir fullar af loðnu á vetrarvertíð. Hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson veit jafnvel og við allir, að vetrarloðnan heldur sig ekki fyrir Norðurlandi og þar er æ pláss hjá verksmiðjunum fyrir loðnu að vetri.

Hann viðurkennir að skipstjóri hefur haft ákveðin fyrirheit uppi þegar hann hefur verið að sækjast eftir heimildinni til þess að veiða vetrarloðnuna hérna. Þau fyrirheit hafa verið notuð sem forsendur í viðræðum við alþm. Í skjóli þeirra fyrirheita er þetta mál komið inn á þing og sjálfsagt er að kveða á um þetta í lögum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég hóf umr. um þetta frv. til þess eins að fá skýringu á því frá formanni n., til að flýta fyrir afgreiðslu málsins á fundi af því að tími er svo naumur, hvers vegna orðalag frv. væri eins og raun ber vitni, þar sem aðalaðili að málinu hefði komið til mín persónulega, skipstjórinn og eigandi skipsins, og tjáð mér að hann væri fús til að hafa Norðurlandshafnir sem aðalvettvang sinn til löndunar. Ég fór ekki fram á annað en það væri staðfest í frv. Og ég get líka sótt hér gögn sem sýna, að þegar um vetrarloðnuveiði er að ræða er sáralitlu landað norðanlands. Hins vegar snýst dæmið við þegar um sumarloðnu er að ræða og haustloðnu en þá er í flestum tilfellum hægt að sigla lengra, eins og íslensk skip hafa gert. Ég segi alveg hiklaust: Ég sé enga ástæðu til þess að þetta erlenda skip sé jafngilt í reglum og um íslenskt skip væri að ræða. Ég sé enga ástæðu til þess, því að þegar íslensk skip fengu leyfi til löndunar í Danmörku voru þau jafnan sett skör lægra en dönsk skip, þó að það væri frjáls löndun, en hún var ýmsum takmörkunum háð og hægt er að fá mörg dæmi um það, — ekki þarf að tefja tímann í þessum umr. með því. Það sem ég tel rétt, er að hafa það á hreinu í lögunum að aðallöndunarsvæðið skuli vera norðanlands. Þá dytti engum manni í hug að hrekja skipið út í óviss veður eða þar fram eftir götunum. Ef Norðurlandshafnir lokast með einu eða öðru móti, þá siglir skipið auðvitað þangað sem loðnunefnd bendir því að fara. Það stendur að vísu í þessu frv. núna: „enda hliti það reglum er sjútvrn. setur.“ Þetta gefur hæstv. sjútvrh.

heimild til að setja næstum hvað sem vera skal í leyfið. En ég vil þá að þessar umr. verði til þess, að hæstv. ráðh. geri sér fulla grein fyrir því, að það sé vilji þm. að leyfið sé ekki jafngilt því, að um íslenskt skip væri að ræða. Einnig vil ég minna á, að a. m. k. útvegsmenn hafa eindregið lagst gegn þessu frv. Hins vegar hafa verksmiðjueigendur talið þetta æskilegt. Ég held að frv. eigi góðan stuðning á Alþ. gegn vissum skilyrðum og mér finnst þess vegna vel hugsanlegt að setja inn í frv., að aðallöndunarsvæði þessa skips skuli vera hafnir norðanlands. Þá hefur hæstv. ráðh. það á hreinu, þegar hann gefur út sitt leyfi með þeim skilyrðum, sem hann metur nauðsynleg, að þetta skip á að koma til fyllingar íslenska flotanum með löndun á Norðurlandshafnir.

Að öðru leyti, herra forseti, skal ég ekki tefja þessar umr. Fleiri atriði hafa fléttast inn í þetta mál. En þetta er alls ekki einfalt, vegna þess að það hefur sýnt sig að afkastageta íslenska loðnuveiðiflotans er orðin svo mikil að hann fyllir allar verksmiðjur oft á einni viku og hefur orðið að sætta sig við að löndunarbið og jafnvel veiðistöðvun vegna þess að ekki hefur verið hlustað á þá kröfu og þau réttmætu rök, að auka þurfi afkastagetu verksmiðjanna í samræmi við mjög aukna afkastagetu veiðiflotans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Verðlagsmál landbúnaðarins, þáltill. (þskj. 115). — Frh. einnar umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru nú orðnar það langar umr. um þetta mál og ég er búinn að tala það mikið, að ég skal ekki bæta miklu við. Raunverulega var það eitt atriði sem kom mér til að biðja um orðið á nýjan leik. En áður en ég vík að þessu atriði vil ég vekja athygli á því, vegna þess sem kom fram við umr. á laugardaginn í Ed., að segja má að mjólkurframleiðslan hafi á s. l. 10—15 árum orðið að meðaltali um 8% umfram innanlandsneyslu, en gert er ráð fyrir að umframframleiðslan verði um 10% á þessu ári, þó að ekki sé það alveg örugg tala. Það mun hafa verið í byrjun síðasta mánaðar sem ég fékk þessa tölu, ég hef ekki yngri tölu. Á þessu sama tímabili, eða s. l. 15 árum, hefur um 20% af kjötframleiðslunni verið flutt úr landi. Þessu vildi ég bæta við þær upplýsingar sem ég hef gefið áður í þessum umr.

Ekki skal ég fara að tala um það, hvort ég er skárri landbrh. í þessari stjórn eða fyrri stjórn, þar verður auðna að ráða. Það vill oft verða þannig, að góður er hver genginn, og ég tek þann dóm síðar meir, en nú er ekki hægt að meta þetta.

Ég vil líka endurtaka það sem ég hef áður sagt, að erfiðleikar, sem hefur verið við að fást og voru byrjaðir á árinu 1974, eins og verðhækkanir af völdum olíukreppunnar, hafa náttúrlega verið geysilega miklir á þessum síðustu árum. Áburðurinn hækkaði í verði um 150% á einu ári og rekstrarvörur eftir því. Og mitt mat er það — og ég tel mig hafa skýrt í hv. d. hvað hefur verið gert í þágu landbúnaðarins á síðustu árum — mitt mat er nú það, að ef ég hefði þurft að leggja eins mikla vinnu á mig í sambandi við landbúnaðarmálin á árunum 1971—1974 og síðan hefur orðið, þá hefði orðið lítill tími eða erfitt að snúast fyrir fjmrn. Það stafaði af því, að árferði þessi ár var landbúnaðinum miklu hagstæðara en hin síðari árin þegar bæði hafa dunið yfir óþurrkar og hækkun á rekstrarvörum, en allt þetta hefur gert það að verkum, að það veldur þeim erfiðleikum sem við er að fást.

Það, sem ég vil sérstaklega taka fram, er í fyrsta lagi að ég lít svo á að engin stétt á Íslandi sé kúguð. Ég mótmæli því alveg að bændastéttin sé kúguð stétt. Það er fjarri mér að álíta slíkt. Hún hefur aldrei verið, síðan ég þekkti til, kúguð stétt. Bændastéttin hefur verið sá burðarás í íslensku þjóðlífi, að slíka stétt er ekki hægt að tala um sem kúgaða stétt.

Svo skal ég bæta því við, að ríkisstj. ákvað á fundi sínum í morgun að taka mál atvinnuveganna sérstaklega til meðferðar í störfum sínum þegar hún hefur betri tíma en nú er þessa síðustu daga þingsins: landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarmál. Það mun verða gert og þá tekin til meðferðar þau mál eins og um þau hefur verið fjallað á hinum einstöku fundum víðs vegar um landið og einstakir þættir skoðaðir í þeim efnum. Ég óskaði eftir till. frá Stéttarsambandi bænda um sumt af því, sem fram hefur komið, og þarf ekki að bæta við það sem ég sagði hér um flutning lagafrv. Það verður ekki gert, nema það sé gert þannig að ég hafi á bak við mig þá sem eiga að njóta laganna, og trygga stöðu hér á hv. Alþingi.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessari þáltill. Umr. hafa orðið allmiklar. Ég held að þær hafi skýrt málin nokkuð. Ég vona það. En ég vil þó bæta því við, að ég mun reyna að beita mér fyrir því að þeir, sem vinna að endurskoðun framleiðsluráðslaganna, reyni að ljúka þessari endurskoðun í vetur. Ég er ekki bjartsýnni en það. Og ég endurtek, að ég tel það vera brýna nauðsyn að endurskoða framleiðsluráðslögin sem heildarlöggjöf. Þetta er slík löggjöf. Ég treysti því, að af því skilningsleysi, sem hefur verið uppistaðan í ásökunum á landbúnað og bændur, af þeim ósið fari menn að reyna að venja sig og skilningur þjóðarinnar á gildi landbúnaðar fyrir þjóðina í heild fari vaxandi, enda mun henni þá best vegna.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 42. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 41. fundi.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 227 (sbr. 169), 228, 238, 255). — Frh. 3. umr.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Í framhaldi af þeirri umr., sem varð hér í d. um frv. til l.

um fjáröflun til vegagerðar, flytur fjh.- og viðskn. brtt. á þskj. 255 sem er aðallega þess efnis, að orðinu „dagsektum“ er breytt í „viðurlögum“. Síðan er í brtt. lagt til að þessi viðurlög skuli nema tilteknum fjárhæðum á dag frá lokum álesturstímabils í allt að 30 daga. Það kemur fram, að viðurlögin geta ekki verið nema í 30 daga og tiltekin fjárhæð á dag hvern þessa 30 daga. Fjh.- og viðskn. leggur shlj. til að þessi brtt. verði samþykkt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. til laga, sem hér er á dagskrá, um breyt. á l. nr. 79 6. sept. 1974 um fjáröflun til vegagerðar o. s. frv. Þær eru á þskj. 238 og hljóða svo:

„1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „sem nota annan orkugjafa en bensín“ 1. efnismálgr. komi: öðrum en strætisvögnum.

2. Við 3. gr. Á eftir orðunum „ á kostnað eigenda í bifreiðar“ í 1. efnismálsgr. komi: aðrar en strætisvagna.

3. Við 4. gr. Síðari málsl. 2. efnismgr. orðist svo: Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ekki ganga fyrir öðrum veðum.“

Hvað snertir strætisvagna á ég ekki sérstaklega við Strætisvagna Reykjavíkur. Ég vil leyfa mér að benda á að strætisvagnar eru einungis notaðir innan borgartakmarka eða bæjartakmarka, eins og hér á höfuðborgarsvæðinu, í Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjavík, á götum sem borgarar viðkomandi sveitarfélaga hafa lagt að öllu leyti sjálfir. Hér er um almenna þjónustu við borgarana að ræða til að auðvelda fólki að komast á milli staða til og frá vinnu með þessum vögnum, og er þjónusta þeirra bundin við þær götur sem ég áðan minntist á. Ég endurtek að lagning, viðhald o. fl. á þessum götum, sem vagnarnir aka eingöngu eftir, er ekki fjármagnað af Vegasjóði, a. m. k. ekki hvað snertir höfuðborgarsvæðið, og því tel ég ósanngjarnt að af þeim sé greitt þau gjöld sem hér um ræðir eða skylda almenningsvagna þessarar tegundar til að hafa kostnaðarsama mæla setta í bílana.

Ég vil geta þess að mikill rekstrarhalli er hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, hann er yfir millj. kr. á dag, sem er þungur baggi á Reykjavíkurborg, og er þessi rekstrarkostnaður fyrir utan allan þann fjármögnunarkostnað annan sem kemur beint úr borgarsjóði eða sveitarsjóðum, ef þeir eru með strætisvagna. Ég tel að það sé skylda ríkisstj. eða Alþ. að létta undir með starfrækslu almenningsvagna, en ekki auka skattbyrði þessara fyrirtækja. Því hef ég leyft mér að leggja þessar brtt. fram.

Í 4. gr. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Þungaskattur, dagsektir og viðurlög hafa lögtaksrétt. Skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.“ Nú er mér sagt, og kom það fram á nefndarfundum, að þetta sé hefð og standi í lögum, að innheimta opinberra gjalda gangi fyrir öðrum veðsetningum. Ég tel óréttlátt að ríkið skuli hér fótumtroða þann rétt sem þinglesinn er til einkaaðila, ef um veðsetningar er að ræða á viðkomandi tækjum, í þessu tilfelli bifreiðum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við fyrri hluta þessarar 3. umr. málsins flutti ég brtt. á þskj. 228 og óskaði eftir því, að afgreiðslu málsins væri frestað, þar sem mér fannst að á frv. væru bersýnilegir hnökrar sem yrði að leiðrétta. Ég benti á það þá, að embættismennirnir í kerfinu hefðu óskyggilega mikla tilhneigingu til þess að koma með innheimtufyrirkomulag og láta lögskipa það sem einungis tæki tillit til þarfa kerfisins, en ekki til eðlilegra hagsmuna og sjónarmiða einstaklinganna sem ættu að bera þessi gjöld.

Í fyrsta lagi taldi ég fráleitt að menn, sem yrðu að þola það að á þá væru lagðar dagsektir, fengju ekki að vita af því, að dagsektir væru byrjaðar að falla á þá. Í öðru lagi taldi ég fráleitt, að ekki væri ákveðið eitthvað um hámark dagsektanna. Og í þriðja lagi taldi ég mjög illt að ákveða ætti annað eðli dagsekta en verið hefði fram að þessu með því að tiltaka það sérstaklega, að innheimta dagsekta félli ekki niður jafnvel þótt sú skylda, sem væri verið að knýja menn til að uppfylla, væri innt af hendi.

Ég er og var þeirrar skoðunar, að grundvallarmunur sé á dagsektum annars vegar og hins vegar refsingum og menn eigi ekki að fara að grauta þessu saman og þar með raunverulega stefna að því að breyta dagsektum í refsingar, sem þær eru ekki lögum samkvæmt.

N. hefur fjallað um þetta og hefur tekið nokkurt tillit til þeirra sjónarmiða, sem ég setti fram, og er ég þakklátur fyrir það. Brtt. hennar gerir ráð fyrir því að hámark dagsekta sé miðað við 30 daga tímabil. Það tel ég strax vera mjög mikilvæga bót frá því sem áður var.

Í öðru lagi fellst n. á að slá því föstu, að hér sé um refsingar að ræða, með því að ræða hér um viðurlög. Ég tel að það sé þó skárra en hafa þetta eins og það var, þar sem þessu var öllu grautað saman, þó að ég hefði auðvitað helst kosið að þetta hefði verið með hinu klassiska fyrirkomulagi dagsekta, sem falla niður ef skyldan er innt af hendi. Ef menn eru alveg ákveðnir í því, að hún skuli alls ekki falla niður, þá er eins gott að hafa það á hreinu að hér sé um refsingu að ræða, hér sé um sekt að ræða eða viðurlög, og það sé þá nefnt sínum réttu nöfnum. Það er þó skárra að nefna hlutina sínum réttu nöfnum heldur en vera að grauta þessu öllu saman.

Þriðja atriðið, sem ég var með, hefur n. hins vegar ekki fallist á, þ. e. a. s. að hverjum og einum sé tilkynnt um að þessi viðurlög séu að falla á hann eða hafi fallið á hann, þannig að hann geti varað sig á þessu. Þegar hámarkið er komið inn í lögin, þá er nú kannske ekki alveg jafnslæmt að tilkynningarskylda skuli ekki vera fyrir hendi. Ég sætti mig því við þetta fyrirkomulag eins og n. hefur gert till. um og leyfi mér því að draga till. mína á þskj. 228 til baka.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 238, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að vera viðstaddur 1. og 2. umr. þessa máls og vil þess vegna taka það fram varðandi það

frv., sem hér er til umr., að ég mun við endanlega gerð þess frá okkur greiða því atkv. Ég hef tvívegis lýst því yfir við afgreiðslu vegáætlunar, að ég væri reiðubúinn til þess að fylgja aukinni tekjuöflun til að lyfta okkar vegamálum úr þeirri lægð sem þau hafa verið í á undanförnum árum. Ég hef að vísu verið með visst skilyrði, viljað hafa nokkuð tryggt að það aukna fé, sem þannig fengist, færi í þau verkefni sem ég tel brýnust á sviði okkar vegamála, þ. e. a. s. í okkar slæmu vegi úti á landi eða kannske vegleysurnar þar sumar.

Nú hefur verið látið á það reyna hér í hv. d. og Nd. einnig, hvort menn væru tilbúnir að láta hinn stóra hluta, sem rennur beint til ríkisins með söluskatti, renna beint í Vegasjóð. Þetta atriði hefur verið reynt að leiðrétta, en það ekki fengist fram. Hlýt ég að telja það miður.

Varðandi það skilyrði, sem ég talaði um, þá er það að vísu rétt að ekki liggur fyrir hvernig næsta vegáætlun verður afgreidd, hvaða verkefni hafa þar forgang. Sú hefur verið reynslan á undanförnum árum, að það forgangsverkefni hafa verið önnur en þau sem ég var hér að lýsa áðan og okkar landsbyggðarvegir, að ég tali nú ekki um sveitavegina t. d., hafa verið látnir sitja á hakanum, en hraðbrautarsjónarmiðið verði alls ráðandi. Hins vegar vona ég, að með þessari auknu tekjuöflun, sem hér er gert ráð fyrir, verði um önnur forgangsverkefni að ræða og einhver breyting verði þarna á. Í trausti þess, að vegáætlun verði afgreidd á þann hátt að meira fé fáist til þessara brýnu verkefna, þessara forgangsverkefna, þá mun ég greiða þessu frv. atkv.

ATKVGR.

Brtt. 228 tekin aftur.

— 238,1 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, GeirG, HFS, JÁH, RA, StJ, AG.

nei: EÁ, HÁ, IT, IH, JHelg, JGS, OÓ, StH, StG, HBl, ÁB, ÞK.

1 þm. (GH) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það hefur að vísu gefist skammur tími til þess að athuga þá brtt., sem hér er borin undir atkv., en eftir því sem ég skil þá breytingu, sem hér er gerð á innheimtu þungaskatts, þá er sú breyting, sem felst í uppsetningu mælis, til hagsbóta fyrir strætisvagna með þeim rökum, sem hv. flm. till. tilgreindi áðan, og ég segi nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það hefði nú kannske verið óþarfi fyrir mig sem flm. að gera grein fyrir atkv. mínu, en mér fannst gæta slíks misskilnings í orðum ráðh., að hann sé að reyna að villa um fyrir kjósendum í Reykjavík, og segi já.

Brtt. 238,2 felld með 12:7 atkv.

— 555 samb. með 19 shlj. atkv.

— 238,3 felld með 12:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. (þskj. 170, n. 254, 239, 253, 256). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. það, sem hér er til umr. Samkomulag náðist ekki í n. um afgreiðslu málsins, en meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu, sem n. ber fram á þskj. 256 og er svo hljóðandi:

„Við 2. gr. Í stað „1. jan. 1979“ í 2. málsl. 2. mgr. komi: 1. febr. 1979.“

Með þessari breytingu leggur meiri hl. fjh.- og viðskn. til að frv. verði samþykkt. Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., en hv. þm. Albert Guðmundsson mun skila séráliti.

Áður en ég skilst við þetta mál vil ég, herra forseti, greina frá því, að ég leitaði undirtekta hv. fjh.- og viðskn. við þær aths. mínar og ábendingar sem ég bar fram hér í d. þegar þetta mál var til 1. umr., en þá benti ég á að ég óskaði eftir að n. tæki til athugunar að gera þá breytingu á 1. gr. frv., að strikuð yrðu út orðin: „og ekki eru orðnir 67 ára fyrir 1. jan. 1978“. Þessi aths. mín eða öllu heldur ábending fékk ekki hljómgrunn meðal nm., og þar sem svo áliðið er þingsins og mikið annríki vil ég ekki tefja fyrir framgangi þessa máls með því að bera fram brtt., eins og ég hefði þó helst kosið. En ég vil leggja áherslu á að ég tel óeðlilegt, þegar um slíka þegnskyldu er að ræða sem ákveðið er í þessu frv., að þá séu slík ákvæði bundin við eitthvert sérstakt aldurstakmark. Ég held að þar eigi tekjutakmörk einstaklinganna að ráða stefnunni, en ekki aldurstakmark.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. Eins og fram kom í máli mínu við 1. umr. málsins erum við Alþb.-menn ekki andvígir þeirri hugsun sem fólgin er í skyldusparnaðarákvæðum þessa frv. Við teljum að skyldusparnaður á hátekjur eigi fyllsta rétt á sér og ekki síst ef mikil þörf er á fjármunum í ríkissjóð, eins og nú mun vera. Þess vegna er ég ekki andvígur þessu frv., en tel að það þurfi nokkurra lagfæringa við.

Ég tel í fyrsta lagi að allir aðilar, sem tekjuskatt greiða, eigi að falla undir skyldusparnaðarákvæðin, þó hugsanlega með þeirri undantekningu sem gerð er í 1. gr. varðandi aldraða. En samkv. frv., eins og það er lagt fram, er félagsrekstri með öllu sleppt við að leggja fram sitt til hins almenna skyldusparnaðar. Nú veit ég að menn kunna að segja sem svo, að reksturinn standi misjafnlega að vígi og ekki séu afkomuhorfur í einstöku atvinnuvegum góðar um þessar mundir. En ég vænti þess, að flestir geri sér grein fyrir því, að slík aths. kemur lítið þessu *máli* við, *vegna* þess að *skyldusparnaðurinn* snertir þau ein fyrirtæki sem hafa tekjur og snertir þá að einhverju ráði þau ein sem hafa verulegar tekjur, því að hann er eingöngu lagður á hreinar tekjur og það meira að segja eftir að

viðkomandi félög hafa haft tækifæri til að leggja 25% af tekjum sínum í varasjóð. Ég tel því að þeim sé alls ekki ofætlun að leggja fram til skyldusparnaðarins 10% af því, sem þá er eftir, til viðbótar því sem þau greiða í tekjuskatt. Hef ég gert till. á þskj. 253 þess efnis.

Varðandi flugvallagjaldið er ég þeirrar skoðunar, eins og fram kom við 1. umr., að það eigi í sjálfu sér fyllsta rétt á sér, en eigi að notast til uppbyggingar íslenskra flugvalla og til flugstöðvabygginga sem víða vantar hér á landi. Það er skömm að því, hvernig ástatt er mjög víða í flugstöðvamálum hér á landi, alveg furðulegt hvað flugfarþegar verða að láta bjóða sér í þeim efnum. En uppbygging á flugstöðvum gengur allt of hægt og er því brýn þörf á þessu fjármagni til að hraða þessum framkvæmdum. Ég tel langeðlilegast, að þetta fjármagn renni óskipt til þessa verkefnis, og sé ekkert því til fyrirstöðu, ef það verður samþykkt, að fjvn. Alþ. skipti þessu fjármagni að fengnum till. flugráðs.

Þetta er 2. brtt. sem ég geri á þskj. 253, en 3. brtt. er þess efnis, að frá 1. jan. 1978 verði felldur niður söluskattur af kjöti og kjötvörum og verðlag á þeim vörum lækkað samkv. því. Eins og menn munu vita af fréttum er einmitt ein helsta krafa Stéttarsambands bænda að þetta verði gert. Við Alþb.-menn höfum lagt þetta til aftur og aftur, m. a. á þingi á s. l. vetri, og það er ekkert launungarmál að við í þingflokki Alþb. hefðum kosið að þessi breyting hefði verið gerð í tengslum við kjarasamningana í sumar. En af því varð ekki, eins og kunnugt er, heldur var farin önnur leið. Vera má að menn teldu að erfiðleikum sé bundið að fella niður söluskatt af kjötvörum af tæknilegum ástæðum, vegna þess að kjöt sé selt á mismunandi verði í verslunum og kaupmaðurinn búti kjötið niður og selji það með mismunandi hætti á mismunandi vinnslustigi og því sé þetta erfitt í framkvæmd. Að minni hyggju eru þetta tylliástæður einar, því að það segir sig sjálft, að það er hægt í reynd að fella niður söluskatt af kjöti með því einu að lækka vöruna sem söluskattinum nemur með auknum niðurgreiðslum sem jafnist fullkomlega á við álagningu söluskattsins, þannig að útkoman verði nákvæmlega sú sama eins og söluskattur hefði verið tekinn af. Ég tel að þetta sé sennilega sú leið sem fara verði í þessum efnum, en tel meira framkvæmdaatriði, hvernig að þessu skuli staðið, og hægt sé að koma því við með ákvæðum í reglugerð að framkvæma þetta með þeim hætti að kaupmenn telji sig geta gert það án óhæfilegs tilkostnaðar eða fyrirhafnar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég er á öndverðum meiði við hv. síðasta ræðumann, 5. þm. Norðurl. v., þegar hann segir að skyldusparnaður á hátekjur eigi rétt á sér, rétt eins og þeir, sem miklar tekjur hafa, hafi ekki hingað til sparað eða lagt inn í banka. Ég vil vara við þeim hugsunarhætti sem þarna kemur fram, og ég er alveg viss um, ef hv. þm. gerir sér far um að leita upplýsinga hjá bönkunum, að allir bankastjórarnir mundu vera sammála um það, að við skyldusparnað á borð við þennan minnkar sparifjárinnlánsaukning í bönkunum og þar af leiðandi ráðstöfunarfé bankanna. En á sama tíma sem ríkisstj. er með þessa sparnaðarviðleitni í frv., sem nú liggur fyrir til umr., er 25% bindiskylda í bönkunum, þannig að á hinum frjálsa fjármagnsmarkaði er æ minna til ráðstöfunar.

Þær till., sem fyrir liggja í frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum, eru till., sem ættu kannske rétt á sér við afar óeðlilegar ástæður, við skulum segja á styrjaldartímum eða eitthvað slíkt, þegar heil þjóð þarf að taka á og gera sameiginlegt átak til þess að ná ákveðnu marki. En ég held að ekki sé hægt að segja að það séu eðlilegar ráðstafanir þegar vel árar og afurðaverð okkar á erlendum mörkuðum er í hámarki. Það er hryggileg staðreynd, að ríkissjóður skuli vera svo illa á sig kominn að hann þurfi að grípa til þessara neyðarúrræða.

Hvað varðar frekari skattlagningu á fyrirtæki en nú er vil ég mótmæla og segja að það sé ekki heldur réttlætanlegt nema við alveg sérstakar ástæður, eins og ég gat um áðan. En eins og ástandið er nú á fjármagnsmarkaðinum og erfiðleikar fyrirtækja eru miklir í peningamálum, þá held ég að það væri mjög misráðið að höggva oftar í þann knérunn. Ég veit ekki hvað verður, ef fyrirtæki almennt verða fjárvana eða verr á vegi stödd en núna, en það er þó gerð krafa til þeirra, að þau veiti fólki atvinnu, og ríkisstj. hefur það á stefnuskrá sinni, að hér skuli ríkja full atvinna fyrir alla. Ekki veit ég hver á að standa undir ríkisrekstrinum þegar þannig er komið, að athafnafrelsi fyrirtækja og einstaklinga er frekar heft en nú er. Það er hörmulega heft eins og er. Það er eins og það sé búið að girða ekki bara fyrir landið, heldur einstaklinginn líka, og athafnafrelsi hvers og eins og starfsvöllur takmarkaður við næsta nágrenni hvers og eins.

Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við þetta frv. til l. um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum á þskj. 239, við 1. gr., 3. mgr., sem hefst á þessum orðum: „Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðað við vinnuframlag þeirra hefðu orðið ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila."

Þessi óskapnaður, sem hér læðist inn, var í skattalagafrv. sem ekki náði fram að ganga á síðasta þingi og var þá afneitað af þeim innan Sjálfstfl. sem ræddu af ábyrgð um það frv., en er nú settur hér inn sem viðbót við það sem ég bjóst við í þessu frv. Ég leyfi mér því að gera till. um að þessi mgr. verði felld niður.

Í annan stað segir í 1. málsl. 7. mgr. 1. gr. frv.: „Hið sparaða fé skal bundið vaxtalaust." Ég leyfi mér að gera till. um, að í staðinn fyrir „vaxtalaust" í þessum 1. málsl. 7. mgr. komi: með almennum sparisjóðsvöxtum. — Ég tel að ríkisstj., sem tekur sér það vald að flytja frv. til l. um skyldusparnað og binda hluta, 10% af ráðstöfunartekjum einstaklingsins, eigi ekki aðeins að viðhalda verðgildi þeirra peninga, sem

hún tekur með þessum þvingunarráðstöfunum, heldur beri ríkisstj. skylda til að ávaxta fé þá líka á sama tíma. Og í framhaldi af þessu er orðalagsbreyting: í staðinn fyrir orðið „en“ komi: og. Þá hljóðar gr. þannig: „Hið sparaða fé skal bundið með almennum sparisjóðsvöxtum á reikningum til 1. febr. 1984 og með verðtryggingu“ o. s. frv.

Þá leyfi ég mér að flytja brtt. við 2. gr., að síðari málsl. falli niður, en hann hljóðar svo: „Sé skyldusparnaður ekki greiddur að fullu fyrir 1. jan. 1979 reiknast viðbætur þó aðeins frá 1. jan. næsta ár á eftir fullnaðarskilum.“

Ég geri mér grein fyrir þeirri brtt., sem liggur hér frá hv. fjh.- og viðskn., en ég tel hana ekki ganga nógu langt og legg til að þessi málsl. falli niður.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég bjóst við sérstöku frv. um ýmislegt annað, sem er í þessu frv., þ. á m. sérstöku frv. um flugvallagjaldið. Ég tel að sjálfsögðu óeðlilegt að tekinn sé skattur af flugvallastarfsemi eða umferð um flugvelli sem ekki rennur til flugmálanna á einn eða annan hátt, og mun því styðja þá till., sem lögð hefur verið fram af hv. þm. Ragnari Arnalds.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs sérstaklega vegna þess að það eru ýmis viðhorf, sem komu fram við umr., sem mig langar til að fara um nokkrum orðum.

Það er þá í fyrsta lagi till. hv. 5. þm. Norðurl. v., þar sem hann leggur til að félög og atvinnurekstur yfirleitt skuli einnig greiða skyldusparnað svo sem einstaklingar. Þau rök, sem hann hefur fyrir þessu, eru að sjálfsögðu þau, að margvíslegur einkarekstur, rekstur sem er rekinn í eigin nafni, er skyldugur til þess að borga skyldusparnað samkv. þessum lögum, ef afrakstur inn er slíkur, og getur að því leyti stutt mál sitt nokkrum rökum. Ég tel þau þó ekki fullnægjandi þar sem ég tel að atvinnurekstrinum yfirleitt sé íþyngt það mikið, að eitthvert hóf verði að vera þar á. Ég álít að afkoma hans í heild sé ekki það góð að ástæða sé til þessarar skattlagningar. Það má náttúrlega reyna að mótmæla þessu á þeim forsendum, að ef fyrirtæki sýni hreinan hagnað, þá sé ekki um það að ræða að sá rekstur eigi í erfiðleikum. Þessi rök eru þó ekki fullnægjandi, vegna þess að í verðbólguþjóðfélagi, eins og nú er, er rekstrarreikningur ekki einhlítur um afkomu fyrirtækis. Fyrirtækið getur sýnt hreinan rekstrarlegan hagnað, þó svo að fyrir liggi að tap sé á rekstrinum. Það er hægt að búa til slík dæmi. Ég álít að mjög nauðsynlegt sé að eigið fé fyrirtækja sé verulegt og það sé miklu fremur nauðsynlegt í mörgum tilvikum að reyna að rýmka þær reglur sem eru til eiginfjármyndunar í fyrirtækjum. Ég get ekki fallist á þetta, enda er markmiðið með þessu ákvæði um skyldusparnaðinn að sjálfsögðu að reyna að draga úr óþarfaneyslu í þjóðfélaginu, en ekki að sporna gegn því að fé sé látið í atvinnureksturinn í landinu. Það er fyrst og fremst markmiðið með þessari lagasetningu að reyna að koma í veg fyrir óþarfaeyðslu, „spandans“, eins og það heitir á vondu máli. Ég vil jafnframt láta þess getið, að mér þykir þessi skyldusparnaðarskuldbinding fullhá, en sætti mig við hana eins og sakir standa, m. a. vegna hins mikla launaskriðs sem orðið hefur í landinu og fyrirsjáanlegt er, en mundi ekki að öðrum kosti geta fellt mig við svona háan skyldusparnað. Ég vil að það komi skýrt fram.

Ég sé ástæðu til að fjalla sérstaklega um eina till. hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds. Hann leggur til á þskj. 253 að söluskattur verði felldur niður af kjöti og kjötvörum og verðlag á þeim vörum lækkað samkv. því. Þetta eru náttúrlega frómar og fallegar óskir. En nú var sá ljóður á málflutningi þessa hv. þm., að þótt hann í öðru orðinu reyndi að gera lítið úr framkvæmdarörðugleikum slíkrar lagasetningar, þá viðurkenndi hann erfiðleikana í hinu orðinu, þegar hann talaði um að það væri hægt að fella þennan söluskatt niður með því að auka niðurgreiðslur. Ef sú er hugmynd þessa hv. þm., ef ég hef þá ekki tekið rangt eftir, þá er þessi till. að sjálfsögðu flutt á vitlausum stað og við vitlaust frv., þá ætti þessi till. að koma fram við 3. umr. fjárl. og ræðast undir þeim lið. Þá er einungis stefnumörkun sem felst í þessari till., og má þá búast við því að þessi hv. þm. dragi till. til baka þannig að hún komi ekki til atkv.

Þetta er að sjálfsögðu ekki nýtt mál, að fella niður söluskatt af kjöti og kjötvörum. Það var rætt í hæstv. síðustu ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, og þótt þessi hv. þm. efist að sjálfsögðu um einlægni sjálfstæðismanna í þessu máli, þá er ég í engum vafa um að vitnisburður hans mun verða sá, að sú ríkisstj. ætlaði að fella þennan söluskatt niður. En það, sem olli því að það var ekki gert, voru framkvæmdarörðugleikar. Við skulum minnast þess, að sú ríkisstj. jók mjög margvíslegar undanþágur frá söluskatti, tók til margvíslegar vörur sem þar eru undanþegnar, þ. á m. er jafnvel innfluttur kexvarningur, fyrir utan náttúrlega margvíslegar mjólkurvörur, brauðvörur, nýja ávexti o. s. frv. Hins vegar er því ekki að neita, og einkanlega eftir að svo er nú farið að bregða við að á fundum Alþb. er farið að gera sérstakar ályktanir um landbúnaðarmál, þá er að sjálfsögðu ekki undarlegt þó að úr þeim hópi komi till. af þessu tagi, þar sem áskoranir bændasamtaka hafa verið mjög einarðlegar í þessum efnum, og skal ég ekki hafa frekari orð um það að sinni.

Hv. 12. þm. Reykv. er með tvær brtt. á þskj. 239, og þar sem ég er kominn í ræðustól vil ég gera þær nokkuð að umtalsefni.

Það er þá í fyrsta lagi sú brtt. hans, að 3. mgr. 1. gr. falli brott: „Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur skatts“ o. s. frv. Ég er þessum hv. þm. algerlega sammála um það, að grein af þessu tagi er mjög vafasöm í lögum, þar sem talað er um að skattleggja tekjur sem ekki hefur verið sýnt fram á að hafa verði til. Við vitum ofurvel hvernig á þessu ákvæði stendur. Það er vegna þess að ýmsir, sem hafa mjög mikla einkaneyslu, hafa leikið þann leik að losna við opinber gjöld með því að nýta sér fyrningarreglur og annað því um líkt og þannig

komist hjá því að greiða opinber gjöld, þótt einkaneysla þeirra hafi verið veruleg og kannske mjög mikil. Þetta er markmiðið á bak við þessa grein og aðrar slíkar, og er það mál út af fyrir sig, sérstakt mál, hvernig við því á að snúast. Ég álít að það verði að taka til verulegrar endurskoðunar í sambandi við þessa lagasetningu og margvíslega lagasetningu aðra. Á hinn bóginn er það náttúrlega óþolandi, að menn, sem eru að reyna að halda áfram rekstri sem gengur illa, sem er kannske á mörkum þess að bera sig, og í sumum tilvikum stendur þannig á að slíkir aðilar beinlínis ganga á eignir sínar til þess að reyna að koma rekstrinum á réttan kjöl, slíkir aðilar séu skattlagðir með ákvæðum af þessu tagi. Ég vil þó vekja athygli á því, að samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, verður naumast um það að ræða að fólk þurfi að ganga á eignir sínar vegna þessara ákvæða, þar sem skyldusparnaðarmörkin eru svo há að þau taka ekki til slíkra skattþegna. Almennt séð er ég á móti ákvæðum af þessu tagi, en tel hins vegar að þarna þurfi að búa öðruvísi um hnútana til þess að ná því markmiði sem er á bak við þessa lagagrein.

Að lokum vil ég aðeins geta þess, að ég er ósammála um b-lið þessarar brtt. hv. 12. þm. Reykv., að almennir sparisjóðsvextir verði á skyldusparnaðarbréfum, vegna þess að mér þykir það ofrausn þegar um verðtryggingu er að ræða á þeim bréfum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma hér fram, að ég er hlynntur því sem fram kemur í brtt. á þskj. 235, að flugvallagjald renni til uppbyggingar og endurbóta á íslenskum flugvöllum. Raunar hef ég tjáð mig fylgjandi slíkri breytingu áður. Ég tel hins vegar að þetta þurfi að verða allmiklu víðtækara en svo, að það nái eingöngu til flugvallagjalds, tel skynsamlegt, að tekjur af flugvöllum og flugi, sem nú renna í ríkissjóð, renni til framkvæmda á íslenskum flugvöllum, og tel, að í þágu flugvallaframkvæmda ætti að setja á fót eins konar flugvallasjóð, svipað og Vegasjóð, og láta renna í þann sjóð ýmsar slíkar tekjur. Ég get hins vegar ekki fylgt þessari brtt. nú af þessari ástæðu sem komið hefur fram hjá mér, að ég tel að skoða eigi þetta mál á breiðara grundvelli. Því vildi ég gera grein fyrir þessu, að þótt ég sé fylgjandi þessari stefnu, þá mun ég greiða atkv. gegn brtt. nú, en vil gjarnan að þetta verði endurskoðað síðar á breiðara grundvelli.

Raunar get ég sagt svipað um söluskatt á kjöti og kjötvörum. Ég hef lengi, eins og ýmsir aðrir þm. hér, verið fylgjandi því að kjötvörur lækki í verði, söluskattur verði felldur niður. Hins vegar höfum við fengið upplýsingar frá sérfróðum embættismönnum um erfiðleika á slíkri breytingu, og það er rétt, sem hér hefur komið fram, m. a. hjá síðasta hv. ræðumanni, að menn hafa ekki treyst sér til að ráðast í þessa breytingu þótt þeir kunni að vera fylgjandi henni. Það var athyglisvert, sem kom fram hjá hv. frsm. fyrir þessum brtt., að gera mætti þetta með frekari niðurgreiðslum. Reyndar hefur þetta heyrst áður. En þá er það rétt, sem síðasti hv. ræðumaður sagði, að þessi breyting á ekki heima hér.

Ég tel að það sé mikið nauðsynjamál að leita allra leiða til þess að lækka verð á innlendri landbúnaðarframleiðslu, þannig að aukning geti orðið á neyslu slíkrar framleiðslu hér á landi. Mjög veigamikið skref í þessa átt væri niðurfelling á söluskatti eða aukin niðurgreiðsla sem því nemur. Ég get hins vegar ekki greitt þessari till. atkv., m. a. af þessum sökum, sem mér fannst koma fram hjá hv. frsm., að framkvæmdin er miklum vandkvæðum bundin og líklega skynsamlegast að leita að öðrum leiðum til að ná þessu sama marki.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þetta frv. felur í sér meiri háttar ráðstafanir til lagfæringar á efnahagsmálum okkar, eins og almennt er talað um. Ég harma því að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, því þó að þetta frv. nái fram að ganga, eins og till. bera með sér, þá hefur nú komið fram á síðustu dögum, bæði af hendi sjávarútvegs, landbúnaðar og einnig iðnaðar, að mjög mikið skortir á að þessar þrjár höfuðatvinnugreinar landsmanna telji sig geta starfað áfram. Þótt allt rætist, sem sagt er í aths. á bls. 3 um árangur af þessu frv. og löggjöf samkv. því, þá sé ég ekki hvernig atvinnulífið fær að ganga með eðlilegum hætti þegar í upphafi næsta árs. Ég hefði því óskað að hæstv. forsrh., ef hann er ekki önnum kafinn annars staðar, gæti verið hér viðstaddur og gæfi okkur skýringar á því, jafnvel þó að þetta frv. hafi verið flutt af hæstv. fjmrh. (Gripið fram í.) Nú, þá er spurningin, hvort ég á að bíða hér í nokkrar mínútur eða óákveðinn tíma, ef hæstv. forsrh. er bundinn í Nd.

Þetta frv. er eitt af meginstoðum undir því, að atvinnulíf hafi möguleika til að halda jafnt áfram, eins og skýrt hefur verið af hæstv. fjmrh., og grundvallast á því, að jafnvægi eigi að ríkja í fjármálabúskap þjóðarinnar.

Ég geri ekki ágreining um hugmyndina um 10% skyldusparnað, tel að það sé réttlætanlegt við þau þensluskilyrði sem um er að ræða. Það kom fram hjá frsm., að orðaskipti hafa átt sér stað varðandi aldursmörk. Hann vildi gjarnan færa þau ofar. En ég var algerlega á móti því og tel, ef einhverjir hafa góða afkomu og hafa náð þessum aldursmörkum og meiru, að þá eigi þeir kost á því að spara frjálst, en ekki lögþvingað.

Svo er annað atriði í þessu frv. sem er mikilvægt hvernig leyst verður. Það felst í 1. gr. þar sem segir:

„Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila miðað við vinnuframlag þeirra hefðu orðið ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila."

Þetta er búið að vera mikið deiluatriði í fjh.- og viðskn. í sambandi við annað frv. sem var lagt fram á sínum tíma, þ. e. a. s. skattalagafrv., en á nú að renna hér í gegn. Hér skiptir mjög miklu máli hvernig litið verður á aðstæður

manna, því að þær eru afar misjafnar. Og ef þessu verður ekki beitt af nokkurri varfærni, þá kann þetta ákvæði að verða mjög erfitt og viðkvæmt í framkvæmd. Mér er fullljóst að þetta getur verið réttlætanlegt, en það þarf, jafnframt því að segja að þetta sé réttlætanlegt, að leggja á það áherslu, að menn verða að fá mörg gögn í sambandi við mat á aðstæðum manna, ef á að beita þessu bókstaflega eins og það stendur í frv.

Miklar umr. urðu í n. um ákvæði 2. mgr., og ég er þakklátur form. n. fyrir það, að hann beitti sér fyrir að dagsetningunni 1. jan. yrði breytt og færð aftur um einn mánuð. Það er skynsamlegt og eðlilegt, því að svo getur staðið á fyrir mönnum að þeir hafi ekki að fullu lokið innborgun á þessum skyldusparnaði og kann að vera lítils háttar eftir, en þá hefðu mikilvæg ákvæði, sem greinin gerir ráð fyrir, fallið burt og þeir ekki notið þeirra kjara sem frv. annars gengur út frá. Ég er því fylgjandi þessu ákvæði, að við breytum, eins og fram kemur á sérstöku þskj., þskj. 256, að í staðinn fyrir 1. jan. 1979 komi 1. febr. 1979. Um þetta verður vonandi ekki ágreiningur í d. og vonandi að þetta fái samþykki og komist inn í lögin.

Síðan er 3. gr. *Ég veit ekki hvort menn hafa* almennt gert sér grein fyrir því, að svo að gagni megi koma að verðbætur, sem koma á þennan sparnað, hafi það gildi að sleppa við að vera skattlagðar, þá megi ekki vera um visst skuldahlutfall að ræða hjá viðkomandi einstaklingi. Þegar lög eru sett svona skyndilega á menn er auðvitað mjög erfitt fyrir suma, þó að þeir hafi þannig stofnað til skulda, að geta losað sig við þessar skuldir og notið þeirra kjara sem 3. gr. gerir ráð fyrir. En það virðist hafa verið mjög erfitt mál að gera þetta á annan veg en greinin gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. það er vitnað í 21. gr. skattalaga nr. 68 1971, að maður má ekki skulda nein skammtímalán, ef hann á að njóta ávöxtunar og sleppa við skattlagningu. En þá tel ég megintilgang sparnaðarins úr sögunni, því að hér er um tvö ólík atriði að ræða að mínu mati, þ. e. a. s. skattlagningu í þágu ríkisvaldsins, sem er gerð samkv. stjskr., og kvöð til skyldusparnaðar, sem ríkið tekur í sína umsjá og notar um óákveðinn tíma og skilar mönnum aftur með ávöxtun samkv. vísitöluákvæði í þessu frv., en ekki beinni vaxtatölu. Ég vil gera hér mjög skarpan mun á, vegna þess að ég tel að 10% kvöðin sé ekki skattlagning samkv. stjskr., þar sem ríkisvaldið skilar þeim peningum aftur til viðkomandi manns. Ber því að líta á það með öðrum hætti en venjulega skattskyldu. Um þetta mætti deila lengi, og auðheyrt var á þeim fundi, sem ríkisskattsjóri mætti á hjá n., að þetta mál er mjög snúið, ef svo má segja, skattalega séð og ekki hægt að koma því við með stuttum fyrirvara að gera á því breytingar. En hér er mjög mikilvægt atriði er mun koma aftan að mörgum mönnum þegar þeir sætta sig við þennan sparnað, en fá ekki árangur af honum heldur neikvæða niðurstöðu þegar þeir sækja sín bréf eftir þessi ár. Þá verður höfuðstóllinn skattlagður, en aðrir sleppa og fá hreina eignaaukningu. Þetta tel ég auðvitað ekki æskilegt, heldur óréttmætt að öllu leyti.

Það var upplýst um skyldusparnaðarárangur, ef svo má segja, samkv. lögum 1975, að með viðmiðun 1000 kr. yrðu borgaðar út í byrjun næsta árs 1840 kr. og þá yrði það skattfrjáls stofn samkv. þessum ákvæðum skattalaga, 21. gr., ef *menn hefðu ekki skammtímaskuldir á framtali sínu.* Miðað við aðstæður, sem flestir áttu við að búa þá, mun hér ekki vera komið aftan að almenningi. Ég er þó ekki viss um að það sé eins almennt og talið er og margir muni verða fyrir vonbrigðum og verða að borga fullan skatt af þessari ímynduðu eignaaukningu sem þeir hafa fengið, og tel ég það miður.

Þetta vil ég undirstrika hér til þess að benda á að það er ekki bein eignaupptaka, þegar ríkisvaldið er að taka ráðstöfunarfé af mönnum, heldur er laust fjármagn lagt til hliðar með valdboði, og þá á að gera öllum mönnum jafnt undir höfði í þessu tilliti og á ekki að blanda því saman við skattalöggjöf, þar sem skattur er innheimtur í þágu alþjóðar samkv. stjskr.

Um önnur atriði frv. get ég verið sammála þeim sem hér hafa talað, um að hækkun á flugvallagjaldi ætti að renna í þágu flugmála beint. Það leiðir af sjálfu sér að þá má halda því fram, að ríkissjóður sé betur settur með framlög til flugvallamála, en þetta fari ekki beint í eyðsluhít. Það sama ætti einnig að gilda um aukinn skatt af gjaldeyrissölu. Æskilegt hefði verið að hafa það á hreinu, að ríkissjóður fengi hér 1.5% og bankarnir aðeins 0.5% af þessum auknu tekjum. Kannske hefði átt að koma fram sem skilningur nm. í nál., svo að það væri á hreinu, að við litum svo á að þessi aukna skattheimta ætti að renna óskipt til ríkissjóðs. Eins og málið stendur í frv. sé ég ekki að ríkissjóði séu tryggðar óskertar þessar viðbótartekjur, og tel ég það miður.

Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað tala miklu meira um þetta mál, vegna þess að þótt þetta frv. eigi að leysa nokkuð úr vandræðum ríkissjóðs og eigi að gefa ríkissjóði um 3.7 *milljarða, þá er alveg augljóst að forsrh. hefði* átt að svara því, áður en þingfrestun verður nú fyrir jólin, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að bregðast við þeim vanda, sem framleiðslan á við að etja til lands og sjávar og íslenskur iðaður í dag. Ef maður raunverulega vildi standa fast á rétti sínum hefði átt að fást hlé á þessum umr. og bíða þar til hæstv. forsrh. gæti svarað þessu, vegna þess að þetta frv. sem slíkt leysir þennan vanda engan veginn að mínu mati og minni skoðun — ekki með nokkru móti. Ég vildi einnig vita um það, hvort hæstv. ríkisstj. hugsar sér að nota þinghléið til útgáfu t. d. á brbl. eða ekki, því að það fer ekki milli mála, að vandi sjávarútvegsins er gífurlegur og hefur verið ályktað núna með upplýsingum frá opinberum stofnunum, að það vanti allt að 5 milljörðum kr. til þess að fiskvinnslan í landinu geti haldið áfram, ályktanir landbúnaðarmanna um allt land hníga í sama farveg, að þar vanti stórfé, og iðnaðurinn biður um frestun á EFTA-löggjöfinni. Þetta frv. sem slíkt er því aðeins lítill plástur á þann vanda sem fyrir er hjá hæstv. ríkisstj. Nú eigum við eftir einn vinnudag fyrir jól á Alþ. og við a. m. k. í stjórnarandstöðunni, fáum ekki að vita eitt eða neitt hvað til stendur. Ég vildi þess vegna vekja athygli

á því, að hér er um miklu meiri vanda að ræða en þetta frv. felur í sér að leysa.

Hæstv. forsrh. er nú genginn í salinn og vil ég í örstuttu máli undirstrika það, að ég var að óska eftir því, þar sem ég tel að þetta frv. leysi alls ekki aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum, að fá upplýst hvað hæstv. ríkisstj. hugsar til lausnar á þeim vanda sem hagsmunasamtök sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar hafa tilkynnt þjóðinni undanfarið að þessar atvinnugreinar standi frammi fyrir. Sjávarútvegsmenn, þ. e. a. s. eingöngu fiskvinnslan og það bara frystihúsamenn, hafa lýst yfir, að það vanti 4.5—5 milljarða, landbúnaðarmenn hafa gert skarpar ályktanir um sín vandamál og haldið maraþonfundi, sem er afar óvenjulegt, og forsvarsmenn iðnaðarins hafa einnig gert mjög skarpar ályktanir, þannig að ég fullyrði að þetta frv. sem slíkt sé aðeins lítill plástur og ekkert annað á aðsteðjandi vanda. E. t. v. hugsar hæstv. forsrh. sér að gefa yfirlýsingu um þessi mál í Sþ. áður en þinglausnir fara fram. Ef svo er, þá sætti ég mig við það að vera ekki að tefja fund hér í d. En að öðrum kosti tel ég eðlilegt að við fáum að vita, hvað hæstv. ríkisstj. hugsar í þessum vanda, því að vandinn er svo langtum, langtum meiri en þetta frv. gerir ráð fyrir, að ég fullyrði að það leysi aðeins örlítið af þeim fjárhagsvanda sem efnahagslíf okkar stendur frammi fyrir nú á næstu vikum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil bæta við fáeinum orðum vegna þeirra aths. sem gerðar hafa verið við þær brtt. sem ég flyt á þskj. 253.

Ég hef ekki miklu við það að bæta sem ég sagði hér áðan um skyldusparnað félaga sem gerð er hér till. um. Ég held, að það sé fullkomlega eðlileg og raunhæf till., og get alls ekki á það fallist, að hugsanlega léleg afkoma fyrirtækja á næsta ári breyti þar einu eða neinu um, því að eins og ég tók fram áðan gildir þetta einungis um þau fyrirtæki sem eru það vel rekin og koma það vel út úr rekstrinum, að þau skili hagnaði, skili tekjum. Hin fyrirtækin, sem standa á sléttu eða eru jafnvel rekin með tapi, koma auðvitað aldrei til greina í sambandi við skyldusparnað.

Ég tel að fyrirtækin hafi í dag óhóflegar heimildir til þess að taka frá fé áður en tekjuskattur er á lagður. Þar eru hinar fjöldamörgu ívilnunarreglur að verki, svo sem afskriftareglur, varasjóðsframlög og aðrar slíkar reglur, þannig að ég er ekki í minnsta vafa um það, að ef fyrirtæki á eitthvað aflögu, þegar að því kemur að leggja á tekjuskatt, þá hefur það áreiðanlega þegar tekið til hliðar það fé sem líklegt er að verði lagt til aukinnar uppbyggingar í rekstrinum. Ég er hræddur um að þau orð, sem hv. þm. Halldór Blöndal viðhafði um tilgang skyldusparnaðarins, að hann væri ætlaður til að taka til hliðar það fé sem annars færi í óhófseyðslu, eða svo að ég noti nú hans óbreyttu orð, „spandans", þau eigi ekki síður við um stórfyrirtækin og það sé talsverð hætta á því og talsverð brögð að því, að miklar tekjur fyrirtækja lendi nú í ýmiss konar „spandans" enda til þess refarnir skornir, að menn hafi eitthvað út úr rekstrinum og geti haft mikið fjármagn handa á milli.

Í sambandi við 3. brtt. á þskj. 253 er það rétt, að hjá mér kom fram áðan tvenns konar hugsun varðandi innheimtu söluskatts af kjöti og kjötvörum. Annars vegar er sá möguleiki að innheimta söluskatt af kjöti og kjötvörum með venjulegum hætti. Hinn möguleikinn er að greiða niður heildsöluverð kjöts svo að það jafngildi afnámi söluskattsins. Báðar mundu þessar leiðir koma nokkuð í sama stað niður, og það er aðeins fyrirkomulagsatriði hvor leiðin yrði valin. Þetta yrði ríkissjóði nákvæmlega jafndýrt í báðum tilvikum. Ég var þeirrar skoðunar, að þetta væri einungis fyrirkomulagsatriði sem hægt væri að ákveða nánar um í reglugerð. En hér hafa komið fram ábendingar um að það kunni að vera erfitt að fara hina síðari leið á grundvelli þeirrar lagabreytingar sem hér er gerð till. um. Mér þykir því rétt að lagfæra till. í það form, að tekin séu af öll tvímæli að hægt sé að framkvæma þetta með hinum síðari hætti. Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að flytja skrifl. brtt. við mína eigin till., eins og stundum kemur fyrir í slíkum tilvikum, og hún er einfaldlega sú, að 3. brtt. á þskj. 253 orðist svo:

„Á eftir 6. gr. komi ný gr., svo hljóðandi — síðan kemur þessi mgr. óbreytt: Frá 1. jan. 1978 skal fella niður söluskatt af kjöti og kjötvörum og verðlag á þeim vörum lækka samkv. því.

Heimilt er að framkvæma efni 1. mgr. með því að greiða niður heildsöluverð kjöts að því marki að það jafngildi afnámi söluskatts."

Hér er sem sagt ósköp einfaldlega veitt alveg ótvíræð heimild til þess að lækka verð á kjöti og kjötvörum sem nemur söluskattinum með því að fara svolítið annan hring að því marki heldur en einfaldlega með því að afnema söluskattinn í versluninni. Með þessu ættu að vera tekin af öll tvímæli um það, að þetta er hægt að framkvæma ef vilji er fyrir hendi. Spurningin er bara sú ein, hvort sá vilji er fyrir hendi, og því miður virðist mér á öllu að svo sé ekki hvað varðar ríkisstjórnarflokkana báða. Þeir virðast ætla að koma sér undan því með einhverjum afsökunum og einhverjum hæpnum útskýringum, með tilvísun til þess að þetta sé ekki hægt í framkvæmd. En það er rangt. Þetta er hægt, þó að e. t. v. þurfi að fara nokkra krókaleið að þessu nákvæmlega sama marki. Að því stefnir brtt. mín. Ég vil leyfa mér að leggja hana hér fram og óska eftir því að hún komi til afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 263) samþ. með 16 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. beindi til mín fsp. í ræðu hér áðan þess efnis, hvað ríkisstj. hygðist gera til þess að leysa vandamál atvinnuveganna, sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, eins og hann nefndi, og taldi að efni þess frv., sem hér er á dagskrá, væri ekki fullnægjandi til að leysa þann vanda sem þar blasti við. Ég get verið alveg sammála hv. þm. um það. En ég vil leggja áherslu á að efni þessa frv. og þær aðgerðir, sem felast í þeim frv., sem hér hafa verið til meðferðar á hv. Alþ. undanfarið, eru nauðsynleg forsenda fyrir lausn á vandamálum atvinnuveganna. Þau

vandamál verða auðvitað til meðferðar hjá ríkisstj. í þinghléi og verða úrræði og tillögur að svo miklu leyti sem atbeina þings er þörf, sem ég tel lítinn vafa um, lögð fyrir Alþ. þegar það kemur aftur úr jólaleyfi. Að öðru leyti mun ég gera grein fyrir þessum málum í Sþ. og tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta efni að sinni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég sé nú ekki að brtt. hv. 5. þm. Norðurl. v. við brtt. hans sjálfs breyti neinu um það sem hér er um að ræða, að fella niður söluskatt af landbúnaðarvörum, þegar af þeirri ástæðu að þær niðurgreiðslur, sem nú eru á kjötvörum, eru rétt svipaðar þeim söluskatti sem er, þannig að þessi viðbót út af fyrir sig mundi ekki auka niðurgreiðslurnar. Ég vil jafnframt benda á það, að þó að heimildarákvæði séu sett í almenn lög fela slíkar heimildir hvorki í sér greiðsluskuldbindingu né greiðsluheimild utan við fjárl. Þetta mál verður því að taka upp á fjárl., en ekki annars staðar, ef hugmyndin er að auka niðurgreiðslur úr ríkissjóði.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég skil ekki hver ástæða er fyrir því, að hv. þm. Halldór Blöndal reynir að snúa út úr þessari tillögu til samkomulags. Hann ætti að geta lesið út úr þessari till. nákvæmlega sama og allir aðrir, ef allt væri með felldu. Það segir í 1. mgr. í till., sem ég hef flutt, að verðlag á kjötvörum skuli lækka sem nemur niðurfellingu söluskatts, — verðlag á þessum vörum skuli lækka frá því, sem nú er, sem nemur niðurfellingu söluskatts, og það sé heimilt að framkvæma þessa lækkun, segir svo aftur í 2. mgr., með niðurgreiðslum, að sjálfsögðu með auknum niðurgreiðslum. Þetta held ég að þurfi ekkert að fara á milli mála, því að þetta stendur svo skýrt sem verið getur í fyrri mgr. og þarf því ekki að vera neinum vafa undirorpið.

Varðandi það atriði, að þetta beri að gera í fjárl., þá er það út af fyrir sig rétt, að auðvitað yrði að gera ráð fyrir því við endanlega afgreiðslu fjárl. og taka þetta með inn í dæmið. Ef þetta yrði samþykkt, þá tækju fjárl. breytingum sem því svaraði. Það er hins vegar alveg nauðsynlegt að taka skýrt fram, að þessi hugsanlega aukning niðurgreiðslna, ef sú leið yrði farin, ætti að beinast að þessu marki sérstaklega, að afnema söluskatt á kjöti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna ummæla hv. 10. landsk. þm. og hv. 2. þm. Vestf.

Hv. 10. landsk. þm., Halldór Blöndal, lýsti sig andvígan skyldusparnaði og var till. minni sammála, en hann mundi þó greiða atkv. gegn sannfæringu sinni vegna þess mikla launaskriðs sem væri í gangi í þjóðfélaginu í dag. Ég held að hv. 10. landsk. þm. átti sig ekki á því, hvað er að ske.

Á bls. 4 í grg. með frv. er fjallað um fyrri álagningu skyldusparnaðar, 5% árin 1975 og 1976, en í lok þessarar grg. um 1. gr. kemur svo eftirfarandi: „Við fyrri álagningu skyldusparnaðar var kveðið á um útgáfu sérstakra skyldusparnaðarskírteina. Þetta fyrirkomulag hefur ekki gefið góða raun.“ Og svo heldur áfram. Hv. þm. geta lesið það sjálfir, ef þeir hafa áhuga á því. En mergurinn málsins er sá, að við erum að komast í sama vítahring með þennan skyldusparnað og verðtryggðu spariskírteinin sem gefin voru út, rétt áður en gjalddagi er hverju sinni þarf að gefa út fleiri og meiri og hærri upphæðir í skyldusparnaði. Nú eru þessi 5%, sem voru 1976 og 1975, orðin að 10% til þess að geta staðið í skilum m. a. með greiðslur, sem skulu að eiga sér stað 1. febr. 1978. Því til viðbótar hefur ríkisstj., samkv. því sem hér stendur í grg., hugsað sér að ná inn nærfellt einum milljarði til ráðstöfunar fyrir ríkisstj. Við erum því að komast hér með skyldusparnaðinn í sama vítahring og við vorum í með verðtryggðu spariskírteinin áður. Ég er að vara við þessu.

Ég bjóst við því að hv. 2. þm. Vestf. féllist á þær brtt. sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur lagt fram varðandi flugmálin, enda lýsti hann sig honum sammála um þá till., en ætlar þó að greiða atkv. gegn henni vegna þess að honum finnst ekki nógu langt gengið, ekki farið nógu vítt í að gera till. sem gætu orðið til þess að fé rynni til flugmála. Mér finnst stangast þarna á — einhvers staðar verður að byrja. Það er ekki alltaf nauðsynlegt að byrja með því að gera heildartillögur. Hér er um að ræða einn lið af mörgu öðru. Ég er sammála hv. þm., en ég vona að hann fari frekar eftir sannfæringu sinni en því sem flokkurinn skipar honum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að endurtaka það sem ég sagði áðan, enda höfum við hv. síðasti ræðumaður oft rætt þetta, og ég hygg að við séum báðir sammála um að þarna þarf að verða breyting á. En það þýðir ekki að hlaupa eftir stundarfyrirbærum eins og þessu. Við þurfum að skoða þetta á miklu breiðari grundvelli. Ég vil heita á hv. þm. að við, eins og við höfum rætt um, athugum hvort við getum ekki stuðlað að því að tekjuöflun til flugmála verði á annan máta en verið hefur. T. d. vil ég geta þess, að tekjur af Keflavíkurflugvelli umfram gjöld renna í ríkissjóð. Mér sýnist það vera óeðlilegt. Ég held að eðlilegra væri að það rynni í flugvallasjóð, sem líktist t. d. Vegasjóði, og þá þarf að setja um það mál sérstök lög. Ég sé ekki að mál flugvalla séu leyst með því að láta þetta renna til flugvalla út af fyrir sig, þegar í fjárl. er gert ráð fyrir ákveðinni fjárveitingu til flugvalla. Þegar hefur flugráð gert till. um ráðstöfun þess fjármagns í samræmi við það sem er í frv. til fjárl. Ég held því, að þessi breyting verði að bíða síðari tíma, og vil endurtaka það, að ég vil mjög gjarnan standa að breytingu á þessu á breiðari grundvelli.

ATKVGR.

Brtt. 239,1.a felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, AG, HBl, EggÞ.

nei: EÁ, GH, HÁ, IT, IH, JHelg, JGS, OÓ, RA, StH, StG, ÁB, ÞK.

HFS, StJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (GeirG) fjarstaddur.

Brtt. 239,1.b—c felld með 13:3 atkv.
— 253,1 felld með 14:5 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 239,2 felld með 13:1 atkv.
— 256 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 253,2 felld með 13:5 atkv.
5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 263 felld með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁH, RA, StJ, EggÞ, HFS.
nei: JHelg, JGS, OÓ, StH, StG, AG, HBl, ÁB, EÁ, GH, HÁ, IT, IH, ÞK.
1 þm. (GeirG) fjarstaddur.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. forsrh. áðan eru vandamál landbúnaðarins eins og annarra atvinnuvega í athugun hjá ríkisstj. og verða það á næstu vikum og þá þetta atriði eins og önnur. Þar sem ég vænti þess, að það leiði til jákvæðs árangurs í þessu máli, þá segi ég nei við þessari till. nú.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hér er um mjög viðamikið mál að ræða sem að mínu mati þarf nánari athugunar við en tækifæri hefur unnist til í meðferð málsins nú hér í d. Ég vísa jafnframt til þess, sem hv. 4. þm. Suðurl. sagði hér áðan, og segi því nei.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Í trausti þess að athugað verði mjög gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt að auka niðurgreiðslu á kjöti og sú athugun fari fram mjög fljótt, og vísa ég þar til þess sem áður hefur verið sagt hér við atkvgr., þá segi ég nei.

7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 232, n. 249 og 250). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 9 12. apríl 1977, sbr. l. nr. 95 31. des. 1975, um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, um sjúkratryggingagjald. Frv. er liður í tekjuöflunaráætlun ríkisstj. og stendur í sambandi við afgreiðslu fjárl. Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur nú fyrir deildinni með þeim breytingum sem voru gerðar á því í Nd. Albert Guðmundsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Frv. fjallar um það, að á árinu 1978 skuli sjúkratryggingagjald nema 2% af gjaldstofni álagðra útsvara samkv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. l. nr. 8 18. maí 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, en þó að frádregnum:

a) bótum samkv. II. og IV. kafla l. nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;

b) námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. 6 mánuði á árinu;

c) lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkv. 52. gr. l. nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum;

d) í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkv. a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1977, 300 þús. kr. og hjá hjónum 500 þús. kr.

Þetta er sú breyting, sem varð á frv. í Nd., þ. e. a. s. d-liður, bættist við, að hjá bótaþegum elli- og örorkulífeyris skuli þessi viðbót koma, d-liðurinn, að þessar 300 þús. kr. skuli draga frá einstaklingi og hjónum 500 þús. kr., áður en sjúkratryggingagjaldið er lagt á. Þetta er til mikilla hagsbóta fyrir bótaþega og léttir þeim mjög þessa skattbyrði.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Eins og fram kom í áliti meiri hl., sem hv. þm. Oddur Ólafsson mælti fyrir áðan, varð heilbr.- og trn. ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Við í minni hl., hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm., skilum séráliti um þetta frv.

Það verður að segjast eins og er, að hugvitssemi hæstv. ríkisstj. í skattheimtu er þó alla vega mikil og að mörgu leyti til fyrirmyndar hvað hugvitssemi snertir, þó að nærgætni sé kannske örlitlu minni. Sama er að segja um það, að mér þykja hæstv. ráðh. einnig vera býsna miklir snillingar í nafngiftum á skattheimtu sinni. Við erum enn þá að fjalla hér um tímabundið vörugjald, eins og það á að heita, þó að í raun og veru væri frekar um að ræða, eftir því sem manni skilst, óafturkallanlegt vörugjald. (**Gripið fram í:** Er það ekki tímabundið?) Jú, það er tímabundið, sérstakt tímabundið vörugjald. En ég skil það svo, að þetta eigi aðeins að gilda mjög skamman tíma, enda var það túlkað þannig í upphafi, það fer ekki á milli mála.

Viðlagagjaldið hefur verið innbyrt í ríkissjóð. Olíugjaldið er nú horfið að ⅔ almennt inn í fjárl. og kemur ekki nema að rétt ⅓ inn í það upphaflega verkefni sem því var ætlað að sinna. Og svo fáum við á ári hverju frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar og þar er mönnum komið nokkuð á óvart. Menn vita að hæstv. ráðh. hefur sett á fót endurskoðun almannatryggingalaganna, og í hvert skipti sem menn líta frv. um breytingu á almannatryggingalögunum, þá reikna þeir með að nú sé hinni langþráðu endurskoðun lokið, og menn setja það í samband við umbætur og lagfæringar, því að hvort tveggja á rétt á sér, bættar reglur um margt vegna misnotkunarhættu, en úrbætur á því, sem enn er ógert, þó enn brýnni. Þetta halda menn eðlilega að sé á döfinni þegar frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar koma fram, en þá er aðeins um að ræða skattheimtu og hana af lakara taginu. Þó að hæstv. ráðh. séu þannig að koma fólki á óvart með nafngiftum sínum og öðru slíku, þá kemur þetta mál þó ekki með öllu á óvart. 1975 voru tryggingamál á dagskrá með þesum sérstæða hætti, en aðeins til bráðabirgða, eins og hæstv. ráðh. sagði þá í umr. í Ed., enda mundi þetta ekki

gilda nema á árinu 1976, aðeins eitt ár. Þetta var gert með tilliti til þess ástands sem þá var. Síðan átti að koma góðæri, betri tímar og betri ráð. Góðærið kom, en annað ekki, og nú skal bætt um betur.

Frv. um sjúkratryggingagjald var upphaflega sett eftir harðar deilur innan stjórnarflokkanna, harðar deilur um skattheimtu og aðferðir í skattheimtu. Okkur var þá sagt, að það hefði tekið breytingum dag frá degi, og niðurstaðan birtist fáum dögum fyrir þinglok. Þá var ekki aðeins um það að ræða, að skattheimtan sjálf væri gagnrýnd, heldur aðferðin einnig. Við bentum þá á það, að bæði álagningar- og innheimtuaðilinn væri rangur. Því var mótmælt harðlega að vonum. En þá var þetta gert til þess að sýna — þó ekki væri nema á pappírnum — vissan samdrátt sem þessu næmi í ríkisumsvifum. Sem betur fer hefur verið horfið frá þessu ráði, enda mótmælti Samband ísl. sveitarfélaga kröftuglega þessari lagasetningu þá, en á það var ekki hlustað. Ég virði það, að að þessu leyti hefur verið tekið undir orð okkar stjórnarandstöðumanna, þó að ekki mætti hlusta á þau á sínum tíma. Nú er þó réttur aðili, sem leggur á og innheimtir. Það kemur þó ekki til af góðu, eins og kemur fram í aths. með þessu frv. Aðferðin reyndist sem sagt illa hvað skjót skil snerti og innheimtan var ekki eins árangursrík og fljótvirk og menn höfðu vonað. Þá var breytt til og skilst manni að þetta hafi mestu um ráðið.

Á það var deilt á sínum tíma, hve ranglæti þessarar aðferðar, skattheimtunnar sem slíkrar, væri mikið. Nú er þetta ágreiningsefni og deiluefni viðurkennt að hluta í undatekningarákvæðum laganna, svo sem þau skulu nú vera. Ég man það greinilega frá afgreiðslu þessara laga um sjúkratryggingagjaldið á sínum tíma, að þá mátti ekki einu sinni samþykkja till. frá okkur hv. þm. Geir Gunnarssyni um það að undanþiggja tekjutryggingarfólkið þessu 1% gjaldi. Strax á næsta sumri varð þó nokkur lagfæring á þessu, enda í raun og veru ekki á öðru stætt.

Ég skal reyna að hafa ekki um þetta mörg orð. Þetta mál var mjög umrætt á sínum tíma, og auk þess hefur verið mjög um það fjallað í Nd. og þar haldnar langar og snjallar ræður bæði með og móti þessu frv.

Við tökum það fram í okkar minnihlutaáliti, hvað við teljum helst ranglátt við þessa skattheimtu. Nú er ég ekki að segja að hér sé um verstu skattheimtu að ræða, ég tek það skýrt fram, vegna þess að að sumu leyti er bráttóskattur, ef við lítum á hann sem skatt einan út af fyrir sig, að mörgu leyti eðlilegur ef visst tillit er tekið til aðstæðna. Við álagningu þessa skatts er hins vegar ekkert tillit tekið til fjölskyldustærðar. Nú skal það viðurkennt, að það er í mjög smáum mæli gert varðandi útsvarið, í allt of smáum mæli, enda höfum við Alþb.-menn flutt um það till., að sá frádráttur, fjölskyldufrádráttur til útsvars, verði færður til samræmis við það sem hann var í upphafi þegar tekjustofnalögin voru sett, en það hefur ekki fengist fram.

Í öðru lagi hlýtur þessi skattur, þó ekki sé um nema 2% að ræða, að leggjast á mjög lágar tekjur, og það sannar það best, hve mikill fjöldi það er, umfram þá, sem greiða tekjuskatt, sem greiða sjúkratryggingagjald og á eftir að greiða þrátt fyrir þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. Þetta hefur líka orðið svo, að hv. stjórnarsinnum í Nd. hefur blöskrað svo þessi aðferð, að þeir hafa lagfært mjög undantekningarákvæðin varðandi aldraða og öryrkja. Ber að virða það þegar hv. þm. hafa vit fyrir ríkisstj. sinni.

Ég bendi á það einnig, að sannleikurinn er sá, að mörg sveitarfélög leggja ekki útsvar á íbúa sem eru eldri en 70 ára. Það er æðilangt síðan sumir staðir tóku þetta upp. Ég man að Neskaupstaður var fyrstur staða eystra til að taka upp þetta fyrirkomulag, og ég man að erfitt var að ná þessu fram í mínu heimahéraði, en þykir reyndar sjálfsagt nú. Það þykir sem sagt sjálfsagt í sveitarfélögunum að þeir, sem hafa unnið í sveitarfélögunum langan og góðan vinnudag, séu ekki útsvarsskyldir eftir sjötugt, nema þá um alveg sérstaklega háar tekjur sé að ræða. Hins vegar veit ég að í Reykjavíkurborg er þetta framkvæmt með öðrum hætti, enn þá er lagt hér á fólk sem komið er yfir sjötugt, þó að það sé að vísu minna en á aðra. Þar hefur eitthvað verið slakað á hin allra síðustu ár. Og það er auðvitað skiljanlegt með þá hjá Reykjavíkurborg, að þeir geri þetta, vegna þess að þeir virðast þurfa að sýna öðrum tilhliðrunarsemi frekar, því að ég sé ekki betur en aðstöðugjöld þeirra sýni að þeir veiti þar þeim mun ríflegri afslátt sem þeir leggja hastarlegar á útsvörin. Og ég hef talið, að úr því að hæstv. ríkisstj. tók upp þá snjöllu aðferð að leggja á gjaldstofn útsvara ákveðið sjúkratryggingagjald, þá hefði hún einnig átt að koma auga á hinn aðaltekjustofn sveitarfélaganna, aðstöðugjöldin, þannig að fyrirtækin hefðu líka tekið þarna einhvern þátt í, ekki síst þegar það er upplýst að þau eru mörg hver skattlaus með öllu hvað varðar tekjuskatt þótt velta þeirra skipti mörgum milljörðum.

Við bendum á það í okkar nál. að hér sé um aukna skattheimtu að ræða, en einmitt í samningum við verkalýðshreyfinguna í vor var það skýrt fram tekið af hálfu ríkisstj., að verið væri að semja um lækkun á sköttum, enda var það framkvæmt varðandi tekjuskattinn. Nú er ég þeirrar skoðunar, að það sé ekki mikilvægasta réttarbótin á sviði skattheimtu sem verkalýðshreyfingin getur fengið, að fá lækkun á tekjuskatti, og get lýst mig ósammála þeim Alþýðusambandsmönnum, sem hafa alltaf lagt megináherslu á það. Það skal skýrt tekið fram. En það er ljóst, þar sem skattheimtan nú er aukin með þessu móti og auk þess með því að röng skattvísitala gildir bæði fyrir þetta ár og einnig það næsta, að þá hefur þessi skattalækkun, sem um var samið beint í samningunum, verið tekin aftur að fullu og þetta bætist svo við.

Mönnum hefur einnig orðið nokkuð tíðrætt um það, hvernig nú á að hækka gjaldskrá lyfja og gjaldtöku fyrir sérfræðiþjónustu. Ég veit að fyrir fjölmarga er þetta ekki stórt atriði fjárhagslega, en ég veit það einnig, að þrátt fyrir það að nokkur lyf t. d. séu þarna undanskilin, þá er þetta engu að síður tilfinnanlegt fyrir marga sem einmitt hafa litlar tekjur. Nú er það

rétt, sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðh., að hér mun ekki hafa verið um breytingu að ræða síðustu tvö ár, og ég fagna því, að það skuli ekki hafa verið gagnvart þessu fólki sem þarf mikið á lyfjum að halda, en ekki fellur þó undir þessar undantekningar. Um þetta þekki ég og auðvitað við allir mörg dæmi. En engu að síður verður þó að telja að hér sé um allstórt stökk að ræða, og þó að menn almennt finni ekki mikið fyrir þessu, þá eru það engu að síður allt of margir og allt of margir þeirra, sem eru verst staddir, sem áreiðanlega eiga eftir að finna fyrir þessari gjaldskrárhækkun.

Ég var t. d. að hugsa um aldraða frænku mína sem ég tók einmitt dæmi af í umr. 1975. Miðað við þá lyfjanotkun, sem henni er ráðlagt af lækni, er áreiðanlegt að þarna er umtalsverð upphæð sem ég hef ekki reiknað saman, en mér sýnist í fljótu bragði að geti þó munað fyrir hana hátt í 20 þús. kr. Það er mikil upphæð fyrir þessa öldruðu konu, sem þarf að vísu að nota mikil og margvísleg lyf og þ. á m. að vísu eitt sem er undanþegið þessu. Ég held þess vegna að það verði staðreyndin, að fyrir flesta sé þetta ekki stórt atriði, en viðbót þó engu að síður við allt annað. En fyrir hina, sem þurfa verulega á lyfjum að halda og er ráðlagt það af læknum, verður hér um verulega viðbót að ræða, — viðbót, sem kemur nú í einu stökki, sem kemur nú í einni gusu ofan á annað, sem nú er verið að leggja á fólk, og verður þess vegna drjúgt til viðbótar.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta. Umr. í Nd. voru það ítarlegar og miklar að ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta. En með tilliti til þess, sem við segjum í okkar nál., og margra annarra atriða, sem ég hef hér rifjað upp, þá leggjum við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson til, að frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:2 atkv.

Efri deild, 43. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 42. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 232). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 265).

Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. (þskj. 264 (sbr. 170)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 114, n. 259). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur fjallað um það frv., sem hér er til umr., og hefur orðið sammála um að skila svo hljóðandi áliti:

„Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, en lítur svo á, að löndunarsvæði á vetrarvertíð eigi fyrst og fremst að vera á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar.

Steingrímur Hermannsson, hv. 2. þm. Vestf., sat hjá við afgreiðslu málsins.

Stefán Jónsson, hv. 5. þm. Norðurl. e., var fjarverandi afgreiðslu málsins."

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. frsm. sat ég hjá við afgreiðslu málsins í n. og mun gera það einnig hér. Ég geri það vegna þess að ég óttast að með þessu leyfi sé verið að veita fordæmi sem geti orðið varhugavert. Ég geri mér að vísu grein fyrir því, að loðnan mun ekki ofveidd nú og æskilegt er að fá meira af loðnu á land til vinnslu en við náum með okkar skipum eins og er. Ég hygg þó að óðum nálgist þau mörk, að einnig þurfi að gæta sóknar í loðnuna. Í því sambandi verðum við að sjálfsögðu að gæta þess vandlega, að réttar til veiða á loðnu njóti eingöngu skip sem íslensk eru að öllu leyti og hér skráð.

Þetta skip, sem hér er til umr., er að hluta í eigu Íslendings og með íslenskri áhöfn, en er skráð erlendis. Það hefur þess vegna leyfi til veiða t. d. innan landa Efnahagsbandalagsins og jafnvel fleiri landa, sem íslensk skip hafa ekki. Þetta skip nýtur því sérstakra forréttinda. Ég get vel hugsað mér, að önnur svipuð tilfelli geti komið upp, skip í erlendri eigu með íslenskri áhöfn sæki hér eftir veiðiheimildum, og það sýnist mér vera fordæmi sem mjög beri að varast.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki setið fund sjútvn. þar sem fjallað var um þetta mál með miklum skyndingi í dag. Ég tel að nægur tími hefði átt að vera til þess að fjalla um þetta mál. Það er búið að vera lengi á döfinni og æskilegt hefði verið að málið hefði komið í tæka tíð til Ed., þannig að hægt hefði verið að fjalla um það á eðlilegan hátt og leita umsagnar aðila um málið, þ. á m. Landssambands ísl. útvegsmanna, sjómannasamtakanna og Hafrannsóknastofnunar, og við hefðum því fengið m. a. að heyra álit hennar á því, hvernig væri komið möguleikunum á sókn í loðnustofninn

með tilliti til þess, að við höfum nýlega samþykkt að veita Færeyingum aðild að loðnustofninum okkar í vetur.

Eins og ég sagði í umr. um þetta mál í dag, þá hefði ég talið æskilegt að kveðið væri beinlínis á um það í lagagr., að skipið ætti — að öðru jöfnu og þegar hægt væri — að landa afla sínum á svæðinu fyrir norðan, í verksmiðjurnar fyrir norðan. Hér er um að ræða ákaflega sérstakt mál, einstakt mál, og ég sé ekki hvers vegna við hefðum átt að hlífast við því að kveða beinlínis á um þetta í lagagr. Það hefur ekki fengist fram, fyrst og fremst að því er virðist vegna tímaskorts. Ekki hefur fengist tími til þess að endurskoða lagafrv., fara í gegnum það og athuga þetta mál. Á það ráð var brugðið í n. sjálfri að kveða á um það álit n., að skipið ætti yfirleitt að landa fyrir norðan. Þetta ákvæði í nál. er allra góðra gjalda vert og er ugglaus vísbending um það, með hvaða fororði n. sem slík mælir með samþykkt frv. fremur en að láta málið niður falla, fremur en að bregða fæti fyrir það, þar sem að því er virðist gefst ekki tími til þess, ráðrúm til þess eða vilji að fá frv. breytt á þann hátt að þetta ákvæði verði beinlínis sett inn í lagagr. Þessi yfirlýsing sjútvn. hefur, eins og að líkum lætur, ekki neitt lagagildi, og ég beini því nú til hæstv. sjútvrh., að hann segi okkur ljósum orðum, áður en málið kemur til atkv., á hvern hátt hann muni láta framkvæma þessi lög á vertíðinni nú í vetur. Ég mun haga atkv. mínu eftir því, hvernig hann svarar þeirri spurningu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í áliti sjútvn. Nd. eða réttara sagt flm. þessa frv., sem allir eru nm. í sjútvn. Nd., þá er það hugsað frá hendi nm. að þetta skip, ef það fær leyfi á næstu vertíð, landi á þeim stöðum sem fjærst eru miðum og þurfa á hráefni að halda, þannig að ef fullt er á miðum, eins og t. d. við Norðurland, en ekkert í þróm við Suðurland, þá getur loðnunefnd beint skipinu þangað eða öfugt, þetta skip verði því að taka á sig lengstu ferðirnar án þess að fá flutningastyrk. Það fær engin hlunnindi önnur en þau, að það verður auðvitað tekið útflutningsgjald af þeirri framleiðslu sem unnin er úr afla þessa skips, að öðru leyti en því að stofnfjársjóðsframlagið fær skipið endurgreitt, en það er lagt inn á reikning hvers skips fyrir sig. Þetta álít ég að sé eina eðlilega leiðin við rekstur svona skips, ef þessi breyting á lögum um löndun á loðnu til bræðslu verður samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Íslenskur iðnaður, frv. (þskj. 139). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 139 að flytja hér frv. til l. um aðgerðir til stuðnings íslenskum iðnaði. Það er aðalefni þessa frv., að tollalækkunum, sem taka eiga gildi um n. k. áramót, um áramótin 1978—1979 og um áramótin 1979—1980, verði frestað um sinn meðan leitað er eftir því, að aðlögunartími íslensks iðnaðar gagnvart samkeppni frá EFTA- og EBE-löndum verði framlengdur, í öðru lagi, að þeim tolltekjum, sem af samþykkt þessa frv. leiðir, verði varið til að halda niðri innlendu verðlagi og til að létta útgjöldum af innlendri iðnaðarframleiðslu, og í þriðja lagi, að veitt verði nauðsynleg rekstrarlán til iðnaðarins eftir nánari reglum sem ríkisstj. setur, þannig að út á alla innlenda framleiðslu, svo fremi að unnt sé að sýna fram á örugga sölu innanlands eða utan, fáist nauðsynleg rekstrarlán.

Aðild Íslands að EFTA var ákveðin haustið 1969. 4½ ári seinna var gerður viðbótarsamningur við Efnahagsbandalag Evrópu þess efnis, að gagnkvæmar tollalækkanir ættu sér stað. Það skal strax minnt á, að Alþb. var andvígt aðild Íslands að EFTA, þegar sá samningur var gerður árið 1969, og varaði mjög eindregið við afleiðingum þess samnings fyrir íslenskan iðnað. Hins vegar samþykkti Alþb. viðbótarsamninginn við Efnahagsbandalag Evrópu 4½ ári síðar enda þótt um áþekka samninga væri að ræða, einfaldlega vegna þess að það var sjónarmið okkar, að úr því að ákveðið hefði verið að erlend samkeppni yrði opnuð á innlendan iðnað, þá breytti það ekki ýkjamiklu hvort um væri að ræða samkeppni frá þremur þjóðum eða tíu þjóðum eða tólf þjóðum og það væri þá betra að íslenskur iðnaður fengi aukna markaðsmöguleika á stærra svæði, ef samkeppnin við okkar agnarsmáu þjóð hefði á annað borð verið opnuð, — það breytti ekki svo ýkjamiklu þótt eitthvað bættist við af samkeppnisaðilum erlendis, hitt skipti meira máli, að okkar litli iðnaður fengi þá stærra svæði til athafna á erlendum markaði, því að samkeppnin eykst ekki við það að samningslöndunum fjölgar, en við það aukast útflutningsmöguleikarnir.

Haustið 1976, þegar fjórar tollalækkanir voru framundan: 1977, 1978, 1979 og 1980, komu í fyrsta skipti fram eindregin andmæli af hálfu íslenskra iðnrekenda við því, að svo héldi fram sem ráðgert var, og segja má að andmæli íslenskra iðnrekenda gegn áframhaldandi tollalækkunum hafi farið harðnandi ár frá ári. Hins vegar hefur Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna nýlega varað mjög eindregið við því, að frestað verði áformuðum tollalækkunum. Ég held að þessi afstaða einstakra atvinnuvega til þessara væntanlegu aðgerða sé nokkuð dæmigerð um eðli þessa máls. Enginn vafi er á því, að vissar greinar fiskiðnaðarins hafa ákveðinn hagnað af aðild Íslands að EFTA-samningnum og samningnum við Efnahagsbandalagið og sá hagnaður nær reyndar yfir útflutningsiðnaðinn almennt. Hitt er ljóst, að um mjög iskyggilegt tap er að ræða fyrir flestan annan iðnað og þá einkum iðnað fyrir innlendan markað.

Ég vil í þessu sambandi rifja upp bréfaviðskipti sem áttu sér stað milli formanns Félags ísl. iðnrekenda, Davíðs Schevings Thorsteinssonar, á s. l. ári og ráðuneytisstjóra viðskrn., en þessi bréfaskipti áttu sér stað í okt. og nóv. fyrir rúmu einu ári. Í bréfi formanns Félags ísl. iðnrekenda til viðskrn. voru ítrekaðar óskir íslenskra iðnrekenda um framlengingu á aðlögunartímabilinu.

Í svari ráðuneytisstjórans til formanns Félags ísl. iðnrekenda segir ráðuneytisstjórinn m. a., með leyfi forseta, að hægt sé að fá samþykki EFTA fyrir því að framlengja aðlögunartímann fyrir ákveðnar vörutegundir, ef sýnt sé fram á með skýrum rökum og upplýsingum að tollalækkanir hefðu valdið miklum samdrætti, atvinnuleysi eða gjaldþroti í viðkomandi iðngrein sem við teldum æskilegt að vernda. Þessu bréfi svaraði formaður Félags ísl. iðnrekenda með því að vara við því, eins og segir í bréfinu, „að beðið sé eftir því að tollalækkanir valdi miklum samdrætti, atvinnuleysi eða gjaldþroti í viðkomandi iðngrein“, og bendir réttilega á, eins og segir í bréfinu, að hyggilegt sé að byrgja brunninn áður en barnið sé dottið ofan í, frekar en eftir á, eins og hafi komið fram í bréfi ráðuneytisstjórans.

Í bréfi formanns Félags ísl. iðnrekenda koma fram þær athyglisverðu upplýsingar, að útflutningur almenns iðnaðar á Íslandi til EFTA- og Efnahagsbandalagslanda hafi aðeins aukist um 577 millj. kr. milli áranna 1974 og 1975, á sama tíma og innflutningur frá sömu ríkjum hafi aukist um 6000 millj. rúmar. Sem sagt, iðnfyrirtæki aðildarríkja EFTA og Efnahagsbandalagsins hafa augljóslega hagnast býsna vel á EFTA- aðildinni og samningum okkar við Efnahagsbandalagið meðan íslenskir iðnrekendur og íslenskur iðnaður hafa bersýnilega ekki hagnast að sama skapi. Þetta er vafalaust meginkjarni þess máls sem hér um ræðir, að innlendur iðnaður hefur ekki haft þann hag af aðildinni að þessum tveimur bandalögum og hann er bersýnilega enn vanbúinn að mæta óheftri samkeppni innfluttra vara og margar iðngreinar eru í verulegri hættu þegar tollverndin hverfur með öllu. Það er því bersýnilegt að íslenskur iðnaður þarf lengri aðlögunartíma og hann býr ekki enn við þau starfsskilyrði, að hann standist erlenda samkeppni framleiðenda sem standa að flestu leyti miklu betur að vígi.

Það hefur verið fullyrt að till. sú, sem hér hefur verið lögð fram, og aðrar slíkar till., séu brot á samningum Íslendinga við EFTA og það muni hafa alvarlegar afleiðingar ef Íslendingar reyni að knýja fram framlengingu aðlögunartímans. Ég vil sérstaklega gera þetta atriði að umtalsefni, vegna þess að flest bendir til að hér sé um mjög augljósa og alvarlega blekkingu að ræða, það mat, sem menn leggja hér á, sé rangt. Þetta hafa forustumenn iðnrekenda sérstaklega lagt áherslu á að sýna fram á, og í því sambandi hafa þeir bent mér á að hægt sé að sýna fram á að ríki Efnahagsbandalagsins og EFTA hafi í frammi stórfelldar ráðstafanir til þess að styrkja iðnað sinn og að þessar ráðstafanir hljóti að teljast brot á Efnahagsbandalagssamningnum og EFTA-samningnum, ef ströngustu túlkun þessara samninga sé fylgt.

Ég þykist vita að mönnum hafi runnið kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þeir sáu mig ganga hér til pontu með þykka doðranta mér við hlið á báðar hendur, og lái ég það engum, vegna þess að engum þykir lakara en mér að sitja undir mjög löngum ræðum. En þess vegna hef ég haft þessa doðranta með mér í ræðustól, að ég býð mönnum að taka þá með sér til heimanáms ef þeir verða andvaka um nætur, því að í þessum doðröntum öllum eru fólgnar upplýsingar um það sem aðrar þjóðir gera til styrktar sínum iðnaði, og þær reglur allar, sem fólgnar eru í doðröntum þessum, mundu að sjálfsögðu teljast brot á EFTA-samningum, ef ströngustu túlkun þessara samninga væri fylgt.

Ég ætla að fría hv. þm. Ed. við því að lesa upp úr þessum gögnum, þó að margt merkilegt komi fram í þessum skjölum, en aðeins leyfa mér að nefna eitt dæmi af þeim hundruðum dæma sem finna má í þessum gögnum um stuðning erlendra ríkja við iðnað sinn. Það er dæmi sem tekið er beint frá Svíum.

Staðreyndin er sú, að Svíar greiða í beinan styrk til fjölmargra iðngreina 15 kr. sænskar eða 650 kr. íslenskar fyrir hvern unninn tíma í viðkomandi iðnaði. Ástæðan fyrir þessum greiðslum er auðvitað engin önnur en sú, að þeir telja óhjákvæmilegt að beita slíkum greiðslum sem nokkurs konar verndartolli af nýrri gerð sem geri þeim fært að standast samkeppni við ódýrari erlendan innflutning.

Mér er sagt að bókakostur sá, sem ég hef tekið með mér hér í pontu, sé 15 kg að þyngd, og ég hef hér aðeins nefnt eitt úrræði erlendum iðnaði til styrktar. Ég þykist vita að um það efni sé aðeins fjallað á tiltölulega fáum blaðsíðum í þessum bunkum sem ég er með, þannig að menn geta séð að þetta eina dæmi, sem ég nefni um það, hvernig farið er í kringum EFTA-reglurnar svonefndu, er sennilega aðeins örlítill partur af þeim skógi öllum sem umlykur EFTA-reglur og ræktaður hefur verið upp til þess að fara í kringum þær. Og að halda því fram með strangri lagatúlkun, að við Íslendingar megum þá ekki doka við og fresta hörðustu ákvæðum EFTA-aðildar í þeim tilgangi að vernda okkar iðnað, það er auðvitað ekkert annað en sjálfsmorðsviðleitni íslenskra embættismanna gagnvart eigin iðnaði, fáránlegur kredduboðskapur, sem þm. gæddir hæfilegri heilbrigðri skynsemi ættu að kveða niður.

Í grg. frv. er vikið að fjárhagslegum afleiðingum af samþykkt frv., og þar er, í stuttu máli sagt, einfaldlega bent á að áformaðar tollalækkanir nemi á núverandi verðlagi um 900 millj. kr. á ári. Fjárhagslegar afleiðingar af samþykkt frv. eru því þær, að á fyrsta árinu sparast 900 millj., öðru árinu 1800 millj. og þriðja árinu 2700 millj., eða á þremur árum 5400 millj. Og eins og áður er sagt er það hugmynd okkar Alþb.-manna, að fé þetta verði notað fyrst og fremst í þeim tilgangi að halda niðri innlendu verðlagi og um leið til þess að létta útgjöldum af innlendri iðnaðarframleiðslu.

Rétt er að minna á í framhaldi af þessu, að fjöldamörg önnur vandamál há innlendum iðnaði en hörð erlend samkeppni. Í fyrsta lagi er þar um að ræða mjög hátt verð fyrir orku á sama tíma og erlend stóriðja í landinu nýtur vildarkjara. Í öðru lagi er það staðreynd, að vextir af stofn- og rekstrarlánum eru margfalt hærri hjá innlendum iðnaði en hjá sambærilegum fyrirtækjum í öðrum löndum. Þriðja stórmálið er svo það, að rekstrarlán út á innlenda iðnaðarvöru eru enn mjög af skornum skammti og að því víkur 3. gr. þessa frv., þ. e. a. s. að taka af skarið um það, að þessi atvinnuvegur fái þau

rekstrarlán sem hann sannarlega að flestra dómi þarf á að halda ef um á að vera nokkurn veginn eðlilegan rekstur.

Ég held að það sé a. m. k. áratugur liðinn síðan því var lýst mjög hátíðlega yfir af forustumönnum þáv. stjórnarflokka, að innlendum iðnaði yrðu veitt viðunandi rekstrarlán. Af því varð ekki á þeim tíma, þ. e. a. s. í stjórnartíð viðreisnarstjórnarinnar sálugu. Á vinstristjórnartímanum var þetta mál tekið sérstaklega upp með lögum nr. 47 1972, um verðtryggingu iðnrekstrarlána. Reyndin varð hins vegar sú, að þau lög komu ekki að því gagni sem vonast var til vegna þess að bankakerfið sýndi óeðlilega andstöðu og tregðu, og aðeins lítill hluti innlends iðnaðar hefur síðan þetta frv. varð að lögum notið þeirra réttinda sem var þó ætlunin að iðnaðurinn fengi með samþykkt þess frv. Þess vegna er einfaldlega lagt til í þessu frv., að því verði slegið föstu í eitt skipti fyrir öll, að iðnaður á Íslandi, sem getur talið sig sannanlega hafa örugga sölu innanlands eða utan á framleiðsluvörum sínum, fái þau rekstrarlán sem eðlileg verða talin, en hann sé ekki settur til hliðar sem einhvers konar annars flokks atvinnuvegur sem aðeins njóti rekstrarlána í undantekningartilvikum.

Menn segja kannske að það sé nú hægara um að tala en í að komast og hvar eigi að taka fjármagnið til þessara hluta og hvort ekki sé verið að ausa olíu á verðbólgubálið með því að gera kröfur af þessu tagi. Eg hef því reynt að gera þessari hlið málsins nokkur skil í grg. frv., þar sem vikið er að hugsanlegri fjármögnun rekstrarlána. Á það er bent þar, að iðnaðurinn nýtur tiltölulega lítilla lána eða nánar tiltekið aðeins 2394 millj. kr. lána af heildartölu lána sem er upp á 22 þús. millj. kr. rúmlega, og til samanburðar við þessa tölu er á það bent, að íslenska ríkið hefur tekið að láni í Seðlabankanum á undanförnum þremur árum um 11 þús. millj. kr. Það er ekki minnsti vafi á því, að ef aðeins helmingur þess fjár, sem ríkisvaldið hefur tekið til sinna rekstrarlána gagnstætt lögum og gagnstætt allri hefð, hefði gengið til rekstrarlána í þágu atvinnuveganna og þá sérstaklega þeirra atvinnuvega sem verst eru settir, landbúnaðar og iðnaðar, þá væri vandinn, sem hér er um að ræða, fyrir löngu leystur. Ég tel ekki aðeins sjálfsagt, heldur og óhjákvæmilegt og raunar augljósa lagalega skyldu, að Seðlabankinn innheimti skuldir sínar hjá ríkisvaldinu tafarlaust, og tel, að þegar þær 11 þús. millj. kr. koma til skila, vonandi á næstu mánuðum eða missirum, þá megi heita víst að nægilegt fjármagn verði til fjármögnunar rekstrarlána fyrir þá tvo atvinnuvegi, sem verst eru settir í þessu efni, þ. e. iðnað og landbúnað.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. iðnn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég get lýst stuðningi mínum við fjölmargt sem hv. frsm. sagði í ræðu sinni áðan. Vafalaust er að ekki hefur tekist að efna þau hin mörgu loforð sem íslenskum iðnaði voru gefin þegar við gengum í EFTA. Einn glöggur maður sagði þá hér á þingi, að við inngöngu í EFTA yrði nauðsynlegt að breyta um búskaparhætti. Ég hygg að það hafi verið orð rétt mælt. En því miður hefur þetta ekki tekist og er of langt mál að fara að ræða það hér, hvað því hefur valdið.

Íslenskur iðnaður hefur tvímælalaust orðið undir í samkeppni við erlendan innflutning og hefur ekki tekist að hasla sér svo völl á erlendum markaði sem að var stefnt. Ég vil ekki flytja langt mál um þetta nú, en vil segja að ég er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt muni verða að grípa til ýmissa ráðstafana og það fljótlega, ef rétta á hlut íslensks iðnaðar í þessari vaxandi samkeppni, sem enn eykst nú eftir áramótin ef tollar verða felldir niður samkv. þeim samningum, sem gerðir hafa verið.

Ég hef lagt töluverða áherslu á að kynna mér þessi mál upp á síðkastið. M. a. er ein af bókunum, sem hv. frsm. er með, frá mér komin og mikill fróðleikur í henni. Ég vil hins vegar láta það koma fram, að af kynnum mínum af þessum málum er ég í vafa um að rétta leiðin sé að fresta með löggjöf þessum tollalækkunum. Mér sýnist ekki öruggt að það muni ekki valda okkur verulegum vandræðum, jafnvel í sambandi við útflutning sjávarafurða, og á ég þar við bókun 6 hjá Efnahagsbandalaginu. Þetta þarf að liggja fyrir allvel kannað áður en slík ákvörðun er tekin. Einnig get ég tekið undir það, sem komið hefur fram í umr. um þetta mál, að það er ávallt mjög hvimleitt að standa ekki við samninga sem gerðir hafa verið. Mér sýnist hins vegar að í þeim upplýsingum, sem m. a. hv. frsm. er með í sínum 15 kg, geti verið ýmsar hugmyndir sem megi framkvæma.

Það er rétt, sem hv. ræðumaður sagði, að aðrar þjóðir hafa farið fjölmargar krókaleiðir til að bæta samkeppnisaðstöðu iðnaðar síns. Hann nefndi dæmi frá Svíþjóð um sérstakan styrk á hvern vinnandi mann í iðnaði. Svipað er gert í Noregi. Þar er veittur mjög mikill styrkur til iðnaðar með sérstakri löggjöf frá norska Stórþinginu, og mun sá styrkur, ef færður er á núverandi gengi og miðað við fólksfjölda yfir á íslenskar aðstæður, nema um 4 milljörðum kr. á ári, sem sagt það samsvarar 4 milljörðum ísl. kr. á ári sú aðstoð sem Norðmenn veita sínum iðnaði. Einnig hefur komið fram, t. d. á fundum hjá Fríverslunarbandalagi Evrópu upp á síðkastið, að viðurkennt er að reglur um jöfnun samkeppnisaðstöðu hafa verið þverbrotnar með ýmsum slíkum aðferðum og ýmissi slíkri aðstoð, þótt hún sé falin undir aðgerðum viðkomandi stjórnvalda til þess að tryggja örugga atvinnu í landi sínu. Ég tel því að þetta mál beri að skoða mjög vandlega. Fyrir liggja miklar upplýsingar, sem auðvelt á að vera að vinna úr, m. a. vegna þess að íslenskir iðnrekendur hafa þegar lagt í úrvinnslu þessara upplýsinga mjög mikla vinnu sem liggur fyrir vel fram sett og aðgengileg. Ég vil lýsa því hér, að ég treysti því, að í þeirri athugun og aðgerðum vegna allra íslenskra atvinnuvega, sem boðað hefur verið að sinnt muni verða af kappi nú í þinghléi, verði einnig þessi mál íslensks iðnaðar vandlega skoðuð.

Ég vil í þessu sambandi benda á jöfnunargjald sem tíðkast víða erlendis, m. a. í Finnlandi, og hefur ekki verið talið brot á reglum fríverslunarbandalaganna. Mér sýnist vel koma til greina að leggja slíkt gjald á hér. Æskilegt hefði verið

að það gjald væri á lagt um leið og tollalækkun kemur til framkvæmda, og raunar mjög leitt að svo skuli ekki geta orðið. Ég vil láta þá skoðun mína koma hér fram. Tollalækkunin mundi leiða til ákveðinnar lækkunar á verði innfluttrar vöru, en jöfnunargjaldið síðan aftur til hækkunar. Ég held að það sé að öllu leyti skynsamlegri og eðlilegri ráðstöfun að þetta tvennt haldist í hendur. Slíkt jöfnunargjald má síðan nota til að bæta aðstöðu íslensks iðnaðar, og raunar liggja fyrir till. frá íslenskum iðnrekendum einmitt um það atriði málsins.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, stóð upp fyrst og fremst til að lýsa áhyggjum mínum einnig um þá þróun sem orðið hefur gagnvart íslenskum iðnaði. Það er ákaflega alvarleg þróun og mun leiða til vaxandi vandræða ef ekki verður fljótlega eitthvað að gert.

Ég get ekki fylgt setningu laga um frestun tolla, eins og lagt er til af hv. flm., en mun hins vegar leggja áherslu á og mun beita mér fyrir, eins og ég get, ýmsum öðrum aðgerðum til styrktar íslenskum iðnaði í vaxandi samkeppni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 44. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 43. fundi.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 114). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 270).

Efri deild, 45. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 44. fundi.

Læknalög, frv. (þskj. 203, n. 269). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 frá 1973, sbr. læknalög, nr. 80/1969. Hefur n. rætt málið á fjórum fundum og átt viðræður við hlutaðeigandi aðila. Að loknum þessum umr. mælir n. með samþykkt á frv. óbreyttu eins og það kom frá hv. Nd. Formaður n., Oddur Ólafsson, skrifaði undir nál. með fyrirvara.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir þetta nál., sem lýst var hér nú, með fyrirvara vegna þess að í fyrsta lagi fannst mér ekki vera nógu tryggilega gengið frá því, að hér væri gætt fyllsta öryggis, og kannske líka vegna þess, að ég lít á þetta mál sem allstórt mál, þó að það láti frekar lítið yfir sér.

Eins og sagði í grg. með frv. er frv. orðið til fyrst og fremst til að fá inn í læknalögin aftur atriði sem féll burt 1973, og það var um veitingu takmarkaðra lækningaleyfa.

Til þess að geta fengið lækningaleyfi á Íslandi þurfa læknadeild og landlæknir að mæla með veitingunni. Þetta leyfi fæst eftir a. m. k. 6 ára nám í læknaskóla og þarf á eftir a. m. k. eitt ár til eitt og hálft ár í verklegu framhaldsnámi í sjúkrahúsum. Þegar svo er eru það sem sagt læknadeild og landlæknir sem mæla með veitingu lækningaleyfis við heilbrrh.

Þegar um takmörkuð lækningaleyfi er að ræða, er það nokkuð óákveðið hvað um sé að ræða. Ef maður af einhverjum ástæðum missir lækningaleyfi, þá getur hann fengið takmarkað lækningaleyfi á ný og eru þá yfirleitt sömu aðilar sem mæla með því, en starfsstéttir svo sem tannlæknar og nuddarar voru í gömlu ákvæðunum taldir upp sem aðilar er hlytu takmarkað lækningaleyfi.

Nú var það svo, að þegar n. fór að ræða þetta mál varð okkur ljóst að á þessum breytingatímum og tímum fjölbreytilegrar menntunar hafa komið upp ýmsar stéttir sem telja sig hafa rétt til starfa á svipuðum sviðum og svipuðum grunni og læknar, en þó með miklu styttra nám og ófullkomnara. Þessar stéttir hafa hjá okkur á undanförnum árum verið afgreiddar á þann hátt, að það hafa verið sett hér í Alþ. sérstök lög fyrir hverja starfsstétt, og það er ekki nema nokkrir dagar síðan við afgreiddum frá þessari deild frv. til l. um iðjuþjálfa. Við höfðum í fyrra afgreitt lög um sjúkraþjálfa, og fleiri slík lög hafa verið afgreidd héðan. Hins vegar, þegar um er að ræða takmarkað lækningaleyfi, þá gegnir nokkuð öðru máli. Eins og ég sagði, krefst það mikils undirbúnings og er mikið nám að fá hér almennt lækningaleyfi, og við verðum að líta þannig á varðandi þá aðila og þær stéttir sem lækna, þó að á takmörkuðum sviðum sé, að tryggt verði að þær hafi þá grunnmenntun sem nauðsynleg er til þess að geta fyrirbyggt mistök, að svo miklu leyti sem unnt er. Og það er kannske þarna sem meginmálið er, að þótt vissar stéttir eigi að fara höndum um ákveðin svæði líkamans, þá geta þeir grunnsjúkdómar, sem á að lækna, verið fjölbreytilegir og margir og jafnvel í fjarlægð frá því svæði sem þessum aðilum er ætlað að hafa áhrif á. Þess vegna er talið að það sé mikils virði, að strangt aðhald sé og mikið fylgst með þeirri grunnmenntun sem þessir aðilar hafa.

Ég verð að viðurkenna það, að mér finnst eðlilegt að starfsstéttum innan heilbrigðisstétta fjölgi mikið og taki að sér hluta af því verkefni sem læknar höfðu áður. En ég lít svo á að við verðum að vera mjög gætnir og að fólkið í landinu geti treyst því, að ekki sé slegið af þeim kröfum sem gerðar eru til sjúkdómsgreiningar, sem er alger undirstaða undir því, hvernig

meðferð skuli fara fram. Því er það, að við höfum í dag fengið á nefndarfund landlækni og forseta læknadeildar, þá tvo aðila sem ætlast er til að hafi áhrif á hvort takmörkuð lækningaleyfi séu veitt eða ekki. Í viðræðum við þá kom það fram, að þá greindi í raun og veru ekki mikið á um það, hvernig fara skyldi með þessi mál. Og ég verð að segja, að mér fannst eftir þann fund að málið væri í raun og veru auðveldara en ég hafði haldið og þarna gæti orðið samstarf og samvinna og fyllsta réttlætis gætt í því efni að veita takmörkuð lækningaleyfi. Ég útbjó því skýringu eða vil láta það í ljós hér, að þau áhrif, sem ég varð fyrir af viðræðum við þessa tvo aðila, gerðu það að verkum, að ég hefði viljað að aftan við nál. væri hnýtt svolátandi atriðum:

Í viðtali n. við þá aðila, sem ætlast er til að hafi samráð um meðmæli til ráðh. varðandi veitingu takmarkaðra lækningaleyfa, kom fram, að það er sameiginlegt álit landlæknis og forseta læknadeildar að því aðeins verði mælt með leyfisveitingu að báðir aðilar telji faglegan grundvöll fyrir hendi.

Þetta þóttu of ströng ákvæði og of bindandi. Ég verð að segja það, að mér finnst þó að ég geti eftir atvikum fellt mig við afgreiðslu n. á þessu máli, eftir að ég hef kynnt mér sjónarmið þeirra aðila sem um þessi leyfi eiga að fjalla í framtíðinni, þótt ég hefði kosið að strangara væri að orði komist í nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 45. fundi.

Læknalög, frv. (þskj. 203). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 271).

Neðri deild, 39. fundur.

Mánudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 224). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á l. um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 frá 1976. Það felur í sér tvær breytingar á þeim lögum.

Í fyrsta lagi er það um hvar aðalstarfsstöð rannsóknarlögreglunnar skuli vera. Er lagt til í 1. gr. að rannsóknarlögregla ríkisins skuli hafa aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni, í stað þess að í núgildandi lögum er sagt að aðalstarfsstöð eða heimili hennar skuli vera í Reykjavík. Þetta er í rauninni til samræmis við þá útvíkkun á aðalumdæmi rannsóknarlögreglunnar sem gerð var í meðferð þingsins á sínum tíma og hér í þessari hv. d. Í upphaflega frv. var aðalumdæmi deildarinnar í Reykjavík, en síðan var það fært út, en þess þá ekki gætt, að í raun og veru hefði verið eðlilegt að breyta ákvæðinu um hvar aðalstarfsstöð skyldi vera.

Þó að gert sé ráð fyrir að aðalstarfsstöð rannsóknarlögreglunnar sé í Reykjavík eða nágrenni, þá er gert ráð fyrir því, að rannsóknarlögreglan geti að auki haft starfsstöðvar bæði innan og utan þess aðalumdæmis sem hún tekur til. M. a. er gert ráð fyrir því, að hún hafi starfsstöð hér í Reykjavík.

Hin breytingin er í því fólgin, að gert er ráð fyrir að það skuli skipaður vararannsóknarlögreglustjóri ríkisins og skuli hann vera staðgengill ríkisrannsóknarlögreglustjóra. Þessi breyting er flutt samkvæmt ósk ríkisrannsóknarlögreglustjóra. Það skal tekið fram, að ekki er gert ráð fyrir því, að þessi breyting hafi í för með sér mannafjölgun við embættið.

Það var á sínum tíma nokkuð talað um staðarval fyrir rannsóknarlögregluna og ég gerði þess vegna nokkra grein fyrir því í framsöguræðu minni í Ed. Ég skal aðeins rifja það stuttlega upp hér.

Það var að sjálfsögðu eitt af fyrstu atriðunum, sem komu til athugunar í sambandi við undirbúning að því að setja rannsóknarlögregluna af stað, að finna handa henni húsnæði, þar sem hún bjó við og býr reyndar enn við allsendis ófullnægjandi húsnæði. Það var þá svo, að dómsmrn. kom fyrst auga á húsnæði við Skaftahlíð 24 hér í Reykjavík, eign Tryggingar hf., og var gerður af hálfu rn. bráðabirgðasamningur um það húsnæði. Þegar hann kom til skoðunar hjá hagsýslustofnun þótti þessi samningur óhagstæður og féllst hún ekki á hann. Eftir það var leitað að húsnæði hér í Reykjavík a. m. k. á einum 10 stöðum, en tókst ekki að finna það sem talið var henta. Þá var það að hagsýslustofnun benti á að til sölu væri húsnæði við Auðbrekku 61 í Kópavogi. Það húsnæði var skoðað af þessum aðilum og eftir athugun á því féllust þeir á að festa kaup á því húsi. Þetta hús er um þrisvar sinnum stærra en það húsnæði sem rannsóknarlögreglan hefur nú. Það er hús á þremur hæðum. Kaupverðið var ákveðið 115 millj. kr. og það greiðist þannig, að 40 millj. voru greiddar við undirskrift samningsins, 30 millj. eiga að greiðast 25. jan. 1978 og með skuldabréfum eiga að greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum 45 millj. Ársvextir af þeirri fjárhæð eru 14%.

Það voru fengnir arkitektar til að hanna þetta húsnæði. Þeir hafa gengið frá teikningum, og þeir arkitektar, sem það hafa haft með höndum, eru Geirharður Þorsteinsson og Hróbjartur Hróbjartsson. Það var gerð kostnaðaráætlun á sín-

um tíma um það, hvað mundi kosta innréttingar í húsinu, og sú áætlun var upp á 90 millj. kr. En nú má gera ráð fyrir að kostnaður verði nokkru meiri.

Ég tel að eftir atvikum megi segja að það hafi verði gerð góð kaup á þessu húsnæði. Og ég hef fallist á og sætt mig við rök hagsýslustofnunar um það, að þessi leið, sem farin var, sé mun hagstæðari en sú sem upphaflega var gert ráð fyrir, að leigja hús við Skaftahlíð 24. Þarna er húsið keypt og verður góð eign. Þó að til þess sé hugsað að byggja hér dómhús í Reykjavík einhvern tíma í framtíðinni og vonandi fyrr en seinna, og ég hef samkvæmt þál., sem þar um var samþ. á síðasta Alþ., skipað n. til að kanna það mál, og þó að gert sé ráð fyrir að í því væntanlega dómhúsi fái rannsóknarlögregla ríkisins inni, þá geri ég því miður ráð fyrir að það líði það langur tími þangað til það verður komið í framkvæmd, að það verði að ætla rannsóknarlögreglunni að búa við þau starfsskilyrði, sem henni eru búin þarna í Kópavogskaupstað, um nokkur ókomin ár og hafa þar sína aðalstarfsstöð.

Það má færa fram rök fyrir því, að þetta sé ekki einskorðað við Reykjavík, eins og gert var upphaflega í lögunum og frv. sem þá var flutt. Þá var gert ráð fyrir því, að aðalumdæmi rannsóknarlögreglunnar væri í Reykjavík, en rannsóknarlögreglu ríkisins er ætlað að ná til landsins alls. Rannsóknarlögreglunni er enn fremur ætlað að rannsaka meiri háttar afbrot, þannig að fjarlægð á milli aðseturs rannsóknarlögreglu og brotastaðar ætti að skipta nokkru minna máli en ella. Þetta hús að Auðbrekku 61 er staðsett eins nálægt miðju þess svæðis, sem rannsóknarlögregla ríkisins tekur beint til, eins og í raun og veru er hægt að hugsa sér.

Enn fremur vil ég undirstrika, að það er gert ráð fyrir því, að eftir sem áður hafi rannsóknarlögreglan aðstöðu í lögreglustöðinni hér í Reykjavík og þar verði hægt að kveðja menn til yfirheyrslu. Ég hygg að þær raddir, sem heyrðust á sínum tíma og gagnrýndu nokkuð þetta staðarval, séu þagnaðar, og þess vegna sé ég ekki ástæðu til að eyða lengri tíma í að ræða um það efni eða fara þar um fleiri orðum.

Þetta frv. var lagt fram nokkuð snemma þingtímans, er mér óhætt að segja, og var þá gert ráð fyrir því að sjálfsögðu, að það yrði afgreitt fyrir áramót. En það hefur haft lengri viðdvöl í hv. Ed. en gert var ráð fyrir og reikna mátti með, þar sem hér er um einfalt mál að ræða.

Það er stuttur tími nú til stefnu, og ég hef ekki aðdáun á þeim starfsháttum að frv. sé sett hér í gegn án þess að þm. hafi nokkurt færi á því að athuga þau. Ég hef ekki lagt þá starfshætti í vana minn. Ég legg þess vegna það á vald hv. n., sem fær frv. til meðferðar, hvort hún treystir sér til að afgreiða það á þessum stutta tíma, þannig að þetta geti orðið að lögum fyrir áramót. Ég er henni þakklátur ef hún telur sér það fært, ef ekki, þá verður við það að sitja. Ég tel að hvort sem fáist samþykkt á þessari ráðstöfun í fjárlagaákvæði og verði þess vegna hægt að vinna að öllum undirbúningi í húsinu eftir sem áður, jafnvel þó að svo færi að staðfesting þessara lagabreytinga drægist fram yfir áramót.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ellert B. Schram: Hæstv. forseti. Lög um rannsóknarlögreglu ríkisins voru afgreidd á síðasta þingi. Þá hafði frv. til l. um þessa stofnun legið fyrir á tveimur þingum og ljóst var að mikill vilji og áhugi var á því, að þetta embætti yrði sett upp og gerðar yrðu breytingar á lögreglumálum í þá átt sem frv. gerði ráð fyrir. Hins vegar var það eftir nokkurn þæfing sem tókst að ná samkomulagi um frv. eins og það var endanlega afgreitt á síðasta þingi. Þar á meðal var ákvæði í 1. gr. þeirra laga þar sem tekið var fram, að rannsóknarlögregla ríkisins hefði aðsetur í Reykjavík.

Það var aðeins stuttu eftir að þetta frv. hafði verið samþ. hér á hinu háa Alþ. og afgreitt sem lög að fréttir bárust um það, að undir forustu dómsmrn. væri ætlunin að festa kaup á húsnæði í byggðarlagi utan Reykjavíkur. Ég skal ekki fara leynt með þá skoðun mína, að ég taldi þetta vera óeðlileg vinnubrögð, að ganga til framkvæmda á lögum, sem Alþ. var nýbúið að samþ., á þann veg að virða þetta ákvæði algjörlega að vettugi, ákvæði um aðsetur þessarar nýju stofnunar.

Það má vera að til þess liggi einhver rök að festa kaup á húsnæði í Kópavogi og að setja stofnunina þar niður. En ég hefði haldið að það hefði átt að taka tillit til og virða þetta ótvíræða lagaákvæði og gera nokkra tilraun til þess að útvega rannsóknarlögreglu ríkisins húsnæði og aðsetur í Reykjavík, eins og lögin gerðu ráð fyrir.

Það hefur komið fram í málflutningi þeirra, sem þurfa að starfa við þessa stofnun og hefja hana til vegs og virðingar, að af þessari breytingu geti orðið ýmislegt óhagræði. Sannleikurinn er sá, að það húsnæði, sem nú er ætlunin að kaupa og er búið að ganga frá með þeim fyrirvara að Alb. samþykki það, það húsnæði er í allhráu iðnaðarhverfi í Kópavogi, svo ekki sé meira sagt, og vissir erfiðleikar á því að starfa þar og fá fólk þangað til yfirheyrslu eða upplýsinga.

Ég held því að það sé óhjákvæmilegt fyrir þá n., sem fær frv. til athugunar, að spyrjast fyrir um hvernig að þessu máli var staðið, hvort auglýst hafi verið eftir húsnæði í Reykjavík, af hverju húsnæðið í lögreglustöðinni í Reykjavík sé ekki notað til þess arna, einkum þegar það er haft í huga að hér er vonandi um að ræða bráðabirgðahúsnæði þar sem Alþ. var nú þegar búið að samþykkja að byggt skuli dómhús hér í Reykjavík á allra næstu árum. Upplýst er af hæstv. ráðh., að húsnæðið kosti 115 millj. kr. og það þurfi að verja tæplega 100 millj. í breytingar á því til þess að það sé nothæft. Ég skal ekki draga í efa að hér geti verið um hagkvæm kaup að ræða. Engu að síður eru þetta allverulegar upphæðir og spurningin sú, hvort það hefði nýst betur með kaupum eða leigu á húsnæði í Reykjavík á þeim stað þar sem búið var að ákveða með lögum að rannsóknarlögreglan hefði

aðsetur. Þetta er rétt að athuga, og ég held að n. þurfi meira en einn dag til að fá þessar upplýsingar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í þessu frv. að skipuð sé staða vararannsóknarlögreglustjóra. Hef ég í sjálfu sér ekkert við það að athuga, enda eru það tilmæli frá starfsmönnum rannsóknarlögreglunnar að þessi breyting sé gerð á. Í því sambandi held ég að sé líka ástæða til að athuga hvort ekki sé rétt að hafa sama hátt á varðandi þetta embætti og mörg önnur hliðstæð, þ. e. a. s. að í staðinn fyrir að fulltrúar séu kallaðir fulltrúar og hafi þann titil, þá verði á því breyting, eins og t. d. fulltrúar borgardómara í Reykjavík fengu þá breytingu fram að þeir heita nú borgardómarar, yfirmaður þeirra yfirborgardómari, sömuleiðis hjá sakadómi, þá er þar starfandi yfirsakadómari og svo hans menn sakadómarar, þá verði þeir rannsóknarlögreglustjórar, en ekki fulltrúar rannsóknarlögreglustjóra. Mér finnst eðlilegt að það sé athugað, hvort þeir lögfræðingar, sem starfa hjá rannsóknarlögreglustjóra, fái þá ekki annan titil en þeir hafa nú. En þetta er nú til athugunar líka, og skal ég ekki tjá mig um það frekar á þessu stigi málsins. Það er rétt að kanna það mál til hlítar. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni þar sem ég á sæti í þeirri n. sem fær þetta frv. til meðferðar.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. formaður allshn. vill gefa sér og n. góðan tíma til að athuga skipan þessara mála og frv., og hef ég ekkert við það að athuga. Hann hefur sýnt það fyrr, að hann er áhugamaður um framgang þessa máls, og vænti ég að það verði framhald á því.

Ég get ekki alveg fallist á þær athugasemdir sem hann kom fram með hér. Að vísu er alltaf álitamál hvað á að kalla langt og hvað á að kalla stutt. Hitt liggur í augum uppi, að þegar rannsóknarlögregla ríkisins var sett á stofn og ljóst var að þyrfti að útvega henni húsnæði, þá varð að hefjast handa með skjótum hætti og þýddi ekki að bíða vikum og mánuðum saman. Lögin um rannsóknarlögreglu ríkisins voru afgreidd 28. des. á fyrra ári og voru þá loksins afgreidd eftir að þau höfðu legið fyrir tveim þingum.

Það var síðan, eins og ég gerði grein fyrir, leitað að húsnæði. Það voru skoðuð, eins og ég sagði, ekki færri en 10 hús, þ. á m. margnefnt hús í umr. hér á Alþ. og utan þess, og svokallað Víðishús þótti ekki henta fyrir rannsóknarlögreglu. Og þannig var um fleiri hús. Hins vegar hentaði húsið að Skaftahlíð 24 ákaflega vel að mínum dómi. En það var leigusamningur um það hús og sú leiga, sem krafist var fyrir það, var hærri en viðurkennt hefur verið af fjárlaga- og hagsýslustofnun, og ég fellst alveg á að það hefði ekki verið heppilegt að fara inn á þá braut sem þó var í sjálfu sér freistandi til að fá þarna gott húsnæði á góðum stað.

Bráðabirgðakaupsamningurinn um þetta húsnæði að Auðbrekku 61 var gerður 20. mars. Er það stuttur eða langur tími til þess að útvega nýrri stofnun húsnæði, 3 mánuðir? Það getur verið álitamál.

Þá sagði hv. þm. Ellert B. Schram, að það væri heldur svona, að mér skildist, óviðkunnanlegt að rannsóknarlögreglan væri þarna í iðnaðarhverfi. En það iðnaðarhverfi er nú ekki meira en svo, að í næsta húsi við rannsóknarlögregluna mun sitja bæjarfógetinn í Kópavogi með sína skrifstofu og sitt starfslið, þannig að ég tel að hún verði ekki í slæmum félagsskap að því leyti til.

Þá sagði hv. þm. um þetta staðarval, að það væri uppi gagnrýni á því af hálfu þeirra sem væri ætlað að hefja rannsóknarlögregluna til vegs og virðingar, held ég að hann hafi orðað það, þeirra sem starfa eiga við hana.

Úr því að hv. allshn. treystir sér ekki til þess að afgreiða málið fyrir áramót, þá vænti ég þess, að hún kalli þessa aðila fyrir sig sem flesta og fái að heyra álit þeirra á þessu staðarvali. Ég vænti þess einnig, að hún gefi sér tíma til að fara á vettvang og skoða húsið og skoða teikningar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Efnisatriði þessa frv. eru ákaflega ljós og einföld. Í fyrsta lagi fjallar það um, eins og fram kemur í 1. gr., að sú breyting verði gerð, að heimilt sé að setja rannsóknarlögreglu ríkisins annars staðar niður en endilega innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, en þó innan þess svæðis sem við, sem teljumst vera þingmenn landsbyggðarinnar almennt, köllum í huga okkar Stór-Reykjavíkursvæðið. Hitt efnisatriði frv. er það, að skipaður verði varamaður rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, sem geti gegnt embætti rannsóknarlögreglustjóra eða starfi hans í málum sem af einhverjum ástæðum þykir ekki við hæfi að rannsóknarlögreglustjóri ríkisins fari með. Mér finnst þessi tvö efnisatriði frv. vera það ljós og skýr, að það þurfi ekki að taka mjög langan tíma að átta sig á þeim, og ég vona að hæstv. dómsmrh. svipti mig ekki algjörlega öllum áhuga mínum á dómsmálum þó að ég lýsi því yfir, að ég sé reiðubúinn til að afgreiða það á stundinni. Ég tel að hér sé um mjög ljós og skýr efnisatriði að ræða og alls ekki það flókin að það þurfi langan tíma til að átta sig á þeim.

Ég fæ t. d. ekki skilið og fékk það ekki heldur þegar þessi mál voru til umr. í undirnefnd fjvn. í sumar, hvaða nauðsyn bæri til þess að rannsóknarlögregla ríkisins yrði endilega að vera staðsett innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, en alls ekki í miðbæ Kópavogs. Væri t. d. betra að hafa aðalstöðvar rannsóknarlögreglu ríkisins hér á Ártúnshöfða, þar sem Bifreiðaeftirlitið er? Ég tel að það sé mun greiðari leið fyrir þá, sem þurfa að eiga viðskipti við rannsóknarlögregluna, að sækja þá þjónustu í miðbæ Kópavogs heldur en t. d. á Ártúnshöfða. Ég tel að það geti jafnvel verið greiðari leið til þeirrar stöðvar, þar sem rannsóknarlögreglunni er ætlað að starfa í Kópavogi, heldur en að því húsi þar sem á að vera hið nýja aðsetur menntmrn., Víðishúsinu. Ég tel að það geti a. m. k. verið auðveldara að komast til rannsóknarlögreglunnar við Auðbrekku heldur en í framtíðarheimkynni hæstv. menntmrh. Mér finnst eiginlega furðulegt ef það á að taka sérstaklega langan tíma að kanna, hvort það sé óhætt fyrir réttarfarið í landinu að rannsóknarlögregla ríkisins verði til húsa í Kópavogi, í næsta nágrenni við Reykjavík. Halda menn að

með því sé verið að taka einhverja óskaplega áhættu sem gerir það að verkum að það þurfi að kanna sérstaklega slíka breytingu og áhrif hennar? Hitt er svo allt annað mál, það skal ég fyllilega fallast á, hvort sú ákvörðun að kaupa þetta tiltekna hús með þeim tilteknu kjörum, sem það er keypt á, er rétt eða röng. Það kemur ekkert því máli við, hvort það sé rétt að gera þá breytingu að rannsóknarlögregla ríkisins geti haft aðsetur annars staðar en endilega innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Ég skal fallast á það með hv. þm. sem talaði hér áðan, hv. 11. þm. Reykv., að það er ýmislegt í sambandi við húsakaupamál ríkisins, sem mætti athuga betur og þá ekki bara kaupin á húsnæðinu fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins, heldur ýmislegt annað. Ég vil í því sambandi aðeins taka það fram, að þegar þessi mál voru rædd í sumar hjá fjvn., þá lágu fyrir meðmæli fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar. (**Gripið fram í:** Það er yfirleitt skárra að kaupa en leigja.) Það er yfirleitt skárra að kaupa en leigja, vissulega er það rétt. En það getur verið þannig ástatt í þjóðfélaginu, að það sé ekki rétt að verja mjög miklum fjármunum af sameiginlegu fé landsmanna til að kaupa fasteignir. En látum það vera. Það, sem ég vildi að kæmi fram, var það, að þegar þessi húsakaupamál voru rædd í fjvn. í sumar, þá lágu fyrir meðmæli fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar með þeim kaupum. Þessi stofnun, sem á að vera fjvn. og fjárveitingavaldinu til ráðuneytis um slík mál, mælti með þessu. Hins vegar vil ég líka taka það fram, að ekki hefur verið hægt að fá sams konar umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar um öll þau húsakaup sem rædd hafa verið á vegum fjvn. á þessu ári. Getur þó vel verið að það sé ástæða til að athuga þessa húsakaupasamninga eins og ýmsa aðra. En undir það get ég tekið með hv. 11. þm. Reykv., að e. t. v. væri rétt að sú n., sem fer með þessi mál, þ. e. a. s. fjvn., ætti að taka upp önnur vinnubrögð í sambandi við húsakaup og hún ætti að fá að fylgjast með strax frá upphafi þegar ákveðið er að leita eftir kaupum. Yfirleitt er ekki þannig haldið á málum, heldur koma þessi mál ekki á borð fjvn. fyrr en raunverulega er búið að leita eftir kaupum og liggur fyrir eitthvað ákveðið svar með einhverjum ákveðnum kjörum. Þá er það val og þau kjör kynnt fjvn. og síðan leitar hún umsagnar fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar um það, hvort þessi breyting er fýsileg eða ekki. Að fenginni þeirri umsögn tekur síðan fjvn. afstöðu sína og væntanlega Alþ. að sjálfsögðu einnig, því ekki verður slíkum kaupum ráðið til lykta nema með samþykki þess.

Þetta er það sem ég hef að segja um 1. gr. Ég tel alveg fráleitt að það þurfi langan tíma til að athuga það meginmál sem þar kemur fram, að rannsóknarlögregla ríkisins geti haft aðalstarfsstöð annars staðar en endilega innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, þegar fram er tekið að sú aðalstarfsstöð skuli vera í nágrenni Reykjavíkur. Ég er fús til að fallast á það án sérstakrar langrar athugunar eða rannsóknar.

Mér finnst hitt efnisatriðið jafneðlilegt, sú breyting sem fólgin er í 2. gr. og 3. gr., eins og lýst var áðan. Ég tók það fram þegar frv. um breyt. á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins var samþ. að það mætti búast við því, að reynslan leiddi í ljós mjög fljótlega að ýmsar minni háttar breytingar kynni að þurfa að gera á þeim lögum. Það voru ýmis minni háttar atriði sem ég sjálfur taldi að breyta þyrfti, en taldi ekki ástæðu til að flytja brtt. um þegar frv. var afgreitt, einfaldlega vegna þess að ég taldi að það mundi koma í ljós í framkvæmdinni, hvort breytingar þyrfti að gera á slíkum minni háttar framkvæmdaatriðum. Hér er um að ræða eina slíka breytingu, minni háttar breytingu á framkvæmdaratriði, sem gerð er vegna tilmæla og í samráði við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Ég tel þá breytingu svo eðlilega og raunar sjálfsagða, að það sé engin þörf á að taka langan tíma hér í þinginu til könnunar á slíkri breytingu og áhrifum hennar. Sem sé ég er ekkert feiminn við að lýsa því yfir, að sem allshn.-maður er ég reiðubúinn til að standa að afgreiðslu þessa frv. nú í dag.

Páll Pétursson: Herra forseti. Formaður allshn. d., hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram, lýsti því með nokkurri vandlætingu, að hér væri verið að brjóta lög með því að falast eftir húsakaupum í Kópavogi fyrir rannsóknarlögregluna. Það var erfið fæðing á þessum lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, og eins og við, sem sæti höfum átt í allshn. Nd. undanfarin ár, vitum mætavel, var þessi fæðing ótrúlega erfið, eiginlega óskiljanlega erfið, því raunar var ekki margt í þessu frv. sem orkaði mjög tvímælis og það tók ekki veigamiklum breytingum í meðförum n. Þó tók það nokkrum breytingum. T. d. var nánar kveðið á um starfssvið rannsóknarlögreglunnar. Og eins og segir í 3. gr. laganna um rannsóknarlögreglu ríkisins: „Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluransóknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar samkv. ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna. — Með sama hætti skal rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsóknir brotamála í Keflavík, Grindavík, Njarðvíkum, Gullbringusýslu og á Keflavíkurflugvelli þegar dómsmrh. ákveður."

Nú sæti sist á mér að draga það í efa, að við séum alveg sérstaklega bráðskýrir menn í allshn. hv. d. En ég hygg að þetta orðalag: „Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðalstarfsstöð í Reykjavík", og ekki bætt inn í þessum orðum: „eða nágrenni", það sé bara leifar frá gamalli tíð og þetta verði fært til betri vegar og samræmis því að það sjáum við náttúrlega ef við veltum því fyrir okkur, ef við hugsum okkur að við hefðum kort af höfuðborgarsvæðinu, þá er miðpunktur þess svæðis í miðbæ Kópavogs, nákvæmlega miðpunktur höfuðborgarsvæðisins. Það er eiginlega naflinn á höfuðborgarsvæðinu barna í miðbæ Kópavogs, þ. e. a. s. miðað við Hafnarfjörð, Seltjarnarnes, byggðina í Breiðholti og Mosfellssveit. Þetta er allt innan hrings.

Nú er hv. 11. þm. Reykv. bjóðkunnur knattspyrnumaður og hann ætti að sjá hvað það er mikilvægt að hafa rétta staðsetningu á vellinum, svo að auðvelt sé að bregða við til allra átta með sem snörustum hætti. Og ég sé ekki annað en

að það, sem farið er fram á í þessu frv. til laga, séu allt saman atriði sem auðvelt sé að fullnægja, þetta séu nánast sjálfsagðar breytingar, og ég get fyrir mitt leyti fallist á þær allar saman. Ég legg nú ekki höfuðáherslu á fyrir mitt leyti að fá að ganga frá nál. í dag um þetta mál, en ég ætla bara að biðja formann n. í öllum lifandi bænum að láta okkur ekki þurfa að velta þessu fyrir okkur á mörgum þingum.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki flytja langt mál um þetta efni, það er augljóst og skýrt.

Í fyrsta lagi er það um aðalstarfsstöð rannsóknarlögreglu ríkisins. Ég hygg að það sé erfitt að kveða á um það með fullri vissu, hvar hún sé endilega best staðsett á þessu Stór-Reykjavíkursvæði sem hún á að starfa á. En enginn vafi er á því, að sú staðsetning, sem þarna er um að ræða, hefur ýmsa kosti, þ. á m. þann kost, að þessi staður liggur við eina af hraðbrautunum, sem liggja í gegnum þetta svæði. Þegar af þeirri ástæðu virðist staðsetningin æskileg.

Varðandi 2. gr. frv., sem varðar skipun yfirmanns rannsóknarlögreglu ríkisins og vararannsóknarlögreglustjóra, þá er hér fyrst og fremst um það að ræða, að skipaður sé vararannsóknarlögreglustjóri, í stað þess að það þurfi að gera það hverju sinni ef yfirmaður rannsóknarlögreglunnar forfallast af einhverjum ástæðum. Það þarf að starfa hratt í þessum málum og þess vegna eðlilegt að ganga þannig frá þessu embætti, að formsatriði tefji ekki fyrir eðlilegum og fljótum vinnubrögðum þegar á þarf að halda.

En það er miklu fremur málsmeðferðin sem mig langar til að minnast á. Ég á ekki sæti í hv. allshn., en það hefur ekki farið fram hjá mér, að hv. formaður allshn. hefur verið lítill áhugamaður um að hraða þessu máli, ef litið er á sögu málsins og meðferð þess frá byrjun til enda. Og ég vildi aðeins láta það í ljós, að ég sé ekki betur en hann hafi verulegan vilja á því að þvælast fyrir málinu eins og hann frekast getur án þess að verða sér til skammar sem formaður allshn.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Það voru vinsamlegar kveðjur sem ég fékk frá síðasta ræðumanni. Ég held að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um það, að þær fullyrðingar, sem beinast að mér í sambandi við meðferð á þessum málum, eru allar staðlausir stafir og eiga engan rétt á sér, ekki hinn minnsta. Menn verða að muna eftir því, að þegar hér er verið að afgreiða mál og kynna sér mál, þá er það meira, sem skiptir þar sköpum, en hvaða skoðanir einstakir nm. hafa á málunum, heldur verða þeir líka að taka tillit til alls kyns sjónarmiða þeirra annarra sem vit hafa á. Í sambandi við meðferðina á frv. til l. um rannsóknarlögreglu ríkisins er það ómótmælanleg staðreynd, að ýmsir þeir, sem lengst hafa starfað að lögreglumálum bæði hér í Reykjavík og annars staðar, höfðu sínar skoðanir á þessu máli. Þeir áttu fullan rétt á því, að þær skoðanir væru a. m. k. athugaðar, og að svo miklu leyti sem þetta mál hefur dregist í meðförum þingsins og nefndarinnar á sínum tíma, þá er það af þessum orsökum. Að ég hafi persónulega verið að þvælast fyrir þessu máli er algjörlega rakalaust, og ég leyfi mér að fullyrða að það er til skammar fyrir hv. þm. að láta þetta út úr sér hér á hinu háa Alþ.

Ég held að hæstv. ráðh. ætti að geta borið vitni um það, að ég hef verið fullur áhuga á að þetta mál næði fram, og hef gert mitt til þess, bæði í mínum þingflokki og í n., að svo mætti verða, og þá er ég að tala um lögin um rannsóknarlögreglu ríkisins.

Hér hafa einstakir nm. lýst því yfir, að þeir séu tilbúnir að afgreiða þetta mál á stundinni, eins og einn þeirra tók til orða, og ég held að það megi skilja það svo, að málið þurfi helst ekki að fara til n. eftir þessar yfirlýsingar, menn eru svo ákafir í að afgreiða málið. Ég vil nú biðjast afsökunar á því, að ég hef aðra skoðun. Ég held að n. sé til þess skipuð og hafi það hlutverk að fá mál til meðferðar og athuga þau og það sé engan veginn til framgangs neinum málum að þau séu afgreidd hér algjörlega án athugunar.

Ég verð líka að endurtaka það, að þó að menn séu svona sammála um að þessar breytingar eigi fullan rétt á sér, þá vil ég endurtaka það, að ég er ekki sömu skoðunar. Það getur vel verið að ég fallist á að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. Ég hef hins vegar verið að benda á að það er ekki til þess að auka veg Alþ., að nánast daginn eftir að við erum búin að samþ. lög, sé verið að framkvæma þau á allt annan hátt en lagaákvæðið segir til um. Það er kjarni málsins, það er kjarni þeirra athugasemda sem ég set hér fram. Við skulum ekki vera neitt að leyna því, að það var ágreiningur um þetta efni, hvernig lögin ættu að vera orðuð og hvað í þeim ætti að vera. Þó að hv. þm. Páll Pétursson vilji gera lítið úr því, að breytingar hafi verið gerðar á frv., þá var það engu að síður gert, og þó að lítið færi fyrir þeim orðum, þá byggðust þær breytingar, sem gerðar voru, á sterkum rökum og skipta auðvitað sköpum við meðferð þessa máls þegar til lengdar lætur. (**Gripið fram í:** Þetta er afleiðing af þeim breytingum.) Ein af þeim ákvörðunum, sem n. og þingið tók á sínum tíma í fyrra, var að aðsetur rannsóknarlögreglunnar skyldi vera í Reykjavík, og það var engin tilviljun að þetta ákvæði var eins og lögin sýna fram á. Þess vegna varð ég fyrir vonbrigðum með það, að rn. skyldi hlaupa til strax og búið er að afgreiða lögin og festa kaup á húsnæði í allt öðru byggðarlagi.

Menn eru að tala hér um að þetta húsnæði liggi vel við, af því að það sé í nafla höfuðstaðarsvæðisins, og ég ætti manna best að gera mér ljóst að réttar staðsetningar skipti miklu máli. Sannleikurinn er sá, að það er ekki alltaf rétta staðsetningin að vera á miðjum vellinum, og menn verða auðvitað að staðsetja sig á þessum vettvangi eins og annars staðar þar sem þeir standa best að vígi hverju sinni. Við skulum hafa það á hreinu, að óánægjan út af því, að verið sé að festa kaup á húsnæði í Kópavogi á tilteknum stað, er einmitt vegna þess að það er óaðgengilegur staður. Það er lítið um bílastæði, almenningi er ekki ljóst hvar þetta er eða

hvernig eigi að komast þangað og það veldur margvíslegum vandræðum. Það er ekkert leyndarmál. Og ég leyfi mér sem sagt að efast um að þetta sé allra besti staðurinn sem rannsóknarlögreglan hefði getað verið sett niður á. Látum það nú vera. Hins vegar er fjarstæða að halda því fram, að einmitt þessi húsakaup og breyting á lagaákvæðinu séu tveir aðskildir hlutir. Það leiðir hvort af öðru, það vita allir sem til þekkja.

Ég vil af tilefni þessarar umr. taka fram, að það er alls ekki ætlun mín að þvælast fyrir þessu máli. Hins vegar er ljóst að búið er að auglýsa hlé á þingstörfum núna á miðvikudaginn. Á morgun er annasamur dagur vegna afgreiðslu á fjárlögum, og mér er ekki unnt að sjá hvernig n. á að geta afgreitt málið með því að fá til yfirheyrslu eða til upplýsinga starfsmenn rannsóknarlögreglunnar og þá væntanlega rn. líka, ganga á vettvang og gera það allt saman nú frá mánudegi síðdegis og fram á kvöld á morgun, og svo á að auki að afgreiða málið hér í gegnum þrjár umr. Þetta er auðvitað algjörlega vonlaust, og ég er alveg hissa á mönnum að tala svona.

Ég vil hins vegar benda mönnum á til hugarhægðar, að á morgun verða væntanlega afgreidd fjárlög hér frá þinginu, og í fjárlagafrv. er heimildarákvæði þar sem þingið annaðhvort getur samþ. eða synjað að rn. fái heimild til að festa kaup á þessu húsnæði, þannig að með afgreiðslu á því ákvæði og með samþykkt á því er rn. búið að fá umboð til þess að halda áfram framkvæmdum og breytingum á því húsnæði sem hér er raunverulega verið að fá samþykkt um.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég verð að játa, að ég bjóst alls ekki við svona miklum umr. um þetta mál þegar ég sá frv. þetta á borðinu, og úr því að nm. allshn. eru komnir hér í röð til að vitna tel ég ekki rétt að láta mig vanta í þann hóp.

Ég er satt að segja ekkert hissa á því, þó að óskað sé eftir þeim breytingum sem verið er að fara fram á nú. Ég vil geta þess vegna ummæla formanns n., að það sé óvirðing við Alþ. eða jafnvel allshn. að fara að athuga húsnæði annars staðar en í Reykjavík skömmu eftir að lögin voru samþykkt, að um þetta atriði, staðsetningu embættisins, var eiginlega ekkert rætt þegar frv. var til meðferðar. Við ræddum starfssvæðið, og gerðum breytingar á því og víkkuðum það svæði mikið. En ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að okkur hafi hreinlega skort hugarflug til að íhuga breytingu á því ákvæði frv. að embættið skyldi vera í Reykjavík. Aðra möguleika ræddum við alls ekki. Ég tel það mjög eðlilega afleiðingu af þeirri breytingu, sem við gerðum á frv. um rannsóknarlögreglu á sínum tíma, að þessi breyting komi fram.

Ég hef ekki enn heyrt fullnægjandi rök hjá formanni n. um að þetta embætti skuli hafa aðsetur í Reykjavík. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að það sé ekkert sérstakt hagsmunamál fyrir Reykvíkinga að hafa embætti rannsóknarlögreglunnar í höfuðborginni. (Gripið fram í.) Ég hef ekki heyrt annað en þetta. (Gripið fram í.) Ég er alveg fyllilega sammála því, að n. eigi að fá upplýsingar ef þeirra er krafist, en ég hef ekki heyrt að þeim þætti þetta neitt óhentugra en sitja einhvers staðar í óhentugu húsnæði í Reykjavík.

Ég held að þetta sé ekki svo mikið stórmál að það þurfi að lýsa yfir strax við 1. umr. að n. geti ekki afgreitt það frá sér fyrir jól, og það mun ekki standa á mér að gera það ef formaður vill kalla saman fund.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. þm. Ellert Schram sagði, að mér skildist, að það lýsti hálft um hálft óvirðingu gagnvart Alþ. að svo skömmu eftir að lög hefðu verið samþ. þar væri breytt frá þeim ákvæðum sem þar væru. Hann sem lögfræðingur veit að við framkvæmd laga kemur það æ ofan í æ fyrir, að skömmu eftir að lög hafa verið afgreidd á Alþ. kemur í ljós við framkvæmdina, að á þeim þarf að gera einhverjar minni háttar breytingar. Venjulegi hátturinn, ef þannig stendur, hefur verið að gera það með brbl. Auðvitað hefði ég getað farið þá leið. En ég vildi ekki fara þá leið nú, heldur taldi eðlilegra að leita til Alþ. um samþykkt á þessu, og voru allir samningar þetta varðandi auðvitað gerðir með það fyrir augum, að málið hlyti samþykki réttra aðila.

Ég get því ekki fallist á að það hafi neitt verið vegið að virðingu Alþ. með þeim starfsháttum sem hér hafa verið viðhafðir. Ég held að það sé algjör óþarfi hjá hv. formanni allshn., hv. þm. Ellert Schram, að vera með einhverja hótfyndni í sambandi við það. Hér hefur Alþ. alls engin óvirðing verið sýnd, síður en svo.

Reglan við húsakaup á vegum ráðuneyta er sú, að viðkomandi ráðuneyti í sambandi við fjárlaga- og hagsýslustofnun tekur ákvarðanir um það. En það er aldrei borið sérstaklega undir ríkisstj. Og fjárlaga- og hagsýslustofnunin er einmitt eins konar umboðsmaður fjvn. í þessu skyni, enda hygg ég að þar séu oft með í ráðum þeir nm. úr fjvn. sem starfa að staðaldri, formaður og varaformaður. Það var gert í þessu tilfelli, og meira að segja var það fjárlaga- og hagsýslustofnunin sem benti á þetta húsnæði. Og fyrir fjvn. var þetta lagt og fengið samþykki hennar. Hv. þm. Ellert Schram var að vísu ekki þá kominn í fjvn. Það getur verið að það hefði staðið eitthvað á samþykki hans, ég skal ekki segja um það. En það stóð ekki á samþykki annarra fjvn.-manna.

Hv. þm. heldur því fram að þarna skorti bílastæði. Sjón er sögu ríkari, og væntanlega geta allshn.-menn, ef þeir fresta nú afgreiðslu málsins fram yfir nýárið, farið á staðinn og skoðað hann. Þá mun koma í ljós m. a., eins og liggur fyrir í upplýsingum um þetta, að gert er ráð fyrir að það sé hægt og leyfilegt að reisa þarna allverulega viðbyggingu. Það er mikil baklóð þarna. Ég vænti þess, að hann og aðrir nm. muni sjá að þar eru nokkur bílastæði eða hægt að koma við nokkrum bílastæðum. Ég hef ekki komið þar nýlega og veit ekki og geri raunar ekki ráð

fyrir því, að lóðin sé að þessu leyti komin í það lag sem hún á að verða í.

Eins og ég sagði áðan, þá legg ég það á vald n., hvort hún treystir sér að taka ákvörðun um þessi einföldu atriði nú eða ekki. Ég sagði að ég væri þakklátur n. ef hún treysti sér til þess. Ég er þakklátur þeim nm. sem hafa látið það í ljós að þeir gætu ákveðið sig um þessi efni. Ég endurtek það líka, að ég hef ekki oft farið fram á það, að þingmál væru afgreidd með þessum hætti. Ég hef yfirleitt fylgt því að gefa hv. þm. nægilegt ráðrúm til þess að athuga frv. Og svo ætti að vera um frv. En er það svo? Er það kannske einsdæmi og undantekning algjör, að það sé lagt fram frv. hér sama daginn og það er afgreitt? Þekkir hv. þm. Ellert Schram ekki dæmi slíks? Hvað hefur verið að gerast hér undanfarna daga? Er hann samþykkur eða ósamþykkur þeim vinnubrögðum sem hafa verið höfð við varðandi þau frv.? Það væri fróðlegt að heyra það. (Gripið fram í.) Ég heyri nú ekki hvað hv. þm. segir. (Gripið fram í.) Nú, já, það er alveg rétt. En ég vil bara segja það, að það situr síst á þessum hv. þm. annars stjórnarflokksins að tala um að það sé óvenja og ósiður, að afgreiða frv. með þeim hætti að þau séu lögð hér fram og afgreidd á einum eða tveimur dögum í gegnum Alþ. Það eru aðrir en ég sem hafa staðið fyrir því.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., eins og ég sagði líka í minni frumræðu, að auðvitað skiptir það engum sköpum hvort þetta frv. verður afgreitt eða ekki, vegna þess að nægileg heimild fæst í fjárlögum þegar þau verða væntanlega afgreidd á morgun og væntanlega eftir ítarlega athugun á öllum liðum þeirra.

Umr. frestað.

Neðri deild, 40. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 39. fundi.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 224). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 142, n. 235). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Í fjarveru frsm. mæli ég hér fyrir áliti félmn. um þetta frv. N. hefur fjallað um frv. á fundi sínum í morgun og leggur eindregið til að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 134, n. 236 og 237). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur athugað frv., kallað fyrir sig ráðuneytisstjórann í iðnrn. og framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins og fengið upplýsingar um málið. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., hv. 3. þm. Reykv., skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Frv. um verðjöfnunargjald af raforku hefði í sjálfu sér gefið tilefni til þess að ræða raforkumálin í heild, enda ekki vanþörf á, því að á engu sviði ríkisbúskaparins hefur verið stjórnað jafnherfilega undanfarin ár. En þar sem nú eru miklar annir og jól fram undan, þá læt ég þá umr. bíða betri tíma.

Að því er verðjöfnunargjaldið varðar, þá eru þau lög, sem nú eru í gildi, undirbúin af fyrrv. ríkisstj. eftir allítarlega rannsókn og síðan flutt frv. Það var flutt á þinginu 1974 þegar þáv. stjórnarandstaða, Sjálfstfl. og Alþfl., lýsti yfir því, að hún mundi ekkert mál samþ. sem ríkisstj. flytti, hvort sem hún væri með því eða á móti. Ég flutti málið aftur á aukaþinginu 1974, vegna þess að ég taldi mjög brýnt að ráða fram úr þeim mikla fjárhagsvanda sem þarna var um að ræða. En það var ekki fyrr en stjórnarskipti höfðu orðið þá um haustið að nýja ríkisstj. greip allt í einu þetta frv., sem hún hafði ekki viljað samþ., og gerði það að sínu.

Verðjöfnun á raforku hefur þann tilgang, að tryggja sama heildsöluverð á raforku um land allt. Það er skref í þá áttina. Því marki verður að sjálfsögðu ekki náð fyrr en búið er að tengja saman allt orkuveitukerfið, og það hefði verið búið að gera það núna ef stefnu fyrrv. ríkisstj. hefði verið fylgt. En þeirri stefnu hefur því miður ekki verið fylgt og nú á að fara að skipta þessu verðjöfnunargjaldi á milli landshluta. Þar er um óvinnandi verk að ræða að mínu mati. Mér er ljóst að vandi Vestfirðinga er ákaflega mikill, einmitt fyrst og fremst vegna þess, að ekki er búið að leggja stofnlínu þangað, og því miður mun líða alllangur tími þangað til þeir fá slíka stofnlínu. Mér skilst að á fjárlagafrv. eða á fjárlögum næsta ár sé gert ráð fyrir því, að hægt sé að leggja stofnlínu vestur í Dali, það er allt og sumt.

En að því er varðar skiptingu á verðjöfnunargjaldi, þá hefði þurft að fjalla um það í heild. Það er ekki hægt að taka Vestfirði þar út úr með nokkru móti, þannig að umr. um það er algjört fálm í myrkri, og ég mun láta stjórnarflokkunum eftir að kljást við þann draug sem þeir hafa

sjálfir vakið upp. Ég mun sitja hjá að því er varðar þann þátt frv., en er, eins og ég sagði áðan, samþykkur verðjöfnunargjaldinu.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Það eru aðeins fáar athugasemdir sem ég vil gera í sambandi við þetta frv. sem ég er í meginatriðum sammála, því mér er ljóst að það verður að halda áfram innheimtu á svonefndu verðjöfnunargjaldi á selda raforku. En mér finnst ástæða til þess að geta þess í sambandi við þetta frv., að það er mjög farið að bera á því hér á hv. Alþ. og ég segi í vaxandi mæli, að frv. séu lögð hér fyrir eða aðrar till., m. a. frá hæstv. ríkisstj., sem hefur besta aðstöðu til þess að undirbúa slík mál, án þess að lágmarksupplýsingar fylgi málunum, og þau mál koma síðan afgreidd úr n. þannig að nálega engar upplýsingar fylgja með.

Ég tel t. d. að í þessu tilfelli, þar sem um það er að ræða að framlengja 13% verðjöfnunargjald á alla raforkusölu í landinu, hefðu átt að liggja fyrir upplýsingar um það, hversu hárri upphæð þetta gjald nemur nú. Einnig hefðu átt að fylgja upplýsingar um það, hvernig þessu gjaldi hefur verið varið. Ég hygg að gjaldið hafi runnið svo að segja allt eða allt til Rafmagnsveitna ríkisins til að jafna halla á rekstri þeirra. Í því skyni var gjaldið lagt á upphaflega. Ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar um það, hvernig Rafmagnsveitur ríkisins koma út rekstrarlega séð. Þurfa þær á þessu gjaldi öllu að halda áfram og jafnvel kannske ennþá meira? Eitt vitum við, og það er að Rafmagnsveitur ríkisins, sem selja raforku til stórs hluta landsbúa, selja enn þá raforku á miklum mun hærra verði en gildir t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu.

Síðasta skýrsla, sem kom frá Orkustofnun um raforkuverð í smásölu, er miðuð við árslok 1976. Þá er raforkuverðið í Reykjavík 13.65 kr. á kwst., en hjá Rafmagnsveitum ríkisins er það þá 21.48 kr. á kwst., þ. e. hjá þeim sem kaupa rafmagn af Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta er almenningstaxti, 57% hærra raforkuverð, það er 57% hærra. Ég vil aðeins minnast á það í sambandi við þetta mál.

Þetta dæmi er kannske ekki miklu verra en mörg önnur sem hér koma nú fram. En það er í rauninni lágmarksskylda að gera nokkra grein fyrir jafnþýðingarmiklum málum og þessum. Hvað nemur gjaldið hárri fjárhæð og hvernig er ástatt með þá stofnun sem nýtur þessa gjalds?

Nú er enn fremur gert ráð fyrir því í þessu frv., að sú breyting verði gerð á, að 20% eða ⅓ þessa verðjöfnunargjalds skuli renna til Orkubús Vestfjarða vegna þeirrar skipulagsbreytingar sem þarna hefur á orðið. Ég býst við, að Orkubúi Vestfjarða veiti ekki af þessum hluta, og tel alveg sjálfsagt, að það svæði, sem þar er um að ræða, fái sinn réttláta hluta af þessu verðjöfnunargjaldi um leið og það verður sjálfstætt orkusvæði. En það er engin grein gerð fyrir því í grg. með þessu frv. og ég hef ekki orðið var við það við afgreiðslu málsins, að lagðar séu fram neinar talnalegar skýrslur um það, hvernig þessi 20% eru fundin. Er þetta réttlátur hluti fyrir þá Vestfirðinga sem eiga að njóta þessa hluta verðjöfnunargjaldsins, eða eiga þeir kannske rétt á hærri hluta?

Ég býst við því, að það skipti kannske ekki mjög miklu máli hvort Vestfirðingar fá samkv. þessu aðeins hærra en þeirra hlutfalli næmi. Það yrði þá sennilega aðeins til þess, að Rafmagnsveitur ríkisins kæmu út með enn þá meira tapi, og það yrði þá að vera vandamál ríkisins sem sér um rekstur þeirra. En væntanlega yrði það ekki látið bitna á þeim sem kaupa raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Þetta voru athugasemdir sem ég vildi að hér kæmu fram. Að öðru leyti lýsi ég yfir, að ég er sammála því, að haldið verði áfram að innheimta þetta verðjöfnunargjald af því að það er alls ekki hægt að komast hjá því. Ég er einnig sammála því, að Orkubú Vestfjarða fái sinn hluta af þessu verðjöfnunargjaldi — réttlátan hluta. Ég get í rauninni ekkert um það sagt, hvort það á að vera 20% eða meira eða minna. Það get ég ekki. En mér finnst eðlilegt að það fái sinn hluta. Ég geri því ekki athugasemdir við það út af fyrir sig, heldur hitt, að mér finnst að hér skorti algjörlega allar upplýsingar varðandi þetta mál. Af því að þetta er eitt af mörgum málum, sem svona er ástatt um, geri ég þessar athugasemdir.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Við 1. umr. þessa máls í Ed. komu fram óskir um tilteknar upplýsingar í sambandi við þetta mál, og þegar málið kom til meðferðar hjá hv. iðnn. Ed. voru af hálfu iðnrn. veittar allar þær upplýsingar sem um var beðið, bæði af hálfu n. og hv. þm. við 1. umr. Þetta voru mjög itarlegar upplýsingar, skjöl málsins og undirbúningsgögn ýmis, auk þess sem nokkrir embættismenn, þeir sem gerst hafa um þetta mál fjallað, komu á fund nefndarinnar.

Ég kannast ekki við að það hafi á nokkurn hátt verið legið á upplýsingum í þessu efni, heldur allar þær upplýsingar veittar sem óskað hefur verið eftir. Ég vil láta þetta koma skýrt fram.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins í tilefni af því, sem hæstv. iðnrh. segir taka fram, að ég get í rauninni ekkert um það sagt, hvaða upplýsingar hafi verið veittar um þetta mál í þeirri n. sem ég á ekki sæti í og aðrir þm. hér margir eiga ekki sæti í. Ég segi aðeins það, að þessar upplýsingar hafa ekki komið hér fram og þær ættu að koma fram. Hafi iðnn. fengið þessar upplýsingar, þá tel ég að hún liggi á upplýsingum sem henni ber skylda til að láta koma fram í þinginu.

En eins og ég sagði áðan, þá er þetta dæmi, sem ég nefndi, kannske ekki neitt verra en önnur dæmi, en þetta er ekki sæmilegt. Ég er ekki að bera það, hvorki á hæstv. ráðh. né aðra, að þeir haldi hjá sér upplýsingum, heldur bendi ég fyrst og fremst á hitt, að þessar upplýsingar um aðalatriði málsins hefðu í rauninni átt að fylgja málinu í grg., það hefði verið eðlilegt, eða þá að þær hefðu komið greinilegar fram settar í sambandi við umr. í þinginu eða þá í nál. frá þeirri n. sem fjallaði um málið. Það er í rauninni ekki hægt að bjóða alþm. að taka afstöðu til mála þegar svona er að þeim staðið.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Ég vil aðeins láta þess getið í sambandi við afgreiðslu

málsins í iðnn. Nd., að það var aðeins haldinn einn fundur um málið og þar mættu ráðuneytisstjóri iðnrn. og framkvæmdastjóri Rafmagnsveitna ríkisins. Ég spurði þá sérstaklega um þá skiptingu sem fram kemur í frv., að 20% af verðjöfnunargjaldi eigi að renna til Orkubús Vestfjarða, og þeir gátu hvorugur gert neina grein fyrir hvernig þessi prósenta væri fengin. Þarna er því, eins og ég gat um í ræðu minni áðan, um algjört fálm í myrkri að ræða.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Það er í tilefni af því sem hv. 3. þm. Reykv. sagði síðast, að þeir voru spurðir, ráðuneytisstjórinn og forstjóri Rafmagnsveitna ríkisins, um það, hvernig þessi 20% væru fundin, og svarið var, bæði utan fundar og á fundinum, að á s. l. ári hefðu Vestfiðingar fengið ⅙ af verðjöfnunargjaldinu. Ráðuneytisstjórinn hélt að það hefði kannske verið rúmlega ⅙. Þannig eru þessi 20% fundin. (Gripið fram í.) Hann sagði það, og þetta er líka það, sem hv. 2. þm. Austurl. var að spyrja um. Þetta liggur fyrir, og vitanlega er þessi tala ekki tekin af handahófi, það liggur í augum uppi.

ATKVGR.

1. gr. fyrri mgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr. síðari mgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 40. fundi.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 142). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 257).

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 134). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 258).

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 247). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt að beiðni fulltrúa í Verðlagsráði sjávarútvegsins, en þeir hafa sent sjútvrh. bréf með tillögu um þessa breytingu á lögum um löndun á loðnu til bræðslu. Undir það bréf rita allir aðilar Verðlagsráðsins: fulltrúar sjómanna, undirmanna og yfirmanna, fulltrúar verkalýðs og fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna.

Það má segja að þessi breyting á lögum um löndun á loðnu til bræðslu sé mjög í samræmi við það frv. sem flutt var í fyrra, en náði aðeins til stærri skipanna og náði ekki fram að ganga. Nú hafa þessir aðilar komið sér saman um þessa breytingu, og við í sjútvrn. sjáum ekki ástæðu til annars en að verða við beiðni þeirra.

Frá því að lög um löndun á loðnu tóku fyrst gildi í byrjun árs 1973 hefur heimild loðnunefndar til þess að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur nánast takmarkast við það að tilkynna flotanum, hvenær móttökugeta einstakra verksmiðja væri þrotin og hvenær móttaka gæti hafist aftur. En með þessari breytingu á lögunum er loðnunefnd gefin heimild til þess að stöðva löndun í verksmiðjur sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni, enda þótt þróarrými sé fyrir hendi hjá þeim en láta veiðiskip þess í stað flytja loðnu til annarra verksmiðja sem annars væru verkefnalausar.

Tilgangurinn með þessari breytingu laganna er að stuðla að því, að vinnslugeta verksmiðja í landinu verði nýtt betur en verið hefur undanfarin ár, og auka þannig aflamöguleika loðnuflotans í heild yfir vertíðina. En reynslan á undanförnum árum og þá ekki síst á síðustu vetrarvertíð sýnir að þær verksmiðjur, sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni, yfirfyllast, en aðrar verksmiðjur bíða algjörlega verkefnalausar.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar, frv. (þskj. 174, n. 242 og 244, 243, 248). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nm., þ. e. a. s. stuðningsmenn ríkisstj., leggur til að frv. verði samþ., en minni hl., hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti.

Þetta frv. er eitt af mörgum frv. sem flutt eru

af ríkisstj. í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun. Einn þýðingarmesti þáttur þeirrar stefnu er að halda nýjum erlendum lántökum vegna opinberra framkvæmda, vegna fjárfestingarlánasjóða og atvinnuveganna innan þeirra marka, að lántökur á næsta ári miðist við að mæta vaxta- og afborganagreiðslum erlendra lána og áætluðum viðskiptahalla. Ætlunin er að takmarka erlendar lántökur við 20 milljarða kr. á næsta ári.

Ég hef ekki orðið var við að þessi stefnumörkun hafi sætt andmælum af hálfu stjórnarandstöðunnar. Við umr. um fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunina kom það hvergi fram hjá stjórnarandstæðingum, að þeir væru andvígir þessari stefnu. Þvert á móti hafa þeir haldið því fram, að erlend skuldabyrði væri að verða þjóðinni ofviða.

Þegar útvarpsumr. fór fram héðan frá Alþ. um stefnuræðu forsrh. sagði hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, í ræðu, orðrétt svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Skuldir þjóðarinnar erlendis eru orðnar ógnvekjandi, um hálf millj. kr. á hvert mannsbarn í landinu.“ Mér virðist því, að það sé nokkuð samdóma álit alþm., hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, að það þurfi að sporna við fótum í þessum efnum, um sinn verði menn að leggja áherslu á að fjármagna opinberar framkvæmdir, íbúðarhúsabygginga og uppbyggingu í atvinnulífinu með innlendu lánsfé.

Á árinu 1978 er áætlað að fjárfestingin í landinu verði um 126 milljarðar kr. Ég vil taka undir þá skoðun, að eðlilegt sé, eins og sakir standa, að fjárfestingin á næsta ári verði miðuð við nálægt 25% af þjóðarframleiðslu, en þjóðarframleiðslan verður nærri því 500 milljarðar kr. á næsta ári. Á s. l. árum hefur fjárfestingin numið frá 34% af þjóðarframleiðslu 1974—1975 niður í 27% á yfirstandandi ári.

Stækkun fiskveiðilögsögunnar, fyrst í 50 sjómílur, síðan í 200 sjómílur, hefur skapað miklu stærri tækifæri í íslenskum sjávarútvegi í framtíðinni heldur en nokkru sinni fyrr. Þess vegna hefur verið lögð áhersla á að styrkja og byggja upp fiskiskipaflotann til þess að mæta þörfum framtíðarinnar. Enn fremur hefur átt sér stað gífurleg uppbygging í fiskvinnslustöðvum sjávarútvegsins. Framkvæmdir samkvæmt hraðfrystihúsaáætluninni, sem fjallar um uppbyggingu og vélvæðingu og hvers konar hagræðingu í hraðfrystiiðnaðinum, hafa numið á árunum 1971—1977 samtals á verðlagi hvers árs 10 milljörðum 579 millj. kr. Ef kostnaður við þessar framkvæmdir er miðaður við verðlag í lok ársins 1976 nemur hann 18 milljörðum 386 millj. kr. Menn sjá nú fyrir endann á framkvæmd þessarar áætlunar hringinn í kringum landið, nema helst á suðvesturlandinu sem orðið hefur á eftir í þessum efnum af ýmsum ástæðum sem ekki skulu nefndar hér. En eitt er víst, að til þess að ljúka uppbyggingu hraðfrystiiðnaðarins í landinu við sjávarsíðuna og hann komist á það stig, að hægt sé að reka hann með góðum árangri rekstrarlega og hann geti skilað mikilli og vaxandi framleiðslu, góðri og vandaðri vöru, þarf geysilega mikið fjármagn.

Sama er að segja um uppbyggingu vinnslustöðva í landbúnaði. Þar hefur átt sér stað mjög mikil uppbygging á seinustu árum og nú er unnið að þessari uppbyggingu samkvæmt fyrirframgerðri áætlun, bæði hvað varðar fyrirkomulag og fjármögnun. Á s. l. tveim árum hefur fjárfesting í vinnslustöðvum landbúnaðarins numið tæplega einum milljarði kr. í byggingum og tæpum 300 millj. kr. í vélum og tækjum. Auk þess er verið að byggja upp mikið mannvirki á Akureyri, mjólkurstöð KEA þar á staðnum, sem er geysilega fjárfrekt fyrirtæki. En mjólkurstöðin er þannig byggð upp, að lögð verður sérstök áhersla á ostaframleiðslu, sem verður miklu seljanlegri vara á erlendum markaði en þeir ostar sem hafa verið til sölu fram að þessu. Að því er mér hefur verið tjáð mundi vera hægt að selja slíka framleiðslu á þrisvar sinnum hærra verði en nú gerist.

Þá vil ég að lokum nefna nauðsynina á því að vinna markvisst að uppbyggingu íslensks iðnaðar, sem allir eru sammála um að verði að taka við stórum hluta þeirrar fjölgunar sem berst inn á íslenskan vinnumarkað á næstu árum og áratugum. Ég nefni alveg sérstaklega við þetta tækifæri nauðsynina á því að afla fjármagns til vinnslustöðva í sjávarútvegi og landbúnaði og til uppbyggingar iðnaðar. Að sjálfsögðu eru svo einnig hinar nauðsynlegu framkvæmdir við íbúðarhúsabyggingar og opinberar framkvæmdir.

Þegar til lengdar lætur ræður það úrslitum um efnahag þjóðarinnar, að hún nýti auðlindir sínar sem allra best. Án þess er erfitt að bæta lífskjörin. Þá verður einnig að nota vinnuaflið, sem er ein dýrasta eign þjóðarinnar í bráð og lengd, til þess að skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði. Þetta er raunar, eins og allir mega vita, stórigaldur góðrar afkomu. Að þessu markmiði ber að stefna með skipulögðum hætti.

Í lánsfjáráætlun ríkisstj. kemur fram, að útlán íbúðarlánasjóða munu aukast um 25.9% og atvinnuvegasjóða um 19.4% milli áranna 1977 og 1978. Auðvitað eru viðhorf manna til fjárfestingar í landinu misjöfn af ýmsum ástæðum. Ég er þeirrar skoðunar, eins og málum er nú háttað í okkar þjóðfélagi, þar sem menn hafa áhyggjur af vaxandi skuldasöfnun erlendis, að eðlilegt væri að aukningin í fjárfestingu íbúðarhúsabygginga og atvinnuvega væri nokkurn veginn svipuð frá árinu 1977 til 1978. Það er mjög þýðingarmikið að stuðla að aukinni gjaldeyrisöflun til þess að geta greitt upp hinar erlendu skuldir. Fyrir 220 þús. manna þjóð er 126 milljarða fjárfesting á árinu 1978 hreint ekki svo lítil. Þar er um að ræða mikla uppbyggingu, bæði á vegum hins opinbera og einnig í íbúðarhúsabyggingum og í atvinnulífinu. En það er afar áríðandi að þeir, sem stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar, geri sér ljóst að það er ákveðið samhengi milli fjárfestingarinnar í landinu annars vegar og þenslu og verðbólgu hins vegar. Ef fjárfestingin verður of mikil og ofbýður framkvæmdamætti þjóðarinnar, bæði hvað snertir vinnuafl og fjármagn, þá leiðir það til vaxandi verðbólgu í landinu. Á næsta ári er e. t. v. mest hættan fólgin í því, að launasprengingin, sem hefur orðið milli áranna 1977 og 1978, valdi svo mikilli eftirspurn

innanlands að það hafi í för með sér talsverðan greiðsluhalla við útlönd.

1. gr. þessa frv., sem hér er til umr., heimilar fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlend lán á árinu 1978 að jafnvirði allt að 4 milljörðum 866 millj. kr.

2. gr. frv. kveður á um að þessu lánsfé skuli varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir ári 1978. Hér er sem sé mörkuð sú stefna að erlendu lánsfé verði einvörðungu varið til opinberra framkvæmda og innan marka lánsfjáráætlunar, en fjárfestingarlánasjóðirnir verði að leita eftir fjármagni á innlendum markaði.

Fjármunamyndun landsmanna er í stærstu dráttunum þríþætt: Í fyrsta lagi fjárfestingar opinberra aðila, þ. e. ríkis og sveitarfélaga, í öðru lagi fjárfestingar í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins og í þriðja lagi bygging íbúðarhúsnæðis.

Eins og ég hef áður tekið fram, felst það í stefnu ríkisstj. samkv. fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun að afla ekki erlends lánsfjár til uppbyggingar í atvinnulífinu og til íbúðarhúsabygginga. Þess vegna er ekki um annað að ræða heldur en að litast um á innlendum markaði til þess að fjármagna þessa starfsemi. Byggingarsjóður ríkisins, lífeyrissjóðir landsmanna og að líkindum bankakerfið lána til íbúðarhúsabygginga í landinu. Samkvæmt lánsfjáráætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að fjárfesta í íbúðarhúsnæði um 31 milljarð kr. Ráðgerð fjárfesting í atvinnulífinu að öðru leyti er hins vegar samtals 53 milljarðar og 30 millj. Hvar á að afla fjármagns til þess að fjármagna ráðgerða fjárfestingu í atvinnulífinu og íbúðarhúsnæði, að upphæð samtals 84 milljarðar rúmlega? Ekki er mögulegt að ráðast í þessa fjárfestingu án verulegs lánsfjármagns umfram eigið framlag þeirra sem standa að fjármögnuninni.

Eigið fé íbúðarlánasjóðanna, þ. e. Byggingarsjóðs ríkisins, veðdeildar Landsbanka Íslands og Byggingarsjóðs verkamanna, er neikvætt um 676 millj. kr. Framlög og markaðir tekjustofnar eru hins vegar samtals 5 milljarðar 154 millj. Íbúðarlánasjóðir fá síðan lánaðar frá lífeyrissjóðunum 500 millj. af skyldusparnaði 2 milljarða 350 millj. og frá Atvinnuleysistryggingasjóði 927 millj. eða samtals 3 milljarða 777 millj. Lánsfjáráætlun gerir því ráð fyrir að íbúðarlánasjóðirnir hafi til ráðstöfunar á næsta ári 8 milljarða 255 millj. kr. Auk þess lána svo lífeyrissjóðirnir mikið fé til íbúðarhúsabygginga.

Hinir svonefndu atvinnuvegasjóðir, sem eru Stofnlánadeild landbúnaðarins, veðdeild Búnaðarbanka Íslands, Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Verslunarlánasjóður, Stofnlánadeild samvinnufélaga, Ferðamálasjóður, Lánasjóður sveitarfélaga, Iðnþróunarsjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, veðdeild Iðnaðarbankans og Iðnrekstrarsjóður, hafa til ráðstöfunar á næsta ári eigið fé 3 milljarða 260 millj. kr. Framlög og markaðir tekjustofnar, sem renna til atvinnuvegasjóðanna, nema 6 milljörðum 22 millj., og þá er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir láni atvinnuvegasjóðunum 5 milljarða 335 millj., bankakerfið 1200 millj. og 350 millj. renni til þeirra af skyldusparnaði. Samtals er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé atvinnuvegasjóðanna nemi 16 milljörðum 167 millj. kr. á næsta ári. Inni í þessum tölum eru Framkvæmdasjóður, sem lánar atvinnuvegasjóðunum, og Byggðasjóður, sem hefur mikla sérstöðu sem slíkur, þar sem hann sinnir samkvæmt lögum alveg ákveðnu verkefni, sem sé að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Stærstu fjárfestingarlánasjóðirnir eru Byggingarsjóður ríkisins og Framkvæmdasjóður Íslands, sem lánar einkum til uppbyggingar í atvinnulífinu, eins og ég sagði áður.

Ráðgert er að Framkvæmdasjóður geti lánað á næsta ári um 6 milljarða og 200 millj. kr. Fjáröflun á útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs verður væntanlega tekin fyrir á fundi í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins á morgun. Framkvæmdasjóður hefur til ráðstöfunar af eigin fé 400 millj. á næsta ári. Síðan er gert ráð fyrir að hann fái að láni hjá lífeyrissjóðakerfinu 4600 millj. kr. og hjá bankakerfinu 1200 millj., en þetta gerir samtals 6200 millj. sem sjóðurinn þarf á að halda til þess að geta fjármagnað þá fjárfestingu sem lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir. Eins og sakir standa er ekki auðvelt að koma auga á annað lánsfé til handa Framkvæmdasjóði á innlendum markaði.

Nú má heita að flestir Íslendingar, sem þiggja laun, greiði hluta af launum sínum í lífeyrissjóð, og til viðbótar kemur svo framlag frá atvinnurekanda. Á þennan hátt skapast geysimikið fjármagn sem fyrst og fremst er ætlað að nota til greiðslu lífeyris. Á árinu 1978 er reiknað með að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, en til þess teljast vextir og afborganir að viðbættum iðgjaldatekjum, en að frádregnum lífeyrisgreiðslum, muni nema um 17 milljörðum kr. 3. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir því, að hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjmrn., sé skylt að verja á ári hverju a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma er Seðlabanki Íslands metur gilda. Hefur verið útbýtt brtt. frá hæstv. forsrh. varðandi 3. gr. frv., og flytur hann þessa brtt. að höfðu samráði við meiri hl. fjh.- og viðskn. Tilgangur laganna er fyrst og fremst að gera lífeyrissjóðunum kleift að greiða verðtryggðan lífeyri að sem stærstum hluta. Verðtrygging á útlánum sjóðanna styrkir stöðu þeirra og færir þá nær því marki að geta greitt lífeyrisþegum fullan verðtryggðan elli- og örorkulífeyri.

Í raun og veru er það meira en hæpið að skylda fólk til að leggja til hliðar af launum sínum verulegan hluta, eða yfirleitt 4%, til meira eða minna langs tíma, án þess að fólk geti treyst því að fá þetta fé til baka í formi annaðhvort ellilífeyris eða örorkulífeyris á nokkurn veginn sama verðgrundvelli og fé var reitt af höndum.

2. mgr. 3. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er fjmrn. skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu — bæði eigin skuldabréf og bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins — og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstj. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er

fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár."

Í samræmi við lánsfjáráætlun ríkisstj. er talið fært að áætla lánsfjármagn frá lífeyrissjóðunum fyrir milligöngu hins opinbera er nemi 30% af ráðstöfunarfé þeirra, þ. e. 5100 millj. kr renni til Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins til samans.

Með því að lána fjármagn til uppbyggingar atvinnulífsins eru lífeyrissjóðirnir að stuðla að því að auka atvinnu og treysta atvinnuöryggið í landinu, um leið og þeir eru að verðtryggja hluta af ráðstöfunarfé sínu.

Það er ljóst, að ekki er unnt að vinna skipulega að uppbyggingu atvinnuveganna í landinu án þess að þeir aðilar, sem að þessum verkefnum vinna, geti nokkurn veginn treyst fyrir fram á þá fjáröflun sem til þess þarf. Þar sem ákveðið hefur verið að atvinnuvegasjóðirnir skuli ekki taka nein erlend lán á næsta ári verða þeir að treysta á þessa fjáröflun. Ef hún bregst stöðvast uppbyggingin og framfarirnar og atvinnuöryggi verður í framtíðinni stefnt í hættu.

3. mgr. 3. gr., sem fjallar um það, að sett skuli með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár. Það er auðvitað ljóst, að atvinnuvegasjóðirnir þurfa að dreifa fjáröflun sinni samkvæmt áætlun yfir árið, og þess vegna nauðsynlegt að setja nánari reglur um hvernig þessi lánastarfsemi á að fara fram. En allt byggist þetta á samkomulagi við sjóðina.

Þegar málið var til meðferðar í fjh.- og viðskn. barst n. bréf frá nokkrum aðilum, sem ég vil geta um.

Í fyrsta lagi frá Sambandi almennra lífeyrissjóða. Ég sé ekki ástæðu til að lesa bréfið í heild, en í því kemur fram að framkvæmdastjórnin mótmælir harðlega allri lögbindingu á meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna, jafnframt telur framkvæmdastjórnin, að lífeyrissjóðunum sé ofviða að kaupa verðtryggð skuldabréf af fjárfestingarsjóðunum fyrir a. m. k. 40% af ráðstöfunarfénu, og bendir á að biðtími eftir íbúðalánum frá þeim, sem öðlast hafa full lánsréttindi, er frá nokkrum mánuðum í allt að einu og hálfu ári.

Í öðru lagi barst bréf frá Landssambandi lífeyrissjóða, og þar kemur fram svipuð efnisafstaða til þessa máls.

Í þriðja lagi barst bréf frá Iðju, félagi verksmiðjufólks, sem á almennum félagsfundi mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun ríkisvaldsins að krefjast 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og skerða þannig verulega getu þeirra til að gegna hlutverki sínu í þágu launþeganna sem séu eigendur lífeyrissjóðanna.

Þessum aðilum, sem hafa skrifað n., er það öllum sameiginlegt um afstöðu, að þeir eru andstæðir því að það sé gert að skyldu að sjóðirnir ráðstafi 40% af ráðstöfunarfé sínu til verðtryggðra skuldabréfakaupa.

4. gr. frv. fjallar um heimild fyrir fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast sjálfsskuldarábyrgðarlán sem Landsvirkjun tekur, að fjárhæð allt að 1500 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til fjármögnunar á kostnaði við byggingu 220 kw. háspennulínu frá Geithálsi í Hvalfjörð. Ráðh. er einnig samkv. þeirri grein heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar samkvæmt 1. mgr., og endurlána Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hann ákveður. Það kemur ekki fram í lánsfjáráætlun, hvernig fjárfestingaráformum Landsvirkjunar er háttað á næsta ári. Þar kemur hins vegar fram mjög sundurliðuð grg. frá Rafmagnsveitum ríkisins. N. óskaði því eftir því við Landsvirkjun, að hún gerði grein fyrir því, í hverju fjárfestingar væru fólgnar á næsta ári. Þessi grg. hefur nú borist, og af því að þessi uppsetning er ekki í sjálfri lánsfjáráætluninni ætla ég að leyfa mér að lesa hana upp.

Það er greiðslu- og framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar 1978 í millj. kr. Það er inn: Úr rekstri 4383 millj., sjóðabreytingar og víkjandi lán 600 millj., erlend lán 1767 millj. Samtals 6750 millj. Og út: Afborganir og vextir 4 milljarðar 350 millj. Framkvæmdir: Sigölduvirkjun 700 millj., Hvalfjarðarlína 250 millj., Hrauneyjafossvirkjun 1350 millj. og annað 100 millj., eða samtals 2400 millj. Samtals verða þetta út 6750 millj. kr. Það verður ekki sagt um þá Landsvirkjunarmenn, að þeir séu smátækir í sambandi við sundurliðun á framkvæmdaáformum.

5. gr. frv. fjallar um það, að ríkissjóði verði heimilað til viðbótar heimildum samkv. lögum nr. 100 frá 1974, um Hitaveitu Suðurnesja, að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán er Hitaveita Suðurnesja tekur til hitaveituframkvæmda, að fjárhæð allt að 1800 millj. kr. eða andvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Þessi framkvæmd Hitaveita Suðurnesja er gífurleg þjóðnytjaframkvæmd. Mig minnir að hæstv. iðnrh. hafi upplýst opinberlega að Hitaveita Suðurnesja muni spara um 1000 millj. á ári hverju í gjaldeyri þegar hún er komin í gagnið.

Síðan er að lokum 6. gr. sem heimilar fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Á þskj. 242 skilum við tveir nm., ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, séráliti og gerum þar grein fyrir afstöðu okkar til málsins.

Eins og þegar hefur komið hér fram, má skipta efni þess frv., sem hér liggur fyrir, í rauninni í þrjá meginkafla.

Í fyrsta lagi er leitað eftir því, að ríkissjóður fái heimild til þess að taka erlend lán vegna ríkisframkvæmda á næsta ári sem nemur 4 milljörðum 866 millj. kr.

Í öðru lagi er leitað eftir því, að ríkissjóður megi ganga í ábyrgð vegna lántöku á vegum Landsvirkjunar sem nemur 1500 millj. kr. og á vegum Hitaveitu Suðurnesja sem nemur 1800 millj. kr., eða samanlagt sem nemur 3300 millj.

kr. Einnig er leitað eftir heimild til að breyta lánstíma erlendra lána eða lengja nokkur lán sem kann að vera hægt að fá lengingu á.

Í þriðja lagi er svo um það að ræða, að frv. gerir ráð fyrir því, að lífeyrissjóðir, sem viðurkenndir hafa verið af fjmrn. skuli skyldaðir til að verja 40% af ráðstöfunarfé sínu á næsta ári til skuldabréfakaupa með fullri verðtryggingu þeirra bréfa. Í grg. frv. kemur síðan fram, að það er til þess ætlast eða við það miðað, að sem nemur 30% af ráðstöfunarfé sjóðanna gangi til verðbréfakaupa af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði ríkisins.

Það er sérstaklega þetta ákvæði frv., sem er í 3. gr. þess, um skyldu sem lögð er á lífeyrissjóðina, sem hefur valdið ágreiningi. Þó að ekki sé fullt samkomulag um heimildir handa ríkisstj. til lántöku í samræmi við lánsfjáráætlun er þó ekki hægt að tala þar um neinn meiri háttar ágreining, heldur ágreining um einstaka liði eða einstakar framkvæmdir. En það er ákvæði 3. gr. sem sérstaklega hefur valdið og veldur hér ágreiningi.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. hafa samtök lífeyrissjóðanna mótmælt harðlega þessum ákvæðum og vilja fella niður þessa skyldukvöð. Við í minni hl. tökum undir þessi mótmæli og flytjum því á sérstöku þskj. till. um að 3. gr. frv. verði felld niður. Verði það gert, þá stendur auðvitað eftir sem áður opið fyrir stjórnvöld að leita eftir samkomulagi við lífeyrissjóðina í landinu um það, að þeir kaupi verðtryggð bréf af þeim aðilum sem ríkisstj. leggur einkum áherslu á að geti selt sín bréf. M. ö. o.: þá væri opin leið til þess að fara eins í þessi mál og gert hefur verið að undanförnu. Enginn vafi er á því, að eins og nú er komið er miklu hæpnara en nokkru sinni fyrr að ætla sér að fara þá leið að skylda lífeyrissjóðina til að leggja fram jafnstóran hluta af ráðstöfunarfé sínu og þarna er lagt til.

Það er kunnugt, að lífeyrissjóðirnir, hinir óverðtryggðu lífeyrissjóðir, almennu lífeyrissjóðir, hafa verið að auka bótagreiðslur sínar til mikilla muna frá því sem gert var í byrjun. Það var fyrir stuttu gerð opinberlega grein fyrir því, hvernig þessum málum væri nú komið hjá lífeyrissjóðunum, og ég vil aðeins nefna dæmi um það.

Samkvæmt skýrslu lífeyrissjóðanna er t. d. tilgreint, að eftirlaun úr sjóðum hinna almennu lífeyrissjóða, þar sem gert er ráð fyrir lífeyrisgreiðslum í lægra lagi, hafi verið sem hér segir, miðað við 1. jan. 1975, — þá námu þær greiðslur í því tilfelli, sem rætt er um í þessu dæmi, 6501 kr. á mánuði. Bæturnar voru ekki hærri en þetta. Síðan kom til nýtt samkomulag sem gert var í sambandi við lausn kjarasamninga, og þá var svo komið að 1. jan. 1976 voru þessar greiðslur komnar upp í 15 524 kr. á mánuði varðandi sama dæmi og í fyrra tilfellinu sem ég minntist á. 1 jan. 1977 voru þessar greiðslur samkvæmt samkomulaginu komnar upp í 20 163 kr. á mánuði. Og eins og samkomulag stendur um nú, þá er gert ráð fyrir því, miðað við 1. jan. n. k., 1978, að þessar greiðslur í þessum tiltölulega lága bótaflokki séu orðnar 33 515 kr. á mánuði.

Í skýrslunni er gerður samanburður á því, hvernig þessar bótagreiðslur standi í hlutfalli t. d. við eftirlaunagreiðslur hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Í ljós kemur að miðað við 1. jan. n. k. yrðu bótagreiðslur hinna almennu lífeyrissjóða komnar upp í það að nema 68.4% af því sem er í tiltölulega lágum bótaflokkum hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

Þessar tölur og aðrar, sem fram koma í grg. sjóðanna, sýna að mínum dómi mjög ljóslega hvað bótagreiðslur þessara sjóða fara nú ört hækkandi og kalla á það, að þessir sjóðir verði að verja miklum mun meiri hluta af ráðstöfunarfé sínu í bótagreiðslur en áður var. Nú er gert ráð fyrir því, að þær bætur og þau eftirlaun, sem um er að ræða og vissulega hafa verið lægri að grunni til en er hjá hinum verðtryggðu lífeyrissjóðum, — því miður eru greiðslurnar enn þá að grunni til lægri, — en nú er gert ráð fyrir því, að þessar bætur fylgi verðlagsvísitölu og breytist þannig á þriggja mánaða fresti. Það er því enginn vafi á því, að það verður að fara gætilega í það, eins og nú er komið, að ætla að skylda þessa sjóði sem verða fyrst og fremst að standa undir þessu verkefni sínu sem nú er verið að þyngja á sjóðunum svona stórlega, að ætla að binda þá með lagaákvæðum til að ráðstafa fé sínu til annars.

Þó er það svo, eins og fram hefur komið í umr. um þetta mál, að eftir sem áður hafa þessir sjóðir með frjálsu samkomulagi keypt talsvert mikið af verðtryggðum skuldabréfum af opinberum sjóðum og þá fyrst og fremst af Byggingarsjóði ríkisins, og það mun vera svo, að flestir sjóðanna hafi keypt slík verðtryggð bréf sem nemi í kringum 20—25% af ráðstöfunarfé þeirra. Ég tel að það megi telja býsna gott, ekki síst þegar haft er í huga hvað þeir, sem eiga þessa sjóði, hafa lagt mikið á sig á öðrum sviðum til þess að reyna að fjármagna hið almenna byggingarlánakerfi. En þá mega menn gjarnan hafa það í huga, að megintekjurnar hjá Byggingarsjóði ríkisins eru 2% launaskattur, sem launþegarnir í landinu gera sér auðvitað fyllilega grein fyrir að er framlag sem er tekið í rauninni beint af launum launafólksins. Þetta framlag er lagt í Byggingarsjóð ríkisins sem aðaltekjustofn hans á hverjum tíma og notað þar til almennra útlána í sambandi við húsbyggingarlán Byggingarsjóðs ríkisins. Einnig má á það minna, að þessir sömu aðilar, sem eiga þessa lífeyrissjóði, þessa óverðtryggðu lífeyrissjóði, hafa einnig fallist á að ráðstafa mjög verulegri fjárhæð á hverju ári af fjármagni Atvinnuleysistryggingasjóðs í sama skyni. Því fer þess vegna víðs fjarri, að þessir aðilar leggi ekki sinn myndarlega skammt fram til þess að reyna að halda uppi framkvæmdum á þessu sviði.

Það er enginn vafi á því, að þessir lífeyrissjóðir þurfa í sívaxandi mæli, miðað við núverandi kringumstæður, að lána út ráðstöfunarfé sitt með verðtryggingarákvæðum. En spurningin er bara sú, hvort þörf sé á því að skylda þessa sjóði til að lána út sem nemur 40% af ráðstöfunarfé þeirra á þennan hátt. Ég hygg að þeir muni gera það í stórum dráttum til þess m. a. að geta staðið við allar sínar skuldbindingar á komandi árum.

Nú er greiðslustaða þessara sjóða mjög mis-

munandi. Sumir eiga erfitt með að standa undir slíkum skuldabréfakaupum, aðrir geta það miklu betur. Það stafar m. a. af því, að bótagreiðslur eða eftirlaunagreiðslur liggja mjög misþungt á þessum sjóðum.

Meginkjarni þessa máls er auðvitað sá, að lánsfjáráætlun ríkisstj. er byggð upp þannig, að hún gerir ráð fyrir að 30% af ráðstöfunarfé sjóðanna gangi til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs ríkisins. Við það er miðað, að lífeyrissjóðirnir leggi framkvæmdafé til þessara sjóða sem nemur rúmum 5 milljörðum kr. á næsta ári. Og það er ljóst, að fáist ekki þetta fjármagn frá lífeyrissjóðunum, en sé miðað við gerð lánsfjáráætlunarinnar, þá komast þessir sjóðir í greiðsluvandræði. En það verður líka að taka tillit til þess, hvernig þessi lánsfjáráætlun er byggð upp að öðru leyti. Ég hef tekið eftir því, að ákveðin skylda, sem hefur hvílt á bönkum landsins nú um margra ára skeið til að standa undir þeim lánum, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun og hefur numið 10% af innlánaaukningu í bankakerfinu á hverjum tíma, nú er þessi skylda minnkuð, það er dregið úr henni og gert ráð fyrir að bankarnir þurfi ekki að leggja fram nema sem nemur 5% af innlánaaukningunni hjá sér í þessu skyni. Hins vegar er við það miðað, að lífeyrissjóðirnir taki á sig miklu meira framlag.

Það, sem ég vil leggja áherslu á í þessum efnum, er að það verður í þessu tilfelli að taka mið af því, hvernig nú er komið málefnum lífeyrissjóðanna. Sjóðirnir eru búnir að takast á hendur ákveðnar skuldbindingar varðandi eftirlauna og lífeyrisgreiðslna, sem voru ekki fyrir nokkrum árum, en nú eru komnar, þar sem miðað er við verðtryggingu í ríkum mæli. Og þegar svo er komið, þá er augljóst mál að sjóðirnir eiga erfiðara með en áður að kaupa verðtryggð bréf frá ýmsum framkvæmdasjóðum á vegum ríkisins.

Eins og 3. gr. frv. er orðuð, þá er skyldan sú, hún er fyrst og fremst miðuð við að lífeyrissjóðirnir kaupi verðtryggð bréf sem nema 40% af ráðstöfunarfé sjóðanna. Ég tel engan vafa leika á því, að þó að þetta ákvæði yrði samþ. eins og það er orðað í gr., þá væru sjóðirnir ekki þar með skyldaðir til að kaupa nein verðtryggð bréf af Framkvæmdasjóði ríkisins eða af Byggingarsjóði ríkisins. Hins vegar er gert ráð fyrir því í grg. sem fylgir með frv., að út frá því sé gengið að þessir sjóðir fái fjármagn sem nemur 5.1 milljarði kr. En samkv. 3. gr. frv. verða engir sjóðir að mínum dómi skyldaðir til að kaupa bréf af þessum sjóðum, nema þá þeir ákveði það sjálfir. Ég tel því að þetta mál snúi þannig við, að það, sem eðlilegast væri að gera af hálfu stjórnvalda, væri að fara sömu leið og áður og leita eftir samningum við lífeyrissjóðina á fullkomnum jafnréttisgrundvelli, eins og þeir óska eftir, af því að ríkisstj. verður, ef hún ætlar að ná árangri í þessum efnum, að byggja á samkomulagi.

Ég tel hins vegar mjög óhyggilegt að halda þannig á málinu af hálfu ríkisstj. að byrja fyrst að setja lög um málið, sem ganga mjög á móti vilja lífeyrissjóðanna, og ætla síðan að ná einhverjum árangri með samkomulagi. Ég held að slík vinnubrögð séu mjög óheppileg og muni ekki skila árangri. Af því er það, sem við í minni hl., ég og hv. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, leggjum til að 3. gr. frv. verði einfaldlega felld niður. Þá hefur ríkisstj. áfram sama möguleika og hún hefur haft, að leita eftir samkomulagi við lífeyrissjóðina um það, hvað þeir geti fallist á hver um sig að leggja fram mikið fjármagn í sambandi við þá fjárþörf sem hér um ræðir. Þá er líka auðvelt að taka tillit til þess, sem fram kemur í brtt. frá hæstv. forsrh., að miða samningana við hvern og einn lífeyrissjóð við það, hvað hann getur í raun og veru af hendi látið, hvernig staða hans er í sambandi við þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig.

Um þetta atriði þarf ekki að mínum dómi að hafa lengra mál. Ég tel að hér sé ranglega að málum staðið, þessi grein sé óþörf og eigi ekki þarna að vera, það eigi að ganga út frá því að semja við þessa aðila um það fjármagn sem þeir geta látið af höndum. Það er greinilegt að greiðslustaða þeirra öll hefur gjörbreyst nú við síðustu samninga, sem fylgdu með samningum um launakjör, bæði á árinu 1976 og svo aftur nú á þessu ári. Greiðslustaða þeirra hefur breyst þannig, að það er í rauninni fráleitt að ætla sér að binda þá með slíkri skyldu eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frv.

Um þetta frv. að öðru leyti vil ég segja það, að ég hef líka fyrir mitt leyti fyrirvara um aðrar heimildir sem óskað er eftir í frv. Það er t. d. gert ráð fyrir því samkv. 1. gr., að ríkisstj. geti tekið erlend lán að upphæð 4 milljarðar 866 millj. kr., og það hefur verið gerð grein fyrir því í lánsfjáráætlun, hvernig þessi fjárhæð skiptist á framkvæmdir. Þar er gert ráð fyrir að skiptingin sé þessi: Það er í fyrsta lagi til flugöryggistækja 80 millj. kr., við það hef ég ekkert að athuga. Í öðru lagi er gert ráð fyrir lántöku vegna hlutafjárframlaga til Járnblendifélagsins, 970 millj. kr., sem er innifalið í þessari upphæð. Ég er algjörlega andvígur þeirri lántöku og hef lýst þeirri afstöðu áður. Þá er gert ráð fyrir að tekin verði erlend lán vegna Rafmagnsveitna ríkisins sem nemur 732 millj. kr., og ég geri engar athugasemdir við það. Mér er ljóst að það verður ekki undan því vikist að taka þessi lán. Þá er gert ráð fyrir að tekin verði erlend lán vegna lagningar byggðalínu, þessarar miklu línu á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, 2 milljarðar 714 millj. kr. Ég hef heldur ekkert að athuga við að lán séu tekin í þessu skyni. Síðast en ekki síst er ráðgert að taka lán vegna framkvæmda Pósts og síma vegna jarðstöðvar o. fl., 370 millj. kr. Um það verk vil ég ekkert segja nú, ég hef ekki sett mig nægilega inn í það, en vildi helst af öllu ekki bera mikla ábyrgð á því á þessu stigi málsins, en geri ekki nú neinar stórar athugasemdir við það. En ég tel rétt að þetta komi hér fram, að sú heimild, sem leitað er eftir í 1. gr. frv. til erlendrar lántöku upp á rúmlega 4.8 milljarða kr., er ætluð til þessara framkvæmda. Þar að auki koma svo innlendar lántökur sem beinlínis falla undir ríkisframkvæmdir, en þær lántökur nema 5 milljörðum 586 millj. kr., þannig að lántökur til

beinna ríkisframkvæmda yrðu rúmlega 10.4 milljarðar.

Það er rétt að menn átti sig á því, að þó að hér sé aðeins rætt um erlendar lántökur í þessu frv. sem nema 4.8 milljörðum kr., þá eru heildarlántökurnar miklum mun hærri, eins og fram kom í máli hv. frsm. meiri hl. Það er gert ráð fyrir því, að lántökur erlendis frá á árinu nemi 20 milljörðum kr. og þar af eru lántökur vegna opinberra framkvæmda áætlaðar rétt um 9.7 milljarða, en hins vegar lántökur vegna annarra en beint opinberra framkvæmda, — og eru þó ýmsir opinberir aðilar þar í, þó þeir séu ekki flokkaðir undir það, því ég flokka a. m. k. járnblendiframkvæmdirnar þar undir, — það er gert ráð fyrir að þessir aðrir aðilar taki erlend lán sem nema 10.3 milljörðum, þannig að heildarlántakan yrði þá upp á 20 milljarða miðað við áætlun. Rétt er svo að hafa það í huga, að á yfirstandandi ári fóru þessar erlendu lántökur fram úr því sem gert var ráð fyrir á fyrri lánsfjáráætlun, fram úr áætlun um rúmlega 7 milljarða kr., svo að það er veruleg hætta á því, að erlendu lánin hækki enn á næsta ári þrátt fyrir þær ráðagerðir sem hafðar eru uppi í sambandi við afgreiðslu þessara mála nú.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta. Ég þykist hafa lýst afstöðu okkar í minni hl. Við leggjum sameiginlega fram till. um að fella niður 3. gr. frv., af því að við erum á móti þeirri lánaskyldu sem þar er um að ræða. Og ég hef fyrir mitt leyti fyrirvara á um heimildir til erlendrar lántöku í samræmi við það sem ég hef gert hér grein fyrir. Ég hef hins vegar ekkert að athuga við það, þó að fjmrh. fái heimild til að ganga í ábyrgð fyrir lántökum vegna Landsvirkjunar, sem hér eru greindar, og ekki heldur í sambandi við lántökur vegna Hitaveitu Suðurnesja. En afstaða mín til málsins miðast við það sem ég hef hér sagt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég kveða mér hljóðs til þess að mæla fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 248, en brtt. sú, sem þar er greint frá, er við 3. gr. þess frv. sem hér er á dagskrá, að við 1. mgr. þeirrar gr. bætist: „Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjmrh. lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé."

Ég skal einskorða mig við að ræða 3. gr. þessa frv. til laga um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978, en vísa að öðru leyti til framsöguræðu hæstv. fjmrh. og til framsöguræðu talsmanns meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. 4. þm. Austurl., hér áðan.

3. gr. umræddra laga þjónar þeim tilgangi að tryggja eðlilega ávöxtun lífeyrissjóðanna almennt. Það þykir ekki óeðlilegt að gera þá kröfu til lífeyrissjóðanna í landinu að þeir verðtryggi 40% af ráðstöfunarfé sínu. Þessi krafa er gerð í þeim tilgangi að lífeyrissjóðirnir séu betur færir en ella að ná tilgangi með starfsemi sinni. En við vitum öll, að tilgangurinn með starfsemi lífeyrissjóðanna er fyrst og fremst að tryggja meðlimum lífeyri þegar starfsferli er lokið hvort sem það er vegna aldurs eða örorku. Og reynslan sýnir okkur að lífeyrissjóðirnir sinna því hlutverki ekki með óbreyttri ávöxtun fjármagns síns. Hins vegar er tilgangur lífeyrissjóðanna einnig sá að styðja félagsmenn sína til þess að byggja íbúðir, byggja sér þak yfir höfuðið, og einnig hvað þann þátt starfsemi sjóðanna snertir er ávöxtun þeirra mjög mikilvæg. Verðtrygging hluta lífeyrissjóðanna gerir það að verkum, að þeir verða þess betur umkomnir en ella að sinna einnig þessu hlutverki. Þá tel ég það vera eðlilegan þátt í starfsemi lífeyrissjóðanna að fjármagn þeirra sé ávaxtað með þeim hætti, að það tryggi atvinnuöryggi sjóðfélaganna betur en ella, og því er eðlilegt að fjármagni þeirra sé engu síður veitt til atvinnvegasjóða, til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, en til Byggingarsjóðs ríkisins.

Ég tel að það sé eðlilegt að gera þá kröfu til lífeyrissjóðanna af hálfu hins opinbera, að ávöxtun þeirra sé með þessum hætti sem í greininni segir, vegna þess að ella varpa lífeyrissjóðirnir áhyggjum sínum og vanda sjóðfélaga sinna á ríkissjóð. Það kemur í hans hlut að sjá svo um, að menn líði ekki skort þegar starfsferli er lokið eða heilsan bilar, og það er einmitt nú í athugun, eins og kunnugt er, og á stefnuskrá núv. ríkisstj. að jafna kjör landsmanna hvað snertir verðtryggðan lífeyri.

Ákvæði 3. gr. er spor í þá átt að skapa grundvöll til lausnar því vandamáli, að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim efnum. Sú mismunun, sem á sér stað hvað snertir lífeyrisgreiðslur, getur ekki gengið öllu lengur. Við erum hér þessa dagana að fjalla um afgreiðslu fjárlaga, og þar er ekki smáfúlga sem greidd er úr ríkissjóði til þess að lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins geti staðið við verðtryggingu lífeyrisins. Með því skilyrði, sem 3. gr. setur um ávöxtun lífeyrissjóðanna, er ástæða til að ætla að þessi kvöð, sem hvílir á ríkissjóði, geti smátt og smátt lækkað, en með sama hætti geti lífeyrissjóður opinberra starfsmanna svo og aðrir lífeyrissjóðir betur verið í stakk búnir til að sinna þessu höfuðverkefni lífeyrissjóðanna í landinu.

Í 2. mgr. 3. gr. er lagt á vald ríkisvaldsins, hvernig andvirði þeirra bréfa skuli skipt á milli atvinnuvegasjóðanna og Byggingarsjóðs sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Þetta er nauðsynlegt ákvæði ef lánsfjáráætlun á ekki að vera nafnið tómt. Ráðstöfun fjármagnsins, sem fæst við kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum, verður að vera í samræmi við lánsfjáráætlun. Samkvæmt þeirri lánsfjáráætlun, sem lögð hefur verið fram, er gert ráð fyrir um það bil sömu magnbreytingum lánveitinga af hálfu Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs Íslands. Lánveitingar í heild af hálfu þessara aðila aukast um u. þ. b. 30% á milli ára miðað við fyrirætlanir í lánsfjáráætlunum fyrir hvort árið um sig. Þetta hlutfall kann að breytast nokkuð, ef miðað er við raunverulegar lánveitingar yfirstandandi árs, vegna þess að lánveitingar á þessu ári hafa að einhverju leyti fylgt nákvæmlega því sem ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun ársins.

Ég held að við getum verið sammála um það hér á hv. Alþ., að það sé eðlileg stefna að útlán til atvinnuvegasjóðanna annars vegar og íbúðabygginga hins vegar fylgist nokkuð að. Alla vega held ég að þær raddir komi fremur fram

hér á hv. Alþ., að réttara væri að auka frekar útlánin til atvinnuveganna heldur en til íbúðarbygginga, þótt við séum öll sammála um nauðsyn íbúðarbygginga. Í þröngri stöðu ríður fremur á að tryggja atvinnuöryggið heldur en jafnvel auka íbúðarbyggingar. Og nú er því ekki þannig háttað, að gert sé ráð fyrir magnminnkun í fjárfestingu til íbúðarbygginga, heldur er samkv. þjóðhagsspám gert ráð fyrir meiri framkvæmdum við byggingu íbúðarhúsa heldur en á yfirstandandi ári. Mig minnir að gert sé ráð fyrir því, að fjárfesting í íbúðarbyggingum aukist um 6%, en fjárfesting atvinnuveganna minnki um 2—3%. Ég held þess vegna að það sé alveg ljóst og ætti ekki að vera deiluefni hér á Alþ., að nauðsynlegt sé að leiða fjármagnið a. m. k. að því marki, sem lánsfjáráætlunin segir til um, í þá farvegi sem hún gerir ráð fyrir. Þess vegna eru nauðsynleg ákvæði 2. mgr. 3. gr., sem veita ríkisvaldinu heimild til að ráðstafa andvirði þeirra bréfa, er lífeyrissjóðirnir kaupa, með þeim hætti sem í lánsfjáráætluninni greinir.

Hér hefur verið nefnt að lífeyrissjóðirnir séu ekki þess umkomnir að ávaxta 40% af ráðstöfunarfé sínu með kaupum á verðtryggðum skuldabréfum ríkisins, Framkvæmdasjóðs, Byggingarsjóðs eða annarra viðurkenndra stofnlána- og fjárfestingarlánasjóða. Ég hef því til þess að koma til móts við þá gagnrýni og í samráði við ríkisstj. og meiri hl. fjh.- og viðskn. leyft mér að bera fram þá brtt., sem greinir frá á þskj. 248 og ég hef þegar lesið upp og útbýtt hefur verið.

Það kann að vera að á fyrsta ári eða fyrst um sinn eftir að slík breyting er gerð sem gert er ráð fyrir í 1. mgr. 3. gr. um skyldu lífeyrissjóðanna til að ávaxta fjármagn sitt, 40% af ráðstöfunarfé sínu, með verðtryggðum hætti, að þá sé einstaka sjóðum erfitt að fullnægja þeirri skyldu. Þess vegna er gert ráð fyrir að fjmrh. geti tekið tillit til sérstakra fjárhagsástæðna einstakra lífeyrissjóða og lækkað þetta hlutfall. Hins vegar vil ég leggja áherslu á það, að verðtryggingin gerir einmitt þessum sjóðum auðveldara þegar fram í sækir hvort tveggja að verðtryggja lífeyri félaga sinna og að aðstoða þá, til íbúðarbygginga, þannig að þegar til lengri tíma er litið er hér um stórkostlegt hagsmunamál lífeyrissjóða og lífeyrissjóðsfélaga að ræða.

Hv. 2. þm. Austurl. gat þess, að undanfarið hefðu bankarnir í landinu lagt fram 10% af sparifjáraukningu sinni til fjármögnunar Framkvæmdasjóðs, og það er alveg rétt. Nú er ekki gert ráð fyrir að binding á sparifjáraukningunni verði meiri en 5% á næsta ári, og ástæðan er sú, að peningakerfi í landinu, bankarnir hafa átt erfitt með að fjármagna afurðalánin, en í þeim tilgangi er 25% innlánsbinding nú í gildi og nægir hvergi nærri til þess að fjármagna afurðalánin til atvinnuveganna. Til þess að gera bönkum landsins auðveldara að hlaupa þarna í skarðið og standa undir viðbótarlánum vegna rekstrarlána atvinnuveganna eru fjárráð þeirra rýmkuð með þessum hætti. Ég held einnig að við hér á Alþ. getum verið sammála um að eins og á stendur sé rétt að draga úr fjárfestingu almennt í landinu, en tryggja umfram allt rekstur atvinnuveganna og að rekstrarlánin verði eins og á stendur að ganga fyrir fjárfestingarlánum.

Það hefur borið á góma hér á Alþ., að einn verðbólguvaldurinn í þjóðfélagi okkar sé of mikil fjárfesting. Lánsfjárætlun ríkisstj. gerir einmitt ráð fyrir því, að hlutfall fjárfestingar af þjóðarframleiðslu minnki og um leið að sparifjármyndunin sé örvuð, helst þannig, að innlend sparifjármyndun standi undir þeirri fjárfestingu sem fram fer í þjóðfélaginu. Heildarmarkmiðið, sem að er stefnt, er einmitt að erlendar lántökur verði ekki hærri en afborganir erlendra lána og þætt gjaldeyrisstaða kann að segja fyrir um. Hér er um töluvert mikið átak að ræða, sem aðrir ræðumenn af hálfu stjórnarsinna hafa skýrt í einstökum atriðum og ég skal ekki tíunda. En í þessu felst að við tökum mun minni erlendar skuldir í krónutölu en við gerðum á yfirstandandi ári og ætlum okkur með þessum hætti að fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir með innlendu sparifé. Þetta eru höfuðatriðin í stefnu sem ég tel í raun og veru að sé ekki eingöngu eða ætti ekki að vera eingöngu stefna ríkisstj., heldur okkar allra alþm.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Mig langar til þess að segja örfá orð um þetta frv. til laga og jafnframt minnast á atriði í lánsfjáráætlun ríkisstj., sem óhjákvæmilega hlýtur að koma til athugunar jafnframt þessu frv.

Ég hefði kosið að þessi lánsfjáráætlun væri öðruvísi í nokkrum atriðum. Ég vil taka það fram, að ég held að það sé mjög jákvæð stefna sem felst í þessari lánsfjáráætlun, að standa gegn hækkun erlendra skulda, og þegar það er gert hlýtur það að leiða af sjálfu að ekki geta allir fengið allt. En sumir þættir skiptingar þess fjármagns, sem til ráðstöfunar er, þykja mér orka nokkuð tvímælis, þ. e. a. s. hlutfallið á milli einstakra framkvæmdaþátta.

Ég vek raunar athygli á því, að heildarframkvæmdakostnaður járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði er áætlað að muni verða á árinu 1978, samkvæmt því sem segir á bls. 18 í lánsfjáráætlun, 8 milljarðar kr. Samkv. því, sem segir á bls. 28 í lánsfjáráætlun ríkisstj., er áætlað að verja til íbúðarlánasjóða 8.2 milljörðum, það er örlítið meira en til járnblendiverksmiðjunnar. En í atvinnuvegasjóðina alla saman — til framkvæmda — er ætlað að verja rúmum 16 milljörðum, þ. e. a. s. aðeins rúmlega helmingi meira fé en áætlað er að verja til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Þetta er sem sagt ráðstöfunarfé atvinnuvegasjóðanna. En sagan er þó ekki öll sögð með því, vegna þess að samkv. því sem segir neðanmáls á bls. 28, þar sem talin er upp fjármögnun sjóðanna, þá segir hér niður vísað: „Auk eigin fjármögnunar, sbr. áætlun sjóðanna, er reiknað með árangri af fyrirhugaðri endurskoðun lánskjara.“ Ég vil taka það fram hér og nú, að ég tel að svo stöddu ófært að breyta lánskjörum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, a. m. k. á eldri lánssamningum. En eins og segir á bls. 7 í lánsfjáráætluninni: „Endurskoðun lánskjara í samræmi við lög frá 1975 um lánskjör fjárfestingarlánasjóða hefur þegar skilað verulegum árangri. Áætlun um eigin fjármögnun sjóðanna 1978 mið-

ast við að enn sé tekið myndarlegt skref (ég endurtek: myndarlegt skref) til samræmingar lánskjara og varðveislu fjárstofns sjóðanna og nái samræmingin jafnframt til breytilegra lánskjara eldri lánssamninga, þar sem því verður við komið."

Ég lít svo á, að því verði ekki við komið við Stofnlánadeild landbúnaðarins að svo komu máli, og færi þau rök fyrir því máli mínu, að í fyrsta lagi er alltaf vandræðaaðferð að breyta umsömdum kjörum á gerðum skuldabréfum. Samkv. yfirdómi, sem féll nú um daginn um kjör bænda, er bændum reiknað fjármagn í búunum 3 millj. 684 þús., en samkv. niðurstöðum n., sem að störfum var í sumar og hafði þetta til meðferðar svo og skilaði áliti í haust og í áttu sæti Árni Jónasson frá Stéttarsambandi bænda, Hallgrímur Snorrason frá Þjóðhagsstofnun, Guðmundur Sigþórsson frá landbrn. og Ketill Hannesson frá Búnaðarfélagi Íslands, þá litu þeir svo á eftir mjög vandaða úttekt á fjármagni í landbúnaði, að í vísitölubúinu ættu ekki að vera 3 millj. 684 þús., heldur 12 millj. 560 þús. Meðan svona er að málum staðið tel ég gjörsamlega ófært að fara að ætla bændum að bera hærri vexti frá Stofnlánadeildinni og síður en svo mögulegt að breyta eldri samningum.

Jáyrði mitt við þessu frv. byggist á því, að ég treysti því að þetta verði ekki gert. Þá byggist jáyrði mitt á að Byggðasjóður láni verulega upphæð til landbúnaðar, og þá á ég við, þegar ég tala um verulega upphæð, æðimiklu hærri upphæð en lánuð hefur verið undanfarið, æðimiklu hærri hluta af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs en undanfarið hefur gengið til landbúnaðar. Þessu verði varið bæði til vinnslustöðva og létt þar með á Stofnlánadeildinni og eins til hagræðingar í landbúnaði. Byggðasjóður hefur lánað til hagræðingar í öðrum atvinnuvegum, og ég hygg að hann geti lánað til hagræðingar í landbúnaði ekki síður. Hann gæti t. d. gert veðdeild Búnaðarbankans kleift að gera skuldabreytingar, þ. e. a. s. breyta lausaskuldum þeirra bænda, sem hvað verst eru settir, í föst lán. Enn fremur verð ég að treysta því, að frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins nái fram að ganga á þessu þingi og taki gildi á árinu, þannig að lán til íbúðarhúsabygginga í sveitum færist frá Stofnlánadeildinni til Byggingarsjóðs ríkisins. Á þetta frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins lít ég svo, að það sé landbúnaðinum mjög mikilvægt. M. a. er einn þáttur þess að jafna kjörin á milli þeirra, sem búnir eru að gera framkvæmdirnar fyrir löngu og borga þær niður, og þeirra, sem þurfa að standa í framkvæmdum núna og standa undir gífurlegum fjármagnskostnaði sem þar á ofan er stórkostlega vantalinn í verðlagsgrundvelli.

Ég vil segja í sambandi við þá fjármögnun sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frv., þ. e. a. s. um gjald lífeyrissjóðanna til Framkvæmdasjóðs, að ég lít svo á að jákvætt sé að verja auknum hluta af ráðstöfunarhluta lífeyrissjóðanna til samræmdra og skipulagðra framkvæmdalána. Það er eðlilegt að þetta veki óánægju forustumanna lífeyrissjóðanna og það skil ég mætavel. En ég get ekki fundið að það sé neitt rán sem þarna á að fremja. Mér sýnist að það sé rækilega tryggt í 3. gr., að þetta fé sé vel geymt og rýrni ekki, heldur ávaxtist. Og það hlýtur að vera eðli málsins samkv. skynsamlegt að gera þetta, þ. e. a. s. að lána þetta fé að meira marki en verið hefur á skipulegan hátt til nauðsynlegra framkvæmda í þjóðfélaginu, bæði til íbúðarhúsabygginga og til framkvæmdalána, ef á annað borð er verið að reyna að hafa einhverja stjórn á peningamálum í landinu.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Ég ætla sem fyrr aðeins að ræða 3. gr. þess frv. sem hér nú liggur fyrir. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni við 1. umr. málsins og varaði mjög við því, að lögfesting á ráðstöfun fjár lífeyrissjóðanna yrði ákveðin eins og gert er ráð fyrir með þessari lagagrein.

Hv. frsm. meiri hl. n., hv. 4. þm. Austurl., og einnig hæstv. forsrh. lögðu báðir mikla áherslu á að tilgangur þessarar lagagreinar væri að gera lífeyrissjóðunum kleift að standa undir verðtryggðum lífeyri til sjóðfélaga sinna. Enn fremur lagði forsrh. á það áherslu, að lífeyrissjóðirnir ættu, þegar frá liði, að vera betur í stakk búnir en ella til að lána sjóðfélögunum fjármagn. Þetta eru út af fyrir sig ákaflega falleg orð. En ég get á nákvæmlega sama hátt fullyrt það, að höfuðtilgangurinn með þessari lagagrein er að fá fé lífeyrissjóðanna til ráðstöfunar að vild ríkisstj. Ég held að þetta geti nákvæmlega eins staðist, eins og það sem hér hefur verið sagt.

Þá vil ég mjög ákveðið andmæla því, sem hv. 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, sagði hér áðan, þegar hann hafði lýst — að vísu ekki lesið, en aðeins lýst lítillega innihaldi þeirra mótmæla, sem komið hafa frá samböndum lífeyrissjóðanna. Ég vil undirstrika það, að þau mótmæli eru frá samböndum sem svo til allir lífeyrissjóðir landsins eru í, þannig að ég tel að það sé vel mark takandi á hvað þau segja. Þegar hv. frsm. meiri hl. hafði lýst þessu sagði hann, að í þessum mótmælum kæmi fram að sjóðirnir væru andstæðir því að verja allt að 40% ráðstöfunarfjár síns til verðbréfakaupa. Það er ákaflega fjarri því, að þetta sé innihaldið í mótmælunum sem komið hafa frá samböndum lífeyrissjóðanna, — mjög langt frá því. Þetta er álíka og sumir eru taldir lesa biblíuna, að fá svona niðurstöðu út úr mótmælum sambanda lífeyrissjóðanna. Hið eina, sem sagt hefur verið, er að lífeyrissjóðirnir hafa dregið í efa, og það er áreiðanlega rétt niðurstaða, að margir sjóðanna gætu þetta. En grundvallaratriði málsins snúast ekki um þetta. Lífeyrissjóðirnir munu áreiðanlega verja eins miklu af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á fullverðtryggðum verðbréfum og þeir hafa fjármagn til.

Ég gat þess hér í ræðu minni við 1. umr. málsins, að þetta væri af þeim ástæðum fyrst og fremst, að lífeyrissjóðunum er nauðsyn að ávaxta fé sitt á sem allra bestan hátt og annar máti til þess að ávaxta fé sjóðanna en að kaupa þessi bréf er nú ekki fyrir hendi, og eins hitt í öðru lagi, að lífeyrissjóðirnir væru síður en svo andvígir því, að það fjármagn, sem streymir í gegn hjá þeim, fari til þess að styðja að atvinnuvegunum í landinu. Þetta tók ég fram í minni fyrstu ræðu, og þetta kemur raunar einnig fram í því sem sambönd lífeyrissjóðanna hafa sagt um málið.

Það, sem ágreiningur er fyrst og fremst um, er það grundvallaratriði, hvort með löggjöf, beinni

löggjöf, skuli ráðstafa svo og svo miklu af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Þetta er grundvallaratriðið sem deilt er um. Þessu er ég algjörlega ósammála, algjörlega andvígur, og þessu eru sambönd lífeyrissjóðanna einnig andvíg. Og ég vil undirstrika það, að í stjórnum lífeyrissjóðanna, eins og mönnum er kunnugt um, og einnig í stjórn sambanda lífeyrissjóðanna sitja ekki einvörðungu fulltrúar launþeganna, heldur einnig atvinnurekendanna.

Þetta er grundvallaratriði sem málið snýst um. Þeir, sem eru á því að Alþ. eigi að setja lög um ráðstöfun fjár lífeyrissjóðanna, hljóta náttúrlega að hafa sínar skoðanir á því. Það skiptir ekki öllu máli, hvort hér er um 20, 30 eða 40% ráðstöfunarfé sjóðanna að ræða. Það er ekki höfuðatriðið, heldur sjálf lagasetningin. Og ég vil mjög undirstrika það, að hér er farið inn á nýja braut. Þetta hefur verið hingað til gert með frjálsu samkomulagi við sjóðina, en ekki með lögþvingun, þó að það hafi komið til álita áður, en aldrei orðið úr því.

Hæstv. forsrh. orðaði það svo, að ef sjóðirnir vildu ekki fara þessa leið, þá væru þeir að varpa áhyggjum sínum á ríkissjóð. Ég held að þetta séu ákaflega ómerkileg ummæli í garð lífeyrissjóðanna og sambanda þeirra. Lífeyrissjóðirnir hafa gert samninga við ríkisvaldið, sem þeir hafa staðið við, um kaup á verðtryggðum bréfum fjárfestingarsjóðanna, og þeir hafa ekki sótt til ríkissjóðs um verðtryggingu á lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga sinna. Þeir hafa tekið þær verðtryggingar einvörðungu á eigin herðar.

Við þá samninga, sem við gerðum og ég minntist á síðast og ég vil aðeins endurtaka, að kaupa 20% af bréfum Byggingarsjóðs ríkisins, hefur verið staðið. Það hefur reyndar verið keypt meira en þessu nemur, og líka af Framkvæmdasjóði ríkisins. En það, sem við vorum einnig að gera þegar þessir samningar voru gerðir, var að tryggja að íbúðarbyggingar á félagslegum grundvelli yrðu stórauknar. Það hefur ekki orðið enn þá, því miður.

Hæstv. forsrh. sagði að það væri enn nauðsynlegra að tryggja atvinnuna í landinu en auka íbúðarbyggingar. Ég sé nú ekki neinar andstæður á milli þessa tvenns. Ég held að einmitt bygging íbúða og þá í fyrsta lagi og einvörðungu á félagslegum grundvelli, væri kannske það sem við gætum gert best til þess að tryggja atvinnu í landinu. Ég held að húsnæðismálin hafi verið og séu enn kannske sá þáttur í okkar atvinnu- og efnahagslífi sem hvað mest sé verðbólguaukandi. Ég þarf ekki að rekja það nánar, en ég er sannfærður um það, að ef ekki verður gert verulegt átak í byggingu félagslegs húsnæðis, þ. e. a. s. íbúða sem ekki fara á braskmarkaðinn, þá verður íbúðaverð hér eftir 1—2 ár orðið kannske tvöfalt á við það sem byggingarkostnaðurinn raunverulega er. Þeir, sem eitthvað vilja hugsa fram í tímann, eins og við vorum brýndir á áðan í ræðu hæstv. forsrh., ættu, held ég, einnig að hugleiða þetta og ekki síður.

Ég skal ekki lengja mikið mál mitt hér, en aðeins fara örfáum orðum um þá till. sem hæstv. forsrh. hefur flutt. Þó vil ég áður taka það fram, að í sjálfu sér get ég verið honum alveg sammála um það, að ríkisstj. á hverjum tíma eigi býsna miklu um það að ráða, hvernig því fé er varið sem verðbréf fjárfestingarsjóðanna eru keypt fyrir. Það er mál, sem við út af fyrir sig getum verið alveg sammála um. En ég vil hins vegar ekki að hæstv. forsrh. gleymi því, að verkalýðshreyfingin og lífeyrissjóðirnir hafa gert samkomulag við ríkisstj. um kaup á skuldabréfum Byggingarsjóðs í alveg ákveðnum tilgangi, og ef ekki verður staðið við þau fyrirheit, sem tvær ríkisstj. hafa gefið í þeim efnum, þá mun verkalýðshreyfingin náttúrlega skoða hug sinn og athuga þau mál öll.

En varðandi þessa till. vil ég aðeins segja það, að svona gerast málin ekki eins og hæstv. forsrh. leggur til í brtt. á þskj. 248. Í fyrsta lagi vil ég benda á að lífeyrissjóðirnir vita ekki fyrr en að loknu hverju ári hvert er þeirra ráðstöfunarfé. Þetta er ýmsu háð og ekki síst atvinnuástandi í landinu, þannig að það getur enginn lífeyrissjóður sagt neitt ákveðið um það fyrr en að loknu reikningsárinu, hvert er ráðstöfunarfé hans. En það er miðað við í þessari lagagr., að lífeyrissjóðunum sé skylt að verja á ári hverju a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa o. s. frv., þ. e. yfirstandandi árs, það er ekki miðað við árið á undan eða neitt þess háttar. Þetta geta lífeyrissjóðirnir ekki sagt um með neinni vissu fyrr en að reikningsárinu loknu, misjafnlega þó, sumir geta kannske farið mjög nærri um það, en aðrir geta það engan veginn.

Verði 3. gr. í þessu frv. að lögum, þá er enginn efi á því, að lífeyrissjóðirnir munu hugsa sitt ráð. Ég ætla ekki að spá neinu um það, hvaða ráð það yrðu eða hvernig þeir tækju á málunum. Eins og málum er háttað, þá er rétt að menn geri sér ljóst að með samþykkt þessarar 3. gr. er um lögþvingun að ræða. Það er vitað mál að lífeyrissjóðirnir eru andvígir þessari lagasetningu, og það er enginn vafi á því, a. m. k. ósköp eðlilegt, að það muni nokkuð móta afstöðu þeirra til framhalds þessara mála. Það er allt annað að ganga til samninga á frjálsum jafnréttisgrundvelli heldur en hitt, að fá á sig þvingunarlög. Og svo mikið í sálarfræði veit ég að allir hæstv. ráðh. kunna, að mannleg viðbrögð fara að sjálfsögðu eftir því, hvernig fram er komið við menn.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Hæstv. forseti. Það eru örfá atriði, sem mig langar til að gera að umræðuefni í tilefni af þeim umr. sem farið hafa fram um þetta lagafrv.

Hv. 7. þm. Reykv. gerði athugasemd við það, að ég hefði ekki kynnt réttilega þau bréf sem hefðu borist til fjh.- og viðskn. frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, Landssambandi lífeyrissjóða og Iðju, félagi verksmiðjufólks. Vegna þess að þessi bréf eru stutt ætla ég að leyfa mér með leyfi hæstv. forseta — að lesa þau upp.

„Til fjh.- og viðskn. Nd. Alþ., Reykjavík.

Framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða hefur á fundi sínum í dag, föstudag 16. des., fjallað um ráðagerðir ríkisstj. að skylda sérhvern lífeyrissjóð með lögum að verja á ári hverju a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða.

Ef framangreindar ráðagerðir verða að lögum

er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðum verði skylt að verja á næsta ári a. m. k. 6.8 milljörðum kr. til fjárfestingarlánasjóða. Af þessu tilefni vill framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða taka fram eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin mótmælir harðlega allri lögbindingu á meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna. Jafnframt telur framkvæmdastjórnin, að lífeyrissjóðunum sé ofviða að kaupa verðtryggð skuldabréf af fjárfestingarsjóðum fyrir a. m. k. 40% af ráðstöfunarfénu, og bendir á, að biðtími eftir íbúðarlánum hjá þeim, sem öðlast hafa full lánsréttindi, er frá nokkrum mánuðum í allt að 1½ ári.

Framkvæmdastjórnin vekur sérstaka athygli á því, að frv. þetta er lagt fram án nokkurs samráðs við lífeyrissjóðina eða aðila vinnumarkaðarins. Lífeyrissjóðir innan Sambands almennra lífeyrissjóða hafa fram að þessu staðið við skuldbindingar sínar um verðtryggð skuldabréfakaup af Byggingarsjóði ríkisins og munu hér eftir sem hingað til standa við gefin loforð þar um. Hinir almennu lífeyrissjóðir voru settir á stofn í ársbyrjun 1970 samkv. ákvæðum í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins frá árinu 1969. Við það verður ekki unað, að stjórnvöld geti einhliða ráðskast með fjármuni lífeyrissjóðanna og gripið þannig inn í gerða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins.

Framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða er að sjálfsögðu ljós sá mikli vandi sem sjóðirnir eiga við að etja á verðbólgutímum. Framkvæmdastjórnin er og hefur ávallt verið reiðubúin að ræða ávöxtunarmál lífeyrissjóðanna og leita lausnar á þeim málum í samvinnu við stjórnvöld. Hins vegar munu stjórnir lífeyrissjóðanna, sem skipaðar eru að jöfnu fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, ekki ljá máls á því, að hægt verði með einhliða lagasetningu að ráðskast með fjármuni þeirra. Framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða lýsir yfir fyllstu andstöðu sinni við slíkum vinnubrögðum og skorar jafnframt á stjórnvöld að falla nú þegar frá ráðagerðum sínum um lagasetningu vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna af fjárfestingarlánasjóðunum. Um slík kaup skal nú sem áður semja á jafnréttisgrundvelli.

Virðingarfyllst.
Framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða.
Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri SAL.“

Síðan er bréf frá Landssambandi lífeyrissjóða svo hljóðandi:

„Stjórn Landssambands lífeyrissjóða mótmælir eindregið þeim ákvæðum í frv. til laga vegna lánsfjáráætlunar 1978, þar sem gert er ráð fyrir að skylda lífeyrissjóði til að verja a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé þeirra til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða. Ákvæði þessi marka háttaskil í samskiptum ríkisvaldsins við lífeyrissjóðina, en um alllangt skeið, eða allt frá árinu 1970, hafa ríkisstjórnir haft samráð við samtök lífeyrissjóða um málefni þeirra. En tilgangur Landssambands lífeyrissjóða er m. a. að gæta hagsmuna lífeyrissjóða á sviði löggjafar og vinna að því, að ríkisvaldið taki réttmætt tillit til starfsemi og þarfa lífeyrissjóðanna. Landssamband lífeyrissjóða var stofnað 1964 og þá gagngert vegna fyrirhugaðra aðgerða stjórnvalda svipaðs eðlis og nú er um að ræða. Innan vébanda landssambandsins eru nú 49 lífeyrissjóðir.

Frv. það, sem hér um ræðir, var lagt fram án þess að leitað væri álits samtaka lífeyrissjóða á efni þess og telur stjórn landssambandsins það mjög misráðið. Undanfarin ár hefur fjáröflun ríkisstj. til fjárfestingarlánasjóða hjá lífeyrissjóðum grundvallast á frjálsu samkomulagi milli þessara aðila. Stjórn landssambandsins telur að þetta fyrirkomulag hafi tekist með ágætum og því engin ástæða til að fara inn á þá braut að lögskylda lífeyrissjóði til slíkra skuldabréfakaupa. Þá vekur stjórnin athygli á því, að ekki er raunhæft að gera ráð fyrir, að sjóðirnir geti varið 40% af ráðstöfunarfé þeirra í þessu skyni án þess að um stórfellda röskun á veitingu íbúðalána til sjóðfélaga þeirra verði að ræða. Stjórn landssambandsins dregur jafnframt í efa rétt stjórnvalda til að svipta með þessum hætti lífeyrissjóðina ráðstöfunarréttinum yfir fjármagni þeirra, sem ótvírætt er eign sjóðfélaganna.

Stjórn Landssambands lífeyrissjóða skorar á stjórnvöld að endurskoða fyrirætlanir sínar í þessu efni og hafa um þær fullt samráð við samtök lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst.
f. h. stjórnar Landssambands lífeyrissjóða.
Bjarni Þórðarson, formaður.
Hermann Þórðarson, varaformaður.“

Síðan er bréf frá Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, svo hljóðandi:

„Á almennum félagsfundi í Iðju, félagi verksmiðjufólks, var eftirfarandi till. samþykkt samhljóða:

Fundur í Iðju, félagi verksmiðjufólks, haldinn í Lindarbæ 18. des. 1977, mótmælir harðlega þeirri fyrirætlan ríkisvaldsins að krefjast 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og skerða þannig verulega getu þeirra til að gegna hlutverki sínu í þágu launþeganna, sem eru eigendur lífeyrissjóðanna.

Virðingarfyllst.
Bjarni Jakobsson, formaður.“

Þetta eru þau þrjú bréf sem bárust til fjh- og viðskn., og hafi ég sagt eitthvað, sem ekki lýsir innihaldi þessara bréfa réttilega, þá vildi ég lesa þau upp, því að sjálfsagt er að efni þeirra komi fram hér á Alþ. Það kemur fram í einu þessara bréfa, hver hugmyndin sé að lánað verði samkv. lánsfjáráætlun ríkisstj. til fjárfestingarlánasjóðanna. Segir þar: 6.8 milljarðar a. m. k., en ég hygg að samkv. lánsfjáráætlun sé fyrirhugað að lána Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands 5100 millj., en á þessu yfirstandandi ári munu lánin nema um 3150 millj. kr. þannig að fyrirhugað er að þessi lán aukist um tvo milljarða, ef lánsfjáráætlunin gengur fram eins og henni er ætlað.

Hv. 7. þm. Revkv. minntist á það, að hann óttaðist að ef íbúðarhúsabyggingar hér á Reykjavíkursvæðinu drægjust saman mundi það hafa þau áhrif, að íbúðarverð mundi hækka og það mundi auka á verðbólguna. Við þessu er það að

segja, að sú stefna hefur verið mörkuð að takmarka erlendar lántökur og þess vegna ekki kostur á öðru en að treysta á innlenda fjármögnun. Þá verða menn, eins og ástatt er, að velja og hafna. Það er ekki nægilegt tiltækt innlent fjármagn til þess að fjármagna e. t. v. það sem menn vildu í þessum efnum, en þó er þess að geta, að heildarfjárfestingin á næsta ári í samræmi við lánsfjáráætlunina er rúmlega 25% af þjóðarframleiðslunni, eins og hún er áætluð, og að mati sérfræðinga talið varhugavert að meiri fjárfesting eigi sér stað með tilliti til þess að reyna að hefta verðþenslu og verðbólgu í þjóðfélaginu.

Hv. 2. þm. Austurl. mælti fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. Það kom fram í máli hans, eins og raunar fleiri, að ágreiningurinn í þessu máli er fyrst og fremst um það, hvort lífeyrissjóðunum verði gert skylt að verja árlega a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma. Það vill nú svo til, að þetta er ekki í fyrsta sinn sem svona till. kemur fram á hv. Alþ., og þó hefur komið fram till. hér áður sem gengur í raun og veru lengra en þetta frv. gerir. Á árinu 1974, skömmu fyrir þingrof, var lagt fram á Alþ frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu og aðrar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Það var þáv. ríkisstj. sem lagði þetta frv. fram, og hv. 2. þm. Austurl. var ráðh. í þeirri ríkisstj., eins og öllum er kunnugt. 16. gr. þessa frv. var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur lífeyrissjóður ekki gert um það samning við ríkisstj. að kaupa sérstök verðtryggð skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins eða Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir 20% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1974. Skal hann þá skuldbundinn til þess að kaupa skuldabréf Framkvæmdasjóðs Íslands eða ríkissjóðs samkv. ákvæðum 13. gr. fyrir þá fjárhæð, sem á vantar að heildarverðbréfakaup af þeim eða samkv. ákvæðum 13. gr. nemi 35% af ráðstöfunarfé ársins."

Síðan gerðist það, að ríkisstj. lagði til hér á hv. Alþ., að það yrði lögfest að lífeyrissjóðunum væri gert skylt að binda 35% af ráðstöfunarfé sínu og ráðstafa því til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum.

Ég ítreka það, að hv. 2. þm. Austurl. var ráðh. í ríkisstj. og stóð að framlagningu þessa frv. hér á Alþ., þannig að mér sýnist að viðhorf hans í þessu efni hafi tekið nokkrum breytingum frá því að hann var í þeirri ríkisstj.

Það kom fram í máli hv. 2. þm. Austurl., að gert væri ráð fyrir að gera breytingu á því fyrirkomulagi, að viðskiptabankarnir láni Framkvæmdasjóði Íslands á næsta ári sem svarar 10% af innlánsaukningu bankanna. Það er gert ráð fyrir því að breyta þessu í þá átt, að viðskiptabankarnir láni aðeins 5%, en þó ekki minna en 1200 millj. kr. Ástæðan fyrir þessari breytingu er einfaldlega sú, að ráðstöfunarfé innlánsstofnana hefur stórkostlega minnkað hlutfallslega á seinustu árum. Á árunum 1971—1976 varð á þessu grundvallarbreyting. Árið 1971 mun ráðstöfunarfé innlánsstofnana hafa numið um 40% af þjóðarframleiðslunni, en á árinu 1976 er það komið niður í 23%. Þetta hefur minnkað um 17%, og það er vandalaust að reikna út hvað væri miklu meira fé til ráðstöfunar hjá innlánsstofnunum ef engin breyting hefði orðið á í þessum efnum síðan 1971. Ég hygg að ráðstöfunarféð væri a. m. k. ekki undir 40 milljörðum meira en það er nú. Þetta hefur auðvitað valdið því, að viðskiptabankarnir eiga sífellt erfiðara með að greiða fyrir atvinnuvegunum í landinu með rekstrarfé, og þess vegna er það, að ríkisstj. hefur ákveðið í lánsfjáráætlun að breyta hér til, auka nokkuð svigrúm viðskiptabankanna til þess að leggja af mörkum meira rekstrarfé til atvinnuveganna. Þess vegna er það, að ætlunin er að minnka þessi lán úr 10% niður í 5%.

Þá gerði hv. þm. nokkrar aths. við það, að hann vildi ekki styðja heimildir eða lánafyrirætlanir varðandi Járnblendifélagið. Ég get ekki stillt mig um, fyrst hv. þm. minntist á þetta, að segja það sem mína skoðun, að sá veldur venjulega miklu sem upphafinu veldur. Það hefur komið fram oftsinnis hér á Alþ., hvaða aðili var upphafsaðili að járnblendimálinu hér í landinu. Það var Alþb. Þetta er bréfað og það bréf hefur verið lesið upp hér á Alþ. og það hefur verið lesið upp í útvarpi yfir þjóðinni. Í þessu bréfi kemur einmitt glögglega fram, að það var ráðh. Alþb. sem á sínum tíma barðist fyrir járnblendimálinu. Ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp niðurlag þessa bréfs, sem var frá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, sem þá var iðnrh., og var til Mr. J. C. Malone, vicepresident, Union Carbide Corporation í New York:

„Ég hef lagt texta þessa bréfs fyrir ríkisstj. og þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. Allir þessir aðilar hafa lýst yfir fylgi við skoðanir þær, sem þar koma fram, þar með talin skuldbinding um að séð verði um lagalega hlið málsins eins fljótt og unnt er til þess að áætluninni verði hrundið af stað" — þ. e. a. s. áætluninni um byggingu málmblendiverksmiðjunnar. „Flokkur minn hefur ekki enn tekið afstöðu til áætlunarinnar í meginatriðum, en fellst á að miðað sé að því að staðfestingarlögin verði lögð fyrir Alþingi í byrjun næsta þings til þess að endanleg ákvörðun verði þá tekin.

Það er álit mitt, að þér getið reitt yður á, að hugsanlegar breytingar á stjórnmálum á Íslandi á þeim tíma þar til Alþ. tekur endanlega ákvörðun mun ekki hafa áhrif á þessi sjónarmið.

Það er einlæg von mín, að bréf þetta geri okkur kleift að halda samvinnunni áfram og áætluninni, sem að mínu viti er svo mikilvæg fyrir iðnþróun lands míns, verði lokið sem fyrst."

En ég held að hurðirnar í stjórnarráðinu hafi ekki fyrr verið lokaðar á hæla hv. 2. þm. Austurl. en hann tók heljarstökk í þessu máli og flokkur hans, og allt snýr nú niður sem áður sneri upp.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Strax við 1. umr. um þetta mál hér í d. lýsti ég andstöðu minni við þá grein frv. sem gerir ráð fyrir því að skylda lífeyrissjóði í landinu til að ráðstafa 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum. Ég þarf því í raun og veru ekki miklu við það að bæta, sem ég þá sagði, og með hliðsjón af þeirri afstöðu minni lýsi ég auðvitað samþykki við þá till.

minni hl. fjh.- og viðskn. sem gerir ráð fyrir að fella þetta ákvæði burt úr frv. En vegna þess, sem hefur borið á góma í umr. í dag, langar mig til þess að segja örfá orð.

Þegar ljóst var að hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að halda á málinu með þessum hætti, þá mætti það mikilli andspyrnu. Því var harðlega mótmælt hér við 1. umr. málsins, og ég var satt að segja að vona, með hliðsjón af því sem áður hefur gerst, að þess mætti vænta að hæstv. ríkisstj. sæi að sér og felldi þetta ákvæði frv. burt. Það hefur komið fram í þessum umr., að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. a. s. framkvæmdastjórn SAL og aðrir þeir lífeyrissjóðir sem koma til með að falla undir þetta ákvæði, hafa mótmælt því, að nú skuli eiga með lagaskyldu að þvinga fram ákvörðun eins og hér er gert ráð fyrir. Bæði hæstv. forsrh. og einnig hv. þm. Tómas Árnason létu að því liggja eða töldu það í raun og veru fyrst og fremst rök með þessu ákvæði í frv., að hér ætti fyrst og fremst að ávaxta fé fyrir lífeyrissjóðina þannig að þeir gætu gegnt sínu áætlunarverki. Þetta er auðvitað hin mesta firra. Það, sem hér er að gerast, er fyrst og fremst það, að ríkissjóður ætlar að taka traustataki fjármuni sem hann í raun og veru hefur ekkert yfir að segja. Það er þetta, sem er að gerast, en ekki er um að ræða sérstaka umhyggju fyrir lífeyrissjóðunum eða sjóðfélögum þeirra.

Það liggur fyrir og hefur margoft verið upplýst, að með frjálsu samkomulagi hafa lífeyrissjóðirnir keypt verðtryggð skuldabréf fyrir um sem svarar 20% af ráðstöfunarfé á undanförnum árum. Það hefur verið gert samkv. sérstöku samkomulagi sem komst á við gerð kjarasamninga. Raunar hafa lífeyrissjóðirnir gert nokkru meira en þetta, þannig að það liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir í landinu hafa verið og eru til viðtals um að ávaxta fé með þessum hætti að því marki sem þeir telja sér fært. Hitt hefur einnig komið fram, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki staðið við þá samninga, sem gerðir hafa verið varðandi þessi skuldabréfakaup, með því að auka byggingu á félagslegu húsnæði, eins og gert var ráð fyrir og samkomulag varð um tvívegis. Það er því hæstv. ríkisstj. sem hefur brugðist að þessu leyti, en lífeyrissjóðirnir hafa fyllilega staðið við sitt.

Það hefur einnig verið upplýst í þessum umr., að það er alveg vitað að tiltölulega lítill hluti af lífeyrissjóðunum í landinu getur orðið við þessu, þó að þeir fegnir vildu. Mér er alveg sama þó að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson bendi á þá brtt sem hæstv. forsrh. hefur hér flutt nú. Hún breytir engu um þetta. Það er staðreynd, að það eru örfáir, — ég þori ekki að fara með tölur í þeim efnum, — það eru örfáir lífeyrissjóðir sem gætu orðið við þessu, miðað við það að þeir ætluðu sér að gegna þeirri skyldu sinni að láta þá sjóðsfélaga, sem réttindi eru búnir að vinna sér í sjóðunum, hafa fyrirgreiðslu í lánaformi, fyrst og fremst til byggingar íbúðarhúsnæðis.

Ég hygg að öllum sé ljóst, að þær vaxandi skuldbindingar, sem lífeyrissjóðirnir hafa tekið á sig og þyngjast nú með ári hverju, ásamt því að geta liðsinnt sjóðfélögum við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, slaga hátt upp í það fé sem lífeyrissjóðirnir hafa til ráðstöfunar á sínum vegum. Það liggur því alveg fyrir um mikinn meiri hluta lífeyrissjóðanna í landinu, að verði þeir skikkaðir til þessa, þá verður það á kostnað sjóðfélaganna sjálfra. Mér kæmi ekki á óvart þó að mikill meiri hluti lífeyrissjóðanna gæti ekki sinnt nema 50—60% af þeim beiðnum sjóðfélaga sem fyrir hendi væru á hverjum tíma, ef við það verður haldið að skikka lífeyrissjóðina með lögþvingun til að inna þetta verk af hendi. Það er því augljóst, að hér er hæstv. ríkisstj. að gera tilraun til að taka traustataki fjármuni sem lífeyrissjóðirnir í raun og veru hafa ekki til þess að inna af hendi samkv. þessari kvöð. Hér er sannarlega um lögþvingun að ræða, því að vitað er um andstöðu og það mikla andstöðu hjá lífeyrissjóðunum gegn þessu ákvæði frv.

Ég tek undir það, sem fram kom hjá hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni fyrr í kvöld, að það var ómaklega mælt af hæstv. forsrh., eða a. m. k. ég tók það svo, að í orðum hans hér fyrr í kvöld væri ýjað að því, að lífeyrissjóðirnir hefðu ekki og mundu ekki standa við það sem hefur í mörgum tilfellum verið gert, þ. e. a. s. að leggja sitt lóð á vogarskálina til þess að full atvinna væri í landinu. Ég hygg að flestir, ef ekki allir lífeyrissjóðir hafi á einn eða annan hátt og að meira eða minna leyti ráðstafað fé til atvinnufyrirtækja til þess að tryggja atvinnu hver á sínum stað. Það er því alveg ljóst, að í þessari till. er ekki um að ræða umhyggju hæstv. ríkisstj. fyrir lífeyrissjóðunum og sjóðfélögum þeirra, heldur er hér fyrst og fremst verið að seilast í fjármuni sem lífeyrissjóðirnir hafa sjálfir umráðarétt yfir. Þeir eiga með frjálsu samkomulagi að segja til um hversu mikið af ráðstöfunarfé sínu þeir telja sig geta látið til þessa tekjuliðar. Ég fullyrði, að það er fullur vilji til þess hjá lífeyrissjóðum almennt að sinna þessu verkefni, að svo miklu leyti sem þeir telja sig geta.

Það hefur einnig komið fram og liggur fyrir, að sú er ætlan hæstv. ríkisstj. að rýmka nú þau ákvæði sem hafa gilt varðandi bankana. Nú á að rýmka fjárráð bankanna um 5%, á sama tíma og lagt er til að tilhlutan hæstv. ríkisstj. að þrengja fjárhagsafkomu eða ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í landinu um 20%. Flestir ef ekki allir lífeyrissjóðir hafa keypt fyrir a. m. k. 20% af ráðstöfunarfé sínu verðtryggð skuldabréf. Ég vil því ítreka andstöðu mína við þetta ákvæði frv.

Ég bið menn að athuga hvaða afleiðingar það getur haft, ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér í raun og veru í stríð við lífeyrissjóðina í landinu. Það er ekki einungis um það að ræða, að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í lífeyrissjóðunum séu andvígir þessu, heldur er einnig um að ræða algera andstöðu hins aðilans, sem hlut á að máli varðandi lífeyrissjóðina, vinnuveitenda. Það er því ekki útséð um það, hverjar afleiðingar ráðstöfun af þessu tagi kann að hafa í framtíðinni, því að það liggur fyrir, að verði þetta samþykkt er því þvingað inn á lífeyrissjóðina. Ég er ekki í neinum vafa um að þessir aðilar finna mótleik gegn þessu, því að hér er

verið að taka rétt af þeim sem hafa haft hann frá því að sjóðirnir voru stofnaðir. Sá réttur verður ábyggilega ekki af hendi látinn með neinni blíðu. Það er enginn vafi á því, að ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda sér við þetta, þá verður svarað á verðugan hátt af þessum aðilum, ekki vegna þess að þeir séu mótfallnir því að leggja það af mörkum sem þeir treysta sér til, heldur vegna þess grundvallaratriðis, að þetta á ekki að ákvarða með löggjöf. Hér á að fara samkomulagsleiðina og gera frjálst samkomulag milli þessara aðila, sem ákvarðast af því, hversu mikinn hluta lífeyrissjóðirnir almennt telja sig geta látið af hendi rakna til þessa.

Ég ítreka því andstöðu mína gegn þessu og vænti þess, að hæstv. ríkisstj., þó seint sé, sjái að sér og breyti þessu á þann veg að taka þetta út úr frv., en leiti heldur samkomulags við lífeyrissjóðina um að fjármagn að þeim hluta sem þeir telja sig geta það sem hér er gert ráð fyrir að gera.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Þetta eru mjög fróðlegar umr. um lífeyrissjóðamál. Ég satt að segja hefði fagnað því, ef þessar umr. hefðu getað farið fram fyrr, t. d. fyrir tveimur árum, þegar ég leyfði mér að leggja fram frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands. Ég minnist þess ekki að sumir, sem hafa talað hér af miklum hita vegna hagsmuna lífeyrisþega í landinu, hafi svo mikið sem staðið upp til að segja eitt einasta orð um ágæti þess að koma öllum landsmönnum undir eitt lífeyrissjóðakerfi, þannig að við þyrftum ekki að vera að deila um þá hluti, sem deilt er um í kvöld, þ. e. a. s. hvar og hvernig og hverjir eigi að fjalla um það ráðstöfunarfé sem er nú að safnast upp í því lífeyrissjóðakerfi sem við þekkjum í dag, en ég mun víkja nokkrum orðum að því á eftir.

Hv. síðasti ræðumaður, Karvel Pálmason, sagði: Þetta á ekki að ákvarða með löggjöf, þ. e. a. s. Þetta eina atriði sem mönnum hefur verið tíðrætt um í kvöld, 3. gr. þess lagafrv. sem hér er til umr. Ég held þó að hv. þm. eigi eftir að horfa upp á það, að öll þessi mál verði ákvörðuð með löggjöf, bæði þetta sem annað, ef hv. þm. á annað borð vilja fjalla um lífeyrismálin með þeim hætti sem hv. Alþ. sæmir, sem er að koma lífeyrismálum ellilífeyris- og örorkuþega í það horf að allir búi við verðtryggðan ellilífeyri. Það gerist ekki nema með löggjöf. Hins vegar er mér ljóst, að vegna þess hvernig lífeyrissjóðakerfi landsins hefur þróast þarf að ná einhverju samkomulagi og samningum við þá aðila sem hafa myndað núv. lífeyrissjóði.

Ég get ekki séð, ef menn á annað borð vilja vera heiðarlegir og ábyrgir gagnvart þeirri þjóð sem þeir eru kjörnir til að stjórna, hvernig þeir geta komist hjá því að verða að viðurkenna að lífeyrissjóðirnir eða stjórnendur þeirra komast ekki hjá því frekar en aðrir að verða að haga málum sínum í samræmi við almenna efnahags- og atvinnuþróun í landinu. Ég segi fyrir mitt leyti, að það eru óábyrgir menn sem neita því, að lífeyrissjóðirnir hafi þróast með þeim hætti hérlendis síðustu 8 ár, að þeir séu orðnir það snar þáttur og stór þáttur í okkar peningakerfi að undan því verði ekki vikist að setja þeim einhverjar almennar reglur. Í því sambandi vil ég minna á það, að þrátt fyrir að hér hafi verið lesin upp bréf frá tveim samtökum lífeyrissjóða, — ég er aðili að öðrum samtökunum, — þá er hvorugt þessara samtaka samningsaðili fyrir hönd lífeyrissjóðanna sem mynda samtökin. Hver einstakur sjóður fer með sjálfstæðan samningsrétt eins og verkalýðsfélögin, þannig að í því máli að fara hina frjálsu samningaleið, sem ég er auðvitað fylgjandi í „prinsipinu“ og er æskilegust, þá þarf raunverulega að semja um þessi mál við hvern sjóð fyrir sig. Og þá skulum við líta örlítið til þróunar þessara mála s. l. 20 ár.

Um og eftir 1950 voru mjög fáir lífeeyrissjóðir í landinu. Þessir sjóðir voru yfirleitt litlir og tilheyrðu ákveðnum fyrirtækjum, þannig að ráðstöfunarfé þeirra var lítið og skipti raunverulega sáralitlu máli í sparifjármyndun þjóðarinnar. 1955 og 1956 myndast hér nokkrir sjálfstæðir sjóðir og eru sumir þeirra orðnir mjög öflugir. En það er ekki fyrr en með samningum ASÍ og VSÍ árið 1969 sem stökkbreyting verður í sambandi við þróun lífeyrissjóða. En þá er samið um skylduaðild vegna þeirra sem eru félagar í Alþýðusambandi Íslands og vinna hjá fyrirtækjum innan Vinnuveitendasambandsins. Við þessa samninga verður gerbreyting á uppsöfnun fjármagns, en það verður engin gerbylting í tryggingamálum lífeyrisþega. Það verður ekki fyrr en með samningunum í ársbyrjun 1976, þegar aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstj. komu sér saman um ákveðna tilhögun í sambandi við lífeyrissjóðina og tryggingamál þeirra sem nú eru í gildi og voru nokkuð rækilega rakin af hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni. Hann rakti mjög ítarlega hér í ræðu sinni áðan þá miklu breytingu sem varð á tryggingastöðu sjóðfélaganna vegna þeirra samninga sem gerðir voru í ársbyrjun 1976. En þrátt fyrir það safnast upp mikið fé í lífeyrissjóðunum, og um það er deilt í dag, hvernig skuli fara með þetta fé, og einnig um það, hvort yfirleitt skuli setja nokkrar almennar reglur sem hv. Alþ. þyrði eða gæti tekið afstöðu til, — ég segi þyrði eða gæti tekið afstöðu til.

Það hefur komið fram, að vísu ekki hér í ræðum, að í lífeyrissjóðakerfi landsins eru núna yfir 100 sjóðir. Þeir eru sumir mjög smáir, og ég vil leyfa mér að segja, þó að það kunni ekki að falla í góðan jarðveg hjá þeim sem hlut eiga að máli, að sumir þessara sjóða eru svo litlir að þeir eiga raunverulega ekki rétt á sér, vegna þess að þeir munu aldrei, hvað sem líður þeirri umr. sem hér fer fram, geta staðið við tryggingalegar skuldbindingar sínar vegna smæðar sinnar. Skipulagslega séð eru við því mjög illa stödd hvað lífeyrissjóðakerfi landsmanna áhrærir. Æskilegast hefði verið, að þegar upp úr 1970 hefðu verið stofnaðir tiltölulega fáir, en aftur á móti sterkir lífeyrissjóðir, en um það var ekki samið og skal ég ekki fara nánar út í það.

Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að árlega eykst ráðstöfunarfé, þ. e. það fé sem eftir er þegar búið er að greiða tryggingabætur,

þegar búið er að greiða kostnað af rekstri sjóðanna o. s. frv. Árlega eykst þetta fé hröðum skrefum, og ekki er um neinar smáupphæðir að ræða, þær skipta milljörðum. Það er áætlað, að á næsta ári muni þetta ráðstöfunarfé verða 16—17 milljarðar, árið 1978 með sama vaxtarhraða getur það orðið 21—22 milljarðar o. s. frv., o. s. frv. Þetta er því eins og snjóbolti sem hleður utan á sig. Það er engin ný bóla, eins og kom fram hjá hv. þm. Tómasi Árnasyni, 4. þm. Austurl., að stjórnendur landsins og ríkisstj. láti sér detta í hug að setja einhverja almenna reglu um ráðstöfunarfé sjóðanna, og ég vil segja það, að sú hugmynd, sem kom fram í frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu í ársbyrjun 1974, gekk miklu lengra en það sem sett er fram í því frv. sem við ræðum nú, og er ekki saman að jafna. Þau ákvæði eru miklu strangari og ákveðnari. En þeim var hafnað og ég var m. a. einn af þeim sem tóku þátt í því að samþykkja mótmæli gegn þeirri hugmynd.

Það frv., sem hér hefur verið lagt fram, með þeirri breytingu, sem hæstv. forsrh. hefur komið með á frv., felur í sér þessa kvöð, að lífeyrissjóðirnir skuli ávaxta 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu. Það er rétt, sem komið hefur fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv., Eðvarðs Sigurðssonar, að sjóðirnir eru misjafnlega vel undir það búnir að geta raunverulega innt þessa skyldu af hendi sem 3. gr. gerir ráð fyrir. Ég sagði skyldu og nota þá sama orðalag og hv. þm. Lúðvík Jósepsson í sinni fyrri ræðu. Hann talaði aldrei um lagaþvingun eins og hv. þm. Karvel Pálmason gerði. Hann margítrekaði í ræðu sinni að hér væri um skyldu að ræða, lánaskyldu, en ekki lagaþvingun. En með þeirri brtt., sem hæstv. forsrh. kom með áðan, er náttúrlega bægt frá þeirri hættu, þannig að þeir sjóðir, sem þannig er fjárhagslega ástatt um að þeir geta ekki fullnægt 40% reglunni, hafa möguleika til þess að semja um annað, að fjmrh. lækki það hlutfall til verðbréfakaupa sem frv. gerir ráð fyrir. Með þessu finnst mér að hæstv. ráðh. hafi nálgast mjög þau sjónarmið sem koma fram t. d. í bréfi SAL sem upp var lesið hér áðan.

Satt að segja er ég ekki hrifinn af því, að það skuli þurfa að setja lög um þessi efni. En ég geri mér fullkomlega grein fyrir því sem stjórnandi eins lífeyrissjóðs, að undan því verður ekki hægt að víkja. Það er ekki lengur spurning um hvort eigi að gera það, heldur er að mínu áliti nauðsyn að gera það. Ég efast ekki ekki um að hægt sé að nota þessi orð mín á réttum stöðum mér til ófrægingar. En ég tel rangt að halda því fram við sjóðfélaga lífeyrissjóðanna, að hér sé verið að gera rangt. Ég tel að núv. ríkisstj. og hv. alþm. verði að viðurkenna þá staðreynd, að við lifum í skipulegu þjóðfélagi og sem slíkir verðum við að taka afstöðu til þess. Ef það er ekki hægt hér á hv. Alþ., þá erum við komnir í allt annað þjóðfélag en íslenska stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Þá erum við komnir í þjóðfélag stéttavalds, og þá er það ein stéttin í dag og önnur á morgun, sem ákveður leikreglurnar. Og þá er til lítils fyrir hv. alþm. að eyða tíma sínum hér á Alþingi.

Ég sem sagt segi það hér og nú, að þótt ég hafi talið annað æskilegt álít ég að staða lífeyrissjóðanna í peninga- og fjármálakerfinu sé orðin þess eðlis, að hjá því verði ekki komist að setja ákveðnar reglur. Þessi regla út af fyrir sig þarf ekki að vera hin eina rétta. Það er mat okkar, sem myndum meiri hl. hér í tengslum við þetta frv., að þannig beri að fara af stað. En það þýðir ekki, að hér geti ekki komið til breytingar síðar.

Ég minni einnig á það, að verkalýðshreyfingin, vinnuveitendur og ríkisstj. hafa skipað nefnd til þess að fjalla um málefni lífeyrisþega. Þessi nefnd á að skila áliti um framtíðarskipan þessara mála, og er gert ráð fyrir að till. nefndarinnar verði með þeim hætti, að hv. Alþ. geti tekið afstöðu til þeirra mála þegar þar að kemur og að till. með þeim breytingum, sem Alþ. kann að gera á þeim, komi til framkvæmda frá og með 1. jan. 1980. Hér er því ekki verið að taka rétt af einum eða neinum til eilífðarnóns.

Þá vil ég að lokum víkja að því sem mér finnst vera meginatriðið þegar rætt er um þessi mál, og það er hvert er meginhlutverk lífeyrissjóða og lífeyriskerfa.

Meginhlutverk lífeyriskerfa og lífeyrissjóða er að tryggja elli- og örorkulífeyrisþegum fullan og verðtryggðan ellilífeyri. Þetta er grundvallaratriði í sambandi við lífeyrissjóðina. Þetta er höfuðatriði. Síðan koma önnur atriði. Það eru þau afleiddu atriði sem eru í tengslum við núverandi lífeyrissjóðakerfi, þ. e. að lífeyrissjóðirnir lána til íbúðamála og þeir lána einnig til atvinnuvega sumir hverjir. En það voru ekki aðalatriðin þegar menn fóru af stað með lífeyrissjóðina á sínum tíma. Það eru atriði sem hafa komið til skjalanna síðar.

Eg vil segja það, — og ég gæti komið með rök fyrir máli mínu, þeirri fullyrðingu, sem gæti enst mér í margra klukkutíma ræðu, — ég vil segja það, að núv. lífeyrissjóðakerfi er úrelt og það er óæskilegt, jafnvel þótt þetta kerfi sé ekki nema 8 ára gamalt. Þeim mun fyrr sem hv. alþm. og sjóðfélagar gera sér grein fyrir þessu og breyta samkvæmt því, þeim mun betra er það fyrir íslenskan þjóðarbúskap, fyrir íslensku þjóðina og ekki hvað síst fyrir lífeyrisþegana sjálfa, svo að ég tali nú ekki um alla hina, sem liggja utangarðs við þau kerfi sem við höfum verið að mynda. Það þarf að endurskipuleggja þessi mál. Það á að hætta að eyða tíma hv. alþm. í að þrátta um það, hvernig á að skipta peningum, ég segi: þessum sameiginlegu sjóðum allrar þjóðarinnar, því að þetta er sparifé allrar þjóðarinnar raunverulega sem við erum að tala um, þó að það sé tengt við ákveðin félög og ákveðna sjóði. Taka á upp nýtt kerfi, og það væri verðugra verkefni fyrir okkur að tala um það hér og nú, í stað þess að hefja deilur með þessum hætti, sem geta kannske haft pólitíska þýðingu fyrir suma vegna væntanlegra kosninga.

Það er grundvallarskoðun mín, að við eigum að stefna að því að koma hér upp gegnumstreymiskerfi sem byggist á ævitekjum, þar sem sett er annars vegar ákveðið lágmark sem allir eiga að njóta og enginn á að fara niður

fyrir, ekki heldur þeir sem ekki hafa haft tækifæri til að vera í lífeyrissjóðunum, og svo á að setja einnig ákveðið hámark, þannig að enginn fái umfram ákveðið margfeldi þess sem sá fær sem lægst fær úr þessum sameiginlega sjóði. Iðgjald á að greiða jafnóðum. Þetta er það eina heilbrigða, heiðarlega kerfi sem við þm. getum boðið íslensku þjóðinni og lífeyrisþegum, bæði þeim, sem nú eru lífeyrisþegar, og þeim sem koma til með að taka lífeyri. Þetta hefur ekki síður mikla þýðingu fyrir það fólk sem verður að tryggja makalífeyri og barnalífeyri. Þau mál eru í miklum ólestri og ekki til neinnar fyrirmyndar í núverandi kerfi.

Nú kann einhver að segja: Þetta er ágæt hugmynd. En hvað þá um allt hitt, hvað þá um íbúðalánin og unga fólkið og hvað þá um atvinnulífið? Því er til að svara, að hægt er að breyta þessu með tiltölulega einföldum hætti ef vilji væri fyrir hendi. Það er í fyrsta lagi að gefa eldri lífeyrissjóðum kost á því að greiða ákveðna upphæð inn í hið nýja kerfi, sem væri myndað, og gefa síðan lífeyrisþegum í gamla kerfinu kost á því að breyta því, sem eftir er af höfuðstólnum, í lánasjóði. Síðan gætu aðilar vinnumarkaðarins samið um það, hvernig þessir lánasjóðir skyldu ávaxtaðir, og einnig gætu þeir samið um það t. d., að ákveðið iðgjald væri greitt af launum í þessa sjóði til að efla höfuðstólana eða þá stofna sem þar væru fyrir hendi. Með þessum hætti mundi það vinnast í fyrsta lagi, að almennir launþegar hefðu aðgang að lánasjóði sem þeir tilheyrðu, þar gætu þeir fengið lán eftir sem áður, þótt lífeyrissjóðunum yrði breytt í þetta horf og upp væri tekið almenna heildarkerfið, þannig að þar gætu þá launþegar fengið sín íbúðalán og atvinnuvegirnir einnig. Þetta hefur verið framkvæmt, þetta er ekkert „patent". Þetta er bara spurning um að þora að taka afstöðu og þora að rjúfa gamla skipulagið, vera ekki svo hefðbundnir og fastheldnir í gamalt kerfi, að ekkert nýtt komi til greina. Þessi skipan þekkist hér í nágrannalöndunum, að vísu kannske ekki svona fullkomin eins og er á Norðurlöndunum, en þetta er til í Þýskalandi og hefur reynst mjög vel. Ég þekki ekki nokkurn stað í veröldinni þar sem verkalýðshreyfingin og atvinnuveitendur vinna jafnvel saman og í Vestur-Þýskalandi og jafnárekstralítið.

Það eru sem sagt ýmsir möguleikar fyrir hendi í þessum efnum. Ég tel að við séum ekki á flæðiskeri stödd þótt við beindum nú umr. inn á þær brautir sem mestu máli skipta. Ég undirstrika það, að með því að styðja frv., sem hér liggur fyrir, er raunverulega verið að lappa upp á þetta kerfi, sem við erum með, með ákveðnum hætti. Þá tala ég um kerfið í heild, lífeyrissjóðina og peningakerfið. Það felst í þessu skylda að sjóðirnir kaupi verðtryggð skuldabréf af Byggingarsjóði, Framkvæmdasjóði, stofnlánasjóðum og fjárfestingarsjóðum. Það er ekki verið að skylda okkur til að kaupa af neinum ákveðnum sjóði, heldur hafa sjóðstjórnir ákveðið valfrelsi.

Ég vænti þess og ég trúi því, að m. a. þetta frv. og sú umr., sem hér hefur farið fram, muni flýta fyrir þeirri þróun, að ellilífeyrisþegar á Íslandi búi við verðtryggðan ellilífeyri í heildarlífeyriskerfi, þannig að umr. sem þessi þurfi ekki oft að eiga sér stað á hv. Alþ. í framtíðinni.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég átti nú eiginlega ekki von á því, að hér yrðu mjög almennar umr. í tilefni af þessu frv. Hins vegar finnst mér hafa verið rösklega boðið til þess. Sé ég þá enga ástæðu tl að skorast undan að taka þátt í slíkum umr.

Mig langar fyrst til að víkja nokkrum orðum að því sem síðasti hv. ræðumaður, Guðmundur H. Garðarsson, sagði. Hann ræddi nokkuð almennt um lífeyrissjóðamálin og þá skoðun sína, að rétt væri að breyta þessu kerfi í grundvallaratriðum og taka m. a. upp svonefnt gegnumstreymiskerfi í staðinn fyrir það sjóðamyndunarkerfi sem nú er byggt á. Ég hugsa að býsna margir geti verið honum sammála um þetta. Ég er það fyrir mitt leyti í meginatriðum. Ég álít að huga þurfi að því að breyta þessu kerfi, enda verð ég að segja að ég hef litið svo á, að einmitt þær breytingar, sem hafa verið að ganga yfir nú að undanförnu með samkomulagi, sem gert hefur verið annars vegar á milli eigenda sjóðanna og ríkisvaldsins, fulltrúa launþegasamtakanna í landinu og fulltrúa atvinnurekenda, það samkomulag hefur allt að mínum dómi stefnt í þessa átt, að taka hér í rauninni upp nýtt kerfi. Ég álít því, að ekkert sé í rauninni á réttri leið.

Ég vitnaði nokkuð í skýrslu sem birtist fyrir stuttu af hálfu forustumanna lífeyrissjóðanna um slíkt samkomulag og um stöðu sjóðakerfisins eins að það er nú. Í þessari skýrslu segir m. a. um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 28. febr. 1976 var ákveðið að stefna að nýskipan lífeyriskerfisins, sem taka skyldi gildi 1. jan. 1978." Það var það tímamark, sem menn höfðu þá sett sér. — „Aðilar urðu sammála um eftirfarandi markmið endurskipulagningarinnar: 1. Samfellt lífeyriskerfi taki helst til allra landsmanna. 2. Að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífeyri, er fylgi þróun kaupgjalds á hverjum tíma" — og fleiri atriði eru þarna upp talin, en ég sé ekki ástæðu til að fara að lesa þau öll upp.

Aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur og fulltrúar launafólks, komu sér saman um þessi atriði um nýskipan lífeyrissjóðakerfisins og hafa verið að vinna að því að undanförnu, en vegna þess að þetta tekur nokkurn tíma, eins og oft hefur komið fram, m. a. hjá Guðmundi H. Garðarssyni þegar hann hefur rætt þessi mál af því að hann þekkir þarna vel til, þá liggur ljóst fyrir talsverðan tíma tekur að koma á nýju skipulagi margra og mismunandi sjóða. En þá vildi verkalýðshreyfingin reyna að tryggja það með samkomulagi sínu að upp yrði tekið, á meðan unnið væri að þessu, bráðabirgðakerfi sem gæti mætt þörfum sjóðfélaga miklu betur en verið hefur. Það er einmitt þetta bráðabirgðakerfi sem ég gerði hér nokkra grein fyrir fyrr í þessum umr., en það stefnir í þá átt að stórauka lífeyrisgreiðslurnar frá sjóðunum frá því sem

verið hefur, m. ö. o.: það er farið að gera ráð fyrir því að verðtryggja þær bætur, sem greiddar eru, og sú verðbreyting komi fram með tiltölulega stuttu millibili. Þeir sjóðir, sem enn njóta ekki neins stuðnings frá opinberum aðilum um verðtryggingar og verða því að standa undir verðtryggingunni sjálfir, eru þegar komnir inn á þessa braut og eru að vinna að því. Á þann hátt eru þeir að taka á sig nýjar kvaðir, nýjar skuldbindingar, og þeir verða að hafa fjárráð til að ráða við þetta verkefni. Ég tel því, að einmitt þetta, sem ég hef nú sagt og ég hafði vikið að áður, sýni það best, að það er rétt, sem komið hefur fram hjá mér og hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, að taka verður tillit til þessara nýju kringumstæðna þegar er verið að gera till. um ákveðnar viðbótarskyldur á sjóðina. Í þessum efnum gildir það, eins og reyndar í öllum málum, að vitanlega verður að miða við ráðandi kringumstæður á hverjum tíma. Menn geta ekki grafið sig niður í eitthvað gamalt sem einu sinni var, haldið sig í sífellu við það og notað það sem einhverja almenna röksemd fyrir afstöðu sinni, af því að einu sinni var hægt að tala um hlutina í þessa átt þó að aðstæður væru þá allt aðrar. Slíkar röksemdir geta auðvitað dugað sumum mönnum, en ekki öllum.

Hv. 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, minntist m. a. á það í ræðu sinni, að áður hefðu komið fram till. um að leggja kvaðir á lífeyrissjóðina. Vitnaði hann þá til frv., sem vinstri stjórnin lagði fram eftir að öllum varð ljóst og menn vissu ósköp vel, að hún var að liðast í sundur og ganga til kosninga. Í því frv. var vissulega farið inn á þá braut að gera ráð fyrir því, að lífeyrissjóðir yrðu skuldbundnir til þess að kaupa nokkuð af verðtryggðum skuldabréfum. Hv. þm. vildi reyna að rökstyðja það, sem nú væri verið að gera, með þeim till. sem þarna komu fram. En í öllum greinum fataðist hv. þm. auðvitað sundið, af því að hann varð að grípa til vandræðaráðstafana til þess að reyna að rökstyðja það mál sem hér lá fyrir. Hann hafði engin tök á því að rökstyðja mál sitt nema grípa í eitthvað gamalt sem í rauninni átti ekki við. Hann hefði gjarnan mátt geta þess, að í þessu frv., sem var lagt fram á sínum tíma af vinstri stjórninni, í grg. með frv., kom skýrt fram það sem hér segir: „Það skal fram tekið, að stjórnarflokkarnir hafa óbundnar hendur um einstök atriði frv.“

Það lá mjög skýrt fyrir og kom fram í umr. á þingi oftar en einu sinni, að við Alþb.-menn vorum algerlega andvígir vissum ákvæðum í frv., sem forsrh. þá lagði mikla áherslu á að fengju að koma fram í frv., af því að það væru hans till. Frv. var lagt fram, stjórnarflokkarnir voru ekki sammála um öll ákvæði frv. og höfðu óbundnar hendur og gerðu grein fyrir því, að afstaða þeirra væri sú, að þeir væru ekki bundnir af öllu því sem fram kvæmi í þesum tillögum.

Nú skal ég líka segja það, að við Alþb.-menn lýstum yfir eindreginni andstöðu við ýmis ákvæði í þessu frv., sem hér er vitnað til. En það atriði, sem hér um ræðir, skuldbinding lífeyrissjóðanna, var þó ekki neitt meginatriði í þessum fyrirvara okkar. Þó höfðu margir þennan fyrirvara, vegna þess að það, sem um var að ræða í sambandi við þessa skuldbindingu í umræddu frv., var miklu víðtækara en svo, að aðeins væri verið að skuldbinda lífeyrissjóðina til þess að leggja fram fjármagn í ákveðnu skyni. Í þessari till. var lagt til að skylda viðskiptabanka og sparisjóði til þess að binda ákveðið fjármagn, lífeyrissjóði, Atvinnuleysistryggingasjóð og vátryggingafélögin í landinu. Hér hafði það gerst á þessum tíma, sem var alveg óumdeilanlegt, að bankakerfið í landinu hafði staðið fyrir stórkostlegri útlánaaukningu, sem mikið var rætt um á þessum tíma, og þótti því full ástæða til að leggja nokkrar hömlur á útlánastarfsemi bankanna um tíma. Rétt er það, að á þessum tíma gátu lífeyrissjóðirnir einnig fallið undir þetta að því leyti til, að þeir höfðu yfir að ráða nokkru fjármagni, en þeir höfðu þá ekki tekið á sig neinar hliðstæðar skuldbindingar og nú er um að ræða, af því að þeir voru rétt að byrja að byggja sig upp og höfðu enga aðstöðu til að taka á sig stórfelld útgjöld. Kringumstæðurnar hafa því alveg gerbreyst.

Það eru að mínum dómi ákaflega lítilvæg rök fyrir því, sem nú er verið að gera, að benda á að þetta frv., þar sem flokkarnir höfðu sterkan fyrirvara á um ýmis ákvæði í frv., þær till. sem þar komu fram og voru miklu víðtækari í sambandi við lánastofnanir í landinu heldur en það sem hér er nú um að ræða og við allt aðrar kringumstæður, réttlæti það sem nú er verið að gera. Ég hef bent á það áður í þessum umr., að nú er stefnan breytt, því að nú er lagt til að leggja meiri skyldur á lífeyrissjóðina en nokkurn tíma hefur áður verið rætt um að leggja á þá, á sama tíma sem frá því er greint að nú skuli draga úr skuldbindingum bankanna til þess að leggja fram fé í þessu sama skyni, draga úr skyldum, sem hafa hvílt á bankakerfinu í fjöldamörg ár, síðan á viðreisnartímanum. Hér er vitanlega um gjörbreytta stefnu að ræða, og þetta gerist á þeim tíma þegar fyrir liggur að þessir lífeyrissjóðir eru farnir að verðtryggja í verulega ríkum mæli bótagreiðslur sínar.

En þetta er í rauninni ekki eina dæmið. Mér fannst satt að segja að málflutningur hv. 4. þm. Austurl., Tómasar Árnasonar, væri í rauninni allur af þessum toga. Þegar ég hafði gert þá grein fyrir afstöðu minni, að ég væri því t. d. ekki samþykkur að erlent lán yrði tekið upp á tæpan 1 milljarð kr. til þess að leggja fram sem hlutafé í járnblendiverksmiðjuna, en það er í fullu samræmi við þá afstöðu sem hefur komið fram hjá mér og mínum flokki til þess máls, þá er í rauninni eina svar þessa hv. þm. — ekki það að hann geti fært nokkur rök fyrir afstöðu sinni, nei, það eru engin rök fyrir henni önnur en þessi: Afstaða hans, Tómasar Árnasonar, er að kenna Magnúsi Kjartanssyni. Tómas Árnason og hans flokksmenn hafa auðvitað enga ábyrgð sjálfir, þeir hafa enga getu sjálfir til þess að fella dóm um það sem hér er á ferðinni, en afsaka sig með því, að Magnús Kjartansson hafi þó einu sinni verið með þessu máli. — Þetta eru auðvitað afskaplega léttvæg rök og lítilmótleg, því að auðvitað hvílir sú skylda á hverjum þm., að hann sé fær um að rökstyðja eigin skoðun og eigin gerðir, en ekki hlaupast frá því á þennan hátt.

Þessi ummæli hv. þm. gefa mér tilefni til að ræða hér nokkru nánar um járnblendiverksmiðjumálið og afstöðu Framsfl., fyrst það er á þennan hátt dregið inn í þessar umr. — ekki af mér — það, sem ég sagði um málið, var fullkomlega málefnalegt. Hér er um það að ræða, að ríkisstj. er að óska eftir heimild til lántöku m. a. í þessu skyni. Ég gerði þá grein fyrir því, að ég gæti vel fallist á heimild til þessarar lántöku, þó að undanteknu þessu atriði, sem ég væri ósammála. En hv. þm. Tómas Árnason hefur boðið til umr. um þetta stóra mál, og sjálfsagt er að við ræðum svolítið nánar um það.

Það er alveg rétt, að um það er ekkert að villast, enda hefur það margsinnis komið fram, að Magnús Kjartansson, sem var ráðh. yfir tiltekinni starfsnefnd á vegum hans rn. í vinstri stjórninni, nefndar um orkufrekan iðnað, féllst á þær till. þeirrar nefndar, að rétt gæti verið að koma upp þessari svonefndu járnblendiverksmiðju. Það er ekkert um það að villast, þetta hefur komið fram hjá honum, að hann taldi að ef tiltekin skilyrði yrðu uppfyllt í sambandi við stofnun þess félags, þá gæti hann fallist á þennan rekstur. Um þetta hafa aldrei staðið neinar þrætur. Þetta liggur skýrt fyrir bæði í ræðum hans og á annan hátt. Hitt liggur líka jafnskýrt fyrir, að ég hef ekki aðeins bókað afstöðu mína, bókað hver afstaða mín var, heldur hef ég yfirlýsingar á hv. Alþ. frá samráðh. mínum úr Framsfl. um það, — en slíkar yfirlýsingar metur auðvitað Tómas Árnason einskis, — hver hafi verið afstaða mín til málsins. Þeir draga enga dul á það, að ég hafi allan tímann sagst vera andvígur þessu máli og mundi standa á móti því. En hv. þm. kýs auðvitað þá leið að grafa hausinn í sandinn er kemur að þeim hluta málsins, þykist aldrei hafa heyrt og vill ekki skilja það ef honum er sagt það, og hann gerir sig líklegan til þess að reyna að endurtaka þetta eins oft og mögulegt er. Ég skal hugga hann með því, og hann getur vel fengið æfingu í þessu máli rétt áður en við hittumst í kjördæminu, að það er auðvelt mál að reka haus hans niður í sandinn æ ofan í æ ef um þetta er fjallað, vegna þess að það liggja fyrir skýr dæmi um það, hver var afstaða mín, og líka liggur skýrt fyrir, hver var afstaða míns flokks til málsins. Í þeim bréfum, sem hv. þm. vitnar til og Magnús Kjartansson hefur skrifað, viðurkennir hann að flokkur hans hafði þá ekki tekið afstöðu til málsins af því, að málið var ekki komið frá ríkisstj. á þann hátt að það væri lagt fyrir þar. En flokkur minn tók afstöðu til málsins, einróma afstöðu, og hafnaði því að standa að byggingu þessarar verksmiðju. Það, sem var þó enn þá skýrara í málinu, var það, að þrátt fyrir þann áhuga, sem hafði komið fram hjá Magnúsi Kjartanssyni í sambandi við byggingu þessarar verksmiðju, þá tók hann þá afstöðu til málsins hér á Alþ., þegar það lá endanlega fyrir til samþykktar, að hann greiddi atkv. á móti byggingu þessarar verksmiðju. En það var meira en þessi hv. þm. gerði. Þá treysti hann sér ekki til þess að fylgja Magnúsi Kjartanssyni. Af hverju ekki? Það var af því að hann þurfti að elta þá málmblendimenn, af því að hann var málmblendimaður. Hann vildi leggja áherslu á það, að verksmiðjan yrði byggð, eins og næstum allur hans flokkur. Það leyndi sér ekki, að næstum allan tímann í ríkisstj. voru framsóknarmennirnir einna harðastir í kröfum um það, að ráðist yrði í þessa verksmiðjubyggingu, enda skorti ekki á að þeir stæðu með málinu hér. Þar er þó a. m. k. ein undantekning, hv. þm. Páll Pétursson. Hann er greinilega andvígur verksmiðjubyggingunni, og þegar hann fékk aðstöðu til kom afstaða hans skýrt fram.

En það var ekki aðeins að hv. þm. Tómas Árnason og hans flokkur hefðu aðstöðu til þess að taka á þennan hátt afstöðu til málsins áður en lög voru sett um byggingu þessarar verksmiðju. Þeir fengu á nýjan leik tækifæri til þess að taka afstöðu til málsins þegar í ljós hafði komið að hér var verið að ráðast í hið mesta vandræðafyrirtæki, einnig frá fjárhagslegu sjónarmiði, og þegar það lá fyrir, að hinn erlendi aðili, auðhringurinn Union Carbide, vildi gjarnan greiða stórar fjárfúlgur til þess að losna út úr félaginu. Raunverulega hefði átt að hætta þá við allar framkvæmdir. Nei, þá stóð núv. hæstv. ríkisstj. þannig að málum með dyggum stuðningi Tómasar Árnasonar og þeirra framsóknarmanna, að áfram skyldi haldið, og gerðu nýjan, enn vitlausari samning en þann fyrri. Það er einmitt í sambandi við framkvæmdina á þeim samningi sem nú á að fara að ráðast í lántöku. Þá skipti engu máli þótt fyrir lægju yfirlýsingar frá Þjóðhagsstofnun um það, að miðað við þær fjárhagsforsendur, sem lágu fyrir þegar kom til samningagerðarinnar við norska auðhringinn, væri um taprekstur að ræða á þessari verksmiðju sem næmi um 800 millj. kr. á ári. Þá skipti það engu máli. Áhuginn var svo mikill hjá framsóknarmönnum að koma málinu í gegn, að þá munaði ekkert um að borga með þessu fyrirtæki 800 millj. kr. á einu ári. Og þó að nú liggi fyrir, að taprekstur inn sé miklu meiri, miðað við þær fjárhagsforsendur sem nú liggja fyrir, þá eru menn samt sem áður ákveðnir í að halda áfram að moka þarna upp frá, halda áfram að taka erlend lán.

En hv. þm. Tómas Árnason hefur auðvitað eina ágæta afsökun fyrir allri þessari glópsku og fyrir þessari afstöðu Framsfl.: Var ekki Magnús Kjartansson einu sinni með þessu máli? — Ég segi það, að svona málflutningur er ekki upp á marga fiska.

Mér finnst í rauninni algert lágmark að þm., sem taka afstöðu til stærstu mála, eigi einhver rök með sjálfum sér fyrir því sem þeir eru að gera. Það er í þessum efnum ósköp svipað farið með hv. þm., að röksemdir hans fyrir því að vilja skylda lífeyrissjóðina nú til þess að kaupa verðbréf af stofnlánasjóðum eru eingöngu á þá lund, að einu sinni hafi komið fram till. um þetta áður og það hafi meira að segja verið till. frá ríkisstj. sem ég hafi átt þátt í, jafnvel þó að ég hafi ekki staðið að till. sem slíkri. Þetta eru hans rök, ekki hitt, að hann hafi einhver sjálfstæð rök fyrir því, að réttmætt sé að leggja þessar kvaðir á sjóðina eins og nú standa sakir. Þetta eru sem sagt járnblendirök frá hálfu Framsóknar, og þau eru ekki upp á marga fiska.

Um það verður vitanlega spurt, og vegna þess

er eflaust sá kvíði sem kemur fram hjá hv. 4. þm. Austurl., Tómasi Árnasyni, — hann verður auðvitað spurður um það á Austurlandi, hann efast ekkert um það sjálfur, — hvað hafi eiginlega ráðið því, að hann skyldi eftir allt, sem á undan er gengið, kjósa að standa að till. um að verja til hafnargerðar uppi á Grundartanga í sambandi við þessa verksmiðju 250 millj. kr. á næsta ári, á sama tíma sem hann er látinn fella hér á Alþ. till. um að verja 30 millj. kr. til hafnargerðar á Seyðisfirði. Nú efast ég ekkert um að hv. þm. hefði í hjarta sínu viljað geta samþykkt þá till. sem hér hefur verið flutt um að leggja fram 30 millj. kr. til bryggjugerðar á Seyðisfirði, þar sem allir aðilar á Seyðisfirði hafa eindregið skorað á okkur þm. af Austurlandi að standa að slíkri till. Hv. þm. hefur þó haft sig í það að greiða atkv. á móti þessari till., en með því að leggja í hafnargerðina á Grundartanga 250 millj. kr. Er nema von að fari hrollur um hv. þm. er hann hugsar til þess, að ekki séu nema nokkrir mánuðir þangað til hann verður yfirheyrður þar eystra út af þessari afstöðu? Hann heldur að hann sleppi svo „billega“ út úr þessu að hann geti sagt: Þetta er allt því að kenna að Magnús Kjartansson skrifaði bréf til Ameríku. — Eg er ansi hræddur um að hann fái enga syndaaflausn út á slíkar röksemdir. Ég held að það dugi honum skammt. Hitt verður hann að sætta sig við, að hann beri hér ákveðna ábyrgð á því sem hann hefur verið að gera, að hann hefur tvisvar samþykkt hér lagasetningu um byggingu þessarar verksmiðju, hann hefur hér staðið fyrir því að taka erlend lán til viðbótar við alla hina erlendu lánasúpu til þess að leggja fram í þessa verksmiðju og hann hefur staðið fyrir því að taka hafnargerð, sem tilheyrir þessari verksmiðju, langt fram yfir aðrar hafnargerðir í landinu. Hann verður að standa við það að hafa tekið þessa afstöðu. Hann fær ekki réttlætt afstöðu sína með því, að Magnús Kjartansson hafi einhvern tíma skrifað bréf. Ég vildi segja þetta við hv. þm. í tilefni af því sem hann sagði hér, ef það mætti verða til þess að hann færi að endurmeta afstöðu sína í þessu efni. Ég held að það sé komið nóg hjá honum.

En svo að ég víki nú frá málmblendiverksmiðju aðeins augnablik, þá þykir mér einnig ástæða til þess að í sambandi við það, sem fram hefur komið í þessum umr., að minnast á annað mjög merkilegt stefnuatriði sem verið er að fjalla um, og hv. þm. Páll Pétursson vék nokkuð að í ræðu sinni, en það er að í lánsfjáráætlun ríkisstj. er gert ráð fyrir því, að enn þá verði áfram haldið á þeirri braut sem farin hefur verið að undanförnu varðandi lánakjör stofnlánasjóðanna í landinu. Hv. þm. Páll Pétursson benti réttilega á að í grg. með lánsfjárskýrslunni segir m. a. um þetta atriði:

„Áætlunin um eiginfjármögnun sjóðanna 1978 miðast við að enn sé tekið myndarlegt skref til samræmingar lánskjara og varðveislu fjár stofnlánasjóðanna og nái samræmingin jafnframt til breytilegra lánskjara eldri lánssamninga, þar sem því verður við komið.“

Þetta vitum við öll sem hér erum hvað þýðir. Þessu er ekki síst beint að alveg ákveðnum stofnlánasjóðum. Það hefur talsvert verið gert að því í tíð núv. ríkisstj. að knýja það fram, og ekki alltaf gengið auðveldlega, að knýja stofnlánasjóðina til að hækka í sífellu útlánsvexti og auka verðtryggingu á útlánum og gera þannig lán þessara sjóða illþolanleg fyrir lántakendur í mörgum tilfellum. En það er ekki nóg að gert. Enn á að halda áfram á þessari braut samkv. þessari yfirlýsingu — og hverjir eru það sem eiga þessa nótu alveg sérstaklega? Ég efast ekkert um að formaður í stofnlánasjóði landbúnaðarins hefur ábyggilega skilið þessa orðsendingu, hv. þm. Stefán Valgeirsson. Hann veit að í þessari sömu lánsfjárskýrslu sem hér liggur fyrir, lánsfjáráætlun, er á það bent að Stofnlánadeild landbúnaðarins standi þannig að eigið framlag hennar, áður en útlán hefjast á næsta ári, fyrir árið 1978, sé neikvætt upp á 905 millj. kr, sjóðurinn eigi þetta minna en ekkert. Það kemur skýrt fram í lánsfjáráætluninni, og ég get ekki miðað við neitt annað en það sem stendur í henni. Ég þori auðvitað ekki að segja um það, hvort þessi lánsfjáráætlun ríkisstj. er öll röng. Það veit ég ekkert um. En hitt veit ég, að þetta kemur mjög skýrt fram í þessari lánsfjáráætlun. Það er að finna m. a. á bls. 28 í lánsfjárskýrslunni. Þar er fyrsti dálkur í þeirri töflu sem merktur er nr. 9 og heitir: Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða, ánsfjáráætlun 1978, og í fyrsta dálki segir: Eigin fjármögnun nettó: Stofnlánadeild landbúnaðarins ÷ 905 millj. kr. — Það er enginn vafi á því, hvort sem þessi fjárhæð er nákvæmlega rétt eða ekki, að rétt mun vera að Stofnlánadeild landbúnaðarins standi höllustum fæti í þessu efni af öllum stofnlánasjóðunum, m. a. vegna þess að sjóðurinn hefur lánað talsvert fé út um nokkuð langan tíma á tiltölulega hagstæðum kjörum miðað við það sem hér hafði gilt og eigin tekjur sjóðsins voru ekki miklar, þó að þær hafi verið auknar mjög verulega í tíð vinstri stjórnarinnar og það sé sá tekjustofn sem deildin raunverulega flýtur á. En hér er beinlínis lýst yfir, að að því skuli stefnt að taka þessi lánskjör til nýrrar endurskoðunar og samræmingar við lánskjör annarra og með það í huga að tryggja enn betur að sjóðirnir komi jákvætt út og öll neikvæð afkoma þeirra verði úr sögunni, sem þýðir auðvitað verulega hækkun á útlánskjörum. Meira að segja er að því vikið í þessari yfirlýsingu, að ekki sé nóg með það, að þarna eigi að hækka eða gera lánakjörin enn þá óhagstæðari fyrir bændur, heldur eigi að nota alla möguleika til þess að koma hinum nýju, háu lánskjörum fram á eldri samningum líka. Fögur er nú yfirlýsingin og góð loforðin í garð bænda.

Önnur deild, sem einnig snertir landbúnaðinn, á hér alveg sérstaklega hlut að máli. Það er Veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Hún er líka neikvæð upp á 60 millj. kr. eftir lánsfjárskýrslunni. Stjórnendur þeirrar deildar fá þarna orðsendingu líka og býsna gott loforð.

Það er von að hv. þm. Páll Pétursson vilji biðjast undan því, að þessi ósköp eigi eftir að ganga yfir landbúnaðinn, og vilji hafa einhvern fyrirvara á. Hv. þm. Tómas Árnason hefur hins vegar engan fyrirvara á í þessum efnum — ekki hef ég heyrt það. E. t. v. gæti hann fundið það einhvers staðar, að Magnús Kjartansson hafi skrifað bréf eitthvað varðandi þetta mál, svo að

það mætti verða honum til bjargar, — ég veit það ekki. Það er reynandi að leita að einhverju slíku. En hér er einfaldlega á ferðinni boðskapur um að það skuli enn og alveg sérstaklega hækka vexti og auka verðtryggingarákvæði á landbúnaðarlánum. Það er sem sagt ekki nóg að gert í þessum efnum.

Hins vegar er staða bæði Fiskveiðasjóðs og Iðnlánasjóðs miklu betri en þessara sjóða. I þessari skýrslu, sem ég hef vitnað til, er gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóður hafi 390 millj. kr. tekjur með sér að leggja sem eigið framlag. Er það vitanlega talsvert, enda liggur fyrir að um langan tíma hefur Fiskveiðasjóður haft þau ákvæði í sínum lánasamningum að þeir, sem kaupa fiskiskip erlendis frá, hafa tekið að láni allt upp í 80% af andvirði skipanna til 8 ára og hafa sjálfir þurft að standa undir gengisáhættu af þessum lánum. Lánsloforð Fiskveiðasjóðs hafa því verið með þeim hætti, að þeir sem t. d. hafa verið að kaupa fiskiskip erlendis, hafa tekið á sig gengisáhættu að mjög verulegu leyti.

Ég vil líka segja í sambandi við þessi mál, að ekki er nóg með það, að með þeirri lánastefnu, sem mörkuð er af hæstv. ríkisstj. í lánsfjáráætlun hennar, sé gert ráð fyrir að um verulegan samdrátt verði að ræða í útlánum stofnlánasjóðanna til innlendra atvinnuvega, þ. e. a. s. til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar — og þó sérstaklega til landbúnaðar og sjávarútvegs þegar tekið er tillit til verðbreytinga. Til viðbótar við þessa stefnu er gert ráð fyrir að draga þarna úr lánum, eins og reyndar hefur verið gert að undanförnu um alllangan tíma. Sem sagt er boðað að gera skuli lánskjör þessara aðila enn þá verri en þau eru nú. Þetta er auðvitað umhugsunarefni fyrir þá sem vilja eitthvað um þessi mál hugsa. Það er kannske í samræmi við þessa stefnu sem mönnum þykir sjálfsagt nú að taka upp sérstaklega þung skilyrði gagnvart lífeyrissjóðunum. Þegar þeir hafa tekið á sig auknar skuldbindingar í ríkum mæli til þess að standa undir almennum lífeyrisgreiðslum, þá þykir sjálfsagt að leggja á þá auknar lagalegar skyldur. Aftur á móti þykir hitt sjálfsagt: að gera hvort tveggja að draga úr lánum til undirstöðuatvinnuvega landsmanna og gera lánskjör þeirra enn þá verri, og svo þykir líka sjálfsagt að auka stórlega við lántökur til þess að geta haldið áfram járnblendiævintýrinu uppi á Grundartanga.

Ég hafði lagt áherslu á það, þegar ég talaði fyrir áliti okkar minnihlutamanna í fjh.- og viðskn. um afstöðu okkar til þessa frv, að ég teldi óskynsamlegt að halda fast við ákvæði 3. gr. frv., ekki vegna þess, — það kom skýrt fram hjá mér og ég get endurtekið það hér, — ekki vegna þess, að ég teldi óeðlilegt að lífeyrissjóðirnir keyptu verðtryggð bréf sem næmi kringum 40% af ráðstöfunarfé þeirra, og ekki heldur vegna þess, að ég vildi ekki gjarnan að ráðstöfunarfé þeirra gengi til stofnlánasjóða atvinnuveganna, heldur benti ég á að óskynsamlegt væri að hafa 3. gr. af þeim ástæðum, að sennilega yrði niðurstaðan sú, að stofnlánasjóðir atvinnuveganna fengju minna fjármagn með því að ætla að fara þessa þjösnalegu leið. Ég sagði að ég teldi langvænlegast fyrir ríkisstj. að fara hina hefðbundnu leið í þessum efnum og leita eftir samkomulagi við stjórnendur sjóðanna um að þeir ráðstöfuðu fé sjóðanna á þann hátt sem ríkisstj. teldi vera nauðsynlegt, ég teldi líklegast að hún næði árangri ef hún stæði þannig að málinu. En að koma fyrst með lögbindingarákvæði og ætla síðan að ganga til samninga, það er ekki líklegt til árangurs.

Ég vek enn athygli á þessari afstöðu minni. Afstaða mín er nú eins og hún hefur verið áður. Ég er ekki andvígur því, að þessir sjóðir ráðstafi fjármunum sínum til stofnlánasjóða atvinnuveganna, síður en svo. Þar tek ég vissa sjóði fram yfir aðra og það er ábyggilega mannlegt. Ég tel að bæði lífeyrissjóðirnir og reyndar aðrir sjóðir launþegasamtakanna í landinu hafi, eins og ég hef minnst á hér áður, þegar gert mjög myndarlegt átak til að fjármagna t. d. Byggingarsjóð ríkisins. Það væri að mínum dómi mjög æskilegt, að þeir gætu lagt fram fjármagn til þess að veita stofnlánasjóðum atvinnuveganna aukinn stuðning. En það er ábyggilega ekki leiðin til þess, að það takist, að fara þá leið sem hér er efnt til, að hafa ákvæðin í 3. gr. eins og þau eru.

Ég benti einnig á að alveg er augljóst að orðalagið á 3. gr. er þannig, að enginn af þessum sjóðum þarf að ráðstafa neinu af fé sínu umfram það sem þeir gera nú í dag til þessara sjóða sem ríkisstj. er að leita eftir fjármagni fyrir. Þeir geta auðveldlega ráðstafað 40% af ráðstöfunarfé sínu með verðtryggingarákvæðum í aðrar áttir. Hvort tveggja er, að þeir eru ýmsir til, sem eru tilbúnir að taka slík lán eins og nú er komið, án þess að það þurfi að fara í gegnum einhverja tiltekna sjóði, og þar að auki er alveg augljóst að sjóðfélagarnir sjálfir geta tekið lán í eitthvað ríkara mæli með verðtryggingarákvæðum en þeir gera nú. Allt ber þetta því að sama brunni, að ríkisstj. heldur svo óhönduglega á þessu máli, að allar líkur eru á því, að hún fái þveröfuga útkomu við það sem hún stefndi að, hún fái minna fjármagn en hún hafði búist við og lánsfjáráætlun hennar að þessu leyti ruglist öll. En þá getur hæstv. ríkisstj. kennt sjálfri sér um að hafa valið þessa leið. Það virðist ekki vera ein báran stök á því heimili. Það stafar allt af þeirri alröngu stefnu, sem hún heldur uppi í lánamálum, vaxtamálum og lánskjaramálum og er að þjarma að atvinnulífinu í landinu núna, af þeirri stefnu að beina aðalkröftunum að því að efla erlenda stóriðju. Hvernig sem svo útlitið er með slíkan rekstur, þá skal hann hafa forgang, þá skal samt sem áður gengið út frá því, að varið skuli 8000 millj. kr. til byggingar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga auk hafnarframkvæmdanna, það skuli ætt enn þá lengra út í taprekstrinn en orðið er. Það er eins og ég segi: það er ekki ein báran stök hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum Það virðist vera, að hún velji í öllum greinum þá leiðina sem er vitlausust.

Ég hef áður rætt um það, að þeir lífeyrissjóðir, sem hér er verið að ræða um, hafa þegar tekið að sér verulega miklar skuldbindingar í sambandi við fjármögnun stofnlánasjóða í landinu. Ég efast mjög um að við núverandi aðstæður sé hægt að búast við því, að þeir sjóðir taki

þarna á sig miklu meiri skuldbindingar. Ef það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það megi áætla að á milli 20 og 25% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna gangi nú til stofnlánakerfisins, þar með talið til Byggingarsjóðs ríkisins, þá er ekki um lítið fjármagn að ræða eins og nú er komið. Og þegar þessar nýju og stórauknu skuldbindingar eru hafðar í huga, sem sjóðakerfið hefur tekið á sig, þá kalla ég það mikla bjartsýni að sjóðirnir geti keypt skuldabréf af þessum stofnlánasjóðum upp á 40%. Það er að mínum dómi atriði sem menn verða að gera sér ljóst, að þessir lífeyrissjóðir komast ekki undan að lána sjóðfélögum eitthvað eins og verðtryggðu lífeyrissjóðirnir gera. Við skulum hafa í huga t. d. lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, sem eru verðtryggðir af ríkinu. Þar sér ríkissjóður um verðtrygginguna, en auk þess hafa svo þessir sjóðir yfir að ráða miklu fjármagni til útlána til sinna sjóðfélaga og lána einnig út með lægri vöxtum. Hins vegar er það, að alveg er vonlaust að búast við því, að þessir almennu lífeyrissjóðir hætti með öllu útlánastarfsemi til sinna sjóðfélaga, — það er alveg vonlaust. Það er eins og hér hefur verið bent á, að ef farið yrði inn á þá braut, að þeir gætu ekki veitt nein slík lán, á meðan verðtryggðu sjóðirnir gera það, þá er mjög vafasamt að takist að halda uppi þeim mikla sparnaði sem á sér stað í sambandi við lífeyrissjóðakerfið. Það er mjög vafasamt að þá takist að fá sjóðfélagana til að leggja fram 4% af kaupi sínu og atvinnurekendur til þess að leggja fram 6% á móti. Það er enginn vafi á því, að það eru svo miklar kröfur gerðar til þessara sjóða um fyrirgreiðslu á svipaðan hátt og verðtryggðu sjóðirnir veita, að það er aðeins skammsýni að reikna með því, að þeir verði ekki að veita einhver lán af þessari tegund. Hitt er svo augljóst mál, að þessir sjóðir þurfa samt sem áður í vaxandi mæli að verðtryggja fjármagn sitt til þess að þeir geti staðið undir þessum nýju skuldbindingum.

Ég tel að betra hefði verið að fara svolítið hægar í þetta mál en gert hefur verið og athuga m. a. nokkru betur, hvort ekki væri rétt, miðað við þau rök sem hér hafa fram komið, að endurskoða málið allt, ekki síst út frá þessari aðvörun minni, að ég held að ekki þurfi mikla skarpskyggni til að lesa það út úr þessu máli, að sterkar líkur séu til að þeir stofnlánasjóðir, sem ríkisstj. ber hér fyrir brjósti, fari verr en ella út úr þessu lánsfjármáli öllu ef reynt verður að þjösna málinu í gegn á þann hátt sem hv. 4. þm. Austurl. hefur talað fyrir. Ég vil nú fara fram á það við hann, af því að hann hlýtur að vera búinn að átta sig á því eftir þau ræðuhöld sem hér hafa farið fram, að málið er af hans hálfu og hans samherja þegar komið í öngþveiti, hvort ekki væri rétt að staldra við og athuga málið, hvort ekki væri hyggilegt að fara að okkar ráðum. Ég held að það væri miklu heilladrýgra fyrir lausn þessa máls.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að taka upp þrætur við hv. 2. þm. Austurl. um sögu járnblendimálsins. Ég tók eftir því, að upplestur minn úr bréfinu fór mjög fyrir brjóstið á honum að vonum. En ég vil aðeins fullvissa hann um það, að þegar gengið verður til málflutnings fyrir kosningarnar að vori, þá verður bréfið góða með í förinni og það verður því lesið upp sennilega oftar en einu sinni, e. t. v. fjórtán sinnum.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það var ekki hv. 4. þm. Austurl. sem gaf mér sérstaka ástæðu til að standa upp aftur. Það var hins vegar hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, en hann er nú ekki viðstaddur og verður að hafa það. Hann hefur látið sín orð falla og ég sé ástæðu til þess að svara nokkru sem fram kom í ræðu hans.

Nú vil ég fyrst taka það fram, að við Guðmundur H. Garðarsson, hv. þm., höfum átt mikið og langt samstarf í lífeyrissjóðamálum. Ég er sammála ýmsu því sem hann sagði varðandi það kerfi til frambúðar sem þyrfti að koma á í lífeyrismálunum, enda höfum við sameiginlega staðið að þeim samningamálum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, samningunum 1976 og aftur í sumar sem leið. Við höfum einnig oftar en einu sinni staðið saman gegn afskiptum löggjafarvaldsins af málefnum lífeyrissjóðanna. Við gerðum það t. d. 1974, þegar svokallað frv. um viðnám gegn verðbólgu var á ferðinni. Við stóðum báðir gegn þeim lagaákvæðum sem þar komu fram varðandi málefni lífeyrissjóðanna.

Hv. þm. sagði að hvorugt lífeyrissjóðasambandið, hvorki Samband almennra lífeyrissjóða né samband lífeyrissjóða, eins og þau heita, hefði rétt til samninga fyrir lífeyrissjóðina. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt, og hefur, held ég, enginn haldið því fram að svo væri. En ég vil minna á það engu að síður, að bæði þessi sambönd eru hagsmunasamtök lífeyrissjóðanna. Samband lífeyrissjóða er hagsmunasamtök þeirra lífeyrissjóða að flestu leyti, sem stofnaðir voru fyrir 1970 þegar samningarnir um almennu lífeyrissjóðina voru gerðir. Það vill nú svo til, ef ég man rétt, að þetta samband er stofnað 1964, og beint tilefni til stofnunar þessa sambands var einmitt afskipti stjórnvalda þá af málefnum lífeyrissjóðanna og m. a. ásælni í að ráðskast með fé þeirra. — Ég verð leiðréttur, ef þetta er ekki rétt munað. — Það, sem þessi sambönd hafa sagt í þessu máli, er út af fyrir sig kannske ekki dómsorð hvers einasta lífeyrissjóðs fyrir sig. Það er rétt að það er hvers lífeyrissjóðs að taka ákvörðun. En ég hygg að bæði þessi sambönd muni ræða þessi nýju viðhorf og áreiðanlega reyna að gefa leiðbeinandi samþykktir fyrir lífeyrissjóðina.

Eins og ég sagði höfum við hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson starfað mikið að þessum málum. Við höfum ævinlega þar til nú verið sammála um að lífeyrissjóðirnir ættu að sporna gegn slíkum afskiptum stjórnvalda af málum þeirra eins og hér eru höfð. Hins vegar virðist afstaða hans hafa breyst verulega í þessum efnum. Lét hann ýmis orð um það falla áðan í sinni ræðu. Hann sagði m. a. eitthvað á þá leið, að það væri ekki lengur spurning um hvort ætti að lögbinda meðferð fjár lífeyrissjóðanna, heldur hvernig. Þetta er gersamlega nýtt við-

horf hjá þessum hv. þm., ég hef ekki fyrr heyrt hann halda þessu fram. Hann talaði um að ef þetta yrði ekki gert, þá væri lýðræði mjög í hættu og stéttavald yrði sennilega ráðandi. Ég veit ekki hvaða samtök eru lýðræðislegar byggð upp en t. d. lífeyrissjóðirnir. Það yrði ekki vald einnar stéttar sem þar kæmi til sögunnar. Þá sameinuðust erkióvinirnir, þ. e. a. s. annars vegar verkalýðsstéttin og hins vegar atvinnurekendastéttin, við þetta mjög svo ólýðræðislega athæfi sem það er að mati hv. þm. ef lífeyrissjóðirnir fá áfram að semja um þessi mál á jafnréttisgrundvelli, en ekki verði lögboðið hvernig stjórna eigi því fjármagni sem þeir hafa undir höndum.

Ég ætla ekki út af fyrir sig að fara að tala hér langt mál. Ég vil aðeins minna á að hv. þm. sagði eða réttara sagt spurði, hvert væri meginverkefni lífeyrissjóðanna, og svaraði síðan, að það væri höfuðatriði að tryggja lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga. Þetta er alveg hárrétt. Við erum fullkomlega sammála um þetta atriði. Þetta eru meginverkefnin. Hins vegar hef ég nokkrum sinnum rætt við þennan ágæta baráttufélaga minn um málefni lífeyrissjóðanna, um þann sjóð sem hann nú veitir forstöðu, er formaður fyrir, og sagt að ég væri ekki að öllu leyti sammála því, hvernig sá sjóður starfaði, einkum þó vegna þess að þessi sjóður er ásamt með nokkrum eldri lífeyrissjóðanna með miklu þrengri reglugerð um lífeyrisréttindi en þeir sjóðir hafa sem stofnaðir voru 1970. Ég veit að Guðmundur H. Garðarsson, hv. þm., hefur áhuga á að breyta þessu. En það er kannske ekki eins auðvelt og mér fannst hann telja það vera að breyta núverandi lífeyriskerfi, — en mér fannst hann gera þau mál miklu einfaldari og auðleystari en þau eru í raun og veru, — og veit ég þó að hann þekkir þessi mál mjög vel. Það er ekki spurning um að þora — hreint ekki. Það er engan veginn eina spurningin, heldur hvernig þessi mál verði leyst. Ég verð að segja það, að þegar hann nefndi vestur-þýska lífeyriskerfið sem einhverja sérstaka fyrirmynd, þá er ég algerlega á annarri skoðun og álít að við eigum að sækja okkar fyrirmyndir allt annað, því að það er enginn grundvöllur til þess í þessu landi að byggja upp slíkt kerfi. Ég ætla ekki að fara neitt nánar út í það.

Hvernig sem aftur lánamálum t. d. þessa sjóðs, sem hv. þm. veitir forstöðu, hefur verið háttað, þá auðvitað hefur þessi sjóður lánað verulega mikið fjármagn til sinna sjóðfélaga. En við höfum plagg hjá okkur á borðinu sem er skriflegt svar fjmrh. við fsp. Péturs Sigurðssonar um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Ég vitnaði til þess við 1. umr. Þetta plagg ber það m. a. með sér, að Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur á 5 árum lánað lánasjóði verslunarinnar 279 millj. kr., sem sagt á síðustu 5 árum, og ég veit ekki betur en að þessi lán séu öll með venjulegum lánakjörum, ekki verðtryggð. Þessi sami lífeyrissjóður hefur hins vegar á 6 árum, einu ári lengur en lánin voru veitt, keypt verðtryggð skuldabréf af Byggingarsjóði og Framkvæmdasjóði fyrir 270 millj. kr., sem er heldur lægri upphæð en farið hefur til lánasjóðs verslunarinnar. Síðan er vitað og nýlega frá því skýrt opinberlega, að þessi sjóður hefur lagt æðimikið fjármagn í Hús verslunarinnar, eins og það mun heita. Ég ætla ekki að fara að giska á hve mikið það muni vera, en ég hygg að það muni skipta frekar hundruðum en tugum milljóna. Ég er ekki út af fyrir sig að segja neitt ljótt um þessar ráðstafanir, en ef hv. þm. er t. d. að reyna að komast undan því að lána lánasjóði verslunarinnar jafnmikið fjármagn og gert hefur verið óverðtryggt og flýr í það skjól sem þetta frv. gæti orðið honum í þeim efnum, þá verð ég að segja að það er ekki stórmannlegt að gera það og væri áreiðanlega hægt að hafa önnur ráð.

Hv. þm. sagði að hér væri aðeins um lánaskyldu lífeyrissjóðanna að ræða, en alls ekki neina lagaþvingun. Menn geta haft sínar skoðanir á því. Ég ætla að endurtaka þá fullyrðingu sem ég hafði í frammi hér fyrr í kvöld, að ef 3. gr. þessa frv. verður að lögum gegn þeim mótmælum sem þegar hafa komið fram, ekki bara í ræðum okkar hér á hv. Alþ., heldur fyrst og fremst frá samtökum lífeyrissjóðanna, — ef þetta verður að lögum eins og það liggur nú fyrir, þá er um lagaþvingun að ræða á sjóðina. Það er engan veginn samið í samráði við þá, heldur þvert á móti gegn vilja þeirra.

Ég met ekki mikils þá till. sem hæstv. forsrh. hefur flutt hér til breytinga og ég aðeins minntist á fyrr í kvöld. Hún er í raun og veru ekkert annað en það, að fjmrh. fær eins konar dómsvald um það, hvort lífeyrissjóðirnir hafi efni á að kaupa verðtryggð skuldabréf fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu eða ekki. Það er í raun og veru ekkert annað sem í þessu felst. Og ég fullyrði það, að lífeyrissjóðirnir munu áreiðanlega ekki fara til hæstv fjmrh. og fara að semja um þessa hluti, — alveg áreiðanlega ekki, eða a. m. k. ekki margir. Þetta mun gerast af sjálfu sér. Lífeyrissjóðirnir kaupa fyrir það fjármagn sem þeir sjá sér fært að nota til þess, eftir þessa lagasetningu eins og áður. En meðan ekki eru einhver ógnarviðurlög við því að fara ekki nákvæmlega eftir þessum lögum, þá hef ég enga trú á því, að ríkissjóður eða ríkisstj. fái meira fjármagn út úr lífeyrissjóðunum til stofnlánasjóðanna en hefði fengist með frjálsum samningum. Og eins og frv. er núna, þá sýnist mér að sjóðirnir hafi ýmsa möguleika til að ávaxta fé sitt, jafnvel 40% eða meira, með verðtryggingu og án þess að kaupa neitt af fjárfestingarsjóðunum.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Mig langar til að segja hér örfá orð í tilefni af ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar áðan. Ég verð að segja það, að ég varð fyrir vonbrigðum með það sem fram kom í ræðu hans. Ég minnist þess, að árið 1974, þegar verið var að ræða um það ákvæði frv. um viðnám gegn verðbólgu sem var sama eðlis og það sem lagt er til í þessu frv., þá var þessi hv. þm. algerlega andvígur því, ekki kannske fyrst og fremst vegna þess hvaða prósentutölur þar væri um að ræða, heldur vegna „prinsip"-ákvörðunar um það, að ekki ætti að skipa þessum málum með lagaboði, og var þó í því frv. um að ræða heimild til handa ríkisstj. Það var þó sett upp í heim-

ildarformi. Ég var alveg sammála þessum hv. þm. þá, ég var algerlega andvígur þessu ákvæði þess frv., og á nákvæmlega sama hátt er ég andvígur ákvæði frv. sem við erum nú að ræða um, að því er tekur til 3. gr. Ég tel að ekki eigi að skipa þessum málum með lagaboði. Og ég ítreka það, eftir þá andstöðu sem þetta ákvæði frv. hefur fengið frá lífeyrissjóðunum sjálfum, að hér er um lögþvingun að ræða, ef að þessu verður horfið. Og ég er nærri því viss um það, hvað sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson segir um þetta, að innst inni er hann alveg sammála mér um þetta efni. Ég á ekki vonа því, að skoðun hans hafi breyst frá 1974 að því er þetta atriði varðar. Hér er ekki um það að ræða, að meginmáli skipti hvort það eru 20%, 30% eða eitthvað annað. Hér er grundvallarspurningin um það, hvort eigi að skylda þetta í lögum eða hvort hinn frjálsi samningsréttur eigi að ákvarða þessa hluti.

Mig langar til að spyrja hv. þm. Guðmund H. Garðarsson um það, af því að ég veit að hv. þm. er mjög kunnugur þessum málum, hvað hann telur marga lífeyrissjóði geta orðið við þessari lagaskyldu eins og aðstæður eru nú. Ég þykist vita að hann sé mér sammála um að þeir eru örfáir, þeir lífeyrissjóðir sem nú undir þessum kringumstæðum gætu orðið við þessari skyldu, þó svo að þeir væru allir af vilja gerðir til að gera það. Ég efast um að það væru fleiri en svona 10 sjóðir af þeim að ég held um 40 sem eru innan sambands hinna almennu lífeyrissjóða, þ. e. a. s. SAL. Ég efast mjög um að þeir gætu þetta, nema þá því aðeins að skerða stórlega þann rétt lífeyrissjóðsþeganna sjálfra sem þeir hafa til lána. Ég á ekki von á því, að um þetta séum við hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson ósammála. Ég er jafnframt nærri því viss um að þessi hv. þm., styðji hann þessa gr. frv., geri hann það nauðugur. Hann er ekki þessa sinnis innst inni, ég er alveg viss um það.

Hv. þm. sagði að ekki yrði undan því vikist að setja lífeyrissjóðunum skorður í þessum efnum, ella væri voðinn vís. Ég vil spyrja þennan hv. þm. um það líka: Hefur hann orðið sérstaklega var við það af hálfu lífeyrissjóðanna, að þeir hafi verið andsnúnir því að leggja fram fjármagn t. d. í Byggingarsjóð ríkisins eða Framkvæmdasjóð, að því marki sem þeir hafa talið sig geta gert? Og ef svo er, hvaða sjóðir hafa það þá verið? Þetta veit þessi hv. þm. allt. Mér kæmi á óvart ef hann segði það hér t. d. úr ræðustóli á Alþ., að gætt hafi andstöðu hjá lífeyrissjóðum við því að kaupa verðtryggð skuldabréf, t. d. af Byggingarsjóði ríkisins. Ég held að það verði ekki sagt. Ég held að lífeyrissjóðir almennt hafi sýnt fyllstu sanngirni í þessum efnum á undanförnum árum. Og svo er þessi stóra spurning, sem ég vildi líka gjarnan fá að heyra álit hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar á: Telur hann að ríkisstj., stjórnvöld, hafi staðið við sinn þátt þess samkomulags sem gert hefur verið að því er varðar fjármögnun úr lífeyrissjóðunum með kaupum á verðtryggðum skuldabréfum tvívegis a. m. k. í samningum, — hefur ríkisstj. staðið við sinn hluta þess samkomulags? Kannske eru þessi áform hæstv. ríkisstj. að framkvæma þessa lögþvingun til komin vegna þess, að hún hefur orðið vör við að farið er að gæta þreytu hjá lífeyrissjóðum, sem standa alltaf við sinn hluta samkomulagsins, þó að ríkisstj. sýni engan lit á því að standa við þann þátt samkomulagsins sem hún þó lofaði að fullnægja?

En það er alveg sama hvernig menn velta þessu fyrir sér. Hér er um þá grundvallarspurningu að ræða, hvort menn vilja skipa þessu með lagaboði eða hvort á að fara samkomulagsleiðina, eins og gert hefur verið. Ég er alveg viss um það, raunar kom það fram í ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, að hann er þeirrar skoðunar að fara eigi samkomulagsleiðina.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði áðan, að hér væri ekki verið að taka rétt af einum eða neinum til eilífðarnóns. (ÞÞ: Þetta er satt.) Þetta er satt, segir hv. þm. Þórarinn Þórarinsson. (Gripið fram í.) Hann sagði að þetta væri satt hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, að hér væri ekki verið að taka rétt af einum eða neinum til eilífðarnóns. (Gripið fram í.) Ég er nærri því viss um það, að ef hæstv. ríkisstj. kemst upp með að ákvarða þetta svona í lögum, þá verða fleiri ríkisstj. til þess að feta í fótsporin. Ég er nærri viss um það. Það verður ekki snúið til baka eftir að núv. hæstv. ríkisstj. hefur gefið fordæmi með því að lögþvinga lífeyrissjóðina með þessum hætti. Hér er ekki verið að stíga fyrsta skrefið, ef af þessu verður, undir forustu núv. hæstv. ríkisstj. og að því er mér virðist allt benda til með stuðningi jafnágæts verkalýðsforingja og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er. Hann ætlar að ljá þessu stuðning. Það eru mér mikil vonbrigði. Eins og ég hef áður sagt, ég er viss um það, hvað sem öllu tali hans líður hér, þá er hann mér hjartanlega sammála um það, að hér á að fara að stíga rangt skref í þessum efnum, — skref, sem hæstv. ríkisstj. hefur engan ávinning af, því að lögþvingun í þessum efnum kann ekki góðri lukku að stýra. Hæstv. ríkisstj. hefði að mínu viti orðið miklu meira ágengt ef hún hefði farið samkomulagsleiðina, eins og áður hefur verið gert. Ég skora því á hv. þm. Guðmund H. Garðarsson að beita sér fyrir því innan stjórnarliðsins og fyrst og fremst að hafa þau áhrif á hæstv. ríkisstj., að hún hætti við þessi áform og taki upp viðræður við þessa aðila og fari þá leið, sem gefist hefur vel allt til þessa, að ná frjálsu samkomulagi við lífeyrissjóðina um að fjármagna þessa þætti, að svo miklu leyti sem þeir telja sér unnt án þess að ganga á rétt lífeyrissjóðsþeganna sjálfra.

Hvað sem öðru líður verður að minni hyggju að virða fullkomlega þann rétt sem sjóðsfélagar í lífeyrissjóðunum eru búnir að ávinna sér með innborgun í sjóðina. Fari svo, að þetta ákvæði verði hér samþykkt, er enginn vafi á að hæstv. ríkisstj. nær ekki þeim árangri sem hún telur sig hugsanlega vera að ná. Það er útilokað að nema örlitill hluti, örlítið brot af lífeyrissjóðunum, sem eru starfandi í landinu, geti beygt sig að fullu fyrir þessari lagaþvingun ef af henni verður.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég held að frv. hafi farið eitthvað öfugt ofan í hv. síðasta ræðumann, ef hann heldur að sjóðfélagar í lífeyrissjóðunum séu að glata einhverjum rétti við það að þetta frv. yrði samþykkt. Það er öðru nær. Það mundi frekar tryggja þann rétt sem sjóðfélagar töldu sig vera að fá með því að gerast aðilar að lífeyrissjóðunum, sem er það að reyna að tryggja að þeir peningar, sem sjóðirnir þurfa að ávaxta, verði verðtryggðir í þeirri verðbólgu sem við búum við þannig að meiri líkur séu fyrir því, að þeir geti borgað verðtryggðan ellilífeyri.

En það var ekki aðallega út af ræðu síðasta hv. ræðumanns sem ég stóð upp til að tala hér, heldur var það út af ræðu Eðvarðs Sigurðssonar, hv. 7. þm. Reykv. Ég hef aldrei iðkað þá list að boxa, en stundum er talað um það, þegar menn iðka þá íþrótt, að slegið sé undir beltisstað. Ég verð nú að segja það, að það gerði hv. þm. áðan þegar hann fór að fjalla um mál eins tiltekins lífeyrissjóðs. Ég hafði ekki átt von á því, enda hefði ég auðvitað komið með gögn um starfsemi og rekstur þess sjóðs lengra aftur í tímann ef ég hefði vitað það fyrir þennan fund. Ég hef gætt þess í umr. hér að ræða ekki um mál einstakra lífeyrissjóða, eftir því sem hægt er að lesa um þau af þeim skjölum sem hér liggja fyrir eða maður kann að hafa fengið vitneskju um eftir öðrum leiðum, og ég hélt satt að segja að það væri ekki háttur hv. þm. að ræða um jafnviðamikið mál með þeim hætti. En mér finnst samt rétt að gefnu tilefni að geta þess í fyrsta lagi varðandi reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna, þar sem hv. þm. talaði um að sú reglugerð væri þrengri en reglugerð almennu lífeyrissjóðanna, að það er rétt og veit ég það manna best, vegna þess að ég var einn af þeim sem tóku þátt í því að semja reglugerð ásamt hv. þm. og fleirum fyrir SAL-sjóðina og tel þá reglugerð mjög til fyrirmyndar.

Varðandi reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna vil ég upplýsa hv. þm. um það, að nýverið hefur nefnd lokið við að semja uppkast að nýrri reglugerð fyrir Lífeyrissjóð verslunarmanna sem er sambærileg við reglugerð SAL-sjóðanna. Þetta plagg fer núna til þeirra aðila sem eru samningsaðilar að Lífeyrissjóði verslunarmanna. Vænti ég þess að sjálfsögðu að það verði samþykkt af þeim, þannig að reglugerð Lífeyrissjóðs verslunarmanna verði fullkomlega sambærileg og hugsanlega jafnvel betri en reglugerð SAL-sjóðanna. Í þessu uppkasti okkar eru ýmis ný ákvæði, og gæti ég t. d. nefnt sem dæmi, að við gerum ráð fyrir því samkv. okkar reglugerðarhugmyndum, hvort sem það nær fram að ganga eða ekki, að þarna verði um fulla verðtryggnigu að ræða til ellilífeyrisþega. Gengur uppkastið að því leyti til lengra en reglugerðir almennu sjóðanna. Í öðru lagi er eitt reglugerðarákvæði um það, að lagt er til að Lífeyrissjóður verslunarmanna geti staðið fyrir byggingum á leiguíbúðum fyrir ellilífeyrisþega eða öryrkja sem ekki njóta slíks. Gengur það mun lengra en þekkist í núgildandi reglugerðum.

Þetta er nú aðeins til þess að upplýsa þingheim um það og hv. þingmann, að við höfum ekki setið alveg auðum höndum í þessum efnum. En því miður er þetta ekki enn komið í höfn. Það er háð samþykki þeirra sem eru samningsaðilar að þessum ágæta lífeyrissjóði.

Það var annað atriði í sambandi við ræðu hv. þm. þar sem hann fjallaði nokkuð um þau hagsmunasamtök sem lífeyrissjóðirnir eru í. Lífeyrissjóður verslunarmanna er í sambandi lífeyrissjóða, því sambandi sem stofnað var, að því er mig minnir eins og hv. þm. sagði, árið 1964. Það var stofnað m. a. til þess að koma fram fyrir hönd aðildarsjóða gagnvart stjórnvöldum. Það er ekki að jafnaði sama staða og umfang lífeyrissjóða árið 1977 — eða réttara sagt 1978 — og árið 1964. (Gripið fram í.) Ég skal koma að því líka — eða jafnvel 1974, vegna þess að árið 1974 var raunverulega fyrsta eða annað árið sem greitt var fullt iðgjald í annan lífeyrissjóðanna. Stærð lífeyrissjóða og umfang árin 1964 og 1974 er því ekki sambærileg stærð þeirra 1977, — ég tala nú ekki um árin 1978 og 1979 eða næstu fjögur ár fram í tímann. En við erum, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og ég, enn þá saman í nefnd sem fjallar um þessi mál, og ég vænti þess, að við trúum því báðir að á næstu tveimur árum takist okkur að ná samkomulagi um hvernig á að leiða lífeyrissjóðina út úr þeim ógöngum sem þeir eru í í dag, og skapa hið fullkomna kerfi. Ég er sannfærður um að hv. þm. er sammála mér um að það verkefni verður ekki leyst nema í samstarfi við hv. Alþ., þegar þar að kemur, vegna þess að þetta mál er það flókið og margbrotið, eins og margoft hefur komið fram í ræðum og einnig hjá honum, að það verður ekki leyst í innbyrðis samkomulagi milli sjóðanna og vinnuveitenda og launþega, þótt við vildum helst að þannig væri hægt að haga málum. Það er vegna þess að sjóðirnir eru svo ólíkir að stærð og aldursdreifing og fleira er svo gerólíkt í sjóðunum, að það verður ekki leyst nema ofan frá. Og þá verður það gert með þeim hætti, að einhver telur sig hafa tapað einhverju þegar upp verður staðið. Aðalatriðið er þó auðvitað það, að þeir, sem mesta þörfina hafa, sem eru ellilífeyrisþegar og örorkulífeyrisþegar, fái betri stöðu. Um það erum við, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og ég, örugglega sammála, að þannig viljum við vinna að málum.

Ég held að ég hafi aldrei sagt það í ræðu minni áðan, að ég teldi það ólýðræðislegt athæfi að stjórnir sjóðanna fjölluðu um útlánamál eða útlánastefnu sjóðanna. Það held ég að ég hafi aldrei sagt. Ég sagði hins vegar að ég teldi það óhjákvæmilegt, að við viðurkenndum þá staðreynd að almannavaldið, þ. e. a. s. þing og ríkisstj., hlyti að koma að þessum málum og þá með svipuðum, en ekki endilega þessum hætti sem við erum að fjalla um núna. Ég tók það einnig fram, að ég væri ekkert að fullyrða að 40% framlag af ráðstöfunarfé sjóðanna til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum væri nákvæmlega hin eina og rétta prósenta. Ég tók það skýrt fram. Ég tók einnig mjög skýrt fram, að það væri auðvitað til endurskoðunar að fenginni reynslu. Ég undirstrika þetta hér og ítreka það. Ég sagði í minni ræðu að ég teldi að sjóðstjórnirnar yrðu að taka tillit til almannahagsmuna og þjóðarhagsmuna með víðari sjóndeildarhring en bara er innan stjórnanna sjálfra.

Ég verð að segja það, að það er ekki af fjandskap við lífeyrissjóðina sem ég tala svona, nema síður sé. Eg er í forsvari fyrir mjög stórum lífeyrissjóði, og mér dettur ekki í hug að tala gegn hagsmunum þeirra sem ég er umbjóðandi fyrir á þessu sviði. Eg tel að með þessu sé að vissu marki verið að skapa leið sem á að tryggja betur hagsmuni sjóðanna, og ég tel hina leiðina það flókna og erfiða, sem felst í almennum samningum, að það verður að koma einhver leiðbeining. Eg lít á það fyrst og fremst sem leiðbeiningu sem fram kemur í þessu frv.

Um útlánastefnu einstakra sjóða á undangengnum árum ætla ég ekki að vera langorður. Eg hef ekki þau plögg í höndunum sem æskilegt væri að hafa til þess að gera þeim málum skil. Ég get þó ekki látið hjá líða að undirstrika það, að við, sem erum í frjálsu sjóðunum, þ. e. a. s. sjóðunum sem stofnaðir voru fyrir 1970, höfum haft aðrar skyldur að vissu leyti gagnvart atvinnuvegunum en sjóðirnir sem stofnaðir voru eftir 1970. Það er viðurkennd staðreynd að þessir sjóðir, en hinir helstu eru Lífeyrissjóður samvinnustarfsmanna, Lífeyrissjóður verslunarmanna og fyrirtækjasjóðirnir, hafa allir orðið að taka ákveðið tillit til þeirra atvinnugreina og þeirra fyrirtækja sem hafa greitt iðgjöld í þessa sjóði. Þetta er staðreynd. Lífeyrissjóður verslunarmanna komst ekki hjá því að taka afstöðu til þessa frekar en hinir sjóðirnir.

Kem ég þá að útlánastefnu þessa sjóðs. Hún hefur byggst á þessari afstöðu, þessari meginstefnu sem hafði verið mörkuð af öðrum sjóðum, eldri en Lífeyrissjóði verslunarmanna. Þess vegna hefur hann orðið að lána til þess atvinnuvegar sem sjóðurinn er sprottinn upp úr, er verslunarinnar í landinu og helstu þjónustufyrirtækja. Nefni ég þar m. a. fyrirtæki eins og Flugleiðir o. fl. Það hefur haft í för með sér, að þegar verið er að ákveða hvernig eigi að ráðstafa okkar fjármagni, þá höfum við orðið að taka það inn í okkar útlánaáætlun. Niðurstaðan af þessu er sú, að á því tímabili sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson vakti athygli á að Lífeyrissjóður verslunarmanna hefði ekki keypt af Framkvæmdasjóði og Byggingarsjóði nema fyrir um 270 millj., á sama tíma sem Lífeyrissjóður Dagsbrúnar og Framsóknar keyptu fyrir 305 millj., þá lánuðum við til þessarar atvinnugreinar, verslunar og þjónustufyrirtækja, og þar er með talinn þessi stóri atvinnurekandi, Flugleiðir, 279 millj., þ. e. a. s. á þessu sama tímabili hefur Lífeyrissjóður verslunarmanna lánað til Byggingarsjóðs og til atvinnuveganna 549 millj., en Dagsbrún og Framsókn 305 millj. En þar með er ekki öll sagan sögð. Það gleymdist nefnilega hjá hv. þm. að geta þess, hversu mikið hefur runnið úr Lífeyrissjóði verslunarmanna í sameiginlegan tryggingasjóð verkalýðshreyfingarinnar, sem er sá sami sem greiðir viðbótarellilífeyri. Ég er aðeins með töluna fyrir árið 1976. Á því ári greiddi Lífeyrissjóður verslunarmanna til þessa sjóðs 20 millj. umfram það sem hann fékk til baka, en á sama tíma fengu lífeyrisþegar úr Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar 22.3 millj. umfram það sem þeirra sjóður greiddi. Á árinu 1977 geri ég ráð fyrir að Lífeyrissjóður verslunarmanna greiði nettó, til þess að styrkja þennan lífeyrisgrundvöll hinna almennu lífeyrisþega, 30 millj., en ég geri ráð fyrir að minnstalan verði svipuð ef ekki hærri hjá Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar. Mér finnst því að í þessari umr. ætti að draga fram öll hin helstu atriði til þess að hv. þm. fái af því rétta mynd hvernig þetta streymi er.

Svo að við víkjum að lokum að því atriði sem fjallar um svokallaða frjálsa samninga, ef sú meginregla er ekki viðurkennd og í heiðri höfð að hver sjóður hafi sjálfstæðan samningsrétt eða samningsgrundvöll, þá sé ég harla lítinn mun á því að láta landssamtökin ein fjalla um þessi mál fyrir hönd allra sjóðanna eða samþykkja umrætt frv. í þessu máli. Staðreyndin er nefnilega sú, og skal ég ekki fara nánar út í það, að minni hl. í þessum samtökum hefur yfirleitt þurft að hlíta ákvörðunum meiri hl. En það þýðir ekki endilega að stærstu sjóðirnir hafi verið í meiri hluta í þeirri ákvörðunartöku, því að þar hafa aldrei verið greidd atkv. eftir höfuðstóli sjóðanna, heldur höfðatölunni.

Ég vona að hv. þm. skilji hvað ég er að fara með þessu. Það er hægt að tala um réttlæti með ýmsum hætti, og ef óskað er eftir nánari skilgreiningu á því, hvað ég á við með þessum síðustu orðum mínum, þá vona ég að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson verði staddur hér í salnum á eftir og heyri skilgreiningu mína á því hugtaki.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 243 felld með 25:9 atkv.
— 248 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PP, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, RH.

nei: BGr, EðS, GilsG, GÞG, SkA, KP, LJós, SvJ.

MÓ greiddi ekki atkv.

7 þm. (GS, JóhH, JSk, MK, ÓlJ, PJ, SighB) fjarstaddir.

4.—7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Mánudaginn 19. des., að loknum 41. fundi.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar, frv. (þskj. 266 (sbr. 174)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:8 atkv. og afgr. til Ed.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 247, n. 267, 268). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Það gerist skammt stórra högga á milli í loðnumálum þessarar hv. d. Síðdegis í dag lagði hæstv. sjútvrh. fram frv. til l. um breytingu á lögum um löndun á loðnu til bræðslu. Að vísu er um að ræða mál sem ekki ætti að verða ágreiningsmál. Þó verður að segjast, eins og kemur fram í nál., að það er ekki nógu gott þegar verið er að leggja slík mál fram á síðustu stundu, án þess að menn hafi tækifæri til þess að kynna sér málin á þann venjulega hátt sem n. vilja hafa á hv. Alþ. Tekist hefur þó að ná sambandi við þá aðila sem gátu gefið nauðsynlegar upplýsingar um þetta mál, bæði aðila sem eiga sæti í loðnunefnd og eins forystumenn úr þeim samtökum sem hlut eiga að máli. En mál þetta, sem er stjfrv., er flutt vegna samhljóða óska hagsmunaaðila sem sæti eiga í Verðlagsráði sjávarútvegsins. Undir bréf þess efnis skrifa formenn Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, Farmannasambandsins, fulltrúi Alþýðusambandsins og einnig fulltrúar frá loðnuverksmiðjunum.

Þetta frv., sem við sáum í annarri mynd að vísu á síðasta Alþ. og náði þá ekki fram að ganga, hefur verið til athugunar hjá þessum aðilum. Nú hafa þeir náð samkomulagi á þann veg sem fram kemur í því frv. sem við hér ræðum. Við höfum þó orðið sammála um það í sjútvn. hv. d., og það eftir að hafa haft samband við aðila sem hafa starfað í loðnunefnd og fyrir loðnunefnd, að við teljum ekki rétt að láta samþykkja frv., þó að við mælum með því efnislega, nema nokkur breyting verði gerð á því. Því höfum við leyft okkur að flytja þá brtt. sem kemur frá n. og er á þskj. 268. Hún er þess efnis, að við frv. bætist: „Þó er nefndinni skylt að leyfa löndun í einstakar verksmiðjur á ákveðnum svæðum ef öryggi skips eða skipshafnar krefur.“

Við teljum að við getum verið sammála um meginefni þessa frv., sem er að reyna að koma til starfa fleiri verksmiðjum sem fyrst, má segja, og létta á aðallöndunarsvæðunum. Hugsunin, sem er að baki þessa, er að bæta hag verksmiðjanna á stærra svæði en því sem aðallöndunin fer fram á, sem á væntanlega að geta hækkað verð loðnunnar til sjómanna og útvegsmanna. Um þetta atriði eru allir þeir aðilar, sem fjalla um verðlagsmál sjávarútvegsins, sammála.

Þótt um heimildarákvæði sé að ræða, vitum við samt, að þegar búið er að beita því einu sinni, þá geta komið upp ýmsir agnúar ef öryggi er annars vegar. Því viljum við hafa það alveg skýrt fram tekið í lögunum, að nefndinni sé skylt að taka til greina að gæta skuli öryggis bæði skips og skipshafnar. Vænti ég að allir hv. þm. séu þessu sammála. Ég hef rætt um þetta við aðila, sem m. a. stóðu að því að semja þetta frv., og þeir hafa tjáð mér, að vísu í símtali, — ég tek fyllilega mark á viðbrögðum þeirra og svörum þrátt fyrir það að þeir hafi ekki komið á fundi í n, og meðnm. mínir í sjútvn. hafa líka gert það, — að þeir séu fyllilega sammála því, að þetta ákvæði sé tekið inn.

Með því fororði mælir n. með því, að frv. sé samþykkt með þessari tilteknu breytingu. Að vísu hafði einn hv. þm. fyrirvara, Garðar Sigurðsson, og einn nm. var fjarverandi.

ATKVGR.

Brtt. 268 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Matvælarannsóknir ríkisins, frv. (þskj. 207 (sbr. 105), n. 252). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál, frv. um matvælarannsóknir ríkisins. Hér er um að ræða nýja stofnun, en meginverkefni hennar verður að annast matvæla-, efna- og örveirufræðilegar rannsóknir á hvers konar matvælum og neysluvörum vegna heilbrigðiseftirlits í landinu.

Í meðförum Ed. var gerð á þessu máli smávægileg breyting á 6. gr. frv. sem hnígur í þá átt, að komi upp ágreiningsmál í sambandi við starfsemi stofnunarinnar skuli ágreiningi vísað til ráðh. til fullnaðarúrskurðar.

Heilbr.- og trn. Nd. var sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts frá því sem það kom frá Nd. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var hv. formaður n., Jón Skaftason, sem dvelst erlendis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Iðjuþjálfun, frv. (þskj. 104, n. 251). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Þetta frv. til l. um iðjuþjálfun á þskj. 104 fjallar um starf iðjuþjálfa, sem nú sækja um löghelgun á starfi sínu, sem er að meginefni þáttur í hvers konar endurhæfingu andlega eða líkamlega sjúkra manna, starfsþjálfun og aðstoð við fólk til að verða sjálfbjarga þótt sjúkt hafi verið. Frv. hlaut mjög eindregnar undirtektir nefndarinnar. Það er komið frá Ed. án þess að nokkrar aths. væru við það gerðar. Leggur n. til að það verði samþykkt óbreytt. Jón Skaftason, formaður n. var enn fjarstaddur, staddur erlendis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 47. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 0.02 eftir miðnætti.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar, frv. (þskj. 266 (sbr. 174)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 174 er frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978. Það kom fram, þegar ég gerði grein fyrir lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir 1978, að lagt yrði fram frv. á Alþ. varðandi heimildir til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir, svo og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar. Í þeirri umr., sem fram fór í sambandi við 2. umr. fjárlagafrv., var gerð grein fyrir lánsfjáráætluninni svo og þeim meginstefnumiðum, sem þar kæmu fram, og þeim atriðum, sem sérstaka lagasetningu þyrfti við að hafa til þess að lánsfjáráætlunin næði fullnustu á árinu.

Í frv. því, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir að samkv. lánsfjáráætlun verði fjmrh. heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1978 að jafnvirði allt að 4 milljarða 866 millj. kr. Hliðstæð upphæð í lánsfjáráætlun fyrir 1977 var 6 milljarðar 870 millj. og að auki 2 milljarðar 862 millj. vegna Framkvæmdasjóðs, en í þessu frv. og samkv. lánsfjáráætlun er ekki gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóður taki erlent lán á næsta ári. Samtals var því erlend fjáröflun til ríkisframkvæmda og fjárfestingarlánasjóða á s. l. ári samkv. lánsfjáráætlun 9 milljarðar 732 millj. kr., þannig að hér er um að ræða nákvæmlega 50% lækkun í íslenskum krónum á heirri erlendu lántöku sem gert er ráð fyrir á árinu 1978 miðað við 1977. 2. gr. frv. fjallar svo um að því lánsfé, sem aflað verður samkv. 1. gr., skuli varið til framkvæmda í samræmi við ákvæði fjárl. fyrir árið 1978.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um skyldu lífeyrissjóða til að ávaxta 40% af ráðstöfunarfé sínu í verðtryggðum skuldabréfum. Tilgangur þessa ákvæðis er tvíþættur: Annars vegar að treysta ávöxtun lífeyrissjóðanna til þess að þeir geti betur sinnt skyldum sínum við lífeyrisþega og einnig að tryggja fjáröflun til nauðsynlegra framkvæmda í landinu. Að undanförnu hafa verið gerðir samningar við lífeyrissjóðina og að því stefnt á þessu ári, að kaup þeirra á skuldabréfum nemi samtals 30% af ráðstöfunarfé, og er gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun, að þeirri upphæð eða sama hlutfalli verði náð á árinu 1978. Tilgangur þessara verðbréfakaupa hefur verið að tryggja þátttöku lífeyrissjóða í fjármögnun atvinnuvega og íbúðabygginga og jafnframt að gefa þeim kost á að ávaxta verulegan hluta af ráðstöfunarfé sínu með fullri verðtryggingu. Framkvæmd þessara samninga hefur yfirleitt gengið vel. Þó hefur verið nokkur misbrestur á því, að allir lífeyrissjóðir keyptu verðbréf að umsömdu marki. Hefur þetta ekki aðeins skapað vandamál í framkvæmd greiðsluáætlunar, heldur hafa sumir sjóðir þannig naumast sinnt nægjanlega skyldu sinni til að ávaxta fé sitt með hagkvæmasta hætti í þágu lífeyrisþega. Því þykir ástæða til að setja í lög almenn ákvæði þess efnis, að öllum lífeyrissjóðum sé skylt að ávaxta tiltekinn hluta af heildarráðstöfunarfé sínu með fullri verðtryggingu. Jafnframt þessu er sú kvöð lögð á fjmrh., á ríkissjóð, að ríkissjóður hafi ætíð á boðstólum verðbréf með fullri verðtryggingu og þar verði um að ræða bréf ríkissjóðs, bréf Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs, svo að lífeyrissjóðirnir geti ætíð fullnægt þeirri lagaskyldu sem hér er gert ráð fyrir. Auk þess er svo gert ráð fyrir að aðrir stofnlána- og fjárfestingarlánasjóðir geti selt lífeyrissjóðum verðtryggð skuldabréf, enda fullnægi þeir verðtryggingarákvæðum þessa frv. að mati Seðlabankans sem fer með löggjöfina um verðtryggingu skuldabréfa. Gert er ráð fyrir í þessari grein að nánari ákvæði um framkvæmd þessara skuldabréfakaupa verði sett í reglugerð. Við umr. í hv. Nd. var gerð breyting á þessari grein, þess efnis, að ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjist geti fjmrh. lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé. Hefur verið á það bent, að lífeyrissjóðir séu mismunandi vel stæðir, ráðstöfunarfé þeirra sé mjög misjafnt, og þess vegna talið eðlilegt að slíkt ákvæði sé í lögum, þannig að ekki sé verið að íþyngja veikum lífeyrissjóðum umfram það sem ástæða þykir til. Þess vegna er þetta ákvæði sett inn.

Varðandi 4. gr. frv., þá er þar um að ræða heimild til að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán fyrir Landsvirkjun að upphæð 1500 millj. kr. eða jafnvirði í erlendri mynt eða að ríkissjóður taki lánið og endurláni. Sama er að segja um 5. gr. Þar er um að ræða heimild til að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán fyrir Hitaveitu Suðurnesja fyrir 1800 millj. kr. eða andvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og/eða taka lán og endurlána með sama hætti og verið hefur.

Í 6. gr. frv. er nýtt ákvæði, en þar er fjmrh. fengin heimild til þess að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftatíma þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Gert er ráð fyrir að fjmrh. hafi samráð við fjvn. áður en til slíkrar lántöku kemur. Talið er eðlilegt, þar sem lánamarkaðir hafa verið með þeim hætti, að lán hafa verið með tiltölulega skömmum lánstíma að undanförnu, en þar orðin á breyting nú upp á síðkastið, að veita heimild til að breyta þessum lánum í lengri lán. Þar sem hér er hins vegar um heimild að ræða og ekki nefndar ákveðnar upphæðir eða tekið fram um kjör slíkra lána, þá er talið eðlilegt að áður en til þess komi sé haft samráð við fjvn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. Skýringar á því í lánsfjáráætlun hafa komið fram. Ég leyfi mér því, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 43. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 0.25 eftir miðnætti.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 272). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Matvælarannsóknir ríkisins, frv. (þskj. 207 (sbr. 105)). — *3. umr.*

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 276).

Iðjuþjálfun, frv. (þskj. 104). — *3. umr.*

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 277).

Vörugjald, frv. (þskj. 261). — *1. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem er á þskj. 261, er um breytingu á lögum frá 1971, um vörugjald, sbr. lög frá í des. á s. l. ári um breyt. á þeim lögum. Vörugjaldslögin féllu úr gildi á s. l. ári, en voru þá framlengd um eitt ár. Þessi mál hafa verið í endurskoðun og talið rétt að um framlengingu til eins árs væri að ræða.

Af þessu vörugjaldi hefur Styrktarsjóður vangefinna fengið markaðan tekjustofn, og í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að hækka vörugjald á gosdrykkjum þannig, að sá hluti gjaldsins, sem runnið hefur til Styrktarsjóðsins, hækki úr 7 kr. í 10 kr., en gjaldið hækki um 6 kr., þannig að 3 kr. af hækkuninni á lítra renni til ríkissjóðs. Á fyrra þskj. sem útbýtt var, eins og forseti gerði aths. við áðan, voru aðrar tölur. Þær komust á þann stað vegna misskilnings. Grg. var í fullu samræmi við þær tölur, en þær eru eins og ég sagði áðan, misskilningur og því eru á þskj. endurútbýttu lægri tölur en voru á því hinu fyrra.

Þessi hækkun vörugjaldsins hækkar tekjur Styrktarsjóðs vangefinna um 45 millj. kr. Það, sem kemur í hlut ríkissjóðs til viðbótar við það, sem hann hefur af þessu gjaldi, er áætlað 60 millj. kr.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., veit reyndar að ekki er um að ræða ágreining um málið, og vænti þess, að það geti náð fram að ganga áður en þingi verður frestað, enda þótt stutt sé til þingfrestunar.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 262 (sbr. 169)). — *Ein umr.*

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 278).

Skyldusparnaður og ráðstafanir í ríkisfjármálum, frv. (þskj. 264 (sbr. 170)). — *Ein umr.*

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 279).

Sameinað þing. 34. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 205). — *Hvernig ræða skuli.*

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmdir og þjónusta í þágu bandarísku hersins á Íslandi, fsp. (þskj. 151). — Hvort leyfð skuli.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Í 32. gr. þingskapa segir:

„Forseti ákveður samdægurs, hvort fsp. skuli leyfð eða ekki. Ef vafi er getur forseti þó borið málið umræðulaust undir atkv."

Þar sem ég hef talið vafasamt að leyfa fsp. þessa eins og hún er fram borin, þá finnst mér rétt að nota framangreinda heimild í þingsköpum og leita umsagnar eða úrskurðar hv. alþm. um það, hvort fsp. skuli leyfð.

ATKVGR.

Fellt að leyfa fsp. með 42:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, SkA, LJós, MK, RA, StJ, SvJ, EðS, GS, GeirG.

nei: HÁ, HES, IT, IngJ, JóhH, JHelg, JÁH, JGS, LárJ, MB, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SighB, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, AG, HBl, BGr, EggÞ, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, ÁB.

MÓ, GilsG, greiddu ekki atkv.

6 þm. (IH, IG, JSk, KP, MÁM, ÞÞ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Að mínum dómi fullnægja langflestir liðir þessarar fsp. ákvæðum þingskapa, en þó eru einstakir liðir, svo sem 9. og 12., sem ég tel ekki nógu skýrt afmarkaða. Því greiði ég ekki atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel að ýmis atriði í þessari fsp. sé eðlilegt að flutt séu í fsp.-formi og hefði verið æskilegt að fá svar við þeim hér, en önnur atriði í fsp. tel ég að samrýmist ekki þingsköpum að verði leyfð. Eskilegast hefði verið, ef fyrirspyrjandi hefði í samráði við forseta endurskoðað till. sína. En þar sem það liggur ekki fyrir í fsp. eru atriði, sem ég tel ekki í samræmi við þingsköp, tel ég óhjákvæmilegt að segja nei.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru, eins og hér hefur komið fram, mörg atriði í þessari fsp. sem ég er mjög fús til að svara. Hins vegar eru í henni önnur atriði, sem ég tel að ekki sé unnt fyrir Alþ. að leyfa, til viðbótar þeim, sem nefnd hafa verið. Vil ég minnast á það, að hér er beðið um upplýsingar um launatekjur nokkurra þúsunda manna hvers út af fyrir sig. Ég tel ekki að Alþ. eigi að fara inn á þessa braut og segi þess vegna nei.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Með tilvísun til grg. hv. 8. landsk. þm. og hæstv. utanrrh. segi ég nei.

Fjáraukalög 1975, frv. (þskj. 123, n. 273). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1975 og gefið út nál. á þskj. 273. N. hefur borið frv. saman við niðurstöður ríkisreiknings 1975 og leggur einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv.

Fjárlög 1978, frv. (þskj. 172, n. 230 og 240, 233, 234, 241, 245, 246, 260, 274, 275). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Fjvn. hefur tekið ýmsa þætti fjárlagafrv. til nánari athugunar á milli umr. svo og erindi sem lágu hjá n. óafgreidd. Allmargar þeirra hafa nú fengið afgreiðslu hjá n. og mun ég víkja að þeim síðar.

Ég gat um það við 2. umr., að nú væru fyrir hendi breyttar forsendur fyrir grundvelli fjárlagafrv. frá því sem var þegar frv. var samið. Verðlags- og launabreytingar hafa síðan átt sér stað og valda því, að verulega raskast sá grundvöllur sem frv. var byggt á.

Þjóðhagsstofnunin og fjárlaga- og hagsýslustofnunin hafa tekið allan þjóðarbúskapinn til endurskoðunar og yfirlits og skýrt fyrir fjvn. niðurstöður sínar og fengið n. í hendur upplýsingar um áhrif þeirra á fjárlagagerðina.

Í grg. Þjóðhagsstofnunarinnar kemur m. a. fram, að nú liggur fyrir vitneskja um innheimtu ríkissjóðs fyrstu 11 mánuði ársins 1977. Samkv. henni er talið líklegt að ríkistekjur verði í heild nálægt þeirri áætlun sem fjárlagafrv. var reist á, þó sennilega frekar undir en yfir. Nokkrar breytingar verða hins vegar á einstökum liðum til hækkunar eða lækkunar. Þjóðhagsstofnunin telur að forsendur um vöxt þjóðarframleiðslu og tekna á næsta ári verði óbreyttar frá fjárlagafrv. og frá því sem gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrv.

Með kjarasamningunum í haust, fyrst og fremst kjarasamningum opinberra starfsmanna, var stefnt í meiri aukningu einkaneyslu á næsta ári, en miðað var við í fjárlagafrv., sem felur í sér hættu á vaxandi viðskiptahalla. Með þeim ráðstöfunum, sem fyrirhugaðar eru í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, aðallega hækkun sjúkratryggingagjalds og álagningu skyldusparnaðar, má ætla að aukning einkaneyslu á næsta ári verði nálægt 6% eða svipuð og við var miðað í fjárlagafrv. Opinberar framkvæmdir dragast saman um nær því 9% eða nokkru meira en samkv. fjárlagafrv. Aukning þjóðarútgjalda og þjóðarframleiðslu yrði eftir sem áður svipuð og lagt var til grundvallar við gerð fjárlagafrv., eða 3—4%, og viðskiptahalli ekki meiri en í ár. Þessari aukningu þjóðarútgjalda gæti fylgt 6—7% aukning almenns vöruinnflutnings. Endurskoðun tekjuáætlunar 1978 er miðuð við þessar forsendur sem mestu ráða um magnbreytingu helstu óbeinna skatta. Meiri aukningu þjóðarútgjalda en hér er miðað við fylgir óhjákvæmilega hætta á vaxandi við-

skiptahalla sem ekki getur orðið undirstaða varanlegrar tekjuaukningar ríkissjóðs.

Kauplagsforsendur fjárlagafrv. voru í aðalatriðum reistar á kjarasamningum ASÍ og vinnuveitenda að því er tekur til grunnkaupshækkana, en ekki var reiknað með verðbótum á laun eftir 1. sept. Hið sama átti við um verðlagsforsendur, sem í aðalatriðum voru miðaðar við verðlag í okt., en þó var reiknað með þeim verðbreytingum sem telja mátti að fylgt gætu grunnkaupshækkun samninga, auk þess sem einnig var ætlað fyrir hækkun innflutningsverðs í erlendri mynt.

Við endurskoðun tekju- og gjaldahliðar fjárlagafrv. er miðað við sömu verðlagsforsendur og við gerð lánsfjáráætlunar, þ. e. nálægt 30% meðalverðhækkun milli áranna 1977 og 1978. Forsenda fjárlagafrv. fól í sér 18—20% meðalverðhækkun.

Gert er ráð fyrir nýrri tekjuöflun, um leið og dregið hefur verið úr útgjöldum ríkissjóðs:

1. Sjúkratryggingagjald, sem verið hefur 1% af bruttótekjum, hækkar í 2% og skilar þá um 1900 millj. kr. á árinu 1978.

2. Flugvallagjald á utanlandsferðir verði tvöfaldað, og skilar það um 300 millj. kr. á árinu.

3. Heimild til álagningar leyfisgjalds á gjaldeyrisyfirfærslur verði rýmkuð í 2% og henni beitt að fullu á ferðagjaldeyri, en að hálfu á flest annað. Tekjuaukning vegna þessa er áætluð um 220 millj. kr.

Bensíngjald og þungaskattur verður hækkuð heldur minna en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. og verða tekjur því um 300 millj. kr. minni.

Til viðbótar þessari tekjuöflun verður innheimtur 10% skyldusparnaður af hátekjum og gæti hann numið allt að 1000 millj. kr. Þessi liður kemur til viðbótar á lánahreyfingum, en er ekki færður á tekjuhlið.

Eins og fram kemur í brtt. fjvn. er um verulega útgjaldaaukningu að ræða og munar mest um eftirtalda liði: Vegna launamála 11 milljarðar 414 millj. kr., sem fært er á einn lið undir fjmrn. og deilist að sjálfsögðu á einstaka launa- og gjaldaliði frv. Þessi upphæð er í raun allmiklu hærri en hér var tilgreint, en áformað er að draga úr eftirvinnu opinberra starfsmanna, miðað við fyrri ár, um 1720 millj. kr., og er sú upphæð, sem ég nefndi áðan, þannig fengin. Einnig hækkar framlag til Tryggingastofnunar ríkisins um 3390 millj. kr.

Ég mun þessu næst víkja að till. þeim sem fjvn. flytur á þskj. 233. Um þær till. er það að segja, að n. stendur öll að þeim, en minni hl. áskilur sér rétt til að fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Ég kem þá fyrst að till. sem varðar forsrn. Lagt er til að framlag til Byggðasjóðs lækki um 330 millj. er, og verði 2079 millj. kr. Það er áætluð tala en greiðslur til sjóðsins verða í samræmi við ákvæði í lögum um Byggðasjóð.

Næst koma till. er varða menntmrn.

Till. er um að 2 millj. kr. til frumhönnunar á íþróttahúsi fyrir Menntaskólann á Akureyri verði samþykkt. — Gerð er till. um að gjaldfærður stofnkostnaður við Menntaskólann á Ísafirði hækki úr 19 millj. í 45 millj., einnig að Menntaskólinn í Kópavogi fái hækkaðan gjaldfærðan stofnkostnað um 15 millj. kr. — Þá er lagt til að launaliður Íþróttakennaraskóla Íslands hækki um 2.4 millj. og er það vegna breyttra kjarasamninga að því er varðar kennsluskyldu. — Launakostnaður við Fjölbrautaskólann á Akranesi hækkar um 40 millj. 157 þús. kr. og er það vegna vanáætlunar. — 7. till. er óbreytt að upphæð frá því sem er í frv., en sundurliðun birt í sérstöku yfirliti. Þetta yfirlit er yfir gjaldfærðan stofnkostnað við iðnskólana í landinu. — Þá er lagt til að önnur rekstrargjöld Myndlista- og handíðaskólans hækki um 3 millj. kr. og er það vegna aukins húsnæðiskostnaðar hjá skólanum. — Þá er lagt til að inn komi nýtt viðfangsefni: Tónlistarskóli Hellissands 400 þús. kr., en hann hafði fallið niður við fyrri tillögugerð. — Þá er till. um að Verslunarskóli Íslands hækki um 13 millj. kr. vegna vanáætlaðra launa. Það mun vera til komið fyrir það, að þar hafa orðið fleiri kennslustundir í vetur en áformað var í upphafi, og er þetta eðlileg afleiðing af því. — Næst er till. um að framlag til grunnskóla í Austurlandsumdæmi hækki um 2 millj. til kaupa á húsnæði fyrir fræðsluskrifstofu. — Þá er lagt til, að inn komi nýr liður: Námskeið fyrir kennara sem ekki hafa full réttindi 1 millj. kr. — Þá er lagt til að dagvistarheimili, stofnkostnaður, hækki um 25 millj. kr. og vísast til sundurliðunar á sérstöku yfirliti. — Þá er till. um að liðurinn. — Til útgáfustarfa hækki um 2 millj. 750 þús. kr. og verður þeim fjármunum skipt síðar. — Lagt er til að liðurinn: Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis hækki um 700 þús. kr. — Styrkur til myndlistarskóla fellur niður á þessu fjárlaganúmeri, en er tekinn upp í lið 982, að upphæð 2.3 millj., og er ætlast til þess að rn. skipti því fé á milli aðila. — Þá er gert ráð fyrir að til jöfnunar á námskostnaði hækki framlag um 15 millj. kr. og verði þá 215 millj.

Þá er till. um, að liðurinn: Til sveitarfélaga á vegum Þjóðminjasafnsins hækki um 2 millj. kr., og er þá gert ráð fyrir að til Sjóminjasafnsins í Hafnarfirði gangi 2 millj. kr. og til gamalla húsa á Ísafirði, í Neðstakaupstað, gangi einnig 2 millj. kr. Að öðru leyti mun n. skipta þessu fé síðar í samráði við þjóðminjavörð. — Framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðu lækkar um 50 millj. kr. og verður 220 millj. — Þá er lagt til að framlög til leiklistar hækki um 11.5 millj. kr. og er því skipt þannig, að Leikfélag Reykjavíkur hlýtur 14 millj., Leikfélag Akureyrar 11 millj., til leiklistarstarfsemi fara 11 millj. og til Bandalags ísl. leikfélaga 1.5 millj. kr. — Þá kemur nýr liður: Jarðfræðirannsóknir við Mývatn 6 millj. kr. Það er verkefni sem hefur verið í gangi og þarf framlag að þessu sinni. — Till. er um að liðurinn: Ýmislegt á sviði menningarmála hækki um 5 millj. 705 þús. kr. og verði 49 millj. og 5 þús. kr., sem skiptist í eftirtalin viðfangsefni: Söfn og minjar, félög og samtök og önnur framlög, og er skiptingin birt á þskj. Þess skal getið, að enn hefur ekki verið ráðstafað liðnum Ýmis framlög, sem er að upphæð 14 millj. kr., og mun rn. skipta þeim fjármunum, að einhverju leyti í samráði við fjvn.

Þá er till. um, að liðurinn: Vegna markaðsmála undir utanrrn. hækki um 5 millj. kr. Er sú upp-

hæð ætluð til markaðsleitar fyrir landbúnaðarafurðir og komi mótframlag til þess frá öðrum aðilum, t. d. Stéttarsambandi bænda.

Þá koma till. er varða landbrn.

Till. er um, að sértekjur Skógræktar ríkisins hækki um 5 millj. kr.— Þá er till. um að til fyrirhleðsluframkvæmda verði varið 407 millj. kr. og er það hækkun frá frv. um 10.7 millj. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti. Einnig vísast til till., sem enn hefur ekki verið lögð hér fram og verður gerð nánari grein fyrir henni síðar. — Þá er till. um að jarðræktarframlög lækki um 5 millj. kr. og framlög til framræslu lækki um 25 millj. kr. — Þá er till. um að styrkur til Garðyrkjufélags Íslands hækki um 50 þús. kr. og til Efnarannsóknastofu Norðurlands hækki um 200 þús. kr. Þá er lagt til, að styrkur til rannsóknastöðvarinnar Kötlu á Víkurbakka hækki um 50 þús. kr., en framlag til laxastiga í Laxá í Þingeyjarsýslu lækki um 35 millj. kr. og verður þá 40 millj. kr. Gerð er till. um að styrkur til félagssamtakanna Landverndar hækki um 200 þús. kr.

Næst koma till. er varða sjútvrn.

Lagt er til að veitt verði framlag til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 5 millj. kr., vegna kaupa á tilraunaverksmiðju sem ætluð er til frekari athuguna á nýtingu á slógi og öðru sjávarfangi og prófa nýja vinnslutækni á því sviði. — Þá er till. um að sértekjur Framleiðslueftirlits sjávarafurða verði hækkaðar um 5 millj. kr. með hækkaðri þjónustugjaldskrá. — Lagt er til að framlag til sjóvinnunámskeiða hækki um 700 þús. kr. og verði 3.2 millj. kr.

Þá eru till. sem varða dóms- og kirkjumrn.

Lagt er til að ætla 15 millj. kr. til þess að mæta kostnaði við ráðningu nýrra starfsmanna á sviði dóm- og löggæslu. Sótt var um allmikla fjölgun starfsmanna á þessu sviði og gafst n. ekki tími til að kanna þær þarfir til hlítar, enda liggur fyrir að gera sérstaka könnun á þörfum og skipulagi löggæslunnar í landinu og mun n. beita sér fyrir því, að þeirri vinnu verði hraðað eftir föngum. — Þá er till. um, að sértekjur Landhelgisgæslunnar verði hækkaðar um 40.5 millj. kr., sem eru auknar þjónustutekjur. Einnig er rekstur á varðskipinu Albert felldur niður, 109.5 millj. kr., og áformað er að selja það. — Þá er till. um að lækka framlag til byggingar ríkisfangelsa um 25 millj. kr.

Till. er um að framlag til Kirkjuþings hækki um 2 millj. kr. og álag vegna afhendingar kirkna hækki um 1 millj. kr. — Þá er lagt til að inn komi nýr liður: Til dómprófastsembættisins í Reykjavík, vegna skrifstofurekstrar, að upphæð 700 þús. kr.

Þá koma till. sem varða félmrn.

Framkvæmd áætlunar um opinberan stuðning við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi, 7.6 millj. kr., fellur niður, en breytt orðalag liðarins 0110 verður: Hagdeildir ASÍ, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands SÍS og liðurinn hækkar um 1 millj. kr. — Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækkar um 2 millj. kr., úr 8 millj. í 10 millj. kr. — Til ASÍ vegna alþýðuorlofs fellur niður, en Menningar- og fræðslusamband alþýðu hækkar úr 3 millj. kr. í 3.5 millj. og Félagsmálaskóli alþýðu úr 1.3 millj. í 3 millj. kr. — Styrkur til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 100 þús. kr. — Liðirnir til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og til Landssambands verslunarmanna falla niður en nýr liður bætist við undir fjmrn.: Til samtaka opinberra starfsmanna 500 þús. kr. — Bætt er við nýjum lið: Til Alþýðusambands Íslands vegna norræna verkalýðsskólans í Genf, framlag Íslands til móts við framlag annarra Norðurlanda, 500 þús. kr. Aðrir liðir eru óbreyttir.

Ýmis viðfangsefni: Inn er tekinn nýr liður: Til ýmissa barnaheimila og hæla 6 millj. kr., í staðinn fyrir sérstaka liði: barnaheimilin Sólheimar, Skálatún, Tjaldanesheimilið og Styrktarfélag vangefinna, dagheimili, sem falla út. — Félagið Heyrnarhjálp og Geðverndarfélag Íslands hækka um samtals 300 þús. kr., SÍBS og Sjálfsbjörg einnig um 300 þús. kr. — Slysavarnafélag Íslands er lækkað frá frv. um 2 millj. 520 þús. kr., í 25 millj., en inn er tekinn nýr liður: Slysavarnafélag Íslands vegna tilkynningarskyldu skipa 13 millj. 350 þús. kr., sem er áætlaður kostnaður Slysavarnafélagins við tilkynningarskylduna sem félagið annast. Samtals verður fjárveiting til Slysavarnafélags Íslands 38 millj. 350 þús. kr. — Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hækkar um 3.8 millj. kr., þar af byggingarstyrkur um 3 millj. vegna stækkunar á endurhæfingarstöðinni við Háaleitisbraut. — Sömuleiðis hækkar byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar um 2 millj. vegna stækkunar á húsnæði í Hátúni, og Styrktarsjóður fatlaðra, sem einkum hefur gengið til Sjálfsbjargar, hækkar um 2 millj. kr. — Liðirnir: Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis, að upphæð 150 þús. kr., og: Til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra vegna sérnáms, að upphæð 50 þús., falla út. — Byggingarstyrkur til Geðverndarfélags Íslands hækkar um 500 þús. kr. — Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra hækkar um 100 þús. kr.

Þá kemur að till. um heilbr.- og trmrn. Þessar breytingar er lagt til að gera frá því sem var við 2. umr.:

Tryggingastofnun ríkisins hækkar úr 30 milljörðum 106 þús. kr. í 33 milljarða 496 millj. kr. — Þá er bætt við nýjum lið: 310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar, og eru ætlaðar 125 millj. kr. á þeim lið til launa vegna nýrra staða sem metnar verða síðar. Ekki hefur verið gengið frá ákvörðunum um það sem þarf af nýjum stöðum við deildir sem settar eru í gang á heilsugæslustöðvum og ríkisspítölum og verður það gert síðar. — Liðurinn 371 Landsspítalinn er lækkaður um 2 millj. kr. á liðnum gjaldfærður stofnkostnaður og er því í heild 440 millj. 400 þús. — Nýr liður bætist við: Kristneshæli, en það er gjaldfærður stofnkostnaður 2 millj. kr., ætlaður til hönnunar dagheimilis fyrir börn starfsfólks stofnunarinnar. — Til sjúkrahúsa og læknisbústaða bætast við tvö ný viðfangsefni. Í fyrsta lagi viðfangsefni við Grensásdeild Borgarspítala, endurhæfingarsundlaug, 20 millj. kr., sem skal vera framlag ríkisins gegn jafnháu framlagi annars staðar að til byggingar endurhæfingarsundlaugar, eins og ég sagði áðan, enda samþykki fjvn. gerð mannvirkisins. — Þá er það í öðru lagi viðfangsefni á þessum lið: DAS-Hrafnista, Hafnarfirði, 50 millj. kr. byggingarstyrkur vegna stofnkostnaðar sjúkradeildar samkv. reglum sem heilbrrh. setur.

— Þá er það liðurinn ýmis heilbrigðismál. Á þeim lið hækkar viðfangsefni 109 Krabbameinsfélag Íslands og verður 25 millj. kr. í stað 23 millj. 316 þús., eða hækkun um 1 millj. 684 þús. kr. — Nýtt viðfangsefni bætist við Gæsluvistarsjóð: Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið 3 millj. kr., og hækkar liðurinn til Gæsluvistarsjóðs í samræmi við það. — Þá hækkar og framlag til Stórstúku Íslands úr 2.4 millj. í 3 millj. kr.

Við fjmrn. eru þær brtt., sem n. leggur til, að upphætur á lífeyri lækki úr 2 milljörðum 90 millj. og 925 þús. kr. og verði 1 milljarður 890 millj. 925 þús. kr., enda hafi verið áætlað riflega við frumáætlanagerð vegna þessa fjárlagaliðar. — Liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn, breytist á þá lund, að í stað 22 millj. 760 þús. kr. í frv. kemur 32 millj. 420 þús. kr., en bent er á mistök sem hafa átt sér stað við afgreiðslu þessa liðar. Í prentuðu þskj. stendur þar heildartalan 32 millj. 120 þús. kr., en skal vera 32 millj. 420 þús. kr. og framlag til Salbjargar K. Aradóttur fyrrv. starfsmanns Alþingis skal vera 450 þús. kr., en ekki 150 þús. kr., eins og prentað var. Að öðru leyti er vísað til lista á þskj. — Liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur. Fyrir 15 millj. 800 þús. kemur 20 millj. 140 þús. kr. — Lækkað er framlag til liðarins 481 Útgjöld samkv. sérstökum lögum og heimildarlögum úr 150 millj. kr. í 100 millj. kr. — Þá kemur nýr liður 989, sem heitir: Vegna launamála með 11 milljarða 414 millj. kr., en fé þessu verður síðan deilt á milli hinna ýmsu stofnana sem hafa verið vanáætluð launagjöld vegna nýlegra kjarasamninga opinberra starfsmanna. — Viðfangsefni á lið 999 breytist á þann veg, að óviss útgjöld lækka úr 900 millj. kr. í frv. í 500 millj. kr. — Þá bætist við nýtt viðfangsefni: Til samtaka opinberra starfsmanna 500 þús. kr.

Að því er varðar Vegagerðina, þá er það helsta breytingin að niðurstöðutala á þeim fjárlagalið lækkar um 300 millj. kr. Er það í samræmi við það sem ég sagði áður um lækkun á bensíngjaldi og þungaskatti. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þann lið, hann verður ræddur hér sérstaklega síðar í sambandi við vegáætlunina. Hins vegar er sundurliðun á þskj. sem menn geta áttað sig á.

Undir Flugmálastjórn kemur liður sem verið hefur á fjárl. undanfarin ár, en féll niður í frv. til fjárl. 1978. Það er 1 millj. kr. viðbót við liðinn og skal varið í styrk til Flugmálafélags Íslands. Við lið 651 Ferðamál bætist nýr liður, þ. e. laun 11.7 millj. kr., sem er áætlaður launaliður Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs. Ég sé ekki ástæðu til að skýra það frekar. Frá því er skýrt í grg. með fjárlagafrv., að væntanlegar séu lagabreytingar sem varða ferðamál, og er því nokkuð á reiki hvernig þessu verður háttað og lýsi ég því ekki frekar hér.

Við iðnrn.:

Liðurinn 207 Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði er óbreyttur frá því sem er í fjárlagafrv., 12 millj. kr., en eftirfarandi skipting er gerð á viðfangsefninu: Til eftirmenntunar í rafiðnaði 6 millj., eftirmenntunar í málmiðnaði 3 millj. og til eftirmenntunar í ýmsum iðngreinum, sem skal skipt af iðnrn., 3 millj. kr. — Liðurinn 301 Orkustofnun breytist á eftirfarandi hátt: Laun verða 378 millj. 604 þús. í stað 403 millj. 604 þús. kr. Önnur rekstrargjöld verða 397 millj. 816 þús. í stað 422 millj. 816 þús. kr. — Liðurinn Orkusjóður verður 2 milljarðar 75 millj. kr. í stað 2 milljarða 175 millj. kr. Breytingar á viðfangsefnum Orkusjóðs verða þær, að liðurinn 0105 orðast svo: Lán til jarðhitaleitar 300 millj. kr., og nýr liður bætist við og orðast svo: Lán til hitaveituframkvæmda 250 millj. kr.

Þá er viðskrn.

Liðurinn: Niðurgreiðslur á vöruverði verður 6 milljarðar 831 millj. kr. í stað 6 milljarða 531 millj. kr.

Við fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Liðurinn Ýmis lán ríkissjóðs hækkar vegna vaxta í 3 milljarða 392 millj. 648 þús. kr. úr 3 milljörðum 311 millj. 229 þús. kr. og vegna lánahreyfinga út í 4 milljarða 515 millj. 291 þús. kr. úr 4 milljörðum 298 millj. 297 þús. kr.

Ég hygg að ég hafi þá farið yfir helstu breytingar sem lagt er til að gera á útgjaldalið fjárlagafrv., að öðru leyti en því sem kemur fram á þskj. sem ég hef ekki við höndina og mun verða gerð nánari grein fyrir síðar.

Brtt. þær, sem meiri hl. fjvn. hefur gert á tekjuhlið fjárlagafrv. eru á ýmsum stöðum, en ég minnist aðeins á þær, sem eru veigamestar.

Lánahreyfingar inn verða 3 milljarðar og 100 millj. kr. í stað 2 milljarðar áður, hækka um 1100 millj. kr. Erlend lán lækka hins vegar úr 6 milljörðum 188 millj. kr. í 4 milljarða 866 millj. kr. Þá kemur inn nýr liður: Skyldusparnaður, sem er 1 milljarður kr.

Þetta eru veigamestu breytingarnar sem verða á tekjuhlið frv., að öðru leyti en því, að innflutningsgjald af bensíni lækkar, eins og áður sagði, úr 4 milljörðum 660 millj. kr. í 4 milljarða 460 millj. kr. — Þá fellur niður liður sem ráðgerður var á tekjuöfluninni: Jöfnunargjald af sælgæti og brauðvörum 200 millj. kr., sem er á bls. 2. — Hér verður aftur sú breyting við sérstakt vörugjald, svokallað tappagjald, að fyrir 282 millj. kr. koma 425 millj. kr. og er það hækkun frá endurskoðaðri upphæð um 105 millj. kr. Áætlað er að 45 millj. af þeirri upphæð gangi til Styrktarsjóðs vangefinna. — Þá er veruleg hækkun sem verður á liðnum: Rekstrarhagnaður ÁTVR, fyrir 9800 millj. koma 11 300 millj. Er gert ráð fyrir því í þessum áætlunum, að verð á áfengi og tóbaki geti hækkað um á milli 15 og 20%. Er þessi tala að sjálfsögðu áætlunartala, en er talin vera í samræmi við þessar tölur. — Eins og ég sagði áðan, tel ég þetta vera veigamestu breytingarnar og hirði ekki um að ræða það frekar nema sérstakt tilefni gefist til.

Ég vil geta þess, að n. hefur ekki unnist tími til að kanna kjaramál hjúkrunarnema sérstaklega, þar sem erindi um það barst seint til n. og orkaði tvímælis. Það mál verður athugað betur síðar, og ef til greiðslu kemur, þá er fjárupphæð á lið fjmrn. sem nota má til greiðslu í því skyni.

Verði þessar till. fjvn. og meiri hl. samþykktar munu heildarútgjöld ríkissjóðs nema um 138½ milljarði kr. Tekjur ríkissjóðs munu nema um 139½ milljarði kr. Tekjur umfram gjöld nema því um 1020 millj. kr., halli á lánahreyfingum er um

670 millj. kr. og greiðsluafgangur um 350 millj. kr.

Þá vil ég aðeins koma hér að þeim breytingum sem fjvn. leggur til að gerðar verði á heimildagrein svokallaðri, 6. gr.

Lagt er til að XXVIII. lið verði breytt í þessa átt: Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjald og söluskatt af eldsneytisaflstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Er þetta vegna þess að líklegt er og nærri því víst, að Orkubú Vestfjarða tekur til starfa um næstu áramót og þarf þess vegna á þessari heimild að halda að því leyti til sem það tekur við verkefnum frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Þá eru till. um nýjar heimildir:

1. Að selja eignarhluta ríkisins í fasteigninni Digranesvegi 12 í Kópavogi og verja söluandvirðinu til kaupa á hluta af fasteigninni Fannborg 7—9, Kópavogi, fyrir heilsugæslustöð, enda leggi Kópavogskaupstaður sinn eignarhluta í húsinu fram sem framlag til húsnæðiskaupa í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu.

2. Að ábyrgjast lán allt að 80 millj. kr. vegna kaupa eða smíði á nýrri Hríseyjarferju.

3. Að endurgreiða söluskatt af innfluttum sjúkrabifreiðum í tollnúmeri 87.02.43 svo og af ökutækjum, sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sérbúnaði og tækjum til bifreiða sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

5. Að endurgreiða þinglýsingar- og stimpilgjald vegna kaupa á Freyju RE-38.

6. Að endurgreiða þinglýsingar- og stimpilgjald vegna kaupa á m/s Akraborg.

7. Lagt er til að XX. Liður í fjárlagafrv. orðist svo: Að endurgreiða söluskatt af pípuorgelum sem keypt hafa verið fyrir Garðakirkju, Mosfellskirkju, Landakirkju og Stórólfshvolskirkju.

8. Að endurgreiða tekjuskatt af verðlaunafé Boris Spassky og Vlastimils Hort vegna skákeinvígis þeirra í Reykjavík 1977.

9. XVII. liður í 6. gr. fjárlagafrv. orðist svo: Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til stofnlína fyrir 132 kw spennu og hærri, svo og af rafbúnaði í tilheyrandi útivirki og aðveitustöðvar. Fjmrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

10. Lagt er til að XXXVIII. liður í 6. gr. fjárlagafrv. breytist á þessa lund: Að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 3100 millj. kr.

11. Lagt er til að XL. liður breytist á þessa leið: Að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum á árinu 1978 vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins og semja um, ef með þarf, greiðslu yfirdráttarskuldar, eins og hún verður um áramótin 1977—1978, og um lánskjör.

12. Till. er um að XLIII. lið í 6. gr. fjárlagafrv. verði breytt á þennan hátt: Að taka lán vegna kaupa á fasteign nr. 57 við Auðbrekku í Kópavogi til afnota fyrir embætti bæjarfógeta í Kópavogi.

13. Að selja sendiherrabústaðinn í New York og verja söluandvirðinu til kaupa á hentugra húsnæði í staðinn og taka í því sambandi lán til 10 ára að fjárhæð allt að U. S. $ 210 000.

14. Að selja eignarhluta ríkisins í fasteignunum Þórustíg 7, Njarðvíkurkaupstað, og Bókhlöðustíg 4, Stykkishólmi.

15. Að festa kaup á veggmyndum í vinnustofu Jóhannesar S. Kjarvals listmálara að Austurstræti 12, Reykjavík, og taka nauðsynleg lán í því sambandi.

16. Að endurgreiða þinglýsingargjöld af afsali fyrir b/v Lárus Sveinsson SH-126, sem keyptur var frá Frakklandi á árinu 1977.

17. Að ábyrgjast lán allt að 30 millj. kr. vegna byggingar orlofsheimila á vegum Bandalags háskólamanna.

18. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til dísilstöðvar, aðveitustöðvar og orkuflutningsveitu fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

19. Að taka lán allt að 170 millj. kr. vegna breytinga og endurbóta á r/s Baldri.

20. Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af þrýstivatnspípum vegna Elliðaárstöðvarinnar í Reykjavík.

21. Að festa kaup á Fiskræktarstöðinni við Grafarlæk til afnota fyrir Tilraunastöð háskólans í meinafræðum að Keldum og taka til þess nauðsynleg lán.

22. Að semja um og bæta tjón vegna fisksjúkdóma og taka til þess nauðsynleg lán.

23. Að heimila Hafnabótasjóði að taka lán til að mæta skaða af sjógangi sem orðið hefur við suðurströnd landsins. — Í sambandi við þessa till. vil ég taka það fram, að þótt hér sé lántökuheimildin bundin við Hafnabótasjóð er það fyrir þá sök, að þegar hafa verið kannaðar skemmdir sem hafa orðið í stórum stíl á sjóvarnargörðum allt frá Grindavík og austur um með suðurströndinni og austur að Hornafirði. Aðrir skaðar, sem orðið hafa, hafa enn ekki verið kannaðir að fullu og ekki er séð að hve miklu leyti viðlagatrygging kemur inn til að bæta það mál. Mun því ríkisstj. taka það mál til athugunar síðar.

24. Að heimila Hafnarbótasjóði að taka lán allt að 50 millj. kr. til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða af lánum samkv. reglum sjóðsins. Ráðh. skal gera till. til fjvn. um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélaga til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum sem áhrif hafa á greiðslugetu hafnarsjóðsins.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég geta þess, að ég hef ekki farið sérstaklega yfir lánsfjáráætlun ríkisstj., en ég vænti þess, að það verði gert hér af hæstv. fjmrh. Ég vil aðeins geta þess, að fjvn. hefur samræmt lánsfjáráætlun og fjárlagafrv.

Herra forseti. Ég hef þá lokið að gera grein fyrir þeim brtt., sem fjvn. leggur fram að þessu sinni, og hef lokið máli mínu.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fyrir 2. umr. um fjárlagafrv. var minni hl. fjvn., eins og kunnugt er, neitað um upplýsingar um áhrif breyttra forsendna á einstaka útgjaldaþætti frv., enda þótt hæstv. ríkisstj. hafi haft þær upplýsingar undir höndum um nokkurt skeið og þær verið ræddar á þingflokksfundum

stjórnarflokkanna. Þetta, sem aldrei hefur áður gerst, varð til þess að minni hl. fjvn. ákvað að fresta útgáfu nál. þar til þessar upplýsingar hefðu verið látnar af hendi. En af hálfu meiri hl. n. kom fram við 2. umr., að minni hl. hefði verið ætlað að fá þessar upplýsingar fyrst í nál. meiri hl. sem útbýtt var eftir hádegi daginn fyrir 2. umr. Þessar upplýsingar og enn fremur niðurstaða um afstöðu hæstv. ríkisstj. til afgreiðslu fjárlagafrv. liggur nú fyrir, og hefur minni hl. n. nú fyrir 3. umr. gefið út nál. á þskj. 230.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um störfin í fjvn. milli 2. og 3. umr. Kosnar höfðu verið undirnefndir m. a. til að fjalla um lánsfjáráætlun og orkumál, ein veigamestu málin. Þær voru aldrei kallaðar saman og þau málefni, sem þær áttu að fjalla um, aldrei rædd í fjvn.

Ákvörðun meiri hl. n. um hvernig skyldi afgreidd áætlun um fjárfestingu, rekstur og alla afkomu Pósts og síma var sýnd einum fulltrúa minni hl. eftir að næstsíðasta fundi n. lauk s. l. laugardag.

Ég held að ég ræði ekki frekar starfshætti í n. að þessu sinni. N. sjálf er líklega réttari vettvangur til þess. En um of sækir í það horf, að einstök erindi eru alls ekki rædd í n. allri eða undirnefnd þar sem bæði meiri hl. og minni hl. eiga sæti.

En um þetta skal ég ekki hafa fleiri orð, en sný mér að þeim grundvallaratriðum sem ráða mestu um þróunina í afgreiðslu fjárlaga, þ. e. a. s. ytri ástæðum og áhrifum stjórnarstefnunnar.

Á s. l. tveim árum, 1976 og því ári sem nú er að ljúka, hafa ytri aðstæður batnað mjög verulega. Á árinu 1976 hækkaði útflutningsverðlag um 18% í erlendri mynt og heildarverðmæti vöruútflutnings jókst um 36—37% í erlendum gjaldeyri. Gert er ráð fyrir að verðlag alls útflutnings hækki að meðaltali um 17—18% í erlendum gjaldeyri á þessu ári frá árinu 1976 og að magni til um 13%, en þetta er verulega hagstæðari þróun en spáð var við gerð fjárlaga fyrir bæði árin 1976 og 1977. Þróunin hefur verið afar hagkvæm. Þjóðartekjur hafa verið meiri, hvort sem reiknað er í heild eða á hvert mannsbarn, en áður hefur verið um að ræða. En niðurstaðan í ríkisbúskapnum hefur samt sem áður verið sú, að aukin skattheimta með ári hverju til viðbótar við miklu hagstæðari þróun en nokkur hafði gert ráð fyrir hefur ekki dugað til þess að þeim árangri yrði skilað að grynnka á stórfelldri skuld ríkissjóðs við Seðlabankann, heldur hefur verið aukið við hana.

Skuldin við Seðlabankann, sem nú nemur um 13,5 milljörðum kr. hefur sífellt hækkað, enda þótt skattlagning á landsmenn hafi verið við það miðuð að grynna á þeirri stórfelldu skuldasúpu sem stofnað var til á árinu 1975, þegar halli á ríkissjóði nam upphæð sem á núverandi verðlagi er jafngildi um 13 milljarða kr.

Þrátt fyrir stóraukið verðmæti útflutnings, sem bæði á rætur að rekja til hækkandi verðlags og aukins magns, hafa erlendar skuldir þjóðarinnar verið stórauknar og nema nú 36% þjóðarframleiðslunnar í stað 22% árið 1973 eða eru 64% stærri hluti þjóðarframleiðslunnar en fyrir fjórum árum. Og fjárlagaafgreiðslan nú og lánsfjáráætlun er við það miðuð að á næsta ári verði enn teknir 20 milljarðar kr. að láni erlendis.

Við þessar stórbættu ytri aðstæður, þegar þjóðartekjur á mann hafa aukist um 14% frá árinu 1972, hefur ríkissjóður þannig enn aukið skuldir sínar við Seðlabankann, og hafa verklegar framkvæmdir þó verið skornar niður, erlendar skuldir þjóðarinnar hafa vaxið og aldrei verið hærra hlutfall þjóðarframleiðslu en nú. Hér hefur ríkt óðaverðbólga, þótt verðlag innflutnings hafi einungis hækkað um 5—6% á ári s.l. 3 ár. Afleiðingarnar eru m. a. þær, að forsvarsmenn allra aðalatvinnuvega þjóðarinnar gera nú kröfur um sérstakar efnahagsráðstafanir til að tryggja áframhaldandi rekstur.

Þetta er árangurinn af stjórnarsamstarfi Sjálfstfl. og Framsfl. á kjörtímabilinu. Ríkisstj. þessara flokka er nú að afgreiða fjórðu fjárl. sín, nær fimm sinnum hærri að krónutölu en fjárl. ársins 1974, 55.1% hærri en núgildandi fjárl., en það mun vera mesta hækkun fjárlaga milli ára sem átt hefur sér stað nokkru sinni, ef undan er skilin afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1975. Fjárl. hækka nú á einu ári um 50 milljarða kr. eða um nokkru hærri upphæð en nemur heildarupphæð fjárl. fyrir árið 1975, fyrir aðeins þrem árum.

Þessi þróun er síðan básúnuð út í málgagni hæstv. fjmrh. sem árangur sérstakrar aðhaldsstefnu í fjármálum ríkisins. Það er síst að undra þótt skattþegnar í landinu segi: Heyr á endemi. Jafnvel borgarstjórnin í Reykjavík, sem ekki er ýkjafræg fyrir aðhaldssemi í útgjöldum, lætur sér nægja um 38% hækkun tekna í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og styðst við óbreytta tekjustofna, þegar hæstv. fjmrh. dugar ekki minna en 55% hækkun og lætur samþykkja stórfelldar nýjar skattálögur til að standa undir útþenslunni í ríkisrekstrinum.

Einkenni þeirra fjárlaga, sem nú er verið að samþykkja og eru um 50 milljörðum kr. hærri en núgildandi fjárl., eru hin sömu og hinna þriggja sem núv. ríkisstj. hefur staðið að: Heildarhækkun umfram almenna verðlagshækkun í landinu, nýjar skattaálögur, niðurskurður verklegra framkvæmda og enn aukinn þáttur rekstrarliða.

Miðað við þær þjóðhagsforsendur, sem fjárl. næsta árs eru byggð á, mun hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu verða hærra á næsta ári en í ár og einnig hærra en á árinu 1976, enda þótt þjóðarframleiðsla hafi aukist um 4.2% 1977 og muni samkvæmt þjóðhagsspá aukast um 3.5 — 4% á næsta ári. Samkvæmt nýjustu forsendum væntanlegra fjárlaga og niðurstöðutölum útgjaldahliðar munu ríkisútgjöld á næsta ári verða hærra hlutfall þjóðartekna en áður hefur þekkst, ef undan eru skilin árin 1974 og 1975, en þjóðarframleiðsla á næsta ári er áætluð 8.5% meiri en 1974.

Ef hugað er að útþenslunni í skattheimtu ríkissjóðs með því að bera saman, hve mörg árslaun verkamanna fyrir 8 klst. vinnu í 50 vikur á ári hefur þurft á ári hverju miðað við kauptaxta verkamanna á viðkomandi ári, kemur í ljós, að árið 1974 námu slík árslaun verkamanna 533 þús. kr., en skattheimta ríkisins nam

35.8 milljörðum kr. Það þurfti því um 67 200 árslaun á verkamannataxta til að standa undir skattheimtunni. Á árinu 1977 nema árslaunin 1310 þús kr., en skattheimta ríkisins mun nema um 96.5 milljörðum. Í ár þarf því um 74 800 árslaun á móti 67 200 1974. Skattheimta ríkisins jafngilti á árunum 1972—1974, að báðum meðtöldum, 66 900 árslaunum verkamanns fyrir 8 klst. vinnudag, en á árunum 1975 — 1977 72 800. Það er því sama hvernig málið er skoðað, útþenslan er staðreynd.

En samtímis síaukinni skattheimtu og útþenslu fjárlaga umfram verðlags- og launaþróun hafa hinir veigamestu þættir verklegra framkvæmda rýrnað. Ef miðað er við byggingavísitölu annars vegar í nóv. 1973 og hins vegar í nóv. 1977 og fjárveitingar á fjárl. 1974 og á þeim fjárlögum, sem hér er verið að afgreiða, ætti t. d. framlag til byggingar grunnskóla að nema um 2700 millj. kr. á næsta ári í stað 1376 millj. kr. Upphæðin þyrfti að hækka um ríflega 96% til þess að vera jafngild. Framlag til iðnskóla þyrfti að vera 103 millj. í stað 63 millj., framlag til hafnarmannvirkja sveitarfélaga um 1530 millj. kr. í stað 1170, og voru þó 1974 að auki veittar fjárveitingar að jafngildi um 1360 millj. kr. á verðlagi í dag til sérstakra hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði.

Þegar ríkisstj., sem styðst við 70% þm., er að skila af sér í einhverju mesta góðæri, sem þjóðin hefur lifað, einhverjum hagstæðustu ytri aðstæðum, sem hér hafa þekkst, er árangurinn þessi: Hér ríkir óðaverðbólga og efnahagsöngþveiti samtímis því sem innflutningsverðlag hefur aðeins hækkað um 5-6% á ári s.l. þrjú ár.

Þrátt fyrir síaukna skattheimtu og hagstæðari ytri aðstæður en skattheimtan var miðuð við hækkar sífellt skuld ríkissjóðs við Seðlabankann og vaxtagreiðslur vegna þessara skulda munu nema 4700 millj. kr. á því kjörtímabili sem nú er að ljúka, eða 40% hærri upphæð en framlög ríkissjóðs hafa verið til hafnarframkvæmda sveitarfélaga á þessum sama tíma.

Þrátt fyrir hærra hlutfall ríkistekna af þjóðarframleiðslunni en áður og sívaxandi skattheimtu miðað við þróun verðlags og launataxta minnkar sífellt framlag ríkisvaldsins til stuðnings sveitarfélögum við uppbyggingu hinna mikilvægustu framkvæmdaþátta. Þrátt fyrir síaukin framleiðsluverðmæti í sjávarútvegi vegna aukinnar framleiðslu og hæsta afurðaverð, sem þekkst hefur, er stjórnarstefnan að valda stöðvun fiskvinnslunnar svo sem í öðrum atvinnuvegum í landinu. Þegar slíkt skipbrot blasir við, algjört efnahagslegt öngþveiti í einu mesta góðæri sem þjóðin hefur lifað, grípa stjórnarflokkarnir til einnar afsökunar fyrir ófarnaðinum: kaupgjald hafi hækkað langt umfram verðmætaaukningu. Þetta er hin gamalkunna skýring atvinnurekendaflokka á öllum efnahagsvanda. Sú staðhæfing út af fyrir sig, að launaþátturinn megi ekki aukast umfram verðmætaaukningu á sama tíma, felur í sér eftirlætiskenningu og grundvallarboðskap kapitalismans um að friðhelgi gróðans sé grundvöllur og undirstaða þjóðfélagsins og að skerfur launafólks af þeim þjóðartekjum, sem fást fyrir störf þess, sé endanlega og eiliflega afskammtaður af náð og miskunn atvinnurekenda og ríkisstjórnar þeirra. Það er hvorki staður né stund til að ræða þann boðskap hér, en sú skýring, að allt hafi farið í öngþveiti í góðærinu vegna þess að laun hafi hækkað umfram verðmætasköpun, er hið mesta öfugmæli.

Ef athugaður er kaupmáttur kauptaxta, þar sem saman eru vegnir kauptaxtar verkafólks, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks og opinberra starfsmanna, kemur fram af tölum Þjóðhagsstofnunar að kaupmáttur þessa kauptaxta er lægri nú á árinu 1977 og verður lægri á næsta ári en á hvoru árinu 1972 og 1973 fyrir sig. Hér er ekki verið að miða við kaupmátt launa eftir launahækkunina 1974, heldur við tvö næstu ár þar á undan, taxtana áður en launahækkunin varð vorið 1974. Sé kaupmáttur kauptaxta settur sem 100 1972 var hann 101.1 1973, en verður einungis 91.4 á þessu ári og 96.8 á næsta ári, þegar komnar eru að fullu fram allar þær umsömdu kauphækkanir, sem nú er gert sem mest úr í málgögnum stjórnarflokkanna og þar talið að hafi verið svo miklar að þær hafi sett allt efnhagskerfið úr böndum. Staðreyndin er sú, að kauptaxtar hafa ekki á þessu ári og munu ekki á næsta ári ná kaupmátti áranna 1972 og 1973, þegar þjóðarframleiðslan og þjóðartekjurnar voru þó lægri en nú.

Ef athuguð er þróun þjóðartekna á mann afraksturinn af þjóðarbúinu, kemur í ljós, að séu þjóðartekjur á mann taldar 100 1972 verða þær 110.8 á þessu ári og 114 á næsta ári samkvæmt þeim þjóðhagsforsendum sem fjárlagaafgreislan er byggð á. Þetta þýðir, að samtímis því að þjóðartekjur á mann hafa frá árinu 1972 til loka þessa árs aukist um 10.8% hefur kaupmáttur samanvegins kauptaxta launafólks lækkað um 8.6%. Ef kaupmáttur kauptaxta hefði breyst í réttu hlutfalli við þjóðartekjur á mann ætti kaupmátturinn nú að vera 21.1% hærri en hann er eftir þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið í ár. Sé miðað við árið 1973 er kaupmáttur kauptaxta í ár 9.6% lægri en 1973, en þjóðartekjur á mann hafa hækkað um 2.6% á sama tíma.

Nú eru ekki allar umsamdar kauphækkanir komnar fram og e. t. v. kynnu einhverjir að halda að þetta snúist við á næsta ári. En hvað sýnir sú þjóðhagsspá sem byggt er á í fjárlagaafgreiðslunni sem hér fer fram nú? Hún sýnir að þegar komnar verða fram allar umsamdar grunnkaupshækkanir, verðbótahækkanir og þær verðlagsbreytingar, sem reiknað er með, verður kaupmáttur kauptaxta enn 3.2% lægri en 1972 og 4.3% lægri en 1973. Þjóðartekjur á mann verða hins vegar 14% hærri en 1972 og 5.6% hærri en 1973. Þegar þjóðartekjur á hvert mannsbarn í landinu hafa aukist um 14% árið 1978 frá árinu 1972 hefur kaupmáttur launataxta lækkað um 3.2% á sama tíma, og verða þá allar umsamdar launahækkanir ásamt verðlagsbótum komnar fram.

Ef kaupmáttur kauptaxta hefði tekið sömu breytingum og þjóðartekjur á mann frá 1972

til loka ársins 1978 ætti kaupmátturinn að vera 17.8% hærri en hann verður þrátt fyrir þessar umtöluðu kauphækkanir.

Sú kenning stjórnarflokkanna og sú afsökun, sem þeir hafa helst haft á lofti fyrir ófarnaðinum í efnahagsmálum þjóðarinnar í góðærinu, að launafólk hafi aukið svo mjög hlut sinn miðað við vinnuframlag, stenst því ekki, heldur hefur þróunin verið þveröfug. Þjóðartekjur á mann hafa aukist á sama tíma og kaupmáttur launataxta hefur minnkað, hvort sem miðað er við árið 1972, 1973 eða 1974 og þótt reiknað sé með öllum kauphækkunum, sem um hefur verið samið á þessu ári, og þeim sem eiga eftir að koma fram á næsta ári.

Því síður verður þróun innflutningsverðlags kennt um. Verðhækkun innflutningsvöru hefur verið tiltölulega lítil miðað við verðhækkun innanlands. Verðhækkanir innanlands eru 5-6 sinnum meiri á ári en nemur breytingum á innflutningsverði í erlendum gjaldeyri. En eins og áður hefur verið getið hefur verð innflutningsvöru einungis hækkað um 5—6% á ári s.l. þrjú ár á móti 36% árið 1974. Þegar verðbreytingar innanlands eru nú 5—6 sinnum meiri en hækkun innflutningsverðlags geta landsmenn séð og gert sér í hugarlund, hvað mundi gerast í því efnahagsástandi sem nú ríkir, ef innflutningsverð hækkaði um 36% í erlendum gjaldeyri á einu ári, eins og gerðist árið 1974, í stað 5—6%, eins og verið hefur s. l. þrjú ár.

Nei, ófarnaðurinn í efnahagsmálum í góðærinu, óðaverðbólgan og ógöngur í ríkisfjármálum verða ekki rakin til neins annars en markvissrar verðbólguræktunar hæstv. núv. ríkisstj.

Allar ráðstafanir og aðgerðir stjórnarflokkanna í efnahagsmálum og almennt í málefnum ríkissjóðs hafa verið þess eðlis, að þær hafa beinlínis kynt undir verðbólgunni og hafa jafnan valdið meiri vanda en leystur hefur verið. Hér má nefna, að til að standa undir litt skipulagðri fjárfestingu hafa gengdarlaust verið tekin erlend lán svo að greiðslubyrði þjóðarinnar hefur aldrei verið jafnmikil, en engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja heilbrigðan sparnað inanlands. Fyrirtæki hafa í mjög stórum stíl sloppið við alla skattgreiðslu, en afrakstri þeirra verið varið í hvers kyns verðbólgufjárfestingu. Í óðaverðbólgunni leitar það fjármagn almennings, sem er umfram daglega neyslu, í hvers kyns verðtryggingafjárfestingu, í steinsteypu og varanlegum neysluvörum.

Þjónustugjöld opinberra stofnana hafa hækkað langt umfram almennt verðlag í landinu. Vextir hafa verið stórhækkaðir og keðjuverkunin í óðaverðbólgunni kallar sífellt á nýjar vaxtahækkanir. Þrátt fyrir að framlög til nauðsynlegustu samfélagslegra framkvæmda hafi að raungildi jafnt og þétt verið skorin niður á fjárl. hefur stjórnarflokkunum ekki tekist að sjá um ríkisbúskapinn með þeim tekjustofnum sem ríkissjóður byggði á þegar þessir flokkar tóku við völdum, og hafa þjóðartekjur þó aukist á tímabilinu og þeir tekjustofnar því gefið meira af sér en áður. Sífellt hefur verið bætt við nýjum tekjustofnum og skattheimtan aukin.

Fyrsta verk hæstv. ríkisstj. var að hækka söluskatt. Síðan hefur hver skattaaukningin rekið aðra. Viðlagasjóðsgjald, sem jafngilti 2 söluskattstigum og ætlað var til að mæta skakkaföllum af völdum náttúruhamfara, hefur verið hirt í ríkissjóð til að mæta skakkaföllum af óstjórninni í ríkisfjármálum. Mestur hluti olíugjalds hefur verið hirtur í ríkissjóð. Sérstakt vörugjald var lagt á til bráðabirgða, það er nú fastur tekjustofn og mun nema nær 6000 millj. kr. á þessu ári. Þetta gjald veltir síðan upp á sig álagningu í smásölu og heildsölu og söluskatti ofan á allt saman. Lagt hefur verið á sérstakt sjúkratryggingagjald, sem nemur í ár tæpum 2000 millj. kr. og er nú fest í skattheimtukerfinu með ákvörðun stjórnarflokkanna um tvöföldun þess á næsta ári.

Öll hefur þessi verðbólguræktun hæstv. ríkisstj. borið þann árangur sem nú blasir við: Óðaverðbólga þrátt fyrir að innflutningsverð hafi hækkað mjög lítið. Gengi krónunnar hefur verið fellt og valdið stórfelldum verðhækkunum. Óðaverðbólgan innanlands og aukinn tilkostnaður umfram jafnvel hina miklu verðhækkun og verðmætisaukningu útflutningsafurða hefur síðan orðið stjórnvöldum tilefni til stöðugs gengissigs og víxlhækkunum í verðlagsmálum verði þannig tryggilega haldið í fullum gangi.

Öll hefur þessi ráðsmennska svo leitt til þess, að nú ríkir hér efnahagsöngþveiti og upplausn í hinu mesta góðæri sem þjóðin hefur notið og fjárlög hækka nú á einu ári um 50 milljarða kr. eða um 55.1%. Þau eyðingaröfl verðbólgunnar, sem hæstv. ríkisstj. hefur ræktað með stefnu sinni og ráðstöfunum, koma í veg fyrir að svo stórfelldur búhnykkur sem þjóðinni hefur hlotnast vegna stórhækkaðs afurðaverðs og aukins sjávarafla dugir ekki til þess að halda í horfi kaupmætti launataxta, heldur hefur raungildi launa beinlínis rýrnað frá árunum 1972, 1973 og 1974, né heldur hefur þessi búhnykkur nýst þjóðinni til aukinna samfélagslegra framkvæmda, heldur dragast þær sífellt saman.

Nú þegar verðlag útflutningsvöru og heildarafli er í hámarki stendur hæstv. ríkisstj. frammi fyrir afleiðingum stefnu sinnar og kemur ekki saman fjárlögum nema með enn nýrri skattheimtu. Til að brúa það bil, sem talið er vera milli tekna- og gjaldhliða fjárlagafrv. eftir endurmat á forsendum þess, er lagt til að lækka útgjöld um 3.7 milljarða króna. Þar af er helmingur leiðrétting á ofáætlun liðarins önnur laun og kemur fram í minni hækkun launaliða en ella. Þá er slegið á frest greiðsluhluta vanskilaskulda ríkisins við lífeyrissjóði, en sú skuld mun nema um 1100 millj. kr.

Af beinum lækkunum áður áætlaðra framlaga úr ríkissjóði ber hæst lækkun framlags til Byggðasjóðs um 330 millj. kr. Þá hafa stjórnarflokkarnir valið ákveðinn hóp manna sérstaklega til að taka á sig að spara ríkissjóði 500 millj. kr. á næsta ári. Þar er um að ræða sjúklinga sem þurfa á sérfræðiþjónustu eða lyfjum að halda. Útgjöld þessa fólks eru aukin um hálfan milljarð króna á næsta ári. Það, sem á vantar að endar nái saman, er fengið með nýrri skattheimtu og enn frekari skuldasöfnun ríkissjóðs með þeim hætti, að ríkissjóður aflar sér

vaxtalauss lánsfjár með skyldusparnaði gjaldenda sem hafa tekjur yfir ákveðnu marki. Þá er sjúkratryggingagjald, sem áður var lagt á til bráðabirgða, tvöfaldað og fest í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Flatur tekjuskattur til ríkissjóðs, 3800 millj. kr. á næsta ári, er hér festur í sessi, eins konar ríkisútsvar, og þar farið inn á tekjuöflunarsvið sveitarfélaganna. Þessi ákvörðun hæstv. fjmrh. í tekjuskattsmálum er athyglisverð þegar höfð eru í huga margendurtekin fyrirheit hans um lögfestingu nýrra og endurbættra tekjuskattslaga.

Við 3. umr. um fjárl. haustið 1974 sagði hæstv. ráðh., að starfshópur mundi skila valkostum í tekjuskattsmálum vorið 1975 og unnt yrði að taka endanlega ákvörðun um ný tekjuskattslög í síðasta lagi á þingi 1975—1976. Þessar hugmyndir um tekjuskattsálagningu voru sendar þingflokkunum vorið 1976, ári síðar en heitið var, og því þá lýst yfir, að þær yrðu lagðar fyrir í frv.-formi á því sama vori. En frv. var svo loks flutt á síðasta þingi eftir áramót og aldrei afgreitt og hefur ekki sést síðan.

Þessi hrakfallasaga loforða um ný tekjuskattslög er með endemum, ekki síst þegar það er haft í huga, að hæstv. núv. fjmrh. flutti á síðasta þingi áður en hann tók við embætti frv. um ný tekjuskattslög, þar sem gert var ráð fyrir mjög verulegri lækkun ríkistekna með niðurskurði tekjuskatts. Nú þegar kjörtímabilinu er að ljúka og ekkert bólar á tekjuskattsfrv. kemur hæstv. ráðh. með till. um aukna tekjuöflun til ríkissjóðs með þeim hætti að tvöfalda þann flata tekjuskatt sem sjúkratryggingagjaldið er. Álagning tekjuskatts með þeim hætti gengur þvert gegn því sem fulltrúar Sjálfstfl. hafa haldið fram að væri stefna flokks þeirra í tekjuskattsmálum, að hann sé ekki lagður á almennar launatekjur eða a. m. k. ekki á það sem kalla mætti þurftartekjur. Ljóst er að sá flati tekjuskattur, sem sjúkratryggingagjaldið er, er lagður á miklu lægri tekjur einstaklinga en hinn almenni tekjuskattur, og við álagningu sjúkratryggingagjalds greiða hinir tekjulágu jafnháa skattprósentu og hinir tekjuháu og ekkert tillit er tekið til fjölskyldustærðar. Við álagningu á þessu ári greiða 58 110 aðilar tekjuskatt en 95 577 greiða sjúkratryggingagjald, þ. e. a. s. á 37 467 gjaldendur, sem höfðu lægri tekjur en svo að þeir greiddu tekjuskatt, er í ár lagt sjúkratryggingagjald. Og enda þótt nú hafi verið gert ráð fyrir lagfæringum á ákvæðum laga um sjúkratryggingagjald frá ákvæðum frv. varðandi álagningu á lífeyrisþega, þá verður mikill munur á fjölda þeirra, sem greiða almennan tekjuskatt, og hinna, sem greiða hinn flata tekjuskatt, sjúkratryggingagjaldið.

Það er eftirtektarvert um stefnu stjórnarflokkanna, að þegar gjöld á sjúklinga eru hækkuð um 500 millj. kr. og tvöfaldaður er sá tekjuskattur, sem leggst á fjölda einstaklinga sem hafa lægri tekjur en svo að þeir greiði tekjuskatt, þá eru engar ráðstafanir gerðar gagnvart þeim 1600 fyrirtækjum sem velta um 160 milljörðum kr., en greiða engan eða svo til engan tekjuskatt til ríkisins. Þessi fyrirtæki, sem veltu á árinu 1976 meira en tvöfalt hærri upphæð en ríkissjóður, greiða engan eða nær engan tekjuskatt til ríkisins, og fyrirtækin greiða ekkert útsvar. Og engar till. eru gerðar um að af þeim verði neins frekar krafist nú. Það er því næsta fróðlegt, að á næsta ári er gert ráð fyrir að til viðbótar því, sem einstaklingar greiða í almennan tekjuskatt, greiði þeir í flatan tekjuskatt, sjúkratryggingagjald til ríkissjóðs, sem er 700 millj. kr. hærri upphæð en öll fyrirtæki í landinu eiga að greiða samtals í tekjuskatt til ríkissjóðs.

Með tvöföldun sjúkratryggingagjaldsins nær ríkissjóður viðbótartekjum að upphæð nálega 2000 millj. kr. á næsta ári, og öðrum 2000 millj. nær ríkissjóður af einstaklingum með því að miða skattvísitölu við breytingar á framfærslukostnaði, en ekki á breytingar á meðallaunum, eins og gert hefur verið undanfarin ár, þegar framfærsluvísitala hefur hækkað meira en laun. Ég rakti það við 1. umr. um fjárlagafrv., að hæstv. núv. fjmrh. og hæstv. núv. félmrh. hafa á Alþ. lagt áherslu á þá stefnu, að skattvísitölu eigi að miða við breytingu meðaltekna, og þeirri reglu hefur verið beitt þar til nú, að blaðinu er snúið við þegar það reynist ríkissjóði hagkvæmara að miða við framfærsluvísitölu, en ekki við breytingu meðaltekna.

Minni hl. fjvn. flytur ásamt hv. 5. þm. Vestf. till. um að skattvísitala skuli við álagningu á tekjur ársins 1977 miðuð við breytingar á meðaltekjum á árinu, þ. e. a. s. hækki um 42%.

Tillaga stjórnarflokkanna um að auka álagningu tekjuskatts á einstaklinga um nær 4 milljarða kr. umfram áhrif kaupgjaldsbreytinga gengur þvert gegn þeim fyrirheitum sem hæstv. ríkisstj. gaf verkalýðssamtökunum s. l. vor um að auka kaupmátt launa með því að draga úr álagningu beinna skatta. Þær ráðstafanir, sem fyrr voru gerðar í þá átt, eru með þessum aðgerðum teknar til baka og miklu meira en það. Sú aukna skattheimta, sem stjórnarflokkarnir standa nú fyrir til að ná endum saman á fjárl., er sama marki brennd og fyrri skattheimturáðstafanir þessara flokka: Hún bitnar harðast á þeim sem minnstar hafa tekjurnar og þyngstu framfærslubyrðina. En gróðafyrirtækjum er með öllu sleppt. Hálft annað þúsund þeirra greiða ekkert eða svo til ekkert í tekjuskatt. Þau koma afrakstrinum undan með afskriftum og skattfrjálsum varasjóðstillögum. Ríkisútvarpið, hinn nýi flati tekjuskattur, kemur ekki við þau. Þeim er ekki einu sinni ætlað að greiða skyldusparnað. Engar ráðstafanir eru heldur gerðar til að fylgjast betur með söluskattsskilum þeirra. Heimilt er þó að lögum að nota til þess sérstaka peningakassa þar sem stimpluð væru inn söluskattsviðskipti, en sú heimild er ekki notuð. Það munar þó ekki svo lítið um hverja prósentu sem ekki er skilað af söluskatti. Ef sá söluskattur, sem skilað er, væri t. d. 95% af því sem raunverulega er innheimt af viðskiptavinum, þá vantaði nær 2 800 millj. kr. upp á full skil. En jafnvel heimild í lögum til að fylgjast betur með þessum skilum er ekki notuð. Skattheimta af sjúklingum og af launum almennings er stjórnarflokkunum nærtækari.

Samtímis aukningu skattheimtu með beinum sköttum við afgreiðslu fjárl. er gert ráð fyrir verulegum hækkunum á þjónustugjöldum ríkis-

stofnana. T. d. er við það miðað í rekstraráætlun Pósts og síma, að afnotagjöld hækki um 40% 1. febr. n. k. og um 12% þar á ofan síðar á árinu, eða alls um 57% á næsta ári.

Eins og áður hefur verið rakið, eru ytri aðstæður nú hagstæðari þjóðinni en nokkru sinni fyrr. Þjóðartekjur á mann eru í ár nær 11% hærri og verða á næsta ári 14% hærri en 1972, ef svo fer sem spáð er. Kaupmáttur kauptaxta er á hinn bóginn lægri í ár og verður á næsta ári lægri en 1972. Þrátt fyrir allt þetta hefur stjórnarstefnan leikið efnahagskerfið og hag ríkissjóðs svo, að nú er lagt til við afgreiðslu fjárlaga að auka enn skatta, en skera niður samfélagslegar framkvæmdir.

Við þessa fjárlagaafgreiðslu er verið að láta almenning greiða þann hluta reikningsins af óstjórninni í efnahagsmálum sem varðar kostnaðinn við að kækja saman fjárl. fyrir næsta ár. Annar vandi efnahagslífsins er eftir skilinn. Þó svo vel ári, að verðlag og magn útflutnings sé í algjöru hámarki, hefur ráðsmennska hæstv. ríkisstj. og verðbólgurækt hennar undanfarin ár valdið því, að nú eru gerðar kröfur um aðstoð við alla aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Það hefur komið fram við fjárlagaafgreiðsluna, að þrátt fyrir álögurnar, sem hér er verið að samþykkja, og þá rýrnun kaupmáttar launa, sem þær valda, er gert ráð fyrir nokkuð annarri verðlagsþróun en núverandi aðstæður gefa tilefni til. Augljóslega er því gert ráð fyrir enn frekari aðgerðum. T. d. er upplýst að verð erlends gjaldeyris muni á næsta ári hækka um 18%, en það er um 50% meiri hækkun en verður á þessu ári.

Aðferðir núv. stjórnarflokka við að leysa þann vanda, sem þeir hafa komið ríkissjóði í, liggur nú fyrir. Skattlagningin, sem gripið er til, bitnar einhliða á launafólki, og harðast er sótt að þeim sem minnst mega sín. Hugur þeirrar íhaldsstjórnar, sem nú fer með völd, stendur án efa til þess að leysa með svipuðum hætti þann vanda sem eftir er skilinn. Viðbrögð verkalýðssamtakanna og þeirra stjórnmálaafla, sem styðja þau, munu ráða úrslitum um það, hvort sú aðför að hagsmunum launafólks tekst eða ekki.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hef raunar litlu við það að bæta sem þegar hefur verið sagt í þessum umr. af hálfu okkar stjórnarandstæðinga. Afstaða okkar til fjárlagafrv. og þeirra aðgerða, sem það frv. boðar, kemur fram í ítarlegu nál. sem dreift hefur verið fyrir þessa umr. og frsm. minni hl. n., hv. þm. Geir Gunnarsson, gerði frekari grein fyrir henni í ræðu sinni áðan. Þá hefur einnig komið fram nú að undanförnu afstaða okkar stjórnarandstöðuþm. til þeirra örþrifaráða, sem ríkisstj. greip til svo að hún megi koma fjárl. saman, en þau örþrifaráð hafa verið lögð fyrir þingið nú milli 2. og 3. umr. fjárl. og hafa verið til umfjöllunar í þd. að undanförnu.

Í afstöðu okkar minni hl. í fjvn. við 2. umr. kom fram, að afgreiðsla fjárl. væri með nokkuð óvanalegum hætti að þessu sinni. Að vísu er það ekki nýtt, að bíða þurfi eftir till. ríkisstj. þangað til síðustu dagana áður en fjárlög eru afgreidd. Hins vegar hafði það aldrei gerst áður, að fjvn. væri beinlínis neitað um upplýsingar um umfang vandans, þó að þær upplýsingar væru tiltækar hjá meiri hl. fjvn., eins og fram kom þegar nál. meiri hl. var dreift fyrir 2. umr. Á milli umr. hefur fjvn. hins vegar fengið þær upplýsingar, sem um var beðið, en ekki fengust fyrir 2. umr. Á allra síðustu dögum fjárlagaafgreiðslunnar hefur fjvn. sem slíkri því verið gert ljóst, hvert væri talið vera eðli og umfang þess vandamáls sem við væri að etja við gerð fjárl. Þær upplýsingar bárust svo seint að eingöngu var hægt að meðhöndla þær í n. sem frásögn, en alls ekki sem grundvöll til aðgerða og athugana af hálfu n. sjálfrar.

Minni hl. hefur því á allra síðustu dögum fengið að fylgjast með, en í raun réttri hefur honum ekki gefist neitt ráðrúm til afskipta af þeirri stefnumótun í ríkisfjármálunum sem felst í afgreiðslu fjárl. að þessu sinni. Afgreiðslan öll og sú stefna, sem þar er mörkuð, er því í einu og öllu afgreiðsla og stefnumörkun ríkisstj. og meiri hl. hennar hér á Alþ. og stjórnarandstaðan mun að sjálfsögðu haga afstöðu sinni í samræmi við það við lokaafgreiðslu málsins, sem væntanlega fer fram á morgun. Einstakar till., sem þm. stjórnarandstöðunnar kunna að bera fram nú við 3. umr., eru því ekki vottur þess, að þeir telji sig geta fallist á fjárlagaafgreiðsluna og heildarstefnu þá, sem í fjárl. er mörkuð, aðeins ef viðkomandi till. hljóta samþykki, heldur eru þær fluttar af hverjum og einum sem lokatilraun til þess að fá fram lagfæringar á einstökum áhugamálum viðkomandi þm. eða framfaramálum einstakra byggðarlaga.

Ég vil aðeins taka það fram, áður en ég skil við þetta mál, að það, sem sagt hefur verið af hálfu okkar stjórnarandstæðinga í fjvn. til þess að mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð hafa verið í n. á afgreiðslu fjárl., ber ekki að skilja sem svo, að því sé stefnt til hnjóðs samstarfsmönnum okkar í n. eða formanni n. Við þá höfum við átt gott og drengilegt samstarf um mörg mál, þó að skoðanir hafi að sjálfsögðu verið skiptar.

Vitaskuld er það ríkisstj. sem ræður þessum vinnubrögðum. Það er hún sem ræður því, hvaða upplýsingar eru veittar um ýmsa veigamestu þætti fjárlagagerðar og hvenær þær upplýsingar koma fram, og hæstv. ríkisstj. hefur ekki aðeins dregið okkur stjórnarandstæðinga á slíkum upplýsingum, heldur einnig fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni.

Afleiðingarnar hafa m. a. orðið þær, að n. hefur reynst ófært að fylgja þeim starfsreglum sem hún sjálf þó setti sér með samþykktum í upphafi. Þannig var ráðgert að sérstök undirnefnd fjvn. færi fyrir hönd n. rækilega í saumana á till. ríkisstj. um lánsfjáráætlun og kynnti síðan niðurstöður sínar á fundi n., eins og á við um fjöldamörg önnur mál sem undirnefndir eru kjörnar til að kanna. Þetta var hins vegar ekki gert. Undirnefnd fjvn. um lánsfjáráætlun hefur engan fund getað haldið og lánsfjáráætlunin sjálf því lítið sem ekkert verið rædd í n. Til þess hefur ekki gefist tími. Og ég vil taka það sérstaklega fram, að þar er ekki við meiri hl. n. að sakast. Meiri hl. var fyrir sitt leyti reiðubúinn til þess að ræða málið eins og sam-

þykktin um vinnubrögð n. gerði ráð fyrir. Hins vegar gat ríkisstj. ekki fullnægt þeim sameiginlegu óskum fjvn. sem komu fram í þessari afgreiðslu. Því hefur lánsfjáráætlunin, einn mikilvægasti þáttur í efnahagsstefnumótun ríkisstj. við afgreiðslu fjárl., farið nær athugunarlaust í gegnum fjvn., og eru þar þó fjölmörg atriði sem við fjvn.-menn hefðum gjarnan viljað spyrja um, en ekki gefist ráðrúm til að fá svör við.

En þetta er því miður ekkert einsdæmi. Það var einnig önnur n. sem kosin var í fjvn. og átti að fjalla um orkumál. Sú n. átti að fjalla um veigamikil atriði. Hún átti m.a. að fjalla um hvaða viðbrögð ætti að taka upp vegna ástandsins við Kröflu. Hún átti t.d. að fjalla um erindi ýmissa byggðarlaga um framkvæmdir í orkumálum, þ.á m. erindi stjórnar Orkubús Vestfjarða. Ýmis byggðarlög gerðu út sérstakar sendinefndir til þess að ræða slík mál við fjvn. og þá fyrst og fremst undirnefnd hennar. En undirnefnd fjvn. um orkumál hefur aðeins haldið einn fund. Hún hefur aðeins hlýtt á eitt erindi. Enginn annar fundur hefur verið boðaður í n., engar afgreiðslur á þeim nefndarfundi og engin till. um afgreiðslur þar gerð.

Meira slíkt væri hægt að telja upp, þó að ekki væru kjörnar formlega undirnefndir til þess að fjalla um slík mál. Þar mætti minnast á fjárfestingartillögur Pósts og síma, þar mætti minnast á málefni RARIK og Orkustofnunar o.fl., o.fl. sem lítill sem enginn tími hefur gefist til þess að ræða í fjvn. Og þessi afgreiðslumáti hefur oft tekið á sig broslegar myndir, svo sem leikurinn með óviss útgjöld í fjárlagafrv., en þau voru í upphafi áætluð 900 millj. kr., síðan var við skoðun talið fært að lækka þau um 200 millj., síðan var skoðað aftur og var talið fært að lækka þau um 400 millj. og loks var búið að koma þessari upphæð, sem upphaflega var áætluð 900 millj. kr., niður í 100 millj. eftir þrjár eða fjórar yfirferðir. Og ekki tók betra við á síðasta degi fjárlagaafgreiðslunnar, því að nú fyrir nokkrum klukkustundum barst fregn um það, að enn vantaði að taka tillit til ákveðinna atriða í sambandi við fjárlagagerð sem kostað gætu 200 millj. kr. Var þá ekki hægt að skera niður óviss útgjöld öllu frekar, svo að grípa varð til annarra ráðstafana í þeirra stað sem má ætla að sé álíka mikið að marka og niðurskurðinn á þessum útgjaldalið sem borið hefur heitið: Óviss útgjöld.

Forsendur fjárlagaafgreiðslunnar nú eru annars þær sömu og sett hafa svip sinn á allar fjárlagaafgreiðslur núv. hæstv. ríkisstj. þegar allt hefur verið komið í óefni nokkrum dögum áður en Alþ. hefur átt að fara í jólafrí hefur jafnan verið rokið til á síðustu stundu og samþykktar bráðabirgðatillögur um viðbótarálögur, nýja skattheimtu, sem ætlað var að gilda aðeins til bráðabirgða, en ekki reynst tök að fella niður. Þannig hafa fjölmargir nýir tekjustofnar, sem aðeins hafa átt að vera bráðabirgðaúrræði, verið teknir upp og reynst vera varanlegir tekjustofnar fyrir ríkissjóð. Þannig hefur t.d. við ákvörðun skattvísitölu ávallt verið valin sú leið í tíð núv. ríkisstj. að marka hana þannig, að hlutfall beinna skatta af tekjum aukist miðað við ráðstöfunartekjur þegar verðlagshækkun hefur verið meiri en kauphækkun, eins og verið hefur undanfarið við fjárlagaafgreiðslu. Þá hefur skattvísitalan verið hækkuð í samræmi við áætlaða meðaltalshækkun launa með þeim afleiðingum, að samverkandi áhrif verðhækkana og ákvarðanan um skattvísitölu hafa leitt til þess, að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur lækkað. Nú er spáð, að þetta snúist við, að kauphækkun á yfirstandandi ári verði 42—43%, en almennar verðlagshækkanir hins vegar 31% eða um það bil. Þá er umsvifalaust snúið við blaðinu og skattvísitalan ákveðin til samræmis við verðhækkunarspár. Afleiðing af þessum skollaleik við skattborgarana á þessu eina ári, árinu 1978, er aukning á tekjuskattsheimtu sem nemur 2000 millj. kr. Með slíkum aðferðum er lagður á aukinn tekjuskattur um 2000 millj. kr.

Vörugjald var, eins og menn muna, upphaflega lagt á með brbl. Að vísu heitir það enn „tímabundið vörugjald“ í lögum, þótt búið sé að endurnýja gjaldið tvívegis og eigi nú að gera það í þriðja sinn. Hér er því ekki lengur um tímabundna skattheimtu að ræða eins og áformað var í upphafi, heldur varanlegan skattstofn, sem ekki var til áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, en hún hefur búið til. Á næsta ári mun aðeins þessi eini nýi skattur skila ríkissjóði 6000 millj. kr. í tekjur. Ofan á þær tekjur bætast svo tekjur af auknum söluskatti sem ríkissjóður hefur beinlínis af vörugjaldinu, en söluskattur kemur ofan á vörugjald, eins og kunnugt er. Má því reikna með að tekjur ríkissjóðs af vörugjaldinu, bæði í formi vörugjalds og söluskatts, nemi ekki lægri fjárhæð en 7000 millj. kr. En gjaldabyrðin á vörukaupendur á Íslandi er meiri en þessu nemur, því að hæstv. viðskrh. hefur heimilað heildsölum og smásölum að leggja heildsölu- og smásöluálagningu sína ofan á vörugjaldið, þannig að vöruseljendur hafa beinlínis hagnast um stórfé á þessari nýju tekjuöflun ríkissjóðs. Ef áætlað er varlega má gera ráð fyrir að aukin gjaldabyrði á neytendur í þessu þjóðfélagi sé ekki minni en um 9000 millj. kr., ef allt er tínt til sem fylgir vörugjaldsheimtunni.

Ég hef tvívegis gert tilraun til að fá þessu breytt með því að flytja brtt. við afgreiðslu frv. um vörugjald, þess efnis, að ekki væri heimilt að leggja heildsölu- og smásöluálagningu ofan á vörugjaldið. Þessi till. hefur í hvorugt skiptið fengist afgreidd, en í bæði skiptin hefur hæstv. viðskrh. haft góð orð um að hann mundi beita sér fyrir því, að þetta yrði sérstaklega athugað. Hvort sem sú athugun hefur farið fram eða ekki, þá er niðurstaðan allténd sú, að engu hefur verið breytt og heildsölum og smásölum í landinu verið leyft að hagnast um þúsundir millj. á þessari nýju skattheimtu ríkissjóðs. Er það auðvitað fráleitt, að þó að ríkissjóður þurfi á meiri tekjum að halda, þá sé þannig farið að við þá tekjuöflun, að ákveðnir aðilar í þjóðfélaginu hagnist talstvert og jafnvel stórkostlega á slíkum tekjuöflunaraðferðum ríkissjóðs.

Annað nýtt gjald, sem lagt hefur verið á, er sjúkratryggingagjaldið sem fyrst var lagt á í fyrra. Þá var það miðað við 1% álag ofan á útsvarsgjaldstofn og átti aðeins að vera tak-

markað gjald. Nú hefur það verið hækkað í 2%, og er áætlað að það skili ríkissjóði um 3800 millj. kr. á einu ári. Hér er um að ræða algerlega nýja tekjuöflunarleið, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson tók fram áðan, raunar um að ræða ekki aðeins nýjan tekjustofn, heldur tekjustofn sem áður hefur verið einskorðaður við sveitarfélög. Hér er um að ræða ríkisútsvar, brúttóskatt, veltuskatt ofan á almenn laun í landinu, sem kemur þeim verst sem hafa minnstar tekjur.

Þá hefur söluskattur verið hækkaður á tímabilinu, eins og tekið var fram, viðlagasjóðsgjald tekið í ríkissjóð og jafnframt ríflegur hluti oliugjalds.

Samanlagt nema þessar viðbótarálögur ekki lægri fjárhæð en um 17 000 millj. kr. aðeins á næsta ári. Skattheimta ríkissjóðs hefur verið aukin sem því nemur á ársgrundvelli á tímabili núv. hæstv. ríkisstj.

Síðasta ríkisstj. var harðlega gagnrýnd á sínum tíma fyrir fjármálabúskap sinn, m. a. af þeim stjórnmálaflokki sem hefur forustu núv. ríkisstj. En núv. hæstv. ríkisstj. undir forustu Sjálfstfl. hefur svo gersamlega slegið öll fyrri met í gegndarlausum álögum og óráðsíu í ríkisfjármálum, að ef hún hefði látið sér nægja þá tekjustofna, sem síðasta ríkisstj. hafði, væru samanlögð skattgjöld landsmanna a. m. k. 17 þús. millj. kr. lægri á næsta ári en þau eru í fjárlagafrv., og er þá varlega áætlað, því að þá er eftir að reikna með fleiri aukasporslum, svo sem leyfisgjöldum á gjaldeyri, hækkun á innflutningsgjaldi af bílum, bensíngjaldshækkun, tilsvarandi þungaskattshækkun og hækkun á fleiri gjöldum sem núv. ríkisstj. hefur ýmist lagt á eða hækkað í valdatíð sinni, að ógleymdri þeirri aðferð sem hún hefur innleitt með því að gera sjúkleika fólks að sérstakri tekjuöflunarleið með gjaldtöku af sjúklingum fyrir lyf og sérfræðiþjónustu. Þegar á þetta er horft, hvernig gjaldendum hefur verið íþyngt, er því ekki að furða þótt kjör landsmanna hafi farið versnandi þrátt fyrir nokkuð jafna aukningu þjóðartekna á mann frá ári til árs á árabilinu 1972—1978, að einu ári undanteknu, eins og fram kemur í nál. minni hl.

Tilraunir verkalýðshreyfingarinnar til að snúa þessari þróun við hafa umsvifalaust verið að engu gerðar af ríkisvaldinu. Dæmi um það er samkomulagið sem gert var í sumar um skattalækkanir.

Annað dæmi er sú forsenda fjárlagafrv. sem fram kemur í því, að eftir upplýsingum Þjóðhagsstofnunarinnar er ekki gert ráð fyrir að umsamdar kauphækkanir komi að fullu til framkvæmda á næsta ári, og samkv. upplýsingum sömu aðila hafa þær ráðstafanir, sem til þess þarf að gera, enn ekki að fullu komið fram, þannig að þær ráðstafanir, sem fluttar hafa verið inn á Alþ. á undanförnum dögum, eru ekki allt það sem koma skal til þess að rýra kjör launþega í þessu landi, heldur er eitthvað meira á leiðinni, það er eitthvað meira í pokanum við óbreyttir þm. fáum ekki enn að sjá.

En það er ekki aðeins í fjárlagaafgreiðslunni sjálfri, sem slík stefna eða stefnuleysi kemur fram. Það kemur einnig fram í ýmsum öðrum ráðstöfunum ríkisstj., t. d. í lánsfjármálum, en lánsfjáráætlun er afgreidd samhliða fjárlagafrv. Nú er gert ráð fyrir að öflun lánsfjár á næsta ári verði samtals 20 milljarðar. Bróðurparturinn af erlendum lánum, sem taka á, fer í afborganir og vexti af þegar teknum lánum. Það er sem sé komið svo, að til þess að fleyta þjóðinni yfir afborganir og vexti af lánum sem hún hefur þegar tekið erlendis, telur hæstv. ríkisstj. nauðsynlegt að bæta við nýjum erlendum lántökum, enda er ástandið orðið slíkt, að u. þ. b. 25% af gjaldeyristekjum landsmanna fara nú í vexti og afborganir, ¼ hluti af erlendu aflafé þjóðarinnar fer beinlínis í hendur útlendra banka, ¼ hluti af gjaldeyrisfjáraflandi atvinnuvegum og atvinnufyrirtækjum er starfrækt í þágu útlendra bankastjóra.

Sama máli gegnir um lántökuáætlanir hæstv. ríkisstj. á innanlandsvettvangi. Þar er m. a. gert ráð fyrir að breyta yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann í fast lán, svo að hægt sé að draga áfram á yfirdráttarreikning ríkissjóðs þar. Það er gert ráð fyrir að taka með valdboði mestalla þá peninga, sem lífeyrissjóðirnir, hinir frjálsu lífeyrissjóðir, hafa til ráðstöfunar og hafa gert það að verkum að hægt hefur verið að halda uppi nokkurri byggingarstarfsemi í landinu eftir að hið opinbera húsnæðismálakerfi hefur hrunið til grunna. Þessi stjórnsemi í lánsfjármálum, þessi verðbólgurækt, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson tók fram, hefur aftur á móti flutt með sér brask með bæði íslenskan og erlendan gjaldmiðil og hugarfarsmengun, sem hefur komið fram í ýmsum allalvarlegum atburðum í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Það mætti e. t. v. segja að það þyrfti ekki að kvarta svo ýkjamikið yfir því, þó að lán væru tekin, ef eitthvað kæmi í staðinn, ef eitthvað kæmi á móti sem skilaði þjóðarbúinu auknum tekjum. En lánin hafa ekki aðeins verið tekin til framkvæmda á borð við Kröflufram kvæmdirnar. Lánin á ekki aðeins að taka til kaupa á borð við kaupin á Viðishúsinu. Lánin hafa einnig verið tekin sem beinn eyðslueyrir fyrir ríkið og ríkisstofnanir, fyrir þau lán höfum við ekkert fengið í staðinn.

Ekki þarf að efa að ungir sjálfstæðismenn séu mjög vakandi í þjóðmálum og fylgist vel með hvað þar sé að gerast. Þeir eru án efa hollir sínum flokki, bæði safnaðarstjórn og flokkseigendafélagi og öllum öðrum. Það, sem helst er að frétta úr flokksstarfinu hjá þeim sjálfstæðismönnum nú, er að eftir þriggja ára stjórnarsetu hefur ungum sjálfstæðismönnum fallið slíkur ketill í eld, að þeir finna sig knúða til þess að taka upp sérstaka baráttu undir slagorðinu „báknið burt“. Þessa baráttu hafa þeir ekki talið þörf á að taka upp fyrr en nú, fyrr en ríkisstj. þeirra eigin flokks er búin að sitja að völdum í landinu á fjórða ár.

Þessir ungu sjálfstæðismenn líta sjálfsagt á baráttu sína fyrir „bákninu burt“ sem heilaga krossferð, til þess gerða að frelsa íhaldshugsjónina úr greipum óartarinnar, með svipuðum hætti og þegar Ragnar loðbrók frelsaði Þóru borgarhjört úr prísundinni með því að leggja að velli orminn ógurlega. En sá munur er á hinum rómantísku dagdraumum hinna ungu

sjálfstæðismanna og hinum óttalega veruleika, að framsókn íhaldsaflanna í þessa átt hefur orðið illa á í messunni. Þeir hafa nefnilega gert þau óttalegu mistök að fella Þóru borgarhjört, en ganga í eina sæng með lyngorminum ógurlega, sjálfu bákninu sem herförinni var stefnt gegn, og verður ekki betur séð en vel fari á með þeim hjónaleysum.

Það liggur að sjálfsögðu alveg ljóst fyrir, að ef á að stokka upp í ríkisfjármálunum, ef á að leggja til atlögu við þann óvætt sem ungir sjálfstæðismenn eru að lýsa í samþykktum sínum, þá verður það ekki gert með einhverjum örþrifaráðum sem gripið er til á síðustu dögum þings áður en Alþ. er sent í jólafrí. Þetta krefst talsvert mikils og langs undirbúnings, því að staðreyndin er sú, að um 90% á fjárl. gera sig sjálf, hin 10% eru ákvörðuð við fjárlagaafgreiðsluna undir lokin og eru eina svigrúm sem þá er eftir til þess að skera niður eða spara eða auka aðhald. Ef ætti að ganga til móts við þær kröfur að beita sparnaði og aðhaldi í ríkisrekstrinum, sem ekki hefur þekkst, þá verður að byrja á því verki miklu fyrr en hæstv. ríkisstj. hefur gert í stjórnartíð sinni. Þá verður að byrja á því að skoða ekki aðeins fjárlagagerðina sjálfa, heldur fjölmörg önnur lög og samþykktir sem ákvarða stórar upphæðir sjálfkrafa á fjárlögum hverju sinni. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert. Ég efa ekki að það kann að hafa verið fyrir hendi vilji hjá hæstv. ríkisstj. til að koma þessu í verk. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki skort viljann til þess að gera ýmislegt gott. En hana hefur skort getuna til að standa við fyrirheitin í þessum efnum eins og fjölmörgum öðrum. Þess vegna stendur hæstv. ríkisstj. nú uppi í síðasta skiptið á kjörtímabilinu, sem hún leggur fjárlög fyrir Alþ., stendur uppi sönn að því að hafa árlega á valdaferli sínum lofað mjög ítarlegum og rækilegum endurskoðunum á ýmsum mikilvægum þáttum fjárl., en af einhverjum ástæðum ekki getað efnt þau loforð, ekki enn, þó að komið sé fram á síðasta ár fyrir kosningar, en orðið að bregða í staðinn á það ráð að bera fram á hverju þingi nýjar till. og ný frv. um tímabundnar hækkanir á skattheimtu, sem í meðförum ríkisstj. hafa reynst verða nýir tekjustofnar til frambúðar. Og enn er bætt í þann belg að þessu sinni.

Frsm. samvn. samgm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Áratugum saman hafa samgn. beggja þd., 14 þm. alls, haft mjög náið samstarf um úthlutun þess fjár sem látið er renna til flóabáta og vöruflutninga. Ég ætla að þessi samvinna hafi reynst vel, a. m. k. þykir engum ráðum ráðið, svo að vel fari, á þessu sviði, nema ákvörðun sé um það tekin af báðum nefndum í einni málstofu, helst með shlj. atkv. þó að út af því kunni að bregða í einstöku tilvikum er samstarf nm. í samvn. samgm. yfirleitt með ágætum.

Það er venja að setja í fjárlagafrv. þá heildartölu flóabátafjár sem stendur í fjárl. hvers árs, en þessi tala hefur yfirleitt hækkað mjög verulega við þinglega meðferð málsins. Á fjárl. þessa árs er heildartalan 152 millj. 500 þús. kr. Svo sem kunnugt er er sú stefna yfirlýst við þessa fjárlagagerð, að styrkja beri fjárhag ríkissjóðs og stuðla með öllu móti að efnahagslegu jafnvægi, sporna við útþenslu ríkisbúsins og ríkisútgjalda, spara helst eitthvað svo að um muni og hætta að safna skuldum erlendis og innanlands. Um allt þetta er gott eitt að segja. En mjög margir fjárlagaliðir eru þó með því marki brenndir, að það er hægara sagt en gert að halda þeim í horfinu, halda þeim í skefjum, hvað þá lækka til stórra muna, ef veita á sambærilega þjónustu við það sem tíðkast hefur á liðnum áratugum.

Einn af þeim þáttum fjárlaga, sem jafnan stefna að mikilli hækkun árlega, eru þessi framlög til flóabáta og vöruflutninga. Fólkinu fjölgar, samskipti aukast og allir vilja og þurfa að komast leiðar sinnar, hvar á landinu sem þeir eiga heima. Þörfin til styrkja af þessu tagi er að vísu dálítið mismunandi eftir veðri og færð, ef svo má segja. Ég get sem dæmi nefnt hvernig eitt bréf, sem við fengum af Vestfjörðum, byrjar. Það hefst á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Heiðraða samvinnunefnd samgöngumála. Þeim gaf guð sem þurfti, varð mér að orði er ég fór að athuga hvernig síðasta styrk frá n. er varið, sem og leiddi til þessa bréfs. Var ég þá með í huga s. l. vetur, sem mætti kalla í annálum vetur hinn snjólausa."

Samvn. samgn. hafa að vanda borist mörg erindi sem um hefur verið fjallað á nokkrum fundum. Á nefndarfundi hefur verið venja á undanförnum árum að kalla forstjóra Skipaútgerðar ríkisins til þess að gefa ýmsar upplýsingar. Nú var sá háttur hafður á, að á fundina var kölluð n. manna, hin svokallaða flóabátanefnd, er samgrh. skipaði með bréfi, dags. 17. jan. 1977, til að gera athugun á rekstri og þjónustu flóabátanna. Þessa n. skipa eftirtaldir menn: Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgrn., og er hann formaður n., Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Tómas H. Sveinsson viðskiptafræðingur, Jón Helgason alþm., formaður samgn. Ed., og Friðjón Þórðarson alþm., formaður samgn. Nd. Alþ. Flóabátanefnd þessi hefur haldið marga fundi og safnað ýmsum gögnum, gert ýmsar athuganir, en hún hefur ekki enn þá lokið störfum til fulls.

Ég sagði að mörg erindi hefðu komið á borð okkar nm. Er þar fyrst að nefna hina stærri flóabáta, svo sem Herjólf, Akraborg, Baldur, Fagranes og Drang. Allir þessir bátar hafa sent umsóknir og ársreikninga og aðrar skýringar og gögn. Einnig hafa margir smærri aðilar sent umsóknir. Það eru aðallega þeir sem gera út snjóbifreiðar og önnur farartæki til vetrarflutninga á hinum ýmsu leiðum um gervallt landið. Umsækjendur að þessu sinni eru rúmlega 40 eða svipuð tala og undanfarin ár.

Það má segja að sameiginlegt sé flestum umsækjendum, sem halda uppi ferðum við óblíð skilyrði að mörgu leyti, að hagur þeirra er þröngur. Í þessar ferðir verður að hafa farartæki, sem á má treysta. Þau verða að vera sterkbyggð og þau eru þess vegna dýr, bæði í innkaupum og rekstri. En til þeirra verður oft að kalla fyrirvaralaust, ef bráðan vanda ber að höndum. Og ekki er um það að deila, að þau veita ákaflega mikilvæga öryggisþjónustu, sem í raun og

veru verður ekki metin til fjár, þó að mikið fé þurfi til að halda henni uppi.

Ég vil sérstaklega taka fram að fjárveitingar þær, sem hér er um að ræða, eru aðallega rekstrarstyrkir. Þó hefur verið talið rétt að reyna að veita nokkurn stuðning þegar um endurnýjun dýrra farartækja er að ræða og þar sem sérstök fjárhagsleg áföll hafa dunið yfir eða skuldabyrði er lítt bærileg að dómi nm. Allir slíkir styrkir eru einu nafni nefndir stofnstyrkir í þessu nál.

Nál. um framlög til flóabáta og fólks- og vöruflutninga frá samvn. samgm. er á þskj. 240. Verður nú í fáum orðum vikið að samgöngum þessum, eins og þeim er hagað í byggðum landsins, eins og venja hefur verið á undanförnum þingum.

Ég nefndi þá fyrst Norðurlandssamgöngur. Þar er Norðurlandsbáturinn Drangur, sem árum saman hefur annast ferðir og flutninga á Eyjafjarðarhafnir, gerður út frá Akureyri, fer um Hrísey, Ólafsfjörð, Siglufjörð og til Grímseyjar. Þessi bátur er nú orðinn 18 ára gamall. Útgerð hans hefur gengið vel, enda þar dugmiklir menn að verki, en eins og að líkum lætur þarf nú að fara að huga að endurnýjun skipsins. Í bréfi frá framkvæmdastjóra segir svo m. a.:

„Á næsta ári hef ég hugsað mér að kaupa allverulegan hluta af þeim varahlutum sem þarf til endurbyggingar vélarinnar. Sjálf endurbyggingin vonast ég til að megi bíða eitthvað. Lestunar- og losunarútbúnaður bátsins er orðinn mjög lélegur, enda báturinn orðinn 18 ára. Í stað spils, sem er orðið mjög slitið, og bómu væri æskilegt að fá krana. Krani með 5 tonna lyftu getur kostað óniðursettur 3.5 millj. kr. Skrúfu bátsins þarf að endurnýja áður en langt um líður. Mun það kosta eftir verðlagi í dag um 2 millj. kr.“

Þetta er sýnishorn af því, hvernig tekið er til orða í þeim bréfum sem okkur hafa borist frá hinum stærri flóabátum. Við töldum því nauðsynlegt að láta útgerð Drangs hafa nokkurn stofnstyrk auk venjulegs hækkandi rekstrarstyrks.

Um Eyjafjörð gengur hin svokallaða Hríseyjarferja milli Dalvíkur og Hríseyjar. Þessi ferja sinnir mikilvægu hlutverki. Hún er einnig, eins og Drangur, komin til ára sinna og þarf að endurnýja hana, eins og vikið er að í fjárlagagerðinni, að ég sá hér í dag. Við höfum því ákveðið nokkurn stofnstyrk í því tilviki einnig.

Þá eru styrktar flugsamgöngur við Grímsey nú sem fyrr. Það þykir sjálfsagt að styrkja þetta nyrsta byggðarlag okkar lands, bæði með ferðum báta og flugvéla.

Þá eru nokkrar snjóbifreiðar á Norðurlandi sem fá styrk, og nefna má einnig hina þróttmiklu flugbjörgunarsveit á Akureyri sem fær nokkurn styrk, þó að flugbjörgunarsveitir eða björgunarsveitir séu yfirleitt ekki styrktar á þessari grein fjárlaga.

Þá vík ég að Austfjarðasamgöngum. Á því svæði er enginn stór flóabátur, en Mjóafjarðarbátur annast reglubundnar ferðir milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar og er í raun og veru eina samgöngutækið við Mjóafjörð mestallt árið. Í Mjóafjarðarhreppi mun eiga heima á fimmta tug manna, svo að það þykir sjálfsagt að styrkja þessa einu leið sem Mjófirðingar hafa til sambands við samgöngukerfi landsins. Þar er eins og víðar verið að kaupa nýjan bát í stað gamals báts sem þar var í förum. Við reynum að styrkja þetta nýja samgöngutæki bæði með því að veita rekstrarstyrk og einnig nokkurn stofnstyrk. Við, sem heimsóttum Mjóafjörð s. l. sumar, sjáum ástæðu til að gera okkar til að styðja þetta vinalega byggðarlag.

Á Austurlandi eru fjallvegir margir og háir, eins og kunnugt er. Telja Austfirðingar þrjár meginheiðar, þ. e. Fjarðarheiði, sem mun rísa 620 m yfir sjó, Oddsskarð, sem mælist 705 m yfir sjó, og Lónsheiði, 389 m yfir sjó. Fjarðarheiði hefur lengi verið talin einn erfiðasti fjallvegur landsins. Um Oddsskarð er það að segja, að þar voru tekin í notkun á þessu hausti göng, en þó er þess að geta, að þau lækka ekki þennan háa fjallveg, sem er einn allra hæsti fjallvegur landsins, nema um tæpa 100 m. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, eru þau í 607 m hæð Eskifjarðarmegin, 629 m hæð Norðfjarðarmegin, en hæst í miðjunni 632 m yfir sjávarmál. Að öðru jöfnu lítum við nm. í samvn. samgm. svo á, að þegar endurbætur eru gerðar á einhverri leið, þá eigi styrkir að lækka að sama skapi, a. m. k. ef endurbæturnar eiga að skila árangri. En það kann þó að vera, að á þessum leiðum hvíli þungi frá liðnum árum sem rétt er að lyfta nokkuð undir þannig að svipta ekki styrknum af öllum í einu. — Um Lónsheiði er svipaða sögu að segja. Þar hefur vegur verið gerður um Hvalnesskriður, og það ætti að muna eigi litlu, þar sem Lónsheiði er mjög erfiður fjallvegur þótt hún sé ekki hærri en það sem ég áðan greindi. En hvað sem þessu líður hefur verið talið nauðsynlegt að styrkja áfram flutninga og ferðir á öllum þessum fjallvegum, ekki síst þar sem verið er að kosta til nýrra farartækja, eins og raunin er bæði á Fjarðarheiði og Lónsheiði a. m. k.

Ég vík þá aðeins að Suðurlandssamgöngum. Við, sem búum annars staðar á landinu, viljum telja að samgöngur á Suðurlandi séu harla góðar. Þó er það svo, að þar er mikið hafnleysi til sjávarins og um langleiðir að ræða á landi. Því hefur það tíðkast árum saman að veita nokkurn styrk til vöruflutninga til hinna hafnlausu byggða í Skaftafellssýslu, og látum við þar af hendi rakna svipaða fjárhæð og á liðnum árum. Þá er þess að geta, sem snertir Suðurland, að Vestmannaeyjaskipið Herjólfur bættist í hóp flóabáta á s. l. ári og gerir nú heldur betur strik í reikninginn. Gamli Herjólfur var gerður út af Skipaútgerð ríkisins og átti áreiðanlega sinn þátt í þeim hallarekstri sem þar var jafnan. En um hinn nýja Herjólf, þótt það sé glæsilegt skip, er það að segja, að það varð fyrir miklum áföllum í rekstri á s. l. ári. Skipið er smíðað í Noregi, en við ábyrgðarskoðun komu fram gallar á skrúfuöxli sem orsökuðu algera rekstrarstöðvun skipsins frá 7. mars til 20. maí 1977 eða í 2½ mánuð, og munar um minna þar sem umferð er jafnmikil og frá Vestmannaeyjum til lands. Við höfum því reynt að hlaupa þarna undir bagga, þótt það sé hvergi nærri nógu mikið miðað við þær fjárhæðir, sem þarna er um að tefla.

Þá er að víkja örfáum orðum að Faxaflóasamgöngum. Eins og kunnugt er gerir hlutafélagið Skallagrímur út Akraborg á leiðinni frá Akranesi til Reykjavíkur. Þetta er fjölfarin leið að fornu

og nýju. Það er mikið um flutninga að ræða á þessari leið. Geta má þess, að Akraborgin flutti á s. l. ári tæpa 40 þús. bíla og telja því þeir, sem að útgerð hennar standa, að hún hafi létt verulega af þjóðvegum landsins og væri ekki óeðlilegt að hún fengi verulega hækkun á fjárframlagi þegar af þeirri ástæðu. En um annan stuðning en venjulegan rekstrarstyrk til Akraborgar er ekki að ræða á Faxaflóasvæðinu að talist geti.

Breiðafjarðarsamgöngur: Þar er Breiðafjarðarbáturinn Baldur gerður út. Hann á lögheimili og varnarþing í Stykkishólmi, heldur uppi reglubundnum ferðum milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafna, einnig yfir Breiðafjörð til Flateyjar, um Breiðafjarðareyjar, til Barðastrandar, inn á Gilsfjörð og Hvammsfjörð. Baldur fer fastar áætlunarferðir og póstferðir allt árið um kring yfir Breiðafjörð. Einnig má geta þess, að Baldur hefur hlaupið í skarðið þegar Skipaútgerð ríkisins hefur þurft á að halda. M. a. fer hann iðulega til Vestfjarða. Geta má þess, að hann er m. a. að leggja af stað frá Reykjavík til Vestfjarða núna kl. 6 síðdegis í dag. Einnig hefur hann hlaupið í skarðið þegar Skipaútgerð ríkisins hefur orðið fyrir skakkaföllum, eins og t. d. þegar Herjólfur bilaði og varð úr leik á þessu ári. Á þessu svæði, Breiðafjarðarsvæðinu, er veittur styrkur m. a. til svokallaðs Langeyjarnesbáts, sem gengur frá Stykkishólmi um hinar byggðu eyjar Breiðafjarðar upp í Hnúksnes í Dalasýslu. Nauðsynlegt þykir að þessum tengilið sé haldið þarna áfram svo sem tíðkast hefur í mjög mörg ár. Loks eru veittir nokkrir smástyrkir til vetrarflutninga á Vesturlandi.

Um Vestfjarðasamgöngur er eitt og annað að segja. Þar annast Djúpbáturinn Fagranes ferðir og flutninga um Ísafjarðardjúp og mjólkurflutninga til Ísafjarðar, m. a. frá Dýrafirði og Önundarfirði. En hagur bátsins er þröngur, eins og reyndar Baldurs og fleiri skipa af þessu tagi. Útgerð þessa skips hefur gert glögga grein fyrir sínu máli. M. a. segir svo í bréfi frá framkvæmdastjóra — með leyfi hæstv. forseta — um framtíðarhorfur Djúpbátsins:

„Við núverandi aðstæður er ekki um að ræða nema ca. tveggja mánaða tímabil sem hægt er að reka bátinn hallalausan, þ. e. um ferðamannatímann. Í haust átti ég viðræður við Guðmund Einarsson forstjóra Ríkisskips um hugsanlega samvinnu Ríkisskips og Djúpbátsins að flutningum á vörum. Þær vörur, sem Ríkisskip flytti til Ísafjarðar, flytti Djúpbáturinn síðan á nærliggjandi hafnir. Ef það yrði hagkvæmt yrðu vörurnar að vera sem mest í gámum eða grindum, en Djúpbáturinn er ekki hagkvæmur til þeirra flutninga. Ástæðan er að sléttur fermetrafjöldi lestargólfs er of lítill, eins er lestarlúgan of lítil.“

Þannig eru vandamálin víða. Af þessum ástæðum hefur samvn. samgm. talið nauðsynlegt að veita nokkurn stofnstyrk, bæði til Djúpsbátsins og Breiðafjarðarbátsins. Á Vestfjörðum er einnig veittur styrkur til, að ég ætla, tíu snjóbifreiða sem fara um hina háu fjallvegi að vetrarlagi og annast flutninga á fólki og vörum. Einnig er veittur þar nokkur styrkur til svokallaðs Dýrafjarðarbáts, sem er lítill bátur, sem fer um Dýrafjörð, og svo mætti áfram telja. En ég læt þessu yfirliti lokið um hina einstöku landshluta.

Samvn. samgm. ítrekar fyrri ályktanir sínar þess efnis, að umsækjendur sendi umsóknir sínar í tæka tíð á hausti hverju til n. ásamt glöggri skilagrein um rekstur, hag og horfur, unnin störf og áætlanir í þessum efnum. Svo sem áður er getið vinnur nú sérstök flóabátanefnd að því að gera athugun á rekstri og þjónustu flóabátanna. Í skipunarbréfi til nm., sem ég vék að í upphafi máls míns, segir svo m. a.:

„Nefndin skal athuga reikninga bátanna, sérstaklega hvað varðar launagreiðslur og annan útgerðarkostnað, svo og hvort tekjustofnar þessara aðila séu eðlilegir miðað við tilkostnað. Jafnframt er n. falið að kanna möguleika á endurskipulagningu samgangna til og innan einstakra svæða í því skyni að ná sem ódýrastri tilhögun flutninga fyrir samfélagið í heild með eða án opinberra styrkja.“

Að venju er það skilyrði sett fyrir því, að styrkur verði veittur og greiddur, að rekstri flóabátanna og annarra þeirra, er styrkinn hljóta, verði hagað þannig í samráði við rn., að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið greint frá, leggur samvn. samgm. til að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga samkv. þessum lið á fjárlagaárinu 1978 verði 244 millj. 890 þús. kr. og skiptist sú fjárhæð eins og greint er á þskj. 241, og mun ég nú í lok máls míns gera grein fyrir þeirri skiptingu. (**Forseti:** *Ég vil biðja hv. þm. að fresta máli sínu um stund, vegna þess að ég hafði boðað þingfund kl. 5, ef hv. þm. vildi fresta máli sínu í bili.*) — [Frh.]

Umr. frestað.

Sameinað þing, 35. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., að loknum 34. fundi.

Fjáraukalög 1975, frv. (þskj. 123). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 287).

Fjárlög 1978, frv. (þskj. 172, n. 230 og 240, 233, 234, 241, 245, 246, 260, 274, 275). — Frh. 3. umr.

Frsm. samvn. samgm. (Friðjón Þórðarson) [frh.]: Herra forseti. Ég ætla þá, áður en ég læt máli mínu lokið, að gera grein fyrir tölum þeim sem eru á þskj. 241, þ. e. a. s. það er sjálf úthlutunin til hinna einstöku flóabáta og annarra aðila.

Norðurlandsbáturinn Drangur fær 27 millj., sami í stofnstyrk 2 millj. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi 300 þús. Hríseyjarbátur fær 1.7 millj. í rekstrarstyrk, í stofnstyrk 500 þús. Grímsey vegna flugferða 800 þús. Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði 300 þús. kr. Mjóafjarðarbátur fær 3 millj. í rekstrarstyrk og 2 millj. í stofnstyrk. Snjóbifreið í Vopnafirði 300 þús. Snjóbifreið á Fjarðarheiði fær 4.5 millj. í rekstrarstyrk og 2 millj. í stofnstyrk. Snjóbifreið á Fagradal hlýtur 450 þús. í rekstrarstyrk, en 250 þús. í stofnstyrk. Snjóbifreið á Oddsskarði fær 3.5 millj. í rekstrarstyrk, en sama stofnstyrk og á þessu ári, 500 þús. kr. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði 300 þús. kr. Snjóbifreið í Borgarfirði eystra 600 þús. kr. Snjóbifreið í Stöðvarfirði, Egilsstaðaflugvöllur 450 þús. Til vöruflutninga á Suðurlandi 3.4 millj. kr. Hf. Skallagrímur 36 millj. Mýrabátur 70 þús. Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi 200 þús. kr. Breiðafjarðarbáturinn Baldur 45 millj. og sami í stofnstyrk 3 millj. Langeyjarnessbátur 450 þús. Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu 300 þús. kr. Til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 900 þús. Dýrafjarðarbátur 300 þús. Snjóbifreið um Botnsheiði 600 þús. Djúpbáturinn Fagranes 37 millj., sá sami í stofnstyrk 3 millj., sami vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði 500 þús. kr. Snjóbifreið í Þórshafnarhéraði 300 þús. kr. Snjóbifreiðar á Akureyri 400 þús., sami aðili í stofnstyrk 150 þús. kr. Þá eru vetrarflutningar um Lónsheiði 600 þús., stofnstyrkur til sama aðila sama fjárhæð, 600 þús. kr. Snjóbifreið Axarfjörður-Kópasker 500 þús. Snjóbifreið á Hólmavík 400 þús. Snjóbifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, 400 þús., sami aðili í stofnstyrk 250 þús. Þá eru vetrarflutningar í Skarðshreppi í Dalasýslu 100 þús. Vetrarsamgöngur í Reykhóla- og Gufudalshreppi 400 þús. Egilsstaðir-Seyðisfjörður vegna mjólkurflutninga 350 þús. Póst- og vöruflutningar á Jökuldal 200 þús. Vetrarferðir í Haukadal 100 þús., Flugbjörgunarsveitin, Akureyri, 300 þús., sami í stofnstyrk 100 þús. Snjóbifreið í Önundarfirði 200 þús. Svínafell í Nesjum 70 þús. Sandsheiði á Vestfjörðum 300 þús. Herjólfur, Vestmannaeyjaskip, 45 millj., sami í stofnstyrk 10 millj., sami vegna mjólkurflutninga 2.5 millj. Þá eru mjólkurflutningar í Önundarfirði 400 þús. Og loks mjólkurflutningar í Súgandafirði 100 þús. kr. Samtals nema þessir liðir allir, sem ég nú las upp, 244 millj. 890 þús. kr.

Samkv. því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst að mikil hækkun hefur orðið á þessum fjárlagalið eða rúmlega 60% frá gildandi fjárl. Hitt er svo jafnljóst, að vandi margra umsækjenda er hvergi nærri leystur með þessum fjárveitingum eða fjárframlögum. Sannleikurinn er sá, að svo margt er ógunnið í samgöngumálum okkar, að nánast er sama hvar drepið er niður fæti. Þó hefur mikið verið gert og enn meira áformað. Vetrarferðir eru erfiðar og dýrar, en að sama skapi skemmtilegar og lærdómsríkar og iðulega óumflýjanlegar og það er e. t. v. það, sem mestu máli skiptir.

Það er von og ósk nm. í samvn. samgm., að fjárveitingar þessar, þó að stundum þyki naumar, verði drjúgur stuðningur til þeirra mörgu, dugmiklu manna, sem annast flutninga og ferðir í lofti, á landi og sjó og veita landsmönnum ómetanlega þjónustu og aukið öryggi. Að síðustu þakka ég nm. öllum gott samstarf.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til að mæla fyrir brtt. við fjárlög sem er á þskj. 260. Till. er flutt af 14 þm. sem sæti eiga í menntmn. beggja d. Þessi till. hljóðar þannig efnislega, að við 4. gr., liðinn: Heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþ., komi sundurliðun sem verði í sérstöku yfirliti. En till. er þannig, að fyrst er nafn Ásmundar Sveinssonar, síðan koma Finnur Jónsson, Guðmundur Daníelsson, Guðmundur G. Hagalín, Halldór Laxness, Indriði G. Þorsteinsson, Kristmann Guðmundsson, María Markan, Snorri Hjartarson, Tómas Guðmundsson, Valur Gíslason, Þorvaldur Skúlason. Hver þeirra manna, sem hér eru nefndir, fái 750 þús. kr. Samtals er þá liðurinn 9 millj. kr.

Ég vil geta þess, að menntmn. beggja þd. ræddu á sameiginlegum fundi sínum um val manna í heiðurslaunaflokk listamanna, enda hefur sú venja skapast að fela menntmn. að fjalla um þetta málefni og gera till. til Alþ. um hverjir hljóta skuli heiðurslaun. Undanfarin ár hafa heiðurslaun verið veitt 12 listamönnum. Eins og ég hef lýst er það enn till. hinna sameinuðu nefnda að 12 listamenn skuli hljóta heiðurslaun á árinu. 1978, og eru það 11 sömu menn sem á yfirstandandi ári, en í stað Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara, sem lést á árinu, leggja nm. til að María Markan óperusöngvari hljóti heiðurslaun. Þess er skylt að geta, að margir aðrir listamenn komu til greina í þessu sambandi og var um það rætt á fundum hinna sameinuðu nefnda. En lok málsins urðu þau, að María Markan reyndist eiga mest fylgi meðal nm.

Ég vil taka það skýrt fram, að allir nm., 14 að tölu, standa að till. um að María Markan hljóti heiðurslaunin. Það er því von mín að hv. alþm. styðji þessa till. og samþykki hana, enda má fullyrða að María Markan er mjög vel að þessum heiðri komin. Er á engan hátt kastað rýrð á aðra listamenn sem til greina gætu komið við úthlutun heiðurslauna.

Nú er komin fram till. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni um fjölgun listamanna í heiðurslaunaflokki úr 12 í 15. Af þessu tilefni vil ég greina frá því, að þeirri hugmynd var hreyft á sameiginlegum fundi menntmn. að fjölga í heiðurslaunaflokkunum, en innan n. átti sú hugmynd ekki meirihlutafylgi. Ég leyfi mér að ítreka tilmæli mín um stuðning við till. 14 menntmn.-manna á þskj. 260.

Persónuleg skoðun mín er sú, að rétt sé að halda fjölda heiðurslaunamannanna innan hóflegra marka. Sýnist talan 12 eðlileg viðmiðun á næsta ári, eins og verið hefur undanfarin ár. Auðvitað er ekki hægt að búast við því, að við umr. um svona mál verði allir sammála um hvað eina. En ég held að það sé skynsamleg starfsregla innan Alþ. að fela fjölskipaðri n. að gera till. um val manna í heiðurslaunaflokkinn.

Ég sé nú að hér er enn komin fram brtt. frá Magnúsi Kjartanssyni og þar er gerð till. um að í þennan hóp bætist Ólafur Jóhann Sigurðsson og Sigurjón Ólafsson. Það er sama að segja um

þessa till. sem hina, sem ég nefndi, frá hv. þm. Albert Guðmundssyni, að ég tel eðlilegt að leggja mikla áherslu á að till. okkar 14-menninganna verði samþykkt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í tilefni af þeim samanburði sem getið er um í nál. um frv. til fjárl. frá minni hl. fjvn. og að gefnu tilefni af ummælum frsm. þeirrar n., hv. 11. landsk. þm. Þar er gerður nokkur samanburður á kaupmætti kauptaxta og þjóðartekjum á mann annars vegar 1972 og hins vegar á yfirstandandi ári og næsta ári. Þar kemur í ljós, eins og hv. frsm. minni hl. fjvn. gat um, að kaupmáttur kauptaxta hefði minnkað meðan þjóðartekjur hefðu aukist. Ég dreg út af fyrir sig ekki í efa þessar tölur, þær eru út af fyrir sig byggðar á skýrslum Þjóðhagsstofnunarinnar, en ég vil taka það fram, að hv. minni hl. fjvn. hefur sleppt þriðju línunni, samanburði við þriðju stærðina sem máli skiptir í þessu efni, þ. e. a. s. kaupmætti ráðstöfunartekna á mann. Ég vænti þess, að hv. þm. og hv. minni hl. fjvn. vilji gjarnan hafa þær tölur til hliðsjónar, og efast raunar ekki um að fjölmiðlar, þar með talið útvarp og sjónvarp, muni birta þær tölur mjög skilmerkilega í fréttum sínum, eins og vitnað var til nál. minni hl. fjvn. í gær.

En ef við tökum kaupmátt ráðstöfunartekna á mann á þessu árabili, þá hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukist um 11.3% frá 1972 til yfirstandandi árs, á meðan þjóðartekjur á mann hafa aukist 10.8%. Ef við viljum líta á tölur sem fjalla um þróunina á næsta ári, eins og séð verður hvernig hún verður, þá mun kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aukast um 17.4% á meðan þjóðartekjur á mann aukast um 14%, þ. e. kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann eykst um 17.4% meðan þjóðartekjur á mann aukast um 14%.

Ég vil líka vekja athygli á því, að viðskiptakjör á þessu tímabili hafa batnað um 9.6%, en eru þó ekki orðin jafngóð og þau voru best, þ. e. a. s. á árinu 1973. Ef við miðum við töluna 100 1972 hvað viðskiptakjör snertir, þá voru þau 115.3 1973 og fóru svo hríðlækkandi allt niður í 88.8% 1975, en eru áætluð á yfirstandandi ári 109.6 og hin sömu á næsta ári. Við allar þessar tölur verður að miða ef samanburð á að gera varðandi það, hvort auknar þjóðartekjur og bætt viðskiptakjör hafi komið fram í bættum kjörum almennings í landinu.

Það vill nefnilega oft gleymast í hita kjaraumr., að hér á landi er svo komið að kauptaxtar og breytingar þeirra eru mjög ófullkominn mælikvarði á raunveruleg lífskjör og lífskjarabreytingar. Bil milli taxta og tekna er breitt og hefur farið breikkandi á undangengnum árum. Hér gætir ýmissa atvika. Launaskrið er það nefnt er dagvinnulaun aukast meira en nemur breytingum kauptaxta, og hjá okkur hefur þess gætt í verulegum mæli. Hér er t. d. um að ræða tilflutning á milli taxta. Það er alkunna, að fjölmennir hópar manna flytjast úr lægstu töxtum í hina hæstu, og hér er einnig skýringu að finna í þeirri staðreynd, að ákvæðisvinna alls konar fer mjög vaxandi í okkar þjóðfélagi og gefur launþegum meira í aðra hönd og eykur kaupmátt. Hér má líka nefna að vinnutími er breytilegur, og þar sem yfirvinnukaup er snar þáttur teknanna geta vinnutímabreytingar ekki síður haft áhrif á tekjur en kauptaxtar. Ég efast að vísu um að yfirvinna hafi mjög aukist á þessu tímabili, en engum blöðum er þó um það að fletta, að yfirvinna er mjög fljótt áhrifamikil í heildartekjum. Einhvern tíma taldist mér til, að einn yfirvinnutími á dag 5 daga vikunnar gæti aukið launin um 20—25%. Það er allnokkuð síðan, og ég veit ekki hvernig það dæmi lítur út nú. Atvinnutekjur, aðrar en þær sem háðar eru töxtum, geta breyst meira eða minna en kauptaxtar. Við skulum t. d. taka tekjur sjómanna, sem byggðar eru á hlutaskiptum og fiskverði. Fiskverð hefur á tímabili hækkað meira en kauptaxtar, þótt e. t. v. sé minni munur nú á því en áður var, og inn í dæmið kemur einnig fiskmagnið sem fæst upp úr sjó, sem hefur áhrif í þessum efnum og ber að taka tillit til. Sama máli gegnir um aðrar tekjur, svo sem bætur almannatrygginga og eignatekjur. Loks geta beinir skattar breyst meira eða minna en tekjur, þannig að þau laun, sem heim eru tekin, ráðstöfunartekjurnar, breytist öðruvísi en kaupið sjálft.

Það er sem sagt athyglisvert, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur nú á þessu ári aukist meira en vexti þjóðartekna á mann nemur, og það er búist við að þetta bil breikki á næsta ári. Ég held þess vegna að ekki fari á milli mála, að til almennings hefur runnið sá bætti hagur sem við sem betur fer búum við. Hitt er svo annað mál og umhugsunarefni, ekki síst fyrir samtök launþega og samtök vinnuveitenda, hvernig unnt er að samræma kauptaxta almennum ráðstöfunartekjum eða hvernig í raun og veru skiptingu ráðstöfunartekna er háttað í þjóðfélaginu.

Ég vildi láta þetta atriði koma fram við þessa umr., þótt það sé viðameira en svo að því verði gerð skil þegar við erum í miðri 3. umr. fjárlagafrv.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða um fjárlagafrv. í heild. Hv. þm. Geir Gunnarsson hefur gert þar mjög skýra grein fyrir afstöðu okkar Alþb.-manna. Ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir fáeinum brtt. sem ég flyt. Þær brtt. eru ekki flokkspólitískar, að því er ég veit best, og eru ekki þannig hugsaðar af minni hálfu.

Á þskj. 245 flyt ég till. sem ég flutti við 2. umr. en dró til baka, um styrk til grænlensks stúdents annars vegar til þess að læra íslensku og Íslendings til að læra grænlensku. Framlög í þessu skyni hafa verið á fjárl. afar lengi, en því miður hefur verðbólgan leikið upphæðirnar þannig, að þessar fjárveitingar koma ekki að neinum notum. Mér finnst að þeir þm., sem telja eðlilegt að Íslendingar hefðu þessi lágmarkssamskipti við Grænlendinga, ættu að fallast á að breyta þessum upphæðum þannig að styrkirnir verði nothæfir. Þetta er afar lítil fjárhæð og raskar ekki á neinn hátt hinu flókna fjárlagadæmi. Ég geri mér vonir um að meiri hl. alþm. og helst alþm. allir geti fallist á þessa litlu till.

3. brtt. mín er í sambandi við Þjóðminjasafn Íslands. Ég hef áður vakið athygli á því hér á

þingi, að þessi bygging, sem var gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín í sambandi við lýðveldisstofnun, er þannig, að þar eru lyftugöng, en lyftu hefur aldrei verið komið fyrir og inngangur í húsið er þannig, að fatlað fólk, sem er bundið við hjólastól, á þess engan kost að komast inn í húsið. Þetta er ástand sem er gersamlega ósæmandi fyrir okkur sem þjóð. Ég hef kynnt mér hvað slík lyfta mundi kosta, og hún kostar 10 millj. kr. Það er ekki há upphæð. Ég er hér með till. um 20 millj. kr. í þessu skyni og reikna þá með kostnaði við að koma lyftunni fyrir í húsinu og enn fremur öðrum framkvæmdum sem gera þarf svo að fatlað fólk geti athafnað sig á eðlilegan hátt í þessari byggingu, og þar á ég við breytingu á salernum og smávegis aðrar breytingar. Ég geri því till. um 20 millj. Ég hef ekki útreikninga neinna sérfræðinga á því, að hér sé um nákvæma upphæð að ræða, en mér sýnist alla vega að framkvæmdir muni ekki verða kostnaðarmeiri en þetta.

Ég vil leggja á það mikla áherslu, að þm. átti sig á að þannig er ástatt á Íslandi að um það bil sjöundi hver maður er fatlaður. Við verðum að vera menn til að haga þjóðfélagi okkar þannig, að þetta fatlaða fólk geti athafnað sig á eins eðlilegan hátt og því er fært. Með því að gera þessa breytingu í sambandi við þjóðminjasafnsbygginguna erum við að lyfta fána sem ég tel að við verðum að starfa undir á næstu árum. Það er ósæmandi ástand fyrir nokkurt menningarþjóðfélag að búa þannig að málum í sambandi við byggingar og umferð, að fatlað fólk geti ekki athafnað sig á eðlilegan hátt í þjóðfélaginu. Þetta er afleiðing af gömlum viðhorfum, þegar menn skildu ekki hvað lausn þessa vanda er brýn, en eins og sakir standa nú erum við orðnir miklir eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða á þessu sviði. Þarna tel ég að við verðum að taka okkur mjög myndarlega á, og samþykkt á þessari till. mundi sýna þann vilja Alþ. að slíkt yrði gert, og þarna er eins og ég segi ekki um neina háa upphæð að ræða.

Ég á sæti í orkuráði, og eins og aðrar stofnanir, sem kosið er til á Alþ., gerði orkuráð till. í sambandi við gerð fjárlaga um fjárhag Orkusjóðs. Var fjallað um þær till. í stofnuninni og till. voru unnar sérstaklega að frumkvæði formannsins, hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, og hv. þm. Ingólfs Jónssonar. En við, sem eigum sæti í orkuráði, stóðum að sjálfsögðu allir að þessum till. Þetta eru till. um að styrkja dreifikerfið í sveitum, um jarðhitaleit og lán til hitaveituframkvæmda og um átak í sambandi við sveitarafvæðingu. Þar eigum við, sem betur fer, ekki mjög mikið eftir að ná marki, en verðum að ná því marki, að allir Íslendingar eigi kost á raforku, nema þeir sem eru allra einangraðastir og þurfa að koma upp stöðvum við býli sín. Þetta eru till. sem við, fulltrúar Alþ., vorum sammála um. Þær hafa því miður verið skornar allmikið niður, auk þess sem sá háttur hefur verið tekinn upp á síðasta ári og árinu í ár að láta Orkusjóð taka lán til framkvæmda sem ævinlega voru fjármagnaðar af ríkissjóði áður. Ég tel að þetta sé röng stefna, auk þess sem hún grefur undan fjárhag Orkusjóðs, og ég tel einsætt að flytja sem kjörinn fulltrúi Alþ. í þessari stofnun þær till. sem við unnum sameiginlega að eins vel og dómgreind okkar leyfði. Þessi brtt. mín er sem sé till. okkar sameiginlega, upphaflega send frá okkur, og ég tel eðlilegt að hún verði lögð undir mat Alþingis.

Ég hef þá lokið að mæla fyrir þeim brtt. sem ég flyt einn á þskj. 245. Ég vil leyfa mér að segja nokkur orð um brtt. á þskj. 229, sem við flytjum allmargir þm. undir forustu hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Þetta eru óskir sem bárust frá Reykjavíkurborg í sambandi við afgreiðslu fjárl. Við þm. Reykv. fengum allir bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík þar sem hann bað okkur að beita okkur fyrir því, að fjárlagaliðir, sem snerta þau atriði sem talin eru upp í brtt., yrðu eins og þar er gert ráð fyrir. Þarna er um að ræða heilbrigðismál og heilsugæslu og skuldagreiðslu til Grensásdeildar. Þarna er um að ræða heilbrigðismál fyrst og fremst. Við skulum minnast þess, að þannig er ástatt í nútímaþjóðfélagi, að vissa þætti heilbrigðismála verður að hafa á tilteknum miðstöðvum. Hér í Reykjavík er sjálfgefin miðstöð til allra meiri háttar aðgerða í sambandi við slys og sjúkdóma, enda fer fólk af öllu landinu í sjúkrahúsin hér. Ég hef dálítið dvalist í sjúkrahúsum að undanförnu og hef sjálfur persónuleg kynni af því, að sjúklingarnir eru á engan hátt bundnir við Reykjavík, sjúklingar af öllu landinu eru að sjálfsögðu á þessum sjúkrahúsum, bæði ríkissjúkrahúsunum og Borgarspítalanum.

Ég vil leggja mikla áherslu á það, sem ég hef gert áður hér í þinginu, að við verðum að setja okkur það mark að verða fyrirmyndarríki á þessu mikilvæga sviði. Það er því miður ákaflega mikið um það að menn veikist, bæði af sjúkdómum og af slysförum, og við verðum að taka sameiginlega á því máli að tryggja heilbrigðisþjónustu sem sé sem allra fullkomnust og beri sem bestan árangur, þannig að sem allra flestir af þeim, sem verða fyrir sjúkdómum eða slysum, geti náð þeim hata að þeir geti aftur horfið til starfa sinna í þjóðfélaginu.

Þetta eru sem sé till. borgarstjórnar Reykjavíkur, einróma frá borgarstjórninni að ég hygg, og fluttar af okkur, sem kjörnir höfum verið á þing af Reykvíkingum úr þremur flokkum. Ég vil leggja á það mikla áherslu, að menn líti á þessar till. og geri sér grein fyrir því, að þarna er verið að fjalla um ákaflega mikilvægt mál.

Ég hef lokið máli mínu, hæstv. forseti.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir tveimur brtt. við fjárlagafrv.

Þá fyrri flyt ég ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal og Magnúsi T. Ólafssyni. Við leggjum til að framlag til byggingar dagvistarheimila hækki úr 180 millj. upp í 300 millj. Ég vil í þessu sambandi minna á að krafan um fleiri dagvistarheimili fyrir börn og stóraukið framlag hins opinbera til þeirra var ein meginkrafa verkalýðsfélaganna í samningunum í vor. Nefnd á vegum verkalýðshreyfingarinnar, sem fjallaði um og ræddi við ríkisstj. um þetta mál, nefndi í viðræðum töluna 400 millj. sem nauðsynlega upphæð til að fullnægja þörfinni. Ríkisstj. mun hafa haft góð orð um að koma til móts við

þessa kröfu. Í yfirlýsingu hennar frá því í vor segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. mun við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1978 beita sér fyrir að hækka fjárveitingar ríkisins til byggingar dagvistarheimila innan ramma gildandi laga um kostnaðarskipti."

Þetta er úr yfirlýsingu ríkisstj. um dagvistarmál. Hér eru að vísu ekki nefndar tölur, og það mun ekki heldur hafa verið gert af hálfu ríkisstj. í viðræðunum í vor. Hins vegar féllu orð á þann veg, að verkalýðshreyfingin eða forustumenn hennar töldu sig eiga von á allmyndarlegri hækkun til þessa málaflokks. Mun forsrh. hafa látið þau orð falla í viðræðunum, að það *væri ánægjulegt að geta komið mönnum* á óvart með einhverja upphæð. Í ljósi þeirrar upphæðar, sem nú er í frv. til fjárl., eru þessi ummæli hæstv. forsrh. heldur kaldhæðnisleg. En ég fullyrði að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar skildu hann ekki á þann veg, og trúlega hefur hann ekki ætlast til þess sjálfur. Því miður hefur hann ekki treyst sér til að *standa við það fyrirheit eða þau góðu orð* sem hann lét falla, því að ekki er nándar nærri uppfylltar kröfur rn., hvað þá kröfur verkalýðshreyfingarinnar um framlög til þessa málaflokks. Það hlýtur að segjast, að ekki er stórmannlega að staðið þegar vitað er að verkalýðshreyfingin lagði mikla áherslu á þetta og taldi sig hafa ástæðu til að búast við miklu meiri hækkun en nú er komin á daginn. Upphæðin í fyrra var tæpar 111 millj., sem samsvarar að raungildi 148 millj., og hækkunin nú er því ekki nema 20%. 180 millj. sem nú er gert ráð fyrir að veita til þessa málefnis, er óraveg frá því að uppfylla þörfina.

Í bréfi sínu frá því í júní s. l. óskaði menntmrn. eftir að veittar yrðu rúmar 311 millj kr. til að fullnægja umsóknum sem því hafa borist. Í því bréfi er beiðnin rökstudd, og þar kemur fram að skuldahali er þegar orðinn um 200 millj. Það er því langt frá því að ríkissjóður hafi staðið við skuldbindingar sínar samkv. lögum.

Ég hef hér undir höndum töflu sem sýnir að bilið er alltaf að breikka milli þarfar til þessa málaflokks og þess fjár sem Alþ. veitir, og ég minni alvarlega á að þennan málaflokk má ekki vanrækja nema illa eigi að fara. Ég vil því eindregið beina því til hæstv. forsrh. og fjmrh., að þeir endurskoði þá afstöðu, sem birtist í fjárlagafrv., með hliðsjón af viðræðum og þeirri yfirlýsingu, sem þeir gáfu verkalýðshreyfingunni í vor, og leggi henni lið með að hækka þessa upphæð.

Í öðru lagi flyt ég ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni brtt., þar sem við leggjum til að heimild til að ábyrgjast lán fyrir Lánasjóð námsmanna hækki um 90 millj. úr 270 millj. kr. í 360 millj. kr. Það, sem fyrir okkur vakir með þessum tillöguflutningi, er að stefna í átt að 100% brúun umframfjárþarfar. Það fyrirheit er í lögum um Lánasjóðinn frá 1967, að stefnt skuli að því, að aðstoð hins opinbera við námsmenn nægi til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til eigin tekna námsmanns, fjölskyldustærðar og fleiri atriða.

Á s. l. vori voru gerðar stórfelldar breytingar á námslánasjóðnum með lögum hér á Alþ., eins og hv. alþm. muna. Lánskjör voru hert að mun og verðtryggingu komið á. Þessar breytingar gerðu það að verkum, að 80—90% lánanna munu skila sér aftur til sjóðsins í fullu raungildi þegar allt er tekið með, bæði lágmarksgreiðsla og aukaafborganir. Þegar svo er komið er það lágmarkskrafa, að umframfjárþörf verði brúuð að fullu heldur fyrr en seinna. Till. okkar að sinni gengur þó ekki svo langt, og held ég að hún hljóti að teljast hógvær miðað við framansagt. Við leggjum til að það lán, sem fjmrh. er heimilt að ábyrgjast, hækki um 90 millj. kr., í 360 millj. kr. Framlög í frv., sem ætluð eru Lánasjóði íslenskra námsmanna, miðast við 85% umframfjárþörf. Fjárveitingunni sjálfri er ætlað að ná til 70%, en lánsheimildinni til 15% umframfjárþarfar. Til þess að ná 90% umframfjárþörf þarf þessar 90 millj. í viðbót. Við höfum tekið þann kost að leggja til að lánsheimildin hækki, en ekki fjárveitingin.

Ég ítreka það, að við teljum ekki að við séum að gera óhóflegar kröfur fyrir hönd Lánasjóðs, en ég vil aðeins endurtaka, að eins og nú er komið lánakjörum er ástæðulaust að draga lengur það gamla loforð að stefna að 100% brúun umframfjárþarfar.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. frestað um stund.

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, samkv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. sept. 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda, nr. 361/1977.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Gísli Jónsson menntaskólakennari (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (A),
Gils Guðmundsson alþm. (B).

Varamenn:
Erna Ragnarsdóttir innanhússarkitekt (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (A),
Árni Björnsson þjóðháttafræðingur (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða sem eru í umsjá hennar, samkv. 36. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram kom einn listi með tveim nöfnum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri,
Jón Kristjánsson verslunarmaður.

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1965, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulega Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ragnhildur Helgadóttir alþm. (A),
Jón Skaftason alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (A),
Magnús Kjartansson alþm. (B),
Halldór Ásgrímsson alþm. (A),
Gylfi Þ. Gíslason alþm. (C).

Varamenn:
Axel Jónsson alþm. (A),
Jón Helgason alþm. (A),
Sigurlaug Bjarnadóttir alþm. (A),
Gils Guðmundsson alþm. (B),
Páll Pétursson alþm. (A),
Sighvatur Björgvinsson alþm. (C).

Kosning stjórnar Fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1978 til 31. des. 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 89 1947.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sverrir Júlíusson forstjóri (A),
Jón Skaftason alþm. (A),
Már Elísson fiskimálastjóri (A),
Karl Sigurbergsson skipstjóri (B),
Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur (A).

Varamenn:
Sigurður Egilsson framkvæmdastjóri (A),
Jón Sigurðsson skipstjóri (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Skúli Alexandersson framkvæmdastjóri (B),
Bogi Þórðarson deildarstjóri (A).

Kosning þriggja manna í stjórn Landshafnar í Keflavíkurkaupstað og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1978 til 31. des. 1981, samkv. 1. gr. laga nr. 42 1962 og 13. gr. laga nr. 23 6. mai 1955.

Við kosningu stjórnarinnar komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Halldór Ibsen skipstjóri (A),
Páll Jónsson gjaldkeri (A),
Oddbergur Eiríksson skipasmiður (B).

Við kosningu endurskoðenda reikninga hafnarinnar kom fram einn listi með tveim nöfnum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Alexander Magnússon skrifstofustjóri,
Valtýr Guðjónsson bankaútibússtjóri.

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Landshafnar í Þorlákshöfn, til fjögurra ára, frá 6. júní 1978 til jafnlengdar 1982, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. laga nr. 61 1966, um Landshöfn í Þorlákshöfn.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Gísli Bjarnason umboðsmaður (A),
Benedikt Thorarensen forstjóri (A),
Guðmundur Friðriksson skipstjóri (A),
Ásgeir Benediktsson fiskimatsmaður (B),
Ólafur Ólafsson kaupfélagsstjóri (A),
Jón Guðmundsson trésmíðameistari (A),
Erlingur Ævar Jónsson skipstjóri (C).

Varamenn:
Gunnar Sigurðsson bóndi (A),
Hjörtur Jóhannsson kennari (A),
Jón Þorgilsson fulltrúi (A),
Þorsteinn Sigvaldason, Þorlákshöfn (B),
Ketill Kristjánsson verkamaður (A),
Sverrir Sigurjónsson trésmíðameistari (A),
Sighvatur Bjarnason skipstjóri (C).

Kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar til tveggja ára, frá 1. jan. 1978 til 31. des. 1979.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Þór Vilhjálmsson prófessor (A),
Magnús Már Lárusson fyrrv. prófessor (A),
Gils Guðmundsson alþm. (B).

Kosning yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1977, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Halldór Blöndal kennari,
Halldór Kristjánsson bóndi,
Haraldur Pétursson fyrrv. safnhúsvörður.

Gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga, þáltill. (þskj. 184, n. 206). — Síðari umr.

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till. fjallar um staðfestingu á samkomu-

lagi milli Íslendinga og Færeyinga sem gert var fyrir nokkru og fjallar um gagnkvæmar veiðar á loðnu og kolmunna. Hæstv. utanrrh. og sjútvrh. gerðu grein fyrir þessu samkomulagi við fyrri umr. og vísast hér til þess.

Utanrmn. hefur fjallað um till. og mælir einróma með samþykkt hennar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 290).

Fjárlög 1978, frv. (þskj.. 172, n. 230 og 240, 233, 234, 241, 245, 246, 260, 274, 275). — Frh. 3. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru örfá atriði í sambandi við afgreiðslu fjárl. sem ég vil koma hér á framfæri. En áður en ég kem að því vil ég gjarnan víkja að því sem hv. 5. landsk. þm. ræddi um áðan, þ. e. a. s. dagvistarheimilum og þeim umr. sem um þau fóru fram á liðnu sumri.

Ég held að það sé verulegt átak gert í framlögum til dagvistunarheimila í fjárlagafrv. og bætt þar við í þeim brtt. sem fjvn. hefur flutt. Ef ég man rétt eru í fjárl. ársins í ár 110 millj., fjárlagafrv. gerir ráð fyrir 165 millj. og brtt. hækka það upp í 180 millj. Hér er um að ræða töluvert miklu meiri hækkun á þessum fjárfestingarlið fjárlagafrv. heldur en öðrum, nærri 100% meiri hækkun en á öðrum fjárfestingarliðum frv. Ég tel því að töluvert átak hafi verið gert í því að leggja fram fé til dagvistarheimila.

Varðandi fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunina er atriði sem þarfnast skýringar og grg. hér, en það er varðandi framkvæmdir á sviði raforkumála á Vestfjörðum. Eins og fram hefur komið hér á Alþ. er áformað að Orkubú Vestfjarða hefji starfsemi um næstu áramót. Gert er ráð fyrir að Orkubúið taki við öllum eignum og rekstri Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum. Í lánsfjáráætlun er hins vegar í sambandi við lántökur til orkuframkvæmda gert ráð fyrir að það verði Rafmagnsveitur ríkisins sem taki lán og sjái um framkvæmdir að öllu leyti, og undir þann lið heyra framkvæmdir orkumála á Vestfjörðum. Það verður að sjálfsögðu þannig frá þessum málum gengið þegar í upphafi næsta árs, er lánsfjáráætlun kemur til framkvæmda, að því fé, sem ætlað er til framkvæmda á yfirráðasvæði Orkubús Vestfjarða, og lántökum þeirra vegna verði veitt til Orkubúsins og þær því dregnar frá þeim upphæðum sem gert er ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins fái til almennra framkvæmda á árinu 1978. Það er á bls. 13 í lánsfjáráætluninni, töflu II, sem upp eru taldar með krónutölu þær framkvæmdir sem Rafmagnsveitum ríkisins er ætlað að sjá um. Af þeim framkvæmdum kemur Orkubú Vestfjarða til að yfirtaka vegna framkvæmda á Vestfjörðum: Mjólkárvirkjun 10 millj. kr. Stofnlínur: Gemlufall—Breiðidalur 10 millj. kr. Breiðidalur—Bolungarvík 60 millj. kr. Aðveitustöðvar: Breiðidalur 215 millj. kr. Bolungarvík 132 millj. kr. Hluti af eftirtöldum liðum, sem þar eru með hærri upphæðir, fellur til Orkubús: Innanbæjarkerfi 48 millj. kr. Styrking sveitaveitna 3 millj. kr. Dísilstöðvar 5 millj. kr. Vélar og tæki 15 millj. kr. Aðstöðusköpun 10 millj. kr. Ófyrirséð 12 millj. Samtals er hér um að ræða 521 millj. kr. Eru þessar tölur fram settar og komnar frá Rafmagnsveitum ríkisins og í fullu samkomulagi við þær. Þannig mun með þetta mál farið, eins og ég hef hér vikið að, þegar framkvæmd lánsfjáráætlunar hefst á næsta ári.

Þá hafa verið til umr. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga greiðslur til Sjúkrahúss Vestmannaeyja, en það eru tæpar 100 millj. kr. sem talið er og samkomulag er um að ríkissjóður skuldi sjúkrahúsinu. Samkomulag er á milli fjmrn. og bæjarstjórans í Vestmannaeyjum um að sú upphæð greiðist á árunum 1978 og 1979.

Varðandi þau mál, sem hafa verið í fréttum undanfarið, þ. e. a. s. þá sjóskaða sem átt hafa sér stað við suðurströndina, þá er að finna í till. fjvn. heimild fyrir lántökur fyrir Hafnarbótasjóð til þess að mæta hluta þess tjóns sem orðið hefur. Hér er um að ræða tjón allt frá Grindavík og alla leið austur að Hornafirði. Það er hins vegar enn óljóst, hversu mikið tjónið hefur orðið og hvers eðlis það er. Hér er lántökuheimild fyrir Hafnabótasjóð, en málið í heild verður tekið til sérstakrar athugunar og aðgerða hjá ríkisstj. þegar niðurstöður hafa fengist þar að lútandi.

Ég vildi láta þetta koma hér fram til þess að forðast misskilning varðandi afgreiðslu þessara mála.

Ég vil að lokum víkja að atriði sem gjarnan hefur verið til umr. og ég hef vikið að í umr. hér á Alþ., en þar á ég við, með hvaða hætti hægt er að draga úr ríkisumsvifum og hvort ekki sé rétt að koma ýmissi framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefur með höndum, til einstaklinga og samtaka þeirra og þar sé betur fyrir þeim séð, og jafnframt, hvort aðild ríkisins að atvinnustarfsemi í landinu í samkeppni við einkaaðila sé æskileg.

Það var 30. mars s. l. sem skipuð var n. til að meta þessi mál og gera till. þar að lútandi. Það kom fram við 1. umr. fjárlaga, í ræðu minni þá, að búast mætti við áfangaskýrslu frá þessari n. nú við afgreiðslu fjárl. Mér barst í gær erindi frá n. sem mér finnst rétt og eðlilegt að frá sé skýrt hér, sér í lagi þar sem vikið var að þessu máli og gerð grein fyrir því, að fyrstu till. væri að vænta frá þessum aðilum við afgreiðslu þessara fjárl. Ég tel rétt að lesa bréfið upp hér. Ég á hins vegar ekki von á því, að tilefni sé til langra umr. hér, enda engar ákvarðanir teknar eftir að bréfið var lagt fram á ríkisstjórnarfundi í morgun. En þar segir, með leyfi forseta:

„Hinn 30. mars s. l. skipuðuð þér okkur undirrituð í n. til að meta, hvort framleiðslu- og þjónustustarfsemi, sem hið opinbera hefur með höndum, sé betur fyrir komið hjá einstaklingum eða samtökum þeirra, og jafnframt, hvort aðild ríkisins að atvinnustarfsemi í landinu í samkeppni við einkaaðila sé æskileg.

N. hefur lokið afgreiðslu tveggja mála, er

varða Landssmiðju og Siglósíld. Álitsgerð n. um þessi tvö fyrirtæki fylgir bréfi þessu.

Meginniðurstaða n. um Landssmiðju er sú, að sem ríkisfyrirtæki skuli hún lögð niður og þeir fjármunir fyrirtækisins, sem ríkið kýs ekki að nota til annarrar starfsemi, verði seldir.

Um Siglósíld er meginniðurstaða n. sú, að gerðar verði ráðstafanir til þess að selja fyrirtækið, t. d. með þeim hætti, að hrein eign fyrirtækisins yrði seld aðilum sem stofnuðu félag til að kaupa og reka fyrirtækið, eða með þeim hætti, að ríkið stofnaði fyrst hlutafélag um reksturinn og seldi að því búnu meiri hl. aðilum sem vildu standa saman að rekstrinum.

N. hefur unnið að athugunum á tveim öðrum ríkisfyrirtækjum: Ferðaskrifstofu ríkisins, og Bifreiðaeftirliti ríkisins. Þessi athugun er á lokastigi og er till. að vænta innan skamms tíma. Allmörg önnur fyrirtæki ríkisins eru á verkefnaskrá n. Mun n. á næstunni meta hvort æskilegt sé að seld verði hlutabréf ríkisins í ýmsum fyritækjum, t. d. í Slippstöðinni á Akureyri og í Þormóði ramma á Siglufirði.

Virðingarfyllst,

Gísli Blöndal. Guðríður Elíasdóttir.
Ingi Tryggvason. Ólafur Sverrisson.
Steinþór Gestsson. Víglundur Þorsteinsson.
Arn Vilhjálmsson, form. n.

Eins og ég gat um áðan og eins og fram kemur í þessu bréfi, er hér um að ræða fyrsta áfanga í því starfi sem þessari n. var falið. Jafnóðum og hún gerir till. mun þm. að sjálfsögðu gert það kunnugt, og þær till., sem frá n. koma, munu að sjálfsögðu skoðaðar og tekin afstaða til þeirra af ríkisstj. og þá niðurstaðan gerð þm. kunnug.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. minntist á, urðu mikil tjón á suðurströndinni í síðasta ofviðri og flóði. Mun þetta hafa verið mest á Stokkseyri, en reyndar bæði austar og vestar. Ég hef komið á Stokkseyri og skoðað skemmdirnar. Sjóvarnargarðurinn hefur að mestu hrunið, grjótið farið inn á húsalóðir og götur og hús og önnur mannvirki skemmst. Fyrir aðeins tveim árum var mikið flóð á Eyrarbakka og eyðilegging á sjóvarnargarðinum. Ég veit að allir alþm. eru sammála um, að ekki verði hjá því komist að gera við sjóvarnargarðinn og endurbyggja hann og gera hann það traustan að hann þoli flóðölduna og ofsaveður. Að öðrum kosti er ekki byggilegt í þessum kauptúnum.

Eins og sjá má er komin fram till. um að heimila Hafnabótasjóði lántöku í þessu skyni. Hefur verið gerð lausleg áætlun um hvað það mundi kosta að endurbyggja sjóvarnargarðana á Stokkseyri og Eyrarbakka, og er það nokkuð á annað hundrað millj. kr. En þar sem tjón hefur einnig orðið á fleiri stöðum er ekki vitað hversu mikið heildartjónið er og því ekki unnt að nefna heildartölu í þessu sambandi. Verður því að nægja við afgreiðslu fjárl. að fá lánsheimild til að gera það sem nauðsynlegt er í þessu efni.

En það er fleira en sjóvarnargarðurinn sem hefur skemmst, sérstaklega á Stokkseyri, að ég ætla. Það er ekki enn vitað, hversu mikið af þessu tjóni viðlagatryggingar muni bæta. En það er vitað að talsvert af því verður ekki bætt af viðlagatryggingum. Þess vegna vil ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, þegar hann sagði áðan að ríkisstj. mundi taka málið til athugunar og aðgerða, þ. e. að veita bætur umfram sjóvarnargarðana eða umfram þá lántöku sem ætlað er að taka sérstaklega til þess að bæta tjón á sjóvarnargörðunum. Þegar hæstv. fjmrh. segir að ríkisstj. muni taka málið til athugunar og aðgerða munum við þm. taka það gilt. Það er vitað mál, að ekki er hægt að taka ákveðna upphæð eða ekki eðlilegt að taka ákveðna upphæð inn í fjárl. til þess að bæta þetta tjón, á meðan ekki er vitað hversu mikið það er. Það hefur ekki farið fram mat. En þetta kemur allt í ljós eftir að viðlagatryggingar hafa bætt það sem þær taka á sig.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri í sambandi við skemmdirnar á suðurströndinni. Ég veit að hæstv. ríkisstj. hefur skilning á þessu máli og vilja til þess að bæta tjónið eins og nauðsyn ber til. Margt af því fólki, sem fyrir tjóninu hefur orðið, er ekki efnalega vel stætt. Það er þess vegna of mikið að ætlast til að það beri tjónið bótalaust. Hæstv. ríkisstj. hefur skilning á málinu og hv. Alþ. hefur einnig skilning á þessu. Þegar hæstv. ríkisstj. lofar að taka málið til athugunar og aðgerða teljum við þm. það nægilegt við afgreiðslu fjárl.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Svo rækilega hefur hv. þm. Geir Gunnarsson flett ofan af dugleysi og ráðleysi hæstv. ríkisstj. í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar að þar þarf í raun og veru engu við að bæta. Við hin ákjósanlegustu ytri skilyrði sem hugsanleg eru hvolfist yfir þjóðina meiri vandi en dæmi eru um áður við slíkar aðstæður.

Hér er um að ræða heimatilbúinn vanda ríkisstjórnar sem hefur fylgi 70% þm. og var mynduð í skjóli styrkleika síns til þess einmitt að sigrast á þeim efnahagsvanda sem þá hafði skapast, fyrst og síðast af óvenjuslæmum ytri aðstæðum. Mistakaferill þessarar sterku stjórnar ætlar að verða dýr íslenskri þjóð, ekki hvað síst launafólki öllu, en nú hefur ríkisstj. einmitt fundið það út, að þar sé sökudólginn að finna á þeim eigin vanda sem hún glímir ráðþrota við. Endurheimt þess kaupmáttar, þó ekki að fullu, sem launafólk hafði 1972 og 1973, er að mati núv. hæstv. ríkisstj. orsök vandkvæðanna í dag, og mætti þá gjarnan spyrja, hvað hefði valdið vanda síðasta árs, hins hagstæða árs 1976, þegar kaupmættinum var haldið miskunnarlaust niðri. Sú tafla, sem hv. þm. Geir Gunnarsson gerði grein fyrir áðan, um kaupmáttinn og hlutdeildina í þjóðarframleiðslunni, gerir allt þetta fjas að engu. Þar sannast enn einu sinni svart á hvítu hver sökudólgurinn er. Núv. hæstv. ríkisstj. verður að bera þann fjanda sinn sjálf, enda hefur hún vel og rækilega efnað í þann ófögnuð. En trú kenningu sinni: hann gerði það, hann byrjaði — sem alkunna er frá þeim sem veit skömmina upp á sig, — trúr stefnu sinni, sem er launafólki óhagstæð númer eitt, hefur hæstv. ríkisstj. setið við það uppteknust á síðustu vikum að finna út með hverjum hætti hún geti náð

til baka sem allra mestu af þeim af þeirra dómi illa fengna hlut sem launafólk í krafti samtaka sinna og afls auðnaðist að ná á þessu ári.

Og bærilega hefur byrjunin tekist, því að af mörgum ranglátum tekjuöflunarleiðum núv. hæstv. ríkisstj. nær hið svokallaða sjúkratryggingagjald best og rækilegast til þeirra með lágu launin og því var það tvöfaldað. Hins vegar vita allir að hér er um byrjun eina að ræða. Eflaust verður reynt að doka við fram yfir kosningar með það versta. En þá verður líka sannkölluð uppskeruhátíð nýrrar og aukinnar skattheimtu af almenningi hjá núv. stjórnarflokkum, ef þeir fá til þess nægilegt umboð að standa við þann einlæga ásetning sinn að halda áfram samstarfi, enda eindrægni slík, að hörmulegt væri í raun ef hv. kjósendur kæmust þar upp á milli til að rjúfa það tryggðaband ástríkis sem styrkist með degi hverjum, svo sumir vita orðið vart hvert er hvers og hvers er hvað, eins og þar stendur.

Það er hins vegar augljóst, að öllu þessu slepptu, að launafólk, sem sagt er bera alla ábyrgð á vanda þjóðfélagsins í dag, verður að vera vel á verði bæði fram að kjördegi, en einkum þó til að verja kjör sín og hlutdeild í þjóðarauðnum, — hlutdeild sem þrátt fyrir allan blekkingavaðal er sú sem fram kemur í nál. okkar og hv. þm. Geir Gunnarsson hefur gert ljósa grein fyrir.

Ég skal ekki hér og nú hefja upp orðræður um afglapastefnu þessarar ríkisstj., en afleiðingar hennar koma fram í æðimörgu. Ég hef að vísu ekki mikla reynslu af starfi í fjvn., en þó er mér ljóst, að enn þrengri stakkur var fjvn. skorinn af stjórnvöldum til allrar hreyfingar nú en var þó á s. l. ári. Ég tel þá meirihlutamenn ekki ofsæla af hlutskipti sínu, svo mjög sem þeir urðu að auglýsa vanmátt sinn til flestra góðra og þarfra athafna, þar sem verndarhendi þeirrar eigin ríkisstj. hafði refsivönd á lofti gagnvart nær hverju einu. Hins vegar er þó hlutur minni hl. slíkur, að ég fæ vart annað séð en að nefndarstarf okkar felist í því einu að fá upplýsingar, sem þó liggja ekki alltaf á lausu sem kunnugt er, mega spyrja og öðlast þannig aukna yfirsýn um málefni. En varðandi afgreiðslu utan skiptingar einstakra liða undir refsiramma ríkisstj. tel ég að vart sé um aðstöðu eða áhrif að ræða að nokkru marki. Ég segi þetta ekki til að víta með nm. mína, ég hef áður lýst þeirra hlutskipti, en það má þó segja, að í þessu efni sé ríkisstj. sterk og styrk, þegar hún skammtar fjvn. vald og verksvið þar sem manni sýnist þó oft að ekki veitti af að n. hefði vit fyrir heldur en hitt.

Ég þakka samstarfið í n., þó mér þættu neiin ákaflega mörg á síðasta afgreiðsludeginum, og varð til þess að ég annars vegar geri sum þeirra að umtalsefni hér, en flyt beinar brtt. um önnur.

Fyrst langar mig að víkja að tveim atriðum sem upp komu í n. og snertu að mínu viti spurninguna um það að framkvæma vilja Alþingis eða ekki. Hér á ég við tvær alls óskyldar þál. sem ég tel að hafi átt að taka tillit til við afgreiðslu fjárl. Önnur var samþ. fyrir nokkrum árum hér á þingi og varðaði stuðning við búsetu á Hólsfjöllum á Efra-Fjalli. Þar var hafin myndarleg uppbygging og til hennar þarf eðlilegan stuðning á fjárl., svo sem var um Inndjúpsáætlunina sem nú er lokagreiðsla til á fjárl. Ekkert slíkt sést hér til þessarar uppbyggingar nú, og veit ég þó um vilja margra meirihlutamanna til að sinna þessu, því auðvitað er með þessu verið að gera samþykkt Alþ. að engu, og lítt þýðir í þessu tilfelli að vísa á aðra aðila sem eiga að koma hér til.

Ég harma þessa afgreiðslu og þá ekki síður hitt, sem var þó miklu minna fjárhagslegt atriði, en það varðaði till. samþykkta á Alþ. í fyrravor um stuðning við aukna fræðslu er snertir áfengisvarnir. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir um einhverja smáupphæð sérmerkta í þessu skyni, til þess þá að undirstrika einhverja alvöru í málinu, var öllu á aðra vísað. Þetta var þeim mun tilfinnanlegra sem við höfðum einnig til umfjöllunar beiðni frá áfengisvarnaráði, Bindindisfélagi ísl. kennara og Íslenskum ungtemplurum sem hneigðist í sömu átt og á ákveðna leið bent. Því var að sjálfsögðu öllu hafnað. Þrautalendingin var að vísu hjá skólarannsóknadeild sem fékk þó nú á fjárl. aðeins hluta umbeðins fjár í nauðsynlegustu verkefnum og verður að láta brýna og aðkallandi námsefnisgerð eiga sig með öllu, m. a. námsbækur sem eru beint framhald af áður útgefnu námsefni og hljóta að verða að koma í kjölfarið ef ekki á allt úr skorðum að fara.

Við höfum kynnst léttúðugri meðferð einstakra ráðh. á eindregnum viljayfirlýsingum Alþ., jafnvel beinum lagafyrirmælum, en það er lítil ástæða til þess að þm. almennt dragi dám af slíku. Ég læt því í ljós mikil vonbrigði mín með þetta, en veit að ekki einu sinni í þessu hafði meiri hl. fjvn. fullt og óskorað vald, að því er best varð séð.

Málefni þroskaheftra hafa sem betur fer verið rækilega til umfjöllunar í seinni tíð, og er það vel, að nýir straumar hafa leikið um þróun þeirra mála og allt horfir þar til bóta. Þar ber að meta og þakka hækkað framlag til skólabygginga fyrir þroskahömluð börn. En af því að ég ræddi sérstaklega um Kópavogshælið við 2. umr., þá verð ég að trúa því staðfastlega að sú upphæð, sem er á brtt. fjvn. um ríkisspítala og heilsugæslustöðvar, laun þar upp á 125 millj. þýði það, að verulegur hluti þeirrar upphæðar renni til launa á Kópavogshæli, þannig að þar sé hægt að bæta við nýjum stöðum á hælinu og þessi upphæð komi því hælinu til góða í ríkum mæli. Eftir heimsókn mína og fleiri fjvn-manna á þetta hæli á 25 ára afmæli þess á dögunum sannfærðist ég enn betur en áður um þá brýnu þörf sem þar er á auknu starfsliði og bættum aðbúnaði. Okkur var þá m. a. bent á það, hve dagheimili fyrir börn starfsfólks gæti verið mikilvægt fyrir þá sök, að með því fengjust fleiri og hæfari starfskraftar að stofnuninni. Því skal vonað, að við skiptingu þessa fjár og útdeilingu þeirra staða sem til greina koma verði þetta dagheimili tekið inn.

Uppbygging heimila fyrir þetta fólk er enn í fullum gangi. Enn eru eftir mikilvæg verkefni. Á Sólborg á Akureyri þarf enn verulegt átak til að koma viðbótinni þar í gagnið. Austfirðingar þurfa að geta komið sínum fyrstu húsum í gagnið á árinu 1979. Vestfirðingar ætla að hefja starf sitt

að heimilisbyggingu eða byggingum á næsta ári helst. Og áfram mætti telja. Auk þess varð okkur það ljóst, sem heimsóttum Kópavogshælið um daginn, að þar skortir mjög á allar endurbætur og þar þarf raunar eftir margra ára hlé nokkra viðbót einnig, þó alls ekki sé ætlunin að bæta þar við vistmönnum, fremur hið gagnstæða, heldur aðeins til þess að ná fram viðunandi úrbótum á þeim vandræðum um húsnæði og þeim þrengslum sem eru nú.

Til eins sjóðs er leitað með alla þessa uppbyggingu, Styrktarsjóðs vangefinna. Ég var satt að segja orðinn úrkula vonar um að úr rættist fyrir sjóðnum í ár og hafði raunar fengið staðfestingu þar á í n. En seint koma sumir, en koma þó. Og hæstv. fjmrh. kom fram með endurnýjun vörugjaldsins til Styrktarsjóðsins í gær. Þar fylgdi að vísu nokkur böggull skammrifi, en ég nota þetta tækifæri til að lýsa ánægju minni með það og hlýt að virða það sem vel er gert, enda nauðsynin ótvíræð og aðkallandi, þó hún komi nú á síðustu stundu og maður væri sannarlega orðinn hræddur um að þetta mál ætti að verða úti í kuldanum, eins og það hefur oft áður orðið.

Leiklist hér á landi stendur með blóma, og er það vel. Áhugafélögin eru þar með eftirtektarverðastan hlut, með sín 50 verkefni, flest hver hin ágætustu leikverk sem þau hafa verið að sýna nú á þessu ári. Ég fagna því, að þar hefur verið sýndur skilningur og þau framlög færast nær því sem nauðsyn er til þess að þessi starfsemi fái þrifist. Ég fjölyrði ekki frekar hér um, svo oft hef ég bent bæði á erfiðleikana með fjárhaginn og ódrepandi áhuga og þrautseigju fólksins.

En varðandi leiklistina vantar þó enn stuðning við eitt merkilegasta framtakið sem í þessum efnum hefur átt sér stað í seinni tíð. Alþýðuleikhúsið er enn úti í kuldanum. Það má ekki styðja, þó það hafi sýnt tvö ágæt íslensk verk, sem vakið hafa óskipta athygli, og sé nú með það þriðja á döfinni, — þó það hafi sýnt þessi verk sín um landsbyggðina meir og betur en sjálft Þjóðleikhúsið leggur nokkru sinni í að gera og hafi þannig orðið leikhús landsbyggðarinnar fremur öllum öðrum. Það er að vísu rétt, að lagaskylda er ekki til þess arna, en því meiri siðferðileg skylda til að sinna framtaki af þessu tagi þar sem svo vel hefur tekist. Þar þarf þess vegna að sýna verðuga viðurkenningu. Að vísu hef ég séð til þess, að ef menn vilja heimila í lögum aðstoð eða viðurkenningu af þessu tagi, þá geta þeir það nú með samþykki við frv. mitt í Ed. um stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna og atvinnuleikhús. Auðvitað fer það eftir því, hvernig fé er veitt á fjárl., og þar af leiðandi var þetta hægt nú ef menn hefðu aðeins viljað sýna þessari starfsemi einhvern skilning. Menn tala gjarnan um fordæmi í þessu sambandi. Segja að upp spryttu óteljandi hópar sem yrði að styrkja. Hér er mikill misskilningur á ferð. Ekkert slíkt hefur mér dottið í hug. Og rangt er einnig að tala um slíkt. Hér verður að vega og meta aðstæður, hvort um loftbólu eina er að ræða eða hvort vakandi listræn sköpun með lifandi starfi og snertingu við þjóðlífið er á ferðinni, eins og sannast hefur um Alþýðuleikhúsið. Hér verða vissulega að vera glögg skil á, og síst mæli ég með einhverri allsherjar útdeilingu í allar áttir án allrar réttlætingar, enda held ég að fáum detti í hug í alvöru að til slíks komi. Hér eru önnur sjónarmið sem ferðinni ráða, því miður. Ég veit um vissan skilning í stjórnarliðinu hér á einnig, en hann er þó of takmarkaður til að verða að liði. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja ásamt þeim hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni, Jóni Árm. Héðinssyni og Stefáni Jónssyni mjög hógværa till. og lítilláta um viðurkenningu til Alþýðuleikhússins, ekki nægilega að mínu mati, en viðurkenningu þó upp á 2 millj. Ég skal forðast allan samanburð í þessu efni, en aðeins réttlæta þessa viðurkenningu enn einu sinni með því, að hér er um leikhús landsbyggðarinnar að ræða fyrst og fremst, starfsemi sem hefur verið tekið þar afar vel að vonum, starfsemi sem a. m. k. okkur landsbyggðarmönnum ber að meta að verðleikum.

Rannsóknir og kannanir, athuganir og úttektir eru vinsælar í okkar þjóðfélagi. Allt þarf að athuga og kanna, nú síðast atferli refsins, ef menn gætu þar eitthvað frekar af lært, og skal síst við því amast. Ég geri ekki heldur lítið úr gildi rannsókna, þvert á móti, þótt oft kunni að vera erfitt að greina á milli þess, sem þarfast og brýnast er að rannsaka, og hins, sem e. t. v. er af öðrum toga. Því hef ég þennan formála, að í annað sinn er því neitað af meiri hl. fjvn. að taka inn nauðsynlega fjárveitingu til rannsókna í þágu landbúnaðarins á Skriðuklaustri, þar sem þegar starfar hinn ágætasti maður sem allir eru sammála um að vinni hið merkasta starf. Aðalástæða þess, að nú verður þessi ágæti maður að hætta störfum, er sú, að manni skilst, að hann er ekki hér syðra, við rannsóknarkjötkatlana hér. Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur nefnilega á síðustu árum, sem betur fer skulum við segja, fengið marga nýja vel hæfa menn sem hér starfa. En þegar maður er á vettvangi, þegar maður með mikla starfsreynslu og fjölþætta á að vinna gagnmerkt rannsóknarstarf í þágu íslensks landbúnaðar og austfirskra bænda alveg sér í lagi, þá er eins og um goðgá eina sé að ræða. Þá tala menn nefnilega um fordæmi. Ja, hvílík ósköp, að rannsóknarmenn í íslenskum landbúnaði færu nú í auknum mæli að vera úti í sveitunum í stað þess auðvitað að sitja allir uppi á Keldnaholti, þar sem svo virðist sem allt eigi að vera sem hér að lýtur. Ég rakti þessa sögu rækilega í fyrra. Búnaðarsamband Austurlands leggur höfuðáherslu á þetta mál. Hér er um að ræða hæfasta mann á þessu sviði á Austurlandi öllu og með geysilega starfsreynslu. Ég vil enn láta hér á reyna og flyt því till. á þskj. 246 um 3 millj. til viðbótar til launa rannsóknarmanns á Skriðuklaustri.

Um margt fleira væri full ástæða að ræða hér, en eitt smáatriði þó áður en ég lýk máli mínu með nokkrum orðum um dagvistarheimili. Ég óskaði eftir því og gerði það í fullri alvöru, að sá liður í starfsemi íslensku þjóðkirkjunnar, sem mér þykir merkilegastur um margt, framlag til sumarbúða, yrði tvöfaldaður, en sú tala, sem þar er nú, 1,5 millj. hefur verið óhreyfð í fjölda ára. Þessu var ekki sinnt. Hins vegar var framlag til Kirkjuþings hækkað um ríflega þá upphæð. Þetta þing er eflaust ágætt þarfaþing. En ég man tæpast eftir öðru frá því en stóryrðum um okkur alþm.

fyrir að vilja ekki fara að ráðum þess í einu og öllu í sambandi við prestskosningar. Svona líta menn misjafnt á hlutina. Sumir vilja efla Kirkjuþing. Aðrir, eins og ég, vilja efla sumarbúðir fyrir æsku þessa lands.

Aðeins svo um dagvistarheimilin. Ég starfaði þar í undirnefnd og hugði þar gott til starfa, minnugur fagurra loforða ríkisstj. og þá forsrh. alveg sérstaklega frá í vor um stóraukið fé til þessara mála. En orðið „stóraukið" virðist hafa allsérstæða merkingu í munni hæstv. ráðh., og í munni hæstv. fjmrh. hét það áðan töluvert. Sannleikurinn er sá, að með óskaplegum umbrotum tókst að koma þessari upphæð, sem þurfti að vera 310—320 millj. svo lagaskyldu um hraða framkvæmd yrði fullnægt, upp í 180 millj. um þetta efni hefur verið flutt brtt. og framsaga fyrir henni, svo ég fjölyrði ekki um það hér. en undirstrika aðeins að niðurskurðarstarfið í n. var ömurlegt dæmi um það, hvernig ekki á að vinna að málum. Vanefndirnar eru því alvarlegri sem Framsfl., sem með þennan málaflokk fer, hafði þó þarna góða viðspyrnu til sóknar í þessu máli. En hún var í engu notuð, aðeins var hækkað um þá óhjákvæmlegu upphæð sem til þurfti svo unnt væri að taka ný heimili inn að nafninu til, eins og reyndar var gert á síðasta ári einnig. Vanefndirnar eru þeim mun alvarlegri þar sem flestir sveitarstjórnarmenn trúðu þessum fyrirheitum í sumar, framkvæmdu af bjartsýni og þrótti, en verða nú að horfa upp á stórskertar upphæðir í stað fullra efnda, eins og þeir eðlilega reiknuðu með.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar, en aðeins minna á það í lokin, að hér var þó möguleiki fyrir Framsfl. að sýna verulegan lit á sjálfstæði og frumkvæði, til þess var yfirið næg viðspyrna til sóknar í loforðum forsrh. í vor við verkalýðssamtökin. En uppeldisáhrifin eru sterk og Framsfl. sýnir í þessu sem öðru aðdáanlega aðlögunarhæfni, og sannar það að þessi uppeldisáhrif ná lengra en á leikskóla- og grunnskólastigið. Þau taka til hörðustu fullorðinsára einnig, eins og dæmin sanna.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég stend að flutningi tveggja brtt. Þær eru báðar á þskj. 283.

Sú fyrri er 3. till. á því þskj. og er endurflutt till. sem dregin var til baka til 3. umr., en hafði verið flutt við 2. umr. Það er till. sem ég ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds flyt um það, að heimild, sem gert er ráð fyrir að veitt verði á 6. gr. frv. varðandi kaup á húseigninni Laugavegi 166, falli niður. Ég hef áður gert grein fyrir þessari till. og sé ekki ástæðu til að ræða frekar um hana.

Á þessu sama þskj. er síðan till. nr. V, en þá till. flyt ég ásamt hv. þm. Helga F. Seljan. Þar er gert ráð fyrir heimild handa ríkisstj. til þess að taka lán eða ganga í ábyrgð fyrir láni, sem nemi allt að 100 millj. kr., til þess að reisa við atvinnurekstur á Breiðdalsvík á Austurlandi með kaupum á hentugu fiskiskipi til að tryggja rekstur frystihúss staðarins. Ástæður fyrir því, að þessi till. er flutt, eru þær, að á þessum stað tókst svo til, að aðalfiskiskip staðarins var tekið af eigendunum þar vegna erfiðleika í rekstri, þeir misstu skuttogara sem þeir áttu hlutdeild í með öðru byggðarlagi og hafði verið gerður út frá þessum stað. Skipið var flutt til annars staðar og eftir er þorpið mjög illa statt atvinnulega. Nú er komið að því, að frystihús, sem hefur verið í endurbyggingu á þessum stað, geti tekið til starfa sem endurbyggt og fullkomið hús, en þarna er ástand í atvinnumálum mjög erfitt. Það er augljóst mál, að ekki er möguleiki á því að endurreisa atvinnulífið á þessum stað án þess að þarna komi til allveruleg ytri hjálp, ríkisvaldið hlaupi undir bagga og aðstoði heimamenn við að eignast nýtt skip í staðinn fyrir það sem raunverulega var af þeim tekið. Ég tel að þetta mál sé þannig, að ekki séu miklar líkur til þess að Byggðasjóður leysi þetta verkefni. Hann hefur þegar tekið á sig allmikinn fjárhagsvanda í sambandi við uppbyggingu frystihússins. En þarna verður að koma til nýtt fiskiskip og því er það að við flytjum þessa till. og viljum þar með bæði benda á alvöru þá, sem fylgir þessu máli, því að þarna er við mikið vandamál að etja, og leið til að ráða fram úr þessu. Ef ríkisstj. notfærði sér slíka heimild sem þessa, þá ætti að vera hægt að útvega lán og þar með tryggja byggðarlaginu skip eins og þörf er á.

Þetta eru aðeins þær brtt., sem ég stend að, sem ég hafði hugsað mér að tala fyrir. Ég vænti þess, að þessar brtt. verði metnar að verðleikum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 275, 283, 284, 285, 286, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 33 shlj. atkv.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Á þskj. 246 bar ég fram tvær brtt. við fjárlagafrv. Önnur þeirra, IV. brtt. á því þskj., var flutt við 2. umr. og mælti ég þá fyrir henni. Hin brtt., II. brtt. á þskj. 246, er hins vegar ný og mun ég nú skýra hana með fáeinum orðum. Sú till. hljóðar um að nýr liður bætist við Þjóðminjasafn Íslands þar sem er sjóminjasafn, og ætla ég 5 millj. kr. til sjóminjasafnsins.

Ég vil einungis rifja það upp í sambandi við þessa litlu till., að í febrúarmánuði árið 1974 var samþ. hér á hv. Alþ. einum rómi þáltill. um stofnun sjóminjasafns, þ. e. a. s. heildarsafns fyrir landið allt. Þessi till. var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hefja nú þegar í samráði við þjóðminjavörð undirbúning að stofnun sjóminjasafns. Skal leita eftir samvinnu við Hafnarfjarðarbæ um hentugt landssvæði fyrir slíkt safn, svo og um byggingu þess og rekstur."

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lýsti þegar áhuga sínum á þessu máli og tók mjög jákvætt undir þá hugmynd að greiða fyrir því, að greitt verði fyrir því af bæjaryfirvalda hálfu að landssafni íslenskra sjóminja gæti orðið búinn góður framtíðarstaður í bæjarlandi Hafnarfjarðar.

Næst gerðist það í þessu máli, að 28. ágúst 1974 skipaði hæstv. þáv. menntmrh. nefnd til að fjalla um stofnun sjóminjasafns í samræmi við þessa fyrrgreindu ályktun Alþ. og gera till. um fyrir-

komulag slíks safns. Nefndin starfaði síðan undir forustu þjóðminjavarðar, aðallega veturinn 1974—1975, og skilaði ítarlegu áliti til menntmrh. vorið 1975. Þetta nál. var fjölritað og það var sent öllum alþm. og fleiri, ef ég man rétt, í desembermánuði 1975 eða janúar 1976. Í þessu nál. var lögð mjög mikil áhersla á þrjú verkefni sem næst lægi fyrir að vinna að í þessu sambandi. Það var í fyrsta lagi, að samið yrði um landrými undir þetta framtíðarsafn. Nefndin hafði kannað málið og hún benti á þrjá staði innan bæjarmarka Hafnarfjarðar, sem til greina kæmu, og gerði ekki endanlega upp á milli þeirra staða, þó að margir nm. teldu að sá staður, sem er í námunda við Dvalarheimili aldraðra sjómanna, kæmi allra helst til greina. Í öðru lagi, að unnið verði skipulega að söfnun og björgun sjóminja og reynt að tryggja sómasamlega varðveislu þeirra meðan safnahús eða sýningarskálar væru ekki komnir upp. Og í þriðja lagi, að byggingarnefnd þessa framtíðarsafns verði skipuð, svo að hún geti hafist handa um undirbúning framkvæmda.

Alkunnugt er að mikið hefur verið talað um erfið fjárráð ríkisins á undanförnum árum, og vissulega hafa ýmis stór verkefni blasað við og ekki gengið sérlega vel að vinna að þeim. Svo er t. d. í sambandi við byggingarmál, svo sem þjóðarbókhlöðu og fleiri nauðsynjaverkefni af slíku tagi. En ekkert þessara þriggja verkefna, sem nefndin lagði verulega áherslu á, þarf að kosta stórfé, en eru hins vegar mjög mikils virði ef einhvern tíma á að vera hægt að koma á fót slíku sjóminjasafni sem ekki kafnar undir nafni. Varðveisla gamalla skipa og jafnvel endurbygging þeirra að einhverju leyti hlýtur alltaf að kosta nokkurt fé, en enginn efi er á því, að eins og sakir standa er björgunarstarfið hið allra mikilvægasta í þessu sambandi, og þrátt fyrir að ýmsar tilraunir hafi verið gerðar, bæði af mér og fleirum, til þess að fá nokkrar fjárveitingar til þessa björgunarstarfs, þó að ekki sé nú hugsað um að byggja stórt og dýrt safnahús að svo komnu máli, hefur þetta verk gengið afskaplega erfiðlega, og því miður hafa fjárveitingar til þessa verkefnis verið svo naumt skammtaðar að sáralítið hefur verið hægt að gera, nema bjarga eins og einum og einum gömlum árabát. Áhugamannahópar um sjóminjar, hafa hins vegar á ýmsum stöðum sýnt að hægt er að gera töluvert, jafnvel fyrir litla peninga, ef vilji er fyrir hendi, en þó er óhjákvæmilegt að hafa einhver fjárráð til að bjarga slíkum gömlum munum. Ég vil aðeins minna á það, að fyrir nokkrum árum, árið 1974, keyptu áhugamenn á Akranesi gamlan kútter frá Færeyjum sem á sínum tíma hafði verið í íslenskri eigu, sennilega um 25—30 ára skeið. Sá kútter hét Sigurfari. Hann hélt því nafni í Færeyjum og var gerður út frá Færeyjum, ég held fram undir 1970, og var svo keyptur til Akraness 1974. Hann er tvímælalaust eina skipið af þeirri tegund sem hugsanlegt er að varðveita. Því miður hefur ekki fengist fé til að standsetja þennan gamla kútter. Hann er því miður í algerri niðurníðslu þarna uppi á Akranesi. Ef ekki verður gert eitthvað bráðlega í því að koma honum í það horf að hann fúni ekki þar niður, þá verður þetta framtak því miður til einskis. Til þess að bjarga slíku skipi — þetta er um 70 tonna kútter — telja kunnáttumenn, sem hafa athugað málið, að þurfi svo sem eins og 10 millj. kr. Það er í rauninni ekki gífurleg upphæð nú á dögum. 3—4 millj. á ári næstu þrjú árin mundu gera það að verkum að hægt yrði að bjarga þessu skipi, því seinasta sem hugsanlegt er að bjarga af þeirri tegund skipa sem hér voru burðarás útgerðar, bæði við Faxaflóa og víðar, um 30—40 ára skeið.

Annað dæmi vil ég aðeins nefna. Sjóminjafélag Íslands var stofnað árið 1974, sama árið og þáltill., sem ég nefndi áðan, var samþykkt. Þetta áhugamannafélag hefur ýmist aðstoðað Þjóðminjasafnið eða af eigin hvötum bjargað nokkrum bátum, og þessir bátar eru nú í vörslu Þjóðminjasafns. Þetta félag hefur nú síðast látið endurbyggja gamalt Suðurnesjaáraskip, stórt gamalt áraskip, að því er mér er tjáð hið síðasta með Suðurnesja- eða Grindavíkurlagi. Skip þetta hafði legið í fjörunni suður í Grindavík í áratugi og það var orðið svo illa farið, að kunnugir telja það hið mesta þrekvirki að hafa komið gamla skipshrófinu til Hafnarfjarðar án þess að það hryndi niður á leiðinni. En nú er búið að gera svo prýðilega við þetta gamla áraskip í bátasmíðastöðinni Bátalóni í Hafnarfirði, að það mun nú varðveitast sem fulltrúi þeirra áraskipa sem hinir fræknu sjómenn á Suðurnesjum notuðu og sóttu fast á sjóinn allt fram á þessa öld.

Ég átti von á því eftir viðtal mitt í haust við hæstv. fjmrh., sem ég veit að er áhugamaður um þetta mál, um sjóminjasafnsmálið, að sérstök fjárveiting yrði nú tekin upp til sjóminjasafns í fyrsta sinn á fjárl. fyrir árið 1978. Því miður hefur ekki orðið af þessu. Hins vegar hefur hv. formaður fjvn. lýst því yfir, að 2 millj. kr. af ákveðnum fjárlagalið, sem heyrir undir Þjóðminjasafn, eigi að fara til sjóminjasafns eða til björgunar og varðveislu sjóminja. Þetta ber vissulega að þakka. Þetta er lítils háttar hækkun á þeirri upphæð sem hefur verið varið á undanförnum árum til þessa nauðsynlega björgunarstarfs. Ég hefði kosið að þetta yrði sjálfstæður liður. Það hefði sýnt, að það væri þó vilji fyrir því að halda áfram undirbúningi að því að koma hér á fót sjóminjasafni. Ég hefði látið kyrrt liggja ef þessar 2 millj., sem eru að vísu allt of lítið fé, hefðu verið sjálfstæður liður, en það varð ekki einhverra hluta vegna. Mér er raunar tjáð að það séu einhverjar embættismannareglur sem torveldi þetta, þar sem ekki hafi verið sérstök lög um sjóminjasafn, heldur sé aðeins um þál. að ræða. Sé þetta rétt, sem ég hef fyrir satt, að það séu einhverjar slíkar embættismannareglur sem koma í veg fyrir að sjóminjasafn geti orðið sérstakur liður á fjárl., þá þarf að sjálfsögðu að bæta úr því með lagasetningu um slíkt safn.

Till. mín er um 5 millj. kr. fjárveitingu til þessa safns undir liðnum Viðfangsefni undir Þjóðminjasafni. Sú litla fjárhæð dugar aðeins til þess að bjarga kannske tveimur eða þremur gömlum árabátum frá tortímingu eða einum litlum vélbát frá fyrstu árum eða áratugum þeirrar útgerðar. Fáeinir slíkir árabátar eru enn þá til og veit ég um einn sem bíður þess á kambi vestur á fjörðum, sennilega nær 70 ára gamall, að verða þar sól, regni og vindi að bráð eða verða bjargað og flutt-

ur til væntanlegs sjóminjasafns. En verði þessi litla till. mín um 5 millj. til viðfangsefna varðandi sjóminjasafn samþykkt, þá gætu þær 2 millj., sem þegar eru í fjárlagafrv., e. t. v. gengið til byrjunarframkvæmda við viðgerð þess eina kútters sem hægt er að bjarga, kútters Sigurfara frá Akranesi. Ég tek ekki gilda þá röksemd, að ekki séu til í öllu peningaflóðinu fáeinar milljónir til þess að varðveita merkar sögulegar minjar um þá framfarasókn sem hér hófst með þilskipunum og hefur síðan haldið áfram á öld vélskipa og togara.

Ég skal aðeins geta þess, herra forseti, að 4. liðurinn á þskj. 246, um 10 millj. kr. hækkun fjárlagaliðsins til aðstoðar við þróunarlöndin, er till. sem ég flutti við 2. umr., en dró þá til baka til 3. umr. Ég mælti fyrir henni þá og mun ekki endurtaka það, en vil aðeins segja það, að við, þessi velmegunarþjóð, getum gert miklu betur en við gerum í þessum efnum, og við eigum að gera það. Ég vænti þess, að sú till. mæti einnig skilningi hér á hv. Alþingi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun fyrst mæla með brtt. á þskj. 225 frá sex þm. Reykv. Ég vil þó hefja mál mitt á því að leiðrétta þá frétt, sem birtist í Dagblaðinu í dag, þess efnis að ég flytji hér brtt. ásamt minni hl. eða stjórnarandstöðunni. Það er ekki rétt. Ég flyt hér brtt. sem ég hef tekið þátt í að móta sem borgarráðsmaður eða sem borgarfulltrúi í Reykjavík af bestu samvisku, og ég get fullvissað hv. þm. um að borgarstjórn hefur starfað að þeim á ábyrgan hátt. Í framhaldi af fundi, sem haldinn var með þm. Reykjavíkur og borgarfulltrúum Reykjavíkur, lagði ég þá spurningu fyrir alla þm. Reykjavíkur, hvort þeir vildu vera meðflm. eða ekki, en þeir, sem skrifuðu á till. og eru meðflm. með mér, voru þeir einu, sem vildu standa að tillögum borgarstjórnarinnar.

Þessar till. á þskj. 225 eru við 4. gr. fyrsta till. við liðinn. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, gjaldfærður stofnkostnaður, í staðinn fyrir 235 millj. komi 295 millj. Ég leyfi mér að vitna — með leyfi hæstv. forseta — til bréfs borgarstjóra sem hann skrifaði fjvn. og allir þm. Reykjavíkur fengu afrit af. Þar segir hann um þennan lið:

„Auk þessara fjárveitinga er rétt að minna á að samkv. bréfi stjórnarnefndar Fjölbrautaskólans í Breiðholti frá 8. f. m. til fræðsluráðs þarf fjárveiting til frekari framkvæmda við skólann að nema 295 millj. á næsta ári. Sú fjármögnun kemur öll í hlut ríkissjóðs. Hlutur borgarsjóðs í þeim framkvæmdum greiðist með endurgreiðslum ríkissjóðs vegna byggingar sundlaugar og C-álmu skólans, en síðan mun fyrirhugað að húsnæðisinneign borgarsjóðs gangi þar upp í nýjar framkvæmdir."

Í 2. lið er brtt. um þjónustudeild Borgarspítalans, að sú upphæð verði hækkuð úr 60 í 165 millj. Með leyfi forseta ætla ég að vitna aftur í bréf borgarstjóra til okkar þm., en þar segir svo:

„Í samræmi við ákvörðun samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, sem staðfest var með bréfi heilbr.- og trmrn. 6. ágúst 1975, á fjárveiting til byggingar þjónustuálmu Borgarspítalans að vera 60 millj. kr. Framlög þessi hafa ekki hækkað í samræmi við raunverulega hækkun kostnaðar. Þyrfti framlagið að hækka í a. m. k. 100 millj. kr. á næsta ári til samræmis við hækkun byggingarvísitölunnar á ofangreindu tímabili.

Áðurgreind ákvörðun samstarfsnefndarinnar var miðuð við verðlag í mars 1975 og áætlaður hlutur ríkisins af kostnaði 280 millj. kr., sem dreifast skyldi á árin 1975—1980. Útlagður kostnaður vegna framkvæmdanna nú í árslok verður hins vegar um 303 millj. kr. Framlag ríkissjóðs til sama tíma hefur þó orðið 120 millj. eða tæplega 40%. Ef tímaáætlun verksins á að haldast óbreytt, þ. e. að unnt verði að taka slysadeildina í notkun á næsta ári, þyrfti að verja 235 millj. kr. til byggingarinnar á árinu 1978. Að óbreyttu hefði ríkissjóður þá greitt 180 millj. kr. af 538 millj. kr. kostnaði eða um 33.5%

Auðséð er að borgarsjóður fær með engu móti risið undir því að taka á sig þetta mikinn hluta ríkissjóðs og er það því eindregin ósk borgaryfirvalda, að framlag ríkissjóðs til byggingarinnar á næsta ári verði ákveðinn ekki lægra en 165 millj."

Þess vegna hljóðar till. um 165 millj. En það er rétt að ég haldi áfram með næsta kafla bréfsins sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi er rétt að benda á, að á s. l. ári komu rúmlega 50 þús. sjúklingar á slysadeild Borgarspítalans, þar af voru 67.5% Reykvíkingar, en 32.5% eða rúmlega 16 þús. sjúklingar með búsetu utan Reykjavíkur og má raunar segja að hlutur þeirra geri stækkun deildarinnar nauðsynlegri en ella. Slysadeildin gegnir því mikilvægu hlutverki fyrir landsmenn alla."

Þetta vil ég taka undir.

Um 2. liðinn, þ. e. B-álmu, sem er lagt til að hækki úr 80 millj. í 88 millj., segir í bréfi borgarstjóra, með leyfi forseta:

„Til byggingar langlegudeildar (B-álmu) við spítalann er gert ráð fyrir 75 millj. kr. fjárveitingu á næsta ári, sbr. samning um þessa byggingu frá 14. sept. s. l.

Kostnaðaráætlun er miðuð við verðlag í mars 1977 og í samningnum er ákveði þess efnis, að samningsaðilar muni stuðla að því, að framlög hækki í samræmi við raunverulega hækkun byggingarkostnaðar frá og með árinu 1978. Samkv. þessu þarf framlag ríkissjóðs að vera 88 millj. kr. á næsta ári."

Í þriðja liðnum, er till. um að framlag til Arnarholts hækki úr 35 millj. í 70 millj., en í bréfi borgarstjóra segir svo, með leyfi forseta:

„Samningur milli ríkis og borgar frá 8. maí 1974 um byggingu 2. áfanga við sjúkrahúsið í Arnarholti gerði ráð fyrir að ríkissjóður greiddi árið 1978 16 millj., þó með fyrirvara um að samningsaðilar mundu stuðla að því, að framlög ríkissjóðs frá og með árinu 1975 hækkuðu í samræmi við raunverulega hækkun kostnaðar við bygginguna. Kostnaðaráætlun var miðuð við byggingarvísitölu 689 stig, en nú er vísitalan 3148 stig. Til að fullnægja þessu samningsákvæði þarf framlag ríkissjóðs á árinu 1978 þannig að verða 73 millj. kr.

Rétt er einnig að geta þess, að kostnaðar-

áætlun við bygginguna hefur hækkað verulega, þannig að ógreiddur hlutur ríkissjóðs miðað við n. k. áramót (85% frá 1. jan. 1974, en 60% af áður áföllnum kostnaði) verður væntanlega um 69.3 millj. kr. Til þess að eftirstöðvar af framlagi ríkissjóðs verði að fullu greiddar á árinu 1978, eins og samningurinn gerði ráð fyrir, þyrfti framlag ríkissjóðs á því ári að nema 154.3 millj. kr., þ. e. áðurnefndum 69.3 millj. kr. og 85% af áætlun 100 millj kr. framkvæmdar á næsta ári."

Við höfum þó ekki gert till. um fulla upphæð þarna, en takmörkum hana við 70 millj. í staðinn fyrir 154.3 millj. Fjórði liður, d-liður brtt. okkar, er um að heilsugæslustöð í Árbæ hækki úr 5 millj. í 10 millj. Í rökum borgarstjórnar segir, með leyfi forseta:

„Kostnaður við heilsugæslustöðina í Árbæjarhverfi áætlast rúmlega 85 millj. kr. Hlutur ríkissjóðs nemur 72.5 millj. kr., greiddar hafa verið 62.5 millj. kr. og nema því eftirstöðvar um 10 millj. kr., sem áætla þarf fyrir á árinu 1978."

Hér er því um eftirstöðvar að ræða og óskiljanlegt að ekki skuli vera gerð af fjvn. till. um 10 millj. kr. á þessum lið.

Í fimmta lið, e-lið, er till. um heilsugæslustöð í Breiðholti. Er sú till. tvíþætt: annars vegar að 3 millj. hækki í 20 millj. og orðið „hönnun" falli brott. Um það segir — með leyfi forseta — í bréfi borgarstjóra:

„Unnið er að undirbúningi heilsugæslustöðvar í Breiðholti I (Mjódd). Nauðsynlegt er að fá framlag úr ríkissjóði til þessarar heilsugæslustöðvar, svo að unnt sé að fullgera hönnun og undirbúa framkvæmdir. Vísast um þetta efni til ályktunar borgarstjórnar frá 18. nóv. 1977 sem send var fjvn. Æskilegt framlag í þessu skyni er að lágmarki 20 millj. kr."

Þá er síðasti liðurinn, f-liðurinn, sem hljóðar svo: „Grensásdeild, skuldagreiðsla 66 millj." Ég vil enn þá vitna í bréf borgarstjóra — með leyfi hæstv. forseta. Það er svo hljóðandi:

„Stofnkostnaður vegna byggingar Grensásdeildar nemur um 110 millj. kr. Tilnefndir fulltrúar heilbr.- og trmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. og Reykjavíkurborgar gerðu sameiginlega till. um að ríkissjóður greiddi 66% af stofnkostnaðinum á árinu 1972—1977, sbr. bréf frá 15. des. 1971.

Ítrekuð tilmæli til fjvn. um fjárveitingu til þessa stofnkostnaðar hafa ekki borið árangur. Er þess nú enn farið á leit, að fjvn. ákveði fjárveitingu til þessarar byggingar."

Þessa skuld höfum við verið að reyna að fá greidda frá því að núv. forsrh. var borgarstjóri, þannig að ég er ekki í nokkrum vafa um að hann leggur þessu lið.

Áður en ég lýk máli mínu um þessar brtt. okkar sex þm. Reykv. vil ég benda á það, sem reyndar kom fram í bréfi borgarstjóra, að þjónustudeildin eða slysadeildin er ekki síður fyrir landið allt en Reykvíkinga og nefndi ég skiptinguna í prósentum. B-álma sjúkrahússins er tengd framkvæmdum þjónustudeildarinnar að því leyti, að B-álman þarf að losa sjúkrapláss sem er í sjúkrahúsinu sjálfu, svo að þeir, sem koma slasaðir víðs vegar að, geti fengið legupláss á sjúkrahúsinu meðan þeir þurfa á því að halda.

Með stækkun þjónustudeildarinnar einnar skapast það vandamál, að ekki er nægilegt legupláss fyrir þá sjúklinga, sem þurfa að dvelja hér í Reykjavík, eða fyrir Reykvíkinga, sem þurfa að dvelja á sjúkrahúsi vegna slysa.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar till., þær skýra sig að miklu leyti sjálfar, en vona að aðild mín að flutningi þeirra verði ekki til þess að eyðileggja framgang þeirra.

Ég vil þá snúa mér að brtt. sem ég flyt á þskj. 285 um heiðurslaun. Það er brtt. við fjárlagafrv. Byrja ég þá á því að vitna — með leyfi hæstv. forseta — í lög um listamannalaun. 1. gr. hljóðar svo:

„Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt tilteknum listamönnum ákveðinn heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd 7 manna, kosinni af Sþ. að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa meira. En hér er ekki bundin sú tala listamanna sem hægt er að veita heiðurslaun. Ég vil taka undir það sem hv. frsm. menntmn.-manna, 1. þm. Norðurl. e., sagði, að það er engri rýrð, eins og hann orðaði það sjálfur, kastað á Alþ. þótt María Markan verði fyrir valinu. Ég vil taka undir þetta að sjálfsögðu og sé ekki hvaða hvöt hv. frsm. fann hjá sér til að orða þetta svona. Ég vil þá nota hans eigin orð, að það er engri rýrð kastað á Alþ. þótt nú verði fjölgað í heiðurslaunaflokki. Ég held að hlutfallslega sé minna veitt til þessa heiðurslaunaflokks nú en var, miðað við niðurstöðu fjárl., þegar þessi fjöldi, 12, var ákveðinn í þann heiðurslaunaflokk sem við erum að afgreiða. Ég sé því ekki ástæðu til þess að Alþ. fjölgi ekki í þessum heiðurslaunaflokki, annaðhvort í 15, eins og ég geri till. um, eða í 16 eins og till. gæti litið út ef bæði till. mín og till. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar verður samþykkt. Hann hefur gert till. á öðru þskj. um tvo menn, en annar þeirra er þegar á lista, sem ég geri að till. minni. En till. mín hljóðar svo:

„Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþ. Fyrir „9 millj." komi: 11 millj. 250 þús."

Ég hef bætt þremur afreksmönnum við þann lista, sem hv. menntmn. gerði till. um. Það eru þeir Hallgrímur Helgason, Sigurjón Ólafsson myndhöggvari og Stefán Guðmundsson Íslandi. Ég get ekki sætt mig við það, að eftir því sem tímar líða, eftir því sem þjóðinni fjölgar, eftir því sem fjárl. þenjast út og peningaflóðið verður meira, þá skulum við ekki hafa efni á því að heiðra fleiri afreksmenn en 12. Annaðhvort heiðrum við afreksmenn, sem við teljum að hafi unnið til þess, eða við heiðrum enga. Ef fara ætti fram þjóðaratkvgr. um það, hvort Stefán Íslandi væri heiðurslauna verðugur eða ekki og ferill hans væri þannig að hann ætti skilið að fá viðurkenningu frá Alþ., þá trúi ég ekki öðru en þjóðin mundi samþykkja það. Sama nær til Sigurjóns Ólafssonar, sama nær til Maríu Markan og sama

nær — ég er viss um það — til Hallgríms Helgasonar. Ég vona því, að hv. þm. leggi af þann hugsunarhátt sem kemur fram hjá hv. menntmn., að ekki sé hægt að fjölga í þessum heiðurslaunaflokki.

Ragnar Arnalds: Herra forseti Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að gera fjárlög almennt að umræðuefni, en læt mér nægja að fara örfáum orðum um nokkrar till. sem ég flyt á þskj. 286.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða undirbúningsfjárveitingu vegna skólabyggingar í Varmahlíð. Um það mál er það eitt að segja, að ég sætti mig ekki við að framkvæmdir á þessum skólastað verði stöðvaðar nú um tveggja ára skeið vegna þess að þessi undirbúningsfjárveiting fáist ekki. Ég var að vonast til þess, að fjvn. féllist á að bæta þessu við, en það hefur ekki orðið. Þó hefði það vissulega mátt gerast með því að skera niður aðra þá fjárveitingu sem til þessa skólastaðar gengur, og ég sé mig því til knúinn að flytja þessa brtt.

Í öðru lagi flytjum við Stefán Jónsson till um 20 millj. kr. fjárveitingu til fóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði og aðrar 20 millj. til fóðurverksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þegar 2. umr. fór fram lá það fyrir, að fjvn. var ekki reiðubúin að láta fjármagn til þessara framkvæmda. Það var meira að segja skýrt tekið fram í fjárlagafrv sjálfu, að framlög til þessara staða féllu nú niður, og fjvn. kom ekki með neina breytingu við 2. umr. á þessum lið aðra en þá að bæta við um 7 millj. kr. til fóðurverksmiðju í Skaftafellssýslu. Nú hefur hins vegar fjvn., eftir að þessar till. okkar komu fram, gert þá bargarbót að veita 5 millj kr. til hvorrar verksmiðju. Er það virðingarvert, en verður þó að minni hyggju fyrst og fremst að teljast sýndarmennska, ætlað til þess að hafa þessar verksmiðjur einhvers staðar á blaði, því að við vitum að fyrir þetta fjármagn verður ekkert unnið. Hér er einungis um það að ræða, að menn geti sagt að þessar verksmiðjur séu þó þrátt fyrir allt einhvers staðar á blaði. Ég tel að lágmark þess, sem þurfi að veita til þessara mála, sé 20 millj. í hvora verksmiðju, ef þarna á að vera um raunverulegar framkvæmdir að ræða, og þess vegna gerum við till. um það. Í fyrra voru veittar 10 millj. kr. til hvorrar verksmiðju um sig

Í þriðja lagi flyt ég till. um rannsókn á málminnihaldi gabbrónáma í Víðidalsfjalli. Komið hefur í ljós á undanförnum árum, að í Víðidal og Víðidalsfjalli er að finna mjög málmauðugt berg í miklu magni. Þetta hefur verið lítillega rannsakað á undanförnum tveimur árum, og flest bendir til þess að þarna geti verið um mjög verðmætar námur að ræða sem gætu orðið í fyrsta lagi grundvöllur arðvænlegrar námuvinnslu og svo hugsanlega enn frekari úrvinnslu þessa hráefnis. Í bréfi, sem Framkvæmdastofnun ríkisins ritaði iðnrn. í sumar, segir, með leyfi forseta:

„Þó að á þessu stigi sé ekkert hægt að fullyrða um vinnslumöguleika og þá efnahagslegu þýðingu gabbrósins í Víðidal, er vissulega eftir miklu að sækjast, ef niðurstöður rannsóknanna verða jákvæðar. Því óskar Framkvæmdastofnun ríkisins eftir samvinnu við iðnrn um framgang þessa máls. Með vísun til ályktunar Alþ. um rannsókn á notagildi íslenskra jarðefna frá 29. apríl s. l. förum við fyrir hönd Framkvæmdastofnunarinnar fram á, að iðnrn. afli sér heimildar í fjárl. næsta árs til greiðslu kostnaðar vegna framangreindra rannsókna. Mun Framkvæmdastofnunin þá leggja út fé fyrir kostnaðinum á þessu ári, en sjálfsagt virðist að bráða þessum rannsóknum. Þessi kostnaður er áætlaður 700 þús. kr. Tekið skal fram, að þá er ekki gert ráð fyrir fé til hagrænna eða tæknilegra rannsókna á vinnslu og framleiðslu, enda eðlilegt að niðurstöður frumrannsókna liggi fyrir áður."

Hér er sem sagt um frumrannsóknir að ræða, sem taldar eru af þeim vísindamönnum, sem í hlut eiga, og sérfræðingum hjá Framkvæmdastofnun ríkisins mjög nauðsynlegar og sjálfsagðar. Því miður virðist að iðnrn. hafi gersamlega hundsað þessa ósk. A. m. k veit ég ekki til þess að iðnrn. hafi gert neinar ráðstafanir í þessa átt, og hef ég þó haft uppi spurnir um það. Legg ég því til að Alþ. veiti 900 þús. kr. í þessum tilgangi.

Í þriðja lagi flytjum við, ég og hv. þm. Helgi F. Seljan, till. um að Alþ. veiti 10 millj. kr. byggingarstyrk til Félags einstæðar foreldra. Félag einstæðra foreldra er að reisa hús fyrir þá einstæðu foreldra og börn þeirra sem verst standur á fyrir hverju sinni. Hér er um stórmerkilegt framtak að ræða sem ég tel sjálfsagt að Alþ. styðji, og við flytjum því þessa tillögu.

Í fimmta lagi flytjum við, hv. þm. Helgi F. Seljan og ég, till. um að til Orlofssjóðs húsmæðra verði veittar 10 millj. kr., en eins og kunnugt er var fellt niður framlag ríkisins til þessara mála á árinu 1975 og sveitarfélögunum einum ætlað að veita fé til þessara mála. Það, fer hins vegar ekki milli mála og hefur bersýnilega komið í ljós af reynslunni, að hér var stigið óheillaspor og starfsemi orlofsins er jafnt og þétt að leggjast niður vegna þess að sveitarfélögin hafa ekki sýnt þessari starfsemi nægilega ræktarsemi. Í ályktun landsráðstefnu húsmæðra um þetta mál segir að ráðstefnan vilji benda á að orlof húsmæðra sé í eðli sínu alls ekki sveitarstjórnarmálefni, enda séu framkvæmdir þess hvergi í höndum sveitarstjórna og hafi aldrei verið, framkvæmdir séu í höndum orlofsnefnda sem kosnar séu af héraðssamböndum innan Kvenfélagasambands Íslands og þær starfi sjálfstætt, en séu ólaunaðar. Með þessu er sem sagt á það bent, að með því að þessi stafsemi sé færð í hendur sveitarstjórnanna verði hætta á því, vegna þess að þær hafa aldrei haft neitt með þetta mál að gera, að það leggist algerlega niður. Við flm. teljum að illa væri komið, ef svo færi, og leggjum því til að veittar verði 10 millj. kr. til þessarar starfsemi.

Áður en ég hverf úr ræðustól vil ég svo að lokum fara örfáum orðum um till. sem hv þm. Albert Guðmundsson var að enda við að mæla hér fyrir, en þar er um að ræða till. um fjölgun þeirra sem hljóta heiðurslaun að þessu sinni. Ég vil minna á það, að í þessu efni eru og hafa verið tvær leiðir til. Önnur leiðin er sú, að við þm. gerum till. um það hver fyrir sig hér

í þinginu, hver eigi að hljóta heiðurslaun listamanna, og síðan gerum við út um það í atkvgr. hverju sinni. Hin leiðin er að fela einhverjum ákveðnum nefndum, og þá væntanlega menntmn., að útkljá þessi mál. Þannig hefur verið farið að. Við höfum farið þessa síðarnefndu leið nú í allmörg undanfarin ár, og enda þótt margir okkar þm. hafi oft verið mjög óánægðir með þá niðurstöðu sem fengist hefur, oft mjög óánægðir og við höfum lent þar í minni hl., þá hefur það ekki gerst fram að þessu, að menn kæmu með brtt., legðu til að einhverjir aðrir fengju þessi heiðurslaun og efndu þannig til opinbers uppboðs hér í þingsölum um verðleika listamanna, en það væri harla ósmekklegt. Ég er sammála hv. þm. Albert Guðmundssyni, að vel hefði komið til greina að fjölga í hópi þeirra sem hljóta heiðurslaun listamanna, og satt best að segja var það till. okkar Svövu Jakobsdóttur við meðferð málsins í n. Við vildum að sá möguleiki yrði athugaður, hvort ekki væri fullkomlega eðlilegt og raunhæft að fjölga þeim sem fengju þessi heiðurslaun. En sú skoðun átti ekki upp á pallborðið hjá meiri hl. n. Það lá því fyrir að aðeins mundi einn bætast við. Við hv. þm. Svava Jakobsdóttir tókum síðan þátt í allmörgum atkvgr. sem fram fóru til að velja þann sem þarna bættist við, og ég segi það fyrir mig að ég tel mig bundinn eftir þessa málsmeðferð í menntmn. af þeirri niðurstöðu sem fékkst, enda þótt ég sé hins vegar þeirrar skoðunar, að þeir menn, sem gerðar hafa verið till. um að hljóti heiðurslaun listamanna, búi allir yfir þeim verðleikum að þeir eigi skilið að fá heiðurslaun. Ég held að það gildi um þá alla, að þeir hafi verið nefndir við umr. í n. og hafi átt þar nokkru fylgi að fagna. En ég tel, að þó að ég geti ekki staðið í því að fara að taka þátt í atkvgr. hér í þingsölum um þetta efni, þá felist ekki á nokkurn hátt í því, að ég sé því andvígur að þessum mönnum sé bætt í tölu þeirra sem heiðurslaun hljóta. Von mín er sú að það geti orðið á næsta ári eða næstu árum. En miðað við það, hvaða vinnubrögð hafa verið viðhöfð við undirbúning þessarar till., og miðað við þá von mína og ósk, að þau vinnubrögð verði áfram í heiðri höfð, þá treysti ég mér ekki til að taka þátt í afgreiðslu þessara brtt. sem fram eru komnar. Ég vænti þess sem sagt mjög eindregið að við höldum vinnubrögðum af sama tagi áfram. Ég tel að þær brtt. aðrar, sem fram eru komnar, séu til þess fallnar að stuðla að því, að frá þessari venju, sem hafði skapast, verði algerlega horfið, en það tel ég vera mjög til hins verra.

Ég vil hins vegar bæta því við, að ég tel að til greina kæmi að við 2 umr. fjárl. lægju fyrir till. um hversu marga ætti að velja og Alþ. ákvæði fyrir fram hvað þeir yrðu margir sem í þessum hópi yrðu, ákvæði það við 2. umr., en gæfi síðan menntmn. Ed. og Nd. tækifæri til þess milli 2. og 3. umr. að velja þá, sem þennan hóp ættu að fylla. Ég tel að í raun og veru sé alveg fráleitt að ætla að ákveða á sama tíma, hve margir fylli þennan hóp og hverjir það eigi að vera, vegna þess að það leiðir að sjálfsögðu aðeins til þess, að brtt. fela ævinlega í sér fjölgun. Yrði vafalaust um að ræða mjög öra fjölgun í þessum hópi á næstu árum ef menn ætluðu að taka upp þessi hin nýju vinnubrögð.

Eilert B. Schram: Virðulegi forseti. Ég hélt því fram í ræðu fyrr í haust, að störf fjvn. væru meira og minna handabakavinnubrögð, en mér er skylt að taka fram, að ekki var átt við vinnubrögð eða starf þeirra einstaklinga sem í n. sitja. Reynsla mín af þessum nefndarstörfum eftir nokkurra vikna dvöl í fjvn. er miklu fremur sú, að þar sé lengur og betur unnið en ég hef átt að kynnast annars staðar í n. í þinginu. Samstarf hefur allajafna verið gott og enda þótt upp úr sjóði í stöku tilvikum, þá er mér ljúft að þakka öllum nm. fyrir samskiptin og þó einkum formanni, sem hefur af ljúfmennsku sinni og lipurð stýrt þessum óstýriláta hópi í gegnum brim og boða. En þegar ég tala um handabakavinnubrögð á ég við, að fjvn. hefur hlægilega lítinn tíma til að setja sig inn í mál eða þá yfirsýn yfir alla þá málaflokka sem felast í fjárlagafrv. N. gefast aðeins örfáar mínútur til að fá upplýsingar hjá hverjum og einum forstöðumanni hinna stóru ríkisstofnana, of mikill tími fer í smærri erindi og öll vinnuaðstaða er mjög bágborin. Yfirleitt eru mjög takmarkaðir möguleikar til að móta heildarstefnu í fjvn. Þetta þarf að laga.

Nú er það svo eins og endranær, að fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn. ásamt með rn. hefur unnið langan tíma að gerð fjárlagafrv. Vitaskuld eru áhrif þeirrar meðferðar undir almennri leiðsögn fjmrh. það sem úrslitum ræður þegar frv. er í fyrstu samið. Þetta er engan veginn óeðlilegt og dregur alls ekki úr þýðingu eða áhrifum Alþ. En þau áhrif eru hins vegar ekki eins umtalsverð í raun vegna þeirrar lélegu aðstöðu og tímaskorts sem hrjáir fjvn. Ég er hins vegar sannfærðari um það en áður, að n. gæti með lengri starfstíma og betri aðstöðu haft miklu meiri jákvæð áhrif. Með því á ég við, að hún gæti orðið fjmrh. til meiri stuðnings við framkvæmd þeirrar stefnu sem hann og viðkomandi ríkisstj. fylgja hverju sinni í fjárhags- og efnahagsmálum. N. gæti styrkt hagsýsluna í þeirri viðleitni að gæta aðhalds og koma í veg fyrir bruðl og óhóf. N. hefði betri aðstöðu til að veita forstjórum og stofnunum lið þegar brýn mál eru á ferðinni sem ekki komast alla leið í gegnum kerfið vegna seinagangs eða skilningsleysis. Ég held sem sagt að fjvn. geti vissulega orðið það stjórntæki og það afl sem stjórnarskráin ætlar Alþ. og trúnaðarnefndum þess að vera.

Ég tek undir þau sjónarmið, að fjvn. fái umboð til starfa allan ársins hring og hún fái að fylgjast með fjárlagagerð mun fyrr á haustin. Þetta tengist þeirri breytingu sem ég tel óhjákvæmilegt að gerð verði á þingstörfum almennt.

Vandi fjvn. var óvenjumikill að þessu sinni. Auk þeirrar 14—15 milljarða kr. hækkunar sem þurfti til að leiðrétta fjárlagadæmið vegna launahækkana og annarra afleiddra ástæðna, þá reyndist svigrúm n. minna af þeim ástæðum, að frv. gerði ráð fyrir að opinberar framkvæmdir drægjust saman um 5% frá fyrra ári og hagsýsludeild fjmrn. hafði við frv.-gerðina skorið beiðnir rn.

og stofnana niður um hvorki meira né minna en 18 milljarða kr. Þegar rætt er um nauðsyn þess, að Alþ. gæti aðhalds og skeri niður fjárl. þá hafa menn sjaldnast í huga, að niðurskurður í þessum mæli hefur þegar farið fram þegar frv. er endanlega samið og lagt fram á hinu háa Alþ. Að þessu leyti hefur svigrúm fjvn. verið ákaflega lítið og felst helst í því að standa af sér ásókn rn. og stofnana í að koma inn þeim málum sem hagsýslan hefur áður skorið. Ég vek athygli á því, að enda þótt frv. hafi hækkað um 15 milljarða eða svo við meðferð þingsins, þá er meginhluti þeirrar hækkunar af annarra völdum en till. fjvn. N. hefur hækkað frv., eftir því sem ég kemst næst, um 480 millj. kr., og þar af eiga hækkunartill. hennar rætur sínar að rekja í um 200 millj. kr. óhjákvæmilegum leiðréttingum. Þá eru eftir um 280 millj., en það eru tæplega 0.2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Af öllu þessu má sjá, svo að ekki verður um villst, að bæði hjá rn. og hagsýslu og ekki síst hjá fjvn. Alþ. hefur þess verið vel gætt, að fjárl. færu ekki gersamlega úr böndum. Ég tel að hlutur fjvn. sé sérstaklega athyglisverður að þessu leyti og sýni vel og sanni að a. m. k. meiri hl. n. hefur fyrir sitt leyti gert sitt til þess að halda ríkisútgjöldum niðri.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði stefnu ungra sjálfstæðismanna um „báknið burt" að umtalsefni fyrr í dag. Og hann spurði sjálfan sig og þingheim að því, hvers vegna þessi stefna væri sett fram um þessar mundir, taldi það vera *gagnrýni á núv. ríkisstj. Ég vil hins vegar svara* því svo, að ég hygg að þessi stefna sé sett fram einmitt á þessum tíma vegna þess, að ungir sjálfstæðismenn gera sér meiri vonir um að ná árangri í baráttunni við „báknið" við þær aðstæður, sem *nú ríkja, en þegar aðrir eru við stjórnvölinn* hér á landi. Ég tek líka eftir því, að í nýsamþykktri stefnuyfirlýsingu Alþb. er sérstaklega vikið að þessu máli. Þar er farið allmörgum orðum um nauðsyn þess, að ríkisrekstur sé skorinn niður. Að því leyti er talað í sama anda og ungir sjálfstæðismenn hafa talað, svo mér sýnist að þeir séu ekki í slæmum félagsskap að því leyti.

Ég er í hópi þeirra, sem telja umsvif ríkisins of mikil og að „báknið" þurfi burt. Mér er kunnugt um að sérstök nefnd er nú í þann mund að skila till. um að fella niður nokkur ríkisfyrirtæki. Hæstv. fjmrh. las upp bréf frá þessari nefnd fyrr við þessa umr., þar sem fram kemur að nefndin hefur nú þegar gert till. um að tvö fyrirtæki verði lögð niður og skilað verður till. um önnur tvö nú alveg á næstunni. Áfram þarf að halda á þessari braut og ná því markmiði, að atbeini ríkisins í rekstri fyrirtækja og þjónustu, sem aðrir geta séð um, sé í algeru lágmarki. Slíkar breytingar mundu verða til mikilla bóta og hreinsunar. Hitt er svo rétt að hafa í huga, að þær mundu ekki lækka svo mjög útgjöld ríkisins eða niðurstöðutölur fjárl. Þar þarf því annað að koma til.

*Langstærstu útgjaldaliðir fjárl. felast í heil*brigðis- og menntamálum annars vegar og hins vegar í fjölda starfsmanna í þjónustu ríkisins í þessum málaflokkum og öðrum. Það er t. d. óhugnanleg staðreynd, að hjá stærsta fyrirtæki landsins, Pósti og síma, stafa 60% útgjalda af beinum launagreiðslum. Vel má vera að einhverjir, sem heimta „báknið" burt, vilji draga úr heilbrigðisþjónustu og fræðslu skólanna. En ég er ekki í þeirra hópi. Félagslegt öryggi, fullkomin heilbrigðisþjónusta og öflugt fræðslukerfi eru forsendur velferðar- og menningarþjóðfélags. Hitt er rétt, að í þessum efnum sem flestum öðrum þarf að gæta hagræðingar, ráðdeildar og skynsamlegrar nýtingar á því óhemjufjármagni sem til ríkisrekstrarins rennur. Einnig þarf með einhverjum ráðum að draga úr hinu fasta starfsliði og hinum mikla kostnaði sem felst í yfirbyggingunni sjálfri.

Starfsmenn ríkisstofnana sjálfra, svo og hagsýsludeild fjmrn., gera að sjálfsögðu sitt besta í þessum efnum, og hæstv. fjmrh. hefur sýnt mjög virðingarverða viðleitni í þessa átt. En ég hef þá skoðun að aldrei verði náð neinum tökum á þessu vandamáli né fulls aðhalds gætt nema Alþ., alþm. og almenningur fái sem gleggstar upplýsingar hverju sinni. Í sjálfu sér er eðlilegt að forstjórar stofnana og það fólk, sem vinnur að hverju einu máli, sæki á um hækkaðar fjárveitingar og meiri umsvif. En enginn aðili er betur til þess fallinn en einmitt fjvn. og Alþ. að sinna því hlutverki að fá yfirsýn yfir *verkefnin og þarfirnar í heild sinni, að velja og* hafna, raða verkefnum og leggja pólitískt mat þar á.

Á þeim stutta tíma, sem fjvn. sat að störfum, reyndist útilokað að fara svo ofan í saumana á stærri málaflokkum að leggja mætti fram ítarlegar till. um breytingar og niðurskurð. En augljóst er að víða þarf að taka til höndum. Í fjárl. eru fjölmargir liðir sem þurfa endurskoðunar við. Hér virðist t. d. lenska að halda því við sem einu sinni hefur verið samþykkt. Vanrækt er mjög víða að hækka tekjur og jafnvel leggja á gjöld fyrir þá þjónustu sem ríkisstofnanir veita. Í skjóli hefðar og sterkra stuðningsmanna er haldið við ýmsum ríkisrekstri sem löngu ætti að vera lagður af.

Eitt það alvarlegasta, sem einkennir fjárlagagerðina, er sú tilhneiging einstakra sveitarfélaga og hagsmunasamtaka að sækja stöðugt um fjárveitingar á fjárl. til þess sem Alþ. er búið að fela öðrum aðilum að annast. Þá hef ég einkum og sér í lagi Byggðasjóð í huga. Mér er engin launung á því, að þessi þróun veldur mér nokkrum áhyggjum og hefur augljóslega þau áhrif, að sífellt stærri hlutur fer til hinna dreifðu byggða á kostnað þéttbýlisins. Ef þessir aðilar halda áfram að sækja um fé bæði hjá Alþ. á fjárl. og eins hjá þeim sjóðum sem eiga að annast fjárveitingar til viðkomandi verkefna, — ef þessu heldur fram sem horfir er óhjákvæmilegt að mínu mati að taka til algerrar endurskoðunar stöðu Byggðasjóðs og samspil sjóðsins og fjárl. Í þessu sambandi vil ég taka fram, að ýmsar þær ábendingar og till., sem ég hef gert í fjvn. hér að lútandi og m. a. mundu leiða til lækkunar, hafa ekki náð fram að ganga nema að óverulegu leyti. Það hefur valdið mér vonbrigðum. Ég vil einnig taka fram, að ýmsar þær till., sem n. gerir til breytinga á frv., eru mér ekki að skapi. Slíkt fylgir sennilega nefndarstarfi af þessu tagi.

Ég vil á hinn bóginn þakka n. ýmsar breytingar sem til bóta og framfara horfa. Fjárveiting til æskulýðs- og íþróttamála hefur t. d. hækkað mjög verulega á þessu ári, meira en dæmi eru til um áður. Fjárveiting til Íþróttasambands Íslands hækkar um nær 100% og fjárveiting til Ungmennafélags Íslands hækkar um tæplega 90%. Þessar fjárveitingar eru mikils metnar af íþróttahreyfingunni, æskulýðshreyfingunni og þær munu án efa skila sér í þróttmeira og öflugra starfi fyrir land og þjóð. Framlög til lista og menningarmála hækka einnig mjög myndarlega samkv. till. fjvn.

Aðhaldsstefna og sú stefna ríkisstj. að draga úr opinberum framkvæmdum hefur að sjálfsögðu bitnað á skóla- og sjúkrahúsabyggingum og þeim fjárveitingum sem til þeirra eru ætlaðar. Þetta kann að vera gagnrýnt. En það er ekki hægt að halda og sleppa. Ef við viljum hægja á verðbólgunni, draga úr spennunni og halda sköttum í skefjum, þá verður hið opinbera að ganga á undan. Ég fylgi þeirri stefnu. Öll sveitarfélög landsins, sem standa í framkvæmdum, eins og skóla- og sjúkrahúsabyggingum, munu að sjálfsögðu gjalda þessarar stefnu.

Það sama á við um Reykjavík og önnur sveitarfélög. Eins og ávallt áður er þörf hér í Reykjavík fyrir ýmsar þjónustubyggingar: skóla, sjúkrahús, dagheimili, íþróttamannvirki, mjög mikil. Hún kallar á fé. Sömu sögu er að segja af öðrum byggðarlögum um land allt. Beiðnir og kröfur koma frá þeim öllum um fyrirgreiðslu og fjárveitingar til mannvirkjagerðar. En það er fjarri því, að fjvn. hafi getað sinnt þeim öllum nú fremur en nokkru sinni áður.

Með hliðsjón af aðhaldsstefnu og takmörkuðu svigrúmi leyfi ég mér að halda því fram, að hlutur Reykjavíkur hafi ekki verið fyrir borð borinn. Framlög til skólabygginga í Reykjavík eru nú 238 millj. til grunnskóla, eru 17.4% af heildarfjármagni. Í fjárveitingatill. er gert ráð fyrir því, að fé sé veitt til allra þeirra skóla sem farið var fram á að fá fjárveitingar til. Til fjölbrautaskóla er hlutur Reykjavíkur 236 millj. af 293 millj. kr. sem fjárlagafrv. og till. gera ráð fyrir. Að því leyti er hlutur Reykjavíkur mjög góður, hún fær nánast alla fjárveitinguna.

Íþróttasjóður hafði umleikis nú samkv. fjárlagafrv. 247 millj., en til Reykjavíkur ganga af því 102 millj. eða 41.3%. Dagvistarheimili fá í sinn hlut 180 millj. Til Reykjavíkur ganga 60 millj., eða 33%, og inn eru tekin þau mannvirki, þeir leikskólar, dagheimili, sem lögð var áhersla á af stjórnvöldum borgarinnar.

Um sjúkrahúsmálin er það að segja, að upphaflega hafði heilbrrn. gert till. um 2.3 milljarða á fjárl. Af þeirri upphæð skyldu samkv. till. rn. ganga 230 millj. til Reykjavíkur. Þegar endanlega hafði verið gengið frá frv. hafði þessi upphæð, sem frá heilbrrn. kom, verið skorin niður um 1 milljarð, hvorki meira né minna. Af þessum 1.3 milljörðum kr. fara 200 millj. til framkvæmda í Reykjavík. Inn er tekin heilsugæslustöð í Breiðholti, í Mjóddinni í Breiðholti, sem borgarstjórn hefur lagt mikla áherslu á.

Að svo miklu leyti sem ekki er hægt að taka fullt tillit til beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur, þá hefur það aðallega komið niður á verðbótum, en mjög hefur verið undir hælinn lagt á undanförnum árum, hvort verðbætur hafi verið greiddar. Það má að sjálfsögðu gagnrýna og er ekki til sóma. En í till. fjvn. nú hefur þó verið gengið inn á þá braut að taka tillit til verðbóta að nokkru leyti.

Hlutfall Reykjavíkur í fjárveitingum til heilbrigðismála er um 16% og er allóhagstætt, en skýringar á þessu eru fólgnar m. a. og aðallega í því, að nú er verið að byggja eða hefja byggingar stórra sjúkrahúsa, m. a. á Ísafirði og Akureyri, sem kalla á mikið fé.

Hlutur Reykjavíkur í heilbrigðismálum hefur því miður verið allslakur mjög lengi. Á árabilinu 1970—1977 var framkvæmdakostnaður á heilbrigðismannvirkjum hér í Reykjavík orðinn 892 millj. Af því hafði ríkissjóður greitt 277 millj. kr., en átti með réttu að greiða 732 millj. Hreinar umframgreiðslur hjá borgarsjóði með hliðsjón af nýtingu þessara heilbrigðismannvirkja voru því að mati borgaryfirvalda og heilbrigðisyfirvalda hér í borg 454 millj. Alvarlegasta dæmið í þessum efnum er slysadeildin. Get ég tekið undir það, sem fram kom hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni þar að lútandi, þar sem hann rakti hversu aðstaða slysadeildar væri orðin slæm og hversu aðkallandi væri nú að gera þar bragarbót. Slysadeildin er að sjálfsögðu ekki rekin fyrir Reykvíkinga eingöngu, heldur þjónar hún allri landsbyggðinni. Samkv. athugun eru af þeim, sem leita til slysadeildarinnar, um 30—40% sjúklinga utan af landsbyggðinni. Þessi deild hefur sérhæft sig í að taka á móti slösuðu fólki. Þar starfar sérhæft fólk og aðstaða þess er nú orðin sú, að algerlega er óaðgengilegt og óviðunandi. Þess vegna var fullur hugur á því að lagfæra þetta og veita allverulega upphæð til slysadeildarinnar. En þegar til átti að taka var dregið fram bréf, þar sem upplýst var, að við samninga um greiðslu ríkissjóðs og borgarsjóðs vegna B-álmu hafi verið staðfest af báðum aðilum og ekki síst Reykjavíkurborg, að B-álma hefði algeran forgang hvað sjúkrahúsbyggingar í Reykjavík varðar. Þetta breytir ekki því, að sú fjárveiting, sem gengur nú til slysadeildarinnar, er allt of lág eða um 60 millj. kr. og gerir eingöngu kleift að um 40% af hinni nýju hæð slysadeildarinnar sé hægt að taka í notkun.

Af öðrum málum, sem varða Reykjavík og hafa þýðingu fyrir þetta byggðarlag, má nefna málefni Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem fengu góða fyrirgreiðslu frá n. N. hefur jafnframt samþykkt mjög ríflegar fjárveitingar til byggingar skólahúss að Lyngási inni í Háaleitishverfi, dómprófastur í Reykjavík hefur fengið góða fyrirgreiðslu og svo mætti áfram telja.

Ég vil sérstaklega nefna í þessu sambandi þau lög sem Alþ. er um þessar mundir að samþykkja, sem fela það í sér að lífeyrissjóðir kaupi verðtryggð skuldabréf fyrir allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu. Þessi lög eru að mínu mati gölluð í grundvallaratriðum, því að ekki er geðfellt að þurfa að skylda lífeyrissjóðina til að ráðstafa fé sínu með einum eða öðrum hætti. Lögin hafa þó þann kost í för með sér, að fé lífeyrissjóðanna ætti að geta beinst til ýmissa þeirra sjóða sem styðja atvinnulíf, þ. á m. hér í Reykjavík.

Ég hef talið nauðsynlegt, herra forseti, að

gera nokkra grein fyrir þessum málum, sem snúa að Reykjavík, vegna till. sem fram hafa komið um hækkun fjárveitinga til opinberra framkvæmda í Reykjavík. Það er rétt, sem hér kom fram áðan, að haldinn var fyrir nokkru sameiginlegur fundur þm. og borgarfulltrúa. Þar gerði ég skilmerkilega grein fyrir till. fjvn. varðandi Reykjavík, skýrði afstöðu mína og árangur í n. Þegar fullyrt er í þessum umr. að þeir, sem ekki vilja skrifa upp á hækkunartill, sem nema 350 millj., til málefna hér í Reykjavík, vilji ekki standa að till. borgarstjórnar, þá er rétt að taka eftirfarandi fram, a. m. k. hvað mig varðar.

Ríkisstj. sú, sem ég stend að og styð, hefur markað ákveðinn fjárlagaramma. Hún hefur lagt áherslu á að draga úr opinberum framkvæmdum, og ég hef starfað við þau skilyrði og í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið. Ég tel að fjvn. hafi í öllum aðalatriðum veitt fé til Reykjavíkur eins og aðstæður hafa leyft, og bendi á, að fleiri sveitarfélög en Reykjavík þurfa að sætta sig við niðurskurð af framangreindum ástæðum. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort þessar fjárveitingar séu nægar, og ég legg það í dóm hvers og eins. En ég treysti mér ekki til að skrifa upp á till. sem gera ráð fyrir hækkun á fjárl. um 350 millj. eða um það bil. Kemur þar tvennt til: Í fyrsta lagi hef ég nú þegar skilað till. sem nm. í fjvn. og mun standa að þeim og samþykkja þær. Í öðru lagi mun ég ekki standa að slíkum hækkunartill. eftir að vera búinn að berjast í því í tvo mánuði að halda útgjöldum ríkisins niðri.

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. hafa flutt miklar ræður um ríkisfjármál og efnahagsástand. Þær eru allar almenns eðlis, og enda þótt ég útiloki ekki, að í þeim felist einhver sannleikskorn, þá bera þær keim af málflutningi sem tilheyrir úreltri pólitískri umr. Þar er um að ræða gagnrýni sem gerir enga tilraun til að viðurkenna orsakir verðbólgu og þann vanda sem stafar af 60% hækkun launa á einu ári. Það er ekki bent á neinar raunhæfar leiðir til lausnar. En sjálfsagt er nauðsynlegt fyrir þessa hv. þm. að flytja slíkar ræður og geri ég ekki mikið mál af því. Ég ræði þetta því ekki frekar.

Hlutverk fjvn. er ekki að móta efnahagsstefnu, nema að mjög takmörkuðu leyti, heldur að deila út því fé sem til skipta er, líta eftir því að það sé vel nýtt. Þetta er vandasamt og viðurhlutamikið verk, eitt stærsta og veigamesta verkefni Alþ. Ég hef haft reynslu og gagn af störfum mínum í n., og mér er það nú betur ljóst en áður, hversu mikilvægt það er, að sem flest kjördæmi í landinu eigi þar fulltrúa, og hversu fráleitt það er, að stærsta kjördæmi landsins sé sniðgengið í n. En ég geri mér líka fulla grein fyrir því, að menn þurfi þar að hafa til að bera nokkurn þroska til þess að líta til fleiri átta en til eigin kjördæmis. Ég geri mér grein fyrir göllum nefndarstarfs fjvn., en ég geri mér einnig grein fyrir vanda hennar. Sá vandi gerir störf í nefndinni ekki öfundsverð.

Ég hef þá lokið hugleiðingum mínum varðandi fjárlagafrv. og þær till. sem fram hafa komið. Ég vil hins vegar víkja örfáum orðum að till. sem varðar listamannalaun og hugsanlega einstaklinga á þeim lista sem Alþ. skal fylla.

Hér hefur verið rætt um þá leið að fjölga þeim, sem listann skipa, úr 12 í 15. Þetta atriði var ítarlega rætt í menntmn. beggja d. Menn komust þar að þeirri niðurstöðu, að engan vanda leysti þó að fjölgað væri í ár. Við stöndum frammi fyrir sams konar vandamáli næsta ár og næstu ár, enda þótt við fjölgum um 2—3 á þessu ári, vegna þess að það er alltaf svo á hverju ári, að það eru fleiri, sem koma til greina, en hægt er að taka á listann. Það kom líka fram það sjónarmið í n., að hér ætti að vera um fámennan hóp að ræða, þennan lista ættu að skipa afreksmenn á sviði lista og menningar, hann ætti ekki að vera svo fjölmennur að þar kæmust meðalmenn að. Með þessum orðum er ég ekki á neinn hátt að gefa í skyn að þeir, sem hér hefur verið stungið upp á, séu meðalmenn í listgreinum sínum, síður en svo. Ég tel að öll þau nöfn, sem nefnd hafa verið, mundu sóma sér vel á þessum lista. Ég er hins vegar sammála öðrum um að það leysi engan vanda, þó fjölgað sé í ár um þrjá menn, og þessi hópur eigi að vera tiltölulega fámennur. Alþ. á samkv. 1ögum að úthluta heiðurslaunum til listamanna, og Alþ. hefur valið sér þá aðferð að fela menntmn. beggja d. að gera till. um það. Það er rétt, sem fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, það er hvimleitt og frekar ógeðfellt að hér berist till. um einstaka listamenn á borð þm. og síðan sé verið að greiða atkv. um þá. Það er eins og menn séu settir á uppboð. Það er ekki skemmtilegt fyrir þm. að þurfa að taka slíka afstöðu. Ég held að skynsamlegt sé að menn ræði það í n. og komi sér saman um till. og við forðumst þannig opinberar deilur eða opinberan ágreining um þær till. sem við viljum leggja fram. Ég held að sá háttur, sem við höfum haft á undanfarin ár, sé hyggilegur. Nm. í menntmn. hafa auðvitað aðstöðu til þess að hafa samband við sína samþm. og átta sig á hvort einn hafi stuðning frekar en annar. Það er líka gert. Og þegar menn eru að bera saman bækur sínar fer það alltaf svo, í þessu sem öðru, að einn verður ofan á og annar undir. En það þýðir ekki að verið sé að hafna mönnum endilega um aldur og ævi. Ég vil því eindregið fara þess á leit, með hliðsjón af því, sem ég hef sagt, og því, sem aðrir hafa sagt um þetta mál og eru sömu skoðunar og ég, að þeir, sem flutt hafa till. um að fjölga á listanum eða bæta við öðrum nöfnum en menntmn. hafa gert till. um, dragi till. sínar til baka.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Það er aðeins í sambandi við till. sem hv. fjvn. flytur á þskj. 274, k-lið nr. 4. Þar kemur fram að heimila skuli Hafnabótasjóði að taka lán til að mæta skaða af sjógangi sem orðið hefur við suðurströnd landsins. Það kom fram í máli hv. frsm. og einnig hæstv. fjmrh., að hér eru hafðir í huga skaðar sem orðið hafa á allri suðurströndinni frá vestri til austurs að Hornafirði.

Það er öllum ljóst sem þekkja til, að Hornafjarðarós hefur lengi verið með erfiðustu siglingaleiðum á landinu og þar hafa bæði orðið miklir mannskaðar og skapast miklir erfiðleikar. Sú hætta hefur lengi blasað við, að í miklu suðvestanveðri gæti sú staða komið upp, að

ósinn yrði tvískiptur og færi sitt hvorum megin við svo kallaða Hvanney. Það lá við, að þetta gerðist nú. Hins vegar standa vonir til að úr rætist í þetta sinn, en enginn vafi er á því, að ef veðrið hefði staðið aðeins lengur hefði þetta skeð. Það er samt ljóst, að þarna hefur orðið allmikill skaði, ekki þó á mannvirkjum, því að landið hefur lækkað og sandrifið, sem þarna er, hefur lækkað mjög verulega, þannig að þar flæðir yfir. Ljóst er því að þarna getur orðið skaði hvenær sem er sem ekki verður unnt að bæta þótt gífurlegir fjármunir komi til. Ég vil þess vegna þakka það, sem hér hefur fram komið, að á þessum stað sem og öðrum á suðurströndinni muni fara fram athugun og í framhaldi af því aðgerðir sem leiði til þess að bæta þá skaða, sem þarna hafa orðið, og koma í veg fyrir enn frekari skaða sem gætu orðið. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu, að nauðsynlegt er að þarna fari fram ítarleg athugun, og hún gæti tekið einhvern tíma. En mjög nauðsynlegt er að þarna hefjist aðgerðir sem allra fyrst, og ég er þess vegna þakklátur því sem komið hefur fram hjá hv. frsm. fjvn. og hæstv. fjmrh., að þetta mál verði tekið með við athugun á þeim vanda sem skapast hefur við suðurströndina.

Ég vil ekki að öðru leyti fjölyrða um þessi mál né það fjárlagafrv. sem liggur frammi. Ég vil aðeins láta það koma fram, að ég tel að sá greiðsluafgangur, sem stefnt er að með þessum fjárl., sé í algeru lágmarki og hefði þurft að vera verulega hærri. Skapast hafa miklar skuldir hjá Seðlabanka Íslands, sem ekki er endalaust hægt að bæta við, seðlabankar geta ekki endalaust fjármagnað ríkissjóði. Þess vegna er nauðsynlegt að greiða af þessum skuldum, til þess einnig að Seðlabankinn fái meira svigrúm til þess að þjóna atvinnuvegum landsins. Ég tel því mjög mikilvægt og nauðsynlegt, að þessi greiðsluafgangur nægi. Hann er í reynd ekki nægilegur við ríkjandi aðstæður, en hins vegar er ljóst að nokkur atriði eru ekki skýr í þessum efnum, t. d. sá niðurskurður sem á að verða á launaútgjöldum. Ekki hefur komið fram, á hvern hátt skuli að því staðið og á hvern hátt verði tryggt að svo verði.

Ég vildi, herra forseti, fyrst og fremst vekja athygli á þessu máli og þakka fjvn., hæstv. fjmrh. og einnig hæstv. samgrh. góðar undirtektir við vandamál við Hornafjarðarós.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki fara mörgum orðum um afgreiðslu fjárlagafrv. í heild, ekki bera fjvn. og meiri hl. hennar þungum sökum. Ég hygg að hv. þm. Ellert B. Schram hafi gert ljósa og einfalda grein fyrir mismuninum á störfum fjvn. við umfjöllun og afgreiðslu fjárlagafrv. og svo á störfum fjmrh. við samningu þess. Eins og hv. þm. Ellert B. Schram sagði, þá kemur í hlut fjvn. að þessu sinni eins og þrisvar áður, og þá náttúrlega enn fremur að þessu sinni, að reyna að skipta skynsamlega og heiðarlega af bestu getu allt of litlum fjármunum sem ætlaðir eru til allt of stórra viðfangsefna. Ég nenni ekki heldur að fara að skamma hæstv. fjmrh. Matthías Á. Mathiesen sérstaklega í þessu sambandi. Ég hygg að þar hæfi skel kjafti sem hann fer með embætti fjmrh. í núv. ríkisstj. og minnki þessa ríkisstj. á engan hátt. Að vísu hefur komið í hans hlut að farnast með hverju árinu verr við samningu fjárlagafrv. í fjögur ár, en þó hygg ég að hann hafi unnið þar eins vel og hann gat. Sumir menn eru nú einhvern veginn þannig gerðir að ekki skiptir máli þó að þeir hafi gert eitthvað áður, það eykur ekki líkurnar á því að þeim farnist betur næst.

Ég vil gera grein fyrir nokkrum brtt. sem ég flyt við 3. umr. um fjárlagafrv., ýmist einn eða í félagi við aðra.

Ég flyt hér till. um breytingu við 6. gr., þar komi nýr liður: „Að taka lán, allt að 150 millj. kr. til þess að reisa við atvinnurekstur á Þórshöfn á Langanesi, með framláni til frystihúss staðarins.“

Svo sem kunnugt er var hæstv. forsrh. spurður að því í fsp.-tíma hér á Alþ., hvað ríkisstj. hyggðist gera til að hjálpa þeim á Þórshöfn í atvinnuleysi þeirra, þar sem þriðjungur þorpsbúa mátti una atvinnuleysi vegna þess að aflaskip staðarins var bilað. Hæstv. forsrh. sagði þá frá því, fyrir þrem vikum, að ríkisstj. hefði málið til athugunar og til greina kæmi að Síldarverksmiðjur ríkisins keyptu síldarverksmiðjuna á Þórshöfn, sem er eign sama félagslega aðila og frystihúsið og togarinn, og með þeim hætti fengist fé sem nægði til þess að kosta viðgerð á togaranum, sem hefur verið fremur lélegt skip síðan hæstv. ríkisstj. útvegaði þeim Þórshafnarmönnum fleytuna fyrir hálfu öðru ári. Það fór nú svo, að Síldarverksmiðjur ríkisins hafa enn ekki keypt þessa verksmiðju, en það hefur frést að Byggðasjóður muni leggja fram 50—60 millj. í viðgerð á togaranum. Þetta fé hrekkur ekki til að gera togarann þannig úr garði að hann megi heita gott skip, og enn síður hrekkur þessi upphæð til þess að koma rekstri frystihússins og atvinnumálum á Þórshöfn yfirleitt í sæmilegt horf. Þess vegna er það sem ég legg hér til, að bætt verði við 6. gr. þessum lið, að ríkisstj. verði falið að taka lán allt að 150 millj. kr. til þess að reisa við atvinnurekstur á Þórshöfn á Langanesi.

Við Alþb.-menn höfum gert grein fyrir því, með hvaða hætti hægt er að skera niður ýmsar aðrar framkvæmdir sem við teljum að ekki standi til þjóðþrifa, en ákveðið hefur verið að taka lán til. Þar á ég náttúrlega fyrst og fremst við Grundartangaverksmiðjuna sem ýmsir hv. þm. hafa enn einu sinni fyrir skemmstu itrekað hollustu sína við í nafnakalli hér á hv. Alþingi.

Ég er meðflm. að till. ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds um hækkaðar fjárveitingar til fóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði og fóðurverksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Ég mun ekki eyða löngu máli í grg. fyrir þessum till. okkar Ragnars. Þegar hafði verið heitið hátíðlega stuðningi af hálfu þm. stjórnarflokkanna í Norðurl. e. við smíði fóðurverksmiðjunnar í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þm. kjördæmisins voru saman komnir á fundi í Húsavík fyrir tveimur árum, þar sem lögð voru fyrir þá óyggjandi plögg um hagkvæmni þessarar verksmiðju. Ég minnist þess, að útreikningar sýndu okkur að arður þessarar verksmiðju

yrði um það bil þrefaldur á við þann arð sem helstu verkfræðilegir og hagfræðilegir sérfræðingar ríkisstj. höfðu reiknað út til handa þörungaverksmiðjunni á Reykhólum, þegar hagur hennar fyrirhugaðrar þótti standa með sem mestum blóma, og tvöfalt meiri en mestur hugsanlegur hagur sem bjartsýnismennirnir reiknuðu út af fyrirhugaðri málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Á þeim fundi minnist ég að þm. kjördæmisins, allir sem einn, hétu eindregnum stuðningi við þetta mál, að komið yrði upp grænfóðurverksmiðju eða grasköggla verksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu.

Loks er ég meðflm., ásamt þeim hv. þm. Helga Seljan, Magnúsi T. Ólafssyni og Jóni Árm. Héðinssyni, að till. um 2 millj. kr. fjárveitingu til Alþýðuleikhússins. Ég vil ekki endurtaka þau sannindi, sem hv. þm. Helgi Seljan bar fram í ræðu sinni áðan um þann menningarauka, sem þegar er orðinn af starfsemi Alþýðuleikhússins, eða um það, með hvaða hætti þetta umferðarleikhús hefur þjónað landsbyggðinni og brotið nýjar brautir raunverulega sem formlega er ætlunin að Þjóðleikhús gangi líka. En hitt er ég viss um, að sá tími er ekki langt undan, að menn munu komast að þeirri niðurstöðu, ef Alþ. sér ekki sóma sinn í því að styrkja Alþýðuleikhúsið til áframhaldandi starfa, að almannarómur mun ljúka því orði á að framkoma Alþ. sé til skammar.

Aðeins í lokin ætla ég að taka undir orð hv. þm. Gils Guðmundssonar sem hann viðhafði áðan um sjóminjasafnið. Ég hefði gjarnan viljað vera meðflm. að þeirri till. sem hann flytur um 5 millj. kr. framlag til sjóminjasafns. Ég er því kunnugur, að það eru ýmiss konar tæki og veiðarfæri, sem forðum og lengst af voru notuð á Íslandi til þess að draga björg í bú úr sjónum, sem nú liggja undir skemmdum og ekki verður hægt að endurnýja eða koma í slíkt ástand að á safni sæu sýnandi, ef þetta verður látið dragast öllu lengur. Ég veit um nokkur skip, nokkur för til viðbótar, sem hefðu ákaflega mikla þýðingu í sambandi við slíkt safn og liggja nú undir skemmdum.

Snæfellið á Akureyri, stærsta eikarskipið sem smíðað hefur verið á Íslandi og enn er á floti, liggur nú í Akureyrarhöfn. Í fyrra lá við borð að því yrði siglt á haf út og sökkt þar niður. Skipið er enn þá sjófært og með tiltölulega litlum kostnaði væri hægt að gera það prýðilega sjófært. Þetta var stolt íslenskra skipasmíða á sínum tíma og þá náttúrlega fyrst og fremst skipasmíðaiðnaðar við Eyjafjörð. Þetta skip er falt fyrir sama og ekki neitt, svo sáralítið mundi kosta að koma því í það lag, að það mætti vel varðveita það um ókomna framtíð.

Vestur á Ísafirði stendur Sigurvon, sexæringurinn hans Einars heitins á Dynjanda í Jökulfjörðum, báturinn sem Hannes Hafstein stýrði á sínum tíma. Að vísu var sett í hann nýtt stefni og sett í hann vél, en báturinn er óbreyttur í öllum atriðum, að skutnum undanteknum, frá því sem hann var smíðaður. Þetta er allmerkileg fleyta þarna við Ísafjarðardjúp, en það er ekkert annað en tilviljun að ekki skuli vera búið að draga hann á brennu og brenna hann.

Ég er alveg viss um það, að við gerum rétt í því nú þegar að leggja af mörkum það fé sem við þurfum til þess að renna stoðunum undir sjóminjasafnið, svo að við getum byrjað á því að bjarga þessum minjum, því að eftir nokkur ár verða þær ekki lengur til.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Einhvern veginn hittist svo á, að klukkan er alltaf farin að nálgast miðnætti þegar ég fæ að segja eitthvað. Þess vegna held ég að ástæðulaust sé að hafa þetta mjög langt mál. En mér finnst vera nauðsynlegt að segja nokkur orð, þó ekki væri nema í tilefni af þeim brtt. sem ég hef lagt fram.

Ég flutti litla brtt. við 2. umr. um að skuldagreiðsla ríkisins vegna sjúkrahússins í Vestmannaeyjum hækkaði úr 20 millj. í 50, þ. e. a. s. að skuldin yrði greidd á tveimur árum, en ekki fimm. Ég tók þessa brtt. aftur til 3. umr. í trausti þess, að úr þessu yrði bætt þar sem að mínum dómi var um mikið ranglæti að ræða að láta peningana brenna upp í verðbólgubálinu sem Vestmannaeyjakaupstaður hafði lagt út fyrir þó nokkrum árum. Hins vegar hefur nú í raun verið bætt úr þessu með því, að hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að skuldin verði greidd upp á tveimur árum, og er þá tilgangi míns tillöguflutnings náð. Mun ég þess vegna draga þessa brtt. II á þskj. 165 til baka.

En í tilefni af því, að ég minntist á yfirlýsingu hæstv. fjmrh., þá mátti finna í henni fleira sem varðar ekki aðeins mitt kjördæmi, heldur einnig almannaheill í landinu. Hann nefndi einnig að ríkisstj. mundi athuga málefni Stokkseyringa og málefni annarra byggða á Suðurlandi sem urðu fyrir stórfelldu tjóni af völdum ofsaveðurs og flóða nú fyrir stuttu. Hæstv. ráðh. orðaði það svo, að ríkisstj. mundi taka þessi mál til athugunar og aðgerða, ég vil leggja áherslu á það. Ég get ekki skilið þetta orðalag hæstv. ráðh. öðruvísi en svo, að ríkisstj. ætli að hlaupa undir bagga með þeim — og þá fyrst og fremst Stokkseyringum — sem verst urðu úti í þessum náttúruhamförum með því að styðja þá við að leysa sín mál, þar sem bætur viðlagatrygginga og annarra bætenda ná ekki til. Ég á þar ekki síst og kannske fyrst og fremst við sveitarfélagið, sem er síður en svo vel statt sveitarfélag, en einnig einstaklinga sem kunna að fara illa út úr þessu tjóni af völdum ofveðursins. Og ég vil spyrja hv. alþm.: Hvernig er hægt að skilja orðin „og aðgerða“ öðruvísi en ríkisstj. ætli að leggja þarna eitthvað af mörkum? Engum dettur í hug að aðgerðir hæstv. ríkisstj. verði fólgnar í því, að þeir tipli þarna austur frá og fari að tína grjót af götum, það dettur engum lifandi manni í hug. Þeirra aðgerðir geta varla verið fólgnar í öðru en því að leggja fram þá fjármuni sem þarf til. Þennan skilning lagði hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, einnig í þessi orð hæstv. ráðh., og ég vil leyfa mér að fullyrða að afar erfitt sé að leggja nokkurn annan skilning í þessi orð, ekki síst orðin „og aðgerða“, en þennan, að ríkisstj. ætli að leggja þarna eitthvað af mörkum til þess að bæta þessu fólki sem orðið hefur fyrir alvarlegu tjóni.

Vegna þessa tjóns og umr. um það og það ástand sem orðið hefur vegna þessara hamfara, þá tel ég rétt — og ekki aðeins rétt heldur skylt

— að nefna það hér og leggja á það áherslu og taka skýrt fram, að íbúar Stokkseyrar voru í miklum vanda áður en þessi ósköp dundu yfir þá. Sá vandi var ekki af neinum venjulegum náttúruhamförum. Það var vandamál atvinnutækjanna í plássinu sem höfðu stöðvast vegna rekstrarörðugleika. Til þess að gera grein fyrir ástæðum þeirra rekstrarörðugleika væri kannske hægt að halda hér langa tölu, en það hefur verið gert af öðrum. Á Stokkseyri var almennt atvinnuleysi, því að langstærsta atvinnutækinu í byggðarlaginu, frystihúsinu, hafði verið lokað vegna mikilla rekstrarerfiðleika fiskvinnslu og hráefnisöflunar. Svo aumt var ástandið orðið, að þeir gátu ekki einu sinni tekið við aflanum af eigin togara, því að fiskvinnslan gat ekki greitt fyrir hráefnið, og afla þessa togara, sem aflað hefur hráefnis fyrir fiskvinnslustöðvar á Stokkseyri, Eyrarbakka og Selfossi, var landað á Vestfjörðum og alls staðar annars staðar en þarna, vegna þess að frystihúsið var stöðvað. Fólkið var atvinnulaust og það er auðvitað óþolandi að verkafólkið á þessum stað missi sinn helgasta rétt, þ. e. a. s. réttinn til þess að hafa vinnu. Það á sérstaklega við um þennan stað, vegna þess að ég held að óvíða á landinu sé eins mikið dugnaðarfólk og þarna, þó sérstaklega hvað þarna eru harðir sjósóknarar, þar sem þeir hafa þurft að sækja sjóinn frá næstum hafnlausri strönd. Þeir, sem hafa komið þarna austur á suðurströndina og séð hvernig er að þurfa að taka þarna land og flytja feng að landi við hafnarskilyrði þar, oft í vondum veðrum, sjá að þarna dugir ekki annað en hafa alveg sérstaka hörkumenn. Þeir hafa einnig sýnt að þeir eru ekki aðeins mjög harðir í sjósókn sinni við þessi erfiðu skilyrði, heldur hafa þeir reynst mjög miklir aflamenn og verið jafnan í fremstu röð í þeim efnum. Ég vil þess vegna, með tilliti til þess sem ég sagði áðan og vísaði þá til hæstv. fjmrh., leyfa mér að skora á yfirvöld að taka ekki aðeins þátt í tjóni þeirra vegna flóðsins, heldur líka að greiða myndarlega úr þeim erfiðleikum, sem þeir eiga við að glíma í rekstri atvinnutækja sinna, og gera það strax.

Þessir atburðir allir vekja óneitanlega ýmsar spurningar, eins og t. d. þá, hvað hægt sé að gera til þess að koma í veg fyrir að bátar þeirra stórskemmist hvað eftir annað í miklum flóðum. Og það er ekki aðeins í mestu flóðum sem þeir verða fyrir slíku tjóni, heldur skeður þetta alloft. Það eru ekki nema tvö ár liðin frá því að barna varð nokkurt tjón og þá meira á Eyrarbakka. En vandamál þessara byggðarlaga, ekki aðeins þessi vandamál, heldur einnig þau sem snerta fiskvinnsluna og alla aðstöðu til atvinnurekstrar, verða miklu auðleystari og ég vil leyfa mér að fullyrða að þau geta leystst með því að ráðist verði í það verkefni að koma á brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Sannleikurinn er sá, að þessi brú er auðvitað skyld öðrum þeim brúm sem lagðar eru yfir ár til þess að greiða fyrir almennri umferð, meira að segja skyld þeirri stóru og miklu brú sem nú er í smíðum uppi í Borgarfirði. En þetta er ekki aðeins slík brú. Þetta er brú sem jafngildir hafnargerð og það ekki á einum stað, heldur tveimur. Miðað við það verð, sem gefið var upp og áætlað var hvað þessi brú kostaði á sínum tíma, tel ég að þarna sé um hina ódýrustu hafnarframkvæmd að ræða sem um getur.

Vegna þess að ég hef minnst á þetta vil ég enn einu sinni skora á viðkomandi hæstv. ráðh., hæstv. samgrh., að reyna að ýta þessu máli áfram. Hann hefur sýnt því nokkurn skilning, en við keyrum nú ekki á skilningnum yfir ána þótt nauðsynlegur sé að sjálfsögðu. Við Sunnlendingar leggjum á það áherslu, að hann komi hér í ræðustól á hv. Alþ. og gefi yfirlýsingu um að hann ætli að hafa þetta verk næsta stórverkefni í brúaframkvæmdum í landinu og það eigi ekki að dragast þangað til hann hefur lokið við að mála sína fallegu, stóru og miklu Borgarfjarðarbrú. Ég vil alls ekki draga úr því, að það sé nauðsynlegt verk líka, síður en svo. En þessi vandamál, sem við höfum hér minnst á, eru úr sögunni um leið og brúin er komin. Þá geta Stokkseyringar og Eyrbekkingar haft sín skip í Þorlákshöfn, sem er sem betur fer orðin allgóð höfn, eins góð og búast mátti við á þessum stað, og geta notað hana til þess að landa og eiga þá ekki eftir að keyra 100 km fram og til baka með afla og afurðir eins og þeir hafa þurft að gera mörg undanfarin ár, því að sannleikurinn er sá, að þeir hafa þurft að aka með allan aflann, sumpart á mjög vondum vegum, um 50 km leið aðra leiðina, og það meira en 3/4 af öllum sínum afla.

Herra forseti. Ég get þá látið lokið því að tala um þessa brtt., þetta ástand sem ég minntist á þar á eftir, en ég tel nauðsynlegt að segja örfá orð um aðra brtt. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 283 ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal og Karvel Pálmasyni. Sú till. er svo hljóðandi:

„Við 4. gr. Landhelgisgæsla 20 Laun.

Fyrir „911 millj. 225 þús. kemur 864 millj. 814 þús."

Nú er það auðséð þeim sem les þessa línu í brtt. minni, að niðurstöðutalan er lægri en í frv. Mætti því halda að ég væri að leggja til að þessi liður lækkaði, þar sem 864 millj. eru enn lægri en 911, hvernig svo sem það verður í framtíðinni. En þannig stendur á þessu, það er sú einfalda skýring, að lagt hefur verið til í brtt. frá hv. fjvn. að Albert verði lagður niður, hann verði felldur niður úr fjárlagafrv. Þetta þótti mönnum að vísu misgott, því að hann hefur komið að þó nokkru gagni þótt lítill sé. Hins vegar er hann náttúrlega orðinn allaldraður, ef má segja svo, og ekki í því standi eða þeirri æfingu sem hann var í við þau skilyrði þegar hann þótti góður til þessa brúks. Eru nú gerðar miklu meiri kröfur en í þá daga, enda landhelgin stækkuð út í miklu umfangsmeiri mörk en áður var. En með því að rekstri Alberts verði hætt hlýtur að sparast talsvert af því fé sem í hann fór. Ég hef leitað mér upplýsinga og hef fengið upplýsingar um að launaliðurinn, sem Albert snerti, hafi verið 76 millj. 411 þús. kr. Þar með hlýtur kostnaður við hann að dragast frá heildarniðurstöðutölunni. Síðan legg ég til, að teknar verði inn 30 millj. til þess að greiða varðskipsmönnum 10% launauppbót. Þessa 10% launauppbót hafa varðskipsmenn haft síðan í sept. 1972. Hún átti hins vegar ekki að standa lengur en út nóvembermánuð s. l. Það á sem sagt að taka af þeim þessa 10% launauppbót, sem er áhættuþóknun.

Nú er það svo, að varðskipsmenn taka kaup eins og aðrir farmenn. Þeir gera sína samninga auðvitað um leið og þeir. Það voru gerðir samningar við þá 1. ágúst nú á þessu ári og þá höfðu þeir þessi 10%. En núna, mörgum mánuðum eftir að samningar eru gerðir, er ákveðið að taka af þeim þessa launauppbót. Kannske má segja sem svo, að þeir séu ekki eins harkalega í eldlínunni og var meðan á svokölluðum þorskastríðum stóð. En ég vil vekja athygli á því, að þeir eru með þessu settir skör lægra en aðrir farmenn, því að þegar venjulegir farmenn á venjulegum farskipum flytja hættuleg efni, eins og olíu, bensín, sprengiefni og annað þess konar, þá fá þeir áhættuþóknun ofan á kaup sitt. En skyldu varðskipsmenn ekki vera með býsna hættulega farma stundum? Þeir eru alltaf með sprengiefni um borð, sprengikúlur, bensín fyrir þyrlur, svo að nokkuð sé nefnt, auk þess sem varðskipsmenn stunda miklu hættulegri störf en almennir farmenn gera. Það má hverjum manni vera ljóst. Ekki þarf annað en að lesa upp þau verkefni eða einhvern hluta af þeim verkefnum sem varðskipsmenn hafa með höndum samkv. lögum sem voru sett árið 1967 um Landhelgisgæslu Íslands. Þar segir m. a., að þeir skuli hafa með höndum almenna löggæslu á hafinu umhverfis Ísland jafnt innan sem utan landhelgi, veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi svo og annast aðkallandi sjúkraflutninga og bjarga bátum og aðstoða báta eða skip sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland. Skyldi það ekki vera býsna miklu hættulegra en að sigla í rólegheitum á lokuðu fragtskipi í strandsiglingum frá Íslandi til Evrópu? Svona mætti auðvitað lengi telja. Þeir hafa einnig það hlutverk að veita afskekktum stöðum og byggðarlögum hjálp. Þeir flytja nauðsynjar og alls kyns hluti út í vita landsins við hættulegar aðstæður. Og einn liðurinn er svo hljóðandi, sem ég leyfi mér að lesa orðréttan, með leyfi forseta: „Að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af“ og „aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæslu, lækna-, toll- og vitaþjónustu“ o. s. frv. Verkefnin eru hér talin miklu fleiri, en auðséð er af þessari upptalningu, þó að hún sé ekki lengri, að þeir stunda hættuleg störf, miklu hættulegri en farmenn almennt hafa með höndum. Ég vil endurtaka það, að þegar farmenn flytja hættulega vöru, eins og varðskipsmenn eru alltaf með um borð í sínum skipum, þá fá þeir áhættuþóknun, þessa áhættuþóknun á að taka af varðskipsmönnum nú. Mér finnst það algerlega ástæðulaust.

Ég hef hér í höndum plögg um alla sögu þessa máls, en ég lofaði að hafa þetta mál stutt og vil ekki tefja tímann með því að lesa það allt saman upp. Ég vil þó leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa hér örfá orð úr þessari grg. Þar segir frá því, þegar þeir fengu þessa uppbót fyrst 5. sept. 1972. Lokagrein hennar er svo hljóðandi, með leyfi forseta: „Þessi launagreiðsla hefur haldist síðan. En 26. ágúst s. l. barst fjármálastjóra Skipaútgerðar ríkisins bréf frá dómsmrn. þess efnis, að margnefnd 10% launauppbót skuli felld niður frá 1. ágúst 1977.“ Það var mánuði eftir að þeir skrifuðu undir nýja kjarasamninga. Hefðu þeir nú ekki átt að fá að vita þetta fyrr, svo að þeir gætu tekið mið af því þegar þeir gerðu sína samninga? Þarna er farið aftan að mönnum og aftan að hlutunum líka, og finnst mér satt að segja ekki gott framtak af mönnum að leggja sig í líma við að fara aftan að hlutunum. 6. sept. barst síðan forstjóra Landhelgisgæslunnar annað bréf frá dómsmrn. þess efnis, að 10% launauppbótin skuli haldast til loka nóvembermánaðar, og færð rök fyrir því, að þá renni út samningar við Vestur-Þjóðverja. Og þá segir hér: „Má vera að ráðh. finnist þá fullgreidd þau störf sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar unnu við útfærslu landhelginnar í 200 mílur. En starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa alltaf litið á þessa greiðslu sem viðurkenningu á sérstöðu þeirra í starfi.“

Herra forseti. Ég vil aðeins að lokum segja það, að hér er ekki farið af sanngirni með launakjör varðskipsmanna, vegna þess að þeir eru þarna verr settir en aðrir farmenn þegar eins stendur á um þann farm sem er í skipi þeirra. Ég vil einnig leggja á það áherslu, að með því að nú er verið að draga úr rekstri hjá Landhelgisgæslunni með því að leggja niður eitt varðskipanna, þá ætti Landhelgisgæslan að hafa nokkuð rúmt um til að geta tekið þessa upphæð og gæti raunar tekið meira til þess að varðskipsmenn fái þessa sjálfsögðu launauppbót sem þeir hafa haft nú um allmörg ár.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. notaði mest af ræðutíma sínum til þess að gera aths. við málflutning minn í sambandi við þær brtt. sem ég mælti fyrir fyrr í kvöld. Hann fór þar ekki rétt með tölur, talaði um að þær brtt., sem ég flutti vegna sjúkrahússtofnana í Reykjavíkurborg, næmu 350 millj. kr. hækkun. Það er ekki rétt. Það eru 296 millj.

Ég efast ekkert um að hv. 11. þm. Reykv. segir það alveg satt, að hann hafi gert sitt besta til að þóknast þeirri ríkisstj., sem hann styður, í vinnu sinni fyrir fjvn. Ég held að öllum sé ljóst sem hlýddu á hans mál, að hann gernýtti alla sína hæfileika. Ég hefði viljað sjá koma fram till. um það t. d., að þær sjúkrastofnanir, sem standa hálfbyggðar og mikil fjárfesting og peningar eru fastir í, verði fullgerðar. Aftur á móti mættu nýjar fjárfestingar, eins og t. d. 220 millj. kr. fjárfesting í grunni fyrir þjóðarbókhlöðu, e. t. v. bíða í 1—2 ár. Það mætti bíða fjárfesting í laxastiga í Laxá í Þingeyjarsýslu. Það mætti líka athuga, hvort það væri eðlilegt að hátt á þriðja hundrað millj. kr. viðbótarsöluskattur af bensínhækkun ætti eingöngu að teljast framlag ríkisstj. eða ríkissjóðs til vegamála. Það væri kannske hægt að fara svolítið í gegnum till. fjvn. og gera till. um frestun á nýjum framkvæmdum til þess að ljúka þeim sem þegar hefur verið fjárfest í. Ég vil miklu heldur vita að sjúkrahússstofnanir séu fullbyggðar, þær verði tilbúnar til að taka við þeim sjúkratilfellum sem berast hvaðanæva af landinu, heldur en horfa á hálfklárðan grunn vestur á Melum hér í Reykjavík.

Hv. 11. þm. Reykv. sneiddi að mér en ég

læt þetta duga sem svar. Ég vil bara ítreka, að hann hefur áreiðanlega gert sitt besta og gernýtt hæfileika sína við tillögugerðina.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við lok þingmeðferðar á frv. til fjárl. fyrir árið 1978 er ástæða til að huga nokkuð að þróun íslenskra efnahagsmála á þessu ári og á undanförnum árum og sérstaklega að framvindu ríkisfjármálanna og hlutverki þeirra í hagstjórn.

Þegar ríkisstj. tók við völdum síðla árs 1974 horfði fremur þunglega um þjóðarhag vegna stórfelldrar og vaxandi verðbólgu og geigvænlegs viðskiptahalla við útlönd. Við þessar aðstæður setti ríkisstj. sér þau meginmarkmið að draga úr verðbólgu og minnka viðskiptahallann. Þessum markmiðum skyldi náð án þess að atvinnuöryggi yrði stefnt í hættu. Ekki verður með sanngirni um það deilt, að þessi stefna hefur skilað verulegum árangri, þótt ekki hafi alls staðar jafnvel til tekist. Hér ber að sjálfsögðu hæst þau umskipti sem orðið hafa í stöðu þjóðarbúsins út á við, þar sem í stað viðskiptahalla á árunum 1974 og 1975, er nam 11—12% af þjóðarframleiðslu, hefur nú undangengin tvö ár tekist að koma hallanum niður í 1—2% af þjóðarframleiðslu.

Við afgreiðslu fjárlaga líðandi árs var lögð á það rík áhersla, að ríkisfjármálunum yrði markvisst beitt til þess að tryggja framgang efnahagsstefnu ríkisstj. Þróun ríkisfjármálanna undanfarin missiri hefur ótvírætt stuðlað að framgangi þessarar stefnu og þar með að bættum þjóðarhag. Í stað halla á fjárl., er nam 3% af þjóðarframleiðslunni, 1974 og 1975 hefur tekist að koma þeim í nær hallalaust horf á síðasta ári og því ári sem nú er að ljúka. Þessi árangur er vissulega mikilsverður. En við verðum einnig að kappkosta að hann verði varanlegur. Raunar eru fá dæmi í nágrannalöndum okkar um svo gagnger umskipti á sviði ríkisfjármála og í viðskiptum við útlönd frá miklum hallabúskap í átt til jafnvægis á þessum árum. Þetta á ekki hvað síst við þegar þess er gætt, að atvinna hefur verið hér yfrið nóg og fremur örlað á vinnuaflsskorti og mikilli yfirvinnu en atvinnuleysi, á sama tíma og aðrar þjóðir hafa búið við verulegar þrengingar af völdum atvinnuleysis. Verðbólgan er hins vegar það vandamál sem erfiðast hefur reynst úrlausnar.

Á þessu ári hefur batinn í efnahagsmálum þjóðarinnar haldið áfram að því leyti, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa vaxið verulega, þjóðarframleiðslan um 4—4½%, en þjóðartekjur um 7—7½% vegna batnandi viðskiptakjara. Hallinn í viðskiptum við útlönd verður væntanlega nálægt 2%, eða heldur meiri en ætlað var í haust þegar fjárlagafrv. var kynnt. Þessi breyting stafar þó fyrst og fremst af birgðasöfnun útflutningsvara, en ekki af auknum halla í eiginlegum skilningi.

Ríkisfjármálin hafa á árinu þróast með viðunandi hætti þar til kostnaðarhækkanir í kjölfar kjarasamninga við opinbera starfsmenn og truflun á innheimtu ríkistekna röskuðu þeirri áætlun. Fyrstu 11 mánuði þessa árs námu innheimtar tekjur ríkissjóðs 84.7 milljörðum kr., en útgjöldin 87.2 milljörðum kr. og voru því 2.5 milljarða umfram tekjur. Jöfnuður lánahreyfinga var jákvæður um 0.8 milljarða og var því um 1.7 milljarða greiðsluhalli hjá ríkissjóði fyrstu 11 mánuði ársins. Á sama tíma í fyrra voru útgjöld ríkissjóðs um 1 milljarð umfram tekjur og 400 millj. kr. halli var á lánahreyfingum. Nam greiðsluhallinn því 1.4 milljörðum kr. Ég tel líkur á að tekjuáætlun sú fyrir árið 1977, sem fylgdi fjárlagafrv., standist, þ. e. að tekjur ríkissjóðs verði 96.5 milljarðar kr. Gjöldin verða sennilega meiri, eða um 97.5 milljarðar kr. Mér virðist því að fjárhagur ríkissjóðs verði án umtalsverðs greiðsluhalla á árinu 1977 og að staða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum versni ekki. Hér er um mikilsverðan árangur að ræða, sem fjárlög næsta árs verða að staðfesta og treysta enn betur, ef beita á ríkisfjármálum hyggilega upp í strauminn þegar eftirspurn fer vaxandi.

Eins og ég nefndi áðan er líklegt að ríkistekjur í ár verði í heild nálægt þeirri áætlun sem fjárlagafrv. var reist á, þó sennilega frekar undir en yfir. Nokkrar breytingar verða hins vegar á einstökum liðum til hækkunar eða lækkunar. Þannig verður innheimta aðflutningsgjalda talsvert meiri en áætlað var, bæði vegna meiri innflutnings og hærra tollhlutfalls, m. a. vegna mikils bílainnflutnings. Á móti þessu verða tekjur af söluskatti, sérstöku vörugjaldi og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins minni en áður var ætlað.

Forsendur um vöxt þjóðarframleiðslu og tekna á næsta ári eru óbreyttar frá fjárlagafrv. Með kjarasamningunum í haust, fyrst og fremst kjarasamningum opinberra starfsmanna, var stefnt í meiri aukningu einkaneyslu á næsta ári en miðað var við í fjárlagafrv., sem felur í sér hættu á vaxandi viðskiptahalla. Með þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru í tengslum við afgreiðslu fjárl., aðallega hækkun sjúkratryggingagjalda og álagningu skyldusparnaðar, má ætla að aukning einkaneyslu á næsta ári verði nálægt 6% eða svipuð og við var miðað í fjárlagafrv. Opinberar framkvæmdir dragast saman um nær 9% eða nokkru meira en samkv. fjárlagafrv. Aukning þjóðarútgjalda og þjóðarframleiðslu yrði eftir sem áður svipuð og lagt var til grundvallar við gerð fjárlagafrv., eða 3—4%, og viðskiptahalli ekki meiri en í ár. Þessari aukningu þjóðarútgjalda getur fylgt 6—7% aukning almenns vöruinnflutnings. Endurskoðun tekjuáætlunar 1978 er miðuð við þessar forsendur sem mestu ráða um magnbreytingu helstu stofna óbeinna skatta. Meiri aukningu þjóðarútgjalda en hér er miðað við fylgdi óhjákvæmilega hætta á vaxandi viðskiptahalla, sem ekki getur orðið undirstaða varanlegrar tekjuaukningar ríkissjóðs.

Kauplagsforsendur fjárlagafrv. voru í aðalatriðum reistar á kjarasamningum Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda að því er tekur til grunnkaupshækkana, en ekki var reiknað með verðbótum á laun eftir 1. sept. Hið sama átti við um verðlagsforsendur sem í aðalatriðum voru miðaðar við verðlag í okt., en þó var reiknað með þeim verðbreytingum sem telja mátti að fylgt gætu grunnkaupshækkunum samninga, auk þess sem einnig var ætlað fyrir hækkun innflutningsverðs í erlendri mynt. Við endurskoðun tekju- og gjaldahliða fjárlagafrv. er miðað við sömu verðlagsforsendur og við gerð lánsfjáráætlunar, þ. e.

nálægt 30% meðalverðhækkun milli áranna 1977 og 1978. En forsenda fjárlagafrv. fól í sér 18—20% meðalverðhækkun.

Verðbólgan er erfiðasta viðfangsefnið á sviði efnahagsmálanna um þessar mundir. Forsenda árangurs í viðureigninni við hana er jafnvægi í ríkisfjármálum. Þess vegna hefur reynst nauðsynlegt að gera þær sérstöku ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánamálum sem þingið hefur fjallað um að undanförnu. Við val leiða hefur það ekki síst verið haft að leiðarljósi, að ráðstafanirnar hefðu ekki bein og almenn verðhækkunaráhrif.

Fjárl. fyrir næsta ár er ætlað að vera liður í þeirri heildaráætlun um þjóðarhag sem lýsa má í sex greinum: Að vænta megi um 4% aukningar þjóðarframleiðslu á næsta ári og óbreyttra viðskiptakjara, þannig að þjóðartekjur aukist einnig um nálægt 4% að raungildi. Að þjóðarútgjöldin aukist um 3—4% þannig að einkaneysla vaxi um 6%, samneysla um 1.5%, en fjárfesting dragist saman um 3%. Að viðskiptahalli við útlönd aukist ekki. Að hamlað verði gegn eftirspurnarþenslu og verðhækkunum. Að skuldir þjóðarinnar út á við til lengri tíma aukist ekki umfram bætta gjaldeyrisstöðu. Að þessum markmiðum sé náð samhliða fullri atvinnu um allt land.

Niðurstaða endurskoðunar tekjuhliðar frv. í framangreindum forsendum og að teknu tilliti til nýrrar tekjuöflunar, sem sérstakar ákvarðanir hafa verið teknar um, felur í sér 14 milljarða 650 millj. kr. hækkun tekna ríkissjóðs frá fjárlagafrv. Þar af nemur hækkun markaðra tekna 2 milljörðum 650 millj., en almennra tekna um 12 milljörðum. Samkv. þessari áætlun verða heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1978 um 139.5 milljarðar kr., sem bera má saman við 96.5 milljarða kr. áætlaðar tekjur 1977 og þó frekar 97.8 milljarða, ef 1% sjúkratryggingagjaldi er bætt við ríkistekjurnar 1977, þar sem sjúkratryggingagjaldið verður fært með ríkistekjum á næsta ári. Sem hlutfall af áætlaðri þjóðarframleiðslu nema tekjurnar 1978 28—28.5% samanborið við rúmlega 27% á þessu ári. Ástæðan til þess að hlutfallið hækkar nokkuð á næsta ári, er fyrst og fremst sú, að stefnt er að því að grynna á skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann frá fyrri árum þrátt fyrir þá útgjaldaaukningu, sem kjarasamningar við opinbera starfsmenn hafa í för með sér.

Í framsöguræðu hv. formanns fjvn. fyrir áliti meiri hl. n. hafa komið fram nákvæmar upplýsingar um breytingar á einstökum þáttum frv., en ég ætla þó að fara nokkrum orðum um helstu tekjustofnana.

Eins og áður sagði verður sjúkratryggingagjald fært með ríkistekjum á næsta ári. Í fjárlagafrv. voru tekjur af gjaldinu áætlaðar 1900 millj., en með hækkun þess úr 1% í 2% verða tekjurnar 3 milljarðar 800 millj.

Um áramótin á að ganga í gildi hækkun á fasteignamati vegna framreiknings frá gildandi mati, og verður hækkunin á bilinu 30—35%, en misjöfn eftir stöðum. Við þetta hækkar álagningarstofn eignarskatts verulega, en á móti því verður skattfrjáls eign hækkuð úr 6 í 8 millj. kr. fyrir einhleyping og úr 9 í 12 millj. fyrir hjón. Álagningarhlutfall verður óbreytt, 0.8%, bæði hjá einstaklingum og félögum. Tekjur af eignarskatti gætu orðið allt að 300 millj. kr. meiri en áætlað var í fjárlagafrv., aðallega vegna meiri hækkunar fasteignamats en reiknað var með.

Nú er útlit fyrir að hækkun á tekjum einstaklinga í ár verði meiri en reiknað var með í tekjuáætlun frv., e. t. v. 42—43% í stað 40%. Tekjuskattur einstaklinga gæti því orðið nær 300 millj. meiri en reiknað var með í fjárlagafrv. að öðru óbreyttu eða samtals 11 milljarðar 950 millj. kr.

Innheimta aðflutningsgjalda í ár verður að líkindum nokkru meiri en reiknað var með við gerð áætlunar fjárlagafrv. í sept. s. l. Er nú búist við að heildargjöld af innflutningi 1977 nemi 22.4 milljörðum eða 800 millj. kr. umfram áætlun frv. Hér er annars vegar um að ræða 500 millj. meiri innheimtu almennra tolltekna en áður var talið, en auk þess er sýnt að bílainnflutningur verður enn meiri en áður var reiknað með, sem gæfi ríkissjóði 300 millj. kr. tekjuauka í innflutningsgjöldum af bifreiðum. Í áætlun fyrir árið 1978 er nú gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur aukist um 37—38% í krónum, en í frv. er gert ráð fyrir rösklega 20% aukningu. Samkv. þessu er innheimta almennra aðflutningsgjalda áætluð 21.2 milljarðar kr. eða 3.4 milljarða umfram frumvarpsáætlun, og hefur þá verið gert ráð fyrir tollalækkun samkv. gildandi tollskrá sem nemur 1800 millj. kr. á verðlagi áætlunarinnar.

Innheimta bensíngjalds og gúmmígjalds er nú áætluð í samræmi við sérstaka hækkun bensíngjalds um 7.50 kr. auk hækkunar samkv. gildandi heimildum. Þannig er í áætlun gert ráð fyrir að bensíngjaldið verði 36.50 kr. frá áramótum, en síðan er ekki gert ráð fyrir frekari innheimtu fyrr en síðari hluta árs.

Innflutningsgjald á bílum hefur við endurskoðun tekjuáætlunarinnar verið hækkað um 700 millj. kr. Að hluta til er hér um verðlagsuppfærslu að ræða, en auk þess er nú gert ráð fyrir nokkru meiri bílainnflutningi en áður eða innflutningi um 7500 bíla samanborið við 6500 bíla áður. Heildarinnheimta gjalda af innflutningi er nú áætluð 29.4 milljarðar samanborið við 25.4 milljarða í frv., og nemur hækkunin 4 milljörðum.

Tekjur af sérstöku vörugjaldi verða að líkindum heldur minni á þessu ári en talið var í sept. s. l. og er hækkun frá fjárlagafrv. til endurskoðaðrar áætlunar því minni en ella. Nú er sem fyrr gert ráð fyrir, að gjaldið verði framlengt óbreytt út næsta ár og að það geti skilað ríkissjóði 7.8 milljörðum kr. samanborið við 7 milljarða í frv.

Innheimta söluskatts í ár verður sennilega heldur minni en búist var við í sept., eða 34.5 milljarðar kr. í stað 35.1 milljarða í septemberáætlun. Hér er þó einkum um það að ræða, að nú er reiknað með að sú veltuaukning, sem ævinlega á sér stað síðari mánuði ársins, komi í ár fram með nokkurri töf, þannig að velta í des. 1977 og þar með innheimta í jan. 1978 verði meiri en í meðalári. Lakari innheimta í ár en áður var talið hefur því ekki mikil áhrif á áætlun ársins 1978. Í heild er nú reiknað með að söluskattstekjur geti numið 48.4 milljörðum kr. 1978, samanborið við 44.8 milljarða í fjárlagafrv.

Í fjárl. ársins 1977 voru tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks áætlaðar 8.6 milljarðar kr., og var þá gert ráð fyrir hækkun útsöluverðs. Í áætlun í sept. var rekstrarhagnaður Áfengis- og

tóbaksverslunar ríkisins talinn vera nokkru minni en þetta eða 8 milljarðar, m. a. vegna samdráttar í sölu á tóbaki. Samkv. tekjuyfirliti fyrstu 11 mánuði ársins má jafnvel enn búast við að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skili tæplega þeim tekjum sem reiknað var með í sept. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1978 er rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins nú talinn geta orðið rúmlega 11 milljarðar kr. samanborið við 9.8 milljarða í frv., og stafar mismunurinn af verðlagsuppfærslu. Er því gert ráð fyrir að útsöluverð hækki og það fylgi almennri þróun verðlags og kaupgjalds.

Formaður fjvn. hefur þegar gert ítarlega grein fyrir einstökum breytingum á frv. milli umr. Ég ætla mér því aðeins að fara fáum orðum um helstu orsakir þeirra breytinga sem orðið hafa á útgjaldaáætlun frá því að frv. var lagt fram.

Með sérstökum till. um útgjaldalækkanir er stefnt að því að lækka útgjöld ríkissjóðs um 3.7 milljarða kr. á næsta ári. Meginatriði þeirra till. eru lækkun launaáætlunar með því að draga úr eftirvinnu og öðrum aukagreiðslum og aukin þátttaka einstaklinga í beinum greiðslum fyrir lyf og sérfræðilega læknisþjónustu, auk þess sem framlag úr ríkissjóði til Byggðasjóðs verður lækkað, en samt sem áður verður ráðstöfunarfé sjóðsins, þ. e. framlag að viðbættu eigin fjármagni, um 2% af heildarfjárhæð fjárlagafrv.

Gjöld færð á rekstrarreikning og fjárfestingarútgjöld hjá A-hlutastofnunum hafa hækkað úr 123 milljörðum 146 millj. í fjárlagafrv. í 138 milljarða 500 millj., eða um 15.4 milljarða kr. Þessi hækkun á sér ýmsar skýringar, en langmest munar um breyttar forsendur um verðlag og laun á næsta ári. Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur áætlað að til þessarar breytingar einnar megi rekja beinlínis 13.1 milljarðs kr. hækkun á launalið, en frá því dragast 1.7 milljarðar við að dregið verður úr eftirvinnu og öðrum aukagreiðslum, eins og áður var getið. Útgjöld almannatrygginga hækka um 3.9 milljarða frá frv., einnig vegna breyttra launa- og verðlagsforsendna. Gengur hækkun sjúkratryggingagjalds til þess að mæta þessari útgjaldaaukningu. Þessir tveir liðir, laun og almannatryggingar, hækka þannig samtals um 15.3 milljarða kr. eða jafnmikið og heildarútgjöldin.

Ýmsar aðrar breytingar hafa einnig orðið á gjaldahlið, þótt þær jafnist nokkurn veginn út þegar á heildina er litið. Af helstu liðum til hækkunar má nefna 500 millj. til niðurgreiðslu á ull, hækkun markaðra tekjustofna annarra en sjúkratryggingagjalda, sem áður var getið, um 770 millj. og hækkun við 2. og 3. umr. um samtals 480 millj. sem dreifist á mjög marga fjárlagaliði.

Eins og áður var getið eru tekjur nú áætlaðar um 139.5 milljarðar eða 1 milljarði hærri en gjöldin. Halli á lánahreyfingum er hins vegar nú áætlaður um 670 millj., samanborið við 1.4 milljarð í frv. Þannig verður heildarniðurstaðan sú, að greiðslujöfnuður ríkissjóðs stendur nærri því í járnum. Á það er þó að líta í þessu sambandi, að í greiðslum ríkissjóðs eru taldir rúmlega 3.2 milljarðar kr. afborganir af skuldum við Seðlabankann, sem raunverulega má líta á sem greiðsluafgang gagnvart öðrum aðilum í hagkerfinu, og er afar mikilvægt fyrir alla stjórn efnahagsmála á næstunni að takist að grynna á skuldum við Seðlabankann. Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð um 138.5 milljarðar kr. eða um 28% af áætlaðri þjóðarframleiðslu samanborið við 27.5% í ár og tæp 28% árið 1976, ef reiknað er á sambærilegan hátt öll árin. Hlutfallið er þannig svipað öll þrjú árin og mun lægra en árin 1974 og 1975. Hækkunin á hlutfallinu á næsta ári er ekki vegna magnaukningar opinberra útgjalda, heldur vegna þess að verðbreytingar á ýmsum útgjaldaliðum ríkissjóðs eru yfir meðalverðhækkun þjóðarframleiðslunnar, fyrst og fremst vegna kauphækkana opinberra starfsmanna umfram hækkun á hinum almenna vinnumarkaði.

Herra forseti. Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til þess að þakka fjvn.-mönnum og sérstaklega formanni n., Steinþóri Gestssyni, fyrir mikið og gott starf við undirbúning fjárl. Við minnumst um leið fyrirrennara hans í starfi, Jóns Árnasonar alþm., sem lést fyrir aldur fram á þessu ári. Við njótum allir verka Jóns Árnasonar í fjvn., en þar vann hann mikið og óeigingjarnt starf af festu og sanngirni og var hann oftar kosinn formaður fjvn. en nokkur annar alþm. hefur verið.

Vegna mikilla breytinga á meginforsendum fjárlagafrv. um verðlag og kaupgjald á síðustu vikum hefur lokaspretturinn í fjárlagavinnunni verið harður og erfið mál komið til kasta fjvn., sem hún hefur ráðið farsællega fram úr undir forustu formanns. Ég tel, að með samþykkt þessa frv. til fjárl. verði lagður sá grunnur að fjármálastjórn ríkisins næsta ár sem þörf var fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 48. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 9 síðdegis.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 272). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um löndun á loðnu til bræðslu er flutt vegna eindreginna tilmæla aðila sjávarútvegs í verðlagsráði, tilmæla frá fulltrúum Landssambands ísl. útvegsmanna, Sjómannasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og félags verksmiðja. Frv. felur það í sér, að við 2. gr. laganna bætist:

„Nefndinni“ — þ. e. a. s. loðnunefnd — „er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur, án tillits til móttökugetu þeirra.“ Þessu til viðbótar var samþykkt í Nd. sú till., að við mgr. bætist: „Þó er nefndinni skylt að leyfa löndun í einstakar verksmiðjur á ákveðnum svæðum ef öryggi skips eða skipshafnar krefur.“

Breyting sú, sem lagt er til að gerð verði á

lögunum, felst í því, að nefndinni er heimilt að stöðva löndun um takmarkaðan tíma á ákveðnum svæðum eða í einstakar verksmiðjur án tillits til móttökugetu þeirra.

Frá því að lögin um löndun loðnu tóku fyrst gildi í byrjun ársins 1973 hefur heimild loðnunefndar til þess að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur nánast takmarkast við það að tilkynna flotanum hvenær móttökugeta einstakra verksmiðja er þrotin og hvenær móttaka geti hafist að nýju. En með þessari breytingu á lögunum er nefndinni gefin heimild til þess að stöðva löndun í verksmiðju sem næstar eru veiðisvæðum hverju sinni, þó að þróarrými sé fyrir hendi hjá þeim, og láta veiðiskipin þess í stað flytja loðnu til annarra verksmiðja sem annars væru verkefnalausar.

Ég fyrir mitt leyti taldi rétt að verða við beiðni um að flytja þetta frv., þó að seint sé, en það er auðvitað komið undir velvilja hv. þdm. hvort þetta frv. nær fram að ganga eða ekki.

Nefnd í Nd. hafði samband bæði við fulltrúa loðnunefndar og þá aðila sem hér eiga hlut að máli, og var það samhljóða álit þeirra að nauðsyn væri á því að samþykkja þetta frv. með þessari tilteknu breytingu sem n. í Nd. gerði.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar, frv. (þskj. 266 (sbr. 174), n. 281 og 282). — Frh. 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978. Á fund n. kom Bjarni Bragi Jónsson forstöðumaður hagfræðideildar Seðlabanka Íslands og svaraði nokkrum fyrirspurnum. N. varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt, en minni hl., hv. þm. Ragnar Arnalds og Jón Árm. Héðinsson, skilar séráliti. Hv. þm. Albert Guðmundsson lýsti andstöðu við málið og mun gera grein fyrir afstöðu sinni við meðferð málsins.

Eins og fram kemur í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun 1978 og í grg. með fjárlagafrv. og eins og ljóst hefur verið um langt skeið hefur verðbólguþróun verið eitt erfiðasta vandamál efnahagsmála um nokkurt skeið. Þannig hafði miðað í því máli, að verðbólga hafði farið minnkandi og minnkað allverulega frá því sem var á árinu 1974, en nú er svo komið að mikil hætta er á að verðbólga aukist á ný. Við þessar aðstæður er svigrúm mjög lítið í efnahagsmálum og sveigjanleiki. Það er ljóst, að við höfum tekið mikla áhættu á undanförnum árum og spurningin er fyrst og fremst sú, hversu mikla áhættu við getum tekið. Þolir þjóðarbúið aukna verðbólgu, þolir þjóðarbúið aukna skuldasöfnun við útlönd eða þolir þjóðarbúið meiri hallarekstur ríkissjóðs?

Öll eru þessi hugtök að sjálfsögðu nátengd. En þegar menn ræða þessa hluti aðskilið eru flestir þeirrar skoðunar, að þjóðarbú okkar og þjóð þoli ekkert af þessu. En ef menn eru sammála um það, hvað ber þá að gera? Ég er þess fullviss, að þessu verði ekki komið í fullt lag og fullan jöfnuð nema menn færi verulegar fórnir, og m. a. geta slíkar fórnir verið félagslegar og pólitískar. Verulegar fórnir á þann hátt hafa menn ekki verið tilbúnir að færa, enda ávallt áhorfsmál hversu hratt skuli farið. En lágmarkskrafan hlýtur að vera sú að standa í stað eða þokast áfram á leiðinni til minni verðbólgu, til jafnvægis í viðskiptum við útlönd og hallalauss ríkisbúskapar. Ríkisbúskapurinn hefur verið þannig nú að undanförnu, að allbærilegur jöfnuður var á s. l. ári, en áður höfðu hlaðist upp skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana hjá Seðlabanka Íslands, og nema þær skuldir nú u. þ. b. 15 milljörðum kr. Ljóst er að veruleg áhætta hefur verið tekin með þessum hallarekstri og slíkur hallarekstur hefur ýtt undir verðbólguþróun. Frammi fyrir þessum vandamálum standa menn. Tekjuvandi ríkissjóðs er mikill og hefur verið mikill. Þess vegna hefur verið ljóst um nokkurt skeið að verulegra breytinga er þörf og hefur verið þörf á tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs, og eru það mikil vonbrigði hversu hægt hefur miðað í þeim efnum. Ljóst er að stefna þarf að því að greiða meira af skuldum við Seðlabankann, en slíkt getur reynst erfitt nema tekjuöflunarvandamál ríkissjóðs séu leyst.

Lengi hefur verið stefnt að því að gera breytingar á skattalögum til þess að gera tekjuöflunarkerfið hæfara til þess að takast á við slík vandamál sem verðbólguvandamál, og mikilvægur liður í því efni gæti verið staðgreiðslukerfi skatta. Ég held að ljóst sé hins vegar að gífurlegt verk, mikil vinna og undirbúningur liggur í því að koma slíku kerfi á, og ég tel, eins og málum er nú komið, mjög vonlítið að slíkt kerfi geti komist á á árinu 1979 og reyndar nær útilokað.

Eitt af þeim markmiðum, sem sett eru fram í þessari lánsfjáröflun, er að koma á jöfnuði í viðskiptunum við útlönd. Koma fram í lánsfjáráætlun þrjú markmið sem ber þar efst. Í fyrsta lagi, að verðbólguhraði og viðskiptahalli verði ekki meiri 1978 en 1977. Í öðru lagi, að hlutur innlends sparnaðar í heildarfjármögnun framkvæmda- og rekstrarlána verði aukinn, svo að erlendar lántökur fari ekki fram úr afborgunum eldri lána, auk þeirrar eflingar gjaldeyrisstöðunnar sem nauðsynleg er talin. Í þriðja lagi, að þessu marki verði náð samtímis öruggri atvinnu.

Fyrsta markmiðið er út af fyrir sig þess eðlis að ef menn ná ekki því marki, þá eru menn á vissan hátt að missa hlutina út úr höndunum. Meiri verðbólguhraði árið 1978 en 1977 og meiri viðskiptahalli mundi hafa mjög alvarlegar afleiðingar.

Markmið númer tvö leiðir reyndar af markmiði númer eitt. Ef viðskiptahallinn á að verða svipaður og á árinu 1977 hlýtur það að krefjast þess, að hlutur innlends sparnaðar í heildarfjármögnun framkvæmda verði aukinn.

Þriðja markmiðið, að þessu verði náð samtímis öruggri atvinnu, skulum við vona að geti staðist, því að það markmið hefur ávallt verið sett ofar öllum öðrum markmiðum í stjórn íslenskra efnahagsmála á s. l. árum.

Við þessar aðstæður er sett fram lánsfjáráætlun sem hefur það markmið að skuldir við útlönd aukist ekki meira en nemur viðskiptahalla á þessu ári. Gert er ráð fyrir því, að viðskiptahalli á næsta ári verði u. þ. b. 4 milljarðar og spáin fyrir þetta ár hefur verið á þá lund. Hins vegar má búast við því, að þessi viðskiptahalli verði eitthvað meiri, aðallega vegna allmikillar birgðasöfnunar í landinu.

Þessi markmið, þegar þau eru sett fram, þýða einkum tvennt: Í fyrsta lagi það að minna fjármagn verður til framkvæmda og ráðstöfunar, bæði hjá hinum ýmsu stofnlánasjóðum og íslenska ríkinu. Þetta kemur niður á ýmsum framkvæmdum og krefst þess, að þar sé valið á milli. Auðvitað er slíkt val erfitt og erfitt að gera upp á milli ýmissa nauðsynlegra framkvæmda, og þess vegna hlýtur slík ákvörðun að koma við ýmsar annars ágætar framkvæmdir. Í öðru lagi þýðir þetta markmið það, ef þær lágmarksframkvæmdir eiga að fara fram sem settar eru upp samkvæmt lánsfjáráætlun, að beina verður innlendu fjármagni inn á þær brautir.

Vandamál á innlendum fjármagnsmarkaði eru mikil fyrir, það er alveg ljóst, og þess vegna er ekki mikið svigrúm á þeim fjármagnsmarkaði. Það var lengi svo, að innlánsbinding í Seðlabanka Íslands var meiri, þ. e. a. s. það, sem bankarnir eru skyldaðir til að festa í Seðlabankanum, hefur lengst af verið meira en svokölluðum afurðalánum nemur. Nú er svo komið, að afurðalánin eru um 4.7 milljörðum hærri en innlánsbindingin. Þetta getur Seðlabanki Íslands að sjálfsögðu ekki fjármagnað nema þá með aukinni peningaútgáfu eða auknum erlendum lánum. Þessi þróun er í beinu samhengi við það, að hlutdeild sparnaðar í hlutfalli við þjóðartekjur hefur farið mjög lækkandi og var um s. l. áramót u. þ. b. 23% af þjóðartekjum, en hafði verið tæp 40% 1971. Ekki er enn þá ljóst hver þróunin verður á þessu ári, en nokkrar vonir virðast standa til þess, að þetta hlutfall standi nokkurn veginn í stað. Við þessar aðstæður og þessi markmið er þessi lánsfjáráætlun lögð fram og þar með frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku.

Gert er ráð fyrir í 3. gr. frv., að skyldur verði lagðar á lífeyrissjóði í landinu til að taka þátt í þessari lánsfjáráætlun. Svo hefur verið um langt skeið, að lífeyrissjóðirnir hafa gert það, en hér eru lagðar á lífeyrissjóðina ákveðnari kvaðir en hingað til hefur verið. Það kemur fram í skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun, að heildarráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er áætlað á næsta ári, 1978, um 17 milljarðar kr. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarlánasjóðirnir fái til ráðstöfunar, samkv. þeim töflum sem þar koma fram, um 30% af ráðstöfunarfé, eða 5.1 milljarð kr., og ýmsir sjóðir aðrir fái um 735 millj. kr. En þá hafa lífeyrissjóðirnir til ráðstöfunar til einstaklinga og innistæðu- og sjóðbreytinga um 11 milljarða 165 millj. kr. Þetta er nokkru hærra hlutfall en mun nást á þessu ári. Það hefur komið fram, að gert er ráð fyrir að stofnlánasjóðirnir, Framkvæmdasjóður, Byggingarsjóður ríkisins og fleiri sjóðir, muni kaupa 3 milljarða 150 millj. af skuldabréfum af lífeyrissjóðunum eða um það bil 26%. En í þeirri lánsfjáráætlun, sem hér er lögð fram, kemur fram að þetta hlutfall muni verða um 34.3%. Það er að sjálfsögðu engan veginn fullljóst hversu mikið fjármagn stofnlánasjóðirnir munu fá frá lífeyrissjóðunum. Þar kemur ekki aðeins til sú skylda, sem er á þá lögð, heldur verður þar á margan hátt um samningsatriði að ræða.

Það kemur fram í þeirri brtt. sem hæstv. forsrh. flutti í Nd., að ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast getur fjmrh. lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé. Hér mundi t. d. vera um að ræða lífeyrissjóði sem hafa mikla greiðslubyrði og geta af þeim sökum ekki staðið við slíkar skuldbindingar, t. d. vegna þess að eftirlaunahlutfall er hátt eða þá að fjárhagsástæður þeirra að öðru leyti eru slæmar, erfitt að ná fjármagni inn, það dreift víða og erfitt að stíga þetta skref í einu vetfangi.

Það er þess vegna ljóst, að hér þarf að verða allmikil aðlögun og ýmsir samningar að eiga sér stað, enda gerir lánsfjáráætlun alls ekki ráð fyrir að fá til ráðstöfunar samkvæmt lánsfjáráætlun 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Í 4. gr. þessa frv. er heimild til að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán vegna Landsvirkjunar í 5. gr., lán vegna Hitaveitu Suðurnesja og í 6. gr. er heimild til handa fjmrh. að taka lán erlendis fyrir hönd ríkissjóðs í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Skal ráðh. hafa samráð við fjvn. áður en til lántöku kemur samkv. þessari grein. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að leita eftir því að ná hagkvæmari lánum í stað þeirra lána sem ríkissjóður hefur fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að gera nánari grein fyrir þessu frv. Það er hins vegar ljóst, að þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar nú að undanförnu með því að gera tilraun til að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum og leggja fram lánsfjáráætlun þar sem ýtrustu varkárni er gætt, munu ekki á neinn hátt að mínum dómi leysa öll okkar efnahagsmál. Við stöndum eftir sem áður frammi fyrir vanda, m. a. atvinnuveganna, sem er ekki séð fyrir endann á hvernig verður hægt að bregðast við.

Ég vil aðeins ítreka það, herra forseti, að meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. frestað.

Neðri deild, 44. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 9 síðdegis.

Ríkisreikningurinn 1975, frv. (þskj. 130, n. 220). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 261, n. 288, 289). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur hafi þetta mál til meðferðar og leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem greinir á þskj. 289. Frv. gerði ráð fyrir að svonefnt tappagjald skyldi hækka um 7 kr. og hefði þá þetta gjald numið 105 millj. kr. Af því skyldu renna 45 millj. til Styrktarsjóðs vangefinna, þ. e. a. s. gjaldið til Styrktarsjóðsins skyldi hækkað úr 7 kr. í 10, en 4 kr. eða samtals 60 millj. skyldu renna í ríkissjóð.

Brtt. n. þýðir það, að gjaldið hækkar eingöngu um 3 kr. og rennur það allt í Styrktarsjóð vangefinna og mun þá nema um 45 millj kr.

Nú vona ég að hæstv. fjmrh. skilji þetta ekki svo, að nm. eða a. m. k. sumir þeirra vilji ekki sjá af þessum 60 millj. í ríkissjóð. Það má ekki skilja það svo, vegna þess að við viljum gjarnan að hann fái þessar 60 millj., en bara ekki með þessum hætti, og mætti gjarnan fá meira, a. m. k. sumra okkar vegna. En ástæðan fyrir því, að við teljum þetta ekki heppilega aðferð til að fá fé í ríkissjóð, er sú, að framfærsluvísitalan er mjög viðkvæm fyrir hækkunum á gosdrykkjum. Sem dæmi get ég nefnt að þessi hækkun um 3 kr. á lítra veldur 0.3 stiga hækkun á framfærsluvísitölunni, sem þýðir aftur 0.04% hækkun á kaupgjaldsvísitölu og þessi eina hækkun, þessi 3 kr. hækkun, þýðir að launagreiðslur ríkisins eins hækka um 15—20 millj. kr. á árinu 1978. Ef samþykkt yrði 7 kr. hækkun eins og frv. gerir upphaflega ráð fyrir, þá þýðir það a. m. k. 35 millj. kr. launahækkun hjá ríkinu á árinu 1978 vegna hækkunar á kaupgreiðsluvísitölunni.

Ég hef ekki undir höndum tölur um það, hverjar hækkanir yrðu hjá atvinnurekstrinum yfirleitt í landinu ef frv. yrði samþ. óbreytt, en okkur í n. þykir sýnt, að það sé ekki skynsamlegt að standa með þessum hætti að því að veita aukið fé í Styrktarsjóð vangefinna. Okkur er hins vegar ljóst að Styrktarsjóður vangefinna þarf á auknum tekjum að halda, og það er ekki tími til þess nú að finna aðrar leiðir en þessa. Kannske er leiðin út af fyrir sig ekki óskynsamleg, en hún er óskynsamleg a. m. k. á meðan reglurnar um vísitölu eru eins og þær eru.

N. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þessum brtt. sem ég hef gert grein fyrir og eru á þskj. 289.

ATKVGR.

Brtt. 289 samþ. með 20:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., að loknum 44. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 291). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 49. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., kl. 9.35 síðdegis.

Vörugjald, frv. (þskj. 291). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 291 er gert ráð fyrir að framlengja vörugjald sem sett var á með lögum 1971. Um áramótin 1976—1977 voru þau lög framlengd um eitt ár og er nú enn gert ráð fyrir að framlengja þau um ár. Þessi mál hafa verið til endurskoðunar og er þeirri endurskoðun ekki lokið.

Af því vörugjaldi, sem lagt er á samkvæmt lögum frá 28. des. 1976, er greidd í Styrktarsjóð vangefinna nokkur upphæð af gosdrykkjum, þ. e. 7 kr. af hverjum lítra Með þessu frv. er gert ráð fyrir að í stað 7 kr. verði framlag til Styrktarsjóðsins 10 kr. af hverjum lítra og gjaldið hækki sem því nemi.

Að vísu var gert ráð fyrir því upphaflega í frv., að ríkissjóður fengi örlítið til sín, en hv. þm. Nd. töldu ekki ástæðu til þess og fjh.- og viðskn. flutti um það brtt., sem var samþ. Var sú hækkun, sem gert var ráð fyrir að rynni til ríkissjóðs, dregin til baka og brtt. á þskj. 289 samþykkt.

Ég hafði ekki uppi athugasemdir í hv. Nd. og leyfi mér því hér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr og hv. fjh.- og viðskn. Vænti ég þess, að hægt verði að lögfesta frv. fyrir jólaleyfi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir framlagningu þessa frv. Mér leist sannast sagna illa á framtíð þessa sjóðs í fyrradag, þá var óbreytt upphæð á fjárl., mikil verkefni fram undan og ég í óvissu um það, hvort aukið fé yrði til sjóðsins á næsta ári Við þessum sjóði blasa nefnilega mikil verkefni á Akureyri, á Egilsstöðum, á Vestfjörðum, á Vesturlandi, á Suðurlandi og endurbætur víða þar sem þegar eru þó heimili.

Heimili af því tagi, sem Styrktarsjóður vangefinna fjármagnar, verða alltaf til, en vonandi verður minni þörf fyrir þau í framtíðinni þegar allir þroskaheftir fá frá fyrstu hendi þá meðferð og hjúkrun sem best er og nú væri í raun og veru þegar unnt að veita ef aðstæður leyfðu og við hefðum nægilega góðan húsakost og aðstæður allar til þess. En í dag er þeirra einmitt brýn þörf. Og þegar þau rísa nú í nýjum búningi, þegar þau rísa við ný viðhorf, þegar hælaeða geymsluaðferðinni er meira og meira rutt úr vegi og þjálfun og hjúkrun þessa fólks kemur í staðinn, þá getum við verið bjartsýn, og okkur ber að vera það þegar við sjáum skilning ríkisvaldsins koma fram í því, að til þessa sjóðs eru hækkuð framlög. Það er hins vegar orðin nauðsyn að setja þessum sjóði vissan laga- eða reglugerðarramma, þar sem kveðið væri á um yfirstjórn hans, víðara verksvið o. fl. Það verður þó að bíða betri tíma.

Ég vil við þetta tækifæri fyrir hönd Landssamtakanna Þroskahjálpar flytja hæstv. ráðh. og ríkisstj. þakkir fyrir þessa myndarlegu eflingu Styrktarsjóðsins, um leið og því er heitið af hálfu samtakanna að nýta það fjármagn, sem þannig fæst, sem allra best í þágu hinna þroskaheftu.

Albert Guðmundsson: Hæstv. forseti. Mér barst í hendur afrit af bréfi nú fyrir skömmu sem Verslunarráð Íslands hefur skrifað fjh.- og viðskn. Ed. Alþ. 20. des. Mér þykir hlýða við þessa umr. að ég lesi þetta bréf, til þess að hv. þdm. geri sér betur grein fyrir því, hvað hér er á ferð. Með leyfi forseta, þá hljóðar bréfið svo. Efnið er vörugjald:

„Verslunarráð Íslands vill vekja athygli n. á því, að með frv. til l. um breyt. á l. um vörugjald, nr. 97, frá 1971 og nr. 118 frá 1976, er nú í annað sinn á rúmu ári verið að tvöfalda vörugjald af öli og gosdrykkjum. Vörugjald þetta var 3.80 kr. í árslok 1975 af markverði og á að hækka í 24 kr. úr 10.80 kr. nú. Gjaldið var 6 kr. af gosdrykkjum í árslok 1975 og hækkar nú í 26 kr. úr 13 kr. nú. Þessar fjárhæðir eru miðaðar við 1 lítra. Verði umrætt frv. að lögum renna nær 50% af útsöluverði öls og gosdrykkja í ríkissjóð. Sem dæmi má taka hvítöl og útsöluverð þess eftir áramótin, eftir umræddra vörugjaldshækkun, sem verður þá 128.42 kr. á lítra. Útsöluverðið skiptist þannig: 68.20 kr. fara til verksmiðjunnar, 24 kr. eru vörugjald, 14.82 sérstakt 18% vörugjald og 21.40 kr. eru söluskattur. Þetta gerir samtals 128.42 kr. útsöluverð. Til verksmiðjunnar renna 53% af útsöluverði, en ríkissjóður fær 47% eða 60.22 kr. af lítra. Af sínum hluta greiðir ríkissjóður til Styrktarsjóðs vangefinna einungis 10 krónur á lítra sem hækkar um 3 kr. á sama tíma og hækkun gjaldsins nemur 13 kr.

Það má segja að mál þetta sé ekki stórt miðað við þá miklu fjáröflun sem nú á sér stað til að afla ríkissjóði tekna. Hér hefur hins vegar ein vörutegund verið tekin til sérstakrar og ört hækkandi skattlagningar sem er varhugaverð stefna að áliti Verslunarráðs Íslands.“

Ég vil taka undir þessi orð.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er mjög leiðinlegt að fá svona mál á síðustu mínútum þingsins fyrir jól. Hér er bæði um það að ræða að halda áfram að nota markaða tekjustofna í ákveðnu skyni, sem margsinnis hefur verið lýst yfir að eigi að draga úr, og hins vegar að tryggja mjög þörfu og nauðsynlegu málefni nægilegt fjármagn. Það er hrein vanvirða við þm. að sýna okkur svona vinnubrögð — hrein vanvirða. Það er afsakað með klaufaskap að þetta skuli hafa borið að nú á þessum síðustu mínútum, en það sýnir bara að margt í okkar kerfi er gjörsamlega óviðunandi. Það er alltaf verið að tala um nýja tekjustofna, ný lög fyrir ríkissjóð og skiptingu tekna og þar fram eftir götunum, en samt sem áður er aldrei hægt að hafa hlutina í lagi. Ár eftir ár skeður það sama. Meira að segja við lánsfjáráætlun í fyrra gleymdist að útvega nokkra milljarða, þeir komu inn með nákvæmlega sama hætti á síðustu mínútum þingsins. Nú kemur frv. frá sjútvrh. sem skiptir — ég veit ekki hvað miklu fyrir suma báta, eftir hvernig framkvæmt verður. Það getur skipt á einni siglingu hundruðum þúsunda. En menn afgreiða þetta bara hér í hliðarsölum þegjandi og hljóðalaust — og umhugsunarlaust. Eins og sagt er á ensku: „no time“. Þetta eru ekki vinnubrögð sem hægt er að taka þátt í lengur. Það eina, sem stjórnarandstaðan ætti að gera, er að ganga úr þingsölum og láta ekki sýna sér svona framkomu. Vonandi væri þá settur punktur aftan við svona háttalag í framtíðinni. Þetta er gjörsamlega óþolandi.

Ég verð þó að taka undir orð hv. 7. landsk. þm., að hér er um þarft og gott málefni að ræða og við verðum að leysa það. En alveg með sömu rökum get ég sagt að efni þess bréfs, sem upp var lesið áðan frá kaupmannasamtökum, á fullan rétt á sér, að athugað sé út í hvað við erum að fara.

Þetta gengur ekki. Það kom fram á nefndarfundi í morgun í fjh.- og viðskn., að menn urðu allheitir í umr. út af því, hve skammur tími okkur er skammtaður til að taka ákvarðanir um stórmál sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um. Alþ. er orðið hrein afgreiðslustofnun og ekkert annað. Þá má bara hafa þetta allt á einum pappír og búið og einn stuttan fund. Ég get ekki komist hjá því að gera þessa athugasemd, því þetta er ekki nokkrum mönnum bjóðandi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 50. fundur.

Þriðjudaginn 20. des., að loknum 49. fundi.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 272, n. 292). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haldið fund og fjallað um málið, 138. mál, um breyt. á l. nr. 97 27. des. 1973, með seinni breyt. frá 31. des. 1974, um löndun á loðnu til bræðslu. Hv. sjútvn. Nd. kvartaði undan því að hafa litinn tíma til að athuga málið. Ég hygg að þessi n. geti sagt það sama eða jafnvel tekið ákveðnara til orða. N. ákvað þó að verða við tilmælum hæstv. sjútvrh. að afgreiða málið þótt fram kæmu hjá nm. ákveðnar óánægjuraddir með slíka málsmeðferð. Ég held að ég hafi orðið að segja öll þau ár, sem ég hef verið á þingi fyrir jólin, að slík meðferð mála er algjörlega óþolandi.

Meiri hl. n. hefur sem sagt samþ. að mæla með samþykkt frv. eins og það er komið frá Nd. með þeim breyt. sem þar hafa á orðið. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ingiberg Hannesson, en Jón Árm. Héðinsson og Stefán Jónsson tóku ekki þátt í afgreiðslu þess eða m. ö. o. sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég held það orki ekki tvímælis, að loðnunefnd hafi innt af höndum nauðsynleg störf í sambandi við fyrst og fremst vetrarsíldveiðina á loðnunni hjá okkur, og ég þykist sjá, að í ýmsum greinum og meiri háttar atriðum sé þetta frv., sem hér er fjallað um, líklegt til þess að verða okkur til ávinnings við loðnuveiðarnar. En ég hlýt að taka undir gagnrýni hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar á því, með hvaða hætti þetta mál er nú lagt fyrir okkur til afgreiðslu.

Sannast sagna læðist að manni grunur um að jólaösin, jólahríðin sé notuð til þess að fleyta á land ýmsum málum sem menn vilja gjarnan koma í gegnum Alþ., en vilja hlífa sér við að standa í þrasi út af.

Ég ítreka að ég þykist sjá að þetta frv. sé líklegt til þess að verða okkur til gagns. Við fáum hins vegar ekki tækifæri til að bera efni þess undir ýmsa aðila, sem málið snertir, og ekki heldur tóm til að íhuga ýmis vafaatriði í sambandi við það, sem virðast þó blasa við.

Við skákum við afgreiðslu þessa frv. í skjóli þess, sem ég vona að satt muni reynast, að loðnunefnd verði skipuð hinum ágætustu, framsýnustu og góðviljuðustu mönnum. Við höfum ekki ástæðu til að efast um að hún verði æ skipuð góðum og gáfuðum mönnum. Þó virðist það hafa hvarflað að einhverjum í Nd., þegar fjallað var um þetta frv., að vissara væri að slá þar varnagla. Þar er gerð sú breyt. á frv. sem mér virðist í útleggingu beinlínis þýða það, að loðnunefnd sé þó bannað að etja skipum og áhöfnum út í opinn dauðann. Þeim þótti þurfa að taka það sérstaklega fram, að taka yrði tillit til veðurs í sambandi við þessar ráðstafanir. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst sá varnagli hafa verið óþarfur. Hitt er ljóst mál, að eins og vetrarvertíðinni á loðnunni er háttað hér við land, þá eru það góðviðrisdagarnir eftir að loðnan er gengin undir ströndina sem mestu ráða um aflabrögðin á vetrarvertíðinni, og þá er náttúrlega mikið í húfi að skipin, eftir að þau hafa fengið hleðslu, komist sem fyrst til hafnar til að geta losað sig við farminn og komist út aftur. Þá kynni ýmsum að þykja súrt í broti ef þeir þurfa að sigla fram hjá mörgum höfnum þar sem þróarrými er. Einhvern grun hef ég um það, að þá kunni að falla um borð í skipi og skipi óþinglegt orð og orð um yfirstjórnendur þessara mála.

Hvað um það, ég ætla ekki að tefja fyrir afgreiðslu þessa máls. Það hefði verið hægðarleikur að leggja það fram miklu fyrr. Við höfðum a. m. k. tóm til þess hér í þessari hv. d. á fyrstu vikunum í haust, þegar við vorum látnir dorma hérna verklausir, að fjalla allítarlega um svona mál, og hefði þá jafnframt gefist tími til að leita álits sérfræðinga á því. En sem sagt, til þess er ekki tóm að þessu sinni. Ég vil ekki tefja afgreiðslu þessa máls, en óska þess af hæstv. ráðh., að hann íþyngi okkur ekki framvegis með svona frv. svo síðla á ýli, heldur kjósi til þess haustnæturnar þegar annir eru minni og við fáum tækifæri til þess að fjalla betur um málið.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hygg að það séu tæp tvö ár síðan ég flutti frv. varðandi breyt. á lögum um löndun á loðnu og það í þessari hv. þd. nokkru fyrr í desembermánuði. Það frv. dagaði uppi í þessari þd. vegna þess að ekki var talinn tími til þess að afgreiða það, en nægur tími að afgreiða það eftir jólaleyfi það ár. Það mál dagaði uppi á þingi. Ég ætlaði ekkert frv. að flytja um þessi efni og hefði alls ekki gert, hvorki nú né fyrr í haust, ef ekki hefði komið samhljóða álit allra þessara aðila sem hér eiga hlut að máli. Það álit kom frá þeim á föstudaginn var, en kom í mínar hendur á mánudagsmorgun og búið var að prenta frv. klukkan tvö á mánudag og leggja það fyrir Nd. Alþ. Fyrr gat það ekki gengið, eftir að það kom frá þessum mönnum. Hins vegar er d. algjörlega í sjálfsvald sett, hvort hún verður við því að afgreiða málið eða ekki.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það gladdi mig stórlega að heyra það af munni hæstv. sjútvrh., að hann ætlaði a. m. k. ekki að beita líkamlegum þvingunum til þess að fá deildina til að samþykkja eitthvað sem hún vildi ekki samþykkja. Það hafði mér raunar ekki komið í hug áður, en allur er varinn góður.

Í sambandi við loðnufrv. hið fyrra, sem hæstv. ráðh. talaði um að dagað hefði uppi hér í d., þá er það náttúrlega mála sannast, að það kom inn hingað líka í aðsogi fjárlagafrv. og síðustu anna. Okkur má vera það minnistætt, sem sitjum í sjútvn., með hvaða hætti það bar að. Síðan, þegar það spurðist út, barst út um byggðirnar hér við Faxaflóa, sjávarplássin, að frv. þetta væri komið hingað inn í skjóli náttmyrkurs, þá streymdu inn mótmæli frá útvegsmönnum

í formi símskeyta, og starfandi formaður sjútvn. þá í fjarveru formanns, Steingríms Hermannssonar, Jón heitinn Árnason, mælist til þess að afgreiðslu frv. væri vegna mótmæla þessara manna, sem frv. kom á óvart, frestað svo að sjútvrh. gæfist kostur á að gera á því þær breyt. sem þyrfti til þess að útvegsmenn yndu við það. En hitt viðurkenni ég alveg fúslega, að það kom í ljós á vertíðinni á eftir að frv. hefði betur verið samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar, frv. (þskj. 266 (sbr. 174), n. 281 og 282). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. d. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls og við hv. þm. Jón Árm. Héðinsson skilum því sérstöku nál. og leggjum til að frv. í óbreyttum búningi verði fellt.

Nú er það ekki svo, að allar greinar þessa frv. séu okkur jafnmikið á móti skapi. Efni frv. er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða ábyrgðarheimildir vegna lántöku og heimildir til lántöku, hins vegar um meðferð lífeyrissjóðanna á ráðstöfunarfé sínu.

Ég hef aldrei verið í hópi þeirra manna sem gert hafa mikinn hávaða út af þeim fjárfestingarlánum erlendum sem við Íslendingar höfum talið okkur óhjákvæmilegt að taka á undanförnum árum til framkvæmda hér á landi. Mér hefur alltaf fundist að það væri heldur yfirborðskenndur tónn í þeim málflutningi sem legði alla áherslu á að berjast gegn erlendum lántökum. Þegar um hefur verið að ræða nauðsynlegar framkvæmdir, nauðsynlegar fjárfestingarframkvæmdir, þá er augljóst mál að við Íslendingar verðum að taka lán og það hljótum við að gera að talsverðu leyti á erlendum lánamörkuðum. Hitt hefur verið aðalmálið, að núv. ríkisstj. hefur tekið hvert eyðslulánið af öðru, tekið lán til þess að jafna viðskiptahallann sem stafað hefur af rangri stjórnarstefnu og af því meginsjónarmiði ríkisstj., að ekki megi á nokkurn hátt takmarka innflutning til landsins. Það eru þessi eyðslulán sem eru stóra hneykslið í sambandi við lánamálin og eiga sinn stóra þátt í því, að erlend skuldabyrði hefur farið vaxandi í krónum talið og jafnvel í dollurum talið, jafnvel þótt hún hafi ekki vaxið neitt sérlega miðað við útflutningstekjur þjóðarinnar og alls ekki í þeim mæli sem Seðlabankinn hefur verið að spá á undanförnum árum. En nóg um það.

Það er hinn þáttur málsins sem er okkur fyrst og fremst þyrnir í augum, að hér er verið að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf og ráðstafa því á ákveðinn hátt. Þetta fjármagn og þessir sjóðir eru að nokkru leyti bein eign verkalýðshreyfingarinnar og að nokkru leyti óbein eign. Verkalýðshreyfingin fékk því framgengt, að þessir sjóðir tóku til starfa og hafa verið byggðir upp, og hún varð á sínum tíma að kosta því til að slá nokkuð af launakröfum sínum, fórna nokkru til þess að þetta spor yrði stigið. Ég tel að í sjálfu sér sé ekkert óeðlilegt að stjórnvöld láti sig miklu skipta á hverjum tíma hvernig þessu fjármagni er varið. En hitt er jafnljóst, að verkalýðshreyfingin lætur sig miklu skipta hvað verður um þetta fjármagn og það er ekki eðlilegt að þetta fjármagn sé af henni tekið nema að undangengnum frjálsum samningum við þá sem raunverulega eiga þetta fjármagn og hafa ráðstöfunarrétt á því lögum samkvæmt. Lágmark væri að þeir samningar gengju út á það, til hvaða þarfa þetta fjármagn verði notað.

Eins og mönnum mun kunnugt hafa verið uppi á undanförnum árum mikil áform um stórauknar félagslegar íbúðabyggingar, enda mikill áhugi á því hér á landi, og fyrir 4 árum voru samþykkt lög hér á Alþ. um byggingu 1000 leiguíbúða og gert ráð fyrir því, að þær yrðu byggðar á tiltölulega skömmum tíma í framhaldi af setningu þeirra laga. En þótt nú séu liðin um 4 ár síðan þessi lög voru sett og loforð gefin um byggingu 1000 leiguíbúða, þá er ekki enn búið að gera ráðstafanir til byggingar nema rétt um helmings af þessum íbúðum. Eins er um margendurtekin loforð stjórnvalda um íbúðarbyggingar til sölu til tekjulágra félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar. Það vantar stöðugt fjármagn til að þessi byggingarstarfsemi haldi áfram með eðlilegum hætti.

Auðvitað lægi beinast við að fjármagn lífeyrissjóðanna rynni til þessara nota og því mundi verkalýðshreyfingin vafalaust vilja beita sér fyrir. En hér er gengið svo djarflega til verks, að án nokkurra samninga og ekki einu sinni samningaviðræðna eða tilrauna til samkomulags við verkalýðshreyfinguna á að taka þetta fjármagn traustataki með lagasetningu. Við, sem skipum minni hl. n. erum algjörlega andvígir þessum vinnubrögðum, teljum að þau séu frekleg móðgun við verkalýðshreyfinguna í landinu og munum, ef þessu ákvæði verður ekki breytt, greiða atkv. gegn þessu frv.

Um þetta frv. er að öðru leyti ekki mikið að segja. Eins og ég sagði varð fjhn. ekki sammála um afgreiðslu þess á stormasömum fundi sem haldinn var í morgun, þar sem þung orð féllu og hurðum var skellt. Ég á nú ekki við það, að við stjórnarandstæðingar höfum verið háværir, því að eins og öllum er kunnugt erum við hljóðir og hógværir menn. Sá, sem hæst lét í þetta sinn, var forustumaður stjórnarandstæðinga innan stjórnarflokkanna, sá sem ætlar sér að vera fánaberi stærsta stjórnmálaflokksins í stærsta kjördæmi landsins, en virðist snúast til andstöðu við gerðir flokksins, í svo til hverju einasta máli. Ég er hræddur um að þeir þoki engu fram og að öllu óbreyttu muni kjósendur verða dálítið ringlaðir í því, hvað þeir eru að kjósa, þegar þeir kjósa þennan ákveðna flokk sem hefur svo fagurlega tálbeitu í efsta sæti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir tækifærið sem hann gefur mér með orðum sínum til að minnast á lok fundar fjh.- og viðskn. Eins og fram kemur í nál. meiri hl., stendur: „Albert Guðmundsson lýsti andstöðu við málið og mun gera grein fyrir afstöðu sinni við meðferð málsins.“ Ég get fullvissað hv. þm. um það, að afstaða mín er löngu ljós í mínum flokki.

En svo ég komi að því sem hv. þm. minntist á, hurðaskellum o. fl., þá var það ekki ég sem skellti hurðum. Ég fór ekki af fundi fyrr en önnur skyldustörf kölluðu á mig sem borgarráðsmann, en þessi fundur fjh.- og viðskn. var boðaður með tiltölulega litlum fyrirvara. (Gripið fram í.) Það var annar sem skellti hurðum, já. Það kom ekki fram í ræðu hv. þm., en mér þykir rétt að hafa þó sem inngangsorð nokkur orð um það. (Gripið fram í.) Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun. (Gripið fram í.) Hver spurði? Já, það er fulltrúi Seðlabankans, Bjarni B. Jónsson. — Herra forseti. Ef ég mætti hafa orðið, meðan ég er hér í ræðustól, þætti mér vænt um það.

Ég tók fram á þessum morgunfundi í hv. fjh.- og viðskn., að ég væri á móti þeirri stefnu sem fælist í þessu frv. og eins í frv. um skyldusparnað, þar komi fram stefna til miðstýringar sem ég væri andstæður. Þetta var það sem ég tók fram í morgun, að hér væri verið af ríkisins hálfu að seilast í fé sem ríkissjóður ætti ekki og ætti ekki að hafa aðgang að, a. m. k. ekki við eðlilegar aðstæður. Við þessi orð mín hóf fulltrúi Seðlabanka Íslands fyrirlestur um hagfræðikenningar og gat þess m. a., að ríkisvaldið þyrfti — ég skrifaði þetta eftir honum — að grípa í taumana til þess að koma í veg fyrir að lífeyrissjóðir yrðu leikfang eigenda þeirra, þess vegna þyrfti ríkisstj. að grípa í taumana, sem sagt taka fram fyrir hendur fólksins. Þetta kallaði ég óábyrgt tal, sem varð til þess að fulltrúi Seðlabankans yfirgaf fundarherbergið og gat þess um leið, að á fundi sæti hann ekki áfram með slíkum þm. Þá var kominn tími til þess að ég færi á borgarráðsfund, svo ég fór til þess að fjh.- og viðskn. gæti haldið áfram sínum störfum. Líklega hugsar þessi hagfræðingur eins og margir aðrir, að við kerfið megi ekki gera athugasemd. Tal hagfræðinga okkar skal vera lög fyrir okkur hina.

Ég held að augljóst sé að hagfræðikenningarnar, sem stjórnvöld styðjast við, eru löngu úr sér gengnar. Vegna rangrar stefnu eru stjórnvöld nú í þeirri stöðu að hafa eytt eignum ríkisins og taka því með lagaboðum fé og ráðstöfunarrétt af fólki úr frjálsum sjóðum þess, eins og nú á sér stað með lífeyrissjóðina. Ég vil halda því fram, að allt stefni þetta í átt að auknu miðstjórnarvaldi, sem er andstætt lífsskoðunum mínum, sem ég vil halda fram að séu í sambandi við stefnu Sjálfstfl. — Þá hef ég svarað því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni.

Herra forseti. Með lögum nr. 9 frá 14. mars 1974, um starfskjör launþega o. fl. var öllum launþegum gert skylt að eiga aðild að lífeyrissjóðum viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Í lögunum voru vinnuveitendur skyldaðir til að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldahluta þess og standa viðkomandi sjóði skil á honum ásamt mótframlagi sínu. Þó þessum greiðslum sé sett hámark yfirleitt í krónutölu er algengt að þessi framlög nemi 10% af launum, 4% eru framlag launþegans, en 6% framlag vinnuveitandans. Með þessum lögum var útbúinn lögþvingaður sparnaður í þeim tilgangi að launþegum yrði greiddur lífeyrir að lokinni starfsævi. Ljóst var strax í upphafi að slík skylduþátttaka í lífeyrissjóðum yrði til þess að sjóðunum safnaðist mikið fé. Svo hefur og orðið, enda segir í lánsfjáráætlun, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða muni sennilega nema 16 milljörðum kr. á næsta ári.

Skoðun mín er sú, að lögbundin aðild að lífeyrissjóði og sá lögþvingaði sparnaður, sem aðildinni fylgir, séu varhugaverð í lýðræðisþjóðfélagi. Í lýðræðisþjóðfélagi ætti mönnum að vera frjálst hvernig þeir ráðstafa fjármunum sínum, ef þeir gera það án þess að skaða aðra. Ég tel því að aðild að lífeyrissjóðum ætti að vera frjáls, en ekki lögþvinguð.

Lögbundin aðild að lífeyrissjóðum og sá þvingaði sparnaður, sem henni fylgir, væri minna mál ef lífeyrissjóðum væri heimilt að ávaxta ráðstöfunarfé sitt með eðlilegum hætti með útlánum til þeirra aðila sem þeir ættu að lána til. Reynslan hefur sýnt okkur, að lífeyrissjóðirnir vilja helst ávaxta fjármagn sitt með útlánum til sjóðfélaga og einnig til þeirra atvinnuvega sem leggja lífeyrissjóðunum til fjármagn. Til þessa hefur lífeyrissjóðum verið meinað að lána þessum aðilum fé með raunhæfum vöxtum eða með fullri vísitölubindingu. Að vísu fengu lífeyrissjóðirnir almenna heimild Seðlabankans í maí s. l. til þess að verðtryggja lán. Þessi heimild er þó svo óhagstæð, að miðað við 30% verðbólgu skilar lánsfé einungis 25% vöxtum á fyrsta ári. Í framkvæmd er heimildin svo flókin, að sjóðirnir hafa engan áhuga á að nýta hana þegar þeir geta lánað út á 23% vöxtum ásamt 1% lántökugjaldi, eins og nú er. Þetta ástand er ekki viðvarandi, vegna þess að sjóðirnir hafa ekki sótt á um að mega ávaxta fjármuni sína beint í lánum til þessara aðila. Ástæðan er hins vegar sú, að opinberir aðilar hafa meinað lífeyrissjóðunum betri ávöxtun af þessum útlánum og sjá til þess, að einu aðilarnir, sem geta boðið verðtryggð lán, eru opinberir aðilar: ríkissjóður, ríkisstofnanir og opinberir sjóðir. Fyrir bragðið hafa lífeyrissjóðirnir ekki haldið verðgildi sínu og fyrirsjáanlegt er, að þeir geta ekki greitt fullan lífeyri þegar þar að kemur.

Eina leiðin út úr þessum ógöngum hefur til þessa verið sú að færa hinu opinbera allt fjármagn lífeyrissjóðanna til ávöxtunar, en það er leið sem lífeyrissjóðirnir hafa ekki viljað fara. Mönnum ætti því að vera það fagnaðarefni þegar hæstv. forsrh. flytur frv. „sem á að tryggja ávöxtun fjármagns lífeyrissjóðanna“, eins og haft er eftir honum í Tímanum 17. þ. m., „en með því verði lífeyrissjóðir betur færir um að sinna hlutverki sínu með verðtryggingu fjármuna“, eins og Morgunblaðið hefur eftir honum í dag.

Þeir aðilar, sem myndað hafa lífeyrissjóðina, eru þó á öðru máli. Í ályktun sem stjórn Landssambands lífeyrissjóða hefur sent frá sér segir

m. a., með leyfi forseta, — en ég vil taka það fram, að ekki hefur verið leitað umsagnar þeirra sem eiga sjóðina, hvorki landssambands þeirra né sjóðanna sjálfra, — þar segir, með leyfi forseta: „Stjórn Landssambands lífeyrissjóða mótmælir eindregið þeim ákvæðum í frv. til l. vegna lánsfjáráætlunar 1978 þar sem gert er ráð fyrir að skylda lífeyrissjóði til þess að verja a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé þeirra til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða.“ Í ályktuninni segir enn fremur: „Frv. það, sem hér um ræðir, var lagt fram án þess að leitað væri álits samtaka lífeyrissjóða á efni þess og telur stjórn Landssambandsins það mjög misráðið. Þá vekur stjórnin athygli á því, að ekki er raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðirnir geti varið 40% af ráðstöfunarfé þeirra í þessu skyni án þess að um stórfellda röskun á veitingu íbúðarlána til sjóðfélaga þeirra verði að ræða. Stjórn Landssambandsins dregur jafnframt í efa rétt stjórnvalda til að svipta með þessum hætti lífeyrissjóðina ráðstöfunarréttinum yfir fjármagni þeirra, sem ótvírætt er eign sjóðfélaganna.“

Þetta voru tilvitnanir í ályktun stjórnar Landssambands lífeyrissjóða. En stjórn Landssambands lífeyrissjóða er ekki eini aðilinn sem er á þessari skoðun. Framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða, SAL, hefur sömuleiðis sent frá sér ályktun um þetta mál. Í þeirri ályktun segir m. a., með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjórnin mótmælir harðlega allri lögbindingu á meðferð fjármagns lífeyrissjóðanna. Jafnframt telur framkvæmdastjórnin, að lífeyrissjóðunum sé ofviða að kaupa verðtryggð skuldabréf af fjárfestingarsjóðum fyrir a. m. k. 40% af ráðstöfunarfénu, og bendir á, að biðtími eftir íbúðalánum hjá þeim, sem öðlast hafa full lánsréttindi, er frá nokkrum mánuðum í allt að 1½ ári. Framkvæmdastjórnin vekur sérstaka athygli á því, að frv. þetta er lagt fram án nokkurs samráðs við lífeyrissjóðina eða aðila vinnumarkaðarins.“ Í ályktun þess segir enn fremur: „Við það verður ekki unað, að stjórnvöld geti einhliða ráðskast með fjármuni lífeyrissjóðanna og gripið þannig inn í gerða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Framkvæmdastjórn Sambands almennra lífeyrissjóða lýsir yfir fyllstu andstöðu sinni við slíkum vinnubrögðum og skorar jafnframt á stjórnvöld að falla nú þegar frá ráðagerðum sínum um lagasetningu vegna skuldabréfakaupa lífeyrissjóðanna af fjárfestingarsjóðunum. Um slík kaup skal nú sem áður semja á jafnréttisgrundvelli.“

Ég hef hér rakið afstöðu tveggja landssamtaka lífeyrissjóða og er hún skýr og augljós. Þau eru mótfallin þessu ákvæði frv. Þessu til viðbótar má geta þess, að meiri hl. stjórnar stærsta lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóðs verslunarmanna, er ákvæðinu mótfallinn. Í því sambandi þykir mér rétt að lesa upp bréf sem formenn Félags ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasambands Íslands og Verslunarráðs Íslands hafa sent hæstv. forsrh. um þessi mál. En það hljóðar svo, dagsett 20. des., í dag:

„Undirritaðir mótmæla fram komnu frv. til laga sem ætlað er að skylda lífeyrissjóði til þess að verja 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á tilteknum skuldabréfum. Jafnframt verður að mótmæla þeirri auknu tilhneigingu til miðstýringar fjármagnsins sem frv. ber vott um. Lífeyrissjóðirnir eru til komnir í frjálsum samningum þeirra aðila sem þeim stjórna. Ríkisvaldið á þar enga aðild að og hefur því engan rétt til ráðstöfunar á fjármagni þeirra. Jafnframt verður ekki hjá því komist, að sá rökstuðningur, sem fylgir frv., að með því sé verið að bæta ávöxtun sjóðanna, er hrein blekking til þess ætluð að fegra hinn raunverulega tilgang, sem er að gera ríkissjóði kleift að koma höndum yfir fjármagn sjóðanna. Hafa verður í huga að Alþ. hefur samþ. lög sem banna lífeyrissjóðunum að vísitölutryggja útlán sín nema að fengnu leyfi Seðlabankans, auk þess sem ríkisstj. hefur séð svo um að slíkt leyfi væri ekki fáanlegt. Þegar Seðlabanki Íslands gerði um það till., að lífeyrissjóðunum yrði heimilað að vísitölutryggja útlán sín, var viðskrh. aðeins fáanlegur að fallast á svo mikið skerta vísitölutryggingu, að það varð í raun óhagkvæmara að veita slík vísitölutryggð lán en venjuleg skuldabréfalán, enda hefur þessi útlánamöguleiki ekki verið nýttur. Ef stjórnvöld í raun eru að hugsa um hag lífeyrissjóðanna, þá væri eðlilegra að afnema lög, sem banna verðtryggingu útlána, í stað þess að ætla að gefa fáeinum útvöldum einkarétt á að taka verðtryggð lán.“

Undir þetta skrifa formenn þeirra samtaka sem standa að Lífeyrissjóði verslunarmanna, þeirra félagasamtaka sem ég las upp áðan.

Í þeim ályktunum, sem ég hef nú rakið, er afstaða þeirra manna, sem gerst þekkja til málefna lífeyrissjóðanna, skýr og augljós. Sú afstaða er ekki byggð á misskilningi, eins og hæstv. forsrh. fullyrti í Tímanum 17. þ. m. Sú afstaða er byggð á því, að þessir aðilar eru því mótfallnir að ríkisvaldið sölsi undir sig 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, 6.4 milljarða, á næsta ári, á sama tíma og stjórnvöld meina lífeyrissjóðunum raunhæfa ávöxtun á lánum til þeirra aðila sem sjóðirnir vilja helst lána til.

Ég mun ekki geta samþykkt þetta frv. eins og það liggur fyrir nú. Það greip mig sú hugsun, þegar hv. frsm fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., 5. þm. Austurl., flutti framsöguræðu sína, ég hafði það á tilfinningunni, að hann væri að segja í löngu máli að nú hefðum við tæmt alla okkar sjóði, nú hefðum við notað alla okkar fjármagnsmöguleika og nú yrðum við að ná í fé hvar sem væri annars staðar, þó að við eigum það ekki

Halldór Blöndal: Herra forseti. Málefni lífeyrissjóðanna hefur mjög borið á góma, sem ekki er að undra, og í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hefur mest verið um það rætt, að í frv. sem hér liggur fyrir, sé verið að leggja hömlur á lífeyrissjóðina, sé verið að samþ. lagafrv. sem valdi því, að lífeyrissjóðirnir sæti afarkostum. Í sambandi við þetta mál er þó nauðsynlegt að menn hafi í huga að þessir lífeyrissjóðir voru fyrst og fremst til þess stofnaðir að tryggja mönnum sómasamlegan lífeyri í ellinni. Það er rétt, að verkalýðshreyfingin vaknaði allt of seint. Henni varð allt of seint ljóst hversu mikið var hér í húfi, og þeir verkamenn og launa-

menn, sem ekki hafa notið þessa á við opinbera starfsmenn hafa goldið þess fram að þessu, að verkalýðshreyfingin setti lífeyrissjóðamálin ekki á oddinn í samningagerð fyrr en raun varð á. Það er að sjálfsögðu dapurleg saga sem ástæðulaust er að rekja hér, enda er sú saga öllum alþm. kunn.

Ég vil fyrst í sambandi við þær umr., sem hér hafa orðið um þetta mál, einkanlega út af ummælum hv. 12. þm. Reykv., þar sem hann vitnaði í formann Verslunarráðsins, vekja athygli á því, að Verslunarráðið hélt viðskiptaþing nú fyrir skömmu, þar sem málefni lífeyrissjóðanna voru tekin til umr. Í þeirri ályktun segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í landinu eru um 100 lífeyrissjóðir sem hvorki geta fullnægt eftirspurn sjóðfélaga né atvinnulífsins eftir lánum. Framlög til sjóðanna, allt að 10% af launum starfsmanna, eyðast í verðbólgunni og fyrirsjáanlegt er, að sjóðirnir muni ekki geta staðið við raunhæfar greiðslur lífeyris til félaga sinna þegar þar að kemur.“ Síðan segir í þessari ályktun, með leyfi hæstv. forseta: „Lífeyrissjóðum verði heimiluð raunhæf vísitölubinding útlána. Þá gætu þeir lánað sjóðfélögum mestan hluta byggingarkostnaðar til langs tíma og greitt eðlilegan lífeyri þegar þar að kemur.“

Í þessari ályktun Verslunarráðsins er því m. ö. o. slegið föstu, að til þess að hægt sé að tryggja félögum lífeyrissjóðanna sómasamlegan lífeyri sé nauðsynlegt að verðtryggja útlán þeirra.

Ég hef litið svo á, að það sé eitt af markmiðum þeirrar ríkisstj., sem nú situr, að vinna að því að þetta mál fái framgang. Það er eitt af höfuðmarkmiðum þeirrar ríkisstj. sem nú situr. Og þessi lagasetning, sem hér um ræðir, að skuldbinda lífeyrissjóðina til þess að binda 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma, er hér ákveðin í samræmi við þá stefnu, vegna þess að það hlýtur að vera heilbrigt að lífeyrissjóðirnir sjálfir standi undir þeim skuldbindingum sem þeim ber. Í verðbólguþjóðfélagi eins og því, sem við búum við, verður það ekki gert án vísitölubindingar, nema það sé stefna einhverra hv. þm., einhverra ábyrgra aðila hér á landi, að skella þessu öllu saman á ríkissjóð, að lífeyrissjóðirnir haldi áfram að lána og lána með lágum vöxtum óverðtryggt fé sem verður að engu. Það er algjört ábyrgðarleysi að mínu viti.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, hvernig lánamarkaðurinn er samansettur hér á Íslandi. Við höfum hér annars vegar opinbera starfsmenn sem hafa margvísleg fríðindi fram yfir þá menn sem eru á hinum almenna launamarkaði. Ég skal telja það tvennt sem mestu máli skiptir í því sambandi. Það er raunar hryggilegt að vita til þess, að ýmsir af forustumönnum opinberra starfsmanna skuli gera lítið úr þessu og láta sem það sé ekki neinn munur. Við, sem höfum kynnst hvoru tveggja, vitum að hann er verulegur. Ég vil þar fyrst nefna það orlof sem opinberir starfsmenn hafa vegna veikinda sem er mjög verulegt og er það sem mestu munar á hinum frjálsa vinnumarkaði og hjá opinberum starfsmönnum. Þetta vita allir sem þessu hafa kynnst, að það er allt önnur aðstaða fyrir opinbera starfsmenn, sem missa heilsuna, heldur en menn hjá einkafyrirtækjum. Í öðru lagi er það verðtryggður lífeyrir. Síðan er margt eitt sem hægt er að tína til, t. d. betra fæðingarorlof, viss atvinnutrygging og þar fram eftir götunum.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. hafði mörg orð um það, að með þessum ráðstöfunum, sem ríkisstj. beitir sér fyrir nú, sé verið að herða mjög að íbúðabyggingum í landinu. Þó liggur fyrir að stefnt er að því að auka íbúðabyggingar um 6% á árinu 1978. Við getum að sjálfsögðu orðið sammála um það, að æskilegt sé að lána þeim, sem eru að byggja húsnæði, sem mest með lægstum vöxtum til sem lengsts tíma, en það er margvíslegum örðugleikum bundið þegar verðbólgan er jafnmikil og raun ber vitni. Við getum ákveðið að við skulum gefa svo og svo mörgum mönnum hér á landi íbúðir að meira eða minna leyti. Við getum komið okkur saman um það, hverjir það eru sem eiga að velja þá menn úr.

Staðreyndin er sú samt sem áður, að höfuðmálið í sambandi við lífeyrissjóðina er að tryggja sómasamlegan ellilífeyri, og það er ekki hlutverk lífeyrissjóðanna að standa undir íbúðabyggingum í stórum stíl þannig að það skaði þá sjálfa í sambandi við þær skuldbindingar sem þeir voru stofnaðir til þess að inna af hendi. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Ég vil vekja athygli á því einnig í þessu sambandi, að í þessu frv. er gefið visst valfrelsi samkvæmt 2. mgr. 3. gr., þar sem segir svo um þessa bindingu fjárins:

„Að því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er fjmrn. skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu — bæði eigin skuldabréf og bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins — og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstj. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.“

Þarna er gefið visst val um ráðstöfun þessa fjár, og ég fyrir mitt leyti treysti því, að þetta verði framkvæmt þannig að lífeyrissjóðirnir geti vel við unað.

Annars er það út af fyrir sig tilefni til nokkurs ræðuhalds, ef svo er komið nú að þeir hv. þm., sem sitja hér fyrir Alþb., eru orðnir talsmenn þess að ekki megi hafa yfirstjórn ríkisfjármála, að ekki megi stjórna lánveitingum í landinu. Skal ég ekki ræða það, en þessi lagagrein er einn liður í því, að hægt sé að hafa nokkra stjórn á lánveitingum til íbúðabygginga og atvinnurekstrarins. Ég álít, eins og nú standa sakir, að það sé nauðsynlegt.

Það er að sjálfsögðu alltaf auðvelt fyrir þá, sem verða fyrir skerðingu af þessu tagi, að setja saman mótmælaskjal, mótmæla því að svona og svona sé bundið af ráðstöfunarfénu. En satt best að segja mundu stjórnir lífeyrissjóðanna bregðast sínu hlutverki ef þær reyndu ekki að mögla, ef þær mótmæltu ekki þeirri skerðingu sem hér á sér stað. Auðvitað hljóta þessar stjórnir að halda

á rétti lífeyrissjóðanna í svo miklum mæli sem þær treysta sér til. En aðalatriðið í sambandi við þetta er það, að hér er annars vegar bætt úr brýnni lánsfjárþörf, bæði til íbúðabygginga og atvinnuvega, og á hinn bóginn er hér um mjög verulega verðtryggingu á fjármunum lífeyrissjóðanna að ræða. Það tel ég eitt stærsta mál launþega í dag, þeirra sem ekki vinna hjá opinberum aðilum.

Ég veit að allir þeir hv. þm., sem hafa kynnst verkalýðshreyfingunni og hafa rætt við þá menn, sem þar starfa og vinna, taka undir þau orð, að þetta er höfuðatriðið í sambandi við þetta mál. Það er enginn vafi á því, að hinn almenni launamaður leggur mest upp úr því að tryggja það, að hann hafi sómasamlega ellidaga og geti vegnað sæmilega vel í framtíðinni.

Ég vil aðeins í lokin vekja athygli á einu sem fram kemur í ályktun viðskiptaþings 1977, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárfesting landsmanna, sem hefur numið allt að þriðjungi af tekjum þjóðarinnar, skilar einungis hálfum arði í samanburði við aðrar þjóðir. Ef við næðum sama arði af fjárfestingu okkar og gerist t. d. í Bandaríkjunum, sem þó er enginn afburðaárangur, gætum við dregið úr fjárfestingu um helming, en aukið einkaneyslu um 25%.

Ég geri ráð fyrir að flestir hv. þdm. geti tekið undir það, að hér á landi fer fram margvísleg fjárfesting sem er óarðbær og óþörf og ráðist er í fyrst og fremst vegna verðbólgunnar, vegna þess að viðkomandi hafa ráð á því að fá ódýrt fjármagn sem þeir þurfa ekki að endurgreiða nema að litlu leyti. Þessi aukna vísitölutrygging lánsfjár er einnig ætluð til að sporna við þessu, þannig að menn verði að skila sömu verðmætum og þeir hafa fengið að láni. Ég geri ráð fyrir því, að við þessum ummælum mínum geti menn fært fram þær mótbárur, að eðlilegt sé að gefa vísitölubindingu lánsfjár frjálsa að öllu leyti, hafa hana ekki undir opinberu eftirliti, undir opinberu aðhaldi. Má vera að slíkir menn hafi nokkuð til síns máls. En ég álít þó, að meðan við erum að þreifa okkur áfram, meðan við erum að fóta okkur sé nauðsynlegt að gæta fyllsta aðhalds og eftirlits af opinberri hálfu.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég harma það, að hér hefur komið til umr. atvik sem kom fyrir á nefndarfundi í morgun. Ég tel að deilt hafi verið á þann embættismann, sem þar kom, á óverðugan hátt, sérstaklega með tilliti til þess að hann getur ekki svarað fyrir sig hér. Að öðru leyti mun ég ekki ræða það mál.

En aðeins ein athugasemd við það sem kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv. Hann sagði að ég hefði haldið því fram, að þar sem um enga aðra peninga væri að ræða væri ekkert annað að gera en ná í þá aura sem aðrir ættu. Ég held að það sé alveg ljóst að við getum fengið nóg af erlendum lánum. Það virðist ekkert lát vera á því, að menn vilji lána okkur. Þess vegna væri sjálfsagt unnt að bæta á þann hátt nokkrum milljörðum við þessa lánsfjáráætlun. En það hefði hins vegar margvísleg önnur áhrif á verðbólgu, á viðskiptahalla o. s. frv. Það er út af fyrir sig gott og gilt að vera á móti öllum ráðstöfunum í ríkisfjármálum á lánsfjármarkaði og í tekjuöflun. En ég er helst á því, að verðugt væri fyrir hv. þm. að fara nú að leggja þetta saman og athuga síðan hvaða efnahagsleg áhrif það hefði í þjóðfélaginu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Að gefnu tilefni frá hv. síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Austurl., vil ég segja það, að ekki deildi ég á embættismann og þá síst á óverðugan hátt — úr þessum virðulega ræðustóli, nema síður sé. Ég var að svara hv. 5. þm. Norðurl. v. sem gerði umrætt atvik að umræðuefni, og það vildi svo til að ég hafði í vasanum það sem ég skrifaði orðrétt eftir embættismanninum. Hann hafði allan tíma þann, sem hann óskaði eftir, til að svara fyrir sig á nefndarfundi í morgun. Hann gerði það á þann hátt sem hér hefur verið lýst. Ég deili ekki á þann embættismann, en ég vil óska eftir kurteisari embættismanni næst þegar embættismaður kemur frá Seðlabanka Íslands á fund í fjh.- og viðskn. sem ég sit.

Ég minntist á það í lokaorðum mínum áðan, að ég hefði haft það á tilfinningunni þegar hv. frsm. fjh.- og viðskn. hélt framsöguræðu sína, að hann væri í mörgum orðum og lengstu framsöguræðu sem ég hef heyrt hann halda í þessari hv. d., að segja að nú væru allar dyr lokaðar, allir sjóðir tómir sem hingað til hafa verið opnir, og nú þyrfti að leita á ný mið. Þegar ég talaði um að ná í þá peninga sem ekki eru ríkiseign, þá var ég að tala um skyldusparnað og svo hitt, að hefta eðlilegan sjálfsákvörðunarrétt lífeyrissjóða. Þetta var það sem ég las út úr ræðu hans. Ég hafði þetta á tilfinningunni. Ég sagði ekki að hann hefði haldið því fram, það vil ég leiðrétta. Ég hef ekki verið óþægilegur að öðru leyti en því við afgreiðslu mála hér, að ég hef leyft mér, sem er kannske ekki ætlast til, að hafa sjálfstæðar skoðanir, eins og okkur ber öllum að hafa samkv. þeim eiði sem við höfum undirskrifað við inngöngu í hv. Alþingi. Ég er kannske of sjálfstæður í skoðunum, bæði fyrir hv. þm. og fleiri, en svona er ég.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal leitast við að lengja ekki þessar umr. Sú grein frv. til l. sem á dagskrá er og mestum deilum hefur valdið er 3. gr., er kveður annars vegar á um það, að lífeyrissjóðum sé skylt að verðtryggja 40% af ráðstöfunarfé sínu með kaupum á verðtryggðum bréfum frá stofnlána- og fjárfestingarlánasjóðum. og hins vegar er ákvæði í þessari lagagrein um það, hvernig andvirðinu er fellur í hlut fjmrn. eða ríkissjóðs, skuli skipt, þ. e. a. s. á milli Byggingarsjóðs annars vegar og Framkvæmdasjóðs eða atvinnuvegasjóðanna hins vegar.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá hefur hér komið fram, að það er eðlileg krafa af hálfu ríkisvaldsins að sjóðirnir séu ávaxtaðir með þeim hætti sem forsvaranlegur er. Þessum sjóðum er ætlað ákveðið hlutverk. Þeim er veitt lagavernd. Það er rétt, sem kom hér fram í máli 12. þm. Reykv., að lög gilda um þessa sjóði og því er ekki óeðlilegt að ávöxtun þeirra sé að einhverju háð lagaákvæðum. Ég vil líka láta það koma hér fram,

að það getur engan veginn verið ríkisvaldinu óviðkomandi hvort og hvernig þessir sjóðir eru færir að gegna hlutverki sínu, að greiða meðlimum sínum lífeyri þegar starfsferli þeirra er lokið, hvort sem það er vegna aldurs eða heilsubrests.

Okkur er kunnugt um það, alþm., að því lakar settir sem lífeyrissjóðsfélagar eru þegar starfsferli er lokið, því hærri kröfur eru gerðar til ríkisins og ríkissjóðs. Og ríkissjóður getur ekki hlaupið í skarð, sem myndast hefur vegna þess að lífeyrissjóðirnir eru ekki þess umkomnir að greiða sæmilegan lífeyri, með öðrum hætti en að skattleggja alla landsmenn, einstaklinga og atvinnureksturinn í landinu. Þannig er það mikil skammsýni af fulltrúum launþega og atvinnurekenda að gera sér ekki grein fyrir þessum tilgangi laganna, og trúi ég ekki öðru en þeir muni gera það þegar þeir hugleiða málin betur.

Ég nefni og, eins og hér hefur komið fram, þann mismun sem er á réttarstöðu manna eftir því hvort þeir eru starfsmenn hins opinbera og félagar í verðtryggðum eða óverðtryggðum sjóðum. Við erum hér að fjalla um frv. til fjárl., þar sem gert er ráð fyrir því að úr ríkissjóði séu greiddir beint til þess að bæta fjárvöntun lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna 2 milljarðar kr. sem við leggjum á sem skatt á alla landsmenn. Með aukinni verðtryggingu, með betri ávöxtun lífeyrissjóðanna almennt í landinu og þ. á m. lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna minnka þessar fjárskuldbindingar og þegar tímar líða fram er unnt að lækka skattheimtuna í kjölfarið. Þessu hygg ég að við ættum að geta gert okkur grein fyrir.

Áður en ég skil við fyrra atriðið vil ég aðeins láta það koma hér fram að samkv. orðanna hljóðan í lagagreininni hvílir sú skylda á lífeyrissjóðum að verja a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu í kaup á verðtryggðum skuldabréfum frá stofnlána- og fjárfestingarlánasjóðum. Síðan verður það samningsatriði af hálfu ríkisvaldsins að hve miklu leyti skuldabréf ríkissjóðs eða Framkvæmdasjóðs eða Byggingarsjóðs verða keypt. Það er samningsatriði milli ríkisvaldsins, hins opinbera, annars vegar og sjóðanna, þannig að kvöðin, skyldan sem lögð er á lífeyrissjóðina í landinu byggist á ávöxtun þeirra með vissum hætti, sem gerð er til þess að auðvelda þeim að ná tilgangi sínum með starfsemi sinni.

Hitt atriðið snertir skiptingu fjármagnsins er ríkissjóður fær með sölu á ríkisskuldabréfum, ýmist Byggingarsjóðsbréfum eða Framkvæmdasjóðsbréfum, hvernig andvirðinu verður varið og skipt á milli Byggingarsjóðs og atvinnuvegasjóðanna. Ef við eigum að hafa stjórn á fjárfestingunni í landinu verður þessi skipting að vera í samræmi við þá lánsfjáráætlun sem ríkisstj. hefur lagt fram. Þar er gert ráð fyrir, eins og áður hefur komið fram, að fjárfesting til atvinnuveganna sé minnkuð um 2—3%, en aukin til húsbygginga um 6%. Í þessu felst ekki takmörkun á íbúðabyggingum í landinu, heldur býst ég fremur við þeirri gagnrýni, að gert sé ráð fyrir magnaukningu í íbúðabyggingum, en magnminnkun í fjárfestingu atvinnuveganna.

Ég vil svo aðeins að lokum láta það koma fram, vegna þess að bréf formanna samtaka verslunarinnar til mín, dagsett 20. des., var lesið upp á Alþ. án þess að í eintaki því, sem mér er sent, sé þess getið að aðrir hafi það undir höndum, — ég geri engar athugasemdir við það út af fyrir sig, — en það hefði af sendanda hálfu verið kurteisi að geta þess, að samrit hafi verið sent o. s. frv. En látum það kyrrt liggja, enda aukaatriði. En að gefnu tilefni þessa bréfs kom mér mjög ókunnuglega fyrir sjónir það sem sagt er þar um viðskipti sjóðanna við Seðlabanka Íslands og viðskrh. því hef ég spurt bankastjóra Seðlabanka Íslands, dr. *Jóhannes Nordal*, hvort það sé á rökum byggt sem í bréfinu segir um — viðskiptin við Seðlabankann og samskipti sjóðanna við Seðlabankann, og sömuleiðis hef ég innt viðskrh. eftir hinu sama. Og það verður að segjast eins og er, að það fór eins fyrir þeim og mér, að þeir könnuðust ekki við það sem í þessu bréfi segir um samskipti sjóðanna við Seðlabankann eða viðskrh. *Ég vonast til þess, að ég* hafi tækifæri til að ræða við þessa ágætu formenn verslunarsamtakanna og ganga úr skugga um, hvað þeir eiga við með þessu bréfi, og leiðrétta þann misskilning sem sýnist bersýnilega vera hér á ferðinni.

Aðalatriðið í þessu máli er að við erum að takmarka fjárfestinguna í landinu við innlendan sparnað. Við erum að koma í veg fyrir að erlendar lántökur aukist fram yfir það sem svarar til afborgana af erlendum lánum og bættrar gjaldeyrisstöðu. Það meginmarkmið næst ekki nema með samþykkt þessara laga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 168). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 294).

Vörugjald, frv. (þskj. 291). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald. N. mælir með því, að frv. verði samþ. Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Þetta frv. barst til okkar í dag og fengum við lítinn tíma til að fjalla um það. En þar sem hér er um að ræða tekjustofn fyrir Styrktarsjóð vangefinna og þessar tekjur munu væntanlega gefa þeim sjóði 45 millj. kr., þá viljum við ekki taka á því ábyrgð að þessi sjóður verði af þeim tekjum sem hér er gert ráð fyrir. Hins vegar kom fram í n., og vil ég koma því á

fram færi, mikil óánægja með að mál eins og þetta skuli ekki vera fyrr fram komið. Það hefur áður gerst og yfir því verið kvartað, að svo er með ýmis fleiri mál sem hefðu mátt koma mun fyrr fram nú fyrir jólaleyfi. Ég vil koma þessu á framfæri við hæstv. ráðh. og ríkisstj. fyrir hönd n. og mælast til þess, að það verði tekið til alvarlegrar athugunar. Það hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað þm. komast yfir að afgreiða nú á þessum síðustu dögum fyrir jól.

Ég vil sérstaklega þakka nm. í fjh.- og viðskn. fyrir gott samstarf á þessum síðustu fundum, og ég fullyrði að ef ekki hefði verið gott samstarf milli n. í báðum d. þingsins, eins gott samstarf og raun ber vitni og starfsvilji innan fjh.- og viðskn. hér í d., þá hefði ekki verið unnt að afgreiða mjög stór mál sem nú hafa hlotið afgreiðslu. Vil ég sérstaklega þakka nm. þetta.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég tel að gagnrýni hv. 5. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, formanns fjh.- og viðskn., hafi við rök að styðjast og vil af því tilefni sérstaklega tjá þakkir mínar og annarra ráðh. til n. og raunar annarra n. þessarar þd. fyrir góð störf, skilning og umburðarlyndi gagnvart starfsaðstæðum nú á síðustu dögum þingsins. Við þekkjum það raunar þm. frá fyrri dögum og fyrri reynslu, að svona vill það gjarnan verða, þótt við heitum oft að bæta ráð okkar. Engu að síður skal það heit enn á ný gefið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 21. des., kl. 1.55 eftir miðnætti.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 272). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 295).

Ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar, frv. (þskj. 266). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 296).

Vörugjald, frv. (þskj. 291). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 297).

Efri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 21. des., kl. 1.55 miðdegis.

Kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands til fjögurra ára, frá 1. jan. 1978 til 31. des. 1981.

Fram kom einungis ein tilnefning og var því kosin án atkvgr.:
Jóna Guðjónsdóttir.

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þar sem þetta er síðasti fundur Ed. fyrir þingfrestun vil ég leyfa mér að þakka hv. dm. fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Ég óska hv. dm. gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Sömu ósk hef ég fram að færa til handa skrifstofustjóra Alþingis og öðrum starfsmönnum Alþingis. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ég vænti þess að við hittumst hér allir heilir á næsta ári.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. færa hæstv. forseta þakkir fyirr árnaðaróskir í garð okkar dm. og fjölskyldna okkar og tek mér það leyfi að þakka honum fyrir góða og sanngjarna fundarstjórn það sem af er þessu þingi og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og þess að við megum sjá hann heilan hér þegar þing hefur störf að nýju. Starfsliði Alþingis flyt ég sömu óskir. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir þessar óskir mínar með því að risa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og hv. þdm. fyrir að taka undir orð hans. Ég ítreka óskir mínar til þm. og segi fundinum slitið.

Neðri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 21. des., kl. 1.55 miðdegis.

Ríkisreikningurinn 1975, frv. (þskj. 130). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 301).

Þingfrestun.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þar sem þetta er seinasti fundur hv. þd. fyrir jól vil ég þakka hv. þdm. fyrir ágætt samstarf við mig það sem af er þessu þingi og ég vil þakka þeim þolinmæði við mig sem þingdeildarforseta. Jafnframt þakka ég skrifstofustjóra Alþingis, starfsliði þess öllu og þingfréttamönnum ágæt störf. Ég óska hv. þdm., skrifstofustjóra og starfsliði, svo og þingfréttamönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þeim, sem fara um langan veg til heimila sinna, óska ég góðrar heimferðar, og ég læt í ljós þá von, að við hittumst hér öll heil til starfa á Alþingi á hinu nýja ári.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Fyrir hönd okkar dm. leyfi ég mér að þakka hæstv. forseta góðar óskir og hlýleg orð í okkar garð. Sömuleiðis þakka ég forseta fundarstjórn og samstarf og tillit til okkar dm. Ég tek undir þakklæti forseta við starfslið þingsins fyrir aðstoð þess við okkur þdm. Ég vil óska hæstv. forseta og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla. Ég bið hv. þdm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þdm. risu úr sætum.]

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. 3. landsk. þm. hans árnaðaróskir og hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég ítreka árnaðaróskir mínar í garð hv. þdm. og sendi fjölskyldum þeirra bestu kveðjur. — Þessum fundi er slitið.

Sameinað þing, 35. fundur.

Miðvikudaginn 21. des., kl. 10 árdegis.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 205). — Ein umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér með till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþ. samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 21. des. 1977 eða síðar ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 23. jan. 1978."

Það er ekki þörf að skýra þessa till. nánar. Efni hennar er í raun og veru þm. kunnugt við aðstæður eins og þessar. Þegar hugað er að jólaleyfi þm. þarf að taka ákvörðun um hvenær þm. hittast aftur og ganga til starfa.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Með þáltill. þessari er lagt til að fresta fundum Alþ. með formlegri alþingissamþykkt um eins mánaðar skeið. Slík formleg ákvörðun Alþingis sjálfs um frestun þingfunda hefur verið túlkuð þannig, að þá fengi ríkisstj. vald til þess að gefa út brbl. í þinghléi. Ef hins vegar væri um það að ræða að fundum Alþ. væri frestað með einfaldri ákvörðun forseta þingsins eftir þar til settum reglum, þá væri litið svo á að þing væri enn að störfum og ekki hægt að beita bráðabirgðalagavaldi.

Nú er út af fyrir sig ekkert við því að segja að fresta fundum Alþ. og veita ríkisstj. vald til þess að setja brbl. ef um venjulega og eðlilega tíma hefði verið að ræða. En ég tel að nú standi hins vegar allt öðruvísi á. Það er öllum hv. alþm. kunnugt, að við blasa stórfelld vandamál hjá atvinnuvegum landsmanna og ekki hefur verið komið neitt nærri því að reyna að fást við þau vandamál í störfum Alþ. nú að undanförnu. Nú síðustu dagana fyrir jól hafa öll störfin snúist um það að reyna að finna ráð til þess að koma saman fjárl., a. m. k. að forminu til, en sú afgreiðsla hefur sannarlega ekki tekið á neinn hátt tillit til þess stóra vandamáls sem varðar rekstur meginatvinnuvega landsmanna. Ég tel að í mesta máta sé óeðlilegt og ólýðræðislegt að senda Alþ. heim um mánaðartíma, ef það mánaðarhlé yrði notað þannig af hæstv. ríkisstj. að hún tæki þá til við þessi stóru verkefni og leysti þau með brbl.-setningu. Það er skoðun mín að hv. Alþ. eigi að fjalla um þessi mál, að sjálfsögðu samkv. till. frá hæstv. ríkisstj. Þegar hún hefur undirbúið till. sínar er eðlilegt að Alþ. sé kallað saman og fjalli um þær till. sem eiga að heita lausn um einhvern tíma á þessum stóru vandamálum.

Við vitum að nú stendur þannig á að blátt áfram allar aðalatvinnugreinar landsmanna hafa gert stórfelldar kröfur til ríkisins um aðstoð.

Það er nokkuð síðan samtök hænda í landinu gerðu tilteknar samþykktir og áskoranir og kröfur til ríkisvaldsins. Mér er ekki kunnugt um að þessum kröfum hafi á neinn hátt verið svarað. Hins vegar hef ég séð í einu dagblaðanna haft eftir einum hæstv. ráðh., að ríkisstj. ætli sér að fjalla um þessi mál í þinghléi. Ég tel út af fyrir sig að það sé í rauninni vansæmd að Alþ. fari nú í mánaðar jólaleyfi án þess að takast á við þessi verkefni eins og þau liggja fyrir.

Við vitum einnig að forustumenn í sjávarútvegi hafa þingað og lagt fram kröfur sínar og sent fulltrúa sína á fund ríkisstj. Okkur er sagt að talið sé að fiskiðnaðinn í landinu skorti 4.5—5 milljarða kr. til þess að endar nái saman við þá rekstrarstöðu sem fiskiðnaðurinn býr við í dag. Auk þess liggur svo hitt fyrir, að kröfur eru komnar fram um allmikla fiskverðshækkun og að þeirri kröfu standa jafnt sjómenn eða fulltrúar sjómanna og fulltrúar útgerðarmanna í landinu. Verði hér um nokkra fiskverðshækkun að ræða, — sem ég býst við að flestir eða allir

búist við vegna þess að það var ekki um neina fiskverðshækkun að ræða 1. okt., þegar gert var ráð fyrir fiskverðshækkun, og það er varla við því að búast að laun sjómanna geti staðið óbreytt um langan tíma í slíku almennu launaskriði eins og á sér stað nú í landinu, — þá auðvitað vex þessi vandi, sem rætt er um í sambandi við fiskiðnaðinn, til muna. Nú hef ég ekki aðstöðu til að leggja neinn dóm á það, hverjar af þessum kröfum þessara aðila eru réttmætar, en ég held að enginn vafi sé á því, að þarna er um mikil alvörumál að tefla sem gætu hæglega leitt til þess að undirstöðuatvinnuvegir landsmanna stöðvuðust rétt eftir að þm. hafa farið frá Alþingi.

Við vitum einnig að forustumenn iðnaðarins í landinu hafa gert sínar kröfur, sem legið hafa lengi óafgreiddar á Alþ., og það stendur til samkv. lögum og reglum að enn verði breyting hjá íslenskum iðnaði til óhagræðis varðandi tollareglur nú um áramót. Þykir þó ærinn vandi vera þar fyrir, þar sem okkur hefur m. a. verið sagt að ýmsar þýðingarmestu greinar útflutningsiðnaðarins séu komnar að því að stöðvast. Við þessar aðstæður tel ég að með öllu sé óforsvaranlegt að Alþ. taki sér mánaðarfrí frá störfum og veiti hæstv. ríkisstj. heimild til brbl.-ákvörðunar, enda væri ekki lýðræðislegt að takast á við þessi verkefni á þann hátt, nema þá aðeins í því tilfelli að slík brbl. væru sett til örskamms tíma, rétt til þess að fleyta sér yfir það versta. Að sjálfsögðu á Alþ. að fjalla um slík stórmál sem þetta.

Ég hef bent á það áður í umr. á Alþ., í sambandi við afgreiðslu fjárl. núna og ákvörðun efnahagsmálastefnu í mikilvægum greinum fyrir næsta ár, að í rauninni væri alveg fráleitt að ekki skuli fara hér fram jafnhliða umr. um það, hvernig eigi að fást við þessi langsamlega stærstu verkefni sem við okkur blasa. Það er aldeilis saga til næsta bæjar, að Alþ. skuli hafa setið að störfum frá því í okt. og fram að jólum og ætli síðan að taka sér frí frá störfum fram til 23. jan. án þess að hafa fjallað á raunhæfan hátt um stöðuna í efnahagsmálum. Menn líta á það eitt út af fyrir sig að reyna að forminu til að ná saman fjárl. sem eru, eins og ég hef sagt áður í umr., aðeins minni háttar atriði í sambandi við þau meginmál sem þarna er um að ræða.

Í framhaldi af þessu vil ég spyrja hæstv. forsrh. um það, hvort hann vilji lýsa því hér yfir, að ríkisstj. muni ekki beita brbl.-valdi sínu á meðan þm. eru í þingfríi, nema þá, eins og ég hef sagt, aðeins til stuttrar ákvörðunar, aðeins bráðabirgðaákvörðunar til þess að bjarga yfir versta vandann, en að öðru leyti verði málin til umfjöllunar fyrir Alþ. Ég kalla það ekki að vera til umfjöllunar fyrir Alþ., að ríkisstj. setji brbl. og þau séu síðan að forminu til lögð fyrir Alþ., en þvælist þar í marga, marga mánuði og megi heita gott ef þau verða staðfest á Alþ. um það leyti sem þau ganga úr gildi, eins og mörg dæmi eru til um. Spurning mín til hæstv. forsrh. er því sú í sambandi við þessa till: Treystir hann sér til að lýsa því yfir, að ríkisstj. beiti ekki brbl.-valdi sínu varðandi afgreiðslu þessara stóru mála, nema þá rétt til skyndiákvörðunar, á meðan þm. eru í burtu í þinghléi? En eins og ég hef sagt, þá tel ég hins vegar sjálfsagt að Alþingi verði kallað saman til þess að fjalla um þessi mál hvenær sem er á þessu tímabili.

Þá hlýt ég einnig að spyrja hæstv. forsrh. um það fyrir hönd ríkisstj.: Hverjar eru hugmyndir hæstv. ríkisstj. um lausn á þessum vandamálum? Það er ótrúlegt að hún hafi ekki fjallað t. d. um vandamál landbúnaðarins að undanförnu eða hugleitt þau upp úr viðræðum sínum við fulltrúa bændastéttarinnar. Við vitum að bændasamtökin höfðu lagt áherslu á eina aðgerð nú þegar, en hún var að fella niður söluskatt á kjöti og kjötvörum og greiða á þann hátt m. a. fyrir sölu þeirra afurða. Hitt liggur hins vegar fyrir, að ríkisstj. hefur beitt sér fyrir því á Alþ., að till. þessa efnis hefur verið formlega felld. Og þó að þá hafi komið fram yfirlýsingar um að menn treysti því, að ríkisstj. fáist til þess að glíma við þessi vandamál og leysa þau, og þm. hafi fellt þessa till. í trausti þess, þá spyr ég: Hverjar eru hugmyndir hæstv. ríkisstj. til lausnar á málefnum landbúnaðarins? Það er í rauninni algert lágmark að hæstv. ríkisstj. geri hér einhverja grein fyrir því, áður en þing er sent heim í mánaðarfrí, hvað hún hugsar sér í þessum efnum, hvernig ætlar hún sér að bregðast við þeim vanda sem þarna blasir við. Og ég spyr einnig: Hvaða hugmyndir hefur hæstv. ríkisstj. um lausn á vandamálum sjávarútvegsins? Hvað eru umr. um þau mál komnar langt? Hefur ríkisstj. einhverjar till. um það, hvernig hægt verði að koma í veg fyrir að allur fiskveiðiflotinn stöðvist út af deilum um fiskverð nú um áramót? Eins og kunnugt er ber skylda til þess að ákveða nýtt fiskverð um áramót, og þó að það hafi stundum dregist nokkuð fram yfir það sem lög mæla fyrir um, þá hefur það venjulega verið til stutts tíma. Við vitum að verði þarna á dráttur, þá getur það leitt til stöðvunar framleiðslu. Hvaða hugmyndir hefur hæstv. ríkisstj. um að leysa þennan mikla vanda, a. m. k. til bráðabirgða, þar til Alþ. getur fengið tíma til þess að takast á við málefnið? Ég spyr einnig hæstv. forsrh.: Hvað hugsar ríkisstj. sér að gera varðandi málefni iðnaðarins? Hann er búinn að knýja á dyr í langan tíma og leita eftir tilteknum aðgerðum, hefur sett fram sínar till. Þær till. hafa ekki verið ræddar formlega hér á Alþ. og ekkert liggur fyrir um afstöðu hæstv. ríkisstj. annað en það, að hún hefur ekki viljað sinna þessum till. Ég spyr því einnig um það, hverjar séu hugmyndir hæstv. ríkisstj. til þess að mæta vandamálum iðnaðarins.

Ég legg áherslu á að það er lágmark að hæstv. ríkisstj. skýri alþm. frá því, hvað stendur til og hvernig þessi mál standa, áður en hér er staðið upp og haldið heim í jólaleyfi. Treysti hæstv. forsrh. sér ekki til að lýsa því yfir, að ríkisstj. beiti ekki brbl.-valdi sínu nema þá rétt til skyndiákvörðunar varðandi þessi mál, þá treysti ég mér ekki til þess að samþykkja þá till. sem hér liggur fyrir um þingfrestun í heilan mánuð. Það verður þá að vera á ábyrgð hæstv. ríkisstj., að þau vinnubrögð eru tekin upp að víkja sér undan því að takast á við allra stærstu þjóðmál og láta Alþ. ekki fjalla um þau, heldur eigi að stjórna landinu og glíma við hin stærstu

þjóðmál eftir brbl.-ákvörðun ríkisstj. Ég tel að í stórmálum eins og hér er um að ræða sé þetta með öllu óverjandi. Og ég vil segja það, að það réttlætir ekki á nokkurn hátt að mínu áliti þessa afstöðu að ætla að senda Alþ. heim án vitneskju um lausn á þessum málum, þó að hægt sé að telja fram einhver dæmi um að slíkt hafi gerst áður, því að það hefur aldrei blasað við jafnmikill og almennur vandi, sem snertir atvinnulífið allt, um það leyti sem Alþ. fer heim, og hv. alþm. hafa aldrei vitað jafnlítið um það og núna hvað í rauninni stendur til.

Ég vil vænta þess, að hæstv. forsrh. treysti sér til að svara fsp. mínum og gera nokkra grein fyrir þessum stóru málum.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta verður síðasti starfsdagur hins háa Alþingis á þessu ári. Ég get út af fyrir sig fallist á að fundum Alþ. verði frestað í um það bil mánaðartíma og hæstv. ríkisstj. hafi heimild til útgáfu brbl. í þann tíma ef brýna nauðsyn ber til, enda munu mörg fordæmi vera fyrir slíku. En hitt er annað mál, að ég vil strax í þessu sambandi láta í ljós þá eindregnu ósk, að hæstv. ríkisstj. beiti ekki valdi sínu til útgáfu brbl. nema þá brýna nauðsyn beri til og þá að höfðu samráði við stjórnarandstöðu og samtök vinnumarkaðarins. Tel ég raunar að slík samráð þurfi að koma til, þ. e. samráð við stjórnarandstöðu og samtök vinnumarkaðarins, þó að ekki komi til útgáfu brbl. Vandi sá, sem við blasir í efnahagsmálum, er svo mikill að ólíklegt er að ekki þurfi að grípa til einhverra ráðstafana í þessu þinghléi, annaðhvort með eða án útgáfu brbl. Ég tel með hliðsjón af því, hversu vandinn er mikill og alvarlegur, lýðræðislega skyldu hæstv. ríkisstj. að hafa áður eða við undirbúning þess, sem gert kann að verða, samráð við stjórnarandstöðuflokkana þrjá og við samtök vinnumarkaðarins. Sem dæmi um það, að hér er ekki farið með ýkjur, vil ég leyfa mér að benda á nokkrar staðreyndir um þann mikla vanda sem við blasir og sagt hefur verið um réttilega að aldrei á undanförnum árum hafi verið meiri en einmitt nú.

Ég vil í þessu sambandi fyrst nefna hina mjög alvarlegu stöðu útflutningsatvinnuveganna. Þar tel ég mesta og alvarlegasta vandann sem við blasir á sviði íslenskra efnahagsmála. Ég hef kannað að ekki er ástæða til að rengja þær opinberu frásagnir fulltrúa íslenska frystiiðnaðarins, að að öllu óbreyttu sé fyrirsjáanlegur á frystiiðnaðinum á næsta ári allt að 5 milljarða kr. rekstrarhalli. Það þarf ekki neinar frekari skýringar við, að við svo búið má auðvitað ekki standa, að aðalútflutningsatvinnuvegur landsmanna horfi fram á allt að 5 milljarða kr. rekstrarhalla. Þessu til viðbótar er það að segja, sem þó mun ekki hafa komið fram opinberlega enn, að öldungis má fullvíst telja að staða saltfiskframleiðslunnar sé mjög alvarleg og hún sjái fram á hundruð millj. kr. halla þrátt fyrir stórfelldar greiðslur úr verðjöfnunarsjóði. En í því sambandi er óhjákvæmilegt að taka fram og leggja meira að segja á það sérstaka áherslu, að um langt skeið undanfarið hefur verðjöfnunarsjóðurinn verið stórlega misnotaður. Hann hefur verið notaður í öfugum tilgangi við upprunalegt markmið sitt samkv. gildandi lögum um hann sem nú eru bráðum 10 ára gömul. Ég orðlengi ekki um það, sem öllum hv. alþm. er að sjálfsögðu ljóst, að verðjöfnunarsjóðnum var ætlað það hlutverk að taka við greiðslum í góðæri, en greiða halla útflutningsatvinnuvega þegar á bjátar. Þetta hefur ekki átt sér stað undanfarið. Greiðsluafgangur eða fjármunir í verðjöfnunarsjóði frá góðærum hafa verið notaðir þótt góðæri hafi haldist, jafnvel þótt það hafi farið vaxandi. Um þetta er ekki hægt að hafa önnur orð en misnotkun á sjóðnum, notkun á honum sem er andstæð skýrum ákvæðum í lögum um tilgang hans. Þessar ráðstafanir hafa að sjálfsögðu haft mjög mikil áhrif til verðbólguaukningar í landinu, þótt kosið hafi verið að þegja um þær, en skella í staðinn allri skuldinni á launþegasamtökin og mikla kröfugerð á launamarkaðnum.

Það er ekki aðeins að frystihúsin séu í mestum vanda allra íslenskra atvinnugreina, sem þó ætti að vera þannig ástatt um að staða þeirra væri tryggust. Það gildir einnig um saltfiskframleiðsluna, eins og ég gat um áður. Og þetta á ekki aðeins við um sjávarútveginn. Ábyrgir fulltrúar íslenskra iðnrekenda, sem ekki eru vanir að fara með fleipur í opinberum málflutningi, hafa lýst væntanlegri stöðu iðnaðarins á komandi ári með mjög alvarlegum orðum sem full ástæða er til að taka tillit til, en stjórnvöld virðast fram að þessu hafa skellt við skollaeyrum og ber mjög að harma það. Það er því ekki aðeins staða sjávarútvegsins, sem er mjög erfið, heldur einnig staða hins aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, íslensks iðnaðar.

Og væntanlega ætti hvorki að þurfa að minna hæstv. ríkisstj. né hv. alþm. á þær raddir sem heyrst hafa frá bændafundum víðs vegar um land á undanförnum vikum og mánuðum, þar sem mjög er kvartað undan afkomu landbúnaðarins og afkomu bænda, svo að ekki er vandinn minni á þessu þriðja höfuðsviði íslenskra framleiðsluatvinnuvega.

Það er því sama hvert litið er. Alls staðar blasir við svo gífurlegur vandi að hæstv. ríkisstj. hlýtur að skoða það aðalverkefni sitt að hugleiða á næstu vikum og mánuðum hvernig bregðast skuli við þessum vanda. Ég fyrir mitt leyti get vel unnt henni góðs starfsfriðar til þess að hugleiða, hvernig við vandanum skuli brugðist, og undirbúa ráðstafanir til þess. En ég endurtek, að ég legg áherslu á það, að til þeirra ráðstafana verði ekki gripið nema að höfðu lýðræðislegu samráði við stjórnarandstöðu og samtök vinnumarkaðarins.

Ef við lítum á myndina frá svolítið heildstæðara sjónarmiði, þ. e. a. s. lítum á væntanlega afkomu Íslendinga í viðskiptum þeirra við önnur ríki, við útlönd, þá er þess að geta, sem flestum alþm. er væntanlega kunnugt, að Þjóðhagsstofnun hafði áætlað halla í viðskiptum við útlönd í ár um 4000 millj. kr., um 4 milljarða kr., en á þessari stundu er óhætt að fullyrða að hallinn í ár verður meiri. Vandinn hefur því ekki minnkað undanfarna mánuði, frá því að þær áætlanir hafa verið gerðar sem legið hafa á borðum okkar, og kannske liggja sumar hjá sumum enn. Hallinn verður meiri. Það hefur

ekki dregið úr vandanum, heldur hefur hann aukist á undanförnum vikum að dómi hinna sérfróðustu manna.

Gjaldeyrisstaðan átti í ár samkv. spádómum um mitt árið að batna um 6 milljarða, um 600 millj. kr. Nú er það skoðun Seðlabankans, að batinn muni verða minni. Það er í samræmi við fyrri upplýsingar mínar, að á undanförnum vikum og mánuðum hafa horfurnar ekki verið að batna, heldur hafa þær verið að versna. Það er eðlilegt að það fari saman, að hallinn verði meiri en hann var áætlaður annars vegar og gjaldeyrisstaðan muni batna minna en áður var áætlað, en hvort tveggja ber að sama brunni. Í þessu sambandi vil ég minna á að gert er ráð fyrir því, að um þau áramót, sem nú eru að nálgast, verði erlendar skuldir Íslendinga við önnur lönd 129 milljarðar kr. Þetta má segja að sé lokapunkturinn í þeirri því miður dökku mynd sem við Íslendingum, við íslenskum stjórnvöldum og við Alþingi Íslendinga, blasir nú um komandi áramót. Þannig er ástandið samtímis því að verðlag á vörum Íslendinga er óvenju hagstætt erlendis. Í raun og veru hefur það verið hagstæðara undanfarið en það hefur verið nokkurn tíma áður um jafnlangt skeið í senn. Þrátt fyrir þetta varanlega hagstæða verðlag á undanförnum tíma er ástandið eins og ég hef lýst.

Einfaldasta skýringin, sem er til á þessu og hæstv. ríkisstj. og fjöldamargir aðrir gefa á þessu, er hin óviðráðanlega verðbólga — verðbólga sem um skeið komst upp í 53—54% og gert er ráð fyrir að verði enn á næsta ári a. m. k. 30%. Auðvitað er verðbólgan ein meginskýringin á því, hvernig þróunin hefur verið og hvernig ástandið er. En hún er ekki eina skýringin. Í því tel ég opinberum málflutningi um efnahagsmál vera mjög ábótavant, að lögð er of einhliða áhersla á verðbólguvöxtinn og verðbólguna sem einu orsök þess vanda sem um er að ræða. Það hefur verið dregið um of úr áhrifum þeirrar alröngu stefnu í fjárfestingarmálum sem ríkt hefur allan þennan áratug og lagt hefur milljarðabyrðar á launþegana á undanförnum árum og gerir enn og auðvitað veldur því, að langan tíma tekur að komast út úr þeim vanda sem hingað til hefur átt sér stað. Þegar menn hafa fylgt rangri stefnu í fjárfestingarmálum í meira en hálfan áratug, í 6—7 ár, svo rangri stefnu að milljörðum, tugum milljarða, jafnvel hundruðum milljarða hefur verið sóað með þeim hætti að fé gefur engan ávöxt — bókstaflega engan ávöxt, þá gefur auga leið að launþegar geta ekki fengið í kjarabót sömu upphæð sem sóað er í ranga og arðlausa fjárfestingu. Þetta er ekki síður orsök þess vanda, sem nú blasir við, en verðbólgan sem að formi til má að sjálfsögðu rekja til mikilla kauphækkana, en á hinn bóginn má með jafnmiklum rétti segja að kauphækkanirnar eigi rót sína að rekja til verðbólgunnar. Þar er um víxláhrif að ræða.

Þegar rætt er um kaupgjaldshækkanir og verðbólgu annars vegar, þá er þar um bein víxláhrif að ræða og mikill vandi að rekja, hvar frumorsökina er að finna, og að sjálfsögðu ekki ástæða til þess í stuttum umr. eins og þessum. En á hitt vil ég endurtekið leggja meginþerslu, að af hálfu stjórnvalda hefur verið reynt að draga fjöður yfir hina meginorsök erfiðleikanna, sem er í hinni röngu fjárfestingarstefnu undanfarinna 6—7 ára. Það á sér eflaust sínar stjórnmálalegu skýringar, hversu reynt hefur verið að draga fjöður yfir staðreyndir í þessum efnum. En ég sé ekki ástæðu til að gera þessa stuttu umr. hér að almennum stjórnmálaumr. og læt mér því nægja að benda á þessar staðreyndir með einföldum, en ég vona með skýrum orðum.

Að lokum vil ég endurtaka það sem ég hóf mál mitt með, að ég fyrir mitt leyti get fallist á þingfrestunina og heimild ríkisstj. til útgáfu brbl. En ég vil enda þessi fáu orð mín með því að láta í ljós þá eindregnu ósk við hæstv. ríkisstj., að hún hafi samráð við stjórnarandstöðuna í þinghléinu og samtök vinnumarkaðarins, hvort sem hún telur ástæðu til að gefa út brbl. eða telur sig geta gert ráðstafanir eða ætlar að gera ráðstafanir með öðrum hætti.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af þeirri þáltill., sem nú er til umr., og þeim umr., sem fram hafa farið, langar mig til að segja örfá orð. Það er auðvitað ekki að ástæðulausu sem því er hreyft, að full ástæða hefði verið til þess fyrr að ræða hér á Alþ. það alvarlega ástand sem við blasir í landinu að því er varðar aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Hér er um að ræða ástand sem sýnt hefur verið og því full ástæða fyrir Alþ. að ræða það alvarlega, og vissulega hefði verið nægur tími til þess á undanförnum vikum, þegar litið er til þess, að Alþ. var í raun og veru aðgerðalaust svo vikum skipti meðan beðið var eftir því, að hæstv. ríkisstj. gæti komið fjárlögum saman að nafninu til. Það er auðvitað ekki vansalaust, að Alþ. láti það fram hjá sér fara að hefja alvarlegar umr. um ástand eins og það sem nú blasir við. En hér ber allt að sama brunni. Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. hafi ekki haft á því áhuga að ræða þessi mál á Alþ., og bendir allt frekar til þess, að reynt sé að draga fjöður yfir þann raunverulega vanda sem við er að glíma.

Undanfarna daga hafa verið gagnrýnd harðlega þau vinnubrögð sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft varðandi afgreiðslu fjárl. Ég ætla ekki að rifja það mál upp frekar. En ástæða er til að gagnrýna harðlega vinnubrögð hæstv. ríkisstj. sem hún viðhefur einmitt varðandi þá þáltill. sem nú er til umr. Ég veit ekki betur en yfirleitt hafi það verið viðtekin venja, að forsrh. í nafni ríkisstj. gerði stjórnarandstöðu a. m. k. kunnugt, hvaða hugmyndir væru uppi um þingfrestun og hversu langt jólaleyfi væri fyrirhugað af hálfu hæstv. ríkisstj., áður en þm. stjórnarandstöðunnar a. m. k. sjá þetta á borðum sínum á Alþ. Ég fullyrði að nú var ekkert samráð haft við stjórnarandstöðu um þessa þingfrestun. Stjórnarandstöðuþm. vissu fyrst um þessar hugmyndir eftir að þskj. um þingfrestun hafði verið útbýtt á borð þm.

Nú er ég ekki með þessu að segja, að það hefði haft breytingar í för með sér þó að rætt hefði verið um þetta atriði við stjórnarandstöðuþm. En hitt tel ég að sé í raun og veru sjálfsögð skylda hæstv. forsrh., að hafa samráð um það við stjórnarandstöðu með hvaða hætti þing-

frestun á sér stað og hversu lengi er ætlað að þinghlé verði. Ég held að þessi vinnubrögð, eins og svo mörg önnur sem viðhöfð hafa verið af hálfu hæstv. ríkisstj., séu óæskileg í alla staði.

Það er auðvitað ekki nema eðlilegt, að ekki bara þm., heldur og allur almenningur í landinu spyrji þessa dagana, hvaða hugmyndir hæstv. ríkisstj. hefur um lausn á þeim vanda sem við blasir. Þar er auðvitað fyrst og fremst um að ræða vanda útflutningsatvinnuveganna, þ. e. a. s. sjávarútvegs og landbúnaðar. Ég á ekki von á því, þó að spurt sé hér um hugmyndir hæstv. ríkisstj. til lausnar þessum vanda, að nein svör fáist við því, og það er byggt á fenginni reynslu. Ég efast í raun og veru um að hæstv. ríkisstj. hafi nokkra hugmynd um það, hvernig leysa beri þennan vanda. En það verður auðvitað að leggja áherslu á það og undir það tek ég, að í þinghléi noti hæstv. ríkisstj. ekki það vald, sem hún hefur til að setja brbl., til að gera róttækar ráðstafanir án þess að samráð sé haft við Alþ. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, að það er auðvitað lágmarkskrafa alþm., er svo stórkostleg vandamál blasa við, að haft sé fullt samráð við Alþ. um lausn á þeim vanda.

Það er greinilegt á því, hvernig haldið er á þessum málum nú, að ekki er gert ráð fyrir að neinar umr. eigi sér stað um þetta mál. Það er áformað að fresta fundum Alþ. innan klukkutíma eða svo — kannske eilítið lengri tíma, en alla vega er svo stuttur tími til stefnu að ekki er gert ráð fyrir að umr. um þessi mál taki langan tíma. Ég skal því ekki, herra forseti, eyða lengri tíma í þetta. En ég ítreka andstöðu mína og mótmæli við þeim vinnubrögðum hæstv. forsrh. og ríkisstj. að slengja hér fram þáltill. um frestun á fundum Alþ. án þess að á nokkru stigi hafi verið haft neitt samráð við stjórnarandstöðu. Ég hygg að það muni vera í fyrsta skipti sem slíkt gerist.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Varðandi ummæli síðasta ræðumanns, hv. 5. þm. Vestf., vil ég aðeins láta það koma fram, að þáltill. sem nú er til umr., var útbýtt fyrr en ég ætlaðist til, þannig að ekki varð úr því formlega samráði sem hv. þm. kvartaði yfir að hefði ekki átt sér stað. Í því efni vil ég þó aðeins láta það koma fram, að venju samkv. var ekki um margar dagsetningar að ræða þegar ákveða skyldi hvenær Alþ. skyldi koma aftur saman. Ég hygg að engum hv. alþm. hafi dottið í hug dagsetning fyrr en um miðjan janúarmánuð og engum hv. alþm. hafi dottið í hug dagsetning seinna en um mánaðamótin jan.-febr., þannig að við erum hér að deila um keisarans skegg. Raunar vil ég ekki telja hér um deilur að ræða. Menn verða e. t. v. að finna sér eitthvert ágreiningsefni og þetta er þá eins gott og hvað annað.

Ég vil vísa því á bug, að ríkisstj. hafi ekki verið tilbúin hvenær sem er að ræða efnahagsmálin almennt. Stjórnarandstaðan getur óskað eftir því, að ákveðin mál séu tekin til meðferðar hér á þingi, bæði með flutningi till. svo og með því að óska eftir skýrslum og grg. Þess vegna er það vanræksla stjórnarandstöðunnar sjálfrar sem um er að kenna, ef hér hafa ekki verið almennar efnahagsumr. En það eru nú ekki liðnir nema um það bil tveir mánuðir og tæplega það síðan ég flutti stefnuræðu mína fyrir hönd ríkisstj. og þá fóru að vissu marki fram almennar efnahagsumr. Og í raun má segja að í mörgum þeim málum, sem Alþ. hefur haft til meðferðar, hafi farið fram almennar umr. um efnahagsmál.

Ég held að of mikið sé úr því gert, hvaða vald ríkisstj. hafi varðandi útgáfu brbrl., eftir því hvort um formlega frestun á fundum Alþ. með samþykki Alþ. sjálfs er að ræða eða ekki. En víkjum því efni til hliðar. Ég lýsi því hér yfir, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu, ef nauðsyn krefur, gefa út brbrl. Heimild ríkisstj. til útgáfu brbl. er bundin í stjórnarskránni við það, að um brýna nauðsyn sé að ræða, og innan þess ramma mun ríkisstj. beita því valdi sínu. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu hafa samráð við þá aðila sem málið skiptir í það og það sinnið, en fyrir fram get ég ekki gefið neinar yfirlýsingar sem ég á e. t. v. á hættu að verði síðan metnar sem loforð eða fyrirheit, því að sú krafa, sem hér hefur verið sett fram um ótilgreinda aðila, getur verið svo víðtæk að ekki sé unnt að fullnægja henni.

Ég vil líka benda á það, að mér finnst í máli stjórnarandstæðinga felast ákveðin traustsyfirlýsing á ríkisstj. Um leið og þeir mála vandann mjög dökkum litum, þá er eins og vandinn verði í raun og veru leystur að mánuði liðnum, ríkisstj. verði svo snögg í snúningum, að þegar þing komi saman aftur, þá sé vandinn leystur og Alþ. hafi ekkert að gera og verði að horfast í augu við gerðan hlut. Ég skal hvorki draga úr lýsingum stjórnarandstæðinga á alvöru vandans né telja hann meiri en hér hefur verið tíundað, en ég held samt sem áður að lengri tíma taki að fjalla um þessi mál en ríkisstj. hefur í þinghléi, þótt þinghléið muni af ríkisstj. hálfu verða notað til þess vissulega. Og það er ekki svo, að þessir þrír hv. formenn stjórnarandstöðuflokkanna á þingi þurfi að kvarta yfir atvinnuleysi eða aðgerðaleysi í þinghléinu eða afskiptaleysi af vandamálum þjóðfélagsins. Þeir eiga allir sæti í svokallaðri verðbólgunefnd sem einmitt er ætlað að starfa áfram á næstu vikum og ljúka störfum í næsta mánuði, þannig að þeir munu þar hafa tækifæri til að leggja á ráðin hvernig eigi að snúast við þeim vandamálum sem þeir nefndu að væru fyrir hendi.

Það er spurt, hverjar hugmyndir ríkisstj. um lausn á vandamálunum séu. Ég hygg að það sé allt of langt mál til þess að hefja það hér að greina frá helstu hugmyndum sem fram hafa komið í umr. innan ríkisstj. um þessi efni. Þess vegna hef ég ekki máls á því. En hitt vil ég láta koma fram, að hv. þm. og hv. formenn stjórnarandstöðuflokka hljóta að gera sér grein fyrir því, að lausn á vandamálunum fæst ekki með því að gengið verði algerlega að kröfum hvers og eins hagsmunahóps í þjóðfélaginu. Það er ekki unnt að leysa vandamálin með þeim hætti. Ég hygg að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því, að okkar hlutverk er að taka umkvartanir, ábendingar einstakra hagsmunahópa og stétta til gaumgæfilegrar meðferðar og síðan að leitast við að fella þessar kröfur og ábendingar að þjóðarhagsmun-

um í heild. Með því móti einu verður vandi þjóðarinnar leystur.

Ég veit að hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, gerir sér t. d. grein fyrir að það er ekki einfalt mál að fella niður söluskatt af kjötvörum, eins og hann gat um áðan. Við höfum vitnisburð annars hv. þm., hv. 3. landsk. þm., Magnúsar T. Ólafssonar, um það, að þegar hv 2. þm. Austurl. var í ríkisstj. var ekki að athuguðu máli talið unnt að koma þessu í framkvæmd. Ég veit líka að ég á ekki að skilja hv. 2. þm. Austurl. þannig, þegar hann talar um stöðvun alls fiskiskipaflotans upp úr áramótunum, að hann sé að hóta því fyrir hönd sjávarútvegsins að svo muni fara. En það er athyglisvert, að hann er sá fyrsti sem nefnir það á nafn. Enginn formælenda sjávarútvegsins hefur enn sem komið er rætt um þann möguleika. En ég ítreka og endurtek: Ég ætla ekki hv. 2. þm. Austurl. það, að hann rói undir slíkum hugmyndum. Þetta segi ég sem dæmi um það, að hér er hvorki staður né stund til að ræða almennt um þessi vandamál sem við okkur blasa.

Ég vil þó láta það koma fram, að hv. Alþ. og ríkisstj. hafa fjallað um þessi vandamál við afgreiðslu fjárl. og umfjöllun lánsfjáráætlunar. Afgreiðsla fjárl. og lánsfjáráætlunar er forsenda þess, að unnt verði að taka á öðrum vandamálum. Á þessum sviðum, sviðum fjármála ríkisins og peningamála hefur Alþ. og ríkisstj. einkum vald til þess að marka stefnuna og ákveða í hvaða farveg þróun eigi helst að falla. Það er þess vegna ekki svo, að hv. Alþ. hafi ekki fjallað um þessi vandamál. Kom það t. d. gleggst fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv., þegar hann taldi að fjárfestingarmál væru einn af grundvallarþáttum í lausn þess vanda sem við blasti. Það er einmitt stefnumörkun í þeim efnum sem við höfum fjallað um undanfarið, það er um heildarfjárfestinguna í landinu, það er um fjármögnun þeirrar fjárfestingar og þá stefnumótun ríkisstj., að eigi skuli aukið við erlendar lántökur umfram það sem þörf er á erlendum lántökum til afborgana af eldri skuldum og til að bæta gjaldeyrisstöðuna. Um allt þetta höfum við rætt, og við munum nú í þinghléi hver um sig og á mismunandi sviðum hafa tækifæri til þess, hv. þm., að gera okkur grein fyrir vandamálum atvinnuveganna sérstaklega.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að unnt er að ætlast til þess, bæði af þm. stjórnarflokkanna og þm. stjórnarandstöðuflokkanna, að málin verði hér til meðferðar að loknu þinghléi, að svo miklu leyti sem atbeina Alþ. er þörf stjórnskipulega séð. Ég held að sá ótti sé algerlega ástæðulaus, að búið verði að leysa öll vandamál að mánuði liðnum eða hv. þm. horfist aðeins í augu við gerðan hlut án þess að fá nokkru ráðið um breytingar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér var hæstv. forsrh. rétt í þessari andránni að lýsa yfir því 21. des., í aðsogi að jólafrii þm., að hér á hv. Alþ. sé hvorki staður né stund til þess að fjalla um vandamálin sem blasa við þessari þjóð. Hann notaði tækifærið til að túlka ugg þm. stjórnarandstöðunnar um það, að hæstv. ríkisstj. kynni að nota það hlé, sem gera á á þingstörfum, til þess að beita á hæpinn hátt valdi sínu til setningar brbl. Hann leyfði sér að túlka þennan ugg stjórnarandstöðunnar á þann hátt, að hún treysti ríkisstj. til þess að leysa efnahagsvandann og þann meginvanda, sem steðjar að þjóðinni, núna á einum mánuði í jólafríi. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að við höfum fordæmi til að benda á með hvaða hætti þessi ríkisstj., sem nú situr, hefur gert ákaflega margt rangt á tiltölulega skömmum tíma. Það er einmitt þetta sem við óttumst að kunni að gerast í þinghléinu.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason drap áðan á fordæmi sem séu fyrir því, að ríkisstj. gefi út brbl. í þinghléi, stjórni með tilskipunum í þinghléi í skjóli skammdegismyrkursins, — fordæmi sem hverju sinni hafa raunverulega talist til eindæma og þótt slæm og gefist illa. Samráðið, sem hv. þm. talaði um að eðlilegt væri að hafa við stjórnarandstöðu, á ekkert skylt við þingræði og mundi sjálfsagt enginn þm. taka sér í munn í því sambandi nema sá sem einna lengst og af mestri samsekt allra íslenskra stjórnmálamanna hefur tekið þátt í þess háttar ólýðræðislegum og óþingræðislegum vinnubrögðum.

Ef vandi atvinnuveganna er svo aðkallandi sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason taldi og hæstv. forsrh. hefur hér lýst, þá hafa alþm. alls engan rétt til þess að taka sér nú mánaðarfrí frá störfum á fullum launum og ágætislaunum, heldur ber alþm. skylda til að halda áfram störfum og láta sér nægja álíka frí og aðrir landsmenn taka sér um jólin. Alþm. er nefnilega núna kringra að sitja hér í þessum stólum áfram og sinna þeim störfum, sem þeir taka laun fyrir, en fela ráðh., slíkir sem þeir eru, þess háttar forsjá, sem hæstv. forsrh. gaf í skyn áðan að þeir vildu taka sér, og þess háttar umboð sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason gaf þeim áðan.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég veit að knappur tími er til stefnu og því ekki hægt að fara út í neinar meiri háttar umr., en ég verð þó að gera nokkrar aths. við ræðu hæstv. forsrh.

Ég vil þá fyrst víkja að því mjög svo einkennilega atriði í ræðu hans, sem ég skildi varla hvað átti að þýða, þegar hann talaði um að hann vildi ekki ætla mér það, að ég væri að hóta því að stöðva allan fiskiskipaflotann nú um áramót, hann vildi ekki ætla mér slíkt, en eigi að síður væri ég fyrsti maðurinn sem á það minntist. Þessi fullyrðing hæstv. forsrh. sýnir mér aðeins hvað hann fylgist illa með því sem hefur verið að gerast varðandi þessi mál. Það liggja nefnilega fyrir margar samþykktir frá stórum samtökum sjómanna og útgerðarmanna um það, að stefna þeirra sé að hefja ekki róðra nema fyrir liggi fiskverðsákvörðun. Ég gæti orðið hæstv. forsrh. úti um þessar samþykktir, ef hann hefur ekki þegar fengið þær. Þetta er ekkert nýtt, enda var ég ekki að hóta neinu, heldur benti bara á eina af þeim hættum sem við stöndum frammi fyrir að vissulega getur orðið alvara úr ef ekkert er að gert. En þetta var í rauninni aukaatriði.

En það voru mörg önnur atriði, sem ég get ekki annað en flokkað undir aukaatriði, sem hæstv. forsrh. sagði í tilefni af orðum mínum. Hann sagðist vísa á bug aths. um það, að hér hefðu ekki farið fram umr. á hv. Alþ. um vandamál efnahagslífsins og vandamál atvinnuveganna. Ef eitthvað skorti á í þeim efnum, þá bæri að ásaka stjórnarandstöðuna um það, að hún hefði ekki gengið nægilega eftir slíku eða ekki flutt mál sem leiddu til þess að slíkar umr. færu fram. I framhaldi af þessu benti hæstv. forsrh. á að hér hefðu farið fram umr. um lánsfjáráætlun ríkisstj. sem að nokkru leyti markaði stefnu varðandi sérstaklega fjárfestingarmálin. Þessi ummæli hæstv. forsrh. sýna líka harla vel, hvað hann hefur tekið litinn þátt í þeim umr. um þessi mál, sem hér hafa þó farið fram, og hvað hann og ríkisstj. hafa leitt þessi mál hjá sér. Hér hef ég og fleiri alþm. margsinnis fundið að því, að ekki væri staðið við gefið loforð um það, að lánsfjáráætlunin, sem vissulega átti að marka stefnu í nokkuð þýðingarmiklum þætti þessara mála, varðandi fjárfestinguna, yrði lögð fram í nóvembermánuði, eins og lofað hafði verið. Áætlunin gat ekki komið fyrir þingið fyrr en allt var komið í eindaga í sambandi við afgreiðslu fjárl. og hart var gengið á bæði stjórnarandstöðu og aðra að spara nú tímann eins og mögulegt væri í umr., vegna þess að tíminn var hlaupinn frá. Auðvitað fór ekki fram nein eðlileg umr. um þennan stóra þátt, og ég fullyrði, af því að ég tók þátt í þessum umr., að hæstv. forsrh. sást ekki í þeim umr. og sagði ekki eitt einasta orð hér varðandi þau mál sem þarna voru rædd, og þessi þýðingarmikli þáttur var sáralítið ræddur.

En nú er það ekki sá þáttur þessara mála, þó að hann sé vissulega þýðingarmikill, sem hér er sérstaklega verið að fjalla um. Það eru ekki fjárfestingarmálin á næsta ári og sá ágreiningur sem uppi er um stefnuna í því, hvernig skuli halda á fjárfestingarmálum. Vandinn, sem hér er verið að ræða um, er rekstrarvandamál atvinnuveganna, þar sem svo er komið að tilkynningar eru uppi um það, að þýðingarmiklar greinar atvinnurekstursins séu að stöðvast. Vandinn er hvernig á að bregðast við því. Þó að samþykkt sé hér almenn stefnuyfirlýsing um það, hvernig skuli staðið að fjárfestingarmálum á þann hátt sem gerð er grein fyrir í lánsfjáráætlun, þá svarar það engu um hvernig á að koma í veg fyrir að fiskvinnslan stöðvist vegna taprekstrar, og nokkrar greinar fiskvinnslunnar hafa þegar stöðvast. Það svarar vitanlega heldur engu um það, hvernig á að bregðast við vandamálum landbúnaðarins, sem hann hefur sett fram og óskað eftir lausn á. Og það svarar heldur engu um það, hvernig eigi að bregðast við rekstrarvandamálum iðnaðarins. Það eru þessi rekstrarvandamál, sem hafa verið að hlaðast upp og ógna íslensku atvinnulífi í dag, — það eru þau vandamál sem verið er að ræða um núna. Að umr. um hinn þáttinn var illa staðið af hálfu hæstv. ríkisstj. Það veit hæstv. forsrh. líka mætavel, að þó að einstakir alþm. flytji þáltill. eða leggi fram fsp., þar sem er mjög takmarkaður ræðutími, þá geta samkv. slíku ekki farið fram neinar eðlilegar umr. um þessi stóru mál og hafa ekki farið fram.

Það er auðvitað líka út í hött hjá hæstv. forsrh. að tala um það, að ég og við í stjórnarandstöðunni, formenn stjórnarandstöðuflokkanna, höfum einhverjar áhyggjur af því að við munum ekki hafa nóg að gera á næstunni, og vísa okkur á að við getum fengið að puða í verðbólgunefndinni, — þeirri nefnd sem búin er að vera að störfum og ekki að störfum í meira en ár og ekkert gerist í og ekkert mun gerast í. Þetta er vitanlega að svara út í hött, reyna að víkja sér undan þeim vanda sem um er að ræða. Hæstv. forsrh. veit mætavel, að þessi nefnd leysir engan vanda, hún bjargar ekki því, að ekki verði stöðvun í undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar á næstu mánuðum. Satt að segja er ótrúlegt að hæstv. forsrh. sætti sig við þessi alvarlegu mál, þó að hann geti huggað sig við að ég, Gylfi og Karvel höfum nóg að gera. Málin eru miklu stórkostlegri en svo.

Aðalatriðin í því, sem fram komu hjá hæstv. forsrh. varðandi fsp. minar, voru þessi:

Hæstv. forsrh. segir: Ríkisstj. mun nota vald sitt til þess að setja brbl. Það var ekki á honum að heyra að þar væri meiningin að draga neitt af sér. (**Forsrh.**: Ef brýna nauðsyn ber til.) Já, ef brýna nauðsyn ber til. Það er ekki hægt að setja brbl. öðruvísi, það vitum við allir. Það er skilyrði í stjórnarskránni, og það hefur verið túlkað nokkuð léttilega. Ég fór hins vegar fram á það, að ríkisstj. notaði ekki þetta vald nema þá til örstutts tíma, þannig að það yrði á þingræðislegan hátt fjallað um þessi vandamál af Alþ. Ég benti einmitt á að vitanlega er hægt að ráðast til lausnar á vandamálum með setningu brbl. og leggja síðan fram, bara til þess að fullnægja lagaskyldu, til staðfestingar Alþ. slík brbl. og afgreiða þau síðan ekki fyrr en eftir marga, marga mánuði. Það er að ganga fram hjá hinu rétta löggjafarvaldi. En það var greinilegt að minum dómi á svörum hæstv. forsrh., að hann vill ekki binda sig við það að beita brbl.-valdi sínu þannig að þar verði aðeins um að ræða lagasetningu til örstutts tíma og Alþ. geti þá fjallað um málið á eðlilegan hátt.

Það er vitanlega alveg út í hött í sambandi við þessi mál að tala um það, að ég eða aðrir óttist að ríkisstj. verði búin að leysa allan vandann með brbl. Ég óttast hitt miklu frekar, að hún grípi til þeirra ólýðræðislegu vinnubragða að setja brbl., sem reka allt í hnút, og magni þannig vandann. Ég býst við því, eins og kom fram í rauninni í máli hæstv. forsrh., að alllangan tíma taki að finna fullnaðarlausn á þessum miklu vandamálum. En það hefur oft þurft að leysa mikil vandamál til bráðabirgða, og þá er spurningin, hvernig það er gert.

Annað atriði, sem ég spurði um, var það, hverjar væru hugmyndir ríkisstj. um hvernig ætti að leysa þennan aðkallandi vanda, sem ekki væri deilt um að væri til, — hverjar væru hugmyndir ríkisstj. Og svarið var ákaflega ljóst. Svarið var ekkert. Það voru engar hugmyndir til — engar. Það eina, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., var það, að ekki væri tími til þess að

fara að fjalla um hugmyndir til lausnar á þessum vanda. Ég fór ekki fram á að menn færu að halda ræður um það, hvers eðlis vandinn væri og hvað hann væri mikill, mældur nákvæmlega í krónum. Mér datt ekki í hug að fara fram á neitt slíkt. En ég vildi fá að vita á þessu stigi, eftir að hæstv. ríkisstj. er búin að standa frammi fyrir ákveðnum till. og kröfum bændastéttarinnar, hvaða hugmyndir hún hefði um það, hvernig ætti að bregðast við vandanum. Mér fannst eðlilegt að þm. fengju eitthvað að vita um það áður en þeir fara heim. Og ég veit að hæstv. ríkisstj. hlýtur líka að hafa fylgst með því, hver vandi sjávarútvegsins er. Það skiptir mig ekki neinu höfuðmáli, hvort hægt er að tala um að rekstrarhalli fiskiðnaðarins í landinu eða frystihúsanna sé nú 4 eða 5 milljaðrar miðað við núverandi rekstrarstöðu Vandinn er sýnilega gífurlegur og er þegar farinn að koma fram í því, að einstök frystihús hafa hætt rekstri. Því var spurning mín: Hvernig hugsar ríkisstj. sér að reyna að bregðast við þessum vanda? Er hún með einhverjar hugmyndir? Ég get vitanlega ekki dregið aðra ályktun af því, sem fram kom í máli hæstv. forsrh. en þessa: Ríkisstj. hefur engar hugmyndir. Hún lætur reka undan í þessum efnum eins og fleiru. Hún hefur heyrt um þennan vanda, hún veit að einhverju leyti um vandann, en hún veit ekkert hvað á að gera. Líklega væri það einna helst, að henni dytti í hug í framhaldi af þessu að setja brbl. um að fresta vandanum eða eitthvað þess háttar. En það leysir ekki mikið.

Þá sagði hæstv. forsrh. að við fengjum nú, þm. allir, gott tækifæri í þinghléinu til þess að kynna okkur þessi vandamál. Jú, ekki efast ég um það, og það getur vel verið að maður fái að kynnast þeim á nokkuð kaldan og nöturlegan hátt og á þann hátt sem allir væru ekki ánægðir með. En ég hýst við að allir hv. alþm. hafi kynnt sér þessi mál að einhverju leyti og viti talsvert um þennan vanda.

Ég hef ekkert við það að athuga og tel aðeins eðlilegt að hæstv. ríkisstj. haldi áfram að undirbúa sig í sambandi við það, hvernig eigi að taka á þessum vandamálum, hún undirbúi tillögur sínar í þinghléi. Það tel ég fullkomlega eðlilegt, að hún geti enga grein gert fyrir því á þessu stigi málsins, hvað hún hefur hugsað sér að gera. Það tel ég alveg óverjandi, ef hún er svo aftarlega á merinni að hún sé ekki enn farin að hugsa neitt til þess, hvernig við eigi að bregðast.

Niðurstaða mín — af því að ekki er tími til að ræða þessi mál frekar, ég tek tillit til þess, hvernig ástatt er með tímann og fyrirhugaða þingfrestun — niðurstaða mín er þessi: Ég hef ekki fengið nein vilyrði um það frá hæstv. forsrh., að ríkisstj. beiti ekki brbl.-valdi sínu, á meðan þingið er sent heim, til þess að gera þær ráðstafanir varðandi þessi mál sem raunverulega taka af Alþ. það vald sem Alþ. á að hafa til þess að glíma við vandamál sem þessi. Af þessum ástæðum mun ég ekki greiða þeirri till. atkv. sem hér liggur fyrir. Í henni felst að ríkisstj. er að sækjast eftir því, að Alþ. samþykki að veita henni þetta vald, og taka af Alþ. þann rétt sem Alþ. hefur. Varðandi hitt atriðið get ég ekki sagt annað en það, að svörin eru á þá lund, að ríkisstj. vill a. m. k. ekkert gefa upp um það, hvað fyrir henni vakir varðandi lausn þessara mála Við það get ég ekki sætt mig. Ég hlýt að mótmæla slíkum vinnubrögðum og tel að ríkisstj. standi þannig að málum að best væri að þjóðin losnaði við hana sem allra fyrst.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég get ekki verið ánægður með svör hæstv. forsrh. Það er að gefnu tilefni. Í fyrradag fengum við í Ed. fyrst til umr. frv. er hann talar um sem forsendur fyrir áframhaldi að lausn efnahagsvandans. Þá fjallaði ég um það og bar fram nokkrar fsp. svipaðar og hv. 2. þm. Austurl. hefur borið upp. Hæstv. forsrh. sagði að hann mundi gera nokkra grein fyrir þessum vanda í Sþ., sennilega við umr. um þessa till. Ég féllst þá á að stytta mál mitt mjög til að flýta þingstörfum í fullu trausti þess að við fengjum nokkra yfirsýn yfir þann vanda sem við blasir. Ég tók það fram áður en ég lauk máli mínu þá, að ef ég hefði ekki heyrt svör af vörum hæstv. forsrh. mundi ég halda áfram umr. og fjalla um þetta vandamál í löngu máli og það að marggefnu tilefni.

Úr kjördæmi mínu hafa komið margar ályktanir undanfarið og þm. hafa verið boðaðir á fund með fulltrúum atvinnuveitenda, einkum frystihúsamanna. Ég veit ekki betur en birst hafi mynd í blöðunum af fulltrúum frystihúsamanna í viðræðum við hæstv. forsrh., og þessir menn gera það ekki að gamni sínu, til þess að komast á mynd í stjórnarráðinu, að heimsækja forsrh. rétt í þinglokin fyrir jólin. Þeir gera það vegna þess að þeir standa frammi fyrir því, að þeir geti ekki látið fyrirtæki, sem þeir eru ábyrgir aðilar fyrir, ganga eðlilega. Mér er einnig kunnugt um að fjöldi þjónustufyrirtækja í aðalatvinnugrein landsmanna, sjávarútveginum, er svo illa kominn núna, að hau fá ekki einu sinni keyptan víxil fyrir vinnulaunum, hvað þá til að leysa út varahluti fyrir flotann sem á að vinna af fullum krafti í janúarbyrjun. Ef menn álíta að ég fari með rangt mál, þá er hægur vandinn fyrir hæstv. forsrh. að láta aðstoðarmenn sína hringja í ákveðin fyrirtæki sem ég skal nafngreina, en ekki hér opinberlega, til þess að staðfesta mál mitt. Það er orðið svo alvarlegt ástand, að mennirnir geta ekki hafið skuldbindingar, en á sama tíma liggja á borðinu hjá þessum forsvarsmönnum fyrirtækjanna tilkynningar frá ríkisvaldinu, frá rafmagnsveitum og frá hinum og öðrum, um nauðungaruppboð og stöðvun ef ekki verði gerð skil. Þetta kemur ekki til greina, og það er tilgangslaust að segja: Það er allt of langt mál að gera hér grein fyrir hugmyndum innan ríkisstj. um lausn þessa vandamáls. — Það er tilgangslaust að gefa svona yfirlýsingu. Ef atvinnulífið á ekki að stöðvast, þá verðum við að fá að vita eitthvað eða a. m. k. þessir forsvarsmenn — við í stjórnarandstöðunni erum ekki metnir það hátt að við þurfum að vita eitt eða neitt.

Þegar bréf um verðbólgunefndina kom til þingflokks Alþfl., það mun vera rúmlega ár síð-

an, taldi ég að rétt væri að taka þátt í störfum þessarar nefndar, þó gegn einu skilyrði: að nefndin starfaði og skilaði áliti innan mjög skamms tíma, því að slíkt hangs og skrípaleikur eins og þetta er, að fá bara bunka af skjölum, töflum og hinu og þessu, hefur ekkert gildi í þjóðfélagi með jafnöra verðbólguþróun og hér er nú. Þeir ná aldrei í skottið á sér, þessir ágætu menn. Það er alveg sama hvað þeir sitja lengi að störfum. Niðurstaðan verður augljóslega núll með svona vinnubrögðum.

Vandinn er raunverulega að þora að horfast í augu við það sem atvinnulífið býr við í dag. Það getur ekki haldið áfram við óbreyttar aðstæður. Það er engin leið. Það er alveg sama við hverja er átt af þessum þremur höfuðgreinum: sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði. M. a. má nefna hér: Hvað eiga menn að gera við fiskinn, sem er ekki nógu góður til frystingar eða í salt? Á að henda honum eða ætla bankarnir að lána út á hann í skreið, eins og ástandið er í dag? Þetta verður ríkisstj. að taka ákvörðun um, því að annars verður að henda fiskinum, vegna þess að skreiðin fer ekki úr landi núna og við vitum ekkert hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér. Bankarnir innheimta vextina með fullu álagi við hverja veðsetningu núna, þannig að ef menn veðsetja frystan fisk, þá er vaxtakvöðin tekin fyrir fram. Þetta eru alveg ný vinnubrögð. Þetta hefur aldrei tíðkast áður hjá nokkurri ríkisstjórn á Íslandi. En þetta er gert í dag og bankarnir hafa hækkað vexti um 87%. Er þetta til þess að leysa efnahagsvandann? Ég fæ alls ekki skilið þessi mál, sama hvernig reynt er að troða þeim inn í höfuðið, það er ekki hægt. Þetta er svo stjórnlaust og vitlaust að engu tali tekur. Og ef menn trúa því ekki, sem ég er að segja, þá er hægur vandinn að sækja þessi skjöl 300 m spöl og leggja þau fram á þinginu. Þetta er stjórnleysi og ekkert nema stjórnleysi. Það er algerlega vonlaust að nokkur maður geti staðið í atvinnurekstri við slík skilyrði.

Það er skylda ríkisstj., þrátt fyrir kröfu Seðlabankans og einhverra annarra, að taka í taumana þegar svona kenningar eru settar á borðið. Frystihúsamenn í minu umdæmi, sem ég er talsmaður fyrir í þessu tilfelli, hafa sumir gefist upp og eiga þess engan kost að fara af stað aftur, og nú verður veiðibann þannig að flestir hafa ekki fólk í þjónustu sinni nema mjög takmarkað á næstu dögum. Mér segja þessir menn, — og þeir hafa óskað eftir að þm. kjördæmisins kæmu allir saman undir forsæti hæstv. fjmrh. og ræddu þeirra vandamál — þeir segja okkur það, og ekki er ástæða til að vefengja það, að þeir hafa mjög margir og geigvænlega margir ekki minnstu möguleika til að koma atvinnutækjum sínum af stað aftur. Það er ekki nema eðlilegt að við förum fram á að fá að vita, þegar við erum kallaðir á fund með þessum mönnum, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að leysa þetta alvarlega vandamál. Ég er ekki að saka einn eða neinn sérstakan um að vandamál þetta skuli vera komið upp, en þetta eru staðreyndir fyrir því og það er afar alvarlegt mál. Nú er verðlag á flestum afurðum okkar í sjávarútvegi um það bil helmingi hærra en var fyrir tveimur árum. Hjá bátum var lagt mjög mikið fyrir í verðjöfnunarsjóð eða flestum greinum sjávarútvegs, en ekkert er unnt að leggja fyrir í dag og meira að segja er þessu öfugt farið. Þetta er það alvarlega í málinu. Við getum ekki átt von á því nema að mjög takmörkuðu leyti að verð hækki enn á afurðum okkar, verðið er orðið svo hátt.

Það er auðvitað rétt sem hæstv. forsrh. segir: það er ekki hægt að verða við kröfum allra hagsmunahópa. — Það ætlast heldur enginn til þess. En menn ætlast til þess að hjól atvinnulífsins fái að snúast eðlilega, og blessunarlega hefur það tekist fram að þessu. En mjög margar þjónustugreinar, sem þjóna sjávarútveginum og eru jafnlífsnauðsynlegar og hann sjálfur, eru komnar í algert þrot. Þau eiga eftir að standa skil á opinberum gjöldum, þau eiga jafnvel eftir að standa skil á orlofi, þau eiga eftir að standa skil á rafmagni, og menn fá ekki fjármagn til að leysa út lífsnauðsynlega varahluti. Þó að einhverjir hagspekingar setji fram sérstakar kröfur um lánsfjárhækkun, þá kemur ekki til greina að hlusta á það. Mennirnir verða að fá sitt rekstrarfé, annars ganga fyrirtækin ekki. Það verður þá að draga úr einhverri annarri þjónustu.

Þetta er svo alvarlegt mál, að full ástæða væri að gefnu tilefni að ræða það í löngu máli, af því að okkur var lofað því, a. m. k. í Ed., að við fengjum nokkurt yfirlit yfir málin hér. Ég lagði til í gær, vegna þess hve frv. komu inn á stuttum tíma, að stjórnarandstaðan bókstaflega gangi út og mótmælti þessum vinnubrögðum með þeim hætti, því það væri ekki hægt að sýna manni svona framkvæmd. Það er allt í lagi, ef við erum metnir þannig, að ekki taki því að sýna okkur eitt eða neitt. Þá má náttúrlega senda Alþ. heim og hafa það eins lengi í frii og hægt er, en þá skulum við ekkert vera að tala um lýðræði á Íslandi lengur. Þá er þetta, eins og ég sagði, hrein afgreiðslustofnun fyrir viðkomandi ríkisstj. og ekkert annað.

Ég vil þó aðeins nefna eitt atriði sem við töldum mjög mikilvægt í stjórnarandstöðunni að fá breytt og hæstv. forsrh. og ríkisstj. féllust á, í sambandi við skyldusparnað. Það var að framlengja möguleika á greiðslu á þessum gjöldum um einn mánuð. Við töldum það afar mikilvægt vegna ákvæðis í frv. um það, að ef menn gátu ekki 100% staðið í skilum, þá skyldu þeir ekki fá vexti eða vaxtabót á sitt fjármagn, þó að þeir hefðu staðið 95% í skilum allt árið. Þá átti að refsa með sekt sem gat numið tugum þúsunda. Þetta var auðvitað svo fáránlegt ákvæði, að það náði ekki nokkurri átt. Þetta er verk embættismanna, og þeir hafa enga tilfinningu gagnvart okkar umbjóðendum. Hæstv. ríkisstj. féllst á þetta og ég vil þakka henni fyrir það, og n. flutti brtt. og hún var samþ. Margt getur því komið upp sem við þm. úr öllum flokkum höfum næmari tilfinningu fyrir að betur má fara en kemur fram í verkum embættismanna úti í bæ, sem hafa mjög takmarkaða tilfinningu fyrir hinu daglega lífi, því er nú verr. Ég verð að segja það eins og er að gefnu tilefni á sumum fundum a. m. k. fjh.- og viðskn. Ed. undanfarið.

Ég stóð hér eingöngu upp vegna þess að ég tel, að ég hafi ekki fengið það svar við fsp. minni sem mér var lofað í Ed. við efnahagsumr. Ég tók það sem ásökun í garð stjórnarandstöð-

unnar, að við hefðum ekki sinnt þeirri skyldu að ræða efnahagsmálin til hlítar, en það var til þess að flýta fyrir þingstörfum að við gerðum það ekki og féllum frá löngum umr. á deildafundum, a. m. k. í Ed. Við áttum þess ekki kost að ræða málið til hlítar, ella væri þingstörfum þar ekki lokið enn þá og þingfrestun mundi sennilega dragast 1—2 daga í viðbót.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 46:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 299).

Fjárlög 1978, frv. (þskj. 172, n. 230 og 240, 225, 233, 234, 241, 245, 246, 260, 274, 275, 283, 284, 285, 286). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 234,1—2 samþ. með 48 shlj. atkv.

— 275,I samþ. með 47 shlj. atkv.

— 234,3—4, svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.

Brtt. 274,1 samþ. með 52:1 atkv.

— 233,1—5 samþ. með 52 shlj. atkv.

— 225,I,1 felld með 39:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, MK, RA, StJ, SvJ, AG, BGr, EðS, EggÞ, GeirG, GilsG, GÞG.

nei: JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, HBl, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GS, GH, GuðlG, GHG, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, ÁB.

JÁH, SkA, KP, MÓ, PS, SighB, GTh, HFS greiddu ekki atkv.

Einn þm. (IH) fjarstaddur.

Brtt. 233,6—10 samþ. með 58 shlj. atkv.

— 274,2—3 samþ. með 58 shlj. atkv.

— 233,11—12 samþ. með 57 shlj. atkv.

— 286,I felld með 46:10 atkv.

— 246,I felld með 40:18 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH, SkA, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, AG, BGr, EðS, EggÞ.

nei: EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, HBl, ÁB.

2 þm. (IH, KP) fjarstaddir.

Brtt. 233,13 samþ. með 57 shlj. atkv.

— 245,1—2 felld með 41:15 atkv.

— 233,14—17 samþ. með 58 shlj. atkv.

— 246,II felld með 43:15 atkv.

— 245,3 felld með 35:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, HFS, JÁH, SkA, LJós, MK, MÓ, OÓ, RA, StJ, SvJ, AG, BGr, EðS, EggÞ, GS, GeirG,

nei: GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, HBl, EBS, EKJ, FÞ, ÁB.

GÞG, JóhH, PS, SighB, SigurlB, EÁ greiddu ekki atkv.

2 þm. (IH, KP) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Fyrir fjvn. lá beiðni um nokkurt árlegt framlag næstu fimm árin til þess að auðvelda umferð fatlaðra um ríkisstofnanir. N sá sér ekki fært að verða við þeirri beiðni. Það mun þó vera viðurkennt af stjórnvöldum að hér er um mjög mikilvægt og mikið nauðsynjamál að ræða, og ég tel, að lyfta í þjóðminjasafnshúsið sé ekki óeðlileg byrjunarframkvæmd í þessu efni, og segi því já.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þetta mál er í raun og veru til meðferðar nú hjá heilbr.- og trn. Nd. N. hefur sent málið til umsagnar og þar á meðal væntir hún umsagna um kostnaðaráætlun. Slíkt liggur ekki fyrir og sé ég því ekki ástæðu til að samþykkja þessa till. og segi nei.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil vitna til ummæla hv. 5. þm. Reykv. Þetta mál er til meðferðar hjá heilbr.- og trn. Þar að auki er mér tjáð að þessi mál öll séu í athugun og eðlilegt sé að till. um framkvæmdaröð á því sem hér þarf að gera, liggi fyrir áður en eitt einstakt mál er tekið fyrir. Þar fyrir held ég að það væri ekki óeðlilegt að byrjað væri á þessu verkefni í Þjóðminjasafninu. En með tilliti til þess, sem ég hef sagt hér, greiði ég ekki atkv.

Brtt. 233,18—20 samþ. með 57 shlj. atkv.

— 246,III felld með 43:14 atkv.

— 233,21 samþ. með 56 shlj. atkv.

— 284 felld með 44:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, LJós, MK, AG, EðS, EggÞ, GS.

nei: IT, IngJ, IG, JóhH, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SighB, SigurlB, StJ, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, HBl, BGr, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GF, GÞG, HÁ, HES, ÁB.

JÁH, RA, SvJ, GeirG, GilsG, GTh, HFS greiddu ekki atkv.

2 þm. (IH, KP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Jónsson: Herra forseti. Till. sú, er hér um ræðir, er þess háttar að gjarnan hefði ég viljað greiða henni atkv. Hún er borin fram af þm. Sjálfstfl. þrátt fyrir það þótt fulltrúar flokksins í menntmn. hafi tekið ábyrgð á till. á þskj. 260. Hv. þm., tillögumaður, nýtur þeirrar sérstöðu að vera í yfirlýstri ósátt í flokki sínum. Nú hafa fulltrúar Alþb., er starfa í n. þeirri, skilað till. sinni um listamennina 12 á þskj. 260 og bera ábyrgð á þeirri till. Og þar sem ég sit nú í sátt í flokki mínum, sem ber að mínu viti ábyrgð á till. á þskj. 260, þá segi ég nei.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Það er sannfæring mín, að sá háttur, sem Alþ. tók upp við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972, að fela menntmn. beggja d. að gera till. um lista-

menn í heiðurslaunaflokk, hafi verið mikil framför í afgreiðslu á vandmeðförnu og viðkvæmu máli. Það er æskilegast að mínum dómi, að Alþ. reyni að ná sem víðtækustu samkomulagi um till. af þessu tagi. Hins vegar vil ég geta þess, að ég ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds gerði till. um það á nefndarfundi menntmn., að fjölgað skyldi í heiðurslaunaflokki. Sú till. mætti andstöðu meiri hl. En við hv. þm. Ragnar Arnalds störfuðum eftir sem áður í n. og tókum þar fullan þátt í því að gera till. um listamenn í heiðurslaunaflokki, og sú till. liggur hér fyrir. Við það samkomulag stend ég að sjálfsögðu sem einn nm. Vegna þess, sem ég hef rakið, mun ég ekki taka þátt í afgreiðslu um þessa till., ég mun sitja hjá og er því afstaða mín ekki bundin mati mínu á verðleikum þeirra listamanna sem hér er gerð till. um.

Brtt. 285 felld með 47:6 atkv.
— 260 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 233,22—27 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 274,4—5 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 286,II felld með 44:9 atkv.
— 274,6 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 233,28, svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
— 246,IV felld með 39:17 atkv.
— 246,V felld með 40:12 atkv.
— 233,29—35 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 275,II felld með 40:11 atkv.
— 233,36—40 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 283,I felld með 37:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, GÞG, HFS, JÁH, SkA, LJós, MK, MÓ, PS, RA, SighB, StJ, SvJ, AG, BGr, EðS, EggÞ, GS, GeirG.

nei: GH, GuðlG, GTh, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁF, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, HBl, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, ÁB.

4 þm. (GHG, GF, IH, KP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel þörf á því að lagfæra kjör landhelgisgæslumanna með tilliti til sérstöðu starfa þeirra. Ég mun sem yfirmaður Landhelgisgæslunnar reyna að vinna að því að svo verði gert. Nú hefur fjvn. hins vegar ekki treyst sér að þessu sinni að verða við beiðni um 10% launaálag, sem þeir hafa notið til skamms tíma. Undir þeim kringumstæðum hlýt ég sem hver annar góður liðsmaður stjórnarflokkanna að segja nei.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að launafólk eigi að geta treyst því, að á gildistíma kjarasamninga verði ekki breytingar á launagreiðslu því í óhag, nema um það hafi verið samið. Sú sérstaka greiðsla til varðskipsmanna, sem hér er um að ræða, hefur verið við lýði um alllangt skeið, og ég tel óheiðarlegt að fella hana niður nema í sambandi við gerð kjarasamninga, þannig að viðkomandi aðilum sé ljóst út frá hvaða stöðu í kjaramálum sé samið.

Ég tel, að Alþ. geti ekki vikið sér undan að taka ákvörðun í þessu máli nú, og segi því já.

Brtt. 233,41—67 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 286,III felld með 43:11 atkv.
— 233,68—75 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 225,I,2 felld með 40:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, JÁH, SkA, MK, RA, SighB, StJ, SvJ, AG, BGr, EðS, EggÞ, GilsG.

nei: GTh, GF, HÁ, HES, HFS, IT, IngJ, IG, JóhH, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, HBl, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GS, GH, GuðlG, ÁB.

LJós, MÓ, PS, GeirG greiddu ekki atkv.

3 þm. (GHG, IH, KP) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Samtök þm. úr einstökum kjördæmum um að flytja við lokaafgreiðslu fjárl. óskalista í tillöguformi hafa ekki raunhæfa þýðingu og því hafnaði ég að gerast flm. að þessari till. þegar mér stóð það til boða. Þar við bætist það, að brýnasta málið, sem till. fjallar um, byggingarmál Borgarsjúkrahúss, hefur komist í slíkt klúður fyrir tilverknað þeirra, sem ábyrgð bera á stjórn Reykjavíkurborgar, að engin tök virðast á að ráða fram úr því á skynsamlegan hátt. Því greiði ég ekki atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég tel að frá sjónarmiði fjvn. hafi verið sanngjarnlega úthlutað því fjármagni sem á að verja til byggingar sjúkrahúsa, og ég tel algera sýndarmennsku felast í flutningi slíkrar till. sem þessarar. Hefði verið nær flm. að hafa skynsamlegri framkvæmd á sjúkrahúsmálum í Reykjavík og óskalista, eins og að flýta þjónustudeild, en fara ekki af stað með tvær deildir samtímis og reyna á engan hátt að koma neinu frá sér. Ég segi nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég sem margir aðrir þm. úr Reykjavík hef þá skoðun, að um langt árabil hafi nokkuð verið misskipt þeim fjármunum sem Alþ. hefur dreift um hin ýmsu kjördæmi til ýmissa nauðsynlegra hluta. Ég vil þó halda því fram, að nú hafi nokkuð áunnist til hins betra. Við vitum að því, sem fram kemur og næst fram, er náð fram með samkomulagi. Hvað viðkemur einhverjum ímynduðum eða staðreyndum mistökum sem orðið hafa hjá borgaryfirvöldum í sambandi við einstakar byggingar, þá eru samt í þessari till. ýmsir liðir sem eru bráðnauðsynlegir fyrir það mikla þéttbýlissvæði sem hér er. Hafandi í huga það, sem ég hef sagt í sambandi við samstöðuna, treysti ég mér ekki til að greiða atkv. með till., en sit hjá við atkvgr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég fellst ekki á þá skoðun, að hér sé um að ræða neins konar sýndarmennsku í þessum tillöguflutningi eða óraunsæjan óskalista. Ég tel að í þessari till. felist hvöss gagnrýni á duglausa ríkisstj. sem hefur látið hjá líða að sjá farborða heilbrigðismálum á Reykjavíkursvæðinu. Ég tel að hér sé um að ræða kröfur um úrbætur sem snertir miklu, miklu fleiri landsmenn en þá, sem búa á Reykjavíkursvæðinu, að hér sé um að ræða þjóðarheill, og segi því já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil harma ábyrgðarlaust tal ráðh. heilbrigðismála um það, hvernig borgarstjórn hefur staðið að byggingarmálum sjúkrastofnana í borginni, og vísa fullyrðingum hans um sýndarmennsku í flutningi á þessum till. heim til föðurhúsanna. Fullyrðingar ráðh. eiga hvergi annars staðar húsaskjól, enda eru till. fluttar að tilhlutan borgarstjórnar Reykjavíkur, og samkv. bréflegri ósk borgarstjórans í Reykjavík: Ég segi já.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það er yfirlýst stefna meiri hl. fjvn. og hæstv. ríkisstj. að gætt skuli aðhalds um opinberar framkvæmdir á næsta ári. Það hefur leitt til þess, að ekki hefur verið hægt að verða við öllum ýtrustu kröfum sveitarfélaga og opinberra stofnana um auknar fjárveitingar og framkvæmdir. Þetta á einnig við um Reykjavík. Ég hef fullreynt í fjvn., að ekki er hægt að ná fram hærri fjárveitingu að þessu sinni til þessara verkefna en till. n. gera ráð fyrir. Ég vek athygli á því, að þessar till. fela í sér a. m. k. jafnmikla hækkun og allar till. sem fjvn. flytur sameiginlega, að frádregnum óhjákvæmilegum leiðréttingum. Úr því að ekki koma fram lækkunartill. á móti þessum hækkunartill., þá segi ég nei.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Allt eru þetta merkar framkvæmdir og nauðsynlegar. En það sama gildir um hundruð annarra framkvæmda um land allt. Það er ekki hægt að gera allt í einu fyrir takmarkað fjármagn, og sé ég enga ástæðu til að taka óskalista Reykjavíkur einan út úr og segi því nei.

Brtt. 225,II tekin aftur.
— 274,7 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 233,76—77 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 274,8 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 233,78 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 274,9 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 233,79—82, svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv.
— 274,10—12 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 233,83—85 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 241 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 283,II felld með 40:11 atkv.
— 274,13 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 233,86 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 286,IV felld með 40:11 atkv.
— 233,87—88 samþ. með 54:1 atkv.
— 245 felld með 40:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, HFS, SkA, LJós, MK, RA, StJ, SvJ.

nei: SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, HBl, BGr, EÁ, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GTh, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JHelg, JSk, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SigurlB, SV, StH, StG, ÁB.

EggÞ, GS, GeirG, GilsG, GÞG, JÁH, MÓ, SighB greiddu ekki atkv.

4. þm. (GHG, GF, IH, KP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þegar hv. 3. þm. Reykv. mælti fyrir brtt. þessari lét hann þess getið, að hún væri shlj. till. Orkuráðs til fjárlagagerðar fyrir árið 1978, og tók jafnframt fram, að ég hefði verið hvatamaður að till. þessari sem formaður Orkuráðs. Þetta er rétt. Tillögugerð Orkuráðs mótaðist ekki síst af því, að gert var ráð fyrir verulegum fjárhæðum til styrkingar rafdreifikerfis í sveitum og til hitaveituframkvæmda. Hér er um mikilvæg verkefni að ræða, sem Orkusjóður hefur þó fyrst látið til sín taka á árinu 1977 eða í ár. Þannig hafði Orkusjóður ekkert fjármagn til ráðstöfunar í þessar þarfir þegar hv. 3. þm. Reykv. var æðsti maður orkumála í landinu. Ekki væni ég samt hv. 3. þm. Reykv. um að hann hafi verið áhugalaus um mál þessi þegar hann var ráðh. Sjálfsagt hafa verið takmörk fyrir því, hvað framkvæmanlegt var. Enn er slíkum takmörkunum fyrir að fara, þó að mikill munur sé á því að gera ekki neitt í málinu og því sem fjárlagafrv. gerir nú ráð fyrir til framkvæmda við styrkingu rafdreifikerfis í sveitum og til hitaveituframkvæmda. Gerir það gæfumuninn, og segi ég því nei.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Menn eru farnir að gera svolítið einkennilega grein fyrir atkv. sínu. Ég ætla ekki að feta í þau fótspor. Hæstv. ríkisstj. hefur sóað milli 10 og 20 milljörðum króna í orkuframkvæmdir sem skila engum árangri, en sveltir jafnframt mjög brýnar framkvæmdir, svo sem að dreifa orku um landið. Ég segi já.

Brtt. 233,89—95 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 274,14 g—j samþ. með 52 shlj. atkv.
— 246,VI samþ. með 38:12 atkv.
— 274,14. g—j samþ. með 52 shlj. atkv.
— 283,III felld með 30:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkA, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, EggÞ, GS, GeirG, GilsG, GÞG, HFS, JÁH.

nei: JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SV, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, AG, HBl, EKJ, GH, GuðlG, HÁ, IT, IngJ, IG, JóhH, JHelg, ÁB.

JSk, SigurlB, StH, ÞÞ, EÁ, EBS, FÞ, GHG, GTh, HES greiddu ekki atkv.

3 þm. (KP, GF, IH) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð nú að viðurkenna að ég er ekki sérstakur áhugamaður um að kaupa þetta hús og ég gæti hugsað mér æskilegra aðsetur fyrir rn. Ég er þó ekki viss um að kaupverðið sé ríkinu mjög óhagkvæmt, og þessi húseign gæti orðið ríkinu nothæf fyrir eina eða aðra ríkisstofnun. Hins vegar eru umr. um þessi húsakaup og andstaða við þau hér á Alþ. nákvæmlega samkv. lögmáli Parkinsons. Menn andmæla hástöfum þessari fjármálaráðstöfun, þessari heimild til fjárfestingar upp á 260 millj. kr. Svo eru menn sem standa að og samþykkja eitt og annað, sem orkar meira tvímælis, t. d. eins og ráðleysisframkvæmdir uppi á Grundartanga, en samkv. lánsfjáráætlun er gengið út frá því, að heildarfjárfesting þar verði 8 milljarðar á árinu 1978. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að standa gegn því að ríkisstj. fái þessa

heimild. Ég segi nei, því að hvað varðar okkur um einn blóðmörskepp í sláturtíðinni?

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég er fylgjandi þeirri stefnu, að ríki og ríkisstofnanir eigi sitt eigið starfshúsnæði, og segi því nei.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég tel skýrslur, sem lagðar hafa verið fram um þessi húsakaup, sýna að umrætt hús sé afar óhentugt sem skrifstofuhúsnæði og kostnaður við breytingar og lagfæringar muni verða óhemjulegur. Skynsamlegra virðist því að leysa húsnæðismál menntmrn. með öðrum hætti. Með hliðsjón af þessu og með tilliti til stöðu ríkissjóðs í dag tel ég þessa fjárfestingu ótímabæra og greiði því ekki atkv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í trúnaðarskýrslu um svonefnt Víðishús segir, að allir gluggar, lagnir og einangrun séu að verulegu leyti ónýt. Augljóst er því, að miklu rökréttara er að reisa nýtt hús yfir menntmrn. Kaupin eru því fjarstæða og byggð á hættulegum grunni. Um þau má því segja:

> Nú er bókað báknið kjurt,
> bættur stuðningskassinn,
> æskuvonin borin burt
> og bótlúinn er rassinn.

Samtryggingin ríður ei við einteyming. Ég segi já.

Brtt. 283,IV samþ. með 45 shlj. atkv.
— 283,V felld með 40:13 atkv.
— 160,III,1 og 3 felld með 26:17 atkv.
— 274,14.k samþ. með 47 shlj. atkv.
— 246,VII felld með 39:14 atkv.
— 246,VIII felld með 37:12 atkv.
— 286,V samþ. með 54 shlj. atkv.
— 246,IX felld með 37:17 atkv.
— 234,5 samþ. með 41 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 300).

Þingfrestun.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Fundur þessi er síðasti fundur Sþ. fyrir jólahlé. Það hefur verið annasamt á Alþingi síðustu dagana og jafnvel næturnar, eins og oft hefur verið áður rétt fyrir jólaleyfi. Um leið og annríki þessu lýkur og jólahelgin nálgast leyfi ég mér að þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. fyrir ágætt samstarf í vetur og umburðarlyndi í minn garð. Einnig þakka ég varaforsetum, skrifurum, skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis fyrir ágæt störf. Ég óska hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis ásamt fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Utanbæjarþm. óska ég góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ég vona og óska að við megum öll hittast hér heil á húfi og hress í bragði þegar jólaleyfi er lokið.

Ragnar Arnalds: Ég vil fyrir hönd okkar alþm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til þess að þakka honum fyrir réttláta fundarstjórn og gott samstarf við okkur þm. nú á þessu þingi sem ávallt áður. Og ég vil óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég vil einnig þakka starfsfólki Alþingis fyrir ágæt störf. Ég leyfi mér að vona að við megum öll hittast heil til starfa að loknu jólaleyfi. Ég vil biðja þm. að taka undir orð mín með því að rísa á fætur. — [Þm. risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. alþm. fyrir að hafa tekið undir þær óskir. Ég ítreka óskir mínar um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 99. löggjafarþings, frá 21. des. 1977 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 23. jan. 1978.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 99. löggjafarþings, er frestað frá 21. des. og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 23. jan. 1978.

Ég leyfi mér að óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landslýð öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Sameinað þing, 37. fundur.

Mánudaginn 23. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hinn 9. jan. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:
Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 23. janúar 1978, kl. 14.00

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1978.
Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um að Alþ. skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir heillaóskir í garð okkar alþm. og starfsfólks Alþingis. Jafnframt óska ég hæstv. ríkisstj., hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim samstarfið á liðnu ári.

Samkv. bréfi því, sem hæstv. forsrh. las hefjast þingfundir nú að nýju.

Gosið á Heymaey.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Eftirfarandi bréf hefur mér borist frá bæjarstjórn Vestmannaeyja:

„Alþingi Íslands.

Vestmannaeyjum, 23. jan. 1978.

Í dag, 23. janúar, eru liðin 5 ár frá því að gos hófst hér á Heimaey. Á þessum tímamótum vill bæjarstjórn Vestmannaeyja minnast þeirra mörgu, sem lögðu á sig mikið og ósérhlífið starf í þágu Vestmanneyinga og á margan annan hátt greiddu götu þeirra meðan á gosinu stóð.

Hjálagt sendist yður upphleypt kort af Heimaey, eins og hún var í sept. 1973, að gosi loknu. Með því vill bæjarstjórnin koma þakklæti sínu á framfæri, þótt vitað sé að aldrei verði þeim fullþakkað sem lögðu hönd á plóginn.

F. h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja.
Páll Zóphóníasson,
bæjarstjóri."

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þá hefur mér borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 18. jan. 1978.

Framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Jóhanns Hafstein, 6. þm. Reykv., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður hans, Geirþrúður Hildur Bernhöft félagsmálafulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Ég býð Geirþrúði Bernhöft velkomna til starfa á Alþingi.

Rekstrar- og afurðalán til bænda, þáltill. (þskj. 140). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. (þskj. 141). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Reiðskóli, þáltill. (þskj. 147). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, þáltill. (þskj. 199). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnumöguleikar ungs fólks, þáltill. (þskj. 73). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á aðfangadag jóla birtu dagblöðin í Reykjavík svo hljóðandi fréttatilkynningu frá Landsbanka Íslands:

„Fyrir skömmu vöknuðu grunsemdir um misferli í ábyrgðardeild bankans. Málið hefur síðan verið til rannsóknar hjá endurskoðunardeild bankans. Hefur sú rannsókn leitt til þess, að forstöðumaður ábyrgðardeildarinnar, Haukur Heiðar, var í gær kærður til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins."

Sama dag birtu dagblöðin svofellda fréttatilkynningu frá embætti rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, með leyfi forseta:

„Í gærkvöldi barst rannsóknarlögreglustjóra

ríkisins beiðni stjórnar Landsbanka Íslands um að þegar yrði hafin rannsókn á misferli, sem fram hefði komið að Haukur Heiðar deildarstjóri ábyrgðardeildar bankans hefði gerst sekur um.

Rannsókn var þegar hafin í máli þessu af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins og í framhaldi af yfirheyrslum yfir Hauki hefur honum nú að kröfu rannsóknarlögreglunnar verið gert að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins til 1. febr. n. k.

Rannsókn þessi beinist að fjármálamisferli Hauks Heiðars í sambandi við starf hans við Landsbanka Islands.

Að svo komnu máli verða eigi gefnar frekari upplýsingar um rannsókn máls þessa sem er á frumstigi."

Ég held að óhætt sé að segja, að þessar fregnir hafi komið landsmönnum mjög á óvart. Á þeim dögum, sem síðan hafa liðið, hefur málið verið mikið rætt. Í dagblöðum og víðar hafa ýmsar fregnir af því farið, sumar sannar, aðrar ekki. Í raun réttri er lítið meira vitað um þetta mál frá ábyrgum aðilum en fram kom í fréttatilkynningum Landsbanka Íslands og embættis rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sem ég las hér áðan og mega að mínu viti vart knappari vera. Einnig hefur talsvert verið rætt um, hvernig að rannsókninni er unnið, svo og fjallað um, hvernig háttað er eftirliti og endurskoðun hjá bönkum og öðrum opinberum og hálfopinberum stórfyrirtækjum.

Þingflokkur Alþfl. hefur rætt þessi mál. Niðurstaðan er sú, að á fundi sínum í morgun samþykkti þingflokkurinn að hafa frumkvæði að því, að málið yrði tekið til umr. hér á Alþ. með þeim hætti sem nú er gert. Jafnframt samþykkti þingflokkurinn að fela mér að hefja þessar umr. í sínu nafni.

Þessi stofnun, Alþingi, kýs stjórnir ríkisbankanna, bankaráðin. Einnig höfum við alþm. sett með lögum þær reglur sem bönkunum er ætlað að starfa eftir, og til þess að hafa eftirlit með því, að það sé gert, og með fjárreiðum bankanna höfum við alþm. einnig kjörið sérstaka menn, hina svonefndu endurskoðendur bankanna. Með hliðsjón af þessu er það því ótvírætt skoðun okkar þm. Alþfl., að eðlilegt og sjálfsagt sé, geti jafnvel verið skylt, að Alþ. láti til sín taka ef upp koma mál eins og það sem frá sagði í fréttatilkynningu Landsbanka Íslands frá 23. jan. s. l. Hér er um að ræða stóra og mikla stofnun sem starfar að talsverðu leyti á ábyrgð Alþingis og þeirra manna sem hér sitja. Það er rétt að við óskum upplýsinga um það, sem þarna hefur gerst, og ekki aðeins óskum upplýsinga, heldur hugleiðum hvað gert hafi verið og hvað gera þurfi til að koma í veg fyrir að slíkir atburðir geti endurtekið sig.

Í beinu framhaldi af þessu vil ég því í fyrsta lagi beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. bankamálaráðh., að annaðhvort hann sjálfur eða einhver aðili, sem hann óskar eftir, upplýsi okkur alþm. og þjóðina alla eins fljótt og við verði komið um hvað raunverulega hefur gerst í Landsbanka Íslands, hversu umfangsmikið mál er hér um að ræða, með hverjum hætti menn komust á snoðir um hið meinta misferli og hver eru takmörk þessa máls. Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir því, að á meðan rannsókn stendur yfir er ekki hægt að skýra frá öllum efnisatriðum og að ráðh. hlýtur að sjálfsögðu að taka fyllsta tillit til sjónarmiða þeirra, sem með rannsókn málsins fara, hvað slíkum frásögnum viðvíkur. En hitt er hins vegar ekki síður augljós nauðsyn, eins og mál þetta er í pottinn búið og þegar litið er til þeirrar traustu og virðulegu stofnunar sem í hlut á, að almenningur í landinu fái eins fljótt og við verður komið traustar og réttar upplýsingar um eðli og umfang þessa máls. Ég tel ákaflega óheppilegt að lengi sé dregið að skýra frá slíku. Það er óheppilegt fyrir Landsbanka Íslands, sem þarna á hlut að máli það er óheppilegt með tilliti til mótunar almenningsálitsins og það er óheppilegt fyrir almenn réttarfarssjónarmið.

Í öðru lagi vildi ég gjarnan að Alþ. yrði skýrt frá því, til hvaða ráða hefur verið gripið til þess að upplýsa þetta mál. Í því sambandi leyfi ég mér að leggja mjög þunga áherslu á að þeirri rannsókn verði hraðað. Ég vil í því sambandi einnig minna á svonefnt Alþýðubankamál. Mörg ár eru nú liðin frá því að rannsókn hófst í því máli. Þegar rannsóknin var hafin var gert ráð fyrir því, að henni ætti að verða fljótlega lokið, enda virtist um ákaflega afmarkað mál vera að ræða. Eigendur bankans og þáverandi stjórnendur hans stóðu einnig í þeirri trú, að rannsókn mundi ganga greiðlega, enda er það nauðsynlegt í slíkum tilvikum sem þessum. Stjórnendur og eigendur bankans tóku ákvarðanir sínar þá í fullvissu um að svo mundi verða. En því hefur því miður ekki verið að fagna. Rannsóknin hefur dregist óhæfilega mikið á langinn. Eftir því sem ég best veit lauk henni þó fyrir sjö mánuðum og var þá rannsóknin send ríkissaksóknara, sem á að taka ákvörðun um framhaldið. En sú ákvörðun hefur ekki enn verið tekin, þótt sjö mánuðir séu liðnir. Þetta er að sjálfsögðu ófært með öllu. Slíkur dráttur getur ekki gert nema það eitt að skaða bankann og núv. og fyrrv. stjórnendur hans. Þegar menn eru opinberlega bornir sökum er það réttlætis- og mannúðarkrafa, að opinberri rannsókn á slíkum sakargiftum sé hraðað eftir föngum, þannig að málið upplýsist annaðhvort til sektar eða sýknu. Þannig hefur því miður ekki verið haldið á Alþýðubankamálinu og rannsókn þess. Það tel ég mjög óæskilegt.

Til þess eru vítin að varast þau. Ég tel að þetta víti eigi að varast í sambandi við þá rannsókn, sem nú stendur yfir á Landsbankamálinu, og því leikur mér hugur á að fá að vita, til hvaða ráða hefur verið gripið til að upplýsa málið og hvort þessi stofnun, Alþingi, getur á einhvern hátt auðveldað það eða flýtt fyrir því, að þessi rannsókn gangi hratt og auðveldlega.

Í þriðja lagi tel ég svo rétt að Alþ. fái að vita til hvaða ráða hefur verið gripið til að koma í veg fyrir að atburðirnir, sem orðið hafa í Landsbanka Íslands, geti endurtekið sig. Að sjálfsögðu er hluti af slíkum ráðstöfunum á valdi bankastjórnarinnar, og ég efa ekki að þeir mætu menn, sem sitja í bankastjórn Landsbank-

ans, hafi fyrir sitt leyti þegar brugðið við. En ýmsir aðrir hlutir eru á valdi okkar þm. Mér er t. d. kunnugt um að samið hefur verið frv. að nýrri löggjöf um bankastarfsemi á vegum hæstv. bankamálaráðh., og þar er vonandi að finna betri ákvæði um ýmis stjórnunarleg mál, eins og hvernig á að hátta endurskoðunum á reikningum bankans, eins og bankastjóri Landsbanka Íslands hefur nýlega lýst að vera þyrfti. Mér leikur hugur á að vita hvort það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að leggja þetta fram á þessu þingi

Herra forseti. Tíðindin af fjármálamisferli, gjaldeyrissvikum í sambandi við skipakaup, stórfelldum skattsvikum, ólögmætri gjaldeyriseign, okurlánastarfsemi og skipulögðum fjárdrætti hafa dunið yfir þjóðina á undanförnum vikum. Ég býst við að flestum Íslendingum þyki nóg komið. Menn hlýtur að setja hljóða við slík tíðindi og þau að vekja menn til umhugsunar um á hvaða leið við séum. Réttilega hefur verið á það bent, að verðbólgan á sjálfsagt sinn þátt í nokkrum af þessum málum, en hún er þó engin meginorsök. Þó að þessi mál hafi komist upp á verðbólgutímum eiga mörg þeirra rætur að rekja langt aftur í tímann, á meðan slíkt ástand var alls ekki sem nú er á Íslandi í þeim efnum. Staðreyndin er nefnilega sú, að því miður er það svo, að við Íslendingar höfum uppi ákaflega litlar varnir gegn þeirri tegund afbrota sem hér um ræðir. Löggæsla á þeim sviðum er miklu dýrari en almenn löggæsla og mikið vandaverk, og þar höfum við Íslendingar því miður sparað okkur til tjóns. En það er ekki aðeins að við höfum þar skorið fjármuni við nögl, heldur einnig vanrækt ýmis bein löggjafaratriði, þar sem hægt er að breyta löngu úreltri lagasmíð til samræmis við þá tíma sem við lifum á. Fyrirtækjalöggjöf á Íslandi er t. d. mjög úrelt, löggjöfin um starfsemi banka er úrelt, ýmislegt í bókhaldslögum hæfir ekki lengur, en við skulum ekki heldur gleyma því, að flest þessara brota hefðu komist upp miklu fyrr ef um virkari skattalögreglu hefði verið að ræða í landinu. Það er vissulega ástæða fyrir Alþ. til að hugleiða ekki aðeins það einstaka mál eða þau einstöku mál sem ég hef gert hér að umræðuefni, hvernig eigi að leysa fram úr þeim, heldur hitt, hvernig Alþ. sjálft sem stofnun og löggjafarsamkoma eigi að bregðast við þessum óheillatíðindum sem dunið hafa yfir okkur núna vikum saman.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég er ekki við því búinn hér og nú að veita svör við þeim fsp. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar hér fram. Ég hef ekki þær upplýsingar, sem hann bað um, á takteinum. Auk þess tel ég tæpast rétt að gefa slíkar upplýsingar nema að höfðu samráði við þá stofnun, sem hér á í hlut, Landsbanka Íslands. Ég mun hins vegar í stað koma þessum fsp. hv. þm. á framfæri við stjórnendur Landsbankans, landsbankastjórn og bankaráð, og óska þess, að þessir aðilar gefi þær upplýsingar sem þeir telja unnt að láta í té. Ég mun síðan birta hv. Alþ. skýrslu um þær jafnskjótt og þær hafa mér í hendur borist. Ég tel mjög eðlilegt að Alþ. vilji fylgjast með vissri hlið a. m. k. þessa máls. Það er þannig samkv. okkar stjórnlögum, að fjárstjórnarvaldið er í höndum Alþ., og þegar um er að ræða sjálfstæðar ríkisstofnanir, sem fara með í raun og veru veigamikinn þátt af fjárstjórnarvaldinu, þá eru þær að vísu ekki teknar upp í fjárlög, eins og allir hv. þm. vita, en sá háttur er hafður á, að Alþ. á að hafa sérstaka aðstöðu til þess að fylgjast með rekstri og málum þessara stofnana. Og það hefur verið gert um langa hríð nú með þeim hætti, að Alþ. kýs bankaráð og endurskoðendur.

Hvort ákvæði, sem bankaráðin lúta, eru að einhverju leyti úrelt orðin skal ég ekki taka til umr. hér. En ég tel að það geti verið eðlilegt, að ákvæðum um stjórn banka þurfi að breyta eftir því sem þörf krefur. Aðalatriðið er að þær reglur séu á þá lund, að það sé í raun og veru Alþ., sem hefur fullkomið færi á að fylgjast með þessum veigamiklu fjármálastofnunum íslenska ríkisins. En ég sé ekki á þessu stigi og að svo vöxnu máli ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en mun láta slíkt bíða þess, að ég get gefið þá skýrslu sem ég drap á áðan að ég mundi óska eftir að fá frá stjórnendum Landsbankans.

En í sambandi við þá fsp., sem hv. þm. bar fram, hvort vænta mætti frv. um nýja bankalöggjöf, þá vil ég segja það, að á næstu dögum mun verða útbýtt hér frv. til heildarbankalaga fyrir viðskiptabanka ríkisins. Það frv. var að sjálfsögðu samið áður en þetta sérstaka mál kom til og það hefur þess vegna ekki á neinn hátt orðið tilefni til þess frv. og það frv. er ekki sérstaklega við það miðað á neinn hátt. Án þess að ég fari nú að halda nokkra framsögu fyrir því frv., en læt það bíða þess tíma, að það verði lagt hér fram, þá get ég upplýst það, að í þessu frv. eru mun ítarlegri ákvæði um endurskoðun heldur en eru í núgildandi einstökum bankalögum. Jafnframt vil ég upplýsa það, að í þessu frv. er heimild fyrir bankaráð hvers banka til þess að ráða sérstakan starfsmann, sem sé starfsmaður þess, hafi aðgang og heimild til þess að fylgjast með öllu, er hann kýs í rekstri bankans, eftir reglum sem bankaráðið setur. Ég tel að þessi ákvæði séu til bóta, þó að ég ætli ekki, eins og ég sagði áðan, að fara að hafa uppi neinn málflutning fyrir því ákvæði hér. Að sjálfsögðu er það svo, að það er takmarkað hvað bankaráð hafa í reynd getað fylgst með rekstri banka að undanförnu a. m. k., eftir að bankastarfsemin varð svo mikil sem nú er.

Ég vil ekki blanda inn í þessar umr. Alþýðubankamáli. Ég mun alveg á næstunni leggja hér fyrir Alþingi skýrslu um stöðu dómsmála. Þar verður einmitt vikið að þessu máli, og ég kýs frekar í sambandi við það að gera grein fyrir stöðu þess.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. undirtektir hans. Hann hefur, hæstv. ráðh., heitið því að gefa okkur alþm. og þar með þjóðinni allri skýrslu um þetta mál. Ég tel að sjálfsögðu eðlilegt og nauðsynlegt að hæstv. ráðh. hafi um það samráð við þá sem rannsaka málið, hvað verður sagt, en ég fagna þessum undirtektum hæstv. ráðh. og tel

að þetta séu vinnubrögð, sem eigi að hafa undir svona kringumstæðum og raunar sé kominn tími til þess að með einhverju móti leggi Alþ. meiri áherslu á eftirlitshlutverk sitt heldur en það hefur gert að undanförnu.

Ég vil aðeins taka það fram, að Alþýðubankamálið tók ég aðeins sem dæmi, tilfærði það sem dæmi um hvernig ég teldi að ekki ætti að standa að rannsókn máls, hvað því viðvíkur hver hraði hefur verið á þeirri rannsókn. Ég tel það ekki æskilegt, hvorki fyrir einstakling né stofnun, að mjög lengi dragist að leiða til lykta rannsókn á meintu misferli af því tagi sem þar var um að ræða.

Ég hef ekki fleira um þetta að segja, herra forseti, en leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. enn og aftur fyrir undirtektir hans.

Sameinað þing, 23. jan.

Innflutningur á áfengi og tóbaki.

Skriflegt svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Kjartanssonar um innflutning á áfengi og tóbaki, á þskj. 131, afhent þm. 23. jan.

Þingmaðurinn spyr (1) hversu há umboðslaun séu greidd íslenskum erindrekum erlendra áfengis- og tóbakssala, hvernig sé eftirliti háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda og (2) hvernig sé tryggt, að umboðsmenn fái ekki greiðslur í gjaldeyri eða fríðu í trássi við íslensk lög. Þá spyr þingmaðurinn um það (3) hverjar hafi verið umboðslaunatekjur þeirra 20 íslensku aðila hvers um sig, sem hæst umboðslaun fengu 1976 fyrir innflutt áfengi og tóbak og hverjir þeir hafi verið.

Ráðuneytið leitaði eftir svari hjá gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands við fyrirspurninni og er það svo hljóðandi:

Seðlabanki Íslands

Reykjavík, 13. des. 1977.

Viðskiptaráðuneytið
Arnarhvoli

Í bréfi ráðuneytisins til Seðlabanka Íslands, gjaldeyriseftirlitsins, dags. 8. desember s. l., er óskað svara við spurningum varðandi umboðslaun íslenskra erindreka erlendra áfengis- og tóbakssala.

Í þessu sambandi vill gjaldeyriseftirlitið taka fram eftirfarandi:

1) Gjaldeyriseftirlitið flokkar ekki umboðslaunatekjur eftir eðli eða af hvers konar innflutningi þau eru tilkomin. Vér höfum tekið saman umboðslaunatekjur 17 helstu aðila, sem m. a. hafa umboð fyrir áfengi og tóbak, og reyndust þær vera um 200 millj. kr. á árinu 1976. Flestir umboðsmennirnir eru jafnframt með umboð fyrir aðrar vörur og fær gjaldeyriseftirlitið einu sinni á ári skýrslur þeirra um heildarumboðslaunatekjur. Í þessu sambandi hefur gjaldeyriseftirlitið bréflega samband við á milli 1 og 2 þúsund aðila árlega.
2) Að mati gjaldeyriseftirlitsins er á engan hátt tryggt, að greiðslur, sem þessir umboðsmenn fá, skili sér í íslenska gjaldeyrisbanka. Ekki hefur verið komið auga á leiðir, sem geri það tryggt að þessar tekjur komi að fullu til skila.
3) Af sömu ástæðum og greint er frá í lið 1) liggja ekki fyrir upplýsingar varðandi þessa spurningu.
4) Á árinu 1963 var opnuð sú leið fyrir innflytjendur almennt, að þeim var heimilað að verja umboðslaunum til kaupa á frílistavörum. Heildarskil gjaldeyris í þessu formi á s. l. ári námu 301 millj. króna. Að auki námu skil umboðslauna í erlendum gjaldeyri til bankanna 2216 millj. kr. á sama ári.

Gjaldeyriseftirlitið vill benda á, að upplýsingar varðandi 1. og 3. spurningu er hugsanlega hægt að fá hjá Skattstofunni í Reykjavík, en á s. l. vetri mun hún hafa gengist fyrir sérstakri athugun á umboðslaunatekjum vegna innflutnings á áfengi og tóbaki.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Gjaldeyriseftirlitið

Bj. Tryggvason S. Jóhannesson

Vegna niðurlags bréfs gjaldeyriseftirlitsins, var spurst fyrir um það í fjármálaráðuneytinu, hvort hugsanlegt væri, að skattayfirvöld gætu veitt svar við fyrirspurn háttvirts þingmanns.

Svar fjármálaráðuneytisins er svo hljóðandi:

Fjármálaráðuneytið

Reykjavík, 9. janúar 1978

Viðskiptaráðuneytið
Reykjavík

Vísað er til bréfs viðskiptaráðuneytisins, dags. 14. des. 1977.

Ekki hefur af hálfu skattayfirvalda verið unnin heildarskrá er flokki framteljendur í öllu landinu eftir því hvort þeir hafa tekjur af umboðsstarfsemi og því eigi hvernig skipa skuli þeim í röð eftir upphæð slíkra tekna. Skattstofan í Reykjavík hefur hins vegar borið saman innflutt magn áfengis og tóbaks og framtaldar umboðslaunatekjur þeirra framteljenda sem búsettir eru í Reykjavík og skráðir eru umboðsmenn.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson

Þessu til viðbótar tel ég rétt að benda á ákvæði 49. gr. laga um tekju- og eignarskatt, sem er svo hljóðandi:

„Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanefnd og nefnd samkvæmt 6. mgr. 48. gr. er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæð-

um almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag gjaldþegna.

Hið sama gildir um þá, er veita aðilum samkvæmt 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna."

Undanþágur frá þessum ákvæðum eru í 44. gr. að því er snertir upplýsingar til Hagstofu Íslands og gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands samkv. nýsettum lögum að því er varðar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum. Þá hefur Þjóðhagsstofnun undanþágu líka.

Ég tel að frekari tilraunir af hálfu viðskiptaráðuneytisins til að afla upplýsinga um efni fyrirspurnarinnar séu ekki líklegar til að bera árangur.

Sameinað þing, 38. fundur.

Þriðjudaginn 24. jan., kl. 2 miðdegis.

Raforka til grasköggla framleiðslu, fsp. (þskj. 26). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið langt síðan fsp. þessi var lögð fram, það var á fyrstu vikum þingsins í haust. Það er spurning í tveimur liðum: „Hvaða verð greiða grasköggla- og grasmjölsverksmiðjur fyrir raforku? — Hvert er hlutfall raforku í framleiðsluverði innlendra grasköggla?" — Skömmu síðar bárum við hv. þm. Helgi F. Seljan síðan fram aðra fsp. til hæstv. landbrh., einnig varðandi grasköggla, og leyfi ég mér, þar sem mér er ljóst að hæstv. ráðh. muni svara báðum þessum fsp., að gera grein fyrir þessari fsp. nú þegar. Hún hljóðar svo: „Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til þess að tryggja hagsmuni grasköggla verksmiðjanna vegna niðurgreiðslu efnahagsbandalagsríkjanna og þá Dana sérstaklega á verði fóðurbætis sem nú er til sölu hérlendis? — Hvað líður birtingu skýrslu um niðurstöður rannsókna á fóðurgildi innlendra grasköggla?"

Þessar fsp voru bornar fram á þeim tíma þegar hæstv. ráðh. var mjög önnum kafinn, komu síðan eigi upp aftur fyrr en undir aðsogið að afgreiðslu fjárlaga hér á þingi fyrir jól, og mér er fyllilega ljóst að það var ekki hæstv. ráðh að kenna a. m. k. að öllu leyti, að svo lengi hefur dregist að svara þessum fsp.

Ég tel að ekki sé minni þörf á því nú heldur en var þegar fsp. voru fram bornar að fá svör við þeim. Því er ekki að leyna, að hagsmunir þessara fyrirtækja, sem framleiða innlent kjarnfóður, snerta mjög hag bændastéttarinnar og framtíð íslensks landbúnaðar, og ég hygg að meiri hl. hv. þm. muni vera mér samdóma um það, að óviðunandi sé að landbúnaður okkar, eins og hann stendur, sé látinn taka á sig tímabundin áföll sem stafa af umframframleiðslu á kornvöru í sérstökum góðærum í hinum syðri löndum, sem síðan er reynt að koma út með óeðlilegu undirboði til þeirra landa sem þurfa á fóðurbæti að halda, en eru að reyna að koma sér upp innlendri kjarnfóðurframleiðslu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af þeim fsp., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. talaði hér fyrir áðan, vil ég segja það um þá fyrri, að það var rétt til getið, að svarið var tilbúið fyrir nokkuð löngu, því ég sé að efst á blaðinu stendur 29. nóv. En hann skýrði það, að aðrir hlutir gerðu að verkum að ekki komst í verk þá að svara þessari fsp., en það skal ég gera núna.

Árið 1976 var meðalverð, sem ríkisverksmiðjurnar fjórar greiddu fyrir raforku, kr. 12.65 fyrir hverja kwst. Samkvæmt því var hlutfall raforku í framleiðsluverði köggla 5.99% Heildsöluverð rafmagns frá Landsvirkjun er kr. 3.38 á kwst. Mismunur á heildsöluverði og smásöluverði er geysimikill. Hann liggur í dreifingarkostnaði, söluskatti, verðjöfnunargjald o. fl.

Á vegum Sambands ísl. rafveitna er unnið að athugun á hinum mikla verðmun milli heildsöluverðs og smásöluverðs. Þá starfar nú á vegum landbrn. n. við athugun á lækkun rafmagnskostnaðar til atvinnurekstrar í landbúnaði, og nær verkefnið m. a. til þess að fá lækkað rafmagnskostnað vegna grænfóðurverksmiðjanna og þurrheysverkunar yfirleitt. Þessi n. vinnur að þessum málum í samstarfi við ríkisrafveiturnar og iðnrn. Því miður get ég ekki skýrt frá niðurstöðu af verkum hennar nú, en að því er unnið að reyna að ná um þetta heildarsamkomulagi og taka þá einnig til heyblásara í þessu sambandi.

Þetta er það sem ég hef um þetta mál að segja. En um síðara málið, sem er á þskj. 58, hef ég nú því miður ekki upplýsingar hjá mér. En ég vil segja varðandi ráðstafanir þær, sem verið er að vinna að vegna grasmjölsverksmiðjanna vegna þeirrar óeðlilegu samkeppni, sem þær eiga nú í út af niðurgreiðslu á erlendum fóðurbæti, að því verki er ekki fullkomlega lokið enn þá. Það var hugmynd landbrn. að taka skatt af innfluttu kjarnfóðri til stuðnings við grænfóðurverksmiðjurnar, og þá mundi samkeppnisaðstaðan breytast jafnhliða. Hins vegar var það svo eftir ályktun Stéttarsambandsfundar og þess aukafundar, sem haldinn var í haust, að þar var gert ráð fyrir að verja þessu fé á annan veg, og þá drógum við nokkuð í land í því sambandi. Hins vegar hefur það aftur breyst, vegna þess að ekki hefur orðið úr þeim fyrirhugaða skatti sem þar var til umr. Ég hygg að ekki sé áhugi hjá forráðamönnum bændastéttarinnar nú fyrir því. En hins vegar hefur verið haldið áfram að vinna að heykögglaverksmiðjumálunum, og eru nú tilbúin í rn. tvö frv. í sambandi við þau, sem hins vegar hefur ekki verið gengið frá til fulls, ekki með greinargerð og þeim kostnaðarathugunum sem ég teldi nauðsyn bera til að gera áður en ég legði málið fyrir ríkissti. Það hefur verið rætt þar, en ekki með svo formlegum hætti, að það hafi legið fyrir hvernig þessar ráðstafanir, sem hugsaðar eru, verkuðu í sambandi við ýmsa þætti þessa máls.

Hins vegar er það alveg ljóst, að ekki verður

komist hjá því að veita heykögglaverksmiðjunum fjárhagslegan stuðning og ekki heldur hægt að hugsa sér að þær geti selt framleiðslu sína í þeirri samkeppni sem þær eiga nú við að stríða. Það er rn. ljóst, og að því er unnið að reyna að leysa vandann.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð varðandi samkeppnisaðstöðuna. Það eru ekki eingöngu niðurgreiðslur Efnahagsbandalagsins sem um er að ræða í þessu efni. Það er raunverulega um tvenns konar niðurgreiðslur og erfiðleika að ræða fyrir a. m. k. þá einu einkagrasköglaverksmiðju sem til er í þessu landi. Í fyrsta lagi er það niðurgreiðsla Efnahagsbandalagsins, í öðru lagi samkeppnin við ríkisverksmiðjurnar, sem hæði fá framlög á fjárlögum og þar að auki eru skattfrjálsar. Mig langar því til að spyrjast fyrir um það, hvort í þessari athugun ríkisstj. sem nú fer fram, fælist athugun á þessu sérstaka máli, vegna þess að auðsjáanlegt er að ríkisverksmiðjurnar hafa allt aðra samkeppnisaðstöðu heldur en þessi einkaverksmiðja sem rekin er uppi á Kjalarnesi og oft hefur verið minnst á hér. Hún á í sífelldum rekstrarörðugleikum og hlýtur að hafa allmiklu meiri kostnað við sína framleiðslu heldur en ríkisverksmiðjurnar hafa, m. a. vegna þess að skattaálögur eru á annan hátt. Þessir bræður sem reka þá verksmiðju, hafa gert það af miklum myndarskap og sóma og staðið sig með prýði. En ég sé ekki annað en aðstaða þeirra sé að verða nokkurn veginn vonlaus, ekki síst í baráttunni við niðurgreiddar vörur erlendis frá, en einnig vegna þess að stöðugt kemur stuðningur ríkisins við hinar verksmiðjurnar og þeim fjölgar og framleiðsla þeirra vex mikið. Þær hafa, eins og ég gat um áður, aðra möguleika með sinn kostnað heldur en þessi einkaverksmiðja hefur.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Vegna þess að það féll niður hjá mér áðan að geta um skýrslu um rannsóknir, sem hafa verið gerðar í sambandi við fóðuröflun á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, vil ég taka fram, að svar þar að lútandi fékk ég einnig í haust, en mér líkaði það ekki og endursendi og bað um fyllri skýrslu. Það er ástæðan fyrir því, að ég var ekki undir þetta búinn sem skyldi, að ég hef hana ekki í höndum. Ég skal gera ráðstafanir til að fá hana og láta hv. fyrirspyrjanda hana í té, og ef þess er óskað skal ég líka gera grein fyrir henni hér í þinginu. En mér fannst ekki tekin þar þau atriði sem ég hafði óskað eftir og þess vegna var beðið um að fá þessa skýrslu yfirfarna. Því miður hafði ég ekki hugsað um að reka á eftir því nú síðustu dagana.

Út af því, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykn., þá er það rétt, að það er ekki um minna vandamál að ræða við grasmjölsverksmiðjuna á Kjalarnesi heldur en hinar. Raunverulega er það ein þeirra sem stendur langbest að vígi. Það er sú elsta, sem er búin að koma sínum málum vel fyrir, verksmiðjan í Gunnarsholti. Allar aðrar eiga í miklum erfiðleikum, því að þó fjárframlög komi frá ríkinu hafa þau verið mjög takmörkuð. Þess vegna er nú stefnt að því að setja um þetta heildarlöggjöf og reyna að koma í veg fyrir að þessi atvinnurekstur þurfi að bíða hnekki. Það er alveg ljóst, að ganga verður frá þessum málum, eins og frekast er hægt, þannig að atvinnureksturinn sem slíkur geti borið sig. Það hefur jafnan verið mín skoðun, að ekki ætti að binda þetta við ríkið, heldur almennan atvinnurekstur, gætu verið einstaklingar og félagssamtök, og ég tel brýna nauðsyn bera til að einmitt bændasamtök, eins og búnaðarfélögin eða samvinnufélögin og þess háttar, verði aðilar að þessum ríkisverksmiðjum. Skoðun mín er sú, að eftir að sölumálin fara að verða verulegur þáttur, og þau verða meiri eftir því sem verksmiðjunum fjölgar þá þurfi að ganga betur frá en hefur verið gert. Ég skil vel og veit vel af erfiðleikum í þessum verksmiðjum almennt, það er alveg ljóst, og það er ekki hægt að una því, að erlendur fóðurbætir eyðileggi þennan iðnað. Það er líka reynsla, að þetta er hið besta fóður og mun standast að því leyti fullkomlega samkeppni.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans, hafði að vísu vænst þess að fá ítarlegri svör við seinni fsp., sem fram kom á þskj. 58. Svo hefur nú farið, að undirbúningi þessara mála hefur ekki verið flýtt meira en fram kom í ræðu hæstv. ráðh., að enn er ekki lokið undirbúningi þeirra ráðstafana sem ætlunin er að gera til þess að tryggja aðstöðu verksmiðjanna gagnvart erlendri undirboðssamkeppni. Það er náttúrlega lýðum ljóst, að hugmyndirnar um sérstakan skatt á innlendan fóðurbæti hafa blandast inn í umr. um verðlagsmál landbúnaðarins yfirleitt, sem eru í hinum megnasta ólestri vegna slælegrar frammistöðu ríkissti. og þá náttúrlega hæstv. landbrh. fyrst og fremst.

Fyrirætlun um notkun þess skatts til að greiða niður verð á innlendum fóðurbæti, til þess að bæta aðstöðu innlends fóðurbætis í samkeppninni við erlendan fóðurbæti niðurgreiddan, blandaðist inn í aðrar fyrirætlanir af hálfu hins opinbera um að nota fóðurbætisskatt til þess að draga úr framleiðslu á landbúnaðarafurðum, og þar mun nú hnífurinn standa í kúnni að verulegu leyti.

Það kemur fram hjá hæstv. ráðh., að að því er miðað að grænfóðurverksmiðjurnar eða grasköglaverksmiðjurnar fái raforku á hagstæðara verði heldur en nú er. Nær náttúrlega ekki nokkurri átt að verksmiðjur þessar, sem nota rafmagnið á þeim tíma þegar næg umframorka er, þurfi að greiða þessa orku, sem ekki er markaður fyrir að öðru leyti á þessum tíma, á hærra verði en t. d. aðilar erlendrar stóriðju þurfa að greiða fyrir orkuna hér á landi.

Ég hygg að menn séu sammála um það, að nauðsynlegt sé, eins og hæstv. ráðh. tók fram sem sína skoðun skilmerkilega, að tryggja það að erlendur fóðurbætisinnflutningur á undirboðsverði — þetta fyrirbæri: umframframleiðsla á korni erlendis — kippi ekki stoðum undan framframleiðslu á innlendu kjarnfóðri sem við vitum af reynslu að er samkeppnisfært við eðlilegar aðstæður bæði um verð og gæði.

Ég er ráðh. þakklátur fyrir að hann skyldi ekki

láta sitja við það að flytja okkur hér ófullnægjandi svar varðandi niðurstöður af rannsóknum á fóðurgildi innlendra grasköggla, heldur æskti eftir upplýsingum sem gætu orðið efni í gildara, marktækara svar um þessi mál. Nú það er alkunna, að reynsla bænda af grasköggunum hefur verið góð. Það hefur fóðrast af þeim, segja þeir, betur en af erlenda kjarnfóðrinu, hvort sem það stafar af því, að kögglarnir séu reyndar betra og kjarnmeira fóður að efnasamsetningu, eða hvort það stafar af því beinlínis, að búféð, sem étur þá, sé svona miklu verra að sér í næringarefnafræði heldur en ýmsir sérfræðingar, — e. t. v. svipað og ýmsir okkar, sem þrifumst mjög vel af búfjárafurðum þrátt fyrir allt, eins og t. d. ég og hv. þm. nafni minn Valgeirsson, en það er annað mál. Ég er sem sagt þakklátur hæstv. ráðh. fyrir að ætla nú í senn að láta okkur fá haldgóðar upplýsingar um þessi mál, og hvað sjálfan mig snertir mun ég láta nægja skriflega skýrslu sem síðan er hægt að koma á framfæri.

Inndjúpsáætlun, fsp. (þskj. 107). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég ber fram á þskj. 107 fsp. til hæstv. landbrh. um Inndjúpsáætlun. Fsp. er í tveimur liðum og hljóðar þannig:

„1. Hvað líður endurskoðun Inndjúpsáætlunar?

2. Hvaða rök eru fyrir því, að fjárveiting til síðasta árs áætlunarinnar er felld niður í frv. til fjárl. 1978?“

Þessi fsp. kom fram allsnemma á s. l. hausti.

Upphaf Inndjúpsáætlunar má rekja til frumkvæðis bænda við Ísafjarðardjúp í byrjun þessa áratugs. Hófst áætlunartímabilið árið 1974 og skyldi standa í 5 ár, til loka ársins 1978. Gert var ráð fyrir að áætlunin yrði endurskoðuð eftir því sem henni miðaði fram, en sú endurskoðun hefur ekki verið gerð og því er þessi fsp. borin fram nú. Meginmarkmið Inndjúpsáætlunar var að efla atvinnulíf svæðisins með því að stækka búin, gera þau rekstrarhæfari og treysta með því og auka búsetu á svæðinu. Byggðir Inndjúpsins höfðu goldið mikið afhroð í því fólksfækkunarfári er gekk yfir Vestfirði á áratugunum upp úr 1930. Á byggðasvæði því, sem áætlunin nær yfir, fækkaði íbúum á árabilinu 1930—1972 úr 711 í 399 eða um 56.1%. Á sama tíma varð hlutfallsleg fækkun á Vestfjörðum 24%, en fjölgun þjóðarinnar í heild hins vegar 93.6%. Þetta mun eitt gleggsta dæmið um hina hroðalegu byggðaröskun í landinu er varð á þessu tímabili.

Það er enginn vafi á því, að Inndjúpsáætlunin hefur þegar borið mikinn og gleðilegan árangur, og ber að þakka skilning ríkisvaldsins og þá ekki hvað síst landbrh., Halldóri E. Sigurðssyni, á nauðsyn sérstakra ráðstafana til að stöðva þá óheillaþróun er þarna átti sér stað. Svipaða sögu er raunar hægt að segja um Árnesáætlun í Strandasýslu, sem hófst árið 1975 og hefur gengið mjög vel. Inndjúpsáætlun hefur glætt bjartsýni og kjark fólksins, sem þarna býr, og trú þess á að búskapur við Djúp geti verið lífvænlegur ef rétt er á haldið, þótt búskaparskilyrði séu þar að ýmsu leyti erfiðari en víðast annars staðar á landinu. En þarna eru einnig mikilvæg hlunnindi: æðarvarp og fuglatekja, seltekja, lax- og silungsveiði, jarðhiti víða og virkjanlegt vatnsafl, sem þegar hefur verið nýtt í þágu Inndjúpsbyggða. Má benda á það til gamans hér, að fámennasti hreppurinn í Inndjúpi, Snæfjallahreppur, á elstu hreppsvirkjun á landinu, Mýrarárvirkjun, sem hreppsbúar reistu af eigin rammleik og hefur nú þjónað notendum sínum í meira en 10 ár. Það má líka taka til marks um áhrif Inndjúpsáætlunar, að á 2—3 síðustu árum hafa byggst upp á svæðinu þrjú eyðibýli með ungum og áhugasömum ábúendum; í Botni í Mjóafirði, Hafnardal á Langadalsströnd og Þvervík í Ögurhreppi. Sveitabýli á þessu svæði munu nú vera 45—50 talsins, en áætlunin náði upphaflega til 42 býla. Ég tel óhætt að fullyrða að þessi fjölgun hefði ekki komið til nema af því að Inndjúpsáætlun var í gangi.

En hverja sögu verður að segja eins og hún gengur. Þótt þessi áætlun hafi tvímælalaust haft jákvæð áhrif, þá hefur gengið á ýmsu með framkvæmd hennar og ekki verið staðið sem skyldi við þau fyrirheit sem gefin voru í upphafi. Landnámi ríkisins var falið að sjá um framkvæmdina, en því hefur jafnan verið fjár vant til að geta leyst hana af hendi sem skyldi. Árið 1975 færðist hún yfir á hendur ræktunarsambanda Djúpbænda, og nú hefur nýstofnað húsagerðarsamband ásamt með Austur-Barðstrendingum tekið að sér byggingarframkvæmdir fyrir bændur. Fé hefur skort til að standa straum af nauðsynlegri framkvæmda- og yfirstjórn og þar hefur ýmislegt verið lausara í böndunum en skyldi. Gengið var út frá því í upphafi, að Djúpbændur fengju 25% staðaruppbót á afurðaverð vegna aðstöðumunar. Þessi uppbót hefur í reynd orðið hæst 14.29%, en er nú komin niður í 7%. Benda má á í þessu sambandi, og þá helst þeim mönnum sem hafa upp á síðkastið gengið berserksgang í að níða niður íslenskan landbúnað, að ýmsar nágrannaþjóðir okkar ganga sýnu lengra en við í fjölþættri aðstoð til landbúnaðar í þeim landshlutum sem standa höllum fæti í byggðalegu tilliti. Þannig er t. d. í Norður-Noregi veittur 50% hærri styrkur til framræslu lands en annars staðar í landinu og fjölmargir styrkir, mismunandi háir eftir aðstæðum, til byggingaframkvæmda, kjarnfóðurs- og áburðarkaupa o. fl. Þarna er sem sagt beitt stjórnun á þróun landbúnaðar, sem mjög hefur skort á hjá okkur.

Þá er það einnig staðreynd nú á lokaári Inndjúpsáætlunar, að ræktunarþátturinn hefur orðið allmjög út undan og horfur eru á að ræktaður verði aðeins ⅕ hluti þess sem til stóð á áætlunartímabilinu. 44% af hlöðubyggingum eru horfur á að lokið verði, 51% af fjósum og 84% af fjárhúsum. Það er því ljóst, að mikið mun vanta á að áætlunin standist, og eðlilegt, að spurt sé: Hvað tekur við árið 1979? Munu bændur á Inndjúpssvæðinu ekki njóta áfram viðbótarfyrirgreiðslu frá Byggðasjóði og Stofnlánadeild, en Stofnlánadeildin hefur verið helsti fjárhagslegur bakhjarl áætlunarinnar? Verður hér horfið frá hálfloknu verki? Nauðsynlegt er að málið verði nú athugað og endurskoðað í upphafi þessa árs

til að eitthvað svigrúm sé til skynsamlegs samhengis á ákvörðunum. Almennir bændafundir við Djúp á s. l. sumri hafa ályktað mjög eindregið í þessa átt. Sérstaklega mun koma til með að vanta meira fé til að standa straum af auknum ræktunarframkvæmdum, eins og kom fram hér á undan.

Það hefur mikið verið talað um ofbeit í íslenskum sveitum og offramleiðslu landbúnaðarafurða. Þá má fullyrða að við Ísafjarðardjúp er hvorugu til að dreifa. Þvert á móti líða þéttbýlissvæðin við Ísafjarðardjúp utanvert, Ísafjörður og Bolungarvík, af stöðugum mjólkurskorti. Það er því augljóst mál, að hagkvæmt er og sjálfsagt að leggja allt kapp á aukna mjólkurframleiðslu í aðliggjandi landbúnaðarhéruðum, en draga að sama skapi úr rándýrum flugflutningum á mjólkurvörum frá öðrum landsfjórðungum. Flutningsgjaldið á lítra mjólkur í flugi á s. l. ári frá Reykjavík eða Akureyri var 43.76 kr. — 43.76 kr. á hvern lítra. En á árinu 1977 voru fluttir flugleiðis 183 þús. lítrar af mjólk og rjóma til Ísafjarðar. Flutningskostnaður á mjólk með Djúpbátnum á árinu 1977 var hins vegar 4.60 kr. á lítra, þ. e. a. s. úr Djúpinu til Ísafjarðar. Úr Dýrafirði og Önundarfirði er kostnaðurinn með bílaakstri og síðan Djúpbátnum 13.06 kr. á lítra. Bændur á Inndjúpssvæðinu hafa á undanförnum árum lagt vaxandi áherslu á mjólkurframleiðslu og hefur hún aukist verulega. Þannig var mjólkuraukning hjá Mjólkursamlagi Ísfirðinga á fyrstu 6 mánuðum ársins 1977 15%, en það mun vera langmesta aukning yfir landið allt. Þessa þróun verður að örva og styðja. Hagkvæmni þess liggur í augum uppi.

Um síðari lið fsp. — hvaða rök eru fyrir því, að fjárveiting til síðasta árs áætlunarinnar er felld niður í frv. til fjárl. fyrir 1978? — get ég verið stuttorð. Fjárveitingin kom inn í meðförum þingsins, 7 millj., en sú upphæð óbreytt hefur verið á fjárl. undanfarin ár, 5 millj. á fyrsta ári áætlunarinnar, lækkaði þó árið 1976 niður í 6.6 millj. Þessi fjárveiting, óbreytt í verðbólguþróun undangenginna ára, hefur auðvitað ekki hrokkið til mikilla stórræða, en þó verra að missa alveg af henni.

Ég leyfi mér að vera bjartsýn um jákvæð svör hæstv. landbrh. við meginefni fsp. minnar og grg. hér að framan um endurskoðun Inndjúpsáætlunar og framlengingu hennar með einum eða öðrum hætti. Mér sýnast öll rök hníga að því, að hér megi ekki láta staðar numið, og ég hlýt að benda á að hinum ýmsu félagslegu þáttum, sem áætlunin fól í sér upphaflega, hefur lítt eða ekki verið sinnt. Samgöngumálin eru þar sérkapituli. Engu að síður vil ég endurtaka þakkir mínar fyrir það, sem hér hefur verið vel gert í þágu byggðarlags sem líklega flestum byggðarlaga fremur hefur átt í vök að verjast, en virðist nú sjá fram á nokkru bjartari tíð.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 107 er fsp. frá hv. 9. landsk. um Inndjúpsáætlun og fyrri liðurinn: Hvað líður endurskoðun Inndjúpsáætlunar? Því er til að svara, að landbúnaðarmálin eru nú í endurskoðun í heild. Ekki er því mögulegt að taka út úr einstaka liði. Fleiri svæði, sem má telja líkt ástatt um og Inndjúpið og e. t. v. verr, þurfa að koma til skoðunar samhliða Inndjúpsáætluninni. Þegar er búið að gera mikið átak í skipulagsmálum í landbúnaði með framkvæmdum í Inndjúpi og Árneshreppi á Ströndum. En til viðbótar þessu hafa verið tekin ný svæði og í því sambandi vil ég nefna vestursvæði Mýrasýslu, meginhluta Hnappadalssýslu, enn fremur hreppa í Dalasýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og víðar, sem hafa verið teknir inn í heildaráætlun um þessi mál. Að því er nú unnið og er nú langt komið að skila skýrslu um þessi svæði og hugsanlegum leiðum þar til úrbóta. Árneshreppur á Ströndum var með í þessu og er sá fyrsti sem hefur verið afgreiddur. Enn fremur er hreppur í Vestur-Húnavatnssýslu sem ég man eftir í bili. Þess vegna er hægt að svara þessu með því, að að þessari endurskoðun er unnið ásamt gerð byggðaáætlunar fyrir fleiri svæði en Inndjúpið.

2. liður svaraði sér nokkurn veginn sjálfur, en þar er spurt, hvernig standi á því að niður hafi verið felld í frv. til fjárl. fyrir 1978 fjárveiting til Inndjúpsáætlunar. Um það mál er það að segja, að í till. landbrn. var gert ráð fyrir 7 millj. kr. vegna Inndjúpsáætlunar. Í meðferð fjmrn. og hagsýslunnar við undirbúning fjárlagafrv. var þetta skorið niður í 3 millj. 250 þús. kr. til sérstakra verkefna. Þar undir átti að vera Hólsfjallaáætlun, sem er einnig í gangi og var farið fram á 9 millj. vegna hennar. Í meðferð fjvn. Alþ. var þessi fjárhæð til Inndjúpsáætlunar hækkuð í 7 millj. kr. og er ég n. þakklátur fyrir það. Ég held að hún hafi einnig litið til þess að greiða á einhvern hátt úr Hólsfjallaáætlun, og vonast ég til að það komi til framkvæmda á þessu ári. Um frekari fjárveitingar var ekki að ræða að þessu sinni og hef ég því ekki meira um málið að segja.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans. Ég dyl ekki vonbrigði mín yfir hvernig þau hljóðuðu: Að landbúnaðarmál öll væru í endurskoðun í heild, það veit ég fullvel. Inndjúpsáætlun yrði ekki tekin þar sérstaklega út úr. Ég geri mér líka fullvel grein fyrir að það eru önnur svæði á landinu, sem þurfa sérstakrar aðstoðar við. Ég hygg þó, eins og ég tel að hafi komið fram í máli mínu áðan, að norðanverðir Vestfirðir hafi þarna allgreinilega sérstöðu. Það fóru í eyði algerlega tveir nyrstu hreppar nir, Sléttuhreppur og Grunnavíkurhreppur, og það voru allar horfur á að þannig kynni að fara einnig með Ísafjarðardjúp. Góðu heilli varð það ekki. Og ég vil nú lýsa því yfir, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að t. d. þeim aukalánum frá Stofnlánadeild sem hafa borið uppi framkvæmdir bænda við Djúpið, sem þeir eiga fullt í fangi með að standa undir, verði ekki haldið áfram. Ég fullyrði að það verður bændum of þungbært ef þessum lánum verður kippt fyrirvaralaust til baka. Ég vil því vænta þess, að hér verði áfram haldið. Ég veit að hæstv. ráðh. hefur fullan vilja til þess. Ég endurtek, að ég tel illa farið ef þessi áætlun, sem má segja að hafi verið staðið myndarlega að, þó að fjárframlög hafi verið í knappara lagi,

og ég trúi því ekki, að þarna verði skilið við þannig að bændur standi uppi í vandræðum og e. t. v. flosni upp af búum sínum vegna ónógrar aðstoðar opinberra lánaaðila.

Landshafnir, fsp. (þskj. 107). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Á sama þskj. og ég var með áðan, 107, hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. sem hljóðar þannig:

„1. Er ekki tímabært að afnema gildandi lög um landshafnir?

2. Hver hafa verið framlög ríkisins til hinna þriggja landshafna frá upphafi?

3. Hver hafa verið, á sama tíma, framlög ríkisins til almennra hafna á landinu?"

Á 97. löggjafarþingi, árið 1976, flutti ég ásamt fjórum öðrum þm. úr öllum hinum þingflokkunum till. til þál. um að ríkisstj. stæði fyrir könnun og ítarlegri athugun á stöðu hafnarsjóða í landinu. Þessi könnun átti að taka til hlutdeildar ríkisins í stofnkostnaði hafnarmannvirkja, mismunandi aðstöðu hafna vegna náttúruskilyrða, arðsemi hafna með tilliti til framleiðslu- og verðmætasköpunar, og síðasti liðurinn hljóðaði um það, að athugunin skyldi fela í sér endurskoðun á lögum um landshafnir. Skyldu niðurstöður af athugun þeirri liggja fyrir við upphaf næsta þings.

Till. þessi hlaut ekki afgreiðslu. En endurskoðun sú á lögum um landshafnir, sem niðurlagsgrein hennar fól í sér og fsp. mín nú beinist að, hefur lengi legið í loftinu án þess að nokkuð hafi mér vitanlega verið ákveðið þar um. Og því er 1. liður fsp. minnar kannske nokkuð hvatskeytilega orðaður, að mér finnst tími til kominn að hrökkva eða stökkva í þessu efni.

Í grg. með fyrrgreindri þáltill. var staldrað sérstaklega við landshafnirnar þrjár. Þorlákshöfn, Keflavík-Njarðvík og Rifshöfn á Snæfellsnesi. Vil ég, með leyfi forseta, lesa upp þennan smákafla úr grg., því að hann felur í sér að efni það sama og ég hef um þetta að segja í dag.

„Sérstök lög gilda um hverja landshöfn fyrir sig, en öllum er þeim það sameiginlegt, að ríkissjóður stendur að öllu leyti bæði undir stofnkostnaði hafnanna og rekstrinum einnig, svo lengi sem lögin eru í gildi. Það skal ekki dregið í efa, að brýna nauðsyn hafi á sínum tíma borið til að ríkisjóður hlypi svo myndarlega undir bagga með þeim byggðarlögum er þarna eiga í hlut. Þannig má t. d. ætla að eldgosið í Heimaey hafi aukið nokkuð á þrýsting um auknar framkvæmdir í Þorlákshöfn. Vandséð er engu að síður hvernig nokkur skynsemi eða réttlæti mæli með því, að þessar þrjár hafnir einar allra íslenskra hafna búi um aldur og ævi við slík forréttindi og þá um leið óhjákvæmilega á kostnað allra hinna sem berjast í bökkum og eru raunar sumar hverjar bókstaflega að sliga viðkomandi sveitarfélög. Elstu landshafnarlögin, um Rif á Snæfellsnesi, eru nú orðin rúmlega aldarfjórðungsgömul. Lögin um Keflavík-Njarðvík eru 20 ára og Þorlákshöfn 10 ára. Á fjárl. þessa árs (þ. e. a. s. 1976) nemur framlag ríkisins til almennra hafna yfir allt landið 675 millj. kr. að viðbættum 10 millj. til ferjubryggja. Framlag til landshafnanna þriggja ásamt afborgunum af lánum til þeirra nemur hins vegar rúmum 600 millj., þar af 375 millj. til Þorlákshafnar einnar. Hér er um svo augljóst misvægi að ræða, að óþarfi er að fjölyrða frekar um það, en því meiri ástæða til að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar með breytingu fyrir augum."

Þetta var sem sagt árið 1976. Á nýjum fjárl. þessa árs eru veittar 1170 millj. kr. til framkvæmda við 49 almennar hafnir, en tæpar 200 millj. til landshafnanna þriggja auk 80 millj. til afborgana af lánum þeirra vegna, samtals 275 millj. Hlutfallið er nú greinilega ekki eins óhagstætt almennu höfnunum. Hin feikimikla fjárþörf landshafnanna hlýtur að sjálfsögðu einhvern tíma að taka enda og er því fyllilega eðlilegt að spurt sé, hvort ekki sé tímabært að afnema þá sérstöku löggjöf sem um þær gilda í dag.

Fyrir 2. og 3. lið fsp. þarf ég ekki að gera sérstaka grein.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 107 er fsp. frá hv. 9. landsk. um landshafnir. Ég leyfi mér að vona að hæstv. forseti hafi ekki við það að athuga, þó að út frá réttu formi sé brugðið og ég víki aðeins að upphafi landshafna, áður en ég svara fsp., og tel mig hafa það leyfi, ef ekki verður aths. við það gerð af hæstv. forseta.

Áður en þessari spurningu er svarað er rétt að rekja í stuttu máli forsögu landshafnanna, en þær eru nú 3 af 70 höfnum alls sem til hafna er hægt að telja. Þessar þrjár landshafnir eru Keflavík-Njarðvík, Rif á Snæfellsnesi og Þorlákshöfn. Gildandi lög um þær eru nr. 23/1955 um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, nr. 31/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, og nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn. Lögin um landshöfn í Keflavík og Njarðvík voru upphaflega sett árið 1946 og landshafnahugmyndin er þannig meira en 30 ára gömul.

Þegar lögin um landshöfn í Keflavík — Njarðvík voru samþykkt voru höfuðrökin fyrir því, að engin lokuð fiskihöfn væri til á Reykjanesi, þaðan væri hins vegar allskammt á góð fiskimið og þangað sækti fjöldi aðkomubáta, ekki væri hægt að ætlast til að eitt sveitarfélag stæði þannig undir hafnargerðarkostnaði að verulegu leyti við höfn sem þjónaði fleiri stöðum. Það kom og til, að á þessum tímum greiddi ríkissjóður minna til almennrar hafnargerðar en nú er, eða um 40%, samkv. lögum sem samþykkt voru sama ár og fyrstu landshafnalögin, en áður hafði ríkissjóðsframlagið verið enn lægra. Hugmyndin um landshöfn við sunnanverðan Faxaflóa var þó í raun og veru eldri og mun fyrst hafa verið rædd á Alþ. 1938 eða 1939. Hún var ekki heldur einskorðuð við þennan landshluta einan, heldur komu einnig fram till. um og eftir 1945 um landshöfn á Snæfellsnesi, Þorshöfn og Höfn í Hornafirði. Þær till. náðu ekki fram að ganga. Sýnir það að þm. voru nokkuð hikandi við að fara þessa leið. Voru hugmyndir um landshafnir á Þorshöfn og Höfn í Hornafirði þar með úr sögunni. Hins vegar var frv. um landshöfn í Rifi samþykkt á Alþ. 1951 og að miklu leyti með svipuðum

rökum og áður um Keflavík-Njarðvík. Frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn kom svo fram á 86. löggjafarþingi, 1965—1966, og var samþ. þá. Rökin voru að nokkru leyti hin sömu og áður, en þó að hluta til önnur og skal það ekki rakið frekar.

Á aðalfundi Hafnasambands sveitarfélaga fyrir rúmlega einu ári var þetta mál mikið til umr. og skorað á yfirvöld að endurskoða lög um landshafnir með það fyrir augum að afnema þau og láta almennu hafnalögin gilda um landshafnirnar sem aðrar hafnir. Hefur málið síðan verið til gaumgæfilegrar athugunar í samgrn. Hins vegar eru á því ýmsar hliðar sem gera það að verkum, að ekki er hægt að svara spurningum hv. alþm. einfaldlega með jái eða neii. Hins vegar get ég fullvissað hv. alþm. um að könnun rn. verður haldið áfram og niðurstaða hennar verður gerð kunn þegar hún liggur fullkomlega fyrir.

Með þessum hætti tel ég mig hafa svarað 1. lið þessarar fsp. frá hv. 9. landsk. Ég geri ekki ráð fyrir, að frv. til breytinga á þessum lögum verði lagt fram á þessu þingi.

2. liður fsp. er: „Hver hafa verið framlög ríkisins til hinna þriggja landshafna frá upphafi?" Því er til að svara, að bein framlög ríkissjóðs til landshafnanna þriggja hafa samtals numið rúmlega 1649 millj. kr. Þar af er langmest til Þorlákshafnar, 1386 millj. kr. Auk þess hefur ríkissjóður greitt afborganir og vexti af lánum til landshafnanna. Nema þær greiðslur samtals 711 millj. kr. Nema þá framlög ríkissjóðs til landshafnanna alls 2 milljörðum 360 millj. kr. eða sem næst 600—700 millj. kr. umfram það, sem væri, ef þessar framkvæmdir nytu 75% framlags eins og almennar hafnarframkvæmdir. Þessar tölur eru miðaðar við s. l. áramót, en þá námu skuldir landshafnanna til langs tíma 128 millj. kr. að nafnverði, en það jafngildir með vísitöluuppfærslu 387 millj. kr., einnig miðað við síðustu áramót.

3. liður fsp. er: „Hver hafa verið, á sama tíma, framlög ríkisins til almennra hafna á landinu?" Upplýsingar um þetta atriði er að sjálfsögðu að finna í árlegum ríkisreikningum. Hef ég ekki séð ástæðu til að láta vinna þær tölur upp, enda vandséð hvernig þær snerta kjarnann í þessari fsp., sem fram kemur í fyrstu spurningunni. Um svar við þessari spurningu vísast því til ríkisreikninga þessi tímabil sem um er spurt. Ég sé því ekki ástæðu til að hafa þetta svar mitt lengra.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Mér komu ekki á óvart ummæli hans um að þessi mál hefðu lengi verið í ítarlegri athugun. Mér var í rauninni kunnugt um það, en vildi með fsp. minni heldur herða á því, að þarna yrði tekin lokaákvörðun og þá í þá veru sem fsp. gefur tilefni til að verði gerð, þ. e. a. s. að þessi lög, sérlög um landshafnir, verði afnumin. Ég vil enn einu sinni leggja áherslu á það, að ég mælist undan því að ég sé með þessum aths. mínum að gera mig seka um einhverja öfund eða rýg í garð þeirra byggðarlaga sem þarna eiga í hlut. Eins og ég sagði áðan, veit ég að þarna var þörfin sérstaklega mikil og allar aðstæður þannig að sérstaks átaks var þörf. En maður hefur oft spurt sjálfan sig að því, hvort þetta landshafnafyrirkomulag gæti ekki það sem við á slæmu máli köllum „róterað", að það yrðu teknar fyrir ákveðnar hafnir, sem erfiðast eiga, og ríkið gerði þar sérstakt átak, álíka og gert hefur verið í þessum þremur landshöfnum.

Nú eru náttúruskilyrði hafna ákaflega misjöfn, og mér sýnist að furðulítið tillit hafi verið tekið til þess í fjárveitingum til almennu hafnanna. Það er sagt, að því er mér sýnist, í skýrslu Gylfa Ísakssonar um fjárhag og gjaldskrá hafna, sem var lögð fram á síðasta fundi Hafnasambands sveitarfélaga, að hagur almennra íslenskra hafna færi heldur batnandi, og er það vissulega gleðiefni. Þó staðhæfir hann að um aðeins 10 almennar hafnir af um 60 höfnum hafi nokkurn greiðsluafgang sem geti gengið til viðhalds og endurbóta á mannvirkjum. Hinar eru allar annaðhvort nokkurn veginn sléttar eða með skuldabagga á herðunum sem hafa verið viðkomandi sveitarfélögum ákaflega þungbærir.

Tölur þær, sem hæstv. ráðh. gaf upp í svari við 2. og 3. lið fsp. minnar, koma ekki heldur á óvart. Ég hafði svona upp á eindæmi reynt að afla mér nokkurra upplýsinga um það, og kemur það heim og saman að sjálfsögðu við það sem hæstv. ráðh. segir um landshafnirnar. Þó er sú tala, sem ég fékk frá Hafnamálastofnun, heldur lægri. Ég hef þar 2138 millj., en ráðh. talaði um 2300 millj. til landshafna frá upphafi. En sú tala, sem mér var gefin upp um framlag til almennu hafnanna, 50—60 talsins, á móti 3 höfnum, er hins vegar 4 milljarðar 24 millj., þ. e. a. s. framlög á þessu ákveðna tímabili til þriggja landshafna eru meira en helmingur af framlögum til allra hinna hafnanna samanlagt. Þetta er óneitanlega dálítið kyndug útkoma, þó að ég viti að ef við förum í landshafnirnar þrjár og sjáum þær, þá þarf engan að undra þó að mikið fé hafi farið til þeirra, því þetta eru vegleg mannvirki.

Ég kemst ekki hjá því að nefna í þessu sambandi Þorlákshöfn, sem ég var svo heppin að fá að vera við vígslu á fyrir tveim árum. Þar var, þegar vígslan fór fram, ofboðlítið skarð í varnargarð sem var áætlað að mundi kosta um 100—150 millj., að mig minnir. Ég bið afsökunar ef ég man töluna rangt, og varnargarðurinn bak við hafnargarðinn kom á næsta ári. Vestur á Bolungarvík er brimbrjótur við eina erfiðustu höfn landsins. Norðvestanstormarnir og brimin þar gefa örugglega ekki eftir brimunum í Þorlákshöfn. Sá hafnargarður er búinn að standa óvarinn frá upphafi, og Bolvíkingar segjast ekki einu sinni minnast á að það sé gert, því það er svo margt annað í höfninni sem þarf að sitja fyrir. En í norðvestanveðrum er mannhættulegt að vera á ferli á þessum hafnargarði og skip að sjálfsögðu, sem liggja þar við höfnina, eru í stórkostlegri hættu. En svona er nú þetta. Ég tek þetta dæmi ekki endilega af því að það er í mínu kjördæmi, heldur af því að ég veit að margar almennu fiskihafnirnar, sem skapa okkar aðalþjóðarverðmæti, eiga í vök að verjast vegna ófullkominna aðstæðna. Þess vegna er það, að maður bíður

eftir því nokkuð langeygur, að fé á við það, sem veitt hefur verið til landshafnanna í svo stórum stíl, renni í framtíðinni í meira mæli til almennra hafnargerða úti um landið.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 9. landsk., vil ég segja það, að ég lít svo á þessar hafnir, að þær hafi ekki öðru hlutverki að gegna heldur en almennar fiskihafnir hafa. Hins vegar held ég að öllum sé ljóst, að það hefði verið ofætlun að ætla litlu sveitarfélagi eins og því, sem stendur að Þorlákshöfn, að byggja upp þarna hafnarmannvirki, og raunverulega er þetta eina hafnarmannvirkið á suðurströndinni allri sem er nothæft.

Það er afskaplega sjaldgæft — og maður verður hálffeiminn ef það kemur fyrir — að manni séu send þakkarbréf, því venjulega er það hið gagnstæða sem skilar sér. En það gerðist í upphafi þessa árs, að ég fékk bréf frá formanni hafnarstjórnarinnar í Þorlákshöfn. Hann sagði að ef ekki hefði verið tekin sú ákvörðun að fylla upp í skarðið sem var í varnargarðinum í höfninni þegar vígslan fór fram og ekki var búið að gera, en var ákveðið að gera þá strax og var haldið áfram við, þá hefði sama óhappið og ekki minna orðið í Þorlákshöfn og varð á Eyrarbakka og Stokkseyri. Ég held að þeir fjármunir, innan við 100 millj. eða eitthvað slíkt, sem fóru í þetta séu fullkomlega búnir að skila sér og meira en það.

Ég held því, að ef á að fara að breyta lögunum um landshafnir, sem ég vil ekki fullyrða um, þá verði hv. þm. að gera sér grein fyrir því, með hvaða hætti það á að gerast. Ég veit ekki annað um athugun á þessu heldur en það sem hefur verið gert í samgrn. s.l. ár, og það eru margar ákvarðanir sem þarf að taka ef ætti að breyta þessu formi.

Ég vil líka segja það, að þó nokkuð margar hafnir á landinu, sem eiga einna erfiðast, hafa fengið framlag upp í 90%. Til þess er heimild í hafnalögum í gegnum Hafnabótasjóð, og það hefur verið gert. Ég veit það líka að Bolungarvík er erfitt hafnarsvæði, eins og suðurströndin er, og svo er víðar. En mér er líka kunnugt um það, að lítið hefur verið til þeirrar hafnar á löngu árabili af mörgum aðilum, enda ekki undarlegt, þar sem um er að ræða byggðarlag sem lifir á sjávarútvegi, eins og Bolungarvík gerir, og engin ástæða til að hafa þar nein orð um. En sem betur fer höfum við aukið framlag til hafnamála. Nú eru 75% hin algilda regla, en getur orðið 90%. Það er farið að leggja miklu meiri vinnu í að undirbúa hafnargerðir en áður hefur verið gert. T.d. er sú vinna, sem Hafnamálastofnunin hefur lagt í módelgerðir af mörgum höfnum nú á síðustu árum, stórmerkileg og mun eiga eftir að breyta hafnarframkvæmdum verulega frá því sem áður var. Yfir þessu ber að gleðjast. Og ég efast ekkert um það, að auðvitað þyrftum við að fá meira fé í okkar hafnargerðir eins og í aðrar framkvæmdir. En það hefur verið verulega bætt þar úr og er unnið áfram að því að svo verði, og það sem mest er um vert, að það er farið að leggja miklu meiri vinnu í að rannska og undirbúa hafnargerðirnar en áður hefur verið. Þess vegna munu fjárveitingar, sem í það fara, skila sér í ríkum mæli.

Ferðamálasjóður, fsp. (þskj. 107). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á s. l. ári bar ég fram á þskj. 107 er svo hljóðar:

„Hvaða ráðstafanir hyggjast stjórnvöld gera til að rétta við fjárhag Ferðamálasjóðs?“

Ferðamálasjóður var stofnaður með lögum um ferðamál frá 1964. Hlutverk hans var og er að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem bestar móttökur og aðbúð. Nú eru ákvæði um Ferðamálasjóð í V. kafla laga nr. 60 frá 1976. Segir þar að Ferðamálasjóður sé stofnlánasjóður þeirra starfsgreina sem ferðaþjónusta einkum byggist á. Sjóðnum ber að stuðla að þróun íslenskra ferðamála með lánveitingum. Framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs var í fyrstu ákveðið eigi lægra en 1 millj. kr. á ári. Nú er það ákveðið eigi lægra en 40 millj. kr. Á s.l. ári mun það þó aðeins hafa numið 25 millj. samkv. bráðabirgðaákvæði í lögunum frá 1976. Auk þess eru lántökuheimildir í lögunum að fengnu samþykki ríkisstj.

Undanfarin ár hefur fjárhagur Ferðamálasjóðs verið mjög bágborinn. Hvort tveggja er, að ráðstöfunarfé sjóðsins hefur verið af mjög skornum skammti miðað við þörf og eftirspurn og hann hefur neyðst til að lána það viðskiptamönnum sínum með mjög óhagstæðum lánakjörum og fullri verðtryggingu. Hafa lántakendur því af þeim sökum lent í óbærilegum vanskilum við sjóðinn og málefni þeirra og hans því öll lent á hverfanda hveli. Brýn þörf er að greiða úr þessum vanda nú þegar ef sjóðurinn á að verða fær um að sinna hlutverki sínu sem eini stofnlánasjóður stöðugt vaxandi atvinnugreinar. Því er spurt: „Hvaða ráðstafanir hyggjast stjórnvöld gera til að rétta við fjárhag Ferðamálasjóðs?“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þessi fyrirspurn frá hv. 2. þm. Vesturl. er á því þskj. sem þær voru hinar sem ég hef verið að svara nú, og svarið var líka tilbúið á s.l. ári, en er þó greint hér með þeim breytingum, sem á því hafa orðið.

Ferðamálasjóður var stofnaður með lögum um ferðamál frá 1964. Hann hefur notið frá upphafi nokkurs framlags á fjárlögum. Þetta framlag var aukið verulega með nýjum lögum um skipulag ferðamála sem tóku gildi á árinu 1976. Óafturkræft framlag ríkissjóðs á fjárlögum fyrir 1978 er 40 millj. kr., en var, eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, 25 millj. á árinu 1977. Umfram ríkisframlag hefur Ferðamálasjóður aflað sér fjár til útlána með sérstökum lántökum, fyrstu árin með erlendum lánum sem voru svo endurlánuð með gengistryggingu. Lántakendum þóttu þessi lán afar erfið í endurgreiðslu vegna þeirra tíðu og stóru gengisbreytinga sem þá áttu sér stað. Var þá m.a. af þeim sökum

farið meira inn á þá braut að taka innlend lán til að endurlána, og fylgdi þeim þá vísitölutrygging. Þessi lán hafa á síðustu árum reynst lántakendum þung í skauti, en það skal fram tekið, að endurlánveitingin var auðvitað háð því, að sjóðurinn varð að lána með svipuðum kjörum og hann aflaði sér fjár því að öðrum kosti gekk á hann í þessu sambandi. Hins vegar hafa þessar erfiðu innheimtur og mikil vanskil þar af leiðandi verið fastur fylgifiskur sjóðsins. En ekki er hægt að líta fram hjá því, að rekstur gistihúsa og veitingahúsa, sérstaklega utan Reykjavíkur, má ekki við miklum fjármagnskostnaði. Reynt hefur verið að greiða fyrir uppbyggingu þessara húsa um allt land, þar sem nauðsyn ber til að þau séu, og þá hefur ekki nærri alltaf verið unnt að leggja bein arðsemisjónarmið til grundvallar. Það eykur líka á erfiðleika þessa rekstrar, að mörg þessara fyrirtækja er aðeins hægt að hafa opin yfir háannarið. Sérstakar ráðstafanir til að bæta úr vanskilum við sjóðinn hafa nú í nokkurn tíma verið í nákvæmri athugun á vegum Ferðamálaráðs og Samvinnubankans. Þar sem till. þessara aðila liggja ekki fyrir enn sem komið er, þá er ekki hægt að skýra frá þeim að svo stöddu, en ég vona að þær séu ekki langt undan.

Nokkrar ráðstafanir hafa nú þegar verið gerðar til þess að bæta lánakjör sjóðsins. Verðtryggingu nýrra lána á s. l. ári, 1977, var þannig breytt úr því að vera 100% í 50%, og ekki er annað hægt að segja en að því sé verulegur hagur fyrir lántakendur. En á hinu verður að hafa aðgát, hvað sjóðurinn þolir í þeim efnum. Hin stóraukna fjárhæð, sem lögð er fram árlega á fjárlögum samkv. nýjum ferðamálalögum, hlýtur einnig að bæta hag sjóðsins og hafa í för með sér stóraukna lánveitingar, og samkv. lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir að Ferðamálasjóður hafi alls til útlána um 240 millj. kr. Er það langt umfram það sem verið hefur. Af þeim eru 25 millj. eigin fjármögnun, 40 millj. framlag úr ríkissjóði á fjárlögum og 175 millj. kr. vegna lánsfjáráætlunar. Þannig eru meiri möguleikar til lánveitinga úr Ferðamálasjóði á yfirstandandi ári heldur en hefur verið nokkru sinni fyrr. Það er þannig verið að vinna að málefnum sjóðsins og góðar horfur á að hægt verði að koma starfsemi hans á traustari grundvöll og gera útlán sjóðsins viðráðanlegri en þau hafa áður verið, án þess þó að ég vilji nú gefa mikil fyrirheit þar um, því auðvitað verður, jafnhliða því sem litið er á hag lántakandans, að líta á hag lánveitandans.

Þetta svar vona ég að nægi fyrirspyrjanda við fyrirspurn hans.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég átti á sínum tíma sæti í n. sem hæstv. samgrh. skipaði til þess að athuga rekstur gisti- og veitingahúsa sem urðu að hafa opið að vetrinum vegna þjónustu við ferðamenn. Þessi n. gerði allumfangsmikla könnun og niðurstaða þeirrar könnunar leiddi það í ljós, að flestöll þau veitingahús og hótel, sem höfðu tekið þessi gengistryggðu eða vísitölutryggðu lán, áttu í mjög alvarlegum erfiðleikum.

Það var meginatriði í álitsgerð þessarar n., að það mætti til að hlaupa undir bagga með þessum veitingahúsum og greiða fyrir þeim þannig að þetta lánsfé, sem þau áttu aðgang að, yrði þeim ekki beinlínis fjötur um fót. En því miður virtist okkur að þau veitingahús, sem höfðu með einhverjum ráðum tekist að komast hjá því að taka þetta dýra lánsfé, flytu miklu betur.

Við bentum m. a. á leiðir til þess að afla þessa fjár, því að auðvitað eru peningarnir í þessu tilfelli afl þeirra hluta sem gera skal og Ferðamálasjóður vanmegnugur að breyta þessum gömlu lánum til þeirrar áttar sem við töldum viðunandi fyrir lántakendur. Nokkrar leiðréttingar hafa verið gerðar á nýjum lánskjörum og það ber að þakka. En það er ófullnægjandi, því að það eru gömlu lánin sem tútna út og menn eru að berjast með í vanskilum og við mjög erfiðar aðstæður. Þau valda erfiðleikum sem ekki er unandi við.

Ég vil minna á að nú er svo komið, að í Austur-Húnavatnssýslu er hvergi gistihúsaþjónustu að fá á þessum vetri, og lánskjör og kringumstæður eins og Ferðamálasjóður hefur skapað viðskiptavinum sínum er eðlilega til þess að skapa veitingamönnum stóraukinn vanda.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, fagna því að sérstakar ráðstafanir eru nú í athugun, eins og kom fram af svari hans, nokkrar ráðstafanir þegar gerðar, svo sem að færa verðtryggingu úr 100% niður í 50%, sem þakka ber vissulega, og stórauknar lánveitingar í vændum á þessu ári og verið að vinna að málefnum sjóðsins. Allt þetta þakka ég og vona að því verði fylgt fast eftir.

Við vitum öll að á Íslandi eru ferðamál ung atvinnugrein. Margháttaðir erfiðleikar hafa orðið á vegi þeirra manna sem af áhuga og atorku hafa reynt að ryðja brautina og leggja grunninn að nútíma ferðaþjónustu. Enginn efast lengur um að þetta er mikilvæg búgrein og arðsöm ef rétt er á haldið. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að reynt sé að búa sem best í haginn fyrir þá sem hana stunda, svo að ferðamálin nái að þróast með eðlilegum hætti hér á landi.

Hafrannsóknastofnunin, fsp. (þskj. 119). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 119 að leggja fram fyrirspurn í sex liðum til hæstv. sjútvrh. um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég sé enga ástæðu til þess að fara mörgum orðum um liði fyrirspurnarinnar, því að ég tel að allir hv. alþm. sjái fljótt að þeir skýra sig í raun sjálfir. En þessar spurningar eru:

„1. Hvaða aðilar á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar skipuleggja og stjórna rannsóknar- og fiskileitarleiðöngrum skipa hennar?

2. Hver eru þessi skip og hve margir voru úthaldsdagar þeirra á s. l. ári?

3. Hvað veldur því að b/v Baldur hefur enn ekki hafið rannsóknar- og leitarstörf?

4. Hvaða aðilar ákváðu þær breytingar, sem á

skipinu er verið að gera, og í hverju eru þær fólgnar?

5. Hvað hafa þessar breytingar kostað til þessa, hve mikill er áætlaður heildarkostnaður þeirra nú?

6. Hver var viðgerðarkostnaðurinn samkv. mati á b/v Baldri að afloknu þorskastríði?"

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við fyrstu spurningu er:

Rannsóknar- og fiskileitarleiðangrar skipa stofnunarinnar svo og leiguskipa eru ákveðnir í lok hvers árs. Hinir einstöku sérfræðingar stofnunarinnar gera tillögur um fyrirhugaðar rannsóknir á næsta ári og fylgir með þeim grg. um væntanlega skipaþörf. Lítill hópur sérfræðinga vinnur svo úr þessum tillögum og samræmir þær. Áætlun þessi er síðan lögð fyrir forstjóra og stjórn stofnunarinnar til endanlegrar samþykktar. Einnig er hún send ráðgjafarnefnd stofnunarinnar til athugunar, og það er líka hlutverk ráðgjafarnefndarinnar að koma á framfæri við stofnunina óskum útgerðarinnar varðandi fiskileit og aðra starfsemi stofnunarinnar er hún hefur áhuga á. Rannsóknaáætlun stofnunarinnar verður stundum að breyta er líður á árið vegna nýrra óvæntra atburða er skapast í sjávarútveginum og ekki er hægt að spá fyrir um.

Svar við annarri spurningu:

Samkvæmt ársskýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar fyrir árið 1976, sem send hefur verið öllum sem hlut eiga að máli og er til m. a. í bókabúðum, voru eftirfarandi rannsóknarskip og leiguskip á vegum stofnunarinnar árið 1976: Rannsóknarskip: Bjarni Sæmundsson, dagafjöldi á sjó við rannsóknir 210. Árni Friðriksson, dagafjöldi á sjó við rannsóknir 206. Hafþór, dagafjöldi á sjó við rannsóknir 228. Dröfn, dagafjöldi á sjó við rannsóknir 206. Samtals 850 rannsóknardagar. Leiguskip: Runólfur SH-135 81 dagur, Geir ÞH o. fl. 28 dagar. Árni Sigurðsson AK 8 dagar. Baldur KE 17. Kristbjörn ÞH 9. Karlsefni RE 27. Skarðsvík SH 49. Guðbjörn ÍS 12. Samtals 231 dagur. En samtals öll skip, bæði í eigu Hafrannsóknastofnunarinnar og leiguskip, 1081 dagur.

Svar við þriðju fyrirspurn:

Botnvörpungurinn Baldur var afhentur sjútvrn. 24. maí s. l. Hafrannsóknastofnuninni þótti nauðsynlegt að gera ýmsar lámarksbreytingar á skipinu til þess að gera það hæft til að gegna hlutverki sínu, og var því í byrjun þessa árs sett á laggirnar vinnunefnd innan stofnunarinnar til að gera till. um þessar breytingar.

Fjórða spurning:

Í ofangreindri vinnunefnd voru nokkrir sérfræðingar stofnunarinnar og útgerðarstjóri. Nefndin lagði tillögur sínar fyrir sjútvrn., sem síðan fól Skipatækni hf. að meta þær og vega. Skipatækni féllst á þessar tillögur í öllum meginatriðum og bætti auk þess við nokkrum atriðum. Þessar eru helstu breytingarnar sem er verið að gera á skipinu: Breyting og endurbætur á vindukerfi skipsins. Þær verða nú vökvaknúnar í stað þess að vera knúnar með rafmagni, en það takmarkaði ýmsa starfsemi skipsins. Vegna tilfærslu á vindum verður nú fært að koma fyrir flotvörpuvindu á skipinu. Rannsóknaaðstaða til sjómælinga á brúarþilfari og aðstaða til fiskirannsókna á millipilfari. Stækkun brúarhúss vegna rannsóknarmanna. Lokun þilfars stjórnborðsmegin vegna vindustjórnar og ísvélar. Viðbót við fiskileitar-, siglinga- og fjarskiptatæki. Skipatækni hf. samdi útboðslýsingu og var verkið boðið út um miðjan ágúst s. l. Bárust tvö tilboð og var tekið því lægra, sem var frá Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar hf.

Svar við fimmtu spurningu:

Samningar um breytingar þessar voru undirritaðir 1. des. á s. l. ári og hófst verkið svo að segja strax. Talið er að verkið muni kosta um 215 millj. kr. miðað við verðlag þegar samningar voru undirritaðir og því á að vera lokið um miðjan marsmánuð á þessu ári.

Svar við sjöttu og síðustu spurningu:

Viðgerðarkostnaður á b/v Baldri að loknu þorskastríði er talinn af Landhelgisgæslunni vera 67—70 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir greinagóð svör við fsp. mínum, jafnframt og harma verður að dregist hefur um langan tíma að skipið kæmist til að sinna þeim verkefnum sem ætluð voru fyrir það þegar ákveðið var að stofnunin fengi skipið til umráða. En sú spurning hlýtur að sjálfsögðu að vakna og mun verða athuguð af öðrum en hér hafa fjallað, hvort ekki hefði verið betra að selja þetta skip, eftir að fram hefðu farið á því nauðsynlegar aðgerðir eftir sjóorrustuna miklu, og láta byggja nýtt skip, þegar þess er og gætt, að nokkur vandkvæði munu vera á nýtingu a. m. k. eins þeirra skipa sem nú eru í notkun sem hafrannsóknaskip. — Ég endurtek þakkir mínar til ráðh.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessum síðustu orðum hv. þm.

Það kom ekki til tals að selja Baldur. Í fyrsta lagi þurftu lagfæringar að fara fram eftir að þorskastríðinu lauk og Landhelgisgæslan varð að skila skipinu í hliðstæðu ástandi og það var í. Fiskifræðingar og allir þeir í Hafrannsóknastofnun, sem fjölluðu um málið, lögðu á það höfuðáherslu að gert yrði við skipið. Aðrir tala um að smíði á nýju skipi hefði tekið langan tíma. Hönnun þess hefði tekið mjög langan tíma. Mér er það alveg ljóst, að þegar jafnmargir aðilar eiga að fjalla um breytingar eins og þessar, þá tekur það sinn tíma, og síðan þarf aftur að útvega fjármagn til þess að standa undir þeim viðgerðum og endurbótum sem verið er að gera á skipinu.

Kaup og rekstur á togveiðiskipinu Baldri, fsp. (þskj. 119). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er löngu ljóst, atvikaðist það svo, að á sama þskj. komu fram mjög hliðstæðar fsp. um þetta margumrædda skip, togveiði-

skipið Baldur, kaup þess og kostnað við breytingar. Ég er hér með fsp. í fimm liðum sem ég ætla að lesa upp:

„a) Hvert var kaupverð togveiðiskipsins Baldurs EA-124?

b) Hvað hafa allar breytingar skipsins og viðhald kostað?

c) Hvað hefur skipið legið marga daga í höfn á þessu ári og hvar?

d) Hvað má reikna með að skipið kosti ríkissjóð á dag í höfn?

e) Hvernig er fyrirhugað að nota skipið á árinu 1978?"

Þessi fsp. kom fram fyrir nokkuð mörgum vikum og var þá reiknað með árinu 1977. Hæstv. ráðh. hefur nú svarað annarri fsp. sem snertir suma þætti þeirrar fsp. sem ég ber hér fram. En það hefur athygli fjöldamargra, að skipið er búið að liggja mjög lengi í höfn, og það kom fram núna hjá hæstv. ráðh., að loksins 1. des. var undirritaður samningur um breytingar, lagfæringar, viðbætur, nýsmíði, ýmsar tilfærslur á vindum og þar fram eftir götunum, fyrir 215 millj. kr. Þetta er svo unnið í skammdegi hér á Íslandi við hafnargerð þegar allra veðra er von í svartasta myrkrinu og við verstu skilyrði. Ég segi það alveg hiklaust, að ég tel þetta ekki æskileg vinnubrögð. Það má furða heita, svo langur aðdragandi sem var að þessari breytingu, að það skyldi ekki vera hægt að koma sér niður á fastar tölur og framkvæmd verksins fyrr. Ég tel ámælisvert að þetta hafi dregist svo. Það er ekki sagt til hæstv. ráðh., heldur til þeirra manna er gera þessar kröfur á hendur hæstv. ráðh. og Alþ. Það er dálitið undarlegt, að það er búið að rífa allar vindur úr þessu skipi. Þegar við vitum að tvö systurskip þessa skip voru aflahæst á s. l. ári og hafa skilað frá upphafi ágætum afla, þá undrar mann að vindurnar í þessu skipi skuli ekki vera nothæfar eða litt nothæfar nema gerbreyta öllu. Ég er búinn að koma oft um borð í þetta skip og undrast allar þær breytingar, sem þar eru að eiga sér stað, og þær auknu kröfur fram yfir það sem yfirmenn á togurum og hásetar búa nú við, því að þarna á að hafa miklu betri aðbúnað að öllu leyti fyrir okkar vísindamenn. Þeir sem sagt sætta sig engan veginn við sama aðbúnað og er á systurskipum í togaraflotanum. Það getur vel verið, að þetta sé nauðsyn, en þá á að gera Alþ. sómasamlega grein fyrir svona háum upphæðum.

Ég hringdi í hagsýslustofnunina og spurði hvað hún hefði lagt til í þessu máli. Ég held að ég brjóti engan trúnað með því að segja að hagsýslustjóri tjáði mér, að hann vissi ekki um þá upphæð, sem hér um væri að ræða, og hefði ekki fengið málið til sín. En hér er um á þriðja hundrað millj. kr. að ræða. Þetta kemur kannske í fjárlög fyrir árið — ja, ég veit ekki hvað — 1979, það er varla hægt annað, eða fjáraukalög, og þá er það samþykkt 2—3 árum síðar.

Ég vona að þetta háttalag í ríkisstofnunum verði ekki neitt viðmiðunaratriði og fordæmi. Ég skil vel að hæstv. sjútvrh. á erfitt með að hafna þessum breytingum, þó að þær hafi tekið langan tíma, og ég geng út frá því, að hann hafi athugað þessi mál af kostgæfni og það hafi kannske ekki verið um annað að ræða. En tíminn er eins óheppilegur og ég tel eins undarlega að þessu staðið og verða má.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við fyrsta lið fsp. hv. fyrirspyrjanda er að kaupverð Baldurs var 324 120 654 kr.

Í sambandi við b-lið er sama svar og var við 5. og 6. lið í fsp. Péturs Sigurðssonar. Ég sé ekki ástæðu til að vera að endurtaka það.

Svar við c-lið: Skipið fór til viðgerðar í Hafnarfirði 4. jan. 1977 og var afhent sjútvn. 24 maí s. l. Síðan hefur það legið í Hafnarfjarðarhöfn. Það er ekki fyrr en eftir þann tíma, að Hafrannsóknastofnunin sendi frá sér tillögur um breytingar á skipinu — tillögur sem mér fannst fela í sér mjög háa upphæð. Ég taldi rétt í samráði við ráðuneytisstjóra og deildarstjóra í rn. að láta þessar tillögur fara til sérfræðinga, og það varð að ráði hjá okkur að velja fyrirtækið Skipatækni hf., sem fór yfir þessar tillögur allar.

Svar við d-lið: Útlagður kostnaður við skipið síðan 24. maí nemur 6.6 millj. kr., sem eru aðallega laun vélstjóra, vaktmanna og ýmis launatengd gjöld. Auk þess liggja fyrir reikningar vegna hafnargjalda frá 1. júní til 1. des. að upphæð 689 þús. kr. Ósamið var um greiðslu þeirra fyrir áramót, en þá var ég tilbúinn með þetta svar þó að það hafi ekki komist hér til umr. fyrr.

Í sambandi við e-lið fsp. verða aðalverkefni þessa skips á árinu 1978 eftirfarandi: Botnfiskaleit og veiðitilraunir: karfi, ufsi, grálúða, langhali, gulllax og auk þess kolmunni. Veiðarfæratilraunir, t. d. áhrif möskvastærðar, prófanir á ýmsum hleragerðum o. fl., almennar fiskirannsóknir, einkum á þorskfiskum og framangreindum tegundum. Nákvæm áætlun um starfsemi skipsins átti að vera tilbúin um áramót, en er ekki. Hins vegar, eins og kom fram í svari við fyrri fsp., er búist við því að viðgerðaráætlun standist og skipið verði tilbúið um miðjan maímánuð.

Ég fyrir mitt leyti er ekki fær um að svara því, hvort það hefði mátt gera við vindur skipsins, en þær reyndust vera í ólagi. Það var talið af þessum trúnaðarmönnum, skipaverkfræðingum, að heppilegt væri að verða við tillögum þeirra hafrannsóknamanna að skipta um spil. Hins vegar varð nokkur breyting til kostnaðarauka við það, að ákveðin var viðbygging við brú til að mæta íbúðarþörf fiskifræðinga og rannsóknarmanna svo og rannsóknarstofu. Upphaflega var ráðgert að leysa þessa þörf með því að minnka nokkuð íbúðir stýrimanna og vélstjóra. En stéttarfélögum þessara manna barst fljótt vitneskja um þessa ráðagerð og mótmæltu þeir mjög ákveðið því, að verið væri að minnka íbúðir manna á þessu skipi umfram það sem væri á almennum togurum. Og félögin komu þeim skilaboðum á framfæri, að ef úr þessu yrði mundi það verða illa séð af þeim og jafnvel geta orðið til þess að neitað yrði að skrá á skipið þegar þar að kæmi. Þegar ég frétti þetta óskaði ég eftir því, að þessi áætlun yrði tekin sérstaklega til meðferðar. Í fyrstu áætlun, sem gerð var um kostnað við þessar breytingar í maímánuði s. l., var áætlað að fyrirhuguð breyting á íbúðum mundi kosta 3.5 millj. kr., en viðbótarrýmið 10.5 millj. kr. eða 7 millj. kr. meira. Miðað við verðlag í nóv. má

ætla að sambærilegar tölur hafi verið: viðbótarrými rúmar 14 millj. og breyting íbúða tæpar 4.7 millj., mismunur um 9.4 millj. kr. Getur svo hver og einn gert það upp við sig, hvort heppilegra hefði verið að fara fyrri leiðina og eiga — ekki á hættu, heldur vísan ófrið og erfiðleika í samskiptum við stéttarfélög yfirmanna, eða að leggja í þennan aukna kostnað sem óneitanlega er talsverður, en hefur þó óhjákvæmilega í för með sér betri aðbúnað skipverja og rannsóknarmanna og betri aðstöðu til rannsóknarstarfsemi um borð í skipinu.

Að lokum vil ég aðeins minna á það, að þegar þetta skip var keypt á sínum tíma að ráði og með meðmælum Hafrannsóknastofnunarinnar, þá gerðu menn það sér ljóst og sömuleiðis við í rn., að það þyrfti að gera á því allverulegar breytingar, sem þá var ekki ráðist í vegna þess að Landhelgisgæslan tók skipið — að vísu með fullkomnu samþykki sjútvrn. — vegna þarfar fyrir það við að verja íslenska landhelgi. Þess vegna eru auðvitað þessar viðgerðir og þessar tölur miklu hærri en ella hefði orðið. Fjármagnið til að standa straum af þessu er tekið að láni að verulegu leyti, en þó hefur Fiskimálasjóður styrkt nokkuð, m. a. með að mig minnir 10 millj. kr. á fyrra ári og 10 millj. kr. styrk á þessu ári, en ca. 170 millj. kr. lán hefur verið tekið hjá Seðlabanka Íslands, sem auðvitað kemur til greiðslu eftir því sem um er samið á fjárl., eins og hv. fyrirspyrjandi gat réttilega til um.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Auðvitað kom það fram, sem mig grunaði, að þetta mál er viðamikið og hann hefur haft það nokkuð lengi í athugun og sent það víða til athugunar, en hér er um verulega stóra upphæð að ræða. Það er ákvörðun um á hundrað millj. kr. sem endanlegur reikningur mun sýna að þessar breytingar á skipinu kosta vegna aukinna krafna í sambandi við veiðarfæratilraunir.

Hæstv. ráðh. gat þess, að það ætti að fara í rannsóknaferðir á skipinu, m. a. í botnfiskaleit og veiðarfæraleit og toghleratilraunir og þess háttar. Ég verð nú að segja það alveg hreinskilnislega, að ég hélt að skipið hefði verið hæft í slíkt, miðað við árangur systurskipa þyrfti ekki hundruð millj. í breytingar í því efni. Ef vindurnar hafa verið gallaðar, þá má spyrja, þar sem skipið var sama og ekkert notað af eiganda og var sama sem nýtt þegar það var keypt: Af hverju var ekki ábyrgð á vindunum? Það kom ekki fram í svarinu. Var ekki ábyrgð á þessu, þar sem skipið var nýtt og sama sem ónotað þegar það var keypt, og voru þessir gallar með þeim hætti, að það þyrfti að rífa allt og gerbreyta skipinu fyrir stórfé? Allt þetta er með þeim hætti, að menn, sem koma um borð í skipið og sjá þetta svona sundurflakandi, eru undrandi, og þess vegna er nauðsynlegt að gera fyrir þessu góða grein, eins og hæstv. ráðh. hefur gert, svo að menn fái að vita hvað raunverulega hefur skeð og hvers vegna.

Það var varpað fram þeirri spurningum, hvort ekki væri æskilegra að fá nýtt skip. Ég verð að segja það, þegar ég heyri þetta allt saman, að ég er á þeirri skoðun, vegna þess að það er miklu hagkvæmara fyrir þessa stofnun að gera einstakar tilraunir á leiguskipi. Ég held að s.l. ár og hitt árið líka, 1976, hafi sýnt að það er mjög árangursríkt að hafa veiðiskipin í tilraunum með viðkomandi veiðarfæri og allan útbúnað, vegna þess að það eru þó veiðiskipin sem eiga að veiða fiskinn eftir vísbendingu þessara ágætu manna. Ef við þurfum á fjölhæfu skipi að halda með aðstöðu fyrir rannsóknastofur og margt, margt annað, þá er hæpið að kaupa svona skip og bæta svo nýrri brú við brúna. Það er stór kassi framan við aðalbrúna sem allir hv. þm. geta séð með því að aka suður í Hafnarfjörð þar sem skipið liggur. Ég hélt að það væri það mikið rými fyrir áhöfn í þessu skipi, að það þyrfti ekki að vera að minnka neina klefa til að koma fleiri mönnum um borð. Ég hélt að í áhöfn á svona skipi væru mun færri menn þegar um rannsóknir væri að ræða, a. m. k. fastir hásetar, en svo kæmu vísindamenn til viðbótar. En þeir gera sennilega miklu meiri kröfur en íslenskir sjómenn, að það þurfi að vera miklu fínna og rýmra um þá.

Ég vil ekki láta hjá líða að endurtaka, að ég undrast þessar breytingar. Ég endurtek það, að ég þakka hæstv. ráðh. og ég er ekki að ásaka hann á nokkurn hátt, síður en svo. Ég tel að hann hafi haldið á þessu máli eins og æskilegt var. En ég vil gagnrýna þessa stofnun fyrir þessa ákvörðun, því að skipið var keypt með löngum aðdraganda og það var nóg svigrúm til að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem nú er verið að gera, en ekki framkvæma þær við verstu skilyrði sem hægt er varðandi íslenska veðráttu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Í sambandi við kaup á skipinu á sínum tíma var það lagt fyrir fjvn. og Alþ., eins og þm. eflaust muna. Kaupsamningur var lagður fyrir fjvn., sem sýndi bæði kaupverð og yfirtöku skulda sem á þessu skipi hvíldu. Enn fremur var gerð úttekt á skipinu af sérfræðingum sem stofnunin fékk eða sjútvrn., ég þori ekki að fullyrða hvort var. En örugglega hefur það verið gert í fullu samráði við Hafrannsóknastofnunina, það þori ég að fullyrða. Og að því tilskildu voru þessi kaup gerð.

Það, sem gagnrýnt er hér, er að það sé verið að breyta íbúðum. En það er nú þannig, að þó að hásetar séu færri á skipi eins og þessu, þá vilja yfirmenn, sem á skipinu eru, ekki sætta sig við það að íbúðir þeirra séu minnkaðar. Það er það sem um er að ræða. Hitt kemur svo til viðbótar, að þetta skip er byggt sem fiskiskip, byggt sem togari, en hér þarf auðvitað að skapa vísindamönnum rannsóknaraðstöðu um borð. Ef við berum saman við hvernig rannsóknaraðstaða er í Bjarna Sæmundssyni t. d., þá getum við auðvitað öll orðið sammála um það, að brýna nauðsyn bar til að skapa þarna rannsóknaraðstöðu. Og ég býst varla við að fiskifræðingar — ég er nú kominn hér í hálfgerða vörn fyrir þá — sætti sig við að vera settir í hásetaklefa á þessu skipi, þegar þeir bera saman við íbúðir þær sem þeir hafa á hinum rannsóknarskipunum. Hins vegar má segja að það, sem hásetar verða að sætta sig við, geti allir aðrir sætt sig við. En einhvern veginn er það nú þannig, að yfirmenn

hafa stærri íbúðir en undirmenn, þó að orðið hafi mjög ánægjulegar breytingar á því í íslenskum fiskiskipum á undanförnum árum og áratugum.

Hitt atriði málsins er það, sem er mjög mikið atriði, hvað við eigum að eiga og reka mörg hafrannsóknaskip eða fiskirannsóknaskip. Það er mikið rétt í því sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan, að leiguskip, fiskiskipin, hafa það tímabil, sem ég hef verið sjútvrh., oftast reynst vel, og ég hygg að fyrrv. sjútvrh. séu mér sammála í þeim efnum. Það er ætlunin að hætta rekstri eins rannsóknarskipsins þegar Baldur hefur starfrækslu eins og upprunalega var ákveðið og kom hér fram. Skoðun mín er sú, að í vissum tilfellum sé brýn nauðsyn að taka á leigu skip um stuttan tíma í senn og til ákveðinna verkefna. Leiguskip hafa yfirleitt sýnt góðan árangur, og þá er ég sérstaklega með í huga árangur togarans Runólfs í sambandi við kolmunnaleitina, sem ég tel að hafi margborgað sig, og ég hef mikla löngun til að halda slíkri viðleitni áfram eftir því sem fjármunir leyfa.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hluti þeirra umr., sem hér hafa farið fram í sambandi við vistarverur skipshafna og vísindamanna, minna nokkuð á þær fréttir sem sagðar voru frá samningum yfirmanna á kaupskipum fyrir nokkuð mörgum árum. Þá var því haldið fram, að þeir gerðust ekki aðeins svo ósvífnir að biðja um inn í sína samninga, að þeim væru færð tvö spæld egg á hverjum morgni, heldur hefðu þeir tvö herbergi og eldhús þar að auki og helst að allir gluggar væru á móti suðri allan ársins hring. Þessu var að sjálfsögðu mótmælt.

En ég vil aðeins undirstrika það, að eðlileg og sanngjörn hljóta þau mótmæli manna að vera, sem eiga vist um borð í slíku skipi allt árið, þegar á að fara að taka af þeim hinar betri íbúðir um borð í skipum til þess að láta þær í hendur þeirra manna sem koma þarna til tiltölulega stuttrar dvalar á hverju ári, kannske aðeins í nokkrar vikur, geta svo farið á hin betri skip, því að mér skilst að þessir vísindamenn séu ekki bundnir við neitt eitt skip sérstaklega, heldur fari á milli þeirra eftir því sem ráðlegt er talið. Þetta finnst mér afskaplega eðlilegt.

Ég fæ ekki séð að það hafi endilega þurft að gera breytingar á þessu skipi í það horf sem hér hefur verið lýst af hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni, því að þegar við stóðum að þeirri ákvörðun hér á þingi, sem það gerðum, — og það er rétt, að það var lagt fyrir fjvn. og Alþ. að kaupa skipið, en hins vegar ekki þær breytingar sem hér hefur verið lýst, — þá var m. a. í mínum huga það, að ég vissi um þörfina á að fá gott togveiðiskip sem gæti togað á mjög djúpu vatni, sem ég vissi að þetta skip mundi geta gert, eins og hér hefur verið bent á að systurskipin geta gert. En að það hafi endilega þurft að gera allar þær breytingar sem gerðar eru á þessu skipi, ég er ekki kominn til þess að samþykkja að svo hafi verið.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði í sinni síðustu ræðu, að mörg af þeim leiguskipum, sem hafa verið tekin á leigu, hafa reynst ákaflega vel. Ég varpaði fram spurningu af eðlilegum ástæðum í sambandi við nýbyggingu skips, þeim eðlilegu ástæðum, að annað hinna stærri og nýrri rannsóknarskipa okkar er afskaplega vanhæft í sjó að leggja, vanhæft til rannsóknarstarfa þegar veður eru vond og vályndi. En vegna þess að hv. þm., konur vorar, eru hér í þingsölum vil ég ekki hafa þau orð eftir sem fyrrv. skipstjóri þessa skips, sem ég vitna til, hafði um það og taldi alla tíð að það væri ekki aðeins hættulegt áhöfn, heldur jafnvel öðrum sem nærri kæmu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla fáu við þessar umr. að bæta, enda ástæðulítið. Baldur var keyptur á sínum tíma fullu verði, fyrir 324 millj. kr., og þá enginn frádráttur sem átti sér stað vegna þess að vindur skipsins væru ekki frambærilegar. En ég veit ekki hvort það hefur verið fram komið, að álit þeirra hafrannsóknamanna og annarra, sem til eru kallaðir, hafi legið fyrir.

Vegna áfallanna í þorskastríðinu var gert við fyrir 60—70 millj. kr. Ekki fíkist maður nú í það. Síðan er samið eftir kröfum fræðinganna um 215 millj. kr. viðgerðir, sem sjálfsagt fara upp í 300 millj. ef maður þekkir rétt til innan dyra í vélsmiðjum og hjá öðrum sem eru að smíða úr harðviðnum þrjú herbergi og eldhús fyrir fræðingana, sem mér skilst að þeir þurfi, þá verður skipið einhvers staðar milli 600 og 700 millj. og ekkert fíkist maður í það. En hitt þykir mér betra, að það skuli vera Hafrannsóknastofnun sem ber ábyrgð á þessu, en ekki menn í þingfararkaupsnefnd.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það er ekki raunverulega meira um þetta að segja. En þetta aðeins gefur manni tilefni til þess að vekja athygli á því, að við gerðum hér raunar fsp. báðir. Þegar maður verður var við svona mikla fjárfestingu og þessar breytingar, sem ekki eru lagðar hér fram, en við fáum síðar, og það er verið að gagnrýna raunar, eins og kom fram í orðum síðasta ræðumanns, fjáraustur af hálfu Alþ., þá eigum við eðlilega kröfu á því að fá glögga grg. um allt. Og ég vil ítreka þakkir mínar til hæstv. sjútvrh. fyrir að hafa tekið þátt í þessum umr. og með svona góðum upplýsingum, vegna þess að bæði þetta dæmi og mörg önnur, sem maður gæti nefnt ef maður vildi, stuðla að því að fjármunir ríkisins renna oft undarlega hljótt og í stríðum straumum burt fram hjá ákvarðanatöku Alþingis.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það má auðvitað lengi deila um það, hversu hratt peningar streyma úr ríkissjóði. En ég held að það sé ekkert áhorfsmál að þessi skip, bæði þetta skip og systurskip þess, séu góð sjóskip, góð togveiðiskip, og það var samhljóða álit manna þegar skipið var keypt á sínum tíma. Og ef við ætlum að bera það saman við nýtt skip eða nýbyggingu, þá er hér ekki nema um tiltölulega lágt hlutfall að ræða, fyrir utan þann langa tíma sem hefði tekið að hanna nýtt skip.

Ég sem ráðh. vildi alls ekki taka á mig þá ábyrgð að taka við tillögum Hafrannsóknastofn-

unarinnar án þess að bera þær undir sérfræðinga. Þær komu ekki fyrr en sól var hæst á lofti, og allir vita hvað tekur langan tíma að leita til hinna ýmsu fræðinga. Síðan verður að fara eftir kúnstarinnar reglum í kerfinu og bjóða út, því að annars hefði komið fram réttmæt gagnrýni, að tekið hefði verið einhverju tilboði vina og eitthvað væri óhreint við það allt saman En tíminn lætur ekki bíða eftir sér og skammdegið kom, og ef við hefðum nú látið skammdegið líða og beðið hækkandi sólar, þá hefði vafalaust komið fram mikil gagnrýni á að bíða. Um hitt er ég alveg sammála hv. fyrirspyrjanda, að það er óheppileg öll útivinna í svartasta skammdeginu. En þannig stóð á þessum málum.

Aldrei nefndi ég það, að fiskifræðingar og rannsóknarmenn ættu að hafa þriggja herbergja íbúð og eldhús, eins og framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunarinnar var að tala um áðan. En sennilega væri skynsamlegast að láta þingfararkaupsnefnd fjalla um slík mál í framtíðinni, því að hún stendur sig afburðavel. Alþ. ætti að taka til alvarlegrar athugunar að hún hefði með þessi mál að gera því að hún stendur sig með mikilli prýði.

Könnun varðandi fæðingarorlof, fsp. (þskj. 132). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 132 fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh., svo hljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd þess ákvæðis til bráðabirgða, sem samþykkt var á s. l. vori um fæðingarorlof og var svo hljóðandi: Fyrir 1. jan. 1978 skal ríkisstj. kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Niðurstöður þessarar könnunar skal leggja fyrir Alþingi?“

Strax við fyrstu lagasetninguna um atvinnuleysistryggingar, þ. e. a. s. fæðingarorlofið, breytinguna við þau lög, kom það fram, að hér væri um hreina bráðabirgðalausn að ræða, og einmitt með þeim fyrirvara studdu ýmsir þingmenn þá lagasetningu. Á það var þá glögglega bent, að eðli fæðingarorlofs væri slíkt, að það hlyti að flokkast undir almannatryggingar, og í því sambandi bent á fordæmi annarra þjóða sem tekið hefðu upp fæðingarorlof. Öllum mun hafa verið ljóst að þetta fyrirkomulag gæti ekki gengið til frambúðar, alveg sér í lagi vegna þess að margar konur í landinu urðu og verða þar af leiðandi enn út undan. Þar voru bændakonur alveg sérstaklega tilnefndar, svo og þær konur sem ekki geta unnið úti, m. a. vegna fjölskyldustærðar og annarra félagslegra aðstæðna. Þá þegar var sett ákvæði til bráðabirgða um könnun á málinu í heild í þá átt, að það yrði leyst þannig að allar konur skyldu njóta fæðingarorlofs, og við breytingu þá, sem gerð var á lögunum á s. l. ári, var sett það ákvæði til bráðabirgða sem ég las upp áðan.

Ég bar þessa fsp. fram í desemberbyrjun, en ýmis atvik ollu því, að fsp. voru lítt á dagskrá fyrir áramót. Samkv. ákvæðinu átti þessi könnun að fara fram fyrir 1. jan. s. l. En með tilliti til þess sem segir í ákvæðinu um tímasetningu þeirrar athugunar og málsmeðferðar sem hér er um spurt, þá er enn meiri ástæða nú til að fá um það skýr svör, hvað hafi verið gert og hvað sé á döfinni, því að eftir því er beðið að vonum af þeim sem enn njóta ekki þessara réttinda og hafa ekki síður þörf fyrir fæðingarorlof eða vissar bætur vegna barnsburðar en þær konur margar sem þeirra njóta.

Ég skal ekki hér og nú í stuttum fyrirspurnatíma ræða þetta mál frekar, en aðeins vikja að því, að mjög víða er enn um vandræðatakmörk að ræða varðandi úthlutun þessara bóta. Nefndir, sem vinna að þessum málum á hverjum einstökum stað, standa enn í nokkrum vandræðum með þetta. Ég hef rætt við marga nm. í jólahléum, og þeir lýsa þessu allir þannig og er ótvírætt skoðun þeirra allra, sem um þetta hafa fjallað og eru öllum málsatvikum kunnugir, að sem fyrst beri að breyta hér til og koma þessum bótum eða greiðslum inn í okkar almannatryggingakerfi, eins og ég tel að ákvæði til bráðabirgða, sem hér er um spurt, hafi bent sterklega til.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og kunnugt er var sú breyting gerð á lögum um atvinnuleysistryggingar í maí 1975, að þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, skuli njóta atvinnuleysisbóta í samtals 90 daga, og þessi lagaákvæði tóku gildi 1. jan. 1976. Framkvæmd þessara lagaákvæða olli verulegum deilum. Þannig neitaði stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samvinnu við rn. um setningu reglugerðar um greiðslu þessara bóta. Reglugerðin var hins vegar gerð og sett hinn 20. jan. 1976.

Það, sem um er deilt í þessu sambandi, er að sjálfsögðu hvort bætur af því tagi, sem hér um ræðir, eigi að greiðast frá atvinnuleysistryggingum eða frá almannatryggingum, en fjármögnun þessara tveggja trygginga er sem kunnugt er með mjög ólíkum hætti.

Þegar fyrrgreind lagaákvæði um fæðingarorlof voru samþykkt var nýtekin til starfa n. undir forustu formanns tryggingaráðs, Gunnars J. Möllers, til þess að að endurskoða lög um almannatryggingar, og starfar sú n. enn. N. hefur ekki að fullu lokið starfi, enda þótt hún hafi þegar sent frá sér till. til breytinga á ákveðnum þáttum almannatrygginga sem lagðar voru fyrir Alþ. síðasta daginn fyrir jól. Það er gert ráð fyrir því, að þessi n. taki afstöðu til fæðingarorlofsins ásamt öðrum þeim þáttum sem hún á eftir og skili um það áliti með lokatillögum sínum. Ég hef þó nokkrum sinnum rætt við formann n. um að gera allt sem í hans valdi stendur til þess að ljúka þessum þætti endurskoðunar almannatryggingalaga. Hins vegar mun ekki verða lokið endurskoðun á ellilífeyrisþættinum, vegna þess að önnur og stærri n. starfar í sambandi við lífeyristryggingar almennt og þótti rétt að þar væri einn aðili að. En ég hef lagt áherslu á að þessar till. verði lagðar fram sem allra fyrst og margar aðrar og endurskoðun sjúkratryggingahluta almannatryggingalaga lokið. Á s. l.

vori skipaði ég n. til þess að endurskoða gildandi lög um atvinnuleysistryggingar. Formaður þeirrar n. er Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari. Þessi n. mun að sjálfsögðu einnig fjalla um fæðingarorlofið eins og aðra þætti atvinnuleysistrygginganna. Þegar þessar n. hafa báðar skilað störfum mun ríkisstj. væntanlega taka afstöðu til fæðingarorlofsmálsins í heild, bæði þess fæðingarorlofs, sem nú er í gildi, og svo hins, á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof við það sem atvinnuleysistryggingar greiða nú. Ég vænti þess, að þessar tvær n. geti skilað áliti fljótlega úr þessu.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Það er ljóst af svörum, að sú könnun, sem reiknað var með í ákvæðum til bráðabirgða, sem samþ. voru á s. l. vori, hefur ekki farið fram á þann hátt sem þar var ákveðið eða sagt til um. Hins vegar er ánægjulegt að vita til þess, að sú n., sem starfar að endurskoðun tryggingalaga, skuli eiga að taka afstöðu til þessa máls og reyna að finna á því lausn. Ég er þó hræddur um að það eigi nokkuð langt í land, því að ég hef um það spurnir frá þessari sömu n., að þetta atriði hafi ekki komið þar mjög til umr. enn þá — þetta atriði varðandi fæðingarorlofið — svo ljóst er að enn þarf að bíða.

Hér er auðvitað spurning um hvaðan þessar greiðslur eiga að koma, eins og hæstv. ráðh. gat um. Ég er ekki í neinum vafa um að rétta leiðin í þessu efni, einkanlega með tilliti til þess að allar konur hafi hér jafnan rétt, er auðvitað almannatryggingakerfið, en ekki það sem við búum við í dag. Því skal hins vegar ekki neitað, að þetta hafi verið þörf og góð breyting fyrir þær konur sem njóta nú þessara bóta.

Ég tók það fram, þegar um þetta mál var fjallað fyrst, að þó ég styddi það sem þá einu lausn sem þá hafi verið sjáanleg eða fær að dómi stjórnvalda, þá væri meginafstaða mín til málsins í heild að þetta ætti að vera einn þáttur okkar tryggingakerfis þar sem allar konur hefðu sama ótvíræða réttinn til fæðingarorlofs. Þar bættist svo við afgreiðslu þess máls, að ljóst var að þetta mundi valda þeim sjóði, sem þessar byrðar voru lagðar á, allverulegum erfiðleikum, og það hefur komið enn betur í ljós. Ég undirstrika því sér í lagi nauðsyn þess, að að því verði rösklega unnið, eins og hæstv. ráðh. gaf raunar fyrirheit um varðandi þá n. sem starfar að þessum málum, að framkvæmd þessara mála verði komið í viðunandi horf, sem allir hljóta að vilja keppa að.

Ég hef sannfærst um það enn betur, eins og ég sagði áðan, eftir viðtöl við marga glögga menn í úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta víðs vegar um mitt kjördæmi, að mjög skortir á að þær konur, sem e. t. v. öllum öðrum fremur hefðu þörf fyrir þessar bætur og þetta orlof, m. a. vegna ómegðar, njóti þessara laga. Er það eðli málsins samkvæmt, vegna þess að fæðingarorlofið er greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði og eingöngu koma til greina þær konur sem vinna ákveðinn vinnustundafjölda á ári utan heimilis. Og enn þá eru mörg vandamál á mörkunum sem koma hér upp. Ég held því að full ástæða sé til þess, að það sé ýtt á eftir þessu máli, og ég verð að trúa því eftir orðum hæstv. ráðh., að frv. hér að lútandi hljóti að verða lagt fram á þessu þingi og vonandi þá afgreitt einnig, — frv. sem tryggir þetta meginsjónarmið, að allar konur í landinu hafi rétt til fæðingarorlofs.

Sameinað þing, 39. fundur.

Þriðjudaginn 24. jan., að loknum 38. fundi.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 85). — Ein umr.

Flm. (Ingiberg J. Hannesson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni till. til þál. á þskj. 85 um þróun iðnaðar á Vesturlandi. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hraðað verði gerð áætlana um iðnþróun á Vesturlandi til þess að treysta atvinnugrundvöll í kjördæminu, einkum þar sem atvinnuástand er ekki öruggt og þar sem iðnaður gæti fyllt upp í og skapað öryggi í atvinnu við hlið hinna hefðbundnu atvinnugreina í sjávarútvegi og fiskvinnslu, landbúnaði, verslun og hinum ýmsu þjónustugreinum."

Í grgr. með till. segir svo m. a.:

Það er alkunna, að víða um byggðir landsins er brýn þörf á því, að unnið verði skipulega að gerð áætlana um atvinnuuppbyggingu og þróun iðnaðar til þess að treysta atvinnugrundvöll og þar með afkomuöryggi fólks, sem ekki getur komist að í hinum hefðbundnu atvinnugreinum né er þess umkomið sökum heilsufars, aldurs eða af öðrum ástæðum að taka þátt í helstu framleiðsluatvinnugreinum þjóðarinnar.

Unnið hefur verið að gerð áætlana um þessi efni af Framkvæmdastofnun ríkisins — og er vonandi að þar miði í rétta átt. En þörfin er hins vegar víða brýn og aðkallandi og erfitt mörgum byggðarlögum að bíða árum saman eftir samningu áætlana um verkefni, sem hrinda þyrfti í framkvæmd hið fyrsta ef vel ætti að vera. Víða standa menn frammi fyrir þeirri staðreynd, að ungar, vinnandi hendur verða að flýja byggðarlög sín og fara annað í atvinnuleit til þess að geta skapað sér framtíðarmöguleika við sæmilegt atvinnuöryggi. Þetta gildir auðvitað fyrst og fremst um þéttbýli, þar sem vinnuaflið er mest, en einnig í sumum tilvikum ekki síður í hinum þéttbýlli sveitum, þar sem ungt fólk getur ekki komist að við landbúnaðarstörf, en vill þó vera um kyrrt í heimabyggð sinni og taka þar til höndum við atvinnuuppbyggingu í einhverri mynd.

Víða hefur þó sem betur fer verið lyft grettistökum í þessum efnum, þar sem sett hafa verið á stofn lítil iðnfyrirtæki, sem fyllt hafa upp í skörðin og skapað viðfangsefni og veitt þjónustu í ýmsum myndum. En betur má ef duga skal í þessum efnum. Tækifærin eru mörg og margháttuð,

og margvísleg eru t. a. m. þau jarðefni sem fólgin eru í jörðu, sem verða mættu grundvöllur iðnaðar í einhverri mynd. Má í því sambandi nefna í Vesturlandskjördæmi vinnslu perlusteins í Borgarfirði og á Akranesi svo og hugsanlegan iðnað byggðan á vinnslu leirs, sem mikið er til af í Dalasýslu, og svo mætti lengi áfram telja.

Hinir fjölmennari staðir kjördæmisins hafa á liðnum árum tekið stakkaskiptum og lagt mikið af mörkum til byggðaþróunar og uppbyggingar í atvinnulegu tilliti.

Sjávarplássin leggja eðlilega mesta áherslu á vinnslu sjávarafurða, þar sem aðallega er þó um að ræða frumvinnslu, en nýting og fullvinnsla þeirra afurða á enn langt í land með að vera svo sem æskilegt er og nauðsynlegt til þess að þjóna sem best í atvinnulegu og markaðslegu tilliti. Þar er að ýmsu unnið, en þó meira ógert.

Þar sem sjávarafla nýtur ekki við, er aðallega byggt á margvíslegri þjónustu við landbúnaðinn og vinnslu á þeim afurðum, sem hann gefur af sér, en þar er einnig margt óunnið, sem huga þarf að.

Á sumum þessara staða hefur svo ýmis annar iðnaður risið samhliða vinnslu aðalatvinnugreinanna, og þarf að auka þá möguleika svo sem kostur er. Hinir fámennari staðir ásamt sveitunum eru svo víðast hvar í mikilli þörf fyrir aðstöðu til uppbyggingar í þessu tilliti. Þannig þróast þessi mál smám saman samhliða útþenslu byggðarinnar og fjölgun þess fólks, sem út á vinnumarkaðinn kemur.

Þess vegna er nauðsynlegt, að opinberir aðilar geri ákveðnar till. í þessu sambandi, sem séu í samræmi við þá afkomumöguleika sem viðkomandi atvinnugreinar fælu í sér. Þess vegna er þessi þáltill. flutt — til að freista þess að ýta á þessi mál og fá fram áætlanir og hugmyndir manna, sem einbeita sér að slíkri áætlanagerð, og til að forðast mistök, sem oft eiga sér stað í þessum efnum þegar unnið er oft á tíðum meira af kappi en forsjá og oft óskipulega og fyrirtækin ekki byggð á nægilega traustum grunni frá byrjun. Hér gildir oft að fara gætilega af stað og forðast að taka stökk í stað skrefa, en undirbúa málin vel áður en hrundið er úr vör.

Íslenskt þjóðfélag er í stöðugri og hraðri mótun og hefur tekið stakkaskiptum á skömmum tíma frá tiltölulega frumstæðu bændaþjóðfélagi til iðnvædds nútímaþjóðfélags, sem byggir á vaxandi tækniþekkingu og hagræðingu á ýmsum sviðum. Því er nauðsynlegt að samfara hagnýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar fari skynsamleg áætlanagerð um nýtingu þeirra og uppbyggingu, sem verða mun þjóðinni til sem mestra hagsbóta þegar tímar líða.

Það, sem hér er um að ræða og till. gerir einkum ráð fyrir, er efling íslensks iðnaðar, að stuðla að því, svo sem kostur er, að auka möguleika í úrvinnslugreinum undirstöðuatvinnuveganna og skapa skilyrði til þess að hagkvæmt sé að fullvinna ýmsar sjávar- og landbúnaðarafurðir hér heima í stað þess að flytja úr landi hálfunna vöru. Hér eru margvíslegir ónotaðir möguleikar sem kanna þarf, og leiðirnar eru vafalaust margar, sem fara mætti í þessum efnum. Frumkvæði heimamanna á hverjum stað verður að sjálfsögðu að vera ríkur þáttur í slíkum iðnaði, en áætlanagerð, markaðskannanir, hagkvæmniathuganir og tækniþekkingu verður að sækja til þeirra aðila sem betur kunna.

Það er ljóst, að frumvinnsla í landbúnaði og sjávarútvegi er grundvöllur atvinnulífs á Vesturlandi, og hefur hlutdeild úrvinnslu aukist verulega síðustu áratugi svo sem víða annars staðar. En betur má ef duga skal, og það er ljóst, að treysta þarf mjög undirstöður fiskveiða og fiskiðnaðar frá því sem nú er og auka þarf til muna rannsóknir til nýtingar á hinum ýmsu möguleikum í fiskverkun og fiskiðnaði. Hið sama gildir um landbúnaðinn. Þar eru ótal möguleikar, sem þarf að kanna og nýta svo sem kostur er. En til þess að eðlilega sé að málum staðið og skynsamlega þarf til að koma áætlanagerð og í mörgum tilvikum tilraunavinnsla, áður en út í stórfyrirtæki er ráðist, þar sem oft á tíðum er um mikið fjármagn að ræða og því eðlilegt að lánastofnanir krefjist nauðsynlegra undirbúningsathugana og að fyrir liggi áætlanir um hagkvæmnisjónarmið og jafnvel tilraunastarfsemi áður en af stað er farið. Því er nauðsynlegt að koma á fót samstarfsnefndum úr viðkomandi byggðarlögum eða sýslum til þess að vera í nánu sambandi við þá aðila á vegum iðnrn. og hjá Framkvæmdastofnun, sem vinna að áætlanagerð um iðnþróun úti um landið. Áætlanir eru því aðeins gagnlegar og nauðsynlegar að þær séu unnar í samvinnu við heimaaðila og séu byggðar á nægilega traustri þekkingu á aðstæðum og ytri möguleikum.

Ein er sú hugmynd um smáiðnað úti um landsbyggðina, að byggðir verði svonefndir iðngarðar víða um land, húsnæði þar sem ýmis smáiðnfyrirtæki gætu fengið inni fyrir starfsemi sína. Virðist þetta geta verið góð lausn víða um land, þar sem um smáiðnfyrirtæki er að ræða sem erfitt eiga með að fjárfesta í byrjun í dýrum byggingum og getur þetta fyrirkomulag áreiðanlega auðveldað að koma af stað iðnrekstri þar sem að öðru leyti væri erfitt um vik. Þess vegna tel ég að þetta gæti auðveldað iðnþróun úti á landsbyggðinni og skapað mikið atvinnuöryggi og því beri að hraða framkvæmdum í þessu sambandi og stuðla að slíkri uppbyggingu.

Ýmsar áætlanir eru í smíðum hjá byggðadeild Framkvæmdastofnunar um uppbyggingu landbúnaðar á vissum svæðum á Vesturlandi, einkum á sunnanverðu Snæfellsnesi, Mýrum og í Dölum. Þó að þessar áætlanir séu ekki samfara iðnþróun í venjulegum skilningi, eru þær þó gerðar til þess að efla byggð þar sem hún á erfiðast uppdráttar. Er það nauðsynlegt í tengslum við þá heildarstefnu í landbúnaðarmálum sem vera þarf, til þess að sá atvinnuvegur verði sem arðbærastur og þjóðinni hagkvæmastur.

Ég nefndi áður tvenns konar jarðefni, sem nota mætti til aukins iðnaðar í kjördæminu, þ. e. perlusteinn og leir. Undirbúningur undir vinnslu perlusteins er þegar hafinn, og stofnuð hafa verið hlutfélög til þeirrar vinnslu: fyrirtækin Perla hf. á Akranesi og Prestahnúkur hf. í Borgarfirði, og að þeim standa mörg sveitarfélög m. a. Milli fyrirtækjanna hefur tekist ágætt samstarf með gagnkvæmri eignaraðild. Félagið á Akranesi, sem er lengra á veg komið, hyggst taka á leigu þensluofn,

sem er í eigu Iðnþróunarstofnunar og er í Sementsverksmiðju ríkisins á Akranesi. Vinnsla á vegum félagsins verður fyrst og fremst fólgin í þenslu perlusteins og tilraunum með ýmsa framleiðslu úr þöndum perlusteini. Má þar nefna notkun perlusteins í einangrunarefni og blöndun hans í efni til múrhúðunar. Meðal verkefna félagsins er að láta fara fram markaðskannanir og athuganir á vöruþróun, en mikil samvinna er við Iðnþróunarstofnun í þessu sambandi. Þannig er þessi starfsemi af stað farin, og er vonandi að þessi perlusteinsiðnaður eigi eftir að verða lyftistöng iðnaði og atvinnulífi í Borgarfjarðarbyggðum.

Hitt jarðefnið, sem ég vildi gera lítillega að umræðuefni í þessu sambandi, er leirinn. Við athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins hefur iðulega verið staldrað við miklar leirnámur, sem finnast víða. Hefur notagildi slíks leirs verið kannað bæði innanlands og utan, einkum til leirmunagerðar og einnig til framleiðslu á hlutum til byggingariðnaðar, svo sem múrsteinum, veggflísum, þakhellum og leirrörum. Á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, þar sem bæði hefur verið fjallað um þetta mál allar götur frá árinu 1957 til þessa dags og álits sérfróðra manna leitað, var á árinu 1975 gerð ítarleg rannsókn í Svíþjóð á sýnishornum af íslenskum leir með tilliti til framleiðslu á leirvörum, og reyndist sú rannsókn mjög jákvæð. Sýnishornin voru öll tekin nálægt Búðardal, á nokkrum stöðum, og voru 24 send til rannsóknarinnar. Leirinn í Búðardal er setleir frá nútíma og er mest rannsakaður allra leirsvæða á landinu. Samkvæmt tilraunum, sem gerðar hafa verið, er styrkleiki Búðardalsleirsins eftir brennslu tiltölulega góður og virðist lítið vera háður brennsluhitastiginu. Rannsóknir benda til þess, að með íblöndun viðeigandi leirsteintegunda megi framleiða margar tegundir grófkenndra leirmuna, eins og t. d. leirrör til byggingariðnaðar, en að hann sé síður fallinn til framleiðslu á listmunum.

Rannsóknir á leir frá Búðardal hafa nú staðið yfir æðilengi, eða í rúm 20 ár, því að árið 1957 var samþ. þáltill. um undirbúning leirverksmiðju hér á landi. Síðan hefur málið verið í athugun og frekari rannsóknir hafa verið gerðar. Svo er það árið 1970, að iðnrn. sendir Rannsóknastofnun iðnaðarins bréf, þar sem lagt var fyrir hana að annast rannsóknir þær, sem nefnd þál. gerir grein fyrir, í samvinnu við jarðkönnunardeild Orkustofnunar. Tvær skýrslur voru samdar að þessum rannsóknum loknum. Í okt. 1973 leitaði Rannsóknarstofnun iðnaðarins til Rannsóknaráðs ríkisins um fjármagn til að halda rannsóknum áfram á notagildi íslensks leirs. Framkvæmdastofnun fól Reyni Hugasyni verkfræðingi hjá Rannsóknaráði að athuga málið og gefa um það álit, og þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þrjú atriði skera úr um það, hvort vinna eigi leir á Íslandi:

1. Hvort til sé nýtanlegt hráefni.
2. Hvort hægt sé að gera úr þessu hráefni samkeppnishæfa vöru, t. d. steinapípur, flísar og rör.
3. Hvort markaðurinn á Íslandi er nægilega stór til þess bera uppi verksmiðju af hagkvæmri stærð."

Í álitinu segir, að sennilega væri hagkvæmast að slík verksmiðja yrði sem fjölhæfust, þ. e. gæti framleitt fleira en leirsteina, vegna þess hve markaðurinn er takmarkaður. Sá leir, sem fyrir hendi er, kemur aðeins til greina til grófari iðnaðarframleiðslu eða á byggingarvörum, sem notaðar eru innanlands. Í fyrrnefndu áliti segir enn fremur, að aukin og ný notkun leiriðnaðarvarnings væri nauðsynleg til þess að bera uppi framleiðslu leirverksmiðju, og virðist þar helst koma til greina notkun leirsteina í byggingu húsa og einnig til að einangra utan á steinsteypu, einnig framleiðsla á leirrörum í stað steinsteypuröra, þar sem leirrörin eru sýruföst, en steypurör þola sýru hins vegar illa. Þá mætti einnig athuga nánar markað fyrir þakhellur, flísar og ýmsar aðrar leirvörur.

Í framhaldi af þessu er ekki óeðlilegt að spurt sé: Er ekki fullkomin ástæða til eftir 20 ára athuganir og rannsóknir að hefjast nú handa og hefja tilraunavinnslu í leiriðnaði þá væntanlega í smáum stíl til að byrja með, meðan reynsla er fengin á hagkvæmni slíkrar verksmiðju, en síðan í auknum mæli, ef vel reynist, því hráefni er nægt fyrir hendi.

Ég vænti þess, að hæstv. iðnrh., sem því miður er nú ekki hér viðstaddur, taki þetta mál til alvarlegrar athugunar í rn. sínu, þannig að mörg ár líði ekki úr þessu án þess að nokkuð sé að gert. Þetta er brýnt hagsmunamál kjördæmisins og þá ekki síst Dalamanna — og væntanlega allrar þjóðarinnar ef vel tekst til. En nægilegar rannsóknir og athuganir ættu þegar að liggja fyrir í þessu sambandi til þess að hægt sé að hefjast handa á raunhæfan hátt.

Ég læt nægja í þessari framsögu að nefna þessa þætti hugsanlegs iðnaðar í kjördæminu, en margt fleira kæmi til, bæði í vinnslu jarðefna og í fullvinnsluiðnaði landbúnaðar og sjávarútvegs, þar sem eru margvíslegir möguleikar sem huga þarf að og nýta til þess að auka atvinnumöguleika og iðnþróun í þessum landshluta.

Aukin nýting þeirrar orku, sem við eigum í iðrum jarðar, getur og verið þýðingarmikill þáttur í iðnaðaruppbyggingunni. Nú eru t. d. fyrirhugaðar miklar hitaveituframkvæmdir á Akranesi og í Borgarfirði, og mætti hugsa sér að þar fengist, þegar tímar líða, tiltölulega ódýr orka til iðnaðarframleiðslu. Alla slíka möguleika þarf að hafa í huga þegar áætlanir eru gerðar um þróun iðnaðar á hinum ýmsu stöðum á landinu.

Ef við ætlum að tryggja uppvaxandi þegnum þjóðfélagsins nægileg viðfangsefni og nauðsynleg skilyrði fyrir vaxandi búsetu úti um hinar dreifðu byggðir landsins, þá verður að vinna markvisst að því að leita þeirra möguleika í atvinnuþróun og uppbyggingu iðnaðar sem nokkur völ er á. Heilbrigt og vaxandi atvinnulíf er hornsteinn blómlegs þjóðfélags þar sem byggt er á ísl. náttúruauðæfum og treyst á íslenskar hendur til að fleyta þjóðinni áfram til betri þroska og aukinnar velmegunar.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Geymslufé, frv. (þskj. 302). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um svokallaða geymslufjárreikninga eða depositum. Með því er átt við þá heimild sem skuldunaut er veitt til þess að fullnægja skuldbindingu sinni með þeim hætti að greiða fé inn á geymslufjárreikning, þegar svo stendur á að vegna kringumstæðna, sem varða kröfuhafann, getur skuldari ekki fullnægt skyldu sinni með öðrum hætti.

Í gildandi lögum um viðskiptabanka ríkisins, þá sem eru í eigu ríkisins, eru ákvæði sem heimila þeim að taka við geymslufé. Nánari ákvæði eru ekki í þeim lögum um framkvæmd og lögfylgjur viðtöku geymslufjár. Ákvæði þess frv., sem hér liggur fyrir, miða að því að bæta úr þessu.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af lögum um þetta efni á Norðurlöndum. Sérstök lög um geymslufé voru sett í Danmörku árið 1932, í Svíþjóð 1927 og í Noregi 1939. Viðskiptabankarnir hér hafa talið æskilegt að lögfesta reglur um þetta efni.

Athugun hefur verið gerð á því, hve greiðslur í geymslufjárreikninga hafi verið tíðar í bönkunum. Kom þá í ljós, að í Landsbanka Íslands voru að meðaltali 287 greiðslur af þessu tagi árlega á árunum 1969—1974, í Útvegsbanka Íslands var aðeins ein greiðsla á ári að meðaltali í geymslufjárreikninga á sama tímabili, en Búnaðarbankinn fékk ekki heimild til viðtöku geymslufjár fyrr en 1976. Landsbankinn hefur hins vegar haft þessa heimild um langt árabil og var lengi eina bankastofnunin sem hafði hana, og er það sjálfsagt skýringin á því, að menn hafa e. t. v. staðið í þeirri meiningu, að það væri aðeins heimild til að leggja geymslufé inn í hann, og hafa þess vegna notað hana meira í þessu skyni heldur en hina viðskiptabanka ríkisins.

Þó að ekki hafi verið skýr lagaákvæði um þetta efni hér á landi, þá hefur í meginatriðum verið í framkvæmdinni stuðst við svipaðar reglur og gilda á Norðurlöndum.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að heimilt sé að greiða skuld á geymslureikning í ríkisviðskiptabanka eða annarri þeirri innlánsstofnun sem heimild hefur lögum samkv. til þess að taka við geymslufé. Eins og er, þá er ekki um aðrar stofnanir að tefla í þessu sambandi en ríkisviðskiptabankana, en að sjálfsögðu getur komið til álita í sambandi við lagasetningu um hlutafélagabanka svo og sparisjóði, sem væntanlega koma til meðferðar hér á hv. Alþ. innan tíðar, að setja ákvæði um þetta efni inn í þau lög.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vísa að öðru leyti til frv. sjálfs og athugasemda þeirra, sem fylgja með því, og skal ekki fara fleiri orðum um frv., en leyfi mér að óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 21). — Frh. 1. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þetta mál, sem hér um ræðir, er þegar búið að ræða mjög mikið og ítarlega í þessari hv. d., og ýmsar aðrar hugmyndir um breytingar hafa spunnist þar inn í. Ég vil aðeins að það sjónarmið mitt komi fram, að ég tel mjög nauðsynlegt og eðlilegt að ræða slík mál og gera breytingar í þá veru sem ýmsir hafa rætt um, þó að ég sé ekki sammála því að gera breytingu eins og þá sem í þessu frv. er lögð til. Hins vegar hefði verið æskilegra að þessar umr. hefðu farið fram fyrr á kjörtímabilinu, vegna þess að ég tel að það sé ákaflega hæpið að gera breytingar á kosningalögum og kosningareglum þegar komið er að kosningum og stjórnmálaflokkar hafa þegar gengið frá framboðsmálum sínum að mjög verulegu leyti. Það er með þennan kosningaleik, ef svo má segja, eins og aðra leiki, að það er réttara að leikreglurnar liggi fyrir áður en hafist er handa um leikinn sjálfan. Og það er ákaflega óæskilegt að reglunum sé breytt þegar leikur er hafinn.

Ég tel að þær umr., sem orðið hafa í tilefni af þeim frv.-flutningi sem hér um ræðir, hafi verið mjög jákvæðar. Það hefur komið í ljós nauðsyn á að gera ýmsar breytingar á kosningalögum. En *ég vil aðeins ítreka það sjónarmið mitt, að ég* tel mjög hæpið að gera slíkar breytingar þegar svo skammt er til kosninga sem raun ber vitni og stjórnmálaflokkar eru þegar búnir að ganga að mjög verulegu leyti frá framboðsmálum sínum eftir þeim reglum sem gilt hafa og gilda enn. Þessi skoðun mín er ekki á þá lund, að ég sé alfarið á móti þeirri breytingu sem hv. þm. leggur til í frv. sínu. Ég er á móti því að gerðar verði þær breytingar, sem ábendingar um hafa komið frá ýmsum öðrum þm. í umr. að gera þurfi. Ég tel að þetta mál hefði átt að taka fyrir fyrr á kjörtímabilinu, en að breytingar, jafnvel þótt góðar og réttlátar séu, sé mjög vafasamt að gera þegar svo stutt er til kosninga.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Síðast þegar þetta mál var hér á dagskrá, sem er nokkuð langt um liðið, hafði það gerst, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., hafði talað tvisvar í þessu máli og hann hafði fengið til þess leyfi hæstv. forseta að gera aths., — aths. sem var nær hálfrar klukkutíma löng. Þegar komið var að mér, ég hafði talað tvisvar líka og óskaði eftir að fá að taka til máls aftur, þá var hv. þm. ekki viðstaddur, en hann hafði í þriðju ræðu sinni vikið æðimikið að mér og ég taldi því æskilegra a. m. k. að málið væri tekið fyrir til umr. að honum viðstöddum, ef hann vildi sinna því að einhverju meira leyti en gert hefur verið. (Gripið fram í.) Það fer eftir hæstv. forseta. Það er hann sem ræður því. Ég hafði ekki gert neina aths. í þetta þriðja skipti, ég aðeins óskaði eftir því, að málinu yrði frestað þangað til hv. 2. þm. Austurl.

væri við. Og nú er ég hér kominn í pontu til þess að gera þessa aths., og ég vænti þess, að hæstv. forseti leyfi mér sama rétt og hv. 2. þm. Austurl., þannig að ég fái að gera nokkuð verulega aths. eins og hann.

Það er að sjálfsögðu það langt um liðið síðan umr. voru hér síðast um þetta mál, að sjálfsagt er ýmislegt gleymt af því sem ég vildi sagt hafa í tilefni af ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, en þó eru nokkur atriði sem ég vil fara um nokkrum orðum.

Það er að vísu ekki alltaf sem manni gefst tækifæri og sá heiður jafnvel að eiga orðaskipti við hv. þm. Lúðvík Jósepsson á þeim grundvelli sem hefur verið að því er varðar umr. um þetta mál. Við höfum deilt nokkuð um það, hvernig þessi mál hafi verið í raun og veru í framkvæmd, og þá kannske fyrst og fremst um það, hversu mikið hið margumtalaða flokksræði í raun og veru er í framkvæmd. Ég skal ekki fara um það mörgum orðum, en þegar ég talaði hér síðast um þetta mál gerði ég einmitt að umræðuefni hvernig mér hefði virst flokksræðið ráða ríkjum að verulegu leyti innan Alþb. meðan ég var þar innan dyra. Ég sagði að þá hefði Alþb. ekki verið formlegur stjórnmálaflokkur, heldur einungis kosningasamtök, og hv. þm. Lúðvík Jósepssyni fannst einkennilegt að ég skyldi segja þetta, að Alþb. hafi ekki verið formlegur flokkur meðan ég var í því heldur einungis kosningasamtök. Þetta er eigi að síður rétt. Og hann hélt áfram og talaði um að það væri einkennilegt, að í þessu tilfelli Alþb., sem ég taldi ekki vera formlegan stjórnmálaflokk, skyldi sýna þetta mikið flokksræði og foringjarnir þar fyrst og fremst skyldu vera þeir sem réðu ríkjum að eins miklu leyti og ég talaði um þá. En þetta er allt saman rétt. Það er ekki fyrr en 1969, ef ég man rétt, sem Alþb. er gert að formlegum stjórnmálaflokki. Ég held að ég muni þetta ártal rétt. Til þess tíma hafði verið hér um að ræða kosningasamtök, að sjálfsögðu kosningasamtök sem voru með stjórn, formanni ásamt fleiru sem fylgir slíku, þó að ekki hafi verið um formlegan stjórnmálaflokk að ræða.

Það var auðvitað flokksstjórn fyrir kosningasamtökin, þó að hér væri ekki um formlegan stjórnmálaflokk að ræða. Ég vænti þess, að núv. formaður Alþb., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, telji þetta rétt vera, að Alþb. var ekki formlegur stjórnmálaflokkur fyrr en eftir 1969. En eigi að síður var kosið þar til stjórnar og formennsku, eins og hægt er sjálfsagt að sanna yrði því flett upp. Og það stóð ekki heldur á því, að þar væri flokksræðið í hávegum haft. Það var í raun og veru og í sannleika sagt hið rétta andlit flokksræðisins sem þar réð ríkjum oft og tíðum. Fyrr í þessum umr. benti ég á dæmi að því er varðaði Framsfl., hvernig flokksræðið og foringjarnir hefðu beitt sínum áhrifum þar til þess að fá vilja sínum framgengt. Það dæmi, sem ég benti á, gerðist einmitt á Vestfjörðum. Það gerðist líka á Vestfjörðum að því er varðaði Alþb. 1967, að meiri hl. kjördæmisráðstefnu þáv. Alþb. gekk af fundi í mótmælaskyni við það, hvernig einmitt foringjarnir í Alþb. héldu á málum og stóðu að því að ganga frá framboðsmálum. Meiri hluti kjördæmisráðstefnunnar á Ísafirði gekk af fundi í mótmælaskyni við þetta. Þetta var 1967, og ég hygg að núv. formaður Alþb. muni þetta og viti. Hér er ekki um neinar getgátur að ræða, þetta eru staðreyndir.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði að það væri ómaklegt af mér að segja að Vestfirðingar hefðu látið kúga sig og þeir hefðu snarsnúist. Það er staðreynd að því er varðar t. d. framboð hjá Framsfl. 1967 — ég held ég muni það rétt líka — þegar búið var að ganga frá framboði, en því var síðan breytt vegna þess að ákveðinn forustumaður eða forustumenn í Framsfl. vildu ekki sætta sig við þá röðun sem þá hafði verið ákveðin á lista Framsfl. á Vestfjörðum. Í þessu tilfelli hafa þessir einstaklingar annaðhvort samþykkt, að þeim hafi orðið á í messunni og þeir hafi ekki gert það rétt sem þeir áttu að gera, eða þá þeir hafa látið kúga sig. Hér er ekki um að tala að almennt hafi Vestfirðingar gert þetta, en þeir, sem hlut áttu að máli í þessu tilfelli, gerðu þetta. Þessu var breytt frá því sem búið var að ákveða, og því var breytt vegna þrýstings og sérstakrar sendifarar af hálfu eins af höfuðforvígismönnum Framsfl. á þessum tíma, sem var þá Eysteinn Jónsson. Þessu þýðir ekkert að mæla á móti. Þetta eru staðreyndir sem fyrir liggja. (**Gripið fram í:** Eru það virkilega staðreyndir?) Það eru staðreyndir, já, og það veit ég að hæstv. dómsmrh., núv. formaður Framsfl., veit, hvort sem hann viðurkennir það eða ekki, það er annað mál. Þetta eru þó eigi að síður staðreyndir. Því miður hefur þetta gerst allt of oft, að það hafa í raun og veru verið einvörðungu flokksstjórnirnar, flokksforingjarnir sem hafa ráðið lögum og lofum um þessi mál sem og mörg önnur sem hefur átt að taka ákvörðun um af fleirum en bara forustunni.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson vildi ekki heldur viðurkenna það, að í raun og veru hefði það sýnt sig, reynslan hefði verið sú í kosningum og eftir kosningar frá 1959, er kjördæmaskipuninni var breytt, að í raun og veru hafi flokksgæðingar verið ráðnir til lífstíðar til þingmennsku. Staðreyndin er þessi: Fjórir af hverjum fimm þm. í flestum kjördæmunum hafa samkv. reynslunni verið sjálfkjörnir, það hefur aðeins verið kosið um einn mann af hverjum fimm. Þetta er reynslan. Og þetta er atriði sem almenningur í landinu a. m. k. hefur verið óánægður með, og sífellt fer vaxandi sú óánægja sem stafar af þessu fyrirkomulagi. En það hlýtur að vekja athygli, og a. m. k. ég fyrir mitt leyti kemst ekki framhjá því, að það vekur undrun mína, og ég geri ráð fyrir að ég sé ekki einn um þá skoðun, að núv. forustumenn Alþb. skuli vera þeir aðilar af forustumönnum stjórnmálaflokkanna, sem nú eru, sem harkalegast hafa snúist gegn því að rýmka til, gefa hinum almenna kjósanda aukinn rétt til að hafa áhrif á val frambjóðenda, val um hverjir í raun og veru taka sæti hér á Alþ. Og harðastur í andstöðunni við þetta hefur einmitt verið hv. þm. Lúðvík Jósepsson, núv. formaður Alþb. Þetta vekur athygli. Mér er það a. m. k. umhugsunarefni, hvernig á því geti staðið að þetta skuli vera svona. Eina skýringin, sem ég finn, er sú, að líklega sé það svo, að innan forustuliðs Alþb. sé að finna einstaklinga, forustumenn, sem hafa innbyrt hvað mest flokksræði af þeim sem nú eru. Ég finn enga aðra skýringu á því, hvernig forustu-

menn Alþb. hafa snúist harkalega gegn sérhverri rýmkun til handa hinum almenna kjósanda til að hafa áhrif á þessi mál. Þetta hlýtur að vera orsökin og ástæðan.

Menn hafa heyrt oftar en einu sinni að hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur kallað það frv., sem hér er til umr., flutt af hv. þm. Jóni Skaftasyni, kallað það fráleitt fyrirbæri og hér væri verið að setja upp gervilýðræði. Allt þetta, öll sú fordæming sem mér hefur virst koma fram í máli hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar gegn þessu, er að ég held af engum öðrum rótum runnin en þeim, að hann er innstilltur á hið harðasta flokksræði. Og auðvitað er það hans mál. Mér dettur ekki annað í hug en að halda að þetta sé rétt, þegar fram kemur hjá þessum hv. þm., eins og hann sagði síðast við þessar umr., að það komi málinu ekkert við í þessu tilfelli hvernig farið hefur verið með einstaka menn í flokkskerfinu, hvernig í þá hefur verið sparkað, það kæmi málinu ekkert við. Þetta er að minni hyggju svo glórulaust flokksræði, flokksfjötrar, af foringjum, að engu tali tekur. Og það er vissulega kominn tími til þess, að hér verði breyting á. Hvort sem þeim, sem eru þenkjandi eins og þessi hv. þm., líkar það betur eða verr, þá er nú eigi að síður fólkið sjálft að breyta þessu. Forustumenn sumra hverra stjórnmálaflokkanna eru jákvæðir gagnvart þessum breytingum, og ekki fer hjá því að innan ekki langs tíma, hvort sem einhverjum forustumanni íslensks stjórnmálaflokks líkar betur eða verr, þá verður hér veruleg breyting á til aukins lýðræðis fyrir hinn almenna kjósanda í landinu til þess að hafa áhrif á val þeirra sem á Alþingi eiga að sitja. Þrátt fyrir allt og kannske ekki síður vegna þess, hvernig hv. forustumenn Alþb. hafa snúist gegn þessu, þá er ég enn frekar sannfærður um að það er brýn nauðsyn að breyta þessu. Okkur getur greint á um það, hvaða leiðir eigi að fara. (**Forseti:** Ég kemst ekki hjá því að minna hv. þm. á, að það var aths.-tími, sem hann hafði og hann er nú orðinn í allra lengsta lagi. Ég vænti þess, að hv. þm. ljúki nú máli sínu.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, en ég vænti þess jafnframt af hæstv. forseta, að hann láti mig njóta sama réttar hér og aðra hv. þm., og bendi þar á hv. þm. Lúðvík Jósepsson sem talaði hér nær hálfa klukkustund í aths.-tíma í þriðja skiptið. (**Forseti:** Ég hef ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar hér fyrir framan mig og hún var ekki svona löng.) Vill þá ekki hæstv. forseti tiltaka, hversu löng hún var? (**Gripið fram í:** Það er nú ekki mælt í mínútum í þingtíðindum.) En eigi að síður skal ég verða við því, hæstv. forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu. En ég ítreka það, að ég vænti þess, að ég njóti hér sama réttar og aðrir að því er varðar ræðumennsku, og vænti þess, að forseti geri þar ekki upp á milli hv. þm.

Síðustu orð mín að þessu sinni skulu vera þau, að ég ítreka stuðning minn við það frv., sem hér er til umr. Það er tími til þess kominn að breyta frá því sem verið hefur í sambandi við kosningar og áhrif hins almenna kjósanda á val þm., og því fyrr sem forustumenn í íslenskum stjórnmálum skilja sinn vitjunartíma og fara að kröfu eða óskum almennings í landinu um þetta, því betra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 189). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Skömmu fyrir þinglok síðasta þings var samþ. hér á hv. þingi þál. um endurskoðun lánareglna Lífeyrissjóðs sjómanna.

Till. þessi, sem flutt var af hv. þm. Geir Gunnarssyni, hv. 11. landsk. þm., hlaut fljóta og góða afgreiðslu hér í þinginu, en með leyfi forseta hljóðar þál. á þessa leið:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að reglum Lífeyrissjóðs sjómanna um úthlutun íbúðarlána verði breytt á þann veg varðandi lánsupphæðir, verðtryggingu o. fl., að þær verði ekki óhagstæðari en um er að ræða hjá lífeyrissjóðum í Sambandi almennra lífeyrissjóða."

Sá munur, sem er á gildandi lögum um Lífeyrissjóð sjómanna og þeim reglum sem gilda hjá hinum almennu sjóðum, er sá, að í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna er þess krafist, að íbúðarlán séu með fyrsta veðrétti sé ekki um ríkisábyrgð að ræða. En hins vegar eru hinir almennu lífeyrissjóðir með ákvæði um það, að verðtrygging íbúðarlána megi nema allt að 50% af matsverði eignar, brunabótamati eða sérstöku mati. Það, sem lagt er til í því frv. sem hér er til umr., er að breyta ákvæðum þessara laga á þann veg að rýmka þau og flytja þau í átt til þess sem gildir nú hjá hinum almennu lífeyrissjóðum. Að sjálfsögðu verður hagsmuna sjóðsins gætt til fullnustu og ekki síður að mínu mati. Þetta mun hins vegar greiða fyrir því, að aðilar sjóðsins, sem eiga þann rétt sem hefur skapast hjá lífeyrissjóðum, sem hafa umframfé til lána til félagsmanna sinna og reyndar nú orðið til annarra einnig, það mun flýta fyrir og veita þeim aukið hagræði í viðskiptum sínum við sjóðinn.

Hins vegar mætti tala lengra mál um aðrar breytingar sem gera þyrfti á lögunum um þennan sjóð, en það skal ekki gert nú, heldur mál þetta einangrað til þess að því megi flýta ef hv. þd. sýnist að þetta mál eigi fram að ganga. En það skal tekið fram, að um þessar breytingar er fullt samkomulag í stjórn sjóðsins og frv. er flutt að ósk nokkurra stjórnarmanna.

Það eru, eins og ég tók fram, æskilegar fleiri breytingar, ekki aðeins á lögunum, heldur og reglugerð þessa sjóðs. En stjórn sjóðsins mun hafa frekari breytingar til athugunar við þá endurskoðun sem stendur yfir um þessi ákvæði.

Ég vil, þegar þessari umr. er lokið, virðulegi forseti, leggja til að málinu verði vísað til félmn. og 2. umr. Ég vænti þess, að það sé félmn. sem fjallar um þetta og skyld mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 40. fundur.

Fimmtudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 85). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öryggisbúnaður smábáta, þáltill. (þskj. 77). — Ein umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 77 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um öryggisbúnað smábáta. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að þegar verði settar reglur um öryggisbúnað og eftirlit með opnum smábátum.“

Engar lágmarkskröfur hafa enn verið gerðar af hálfu opinberra aðila um flothæfni og öryggisbúnað þeirra báta sem eru 6 m langir milli stafna eða styttri. Skip og bátar, sem eru ofan þeirra stærðarmarka, eru á hinn bóginn skoðunarskyld samkvæmt lögum um Siglingamálastofnun ríkisins. Bátar af þeirri stærð, sem ekki eru skoðunarskyldir, hafa alla tíð verið notaðir á sjó, ám og vötnum í margvíslegum tilgangi. Lengst af hefur sú notkun verið bundin lífsbaráttu þjóðarinnar bæði á sviði samgangna og varðandi öflun lífsviðurværis. Þessi notkun smábáta er við lýði enn í dag, en að öðru leyti virðist notkun bátanna fara vaxandi hin síðustu ár, ekki síst á þann veg, að þeir eru notaðir sem leiktæki, gjarnan með mjög kraftmiklum vélum. Þannig tíðkast nú stofnun sérstakra siglingaklúbba á vegum ungs fólks þar sem smábátar eru notaðir, og má búast við að slík starfsemi fari vaxandi. Á sama tíma hefur það gerst, að trébátum fer fækkandi, en plastbátar koma í staðinn. Mér hafa sagt reyndir sjómenn, að fullfrískum manni sé naumast bráð hætta búin þótt hann hvolfi undir sér trébát á óstæðu vatni. Því veldur hve auðevlt er að ná taki á bátnum, snúa honum eða a. m. k. komast á kjöl. Þessu virðist nokkuð á annan veg farið með plastbáta. Plastbátar eru þægilegir í notkun. Þeir eru léttir og meðfærilegir, en þeir eru vikir í hreyfingum. hálir þegar þeir blotna og afsleppir ef út af ber. Maður, sem hvolfir undir sér plastbát eða fer útbyrðis af öðrum orsökum, er talinn eiga í nokkrum erfiðleikum með að ná taki á flughálum og afsleppum borðstokkum plastbátsins, en þeir eru sjaldnast til þess lagaðir að hægt sé að ná þar öruggum tökum.

Á undanförnum árum hafa orðið hörmuleg slys hvað eftir annað á smábátum bæði á sjó og vötnum. Samkvæmt upplýsingum Slysavarnafélags Íslands hafa á síðustu 10 árum, eða frá 1968—1977, orðið 38 dauðaslys á óskoðunarskyldum bátum bæði á sjó og vötnum. Þetta er hörmuleg niðurstaða og er ástæða til að leita leiða til að bregðast við þessu betur en gert hefur verið til þessa. Þrátt fyrir þessa tölu, sem nær 4 dauðaslysum á ári að meðaltali, hafa þó margir bjargast og sumir næsta nauðulega þegar óhöpp hafa orðið. Ætla má að slysin hefðu orðið færri og óhöppin ekki eins alvarleg ef meira öryggis hefði verið gætt í búnaði bátanna. Skal þó síður en svo gert lítið úr þeim þætti sem lýtur að öryggisbúnaði bátverja sjálfra.

Þessi atriði hafa orðið mörgum ærið umhugsunarefni á undanförnum árum. Þau hafa t. d. hvað eftir annað komið til umræðu á þingum Slysavarnafélags Íslands. Á 17. landsþingi Slysavarnafélagsins var m. a. samþykkt svofelld ályktun:

„17. landsþing Slysavarnafélags Íslands, haldið í Reykjavík 30. apríl — 2. maí 1976, ítrekar fyrri áskoranir sínar til stjórnvalda um setningu sérstakrar reglugerðar fyrir opna smábáta, 6 m og styttri. Þingið telur þetta mál hafa dregist úr hömlu og óskar tafarlausra aðgerða í því.“

Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

„Á undanförnum árum hafa mörg slys orðið á sjó og vötnum þar sem rekja hefur mátt orsakir þeirra til þess, að öryggi bátanna hefur verið ábótavant, enda af opinberri hálfu engar kröfur gerðar til flothæfni þeirra, traustleika eða búnaðar. Þarf því nauðsynlega að setja reglur þar um. Aukin smábátaeign gerir málið enn brýnna, þannig að vart er sæmandi annað en að settar verði reglur um slíka báta og notkun þeirra, eins og farið er að gera í nágrannalöndum okkar.“

Ályktun þessi var samþ. samhljóða.

Í ýmsum tilvikum hefur að þessum málum verið vikið hjá Slysavarnafélagi Íslands í fleiri ályktunum en þessari, m. a. á þá lund að brýna það fyrir stjórnvöldum, hve nauðsynlegt sé að mæla svo fyrir í slíkum reglum, bæði um óskoðunarskylda báta, 6 m og styttri, og jafnvel aðra smærri báta sem notaðir eru á sjó, að þeir séu t. d. málaðir sterkum litum og búnir radarspeglum sem geri auðveldari leit að þeim ef þeir týnast, eins og því miður kemur stundum fyrir.

Með grg. þessarar þáltill. er prentað viðtal sem dagblaðið Tíminn á við Hannes Hafstein framkvæmdastjóra Slysavarnafélags Íslands um þessi mál hinn 23. ágúst s. l. Í þessu viðtali koma fram ýmsar ábendingar Hannesar Hafsteins sem ástæða er til að hafa í huga þegar um þessi mál er rætt og að því kæmi að setja reglugerð um þetta efni. Þar kemur fram m. a. að Hannes Hafstein telur nauðsynlegt að hafa á plastbátum líflínu við báða borðstokka, þannig að auðvelt sé að ná taki á bátunum, einnig að lengri lína sé á bæði borð, sem unnt væri að nota til þess að snúa bátnum eða a. m. k. vega sig upp eftir og komast þannig á kjöl. Þar kemur enn fram það sem fyrr er getið, hver nauðsyn er að smábátar séu málaðir skærum litum og þeir séu búnir talstöðvum til þess að auðvelda leit að þeim þegar þeir týnast. Þessi atriði eru, að mér sýnist, naumast svo kostnaðarsöm að þau ættu að vera ofviða þeim sem eiga eða nota báta af þessu tagi á óstæðu vatni.

Siglingamálastjóri hefur að undanförnu unnið að því að kynna sér þær reglur, sem gilda á Norðurlöndum um öryggisbúnað og flothæfni skemmtibáta, í því skyni að þær verði uppistaða í sambærilegum reglum hér á landi. Þetta ætti

að flýta fyrir því, að mál þetta fái framgang. Ég hygg að siglingamálastjóri hafi unnið þýðingarmikið og gott undirbúningsstarf að setningu reglugerðar sem hér um ræðir. Nauðsynlegt er þó, að þessar reglur nái ekki einvörðungu til skemmtibáta, heldur einnig og ekki síður báta sem notaðir eru í atvinnuskyni og ekki eru skoðunarskyldir. Þýðingarmikið er að reglur af þessu tagi séu ekki þungar í vöfum og ekki of kostnaðarsamar í reynd, eigi þær að verða virkar í framkvæmd.

Í þeim reglum, sem hér er lagt til að settar verði, þurfa að vera ákvæði um framkvæmd þeirra og hvernig eftirliti skuli háttað. Við fyrstu sýn kann að virðast eðlilegt að sá þáttur málsins sé í höndum Siglingamálastofnunar ríkisins. En sé betur að gáð má telja líklegt að af því mundi hljótast óhæfilegur kostnaður. Þess vegna sýnist mér að þurfi a. m. k. að leita að ódýrari lausn. Hugsanlegt virðist að fela almennum löggæslumönnum þetta eftirlit og gera þeim þá jafnframt kleift að beita viðurlögum, jafnvel á þann veg að taka báta í sína vörslu sé fyrirmælum reglugerðar ekki hlýtt. Þessi atriði þurfa öll nánari athugunar við, m. a. viðræðna við lögregluyfirvöld, en að öðru leyti sýnist mér eðlilegt að reglur þessar séu settar í nánu samráði við Slysavarnafélag Íslands og Siglingamálastofnun ríkisins.

Ég legg á það áherslu, að þær kröfur, sem settar verða samkvæmt þessum reglum, mega ekki hafa óhæfilegan kostnað í för með sér fyrir eigendur bátanna. Þess sýnist enda ekki þörf, miðað við þær ábendingar sem fram hafa komið frá framkvæmdastjóra Slysavarnafélagsins. Ég legg einnig áherslu á að framkvæmd þessara reglna og eftirlit má ekki vera þungt í vöfum eða hafa of mikinn kostnað í för með sér, því þá mundi slíkt eftirlit væntanlega bresta. Þess vegna er höfuðnauðsyn að þessar reglur séu sem ódýrastar og leitað sé að þeirri leið til eftirlits með þeim sem er hægust í framkvæmd og kostar minnst fé. Ég tel sjálfsagt að félagar í björgunarsveitum og slysavarnadeildum geti verið hjálplegir við eftirlit með brotum á slíkum reglum, enda þótt ég telji ekki unnt að setja neinar skyldur á herðar þessara félagasamtaka í því skyni.

Ég skal svo, herra forseti, aðeins leggja áherslu á það að síðustu, að ég tel að þetta mál megi ekki dragast. Slys, sem orðið hafa og eru, eins og ég sagði, ærið mörg, ekki bætt. En ef unnt er með tiltölulega einföldum reglum og viðráðanlegum kostnaði að koma í veg fyrir eitthvað af slíkum slysum í framtíðinni tel ég óverjandi að koma ekki slíkum reglum fram.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessum hluta umr. loknum verði umr. frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rekstrar- og afurðalán bænda, þáltill. (þskj. 127). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Till. þá, er ég flutti á þingi í fyrra um greiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins beint til bænda, endurflyt ég nú ásamt hv. þm. Jóhanni Hafstein. Till. þessi var í fyrra mikið rædd, bæði innan þings og utan, og voru undirtektir yfirleitt góðar. Margir mæltu með samþykkt till., þ. á m. forustumenn stjórnarandstöðunnar, þeir hv. þm. Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason. Aðrir töldu nauðsyn bera til að megintilgangi till. yrði náð, þeim að bændur fengju fjármuni sína strax í hendur, þótt þeir teldu að annmarkar kynnu að vera á framkvæmdinni. Aftur á móti er mér ekki kunnugt um að neinn maður, hvorki innan þings né utan, hafi opinberlega andmælt þessari till. Þó kom það fram hjá forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, að rétt væri að grennslast fyrir um það, hvað bændur vildu í þessu efni. Því er ég sammála, enda held ég að aldrei hafi verið spurst fyrir um það, hvort bændur vildu fá fjármuni sína beint eða hvort þeir óskuðu þess, að þeir gengju í gegnum afurðasölu- og verslunarfyrirtæki. Þar hafa aðrir ráðið en þeir.

Hitt er svo annað mál, að þótt aðeins einn bóndi óskaði eftir því að fá fé sitt greitt beint til sín, en ekki til einhverra annarra, þá ætti hann auðvitað að eiga rétt á því. Á sama hátt getur sérhver sá, sem æskir þess að óbreytt fyrirkomulag verði, þ. e. a. s. að fjármunir hans verði greiddir til afurðasölufyrirtækjanna eða verslunarfyrirtækjanna, óskað þess, og þá mundi viðskiptabankinn að sjálfsögðu senda ávísunina þangað, en ekki til eigandans. Um þessa hlið málsins ættu því engar deilur að þurfa að rísa. Hér virðast allir vera sammála, þ. e. a. s. að það sé sjálfsagt mál að bændur sjálfir ráði þessu og þá hver og einn.

Á það hefur verið bent, að veð þurfi að taka í afurðum fyrir afurðalánunum, og sumir virðast álíta að afurðasölufyrirtækin ein geti veðsett sauðfjárafurðirnar. Þannig er því þó ekki varið. Þvert á móti mætti halda því fram, að hæpinn væri sá háttur, sem á er hafður, að afurðasölufyrirtækin veðsetji vöru sem þau eiga ekki. Getur það naumast helgast af öðru en hefð. Það er margyfirlýst af Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem telst vera samtök stærstu afurðasöluaðilanna, að allar afurðirnar séu í umboðssölu, þ. e. a. s. að bændur eigi vöruna þar til heildsöluaðilarnir hafa selt hana. Bændur ættu því að geta veðsett vöruna. Erfitt er að andmæla þessum sjónarmiðum SÍS, a. m. k. er fyrirkomulag allt eins og tíðkað er við umboðssölu. Varan er ekki að fullu greidd fyrr en hún hefur verið seld, og þá er reiknaður út kostnaður, og stundum er ekki greitt fullt verð fyrir vöruna þar sem söluaðilum hefur ekki tekist að selja hana fyrir nægilega hátt verð eða kostnaður þeirra hefur verið það mikill að þeir telja sér heimilt að greiða lægra verð en grundvallarverðið.

Þessi mótbára gegn því, að bændur fái fé sitt beint, er því ekki marktæk. En ef einhver vandkvæði kynnu að vera á að breyta um fyrirkomulag af þessum sökum, þá er auðvitað hægurinn hjá að fá sérstaka löggjöf í því efni.

Ljóst ætti að vera hverjum og einum að kjör bænda þurfi að bæta. Kerfið er að keyra þá niður, en ekki athafnaleysi þeirra eða úrræðaleysi. Sjálfir hafa þeir að undanförnu fjallað um þann mikla vanda, sem að landbúnaðinum

steðjar, og bent á margháttuð raunhæf úrræði til að bæta hér um. Naumast hefur þó fram að þessu verið nægilega undirstrikað, hve þýðingarmikið er fyrir landbúnaðinn að fá þær greiðslur, er honum ber, sem allra fyrst. Á tímum mikillar verðbólgu, eins og hér hefur geisað árum saman, hefur það að sjálfsögðu grundvallarþýðingu, að bændur fái rekstrar- og afurðalánin eins fljótt og auðið er til eigin afnota, þannig að þeir geti í ríkari mæli rekið bú sín með eigin fjármunum og þurfi ekki að sæta því, að fjármagn þeirra sé skert af verðhækkunum. Ljóst er því, að einhver þýðingarmesta úrbótin fyrir bændastéttina væri sú að rekstrar- og afurðalán hækkuðu og yrðu greidd beint til bændanna, sem þá gætu notað fjármunina á hinn hagkvæmasta hátt. En fjárskortur veldur því tíðum í landbúnaði, eins og raunar í fleiri atvinnugreinum, að hagkvæmustu innkaupum og vinnubrögðum verður ekki við komið. Við fjármögnun landbúnaðarins í heild hygg ég að nauðsynlegt sé að taka mið af þessum sjónarmiðum og stefna markvisst að því að stórauka rekstrarlánin þannig að bændur geti fengið afurðir sínar að fullu greiddar við innlegg á haustnóttum.

Einhverjum kann að finnast þetta ábyrgðarlaust tal í fjármagnsþröng þeirri, sem við búum við, og þensluástandi. En skoðum það nokkru nánar. Er nauðsynlegt að fjármagn það, sem til landbúnaðarins rynni í heild á næstu árum, þyrfti að vera meira en á undanförnum árum, miðað við aðrar atvinnugreinar, þótt þessu markmiði yrði náð á nokkru árabili? Ég held ekki.

Almennt hafa menn nú viðurkennt að fjárfesting í sjávarútvegi megi minnka. Við eigum nú nægilega stóran skipaflota til að taka þann afla sem skynsamlegt og leyfilegt er að veiða. Auðvitað þarf að fylgjast með nýjungum og sinna endurbótum og endurnýjun flotans, og auðvitað þarf að halda áfram uppbyggingu fiskvinnslustöðva og endurbótum á eldri mannvirkjum. En afkastagetuna þarf ekki að auka til muna, einfaldlega vegna þess að hráefnið eykst ekki nema þá á alllöngum tíma. Allir vona að vísu að sigrarnir í landhelgismálinu leiði til þess, að aflamagn muni smám saman aukast, og þá verður að sjálfsögðu að fjárfesta til að nýta það.

Í landbúnaðinum er ástandið ekki óáþekkt. Þar er það raunar markaðurinn, sem er fullnýttur, á sama hátt og hráefnið er í sjávarútvegi. En mér sýnist að við þeim vanda verði að bregðast með svipuðum hætti og vandamálunum sem við sjávarútvegi blasa, þ. e. a. s. að hægja á fjárfestingu, og raunar hafa áhrifamenn í bændastétt bæði í orði og verki sýnt að fram hjá þessari staðreynd verður ekki gengið.

Það fjármagn, sem unnt væri að spara með minni fjárfestingu á næstu árum, mætti auðvitað nota til að styrkja rekstrarstöðu landbúnaðarins. Og það fjármagn yrði í veltunni, en ekki bundið, og notaðist því aftur og aftur, þannig að tiltölulega lítill árlegur samdráttur fjárfestingar gæti haft mikla þýðingu fyrir rekstrarstöðuna, ef fjármununum væri varið til að styrkja hana. Þá hefur landbúnaðurinn innan fárra ára í veltunni það fjármagn sem nægja mundi fyrir eðlilegum rekstrar- og afurðalánum. Þannig gæti kostnaður við búreksturinn lækkað og afurðarverð þar með án þess að útheimta aukna hlutdeild í takmörkuðu fjármagni þjóðarinnar.

Gagnrýni sú, sem beinst hefur af afurðasölufyrirtækjunum, hefur ekki einskorðast við það, að greiðslur þeirra til bænda kæmu of seint, heldur hefur einnig verið á það bent, að rekstrarkostnaður þeirra væri of mikill. Hefur einkum verið bent á sláturhúsin og margsinnis verið um það rætt, að sláturkostnaður væri óhæfilega mikill. Út í þá sálma skal ég ekki fara langt nú. En hins vegar vil ég vekja á því athygli, að sáralitið hefur verið rætt um rekstrarkostnað mjólkurbúa. Hygg ég þó að ástæða væri til að skoða hann, ekki síður en kostnaðinn við sláturhúsin. A. m. k. á ég erfitt með að skilja að ekki skuli vera unnt að framleiða osta hér á nokkurn veginn sama verði og erlendis, jafnvel þótt mjólkurframleiðslan sé hér talsvert dýrari en þar, því að annar kostnaður en hráefniskostnaður er auðvitað talsverður, og ekki hafa verið færðar sönnur á að hann þurfi að vera hærri en erlendis. Sumir halda því meira að segja fram, að laun hér séu miklu lægri en í nágrannalöndunum. Ég held, að eðlilegt væri að gera á þessu athugun, og skal enga dóma fella fyrr en hún liggur fyrir.

En þegar um fjármögnun landbúnaðarins almennt er rætt er vert að víkja að því, hve mikilvægur iðnaður úr landbúnaðarafurðum er, og hann þarf að sjálfsögðu að fjármagna og einnig nýjar búgreinar, eins og t. d. fiskræktina, sem smánarlega lítið hefur verið sinnt hér. Á ég þar við fiskrækt sem búgrein.

Þá er það lítið efamál, að byggingarkostnaður gæti lækkað og þar með fjármagnsþörf, ef byggingarframkvæmdir væru betur skipulagðar og staðlaðar, og á það raunar við víðar en í landbúnaði. Byggingarkostnaður nýju sláturhúsanna er auðvitað óhæfilegur, eins og margsinnis hefur verið á bent, og lengra má ekki ganga á þeirri braut.

Niðurstaðan af öllu þessu er sú, að fjármagn það, sem ýmist er þegar bundið í landbúnaði og afurðum landbúnaðarins eða verður veitt til þessara þarfa á næstu árum, megi nýta mun betur, á þessu sviði sé að finna einn meginvandann sem að landbúnaðinum steðjar, aðeins ef menn vilja leita hans. Og vart verður því trúað, að menn vilji ekki leita af ótta við að finna. En samþykkt þessarar þáltill. mundi stuðla að því, að við vandanum yrði hreyft, og þannig leiða til mikilvægs árangurs fyrir landbúnaðinn og þar með þjóðina alla.

Að lokum vil ég aðeins nefna niðurgreiðslurnar og útflutningsuppbæturnar, sem raunar ætti að nægja að nefna útflutningsbætur. Sá háttur er á hafður, að því er þær varðar, að greiða þær til afurðasölufyrirtækja eins og rekstrar- og afurðalánin í flestum tilfellum. Ekki fæ ég séð að minnsta þörf sé á þessu. Úr því að ríkisvaldið ákveður að greiða landbúnaðarvörur niður, fyrst og fremst sem hagstjórnartæki, virðist liggja alveg beint við að greiða eigendum vörunnar þá fjármuni sem þeim ber, en ekki einhverjum öðrum. Ef verðbæta á vöru við útflutning á

eigandi hennar líka að fá þær bætur. Afurðirnar eru í umboðssölu, en ekki í eigu afurðasölufyrirtækjanna. Þess vegna getur ekki verið að þau eigi neitt tilkall til niðurgreiðslnanna og útflutningsbótanna. Þær eru hluti af því fé, sem bændur eiga að fá fyrir framleiðsluvöru sína, og eiga því að ganga beint til þeirra, en ekki staðnæmast annars staðar í lengri eða skemmri tíma. Eru það tilmæli mín, að n. sú, sem till. þessa fær til athugunar, athugi hvort samstaða gæti náðst um að láta hana einnig taka til niðurgreiðslnanna og útflutningsbótanna, þannig að bændum væri greitt beint samkv. skýrslum um innlagðar mjólkur- og sláturafurðir.

Þegar máli þessu var fyrst hreyft á þingi í fyrra töldu sumir erfiðleika á framkvæmd þess. Við nánari skoðun kom þó í ljós að svo var ekki. Ég get búist við að nú segi einhverjir að erfiðleikum sé háð að koma niðurgreiðslunum og útflutningsbótunum beint til bænda. Það byggist líka á misskilningi, og nær er mér að halda að kerfið allt yrði einfaldara, ef þessi háttur yrði upp og a. m. k. tekinn, gætu menn þá betur áttað sig á því, hvað um fjármunina verður sem til landbúnaðar eiga að renna.

Margar athyglisverðar hugmyndir hafa komið fram í þeim miklu umr., sem orðið hafa um landbúnaðarmálin, fyrst og fremst af bænda hálfu. Þeir vilja leita vandans til að finna hann. Mig langar að vekja athygli á einni þessara hugmynda. Hana setur fram Halldór Gunnarsson, Holti undir Eyjafjöllum, í grein í Morgunblaðinu 7. jan. s. l., en í hugleiðingum hans segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Styrkur ríkissjóðs við landbúnaðinn mundi í framtíðinni miðast við hlutfall núverandi fjárveitinga Alþ. af fjárl. til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta. Þessi styrkur mundi skoðast í heild til þess viðfangsefnis, að bændur, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaðarframleiðslu, nái sínu lögbundna viðmiðunarkaupi, og jafnframt til þess, að neytendur fái landbúnaðarafurðir á sem hagstæðustu verði.

Til jákvæðrar stjórnunar á framleiðslunni yrði slíkur heildarstyrkur til landbúnaðarins greiddur að verulegum hluta beint til þessara sömu bænda mánaðarlega.“

Þessar hugmyndir eru náskyldar þeim sem ég hef reynt að setja hér fram. Að vísu vil ég ekki nefna greiðslur þær, sem renna eiga til bænda, styrki, því að þær eru það ekki nema þá að litlum hluta. En það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að bændur fái milliliðalaust það fé sem þeim ber. Þegar því marki er náð, hafa bændur unnið mikla sigra sem hafa munu úrslitaáhrif á hag landbúnaðarins. Þessir sigrar eru í sjónmáli og lengur má ekki draga að fylgja málinu fram.

Ég legg til, herra forseti, að till. þessari verði vísað til hv. allshn.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur gert grein fyrir till. til þál. um það, að ríkisstj. verði falið að hlutast til um að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda. Hv. þm. hefur flutt talsvert langt mál till. sinni til stuðnings, og finnst mér í fljótu bragði að þar gæti nokkurs misskilnings sem ég vil freistast til að reyna að leiðrétta. Hins vegar veit ég að vísu, að þegar menn hafa bitið sig í ákveðnar skoðanir, þá er ég alls ekki einn um það að vera ekki tilbúinn til þess að láta af þeim snarlega, og það kann að fara svo með hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, að hann láti ekki sannfærast af fáum orðum einum í þessu efni.

Mér datt í hug, þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð gat þess réttilega að haldnir hefðu verið margir fundir um vandamál landbúnaðarins á undanförnum mánuðum, að ég man ekki eftir því, enda reyndar ekki sérstaklega eftir því leitað í samþykktum þeirra funda, að þeir snerust um það að óska eftir því, að afurða- og rekstrarlán væru greidd beint til bænda. Það kann að vera að einhver rödd hafi komið upp um það, en það hefur áreiðanlega ekki verið þungamiðjan í þessum umr., enda er það svo í því héraði þar sem ég er kunnugastur, að ég hef ekki heyrt eina einustu rödd um þetta efni. Þar er það venjulega svo, að afurðasölufélögin eru í höndum bænda. Það eru bændur sem stjórna þeim að mjög miklu leyti, og það er fyllilega í samræmi við óskir þeirra og vilja, að afurðalán og rekstrarlán eru greidd með þeim hætti sem er. Og það er langt frá því að þessi lán séu tafin í höndum afurðasölufélaganna. Hitt er miklu algengara, þar sem ég þekki til, — það kann að vera eitthvað öðruvísi þar sem hv. þm. Eyjólfur Konráð þekkir best til, en það er miklu algengara að þessi afurðasölufélög láni og séu búin að lána þessi lán viðskiptavinum sínum áður en þau berast í hendur þeirra. Það er miklu algengara. Og ég er alveg sannfærður um það, að ekki mundi greiðast hagur bænda hvað þetta varðar, þó að væri ætlast til að þessar uppbætur væru greiddar beint til þeirra, einfaldlega vegna þess að þeir þurfa og verða a. m. k. þar sem eru sameiginleg afurðasölufélög og verslunarfélög, að öðru leyti að hafa viðskipti sín við þessa aðila, og það er mjög oft svo að þessir aðilar sjá sér fært að lána viðskiptavinum upp á væntanlegar greiðslur í þessu efni. Það kann að vera að um þetta gegni eitthvað öðru máli þar sem afurðasölufélögin eru aðskilin frá þeim félögum sem útvega bændum rekstrarvörur og vörur til heimilisþarfa, en þó efast ég um að þar þurfi að vera mikill munur á. Þess vegna er ég ekki trúaður á það að þetta sé úrlausn til lausnar á neinum vanda, þó að afurðalánunum og rekstrarlánunum yrði komið beint til bændanna. Þau fara það, eftir því sem ég veit best með, að vísu þessari viðkomu hjá afurðasölufélögunum, en eins og ég sagði áðan, er þó mjög algengt að búið sé að lána út á þessa fjármuni fyrir fram.

Ég vil gjarnan að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson leiðrétti mig, ef ég fer þar með rangt mál, að bændur hafi ekki gert það að neinu aðalatriði í óskum sínum um úrbætur á ýmsum stórum vandamálum, sem þeir eiga í, að afurðalánin yrðu greidd á þennan hátt.

Hitt er svo annað mál, að ýmislegt, sem kom fram í ræðu hv. þm., er fullrar athygli vert. Það er rétt, að það er mikil nauðsyn á því að hækka afurðalán og rekstrarlán til landbúnað-

arins. Ég hygg að það væri ein besta kjarabót, sem bændur gætu fengið nú, ef hægt væri að greiða fullt verð fyrir þessar vörur við afhendingu. Það er því miður ekki eins og er, og það stafar af því, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að vörurnar eru teknar í umboðssölu og vörudreifingaraðilarnir, og þá á ég við afurðasölufélögin, verða oft að liggja raunverulega lengi með þessar vörur, og þau afurðalán, sem hafa verið veitt til þess að greiða upp í þessar vörur, hafa ekki verið nægilega há til þess að afurðasölufélögin gætu tekið á sig muninn sem er á afurðalánunum annars vegar og því verði hins vegar sem bændur eiga að fá.

Ég get vel sagt það hér, að ég er mjög ákveðinn stuðningsmaður þess, að áfram verði hafður sá háttur á, að landbúnaðarafurðir verði í umboðssölu þeirra aðila sem taka á móti þeim til dreifingar, og þar á ég við bæði mjólkursamlög og sláturfélög. Ég tel æskilegt fyrir þjóðfélagið í heild, að bændur beri ábyrgð á þessum fyrirtækjum. Ég er þeirrar skoðunar, að ábyrgð bænda á þessum fyrirtækjum hafi gefist þjóðinni vel, og það má m. a. marka af því, að hér á landi er hlutfallslega lægri kostnaður við vinnslu, dreifingu og sölu landbúnaðarvara en yfirleitt gerist í öðrum nágrannalöndum. Það hefur verið mjög algengt að undanförnu, þó að ég hafi ekki um það alveg nákvæmar tölur, að bændur hafi fengið í kringum 70% og oft rúmlega 70% af því verði sem neytandinn greiðir, og það er mjög hagstætt verð hlutfallslega. Víða fer miklu stærri hluti þess verðs, sem neytandinn þarf að greiða, til dreifingaraðilanna heldur en hér. Þetta tel ég sönnun þess, að þegar á heildina er litið hafi dreifingaraðilarnir staðið sig vel, og eins og ég sagði áðan starfa þeir líka yfirleitt á ábyrgð bænda. Bændur fylgjast vel með starfsemi þessara félaga og stjórna þeim í aðalatriðum, og öllum þeim, sem að þessum málum vinna, er ljóst, að það er ekki einungis hagsmunamál neytenda, heldur líka bænda, að vinnslu- og dreifingarkostnaður sé sem lægstur og sem mest af því verði, sem neytandinn greiðir fyrir vöruna, komi í vasa framleiðandans. Hitt er svo annað mál, að oft finnst manni sem þessi kostnaður gæti verið lægri. En ég vil bara spyrja, hvort þetta sé eini staðurinn í þjóðfélaginu sem þörf væri á að athuga hvort endurbætur væru hugsanlegar. Það er rétt, að slátrunarkostnaður t. d. er mjög mikill, bæði reyndar í nýjum og gömlum húsum, en alveg sérstaklega í þeim húsum sem byggð eru með fyllstu tækni og fyllstu möguleika til hreinlætis í huga.

Rekstur sláturhúsa hér á landi hlýtur alltaf að vera erfiður, einfaldlega vegna þess hve sá tími sem húsin eru rekin er stuttur. Það er þess vegna ekki um að ræða yfirleitt langþjálfað starfslið sem starfar við sláturhúsin, og þegar atvinnuástand er jafngott og það er núna og hefur verið að undanförnu, þá verður sífellt erfiðara að fá menn úr góðum störfum til þess að koma stuttan tíma í sláturhús og vinna þar. Þess vegna eru mikil brögð að því, því miður, að nýtt fólk kemur til starfa á hverju hausti í sláturhúsunum að meira eða minna leyti, og það þarf langan tíma til þess að venjast vinnubrögðum svo að bæði náist full afköst og fullkomlega góð meðferð vörunnar. Þetta er vandamál sem við hljótum að eiga við að glíma hjá sláturhúsunum.

Þetta sama á ekki við um mjólkursamlögin. Þar vinnur sama starfsfólkið allan ársins hring og oft ár eftir ár, enda er það svo að við höfum náð ágætum tökum á framleiðslu mjólkurvara, þannig að hvað gæði snertir eru þær vörur fullboðlegar hvar sem er. Það kann að vera svo, að vinnsla þessara vara sé dýrari hér en í sumum nágrannalöndum, um það þori ég ekki að fullyrða, en hitt get ég aftur á móti sagt, að jafnvel þó að hér væru ekki hærri vinnulaun en í þeim nágrannalöndum, sem borið er saman við, þá getur ýmis önnur aðstaða slíkra fyrirtækja verið með öðrum hætti. Og það þekkja allir, sem á það vilja hlusta, að í sumum nágrannalöndum okkar hefur ýmsum iðnaðarfyrirtækjum verið gert auðveldara um starfrækslu heldur en hér hefur verið. Hins vegar er ákaflega erfitt að ætla sér að bera saman verð á okkar mjólkurvörum og mjólkurvörum nágranna okkar. Það er alls staðar þar sem ég þekki til í nágrenninu, að landbúnaður er styrktur á einn eða annan hátt, sums staðar mjög mikið og víða miklu meira en hér. Við getum ekki búist við því t. d., að við getum keppt á heimamarkaði Svía, svo að tekið sé dæmi, um sölu á osti, þar sem hvort tveggja er, að mjólkurframleiðslan er styrkt í verulegum mæli og þar að auki háir verndartollar á þeim ostum sem við flytjum til Svíþjóðar. Mér er ekki kunnugt um það nákvæmlega, hvað það er núna, en fyrir skömmu var tollur á hvert kg milli 5 og 6 kr. sænskar á hvert kg af gondaosti, sem er fluttur þangað aðallega, og það er mjög veruleg upphæð.

Hv. þm. kom hér aðeins að greiðslu útflutningsbóta. Ég vil taka undir það, að þó að við höfum haft ákveðið form á þessum svokölluðu útflutningsbótum, sem er aðalstyrkurinn sem bændur fá til framleiðslu sinnar, — ég tel að útflutningsbæturnar megi kalla styrk við landbúnað, — þó að þetta fyrirkomulag hafi verið haft á greiðslu útflutningsbóta, þá er ekki endilega víst að við þurfum alltaf að hafa sama fyrirkomulagið. Við eigum vitanlega að vera opnir fyrir nýjungum, ef þær eru líklegar til þess að þjóna þeim hagsmunum og þeim tilgangi sem við viljum á hverjum tíma þjóna með greiðslu fjármuna af þessu tagi. Ég hygg að það geti komið mjög til greina að greiða útflutningsbætur beint til bænda, og það væri hugsanlegt að nota slíkt fyrirkomulag til þess að stýra framleiðslu að einhverju leyti. Hinu er svo ekki að neita, að slíkt fyrirkomulag yrði talsvert þungt í vöfum. Þó væri það barnaleikur, eða a. m. k. hægt að hafa það svo einfalt að það yrði barnaleikur, miðað við það að ætla að fara að greiða rekstrarlán hverjum bónda eftir því magni afurða, sem hann leggur inn, og greiða slíkt kannske mánaðarlega tímunum saman. Ég held að það sé mikill misskilningur, að slíkt fyrirkomulag yrði einfalt og ódýrt í sniðum, og ég trúi ekki að óreyndu að það væri hægilegra fyrirkomulag að því leyti. En ég vil alls ekki útiloka hitt, að reynt yrði að átta sig á því, hvort ekki er rétt að leita nýrra

leiða í sambandi við verðbætur vegna útflutnings landbúnaðarvara.

Hv. þm. vildi ekki kalla útflutningsbætur styrki. Það má um það deila, hvað kallað eru styrkir. Ég hef engan sérstakan áhuga á því að kalla útflutningsbætur styrki til bænda. En hitt finnst mér alveg ástæðulaust, að við lokum augunum fyrir því, eins og ég sagði áðan, að landbúnaður þeirra landa, þar sem við seljum vörur okkar, er styrktur í stórum stíl, og það er einmitt vegna þessara styrkja sem við eigum erfitt með að fá það verð, sem okkur dugar, fyrir útflutningsvörurnar. Mjög gott dæmi um þetta er lambakjötið okkar sem við seljum til Noregs. Mér er tjáð, án þess að ég hafi fyrir því óyggjandi staðfestar tölur, að á s. l. hausti hafi bændur í Noregi fengið sem svarar 4000—4500 kr. meira fyrir það sem við köllum meðaldilk heldur en íslenskir bændur. Á sama tíma seljum við lambakjöt til Noregs og fáum þar tæplega helming af því verði sem við þyrftum að fá til að geta skilað fullu verði til íslenskra bænda. Hvernig stendur á þessu? Einfaldlega er ástæðan sú, að Norðmenn greiða stórfellda styrki til sinnar lambakjötsframleiðslu. Það er a. m. k. meginskýringin. Og það verð, sem Norðmenn greiða okkur fyrir dilkakjöt, er sama verð og þeir greiða sínum bændum, þegar styrkirnir hafa verið dregnir frá. Þeir greiða okkur reyndar hærra verð en þeir þurfa að greiða fyrir nýsjálenska lambakjötið, sem er mjög ódýrt. Ef við gætum verslað við Norðmenn með lambakjöt á sama grundvelli og þeir versla við okkur með ýmsar iðnaðarvörur, þá hygg ég að við þyrftum ekki að kvíða útflutningsbótum á íslenskt lambakjöt. Það er eftirsótt vara í Noregi, og ef við gætum selt það þar á frjálsum markaði við hlið hins norska lambakjöts, þá hygg ég að við þyrftum ekki að kvíða því að nota stórfé til útflutningsbóta á lambakjöt selt í Noregi. En því miður er þessu ekki svona varið. Við höfum mikil verslunarviðskipti við Noreg og þau eru miklu stærri á þá hlið, að við kaupum af þeim varning og þá fyrst og fremst ýmsar iðnaðarvörur sem við vissulega gætum framleitt margar sjálfir. Við seljum þeim lítið af vörum. Langstærsti útflutningsliðurinn til Noregs, eftir því sem ég best veit, er lambakjötið, sem þeir greiða okkur meira en helmingi lægra verð fyrir heldur en það kostar þá að framleiða svipaða vöru og þó alls ekki eins góða, að því er talið er, í sínu eigin landi.

Herra forseti. Það væri auðvitað ástæða til þess að ræða hér meira um landbúnaðarmál. Þau hafa verið mjög í sviðsljósi að undanförnu. Ég tel þó ekki ástæðu til að lengja þetta mál að ráði. Ég get gjarnan lýst því yfir, að ég álít það ekki spor til betri áttar að taka upp þann hátt að greiða bændum afurða- og rekstrarlán beint, einfaldlega vegna þess að það er leitun á þeim bændum a. m. k. sem kæra sig nokkuð um það, og áreiðanlega leitun á þeim bændum, sem þetta skiptir nokkru máli hagsmunalega séð, vegna þess að þessir aðilar, sem hafa tekið að sér að taka lánin fyrir þá, standa skil á þeim til bændanna jafnóðum og þeir fá þau. Ég álít að þetta fyrirkomulag yrði miklu þyngra í vöfum, það yrði mjög fyrirhafnarsamt að fylgjast með því, hvaða framleiðsluvörur bændur gætu veðsett á hverjum tíma, það hlyti að verða óþægilegt í framkvæmd að ætla að fara að taka veð hjá hverjum einstökum bónda fyrir þessum lánum, og yfirleitt sýnist mér að þessi till. sé alls ekki tímabær og horfi ekki til neinnar jákvæðrar áttar.

Ég tel að á hverjum tíma sé nauðsynlegt að hafa svo gott eftirlit með rekstrarkostnaði fyrirtækja, sem vinna í þágu almennings, sem frekast er kostur, og þar vil ég alls ekki undanskilja mjólkursamlög og sláturhús frekar en önnur fyrirtæki í landinu. Hitt hygg ég þó, að einmitt þessar stofnanir séu undir meiri gagnrýni almennings heldur en fjölmörg önnur fyrirtæki sem vissulega vinna þó fyrir allt fólkið í landinu. Og þessi gagnrýni kemur bæði frá neytendum og einnig frá framleiðendum, sem eiga mikilla hagsmuna að gæta í því efni, að þarna sé ekki bruðlað með fjármuni. Þessi gagnrýni og þetta eftirlit kemur líka fram í sexmannanefnd, sem verðleggur landbúnaðarvörur og fylgist með kostnaðarbreytingum hjá sláturhúsum og mjólkursamlögum eftir því sem frekast er kostur. Það má geta þess hér t. d. í sambandi við verðlagningu mjólkur, að það eru aldrei gerðar breytingar á milliliðakostnaði á verði mjólkur og ekki heldur náttúrlega sauðfjárafurða öðruvísi en fram hafi komið ýmist rökstuddir reikningar eða rökstuddar áætlanir um breytingar á kostnaði. Það er því miður svo með sláturhúsin, að þar er of seint að breyta kostnaði eftir að sést hefur hver hann verður. Þar verður að byggja á áætlunum, og yfirleitt hafa þær áætlanir verið nokkuð nálægt lagi, þó að það hafi oft komið fyrir að bændur hafi orðið að taka á sínar herðar einhvern hluta af þessum milliliðakostnaði, vegna þess að hann hafi verið áætlaður of lágur. Hitt hefur líka aðeins komið fyrir, að bændur hafi notið góðs af betri rekstri heldur en áætlað hafði verið í upphafi. En þess mega menn ekki ganga duldir, að með því fyrirkomulagi, sem við höfum, ber bóndinn ábyrgð á þessum rekstri og það kemur niður á fjárhag bóndans, annaðhvort sem lakara verð eða hærra verð, hvernig rekstur einstakrar vinnslustöðvar fer úr hendi.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hér er til umr. till. endurflutt frá síðasta þingi. Þá urðu um hana talsverðar umr. og ég hafði raunar ekki hugsað mér að taka til máls um þessa till. núna, gerði ráð fyrir, að sleppa því. En þó eru þrátt fyrir ágæta ræðu hv. síðasta ræðumanns örfá atriði sem mig langar til þess að gera ofurlitið nánar að umtalsefni.

Tillgr. sjálf er kannske ekki nákvæmlega orðuð miðað við það sem hv. flm. á við. Hann hefur hana óþarflega stutta, þessa tillgr. En mér fannst koma skýrt fram í framsögu hv. 1. flm., að hann ætlast ekki til að þetta sé greitt hverjum einasta bónda, heldur einungis þeim bændum sem þess óska. Mér hefði þótt heppilegra að geta þess í tillgr. til að forðast allan misskilning úr því þetta er skoðun flm.

Ég vil taka það fram, að ég tel að þarna sé

hreyft mjög þýðingarmiklu máli. Umr. um rekstrar- og afurðalán eru gagnlegar, og afgreiðsla á þeim málum, á hvern hátt hún verður, skiptir bændur mjög miklu máli. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir að brjóta hér upp á þessu máli þing eftir þing, þannig að menn geta velt þessum málum fyrir sér, þó að ég sé honum ekki að öllu leyti sammála um aðferðina.

Bændur hafa háð langa og harða baráttu til þess að reyna að fá þessi rekstrar- og afurðalán hækkuð, ekki einungis bændur, heldur og starfsmenn bænda. Þeir ráðh., sem farið hafa með landbúnaðarmál á hverjum tíma, hafa gert sitt besta. En margs þarf búið við, og það er sannast sagna að þessi upphæð er enn þá mjög óviðunandi þrátt fyrir það að verulegar leiðréttingar hafi verið gerðar hvað eftir annað.

Landbúnaður er hæggengur atvinnuvegur, ef svo mætti segja, þ. e. a. s. fjármagnsveltan er hæg. Áburðurinn þarf að komast á jörðina á réttum tíma, síðan þarf grasið að spretta, það þarf að afla heyjanna og þá er hægt að fóðra búpeninginn á þeim. Síðan fæðast lömbin, svo vaxa þau og verða söluvara. En ekki nóg með það, sagan er ekki búin. Bændur eða framleiðendur verða svo að bíða tímunum saman eftir því að fá þessa söluvöru greidda. Og þarna er náttúrlega rótin að því, hvers vegna bændur hafa lagt svo mikla áherslu á að fá þessi lán hækkuð, þannig að þeir gætu fengið fyrr greiðslur fyrir vinnu sína.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarins er byggður upp, eins og menn vita, á vísitölubúi. Síðasti verðlagsgrundvöllur var úrskurðaður með frægum yfirnefndardómi nú fyrir hálfum öðrum mánuði eða svo. Þar segir frá því, að laun bóndans eigi að vera ákveðin upphæð, og launaliður í verðlagsgrundvellinum er rétt rúmlega helmingur af þeim kostnaði sem búið á að bera. Ef bóndinn fær ekki greitt nema kannske 70—75% af þessu innleggi sínu þegar hann leggur inn — ég tala nú ekki um ef það fer enn neðar — þá hlýtur það að leiða til þess, að hann fær ekki greiddan helminginn af kaupi sínu. Helminginn af kaupi sínu lánar bóndinn þjóðfélaginu þar með þangað til lokauppgjör við hann fer fram, vegna þess að hann getur að sjálfsögðu ekki frestað því að greiða áburð, hann getur ekki frestað því að greiða fóðurbæti og annan rekstrarkostnað búsins, og hann getur ekki frestað því að greiða hjúum sínum. Þetta allt saman verður til þess, að málið er mjög brýnt. Það hefur verið krafa bænda og mjög eindregin ósk, að þeir gætu fengið útborgað allt að 90% við innlegg sauðfjárafurða. En þetta er nokkuð misjafnt hjá hinum einstöku kaupfélögum og einstöku sölufyrirtækjum. Sum fara nokkru nærri því að ná þessu, þar sem best gengur, svo sem í Borgarnesi, en því miður er ekki sömu sögu að segja alls staðar og þarna er talsverður munur á.

Hv. flm. drap á merkilegt atriði í ræðu sinni. Hann talaði um að gæta yrði sparnaðar í rekstri fyrirtækjanna. Bændur þurfa líka að gæta mikillar hagsýni og sparnaðar í rekstri fyrirtækja sinna heima fyrir. Ég er alveg sammála hv. alþm. Inga Tryggvasyni um það, að sölufyrirtækin eru að sjálfsögðu eign bænda og sum þeirra eru meira að segja eign bænda einna, eins og það sölufélag sem ég er í, þar sem einungis bændur eru félagar í því. Þar með eiga bændur einungis við sjálfa sig að sakast ef eitthvað fer úrskeiðis. Stjórnin er skipuð bændum — framkvæmdastjóri á reyndar sæti í stjórninni — og hún ræður starfsmenn og getur fylgst með öllum þessum rekstri eftir því sem stjórnarmenn kæra sig um.

Hv. flm. benti á það, að rekstrarkostnaður í mjólkurbúum hefur ekki verið, að því er hann telur, tiltölulega jafnhár og í sláturhúsunum. Sláturhúsin eru með fleiri en einum hætti, og það er alveg rétt hjá honum, að sum þeirra hafa átt við það að stríða að sláturkostnaður hefur verið þar geysimikill. En þetta eru okkar fullkomnustu sláturhús og beinlínis byggð með það fyrir augum að við getum flutt út kjöt og þá sérstaklega á Ameríkumarkað. Til þess að mega flytja landbúnaðarvörur út til margra landa er það beint skilyrði að hægt sé að rekja saman í sláturhúsinu hina ýmsu líkamsparta kindarinnar. Ef í ljós kemur sjúkleiki í innyflum þarf að vera hægt að finna skrokkinn. Þetta gera kaupendur sums staðar í heiminum að algjörri kröfu þess að vilja kaupa, því þeir vilja vera vissir um að fá heilbrigða og vel með farna vöru. Þetta kostar auðvitað sitt. Þetta kostar geysimikið fé, og eins og hv. þm. Ingi Tryggvason rökstuddi rækilega áðan er erfitt að fá nægilega margt og þjálfað starfsfólk á þessa vinnustaði, þar sem starfað er stuttan tíma ársins. Mjólkurbúin eru nokkuð annars eðlis. Þau starfa að sjálfsögðu allt árið, eins og hv. þm. gat um. En svo háttar til hjá okkur, að flest mjólkurbúin eru líka léttari í afskriftum, eins og stendur, heldur en sláturhúsin, vegna þess að tæknivæðing mjólkurbúa var nokkuð á undan nýbyggingu sláturhúsa. Hins vegar erum við nú að súpa seyðið af því, að við höfum ekki aðstæður í mjólkurbúum okkar til þess að framleiða þær ostategundir, sem líklegastar eru sem útflutningsvara, í nægilega miklum mæli, vegna þess að mjólkurbúin eru ekki tæknilega undir það búin. Ég tel alveg víst, að t. d. í mjólkurbúinu á Akureyri, þar sem nú er að rísa mjög fullkomið og dýrt mjólkurbú, að mér skilst, og m. a. byggt með það fyrir augum að þar sé hægt að framleiða þá vöru sem hagkvæmast er að flytja út, þar verði mikill rekstrarkostnaður. Það gefur auga leið að það verður mjög þungt í afskriftum og fjármagnskostnaður þar mikill. Auk þess hafa mjólkurframleiðendur verið svo gæfusamir að geta starfað í stærri einingum heldur en sláturhúsamenn, vegna þess að það hefur ekki verið mikil tilhneiging að setja upp smámjólkurbú, það hefur ekki verið mikil frelsisbarátta hjá mjólkurbændum. Þeir hafa séð sér hag í því að standa saman og fá einingarnar stærri og hagkvæmari í rekstri.

Hvað varðar framkvæmd þessarar till., þá get ég ekki, þrátt fyrir fullyrðingar hv. flm., annað en átt von á því, að nokkrir annmarkar séu á framkvæmd till. Ég trúi ekki öðru en að það sé meira verk að færa þetta til hinna einstöku bænda heldur en eins og nú er, þar sem þetta er í stærri einingum, og sleppi ég þá alveg

spursmálinu um veðið, enda hafa því verið gerð skil í umr. áður. Það er augljóslega meiri skriffinnska við þetta, mjög aukin skriffinnska.

Hvað á þá að gera við hina smæstu framleiðendur? Þeir eiga væntanlega að fá sama rétt og væru kannske vísir til þess að nota hann.

Ég held að það sé farsælast fyrir okkur bændur að reyna að vera allir á sama báti og hjálpa hver öðrum. Ég hef verið mikill áhugamaður um lausaskuldabreytingu hjá bændum, þ. e. a. s. þeim bændum sem verst eru settir, til þess að létta undir með þeim. Og ég sé ástæðu til þess enn og aftur að ítreka að ég held að það sé ein mikilvægasta ráðstöfun fyrir bændastéttina í heild sem unnt væri að gera, þrátt fyrir að þetta kæmi ekki nema fáum bændum til góða.

En þá er að víkja að því sem hv. þm. Ingi Tryggvason sagði áðan, þar sem hann orðaði það að útflutningsbætur væru styrkur við landbúnaðinn. Ég er á gjörsamlega öndverðri skoðun við flokksbróður minn um það efni. Ég lít alls ekki svo á, að útflutningsbætur séu styrkur við landbúnaðinn. Útflutningsbæturnar eru beinlínis afleiðing af núverandi framleiðsluráðslögum sem raunar væri efni í langa ræðu. Hv. fyrrv. landbrh., Ingólfur Jónsson, gekkst fyrir því á sínum tíma, að bændum yrðu tryggðar útflutningsbætur á allt að 10% framleiðslunnar, gegn því að breyta því fyrirkomulagi sem áður hafði verið staðfest fyrir dómi, að hallanum af útflutningsverslun var jafnað niður á verði innanlands. Þetta er fjármálaráðstöfun sem er ekki að mínum dómi sérstaklega bændum til góða. Ef bændur hefðu heimild til þess að jafna þessu niður á verðið innanlands, eins og áður var, þá er það að vísu verri aðferð og óheppilegri, og að vísu mundi það hugsanlega draga úr sölu og vafalaust draga úr sölumagni. En þetta kemur öllum til góða. Það kemur öllum þeim, sem neyta landbúnaðarafurða, til góða, að þessi háttur sé hafður á.

Jafnframt er rétt að minna á það, að ríkisstj. gerði mikla lagfæringu núna fyrir jólin — og hún á þakkir skildar fyrir það — á afgreiðslu þessa útflutningsbótamáls, þar sem lagfært var útborgunarkerfi útflutningsbóta.

Það er ekki heldur litið atriði og kemur raunar nokkuð í sama stað niður, að rekstrarlán og afurðalán berist rétt og reiðulega. Það er ákaflega mikilvægt, að ekki sé setið á þeim tímunum saman hér í bankanum, heldur berist þau til fyrirtækjanna þegar varan fellur til. Það er sem sagt bóndanum geysilega mikilvægt, að útborgunarverðið berist sem allra fyrst, og verður ekki ofsögum af því sagt. Það er skylda afurðasölufélaganna að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að stuðla að því fyrir sitt leyti. Hitt er náttúrlega hugsanleg nauðvörn, ef einhver afurðasölufélög taka upp þann hátt að standa ekki við að greiða bændum á eðlilegum tímamótum, nota t. d. fjármagnið til einhvers annars og mismunur yrði geysimikill á útborgunartíma eða útborgunarverði, að þá kynni að verða nauðsyn að taka upp eitthvað svipað fyrirkomulag og hv. flm. leggur hér til. En ég legg á það áherslu, að ég hygg að það sé ekki tímabært eins og stendur.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar sams konar till. og sú, sem hér er nú til umr., lá fyrir síðasta þingi, þá ræddi ég nokkuð um till. og lýsti afstöðu minni til hennar. Ég lýsti yfir, að ég væri samþykkur þeirri meginhugsun sem fram kæmi í till., en sagði hins vegar, að mér fyndist till. óþarflega stuttorð og hún segði ekki allt það sem hún þyrfti að segja. Í till. er einfaldlega sagt að gerðar skuli ráðstafanir til þess, að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda, og ekkert meira fylgir þarna á eftir, þó að það hafi komið fram nokkrar frekari útskýringar á því, hvað með þessu sé meint, í framsögu 1. flm. tillögunnar.

Það, sem ég benti á í mínu máli, var það, að ég teldi í fyrsta lagi höfuðnauðsyn að gera þá skipulagsbreytingu, þá formbreytingu á þessum lánveitingum sem till. gerir ráð fyrir, en auk þess þyrfti að standa þannig að þessum málum, að tilteknu markmiði yrði náð. Það, sem ég benti á í þeim efnum, var að þessi lán þyrftu að verða með þeim hætti, að frá byrjun framleiðslutíma og fram að þeim tíma að afurðum er skilað væru þessi lán veitt í nokkrum áföngum eða í nokkrum hlutum, hvort sem það yrði mánaðarlega eða annan hvern mánuð eða jafnvel þriðja hvern mánuð, þá yrðu lánin veitt svo ríkulega, að það mætti segja að þeir, sem að framleiðslunni stæðu, t. d. fjárbændur, sem þarna eiga erfiðastan hlut, fengju út úr þessum lánum nægilegt fjármagn til þess að mæta óhjákvæmilegum launakostnaði á framleiðslutímanum og beinum rekstrarútgjöldum meðan á framleiðslunni stendur. Svo þegar kæmi að því, að bóndinn legði inn afurðir sínar á haustdögum, þá ætti hann í öllum aðalatriðum að fá afurðir sínar greiddar. Þegar þetta gerist tekur við annað lánakerfi. Þá er það sem bankarnir verða að veita afurðasölufélögunum, sem hafa tekið við afurðunum af bændum, afurðalán svo þau geti borgað bændum vöruna um leið og tekið er við framleiðslunni. Auðvitað yrðu þau afurðalán til afurðasölufélaganna hæst í október og nóvembermánuði, eða rétt eftir að innlegg færi fram, en færu svo jafnt og þétt lækkandi, þessi afurðalán til afurðasölufélaganna, eftir því sem gengi á birgðirnar, og væru væntanlega búin að mestu leyti þegar nýtt innlegg kæmi. Þarna ætti sem sé að skilja algjörlega á milli eðlilegra rekstrarlána til bænda, sem gerðu þeim kleift að fá kaup sitt greitt með eitthvað líkum hætti og aðrir fá og greiða nauðsynlegustu rekstrargjöld í sambandi við reksturinn. Þá fengju þeir líka afurðir sínar greiddar með eðlilegum hætti. Þetta á að ganga til bændanna beint. Þarna á að skilja á milli þeirra sem framleiðenda og félagssamtaka þeirra.

Það er þetta sem ég álít að þurfi að vera skýrt að sé ætlunin, svona eigi þetta að vera. En að sjálfsögðu kemur inn í þetta dæmi þessi spurning: Leiðir þetta fyrirkomulag, sem ég hef hér verið að lýsa, þá ekki til þess, að bankakerfið í landinu verði að auka lán sín umfram það sem nú er? Það dæmi er ekki gert upp að fullu enn þá, hvort það þarf að auka heildarlánin eða ekki. En ef þessi lán verða aukin hvort sem er, eins og uppi eru kröfur um frá bændafundum og kom m. a. fram hér hjá hv. þm. Inga Tryggvasyni, að það þurfi að auka lánin í því formi sem nú er til

afurðasölufélaganna, þá vitanlega hefur það nákvæmlega sama vanda í för með sér og að greiða lánin beint til bænda, ef um sömu upphæðina er að ræða í báðum tilfellum. Það bara fer eftir annarri leið. Þá er aðeins verið að ræða um það, hvað réttmætt sé að lána mikið fjármagn annaðhvort í gegnum afurðasölufélögin eða beint til bænda, hvað sé réttmætt að lána út mikið fjármagn í sambandi við þessa framleiðslu. Ég get vel ímyndað mér að það standi einhverjar deilur um það, hvað eigi að hafa þessi heildarlán mikil. Það er allt annað mál.

Það er augljóst, miðað við það sem ég hef hér sagt, að þetta form hefur marga stóra kosti umfram það sem nú er í gildi. Í fyrsta lagi yrði þetta til þess, að bóndinn fengi laun sín greidd í líkingu við aðra yfir allt framleiðslutímabilið og hann fengi launin greidd strax og í peningum, ekki með neinu innskriftar- og skuldaskiptafyrirkomulagi. Hann fengi líka fjármagn í sínar hendur vegna þess rekstrar sem hann stendur í, til þess að greiða bein og óhjákvæmileg rekstrarútgjöld, og þá greiðir hann sín rekstrarútgjöld sjálfur, t. d. til kaupfélags síns og annarra þeirra sem hann verslar við. Þá ráðstafar hann eigin peningum eins og sjálfstæður rekstraraðili, skynjar betur tekjur sínar og gjöld og hvað hann má leggja á búið, en er ekki í slíku skuldaskilauppgjöri eins og hann er nú, þar sem í rauninni enginn veit neitt um stöðu dagsins. Þetta væri gífurlega mikið hagsmunamál fyrir bændur, það er enginn vafi á því, og mundi gera hér alla hluti hreinni.

En svo langar mig að víkja að því sjónarmiði í sambandi við þessi mál sem kom einkum fram hjá Inga Tryggvasyni og að nokkru leyti hjá Páli Péturssyni, þó að það væri ekki að mínum dómi eins ákveðið og hjá Inga. Hann setur dæmið upp á þá lund, að bændur vilji hafa afurðasölufélög, þeir telji það hagkvæmt sér, og af því sé eðlilegt að þessi lán til landbúnaðarins gangi í gegnum þau, þessi félög séu bændastéttinni nauðsynleg og hafi staðið sig vel o. s. frv. Undir þetta get ég allt tekið. Það hvarflar ekki að mér að afurðasölufélög bændanna eigi að hverfa eða verkefni þeirra að minnka, síður en svo. Vitanlega taka þau vöruna áfram til sölumeðferðar og hafa með þau mál að gera sem þau hafa haft. Á því þarf ekki að verða breyting. Það er eðlilegt og sjálfsagt að bændur notfæri sér þessi félagssamtök eins og best verður á kosið fyrir þá sem heild. En vitanlega kallar það form, þó menn hafi afurðasölufélag, ekki á það að halda uppi því formi sem nú er á veitingu afurðalánanna.

Ég minntist á það í umr. á síðasta þingi, að við, sem höfum verið tengdari sjávarútvegi, eins og ég, höfum lifað þetta tímabil allt í okkar rekstri. Við eigum enn okkar afurðasölufélög og við höfum þau líka, og þau störfuðu í sama gamaldags, úrelta forminu sem afurðasölufélög landbúnaðarins búa við í dag. Þar var um að ræða marga framleiðendur, smáa oft og tíðum. Og þar var um að ræða umboðssölufélög sem tóku afurðirnar til sölumeðferðar. Nú er búið að breyta þessu öllu, og það hefur tekist með ágætum og mundi enginn, eins og ég sagði síðast þegar ég ræddi um þetta mál, taka í mál í dag að snúa til baka aftur.

Sannleikurinn er sá, eins og kom fram m. a. í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar, og það vitum við öll sem höfum eitthvað fylgst með þessum málum, að afurðasölufélög landbúnaðarins, sem eru notuð sem millistöðvar í sambandi við þessi lán til bændanna, eru mjög mismunandi. Sum eru hrein afurðasölufélög bændanna og þar koma ekki aðrir til. En langoftast eru þetta almenn kaupfélög sem hafa mjög margvíslegan rekstur. Þau reka frystihús og útgerð skipa eða báta, þau reka margs konar verkstæði, ásamt auðvitað hinni almennu verslun, áhætturekstur í sumum tilfellum. Þau hafa dregist út í það og hafa orðið að sinna þessu. Af þessu hefur leitt það m. a., ásamt með því að rekstrarlánin hafa verið of knöpp og komið of seint, að uppgjör afurðasölufélaganna til bændanna í sambandi við innlegg þeirra er mismunandi. Sum borga miklu fyrr en önnur og sum borga miklu hærri fjárhæðir en hin í sambandi við viss uppgjörstímabil. Þetta er viðurkennt og þetta liggur líka talnalega fyrir. Og það vill nú fara fyrir kaupfélögum alveg eins og öðrum, að þar neyðast menn oft til þess að blanda saman fjármunum, sérstaklega þegar ekki eru nægir peningar til alls. Það hefur því oft komið að því, að verulegur dráttur verður á því að bændur fái sitt uppgjör, af því að afurðasölufélag þeirra getur hreinlega ekki staðið nægilega vel í skilum. Og auðvitað verður þessi vandi enn meiri, eins og ég sagði, þegar um það er að ræða að lánin eru líka veitt bæði of seint og eru of lág.

Það er skoðun mín, að ef hér yrði tekið upp breytt form yrði þetta ekki aðeins bændunum verulega til hagsbóta með því að þeir fengju allt sitt uppgjör á hreinni grundvelli, heldur yrði þetta fljótlega afurðasölufélögunum eða kaupfélögunum, sem algengast er, einnig til bóta. Það fyrirkomulag sem nú gildir, að bændur skuli yfirleitt vera í reikningsviðskiptum allt árið og geti svo að segja aldrei tekið út fjármuni nema í einhvers konar milliskriftum, á vitanlega að heyra fortíðinni til. Og það þarf ekki að segja mér það, að þegar það stæði bændum til boða að geta fengið þessi afurðalán á þeim grundvelli sem ég hef verið að lýsa, með reglulegum hætti, þá mundu þeir ekki allir taka því. Við skulum setja rammann upp þannig, að þetta standi mönnum til boða og sumir vilji hafa gamla innskriftarfyrirkomulagið áfram, og við skulum þá sjá hvað þeir verða margir sem kjósa innskriftarfyrirkomulagið. Ég er ekki í neinum vafa um að þarna mundi verða á almenn breyting.

Ástæðan til þess, að bændur hafa ekki sett þetta fram sem aðalkröfu sína á þeim kröfufundum sem þeir hafa verið að halda, er einfaldlega sú, að þetta mál hefur ekki legið þannig fyrir. Þeir hafa nú sett það fram sem aðalkröfu, að þessi rekstrarlán yrðu hækkuð þannig að þeir gætu fengið peninga sína á réttum tíma. Auðvitað er það aðalkjarni málsins, að hægt sé að afhenda þeim peningana upp í framleiðsluna, þannig að þeir fái laun sín og geti greitt rekstrarkostnað sinn jafnóðum eins og aðrir, hafi raunveruleg peningaráð. Auðvitað er það aðalatriðið hjá þeim, að þeir fái það fram. Það er því ekkert óeðlilegt, að þeir setji fram þá kröfu að lánin séu hækkuð svo að hægt sé að ná þessu marki. En hitt skiptir líka miklu máli, að menn átti sig á því, að það þarf

að verða hér á formbreyting til þess að gera þessi mál öll hreinni, þannig að bændurnir hver og einn hafi sína peninga úr að spila, en þurfi ekki að leggja sig í það, eins og nú er titt, að ganga inn í skrifstofu kaupfélagsstjórans og hreinlega skrifta út af hverju sem er, ef þeir þurfa fjármuni, vegna þess að reikningur þeirra er nær alltaf ófugur í bókhaldinu þar vegna innskriftarfyrirkomulagsins og allra þeirra tafa sem þar verða á. Auðvitað er vel hægt að segja það, þegar menn eru svo heppnir að hafa úrvals kaupfélagsstjóra, að þá séu engin vandræði að ganga fyrir hann og lýsa vanda sínum, og hann leysir hann sem góður maður. En við skulum ekki halda að kaupfélagsstjórarnir séu svo miklu betri en aðrir menn í þessu landi, að þegar þeir eru komnir saman 40—50, þá sé ekki þar misjafn sauður í mörgu fé, eins og þar stendur. Þetta er því engin skemmtiganga fyrir neinn, og það er allsendis óþarfi að búa þetta til.

Hér hefur verið minnst á það, að erfitt væri að skipta hér um form. Ég get vel ímyndað mér að bankakerfið hér syðra reyni að halda í þetta form í sambandi við bændurna, eins og það gerði í sambandi við útgerðina á sínum tíma. Það er auðvitað miklu þægilegra að veita einhverjum einum aðila á stórum stað lánið í heilu lagi á einn pappír og svo sér hann um að dreifa því. En auðvitað getur bankakerfið með sínum dreifistöðvum auðveldlega annast þetta. Verkið er unnið. Það er unnið af afurðasölufélögunum, það er unnið af kaupfélögunum, þau geta það. Skyldu þá ekki útibú bankanna alveg eins geta gert það? Það er líka auðvelt að láta þá trúnaðarmenn í landbúnaði, sem eru opinberir starfsmenn, starfandi á hverju svæði, gefa upp til bankastofnananna hvað hver einstakur bóndi, t. d. fjárbóndi, eigi von á miklu innleggi á haustdögum. Það er enginn vandi að gera áætlun um þetta, þannig að með sæmilegu öryggi sé, svo að það sé ekki meira fyrir banka að gera þetta en hann gerir í hliðstæðum tilfellum við aðra aðila, þar sem hann verður að gera áætlun fyrir fram í sambandi við þá lánafyrirgreiðslu sem hann er að veita. Það er ofurauðvelt að áætla hinum ýmsu bændum þá fyrirgreiðslu í slíkum rekstrarlánum sem mundi leysa þennan vanda sem ég hef talað um, — þann vanda að bóndinn gæti fengið sín laun greidd með eðlilegum hætti og staðið undir nauðsynlegum beinum rekstrarkostnaði. Eflaust yrði hafður sá háttur á í þessum tilfellum við bændur, eins og hefur verið gert við t. d. útgerðina í landinu, að sá hlutinn af heildarverðmæti framleiðslunnar, sem þarf með eðlilegum hætti að ganga upp í stofnkostnað, yrði látinn mæta afgangi og ekki greiddur fyrr en við endanleg reikningslok. Svona er þetta t. d. hjá okkur í sambandi við hliðstæð sjávarútvegslán.

Ég held, að það sé alveg ástæðulaust að gera mikið úr því, að þetta sé allt of flókið og erfitt, eða eins og hér var sagt: þetta mundi auka skriffinnskuna. Sannleikurinn er sá, að þetta mundi stórkostlega draga úr skriffinnskunni, því að það er veruleg skriffinnska að halda uppi því fyrirkomulagi, að nær allir bændur landsins skuli þurfa að ganga í gegnum innskriftarfyrirkomulag í afurðasölufélagi sínu eða kaupfélagi með alla mögulega hluti. Það er óþarfaskriffinnska sem er bundin við það, og menn eiga að losa sig út úr slíku. Bóndinn á að geta valið og hafnað og ráðstafað fjármunum sínum sjálfur og greitt úttekt sína, og þá væntanlega hagar hann úttekt sinni líka á hverjum tíma í einhverju samræmi við það sem hann sér að tekjur hans eru.

Eins og ég hafði sagt hér áður, breytir þetta á engan hátt stöðu afurðasölufélaganna. Þau taka við afurðunum, fá sín afurðalán frá bankakerfinu út á það afurðamagn sem þau hafa tekið á móti. Það er einnig hægt að halda áfram, ef menn vilja það, því meginkerfi, að þetta sé umboðssölukerfi, þannig að bændurnir fái það sem endanlega fæst fyrir vöruna. En þetta hefur verið leyst hjá öðrum með því að vera með ákveðið útreikningsverð eða áætlunarverð sem allar greiðslur eru miðaðar við og eru þá fastar. Þó að við búum við samvinnufélög í sambandi við útgerðina, þá er algerlega búið að leggja það niður, að sjómenn eða útgerðarmenn leggi inn fisk upp á algerlega óákveðið verð. Þar er fast áætlunarverð, sem innleggið er bókað á. En það tekur ekki fyrir það á neinn hátt, að þegar félag þeirra skilar reikningum undir lokin geti það skilað verðuppbót, ef svo vill verða, sem sagt skilað öllu því söluandvirði sem fengist hefur.

Ég held að sérstaklega þeir fulltrúar bænda og þeir bændur, sem að sjálfsögðu láta sig þessi mál miklu skipta og hafa hugleitt þessi mál, verði að taka þessi mál til nýrrar endurskoðunar. Þeir eru ábyggilega í þessum efnum aðeins fastir í gömlu formi. Það er nú svo, að menn halda stundum að það sé mjög erfitt að skipta um form og gamla formið sé næstum það eina sem geti dugað. En það er búið að sýna það og sanna, að það hefur verið í alveg hliðstæðum greinum verið skipt um form með góðum árangri. Og það er það sem þarf að gera í þessum efnum. Það þarf að breyta forminu á rekstrar- og afurðalánum landbúnaðarins. Það á að veita rekstrarlánin beint til bændanna. Hin eiginlegu afurðalán á aftur að veita til þeirra félagasamtaka sem hafa með söluna að gera og líta á þau sem sjálfstæð félög, sem taka lán út á þær afurðabirgðir sem þau hafa á hverjum tíma. Þetta form þarf að koma, og þá er líka hægt að koma bændum þangað sem aðrir hafa þegar komið sér. En þeir eru svo að segja einir í þjóðfélaginu aftur úr að því leyti, að þeir geti fengið laun sín greidd jafnóðum og þeir geti fengið bankafyrirgreiðslu til að standa undir óhjákvæmilegum rekstrargjöldum.

Ég held að það sé alveg óþarfi fyrir afurðasölufélögin að óttast neitt í þessum efnum, að þau hafi ekki næg verkefni eftir sem áður þó að forustumenn þeirra verði ekki áfram alisherjarrekstrarstjórar yfir fjölda bænda, eins og þeir eru í dag, þeir eigi ekki að vera þar forsjá allra, ráði því raunverulega, hvað þessi bóndi fær mikið og hvað hinn fær mikið á hverjum tíma. Í mörgum tilfellum ráða þeir þessu ekki sérlega vel.

Ég vildi við þessa umr. láta þetta sjónarmið mitt koma fram, að ég legg á það áherslu, að það er þörf á því að gera þessar till. nokkru skýrari um það, að hverju er stefnt, um leið og nýtt form er tekið upp. Það er við það miðað, að bændurnir geti fengið rekstrarlán til að fullnægja því, sem ég hef verið að lýsa, jafnóðum og framleiðslan fer fram. Þá eru þeir settir á hliðstætt

stig og aðrir. Þetta atriði þarf að tryggja, og þá hafa þeir líka komist í það að hafa hér einhver peningaráð og losna úr gamla skuldaklafakerfinu sem gilt hefur.

Jón Helgason: Herra forseti. Það hefur verið drepið hér á ýmislegt, en einkum er það þó tvennt í sambandi við landbúnaðarmálin sem hefur verið til umr. Annars vegar er það tilhögun á rekstrar- og afurðalánum og hins vegar er það svo hæð þeirra, fjárhæðin. Ég get tekið undir það, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði, að við eigum ekki að vera að bíta okkur í einhver gömul form, að hlutirnir eigi að vera svona af því að þeir hafi verið það áður. Það eru vitanlega engin rök, og vitanlega verður alltaf að athuga hvað er hagkvæmast fyrir þá sem njóta eiga.

Það er dálítið öðruvísi skipulag á afurðasölumálum sunnlenskra bænda heldur en flestra annarra, þar sem afurðasölufélögin eru þar alveg sér. Mér datt í hug, þegar hv. 2. þm. Austurl. var að tala um innskriftar- og forsjárfyrirkomulagið sem bændur yrðu að búa við, að bændur á Suðurlandi fá yfirleitt greiðslur frá sínum afurðasölufélögum. Þeir ráða því, hvert þær ganga. Þeir ráða því, hvort greitt er inn á bankareikning eða hvort þær fara til viðkomandi verslana. En þar sem ég þekki nokkuð vel til rekstrar kaupfélaga við slíkar aðstæður, þá ætti eftir þeirri lýsingu, sem hv. 2. þm. Austurl. gaf hér, ekki að þurfa að vera með neina skriffinnsku. Bændur fá sína peninga frá sínum afurðasölufélögum og ættu þá að geta greitt úttekt sína í kaupfélaginu. Og ég vil fullyrða það, að þeir, sem bera ábyrgð á rekstri kaupfélags og sjá um hann, kysu vitanlega langhelst að það þyrfti ekki að skrifa neitt, það væri því hagkvæmast. En þrátt fyrir það hafa þeir ekki treyst sér til að hætta að færa í reikning hjá bændum. Það er bæði vegna aðstöðu þeirra, en fyrst og fremst vegna þess, að með því móti eru þeir að styðja bændur. Hefur verið rakið hér áður, og ég skal reyna að endurtaka það ekki, hversu veltan í landbúnaði er hæg. Ég held að allir sanngjarnir menn, sem þekkja til í sveitum, hljóti að viðurkenna það, að kaupfélögin hafa átt ákaflega drjúgan þátt í þeirri uppbyggingu, sem fram hefur farið í sveitum, með því að lána bændum í lengri eða skemmri tíma umfram það sem þær afurðir, sem þeir hafa lagt inn eða ætla að leggja inn, gefa tilefni til í augnablikinu, þannig að þetta er ekki alveg einfalt mál.

Hitt eru áreiðanlega allir bændur og þeir, sem vinna að hagsmunum bænda, sammála um, að afurða- og rekstrarlánin þurfa að vera það há að bændur geti greitt sínar rekstrarvörur og fengið sitt kaup jafnóðum. Það er það markmið sem hefur verið margítrekað af bændum. En það hefur gengið dálítið misjafnlega. Rekstrarlánin, sem eiga að gera bændum kleift að greiða sínar rekstrarvörur þangað til þeir geta skilað afurðunum, hafa haldist alllengi og fyrir 1960 voru þau orðin allstór hluti afurðaverðsins. Ég man nú ekki nákvæmlega hvað það hlutfall var hátt. Hins vegar stóðu þau alveg í stað í krónutölu á viðreisnarstjórnarárunum. Það var vitanlega mikið hagsmunamál bænda að fá þau hækkuð, en þrátt fyrir það tókst það ekki. En þar sem hv. 2. þm. Austurl. var viðskrh. á árunum 1971—1974 og þá um leið yfirmaður Seðlabankans sem veitir rekstrarlánin, þá langar mig að spyrja hann, hvað hann hafi beitt sér fyrir mikilli hækkun þeirra á meðan hann var yfirmaður Seðlabankans.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs fyrst og fremst til þess að þakka öllum hv. þm., sem til máls hafa tekið, fyrir góðar undirtektir og skemmtilegan og heiðarlegan málflutning. Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að máli hvers einstaks þeirra, án þess að það sé margt sem ég hafi út á það að setja sem þeir sögðu.

Hv. þm. Ingi Tryggvason kvað það æðioft koma fyrir, að afurðasölufyrirtæki lánuðu bændum fyrir fram og greiddu jafnvel féð út til þeirra, bæði rekstrar- og afurðalán, löngu áður en viðkomandi fyrirtæki fengju það sem greiðslur frá bankakerfinu. Vel má vera að dæmi megi finna til þessa. En það breytir auðvitað engu um það, að það eru þá ekki afurðasölufyrirtæki sem eingöngu stunda afurðasölu, heldur fyrirtæki sem samhliða eru verslunarfyrirtæki. Við vitum auðvitað að ýmis kaupfélög og önnur verslunarfyrirtæki úti um land lána bændum oft og tíðum. Það sama gerist auðvitað í þéttbýli líka. T. d. lána byggingarvöruverslanir húsbyggjendum tíðum og fá þá kannske ávísað lánum frá húsnæðismálastjórn o. s. frv. En þegar um hrein afurðasölufyrirtæki er að ræða, þá get ég ekki ímyndað mér að þau hafi eigið fé aflögu í stórum stíl til þess að greiða út verð afurða áður en þau fá afurðalánin. Ég held að það hljóti að byggjast á einhverjum misskilningi.

Hv. þm. hélt því fram, að bændur stjórnuðu afurðasölufyrirtækjum í aðalatriðum, held ég að hann hafi sagt orðrétt. Þetta er auðvitað rétt að því er varðar fyrirtækin úti um land. Hins vegar held ég að það sé hæpið að halda því fram, að bændur stjórni t. d. búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga. En ég skal ekki fara neitt lengra út í þá sálma. Bændur hafa sjálfir óskað eftir að fá meiri áhrif á stjórn þess fyrirtækis. Vonandi verður gerð þar á einhver skipulagsbreyting, þannig að þeir fái þar meiri áhrif. En að þeir stjórni því fyrirtæki í aðalatriðum er auðvitað ekki rétt.

Hv. þm. gat þess líka, að nokkuð erfitt gæti verið um allan samanburð í þessu efni. Það er út af fyrir sig rétt. Menn fá ekki að vita nákvæmlega t. d. hvenær afurðalán koma inn til afurðasölufyrirtækja og hvenær þau síðan eru greidd aftur út. Ég held að hvorki bændur né aðrir í þessu landi viti um það fjárstreymi, þannig að fyllilega sé hægt að gera öruggan samanburð í því efni.

Ég fagna því sérstaklega, að hv. 6. þm. Norðurl. e. skyldi geta þess, að ekki væri endilega rétt að hafa sama fyrirkomulag varðandi greiðslu útflutningsbóta og verið hefði og það mætti mjög gjarnan athuga að breyta þar til. Þetta sýnir að hann er opinn fyrir nýjum hugmyndum. Hann taldi einmitt að það kæmi til greina að borga þetta fé beint til bænda, á sama hátt og ég tel að einnig eigi að fara með niðurgreiðslurnar. Það er mjög einfalt að greiða niðurgreiðslurnar

beint til bændanna, ákveðna upphæð fyrir innlagðan mjólkurlítra eða innlagt kíló af kjöti, fé þurfi ekki að ganga í gegnum neina aðra aðila. Það er rétt hjá hv. ræðumanni, að sama getur gilt um útflutningsbætur og á að gilda að mínu mati. Hann taldi hins vegar að það gætu verið einhver vandkvæði á því að greiða rekstrar- og afurðalánin beint til bænda — einhver tæknileg vandkvæði. Þetta héldu menn almennt þegar þetta mál kom upp í fyrravetur. Að sjálfsögðu gerði ég gangskör að því að athuga þetta með viðræðum bæði við Seðlabankann og viðskiptabanka, og fyrstu viðbrögð voru þau, að þetta gæti verið erfitt og kannske aukin skriffinnska. En þegar málið var skoðað nánar kom einmitt í ljós það, sem hv. 2. þm. Austurl. vék hér að, að þetta verk er unnið hvort sem er, eins og hann komst að orði, og það dregur frekar úr skriffinnsku heldur en eykur hana að hafa þennan hátt á. Ég er alveg sannfærður um að menn munu komast að raun um það þegar málið er skoðað ofan í kjölinn.

Þessar fullyrðingar og þessi — við skulum segja: andstaða gegn framkvæmdinni er því ekki á rökum reist, og vonandi láta menn þá af andstöðu gegn þessu máli, þeir sem kunna að vera því andvígir, þegar þeir sannfærast um að þessi rök eru ekki fyrir hendi, en þau eru nánast þau einu sem ég hef heyrt gegn því að fara þessa leið. Það er að vísu sagt að það liggi ekki fyrir, hvað bændur vilja í þessu efni. Það er ósköp einfalt mál að spyrja þá sjálfa, láta þá um það, hvort þeir vilja að þetta fé fari beint til þeirra eða ekki. Það er út af fyrir sig rétt, að það hefur ekki mjög verið hamrað á því í samþykktum bændafunda, að nýr háttur skyldi hafður á í þessu efni, en þó eru raddir meðal bænda núna orðnar býsna margar sem einmitt leggja á þetta áherslu, og vitnaði ég raunar til einnar í framsöguræðu minni. Og ég er alveg sannfærður um það, eins og hv. 2. þm. Austurl. raunar gat um líka, að það eru ekki margir bændur sem vilja ekki fá eigið fé beint þegar þeim býðst það.

Að því er varðar aftur á móti ummæli 3. þm. Norðurl. v., að hann skildi till. mína svo, að það ætti aðeins að greiða fé beint til sumra bænda, annarra ekki, þá er það ekki beint mín hugsun. Hitt er aftur á móti ljóst, að hver einstakur bóndi getur ávísað þessu fé fyrir fram eða um leið og hann fær það til hvaða aðila sem honum sýnist. Það gerir hann einfaldlega með yfirlýsingu sem hann þá afhendir sínu verslunarfélagi eða sínum banka og óskar eftir að fé sé greitt til þessa aðila, en ekki til sín. Það er nákvæmlega það sama og menn gera núna, t. d. þegar von er á stofnlánadeildarláni, þá ávísa þeir því gjarnan til þess aðila sem lætur þá fá efni til að byggja úr, svo að ég held að við þurfum ekki að deila neitt um þetta. Það á að skýra sig nokkurn veginn sjálft.

Hv. þm. tók þessu máli mjög vel og er ég honum þakklátur fyrir það. Hann taldi þýðingarmikið að það skyldi koma hér upp nú á tveim þingum í röð, svo að menn gætu fengið tækifæri til þess að ræða það efnislega og öfgalaust, eins og hér hefur verið gert, mér til ánægju að sjálfsögðu.

Hv. þm. vék nokkuð að rekstri mjólkurbúa. Ég gerði það raunar líka í minni framsöguræðu. Ég lagði ekki á það dóm, hvort mjólkurbú væru betur rekin en sláturhús. Ég sagði einmitt að ég teldi að þar þyrfti að fara fram athugun og ég skyldi engan dóm á það leggja fyrr en hún hefði fram farið. En ég vakti á því athygli, að það kæmi mér spánskt fyrir sjónir að ostur þyrfti að vera t. d. jafndýr og raun ber vitni, því að verulegur hluti af kostnaði þar er auðvitað vinnulaun í mjólkurbúunum sjálfum og dreifingarkostnaður, en ekki eingöngu hráefnið eða mjólkin. Ég held að það þyrfti að fara fram athugun á því, en skal sannarlega ekki fullyrða neitt í þessu efni að óathuguðu máli.

Hv. þm. Jón Helgason gat þess, að nokkuð annar háttur væri á um greiðslu afurða- og rekstrarlána á Suðurlandi en annars staðar á landinu. Þetta er að vissu leyti rétt, og að sumu leyti er framkvæmdin þar nær því, sem ég hér legg til og þessi till. miðar að, heldur en hún er sums staðar annars staðar. En einmitt að því er varðar greiðslur sumra afurðasölufélaga beint til bændanna eins og t. d. Afurðasölu Friðriks Friðrikssonar í Þykkvabæ, Slátursamlags Skagfirðinga og fleiri líkra fyrirtækja sem láta banka annast þetta, þá sýnir það auðvitað best að það eru engir annmarkar á framkvæmdinni. Þetta er gert, og bankastjórinn í útibúi Búnaðarbankans á Sauðárkróki hefur sagt mér að á þessu séu nákvæmlega engir annmarkar og síður en svo að það sé nokkur skriffinnska. Þessir reikningar liggja auðvitað fyrir frá afurðasölufyrirtækjunum, og bankinn gerir auðvitað ekkert annað en í staðinn fyrir að hann afgreiðir eina upphæð, þá færir hann hana inn á viðkomandi reikninga bændanna. Það yrði annars afurðasölufélagið sjálft að gera, svo að það er áreiðanlega ekki aukin skriffinnska, hún yrði kannske eitthvað minni en nú er.

En ég skal ekki tefja þetta frekar. Ég endurtek þakkir til allra þeirra, sem þátt hafa tekið í umr., og vona að sú n., sem málið fær til umfjöllunar, muni einnig athuga hugleiðingar mínar um að láta till. ná til útflutningsbótanna og niðurgreiðslnanna. Að því er varðar þau ummæli hv. 2. þm. Austurl., að till. gæti verið gleggri og ítalegri, þá má það vel vera og það er síður en svo að ég mundi amast við því, að brtt. kæmu fram sem gerðu málið enn þá skýrara og tækju þá einnig til útflutningsbóta og niðurgreiðslna. Ég mundi jafnvel standa að flutningi slíkra till. eða hafa samstarf við n. um að breyta till. þannig að hún yrði víðtækari og árangursríkari en ella.

Páll Pétursson: Herra forseti. Út af því, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfi Konráð Jónssyni, að afurðasölufélögin hefðu ekki peninga til ráðstöfunar, þá vil ég geta þess, að þannig er með Sölufélag Austur-Húnvetninga að allöflug innlánsdeild er við það félag.

Það er náttúrlega meginmál hvor aðferðin er einfaldari, sú, sem við höfum ástundað, eða sú, sem þessi till. gengur út á að tekin verði upp. Mér fyrir mitt leyti er sárnauðugt að standa að ráðstöfunum sem auka mjög skriffinnsku í bankakerfinu. Starfsmenn banka eru orðnir býsna margir, og veit ég að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur tekið glöggt eftir því. Hann hefur ef ég man rétt, flutt það mál hér inn á Alþ. En ég bið menn að athuga það, að bændur eru

ekki nema helmingi fleiri en starfsmenn bankanna, svo að ég hygg að menn verði að fara varlega í að bæta við það starfsfólk. Hitt er rétt, að inn í bankana mundi við þetta alveg tvímælalaust færast vinna sem er unnin annars staðar.

Ég verð að segja það, að ég varð hálfundrandi — reyndar talsvert mikið undrandi — á ræðu hv. 2. þm. Austurl., — ekki það að ég undraðist að hann styddi þessa till., því að það gerði hann í fyrra og af miklum krafti, heldur það stórbændasjónarmið sem hv. þm. hefur tileinkað sér og ég átti satt að segja ekki von á frá formanni Alþb. Það kann að vera að það séu engir bændur fyrir austan sem eiga í efnahagsörðugleikum eða í basli, smábændur sem þurfi að stækka við sig. En þrátt fyrir allt, þó að ég sé ekki að gera hlut okkar Húnvetninga lítinn eða Skagfirðinga, þá fyrirfinnast nú þeir bændur fyrir norðan sem berjast í bökkum. Þess vegna kann að vera að hv. 2. þm. Austurl. þekki ekkert inn á þetta og sjái ekki ástæðu til þess að vera neinn málsvari þeirra. Ég hygg að ég fari rétt með það, að hv. þm. hafi lagt á það ríka áherslu, að bóndinn fengi lánin strax með þessari breytingu, að bóndinn fengi sína peninga strax. En þessu fylgdi einkaframtaksræða sem hvaða íhaldskarl sem væri gæti verið fullsæmdur af, þetta gæti verið sent okkur ofan úr Verslunarráði, svona klausa. Það gæti verið komið úr einhverjum þvílíkum stað. (**Gripið fram í:** Það gæti komið frá Sjálfstfl.) Já, það gæti komið frá Sjálfstfl., a. m. k. sumum þm. hans. En ég vil þrátt fyrir allt vona að lögmál frumskógarins nái ekki varanlegum tökum á hv. formanni Alþb.

Ég vil leggja á það áherslu, þvert á móti því sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson fullyrti hér áðan, að ég held að reikningsviðskiptin hafi reynst bændum vel. Þá hafa bændur haft tækifæri í gegnum reikningsviðskiptin og í gegnum sín fyrirtæki til að aðstoða hver annan. Sumum nægja nefnilega ekki rekstrarlánin, og sumum nægir ekki handbært rekstrarfé. Viðskiptareikningurinn er nefnilega öfugur hjá sumum, og þá er gott að menn geti hlaupið undir bagga hver með öðrum.

Hv. þm. sagði frá því, að það væri óskapleg neyð að hitta sinn kaupfélagsstjóra. Ég get ekki tekið undir þetta með honum. Það getur skeð að það sé best að sleppa við að þurfa að leita til annarra. En ég hygg að það sé betra að geta hitt sinn kaupfélagsstjóra heldur en að þurfa að leita persónulega bjargar hjá nágrönnum sínum, eins og Íslendingar, fátækir menn á Íslandi hafa þó orðið að gera um þúsund ár, eða þá að smala ábekingum og skrifta fyrir bankastjórum sem svo væru e. t. v. tilneyddir að reka menn út í að taka vaxtaaukalán. Bóndinn þarf nefnilega iðulega að eyða meiru en hann hefur aðstöðu til þess að afla og fjárfesta fyrir hærri fjárhæðir en hann hefur handbærar. Þetta má ekki verða regla hjá bóndanum, að eyða meiru en aflað er. Að vísu höfum við Íslendingar farið nokkuð inn á þá braut, en það er ekki til fyrirmyndar, og búskapur getur ekki staðist ef það er gert að reglu. En það eru líka iðulega menn sem ekki þurfa á öllu sínu fjármagni að halda, og þá er í samvinnufélögum bænda ágætur vettvangur til þess að menn hjálpist að.

Ég skil ekki fullkomlega hvernig hv. þm. Lúðvík Jósepsson hugsaði sér aðskilnað á rekstrarlánunum annars vegar, sem mér skildist að hann vildi láta renna til bænda, og afurðalánunum, sem sölufélögin ættu að fá. Þetta hlýtur að vera þannig, að menn eigi að gera upp rekstrarlánin, og það uppgjör yrði þá væntanlega að fara fram í gegnum afurðasölufélögin. Það kann að vera að á því sé einhver lausn, heppileg og íhugleg, en ég sé ekki annað en þarna sé komið strax upp töluvert vandamál.

Ég vil ekki deila um samanburð á kringumstæðum í sjávarútvegi og landbúnaði. Ég held að samvinnustarf sé miklu þróaðra meðal bænda heldur en meðal sjómanna. Satt að segja hefur samvinnustarf ekki lukkast nema í tiltölulega fáum tilfellum, í ótrúlega fáum tilfellum í útgerð. En það hefur lukkast vel hjá bændum. Samvinnustarf bænda hefur leyst af þeim fjötra kaupmannavaldsins sem sannarlega voru búnir að særa þá stétt ekki lítið. Ég er ófús að breyta því sem vel gengur, og að því leyti er ég íhaldssamur, þ. e. a. s. ég vil breyta, en ég vil ekki breyta því sem gengur vel eða sæmilega vel, ef ég sé ekki fram á að annað betra taki við. Og ég er ófús að sundra fylkingum bænda, en það tel ég að óhjákvæmilega hljóti að verða niðurstaðan af breytingu eins og þessari. Hitt er alveg laukrétt, að það er sjálfsagt að velta þessum málum fyrir sér, og meginatriðið er náttúrlega að fá meira fjármagn í þessa lánaflokka, þannig að bóndinn geti fengið sem hraðast greitt sitt kaup í einu eða öðru formi. Um það vona ég að við séum allir sammála, þó að við höfum ofurlítið mismunandi sjónarmið varðandi framgang þessarar tillögu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, þó að það væri á margan hátt gaman að halda þessum umr. áfram og býsna fróðlegt, finnst mér.

Ég vil þá fyrst svara fsp. sem beint var til mín frá hv. þm. Jóni Helgasyni, 4. þm. Suðurl. Hann spurði mig um það, hvort ég hefði beitt mér fyrir því sem viðskrh. á árunum 1971—1974, að afurða- eða rekstrarlán landbúnaðarins yrðu hækkuð. Já, það væri býsna fróðlegt að rifja upp þau mál. Það vildi nefnilega svo til, að í þeirri frægu stefnuyfirlýsingu, sem vinstri stjórnin gaf út á sínum tíma, voru ákveðin fyrirheit í þessum efnum í sambandi við rekstrar- og afurðalán. Eðli málsins samkv. féll undir mig sem sjútvrh. aðeins einn partur af þessu máli, og eftir að ég hafði fengið samþykki ríkisstj. fyrir því, gerði ég það sem þeir háu herrar í Seðlabankanum höfðu aldrei heyrt dæmi um áður að nokkrir væru svo ósvífnir að gera, að ég skrifaði þeim bréf í nafni ríkisstj. og fól þeim að gera ákveðnar breytingar, hækka afurðalánin, sem Seðlabankinn veitti, og lækka vextina. Þetta var bæði í samræmi við það, sem ríkisstj. hafði lofað í stefnuyfirlýsingu sinni, og einnig það, sem ríkisstj. hafði samþykkt á fundi. Síðan var þetta framkvæmt. Ég hafði hins vegar ekki, heldur landbrh. Halldór E. Sigurðsson, með þau mál að gera sem sneru að landbúnaðinum. Ég innti

landbrh. oftar en einu sinni eftir því, hvort hann ætlaði ekki að fylgja sínum hlut eftir, af því að samþykktin á ríkisstjórnarfundi var ekki aðeins fyrir sjávarútveginn, heldur okkur alla sem þarna áttum hlut að máli. Landbrh. valdi sínar leiðir, eins og ég veit að hv. þm. Jón Helgason þekkir. Hann hélt sig á þeirri braut, sem hefur verið haldið áfram á, að kría út smábreytingar hjá þeim í Seðlabankanum, eftir að það var búið að ganga mikið á eftir þeim háu herrum, en ekki að velgja þeim með bréfi. Og út úr þessu hefur komið það sem við þekkjum í dag, að það er ekki aðeins um rekstrarlán að ræða, sem eru allt of lág, og afurðalán, sem eru allt of lág, heldur voru svo komin ótal nöfn á viðbótarlánum: uppgjörslán, ábyrgðarlán, fóðurbætislán og eitthvert sérstakt lán o. s. frv., og allt þetta til samans átti alltaf að vera að bæta stöðuna. Í rauninni hefur þetta orðið til þess, að málið er orðið svo flókið að það er næstum enginn maður í landinu sem veit hvernig þessi mál raunverulega standa.

Ég hef hins vegar sett upp þetta dæmi sem ég hef rætt hér, að ég vil hafa þetta á hreinu. Það eru fordæmi fyrir því annars staðar frá að veita bændum, t. d. sem stunda sauðfjárrækt, rekstrarlán meðan á rekstrartímanum stendur og síðan komi eins og í öðrum greinum afurðasölufélögin. Þegar þau taka við á að veita þeim afurðalán út á birgðir. Þetta er ofureinfalt, og ég get nú huggað hv. þm. Pál Pétursson með því, að það er enginn vandi að koma þessu fyrir, enda er þetta viðurkennt af bankamönnum sjálfum, þeir hafi ekki áhyggjur af þessu, það væri einfalt að koma þessu fyrir. Eðli málsins samkv. gerðist þetta upp á þann hátt, að þegar bændur legðu inn afurðir sínar á haustnóttum, þá gættu þeir að mestu kvittað sína rekstrarlánareikninga, en þá hins vegar færu afurðalánin í topp hjá afurðasölufélögunum, af því að hér er raunverulega verið að lána út á það sama á þennan hátt. Þetta er þekkt fyrirbæri úr þessu framleiðslukerfi annars staðar. Ég hef haft þessa skoðun allan tímann, að það þyrfti að breyta þessum lánum, og ég reikna með því, að það þurfi að hækka þessi heildarlán til landbúnaðarins, svo að hægt sé að koma bændunum úr því innskriftar- og milliskriftarfyrirkomulagi sem ég hef bent hér á. Ég álít að það sé nauðsynlegt að ná því marki að losa þá undan því.

Mér fannst koma fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni býsna athyglisvert atriði, þegar hann vildi kalla ræðu mína hér einkaframtaksræðu og atvinnurekendaræðu. Ég er nú orðinn býsna vanur því að heyra eitthvað af þessu tagi, en vil fá svolítið frekari útskýringar á því, hvað menn eiga við. Getur það verið, að það sé eitthvert almennt atvinnurekendasjónarmið eða eitthvað óguðlegt, skulum við segja., svo að Páll vinur minn skilji það, að standa að því að bændurnir sem framleiðendur geti fengið afurðir sínar greiddar — fengið lán út á sína framleiðslu og afurðir sínar greiddar? Er það eitthvað voðalegt? Það held ég ekki. Verði það að dæmast einkaframtaksræða að halda þessu fram, þá sit ég uppi með það. Það er mín skoðun, að þetta sé rétt form. En þetta skýrðist miklu betur hjá hv. þm. Páli Péturssyni þegar hann hélt ræðu sinni áfram. Hann sagðist auðvitað — gagnstætt atvinnurekendaræðunni — vera samhjálparmaður, samvinnumaður. Ég tel mig vera það líka. En hann skýrði þetta mál enn þá betur. Jú, bændurnir væru allir saman í sínum félögum, þar vildu þeir hjálpa hver öðrum, sumir þyrftu meira, aðrir minna, sumir kannske ekkert, og þá væri gott að færa á milli. Já, þarna erum við nefnilega komnir að hinum stóra sannleik í málinu. Það eru sumir sem þykir gott að hafa þann hátt á að geta tekið þetta allt út í einu lagi á einu nafni, og svo er einn algóður maður sem sér um að stjórna þessari millifærslu. Hann heitir í flestum tilfellum kaupfélagsstjóri. Hann veit að þessi maður er fátækur og hann þarf meira, það þarf að gera vel við hann. Hinn getur vel komist af með minna. Þeir eru svo góðir í þessu samhjálparfélagi, að þeir ætla með milligöngu kaupfélagsstjóra, sem einn hefur valdið, að færa þarna á milli, gera góðverk.

Nú tek ég alveg undir það, mér er það alveg ljóst, að bændur landsins standa ekki allir jafnfætis frekar en t. d. okkar fjölmörgu útvegsmenn eða verkamenn eða launþegar, þeir standa ekki allir eins að vígi. Sumir eiga erfitt með rekstur. Aðrir bændur í landinu, þó að meðaltalið komi ekki vel út, eru býsna vel settir. Þessi breytileiki á sér stað alls staðar í okkar rekstri og reyndar í öllum launamálum líka. En ég álít að í þessum tilfellum eins og öðrum verði það rétta að koma hreint fram. Hver fær það sem hann á í þessum efnum, eftir þar til settum reglum. Ef okkur finnst að einhverjir séu í þessu rekstrarkerfi sem ekki sé ástæða til að veita eins mikil rekstrarlán og hinum, þá skulum við mynda um það reglur, og þá verða lán til þeirra stýfð eftir almennum reglum, en ekki eftir dyntum einhvers kaupfélagsstjóra, því að ég er ekki öruggur um það, þó að þeir séu sumir góðir, að þeir geri allir alltaf rétt þegar verið er að færa þarna á milli. Ég álít að það sé eðlilegt, ef einhver er þannig staddur, að hann hefur ekki nægilegt út úr kaupinu sínu, ekki nægilegt út úr sínum rekstri, að þá beri að gera þjóðfélagslegar ráðstafanir til að bæta hans hag, horfast í augu við þann vanda. Ef kaupfélag, sem rekur t. d. almennan samvinnurekstur, getur veitt lán til viðbótar því sem menn eiga, þá getur það gert það eftir sem áður. Við því er ekkert að segja, ef verslunin er þannig rekin að hún geti þetta. En ég mundi ekki sætta mig við það — og má hver sem vill kalla það atvinnurekstrarsjónarmið — að standa þannig að rekstri, t. d. í sambandi við frystihúsin í landinu eða fiskiskipaflotann, að þar kæmi bara eitt samvinnufélag, eins og við höfum á Norðfirði, og það tæki lán út á allan flotann og svo væri einn góður maður sem miðlaði til manna eftir því sem þeim ágæta manni þætti hæfilegt, og menn yrðu að sætta sig við það af því að þetta væri hvort sem er allt í innskrift fram og til baka. Ég mundi ekki sætta mig við það fyrirkomulag og tel það óæskilegt. Hitt á að vera opið mönnum, hvort þeir geta fengið til viðbótar við það, sem þeir geta fengið með eðlilegum hætti, viðbótarlán í sinni verslun

eða í sínum félagssamtökum eða þá í sínum banka. Ef það dugar ekki, þá eiga vitanlega að koma þarna til þjóðfélagslegar ráðstafanir.

Ég held að það yrði bændastéttinni fyrir bestu, að hver og einn bóndi fengi í þessum efnum að finna og að sjá hvernig hans staða rekstrarlega er. Og ég held líka að það fengist miklu réttlátara fyrirkomulag á þessar lánveitingar í heild ef þessi dæmi lægju rétt fyrir, en ekki á þann hátt sem þau liggja fyrir í dag. Nú er t. d. algengast að talað sé um það, hvort eigi að auka lánin til Sambandsins eða auka lánin til kaupfélaganna. Menn geta sagt þetta með nokkrum sanni, ef það er meiningin að taka lánin á þennan hátt og ráðstafa þeim svona.

Það er ekki lögmál frumskógarins að menn fái sína vinnu greidda án þess að það þurfi að vera einhvers konar milliskriftarfyrirkomulag. Það á að reyna að koma málunum þannig fyrir, að það sé hægt. Hvernig fer önnur framleiðsla að þessu í okkar þjóðfélagi? Hvernig fer t. d. iðnaðarframleiðslan að því að borga starfsfólki sínu út svo að segja jafnharðan kaup, þó að iðnaðurinn sé að framleiða vöru á lager til nokkurs tíma, þar til hún síðan selst og peningarnir koma inn aftur? Þessi starfsgrein fær ákveðna fjármálalega fyrirgreiðslu til þess að hægt sé að halda uppi þessum rekstri á þann hátt að launin séu greidd. Vitanlega verður að horfast í augu við það sama varðandi landbúnaðinn. Þarna er um rekstur að ræða sem við viljum halda uppi og ætlum okkur að halda uppi, og verður að standa að þeirri framleiðslu á svipaðan hátt og annarri. Það verður að gera það kleift að borga út laun til þeirra sem stunda þessa framleiðslu, á meðan þeir eru að framleiða vöruna, og það sé hægt að láta þá fá þá fjármuni sem þarf til að standa undir beinum rekstrargjöldum. Auðvitað er það svo, að þetta er líka gert núna. Í fyrsta lagi er það gert með því að veita einhver rekstrarlán í gegnum þessa aðila, og þau koma til skila svona og svona. Svo er það gert með því, að þessi félög bændanna, samvinnufélögin, eru að veita einhver lán eftir sinni getu. Þau hafa kannske innlánsdeildir og eru að veita lán þannig. Í þriðja lagi verða bændurnir að mynda einhvers staðar skuldahala fyrir afganginum. Einhver verður að standa undir þeim upphæðum. Það er því ekki mikil breyting í sjálfu sér, nema að formi til, að koma þessu einu sinni í það lag, að þessi framleiðsla fái hliðstæða meðferð og aðrar framleiðslugreinar og þessu sé komið á hreint.

Ég trúi því ekki, að hv. þm. Páll Pétursson og fleiri átti sig ekki á því við nánari athugun, að með breyttu fyrirkomulagi í þessum efnum er ekki verið að vinna kaupfélögunum neinn skaða. Það er ekki heldur verið að hreyfa við kerfi framleiðslu- eða sölufélaganna. En það er verið að gera þessi fjármál bændastéttarinnar miklu hreinna upp en nú er gert, landbúnaðinum til hagsbóta og bændunum til aukins frjálsræðis og sjálfstæðis fjárhagslega. Samhjálp verðum við svo að hafa eftir öðrum leiðum en þeim sem hér hefur verið minnst á. Það er vitanlega sjálfsagt að jafnt samvinnufélög sem aðrir, eins og ég hef sagt, taki þátt í því eftir sinni getu. En þá er líka rétt að átta sig vel á því, að aðstaða þessara samvinnufélaga er mismunandi í þessum efnum. Sum geta varla staðið undir beinum skyldum sínum, hvað þá að þau veiti mikla viðbótarsamhjálp. Við höfum nefnilega allmörg dæmi um það, að kaupfélögum, sem annast þessa afurðasölu, gengur illa að standa undir lágmarksskuldbindingum sínum til að skila bændum því sem þau eiga að skila.

Það get ég svo sagt að lokum við hv. þm. Pál Pétursson, að ég þekki, hugsa ég, baslið alveg eins vel og hann, og líklega eigum við í Austurlandskjördæmi alveg eins marga baslara í þessum efnum og annars staðar, eða þá sem erfiðlega gengur. Við höfum fengið að sjá afkomuna hjá þeim og vitum hvernig hún er. Við eigum við þann vanda að glíma líka að eiga ýmis samvinnufélög sem verða að reyna að aðstoða bændurna og fleiri en bændurna, og þau eru þannig á sig komin að þau ráða ekki við þennan vanda. Bændur á ýmsum svæðum þar njóta ekki sama réttar eða sömu fyrirgreiðslu í þessum efnum og bændur annars staðar. Af því held ég að það sé rétt, eins og ég hef sagt áður, að hverfa að breytingu á þessu formi. En ég tel ekki nema hálfan vinning í þessu ef ætti aðeins að taka þessa takmörkuðu upphæð, sem nú er kölluð afurðalán og rekstrarlán, og borga bændunum það eitt út af fyrir sig. Hitt verður að fylgja með, að hægt sé að ná því marki sem ég hef verið að lýsa í ræðum mínum.

Jón Helgason: Herra forseti. Mér finnst að það séu ómakleg ummæli um kaupfélagsstjóra, sem hv. 2. þm. Austurl. viðhafði hér, þegar hann gaf í skyn að þeim hætti e. t. v. til einhverrar hlutdrægni. Ég tel að það sé ómaklegt að viðhafa þau orð hér um menn þegar þeir eru fjarstaddir og hafa ekki möguleika til sjálfir að bera hönd fyrir höfuð sér, að hafa slík ummæli um heila stétt. (Gripið fram í.) Já, án þess að skilgreina það nánar. Ég hlýt því að mótmæla slíku. Sú reynsla, sem ég hef af þeim mönnum, er önnur og gagnstæð, og því held ég að þetta hljóti að vera sleggjudómur.

En ég vil nú sérstaklega fara örfáum orðum um svar sem hann veitti við spurningu minni. Að vísu orðaði hann spurninguna nokkuð öðruvísi en ég bar hana fram. Ég spurði eingöngu um rekstrarlánin. Ég veit ekki hvernig orðaskipti hafa farið fram í vinstri stjórninni, hef ekki séð bókanir þar, get því ekki fullyrt um hvernig þeim er háttað. Ég veit hins vegar að Seðlabanki Íslands heyrir undir viðskrh., en hvorki landbrh. né sjútvrh., og ef Lúðvík Jósepsson sjútvrh. hefur getað gefið Seðlabanka Íslands fyrirmæli, þá hefur hann vitanlega gert það sem viðskrh. (**LJós:** Í nafni ríkisstj., hún gerði samþykkt um það.) Já, og framkvæmt þar samþykkt ríkisstj. sem yfirmaður Seðlabanka Íslands. En ég varpaði fram þessari spurningu vegna þess að hann var að ræða hér um þörfina á auknum rekstrarlánum. Á árunum 1971—1974 voru þessi rekstrarlán til bænda, sem voru þá greidd á sama hátt og nú, 200 kr. á hvern dilk, eins og þau höfðu verið allan stjórnartíma við-

reisnarstjórnarinnar. Þau hækkuðu fyrst þegar núv. viðskrh. varð yfirmaður Seðlabanka Íslands. Þá tvöfölduðust þau fyrst og síðan voru þau hækkuð um 50%.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er raunar ánægjulegt að hlusta á þessar umr., þ. e. a. s. að því leyti til að áhugi á því að rétta hlut bænda að þessu leyti, þ. e. að auka rekstrarlán og afurðalán, hefur komið greinilega í ljós hjá þeim ræðumönnum sem ég hef hlustað á og hafa tekið til máls í sambandi við þessa till. Því miður hef ég ekki hlustað á alla umr. En hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, talaði í raun og veru með rekstrarlánunum, en móti breytingunni á afurðalánunum. Tillgr. er þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að viðskiptabankar greiði rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins beint til bænda."

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson tók margoft fram í sinni ræðu, að hann vildi láta borga rekstrarlánin beint til bændanna, en hins vegar að afurðalánin væri ekki hægt að greiða öðruvísi en til þeirra vinnslustöðva sem fengju lánin. Þetta er auðvitað laukrétt hjá hv. þm. En ég vil bara undirstrika þetta sérstaklega.

Hins vegar ræddi hv. þm. ekki, a. m. k. ekki nógu skýrt hvernig ætti að tryggja það að afurðalánin borguðu í öllum tilvikum rekstrarlánin, því að afurðalánin taka í raun og veru við af þeim. Um leið og afurðalánin eru veitt eru rekstrarlánin greidd upp. Ég held nefnilega að það sé ekki verið að ræða hér um kjarna málsins, heldur um formið á þessu. Kjarni málsins er að þetta sé aukið, hvernig sem að því er farið. Það er kjarni málsins. Hv. þm. er að ræða um að það þurfi að sjá um að bændurnir fái kaupið sitt. Þeir fá ekkert frekar kaupið sitt þó að gerð sé einhver formbreyting á þessu — alls ekki. Það þarf eitthvað annað til að koma. Með formbreytingunni einni fá þeir ekkert meira kaup eða frekar kaupið sitt greitt. Það þarf að auka þessi lán, það er málið.

Hv. þm. sagði að þetta atriði hefði ekki verið rætt á fundum bænda, þ. e. a. s. formbreytingin. Það er alveg rétt. Það er vegna þess að bændur hafa alls ekki áhuga á því að breyta þessu yfirleitt. Það er kjarni málsins. (Gripið fram í.) Á þeim fundum, sem ég hef komið á hjá bændum, hefur það komið greinilega fram. **(EKJ:** Alls ekki rætt og kom samt fram.) Nei, þegar maður er að tala við þá. Þeir hafa ekki neinn áhuga á þessari breytingu, enda eru ýmsir annmarkar á þessu sem ég ætla ekki að fara að ræða hér.

Hv. þm. talar um innskriftarfyrirkomulag. Það er nú svo með þann sem er í atvinnurekstri eða þarf að skulda, að það skiptir ekki miklu máli hvort hann þarf að fara til kaupfélagsstjórans eða bankastjórans. Það skiptir ekki máli hvort það þarf að skrifta fyrir bankastjóranum eða kaupfélagsstjóranum. Bankastjórinn vill sjálfsagt vita út á hvað hann er að lána, alveg eins og kaupfélagsstjórinn, og það er þýðingarlaust að vera að flækja málið á þennan hátt. Það er nú þannig, að ef menn þurfa að fá lán, hvern sem menn ganga fyrir, þá þurfa þeir að skýra málið. Það má kalla þetta innskriftarfyrirkomulag, það er út af fyrir sig ágætt orð. En margir bændur mundu fara, ef þessi formbreyting yrði, og taka lánið í bankanum og fara svo til kaupfélagsins með það og leggja það inn í reikninginn. Það yrði a. m. k. svo um ærið marga. Og hver yrði þá breytingin?

Ég held að þetta mál þurfi að ræða einmitt á fundum bænda, og það eru þeir sem eiga þá að óska eftir þessari formbreytingu. Ef þessi till. kæmi til landbn. Nd., þá yrði a. m. k. reynt að leita umsagna hjá búnaðarsamböndum og öðrum um hug þeirra, og þá kæmi það fram, og ég þarf ekki að hafa mörg orð um það hér.

Ég held að hér sé í raun og veru verið að ræða um málið frá allt annarri hlið en þyrfti að ræða það. Það er þetta: Hvernig á að fara að því að auka rekstrarlán og afurðalán til þess að bændur geti fengið kaupið sitt borgað jafnóðum eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins? En það er ekki aðalatriðið hvernig því sé fyrir komið. Þar sem ég þekki til eru þessi afurðalán, sem nú eru, ekki nema lítið brot af þeirri fyrirgreiðslu sem kaupfélögin veita ýmsum mönnum sem eru í rekstrarfjárskorti. Það er eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson veit fullvel, að ekki taka allir lán sem eru í sjávarútvegi. Ég þekki meira að segja vel menn sem þurfa ekki að veðsetja nema lítinn hluta af sínum afla. Þeir eru til, og þeir eru vonandi til í bændastétt sem þurfa ekki heldur á að halda a. m. k. rekstrarlánum. Þeir eru of fáir, en þeir eru til sem betur fer.

Ég vil svo að endingu segja það, að ég vona að það, sem hefur komið fram í þessum umr., mikill vilji og aukinn skilningur á þörf bænda fyrir aukin rekstrarlán og afurðalán verði til þess að eitthvað verði gert meira í þessum málum heldur en að ræða um lítilsverða hluti eins og um formbreytingu á þessum málum, það verði sem sagt rætt um kjarna málsins, en ekki um hismið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er nú verst ef hv. þm. Lúðvík Jósepsson er fjarri, því að ég ætla að gera örlitla aths. við mál hans, og væri mér ljúfara ef hann væri viðlátinn. **(Forseti:** Ég hygg að hann sé farinn af fundi.) Af fundi? Það verður þá að hafa það.

Það er náttúrlega ekkert óguðlegt við það að bændur fái afurðir sínar greiddar. Það er formið á greiðslunni sem um er að ræða hér. En það er sú fjárhæð, sem greidd er, sem skiptir náttúrlega mestu máli.

Hv. þm. lagði á það megináherslu, að hver yrði að fá það sem hann ætti. Ég vil leggja megináherslu á það, að hver fái það sem hann þarf, og það er þetta sem ber á milli hjá okkur. Ég held að það sé enn þá brýnna að hver fái svona hér um bil það sem hann þarf.

Ég skil ekkert í þessu tali um dyntina í kaupfélagsstjórunum. Þeir kaupfélagsstjórar, sem ég þekki fyrir austan, eru ekki líklegir til þess að vera mjög dyntóttir, og mér kemur það á óvart ef þeir eru miklu dyntóttari en bankastjórar.

Það er ekki réttmætt að bera nákvæmlega saman iðnað og landbúnað að þessu leyti. Fjölskyldufyrirtæki, lítil fyrirtæki, eru miklu al-

mennari í landbúnaði heldur en í iðnaði, og samanburður í þessa veru er út í loftið.

Ég hef heyrt áður allar þær röksemdir sem komu fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Þær voru um reikningsviðskipti og kosti staðgreiðslufyrirkomulags. En ég hef ekki heyrt þær fyrr en í dag í svo ríkum mæli hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Ég hef heyrt þær á kaupfélagsfundum fyrir norðan, hjá hinum hörðustu einkaframtakspostulum þar.

Og svo er þetta með samhjálpina, hvort hún á að koma frá öðrum eða hvort við eigum að leggja eitthvað af mörkum sjálfir. Ég held að við eigum að leggja samhjálpinni það lið sem við mögulega getum. Ef það dugir ekki til, þá er kannske rétt að beita öðrum ráðum.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég skal aðeins ræða örstutta stund um málið og reyna að tefja ekki umr.

Hér hafa umr. farið talsvert inn á ýmiss konar hugsjónagrundvöll, og heyrðist mér að jafnvel hv. þm. Páll Pétursson væri farinn að túlka gamlar kenningar sem maður hefði haldið að aðrir mundu fremur túlka hér, að allir skyldu fá samkv. þörfum sínum o. s. frv. Allt er þetta gott og fagurt, en það hefur reynst misjafnlega í framkvæmd, eins og við þekkjum. Hann gat þess að vísu, að hann teldi sig íhaldssaman að því leyti, að hann vildi ekki breyta hætti sem á væri og hann teldi ekki mjög slæman. Ég held að það sé orð að sönnu, að hann sé mjög íhaldssamur í þessu efni, kannske nærri því afturhaldssamur, því að nú er hálf öld liðin síðan þessi sjónarmið, sem hér er verið að tala um, voru uppi hjá atvinnurekendum á Íslandi og verslunarfyrirtækjum. Þá varð að setja sérstaka löggjöf, mig minnir að hún sé nr. 28 frá 1930, um greiðslu verkkaups í peningum, einmitt vegna þess að útgerðarmenn, verslunaraðilar og aðrir slíkir héldu fjármunum fyrir hinum vinnandi manni og greiddu honum þá ekki í peningum. Þetta er enn að gerast í landbúnaði, því miður. Það er þess vegna orð að sönnu, að þeir, sem halda þessum sjónarmiðum fram, séu — ég vil ekki segja íhaldsmenn, heldur afturhaldsmenn. Breyting hlýtur að verða á í þessu efni gagnvart bændastéttinni og launum bænda eins og varð fyrir 50 árum gagnvart öllum öðrum sem lögum samkvæmt fá greitt sitt kaup í peningum, og algerlega er óheimilt að skuldajafna og millifæra vegna vinnulauna. Ég held að það sé rétt að þetta komi hér fram, úr því að menn eru að tala hér í nafni einhverrar óskaplegrar hugsjónar, sem mér heyrðist á einum eða tveimur ræðumönnum. En það er stundum dálítið hægilegt að tala í nafni hugsjónar þegar þarf að beita aðferðum sem kannske eru ekki mjög fagrar þegar þær eru skoðaðar ofan í kjölinn. En við skulum ekki fara lengra út í þá sálma.

Hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, sagði að við værum að tala hér um lítilsverða hluti. Ég held að við séum að tala um kjarna málsins. Hann fullyrti að bændur hefðu engan áhuga að fá þetta fé beint. Hvað veit þessi hv. þm. um það? Hann segir í næsta orði: Þetta hefur ekki verið rætt á bændafundum, það þarf að ræða þetta á fundunum. — Og þegar ég spyr hvernig honum komi þessi vitneskja, þá er það bara úr einhverjum einkaviðræðum. Ég er sammála því, að það á að ræða þetta á bændafundum, og það verður líka alveg áreiðanlega gert, bæði á bændafundum og ýmsum fundum öðrum. Og við skulum sjá hvort þeir bændur eru fleiri, sem eru á sömu skoðun og hann, að þetta eigi að vera óbreytt, eða hinir, sem vilja breytingar í þessu efni. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að þeir eru fleiri sem vilja hér breyta til.

Það þarf ekkert að blanda hér inn í hvort kaupfélagsstjórarnir séu eitthvað betri eða verri menn en aðrir. En við vitum öll ósköp vel að kaupfélagsstjórar eiga í erfiðleikum líka. Þeir þurfa að reyna að reka sín fyrirtæki og reka þau vel. Þess er krafist af þeim. Ég er alveg viss um að stjórnendur kaupfélaganna gera stundum mjög óbilgjarnar kröfur á hendur kaupfélagsstjórunum, vil ég segja, einmitt um að þeir skili sæmilegri afkomu. Þess vegna held ég að þeir, sem eru í þessu daglega stríði, séu ekki betur til þess fallnir heldur en bankastjórar að leysa úr þörfum fólks sem vantar fjármuni, og þeir eigi ekki að valsa með peninga þessa fjölda fólks að eigin geðþótta og það þurfi að knékrjúpa fyrir þeim. Ég held að við þurfum ekkert að ræða þetta frekar. Ég held að sjái þetta hver einasti maður, og ég skal ekki tefja umr. lengur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hafa sama háttinn á og þeir sem tóku til máls við fyrri umr., þ. e. a. s. þegar þessi till. var lögð fram á síðasta þingi, og lýsa eindregnum stuðningi mínum við þessa till. þeirra Eyjólfs K. Jónssonar og Jóhanns Hafsteins. Ég ætla ekki að gera það í löngu máli, tel það óþarfa, en mér finnst hér vera angi af gríðarlega stóru máli, angi af sjálfstæðisbaráttu bænda. Bændur eru að mínu áliti ekki sjálfstætt fólk að þessu leyti. En þeir átta sig fljótlega á því, hvað hér er á ferð, ef þeim er gefinn tími til að kynna sér málið og málið verður rætt vítt og breitt um landið. Það getur verið að það taki einhvern tíma, því að bændur hafa ekki þekkt fullt frelsi í eigin fjármálum um langan tíma. En mér er ekki nokkur leið að skilja málflutning þeirra sem telja sig bændafulltrúa hér á þingi, því að þeir tala frekar sem fulltrúar þeirra, sem sjá um umboðssöluna, heldur en bænda sjálfra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rekstrar- og afurðalán bænda, þáltill. (þskj. 140). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vafalaust mun einhverjum þykja borið í bakkafullan lækinn að hefja hér umr. um rekstrar- og afurðalán bænda eftir þriggja klukkutíma umr. um það mál hér á undan í tilefni af þingmáli á þskj. 127. Ég vil samt leyfa mér að mæla fyrir till. sem ber nákvæmlega sama nafn og hin fyrri till., en fjallar um allt annað efni.

Fyrri till., sem hér hefur verið til umr., fjallar um það, að rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins skuli greidd beint til bænda. Þar er um formbreytingu að ræða sem gerð er till. um, — formbreytingu sem vafalaust á vissan rétt á sér í ákveðnum tilvikum, enda þótt ég sé mjög sammála því, sem fram kom hjá ýmsum í umr. hér áðan, að þetta getur ekki gilt og ekki átt við í öllum tilvikum varðandi rekstrar- og afurðalán. Það yrðu þá fyrst og fremst rekstrarlánin sem gætu tekið þessum breytingum. Ég tel hins vegar að það, hvernig hagað er greiðslu þessara lána, sé ekkert aðalatriði þessa máls, og satt að segja þykir mér illt að umr. um þetta mál skuli svo einhliða snúast um þetta formsatriði, vegna þess að hitt er auðvitað aðalatriðið, að þessi lán eru ófullnægjandi og verða að breytast og verða að hækka. Og mér er nokkur forvitni að vita hvort ýmsir þeir talsmenn landbúnaðarins, sem hér töluðu áðan í hinni fyrri umr. og höfðu uppi heita svardaga um að lánin þyrftu að taka verulegum breytingum, reyndust reiðubúnir að veita till. stuðning sem hér er höfð framsaga um og fjallar einmitt um þetta atriði, að breyta þessum lánum til hins betra og að hækka þau, eða hvort þeir haga sér sem hin fyrri ár, þegar svipaðar till. hafa verið fluttar hér í þinginu, og leggjast á þær af öllum sínum þunga, þannig að þær fái ekki neina afgreiðslu í þinginu.

Við þm. Alþb. höfum nefnilega ekki flutt till. um þetta efni nú í fyrsta skipti. Við höfum flutt till. um þetta mál margsinnis áður og þá ávallt í því formi, að um hefur verið að ræða breytt fyrirkomulag á greiðsluupphæð rekstrarlána til sauðfjárbænda. Þar hefur verið gert ráð fyrir því, að bændum yrði tryggð viðunandi lánafyrirgreiðsla, og miðað við það, að lánin yrðu veitt frá ársbyrjun til ágústloka ár hvert og yrðu þá orðin 75% af væntanlegum afurðalánum. Hér yrði um að ræða stórfellda réttarbót fyrir bændur, enda hefur það verið margsinnis rökstutt, þegar mælt hefur verið fyrir þessari till. hér í þinginu, og kom reyndar skýrt fram í máli flestra ræðumanna áðan varðandi hina fyrri till. sem var hér til umr., að lánin eru alls ófullnægjandi eins oog þau eru í dag og hafa raunar farið jafnt og þétt rýrnandi á seinustu tveimur áratugum.

Ég held að það leyni sér ekki, að umr. um þessi mál hafa mjög magnast í seinni tíð, og þarf svo sem engan að undra það, því að verðbólgan hefur aldrei í Íslandssögunni verið jafnofsafengin og geisað jafnstrítt hér á landi eins og einmitt í tíð þessarar ríkisstj., verið að jafnaði 30—50% og allt upp í 60% á hverju 12 mánaða skeiði. Þetta hefur að sjálfsögðu haft mjög mikil áhrif á rekstrarafkomu bændastéttarinnar. Þar að auki hefur það bæst við, að almenn lán hafa orðið miklu óhagstæðari hvað kjör snertir en áður var, þannig að vaxtagreiðslur á algengustu tegundum lána eru nú komin upp í 30%. Það segir sig því sjálft að skortur á rekstrarlánum verður við slíkar aðstæður, bæði þegar verðbólgan er jafngífurleg og raun ber vitni og þegar vextirnir eru orðnir svo háir sem reynslan sýnir. Þá verður skortur á rekstrarlánum eitt allra mesta vandamál bænda.

Á undanförnum missirum hafa verið haldnir bændafundir víðs vegar um land, og þar held ég að þá kröfu, að lánafyrirgreiðsla til bænda verði aukin, hafi e. t. v. borið hærra en flestar aðrar kröfur.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var á Eiðum 29.—31. ágúst s. l., var m. a. fjallað um lánamál bænda. Fundurinn taldi, svo ég vitni orðrétt í samþykkt fundarins: „það ástand, sem nú ríkir í lánamálum landbúnaðarins, óviðunandi og gerir kröfur til þess, að úrbætur verði gerðar í þeim efnum. Vegna verðbólgu og einnig vegna stóraukinnar tæknivæðingar í landbúnaði hefur þörfin fyrir lánsfjármagn vaxið hröðum skrefum og þær lagfæringar, sem gerðar hafa verið, hvergi nærri fullnægjandi, og bendir fundurinn þá sérstaklega á rekstrar- og afurðalán og lán til þeirra, sem eru að hefja búskap, í því sambandi."

Við Alþb.-menn flytjum till. með nokkuð breyttu orðalagi og efni að þessu sinni, miðað við þær till. sem við höfum flutt á undanförnum árum og ekki hafa náð fram að ganga, og tökum þar nokkurt mið af ályktun Stéttarsambands bænda og aðalfundar þess.

Í till. okkar er lögð áhersla á það, að ríkisstj. geri ráðstafanir til að tryggja bændum viðunandi rekstrar- og afurðalán, eins og þar segir í 1. málsgr., og síðan er skilgreint í fjórum atriðum hver breytingin skuli vera.

Í fyrsta lagi, að rekstrarlán til sauðfjárbúskapar verði aukin, þannig að þau verði a. m. k. 60% af skilaverði við upphaf sláturtíðar og séu veitt jöfnum höndum eftir því sem rekstrarkostnaður fellur til. Hér göngum við aðeins skemmra en við gerðum í till. okkar í fyrra og í hittiðfyrra, vegna þess að aðalfundur stéttarsambandsins gengur ekki lengra í kröfugerð sinni, jafnvel þótt einstakir bændafundir hafi gert það, og telur að hér væri vafalaust um stórfelldan áfangasigur að ræða ef 60% af skilaverði fengjust veitt sem lán við upphaf sláturtíðar.

Í öðru lagi leggjum við til, að afurðalán miðist við að sölufélögum sé kleift að greiða minnst 90% af grundvallarverði við móttöku afurðanna. Lánin skulu breytast í samræmi við heildsöluverð, eins og það er ákveðið á hverjum tíma. Ég held að þetta sé eins skýrt og verða má og þarfnist ekki frekari skýringa.

Í þriðja lagi er lagt til, að svonefnd uppgjörslán nægi til að greiða bændum grundvallarverð að fullu, eins og það er í maímánuði á ári hverju.

Svo er í fjórða lagi, að svonefnd fóðurbirgðalán, öðru nafni hafíslán, sem tengd eru óttanum við hafísár fyrir Norðurlandi, miðist við að nægar birgðir fóðurvara séu tryggðar á hafíssvæðinu til 6 mánaða frá áramótum.

Ég held að tillögugerðin sé alveg nægilega skýr til þess að hægt sé að spara hv. þm. að hlusta á frekari útskýringar við þessa kröfugerð. Hins vegar er rétt að skoða það að lokum, hver eru rekstrarlán til atvinnuveganna og þá sérstaklega til landbúnaðarins.

Samkv. upplýsingum Seðlabankans námu rekstrar- og afurðalán til atvinnuveganna, sem fjármögnuð voru með endurkaupum Seðlabank-

ans í sept. s. l. samtals rúmum 22 milljörðum kr., og þau skiptust þannig, að landbúnaðurinn fékk í sinn hlut rúma 5½ milljarð, sjávarútvegurinn 14½ milljarð og iðnaðurinn tæpa 2½ milljarð. Samtals eru þetta 22½ milljarður. Til samanburðar við þetta er fróðlegt að skoða hverjar eru bundnar innistæður viðskiptabankanna hjá Seðlabankanum, en þær eru einmitt sérstaklega hugsaðar til að standa undir rekstrar- og afurðalánum til atvinnuveganna. Þær námu á sama tíma heldur lægri upphæð, eða um 20 000 millj. kr. og höfðu aukist um 11 700 millj. kr. síðan á árinu 1974.

Í þessu sambandi er alveg sérstaklega eftirtektarvert, að það eru ekki aðeins þessir þrír atvinnuvegir, meginatvinnuvegir landsmanna, sjávarútvegur, iðnaður og landbúnaður, sem hafa lagst á spena hjá Seðlabankanum og bankakerfinu til þess að fá rekstrarlán til að geta haldið framleiðslunni gangandi með eðlilegum hætti. Þar hefur bæst við fjórði aðili á þessum sama tíma. Sá aðili var þar ekki fyrir nokkrum árum, en hefur nú bæst við og reynst frekari til fjármagns en nokkur hinna þriggja atvinnuvega, og þar á ég við ríkissjóð. Ríkissjóður hefur á sama tíma tekið í sinn hlut tæpar 14 000 millj. kr. En eins og ég sagði, þá er sem sagt skuld ríkissjóðs við Seðlabankann, sem var engin í tíð vinstri stjórnarinnar eða svo lítil að þar var nánast einungis um bókfærsluatriði að ræða, komin upp í um 14 000 millj. kr. nú í sept. 1977, nánar tiltekið 14 493 millj. kr. En til samanburðar hefur sá atvinnuvegur, sem mest fær af rekstrarlánum, þ. e. sjávarútvegurinn, 14 562 millj. kr. Þó er það svo, að samkv. lögum um Seðlabankann ber ríkissjóði og ríkisstofnunum að greiða upp skuldir sínar við bankann nokkurn veginn í árslok. Þetta var að sjálfsögðu gert nokkurn veginn áður fyrr, í tíð fyrri ríkisstj. En nú hefur þetta sem sagt gerst, að á sama tíma og atvinnuvegirnir kvarta í vaxandi mæli yfir rekstrarfjárskorti vegna ófullnægjandi lána úr bankakerfinu og frá Seðlabankanum, þá tekur ríkissjóður til sín andstætt lögum upphæð, sem er um það bil ⅔ af öllum þeim rekstrarlánum sem veitt eru til atvinnuveganna í dag. Þetta sýnir að sjálfsögðu, að það hefði verið hægt að auka rekstrarlánin miklu meira en gert hefur verið, og það segir sig sjálft, að að því hlýtur að koma að ríkissjóður hefji greiðslu þessarar miklu skuldar við Seðlabankann, og þá virðist liggja beint við að fjármagnið verði að einhverju leyti hagnýtt til þess að stórauka rekstrarlánin til atvinnuveganna.

Ég tel því að ekki þurfi neinn vafa að leika á um það, að til þess að leysa bændur úr þeirri fjármagnskreppu, sem þeir eru nú í, er fjármagn tiltækt. Þetta er að sjálfsögðu allt of mikið stórmál til þess að nokkur geti leyft sér að afgreiða það með því einu að yppta öxlum. Þetta er mál sem verður að fá afgreiðslu hér í þinginu. En eins og ég hef þegar tekið fram, þá hefur farið svo 2—3 undanfarin ár, að till. okkar Alþb.-manna um þetta efni hafa alls enga afgreiðslu fengið. Ég vænti þess fastlega að þeir þm., m. a. þm. Framsfl., sem hér tóku hvað mest upp í sig áðan um það að hækkun lánanna væri aðalatriði málsins, hitt væri formsatriði og aukaatriði, þeir veiti nú loksins till. af þessu tagi brautargengi hér í þinginu.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þessari till. verði að lokinn þessari umr. vísað til hv. allshn.

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og hv. frsm. tók fram, er nú búið að ræða þetta mál hér lengi og ég skal ekki bæta þar mörgum orðum við. En mér finnst að það hafi komið hér fram, bæði í máli hans og þeim umr. sem fram fóru áðan, býsna glöggt hver hafa verið vinnubrögð Alþb. Hv. frsm. sagði að þeir hefðu flutt till. um þetta á tveim eða þrem undanförnum þingum. En það kom fram í svari hv. 2. þm. Austurl., fyrrv. viðskrh., eða svarleysi ef má orða það þannig, við spurningu minni, að þegar ráðh. Alþb. var yfirmaður Seðlabankans, þá þokaðist býsna hægt í þá átt. Ég gat þess líka, að það hefði nokkuð breyst til bóta með rekstrarlánin síðan núv. viðskrh. varð yfirmaður Seðlabankans. Og ég vil sérstaklega taka það fram, að þó við séum ekki ánægðir hafa lánamálin stöðugt heldur verið að lagast og nú fyrir áramótin fékkst fram ein leiðrétting sem á verðbólgutímum er mjög mikilvæg — og það er eitt atriðið í þessari till. — að lánunum var breytt í samræmi við breytingu á heildsöluverði. Þegar heildsöluverðið hækkaði í des. hækkuðu lánin, og þetta hefur komið fram í því, að bændur hafa nú fengið töluvert aukna útborgun, a. m. k. á því svæði þar sem ég þekki best til.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa ánægju minni yfir því, sem kom fram hjá flm. áðan. Hann tók alveg undir það sem ég sagði í sambandi við fyrra málið sem var á dagskrá, að það sem skipti máli, væri að þessi lán hækkuðu, ekki það form sem notað væri í sambandi við greiðslu þeirra. Hann var sem sagt ekki á sama máli og flokksbróðir hans, fyrrv. viðskrh. Lúðvík Jósepsson, að þessu leyti, og geri ég ráð fyrir að það sé af þeirri ástæðu, að hv. þm. Ragnar Arnalds þekkir þessi mál betur en fyrrv. viðskrh., það sé skýringin á því, að þeir eru ekki sammála í þessu máli. Ég er líka mjög ánægður með það, að þm. Alþb. skyldu flytja þessa till., sem er í raun og veru orðrétt till. sem við gerðum á Stéttarsambandsfundinum á Eiðum s. l. haust. Þeir mættu gjarnan taka upp fleiri till., sem við semjum og samþykkjum, og hjálpa okkur að koma þeim fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Mér þótti nú nafna minum Valgeirssyni skjótast í ræðu sinni áðan, þó skýr sé, jafnoft og hv. þm. Lúðvík Jósepsson tók það fram í sinni ræðu við umr. um fyrra málið, að meginatriðið væri að hækka afurðalánin og hækka rekstrarlánin, koma greiðslu þeirra þannig fyrir að þau kæmu bændum þegar að gagni. Einnig skaut honum í því, þegar hann taldi það vera nýlundu að við Alþb.-menn værum sammála nýlega gerðum samþykktum Stéttarsambands bænda. Við fluttum hér dagana sem fjárl. voru afgreidd mál sem Stéttarsamband bænda hafði nýlega gert itarlegar samþykktir um, hv. þm. Stefán Valgeirsson, hv. þm. Jón Helgason og hv. þm. Ingi Tryggvason höfðu

staðið að mjög einarðlega og tekið að sér að framfylgja. Og nú er að gá að því, hvort einarðlegur stuðningur bændafulltrúa Framsóknarfl. við þetta mál, sem við Alþb.-menn flytjum nú, verður með álíka heilindum og þegar þessir sömu menn, nýkomnir úr hópi félaga sinna, þar sem þeir höfðu sjálfir staðið að höfuðkröfu um niðurfellingu á söluskatti af búfjárafurðum, af kindakjöti, greiddu atkvæði á móti þeirri niðurfellingu við nafnakall. Hvers vegna þarf að skammast sín fyrir þetta veit ég ekki. En svo mikið veit ég og þori að fullyrða, að þeir hafa fengið einarðlegri grg. frá bændum um afstöðuna til þeirrar framkomu heldur en þeir hafa fengið um afstöðu til þess, hvort afurðalán eða rekstrarlán eigi að greiðast beint til bænda sjálfra eða inn á ótilgreindan heildarreikning hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Það þótti mér nokkuð á skorta við umr. um hið fyrra málið, að gerð væri grein fyrir þeirri viðdvöl sem þessir peningar bænda hafa annars staðar en í kaupfélögum þeirra, og kynni ég að greina nafna mínum Valgeirssyni, hv. þm., dæmi um það úr okkar kjördæmi, að þessi lán, sem þrátt fyrir allt eru veitt beint út á framleiðsluvörur bænda, hafa drjúga viðdvöl hér syðra áður en þeir peningar koma til skila til kaupfélaganna fyrir norðan.

Hv. þm. Jón Helgason, maðurinn sem greiddi atkvæði við nafnakall í Ed. gegn till. sem hann hafði nýlega staðið að því að gera að höfuðkröfu bændasamtakanna nú í haust, kröfunni um niðurfellingu á söluskatti af kjöti, hann sagði að þessi tillöguflutningur okkar Alþb.-manna núna væri dæmigerður um flutning mála af okkar hálfu í þágu landbúnaðarins. Nú bíð ég þess að vita hvort afstaða þeirra framsóknarmanna hér á þingi til þessarar till. okkar verður staðfesting — enn ein — á dæmigerðri framkomu þeirra Framsóknarþm. í málefnum landbúnaðarins, eins og hún kom fram við atkvgr. hér um till. okkar Alþb.-manna um niðurfellingu á söluskatti.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að blanda mér í þessar umr. um landbúnaðarmál sem ég hef fylgst með af miklum áhuga. Það hefur margt komið fróðlegt fram og fróðlegt að heyra afstöðu hinna ýmsu áhugamanna um landbúnaðarmál á Alþ. Það, sem kemur mér til að rísa hér upp, er aðeins það, að er ég tók að glugga í tölur á þskj. 140, sem er nú til umr., kom ég ekki heim og saman fullyrðingu hv. þm. Ragnars Arnalds um að skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann hefðu aukist verulega á seinustu þremur árum miðað við það sem gerðist á dögum vinstri stjórnar. Þar kemur fram, að í árslok 1971 var skuldastaða ríkissjóðs 512 millj. kr., í árslok 1972 234 millj., hefur lækkað nokkuð, í árslok 1973 1440 milljónir og í sept. 1974 er talað um að staðan hafi verið 4638 millj. Eftir því sem mér reiknast til — ég er nú léleg reikningsmanneskja, en mér finnst þetta auðvelt reikningsdæmi — þá hefur þessi skuldastaða aukist þrefalt í tíð fyrrv. ríkisstj. en ef við tökum aukninguna frá árslokum 1972 til sept. 1974 hefur hún tæplega tuttugufaldast, þar vantar lítið á. Hún þrefaldaðist í tíð núv. ríkisstj., en á dögum vinstri stjórnarinnar, á þremur árum þá, tæplega tuttugufaldaðist hún. Sé þetta rangt, þá bið ég hv. þm. að leiðrétta mig, en sé það rétt, sem ég er að vona, þá er hér allhastarlega hallað réttu máli.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ef ekki hefði verið vegna athugasemdar hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, þá hefði ég ekki séð ástæðu til að bæta neinu við. Þessi mál eru öll skýrð í grg. og er út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta, því að þessar tölur koma þar allar greinilega fram. En sannleikur málsins er einfaldlega sá, eins og ég sagði áðan, að í tíð fyrri ríkisstjórna var það meginregla, að talsverð skuld myndaðist við Seðlabankann fram eftir ári, en um það bil er skattar voru uppgerðir undir árslok var þessi halli nokkurn veginn jafnaður. Þó vildi oft vera einhver smáupphæð sem stóð eftir, en þarna gat auðvitað aldrei verið um nákvæmt uppgjör að ræða, enda ekki þess að vænta þegar miklir fjármunir eru í veltunni. Í árslok 1971 er skuldin 512 miljónir kr., eins og hér kemur skýrt fram. Í árslok 1972 er hún talsvert minni, 234 millj. kr. Svo kemur eitt óvenjulegt ár, þ. e. árið 1973, þá er skuldin 1440 millj. kr. og hafði slíkt ekki áður gerst. Þetta átti sér hins vegar mjög augljósa skýringu á sínum tíma, sem mér þykir rétt að láta koma hér fram, vegna þess að þetta kann að valda mönnum umhugsun, eins og fram kom hjá hv. þm. Skýringin er einfaldlega sú, að á þessu ári verður Vestmannaeyjagosið og þá er stofnaður svonefndur Viðlagasjóður, og Viðlagasjóður er talinn hér með. Þetta er ríkissjóður og ríkisstofnanir, þ. á m. Viðlagasjóður. Ég þori að fullyrða að þessi skuldaaukning, sem lendir á árinu 1973, að miklu leyti, ef ekki nokkurn veginn öll, vegna skuldar Viðlagasjóðs, sem hann stofnaði til vegna þess sem gerðist í Vestmannaeyjum á þessu ári. Hann var ekki búinn að fá tekjur í hendur til þess að geta staðið aftur skil á þessu við Seðlabankann, og þá myndaðist þarna talsverður hali. Þetta átti sér þessa óvenjulegu skýringu á árinu 1973. Aftur á móti verður það, sem síðan hefur gerst, ekki afsakað með neinum slíkum sérstökum rökum. Hv. þm. benti að vísu á það, að í septembermánuði 1974 hefði verið komin skuld upp á 4600 millj. kr. Það var út af fyrir sig ekkert nýmæli að skuld safnaðist við Seðlabankann af hálfu ríkissjóðs á miðju fjárlagaári, vegna þess að við vitum að ríkissjóður, sérstaklega áður fyrr, fékk tekjur sínar talsvert mikið á síðari hluta ársins, þó að það hafi hægt og þétt verið að breytast. Það var algengt. En ætlunin var, og að því stefna lög, að ríkissjóður geri upp sínar skuldir að fullu við Seðlabankann í árslok. Það hafði hann alltaf gert nokkurn veginn. Það gerði hann raunverulega á árinu 1973 líka, vegna þess að þessi skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann er í raun og veru aukaatriði í málinu. En það, sem hefur gerst í tíð núv. ríkisstj. án þess að á því verði fundnar neinar viðhlítandi skýringar eða afsakanir, er að þarna hefur safnast upp 14 000 millj. kr. skuld. Það er allt annars eðlis og verður ekki útskýrt með neinum skiljanlegum afsökunum eða rökum.

Ég er ekkert undrandi á því, að hv. þm. skyldi koma með þessa athugasemd, vegna þess að töl-

urnar geta valdið misskilningi af þessu tagi, ef menn þekkja ekki fullkomlega þann bakgrunn sem þarna er um að ræða. En svona er nú staðreynd málsins.

Ég vil svo að lokum þakka þeim þm., sem hér hafa talað, fyrir jákvæð viðhorf til þessarar till., þótt ég verði að segja það alveg eins og er, að ég hefði talið það hlutverk og skyldu varaformanns Stéttarsambands bænda, hv. þm. Jóns Helgasonar, sem talaði hér áðan og var í formannssæti á aðalfundi Stéttarsambands bænda þar sem meginefni þeirrar ályktunar, sem við gerum hér till. um, var samþ. sem ályktun Stéttarsambandsins, — mér finnst að slíkur maður hefði getað lotið svo lágt að lýsa yfir stuðningi við till. og óska eftir að hún næði fram að ganga. En það gerði hann ekki, eins og menn heyrðu áðan, heldur þvert á móti taldi það sína einu skyldu í þessum efnum að hreyta skætingi í garð okkar Alþb.-manna, sem einir höfum þó flutt þessa till. hér í þinginu, — till. sem þeir Stéttarsambandsmenn hafa óskað eftir að næði fram að ganga.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég hef að sjálfsögðu ekki gögn um Viðlagasjóð þannig að ég geti farið nánar út í þessar tölur. En engu að síður hefur hv. flm. tekið þessa tölu frá sept. 1974 sem viðmiðunartölu, enda þótt hann lýsi því yfir nú, að hún sé í sjálfu sér ekki marktæk, því að ekki sé komið að enda árs og uppgjör hafi því ekki farið fram. Ég vil ekki þrefa meira um þetta, en mér sýnist enn að hv. flm. hafi verið seinheppinn í meðferð talna á þessu þskj.

Jón Helgason: Herra forseti. Hv. flm. lét í ljós furðu sína yfir því, að ég hefði ekki lýst stuðningi við þessa till. Ég bið hann afsökunar á því, ef ég hef ekki gert það formlega. En ég held að það hafi komið fram í umr. um hina till., að ég væri samþykkur efni þessarar till. Annars finnst mér meira máli skipta, hvernig mál þokast áfram, heldur en hvort fluttar eru einhverjar till. Ég tel að það sé fyrst og fremst skylda mín að reyna að vinna að framgangi þessa máls, sem hér er flutt, frekar en vera með einhverja sýndarmennsku. Ég einmitt benti á það, að þegar væri búið fyrir atbeina hæstv. ríkisstj. að fá fram einn lið þessarar samþykktar aðalfundar Stéttarsambands bænda, þ. e. a. s. að umreikna grundvallarverðið svo að lánin breytist í samræmi við breytingar á heildsöluverði.

En viðvíkjandi því, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um atkvgr. um till. í sambandi við afgreiðslu fjárl., þá finnst mér að sú till., eins og hún var flutt af hv. þm. Alþb., einmitt styrkti það sem ég sagði um vinnubrögð þeirra, því að í hana vantaði alveg grundvöllinn, þ. e. hvernig ríkissjóður ætti að mæta því tekjutapi sem hann hlýtur að verða fyrir þegar söluskatturinn er felldur niður. (Gripið fram í.) Það var ekkert í sambandi við þessa till. Það var aðeins um að söluskatturinn ætti að falla niður. Þá hefði afleiðingin aðeins orðið sú, að þessi tala, skuldin við Seðlabankann, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. var að hneykslast á að væri orðin allt of stór, yrði enn þá stærri. Aðalatriðið er að reyna að finna einhverjar leiðir til að útvega fjármagn á móti. Það er enn þá verið að athuga það mál hjá hæstv. ríkisstj., og ég vonast til að þar náist einhver árangur. Ég hef sagt á fundum að það, sem skipti mestu máli fyrir bændur, væri það, að verðið lækkaði, ef það gæti eitthvað haft áhrif á aukna sölu, en hvort það heita auknar niðurgreiðslur eða niðurfelling söluskatts, það er ekki höfuðatriði.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki fylgst nægilega með þessum umr., en hér kemur fram að Alþ. skuli ályktа að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til að tryggja bændum viðunandi rekstrar- og afurðalán. Þetta er gífurlega stórt mál, því þetta er ekki aðeins vandamál í sambandi við bændur, heldur atvinnulífið í heild, hvernig atvinnulífinu og þar með bændastéttinni verði útvegað nægilegt rekstrarfjármagn.

Menn hafa stefnt að því að hækka þessi afurðalán. Hins vegar verða menn að viðurkenna það, að við stöndum frammi fyrir því vandamáli að fjármagn til þess hefur farið minnkandi vegna þess að sparnaður landsmanna hefur minnkað. Þannig voru afurðalán til atvinnuveganna í lok nóv. s. l. tæpum 5 milljörðum hærri en svokallaðri bindiskyldu innlánsstofnana nam. Þetta fjármagn, sem þarna er fram yfir, fæst ekki öðruvísi en með aukinni seðlaprentun eða auknum erlendum lánum. Og þetta er grundvallarvandamál. Ef við viljum laga þessa stöðu, sem er út af fyrir sig forsenda þess að lagfæra afurðalánastöðuna almennt, þá getum við það með því að lagfæra stöðu ríkissjóðs, sem skuldar nú um það bil 15 milljarða í Seðlabankanum, og það þýðir aukna skattheimtu. Einnig mætti auka svigrúm annarra stofnana, m. a. viðskiptabankanna, til þess að lána meira og minnka þá bindiskyldu þeirra til Framkvæmdasjóðs. Þetta var m. a. eitt að því, sem gert var við afgreiðslu síðustu lánsfjáráætlunar, og væntanlega ein af þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. gæti gert í þessu sambandi. En við skulum átta okkur á því, að slíkar ráðstafanir sem þessar mega ekki felast í aukinni seðlaprentun, heldur í einhverjum raunhæfum ráðstöfunum til þess að fá meira fjármagn til útlána.

Ég vil aðeins upplýsa það, að þrátt fyrir þessi vandamál, sem við getum ekki horft fram hjá, hafa afurðalán, t. d. til landbúnaðar, hækkað gífurlega mikið á s. l. ári að krónutölu. Þau voru í des. 1976, að því er ég best man, tæpir 5.9 milljarðar kr., en voru í lok des. s. l. einhvers staðar á bilinu 9.7—9.8 milljarðar, höfðu hækkað um tæp 65%. Ég held að það sé ekki nokkur vafi á því, að afurðalánin til landbúnaðarins hafa batnað á s. l. ári, þau hafa aukist, því að þrátt fyrir miklar verðhækkanir hafa verðhækkanir ekki numið 65%.

En ég ætlaði ekki að hafa fleiri orð um þetta. Mál eins og þetta hlýtur óhjákvæmilega að tengjast efnahagsmálunum og efnahagsstefnunni almennt. Ég hygg ekki að hér sé út af fyrir sig verið að leggja til að prenta meiri peninga frekar en að ná inn meira fjármagni til þess að geta leyst þessi mál betur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Innflutningur á áfengi og tóbaki, þáltill. (þskj. 304). — Hvernig ræða skuli.

Af tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Ég skal ekki gera athugasemdir við það, þó að 3. dagskrármálið, frv. til l. um virkjun Blöndu, sé tekið út af dagskrá nú. En ég vil vegna meðferðar þess máls aðeins vekja athygli á því, að þetta er í þriðja sinn nú á þessu þingi sem málið er tekið af dagskrá eftir ósk sama þm., hv. 3. þm. Norðurl. v., Páls Pétursonar. Í fyrsta sinn var það nokkru fyrir jól, þegar málið var hér fyrst til 1. umr. og ég hafði flutt framsöguræðu um það. Þá hafði hv. þm. ekki nein forföll, heldur taldi sig þurfa betri tíma og lengri til undirbúnings undir ræðugerð.

Nú vil ég aðeins vekja athygli á því í þessu sambandi, að þetta sama mál lá fyrir síðasta þingi og þá hafði þessi sami hv. þm. tækifæri til þess í löngu máli að gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins, sem hann er andstæður. Ég vil aðeins beina því til hæstv. forseta, að á næsta fundi þessarar hv. d. verði málið tekið fyrir til umr., því að það er ekki heppilegt að öllu lengur tefjist að þetta mál, sem var fyrst til 1. umr. fyrir jól, komist til n. til eðlilegrar meðferðar.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil í þessu sambandi geta þess, að hv. 3. þm. Norðurl. v., sem óskaði eftir því að umr. yrði ekki lokið, vegna þess að hann er á mælendaskrá, er veðurtepptur norður í landi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 298). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Frv. um breyt. á l. um almannatryggingar er samið af n. er ég skipaði á ofanverðu ári 1975 til þess að endurskoða lög um almannatryggingar. N. til aðstoðar voru tilnefndir þeir Guðjón Hansen tryggingafræðingur og Þorsteinn Magnússon viðskiptafræðingur. Aðdragandi þessarar endurskoðunar er reyndar lengri. Snemma á árinu 1975 fól heilbr.- og trmrn. Guðjóni Hansen tryggingafræðingi að vinna að athugun á tilteknum þáttum löggjafar um almannatryggingar og skyld málefni. N. þeirri, sem ég minntist á hér á undan, var falið það meginverkefni að fjalla um þessa þætti eftir því sem athugun Guðjóns Hansens miðaði áfram. Fyrsta grg. Guðjóns Hansens fjallaði um sameiningu fjölskyldubóta og skattívilnun vegna barna, og voru ákvæði þess efnis lögfest áður en n. var skipuð, sbr. lög nr. 39 frá 1975, þannig að n. fjallaði ekki um þennan þátt. Í októbermánuði 1975 skilaði Guðjón Hansen grg. með tillögum þar sem fjallað var um sameiningu slysatrygginga og annarra greina almannatrygginga. Var því fyrsta verkefni n. að fjalla um þessar tillögur og hóf n. störf með því að óska umsagnar hinna ýmsu samtaka vinnumarkaðarins um tillögur Guðjóns. Jafnframt ræddi n. við fjármálayfirvöld, skattyfirvöld og fleiri um einstök atriði tillagnanna. Vísast um þetta nánar til athugasemda við þetta frv.

N. hefur nú sent frá sér sínar fyrstu tillögur í formi þessa lagafrv. Hún leggur til að slysatryggingar verði lagðar niður að mestu sem sjálfstæð grein almannatrygginga. Það er álit n., að gera þurfi gangskör að þessum breytingum, þar sem ekki þykir fært að bíða eftir því að heildarendurskoðun ljúki. Því er ekki að leyna, að vegna fjölmargra breytinga, sem gerðar hafa verið á núgildandi lögum um almannatryggingar, og vegna þess að allar greinar tryggginganna eru í endurskoðun væri æskilegast að lagt yrði fram frv. til nýrra almannatryggingalaga á grundvelli heildarendurskoðunar gildandi laga. Sem stendur er slíkt óframkvæmanlegt, þar sem ljóst er að með breytingu á slysatryggingum verður þörf aðlögunar á öðrum sviðum og slíkt krefst nokkurs tíma. Enn fremur má benda á það, að sem stendur vinnur önnur n. að því að móta framtíðarkerfi lífeyristrygginga, þ. e. a. s. mótun heildarkerfis almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Helstu breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á gildandi lögum, eru eftirfarandi:

1) Slysatryggingar verði lagðar niður að mestu sem sjálfstæð grein almannatrygginga. Sem sérstakar slysabætur teljist aðeins tvær tegundir bóta, þ. e. a. s. bætur vegna örorku frá 15%—50% samkvæmt 34. gr. almannatryggingalaga og 8 ára bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 35. gr. Bætur þessar verði á vegum lífeyristrygginga, hér eftir nefndar lífeyris- og slysatryggingar.

2) Lífeyristryggingar greiði þær bætur sem réttur er til samkv. II. kafla almannatryggingalaga, enda þótt bótagreiðsla eigi rót sína að rekja til vinnuslyss.

3) Sjúkrahjálp vegna vinnuslysa verði greidd af sjúkratryggingum eftir þeim ákvæðum sem um síðar nefndu tryggingarnar gilda. Breyting þessi gefur tilefni til nokkurra breytinga á bótaákvæðum sjúkratryggingakafla laganna.

4) Sjúkratryggingar greiða sömu dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum. Jafnframt hækki sjúkradagpeningar til jafns við núverandi slysadagpeninga, dagpeningar greiðist óskertir, meðan á sjúkrahúsvist stendur, og breytt verði ákvæðum um greiðslu dagpeninga til unglinga.

5) Núgildandi trygging ökumanna bifreiða falli niður, en í staðinn verði slysatrygging ökumanns fyrir tiltekinni fjárhæð við örorku og dauða innifalin í ábyrgðartryggingu bifreiða.

6) Í stað núverandi vikugjalda atvinnurekenda, annars vegar til lífeyristrygginga og hins vegar til slysatrygginga, komi eitt sameiginlegt gjald, reiknað sem hundraðshluti af heildarlaunagreiðslum á árinu. Flokkun eftir áhættu falli niður og sjóðmyndun slysatrygginga hverfi úr sögunni, að undanskildu framlagi til varasjóðs í samræmi við núgildandi ákvæði um varasjóð lífeyristrygginga.

7) Endurkröfuréttur almannatrygginga samkvæmt 59. gr. laganna falli niður. Hér er um að

ræða endurkröfur slysatrygginga og sjúkratrygginga.

Eins og hér hefur komið fram, gerir frv. ráð fyrir því, að slysatryggingar verði lagðar niður sem sjálfstæð grein almannatrygginga og jafnframt að slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins verði lögð niður og verkefni hennar verði færð yfir á aðrar deildir stofnunarinnar.

Slysatryggingar eru sú grein almannatrygginga, sem á sér lengsta sögu hér á landi, og jafnframt sú grein, sem mest svipar til einkatrygginga. Fyrstu slysatryggingalögin voru sett árið 1903 og tóku þau einungis til sjómanna á þilskipum og tryggðu einvörðungu dánarbætur. Örorkutrygging bættist við árið 1917 og dagpeningar 1925. Frá árinu 1925 nær tryggingin einnig til verkamanna í landi, og skipting starfa í áhættuflokka var þá tekin upp.

Þáttur slysatrygginga í almannatryggingakerfinu hefur á síðari árum aðallega verið fólginn í eftirfarandi:

a) Þær hafa tryggt mönnum bætur vegna vinnuslysa þótt þeir uppfylltu ekki biðtímaskilyrði lífeyris- og sjúkratrygginga, skilyrði lífeyristrygginga um ríkisborgarrétt eða skilyrði sjúkratrygginga um iðgjaldagreiðslur. Skilyrði þessi eru nú fallin brott að undanskildum biðtímaákvæðum lífeyristrygginga sem enn geta skipt máli.

b) Bætur hafa að ýmsu leyti verið ríflegri en bætur lífeyris- og sjúkratrygginga, og hin gömlu skerðingarákvæði lífeyristrygginga giltu ekki um bætur slysatrygginga.

c) Sérstakur fjárhagur slysatrygginga, skipting starfa og síðar fyrirtækja í áhættuflokka og sjóðmyndun á tryggingafræðilegum grundvelli hefur átt að tryggja að atvinnuvegirnir bæru kostnað af þeirri slysahættu er þeim fylgdi og þeim kostnaði yrði ekki velt yfir á framtíðina.

Vegna þeirra miklu breytinga, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á almannatryggingalögunum, bæði hvað snertir bótaákvæði og fjárhagsgrundvöll, þótti ástæða til könnunar á því, hvort sama þörf sé fyrir núverandi skiptingu tryggingargreina sem áður. Hér verður að taka tillit til annarrar lagasetningar og kjarasamningsákvæða sem máli kunna að skipta í þessu sambandi. Hér skal einkum bent á þau atriði er snerta ákvæði laga og reglugerða um launagreiðslur í slysaforföllum, sbr. lög nr. 16 frá 1958, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, sjómannalög, nr. 67 1963, og lög nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Auk þess koma til greina ákvæði kjarasamnings um laun í slysaforföllum, bótagreiðslur sjúkrasjóða stéttarfélaga, greiðslur lífeyrissjóða vegna örorku og fráfalls, ákvæði laga og kjarasamninga um eingreiðslur örorku- og dánarbóta vegna slysa. Í þessu sambandi má nefna siglingalög nr. 66 1963, sbr. lög nr. 108 1972, en í þeim lögum er raunar kveðið á um bæði eingreiðslur og lífeyrisgreiðslur, einnig má nefna hér rammasamning Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda frá 26. febr. 1974 og að lokum bótakröfur á grundvelli skaðabótaréttar.

Samkvæmt 29. gr. núgildandi almannatryggingalaga taka slysatryggingar til launþega sem starfa hér á landi, nemenda við iðnnám samkv. iðnfræðslulöggjöf, stjórnenda aflvéla og ökutækja, útgerðarmanna sem sjálfir eru skipverjar, manna sem vinna að björgun úr lífsháska eða vörnum gegn yfirvofandi meiri háttar tjóni á verðmætum. Starf launþega um borð í íslensku skipi eða íslenskri flugvél jafngildir starfi hér á landi. Í greininni er nánar kveðið á um hvað við er átt með launþegum, heimildir til undanþágu frá tryggingum fyrir þá sem sannanlega eru tryggðir samkvæmt erlendri slysatryggingalöggjöf og heimild til að taka í tryggingu starfsmenn íslenskra fyrirtækja erlendis.

Í 30. gr. almannatryggingalaga er kveðið á um heimild atvinnurekenda til að taka slysatryggingu, heimild til tryggingar við heimilisstörf og tryggingar heimilisfólks vegna þátttöku í atvinnurekstri fjölskyldunnar.

Ákvæði 40. gr. fjalla um sjúkratryggingar, en samkvæmt henni eru allir landsmenn sjúkratryggðir í sjúkrasamlagi þar sem þeir eiga lögheimili. Með orðunum „öllum landsmönnum“ er átt við alla þá sem lögheimili eiga á Íslandi.

Í kaflanum um lífeyristryggingar eru víða sett skilyrði um þriggja ára lögheimilistíma, og gildir þetta bæði um barnalífeyri og ekkjulífeyri, sbr. 14. og 18. gr. Hins vegar er einskis lágmarkstíma krafist þegar sótt er um örorkulífeyri og hlutaðeigandi hefur haft óskerta starfsorku þegar hann öðlaðist hér lögheimili. Sama gildir um ekkjubætur samkvæmt 17. gr. Með hliðsjón af 1. gr. laga nr. 35 1960, um lögheimili, skal sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, eiga þar lögheimili samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum. Sama gildir um útlendinga sem stunda hér atvinnu þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir.

Í 10. gr. er ákvæði um lögheimili námsmanna, sjúklinga, starfsmanna á vegum ríkisins o. fl. sem erlendis dveljast.

Með hliðsjón af því, sem að framan hefur verið sagt, eru þeir, sem slysatryggðir eru hér, nær undantekningalaust jafnframt sjúkratryggðir. Þeir, sem ótryggðir eru hér, eru nánast eingöngu erlendir starfsmenn erlendra fyrirtækja sem hér gerast verktakar. Munu það helst vera erlendir ferðamenn sem gætu orðið fyrir slysum við akstur bifreiða án þess að vera sjúkratryggðir, og einnig gæti komið fyrir slys á ferðamönnum sem tækju þátt í björgun mannslífa eða verðmæta. Þrátt fyrir þessa undantekningu réttlætir það á engan hátt að skilið sé milli slysa- og sjúkratrygginga þar sem sameining þessara greina hlýtur að vera ákjósanleg með hliðsjón af öðrum sjónarmiðum sem þyngra hljóta að vega.

Fjmrn. hefur látið í ljós áhuga á breyttri tilhögun slysatrygginga ökumanna og sameiningu þeirra trygginga og ábyrgðartrygginga bifreiða. Bætur slysatrygginga eru samkvæmt núgildandi lögum sjúkrahjálp, dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur. Í 32. gr. almannatryggingalaga er kveðið á um sjúkrahjálp sem veitt er af slysatryggingum, en tilsvarandi ákvæði um sjúkratryggingar eru að finna í 32., 42., 44. og 47. gr. Hvað snertir mikilvægasta þátt sjúkrahjálparinnar, þ. e. a. s. sjúkrahúsvistina, gildir sama regla, þ. e. a. s. kostnaður er greiddur að fullu. Eini mismunurinn, sem getur komið fram, er þegar maður slasast eða veikist erlendis. Munur á

læknishjálp utan sjúkrahúsa svo og á lyfjagreiðslum er að slysatryggingar greiða slíkan kostnað að fullu, en hjá sjúkratryggingum greiðir sjúklingur fast gjald fyrir hverja komu til læknis og fyrir hvern lyfjaskammt. Slysatryggingum er ekki skylt að greiða sjúkrakostnað vegna slyss ef slasaði er óvinnufær skemur en 10 daga, en heimilt er að greiða sjúkrahjálp í slíkum tilvikum, sbr. síðustu mgr. 31. gr. núgildandi almannatryggingalaga.

Í 33. gr. almannatryggingalaga er fjallað um dagpeninga slysatrygginga, en 45. gr. fjallar um dagpeninga sjúkratrygginga. Slysadagpeningar greiðast frá og með áttunda degi eftir slys, enda hafi slasaði verið óvinnufær í minnst 10 daga. Biðtími sjúkratrygginga er þrem dögum lengri. Það er skilyrði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga, að tryggði sé orðinn 17 ára og njóti hvorki elliné örorkulífeyris, en slík skilyrði gilda ekki um slysadagpeninga. Samkvæmt 56. gr. mega slysadagpeningar og elli- og ekkjulífeyrir fara saman. Öryrki, sem slasast við vinnu, getur hins vegar valið þær bætur sem hærri eru. Slysadagpeningar nema nú 1975 kr. á dag að viðbættum 425 kr. fyrir hvert barn á framfæri. Hvað snertir sjúkradagpeninga, þá kveður 45. gr. almannatryggingalaga á um hámark og lágmark sjúkradagspeninga. Undanfarin ár hefur greiðsla miðast við lágmark, sem nú er 1561 kr. á dag að viðbættum 425 kr. fyrir hvert barn. Er þarna nokkur munur á, auk þess sem sjúkradagpeningar skerðast meðan á sjúkrahúsvist stendur, en slysadagspeningar greiðast óskertir.

Hvað snertir örorku sérstaklega, þá er höfuðmunurinn samkvæmt gildandi almannatryggingalögum á bótum lífeyris- og slysatrygginga fólgin í endurgreiðslu slysabóta ef orkutap nær 15%, en er þó undir 50%. Lífeyristryggingar greiða á hinn bóginn engar bætur ef örorka nær ekki 50% Ef orkutap er milli 50% og 75% eru greiðslur slysatrygginga lögboðnar, en greiðslur lífeyristrygginga fara eftir heimildarákvæðum. Sé örorka 75% eða meiri er bótaréttur sá sami, en réttur til uppbóta, þ. e. a. s. tekjutryggingar, er þá háður skilyrðum lífeyristrygginga. Frv. þetta gerir ekki ráð fyrir að réttur slasaðra til örorkubóta breytist frá því sem er í gildandi lögum.

Við dauðsfall er barnalífeyrir og ekkjulífeyrir hinn sami hjá báðum deildum. Í stað ekkju- og ekkilsbóta, sem lífeyristryggingar greiða í 6 eða 18 mánuði, koma hins vegar 8 ára bætur slysatrygginga og enn fremur inna slysatryggingar af hendi eingreiðslu fjár til foreldra og jafnvel annarra aðstandenda.

Með hliðsjón af framangreindri upptalningu er greinilegt að bætur slysatrygginga eru að meiri hluta til greiðslu sem menn að öðrum kosti ættu rétt á hjá lífeyris- og sjúkratryggingum. Þetta hlýtur að teljast eðlilegt þegar launþegar eiga í hlut og sé litið á málið frá því sjónarmiði, að atvinnureksturinn eigi að standa undir þeim útgjöldum sem slys hafa í för með sér. Þegar hins vegar er um að ræða frjálsa slysatryggingu, þ. e. a. s. samkv. 30. gr. almannatryggingalaga, verður annað uppi á teningnum. Þeir, sem slíka tryggingu taka, eru látnir greiða iðgjöld fyrir tryggingu sem þeir að jafnaði njóta að miklu leyti hvort eð er. Þá eru ökumenn bifreiða í mörgum tilvikum þrítryggðir við akstur, þ. e. a. s. hjá lífeyris- og sjúkratryggingum svo og hjá slysatryggingum í sambandi við starf sitt og ökumannstryggingu.

Hvað snertir bætur frá öðrum aðilum, þá halda launþegar nær undantekningarlaust launum í viku eftir slys og flestir miklu lengur. Hjá fjölmörgum stéttarfélögum tekur síðan við réttur til dagpeninga úr sjúkrasjóði sem koma til viðbótar dagpeningum slysatrygginga. Samkvæmt rammasamningi Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda frá því í febrúar 1974 eru allir launþegar, sem sá samningur tekur til, tryggðir fyrir örorku og dauða af völdum vinnuslysa, og hafa ákvæði þessi síðan verið tekin upp í samningum fjmrh. við stéttarfélög. Mörg stéttarfélög hafa í samningum sínum ákvæði er ganga lengra. Og loks er mjög algengt að bótakröfur séu gerðar á hendur vinnuveitenda vegna vinnuslysa.

Til þess hefur verið ætlast, að atvinnurekstur beri kostnað við slysatryggingu sem honum fylgir. Samkvæmt 36. gr. núgildandi almannatryggingalaga er fyrirtækjum skipt í áhættuflokka og iðgjald ákveðið fyrir hvern flokk. Tryggingavikan er sú eining sem lögð er til grundvallar iðgjaldsákvörðun. Nokkrar undantekningar eru frá þeirri reglu. Skipting í áhættuflokka fer eftir fyrirtækjum, þannig að áhöfnum skipa, ökumönnum bifreiða og áhöfnum flugvéla er skipað í sérstaka áhættuflokka. Ljóst er að hinn tvíþætta álagning iðgjalda til almannatrygginga, þ. e. a. s. iðgjalda til lífeyristrygginga, sem eru hin sömu af öllum launþegum, og hinna misháu vikugjalda til slysatrygginga, hefur í för með sér verulega vinnu. Við innheimtu og bókhald þarf síðan að halda gjöldunum aðskildum. Um teljandi fyrirhöfn við innheimtu er þó fyrst og fremst að ræða í sambandi við iðgjöld af ökumönnum bifreiða eftir að bifreiðaskattur hefur verið felldur niður, þannig að slysatryggingaiðgjald stendur nú eitt eftir. Fjmrn. hefur lagt áherslu á að forsendur núverandi kerfis iðgjaldainnheimtu þessarar séu fallnar brott og eðlilegast sé að sameina ökumannstrygginguna ábyrgðartryggingu bifreiða.

Jafnframt þessari áhættuflokkaskiptingu er fjárhagsgrundvöllur við það miðaður, að ár hvert sé séð fyrir öllum fjárhagsskuldbindingum vegna þeirra slysa sem orðið hafa á árinu. Leitast er við að ná þessu markmiði með sjóðmyndun annars vegar fyrir ógreiddum bótum vegna óuppgerðra tjóna og hins vegar með höfuðstólsandvirði lífeyris sem ásamt vöxtum er ætlað að duga fyrir lífeyrisgreiðslum vegna hlutaðeigandi slysa um alla framtíð. Vegna sífelldra bótahækkana miðað við krónutölu, sem taka jafnt til lífeyrisgreiðslna vegna eldri slysa sem bóta vegna nýrra slysa, reynist höfuðstólsandvirði lífeyris að jafnaði ekki nægilegt. Þessi fjárhæð er svo endurskoðuð árlega og viðbótarfé lagt til hliðar. Þannig er markmiðinu með sjóðmynduninni engan veginn náð, og á verðbólgutímum, þegar árlegir vextir eru lægri að hundraðshluta til en árlegar bótahækkanir, er þetta fyrirkomulag dýrara fyrir iðgjaldsgreiðendur en fjárhagsgrundvöllur án sjóðmyndunar, eins og sá sem lífeyris- og sjúkratryggingar eru byggðar upp á.

Á árinu 1973 nam rekstrarkostnaður slysatryggginga 10.8 millj. kr. eða 8.5% af greiddum bótum

og er það hlutfallslega langtum hærri kostnaður en hjá öðrum greinum almannatrygginga. Þess ber að geta, að að talsverðu leyti telst þetta áætlaður kostnaður, þ. e. a. s. áætluð þátttaka í sameiginlegum rekstri Tryggingastofnunarinnar. En ljóst er af því, sem hér hefur áður verið sagt, að framkvæmd slysatrygginga hlýtur að vera tiltölulega kostnaðarsöm, ekki eingöngu fyrir Tryggingastofnunina sjálfa, heldur ekki síður innheimtufyrirkomulagið á vegum fjmrn.

Með hliðsjón af þeirri þróun, sem á undanförnum árum hefur átt sér stað í lífeyris- og sjúkratryggingum almannatrygginga að því er varðar bótaákvæði, fjárhagsgrundvöll og skipulag, þá taldi Guðjón Hansen tryggingafræðingur tímabært að þessar greinar tækju að verulegu leyti við verkefnum slysatrygginga og meðferð slysamála yrði stórlega einfölduð frá því sem nú er. Hann benti á að þær athuganir, sem ég hef lauslega greint hér frá, bentu eindregið til þess, að *ávinningur af núverandi tilhögun sé vart svo* mikill lengur að hann réttlæti framhald á rekstri sjálfstæðra slysatrygginga í sama mæli og hingað til.

Með hliðsjón af till. Guðjóns Hansens tryggingafræðings setti n., sem samdi þetta frv., fram þær tillögur sem hér birtast í frv. Tillögur n., sem tíundaðar eru fyrr í framsögu minni, felast einkum í því, að bætur greiddar í einu lagi samkv. 35. gr. almannatryggingalaga, sbr. d- og e-lið 1. mgr. og 2. mgr. þeirrar gr., falli niður. Hér er um að ræða dánarbætur til barna eldri en 16 ára, hafi barnið verið á framfæri hins látna vegna örorku er slys ber að höndum, og dánarbætur til foreldra falli niður. Eðlilegt er að ákvæði *kjarasamninga um dánarbætur vegna slysa verði* endurskoðuð með tilliti til þessara brtt., en slík ákvæði eru nú almennt í kjarasamningum. Töluvert svigrúm þarf til að koma slíkum breytingum á. En með hliðsjón af því, að lögunum er ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en 1. jan. 1979, ætti að vera auðvelt að framkvæma þetta. Enn fremur þyrfti að breyta 71. gr. umferðarlaga, þar sem miðað við núgildandi bótafjárhæð almannatrygginga getur 3 millj. kr. trygging ökumanns við 100% örorku eða dauða talist hæfileg, þannig að enginn ökumaður, sem rétt ætti til bóta hjá lífeyris- og sjúkratryggingum, teldist lakar tryggður en hann er samkv. núgildandi reglum, en mikill fjöldi ökumanna yrði betur tryggður en áður. Enn fremur yrði að athuga áhrif þess á iðgjöld af ábyrgðartryggingum bifreiða, að endurkröfuréttur almannatrygginga fellur niður.

Með frv. þessu er að því stefnt, að til bóta slysatrygginga teljist einungis þær bætur sem menn eiga ekki rétt á hjá öðrum greinum almannatrygginga. Þessi skipan hefur í för með sér einföldun á bókhaldi og skapar eðlilegri grundvöll fyrir frjálsa tryggingu en núverandi fyrirkomulag. Athugun sýnir að það hefur sáralítil áhrif á heildargreiðslu fyrir sjúkrahjálp þá, sem slysatryggingarnar greiða nú, þótt farið sé eftir ákvæðum sjúkratrygginganna. Í einstökum málum virðist einkum geta orðið verulegur munur ef tannlæknishjálpar væri þörf. Í miklum fjölda mála er munurinn svo hverfandi lítill, að slasaði eða vinnuveitandi hans sjá ekki ástæðu til að fá hann greiddan.

Hækkun sjúkradagpeninga til jafns við slysadagpeninga, ásamt afnámi skerðingar meðan á sjúkrahúsvist stendur, telst nauðsynleg forsenda þess, að sjúkradagpeningar geti komið í stað slysadagpeninga, og auk þess felst í þessari breytingu eðlileg samræming milli bótategunda. Þetta hefur í för með sér að biðtími slysamála lengist um 3 daga, en yfirleitt munu launþegar fá það bætt af vinnuveitanda eða tryggingafélagi, eins og fyrr kom fram í máli mínu. Jafnframt er lagt til að breytt verði ákvæðum um greiðslu dagpeninga til unglinga. Ökumenn eiga að öllum jafnaði rétt á bótum lífeyris- og sjúkratrygginga, eins og áður hefur verið greint frá, þar sem tillit er tekið til fjölskylduástæðna. Verði slysatrygging ökumanna sameinuð ábyrgðartryggingu bifreiða virðist því eðlilegast að hún breytist í tryggingu eingreiðslufjárhæðar við örorku og dauða. Í stað núverandi vikugjalda atvinnurekenda annars vegar til lífeyristrygginga og hins vegar til slysatrygginga er lagt til í þessu frv., að til komi eitt sameiginlegt gjald reiknað sem hundraðshluti af heildarlaunagreiðslum á árinu. Flokkun eftir áhættu falli niður.

Þá er lagt til að sjóðamyndun slysatryggingaanna hverfi úr sögunni, en þó með nokkrum undantekningum. Um þetta hefur þegar verið fjallað hér á undan, en á það skal bent, að frá efnahagslegu sjónarmiði er óæskilegt að á verðbólgutímum sé horfið frá sjóðmyndun og þannig dregið úr sparnaði. Hins vegar er hér um að ræða mjög lítinn þátt innan almannatryggingakerfisins og því vart ástæða til að láta slíkt sjónarmið ráða um þann þátt einan. Niðurfelling á endurkröfurétti samkv. 59. gr. almannatryggingalaga mun í raun eingöngu hafa áhrif á viðskipti við bifreiðatryggingafélög, en varðar hins vegar bæði slysa- og sjúkratryggingar. Á það skal bent, að í reikningum Sjúkrasamlags Reykjavíkur fyrir árið 1973 er þessi liður neikvæður upp á rúmlega 3.7 millj. kr., og í skýringum kemur fram, að árið áður hafa kröfur að fjárhæð tæpar 8 millj. verið færðar til tekna, en árið 1973 nema kröfur, sem tryggingafélög hafa synjað, hærri fjárhæð en nýjar kröfur á árinu. Með hliðsjón af framansögðu þjónar engum tilgangi að hafa slíkan endurkröfurétt í lögum, þar sem m. a. má ætla að niðurfelling hans muni spara nokkra vinnu hjá öllum aðilum, sem hér eiga hlut að máli, og þá að sjálfsögðu leiða til lækkunar iðgjalda ábyrgðartrygginga bifreiða, þar sem að sjálfsögðu þarf að taka tillit til slíks við ákvörðun iðgjalda.

Ef þetta frv. nær fram að ganga mun það leiða af sér að bótagreiðsla slysatrygginga muni lækka verulega eða nálægt 70% og bótamálum muni fækka hvorki meira né minna en um 90%. Gera má ráð fyrir að samanlögð árleg útgjöld slysa-, sjúkra- eða lífeyristrygginga muni aukast um því sem næst 100 millj. kr., ef miðað er við núgildandi bótafjárhæðir. Á það skal hins vegar bent, að útgjöld slysatrygginga árið 1974 voru 167,9 millj. og árið 1975 214.5 millj. kr. Vísast nánar um þetta til athugasemda með frv., sbr. útreikning á bls. 7. Það yfirlit sýnir í grófum dráttum hvað gerast mundi við samþykkt frv., en þess ber að geta, að tilfærsla hefur á sumum sviðum í för með sér breytt bótaákvæði. Með hlið-

sjón af biðtíma mundu útgjöld til dagpeninga vegna slysa lækka, svo dæmi sé tekið.

Með samþykkt þessa frv. má draga þá ályktun að í heild verði launþegar að teljast betur tryggðir en áður vegna veikinda og slysa. Framlög til tryggginganna í heild mundu hins vegar ekki hækka við samþykkt frv., þ. e. a. s. ef miðað er við aðstæður eins og þær hafa verið undanfarin ár með verulegum framlögum til sjóða slysatrygginga.

N. sú, sem samdi þetta frv., leitaði álits Þjóðhagsstofnunar á því, hverjum breytingum mætti gera ráð fyrir á iðgjöldum vegna hins breytta fjárhagsgrundvallar sem í frv. felst. Telur sú stofnun lauslega áætlun benda til að núverandi slysatryggingagjöld atvinnurekenda, þ. e. a. s. án ökumannstryggingar, nemi um 0.4% af launaupphæðinni á því ári sem gjaldið er lagt á, en 0.50—0.55% af launafjárhæð ársins á undan, ef miðað er við árin 1975—1977.

12. gr. frv. hefst á orðunum: „Fyrir lok maímánaðar ár hvert skal Tryggingastofnunin gera áætlun um útgjöld lífeyris- og slysatrygginga.“ Eru þetta í sjálfu sér eðlileg tímamörk. En fleira þarf til. Ársreikningar Tryggingastofnunarinnar skulu samkv. gildandi lögum jafnan fullgerðir eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Ákvæði um fjárhagsáætlanir voru bundin við sömu tímamörk. Enda þótt reynt hafi verið að hafa fjárhagsáætlanir tilbúnar fyrr en þetta eru þó þessi atriði nátengd. Þá eru fleiri atriði sem þarna koma til greina. Reikningar umboðanna þyrftu allir að liggja fyrir a. m. k. tveimur vikum áður en skila þarf fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar. Sama er að segja um reikninga sjúkrasamlaganna, en engin ákvæði eru um að þeim skuli skilað í tæka tíð, þó þeir séu nauðsynlegir við gerð fjárhagsáætlunarinnar. Með þessu er Tryggingastofnuninni gert að skyldu að uppfylla viss ákvæði án þess að tryggt sé að það sé framkvæmanlegt. Þetta tel ég rétt að n., sem fær frv. þetta til meðhöndlunar, taki til alvarlegrar athugunar, og tel ég að nauðsynlegt sé að breyta því eins og það er í frv.

Í niðurfellingu áhættuflokkunar og talningar vinnuvikna í lífeyris- og slysatryggingum felst að sjálfsögðu mikill vinnusparnaður. Eftir sem áður á sér þó stað talning vinnuvikna hvað snertir atvinnuleysistryggingar sem að mínu mati er nauðsynlegt að breyta til samræmis, enda starfar nú n. að því að endurskoða lögin um atvinnuleysistryggingar.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fjalla frekar um efnisatriði frv., enda er mál mitt orðið alllangt, en í stað þess vísa ég til frv. sjálfs ásamt athugasemdum. Vænti ég þess, að þetta frv. hljóti góðar viðtökur hér í hv. þd., og legg til, hæstv. forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 133).

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er búið að fresta alloft að taka þetta frv. til umr., og sannleikurinn er sá, að enn stendur svo á að ástæða væri til að biðja um frestun, vegna þess að fjarstaddir eru áhugamenn um þetta mál, þ. á m. annar flm. sem ég hygg að hafi ætlað að ræða þetta mál. En málið er búið að bíða svo lengi að ég sé ekki ástæðu til að freista þess ekki að koma því til n. nú. Þetta frv. kom fram nokkru fyrir jól, en lenti þá í jólaannríkinu og var aldrei tekið til umr.

Þessu frv., sem ég flyt ásamt hv. þm. Tómasi Árnasyni, 4. þm. Austurl., fylgir mjög ítarleg grg., og í rauninni segir þessi grg. allt það sem segja þarf á þessu stigi um þetta mál.

Það, sem felst fyrst og fremst í þessu frv., er mjög veigamikil breyting á starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Er lagt til í 1. gr. þessa frv., að 8. gr. laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins verði breytt á þann hátt sem þar segir. Þar er sem sagt lagt til að það verði meðal aðalverkefna Byggingarsjóðs að lána fé til endurnýjunar á gömlu húsnæði og einnig til kaupa á gömlu húsnæði, ef það má verða til að stuðla að hagkvæmri nýtingu þess.

Eins og nú háttar er heimilt að veita lán til kaupa á eldri íbúðum og til endurbóta á eigin húsnæði öryrkja og ellilífeyrisþega. Það er því mjög miklum takmörkunum bundið hvað heimilt er að lána til kaupa á eldra húsnæði og til endurgerðar á húsum. En ef þetta frv. yrði að lögum, þá yrðu lán til kaupa á gömlu húsnæði og til meiri háttar endurbóta og endurnýjunar og til viðhalds á gömlu húsnæði, þá yrði þetta allt saman sett á sama bekk.

Þetta er í raun og veru kjarni þessa máls, og þetta er það umhugsunarefni sem ég held að sé mjög nauðsynlegt að við hér á Alþ. förum að leiða hugann að. Og ég held að það sé mjög mikil nauðsyn á því, að það fari að skapast almennar umr., t. d. meðal byggingamanna, um þetta mál, því hér er áreiðanlega um mjög mikið stórmál að ræða. Í rauninni er þetta þjóðhagslega mjög stórt mál, og eru ýmsir, sem um þetta hafa fjallað, að koma auga á það. Víða annars staðar en hér á landi hefur verið rætt um þessi mál af meiri áhuga, og hef ég t. d. haft af þessu veruleg kynni í sambandi við störf mín hjá Evrópuráðinu, en ráðið hefur ekki einungis lagt sig fram og verið í fararbroddi um svokallaða húsafriðun, húsavernd, sem í sjálfu sér er sérstakt menningarmál, — ekki eingöngu verið þar í broddi fylkingar, heldur nú á síðari árum, nokkrum allra síðustu árum, hafa menn þar farið að leiða hugann að hinu, að það mundi vera þjóðhagslega rétt, þjóðhagslega skynsamlegt að beina lánsfjármagni meira til uppbyggingar á gömlu húsnæði og viðhaldi á gömlu húsnæði heldur en verið hefur til þessa.

Húsafriðun sem slík hefur mjög mikið verið rædd hér á Íslandi og umr. um þau hafa farið vaxandi á síðari árum og ýmislegt verið gert til þess að stuðla að húsafriðun og húsavernd, m. a. með endurskoðun þjóðminjalaganna 1969, þegar sérstakur kafli var settur þar inn um húsavernd og húsafriðun. Síðar kom til sérstakur Húsafriðunarsjóður með lögum frá 1975, að ég ætla, og sá sjóður, þó ekki sé mikill að

vöxtum, hefur orðið að gagni. Ráðstöfunarfé hans er ekki nema um 14—15 millj. á ári og þó líklega laklega það s. l. ár. Eigi að síður hefur á grundvelli þessa litla sjóðs verið hægt að skipuleggja aðgerðir í húsafriðunarmálum af meiri skynsemi en áður var. En þarna þarf áreiðanlega að gera miklu meira, og mér er kunnugt um það sem einum af stjórnarmönnum Húsafriðunarsjóðs, að verkefni sjóðsins eru augljóslega mikil og vant er fjármagns til þessara hluta. Þá kemur það líka til, að nú hefur verið ákveðið að nokkru af tekjum af sölu þjóðhátíðarmyntar verði varið til þessara mála, og er það vel. Að þessu leyti til verð ég að segja að þessum málum er nokkuð á veg komið hér á landi, þó að mjög mikið megi úr bæta.

En það frv., sem hér liggur fyrir, gengur í raun og veru miklu lengra og er kannske miklu áhrifameira en allt annað sem rætt hefur verið í sambandi við húsavernd og húsafriðun, viðhald gamalla bygginga af ýmsu tagi, vegna þess að þar er almennt gert ráð fyrir því, að til viðgerðar, viðhalds og endurgerðar, restoration, sem kallað er á útlendu máli, verði lánað ekki síður en til nýbygginga.

Þetta er í raun og veru það sem þetta frv. fjallar um. Nú gæti ég auðvitað talað miklu meira um þetta og æskilegt að það gætu orðið verulegar umr. um þetta mál, sem ég raunar vona að verði. Ég minntist á það, sem verið er að fjalla um þetta á erlendum vettvangi, og mig langar til að segja frá því, sem raunar kemur fram í grg. minni, að fyrir rúmu ári, í okt. 1976, var haldin á Ítalíu í boði ítölsku ríkisstj. sérstök ráðstefna og til þessarar ráðstefnu var boðið fulltrúum þeirra rn. í ríkjum Evrópu sem fara með skipulagsmál. Þarna voru fulltrúar allmargra landa, bæði innan Evrópuráðs og raunar fleiri landa, ef ég man rétt. Og þar kemur fram að meðal ályktana á ráðstefnunni, eins og nefnt er í grg. okkar flm., var ein sú, að það skyldi vera grundvallaratriði í skipulagsmálum að viðhalda gömlum íbúðarhverfum og taka upp opinbera lánastefnu sem gerði kleift að endurnýja gömul hús. Þar var einnig lagt til — og það er mjög athyglisvert — að lána skyldi út á endurnýjun húsa hlutfallslega jafnmikið og til nýbygginga.

Einnig er rétt að geta þess, að stefnan í sumum hinna stærri landa í Evrópu er mjög að breytast nú þegar í þessum efnum, t. d. í Frakklandi, þar sem afar mikið er til af gömlum húsum sem enn eru í fullum notum eftir kannske 300 — 400 ár. Sama er að segja um Þýskaland og raunar Bretland. Frakkar gera mjög mikið að því nú að benda á það í ræðu og riti, að það muni vera þjóðhagslega hagkvæmara að vinna að endurgerð gamalla húsa heldur en að þenja sífellt út borgir og útborgir með nýbyggingum. Og í Bretlandi er ný stefna uppi, e. t. v. var þó upphafið að menn fóru að útrýma því sem kallað var heilsuspillandi íbúðir, og að sjálfsögðu var það í mörgum tilfellum nauðsynjamál. En því er ekki að neita, að menn eru nú farnir að átta sig á því, að menn hafa að ýmsu leyti ofgert í þessu og það er skynsamlegra að reyna heldur að viðhalda þessum gömlu hverfum, gömlum húsum og hverfunum í heild. Það er á allan hátt betra og skynsamlegra, þegar upp er staðið, þó auðvitað hljóti alltaf að vera innan um hús sem ekki eiga neinn rétt á sér að vera endurgerð eða haldið við. Og þess vegna er það svo nú, að í Bretlandi er orðin föst og ákveðin stefna að vinna að endurnýjun húsa og húsahverfa í áföngum frekar en að útrýma þeim sem heilsuspillandi húsnæði.

Ómurinn af þessu öllu saman berst auðvitað til Íslands, og ég held að umræður séu þegar hafnar mjög verulega hér á landi um þetta, og ætlun okkar flm. þessa frv., okkar hv. þm. Tómasar Árnasonar, er sú, að það megi verða verulegt innlegg í þessar umr. Ég veit að það er verið að endurskoða lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Ég veit líka, að það hefur verið rætt við a. m. k. hluta eða forustumenn þeirrar n. um þessi efni, og ég veit að þeim er kunnugt um margt í sambandi við þessi efni að sjálfsögðu. Eigi að síður er ekki vissa fyrir því, að endurskoðunarnefndin gangi eins róttækt til verka og hér er lagt til, og það skal ég viðurkenna, að það getur verið eðlilegt að skoða öll þessi mál vel. Þetta mál þarf vissulega við mikillar skoðunar, það viðurkenni ég. En eigi að síður er hér um svo stórt mál að ræða, húsnæðismál og þjóðhagsmál, fyrir utan það að vera mikið menningarmál, að ég held að við megum ekki horfa fram hjá því og við verðum innan ekki mjög langs tíma að taka afstöðu til þess, hvort sú stefna verður tekin upp opinberlega, sem hér er boðuð, eða ekki.

Ég minntist á það, að samflm. minn að þessari till., Tómas Árnason, er ekki hér í dag, en ég hygg að hann hafi haft áhuga á því að greina frá ákveðnum atriðum í sambandi við þetta mál. Þannig er, að á Seyðisfirði, sem er í hans kjördæmi og raunar hans fæðingastaður, er e. t. v. einhver elsta samfellda gamla byggðin á Íslandi sem enn er í notkun og auðvelt er að endurgera svo að hún geti enn verið í notkun í tugi eða hundruð ára. Seyðfirðingar hafa verið mjög vakandi menn í þessu, og þeir hafa unnið þannig að, að þeir hugsa ekki fyrir eingöngu friðun einstakra húsa, heldur nánast fyrir friðun bæjarhverfa og bæjarins í heild, eftir því sem hægt er, og um þetta liggja fyrir ýmsar áætlanir og niðurstöður sem merkilegt er að kynna sér. Ég vildi minnast á þetta atriði sérstaklega, vegna þess að e. t. v. er þetta eitt skýrasta dæmið um það, hvað eitt bæjarfélag getur orðið sammála og samtaka um að gera stóra hluti í þessum málum.

Ég vil alls ekki gera lítið úr því sem gert hefur verið hér í Reykjavík, því að það verður að segja sem satt er, að borgarstjórn Reykjavíkur hefur kannske frá fyrstu tíð verið á ýmsan hátt í forustu um skynsamlega húsafriðun, eða a. m. k. hefur látið þau mál til sín taka þannig að eftir hefur verið tekið, enda er henni málið skylt, því að Reykjavík er með einni elstu byggð landsins og hér er margt merkilegra hverfa og húsa. En mér virðist þó alveg augljóst að gera þurfi hér stórátak í borginni og að Reykjavíkurborg kunni að geta breytt stórlega um svip og orðið önnur en hún er, ef ekki er haldið uppi umr. um þetta og ef menn komast ekki að réttri niðurstöðu um það, hvernig borgarhverf-

unum hér verður við haldið, þannig að þau nýtist sem best og séu í raun og veru ætið eins og ný, því að það geta þau mörg hver orðið.

Við sjáum það þó hér í Reykjavík mætavel, að það hefur átt sér stað sorgleg þróun í þessum málum og er í raun og veru ekki almennilegt að horfa upp á það, hvernig sum bæjarhverfi hér hafa drabbast niður. Raunar get ég sagt nákvæmlega það sama um minn eigin heimastað, Akureyri, sem ekki er síður að ytra útliti mjög fallegur staður. Þar vantar stórlega á það, að viðhaldi húsa hafi verið haldið í því horfi sem æskilegt og nauðsynlegt var, og það er búið að vinna þar þann skaða á húsum, að það mun kosta mikið fé að bæta úr því. En þó vona ég að Akureyringar verði það framsýnir, að þeir fáist til að taka af alvöru undir þessa stefnu að reyna að halda við bæjarhverfum og einstökum húsum, og raunar er þar nú þegar mjög mikill áhugi á þessum málum og bæjarstjórn Akureyrar hefur haft forgöngu um það að stofna sérstakan húsafriðunarsjóð fyrir bæinn. Sá sjóður er ekki mikill að vöxtum frekar en Húsafriðunarsjóður ríkisins og getur ekki lagt fram fé nema til einstakra húsa og einstakra verka á þessu sviði, en getur aldei orðið neinn heildarlánasjóður.

Fleiri staði mætti svo sannarlega nefna á Íslandi, þar sem áhugi er að vakna hjá bæjarstjórnunum. Það má nefna Ísafjörð, Siglufjörð og sjálfsagt marga fleiri staði. En ég vildi gjarnan að áhugi á þessu máli breiddist meira út. Og ég legg á það áherslu, vegna þess að það er af einhverjum ástæðum svo, að menn taka þetta sem einhvers konar sérviskumál vissra manna, enda stafar það að nokkru leyti af því, að mönum hefur verið dálitið gjarnt að einblína á einstaka þætti, eins og Bernhöftstorfuna og eitthvað slíkt, en ekki horft á þetta mál í heild sinni og ekki áttað sig á því, að með því að forsóma húseignir erum við að ganga á eign þjóðarinnar og það er þjóðhagslega skynsamlegt að veita fjármagni til þess að húsum sé haldið við. En því miður hefur pólitík okkar á liðnum áratugum farið í öfuga átt. Almenn viðhorf í húsnæðismálum hafa verið svona. Þau eru að breytast, vona ég. Lánapólitíkin hefur orsakað þetta, og jafnvel skattapólitíkin hefur átt sinn þátt í því, hvernig þetta hefur farið.

En ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð. Eins og ég segi er í grg. fyrir þessu frv. nokkuð ítarleg skýrsla um ástæður fyrir þessu frv. Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum, en ég legg enn áherslu á það, að ef það verður að lögum er vissulega um stórbreytingu að ræða á starfsemi Byggingarsjóðs, en eigi að síður mjög tímabæra breytingu.

Ég vil svo leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og félmn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs strax við 1. umr. þessa máls til þess að lýsa því yfir, að ég styð þetta mál mjög eindregið. Ég tek undir flest af því sem fram kom í ræðu hv. frsm. og flm., Ingvars Gíslasonar, ekki síst ummæli hans um gildi gamalla húsa, bæði vegna þeirra sjálfra og eins vegna umhverfisins. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni í umr. um varðveislu gamalla bygginga, að hér sé um að ræða mikil menningarverðmæti sem ekki megi glatast. Slík hús skapa vissar „tradisjónir“ í sínum byggðarlögum, setja svip á staðinn og eru þau sérkenni byggðarlaginu sem þeim, sem þar búa, finnst mest varið í. Ég tel það vera hneisu mikla, hvernig ýmis slík menningarverðmæti hafa drabbast niður, og af því tilefni að minnst er hér á Bernhöftstorfuna, þá held ég að það sé löngu tímabært að stjórnvöld taki á sig rögg og sjái til þess, að sú húsaþyrping og þau merkilegu hús fái að standa og um þau sé hugsað eins og þeim ber.

Meginmál þessa frv. er hins vegar það að auka lánveitingar til endurnýjunar og viðhalds og kaupa á gömlum húsum. Sannleikurinn er sá, að vegna lánafyrirkomulags, sem ríkjandi hefur verið hér alllengi, hefur fólk, sem hyggst stofna heimili eða hefur hugsað sér að breyta til í íbúðamálum sínum, þurft að ráðast í byggingar, og fyrir vikið hafa bæjarfélög þanist út meira heldur en góðu hófi gegnir og oftast nær valdið því, að til miklu meiri kostnaðar er stofnað heldur en ástæða er til á hverjum tíma. Hér er um að ræða mikinn kostnað fyrir viðkomandi sveitarfélög, vegna þess að það þarf að leggja í gatnagerð, í vatnslagnir og aðra þjónustu fyrir ný hverfi. Það er athyglisvert, að þrátt fyrir að íbúafjöldi hér í Reykjavík hafi staðið nokkurn veginn í stað í nokkurn tíma er enn þá mikil ásókn í lóðir og í nýtt húsnæði. Ég er í engum vafa um það, að þetta stafar fyrst og fremst af lánapólitíkinni, að því fólki, sem þarf á nýju húsnæði að halda, eru ekki aðrir vegir færir heldur en að sækja um lóðir og byrja á byggingum. Eldri hverfi tæmast af þessum sökum, og ef farið er yfir eldri hverfin hér í Reykjavík t. d., þá sést að íbúafjöldi minnkar stöðugt og fyrir vikið eru þjónustustofnanir alls konar ekki fullnýttar og hlýtur að vera mikið óhagræði að því fyrir viðkomandi sveitarstjórn. Þá er þess að geta líka, að af þessum sökum eru miklir erfiðleikar á sölu á eldra húsnæði, ekki vegna þess að það sé ekki eftirsótt, heldur vegna þess að lánafyrirgreiðsla er ekki sú hin sama, þegar um slíkt húsnæði er að ræða, og þegar um er að ræða nýbyggingar.

Ég leyfði mér fyrir nokkrum árum að flytja till. til þál. um ýmsar breytingar á löggjöfinni um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þar sem ég benti á ýmis atriði sem ég taldi að betur mættu fara í þeirri löggjöf. Sú till. náði ekki fram að ganga og því miður urðu ekki miklar umr. um hana. Ég hygg að ástæðan hafi fyrst og fremst verið sú, að enda bótt menn gætu tekið undir mörg þau sjónarmið sem þar komu fram, þá sáu þeir fram á erfiðleika vegna fjármögnunar sem slíkar breytingar hefðu óhjákvæmilega í för með sér. Þetta frv., sem hér er lagt fram, hefur sömuleiðis það í för með sér, að endurskoða þarf tekjuöflun Byggingarsjóðs og sjálfsagt þarf að stórauka og stækka Byggingarsjóðinn. En það er rétt, sem fram kemur hjá hv. frsm., að slík viðhorf hafa skapast nú á seinni tímum, að óhjákvæmilegt er að taka tillit til þeirra og endurskoða löggjöfina í samræmi við þau. Ég hef í þessu sambandi bent á atriði eins og það, að hverjum einstaklingi væri aðeins veitt einu

sinni lán, þ. e. a. s. að sá, sem sækir um lán til íbúðarkaupa eða íbúðarbyggingar, fær því ríflegra lán en hann fær í dag og þannig kemst hann inn í þessa hringiðu, en hann á síðan að geta bjargað sér aftur eftir að þessi lánafyrirgreiðsla hefur verið veitt. Nú er það svo, að einstaklingur getur byggt með tiltölulega fárra ára fresti og fær stöðugt lán vegna slíkra húsbygginga, vegna þess að lánið er veitt út á bygginguna sjálfa, en ekki einstaklinginn sem sækir um það. Ég hef líka verið þeirrar skoðunar, að hér ætti að gera breytingu á lögum að því er víkur að yngra fólki, undir t. d. 25 ára aldri, sem er sá hópurinn sem fyrst og fremst stofnar heimili og þarf á þessari fyrirgreiðslu að halda frá hinu opinbera, það ætti að auka lánveitingar til slíks fólks og þá ekki síst til þess hóps sem hefur sýnt einhverja tilburði til þess að spara með kaupum á verðbréfum eða farið eftir reglunum um sparilán.

Það er enginn vafi á því, að ákvörðun um þessi atriði, þ. e. a. s. um hækkun lánveitinga til eldra húsnæðis, er eitt allra stærsta vandamálið og nauðsynjamálið sem blasir við á þessum vettvangi. Ég er í engum vafa um það, að með slíkri breytingu mundi fást miklu betri nýting á margvíslegri þjónustu sem sveitarfélög veita í eldri hverfum, sem búið er að byggja upp, og þar er fyrir hendi, og eins líka hitt, að það húsnæði sem hefur verið byggt og er vel nothæft, mundi nýtast miklu betur, þannig að ungt fólk með stærri fjölskyldur gæti flust þar inn. Í eldri hverfum, bæði í Reykjavík og annars staðar, er mjög algengt að eldra fólk situr barnlaust í mjög stórum húsum og íbúðum, yngra fólki er ekki mögulegt að festa kaup á slíku húsnæði og þeir, sem eiga húsnæðið, geta ekki selt það, fyrst og fremst og nær eingöngu vegna þess að lánalöggjöfin er röng hvað þetta snertir. Ég mæli því eindregið með því, að þetta mikla mál verði nú tekið til rækilegrar skoðunar. Það þarf ekki endilega að vera gert með þeim hætti, að þetta frv. sé afgreitt og samþykkt. Ég lít svo á að það sé flutt til þess að vekja athygli á þessu máli og flm. sé ljóst að þetta þurfi nokkurrar skoðunar við. Með þessu er ég ekki að segja að það eigi að tefja málið og það eigi ekki að afgreiða. En sem sagt, hér er í mörg horn að líta, og ég held að flm. sé áreiðanlega ljóst eins og mér og flestum öðrum, að það, sem skiptir máli hér, er fjármögnun Byggingarsjóðsins. Það mál þolir ekki mikla bið úr þessu.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þá meginhugsun a. m. k. sem liggur að baki þessu frv. Hv. 1. flm. hefur þegar gert mjög glögga og ljósa grein fyrir málinu, hv. síðasti ræðumaður kom með viðbótarrök í því máli, og ég ætla ekki að endurtaka það. En ég vil leggja á það áherslu, að þetta mál er í raun inni fyrir löngu orðið brýnt úrlausnarefni og það er, eins og þegar hefur verið sagt, fjárhagsmál, það er menningarmál, það er spurning um það samfélag sem við viljum búa í.

Í þessum efnum hefur orðið nokkur hugarfarsbreyting á síðustu árum. Ég er sannfærður um að ekki lítill hluti hinnar ungu kynslóðar kýs alveg eins að geta búið í góðu og gömlu húsi, sem vel er við haldið, eins og að flytja í nýtt steinsteypuhús. Það er enginn efi á því, að enda þótt framkvæmd laga, sem hafa það markmið sem hér um ræðir, kosti í bili nokkuð aukin framlög til lánasjóðsins, þá verður framkvæmd slíkrar löggjafar tvímælalaust þjóðhagslegur sparnaður mjög fljótlega. Þarf ekki annað en að benda á það sem hv. þm. Ellert Schram nefndi hér, hvernig hefur farið hér í Reykjavík, að þrátt fyrir það að íbúum Reykjavíkur hafi ekki fjölgað um alllangan tíma, þá er haldið áfram að eyða stórfé í nýbyggingar húsnæðis, og allir vita að þetta dýra húsnæði okkar er ein af meginástæðunum fyrir þeirri gífurlegu dýrtíð og þeirri verðbólgu sem hér hefur ríkt og ríkir.

Ég held að frá hvaða sjónarmiði sem þetta mál er skoðað verði niðurstaðan sú, að það sé þjóðhagslega skynsamlegt að fara inn á einhverjar slíkar brautir sem lagt er til í þessu frv. og gera það myndarlega. Ég er ekki með þessu að segja að það sé nákvæmlega það, sem hér er lagt til, sem eigi að lögfesta. Sjálfsagt þarf að athuga það mál gaumgæfilega. En ég legg áherslu á að þetta er orðið það brýnt mál, að sú athugun má ekki taka mjög mörg ár. Hún á að gerast fljótt og það á að fara að feta sig áfram á þessari braut.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félm. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 31. jan., kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, fsp. (þskj. 119). — *Ein umr.*

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 119 að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„1. Hvað hefur Húsnæðismálastofnun ríkisins aðhafst í því skyni að auka hagkvæmni í byggingum og lækka byggingarkostnað skv. 3. gr. laga um stofnunina?

2. Hverjar eru helstu áætlanir stofnunarinnar um aðgerðir í þessu efni?“

Fsp. sú, sem hér er fram borin, hefur þann tilgang fyrst og fremst að fá glöggt heildaryfirlit yfir það, þó stutt sé í þessum fyrirspurnartíma að vísu, hvað Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur helst aðhafst í þá átt að uppfylla lagaákvæði um það að stuðla að hagkvæmni í byggingariðnaði og lækkun byggingarkostnaðar skv. 3. gr. laganna og frekari upptalningu þar að lútandi, og eins og það, hvað þar er helst á döfinni. Hér er um eitt höfuðhlutverk stofnunarinnar að ræða að mínu mati, og e. t. v. er hér að finna höfuðröksemdina fyrir tilveru stofnunarinnar, auk þeirrar heildarstjórnar og samræmingar sem hún vinnur að. Ég hef að vísu nokkurn grun um

það, að hvorki hafi stofnunin fjárhagslegt bolmagn né raunverulegt vald til þess að aðhafast nokkuð að gagni í þessum efnum og standa fyrir þeim margvíslegu tilraunum sem ótvírætt þarf að gera, svo samanburð einstakra aðferða megi kanna og fullnægjandi árangurs megi vænta. Ör þróun byggingartækni með nýjum aðferðum um margt sem leitt hafa til hagkvæmni og betri vinnubragða, allt þetta hefði átt að hafa í för með sér lækkun kostnaðar við byggingar langt umfram það, sem ég tel að orðið hafi, e. t. v. engan ef grannt er skoðað. Um það væri a. m. k. gott að fá skýr svör.

Íbúðarbyggingar eru svo snar þáttur í efnahag manna og lífsafkomu, að það veltur mikið á því, að þær séu á þann veg skipulagðar og með þeirri opinberri aðstoð og vissri forsjá, að þær verði mönnum ekki ofraun, baggi fjölda ára, sem illkleift er undir að rísa. Þar koma lánamálin mjög inn í, en út í þau er ekki við hæfi að fara hér. En ekki síðra er þá það, að unnið sé að því skipulega og af fullri reisn að auka hagkvæmnina og sem beina afleiðingu af því og nýjum vinnuaðferðum að lækka kostnað hins almenna *húsbyggjanda. Hér koma ekki hvað síst til greina* nýjar aðferðir við byggingu húsa, sem ég tel að of litla fyrirgreiðslu og of lítinn hljómgrunn hafi fengið. En þar á ég við verksmiðjubyggð hús, sem eiga að tryggja hvort tveggja, að rétt er að staðið, skemmri byggingartíma, sem er afar mikilvægt, og verulega lækkun kostnaðar, ef um raunverulega verksmiðjuframleiðslu er að ræða, eins og tíðkast best erlendis. Tæknideild *Húsnæðismálastofnunar hefur nú starfað nokkurn* tíma. Við hana voru ýmsar vonir bundnar þessu máli tengdar, og eflaust hefur þar verið upp á ýmsu fitjað sem full ástæða er til að fá upplýsingar um í heild, þó árlega sé um nokkuð af því getið í skýrslu stofnunarinnar.

Ég hef því óskað eftir því, að hæstv. félmrh. geri fyrir þessu nokkra grein í fyrirspurnatíma, þó erfitt sé að gefa það tæmandi, bæði hvað gert hefur verið og hvað framundan er í þeim málum sem lúta að þessari lagaskyldu Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar þessi fsp. hafði verið lögð fram á Alþ. óskaði félmrh. eftir grg. frá Húsnæðismálastofnun ríkisins um þau atriði sem fsp. fjallar um. Ég vil leyfa mér að lesa hér svar Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Það hljóðar svo:

Allt frá upphafi starfsemi sinnar hefur Húsnæðismálastofnun ríkisins unnið að framgangi þeirra stefnumiða sem fram koma í 3. gr. laga um stofnunina. Særsta átakið framan af var stofnun teiknistofu sem hannaði vandaðar íbúðarteikningar er seldar voru við vægu verði víðs vegar í landinu. Er enginn vafi á því, að þessi þjónusta hafði mjög mikið gildi fyrir landsbyggðina, bæði að því er varðar betri og fegurri íbúðarbyggingar og betri húsakost. Enn er þessi starfsemi rekin, einkum í þágu landsbyggðarinnar, með góðum árangri.

Veiting framkvæmdalána til íbúðarbygginga hvarvetna í landinu, jafnt til sveitarstjórna, stjórna verkamannabústaða, einkafyrirtækja í byggingariðnaði og dvalarheimila aldraðra, hafa oftsinnis ekki aðeins ráðið úrslitum um að slíkar byggingar komust á laggirnar, heldur hefur veiting þeirra, lagt grundvöll að festu í framkvæmdum, m. a. að því er atvinnu varðar, og gert framkvæmdaáðilum kleift að gera hagstæða samninga af margvíslegu tagi er verkað hafa til lækkunar á byggingarkostnaði. Enginn vafi er á að lánveitingar þessar hafa orðið til þess að gera margar þessara framkvæmda mun ódýrari en ella hefði orðið.

Á vegum tæknideildar stofnunarinnar starfar starfshópur sem annast fast og ákveðið eftirlit með byggingarkostnaði félagslegra byggingarframkvæmda, einkum þó vegna leiguíbúða sveitarfélaga. Vegna þessarar starfsemi hafa þessar framkvæmdir ekki orðið jafndýrar og ella hefði orðið, og er enn stefnt að því af fullri festu að halda byggingarkostnaðinum sem mest niðri án þess að það komi niður á gæðum íbúðanna.

Húsnæðismálastofnunin hefur lengst af haldið uppi nokkuð umfangsmikilli leiðbeininga- og eftirlitsþjónustu fyrir húsbyggjendur, bæði hina félagslegu byggingaraðila sem og einstaklinga er keypt hafa íbúðarteikningar hennar. Auk þess hefur hún löngum gengist fyrir fræðslufundum og ráðstefnum um húsnæðis- og byggingarmál víðast hvar í landinu. Ennfremur hefur hún lengst af gefið út leiðbeininga- og fræðslubæklinga í nokkrum mæli.

Húsnæðismálastofnunin hefur lengi veitt þó nokkurt fé, ýmist sem lán eða sem óafturkræfa styrki, til margs konar *framfaramála á sviði* húsbyggingarmála. Hún hefur oft styrkt Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins til kaupa á vísindatækjum vegna rannsókna í húsbyggingarmálum. Nú stendur þar yfir rannsókn á gæðum innlends og innflutts einangrunarglers, sem Húsnæðismálastofnunin hefur heitið að leggja umtalsvert fjármagn til. Hún hefur kostað umfangsmikla rannsókn á gæðum einingarhúsa, innlendra, er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annaðist, og hún hefur með gerð húsamats ríkisins lagt grundvöll að því, að unnt verði að gera sér miklu betri grein fyrir því en áður var, hver kostnaður er samfara húsbyggingum, áður en hafist verður handa um gerð þeirra. Er vonast til að unnt verði að taka lykil þennan í notkun á næsta ári. Hér mun átt við árið 1978.

Þá hefur stofnunin lagt fram verulegt fjármagn sem lán til bæði iðnfyrirtækja og framleiðslufyrirtækja í byggingariðnaði. Mörg iðnfyrirtæki hafa fengið lán til kaupa á mikilvægum tækjum er bætt hafa framleiðslu þeirra og jafnframt gert hana hagstæðari. Einnig hefur stofnunin veitt framleiðslufyrirtækjum lán til að komast á legg og er svo enn. Hún hefur leitast við að styðja rækilega við bakið á innlendum húseiningaverksmiðjum og gerir það stöðugt með umtalsverðum árangri. Með góðum árangri hefur Húsnæðismálastofnunin beitt sér fyrir því, að sveitarstjórnir ráðstafi byggingarlóðum í janúarmánuði ár hvert, sem er húsbyggjendum ótvírætt til hagsbóta. Hún vinnur nú að ítarlegri athugun á húsnæðisþörfum aldr-

aðra, og er vonast til að niðurstöður hennar geti orðið mikilvægt framlag við ákvarðanir um húsbyggingar í þeirra þágu. Loks hefur hún með lánveitingum sínum leitast við að tryggja það, að vinna við íbúðarbyggingar væri sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs. Enginn vafi er á að hún hefur haft þó nokkurn árangur sem erfiði í þeim efnum.

Um framtíðaráætlanir á þessu sviði er það helst að segja, að stefnt verður að því að efla og bæta jákvæða starfsemi stofnunarinnar á þessu sviði. Einkum verður þó lögð áhersla á að efla þá starfshætti sem geta gert henni og stjórnvöldum kleift að hafa nokkurn hemil á byggingarkostnaði. Þegar hefur náðst nokkur árangur í því efni, en mun betur má ef duga skal. Á það verður lögð höfuðáhersla.

Þá verður einnig unnið að aukinni fræðslu- og leiðbeiningastarfsemi fyrir almenning sem og iðnaðarmenn.

Væntanlega mun stuðningur við húseiningaverksmiðjur færast í aukana sem og aðra þá sem sýnt geta hagstæðan árangur í byggingarframkvæmdum sínum. Rannsóknir verða efldar og starfsemi af því tagi í öðrum stofnunum verður studd. Vænta má þess, að áfram verði stuðningur veittur iðnfyrirtækjum og framleiðslufyrirtækjum í byggingarkostnaði sem og byggingarfyrirtækjum almennt.

Þetta var svar eða umsögn framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunarinnar varðandi fsp. hv. þm. Ég vil svo bæta því við, að n., sem skipuð var af ráðh., vinnur að heildarendurskoðun löggjafar um húsnæðismál. Við þá endurskoðun verður m. a. fjallað um þau atriði sem fsp. beinist að, þ. e. aukna hagkvæmni og lækkun byggingarkostnaðar.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. svör hans við fsp. minni. Mér hefur verið það ljóst lengi, að Húsnæðismálastofnunin hefur haft ýmsa tilburði uppi í þá átt að vinna að þessari lagaskyldu sem henni er þarna lögð á herðar og ég tel frumskyldu stofnunarinnar. Teiknistofan sjálf var á sínum tíma mjög lofsvert framtak og hefur unnið gott starf. Framkvæmdalánin, sem veitt hafa verið, hafa vissulega verið til bóta, svo langt sem þau hafa náð. Staðreyndin er hins vegar sú, að langtum of lítið hefur verið veitt af þeim lánum út á landsbyggðina, og kann að vera að það sé ekki síður mönnum þar að kenna, byggingaraðilum þar, að þeir hafi ekki notfært sér þessa fyrirgreiðslu eins og þeir hefðu átt að gera.

Ýmsar lofsverðar tilraunir voru þarna nefndar sem Húsnæðismálastofnunin hefði unnið að. Það kom mér að vísu nokkuð á óvart, að Húsnæðismálastofnunin hefði lánað iðnfyrirtækjum í sambandi við bæði tækjakost og annað því um líkt. Það er gott að heyra það, einmitt með tilliti til þess sem ég hef hér alveg sérstaklega í huga. Ég hafði fengið aðrar upplýsingar, en fagna því sem sagt að þær hafa verið rangar.

Ég fagna auðvitað alveg sérstaklega einu atriði í því sem kom fram í máli hæstv. ráðh., en það var um könnun Húsnæðismálastofnunarinnar á húsnæðisþörf aldraðra og hvernig mætti koma þeim málum best fyrir. Þar er einmitt sá rétti vettvangur til þess að vinna að þeim málum í náinni samvinnu við sveitarstjórnirnar í landinu. Ég er viss um, að það er öllum ljóst, að það þarf að gera skipulegt átak í þessum efnum, að reyna að lækka byggingarkostnað almennt. Hér er mál sem snertir fólk mjög og kemur sannarlega við afkomu fólks og lífsafstöðu þess alla.

Ég álít að Húsnæðismálastofnunin eigi enn frekar, þrátt fyrir það sem hún hefur gert, að vera frumkvæðisaðili. Þó að ýmislegt hafi verið gert og sé á döfinni, eins og fram kom í máli hæstv. ráðh., þá er skoðun mín sú, að hér þurfi betri vinnubrögð og skipulegri, beinlínis að gera tilraunir með hagkvæmari og ódýrari byggingar án þess að það komi niður á gæðum, og Húsnæðismálastofnunin eigi að standa fyrir slíkum tilraunum og eigi að hafa bolmagn til þess. Hins vegar er rétt að minna á það einnig, að það þarf eins að stuðla að því, að óþarfa bruðl sé ekki í kringum okkar byggingar, eins og maður verður of oft vitni að, og þá á ég auðvitað við byggingar sem eru lánshæfar hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Það má segja að hver sá sjálfráður um þessar byggingar, ef efni leyfa, en þá er um leið komin spurningin um lánshæfni, og ég tel síst til bóta þá rýmkun sem hér hefur á orðið nú með síðustu reglum Húsnæðismálastofnunar um aukna lánshæfni, þó að skert sé það lánahlutfall sem þeir fá sem byggja stærra og dýrar.

En ég get varla skilið hér við án þess að víkja aftur að því, sem ég kom að í framsögunni áðan. Ein aðalástæða þessarar fsp. er sú, sem ég kom þar inn á, hvernig hlynnt hefði verið að verksmiðjuframleiðslu húsa og hvað Húsnæðismálastofnunin hefði í því gert og e. t. v. gæti gert til þess að örva þar og hjálpa til. Ég veit um áhuga forstöðumanna á þessu, eins og fram kom í máli hæstv. ráðh., en mér hefur fundist sem þeir hefðu ekki tök á að vinna að því sem skyldi. Ég veit að nú um meira en ársskeið hefur verið unnið að því á mínum heimastað að koma þar á laggirnar fullkominni verksmiðju til framleiðslu húsa, — verksmiðju sem ómótmælt ætti skv. öllum útreikningum að geta skilað lækkun byggingarkostnaðar upp á 10—15%, svo varlega sé áætlað. Velvilji húsnæðismálastjórnar og Húsnæðismálastofnunar hefur verið fyrir hendi, en allt um það stendur málið fast í dag. Beinn stuðningur fæst ekki frá stofnuninni, og í þeim sjóðum helstum, sem þyrftu að fjármagna slíkt fyrirtæki í byrjun, hefur ekki heldur fengist jákvætt svar. Mér hefur þarna virst skorta á frumkvæðisimöguleika stofnunarinnar við þetta þarfa verkefni og eins möguleika til hlutlausrar umsagnar um það, á hvern veg mætti ýta því áfram m. a. við áðurnefnda sjóði, sem hafa dregið hér úr án þess að geta um leið bent á nægileg mótrök við þessari tilraun. Ég veit um aðrar tilraunir í þessa átt og jákvæðan árangur þar. En þó vantar þar alls staðar þá veigamiklu forsendu, sem felst einmitt í því, sem þarna er verið að stefna að, þ. e. fjöldaframleiðslu staðlaðra húsa sem eiga að gefa það góða raun, ef rétt er að staðið, að lækka byggingarkostnaðinn verulega. Í þessu

efni álít ég að Húsnæðismálastofnun eigi að hafa frumkvæði og forgöngu. Það gera ekki aðrir.

Hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti, fsp. (þskj. 101). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. menntmrh. um hluta félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti. Fsp. er í tveimur liðum. Fyrri liðurinn hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver var hlutur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti ársins 1976?"

Síðari liðurinn hljóðar svo:

„Hve há upphæð var veitt úr félagsheimilasjóði á árinu 1976 og hvernig skiptist hún eftir kjördæmum?"

Fsp. þessar eru í framhaldi af annarri fsp. til fjmrh. á sama þskj., 101, sem að öllum líkindum verður ekki svarað í dag vegna anna fjmrh. En ég vænti þess, að svör við þessum tveimur fsp. liggi fyrir nú.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er nokkuð langt síðan þessi fsp. var fram borin. Ég sé að ég hef hér við hendina svar sem er dags. 21. 11., og það gefur bendingu um að við erum dálítið komnir út úr korti með þessa fsp.-tíma. Ég ætla að reyna að svara þessu í sem allra stystu máli, en þó vo að fullnægjandi geti talist.

Fyrri spurningunni svara ég þannig: Hluti félagsheimilasjóðs af innheimtum skemmtanaskatti 1976 nam 72 324 025.

Við 2. lið verður svarið svona: Til byggingar félagsheimila voru á árinu veittar samtals 63 632 850 kr., sem skiptast þannig eftir kjördæmum: 1. Vesturlandskjördæmi 18 669 081 kr., vegna 14 félagsheimila. 2. Vestfirðir 7 077 687 kr., vegna 5 félagsheimila. 3. Norðurland vestra 3 646 621 kr., vegna 5 félagsheimila. 4. Norðurland eystra 9 163 754 kr., vegna 10 félagsheimila. 5. Austurlandskjördæmi 6 291 587 kr., vegna 5 félagsheimila. 6. Suðurlandskjördæmi 9 991 869 kr. vegna 13 félagsheimila. 7. Reykjaneskjördæmi 5 208 700 kr., vegna 9 félagsheimila. 8. Reykjavík 3 583 551 kr., vegna 7 félagsheimila. Þetta er samtals 63 632 850 kr. vegna 68 félagsheimila.

Í þessu yfirliti eru taldar styrkgreiðslur eins og þær voru samkv. úthlutun í des. 1976, án tillits til þess, hvort greiðsla fór fram fyrir eða eftir áramót, — það er stundum ofurlítið breytilegt, — og að viðbættum beinum greiðslum til hönnunaraðila á árinu 1976.

Þá er þess að geta, að samkv. lögunum skulu 10% af tekjum félagsheimilasjóðs renna í Menningarsjóð félagsheimila. Sjóðurinn þarf og að standa straum af greiðslum vegna skuldabréfa til 10 ára sem út voru gefin á árunum 1970 — 1971 vegna þáverandi skulda sjóðsins við félagsheimili.

Ég vil benda á það, að greiðslur til einstakra verkefna í tilteknum landshlutum geta að sjálfsögðu verið mjög breytilegar frá ári til árs. Þetta er nokkuð tilviljunum háð og nokkru ræður þar um þörfin og svo frumkvæði byggjenda á þessum eða hinum staðnum. En félagsheimilasjóður styður þau verk sem metin eru styrkhæf samkv. lögum og reglum, öll þau sem skylt er að styrkja, og einnig eru í nokkrum tilvikum styrkt félagsheimili samkv. sérstöku heimildarákvæði í lögum um félagsheimili, þótt ekki sé bein lagaskylda að styðja þau, en það er þá gert að mati sjóðsstjórnar og ráðh. hverju sinni.

Síldveiðar fyrir Norðurlandi, fsp. (þskj. 122). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að síldveiðar hér við land hafa verið verulega takmarkaðar um árabil, um skeið bannaðar með öllu og nú á seinni árum aðeins leyfðar á takmörkuðum svæðum. Ekki skal dregið í efa að þessar takmarkanir eru sjálfsagðar og raunar bráðnauðsynlegar. Því skal ekki heldur haldið fram, að nú sé tími til kominn að hefja síldveiðar í stórum stíl fyrir Norðurlandi. Að áliti þeirra, sem gerst þekkja, er sá tími enn ekki upp runninn og verðum við enn að bíða um stund eftir því að síldarstofnar fyrir Norðurlandi nái þeim þroska að hagstætt sé að hefja á þeim verulegar veiðar.

Hitt er annað mál, að þeim, sem vel þekkja til þessara mála, og þar á ég við sjómenn og aðra áhugamenn á Norðurlandi, þykir sýnt að ekki sé nægilega vitað um stöðu síldarstofna fyrir Norðurlandi, þar sem rannsóknir eru ekki meiri en raun ber vitni. Því hafa menn varpað fram þeirri hugmynd, hvort ekki væri rétt að leyfa til að byrja með nokkrar tilraunaveiðar í smáum stíl til þess að auka með því rannsóknir á síldveiðistofnum fyrir Norðurlandi og til að fá úr því skorið, hvað mikið er af síld á þessum slóðum og af hvaða stofni hún er. Á það er m. a. bent, að engar rauðátu rannsóknir hafa farið fram fyrir Norðurlandi, en rauðátan er einmitt fæðugrundvöllur síldarinnar. Vitað er að hvað eftir annað hefur orðið vart við verulegt síldarmagn fyrir Norðurlandi, t. d. á Húnaflóa sumarið 1976, og menn fengu þá ágæta síld í silunganet, m. a. á Blönduósi.

Spurningin er sem sagt sú, eins og kemur fram á þskj. 122: „Telur ekki sjútvrh. að óhætt sé að leyfa einhverjar tilraunaveiðar á síld fyrir Norðurlandi með reknetum." Hugmyndin væri þá sú, að leyfðar yrðu veiðar í smáum stíl, t. d. frá einum eða tveimur stöðum á Norðurlandi í ágústmánuði, og mætti þá á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fengjust við þær veiðar, taka frekari ákvarðanir um hve miklar veiðar væri rétt að leyfa.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og kunnugt er voru hér við land þrír síldarstofnar: Íslensk og norsk vorgotssíld og íslensk sumargotssíld. Sumarsíldveiðarnar norðanlands og austan byggðust að langmestu leyti á vorgotssíldarstofninum. Eins og nafnið bendir til, kvikna þessir síldarstofnar að vorlagi, í mars-apríl. Annar þeirra hrygnir við suðurströnd Íslands og hinn við vesturströnd Noregs. Að hryngingu lokinni hélt norska síldin í vesturveg til

ætisleitar og var fyrr á árum komin á hin áturíku síldarmið norðanlands og austan síðla vors eða á öndverðu sumri. Íslenska vorgotssíldin hélt einnig til þessara miða eftir hrygningu og gekk þá einkum frá hrygningarstöðvunum við Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka vestur og norður með landinu. Venjulega var þessi vestanganga komin norður á Húnaflóa um miðjan júní. Meðan báðir vorgotssíldarstofnarnir voru stórir og leituðu á grunnmið fyrir Norður- og Austurlandi varð oft svartur sjór af síld um hásumarið þegar ætisgöngurnar voru í algleymingi. Þessu er ólíkt farið að því er varðar sumargotssíldina, en hún hrygnir, eins og nafnið bendir til, um hásumarið, einkum í júlímánuði. Hrygningarstöðvar eru einkum við Suðurland. Að hrygningu lokinni hélt sumargotssíldin vestur og austur fyrir land og blandaðist vorgotssíldarstofnunum síðsumars, einkum við Norðausturland og á vestursvæðinu norðanlands. Var hún þá enn mjög fitulítil eftir hrygninguna og því ólík vorgotssíldinni sem jafnan var fitumikil. Síðsumars og þegar haustaði og æti minnkaði hvarf fullorðna síldin frá Norðurlandi. Norska síldin hélt á veturstöðvar út af Austfjörðum, sem kallaðar eru Rauða torgið, en íslensku stofnarnir héldu sig einkum út af Suður- og Vesturlandi á vertíð.

Um áratugur er nú liðinn síðan þessir þrír síldarstofnar hrundu. Ekkert bendir enn til þess, að íslenska vorgotssíldin sé farin að rétta við. Norska síldin er í þann veginn að komast úr bráðri hættu, ef hún verður ekki ofveidd af Norðmönnum, eins og nokkur hætta var á að gert hafi verið á s. l. hausti. Endurreisn sumargotssíldarinnar hefur gengið tiltölulega betur, þannig að hugsanlegt er að stofninn nái fyrri stærð um eða upp úr 1980.

Seyði sumargotssíldarinnar berast vestur og norður fyrir land, eins og seyði margra annarra nytjafiska. Ungsíldin heldur sig í fjörðum og flóum vestan-, norðan- og austanlands uns hún verður tveggja til þriggja ára. Þá gengur hún venjulega suður fyrir land og sameinast eldri hluta stofnsins, sem virðist nú hafa tekið upp fyrri venjur að því leyti, að eftir hrygninguna 1977 gekk talsverð síld norður með Austfjörðum í ætisleit í ágúst og þaðan allt til Norðurlands. Sömuleiðis gekk síld frá hrygningarstöðvum út af Suðvesturlandi norður með vestanverðu landinu. Sýni, sem bárust frá Norður- og Norðausturlandi síðsumars og á s. l. hausti, sýndu að fullorðna síldin var íslensk sumargotssíld. Ungsíldin norðanlands var aðallega tveggja ára, frá hrygningu 1975, en sá árangur virðist vera góður að dómi fiskifræðinga.

Samkv. reglugerð, sem gilti um síldveiðar þangað til á s. l. ári, var síldveiði leyfð á tilteknum svæðum. En samkv. reglugerð þeirri, sem gilti um síldveiðar og leyfi til síldveiða á árinu 1977, máttu síldveiðar hefjast í reknet 20. ágúst og vera lokið í síðasta lagi 20. nóv., ef veiðikvótinn hafði ekki verið fylltur fyrir þann tíma, sem reyndar varð, því að þessari veiði var lokið, að mig minnir, 11. eða 12. nóv. Hins vegar var leyfður ákveðinn skammtur í hringnót og þau leyfi voru frá 20. sept. En vegna tíðarfars höfðu ekki allir þeir bátar, sem höfðu þessi leyfi, veitt á hinu tiltekna tímabili, eins og reglugerðin gerði ráð fyrir, og var reglugerðin framlengd hvað þessar veiðar snerti um nokkra daga.

Samkv. þessari reglugerð, sem gilti á s. l. ári, voru engin ákvæði sett um veiðisvæði, eins og áður var, og því hefðu bátar mátt reyna síldveiðar í reknet samkv. þeirri reglugerð fyrir Norðurlandi sem annars staðar. En mér er ekki kunnugt um að nokkur bátur hafi reynt það. En það getur verið að það sé vegna þess, að menn hafi ekki kynnt sér til hlítar þá breytingu sem við í sjútvrn. gerðum á reglugerðinni um síldveiðar 1977 frá því sem var tvö árin á undan, frá því að síldveiðar voru aftur leyfðar. Ég tel eðlilegt að þessi tilraun sé gerð og ég hef ekki í hyggju að breyta þessu ákvæði reglugerðarinnar, þannig að þessar tilraunir geta verið gerðar hvar sem er í kringum landið.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir fróðlega grg. um þetta mál og þá ekki síður fyrir jákvæðar undirtektir undir efni fsp.

Ég held að kjarni þessa máls sé að reknetaveiðar í hóflegum mæli gætu veitt ýmiss konar upplýsingar sem okkur eru nauðsynlegar. Það er vitað að vorgotsstofninn, sem gekk vestur fyrir land, sameinaðist oft og tíðum norsk-íslensku síldinni fyrir Norðurlandi, og það er vitað, að þessir fiskstofnar hafa talsvert blandast saman. Þannig hefur síld hér fyrir Suðurlandi bæði verið sumargotssíld og vorgotssíld, og er nauðsynlegt að átta sig sem best á samsetningu stofnanna með einhverjum tilraunaveiðum. Þá er það auðvitað staðreynd, að síldin er langfeitust að sumrinu og best að vinna hana á þeim tíma, og því ber auðvitað sérstaklega að taka þann kost inn, ef hann reynist vænlegur.

Ég þykist vita að sjómenn hafi almennt ekki áttað sig á þeim reglugerðarákvæðum sem hæstv. sjútvrh. vitnaði til, enda eru þeir með nefið ofan í öðrum hlutum en reglugerðum. Ég er sannfærður um að þeir munu fagna þeirri yfirlýsingu sjútvrh., sem hann gaf hér áðan, að hann hefði ekki í hyggju að breyta þessu ákvæði og það lægi því opið fyrir að einhverjar reknetaveiðar fari fram fyrir Norðurlandi á næsta sumri.

Negldir hjólbarðar, fsp. (þskj. 137). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér hér að inna hæstv. iðnrh. eftir því, hvað gert hafi verið af hálfu iðnrn. til þess að styrkja uppfinningamanninn Einar Einarsson vélstjóra til að ljúka tilraunum sínum með hjólbarða með hreyfanlegum nöglum, eða við skulum segja hreyfanlegum skaflajárnum, svo að hægt sé að hefja framleiðslu á þeim hér innanlands og nota þá til útflutnings. Þessi uppfinning Einars má nú orðið heita heimsfræg. Hún hefur verið kynnt víða um heim og víða að hafa komið fsp. til uppfinningamannsins og jafnvel pantanir

á þessum hjólbörðum. Við sýnist blasa að hjólbarðar þessir séu ekki einungis snilldarsmíð og hin hugvitsamlegasta lausn á mjög svo brýnu vandamáli, heldur einnig hitt, sem mestu máli skiptir, þeir virðast vera framleiðanlegir og seljanlegir. Einar hefur árum saman sótt um styrk til þess að geta fullgert þessa uppgötvun sína og komið henni í framleiðslu. Að fráteknum þeim allt of skamma tíma, sem vinstri stjórnin sat hér við völd, hefur fengist harla lítið af opinberu fé til þessa verks.

Eftir því sem ég best veit liggja beinlínis fyrir hjá Einari Einarssyni pantanir á þessum hjólbörðum og útbúnaðurinn, sem að þessum hjólbörðum lýtur, erlendis frá upp á hundruð millj. kr. En ekki hefur tekist að sjá uppfinningamanninum fyrir því tiltölulega litla fé sem til þess þarf að gera þá hjólbarða sem nota þarf í tilraunaskyni á vegum úti, áður en hafin yrði eðlileg framleiðsla upp í þessar pantanir. En það hefur verið ljóst árum saman, að til þess þarf fjárveitingu sem nema mundi árslaunum tveggja manna, sem ynnu að því að framleiða hjólbarðana sem nota á í tilraunaskyni, fylgjast með því, hvernig útbúnaður þessi reynist, og gera á honum nauðsynlegar breytingar eftir því sem reynsla bendir til.

Ég inni sem sagt hæstv. iðnrh. eftir því, hvað gert hafi verið af hálfu iðnrh. til þess að styrkja Einar Einarsson í þessu starfi.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Einar Einarsson hefur snúið sér til iðnrn. varðandi hjólbarða þá með hreyfanlegum snjónöglum sem hann hefur fundið upp. Iðnrh. tók hugmynd Einars til meðferðar og athugunar og sendi málið til umsagnar Iðnþróunarstofnunar. Kostnaðaráætlun Einars við smíði hjólbarðanna og prófun útbúnaðar var um 11 millj. kr. Iðnþróunarstofnun kannaði málið og taldi, að rétt væri að prófa uppfinninguna betur en gert hefði verið, og mælti með nokkrum styrk til Einars í því skyni. Sú fjárhæð, sem Iðnþróunarstofnun gerði ráð fyrir að til þessa þyrfti, var á bilinu 1—2 millj. kr. Hins vegar taldi uppfinningamaðurinn þetta með öllu ófullnægjandi og taldi upphæðina miklu hærri eða, eins og ég gat um áðan, um 11 millj. kr.

Iðnrn. hefur ekki haft möguleika á að leggja fram fé til þess að ljúka smíði og prófun þessara naglahjólbarða í samræmi við óskir og áætlanir Einars. En rn. skrifaði fjvn. á s. l. hausti bréf sem var á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið hefur haft til meðferðar styrkbeiðni Einars Einarssonar vegna tilrauna við sérstaka gerð naglahjólbarða. Rn. hefur verið kynnt erindi Einars til fjvn., dags. 25. ágúst 1977, og beiðni um fjárframlög til þessara tilrauna. Af því tilefni vill rn. kynna fjvn. niðurstöður stjórnar Iðnþróunarstofnunar Íslands í máli þessu og mæla með fjárstuðningi í samræmi við það."

Fjvn. sá sér ekki fært að gera till. um fjárveitingar í þessu skyni í fjárl. fyrir 1978.

Það er rétt að taka fram, að í bréfi til n. hafði Einar fært upphæðina úr 11 millj. niður í um 8 millj. kr., eins og kemur fram í þeirri áætlun sem send var fjvn. En fjvn. hefur málið áfram til athugunar, að því er formaður n. hefur tjáð mér.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við þessari fsp. minni, það sem í ljós kom af hve litlum áhuga þessu viðfangsefni Einars Einarssonar vélstjóra hefur verið sinnt. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá nefndum Einari Einarssyni og öðrum aðilum, sem hafa kynnt sér þau mál, framleiðslu þessara sérstöku hjólbarða, gæti hér orðið um að ræða léttan iðnað við framleiðslu tengibúnaðar við hjólbarða þessa er veitt gæti tugum, ef ekki hundruðum manna vinnu víðs vegar um landið. Ljóst er af bréfum þeim, sem uppfinningamanninum hafa borist, og jafnvel pöntunum, að áhugi er á kaupum á hjólbörðum þessum af mjög stórum landssvæðum frá mörgum þjóðríkjum. Ýmislegt bendir til þess, að mjög mikið yrði keypt af þessum hjólbörðum frá byggðu bóli svo til á öllu kaldtempruðu svæðinu hringinn í kringum hnöttinn.

Þá er hitt ótalið, hver hagsbót hinum ýmsu bæjarfélögum yrði að því, að til kæmu vetrarhjólbarðar búnir þeim eiginleikum sem hér um ræðir, þ. e. a. s. hægt sé að draga inn þessa nagla. Samkv. upplýsingum gatnamálastjóra Reykjavíkurborgar nam tjón af völdum nagla á snjóhjólbörðum í Reykjavík einni saman 300 millj. kr. fyrir röskum þremur árum. Miðað við breytingu á byggingarvísitölu á þessum tíma má áætla þetta tjón á þessum vetri ekki undir 600 millj. kr. Þá er ótalinn skaði sem negldir hjólbarðar vinna á slitlagi gatna í öðrum byggðarlögum. Þótt ekki væri nema þetta atriði eitt, þ. e. a. s. það tjón sem hægt væri að komast hjá með því að stuðla að því að þessir hjólbarðar yrðu fáanlegir, má leiða getur að því, að fjárframlag af hálfu hins opinbera til lokatilrauna með hjólbarða þessa gæti orðið býsna arðbær fjárfesting, miðað við ýmsar aðrar sem iðnrn. og Iðnþróunarstofnun hafa stutt að af tiltölulega miklu örlæti. T. d. virðist liggja í augum uppi að beinn hagnaður hins opinbera af því, ef nú mætti takast að fullgera þessa hjólbarða og koma þeim í notkun hér á landi, mundi árlega nema allt að því jafnhárri upphæð og nú blasir við að verða muni tapið á járnblendiverksmiðjunni uppi í Hvalfirði, og er það engin smáupphæð.

Réttindi grunnskólakennara, fsp. (þskj. 122). — *Ein umr.*

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 122 að bera fram svo hljóðandi fyrirspurn til hæstv. menntmrh.:

„Er ekki í undirbúningi af hálfu menntmrn. að gefa þeim, sem kennt hafa við grunnskóla undanfarin ár án prófs frá kennaraskóla, kost á að afla sér fullra réttinda með sumarnámskeiðum, bréfaskólanámi eða námskeiði við kennaraháskólann í uppeldis- og kennslufræðum?"

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í kennarastéttinni eru nú um þessar mundir fjöldamargir sem ekki hafa aflað sér fullra

réttinda til kennslu. Raunar hefur svo verið um langt skeið. Þetta veldur að sjálfsögðu ýmsum vandamálum. Annars vegar verða þessir menn að sæta því að vera allmörgum launaflokkum neðar í launastiga en kennarar með full réttindi, jafnvel þótt þeir inni sömu störf af hendi og kannske í ýmsum tilvikum ekki með lakari árangri en þeir sem full réttindi hafa. Í öðru lagi kann að vera í vissum tilvikum að skortur á menntun geti valdið vissum vandamálum, einkum og sér í lagi ef um fáa réttindamenn er að ræða í einum og sama skólanum. En staðreyndin er sú, að víða úti um land hafa hinir réttindalausu kennarar bókstaflega talað haldið uppi kennslu í heilum byggðarlögum, og er hætt við að ef þeirra hefði ekki notið við hefði lítið orðið úr kennslu í mörgum skólum víðs vegar um land. Er því fyllsta ástæða til að reyna að átta sig á því, hvernig unnt sé að ráða bót á þessum vanda og þá fyrst og fremst á þann hátt, að þessir menn geti aflað sér fullra réttinda með því viðbótarnámi sem talið er að til þurfi.

Í þessu sambandi er rétt að vitna hér til þings Kennarasambands Austurlands, en það gerði ályktun nú í sumar um þetta mál, þar sem fram koma hugmyndir af svipuðu tagi og er hér gerð grein fyrir í fyrirspurnarformi. Ég vil leyfa mér að lesa bókun um þessa ályktun, en hún var svo hljóðandi:

„Samþykkt var að styðja tillögur sem Samband ísl. barnakennara sendi menntmrh. 14. apríl 1977, þar sem gert var ráð fyrir að þeir, sem kennt hafa við grunnskóla undanfarin ár án kennaramenntunar, eigi kost á uppeldis- og kennslufræðinámi við Kennaraháskóla Íslands fram til hausts 1989. Auk bréfaskóla og sumarnámskeiða, sem nefnd eru í tillögum Sambands ísl. barnakennara, telur fundurinn rétt að boðið verði upp á ársnám við Kennaraháskóla Íslands fyrir réttindalausa kennara og verði þeim veittir styrkir til námsins og námslán. Fundurinn samþykkir einnig þá stefnumörkun, að eftirtaldir aðilar hafi rétt til náms þessa, að fengnum meðmælum skólastjórnar og skólanefndar viðkomandi skóla:

a) Fólk með háskólapróf í sérgrein.

b) Fólk sem lokið hefur stúdentsprófi, fóstrunámi, verslunar- eða samvinnuskóla-, tónlistar- eða myndlistarnámi, iðn- eða tæknínámi og hefur 5 ára kennsluferil.

c) Fólk með miðskólapróf eða gagnfræðapróf með 10 ára kennsluferil að baki.

Enn fremur að nefnd, skipuð fulltrúum kennarasamtakanna, menntmrn. og Kennaraháskóla Íslands fjalli um umsóknir til náms þessa og um undanþágur frá fyrrgreindum inntökuskilyrðum. Nefndin meti námskeið og annað nám að nokkru til móts við starfsreynslu og taki afstöðu til réttindaveitinga fyrir þá sem hafa mun lengri kennsluferil en tilgreindur er í c-lið."

Ég hef leyft mér að vitna hér til þessarar samþykktar kennara á Austurlandi, fyrst og fremst vegna þess að þar kemur fram, að menntmrn. hefur fengið í hendur tillögur frá kennarasamtökum um þessi mál, og ég held að æskilegt væri að fá svör við því, hver afstaða rn. til málsins.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil svara fyrirspurninni eitthvað á þessa leið:

Í fyrsta lagi er í undirbúningi frv. til laga um embættisgengi kennara, þ. e. hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til þess að vera skipaður kennari við grunnskóla og framhaldsskóla, og er að því stefnt, að frv. verði lagt fyrir þetta þing og öllu heldur að það verði gert sem allra fyrst, þannig að það geti fengið meðferð og helst afgreiðslu á þessu þingi.

Í annan stað er að geta þess, að það hefur verið í athugun að undanförnu hjá menntmrn. að opna námskeið við Kennaraháskóla Íslands fyrir grunnskólakennara sem hafa ekki tilskilin réttindi. Þá hefur m. a. verið haft í huga, hvort hluti af náminu gæti farið fram á sumarnámskeiðum og í bréfaskólum. Það skortir nú skýlaus lagafyrirmæli um þetta efni, en eins og kunnugt er, þá eru lög um Kennaraháskóla Íslands í endurskoðun og búin að vera nokkuð lengi. Í vor var sýnt hér frv. og það verður væntanlega lagt fyrir Alþ., sem nú situr, alveg á næstunni. Í þessu frv. ellegar í frv. um embættisgengi kennara, ellegar í báðum ef það þykir rétt eðli málsins samkvæmt, munu verða ákvæði um þetta atriði.

Ég vil láta það koma fram hér, að menntmrn. mun leggja alveg sérstaka áherslu á að ná samstöðu við kennarasamtökin um aðgerðir til þess að kennurum, sem hafa starfað um hríð að kennslu, gefist kostur á að afla sér fullra kennsluréttinda. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að kennarasamtökin hafa sýnt þessu máli áhuga, ekki einasta með þeirri ábendingu sem getið var um í ályktuninni eystra og barst rn. og hefur verið þar til meðferðar ásamt öðrum ábendingum í sambandi við þessa frv.-smíði, heldur einnig bæði áður og síðar.

Ég vil að lokum segja það, að allt mun þetta skýrast enn nánar þegar frv. þau, sem ég nefndi, verða fram lögð.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér er að miklu vandamáli vikið, þar sem er í raun og veru grunnorsökin til þessarar fyrirspurnar, þ. e. a. s. vandamáli grunnskólanna, kennaraskortinum þar, en í grunnskólunum er auðvitað einmitt lagður sá grunnur þar sem þarf betur að vanda til kennslu en kannske alls staðar annars staðar í skólakerfinu. Þar er auðvitað ekki einhlítt að hafa réttindi og próf. Ég hef af því góða reynslu að hafa til kennslu menn sem höfðu ekki full réttindi. Það er hins vegar staðreynd, að þær spár, sem við höfðum margir hverjir uppi um það, þegar hið stóra stökk var tekið yfir í Kennaraháskólann úr kennaraskólanum gamla, að það yrði til þess, að kennaraskorturinn yrði enn þá meiri, — þær spár hafa ræst, og ég held að nýja frv. um Kennaraháskólann muni ekki bæta þar úr. Ég álít að það hefði þurft að bæta við gamla kennaranámið, eins og það var, og gefa

mönnum kost á viðbót þar, en alls ekki að taka það stóra stökk sem tekið var með Kennaraháskólanum, því það hefur sannast að enn færri hafa þess vegna farið í þetta starf. Auk þess er þar í mörgu um alls óskylda hluti að ræða þeim höfuðatriðum sem snerta kennslu og það hvernig á að umgangast fólk á þessum aldri, en það er önnur saga.

Ég veit að vandi skólanna og nemendanna er gífurlegur og það er fyrst og fremst vegna tíðra kennaraskipta. Það er orðið mjög algengt að stúdentar séu eitt ár við kennslu til þess að afla sér peninga til áframhaldandi náms, og þeir eru vitanlega ekkert betur færir til þess að kenna heldur en hinir ýmsu menn sem koma úr byggðarlögunum, jafnvel bifvélavirkjar og aðrir slíkir sem þar hafa kennt með góðum árangri. Þessir menn hafa vissulega mikla þekkingu, en þeir hafa enga reynslu í því að umgangast skólanemendur eða miðla þeirri þekkingu sem þeir hafa. Ég veit að öryggisleysi þjáir þá menn marga, sem hafa, eins og fyrirspyrjandi tók fram, bjargað mörgum skólum, og við þetta öryggisleysi verður ekki unað. Þeir menn, sem vilja bæta við sig menntun til þess að verða fullhlutgengir þarna og njóta sömu launa og aðrir eiga á því heimtingu. Ég harma hvað kennarasamtökin hafa oft verið þröngsýn í þessum efnum og lýst mikilli andstöðu við það. Sem betur fer er það að breytast af þeirri nauðsyn sem kennarar sjá á því að veita réttindi þeim mönnum sem vilja leggja sig fram um þetta starf og hafa stundað það svo lengi, að búið er að fullreyna það að þeir geta kennt börnum, geta miðlað þeirri þekkingu, sem þeir hafa, til barna og unglinga, sem er meira en hægt er að segja um okkur marga hina sem höfum til þessa tilskilin próf.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það gefst ekki mikill tími til umr. á tveimur mínútum, en út af þessari fyrirspurn, sem hér hefur komið fram og ég tel að hafi átt fullan rétt á sér, sé ég ástæðu til að fagna því sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. um það, að í undirbúningi sé frv. um embættisgengi kennara og að ætlunin sé að fara að opna einhverja námskeiðsleið fyrir kennara og þá í Kennaraháskólanum, þ. e. a. s. fyrir þá kennara sem hafa ekki svokölluð full réttindi. Ég sé líka ástæðu til að vekja athygli á því og fagna því, að unnið er að því að mynda samstöðu við kennarasamtökin um þetta réttlætismál hinna réttindalausu kennara. Mér skilst að þau séu nú farin að sýna þessu máli áhuga. Þess vegna sé ég ástæðu til að fagna því sem kom fram í svari menntmrh.

Hins vegar er þetta mál allt miklu stærra og yfirgripsmeira en svo, að það sé ástæða til að einskorða það við kennarasamtökin. Sannleikurinn er sá, að það er urmull af mönnum úti um allt þjóðfélagið sem vinna ýmis störf með fullum árangri, án þess þó að þeir teljist hafa þau sérstöku réttindi sem lög ákveða. Tilhneiging hefur verið ákaflega lengi, allt frá tímum gildanna á miðöldum og raunar miklu lengur, til þess að floka menn mjög nákvæmlega í starfshópa. Persónulega hef ég nú alltaf verið nokkuð í vafa um réttmæti þessarar stífu flokkunar. Ég fagna hverju því spori sem stigið er af þjóðfélagsins hálfu til þess að gefa tækifæri mönnum sem geta ekki farið alveg nákvæmlega fyrirskrifaða leið til þess að ná réttindum.

Eins og ég segi, þá er þetta mál yfirgripsmikið og ég hef í huga ýmis dæmi sem ég hefði haft löngun til að nefna. Þetta á ekki einungis við um kennaramenntun og kennarastéttina, þetta á alveg sérstaklega við um iðnaðarstéttina, og þetta eru mál sem við þurfum að fara að taka okkur dálítið saman um að ræða á Alþ. Þegar við höfum loksins tíma til frá því að tala hér um hin svokölluðu efnahags- og fjármál, sem allir eru sérfræðingar í, en enginn finnur lausn á, þá held ég að væri mjög æskilegt að við gætum einmitt farið að snúa okkur að slíkum málum, að réttindamálum fólksins í landinu, fyrir utan kaupgjaldsmálin.

En ég vil þakka það, sem fram kom hjá hæstv. menntmrh. í þessu sambandi og undirstrika það, að þetta á ekki eingöngu við um kennaramenntunina. Þetta á mjög við um iðnaðarstéttirnar almennt, og þetta er í rauninni almennt vandamál sem við þurfum að ræða.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu máli, því að ég tel að hér sé um að ræða eitt af meiri háttar réttlætismálum í okkar þjóðfélagi.

Ég hef þá reynslu að hafa í barnaskóla notið kennslu manns sem mundi nú vera talinn réttindalaus kennari. Ég hef átt þess kost síðar að bera saman árangurinn af kennslu hans og ýmissa annarra ágætra kennara sem hafa full réttindi, en ég þori að fullyrða að þrátt fyrir ágæti þeirra hafa þeir ekki náð meiri árangri en hann. Ég tel mjög aðkallandi að sköpuð séu skilyrði til þess, að þeir mörgu kennarar, sem ekki hafa hin svokölluðu réttindi, geti öðlast þau, og ég fagna þeim áhuga sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. Ég óttast samt að á framkvæmd þessa máls verði of mikill dráttur ef hún á að bíða eftir framgangi þeirra frv. sem hann minntist á. Ég hygg að það geti vel farið svo, að það dragist eitthvað að þau verði samþ. hér á Alþ., — ég vona þó að svo verði ekki, — einnig að það dragist, þó að þau verði samþ., að koma þeim í framkvæmd. Þess vegna álít ég að það sé ekki heppileg leið að tengja þetta mál við þau, heldur eigi að taka það upp sérstaklega og t. d. stuðla að því, að strax næsta vetur verði haldið námskeið, sem skapi þessum svokölluðu réttindalausu kennurum aðstöðu til þess að fá full réttindi, og síðan verði haldið áfram á þeirri braut.

Eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þá er þörf á þessu miklu víðar, og það er sjálfsagt að vinna að því. Ég held þó að þetta sé allra mikilvægasta málið í þessum efnum, vegna þess að uppeldismálin eru mikilvægustu málin hjá okkur og við eigum að skapa þeim mönnum, sem við felum að gegna kennslustörfum, sem besta aðstöðu og beita þá ekki misrétti, eins og ég tel að eigi sér stað nú í allt of mörgum tilfellum.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans, og einnig fagna ég þeim jákvæðu undirtektum sem fram komu í stuttum umsögnum þriggja þm. um þetta efni.

Það var fróðlegt að heyra þær upplýsingar af vörum hæstv. ráðh., að von væri á frv. um embættisgengi kennara, og vel má vera, að í því frv. verði fullnægjandi ákvæði um þetta efni, svo fremi að frv. nái fram að ganga fyrir þinglok, verði nægilega snemma komið til meðferðar hér í þinginu til að það verði mögulegt að afgreiða það. Ég vek hins vegar á því athygli, að tíminn til þingloka styttist óðum. Satt best að segja eru ekki nema í allra mesta lagi 10—12 vinnuvikur eftir hér í þinginu, og ef langt á í land að þetta frv. sjái hér dagsins ljós er að sjálfsögðu allt í óvissu um hvort það nær fram að ganga. Þess vegna tek ég undir það með hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, að hyggilegt væri að athuga hvort ekki væri rétt að leysa þetta mál, sem hér er spurt um, sér á parti, án þess að bíða eftir örlögum þess frv. sem hæstv. menntmrh. boðaði. Ég vil taka undir þá ábendingu og bið hæstv. ráðh. að taka hana til vinsamlegrar athugunar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, eins og ég sagði þegar ég mælti fyrir þessari fyrirspurn, að eftir að hafa bjargað heilum landshlutum í kennslumálum um árabil þarf enginn að efast um að hinir réttindalausu kennarar eiga sinn rétt. Þeir eiga sinn siðferðilega rétt sem verður að taka fullt tillit til og það fyrr en síðar.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Orfá orð aðeins í tilefni af þeim ummælum sem hér hafa fallið. Það er auðvitað eilífðarvandamál í þessu réttindanna þjóðfélagi sem við lifum nú í, hversu vega skuli saman reynslu annars vegar og nám hins vegar og þá þetta mál með réttindi kennaranna sem hafa ekki lokið námi eða fullnaðarprófi úr kennaraskóla eða kennaraháskóla. Það er náttúrlega ekki nýtt, þetta er lengi búið að vera að vefjast fyrir mönnum bæði í rn. og eins í samtökum kennara.

Varðandi væntanlegt frv. um embættisgengi kennara, hvort það gæti náð hér fram að ganga eða ekki, við skulum segja ef það sæi dagsins ljós í þinginu í næstu viku, þá er þess að gæta, að ég tel að það sé nauðsynlegt að fá stoð í lögum til þess að geta gert þarna verulega gagnlega hluti. Við höfum hana varla eins og er. Ég skal þó ekki alveg fullyrða þetta, en það er mín skoðun. Og þá held ég að við förum ekki aðra skemmri leið að því marki heldur en að afgreiða þetta frv., vegna þess að ég held að aðalatriðið í þessu frv., sem þætti þurfa skoðunar við, væri einmitt ákvæðið um þetta. Alþ. er búið að afgreiða á undanförnum tveimur eða þremur þingum ein þrenn eða fern lög hliðstæð embættisgengi kennara. Það er lögin um sálfræðinga, um félagsráðgjafa, minnir mig, iðjuþjálfa o. s. frv. tilsvarandi lög um starfsréttindi ýmissa annarra hópa. Og ég held að fæst atriði í þessum lögum mundu vefjast verulega fyrir þm., nema þá einmitt þetta ákvæði sem nauðsynlegt er að mínum dómi að fá lögfest

Það er auðvitað satt sem komið hefur fram bæði hér og áður, að ástandið í þessum efnum er ekki gott, og þar eru auðvitað tvær hliðar á: Annars vegar sú sem veit að kennsluunni og þar er m. a. það atriði ákaflega alvarlegt, vil ég segja, hversu tíð kennaraskipti eru í ýmsum skólum. Ég veit satt að segja ekki hvort það út af fyrir sig mundi svo mikið breytast þó að allir, sem starfa við kennslu, hefðu full réttindi, því að tilhneiging til að færa sig á milli staða og starfa í embættiskerfinu og ekki síst í svo fjölmennri stétt er æðimikil. Þó má vera að það leiddi einnig af sér meiri festu, og vissulega ætti það að tryggja betri kennslu. Oryggisleysi þeirra kennara, sem starfað hafa árum saman og eru búnir að afla sér mikillar þjálfunar og hafa reynst vel færir í starfi, er óviðunandi út af fyrir sig. Ég held að þetta ástand versni ekki að marki á þessum missirum. Það er nýlega komin skýrsla, þó ekki alveg frágengin, fyrir síðasta skólaár, og hún bendir ekki til að það hafi orðið neinar verulegar breytingar. Það er ástæða til að vekja athygli á því, að í hópi þessara svokölluðu — og vissulega í raun — réttindalausu kennara eru auðvitað fjölmargir menn sem hafa mikið til brunns að bera. Í þeim hópi eru nokkuð margir menn, sem hafa starfað árum saman að kennslu og eru orðnir langreyndir, ágætir kennarar. Í þessum hópi er töluvert af fagmönnum í ýmsum greinum: handiðju ýmiss konar, tónmennt, öðrum listum og fleira, faglærðir iðnaðarmenn, t. d. háskólamenn sem hafa háskólapróf í tilteknum greinum þó þeir hafi ekki uppeldis- og kennslufræðipróf. Þeir kenna oft sín sérstöku fög, eru ekki fastir bekkjarkennarar. Þetta lagar myndina örlítið frá því sem hún lítur út ef við segjum aðeins: þessi hefur réttindi og hinn ekki réttindi.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu. En hitt er svo, að fyrst eftir breytingu kennaraskólans í kennaraháskóla dró úr aðsókn. Ég skal ekki fremur en hv. 7. landsk. þm. fara að fjölyrða neitt um það. Þetta er gerður hlutur. En nú hefur orðið mjög mikil breyting, því það er ákaflega mikil aðsókn að Kennaraháskólanum núna. Spáir það góðu um framhaldið og möguleika á því að ráða fullmenntaða kennara til starfa.

En þá er eitt sem ég vil vekja athygli á enn og aftur, og það er það, hvernig við höfum búið að kennaramenntuninni í landinu hvað snertir aðstöðu alla. Þegar Kennaraháskólahúsið var teiknað og hannað var það ætlað fyrir tæplega þann fjölda sem er í skólanum í dag. En svo er aldrei byggð nema ein álma, einn áfangi, og það er erfitt að byggja a. m. k. ⅔ af því sem ætlað er fyrir þann fjölda sem er í skólanum núna. Að hluta er þetta bætt með því að hafa vissar greinar úti í bæ og sumt í allsendis óhæfu húsnæði, eins og í gamla kennaraskólahúsinu, sem er orðið mjög úr sér gengið, og þetta eru náttúrlega vandræði. Nú, það er búið að veita fé tvisvar til framkvæmda og verður vonandi hægt að hefjast handa í ár. En það tekur tíma að vinna það upp sem þarna hefur tapast. Þetta er og verður um einhvern tíma kennaramennt-

uninni í landinu mikill fjötur um fót og getur orðið til þess beinlínis að koma í veg fyrir að nægilega margir einstaklingar geti hafið nám og lokið námi í þessum fræðum.

Frv. um endurskoðun á lögum um Kennaraháskóla Íslands er svo mál út af fyrir sig. Ég held að það gæti orðið tafsamara að afgreiða það hér í þinginu heldur en frv. um embættisgengi. Að vísu er þar ekki um neinar stórbreytingar að ræða, nema það er eitt atriði sem hv. þm. muna eftir frá því í fyrra, hversu með skuli fara kennslu í uppeldis- og kennslufræðum. En ég fer ekki nánar út í það. Mig langaði til þess að vekja athygli á þessum atriðum aðeins í framhaldi af þeim ágætu og málefnalegu umr. sem hér hafa farið fram og ég er út af fyrir sig þakklátur fyrir, því það er aldrei nema til góðs að vekja athygli á svona þýðingarmiklum þáttum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er auðvitað ekki tími til þess á aðeins tveimur mínútum að ræða mikið það mál sem hér er til umr., og kannske er mér málið of skylt til þess að ræða það mikið, því að ég hef átt hlut að máli um nokkurra ára skeið, að vísu hæstv. menntmrh. líka. Ég vil þó nota þetta tækifæri til þess að taka undir það sem hér hefur komið fram, nauðsynina á því að tryggja í raun og veru rétt þeirra manna sem um áraraðir, sumir hverjir um áratugi, hafa í bókstaflegri merkingu bjargað því í mörgum skólahéruðum, að skólastofnanir hafa verið reknar.

A. m. k. í minu kjördæmi eru mörg dæmi þess, að ef þessir einstaklingar hefðu ekki sinnt þessu starfi sem réttindalausir kennarar, þá hefðu margar skólastofnanir ekki verið reknar í mörg ár. (Gripið fram í.) Jú, ég var einmitt að segja það, að þetta er kannske of skylt mér til þess að ræða það hér, en ég legg nú í það samt. En málið er sem sagt þetta, að það er staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá, að á undanförnum árum og áratugum er það ótrúlega stór hópur einstaklinga, réttindalausra kennara, bæði karla og kvenna, sem hefur bókstaflega bjargað því að skólastofnanir hafa verið reknar. Og ég fullyrði það, að í mörgum — ótrúlega mörgum tilfellum kannske, þegar litið er til þess, að menn líta alltaf prófskírteini stórum augum, — en það er í ótrúlega mörgum tilfellum sem þessir einstaklingar eru síst verri kennarar en þeir, sem hafa staðfest prófskírteini, og þeir hafa alls ekki skilað lélegri árangri en réttindamennirnir. Þetta er auðvitað misjafnt í báðum hópum, en ég fullyrði að það er stór hópur af þeim réttindalausu sem alls ekki hefur skilað lakari árangri en hinir.

Ég vil að síðustu, herra forseti, taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni og hv. þm. Ragnar Arnalds tók reyndar undir líka, að ég tel fulla nauðsyn á að flýta þessu máli, ekki bíða eftir því, að þetta verði tengt þeim frv., sem hér eru boðuð, heldur að þetta mál verði tekið upp sérstaklega og það með þeim hætti og á þann veg, að það geti orðið að veruleika strax á næsta vetri, að slíku námskeiði sem hér er um talað verði komið á fót.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það hafa orðið nokkrar umr. um það atriði, hvenær ætti að leggja í það að setja reglur um að bæta úr því ástandi sem við höfum allir, hver á fætur öðrum, verið að fordæma hér. Ég vil taka undir með hæstv. menntmrh. um það, að auðvitað er nauðsynlegt að setja lög um þetta. Ef við förum út í það, sem vonandi verður, þá er alveg nauðsynlegt að þetta hafi stoð í lögum. Og ég álít að við hljótum að hafa biðlund til þess að bíða eftir frv. um embættisgengi kennara, ef það er í burðarliðnum.

Það hefur aðeins verið komið hér inn á Kennaraháskólann. Ég hygg að það hafi verið hv. þm. Helgi Seljan sem aðeins kom inn á það. Ég held að það væri óheppilegt fyrir okkur, ef skilja mætti umr. hér sem einhverja fordæmingu á Kennaraháskólanum. Ég held að það sé mjög óheppilegt, og þrátt fyrir það, sem ég hef sagt hér um þetta, vil ég ekki taka þátt í neinum þess háttar fordæmingaryfirlýsingum. Ég átti sæti á Alþ. þegar fjallað var um Kennaraháskólann, og mér var ljóst að það var hafður á of mikill hraði um það mál, það hefði átt að fara sér miklu hægar og líta á fleiri atriði. En hitt held ég að sé staðreynd, að það hafi verið eðlileg þróun að Kennaraháskólinn félli inn í þetta form sem hann hefur. En okkur var það öllum ljóst, þegar við fjölluðum um þetta mál hér á Alþingi fyrir nokkrum árum, að það yrði að endurskoða þetta mál, og það er verið að því. Ég hefði gjarnan viljað koma að ýmsum hugmyndum í sambandi við Kennaraháskólann. Ég held að það sé m.a. mjög nauðsynlegt, að skólinn sé sæmilega rúmur og að í starfsemi hans sé svigrúm. Sú hugmynd hefur t.d. lengi verið uppi að halda uppi kennaramenntun við Menntaskólann á Akureyri eða á Akureyri í tengslum við Menntaskólann, og ég held að það hafi verið mikill skaði að ekki var farið inn á þá braut þegar fjallað var um lög um Kennaraháskólann. Ég held að það sé nauðsynlegt og eðlilegt, að þeirri hugmynd sé haldið á loft, að enn verði að því stefnt og fundin leið til þess að halda uppi kennslu fyrir kennaraefni á Akureyri. Ég held að það yrði til stórra bóta fyrir dreifbýlið. Og ég er alveg sannfærður um að það yrði auðvelt mál að halda uppi fullkominni kennaramenntun á Akureyri.

Sameinað þing, 42. fundur.

Þriðjudaginn 31. jan., að loknum 41. fundi.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 308). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun skattalaga, þáltill. (þskj. 311). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Öryggisbúnaður smábáta, þáltill. (þskj. 77). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rekstrar- og afurðalán bænda, þáltill. (þskj. 127). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rekstrar- og afurðalán bænda, þáltill. (þskj. 140). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjóðaratkvæði um prestskosningar, þáltill. (þskj. 50). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Till. sú, sem ég mæli hér fyrir, var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Ég stilli því í hóf framsögu að þessu sinni.

Till. mælir svo fyrir, að ríkisstj. láti fara fram þjóðaratkv. jafnhliða næstu alþingiskosningum um það, hvort afnema skuli beinar almennar prestskosningar.

Það er ekki að ófyrirsynju að till. þessi er fram borin. Á síðari árum hefur komið fram ákveðinn vilji af hálfu forystumanna þjóðkirkjunnar að beinar og almennar kosningar skuli ekki fara fram um veitingu prestakalla, svo sem lög nr. 32 1915, um veitingu prestakalla, kveða á um. En málið hefur ekki náð fram að ganga. Engin ríkisstj. hefur sýnt því áhuga og Alþ. ekki fallist á það.

Frá því árið 1962 hefur fjórum sinnum verið lagt fram á Alþ. frv. til l. um veitingu prestakalla, þar sem gert er ráð fyrir afnámi beinna og almennra kosninga. Frv. þetta hafði verið undirbúið og samþykkt af Kirkjuþingi. Í þrjú skipti komst frv. þetta ekki nema til 1. umr., en í fjórða skipti, sem frv. var lagt fram á Alþ., 1973—1974, fékk það loks afgreiðslu. Frv. var tekið til alvarlegrar meðferðar í menntmn. Ed. N. leitaði umsagnar um frv. hjá guðfræðideild Háskólans, Prestafélagi Íslands, Félagi guðfræðinema og próföstum með ósk um að þeir kynntu málið í söfnuðunum í prófastsdæmunum.

Umsagnir bárust aðeins frá guðfræðideild Háskólans og Prestafélagi Íslands, sem mæltu með samþykkt frv., og átta prófastsdæmum, þar sem fram komu meðmæli og þá ekki síður andmæli. Virtist svo sem ekki væri almennur áhugi á afnámi prestskosninga og ekki jafnmikil eining innan þjóðkirkjunnar og af hafði verið látið.

Menntmn. Ed. taldi eðlilegt, að gerðar yrðu breytingar á l. nr. 32 frá 1915, um veitingu prestakalla, með hliðsjón af óánægju með prestskosningar sem virtist vera ríkjandi meðal presta og ýmissa kirkjunnar manna. Hins vegar gat n. ekki fallist á það skipulag, sem fólst í frv. Kirkjuþingsins, að afnema beinar og almennar prestskosningar. Í trausti þess, að ríkisstj. legði fram frv. um breytingar á lögum um veitingu prestakalla, að höfðu samráði við Kirkjuþing og biskupsembættið og að fengnu áliti almennra safnaðarfunda, lagði menntmn. til að frv. yrði vísað til ríkisstj. Þessi till. menntmn. var samþykkt shlj. vorið 1974.

Ekki gat það verið óeðlileg afgreiðsla Alþ. að vísa málinu til ríkisstj. með framangreindum rökstuðningi. Engin ríkisstj. hafði tjáð sig fylgjandi afnámi beinna og almennra prestskosninga. Engin ríkisstj. hafði léð máls á því að gera frv. Kirkjuþings að sínu máli með því að flytja málið sem stjfrv. Í öll skiptin hafði þess verið farið á leit við menntmn. viðkomandi þd. að flytja frv. án skuldbindingar um stuðning við það.

Það var augljóslega ekki þingfylgi fyrir því að afnema prestskosningar. Spurningin var sú, hvort ríkisstj. mætti takast að endurskoða lög um veitingu prestakalla að höfðu samráði við Kirkjuþing og biskupsembættið, en á grundvelli beins og almenns kosningarréttar. Í trausti þessa var málinu vísað til ríkisstj. Annað mál er það, að ríkisstj. hefur ekki treyst sér til að flytja frv. um þetta mál, og segir það sína sögu. Það er því eðlilegt að leita nýrra leiða í málinu.

Mál þetta kom næst fyrir á Alþ. 1975—1976 í formi till. til þál. um n. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla. Var þar lagt til að Alþ. kysi n. 7 þm. er hafi það verkefni að endurskoða lög um veitingu prestakalla. Till. þessi hlaut ekki afgreiðslu og var endurflutt á síðasta þingi, en var þá ekki heldur útrædd. Í bæði skiptin sem till. þessi kom til umr. á Alþ. snerust umr. ekki fyrst og fremst um nefndarskipunina sjálfa, heldur hverja efnisbreytingu ætti að gera á lögum um veitingu prestakalla. Menn deildu um hvort halda ætti beinum, almennum prestskosningum, sem við höfum búið við, eða afnema þessa skipan, eins og frv. Kirkjuþings gerði ráð fyrir. Þetta var ekki óeðlilegur umræðugrundvöllur, því að mergurinn málsins er hvort hafa skuli beinar almennar prestskosningar eða ekki. Allar breytingar á lögum um veitingu prestakalla hljóta að mótast af því, hvaða leið er valin í þessum efnum, og breytinga virðist þörf, hvor leiðin sem valin er. Það verður ekki séð að nein n. verði þess umkomin að skera úr þeim djúpstæða ágreiningi sem hefur verið milli Kirkjuþings og Alþ. undanfarin 15 ár um gildi prestskosninga. En þegar úr þessum ágreiningi hefur verið skorið er þess að vænta, að endurskoðunarnefnd laga um veitingu prestakalla geti unnið verk sitt, en s. l. sumar skipaði ríkisstj. slíka nefnd.

Þetta mál er því í sjálfheldu nú á sama hátt og var á síðasta þingi þegar þessi þáltill. var lögð fram í hið fyrra sinn. Við flm. þessarar till., ég ásamt hv. 1. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Reykv., endurflytjum því nú till. í trausti þess að hún nái nú fram að ganga.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. flm. þessarar till., allir hæstv. þingforsetar, taka ekki afstöðu til þess máls sem till. fjallar um, þ. e. a. s. hvort afnema skuli prestskosningar. Þetta ber að hafa í huga. Þeir flytja þessa till. til þess að leysa úr vanda sem þeir telja upp kominn í sambandi við þetta mál, afstöðu manna til prestskosninga. Engu að síður verður það að teljast skrýtið, nú á þessum tímum þegar uppi eru vaxandi kröfur um aukið lýðræði, vaxandi kröfur um að almenningur fái að hafa meiri áhrif á hinum ýmsu sviðum þjóðfélagsins, að þá skuli flutt till. sem stefnir að því að afnema eða skerða, skulum við a. m. k. segja, lýðræðið, stefnir að því, að þjóðin sé að því spurð, hvort hún vilji ekki láta skerða viss lýðréttindi sem hún nýtur. Ég endurtek það, að mér virðist þetta næsta skrýtið. Og vegna þessa eðlis till. er ég endvígur henni. Þar að auki sýnist mér að ef ætti að fara að efna til þjóðaratkvæðis, loksins að veita þjóðinni tækifæri til að neyta þess réttar sem ákvæðin um þjóðaratkv. fela í sér, þá verði það látið snúast um þetta mál, ekki stærra mál en þetta, eins og uppi hafa nú verið kröfurnar oft á tíðum um stórmál, að þau yrðu borin undir þjóðaratkv., en þeim kröfum jafnan neitað. Ég vil ekki láta afnema prestskosningar, og það er a. m. k. gagnvart mínum skilningi á lýðréttindum og lýðræðislegum hugsunarhætti brot á siðareglum lýðræðis að ætla sér að fara að spyrja þjóðina hvort hún sé ekki tilbúin að afsala sér lýðréttindum.

Ég er ekki trúmaður samkv. ritúali þjóðkirkjunnar, ég er heldur trúlítill samkv. því ritúali. Og vegna grunsemda, sem upp kynnu að koma um það, að þessi afstaða mín ráðist af því, að ég sé á móti þjóðkirkjunni, þá skal það tekið skýrt fram, að það er nú síður en svo. Þjóðkirkjan íslenska er að mínum dómi að mörgu leyti til fyrirmyndar trúarstofnun, þegar hún er borin saman við ýmsar aðrar trúarstofnanir. Hinn breiði faðmur þjóðkirkjunnar, þar sem er pláss fyrir alls konar ólík sjónarmið, er mjög góður, hann er heppilegur fyrir þessa þjóð. Ég vil líka taka það fram, að margir þeir menn, sem ég tel mætasta þeirra manna sem hafa orðið mér samferða á lífsleiðinni, hafa verið klerkar, einkum og sér í lagi sveitaklerkar, dreifbýlisklerkar. Og af því að ég var að tala um hinn breiða faðm þjóðkirkjunnar, þá vil ég nefna það, að einn þessara klerka, sem nú er látinn, var að mínum dómi sérlega góður fulltrúi þessarar þjóðkirkju okkar í sínu viðhorfi til trúmála. Hann var að sjálfsögðu, eins og lög gera ráð fyrir, klerkur hinnar evangelísk-lútersku kirkju, þjóðkirkjunnar íslensku. En í ýmsum útleggingum sínum varðandi trúmál og einnig varðandi kirkjusiði var hann óumdeilanlega kaþólskur, að ýmsu leyti miklu kaþólskari heldur en lúterskur. Þar að auki var hann sannfærður spíritisti. M. ö. o.: þessi eini maður ól í sál sinni sjónarmið sem mundu hafa orðið mikil deiluefni annars staðar. Í þessum góða manni sameinuðust öll þessi sjónarmið og úr varð ekkert stríð. En hvert þessara sjónarmiða fyrir sig hefði gert hann að villutrúarmanni hjá annarri trúarstofnun öndverðri: sjónarmið hans varðandi lúterskuna náttúrlega gert hann að villutrúarmanni í augum hinnar pápísku kirkju, hin pápísku sjónarmið hans að villutrúarmanni í augum strangluterskrar kirkju þar sem ofstæki hefði ríkt meira en í þjóðkirkjunni íslensku, og spíritismi hans hefði að sjálfsögðu hrundið honum út af sakramentinu hjá kaþólikkum — og sumum lúterönum líka. Svona eiga sýslumenn að vera! Svona eiga klerkar að vera! Slíkir klerkar eru til sóma fyrir þjóðkirkju okkar Íslendinga. Og hún á að vera sem líkust þessum klerkum. Hún hefur verið það, og hún á að vera það.

Ég segi þetta vegna þess að mér hefur ofboðið, eins og sjálfsagt mörgum öðrum Íslendingum, það trúarofstæki sem oft herjar eins og farsótt hjá nágrönnum okkar — og ekki hvað síst þeim sem skyldastir okkur eru, t. d. Norðmönnum. Með tilliti til þessa hef ég nú lengi verið mjög andvígur þeim hugmyndum, sem skaut upp oft á tíðum hér fyrr meir í þeim pólitísku röðum, sem ég tilheyrði, Sósíalistaflokknum gamla t. d., að það ætti að aðskilja ríki og kirkju. Ég er andvígur því, vegna þess að þá mundi þjóðkirkjan íslenska lamast, hennar breiði faðmur mundi þrengjast, kannske kólna líka, en upp mundu spretta sértrúarsöfnuðir með allt sitt ofstæki. Ég tel m. ö. o. að þetta fyrirkomulag okkar, þetta frjálslynda fyrirkomulag okkar í þjóðkirkjunni, hafi bægt frá okkur þeim ófögnuði sem sértrúarofstækið er t. d. á Norðurlöndum, hjá frændum okkar. Það hefur aðeins örlað á þessu ofstæki hérna stundum. Fyrir 35—40 árum kom t. d. einn af spámönnum norska ofstækisins hingað og bókstaflega sturlaði bestu manneskjur, fólk truflaðist af ofstækisboðskap hans og helvítisrausi. Hann fór fljótlega aftur til Noregs, þessi maður, og síðan lagaðist sálarástand Íslendinga aftur á ekkert mjög löngum tíma.

Af hverju er nú þetta mál hér uppi aftur og aftur og aftur? Það er vegna þess að Kirkjuþing og önnur samtök klerka eru alltaf að fara fram á það, að prestskosningar verði afnumdar. Og í röksemdum fyrir því, að afnema skuli prestskosningar, og m. a. í röksemdum fyrir því, að nauðsynlegt sé að leggja þetta undir dóm þjóðarinnar, þeim röksemdum sem koma fram í grg. með þessari till., er aftur og aftur vitnað í klerka, samtök klerka, sem vilja endilega láta afnema prestskosningar. Og þetta eiga að vera sérstök meðmæli með hugmyndinni! Það eiga að vera sérstök meðmæli með henni, að þeir, sem telja sig hart leikna af þessum lýðréttindum, vilja endilega láta afnema þau! Ætli það yrðu talin meðmæli t. d. með hugmynd, sem væri náttúrlega fáránleg, að afnema alþingiskosningar, þingmenn sætu hér lon og don án kosninga — ætli það yrðu talin meðmæli með slíkri hugmynd að þm. stæðu einhuga um hana? Ætli hún teldist ekki nokkuð grunsamleg einmitt fyrir það? Ég hef sett mig töluvert inn í þessi mál þrátt fyrir allt trúleysið, vegna þess að þau snerta mannssálirnar, bæði trúaðar og ótrúaðar, í þessu landi. En jafnvel þótt ég hefði ekki sett mig inn í málin hefði ég látið þetta nægja sem röksemd fyrir því að vera á móti hugmyndinni, að hún kemur frá þeim mönnum sem kveinka sér undan því að kosið sé um þá.

Það stendur hér á einum stað í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Af hálfu þjóðkirkjunnar hafa verið færð þau rök fyrir nýrri skipan um veitingu prestakalla, „að prestskosningar í núverandi mynd reynast einatt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina og að þær geri prestum óeðlilega erfitt að færa sig til á starfssviði sínu.““

„Illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina.“ — Ég hef hvergi á Vesturlandi heyrt menn kveinka sér undan því að taka þátt í prestskosningum. Mönnum finnst þetta yfirleitt hressandi dægrastytting, þeim sem eru þá ekki þeim mun ofstækisfyllri, fyrir utan það, að menn vilja auðvitað fá að ráða því, hver presturinn er. Sumir taka líka þátt í þessu af sömu ástæðu og þeir taka þátt í prófkjöri eða fara á íþróttavöllinn. Ég nefni prófkjör. Eg sé ekki betur en að prestar lýsi þannig prestskosningum, að þeim verði helst líkt við prófkosningar flokkanna að því er snertir óþokkaleg vinnubrögð, róg, níð og mannskemmdir. Mannskemmdir spretta vitaskuld af því að það er eitthvað í ólagi með þá sem taka þátt í kosningunum, en ekki af því að kosningarnar í sjálfu sér séu endilega forkastanlegar. Ef það eru nú góðir menn, sem beita sér í prestskosningum, heiðarlegir menn og lausir við andlegan sora, þá á ekki að þurfa að óttast slíkt. Ef það er rétt, að slíkur sori komi upp á yfirborðið þegar þjóðkirkjan stendur fyrir kosningum, þá vil ég spyrja: Er eitthvað í ólagi með þjóðkirkjuna? Ég held reyndar, að svo sé ekki, og vitna til þess sem ég er þegar búinn að segja: Þetta er ágætisstofnun.

Ég vitna aftur til þess sem ég var að lesa. Það er talað um að prestskosningar reynist „oft og einatt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina“. Þess vegna eigum við að afnema prestkosningar. Hvað segir þjóðkirkjan eða forustumenn hennar, sem standa fyrir þessum kröfum aftur og aftur, — hvað segja þeir ef presturinn reynist „illkynjuð þolraun“ fyrir söfnuðinn? Er þá ekki spurning hvort ekki eigi að gefa söfnuðinum tækifæri til þess að losna við slíkan prest? Og væri þá ekki réttara, í staðinn fyrir að afnema prestskosningar, að setja það í landsins lög, að prestum skuli skylt að láta kjósa um sig, ef þess er krafist af söfnuðum á t. d. 4—5 ára fresti? Og hér vil ég ítreka þá hugmynd mína, að biskupinn yfir Íslandi, „herra biskupinn yfir Íslandi“, eins og það heitir samkv. ritúalinu, verði líka, ef þess er krafist eða ef einhver frambjóðandi kemur fram á móti honum, að takast á um sitt embætti í almennum kosningum. Í þessu er ekki fólgið neitt vantraust á núv. herra biskupinn yfir Íslandi, heldur tel ég það sjálfsagt, þar sem um er að ræða svo valdamikið embætti, að sá, sem sest í það, eigi það ekki tryggt að geta setið í því til eilífðarnóns, ef honum verði eitthvað alvarlegt á, þá sé hægt að koma honum frá og setja betri mann í staðinn.

En hitt vil ég segja að lokum um okkar hv. núv. biskupinn yfir Íslandi, að mér þykir að sá góði maður hafi gerst sekur um óviðurkvæmilega framkomu gagnvart þessari stofnun, svo sem þegar hann kemur fram í sjónvarpi og talar um það varðandi prestskosningar, að þm., sem eru andvígir afnámi prestskosninga, séu að „fleipra“ eða „blaðra“ um mál sem þeim komi ekki við eða þeir hafi ekkert vit á. Slíkt verður ekki kallað annað en óviðurkvæmilegur hroki af hálfu æðsta manns þjóðkirkjunnar gagnvart þessari stofnun, Alþingi, æðstu stofnun íslensku þjóðarinnar.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er á dagskrá, er nú endurflutt af hæstv. forsetum þingsins, og því mætti ætla að mikið lægi við að leiða til lykta þýðingarmikið mál. Því skal ekki neitað, að málið er mikilvægt, þar sem um er að ræða veitingu prestakalla og stjórnun kirkjunnar á þeim embættum sem henni heyra til. Um þetta mál hefur verið fjallað allmikið hér á Alþ., og þess vegna er ekki í þessu sambandi þörf á að tjá sig um það mál út af fyrir sig, a. m. k. tel ég að skoðun mín á málinu sé hv. þm. ljós, og skal ég því ekki eyða dýrmætum tíma þingsins í umr. um efnisatriði málsins, enda snýst þessi till. fremur um málsmeðferð en efnisatriði. Því vil ég fara nokkrum orðum um þá málsmeðferð sem hér er lagt til að verði viðhöfð við afgreiðslu þessa máls.

Það hlýtur að vekja furðu almennings, svo að ekki sé meira sagt, að hv. Alþ., löggjafarsamkunda þjóðarinnar, skuli ekki sjá sér fært að afgreiða eins einfalt og augljóst mál og þetta, hvort kjósa skuli presta áfram til embættis í almennum prestskosningum eða skipa þá eftir þeim leiðum sem almennt ríkja um skipun hliðstæðra opinberra embættismanna. Ég neita því, að sérstaða prestsembættisins krefjist þess, að þyrlað sé upp moldviðri og stofnað til úlfúðar og sundurlyndis þótt veita skuli prestsembætti, svo einfalt mál sem það ætti að vera og auðvelt í framkvæmd ef rétt er að staðið.

Það hlýtur að fara að verða hv. þm. ljóst, ef það er ekki nú þegar, að almenningsálitið er orðið í vaxandi mæli á móti prestskosningum í núverandi mynd. Fólk skilur æ betur þann skrípaleik, sem þar fer tíðum fram, og frábiður sér þátttöku í slíku. Þess vegna má segja að þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, sé tilraun til að breyta þessari skipan með því að láta fara fram þjóðaratkv. um þetta mál.

Nú efast ég ekki um góðan vilja hv. flm. till. að afgreiða þetta mál úr sölum þingsins í eitt skipti fyrir öll með þjóðaratkv. En hvers vegna á þennan veg? Hvers vegna getur þetta mál ekki fengið þinglega meðferð og afgreiðslu á löggjafarsamkomu þjóðarinnar? Er málið virkilega svo viðkvæmt að leita verði eftir þjóðaratkv. til að leysa það? Hvað þá um hin stærri málin? Er ekki rétt að leggja þau líka undir þjóðaratkv.? Kannske fáum við að kjósa samhliða næstu alþingiskosningum bæði um prestskosningar og bjór og e. t. v. sitthvað fleira. Ég held að þá væri kominn tími til að hv. þm. hölluðu sér á eyrað og létu þjóðina skera úr um stærstu málin.

En hvar er þá komið þessari margumtöluðu virðingu og sóma Alþ., sem nú tíðkast mjög að ræða um, ef þarf að vísa frá sér máli eins og þessu? Nei, ég fæ ekki skilið hvernig á því stendur, að till. sem þessi kemur fram. Við verðum að hafa þrek til að ræða þessi mál hér á hv. Alþ. eins og önnur mál, og ég vænti þess, að n.

sú, sem hæstv. kirkjumálaráðherra skipaði s. l. sumar til að fjalla um þetta, þ. e. veitingu prestsembætta, hraði störfum og skili áliti sem allra fyrst. Á grundvelli álits hennar er svo hægt að ræða málið hér í þingsölum og afgreiða það svo sem sóma og virðingu Alþ. sæmir og svo sem vilji hv. þm. stendur til.

Í till. þessari er gert ráð fyrir þjóðaratkvgr., og mér hefur skilist að ætlunin sé að þar fái allir þeir, sem á kjörskrá eru til alþingiskosninga, að greiða atkv. án tillits til þess, hvort þeir eru meðlimir þjóðkirkjunnar eða ekki. Nú er það vitað mál, að um 92% þjóðarinnar tilheyra þjóðkirkjunni. Eiga þá þessi 8% eða þar um bil, sem tilheyra ýmsum trúflokkum eða eru utan trúfélaga, að fá að hafa áhrif á skipan mála þjóðkirkjunnar og e. t. v. úrslitaáhrif? Á maður, sem er hatrammur á móti þjóðkirkjunni og hefur sagt sig úr lögum við hana, að fá að ráða því, hvernig málum hennar er skipað? Á vottur Jehóva eða Bahai að fá að hlutast til um málefni trúfélags sem þeir eru ekki meðlimir í og eru e. t. v. á móti, svo að ég taki dæmi? Eða ætla hv. flm. að hlutast til um að gerð verði sérstök kjörskrá í þessu sambandi? Og hvað skeður svo, ef þessi till. verður samþykkt og ef þjóðaratkv. færi svo, að það yrði samþykkt að leggja niður prestskosningar? Hvað á þá að taka við? Hvernig á að veita prestsembættin? Þeirri spurningu er líka ósvarað. Ætli karpið héldi þá ekki áfram hér í þingsölum um málið?

Yfirmaður íslensku kirkjunnar hefur lýst yfir undrun sinni og raunar stórri furðu yfir þessum tillöguflutningi, en hann segir svo í synodusræðu sinni á liðnu sumri, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt mál Kirkjuþings vil ég nefna hér. Þetta nýkjörna þing með mörgum nýjum fulltrúum lýsti algerri samstöðu um að vilja afnema prestskosningar í núverandi mynd og fá prestaköll veitt með þeim hætti sem Kirkjuþing hefur lagt til margsinnis, lengstum nær samhljóða. Nefnd var kosin á þinginu til þess að fylgja þessu eftir við Alþ., og var enn reynt að þoka einhverju áleiðis þar með því að endurflytja till. til þál. um að Alþ. hlutaðist til um nefndarskipun til athugunar á málinu. En þá var brugðið á næsta dýrt ráð til þess að koma í veg fyrir að Alþ. sýndi þó þetta tillit. Mun það vera einstakt frægðardæmi í sögu vestræns þingræðis, að þrír þingforsetar verði samstiga í svo snörpu hástökki af slíku tilefni.“

Þetta voru orð biskups. Samt er þessi till. endurflutt í óþökk yfirstjórnar kirkjunnar og undrun fjölmargra þeirra sem um þessi mál hugsa í einhverri alvöru.

Ég hef þessi orð ekki fleiri að sinni. Ég óttast, verði þessi till. samþykkt, að hægt verði að henda þessu máli í hálfkæringi á milli manna í hita almennrar kosningabaráttu um almenn þjóðmál, og hætt er þá við að það fái ekki þá meðferð né þá afgreiðslu sem það verðskuldar. Þess vegna vona ég að hv. Alþ. sjái nú loks sóma sinn í því að afgreiða þetta mál á þinglegan hátt á þessu þingi, fyrir væntanlegar þingkosningar, því að nóg eru dægurmálin til að þrasa um í hita þeirrar baráttu, þó að menn hafi þar ekki prestskosningar í flimtingum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn að fara enn þá að ræða um þetta eitt uppáhaldsmál okkar þings nú og á undanförnum þingum. Það er nú ekki aldeilis að menn hafi þagað hér þunnu hljóði og ekki sýnt þjóðkirkjunni og fulltrúum hennar nægan sóma, því að fá mál hafa verið meir hér til umr. en einmitt þetta mál, og menn tala um það að mínu viti af meiri alvöru og meiri ákveðni heldur en um flest önnur mál, sem hér hafa verið rædd, vil ég segja.

Þessi till., sem hér er komin fram um þjóðaratkv., leiðir auðvitað til umr. almennt um þetta mál. Framsaga hv. 1. flm. till. var, eins og vænta mátti af hans hálfu, hógvær og skynsamleg í þá átt, að þarna væri reynt að finna lausn á þessu máli. Og ég get út af fyrir sig skilið það, að þeir, sem hafa áhuga á því að finna þarna aðra lausn jafnvel en þá sem við búum við nú, eitthvað í átt við það, sem Kirkjuþing og klerkar hafa verið að tala um, vilji gjarnan fá að skjóta því máli undir dóm þjóðarinnar. Við því er ekkert að segja út af fyrir sig. Ég segi það hins vegar og tek undir það með hv. þm. Jónasi Árnasyni, að ég get út af fyrir sig stutt þjóðaratkv. um mál. Ég tel að það verði þá að vera mikil stórmál, þar sem um tvísýn úrslit er að ræða meðal þjóðarinnar, hvernig mál fari, og það stór, að þau varði þjóðina verulega miklu, t. d. eins og sjálfsforræði hennar eða eitthvað því um líkt. Þrátt fyrir það að ég telji ástæðulaust að vera að efna til þjóðaratkvgr. um þetta mál út af fyrir sig, þá tel ég þó mikinn mun á þessu og hann gífurlegan hjá því sem var lagt til hér í till. fyrir jólin, að fyrsta þjóðaratkvgr. okkar frá stofnun lýðveldisins væri um það, hvort menn vildu bæta ofan á áfengisvandamál Íslendinga eða ekki. Þetta er auðvitað tvennt ólíkt og ólíkt skaplegra mál þó til að fara með undir þjóðaratkv. heldur en það mál.

Hv. þm. séra Ingiberg Hannesson minntist á það áðan, að þarna yrðu vandkvæði á varðandi þessi 8% sem væru ekki innan þjóðkirkjunnar. Það kann vel að vera, að þarna sé um nokkurt vandamál að ræða, og hv. þm. varð nokkuð tíðrætt um þessi 8% sem gætu kannske haft hér úrslitaáhrif á. En ég vil þá gjarnan að hv. þm. upplýsti prósentutöluna sem hefur verið að krefjast breytinga á því fyrirkomulagi sem við höfum núna. Hvað ætli sú prósentutala sé há? Er það ekki þetta margrómaða Kirkjuþing og litið meira en það? Það væri fróðlegt að fá að sjá prósentuna á móti þessum 8%, sem var svo mikil hætta á að hefðu úrslitaáhrif. Hitt kann vel að vera, að það séu margir orðnir þreyttir á prestskosningum einmitt út af því, hvernig klerkastéttin hefur látið öllum illum látum út af þessu nú síðustu árin. Menn eru orðnir nokkuð þreyttir á því. Þeir eru orðnir þreyttir t. d. á því að heyra ungan guðfræðing lýsa baráttu sinni í prestskosningum þannig, að ég hef varla nokkurn tíma heyrt annað eins, og ég efast um að maðurinn fari með rétt mál í því efni, þar sem hann lýsir því fjálglega og óskaplega, vil ég segja, fyrir hverju hann hafi orðið í prestskosningum hér í Reykjavík. Ég neita að trúa því, að Reykvíkingar

séu svo gerspilltur lýður eins og þessi guðfræðingur lýsir Reykvíkingum. Ég neita alveg að trúa því. Ég þekki a. m. k. ekki þennan lýð, sem betur fer, í minu byggðarlagi eða neins staðar þar í kring, og ég vona að það sé ekki rétt, að svona lýður sé til hér, og það sérstaklega lýður sem hefur alveg sérstakan áhuga á prestskosningum og beitir sér alveg sérstaklega í prestskosningum. Ég vona bara að guðfræðingurinn hafi fengið rangar upplýsingar í sambandi við þessa lýsingu sína, þetta sé ekki rétt, það hafi einhverjir gert þarna úlfalda úr mýflugu.

Ég þarf auðvitað ekki að endurtaka neitt varðandi afstöðu mína í þessu máli. Ég hef verið alveg fullkomlega á því, að við ættum að halda okkur við það fyrirkomulag sem við höfum haft á prestskosningum, en vera tilbúnir auðvitað til þess að laga þá agnúa sem á þeim eru í dag varðandi t. d. utankjörstaðaatkvgr. og annað því um líkt, færa það til nútímalegra horfs. Það tel ég sjálfsagt. Það er eiginlega það brýnasta sem ég tel í þessum efnum.

Ég veit ekki hvort almenningur furðar sig á því, að Alþ. skuli ekki afgreiða þetta mál frá sér. Breytingin hefur ekki komið fram alveg beint á síðustu þingum. Till. til þál. um n. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla fól auðvitað ekki í sér neina endanlega lausn eða afgreiðslu Alþingis á málinu. Það var margtekið fram einmitt og algerlega réttilega af hv. þm. séra Ingiberg Hannessyni, þegar hann flutti framsögu fyrir því máli. Það er hins vegar rétt, að ég held, að skoðun alþm. hafi komið nokkuð vel í ljós. Till. um að fella niður prestskosningar og breyta þá í það horf, að sóknarnefndir, fámennur hópur, kysu presta, eða þá að skipa menn beint í embætti, — ég held að sú breyting eigi ekki meirihlutafylgi hér á Alþ. Í því efni breytir auðvitað engu hvað sá ágæti maður, biskupinn, er að segja, að hann furði sig á því að menn skuli ekki bara hlýða hans raust og hans félaga. Það breytir vitanlega engu í þessu efni. Sem betur fer taka menn afstöðu í þessu máli út frá eigin sjónarmiðum, en fara ekki algerlega eftir einhverju ritúali.

Ég vil taka það fram í sambandi við öll þessi mál, að ég skil blátt áfram ekki þetta sem maður heyrir æ ofan í æ, að þessar kosningar séu óhemjulega miklu verri og meira mannskemmandi en aðrar kosningar. Ég neita að trúa því. Ég hef sjálfur tekið þátt í prestskosningum, gerði það á s. l. vori síðast. Ég varð ekki var við nokkurt slíkt. Þar voru tveir menn í framboði til prests. Það var töluverður hiti í mönnum með hvorum umsækjanda um sig, og menn ræddu um það, hvorn menn vildu heldur fá sem sálusorgara sinn. En ég heyrði ekki nokkurn skapaðan hlut mannskemmandi eða meiðandi í því sambandi. En ég heyrði annað og það get ég staðfest og vil koma hér að og segja mjög ákveðið, að það voru ótrúlega margir sem sögðu þá, að nú hefði verið ljótt ef það hefði verið búið að taka af þeim þennan rétt að velja sér prest. Þeir voru ótrúlega margir og yfirgnæfandi meiri hluti ábyggilega í þessum söfnuði. Og það voru margar áskoranir sem mér bárust a. m. k. þá um að láta ekki bilbug á mér finna varðandi það að standa fast á skoðun minni í þessu efni og halda áfram að vera á móti þessari breytingu. Fólk var hins vegar sárt yfir því t. d., af því að það var fjarverandi, að mega ekki njóta síns eðlilega réttar og kjósa sér prest. Það er ekki hægt samkv. núgildandi lögum. Utankjörstaðaatkvgr. er þar ekki leyfð. Ég held að það sé auðvelt úr því að bæta.

Ég sem sagt álít að þessi till. sé gerð til sátta í þessu máli og til að koma þessu máli á þann veg, að allir geti um þetta fjallað við ákveðna þjóðaratkvgr. En ég er henni andvígur. Ég get ekki séð að til þessa sé nein ástæða. Ég gæti hins vegar stutt hana út af fyrir sig af þeim ástæðum, að ég er ekki hræddur við úrslit þessarar atkvgr., ég er sannfærður um hvernig hún fer — nema þá að Reykjavík sé orðin eins óskapleg og menn hafa verið að lýsa henni, að þar sé kominn upp einhver meiri hluti sem vill losna við þetta og láta taka þennan kaleik frá sér ef nokkur kostur væri. Það kann að vera.

En það er annað atriði, sem mér kom í hug í sambandi við þetta, og það er að nú starfar n. að þessum málum. Þrír nm. sitja hér í salnum, allt mætustu menn og ágætustu. Þessi n. var skipuð af dómsmrh. í sumar sem leið, að ég hygg, og hefur starfað vel og ég hygg skynsamlega að málum. En mér þótti galli á gjöf Njarðar varðandi þessa nefndarskipun, varðandi t. d. okkar þinglið, — þá tel ég hv. þm. Geirþrúði Hildi Bernhöft náttúrlega í þeim hópi, — að þrír menn skyldu úr þingliði skipaðir allir á sömu skoðun, yfirlýstri skoðun hér á Alþ. um þetta mál. Það hefði verið svolítið viðkunnanlegra hjá hæstv. dómsmrh., en hann er ekki hér viðstaddur og ekki hægt að fara nánar út í það, að hann hefði leyft einhverju öðru sjónarmiði hér á þinginu að komast inn í þessa n. Það kann að vera að það sjónarmið komi annaðhvort frá prestsfrúnni blessaðri, sem þarna er eða prestinum, þeim mæta manni, sem var sóknarprestur minn áður og er hinn ágætasti maður. Það kann vel að vera að þau sjónarmið hafi komið þar, en þau komu ekki úr þingliðinu, það er áreiðanlegt. Það er, að ég best veit, einlit hjörð, nema svo blessunarlega vilji til að einhver af þessum aðilum hafi skipt um skoðun.

Ég ætla aðeins að segja þetta núna, því að þetta er margrætt mál frá minni hálfu og skoðun minni verður ekki í þessu haggað. Ég tel afstöðu þess fólks, sem ég ræddi við í sumar og var að kjósa sér prest þá, fullt eins marktæka og Kirkjuþings og jafnvel herra biskupsins yfir Íslandi. Og ég hef ekki orðið var við í minu nágrenni annað en að skoðanir Kirkjuþings ættu vægast sagt mjög lítlu fylgi að fagna, enda bekkjum við Austfirðingar blessunarlega ekki, a. m. k. nú síðan ég fór að fylgjast með, — við þekkjum ekki dæmi um þennan hryllilega sora sem kemur inn í málin um leið og prestar birtast á vettvangi, að eigin sögn, til þess að láta velja um sig.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þó að hér sé nú til umr. till. til þál. um þjóðaratkv. um prestskosningar, þá fer náttúrlega ekki hjá því að það verði rætt eitthvað um það sem hér býr á bak við og hefur verið til umr. á mörgum

undanförnum þingum, en það er afnám prestskosninga í núverandi mynd.

Varðandi þessa þáltill. vil ég aðeins segja það, að í mínum huga er þetta ekki svo stórt mál að það þurfi að fara undir þjóðaratkvgr. Ég tel að Alþ. sé fyllilega í stakk búið til þess að taka afstöðu í þessu máli, og raunar er í mínum huga þegar tekin afstaða í málinu, því að í mínum huga er meiri hl. hér á Alþ. gegn því að afnema prestskosningar. Hins vegar má segja það, að það sé blettur á Alþ. að hafa ekki látið þetta mál fá þinglega meðferð. En það verður því miður að segja um mörg fleiri mál heldur en þetta, sem eru hér uppi á Alþ. ár eftir ár og kannske áratug eftir áratug án þess að fá þinglega meðferð, þannig að þetta mál er ekki eitt þess eðlis að þingið hafi ekki tekið formlega afstöðu til þess.

Ég þykist vita að hæstv. forsetar séu hér að reyna að fara bil beggja þeirra hópa sem hafa látið í sér heyra á Alþ. í afstöðu til málsins. En ég veit ekki til þess, — ég bið hæstv. forseta afsökunar ef ég man ekki rétt, — ég man ekki til þess að neinn af hv. flm., sem eru hæstv. forsetar, hafi á nokkru stigi umr. um málið tjáð afstöðu sína til þess, hvort þeir væru meðmæltir því að afnema prestskosningar í núverandi mynd eða ekki. Ég minnist þess ekki. Og ég vil fyrir alla muni fá að vita hver afstaða flm. málsins er til þess, hvort afnema eigi prestskosningar eða ekki. Hins vegar minnist ég þess úr sjónvarpsþætti sem fluttur var ekki alls fyrir löngu, þar sem einn af hv. flm. var þátttakandi, að ég a. m. k. skildi afstöðu þessa hv. þm., hæstv. forseta Nd. Alþ., á þann veg, að sá hæstv. forseti væri með því að afnema prestskosningar. En þetta hefur ekki komið fram mér vitanlega innan Alþingis.

Ég skal taka það strax fram, að ég er fylgjandi því að þjóðin fái að skera úr málum í þjóðaratkvgr. En þá þyrftu það að vera eða ættu að vera í mínum huga hin stærri mál sem á þann veg væri vísað til þjóðarinnar til úrskurðar. En ég tel að þetta mál sé ekki þess eðlis, að það sé svo stórt í sniðum að Alþ. sé ekki fullbært til þess að taka ákvörðun um það og skera úr um hvort horfið verður að samþykktum eða kröfum Kirkjuþings eða hvort áfram verður haldið þeim lýðræðislegu kosningum sem við höfum búið við um áratugaskeið. Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um hver yrðu úrslit þjóðaratkvgr. varðandi þetta mál. Ég er sannfærður um að meiri hl. almennings í landinu er á móti því að skerða þann lýðræðislega rétt sem hann hefur nú til þess að velja sér klerk.

Svo er varðandi þetta mál sá galli á, hvernig ætla menn að spyrja. Á bara að spyrja viðkomandi kjósanda: Vilt þú afnema prestskosningar í núverandi mynd? — og ekkert meir. Hvað á að koma í staðinn ef þetta yrði samþykkt, sem ég veit að verður ekki? Þess vegna væri auðvitað óhætt að fara út í þetta svona, en hvað ætti að koma í staðinn ef það verður samþykkt? (StJ: Löggjöf.) Löggjöf, segir hv. þm. Stefán Jónsson. Það nægir mér ekki. Löggjöf í hvaða átt? Hvernig? (StJ: Um aðra skipan.) Hvaða aðra skipan? (StJ: Að vilja meiri hl. Alþ.) Að vilja meiri hl. Alþ. Vilji meiri hl. Alþ. hefur ekki fengist fram í þessu máli. Og mér býður í grun að hann fengist ekki fram. Nú er ég auðvitað að miða við skipan Alþ. eins og hún er núna. Þetta getur auðvitað breyst á komandi sumri, en ég vona að þeir verði fleiri þá sem eru andstæðingar þess að afnema lýðræðisleg réttindi kjósenda, fleiri á Alþ. eftir kosningar en nú eru, og þess vegna hygg ég að það verði síður en svo meirihlutavilji fyrir því á Alþ. að setja löggjöf um veitingu prestsembætta á þann veg, að tekinn sé rétturinn af fólkinu sjálfu til að kjósa. Og hvað þá? Hvað á þá að gera? Ég held nefnilega að það verði að fylgja þjóðaratkv. í þessu tilfelli val: Vill almenningur, vill kjósandinn hafa það eins og það er eða vill hann þetta ákveðna annað form? Það tel ég þurfi að fylgja með. En ég skal ekki tala miklu meira um það. Ég segi eins og flestir hafa sagt sem hér hafa talað: afstaða mín til þessa máls er alveg hrein og klár. Ég mun aldrei greiða því atkv. hér á Alþ., að tekinn verði sá réttur, sá lýðræðislegi réttur af almenningi í landinu að fá að kjósa sér klerk.

Það er ýmislegt, sem kemur fram í grg. með þessari þáltill., sem ástæða væri til að víkja örfáum orðum að. Þó að menn tali hér um að þeir ætli ekki að eyða dýrmætum tíma Alþ. í að tala um þetta mál langan tíma, þá er þetta mál í mínum huga það stórt, að það er fyllilega þess vert að eyða — þó um væri að ræða — dýrmætum tíma Alþ. En ég sé nú ekki að það séu mikilsverðari mál sem til umfjöllunar eru a. m. k. nú, en þetta mál, þannig að ég tek ekki undir það með hv. þm. séra Ingiberg Hannessyni, að það sé ekki ástæða til þess að ræða þetta mál fullkomlega, þó að um væri að ræða að eyða dýrmætum tíma þingsins í það.

Við höfum öll heyrt ástæðurnar fyrir því, að Kirkjuþing vill breyta þessu frá því sem nú er. Mér skilst að frumástæðan sé sú, að sjálfir klerkarnir geta undir engum kringumstæðum talið sig una því lengur að þurfa að taka þátt í almennum kosningum, almennum prestskosningum, vegna þess að þá komi upp sá mesti sori sem hugsanlegur sé innan þjóðfélagsins, rógur alls konar og allt illt sem þá komi upp á yfirborðið í kosningum af þessu tagi. En þessir sömu einstaklingar margir hverjir kveinka sér ekki við því að fara í annars konar kosningar. Þeim fjölgar. sem betur fer má kannske segja, klerkum sem eru reiðubúnir til þess að taka þátt í prófkosningum, hvort sem um er að ræða sveitarstjórnir, bæjarstjórnir eða prófkjör innan stjórnmálaflokkanna til alþingiskosninga. Mér er spurn: Er það virkilega svo varðandi þessar einu tilteknu almennu kosningar, þ. e. a. s. prestskosningar, að í þeim kosningum einum komi upp þessi alræmdi sori í hugarfari kjósenda, sem sé þess valdandi, að það sé gersamlega vonlaust að fá nokkurn klerk til að taka þátt í slíku, en hann geti tekið þátt í alls konar öðrum kosningum, hverju nafni sem nefnast, þó að það sé innan beirra marg- eða illræmdu klíkna sem stjórnmálaflokkar kallast? Þar er enginn skortur á klerkum til að taka þátt í prófkjöri, og ég er ekki að mæla á móti því, síður en svo. En mér finnst þetta skjóta skökku við. Í mínum huga er hér um að ræða kröfu — ég veit það ekki —

kannske tiltölulega fjölmenns hóps innan klerkastéttar, en ábyggilega ekki fjölmenns hóps innan hinna almennu safnaða, um að hrifsa nú allt í einu kosningarrétt af almenningi. Krafa af þessu tagi, um afnám prestskosninga, er krafa um að skerða lýðræði almennings í landinu, og því er ég á móti.

Þó að það sé fullyrt einstaka sinnum og ætti að vera af ábyrgum aðilum, að það sé svo og svo stór hópur sem standi að þeirri kröfu að afnema prestskosningar, þá dreg ég í efa að sá hópur sé ýkjastór. Hv. þm. Ingiberg Hannesson sagði áðan, að almenningsálitið væri í vaxandi mæli gegn prestskosningum. Hvaðan hafa menn það? Hvaðan hefur hv. þm. það, að almenningsálitið í landinu sé í vaxandi mæli gegn prestskosningum? Mér vitanlega hefur engin slík könnun átt sér stað, og ég hygg að það sé tiltölulega lítið prósentubrot af hinum almennu safnaðarmönnum í landinu sem Kirkjuþing er spegilmynd af í þessum efnum og líka safnaðarfundir, þó að menn vilji hopa í það vígi, því að því miður, a. m. k. þar sem ég þekki til, eru safnaðarfundir almennt fámennir og illa sóttir, þannig að það er ekki heldur spegilmynd að mínu viti.

Ég get út af fyrir sig skilið það og tekið undir það með hv. þm. Ingiberg Hannessyni, að fólki þykir kannske furðulegt að mál sem þetta skuli ekki fá þinglega meðferð og ákvörðun tekin, á hvern veginn sem það yrði, en þá væri málið líka úr sögunni í bili. En ég vísa algerlega á bug þeim ummælum, hvort sem þar er um að ræða klerka eða aðra einstaklinga, að Alþ. hafi ekki sýnt þessu máli verðskuldaða athygli að því leytinu til, að líklega hefur ekkert mál verið meira rætt hér á Alþ. á undanförnum árum heldur en einmitt þetta, þannig að a. m. k. viss hópur alþm. hefur sýnt því tiltekna virðingu, skulum við kannske segja. Ég hygg að allir þeir, sem um þetta mál hafa talað, hafi talað um það af fullkominni ábyrgðartilfinningu. Og hvað sem biskupinn yfir Íslandi segir um það, að hér séu menn — þá þm. — að tala um mál af hálfkæringi, mál sem þeir hafi svo að segja ekki hundsvit á, þá vísa ég því heim til föðurhúsanna. Þó hér sé um að ræða sjálfan biskupinn yfir Íslandi, þá hefur hann ekkert leyfi til að tala á þennan hátt. Mér er ekki kunnugt um að neinn þm. hafi ekki talað í þessu máli af sinni innstu sannfæringu. Menn hefur greint á og það er eðlilegt, en enginn hefur haft þetta mál í flimtingum. Og ég hygg að flestir, ef ekki allir þeir hv. þm. sem um málið hafa fjallað hér, hafi fullkomlega jafnmikið vit á því og sjálfur biskupinn, hvað er um að ræða. Og þeir eru ekkert síður í tengslum við hið kirkjulega starf, hver á sínu sviði, og þenkingar almennings til kirkjunnar heldur en biskupinn og vita því fullvel um hvað þeir eru að tala.

Hv. þm. Ingiberg Hannesson vitnaði hér í synoduserindi sjálfs biskupsins, það síðasta, sem var í sama dúr og annað það sem hann hefur látið frá sér fara varðandi afstöðu þm. til þessa máls. Það var við umr. á síðasta Alþ. vitnað í ummæli sjálfs biskupsins sem hann viðhafði í sjónvarpsþætti í þann tíð og voru heldur ófögur í garð Alþ. og alþm. En það má biskupnum vera ljóst, að hann vinnur máli þessu ekki fylgi með tali í þeim dúr sem hann hefur viðhaft um þetta. Sem betur fer er það nú að verða í æ ríkari mæli, að hv. alþm. taki afstöðu til mála eftir eigin sannfæringu, ekki eftir því hvaða afstöðu þessi eða hinn einstaklingurinn hefur, þó hátt sé settur, heldur af eigin sannfæringu, og það er vel.

Ég sagði áðan að Kirkjuþing er engin æðsta stofnun yfir Alþ. í þessum efnum frekar en önnur samtök í landinu. Það er sjálfsagt að það láti í sér heyra, það geri sínar samþykktir. En það er ekki jafnsjálfgefið að allir alþm. séu í raun og veru skikkaðir til þess að fara í einu og öllu að því sem þar er gert. Það er síður en svo. Alþingi verður auðvitað í þessu efni sem og öllum öðrum að taka afstöðu, hvort sem það er með eða móti sannfæringu biskups eða Kirkjuþings eða hvers annars aðila í þjóðfélaginu. Alþ. verður sjálft að taka ákvörðun og þm. í áframhaldi af því að sjálfsögðu að standa eða falla með eigin gerðum. Og ég er viss um það, að hver sá þm., sem er á móti því að afnema prestskosningar, stendur miklu betur að vígi en hinn, sem er með því. Það er ekkert vafamál. En það er ekki það sem um ræðir í mínum huga. Sannfæring mín er sú, að það sé til hins verra að taka þennan lýðræðisrétt af þegnum þjóðfélagsins, að þeir fái í almennum lýðræðislegum kosningum að velja sér sálusorgara. Og mér er alveg sama hversu margir koma hér upp eða hvað klerkar almennt úti um allt land segja um það, þeir séu að bera sig saman við sýslumenn, lækna og annað því um líkt í hinu opinbera kerfi, þeir vilji fá skipun eða setningu á borð við þessa embættismenn, en þurfa ekki að ganga til kosninga, — ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki neitt það embætti til í landinu sem sé sambærilegt við það embætti sem sannkallaður sálusorgari á að sinna. Og þess vegna á fólkið sjálft að fá að ráða því, hvaða prest það velur sér til starfa. Og það er alveg sama hvað klerkar kvarta mikið undan því, hvað möguleikar þeirra til þess að flytjast um set í prestaköllum séu skertir. Þeir verða að una því að fólkið fái sjálft að ráða því, hvaða klerk það velur.

Auðvitað er þetta ekkert vandamál fyrir vel þenkjandi menn og merkilega klerka. Það má vel vera að þetta sé eitthvert vandamál fyrir suma hverja, sem verr eru í stakk búnir og verr af guði gerðir til þess að þjóna kölluninni. En þá verða þeir að taka því, það er ekkert um það að ræða. Þeir verða eins og aðrir að ganga undir þann dóm að hlíta úrskurði almennings í almennum kosningum og taka þar af leiðandi á sig ef eitthvað er við þá að athuga umfram aðra. Þeir geta ekki undan því vikist.

Ég vil hins vegar segja það, að ég tel miklu frekar koma til greina að breyta í þessum efnum í þá átt, að ef klerkur reynist á einhvern hátt illa, — ég tala nú ekki um ef hann reynist með þeim hætti að það er talið óþolandi, — þá séu möguleikar til þess með eðlilegum hætti að losna við hann. (SvH: Án aftöku?) Það fer eftir því í hvaða merkingu hv. þm. talar um aftöku. (Gripið fram í.) Ég tel það fyllilega koma til greina og ég meina það fullkomlega, — ég bið hv. þm. að setja þetta ekki í samband við það sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði, því að ég ætla ekki

að svara honum í þessum dúr, — en ég tel fyllilega koma til greina að breyta í þá átt t. d. að klerkar séu kosnir á 10 ára fresti eða 8 ára, tvö kjörtímabil alþm. t. d. Það þætti þm. flott, sumum hverjum a. m. k., ef þeir gætu verið í 8 ár rólegir í sínu sæti án þess að þurfa að hafa áhyggjur. Ég tel að það sé sjálfsagt að gera breytingar í þessa átt. Við vitum auðvitað dæmi þess um klerk, sem fengið hefur ágætiskosningu, að það getur ýmislegt komið upp sem veldur því að megn óánægja verði í söfnuðinum þegar frá líður. (Gripið fram í.) Það er fullt af hugsanlegum ástæðum. Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. með því að telja þær upp hér, en í mínum huga er fullt af ástæðum sem geta valdið því að megn óánægja verði með klerk, ekkert síður en þm., og ég vænti þess, að hv. þm., sem greip fram í, viti einhver dæmi um óánægju með þm. En þetta er breyting sem ég tel að komi fullkomlega til greina.

Ég skal svo að síðustu taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan út af nefndinni margumtöluðu sem hæstv. kirkjumrh. hefði getað skipað fyrir 3 árum eða 6 árum eða 10 árum til þess að gera till. í þessu máli. Það er fráleitt að skipa í þessa n. alla fulltrúana frá Alþ. með sömu skoðun, en þá verð ég að hafa þann fyrirvara á: ef þeir eru það enn. Þeir voru það síðast þegar heyrðist í þeim. En ég vænti þess, að við það að koma út á meðal fólksins, hins almenna safnaðarfólks og kjósenda og hlusta á mig ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni sem líka hefur talað í málinu, þá hafi a. m. k. dregið úr þeirri afstöðu þeirra að vilja umfram allt afnema prestskosningar. Ég vona að hæstv. kirkjumrh. hafi haft einhverja vitneskju þar um og þess vegna sé þetta kannske réttlætanlegt, skipun þessarar n. með þessum hlutföllum frá Alþ. sjálfu. Sé það ekki, þá er ófyrirgefanlegt af hæstv. ráðh. að setja í þetta einlita hjörð alþm. að þessu leyti til, með sömu skoðun, vitandi að það var ágreiningur og það mikill uppi á Alþ. í afstöðunni til þessa máls.

Kannske er ég búinn að tala of lengi. Mér kæmi ekki á óvart þó að ég þyrfti aftur að taka til máls í þessu máli. En ég veit að hv. þm. Sverrir Hermannsson er búinn að biðja um orðið, og ég veit að hann tekur þá við hér og heldur áfram í sama dúr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um þjóðaratkvæði um prestskosningar, og hún er flutt af hvorki meira né minna en öllum þrem aðalforsetum þingsins. Hér á að láta til skarar skríða. Mikils þykir nú við þurfa. Og till. er þess efnis, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta fara fram þjóðaratkvgr. jafnhliða næstu alþingiskosningum um það, hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar.

Þetta er ekki nýtt mál hér á Alþ. Það hefur verið rætt töluvert öðru hverju á liðnum árum. Ég hef nokkrum sinnum tekið til máls um þetta efni, og þó að hv. síðasti ræðumaður þykist geta lesið í hug okkar — ég held allra sem hér erum í d. — og hann spyrji um það af eðlilegum ástæðum, hvort við séum sömu skoðunar og áður og fyrrum, þá er þetta ekki svo einfalt mál.

Það, sem ég hef aðallega gagnrýnt í þessu máli, er að mér hefur fundist Alþ. og alþm. daufheyrast við erindum og ályktunum Kirkjuþings. Ég hef ekki rætt þetta mál mikið efnislega, ég veit, að um það eru skiptar skoðanir. Það má vel vera að margir séu meðal okkar þjóðar sem vilja halda prestskosningum. En það væri ekki undarlegt þó einhverjir teldu e. t. v. ástæðu til að breyta einhverju í lögunum frá 1915. En svo er það nú samt, að hvort sem þetta mál hefur verið flutt í frv.-formi eða formi þáltill. á liðnum árum, þá hefur alltaf gerst sama sagan, að hér hefur þyrpst upp í ræðustólinn flokkur manna sem hefur sagt að aðalinntakið í öllum umræðum um breytingar væri að svipta landsmenn hinum lýðræðislega rétti til að velja sér sálusorgara.

Lög um Kirkjuþing voru sett, að ég ætla, 1957. Um hvað fjalla þau lög? Kirkjuþing er þing lærðra og leikra sem kemur saman annað hvort ár til að fjalla um málefni kirkjunnar. Ég held að það hafi tekið forráðamenn kirkju og kristni hér á landi ásamt leikmönnum meira en hálfa öld að fá samþykkt lög um Kirkjuþing. Ég ætla að frv. þess efnis hafi verið hreyft rétt upp úr aldamótunum síðustu, en það kostaði alla þessa löngu baráttu, milli 50 og 60 ár, að fá frv. samþykkt hér á hv. Alþ. Í þessum lögum segir svo efnislega, tilfært eftir minni, að Kirkjuþing eigi ályktunarrétt um mál sem varða kirkju og kristni. Það segir enginn og hefur enginn haldið því fram hér, að ég held, að Alþ. þurfi að hlíta ályktunum Kirkjuþings í einu og öllu, alla þessa löngu baráttu, milli 50 og 60 ár, að sýna þessari stofnun þá virðingu a. m. k. að taka við till. og erindum frá því þingi og sjá um að þau fái þinglega meðferð hér á hv. Alþ. En sannleikurinn er sá, að þeim mönnum, sem vilja láta gömlu lögin frá 1915 óbreytt standa í einu og öllu, hefur í raun og veru tekist að koma í veg fyrir að þetta mál hlyti þinglega meðferð á undanförnum árum. Og þeir koma laglega upp um sig hér í grg. Þar segja flm. eitthvað á þessa leið: Frv. þess efnis frá Kirkjuþingi kom fram fyrst á Alþ. 1962—1963. (Gripið fram í: Hvaða þm. segja það?) Það segir í grg. með þessari þáltill. (Gripið fram í: Frá forsetum?) Já. „Þetta frv. var lagt fram á Alþ. 1962—1963," segja þeir ágætu menn. „Ein umr. fór fram um frv. og var það ekki tekið á dagskrá framar." Hverjir ætli semji og ræði á dagskrá hér á hv. Alþ.? Svari þeir sem það vita gerst. Síðan er haldið áfram: „Árið 1964 var sama frv. lagt á ný fyrir Alþ. Fór nú enn á sömu leið og hið fyrra sinn," og er ekki laust við að gæti nokkurs hóls í þessari ritsmíð, „að aðeins ein umr. fór fram um málið." Það var sem sé ekki tekið á dagskrá aftur. Og í þriðja sinn var frv., eftir því sem hér segir, vísað til ríkisstj. Á svipaða lund fór um tvær þáltill. sem hreyft hafa þessu máli nú á síðari árum. Það er ekki furða þó að hinir ágætu forsetar vorir séu allstoltir yfir þessari meðferð mála og sjái nú ástæðu til þess að hreyfa því hér í veglegri þáltill. (Gripið fram í: Voru flm. till. forsetar 1962?) Ja, ég man ekki hverjir fluttu hana 1962. En ég

er að leitast við að rifja upp hina þinglegu meðferð málsins eins og hæstv. forsetar lýsa henni sjálfir í eigin grg. Og svo segja þeir sem svo: Af þessu má ljóst vera, að málið er fast sótt af hálfu Kirkjuþings. Og því er ekki að neita, að Kirkjuþing hefur lagt á það nokkra áherslu að erindi, sem þaðan koma, séu tekin til venjulegrar þinglegrar meðferðar hér á hv. Alþingi.

Hér töluðu næst á undan mér tveir ágætir íhaldsmenn í þessum efnum, hv. 7. landsk. þm. og hv. 5. þm. Vestf., og skal ég síst lasta þá fyrir það, að í máli þeirra kom mjög skýrt fram að þeir vilji ekki afnám prestskosninga. Ég virði það við þá, að þeir hafa lýst þeirri skoðun sinni á einarðlegan hátt og munu ekki eða hafa ekki, að ég man, gert neitt til þess að tefja fyrir málinu á leið þess í gegnum þingið.

Hv. flm. telja svo einhvers staðar síðar í grg., að vegna þess, hversu um mál þetta hefur verið fjallað á þingi, sé málið í sjálfheldu, og leggja nú til að það verði leyst á þennan sérstaka hátt. Þeir segja að þjóðaratkvæði það, sem hér er lagt til, sé sérstaks eðlis, og er víst ekki nokkur vafi á því. Ég tel að þessi till. um að leggja málið undir þjóðaratkvæði, svo ágætt sem þjóðaratkvæði getur þó verið oft og tíðum, sé flótti frá efni málsins, og það eru hæstv. forsetar þrír sem leiða þann flótta, því að það er rétt hjá síðasta hv. ræðumanni, Karvel Pálmasyni, að vilji meiri hluta Alþ. hefur í raun og veru aldrei komið fram efnislega í þessu máli.

Það væri ekki að undra þó að einhverjir agnúar fyndust á lögum um prestskosningar sem svo eru komin til ára sinna eins og ég nefndi áðan. Þess vegna er í sjálfu sér mjög óeðlilegt að menn vilji ekki láta líta á þau lög og endurskoða. Við vitum það öll hér, að kirkjulöggjöfin er orðin mjög gömul. Mikið af íslenskri kirkjulöggjöf er áratuga- og aldagamalt. Það væri því að mínum dómi verðugt verkefni alþm. að hlutast til um að eitthvað af þessari gömlu löggjöf yrði endurskoðað og fært í nútímahorf, eins og nauðsynlegt þykir um löggjöf af flestu tagi á öllum tímum.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það fer ekki hjá því að hv. þm. endurtaki sig allmjög í umr. um þetta prestskosningamál, svo oft og lengi sem það er búið að vera hér á dagskrá. Það er hætt við því, að ég falli í sömu gryfjuna sjálf, því ég hef svo sem ekki ýkjamiklu við að bæta það sem ég hef áður tjáð mig um í umr. um þessi mál. Ég held ég geti í sem allra stystu máli sagt það, og þá endurtekið mig um leið, að það er meira en meðalskömm hvernig Alþingi hefur brugðist við í meðferð á þessu kirkjunnar máli sem hefur borist inn í sali Alþingis ár eftir ár án þess að fá eðlilega afgreiðslu. Mér finnst þessi dæmalausa tregða bera vott um linku og loðinlæpuhátt, sem ég á bágt með að sætta mig við af hálfu þm. Svo koma hér upp menn eins og hv. 5. þm. Vestf., sem hefur í þessu máli sem öðrum haft hvað hæst og átalið mjög Alþ. á sama hátt og ég geri nú fyrir að hafa ekki tekið öðruvísi á þessum málum En ég man ekki betur en síðast þegar þetta mál var hér til meðferðar, þá hafi þessi hv. þm. einmitt fallið í þá gröf sem flestir féllu í, að það var fjallað um allt annað en þáltill., sem var hér til umræðu í fyrra og árið þar áður, snerist um. Menn belgdu sig stórum yfir því, að það ætti ekki að afnema prestskosningar, það ætti að halda þær. Hins vegar hefur hv. 4. þm. Vesturl., séra Ingiberg Hannesson, ítrekað það, sem vitað var, að það mál snerist alls ekki um það, heldur um kosningu n. sem skyldi gera till. um endurskoðun laga um almennar prestskosningar. En hv. þm. komust aldrei út fyrir þetta og að efni málsins, og þess vegna erum við enn eiginlega í sömu sporum. Við erum að tala núna um hvort við eigum að afnema prestskosningar. Að vísu er þessi tillaga í allmiklu beinna sambandi við meginefni málsins en hin tillagan var.

Ég skal reyna að vera ekki langorð hér. Ég held, eins og hér hefur komið fram, að við séum vanbúin að leggja þetta undir þjóðaratkvæði, einfaldlega af því, eins og hefur verið bent á réttilega, m. a. af hv. síðasta ræðumanni og ræðumanni þar á undan, að við vitum ekki hvað kemur í staðinn. Ég tel því miklu eðlilegra og heillavænlegra að sú n., sem nú situr á rökstólum við að endurskoða þessi mál, hefði fyrst skilað áliti, þannig að um það hefði getað orðið almenn umr. og fólk vissi um hvað það væri að kjósa, milli hvers það væri að velja. Þetta liggur í augum uppi. Þess vegna, eftir því sem ég hugsa meira um hvort rétt væri að þessi þjóðaratkvgr. um afnám prestskosninga færi fram í vor hallast ég æ meir að því, að það sé ekki rétt, því fólk væri að kjósa þar nokkuð út í bláinn.

Það er mikið talað um lýðræði. Blessað lýðræðið, það er fallegt orð sem enginn má narta í og enginn má varpa skugga á. En stundum er það togað nokkuð sitt í hverja áttina, þegar mönnum þykir henta þeim málstað sem þeir eru að styðja hverju sinni. Ég vil alls ekki fallast á að það sé afnám lýðræðis þó að þarna komi ekki til almennar kosningar, heldur yrði lagt undir álit viss hóps innan hvers safnaðar hvaða prestur skyldi valinn. Að vísu er lýðræðið þarna aðeins þrengt. En það er ómögulegt að segja að það sé afnumið. Og ég hlýt að segja það, að mér finnst koma fram óverðskulduð lítilsvirðing og vantraust á fólki í safnaðarnefndum landsins sem þarna eiga að vera umsagnaraðili, þ. e. a. s. skv. þeim hugmyndum sem maður hefur heyrt bera á góma. Maður veit í rauninni ekkert hvað lagt er til að komi í staðinn, en þetta hefur heyrst, að safnaðarráð og safnaðarnefndir í hverju prófastsdæmi skuli koma þarna til og meta hver eða hvor umsækjandi skuli valinn.

Það er talað um hversu óendanlega mikilvægt það sé almennum mannréttindum að fá að velja prestinn sinn. Við skulum líka líta til annarra manna sem veita mikilvæga persónulega þjónustu. Það eru kennararnir okkar. Hvað haldið þið að það sé mikils virði fyrir skólabarn að fá góðan kennara sem veitir því handleiðslu og fræðslu eftir því sem best verður við komið? Hvað haldið þið að þetta sé mikils virði hinum almenna nemanda? Við vitum að þessi mál eru í mesta ólestri. Sömu börnin sitja uppi með óhæfa kennara kannske alla sína skólatíð og

biða þess aldrei bætur, ekki bara af því að þau kunni minna í landafræði eða reikningi, heldur af því að maðurinn hefur ekki verið hæfur sem kennari, fyrir utan alla fagkunnáttu. Svona gætum við auðvitað bent á ýmislegt, sem er kannske ekki alveg hliðstætt prestinum, en kemur þó nokkuð nálægt hans hlutverki. Kennarinn er uppfræðari, um leið og hann er almennur kennari, og ekki hefur okkur dottið í hug að færa lýðréttindin það langt, að við ættum að kjósa kennarana okkar í almennum kosningum.

Ég held líka að það sé ekki alveg sambærilegt að bera saman alþm. og presta. Ég þarf ekki að fara nánar út í það. Ég held að það liggi í augum uppi, að starf alþm. fyrir umbjóðendur sína er víðs fjarri því að nálgast verksvið prestsins, það er ekki sambærilegt.

Ég tel felast ákaflega mikinn misskilning og vanþekkingu í orðum þeim sem hv. 5. þm. Vestf. lét sér um munn fara, að það væri ekkert vandamál fyrir prestinn að ganga til kosninga, þ. e. a. s. ef það væri vel þenkjandi maður og merkilegur klerkur. Þetta er náttúrlega svo mikil hyldýpisvanþekking á hlutverki og aðstöðu prestsins sem hugsast getur. Ég hlýt að játa það, að ég held að við leikmenn hljótum að meta nokkuð mikils viðhorf prestanna sjálfra sem reynsluna hafa í þessu efni, sem hafa þurft að ganga í gegnum þann eld sem prestskosningar því miður eru of oft, og það er ekki prestunum að kenna, heldur oftast einhverjum glömrurum sem helst aldrei koma í kirkju, en finna hjá sér hvöt til að setja allt á annan endann þegar farið er af stað með prestskosningar. Illu heilli eru það oft þessir menn sem mestu ráða um svipmót prestskosninga og undirbúnings prestskosninga.

Í þessu viðhorfi Kirkjuþings og margítrekuðum tilmælum til Alþ. um að koma þarna til liðs við vilja presta telst auðvitað að þeir eru reynslunni ríkari af prestskosningum eins og þær eru framkvæmdar í dag. Og ég tel það lítilsvirðingu á prestum, vanmat og óverðskuldað vantraust, að leggja þeim þetta út sem einhverja lítilmennsku og hugleysi. Það er á algerum misskilningi byggt. A. m. k. lít ég þannig á málin.

Með tilliti til þess, sem ég hef sagt hér, tel ég að okkur hefði verið sæmra að samþ. þáltill. sem hér var í fyrra. Ég tel það nokkuð út í bláinn mælt af hv. 5. þm. Vestf. og fleirum, sem hafa tjáð sig hér, að þeir séu vissir um að það sé meiri hl. alþm. með því að afnema prestskosningar. Ég tel þetta álit úr lausu lofti gripið. (Gripið fram í.) Á móti því að afnema prestskosningar. Ég tel þessa staðhæfingu úr lausu lofti gripna. (Gripið fram í.) Það á að prófa það, það er rétt. Raunar þurfum við ekki á þessu stigi málsins að prófa það, hvort við viljum prestskosningar eða ekki prestskosningar, en við eigum að veita okkar fulltingi til þess hér á Alþ., að það megi gera ákveðnar till. sem á síðara stigi málsins kæmi til kasta Alþ. að samþ. eða hafna. En svo langt höfum við því miður aldrei komist, og ég harma þá línu afstöðu Alþ. hingað til. Og ég sé ekki að með því að samþ. þessa till. yrði heiðri Alþ. bjargað í þessu máli.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég fylgdist því miður ekki með fyrri hluta þessarar umr. nú, þannig að það kann að vera að ég endurtaki eitthvað af því, sem þar hefur verið sagt, eða nálgist atriði málsins með kindarlegum hætti þar af leiðandi.

Ég ætla ekki sérstaklega að ræða hér um mannaskipan í þá n. sem hæstv. kirkjumrh. skipaði á liðnu sumri, sem mér skildist á hv. þm. Karvel Pálmasyni að hv. þm. Helgi Seljan hefði orðfært. Ég ætla hins vegar að ræða aðeins um tildrögin og aðferðina hjá hæstv. ráðh.

Ég ætla ekki sérstaklega að ræða hér um mannaræðustól, að Alþ. þarf að fara að gá að sér, að starfsmenn þess, hæstv. ráðh., fari að vilja þess og að hinu leytinu hundsi ekki vilja þess. En mér hefur þótt bera á þessu og þetta bera við. Það er alveg lífsnauðsyn að þeim verði kennd ný lexía, hæstv. ráðh., sem eru því miður ekki viðstaddir nú. Ég hef hér í höndum ljósrit af bréfi frá dóms- og kirkjumrn. frá 20. júlí 1977. Ég heyrði þessa getið í fréttum í útvarpi, þar sem ég ók leiðar minnar, og gerði þetta aðeins að umtalsefni í sambandi við annað mál sem bar á góma á liðnu hausti, en aflaði mér síðan þessa gagns sem ég er nú með í höndum, fékk það sent frá fulltrúa kirkjumrh. Það er ljósrit af bréfi til hv. alþm. Gunnlaugs Finnssonar og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Dóms- og kirkjumrn. hefur ákveðið að skipa n. til þess að endurskoða lög um veitingu prestakalla. Eruð þér herra alþm., hér með skipaður formaður n. Með yður eiga sæti í n. Friðjón Þórðarson, alþm., frú Geirþrúður Bernhöft cand. theol., frú Guðrún Ásgeirsdóttir, Mælifelli," — prestsfrú, það er innskot mitt, — „Skagafjarðarsýslu, og Sigurður H. Guðmundsson sóknarprestur, Hafnarfirði. Ber nefndinni við störf sín að hafa hliðsjón af þáltill. á þskj. 352 um þetta efni sem borin var fram á síðasta Alþ., enn fremur fyrri umfjöllun þessa málefnis á Alþ. og Kirkjuþingi."

Þskj. 352 á þinginu í fyrra er till. til þál. um nefnd til að endurskoða lög um veitingu prestakalla sem Gunnlaugur Finnsson, form. nýju n., Friðjón Þórðarson, nefndarmaður, Gylfi Þ. Gíslason, Ingvar Gíslason, Magnús T. Ólafsson, allt hv. þm., fluttu þá. Það lá alveg ljóst fyrir, þegar þessi till. kom til umr., að hún hafði ekki nægjanlegt fylgi hér á Alþ. til þess að ná samþykki sem ályktun Alþingis. Þetta hefur legið ljóst fyrir árum saman þegar till. þessa efnis hefur borið á góma. Því fer fjarri að ég hafi haft neitt á móti því að slíkar till. yrðu bornar undir lokaatkvgr. af því sem ég er andstæður slíkum till. og hef þóst þess fullviss af undirtektum þm., að engin slík till. ætti hljómgrunn og næði samþykki. En þrátt fyrir þetta, að það virtist liggja ljóst fyrir, að ekki væri fylgi fyrir þessari till., þá leyfir hæstv. dómsmrh. og kirkjumrh. sér að skipa n. sem á að fara í störfum sínum eftir efni þessarar þáltill. Ætli þessum hæstv. ráðh. væri ekki nær að framkvæma þær þál. sem Alþ. hefur samþ. og vinna sem duglegast

að því og láta vera að fara að framfylgja till. hér á Alþ. sem hafa ekki verið samþ. Þessi vinnubrögð eru auðvitað gersamlega óhafandi. Árum saman hafa verið bornar fram till. í þessa átt, og þær hafa aldrei hlotið afgreiðslu og undirtektir verið með þeim hætti, að fastlega má gera ráð fyrir að þær hafi ekki notið meirahlutafylgis, enda verður því vart trúað, að ella hefðu þær ekki gengið fram, af því sem málið er sótt af sliku ofurkappi af kirkjulegum yfirvöldum og fleirum sem raun ber vitni um. Það er þýðingarlaust fyrir hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugu Bjarnadóttur, að halda því fram, að það sé með öllu óreynt að slíkar till. eigi ekki meirihlutafylgi í Alþ. Ekki árum, heldur áratugum saman hefur verið gerð til þess arna tilraun, en alltaf mistekist, vegna andstöðu þm. að sjálfsögðu. Skiptir engu máli í því sambandi hvort formleg afgreiðsla hefur farið fram eða ekki.

Eins og ég sagði, um skipan þessarar n. hirði ég ekkert. Það lítur svo út að hún sé valin einvalaliði þeirra sem vilja breyta þessum reglum og þessum lögum, þó mér sé hins vegar ekki kunnugt um afstöðu einstakra manna þar. En prestlegir eru þeir, ef undan er skilinn hv. þm. Friðjón Þórðarson. Mér skildist að ein röksemd í hans máli, hv. þm., sem er því miður horfinn af vettvangi, væri sú, að lögin væru gömul. Það er með ólíkindum að heyra fyrrv. sýslumann tala í þessum dúr, að lög séu þess vegna óhafandi að þau séu orðin gömul. Hann veit það manna best, að við búum enn við ýmsar lagagreinar sem eru miklu eldri og mundi vera óbúandi raunar í landinu ef þeim væri ekki stranglega haldið við. Það var á sínum tíma, eitt árið, borin fram ein slík till. um endurskoðun á lögum um veitingu prestakalla, og þá létu menn sem svo, að þetta væri ekki í öðru skyni gert en því að líta á gömul lög, endurskoða gömul lög. Og hvað geta menn haft á móti því? — spurðu þeir og gerðu sig strangheiðarlega í framan. Þá vildum við nokkrir þm. verða við þessari ósk þessara hv. þm. um að endurskoða lögin og vildum samþ. till. þeirra með svo hljóðandi brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 1. málsgr. tillgr. bætist:

Þó skal endurskoðunin ekki hafa í för með sér afnám prestskosninga í núverandi mynd.“

Þá virtist minnka allur áhugi á því að líta ofan í þessi afgömlu lög, þannig að ekki varð úr frekari aðgerðum að því sinni, hvorki því sinni né áður fyrr um áratugi hér á Alþ., þar sem eftir hefur verið leitað að hrinda þessum lögum sem menn gera nú lítið úr að varðveiti neinn lýðræðislegan rétt, telja nú að menn seilist um hurð til lokunar þegar þeir tala um það háfleygum orðum að þarna sé verið að ræna menn lýðræðisrétti. Þeir um það sem ekki meta þessi embætti meira en svo, að þeir telja þann rétt einskis virði sem fólk hefur til að velja sér sálusorgara. Það er þeirra mál. En ég fyrir mitt leyti álít, að það eigi ekki að ræna fólk þeim rétti, og hef löngum haft þá skoðun, að prestar séu ekkert of góðir til þess að þola dóm kjósenda og sóknarbarna um sig í þetta embætti, fremur en við alþm. á fjögurra ára fresti og jafnvel skemur til starfa hér á hinu háa Alþingi. Að vísu er það galli, að þeir skuli vera kosnir ævilangt, því margur hefur að sjálfsögðu reynst þannig í þessari stöðu að þurft hefði að koma við endurtekinni atkvgr. En allt um það, ég gæti hugsað mér, að það yrði kosið almennum kosningum í miklu fleiri embætti en gert er. Þá held ég að mundi skapast miklu meira aðhald að embættismannalýðnum okkar. Það atriði þarf nauðsynlega að taka til mjög skarprar athugunar á Alþ., hvernig þeir hafa náð að segja má undirtökum í þjóðfélaginu, náð undir sig völdum og rétti sem hið háa Alþ. á að hafa. En það er lengri saga sem ekki verður vikið frekar að hér að sinni. Á hinn bóginn er það líka rétt og víst, að Alþ. hefur afsalað sér þessum völdum í þeirra hendur og ber höfuðsök á því, að svo er komið sem raun ber vitni, að við stynjum undir þessu foldgnáa fjalli embættismannavaldsins.

En hverju verður það borgnara þó að við afnemum þessi lög og fólk fái ekki lengur að velja mann til þessa mikilvæga embættis, sem menn, eins og ég sagði áðan, virða ekki meira en svo að gera ekkert með þennan rétt fólksins? Hverju verður að borgnara? Það fæ ég ekki með nokkru móti séð. Það er til reynsla fyrir þessu og hún er oftast ólygnust. Danir hafa haft þetta svona í 30 ár eða 35 ár, og hafa menn kynnt sér hver reynsla þeirra er? Líklega er reynsla þeirra orðin nær 40 ára, og auðvitað er reynslan sú, að varla hefur nokkur maður verið skipaður í arðgefandi og gott prestsembætti í Danmörku nema hann væri af húsi sósíaldemókrata í öll þessi ár. Hvernig heldur hv. 9. landsk. þm., frú Sigurlaug Bjarnadóttir, komin út af Vigurklerkinum, að færi fyrir kristninni í landinu ef nú um áratugaskeið yrðu eingöngu skipaðir prestar í embætti af húsi Framsóknar. Þetta er auðvitað gáta sem ekki verður svarað í fljótu bragði, en kannske mundi þá ýmsum þykja þrengjast fyrir dyrum í hinum andlegu efnum.

Nei, það er mikill misskilningur, ef það er álit einhvers að þessi afstaða mín t. d. sé af einhverri fordild mótuð eða að ég hafi ekki fullan hug á málinu. Öðru nær, ég þykist sjá fram á að þessi ásókn á hendur Alþingi um breytingu í þessu efni eigi skylt við valdabrölt hjá æðstu mönnum kirkjunnar. Sagði ekki hv. þm. frú Sigurlaug eitthvað í þá átt, að þetta mundi verða borið undir álit viss hóps í sókninni, hver yrði valinn prestur, þ. e. a. s. safnaðarnefnd? Dettur hv. þm. í hug að þar með mundu öll átök verða úr sögunni um skipan prestakalla? Þá mundu átökin auðvitað beinast inn fyrir dyrnar í þeirri safnaðarnefnd með ósköpum. En eins og ég sagði áðan grunar mig að þarna séu þeir kirkjunnar menn, æðstu menn kirkjunnar, að seilast til frekari valda, þeir vilji fá að skipa þessa menn og ráða því, hverjir skipa prestaköllin. Og þeir fikjast í þau völd og þann rétt sjálfir, en telja réttinn einskis virði ef hann á að vera fólksins.

Ég ætlaði með orðum mínum einvörðungu og aðallega, eins og ég sagði, að gera að umtalsefni þessa fáránlegu málsmeðferð, að við skulum reyna það af ráðh. vorum í fyrsta lagi, að þeir taki upp á því að framkvæma ályktanir sem höfðu ekki verið afgreiddar og fyrirsjáanlega höfðu

ekki fylgi á hinu háa Alþ. Ég veit ekki hvort þessi aðfinnsla eigi erindi til hæstv. forseta vors, hæstv. forseta Sþ., að hann komi slíkri aðfinnslu áleiðis til ráðh. vorra, starfsmanna hins háa Alþ., vegna þess að ég fæ ekki betur séð en að þetta séu þingsafglöp. Ég skal ekki um það dæma, en mikið má vera ef það getur ekki verið erindi fyrir hann að benda hæstv. ráðh. á hver séu takmörk starfssviðs þeirra sem snúa að Alþ., að hinu háa Alþingi. Þetta er það alvarlegasta í sambandi við málsmeðferðina sem ég vil mjög stranglega finna að.

Varðandi þáltill. sjálfa um þjóðaratkvgr., þá get ég út af fyrir sig fellt mig við þá aðferð, þó að ég sé heldur tregur til að greiða atkv. með slíkri allsherjaratkvgr. En heyrðist mér það rétt, að fylgismenn afnáms prestskosninga væru andstæðir þessari aðferð, að spyrja þjóðina sjálfa? Hvernig má slíkt vera? Þeir telja þetta rétt og sanngjarnt mál. Geta þeir fengið lýðræðislegri dóm en þann, sem þjóðin öll kveður upp? Hv. kjósendur verða að vísu í alþingiskosningum á vori komanda að kjósa um fleira en þetta. En hv. þm. frú Sigurlaug má ekki ætla það, að allur almenningur sé ekki nokkurn veginn í færum um að greiða tvisvar atkv. svona nokkurn veginn samtímis um ólík málefni, því yfirleitt er þetta nú útbúið þannig, að það er létt verk, og kannske verða menn búnir að mynda sér skoðanir áður en þeir mæta á staðnum, þannig að þeir þurfi ekki sérstaklega að hugsa sig um. Ég kvíði ekkert framkvæmdinni í sjálfu sér, og mér er það hreint og beint óskiljanlegt, að fylgismenn afnáms prestskosninga skuli ekki vilja fá um þetta dóm alþjóðar, því að svo réttlátt og viturlegt og sanngjarnt sem þeim sýnist þetta vera, þá kemur ekki til greina að þeir kvíði þeim niðurstöðum. En hitt er svo annað mál, að auðvitað getur andstaða þeirra við það ekki þýtt annað en það, sem við hinir gerum ráð fyrir, að það yrði fellt með gífurlegum mun atkvæða af öllum almenningi í landinu að afsala sér þessum gamla, forna, virðulega rétti að fá að velja sér sálusorgara.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það hefur farið svo nú sem oft fyrr, þegar þáltill. hafa verið fluttar í tengslum við hugsanlega endurskoðun á l. um veitingu prestakalla, að meginhluti af ræðum manna hefur fjallað um það sem hefur verið kallað afnám prestskosninga eða ekki afnám prestskosninga og þess vegna verið að verulegu leyti utan við efni till. Þeir, sem hér hafa talað að undanförnu, hafa þó í örfáum orðum tjáð afstöðu sína til till. efnislega séð, og ég fæ ekki betur séð, a. m. k. svo lengi sem ég hef fylgst með umr., en að nánast allir, að undanskildum frsm., leggist gegn samþykkt till. En það kunna að vera mismunandi forsendur sem liggja þar að baki, en þó held ég að meginforsendurnar séu allar þær hinar sömu.

Það kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan, 7. landsk. þm., að hann liti að vísu á þessa till. með velvilja, vegna þess að hann teldi að hér væri um sáttatillögu að ræða. Ég verð að segja að ég er honum ósammála um þetta atriði. Þessa till., eins og hún kemur fram nú á þessu þingi, tel ég síst af öllu vera sáttatillögu í þessu máli. Og á hverju ætli ég byggi það mat mitt?

A tveimur síðustu þingum hefur verið hér til meðferðar þáltill. um að skipa n. til að endurskoða lög um veitingu prestakalla. Það er mjög rangt með farið hjá hv. síðasta ræðumanni, Sverri Hermannssyni, að það hafi dottið niður áhugi flm. fyrir afgreiðslu till. þegar brtt. kom fram frá þeim félögum. Hann hefur líka fullyrt hér mjög ákveðið að þessi till hafi ekki haft meirihlutafylgi hér á Alþ. Þessi fullyrðing er algerlega úr lausu lofti gripin. Ég vil benda á það, að á hinu fyrra þingi, næstsíðasta þingi, afgreiddi allshn. Sþ. þessa till. jákvætt efnislega séð, enda þótt menn úr n. hefðu mismunandi skoðanir um það, hvort lögunum bæri að breyta verulega eða fella niður prestskosningar eða ekki. Þeir töldu rétt að verða við þeirri ósk að skipa nefnd til að athuga málið. Hins vegar var sú ástæða fyrir því, að málið dagaði uppi á þingi, að þegar verið var að ljúka störfum röðuðu andstæðingar till. sér á mælendaskrá og hurfu svo af veltvangi, en óskuðu eftir að málið yrði ekki útrætt fyrr en þeir væru reiðubúnir að tala, og okkar ágæti forseti varð við þeim tilmælum, eins og hann gerir yfir höfuð. En þar var ástæðan fyrir því, að till. fékk ekki afgreiðslu. (Gripið fram í.) Það er rétt, á síðustu nótt þingsins.

Ég leit svo á, og ég hygg að fjöldi þm. hafi litið svo á, að þegar till. um þjóðaratkvgr. kom fram á síðasta þingi, hafi hún verið sett til höfuðs þeirri till. sem þá lá fyrir nefndarskipun, enda fór svo, að hvorug till. varð útrædd á því þingi.

Hv. ræðumaður Sverrir Hermannsson minntist á það áðan, að þessi till. væri nú endurflutt. En ég man ekki betur en hann hefði þá afstöðu í fyrra, að hann vildi ekkert hafa með hana að gera, heldur eingöngu fella allar till. sem kæmu hér inn á Alþ. um breytingar. Nú kann að vera spurning um það, hver tilgangurinn sé þá með flutningnum núna. Ég get ekki leitt það hjá mér að geta mér þess til, að hún sé dulbúið vantraust á kirkjumrh. fyrir það, að hann skipaði n. á s. l. sumri til þess að endurskoða lögin. Það hljóta að vera alveg sérstakar ástæður sem liggja að baki, þegar lögð er þung áhersla á það í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins að láta fara fram þjóðaratkvgr. og það áður en jafnvel Alþ. gefst kostur á því að fjalla um þá niðurstöðu, sem sú n. sem að þessum málum vinnur, kemst að þegar hún skilar áliti.

Hv. 3. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, gagnrýndi áðan ráðh. mjög fyrir vinnubrögð varðandi skipun n., og það hafa raunar fleiri gert vegna þess hverjir eru í n., en hann fyrst og fremst fyrir að hafa skipað n. Það er að vísu rétt, að það er vitnað til þessarar þáltill. sem lá hér fyrir þinginu í fyrra, en niðurlagið er eins og hv. þm. las: „enn fremur fyrri umfjöllun þessa málefnis á Alþingi og Kirkjuþingi“. Og ég vil vitna í það sem ég sagði hér einu sinni í haust, þegar þessi sami hv. þm. færði þetta í tal undir allt öðrum umr., að hjá ríkisstj. hefur málið legið í nokkur ár, þar sem Alþ. vísaði því frv., sem þá lá fyrir þinginu, til ríkisstj. Og ég verð að segja það, að þó að ekki væri

nema þetta eitt, þá sé ég ekki hvaða vinnubrögð geta verið eðlilegri hjá ráðh. en að skipa n. til þess að fjalla frekar um málið og vita hvort er hægt að finna á því einhvern þann flöt sem Kirkjuþing gæti sætt sig við og Alþ. féllist líka á. Ég held þess vegna að það sé ekki tímabært að leggja þetta mat nú undir dóm þjóðarinnar, af sömu ástæðu og kom fram í ræðu þeirra hv. 5. þm. Vestf. og hv. 7. landsk. þm., þeirra Karvels Pálmasonar og Helga Seljans, vegna þess að ég tel að ef til þess kæmi þyrfti að leggja þar fram ákveðna kosti sem fólk veldi um.

Menn hafa verið hér, — ég get ekki stillt mig um að minnast á það, — menn hafa verið hér ærið þungorðir í garð biskups. Ég vil aðeins segja það af því tilefni, að mér þykja þau ummæli óviðurkvæmileg á þessum stað nú. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að biskup hefur látið þung orð falla í garð Alþingis. En ég er ekki allsendis viss um að þau þungu orð séu rétt tilfærð og í réttu samhengi. Ég er ekki allsendis viss um það, að hann hafi talað um að menn gæspruðu um málið sem slíkt, um það, hvort ætti að afnema prestskosningar eða ekki. En hann talaði um það, að menn hefðu ýmislegt í flimtingum, og ég hygg, að ef við förum yfir ræður þm. á næstsíðasta þingi og lesum þær vel, og það væri kannske hægt síðar að vitna í þær, þá megi það ljóst vera, að menn ræddu um allt annað en kosningarnar sem slíkar. Þeir ræddu um allt annað, um hvernig prestar ættu að vera, hvernig þeir væru og hvernig þeir vildu hafa þá, og þar tel ég koma réttilega fram það sem hægt væri að flokka undir hugtakið **gaspur.**

Okkur þremenningum, sem sitjum hér á Alþ. og eigum sæti í umræddri n., hafa verið gerðar upp ákveðnar skoðanir, að við höfum fyrir fram mótaðar skoðanir í þessu máli. Það hefur jafnframt komið fram, að það sé kannske ekki borin von að einhverjir okkar kunni að skipta um skoðun, afgerandi skoðun um hvernig þessum málum skuli skipað. Ég man ekki betur en ég hafi alltaf lagt á það þunga áherslu, að ég væri ekki reiðubúinn til þess að ræða um einstök efnisatriði þess álits sem kæmi frá væntanlegri n. Það lá allt óljóst fyrir þá, ef slík n. yrði sett á laggirnar, hverjir yrðu í henni. (Gripið fram í.) Ég skal svara því. Hins vegar stend ég að sjálfsögðu að því frv. eða drögum að því frv., sem samþykkt var á Kirkjuþingi, á þeim vettvangi. Ég hef hins vegar sagt að ég hefði allan fyrirvara á um það, hvort ég rígbind mig við það að fylgja því frv. í einu og öllu eða leita að nýjum leiðum sem kynnu að sætta ólík sjónarmið. Ég vildi gera grein fyrir skoðun minni og að hverju ég vildi standa þegar málið yrði til umr. á því stigi og hef þess vegna aldrei bundið mig fast við eitthvert ákveðið form fyrir fram. Hitt er svo allt annað mál, að ég hef verið ósammála hv. ræðumönnum um ýmis atriði. Ég hef t. d. verið ósammála um skilgreiningu á lýðræði, eins og það er framkvæmt í núverandi formi, og það er líka rétt, að ég hef talað hér um ýmsa þá ókosti sem fylgja prestskosningum í núverandi formi.

Ég ætla að geyma mér til síðari tíma að ræða efnislega um málið. Ég veit að sú n., sem starfar að þessum málum nú, vill gera sér far um að leita að þeim leiðum sem vænlegastar eru til þess að þoka því til betri vegar og þoka því í þá átt sem samstaða kynni að nást um eða a. m. k. einhver ákveðin meirihlutaafstaða. Mér er óhætt að segja það á þessu stigi, að n. hefur gert nokkuð víðtæka könnun meðal allra söknarnefndarmanna og safnaðarfulltrúa í landinu, og ég hygg að n. komi til með að geta byggt þar á nokkrum grunni, enda þótt ég heyri hér í ræðu að samtök eins og Kirkjuþing, héraðsfundir og söknarnefndir og ekki einu sinni safnaðarfundir séu marktækir um slík mál. Þegar safnaðarfundir eru ekki marktækir, hverjir eru þá marktækir? Er það kannske hasarlýðurinn, sem aldrei vill skipta sér á nokkurn hátt af kirkjulegum málefnum, en er reiðubúinn til alls þegar kemur til prestskosninga eða prófkjörs, eins og hv. 5. þm. Vesturl. nefndi hér áðan? Það er kannske þangað sem við eigum að stefna í þessum málum.

Það eru vissulega margar hugmyndir uppi, t. d. að kjósa til skamms tíma, láta kjörtímabil presta vera ákveðinn árafjölda. Ég skil það ósköp vel, að hv. 5. þm. Vestf. sagði áðan að þm. kynni að þykja það flott, ef þeir væru kosnir til 8 ára. En ég vil í þessu sambandi benda á það, að þar með er spurning um samræmingu hjá embættismönnum ríkisins. Ég hafna ekki þessari hugmynd alfarið á þessu stigi. Ég er ekki heldur að hafna hugmyndinni um það, að biskup verði kosinn aðeins til ákveðins árafjölda. Slíkar hræringar eru annars staðar sbr. háskólarektor, þjóðleikhússtjóra, hygg ég, rektor Kennaraháskólans. Ég er ekki að hafna slíkum hugmyndum á þessu stigi. Þær eru til athugunar. En þær ná út fyrir það málefni sem við erum að tala hér um núna.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, hæstv. forseti, á þessu stigi. Ég hygg að ég sé búinn að svara flestu af því sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Austf. Ég vil þó aðeins benda honum á það í lokin, þar sem hann dróttar því að æðstu mönnum þjóðkirkjunnar að þeir séu með valdabrölt, að þeir vilji ráða þessum hlutum sjálfir, — ég vil benda honum á það, að hér er verið að skipa málum til langs tíma og það er ákaflega hæpið að beina skeytum sínum og aðdróttunum að mönnum og þá kannske að æðsta manni þjóðkirkjunnar sem á eftir mjög fá ár af starfstíma sínum sakir hás embættisaldurs og aldurs.

Umr. frestað.

Efri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Þinglýsingalög, frv. (þskj. 313). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er lagt fram um þinglýsingar, varðar mjög mikilvægt mál. Það er allmikið að vöxtum. Það hefur að geyma mörg

nýmæli. Það má því segja að það væri við hæfi að fylgja því úr hlaði með nokkuð langri og ítarlegri framsöguræðu. Ég mun þó reyna að stilla máli mínu í hóf og láta nægja að ýmsu leyti að vísa til langra og ítarlegra athugasemda og skýringa sem fylgja frv.

Mönnum hefur lengi verið það ljóst að það hefur verið þörf nýrrar lagasetningar um þinglýsingar. Gildandi löggjöf um það efni hefur alltaf verið ófullkomin að því leyti til, að hún hefur fyrst og fremst varðað aðeins framkvæmd þinglýsingar, en hins vegar hefur hún ekki geymt að kalla má nein ákvæði um réttaráhrif þinglýsingar. Og þau ákvæði um framkvæmd þinglýsingar, sem er að finna í lögunum, eru fyrir löngu úrelt orðin og ófullkomin. Það var þess vegna, að um það bil fyrir 20 árum var efnt til athugunar á þessari löggjöf og samið frv. um það efni. Það var lagt fyrir Alþ. einum þrisvar sinnum, síðast að ég ætla árið 1964, en þetta frv. hlaut ekki byr og munu ýmsar ástæður hafa valdið því.

Nú hefur verið samið nýtt frv. um það efni. Þó að það sé að ýmsu leyti efnislega byggt á svipuðum sjónarmiðum og hið eldra frv., þá er það þó í talsvert öðrum búningi. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur dr. Gaukur Jörundsson prófessor samið, en notið við það aðstoðar tveggja starfsmanna dómsmrn., þeirra Þorleifs Pálssonar deildarstjóra og Þorsteins A. Jónssonar fulltrúa. Það felur í sér gagngera breyting á framkvæmd þinglýsingar, og í öðru lagi er að finna í frv. ákvæði um réttaráhrif þinglýsingar, en slík ákvæði hefur, eins og ég sagði, að mestu leyti vantað hingað til í íslenska löggjöf.

Þetta nýja frv. til þinglýsingalaga miðar að því, eins og fram kemur í aths., að á hverjum tíma megi fá sem greiðastar og öruggastar upplýsingar um réttindi yfir fasteignum og öðrum eignum er jafna má til fasteigna svo og að reglur um réttaráhrif séu sem skýrastar. En eins og ég drap á í upphafi, hefur um nokkurt skeið verið ljóst að fyrirkomulag það á skráningu réttinda yfir fasteignum, sem gert er ráð fyrir í núgildandi löggjöf, svarar hvergi nærri kröfum tímans. Í fyrsta lagi skiptir nú mun meira máli en áður að þinglýst réttindi séu nægilega afmörkuð og skýr og styðjist að auki við réttarheimildir að lögum. Samkvæmt núgildandi þinglýsingalögum lýtur athugun þinglýsingardómara á skjali nær einvörðungu að því að kanna hvort á því séu einhverjir formgallar. Þetta getur aftur á móti leitt til mikillar réttaróvissu, og því er að finna í frv. ákvæði sem leggja þinglýsingardómara þær skyldur á herðar að kanna betur en nú er gert efni skjals áður en því er þinglýst. Í öðru lagi er það líka svo, eins og ég drap á áðan, að framkvæmd sjálfrar þinglýsingarinnar er löngu orðin úrelt. Frá því að núgildandi þinglýsingalög tóku gildi fyrir hálfri öld hefur þeirri tækni, er lýtur að alls kyns skráningu, fleygt fram, svo sem alkunnugt er. Í frv. er þar af leiðandi gert ráð fyrir því, að tekin verði upp breytt skráning þinglýstra réttinda, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér á eftir.

Það má raunar telja mikið happ, að ekki skuli hafa átt sér stað mikil og alvarleg mistök í sambandi við framkvæmd þessara mála, þar eð bæði ákvæðunum og framkvæmdinni hefur verið áfátt í þessu efni, en eins og allir vita, þá skipta fasteignir orðið það miklu máli í nútímasamfélagi og viðskiptum, að það varðar miklu að réttarreglurnar um þær séu sem öruggastar og ótvíræðastar.

I. kafli frv. fjallar um þinglýsingardómara. Þar með er staðfest sú niðurstaða Hæstaréttar, að þinglýsing sé dómsathöfn, en engin ákvæði um það efni er að finna í núgildandi þinglýsingalögum, og í sjálfu sér er það engan veginn sjálfgefið samkv. eðli málsins að þinglýsingarathöfn eigi að vera dómsathöfn. En hér er alveg úr því skorið og slegið föstu í samræmi við áður umgetinn hæstaréttardóm.

Í II. kafla frv. er svo vikið að framkvæmd þinglýsingar. Þar er gert ráð fyrir að teknar verði upp breyttar aðferðir bæði við skráningu og vörslu skjala. Í fyrsta lagi er lagt til að skjöl, sem afhent eru til þinglýsingar, verði færð í sérstaka dagbók. Réttaráhrif þinglýsingar eru tengd afhendingu skjals til þinglýsingar, og er því þýðingarmikið að sem öruggust sönnun liggi fyrir um það, hvort skjal hafi yfirleitt verið afhent til þinglýsingar og þá hvenær það hafi gerst .

Við móttöku skjals í upphafi er gert ráð fyrir því, að dómari þurfi aðeins að kanna hvort tilteknir augljósir gallar séu á skjali. Þegar skjöl hafa verið færð í dagbók gefst svo ráðrúm til nánari athugunar áður en þau eru færð í þinglýsingabók. Þessi tilhögun veitir mun meira öryggi við þinglýsingu en sú sem nú gildir og tíðkast. Dagbókarfærsla hefur lengi tíðkast í nágrannalöndum okkar, en aftur á móti ekki hér á landi. Hætt er við því, að þinglýsing verði nokkru tímafrekari með því móti að færa dagbók. En á móti kemur að ætlast er til þess, að dagbók geti jafnframt gegnt hlutverki aukatekjubókar og komið í stað skrár yfir þinglýst skjöl sem leggja á fram í viku hverri hjá þeim embættum er þinglýsingu annast. Þegar á það er litið ætti dagbókarfærsla ekki að leiða til aukinnar vinnu.

Í öðru lagi er lagt til að þinglýsingabækur skuli vera lausblaðabækur eða í spjaldskrárformi. Með þessu móti ættu bækurnar að vera handhægari í notkun en nú er og færsla upplýsinga gleggri. Stefnt er að því, að ljósrit úr slíkri bók eða spjaldskrá verði fullnægjandi veðbókarvottorð. Þar með yrði komist hjá því að rita veðbókarvottorð hverju sinni, en það verk er mjög tímafrekt og auk þess hætta á að misritun geti átt sér stað. En í þessu sambandi er mikilvægt að engu skeiki.

Nái frv. það, sem hér er lagt fram, fram að ganga er óhjákvæmilegt að færa upplýsingar úr núverandi fasteignaregistri inn á laus blöð eða spjöld, eftir því hvor kosturinn yrði fyrir valinu. Slíkt útheimtir að sönnu bæði fé og fyrirhöfn, en á aftur á móti að leiða til meira réttaröryggis.

Það verður að viðurkenna, eins og áður er sagt, að núverandi framkvæmd á skráningu þinglýstra réttinda er löngu orðin úrelt og felur í sér hættu á réttaróvissu á þessu sviði. Mögu-

leiki er á því, að skráning skjala, sem afhent eru til þinglýsingar, dragist, og má vera að einhverjir þekki það, eða farist hreinlega fyrir, þannig að gefin séu út röng veðbókarvottorð. Mistök af því tagi geta bakað ríkissjóði skyldu til greiðslu skaðabóta er hugsanlega geta skipt milljónum króna hverju sinni. Þó úrbætur á núverandi skráningarkerfi kosti nokkurt fé geta þær því sparað mun hærri fjárhæðir þegar til lengdar lætur.

Rétt er að geta þess, að það hefur sérstaklega verið athugað við samningu þessa frv., hvort kleift sé að taka upp tölvuskráningu á upplýsingum úr þinglýsingabókum. Sú athugun hefur leitt í ljós að ekki séu skilyrði til þess að taka upp slíka skráningu í tölvu, en hins vegar er veitt heimild til þess í frv. Sú endurskráning, sem ég vék hér að á undan, er óhjákvæmilegur undanfari þess, að tekin verði upp tölvuskráning. Það er því ekki um neinn tvíverknað að ræða þótt upplýsingar úr fasteignaregistri séu fyrst skráðar á laus blöð eða spjöld og þær síðan lesnar inn í tölvu.

Núverandi fasteignaregistur eru þess eðlis, að upplýsingar úr þeim eru alls ekki tölvutækar, því fella þarf burt ýmis eldri réttindi sem fallin eru niður einhverra hluta vegna, svo og er nauðsynlegt að skera úr fjölda ágreiningsefna sem núgildandi þinglýsingalög hafa ekki gert ráð fyrir að gert sé. Nútíma tölvutækni gerir kleift að safna saman á einn stað öllum upplýsingum sem máli skipta um fasteignir. Mætti með því móti fá með skjótum og öruggum hætti upplýsingar um einstakar fasteignir úr slíkum upplýsingabanka. Vísi að tölvuskráningu, upplýsingar um fasteignir, er að finna hjá Fasteignamati ríkisins, þótt í takmörkuðum mæli sé. Álitamál er hins vegar hvernig slíkri skráningu skuli háttað. Meðal þess, sem kanna þarf í því sambandi, eru tengsl þinglýsingar við aðra gagna- og upplýsingaöflun um fasteignir.

Í lögum um skráningu og mat fasteigna er svo fyrir mælt, að Fasteignamat ríkisins skuli búa fasteignaskrá sína svo úr garði að flytja megi skráningu réttinda yfir fasteignum, sem nú fara fram við þinglýsingu, inn í fasteignaskrá þegar slík skráning þykir tímabær. Þessi breyting á skráningu fasteignaréttinda þarfnast rækilegrar athugunar og undirbúnings áður en í hana verður ráðist. Óráðlegt getur verið að breyting af þessu tagi verði gerð samtímis í öllum lögsagnarumdæmum, heldur sýnist vera álitlegra að láta breytinguna taka gildi í einu eða fáum umdæmum í byrjun, þannig að þar megi fá nokkra reynslu er komið geti að notum annars staðar. Í frv. er gert ráð fyrir að dómsmrn. geti ákveðið að hafa þennan hátt á ef afráðið verður að taka upp tölvuskráningu þinglýstra réttinda.

Þá er í þriðja lagi lagt til að horfið verði frá því skipulagi á geymslu þinglýstra skjala sem nú tíðkast. Það er, eins og kunnugt er, fólgið í því, að skjölin eru bundin inn í sérstakar bækur, sem eru allfyrirferðamiklar og því heldur óhandhægar í notkun, eins og ýmsir hv. dm. hafa eflaust séð. Í stað þessara bóka er gert ráð fyrir að tekin verði upp sérstök skjalahylki, svo búin að nema megi skjöl úr hylkinu þegar þeim er aflýst eða þau missa þinglýsingargildi sitt að öðru leyti. Í tengslum við þessa breytingu er veitt heimild til þess í frv., að sérstakri tækni verði beitt við vörslu skjala, t. d. með því að taka myndir af þinglýstum skjölum á svonefndar mikrofilmur.

Samkvæmt núgildandi lögum er nauðsynlegt að vélrita upp afsal og öll veðskjöl varðandi skip 5 rúmlestir eða stærri sem flytjast á milli umdæma. Samkv. 42. gr. frv. er horfið frá þessu, þar sem lagt er til að skjöl, sem skip varða, skuli fylgja skipinu, ef svo má að orði komast. Þessi eina breyting ætti að hafa í för með sér umtalsverðan vinnusparnað í þeim umdæmum þar sem eitthvað kveður að flutningum á skipum til annarra umdæma.

Þá er rétt að skýra frá því, að fjmrh. mun á næstunni væntanlega flytja frv. til laga um stimpilgjald. Frv. þetta á að nokkru leyti rót sína að rekja til athugunar á því, hvort ekki sé hægt að einfalda gjaldtöku í sambandi við þinglýsingu. Ég tel ekki viðeigandi að rekja efni þessa frv. hér og nú, en í því er þó lagt til að aðeins verði tekið eitt gjald við þinglýsingu í stað tveggja, eins og nú er tíðast gert. Þessi einföldun ætti að horfa til mikils sparnaðar fyrir þinglýsingardómara.

Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um framkvæmd þinglýsingarinnar. En meginverkefni frv. þess, sem hér er lagt fram, fjallar þó um réttaráhrif þinglýsingar og önnur skyld atriði. Ætla ég hér á eftir að gefa örstutt yfirlit yfir þessi ákvæði frv.

III. kafli frv. hefur að geyma reglur um forgangsáhrif þinglýsingar og gildi grandleysis. Lagt er til að forgangsáhrif þinglýsingar séu áfram talin frá því þegar skjal er afhent dómara til þinglýsingar. Aftur á móti er ekki gerður munur á forgangsrétti skjala, sem afhent eru sama dag, eins og gert er í núgildandi þinglýsingalögum. Svo nákvæm regla getur leitt til óeðlilegrar niðurstöðu, þar sem oft og einatt er ekki gengið frá þinglýsingunni fyrr en í lok hvers afgreiðsludags.

Í frv. er tekin afstaða til þess tvenns, hvernig fari um rétt skjalsins gagnvart öðrum skjölum, sem afhent eru síðar til þinglýsingar, og hvernig fari um bótakröfu þess, sem hallað er á, sbr. 49. gr. frv. Samkv. því ákvæði getur ríkissjóður orðið bótaskyldur þegar um er að ræða mistök við þinglýsingu, þótt ekki sé við hlutaðeigandi þinglýsingardómara að sakast. Slík hlutlæg bótaregla ætti að efla traust manna á þinglýstum heimildum.

Í IV.—VII. kafla er svo fjallað um þinglýsingu réttinda yfir fasteignum, skipum og lausafé almennt. Frv. nær hins vegar hvorki til skrásetningarréttinda yfir bifreiðum né loftförum. Um skrásetningu réttinda í loftförum gilda nýleg lög, og er ekki ástæða til að hrófla við þeim lögum. Á tveimur síðustu þingum hefur verið lagt fyrir Alþ. frv. til l. um breytingu á skipan bifreiðaskráningar. Ekki er tímabært að ákveða tilhögun á þinglýsingu eignarréttinda yfir bifreiðum fyrr en séð verður hvernig tillögum um þessa nýskipan reiðir af. Nái þær tillögur ekki fram að ganga væri rétt að taka upp ákvæði um þinglýsingu réttinda yfir bifreiðum í VI. kafla frv. Nái tillögurnar hins vegar fram að

ganga verður að sjálfsögðu að haga þinglýsingarreglum í samræmi við þær og þá eftir atvikum í sérlögum.

Í 20.—26. gr. frv. er að finna nokkur nýmæli að því er varðar skilyrði þess að skjali verði þinglýst. Ekki er ástæða til að lýsa þeim hér, heldur vísast í því efni sem öðrum til grg. þeirrar sem fylgir frv. Þó má benda á ákvæði 2. mgr. 20. gr. frv., þar sem þinglýsingardómara er veitt heimild til þess að gera það að skilyrði fyrir þinglýsingu, að gildur uppdráttur af lóð eða landi fylgi skjali. Tilgangurinn með þessu ákvæði er sá, að það sé jafnan ljóst, hver og hvar sú fasteign er sem þinglýsing varðar, eða með heldur leiðinlegu orðalagi má segja svo: hver sé staðsetning fasteignar sem hin þinglýstu réttindi varða.

Í 29.—32. gr. frv. er skorið úr um það, hvaða réttindi yfir fasteign séu háð þinglýsingu og hverra aðgerða sé þörf svo að eldri óþinglýstum rétti sé rutt úr vegi. Þessi ákvæði staðfesta að meginstefnu til þær reglur sem talið er að gilt hafi þótt óskráðar séu. Þó er áskilið í 32. gr. frv., að réttindi, sem styðjast við eignarnámsgerð eða hefð, séu háð þinglýsingu. Þessu er nú öfugt farið.

Í 33. og 34. gr. frv. er að finna ákvæði um réttaráhrif þinglýsingar. Ákvæði 33. gr. er algjört nýmæli. Samkvæmt því þarf sá maður, sem hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimild fyrri eigandans sé ógild, ef hann, þ. e. síðari eigandinn, er algjörlega grandlaus um ógildistilvikið. Þetta gildir þó ekki ef ógildingarástæðan er lögræðisskortur útgefanda, fölsun eða meiri háttar nauðung.

Samkv. eðli máls veitir þinglýsing sumra skjala aðeins tímabundin réttindi. Æskilegast er að hafa ákvæði um það efni í þinglýsingarlögum, svo að ekki þurfi að setja sérstök lög hverju sinni um afmáningu þeirra skjala sem lokið hafa ætlunarverki sínu, svo sem nokkrum sinnum hefur verið gert að undanförnu. Í 35.—38. gr. frv. er því að finna ákvæði er að þessu atriði lúta.

Um frekari skýringar á þessu frv. vísast, eins og ég hef áður sagt, til athugasemda, sem frv. fylgja, og skal ég ekki, herra forseti, fjölyrða frekar um frv. í þessari framsöguræðu, en vil þó að lokum endurtaka það, að með frv. er stefnt að því að færa framkvæmd þinglýsingar í nútímalegra horf. Mikilvægt er frá þjóðhagslegu sjónarmiði að menn geti treyst þinglýstum heimildum. Reglur frv. þessa, ef að lögum verður, eiga að auka á réttaröryggi þessarar réttargerðar sem svo mikla þýðingu hefur fyrir viðskipti einstaklinga og félaga hér á landi. Jafnframt hefur verið reynt að gæta þess, að reglurnar auki ekki vinnuálag þeirra embætta sem þinglýsingu annast. Síðast, en ekki síst hefur frv. að geyma ítarlegar reglur um réttaráhrif þinglýsingar og skyld efni, en slíkar reglur hefur tilfinnanlega vantað í íslenska löggjöf.

Þetta frv., ef að lögum verður, kallar á breytingu á nokkrum öðrum lögum. Þess vegna fylgja þessu frv. nokkur önnur frv. sem koma til meðferðar hér á eftir og eru fylgifiskar með þessu frv. Ég leyfi mér að vænta þess, að þessu frv. verði vel tekið. Eg held að það sé vel samið. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að með lagasetningu slíkri sem þessari er stórt spor stigið fram á við til réttaröryggis og í þá átt að koma skipun þessara mála í það horf, sem viðunanlegt má telja. Ég leyfi mér því að vænta þess, að þetta frv. nái afgreiðslu á þessu þingi og sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, geti hraðað störfum svo sem kostur er. Ég get látið þess getið, að á nýafstöðnum fundi sýslumanna var þetta mál sérstaklega kynnt og því vel tekið þar. Nefndin, sem fær málið til meðferðar, getur að sjálfsögðu kvatt á sinn fund þá menn, sem staðið hafa að samningu þessa frv., og eins aðila í þeim embættum sem þessi mál snerta mest.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 314). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er fylgifiskur með því frv. sem ég var að mæla fyrir áðan. Efni þess skýrir sig sjálft. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari 1. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 315). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sama að segja um þetta frv. og það sem síðast var hér til meðferðar. Aths., sem eru með lagafrv., skýra það. Það geymir tillögur um breytingar á lögum um eignar- og afnotarétt fasteigna sem eru til samræmis við þær tillögur sem felast í frv. til þinglýsingalaga. Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Bæjanöfn, frv. (þskj. 316). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á lögum um bæjanöfn o. fl. Það þykir eðlilegt að setja þá reglu, sem felst í 1. gr. þessa frv., í samræmi við frv. til laga um þinglýsingar sem hér hefur verið áður til meðferðar og mælt hefur verið fyrir. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12. shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Kyrrsetning og lögbann, frv. (þskj. 317). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er einnig fylgifiskur með frv. til laga um þinglýsingar. Í því felst sú regla, að til þess að grandlaus þriðji maður öðlist rétt yfir fasteign og skrásettu skráningarskyldu skipi og viðskiptabréfum með kyrrsetningu þurfi kyrrsetningu að hafa verið þinglýst eða áritun gerð um hana á viðskiptabréfið. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Landskipti, frv. (þskj. 318). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í þessu frv. felst sú regla, að landskiptagerðum skuli þinglýst, og þykir gleggra að taka það fram með því orðalagi, sem er í þessu frv., heldur en er í þeim lögum sem um þetta gilda nú. Ég óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12. shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nauðasamningar, frv. (þskj. 319). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. þarf ekki sérstakra skýringa. Ég leyfi mér að leggja til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12. shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Landamerki, frv. (þskj. 320). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sami formáli að þessu frv. eins og þeim sem ég hef mælt hér fyrir áður, að það er fylgifiskur með frv. um þinglýsingar og hlýtur að sæta sömu örlögum og það. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Aðför, frv. (þskj. 321). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Ég tek það fram, að þessi fylgifrv. með þinglýsingafrv. hljóta auðvitað að verða tekin til meðferðar í sambandi við það og hljóta sömu meðferð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12. shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 322). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég læt sömu athugasemdir fylgja þessu frv. og öðrum þeim sem ég hef mælt hér fyrir og leyfi mér að leggja til að það sæti sömu meðferð, verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12. shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 310). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 310 hef ég leyft mér að bera fram brtt. við stjórnarskrána, þess efnis að kosningaaldur verði lækkaður.

Alþb. hefur tekið þá stefnu með samþykktum á fundum sínum, að rétt sé að kosningaaldur verði lækkaður, og þetta frv. er flutt af því tilefni.

Ég held að það þurfi ekki að rökstyðja það í löngu máli, að tími sé til kominn að kosningaaldur verði lækkaður. Eins og flestum mun kunnugt er ungt fólk mjög áhugasamt um stjórnmálaþróun í landinu og það ekki að ófyrirsynju, vegna þess að það er almennt farið að fylgjast vel með því sem er á döfinni og komið til starfa í atvinnulífi þjóðarinnar og jafnvel farið að festa ráð sitt eða í þann veginn að stiga það spor. Það hefur því margvíslegra hagsmuna að gæta og ekki óeðlilegt að það hafi áhrif á stjórn landsins.

Ég held að þær nálægar þjóðir séu orðnar allmargar sem þegar hafa lækkað kosningaaldur í 18 ár, þ. á m. hafa Bandaríkjamenn stigið það spor, og ég sé ekki ástæðu til að það sé dregið lengi hér, enda tvímælalaust að til þessa kemur fyrr eða síðar.

Ástæðan til þess, að þetta spor hefur verið stigið, er kannske sú að þetta spor eins og önnur sem snerta stjórnskipun landsins er erfitt viðfangs og breytingin tekur ekki gildi, jafnvel þó að hún sé samþykkt hér í þinginu, nema kosningar fari fram og Alþ. staðfesti breytinguna á nýjan leik. Þessi breyting mun því ekki geta tekið gildi fyrir næstu alþingiskosningar. En einmitt nú á þessum vetri er gott tækifæri til að gera slíka minni háttar breytingu á stjórnarskránni, vegna þess að kosningar fara í hönd, og er því möguleiki að koma

þessari breytingu fram á næsta þingi eftir kosningar. En það var einmitt sú leið sem valin var 1967, þegar kosningaaldur var lækkaður úr 21 árí í 20 ár.

Ég vek á því athygli, að í þessu frv. er ekki aðeins gerð till. um lækkun kosningaaldurs, heldur að um verði að ræða svolitla fyrirkomulagsbreytingu varðandi frágang kjörskrár, þar sem gert er ráð fyrir að allir, sem náð hafa 18 ára aldri á því ári þegar kosning fer fram, njóti kosningarréttar, en ekki eins og nú er, að þeir einir hafa kosningarrétt sem náð hafa tilteknum lágmarksaldri á þeim degi þegar kosning fer fram. Á þessu er að sjálfsögðu nokkur munur, og sú leið, sem hér er valin, er þersýnilega miklu einfaldari og eðlilegri en sú sem í gildi hefur verið, að miða við afmælisdag hvers kjósanda. Má auðveldlega færa að því rök, að þessi breyting mundi spara opinberum aðilum mikla fyrirhöfn með því að heilir árgangar kæmu þá samtímis á kjörskrá.

Rétt er að taka það fram í þessu sambandi, að í þinginu liggur fyrir annað frv. þessu skylt, sem fjallar um lækkun kosningarréttar í 18 ár í sveitarstjórnarkosningum. Það frv. nær hinsvegar ekki til alþingiskosninga, og mun flm., hv. þm. Benedikt Gröndal, hafa hugsað sér að til greina kæmi að gera þessa breytingu fyrst og breyta síðan ákvæðum um alþingiskosningar síðar, vegna þess að þessi breyting, sem snertir sveitarstjórnarkosningarnar, er aðeins einföld lagabreyting og er því auðveldara að koma henni fram. Ég tel hins vegar að það sé mjög óeðlilegt að hafa eina reglu um þetta efni í sveitarstjórnarkosningum, en aðra í alþingiskosningum, og langeðlilegast sé því að breyta þessu ákvæði nú þegar, jafnvel þótt það geti að vísu ekki tekið gildi fyrir næstu alþingiskosningar.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til hv. allshn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um þetta frv. sem ég er efnislega samþykkur. Það er gleðilegt að sjá að það skuli vera vaxandi fylgi við það, að kosningarréttur sé miðaður við 18 ár. Þetta er gamall draumur, sem ég veit að ýmsir fleiri í Alþfl. en ég hafa alið. Ég vil upplýsa það, að ég var flm. að till. á þingi samtaka ungra jafnaðarmanna þegar 1960, þingi sem háð var í Keflavík, þar sem ég talaði fyrir því, að kosningaaldur bæði til Alþingis og sveitarstjórna ætti að miðast við 18 ára aldur. Þessi ályktun var send út. Ónefnd önnur æskulýðssamtök gerðu feikilegt grín að slíkum draumórum, og má vitna í dagblaðaskrif því til sönnunar. En ég ætla ekki að rifja það upp hér, nema tilefni gefist síðar í umr. eða seinna við afgreiðslu þessa máls.

Menn tóku þessu sem sagt mjög misjafnlega. Þá var kosningaaldur nokkru hærri en nú. Það hefur jafnan verið svo í Alþfl., að við höfum talið rétt að 18 ára aldurinn væri þau aldurstakmörk er þessi og mörg önnur réttindi í þessu þjóðfélagi ættu að miðast við, jafnt handa körlum og konum.

Það mætti rekja langa sögu um kosningaaldur í íslensku þjóðfélagi, en það ætla ég ekki að gera. Það kom fram í framsöguræðu flm., að hér er um tvenns konar rétt að ræða til kosninga, þ. e. samkv. 33. gr. stjórnarskrárinnar til Alþ. og samkv. 18. gr. sveitarstjórnarlaga til sveitarstjórnarkosninga.

Hv. þm. minntist á frv. sem liggur fyrir í Nd. Það gengur aðeins út frá því að veita mönnum, sem eru 18 ára, þennan rétt til sveitarstjórnarkosninga, vegna þess hve seint hefur gengið að koma þessum réttindum í gegn, sem við teljum eðlilegt núna, tveir stjórnmálaflokkar, að 18 ára fólk fái, og ég vænti þess að fleiri hv. þm. séu sömu skoðunar. Það er orðið tímabært að þetta náist fram, og það er einmitt tækifæri núna, eins og flm. sagði, að samþykkja þetta strax og ná því í gegnum þessar kosningar sem fyrst.

Ég tel ekkert því til fyrirstöðu, að menn veiti fólki 18 ára rétt til sveitarstjórnarkosninga nú og samþ. það frv. sem liggur fyrir Nd. Ég tel því ekkert til fyrirstöðu. Það er oft svo um kjarabaráttu, sem þetta er í sjálfu sér, að hún náist í áföngum. Það væri hins vegar skemmtilegra að geta veitt þetta í einu, en það tekur aðeins lengri tíma vegna eðlis málsins.

Þetta mál hefur verið flutt áður hér í þingsölum á margra ára tímabili og oft af fulltrúum Alþfl., en hefur ekki þokast lengra en það, að nú er kosningarréttur til Alþingis bundinn við 20 ár. Alþfl. setti það þegar í stefnuskrá sína 1963 að berjast fyrir 18 ára kosningarrétti hér á Alþ., og hafa verið flutt um það frv. Árið 1974 tók flokkurinn sérstaklega upp aftur baráttu fyrir að tryggja 18 ára aldri kosningarrétt. En þetta hefur gengið grátlega seint. Það er rétt hjá flm., að þessi réttur er fyrir hendi víða erlendis, og því skyldi hann ekki vera hér á Íslandi, þar sem ég tel ekki goðgá að fullyrða að einmitt hér á Íslandi séu stjórnmálasamtök ungs fólks mjög lífræn og fylgist mjög vel með og jafnvel mun meira en gerist erlendis. Ég vænti þess því, að þetta frv. fái góðar undirtektir og þetta mál þokist nú ákveðið að því marki, sem frv. gengur út frá, að kosningaaldur til Alþingis verði bundinn við 18 ára aldursmarkið.

Hins vegar mætti varpa þeirri hugmynd fram, hvort ekki væri hægt að miða miklu fleira í þessu þjóðfélagi við 18 ára aldurinn og gera hann að því tímabili í ævi mannsins er almennur réttur er veittur samkvæmt stjórnarskrá landsins og samkvæmt margvíslegri annarri löggjöf. Það er slæmt að hafa þessa aldursskiptingu misjafna eftir kynjum, og það væri mikið framfaraspor ef þm. gætu sameinast um að miða mörg réttindi í þessu þjóðfélagi við 18 ára aldurinn og gera þar ekki greinarmun á milli kynja.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góða afgreiðslu í n. og fái samþykki hér á þinginu, svo það geti tekið gildi sem fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Samkeppni, verðmyndun og samruni fyrirtækja, frv. (þskj. 312). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. á þskj. 312 um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er sagt að undirbúin verði ný löggjöf um verðmyndun, viðskiptahætti og verðfestu og stefnt verði í átt til almenns eftirlits neytenda með viðskiptaháttum til að tryggja heilbrigða samkeppni og eðlilega verðmyndun verslunar- og iðnfyrirtækja til bættrar þjónustu fyrir neytendur. Að mínu mati og margra annarra hefur framkvæmd þessa ákvæðis gengið hægt. Framkvæmd málsins hefur verið sú, að þrem embættismönnum var falið síðari hluta ársins 1976 að semja drög að slíku frv. Þessi drög voru síðan send ýmsum aðilum til umsagnar hinn 3. nóv. 1976. Við samanburð á þessum drögum og frv. því, sem flutt var á Alþ. 1969—1970, kom í ljós, að drögin eru nær því samhljóða því frv., að fráskildum nokkrum orðalagsbreytingum. Mér hefur því virst að þetta mál sé að sigla í strand, þar sem ég fæ ekki skilið hvernig formaður Framsfl. getur flutt frv. nær samhljóða því sem Framsfl. varð einhuga um að fella vorið 1970. Þetta mál verður því að mínu mati að taka breytta stefnu ef Alþ. á að takast að breyta gildandi löggjöf um verðmyndun og setja ný lög um samkeppni og verðmyndun og samruna fyrirtækja fyrir þingslit að vori.

Það frv., sem ég flyt hér að beiðni Verslunarráðs Íslands, á sér nokkurn aðdraganda. Forsaga þessa máls er sú, að dagana 20. og 21. maí 1975 hélt Verslunarráð Íslands viðskiptaþing um efnið: Hlutverk verslunar og verðmyndunar í frjálsu markaðshagkerfi. Á þinginu voru flutt mörg erindi um núverandi fyrirkomulag verðmyndunar á vöru og þjónustu atvinnuveganna og hverjar úrbætur væru nauðsynlegar. Niðurstaða viðskiptaþingsins varð sú, að nauðsynlegt væri að markaðsverðmyndun í stað nefndaverðmyndunar stjórnaði verði á vöru og þjónustu atvinnuveganna, jafnframt þyrfti að semja löggjöf sem hefði þann tilgang að efla samkeppni, banna samkeppnishamlandi viðskiptahætti og veita markaðsráðandi fyrirtækjum aðhald í verðlagningu, samkeppnisháttum og varðandi samruna.

Þar sem stjórnvöld sinntu þessu brýna verkefni þá lítið, ef frá er talið ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstj., vaknaði sú spurning, hvort Verslunarráðið gæti ekki látið semja frv. til l. um þetta efni. Var ákveðið að leggja þá hugmynd fyrir stjórn Verslunarráðsins.

Á fundi stjórnar Verslunarráðs Íslands mánudaginn 13. október 1975 var ákveðið að skipa 5 manna n. til þess að semja frv. til l. um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja. Formaður n. var kosinn Þorvarður Elíasson viðskiptafræðingur, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands. Aðrir nm. voru Sveinn Snorrason hrl., sem verið hefur fulltrúi Verslunarráðs í verðlagsnefnd, Halldór Jónsson verkfræðingur, Jóhann J. Ólafsson lögfræðingur samkv. ósk Félags ísl. stórkaupmanna og Kristmann Magnússon samkv. ósk Kaupmannasamtaka Íslands. Auk þess störfuðu tveir starfsmenn Verslunarráðsins, þeir Sigvaldi Þorsteinsson lögfræðingur og Árni Árnason rekstrarhagfræðingur fyrir nefndina.

Þessar tillögur Verslunarráðsins voru strax haustið 1976 sendar fjölmörgum aðilum og kynntar rækilega. Á fundum á vegum Verslunarráðsins lýstu talsmenn atvinnuveganna því yfir, að þeir væru fylgjandi meginefni þessara till., enda mynduðu þessar till. grundvöllinn að umsögn samtaka atvinnuveganna um drög að frv. um svipað efni sem viðskrn. sendi aðilum til umsagnar í byrjun nóv. Flestir aðilar sendu viðskrn. umsögn sína snemma árs 1977, þannig að ár er liðið síðan viðskrn. hárust skoðanir atvinnulífsins á tillögum embættismannanna.

Þessi dráttur á að till. embættismanna séu lagðar fram í frv.-formi, kann að vera mjög eðlilegur, enda voru umsagnir samtaka atvinnuveganna yfirleitt á þá leið, að þau voru þess ekki sérstaklega fýsandi að þessar till. yrðu óbreyttar að lögum.

Það hafði vissulega sín áhrif, að menn höfðu till. Verslunarráðsins til hliðsjónar um hvernig þessum málum væri best fyrir komið með hagsmuni þjóðarheildar í huga. Sú viðmiðun hafði sterk áhrif á afstöðu samtaka atvinuveganna til þeirra draga sem embættismennirnir sömdu. Þótt samtök atvinnuveganna hafi ekki verið sérstaklega fylgjandi till. embættismannanna þriggja er ekki þar með sagt, að samtök atvinnuveganna telji ekki að full þörf sé á lögum um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja. Ég vil ekki hafa langt mál um þá þörf, svo oft sem hún hefur verið rakin áður. Þó þykir mér rétt að minnast á nokkur atriði.

Fyrir 40 árum var verðlagsnefnd fyrst skipuð. Síðan þá höfum við lifað samfellt verðbólguskeið þar sem verðlag hefur hækkað árlega, að jafnaði um 14% á ári, á þessum 40 árum. Nú á síðustu árum, þegar farið er að beita verðstöðvun árum saman, keyrir þó fyrst um þverbak. Okkar verðmyndunarhöft og verðstöðvanir virðast því ekki hafa leitt til stöðugs verðlags, nema síður sé. Samanburður við tímabilið fyrir 1938 sýnir það. Frá lokum fyrri heimstyrjaldar til 1938 bjuggum við Íslendingar við stöðugt verðlag og jafnvel verðhjöðnun, enda var verðlag svipað árið 1938 og var í miðri fyrri heimstyrjöldinni 20 árum áður. Ríkjandi verðmyndunarhöft hafa einnig haft í för með sér aðra ókosti en hækkandi verðlag. Þau hafa slævt verðskyn almennings, leitt til óhagkvæmni og sóunar í atvinnurekstri, dregið úr samkeppni milli fyrirtækja og innleitt ófrelsi og boðið heim spillingu. Eftir 40 ára framkvæmd kerfis, sem hefur svo marga ókosti, virðist því kominn tími til að breyta um starfshætti og innleiða svipaðar verðmyndunar- og samkeppnisreglur og tíðkast á Vesturlöndum.

Verðlagslöggjöf annarra þjóða, sem er löggjöf þeirra um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja, hefur þann tilgang að tryggja, eins og framast er kostur, að allar markaðsaðstæður hvetji fyrirtæki og einstaklinga til efnahagslegra framfara. Jafnframt er stjórnvöldum gert kleift og skylt að koma í veg fyrir að einstakir aðilar geti hagnýtt sér eða skapað sér aðstöðu til þess að ná óréttmætum hagnaði. Til

þess að ná þessum markmiðum er beitt tveim mismunandi aðferðum.

1. Samkeppnislöggjöf. Henni er ætlað að efla og styrkja frjálsa samkeppni og hindra aðgerðir einstakra fyrirtækja sem kunna að skaða samkeppnina.

2. Verðmyndunarlöggjöf. Henni er ætlað að gera yfirvöldum mögulegt að hindra óeðlilega hátt eða lágt verð og jafnvel að hamla gegn verðbólgu.

Hvað viðvíkur fyrra atriðinu eru þarna tvær mismunandi leiðir. Norræna aðferðin gerir öllum fyrirtækjum skylt að tilkynna viðkomandi yfirvöldum um sérhverja samninga eða aðgerðir sem augljóslega leiða til heftrar samkeppni, en bannar þær ekki. Síðan er það lagt í hendur yfirvalda að ákveða í hverju tilviki hvort banna skuli einstaka samninga. Ameríska aðferðin er hin leiðin. Hún bannar allar samkeppnishömlur nema þær sem lögin kveða á um að séu leyfilegar. Þau lönd, sem fylgja amerísku aðferðinni, eru einkum Bandaríkin, Kanada, Þýskaland og Japan.

Hvað viðvíkur verðlagslöggjöfinni skiptir mestu máli á hvers herðar löggjafinn leggur þá ábyrgð að taka verðákvarðanir og í hverja aðstöðu sá aðili er settur. Þannig ríkir sá skilningur í Bandaríkjunum, Kanada, Þýskalandi, Sviþjóð og mörgum fleiri Evrópulöndum, að sami aðili og nýtur hagnaðarins eða þolir tapið af rekstri fyrirtækisins verði að bera ábyrgð á verðákvörðunum. Löggjöf þessara landa gefur stjórnvöldum enga möguleika á afskiptum þar af. Hins vegar geta yfirvöld fengið neitunarvald, þ. e. ýmist bannað allar vöruhækkanir eða bannað einstökum fyrirtækjum að breyta verði.

Í þeim löndum, sem beita ekki bannreglunni í samkeppnislöggjöfinni, eru gjarnan rýmri möguleikar á opinberri íhlutun í verðákvarðanir fyrirtækja, bæði með því að heimila yfirvöldum beina verðákvörðun, hámarksverð, eða löggildingu verðútreikningsaðferða, svo sem álagningarákvæða. Undantekning frá þessu er Sviþjóð sem beitir ekki bannreglu, en gefur yfirvöldum þó ekki heimild til verðíhlutunar. Þar á móti kemur upplýsingaskylda, þ. e. afar víðtæk skylda til þess að gefa opinberum aðilum og jafnvel fjölmiðlum hvers kyns upplýsingar er máli skipta.

Aftur á móti hafa verið í gildi lög um tímabundna verðstöðvun, þ. e. bæði á innlendum og innfluttum vörum, í ýmsum löndum, sem aðhyllast bannreglu, og norrænu regluna. Erfitt er að segja nokkuð um árangur verðmyndunarlöggjafar við að hamla gegn verðbólgu, þar sem það á anað borð er yfirlýstur tilgangur. Þó virðist vera samhengi þar á milli á þann veg, að verðbólga er minnst í þeim löndum sem hafa minnsta opinbera íhlutun í verðlagsákvarðanir fyrirtækja, sé litið til næstu landa sem búa við svipað stjórnskipulag.

Við gerð meðfylgjandi tillagna var farin sú leið að fylgja bannreglunni í köflunum um samkeppnislög og einkum stuðst við þýsku lögin, sem eru mjög nýleg, eða frá 1973. Enn fremur er þeirri reglu fylgt, að verðlagsyfirvöldum er ekki gefið vald til að ákvarða verð fyrirtækja, heldur er Einokunarnefnd gefið takmarkað vald til þess að banna fyrirtækjum að breyta verði sínu og viðskrh. fær vald til þess að grípa til verðstöðvunar, þ. e. algjörrar verðstöðvunar. Meginhersla er lögð á að skapa markaðsaðstæður sem líklegastar eru til að fóstra eðlilegt og æskilegt viðskiptalíf með þjóðarhagsmuni í huga.

Það verður að taka skýrt fram, að í þessum till. er ekki tekið tillit til sérhagsmuna nokkurra hópa, stétta eða landssvæða, þar af leiðandi ekki heldur til sérþarfa ýmissa minnimáttarhópa sem e. t. v. eru tekjulágir. Sú skoðun var ríkjandi við samningu frv., að slíkum sjónarmiðum sé ekki hægt að blanda inn í löggjöf sem þessa ef hún á að ná tilgangi sínum, heldur verður að koma til móts við slíkar þarfir eftir öðrum leiðum opinberrar samhjálpar.

Við samningu þessara till. hefur ekki verið tekið tillit til þess, hvað ætla mætti að væri pólitísk málamiðlun, heldur eingöngu sett fram þau sjónarmið sem talin voru réttust, þó með einni undantekningu. Ekki var talið fært að breyta meðferð verðlagsmála landbúnaðarafurða og sjávarafla á annan hátt en þann, að færa smásöluverð landbúnaðarafurða frá sexmannanefnd undir lög þessi og viðskrh. Það táknar þó ekki að menn telji núverandi fyrirkomulag um ákvörðun heildsöluverðs landbúnaðarafurða og sjávarafurða æskilegt.

Hér verður ekki gerð frekari grein fyrir efni frv., heldur látið nægja að vísa í efnisyfirlit, sem gefur góða mynd af uppsetningu þess, og svo til frv. sjálfs og meðfylgjandi grg.

Ég vil þó leyfa mér að benda á 69. gr., á bls 22 í frv., en þar er fjallað um lög sem fella verður úr gildi ef frv. þetta nær fram að ganga, og 70. gr., þar sem breyta þarf eldri lögum, og svo 71. gr., þar sem breytingar er þörf til samræmis við 41. gr.

Eins og ég gat um er efnisyfirlit á bls. 38 í frv., og þar sést kaflaskiptingin. Fyrsti kaflinn hljóðar um samninga og ákvarðanir um samkeppnishömlur, annar kafli um viðskiptahömlur, briðji kafli um starfsemi markaðsráðandi fyrirtækja, fjórði kafli um ólöglega markaðshegðun, fimmti kafli um samkeppnisreglur, sjötti kafli um verðmyndun, sjöundi kafli um almenn ákvæði. Í öðrum hluta eru áttundi kafli um yfirvöld sem annast eftirlit og framkvæmd þessara laga, níundi kafli um Markaðsstofnun Íslands, sem yrði þá sett á laggirnar og kæmi má segja í staðinn fyrir verðlagseftirlitið eins og það er nú í dag, tíundi kafli um Markaðsdómstól og ellefti kafli um Einokunarnefnd. Í þriðja hluta, þar sem rætt er um gildissvið og gildistöku, er tólfti kafli um gildissvið. Í hverjum kafla eru greinarnar að sjálfsögðu sundurliðaðar.

Ég vil að lokum, herra forseti, vona að frv. þessu verði vel tekið og að loknum þessum umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. Það er von mín, að það nái fram að ganga svo fljótt sem auðið verður og afgreiðslu verði hraðað, þannig að frv. geti orðið að lögum á þeim tíma sem gert er ráð fyrir í því, en það er í apríl 1978, sem sagt innan tveggja til þriggja mánaða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 49. fundur.

Miðvikudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Virkjun Blöndu, frv. (þskj. 153). — Frh. 1. umr.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég hefði fremur kosið að mæla þessi orð, sem ég ætla hér að mæla, í viðurvist hæstv. iðnrh. Ég hef að vísu beðið um frest á þessu máli áður, eins og mönnum er kunnugt, en mér þykir nú heldur verra að ráðh. skuli ekki geta verið viðstaddur meðan ég er að tala. Mun hann ekki vera væntanlegur í dag? (**Forseti:** Ég skal láta kanna hvort hæstv. ráðh. er í Ed. Svo gæti vel verið. Mér hefur að a. m. k. ekki borist beiðni um fjarvistarleyfi og hæstv. ráðh. hefur lýst yfir þeirri ósk sinni að málið komist sem fyrst í n. — **Forseti:** Fregnir hafa borist af því, að hæstv. ráðh. muni vera staddur úti á Austurvelli á leið hingað.) Það kalla ég góðar fréttir.

Um þetta mál, sem hér er til umr., urðu allnokkrar umr. í fyrra. Ég flutti þá nokkuð langa tölu og mun ekki endurtaka hana hér. Það er þó ýmislegt sem nauðsynlegt er að drepa á í máli sem þessu, og það var engan veginn fullrætt frá minni hendi í fyrra og verður sennilega ekki á þessum fundartíma í dag. — Nú sé ég að hæstv. ráðh. gengur í salinn og get þá hafið mál mitt.

Þetta er í þriðja skipti sem þetta frv. kemur hér á borð alþm., og það er synd að segja annað en það sé starfsamur hæstv. iðnrh. sem flytur þetta mál hér hvað eftir annað. Þetta mál kom til umr. fyrir jólin og þá flutti hæstv. ráðh. framsögu sína þegar afgreiðsla fjárl. stóð sem hæst. Þá voru menn að glíma við efnahagsvandann og létu það sitja fyrir að ganga frá honum. Að vísu tókst það ekki algerlega, svo að það mun eitthvað ofurlítið vera eftir af honum enn, þannig að vera kann að við þurfum að ræða hann líka á næstu dögum. En frv. eins og þetta og efnahagsvandi eiga ofurlitla samleið, vegna þess að rætur þess efnahagsvanda, sem við er að glíma, liggja að sjálfsögðu víða um þjóðfélagið. En ein gild rót, einn anginn liggur í sáttmála núv. stjórnar, þar sem segir frá því, að orkumál skuli hafa forgang. Ég hygg að þó að þetta hafi verið vel meint, þegar sett var á blað við myndun ríkisstj., þá megi öllu ofgera, og þó margt hafi tekist vel í orkumálum og hæstv. iðnrh. og ríkisstj. öll eigi miklar þakkir skildar fyrir suma þá hluti sem þar hafa verið gerðir, t. d. eins og beislun jarðhita til upphitunar, þá hefur annað tekist miður og það illa, að af því hefur hlotist verulegur efnahagsvandi. Nægir þar að nefna Kröflu. Menn eru að tala um Kröflunefnd og Orkustofnun og finna báðum tveim ýmislegt til foráttu, en að sjálfsögðu starfa þessar stofnanir báðar á vegum og á ábyrgð rn.

Við höfum fengið fleiri mál úr þessu rn., svo sem eins og heimild til stækkunar álversins, þar sem álverið keypti sér stækkunarleyfi fyrir lítilfjörlega hækkun á rafmagnsverði. Við höfum fjallað hér á undanförnum þingum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði sem situr við ansi mikið annað orkuverð heldur en Rafmagnsveitur ríkisins. Og nú erum við að fjalla um Blönduvirkjun sem kemur ofan í Kröflu og lengra í fortíðinni Laxármálin. En það er nokkurt samræmi í þessu öllu saman, og þetta hefur allt saman orðið eða verður þjóðfélaginu baggi. *Þetta er allt saman unnið af duglegum mönnum,* en allt er þetta þó með nokkrum losarabrag og er okkur nauðsynlegt að gera okkur grein fyrir því, til þess að hlutirnir endurtaki sig ekki. Og þegar peningarnir eru búnir í Kröflurnar og Blöndurnar og járnblendiverksmiðjurnar og fabrikkur útlendinga farnar að sjúga raforkukerfi landsmanna, þá er farið að tala um að Íslendingum sé ofurefli að leggja vegi um land sitt og þeir verði að hlutast til um að byggðir verði flugvellir handa nýjum herstöðvum, og krefjast leigu fyrir landið. Þegar ábyrgir stjórnmálamenn, sem betur fer eru nú fleiri, taka af skarið og vilja ekki það sem þeir kalla að „setja verðmiða á landið“ og sýna af sér myndarskap, þá er farið að tala um að þeir séu einhverjir sértrúarhópar. Mér finnst það vera siðræn vesöld að vantreysta þjóðinni að búa vel í landinu og sjálfbjarga, en þá má ekki heldur fórna landhelgi, orkulindum eða gróðurríki landsins í þágu útlendinga.

Hér eru til umfjöllunar heimildarlög um hæpna virkjun, — heimildarlög, sagði ég, því að þetta er nákvæmlega sama aðferðin og notuð var á sínum tíma um Kröfluvirkjun, það að samþykkja lög og svo á einhver ríkisstj. í framtíðinni að geta dregið þau upp úr skúffu sinni og gefið út virkjunarleyfi, og þá þarf ekki að spyrja þingheim. Þetta tel ég vera óviðfelldna og alranga aðferð. Vonandi eignumst við góða ráðh. í framtíðinni og höfum reyndar oftast nær átt góða ráðh., sem betur fer, því að slæmir ráðh. eru þjóðfélaginu dýrir. Og venjulega hafa lent réttir menn á réttum stöðum. En þó hefur það komið fyrir, að hæfustu mennirnir hafa ekki lent í þeim stólum þar sem þeir hefðu þurft að lenda. Það er hér mannval mikið og flokkadrættir, og ég veit dæmi þess, að reyndir og mikilhæfir fyrrv. ráðh. hafa ekki átt afturkvæmt í ríkisstj og vikið fyrir lakari mönnum.

Í 1. gr. þessa frv. er lagt til að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila, eins og segir í 1. gr., að reisa og reka vatnsaflsstöð við Blöndu í Blöndudal í Austur-Húnavatnssýslu með allt að 150 mw. afli og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinnar til að tryggja rekstur virkjunarinnar, enn fremur að leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu til tengingar við aðalstofnlínu Norðurlands og meiri háttar iðjuvera, eins og segir þar, — *ég endurtek:* og meiri háttar iðjuvera.

Hvað varðar væntanlega Norðurlandsvirkjun, eins og getið er um í frv., þá er ég ekki þess fullviss, að sú virkjun rísi, og í öllu falli finn ég ekki að það samræmist stefnu okkar framsóknarmanna að hún rísi á þeim grundvelli að hún verði virkjunaraðili. Ég minni á till. til þál., sem við flytjum, þm. Framsfl., um skipulag orkumála. Þar er einmitt gert ráð fyrir einni landsvirkjun, einni aðalvirkjun, sem hafi á hendi byggingu og rekstur hinna ýmsu orkuvera, en síðan er opin leið að stofna landshlutaveitur

til að dreifa orkunni, en á því er náttúrlega nokkur meiningarmunur.

Heimildin hljóðar upp á 150 mw. afl. Áætlunin gerir að vísu ekki ráð fyrir nema 135 mw., en síðan segir: „og gjöra nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinnar.“ Þessar ráðstafanir eru töluvert umfangsmiklar. Ég vænti þess þó, að þær séu ekki í því fólgnar að taka 60% af Vatnsdalsá, eins og sannarlega hefur komið til tals, og flytja til Blöndu. Enn fremur er heimild til að leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu til tengingar við aðalstofnlínu Norðurlands og meiri háttar iðjuver. Aðalstofnlína Norðurlands, þ. e. a. s. byggðalínan, er ekki hönnuð fyrir mannvirki sem þetta, og að sjálfsögðu þarf að leggja sérstaka línu frá þessari virkjun að þeim stað þar sem orkan yrði notuð, og þá væntanlega að meiri háttar iðjuveri, því að að sjálfsögðu er hún ekki til heimilisbrúks, svona virkjun. Það er meginatriði í málinu. Þessi virkjun getur ekki orðið til annars en stóriðju. Til þess að það sé nokkur vitglóra í því að reisa svona mannvirki þarna, þá hlýtur það að vera í tengslum við fyrirtæki, orkufrekt fyrirtæki, þá væntanlega við álver við Eyjafjörð eða einhvers staðar annars staðar á Norðurlandi.

Hvað varðar Hrauneyjafossvirkjun, sem þm. fréttu fyrir ári um að ætti að fara að byggja, þá er hún náttúrlega ekki til heimilisnota heldur nema að litlu leyti. Því til sönnunar sakar ekki að geta þess, að vinnuflokkar voru á ferli í sumar við að mæla fyrir línu sem lægi örfæraleið þvert yfir landið og átti að koma niður í Grafardal og lægi síðan út á Hvalfjarðarströnd.

Það eru fleiri atriði sem ástæða væri til þess að gera að umtalsefni við þetta lagafrv. Því fylgir, eins og segir í aths., „ný kostnaðaráætlun“ og „ný orkuspá“. Þetta er nú ekki nákvæmt orðalag, því að þetta er orkuspá, sem fylgdi frv. í fyrra og kostnaðaráætlun frá því í fyrra — sama kostnaðaráætlunin. Samkv. upplýsingum Jakobs Björnssonar, sem er orkumálastjóri, í orlofi eins og stendur, mun vera óhætt að bæta 20% ofan á þessa kostnaðaráætlun til þess að hún sé í samræmi við það sem hún hefði átt að vera þegar frv. var prentað. Það er ekki heldur hægt að segja að orkuspáin sé glæný. Það er kannske ekki hægt að segja heldur að það sé slegið í hana, en hún er í öllu falli orðin nokkuð sigin. Þessi orkuspá var gerð hér rækilega að umtalsefni í fyrra í umr. og komið inn á hverjar væru forsendur hennar. Að sjálfsögðu er mjög dýrt að gera það kleift að koma í lóg þessari orku, það kostar allmarga tugi milljarða, og það verður að gerast á skömmum tíma. Það verður að endurrafvæða sveitirnar. Þetta verður allt að vera búið 1985, það er 7 ára áfangi. En með sömu orkumálastefnu og fylgt hefur verið nú um sinn verður þetta væntanlega allt á hausnum.

Þessi orkuspá gerir ráð fyrir því, að árið 2000 verði orkuvinnslan 6370 gwst. Það hefur verið slegið á það, að nýtanleg vatnsorka á Íslandi sé 28—35 þús. gwst., og þetta segir okkur það, að ef þessi orkuspá væri framreiknuð og gert ráð fyrir 4% aukningu á ári, eins og gert er ráð fyrir hér á árabilinu frá 1994—2000, þá mundi það hafa í för með sér að nýtanleg vatnsorka á Íslandi yrði fullnýtt einhvern tíma fyrir eða um miðja næstu öld, og kæmi þó ekki til erlend stóriðja. Sannar þetta með öðru hvað fráleit sú hugmynd er að virkja fyrir útlendinga, þegar svo getur farið að börn okkar lifi þann tíma að vatnsorka á Íslandi verði gersamlega fullnýtt. Og þá er ekki heldur reiknað með að hlífa landinu. Í þessum 28—35 þús. gwst. er ekki gert ráð fyrir því, að virkjunarmöguleikar verði settir hjá eða látnir bíða út frá náttúruverndarsjónarmiðum, sem allir náttúrlega sjá að hlýtur að verða.

Þessi orkuspá er samin af svokallaðri orkuspárnefnd. Með frv. 1976, á 97. löggjafarþingi, fylgdi önnur orkuspá. Hún var talsvert á aðra lund. Hún var unnin af annarri orkuspárnefnd. Sú orkuspá var unnin af Landsvirkjun fyrir Suður- og Vesturland, en af Orkustofnun fyrir aðra landshluta. Hún gerði ekki ráð fyrir svona mikilli aukningu á notkun raforku, en hún gerði ráð fyrir því, að orkuvinnslan þyrfti að vera 1990 2601, en þessi á sama ári 2977 gwst.

En það eru fleiri að reyna að spá heldur en þessar orkuspárnefndir tvær. Með skýrslu um Bessastaðaárvirkjun, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa látið gera, koma fram aðrar upplýsingar en komu fram í ræðu hæstv. iðnrh. um það, hvenær fullnýtt yrði Hrauneyjafossvirkjun. Ég vil leyfa mér að lesa lítinn kafla úr skýrslunni um Bessastaðaárvirkjun, en þetta er um Bessastaðaárvirkjun II, áætlun um virkjun við Hól í Fljótsdal. Hún er frá des. 1977 og það get ég ekki kallað forlegna spá. Þar segir í kafla 1.2, með leyfi forseta:

„Síðan þessar forsendur lágu fyrir til grundvallar hefur verið ákveðið að hefjast handa við Hrauneyjafossvirkjun og er áætlað að hún geti tekið til starfa um 1982. Komi ekki til nýrrar stóriðju mun Hrauneyjafossvirkjun fræðilega geta mætt aukinni orkueftirspurn á landinu öllu fram til 1987. Er því ekki af þeim ástæðum þörf nýrrar virkjunar í landinu fyrir 1987.“ — Ég leyfi mér að vekja athygli þm. á þessu misræmi. En síðan segir: „Þar sem byggðalínan er mjög löng og flutningsgeta hennar frá Suðvesturlandi til Austurlands er takmörkuð, er þó talið æskilegt, hæði af rekstrar- og öryggisástæðum, að byggja virkjun á Austfjörðum. Þá ríkir nokkur óvissa um framtíð Kröfluvirkjunar vegna stöðugra umbrota á þeim slóðum.“

Þannig hljóðar þessi skýrsla. En það er náttúrlega fjarri því, ef ekki kemur til ný stóriðja, að við getum verið búnir með Hrauneyjafossvirkjun um miðjan næsta áratug.

Það er nokkur „litteratúr“ sem fylgir þessu frv. sem nú liggur fyrir til umr. Fyrir utan þessa orkuspá fylgja frv. þessu tvær umsagnir sem sendar voru iðnn. Nd. Alþ. í apríl 1977. Þær eru frá Rafmagnsveitum ríkisins og frá Orkustofnun. Í umsögn Orkustofnunar eru forlegnar upplýsingar a. m. k. á einum stað, þar sem segir að Villinganesvirkjun sé nálægt 40% dýrari á orkueiningu, miðað við fullnýtingu virkjananna strax. Samkv. nýjum rannsóknum um Villinganesvirkjun eru þetta úreltar upplýsingar og munurinn ekki nálægt því svona mikill. Munurinn er minni, segir hér, og það voru orð í tíma töluð,

ef ekki er tekið með í reikninginn að vissan tíma tekur að fullnýta virkjanirnar. Mismunurinn núna er nálægt 25% eða eitthvað því líkt.

Við hv. 5. þm. Norðurl. v. og margir aðrir hv. þm. höfum flutt till. til þál. um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi. Ég mun ekki mæla fyrir þeirri till. núna, því að mér gefst væntanlega tækifæri til þess innan skamms tíma. En ég vil taka það fram hér og nú, að það er að okkar dómi miklu aðgengilegri virkjunarvalkostur. Hann er ódýrari í byggingu, og hæfir markaði okkar. Þess má geta, að á Norðurlandi vestra er notkunin innan við 10 mw., og það má til samanburðar segja frá því, að sala Landsvirkjunar til Rafmagnsveitu Reykjavíkur er ekki nema í kringum 70 mw., þannig að þessi virkjun, sem menn eru nú að láta sér detta í hug að byggja þarna til heimilisnota eða tala um eins og þeir ætli að byggja til heimilisnota, er svo sem eins og tvöföld sala Landsvirkjunar til Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Með miðlungsstórum virkjunum, 30—40 mw., er hægt að gæta allra hagsmuna, þarfar Íslendinga sjálfra, öryggis landshluta o. s. frv., en að þessu kem ég miklu betur í þeirri framsöguræðu sem ég mun flytja um það mál. Þar er enn fremur engin teljandi röskun á náttúrufari og einhugur heimamanna. Ég lít svo á að við þurfum að læra af þeim vandræðum sem hlotist hafa í virkjunarmálum, m. a. að læra af þeim vandræðum sem urðu í Laxá hér á árunum.

Ég vil leyfa mér að vitna aftur til umsagnar Orkustofnunar, þar sem segir neðst á bls. 12 í frv.: „Sú hönnun, sem virkjunaráætlunin byggir á, er því gerð eftir að málið var rætt við heimamenn.“ Þetta er rétt svo langt sem það nær. En hún hefur ekki hlotið samþykki heimamanna, og það er allt annað mál. Við Laxá var búist við því, að heimamenn enduðu með því að láta undan, en það gerðu þeir ekki. Svo kann að fara að þetta verði líka ofan á um þessa virkjun.

Þá vil ég nefna það, að ég sakna nokkurra þeirra fskj., sem heppilegt hefði verið að prenta með frv., úr því að farið var að prenta umsagnir með frv. á annað borð. Það hefði t. d. hentað vel að prenta með því kafla úr náttúruverndarkönnun sem iðnrh. hefur látið gera þarna á svæðinu. Það hefði hentað vel að prenta hér á auða opnu, sem aftast er í frv., umsögn sem barst iðnn. frá Sambandi náttúruverndarfélaga á Norðurlandi. Ég vil bæta úr þessu, þó að í litlu sé, og lesa hér örstuttan kafla úr þessari skýrslu frá náttúruverndarsamtökunum, en þar segir, með leyfi forseta:

„Óspillt náttúrufar verður eflaust metið því meira sem tímar líða. Eyðing gróðurs og dýralífs er ævarandi skaði sem ekki er hægt að bæta með fé eða á annan hátt. Það er ekki aðeins skaði þeirra sveita sem verst verða úti, heldur allrar þjóðarinnar, í raun alls heimsins. Með tilliti til ofangreindra atriða er það niðurstaða okkar, að ekki skuli stefna að Blönduvirkjun á næstu áratugum, heldur skuli velja þá virkjunarmöguleika norðanlands sem valda mun minni umhverfisspjöllum.“

Það væri hægt að lesa hér lengi dags umsagnir í þessum dúr. Ég mun ekki gera það að sinni. Í skaðabótaþætti þessa frv. er drepið á veiðimál. Til þess að menn geri sér ofurlitla grein fyrir því, hvað þarna er í húfi, verð ég að vitna til rannsókna sem gerðar hafa verið á undanförnum árum á vegum iðnrn. á tveimur vötnum af þremur sem þarna munu eyðileggjast. Þetta er veiðikönnun sem gerð hefur verið af starfsmanni Orkustofnunar, Hákoni Aðalsteinssyni, í samráði við og undir yfirstjórn Jóns Kristjánssonar fiskifræðings og Veiðimálastofnunar. Þar segir frá því, að veiði í Eystra-Friðmundarvatni sé 6 tonn á ári — heppileg veiði, í Gilsvatni sé heppilegt að veiða 4.2 tonn á ári. Ef kg væri selt á 400—500 kr., þá er fljótt að koma þarna í verulegar upphæðir. Þessi veiði eyðileggst öll. Ég hef það eftir Jóni Kristjánssyni fiskifræðingi, sem raunar hver maður sér, að ef af þessari virkjun verður verða uppeldisskilyrði laxa lakari heldur en þau eru nú og laxaframleiðslan minnkar. Straumur eykst í ánni og vatnsmagnið eykst að miklum mun, hitastigið breytist og sumrinu seinkar í ánni. Jón Kristjánsson fiskifræðingur orðar þetta svo, að almennt talað megi búast við minnkandi laxagengd. Skotið hefur upp kollinum sú villukenning, að jökulvatnið muni setjast til þarna í lóninu, verða svo kannske tært og fagurt, en það er mesta fjarstæða, því að jökulmóðan verður áfram og litur vatnsins verður sá sami hvað sem það er geymt lengi í þessu lóni. Hér segir í umsögn Orkustofnunar, sem ég hef verið að vitna til, líka á bls. 12:

„Vísindamenn í gróðurfærum á Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafa því annast þennan þátt rannsóknanna fyrir Orkustofnun. Samkv. niðurstöðum þeirra er unnt að bæta þetta beitartjón með því að rækta upp land í nágrenni miðlunarlónsins sem nú er með öllu örfoka. Er þetta álit m. a. byggt á uppgræðslutilraunum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á norðanverðum Kili í grennd við hið ráðgerða miðlunarlón, og er því vel undirbyggt,“ segir í þessari umsögn.

Þetta er nú ekki nákvæmt orðalag heldur. Orðið „gróðurfæri“ eða „vísindamenn í gróðurfærum“ kann að vera heppilegt orðalag, þó að einhvern veginn kunni ég ekki við það, en hvað varðar undirbygginguna, þá er hún ekki sem áreiðanlegust að mínum dómi. Þetta land, sem þarna fer forgörðum, er í kringum 56 fkm² að rúmmáli. Samkv. upplýsingum Ingva Þorsteinssonar magisters mun þarna vera að finna líklega þriðja hvert strá sem vex á Auðkúluheiði. Mér er nú nær að halda vegna legu landsins, að þarna sé helmingurinn af nytjagróðri Auðkúluheiðar. Landið, sem sekkur, er á tveimur afréttum. Mér er kunnari Auðkúluheiði heldur en Eyvindarstaðaheiði, en samkv. hugmyndum Ingva mun ekki fara forgörðum beit nema fyrir 1700 ærgildi á Auðkúluheiði. Samkv. kenningu Ingva svarar það til þess, að tveir af stærstu bændunum í upprekstrarfélagi Auðkúluheiðar rækju ekki á heiði. Það er nú allt og sumt. Ef helmingurinn af stráum heiðarinnar eða þriðjungur a. m. k. væri tekinn burt og eyðilagður, þá færi að þrengjast á hinum 12—15 þúsundum ærgilda, sem á heiðinni ganga, og líklega einum 1000 hrossum. Það er sannað að vísu að þetta

land, sem þarna á að sökkva, er gósenland. Í tilraun, sem FAO hefur staðið fyrir á því svæði sem þarna fer í kaf, kemur það í ljós að lömb eru þar 4—5 kg þyngri heldur en þau sem ganga á mýrum á Hvanneyri. En í stuttu máli sagt telja landgræðslumenn, og leyfi ég mér að nefna þar Svein Runólfsson og Stefán Sigfússon, þeir telja fjarstæðu, að ekki þurfi að bera á þetta land á hverju ári, og meira en það, það þurfi að bera á þetta oftar en einu sinni til þess að gróður verði á æskilegu þroskastigi svo að fé vilji bíta. Ég hygg að þessar uppgræðsluhugmyndir séu sýndarmennska og settar fram vegna almenningsálitsins. Ég hygg að vandfundnir séu þeir bændur sem taka þær alvarlega.

Raunverulegar bótagreiðslur varðandi það tjón, sem bændur verða þarna fyrir, eru náttúrlega í rafmagni, og það er alveg rétt, að þessi rafmagnsboð hafa freistað sumra kúabænda, sem þá vilja væntanlega afsala sér upprekstri á Auðkúluheiði jafnframt, og sumra fjárbænda, sem komnir eru svo langt í ræktun feitra kinda og fótfúinna, að lífslöngunin er slokknuð hjá þeim og þær þola ekki rekstur á afrétt. Afveltukyninu er ekki óhætt nema með daglegri gæslu, og það getur vel verið að afveltufjárbændur kunni að líta hýru auga þessar rafmagnsbætur. En sem betur fer eru þeir nú fáir, þó að bæði ég og aðrir hafi asnast til þess að eignast hluta af þessu afveltukyni. Það er gaman að taka á bakinu. Þetta eru fallegir og stuttir fótleggir, þangað til heltin kemur.

Þetta var um þá fjárhagshlið sem að bændum snýr. En það er hægt að bjóða gjald fyrir alla skapaða hluti, en suma hluti er bara ekki hægt að selja, og það er mergurinn málsins. Örorkubætur geta verið góðar, svo langt sem þær ná, en heilbrigðin er þó betri. Ég er mikill talsmaður þess, að bændur hafi eignarráð á landinu, og ég byggi það á því, að ég held að bóndinn hafi meira tilfinningasamband við sitt land heldur en aðrir, þ. e. a. s. þann blett sem hann á eða telur sig eiga. Hann þekkir landið, og ég held að bændum sé best treystandi til þess að varðveita landið og skila því ekki verra til eftirkomenda heldur en þeir tóku við því.

Það er líka athyglisvert, að þeir bændur, sem vilja ljá máls á virkjun, eru fyrst og fremst þeir sem ekki þekkja landið mjög náið og hafa sjaldan farið þarna um. Ég hef séð loftmyndir af Íslandi, ákaflega merkilegar loftmyndir teknar úr gervitunglum, þar sem kemur fram gróður í mismunandi litbrigðum á jörðu niðri. Þær eru teknar úr gervitungli í 9.5 km hæð. Þá kemur það í ljós, að á öllu hálendi Íslands er hvergi svo fagur blettur sem á þessum húnvetnsku heiðum sem nú er lagt til að sökkt verði að verulegu leyti. Þetta land, sem þarna fer forgörðum, er stærra en öll tún í Austur-Húnavatnssýslu samanlagt, öll ræktuð tún, og þarna yrði þriðja stærsta stöðuvatn á landinu, svo að menn geta gert sér ofurlitla grein fyrir því, hvað þetta er gífurlegt.

Það væri og freistandi að ræða nánar í heild orkumál á Norðurlandi. Það var nokkur orkuskortur á Norðurlandi, því miður, og það var hafist handa um að bæta úr honum. Það var gert með tvennu móti, og af fyrirhyggjuleysi voru farnar tvær leiðir að sama marki. Það var bæði lögð byggðalína norður og það var farið að virkja Kröflu samkv. heimildarlögum sem samþykkt voru í fortíðinni. Byggðalína, sem ekki mátti tefjast, tafðist vegna mikils áhuga á Kröfluvirkjun. Ég hygg að það hefði verið heppilegra að fara hægar við Kröflu.

Knútur Otterstedt rafveitustjóri á Akureyri benti á það strax, að ef byggðalína kæmi væri þessi Kröfluorka óþörf um allnokkra framtíð, og það er náttúrlega meginatriði hvað á að gera við orkuna. Það er alveg rétt, að stundum getur komið til að hentugt geti verið að hafa toppstöðvar og ríflegt magn í kerfinu, ríflega raforkuvinnslugetu. En það er allt of dýrt að vera að byggja 20—30 milljarða toppstöðvar.

Ég mun ekki á þessu stigi málsins eyða tíma í að ræða um þau iðnaðartækifæri sem hugsanlega gætu tengst þessu fyrirtæki. Í hugum sumra þeirra manna, sem annars hafa verið jákvæðir út í þetta fyrirtæki, hefur verið vakandi hugmynd um að hugsanlega mætti þarna reisa áburðarverksmiðju sem flytti út ammoníak. En því miður er tómt mál að tala um það, því að sá iðnaður er annmörkum háður hér, og vitna ég til starfsnefndar sem ég á sæti í og hefur verið að athuga þetta nú fyrir skemmstu.

Það er fleira sem er athugavert við tilhögun þessarar virkjunar og ekki hefur áður komið nægilega skýrt fram í þeim umr. sem orðið hafa. Þetta er einstætt mannvirki á norðurhveli jarðar að vatnsvegum til. Það eru langir vatnsvegir þarna, en samkvæmt því, sem straumfræði Íslands telur, er þeim áætlunum nokkuð ábótavant. Þetta skurðakerfi er allt saman mjög viðkvæmt, bæði fyrir því að fyllast og það er erfitt að hreinsa það. Það verður að frjósa í logni. Og þar á ofan eru fyrirsjáanleg vandkvæði sem hvergi eru tekin með í þeim útreikningum, sem eru lagðir fram í frv., vegna ísreks í Blöndu eftir að vatn úr ræsinu rennur í sinn gamla farveg. Okkar færustu verkfræðingar telja að það þurfi, eins og þeir kalla, að „kanalisera“ ána frá ræsinu og til sjávar. Þá verður miklu meira rennsli þarna heldur en við náttúrlegar kringumstæður og þar með engin hætta á ísreki, eins og menn kannast náttúrlega við frá Þjórsá. Það er tæknilega unnt að gera þetta. Þetta kostar allt saman verulegt fjármagn, og því miður gæti svo farið, að þetta ógnaði byggð við ána. Það er þorp við ósa Blöndu, eins og menn vita, og því gæti beinlínis stafað ógn af isamyndun við ána. Þess vegna verður að taka allan þennan kostnaðarsamanburð með æðimikilli varúð.

Ég vil ljúka máli mínu með því að láta þá skoðun í ljós, að ég held að það verði að nota vatnið í Blöndu í framtíðinni og það sé skynsamlegt og meira að segja óhjákvæmilegt. En ég legg áherslu á að það er ófært að gera það nema með breyttri virkjunartilhögun. Það má ekki sökkva þessu flæmi af landinu til þess að gera virkjun þarna mögulega. Það eru ýmsar aðrar hugmyndir sem til eru um virkjun þarna. Ég mun ekki ræða þær verulega að sinni. Upphaflega hugmyndin var að virkja þetta vatnsfall ofan í Vatnsdal, og það er ódýrasta hugmyndin. Sem betur fer er hún úr sögunni af náttúru-

verndarástæðum. Það er hægt að hugsa sér miðlunarlón, sem vafalaust er mjög mikilvægt að hafa í raforkukerfinu, öðruvísi. Það er hægt að hugsa sér að koma þeim fyrir á skynsamlegri stöðum, þ. e. a. s. stöðum þar sem ekki er svo mikið af dýrmætu landi sem eyðileggst. Það er hægt að hugsa sér aðra virkjunarstaði, m. a. stíflu við Langatanga og virkjanir í gilinu, miklu einfaldari mannvirki og heppilegri að stærð fyrir þetta þjóðfélag.

Ég vil láta þá niðurstöðu mína koma fram, að ég tel að það eigi ekki að þráast við að reyna að fá fram þessi heimildarlög eins og þau eru úr garði gerð núna. Ég held að það megi ekki virkja Blöndu eftir þessari tilhögun, a. m. k. ekki fyrr en aðrir aðgengilegri kostir, virkjunarvalkostir, eru uppurnir. Ég held að það sé heppilegra að lofa þessu frv. að stöðvast, en samþykkja till. okkar Ragnars Arnalds og fleiri góðra manna um virkjun við Villinganes í Héraðsvötnum og hefjast síðan handa þar þegar raforkuþörf á Norðurlandi og hjá þjóðinni segir til um. Um það er einhugur heimamanna, og það fyrirtæki gæti orðið lyftistöng kjördæminu öllu og jafnframt þjóðfélaginu, og það yrði hagkvæmasti valkosturinn á Norðurlandi vestra þegar allt væri talið. Og það er siðmannlegri virkjun og betri miðað við okkar þjóðfélagsaðstæður.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs um þetta mál, þegar það var til umr. hinn 14. des. s. l., til þess að flytja hæstv. iðnrh. og ríkisstj. í heild þakkir fyrir forgöngu í þessu máli og láta í ljós þá skoðun mína, að ég teldi mikils virði að frv. þetta yrði afgreitt á yfirstandandi þingi. Síðan hefur þessu máli verið frestað nokkrum sinnum og ekki tekið til umr. fyrr en nú.

Ég vil segja það, þó að ég ætli ekki að ræða þetta mál ítarlega umfram það, sem hér hefur gefist tilefni til, að þetta frv. er í samræmi við þá stefnu sem ég tel að nauðsynlegt sé að hafa í orkumálum, sem sé þá stefnu að hagnýta orkulindir okkar í þágu landsmanna sjálfra.

Í engri grein opinberra framkvæmda er jafnmikil nauðsyn að hafa mikla yfirsýn og í orkumálum, að hafa í huga langtímasjónarmið og mæta fyrirsjáanlegum vanda, þegar að honum kemur, með vel undirbúnum aðgerðum. Ég skal ekki fara út í að skýra þessi atriði mikið, aðeins segja það, að undirbúningur stórra virkjana hér á landi getur tekið allt að áratug, a. m. k. þangað til þær eru komnar til nota. Það er nauðsynlegt að ráða í þróun orkuþarfarinnar með svo löngum aðdraganda og fyrirvara sem hugsanlegt er til þess að geta með undirbyggðum aðgerðum mætt þeim og komið í veg fyrir orkuskort.

Þá er einnig nauðsynlegt að nýta fjármagnið, sem fer til þessara kostnaðarsömu framkvæmda, sem allra best. Það verður ekki gert nema því aðeins að mál séu undirbúin af fyrirhyggju og framsýni og þeirri yfirsýn, að landið allt sé haft í huga. Sé þetta ekki gert má búast við því, að gripið verði til skyndiráðstafana, sem kosta stundum allt of mikið fé, eða þá að gripið verði til lausna, sem taldar eru fljótvirkar, og getur þá brugðið til beggja vona, eins og við höfum þegar reynslu af.

Ég skal láta það koma fram, að þessar hugleiðingar mínar taka m. a. mið af þeirri orkuspá sem fylgir þessu frv. Sú orkuspá er gerð að bestu manna yfirsýn. Hún er gerð af fulltrúum Landsvirkjunar, Orkustofnunar og Laxárvirkjunar og annarra þeirra aðila sem gerst vita um þessi mál. Ég treysti mér ekki til að bera brigður á að þarna sé farið eins nærri sanni og færustu menn okkar geta nú sagt til um. Vel má vera að aðrir geti það, og hefur raunar þegar komið fram að svo virðist vera.

Þessi orkuspá gerir ráð fyrir því, að í fyrstu vaxi orkuneyslan hér á landi um 9% á ári, síðan smádragi úr þessari aukningu þangað til árið 1994, þá verði árleg aukning orkuneyslunnar 4% og haldi svo áfram úr því, a. m. k. eins lengi og orkuspáin nær eða til aldamóta. Nú er það kunnugt, að á sumum svæðum landsins hefur orkuneyslan vaxið á milli 15 og 20% á ári nú hin síðustu ár. Það er vitaskuld vegna þess að orkuskortur var orðinn mikill, og þegar ráð verða til að bæta úr slíkum orkuskorti verður orkuneysluaukningin auðvitað mjög mikil. Það er í raun og veru ekki enn svo komið að enn sé ráðin fullnægjandi bót á orkuskortinum um allt landið, og er fyrirsjáanlegt að vel þarf að standa í ístaðinu til þess að hann verði ekki staðreynd sem mæta verður með ákaflega óhentugri og kostnaðarsamri keyrslu dísilvéla.

Ef við leggjum þessa orkuspá til grundvallar — og skal ég þá ekki taka hana alvarlegar en svo, að þar getur vitaskuld skakkað hálfu til heilu ári á löngu tímabili um þörf fyrir nýtt orkuver — og þær ákvarðanir sem teknar hafa verið, þá má til sanns vegar færa, ef allt stenst, að það sé ekki þörf fyrir nýja virkjun fyrr en 1986—87, eins og hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan. Þó er það svo, að þetta er vitaskuld bundið því að Kröfluvirkjun fari í gang með fullri orkuvinnslu, og þótt það gerðist, t. d. eftir 1980, þá er ekki fyrir að synja að orkuskortur kunni að verða í kringum 1980, vegna þess að Sigölduvirkjun verður þá væntanlega fullnýtt. Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma, en það er augljóst að þörf er fyrir nýja virkjun á síðari hluta næsta áratugs — og fyrr ef svo hrapallega tekst til að Krafla nýtist ekki, en allir vona að hún nýtist og það sem allra fyrst. Með hliðsjón af þessu snýst spurningin um það, hvort við eigum að virkja Blöndu eða halda áfram virkjunum í Þjórsá. Aðrar stórar virkjanir eru naumast komnar á það stig í undirbúningi að þær komi til greina fyrr en um 1990, að talið er, og á ég þá við Austurlandsvirkjanir. Ég vil aðeins segja það í þessu sambandi, að ég tel hiklaust að næsta stórvirkjun okkar eigi að verða Blönduvirkjun en ekki fleiri stórvirkjanir við Þjórsá að sinni, vegna þess hve mikil hagkvæmni fylgir því að dreifa virkjunum um landið, og ekki síður hitt, að það er kominn tími til að taka ákveðna stefnu í þá átt að virkja stóra virkjun utan eldvirkra svæða landsins. Vonandi er að ekki komi til óskapa á Þjórsár- eða Tungnaársvæðinu, en á öllu þessu svæði er ástandið þannig, að við getum aldrei fullyrt hvenær kemur að því, að náttúruhamfarir

verði, og þær náttúruhamfarir geta valdið óhemjutjóni. Vonandi er að svo verði ekki.

Ef menn hins vegar hafna þessari stefnu og vilja stefna að smávirkjunum, þá er það frá hvarf frá því að tryggja það að þjóðin geti mætt aukinni orkuþörf sinni með innlendum orkugjöfum. Hætt er við því, að því mundi fylgja orkuskortur fyrr eða síðar. Ef enn er vitnað til orkuspárinnar, sem ég hef gert að umtalsefni, þurfum við sem svarar 30 mw. í aukinni raforku á hverju ári til aldamóta. Það þýðir að taka þyrfti í notkun eina smávirkjun af þeirri stærð á ári og vera þá að virkja á mörgum stöðum samtímis. Það út af fyrir sig kostar aukinn tækjakost og aukinn mannafla, auk þess að smávirkjanir eru í flestum tilvikum mun dýrari en stórar virkjanir miðað við framleiðslueiningu. Með þessari leið er mjög hætt við að orkuskortur mundi þá og þegar fylgja, vegna þess að það er hæpið að nægilega yrði staðið í ístaðinu við að virkja smávirkjanir jafnört og þörf væri á til þess að mæta orkuþörfinni. Og orkuskorturinn er dýr.

Það hefur verið gerð tilraun til þess, bæði hér innanlands og erlendis, að meta hvað orkuskorturinn kostar. Í áætlunum Landsvirkjunar hefur t. d. orkuskorturinn verið verðlagður 50—100 kr. á kwst., eftir því um hve mikið magn er að ræða. Enda þótt sumum kunni að virðast þetta vera háar tölur er þó orkuskorturinn metinn miklu hærra í ýmsum nágrannalöndum okkar. Það er því ljóst að orkuskorturinn er gífurlega dýr. Framleiðsla á kwst. raforku kostar í hagstæðum virkjunum, eins og nú standa sakir, kringum 3 kr., en orkuskorturinn er talinn kosta 50—100 kr.

Enn vil ég geta þess, að sérfræðingar frá mörgum löndum heims hafa áhyggjur af vaxandi orkuskorti í heiminum. Þeir telja að ekki séu líkur til þess, að olían geti mætt vaxandi orkuþörf mannkynsins lengur en einhvern tíma fram á áratuginn frá 1985—1995 og að olían í heiminum kunni að verða þrotin áður en 40 ár eru liðin. Sérfræðingar í orkumálum víðs vegar að úr heiminum leggja sig fram við það að finna lausn á þessum vanda. Meðal þeirra ráða, sem auðvitað koma þá í hugann, er orkusparnaður, og er sjálfsagt fyrir okkur Íslendinga að huga að þeim þætti málsins eins og öðrum. Sumum kann að finnast að Íslendingar þurfi aldrei að spara. Ég held samt að við ættum að huga að því og ef það gæti orðið til þess að við gætum dregið einhverja framkvæmd t. d. um eitt ár eða hálft ár, þá tel ég það vera vinning, en ekki hið gagnstæða.

Áður en til þess ástands kemur í heiminum, að olían getur ekki mætt orkuþörf mannkynsins, þá er víst að hún verður dýr, og það má búast við því fyrr eða síðar, að við Íslendingar lendum í þeirri úlfakreppu að ný verðsprenging verði á olíu. Þessar horfur sýnast mér þess eðlis, að ekki sé um það nein spurning, að við verðum að undirbúa það, eins og ég sagði, af fyrirhyggju og yfirsýn og með langtímasjónarmið fyrir augum að taka innlenda orkugjafa til þarfa þjóðarinnar sjálfrar og ekki komi til mála að draga þar um of úr fjármagni, vegna þess hve geigvænleg hætta getur verið búin þjóðinni í sambandi við olíuverð og olíukreppu á komandi tíð.

Ég vil aðeins segja í sambandi við það sem hv. þm. Páll Pétursson ræddi áðan um orkuforða okkar Íslendinga, — þar sem hann gerði því skóna að miðað við þá orkuspá, sem er birt sem fskj. með þessu frv., að ef framhald yrði á virkjunum í samræmi við hana, þá mundi virkjanlegur vatnsorkuforði þjóðarinnar vera þrotinn um miðja næstu öld, — að ég hef hér fyrir framan mig erindi, sem yfirverkfræðingur Landsvirkjunar, Jóhann Már Maríusson, flutti á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna í nóv. s. l., þar sem hann kemur að þessu efni, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa eina mgr.:

„Áætlað hefur verið að virkjanleg vatns- og jarðgufuorka til raforkuframleiðslu hér á landi geti numið a. m. k. 50 þús. gwst. á ári, þar af um það bil helmingur í vatnsorku. Ef reikna má með, að Íslendingar væru orðnir 700 þús. manna þjóð í lok 21. aldar og þá verði beislun þessarar orku að veruleika, munu menn hafa til ráðstöfunar um 70 þús. kwst. af raforku á hvern einstakling á ári. Til samanburðar má geta þess, að í dag notum við um 11 þús. kwst. af raforku á hvern einstakling, og t. d. Norðmenn, sem nota mest allra í heimi, hafa í dag um 17 þús. kwst. til ráðstöfunar á hvern einstakling. En þeir hafa þegar fullnýtt meiri hluta af vatnsorku sinni. Jarðgufu hafa þeir enga umtalsverða, eftir því sem best er vitað.

Hér er ekki um spá að ræða í neinum skilningi. En það virðist nokkuð ljóst, að búast má við því að þrátt fyrir mannfjölgun á Íslandi ræður þjóðin yfir möguleikum til að stórauka raforkuframleiðslu á hvern einstakling og það með þeim verðmætu orkulindum sem stöðugt endurnýja sig fyrir tilverknað náttúraflanna sjálfra.“

Samkv. því, sem þarna segir, hefur þjóðin til ráðstöfunar í lok 21. aldar, ef hún væri þá búin að virkja virkjanlega vatnsorku og gufuorku í landinu, um þrisvar sinnum meira á hvern einstakling heldur en Norðmenn nota í dag, og Norðmenn nota mest af slíkri orku allra þjóða í heimi. Þetta kemur hvergi heim við staðhæfingar hv. þm. Páls Péturssonar áðan og sannar, ef marka má orð þessa manns, sem er yfirverkfræðingur Landsvirkjunar, að þjóð okkar býr yfir mjög miklum auðlindum sem munu endast henni um mjög langa framtíð. Það er mikil gæfa að svo skuli vera, og við eigum að nýta þessi verðmæti okkar þjóð til gagns.

Ég skal ekki hafa mörg orð um þennan þátt frekar. Ég vil aðeins segja það út af því sem hér hefur komið fram, að ef gerður er samanburður á því, hver hagkvæmni er í því fólgin að virkja annars vegar tiltölulega stóra virkjun eins og Blönduvirkjun, 135 mw., sem er með því hagstæðasta sem finnst hér á landi, miðað við þær tölur sem nú liggja fyrir, annars vegar og smávirkjanir hins vegar, þá hef ég ekki aðrar tölur handbærar hvað smávirkjanir snertir en Villinganes- og Bessastaðaárvirkjun, I. og II. áfanga. Ef þetta er allt fært á sama verðlag, í sept. s. l., þá er talið að Blanda með 135 mw., 800 gwst. á ári, kosti 17 milljarða. Í frv. eru

14.8 milljarðar, miðað við marsverðlag. Ef Villinganes- og Bessastaðaárvirkjun, I. og II. áfangi, eru lagðar saman, þá eru það samtals 86 mw., sem kosta 17 milljarða 791 millj. kr. Sem sé, Villinganes og I. og II. áfangi Bessastaðaárvirkjunar kosta meira en Blanda miðað við verðlag í sept. s. l. Þá væri eftir að virkja 49 mw. til þess að ná orkuframleiðslu Blöndu. Ég skal ekki leiða neinar getur að því, hvað það kostar, það geta aðrir gert, en þetta er vitaskuld gífurlegur munur. Þarna eru gífurlegir fjármunir í húfi, og ég held að orkuframkvæmdir yfirleitt séu það dýrar, að þjóðin verði að huga að því, hvernig hún ver skynsamlegast fjármunum sínum til að nýta þessi verðmæti.

Hv. þm. Páll Pétursson rakti hér í alllöngu máli ýmsar aths. sem hann hefur fram að færa í sambandi við þetta mál. Margt af því hefur komið fram áður, þó ekki allt, og ég vil leyfa mér að gera örfáar aths. við það, sem hann hefur sagt.

Hann sagði í fyrsta lagi, að stofnlína Norðurlands væri ekki hönnuð fyrir þessa virkjun. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef frá rafmagnsveitustjóra, getur stofnlína Norðurlands, sem er 132 kílóvoltalína, tekið við þessari raforku og auðveldlega flutt hana í tvær áttir. Hún getur einnig, að vísu með lítils háttar tæknibúnaði, flutt alla þessa orku í eina átt, en þó ekki nema skamman veg, vegna þess að orkuflutningsgetan dvínar eftir því sem frá líður.

Það er því út í hött að aðalorkuflutningslínan á Norðurlandi geti ekki tekið við þessari orku.

Hv. þm. sagði að það væri dýrt að koma þessari orku í lóg, það væri dýrt að nota þetta til heimilisnota o. s. frv. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það. Ég tel að það sé þjóðinni nauðsyn að nýta orku bæði til heimilisnota og til atvinnurekstrar, og það verður ekki gert á ódýrari og viðráðanlegri hátt en þann að nýta okkar bestu virkjunarkosti. Hér er enginn að tala um það, að þessi orka verði nýtt á morgun eða hinn daginn. Við erum að tala um þetta mál með langtímasjónarmið í huga. Við erum að tala um að taka þessa virkjun í notkun þegar hún hentar raforkumarkaðnum á Íslandi í heild, væntanlega upp úr miðjum næsta áratug. Það er fjarstæða að halda því fram, að þessi virkjun sé ekki hagkvæm án þess að um stóriðju sé að ræða. Ég tel að við eigum a. m. k. að hika við, ef ekki slá striki yfir öll stóriðjufyrirtæki af þeim toga sem við höfum verið að byggja undanfarið, þ. e. álbræðslur, járnblendiverksmiðjur, vegna þess hve fyrirsjáanleg er mikil nauðsyn þjóðarinnar sjálfrar og hins almenna orkumarkaðar fyrir raforku á komandi árum. Ég er þess fullviss, að hv. þm. Páll Pétursson hefur áttað sig á þessu, hann veit þetta. Ég er þess fullviss, að hann vill ekki viðurkenna þetta í umr., vegna þess að hann hyggst nota þetta í áróðursskyni, í þeim tilgangi einum að vinna gegn þessu máli, og óttast það mest, að hann missi þennan glæp, og heldur í hann svo sem honum er frekast unnt. En vitaskuld hefur hann áttað sig á þessu máli og veit hið rétta, að þjóðin þarf á þessari orku að halda og það áður en langir tímar líða. Með samtengingu orkuveitusvæðanna er þetta mögulegt, sem áður var ekki. Það var t. d. ekkert um það að tala þegar Búrfellsvirkjun var gerð. Þá voru engar flutningslínur til þess að dreifa raforku frá Búrfelli til hinna almennu notenda um landið í heild. Nú eru breyttir tímar og við eigum að halda áfram að tengja saman línur um land allt.

Hv. þm. taldi muninn á orkuvinnslu frá Blöndu og Villinganesi 25%. Það er ekki alveg rétt með farið. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, miðað við septemberverðlag, er þarna 33% munur. Skal ég ekki deila um slíkt, en ástæða er til að fara með réttar tölur.

Hv. þm. Páll Pétursson vék að náttúruverndarkönnun í áliti Náttúruverndarráðs. Um þessi efni er ekkert af þess hálfu sem hindrar að þessi virkjun verði gerð. Það er hins vegar ekki neinum blöðum um það að fletta, að það verða stórkostleg landsspjöll, og er þó engin ástæða til að ýkja slík landsspjöll, eins og hv. þm. gerði sig sekan um. Hann sagði að þarna færu 60 km² undir vatn, þar af 56 grónir. Hið rétta er að 49.7 km² grónir eru taldir fara undir vatn og og spillast við rask, sem framkvæmdum er samfara. Lónið í heild er 56.5 km². En það er einnig nokkur stækkun á vötnum, svo að ég skal ekki deila um það að 60 km² í heild af landi kunni að spillast. Hv. þm. Páll Pétursson telur að uppgræðsla í stað þessa lands, sem tapast eða spillist, sé sýndarmennska og telur að vandfundnir séu þeir bændur sem trúi á slíkar aðgerðir. Þetta finnst mér furðulegt.

Tilraunir hafa verið gerðar í allmörg ár og nú síðast á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og FAO, þar sem kemur fram stórkostlegur árangur með áburðargjöf á land sem nægilega mikið er af á þessari afrétt. Þar kemur fram eftir upplýsingum, sem ég hef fengið frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, að við áburðargjöf á beitarhólf á fjórða ári hafi uppskerumagn sexfaldast og land, sem var ógróið með öllu, sé þá og raunar fyrr orðið algróið. Hv. þm. mun segja og sagði hér í fyrra, að þetta væru blettir sem yrði sökkt og væri ekkert að marka það, það sýndi aðeins hvað það væri verðmætt land sem ætti að sökkva, en landið í kring væri allt öðruvísi, það mundi ekki svara áburðargjöf o. s. frv. Ég get vel búist við því, að hann flytji eitthvað slíkt hér á eftir eða seinna. Þetta er auðvitað mikill misskilningur. Það hefur verið talað um að rækta upp örfoka land, vegna þess að það hefur verið talið falla best í geð náttúruverndarmanna, því að þá væri ekki verið að breyta neinu strái af því sem fyrir er, þar væri ekkert strá fyrir. Það er auðvitað erfiðast að rækta örfoka land. En rannsóknir sýna að það er þó vel gerlegt. Hins vegar er líka á afréttum þessum mikið af þurrlendi sem er tiltölulega rýrt gróðurlendi. Það eru mosaþembur, fjalldrapi og strjáll gróður annar. Þetta land er auðvelt að bæta með áburðargjöf og miklu kostnaðarminna heldur en örfoka land. Hygg ég að þurfi ekki að fara fleiri orðum um það. En tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu vísindamanna okkar í þessum efnum, staðfesta þetta svo sem frekast er unnt. Þó að þær nái ekki marga áratugi aftur í tímann og því síður aldir, þá er þarna samt um alllanga reynslu að ræða.

Þetta er enda alger nauðsyn, því að hvort tveggja væri óforsvaranlegt: að eyða þarna stórum fláka af gróðurlendi án þess að bæta annað í staðinn, og svo líka hitt, að til þess að varðveita beitarskilyrði fyrir búfé þeirra bænda, sem þarna eiga hlut að máli, er nauðsynlegt að rækta land í stað þess sem tapast, enda liggja fyrir boð um þetta og þarf ekkert að efa. Þar eru ákvæði um að áburður skuli borinn á svo oft sem þurfa þykir og þá í samræmi við það sem sérfræðingar segja fyrir um.

Ég er enginn sérfræðingur í sambandi við veiðiskap, og það er sjálfsagt að bæta þau spjöll sem verða á veiði. Það má segja að það komi mér á óvart að í tveimur vötnum þarna megi veiða 10 tonn á ári. Það hafa naumast borist fregnir um slíka veiði í þessum vötnum á undanförnum árum eða áratugum. En þetta eru út af fyrir sig góðar fréttir, og það er sjálfsagt að bæta þetta eftir því sem reynslan sker úr um að þörf er á. Ég held því hins vegar staðfast fram, að þegar jökulá rennur í gegnum jafnstórt lón og þarna er um að ræða og þrjú vötn að auki muni vatnið hreinsast af jökulframburði. Mér er alveg sama hvað hv. þm. Páll Pétursson segir um þetta. Það nægir að benda honum á Blöndu sjálfa. Þegar lítið er í ánni er hún að heita má alveg tær. En í flóðum eða miklum leysingum til jökla er hún kolmórauð og þá er mikill sand- og leirframburður í ánni. Slíkur framburður botnfellur án efa að miklu leyti í þessum lónum. Ef áin verður tærari hlýtur hún að verða aðgengilegri veiðiá og skal ég ekki fara um þau skilyrði frekar orðum hér, en ýmsir reyndir veiðimenn hafa talið að hún yrði a. m. k. ekki lakari veiðiá eftir en áður.

Ég skal taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að ég tel mikils virði að bændur hafi eignarrétt á landi sínu, og ég tel að óreyndu að þeim sé betur til þess trúandi að umgangast landið heldur en öðrum og engin stjórnarskrifstofa í Reykjavík mundi gera það betur. Hins vegar verða bændur að gæta þess að halda ekki með svo óbilgjarnri afstöðu á þessum eignarrétti sínum, að hann verði af þeim tekinn, eða koma í veg fyrir að mestu nauðsynjamál þjóðarinnar nái fram að ganga. Ég hef talið ástæðu til að vara menn við slíku, vegna þess að það er vísasti vegurinn til þess að við töpum þessum þýðingarmiklu réttindum, eignarréttinum að landinu, sem ég tel að sé í raun kjölfesta landbúnaðarins.

Hv. þm. sagði undir lok sinnar ræðu í fyrsta lagi, að þeir einir vildu af hálfu bænda ljá máls á þessu virkjunarmáli sem minnst þekktu til. Þetta er eins og sumt annað í ræðu hv. þm. næsta lítið rökstudd fullyrðing og unnt að benda á fjölmarga menn sem þessu máli eru meðmæltir og hafa umgengist þetta land í áratugi. Hann sagði einnig að fyrirsjáanlegur væri mikill kostnaður við það sem hann kallaði að „kanalisera“ ána frá affalli virkjunar til sjávar. Væri þetta á hinn bóginn gert mundi vinnast gífurlega mikið land í Langadal og þar er bændum mikil þörf á auknu landi til ræktunar. Það er einnig hægt að segja það, að jafnrennsli árinnar mundi væntanlega gera þetta mögulegt og koma þannig í veg fyrir að áin breiddi eins úr sér og hún gerir nú og þannig vinna land. Þetta er að sjálfsögðu kostur en ekki galli. Þetta kostar nokkurt fé, en engin ástæða er til að gera of mikið úr slíku ef um landvinninga er að ræða. Og hann talaði um það, að rennslið í ánni mundi vaxa og straumurinn aukast. Ég held að þetta hafi verið mismæli hjá honum. Auðvitað verður meira jafnrennsli. Það verður suma tíma meira rennsli, en aðra tíma minna. Og ef svo tækist, að með tiltölulega einföldum ráðum væri unnt það sem hann kallar að „kanalisera“ ána eða færa ána í einn farveg niður dalinn, þá er einmitt jafnrennslið forsenda fyrir því að slíkar aðgerðir takist, því að flóðin raska öllu slíku, ekki síst vor- og sumarflóðin, sem mundu takast af. Miklu hættuminna slíkum aðgerðum væri vetrarflóð, vegna þess að þá væri gaddur í slíkum varnargörðum. En við þær aðgerðir mundi vinnast mjög mikið land og þá til ræktunar fyrir bændur í Langadal, og er það auðvitað einn af þeim kostum sem fylgja þessu máli.

Ég skal svo ekki gera fleiri aths. við ræðu hv. þm. Páls Péturssonar. Eins og ég drap á, er sumt af því, sem hann segir hér og segir annars staðar, sagt í eins konar áróðursstíl og ekki í samræmi við staðreyndir þessa máls, ef það er metið af réttýni. Það er flutt til þess að reyna að hafa áhrif gegn þessu máli, en ekki til þess að leiða hið rétta í ljós.

Ég skal að síðustu aðeins segja það, að þetta er mikið stórmál, ekki einungis fyrir byggðirnar sem hlut eiga að máli fyrir norðan, heldur fyrir þjóðina í heild. Og við megum ekki láta þröngsýni og óraunhæfar úrtölur spilla því, að við getum unnið að framgangi jafnþýðingarmikilla stórmála, — framgangi sem þarf að gerast með yfirvegun og með langtímasjónarmið í huga.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Ég á sæti í þeirri n. sem mun fá þetta mál til meðferðar, og sökum þess að ég kann að hafa þar nokkra sérstöðu finnst mér rétt að gera grein fyrir henni nú strax við 1. umr.

Það hefur nokkuð verið rætt um það að undanförnu, að sumu leyti með réttu og að öðru leyti ekki, að vinnubrögð Alþ. væru í afturför. Ég held að þetta geti átt við að því leyti, að mér finnst Alþ. vera orðið miklu fúsara til þess en það var áður fyrr að veita heimildir til ýmiss konar framkvæmda án þess að viðkomandi framkvæmdir séu nægilega vel undirbúnar. Það mætti nefna ýmis dæmi um þetta, hvernig þingið hefur kastað til höndunum oft að undanförnu þegar um það hefur verið að ræða að veita slíkar heimildir. Gleggsta dæmið um þetta tel ég vera lög um Kröfluvirkjun. Þeim var varpað inn í þingið nokkru eftir að olíuverðhækkunin kom til sögunnar, menn voru talsvert undir áhrifum hennar og sú skoðun átti mikið fylgi, að við ættum að ráðast í stórar orkuframkvæmdir á sem flestum sviðum og verjast olíuverðhækkuninni á þann hátt. Því gerðist það, að þáv. iðnrh. flutti hér í ársbyrjun 1974 frv. um Kröfluvirkjun sem að mínum dómi, — sérstaklega nú eftir á, maður sér hlutina betur eftir á heldur en meðan þeir eru að gerast, — var án fullnægjandi undirbúnings.

Það var tvennt í sambandi við þetta frv. sem

mér finnst nú vera merki um óvandaðan undirbúning. Í fyrsta lagi var það, að í frv. og lögunum, sem síðan voru samþykkt, var ekki ákveðið hvaða aðili ætti að sjá um þessa miklu framkvæmd. Í 1. gr. Kröflulaganna segir svo:

„Ríkisstj. er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkisins og sveitarfélaga á Norðurlandi, eða öðrum aðila að reisa og reka jarðgufuaflsstöð við Kröflu“ o. s. frv.

Sem sagt, þetta mál er lagt fyrir þingið án þess að það sé búið að ganga frá því, hvaða aðili það er sem á að sjá um framkvæmdina og reka fyrirtækið í framtíðinni. Þetta leystist þannig, að það varð ekki neitt úr þessari svokölluðu Norðurlandsvirkjun, en hins vegar var stofnuð með miklum skyndingi svokölluð Kröflunefnd sem sá um framkvæmdina. Ég ætla ekki að fara að dæma um verk Kröflunefndar hér. Ég tel að hún hafi reynt að leysa sitt verk eins vel af hendi og kostur var við erfiðar kringumstæður. En ég tel hins vegar að hér sé um *vinnubrögð að ræða sem ekki séu til eftirbreytni*, þ. e. að Alþ. heimili ríkisstj. að ráðast í vissa framkvæmd án þess að hafa nokkra vitneskju um það, hvaða aðili það er, sem á að hafa framkvæmdina með höndum, og getur því ekki um það dæmt, hvernig hún muni takast. Ég álít að það sé grundvallarskilyrði, að þegar veittar eru heimildir til stórra framkvæmda eins og þessara, þá hafi Alþ. fulla vitneskju um, hvaða aðili á að sjá um framkvæmdina og það sé aðili, sem þingið treystir til þess að sjá um viðkomandi verk.

Annað í sambandi við Kröflufrv., sem mér sýnist bera vott um lélegan undirbúning, var það, að rannsókn á virkjunarskilyrðum var alls ekki lokið. Það kemur bæði fram í grg. frv. og í framsöguræðu ráðh. fyrir frv., að það er enn eftir að gera allmiklar rannsóknir á Kröflusvæðinu til þess að hægt væri að fullyrða að þar væri um örugga virkjunarmöguleika að ræða. Ég tel þetta tvennt vera eins konar áskorun til okkar alþm. um það, þó að við treystum ríkisstj. vel, að veita ekki *heimildir til stórra framkvæmda nema sé fyrir* fram vitað, hvaða aðili hafi framkvæmdir með höndum, og það sé aðili, sem þingið treystir, og eins að það sé búið að ganga frá nauðsynlegum rannsóknum á því verkefni sem á að ráðast í.

Mér virðist í sambandi við þetta frv., að hæstv. núv. iðnrh. hafi fylgt um of fordæmi fyrirrennara síns hvað þetta snertir. Ég veit, og það er alveg rétt hjá hæstv. iðnrh., að sá ráðh. hefur gefið ágætt fordæmi á ýmsum sviðum. En ég tel að það eigi tæpast við um þetta mál. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur að því leyti sömu einkenni og Kröflulögin, að í því er ekki neinum ákveðnum aðila falið að sjá um framkvæmd verksins. Þar segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa eða reka vatnsaflsstöð við Blöndu í Blöndudal“ o. s. frv.

Hér er farið fram á það, að ríkisstj. fái heimild til að ráðstafa þessu mikla verki til einhvers aðila, sem er ekki til í dag. Norðurlandsvirkjun er ekki til í dag. Það var gert ráð fyrir henni í lögum um Kröfluvirkjun sem samþykkt voru fyrir fjórum árum. Niðurstaðan hefur orðið sú, að það hefur ekkert orðið úr þeirri hugmynd sem þá var uppi um Norðurlandsvirkjun. Ég held að það bóli ekki neitt frekar á því núna, að þessi Norðurlandsvirkjun sé í burðarliðnum, og þá kemur að því, að ríkisstj. fær heimild til þess að fela það einhverjum öðrum aðila. En hvaða aðila verður það? Frv. sker ekki neitt úr um þetta. *Að mínu mati, samkv. þeirri reynslu* sem hefur fengist í sambandi við Kröfluvirkjun og ýmis fleiri mál, getur Alþ. ekki veitt ríkisstj., þó það treysti henni vel, slíka heimild. Þingið verður í þessum efnum að hafa vitneskju um það, hvaða aðili það er sem á að annast framkvæmdina, og meta það, hvort það treystir honum til þess eða ekki. Það er af þessum ástæðum, að þetta er svona óákveðið í 1. gr. frv., hvaða aðili það er sem á að annast þetta verkefni, að ég treysti mér ekki til þess að vera með frv. óbreyttu.

Annað vil ég líka benda á í þessu sambandi. Þó að ég líki ekki á neinn hátt saman Blönduvirkjun og Kröfluvirkjun, því að ég álít að Blönduvirkjun sé miklu álitlegra og öruggara fyrirtæki heldur en Kröfluvirkjun, það sé ekki hægt að bera þetta tvennt saman hvað það snertir, og ég er þeirrar skoðunar, *eins og hér mun áður hafa* komið fram, að að því muni koma að Blanda verði virkjuð og *sennilega fyrr en seinna*, þá stendur eigi að síður þannig á, að enn er ekki öllum rannsóknum lokið í sambandi við virkjun Blöndu. Það *kom fram í þeirri ræðu* sem hæstv. ráðh. flutti hér þegar hann mælti fyrir þessu frv. fyrir jólin, að það hefði verið unnið að verulegum rannsóknum á síðasta ári. Niðurstöður þeirra liggja enn ekki fyrir. Hann upplýsti enn fremur að á þessu ári væri unnið að rannsóknum fyrir 100 millj., og að sjálfsögðu liggja niðurstöður þeirra rannsókna ekki heldur fyrir. Ég *teldi eðlilegust vinnubrögð undir þessum kring*umstæðum að ríkisstj. væri falið að vinna áfram að hönnun Blönduvirkjunar með eins miklum hraða og talinn væri mögulegur og þegar þær rannsóknir liggja fyrir og þegar það liggur jafnframt fyrir, hvaða aðili á að annast framkvæmdina, þá verði frv. um virkjun Blöndu lagt fram hér á Alþingi.

Ég get sagt ákveðið hvaða aðili það er, sem ég tel að eigi að annast Blönduvirkjun, og í því sambandi get ég m. a. vitnað til þáltill. frá öllum þm. Framsfl., öðrum en ráðh., sem var flutt í Sþ. á þessu hausti, á fyrri hluta þessa þings. Þessi till. fjallar um skipulag orkumála, og meginefni hennar er það, að unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku milli landshluta. Skoðun mín er í samræmi við þetta, því að ég er að sjálfsögðu samþykkur þessari stefnu flokksins, ég er líka einn af flm. till., að það eigi að koma á fót einu raforkufyrirtæki sem annist meginraforkuvinnslu landsins, þ. e. a. s. rekstur allra stóriðjuvera, og að það geti svo miðlað orkunni til landshlutafyrirtækja sem sjái um dreifingu orkunnar innan síns svæðis. En meðan slíkt fyrirtæki hefur ekki verið stofnað, og það kann að taka sinn tíma að það verði gert, þá finnst mér enginn aðili annar koma til

greina til að annast virkjun eins og t. d. Blönduvirkjun, þegar til kemur, en Landsvirkjun. Landsvirkjun er eina fyrirtækið í landinu sem hefur reynslu og þekkingu og hefur yfir tækniþjónustu að búa sem er fær um að leysa þetta verkefni af höndum. Ég álít að þó að það kynni að heppnast, þá væri það óráð að fela einhverju nýstofnuðu fyrirtæki, sem yrði kallað Norðurlandsvirkjun, að annast jafnmikilvægt verkefni og virkjun Blöndu væri. Og ég hef ekki heldur áhuga á því, að stofnuð verði Blöndunefnd í stíl við Kröflunefnd til að annast þetta verkefni.

Ég skal svo ekki fjölyrða miklu meira um þetta að sinni, vegna þess að fundartími er nú að styttast, en meginniðurstaða mín er sú, að eðlilegust meðferð þessa máls væri að ríkisstj. væri falið að hanna Blönduvirkjun áfram, leggja niðurstöður þeirra rannsókna fyrir Alþ. eins fljótt og kostur er og fara þá fram á heimild Alþingis til þess að framkvæma þetta verkefni, en að sjálfsögðu á þeim grundvelli, að það verði falið einhverjum ákveðnum aðila sem Alþ. treystir til að annast þetta verk. Ef menn leggja sérstaklega áherslu á að fá þetta mál afgreitt nú á þessu þingi og bíða ekki eftir þeim rannsóknum sem eftir er að vinna, sem við teljum eðlilegt að gert sé, þá finnst mér að eigi að breyta 1. gr. frv. þannig, að Landsvirkjun verði falið þetta verkefni, en það verði ekki falið einhverjum Pétri og Páli, sem Alþ. veit ekkert um hver kann að verða. Ég álít að þó að þessi málsmeðferð verði höfð, þá yrði það ekki á neinn hátt til þess að tefja fyrir virkjuninni. En ég get tekið undir það, og að því leyti er ég ekki alveg sammála hv. þm. Páli Péturssyni, þó að ég sé fylgjandi Héraðsvatnavirkjun líka, að ég álít að þessu verkefni eigi að hraða heldur en hitt, en þó geti að sjálfsögðu vel komið til greina og sé mjög til athugunar að Héraðsvatnavirkjunin komi á undan. En eitt af því, sem okkur vantar í raforkumálum og ég treysti hæstv. orkumálaráðh. til að vinna að, er heildaráætlun um raforkuframkvæmdir á næstu árum, í hvaða virkjanir eigi að ráðast og í hvaða röð eigi að gera það. Ég álít að það væri mjög nauðsynlegt að slík áætlun væri gerð.

Svo er að lokum fsp. sem ég vil beina til hæstv. orkumálaráðh. til skýringar á þeirri ræðu sem hann flutti hér þegar hann mælti fyrir frv. Hann segir þar í sambandi við Hrauneyjafossvirkjun, að stefnt sé að því, að á árinu 1982 geti Hrauneyjafossvirkjun tekið til starfa, en sú virkjun verði fullnýtt að afli á árinu 1986, þannig að orka Hrauneyjafossvirkjunar verði fullnýtt á fjórum árum. Vegna þess að ég er ekki sérlega fróður maður um þessi mál, þá vil ég spyrja, hvort hér sé ekki átt eingöngu við nýtingu innanlands án sölu til stóriðjufyrirtækis, því að ég tel að það skipti verulegu máli, hvort virkjunin nýtist ekki lengur en til fjögurra ára, ef aðeins er um innlenda orkuneyslu að ræða, eða hvort þessar tölur eða tímalengd sé miðuð við að svo og svo mikið of orkunni verði selt til stóriðjufyrirtækis. Ef svo er, að orkan endist ekki meira en þetta til innanlandsnotkunar, þá álít ég að þær áætlanir, sem hafa heyrst um að selja svo og svo mikið af orkunni frá Hrauneyjafossi til stækkunar álbræðslunnar, séu að öllu leyti fjarri lagi.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín fleiri. En mér fannst rétt, vegna þess að ég á sæti í iðnn. og þetta mál kemur til meðferðar þar, að gera strax grein fyrir þessari afstöðu minni við 1. umr. málsins.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Vegna fsp. hv. 4. þm. Reykv. nú í lok ræðu hans vil ég taka fram, að þau ummæli, sem ég hafði um hversu lengi muni nýtast orka og afl Hrauneyjafossvirkjunar, eru byggð á þeirri orkuspá sem nýlega hefur verið samin, og þar er ekki gert ráð fyrir nýrri stóriðju. Ég held að það komi fram í grg. með orkuspánni.

Hv. þm. gerði vissar aths. í sambandi við þetta mál sem voru mjög málefnalegar. Ég vil þakka honum fyrir ábendingar sem hann gaf mér af sinni miklu reynslu. Sérstaklega var það sú ábending að vara mig nokkuð við því að feta um of í fótspor fyrrv. iðnrh., þ. e. a. s. iðnrh. vinstri stjórnarinnar. Ég mun að sjálfsögðu taka hana til athugunar að öllu leyti, því að hv. þm. talar þar af reynslu og þekkingu.

En það eru tvö atriði, sem hv. þm. nefndi, sem vissulega er ástæða til að íhuga. Annað er það, að rannsóknum væri ekki að fullu lokið á Blönduvirkjun og réttara væri að ljúka öllum slíkum rannsóknum og að mér skilst þá fullnaðarhönnun verksins, áður en yrði samþ. heimild á Alþ. til virkjunar. Í þessu sambandi er rétt að minnast á það, hver hefur verið venja á Alþ. í þessum efnum, ekki í sambandi við eina virkjunarheimild, heldur almenn venja í áratugi. Venjan hefur verið sú, að þegar ítarlegar rannsóknir hafa farið fram á einhverjum virkjunarmöguleika og þær athuganir benda til þess ótvírætt, að um hagkvæma virkjun sé að ræða, og rannsóknum það langt á veg komið, að hægt er að áætla afl orku og heildarkostnað og m. a. kostnað við hverja kwst., þá hafa ríkisstj. lagt fram frv. fyrir Alþ. um heimild til slíkrar virkjunar, þó að fullnaðarhönnun lægi ekki fyrir. Þannig var þetta á sínum tíma um virkjanir Sogsins, um Laxárvirkjanir, og þannig hefur það verið einnig um virkjanir á vegum Landsvirkjunar. Þannig var það á þingi 1970—1971, að samþykkt voru lög um heimild fyrir iðnrh. til þess að veita virkjunarleyfi bæði fyrir Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun. Athuganir lágu þá fyrir sem bentu alveg ótvírætt til þess, að báðar þessar virkjanir væru mjög hagkvæmar. Hins vegar voru þá ekki til fullnaðarhannanir af þessum virkjunum. Síðan hefur verið lokið öllum slíkum rannsóknum og virkjunarleyfi veitt.

Frv. um heimild til virkjunar Blöndu er alveg á sama veg og í samræmi við þessa áratugavenju. Þó að rétt sé að nokkrar rannsóknir séu enn ógerðar í sambandi við Blönduvirkjun, þá eru það ekki rannsóknir sem hafa nein áhrif á það, að þessi virkjun er með þeim allra hagstæðustu sem um er að ræða á Íslandi. Rannsóknum öllum og áætlanagerð er það langt komið, að það er óhætt að fullyrða að þessi

fyrirhugaða Blönduvirkjun er óvenjulega hagstæð virkjun. Þær rannsóknir, sem talað er um að eftir séu, snerta fyrst og fremst vissar boranir sem gætu sagt til um það, hvort stöðvarhús ætti að reisa á þessum stað eða öðrum á nokkru svæði sem til greina kemur. Það eru slíkar athuganir sem þarf að gera og verja nokkru fé til, áður en stöðvarhúsi verði endanlega valinn staður. En það breytir engu um það, að nægar rannsóknir liggja fyrir til þess að fullyrða að hér er um mjög hagkvæma virkjun að ræða. Af þessum ástæðum, sem ég nú hef greint, tel ég ekki ástæðu til að fresta afgreiðslu málsins á Alþ. á þeim grundvelli að ekki liggi fyrir nægar rannsóknir.

Hitt atriðið, sem hv. þm. benti á, var að ekki væri ákveðinn virkjunaraðili sem gert væri ráð fyrir að hefði þessa virkjun með höndum. Vissulega er þetta athyglisverð ábending. Eins og kunnugt er, hafa Norðlendingar eða Fjórðungssamband Norðurlands óskað eftir því, að stofnað yrði sérstakt fyrirtæki, Norðurlandsvirkjun. Það hefur af ýmsum ástæðum dregist. Ekki hefur verið um það slík samstaða þar nyðra sem var á Vestfjörðum um stofnun Orkubús Vestfjarða, þar sem öll sveitarfélög á Vestfjörðum voru á einu máli. Mér finnst sjálfsagt að taka þessa aths. hv. þm. til athugunar. Ef menn vegna óvissunnar um Norðurlandsvirkjun vilja ekki hafa ákvæði um hana í þessu frv., heldur ákveða, hver eigi að vera virkjunaraðili, þá er náttúrlega ein stofnun sem fyrst og fremst kemur til greina að mínu áliti, og það eru Rafmagnsveitur ríkisins sem þegar hafa haft með höndum ýmiss konar virkjunarframkvæmdir. Mér finnst að vel kæmi til mála að ákveða í frv. að sú stofnun, það fyrirtæki, skuli framkvæma þessa virkjun. Hv. þm. nefndi aðra ágæta stofnun, Landsvirkjun. Henni er markað ákveðið svæði, sem leiðir líka af því, hvernig það fyrirtæki er uppbyggt. Það er kunnugt að Reykjavíkurborg á helming þess fyrirtækis, og gert er ráð fyrir að það fyrirtæki starfi hér á Suðvesturlandi fyrst og fremst. Það er náttúrlega atriði sem má ræða og athuga hvort menn vilja færa út starfsemi Landsvirkjunar, þ. e. a. s. sameignarfélags ríkis og Reykjavíkurborgar, þannig að Reykjavíkurborg standi sem helmingsaðili að virkjunum í öðrum landshlutum. En á þessari stundu væri eðlilegra, ef menn vilja hafa ákveðinn virkjunaraðila í lögunum, að það væru Rafmagnsveitur ríkisins.

Ég tel sjálfsagt að í hv. iðnn., sem fær þetta mál til athugunar, verði þessar ábendingar hv. þm. teknar til meðferðar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 43. fundur.

Fimmtudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Kosning eins manns í stjórn sementsverksmiðjunnar til 6. febrúar 1981 í stað Jóns Árnasonar, er andaðist 23. júlí 1977.

Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Friðjón Þórðarson alþm.

Vegáætlun 1977—80, þáltill. (þskj. 281). — Fyrri umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 280 er till. til þál. til vegáætlunar fyrir árið 1978. Við afgreiðslu vegáætlunar 1977—80 29. mars 1977 gerði ég grein fyrir því, að of skammt væri gengið um fjárveitingar til vegamála á árinu 1977. Þáltill. gerði ráð fyrir að fjárveiting til vegáætlunar hækkaði úr 5650 millj. 1977 í 7000 millj. kr. 1978. Þrátt fyrir þetta var mér ljóst að of lítið var að gert með þessari hækkun fjárveitingar til vegamála á árinu 1978, m. a. vegna verðbólgu sem var áætluð um 30%. Enn fremur hnigu allar umr. hér á hv. Alþ. í þessa sömu átt. Þess vegna var það við síðari umr. um vegáætlun hér á hv. Alþ. 28. mars að ég flutti svo hljóðandi yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj.:

„Enda þótt vegáætlun sé gerð til fjögurra ára og endurskoðun samkvæmt vegalögum ekki ráðgerð fyrr en á Alþ. 1978—1979 hefur ríkisstj. ákveðið að láta endurskoða fjárframlög til vegamála á alþ. þegar á næsta hausti. Mun það gert í tengslum við fjárlagagerð og lánsfjáráætlun, þannig að það fé, sem til vegamála er ætlað árið 1978, verði aukið. Ríkisstj. mun einnig beita sér fyrir því, að lög um happdrættislán vegna Norðurvegar og Austurvegar nái tilgangi sínum þó að nokkru seinna verði en ætlað var. Verða samkv. þessari yfirlýsingu vegamálin tekin á ný til afgreiðslu hér á hv. Alþ. á hausti komanda."

Samkvæmt 10. gr. vegalaga ber að endurskoða vegáætlun er hún hefur gilt í tvö ár og bæta þá tveimur nýjum árum við. Samkvæmt þessu lagaákvæði á að endurskoða gildandi vegáætlun á haustþingi 1978. Því er till. sú, sem hér er til umr., að formi til stíluð sem breyting á gildandi vegáætlun og varðar aðeins árið 1978.

Skal nú vikið að almennum og einstökum atriðum í till. Í heild má segja að till. feli í sér mjög verulega hækkun á ráðstöfunarfé fyrir árið 1978 frá gildandi vegáætlun, hvort sem miðað er við fjárhæð eða framkvæmdamagn.

Um útgjöldin er það að segja, að heildarútgjöld samkvæmt till. eru 9300 millj. kr. á móti 5650 millj. kr. árið 1977. Hækkun í krónutölu er því 3 milljarðar 650 millj. kr. eða 65% frá árinu 1977. Magnaukning er hins vegar um 26%, ef gert er ráð fyrir að verðlag hækki um 30% á milli áranna 1977 og 1978.

Magnaukningin kemur fram á flestum liðum og hækka helstu liðir hlutfallslega sem hér segir: Viðhald að sumarlagi um 31%, að vetrarlagi um 26%, nýbyggingar vega og brúa um 18%, sýsluvegir um 100% og vegir í kaupstöðum og kauptúnum um 37%.

Heildarútgjöld í gildandi vegáætlun 1978 voru 7 milljarðar. Í þeirri tölu var við gerð vegáætlunar s. l. vetur reiknað með áætluðum verðhækkunum til ársins 1978, sbr. lið 2 á bls. 4 í aths. við till. þessa.

Skal fyrst vikið að fjáröflun, þ.e. kafla I í tillögunni:

Heildarfjáröflun samkvæmt till. er 9300 millj. kr. í stað 7000 millj. kr., eins og áður var fram tekið. Hækkunin er 2300 millj. kr. eða 33%. Mest munar þar um hækkun á mörkuðum tekjustofnum, en þeir hækka um einn og hálfan milljarð, úr 4300 millj. í 5800 millj. kr.

Bensíngjaldið er nú 36.50 kr. af lítra. Er hluti bensíngjaldsins af útsöluverði bensíns 32% og hefur aukist hlutfallslega með nýsamþykktum lögum, nr. 78/1977, um breyt. á l. um fjáröflun til vegagerðar. Lægst var þetta hlutfall um 25% á s.l. ári. Bensínsala var á s.l. ári rúmlega 114 milljónir lítra, og gert er ráð fyrir að hún aukist um 7% á þessu ári.

Ríkisframlag hækkar um 400 millj. kr., og jafngildir það söluskattstekjum af hækkun bensíngjaldsins.

Lánsfjáröflun til Norður- og Austurvegar hækkar um 300 millj. kr., í 800 millj., og önnur lánsfjáröflun um 100 millj., úr 1300 í 1400 millj. **kr.**

Hefur hlutdeild markaðra tekna og ríkisframlag í heildarfjáröflun aukist með þessu, og lítur samanburður síðustu ára þannig út:

Markaðar tekjur 1976 voru 54.8%, 1977 57.9%, en 1978 62.4%. Ríkisframlag var 1976 11.2%, 1977 13.8% og nú 14%. Lánsfé var 34% 1976, 28.3% 1977 og 23.6% 1978. Nánari sundurliðun er í athugasemdum við till., á bls. 3, lið 1.1 og 1.2.

Við brtt. við vegáætlun nú eru verðhækkanir til 1978 áætlaðar að nýju. Sú áætlun er sýnd í aths. við till., á bls. 4, í aths. við lið 2, og eru þær verðhækkanir áætlaðar meiri en var við gerð gildandi vegáætlunar á s.l. ári.

Til þess að ná sama framkvæmdamagni og gert var ráð fyrir að næðist með 7000 millj. kr. útgjöldum í gildandi vegáætlun þyrfti samkvæmt þessum útreikningi 8 milljarða 240 millj. kr. Magnaukning heildarútgjalda er því 1060 millj. kr. eða 13% frá því sem er í gildandi vegáætlun. Þessi magnaukning kemur nærri öll fram í tveimur liðum, þ.e. nýbyggingu vega og brúa, sem hækkar um 930 millj. kr. eða um 27%, og á vegum í kaupstöðum og kauptúnum — vegna aukinna markaðra tekna — um 96 millj. kr. eða 16%.

Um kafla 2.3, útgjöld til einstakra málaflokka, er eftirfarandi að segja:

Liðurinn Stjórn og undirbúningur hækkar einungis sem kostnaðarhækkun nemur. Í gildandi vegáætlun var gert ráð fyrir að fjölgað yrði föstum starfsmönnum á ríkiskjörum um þrjá menn: tvo tæknifræðinga og einn mælingamann, á áætlunartímabilinu 1977—1980. Í raun mun þó Vegagerð ríkisins hafa treyst því, að þessi starfsliðsfjölgun kæmi á fyrri hluta tímabilsins, þ. e. einn 1977 og tveir á árinu 1978. Kostnaðurinn mun láta nærri því að vera 10 millj. kr., og eru viðkomandi sérfræðingar starfandi lausráðnir nú þegar hluta ársins og ekki annað sjáanlegt en svo verði áfram. Á síðasta ári, við gerð vegáætlunar 1977—80, sótti Vegagerðin um 11 nýjar stöður, en samgrn. féllst aðeins á 3, svo sem fyrr er sagt. Vegna tölvuvinnslu á bókhaldsgögnum hefur ekki reynst nauðsynlegt að manna allar heimilaðar stöður á vegamálaskrifstofunni og eru þar nokkrar ómannaðar stöður nú. Ef heimild réttra aðila fæst til að færa þessar ónotuðu stöður skrifstofunnar til, þannig að tæknimenn kæmu í þeirra stað, yrði heildartalan óbreytt. Í árslok 1976 voru heimilaðar stöður 136, en ársstarfsmenn voru alls 477, að meðtöldum þeim sem taka kaup samkvæmt kjörum stéttarfélaga.

Á viðhaldi þjóðvega er hér lagt til að sú breyting verði gerð, að vegmerkingar, sem í gildandi vegáætlun eru sjálfstæður liður, verði felldar inn í sumarviðhald og viðhaldið skiptist einungis í tvennt: sumarviðhald og vetrarviðhald.

Í aths. með till. að vegáætlun 1977—80 var gerð ítarleg grein fyrir þörf á auknu fjármagni til viðhalds. Var og lögð áhersla á þetta í framsöguræðu fyrir till. Í meðferð Alþ. voru fjárveitingar til viðhalds 1977 lækkaðar um 95 millj., og þar við bætist að verðhækkanir urðu meiri en áætlað hafði verið. Olli þetta hvort tveggja því, að fjárveiting til viðhalds var að raungildi lægri en gert var ráð fyrir. Í gildandi vegáætlun var gert ráð fyrir umtalsverðri hækkun viðhaldsfjár árið 1978, og er þeirri stefnu haldið við þessa endurskoðun nú, þannig að viðhaldsfé er hækkað í samræmi við breytt verðlag. Till. um fjárveitingu 1978 er 72% af því er Vegagerðin telur að þörf væri á í sambandi við viðhald vega. Er mjög brýnt að haldið verði áfram á næstu árum að auka viðhaldsféð að því marki, að halda megi vegakerfinu í sem bestu ástandi.

Um vetrarviðhald er það að segja, að nýjar snjómokstursreglur tóku gildi í ársbyrjun 1977. Var áætlað, að hinar nýju reglur hefðu í för með sér um 25% aukningu á útgjöldum til þessa liðar, og við það miðað í till. að gildandi vegáætlun fyrir 1977. Í meðferð Alþ. var þessi fjárveiting lækkuð um 65 millj. kr. Raunkostnaður 1977 bendir hins vegar til þess, að upphaflega áætlunin hafi verið nærri lagi, og er í till. nú miðað við upphaflegu till. að gildandi áætlun, reiknað til verðlags 1978.

Til nýrra þjóðvega og brúa svo og fjallvega eru áætlaðar samkvæmt tillögunni 4 milljarðar 315 milljónir kr. Er það hækkun um 1368 millj. kr. eða 46% í krónutölu af fjárveitingu 1978 í gildandi vegáætlun. Sé tekið tillit til verðhækkana er magnaukningin 930 millj. kr. í þessum liðum eða 27%. Þetta viðbótarfjármagn skiptist hlutfallslega nokkuð jafnt til stofnbrauta, þjóðbrauta og brúa. Þó er hlutur brúnna drýgstur, og stafar það af því, að margar hinna eldri brúa á aðalleiðum vegakerfisins lýjast mjög undan sívaxandi þungaumferð og öryggi þeirra er stefnt í hættu.

Hin nýju ákvæði um sýsluvegi, sem samþ. voru með vegalagabreytingu nr. 113/1976, koma nú í fyrsta sinn fram í ríkisframlagi til sýsluvega. Eru þannig áætlaðar 340 millj. kr. til sýsluvega samkvæmt till. nú, en voru 129 millj. kr. 1977.

Fjárveiting til vega í kaupstöðum og kauptúnum er í till. hækkuð og verður 706 millj. kr., en var 396 millj. kr. 1977, í samræmi við markaða tekjustofna.

Halli á vegáætlun 1976 varð endanlega um 106 millj. kr., og halli 1977 er áætlaður 130 millj. Er meiri hluti hans vegna kostnaðar við vetrarviðhald umfram áætlun, eins og skýrt er frá hér að framan og í aths. við till. Heildarhalli í árslok 1977 var því 236 millj. kr. Af þessum halla er lagt til að greiða 60 millj. 1978, en yfirfærðar verði 176 millj. kr. til ársins 1979.

Í sambandi við vegamálin vil ég og geta þess, að auk þeirra útgjalda, sem koma fram í vegáætlun, greiðir ríkissjóður beint vexti og afborganir af lánum sem tekin hafa verið til vegagerðar á undanförnum árum. Áætlað er að þessar greiðslur verði 1978 sem hér segir: Vextir og verðbætur um 1046 millj. kr. og afborganir 723 millj. kr. Samtals er þetta 1769 millj. kr. Sé vöxtum og verðbótum bætt við útgjaldatölu vegáætlunar verða heildarútgjöld ríkissjóðs til vegamála 10 milljarðar 346 millj. kr. Sambærilegar tölur fyrir næstu ár á undan eru 5 milljarðar 487 millj. kr. 1976 og 7 milljarðar 340 millj. kr. 1977.

I sambandi við vegamálin á s. l. ári er rétt að geta þess, að verulegur árangur náðist þar í nokkrum stórframkvæmdum. T. d. hafa Oddskarðsgöng nú verið tekin í notkun. Þó að því verki sé ekki enn að fullu lokið hefur það orðið mikil samgöngubót fyrir Neskaupsstað í lok síðasta árs og það sem af er þessu ári. Gera verður ráð fyrir því í vegáætlun nú að ljúka þessu verki. Sama má segja um framkvæmdirnar á Holtavörðuheiði. Þær hafa náð vissu marki og hafa haft mikil áhrif á umferðina um heiðina á þessum vetri. Sama er að segja um Hvalnesskriður sem nú er farið að fara til þess að losna við umferð yfir Lónsheiðina. Hefur það bætt verulega úr umferð þangað austur, svo sem kunnugt er, jafnvel þó að sé um bráðabirgðarúrlausn að ræða. Þessi tvö stóru verkefni þarf einnig að taka til athugunar á þessu ári. Við Borgarfjarðarbrúna náðist verulegur árangur. Lokið var við að steypa stöplana undir brúna og byrjað að leggja bita á milli stöpla. Er stefnt að því að reyna að steypa brúna á næsta ári. Haldið var áfram með olíuborið slitlag á Austurveg. Var nú komið austur fyrir Þjórsá og náðist þar nokkur árangur. Einnig var Þingvallavegurinn lagfærður með slitlagi, svo sem kunnugt er. Ber brýna nauðsyn til að vinna að því verki áfram eins og þeim sem ég hef nefnt.

Að þessu sinni ætla ég ekki að fara út í einstök verkefni frekar en orðið er, enda verður verkefni þingsins að skipta þeim fjármunum sem hér er um að ræða, því þeim er ekki skipt á einstaka liði frekar en venja er.

Um samgöngumálin vil ég segja það, að mér er fullkomlega ljóst og engum kannske ljósara en mér, að til þeirra mála hafa ekki verið veittar fjárveitingar svo sem nauðsyn bar til á síðustu árum. Hitt held ég að sé þó jafnljóst, að það hefur unnist mjög vel úr þessu fjármagni sem Vegagerðin hefur haft handa á milli, og hefur það sést, þar sem víða í kauptúnum landsins eru nú komnar olíubornar götur sem áður voru ryk og forað.

Sama verður að segja um sýsluvegina. Er hin mesta nauðsyn að endurbæta þá vegna hinnar miklu umferðar, eftir að tankvæðingin kom í sambandi við mjólkurflutningana og keyrsla barna í skóla daglega.

Þá hefur það og komið í ljós, að auknar greiðslur vegna lána til framkvæmda fyrri ára hafa komið til á þessum árum, og hefur það að nokkru dregið úr framkvæmdum í vegagerð nú.

Ekki þarf heldur orðum að því að eyða, að hin gífurlega hækkun, sem varð á olíu, hefur haft áhrif hér á landi í sambandi við vegamálin vegna þeirra fjármuna sem hafa verið lagðir í orkumálin til þess að hraða hitaveitum og öðrum slíkum nauðsynjaframkvæmdum. Hefur Vegagerðin goldið þess. Og einnig varð bensínskatturinn henni ekki eins verðmætur og áður var vegna verðbreytinga á bensíninu sjálfu. Hitt er jafnljóst og kannske aldrei ljósara en í nútímaþjóðfélagi, að vegaframkvæmdir eru mikið hagsmunamál fyrir þjóðarheildina og fyrir okkur Íslendinga er mikill sparnaður í gjaldeyri að búa vel að okkar vegum. Ef við berum okkur í þeim efnum saman við aðrar þjóðir, þá er það mitt mat, að því litla leyti sem ég hef kynnst þeim málum, að við stöndum einna verst að vígi. Ég er alveg sannfærður um að það er mjög hagkvæmt fyrir þjóðfélagið í heild að leggja meira í vegina til þess að forðast kostnað við viðhald á bifreiðum og það mikla slit sem á þeim verður. Það er því von mín, að því átaki sem nú hefur verið gert í vegamálum, sem er verulegt, verði haldið áfram. Ef fram verður haldið þeirri sókn sem nú hefur verið hafin, þá munu þessi mál breytast mjög til batnaðar á næstunni, og ég tel allt mæla með því að svo verði gert.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess við þessa umr. að gera frekari grein fyrir þáltill. þessari, enda fylgir henni ítarleg grg. Ég legg því til að að lokinni þessari fyrri umr. verði till. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þáltill. þessi er að vísu löngu fram komin sem þskj., en ég átti ekki von á því, að hún yrði tekin fyrir í dag, og mun því flytja hér stutt mál. Till. fer í n. þar sem ég á sæti, og þar mun hún fá að venju rækilega athugun og ýmislegt verða þar upplýst sem nánar þarf að skýra. Eins er um skiptingu alla um verkþætti á milli kjördæma hvað snertir þá aukningu, sem hér er lagt til, frá síðustu áætlun frá í fyrra, þótt verðbótaþátturinn gagnvart einstökum verkum hljóti að verða þar fyrirferðarmikill, svo sem fram kemur í þessari till. Þetta verða því við þessa umr. aðeins nokkur almenn orð.

Hæstv. samgrh. hefur nú mælt fyrir síðustu vegáætlun sinni á þessu kjörtímabili eða réttara sagt breytingu á þál. um vegáætlun, og vissulega má um hana segja, að það hafi á orðið framför, einkum ef miðað er við eymdarárið 1977, enda erfitt að hugsa sér, að lengra niður væri unnt að komast í samdrætti í vegaframkvæmdum almennt, til hvaða þáttar sem litið var þó nýframkvæmdir yrðu þar harðast úti. Nú væri rangt að skella hér allri skuld á hæstv. samgrh., því að vitanlega ber ríkisstj. öll sína fullu ábyrgð á þessu. Vegáætlun og vegaframkvæmdir endurspegla stjórnarstefnuna

aðeins glögglegar en nokkuð annað á þeim afrekalista, þar sem þó er af nógu að taka.

Út af fyrir sig skal því fagnað, að þessi till. um breyt. á þál. um vegáætlun fyrir árið 1978 skuli hvort tveggja vera fyrr fram komin en var t. d. í fyrra um vegáætlun þá og ætti því að geta hlotið betri umfjöllun en oft áður, og eins hinu, að hér er þó tekið til við að bæta að nokkru fyrir vanrækslusyndir liðinna ára, þótt seint sé og síður en svo í þeim mæli sem þurft hefði ef vel hefði verið á málum haldið. En viðmiðunin, sem nú er hæst á lofti höfð til að sýna fram á aukningu vegafjár samkv. þeirri breytingu sem hér er ráð fyrir gert, sú viðmiðmiðun er vægast sagt hæpin, þar sem botnárið 1977 er tekið til samanburðar, ár hins stórfelldasta samdráttar í þeim sífelida niðurskurði raungildis sem þessi málaflokkur hefur orðið fyrir.

Afgreiðsla vegáætlunar á síðasta ári var slík, að hún mun mönnum ærið minnisstæð. Stjórnarandstaðan gagnrýndi óvægilega áætlunina sjálfa og þann niðurskurð raunframkvæmda, sem þar kom gleggst í ljós varðandi landsbyggðina, gagnrýndi vanefndir á fjáröflun til vegagerðar samkv. áætlun um Norður- og Austurveg, sem ætíð var hugsuð sem hrein viðbót við hið almenna vegafé, svo sem gleggst kom fram við lagasetninguna um fjáröflunina, gagnrýndi það, að landshlutaáætlanir væru felldar niður, svo sem var um Austurlandsáætlun, sem þó eru um bindandi samningar, og eins urðu deilur um önnur atriði, svo sem um skiptingu þjóðbrautafjár, sem ég mun síðar gera að umtalsefni. En um leið var því lýst yfir af hálfu t. d. okkar Alþb.-manna, að við værum reiðubúnir til að athuga og standa að leiðum til aukinnar fjáröflunar, þó við gagnrýndum það um leið, hve stór hluti tekna af umferðinni rynni annað en til vegamála, sívaxandi hluti þeirra tekna. Gagnrýni okkar var því ekki nein sýndargagnrýni til þess eins að standa á móti og gagnrýna, en vilja svo frá öllu hlaupa. Þar höfðu menn sannarlega til samanburðar ábyrgðarlausa gagnrýni sjálfstæðismanna á vinstri stjórnina, þegar þó var um aukningu ár hvert að ræða og í raun aldrei meira unnið að vegamálum en þá. Stór orð þeirra sjálfstæðismanna þá munu vel geymd, ekki síst í ljósi þess, hvernig þeir nú hafa að málum staðið sem annar stjórnarflokkanna og sá sem ekki síður ræður stefnunni, nema frekar væri, og hefur mótað stefnuna í þessum málum einnig, ekki síður en í öðrum málum, þar sem þeir hafa haft forustu í einu og öllu.

Samkv. okkar jákvæðu gagnrýni og afstöðu við afgreiðslu vegáætlunar í tíð þessarar ríkisstj. þá greiddum við atkv. með þeirri auknu fjáröflun til vegagerðar sem þessi endurskoðaða vegáætlun byggir nú á. Við höfðum að vísu margir haft á þann sjálfsagða fyrirvara, að aukið fjármagn til vegagerðar yrði nýtt til þess fyrst og síðast að bæta ástand þeirra vega sem verstir eru og mest þarf fyrir að gera til þess að akfærir megi teljast. Það er frumverkefni, forgangsverkefni, sem verður að treysta á að verði einkenni þeirrar afgreiðslu sem þessi vegáætlun á eftir að fá, ekki síst í ljósi þess, að fyrir fjvn. liggur nú till. frá einmitt nokkrum stjórnarþm. um sérstaka áherslu á uppbyggingu vega í snjóþungum héruðum. En forvitnilegt verður að sjá hvernig við þessu verður brugðist.

Segja má að við samþykkt fjáröflunarinnar hafi ekki verið tryggt að þetta yrði gert, og enn er það ekki gert, þrátt fyrir þessa faguryrtu till. En að óreyndu skal ekki öðru trúað, þó að hraðbrautastefnan hafi verið í sífelldri sókn síðustu árin og vel kynni einhver eða einhverjir að vilja halda þeirri þróun áfram. Þar hlýtur hæstv. ráðh. og ríkisstj. í heild svo og meiri hl. fjvn. að marka stefnuna, og hið besta skal vonað. Að því skal og vikið síðar.

En það var nú eitthvað annað en að stjórnarandstaðan ein léti í sér heyra við afgreiðslu síðustu vegáætlunar á síðasta þingi, og það var síður en svo að þar væri neitt lofsöngslag sungið. Önnur eins gagnrýni á stjórnarstefnu í einstöku máli hefur ekki heyrst hér þann tíma sem ég hef á þingi setið. Ekki vakti það neina undrun, svo sem hér hafði verið að málum staðið. En svo fór þó, að menn létu gagnrýnina og stóru orðin nægja. Hin brýna þörf byggðarveganna, fjársvelti til nauðsynlegustu framkvæmda á mikilvægum tengivegum við hringveginn og margt fleira, sem í máli stjórnarþm. fólst, varð talið og gnýrinn einn. Allt fór óbreytt í gegn og afsökunin var á eina leið: ekki væri unnt að aðhafast meira, því að fjárhagurinn leyfði það ekki á blómaárinu 1977 að staðið væri að vegaframkvæmdum á landi hér af sæmilegri reisn í samræmi við batnandi þjóðarhag. Þvert á móti var enn haldið niður brattann, ef frá var talið viðhaldsféð, sem mesti glansinn fór þó af undir lokin.

Þótt árangur yrði enginn hvað snertir árið 1977 hafði þetta allt þau áhrif, að yfirlýsing var gefin um endurskoðun á vegáætlun 1978. Það er sú breyting sem hér liggur nú fyrir okkur þm. og hæstv. ráðh. hefur mælt fyrir.

Við síðari umr. vegáætlunar, þegar allt liggur ljósar fyrir um skiptingu vegafjárins, verður að sjálfsögðu fjallað um niðurstöður og útkomu þessa plaggs í raun. En þó skal hér á fátt eitt drepið.

Ofarlega er mér eðlilega í huga tvennt sem var ákveðið í fyrra og snertir Austurland og ég reikna alls ekki með að breytt verði til batnaðar nú. Annað var niðurfelling Austurlandsáætlunar að öllu öðru leyti en því, að 100 millj. voru sérætlaðar til Oddsskarðsgangna, sem þó kom óumdeilanlega niður á heildarfjármagni til Austurlands. Þetta var í raun hið alvarlegasta samningsrof, þar sem enn var ólokið veigamiklum þáttum í Austurlandsáætlun frá 1970, samkomulag milli þm. Austurl. þá og handhafa ríkisvalds um tiltekna verkþætti sem ljúka átti á 5 ára áætlunartímabili. Nóg var um vanefndir og seinkun á þessari áætlun þó að hún væri ekki með öllu numin brott og í engu fyrir það bætt. Þetta var ekki bara gagnrýnt af hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, sem var einn af þeim sem samkomulagið gerðu, eða af mér, heldur og af öðrum þm. Austurl.

En allt kom fyrir ekki, mótmælin ein voru látin duga af þeim stjórnarþm. og Austurlandsáætlunin var felld niður.

Þá var þjóðbrautaprósenta okkar lækkuð óeðlilega mikið, eða úr 16% í 11%. Um sumt var þetta réttlætt með því, að fyrrum þjóðbrautir hefðu samkv. núv. skilgreiningu færst til stofnbrauta. En það hafði auðvitað gerst víðar á landinu við breytingu á vegalögum. Hitt var hálfu lakara og hefur hljómað eins og grín eða háð af versta tagi í eyrum Austfirðinga, þegar prósenta okkar var enn færð niður vegna þess að vegir í þjóðbrautatölu á Austurlandi væru hlutfallslega miklu betri en annars staðar. Ég hef að vísu þá hefðbundnu skýringu þessa í því, að umdæmisverkfræðingur okkar eystra var samviskusamur hið besta og gerði ekkert til að flokka vegi okkar lakar en efni standa til. En samræming þessa mats hjá Vegagerð ríkisins mun ekki hafa verið nægileg og hann því goldið góðra og samviskulegra vinnubragða.

Hæstv. samgrh. hefur nú, að ég best veit, séð svo um að þessi ágæti maður muni ekki oftar gera slíkar skyssur að taka hlutverk sitt í alvöru og af fullum trúnaði við það sem hann vissi réttast. En það er saga sem á ekki frekar heima hér. Hitt er ljóst, þegar litið er til vega á Austurlandi og þá sveitaveganna sér í lagi, að seint munu þessi 11% þjóðbrautafjár koma að umtalsverðu gagni þar eða koma þeim vegum að nokkru marki upp úr snjó. Um þetta skal ekki frekar rætt nú. Til þess gefst tækifæri síðar, þegar séð verður til fullnustu hvernig útkoman verður við afgreiðsluna í vor. Aðeins skal vonað að snjóþyngsli og ástand vega á vorin t. d. eða í haustrigningum verði tekið með í þá mynd, ef af endurskoðun prósentunnar um þjóðbrautir yrði.

Hv. þm. Geir Gunnarsson rakti í fyrra ítarlega þær vanefndir sem orðið höfðu á hinni sérstöku viðbótarfjáröflun til Norður- og Austurvegar, þar sem sú hafði á orðið raunin að engin viðbót var hér á ferðinni, og svo er að miklu leyti enn. Segja má, að ef ekki hefði þessi sérstaka fjáröflun komið til hefði ástandið verið enn aumara, enn meira vantað á til þess að framkvæmdir héldu raungildi sínu, einkum á s. l. ári. En glöggt var að þessi fjáröflun var gerð til að inna af hendi sérstakt átak, aukaátak í vegamálum, og skipting var ákveðin annars vegar til Norður- og hins vegar til Austurvegar í lögunum sjálfum og síðan með samkomulagi í hlutfalli milli Suður- og Austurlands í Austurveg, þó ég efist um að hlutur Austurlands þar sé sá sem til var í raun ætlast af okkur þm. Austurlands og var í raun og sannleika meginástæða þess, að við á sínum tíma studdum þessa löggjöf. Ég skal ekki hér og nú tíunda vanefndir á þessu sviði hvað viðbótarfjáröflun snertir, enda mun það koma enn skýrar í ljós þegar öllu hefur verið upp skipt og áætlunin liggur fyrir. En hjá því verður ekki komist að minna á þetta enn einu sinni.

Út frá þessu kemur mér í hug sú breytta stefna um margt í framkvæmd vegamála sem virðist nú njóta vaxandi fylgis meðal vegagerðarmanna, góðu heilli. Þar veit ég að vísu að eitthvað eru skoðanir skiptar, en þó ekki sem áður var, og umdæmisverkfræðingurinn eystra, sem ég hef haft samband við um þetta mál, hefur mjög haldið á lofti þessari nýju stefnu, sem ég kalla svo, *er kannske ekki svo* mjög ný, en ég held að það verði mjög til góðs okkur landsbyggðarmönnum ef þar er vel að verki staðið. Hér er að vísu ekki um neina íslenska uppfinningu að ræða og því síður einhverja Sverris Runólfssonar-lausn. Fyrirmynd þessa sækja verkfræðingarnir helst til Noregs, en þar er tækni í vegagerð og fjölbreytni í vinnubrögðum þar af leiðandi mjög til fyrirmyndar að dómi þeirra margra. Þetta er um margt andstæða þeirrar einstefnu, sem mestu hefur ráðið, að leggja aðaláherslu á hraðbrautir út frá Reykjavík. Skal þó tekið skýrt fram, að að sjálfsögðu þarf að sinna því verkefni einnig, og ég er sannfærður um það eftir samtal mitt við fróða menn, að þar megi nokkuð, kannske verulega slaka á í sambandi við staðla og *draga þar með verulega úr þeim gífurlega* kostnaði sem þessu hefur verið samfara á liðnum árum.

Umdæmisverkfræðingur okkar eystra, Einar Þorvarðarson, hefur lýst þessu svo í stórum dráttum fyrir mér, að í fyrsta lagi þyrfti að leggja stóraukna áherslu á aukið viðhald veganna og þá þannig, að víða mætti stórbæta vegina með fullnægjandi viðhaldi, þ. e. með góðu malarslitlagi, sem ég kann nú ekki að skilgreina nægilega samsetningu á. En forsenda þessa eru góð efnisvinnslutæki sem mjög skortir í dag, t. d. á Austurlandi, svo að kornastærð sé hæfileg í hvert lag um sig og hægt sé að ganga eins vel frá þessu og mögulegt er. Með slíkri framkvæmd, sem hann kallar þó beint viðhald, má stórbæta ástand óendurbyggðra vega fyrir *ótrúlega lítið fjármagn*. Ég sá með eigin augum slíka tilraun í sumar, og þó þar vantaði að hans sögn efsta lagið og það mikilvægasta, þá var vegurinn og er enn óþekkjanlegur. Sú framkvæmd var mjög ódýr á okkar mælikvarða og þó var um að ræða 7—8 km kafla á vegi sem var hreinn ruðningsvegur.

Í öðru lagi segir Einar mér að með tiltölulega litlum breytingum á burðarlagi og lagfæringum á hæpnustu stöðum megi leggja bundið slitlag beint á talsverðan hluta af því vegakerfi Austurlands sem skást er. Og Einar bætir því við, að sé rétt að burðarlagi staðið og lagfæringum einnig, þá sé hér um ótrúlega kostnaðarlækkun að ræða miðað við það sem ríkir t. d. í uppbyggingu veganna hér í nágrenni Reykjavíkur. Tilraun ætlaði verkfræðingurinn að gera með þetta eystra næsta sumar, og ég vona að verði af því, þó að þar hafi syrt að um sinn.

Þá sagðist Einar mjög hafa hrifist af því, hvernig Norðmenn sprautuðu bundnu slitlagi beint á malarslitlagið og síðan keyrðist það út og byndist mjög vel.

Varðandi allt þetta lagði umdæmisverkfræðingurinn áherslu á það, að nauðsynlegt *fjármagn fengist til rannsókna og tilrauna*, svo að tryggt væri að sem best nýting yrði á hvoru tveggja: viðhaldsfé og nýframkvæmdafé. Ég er

sannfærður um að þeir vegagerðarmenn, svo vel sem þeir vinna yfirleitt sín verk, muni vera með þetta allt til athugunar og í gangi og hafi fullan hug á að gera allt sem hér hefur verið lýst, og engan nýjan sannleika hef ég verið að flytja hér. Ég sá t. d. í blöðum í haust og hef heyrt hér á þingi tölur sem þetta varða og eru staðfesting hér á. Hins vegar taldi umdæmisverkfræðingur rétt að þetta kæmi sem best og ítarlegast fram og frá sem flestum, og ég er því í raun að flytja þá ósk hans hér, um leið og ég lýsi yfir mjög eindregnum stuðningi við meginatriði í því sem hann hefur verið að fræða mig á.

Aðeins þessu til viðbótar skal svo flutt sú eindregna skoðun Einars Þorvarðarsonar, að vinna beri að strandferðum okkar með stóreflingu Skipaútgerðar ríkisins, einmitt til þess að létta að nokkru þeirri miklu þungaumferð sem vegina hrjáir og hann telur að standi að nokkru í vegi fyrir þeirri nýskipan framkvæmda, sem hér hefur verið tæpt á, með sama áframhaldi í auknum þungaflutningum.

Hér væri vissulega tilefni til margs konar samanburðar, t. d. varðandi það, að hlutur Vegasjóðs í tekjum af umferðinni hafði lækkað í 25% 1977 úr 43% 1973. Nú mun þetta hlutfall vera þó eftir síðustu breytingu eitthvað skárra. Viðhaldsfé hefur verið mjög til umræðu. Á það hefur verið lögð áhersla, að þar hafi verið gert átak, og ekki skal fyrir það synjað, að í fyrra og eins nú er um verulega framför að ræða frá því lágmarki sem t. d. var árið 1976. Þó mun viðhaldsfé árið 1977 hafa að raungildi aðeins numið 79% af því sem viðhaldsfé hafði verið árið 1974 — aðeins 79.1%. Þetta hefur þó heldur auðvitað lagast nú.

Ef miðað er við lágmarksþörf, sem Vegagerð ríkisins hefur sett upp, sé ég í þessari vegáætlun að í fyrra hafi viðhaldsfé numið 58% í raun af þeirri þörf og þrátt fyrir alla hækkun nú, sem mikið er um talað, nemi fé að aðeins 72% af lágmarksþörfinni. Aðalástæða þessa liggur eflaust í sveltinu á árunum 1975 og 1976 og raunar að hluta í lengingu vegakerfis og auknum viðhaldskröfum vegna umferðaraukningar og aukinna þungaflutninga einnig.

Ég ætla ekki að fara út í frekari talnasamanburð, nema þann óhjákvæmilega samanburð á raungildi vegafjár til nýframkvæmda síðustu árin og þá einkum með tilliti til þess, hve mikið er um það talað nú, að hér sé um stórkostlega framför að ræða, og vissulega er hún það miðað við lágmarksárið 1977.

Ef miðað er við fast verðlag og framkvæmdagildi árið 1970 og síðan reiknað út frá því hverjar tölurnar eru í raunverulegum millj. frá þeim tíma, þá kemur í ljós að miðað við tæpa 2 milljarða 1970 er talan 1971 3770 millj., árið 1972 4128 millj., árið 1973, sem er síðasta heila ár vinstri stjórnarinnar, 4689 millj., allt miðað auðvitað við verðgildi og raungildi 1970, 1974 fer þetta niður í 3761 millj., 1975 niður í 2742 millj., 1976 í 2515 millj., 1977 niður í 2208 millj. og nú að lokinni þessari hækkun 3113 millj., ef miðað er við líklegustu kostnaðarhækkun milli ára, og er þá varlega áætlað. Þessar tölur hef ég vel staðfestar og þær skulu undirstrikaðar hér, þegar meginákersla er lögð á viðmiðun við það lægsta, þ. e. a. s. við árið í fyrra. Vissulega ber að fagna því, að þar er um þessa hækkun að ræða varðandi þá áætlun sem við samþykktum í fyrra. En þá skulu menn líka hafa í huga hve langt það á í land, að raungildi framkvæmda á árinu 1973 sé náð, síðasta heila ári vinstri stjórnarinnar. Með þessari hækkun, eftir þessa breytingu, er aðeins um 75% að ræða þar af. Það er árið 1973 sem þetta er miðað við, sama árið og þeir sjálfstæðismenn töldu smánarlega lítlu til vegaframkvæmda varið og þótti lítil reisn yfir vegamálum á Íslandi. Fleiri slík sannindi skulu rifjuð upp síðar þeim til hugarhægðar. Þó að fagna beri auknum framkvæmdum nú á þessu ári, þá er enn uggur í mér til hvaða framkvæmda á að verja þessu fé, hvort t. d. tiltekin stórframkvæmd á að gleypa óeðlilegan hluta þar af eða ekki. Með það og fleira skal bíða betri tíma og öruggari niðurstöðu og engar getsakir uppi hafðar. En staðreyndin, að síðasta vegáætlunarár núv. ríkisstj. eftir verulega hækkun þó milli ára skuli aðeins fela í sér 75% af raungildi nýframkvæmda 1973, segir meira en langar tölur og miklar hér um.

Aðeins vil ég að lokum segja það, að einlæg von mín er sú, að þetta plagg haldi sínu fulla gildi, að sú viðbót við áætlunin í fyrra, sem þar er miðað við, fái að haldast. Uggur er þó í mér sem fleirum varðandi þetta. Það er mála sannast, sem hæstv. samgrh. sagði, að hér væri um eitt mesta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða og ekki þá hvað síst hvað landsbyggðina snertir. Það er vonandi að það sjáist á næstu dögum eða vikum, að í þessu máli sé full alvara, að í þeim ráðstöfunum, sem á döfinni eru nú, verði þau orð, þessi skoðun hæstv. ráðh. í heiðri höfð og því verði þetta plagg ekki gert marklaust í þeim niðurskurði ríkisframkvæmda sem við höfum grun um að fyrirhugaður sé. En best er að spá þar engu um nú. Við síðari hluta umr. verður það orðið ljóst, og þá er rétt að tala um það, ef svo fer fram sem margir óttast nú.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það fór fyrir mér eins og hv. síðasta ræðumanni, ég gerði síður ráð fyrir því að vegáætlun kæmi til umr. nú, svo að ég mun að þessu sinni verða mjög stuttorð.

Ég hlýt að fagna því, að yfirlýsing sú, sem gefin var af hálfu ríkisstj. á s. l. vori eftir allharða gagnrýni þm., hefur staðist eins vel og hægt var að búast við eftir því sem fjárhagslegar aðstæður okkar nú eru. Það er talað um að magnaukning á þeim liðum áætlunarinnar, sem skipta miklu máli, muni verða í ár um 26—27%, og athyglisvert þykir mér einnig að liðurinn viðhald vega hefur hækkað allverulega. En ég hygg að það hafi verið mál manna, úti á landsbyggðinni alla vega, að þar hafi ríkt hálfgert neyðarástand vegna lítilla fjármuna sem ætlaðir voru til þessa liðar á vegáætlun. En hæstv. ráðh. lýsti því yfir í framsöguræðu sinni, að nú mundi fé það, sem til viðhaldsins er ætlað, nema 72% af því sem vegagerðarmenn teldu nauðsynlegt. Það

er að vísu alls ekki nóg, en þó sýnu betra en verið hefur undanfarin ár.

Ég vil taka undir orð hv. 7. landsk., sem hér talaði áðan, — og það er ekki í fyrsta skipti sem ég drep á það, — að ég vona að við skiptingu þess fjármagns, sem nú fer til vegagerðar í landinu, verði ekki gleymt vegunum í byggðarlögunum sem verst eru stödd í þessu tilliti, þ. e. a. s. vegunum sem enn þá eru ekki nema vegir að nafninu til, margir hverjir vegtroðningar einir, áratugagamlir. Við höfum verið kallaðir bútastefnumenn og það í nokkrum lítilsvirðingartón, af mönnum hér syðra aðallega, — við sem viljum leggja áherslu á þetta verkefni í vegagerð. Ég held að afstaða þeirra manna, aðallega ritstjóra Reykjavíkurblaðanna, markist fyrst og fremst af því, að þeir gera sér enga grein fyrir hvað við meinum, við dreifbýlisþm., sem vitum hve miklum óþægindum þessir samgönguerfiðleikar og stundum samgönguleysi valda fólki úti í byggðum landsins sem verður að nota vegina sumar og vetur, en ekki bara á sumrin til þess að ferðast um á þeim og skoða landið. Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar hér, en ég vil taka undir það með hv. þm. Helga Seljan, sem ég heyri að er nokkuð á sömu línu og ég í þessum efnum, ásamt öðrum dreifbýlisþm., að þessi þáttur má ekki gleymast nú þegar nokkru rýmra fjármagn er ætlað til vegaframkvæmda. Ég hlýt, eins og hv. þm. gerði, að vísa til máls sem liggur fyrir þingi, flutt af allmörgum stjórnarþm., dreifbýlisþm., þar sem áhersla er lögð á þetta sjónarmið, og hirðum við þá ekki um og kveinkum okkur því síður undan því, að við séum kenndir við búta. Sannleikurinn er sá, að það eru í mörgum tilfellum smábútar sem geta ráðið mjög miklu um ástand vegamála í einstökum byggðarlögum. Þetta vita þeir menn, sem fást við vegagerðina og þekkja til aðstæðna, og málflutningi þeirra manna hlýtur að verða meiri gaumur gefinn en hinna, sem oft tala af býsna miklu skilningsleysi og fáfræði í sem um þarfir þessara afskekktu byggðarlaga.

Í ræðu hæstv. samgrh. drap hann á einstök stórverkefni og stóra áfanga, sem unnið hefði verið að undanfarin ár, og þá að ég hygg sérstaklega á s. l. sumri Hann nefndi stórframkvæmdir eins og Oddsskarð á Austurlandi, hann nefndi Norður- og Austurveginn, sem á að koma til góða Norður-, Austur- og Suðurlandi, eftir því sem talað hefur verið um undanfarin ár. Hann talaði um varanlegt slitlag á Suðurlandsveginn, sem nú væri kominn austur að Þjórsá. Og hann minntist á Holtavörðuheiðina norður eftir, þar sem mikið hefur verið unnið til mikils gagns. Ég man nú ekki, hann hlýtur einnig að hafa minnst á Borgarfjarðarbrúna. (**Samgrh.**: Ég gerði það líka.) Já, ég skrifaði það raunar hér. Allt eru þetta gleðileg verkefni og gagnleg að sama skapi sem unnið hefur verið að og gert átak með. En það, sem ég vil nú í mestu vinsemd benda á, var að hæstv. samgrh. minntist ekki á neitt slíkt verkefni í einum landshluta, og það voru Vestfirðir. Það undraði mig raunar ekki, því að það er ekki hægt að benda á neitt hliðstætt verkefni sem hefur verið tekið fyrir á Vestfjörðum. Því vil ég nú vona að í meðförum fjvn. og allra þeirra góðu manna sem eiga eftir að fjalla um skiptingu þessarar álitlegu fúlgu, sem nú fer til vegagerðar, verði tekið tillit til þessarar staðreyndar.

Að sjálfsögðu liggja fyrir stór verkefni í öllum landshlutum. Ég hygg þó að ég mæli ekki af ósanngirni er ég staðhæfi, að Vestfirðir hafa á undanförnum árum ekki fengið inn á vegáætlun neitt af þeim stóru verkefnum sem mest eru aðkallandi í þeim landshluta. Ég nefni þar fyrst og fremst tvö verkefni. Það eru jarðgöng í gegnum Breiðadalsheiði eða bættur vegur á milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar annars vegar og norðurhluta Vestfjarða hins vegar: Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Djúpsins. Þetta ásamt vegabótum í Dýrafirði, Önundarfirði og yfir hálsana í Barðastrandarsýslu eru verkefni, sem okkur hafa legið ákaflega á hjarta, en ekki hafa komist inn — og þó er það ekki rétt, því að Önundarfjarðarbrúin er komin á blað og einhver fjárveiting til torfæruhálsanna í Barðastrandarsýslu. Ég vil benda á í þessu sambandi, að á síðasta þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga var gerð einróma ályktun um að bættur vegur um Óshlíð yrði forgangsverkefni á óskalista Vestfjarða. Þessu vil ég hér með koma á framfæri til athugunar.

Ég hlýt einnig að vekja athygli á því, að tenging Djúpvegar við aðalkerfi landsins bíður úrlausnar. Yfir Þorskafjarðarheiði, sem er eina tengingin nú yfir í aðalvegakerfið, liggur vegur sem er orðinn meira en 30 ára gamall og er einn af þessum vegum sem ekki eru vegir nema að nafninu til. Það hefur legið í loftinu, að breytt yrði um staðsetningu tengivegar þarna á milli, og vegna þess, að ég hygg, hefur viðhald þessa vegar undanfarin ár verið í lágmarki. Eftir að Djúpvegurinn var fullgerður hefur þó umferð um Þorskafjarðarheiði og þá sérstaklega þungaumferð aukist að miklum mun og heiðin með sínum lélega vegartroðningi hefur engan veginn verið þess umkomin að taka við þeim þunga sem á hana hefur verið lagður. Þess vegna vil ég benda á alveg sérstaklega, að það er tími til kominn að ljúka rannsóknum á því, hvar vegarstæði skuli valið, og að ráðist verði í á allra næstu árum að bæta hér úr.

Í þessu sambandi, þegar talað er um að fullgera hinn svokallaða hringveg kringum landið, hef ég viljað leggja áherslu á, og þar hef ég vitnað í ummæli núv. og fyrrv. samgrh., að tenging Djúpsins við aðalvegakerfið mundi skoðast sem hluti hringvegarframkvæmdanna. Ég hef áður hér á Alþ. beint þeirri fyrirspurn til hæstv. samgrh., hvort skilningur minn á þessu atriði sé ekki réttur, og ég vona að hæstv. ráðh. sjái sér fært nú, þó ég hafi ekki fengið svar áður, að tjá mér skoðun sína á þessu máli. Og þá vil ég vænta að hún verði á þann veg sem skilja mátti af orðum hans og fyrrv. samgrh., Hannibals Valdimarssonar, þegar unnið var að Djúpvegi, að tenging Djúpsins og Vestfjarðakjálkans við aðalvegakerfið skoðaðist sem hluti af hringvegarframkvæmdum. Því vil ég vonast til þess, að þegar veitt er fjármagn til hringvegarins, þá

verði haft í huga að hringvegurinn verður ekki hringur fyrr en Vestfirðir eru komnir í samband.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur nú fylgt úr hlaði grg. við umr. um vegáætlun, þ. e. a. s. við endurskoðun áætlunarinnar sem raunverulega var samþ. á vordögum 1977. Það er eðlilegt að þurfi að endurskoða áætlanir sem vegáætlun, svo mjög sem verðlag í landinu breytist og erfitt að gera sér grein fyrir því, hvað fram undan er. Einmitt nú þessa dagana, þegar það er á flestra manna vörum, að fram undan sé enn ein kollsteypan í verðlagi, og liggur í loftinu, að 10—20% gengisfelling muni eiga sér stað nú alveg á næstunni, jafnvel innan viku, þá kann að virðast nokkuð út í hött að fjalla um tölur sem að ýmsu leyti eru byggðar á forsendu í verðlagi sem verður brostin innan mjög skamms tíma. En engu að síður skulum við halda okkur við þetta plagg, sem hér er til umr., og velta vöngum yfir, hvað við getum gert í vegamálum.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að reynt er nú að gera meira átak en undanfarið. Ég er honum sammála um það, þrátt fyrir það að tilfæra megi í vissum tilfellum að magnaukning sé ekki fyrir hendi á vissum liðum, t. d. eins og viðhaldi, þó að það hækki á þessu ári frá því sem var í fyrra.

Ef við tökum viðhaldið fyrst til umr., segir á bls. 5 í þessari till. um sumarviðhald t. d., að í reynd var fjárveiting hvergi nærri nægileg og var aðeins 58% af þörf fullnægt, miðað við það sem áætlað var að nauðsynlega þyrfti til að hafa vegina í góðu ástandi. Þetta sýnir okkur hvað mikilvægt er að taka þá vegi til sérstakrar meðferðar, þar sem umferð er orðin mikil, því hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, þá eru komnir víða um land þeir kaflar í vegakerfið sem bókstaflega þola ekki þá umferð sem um þá er. Þegar við vorum að tala fyrir því á sínum tíma hér, að svokallað varanlegt slitlag yrði sett á veginn frá Grindavík að Reykjanesbraut, þá einmitt höfðum við þau rök uppi, að umferð væri orðin svo mikil og sérstaklega þunginn sem færi um vegina, að malarlag á vegum, þó vel væri gert, þyldi ekki þetta álag.

Nú er þetta að koma í ljós víða um landið. Það verður ekki komist hjá því að líta alveg sérstaklega á þetta vandamál sem er kringum flesta dreifbýlisstaði í landinu, þar sem miklir völuflutningar eiga sér stað til og frá þessum dreifbýlisstöðum. Hér er mikið vandamál á ferðinni, og ég hef alltaf verið því hlynntur að tryggja þessum þætti nægilegt fjármagn, jafnvel þó að heyrst hafi af vörum fyrrv. ráðh. úr þessum ræðustól að það væri hinn dýrasti tollur, sem fólkið greiddi í landinu, að búa við slæmt vegakerfi úti um hinar dreifðu byggðir. En við bókstaflega getum ekki ráðið við allt í einu og verðum að horfast í augu við vissa þætti sem eru svo erfiðir að óhjákvæmilegt er annað en að fullnægja þörfum þessara þátta á undan öðrum. Það verður sem sagt að eiga sér stað forgangsröðun í þessu eins og mörgu öðru þegar fjármagn er ekki ótakmarkað.

Auðvitað munu menn deila um viðhald vega hvar sem vera skal á landinu, og mörgum mun finnast sinn þáttur heldur rýr. En það verður samt sem áður ekki gengið fram hjá því, að vissir þættir hljóta að hafa forgang fram yfir annað, hvað sem öllu ástandi líður á veginum sjálfum.

Hæstv. ráðh. gat þess, að fjármagnið — og taldi upp þrjú ár — væri á árinu 1976 5.4 milljarðar rúmir eða nær 5.5 milljarðar, 1977 7.34 milljarðar og í ár væri búist við 10.3 milljörðum. Ef við lítum eingöngu á þessar tölur, þá er verðbólgan í landinu meiri en nemur þessari hækkun, þannig að raunverulega verður um magnminnkun að ræða í framkvæmd. Hins vegar gat hann þess, að vegna betra skipulags og líklega betri tækja mætti búast við því, að árangur yrði enn betri á þessu ári heldur en undanfarið. Ég vona að svo reynist, enda vil ég minna á þá staðreynd, að stjórn og undirbúningur eru nú komin í 500 millj. kr., og ætti einhver árangur að sjást í framkvæmd þegar slíkum tölum er varið í stjórn og undirbúning. Stundum hefur maður heyrt að verk væru ekki nægilega undirbúin í þessu sambandi. Það er mjög mikið vandaverk og þarf miklar rannsóknir til að gera varanlega vegi og fá gott vegarstæði. Það er eðlilegt að það sé dýrt og taki sinn tíma. En ég tel að hér sé orðið um háa tölu að ræða. Hún er kannske alveg eðlileg. Við fáum þó ekki nákvæma grg. hvernig þessi tala er fundin. E. t. v. er hægt að fá hana með sérstakri fyrirspurn. En þegar þessi stofnun notar 500 millj. kr. í stjórn og undirbúning, þá væri ekki úr vegi að sundurliða þessa tölu í 5—10 liði og gera Alþ. grein fyrir þeim.

Ég vil fjalla hér um einn þátt, brýr 10 m og lengri, en sá þáttur fær 458 millj. kr. Þetta finnst mér lítið fé og vildi gjarnan fá nánari sundurliðun á því aftur við 2. umr. Ég var stuðningsmaður þess að fá Borgarfjarðarbrú og fer ekkert dult með það. En ég er óánægður með það, ef það verk á að vera 4 eða 5 ár í framkvæmd. Ég taldi langeðlilegast að þessi framkvæmd tæki 2—3 ár sem hámark, því þegar um svo dýra framkvæmd er að ræða sem þessa brú, þá má hún bókstaflega ekki vera lengi í gerð. Ég tel að við stefnum rangt með því að það teygist mjög úr þessari framkvæmd, og ég fæ ekki skilið hvers vegna við getum þá ekki bjargað þessari framkvæmd með sérstakri lánsfjáröflun, því að séu rök fyrir framkvæmdinni, eins og sagt var á sínum tíma og ég tók vel trúanlegt frá hendi hæstv. ráðh. og raunar frá vegagerðarmönnum, þá tel ég óhjákvæmilegt að takast á við verkefnið með skjótleik, en ekki með drabbi. Ég er þess vegna óánægður yfir þessum lið og vildi að hann væri hærri, nema hæstv. ráðh. geti upplýst að áformað sé að gera sérstakt átak til að flýta þessu verki. Ég veit að margir munu vera á móti þessari framkvæmd og jafnvel í mínum flokki, en það varðar mig engu. Ég tel þessa framkvæmd rétta. Hún er hafin og hún á að ganga skjótt fyrir sig, vegna þess að hún sparar stóra viðhaldsþætti í vegakerfi sem dugar ekki þeirri umferð sem um Vesturlands- og Norðurlandsveg þarf að vera.

Ég vil aðeins láta þetta í ljós við þessa umr. og vonast til þess, að ég fái einhver svör varðandi þennan þátt.

Það kom fram í orðum ráðh. og það kemur fram í þessari þáltill., að víða eru brýr í þrengra lagi og í slæmu ástandi. Þetta vitum við. Við vitum það vegna þess, að enn er leyft að flytja til landsins mjög stór og fyrirferðarmikil flutningatæki. Ég sagði fyrir 4 eða 5 árum að ég vildi láta setja hemil á stærð og þunga flutningatækja meðan við hefðum ekki betra vegakerfi en raun ber vitni um. Á þetta hefur aldrei verið hlustað. Ég tel enga þörf á að heildarþungi flutningatækis með farm geti farið yfir 30 tonn, nema þá alveg sérstakra flutningavagna sem dreifa þunga mjög mikið um veginn, því það er staðreynd, það veit ég af munni vegagerðarmanna, að viss flutningatæki hafa stórskemmt vegi og aldrei borið uppi þann kostnað sem þau hafa valdið á vegum þegar þau hafa farið um. Í þessu efni sem mörgum öðrum þýðir ekkert að segja að frelsi skuli vera til að kaupa hvaða tæki sem vera skal. Það er alveg eðlilegt að setja reglugerðarákvæði um hámarksþunga flutningatækis. Ef við þurfum að flytja vegna virkjana eða einhvers þess háttar sérstaklega þung stykki, þá verður að vera í landinu eitt eða tvö sérstök flutningatæki eða flutningavagn sem getur dreift þunga sem víðast á veginn, svo að bæði brýr og vegir þoli slíka sérstaka flutninga.

Einn þáttur í þessu er skattheimta á bíla til að tryggja Vegasjóði nægilegt fjármagn. Ég get sagt eins og hef sagt áður, að ég tel að bílar eigi að vera á lægra verði en þeir eru í landinu og lægra skattlagðir en þeir eru. Hins vegar tel ég að rekstrarvörur til bíla og jafnvel bensíngjald mætti vera hærra, þó það hafi hækkað mjög undanfarið. En það má ekki snúa út úr þessum orðum mínum með því að vitna í það, að nú einmitt þessa viku standi menn í biðröðum og kaupi bíla, rétt eins og menn fá sér lummukaffi. Það er af gengisfellingarótta sem það á sér stað. Á s. l. ári voru fluttir inn í landið um 7700 bílar og árið 1976 tæplega 4000. Ég tel langeðlilegast að við höfum 7500—8000 bíla innflutning á ári og það sé jafnt álag bæði varðandi gjaldeyrisnotkun og varðandi heildarstjórn á þessum málum, en að þetta gangi ekki í sveiflum eins og raun ber vitni. Þá er einnig þægilegra fyrir alla áætlunargerð hjá Vegagerð og samgrn. að reikna með nokkuð tryggum tekjustofni í Vegasjóðinn og höfnum framkvæmdum og álagi sem verður á vegakerfið hér á landi.

Það er hér önnur till. fyrir hv. Alþ. sem ég lýsti stuðningi við og var fyllilega samþykkur að næði fram að ganga. Það er sú hugmynd að taka fyrir ákveðna vegakafla á landinu og setja á þá svokallað varanlegt slitlag eða olíuborið slitlag eða malbikað slitlag eftir atvikum. Ég taldi þá að við gætum tekið marga vegakafla, jafnvel á annað þús. km, hingað og þangað um landið og lagt á þá slitlag. Þessir kaflar þyrftu engan veginn að vera samtengdir. Þeir þyrftu kannske að vera 1—2 km þó það væri 200—300 m malarslitlag á milli. Það er ekki meginatriðið að allt geti orðið samfellt í þessum efnum. Það, sem skiptir mestu máli að mínu mati, er að við hefjumst handa um að gera það mögulegt alls staðar á landinu að njóta vega með olíumöl eða malbikun sem slitlagi. Það er mjög mikilvægt atriði, finnst mér.

Ég vildi heyra frá hendi hæstv. ráðh., hvort þessi till. fær nú nána athugun og hvort von er um að hún fari í gegnum hv. Alþ. sem samþykkt eða hvort hún liggi áfram í salti og við megum eingöngu eiga von á framkvæmdum vegamála samkv. þessari áætlun. Ég sé ekki að sérstakt átak sé gert í anda hinnar till. sem ég er að tala um. E. t. v. þarf algjörlega nýjan tekjustofn í því skyni, þar sem upp er stillt ráðstöfun á þessu væntanlega fjármagni og því hefur þegar verið úthlutað samkvæmt tillöguforminu. En hér er mjög mikilvægt atriði, að allir landsfjórðungar fái að njóta þess meira en hér er gert ráð fyrir, að olíumöl eða malbik verði sett á þá vegakafla sem ég tel að séu þegar fyrir hendi og þola slíka framkvæmd.

Mér er kunnugt um að margir verkfræðingar segja að þetta séu næstum því hugarórar einir og ekki sé vogandi að gera þessa tilraun, hún verði of dýr. En ég er ekki sammála, vegna þess að ég þý við götu hér í nágrannabæ þar sem miklar deilur hafa staðið um hvort mætti setja olíumöl á götuna eða ekki. Ég held að það sé ekki vanvirða gagnvart neinum sérstökum verkfræðingum, en þeir töldu að þessi gata mundi ekki eða illa þola að fá á sig olíumöl. Lítils háttar lagfæringar voru gerðar á götunni og svo sett fínt lag undir olíumölina, en síðan hefur þetta staðið sig mjög vel og miklu betur en bæði íbúar við götuna og verkfræðingarnir áttu von á. Mér finnst þess vegna að það hljóti að vera möguleikar á því víða úti um land að reyna þessa framkvæmd með olíumalarslitlagi. Vonandi er gerð olíumalar nú betri en var fyrst hér á landi vegna aukinnar tækni og aukinnar reynslu í gerð þessa slitlags. Ég tel afar mikilvægt að almenningur finni til hvers þessu fjármagni er varið, sem er reyndar orðið nokkuð mikið, þó margir vilji að miklu meira sé varið úti um allt land til þess að bæta vegi, svo ég tali nú ekki um að fólk vill losna við rykið. Í námunda við suma þéttbýlisstaði og sveitabæi er bókstaflega óþolandi rykmekkir um helgar. Það er bókstaflega orðin mengun frá malarryki þegar mikið skemmtanahald á sér stað og fólk safnast saman jafnvel í mörgum hundruðum bíla.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa mörg fleiri orð um þessa vegáætlun. Eins og ég sagði í upphafi, segja þessar tölur manni ekki mikið um hvað hægt verður að framkvæma, vegna þeirrar óvissu sem ríkir í öllum kostnaði hér á landi og hvernig verðlag kann að stökkva upp. Þess vegna er haldlítið að reikna með ákveðinni prósentutölu, hvort það er 25%, 35% eða 40% hækkun á milli ára. Það kann að reynast mjög lítið í raun varðandi a. m. k. magn framkvæmda. En ég vænti þess þrátt fyrir allt, að við getum gert aukið átak í vegagerð og það varanlegri vegagerð hér á landi. Þörfin er alls staðar mikil og billinn er orðinn svo fastur þáttur í lífi hverrar fjölskyldu, að það verður ekki komist hjá því að gera sérstakt átak í vegagerð.

Ég held að alþm., bæði þeir, sem styðja viðkomandi stjórn hverju sinni, og stjórnarandstaða, hafi jafnan haft góða samstöðu um að tryggja Vegasjóði nokkuð mikið fjármagn til að takast á við þennan vanda. En engu að síður tel ég að ofskattlagning eigi sér nú stað á bifreiðina sjálfa. Það er enn þá munur á fylgi þm. við þá hugmynd að minnka álagið á bifreiðina sjálfa. Ég held að við séum í minni hl., þeir sem vilja hafa bifreiðina ódýrari í stofngjaldi og hafa rekstrarþáttinn heldur dýrari. Ég tel það skakkt. Ég vil sjá meira fjármagn til vegaframkvæmda í gegnum aukna eyðslu sem er fyrir hendi hjá almenningi, en minna álag við kaup á bílnum sjálfum. Vegagerðin býr við það að þurfa að úthluta nokkuð háum hluta af mörkuðum tekjustofnum. Um þetta hefur verið dálítið deilt undanfarið. Fjvn. hefur tekið þá stefnu að reyna að dreifa þessu í áföngum hringinn í kringum landið. Mér er ekki kunnugt um stöðuna í þessu nú, þar sem ég er hættur að sitja í fjvn., en ég veit að mjög margir kaupstaðir sóttu í einu um fjármagn úr þessum sjóði og vildu gera sérstakt átak til þess að laga til hjá sér með framlagi úr sjóðnum. Hér er um nokkuð mikið vandamál að ræða. En það, sem mér fannst þá skynsamlegast í þessu efni, var að gera mönnum grein fyrir því, að á 4 ára tímabili fengju þeir sitt framlag, en allir gætu ekki fengið það í einu. Það má búast við að 15—20 kaupstaðir, jafnvel fleiri, gætu fengið úr sjóðnum. Ég hnaut ekki um neina sérstaka athugasemd hjá hæstv. samgrh. um þessi mál í framsögu hans, en e. t. v. liggur þetta ekki enn þá fyrir, hvað mikið er sótt um né frá hvað mörgum aðilum. Mér þætti nokkur fengur í að fá að vita lítils háttar um hvað þessi 25% sjóður, eins og hann er kallaður, getur sinnt umsóknum á þessu ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. 24. jan. 1978 skrifaði ég bankastjórn Landsbanka Íslands svo hljóðandi bréf:

„Á fundi Alþingis í gær beindi Sighvatur Björgvinsson þeim tilmælum til viðskrh., að hann upplýsti Alþ. og þjóðina alla eins fljótt og við verður komið um hvað raunverulega hefur gerst í Landsbanka Íslands. Óskaði alþm. sérstaklega upplýsinga um eftirfarandi atriði:

Í fyrsta lagi: Hversu umfangsmikið mál er hér um að ræða, með hverjum hætti komust menn á snoðir um hið meinta misferli og hver eru takmörk þessa máls?

Í öðru lagi: Til hvaða ráða verður gripið til að upplýsa málið? — Í því sambandi ber að leggja þunga áherslu á að rannsókn verði hraðað.

Í þriðja lagi sagði hv. þm.: Ég tel rétt að Alþ. fái að vita til hvaða ráða verður gripið til að koma í veg fyrir að atburðirnir, sem orðið hafa í Landsbanka Íslands, geti endurtekið sig."

Þetta voru þær fsp., sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar hér fram, og ég held að þær séu þarna settar fram alveg nákvæmlega eins og hann bar þær hér upp.

„Mælst er til þess, að bankastjórnin, að höfðu samráði við bankaráð Landsbankans, láti í té fyrir Alþ. eins ítarlegar upplýsingar og fært þykir um ofangreind atriði."

Svarbréf frá bankastjórninni barst svo 28. jan. þ. á., og þó að því muni nú hafa verið útbýtt til hv. þm., þá vil ég leyfa mér að lesa það upp til þess að það komist í þingtíðindin. Það er svo hljóðandi:

„Hr. viðskrh. Ólafur Jóhannesson, Reykjavík.

Sem svar við bréfi yðar, herra viðskrh., dags. 24. þ. m., vill bankastjórnin upplýsa eftirfarandi:

Þann 22. des. sl. ritaði bankastjórnin rannsóknarlögreglustjóra ríkisins bréf, þar sem beðið var um að þá þegar yrði hafin rannsókn á misferli, sem komið hafði fram, að einn af starfsmönnum bankans, Haukur Heiðar, deildarstjóri ábyrgðardeildar, hefði gerst sekur um.

Nokkru áður hafði eitt af viðskiptafyrirtækjum bankans óskað eftir sundurliðun á kostnaðarreikningi hjá ábyrgðardeildinni og hafði þá komið í ljós, að ósamræmi var milli færsluskjals í bókhaldi bankans og tilsvarandi færsluskjals í bakhaldi fyrirtækisins. Þegar endurskoðunardeild bankans kannaði hvað mismun þessum ylli, varð ljóst, að Haukur Heiðar mundi hafa útbúið tvenns konar færsluskjöl, önnur sem viðskiptamaðurinn greiddi eftir, hin með lægri upphæð, sem gengu til bókhalds bankans, en síðan dregið sér mismuninn. Var þá beðið um rannsókn þá, sem fyrr er getið og enn stendur yfir.

Mismunar af þessu tagi hefur orðið vart í um 25 tilvikum á tímabilinu 1970—1977, að báðum árum meðtöldum, og lúta þau öll að viðskiptum sama viðskiptafyrirtækis. Samtals nemur sá mismunur, sem um ræðir í þessum tilvikum, nálega 50 millj. kr.

Ekkert hefur komið fram, sem bendir til að hliðstæður fjárdráttur hafi átt sér stað í sambandi við viðskipti annarra fyrirtækja við ábyrgðardeild bankans en þessa eina, en það verður að sjálfsögðu rannsakað til hlítar. Á hinn bóginn hefur Haukur misnotað reikninga sex fyrirtækja til þess að ná því fé, sem hann dró sér út úr bankanum. Eins er ekki fullkannað að hve miklu leyti féð hefur verið dregið af bankanum og að hve miklu leyti af viðskiptafyrirtækinu, en flest bendir þó á þessu stigi til þess, að það sé að mestu af bankanum.

Ekkert bendir til að neinn innan bankans sé samsekur Hauki í máli þessu.

Á því, sem hér hefur verið lýst, eru kærumál bankastjórnar á hendur Hauki Heiðar reist. Rannsókn málsins er hins vegar undir forræði og yfirstjórn rannsóknarlögreglustjóra og er það ekki á valdi bankastjóra að gefa skýrslu um hana.

Af bankans hálfu hefur verið lögð áhersla á að flýta rannsókn málsins eftir því sem stendur í hans valdi. Rannsóknarlögreglustjóri hefur að beiðni bankastjórnar tilnefnt óháðan löggiltan endurskoðanda til að hafa yfirumsjón með þeirri

gagnavinnslu, sem fram fer í bankanum og starfslið bankans vinnur að.

Á þeim rúma mánuði, sem liðinn er síðan mál þetta kom upp, hafa farið fram, á vegum bankaráðs og bankastjórnar, ítarlegar umræður og undirbúningur að aðgerðum, sem hrundið verður í framkvæmd á næstunni í því skyni að koma eins og fært er í veg fyrir að atburðir af þessu tagi geti endurtekið sig. Þessar aðgerðir munu einkum verða tvenns konar:

Í fyrsta lagi verða teknar til endurmats og endurnýjunar allar vinnuaðferðir endurskoðunardeildar bankans. Þörfin á slíkri endurnýjun hefur komið til umræðu áður í bankanum. Nú hafa hins vegar verið gerðar ráðstafanir til að fá utanaðkomandi sérfræðiaðstoð til að annast þetta endurmat án tafar.

Í öðru lagi verður tekinn upp sá siður sem allsherjarregla að flytja menn til í störfum innan bankans á hæfilegu árabili. Þessi siður tíðkast í mörgum erlendum bönkum og þykir hafa marga kosti, en hefur ekki tíðkast fyrr en Landsbankinn tók hann upp í nokkrum mæli fyrir 6—7 árum.

Vér leyfum oss að vænta þess, herra viðskrh., að þetta bréf svari fyrirspurn yðar."

Undir þetta bréf skrifa Helgi Bergs og Björgvin Vilmundarson.

Eftir að mér hafði borist þetta bréf bankastjórnarinnar þótti mér rétt að senda það til umsagnar rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og leita eftir því, hvort hann teldi sér fært að láta í té fyllri upplýsingar en er að finna í skýrslu bankastjórnarinnar. Það gerði ég með bréfi dags. 30. f. m., og svar rannsóknarlögreglustjóra barst í dag, 2. febr. 1978, og er svo hljóðandi:

„Með bréfi viðskrn., dags. 30. f. m., barst mér ljósrit af bréfi bankastjórnar Landsbanka Íslands, dags. 28. f. m. Í bréfi rn. er þess farið á leit við mig, að ég gefi Alþ. allar þær upplýsingar um gang lögreglurannsóknar þeirrar, sem lýst er í fyrrgreindu bréfi, er ég telji fært að veita á þessu stigi rannsóknar.

Svo sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi bankastjórnarinnar var það hinn 22. des. s. l., sem stjórn Landsbanka Íslands sneri sér til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins með beiðni um að hafin yrði rannsókn á fjármálamisferli, sem komið hefði fram, að Haukur Heiðar, deildarstjóri ábyrgðardeildar bankans, hefði gerst sekur um. Rannsóknarlögregla ríkisins hóf þegar í stað rannsókn þessa kæruefnis, og hefur hún staðið yfir sleitulaust síðan.

Við þá rannsókn, sem þegar hefur farið fram, hefur kærði Haukur Heiðar játað að hafa um árabil staðið að stórfelldum fjártökum og misferli með skjöl í sambandi við viðskipti bankans og tilgreind fyrirtæki. Þykir í meginatriðum upplýst með hvaða hætti kærði hefur staðið að þessum fjártökum að því marki sem kæruefni og rannsóknargögn liggja þegar fyrir. Jafnframt beinist rannsóknin að því að ganga úr skugga um, hvort um aðrar fjártökur eða önnur brot hafi verið að ræða en þegar þykir í ljós leitt.

Rannsókn sakarefna máls þessa er eigi lokið, enda umfangsmikil, en hefur verið hraðað eftir föngum og miðar vel áfram.

Guðmundur Skaftason hrl. og löggiltur endurskoðandi hefur verið rannsóknarlögreglu ríkisins til ráðuneytis við skipulagningu rannsóknar þessa máls og athugun sakargagna, þ. á m. að því er varðar öflun gagna og greinargerða af hálfu Landsbankans og athugun bókhaldsgagna frá þeim viðskiptafyrirtækjum bankans, sem koma við sögu. Þá hef ég tilnefnt Ólaf Nilsson, löggiltan endurskoðanda, til að hafa umsjón með þeirri gagnavinnslu, sem fram fer innan bankans. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan mál þetta kom upp, má heita að gögn og greinargerðir af hálfu bankans hafi stöðugt verið að berast eftir því sem kæruefni og rannsókn þeirra hefur þótt gefa tilefni til.

Ríkissaksóknara hefur verið gerð grein fyrir rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins í máli þessu og fullt samráð verið haft við hann um rannsókn og meðferð þessa máls.

Frekari upplýsingar verða veittar svo fljótt sem kostur er vegna rannsóknar málsins.

Hallvarður Einvarðsson."

Þetta eru þær upplýsingar sem mér hafa borist um það efni sem spurt var um. Frekari upplýsingar frá eigin brjósti get ég ekki gefið á þessu stigi, en get fullyrt að unnið er að rannsókninni með fullri atorku og það er hreyfing á rannsókninni. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál, en taldi rétt að gefa Alþ. skýrslu þessa svo fljótt sem tök voru á. Þó að hv. fyrirspyrjandi, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, gæti því miður ekki verið viðstaddur hér í dag, þá taldi ég rétt að fresta því ekki þar eð ég hafði áður gefið fjölmiðlum til kynna að skýrsla yrði gefin á þessum degi. Vona ég að það komi ekki að sök, þar sem hann fær í hendur þau gögn sem hér er um að ræða.

Ég vil svo að lokum aðeins endurtaka það, að ég tel eðlilegt og sjálfsagt að Alþingi fylgist vel með þessu máli. Landsbanki Íslands er ríkisstofnun sem er og á að vera fyrst og fremst undir stjórn Alþingis, með óbeinum hætti, á þann hátt að Alþingi kýs bankaráð sem hefur yfirumsjón með stjórn bankans, það bankaráð, sem kjörið er af Alþ., ræður bankastjóra sem hafa á hendi daglega stjórn bankans, og Alþingi kýs endurskoðendur sem eiga að fylgjast með rekstri bankans.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í fjarveru hv. 8. landsk., Sighvats Björgvinssonar, sem vakti mál þetta utan dagskrár, færi ég hæstv. viðskrh. þakkir fyrir það, hversu fljótt og vel hann hefur brugðist við óskum þm. Ég lýsi einnig ánægju minni yfir því viðhorfi sem hæstv. ráðh. lýsti í lok skýrslu sinnar um ástæður Alþingis til að fylgjast vandlega með máli eins og þessu, þegar í hlut á höfuðviðskiptabanki þjóðarinnar sem lýtur æðstu stjórn þingsins.

Þau bréf, sem hæstv. ráðh. las upp, fela í sér svör við þeim spurningum sem fram voru lagðar, og mér virðist eftir skjótan yfirlestur svo og að hafa hlýtt á þau, að veittar séu eins ítarlegar upplýsingar og við er að búast á þessu stigi, þar sem rannsókn málsins stendur yfir. Engu að síður þótti hv. 8. landsk. og raunar þingflokki Alþfl., sem fól honum að vekja málið,

rétt að láta umhyggju Alþingis og áhuga koma fram þegar á frumstigi.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að þetta er ekki eina málið af þessari tegund, sem þjóðin hefur haft fréttir af nú undanfarið, og að það er á hvers manns vitorði, að ýmiss konar fjármálaóreiða er hér hin mesta þjóðarmeinsemd. Það þarf að gefa þessu miklu nánari gaum en gert hefur verið, og ég hygg að við þurfum að íhuga hvort ekki er unnt að taka baráttu gegn þessari þjóðarmeinsemd, fjármálaóreiðunni, fastari tökum en gert hefur verið.

Við erum ekki einstakir hvað snertir vandamál af þessu tagi. Þau virðast vera til í flestum grannlöndum okkar og eru þar yfirleitt kölluð einu nafni „efnahagsleg afbrot". Rannsóknir, sem gerðar hafa verið, t. d. á Norðurlöndunum, hafa leitt kunnuga til að fullyrða opinberlega í skýrslum, að viðkomandi þjóðir tapi mörgum sinnum meira fé vegna efnahagslegra afbrota af ýmsu tagi heldur en vegna þeirra afbrota: þjófnaða, innbrota, rána og annars sem lögregla á við að stríða frá degi til dags og oft vill bera miklu meira á í fréttum fjölmiðla heldur en hinum efnahagslegu afbrotum sem fara hljótt, oft hylmað yfir, bæði hér á landi og annars staðar, og mjög sennilegt er að aldrei uppgötvist.

Það, sem ég hef getað útvegað mér af upplýsingum um viðhorf á þessu sviði, bendir til að menn hugsi til gagnráðstafana til þess að reyna að draga úr þessari plágu eða útrýma henni, ef þess er nokkur kostur. Þær ráðstafanir má flokka í fernt. Í fyrsta lagi hefur verið gripið til þess að setja upp sérstakar lögregludeildir sem eru sérhæfðar til að fjalla um þessi mál og hafa á að skipa mönnum með sérmenntun sem auðvitað er víðs fjarri þeirri þjálfun, sem götulögreglumenn hafa. Ég get sem dæmi bent á að nefnd háttsettra embættismanna í Svíþjóð, sem nýlega fjallaði um þetta mál, gerði þá till., að þar yrðu þegar settar upp fjórar slíkar lögregludeildir í landinu og þær fái til að byrja með á annað hundrað sérmenntaðra manna. Þar er fram tekið, og þar kemur að lið nr. 2, að slíkar lögregludeildir hljóti að hafa mjög náið samstarf við skattayfirvöld, þær deildir þeirra sem annast baráttu gegn skattsvikum, vegna þess að reynsla sýnir, að ítarleg athugun eða leit að hugsanlegum skattsvikum er oft greiðasta leiðin til að komast á snoðir um ýmis af þessum afbrotum. T. d. er svo þegar fram kemur að einstaklingar lifa við lífskjör sem ekki eru í neinu samræmi við sýnilegar tekjur þeirra.

Það hefur einnig fylgt þessari sömu skýrslu í Svíþjóð, að þrátt fyrir mikinn sparnað í opinberum rekstri, sem stjórn Fälldins nú hefur í frammi, er áberandi hversu fjölgað er starfsmönnum á þessum tveimur sviðum, annars vegar í lögregludeildum til að fjalla um þessi mál og hins vegar og enn meir við skattrannsóknir.

Þrátt fyrir slíkar aðgerðir taka þeir menn, sem um þetta fjalla, samkv. þeim heimildum, sem ég hef getað fundið, skýrt fram, að beinar ráðstafanir lögregludeilda og skatteftirlits geti sennilega aldrei komist fyrir meinið að fullu og til viðbótar verði að endurskoða margvísleg lög sem fjalla um starfshætti í viðskiptalífi, sérstaklega með tilliti til þess að fyrirbyggja, að þar séu ákvæði, sem á einhvern hátt er hægt að fara í kringum, eða að þar séu ekki nægilega ströng ákvæði um þau atriði, þar sem helst er að kunnugustu manna yfirsýn hætta á efnahagslegum afbrotum.

Einn flokkur gagnráðstafana er svipaður því sem stjórn Landsbankans segir okkur í bréfinu að hún hafi nú þegar gripið til í vaxandi mæli. Það eru stjórnunaraðgerðir, ströng innri endurskoðun í stórum fyrirtækjum og alveg sérstaklega að flytja menn til í störfum með vissu árabili. Þetta getur að vísu reynst erfitt í litlu þjóðfélagi, þar sem fyrirtæki eru tiltölulega lítil á mælikvarða annarra landa.

Um leið og hæstv. ráðh. hefur gefið skýrslur, sem ég þakka honum fyrir og tel að séu eins ítarlegar og framast er hægt að búast við á þessu stigi, get ég ekki annað en bent á heildarmynd málsins. Við verðum að viðurkenna að fyrr eða síðar verður að taka það mun fastari tökum heldur en við höfum gert. Hvaða aðferðum verður beitt, hvort það verða þær sömu og í grannlöndum okkar, skal ég ekki ræða á þessu stigi.

Ég ítreka að ég tel ekki rétt að láta fram fara umr. um einstök atriði málsins, jafnvel ekki þau sem fram koma í bréfunum, á meðan rannsóknin er í fullum gangi. En við viljum sýna umhyggju og áhyggjur Alþ. með því að fylgjast með þessu máli svo vel sem kostur er.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í tilefni af þeim upplýsingum, sem hæstv. viðskrh. hefur gefið varðandi það fjársvikamál sem nú er í sérstakri rannsókn í Landsbanka Íslands, koma upp ýmsar spurningar — ég hygg í hugum allra sem um þessi mál hafa eitthvað hugsað — sérstaklega varðandi það, hvernig sé í rauninni háttað eftirliti í bankakerfinu. Við vitum að í þeim banka, sem hér á hlut að máli, er starfandi allfjölmenn endurskoðunardeild sem hefur það sérstaka verkefni að endurskoða svo að segja frá degi til dags það sem fram fer í bankanum. Við vitum einnig, að það hefur komið fram frá bankaeftirliti ríkisins, að það telur að hið almenna eftirlit og viss öryggisatriði séu betri í þessum banka en í öðrum bönkum, eins og hefur beinlínis komið fram í umsögnum forstöðumanns bankaeftirlitsins. Það liggur auðvitað líka fyrir, að Alþ. kýs endurskoðendur sem ætlað er það hlutverk að hafa hér ákveðið eftirlit. En öll vitum við að það eftirlit, sem felst í endurskoðun af þessu tagi, er mjög takmarkað eftirlit. Það er miklu meira um ákveðið bókhaldsform að ræða. Þar er verið að líta eftir því, að tilteknum, mjög mótuðum reglum sé fylgt. En það er augljóst, samkv. því sem nú er upplýst, að þrátt fyrir þetta getur það gerst, að í mjög stórri og þýðingarmikilli deild í aðalbanka þjóðarinnar hafa farið fram fjársvik í allstórum stíl, framin af yfirmanni þeirrar deildar, eftir því sem upplýst er, a. m. k. s. l. 8 ár. Það er ekki möguleiki á því, að manni skilst, að segja til um hvað hefur gerst á tímabilinu þar á undan, vegna þess að skjöl eða önnur gögn, sem málið varða, eru ekki lengur til frá þeim tíma.

Mér sýnist að þetta bendi til þess, að eftir-

litið í bankakerfinu sé alls ófullnægjandi. Af því dreg ég þá ályktun, að það sé orðið aðkallandi að bankamálaráðh. og rn. hans gefi sig sérstaklega að því að fylgjast með þeirri rannsókn, sem þarna fer fram, með það sérstaklega í huga að draga af því ályktanir um það, hvernig sé hægt að koma fyrir betra eftirlitskerfi og meira öryggi í sambandi við þennan stórkostlega rekstur.

Ég tek undir það með hæstv. viðskrh., að það er í rauninni alveg sjálfsagt að Alþ. séu gefnar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir á óyggjandi hátt, um allan megingang þessa máls, þannig að Alþ. geti síðan myndað sér skoðun á því, hvað þurfi að gera í þessum öryggis- og eftirlitsmálum. En ég legg einnig á það áherslu, að sá aðili, sem samkv. okkar starfsreglum á að hafa hér yfirstjórn á þ. e. a. s. bankamálarn. og bankamálarh., bregði þannig við, að hann kynni sér og hans rn. þetta mál og alla málavexti alveg sérstaklega til þess að undirbúa till. sínar varðandi málið.

Í þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram, hefur stjórn Landsbankans skýrt frá því, að hún hafi í huga tilteknar aðgerðir, hún hafi t. d. í huga að færa starfsmenn til í bankakerfinu í ríkari mæli en gert hefur verið. Vissulega kann þetta að vera ráðlegt. Þar er einnig fitjað upp á fleiri ráðstöfunum af hálfu bankans. Allt er þetta góðra gjalda vert. En ég legg áherslu á að það eru ekki einvörðungu stjórnendur bankans eða bankanna sem eiga að láta sig þetta mál skipta og setja hér nýjar reglur, heldur er það Alþ., og viðskrn. þá í broddi fylkingar þar sem verður að kynna sér það og læra þarna af reynslunni til þess að settar verði nýjar reglur sem e. t. v. gætu komið í veg fyrir hliðstæð stórmistök og þarna hafa átt sér stað. Satt að segja er alveg ótrúlegt, að það skuli hafa getað átt sér stað í 8 ár og kannske lengur, að þýðingarmiklum fjármálaskjölum í bókhaldi bankans skuli ekki bera saman á neinn hátt við hliðstæð skjöl hjá viðskiptamanni bankans, eins og hér er upplýst, og að þetta skuli hafa getað gengið allan þennan tíma, nema þá hér komi til viðbótarskýringar sem ekki eru komnar fram enn.

Ég ætla ekki frekar en aðrir að efna hér til umr. um mál, sem er í rannsókn, né heldur hagi þeirra aðila, sem dragast persónulega inn í málið, það verður e. t. v. gert á síðara stigi. En það, sem nú skiptir máli, er að Alþ. leiti eftir því og þá alveg sérstaklega bankamálaráðh., hvað það er sem er áfátt í eftirlitskerfinu, hvað hægt er að gera til úrbóta, til þess að koma bæði í veg fyrir svona mistök og önnur, og að þessir aðilar, Alþ. og bankamrh., láti sér ekki einvörðungu nægja það, að stjórnendur bankans segi: Við erum að athuga um okkar gagnráðstafanir. Ég held að sú skylda hvíli á Alþ. og bankamálarh. að ganga beint í málið. Svo vænti ég að þær upplýsingar, sem málið varða og heitið er, komi fram hér á Alþ. á sínum tíma.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi máls míns, að ég er ekki talsmaður þess stjórnmálaflokks, sem ég tilheyri, né hins ákærða, heldur borgari þessa lands. Hinn ákærði hlýtur að hafa ákveðin mannréttindi þó innilokaður sé, og mér þykir rétt að snúa umr. um þetta mál ofurlitla stund frá þeim bréfum, sem hér liggja frammi, annars vegar frá Landsbankanum og hins vegar frá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Ber þó að þakka þær upplýsingar sem gefnar eru í þessu bréfi frá rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, sem er dagsett 2. febr. 1978, eða í dag, um gang rannsóknar í máli þessu, sem hér er til umr. og alþjóð talar um sem Landsbankamálið.

Hver er staða hins ákærða í dag? Ef við hugleiðum það pínulitið, þá eru nýjustu fréttir að Haukur Heiðar, sem ég get upplýst að ég hef talið kunningja minn og vin frá því að við sem ungir drengir hittumst sem þingsveinar, þ. e. frá bernsku, hafi játað brot sitt í starfi samkv. þeim bréfum sem hér liggja fyrir, en þrátt fyrir það hefur gæsluvarðhald hans verið framlengt um heilan mánuð. Mér hefur sagt lögfræðingur hans, að þessi framlenging á gæsluvarðhaldi Hauks Heiðars sé óþörf að hans mati, og mér skilst líka, að lögfræðingur Hauks Heiðars hafi kært framlengingu á gæsluvarðhaldi hans. Hann hefur einnig upplýst mig um það, að þessi framlenging muni ekki koma að nokkru gagni og það viti rannsóknaraðilar, því að eins og kemur fram í bréfi rannsóknarlögreglustjóra, þá liggur játning Hauks Heiðars fyrir um brot sitt, það brot sem Landsbanki Íslands kærði. En mér er einnig kunnugt um það, að gæsluvarðhald viða erlendis er ekki framlengt, komi í ljós að rannsóknaraðilar hafi ekki notað upphaflegan gæsluvarðhaldstíma sem skyldi, þrátt fyrir að þeir telji sig ekki hafa lokið rannsóknum, því að fanginn á ekki að gjalda trassaskapar kerfisins.

Mér er líka kunnugt um það, án þess að vera sérstakur heimilisvinur Hauks Heiðars, að heimilisástæður eru á þann veg, að ég vil kalla það ómannúðlegt að framlengja gæsluvarðhald Hauks Heiðars ef ekki liggja fyrir um það sterk rök, að óumflýjanlegt sé að framlengja gæsluvarðhaldið. Ég vil því gjarnan fá upplýst hér, úr því að þetta mál er á dagskrá, á hvaða forsendu gæsluvarðhaldsvist Hauks Heiðars var framlengd og hvort upphaflega ákveðinn tími í gæsluvarðhaldi var notaður sem skyldi. Ég verð að álíta að dómarar, sem taka slíka ákvörðun, hafi gengið úr skugga um þessi atriði. Við erum með ákveðnar skyldur á herðum, eins og hæstv. dómsmrh. tók réttilega fram, en ekki bara skyldur til þess að líta eftir hagsmunum Landsbanka Íslands eða annarra stofnana ríkisins, þegnarnir eru engu minna virði þó brotlegir séu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín fleiri, en mér finnst ég lesa út úr bréfi rannsóknarlögreglustjóra ríkisins ástæðurnar fyrir því, að gæsluvarðhaldsvist Hauks Heiðars var ekki lokið á upphaflega ákveðnum tíma. Hún kemur fram í bréfinu. Þegar búið er að viðurkenna að Haukur Heiðar hefur játað að hafa um árabil staðið að stórfelldum fjártökum og mis-

ferli með skjöl í sambandi við viðskipti bankans og tilgreinds fyrirtækis, þykir í meginatriðum upplýst með hvaða hætti kærði hefur staðið að þessum fjártökum, að því marki sem kærugögn og rannsóknargögn liggja þegar fyrir. Þar með er ástæðan til gæsluvarðhalds niður fallin. Síðan heldur áfram: „Jafnframt beinist rannsóknin að því að ganga úr skugga um, hvort um aðrar fjártökur eða önnur brot hafi verið að ræða en þegar þykir í ljós leitt.“ Það er því grunur, — og það hlýtur þá að vera rökstuddur grunur — um eitthvað annað og meira en það, sem Landsbankinn kærði, sem liggur því til grundvallar að gæsluvarðhaldi Hauks Heiðars lauk ekki á ákveðnum tíma. Þá er málið, sem hér liggur fyrir, og þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir, ekki fullkomnar. Ef aftur á móti kæruatriðin eru fleiri, þá vil ég gjarnan fá að vita um þau. Ef verið er að rannsaka einhver pappírsgögn til að komast að einhverju sem er kannske ekki brot og manninum er haldið í fangelsi á meðan, þá sé ég enga ástæðu til þess, að Haukur Heiðar bíði í gæsluvarðhaldi eftir þessari óvissu útkomu.

Með þessum orðum mínum er ég að gefa það í skyn, og má segja: meira en gefa í skyn, að það sé rétt að kynna sér heimilisástæður Hauks Heiðars, kynna sér vel ástæðuna fyrir áframhaldandi gæsluvarðhaldi, úr því að játning liggur fyrir í aðalkærumálinu. Ég bið hæstv. dómsmrh. um að láta einhvern góðan mann eða menn kynna sér þessar mannlegu hliðar málsins, til þess að vera örugglega viss um að gera frekar kerfinu rangt til en einstaklingnum, ef einhverjum þarf að gera rangt. En ég óska eftir því, að þeirri könnun verði hraðað, til þess að ákvarðanirnar verði þær réttustu sem hægt verði að taka á þessu augnabliki.

Ég held að mér sé allt að því óhætt að segja, eins og ástand eiginkonu Hauks er nú, að hér sé um mannslíf að ræða. Innilokaður einstaklingur hefur sinn rétt, þótt brotlegur sé.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. viðskrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur hér gefið, og hversu fljótt og vel hann hefur brugðist við þeirri fyrirspurn sem til hans var beint í sambandi við þetta mál. Ég hygg að hér sé að vissu leyti um að ræða upphaf að nýjum vinnubrögðum í sögu Alþ., þannig að þegar svipuð mál og þessi ber að höndum geti þm. með stuttum fyrirvara snúið sér til ráðh. og fengið hjá honum skýrslu um viðkomandi mál, að svo miklu leyti sem rannsókn þess er á veg komin. Hér hefur viðskrh. brugðist við á þann hátt sem ég hygg að eigi eftir að skapa fordæmi í þessum efnum.

En þegar mál eins og þetta ber á góma, þá rifjast upp fleiri mál, nokkuð skyld þessu, ekki þó eins, en snerta þó bankastarfsemina í landinu á þann veg að eðlilegt er að óskað sé sem gleggstra upplýsinga.

Þm. er vafalaust kunnugt að skattayfirvöld hafa á þessu hausti fengið upplýsingar um inneignir nokkurra Íslendinga í dönskum bönkum. Fyrir atbeina Alþ. eða vegna lagabreytingar, sem samþ. var á haustþinginu, hafa gjaldeyrisyfirvöldin nú fengið upplýsingar um þessar innstæður, og samkv. því, sem skýrt hefur verið frá í blöðum, hefur Seðlabankinn nú skrifað viðkomandi innstæðueigendum og æskt þess, að þeir seldu íslenskum bönkum þessa peninga. Nú virðist manni að í sambandi við innstæður eins og þessar hafi getað átt sér stað meiri eða minni brot á gjaldeyrislöggjöfinni. Um það vil ég þó ekkert fullyrða á þessu stigi. En mér finnst eðlilegt að þegar Seðlabankinn fær upplýsingar eins og þessar, þá láti hann athuga í sambandi við þessar inneignir, hvort framið hafi verið brot á gjaldeyrislöggjöfinni, og láti sér ekki það eitt nægja að æskja þess að þessir menn flytji peninga sína heim. Í framhaldi af því vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh., hvort hann gæti ekki farið þess á leit við Seðlabankann, að hann gæfi upplýsingar um hvernig bankinn hugsaði sér að haga framkvæmd þessa máls, hvort hann ætlaði að láta sitja við það eitt að óska eftir að þessir menn flyttu inneign sína heim eða ef í ljós kæmi að hér væri um brot á gjaldeyrisslöggjöfinni að ræða, að láta þau mál ganga með eðlilegum hætti fyrir dómstóla, en það virðist vera eðlileg meðferð þessa máls. Tilmæli mín eru sem sagt þau, að þess verði farið á leit við Seðlabankann að hann gefi upplýsingar um hvernig hann ætlar að haga meðferð þessara mála.

Annað atriði vil ég einnig nefna í þessu sambandi, en það er að orðrómur hefur gengið um að alls konar mistök eða misferli hafi átt sér stað í sambandi við skipakaup erlendis, og rannsókn þess máls stendur nú yfir hjá Seðlabankanum. Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. viðskrh., hvort hann muni ekki geta farið þess á leit við Seðlabankann að hann gefi Alþ. upplýsingar um hvað rannsókn þessa máls líði.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það eru fyrst örstuttar aths. út af því sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni. Ég tel ekki heppilegt að fara að ræða það mál með svo persónulegum hætti sem mér fannst hann gera. Auðvitað geta allir kennt í brjósti um ógæfumenn. En þrátt fyrir það verður rannsókn og réttvísin að hafa sinn gang. Það liggur í augum uppi, að rannsóknarlögreglustjóri hefði ekki farið fram á framlengingu gæsluvarðhaldsúrskurðar nema hann teldi þess fulla þörf, enda kemur það fram í bréfi hans, að málið er enn í rannsókn, og ýmis atriði þess eru óupplýst. Þó að hlutaðeigandi maður hafi játað á sig mörg brot, þá getur vel verið að ekki séu öll kurl komin þar til grafar. Enn fremur er það auðvitað, að mál sem þetta getur haft ýmsa anga sem liggja í ýmsar áttir og verður að skoða og rannsaka, m.a. varðandi ráðstöfun þess fjár sem hlutaðeigandi hefur dregið sér. Ég fullyrði að það er ekki að ástæðulausu sem rannsóknarlögreglustjóri fer fram á að gæsluvarðhaldsúrskurður sé framlengdur. Og öryggis þess, sem í gæsluvarðhaldi situr, á í raun og veru að vera gætt svo vel sem kostur er, vegna þess að það er ekki rannsóknarlögreglustjórinn, sem ákveður að gæsluvarðhaldið sé framlengt, heldur verður hann að bera þá ósk sína upp við hlutlausan dómara og það er sá

dómari sem að athuguðu máli kveður upp úrskurð um að gæsluvarðhaldið skuli framlengt. Þar að auki hefur svo hlutaðeigandi rétt til að kæra þennan úrskurð til Hæstaréttar, svo sem gert hefur verið, og talsvert hefur reyndar verið gert að undanförnu, stundum, því miður, að því er manni virðist að ástæðulausu og til þess að valda Hæstarétti óþarfa fyrirhöfn. Þegar um svona mál er að ræða getur maður aldrei tekið það fullgilt sem annar aðilinn segir, og jafnvel þó að það sé talsmaður sakbornings sem hefur sagt hv. þm. þetta, þá er það hans trú, hans skoðun, en það er ekki sama og það sé sannað sem hann hefur haldið fram. Þess vegna er varhugavert að taka það sem góða og gilda vöru.

Ég skal ekki, eins og ég sagði áður, fara frekar út í það að rifja þetta mál upp. Ég fæ að sjálfsögðu sem bankamálaráðh. að fylgjast með rannsókninni í höfuðatriðum. En auðvitað er hún eins og allar aðrar rannsóknir hjá rannsóknarlögreglustjóra og saksóknara ríkisins. Það virðist nú vera dálitið útbreidd skoðun, að það sé dómsmrh. sem sé með nefið niðri í rannsóknum, en það er ekki. Við höfum sérstakan embættismann sem fer með ákæruvaldið og er æðsti maður í þeim efnum, og það er ríkissaksóknari.

Það er sjálfsagt að reyna að draga þá lærdóma af þessu máli sem hægt er, og ég get tekið undir það sem hv. þm. Benedikt Gröndal og hv. þm. Lúðvík Jósepsson sögðu, að auðvitað þarf að leita allra ráða til að koma í veg fyrir að fjármálalegt misferli eigi sér stað, og það kveður sjálfsagt talsvert að því. Ég vil hins vegar ekki vera með neinar fullyrðingar um að það hafi færst óskaplega mikið í vöxt. Við sjáum það t.d. af ýmsum þeim brotum, sem upp koma, að þau hafa staðið nokkuð lengi yfir, það er ekki fyrst verið að fremja þau nú, og því miður hefur fjármálamisferli í opinberri sýslan átt sér stað um aldir hér á landi og mætti rekja mörg dæmi því til sönnunar úr dómsmálasögu. En hitt er kannske verra, að því miður hefur það tíðkast talsvert hjá opinberum stofnunum, að þær hafa látið kyrrt liggja og ekki kært slík mál sem hjá þeim hafa komið upp, ef málið hefur verið gert upp. Vitaskuld er það ekki svo, að það þurfi endilega kæra til að koma, heldur eiga rannsóknaryfirvöld og saksóknari að hafa frumkvæði um að taka mál til athugunar sem vitað er um, þó að ekki sé kært. Og það á ekki að mismuna mönnum þannig, að sumir sleppi, en aðrir séu dregnir fyrir dóm, ekki aðeins hinn réttmæta dómara, heldur dóm almenningsálits.

Það má vel vera að það séu fleiri skilyrði nú en áður til að fremja þess háttar brot sem hér er um að tefla, og það má vel vera að það kveði meira að þeim en áður, en ég vil sem sagt ekkert fullyrða um það. Það er hins vegar rétt, að þau hafa komið meira fram í fjölmiðlum að undanförnu, þessi brot, en áður var, og það gæti að einhverju leyti verið skýringin á því, að fólk tekur meira eftir þeim nú en áður. Úr brotunum í Svíþjóð vil ég ekki gera lítið, enda vona ég að við eigum langt í land til þess að ná þeim í þeim efnum.

Út af þeirri fsp., sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson beindi til mín, þá get ég ekki gefið hér og nú neitt svar við því, enda er þetta mál, sem er ákaflega viðkvæmt, og birting nafna, þegar ekki er vitað um sök og mál eru í rannsókn, er auðvitað hæpin. Það má vara sig á því. Þetta var gert í svokölluðu ávísanamáli en það var gert af illri nauðsyn, af því að það voru orðnar svo grófar sögusagnir sem gengu um hina og þessa, að þeir væru á þessum lista sem vitað var að gerður hafði verið. Það var beinlínis nauðsynlegt að birta listann til þess að sýkna þá af þeim orðrómi og þeim gróusögum sem gengu um menn sem ekkert höfðu komið þar við sögu.

Málið út af þessum reikningum í Danmörku er fyrst og fremst mál skattyfirvalda og fjmrh. Þangað barst málið fyrst. Það kom ekki til Seðlabankans eða gjaldeyriseftirlits hans, eins og menn vita, fyrr en Alþ. hafði samþykkt fyrir jólin sérstök lög sem heimiluðu skattyfirvöldum að afhenda gjaldeyriseftirlitinu þennan lista. Mér skilst að þetta muni verða kannað þannig í gjaldeyriseftirlitinu, að ef talið er að um sök sé að ræða, sú sök er ekki fyrnd o. s. frv., þá verði það kært. Það er rétt að segja það skýrt og reyna að koma í veg fyrir þann útbreidda misskilning, að það felist í gjaldeyrislöggjöf að menn séu alltaf og undir öllum kringumstæðum skyldir til að skila gjaldeyri sem þeir eiga, — menn sem taka sér búsetu hér á landi. Það er raunar alveg furðulegt sem maður hefur séð í sumum blöðum um það efni, haft eftir mönnum sem ættu þó að vita betur. Ég held t.d. að ég hafi séð það einhvers staðar, að jafnvel ef maður kvænist erlendri konu, sem ætti þar húseignir eða fengi arf og hún flytti hingað, þá væri skylt að selja eignir hennar erlendis og flytja gjaldeyrinn heim. Svo einfalt er málið ekki, og sem betur fer er skilaskylda ekki svo rík. Það væri farið að hefta dálitið frelsi manna, m.a. til ferðalaga og búsetu, ef slíkar reglur ættu að gilda. Menn geta með mörgum hætti löglega öðlast erlendan gjaldeyri og eru í mörgum þeim tilfellum alls ekki skyldir til að skila honum, heldur geta átt hann. Og önnur túlkun á gjaldeyrislöggjöfinni er að mínu viti algerlega röng, ef menn standa í þeirri meiningu, að eignist menn með einhverjum hætti erlenda krónu, þá séu þeir skyldir til að koma með hana og skila henni, og ef þeir eignist fasteignir erlendis eða einhver verðmæti, þá séu þeir skyldir til að koma þeim í gjaldeyri og flytja hann heim. Þannig er ekki skipan þessara mála núna, og þess vegna er það, að þennan lista þarf auðvitað að athuga. Vel getur verið að svo og svo margir á honum hafi öðlast þennan gjaldeyri með löglegum hætti. Það getur verið, þótt þeir hafi öðlast hann með löglegum hætti, að þá hvíli þó skilaskylda á þeim, en það getur líka verið, að þeir hafi öðlast hann með löglegum hætti og það hvíli alls engin skilaskylda á þeim. Þannig getur verið um ýmis tilvik að ræða, og það er auðvitað gjaldeyriseftirlit Seðlabankans sem kannar þessi mál.

Hvort sé rétt að birta þennan lista get ég ekki sagt um á þessu stigi. Það er sjálfsagt svo, að það séu einnig um þessi tilvik farnar

að ganga hér magnaðar gróusögur og farið að bendla Pétur eða Pál við að hann sé reikningshafi í þessum banka. Það getur verið erfitt undir því að búa, vegna þess að það getur verið að sú vitneskja berist alls ekki til hlutaðeigandi, þó að það sé borið út um borg og bý, og þess vegna á hann ákaflega erfitt með að svara og getur ekki svarað og hreinsað sig af þessu. Það getur því vel farið svo, að það verði af illri nauðsyn, vil ég segja, að birta nöfn þessara reikningshafa. En það verður ekki gert nema að nákvæmlega athuguðu máli, og ég treysti mér ekki til að gefa neina yfirlýsingu um það á þessu stigi. Ég hef ekki séð þennan lista og veit ekkert hverjir eru á honum. En það er sjálfsagt að leita eftir sjónarmiðum Seðlabankans um hvernig með þetta eigi að fara.

Efnisskrá.

Aðför 1879.
Almannatryggingar 1813.
Bæjanöfn 1878.
Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna 1878.
Endurskoðun skattalaga 1846.
Hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti 1833.
Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv.) 1821.
Húsnæðismálastofnun ríkisins (fsp.) 1828.
Innflutningur á áfengi og tóbaki 1813.
Jarðalög 1878.
Kosning eins manns í stjórn sementsverksmiðjunnar 1907.
Kyrrsetning og lögbann 1879.
Landamerki 1879.
Landskipti 1879.
Lögtak og fjárnám 1880.
Nauðasamningar 1879.
Negldir hjólbarðar 1836.
Orkusparnaður 1846.
Rekstrar- og afurðalán bænda (þáltill. EKJ og JóhH) 1847.
Rekstrar- og afurðalán bænda (þáltill. RA o. fl.) 1847.
Réttindi grunnskólakennara 1838.
Samkeppni, verðmyndun og samruni fyrirtækja 1883.
Síldveiðar fyrir Norðurlandi 1834.
Stjórnarskipunarlög 1880.
Umræður utan dagskrár 1813 (Blönduvirkjun), 1925 (Landsbankamál).
Vegáætlun 1977—80 1908.
Virkjun Blöndu 1887.
Þinglýsingalög 1872.
Þjóðaratkvæði um prestskosningar 1847.
Öryggisbúnaður smábáta 1847.

Mælendaskrá.

Forseti Nd. Ragnhildur Helgadóttir 1813.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 1872, 1878, 1879, 1880, 1925, 1934.
Iðnrh. Gunnar Thoroddsen 1813, 1829, 1837, 1906.
Landbrh. Halldór E. Sigurðsson 1908.
Menntmrh. Villhjálmur Hjálmarsson 1833, 1840, 1843.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 1813, 1834.
Albert Guðmundsson 1883, 1931.
Benedikt Gröndal 1928.
Ellert B. Schram 1825.
Friðjón Þórðarson 1861.
Gils Guðmundsson 1827.
Gunnlaugur Finnsson 1869.
Helgi F. Seljan 1828, 1831, 1840, 1854, 1912.
Ingiberg J. Hannesson 1852.
Ingvar Gíslason 1821, 1841, 1846.
Jón Árm. Héðinsson 1881, 1921.
Jónas Árnason 1849.
Karvel Pálmason 1845, 1856.
Lúðvík Jósepsson 1930.
Páll Pétursson 1887.
Pálmi Jónsson 1895.
Pétur Sigurðsson 1833.
Ragnar Arnalds 1834, 1836, 1838, 1843, 1880.
Sigurlaug Bjarnadóttir 1863, 1918.
Stefán Jónsson 1836, 1838.
Sverrir Hermannsson 1866.
Þorv. Garðar Kristjánsson 1847.
Þórarinn Þórarinsson 1842, 1902, 1933.

Efri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Samkeppni, verðmyndun og samruni fyrirtækja, frv. (þskj. 312). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Viðskiptabankar, frv. (þskj. 330). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins, hefur viðskrn. látið semja. Auk þessa frv. verða lögð fyrir þetta þing frv. til l. um hlutafélagsbanka, þ. e. a. s. einkabanka, og sparisjóði. Vinna við þau frv. er það langt á veg komin, að ég geri ráð fyrir að unnt verði að leggja þau fram innan skamms. Frv. þessi taka að vísu ekki til allra starfandi innlánsstofnana, þar sem auk viðskiptabanka og sparisjóða teljast innlánsdeildir samvinnufélaga, söfnunarsjóðir og póstgíróstofa til innlánsstofnana. Þau taka þó til allra þeirra innlánsstofnana sem mestu máli skipta. Þessar innlánsstofnanir, sem frv. taka til, hafa haft um eða yfir 95% af heildarinnlánum undanfarið. Það er því óhætt að segja, að hér sé um að ræða nýja heildarlöggjöf um innlánsstofnanir.

Heilsteypta löggjöf um bankastofnanir hefur vantað hér á landi. Hefur það verið til baga og að ýmsu leyti skapað þessum stofnunum óheppileg starfs- og þróunarskilyrði. Eina heildarlöggjöfin á þessu sviði er lög um Seðlabanka Íslands frá árinu 1961. Um viðskiptabankana er engin samstæð löggjöf. Hver þeirra starfar samkv. sérstökum lögum, sem bæði eru ósamstæð og ófullkomin. Á þetta bæði við um ríkisviðskiptabanka og hlutafélagsbanka. Um sparisjóðina gilda almenn lög frá árinu 1941. Þau voru fullnægjandi á sínum tíma, en eru nú mjög úrelt orðin.

Eins og kunnugt er, hefur Alþ. oft fjallað um bankamál og stundum varið miklum tíma í þau. Sérstökum mþn. hefur nokkrum sinnum verið falið að athuga þessi mál og gera till. um þau. Þrátt fyrir þetta og miklar opinberar umr. stundum og margvíslegar athuganir hafa þessi mál í heild ekki verið tekin til almennrar meðferðar, með tveimur undantekningum þó, þ. e. störfum mþn., sem starfaði árin 1937—1940 og gerði heildstæðar tillögur um bankamál, og störfum þeirrar bankamálanefndar sem skipuð var árið 1972 til að endurskoða allt bankakerfið í samræmi við stefnuyfirlýsingu þáv. ríkisstj.

Enn á ný eru hafnar miklar umr. um banka og bankamál hér á landi í tilefni alvarlegra atburða sem gerst hafa á þeim vettvangi. Hafa verið dregnar upp dökkar myndir af bankakerfinu, og er ekki örgrannt um að reynt sé að ala á nokkurri tortryggni í garð bankastofnana. Það er eðlilegt að bankar sæti réttmætri gagnrýni, en hitt er engum til góðs, að nota einstök áföll, þótt alvarleg séu, til að veikja traust manna á bönkum almennt. Hér ber að sameinast um að gera það sem unnt er til að tryggja sem bestan rekstur þeirra og koma í veg fyrir óheilbrigða þróun. Menn mega ekki tapa áttum í æsilegum viðburðum líðandi stundar.

Þótt frv. þau, sem ég hef minnst á, séu ekki samin vegna einstakra atburða í bankamálum, er þó ýmislegt í þeim sem ætti að geta frekar en eftir gildandi lögum stuðlað að því, að slíkir atburðir gerist ekki og umfram allt leynist ekki árum saman, og geta almennt tryggt frekar en áður sem heilbrigðastan rekstur bankanna. Ég mun víkja nánar að því síðar.

Eins og svo margt, sem við teljum sjálfsagða hluti í okkar samfélagi nú, á eiginleg bankastarfsemi sér tiltölulega skamma sögu hérlendis. Hún hefst fyrir rúmri öld með stofnun nokkurra sparisjóða, og árið 1886 hóf fyrsti bankinn, Landsbanki Íslands, starfsemi sína. Til fróðleiks er rétt að staldra við og bera saman bankastarfsemi nú og þegar fyrsti bankinn var opnaður árið 1886. Landsbankinn hafði þá til umráða tvö herbergi í litlu steinhúsi við Bakarastíg. Bankinn var opinn í fyrstu tvo tíma tvo daga vikunnar. Yfirdómari Landsyfirréttar hafði að aukastarfi framkvæmdastjórn bankans fyrstu árin. Í landinu voru þá örfáir sparisjóðir að stíga sín fyrstu spor. Nú eru í landinu 7 viðskiptabankar, fjöldi bankaútibúa og umboðsskrifstofa, 43 sparisjóðir, innlánsdeildir o. fl., þannig að alls munu afgreiðslustaðir innlánsstofnana vera hátt á annað hundrað.

Sumum kann að finnast að hér hafi keyrt nokkuð úr hófi. Er skiljanlegt að slík sjónarmið komi fram. Bankastarfsmönnum hefur farið mjög fjölgandi að undanförnu, eins og gerð hefur verið grein fyrir í öðru sambandi, og það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér, hvort skipulag þessara mála sé í því horfi sem vera þyrfti. Ég get fallist á að sitthvað í þessum efnum þurfi athugunar við og e. t. v. mætti gera ýmsar ráðstafanir til hagræðingar í þessum efnum, t. d. varðandi starfsemi bankaútibúa. En ég hygg þó að hér þurfi margs að gæta áður en hvatvíslegir dómar eru upp kveðnir um þetta. Á það ber t. d. að líta, að þróun atvinnulífs, sem víðast hvar hefur tekið aldir, hefur orðið hér á nokkrum áratugum. Bankastarfsemi og atvinnulíf eru í órofatengslum, og því hlaut hliðstæð þróun að verða á báðum þessum hliðum. Einnig verður að hafa það í huga, að strjálbýli landsins krefst umfangsmeira bankakerfis hér og bankaþjónustu en í öðrum löndum þéttbýlli, vilji menn keppa að jöfnum og bættum lífskjörum í öllum byggðum landsins. Ég hygg að þessi sjónarmið vilji oft gleymast þegar talað er um ofvöxt og þenslu í bankakerfinu, þó að ég vilji á engan hátt gera lítið úr þeirri þörf sem er á aðhaldi í þessum efnum.

Enginn viðskiptabanki hefur verið stofnaður hérlendis nema um hann hafi verið sett sérstök lög hverju sinni, og hafa þeir því starfað samkv. þessum sérlögum um hvern fyrir sig og reglugerðum settum samkv. þeim. Ákvæði þessi eru að sumu leyti hin sömu, en ýmissa frávika gætir þó. Margt í þessum sérlögum er engan veginn fullnægjandi miðað við þær kröfur sem nú á tímum eru gerðar til slíkra stofnana. Ég vil í því sambandi nefna sérstaklega, að mikilvæg ákvæði vantar um jafnmikilvæg atriði og lausa-

fjár- og eiginfjárstöðu, greiðslutryggingar, hámarkslán til einstakra viðskiptaaðila og endurskoðun. Úr þessu er ætlunin að bæta með frv. þessu, að því er ríkisviðskiptabankana varðar, og með þeim frv., sem væntanleg eru, að því er snertir einkabanka og sparisjóði.

Ég vil vekja athygli á því nýmæli í frv., að fallið er frá því að kveða svo á að bankarnir skuli styðja tilteknar atvinnugreinar. Það er nú tekið fram í lögum um banka, bæði viðskiptabanka í eigu ríkisins, að undanteknum Landsbankanum, og banka, sem reknir eru í hlutafélagsformi. Þessi lögbinding sérhæfingar er óeðlileg, og ekki er í samræmi við þá meginreglu öruggs bankarekstrar að dreifa útlánaáhættunni að tengja útlánsviðskipti við ákveðin svið atvinnulífsins. Þess vegna er horfið frá þeirri reglu í þessu frv., enda er nú sannast að segja svo, að í reyndinni mun það hafa verið þannig, að þó að tekið hafi verið fram í lögunum, að bönkunum hafi verið ætlað að starfa að tilteknum atvinnugreinum og þeir tekið nöfn sín af því, þá hafa þeir verið reknir sem almennir viðskiptabankar. Hlutverk ríkisviðskiptabankanna er því í frv. skilgreint almennt, þ. e. a. s. að reka hvers konar viðskiptabankastarfsemi. Er þar um að ræða hér á landi sem annars staðar í aðalatriðum móttöku á innlánsfé frá almennum viðskiptaaðilum og ávöxtun þessa fjár í útlánum, einkum í þágu atvinnuveganna. Að þessu er vikið í 4. gr. frv., sem er nýmæli. Nánar er starfsemin svo skilgreind í 22. gr., þar sem sett er fram skilgreining á hugtakinu „bankastarfsemi".

Í 4. gr. er sérstaklega tekið fram, að ríkisviðskiptabönkunum sé einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi, nema lög ákveði annað. Með þessu ákvæði er verið að koma í veg fyrir að nýir viðskiptabankar geti hafið starfsemi hér á landi án þess að fyrir liggi samþykki löggjafarvaldsins. Þetta hefur ekki áhrif á starfsemi þeirra viðskiptabanka, sem nú eru reknir með sérstökum lögum og eru í hlutafélagsformi, né á starfsemi sparisjóða. Ég vil geta þess, að samkv. þessu frv. eða frumvörpum er ekki um neinn mun að ræða á viðkiptabankastarfsemi og sparisjóðsstarfsemi að grundvallarstefnu til. Forsendur fyrir greiningu þar á milli eru ekki lengur fyrir hendi.

Sú breyting verður á skipulagi yfirstjórnar ríkisviðskiptabankanna samkv. frv., að Búnaðarbankinn, sem nú heyrir stjórnarfarslega undir landbrh., færist til þess ráðh., sem fer með bankamál almennt. Sama gildir um veðdeild Búnaðarbankans. Það er eðlilegast að sami ráðh., þ. e. viðskrh., eins og nú er ákveðið í lögum um verkaskiptingu ráðh., fari með málefni allra ríkisviðskiptabankanna og reyndar allra viðskiptabanka, enda verði gert ráð fyrir því í frv. til l. um hlutafélagsbankana, að málefni Iðnaðarbankans falli undir valdsvið viðskrh., en Iðnaðarbankinn er eini einkabankinn sem ekki heyrir undir hann nú, heldur heyrir hann undir iðnrh., svo sem kunnugt er.

Þótt lagt sé hér til að breyting verði á yfirstjórn Búnaðarbankans og veðdeildar hans, þá gegnir öðru máli um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hún heyrir áfram undir landbrh. samkv. frv. Er það eðlilegt, þar sem Stofnlánadeildin er sérstakur fjárfestingarlánasjóður fyrir landbúnaðinn sem slíkan og er því alveg í tengslum við hann. Hér er því gert ráð fyrir sama skipulagi og varðandi Fiskveiðasjóð og Útvegsbanka. Sjútvrn. fer með mál er varða Fiskveiðasjóð, en aftur á móti fer viðskrn. með mál Útvegsbankans.

En það er ekki nóg að koma eðlilegra skipulagi á hina stjórnarfarslegu verkaskiptingu. Það verður að veita ráðh. betri möguleika en nú er til þess að fylgjast með starfsemi og rekstri þessara stofnana. Sannleikurinn er sá, að þó að menn geri ráð fyrir að bankamálaráðherra hafi eitthvert vald til afskipta af bankastarfseminni, þá er það í reyndinni svo, að áhrif hans í því efni eru sáralítil og reyndar takmörkuð við það sem berum orðum segir í lögum. Bankamálaráðh. er stundum talinn bera ábyrgð í þessu sambandi. Þá er líka eðlilegt hér eins og endranær, að ábyrgð og vald fylgist að og ráðh. sé veitt nokkru meira vald í þessum efnum en nú á sér stað. Því er t. d. það nýmæli tekið upp í 7. gr., að ráðh., geti hvenær sem er krafið bankaráð og bankastjórn um yfirlit yfir rekstur og hag ríkisviðskiptabanka. Þetta ætti að veita ráðh. virkari úrræði til að fylgjast með rekstri bankanna.

Nokkur nýmæli eru í frv. um bankaráðin og eru sum þeirra mikilvæg. Til þess að styrkja bankaráðin og bæta starfsskilyrði þeirra er lagt til í 9. gr., að þeim verði veitt heimild til þess að ráða sér sérstakan starfsmann. Hugmyndin er að þessi starfsmaður vinni eingöngu í þágu viðkomandi bankaráðs og hafi engin önnur störf með höndum í bankanum. Hér er um heimild að ræða og sé hún notuð þarf viðkomandi bankaráð að ákveða nánar um aðstöðu þessa starfsmanns síns. Ég hygg að þetta geti orðið til bóta og gert hin þingkjörnu bankaráð virkari en nú er. En bankaráðunum, þessum þingkjörnu nefndum, er ætlað að fara með yfirstjórn þessara banka.

Það eru sumir sem fetta mjög fingur út í það, að hið pólitiska vald skuli hafa afskipti af ríkisbönkum með þessum hætti. Ég er að meginstefnu til alveg á öndverðri skoðun um þetta atriði. Ég tel það einmitt eðlilegt og í samræmi við uppbyggingu okkar stjórnarkerfis og stjórnskipulags, að Alþ. áskilji sér alveg sérstaklega rétt til þess að hafa hönd í bagga með stjórn þessara mikilvægu fjármálastofnana ríkisins, og mætti raunar segja að það gæti verið eðlilegt að bankaráðsmennirnir væru beinlínis kjörnir úr hópi alþm. til þess að þeir gætu með þeim hætti haft betri aðstöðu, til þess að skýra Alþ. frá málefnum á þessu sviði en ella. En þó að meiningin með þessum ákvæðum sé þannig góð að mínum dómi, þá er hitt svo sem ekkert leyndarmál, að starf í bankaráði hefur fremur verið tekið sem aukastarf heldur en starf sem leggja þyrfti mikla vinnu í. Og það er skiljanlegt að þeir menn, sem í bankaráðin veljast og hafa mörgum störfum að sinna, eigi erfitt með að fylgjast með hverju einu í hinni fjölbreyttu og viðamiklu starfsemi sem fer fram í ríkisviðskiptabönkunum. Þess vegna er það, að nýmæli sem þetta, sem veitir bankaráði heimild til þess að hafa sérstakan fastan starfsmann sem trún-

aðarmann sinn til þess að starfa í bankanum og fylgjast með, gerir hvort tveggja í senn að mínum dómi: að veita bankaráðunum betri aðstöðu en nú er og skapar á hinn bóginn aðhald í innri starfsemi bankans að vita af þessum starfsmanni, þessum eftirlitsmanni, sem þar er stöðugt á ferð.

Í 18. gr. frv. er enn fremur nýmæli sem vert er að geta og varðar hlut bankaráðanna í stjórn ríkisviðskiptabankanna. Þar er bankaráðunum veitt heimild til að setja almennar reglur um lánveitingar bankanna að fenginni umsögn bankastjórnar. Hér er vitaskuld ekki um það að ræða, að bankaráð gefi fyrirmæli um einstakar lánveitingar. Hér yrði aðeins um almenna stefnumörkun að ræða með setningu slíkra almennra reglna. Þessi heimild er í samræmi við starfsskiptingu bankaráðs og bankastjórnar og hún ætti að geta gert bankaráðin atkvæðameiri en nú er, en svo þarf að verða að mínum dómi.

Varðandi aukastörf æðstu starfsmanna ríkisviðskiptabankanna er eins og áður alveg bannað að þeir stundi sjálfstæðan atvinnurekstur. Þátttaka þeirra í stjórn eða rekstri annarra fyrirtækja en bankans er eins og áður háð leyfi bankaráðs, en því er bætt við, að samþykki ráðh. þurfi einnig til að koma. Er þetta í samræmi við það sem nú gildir um seðlabankastjórana. Þótt ráðh. skipi ekki bankastjóra ríkisviðskiptabankana, heldur séu þeir ráðnir af bankaráðunum, er ekki óeðlilegt og ætti að verða til bóta að hann hafi afskipti af þessum málum auk bankaráðs, enda er, eins og áður er getið, hlutverk hans í yfirstjórn bankanna aukið í frv frá því sem nú er. Það á að gilda sú almenna regla að mínum dómi, að bankastjórar gegni ekki aukastörfum, nema í algerum undantekningartilfellum. Þar sem bankastjórar eru hæfir menn má gera ráð fyrir að það sé nokkur ásókn í þá átt að fá þá til að gegna aukastörfum, og það getur vel verið að **hlutaðeigandi bankaráði, sem vinnur** með bankastjóranum, finnist ekki auðvelt að neita um slíkt. Ég held að ráðh. ætti hér hægara með að beita valdi sínu og neita um leyfi til aukastarfa.

Í III. kafla frv. eru ákvæði sem eiga að stuðla að því, að ríkisviðskiptabankarnir hafi sem mest samstarf sín á milli, þannig að sem mest rekstrarhagkvæmni sé tryggð og eðlileg verkaskipting. Til þess að annast þessi verkefni skal þó sett á fót samstarfsnefnd með aðild allra ríkisviðskiptabanka og Seðlabankans. Ég skal ekki lesa upp þau ákvæði sem eru sett hér um þessa samstarfsnefnd, en henni eru þar falin ýmis verkefni, m. a. í sambandi við stofnun útibúa og því um líkt. Ætti slíkt samstarf að geta komið í veg fyrir að sett væru upp útibú frá mörgum, kannske öllum viðskiptabönkunum á sama stað. En að því hefur kveðið heldur mikið.

Þessi samstarfsákvæði, sem eru í þessum kafla frv., leiða eflaust huga manna að því, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir sameiningu ríkisviðskiptabanka. Í frv. til l. um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem lagt var fyrir Alþ. á 94. löggjafarþingi, árið 1974, var hins vegar gert ráð fyrir sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka. Það frv. varð ekki útrætt, en svo virtist að vafasamt, svo að ekki sé meira sagt, væri um þingfylgi við þá breytingu. Því hefur hugmyndunum um sameiningu ríkisviðskiptabanka verið sleppt í þessu frv., og má segja að í þessu frv. sé frekar um að ræða endurbætur á löggjöfinni um viðskiptabanka, sem ætla má að menn geti almennt verið nokkuð sammála um, en fremur sneitt hjá þeim atriðum sem deiluefni gætu orðið. Það eitt út af fyrir sig að sameina þessa banka, sem ég nefndi, eða aðra leysir ekki neinn vanda. Fyrir því verður að færa rök, að það hafi ávinning í för með sér að steypa þannig saman bönkum. Það, sem mestu skiptir í þeim efnum, er auðvitað hvort slík sameining hefur í för með sér sparnað fyrir þjóðfélagið. Þegar þessar hugmyndir voru uppi fyrir fjórum árum hafði sú hlið málsins að vísu ekki verið rækilega könnuð. Þó var talið að ekki yrði umtalsverður sparnaður af þessari sameiningu. En ég hef síður en svo á móti því, að þn. kanni hugmyndir um sameiningu banka og athugi hvort slík sameining geti leitt til sparnaðar fyrir þjóðfélagið, gert bankana hæfari til að sinna hlutverki sínu, hvort slík sameining geti leitt til sparnaðar í mannahaldi o. s. frv. En ég vil taka það fram, að ég held að slík sameining verði naumast gerð með valdboði, heldur aðeins með heimildarákvæði um sameiningu með samkomulagi hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka. Ég endurtek, að ég hef síður en svo á móti því, að hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, athugi gaumgæfilega hvort ástæða sé til og rétt að ganga þar lengra en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég persónulega held að það eigi að athuga það mjög alvarlega.

Ég hef áður vikið að **starfsemi viðskiptabankanna** og skilgreiningu á hugtakinu viðskiptabankastarfsemi. Ég vil aðeins bæta því við, að í 22. gr. er fallið frá þeirri venju að tíunda hvernig viðskiptabankar leysi hlutverk sitt af hendi, en það er gert með upptalningu á öllum helstu viðfangsefnunum í gildandi lögum.

Um rétt til verslunar með gjaldeyri er það að segja, að þetta frv. gerir út af fyrir sig ekki ráð fyrir breytingu frá núverandi skipun í þeim efnum. Um það efni eru ákvæði í Seðlabankalögunum og þau ákvæði standa áfram. Samkvæmt því, sem nú er í reynd, eru það aðeins tveir ríkisviðskiptabankar, Landsbankinn og Útvegsbankinn, sem hafa heimild til gjaldeyrisverslunar, en Seðlabankanum er heimilt að bæta fleiri bönkum við og veita öðrum en þessum tveimur bönkum leyfi til gjaldeyrisverslunar. Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég tel eðlilegt að Búnaðarbankinn fái slíkt leyfi til gjaldeyrisverslunar. Það er ekki á neinn hátt dregið úr því eða komið í veg fyrir það með þessu frv. sem er hér nú til meðferðar.

Um aðra þætti starfseminnar í ríkisviðskiptabönkunum er það helst að segja, að um nýmæli er að ræða í 24. gr., þar sem lagt er til að mun strangari reglur verði settar um rétt bankanna til að eiga fasteignir, hlutabréf eða eignarhlut í öðrum fyrirtækjum og öðrum stofnunum. Undantekning er gerð vegna Reiknistofu bankanna og hliðstæðra þjónustufyrirtækja.

Mjög ófullkomin ákvæði eru í gildandi lögum um tryggingar fyrir útlánum. Hér er um mjög mikilvæg mál að ræða fyrir **rekstur sérhvers banka og öryggi. Ber því nauðsyn til að setja**

skýrari og nákvæmari reglur um þetta og eru till. þar að lútandi í 30. gr.

Sama gildir reyndar um heildarfyrirgreiðslur til eins viðskiptaaðila. Það getur verið um mikla áhættu að ræða ef bankinn lánar einum viðskiptamanni mjög háar fjárhæðir miðað við eigið fé, eins og dæmi sanna. Um þetta eru settar reglur í 31. gr.

Ég tel þá rétt að víkja að lokum nokkuð að þeim ákvæðum frv. sem fjalla um endurskoðun í ríkisviðskiptabönkum. Þar er um ýmis mikilvæg nýmæli að ræða.

Þar er þá fyrst til að taka, að lagt er til að auk hinna þingkjörnu endurskoðenda skuli starfa að endurskoðun ríkisviðskiptabanka löggiltur endurskoðandi sem ráðh. skipar. Það er alveg ljóst, að umsvif þessara banka nú og breytt tækni við bókhald og á fleiri sviðum gerir það að verkum að krefjast verður aukinnar faglegrar þekkingar af þeim sem við endurskoðun fást í þessum stofnunum. Nú mun málum þannig háttað, að af þeim, sem vinna að endurskoðun hjá ríkisviðskiptabönkunum, er aðeins einn löggiltur endurskoðandi. Ofaglærðum mönnum einum er orðið ofviða að annast þetta endurskoðunarhlutverk svo að fullnægjandi sé. Því verður að tryggja að minnst einn löggiltur endurskoðandi starfi að ytri endurskoðun hjá hverjum ríkisviðskiptabanka, auk þess sem sérstök endurskoðunardeild starfar að innri endurskoðun, ef svo má segja. Ýmis ákvæði eru í frv., einkum í VII. kafla, um störf endurskoðendanna. Skal ég aðeins benda á ákvæði 39. og 40. gr. frv., og þá sérstaklega 40. gr., þar sem kveðið er á um endurskoðunarskýrslu, sem endurskoðendur eiga að semja og á að fylgja ársreikningi og þá athugasemdir líka, ef einhverjar eru, sem þeir telja rétt að vekja athygli ráðh. á.

Bankaráð skal fá skýrslu endurskoðenda í hendur hæfilegum tíma áður en ársreikningurinn er lagður fyrir ráðh. til staðfestingar. Bankaráðið á svo að semja svar við athugasemdum endurskoðanda ef einhverjar eru. Þarna er einnig ákvæði um færslu endurskoðunarbókar og fleiri ákvæði sem til öryggis miða og eiga að tryggja að gögn séu fyrir hendi sem beri með sér í hverju störf endurskoðenda hafi verið fólgin.

Ég held að þessi ákvæði stefni öll að bættum endurskoðunarstörfum hjá bönkunum og jafnframt að breytingu á skipulagi og framkvæmd þessa starfsþáttar.

Ég hef, herra forseti, sjálfsagt sleppt því að minnast á ýmis minni háttar atriði sem varða breytingar frá núgildandi lögum. En ég vil leyfa mér að vísa til ítarlegra athugasemda, sem frv. fylgja, og skal ekki tefja tíma hv. d. með lengri framsöguræðu, en leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það hefur lengi legið ljóst fyrir að þörf væri á því, að sett yrði ný löggjöf um bankakerfið og hina ýmsu þætti þess. Mönnum hefur verið ljóst að núverandi löggjöf um bankamál væri harla ófullkomin, brotakennd, bæði væru lögin orðin úrelt og vantaði í þau mörg ákvæði sem ættu heima í nútímalegu frv. um bankamál. Í öðru lagi væri ýmiss konar ósamræmi milli hinna ýmsu lagabálka. Í þriðja lagi hefur mönnum verið ljóst, að ekki veitti af hagræðingu innan bankakerfisins, ekki veitti af einföldun sem gæti miðað að því, að kerfið yrði ódýrara í rekstri en það sem við höfum í dag.

Þetta var sá bakgrunnur sem menn höfðu fyrir augum á tímum vinstri stjórnarinnar, þegar svonefnd bankamálanefnd var sett á stofn, og þetta varð það leiðarljós, sem bankamálanefnd hafði fyrir augum í starfi sínu: í fyrsta lagi það að koma bankamálalöggjöfinni í nútímalegt horf, en í öðru lagi og þá ekki hvað síst að gera bankakerfið ódýrara og hagkvæmara en það er og hefur verið.

Ein af meginniðurstöðum bankamálanefndarinnar svonefndu var einmitt sú, eins og þar sagði, að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu miklu fleiri en hagkvæmt getur talist. Ég minnist þess, að á þessum tímum var gerður samanburður á fjölda starfsmanna í íslenska bankakerfinu annars vegar og hins vegar í sænska bankakerfinu, og kom í ljós að miðað við fólksfjölda í hvoru landi um sig var mannafli í sænska bankakerfinu tvöfalt meiri en í því íslenska. Ég er viss um það, að mörgum útlendingum, sem heimsækir okkar land, kemur það líka nokkuð spánskt fyrir sjónir, að hér skuli vera þrír sjálfstæðir viðskiptabankar í eigu sama aðilans, þ. e. a. s. ríkisins, og þar að auki sé svo ríkið með sinn miðstjórnarbanka, Seðlabankann, til þess að stjórna þessu kerfi, en eigi svo þar fyrir utan meirihlutaeign í fimmta bankanum, þeim banka sem kenndur er við iðnaðinn, sem sagt að ríkið sé höfuðaðili í hvorki meira né minna en fimm bönkum eða bankakerfum hér á landi. Þetta er að sjálfsögðu illskiljanlegt öðruvísi en að menn skoði þessa sögu. Og þá átta menn sig að sjálfsögðu á því, að þetta hefur þróast á löngum tíma, fyrst og fremst á þann hátt, að hver banki átti að þjóna ákveðnum atvinnuvegi, eða a. m. k. þrír af þessum bönkum sem ég nú nefndi, og einmitt sú viðmiðun hefur að sjálfsögðu átt sinn mikla þátt hvað bankakerfið á Íslandi hefur orðið flókið. En það eru ekki aðeins ríkisbankarnir sem hafa þanist mjög óskyggilega út og orðið miklu viðameiri stofnanir en þörf krefur. Hið sama gildir um einkabankana, sem að vísu voru ekki til fyrir u. þ. b. tveimur áratugum, en voru settir á stofn í byrjun seinasta áratugs hver af öðrum og eru nú orðnir þrír talsins: Alþýðubankinn, Samvinnubankinn og Verslunarbankinn.

Það var á grundvelli hugleiðinga af þessu tagi sem bankamálanefndin svonefnda kom fram í tíð vinstri stjórnarinnar með mjög róttækar tillögur um umbyltingu á bankakerfinu. Hún lagði til að viðskiptabönkum hér á landi, þessum 7 viðskiptabönkum, yrði fækkað í 3 eða 4, og gerði ráð fyrir því, eins og sagði í álitinu, að miðað við núverandi aðstæður í bankamálum væri eðlilegast að ná því markmiði með fækkun hlutafélagsbankanna í einn eða tvo og ríkisbankanna í tvo. Á grundvelli þessa álits var síðan samið frv. um fyrsta skrefið að þessu marki, þ. e. a. s. fækkun ríkisbankanna.

Það er rétt að taka það strax fram, að þótt vinstri stjórnin einkenndist, eins og nafn hennar

ber merki um, af ákveðnum pólitískum sjónarmiðum, þá gilti ekki hið sama um svonefnda bankamálanefnd. Hún var mjög blönduð að pólitískri samsetningu og nægir að nefna nefndarmennina því til vitnis, en þeir voru Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, sem var formaður n., Ármann Jakobsson bankastjóri, Björgvin Vilmundarson bankastjóri, Guðmundur Hjartarson, sem síðar varð seðlabankastjóri, Jóhannes Elíasson bankastjóri og Magnús Jónsson bankastjóri. En ritari n. var Sveinn Jónsson forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabankans. Það er fljótsagt, að n. þessi var skipuð mönnum úr öllum hinum pólitísku flokkum og menn áttu því von á að hin róttæka niðurstaða, sem n. komst að, mundi eiga greiðan gang gegnum hv. Alþ., þar sem bersýnilega væri einnig um mikið nauðsynjamál að ræða.

Það fór samt svo að þetta frv. sá aldrei dagsins ljós hér í þinginu sem stjórnarfrv. Ákveðnir aðilar innan þáv. ríkisstj. komu í veg fyrir það, að frv. fengi þyr sem stjórnarfrv., og ég held að ekki sé kveðið upp úr með neitt leyndarmál þó að það sé upplýst, að þar áttu ráðh. Framsfl. fyrst og fremst hlut að máli.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef Framsfl. hefði staðið að framgangi þessa máls á sínum tíma, þá hefði það náð fram að ganga. Allar aðstæður voru fyrir hendi til þess að svo yrði. Og einmitt þess vegna verður það að segjast eins og er, að þessi íhaldssemi Framsfl., sem varð stefnu bankamálanefndar að falli, olli mörgum miklum vonbrigðum.

Hæstv. viðskrh. ræddi um það áðan, að hv. fjh.- og viðskn. gæti tekið til athugunar hvort kæmi til greina að sameina einhverja banka og hver væri bagkvæmnin sem því fylgdi. Auðvitað veit hann jafnvel og aðrir, að úr því að stjórnarfrv. fylgir ekki þeirri stefnu að bankar skuli sameinaðir, þá er lítil von til þess að fjh.- og viðskn. þingsins taki það upp að eigin frumkvæði. Þar yrði um svo veigamikla breytingu að ræða, að segja mætti að þar yrði um nýtt frv. að ræða.

Nú er það að vísu svo, að hæstv. ráðh. viðurkennir að skipting bankakerfisins eftir atvinnuvegum sé úrelt. Hann viðurkennir að eðlilegast sé að bankarnir láni til allra atvinnuvega jafnt, eða hannig skildi ég hans orð. Og hann taldi það frv. því, sem hér hefur verið lagt fram, til gildis, að í því væri ekki lengur um að ræða tengingu við tilteknar atvinnugreinar hvað einstaka banka snertir. Þetta kemur reyndar líka skýrt fram í grg. frv., þar sem tekið er fram að fallið sé með þessu frv. frá lögfestingu sérhæfingar varðandi tilteknar atvinnugreinar.

Ef menn geta komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé ástæða til þess að einn banki tengist einum atvinnuvegi fremur en öðrum, hvers vegna í ósköpunum á þá svona langt í land að menn fallist á að eðlilegast sé að steypa þessum bönkum að einhverju leyti saman, frekar en að hafa kerfið svo margfalt sem raun ber vitni.

Mér fannst það satt að segja harla kynleg ábending, sem fram kom í máli hæstv. ráðh., að ef Alþ. kæmist að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að sameina ríkisbankana, þá væri óæskilegt að það væri gert með valdboði. Mér skildist að Alþ. ætti að fara einhvers konar samningaleiðir í þessum efnum. Hann virtist líta svo á að bankarnir, sem ríkið hefur sett á fót og ríkið á að öllu leyti og stjórnar að öllu leyti, séu orðnir þvílíkt ríki í ríkinu að stjórnvöld verði að koma skríðandi á fjórum fótum til stjórnenda hvers banka um sig og biðja þá í guðanna bænum að fallast á það, að um sameiningu á bönkum verði að ræða. Hugsunarhátt af þessu tagi skil ég alls ekki. Auðvitað liggur það beint við, ef Alþ. telur rétt að um sameiningu verði að ræða í bankakerfinu, þá ákveði Alþ. með valdboði að svo skuli gert og spyrji ekki einn eða neinn um það. Það er einfært um að taka þá ákvörðun sjálft sem æðsti ákvörðunaraðili.

Ég ætla ekki að fara að ræða í smáatriðum um efni þess frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég viðurkenni fúslega að ýmis ákvæði þess af hinu smærra tagi horfa til batnaðar og eiga fullan rétt á sér, enda eru þau flest tínd til úr hinu gamla bankamálafrv. En ég verð að láta það koma fram strax við 1. umr. málsins, að ég tel að þetta frv. sé alls ófullnægjandi miðað við þær þarfir sem við blasa. Þjóðin hefur þörf á því að létta að einhverju leyti af sér því fargi sem allt of stórt og viðamikið bankakerfi felur í sér. Hún hefur þörf fyrir að feta sig eftir þeim leiðum, sem bankamálanefnd benti á á sínum tíma, og fækka bönkum. Það er því afar hæpinn ávinningur, sem í því er fólginn að samþykkja nú frv., sem felur í sér einhverjar takmarkaðar lagfæringar á núverandi kerfi, án þess að bera með sér þá meginbreytingu sem þörf er á. Þá er nefnilega verið að skilja eftir það sem mestu máli skiptir og þar með stuðla að því að það liggi eftir, e. t. v. um langt skeið.

Bankamálafrv., sem samið var að frumkvæði gömlu bankamálanefndarinnar, var flutt á sínum tíma af þáv. viðskrh., Lúðvík Jósepssyni, núv. formanni Alþb., og hann hefur endurflutt þetta frv. í Nd. til þess að undirstrika vilja okkar Alþb.-manna til róttæks uppskurðar á bankakerfinu. Það frv., sem hæstv. viðskrh. hefur lagt fram, er hins vegar sama frv. sem hefur bara gengið í gegnum svo feiknalega hreinsun að því má helst líkja við þegar barninu er hent út með baðvatninu. Það vantar kjarna málsins, hann er horfinn úr frv.

Ég tel að flutningur þessa frv. nú sé hálfgerð yfirbót af hálfu hæstv. ráðh., sem telur að rétt sé að veifa einhverjum tillögum til úrbóta hannig að ekki sé hægt að segja að hann vilji ekki eitthvað hreyfa við þessum málum. En hann er bersýnilega að undirstrika þá stefnu með flutningi þessa frv., sem flokkur hans fylgdi í tíð vinstri stjórnarinnar, að engar meiri háttar breytingar, sem máli skipta, eigi að eiga sér stað í bankakerfinu. Hann dró reyndar í efa á einkar skýran hátt, að um yrði að ræða sparnað í bankakerfinu við fækkun banka, og virtist ætlast til þess, að þeir, sem væru á annarri skoðun, gætu lagt fram einhverjar skjallegar sannanir máli sínu til stuðnings. Auðvitað þarf ekki neitt annað en heilbrigða skynsemi til að sjá það og skilja, að bankakerfi, sem byggist á 3—4 aðalbönkum í staðinn fyrir 7 banka, á að geta orðið talsvert miklu einfaldara og ódýrara en það sem fyrir er. Sparnaðurinn mundi m. a. liggja í því, að ekki yrði um að ræða í fámennum byggðarlögum, smáum byggðar-

lögum, þrjú, fjögur eða allt upp í sjö bankaútibú, eins og nú eru til dæmi um. Það segir sig sjálft og þarf reyndar ekki neinna frekari skýringa við, að ef um yrði að ræða sameiningu útibúa á hinum ýmsu stöðum á landinu samfara sameiningu banka, þá yrði vafalaust unnt að fækka starfsmönnum verulega í bankakerfinu. Það er auðvitað ekki nein tilviljun, að stærri hluti af vinnandi fólki hér á landi er bundinn í bankakerfinu en í flestum nálægum löndum, svo sem auðvelt er að sýna fram á.

Ég vil svo ljúka þessum orðum mínum með því aðeins að minna á að uppstokkun þessara mála, líkt og uppstokkun í olíudreifingarkerfinu eða uppstokkun í tryggingakerfinu eða uppstokkun í innflutningskerfi landsmanna, uppstokkun í yfirbyggingunni almennt, í bákninu, sem stundum er svo nefnt, mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér að meira vinnuafl yrði aflögu í þágu undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar. Það er einmitt það sem við þurfum hvað mest á að halda um þessar mundir, að báknið, milliliðakerfið og ríkiskerfið verði ódýrara en það er í dag, en framleiðslan að sama skapi meiri.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er óneitanlega stundum svo, að þegar mönnum tekst að búa til slyng slagorð hafa þau sín áhrif, og það var auðheyrt á máli hv. síðasta ræðumanns, að hann hefur orðið fyrir nokkrum áhrifum af því slagorði sem farið hefur hér um landið og kallast „báknið burt". Nú getum við verið sammála um það — (Gripið fram í.) Nei, nei, nei, báknið burt. En það er nú annars staðar ættað en frá hv. síðasta ræðumanni. En við getum verið sammála um það, að æskilegt sé, innan vissra marka þó, að halda ríkisumsvifum í skefjum. Hins vegar held ég að það verði að viðurkenna, að nauðsynlegt sé að hið opinbera haldi uppi ýmiss konar þjónustustarfsemi.

Ég get ekki séð að það sé neitt óeðlilegt, þó að því sé vísað til bn. að taka vissa þætti máls til athugunar. Ég held þvert á móti að ég hafi heyrt oft að því fundið á þessu háa Alþ., að þessari stofnun sé aðeins ætlað að vera afgreiðslustofnun fyrir ríkissjóð, það séu lögð mál fram á þingi og svo sé þess krafist að þau séu afgreidd umsvifalaust og í því formi sem ríkisstj. hefur lagt þau fram. Þessu er ekki til að dreifa með þetta frv. Ég hef einmitt lagt það fram með þeim fyrirvara, að það geti verið móttækilegt fyrir breytingar, og bið hv. n. að athuga það, þannig að allur vindur í hv. síðasta ræðumanni út af þessu atriði var óþarfur. (**RA:** Ég hafði litla trú á frumkvæði úr þeirri áttinni.) Hefur hv. þm. litla trú á Alþ.? Ég hef það ekki. Ég held einmitt að það sé nauðsynlegt, að Alþ. temji sér þá starfshátttu að vinna sjálfstætt, en taka ekki endilega alltaf við frv., þótt frá stjórn komi og samin séu af sérfræðingum, alveg athugasemdalaust, heldur hlióti þau sjálfstæða athugun. Þar um er m. a. gott dæmi einmitt þetta gamla bankamálafrv., sem samið var af sérstaklega ágætum mönnum. En það var bara dáltið einkennt á þeim, sem sömdu það, að það voru bankastjórar eða þá væntanlegir bankastjórar, — menn sem voru sérstaklega tengdir bankakerfinu, og þegar þannig stendur á er að mínum dómi ekkert óeðlilegt að almenn sjónarmið hins almenna þm., hins almenna borgara fái að komast að, og það getur vel verið að af þeim sjónarhóli sé litið öðruvísi á málið heldur en af þeirri sjónarhæð sem þeir standa á sem vinna að þessum málum og sinna þeim og hættir kannske til að telja að þeir hafi best vit á þessum málefnum og það sé ekki rétt að aðrir séu að blanda sér í þau. Ég tel þessi vinnubrögð á engan hátt óeðlileg, að lagt sé fram frv. og því sé jafnframt lýst yfir, að því verði ekki illa tekið að hv. þn., sem fær það til meðferðar, geri á því breytingar, ef samkomulag getur orðið um það. **Markmiðið með þessu frv. var** fyrst og fremst það, eins og ég gat um, að gera vissar lágmarksbreytingar á bankalöggjöfinni, en breytingar sem talið var nokkurn veginn öruggt að næðu fram að ganga án þess að miklar deilur þyrftu um það að spretta.

Svo verð ég aðeins — og skal ekki lengja mál meira um þetta — að leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, þann leiða misskilning sem þar kom fram. Hann leyfði sér að halda því fram, að það hafi verið einhver ágreiningur um þetta mál í ríkisstj. og það hefði sérstaklega staðið á ráðh. Framsfl. Hann hefði alveg getað sparað sér þessar getsakir. Um þetta ætti ég að vita eilítið betur en hann. **Ég kannast ekki við að hafi staðið sérstaklega á ráðh. Framsfl.** í þessu efni. (**RA:** Á hverju þá?) Hann sagði að sá ágæti maður, arftaki hv. síðasta ræðumanns, formaður Alþb., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, hefði lagt þetta frv. fram sem viðskrh. Það þarf ekkert að vera að deila um þetta atriði, **það er skjalfest. Ef hv. þm. hefði** lagt á sig það ómak að athuga gamla bankamálafrv., þá hefði hann getað sparað sér alveg þennan þátt í ræðu sinni. Í aths. með frv., sem lagt var fram á þingi 1974, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að frv. sé flutt sem stjfrv. skal það skýrt tekið fram, að einstakir stuðningsmenn ríkisstj. hafa óbundnar hendur varðandi aftöðu til einstakra þátta málsins og afgreiðslu þess í heild. Ljóst er, að nokkuð eru skiptar skoðanir um það atriði frv., **sem gerir ráð fyrir sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans í einn ríkisviðskiptabanka.**"

Það fer ekkert á milli mála, að þetta frv. var flutt sem stjfrv. Það er ekki vikið að því einu orði, að það hafi verið ágreiningur innan ríkisstj. **um þetta mál. Það er hins vegar sagt, sem** rétt er að það var vitað að einstakir stuðningsmenn ríkisstj. í hópi hv. þm. voru ekki á einu máli um þetta atriði, sameiningu þessara tveggja banka. Þetta ætti hv. þm. að vita og hann ætti ekki að hafa gleymt þessu. Og ef svo skyldi vera, að hv. **formaður Alþb., Lúðvík Jósepsson, væri** ekki enn búinn að mæla fyrir frv. sínu í hv. Nd., þá held ég að það væru gustuk að hv. þm. Ragnar Arnalds léði honum gamla frv., þannig að hann gæti lesið það, sem þar stendur, þannig að hann félli ekki í sömu gryfjuna og hv. þm. Ragnar Arnalds gerði áðan.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri bn. sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar, svo að ég get verið stuttorður á þessu stigi málsins. Það eru þó örfáar hugleiðingar

sem ég vildi koma á framfæri við 1. umr. þessa frv.,

Eins og kemur fram í aths., er það frv., sem hér liggur fyrir til umr., hluti af endurskoðun löggjafar um innlánsstofnanir almennt. Ég verð nú að segja það, að að mörgu leyti hefði ég kosið að reynt yrði að hraða þessari almennu endurskoðun á slíkri löggjöf, þannig að frv. að löggjöf um starfsemi banka og sparisjóða og annarra innlánsstofnana í landinu gætu legið fyrir Alþ. sem fyrst. Ég held að það væri af mörgum ástæðum nauðsynlegt, eins og þróunin hefur verið ör í bankastarfsemi hjá þjóðinni almennt. Það er vinsælt umræðu- og gagnrýnisefni, hversu gífurlegur vöxtur hafi hlaupið í alla bankastarfsemi og starfsemi peningastofnana hjá þjóðinni á undanförnum árum, og það er að vissu leyti rétt, að það hefur orðið mikill vöxtur á starfsfólki við slíka þjónustu. En við skulum einnig taka mið af því, að e. t. v. hefur engin starfsgrein tekið slíkum stakkaskiptum í þjóðfélaginu um aukna þjónustu við almenning og einmitt kemur fram á sviði bankastarfseminnar.

Ég vil gjarnan láta koma fram nú þegar við þessa umr. málsins, að ég teldi rétt, að þegar við ræddum það frv. sem innihéldi fullkomna endurskoðun löggjafar um innlánsstofnanir almennt, þá yrði tekið til gaumgæfilegrar athugunar að taka upp í lög um starfsemi banka og sparisjóða þau ákvæði, sem þykja sjálfsögð í okkar nágrannalöndum, að ekki sé heimilt fyrir banka og sparisjóði að takast á hendur skuldbindingar nema í samræmi við eigið fé. Þetta tel ég vera eitthvert þýðingarmesta ákvæði sem um er að ræða í bankalöggjöf einnar þjóðar, og ég tel nauðsynlegt fyrir okkur að taka upp slíkt ákvæði og það sem fyrst. Allir sjá hvílíkt öryggi það er fyrir þjóðfélagið, fyrir stofnanirnar sjálfar, að þarna sé vinnubrögðunum háttað eftir föstum, tilskildum lagaákvæðum um hlutfallið milli þeirra skuldbindinga, sem stofnunin má takast á hendur, og þess fjár, sem hún á. Hitt finnst mér svo ekki vera endilega neitt sáluhjálparatriði, að bankastarfsemin í landinu yfirleitt sé ríkisrekin. Frá mínum bæjardyrum séð mætti gjarnan gera auðveldara að stofna og reka slíka starfsemi, ef vel væri búið að þeim málum með lögum í samræmi við þær hugleiðingar sem ég hef verið að geta hér um.

Eins vil ég láta það koma fram hér, að ég tel alveg sjálfsagt, að stofnun, hvort sem það er banki eða jafnvel sparisjóður, sem uppfyllir nauðsynleg fyrirmæli laga um hlutdeild eigin fjár í starfsemi sinni, hafi allan þann rétt, sem fylgir því að reka almenna bankastarfsemi og felst þá einnig í því að versla með erlendan gjaldeyri. Ég hef aldrei getað skilið þær hömlur sem hafa verið á því að láta heimild til gjaldeyrisverslunar í té stofnunum sem með lögum hafa fengið rétt til að reka almenna bankastarfsemi.

Ég minntist á, að ég vildi láta flýta þessari endurskoðun löggjafar um innlánsstofnanir, og ég hef þá í huga, að þegar sú löggjöf yrði sett, þá teldi ég ekki óeðlilegt að það yrði tekið til gaumgæfilegrar athugunar að gera hlut sparisjóðanna meiri í hinni almennu bankaþjónustu en nú er. Ég held að ef vel tækist um útfærslu á þeirri leið, þá gæti þar orðið vel ágengt í því að draga úr þeim miklu umsvifum sem eru á vegum núverandi ríkisbanka og annarra banka um að stofna útibú hér og þar. Ef hægt væri með skynsamlegri löggjöf að koma þessu þannig fyrir, að sparisjóðirnir gætu aukið starfsemi sína, þá held ég að það væri þjóðhagslega vel farið og gæti borið góðan árangur. Í því sambandi vil ég geta þess, að ég teldi ekki óeðlilegt að sparisjóðirnir nytu nokkurrar sérstöðu, eins og er t. d. samkv. dönsku bankalöggjöfinni, og þá til að mynda yrði þannig búið um, að hlutfallið við eigið fé sparisjóða megi vera minna en hlutfallið við eigið fé einkabanka. Okkur er öllum kunnugt um það, að starfsemi sparisjóða almennt er nokkuð svæðisbundin. Það er fólkið á ákveðnu svæði sem stendur meira og minna á bak við starfsemi síns sparisjóðs, og þá gefur auga leið að það er fyrst og fremst hlutverk sparisjóðsins að sinna almennum þörfum fólksins sem býr á því svæði sem sparisjóðurinn starfar á, og ég held að með skynsamlegum lögum og reglugerðum væri hægt að ná þarna mjög jákvæðum árangri í almennri starfsemi innlánsstofnana í landinu. Mér er kunnugt um að það háttar þannig til sums staðar, að það eru öflugir sparisjóðir, sem eru kannske eina stofnunin, sem reka töluvert umfangsmikil viðskipti, en það hefur valdið óþægindum, að hlutaðeigandi sparisjóður hefur ekki haft það sem er kallað heimild Seðlabankans til að hafa seðlageymslu. Og það hefur oft skapast slíkt ástand, að þorpið, sem sparisjóðurinn starfar í, og nágrennið sem getur verið umfangsmikið, hefur beinlínis verið seðlalaust, en slíkt ástand hefur torveldað venjuleg fjármálaviðskipti manna á meðal. Þetta er eitt atriði sem þyrfti að taka til greina í sambandi við þá endurskoðun sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Ég vil aftur koma að ákvæðinu um eigið fé. Ég held að ef vel tækist til um framkvæmd þess ákvæðis að skuldbinda banka og peningastofnanir til að takast ekki á hendur meiri skuldbindingar en í réttu hlutfalli við eigið fé stofnananna, sem yrði náttúrlega ákveðið samkv. lögum, þá væri þar með komin sú bremsa sem við erum allir að tala um að þurfi að vera. Okkur hefur fundist bankakerfið vera of útilátandi í sambandi við lánveitingar og annað. Við búum í þjóðfélagi þar sem gilda ákveðnar reglur um innlánsfjárbindingu banka og sparisjóða. Hins vegar virðist slíkum stofnunum vera nær því hömlulaust heimilt að ávísa á seðlabanka þjóðarinnar, eftir því sem þarfir þeirra krefjast, og þar held ég að við þyrftum að setja miklu meiri hömlur á en hefur viðgengist til þessa.

Svo langar mig aðeins, áður en ég yfirgef ræðustól í þetta skipti, að minnast á ákvæði 4. gr., þar sem stendur: „Ríkisviðskiptabönkunum er einum heimilt að reka almenna viðskiptabankastarfsemi hér á landi, nema lög heimili annað.“

Ég er þeirrar skoðunar, að það gerði ekkert til þó að það stæði í lögum um almenna bankastarfsemi í landinu, að það væri heimilt að leyfa erlendum bankastofnunum að reka fjármagnsmiðlun í landinu. Slík starfsemi gæti að mörgu leyti verið okkur mjög hagstæð. Mér er kunn-

ugt um það, og það vitum við öll, að það er mjög sóst eftir því að hafa aðstæður hjá hinum ýmsu þjóðum fyrir slíka fjármiðlunarstarfsemi. En vissulega mundi slík starfsemi fara fram undir fullu eftirliti seðlabanka landsins, og það er enginn vandi að setja hömlur á það, hvað slíkir aðilar mættu hafa af umsvifum í gjaldmiðli þjóðarinnar sjálfrar. Aftur á móti mundu að mínu mati geta fallið til ómældar tekjur af slíkri starfsemi ef hún yrði leyfð. Þetta held ég að við ættum að taka til alvarlegar athugunar í framtíðinni, þegar við ákveðum framtíðarlöggjöf um almenna bankastarfsemi.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins í örfáum orðum lýsa ánægju minni með það viðhorf sem kom fram hjá hæstv. viðskrh. Hann hvetur þn. og að sjálfsögðu þá þm. alla til þess að hugleiða hverjar þær breytingar á þessu frv. sem þingið telur að mættu verða til bóta. Mér finnst viðhorf hæstv. ráðh. allt of oft vera annað og því jafnvel illa tekið að breytingar séu gerðar.

Ég vil, þar sem ég á ekki sæti í þeirri n. sem mun fjalla um málið, láta koma fram að ég var og er mjög ákveðinn stuðningsmaður þeirrar stefnu sem kom fram í frv. vinstri stjórnarinnar í bankamálum sem flutt var í mars 1974. Ég tel að stefna eigi að því m. a. að fækka ríkisbönkunum með skynsamlegri sameiningu þeirra. Það má vel vera að sú sameining þyrfti að byggjast á einhverju öðru, ef ég má orða það svo, en einfaldari sameiningu tveggja ríkisbanka, þ. e. a. s. Útvegsbankans og Búnaðarbankans. Það mál þarf að sjálfsögðu að skoða vandlega, og ég treysti hv. n., sem fær málið til meðferðar, til að athuga þetta mjög vel. Ég lýsi því yfir, að ég tel að frv. batni með því að færa það nokkuð í átt til þess búnings sem bankafrv. var frá hendi vinstri stjórnarinnar á sínum tíma.

Einnig vil ég nota tækifærið til að koma á framfæri þeirri skoðun minni, að endurskoðun ekki aðeins bankanna, heldur annarra ríkisstofnana, eigi að falla undir ríkisendurskoðun. Þar er öflug stofnun sem hefur, að því er ég þekki, unnið vel og hefur m. a. sent ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum, sem hún fjallar um, ákveðnar starfsreglur um meðferð opinbers fjár. Þær reglur eiga einnig að gilda um ríkisbankana og raunar öll ríkisfyrirtæki. Mér finnst það vera úrelt skipan að kjósa tvo menn á hinu háa Alþ. til slíkrar endurskoðunar. Þeir hafa enga möguleika til að sinna slíku starfi — ekki nokkra, og jafnvel þó þeir fái að kveðja í sína þjónustu lærða menn á því sviði, þá eru þessir menn í föstu starfi að öðru leyti. Því vil ég jafnframt koma þeirri ábendingu hér á framfæri, að þarna verði breytt um og ríkisendurskoðun fjalli um endurskoðun ríkisbankanna eins og annarra ríkisfyrirtækja. Það breytir að sjálfsögðu engu um það, að bankarnir hafa eigin endurskoðun og hana öfluga. Þarna er fyrst og fremst um það að ræða, að ríkisendurskoðun kæmi þá í staðinn fyrir kjörna endurskoðendur á Alþingi.

Þetta breytir því ekki heldur, að Alþ. fái tækifæri til að fylgjast með starfsemi bankanna. Ég er sammála hæstv. ráðh. um það mál. Ég tel að Alþ. eigi að hafa aðstöðu til þess að fylgjast með því sem þar gerist, eins og hann hefur sýnt í orðum og verki að hann vill að sé.

Með þessum örfáu orðum vil ég lýsa þessum meginaths. mínum við frv. Ég vona að sú n., sem fær það til meðferðar, athugi það mjög vandlega að flytja við það ýmsar góðar brtt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil fagna því, að þetta frv. er fram komið. Þar sem nokkuð hefur verið rætt hér um, að sú n., sem ég á sæti í, fjh.- og viðskn., muni geta gert sínar athuganir á þessu frv. eins og henni sýnist, eins og n. að sjálfsögðu gerir í öllum málum og á að gera og allar n. þingsins, þá hlýtur það hins vegar að vera ljóst, að menn verða á þeim stutta tíma, sem eftir er af þinghaldi, að gera upp á milli aðalatriða og aukaatriða í þessu máli, ef það á fram að ganga á þessu þingi. Í þessu frv. eru mjög margar veigamiklar breytingar, sem lagt er til að verði gerðar, og ég býst við og er fullviss um að það sé mjög mikilvægt að þær nái fram að ganga. Og mér finnst það vera út af fyrir sig nokkuð mikið vafaatriði, hvort spurningin um sameiningu og samræmingu í bankakerfinu og sú vinna, sem þar þarf að framkvæma, eigi að tefja framgang þessa máls.

Ég er mjög sammála því og hef lýst því yfir áður hér í umr., þegar frv. til l. um Búnaðarbanka Íslands var lagt hér fram og samþykkt 1976, að ég er því fylgjandi, að bankakerfið verði samræmt og einingar þar sameinaðar. En það er ekki endilega fullvíst, a. m. k. ekki í mínum huga, að eina skynsamlega breytingin, sem þar sé hægt að gera og beri að gera, sé að sameina Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Það eru fleiri bankastofnanir sem koma inn í dæmið, eins og Landsbanki Íslands og Iðnaðarbanki Íslands. Og ég get ekki séð að n. út af fyrir sig hefði möguleika á að leggja slíkt til nema að undangenginni mjög ítarlegri athugun. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Þótt ég hafi vissulega mikinn áhuga á því, að eitthvað slíkt verði gert, þá finnst mér vafasamt hvort það eigi að tefja framgang þessa máls eins og það lítur út núna. Hins vegar ef það kemur í ljós, að þetta sé ekki mjög mikið mál, þurfi ekki mikinn undirbúning og horfi til mikils hagræðis, þá er náttúrlega ekkert í veginum fyrir því, að n. leggi slíkt til, ef samstaða verður um það. En mér býður svo hugur að slíkt sé allmikið verkefni sem þurfi nákvæman og góðan undirbúning, því að ef um slíka breytingu verður að ræða, þá þarf að undirbúa slíkt mjög vel. Það er einnig nauðsynlegt, þótt viðkomandi bankar eigi náttúrlega ekki að ráða ferðinni, að það sé fullur vilji í viðkomandi stofnunum til slíkrar samvinnu og slíkrar sameiningar. Það er ekki gott að leggja til slíkar breytingar og slíkar ráðstafanir nema fyrir því sé góður vilji í viðkomandi stofnunum að vinna samkv. því skipulagi. Það gæti orðið örlagaríkt að lögfesta slíkar breytingar nema sjá fyrir þær afleiðingar sem slíkt hefði.

Ég vil fagna því, að hér eru komin inn í frv.

viðtækari ákvæði en verið hafa varðandi endurskoðun og eftirlit. Ég vil aðeins í því sambandi vitna í það sem ég sagði við umr. vorið 1976, þegar frv. til l. um Búnaðarbanka Íslands var hér til umr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þessi mál til athugunar, að þetta atriði“ — þ. e. a. s. endurskoðun reikninga bankans — „verði athugað betur. Bankar eru afskaplega viðamiklar stofnanir og þeir fara með ýmis málefni sem þarf vissulega að hafa eftirlit með. Það hefur aldrei verið gerð nokkur krafa til þekkingar á þessum málum til þess að verða endurskoðandi viðskiptabanka. Og það er í raun og veru fáránlegt að maður, sem endurskoðar banka, skuli ekki þurfa að hafa nokkra sérþekkingu á því sviði. Þetta er mál sem ég hef lengi furðað mig á, löngu áður en ég kom í þessa stofnun, og þess vegna vænti ég þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, athugi hvort ekki sé rétt að breyta hér einhverju um og það sé gerð einhver krafa um þekkingu þeirra manna, sem fá þetta vandasama starf og eiga vissulega að bera þar mikla ábyrgð.“

Það var ekki gerð breyting á þessu í lögum um Búnaðarbanka Íslands á sínum tíma og fékk litlar undirtektir hér í d. En ég vil sem sagt fagna því, að nú skuli vera gerðar till. um breytingar í þessum efnum. Hitt er svo annað mál, að menn skulu varast að gera allt of mikið í þessum efnum, því að eftirlit kostar peninga. Og það getur verið spurning um það, hversu miklu skuli kosta til eftirlits. Ég sé að í þessu frv. er gert ráð fyrir mjög mikilli aukningu í þessum efnum. Hér kemur fram að bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans, og ég lít þá svo á að endurskoðunardeildin heyri undir bankaráðið, fyrst bankaráðið ræður forstöðumann endurskoðunardeildar. Það er einnig gert ráð fyrir því, að bankaráðið hafi heimild til að ráða sér starfsmann sem ekki hafi með höndum önnur störf í þágu bankans, sem er þá maður sem skal annast ýmis störf og eftirlit á vegum bankaráðsins. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að Alþ. kjósi tvo endurskoðendur, og í fjórða lagi að ráðh. skipi löggiltan endurskoðanda til tveggja ára í senn. Ég held að það sé rétt að auka þessa eftirlitsstarfsemi. En menn mega líka varast það, þótt upp komi leiðindatilvik og atvik, sem alltaf geta komið upp þrátt fyrir alla þá endurskoðun sem í er eytt og framkvæmd er, að byggja upp allt of mikið og flókið bákn í kringum þetta eftirlit.

Ég hef nokkuð lengi velt því fyrir mér, hvernig slíku eftirliti og endurskoðun sé best fyrir komið á vegum ríkisins, og álít að þessu væri best fyrir komið í höndum ríkisendurskoðunar, að ríkisendurskoðun annaðist endurskoðun og eftirlit í öllum ríkisstofnunum og í þeim félögum og fyrirtækjum sem ríkið á meiri hluta í — eða þá að ríkisendurskoðun kveddi til sérfróða menn til að annast það fyrir sína hönd. Ég tel hins vegar að það þurfi að verða verulegar skipulagsbreytingar á ríkisendurskoðun, m. a. sú skipulagsbreyting að ríkisendurskoðun falli undir Alþ., en ekki undir ráðh. Það væri eðlilegt að ríkisendurskoðun væri eftirlitsstofnun Alþ., sú stofnun sem hefði eftirlit fyrir hönd Alþ. með störfum framkvæmdavaldsins. En hér væri, ef svo væri gert, vissulega um það að ræða að auka og efla mjög þá stofnun, og það þarf náttúrlega mjög náinnar athugunar við.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, enda fæ ég aðstöðu til þess að kynna mér það í þeirri n. sem fær það til meðhöndlunar. En ég vil aðeins taka fram varðandi það sem hv. þm. Jón Sólnes sagði áðan, að bankar gætu hömlulaust ávísað á Seðlabankann, að ég tel þetta ekki rétt. Það er gert sérstakt samkomulag við viðskiptabankana um útlánatakmörk sem miða að því að minnka útstreymi úr Seðlabankanum ef viðkomandi bankar eiga þar ekki fjármagn, og einnig er vaxtaákvæðum beitt til þess að koma í veg fyrir slíkt. Það er vissulega rétt, að í nokkrum tilfellum hefur verið um það að ræða að bankar hafa safnað skuldum við Seðlabankann, og það getur verið eðlilegt á vissum tímum. En það er hins vegar ekki rétt að mínum dómi, að bankar geti hömlulaust ávísað á þann banka.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera örfáar aths. við mál hæstv. viðskrh. áðan. Mér þótti satt að segja heldur kynlegt að hlýða á þá fullyrðingu hans, að ekki væri fullt mark takandi á niðurstöðum bankamálanefndarinnar svonefndu, vegna þess að í henni hefðu verið annaðhvort þáverandi bankastjórar eða væntanlegir bankastjórar. Ég hélt einmitt að slíkir menn mundu hafa meira vit á þessum málum heldur en aðrir og þar af leiðandi væru ráð þeirra sérlega vel þegin og vel grunduð. Út af fyrir sig er það alveg rétt hjá ráðh., að slíkir menn kynnu að hafa einhverja tilhneigingu til að halda fast utan um sitt og tryggja að þeirra ríki skerðist í engu, og vissulega ber að gjalda varhug við öllum tilhneigingum í slíka átt. En nú vill svo til að stefna þessara ágætu bankastjóra stefndi einmitt í þveröfuga átt. Þeir voru reiðubúnir að standa að því að draga úr þenslu saman seglin í bankakerfinu, að bankastjórum og bankastarfsmönnum yrði fækkað, en ekki að þar yrði um aukningu að ræða. Og ég held að einmitt þess vegna hefðu ráð þeirra átt að vera vel þegin og ekki hefði þurft að vera nein tortryggni í þeirra garð varðandi þeirra ráð. (**Dómsmrh.:** Þau voru það.) Þau voru vel þegin af sumum, en ekki af öllum, því miður. Og þar kem ég þá að því atriði, sem hann gerði sér hvað mestan mat úr, þ. e. a. s. því atriði, hvernig háttað var flutningi þessa máls í tíð vinstri stjórnarinnar.

Eins og hæstv. ráðh. veit allra manna best, voru það þrír stjórnmálaflokkar sem áttu aðild að þeirri ríkisstj. Og hann veit það jafnvel og ég, að það var ekki neinn ágreiningur um flutning þessa máls og fylgi við það innan Alþb. og innan SF. Andstaðan kom öll úr Framsfl. Þetta er söguleg staðreynd sem í sjálfu sér þarf ekki að rifja upp fyrir mönnum, svo kunn sem hún er. Hitt er alveg rétt, að mér varð á sú skyssa áðan að tala um það frv., sem flutt var, sem frv. flutt af viðskrh., en hef nú fengið og við allir hv. þm. leiðréttingu á því. Þetta var misminni hjá mér. Frv. var flutt af ríkisstj. allri, en með mjög

óvenjulegum fyrirvara — mjög óvenjulegum og sérkennilegum fyrirvara. Fyrirvarann er að finna í grg. og reyndar var hann lesinn upp áðan. Ég hefði að vísu gjarnan viljað vitna til þeirra orða, en sé nú ekki í fljótu bragði hvar hann mundi helst vera að finna í grg. (Gripið fram í.) Jú, hér er það fundið. Það er þannig orðað, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að frv. sé flutt sem stjfrv. skal það skýrt tekið fram, að einstakir stuðningsmenn ríkisstj. hafa óbundnar hendur varðandi afstöðu til einstakra þátta málsins og afgreiðslu þess í heild.“

Ég leyfi mér að fullyrða, að slíkur fyrirvari er heldur óvenjulegur. Þótt dæmi séu um slíka fyrirvara endrum og eins, þá er mjög óalgengt að setja þurfi slíka fyrirvara í grg. stjfrv. Og það var auðvitað þessi fyrirvari sem öllu máli skipti. Frv. fékkst ekki flutt mánuðum saman vegna tregðu af hálfu forustumanna Framsfl., sem út af fyrir sig kunna að hafa sínar persónulegu skoðanir á málinu. Þær hafa að vísu komið heldur óljóst fram. En vegna þess að þingflokkur Framsfl. var ekki reiðubúinn að veita þessu máli stuðning, þá dróst úr hömlu að það væri flutt, og að lokum fékkst það því aðeins flutt að slíkur fyrirvari fylgdi. Það er þetta sem skiptir máli. Hitt, þótt mér yrði á það misminni að nefna frv. þmfrv., skiptir raunverulega miklu minna máli, því að það breytir ekki neinu um þann kjarna málsins, að fyrirvarinn, að tregðan við að samþykkja frv. átti uppruna sinn innan þingflokks Framsfl. Þessu veit ég að hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að mótmæla. Þetta er líka aðalatriði málsins.

Hæstv. ráðh. vék áðan að því, að slagorð mikið væri uppi, svonefnt „báknið burt“. Það er rétt, slíkt slagorð er uppi og hefur víða heyrst, þó að einn stjórnmálaflokkur hafi kannske viljað taka það sér í munn fremur öðrum og aðrir hagi kannske orðum sínum nokkuð á annan veg. En þetta slagorð hefur fengið sérstaka stjórnskipaða brautryðjendur, þar sem er stjórnskipuð n. sem hefur til umfjöllunar hugsanlega afhendingu og sölu á fyrirtækjum í eigu ríkisins. Mér finnst það mjög við hæfi að hæstv. ráðh. skyldi minnast á þetta slagorð, vegna þess að það er einmitt mismunandi túlkun á því, sem skilur að stefnu okkar Alþb.-manna annars vegar og stefnu þeirra sjálfstæðismanna hins vegar. Við erum þeirrar skoðunar, að það sé rangt og óskynsamlegt að selja arðgæf atvinnufyrirtæki í eigu ríkisins úr eigu þess. Við teljum hins vegar bráðnauðsynlegt að hreinsa til í bankabákninu, í olíudreifingarbákninu og í ýmsu öðru því kerfi sem hróflað hefur verið upp á umliðnum áratugum. Hvar stendur Framsfl. í þeim átökum sem um þetta mál standa? Því miður eru ekki sjáanleg merki þess, að Framsfl. hafi skipað sér á hina skynsamlegri sveif í þessu máli. Í hinni stjórnskipuðu n., sem fjallað hefur um sölu og afhendingu ríkisfyrirtækja, á einn ágætur hv. þm. þessarar d. sæti, hv. þm. Ingi Tryggvason, sem fulltrúi Framsfl., og n. hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu, að skynsamlegt sé að selja eða afhenda ríkisfyrirtækið Siglósíld í hendur annarra aðila. Þetta virðist vera dæmigert um afstöðu Framsfl. til þessara mála. Hann er reiðubúinn til þess að ráðast á arðgæf atvinnufyrirtæki í eigu ríkisins og láta þau af hendi. En þegar kemur aftur að hinu eiginlega ríkisbákni, því eina og sanna bákni sem er einhver byrði á þjóðinni, einhver byrði á ríkinu, þá má ekki hreyfa við einu eða neinu, eins og í sambandi við bankakerfið.

Ég vil svo segja að lokum, að það var síður en svo að ég væri að átelja það, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., þegar hann hvatti hv. fjh.- og viðskn. til góðra starfa og sjálfstæðra starfa. Það var síður en svo að ég væri að átelja hann fyrir að hafa uppi slík hvatningarorð til þessarar n. En hitt er allt annað mál, að ég hefði miklu frekar kosið og talið það gæfulegra fyrir framgang málsins, að ríkisstj. og hæstv. viðskrh. hefðu haft einhverja forustu í þessu máli, hefðu markað einhverja ákveðna stefnu, en kæmu ekki með losaralegt og innihaldslítið frv. og sagt við þm.: Þið getið gert úr þessu það sem ykkur dettur í hug og ykkur líst best á, og ég hvet ykkur til þess að vinna vel og láta ykkur detta eitthvað gott í hug. — Það hefur verið háttur ríkisstj. að reyna að hafa forustu í þessu landi, ekki það að ríkisstj. eigi að segja Alþ. fyrir verkum, en það er hins vegar gæfulegt að ríkisstj. hafi ákveðna stefnu í málum og Alþ. geti síðan tekið afstöðu með og móti þeirri stefnu og hnikað henni til á einhvern ákveðinn hátt. Hitt er fremur nýmæli, að lagt sé fram, eins og ég sagði áðan, innihaldslítið frv. og sagt svo við þm.: Gerið það besta úr þessu, ef ykkur sýnist svo. — Það er ekki nægilega vel að málum staðið.

Ég vil segja það að lokum, að innan þessarar n. mun svo sannarlega ekki standa á okkur Alþb.-mönnum að láta til okkar taka. Við munum vafalaust flytja brtt. í þá átt, að bankar verði sameinaðir, þegar þetta mál kemur til 2. umr., ef það verður einhvern tíma.

Umr. frestað.

Neðri deild, 50. fundur.

Mánudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Virkjun Blöndu, frv. (þskj. 153). — Frh. 1. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Þegar umr. um þetta frv. var frestað á síðasta fundi hv. d. hafði hv. þm. Þórarinn Þórarinsson nýlokið að flytja mjög athyglisverða ræðu. Ýmislegt af því, sem hann sagði í ræðu sinni, var mjög áþekkt því sem ég hugðist segja, þannig að ég get tekið strax undir ýmislegt af því, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson sagði, og stytt ræðu mína sem því nemur.

Ég vil þá aðeins byrja ræðu mína á því að höggva nokkuð ítarlega í spurningu þá sem hv. þm. varpaði til hæstv. ráðh. um orkuspá þá sem liggur hér til grundvallar. Hv. þm. spurði hæstv. ráðh. hvort orkuspá sú, sem rætt var um í sambandi við virkjun Hrauneyjafoss, gerði ráð fyrir því, að orka sú, sem Hrauneyjafossvirkjun væri ætlað að framleiða, yrði seld til erlendrar stór-

iðju með einhverjum hætti. Ég vildi gjarnan fylgja þessari spurningu eilítið lengra eftir og fá að vita hvort sú orkuspá, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson spurði um í ræðu sinni, sé sama orkupá og sú sem birt er sem fylgiskjal á bls. 9 með frv. þessu og gerð er af orkuspárnefnd, að mér skilst, eða hvort það er orkuspá Landsvirkjunar sem hér um ræðir. Staðreyndin er nefnilega sú, að því er manni virðist, að þessar orkuspár eru orðnar svipaðar og stjörnuspárnar í blöðunum. Orkuspá orkuspárnefndar frá febr. 1977 er í augum leikmanns eins og mín allt önnur orkuspá heldur en orkuspá sem Landsvirkjun birtir sem viðmiðun fyrir rökstuðningi sínum fyrir Hrauneyjafossvirkjun. Til dæmis að taka langar mig til þess að benda á að í orkuspá Landsvirkjunar er ekki gert ráð fyrir því, að Kröfluvirkjun taki til starfa. Nú langar mig því til þess að spyrja hvort orkuspá sú, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson spurði um á síðasta fundi og hæstv. ráðh. svaraði, sé orkuspá orkuspárnefndar frá febrúar 1977, sem gerir ráð fyrir því að Krafla taki til starfa, eða orkuspá Landsvirkjunar frá svipuðum tíma, sem gerir ráð fyrir því að Krafla taki ekki til starfa. Þessar orkuspár eru, eins og ég sagði áðan, orðnar eins og stjörnuspárnar í dagblöðunum. Eins og þeir vita, sem trúa á slíkar spár, sem ég tek fram að ég geri ekki, þá getur verið talsverður munur á því, hvort um er að ræða stjörnuspána í Vísi, stjörnuspána í Morgunblaðinu, stjörnuspána í Dagblaðinu, — ég held að það sé nú engin stjörnuspá í Þjóðviljanum. En ég vil sem sé gjarnan fá að vita hvort hér er um að ræða stjörnuorkuspá orkuspárnefndar eða stjörnuorkuspá Landsvirkjunar.

Annað var mjög athyglisvert í ræðu hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, og þar sem hann er búinn að kveðja sér hljóðs nú þegar aftur, þá hef ég ákveðna spurningu að gera bæði til hans og hæstv. ráðh.

Frv. það um virkjun Blöndu, sem hér er til umr., er flutt sem stjórnarfrv., þ. e. a. s. hæstv. ráðh. leggur frv. fram í nafni ríkisstj. Það hefur verið vani um öll mál, sem flutt eru sem stjórnarfrv., að þau séu kynnt í þingflokkunum og um þau fjallað þar og slík mál séu ekki flutt nema viðkomandi þingflokkar ríkisstj. fallist á, að þau verði flutt sem slík, og lýsi því yfir, að þeir muni styðja þessi mál.

Nú leikur mér hugur á að vita eftir ræður tveggja þm. Framsfl. og þ. á m. ræðu hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, sem er formaður þingflokks Framsfl., hvort slíkt hafi ekki verið gert við þetta mál. Hefur ekki verið staðið að flutningi frv. til l. um virkjun Blöndu með sama hætti og vani er um önnur slík stjórnarfrv., að frv. hafi verið sýnt og um það hafi verið fjallað á þingflokksfundum beggja stjórnarflokkanna og þar hafi væntanlega verið tekin sú ákvörðun, að stjórnarflokkarnir báðir skyldu standa að flutningi frv., og þar með heimilað hæstv. iðnrh. að flytja það. Ég vil gjarnan fá að vita hvort ekki hefur verið farið svona með þetta mál, það hafi verið flutt sem stjórnarfrv. á sama hátt og önnur stjórnarfrv. eru flutt, og ef svo er, hvort hér sé um að ræða afstöðubreytingu hjá formanni þingflokks Framsfl. og kannske þm. Framsfl. öllum, frá því að um málið var fjallað á fundi þingflokks Framsfl. og afstaða tekin í málinu og þar til nú. Ég vænti þess að fá þessum fyrirspurnum mínum svarað bæði af hálfu hæstv. ráðh. og hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, sem þegar hefur kvatt sér hljóðs.

Vissulega væri ástæða til þess nú að ræða stefnuna í virkjunarmálum okkar Íslendinga. Hér er tvímælalaust um að ræða einhver þýðingarmestu mál þjóðarinnar. Hér er um að ræða nýtingu á mestu náttúruauðlindum sem Ísland hefur yfir að ráða og enn eru ónýttar. Hvernig sú nýting ræðst skiptir að sjálfsögðu algjörum sköpum um afkomu þjóðarinnar. En það skiptir ekki aðeins sköpum um afkomu þjóðarinnar, heldur einnig um búsetu í landinu, vegna þess að búseta getur ekki verið með svipuðum hætti og hún er nú ef það ástand ríkir til frambúðar, að það eitt að búsetja sig á ákveðnu landshorni hefur það í för með sér að orkukaup manna þar þurfi að vera fjórfalt eða fimmfalt dýrari heldur en sambærileg orkukaup á öðru horni landsins. Á ég hér að sjálfsögðu við orkukaup til húshitunar, sem eru margfalt dýrari á olíukyndingarsvæðum heldur en á hitaveitusvæðum, sérstaklega hér í Reykjavík. Þess vegna skiptir það miklu máli, ekki aðeins fyrir landið í heild, heldur fyrir einstök landssvæði, hvernig búið er að orkumálunum og hvaða stefna er þar upp tekin. Ég þekki ekki dæmi til þess, að ráðist sé í nýtingu á jafnþýðingarmikilli þjóðarauðlind, jafnþýðingarmikilli náttúruauðlind og hin innlenda orka er okkur Íslendingum, án þess að reynt sé að skipuleggja talsvert fram í tímann á grundvelli áætlunarbúskapar og hagkvæmnisathugana hvernig það sé gert. Slíkt hefur ekki tíðkast hér á Íslandi fram til þessa. En ég held að öllum þm. sé ljóst, að svo getur ekki öllu lengur gengið.

Hins vegar ætla ég ekki við þetta tækifæri að fara öllu lengra út í þá sálma að ræða stefnumótunina í orkumálum almennt. Til þess gefst tækifæri síðar á þessu þingi, m. a. í sambandi við skýrslu sem hæstv. iðnrh. mun væntanlega flytja Alþ. á næstu dögum samkvæmt kröfu þm. um virkjunarframkvæmdirnar við Kröflu. Sú skýrsla var raunar beðið um að flutt yrði fyrir jól. Ég skil ósköp vel að það hafi ekki tekist, vegna þess að sjálfsagt þarf að vanda allan undirbúning að skýrslugerðinni. En væntanlega kemur skýrslan á dagskrá Alþingis á næstunni, þannig að þá gefist tækifæri til þess að ræða a. m. k. þann mikilsverða þátt í mótun orkustefnu á Íslandi sem Kröfluframkvæmdin hefur verið.

Þá er einnig til meðferðar hér á hinu háa Alþ. tillaga um orkustefnu frá þm. Framsfl., sem er að mínu viti beinlínis krafa frá öðrum ríkisstjórnarflokknum um að mótuð verði framtíðarstefna í orkumálum á aðra lund en hæstv. ríkisstj. hefur gert til þessa. Það, að annar stjórnarflokkurinn af tveimur skuli flytja slíka till., sýnir aðeins og sannar hversu alvarlegt ástand er í orkumálum þjóðarinnar, þegar annar stjórnarflokkurinn telur sig í raun réttri knúinn til þess að gera uppreisn gegn stefnu hæstv. orkumálaráðh. og ríkisstj. í heild. Ég lít á þennan tillöguflutning Framsfl. um stefnumótun í orkumálum sem uppreisn af hans hálfu gegn stefnu hæstv. ráðh. Ég held að öllum alþm. og þ. á m.

hæstv. ráðh. sjálfum sé þetta fullkomlega ljóst. En undir þeim hatti og í þeim umr. er sem sé hægt að fara öllu lengra út í þá sálma að ræða stefnuna í orkumálum almennt heldur en ástæða er e. t. v. til að gera við umr. um þetta frv.

Það var út af fyrir sig alveg rétt hjá hæstv. iðnrh. þegar hann svaraði hv. þm. Þórarni Þórarinssyni á síðasta fundi þessarar hv. d. og sagði m. a., að hér væri ekki um að ræða frv. sem flutt væri með öðrum hætti um þessi mál en tíðkast hefði allt fram til þessa, hér væri ekki um það að ræða að hann sem málsvari ríkisstj. og ríkisstjórnarflokkanna í orkumálum, því það er hæstv. ráðh. tvímælalaust enn þá, hvað sem verður, væri að taka upp neina nýja starfshætti í sambandi við frv.-flutning þennan. Hér er um að ræða frv. um virkjunarmál sem er flutt í anda frv. sem áður hafa verið flutt og samþ. hér á hinu háa Alþ. En það sem veldur því, að ég er einn af þeim sem telja að þessi frv.-flutningur eigi ekki erindi lengur, er sú reynsla sem við alþm. höfum fengið af því að slík frv. séu flutt og afgreidd með þessum hætti, sem heimildarlög til ríkisstj. frá Alþ. til þess að ráðast í stórar framkvæmdir án þess að Alþ. hafi nema algera lágmarksvitneskju um hvaða framkvæmd sé að ræða og raunar afsali sér frá og með þeim tíma, þegar heimildarfrv. er samþ., öllum ítökum og áhrifum í málinu.

Ég tel að það hafi komið í ljós t. d. í sambandi við Kröfluvirkjun, að hér er um ráðstöfun að ræða sem ekki er aðeins heimskuleg, heldur stórhættuleg. Ég vil aðeins í því sambandi biðja hv. alþm. að kynna sér umr. sem urðu hér á hinu háa Alþ. þegar frv. um Kröfluvirkjun var upphaflega flutt. Hæstv. þáv. iðnrh. gerði í framsögu sinni grein fyrir því, hvernig hann hugsaði sér að standa að þeirri framkvæmd, og ég efast ekkert um að hæstv. þáv. iðnrh. ætlaði sér í raun réttri að standa þannig að því eins og hann skýrði Alþ. frá. Þar var m. a. gert ráð fyrir því, ef minni mitt brestur ekki, því það er nokkuð síðan ég kynnti mér allar þessar umr., að þessi framkvæmd færi mjög hægt og varlega af stað, og var m. a. gert ráð fyrir því, ef ég man rétt, að það væri ekki fyrr en á árinu 1978 eða 1979 sem fyrstu tilraunir á vélabúnaði virkjunarinnar gætu átt sér stað og þá aðeins á broti á því afli sem frv. gerði ráð fyrir að heimila ríkisstj. að koma á við Kröflu. Og hæstv. iðnrh. tók það sérstaklega fram, að kostir jarðgufuvirkjana væru einmitt þeir, að það væri hægt að byggja þær öðruvísi en vatnsaflsvirkjanir, með þeim hætti, að í vatnsaflsvirkjun þarf að stífla alla ána, það er ekki hægt að stífla hana í smáhlutum eða áföngum, en kosturinn við jarðgufuvirkjun er einmitt sá, að það er hægt að reka hana lengi vel sem tilraunavirkjun með litlu afli, með því að hafa tiltölulega fá „unit" í gangi, eins og mig minnir að hæstv. ráðh. hafi sagt, og bæta síðan við vélaorku smátt og smátt.

En það var einn hv. þm. sem lýsti því yfir í þeim umr., að hafa ætti þá aðferð í málinu sem síðar var upp tekin. Sá þm. var hv. þm. Jón Sólnes, formaður Kröflunefndar. Hann lýsti því yfir í þessum umr., að það væri algjörlega ástæðulaust að vera neitt að bíða eftir frekari rannsóknum eða tillögum sérfræðinga, heldur sjálfsagt að fara strax út í að panta vélar og efni til virkjunarinnar, áður en frekari rannsóknir væru framkvæmdar eða tillögur lægju fyrir, þannig að þær athuganir þyrftu út af fyrir sig ekki að tefja framgang málsins.

Þarna rákust á tvær framkvæmdaaðferðir: framkvæmdaaðferð hæstv. þáv. iðnrh. og framkvæmdaaðferð hv. þm. Jóns Sólness, sem síðar varð formaður Kröflunefndar. Ég þarf ekki að skýra það fyrir alþm., hvor hátturinn var uppi hafður, hvort sjónarmiðið það var sem réð. Ég vil aðeins benda hv. alþm. á að með þeim hætti, sem frv. um Kröfluvirkjun var afgreitt, hafði Alþ. afsalað sér öllum ítökum til áhrifa á það mál, en hélt ábyrgðinni eftir í sínum höndum. Jafnvel kynning hæstv. þáv. iðnrh. á málinu, upplýsingar hans til Alþ. um hvernig ætti að því máli að vinna, nægðu ekki, vegna þess að sá ráðh., sem síðar tók við, eða þeir aðilar, sem síðar tóku við framkvæmdinni, framkvæmdu hana með öðrum hætti en hæstv. þáv. iðnrh. hafði lýst fyrir Alþ.

Jafnvel yfirlýsingar iðnrh. í þessu sambandi eru engin trygging fyrir Alþ. eða alþm. Þetta hlýtur að færa okkur heim sanninn um það, þessi dýrkeypta reynsla, að Alþ. getur ekki og má ekki með slíkum hætti algjörlega afsala sér öllum áhrifum á framkvæmd slíks stórmáls eins og virkjanir eru, jafnframt því sem Alþ. er frá upphafi látið taka á sig ábyrgðina. Því ég vil minna hv. alþm. á að þegar þeir, sem bera ábyrgð á virkjunarframkvæmdum í þessu landi, eins og þeir sem staðið hafa að virkjunarframkvæmdunum við Kröflu, eru teknir í gegn og gagnrýndir fyrir þátt sinn í því máli, þá velta þeir ábyrgðinni beina leið yfir á Alþ., yfir á okkur, sem hér sitjum, og segja að það hafi verið Alþ. sem tók ákvörðunina um þetta, það sé Alþingi sem beri ábyrgðina.

Ég er hræddur um að það kæmi svipur á alþm. ef t. d. hæstv. menntmrh. flytti um það frv. hér á Alþ., að Alþ. samþ. að heimila honum að ráðstafa til framkvæmda í menntamálum samkvæmt A-hluta fjárlaga upphæð sem næmi 19 milljörðum röskum, samkvæmt nánari ákvörðunum menntmrh., sem síðan ætti að sjá um framkvæmd málsins. Blönduvirkjun kostar á verðlagi í haust milli 19 og 20 milljarða kr. það er sama upphæð og fjárlög fyrir árið 1978 gera ráð fyrir að renni til menntamála undir lið 02 í A-hluta fjárlaganna til allra þeirra stofnana og einstakra framkvæmda sem þar eru taldar upp. Þessi afgreiðsla, að gefa einum ráðh. eða ríkisstj. heimild til að vinna að framkvæmd í landinu upp á 19 000 millj. kr. án þess að Alþ. hafi neitt þar um að segja annað en að fela handhöfum framkvæmdavalds að vinna slíkt verkefni væri það sama eins og ef við samþ. að till. menntmrh. að láta hann eða hans rn. hafa til ráðstöfunar 19—20 þús. millj. kr. til framkvæmda í menntamálum samkv. A-hluta fjárlaga eftir nánari ákvörðun ráðh. Ég er ansi hræddur um að það kæmi svipur á hv. alþm. ef slíkt frv. væri flutt. En þannig er staðið að því frv., sem hér er flutt til laga um virkjun Blöndu, og þannig hefur verið staðið að öllum frv. um virkjunarmál, sem flutt hafa verið og samþ. á hinu háa Alþ. Þannig að það er út af fyrir sig alveg rétt hjá hæstv. iðnrh., að með þess-

um frv.- flutningi hefur hann ekki breytt út af hefðinni. Hér er um að ræða nákvæmlega sams konar málatilbúnað og Alþ. þekkir. En eins og ég sagði áðan, þá hefur Alþ. reynslu af slíkum framkvæmdum sem er ógnvekjandi, reynslu sem er þannig, að virkjunarframkvæmdirnar við Kröflu hafa gert meira en að kosta þjóðina 10 þús. millj. kr. sem hún fær ekkert fyrir. Virkjunarframkvæmdirnar hafa kostað að Alþingi Íslendinga verður árlega að verja 1 500—1 900 millj. kr. eingöngu til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd, sem unnin hefur verið fyrir 10 þús. millj. kr. og engum arði getur skilað. Hér er um að ræða byrði af heimskulegri framkvæmd, sem er áþekk um það bil ⅛ af byrðinni sem þjóðin varð að bera vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Mistökin við Kröflu kosta okkur árlega a. m. k. sem samsvarar ⅛ af því áfalli sem við urðum fyrir vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, fyrir utan það, að þær 10 þús. millj. kr., sem þarna er um að ræða, hefðum við allt eins getað tekið og kastað í sjóinn. Svo eru menn að furða sig á því, að íslensk alþýða skuli ekki hafa álíka afkomumöguleika og álíka mikinn kaupmátt fyrir sín laun eins og fólk í nálægum löndum. Hvað haldið þið, hv. alþm., að hægt hefði verið að gera við það fé, sem nú liggur bundið engum til gagns norður við Kröflu, til þess að bæta hag íslensks launafólks með einum eða öðrum hættit?

Ég tel að frv. eins og það, sem hér er flutt, sé þess eðlis að Alþ. geti ekki lengur afgreitt slík mál frá sér. Með þessu er ég ekki að taka afstöðu á móti því, að Blanda verði virkjuð. Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt. Það getur vel verið að það sé eðlilegt og réttlátt. En ég hef bara ekki í höndum, hvorki í þessu frv. og fskj. né í neinu því, sem fram hefur komið, neinn rökstuðning sem ég get fallist á að sé þess eðlis, að ég geti gert mér grein fyrir hvort tímabært sé að ráðast í þessa framkvæmd. Á meðan ég verð ekki sannfærður um að það sé rétt og tímabært að eyða 20 milljörðum af fé þjóðarinnar til ákveðinnar framkvæmdar, þá mun ég greiða atkv. gegn því. Ég mun ekki sitja hjá, ég mun greiða atkv. gegn því.

Við skulum átta okkur á því, hvað fylgir þessu frv. af rökstuðningi fyrir framkvæmdinni. Það fylgja nokkur landakort sem sjálfsagt eru gagnleg fyrir þá sem vilja kynna sér betur staðhætti í nágrenni virkjunarsvæðisins. Ekki kvarta ég yfir því, að landafræðiþekking þm. sé aukin, en fyrir það borga ég ekki 20 þús. millj. kr. af almannafé. Þá eru á bls. 6 nokkrar helstu einkennistölur á fskj. I og á bls. 7 nokkrar kostnaðartölur á fskj II. Þar kemur m. a. fram að heildarkostnaður vinnsluvirkja er áætlaður 14.8 milljarðar kr. Hv. þm. Páll Pétursson hefur bent á að hér sé um að ræða sömu kostnaðaráætlun endurprentaða eins og lögð var fyrir hv. Alþ. í fyrra, fyrir einu ári, þegar þetta sama mál var rætt. Við lifum í þjóðfélagi með milli 30 og 40% verðbólgu sem kemur auðvitað misjafnt niður á einstaka framkvæmdaþætti. Samt sem áður er Alþ. ekki einu sinni sýnd sú virðing þegar það á að samþ. framkvæmd upp á 20 þús. millj. kr., að það sé látið vita um endurskoðaða kostnaðaráætlun frá því sem sýnt var í fyrra.

Þegar afgreidd eru fjárlög fá ýmsir kostnaðarþættir fjárlaga, jafnvel kostnaðarþættir upp á fáar millj. kr., endurskoðun frá því að fjárlagafrv. er lagt fram í októbermánuði og þangað til þau eru afgreidd í lok desember. Þessi endurskoðun er gerð ekki einu sinni, heldur tvisvar eða þrisvar, við suma framkvæmdaþætti á þessum tíma. En þegar á að biðja Alþ. að samþ. heimild til ríkisstj. um virkjun upp á kannske 19 þús. millj. kr., 20—21 þús. millj. — guð má vita hvað, þá er þinginu ekki einu sinni sýnd sú virðing, að það sé látið sjá endurskoðaðar kostnaðaráætlanir sem eru orðnar meira en eins árs gamlar, sennilega eins og hálfs árs gamlar, í verðbólgu sem á ársgrundvelli er a. m. k. 35%.

Ef við lítum aðeins betur á þessa kostnaðaráætlun, þá eru okkur gefnar upplýsingar um framleiðslukostnað á kwst., 2.43 kr., og okkur er sagt: Þetta er niðurstaðan um hagkvæmni virkjunarinnar. Kostnaðurinn á kwst. af rafmagni, sem hún framleiðir, verður 2.43 kr. Hér er um að ræða tölur, eins og margoft hefur verið bent á, sem verkfræðingar nota til þess að velja á milli ákveðinna virkjunarkosta. Þessar tölur segja ekki nokkurn skapaðan hlut um kostnaðarverð á kwst. frá virkjun miðað við markaðsaðstæður á hverjum tíma. Hér er aðeins um að ræða kostnaðartölur, mjög grófar áætlanir, fyrir verkfræðinga til að segja til um hvort að þeirra áliti sé hagkvæmara að virkja á stað A heldur en á stað B. Við skulum setja þetta upp með svolitið öðru dæmi, svo að menn átti sig betur á hvað hér er um að ræða.

Við skulum segja sem svo, að hæstv. ríkisstj. leggi fyrir Alþ. að ríkissjóður taki þátt í því að reisa skóverksmiðju á Íslandi, sennilega um leið og skipaútgerð ríkisins og Landsmiðjan og önnur slík þjóðþrifafyrirtæki yrðu lögð niður. Við skulum segja sem svo, að látin hafi verið fara fram athugun á því, hver yrði framleiðslukostnaður á eitt par af skóm miðað við það, að þarna væri um að ræða verksmiðju sem framleiddi 10 þús. pör af skóm í öllum stærðum, frá númeri 36 upp í númer 45, ef það væri kostur A, og hver yrði framleiðslkostnaður á eitt par af skóm miðað við það, að verksmiðjan framleiddi 10 þús. pör af hægri fótar skóm í stærðinni 45. Að sjálfsögðu yrði kostnaður við það að framleiða 10 þús. pör af hægri fótar skóm í stærðinni 45, framleiðslukostnaður á skó, miklu, miklu minni heldur en framleiðslukostnaður á skó við að framleiða 10 þús. pör af skóm í öllum stærðum, frá stærðinni 36 í stærðina 45. Við skulum segja sem svo, að við alþm. samþ. síðan í kjölfar þessarar athugunar frv. þar sem ákveðið væri að reisa skóverksmiðju til þess að framleiða 10 þús. pör af hægri fótar skóm í stærðinni 45. Skyldi nú ekki koma svipur á okkur þegar fara ætti að selja þennan skófatnað? Hver skyldi vilja kaupa 10 þús. hægrifótarskó í stærðinni 45?

Það er nákvæmlega það sama sem verðið er að gera hér. Þarna er verið að sýna okkur kostnaðartölur til þess að velja á milli einstakra kostnaðarþátta, t. d. stórrar virkjunar við Blöndu eða smárrar virkjunar í Villinganesi, og það er sagt hvað framleiðslukostnaðarinn yrði á einingu, miðað við að allt væri selt, en það er bara ekki allt selt. Við þurfum að fá að sjá hver á að kaupa

alla þá orku sem Blanda á að framleiða, þannig að hægt sé að selja orkuna á 2.43 kr. Hvað haldið þið að kostnaðarverðið á framleidda kwst. yrði ef Blönduvirkjun væri risin og aðeins væri hægt að selja sem samsvaraði 10% af mögulegri framleiðslugetu virkjunarinnar? Láta menn sér þá detta í hug að kostnaðarverðið á kwst. yrði 2.43 kr.? Nei, auðvitað ekki.

Það verð, sem Krófluvirkjun þarf að fá fyrir þá orku sem sú virkjun getur selt í dag, miðað við þær þarfir sem eru fyrir þá orku, er yfir 40 kr. á kwst., þó að framleiðslukostnaður virkjunarinnar hafi verið reiknaður eitthvað undir 2 kr. á kwst., ef ég man rétt.

Þetta er náttúrlega alveg fráleitt og fáheyrður barnaskapur af alþm., ef þeir taka við því að samþ. framkvæmd eins og hér um ræðir, samþ. fyrirtæki sem kostar í uppbyggingu 20 milljarða kr., án þess að einu sinni sé reynt að spá um hvernig þetta fyrirtæki eigi að losna við framleiðslu sína. Hvað mundu menn segja, ef þinginu hefði á sínum tíma verið sýnt frv. um málmbræðsluna á Grundartanga án þess að nokkuð hefði fylgt um það, hvernig ætti að selja framleiðsluvöru fyrirtækisins? (Gripið fram í.) Já, það er á dagskrá hér. Ég hélt að hv. þm. Jónas Árnason vissi það allra manna best, því ég held hann hafi ekki gert annað s. l. tvö ár en að stúdera það mál. En gott og vel. Ég er ansi hræddur um að það kæmi svipur á menn, ef þeim væri undir eðlilegum kringumstæðum sýnd áætlun um gerð fyrirtækis er kostaði 20 þús. millj. kr. án þess að fylgdi svo mikið sem stafur um hvernig þetta fyrirtæki ætti að selja sína framleiðsluvöru, hver vilji kaupa og hversu mikið sé hægt að selja. Ég tek það fram strax til þess að fara ekkert að orðlengja miklu meira þar um, að ég mun aldrei samþ. heimild til einnar eða neinnar ríkisstj. um eina eða neina virkjun án þess að ég fái að sjá slíkar tölur, án þess að ég fái að sjá spár um hvernig eigi að reka virkjunina á a. m. k. fyrstu árunum, hver ætli að kaupa, hver nauðsynin sé, hver þörfin sé á slíkri framkvæmd og hvernig hún komi út rekstrarlega. Ég bað um, þegar ég tók til máls um þetta sama mál í fyrra, að slíkt yrði sýnt. Nú er málið endurflutt og ekkert af því fylgir.

Ég sem sé dreg ekki í efa að svo stöddu hagkvæmni virkjunar Blöndu. Ég dreg heldur ekki í efa, að það geti vel verið að nauðsynlegt sé að ráðast í þessa framkvæmd. Ég einfaldlega treysti mér ekki til þess að meta neitt af því vegna þess, að ég finn ekkert í þessu frv. sem sýni mér það svart á hvítu, þannig að ég geti sannfærst um það sjálfur. Um þetta vantar allar upplýsingar, og mér finnst það hreint glapræði af mér sem alþm. að ætla að taka ábyrgð á framkvæmd eins og þessari án þess að hafa nokkrar upplýsingar þar að lútandi. Ég veit að þetta hefur verið gert. Ég veit að alþm. hafa tekið á sig slíka ábyrgð. En hún hefur heldur betur komið þeim í koll. Ég hélt að menn vissu það, að við Íslendingar höfum nóg við peningana að gera. Ég hélt að menn væru búnir að gera sér grein fyrir því, að það eru ekki algild sannindi og langt í frá, að það sé gott að byggja eina virkjun, betra að byggja tvær virkjanir, best að byggja þrjár virkjanir. Auðvitað er gott að eiga þrjár, fjórar, fimm virkjanir ónotaðar uppi í erminni til þess að hlaupa upp á kringum árið 2001 eða eitthvað slíkt. En slíkt getur ekki neinn leyft sér nema sá sem hefur það mikið af fjármunum úr að spila, að hann á við peningana að gera. Mér finnst að áður en veit ekki hvað hann á við peningana að gera. Mér finnst að áður en við vitum hvernig við eigum að leiða til lykta framkvæmd í orkumálum sem kostaði okkur 10 þús. millj. kr. og hefur engu skilað okkur enn og mun engu skila okkur á næstu árum nema tapi, þá sé ábyrgðarhluti af okkur að ráðstafa tvöfaldri þeirri upphæð í aðra virkjun sem ég fæ ekki séð að nauðsyn sé á.

Ég vil aðeins að lokum benda mönnum á þá einföldu staðreynd, að í stjórnuorkupsánum, sem við höfum fengið, m. a. orkuspánni frá orkuspárnefnd frá febr. 1977, er framkvæmd spá — ekki um orkunotkun, heldur um orkuþörf, af þeirri einföldu ástæðu að þar eru settar fram í tölum upplýsingar um þarfir íslensku þjóðarinnar fyrir raforku. Þetta er ekki spá um orkunotkun, vegna þess einfaldlega að það er langt frá því að hægt sé að uppfylla þær þarfir, jafnvel þó okkur skorti ekki fé til virkjana, einfaldlega af sömu ástæðu og Alþ. hefur verið sett upp að vegg gagnvart virkjuninni við Sigöldu og framkvæmd málmblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Við vitum að það er skortur á raforku til húsahitunar, t.d. vestur á fjörðum og norður í landi. Við vitum að við höfum hér á suðvesturhorninu, á Landsvirkjunarsvæðinu, meira en nóg af ódýrri raforku, ódýrustu orku sem við eigum til í okkar landi, og þá er ekki furða að fólk spyrji: Hvernig stendur þá á því, að Alþ. er neytt til þess að selja þá raforku erlendu stóriðjufyrirtæki en ver ekki orkunni heldur til þess að kynda upp húsnæði fólks norður eða vestur á landi? Svarið er að sjálfsögðu ákaflega einfalt. Svarið er svo einfalt, að raforka verður ekki flutt með skipum eða flugvélum. Hún verður ekki send í bögglapósti, hversu duglegir sem menn eru að pakka bögglum inn. Raforka verður að flytjast eftir þeim leiðum sem raforka er flutt, og við hreinlega getum ekki komið hinni ódýru orku af suðvesturhorninu til fólksins sem býr við orkuskortinn á Norður- og Vesturlandi, vegna þess að bæði skortir línurnar, sem eiga að flytja þessa raforku, og dreifikerfið í bæjum og byggðarlögum á þessum stöðum. Þetta er hið stóra gat í orkuspá stjórnuspámannanna sem hæstv. ráðh. styðst við. Þetta er hið stóra gat. Það er alveg rétt metin þörfin á raforku sem kemur fram í orkuspánni. En það hefur bara algjörlega gleymst að geta þess hjá orkuspánefnd, að það er ekki hægt að fullnægja þessari þörf þó að raforka sé fyrir hendi, einfaldlega vegna þess að það eru ekki til flutningsleiðir fyrir hana. Þar vantar bæði stofnlínur, dreifilínur og endurbyggingu alls raflínukerfis í kaupstöðum.

Ég hef spurt að því, hvað þetta mundi kosta og hvað það mundi taka mörg ár að koma þessari forsendu í lag svo að orkuspáin frá febrúar 1977 sé marktækari heldur en stjórnuspár Dagblaðsins, Vísis og Morgunblaðsins, og mér hefur verið kýrt frá því, að það sé enginn maður í landinu sem hafi yfir þeim upplýsingum að búa, að hann treysti sér til að áætla kostnaðinn. Að vísu getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað kostnaðinn við gerð dreifilína, en hann hefur engar upplýsingar

til þess að áætla kostnað við endurbyggingu dreifikerfisins, t. d. í kaupstöðum og öðrum þéttbýlisstöðum, svo að hægt sé vegna dreifikerfisins að taka upp rafhitun húsa. En hann hefur sagt það í mín eyru og fleiri manna, að jafnvel þó að nægir peningar væru til til þess að vinna þetta, sem ekki eru og ekki hafa verið útvegaðir, þá væri ekki nægilega mikið til af sérhæfðu vinnuafli í landinu til þess að vinna þetta verk á skemmri tíma en 10 árum. M. ö. o.: gatið í orkuspá orkuspárnefndar frá árinu 1977, sem hæstv. ríkisstj. reisir öll sín framkvæmdaáform á, það er svo stórt að í það verður ekki stoppað á skemmri tíma en 10 árum og á meðan hripar allt niður.

Þetta vildi ég biðja fólk að hafa í huga. Orkuspá orkuspárnefndar frá árinu 1977 er með þeim stóra galla, að jafnvel þó að þörfinni sé þar rétt lýst er þar ekki spáð um notkunarmöguleika, vegna þess að þar vantar það sem við á að éta. Það vantar í hana frásögn og áætlun, frásögn af því, hvernig dreifikerfið er, og áætlun um hvernig eigi að endurbæta það.

Að lokum þetta: Mér finnst sjálfsagt og mun styðja að því fyrir mitt leyti, að Alþ. verji fé til þess að rannsaka hugsanlega virkjunarkosti. Í fskj. VI með frv. því sem hér er flutt, umsögn Jakobs Björnssonar orkumálastjóra um frv., segir m. a., með leyfi forseta:

„Talið er, að nauðsynlegar rannsóknir við Blöndu, þar til unnt er að taka lokaákvörðun um framkvæmd hennar, taki 2—3 ár og kosti hátt í 200 millj. kr.“

Orkumálastjóri segir sem sé að það sé í fyrsta lagi ekki hægt að taka lokaákvörðun um framkvæmd Blönduvirkjunar fyrr en eftir 2—3 ár, og þá leyfi ég mér að spyrja: Hvað er þetta frv. þá að gera hér? Í annan stað upplýsir orkumálastjóri að það taki 2—3 ár að ljúka nauðsynlegum rannsóknum áður en hægt sé að taka þessa ákvörðun og þetta verkefni kosti 200 millj. kr. Ég er reiðubúinn til að samþ. með einum eða öðrum hætti frv. eða þáltill. um að varið verði 200 millj. kr. í því skyni að ljúka þessum rannsóknum við Blönduvirkjun. Ég er fús til að bæta við nokkrum millj. til þess að unnt sé að gera áætlun fyrir okkur alþm. og hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. um rekstrarafkomu slíks fyrirtækis. En ég samþ. hvorki þetta frv. né annað fyrr en slíkt liggur fyrir.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það eru orðnar nokkrar umr. um þetta mál og í þeim hefur ýmislegt komið fram sem freistandi væri að taka til nánari athugunar. En þar sem ég flutti langa ræðu seinast þegar þetta mál var til umr., þá mun ég takmarka mig núna eins mikið og ég mögulega get, en kemst þó ekki hjá því að skoða nokkur atriði nánar.

Í ræðu sinni á miðvikudag í fyrri viku bar hv. þm. Pálmi Jónsson enn á borð röksemdir sem hann hefur áður haldið á lofti og margsinnis hafa verið bornar til baka. Þó verð ég að játa það, að ég kunni ekki alla ræðu hans utan að og þar komu fram athyglisverðar staðreyndir sem ég verð að víkja að nokkrum orðum. Hv. þm. sagði margt spekingslega um nauðsyn á vönduðum undirbúningi verka — og þar er ég sammála honum — og þess vegna eigum við ekki að flana í fjárfestingu að óyfirveguðu máli né setja lög um framkvæmdir sem enn eru á frumstigi undirbúnings og engan veginn er ljóst hvernig þróist.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson og einnig hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, gerðu ágætan samanburð á þessu frv. til laga og á frv. um Kröflu. Og víst er um það, að þar er flest á sama veg. Raunar eru þó þættir í frv. um Blöndu sem eru miklu alvarlegri heldur en við Kröflu og líkari því sem var við Laxá, þ. e. a. s. náttúruverndarþáttur og samskiptin við fólkið heima fyrir. Afstaða bændafólks í þeim sveitarfélögum, sem þarna er áformað að eyðileggja, hefur komið mjög glöggt í ljós, bæði þeirra, sem eru framkvæmdinni meðmæltir, og eins hinna, sem eru raunar miklu fleiri, sem ekki vilja að af þessari landeyðingu verði og telja aðra kosti heppilegri. Þessi afstaða hefur verið látin í ljós á ýmsa vegu, bæði með fundarsamþykktum, sem sumar eru prentaðar sem fskj. með till. til þál. um virkjun Hérðsvatna og ég bið hv. d. og þá sérstaklega iðnaðarnefndarmenn að kynna sér vandlega, í ágætum blaðagreinum, svo sem hjá Jóni á Torfalæk og Rósmundi á Hóli, og eins hefur skoðun manna komið fram með ýmsu öðru móti. Þetta get ég fullyrt þar sem ég hef haft ágætt tækifæri til þess að kynna mér málið, þekki bæði nákvæmlega hvað þarna er í húfi af landsgæðum og auk þess fólkið, lífsskoðun þess og siðferðisvitund. Það eru fleiri en ég úr þessum byggðum sem telja að suma hluti sé ekki hægt að selja. Það er ríkjandi viðhorf þar sem betur fer.

Ég verð að lesa — með leyfi forseta — úr einni af þessum ályktunum, en það er umsögn sveitarstjórna austan Blöndu, þ. e. a. s. umráðamanna Eyvindarstaðaheiðar, um þáltill. um Villinganesvirkjun og um frv. til laga um virkjun Blöndu, en þetta er prentað sem fskj. með þáltill. um Villinganesvirkjun. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Því telur fundurinn augljóst, að fullnægjandi samstaða náist aldrei meðal landeigenda um Blönduvirkjun eftir þeim hugmyndum sem nú eru uppi, og telur því ástæðulaust að frekari viðræður fari fram í þeim efnum.“

Mér þóttu óviðeigandi hótanir sem komu fram í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar í garð bænda varðandi eignarrétt sem tekinn yrði af þeim ef þeir yrðu ekki þægir. Svona málflutningur tel ég að sé bónda í Húnaþingi til vansæmdar. Ég er hins vegar sammála hv. þm. Pálma Jónssyni um það, að augljóst er að orkukreppa vofir yfir veröldinni. Það er grundvallaratriði í afstöðu minni til stóriðju og virkjunarmála, og á því byggist sú skoðun mín, að við verðum að hagnýta orkulindir okkar sjálfir og fyrir okkur sjálfa, en ekki reisa virkjanir til þess að selja útlendum auðfélögum ódýra orku. Þess vegna eigum við að sjá okkur skynsamlega farborða sjálfir og miða virkjunarframkvæmdir við eigin markað, eftir því sem þörfin knýr á, en ekki reisa virkjanir sem ekki er hægt að nýta af okkur sjálfum nema á óskynsamlega löngum tíma. Á þetta hef ég margoft bent og á eftir að benda margoft. Og það er, eins og ég benti á í fyrri viku, grundvöllurinn undir hagkvæmu framleiðslukostnaðarverði raforku Blönduvirkjunar, að orkukaupandi fáist að

mestallri orkunni strax, og það er undirstrikað sérstaklega í umsögn orkumálastjóra, eins og ég las upp orðrétt um daginn.

Þá kem ég að því atriði í ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar sem ég var allra mest undrandi á, en hv. þm. sagði orðrétt: „Ég tel beinlínis að við eigum a. m. k. að hika við, ef ekki slá striki yfir öll ný stóriðjufyrirtæki af þeim toga, sem við höfum verið að byggja undanfarið, þ. e. álbræðslur, og járnblendiverksmiðjur, vegna þess hve fyrirsjáanlega er mikil nauðsyn þjóðarinnar sjálfrar og hins almenna orkumarkaðar á komandi árum.“

Þarna kom setning sem ég hafði ekki heyrt hann segja áður og ég fagna ákaflega og legg á minnið. Batnandi manni er best að lifa. Þetta er fjórði veturinn sem við erum saman hér í hv. d., og ég hef horft upp á hv. þm. samþ. lög um járnblendisamning við Union Carbide 1975, lög um stækkunarleyfi álversins 1976, lög um járnblendisamning við Elkem 1977 án þess að blikna eða blána, og þá ætti hann nú að láta staðar numið, úr því að hann er búinn að sjá að sér, og vera ekki að nudda á þessari virkjunartillögu um Blöndu, því það er bara að stinga hausnum í sandinn og einber óskhyggja, að skynsamlegt geti verið að byggja svo stóra virkjun nú stóriðjulausa. Ekki byggðum við Sigöldu stóriðjulausa, ekki byggjum við Hrauneyjafoss stóriðjulausan, hvað svo sem líður svari hæstv. iðnrh. til hv. þm. Þórarins Þórarinssonar í umr. í fyrri viku. Hvers vegna er þá verið að mæla fyrir línu frá Hrauneyjafossi beint út á Hvalfjarðarströnd, ef ekki er hugmyndin að reisa verksmiðju þar? Hvers vegna biður hæstv. iðnrh. fylgismann sinn í fjvn. um sérstaka upphæð til stóriðjunefndar og hv. þm. Pálmi Jónsson lætur 10 millj. til þess verkefnis, ef hv. þm. er orðinnn á sömu skoðun og ég um vandræði stóriðjunnar? Hvers vegna er stóriðjunefnd höfð í því að tala um þriðja kerskálann í Straumsvík ef Hrauneyjafoss á að virkja til heimilisnota?

Í skýrslu Landsvirkjunar frá 25. jan. 1978 um *undirbúning Hrauneyjafossvirkjunar segir m. a.*, þar sem rakin eru þau rök sem lágu til þess að Hrauneyjafossvirkjun er í byggingu, þetta er á bls. 3, í lið 2: „Með Hrauneyjafossvirkjun er hægt að mæta stóraukinni eftirspurn til stóriðju“. Síðar, í niðurlagi kaflans á bls. 4, segir orðrétt, með leyfi forseta: „Að lokum skal þess getið, að verði tekin ákvörðun um annan virkjunarkost en Hrauneyjafoss verður að telja að teflt sé í tvísýnu orkuöflunarmálum Landsvirkjunar. Í fyrsta lagi virðist sem þá yrði valin dýrari eða a. m. k. ekki ódýrari leið en virkjun Hrauneyjafoss býður upp á. Í öðru lagi væri lagt út í meiri óvissu um orkuafhendingaröryggi til orkukaupenda Landsvirkjunar.“ Ég skýt því hér inn í, að þarna virðist mér að þeir séu hræddir um að þeir geti kannske ekki staðið við skuldbindingar sínar til álversins í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunnar. Síðan heldur áfram í greininni: „Í þriðja lagi mundi það koma í veg fyrir að hægt yrði að koma á fót aukinni stóriðju eitthvað fram eftir næsta áratug, og þannig væri hindruð e. t. v. mjög æskileg þróun í þeim efnum.“ — Lýkur hér tilvitnun í skýrslu Landsvirkjunar.

Flestir stjórnarliðar létu þvæla sér út í að samþ. járnblendiverksmiðjufrv. til þess að reyna að koma Sigöldurafmagninu í lóg, tryggja yrði sölu á 70 mw., sem annars yrðu afgangs í kerfinu. Hvers vegna var hv. þm. Pálmi Jónsson að sitja á fundum með fulltrúaráði sjálfstæðismanna norður í Skagafirði fyrir 54 vikum til þess að reyna að fá þá til að taka við álverksmiðju frá Norsk Hydro, úr því að hann vill slá striki yfir *stóriðjuframkvæmdir*.

Ég sagði áðan að ég mundi leggja afstöðu hv. þm. á minnið, og ég lofa honum því að minna hann á þessi orð svo lengi sem mér þykir þurfa, þegar til umr. kemur þriðji kerskálinn, þegar nýjar stóriðjuframkvæmdir á Hvalfjarðarströndinni verða til umr. hér, þegar næsta Hydrohrinan verður gerð, þegar hugmyndin um súrálsverksmiðju á Reykjanesi skýtur upp kollinum næst o. s. frv., eða aðrir þættir Integral-áætlunarinnar, sem hæstv. iðnrh. skrifaði þó upp á minnispunkta í fyrra um að halda áfram að vinna að.

Hv. þm. Pálmi Jónsson var fullur vandlætingar yfir mér, að ég leyfði mér að rengja sérfræðinga, það væri hreint hneyksli, eða eins og hann orðaði það: að þykjast sá maður að bera brigður á það sem okkar færustu menn segja eða á niðurstöður okkar færustu vísindamanna. Ég vil taka það fram strax, að ég mun óhikað vefengja það sem mér sjálfum þykir að ekki fái staðist, án tillits til þess að einhverjir færustu menn haldi öðru fram, og mynda mér skoðanir sjálfur eftir bestu samvisku, þó að einhverjir Salómonar hafi aðrar skoðanir, af því, eins og segir í vísunni: „Öllum getur yfirsést, og einnig þeim á Fjalli.“

Þrátt fyrir það, að ég taki með ofurlítilli varúð jafnvel okkar færustu menn, þá verð ég hér og nú að benda hv. þm. Pálma Jónssyni á umsagnir nokkurra af okkar færustu mönnum sem eru sömu skoðunar og ég um til hvers Blönduvirkjun verði notuð, og ég leyfi mér að halda fram, að þeir hafi allir enn þá meiri þekkingu á orkumálum en hv. þm. Pálmi Jónsson. Ég vitna þá fyrst í þann sem hv. þm. ætti að taka allra frekast mark á, bæði vegna langrar og ötullar baráttu hans fyrir ákveðinni þjóðfélagsuppbyggingu skýrrar hugsjónar, en fyrst og fremst hreinskiptni sem er til fyrirmyndar, og þá á ég auðvitað við félaga okkar, hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson. Hann sagði, með leyfi forseta, í fyrravetur, 8. mars, í umr. um till. þeirra Sverris Hermannssonar um staðarval stóriðju á Norður- og Austurlandi: „Við vitum bara að tækniframfarir í heiminum eru gífurlega miklar, og þess vegna finnst mér alveg *jafnfráleitt eins og það væri að byggja* 20 álbræðslur að afskrifa þann möguleika um alla framtíð að við förum út í frekari orkufrekan iðnað, og auðvitað greiðir það fyrir virkjunum eins og Blönduvirkjun ef orkusölusamningur er fyrir hendi.“

Þetta ætti í raun og veru að nægja til þess að hv. þm. áttaði sig, þar sem hv. þm. hlýtur að taka meira mark á þessum sérfræðingi en öðrum mönnum dauðlegum og hafa fyrir leiðtoga lífs síns. En ég get þó til viðbótar og af öryggisástæðum vitnað í minni spámenn líka, og þeir tóku reyndar sumir afdráttarlausar til orða en hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem raunar síðar hefur dregið úr þessum ummælum sínum þegar ég hef áður vitnað til þeirra. En af þessum minni spámönnum vil ég fyrst vitna til dr. Jóhannesar

Nordals seðlabankastjóra. Hann flutti ræðu á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna 1975, ræðu sem birt var í Morgunblaðinu 8. mars það ár og auk þess í Fjármálatíðindum, 1. hefti 22. árgangs, en þar segir Jóhannes:

„Blönduvirkjun er ákjósanleg til þess að ná því markmiði að hægt sé að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Norðurlandi, t. d. við Eyjafjörð, sem þá mundi fá orku bæði frá Blöndu og Kröflu. Sé þetta rétt metið er mikilvægt að halda áfram virkjunarundirbúningi við Kröflu af fullum krafti á næstunni."

Síðar í ræðunni segir dr. Jóhannes: „Með tveimur nýjum virkjunum á Norðurlandi, Krófluvirkjun og Blönduvirkjun, ásamt samtengingu við raforkukerfi Suðvesturlands munu í fyrsta skipti skapast skilyrði til þess að koma upp orkufrekum iðnaði í stórum stíl á Norðurlandi." — Lýkur hér tilvitnun í dr. Jóhannes.

Þá vitna ég til Bjarna Einarssonar framkvæmdastjóra byggðadeildar Framkvæmdastofnunar, en hann sagði í ræðu á ráðstefnu um iðnþróun á Norðurlandi á Húsavík 24. og 25. júní 1977 samkv. fundarskýrslu, á bls. 20: „Geðfelldasta leiðin til að laga orkubúskap Norðlendinga er ný og hagkvæm stórvirkjun á Norðurlandi, en þetta er einungis hægt ef byggt er upp a. m. k. eitt stóriðjufyrirtæki á Norðurlandi."

Þarna er kveðið fastar að orði en hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni. Og svo lætur hv. þm. Pálmi Jónsson sér eins og vind um eyru þjóta þetta, sem okkar færustu menn segja. Ég þarf ekki frekar vitna við. Ég er ekki sá maður að ég leyfi mér að draga í efa skoðanir þessara manna um tengsl stóriðju og Blönduvirkjunar.

Það var fróðlegur útreikningur sá er hv. þm. Pálmi Jónsson flutti um það, hvað kwst., sem ekki væri til, kostaði. Ég get sannað það fyrir honum með svipuðum röksemdum, að tunglið sé úr grænum osti eða jafnvel bláum. En að öllu gamni slepptu, þá er það vel þess virði að staldra þarna við og íhuga skaðsemi móðursýkisviðbragða af þessu tagi. Orkuskortur á Norðurlandi var 15—20 mw. fyrirsjáanlega þegar Laxáráformin breyttust. Þar af var heildarnotkun á Norðurlandi vestra 6—8 mw. plús orkuveitusvæði Skeiðsfossvirkjunar, sem var sjálfbjarga. Það var einfalt að bæta úr þessum orkukorti. Öruggasta, ódýrasta og fljótvirkasta leiðin var að leggja byggðalínuna. En þá komu fram menn, sumir sem ætluðu að efla sín byggðarlög og aðrir sem ætluðu að græða sjálfir á framkvæmdum, og fóru að æpa um að þetta væri ekki nein úrlausn. Við viljum fá nýjar virkjanir strax. — Kröflumenn tóku til starfa á kostnað framkvæmdahraða byggðalínu og höfðu virkjunina upp á 70 mw. Síðan fóru menn að biðja um Blönduvirkjun, 135 mw. þar eða kannske 150, samtals úrbót upp á a. m. k. 205 mw. plús flutningsgetu byggðalínunnar, sem er 30 mw., til þess að bæta úr orkuskorti sem var 17 mw. Í vetur hefur rafmagn frá Sigöldu farið til Norðurlands og við höfum þurft svona 15 mw. nú um háveturinn og búin að vera leiðindatíð fyrir norðan.

Auðvitað þurfum við Norðlendingar að vera sjálfbjarga með orku. Við þurfum virkjun eins og fyrsta áfanga Héraðsvatnavirkjunar, m. a. með tilliti til öryggis, og það helst sem fyrst.

Hv. þm. Pálmi Jónsson hafði eftir einhverjum manni úti í bæ, að það væri hægt að flytja allt rafmagn frá Blöndu í tvær áttir og með lítils háttar aukabúnaði, eins og hann sagði, í eina átt. Þetta vil ég eindregið vara hann við að gera. Það væri miklu alvarlegra afbrot heldur en að skjóta á einangrun byggðalínunnar úr riffli. Ef hv. þm. sendir meira en 50 mw. eftir línunni, þá bráðnar vírinn. Fræðilega séð gæti hann sent 50 mw. norður og þá önnur 50 suður, en þá þyrfti bara byggðalínan sem sagt að liggja í þrjár áttir.

Það var spaugilegt þegar hv. þm. Pálmi Jónsson var að láta í það skína, að 20 milljarða Blönduvirkjun þyrfti að vera sem varastöð ef eldgos yrði í öðrum virkjunum. Þetta minnir mig á söguna af slæpingjanum, sem taldi það atvinnu sína að selja reyklitað gler þegar sólmyrkvi væri. Auðvitað er áhættusamt að hafa stjórnarstofnanir og höfuðborg hér á eldvirku svæði, og kannske við ættum að drífa í því að flytja höfuðborgina til Blönduóss?

Það er ekki hyggilegt að fjárfesta í virkjun sem ekki yrði fullnýtt fyrr en 5 árum eftir að hún er fullgerð. A. m. k. er ekkert að marka verðútreikning þar sem ekki er tekið tillit til þessa.

Ekkert skil ég í Pálma Jónssyni, hv. þm., að láta samanburð á verði Blönduvirkjunar og Villinganesvirkjunar út úr sér eins og hann gerði hér um daginn. Þar á ofan er enn þá fráleitara að fara að leggja saman kostnaðartölur Bessastaðaárvirkjunar og Blönduvirkjunar á þann hátt sem hann gerði. Að vísu ber að taka kostnaðartölur, ekki síst lítið rannsakaðra virkjana, með mikilli varúð. Ég hef heyrt, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hæstv. iðnrh. hvað eftir annað fullyrða héðan úr þessum ræðustól, að orka frá Kröflu yrði með því hagkvæmasta sem völ væri á. Ég get flett þessu upp í Alþingistíðindunum við tækifæri, ef menn óska þess.

Hv. þm. Pálmi Jónsson las hér upp bollaleggingar Jóhanns Más Maríussonar um orkuforða Íslendinga, og staðfesti hann þá raunar kenningu mína. Við skulum vera sammála um, að hægt sé að vinna á Íslandi 25 þús. gwst. á ári úr vatnsorku, og hugsa okkur að stjörnuspá orkuspárnefndar rættist, að framleiðslugetan þyrfti að vera 6370 gwst. orkuvinnsla árið 2000 — og þetta er uppáhaldsorkuspá ráðh. — Síðan 4% orkuaukningarþörf á ári fram eftir öldinni, þ. e. a. s. tvöföldun á rétt liðlega 18 árum. Árið 2018 yrði þá framleiðslan 12740 gwst., árið 2036 25480 gwst., og þá væri vatnsorkan fullnýtt. Þetta eru raunar aðeins harðari tölur en ég var með hér í fyrri viku. Ég nefndi ekki orkuforða okkar í jarðvarma á háhitasvæðunum. Ég hef heyrt ágiskanir um að hann sé allt að 60 þús. gwst., en ekki 25 þús. gwst. eins og Jóhann Már Maríusson segir. En nýting jarðgufu til rafmagnsframleiðslu er enn sem komið er örðugleikum bundin. Jafnvel þótt við gætum átt von á því, að það yrði ekki í tíð barna okkar, heldur barnabarna okkar, sem orkuforði Íslendinga yrði fullnýttur úr náttúrlegum auðlindum, þá held ég að hér sé alveg nauðsynlegt að gá að sér. Hitt var alveg laukrétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni, að það er raunar ástæða til þess að fara með réttar tölur og ekki síður að greina rétt frá skriflegum heimildum. Hv.

þm. Pálmi Jónsson sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Hv. þm. Páll Pétursson vék að náttúruverndarkönnun í áliti Náttúruverndarráðs. Um þessi efni er ekkert af þess hálfu sem hindrar að þessi virkjun verði gerð.“

Þarna er nú ekki alveg nákvæmt með farið, því að samkv. aths. við frv. segir svo í svari Náttúruverndarráðs, að það áskilji sér rétt til frekari umfjöllunar þegar niðurstöður náttúruverndarkönnunar liggi fyrir. Niðurstaða náttúruverndarkönnunar liggur nú fyrir í skýrslu Orkustofnunar frá apríl 1977. Ég les — með leyfi forseta — á bls. 106, úr kaflanum Lokaniðurstöður — náttúruverndargildi, þar sem ég tel að þetta þurfi að ná eyrum alþm. og eigi skilið að varðveitast í alþingistíðindunum. Ég byrja á kaflanum um mat á helstu vistkerfum:

„Hér hafa nú verið taldir þeir staðir og þau svæði sem athyglisverðust eru og við teljum því mesta ástæðu til að vernda. Hefur þá verið reynt að taka tillit til sem flestra þátta sem taldir eru ákvarða náttúruverndargildi. Að þeim frátöldum er hins vegar ljóst, að frá sjónarmiði náttúruverndar ber að leggja áherslu á þær lífvistir sem þarna fara undir jökulvatnslón og skurði. Sumar þessara lífvista eru mjög auðugar af lífi og frjósamar miðað við öræfi Íslands almennt. Á það einkum við votlendið í víðustu merkingu, þ. e. stöðuvötn, tjarnir, ár og flóa, sem þekja verulegan hluta fyrirhugaðs lónstæðis og veituvegar. Flóarnir virðast yfirleitt vera mjög frjósamar lífvistir með gróskumiklum gróðri sem þekur þá víðast hvar, einkum þó á blautustu svæðunum kringum tjarnirnar. Í flóatjörnunum er einnig auðugt líf af skordýrum, krabbadýrum og fleiru, og flóarnir virðast framfleyta fjölbreyttu og tiltölulega auðugu fuglalífi, sem er nokkuð jafndreift um þá alla. Gildi þeirra fyrir fuglalíf hefur vaxið vegna mikillar þurrkunar mýra og flóa á láglendinu. Bergvatnsárnar, sem renna í Blöndu, hafa einnig nokkuð fjölbreytt líf, einkum neðri hluti þeirra. Rétt er að benda á það, að stöðuvatnasvæðið á útheiðinni er í heild sinni fágæt vatnasyrpa vegna þess, hve breytileg vötnin eru að eðli og frjósemi. Hvetur það til þess að ítarlegur samanburður verði gerður á þeim, m. a. með tilliti til þess, á hvern hátt umhverfisþættir ráða frjósemi vatnanna.“

Síðan segir enn í lok kaflans:

„Þegar litið er á hálendið í heild eru auðnir og blásin öræfi mest áberandi og stór gróðurlendi í mikilli hættu fyrir uppblæstri. Miklu mun eflaust verða kostað til þess í framtíðinni að bjarga því landi sem bjargað verður og græða örfoka land, þó eflaust með misjöfnum árangri. Út frá því sjónarmiði verður að teljast hæpið að fórna nokkru að ráði af þeim hluta öræfanna sem gróinn er.“

Ég vil þá lesa örstuttan kafla, með leyfi forseta, úr sömu skýrslu um uppblástur og áfok:

„Erfitt er að sjá nokkuð fyrir um áhrif þau *sem kunna að stafa af uppblæstri og áfoki úr* dalbotninum á þeim árstíma, sem vatnsborð er lægst, og landbroti af völdum vatnsins. Þó er ljóst að uppblásturshætta getur verið veruleg, bæði vegna skerðingar jarðvegs í lónbotninum og vegna vatnsróts við bakkann. Ef uppblástur nær að búa um sig við lónbotninn eða við bakkann er hætta á að hann stöðvist ekki við mörk lónsins, en haldi áfram yfir í gróðurlendi nágrennisins. Aðaluppblástursáttin stefnir í norður eða norð-norðvestur, enda eru sunnanstormar tíðastir miðað við mælingar á Hveravöllum. Stefnu aðaluppblástursgeiranna, sem fyrir eru á svæðinu, má sjá á korti á bls. 119. Frá lónstæðinu mun því vera mest hætta á, að uppblásturs-Bgeirar nái að myndast í norður frá Galtarárflóa og við Reftjarnarás austan Blöndu og norður frá Korkuflóa yfir Þristiklubungu vestan Blöndu. Þessi hætta er mikið háð því, hvenær á árinu landeyðingin er virkust á þessu svæði. Upplýsingar um það vantar og hversu hátt er í lóninu á þeim tíma. Áfok frá lónbotninum, jarðvegur eða Jökulleir, getur flýtt fyrir þykkni jarðvegs í nágrenni lónsins og þá helst norðan við það. Ef verulegrar jarðvegsþykknunar gætir á löngum tíma gerir það landið smám saman veikara fyrir uppblæstri.“

Ég læt lokið upplestri — tilvitnun úr úttekt þeirri, sem úr náttúruverndargildi, sem gerð var á vegum iðnrn. Þá vil ég lesa aftur umsögn frá Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi. Það er dags. 25. apríl 1977 á Akureyri og er stílað til Ingólfs Jónssonar í iðnn. Nd. Alþ.:

„Félaginu hefur borist bréf þitt, dags. 14. apríl s. l., þar sem beðið er um umsögn varðandi lagafrv. um virkjun Blöndu.

Frá því að Blönduvirkjun komst fyrst á dagskrá hefur það verið ríkjandi skoðun félagsmanna í SUNN, að ekki skuli ráðist í þessa virkjun fyrr en aðrir sambærilegir virkjunarkostir hafa verið nýttir. Ástæðurnar eru fyrst og fremst það mikla gróðurlendi sem við núgildandi hönnun virkjunarinnar er fyrirhugað að setja undir miðlunarlón. Þessi skoðun félagsins hefur verið staðfest með ályktun sem gerð var á fulltrúafundi félagsins árið 1975 og sendist hér með í afriti.“

Ég sleppi því að lesa afritið, því að ég er búinn að gera það oft hér úr þessum ræðustól.

„Í fyrrasumar var gerð sérstök náttúruverndarkönnun á Blönduvirkjunarsvæðinu að tilhlutan Orkustofnunar og Náttúruverndarráðs. Við könnun þessa kom ekkert fram sem mælir gegn ofangreindu áliti félagsins, þ. e. a. s. að ekki skuli ráðist í þessa virkjun fyrr en aðrir sambærilegir virkjunarkostir hafa verið nýttir. Þá er félagið eindregið mótfallið því að stofna til stóriðjuvera á Norðurlandi í tengslum við Blönduvirkjun eða aðrar stórvirkjanir og hefur þegar sent frá sér ýmsar ályktanir og grg. þar að lútandi sem birtar hafa verið í fjölmiðlum.“

Ég vitna til álitsgerðar náttúruverndarnefndar Skagafjarðarsýslu, og eftir þessar álitsgerðir getur afstaða Náttúruverndarráðs tæplega orðið nema á eina leið.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum enn og aftur að upprætuninni. Hv. þm. Pálmi Jónsson segir mig tala um þetta mál í „áróðursstíl og ekki í samræmi við staðreyndir þess máls, ef það er metið af réttsýni, og er það enda flutt til þess að reyna að hafa áhrif gegn þessu máli, en ekki til að leiða hið rétta í ljós.“ Ósköp er að heyra þetta. Það er nú eitthvað annað en málflutningur

þeirra sannleiksvina, sem mæla með þessari framkvæmd og „leiða hið rétta í ljós.“ Þó sagði hv. þm. í ræðu sinni orðrétt: „Það hefur verið talað um að rækta upp örfoka land vegna þess að það hefur verið talið falla best í geð náttúruverndarmanna, því að þá væri ekki verið að breyta neinu strái af því sem fyrir er, þar væri ekkert strá fyrir.“ Tilvitnun lýkur hér, en ég endurtek: „Það hefur verið talið falla best í geð náttúruverndarmönnum.“ Síðan ætlar hv. þm. Pálmi eitthvað allt annað með ræktunarafrek sín. En þetta er ekki í áróðursstíl. Hér er verið að „leiða hið rétta í ljós“, allan sannleikann, ekkert nema sannleikann.

Ég gerði nokkra grein fyrir beitartapi í ræðu minni í fyrri viku og því, hversu fjarstætt það væri að hugsa sér að bætt yrði beitartap til þriðjungs eða helmings af beitarþoli afréttar, þar sem ganga nú á hverju sumri 12—16 þús. ærgildi og sennilega í kringum 1000 hross, með ræktun örfoka lands, 600—700 hektara, sem kæmi í hlut Auðkúluheiðar, og ætti sá hluti að fleyta 1700 ærgildum, þegar búið er að eyðileggja land sem ganga nú á 6—8 þúsund fjár og e. t. v. 500 hross. Ég vil alls ekki vera vændur um að fara ekki rétt með staðreyndir, og þess vegna verð ég að fá leyfi forseta til þess að lesa hér orðrétt stuttan kafla úr skýrslu Orkustofnunar um Blöndu frá 1975, enda á sá kafli sannarlega heima í Alþingistíðindum höfundum sínum til frægðar og **brjóstviti þeirra sem ekki eru þeir menn** að rengja sérfræðinga. Í kaflanum um umhverfismál segir:

„Eins og fram hefur komið hafa verið gerðar ýmsar tilraunir, tilhaganir á miðlun, í því skyni að takmarka beitiland sem fer undir vatn. Beitargildi landsins hefur verið ákvarðað af Rannsóknastofnun landbúnaðarins í ærgildum, en eitt ærgildi er sú fóðureining, sem framfleytt getur einni á með **1.4 lömbum í 90 daga.**“

Síðan segir: „Þótt stíflað verði ofar Sandárhöfða fer engu að síður verulegt beitiland undir vatn. Með hliðsjón af því og framansögðu er eindregið lagt til að miðlað verði við Reftjarnarbungu og umrædd umhverfisáhrif virkjunarinnar bætt með ræktun örfoka lands í næsta nágrenni miðlunarlóns, bæði vestan Blöndu og austan. Að slíkt sé unnt má heita sannað, m. a. með tilraunum sem starfsmenn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hafa staðið fyrir, sjá fylgiblað 4.1. Með núverandi áburðarverði óniðurgreiddu má áætla að kostnaður við dreifingu áburðar úr flugvél nemi 20 þús. kr. á hektara, en 25 þús. kr. á hektara ef **jafnframt er dreift fræi. Hugsa** má sér að slík uppgræðsla sé framkvæmd þannig, að fyrsta árið sé dreift bæði fræi og áburði en áburði næsta ár og síðan annað hvert ár uns liðin eru 10 ár frá því að verkið hófst, en fjórða hvert ár úr því um alla framtíð. Árskostnaður virkjunarinnar af slíkum aðgerðum verður sem hér segir í krónum á hektara, ef gengið er út frá ofangreindum tölum um dreifingarkostnað áburðar og gert ráð fyrir að uppgræðslan hefjist 4 árum áður en lónið er fyllt í fyrsta sinn.“

Ég sleppi því að lesa þessa útreikninga, en niðurstaðan af þessu öllu saman er þessi:

„Langsamlega álitlegasta leiðin til þess að bæta það eigna- og beitartjón, sem Blönduvirkjun hefur í för með sér, virðist því vera sú, að rækta upp gróðurlaust land í nágrenni miðlunarlonsins. Þessa leið þarf að íhuga vandlega í samráði við bændur sem nýta beitiland.“

Það er vísað til fylgiblaðs, 4.1 og það hljóðar svo:

„**Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Rætt um** bithaga. IP og AT.

Á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði þarf að **jafnaði 2.3—2.5 hektara gróins lands til þess að** framfleyta einu ærgildi í 90 daga. Á grasiendi, sem ræktað er t. d. á örfoka landi, má yfirleitt áætla að hver hektari framfleyti 2—4 ærgildum á sama tímabili. Sé reiknað með lægra gildinu þarf þannig að rækta um 1250 hektara til að framfleyta 2430 ærgildum. Tilhögun slíkrar ræktunar yrði með eftirfarandi hætti: Á fyrsta ári yrði sáð 40 kg af grasfræi og 50 kg af blönduðum áburði á hektara. Á öðru ári yrði borið á sama áburðarmagn, en síðan annað hvert ár á átta ára tímabili. Að því loknu mundi sennilega hæfilegt að bera á fjórða hvert ár eða jafnvel enn sjaldnar, ef gróðurinn væri hæfilega nýttur. Miðað við núgildandi verðlag yrði kostnaður við slíka ræktun 25 þús. kr. á fyrsta ári, en síðan um 20 þús. kr. á hektara hvert áburðarár. Full ástæða er til að ætla að slík ræktun mundi heppnast vel á Auðkúluheiði, og byggist það á niðurstöðum tilrauna með uppgræðslu örfoka lands sem þar hafa verið gerðar í 500—600 m. hæð. Svipað land er fyrir hendi á Eyvindarstaðaheiði. Á þessum afréttum er ríkjandi gróður kvistlendi, mosaþemba og votlendi sem svarar illa áburði.“

Ég rakti það í ræðu minni í fyrri viku, hvert viðhorf Landgræðslu ríkisins væri til þessara útreikninga. Ég mun ekki endurtaka það hér, enda er skammt um liðið. En ef hv. þm. hafa áhuga á og vilja fá staðfestingu orða minna, þá veit ég fyrir víst, að sú staðfesting liggur á lausu hjá landgræðslustjóra, Sveini Runólfssyni, og er þar tiltæk, ef málið verður borið undir hann en hann telur sem sagt að þetta fái ekki staðist. Raunar sá ég það af brjóstviti mínu líka.

Það er von að hv. þm. Pálmi Jónsson sé hneykslaður á mér að viðhafa áróðursstíl. Það freistar mín verulega að velta stuttlega vöngum yfir loftslagsbreytingu sem vafalítið er tekin áhætta með að þarna verði. Sjálfsagt eru til þeir menn sem fullyrða að Þingvallavatn hafi ekki veðurfarsáhrif í nágrenni sínu. Þingvallasveitin er auðvitað bara svona köld vegna hnattstöðu sinnar. Þegar meðalhiti lækkar um eina gráðu sér þess strax stað á fyrsta sumri á Auðkúluheiði. En ég sleppi því í þetta skipti að fjölyrða um veðurfarsþáttinn.

Það væri gaman að spjalla litla stund um landvinningana í Langadal, sem hv. þm. Pálmi Jónsson talaði sem fjálglegast um, en ég sleppi því. Einungis verð ég að geta þess, að „kanalisering“ á Blöndu frá ræsinu til sjávar mundi hækka byggingarkostnað virkjunarinnar kannske allt að 30%, og þá fer nú að hallast hagkvæmnisamanburðurinn við Villinganesvirkjun. Þó verð ég enn að víkja að veiðimálum í Blöndu. Uppeldissvæði laxa minnkar að sjálfsögðu þar sem áin náttúrlega styttist. Samgangur við Seyðisá

og Haugakvísl er alveg rofinn. Hluti árinnar verður þurr eða því sem næst þurr, en meiri straumur í hinum hlutanum að vetrinum, meiri straumur og þar af leiðandi minna afdrep fyrir hrognin.

Mér þótti skemmtilegt að heyra hugleiðingu hv. þm. Pálma Jónssonar um eðli jökulvatnsins í Blöndu. Það er auðséð að hv. þm. hefur ekki alist upp í nágrenni árinnar. Jökulliturinn kemur að sjálfsögðu frá jökulvatninu, en ekki af lindáavatni eða dragáa. Ef lítil leysing er í jökli er hún tiltölulega tær. En þegar þar leysir litast vatnið. Það er ekki venjulegur sandur sem litar vatnið, heldur eru það mjög fíngerð korn, svokölluð ármóða, og hún botnfellur ekki eins og sandurinn. Þetta gæti hv. þm. sannað sjálfum sér, svo að honum geti verið alveg sama um hvað hv. þm. Páll Pétursson segir," eins og hann orðaði það. Þetta gæti hann rannsakað með því að sækja vatnssopa í Blöndu í sumarvexti, t. d. í koppinn sinn, og bíða svo eftir því að vatnið settist til og yrði tært í koppnum. (**Gripið fram í:** Þarf ekki að kenna öllum Húnvetningum þetta?) Nei, ég held að hann mætti bíða lengi. Þá yrði hann einn af okkar „færustu mönnum á því sviði" og gæti talað af reynslu og þekkingu um eðli jökulvatns, því að maðurinn vill „greina rétt frá staðreyndum".

Mig langar til að nefna Hvítá í Árnessýslu. Hún hefur haft tíma til að setjast til í Hvítárvatni áður en hún fellur til sjávar, og ekki er hún orðin tær. Ég vil nefna Lagarfljót, sem hefur haft tíma til að setjast til í stóru vatni, í Leginum. Ekki er það tært heldur.

Ég hef séð ástæðu til að gera fáeina þætti úr ræðu Pálma Jónssonar, hv. þm., að umtalsefni, þar sem hann kom hér í fyrri viku með nokkrar nýjar staðhæfingar sem ég hef ekki haft tækifæri til að bera áður til baka. Að sjálfsögðu er af mörgu fleira af taka, en ég sé þó ekki ástæðu til þess að rekja nákvæmlega og endurtaka röksemdir sem ég hef áður látið frá mér fara um þetta efni héðan úr þessum ræðustól. Ég læt aðeins nægja að vísa til umr. í fyrravetur og ræðu minnar í fyrri viku. Þær röksemdir eru allar eða flestallar í fullu gildi og prentaðar í Alþingistíðindunum.

Niðustaða mín er í sem stystu máli þessi, að ekki beri að samþykkja þetta frv. og ekki eigi að virkja Blöndu eftir þessari tilhögun, þar sem augljóslega sé ekkert vit í því að reisa þessa stóru virkjun nema í tengslum við erlenda stóriðju, sem ég tel mjög óheppilega þjóðfélagi okkar og þjóðarbúskap, heldur beri okkur að reisa mátulega stórar virkjanir og það eru möguleikar að gera í Blöndu. Það er tiltölulega einfaldur möguleiki að reisa 50—70 mw. virkjun án verulegra náttúruspjalla. Við eigum að reisa mátulega stórar virkjanir fyrir þarfir raforkumarkaðar Íslendinga sjálfra, þannig að notendum verði tryggð sem ódýrust raforka í bráð og lengd, ekki einasta ódýr í krónum talið, heldur einnig á þann siðræna mælikvarða sem allar okkar gerðir verða að metast eftir, ef við eigum að ganga sæmilega uppréttir í landi okkar og ekki þurfa að fyrirverða okkur fyrir afkomendum okkar eða því landi sem við eigum og tókum í arf og verðum síðar að skila afkomendum okkar.

Ég leyfi mér að fullyrða það, að kwst. frá Blöndu verði síðferðilega dýrari — og raunar hef ég fært rök að því að hún verði það fjárhagslega líka — heldur en raforka frá flestum öðrum virkjunarstöðum sem við höfum um að velja, og ég mun ekki standa að því að eyðileggja 60 km² af héraði mínu. Og ég mæli ekki einasta fyrir sjálfan mig, ég mæli einnig fyrir munn þess fólks á Norðurlandi vestra sem litur á það svipuðum augum og ég, hvað sé sæmandi að gera og hvað ekki.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þar sem þetta mál kemur til þeirrar hv. n. sem ég á sæti í, iðnn., get ég verið fáorður um meginefni þess, en þar á ég kost á því að sjálfsögðu að kynna mér það út í hörgul og taka afstöðu til þess. Ég vil þó aðeins um meginefni þessa máls segja það, að ég tel að það sé mjög brýnt fyrir okkur Íslendinga að móta sem fyrst þá stefnu í virkjunarmálum, að við förum að virkja meiri háttar virkjanir á svæðum þar sem minni von er á eldvirkni heldur en er á þeim svæðum sem allar stórvirkjanir landsins eru á nú. Þess vegna tel ég þetta mál allrar athygli vert.

En það, sem réð því að ég kvaddi mér hljóðs við 1. umr. þessa máls, var það, að mér þótti koma fram nokkur þekkingarskortur á því í máli sumra hv. þm., einkum hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, hvaða hugmyndir menn hafa gert sér um Norðurlandsvirkjun, hvernig það mál hefur þróast og á hvaða stigi það er. Hann taldi, af vanþekkingu álít ég, að það væri út í hött að segja í 1. gr. frv. „að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka vatnsaflsstöð við Blöndu" o. s. frv. Ég vil reyna að skýra hv. d. frá því, hvernig þetta mál er statt, hugmyndin um Norðurlandsvirkjun, eftir því sem ég best veit, og rekja í örfáum orðum aðdraganda að því máli.

Það var á fjórðungsþingi í Ólafsfirði árið 1971 sem fyrst var gerð samþykkt af hálfu sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi um Norðurlandsvirkjun. Þá var sú meginstefna mótuð sem æ síðan, á hverju einasta fjórðungsþingi, hefur verið ítrekuð, og ég hef ekki orðið var við það nema á einu þingi nú upp á síðkastið, að örfáir menn voru með örlitinn ágreining út af þessu máli, að ég hygg af pólitískum ástæðum. En ég vil fullyrða það, að það eru ekki nema örfáar raddir meðal sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi, sem hafa komið fram, sem hafa gagnrýnt þá meginstefnu, sem kom fram í samþykkt fjórðungsþingsins í Ólafsfirði 1971.

Meginatriði þessarar stefnu voru einfaldlega þau, að heimamenn töldu að það ætti að auka áhrif sveitarstjórna á orkumál Norðlendinga, bæði að því er varðaði orkuöflun og dreifingu orkunnar.

Á vegum fyrrv. iðnrh. hafa starfað margar nefndir og starfshópar að því að móta betur þessar hugmyndir heimamanna um Norðurlandsvirkjun. Meginágreiningur fyrst í stað var um það, hvernig koma skyldi fyrir eignaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og milli sveitarfélaganna innbyrðis og hvernig stjórnunaraðild

skyldi vera að þessu fyrirtæki. Það var síðan í mars 1975, nánar tiltekið 18. mars, sem núv. hæstv. iðnrh. skipaði 8 manna n. til þess að vinna áfram að mótun þessara hugmynda, og tveir af þessum nm. voru tilnefndir af Fjórðungssambandi Norðlendinga. Þessi n. skilaði mjög ítarlegu samhljóða áliti í apríl 1976, þannig að nál. er orðið nærri tveggja ára, ásamt drögum að frv. um Norðurlandsvirkjun. Þessi n., sem ég hygg að í hafi verið hæfir menn úr flestum stjórnmálaflokkum, að meiri hl. til heimamenn á Norðurlandi, komst að samhljóða áliti um það, hvernig skipa skyldi þessu aðalágreiningsefni sem áður hafði verið, þ. e. a. s. eignaraðild og stjórnunaraðild, og enn fremur að meginstefnu um það, hvað Norðurlandsvirkjun væri, um hvað það fyrirtæki ætti að fjalla og hvernig það ætti að skilgreina. Í stórum dráttum var niðurstaða n. sú, að sveitarfélögin skyldu eiga meiri hluta í þessu fyrirtæki, 60%, en ríkið 40%, og aðild sveitarfélaganna yrði sem nánast í hlutfalli við fólksfjölda. Stjórnunaraðild er í raun komið þannig fyrir, að áhrif fólksins heima fyrir eru í hlutfalli við fólksfjölda samkv. þessum hugmyndum. Þetta skyldi vera heildsölufyrirtæki á hliðstæðan hátt og Landsvirkjun er. Það mundi eiga og reka hluta byggðalínunnar, megindreifilínunnar í gegnum fjórðunginn, öll meiri háttar raforkuver á Norðurlandi, þar með talda Laxárvirkjun og Kröflu. Ástæðan fyrir því, að endanlegum ákvörðunum í þessu máli, bæði frá hálfu ríkisvaldsins og heimamanna, hefur seinkað, er fyrst og fremst tvenns konar. Það er í fyrsta lagi óvissa um rekstur á Kröfluvirkjun og yfirtöku hennar, en eins og hv. þm. er kunnugt hefur ríkt óvissa um það mál, einkum eftir að eldvirkni tók að gæta á Mývatnssvæðinu. Í annan stað var ekki ljóst, þegar þetta nál. kom fram, hvernig ríkissjóður mundi standa að uppgjöri á eignum Rafmagnsveitna ríkisins sem hugsað væri að gengju til landshlutafyrirtækja og enn fremur að byggðalínu o. s. frv. Eins og hv. þm. er einnig kunnugt, hafa Alþ. og ríkisstj. tekið afstöðu til þessa máls í sambandi við Orkubú Vestfjarða, og ég geri ráð fyrir að menn hafi með því að gera upp eignir Rafmagnsveitna ríkisins og skipta verðjöfnunargjaldi af raforku milli Rafmagnsveitna ríkisins annars vegar og Orkubús Vestfjarða hins vegar gert sér það ljóst, að það mundi verða ákvörðun, sem væri fordæmi um það, hvernig að slíku uppgjöri mundi staðið gagnvart öðrum landshlutafyrirtækjum.

Það hefur verið nefnd starfandi á vegum Fjórðungssambands Norðlendinga til viðræðna við orkuráðh. um framgang þessa Norðurlandsvirkjunarmáls. Þessi n. ákvað að bíða átekta þangað til Alþ. hefði tekið afstöðu til Orkubús Vestfjarða, og ég geri ráð fyrir að viðræður verði teknar upp nú að nýju um að koma Norðurlandsvirkjun á fót í samræmi við hær hugmyndir, sem settar hafa verið fram af áðurnefndri n., og í samræmi við hær venjur, sem skapast hafa varðandi Orkubú Vestfjarða.

Ég vil ekki fara að ræða hér um þetta mál frá heim sjónarhóli sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson ræddi það hér, að komin væri fram till. allra þm. Framsfl. nema ráðh., þar sem gert væri ráð fyrir ríkisforsjá eingöngu í orkuöflun og orkudreifingu í heildsölu. Ég lít svo á að hv. þm. Framsfl. þurfi að skoða hug sinn rækilega í því máli, ef þeir hugsa sér að ganga gegn vilja — ég leyfi mér að fullyrða: flestra fulltrúa þeirra í sveitarstjórnum á Norðurlandi, sem hafa, eins og ég segi, æ ofan í æ ályktað um það, að þeir litu svo á að heimamenn ættu þarna að eiga hlut að máli. Ég skal ekki fara nánar út í þá sálma, en ég vænti þess, að hv. þm. Framsfl. hlýði á skoðanabræður sína í þessum efnum á Norðurlandi engu síður en á Vestfjörðum.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál. Eins og ég sagði áðan á ég sæti í iðnn. og kem til að fjalla nánar um það þar. En ég vildi einungis upplýsa menn um það, að hugmyndir um Norðurlandsvirkjun eru mjög mótaðar. Alþ. hefur tekið afstöðu til Orkubús Vestfjarða, og því finnst mér eðlilegt í framhaldi af því að hafist verði handa um að fullmóta hugmyndirnar um Norðurlandsvirkjun. Því bendi ég á að það sé fullkomlega eðlilegt, að í 1. gr. þessa frv. standi: „að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða öðrum aðila að reisa og reka vatnsaflsstöð við Blöndu“, því að ef svo illa kynni að fara, að Norðurlandsvirkjun yrði ekki komið á fót, þá er þó opin heimild fyrir ráðh. til að veita öðrum aðila þetta leyfi, t. d. Rafmagnsveitum ríkisins, eins og hæstv. ráðh. benti sjálfur á.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hér um hugmyndirnar varðandi Norðurlandsvirkjun. Þær staðfesta alveg það sem ég sagði á síðasta fundi. Norðurlandsvirkjun er enn þá eingöngu á hugmyndastiginu, ekki komin á neitt framkvæmdastig enn sem komið er, og það er náttúrlega fráleitt að ætla að fela fyrirtæki, sem enn er ekki nema hugmyndir, jafnstórfellt verkefni og Blönduvirkjun er.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm., beindi þeirri fsp. til mín, hvort það hefði ekki verið heimilað í þingflokki Framsfl. að stjórnin legði fram það frv. sem nú er hér til umr. Ég hef ekki haft tækifæri til að athuga þetta mál á þann hátt að fletta upp í fundargerðum þingflokksins, en ég tel sjálfsagt að það hafi verið gert á sínum tíma, eins og venja er. En þó að þingflokkur samþykki eða veiti heimild til þess að ríkisstj. leggi fram ákveðið frv., þá bindur hann sig alls ekki á þann veg, að hann standi með frv. óbreyttu ellegar skuldbindi sig til að samþykkja það á sama þingi. Venjan er sú, þegar slík heimild er veitt, að stjórninni er heimilað að leggja frv. fram án þess að þingflokkurinn eða einstakir þm. skuldbindi sig um einstök atriði frv. Það er ekki heldur óalgengt, að stjfrv. séu lögð fram til skoðunar, þannig að þau séu alls ekki afgreidd á því þingi sem þau eru lögð fram í fyrsta skipti, heldur lögð þannig fram að bæði þm. og landsmönnum gefist kostur á að íhuga efni þeirra og afgreiðslan fari ekki fram fyrr en kannske tveimur eða þremur þingum síðar. Það má nefna fjöldamörg frv. sem hafa fengið þessa meðferð. Þau eru lögð fram til athugunar og skoðunar og e. t. v. ekki afgreidd fyrr en á öðru eða þriðja þingi þar frá. Í þessu sambandi má t. d. nefna flest frv. um meiri

háttar skólamál sem hér hafa verið lögð fram, eins og grunnskólafrv. á sínum tíma og frv. um framhaldsskólastigið sem hefur verið til meðferðar á tveimur eða þremur þingum. Þannig er það, að þó að þingflokkurinn hafi á sínum tíma veitt ríkisstj. heimild til að flytja þetta frv., þá hefur hann ekki bundið sig neitt við einstök atriði í því, heldur talið þetta mál það stórt — og það er það vissulega — að rétt sé að Alþ. taki það til skoðunar og hvernig eigi að framkvæma það. Ég er líka þeirrar skoðunar, að þó að það verði kannske einhver frestun á virkjun Blöndu, þá komi að því að hún verði virkjuð, vegna þess að þar er sennilega um að ræða einn álitlegasta virkjunarstað á landinu, en hins vegar verði í þeim efnum að fara að með fullri gát. Það verður að vera tryggt að sá aðili, sem sér um virkjunina, sé fullkomlega fær um það og einnig að öllum nauðsynlegum rannsóknum sé lokið áður en Alþ. tekur sína endanlegu ákvörðun. Það er fyrst og fremst sú vinnuaðferð sem ég hef mælt með hér í þinginu.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson komst svo að orði, að með því að leggja fram þá þáltill, sem framsóknarmenn hafa lagt hér um raforkumálin eða skipun raforkumála, hafi þeir verið að gera uppreisn gegn hæstv. iðnrh. Þetta er alger misskilningur hjá honum. Sá óskapnaður, sem ríkir í orkumálum í dag, er ekki ættaður frá núv. iðnrh. nema að litlu leyti. Hann hefur smátt og smátt verið að skapast á undanförnum árum, vegna þess að Alþ. hefur ekki treyst sér til þess að taka myndarlega á þessum málum, koma á fullkomnu heildarskipulagi, og þess vegna er komið sem komið er. Hæstv. iðnrh. er einn af þeim mönnum sem gera sér ljóst, að þannig má ekki lengur standa. Þess vegna hefur hann skipað sérstaka n. til þess að gera till. um nýtt heildarskipulag þessara mála. Það er til þess að auðvelda honum og þessari n. að finna rétta stefnu í málinu sem við þm. Framsfl. höfum lagt fram umrædda till. (**SighB:** Þá hefur hv. þm. sagt sama og ráðh. um þetta.) Þetta er alveg rétt.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. og kom líka fram í máli hæstv. iðnrh. á síðasta fundi, að það hefur verið venja að flytja heimildarfrv. um raforkuvirkjanir þegar virkjanir hafa verið taldar komnar á það stig, að þær væru arðvænlegar og væri orðið aðkallandi að framkvæma þær, og það má kannske færa Blönduvirkjun að einhverju leyti undir þetta. En nú hafa menn öðlast þá reynslu í seinni tíð, sérstaklega eftir að Kröfluvirkjun kom til sögunnar, að þetta er ekki heppileg vinnuaðferð. Reynslan hefur leitt það ótvírætt í ljós nú, að Alþ. þarf að gæta betur að sér í þessum efnum en það hefur áður gert. Það verður að liggja ljóst fyrir, áður en þingið veitir slíka heimild, hvaða aðili á að annast verkið, sjá um uppbyggingu þess og sjá um rekstur þess. Það verður einnig að liggja fyrir, að búið sé að gera allar meiri háttar rannsóknir. Nú liggur það fyrir í sambandi við Blönduvirkjun, samkv. því sem hæstv. iðnrh. upplýsti á síðasta fundi, að það á eftir að gera mjög mikilvægar rannsóknir, t. d. varðandi það, hvar er hagkvæmast að láta aðalbygginguna í sambandi við virkjunina, stöðvarhúsið, vera, og það hefur náttúrlega ekki lítið að segja að það sé upplýst hvernig það atriði verði heppilegast leyst.

Ég nefni annað dæmi um það, að Alþ. hafi veitt heimild án nægilegs undirbúnings. Þetta dæmi er Hrauneyjafossvirkjun. Sú heimild hefur verið veitt fyrir einum 6 eða 7 árum án þess að þm. væri ljóst hvernig staðan yrði þegar ráðist yrði í þá framkvæmd. Verður t. d. í sambandi við þá framkvæmd ákveðið að selja svo og svo mikinn hluta af orkunni til álbræðslunnar, séu úr sögunni. Ég vil leyfa mér í sambandi við þetta að beina þeirri fsp. til hæstv. iðnrh., hvort lengur séu uppi nokkrar ráðagerðir um að selja hluta af orkunni, sem fæst úr Hrauneyjafossvirkjun, til álbræðslunnar, hvort eftir þessar upplýsingar séu þær ráðagerðir ekki alveg úr sögunni. Ég hafði hugsað mér að beina e. t. v. slíkri fsp. til hans í sérstöku fsp.-formi, en fyrst við erum að ræða þetta mál hér á annað borð, þá finnst mér að það sé hægðarauki fyrir okkur báða að ég beri þessa fsp. fram nú og honum gefinn kostur á að svara henni hér án þess að þurfa að hafa af henni frekari fyrirhöfn.

Þá er komið að því atriði þessa máls sem er langsamlega stærst að mínum dómi, og það er hverjum á að fela virkjun Blöndu þegar þar að kemur. Mér skildist á hæstv. iðnrh. á síðasta fundi, að hann viðurkenndi að það væri hæpið að fela þetta verkefni aðilum sem enn eru ekki til, eins og svokallaðri Norðurlandsvirkjun eða kannske öðrum enn þá óþekktari aðila, og kæmi til mála að breyta þessu ákvæði frv. og fela verkið ákveðnum aðila sem þegar er fyrir hendi. Ég nefndi í því sambandi Landsvirkjun og færði þau rök fyrir því, að Landsvirkjun er sá aðili sem af mörgum ástæðum hefur langbest skilyrði til að vinna að verkefni eins og þessu. Hæstv. ráðh. bar fram þá mótbáru, að Landsvirkjun væri fyrst og fremst ætlað að vera virkjun fyrir Suðvesturland, og byggði það m. a. á því, að hún er sameiginleg eign Reykjavíkurborgar og ríkisins. En það kemur alveg ljóst fram í lögum um Landsvirkjun og í þeirri framsöguræðu, sem hæstv. þáv. iðnrh., núv. hv. 1. þm. Suðurl., flutti þegar hann mælti fyrir frv. um Landsvirkjun, að Landsvirkjun er ætlað stærra verkefni en það að sjá um virkjanir fyrir Suðvesturland. Það er aðeins talað um að í upphafi eigi hún að sinna orkunotkun á því svæði, en í framtíðinni geti vel komið til greina að hún kaupi orkuver utan þessa svæðis og sjái um orkusölu þangað. En það, sem sker alveg úr um það, að Landsvirkjun var ætlað að hafa stærra verkefni með höndum en að leysa orkuþörf Suðvesturlands, er það ákvæði laganna, að Laxárvirkjun er heimilað að gerast aðili að Landsvirkjun, og eftir að Laxárvirkjun er komin

inn í Landsvirkjun, þá er hún að sjálfsögðu orðin miklu meira landsfyrirtæki heldur en það að sjá um orkusölu til Sunnlendinga eða Suðvesturlandsins eins.

Mér finnst líka rétt að benda á það í sambandi við þær umr., sem urðu um Landsvirkjunarfrv. á sínum tíma, það mun hafa verið á Alþ. 1964—1965, þá var þeirri stefnu haldið alveg ákveðið fram af hálfu okkar framsóknarmanna, að Landsvirkjun ætti, eins og nafnið bendir til, að vera fyrir landið allt. Þess vegna er sú stefna, sem felst í áðurnefndri þáltill. okkar, ekki ný. Hún er mótuð af okkur fyrir meira en 14 árum.

Hæstv. ráðh. taldi að ýmsu leyti eðlilegra að það væru Rafmagnsveitur ríkisins, sem sæju um þetta verkefni, heldur en Landsvirkjun. Ég er honum ekki sammála um þetta. Ég álít að þegar komið verði á réttri framtíðarskipun á þessum málum, þá falli Rafmagnsveitur ríkisins undir þau fyrirtæki sem ungir sjálfstæðismenn kalla „báknið burt", því að þá verði ekki lengur þörf fyrir Rafmagnsveitur ríkisins í því formi sem þær eru nú. Og satt að segja er hæstv. ráðh. eiginlega byrjaður á þessari stefnu á vissan hátt með því að stofna Orkubú Vestfjarða og láta Rafmagnsveitur ríkisins ekki lengur ná til þess svæðis.

Til þess að skýra það betur, sem fyrir mér og flokksbræðrum mínum vakir í þessum efnum varðandi framtíðarskipun orkumálanna, þá leyfi ég mér að lesa hér upp úr þáltill. okkar tvö atriði, með leyfi hæstv. forseta. Fyrsti þáttur þeirra er á þessa leið:

„Unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki, sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta. Ríkisstj. taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun, Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks rekstrar í einni landsveitu. Aðilar að þessu fyrirtæki og stjórn þess verði ríkissjóður og landshlutaveitur. Eignarhluti ríkissjóðs skal aldrei vera minni en 50%. Fyrirtækið undirbýr virkjanir og lætur virkja."

Annað atriði hljóðar svo:

„Unnið verði að því að koma á fót landshlutaveitum, sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta. Landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna. Þær sjá um framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi rekstrar. Aðilar að slíkum landshlutaveitum og stjórnun þeirra verði sveitarfélögin og landsveitan."

Í þriðja lagi er svo ætlast til þess, að Orkustofnun verði starfrækt með svipuðum hætti og hingað til.

Þegar slíkt skipulag er komið á, eins og hér er rakið, þá verða ekki starfandi í landinu nema ein landsveita og svo héraðsveiturnar. Þá er eiginlega lokið því verkefni sem Rafmagnsveitur ríkisins sjá um nú. Þá verður búið að skipta því milli Landsvirkjunar og héraðsveitnanna og þess vegna verður ekki þörf fyrir það fyrirtæki lengur. Með þessum hætti verður komið á miklu heilsteyptara og einfaldara skipulagi en því sem nú er. Það skipulag, sem nú ríkir í orkumálunum, með Landsvirkjun, með Rafmagnsveitum ríkisins og ýmsum héraðsveitum og smáorkuveitum, er vissulega hreinn óskapnaður, eins og oft hefur verið rakið hér í þinginu. Og þetta fellur alveg undir það sem ungir sjálfstæðismenn hafa haft um þessi mál að segja, að það er nauðsynlegt að vinna að því að fækka fyrirtækjum og gera skipulagið einfaldara heldur en það er nú, og þess vegna trúi ég ekki öðru en þessi till. muni hljóta góðan stuðning þeirra. En af þessum ástæðum tel ég óráðlegt á þessu stigi að færa út starfssvið Rafmagnsveitna ríkisins, vegna þess að að því á að stefna í framtíðinni að sú stofnun hverfi smátt og smátt og héraðsveitur og ein orkuveita, landsveita, taki við störfum hennar, en eðlilegast sé, ef menn vilja hverfa að því að afgreiða þetta mál á þessu þingi eða næstu, þá sé það Landsvirkjun, sem taki að sér umrætt verkefni.

Ég tel svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég er ánægður með þær undirtektir hæstv. ráðh., að það verði að breyta 1. gr., þannig að Blönduvirkjunin verði ekki falin fyrirtæki, sem er ekki til. Ég vænti þess, að hann komist einnig að raun um það, að eðlilegra sé að fela Landsvirkjun þetta verkefni heldur en Rafmagnsveitum ríkisins. En fyrst og fremst vil ég svo leggja áherslu á það, að þetta mál verði ekki afgreitt öðruvísi en að ákveðnum aðila, sem þegar er fyrir hendi, verði falið verkið og að lokið verði áður öllum nauðsynlegum rannsóknum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 7. febr., kl. 2 miðdegis.

Rekstur sjúkrahótels í Reykjavík, fsp. (þskj 132). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Þegar fsp. mín á þskj. 132 var lögð fram höfðu borist um það fréttir, að væntanlega yrði lögð niður starfsemi sjúkrahótels Rauða krossins hér í Reykjavík. Síðan þessi fsp. var lögð fram höfum við að vísu fregnað það, að rekstur sjúkrahótelsins verði tryggður áfram. Þessi fsp. kom raunar í nokkru framhaldi af umr. sem hér urðu á hv. Alþ. í fyrra, þegar verið var að ræða þróun heilbrigðismála, og þá var um það rætt, hvort ekki væri rétt að auka rekstur slíkra sjúkrahótela, þar sem hægt væri að komast af með miklum mun minni kostnað dag hvern en í hinum dýrari og fullkomnari sjúkrahúsum. Mér fannst ástæða til að leggja fram þessa fsp. einmitt til þess líka að vita hvort af hálfu heilbrrn. hefðu verið gerðar einhverjar ráðstafanir í þá veru að auka slíka þjónustu og um leið að stuðla að betri nýtingu á hinum stærri sjúkrahúsum, þannig ef svo mætti orða það, að þau afköstuðu meiru en þau hafa gert til dagsins í dag.

Ég held að ég þurfi ekki meira um þessa fsp. að segja á þessu stigi og læt þess vegna máli mínu lokið. En það má öllum ljóst vera, að það hlýtur

að vera hagkvæmt ef hægt er að komast af með einfaldari þjónustu, þar sem daggjöld eru aðeins þriðji partur eða fjórði partur af þeim daggjöldum, sem greidd eru á dýrustu sjúkrahúsunum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. og vegna umr. í fjölmiðlum um sjúkrahótel Rauða krossins tel ég rétt að rekja gang þessa máls stuttlega.

Í febr. 1974 óskaði stjórn Rauða kross Íslands eftir heimild heilbrrh. til að reka gistiheimili að Skipholti 21 í Reykjavík í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu. Að fenginni álitsgerð landlæknis um þessa starfsemi var Rauða krossi Íslands hinn 21. mars 1974 heimilað að reka gistiheimili með vísun til 28. gr. laga nr. 56 frá 1973. Jafnframt voru daggjaldanefnd sendar upplýsingar og óskað eftir að n. ákvæði heimilinu daggjöld. Áður en kom til þessa rekstrar hafði verið gerð á því könnun af hálfu rn. á árinu 1971, hvort yfirlæknar sjúkrahúsa í Reykjavík teldu að gistiheimili af þessu tagi mundi létta af sjúkrahúsunum í Reykjavík og stytta legutíma á deildum, og varð sú niðurstaða þeirrar könnunar, að yfirlæknar teldu ekki að svo mundi verða. Hins vegar voru allir, sem um málið fjölluðu, sammála um að gistiheimili af þessu tagi gæti verið til þæginda fyrir sjúklinga, minnkað kostnað utanbæjarfólks vegna læknisferða til Reykjavíkur og auðveldað fólki meðferð hjá sérfræðingum utan sjúkrahúsa í Reykjavík.

Daggjaldanefnd ákvað gistiheimilinu daggjöld í fyrsta sinn 1. maí 1974, 1000 kr., en það var þá sama gjald og ákveðið var sem vistgjald á elliheimilum landsins. Þá var mat daggjaldanefndar, að rekstur gistiheimilis mundi vera svipaður og rekstur elliheimilis hvað kostnað snerti, miðað við þá þjónustu sem gert var ráð fyrir að gistiheimilið veitti. Síðan í maí 1974 hefur daggjald gistiheimilisins breyst í samræmi við daggjaldahækkanir annarra sjúkrahúsa. Því til sönnunar má benda á að í sept. 1974 var daggjald gistiheimilisins 12% af daggjaldi Borgarspítalans í Reykjavík, en í nóv. 1977 var það 12.4% af sama daggjaldi.

Þegar gistiheimilið hóf starfsemi sína höfðu farið fram umræður milli forráðamanna Rauða kross Íslands og heilbr.- og trmrn. um þennan rekstur, og kom þá mjög ljóslega fram af viðræðum við Rauða krossinn, að forráðamenn hans teldu eðlilegt að hann greiddi nokkuð úr sjóðum sínum vegna þessarar starfsemi, enda látið í ljós af þeirra hálfu að hér væri um að ræða starfsemi sem væri í þeim anda að stjórnarmenn teldu það mjög verjandi. Í samræmi við þetta var ekki á rekstrarreikningum gistiheimilisins fyrir árin 1974 og 1975 gert ráð fyrir húsaleigutekjum til Rauða krossins af húsnæði heimilisins og afskriftir lausafjármuna voru í lágmarki. Á árinu 1976 var hins vegar breytt til um gerð reikninga og þar talið kostnaður við rekstur fasteigna, húsaleiga og fyrning innanstokksmuna, sem að sjálfsögðu hækkaði reikningslegan halla stofnunarinnar mjög verulega.

Í samræmi við það sem áður sagði um yfirlýstan vilja stjórnar Rauða kross Íslands, að Rauði krossinn ætlaði sjálfur að taka þátt í þessum rekstri, ákvað daggjaldanefnd ekki hækkuð daggjöld vegna þessa halla sem kom fram í bókhaldi stofnunarinnar, en ákvað gistiheimilinu áfram daggjöld eins og elliheimilum landsins. Á s. l. ári hafa daggjöld gistiheimilisins verið þannig: hinn 1. jan. 2300 kr., 1 mars 2400 kr., 1. júlí 2600 kr., 1. okt. 3400 kr., þar af 200 kr. vegna aukagjalds, og hinn 1. nóv. 4000 kr., þar af 400 kr. vegna aukagjalds. Þannig hafa daggjöldin hækkað á s. l. ári: 1. júlí 10%, 1. okt. 29% og 1. nóv. 20%. Með þessum hækkunum daggjalda taldi daggjaldanefnd að rekstur gistiheimilis Rauða krossins ætti að verða svipaður í ár og á s. l. ári og þá e. t. v. heldur betri, því að frá 1. okt. hefur heimilinu verið reiknað aukagjald, 200 kr., en 400 kr. frá 1. nóv. Heildardaggjald gistiheimilisins er því 73.9% hærra en það var í ársbyrjun 1977 og rekstrargjaldið 56.5% hærra en það var í ársbyrjun.

Allar þessar hækkanir höfðu verið tilkynntar og voru komnar til framkvæmda þegar stjórn Rauða krossins hélt blaðamannafund sinn og ákvað að loka gistiheimilinu frá og með 1. jan. s. l. Framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands ritaði rn. bréf hinn 30. nóv. s. l., þar sem lokun heimilisins var tilkynnt, en jafnframt var í bréfinu óskað eftir að rn. efndi til fundar með stjórn Rauða kross Íslands um framtíð heimilisins. Þessi fundur var haldinn hinn 5. des. s. l. og var þar ákveðið að till. heilbrrh., að fulltrúar heilbrrn., Rauða kross Íslands, Tryggingastofnunar ríkisins og Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar yrðu beðnir að hittast og kanna rekstrarmálefni stofnunarinnar og gera síðan ráðh. og stjórn Rauða kross Íslands grein fyrir niðurstöðum sínum. Þessir aðilar komu saman til fundar og lögðu fram till. um lausn málsins, sem heilbrrh. féllst á og forráðamenn Rauða kross Íslands. Í framhaldi af því lagði daggjaldanefnd til að greiddar yrðu upp í halla 1975 og 1977 10—11 millj. kr. næstu 6 mánuði eða 2500 kr. á dag, og er þar um að ræða eingöngu raunverulegan halla, en ekki vegna afskrifta eða húsnæðiskostnaðar. Daggjald frá 1. jan. s. l. var ákveðið 4000 kr, og gildir það til þess tíma að ný daggjöld verða ákveðin, en það verður 1. apríl n. k.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég vil færa hæstv. heilbrrh. þakkir fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér komið með og lagt fyrir Alþ., og þá sérstaklega fagna því, að það tókst að finna lausn á þessu máli. Hitt verð ég að segja í leiðinni, að það kemur mér nokkuð á óvart, að það skuli vera mat yfirlækna, að rekstur sjúkrahótelsins hafi ekki annan tilgang en að auðvelda fólki utan af landsbyggðinni dvöl bæði fyrir og eftir sjúkrahúsvist í Reykjavík. Það hefur komið í ljós að þeir, sem dvelja á hótelinu, eru að allmiklu marki einmitt íbúar hér á höfuðborgarsvæðinu, og ég hafði ímyndað mér, að það væri hægt að skipuleggja heilbrigðisþjónustuna hér svo að bæði varðandi

rannsóknir fyrir raunverulegar lækningaaðgerðir sem og tíma eftir þær væri hægt að létta á sjúkrahúsunum með dvöl á slíku sjúkrahóteli eða einhverri heilbrigðisstofnun sem ynni í sömu veru og þetta sjúkrahótel hefur verið rekið. En umr. um það eiga sér eflaust frekar stað í annan tíma.

Hollustuhættir í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, fsp. (þskj. 309). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á nokkrum síðustu árum hefur vaknað áhugi á því að hyggja betur að vinnustöðum fólks en gert hefur verið um áratugi, gera meiri kröfur í þessum efnum. Það hefur runnið upp fyrir fjölda manns að fólk hefur sætt sig við að eyða vinnutíma sínum dag eftir dag meginþorra ævinnar í umhverfi sem oft og tíðum er ekki aðeins óvistlegt og óhreint, heldur getur verið á margan hátt beinlínis hættulegt. Það hefur runnið upp fyrir mönnum, hversu gífurlegt ósamræmi er á milli þess, hvaða kröfur eru gerðar til vinnustaðarins annars vegar og til heimilis, skóla, samkomustaðar eða nálega hvaða íverustaðar manna hins vegar. Alþfl. hefur undanfarin ár flutt frv. og till. sem ganga í þessa átt og fengið góðar undirtektir, svo að sýnilegt er að áhugi á þessum málum er mjög víðtækur hér á landi

Ég hef með þessari fsp. tekið fyrir aðeins eina íslenska atvinnugrein, þar sem mér raunar virðist ástandið í þessum efnum vera með versta móti, og er gerð tilraun til þess með fsp. að draga fram hversu mikið heilbrigðisyfirvöld hafa kynnt sér ástandið á þessu sviði og hvernig það í raun og veru er frá þeirra bæjardyrum. Fsp. er beint til hæstv. heilbrrh. og hún er um hollustuhætti í síldar- og fiskmjölsverksmiðjum. Hún er í þremur liðum, og eru þeir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hafa verið gerðar fullnægjandi rannsóknir á hollustuháttum í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, svo sem hættum starfsliðs af hávaða, rykmyndun og varhugaverðum efnasamböndum, almennum óþrifnaði og ólykt?

2. Hefur heilbrrn. sett reglur um mengunarmörk og önnur skilyrði, sem þessar verksmiðjur verði að uppfylla til að fá starfsleyfi?

3. Hafa allar þær verksmiðjur, sem starfað hafa síðustu ár og nú starfa, m. a. loðnubræðslur, uppfyllt þau skilyrði og fengið starfsleyfi með eðlilegum hætti?“

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svar við fyrstu spurningu:

Sveitarfélög annast heilbrigðiseftirlit hvert fyrir sig og er framkvæmd eftirlitsins í höndum heilbrigðisnefndar viðkomandi sveitarfélags. Yfirumsjón með starfi heilbrigðisnefnda er í höndum Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Samkv. 1. gr. reglugerðar nr. 164/1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, ber öllum verksmiðjum, þar sem ætla má að slík efni séu notuð, myndist eða komi fram, að hafa leyfi heilbrrh. til þess rekstrar sem þær hafa með höndum. Síldar- og fiskimjölsverksmiðjur eru sérstaklega tilgreindar í 2. gr. reglugerðarinnar. Samkv. reglugerðinni skulu umsóknir um starfsleyfi sendar Heilbrigðiseftirliti ríkisins sem kannar þær og sendir síðan till. sínar um afgreiðslu hvers máls til heilbrrh. að fengnum umsögnum heilbrigðisnefndar og fleiri aðila, eftir því sem ástæða er til.

Eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt, er í höndum heilbrigðisnefnda undir yfirumsjón Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Í tengslum við veitingu starfsleyfa hafa starfsmenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins farið eftirlitsferðir í allar síldar- og fiskimjölsverksmiðjur landsins. Hefur við mat á aðstæðum öllum verið eftir því litið, að aðstæður og aðbúnaður á vinnustað með tilliti til hollustuhátta uppfylltu skilyrði laga og reglugerða um þessi efni. Þar sem misbrestir hafa komið í ljós hafa kröfur um úrbætur verið settar fram og í einstaka tilfellum hafa skilyrði um bætta vinnuaðstöðu verið sett fyrir veitingu starfsleyfis. Fullt samráð hefur verið milli Heilbrigðiseftirlits ríkisins og heilbrigðisnefnda um þessi atriði. Enn fremur hafa heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fylgst með aðbúnaði og hollustuháttum í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum landsins. Við rotvörn loðnu eru notuð hættuleg efni, blanda af natríumnítrít og formalíni, en framkvæmd rotvarnar er undir handleiðslu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Svonefnd nítrósamín efnasambönd eru talin geta myndast í fiskimjöli við eldþurrkun á rotvörðu hráefni, en þessi efni eru talið geta valdið m. a. krabbameini. Að hve miklu leyti þessi efni koma fyrir í útblæstri frá verksmiðjunum eða í andrúmslofti á vinnustöðum þeirra er ekki vitað, enda hafa rannsóknir ekki verið gerðar á þessu sviði hér á landi eða í nágrannalöndunum, svo að kunnugt sé. Að öðru leyti er ekki kunnugt um að hættuleg efni eða eiturefni séu fyrir hendi í umhverfi starfsmanna í þeim mæli, að um heilsufarshættu geti verið að ræða.

Þegar á heildina er litið verður að telja hávaða, óþrif og óþef vera meginvandamál vinnuumhverfis fiskimjölsverksmiðjanna. Verður að telja vinnu í ýmsum þeim fiskimjölsverksmiðjum, sem nú eru starfræktar á landinu, með óþrifalegri vinnu sem um getur. Verulegar endurbætur hafa þó orðið á þessu sviði í nokkrum verksmiðjum á undanförnum árum, en ólíklegt er að innan veggja þessara fyrirtækja skapist viðunandi vinnuumhverfi fyrr en gagngerð endurnýjun hefur átt sér stað hjá meginþorra verksmiðjanna.

Um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma fer eftir reglugerð nr. 24 frá 1956, en eins og vitað er hefur tilkynningar- og skráningarskyldu samkv. henni verið slælega framfylgt og liggja ekki fyrir neinar skýrslur um tíðni atvinnusjúkdóma í síldar- og fiskimjölsverksmiðjum sérstaklega.

Önnur spurning:

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 164 frá 1972 eiga allar síldar- og fiskimjölsverksmiðjur að sækja um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Sótti Félag fiskimjölsframleiðenda sameiginlega um leyfi fyrir allar verksmiðjur innan sinna vébanda þegar í ágúst 1972. Við afgreiðslu þeirra voru fyrst og fremst gerðar kröfur um

varnir gegn reyk og ólykt, einkum þar sem verksmiðjur voru staðsettar inni í byggð, en einnig um frágang frárennslis, aukið hreinlæti og bætta aðstöðu fyrir starfsfólk. Almennar reglur hafa ekki verið settar um mengunarmörk, heldur hefur málefni hverrar verksmiðju verið metið sérstaklega með tilliti til aðstæðna. Mjög erfitt er enn fremur að setja mengunarmörk fyrir ólykt vegna skorts á nákvæmum og áreiðanlegum mæliaðferðum, og hafa yfirvöld á hinum Norðurlöndunum ekki farið slíka leið enn sem komið er a. m. k.

Við afgreiðslu fyrrnefndra umsókna á árunum 1972—1974 var yfirleitt gerð krafa um að reistir yrðu reykháfar á þeim stöðum þar sem óþægindi vegna ólyktar þóttu mest og þar sem talið var að slík lausn mætti verða að gagni. Hvað frárennsli snerti var gerð krafa um að það væri leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð í samræmi við 61. gr. heilbrigðisreglugerðar fyrir Ísland, nr. 45 frá 1972.

Ákvæði starfsleyfa um háa reykháfa sættu verulegri gagnrýni af hálfu ýmissa aðila, bæði vegna kostnaðar og eins vegna þess, að í ýmsum tilvikum var ekki víst að slík lausn kæmi að fullum notum. Enn fremur mátti benda á að slíkar leiðir hefðu ekki verið valdar í nágrannalöndunum. Á grundvelli þessa sendi Heilbrigðiseftirlit ríkisins frá sér í maí 1976 ítarlega skýrslu um mengunarmál fiskimjölsverksmiðja. Grg. þessi var unnin á grundvelli ítarlegrar upplýsingaöflunar um þróun þessara mála í nágrannalöndunum, þar sem aðstæður eru sambærilegar, einkum í Danmörku og Noregi. Er í skýrslu þessari bent á þær tæknilegu leiðir til eyðingar á lykt sem helst eru taldar koma til greina og reynsla hefur fengist fyrir, ásamt öðrum ráðstöfunum til mengunarvarna innan dyra verksmiðjanna og utan. Eru niðurstöður stofnunarinnar þær, að til eyðingar ólyktar komi eftirtaldar leiðir helst til álita:

1. Tekinn verði upp þvottur útblásturslofts í svonefndum efnahreinsiturnum af viðurkenndri gerð.
2. Tekin verði upp brennsla útblásturslofts með svonefndri Hetlandaðferð.
3. Breytt verði um framleiðsluhætti og tekin upp gufuburrkun samfara brennslu lyktarefna undir gufukötlum eða eyðingu þeirra í efnahreinsiturnum.

Tveim fyrstnefndum aðferðunum mætti koma við í verksmiðjum eins og þær eru í dag samfara nauðsynlegum lagfæringum á loftræstikerfi o. s. frv. Síðast nefnda aðferðin felur í sér gagngerða endurnýjun verksmiðjanna og krefst því mikils fjármagns. Hún gefur hins vegar möguleika á aukinni hráefnisnýtingu og betri framleiðslu er gæti skilað verksmiðjunum og þjóðarbúinu auknum arði.

Þriðja spurning:

Alls munu nú vera starfandi á landinu 47 fiskimjölsverksmiðjur, þar af 24 sem vinna úr loðnu. Af þessum 47 síldar- og fiskimjölsverksmiðjum eru í dag 16 verkmiðjur með fullt starfsleyfi og 20 með skilyrt starfsleyfi, en 11 hafa ýmist ekki fengið starfsleyfi eða eru með skilyrt starfsleyfi frá heilbr.- og trmrn. samkv. reglugerð nr. 164/1972 sem ekki hefur verið uppfyllt að fullu. Eftirtaldar verksmiðjur hafa ekki fengið starfsleyfi:

1. Fiskimjölsverksmiðjur í Reykjavík, þ. e. Faxi og Stjörnumjöl í Örfirisey og Klettur við Lauganes. Málefni þessara verksmiðja hafa fram til þessa alfarið verið í höndum heilbrigðismálaráðs Reykjavíkur, enda hafði ráðið tekið þessi mál upp löngu fyrir gildistöku reglugerðar.
2. Fiskimjölsverksmiðjurnar í Vestmannaeyjum, tvær talsins. Starfsemi þessara verksmiðja lagðist niður 1973 við gosið í Vestmannaeyjum og urðu þær því ekki afgreiddar samfara öðrum verksmiðjum. Með tilliti til þess tjóns, sem verksmiðjurnar urðu fyrir, og þeirrar enduruppbyggingar, sem átt hefur sér stað í Vestmannaeyjum á undanförnum árum, hefur ekki þótt ástæða til að setja fram kröfur um mengunarvarnir enn sem komið er.
3. Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði. Starfsemi verksmiðjunnar lá niðri þar til sumarið 1976.
4. Tvær minni háttar beinamjölsverksmiðjur á Snæfellsnesi.

Aðallega hefur verksmiðjunum gengið treglega að uppfylla skilyrði starfsleyfis um varnir gegn óþægindum af völdum ólyktar, og hefur fjárskorti mest verið borið við. Hins vegar hefur nú svo brugðið við, að afkoma loðnuverksmiðja hefur stórlega batnað og margar af þeim verksmiðjum, sem eru með skilyrt starfsleyfi, eru nú að undirbúa að verða við þeim kröfum sem heilbrigðisnefnd viðkomandi staðar og Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafa farið fram á.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mjöl- og lýsisframleiðsla okkar er raunar eins konar stóriðja er einkennist af því, að framleiðslutækin eru, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., flest gömul og úrelt, og það er svo einkennilegt, að þegar verksmiðjur hafa verið stofnaðar nú upp á síðkastið, þá hefur mjög oft verið safnað saman gömlum tækjum annars staðar að af landinu, frá verksmiðjum sem lagðar hafa verið niður, og þau tekin í gagn að nýju. Það er þess vegna sem við eigum mjög lítið af nýtískulegum verksmiðjum í þessum mikla iðnaði. Þar af leiðandi er full ástæða til að ætla að þarna séu slæm vinnuskilyrði og fsp. þessi því mjög tímabær.

Mér er kunnugt um að nú stendur fyrir dyrum t. d. að endurnýja soðkjarnatæki hjá mörgum innlendum verksmiðjum. Við kaup á þeim þarf að hafa í huga að þau geta verið mjög hávaðasöm, en aftur á móti má kannske fá tæki sem eru jafnafkastamikil og jafngóð, en kosta e. t. v. örlítið meira, án þess að um verulega hávaðasöm tæki sé að ræða.

Ég held að það sé einkum hávaði og svo efni, sem eru vinnslunni samfara, sem eru fólki hættuleg í þessum verksmiðjum og full ástæða til þess að líta betur eftir en gert hefur verið hingað til. Og það einkennilega verður að segja, að þrátt fyrir það að um nýjar verksmiðjur sé að ræða hér, þá eru þær alls ekki byggðar upp samkv. nýjustu kröfum.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans við fsp., sem voru ítarleg og hreinskilin, að því

er ég best fæ séð. Eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, er hér um að ræða allmikinn iðnað, sem jafnvel mætti kalla í heild íslenskan stóriðnað, þar sem tvímælalaust skortir mikið á að gætt sé þeirra hollustuhátta sem við nú á dögum verðum að krefjast fyrir verkafólk okkar.

Það kom fram í svari hæstv. ráðh. við fyrstu spurningunni, sem ég hafði raunar heyrt frá læknum áður, að talið er hugsanlegt að viss efnasambönd, sem fyrir koma í þessari framleiðslu, geti valdið krabbameini. En engar rannsóknir hafa farið fram í þessu hér og ekki er vitað til að það hafi verið gert í nágrannalöndum okkar. Ég veit ekki hvort í nokkru nágrannalandi séu tiltölulega eins margar slíkar verksmiðjur og hér. Það eru örfáar verksmiðjur í Danmörku, Noregi og Færeyjum. En mér finnst þessar upplýsingar iskyggilegar og getur það ekki stafað af öðru en því, að heilbrigðisyfirvöld okkar eru ofhlaðin verkefnum. Ég vil leggja sérstaka áherslu á það. Viðurkennt er í skýrslunni, að hávaði, óþefur og óþrif séu slík í þessum verksmiðjum, að fjarri sé því að þær séu viðunandi vinnustaður, og meira að segja var tekið fram, að ólíklegt sé að viðunandi umhverfi skapist nema gerðar verði mjög miklar umbætur á verksmiðjunum.

Ég skal meta það, að á árunum 1972—1974 var gert átak til að bæta úr þessu og þá sérstaklega í sambandi við reykháfa, þ. e. ytri mengun. En í þessari fyrirspurn hef ég sneitt algjörlega hjá ytri mengun og fjallar fsp. því aðeins um hina innri mengun á þessum vinnustöðum.

Það var athyglisvert að heyra þær upplýsingar, þar sem sérfræðingarnir, sem veita ráðh. svör við spurningunum, telja upp hvað gera þurfi til að gera þessar verksmiðjur að mannlegri vinnustöðum. Þar segir að slíkum umbótum mundi fylgja aukin nýting og betri framleiðsla. Það er því ekki verið að gera það fyrir fólkið eitt eða mennina eina að bæta þessa vinnustaði sem slíka, heldur mundu þeim breytingum fylgja aukin nýting og betri framleiðsla. Þetta er athyglisvert, einmitt um það leyti sem hávær gagnrýni hefur verið um að nýting í mörgum þessara verksmiðja sé ófullnægjandi.

Miðað við fjölda þessara fyrirtækja og þýðingu þeirra í íslensku atvinnulífi finnst mér satt að segja hrollvekjandi, að af 47 verksmiðjum, sem eru á skrá, skuli aðeins 16 hafa fullt leyfi — aðeins 16. 20 hafa fengið það sem kallað er skilyrt leyfi, þ. e. a. s. þeim er gert að uppfylla einhver lágmarksskilyrði til að geta fengið leyfi, og 11 eru einhvers staðar á leiðinni, þ. e. a. s. hafa fengið skilyrt leyfi, en ekki uppfyllt skilyrðin. Þetta er ástand, sem við getum ekki við unað, og við verðum að snúa okkur að því að breyta því. Síðustu orð hæstv. ráðh. stuðla að því, að nú sé rétti tíminn til að taka þetta mál alvarlegum tökum og krefjast þess af verksmiðjunum, að þær geri betur á þessu sviði, en þessi síðustu orð ráðh. voru á þá lund, að afkoma verksmiðjanna hefði nú undanfarið stórbatnað og væru því margar þeirra að undirbúa að verða við þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.

Ég ítreka, að ég tel að vinnuskilyrðin í þessari iðngrein allri með 47 verksmiðjum séu fyrir neðan allar hellur og að íslenskum heilbrigðisyfirvöldum og þar á meðal Alþ. sjálfu beri að taka þetta verkefni fram fyrir mörg önnur og reyna að tryggja því fólki, sem vinnur þessa arðvænlegu og nauðsynlegu vinnu, betra starfsumhverfi en það hefur haft hingað til.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég sagði að hér væru starfandi 47 fiskimjölsverksmiðjur og þar af 24 sem vinna úr loðnu. Á loðnuvinnslunni er verið að gera margvíslegar breytingar til batnaðar. En í almennum fiskimjölsverksmiðjum er starfstíminn auðvitað allt annar, og á sumum minni stöðum er tiltölulega mjög stuttur starfstími í senn. Í loðnuverksmiðjunum hefur starfstíminn verið mjög skammur á undanförnum árum eða 2½ mánuður, þangað til sumarloðnuveiði byrjaði. Þá fyrst var hægt að fara að ýta alvarlega á að verða við þessum kröfum. Fjárhagsstaða loðnuverksmiðjanna frá árinu 1974 og fram á árið 1977, eða 1974—1976, var með þeim hætti, að þær voru flestar hverjar ekki aflögufærar að ráðast í dýrar og miklar framkvæmdir. Það var einmitt í þessari grein sem mestar hráefnisskuldir voru við útgerðina á sínum tíma, á árunum 1974—1975, sérstaklega á árinu 1975. Þá var um það að ræða fyrir heilbrigðisyfirvöld að stöðva starfsemi þessara verksmiðja með öllu.

Hins vegar tek ég undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það er mesta skömm að því að hafa ekki útvegað meira fjármagn en raun ber vitni til að bæta þessa starfsaðstöðu alla. Í einum bæ ekki fjarri okkur verða nú gerðar gagngerar endurbætur, þ. e. í Hafnarfirði, og hefur fyrir milligöngu sjútvrn. tekist að útvega því fyrirtæki allverulegt lán til að sinna mengurnarvörnum. Innan verksmiðjanna hefur þó verið gert mun meira, þó að enn þurfi stórátak, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um.

Framkvæmdir á Hrafnseyri til minningar um Jón Sigurðsson, fsp. (þskj. 119). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera fyrirspurn til forsrh. um framkvæmdir á Hrafnseyri til minningar um Jón Sigurðsson. Ég þarf ekki að hafa langan formála að þessari fyrirspurn. Það vita allir, hvers vegna Hrafnseyri er staður sem vert er að minnast þegar minnst er Jóns Sigurðssonar. Það er ekki nýtt að þessi staður sé þjóðinni hugstæður sem fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar. Á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar var þess minnst á þann veg, að þá var reistur veglegur bautasteinn um Jón Sigurðsson að Hrafnseyri, og þótti öllum sjálfsagt og vel við eigandi.

Þegar kemur að lýðveldisstofnuninni árið 1944 vaknar sú spurning, hvort ekki sé rétt í því sambandi að gera eitthvað á Hrafnseyri til minningar um Jón Sigurðsson, sem svo mjög er tengdur lýðveldisstofnuninni og sjálfstæði þjóðarinnar. Á þessari hugsun byggðist það, að árið 1944 lögðu fjórir alþm., Ásgeir Ásgeirsson, Einar Olgeirsson, Gunnar Thoroddsen og Bjarni Ásgeirsson, fram till. á Alþingi til þál. á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela n. þeirri, er skipuð verði til að undirbúa hátíðarhöld vegna lýðveldisstofnunar á Íslandi, að rannsaka og gera till. um nauðsynlegar framkvæmdir á Hrafnseyri við Arnarfjörð, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.“

Í upphafi grg. með þessari till. segir:

„Flm. þykir það tilhlýðilegt, að fæðingarstað Jóns Sigurðssonar sé nokkur sómi sýndur í sambandi við lýðveldisstofnun á Íslandi.“

Þessi þáltill. var samþ. 10. mars 1944, og þá gerist það næst, að lýðveldisnefnd snýr sér að þessum málum, fer til Hrafnseyrar og ræðir við ýmsa aðila um hvað gera skuli. Í framhaldi af þessu er lögð fram þáltill. á þinginu 1944—1945 af sömu flm. og áður, nema Gunnari Thoroddsen, en nú er flutningsmaður í hans stað *Gísli Jónsson*. Þessi þáltill. gerði ráð fyrir að ríkisstj. skipaði n. til að stýra framkvæmdum á Hrafnseyri við Arnarfjörð í minningu Jóns Sigurðssonar. Till. var samþ. 16. jan. 1945.

Í grg. með þessari till. benda flm. á ýmis atriði sem til greina geta komið varðandi farmkvæmdir á Hrafnseyri, og er þar m. a. talað um að þar sé kirkjustaður og eigi að vera prestssetur. Það er rætt um barnafræðslu í Auðkúluhreppi. Það er rætt um skógrækt. Og það er vikið að samgöngum varðandi Hrafnseyri og bent á að þær séu ekki góðar um þær mundir. En síðan þetta var sagt hefur margt skeð og ýmislegt verið gert á Hrafnseyri, en að því er virðist brostnar forsendur fyrir sumu sem ætlað var, en að mínu viti og ég hygg fleiri minna gert í öðrum efnum sem vert hefði verið að gera.

Nú er það svo, að með tilliti til þessa er ekki óeðlilegt að sú spurning vakni, hvort eitthvað verði nú gert til að betrumbæta í þessum efnum í sambandi við merkisár sem nú er framundan, þar sem er hundraðasta ártíð Jóns Sigurðssonar árið 1979.

Með tilliti til þessa alls hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fyrirspurn til hæstv. forsrh.:

„1. Eru fyrirhugaðar frekari framkvæmdir á Hrafnseyri til að efla staðinn í minningu Jóns Sigurðssonar?

2. Er ætlunin að minnast hundruðustu ártíðar Jóns Sigurðssonar árið 1979 með sérstökum framkvæmdum á Hrafnseyri?

3. Hvert er hlutverk Hrafnseyrarnefndar?“

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í tilefni af fyrirspurn hv. 3. þm. Vestf., Þorv. Garðars Kristjánssonar, hef ég óskað eftir upplýsingum frá Hrafnseyrarnefnd, og hefur formaður hennar, Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri, gert mér grein fyrir fyrirætlunum Hrafnseyrarnefndar í samráði við nefndina. Byggjast þau svö, sem ég geri hér grein fyrir, á þeirri grg. formanns n. og nefndarinnar í heild.

Í fyrsta lagi er spurt: „Hvert er hlutverk Hrafnseyrarnefndar?“ Svarið er: Samkvæmt þál., sem samþ. var á Alþ. 16. jan. 1945, er hlutverk Hrafnseyrarnefndar að stýra framkvæmdum á Hrafnseyri við Arnarfjörð í minningu Jóns Sigurðssonar.

Í öðru lagi er spurt: „Eru fyrirhugaðar frekari framkvæmdir á Hrafnseyi til að efla staðinn í minningu Jóns Sigurðssonar?“ Svarið er: Hrafnseyrarnefnd stefnir að því að láta fullgera bygginguna á Hrafnseyri með því að byggja við hana nýja álmu, þar sem verði inngangur að minjasafni Jóns Sigurðssonar og kapella sem um leið megi nota til fundarhalda. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þessar byggingaframkvæmdir greiðist m. a. úr Minningarsjóði Dóru Þórhallsdóttur og með samskotum einstaklinga og samtaka sem Hrafnseyrarnefnd hyggst beita sér fyrir. Hrafnseyrarnefnd ætlar sér að ljúka þessum framkvæmdum fyrir hundruðustu ártíð Jóns Sigurðssonar.

Í þriðja lagi er spurt: „Er ætlunin að minnast hundruðustu ártíðar Jóns Sigurðssonar árið 1979 með sérstökum framkvæmdum á Hrafnseyri?“ Og svarið er: Aðrar framkvæmdir en hér hefur verið skýrt frá eru ekki í undirbúningi hjá Hrafnseyrarnefnd. N. ráðgerir að minnast hundruðustu ártíðar Jóns Sigurðssonar með opnun minjasafns Jóns Sigurðssonar, vígslu kapellunnar og á annan viðeigandi hátt.

Með þessari grg. n. fylgja fundargerðir hennar síðustu árin, frá 1974, 1975, 1976 og 1977, þar sem drepið er á ýmislegt varðandi uppbyggingu staðarins og hlutverk n. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um þau málefni, sem n. hefur rætt og ákvarðað, en vil taka undir með hv. 3. þm. Vestf., fyrirspyrjanda, að ég tel einsýnt og raunar skyldu okkar að sýna staðnum ræktarsemi og um leið eðlilegt að hundruðustu ártíðar Jóns Sigurðssonar sé minnst m. a. með því, að staðnum sé gert vel til.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans og það jákvæða viðhorf sem fram kom í ummælum ráðh.

Ég sagði áðan að 1944 hefðu verið uppi hugmyndir um ýmsar framkvæmdir á Hrafnseyri og síðan hefði ýmislegt breyst og e. t. v. breyst forsendur fyrir sumu sem hugsað var þá, en minna orðið úr öðru. Ég lýsi ánægju minni yfir þeim upplýsingum sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh., að Hrafnseyrarnefnd hugsar nú að gera sérstakt átak til þess m. a. að fullgera byggingu þá, sem nú er á Hrafnseyri, og efla staðinn í sambandi við hundruðustu ártíð Jóns Sigurðssonar.

En ég vil ekki láta við þetta tækifæri hjá líða að benda aðeins á eitt atriði sem var ofarlega í hugum manna 1954, við lýðveldisstofnunina. Það var að koma upp á Hrafnseyri minjasafni um Jón Sigurðsson. Það er varla hægt að segja að nokkuð hafi verið gert í því efni, nema þá svo lítið að varla er orð á gerandi. Ég tel að það væri sérstök ástæða að leggja áherslu einmitt á þennan þátt núna. Og þá hef ég í huga það myndarlega átak sem hefur verið gert í sambandi við hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn og Alþ. stendur að. Þar hefur verið komið upp mjög myndarlegu minjasafni um Jón Sigurðsson, þar sem eru ýmis frumgögn varðandi starf hans og ævi, ljósrit af mörgu, húsmunir og annað sem tengt er Jóni Sigurðssyni.

Það fer ákaflega vel á því og enginn ágreiningur um það, að það sé svo búið að þessu máli

í húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. En ég held að við ættum að láta verða meira úr hugmyndum manna um að koma upp slíku minjasafni á Hrafnseyri. Svo vel sem þetta á við í Kaupmannahöfn, þá getur ekki orkað tvímælis að það á ekki síður við á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, á Hrafnseyri. Við getum haft í þessu efni til fyrirmyndar aðstoð Lúðvíks Kristjánssonar, hins ágæta fræðimanns, sem var driffjöðrin í að byggja upp þetta safn í Kaupmannahöfn. Við getum notið slíkra starfskrafta og fleiri til þess að byggja upp slíkt safn á Hrafnseyri, og það kemur að mínu viti mjög til greina. Ég tel að það eigi að athuga hvort ekki sé ráð að flytja ýmsa muni, sem eru til úr búi Jóns Sigurðssonar og m. a. eru nú í Þjóðminjasafninu, til Hrafnseyrar til þess að gera þetta safn sem best úr garði. Ég hygg að það gæti orðið mjög til sóma, ef það yrði gert með reisn og því látleysi sem hæfir minningu Jóns Sigurðssonar.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 7. febr., að loknum 44. fundi.

Vegáætlun 1977—80, þáltill. (þskj. 281). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Karfamið, þáltill. (þskj. 329). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Íslenskukennsla í fjölmiðlum, þáltill. (þskj. 336). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þjóðaratkvæði um prestskosningar, þáltill. (þskj. 50). — Frh. einnar umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ýmsir hafa látið til sín heyra í umr. um þessa þáltill., sem hér er á dagskrá. En það hefur farið sem fyrr, að umr. hafa ekki nema að litlu leyti snúist um efni till., heldur um hvort hafa skuli beinar og almennar prestskosningar, eins og nú er, eða hvort afnema skuli þær.

Till. sjálf kveður ekkert á um það, hvaða aðferð skuli viðhöfð við prestskosningar. Hún fjallar einungis um að borið sé undir þjóðina hvort almennar beinar prestskosningar skuli viðhafðar, svo sem nú tíðkast, eða ekki. Till. sjálf er algjörlega hlutlaus um þetta efni. En svo heitt verður mönnum í hamsi þegar prestskosningar ber á góma, að menn sjást ekki fyrir í þessum efnum. Menn geta ekki einu sinni lesið grg. með þáltill. þessari án þess að hlaupa í gönur. Hlutlaus frásögn af staðreyndum er þá ýmist túlkuð sem lævís áróður fyrir afnámi prestskosninga eða fyrir því að viðhalda þeim.

Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, er ákafur fylgjandi beinna og almennra prestskosninga. Hann telur það vera lýðréttindi. Hins vegar telur hann það brot á lýðréttindum ef borið er undir þjóðina í þjóðaratkvæði hvort hún vill halda lýðréttindum. Hv. þm. gaf enga skýringu á þessari afstöðu sinni. Hins vegar þótti honum öruggara að taka fram, að þessi afstaða hans beindist á engan hátt gegn þjóðkirkjunni, enda væri þjóðkirkjan íslenska að sínum dómi fyrirmyndar trúarstofnun þegar hún væri borin saman við aðrar trúarstofnanir, hvað svo sem það á nú að þýða.

Þá var hv. þm. mikið niðri fyrir þegar hann las upp úr grg. með þáltill. að af hálfu þjóðkirkjunnar hefðu verið færð þau rök fyrir nýrri skipan um veitingu prestakalla, að prestskosningar í núverandi mynd reyndust einatt illkynja þolraun fyrir söfnuðina og það geri prestum óeðlilega erfitt um að færa sig til á starfssviði sínu. Þessi orð eru í grg. innan gæsalappa og er vitnað með því til ummæla í grg. fyrir frv. Kirkjuþings um afnám beinna og almennra prestskosninga. Þm. telur þessar skoðanir ekki á rökum reistar, enda hafi hann hvergi á Vesturlandi heyrt nokkurn mann kveinka sér undan því að taka þátt í prestskosningum. Þm. andmælir því næst rökum Kirkjuþings. Eftir slíkum leiðum talar hv. þm. sig upp í að vera á móti þeirri till. sem hér liggur fyrir.

En ekki tekur betra við þar sem er hv. 2. þm. Vesturl., Friðjón Þórðarson. Hann er ekki einungis talsmaður fyrir afnámi prestskosninga og fylgjandi Kirkjuþingi heldur gerir hann flutningsmönnum þessarar till. upp sakir fyrir að vera valdir að því, að áform Kirkjuþings hafi ekki náð fram að ganga. Sagði hann, að við flm. hefðum komið laglega upp um okkur í grg. með till. og rakti í því sambandi frásögn grg. og meðferð Alþ. á frv. Kirkjuþings um afnám prestskosninga frá árinu 1962 til 1974. Klykkti þm. síðan út með því að segja, að það væri ekki að furða að við flm. værum allstoltir yfir þessari meðferð mála.

Þetta las þm. út úr algjörlega hlutlausri og áreitnislausri frásögn af staðreyndum. Slík eru rökin fyrir því að vera á móti till. þessari. Ekki þurfa menn nú að afsala sér allri dómgreind, þó að þeir vilji afsala sér réttinum til þess að velja sér sálusorgara.

En víkjum þá að þjóðaratkvæðinu. Af sumum ræðumönnum hafa verið bornar brigður á að það sé eðlileg málsmeðferð eða þörf sé á að hafa þjóðaratkvæði um þetta, þ. e. hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar eða ekki. Hér er spurningin um það, hvort þörf sé að leysa mál sem er til úrlausnar og hefur ekki tekist að finna lausn á. Allir eru sammála um að málið skuli leyst. En sumir segja að það megi ekki gera með því að láta þjóðaratkvgr. fara fram, Alþ. eigi sjálft að leysa málið án þess að gripið sé til þeirra ráða. En það er einmitt þetta sem Alþ. hefur ekki tekist að gera. Menn geta deilt um hvers vegna það er, en þetta er staðreynd.

Allan þann tíma, sem Kirkjuþing hefur verið

að berjast fyrir afnámi prestskosninga, hefur ekki verið meiri hluti á Alþ. fyrir þeirri lausn. Hvers vegna hefur Alþ. þá ekki fellt frv.? Svo má spyrja. Kannske er hér um einhverja tillitssemi að ræða. Í 62. gr. stjórnarskrárinnar segir, að hin evangeliska- lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og ríkisvaldið skuli að því leyti styðja hana og vernda. Ekkert er því óeðlilegt að Alþ. fari með gát þegar upp kemur ágreiningur við þjóðkirkjuna. Verður ekki annað sagt en Alþ. hafi gert það í þessu máli. En það er ekki þar með sagt að Alþ. hafi ekki sýnt vilja sinn í málinu. Það er hægt að gera það með öðru móti en að samþykkja eða fella frv. sem fram hefur verið lagt. Það var gert í þessu tilfelli árið 1974 með því að vísa frv. Kirkjuráðs til ríkisstj. með rökstuðningi á móti afnámi beinna og almennra prestskosninga. Þetta var m.a. byggt á upplýsingum sem Alþ. hafði aflað sér og sýndu, að ekki var jafnmikil eining í röðum kirkjunnar manna fyrir afnámi prestskosninga og af hafði verið látið, og raunar var þar líka um sterka andstöðu að ræða.

En þegar hér var komið heyrðist hljóð úr horni. Biskupinn yfir Íslandi sendi Alþ. kveðju sína út af þessum málum. Það verður ekki komist hjá því að víkja að viðbrögðum biskups, eftir að hv. 4. þm. Vesturl., séra Ingiberg J. Hannesson, hefur hafið þann leik í þessum umr. Í þessum umr. hefur þessi hv. þm. teflt fram á ósmekklegan hátt gegn þessari þáltill. ummælum biskups í setningarræðu á prestastefnu 1977, þar sem till. þessi er sögð í óvirðingarskyni „einstakt frægðardæmi í sögu vestræns þingræðis“. Minna mátti ekki gagn gera.

En þessi ummæli biskups draga athyglina að viðbrögðum hans eftir afgreiðslu Alþingis árið 1974 á frv. Kirkjuþings um afnám prestskosninga. Í ræðu að upphafi prestastefnu 1974 veitist biskup að Alþ. með ofsa og yfirlæti fyrir meðferð málsins. Hann sagði m.a. að flestir, sem leitað var til við könnun á afstöðu til málsins, hafi ekki virt Alþ. svars, menn hafi litið á þessi umsvif Alþ. eins og hverja aðra marklausa tilburði. Þannig var orðbragðið. Sem dæmi um rökvísi og málfar vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa eftirfarandi;

„En spyrja má: Hví setti Alþ. sjálft ýmsar nefndir og ráð sem hafa talsverð áhrif og völd? Ég nefni aðeins útvarpsráð. Slíkar nefndir og ráð, hverra tala er legio, hafa stórum meiri völd í þjóðfélaginu en sóknarnefndir mundu fá með því að eiga þá íhlutun um val presta sem frv. Kirkjuþings gerir ráð fyrir. Hverjir hafa verið spurðir þegar Alþ. hefur hrifsað í greipar pólitísku flokkanna völd og áhrif af þessu tagi. Það er tómahljóð í orðum vorra háttvirtu löggjafa þegar þeir tala um lýðréttindi í þessu sambandi. Til þess að það tal væri sannfærandi þyrfti Alþ. endranær að hlusta á almenning betur. Hv. alþm. mættu þá t.d. gæta sín gjör þegar þeir skammta sjálfum sér, flokkum sínum og blöðum sínum aðstöðu og fjárráð á almannakostnað. Ekki var leitað eftir áliti eins eða neins utan valdakerfisins þegar það var ákveðið, að tilteknir söfnuðir skyldu sviptir rétti til þess að geta búið prestum sínum sæmilega aðstöðu hvað húsnæði snertir, svo að eitthvað sé nefnt af mörgu og margvíslegu.“

Næst kemur kafli sem heitir Kirkjan og stjórnmálin. Ég ætla ekki að lesa þann kafla upp, en þar er biskup af þessu tilefni að gera því skóna, að þjóðkirkja Íslands myndi sinn stjórnmálaflokk á Íslandi. Hann víkur svo nokkuð að reynslu slíkra flokka á Norðurlöndum og svo lýkur þessum kafla með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„En það getur orðið tímabær og óhjákvæmileg nauðsyn allt um það“ — þ. e. a. s. að stofna kristilegan flokk. „Kristilegu flokkarnir nýju berjast gegn pólitísku ofríki á menningarsviðinu gegn sjálfræði flokka og valdamanna. Þeir hamla gegn svefngöngu blaða og stjórnmálamanna í siðgæðisefnum, þar sem stefnt er til upplausnar fyrst og einræðis síðan, þegar svo verður komið, að öll alþýða er uppgefin á máttlausri síbylju atkvæðabiðla, uppgefin á agaleysi, upplausn, öryggisleysi, svo að henni þykir nær hver kostur skárri en það lýðræði, sem hefur étið sjálft sig upp inn að hjartarótum“.

Þetta er allt í tilefni af afgreiðslu Alþingis á frv. Kirkjuþings. Þetta, sem ég hef hér farið með, er tekið upp úr Kirkjuritinu. Biskup mun svo hafa hnykkt á ummælum sínum í viðtölum við fjölmiðla, eins og fram hefur komið í þessum umr. En ég skal nú ekki fjölyrða um þetta frekar. Þetta dæmir sig sjálft.

En það, sem eftir stendur eftir allt þetta fjaðrafok, eru nokkrar staðreyndir. Þær eru: 1) Biskup og Kirkjuþing vilja afnema beinar og almennar prestskosningar. 2) Biskup bregst ókvæða við, af því að Alþ. fellst ekki á þetta. 3) Biskup og Kirkjuþing fullyrða, að almennur vilji sé fyrir afnámi prestskosninga. 4) Biskup vill ekki að vilji almennings komi fram í þjóðaratkvgr. Hvers vegna? Það er von að spurt sé. Þetta er hinn óttalegi leyndardómur.

Undir þessum kringumstæðum hafa flm. þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir, talið rétt að hætt verði að deila um það, hvað almenningur vill um beinar og almennar prestskosningar. Í stað þess sé þetta borið undir almenning sjálfan, og ættu allir að geta sætt sig við þá málsmeðferð. Þeim, sem eru á móti beinum og almennum prestskosningum, er varla ætlandi að vilja koma vilja sínum fram án þess að fyrir liggi ótvíræður vilji fólksins í þessa átt. Ég segi: ég álít að þeim sé ekki það ætlandi. Þeir, sem vilja halda beinum og almennum prestskosningum, er stuðningur að því, ef í ljós kemur ótvíræður vilji fólks um að viðhalda þessari skipan. Allir eiga því að geta sameinast um að farin verði sú leið sem þáltill. þessi leggur til, þ. e. a. s. að fram fari þjóðaratkvgr. til að fá vilja þjóðarinnar fram í þessu efni.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir þau orð sem hann lét falla áðan, þær aths. sem hann gerði við málflutning æðsta manns þjóðkirkjunnar að því er varðar þessa stofnun, Alþingi, æðstu stofnun íslensku þjóðarinnar. Mér þótti honum mælast svo vel, að ég fyrirgef honum

fúslega misskilning varðandi ýmislegt sem ég sagði þegar þessi umr. hófst fyrir nokkrum dögum.

Eitt var það, að ég vitnaði í grg. með þáltill. þeirra forsetanna. Ég er nú ekki með hana hér í ræðustól, en það er rétt sem hv. þm. sagði, að það, sem ég tilgreindi þar, var innan gæsalappa, og ég hélt að það skildist, að ég var ekki að vitna þar í orð flm. till., heldur ályktun frá Kirkjuþingi. Og þegar ég vakti athygli á stíl þessarar ályktunar eða þessarar tilvitnunar, að hún væri vel stíluð, það væri enginn skussi sem héldi á pennanum, þá átti ég við vissan mann sem ekki á sæti á Alþingi.

Ég vil taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að ég skil vel ástæðuna fyrir því, að hæstv. forsetar Alþ. sameinast um að flytja þessa till. Þeir vilja leysa vanda sem upp er kominn. Og ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að niðurstaða þjóðaratkvgr. um þetta hlýtur auðvitað að verða sú, eins og hv. þm. Helgi Seljan sagði líka um daginn þegar umr. hófst, að þjóðin vill halda því skipulagi sem hún hefur notið í þessum málum síðan 1915, hún vill fá að kjósa presta, eins og hún hefur hingað til gert, það er ekki nokkurt vafamál. En ég og ýmsir fleiri teljum að tilefnið til þess að fara nú að leggja mál undir þjóðaratkv., undir dóm þjóðarinnar, veita henni tækifæri til þess að neyta þessa réttar sem felst í ákvæðinu um þjóðaratkv. í stjórnarskránni, — þetta tilefni sé allt of lítilfjörlegt til slíks. Ég er algerlega andvígur því að vera að bera mál eins og þetta undir þjóðaratkv. Mér finnst það vera allt of lítið mál til þess. Og þá skilur hv. þm. Jón Sólnes að ég styð ekki heldur till. hans um að fara að bera þjórinn undir dóm þjóðarinnar á þennan hátt. Þjórinn er enn þá minna mál en þetta og enn minni ástæða til þess að hefja slíkt tilstand út af honum sem þjóðaratkv. er.

M. ö. o.: við erum sammála varðandi afstöðu æðsta manns þjóðkirkjunnar í þessum efnum og óviðurkvæmilegt orðbragð hans, ég og hv. þm. Þorvaldur Garðar. Og það var sannarlega ekki vanþörf á að þessi embættismaður fengi ádrepu af því tagi sem hann fékk áðan frá hæstv. forseta Ed. Alþingis. Þökk sé forseta Ed. Alþingis fyrir þetta.

Ég held því fram, að í staðinn fyrir að draga úr lýðræði innan þjóðkirkjunnar ætti að auka það. Það ætti að auka það með því að biskup væri aðeins kosinn til 4—5 ára eins og forseti lýðveldisins. Ef frambjóðandi kæmi á móti honum eftir 4—5 ár yrði hann að fara út í kosningaslag um þetta embætti. Og ég er meira að segja á því, að það sé athugandi að þetta gildi líka um presta, að söfnuðir fái tækifæri til þess að tefla manni á móti þeim ef þeim líkar ekki við þá, svo að þeir verði ekki fríaðir við það að fara í einar kosningar í upphafi embættisferils síns eða einhverjar kannske seinna, ef þeir vilja skipta um söfnuð, heldur verði þeim uppálagt að verja embætti sitt á 4—5 ára fresti í kosningum ef söfnuðurinn telur ástæðu til þess. Þetta ætti líka að mínum dómi að gilda um fleiri embættismenn, t. d. sýslumenn og marga, marga fleiri.

Ég vitna til þess, sem ég sagði um þjóðkirkjuna hér um daginn, umhyggju mína fyrir því, að Íslendingar búi við sæmilega heilbrigt trúarlíf. Sú umhyggja sprettur ekki af því, að ég hafi neinn sérstakan áhuga á trúmálum, heldur af hinu, að mér er ljóst að trúarþörf manna er það mikil, að það er ómögulegt að horfa fram hjá þessu. Þess vegna vil ég viðhalda því skipulagi sem við búum við í dag, þar sem er þjóðkirkjan íslenska með allt sitt ágæta frjálslyndi, fyrirmyndar trúarstofnun, eins og ég sagði, — hv. þm. Þorvaldur Garðar vitnaði í það áðan, — „þegar hún væri borin saman við ýmsar aðrar trúarstofnanir," hvað sem ég ætti við með því. Ég á við það sem ég sagði, að þetta sé fyrirmyndar trúarstofnun. Trúarstofnun sýnist mér að við verðum að hafa. Og þá er það aðalatriðið fyrir mér, tiltölulega trúlausum manni, að trúarstofnunin geri gott, geri mannssálunum gott, en ekki illt. Ég tel að þegar á allt er litið geri þjóðkirkjan íslenska gott. Hún bægir frá okkur trúarofstæki, sem herjar víða. Ég nefndi í því sambandi nágranna okkar, t. a. m. Norðmenn. Og ég verð að segja því miður, vinir mínir Færeyingar hafa æðioft orðið hart leiknir af völdum trúarofstækis, heimatrúboðsvitleysunnar allrar og þess helvítisboðskapar sem postular þeirra trúarhreyfinga hafa uppi og leiðir oft til sálartruflana.

Ég vil aftur víkja að þessu endalausa tali um það, að ekki sé sæmandi fyrir presta að taka þátt í kosningum, vegna þess að þeim fylgi svo miklar mannskemmdir. Allt er þetta komið frá prestunum sjálfum, þessar kröfur um að aflétta þessum kosningum, hætta þessum kosningum. Kröfurnar um þetta koma frá þeim mönnum em þola ekki þessar kosningar, að því er virðist. Ég efast reyndar um að allir klerkar taki undir sjónarmið biskups í þessu efni. Þeim hefur að vísu fjölgað sem hafa formlega gert það og greitt atkv. með ályktunum hans á Kirkjuþingi. Ég veit ekki um ástæður til þess. En ég verð að segja að prestar hækka ekki sérlega mikið í áliti hjá mér við það að sú staðreynd blasir við, að þeir fylkja sér æ fastar um þessar ályktanir, þessar ólýðræðislegu kröfur um það, að þeir þurfi ekki að standa í kosningum.

Maður gæti haldið, þegar maður fréttir af því, hver vinnubrögðin eru í slíkum kosningum, þá gæti maður lagt það þannig út, að eitthvað alvarlegt amaði að þjóðkirkjunni íslensku. Ég endirtek það sem ég sagði um daginn, að svo er ekki að mínum dómi. Það er eitthvað að því fólki sem stendur í þessum kosningum. Og ég vil bæta því við, af því að ég nefndi um daginn prófkosningar í þessu sambandi, að ég tel að það sé alveg út í bláinn, það sé fásinna að dæma stjórnmálaflokka, eðli þeirra, eftir þeim skuggahliðum manneðlisins sem birtast í sambandi við prófkjörin innan þessara flokka: níði og rógi og mannskemmdum. Ég vil ekki dæma stjórnmálaflokka eftir þeim. Þetta sprettur af einstaklingunum sem taka þátt í þessu. Við drögum stórlega í efa, dreifbýlismenn, að þetta sé einkenni á prestskosningum. Og ég endurtek það sem ég sagði um daginn, að ég hef ekki orðið var við þetta á Vesturlandi eða yfirleitt að menn kveinkuðu sér undan prestskosningum. Ég leyfi mér að segja að mönnum þyki þetta heldur svona dægrastytting, þeim sem eru þá ekki þeim mun meiri ofstækismenn, fyrir utan það að menn vilja hreint

og beint fá að ráða því hver presturinn er, hvaða maður skuli vera þeirra sálusorgari.

Hugmyndir um það, að biskup skuli ekki kosinn nema til ákveðins tíma, þessar hugmyndir, ég sé einn um þær. Ýmsir fleiri hafa sett þær fram. Í síðasta hefti Kirkjuritsins segir í viðtali við dr. theol. Sigurð Pálsson vígslubiskup m. a., með leyfi forseta:

„Ég vildi hafa biskupana þrjá í landinu. Auk þess vildi ég innleiða það, að biskupar sitji ekki á stóli nema ákveðið árabil. Enn fremur vildi ég að biskup yrði jafnan kosinn árinu áður en hann á að taka við embætti. Þá gæfist honum tóm til að búa sig undir starfið og kynna sér það sem hann þekkir ekki til embættisrekstrarins."

Síðan segir séra Sigurður Pálsson:

„Þegar biskup situr ótakmarkaðan tíma eða ævilangt er óumflýjanlegt að því fylgi stöðnun á ýmsa lund. Þar að auki er þetta allt of mikið verk fyrir einn mann, eins og Sigurgeir biskup sagði. Og einu vildi ég við þetta bæta," segir séra Sigurður: „Það gengur náttúrlega ekki að biskup hafi algert einveldi, meira að segja í öllum smámunum. Það verður að dreifa verkefnunum, ekki aðeins til þess að þau verði fljótar af hendi leyst, heldur til þess að virkja fólkið og fá því ábyrgð á því sem gerist í kirkjunni. Auk þess held ég að gersamlega sé vonlaust að ætla að reka kirkjuna með einum saman prestum. Við höfum hér sóknarnefndir, sem aldrei hafa orðið svo virkar sem til var ætlast. Þær gætu orðið að liði. Við þurfum einnig að hafa eitthvað þeim líkt í kringum biskupinn eða biskupana, réttara sagt, til þess að taka ákvarðanir með þeim. Með því móti yrði kirkjan alltaf samferða nútíðinni, og það þarf hún að vera, því að þótt stöku sinnum geti komið fram biskup sem er alhliða og eldist ekki," segir séra Sigurður Pálsson, „þá er það alger undantekning."

Og lýkur hér tilvitnuninni, og þar með læt ég lokið ræðuhöldum mínum um prestskosningar að sinni.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls við þessa umr., þar sem ég taldi að ég hefði sett fram mín sjónarmið í ræðu um daginn um þessi efni. En vegna tilefna, sem komið hafa fram í ræðum manna, sé ég ástæðu til að segja nokkur orð nú.

Þessi umr., sem átt hefur sér stað hér um þetta mál, sýnir raunar í hnotskurn, að þegar ræða skal um þetta mál hér á Alþ. er eins og hv. þm., sumir hverjir a. m. k., umhverfist og ræði þá um atriði sem í raun og veru eru ekki til umr. Ég hélt nefnilega að hér væri verið að ræða spurninguna um það, hvort við ættum að láta þetta mál undir þjóðaratkv., en ekki hitt, hvort við ættum að halda áfram að kjósa presta eða ekki, því að það hlýtur að koma að því, að það verði rætt síðar, ef þessi till. um þjóðaratkvgr. verður samþ. og þjóðaratkvgr. fer á þann veg að það þyrfti um það að fjalla nánar. Þaðan af síður hefði ég haldið að við værum að ræða hér um biskupskjör og önnur þau atriði í skipulagi kirkjunnar sem mætti vissulega ræða hér á Alþ. við tækifæri. En ég tel þau mál ekki vera hér til umr. að þessu sinni. Eins og ég gat um í síðustu ræðu minni, tel ég hér vera um málsmeðferð að ræða, en ekki efnisatriði.

Það hefur verið vitnað hér í ummæli biskups, bæði af ræðumönnum nú í dag og eins fyrir nokkrum dögum við þessa umr. og sjálfur vitnaði ég í opinber ummæli hans í synodusræðu. Og ég vil taka það fram strax út af ummælum hv. þm. Þorvalds Garðars Kristjánssonar, forseta Ed. Alþ., þar sem hann segir, að ég hafi teflt fram á ósmekklegan hátt ummælum biskups, að ég get ekki tekið undir það, því að ég sé ekkert ósmekklegt við að vitna í opinbera ræðu yfirmanns kirkjunnar í sambandi við þetta mál, því að hér er um að ræða eitt af skipulagsatriðum sem varða kirkjuna og þess vegna hljótum við að taka tillit til þess sem yfirmaður hennar segir um málið. Þm. hafa svo að sjálfsögðu leyfi til að hafa sína skoðun. En ég tel ekki ósmekklegt að vísa til þessara ummæla. Hitt tel ég miklu frekar ósmekklegt, að kasta steini að þessum embættismanni á þann hátt sem sumir ræðumenn hafa hér gert að honum fjarverandi, þar sem hann hefur ekki möguleika til þess að verja sig á þessum vettvangi. Það tel ég miklu frekar ósmekklegt heldur en að vitna til þessara orða sem eiga beinlínis við um þetta mál.

Í fyrri ræðu minni spurði ég hvort mönnum þætti sanngjarnt og eðlilegt að þau 8% þjóðarinnar, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, fengju að segja álit sitt við þjóðaratkvgr., þar sem mér skilst að sama kjörskrá eigi að gilda í slíkri þjóðaratkvgr. og við alþingiskosningarnar sjálfar. Það hefur verið vitnað til þessara orða minna og ég hef verið spurður að því, — ég má segja að það hafi verið hv. þm. Helgi Seljan sem það gerði, — hver sú prósenta væri innan þjóðkirkjunnar sem krefðist þess, að þetta mál væri tekið fyrir, þ. e. a. s. afnám prestskosninga. Nú hlýtur hv. þm. að vera það ljóst, að það hlýtur að vera ærið erfitt fyrir mig að gefa upp prósentutölu í þessu sambandi, vegna þess að það er engin „statistik" til yfir það. Enda er það nú það, sem um er spurt í raun og veru, hversu mikill hluti þjóðarinnar er þessu máli fylgjandi, og þess vegna get ég engar tölur gefið um það. Þessi till. gerir ráð fyrir að kannaður sé vilji þjóðarinnar í þessu sambandi — og til hvers er verið að því ef einhver veit fyrir fram hver hann er?

Hins vegar get ég sagt það, að í störfum mínum innan kirkjunnar, bæði sem sóknarprestur og prófastur, hef ég ekki komist hjá því að finna hver væri vilji fólks í þessu sambandi. Ég orðaði það, að ég held, í fyrri ræðu minni þannig, að það væri vaxandi skilningur fólks í landinu á því, að prestskosningar væru ekki heppileg aðferð til þess að velja prest. Ég hef aldrei sagt neitt um það, hvort það væri meiri hl. eða minni hl. meðal þjóðarinnar sem væri þessu fylgjandi. Það væri að vísu mjög fróðlegt að fá það upplýst. Ef sú þáltill. verður samþykkt sem hér er rætt um, þá kemur það í ljós og þá geta menn séð hvernig þjóðin stendur í því efni. En ég hef fullyrt að það væri ósanngjarnt að þessi 8%, sem væru sennilega meðlimir ýmissa sértrúarflokka eða utan trúflokka, gætu hugsanlega haft úrslitaáhrif í slíkri þjóðaratkvgr. Ég held að það sé ekki sanngjarnt að hafa slíka þjóðaratkvgr., nema kjörskrá væri þá samin

beinlínis í því sambandi. (SvH: Af biskupi?) Ja, ég býst nú ekki við, að biskup semji slíkar kjörskrár. Sennilega er það frekar Hagstofan sem það mundi gera, og væntanlega veit hv. þm. eins vel um það og ég, hverjir gera slíkt. Ég held t. d. að ef við vitnum til þess fyrirbrigðis sem undanfarið hefur átt sér stað meðal stjórnmálaflokka, til svokallaðra prófkjara, þar sem menn eru sums staðar hræddir um að fólk úr öðrum flokkum geti haft úrslitaáhrif í prófkjöri um að velja væntanlega þm. fyrir ákveðinn flokk, ef við lítum aðeins á þetta mál frá því sjónarhorni, þá sjáum við að þarna gæti hugsanlega gerst svipað, að menn, sem væri alveg sama um kirkjuna og starfsemi hennar, gætu haft áhrif í þessu sambandi til úrslita. Það tel ég ekki heppilegt.

Ég minntist á það í síðustu ræðu minni, að það er fullkomlega ljóst, að flm. þessarar till. vilja vel með henni og vilja leiða málið út úr þingsölum með þessum hætti, og að því leyti á hún fulkominn rétt á sér. Hins vegar stöndum við eftir sem áður, ef verður samþykkt að leggja niður prestskosningar, í rauninni í sömu sporunum. Þá þarf Alþ. að fara að ræða það mál, hvernig eigi þá að veita prestsembætti, og þá höldum við áfram þessari sömu umr. og þá kannske *næstu áratugina í sölum Alþ.* Þeir þm. sumir, sem töluðu við fyrri hluta þessarar umr., lýstu því yfir og fullyrtu mjög um vilja Alþ. í þessu sambandi og töldu að það væri víst, að Alþ. væri á móti afnámi prestskosninga. Ég er ekki sammála þessu, fyrst og fremst vegna þess, að það hefur ávallt verið mín skoðun, að það þyrfti að koma í ljós hver væri vilji þingsins í þessu efni. Undir það verða menn svo að beygja sig. En það þyrfti að reyna á það hvað Alþ. vill.

Hv. þm. *Jónas Árnason* talaði mikið um lýðræði í sambandi við þetta mál og taldi að það mætti ekki skerða lýðræðið með því að afnema prestskosningar. Ég hef nú komið inn á þá skoðun mína áður, að ég tel það lítið lýðræði að kjósa prest ævilangt og geta svo ekki með nokkru móti losnað við hann ef hann reynist ekki hæfur starfsmaður, og að því leyti til er ég sammála hv. þm., að það kæmi vel til greina að kjósa, hvort sem það eru prestar eða biskup, til *ákveðins tíma.* Það hefur verið skoðun mín áður, og ég er fyllilega sammála því, að það kæmi til athugunar, og þá raunar miklu fleiri embættismenn í kerfinu, því að það sýnir sig, að það er vissulega ástæða til að veita aðhald á mörgum sviðum í því sambandi. En lýðræði, eins og það kemur fram í prestskosningum oft og tíðum, er, held ég, ekki það lýðræði sem er æskilegt, og ég má segja að ég nefndi það við umr. hér fyrr, að ég kallaði þetta skrípamynd af lýðræði, eins og það kemur oft fram við prestskosningar, þar sem búið er oft og tíðum að ráðstafa embættinu áður en vitað er hverjir eru umsækjendurnir, því að mörg eru nú dæmin um slíkt og þetta er eitt tilbrigði af mörgum.

Þetta mál er mikið rætt hér á Alþ., og það sýnir að menn hafa gaman af að ræða þessi mál. Þess vegna ætti að vera vilji þm. til þess að leiða þau til farsælla lykta. Og ég vona satt að segja að það verði fyrr en síðar. En úr því sem komið er held ég að Alþ. ætti að bíða eftir álitsgerð þeirrar n. sem hæstv. kirkjumálaráðh. skipaði á liðnu sumri, og þá gefst auðvitað tækifæri til að fjalla nánar um málið, eftir að álit þeirrar n. liggur fyrir, hvert svo sem það verður.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri að sinni, en vænti þess, að þetta mál fái farsæla lausn, þó að ég búist ekki við því að sú lausn felist í því að þjóðaratkvgr. skeri úr um málið.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þetta stutt, því að það eru aðeins örfá atriði, sem komu hér fram eftir að ég flutti ræðu mína um daginn, sem ég vil koma hér inn á.

Það er ofureðlilegt að umr. um þessi mál fari út fyrir efni þessarar till. beint, og mér finnst satt að segja að umr. eigi í raun og veru að vera um það, hvort við erum með prestskosningum eða ekki. Þannig var umr. upphaflega vakin. Hitt er svo annað mál, að ég álít að það eigi að vera þeirra, sem vilja afnám prestskosninga, að flytja þetta mál þannig búið hér inn á Alþ., að það sé hægt að ræða það af fullri einurð, en ekki í stöðugum feluleik um eðli málsins og það sem þeir í raun og veru vilja.

Það kom fram í máli hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar, að Alþ. hefði daufheyrst við óskum Kirkjuþings. Þetta er alveg rétt. Það hefur gert það vegna þess að vilji þessara tveggja stofnana hefur ekki farið saman. Hvernig stendur á því, að menn furða sig þá á að Alþ. hafi daufheyrst við óskum Kirkjuþings, þegar Alþ. hefur sýnt sig í því að vera á öðru máli en Kirkjuþing varðandi þetta? Hitt er svo annað mál, að við höfum lýst því yfir, m. a. ég og fleiri af þeim sem eru með því að prestskosningar verði áfram í þeirri mynd sem þær eru núna, að við erum ekki í einu og öllu að standa með lögunum frá 1915. Við *viljum ýmsar breytingar á þeim,* t. d. æskilegar breytingar, svo sem utankjörstaðaatkvgr., til þess að tryggja enn meira lýðræði í þessum kosningum. Annars var því máli, um þessi lög og í raun og veru eðli allra tillagna um þetta, nema þá þessarar, lýst svo vel hér af hæstv. utanrrh. í fyrra, að þar þarf engu við að bæta.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði að það væri meira en meðalskömm, að Alþ. hefði fjallað þannig um málið eins og raun bæri vitni. Ég spyr: Hverra er þessi skömm? Ég álít að ef einhver skömm er, þá sé hún þeirra sem flytja ekki málið umbúðalaust og láta menn taka afstöðu beint til þessa máls, — vitanlega ekki okkar sem viljum þetta fyrirkomulag áfram, það er ekki okkar skömm, heldur þá hinna. Og ég tek þessi orð töluð beint til þeirra sem vilja afnám prestskosninganna.

Þegar tillagan um nefndarskipunina kom upphaflega fram, er það rétt að sú till. var tiltölulega saklaus. Það átti eftir till. að skipa n. og hún átti að kanna málið og leggja síðan niðurstöður sínar fyrir Alþ. En framsaga hv. 1. flm. þessarar till. var öll á einn veg, og hún kveikti í mönnum, m.a. mér, og ég lái hv. 1. flm., séra Ingiberg J. Hannessyni það ekkert þó að hann hafi komið, þrátt fyrir sakleysislegt orðalag till., umbúðalaust að því, sem hann vildi með henni segja, og hafi þess vegna farið rækilega í sinni framsögu þá inn á þann vilja sinn að afnema beinar prestskosningar með þeim hætti sem þær eru

nú, m. a. vegna óska Kirkjuþings og m. a. vegna þess að þær hefðu miklar mannskemmdir í för með sér. Ég lái honum það alls ekki og taldi í raun og veru honum til hróss að hafa komið svo beint að efninu, þó að till. hans og meðflm. hans hefði einnig mátt vera beinskeyttari, svo menn hefðu vitað í raun og veru nákvæmlega hvað menn voru þar að fara.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um herra biskupinn yfir Íslandi og afskipti hans af þessu máli. Ég gerði það lítillega í fyrri ræðu, mjög hógværlega. Mér finnst nú að það sé ósköp svipað, þegar við erum að tala hér um orðfæri hans, og þegar hann er að tala um Alþ. á Synódus, þar sem við getum ekki svarað fyrir okkur, þegar menn eru svo að kveinka sér undan því, að biskupinn sé ekki hér til að svara fyrir sig. Ég hef ekki átt þess kost að svara biskupnum á þeim vettvangi sem hann hefur haft stærst orð, og ég hygg að það séu fæstir alþm. sem hafa getað það. Þetta er þá hreinlega kaup kaups og þarf ekki að vera að biðja afsökunar á því. (Gripið fram í.) Já, og eins og hv. þm. Lárus Jónsson sagði, samkv. Bibliunni: auga fyrir auga. Hins vegar hefði ég óskað eftir því, fundist það eðlilegt, að yfirmaður geistlegra manna á Íslandi viðhefði meiri varfærni og meiri sanngirni í orðavali heldur en við alþm. Ég ætlast meira að segja til svo mikils af herra biskupnum yfir Íslandi, að orðfæri hans sé örlítið heflaðra en okkar hér, sérstaklega þegar um er að ræða fyrir fram samdar ræður eftir vandlega íhugun í einrúmi með guði sínum.

Það var talað um að nm. væru gerðar upp skoðanir, nm. þeim sem nú starfa í n. sem hæstv. dómsmrh. skipaði til að fjalla um þessi mál. Það kann vel að vera að þeim hafi verið gerðar upp skoðanir hér af mér. Ég tók það þannig, að hv. þm. Gunnlaugur Finnsson, hv. þm. Geirþrúður Hildur Bernhöft og hv. þm. Friðjón Þórðarson hefðu öll lýst yfir töluvert skorinort afstöðu sinni í þessum málum. Og ég fagna því, að ég heyrði það í hógværri og ágætri ræðu hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar, að n. hefur a. m. k. að einhverju leyti ekki kannske skipt um skoðun, en mildað skoðun sína, svo að ekki sé meira sagt. Mér dettur það nú í hug út frá þessari ræðu hv. þm., sem var að mínu viti ágæt í alla staði og þar sem hann lýsti síður en svo yfir þeim vilja sínum að afnema prestskosningar með þeim hætti sem þær eru nú, öfugt við það sem ég hygg að hann hafi áður gert, — mér datt í hug að þetta hafi kannske stafað af því, að hann var nýbúinn að telja atkv. í skoðanakönnun sem þessi hv. n. lét fram fara. Mig grunar meira að segja að þetta fólk, sem n. spurði og kannaði vilja hjá, hafi ekki verið æsingalýðurinn sem hér hefur verið mest talað um, þessi soralýður sem talið er að eyðileggi mannorð allra presta og guðfræðinga, heldur hygg ég að þarna hafi verið um sóknarnefndir að ræða og aðra slíka menn sem eiga að vera fulltrúar leikmanna til halds og stuðnings prestunum og hafa kynnt sér þessi mál án efa mjög gaumgæfilega. Mig grunar nefnilega að þetta fólk hafi haft yfirgnæfandi sömu afstöðu og við hér sem höfum mælt harðast gegn afnámi prestskosninga. Mig grunar það einhvern veginn eftir þessa ræðu hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar. Og þá kem ég að því, sem var raunar aðalerindi mitt í ræðustól nú: Væri nokkur goðgá að við fengjum að vita sem allra fyrst um þessa niðurstöðu? (**Gripið fram í:** Bara strax.) Jafnvel strax, já. Mætti vera að þá linnti nokkuð fullyrðingum hér til og frá, því að ég hygg að n. hafi tekið hér út úr það fólk sem mætti vænta að hefði hugsað mest um þessi mál. (**Gripið fram í:** Og guði þóknanlegt.) Og auk þess alveg sérstaklega guði þóknanlegt. En án þess að um nokkurn slíkan innblástur væri nú að ræða hjá þeim í þeirra svörum, þá væri áreiðanlega hægt að taka á því mark, hvað þetta fólk hefði haft til málanna að leggja. Það kann að vera að þetta sé leyndarmál innan n. og megi ekki upplýsast hér, en mikið væri nú fróðlegt og skemmtilegt fyrir okkur að fá að vita hvernig úrslitin í þessari skoðanakönnun hefðu verið.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef litið yfir þær umr. sem fram fóru á síðasta fundi Sþ. um þetta málefni, og ég verð að segja að mér þykja þær allskringilegar, eins og umr. um þetta mál hafa stundum áður verið. Það skín í það hjá ýmsum ræðumanna, og einnig höfum við heyrt það oft á opinberum vettvangi, að menn telji ástæðuna til þess, að þáltill. þessi er flutt, þá, að Alþ. vilji víkja sér undan því að taka efnislega afstöðu til þess, hvort prestskosningar skuli fram fara eða ekki. Menn segja — og það meira að segja sjálfur biskupinn, að með þessu sé verið að koma í veg fyrir að Alþ. sýni Kirkjuþingi tillit. Ég leyfi mér að mótmæla þessu. Að mínu viti erum við einmitt að sýna Kirkjuþingi, yfirstjórn kirkjunnar og kirkjunni sjálfri, tillit með því að flytja þessa till. Hv. þm. vita vel að hér hafa hvað eftir annað, um áratugaskeið, verið flutt mál á Alþ. um breyt. á lögum um prestaköll og þá fyrst og fremst því atriði sem um prestskosningar fjallar. Þegar frv. hafa verið um þetta flutt hefur það ég muni, tekist að koma þeim á milli deilda, hvað þá lengra. Þetta er vitanlega ekki vansalaust, það er alveg rétt. Vegna þess að okkur finnst þetta ekki vansalaust, en viljum samt fá afgreiðslu á þetta mál, þá dettur okkur þessi leið í hug. Og jafnmikill vansi og hv. þm. þykir að afgreiða ekki slík mál, till. um afnám prestskosninga, afgreiða þau ekki með þinglegum hætti, eins og hv. þm. orða það, jafnmikill vansi væri að láta hjá líða að afgreiða þessa till. með þinglegum hætti.

Ég vil láta það koma fram strax, að ég tel enga ástæðu til þess að skilja fullkomlega á milli þess í umræðum hvaða málsmeðferð við viljum hafa að þessu leyti og hins, hvaða efnisafstöðu við tökum. Við erum ekki að víkja okkur undan því að taka efnisafstöðu til þess, hvort við viljum hafa prestskosningar eða ekki. Við höfum um það ýmsar skoðanir. Mín skoðun er sú, að prestskosningar eigi ekki að fara fram í núverandi mynd. Ég sé enga ástæðu til þess, að þessi eini hópur embættismanna í þjóðfélaginu sé látinn hlita því að ganga fyrir hvers manns dyr í söfnuði sínum og biðja um atkv. Ef þetta væri hins vegar regla um embætti í ríkinu yfirleitt, þá gegndi öðru máli. En fyrst svo er ekki, þá sé ég enga ástæðu til að þetta gildi um presta fremur en aðra. Það á að vera unnt að setja

reglur um lágmarksskilyrði fyrir hæfni presta eins og annarra stétta. Og það á ekki að vera meiri vandi fyrir veitingavaldið að skera úr um þetta atriði heldur en um það sem snertir aðrar stéttir.

Menn segja að með þessu sé verið að ganga gegn lýðræðisreglu. Það er rétt, sem hv. þm. séra Ingiberg Hannesson sagði áðan, að það lýðræði, sem framkvæmt er með prestskosningum, er í raun og veru takmarkað. Það væri e. t. v. réttara að segja: Það lýðræði, sem fylgir í kjölfar prestskosninganna, er takmarkað, vegna þess að kosningin gildir til heillar starfsævi. Og ég get ekki séð hvaða lýðræði felst í því að sóknarbarn, sem flyst úr söfnuði ári eftir að það kýs 26 ára gamlan prest, skulum við segja, eigi að ráða því að barnabörn einhvers allt annars fólks, sem flyst í söfnuðinn seinna, eigi að fermast og giftast og jarðast af þessum presti. Mér finnst það svo vera annað mál, sem að vísu væri freistandi að fara út í, en ég held nú samt að ég sleppi að mestu, að aðaltalsmenn lýðræðisins innan kirkjunnar skuli vera talsmenn þess flokks sem minnst vill hafa með þá stofnun að gera. Enn fremur finnst mér sérkennilegt að þeir menn skuli vera íhaldssamastir í þessu máli sem síst vilja láta orða sig við íhaldið að öðru jöfnu.

Hv. 5. þm. Vesturl. sagði áðan, að hann vildi að við kysum okkar presta eins og við höfum alltaf gert. Það er nú ekki svo, að gilt hafi frá upphafi kristni á Íslandi sú skipun sem sett var í lög 1915. En engu síður, hv. þm. finnst að sú skipun, sem við búum við nú, skuli allra helst gilda. Og það er á ákaflega mörgum sviðum alveg rétt. En ég held að ekki fari hjá því, að menn reki augun í að það er dálítið sérkennilegt, þegar það málefni, sem verður til þess að hv. þm. og flokksbróðir hans, hv. 7. landsk. þm., sjá ástæðu til að ganga fram fyrir skjöldu, er það, að lýðræði sé innan þeirrar stofnunnar sem þeir eða e. t. v. þeirra flokkur hefur lítið viljað sinna, en þeir að vísu persónulega telja heldur gagnlega, að því er skilja má af orðum þeirra. Það væri fróðlegt að vita hvort sami lýðræðisáhugi væri hjá þessum mönnum að því er varðar ýmsar stofnanir sem þeim standa nær, svo sem flokki þeirra í sambandi við prófkjör og slíkt. En það er nú önnur saga.

Röksemdir, sem hv. þm. færa gegn því að prestskosningar séu afnumdar, eru í raun og veru þær, að rétturinn til að kjósa sér prest, hvort sem menn hafa áhuga á prestum almennt eða málefnum kirkjunnar, eins og hv. þm. hafa rætt hér um, — rétturinn til þess að kjósa sér prest sé svo mikilvægur að hann megi ekki afnema. En samt finnst hv. þm. málið vera svo lítilfjörlegt, að það megi ekki bera það undir dóm kjósenda.

Hv. þm. hafa ýmsir vikið að því, að ef menn eru efnislega hlynntir því að prestskosningar skuli afnumdar, þá væri mannslegra að bera fram till. um það. Ég tel mér skylt að svara þessu, vegna þess að ég er hlynnt því að prestskosningar skuli afnumdar, en ég tel samt leið þá, sem bent er á í þessari þáltill., vera réttari heldur en bera fram frv. um afnám prestskosninga, vegna þess hversu sérstæðs eðlis þetta mál er. Það er í mínum huga mjög mikilvægt atriði, ef almenningur í landinu hefur kosningarrétt til eins eða annars. Ef taka á þann kosningarrétt, almennan kosningarrétt, af mönnum, þá finnst mér það vera í anda ýmissa reglna sem við höfum sett, m. a. í stjórnarskránni, þó að það gildi ekki beint um þetta atriði, — þá finnst mér það vera í anda okkar grundvallarreglna, að slíkar breytingar séu bornar undir þjóðaratkv.

Að því er varðar þá röksemd gegn þessari till., sem fjallar um þau 8% þjóðarinnar sem eru utan þjóðkirkjunnar, þá finnst mér sú röksemd vera léttvæg. Af hverju skyldu ekki þessi 8% einnig mega segja skoðun sína á þessu máli? Það gæti jafnvel verið, að ef þessi skipan væri öðruvísi, þá kæmu einhverjir af þessum 8% í þjóðkirkjuna. Sú ástæða gæti verið fyrir því, að eitthvað af þessu fólki er utan þjóðkirkjunnar nú, að því líkaði ekki alls kostar ýmsar starfsaðferðir, m. a. það hvernig staðið er að prestskosningum. Ég nefni þetta atriði. Fyrst hin evangeliska lúterska kirkja er þjóðkirkja, þá sé ég ekki að við eigum að banna nokkrum kjósenda að taka þátt í kosningum um þetta efni. Mér sýnist sú röksemd vera eins og hálmstrá fremur en nokkuð sem máli skiptir.

Ég hafði talið ástæðu til að láta þessi atriði koma hér fram, herra forseti. Vitanlega er aðalatriðið að taka afstöðu til till., hvort við viljum bera þetta mál undir þjóðaratkv. En mér finnst einnig skipta máli í því sambandi, að skoðanir þm. á efnisatriðunum komi fram.

Ég vil taka undir það, sem hv. 4. þm. Vesturlands., séra Ingiberg Hannesson, bentí á áðan, að það væri rétt að fá að sjá till. þeirrar n. sem hæstv. kirkjumálaráðh. skipaði til athugunar á lögum um skipun prestakalla. Ég held að ef þessi till. næði samþykki, þá næði hún betur tilgangi sínum ef till. n. lægju einnig fyrir og væru orðnar opinberar. Ég er að því leyti sammála þeim röksemdum sem fram hafa komið, þess efnis, að það væri æskilegt að menn hefðu einhverja hugmynd um hvað við tæki af því fyrirkomulagi sem nú er, þó að vitanlega væri ekki hægt að fullyrða um það að öllu leyti, því að það yrði verkefni nýs þings, — þings, sem kosið yrði í vor, að ákveða hvaða skipan tæki við, ef sú skoðun yrði ofan á í þjóðaratkvgr. að láta afnema beinar og almennar prestskosningar.

Ástæða kann að vera til að endurtaka þá aðalréttlætisröksemd í þessu máli, sem mér virðist blasa við, að ein stétt embættismanna á ekki að þurfa að hlíta þeim kjörum sem prestar þurfa nú í dag, á meðan aðrar þurfa þess ekki. Ástæðan til þess, að prestar eigi að hlíta reglunum um prestskosningar, er alls ekki ríkari heldur en væri ef í hlut ættu ýmsir embættismenn í öðrum stofnunum ríkisins. Ég get nefnt dæmi þar sem slíkt fyrirkomulag væri miklu nærtækara, og það er skólakerfið. Í skólakerfinu starfa embættismenn sem hafa enn meira og persónulegra samband við viðfangsefni sín, nemendurna. Því þurfa nemendur og foreldrar þeirra að hlíta og hafa sjaldnast neitt um það að segja, hvaða kennari eða skólastjóri starfar að því að kenna börnum þeirra? Ég hef ekki séð að mönnum

finnist það í raun og veru neitt ranglæti og reynist alveg prýðilega oft og tíðum, eftir því sem viðkomandi embættismenn hafa hæfni til.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið hér viðstaddur nokkuð af þeim umr. sem hér hafa nú farið fram varðandi þetta dagskrármál. En mig langar til að gera hér nokkrar aths., bæði að því er varðar það, sem fram kom fyrr við þessa umr., síðast þegar málið var á dagskrá, og einnig varðandi hluta þeirra umr., sem hafa nú átt sér stað og ég gat hlýtt á.

Þeir kirkjunnar menn og þeir hv. þm., sem hvað harðast hafa beitt sér fyrir því að breyting yrði gerð að því er varðar kosningar presta, hafa mjög haldið því fram, að Alþ. tæki ekki nægjanlegt tillit til óska Kirkjuþings og að Alþ. gæfi lítinn gaum að óskum sem þaðan kæmu. Ég hef sagt það hér áður og segi það enn, að ég efast mjög um að nokkurt mál, sem fram hefur komið á þingi á undanförnum árum, líklega allt frá 1972 a. m. k., hafi fengið jafnmiklar umr. og einmitt þetta tiltekna mál, sem hefur verið til umr. hér svo að segja á hverju þingi undanfarin ár. Það er því ekki rétt að halda því fram, að hv. alþm., a. m. k. sumir hverjir, gefi þessum málum ekki gaum og vilji ekki um þau fjalla. Það er ekki réttmæt ásökun, nema þá á hv. þm. sem ekkert hafa um málið fjallað og ekkert vilji um það tala, ef menn vilja ásaka þá.

Ég ætla fyrst að víkja hér örfáum orðum að ræðu hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugar Bjarnadóttur. Hún talaði hér við umr. síðast. Mér þykir nú miður að hv. þm. er ekki í salnum, því að ég vildi gjarnan að hún heyrði mínar aths., því að ég á fullkomlega von á því að hv. þm. vilji svara. En það berst henni væntanlega til eyrna.

Ég verð að segja það varðandi ræðu þessa hv. þm. um þetta málefni, að mér varð illfært að fóta mig á afstöðu hv. þm. í afstöðunni til þessa máls, og raunar má segja það um fleiri mál að því er þennan hv. þm. varðar, að það er orðið mjög erfitt að fóta sig á afstöðu þm. til hinna ýmsu málefna hér á Alþ. Ég átti allra síst von á því, að þessi hv. þm. lýsti því alfarið yfir, að hann væri andvígur því að þjóðaratkv. skæri úr um þetta mál, en það gerði hv. þm. (Gripið fram í.) Ég þóttist mega í það ráða, að einhver lýðræðisást væri enn ríkjandi í brjósti þessa hv. þm. En ég hef orðið fyrir vonbrigðum með það eins og fleira í fari hv. þm.

Hv. 9. landsk. þm. sagði, að ég hefði við umr. hér á síðasta Alþ. eins og fleiri, sem hafa andmælt því að lagðar yrðu niður prestskosningar, talað um allt annað en till. hefði þá hljóðað um, þ. e. a. s. um skipun n. í þessu efni. Ef hv. 9. landsk. er búinn að gleyma því, hvernig þetta mál bar að síðast á Alþ., þá er rétt að rifja það upp, að hv. þm. Ingiberg Hannesson, sem var hvatamaður og ég man ekki betur en hann væri 1. flm. að till. um nefndaskipunina síðast þegar málið var hér á dagskrá, fjallaði í framsöguræðu sinni á þann hátt um málið, að ekki varð hjá því komist að tala efnislega um málið í heild. Framsaga hv. 1. flm. fyrir málinu var um það, hvað ætti að gerast í starfi þessarar tilteknu n. og hver framtíðin ætti að vera. Það var sem sagt um það að ræða, að n. sem skipa átti, átti að fjalla um breytingar í þá átt að afnema prestskosningar. Það var inntak ræðu hv. 1. flm. á Alþ. síðast þegar sú till. var hér til umr. Og það varð ekki hjá því komist að ræða málið út frá því. Ég vænti þess, að hv. 9. landsk. þm. virði okkur það til vorkunnar að við tökum mark á máli frsm. fyrir málefnum sem þeir flytja.

Þá sagði hv. 9. landsk. þm., að það væri alls ekki verið að tala um að afnema lýðræði þó að afnumdar yrðu almennar kosningar á prestum og það mál fært í hendur færri einstaklinga, það væri ekki aldeilis verið að afnema lýðræðið með því. Það gætu talist lýðræðislegar kosningar til Alþingis, þó að tiltölulega fámenn klíka fengi að kjósa þm. í landinu, það væri ekki aldeilis verið að afnema lýðræðið þrátt fyrir það. Það er auðvitað verið að afnema lýðræðið í þeirri mynd sem við viljum hafa það. Og ég get ekki varist því að koma inn á það, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði áðan, það er verið að afnema lýðræðið í þeirri mynd sem ég og hv. þm. Sverrir Hermannsson viljum hafa það, og hún er sammála því. En það er allt annað uppi á teningnum með hv. þm. Alþb. Þeir eiga nú aldeilis ekki að tala á þessum línum, að dómi hv. þm. Ragnhildar Helgadóttir. Mér virtist að þeir væru að hennar mati andvígir kristni og kristindómi og það færi þeim því ekki vel að taka upp hér málsvörn fyrir lýðræðislegar kosningar innan kirkjunnar. (**HFS:** Utangarðsmenn.) Utangarðsmenn, segir hv. þm. **Helgi Seljan**, sjálfur sóknarnefndarmaðurinn á Austurlandi. En ég get ekki varist því, að ég tel það ekki lýðræðislegar kosningar að fela 5—7 manna sóknarnefndum að segja beinlínis til um það, hver eigi að vera prestur í þessari og þessari sókn. Það er a. m. k. svo takmarkað lýðræði, að ég get ekki sætt mig við það. (**Gripið fram í:** En að fela 60 alþm. að segja til um það, hvenær á að skipta um ríkisstj.) Meinar hv. þm. að hann vilji breyta þeirri forsendu? Ég er vel til viðræðu um það, ef hv. þm. kemur með það mál.

Þetta er sem sagt mín sannfæring, að ég vil ekki hafa þetta gervilýðræði, sem ég kalla, að 5 eða 7 menn ráði því fyrir allan söfnuðinn, hvaða klerkur eigi að gegna þar embætti.

Svo sagði hv. 9. landsk. þm., að það væri óverðskuldað vantraust á fólkið í söfnuðinum ef ekki væri hægt að fela 5 mönnum að ákveða hvaða sálusorgari væri í söfnuðinum. Það má vel vera að það verði skoðað sem vantraust. Sé það skoðun hennar, þá hún um það. En ég tel að þar sé fært á fárra manna hendur allt of mikið vald sem eigi að vera í höndum alls safnaðarfólks, en ekki örfárra einstaklinga. Og svo sagði hv. þm., og talaði þar auðvitað af hinni fyllstu þekkingu: Hvað með kennarana? Þó ég vilji ekki á nokkurn hátt vanmeta kosti hv. 9. landsk. þm. til þess að sinna kennslustörfum, eins og hún er lærð til, þá met ég það ekki að jöfnu við það að ég vilji velja mér sjálfur sálusorgara til þjónustu.

Menn segja hér, það sagði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir einnig, hv. 5. þm. Reykv.: Hví eiga prestar einir allra embættismanna að þurfa að

ganga undir þetta? Og það liggur í orðunum, að það sé miklu betra að það geri þá allir og það skuli kjósa alla embættismenn ríkisins. Ég hef sagt það áður og segi það enn, að það er alveg sama hvaða embættismenn ríkisins hv. þm. miða við, að ég tel prestsembættið, sálusorgaraembættið, mikilvægara en nokkurt annað embætti innan ríkiskerfisins og vil því ekki leggja það að jöfnu við neitt þeirra.

Þá vildi hv. 9. landsk. þm. halda því fram, að það væri vanþekking hjá mér, að það væri ekkert vandamál, eins og ég hef líklega orðað það, hjá almennilega innréttuðum klerki að ganga undir almennar kosningar. Ég held því fram, að það er ekkert vandamál, síður en svo. Með fræðslu sinni og köllun álít ég að prestlærðir menn eigi að vera nægilega vel í stakk búnir ásamt eigin brjóstviti til þess að ganga undir dóm safnaðarfólks um það, hvort það vill kjósa þá til embættis eður eigi. Ég met stéttina í heild það mikils. En mér heyrist greinilega koma fram vanmat hjá sumum hv. þm. í garð prestastéttarinnar, að hana skorti manndóm eða þrek og þor til þess að ganga undir dóm safnaðarfólks í þessum efnum. Ég sýni prestum fullt traust og trúi því, að þeir tapi ekki í þeirri viðureign, þó svo að hún sé þeim sora brennimerkt sem sumir hverjir vilja halda fram að hún hafi verið hér á þéttbýlissvæðinu. Og ef það er, þá er það þeirra köllun að breyta því hugarfari, uppræta sorann í hugarfarinu, þar sem hann er, og breyta til hins betra, en ekki falla frá því að berjast gegn slíku hugarfari. Það er engin hyldýpisvanþekking hjá mér, eins og hv. 9. landsk. þm. orðaði það, — það er engin hyldýpisvanþekking í þessu mati mínu á prestsstarfinu og þeim einstaklingum, sem undirgangast það og þjóna því af hugsjón, að gera ráð fyrir því, að þeir geti valdið þessu með skikkanlegum hætti.

Þá sagði hv. 9. landsk. þm., að það væri út í bláinn það væri nein vissa fyrir því, að meiri hluti þings sé á móti því að afnema prestskosningar. Við höfum þetta að vísu ekki í höndunum. Það hefur formlega ekki á það reynt enn í þinginu. En af hverju hefur málið ekki farið hér í gegn? Er það ekki í yfirgnæfandi fjölda tilfella, að mál, sem hefur meirihlutafylgi þingsins að baki sér, fari í gegn á Alþ., ég tala nú ekki um mál sem er flutt ár eftir ár og þing eftir þing í sama formi? Hvað hefur komið í veg fyrir að sá meiri hl., sem hv. 9. landsk. þm. gerir ráð fyrir að sé með breytingu, sæi dagsins ljós hér á þingi? Ég hygg að málið sé í þeirri stöðu nú eins og áður vegna þess, að það er ekki meirihlutavilji meðal þm. að falla frá því að hafa almennar prestskosningar í gildi í landinu. Væri meiri hluti fyrir því í þinginu væri málið búið að fá afgreiðslu.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson minnti á það síðast við þessa umr., að á sínum tíma var flutt brtt. við þessa margumræddu nefndarskipan, og ég ásamt fleiri þm. stóð að henni, — brtt. þess efnis, að væntanleg endurskoðun á lögum um veitingu prestakalla næði ekki til þess að afnema prestskosningar. Og þá skyldi maður ætla, ef það er rétt sem hv. flm. þeirrar till. héldu fram og halda fram enn í dag, að það væri alls ekki meining þeirra að afnema þessar prestskosningar, að málið hefði átt að eiga greiðan gang í gegnum þingið þrátt fyrir þessa brtt. En það var nú ekki aldeilis. Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson sagði síðast við þessa umr., að andstæðingar till. hefðu raðað sér á mælendaskrá og þannig drepið málið og komið í veg fyrir að það hafi náð fram að ganga. Hvenær átti þessi umr. að fara fram? Það var milli kl. 3 og 4 að nóttu til undir þinglok. Og þá vildi þessi hv. þm. taka þetta eitt mála af fjölda annarra, sem óafgreidd voru, og knýja það í gegn á næturfundi með tiltölulega lítt setnum stólum hv. þm. Það er síður en svo, a.m.k. frá minni hálfu, að ég vilji ekki að málið fái þinglega afgreiðslu. Ég er yfirleitt hlynntur því, að mál fái þinglega afgreiðslu hér á hv. Alþ., og hef ekki staðið í vegi fyrir að þetta mál fengi það, þó að ég hafi að sjálfsögðu hagnýtt mér það málfrelsi, sem mér ásamt öðrum hv. þm. er veitt hér, með því að tjá skoðun mína á málinu.

Þá sagði hv. þm. Gunnlaugur Finnsson — eða ég tók það a.m.k. svo og hygg að það sé rétt — að ég hafi talað hér óviðurkvæmilega í garð biskups í þessum umr. Þetta má til sanns vegar færa. Ef það er talið óviðurkvæmilegt að segja sannleikann, þá geta menn haldið þessu fram með réttu. En ég hef áður vitnað beint í ummæli sjálfs biskupsins, bæði í sjónvarpsþætti og viðtali sem hann tók þátt í, og aðrir hafa vitnað hér í ummæli hans í synoduserindi. Mér er tjáð — og ég fagna því, að hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson hafi flutt hér skilmerkilega ræðu áðan og einmitt fjallað þar um þann þátt sem snýr að biskupi varðandi fullyrðingar hans um hvaða meðhöndlun þetta mál hefur fengið hér á hv. Alþ., þar sem hann hefur ítrekað haldið því fram, að hv. þm. væru hér meira og minna að tala um hluti sem þeir hefðu ekki þekkingu á. Þetta liggur fyrir skjalfest.

Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson sagði líka fyrr við umr., að við, sem hefðum andmælt því að breyta þessu, værum með alls konar gaspur, við séum að tala um verkefni presta og hvernig við vildum hafa slíka embættismenn, sem mér skilst á hv. þm. að komi málinu ekkert við, það komi málinu ekki nokkurn skapaðan hlut við hvernig viðkomandi embættismaður er að dómi safnaðarfólks, það eigi bara að taka það sem að því er rétt. Og svo spurði hv. þm. Gunnlaugur Finnsson, — líklega hef ég sagt það ásamt fleirum, að ég teldi að hann væri eindreginn fylgismaður þess að afnema prestskosningar í núverandi mynd, — og þá spurði hv. þm. í áframhaldi af því: Vita menn um skoðun mína á málinu? Það er aldeilis vitað um hana. Hv. þm., sem er kirkjuráðsmaður, hefur staðið að því — eða a.m.k. er ekki annað vitað, það kemur þá fram hér ef það er ekki rétt, — það er ekki annað vitað en hann hafi staðið að áliti Kirkjuþings að því er varðar það að breyta frá núverandi fyrirkomulagi varðandi prestskosningar. Þetta liggur fyrir. Og ég tel að þetta sé einmitt sönnun fyrir því, hvaða skoðun þessi hv. þm. hefur á þessu máli, að hann vill afnema prestskosningar í núverandi mynd, þannig að ég held að það sé alveg ljóst að þingheimur viti um skoðun þessa hv. þm. á málinu. (**Gripið fram í:** Það kom fram í ræðu hans.) Áttu þá við síðast? Það má vel

vera að hann telji sig hafa gert það rækilega grein fyrir skoðun sinni áður, að hann sé ekki að taka það upp aftur og aftur hér á Alþ. og kannske ekki ástæða til. En eigi að síður tel ég mig vita um afstöðu hans til málsins.

Það hefur verið meira og minna um það sagt hér og menn hafa á því skiptar skoðanir, hvort meiri hluti almennings í landinu er á því að breyta frá því sem nú er, þ. e. a. s. vill fallast á að falla frá almennum prestskosningum. Ég er einn af þeim, sem hafa haldið því fram, ég hef þá skoðun, að færi þetta mál undir þjóðaratkv., undir dóm þjóðarinnar, er ég sannfærður um að meiri hl. almennings í landinu er andvígur því að taka þennan rétt af fólki. Ég hef auðvitað ekkert í höndunum til að sanna þetta. Þetta er bara tilfinning mín fyrir málinu. (**Gripið fram í:** Við verðum að prófa þetta.) Já, og að því ætlaði ég að koma.

Ég held að ég muni það rétt, að hv. þm. Gunnlaugur Finnsson hafi sagt að allir þeir, sem hafi talað gegn því að breyta til í þessu efni, hafi tjáð sig andvíga þjóðaratkvgr. Ég held nú að þetta sé ekki rétt að því er mig áhrærir. Hins vegar sagði ég síðast, að ég teldi þetta mál ekki það stórvægilegt, að það væri neitt sem alfarið renndi stoðum undir það að þjóðaratkv. væri nauðsynlegt. En ég er alls ekkert andvígur því, að þjóðin fái að segja álit sitt varðandi málið. Hins vegar benti ég á að mér fyndust vankantar á að því er varðar þessa till., að það væri ekkert val. Það er bara spurt: Viltu afnema þetta sem er, án þess að hafa hugmynd um hvað á að koma í staðinn? Ég er það miklu meira lýðræðislega þenkjandi heldur en hv. 9. landsk. þm., Sigurlaug Bjarnadóttir, ég vil svo sannarlega lofa hinum almenna safnaðarmanni að tjá hug sinn til þessa. Þetta er ég nú betri en íhaldið sem menn voru að dásama áðan. Ég held að það hafi verið hv. 5. þm. Reykv. sem var að dásama íhaldið, hvað lýðræðisástin þar væri sterk. En þessi er nú munurinn á mér og hv. 9. landsk. þm. Hann neitar alfarið að lofa þjóðinni að segja álit sitt, en ég fellst á það. Og þetta er mikill munur.

Við höfum beðið um það hér, við sem stöndum utan við margumtalaða nefnd, utan við kirkjuráð, utan við það að vera safnaðarfulltrúar, — við spyrjum um það og biðjum um það: Vilja nú ekki þeir, sem hafa þessi gögn í höndum, segja okkur hvað þær skoðanakannanir, sem framkvæmdar hafa verið, hafi leitt í ljós í þessum efnum? Vill nú ekki einhver vera svo góður að upplýsa okkur, hinn almenna leikmann hér á Alþ. í þessum efnum, um það, hvaða niðurstöður liggja fyrir um afstöðu manna úr þeim skoðanakönnunum sem hafa farið fram varðandi þetta mál? Ég skil ekki að þetta geti verið neitt leyndarmál. Og ég bið enn: Fyrir alla muni, verið þið nú svo góðir við okkur að lofa okkur að fylgjast með, að lofa okkur að vita hver hugur þess fólks er til þessa máls, sem hefur tjáð sig í skoðanakönnun. *Ég beini þessum eindregnu* tilmælum mínum til þeirra hv. þm. sem sæti eiga í þessari margumtölnðu n., til þeirra hv. þm. sem eru hér safnaðarfulltrúar, sóknarnefndarmenn og hafa þessa vitneskju undir höndum: Fyrir alla muni, leiðið okkur nú í sannleikann um það, hvað út úr þessu hefur komið. Ég vil fyrir alla muni hafa það sem sannast reynist. Komi í ljós að tilfinning mín fyrir því, að meiri hl. sé andvígur því að afnema þetta, — komi það í ljós, að þessu sé kannske öfugt farið varðandi útkomu úr skoðanakönnun sem fram hefur farið, þá fer ég kannske að efast. En eigi að síður bið ég þess, að allur almenningur í landinu hafi fengið að tjá sig. En niðurstöðuna umfram allt, upplýsið þið hana.

Hv. 4. þm. Vestf., Gunnlaugur Finnsson, spurði: Á að leita til þeirra aðila sem aldrei koma nálægt kirkjulegu starfi? Jú vissulega hafa þeir sinn rétt í þessum efnum. Og ég hygg að þeir séu ekki margir, það sé ekki stór hópur innan hvers safnaðar í landinu sem er ekki á einhvern hátt tengdur kirkjulegu starfi í söfnuðinum. Það er mismunandi mikið, en ég hygg að það sé ekki stór hópur innan safnaðanna sem er ekki með einhverjum hætti tengdur kirkjulegu starfi í sínum söfnuði. Ég held nefnilega að kristindómur og kirkjulegt starf sé miklu víðtækara og nái til miklum mun fleiri, þó í mismunandi miklum mæli sé, heldur en almennt virðist vera látið í veðri vaka. Og ég segi: þetta fólk, hversu stór hópur sem það er, á líka rétt á því að segja hér til um.

Hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, sá mikla vankanta á því, að kosning á presti eða prestum gilti til heillar starfsævi. Ég er alveg sammála hv. 5. þm. Reykv. um þetta. Það er ekki æskilegasta formið, að menn séu kosnir til lífstíðar, hvorki í því né öðru. Þess vegna hef ég sagt að það er til ráð við þessu. Ég sagði það síðast. Ég get vel hugsað mér t. d. að prestar væru kosnir til fjögurra eða átta ára, og ég bætti við: til tveggja kjörtímabila eins og þm. eiga þeim að venjast. Og ég sagði eitthvað á þá leið, að ég byggist við því að margur þm. teldi sig hólpinn ef hann yrði kosinn til 8 ára. Þetta virðist mér hv. þm. Gunnlaugur Finnsson hafa tekið til sín. Það var alls ekki þannig meint. Ég meinti það alls ekki til hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar, því að ég veit satt að segja ekki hvort hann verður kosinn aftur eða ekki. Það er enginn dómur. (Gripið fram í.) Já, þess vegna sagði ég þetta. Ég hafði fleirtölu á því. Þess vegna var óþarfi fyrir hv. þm. Gunnlaug Finnsson að taka það til sín. Það var alls ekki meint til hans. Það getur alveg sama gilt um mig og fleiri, því að þetta eiga þm. ekki að vita fyrir fram. Þeir eiga að þurfa að ganga undir þennan dóm án þess að vita úrslit fyrir fram, og það vil ég að prestar geri líka. En ég get vel unnt þeim þess að þurfa ekki að ganga undir slíkan almenningsdóm nema t. d. á 8 ára fresti eða svo. Og það var ekki nokkur vafi á því, að hafi viðkomandi klerkur staðið sig vel og gegnt sinni skyldu með prýði, þá verður það ekki erfiður kosningaslagur hjá honum að 8 árum liðnum. En sé því öfugt farið, þá þarf hann auðvitað að berjast og þá á hann líka skilið að þurfa að berjast.

Þetta hjá hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni varðandi kosningu þm. til 8 áranna, auk þess að hann taldi það meint til sín, þá fannst mér hann vera að gefa í skyn að það væru kannske einhverjir veikari í sessi en hann. Vel má vera að hann sjái ýmis teikn á lofti sem benda til þess,

að ýmsir af þessum 60 séu nú verr taddir heldur en hv. þm. Gunnlaugur Finnsson. En ég ætla ekki að blanda mér í þann dóm. Það kemur í ljós á sínum tíma, og þess dóms bíð ég rólegur. En það er sem sagt varðandi þann annmarka á kosningu presta, að eins og nú er tala menn um ævilanga kosningu eða æviráðningu, þá er til ráð við því.

Um það gætum við, ég og hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, ábyggilega sameinast, að ráða bót á því með því að láta endurkjósa innan einhvers tiltekins árafjölda, þannig að ekki væri um það að ræða að sami einstaklingurinn kysi prest fyrir marga ættliði, eins og sumir hafa viljað gefa í skyn.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þetta öllu lengra. En ég bið enn og einu sinni fyrir alla muni: Þið, sem hér eruð staddir og vitið niðurstöður úr þeim skoðanakönnunum sem fram hafa farið um þetta mál, í guðana bænum látið okkur nú vita hverjar þessar niðurstöður eru, því að eins og ég sagði áðan, það getur ekki verið neitt leyndarmál. Ég trúi því ekki, að okkur, sem höfum ekki þessa vitneskju, verði um hana neitað, allra síst þegar við biðjum svo vel eins og a. m. k. ég tel mig nú hafa gert.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls um þá þáltill. sem hér er rædd, sem er um þjóðaratkvæði um prestskosningar. En við það að fylgjast með þeim umr., sem orðið hafa um till., hafa vaknað hjá mér ýmsar hugrenningar um þetta mál sem ég vildi gjarnan koma hér að sumum hverjum til þess að skýra það einnig, að eftir atvikum mundi ég vera fús til að greiða þessari þáltill. atkv.., en þó aðeins með því móti, að ég hafi áður komið að vissum aths. í sambandi við hana.

Þegar rætt er um þann vanda sem prestskosningarnar valda, að menn segja, þá hafa rifjast upp fyrir mér þær prestskosningar sem ég hef orðið vottur að í nágrenni mínu, og því er alls ekki að leyna að þar hafa komið upp vandamál sem ég hygg að væri ekki þægilegt að taka upp með stuttu millibili, og segi ég þetta í tilefni af þeim orðum sem síðasti hv. ræðumaður, Karvel Pálmason sagði áðan, að það væri eðlilegt að kjósa með stuttu millibili, eða 4—8 ára bili. Ég minnist þess, að einar fyrstu prestskosningar, sem ég varð vottur að, höfðu þau áhrif, að þeir, sem voru fylgjendur prestsins sem varð undir í kosningunum, flýttu sér að láta hann ferma börnin sín áður en hann færi, hann var þjónandi prestur í prestakallinu, til þess að það yrði ekki gert af prestinum sem kosinn var gegn vilja þeirra. Hinir sem áttu börn sem áttu að fermast að réttu lagi hjá þeim presti sem varð undir og þeir voru andvígir, þeir drógu það að láta ferma sín börn. Þetta eru óþægindi sem urðu til vegna kosningahita, en bæði fólkið og presturinn, sem kosinn var voru þeir menn, að þeir yfirstigu þessa erfiðleika með tíð og tíma. En ég veit ekki hversu hollt það hefði verið að endurtaka með stuttu millibili slíka hríð sem þar var gerð.

Ég hef einnig orðið var við það í prestskosningum, að menn hafa algerlega lagt niður kirkjusókn til þess prests sem kosinn var, ef þeir voru í andstöðu við hann. Ég veit ekki hversu miklum erfiðleikum það hefur valdið milli þeirra manna og prestsins sem við tók. En félagslegum erfiðleikum held ég að það hafi ekki valdið lengra en fyrir þá aðila eina.

Af þessu, sem ég hef nú sagt, mætti ætla að ég teldi, að hér væri um stórmál að ræða, hvort prestskosningum er viðhaldið eða ekki, en ég tel svo ekki vera. Ég tel að yfirleitt séu þeir erfiðleikar yfirstignir sem verða á vegi manna eftir prestskosningar og þess vegna sé ekki hægt að tala um þetta sem stórt mál. En ég verð að taka það fram, að sú breyting, sem Kirkjuþing hefur áformað og lagt fram till. um að gerð verði á kosningum presta í embætti, sem er eins konar kjörmannakosning, ég tel að hún sé gölluð og að hún sé algerlega óaðgengileg í mínum huga.

Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að það væri eðlilegast í sambandi við skipun presta í embætti að um þá væri ekki kosið. Ég verð að segja það, að mér finnst afar undarlegt hversu mikið menn, sem rætt hafa um þessi mál hér í Alþ., leggja upp úr því, að það sé verið að brjóta niður lýðræðið með því að hætta við prestskosningar. Við erum áreiðanlega sammála um það, allir sem hér erum inni, að það er einkenni lýðræðisins hvernig staðið er að alþingiskosningum. Ég held að það fari ekki á milli mála. En ég get ekki kallað það vera einkenni lýðræðis, að mönnum sé heimilt að kjósa embættismann, eins og prest í þessu tilfelli, og þeir hafa enga vissu um hversu lengi hann þjónar þeim eða hvort það er nokkur möguleiki fyrir þá að losa sig undan því að hann þjóni prestakallinu áfram, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Ég fæ ekki skilið að þetta sé lýðræði. Maður verður, ef maður kýs eitthvað til að þjóna sér, að eiga það víst að það taki ekki nema takmarkaðan tíma ellegar manni sé rétt að kjósa það af sér aftur sem maður hefur yfir sig kosið.

Með þessum fyrirvara vil ég segja það, að ég gæti vel fellt mig við að samþykkja þessa till. um þjóðaratkv. um prestskosningar. En þegar maður les hana yfir, þá er hún á þá leið, að það er einungis um það spurt, hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar. Ég vil halda því fram, að hér skipti höfuðmáli hvernig spurningin verður lögð fyrir þjóðina og hvort henni verði gert það kleift að velja um einhverja hluti í þessu sambandi. Ég tel að það sé eðlilegt að um það sé spurt, hvort þjóðin vilji afnema beinar prestskosningar. En ég tel að það sé þó ekki hægt að greiða atkv. um það eitt, heldur um hvað væri þá að velja þess í stað, því að ef það ætti að fylgja því að afnema hreinar prestskosningar, að við skyldum kjósa okkur prest eftir þeim tillögum sem Kirkjuþing hefur lagt fram, þá vil ég ekki hafa þann hátt á. Þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt, að um það verði spurt um leið, hvort menn vildu þá samþykkja till. Kirkjuþings um fyrirkomulag prestskosninga, og þá í þriðja lagi, hvort menn væru þá á því, að prestar yrðu skipaðir í embætti líkt og aðrir embættismenn. Ég tel að það, sem væri hægt að tala um að væri lýðræðislegt í þessu efni, væri að prestsembættin væru auglýst til um-

sóknar og þegar umsóknir lægju fyrir gæfu sóknarnefndirnar sína umsögn, alveg á sama hátt og skólanefndir gefa umsögn um kennarastöður sem sótt er um. Síðan yrði prestur skipaður í embættið, en skipaður til takmarkaðs tíma, 4—5 ára, og það mætti skipa sama prest í sama prestakalli aftur, sem sagt, hann gæti verið 8—10 ár prestur, en síðan mætti ekki skipa hann oftar nema safnaðarfundur mæltist til þess og þyrfti þá meiri hl. atkv. til.

Ég taldi rétt að ég kæmi fram með þessar hugmyndir mínar, einkum til þess að það lægi ljóst fyrir með hvaða hug ég gengi til atkvgr. um þessa þáltill., ef hún kemur aftur frá n., sem við skulum ætla að hún geri. En þá vænti ég þess, að þannig verði frá málum gengið, að fólk hafi á því möguleika að átta sig á hvað það er að greiða atkv. um í þjóðaratkvgr. og hvað ekki.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins nokkur orð hér út af aths., sumum allkyndugum, sem hafa fallið í ræs þessarar umr.

Ég vil fyrst aðeins minnast á það sem hv. 6. þm. Suðurl. sagði hér síðastur manna í ræðustól. Í rauninni sagði hann það sem ég taldi að væri meginatriði í máli mínu þegar ég tók hér til máls síðast, að við værum vanbúin að bera þetta mál undir þjóðaratkv. á meðan þjóðin vissi ekki um hvað væri að velja, ef horfið yrði frá núverandi skipan um beinar prestskosningar. Þetta tel ég merg málsins. Það er alrangt, eins og ýmislegt fleira sem kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf., að ég vildi alfarið neita um þjóðaratkvgr., það er alrangt. En þennan fyrirvara hafði ég á, að við værum að greiða atkv. nokkuð út í bláinn, ef ekki væri skýrt hvað ætti að koma í staðinn, ef prestskosningar með því sniði, sem við höfum nú, yrðu afnumdar. Því taldi ég að það væri eðlilegt, að beðið væri tillagna frá þeirri n., sem nú vinnur að athugun á þessu máli, og hún ásamt öðrum kirkjunnar mönnum, sem þetta varðar mest, gerði ákveðnar till. sem hægt væri að henda reiður á.

Að því er varðar málflutning hv. 5. þm. Vestf., sem lætur nú öðrum þm. betur að teygja lopann hér á hinu háa Alþ., þá vil ég segja honum það út af kveinstöfum hans um að honum hefði komið á óvart afstaða mín til þessa máls, — ég get aðeins sagt það, að þó að fari vel á með okkur í flestum málum, svo sem vera ber um góða samþm., þá tel ég að ég hafi ekki enn gert hv. 5. þm. Vestf. að sérstökum trúnaðarmanni mínum, þannig að hann eigi sérstaka heimtingu á því að ég láti hann fyrir fram vita um afstöðu mína til mála hér á Alþ. áður en þau koma til umr. Mér finnst hann nokkuð kröfuharður í minn garð, þessi ágæti kollegi minn. En ég þarf ekki að rekja nánar hans mál, því að það var nánast allt það sama sem hann sagði í síðustu ræðu og ég gerði því nokkur skil um daginn, þegar þetta mál var til umr.

Annar ágætur þm., hv. 3. þm. Austurl., sveitungi minn Sverrir Hermannsson, gerði smákúnstugar aths., einnig nokkuð til hliðar við alvöru þess máls sem hér er til umfjöllunar. Hann vék m. a. að því, að afstaða afa míns sáluga, Vigurklerks, mundi ekki í beinu samræmi við skoðanir mínar nú í dag. Ég hygg að hann sé engu fremur en ég umkominn að fullyrða hverjar skoðanir hans hefðu verið á þessu máli. Framsfl. var ekki til þá, svo að hann hafði enga möguleika á því að óttast þá hættu. Og ég segi nú fyrir mitt leyti, að ég tel framsóknarmenn ekki verr kristna en annað fólk og kannske fullt eins vel kristna og okkur í flokki okkar Sverris. Og svo er annað, að ég veit ekki hvaða bölsýni það er í hv. þm., að hann telur að í embætti dóms- og kirkjumálarh. mundi verða framsóknarmenn um aldur og ævi, þannig að það yrðu tómir framsóknarmenn í embættum klerka. Þetta er óþarfakvíði í hv. þm. En að því er varðaði afa gamla í Vigur, þá get ég fullvissað hv. 3. þm. Austurl. um það, að þau undanbrögð, sem hafa verið höfð við í þessu máli hér í Alþ., hefðu verið gamla manninum lítt að skapi. Svo mikið þekki ég til hans.

En það var þetta um pólitíkina, svo að ég víki aðeins nánar að því. Heldur hv. 3. þm. Austurl. virkilega að prestskosningar í núverandi mynd hafi verið alveg lausar við alla pólitík? Ég held, að hann tali gegn betri vitund ef hann heldur því fram. Sannleikurinn er sá, að það má alls staðar koma pólitíkinni inn og illu heilli kemur hún allt of oft inn, flokkspólitík, þar sem hún á ekki heima. En hitt held ég að ég megi fara með satt og rétt, að yfirleitt hafa íslenskir prestar gætt hófs í pólitík í sínu sálusorgarastarfi, enda er það nauðsynlegt og skylt. En jafnvel þegar klerkar voru mjög fjölmennir hér á Alþingi, þá held ég að þeir hafi engu síður sorgað fyrir sálum sóknarbarna sinna, þó að þeir stæðu fyrir sínum pólitísku skoðunum hér á Alþ. Þeir létu það niður falla þegar heim kom í sókn þeirra og söfnuð.

Svo ég víki aðeins aftur að prestskosningum eða ekki prestskosningum, um það snýst umr., þá er mikið talað um lýðræði og áhuga almennings. Mér hefur ekki virst að áhugi almennings væri alltaf sérstaklega mikill þegar til prestskosninga kemur. Hve oft heyrum við ekki þær fréttir frá biskupsskrifstofu að prestskosningum loknum, að kosningin hafi verið ólögmæt vegna ónógrar þátttöku. Sýnir þessi staðreynd varla jafnmikinn og óskiptan áhuga almennings á þessum málum og margir hér vilja vera láta.

Ég skal ekki lengja þessar umr. meir. Ég held að við ættum að takmarka mál okkar, okkar löngu ræður um þetta, en reyna nú að afgreiða þetta mál frá þingi með eðlilegum hætti. Ég fyrir mitt leyti, — og nú vona ég að hv. 5. þm. Vestf. geti fótað sig á málflutningi mínum þó honum veitist það erfitt stundum, — hafi ég liggjandi fyrir framan okkur till. þar sem hv. kjósendum í vor yrði gert kleift að velja um til hliðar við prestskosningarnar, þá skal ekki standa á mér að samþ. þessa till. En vissu um það verð ég að hafa, áður en ég get samþ. þessa till., að einhverjar slíkar fastmótaðar till. í meginatriðum liggi fyrir.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Fyrst aðeins örfá orð um fullyrðingu sem hv. 9. landsk. þm., frú Sigurlaug Bjarnadóttir, viðhafði hér, að ég hefði verið að gera séra Sigurði Stefáns-

syni í Vigur upp einhverjar skoðanir í þessu efni. Þetta er einkennilegt skammhlaup á flutningi frá eyrum hennar til skynseminnar, því ég sagði, þegar ég var að skýra frá því, að svo væri skipað málum í Danaveldi að þar hefði valdið til að skipa klerka verið tekið af söfnuðunum og fært í hendur stjórnmálamönnum, að svo hefðu skipast mál þar, að síðan hefði varla nokkur klerkur verið skipaður í arð gefandi og gott brauð öðruvísi en hann væri af húsi sósíaldemókrata. Og ég spurði: Hvernig list nú hv. 9. landsk. þm., afkomanda Vigurklerksins, á þessa skipan mála, á þá skipan mála, ef við ættum við það að búa, kannske fjóra áratugi eða svo, að allir prestar, sem skipaðir yrðu í prestsembætti, væru af húsi Framsóknar. Ég man þessi orð mín alveg greinilega og þau hljóta að standa skráð orði til orðs í þingtíðindum. Þessi mín fyrirspurn til hv. þm. var alls ekki um það, hvaða skoðanir séra Sigurður Stefánsson í Vigur kynni að hafa haft á þessum málum. Að sjálfsögðu ekki. Hins vegar vil ég leiðrétta það, að Framsfl. var stofnaður löngu áður en séra Sigurður gekk fyrir ætternisstapa. Ég hygg að hann hafi dáið 1925, og Framsfl. var stofnaður fyrir þann tíma og raunar farið að slá í hann fyrir aldurs sakir.

Ég þarf svo ekki að víkja frekar að þessu. En ég verð að segja það, að ég hlýt að grípa fyrsta tækifærið til að bera til baka, að ég geri þeim þjóðkunna manni og landsfræga klerk upp skoðanir í dægurmáli sem þessu hér, og þarf ekki fleiri orð um að hafa.

En þessar umr. eru sérkennilegar, verð ég að segja. Þær eru sérkennilegar að því leyti, að hér gera þm. á víxl hver öðrum upp skoðanir, eða þeir sem ég hef getað fylgst með, sem oft og tíðum eru út í hött.

Eitt m.a. eru fullyrðingar á víxl um það, hver sé vilji meiri hl. hins háa Alþ. í þessu máli. Þar sem ekki hefur farið fram formleg afgreiðsla málsins getur auðvitað enginn fullyrt um það. En ég fyrir mitt leyti tel að maður geti talið það sem fullgildar líkur, að svo hart og fast sem þetta mál hefur verið sótt af hálfu nýjabrumsmanna, þá hlyti afgreiðslan að hafa náð fram á þeim áratugum, sem þetta hefur verið reynt, ef hér hefði ráðið ríkjum meiri hl. sem hefði viljað þessa nýbreytni. Allt annað er útilokað. Og það er mikill misskilningur, að það sé, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir orðaði það, ekki sæmandi fyrir Alþ. að slíkt frv. um þessa nýbreytni nái ekki að ganga á milli deilda. Auðvitað er alls ekkert ósæmilegt við það. Það gerir það ekki, af því að málið hefur ekki fylgi til þess. Auðvitað kemst það ekki út úr d., ef ekki er meiri hl. fyrir því, og á ekkert út úr d. að fara. En af því sem það hefur ekki haft meirihlutafylgi, þá hefur ekki einu sinni verið haft fyrir því af hálfu flm. eða þeirra, sem fyrir málinu börðust, að biðja um atkvgr. um það, svo vissir voru þeir um að það hlyti ekki afgreiðslu eða öllu heldur yrði beinlínis fellt.

Hér eru hafðar fullyrðingar í frammi, og upphafsmenn fullyrðinganna og þeir, sem dýpst taka í árinni, eru sjálfur herra biskupinn og skutilsveinar hans í þessu máli, eins og um það, að óánægja fari hraðvaxandi eða sívaxandi meðal safnaða landsins um óbreytta skipan þessara mála. Það vita þeir ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut um. Og mönnum þarf ekkert að vera ofhasað, þó að menn hér frá þessum ræðustól orðfæri aðeins þau ummæli, sem herra biskupinn hefur leyft sér að hafa um þessa samkundu, af því sem Alþ. vill ekki hlýða honum í því að fara að hans tillögum í þessu efni. Það hefði þá verið hægt að leggja víða út frá heilagri ritningu um það, að svona málflutningur passar ekki við það sem þar er víða sagt. Hann segir ekki sæmandi að afgreiða ekki margendurtekin málskot Kirkjuþings til Alþ. Hvað á svona orðfæri að þýða? Þetta þýðir sem sagt það, að hv. þm. er ekki sæmandi að standa við skoðanir sínar og halda þeim fram og greiða atkvæði eftir samvisku sinni. Það getur ekkert annað þýtt. En rétt er það sem hv. þm. Steinþór Gestsson sagði, ég er hræddur um, að menn geri allmiklu meira úr þessu máli en efni standa til og ástæður liggja til. Ekki það, að ég geri lítið úr þeim sjálfsagða rétti sem ég tel fólki bera til að velja sér sinn sálusorgara.

Hvað er það sem gerir þetta að slíku örlagamáli sem menn svo vilja vera láta hér í ræðum sínum sumir hverjir? Hvaða ógnarvandamál hafa upp risið í sambandi við kosningar og einhver blæðandi sár, skilst mér, sem að bana hafa orðið? Ég hef haft spurnir af og fylgst með prestskosningum, og ég kann engin dæmi um þetta. Það getur vel verið að fólk, sem ekki hefur líkað við úrslit prestskosninga, hafi frestað því um stundarsakir, að börn þess gengju fyrir gafl. ég skal ekkert um það segja, eða einhver frestað brúðkaupi sínu um hríð. En ég hef ekki heyrt neinar alvarlegar afleiðingar þess arna. En mætti kannske skjóta því hér inn í, að það eru vissulega lagaheimildir til þess að fara ekki að úrslitum almennra kosninga, prestskosninga? Og mér er nær að halda, a. m. k. varðandi það dæmi sem mér er kunnugt um, þar sem ekki var farið að niðurstöðum þessara lýðræðislegu kosninga, að það hafi valdið meiri þrengingum og erfiðleikum en nokkur önnur prestskosning, þegar farið er að úrslitum hinna lýðræðislegu kosninga, án þess þó að ég sjái nokkra ástæðu til þess að fara að rifja það upp hér og nú. Sannleikurinn er sá, að sá prestur er ekki mikilhæfur, sem valinn hefur verið til embættis, sem tekst ekki eftir það að lækna eða sníða af einhverja þá hnökra sem kynnu að hafa hlaupið á þráðinn meðan á sjálfri kosningunni stóð, vegna þess að engum gefst betur færi á því að sættast og semja við sín sóknarbörn heldur en sálusorgaranum sjálfum, enda held ég að þetta sé allt saman hugarburður einn, að hér hafi einhver stórvandamál upp risið sem hafi orðið kirkjunni til tjóns.

Það er rétt, að menn hafa stundum lítt sést fyrir í sambandi við prestskosningar, og ég er ekki fjarri því, að sumt af því megi rekja til frambjóðendanna sjálfra. En ég hef engar spurnir haft af því, frá því að ég komst til vits og ára, að neitt slíkt hafi leitt til neinna alvarlegra vandamála sem ekki hafa hlotið skjóta og farsæla lausn, þótt mönnum hafi sýnst sitt hverjum í þessu efni um stundarsakir, svo sem

verða vill þegar menn keppa fyrir málefnum sínum eða keppa um menn.

En ég ætla svo að lokum að víkja að því sem ég las í fjölmiðlum, en hef ekki staðreynt að öðru leyti, að hv. þm. Gunnlaugur Finnsson hafi svarað orðum mínum, þegar þetta mál var síðast til umr. hér, þar sem ég vék að því, þeirri óhæfu, sem ég kalla, að hæstv. kirkjumálaráðh. skipar n. eftir till. sem hlaut ekki samþykki hér. Ég veit ekki hvernig hv. þm. féllu orð, en ég vil aðeins endurtaka það sem segir í skipunarbréfi hans sem formanns n., að þar má lesa svo hljóðandi orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ber nefndinni við störf sín að hafa hliðsjón af þáltill. (þskj. 352) um þetta efni, sem borin var fram á síðasta Alþ.“ — og síðan er bætt við: „enn fremur fyrri umfjöllun þessa málefnis á Alþ. og Kirkjuþingi.“ Það fer ekki á milli mála, að í þessu skipunarbréfi er lögð aðaláhersla á það, að n. hafi í störfum sínum hliðsjón af þessari þáltill., sem hv. þm. Gunnlaugur Finnsson var 1. flm. að og borin var fram á síðasta Alþ., en hlaut ekki afgreiðslu, af því sem hún hafði ekki hér hljómgrunn. Og ég vil meina að þeim væri nær, hæstv. ráðh., að hugsa betur fyrir því að framkvæma það, sem samþ. hefur verið hér og vilji Alþ. bendir til, en að fara að tillögum sem hafa ekki náð samþykki og ekki afgreiðslu, svo sem gert er hér beinlínis. Ég tel þetta hættulega þróun mála, þróun þingræðisins, ef ráðh. eiga að haldast uppi slík vinnubrögð. Þetta voru mín orð. Og ég þarf ekki að endurtaka það, að skipunarbréf hv. þm., af hverju ég hef afrit og ljósrit í höndunum, sent mér af rn. sjálfu, ber þess gleggst vitni, hver vinnubrögð voru hér höfð í frammi.

Nei, við skulum ekki halda áfram að ráða í og reyna að giska á hver vilji þings sé, meðan úr því fæst ekki skorið við atkvgr., né heldur að gera alþjóð upp skoðun í þessu efni. Við skulum grípa tækifærið og fá úr þessu skorið á þann lýðræðislegasta máta sem hugsanlegur er, og það er með því að leggja það vandlega og í skýru máli auðvitað fyrir alþjóð, hver afstaða hennar er til þess arna. Auðvitað væri það líka leiðbeinandi og mikilsvert, ef sú n., sem að því vinnur að rannsaka þessi mál, hverrar formaður hv. þm. Gunnlaugur Finnsson er, hefur gert einhverja könnun sem marktæk er, að fá þá um það upplýsingar, hver niðurstaðan er af slíkri skoðanakönnun. Mér heyrðist hann grípa hér fram í fyrir öðrum hv. þm., að hann mundi áður en þessari umr. lyki, gefa upplýsingar um það. (Gripið fram í: Beita sér fyrir því.) Hv. þm. segir að hann muni beita sér fyrir því. Eftir þeim orðum að dæma dregur hann e. t. v. í efa að hann sem formaður n. fái til þess leyfi. En við skulum vænta þess, þar sem þessi n. er skipuð að segja má fyrst og fremst geistlegrar stéttar mönnum, að þeir noti ekki afl atkv. til þess að banna svo einfaldan og sjálfsagðan hlut.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Mig hryggði mjög ræða jafnágæts og sanngjarns þm. og hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildar Helgadóttur. Hún taldi okkur hv. þm. Jónas Árnason tæpast mega hér um tala, flokkur okkar væri tæpast það kristilegur eða áhugi á kirkju eða kristni þar það mikil og við því án efa ekki kristilega þenkjandi. Mér þykir leitt ef inn í þetta á að fara að blanda því, hverjir flokkar séu þóknanlegir guði og hverjir ekki. Ég held nefnilega að hér sé um mismun að ræða að vísu, en hann sé mjög einstaklingsbundinn. Og ég fullyrði það, að trúað fólk er í öllum flokkum, og ég veit ekki til þess, að það sé neitt sérlega í einum flokki en öðrum.

Ég t. d. fer hvergi dult með það, að kenningar meistarans frá Nazaret eru mér einkar kærar og ég gæti varla hugsað mér neitt annað betra en að ég gæti í einhverju fetað eftir þeim kenningum á lífsbrautinni, þó ég sé í Alþb. — eða kannske öllu fremur vegna þess að ég er í Alþb. En látum það vera.

En út frá öllum þessum umr. og því, sem út frá þeim hefur spunnist, þá auðvitað fer ekki hjá því að menn taka kristni og kirkju misjafnlega, og ég vil harma það, ef okkar frjálslynda og víðsýna kirkja er í einhverju að fara í átt til aukinnar þröngsýni, aukins ofstækis eða trúarkreppu. Mér dettur þá í hug það fólk gjarnan, sem er með guðsorð á vörum, en lítið meira, og ég tel síst kristilegra en það sem sjaldan hefur kristni á vörum, en sýnir það þá e. t. v. betur í verki, að kristið siðgæði sé þess aðalsmerki. En ég fer ekkert dult með það og skal endurtaka það hér, vegna þess að um það var mjög rætt á sínum tíma, þegar umr. fór fyrst fram um þessi mál, að trúarkreddur og trúarofstæki eru mér víðs fjarri, ef það er einhver andkristilegur hugsunarháttur, eins og mér var þá borið á brýn. Og í raun er það fólk, sem er haldið slíku ofstæki, það er mér hrein andstyggð og ber vissulega að fagna því, að slíkt fólk erum við blessunarlega laus við hér á Alþ., því það væri ljót uppákoma að hafa eitthvað af því fólki hér inni.

Ég kann að hafa orðað þetta heldur ógætilega í ræðu hér fyrir tveim árum, og ég skal þá aðeins bæta um betur, því ég er enn á móti slíku ofstæki og harma það, ef það á vaxandi fylgi innan okkar kirkju. Og svo langt gengur þetta ofstæki oft, að mér dettur meira að segja í hug vísa Jóns Helgasonar, sem verður mér af því tilefni gjarnan íhugunarefni, með leyfi forseta:

„Ef allt þetta fólk fær í gullsölum himnanna gist,
sem gerir sér mat úr að nugga sér utan í Krist,
þá hlýtur sú spurning að vakna hvort mikils sé misst,
ef maður að síðustu lendir í annarri vist.“

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Þessar umr. eru orðnar alllangdregar. En ég er ekki að finna að því, síður en svo. Mér finnst eðlilegt að það sé mikið rætt um þetta mál. Og það er ekkert óeðlilegt, þó að till. þessi fjalli ekki um það, hvern hátt skuli hafa á prestskosningum, að þá verði umr. um það efni í sambandi við þessa þáltill.

Ég skal hafa þessi orð fá og reyna að tala

alveg áreitnislaust í þessu máli. Ég fann mig knúinn til þess aðeins að víkja að einstökum atriðum til skýringar.

Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, ræddi nokkuð um misskilning sem væri á milli okkar. Ég held að málum sé nú svo komið, að þar sé ekki um neinn misskilning að ræða. En auðvitað finnst mér það misskilningur hjá honum, miðað við hans málflutning, ef hann greiðir ekki atkv. með þessari till.

En hv. þm. sagði að það væri lítið tilefni til þess að hafa þjóðaratkvgr. um þetta atriði. Mér finnst nú að það sé alltaf augljósara og augljósara, að það er fullkomið tilefni til þess að hafa þjóðaratkvgr. einmitt um það, sem þáltill. gerir ráð fyrir. Og ég vil minna á að það er eitt ákvæði í stjórnarskránni, sem gert er ráð fyrir þjóðaratkvgr. um, og það er ef kirkjuskipunin er breytt. Þá er gert ráð fyrir þjóðaratkvgr. Við flm. höfum tekið það fram í grg. með þessari till., að við viljum ekki heimfæra þetta mál, sem hér um ræðir, prestskosningarnar, beint undir þetta stjórnarskrárákvæði. En hins vegar er enginn vafi á því, að það er mjög í samræmi við anda stjórnarskrárinnar og þetta stjórnarskrárákvæði að hafa þjóðaratkvæði um það, með hverjum hætti prestskosningar skuli fara fram.

Hv. 4. þm. Vesturl., Ingiberg J. Hannesson, fann að því, að ég hefði sagt að það hefði verið ósmekklegt hjá honum að lesa hér upp ummæli biskups um einstakt frægðardæmi í vestrænni lýðræðissögu, sem var til háðungar um okkur flm. þessarar till. Við höfum mismunandi skoðanir á þessu og hv. þm. getur haft sínar skoðanir óáreittur af mér, en þetta var mín skoðun.

Þessi hv. þm. hefur miklar áhyggjur út af þessum 8% þjóðarinnar sem ekki eru í þjóðkirkjunni. Hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, hefur nú tekið af mér ómakið að svara í því efni. Þegar við vorum að orða þessa till., þá kom auðvitað upp sú hugsun, hvort vera ættu í till. bein ákvæði um það, að atkv. skyldu aðeins greiða þeir sem væru meðlimir þjóðkirkjunnar. Niðurstaðan varð að taka ekki svo til orða, heldur aðeins að tala um þjóðaratkvgr., eins og stjórnarskráin talar um þjóðaratkvgr. varðandi kirkjuleg mál án þess að takmarka það við þá sem eru í þjóðkirkjunni. Hver sem framkvæmdin verður á þessu, þá held ég að þetta sé ekki neitt höfuðatriði í þessu máli. Við hljótum með góðum vilja að komast fram hjá öllum erfiðleikum í sambandi við þetta atriði.

Ég vil svo aðeins víkja að því, að það hefur komið fram hjá nokkrum þm. og m.a. hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni, 6. þm. Suðurl., Steinþóri Gestssyni, 9. landsk. þm., Sigurlaugu Bjarnadóttur, og raunar fleirum, að það séu nokkrir vankantar á þessari leið, að fara í þjóðaratkvgr., vegna þess að það séu ekki nógu skýrir valkostir og ef þjóðin hafni prestskosningum, beinum og almennum, þá sé spurningin, hvað hún sé að kjósa þá á sig í staðinn.

Það er ekkert óeðlilegt að hv. þm. veki athygli á þessu atriði. Þetta er náttúrlega grundvallaratriði í sambandi við þjóðaratkvgr., hvernig á að orða spurninguna, sem lögð er fyrir þjóina, og hversu raunhæf hún er. En ég held að í öllum þessum ummælum þeirra þm., sem ég nefndi, og þeirra fleiri, sem um þetta hafa talað, sé fólginn nokkur misskilningur. Það, hvort kosning er bein og almenn, er grundvallaratriði, og það er grundvallaratriði í þeirri merkingu, að annaðhvort er kosning bein og almenn eða hún er ekki bein og almenn. Það er ekkert þarna á milli. Ef kosning er bein og almenn, þá er ekki þar með sagt, að það sé alveg ákveðið fyrir fram, hvernig lög um prestskosningar eigi að vera. Þau geta verið með ýmsu móti. En þau verða öll að byggjast á því meginatriði, að hvernig svo sem þessu er hagað, þá verður kosningin alltaf að vera bein og almenn. Ef kosningin er ekki bein og almenn, þá geta verið margs konar leiðir til að fara. Það er t.d. hægt að fara þá leið að skipa presta á sama veg og aðra embættismenn. Það er hægt að fara ýmsar leiðir í sambandi við óbeinar, takmarkaðar kosningar, eins og t.d. Kirkjuþing er með, eða eitthvað annað.

Ég held að við getum ekki lagt fyrir þjóðina öll þau tilvik sem hér koma til greina, og þjóðaratkvgr. er þess eðlis, að við þurfum að leggja fyrir þjóðina það sem er höfuðatriði. Tökum sem dæmi þegar þjóðaratkvgr. fór fram um bannlögin 1933. Þá var þjóðin spurð að því, hvort hún vildi innflutning áfengra drykkja eða ekki eða brenndra drykkja. Það var einföld spurning. En þjóðin var ekki spurð að því í leiðinni, hvort hún væri samþykk ákvæðum í áfengislögum sem búið væri að semja. Það var líka óraunhæf leið, vegna þess að áfengislög, ef þau voru samin á annað borð, hlutu að fara eftir því, hvort um bann var að ræða eða ekki bann. Eins er það nú með endurskoðun laga um prestskosningar. Það er grundvallaratriði, hvort kosningarnar eiga að vera beinar og almennar eða ekki. Því höfum við flm. talið að það væri ákaflega erfitt fyrir nokkurn aðila, fyrir nokkra nefnd, að ætla að endurskoða lögin um prestskosningar nema sé búið að gera út um þetta atriði: Eiga kosningarnar að vera beinar og almennar eða óbeinar og takmarkaðar? Það er fyrsta spurningin. Og það er þessi spurning sem á að leggja fyrir þjóðina.

Ég skal, eins og ég sagði, láta þessi fáu orð vera áreitnislaus af minni hálfu. Það hefur verið ákaflega mikið talað um gildi prestskosninga. Inn í það tal hafa komið hugmyndir manna um það, hvers eðlis prestsstarfið væri. Og menn hefur greint á um það og það er sjálfsagt ekkert nýtt. Sumir leggja áherslu á að prestsembætti sé hliðstætt öðrum embættum í því sambandi sem við erum núna að ræða um, varðandi ráðningu í þessi embætti. Aðrir hafa haldið því fram, að prestsembætti væri allt annað, vegna þess að þar væri um að ræða sálusorgarastarf. Og hvað er það í samanburði við embættismenn? Venjulegir embættismenn eru skipaðir í embætti, þeir eru samkv. lögum embættismenn þar til þeir hafa náð ákveðnum aldri, og síðan fara þeir á eftirlaun og þar með er það búið. En hvað er prestur? Sá maður, sem er prestur, er prestur að eilífu, segir Páll postuli. Það er þessi munur hér á. Og þess vegna skyldu menn ekki vera of vissir í sök sinni um það, að

eðlilegt sé að sömu reglur gildi um presta í þessu efni og aðra embættismenn.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess, að þessi till. okkar fái skjóta meðferð í n. og við fáum fljótt að sjá hana hér aftur.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það var aðeins vegna einnar setningar sem 1. flm. málsins, hv. 3. þm. Vestf., lét falla hér. Ég vil aðeins undirstrika skilning minn á þessu máli. Sú setning hv. 3. þm. Vestf., sem varð mér tilefni til þessara orða, var að hér væri um það spurt, hvort prestskosningar skyldu verða beinar og almennar eða óbeinar og takmarkaðar. Ég veit að vísu að með þessum orðum mun hv. 3. þm. Vestf. hafa ætlað að benda á einn þann möguleika sem verið gæti fyrir hendi, en ekki að þetta fælist raunverulega í því sem lagt væri undir þjóðaratkvæði. Sé það ekki svo, þá verð ég að láta það koma fram, að ég skil það ekki svo, að í þessari till. felist annað en í henni segir beinlínis, þ. e. að þjóðaratkvgr. skuli fara fram um það, hvort afnema skuli beinar og almennar prestskosningar og ekki annað. Það er ekki spurt um neinn annan möguleika, hvort skuli vera óbeinar og takmarkaðar prestskosningar eða alls engar prestskosningar.

Þess vegna var það, að ég nefndi í minni fyrri ræðu og tók undir þá ábendingu hv. 4. þm. Vesturl., að æskilegt væri, áður en slík þjóðaratkvgr. yrði, að fram hefðu komið till. þeirrar n. sem hæstv. kirkjumálaráðh. hefði skipað.

Ég vildi aðeins taka þetta fram, þannig að enginn misskilningur væri um afstöðu mína til þessa máls.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. — Ég held að það sé ekki neinn misskilningur milli mín og hv. meðflm. míns, hv. 5. þm. Reykv., um það, út á hvað þessi þáltill. okkar gengur. Það er spurningin, eins og hv. þm. sagði, hvort menn vilji afnema beinar og almennar kosningar eða ekki. Þetta orðalag, sem ég nota, kann vel að vera að hafi ekki verið það heppilegasta. Ég hélt að það væri þó skiljanlegt á þann hátt, að ef það væri hafnað beinum og almennum prestskosningum, þá kæmi ýmislegt til greina, eins og ég tók fram í ræðu minni áðan. Vona ég að af þessu hljótist enginn misskilningur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Viðskiptabankar, frv. (þskj. 330). — Frh. 1. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þær umr., sem urðu í fyrradag hér í hv. Ed. um frv. til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins, urðu til þess, að mig langaði að segja fáein orð um þetta frv. Eru það meira hugleiðingar um efni þess heldur en að um beinar till. sé að ræða til breyt. við það.

Ég veitti því athygli, að þeir menn, sem ræddu um frv., voru yfirleitt sammála um viss atriði í því. Sérstaka áherslu virtist mér menn leggja yfirleitt á að það bæri að draga verulega saman starfsemi bankanna í landinu, starfsemi þeirra væri of viðamikil — mér skildist jafnvel að hún væri of víða, útibúin of mörg. Vegna þess, hvað mér fannst þetta viðhorf vera almennt, vil ég gjarnan láta það álit mitt koma fram við þessa umr., að ég tel að fara eigi varlega í að draga verulega úr þeirri þjónustustarfsemi sem bankarnir hafa innt af hendi með því að hafa afgreiðslur víðs vegar um landið. Ég hygg að sú starfsemi, sem á þann hátt er höfð í frammi af bönkunum, sé ekki sú sem eykur mest kostnað við bankastarfsemina.

Að öðru leyti sýnist mér ástæða til að staldra aðeins við þetta frv., því hér er um vissa nýskipan að ræða á bankamálum. Sú stefna, sem í frv. felst, er í fyrsta lagi sú, að fallið verði frá því, að bankarnir sérhæfi sig á ákveðnu sviði atvinnulífsins, eins og tekið er fram í grg., þar sem segir eitthvað á þá leið, að benda megi á að tenging útlánaviðskipta við ákveðið svið atvinnulífsins sé ekki í samræmi við þá meginreglu öruggs bankarekstrar að dreifa útlánahættunni eins og kostur er.

Það má vel vera að þetta sé rétt, að útlánaáhættunni sé dreift meir með því að einhæfa ekki bankana eða sérhæfa þá ekki. Ég á þó ekki von á því, að það auki mjög afkomuöryggi Búnaðarbankans þó hann færi að lána verulega í útgerð. Það hefur hann að vísu gert. Hann hefur lánað til að ég hygg flestra þeirra hræringa sem eru í atvinnulífi á Íslandi, þó í misjafnlega ríkum mæli sé. Ég tel að sú reynsla, sem fengin er af þeim bönkum sem ákveðið hefur verið með lögum að styddu tilteknar atvinnugreinar bendi til þess eða starfsemi hinna ýmsu banka sem þannig eru settir, eins og Iðnaðarbanka, Búnaðarbanka, Verslunarbanka og fleiri raunar, að það væri mikils virði fyrir atvinnuvegina að hafa ákveðinn banka sem sérhæfði sig um þeirra atvinnuresktur — einhvern sérstakan banka að snúa sér að.

Ég er nokkuð í vafa um, að þeir veittu viðskiptavinum sínum bætta þjónustu þótt þeir væru settir undir einn ráðh. eins og frv. gerir ráð fyrir. Mér dettur í hug, að það gæti verið affarasælast að breyta ekki þeirri skipan sem verið hefur á bankakerfinu. Þessir sérhæfðu bankar hafa heyrt sumir hverjir undir fagráðh., og ég held að ástæða væri til þess að skoða það mál gaumgæfilega, hvort það væri til bóta eða hvort það benti til þess að til væri að breyta því. Ég vil í þessu sambandi benda á, að mér sýnist að það séu e. t. v. nokkur tormerki á því, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að ein deild ákveðins banka heyri undir annan ráðh. heldur en bankinn sjálfur. Ég fæ ekki almennilega séð, hvernig það gæti verið eða hvernig þau tengsl við bankann ættu þá að vera. Mér finnst eðlilegt að þetta sé athugað betur og ég bendi á það þess vegna.

Hitt er annað mál, að í þessu frv. er ýmis-

legt sem mér sýnist að sé mjög til bóta og stefni í jákvæða átt. Á ég þá sérstaklega við kaflann um samstarfsnefndirnar sem mér líst vel á og ég tel að rétt sé að koma á. Ég hygg, að einmitt þessar samstarfsnefndir mundu geta valdið miklu bæði um hagræðingu innan bankakerfisins sjálfs og um samræmingu á útlánastarfseminni og gætu verið viss tengiliður milli Seðlabankans annars vegar og viðskiptabankanna hins vegar, a. m. k. mjög heppilegur umræðuvettvangur fyrir þá aðila að mætast á. Mér finnst eðlilegt að athugað sé gaumgæfilega, hvort ekki væri um nægilega styrka stjórn á bankamálum almennt að ræða ef öflugur Seðlabanki hefði yfirstjórn þessara mála með höndum og heyrði þá að sjálfsögðu undir bankamálaráðh. eða viðskrh. Hverjir fleiri bankar þætti eðlilegt að heyrðu undir hann skal ég ekki segja. En ég á von á því, að það ætti að vera nægilega góð stjórn á bankastarfseminni í landinu ef Seðlabankinn og samstarfsnefndirnar væru sérstaklega hagnýtt til þessara hluta.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri, en það er sjálfsagt eitt og annað sem vekur til umhugsunar um það, hvort hér er verið á réttri leið í þessu efni. Ég dreg mjög í efa, að það verði til bóta að flytja alla banka undir yfirstjórn eins ráðh. Mér sýnist að sú skipan, sem höfð hefur verið á í þessum efnum, hafi ekki torveldað að hafa trausta yfirstjórn þessara mála, en hún hafi jafnvel orðið til þess, að atvinnuvegirnir hafi talið sig hafa öruggari stuðning í bankakerfinu við þessa tilhögun heldur en annars mundi vera.

Þá vil ég, áður en ég lýk máli mínu, ítreka það sem ég sagði hér áðan, að ég tel að það eigi að fara gætilega að því að draga saman þá afgreiðslustarfsemi sem bankarnir hafa haft til þjónustu við viðskiptamennina víðs vegar um landið. Ég hygg að miklu fremur þyrfti að beita kröftunum til þess að taka til rækilegrar endurskoðunar ýmislegt innra starf þessara stofnana sem bankarnir eru, einkum og sér í lagi til þess að fá færðan niður þann rekstrarkostnað sem á þeim er. Ég er ekki í neinum vafa um það, að ef samstarfsnefndin, sem hér er ætlað að koma á fót, tæki það mál t. d. til meðferðar, mundi hún geta í því efni komið til leiðar ýmissi hagræðingu sem nútímatækni gæti verið umkomin að leysa, og ætti að geta sparað vinnukraft frá því sem nú er. Manni skilst að einmitt um leið og tölvutæknin er tekin í þjónustu stofnana eins og bankanna, þá geti hún leyst stór verkefni og það, sem komi í veg fyrir að sú tækni komi að verulegu haldi í rekstri ýmissa banka og stofnanna, sé að þær rekstrareiningar, sem þessi tækni hefur verið notuð í, séu of litlar. Þess vegna ætti sameiginleg starfsemi bankanna að þessu leyti að geta orðið til þess að draga úr kostnaði.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 6. þm. Suðurl., sem var að ljúka máli sínu, um nauðsyn þess að þjónusta bankanna sé sem víðast um landið. Þó er hins vegar auðvitað spurning um það, hversu hún skal af hendi innt og hvort miklar og dýrar byggingar þarf að reisa hvarvetna eða hafa óeðlilegan starfsmannafjölda. Ég þekki dæmi um það, sem ég kalla allgóða þjónustu banka, í litlu herbergi með einni stúlku sem vinnur tvo tíma á dag, þó að aðalverkið sé svo að sjálfsögðu unnið í útibúinu sjálfu hvað allar færslur og bókhald snertir. Þetta frv. og eins hitt, sem hefur verið gert hér að umtalsefni og flutt hefur verið í Nd., hvorugt þessara frv. gerir ráð fyrir að þjónustan verði dregin saman úti um landið. Ég fékk einmitt mjög ákveðið bréf um þetta frá glöggum bónda austur á landi, þar sem hann taldi að bæði þessi frv. fælu það í sér að þjónustan við landsbyggðina yrði minni, þar yrði fækkað útibúum og það dregið saman. Ég lít ekki svo á, heldur að þarna sé um misskilning að ræða. Í frv. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, stjfrv. frá vinstristjórnarárunum, kemur heldur ekkert fram um það, aðeins gert ráð fyrir fækkun útibúa á hverjum stað þar sem fleiri en eitt útibú eru.

Það var aðeins eitt atriði sem ég vildi hér og nú gera að umtalsefni eða spyrja hæstv. ráðh. um. Að vísu kom hv. 6. þm. Suðurl. inn á það mál. Um uppstokkun bankakerfisins og nauðsyn aukinnar skipulagningar og aðhalds þar ætla ég ekki að ræða. Ég hlýt þó að telja að frv. þetta sé til bóta, svo langt sem það nær, en það nær allt of skammt, það er allt of skammt gengið í því sem mestu máli skiptir. Auðvitað ber það frv., sem lagt hefur verið fram í Nd., af hvað það snertir, og hefur það verið undirstrikað rækilega hér, m. a. af hv. 5. þm. Norðurl. v. og eins af hv. 2. þm. Vestf. Bankastofnanir eru of margar hér á landi, að því er ég tel, og fólksfrekar af þeirri ástæðu einni og einföldun hlýtur að vera mögu leg. En af því að ég á sæti í bankaráði Búnaðarbankans, sem ég reikna með að fái þetta frv. til umsagnar, svo og frv. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, þá læt ég allar almennar athugasemdir bíða þess tíma. En það atriði, sem ég vildi nánar forvitnast um, er varðandi Búnaðarbankann og Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Nú er í þessu frv. svo ráð fyrir gert, að Búnaðarbankinn heyri undir bankamálaráðh., en Stofnlánadeildin áfram undir landbrh. Ég tek það skýrt fram, að breyting á yfirstjórn Búnaðarbankans hvað ráðh. snertir er að mínu mati ósköp eðlileg og ég vona að í kjölfar þess fylgi það, að hið sama verði látið gilda um þann einkabanka sem nú heyrir undir iðnrh. En nú segir í lögum um Búnaðarbankann og í lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, að Stofnlánadeildin sé deild í bankanum. Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Þá er spurningin, eins og hv. 6. þm. Suðurl. kom inn á, hvort ein deild banka geti heyrt undir annan ráðh. en bankinn sjálfur. Þarf þá ekki að breyta lögum um Búnaðarbankann eða um Stofnlánadeild landbúnaðarins þannig, að þetta ákvæði um deild falli niður? Það vekur svo aftur þá spurningu sem án efa verður umdeilt svar við, hvort slíta eigi tengsl Stofnlánadeildar við Búnaðarbankann eða með hvaða hætti skuli skipa málum þar. Ég skal fúslega játa, að ég sé enga höfuðnauðsyn

á tengingu Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeildar þann veg sem nú er. Á því má áreiðanlega verða einhver breyting, jafnvel fullkomin skil þar á milli, svo sjálfstæð er Stofnlánadeildin og á að vera að sjálfsögðu.

Það kann að vera að ég hafi ekki lesið þetta nægilega vel yfir og ekki áttað mig nægilega vel á þessu, en mér finnst, og sú er skoðun fleiri, m. a. þeirra sem málefnum Stofnlánadeildar ráða, að ekki sé unnt að hafa lögin um Stofnlánadeildina óbreytt eftir þá breytingu sem hér er lögð til, ef af henni verður. Ég vildi því gjarnan fá upplýsingar hjá hæstv. ráðh. um það, hvað fyrirhugað væri í þessum efnum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leggja eina spurningu fyrir hæstv. dómsmrh. Hún er þessi: Hvers vegna, eftir allt það tal sem átt hefur sér stað um væntanlega gjaldeyrisafgreiðslu á vegum Búnaðarbanka Íslands, er ekki í þessum lögum gert ráð fyrir því, að allir ríkisviðskiptabankarnir hlíti nákvæmlega sömu lögum og hafi þá sömu skyldur og sömu réttindi á öllum sviðum? Ég held að ekkert fari á milli mála, að Búnaðarbanki Íslands hefur reynst mjög þörf og góð viðskiptastofnun, og miðað við afkomu bankans sé ég í raun og veru ekki nokkra ástæðu til þess að gera neinar breytingar á rekstri bankans. Rekstrarútkoma bankans sýnir það. Ef talið er nauðsynlegt að gera það þá tel ég rétt að allir ríkisviðskiptabankarnir hafi sömu réttindi og skyldur og hlíti sömu lögum.

Ég vil á sama hátt og hv. síðasti ræðumaður draga í efa, að rétt sé að hafa tvo ráðh. yfirmenn bankans. Væri þá ekki stigið fyrsta skrefið í þá átt að skilja Stofnlánadeild landbúnaðarins frá bankanum og þá frá stjórn bankans? Það getur vel verið að það sé rétt, en þó sé ég ekki ástæðu til þess, því ég held að þessi mál hafi verið í mjög góðum höndum. Þar sem málin ganga vel, þá er hættulegt að breyta bara breytinganna vegna.

Ég held að við getum öll verið sammála um það, að rekstur Búnaðarbankans, eins og hann hefur verið, kallar ekki á neinar sérstakar breytingar. Því vil ég koma að 9. gr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Bankaráð hefur yfirumsjón með málefnum ríkisviðskiptabanka í samræmi við lög og reglugerðir. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með bankarekstrinum.

Bankaráði er heimilt“ — að vísu bara heimilt — „að ráða sér starfsmann, er ekki hafi með höndum önnur störf í þágu bankans. Starfsmaður þessi hafi aðstöðu til að fylgjast með starfsemi bankans eftir nánari ákvörðun bankaráðs.“

Hér er um að ræða að setja einhvers konar njósnara sem tengilið á milli bankaráðs og bankastjóranna, bankastjórnar, sem sagt trúnaðarmann bankaráðs til þess að fylgjast með störfum trúnaðarmanna bankaráðs, bankastjóranna, þeirra sem reka bankann. Alþingi er ætlað að samþykkja einhvern leynilögreglumann þar á milli. Það eru tengsl milli bankaráðs og bankastjórnar samkv. 11. gr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Bankaráð ræður, að fengnum till. bankastjórnar, aðstoðarbankastjóra og útibússtjóra og segir þeim upp starfi. Bankaráð ræður forstöðumann endurskoðunardeildar bankans og segir honum upp starfi.“

Þessi forstöðumaður endurskoðunardeildar bankans hlýtur að vera tengiliðurinn á milli bankaráðs og bankastjórnar og alveg óþarfi að ráða sérstakan mann til þess að vera einhvers konar njósnari þarna á milli. Ég held að bankastjórarnir eigi ekki skilið að þeim sé sýnd þessi vanvirða eða vantraust.

Ég ætla ekki að ræða þetta frv. frekar á þessu stigi. En Búnaðarbankinn hefur verið góð alhliða lánastofnun sem hefur starfað vel og árangurinn blasir við alþjóð.

Varðandi útibú bankanna hér og þar um landið, hvort þau eru umboðsdeildir, sem hv. 7. landsk. þm. kallaði útibú áðan, sem einn maður í herbergi einhvers staðar starfar í skiptir ekki máli.

Ég held að það sé alveg augljóst, að eins og seðlaveltan hefur aukist undanfarið og þar með peningar manna á meðal um land allt, þó verðlitlir eða verðlausir séu, þá kalli það á þjónustustofnanir sem víðast til þess að bankakerfið nái þessu fé inn til áframhaldandi veltu, í staðinn fyrir að það sé annaðhvort niðurgrafið í jörðu, eins og var á sínum tíma í Frakklandi og annars staðar þar sem fólk missir traust á peningastofnunum, eða menn geymi það jafnvel undir kodda. Það er betra að ná fénu inn í peningakerfið aftur, jafnvel þó að það kosti fleiri þjónustustöðvar.

Ég held líka að vafasamt sé hvort 6. gr. er réttlætanleg, að það verði tvískipt yfirstjórn Búnaðarbankans, að tveir ráðh. fari með málefni Búnaðarbankans, annar með bankastarfsemina sjálfa og hinn með Stofnlánadeildina. Ég held að það sé röng stefna, nema Stofnlánadeildin verði alveg tekin út úr starfsemi bankans, en þá finnst mér sjálfsagt að bankinn sem slíkur heyri undir bankamálaráðh. og er sammála því sem kom fram áðan, að það ætti ekki að vera nema einn bankamálaráðh. Stofnlánadeildin er deild innan bankans, rétt eins og sparisjóðsdeildin og aðrar deildir, og ég tel rangt að skipa deildum sama banka undir fleiri en einn ráðh.

Ég vil endurtaka þá fsp. sem ég bar fram til hæstv. bankamálaráðh.: Er ekki rétt að þetta frv. taki af öll tvímæli um það, að allir ríkisviðskiptabankarnir hafi sömu skyldum að gegna við landsmenn, hvort sem er í gjaldeyrismálum eða í öðrum málum?

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég ætla fyrst að víkja að fyrirspurn hv. síðasta ræðumanns, Alberts Guðmundssonar, viðvíkjandi gjaldeyrisréttindum, en ég skildi hann svo, að hann teldi eðlilegt að beinlínis væri kveðið á um það í þessu frv., að Búnaðarbankinn hefði rétt til gjaldeyrisverslunar.

Í þessu frv., ef að lögum verður, er vísað til seðlabankalaganna þar sem kveðið er á um að Seðlabankinn ákveði hvaða bankar skuli hafa rétt til að versla með gjaldeyri. Þar er þó alveg sérstaklega tekið fram, að Landsbankinn og Útvegsbankinn hafi þennan rétt. Það er ekki mein-

ingin að breyta ákvæðum í seðlabankalögunum með þessu frv., og þess vegna eru engin ákvæði í því um gjaldeyrisverslunina. En eins og ég gat um í framsöguræðu minni, þá tel ég það sjálfsagt og eðlilegt að Búnaðarbankinn fái rétt til þess að versla með gjaldeyri. Hann hefur óskað eftir því, og ég tel engan vafa á að orðið verði við þeirri ósk að hann fái rétt til að versla með gjaldeyri, enda er hún í alla staði eðlileg þar sem hann rekur fjölþætta bankastarfsemi víðs vegar um land og er næststærsti banki landsins og þess vegna óeðlilegt að hann hafi ekki þessi réttindi.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um 2. mgr. 9. gr., varðandi þann trúnaðarmann sem bankaráði er heimilt að ráða sér, þá held ég að það sé rangnefni að kalla hann njósnara, þennan væntanlega trúnaðarmann. Hann á að hafa eftirlit með ekki aðeins bankastjórum, heldur og ýmsum öðrum starfsmönnum í bankanum. En allir, sem nálægt þessum málum koma, vita að stærstu bankarnir skipast í margar deildir og mismunandi sjálfstæðir forstöðumenn eru fyrir þeim. Það er æskilegt í fyrsta lagi, að þessir aðilar viti af slíku aðhaldi, og í öðru lagi, að slíkur trúnaðarmaður hafi eftirlit með þessum starfsmönnum og auðvitað bankastjórunum líka eftir atvikum, ef þess telst þörf. Þetta hlutverk er bankaráðsmönnum ætlað að rækja, en við vitum að þeir hafa ekki getað gert það í reyndinni nema að takmörkuðu leyti, vegna þess a. m. k., þegar frá er skilinn formaður bankaráðs, að starf bankaráðsmanna er yfirleitt í því fólgið að koma saman á fundi kannske hálfsmánaðarlega, kannske mánaðarlega, og þeir geta að vísu óskað þar eftir ýmiss konar gögnum, en það er samt sem áður svo, að tæplega er hægt að halda því fram, að þeir hafi í reynd aðstöðu til að fylgjast með daglegum störfum í banka eða daglegum störfum starfsmanna eða forstöðumanna einstakra deilda.

Ég held að í þessu felist ekkert vantraust á bankastjóra. Ég held þvert á móti að þeir megi þakka fyrir í raun og veru að fá slíkt aðhald og slíkan mann, það bæti starfsaðstöðu þeirra og gefi þeim vissa tryggingu. Það er þannig, að alltaf er best að störfum sé hagað þannig, að það sé eitthvert „kontrol“, ef ég má nota svo ljótt orð, á starfi hvers manns, en hann sé ekki alveg einn um það. Þetta á við þó að bankastjórnirnar séu fjölskipaðir nú orðið og það séu þrír bankastjórar við hvern viðskiptabanka. Þetta er það yfirgripsmikið starf að ég held að ekkert veiti af slíkum trúnaðarmanni bankaráðsins. Það, sem hægt er að hafa á móti þessu að mínu viti, er að það muni vera takmarkað sem einn slíkur trúnaðarmaður kemst yfir að sinna og líta yfir. En það er þó alltaf þetta, að menn vita af honum og hans tilvist og það hefur sína þýðingu. Staða hans er talsvert önnur en staða forstöðumanns endurskoðunardeildar. Þó að hann sé ráðinn af bankaráði, þá er það svo, að endurskoðunin og endurskoðunardeild í reyndinni starfar a. m. k. á takmarkaðara sviði en slíkur sérstakur trúnaðarmaður þyrfti að gera. Endurskoðendur eiga að vísu kannske að framkvæma „krítíska“ endurskoðun að einhverju leyti, en þeir munu þó fyrst og fremst telja hlutverk sitt að endurskoða bókhald og sjá til þess að það sé allt rétt, sem þar segir. Ég held þess vegna, að þegar menn athuga þetta betur sjái þeir að þessum starfsmanni er engan veginn ofaukið. En því er við að bæta, að þarna er aðeins um heimildarákvæði að ræða sem bankaráðin sjálf ráða hvort þau nota sér eða ekki. Telji þau enga þörf á því, þá þau um það.

Viðvíkjandi því, sem hér hefur verið minnst á af einum þremur hv. þm. varðandi Stofnlánadeild Búnaðarbankans, þar sem þeir sumir hverjir a. m. k. hafa talið að út af fyrir sig geti verið eðlilegt að allir bankar heyrðu undir einn og sama ráðh., en þá væri nokkur tviskinnungur í því, ef deild, sem væri þó innan Búnaðarbankans, lögum samkv., Stofnlánadeildin, ætti að heyra undir annan ráðh., sem sagt landbrh. Ég held að þetta sé mjög eðlilegt og geti farið saman. Ég segi ekki, að um þetta megi ekki deila. E. t. v. mætti segja sem svo, að Stofnlánadeildin ætti að fylgja þarna eftir Búnaðarbankanum. En á það er að líta, að Stofnlánadeildin er sjálfstæð deild, sem lýtur alveg sérstakri stjórn. Þó að ég hafi ekki með málefni búnaðarbankans haft að gera, þá hef ég staðið í þeirri meiningu, að sú stjórn væri algerlega sjálfstæð og væri ekki á neinn hátt bundin af bankaráði. (Gripið fram í.) Ég tel því ekki óeðlilegt að Stofnlánadeildin sé þarna sérstök og lúti landbrh. Auðvitað getur komið til greina, að það megi eða þurfi að breyta að einhverju leyti þeim lögum sem um Stofnlánadeildina gilda, en það er ekki, að ég tel, verkefni þessara laga heldur þá laganna sem um hana gilda. Þó að svo sé mælt fyrir í búnaðarbankalögunum að hún sé geymd í Búnaðarbankanum, þá er það ákvæði í raun og veru fallið niður, ef þessi lög verða samþykkt, því að lög um Búnaðarbanka eru felld úr gildi. Þetta frv. kemur í stað allra hinna sérstöku laga sem gilda um viðskiptabankana. Ég tel þetta ákvæði um Stofnlánadeildina — þó að það geti verið, eins og ég segi, að taka þurfi til athugunar eitthvað þær reglur sem um hana gilda — vera sambærilegt við það skipulag sem gildir varðandi Fiskveiðasjóð og Útvegsbankann. Fiskveiðasjóður er kannske enn þá sjálfstæðari stofnun að útliti en Stofnlánadeild landbúnaðarins, hann lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir sjútvrh., þó að Útvegsbankinn og málefni Útvegsbankans heyri aftur á móti undir bankamálaráðh., þannig að mér sýnist vera samræmi í þessu.

Ég tek auðvitað algerlega undir það, að Búnaðarbankinn hafi verið vel rekinn, og það felst auðvitað ekki í þessu frv. á neinn hátt neitt vantraust í þá átt.

Það hefur nokkuð verið talað um það í þessum umr., að eðlilegt væri að sameina banka. Þá hefur verið vitnað gjarnan til gamla bankamálafrv. frá 1974, þar sem gert var ráð fyrir að Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn væru sameinaðir — var í frv. kallað sameining eða a. m. k. í aths. og hjá bankamálanefndinni kallað sameinaður banki. Það getur vissulega verið að þau rök, sem þá voru færð sérstaklega fyrir sameiningu banka, eigi við enn í dag. Og ég er enn sömu skoðunar og ég var þá, að heppi-

legt væri að fækka bönkum og sameina banka. Ég álít að það geti horft til hagræðis. En ég held að það, sem fyrst og fremst hafi vakað fyrir bankamálanefndinni, og það kom fram í því áliti sem fylgdi með, hafi ekki endilega verið að koma við sparnaði í því sambandi, þó að það gæti e. t. v. komið til greina, heldur hitt, að setja upp styrkari banka, setja upp banka sem væri sambærilegur Landsbankanum að eigin fé og lausafjárstöðu o. s. frv., yrði nokkurn veginn jafnsterkur og stór aðili og Landsbankinn þá var, hitt hafi a. m. k. ekki verið í sjálfu sér meginatriði, að það hafi verið trú á því að þetta leiddi til mikils sparnaðar. Ég get — með leyfi hæstv. forseta — vitnað t. d. í það sem nefndin sagði þá um starfsmannamál. Þar segir svo:

„Ljóst er, að ef ákveðið yrði að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann hlytu að skapast margvísleg og viðkvæm vandamál í sambandi við yfirtöku sameinaða bankans á starfsfólki í bönkunum tveimur. Starfsfólk Búnaðarbankans var 184 talsins í árslok 1971, en starfsfólk Útvegsbankans 225.“

Síðan hefur verið að verki visst vel þekkt lögmál að því er varðar starfsmannafjölgun í þessum bönkum, þannig að talan á starfsmönnum er nú orðin allmiklu hærri en þá var. Það eru auðvitað eðlilegar skýringar og geta verið fullkomlega eðlilegar skýringar á því, vegna þess að starfsemi bankanna hefur færst öll í aukana á þessu tímabili. En þarna segir enn fremur:

„Á þessu stigi málsins taldi nefndin ekki rétt að kanna nákvæmlega þann vanda sem við yrði að etja í þessum efnum, en leggur áherslu á að mjög mikilvægt er að öll þessi mál verði tekin réttum tökum, ef til sameiningar kemur.“

Þessum vanda skaut blessuð nefndin frá sér, og það liggur ekki alveg ljóst fyrir hvernig hún hugsaði sér að leysa þann vanda eða hvort hún hugsaði sér að það væri hægt að fækka mikið starfsmönnum við sameininguna. Ég vil þó ætla, að ef rétt væri á haldið ætti að vera hægt með sameiningu banka að fækka nokkuð starfsmönnum. Sérstaklega álít ég að hægt væri að skipuleggja útibúamál og afgreiðslumál öllu betur en átt hefur sér stað í reyndinni.

Ég er alveg sammála því, sem hér hefur komið fram, að það er mjög þýðingarmikil þjónusta sem innt er af hendi við landsbyggðina með því að útibú eru sett upp hér og þar. Þess vegna má mönnum ekki endilega vaxa það í augum. Hitt getur verið álitamál, hvort bankaútibúin eiga alltaf að vera staðarprýði og hin veglegustu hús á staðnum, en það er út af fyrir sig annað mál. Ég held að það séu einmitt dálitil rök fyrir því, að heppilegra sé að hafa alla bankana undir sama ráðh., af því að hann er ráðh. sem verður að leggja samþykki sitt á stofnun útibúa, með því sé frekar en nú er komið nokkuð í veg fyrir að sett séu upp útibú frá tveimur eða kannske þremur bönkum á stað þar sem eitt útibú gæti e. t. v. verið nægilegt. Þá getur verið litið mismunandi augum á starfsemi útibúa og sumir kannske ætlast til að þau taki bara á móti sparifé og safni sparifé — og þegar þau eru mörg á sama stað, þá er sjálfsagt samkeppni á milli þeirra um að ná í sparifé — og senda það svo aðalbankanum hér í Reykjavík til geymslu og varðveislu. Ég lít ekki þannig á. Ég álít að starfsemi útibús á hverjum stað sé ekki aðeins að taka við fé af viðskiptamönnum, heldur líka að lána það fé, sem sá staður leggur til, til ýmissa þarfa í því byggðarlagi. Þetta leggur auðvitað útibússtjóranum meiri vanda á herðar heldur en ef hann tekur hlutverk sitt þannig, að hann eigi bara að safna því, sem inn kemur, og senda það svo til aðalbankans og þurfi ekki að vera neitt að taka á sig áhættu í sambandi við útlán eða því um líkt.

Ég er sem sagt, eins og ég sagði áðan, sama sinnis og ég var. Ég tel að það væri til bóta að koma við nokkurri sameiningu banka. En ég hef sennilega komist óheppilegra að orði síðast, — sé nú að hv. þm. Ragnar Arnalds er ekki við, en hann hártogaði dálítið þau orð sem ég lét þar um falla. Ég mun hafa sagt eitthvað sem svo, að ég teldi naumast hægt að sameina banka með valdboði, heldur yrði þar til að koma heimild til samninga. Með þessu átti ég auðvitað við, að ég teldi heppilegt að þessi háttur væri á hafður. Ég dreg auðvitað ekki í efa, að ríkið og löggjafarvaldið getur skipað málum ríkisbankanna á þann veg, ef það kýs, að þeir skuli sameinaðir. Mér hefur ekki dottið í hug að vefengja þann rétt. En hitt er það, að ég held að það gæti verið vafasamt, jafnvel þó að valdið sé fyrir hendi, að fara að gera það að óvilja þeirra banka, sem í hlut eiga. (Gripið fram í.) Bankastjórn væntanlega. Bankastjórn og bankaráð yrðu að vera fyrirsvarsmenn fyrir bankana, því að varla er hægt að ná til allra viðskiptamanna. Þó er auðvitað ekki óeðlilegt að þeir hefðu eitthvað um slíkt að segja og vildu leggja þar orð í belg, enda hefur það reyndar sýnt sig, að þó að ekki hafi verið um að ræða að sameina banka, heldur t. d., eins og vikið er að í þessu gamla frv., að það geti verið um að ræða yfirtöku eins bankans á útibúi frá öðrum, og það hafa verið gerðar tilraunir í þá átt, þá hefur það sýnt sig, að viðskiptamenn á því svæði hafa risið upp og andmælt því. Og vissulega getur verið réttmætt að taka eitthvert tillit til þess sem viðskiptamenn segja í þessu efni, bæði þeir, sem leggja til sparifé, og eins hinir, sem njóta þjónustu bankans með því að taka lán hjá honum. Sem sagt, þó að það sé samkv. strangasta lagabókstaf auðvitað hægt að sameina ríkisbanka með lögum, hvað sem vilja þeirra líður, þá held ég að alltaf verði heppilegast að hafa samráð um þetta og gera þetta með samkomulagi.

Ég vil benda á að þegar gamla bankamálanefndin skilaði áliti og lagði til sameiningu tveggja banka, Búnaðarbankans og Útvegsbankans, þá áttu sæti í þeirri nefnd bankastjórar, jafnvel má kannske segja aðalbankastjórar þessara tveggja banka, þannig að ég hygg að þá hafi mátt túlka það svo, að vilji væri í þessum tveimur bankastofnunum að sameinast. En ég er ekkert viss um að slíkur vilji sé til í dag. Sjálfsagt er að sú n., sem fær þetta frv. til

meðferðar, kanni hvort það sé litið á málin með sama hætti í þessum tveimur bankastofnunum í dag eins og gert var 1973 og 1974 að þessu leyti. Ég er engan veginn viss um að svo sé, dreg það satt að segja í efa.

Auðvitað er ekki endilega nauðsynlegt að sameina þessa tvo banka. Hægt er að hugsa sér að sameina líka aðra banka. Kannske er hægt að hugsa sér að sameina Landsbankann og Útvegsbankann t. d., ef menn eru að hugsa um sameiningu.

En hvað sem þessu líður varðandi ríkisbankana, þá er hitt víst, að ekki er minni ástæða til sameiningar að því er varðar einkabankana, og þar er þó alveg ljóst, að það verður ekki gert með einföldum lögum án vilja þeirra. Þeir eru sjálfstæðar stofnanir, einkastofnanir, og kemur auðvitað ekki til greina, getur aldrei komið til álita að þeir verði sameinaðir nema með samningum og samkomulagi á milli þeirra. Það væri spor í rétta átt að mínum dómi ef sameining ætti sér þar stað, af því að þeir bankar, sumir hverjir a. m. k., eru í raun og veru of litlir til þess að geta fullkomlega gegnt hlutverki sínu.

Þá ætla ég að lokum að víkja að því sem minnst var á af einum hv. þm., Steinþóri Gestssyni. Mér skildist að hann teldi í raun og veru ekki fráleitt, eins og upphaflega hefði verið stofnað til, að bankar væru bundnir við atvinnugreinar og hverjum banka væri ætlað að þjóna tiltekinni atvinnugrein. Ég er á annarri skoðun um þetta. Ég álít það mjög óheppilegt og úrelt sjónarmið. Það má vissulega segja, að Búnaðarbankinn hafi dafnað vel, en Búnaðarbankinn hefur vissulega átt viðskipti við aðra en bændur. Ég dreg ekki í efa að t. d. ýmis útibú Búnaðarbankans úti um land sinni sérstaklega þörfum bænda og hafi sérstaklega viðskipti við þá. En ég held að viðskipti Búnaðarbankans nái langt þar út fyrir, þar sé alhliða bankastarfsemi og hann hafi ekki hvað síst þróast vegna þess að starfsemi hans hefur verið hagað á þá lund, að hann hefur ekki einskorðað sig við neina ákveðna grein. Eins og hv. þm. minntist á, hefur bankinn nú fært út kvíarnar og tekið nokkurn þátt í útgerðarlánum, þeirri starfsemi sem þykir hvað áhættusömust. En það er samt sem áður svo, að þátttaka hans í þeim efnum er ekki í neinu hlutfalli við stærð hans. Það væri ekkert óeðlilegt, að eitthvað yrði litið á það í sambandi t. d. við spurninguna um gjaldeyrisréttindi honum til handa, þá yrði kannske talið eðlilegt að hann tæki á sig tilsvarandi skyldur og hinir bankarnir hafa sem versla með gjaldeyri.

Vissulega má segja að Landsbankinn hafi ekki verið bundinn við atvinnugreinar. Ég held að það hafi gefist vel. Hann hefur sinnt öllum atvinnugreinum. Aftur á móti er það svo, að Útvegsbankinn hefur, eins og nafnið bendir til og samkv. sínu ætlunarverki, einmitt lent í þessari sérgreiningu og orðið að annast útgerðarmál í mjög miklum mæli. Á hans vegum hafa verið útgerðarstaðir, sumir af stærstu útgerðarstöðum landsins. Þetta hefur leitt til þess, að af heildarlánum hans hefur miklu stærra hlutfall farið til útgerðarinnar heldur en er hjá öðrum bönkum, miðað við fjármagn þeirra. Ég tel að þetta sé ekki æskilegt. Þetta getur leitt til þess, að of mikil áhætta sé lögð þannig á einn banka og sé því æskilegra að dreifa áhættunni.

Ég vil svo endurtaka það sem ég hef áður sagt, að ég tel eðlilegt að fram komi ýmsar aths. í sambandi við þetta mál. Það eru vissulega ýmis álitaefni í þessu frv., mörg atriði sem geta verið álitamál og ekki er alveg sjálfgefið að eigi að skipa á þennan veginn, en ekki hinn. Ég tek þess vegna síður en svo illa ábendingum sem fram koma, og tel, eins og ég hef áður sagt, eðlilegt að n. beri þetta saman t. d. við gamla frv., athugi hvort aðstæður hafa breyst síðan það var flutt — þetta frv. er í mörgu tilliti auðvitað reist á gamla stjfrv. frá 1974, — og tel fullkomlega eðlilegt að n. athugi hvort grundvöllur er fyrir sameiningu banka og til hverrar hagræðingar slíkt kynni að leiða.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. bankamálaráðh. fyrir svör hans við spurningu minni um væntanleg gjaldeyrisviðskipti Búnaðarbankans. Ég vissi að sjálfsögðu eins og allir aðrir, að Seðlabankinn hefur heimild til að veita Búnaðarbanka Íslands og öðrum lánastofnunum gjaldeyrisréttindi. En það er ekki það sem ég var að leita eftir. Ég held að úr því að fyrir liggur frv. til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins, þá sé ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir því, að sömu reglur, sömu skyldur og kvaðir almennt hvíli á öllum ríkisviðskiptabönkunum, einn banki sé ekki dreginn undan hvað gjaldeyrisviðskipti snertir t. d. Ég tel óeðlilegt, úr því að verið er að setja lög um ríkisbankana, að Seðlabankinn ákveði hvaða bankar skuli hafa gjaldeyrisréttindi og hvaða bankar skuli ekki hafa gjaldeyrisréttindi. Ég tel eðlilegt að lög um viðskiptabanka í eigu ríkisins taki af öll tvímæli um þjónustuhlutverk þeirra, en hlutverk Seðlabankans verði meira eftirlitshlutverk. Ég vil sem sagt taka þetta vald undan Seðlabankanum og breyta þá lögum um Seðlabanka Íslands í samræmi við það, ef nauðsynlegt er, ef samþykkt á þessum lögum gerir það ekki sjálfkrafa.

Hvað viðvíkur þeim eftirlitsmanni sem ég gerði að umræðuefni hér og nefndur er í 2. mgr. 9. gr., þá vil ég leyfa mér að gera orð hv. 7. landsk. þm. að mínum, — að vísu var þeim hvíslað að mér í sætinu, — að þessi eftirlitsmaður ætti að vera þefvís, hann ætti að ráða eftir þefvísi. Þetta eru ummæli bankaráðsmanns Búnaðarbanka Íslands. Ég vil túlka það þannig, að hér sé um njósnara að ræða. Hann á að vera með nefið niðri í gerðum annarra — og hverra þá? Þeirra sem stjórna bankanum, þeirra sem eru ábyrgir fyrir starfsemi bankans. Í þessu frv. til laga er þetta tekið fram um stjórn bankans í II. kafla 6. gr. með leyfi hæstv. forseta: „Framkvæmdastjórn hvers ríkisviðskiptabanka er í höndum þriggja manna bankastjórnar.“ Þar til viðbótar eru þrír aðstoðarbankastjórar, þannig að þessir sex aðilar ættu að vera nægilega margir til að hafa eftirlit með rekstrinum. Til viðbótar er svo sú skylda sem hvílir á endurskoðunardeild bankans. Ég ítreka: Það er andstætt mínu eðli að samþykkja eftirlitsmann á trúnaðarmenn. Þann eftirlitsmann vil ég kalla njósnara.

Talað er um að fækka bönkunum og þá til þess að spara starfsfólk. Ég hafði gaman af þessum ummælum hæstv. bankamálaráðh. og tel þau löngu tímabær. Þau hafa oft flogið fyrir áður, en lítið verið gert. En er ekki fyllilega ástæða til að taka þá yfirstjórnina fyrst og athuga, hvort er ekki hægt að fækka starfsmönnum þar. Deild úr Landsbanka Íslands er orðin að einni stærstu bankastofnun þjóðarinnar, eftir því sem mér hefur verið tjáð, með fleiri starfsmenn en utanríkisþjónusta Íslands öll til samans, bæði hér heima og erlendis. Þetta er Seðlabankinn sjálfur, sem var deild í Landsbankanum fyrir örstuttu. Þvílík Parkinsons-þróun hefur líklega hvergi nokkurs staðar í kerfinu átt sér stað og er þó af nógu að taka.

Það er talað um að sameina bankana að öðru leyti. Það er talað um að sameina bankana til þess að bjarga bönkum eða peningastofnunum. Við vitum að til eru sparisjóðir sem raka saman peningum í milljörðum og gera meira að því að fjárfesta í ríkistryggðum skuldabréfum til að tryggja afkomu sína heldur en veita innlánsfé, sparifé íbúanna, í atvinnuvegina á stöðunum. Til að þurfa ekki að koma hér aftur í stólinn til þess að svara því, hvaða sparisjóðir það eru, þá skal ég minnast á Sparisjóðinn í Keflavík, Sparisjóðinn í Hafnarfirði og Samvinnubankann í Hafnarfirði. Aðilar þaðan, þ. e. a. s. úr útveginum í þessum sjávarplássum, koma til Reykjavíkur og fá lán hjá Útvegsbanka Íslands, svo að það er ekki nema eðlilegt að Útvegsbanki Íslands geti ekki staðið undir því sem sparifé fólksins á stöðunum á að gera. Það þarf ekkert annað en skylda þessa sparisjóði til að veita innlánsfé, sem þeir taka við, í atvinnuvegina í sínu byggðarlagi til þess að rétta við hag þeirra, og létta af Útvegsbankanum. Ég held að alveg nauðsynlegt sé að gera það.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vil þó bæta við, að rétt getur verið að sameina banka og spara í bankakerfinu án þess að leggja þá niður. Við skulum taka Keflavík aftur, af því að hálfgert stríð hefur verið milli banka þar. Landsbankinn ætlaði að taka yfir Útvegsbankann, en viðskiptavinir Útvegsbankans vildu ekki missa sína bankastofnun og ekkert hefur orðið úr því enn þá. En það er hægt að loka öllum útibúunum nema einu og allar þessar peningastofnanir geta haft afgreiðslu í einu húsi. Á þann hátt er hægt að spara, með því að hafa einhvers konar *sameiginlega þjónustu bankanna allra í einum* afgreiðslusal, eins og er víða í viðskiptum. Við erum meira að segja þátttakendur í „clearing" í sambandi við flugstarfsemina. Hægt er að gera nákvæmlega það sama á hverjum einasta stað hér innanlands og spara stórfé í rekstri, bæði í fasteignum, mannahaldi og rekstri, án þess að leggja neina bankastofnun niður. Það er hægt að gera ýmislegt annað til umbóta í bankamálum en að *leggja banka niður.*

Ég vil ítreka það, að ég tel, úr því að við erum að afgreiða frv. til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins, að þá eigi þetta frv. að veita öllum ríkisviðskiptabönkunum sömu réttindi og leggja þeim sömu kvaðir á herðar, hvort sem það er í gjaldeyrismálum eða öðrum málum, og taka það ákvörðunarvald alfarið undan Seðlabanka Íslands og gera hann eingöngu að eftirlitsstofnun með ríkisviðskiptabönkunum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu, að hv. 12. þm. Reykv. tekur svo mjög mark á orðum mínum, þó þeim sé hvíslað til hans aðeins í gamni. Ég vona að eftir fylgi að hann taki þá mark á þeim orðum, sem ég segi í ræðustól, enda væri það ekki fjarri lagi eftir yfirlýsingu hans áðan stundarhátt, þar sem boðað var á þingflokksfund Sjálfstfl., en hann bað um að hann yrði strikaður út af þeim lista.

Ég fagna yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um fylgi við sameiningarhugmyndir og frekari hagræðingu í bankakerfinu. Það koma tímar og koma ráð til að koma því fram, þó ekki sé kannske í alla staði eins sterkt og er í því frv. sem nú liggur fyrir Nd.

Ég vildi aðeins taka fram út af þeim umr. sem hafa orðið um gjaldeyrisréttindi handa Búnaðarbankanum, að það er rétt, að Búnaðarbankinn hefur farið fram á þessi réttindi, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. Skoðun bankaráðs Búnaðarbankans á þessu gjaldeyrisleyfi er sú, að það mál sé á svo góðri leið, að tæpast muni verða óskað eftir því af bankaráðinu að það ákvæði verði sett inn í þessi lög, bankaráðið telji að seðlabankalögin nægi þar algerlega.

Það hefur verið mjög um starfsmannafjölda rætt og ofhlæði í þeim efnum. Ég hef því miður ekki tölur um það í hinum einstöku bönkum, en þó er alveg ljóst af þeim tölum sem ég hef heyrt, að bankarnir eru með mjög misjafnan fjölda starfsmanna án tengsla við umsvif. Ég þori að fullyrða t. d., að Búnaðarbankinn sem ég er kunnugastur, virðist vera mjög vel rekinn hvað þetta snertir. Starfsmannafjöldi hans miðað við umsvif er tiltölulega hagstæður samanborið við aðra banka. En þarna kunna að koma inn í önnur atriði að sjálfsögðu.

Varðandi 9. gr., sem líka hefur komið hér til umr., 2. *mgr. hennar, þá fagna ég því ákvæði* sem þar er, hvort sem við köllum þetta njósnir, þefvísi eða eitthvað annað. Ég geri mér það ljóst sem bankaráðsmaður að ég fylgist of lítið með þeim banka sem ég á þó að hafa eftirlit með. Ég hef ekki tök á því. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég hef aðgang að hverjum aðila þar, en það er ekki það sama og er ekki nóg þó að ég hafi aðgang að deildum þar og geti talað við deildarstjóra og spurt þá í *þaula.* Það er ekkert leyndarmál, held ég, að Búnaðarbankinn eða bankaráð Búnaðarbankans hefur haft það í huga og meira að segja gert um það samþykkt að ráða sér slíkan starfsmann, ekki neinn njósnara eða þefara eða neitt því um líkt, heldur starfsmann, sem bankaráðið gæti leitað til, starfaði m. a. að sérstakri endurskoðun. Það er því full ástæða fyrir mig sem bankaráðsmann í Búnaðarbankanum og aðstandanda að *þessari samþykkt að fagna einmitt* þessu ákvæði.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það var aðeins varðandi þau ummæli sem hér féllu um starfsemi sparisjóða. Það er nú sannast að segja þannig, að það þarf að lána til fleira í þessum

héruðum, sem á var minnst, heldur en til útgerðar. Ég held, að það sé alger misskilningur að þessir sparisjóðir, sem á var minnst, liggi með milljarða í ríkistryggðum skuldabréfum sem þeir geyma, heldur hafi þeir veitt mjög verðmæta þjónustu í þessum héruðum til þess að byggja upp ýmiss konar iðnað, lánað til húsbygginga, og enn fremur held ég að báðir hafi í einhverjum mæli hjálpað útgerðarfyrirtækjum þegar á þurfti að halda.

Vandamál Útvegsbankans munu ekki stafa af þessum orsökum fyrst og fremst, heldur vegna þess að fyrir hann var lagt með lagafyrirmælum um langan tíma að lána útgerðinni fé með „negatívum“ vöxtum, þannig að það var ekki von að vel færi í þeim efnum. Að hluta til byggist þetta einnig á því, að á þessum stöðum er stórfyrirtækjum, sem þarna starfa, gert að skyldu að flytja sína peninga jafnharðan inn í Seðlabanka Íslands, þannig að þeir stöðvast alls ekki á viðkomandi stöðum.

Þetta vildi ég aðeins upplýsa vegna þeirra ummæla sem hér féllu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Mig langar að leggja hér örfá orð í belg í sambandi við þessa bankamálaumr. Það hefur að sjálfsögðu margt verið sagt hér sem er athyglisvert. Sumu af því er ég sammála og öðru ekki.

Ég er enn þá eindregið þeirrar skoðunar, að það sé fásinna og fjarstæða að ríkið reki bankastarfsemi sína í þrennu lagi. Það má vera, að það þyki of róttæk breyting að gera ríkisbankann einn, hafa einn ríkisbanka, hann verði of mikið stórveldi. Það er sjónarmið út af fyrir sig, en tveir ættu þó a. m. k. að setja undir þann leka og vera nægilegir til þess að annast þá þjónustustarfsemi sem ríkið ætlar sér í bankaviðskiptum þjóðarinnar.

Það er talað um það hér sem algert sáluhjálparatriði að fjölga gjaldeyrisafgreiðslum. Ég get ekki séð neina þörf á því. Ég tel að þær gjaldeyrisafgreiðslur, sem starfa hér í tvennu lagi, séu fyllilega færar um að anna þeim viðskiptum sem þar fara fram. Og ef það telst nauðsyn á að fjölga gjaldeyrisafgreiðslum, væri þá ekki til athugunar að sú afgreiðsla yrði einhvers staðar annars staðar en við hliðina á hinum tveimur í Austurstræti í Reykjavík. Kæmi þá ekki til athugunar að afgreiða gjaldeyrisyfirfærslur — við skulum segja á Akureyri eða Ísafirði eða öðrum ámóta merkum stöðum annars staðar á landinu?

Bankaráðsmaður Búnaðarbankans lét þess getið, að Búnaðarbankinn hefði fámennara starfslið en sumir aðrir bankar, og það mun vera rétt. Það kom einnig fram í máli hæstv. bankamálaráðh. að svo væri. En mætti ekki ímynda sér í leiðinni að það væri vegna þess að hann hefur ekki gjaldeyrisdeild, hann þarf ekki að hafa deild sem sér um gjaldeyrisafgreiðslu fyrir viðskiptavini sína? Þeir fara í næsta hús og fá þar þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda í þessu efni. Það er nefnilega ekki bara ávinningur að hafa gjaldeyrisdeild. Það þarf vissa stærð af banka til þess að slíkt geti borið sig. Hún kostar mikið, og með þeim ákvæðum, sem nú eru í lögum, að 60% af tekjum af gjaldeyrissölu ganga ekki til viðkomandi banka, þá þarf þó nokkra umsetningu til þess að standa undir þeirri þjónustu sem gjaldeyrisdeild krefst. Ég held að menn ættu að skoða þessi mál í víðara samhengi, þegar verið er að tala um bankamálin.

Ég get ekki séð neina ástæðu til þess að bankarnir heyri undir marga ráðh. Þetta er ein grein af starfsemi í þjóðfélaginu sem fer fram í bönkunum, nauðsynleg þjónustustarfsemi. Hún á samkv. öllum eðlilegum reglum að heyra undir einn ráðh., alveg eins og sjávarútvegsmálin heyra undir einn ráðh. og engum dettur annað í hug og landbúnaðarmálin undir landbrh. og þannig mætti lengi telja.

Ég held að það hafi verið rétt ráðið fyrir 15 árum eða svo, þegar Alþ. fór inn á þá braut að heimila starfsgreinum að setja upp eigin bankastofnanir. Ég veit vel af hverju talið var nauðsynlegt af þessum starfsgreinum að eignast eigin bankastofnanir. Það var vegna þess að þær fengu ekki nægilega fyrirgreiðslu í þeim bankastofnunum sem fyrir voru. Nú má vel vera að þetta sé breytt, og ég er ekki frá því að þetta sé breytt, að stefna ríkisbankanna sé nú orðin sú, að þeir eigi einnig að lána til þeirrar starfsemi sem einkabankar voru stofnaðir til að sjá um. En það skyldi þó ekki vera, að þessi stefnubreyting væri vegna þess að komnir voru bankar, sem ætluðu sér að sjá um þessa starfsemi án hjálpar hinna bankanna, og það gat verið hagur að því fyrir þá að hafa a. m. k. sumt af þessari starfsemi innan sinna veggja?

Ég skal ekki að orðlengja þetta hér. Ég tek undir það og treysti því fyllilega, að hv. d. sé fær um það að setja það bankalagafrv. og það skipulag á bankamál sem hún vill hafa og er ekki bundin af því, þó að stjfrv. hafi verið lagt fram, sem bendir á eina ákveðna leið.

Ég skal aðeins endurtaka það að lokum, að ég tel að við þurfum á öðru að halda, eins og ástatt er nú, heldur en frekari útþenslu í bankakerfinu. Þess vegna er ég fylgjandi sameiningu og að bankamálin eigi eins og aðrir málaflokkar að heyra undir einn ráðh.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það er stutt aths. vegna ummæla hæstv. utanrrh. Ég gat ekki verið honum alveg sammála um það, að fjölgun gjaldeyrisafgreiðslna, þótt þær séu hlið við hlið, sé ekki nauðsynleg. Aðalbankar eru yfirleitt í sama bankahverfi hvar sem er í veröldinni, og þó að bankar séu hlið við hlið hér í Reykjavík, þá er ástæðulaust að nota það til að gera starfsemina í heild tortryggilega. En viðskiptavinir Búnaðarbanka Íslands hafa alveg jafnmikla þörf fyrir alla þjónustu á einum stað eins og viðskiptavinir Landsbankans eða Útvegsbankans, í staðinn fyrir að þvælast á milli tveggja eða jafnvel þriggja stofnana.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að það var mikil bót þegar ríkisbankarnir fengu samkeppni frá einkabönkum, og ég styð það að sú samkeppni verði aukin og þessi þáttur viðskipta verði frjáls engu síður en annað. Það verður þá hægt að stofna fleiri banka, ef með

þarf, til þess að veita aðhald og fá aukna þjónustu út úr ríkisbönkunum, sem mér skilst af ummælum hæstv. ráðh. að hafi aukist og batnað við það að einkabankar komu í samkeppni við þá. Ef það er rétt, þá hlýtur ráðh. að vera á þeirri línu, að það ætti að fjölga bönkum, en ekki, eins og hann sagði, að þeim ætti að fækka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Fiskimálaráð, frv. (þskj. 331). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í lögum um Fiskimálaráð segir, að Fiskimálaráð skuli vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum og skal það beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum, skýrslugerð, útgáfu- og fræðslustarfsemi og öðrum ráðum sem líklegust eru talin til þess hverju sinni að tilgangi með stofnun ráðsins verði náð. Jafnframt segir að ályktanir sínar um uppbyggingu fiskiskipastólsins skuli Fiskimálaráð við það miða, að jafnan sé sem mest fjölbreytni í útgerðinni og eðlilegt jafnvægi milli einstakra greina hennar.

Þessi lög voru samþykkt á Alþ. 1968, og var, eins og ég las upp, tilgangurinn að móta heildarstefnu. En fljótlega eftir að þetta ráð hafði tekið til starfa mætti stofnun þess nokkurri andstöðu. Einkum þótti hlutverk ráðsins of skylt hlutverki Fiskifélags Íslands, auk þess sem ýmsum þótti sem verið væri að fela Fiskimálaráði verkefni sem betur ættu heima í rn. Það varð því úr, að framkvæmdanefnd Fiskimálaráðs ritaði sjútvrn. í marsmánuði 1970 bréf þess efnis, að gerð yrði könnun á heildarstjórn sjávarútvegsmála hérlendis, og í framhaldi af því skipaði sjútvrh. þriggja manna n. sem skilaði nál. í nóv. 1971. Í nál. var lagt til að Fiskimálaráð yrði sameinað Fiskifélagi Íslands og skipulagi Fiskifélagsins yrði breytt á þann veg, að hagsmunasamtök, er áður áttu aðild að Fiskimálaráði, fengju eftir breytinguna aðild að Fiskifélagi Íslands.

Að baki þessari till. um sameiningu Fiskifélags og Fiskimálaráðs lá hugmynd um gleggri verkaskiptingu sjútvrn. og Fiskifélagsins og grundvallarmunur yrði gerður á þessum tveimur stofnunum með tilliti til ábyrgðar og með hliðsjón af hagkvæmni við einföldun á stjórnkerfi í sjávarútvegi almennt. Þessi grundvallarbreyting var svo gerð á lögum Fiskifélags Íslands í des. 1972, en þá fengu áhuga- og hagsmunasamtök í sjávarútvegi beina aðild að Fiskiþingi og Fiskifélagsstjórn, þannig að úr því varð Fiskifélagið fyllilega málsvari ekki aðeins fiskideilda og fjórðungssambanda, heldur og annarra hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Einnig var gerð skipulagsbreyting varðandi starfsemi félagsins og deildaskiptingu. Hið fyrsta Fiskiþing samkv. hinu nýja skipulagi kom svo saman í nóv. 1973. Eftir þessa breytingu minnkuðu umsvif Fiskimálaráðs mjög verulega, en það kom því þó á, að þessi breyting var gerð á lögum Fiskifélags Íslands.

Eftir að þessar breytingar hafa verið gerðar sé ég ekki ástæðu til þess að Fiskimálaráð starfi áfram sjálfstætt, eins og verið hefur, vegna minnkandi umsvifa. Kostnaður af starfsemi ráðsins hefur verið greiddur úr Fiskimálasjóði sem hefur verið minnkandi á síðustu árum. Og þrátt fyrir það að ég var á sínum tíma 1. flm. þessa máls, þá taldi ég þessu máli best komið undir einni stofnun, þar sem allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi ættu sæti og auk þess fulltrúar hinna stærstu stofnlánasjóða sjávarútvegsins til þess að móta þar heildarstefnu. En það samkomulag náðist aldrei, og hefði verið margt betra nú í þessum greinum, ef menn hefðu borið gæfu til að móta þar allir sameiginlega heildarstefnu. En úr því varð ekki. Eftir þessa breytingu á Fiskifélagi Íslands tel ég ekki ástæðu til þess að halda starfsemi Fiskimálaráðs áfram, og þetta frv. fjallar um það að lög um Fiskimálaráð verði felld úr gildi.

Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það vildi nú reyndar svo til, að ég var búinn að semja fsp. um Fiskimálaráð, en í staðinn fyrir að leggja hana beint inn á skrifstofuna þegar ég kom í þingið, þá gekk ég inn í fundarsalinn og sá þá þetta frv. En af því að hæstv. ráðh. var að ljúka við að tala fyrir þessu frv. ætla ég að bera þessar spurningar hér upp og afhenda honum á eftir.

1) Hvað hefur Fiskimálaráð haldið marga fundi frá miðju ári 1974?

2) Hvað hefur starfsemi ráðsins kostað árin 1974—1977, bæði meðtalin?

3) Hvaða till. hefur ráðið gert um sjávarútvegsmál undanfarin 4 ár?

4) Hafa allir þeir aðilar, er rétt hafa til þess að tilnefna fulltrúa í ráðið, notfært sér rétt sinn, sbr. 7. gr. laga um Fiskimálaráð?

Það er svolítið merkileg tilviljun, að hæstv. ráðh. barðist fyrir því sem þm. á sínum tíma, 1967 og 1968, að koma á þessu ráði og talaði þar mikið mál og hafði um það mörg orð, hve mikið hlutverk mundi bíða þessa ráðs. Hann fékk þetta frv. samþykkt eftir harða baráttu, og sjálfsagt hefur honum gengið gott eitt til að koma þessari löggjöf í gegn og verið mikil hugsjón á bak við það sem hann sagði þá. En það eru líka meinleg örlög, að hann skuli þurfa að verða til þess að afnema þannig og ólífláta þau lög sem hann taldi hafa mikið gildi. Kannske er ekkert við því að segja, málin hafi þróast svona. Hann gat þess, að ýmis hagsmunasamtök hefðu ekki talið þetta það gilda stofnun að það ætti að hagnýta hana og önnur skipulagsbreyting, sem átti sér stað í sambandi við Fiskifélag Íslands, hafi raunar kálað ráðinu. Nú hafa þrír hv. alþm. verið sjútvrh. meðan þessi lög hafa haft gildi, og sjálfsagt hafa þeir ekki sýnt þessu máli mjög mikinn áhuga. En þeir aðilar, sem áttu að tilnefna menn í Fiskimálaráð, eru samkv. 7. gr.: Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sjómannasamband Ís-

lands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands, Félag fiskiðnfræðinga, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Sölusamband ísl. fiskframleiðenda, síldarútvegsnefnd, Félag ísl. fiskimjölsframleiðenda, Félag ísl. niðursuðuverksmiðja, Samlag skreiðarframleiðenda, Seðlabanki Íslands, Fiskveiðasjóður Íslands, Fiskimálasjóður, Efnahagsstofnunin, Fiskifélag Íslands. Notfæri einhver sér ekki sinn rétt, þá er ráðh. heimilt að skipa í hið auða sæti. Þetta eru allt miklar stofnanir — stofnanir sem hafa efnahagslíf Íslendinga í hendi sér, og þess vegna mátti eiga von á því að svona mikilvægt ráð gerði eitthvað. Þó man ég eftir því, að einn hv. þm., sem er nú ekki meðal okkar, því miður, taldi að hér mundi verða um fyrirmyndar-kaffi-kjaftastofnun að ræða. Kannske hefur það ekki heldur ræst. Fundir hafa verið sárafáir.

Ég vil gjarnan biðja hæstv. ráðh. að upplýsa mig eitthvað nánar um þetta. E. t. v. get ég fengið svar við þessum fsp. mínum í nefnd.

Ég er samþykkur frv. Ég harma það reyndar, að ráðið skyldi ekki verða, eins og hæstv. ráðh. talaði fyrir því á sínum tíma, kraftmikil stofnun og kraftmikill ráðgefandi aðili, vegna þess að ég var sammála ráðh. um að við þurftum á þessari samræmingu að halda. Nú hafa hann og fleiri endurskipulagt sjútvrn. og gert það virkara en það var áður. Það byrjaði ósköp rólega, raunverulega einn ráðh. og einn starfsmaður og hálf skrifstofustúlka, svo að það fór rólega af stað, en er orðið allmikil stofnun í dag. Ég veit ekki hve margir menn eru í þessu rn. í dag. En ég tel að hugmynd núv. hæstv. sjútvrh. með þessu frv. á sínum tíma hafi verið vel réttlætanleg. Hins vegar hefur það atvikast með einhverjum hætti, að þetta ráð náði aldrei að blómgast og þroskast og gera það sem því var ætlað, og ég er ekki að ásaka hæstv. ráðh. vegna þessara atriða. Sennilega hefur hann reynt það í sinni ráðherratíð, að það væri ekki hægt að framfylgja hugsjónum sínum, og þá var ekkert við því að segja annað en að lóga króganum eða láta hann lognast út af, og því vel réttlætanlegt að þetta frv. kæmi fram. En dapurleg örlög eru það út af fyrir sig.

Ég vil ekki tefja umr. um þetta frv. lengur, en tel nauðsynlegt að fá upplýsingar varðandi þessi mál og vildi þess vegna koma þessum hugmyndum eða fsp. hér á framfæri. Að öðru leyti, eins og ég segi, sé ég ekki ástæðu til að tefja frv. með langri ræðu, en mun eðlilega styðja að það nái fram að ganga.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Mér er gersamlega ómögulegt að svara fsp. um hvað eitthvert ráð á vegum rn. hefur haldið marga fundi á tilteknu tímabili og því síður hvað starfsemi ráðsins hefur kostað. Það er hægt að fá þessar upplýsingar, en þær hef ég ekki.

Ég held að allir þeir aðilar, sem rétt hafa til að tilnefna fulltrúa í ráðið, hafi notað rétt sinn samkv. 7. gr. laganna, en í stað Efnahagsstofnunarinnar kom Þjóðhagsstofnun, að mig minnir, nema nú um áramótin, vegna þess að ég sagði þá við nokkra aðila að ég hefði í hyggju að flytja frv. um að fella það niður, og það var ekkert ítrekað að þeir tilnefndu í ráðið.

Hitt vil ég ekki taka undir, að það séu meinleg örlög hjá mér sem 1. flm. málsins að leggja niður mál sem ég hef sjálfur verið 1. flm. að. Ég held að það eigi heldur að telja manni til tekna þegar hann sér að tilgangur þess, sem hann lagði til fyrir nokkrum árum, mætti í fyrsta lagi þeirri andstöðu, að ráðið varð vegna andstöðu ýmissa sérhagsmunasamtaka aldrei það sem til var ætlast og því var ætlað af löggjafanum að verða. Eftir það er þó búið að gera veigamikla skipulagsbreytingu á Fiskifélagi Íslands. Ég ætla ekki að berja hausnum við steininn og heimta að frá þeirri skipulagsbreytingu verði aftur horfið, rétt eftir að hún er komin í framkvæmd. Ég viðurkenni þá staðreynd, að þessi skipulagsbreyting átti sér stað. Hins vegar tók Fiskimálaráð mjög myndarlega á mörgum málum í upphafi og þó sérstaklega áður en lögum um Fiskifélag Íslands var breytt. Síðan hefur starf þess að verulegu leyti minnkað. Þó hefur ráðið alltaf sinnt töluvert fræðslustarfsemi í sjávarútvegi, og þar hefur framkvæmdastjóri ráðsins, sem hefur gegnt því starfi að litlum hluta, Eggert Jónsson, verið mjög virkur. Meðal annars, sem ráðið gerði meðan ég átti þar sæti, var útgáfa bókar um sjávarútveg, og sömuleiðis hefur þó nokkrum sinnum verið hvatt til þess að gefa út bækur sem hafa verið kenndar við sjómannafræðslu og aðrir útgefendur hafa ekki viljað gefa út vegna þess hversu fá eintök af þeim eru keypt. Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hefði talið það vera meinlegri örlög fyrir mig að flytja ekki frv. um að leggja niður Fiskimálaráð, eftir að það er orðið jafnstarfslítið og raun ber vitni, og bíða eftir því, að einhver annar sjútvrh., næsti eða þar næsti, gerði það.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Ég hygg að ráðh. geri rétt að beita sér fyrir því, að þessi lög verði felld úr gildi.

Ég skildi ekki orð hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar á þá lund, að hann væri á nokkurn hátt að hlakka yfir því, hversu til tókst um lög um Fiskimálaráð. Ég hygg að góðgjarnir menn hljóti að hafa komist að þeirri niðurstöðu, að hugsunin, hin upprunalega hugsun á bak við hugmyndina um Fiskimálaráð, hafi verið góð. Og þess varð ég var á sínum tíma úti um land, þar sem menn gerðu sér kannske ekki grein fyrir annmörkunum sem lágu í ýmiss konar hagsmunatogstreitu, er síðar kom í ljós, að þar hafa menn bundið vonir við Fiskimálaráð, þær vonir að e. t. v. mætti auðnast að koma heildarskipulagi á ýmis þau mál sjávarútvegsins sem áður höfðu verið í fullkomlegum tengslum innbyrðis og þar sem árekstrar urðu af þeim sökum.

Því miður reyndist þetta svo sem bæði hv. þm. Jón Árm. Héðinsson og hæstv. ráðh. drápu á áðan, þetta heppnaðist ekki. Ég hygg að hæstv. ráðh. geri rétt í því að hlífa bæði höfðinu á sér og steininum við hörkusamkeppni í þessu máli, en vil síður en svo lá honum þá aðferð sem hann hefur núna, að bera fram þetta frv. um ógildingu laganna, né heldur hlakka yfir því, hversu til tókst um framkvæmd góðrar meiningar. Ég ítreka aðeins að ég styð frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Varnir gegn kynsjúkdómum, frv. (þskj. 338). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem ég fylgi hér úr hlaði, er að verulegu leyti byggt á till. n. sem ég skipaði í júnímánuði á fyrra ári, en hlutverk þeirrar n. var að endurskoða gildandi lög um varnir gegn kynsjúkdómum. Í n. áttu sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, sem var jafnframt formaður, Hannes Þórarinsson yfirlæknir og Sigurður B. Þorsteinsson læknir.

Gildandi lög um varnir gegn kynsjúkdómum eru frá árinu 1932. Á þeim tíma var lítið hægt að gera til þess að lækna kynsjúkdóma, og tóku lögin því mið af því fyrst og fremst, að reynt yrði að koma í veg fyrir útbreiðslu þessara sjúkdóma. Þannig eiga mörg ákvæði laganna ekki við í dag þegar tiltölulega auðvelt er að lækna kynsjúkdóma. Nauðsyn sérlöggjafar á þessu sviði er eigi að síður brýn, þar sem kynsjúkdómar eru enn töluvert heilbrigðisvandamál og þeim hefur fjölgað hér á landi hin síðari ár. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að fljótt og örugglega verði brugðist við, því margir þessara sjúkdóma eru mjög smitnæmir. Hins vegar þarf að færa löggjöfina í raunverulegra horf og er frv. þetta þess vegna borið fram.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta frv., en vísa til þess sjálfs og athugasemda við það. Það hefur orðið afar óheppileg prentvilla í athugasemdum við lagafrv. þetta á 2. bls., það er í 2. mgr. 3. línu, þar segir: „Á þeim tíma, sem þau lög voru sett, var *lítið hægt að gera til* þess að lækna kynsjúkdóma, þannig að lögin tóku fyrst og fremst mið af því að reyna að hefja útbreiðslu þessara sjúkdóma“ — en á auðvitað að vera „hefta“, svo að ég hef óskað eftir því, að frv. yrði prentað upp. (**StJ:** Það var lesið svona í útvarpið í morgun.) Það hafa nú komið *leiðréttingar stundum í útvarpi. En þetta á* við gamla tíð, þegar gömlu lögin voru sett.

Það má segja að tíðni sárasóttar eða sýfilis er lægst á Íslandi miðað við önnur Evrópulönd. Hér koma fyrir 1—2 tilfelli á ári samkv. upplýsingum landlæknis. Hins vegar er þess ekki að vænta, að okkur takist að útrýma sjúkdómnum, *vegna þess að nokkuð ber á þessum sjúkdómi í* nágrannalöndunum, á Grænlandi er hann landlægur og hefur gengið erfiðlega að vinna á sjúkdómnum þar.

Tíðni lekanda er einnig verulega lægri hér en í nágrannalöndunum. Hins vegar ber að hafa í huga, að veruleg aukning, eða um 18%, hefur *orðið á skráðum tilfellum síðustu 4 árin hér á* landi. Hlutfallslega er aukningin heldur meiri en í flestum öðrum Evrópulöndum, og landlæknir tjáði mér að helsta skýring á þessu fyrirbæri sé að við erum mikil siglingaþjóð og ferðalög Íslendinga til annarra landa hafa aukist gífurlega á síðustu árum og ferðamannastraumur er einnig mikill hingað til lands. Þessi sjúkdómur er landlægur sérstaklega í Grænlandi og þar fjölgar tilfellum stöðugt og þar virðast menn standa ráðþrota gegn útbreiðslu hans. Til marks skal þess getið, að 307 tilfelli af þessum sjúkdómi fundust hér á árinu 1974, en ef tíðnin hér væri sú sama og í Grænlandi hefðu fundist hér 73 þús. *tilfelli.*

Ekki get ég þó skilið svo við að ég minnist ekki á eitt þeirra nýmæla, sem fram koma í þessu frv. og er þeirra merkilegast, en það er að gert er ráð fyrir að veitt verði fræðsla um kynsjúkdóma í grunnskólum. Slík fræðsla hefur verið hornreka hér á landi og er kominn tími til að úr verði bætt. Eðlilegast væri að slík fræðsla tengdist almennt kynfræðslu í skólum, en samkv. lögum nr. 25 frá 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, skal veita fræðslu um kynlíf og siðfræði þess á skyldunámsstigi og öðrum námsstigum. Þess vegna er ekki úr vegi að það sé jafnframt gert hvað snertir kynsjúkdóma.

Ég vænti þess, að þetta frv. hljóti góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu, og legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til heilbr.- og trn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Um það leyti sem lögin um varnir gegn kynsjúkdómum voru sett árið 1932 voru þrenns konar sjúkdómar sem voru mjög áberandi í þessu landi og miklir skaðvaldar heilsufari fólks. Það voru kynsjúkdómarnir, það var berklaveiki og það var mænusótt. Viðhorfið til þessara sjúkdóma og möguleikarnir til þess að ráða við þá eru allt aðrir nú heldur en þá var, og því var það, þegar hæstv. ráðh. var að flytja frv. um afnám Fiskimálaráðs, að mér kom í hug hvort n. mundi hafa tekið það til nógu mikillar yfirvegunar, hvort ekki væri rétt að nema úr lögum bæði lögin um varnir gegn kynsjúkdómum og varnir gegn berklaveiki og setja sérákvæði um þessa *sjúkdóma inn* í lögin um heilbrigðisþjónustu. Það má segja að hér sé kannske ekki um mikið mál að ræða. En ef hægt væri að einfalda málin á þann hátt, en ná þó sama árangri, þá held ég að það væri vel þess vert að taka það til gaumgæfilegrar athugunar. Ég býst við að n. hafi að sjálfsögðu haft þetta í huga, en ég vildi þó leggja áherslu á að það yrði *rannsakað* gaumgæfilega, hvort ekki væri rétt að fara svo að.

Nýmælið um fræðslu er að sjálfsögðu nauðsyn. Viðhorfið gegn kynsjúkdómum og kynfræðslu er allt annað en var á þeirri tíð sem upphaflegu lögin voru sett. En ég held að slíkt ákvæði mætti koma annars staðar inn. Spurning mín nú til ráðh. er hvort þetta muni hafa verið tekið til rækilegrar athugunar, hvort ekki væri rétt, bæði með berklavarnalögin og lögin um varnir gegn kynsjúkdómum, að færa þau inn í lögin um heilbrigðisþjónustuna.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það, sem hv. 2. þm. Reykn. spurði um, kom mjög til umræðu í heilbrrn. áður en þessi n. var skipuð og við landlækni. Ekki var talið að þetta atriði og mörg önnur ættu heima í lögunum um heilbrigðisþjónustu. Í endurskoðunarnefndinni áttu sæti bæði landlæknir, sem var formaður n., og ráðuneytisstjóri heilbrrn., og þeir tóku það ekki

og ekki heldur þó nokkuð mörg önnur atriði sem eru í sérlögum. Það var talið eðlilegra að hafa um þetta sjálfstætt frv. Ekki var t. d. talið eðlilegt að sameina þetta frv. frv. frá 1975, sem ég vitnaði hér í áðan, um fóstureyðingar, barneignir o. s. frv., þótti ekki smekklegt að setja það þar inn. Þessi varð því endirinn að ósk landlæknis og að sameiginlegu áliti ráðuneytismanna, að þessir þrír læknar voru settir í n. til að breyta lögunum. Þeir töldu betur hæfa að það væru sérlög um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 7. febr. 1978.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Gunnar Sveinsson kaupfélagsstjóri í Keflavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jón Skaftason,
4. þm. Reykn.

Til forseta Nd."

Gunnar Sveinsson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili, og ég leyfi mér að bjóða hann velkominn til starfa hér í deildinni.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 341). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Í dag hefur ríkisstj. fallist á till. Seðlabankans, að meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðli verði lækkað um 13% frá því gengi sem gilti 3. febr. s. l. Þetta jafngildir 14.9% meðalhækkun erlends gjaldeyris. Gengisskráning, sem felld var niður frá mánudagsmorgni 6. þ. m. mun þó ekki verða tekin upp að nýju fyrr en að lokinni afgreiðslu þess frv. sem hér er á dagskrá.

Frv. þetta er flutt vegna þessarar ákvörðunar. Það hefur að geyma ákvæði um tollmeðferð innflutnings og myndun gengismunarsjóðs af útflutningsvöruhirgðum og ógreiddum útflutningi sjávarafurða og ráðstöfun fjár úr sjóðnum. Ákvæði frv. eru svipuð þeim sem áður hafa verið sett í lög vegna breytinga á gengi krónunnar.

Gengisákvörðun sú, sem er tilefni þessa frv., er einn liður í fjölþættum ráðstöfunum sem ríkisstj. beitir sér nú fyrir til þess að tryggja fulla atvinnu, hamla gegn verðbólgu og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við.

Eftir þá launasamninga, sem gerðir voru á síðasta ári, var fljótlega ljóst, að þróun efnahagsmála hér á landi hefði að ýmsu leyti tekið óheillavænlega stefnu. Verðbólgan, sem hafði farið smám saman minnkandi undanfarin tvö ár, fór nú ört vaxandi á ný og afleiðingarnar létu ekki á sér standa í vaxandi rekstrarörðugleikum atvinnuveganna og auknum innflutningi. Ríkisstj. var fljótlega ljóst, eins og fram kom í stefnuræðu minni á Alþ. í upphafi þings, að við þessi nýju vandamál yrði ekki ráðið nema gripið yrði til víðtækra ráðstafana í efnahagsmálum er drægju úr verðbólgu, treystu stöðu atvinnuveganna og héldu útgjöldum þjóðarbúsins innan við framleiðslugetu þess. Til þess að stuðla að þessu var við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar stefnt að því að halda rekstrarútgjöldum ríkissjóðs í skefjum og draga úr opinberri fjárfestingu, og var það markmið m. a. sett fyrir árið 1978 að stöðva frekari aukningu erlendra skulda.

Að því er varðar aðra þætti efnahagsmála hefur á vegum ríkisstj. farið fram víðtæk athugun á þeim leiðum sem um væri að velja í stjórn efnahagsmála, ef ná ætti þeim markmiðum sem ég hef þegar lýst. Hafa athuganir í þessum efnum m. a. farið fram á vettvangi verðbólgunefndar sem nú hefur lokið störfum og mun væntanlega skila áliti sínu til ríkisstj. þessa dagana. Hefur ríkisstj. markað stefnu sína í þessum málum á grundvelli þessara athugana allra.

Á föstudaginn kemur verður tekið til umr. á þingi frv. til l. um efnahagsráðstafanir í framhaldi af gengisbreytingunni, og mun ég þar gera nánari grein fyrir almennum viðhorfum í efnahagsmálum og heildarstefnu ríkisstj. til lausnar þeim margvíslega vanda sem nú er við að etja. Hins vegar hefur það verið samdóma álit allra, sem best þekkja til, að ekki væri nú annars úrkosta en að breyta genginu nokkuð til lækkunar, hvaða leiðir sem ella yrðu valdar í efnahagsmálum.

Ljóst hefur verið um nokkurt skeið, að gengi íslensku krónunnar var orðið óraunhæft vegna sívaxandi misræmis framleiðslukostnaðar og verðlags hér á landi og í helstu viðskiptalöndum okkar. Gengissig hefur ekki nægt til að jafna þessi met.

Hin mikla hækkun á kostnaði innanlands umfram hækkun framleiðslutekna að undanförnu hefur valdið því, að afkoma útflutningsatvinnuveganna hefur farið hríðversnandi og eru að óbreyttri gengisskráningu engin tök á að standa undir því viðmiðunarverði sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur nýlega ákveðið. Í útflutningsiðnaði er við mikla rekstrarörðugleika að etja og raunar einnig í þeim iðngreinum sem selja framleiðslu sína á innlendum markaði í samkeppni við innflutning. Hækkun innlends kostnaðar veldur meiri erfiðleikum þegar búið er við óraunhæft gengi og þar með hlutfallslega lágt verð á innflutningi. Stóraukinn kaupmáttur og eftirspurn innanlands að undanförnu hefur valdið óhóflegri eftirspurn eftir innfluttum vörum. Ef ekkert væri að gert, blasti því við vaxandi halli í vöruskiptunum við útlönd. Við þessum horfum er snúist með gengislækkun. Við

þennan vanda bætist svo að gengi Bandaríkjadollarans hefur lækkað töluvert gagnvart öðrum gjaldmiðli síðasta missirið, en verulegur hluti gjaldeyristekna Íslendinga er í dollurum.

Þótt gengisbreytingin hafi ráðist af þessum sjónarmiðum hefur hún verið höfð eins lítil og fært er talið til þess að verðáhrif hennar yrðu sem minnst. Hefur í þessum efnum einnig verið tekið mið af þeim ráðstöfunum til þess að hemja víxlhækkanir launa og verðlags sem ríkisstj. hefur ákveðið að leggja fyrir Alþ. og kynntar verða á föstudag. En án slíkra ráðstafana er gengisbreytingin ein sér skammgóður vermir.

Einnig er rétt að taka það fram, að með þessari nýju gengisákvörðun er ætlunin að víkja frá þeirri stefnu í gengismálum, sem fylgt hefur verið síðustu þrjú árin, en á því tímabili hefur verið reynt að varðveita samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna með hægfara breytingum á gengisskráningunni er nægðu til þess að jafna samkeppnisaðstöðu fyrirtækja hér á landi og í helstu viðskiptalöndum okkar, þar sem verðbólgan hefur verið miklu minni. Þótt þessi stefna hafi að ýmsu leyti reynst vel, hefur hún óneitanlega haft þann ókost að draga úr aðhaldi um verðlags- og launaþróun hér á landi. Hún hefur ekki heldur reynst þess megnug að jafna metin, þegar stórfelldar breytingar verða á innlendum kostnaði, eins og átti sér stað á s. l. ári. Hefur því nú verið horfið að því ráði að leiðrétta þá skekkju, sem auðsjáanlega er orðin í gengisskráningunni, með því að leiðrétta gengið í einu skrefi. Jafnframt er ætlun ríkisstj. að stöðva frekara gengissig, þar sem hún telur að stöðugt gengi geti við núverandi aðstæður og í samhengi við aðrar ráðstafanir orðið til þess að draga verulega úr þeirri verðbólguþróun, sem nú hefur náð tökum á hagkerfinu.

Mun ég nú víkja að einstökum atriðum í því frv. sem hér liggur fyrir.

Meginatriði þess er, að gert er ráð fyrir að gengismun af útflutningsbirgðum sjávarafurða verði varið til lausnar sérstakra fjárhagsvandamála innan sjávarútvegsins. Fyrst og fremst er talið mikilvægt að efla fjárhag Verðjöfnunarsjóðs, en einnig að ætla nokkurt fé til þess að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og létta stofnfjárkostnaðarbyrði fiskiskipa. Þörfin fyrir hið síðast nefnda er þó ekki jafnmikil og oftast áður, vegna þess að hagur fiskveiða er nú allgóður. Hins vegar eru gengistryggðar skuldir flotans miklar að vöxtum. Þörfin fyrir hagræðingu í fiskiðnaði er brýn, ekki síst þar sem gengisákvörðun og aðrar tekjuákvarðanir í sjávarútvegi sníða fiskiðnaðinum það þröngan stakk, að leita þarf allra leiða til þess að bæta skipulag um framleiðni í greininni.

Lauslega áætlað er talið að alls gætu komið um 2100 millj. kr. í gengismunarsjóðinn, og er þá ekki reiknað með tekjum af skreið eða ógreiddum saltfiski, sem seldur var til Zaire, og einnig dregið frá það sem greitt skal samkv. 2. gr. frv. til ríkissjóðs vegna Verðjöfnunarsjóðs.

Fé þetta mun skiptast í aðalatriðum þannig, að í fyrsta lagi fengi Verðjöfnunarsjóður um 1300 millj. kr., í öðru lagi færu til að létta stofnfjárkostnað fiskiskipa um 450 millj. kr., og í þriðja lagi færu til hagræðingar í fiskiðnaði um 350 millj. kr., eða samtals 2100 millj. kr.

Það skal tekið skýrt fram, að það fé, 350 millj. kr. að varkáru mati, sem ætlað er til að stuðla að hagræðingu í fiskiðnaði, mun koma til viðbótar þeim 500 millj. kr. sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir að verði til reiðu sem sérstakt lánsfé frá Byggðasjóði á þessu ári til að bæta fjárhag og skipulag fiskvinnslufyrirtækja, sem átt hafa í rekstrarerfiðleikum. Jafnframt vil ég láta þess getið, að túlka verður orðalagið til hagræðingar í fiskiðnaði í þessu sambandi rúmt. Það getur falið í sér endurbætur á lausafjárstöðu fiskvinnslufyrirtækja. En þau lán eiga á hverjum stað að miða að betri nýtingu hráefnis, fjármagns og starfskrafta, en ekki aukningu afkastagetu. Möguleikarnir til að leysa vanda fiskvinnslunnar hafa því batnað að mun, og er það einnig nauðsynlegt, þar sem aðstaða fiskvinnslufyrirtækja er mjög mismunandi í landinu.

Ég mun nú gera grein fyrir einstökum gr. frv.

Í 1. gr. eru, svo sem venja hefur verið við gengisbreytingar, settir frestir um tollafgreiðslu, en að öðru leyti gilda almenn ákvæði tollskrárlaga um tollmeðferð skjala eftir að hið nýja gengi tekur gildi.

Samkvæmt 2. grein er gert ráð fyrir að taka gengismun af þeim birgðum sjávarafurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en ekki fluttar út eða verið greiddar áður en hið nýja gengi tók gildi. Er það ákveðinn hundraðshluti, sem nemur þeirri breytingu, sem gerð var á gengi íslensku krónunnar í dag. Rétt þykir að undanþiggja þær afurðir, sem framleiddar voru frá og með 1. janúar 1978, þar sem þær efnahagsráðstafanir, sem nú eru gerðar, eiga að tryggja grundvöll framleiðslunnar frá upphafi ársins og m. a. fiskverð gilti frá sama tíma. Þessar afurðir verða því greiddar með nýja genginu. Sjávarútvegurinn hefur að því leyti nokkra sérstöðu meðal atvinnuvega landsmanna, að nánast öll hans framleiðsla er flutt út. Oft eru birgðir sjávarafurða allmiklar og er svo einnig nú, en skiptast misjafnt eftir afurðum, þar sem framleiðsla vissra afurða er árstíðabundin. Er því nokkur hending hvernig birgðir skiptast. Hins vegar er það eins nú og oft áður að afkoma hinna ýmsu greina sjávarútvegsins er bæði ærið misjöfn og breytileg. Það hefur því verið venja um allmörg undanfarin ár, að við gengisbreytingar hefur gengismunur af sjávarafurðum verið látinn renna í sérstakan sjóð, sem varið hefur verið á mismunandi hátt í þágu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins. Er það einnig gert nú.

Áður en kemur til ráðstöfunar á því fé, sem rennur til gengismunarsjóðs hefur þó bótt rétt að greiða af óskiptu þær hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem framleiddar hafa verið fyrir áramót, en ekki fluttar út fyrr en eftir gengisbreytinguna. Enn fremur þykir eðlilegt að greitt verði af gengismun áður en honum er ráðstafað það sem ríkissjóður hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs. Er hér um að ræða 174 millj kr.

Í 3. gr. er fjallað um ráðstöfun á gengismunasjóði. Nokkur óvissa ríkir um það, hversu mik-

ið fé hér verður um að ræða, þar sem miklar birgðir eru af óseldri skreið og alger óvissa ríkir um, hvernig kunni að seljast eða hvenær. Sama máli gegnir um verkaðan saltfisk, sem sendur var til Zaire og ekki hefur fengist greiddur enn. Ekki er þó ólíklegt að heildarverðmæti birgða og þess, sem ógreitt er, en þegar flutt út, geti numið um 18 milljörðum kr. og er þá hvorugt þess, sem hér var nefnt, talið með sakir óvissu. Enn fremur eru ákvæði um ráðstöfun á gengismunarsjóði.

Gert er ráð fyrir að 65% af því fé, sem kemur í sjóðinn af verðjöfnunarafurðum, renni til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs. Mikil þörf er á að efla sjóðinn, sem á undanförnum árum hefur orðið að taka á sig skuldbindingar sem hafa verið bein afleiðing af kostnaðarhækkunum framleiðslunnar innanlands. Er því eðlilegt að þegar genginu er breytt til að vega upp á móti innlendum kostnaðarhækkunum renni hluti af þeim gengismun, sem til verður, til Verðjöfnunarsjóðs. Einnig virðist eðlilegt að stofnuð verði sérstök deild við Verðjöfnunarsjóð fyrir saltsíld, þar sem framleiðsla hennar virðist nú komin á öruggan grundvöll og fer vaxandi. Gert er ráð fyrir að hluti af gengismun vegna saltsíldar renni í þessa nýju deild sem stofnframlag.

Því fé, sem þá er eftir í gengismunarsjóði, ásamt því, sem til fellur af öðrum sjávarafurðum, skal síðan að hluta varið til að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda. Við fyrri gengislækkanir hefur hluta gengismunar einnig verið ráðstafað á þennan hátt, og þykir ekki óeðlilegt, að eigendum fiskiskipa verði bættur að nokkru sá útgjaldaauki sem af gengislækkuninni leiðir, þar sem skuldir þeirra eru að mestu gengistryggðar.

Að hluta verður þessu fé síðan ráðstafað til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði. Enda þótt miklum fjármunum hafi á undanförnum árum verið varið til endurbóta í fiskiðnaði, er brýnt að auka hagræðingu og bæta framleiðni á ýmsum sviðum. Gert er ráð fyrir að sjútvrn. setji nánari reglur um notkun þessa hluta gengismunarsjóðs.

Ekki þykir ástæða til að setja hliðstæð ákvæði vegna annarra útflutningsgreina, einkum af því að þar er ekki um að ræða sömu forsendur um skiptingu framleiðslunnar á tvö stig, veiðar og vinnslu, þar sem annað stigið, vinnslan, nýtur að óbreyttu alfarið gengismunar, né heldur er þar um að ræða jöfnunarkerfi af því tagi sem Verðjöfnunarsjóður er.

Í landbúnaði verður gengisbreytingin tekin beint til þess að lækka þörfina fyrir útflutningsbætur og verður ekki varið betur. Þar er ekki þörf fyrir sjóðmyndun.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu vil ég leyfa mér að leggja til, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er nú lagt fram af hálfu ríkisstj. um sérstakar ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingar á gengi íslenskrar krónu, er í rauninni aðeins formleg tilkynning um þá gengisbreytingu sem kunnugt hefur verið um nú í langan tíma og er í beinu framhaldi af stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum að undanförnu. Þetta frv. út af fyrir sig gefur ekki tilefni til langra umr. eða umr. á almennum grundvelli um efnahagsmálin og stöðu atvinnuvega. Gert er ráð fyrir því, að þessu frv. fylgi annað frv., sem lagt verði fram á morgun, um svonefndar hliðarráðstafanir. Ég geri ráð fyrir því, að þá komi þetta mál upp sem heild og verði rætt á miklu breiðari grundvelli, enda sýndist mér að hæstv. forsrh. gerði ráð fyrir að þetta yrði á þessa leið, miðað við þá ræðu sem hann flutti fyrir þessu frv. Ákvörðunin um formlega gengislækkun, sem felst í þessu frv., gefur þó tilefni til þess að ræða hér nokkru nánar um einn þátt þessara mála.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur beitt gengisákvörðunarvopninu meira en nokkur önnur stjórn nú í a. m. k. langan tíma. Ég hygg að það muni allir eftir því, að þegar hún tók við völdum var það hennar fyrsta verk á fyrsta starfsdegi stjórnarinnar að ákveða formlega gengislækkun, þ. e. a. s. 1. sept. 1974. Síðan liðu eitthvað rúmlega fimm mánuðir eða svo og þá kom önnur formleg gengislækkun í febr. 1975. Og nú kemur þriðja formlega gengislækkunin, en auk þess hefur svo verið í gangi allan valdatíma stjórnarinnar gengislækkun í formi gengissigs. Þegar tillit hefur verið tekið til þessarar nýju gengislækkunar, sem nú er verið að ákveða, jafngilda þessar hreyfingar á gengi krónunnar í stjórnartíð núv. ríkisstj. hvorki meira né minna en því, að verð Bandaríkjadollars gagnvart íslenskri krónu hefur á þessum tíma hækkað um 156.7%. Dollarinn hefur farið á starfstíma núv. ríkisstj. úr rétt 98 kr. og upp í 253.10 kr. Það þarf auðvitað ekki að segja nokkrum manni það, að gengisbreyting af þessari stærð hefur auðvitað haft sín gífurlega miklu áhrif á alla verðlagsþróun í landinu. Þessi breyting á verði erlends gjaldeyris gagnvart íslensku krónunni þýðir það einfaldlega, að á þessum tíma hafa t. d. vörur, sem keyptar eru til landsins í dollurum, hækkað um 156%. Þessi gengislækkun íslensku krónunnar er þó enn þá meiri á þessum tíma gagnvart ýmsum öðrum gjaldmiðlum.

Þarna hafa menn svart á hvítu eina meginástæðuna fyrir þeirri verðlagsbróun sem verið hefur í landinu í tíð þessarar ríkisstj. Það er auðvitað hreinn barnaskapur að tala þannig um þessi mál, að menn óskapist út í verðbólgu og hækkandi verðlag, en framkvæmi jafnframt ráðstafanir, sem beinlínis leiða af sér verðhækkanir, og það í þetta ríkum mæli, enda hefur þetta auðvitað komið skýrt fram, því að það er ekki aðeins gengið sem hefur breyst og verðlag í landinu sem afleiðing af því, heldur hefur hin almenna verðlagsvísitala í landinu sagt til sín. Þetta hefur komið fram í henni og annari almennri verðlagsþróun hér innanlands.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum í ágústmánuði 1974 var framleiðsluvísitalan 297 stig. Nú 1. þ. m. 1978 er þessi sama framfærsluvísitala ekki lengur 297 stig, heldur 934 stig. Hin almenna framfærsluvísitala hefur hækkað á þessum tíma um 214%. Það táknar að verðlag hér hefur meira en þrefaldast. Þessi breyting hefur sem sagt orðið á rétt rúmlega þremur árum eða á

40 mánuðum — þremur árum og 4 mánuðum betur. Svo hafa menn brugðist þannig við hinum mikla vanda að setja niður stóra n., verðbólgunefnd, og biðja hana um að athuga hvað eiginlega valdi því, að verðlag skuli hafa hækkað svona miklu meira á Íslandi núna síðustu árin en í öðrum löndum, rétt eins og þeir, sem hafa verið að taka þessar ákvarðanir, viti ekkert hvað þetta þýðir. Ég tel að sú ákvörðun, sem nú hefur verið tekin, sé í beinu framhaldi af allri efnahagsmálastefnu núv. ríkisstj.

Ég sagði í upphafi míns máls, að hér væri fyrst og fremst um formlega tilkynningu að ræða. Ríkisstj. var búin að taka ákvörðun um þessa gengisfellingarleið fyrir löngu. Þetta kom einna skýrast fram við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár í desembermánuði s.l. Þá var upplýst að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar hefði gefið upplýsingar um það í fjvn. Alþ., að við útreikning hans á tekjum og gjöldum ríkisins á árinu 1978 hafði hann tekið með inn í sitt dæmi gengissig sem næmi 1.5% á mánuði á árinu 1978 eða sem næmi 18% gengissigi á öllu árinu. Þetta voru upplýsingar, sem lágu strax fyrir um miðjan des. Hæstv. ríkisstj. hafði auðvitað þá mótað þá stefnu, að ætlunin væri að halda áfram gengislækkunarleiðinni, en á því stigi málsins höfðu menn reiknað með því að farin yrði gengissigsleiðin. En svo hefur það gerst nú síðustu daga, að ríkisstj. breytir því að fara eftir gengissigsleið, sem hún hafði þó farið eftir með býsna miklum hraða að undanförnu, og ákveður að taka nokkuð stórt skref í einu lagi. Og það er tilkynningin um það sem hér liggur fyrir, tilkynning um að nú skuli gengi íslensku krónunnar lækkað í einu skrefi um 13%, en það þýðir að verð á erlendum gjaldeyri hækkar um 14.9%. Með þessu hygg ég að láti mjög nærri að verð á erlendum gjaldeyri hafi hækkað, þegar þessi gengislækkun er komin fram, um rétt 19 % frá áramótum að telja.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. sagði í sínu máli að nú væri ætlun ríkisstj. að hverfa frá þeirri stefnu sem farin hefur verið að undanförnu í gengisskráningarmálum, hverfa frá gengissigsaðferðinni, nú áformaði ríkisstj. að láta þetta gengisfall duga og þá gengisskráninguna væntanlega verða stöðuga á eftir. En hvaða maður í landinu skyldi nú trúa yfirlýsingu eins og þessari eftir að hafa það fyrir augunum sem gerst hefur? Hver skyldi trúa því, að það yrði staðið við það að vandinn, sem upp kynni að koma, yrði ekki leystur með gengislækkunaraðferðinni? Ég er ekki í nokkrum vafa um það fyrir mitt leyti, að það trúir því enginn maður. Það mun halda áfram. Vegna þeirrar stefnu, sem farin hefur verið af hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, mun verða ríkjandi strax eftir þessa gengislækkun sama viðhorfið og áður. Kaupsýslumenn munu segja yfir búðarborðið hjá sér: Það er betra að kaupa strax, en ekki seinna, því það mun verða dýrara seinna. — Og menn munu trúa því og menn munu halda áfram að ráðstafa sínum íslensku peningum, ef þeir geta komið því við með sæmilegum hætti, vegna þess að enginn trúir á það, að núv. hæstv. ríkisstj. ætli sér að standa við það að halda gengisskráningunni fastri. Hún hefur haft allt annan boðskap að flytja og hún hagar allri sinni starfsemi í efnahagsmálum öfugt við það sem þarf að gera, ef ætlunin væri að standa við gengisskráninguna.

Það er svo atriði út af fyrir sig í þessum málum, sá beinlínis broslegi leikur sem hæstv. ríkisstj. hefur haft hér í frammi í sambandi við þessa gengislækkun að því leyti til sem svonefndri verðbólgunefnd er blandað inn í málið. Fréttatilkynningar hafa verið að koma með vissu millibili nú að undanförnu, að verðbólgunefnd væri komin að því að skila áliti, hún væri með tillögur, og beinlínis að ríkisstj. biði eftir því að leggja fyrir Alþ. frv. um þessi mál þar til verðbólgunefnd væri búin að skila af sér. Þó að mjög væri ýtt á eftir þeim sem réðu ferð í verðbólgunefndinni, að n. skilaði formlega af sér svo að ríkisstj. gæti hengt eitthvað af þessari skömm á þá n., þá fór það nú svo, að n. skilaði ekki formlega af sér fyrr en um hádegi í dag, og þá var búið að halda fund í bankaráði Seðlabankans þegar í gærdag og ákveða þar þá gengislækkun sem hér er um að ræða. Auðvitað var ríkisstj. einig búin að prenta frv. sem hér liggur fyrir. Hún gerði það ekki frá hádegi og fram að þeim tíma að frv. kom hér á borðið, heldur er aðeins látið að því liggja, að allt þetta sé komið frá vissum sérfræðingum, sem bent hafi á þessa leið.

Ég ætla mér ekki við þessa umr. að fara ítarlega út í störf verðbólgunefndar eða það sem þar kom fram, en vil þó aðeins segja það í þessu sambandi, að sú n. klofnaði auðvitað eins hraustlega og ein nefnd yfirleitt getur klofnað, nefnd, sem er byggð upp á þann hátt sem sú nefnd var byggð upp. Stærsti hópurinn voru 6 aðilar í nefndinni, þ. e. a. s. 4 beinlínis fulltrúar stjórnarflokkanna og síðan tveir aðalráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum, tveir embættismenn. Þessi hópur hélt saman. Síðan var annar hópur í n. sem skilaði séráliti og vildi ekki standa að heildaráliti n. Þar voru 5 fulltrúar, þ. e. a. s. frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæjar og 3 fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna. Þar að auki komu sérstakar bókanir þarna: fulltrúa frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einnig fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda.

Ég held að hæstv. ríkisstj. ætti ekki að halda áfram þessum broslega leik sínum í sambandi við þetta mál, að hér sé um að ræða einhverja nýja stefnu sem byggist á afstöðu verðbólgunefndar í þessum efnum. Hér er um að ræða beint framhald af gengislækkunarstefnu núv. ríkisstj.. af verðhækkunarstefnu hennar og svo því, að hún svífst ekki fremur nú en áður að rifta nýgerðum kaupgjaldssamningum. Það er það sem þarna liggur á bak við, að nú er ákveðið að taka skrefið í einu lagi, gera hér formlega gengislækkun. Á bak við það liggur sú ákvörðun, að rifta skuli nýgerðum kaupgjaldssamningum. Það er svo mál út af fyrir sig, að ríkisstj. skuli telja nauðsynlegt, eins og nú er ástatt að standa þannig að málum að koma með till. um að rifta kaupgjaldssamningum við opinbera starfsmenn, sem hún hefur sjálf gert, sem hún hefur sjálf undirskrifað fyrir þremur mánuðum, og jafnframt kaupgjaldssamningum sem verkalýðsfélögin í landinu og samtök atvinurekenda hafa líka gert og undirskrifað og hvorugur þeirra aðila

hefur borið sig að segja upp eða losa um, — ríkisstj. skuli sjá sérstaka ástæðu til að gera þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem slíta í sundur þessa samninga sem eru rétt rúmlega 7 mánaða gamlir. Ég tel að í þeim efnum sé verið að stíga hér mikið ógæfuspor sem ekki muni leysa neinn vanda, heldur magna vandamálið í sambandi við stöðu okkar efnahagsmála frá því sem verið hefur.

Auðvitað liggur ljóst fyrir að efnahagsmálastefna núv. ríkisstj. er gersamlega botnlaus. Það getur í rauninni enginn maður haldið því fram í alvöru, að það hafi verið nokkurt einasta vit í þeirri efnahagsmálastefnu sem hér hefur verið ríkjandi á undanförnum árum, þegar menn hugsa til þess, að síðustu ár, t. d. árið 1976 og árið 1977, voru mjög hagstæð ár með vaxandi þjóðarframleiðslu og stórvaxandi þjóðartekjum og megnið af þessum tíma var þó í gildi beinlínis kjaraskerðing. Það var ekki hægt að draga kaupmátt launa inn í sem neina orsök fyrir þeim vanda sem menn töldu að væri fyrir hendi. En þrátt fyrir góðæri þarf nú að grípa til ráðstafana af þessu tagi til viðbótar við alla gengislækkunarstefnuna sem í gildi hefur verið. Það verður ekki annað sagt en þetta ætti að vera nokkuð ljóst öllum sem um þetta hugsa, að það hafi ekki skipt máli fyrir núv. hæstv. ríkisstj. hvort um væri að ræða ástand þar sem launin hafa beinlínis verið að lækka að kaupmætti og ríkjandi hefur verið góðæri. Útkoman hefur eigi að síður orðið þessi og þessi líka hroðalega verðbólga og þetta látlausa gengissig og gengislækkun. Ég vil segja, að það er næstum að segja grátbroslegt að heyra það og sjá hjá hæstv. forsrh. eftir allt það sem þarna er á undan gengið, að þá skuli hann koma hér og segja: Ég ætla aldrei að gera þetta aftur, nú er ég hættur. Nú á ekki að lækka gengið meira. — Það er blátt áfram grátbroslegt. Þessu trúir auðvitað enginn maður, nema þá að það sé breytt um stefnu í grundvallaratriðum í okkar efnahagsmálum.

Ég vil lýsa því yfir, að við Alþb.-menn erum algerlega á móti því frv. sem hér er um að ræða. Við teljum það hluta af miklu stærra og meira máli sem ekki greiðir úr flækjunni, heldur eykur við flækjuna.

Ég ætla þá að víkja hér örfáum orðum að efni frv. sjálfs, þ. e. a. s. þeim ákvörðunum sem felast í þessu frv. um myndun sérstaks gengismunarsjóðs og ráðstöfun á ákveðnu fjármagni sem á að renna í sjóðinn.

Það er gert ráð fyrir að birgðir af útflutningsvörum séu til í landinu um þessar mundir, sem geti komið undir ákvæði þessa frv., sem nemi 18 milljörðum kr., og þá er ekki reiknað með birgðum af skreið og saltfiski, sem selt hefur verið úr landi og er farið úr landi, en hefur ekki verið greitt og þykir nokkuð vafasamt um greiðsluna á. Ég sé ekki annað, ef fara á eftir þessum tölum sem hér liggja fyrir, en þá ættu að falla til samkv. þessu í gengismunarsjóð 2.7 milljarðar kr. Það er sú gengisbreyting sem hér er um að ræða. Hæstv. forsrh. gerði hér grein fyrir 2. 1 milljarði, og reyndar 174 millj. þar til viðbótar sem eiga að renna í ríkissjóð. Einnig getur komið nokkur skerðing á þessa heildarfjárhæð vegna kostnaðar sem ber að greiða þeim, sem eiga þessar birgðir, en lenda í auknum kostnaði eftir að gengislækkunin hefur gengið yfir. En hvort sem það reynist rétt, að það, sem á að renna í gengismunarsjóð samkv. þessu frv., verði 2100 milljónir eða 2.1 milljarður eða nokkru hærri fjárhæð, þá finnst mér rétt að skoða það nokkru nánar, hvernig ætlað er að ráðstafa þessum fjármunum.

Í fyrsta lagi er lagt til um það bil 1300 milljónir eða 1.3 milljarðar kr. renni í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Ég tel að till. í þessa átt hefði þurft að fylgja grg. um það, hver væri staða þessa sjóðs, þar sem gert er ráð fyrir að þetta fé renni í sjóðinn, og auðvitað hefði átt að fylgja hér með sundurliðun á þeim birgðum sem fyrir liggja, a. m. k. að því leyti að gefið hefði hugmynd um hve miklu fjármagni er samkv. þessu ætlað að renna í hverja deild sjóðsins um sig. Ég geri ráð fyrir að till. um að leggja í þennan sjóð þetta mikið fjármagn byggist að einhverju leyti á því, að einstakar deildir þessa sjóðs séu búnar að taka á sig fjárskuldbindingar sem þær geti ekki að fullu leyti staðið við og ríkissjóður hefur verið í ábyrgð fyrir, og þá á það að sjálfsögðu að koma fram og kemur væntanlega fram í þeirri n. sem fjallar um málið, eða hvort hér er beinlínis stefnt að því að taka þessa fjárhæð úr umferð og geyma hana í Verðjöfnunarsjóði.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frv., að greiddar verði í Stofnfjársjóð fiskiskipa um 450 millj. kr., vegna þess að að sjálfsögðu hækka nú afborganir og reyndar vaxtagreiðslur af stofnlánum þeirra fiskiskipa þar sem skuldirnar eru enn í erlendum gjaldeyri, en það á sér stað í mjög mörgum tilfellum. Hér er því um hliðstæða ráðstöfun að ræða og gerð hefur verið áður. En ég vil vekja athygli á því, að nú er orðin talsverð breyting í þessum efnum frá því sem áður hefur verið, að nú er einnig orðið um það að ræða, að skip, sem smíðuð hafa verið innanlands og hafa að forminu til lán sín innanlands, eru með stóran hluta af lánum sínum einnig gengistryggðan. Þar er um nokkuð annað form að ræða heldur en þar sem kaupandi skipsins stóð beint sem skuldari fyrir þeirri fjárhæð sem fengin var að láni með skipinu frá erlendri skipasmíðastöð. Mér sýnist að það þurfi einnig að gæta að því, að þessu fjármagni verði deilt út á sanngjarnan hátt, þannig að allir aðilar, sem hér eiga hlut að máli og svipað stendur á fyrir, fái hluta af þessu fjármagni.

Þá er gert ráð fyrir því samkv. frv., að til geti fallið í gengismunarsjóð í kringum 350 millj. kr. sem verja skuli til hagræðingar í sjávarútvegi og þá — eftir því sem ég skildi það — fyrst og fremst í fiskiðnaði, og þessi fjárhæð, 350 millj. kr., skuli koma til viðbótar áður tilkynntri fjárhæð upp á um 500 millj. kr. sem ætlað er að fá úr Byggðasjóði. Í frv. er þetta orðað á þann veg, að nota skuli þetta fjármagn „ til þess að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði". Með því er auðvitað ekkert sagt um hvort á að veita þetta fjármagn sem styrki eða lán, og það skiptir auðvitað allmiklu máli að fá upplýsingar um það, hver sé ætlunin í þessum efnum. Ég tel að það sé mjög brýnt verkefni að reyna að koma

á meiri hagræðingu í fiskiðnaði en nú er. Ég hef hins vegar alltaf gert ráð fyrir því, að sú hagræðing færi fram hjá þeim, sem ekki hafa komist yfir vissar framkvæmdir í þessum efnum enn þá, með svipuðum hætti og hjá þeim, sem eru þegar búnir að koma þessari hagræðingu á hjá sér, þeir, sem eftir eru, yrðu að taka fé að láni til þess að koma þesum umbótum á hjá sér. En ég reikna yfirleitt ekki með því, að farið yrði inn á þá braut að veita hér styrki í stórum stil til þeirra sem þarna hafa dregist aftur úr af ýmsum ástæðum. Ég vil segja það, að það er alls ekki í öllum tilfellum af fjárhagslegum ástæðum einum sem þessir aðilar hafa dregist aftur úr. En þetta atriði verður að sjálfsögðu einnig til athugunar hjá þeirri n. sem fær málið til meðferðar, og upplýsingar geta þá komið þar fram um hvernig ætlað er að ráðstafa þessum fjármunum. Ég tók þó eftir að hæstv. forsrh. sagði að hann ætlaðist til að þetta orðalag um að veita þetta fjármagn til hagræðingar ætti að túlka mjög rúmt, og minntist þá á að nota mætti þetta fjármagn til þess að rétta við lausafjárstöðu fyrirtækja. Ég vil segja það, að ég legg á það mjög mikla áherslu fyrir mitt leyti, að þeir fjármunir, sem fást í þessu skyni, verði notaðir til að koma á hagræðingu í þessum rekstri, en ekki fyrst og fremst til þess að greiða upp skuldir fyrirtækjanna við bankana eða aðra slíka aðila eða standa undir beinum hallarekstri sem orðinn er Ég tel að það þyrfti að gera aðrar ráðstafanir, ef svo er komið illa fyrir einhverjum fyrirtækjum að þau þurfi beinlínis á styrkveitingum að halda og verði ekki fær um það að borga sín lán, — þá eigi það að koma fram með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir. Þetta fjármagn þarf að nýtast til hagræðingar, til þess að koma framleiðslu þessara fyrirtækja á betra stig en nú er.

Ég skal svo ekki hafa um þetta mál fleiri orð við 1. umr. Málið fer til n. sem ég á sæti í og gefst því tækifæri til að ræða þetta mál nánar á morgun. En ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt áður, að við Alþb.-menn erum algerlega á móti þessu frv., eins og við erum á móti stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, og þetta frv. er aðeins einn liður í þeirri stefnu. Við tökum undir aðvörunarorð stéttarsamtakanna í landinu, að vara hæstv. ríkisstj. við þeirri alröngu stefnu hennar að ætla sér að fara að rjúfa gerða kjarasamninga, nýgerða kjarasamninga, og efna til nýrra átaka á vinnumarkaði sem án efa yrðu afleiðingin af slíku. Við erum búnir að búa við slíka stefnu af hálfu núv. ríkistj. allt of lengi með allt of hroðalegum afleiðingum í okkar efnahagsmálum. Það er kominn tími til að breyta í þessum efnum um stefnu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 2. þm. Austurl. varðandi ráðstafanir á gengishagnaði.

Það er auðvitað mjög erfitt að segja til um fyrir fram hver gengishagnaður verður. Það er talið að birgðir um síðustu áramót hafi numið um 19.2 milljörðum, en verðmæti ógreidds útflutnings á sama tíma um 6000 millj., eða samtals um 25.2 milljörðum kr. Við fyrri gengisbreytingar hefur það verið venja að undanþiggja nokkrar afurðir gjaldi í gengismunarsjóð, svo sem hvalafurðir, grásleppuhrogn, þorskalýsi, aðallega fóðurlýsi í dósum. Birgðir af þessu eru þó taldar mjög smávægilegar um þetta leyti árs og eru taldar geta verið liðlega 200 millj. kr. Þá munu vera um 250 millj. kr. í útflutningi á verkuðum saltfiski, sem sendur var til Zaire, eins og hæstv. forsrh. gat um í framsöguræðu sinni. Loks mun hafa verið afskipað allmiklu af saltsíld í janúarmánuði. Þegar tillit er tekið til þessa gæti gjald af birgðum og ógreiddum útflutningi numið um 23.3 millj. brúttó. En í þessu er afar stór upphæð skreið, sem er talin nema um 5 milljörðum, ef ég man rétt, og væri þá gengismunur liðlega 700 millj. kr., sem ég held að sé óráðlegt að reikna með gengishagnaði af eins og sakir standa og útlit er fyrir í sambandi við sölu á þessum afurðum. Bæði verður hér um mikla rýrnun að ræða og meiri eftir því sem lengur dregst að þessi vara seljist og fari úr landi og sömuleiðis þarf bæði að pakka hana, sem mikill kostnaður er við, og meira að segja þá, sem búið er að binda, verður að taka upp aftur vegna rýrnunar, sömuleiðis er mikill vaxtakostnaður, svo að ég fyrir mitt leyti hef verið mjög varkár í mati á þessu.

Það mun láta nærri að helmingur af þessum gengishagnaði, sem fæst, komi í freðfiskdeildina sem er eins og allir vita tóm. Saltfiskdeildin mun fá um það bil 370 millj., hygg ég að áætlað sé. Einnig er gert ráð fyrir að stofnuð verði ný deild við Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, saltsíldardeild, eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. forsrh., og er gert ráð fyrir að nálægt 180 millj. verði stofnfé þeirrar deildar. Lýsis- og mjöldeildin mun vafalaust verða með nálægt 250—260 millj. kr. Hins vegar er í þessu frv. um ráðstöfun gengishagnaðar, vegna þeirrar óvissu sem er ríkjandi og í meira lagi nú en jafnan áður vegna hinna miklu skreiðarbirgða, gengishagnaði skipt hlutfallslega þannig að af öllu því fé, sem inn kemur, að frádregnum kostnaði og greiðslu á skuld Verðjöfnunarsjóðs við ríkissjóð sem fram kemur í frv., fari 65% af gengishagnaðinum í Verðjöfnunarsjóðinn og 35% fari í þessar tvær aðrar greinar, annars vegar 43% af þessum 35% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og 57% til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, hvort tveggja eftir þeim reglum og skilyrðum sem ríkisstj. setur. Ég geri ráð fyrir samkv. því, sem fram kemur í 4. gr., að sett verði reglugerð um þetta atriði, sem vafalaust mun þá verða sett að tillögu sjútvrn., þá mun ég leggja eindregið til í sambandi við þessa skiptingu, að farið verði eftir mjög hliðstæðum reglum og gert var við gengisbreytinguna 1974 varðandi uppbætur til þeirra sem skulda Fiskveiðasjóði í erlendum gjaldeyri. Þá verður tekin upphæð erlendra skulda og síðan verður fundið út, hvaða prósenta eigi að koma, þannig að það fái enginn meira en annar. Þessi regla var ekki gagnrýnd síðast. Ég held m. ö. o. að allir hafi orðið ásáttir um hana.

Aftur í sambandi við hinn liðinn sem hv. 2. þm. Austurl. ræddi um, 43% af þessum 35% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði er skoðun mín sú, að það eigi ekki að leggja fram þetta fjármagn sem styrki, heldur í formi lána og þá

með mjög góðum kjörum. Það er líka skoðun mín, að þegar við tölum um hagræðingu, þá er um nokkur fyrirtæki þannig varið, að ef rekstrarstaða þeirra er slæm, en þau standa efnahagslega vel, þá eigi að beita bæði því, sem Byggðasjóður kemur til með að lána, og þessu fjármagni, sem kemur til viðbótar, á þann veg að gera þessi fyrirtæki rekstrarlega hæf, en ekki að beina þessu fjármagni til að auka afköst þessara fyrirtækja. Þetta held ég að eigi að vera höfuðatriðið í því sem gera þarf. Hins vegar er það einnig skoðun mín, að þegar hér kemur fjármagn til viðbótar við það sem Byggðasjóður kemur til með að lána, þá þurfi auðvitað að samræma vinnubrögðin og þá verði fulltrúar Byggðasjóðs, fulltrúi ríkisvalds og fulltrúar frá t. d. hagdeildum viðskiptabankanna og fulltrúi Seðlabankans að mynda þá reglu sem fara eigi eftir. Ég held að það séu skynsamlegustu vinnubrögðin. En á þessu stigi er ekki hægt að fara frekar út í þá sálma. En með þessari uppsetningu á ráðstöfun gengishagnaðar, hver sem endanleg upphæð verður, er honum öllum fyrir fram ráðstafað, vegna þess að hér er tekinn upp hlutfallslegur útreikningur.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. er venjulegur og hefðbundinn fylgifiskur ákvörðunar um gengislækkun. Þetta frv. er fyrsta kynning á þeirri heildarstefnu í efnahagsmálum, sem ríkisstj. væntanlega hefur mótað og mun kynna Alþ. og þjóðinni nú á næstunni. Við í þingflokki Alþfl. erum andvígir þessari heildarstefnu hæstv. ríkisstj. og þess vegna hljótum við að vera andvígir þessu frv. Hitt er annað mál, að fyrst ákvörðun um gengisbreytingu hefur verið tekin og engin gjaldeyrissala á sér nú stað, er auðvitað nauðsynlegt að eðlileg viðskipti geti aftur hafist sem fyrst. Þess vegna mun þingflokkur Alþfl. stuðla að því, að Alþ. geti afgreitt þetta frv. í dag og á morgun, til þess að eðlileg gjaldeyrisviðskipti geti hafist að morgni föstudags, en án slíkra ráðstafana og þeirra sem felast í frv. er ekki hægt að hefja eðlileg gjaldeyrisviðskipti að nýju.

En fyrst boðskapur þessa frv. er fyrsti kapítulinn í þeim róman í efnahagsmálum, þeirri hrollvekju í efnahagsmálum, sem ríkisstj. mun kynna Alþ. og alþjóð á næstunni, þá tel ég ekki annað fært en að fara örfáum orðum um þessa stefnu, þó ég muni láta ítarlegar umr. um hana bíða þangað til heildarmyndin liggur fyrir Alþ. af hálfu hæstv. ríkisstj.

Þeir voru margir sem spáðu illa fyrir hæstv. ríkisstj. þegar hún tók völdin. Ekki var vinstri stjórnin góð stjórn og þess vegna hefði átt að vera lítill vandi að gera betur. En þessi stjórn hefur bara ekki gert betur. Hún hefur brugðist í bókstaflega öllum skilningi. Og hvað er til marks um þetta? Þetta er harður dómur, stór orð. En skyldi ekki vera hægt að finna því stað, að ríkisstj. hafi haldið illa á málum, að hún hafi brugðist?

Í þessu sambandi vil ég fyrst benda á, að þegar ríkisstj. tók við völdum var eitt af hennar aðalfyrirheitum að lækka verðbólguna niður í um það bil 15%. Hver var verðbólgan í fyrra, þegar ríkisstj. hafði setið þrjú ár að völdum? Hún var 30—35%, meira en helmingi hærri en ríkisstj. kvað sig ætla að láta hana verða á valdatíma sínum. Og hver yrði verðbólgan í ár, ef ekkert yrði að gert, ef stefna stjórnarinnar héldist óbreytt? Þá mundi hún verða 35—40%, þrisvar sinnum meiri en stjórnin gaf fyrirheit um að hún mundi verða á valdatíma hennar.

Þetta hefur svo auðvitað leitt til þess, að stórkostlegur halli hefur orðið í atvinnurekstri landsmanna, sérstaklega í útflutningsatvinnuvegunum. Hvernig skilur ríkisstj. við aðalatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn, eftir nær fjögurra ára valdaferil? Hvernig er staða sjávarútvegsins í dag? Sérfræðingar telja að halli hans á einu ári mundi við núverandi aðstæður verða 12 milljarðar kr. M. ö. o.: ríkistj. hefur með stefnu sinni leikið aðalatvinnuveg landsmanna þannig, að hann er rekinn í dag með 12 milljarða kr. halla á ársgrundvelli.

Og hvað er að segja um landbúnaðinn? Nú koma bændur aldrei saman til fundar, hvergi á landinu, án þess að gera ályktanir um það, að ástand í landbúnaði hafi aldrei verið verra en nú. Nú krefjast bændur gerbreyttrar stefnu í landbúnaðarmálum. Þegar ég fyrir 10—15, jafnvel 20 árum hóf umr. um að nauðsyn væri að breyta um stefnu í landbúnaðarmálum, þá var það kallað fjandskapur við bændur og vanmat á íslenskum landbúnaði. Hvorugt hafði mér nokkurn tíma dottið í hug, hvorki fjandskapur við bændur né heldur vanmat á landbúnaði. En ég og aðrir, sem töluðu og hugsuðu eins og ég, töluðum lengi fyrir daufum eyrum. Í fyrra, á því herrans ári 1977, komu bændur ekki svo saman til mannfundar að þeir gerðu ekki ályktun um að stefnan í landbúnaðarmálum hefði verið alröng og henni þyrfti að gerbreyta.

Hvað er að segja um þriðja aðalatvinnuveg landsmanna, iðnaðinn? Nákvæmlega sama er að segja um hann. Ef samtök iðnaðarins gera ályktanir um sín mál felst í þeim hörð gagnrýni á þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt varðandi þessa mikilvægu iðngrein.

Versluninni var í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. heitið nýrri verðlagslöggjöf. Auðvitað hefur ríkisstj. svikið þetta loforð gagnvart versluninni eins og öll sín loforð gagnvart öllum öðrum atvinnugreinum. Ekkert slíkt frv. hefur séð dagsins ljós á nær fjögurra ára starfsferli hæstv. ríkisstj.

E. t. v. kemur efnahagsóstjórn ríkisstj. gleggst fram í því, að enn skuli vera um að ræða gífurlegan halla í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Hafa menn það á hraðbergi, hvað viðskiptahallinn var í fyrra, árið 1977? Hann var 9 milljarðar kr. Hann nam 9 milljörðum kr. í fyrra, viðskiptahallinn við útlönd. Það á auðvitað sinn þátt í því, ásamt viðskiptahalla fyrri ára, að skuldir þjóðarinnar um s. l. áramót voru orðnar hærri en nokkru sinni fyrr í íslenskri sögu. Skuldir þjóðarinnar við útlönd voru um s. l. áramót 129 milljarðar eða því sem næst 600 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu, ungt og gamalt. M. ö. o.: ríkisstj. hefur hagað stefnu sinni þannig, að safnast hafa allt að því 600 þús. kr. skuldir á hvern einasta Íslending. Auðvitað er þetta óbærilegur baggi.

Ekki hefur ríkisstj. tekist betur að stjórna eigin búi, þ. e. a. s. ríkissjóði, heldur en þjóðarbúinu í heild, þrátt fyrir öll orðin um nauðsyn þess, að

ríkisbúskapurinn væri hallalaus, þegar ríkisstj. tók við völdum. Í fyrra var ríkissjóður rekinn með halla sem nam tveim milljörðum kr. Þetta er til viðbótar við halla fyrri ára, sem fyrst og fremst hefur verið greiddur með skuldasöfnun í Seðlabankanum, greiddur með þeim einfalda hætti að segja Seðlabankanum að prenta fleiri seðla og lána ríkissjóði. Þessi stefna, þessi aftaða ríkistj. til Seðlabankans, þessi misnotkun á húsbóndavaldi ríkisstj. yfir Seðlabankanum hefur leitt til þess, að um s. l. áramót var skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hvorki meira né minna en 15 milljarðar kr. og hefur aldrei í sögunni verið hærri.

Ég held að ekki þurfi að fara fleiri orðum í tilefni af fyrsta kapítula þeirrar hrollvekju, sem við eigum í vændum að hlusta á, en að nefna þessar staðreyndir til þess að sýna fram á hversu gersamlega ríkisstj. hefur mistekist það ætlunarverk sem hún setti sér í upphafi. Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram þegar við 1. umr. þessa máls en heildarstefna ríkisstj. mun að sjálfsögðu verða rædd nánar af hálfu okkar í Alþfl. þegar hún hefur lagt hana í heild fyrir hið háa Alþingi.

Ég endurtek að flokkur minn mun greiða fyrir því, að þetta frv. geti fengið afgreiðslu í Alþ. í dag og á morgun, þannig að eðlileg viðskipti geti hafist aftur á föstudagsmorgun.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, er upphafið að lokaskrefi á óheillavegi sem núv. ríkisstj. hefur fetað síðan hún tók við völdum. Þá þegar gerðum við í Samtökunum grein fyrir því áliti okkar, að ríkisstj. væri á rangri braut. Ekkert, sem síðar hefur skeð, hefur gefið hið minnsta tilefni til að endurskoða þá afstöðu, og málflutningur hér í dag og það sem eftir mun fara á næstu dögum sýnir að enn fetar þessi ríkisstj. sama óhappaferilinn.

Þetta frv., sem er fyrsti vottur hér á þingi um nýja gengisfellingu af hálfu ríkisstj., sýnir svo rækilega sem unnt er, að hún hefur ekki ráðið við verkefni sitt þrátt fyrir hið mikla þingfylgi sem hún getur státað af, stuðning tveggja stærstu flokka landsins og rúmlega 2/3 þingheims. Þetta frv. og það, sem á eftir mun fara, sýnir að ríkisstj. hefur haldið þannig á málum að hún, sem hóf feril sinn með gengislækkun, lýkur honum með sams konar ráðstöfunum. Þeim þrem og hálfu ári, sem þessi ríkisstj. hefur setið, hefur því í raun og veru verið sóað hvað varðar það að æðsta stjórn landsins hefjist handa og geri raunhæfar ráðstafanir í þeim aðkallandi vandamálum sem íslenskt þjóðfélag og íslenskt efnahagslíf stendur frammi fyrir. Alls engar þær grundvallarbreytingar hafa verið gerðar, sem beini fjármálum og efnahagsmálum lands og þjóðar í heillavænlegri farveg. Ríkissjóður hefur verið rekinn með stórfelldum halla, einnig og ekki síður þann hluta af valdaferli ríkisstj. sem enginn dregur í efa að góðæri hafi ríkt. Þannig hefur verið staðið að framkvæmdum af ríkisstj. hálfu, að erlent fjármagn hefur verið tekið að láni í óhóflegum mæli, með þeim afleiðingum að eftirspurnarþensla í þjóðfélaginu hefur valdið þar róti og ringulreið með óhjákvæmilegum afleiðingum. Verðjöfnunarsjóður þýðingarmesta atvinnuvegarins, sjávarútvegsins, hefur verið notaður þannig, að í stað þess að jafna sveiflur, sem stafa af verðsveiflum og aflasveiflum í þessum atvinnuvegi, hefur hann þvert á móti verið notaður í miklum mæli sem styrktarsjóður og þannig magnað sveiflurnar. Óarðbær fjárfesting í stórum stíl hefur fengið að eiga sér stað, með þeim afleiðingum að lífskjör landsmanna hafa komist á mun lægra stig en rök liggja til að þau gætu verið ef vel væri á fjárfestingarmálum haldið. Nú blasir við ný kollsteypa, ný gengislækkun, sú þriðja á ferli ríkisstj., og ekki verður annað séð en stefnt sé í deilur á vinnumarkaði.

Það er fróðlegt að líta á það, hver þróun hefur verið á gengi krónunnar á undanförnum árum. Ef litið er til baka til upphafs þessa áratugs, þegar vinstri stjórnin tók við, þá var meðalgengið á árinu 1971 á Bandaríkjadollar 87.61 kr. Í lok síðasta heila ársins, sem sú stjórn sat, var gengi Bandaríkjadollars 89.67 kr. Á þessum tveimur og hálfu ári hafði því gengi Bandaríkjadollars aðeins hækkað um 2.06 kr., og ekki varð veruleg breyting á því fram til þess að vinstri stjórnin lét af völdum í ágústlok 1974. En þá skipti snögglega um.

Núv. ríkisstj. framkvæmdi sína fyrstu gengislækkun samtímis því að hún settist að völdum og aðra gengislækkun á öndverðu ári 1975. Afleiðingarnar sögðu til sín. Í lok ársins 1975, fyrsta heila ársins á valdaferli núv. ríkisstj., hafði meðalgengi Bandaríkjadollars komist í 153.63 kr. Sem sagt, krónan hafði fallið í verði um helming. Síðan hefur haldið áfram á sömu braut. Í árslok 1976 kom á daginn, að meðalgengi Bandaríkjadollars hafði á því ári komist í 181.91 kr. gagnvart íslenskri krónu. Enn hélt gengislækkun krónunnar áfram á síðasta ári. Meðalgengið í nóvemberlok á því ári var að einn Bandaríkjadollar kostaði 198.06 kr. Og nú á öðrum mánuði þessa árs er farið í gengislækkun sem mun færa Bandaríkjadollarinn í um það bil 250 kr. íslenskar. Sem sagt, tvö fyrstu heilu árin, sem ríkisstj. sat, lækkaði hún krónuna gagnvart dollar um 100%, og nú er bætt þar við enn 50% lækkun.

Þessi ferill allur sýnir að ríkisstj. hefur frá upphafi verið á rangri braut. En þó keyrir úr hófi nú á síðustu missirum kjörtímabilsins. Því er haldið fram af ríkisstj. hálfu, að ástæðan til þeirra aðgerða sem hún grípur til, gengislækkunar og annarra ráðstafana sem sjá nú dagsins ljós allra næstu daga, sé samningsgerð á vinnumarkaði, einkum samningar félaganna í Alþýðusambandi Íslands á miðju síðasta sumri. Hafi svo verið, þá hlaut ríkisstj. að vera það ljóst þá þegar. En engu að síður tók hún með ýmsum aðgerðum sínum tvímælalaust ábyrgð á þeim samningum af sinni hálfu. Og hafi hún verið farin að sjá að þá hafi verið rangt að staðið, þá var rétti tíminn til að viðurkenna það og grípa til þeirra aðgerða, sem ríkisstj. taldi réttar af sinni hálfu, þegar í haust, þegar þing kom saman og afgreiðsla fjárl. hófst. En öðru var nær en svo væri gert.

Ríkisstj. tók sannarlega margvíslega ábyrgð á þeirri samningsgerð sem frá var gengið á

vinnumarkaði s.l. sumar. Hún hét margvíslegum hliðarráðstöfunum í skattamálum, tryggingamálum og fleiri atriðum, og frv. til staðfestingar á brbl. í því efni voru eitt helsta verkefni Alþ. á vikunum fyrir jól. Þar að auki voru sáttasemjarar ríkisins mjög virkir við samninga í þessari deilu, og þeir tóku fullan þátt í að ganga frá þeirri niðurstöðu sem þar varð. Og þar var ákveðið af hálfu samningsaðila, að ákvæði skyldu vera í samningunum um að þeir væru uppsegjanlegir við verulega gengisbreytingu eða lagasetningu sem breytti verðtryggingu þess kaupgjalds sem um var samið. Það var tvímælalaust skilningur almennings og ég hygg einnig samningsaðila, að með þessum aðgerðum hefði ríkisstj. skuldbundið sig siðferðilega a. m. k. til þess að beita sér fyrir því, að þessir samningar skyldu standa út samningstímann, að stuðla að því af alefli að þeir fengju staðist þangað til þeir rynnu út. En það er öðru nær en svo sé. Gengislækkunin, sem nú er verið að framkvæma, og aðrar ráðstafanir, sem á döfinni eru, gera það tvímælalaust að verkum að kjarasamningarnir frá í sumar verða uppsegjanlegir.

Það er því engu líkara en ríkisstj. sé að þessu leyti naumast sjálfrátt. Það er engu líkara en hún vilji stuðla að því, að vinnudeilur eigi sér ekki stað í einum áfanga þegar samningar eru gerðir, heldur sé hún beinlínis að panta ný átök á vinnumarkaði nú rúmu missiri eftir að samningar voru gerðir með hennar atbeina. Það er verið að stofna til nýrra vandræða, vegna þess að ríkisstj. hefur, eins og ég sagði í upphafi máls míns, aldrei náð tökum á því verkefni, sem hún tókst á hendur að ráða fram úr, að leiða þjóðina og þjóðarbúið úr þeim farvegi, sem gert hefur að verkum að verðbólga hefur um áratugi verið langtum meiri á Íslandi en í öðrum nálægum löndum og helstu viðskiptalöndum okkar, þó aldrei meiri en á síðustu árum. Þetta er hið raunverulega verkefni sem blasir við öllum þeim sem gefa kost á sér til að fást við stjórn íslenskra þjóðmála á þessum tímum. Í þessu efni hefur ekkert miðað, í því efni stendur íslenska þjóðin í sömu sporum, í sömu erfiðu sporunum og hún gerði þegar þessi ríkisstj. tók við völdum. Og enn er haldið áfram á sömu braut. Ný gengislækkun ýtir enn undir verðbólgubraskið og verðbólguhugsunarháttinn. Þess er enginn kostur að rekja þau atriði eins og vert væri við meðferð þessa máls, enda ekki ástæða til. Þetta mál er aðeins hluti af stærri heild sem mun sjá dagsins ljós hér ekki síðar en á föstudag.

Hvað þetta frv. varðar hafa þegar verið í þessum umr. reifuð ýmis óvissuatriði í texta þess og gefin við þeim nokkur svör. Ég mun því ekki lengja umr. með því að endurtaka það sem einstök efnisatriði málsins varðar, því að úr því að ríkisstj. hefur ákveðið að feta þessa braut, þá verður ekki undan því vikist að Alþ. geri af sinni hálfu þær ráðstafanir sem þarf, þ. e. a. s. sá meiri hl. á Alþ. sem fylgja vill ríkisstj. í hennar gerðum gerir þær ráðstafanir, sem þarf til þess að gjaldeyrisskráning og gjaldeyrisviðskipti geti hafist á ný. En þetta mál, eins og annað sem því fylgir, er algerlega á ábyrgð þeirra þm. sem kjósa að fylgja ríkisstj. eftir á þeirri óheillabraut sem hún gengur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ingvar Gíslason): Forseta deildarinnar hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég af heilsufarsástæðum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að varamaður Alþb. í Reykjavík taki sæti á Alþ. í forföllum mínum.

Magnús Kjartansson,
3. þm. Reykv."

Bréfið er dags. 6. febr. 1978. Samkv. þessu tekur Vilborg Harðardóttir, 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, sæti á Alþ. í dag. Kjörbréf hennar hefur áður verið rannsakað, og ég býð hv. þm. velkominn til starfa.

Efri deild, 57. fundur.

Fimmtudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 335). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv., þ. e. frv. til l. um Þjóðleikhús, er nú orðinn gamall kunningi á Alþ. og hér í þessari hv. d. Það er flutt nú í sömu mynd og áður, og ég vil mega vænta þess, að hv. þm. sjái sér fært að taka það til efnislegrar meðferðar og auðvitað helst að ljúka afgreiðslu þess á þessu þingi.

Þar sem ég hef ítrekað mælt fyrir þessu frv. hér í Ed. get ég stytt mál mitt og vísað til fyrri framsöguræðna, þar liggja að sjálfsögðu fyrir, og til þeirra athugasemda, sem frv. fylgja.

Að nokkru leyti eru þau atriði, sem í þessu frv. felast, staðfesting á þeim starfsháttum sem þegar hafa verið upp teknir ellegar hliðstæð ákvæði eru í þeim lögum sem nú gilda. En að hluta er hér að sjálfsögðu gert ráð fyrir nýjum háttum í starfsemi Þjóðleikhússins ellegar þá aukin áhersla á einstaka starfsþætti sem þegar eru upp teknir.

Eins og hv. dm. rekur minni til, eru nokkur atriði í frv. sem hafa munu aukinn kostnað í för með sér þegar til framkvæmda koma. En þess ber að gæta að í 18. gr. frv. segir svo: „Eigi skal ráða í nýjar stöður samkv. lögum þessum fyrr en fé er veitt til þess í fjárl." Þetta ákvæði er raunar óþarft, því þessi er hin löglega meðferð mála, en það er eigi að síður sett hér inn til þess að árétta skilning höfunda frv. og þá væntanlega löggjafans á þessu atriði.

Það er skoðun mín, og ég hygg að allir geti verið sammála um það, að ný löggjöf um stofnun eins og Þjóðleikhúsið hlýtur alltaf að fela í sér möguleika til aukinnar starfsemi, til nokkurrar þróunar á næstu missirunum og árunum, hún hlýtur því alltaf að hafa einhvern möguleg-

an kostnaðarauka í för með sér. En ég tel að í þessu frv. sé það hóflega í sakir farið að ekki þurfi að hika við afgreiðslu málsins af ótta við óhæfilega aukningu tilkostnaðar.

Það hafa verið gerðar smábreytingar á frv. frá því sem það var lagt hér fram í fyrra, en þær varða eingöngu fyrirkomulag lífeyrisgreiðslna. Rétt þótti við nánari athugun og að höfðu samráði við fjmrn. og stjórn Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna að gera þessar breytingar, og er þá tekið tillit til þeirrar þróunar í lífeyrismálum sem orðið hefur frá því að frv. þetta var í letur fært í fyrstu. Að öðru leyti vísa ég til athugasemda um þetta atriði.

Ég vil geta þess, að menntmn. d. fékk í fyrra upplýsingar um fjárhagslegu hliðina á þessu máli. Þær upplýsingar má að sjálfsögðu framreikna nokkuð með tilliti til verðhækkana. En allar nánari upplýsingar, sem óskað kann að verða af n. hálfu eða þingsins, verða að sjálfsögðu í té látnar.

Ég held ég hafi þessa framsögu ekki öllu lengri að þessu sinni. Ég vil að lokum bara árétta þau eindregnu tilmæli mín til hv. þdm. að taka nú þetta mál til efnislegrar meðferðar og afgreiðslu. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta mál er enn á ný komið til kasta þingsins og kannske ekki ástæða til að hafa um það mörg orð. Það er tæpast vansalaust, held ég, að ekki skuli unnt að afgreiða slíkt mál, þó að það kunni að verða einhverjar breytingar á því gerðar. Ég hef haft sérstakan áhuga á því, að þetta frv. næði fram að ganga, vegna þeirra greina sem fjalla um samstarf Þjóðleikhússins annars vegar og áhugaleikfélaganna hins vegar, sem 14. og 15. gr. fjalla sérstaklega um.

Þjóðleikhúsið er í dag mikið fyrirtæki. Fjárlög bera þar um glöggt vitni, og ég skal taka það fram, að ég er ekki að telja það fjármagn eftir. En það skiptir miklu máli hvernig því fjármagni er varið. Ég skal sömuleiðis segja það, að ég tel það sérlega mætan mann, sem þar heldur um stjórn, og margt vera gott um starfsemi Þjóðleikhússins. Leikritaval þess er fjölbreytt. Það er ýtt undir íslenska leikritun. Það er eitt mikilvægasta verkefnið sem Þjóðleikhúsið á að sinna og hefur gert að nokkru, og hygg ég þó að það mætti betur gera. Í 2. gr. stendur að það skuli kosta kapps um að efla íslenska leikritun. Við skulum vona að það verði gert í enn ríkari mæli í framtíðinni. Varðandi þetta verkefni hafa aðrir þó verið öllu drýgri en sjálft Þjóðleikhúsið.

Það er ljóst, að merkilegt starf er þarna unnið. En auðvitað er aðgát nauðsynleg, svo mikill er þó sá kostnaður sem við Þjóðleikhúsið er. Þetta liggur að hluta til auðvitað í niðurgreiðslu miðaverðs, sem er mjög góðra gjalda vert og ekki skal talið eftir, því það er höfuðnauðsyn að sem allra flestir, þeir sem vilja í leikhús fara, geti notið þess og að sem allra flestir sæki leikhús. Á það hefur verið minnt áður á Alþ. í vetur, að við séum mjög duglegir við það, allra stétta menn hér, að sækja leikhús, og sé það um margt ólíkt því sem er víða í öðrum löndum. Leikhúsmenning okkar er sterk og hún er almenn. Áhuginn er geysilegur, ekki bara á að sjá leikrit og kynna sér listræna sköpun á því sviði, ekki bara að vera þiggjendur. Hann kemur fram í því fyrst og fremst, að hvergi á byggðu bóli mun annar eins áhugi vera til tjáningar fólks og löngunar til listrænnar sköpunar á þessu sviði og unnin jafnathyglisverð afrek af hálfu áhugafólks og við þó gerum. Og þá er ég í raun og veru kominn að því aðalmáli, sem ég þreytist seint á að minna á, þ. e. a. s. því sambandi og samstarfi sem ég álít að eigi að vera með Þjóðleikhúsi og áhugafélögunum. Þar álít ég að Þjóðleikhúsið eigi að vera hinn eðlilegi frumkvæðisaðili sem aðalmiðstöð, höfuðaðili leiklistarlífs í landinu. Það mun ekki standa á áhugafélögunum og hefur ekki gert það, og það er fyrst og fremst fyrir mjög ötula forgöngu núv. framkvæmdastjóra Bandalags ísl. leikfélaga, Helgu Hjörvar, að nánara og betra samstarf hefur tekist með þeim og Þjóðleikhúsinu heldur en var áður. Þjóðleikhúsið hafði þar ekki frumkvæði, en Þjóðleikhúsið tók því hins vegar vel þegar framkvæmdastjóri Bandalagsins fór að sækja á með þetta mál, og ber að þakka það.

Ég bar fram fsp. fyrr í vetur um aðstoð Þjóðleikhússins við áhugafélögin. Kom ýmislegt markvert fram í svörum hæstv. ráðh. Aðstoð á ýmsum sviðum hafði verið veitt, og alveg sérstaklega var þar getið um góða og mikla aðstoð við lán búninga, sem ég dreg ekkert í efa að hafi verið réttar upplýsingar. En fsp. mín laut þó enn meira að efni 15. gr. þessa frv., um gistileikara og leikstjóra, því að þar brennur eldurinn heitast á baki áhugafélaganna og þarna er einmitt að meginskyldu Þjóðleikhússins við áhugafélögin komið. Ég skal koma að því síðar.

14. gr. frv. fjallar um leikmunasafn. Þar eru ákvæði um margt til bóta, og þar veit ég þegar unnið gott starf. Hins vegar hygg ég, eins og ég tók fram þegar svarað var fsp. frá mér í vetur um þetta, að sú þjónusta sé greidd fullu verði, þannig að Þjóðleikhúsið tapi út af fyrir sig ekkert á þeirri þjónustu sem þar er veitt.

Það er hins vegar staðreynd í dag, að áhugaleikfélögin berjast í bökkum. Það er mikill kostnaður við leiksýningar nú og drjúgur hluti af tekjum leikfélaganna fer til ríkisins aftur í formi skatta. Og erfiðasti hlutinn af þessum vanda leikfélaganna er fólginn í leikstjórninni. Hún er orðin mjög kostnaðarsöm. Þar er um að ræða auðvitað bæði laun leikstjórans, ferðakostnað og dvalarkostnað.

Styrkir hafa á undanförnum árum ekki verið í samræmi við hækkanir á þessum margvíslegu gjöldum, sem leikfélögin bera, og þá sérstaklega ekki á móti hækkun leikstjóralauna. Þó ber þess að geta, að nú á þessu ári, að öllu óbreyttu, mun þetta verða með allra skásta móti. Fjárveiting til áhugafélaganna er sem sagt með besta móti nú í ár, og ber að þakka það. En þess ber auðvitað líka að gæta, að aldrei hefur orðið jafnstórkostleg hækkun á leikstjóralaunum og varð einmitt á s. l. ári eðlilega í kjölfar nýrra kjarasamninga þá. Styrkurinn til leikfélaganna í heild mun hafa hækkað nú á milli ára um 75%, og það er sannarlega ekki lítið. Mér er sagt að leikstjóralaun og annar kostnaður varðandi það atriði sérstaklega hafi hækkað nokkuð svipað, svo að þetta muni vel haldast í horfinu og þó gera heldur betur. Allur annar kostnaður hefur auðvitað hækkað

mjög mikið í samræmi við aðrar kostnaðarhækkanir í landinu.

Þess ber alveg sérstaklega að gæta í þessu sambandi, að það eru gerðar auknar kröfur til áhugafélaganna. Ég er ekki að mæla því í gegn. Ég held að það sé ágætt, að það séu gerðar vissar listrænar kröfur til þeirra, og þeim í raun og veru mjög nauðsynlegt. En það eru líka gerðar kröfur til leikfélaganna varðandi búninga, varðandi leiksvið og ýmislegt fleira, ýmsan ytri umbúnað, sem líka hefur aukist mjög, og leikfélögin verða að sinna því einnig. Til þessa alls þarf fé, og þar álít ég að Þjóðleikhúsið eigi bæði að vera bakhjarl og stuðningsaðili.

Það má segja að 15. gr. segi nægilega mikið ef skýr ákvæði koma í reglugerð um gistileikara og leikstjóra til áhugafélaganna. Þetta, að Þjóðleikhúsið skuli kappkosta að hafa samstarf og skuli kappkosta að láta þeim í té gistileikara og leikstjórn, er vitanlega mjög teygjanlegt, og ég efast ekki um að Þjóðleikhúsið muni reyna að koma sér hjá því eins og það getur, nema það sé ýtt sérstaklega á eftir, ekki kannske beint af viljaleysi þeirra sem stjórna, heldur af ýmsum öðrum ástæðum.

Það er skoðun mín, að þau leikfélög, sem starfa mest og best hér á landi, ættu í raun og veru og þyrftu t. d. þriðja hvert ár að eiga kost þessarar þjónustu frá Þjóðleikhúsinu. Það væri algjört lágmark að mínu mati fyrir þau leikfélög t. d. sem setja upp tvö verk á ári, eins og er um mörg leikfélög hér á landi í dag, eða setja upp eitt mjög veigamikið verk, eins og enn fleiri leikfélög gera. Til þess að Þjóðleikhúsið geti sinnt þessari skyldu þarf auðvitað hagræðingu í starfsemi þess. Hún er nauðsynleg til þess arna. Við vitum að leikárið er að mestu leyti skipulagt fyrir fram, og ef nægilegt tillit er tekið til þessa verkefnis í byrjun hvers starfsárs þá ætti þetta að takast.

Ég hef rætt við núv. þjóðleikhússtjóra um þetta, og ég tel hann hafa fullan vilja til að gera þetta, og vissulega hefur þetta aukist nokkuð. En þegar við tölum um aukningu í þessu sambandi, þá skulum við líka gera okkur grein fyrir því, að aukningin er eiginlega úr núlli og upp í þetta þó sem komið er. Það er því ekki af miklu að státa út af fyrir sig hjá Þjóðleikhúsinu varðandi þetta með gistileikarana og leikstjórana, fyrir utan það, eins og ég hef bent á áður, að þegar Þjóðleikhúsið hefur látið leikfélögunum í té þessa þjónustu, þá hafa leikfélögin alltaf þurft að greiða leikstjóranum eða leikurunum full laun, nema í einu einasta tilfelli, þó að þeir hafi verið á fullum launum hjá Þjóðleikhúsinu á meðan.

Ég veit að það er misjafnt hvað leikarar segja um þetta. Eflaust finnst ýmsum ekki vera mikil reisn í því að fara út á land í eitthvert þorp og setja þar upp leikrit, ég tala nú ekki um að leika við hliðina á viðvaningunum þar. Eflaust eru þeir til. En þó eru til ágætar undantekningar frá þessu og ég þekki dæmi um hið gagnstæða, þar sem menn hafa beinlínis sagt að þeir hefðu lært fullt eins mikið á því að gera þetta og að starfa á fjölum Þjóðleikhússins sjálfs. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að það er ekki bara fólkið í leikfélögunum sem græðir á þessu, það eru ekki síður leikararnir sjálfir sem kynnast þarna bæði nýrri hlið á listrænni tjáningu, viðvaningslegri þó, en kannske miklu meiri áhuga og meiri leikgleði en tíðkast í þeirra atvinnumannahóp.

Ég sem sagt treysti því, að þetta komist í framkvæmd. Lagaskyldan þarf að vera ótvíræð. Reglugerð þarf svo að setja um enn skýrari ákvæði. Ég hygg að ég muni ekki flytja brtt. við þessa 15. gr. Þó hef ég í huga að gera það e. t. v. í samráði við framkvæmdastjóra Bandalags ísl. leikfélaga. En ef hægt er að treysta á að reglugerð segi þarna ákveðnar til um, þá ætti að vera þarflaust að breyta þessari 15. gr.

Það má segja að það megi skora á hæstv. menntmrh. að ýta hér á eftir svo sem hann framast getur. En það fer að styttast í valdaferli hans nú a. m. k. og þýðir kannske lítið að fara að skora á hann sérstaklega þannig sem persónu nú. En ég veit, að hann hefur sýnt þessu máli fullan velvilja, og treysti á það, að á meðan hann situr í þessu sæti, hvort sem lengur eða skemur verður, muni hann ýta þarna á eftir. Ef rn. undir hans stjórn setur reglugerð eða ráðuneytismenn, þá treysti ég því, að þar verði sett mjög skýr og greinargóð ákvæði um hvernig þessari þjónustu Þjóðleikhússins, sem það á að kappkosta að láta í té, verði háttað, svo leikfélögin geti gert þarna vissa kröfu til Þjóðleikhússins sem frumkvæðis- og forgangsaðila.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 52. fundur.

Fimmtudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 341, n. 345 og 348). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. á fundi sínum í gær, en varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl., sem leggur til, að frv. verði samþ. eins og fram kemur á þskj. 345. Minni hl,. hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti.

Það er í sjálfu sér ekki þörf á að hafa mörg orð um þetta mál nú. Hæstv. forsrh. gerði ljósa grein fyrir frv. í ræðu sinni hér í gær, þegar hann mælti fyrir frv.

Breyting á gengi krónunnar, sem tilkynnt var í gær, er einn liður í margþættum ráðstöfunum ríkisstj. í efnahagsmálum. Þessar ráðstafanir eru nauðsynlegar til þess að bregðast við þeim vanda, sem upp hefur komið, og vegna gengisbreytingarinnar er þetta frv. flutt. Það felur í sér ákvæði um tollameðferð á innflutningi og ráðstöfun gengismunar vegna birgða útflutningsafurða sjávarútvegsins. Samkv. 1. gr. eru settir frestir um tollafgreiðslu. Samkv. 2. gr. er gert ráð fyrir að

taka gengismun af þeim birgðum sjávarafurða sem framleiddar höfðu verið fyrir 1. jan. 1978, en ekki fluttar út eða verið greiddar áður en hið nýja gengi tók gildi. Í 3. gr. er svo fjallað um ráðstöfun á gengismunarsjóði. 65% af andvirði þar til greindra sjávarafurða skulu renna til viðkomandi deildar verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsíldar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsíld. Hinum hlutanum, 35%, og því, sem kemur af öðrum sjávarafurðum, skal síðan varið til að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra skulda og gengistryggðra skulda. Með þessum hætti hefur verið staðið að málum við fyrri gengislækkanir. Að hluta verður þessu fé svo varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, og kemur til viðbótar því fé sem áður hafði verið ákveðið að rynni til þeirra þarfa.

Þessi eru ákvæði frv., og ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð, en meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Eins og fram kemur á þskj. 348, þá skipum við minni hl. fjh.- og viðskn. í þessu máli, ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason.

Í þessu nál. okkar kemur fram, að við erum andvígir þessu frv., eins og við höfðum í rauninni þegar lýst yfir við 1. umr. málsins, og gerð er frekari grein fyrir þessari afstöðu okkar í nál.

Ég vil fyrst víkja með örfáum orðum að vissum beinum efnisatriðum þessa frv., áður en ég ræði önnur atriði sem snerta efnahagsmál almennt, en eru þó í svo nánum tengslum við þetta frv., að ég sé nokkra ástæðu til að víkja að þeim við þetta tækifæri.

Ég minntist á það við 1. umr. um frv., að mér hefði fundist eðlilegt að það hefði legið hér fyrir glögg skilagrein um það, hvaða birgðir útflutningsvöru það væru sem gert er ráð fyrir að falli undir ákvæði þessara laga. Í grg. kemur fram, að reiknað er með að þessar birgðir muni nema í útflutningsverðlagi í kringum 18 milljarða kr., og er þá ekki talið með í þessari heildarfjárhæð það verðmæti, sem liggur í skreiðarbirgðum, og ekki heldur það verðmæti, sem liggur í þegar útfluttum saltfiski sem enn er ógreiddur. En ekki hefur unnist tími til þess að leggja hér fram skýrslu um sundurliðun á þessum birgðum, sem ég veit þó að liggur fyrir. Ég tel að þetta sé mjög miður, því að það hefði verið eðlilegt að það hefði komið hér fram, hvað er mikið af útflutningsbirgðum sem undir ákvæði laganna eiga að koma. Ég viðurkenni að þeim hluta birgðanna, sem flokkast undir landbúnaðarafurðir, það skiptir í rauninni ekki máli að gera frekari grein fyrir þeim, því þar er verðlagningarmálum í öllum aðalatriðum háttað þannig, að það hefur lítil áhrif á landbúnaðinn í heild, hvort þetta gjald er tekið og sett í sérstakan sjóð og síðan afhent landbúnaðinum eða hvort hið nýja gengi verður reiknað strax á allar útfluttar landbúnaðarafurðir.

En iðnaðinn skiptir þetta talsverðu máli, og ég tel að það sé í rauninni eðlilegt varðandi þær iðnaðarvörur, sem liggja í landinu og koma til með að falla undir þessi lagaákvæði, að það kæmi fram hvernig þessar birgðir skiptast, hvað hér er um verulega fjárhæð að ræða, því að á meðan upplýsingar liggja ekki fyrir um þetta vita þm. í rauninni harla lítið hvað þeir eru að samþ. í þessum efnum. Þar gildir allt annað skipulag varðandi uppgjör á útflutningsvörum, og hér gæti orðið um verulega mismunun að ræða á milli einstakra fyrirtækja og einstakra greina.

Varðandi aftur birgðir sjávarafurða, þá hefði þetta einnig verið æskilegt, vegna þess að ég tel að það eigi gjarnan að koma fram hvaða millifærslu menn stefna raunverulega að með svona gengismunarsjóði, því að eðli hans er að taka til sín tiltekna fjárhæð og miðla henni svo út til annarra. Það á að koma skýrt fram, hvaða greinar það eru sem aðallega koma til með að leggja fé á þennan óbeina hátt í þennan sjóð og hvernig svo á að ráðstafa þessum fjármunum. Hér var gerð minni háttar grein fyrir þessu. Ég tel að sú grein, sem var gerð fyrir þessu hér af hæstv. sjútvrh., sé fullnægjandi í vissum atriðum, en alveg ófullnægjandi í öðrum.

Mér er t. d. ekki enn ljóst hvort það fjármagn, sem ætlað er að renni samkv. þessum ákvæðum í fréðfiskdeild Verðjöfnunarsjóðs, á að renna til raunverulegrar skuldagreiðslu deildarinnar, sem orðin er, eða hvort hér er verið að gera ráð fyrir að safna saman fjármunum til geymslu fyrir þessa deild til notkunar síðar.

Í rauninni þýðir lítið að tefja hér umr. með því að ræða um þetta, en ég endurtek það sem ég hef í rauninni sagt æðioft áður, að ég tel að grg. af þessu tagi eigi að fylgja þýðingarmiklum frv., en eigi ekki að vera óljóst hvað á bak við liggur. Ég verð einnig að segja það, að mér þykir mjög óviðkunnanleg aðferð að gera ráð fyrir því, að úr þessum gengismunarsjóði eigi að verja 350 millj. kr. til fyrirgreiðslu við fiskiðnaðinn í landinu til viðbótar við 500 millj. kr., sem áður hefur verið tilkynnt um í sama markmiði. Þarna er sem sagt um að ræða 850 millj. kr. a. m. k. sem eiga að ganga til þess að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, og síðan er aðeins sagt að sjútvrn. setji reglugerð um það, hvernig með þetta fé skuli fara. Ég vil láta það koma alveg skýrt fram, að að mínum dómi eru þetta óvenjuleg vinnubrögð sem er farið að taka hér upp. Ég á eiginlega von á því, að framhaldið verði það, að við förum að sjá fjárlög hér eftir nokkur ár þar sem sagt verður í einum lið: 20 milljarðar til þessa og þeim verður úthlutað af viðkomandi ráðh.

Þetta eru engin venjuleg vinnubrögð. Þegar um er að ræða útdeilingu á allverulega háum fjárhæðum, þá er eðlilegt að annað tveggja sé gert, að þá sé gerð skýr grein fyrir því, hvernig ráðstafa eigi þessum fjármunum í aðalatriðum eða eftir hvaða meginreglum, eða þá að Alþ., sjálft fjárveitingavaldið, ákveði um útdeilingu fjárins.

Ég vék aðeins að einum lið í sambandi við ráðstöfun á þessum fjármunum, og hann snerti aðeins það, hvort hér ætti að vera um að ræða lánveitingar eða styrkveitingar. Ég tel að ég hafi ekki fengið neitt ákveðið svar við þessari spurningu. Það getur eflaust um hvort tveggja orðið

að ræða. Þó kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að hann væri á þeirri skoðun, þeirri sömu og ég hafði lýst, að hann teldi eðlilegra að hér væri um að ræða lánveitingar með hagstæðum lánakjörum, en ekki um styrkveitingar að ræða. En allt er þetta gjörsamlega opið eins og frá því verður gengið samkv. þessu frv.

Ég spurði einnig um það, hvort ekki væri ætlunin að þessir fjármunir gengju örugglega til hagræðingar í rekstri þessara fyrirtækja, þ. e. a. s. að það yrði eitt meginskilyrði fyrir því að fyrirtækin fengju fjármagn af þessari fjárhæð, að það fjármagn gengi til þess að koma rekstrinum á hagkvæmara stig en hann hefur verið áður, m. ö. o. að fyrirtækin gætu fengið þetta að láni til þess að kaupa nýrri og hagkvæmari vélar til síns rekstrar eða koma upp ýmsum byggingum eða standa undir framkvæmdum sem stefndu að aukinni hagræðingu í rekstri. Við þessu fékk ég ekki annað svar en það, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., að hann teldi að túlka ætti þetta ákvæði mjög rúmt og hér gæti einnig verið um það að ræða að ráðstafa þessum fjármunum til þess að greiða úr lausafjárstöðu fyrirtækja. Það mundi á venjulegu máli þýða að hér gæti alveg eins verið um það að ræða, að þessum fjármunum yrði ráðstafað til einstakra fyrirtækja til þess að þau gætu grynnt á skuldum sínum við lánastofnanir, þannig að þeirra lausafjárstaða yrði nokkuð bætt.

Ég endurtek þessar athugasemdir mínar hér enn einu sinni, að ég tel að í rauninni séu þetta alveg fráleit vinnubrögð sem eigi að leggja niður. Þeir, sem standa enn fyrir vinnubrögðum af þessu tagi, skulu hafa það í huga, að það geta komið aðrir menn og koma væntanlega aðrir menn í þeirra valdastóla áður en langt um líður og þá ætla þeir sér eflaust eitthvað svipuð vinnubrögð og svipað vald. Þá verður Alþ. að taka upp alveg nýja stefnu gagnvart þeim, ef það er ekki raunverulega að gefa eftir sitt eðlilega fjárveitingavald.

Ég hef ekki fengið frekari upplýsingar um þessi atriði og skal því ekki ræða um þau frekar. En ég legg áherslu á það sem mitt sjónarmið, að ég álít að þessa fjármuni, bæði þessar þegar ákveðnu 500 millj. frá Byggðasjóði og eins þessar 350 millj., sem áætlaðar eru úr þessum gengismunarsjóði, eigi skilyrðislaust að nota til lánveitinga og til lánveitinga í því skyni að koma rekstri þessara fiskiðnaðarfyrirtækja á hagkvæmara rekstrarstig en áður hefur verið. Það er staðreynd, að þau hafa dregist aftur úr af ýmsum ástæðum, og er sjálfsagt að veita þeim lán til þess að bæta úr rekstri sínum. En ég er fyrir mitt leyti algjörlega á móti því, að fjármunir séu kallaðir inn af annarri framleiðslu í landinu, eins og er verið að gera með gengismunarsjóð, til þess að deila út í almennar skuldagreiðslur fyrirtækja eða í almenna rekstrarfjárstöðu þeirra og þá fyrst og fremst til geiðslu til lánastofnana. Ég tel að það sé röng aðferð.

Ég vík þá nokkru nánar að frv. og að tengslum þessa frv. við þær efnahagsmálaaðgerðir sem boðaðar hafa verið og öllum er kunnugt um að eru á næstu grösum. Ég hafði í rauninni vænst þess, að áður en umr. hér lyki um þetta mál lægi fyrir frv. sem á að taka til umr. á morgun um svonefndar hliðarráðstafanir og ríkisstj. hefur þegar tilkynnt um, en það frv. er ekki komið fram enn. En af því að þetta frv., sem hér er um að ræða og varðar aðeins gengisskráningarhlutann, er einn liður í þessum efnahagsmálaaðgerðum, tel ég óhjákvæmilegt að víkja nokkrum orðum að öðrum þáttum málsins sem tengjast beinlínis þessu frv. sem hér er um að ræða.

Það hefur t. d. allmikið verið rætt, einkum í blöðum og nokkuð hér á Alþ., um hinn sérstaka vanda atvinnuveganna sem við stæðum nú frammi fyrir. Það er ekkert um það að villast, að ýmsar atvinnugreinar landsmanna búa nú við allmikil vandamál sem út af fyrir sig verður að takast á við. Það getur hins vegar verið nokkur ágreiningur um það, eins og jafnan áður, hve stór þessi vandi er og hvers eðlis vandinn er. Ég fyrir mitt leyti t. d. tel ekki að vandi fiskiðnaðarins í landinu, sem hér hefur verið rætt nokkuð um, sé eins mikill og oft hefur verið minnst á, að hann nemi um 12 milljörðum kr. á grundvelli janúaruppgjörs, að þar sé í rauninni í kringum það að vera 12 milljarða rekstrarhalli. Ég veit þó að útreikningar sýna þessar tölur, en við þá útreikninga hef ég margar athugasemdir að gera. Eigi að síður viðurkenni ég að þarna er um talsvert mikinn vanda að ræða.

Það er að mínum dómi nauðsynlegt í þessu sambandi að átta sig nokkru nánar á því, hvernig stendur á þessum sérstaka vanda útflutningsatvinnugreinanna, hver er meginástæðan, hversu stór vandinn er.

Það hefur í fyrsta lagi verið allmikið um það rætt, að þessi vandi útflutningsatvinnugreinanna stafi af því, að það hafi orðið gífurlega miklar launahækkanir á s. l. ári, og í þeim efnum hefur verið nefnt, að laun hafi í mörgum greinum hækkað á milli 60 og 70% frá upphafi ársins 1977 til loka ársins. Ég hygg að þetta sé mjög nærri réttu lagi, ef við t. d. lítum á kaupgjald í fiskiðnaði, sem hér er nú mest rætt um, þá sé hægt að segja að að verulegu leyti hefur hið mælda tímakaup hækkað sem nemur um 60% frá ársbyrjun til ársloka. Hitt liggur líka fyrir óumdeilanlega, að þrátt fyrir þessa sveiflu á árinu í launagreiðslum, sem vissulega hefur sín miklu áhrif á allan rekstur og þá ekki síst rekstur útflutningsgreina, hefur ekki orðið kaupmáttaraukning þeirra, sem þiggja þessi laun, nema á milli 8 og 9%, að því er Þjóðhagsstofnun telur, á s. l. ári. Ég veit að það vefst fyrir ýmsum að skilgreina það, hvernig í ósköpunum þetta megi vera, að kaupsveiflan frá upphafi árs til loka árs geti verið svona mikil, en að hins vegar skuli kaupmáttur launa ekki hafa breyst meira en þetta að dómi Þjóðhagsstofnunar. Af þessum ástæðum og vegna þess að erfiðleikar útflutningsatvinnugreina eru einkum og sérstaklega raktir til þessarar launasveiflu og síðan í beinu framhaldi þar af er rætt um að það verði að fella gengið til þess að taka af skakkann vegna launahækkunarinnar, þá tel ég óhjákvæmilegt að ræða þennan hlut nokkru nánar.

Í fyrsta lagi þurfa menn að hafa það í huga í sambandi við þessi mál, að það liggur óumdeilanlega fyrir í skýrslum frá Þjóðhagsstofnun, að

áður en kom til þeirra launasamninga, sem gerðu þetta mikla breytingu og urðu á miðju ári eða í júnímánuði, þá lá fyrir að vísitöluhækkun sem leiddi af sér ákveðna kauphækkun í krónum talið, var talin í kringum 27%, áður en áhrif af nýjum kaupgjaldssamningum komu til. Það var sem sagt hér í gangi ör verðlagsþróun sem leiddi þegar af sér á fyrri hluta ársins tilteknar verðhækkanir sem samningar gerðu ráð fyrir að bættar yrðu í krónutölu. Þetta var auðvitað fyrsta ástæðan, að hér var á ferðinni bullandi verðbólga áður en kom til áhrifa frá kaupgjaldssamningunum, á meðan það ástand var enn ríkjandi, að það hafði verið um að ræða skerðingu á kaupmætti launa.

En þetta var ekki eini liðurinn, heldur vissu menn að á sama tíma og launasamningar voru að fara fram dundu hér yfir verðhækkanir af ýmsum tegundum, og hægt væri að telja upp langan lista verðhækkana um þetta sama leyti, sem þá voru ekki komnar inn í kaupgjaldsvísitölu eða komnar inn í þetta dæmi þegar kaupgjaldssamningar voru gerðir. Og þessi hækkunarskrúfa hélt áfram. Á seinni hluta ársins var bætt við skrúfuna heldur myndarlega af ríkisvaldinu sjálfu með því að hækka t. d. vexti í landinu tvívegis á þessum tíma og gera á þessu tímabili einhverja mestu vaxtahækkun sem hér hefur gengið yfir, þannig að m. a. hinir margumtöluðu afurðalánavextir til útflutningsatvinnuveganna hækkuðu næstum að segja um helming eða um 7% á þessu tímabili. Auðvitað hafði þetta sín áhrif á hið almenna verðlag í landinu og hélt áfram að auka hraðann á skrúfunni. Auðvitað þýddi þetta líka það, að þegar þessar tölur voru komnar inn í dæmi atvinnuveganna um komandi útgjöld á þeirra vegum, þá vitanlega hækkuðu þær útgjaldatölur.

Ef menn vilja athuga þetta mál aðeins nánar má taka t. d. aðeins framfærsluvísitöluna frá 1. febr. 1977 til 1. febr. 1978, taka árstímabilið sem hér er raunverulega um að ræða, því að það er hið nánasta sem við höfum þegar við lítum á hreyfinguna á árinu 1977, að taka verðlagið frá 1. febr. og fara til 1. febr. á næsta ári, nær áramótunum komumst við ekki. Hvaða hreyfing var á vísitölunni á þessu tímabili? Jú, vísitalan 1. febr. 1977 var 682 stig, en 1. febr. nú var hún komin í 934 stig. Vísitalan hafði hækkað á þessu tímabili um 37%. Það var aðeins vísitalan. Og þegar svo bættist við þetta sú eiginlega grunnkaupshækkun, sem samið var um á miðju ári í samningum verkalýðsfélaganna og síðan reyndar einnig í samningum opinberra starfsmanna síðar á árinu og gætti miklu minna á árinu, en varð auðvitað að taka tillit til við gerð fjárl. á eftir — þegar sú grunnkaupshækkun bættist við, sem þarna var samið um, þá kom hún út í verðlagið ásamt með öðrum verðlagshækkunum sem höfðu leitt af sér kauphækkanir. Eins og allir vita er nákvæmlega sama hvort kaupið hækkar í kjölfar vísitölu eða sem grunnkaupshækkun. Það hækkar í krónum. Sú hækkun leiðir aftur af sér margföldun í verðlagskerfinu. Og þegar þessi margföldun er búin að eiga sér stað segja menn: Kaupið hefur hækkað frá ársbyrjun til ársloka um 60%. Það er ekki nema von að það þurfi að breyta öllu í þessu hagkerfi. — jafnvel þó að launþegarnir hafi ekki fengið nema 8—9% raunkaupshækkun út úr leiknum, þá segja menn: Það þolir auðvitað ekkert hagkerfi þetta. Hér þarf að nema staðar.

Það, sem er hér um að ræða, er að hér var á ferðinni fyrri hluta ársins bullandi verðbólga án þess að um grunnkaupshækkanir væri að ræða, og sú verðbólga stafaði af ákveðnum hlutum. Það var ekki hægt að kenna launum eða launasamningum um þá þróun. Og það var ekki heldur hægt að kenna launum eða launasamningum út af fyrir sig um það, þó að afleiðingar af krónutöluhækkun kaupsins kæmu út í margföldun á verðlagi, á meðan krónutöluhækkunin á kaupinu stafaði af verðlagshækkun. Nú liggur það fyrir, að þessi grunnkaupshækkun, sem launþegasamtökin sömdu um á miðju ári, var ekki meiri á árinu 1977 en útreiknaðar hækkanir á þjóðhagstekjum, heildartekjur þjóðarbúsins hækkuðu mjög svipað að tiltölu og raunkaupshækkunin varð á þessu ári. Og menn hafi það einnig í huga, að þessi grunnkaupshækkun er að koma ofan í tímabil þar sem raunkaupshækkunin hafði verið neikvæð, hafði farið niður.

Í sambandi við þetta kemur auðvitað upp sú hugsun: Hvað er það þá sem gerði það að verkum að þetta þurfti að fara svona? Var þetta alveg óhjákvæmilegt? Var engin leið til þess að komast hjá því í sambandi við 8—9% raunkaupshækkun að láta þetta allt gerast á þessa leið, að krónutöluhækkunin í kaupi frá upphafi árs til loka árs þyrfti að verða í kringum 60%? Jú, það var hægt, og það var m. a. talað um það hér af mér og mörgum fleirum allan tímann og ríkisstj. vöruð við í þessum efnum. Og það gerðu bæði verkalýðssamtökin í landinu og einnig vinnuveitendur, — vinnuveitendur líka, ég undirstrika það. Þessir aðilar, gerðu sér grein fyrir því, að það var algerlega óhjákvæmilegt að það yrði raunkaupshækkun á s. l. ári, bæði með tilliti til þess, sem á undan var gengið í þróun kaupgjaldsmála, og einnig með tilliti til stöðu þjóðarbúsins almennt séð. Það var engin leið að víkja sér undan einhverri raunkaupshækkun. Þá var það sem hér var á það bent strax í byrjun ársins, þegar þetta lá fyrir, og síðan æ ofan í æ fram eftir ári, að ef þessi skrúfugangur ætti ekki að leiða til þess sem hann hefur leitt til, þá væri óhjákvæmilegt að ríkisvaldið sjálft skapaði svigrúm fyrir þessar kauphækkanir. Það yrði með einhverjum hætti að reyna að færa verðlag niður og gefa þannig eitthvert svigrúm fyrir því að þessar launahækkanir gætu átt sér stað án þess að þær þyrftu að bætast ofan á allt sem fyrir var. En einmitt í þessum efnum gerðist ólukkan. Þá lemur hæstv. ríkisstj. hausnum við steininn allan tímann og segir. Það kemur ekki til mála. — Meira að segja þegar hún átti kost á því að skapa svigrúm með jafneinföldum hætti og þeim að fella niður 2% söluskatt, sem áður hafði runnið í Viðlagasjóð og var ætlaður til alveg ákveðinna aðgerða, og þegar búið var að leggja niður Viðlagasjóð og þar með gátu þessi 2 söluskattsstig fallið niður, þá neitaði ríkisstj. að skapa þetta svigrúm upp á þessi 2%. Hún hirti þennan skatt og sagði: Ekki veitir mér af þessum nýja skatti. — Og hún tók hann til sín. Og þetta var ekki einasta tilfellið. Það var í mörgum öðrum tilfell-

um sem ríkisstj. hagaði sér á sömu lund, og hún virtist vera svo skammsýn í þessum efnum, að hún afsakaði þetta allt með því að segja: Ekki veitir ríkissjóði af. Fyrir alla muni verður ríkissjóður að koma út þannig að hann sé ekki rekinn með halla, því að það yrði út af fyrir sig verðbólgumyndandi ef ríkissjóður væri rekinn með halla.

Ég sagði hér og segi enn: Ég er samþykkur því að við núverandi aðstæður áttum við ekki að reka ríkissjóð með halla. En það er alger blekking að ætla sér að leysa þetta vandamál á þann hátt að segja: Við afgreiðum ríkissjóð hallalausan, en við gerum það á þann hátt að við hækkum verðlagið í landinu. — Með því var dæmi ríkissjóðs tekið út af fyrir sig, en vandinn skilinn eftir fyrir utan ríkissjóð, úti í hagkerfinu, í sambandi við atvinnulífið í landinu, því að vandinn þeim megin hlaut að vaxa að sama skapi. En ríkisstj. fór þessa leið. Hún hækkaði tekjur ríkisins og hækkaði tekjur ríkisins, og bæta má því enn einu sinni við: hún hækkaði tekjur ríkisins. Hún valdi margar leiðir í þessu skyni og gerði því hinn almenna efnahagsvanda enn þá meiri eftir en áður. Því segi ég það, að það er þessi efnahagsmálastefna sem hefur leitt til þess vanda sem menn standa frammi fyrir nú, og hæstv. ríkisstj. hafði gert sér þetta ljóst. Hún hafði hreinlega valið þá leið að fara verðhækkunarleiðina. Og þó að hún væri að skipa verðbólgunefnd, sem ætti að glíma við það að færa verðlagið niður, þá var hún samt sem áður á hinni brautinni sjálf, að hækka allt verðlag. Og ríkisstj. var svo sannfærð um hvað hún var að gera í þessum efnum, að þegar t. d. kom að afgreiðslu fjárl. nú rétt fyrir áramótin, þá var hún svo sannfærð um hvað hún var að gera, að hún beinlínis afgreiddi fjárlagafrv. út frá því sjónarmiði að það yrði um stórfellda gengislækkun að ræða á árinu 1978. Og ég vitna enn til þess og vil láta það koma hér skýrt fram, að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, Jón Sigurðsson, sá aðili sem hefur jafnan reiknað út forsendur fjárl. og þurfti að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, hvað tekjur ríkissjóðs yrðu væntanlega miklar á árinu 1978, hvað yrðu tekjurnar miklar af innfluttum vörum, hvað yrðu tekjurnar miklar af söluskatti og öðrum þáttum í sambandi við ríkisfjármálin, hann upplýsti á fundi fjvn., að hann hefði miðað áætlanir sínar við afgreiðslu fjárl. við það, að um yrði að ræða gengissig á árinu 1978 upp á 1½% á mánuði eða 18% yfir árið. Ég hef þetta ekki aðeins frá þeim aðilum, sem sæti eiga í fjvn., og það hefur verið margstaðfest af þeim, ég hef borið þetta undir þjóðhagsstjóra sjálfan og hann hefur viðurkennt í votta viðurvist að þetta sé rétt.

Það fer því ekkert á milli mála, að hæstv. ríkisstj. hafði gert sér grein fyrir því, að hún var að velja verðhækkunar- og verðbólguleið með stefnu sinni allri fram eftir öllu ári og staðfesti það formlega við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1978. Af þessum ástæðum, sem ég hef sagt, stafar það sjávarútvegsdæmi og það dæmi atvinnuveganna sem lagt hefur verið fyrir, þar sem talað er um mikinn hallarekstur atvinnuveganna á árinu 1978. Inn í það dæmi er búið að taka afleiðingarnar af þeirri stefnu sem ég hef verið að lýsa. Það er búið að taka meginhlutann af þeirri kaupgjaldshækkun, sem um var samið, og afleiðingarnar, sem voru látnar koma fram fyrst í formlegum snúningi vísitölunnar 1. sept., eftir launasamningana, svo aftur 1. des. og enn 1. febr. Það er búið raunverulega að framkalla allar verðhækkanir sem leiðir af þessari stefnu. Þetta er komið inn í það sjávarútvegsdæmi sem lagt er fyrir alþm. Útgjöldin eru komin inn í dæmið. Hallinn er kominn fram. Hins vegar er ekki búið að setja inn í þetta sama dæmi þá tölu sem t. d. þjóðhagsstjóri hafði sett inn í fjárlagafrv. um breytingar á gengi krónunnar. Ef breytingarnar á gengi krónunnar, sem hljóta að fylgja ráðstöfunum eins og þessum alveg eins og nótt degi, eru settar í dæmið, og þar eiga heima í dæminu nákvæmlega eins og afleiðingarnar af þessari stefnu, eins og gjaldahliðin, þá er vandi útflutningsatvinnuveganna allt annar. Það er af þessum ástæðum sem við í minni hl. segjum: Við gerum ekki till. um gengislækkun til þess að bjarga sérstaklega útflutningsatvinnuvegunum. Það er þegar búið að ákveða þessa stefnu alla, bæði útgjöldin og tekjuhliðina, af þeim sem myndað hafa stefnuna.

Það verkefni, sem lá hins vegar fyrir verðbólgunefnd, var að glíma við þann sérstaka vanda sem lagt var fyrir n. að glíma við. Það var að koma með till. um hvernig væri hægt að mæta þessari miklu verðbólgu, hvernig væri hægt að lækka hér verðlag.

Ég álít að hv. alþm. þurfi að gera sér fyllilega grein fyrir samhengi þessara mála, því að svona eru þau í fullu samhengi. Og menn skulu átta sig á því, að það er fyrst og fremst efnahagsmálastefna stjórnarinnar á þessu nýliðna ári sem er sú sama og áður var. Hún er gengislækkunarstefna, hún er verðhækkunarstefna, hún er vaxtahækkunarstefna. Hún er stefna sem virðist vera ákaflega frjálslynd við að leyfa allar mögulegar verðhækkanir. Slík stefna leiðir vitanlega af sér gengislækkun á gengislækkun ofan, og síðan leiðir gengislækkunin af sér nýjan vanda aftur.

En það er svo einn þáttur enn í sambandi við vandamál atvinnuveganna, sem ég tel ástæðu til að víkja hér örlítið að. Ég sagði áðan, að þó að ég viðurkenndi að atvinnuvegir okkar og þá sérstaklega útflutningsatvinnugreinarnar stæðu frammi fyrir vandamálum, þá hefði ég ýmsar aths. að gera við þá útreikninga sem fyrir liggja. Sérstaklega vil ég beina athygli manna að því, að vandamál t. d. fiskiðnaðarins í landinu eru geysilega mismunandi. Þær skýrslur, sem fyrir liggja og menn hafa væntanlega margir hverjir skoðað, sýna að það er gífurlega mikill mismunur á afkomu hinna einstöku fiskiðnfyrirtækja í landinu. Ef t. d. er skoðaður stærsti og veigamesti þáttur fiskiðnaðarins, sem er frystihúsaiðnaðurinn, þar sem um er að ræða í kringum 100 frystihús, þá má segja að þær skýrslur, sem fyrir liggja, sýni það í stórum dráttum, að í kringum 1/5 eða svo af þessum frystihúsafjölda hafi haft á s. l. ári mjög góða afkomu, í fullar afskriftir og meira en það. Og það sýnir sig einnig, að afkoma þessara frystihúsa er það góð, að hún verður að teljast mjög sæmileg enn við þau rekstrarskilyrði sem voru nú í upphafi ársins. Mér dettur ekki í hug að neita því, að þessi frystihús hefðu gjarnan

mátt hafa betri afkomu, bestu húsin í þessum rekstri. En eigi að síður er þetta staðreynd sem ég er að benda hér á. Þessar skýrslur sýna líka, að það má síðan taka í kringum 1/3 hluta af frystihúsunum til viðbótar eða nærri þeirri tölu, sem hafa haft á s. l. ári góða afkomu, hafa haft talsvert myndarlegan hagnað og búið við alveg þokkalega afkomu á okkar mælikvarða. Auðvitað eru þau nokkuð misjöfn eins og gengur, en þó má segja að þetta sé í stórum dráttum þannig. Þessi hús þola að vísu ekki þann rekstrargrundvöll sem fyrir lá nú í janúar, þegar allar kauphækkanir og allar verðhækkanir og allar vaxtahækkanir voru komnar inn í rekstrarhliðina, en hins vegar ekki nema mjög takmarkað inn í tekjuhliðina af því sem raunverulega hafði verið gert ráð fyrir að þau fengju. En það má segja að þessi hús hafi haft mjög þokkalega afkomu. Til viðbótar við þetta má svo tala um talsvert stóran hluta, kannske hartnær 40% af frystihúsunum í landinu, sem höfðu taprekstur á s. l. ári og eru auðvitað með mikinn taprekstur á þessum janúargrundvelli sem útreikningarnir eru byggðir núna á.

Þetta mjög lauslega dæmi, sem ég hef dregið upp, sýnir hvað hér er um mikinn mismun að ræða í rekstri þessarar greinar. Það er líka fróðlegt fyrir menn að átta sig á því við nánari athugun á þessum málum, hvað það er sem skýrir þennan mikla mismun. Mér finnst full ástæða til að fara um það nokkrum orðum, af því að ég þykist hafa fundið það æðioft hér á hv. Alþ. og þó kannske enn þá meira hjá ýmsum svonefndum sérfræðingum fyrir utan Alþ., að þá vanti skilning á því, hvað þetta þýðir. Við nánari athugun kemur í ljós, að t. d. þau frystihús í landinu, sem búa við langsamlega besta afkomu og teljast til besta flokksins, það eru frystihús sem búin eru að koma rekstraraðstöðu sinni nokkurn veginn í besta form sem við þekkjum hér á landi, ég tala nú ekki um ef þau hafa gert það fyrir nokkrum árum. Það eru frystihús sem hafa náð því að samtengja nokkurn veginn vinslu sína og hráefnisöflun. Þau eiga nokkurn veginn örugga hráefnisöflun og geta haldið uppi stöðugri og öruggri og jafnri vinnslu. M. ö. o.: það eru þau húsin sem hafa fengið eðlilegan hluta af fjárfestingarfjármagni þjóðarinnar til þess að koma fram umbótum í rekstri sínum. Þarna eru sem sagt þau hús sem hafa fengið aðstöðu til þess að eignast sjálf eða fá hlutdeild í skuttogurum. Það er svo mál út af fyrir sig, að einmitt í hópi þessara frystihúsa er líka borgað langhæsta kaupið í landinu, en þar er afkoman best.

Þegar aftur er litið á hina hópana og sérstaklega þann hópinn sem er með lökustu afkomuna, þá er þar einmitt um að ræða þá sem hafa ekki fengið fjármagn eða hafa ekki lagt í það af einhverjum ástæðum að ráðast í þær umbætur, sem þurfti að gera í þessari iðngrein, og hafa ekki náð því að samstilla hráefnisöflun og vinnslu. En þrátt fyrir þetta og þó að á þetta hafi oft verið bent hér á hv. Alþ., m. a. af mér, þá er það svo, að hér koma efnahagssérfræðingar — og hæstv. ríkisstj. tekur orð þeirra alltaf sem heilög — og telja sjálfsagt að skera niður yfir línuna sem heild það fjárfestingarfjármagn sem á að ganga til okkar eigin atvinnuvega. Það er það fjárfestingarfjármagn, sem hefur farið minnkandi að magni á undanförnum árum, á sama tíma sem fjárfestingarfjármagnið hefur gengið í aðrar greinar sem skila litlu eða engu. Nú eru menn þó loksins komnir á þá skoðun — og mættu allir alþm. komast í þann hóp — að átta sig á því, að sú fjárfesting, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum í skuttogaraflotanum og í umbótum í hraðfrystiiðnaðinum, er einmitt sú fjárfesting sem skilað hefur langsamlega mestum arði í þjóðarbúið. En menn hafa leyft sér að taka þetta allt saman í einn bunka og segja: Fjárfestingarfjármagnið sem heild hefur verið svona mikið og hin merka útkoma af því í afrakstrinum er ekki mikil. — Það er rétt. Það er lítill vandi að benda hér á fjárfestingarframkvæmdir, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, sem ekki hafa gefið í þjóðarbúið einn einasta eyri og við höfum þurft að borga með og borgum með enn þá. En það eru ekki framkvæmdir af þessu tagi.

Ég hef talið eðlilegt og nauðsynlegt að láta þetta koma fram frá minni hálfu einmitt í sambandi við afgreiðslu þessa frv. sem sérstaklega snertir gengisskráningu. Það er á þennan hátt sem ég hef sagt, í beinu samhengi við afgreiðslu, þeirra efnahagsaðgerða sem nú er ætlað að afgreiða hér, almennt séð.

Ég skal svo ekki fara langt út í að ræða hér aðra þætti þessara mála nema sérstakt tilefni verði gefið til. En ég tel fyrir mitt leyti, að þetta ásamt með mörgu öðru, sem auðvelt er hér til að tína, sýni það og sanni, að það er sú efnahagsmálastefna sem hæstv. ríkisstj. hefur mótað og farið eftir á undanförnum árum, sem leiðir af sér þennan vanda og setur okkur í þennan vítahring, að hækkunarskrúfan er sífellt í gangi, kallar á gengislækkun og aftur verðhækkun, og engin lausn er til nema hér verði snúið til baka. Ég skal að vísu segja það í þessu sambandi og í beinu framhaldi af því sem ég sagði hér í gær, að ef það væri raunverulega ætlunin og ef það væri trúverðugt sem hér kom fram hjá hæstv. forsrh., að nú ætlaði ríkisstj. sér að taka upp annað viðhorf í gengismálum en verið hefði, hætta við gengissigsstefnuna og fara að halda sig við fasta skráningu gengisins, þá væri það út af fyrir sig merkileg stefnubreyting. En það er augljóst mál, að það þarf að fylgja því meira en að hætta að láta gengið falla, því að það kemst enginn hjá því að láta gengið falla ef menn láta alla hina þætti málsins snúast í fullum gangi. Ef menn halda áfram að hækka vextina, eins og nú er jafnvel verið að boða, að næsta gusa eigi að þýða 3—4% í vöxtum, og ef menn leyfa svo allar aðrar verðhækkanir, þá leiðir það auðvitað til þess, að það dynur yfir önnur gengislækkun og vítahringurinn heldur áfram. Ástæðan til þess að ég hef m. a. barist á móti þessari furðulegu kenningu, að ætla að binda vextina aftan í verðbólguna eins og gert hefur verið, er ekki sú, að mér detti í hug að vextirnir geti alltaf verið þeir sömu ef allt hitt er látið dansa laust. Það er einn liður í því að reyna að stöðva þennan hringsnúning. Kaupið fer ekki upp eftir vísitölu, ef annað er stöðvað, og fyrsta leiðin er auðvitað að reyna að fara inn á þá braut sem við í minni hl. höfum lagt til, þ. e. að reyna að færa verðlag

niður til þess þó a. m. k. að koma í veg fyrir ákveðnar verðhækkanir, reyna síðan að leysa vandamálin án þess að breyta genginu í sífellu og hætta þessari vitleysu, að ætla sér að hengja alla hluti aftan í verðbólguna og lofa þeim að snúast með verðbólgunni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég kvað mér hljóðs hér fyrst og fremst til að þakka hv. viðsk.- og fjhn. þessarar deildar fyrir fljóta afgreiðslu á því máli sem hér er á dagskrá. En með því að nauðsynlegt er að flýta afgreiðslu þessa máls og enn fremur með tilvísun til þess, að í umr. um efnahagsmálin almennt, væntanlega á morgun og eftir helgi, gefst tækifæri til að ræða þau frekar, mun ég ekki hafa þessi orð fleiri, enda þarf ég víst ekki að taka það fram, að ég er í flestu ósammála málflutningi hv. 2. þm. Austurl. sem hér talaði áðan, en það kemur betur fram í seinni umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:11 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 20:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:10 atkv.

Neðri deild, 53. fundur.

Fimmtudaginn 9. febr., að loknum 52. fundi.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 341). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Gils Guðmundsson: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál almennt, en vil freista þess nú við 3. umr. að leggja fram litla brtt. við 3. gr. frv. Það er í sambandi við það, að samkv. 3. gr. er svo fyrir mælt, að hluti af fé gengismunarsjóðs, um 350 millj. kr. að því er hæstv. sjútvrh. upplýsti, á að renna til þess að efla hagræðingu í fiskiðnaði. Eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Austurl., þá er ekkert nánar tiltekið eða ákvarðað í sambandi við það, með hverjum hætti þessi hluti af fé gengismunarsjóðs eigi að renna til þessa verkefnis. Það er algerlega á valdi ríkisstj. að ákveða það. Með tilliti til þess, að þarna er um þó nokkra fjárhæð að ræða til viðbótar við 500 millj. kr., sem áður hefur verið ákveðið að verja í þessu skyni, þá tel ég að það sé algerlega óeðlilegt, að ekki sé neitt nánar ákveðið um það í þessum væntanlegu lögum, hvernig eigi að ráðstafa þessu fé. Þar tel ég að búa þurfi betur um hnúta af Alþingis hálfu.

Það er kunnugt að einstakir landshlutar eru mjög misjafnlega á vegi staddir í sambandi við þetta mál, í sambandi við það að auka hagræðingu í fiskiðnaði. Víða úti um landið hefur verið unnið býsna ötullega að þessum málum á undanförnum árum, má segja á þessum áratug, og þar hefur niðurstaðan á allmörgum stöðum orðið sú, að það má segja að orðið hafi gerbreyting í sambandi við rekstur sjávarútvegs og fiskiðnaðar, gerbreyting til bóta frá því sem áður var, eftir að þessi hagræðing var komin á, sérstaklega þar sem svo hefur tekist til að nokkurt samræmi er á milli veiðanna sjálfra og þeirrar fjárfestingar og þess mannafla sem vinnur eða gert er ráð fyrir að vinni við fiskiðnaðinn. Á öðrum stöðum hafa ýmsar ástæður valdið því, að þessi atvinnuuppbygging hefur orðið mjög á eftir, og vil ég alveg sérstaklega af þessu tilefni nefna það, að Suðurnes eru þarna mjög illa á vegi stödd og e. t. v. verr en flestir ef ekki allir landshlutar aðrir. Þetta kom mjög greinilega fram í þeirri athugun á afkomu frystihúsa sem Þjóðhagsstofnun gerði að fyrirmælum ríkisstj. s. l. haust. Sú skýrsla kom út fjölrituð í októbermánuði s. l., og hún sýnir mjög greinilega að nýting hráefnis er áberandi lökust í hraðfrystiiðnaði á Suðurnesjum. Þessi könnun sýnir einnig að nýting fjármagns í frystiiðnaði er lakari á Reykjanessvæðinu en í öðrum landshlutum. Suðurnesin eru að vísu ekki tekin þar sérstaklega, heldur Reykjaneskjördæmi.

Ég ætla ekki við þetta tækifæri að fara út í það, hvað valdi því að Suðurnes eru svo illa á vegi stödd í þessum efnum, að þau virðast vera einna lakast á vegi stödd allra landshluta að því er snertir uppbyggingu fiskiðnaðar. Ég bendi aðeins á það, að útbýtt hefur verið till. til þál. um Suðurnesjaáætlun sem ég flyt ásamt hv. 11. landsk. þm., Geir Gunnarssyni, og þar er allrækilega farið út í þessa sálma og gerð nokkur grein fyrir ýmsum ástæðum þess, að Suðurnesin eru svo illa á vegi stödd nú, að þar eru mörg fiskiðnfyrirtæki sem ekki hafa séð sér fært að taka á móti fiski. Þau eru lokuð nú á hávertíðinni. Ég bendi aðeins á það, að þarna er nauðsyn alveg sérstaklega brýn, og með tilliti til þess að svo er ástatt á þessum stað og sjálfsagt nokkrum öðrum, þá vil ég leyfa mér að leggja hér fram brtt. við 3. gr. þessa frv. Hún er svo hljóðandi, að aftan við gr. bætist:

„Við setningu reglna um stuðning við hagræðingu í fiskiðnaði skal lögð sérstök áhersla á skipulega uppbyggingu fiskiðnaðar á svæðum sem verst eru sett atvinnulega og skila lakastri nýtingu hráefnis og fjármagns."

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þessa till., en þó aðeins leggja áherslu á að það er ekki hugmynd mín að þessu fé, sem á að verja til þess að auka hagræðingu í fiskiðnaði, skuli varið til þess fyrst og fremst eða í nokkrum mæli að bæta lélega rekstrarstöðu frystihúsa eða fiskvinnslustöðva, ef ekkert annað er gert. Það kemur heldur lítið út úr því greinilega. Það þarf annað og meira til að koma og ákvæði þarf að setja um það, að þessi hagræðing fari raunverulega fram og að hún komi að notum þar sem þörfin er brýnust. Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin, og ég bið því hæstv. forseta að leita afbrigða, svo að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 350) samþ. með 25 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Í tilefni af þessari brtt. frá hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundssyni, vil ég taka það fram, að ég tel þessa brtt. algerlega óþarfa. Það liggur í augum uppi, að það fjármagn, sem verður til ráðstöfunar til að auka hagræðingu í fiskiðnaði og fram hefur verið tekið að er auk þeirrar upphæðar, sem fæst úr gengismunarsjóði, þeir fjármunir sem Byggðasjóður hefur ráðstafað í þessu skyni, — þessir fjármunir verða auðvitað nýttir þannig að sérstök áhersla verði lögð á að bæta nýtingu þeirra fiskvinnslustöðva sem verst eru staddar í þeim efnum, auðvitað að því tilskildu að rekstrargrundvöllur sé fyrir þessar fiskvinnslustöðvar. Það er ekkert launungarmál, að þessar ráðstafanir eru ekki síst gerðar með tilvísun til lakrar nýtingar hráefnis hér suðvestanlands og raunar á Suðurlandi að hluta og Vestmannaeyjum, og það er úrvinnsluefni fyrir þá sem fjalla um ráðstöfun þessa fjár, forráðamanna Byggðasjóðs og gengismunarsjóðs, og viðkomandi viðskiptabanka sem og Seðlabankans, eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh. í umr. um þetta mál í gær. Því vil ég ítreka og endurtaka, að ég sé ekki ástæðu fyrir þessari brtt. og tel hana óþarfa.

Gunnar Sveinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega það mál sem hér er til umr. Það, sem varð þess valdandi að ég stóð hér upp, er sú till. sem Gils Guðmundsson bar hér fram um að sérstaklega verði tekið tillit til þeirra staða sem versta hafa nýtingu í fiskiðnaði og verst eru á vegi staddir í sambandi við útgerð og fiskvinnslu nú í dag. *Ég vil lýsa stuðningi mínum* við till. hans og vísa til þeirra orða sem hann sagði um ástand í fiskvinnslu á Suðurnesjum.

Nýlega hafa verið hjá okkur suður frá framkvæmdastjórar Byggðasjóðs. Þeir hafa rætt þar við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og þeim hefur verið gerð grein fyrir því ástandi sem ríkir í fiskvinnslunni á Suðurnesjum, þar sem nú nýlega hafa 2 af 7 togurum á staðnum verið seldir í burtu og fyrir liggur að þriðji togarinn muni einnig vera á förum. Það liggur líka ljóst fyrir, að mörg af kraftmestu frystihúsum á svæðinu eru ekki starfrækt núna vegna erfiðrar fjárhagsaðstöðu, og í heilum byggðarlögum, eins og t. d. í Njarðvík, þar sem aðeins eitt frystihús var starfandi, er nú ekkert frystihús starfandi. Ég tel því að það sé full ástæða til þess, einmitt þegar verið er að afgreiða þetta mál hér, að á það sé bent, að sérstaklega verði tekið tillit til svæðis sem á við svipaðar aðstæður að búa í dag og Suðurnesin þegar farið verður að úthluta því fé sem kemur þarna til ráðstöfunar. Ég held að menn hafi yfirleitt ekki gert sér ljóst, hvað þessum þróttmiklu útgerðarstöðum í mörg ár hefur á síðustu árum farið aftur, og það má fyrst og fremst rekja til skiptingar aflans og að afli hefur stórminnkað, fyrir utan það að fyrirgreiðsla til svæðisins af hálfu lánastofnana og ríkisvaldsins hefur ekki verið söm og til annarra staða sem hafa átt við svipaða erfiðleika að stríða. Ég tel því fulla ástæðu til, að þessi till. sé flutt, og lýsi, eins og ég sagði áðan, stuðningi mínum við hana og vona að þm. samþykki hana.

ATKVGR.

Brtt. 350 felld með 23:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, GS, GilsG, GÞG, GSv, LJós, VilbH, MÓ, SvJ.

nei: EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, IngJ, GHB, KP, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SV, SvH, TÁ, ÞS, ÞÞ, RH.

8 þm. (BGr, HES, IG, JónasÁ, PS, SighB, SigurlB, VH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Eins og fram hefur komið, bæði í grg. frv. og framsöguræðu hæstv. forsrh., á þetta fjármagn að fara til hagræðingar í fiskiðnaði, og því hefur verið lýst yfir, að áhersla verði lögð á skipulega uppbyggingu fiskiðnaðar á öllu landinu, en ekki á tilteknum svæðum, þó að þörfin sé misjafnlega mikil. Ég tel þess vegna þessa till. algerlega óþarfa og segi nei.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Ég treysti ríkisstj. og stjórn Byggðasjóðs fyllilega til þess að úthluta þessu fjármagni með réttlátum hætti. Þeir hv. þm., sem hafa grun um að flokksmenn þeirra, t. d. í stjórn Byggðasjóðs, muni ekki hafa nægа réttlætiskennd til að bera, ættu að vinna að framgangi málsins í þingflokkum sínum. Ég segi nei.

Frv. samþ. með 23:8 atkv. og afgr. til Ed.

Virkjun Blöndu, frv. (þskj. 153). — Frh. 1. umr.

Pálmi Jónsson: Hæstv. forseti. Þegar hafa orðið miklar umr. um þetta frv. og ég skal ekki lengja þær mikið, enda er mál til komið að málið fari að ganga til nefndar.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson hefur flutt efnislegar athugasemdir við frv. Út af þeim vil ég taka það fram, að ég er ekki haldinn neinum fordómum gegn því, að Rafmagnsveitum ríkisins eða Landsvirkjun verði falið að annast virkjunarframkvæmdir við Blöndu, eftir því sem Alþ. sýnist best henta. Eðlilegt má telja að það sé bundið a. m. k. að mestu í lögum, hver skuli vera framkvæmdaraðili. Ef Norðurlandsvirkjun verður ekki komin á laggir áður en frv. verður afgreitt eða stofnun þess fyrirtækis í sjónmáli, sýnist eðlilegt að framkvæmd verksins verði falin öðrum aðila. Rétt sýnist mér þó að taka fram, að hæpið virðist að Landsvirkjun geti orðið eignar- og rekstraraðili Blönduvirkjunar, nema skipulagsbreytingar í orkumálum færist í þá átt, að Landsvirkjun verði orkuöflunarfyrirtæki fyrir meginhluta landsins. Eigi að síður væri unnt að fela Landsvirkjun að annast framkvæmd verksins, enda þótt Rafmagnsveitur ríkisins komi þar ekki síður til greina.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti mikla ræðu á mánudaginn var. Hann talaði af eldmóði, og ókunnugir hefðu getað látið sér detta í hug að hann hefði í rauninni drukkið eldvatn, slíkur var talandinn og limaburðurinn. Ég hygg að svo hafi ekki verið, heldur hafi hv. þm. aðeins verið í sínu besta formi. En þegar ræður eru flutt-

ar í þessum ham, þá vilja einfaldir hlutir stundum gleymast, og þannig fór fyrir hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Hann sagði t. d. eitthvað á þá leið, að það væri alveg sama hve mikið rafmagn væri framleitt á Suðvesturlandi eða annars staðar á landinu, það væri ómögulegt að koma því til Vestfjarða vegna þess að rafmagn yrði ekki sent í bögglapósti. Þetta er auðvitað mjög skarplega athugað hjá hv. þm., en á tæplega heima í umr. um þetta frv. Ég held að enginn geri ráð fyrir því, að orkuframleiðsla hefjist í Blöndu fyrr en um miðjan næsta áratug og kannske síðar. Hv. þm. ætti að vita að áætlað er að hefja byggingu Vestfjarðalínu frá Hrútatungu á þessu ári og væntanlega verður því verki lokið á tveim eða mesta lagi þrem árum. Það verður því engin ástæða til þess að gera tilraun til að senda rafmagn frá Blöndu í bögglapósti til Vestfjarða þegar þar að kemur.

Þá taldi hv. þm. að orkuspáin væri markleysa, vegna þess að hún væri reist á þeirri forsendu að dreifikerfin yrðu endurbyggð og það væri bæði dýrt og tæknilega óframkvæmanlegt á skemmri tíma en 10 árum. Það er alveg rétt, að til þess að orkuspáin verði virk þarf að endurbyggja dreifikerfi og stofnlínur og reisa aðveitustöðvar. En ekki hafa menn í raforkukerfinu viljað segja við mig að þetta sé ekki unnt að gera á skemmri tíma en 10 árum. Jafnvel þó það reynist svo er það ekki slæmt mark að keppa að, vegna þess að orkuspáin nær yfir 25 ára tímabil, en ekki 10 ár eða skemur. Jafneinfalt atriði virðist hafa farið fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni.

Það er hárrétt, að þetta kostar mikið fé, og hafa verið nefndar stórar tölur í þessu sambandi eða yfir 20 milljarða kr. En við komumst ekki hjá því að verja miklum fjármunum í þessu skyni ef við viljum nýta innlenda orkugjafa í þágu okkar sjálfra. Ef við gerum það ekki tökum við a. m. k. áhættuna af því að mæta vaxandi orkuþörf okkar með kaupum á orku frá þverrandi orkumörkuðum heimsins. Það kann einnig að verða dýrt.

Önnur atriði í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar skal ég að mestu láta liggja á milli hluta, þó nefna megi, að þar sem hann vitnar réttilega í umsögn Jakobs Björnssonar orkumálastjóra um að nauðsynlegar rannsóknir við Blöndu taki 2—3 ár, þá er sú umsögn nú nærri árs gömul.

Réttmæti fullyrðinga hans um að 10 milljörðum kr. hafi verið eytt til einskis við Kröflu held ég að best sé að láta reynsluna leiða í ljós.

Hv. þm. Páll Pétursson flutti hér langa ræðu. Það er engin nýlunda að þessi hv. þm. flytji langar ræður. En ræðan var með besta móti undirbúin og flutt af vélrituðum blöðum. Ætla mætti að málefnalegt inntak hennar hefði verið í samræmi við þetta. En því var því miður ekki að heilsa. Hins vegar var nóg af staðlausum fullyrðingum og álappalegum tilraunum til þess að vera fyndinn á minn kostnað og annarra. Þetta er skiljanlegt í hinni vandlegu undirbúnu ræðu hv. þm., enda stundum þrautaráð þegar röksemdir eru á þrotum.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði oft í ræðu sinni eitthvað á þá leið, að nauðsynlegt væri að segja þetta eða hitt og lesa hitt og annað svo það yrði prentað í Alþingistíðindum, einnig að röksemdir sínar frá því í fyrra um þetta mál væru flestallar í fullu gildi og prentaðar í Alþingistíðindum. Lætur nærri að ætla að þarna sé fundin skýring á löngum ræðum þessa hv. þm. og jafnvel að hann haldi að það sé sama hvaða fjarstæðu hann segi í þessum ræðustól, það verði allt satt þegar búið sé að prenta það í Alþingistíðindum. Þetta er auðvitað mesti misskilningur, eins og stuttlega verður vikið að hér á eftir.

Hv. þm. Páll Pétursson sagðist hafa orðið allra mest undrandi á því sem ég sagði í ræðu minni í síðustu viku, að við ættum að slá striki yfir allar nýjar álbræðslur og járnblendiverksmiðjur á komandi árum. Það var eins og hann héldi að ef maður samþykkti eitt slíkt fyrirtæki, þá sé jafnsjálfsagt að samþykkja önnur og enn önnur um alla framtíð. Þetta er röksemd með svipuðum hætti og ef ég segði, að úr því að hv. þm. samþ. við fjárlagaafgreiðslu að kaupa Víðishúsið, þá teldi hann sjálfsagt að ríkið keypti alla húshjalla hér á höfuðborgarsvæðinu sem til sölu væru, vegna þess, eins og hann sagði við það tækifæri: hvað munar okkur um einn blóðmörskepp í sláturtíðinni. Svona röksemdir eru auðvitað fjarstæða og þarf ekki að hafa fleiri orð um.

Hv. þm. hefur lítið fylgst með þeim skoðunum sem ég hef látið uppi um stóriðjumál, bæði hér á Alþ. og annars staðar, úr því að hann varð svona hissa. Ég hélt fram mjög svipuðum skoðunum um stóriðjumál á Alþ. í fyrra og síðan einnig bæði í ræðu og riti. Þessu valda m. a. auknar upplýsingar um orkuþörf hins almenna markaðar hér á landi og hversu okkur miðar áfram með samtengingu orkuveitusvæða, sem er forsenda fyrir því að unnt sé að nýta orku frá stórvirkjunum til almenningsþarfa.

Síðan bregður hv. þm. Páll Pétursson sér í gervi sagnfræðings og tekur að rekja ímynduð afskipti mín af stóriðjumálum. Af þessum tilraunum hans á þeim vettvangi virðist mér að hann ætti að láta sagnaritun eiga sig. Það hentar honum sýnilega betur að fást við reyfara.

Hv. þm. sagði m. a., að hann hefði horft á mig samþykkja lög um járnblendisamning við Union Carbide 1975. Ekki verður betta satt þó að hv. þm. Páll Pétursson láti prenta það í Alþingistíðindum, því í þeim tíðindum, 17. hefti 1975, sést að ég hef ekki komið nálægt atkvgr. um þetta mál, meira að segja ekki hv. þm. Páll Pétursson sjálfur, því hann var þá víðs fjarri. Jafnvel það, sem sagnfræðingurinn segist horfa á með eigin augum, eru staðlausir stafir og hefur aldrei gerst. Það er ekki góð sagnfræði.

Þá spyr hv. þm. Páll Pétursson, með leyfi forseta: Hvers vegna biður hæstv. iðnrh. fylgismann sinn í fjvn. um sérstaka upphæð til stóriðjunefndar og hv. þm. Pálmi Jónsson lætur 10 milljónir til þessa verkefnis?

Ég varð oft hissa undir ræðu hv. þm., m. a. í þetta skipti, því þm. hefur sýnilega ekki hugmynd um hvað hann er að tala um. Í fjárlagafrv.

fyrir árið 1978 er gert ráð fyrir 10 millj. kr. til viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Og það mundi hv. þm. vita, ef hann hefði einhverja nasasjón af vinnubrögðum fjvn., að hæstv. ráðh. þurfa ekki að biðja einn eða annan um að koma því inn í fjárlög sem þegar er í fjárlagafrv. Hins vegar lagði ég til að texta þessa fjárlagaliðar yrði breytt á þá lund, að þarna stæði: „Til athugana á nýiðnaði.“ Þessu fékk ég ekki ráðið í fjvn., en í fjárl. stendur þó: Til athugana á orkufrekum iðnaði. — Spurning hv. þm. er því byggð á hugarórum einum saman. Það er svo annað mál, að orkufrekur iðnaður getur kallast t. d. basaltvinnsla og önnur steinefnavinnsla, hvort sem hún verður sett niður á Sauðárkróki eða sunnanlands, ég tala nú ekki um títanvinnslu sem jafnvel er rætt um í okkar kjördæmi. Ég tel því æskilegt að þetta fjármagn, 10 millj. kr., fari til athugunar á slíkum nýjum iðngreinum.

Enn spyr hv. þm. Páll Pétursson: Hvers vegna var hv. þm. Pálmi Jónsson að sitja á fundum með fulltrúaráði sjálfstæðismanna norður í Skagafirði fyrir 54 vikum til þess að reyna að fá þá til að taka við álverksmiðju frá Norsk Hydro, úr því hann vill slá striki yfir stóriðjuframkvæmdir?

Ekki sýnist mér sagnfræðin fara batnandi hjá hv. þm. Hið rétta er, að í fyrravetur var haldinn fundur um stóriðjumál á Sauðárkróki á vegum sjálfstæðismanna. Ég var þar ekki staddur og hafði hvergi komið nálægt undirbúningi þess fundar, einfaldlega vegna þess að ég taldi að álbræðsla hentaði ekki okkar fámennu byggðum norður þar. En hugarburður og sleggjudómar hv. þm. eiga sér lítil takmörk.

Þá kemur dálítið skemmtilegur kafli í ræðu hv. þm. Páls Pétursson, þar sem hann í fyrstu hæðist að því, að ég skuli vilja taka mark á sérfræðingum í orkumálum, en ráðleggur mér síðan að taka til eftirbreytni þrjá menn, sem hann kallar sérfræðinga, og þó allra helst einn þeirra, sem ég eigi að gera að leiðtoga lífs míns, en það er félagi okkar, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Minni spámennirnir voru dr. Jóhannes Nordal og Bjarni Einarsson. Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson erum oftast sammála, en ekki alltaf, sem varla er von. Þegar svo fer virðum við rétt hvor annars til þess að hafa sjálfstæðar skoðanir og leggjum ekki í vana okkar að ganga hvor eftir öðrum til þess að fá því breytt. Ég hygg hins vegar að hvorugur okkar kæri sig nokkuð um að hafa hinn að leiðtoga lífsins. Það gæti á hinn bóginn verið athugandi fyrir hv. þm. Pál Pétursson að líta í eigin barm, hvort honum væri ekki þörf á leiðtoga sem gæti leiðbeint honum um vandaðri málflutning en hann hefur tamið sér að undanförnu.

Það er svo rétt að vekja athygli á því, að enginn þessara manna, sem hv. þm. Páll Pétursson nefndi, er að mínum dómi sérfræðingur í orkumálum, og þó að t. d. Jóhannes Nordal sé formaður í stjórn Landsvirkjunar, þá gerir það hann ekki að sérfræðingi á þeim vettvangi. Ummæli, sem eftir þeim voru höfð, eru þeirra skoðanir, en ekki mínar, og eru sumpart þriggja ára gömul og væntanlega byggð á öðrum forsendum en nú liggja fyrir.

Hv. þm. Páll Pétursson gerði gys að því, sem ég sagði um orkuskortinn og hvað hann var talinn kosta. Hér var auðvitað ekki um að ræða neinar bollaleggingar af minni hálfu um þetta efni, heldur mat sérfræðinga Landsvirkjunar, auk þess sem vitnað var til sambærilegs mats erlendis frá.

Þá kemur í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar eftirfarandi klausa sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta.

„Hv. þm. Pálmi Jónsson hafði eftir einhverjum manni úti í bæ, að það væri hægt að flytja allt rafmagn frá Blöndu í tvær áttir og með lítils háttar aukabúnaði, eins og hann sagði, í eina átt. Þetta vil ég eindregið vara hann við að gera, það væri miklu alvarlegra afbrot heldur en að skjóta á einangrun byggðalínunnar úr rifli. Ef hv. þm. sendir meira en 50 mw. eftir línunni, þá bráðnar vírinn.“

Enn er það svo með þennan hv. þm., að hann fullyrðir það sem hann hefur ekki hirt um að kynna sér og veit ekki nokkurn skapaðan hlut um.

Ég tel ástæðu til þess út af þessum fullyrðingum hv. þm. að rekja þær áætlanir sem fyrir liggja um flutning raforku eftir byggðalínunni norður og austur þegar flutningsgeta hennar væri nokkurn veginn fullnýtt. Þá er gert ráð fyrir að taka inn á línuna við Brennimel í Hvalfirði 114 mw. Síðan hverfur þessi orka út smám saman við hverja aðveitustöð, fyrst við aðveitustöðina á Vatnshömrum 22,7 mw. í Hrútatungu, þ. e. fyrir Vestfjarðalínu, Vestur-Húnavatnssýslu og Dali, 20 mw., við Laxárvatn 5 mw., við Varmahlíð 5.7 mw. og á Akureyri 26,6 mw. Þá væru send inn á austurlínu, austur að Eyrarteigi, 20,7 mw. Þessar tölur, sem eru samkvæmt upplýsingum rafmagnsveitustjóra ríkisins, eru ekki allar samanlagt nákvæmlega 114 mw., eins og tekið er inn á línuna í Hvalfirði, vegna þess að nokkur töp verða á orkuflutningnum svo langa leið. En þau sýna þó að gert er ráð fyrir að flytja mikið magn eftir þessari línu. Ef litið er hins vegar á það, hver eru hættumörk línunnar hvað flutningsgetu snertir, þá er það auðvitað mun meiri orka en hér er fjallað um og auðvitað miklu meiri orka en hv. þm. Páll Pétursson sagði að yrði til þess að bræða vírinn í línunni. Flutningsgeta byggðalínunnar, eins og hún er að mestum hluta, er miðað við ÷ 5°C 175 mw. Og við + 10°C 160 mw. Sé farið upp fyrir þessa miklu raforku, þá er vírinn kominn að hættumörkum með að bráðna. Það þarf því miklu meira en 50 mw. og það þarf miklu meira en alla orkuframleiðslu Blöndu til þess að hv. þm. Páll Pétursson geti steikt eggin sín á vírum byggðalínunnar. Það er rétt að geta þess, að hluti þessarar línu, sem kallaður var Rauða línan, á milli Akureyrar og Varmahlíðar, er með nokkru grennri vír en hér er talið og hefur minni flutningsgetu, en hættumörk á þeim hluta línunnar eru við sömu hitastig 124 mw. og 113 mw.

Þetta sannar það sem ég sagði, að hv. þm. Páll Pétursson hafði ekki hugmynd um hvað hann var að tala um, hefur ekki hirt um að kynna sér gögn og fleiprar fjarri öllu lagi. Það er svo rétt að bæta því við, að Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri, sem þessar upplýsingar og þær, sem ég flutti í ræðu minni um daginn, eru hafðar eftir, er ekki einhver maður úti í bæ.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði að það væri gaman að spjalla litla stund um landvinninga í Langa-

dal og sagði að ef ætti það sem hann kallar „kapalisera“ ána eða leggja í einn farveg frá afrennsli virkjunar til sjávar, þá mundi kostnaður við virkjunina vaxa um allt að 30%. Enn fullyrðir þessi hv. þm. það sem hann hefur ekki hugmynd um og engar áætlanir liggja fyrir um. Til þess að sýna fram á hvaða tölur hér er verið að bera á borð, ef miðað er við septemberverðlag, sem ég hef miðað við, um 17 milljarða króna, sem Blönduvirkjun er talin kosta, þá væri hér um rúma 5 milljarða króna að ræða sem kostnað við lagfæringar á árfarveginum. Til samanburðar má geta þess, að það, sem veitt er á fjárlögum þessa árs til fyrirhleðslna og lagfæringa á árfarvegum til að verjast landbroti, er 40.7 millj. kr. Hv. þm. telur því, þó að ekki sé talað um 20 milljarða kr. Blönduvirkjun, eins og hann tekur sér í munn, heldur 17 milljarða, að það þurfi til þess að lagfæra þennan eina árfarveg 125 sinnum meira fé heldur en veitt er til allra fyrirhleðslna á landinu á árinu 1978. Þannig er hver fullyrðingin og staðleysan eftir aðra í ræðu hv. þm.

Hv. þm. sagði að það hefði verið skemmtilegt að heyra mig tala um Blönduvirkjun sem einhverja varastöð, vegna þess að hún væri ekki á eldvirku svæði. Hann lætur prenta þetta eftir sér í dagblaðinu Tímanum. Þetta er eins og sumt annað hjá honum, þetta hef ég aldrei orðað og eru staðlausir stafir. Hins vegar hef ég jafnan rætt um Blönduvirkjun á þann veg, að hún þurfi að koma til nota fyrir orkumarkaðinn og raforkukerfið þegar það hentar notendum sjálfum og orkuframleiðslan hefjist þegar markaðurinn er reiðubúinn að taka við orkunni. Hitt er einber útúrsnúningur, þó að ég telji það með kostum þessarar stórvirkjunar og tímabært að hefja framkvæmdir við raforkuvinnslu utan eldvirkra svæða landsins, að þá sé verið að gera því skóna að ég vilji láta hana vera einhverja varastöð. Það hefur mér ekki komið til hugar og væntanlega varla nokkrum öðrum.

Hv. þm. endurtók ýmsar fleiri fullyrðingar sem ég nenni ekki að elta ólar við, m. a. að Blanda yrði ekki virkjuð án stóriðju og ég væri bara að stinga hausnum í sandinn, eins og hann orðaði það, ef ég væri að halda öðru fram. Ég skal ekki endurtaka neinar röksemdir sem afsanna þessa kenningu, ég hef gert það áður. En hv. þm. hefur flutt till. til þál. um virkjun Héraðsvatna við Villinganes ásamt fleirum. Í grg. með þeirri till. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum er hins vegar af þeirri stærð, að hún fellur mjög vel að þeirri aukningu raforkumarkaðarins, enda gæti hún verið fullnýtt í þágu landsmanna allra á rúmu ári.“

Þetta er hárrétt hjá hv. þm. og þarna viðurkennir hann sjálfur það sem ég hef sagt, að Blönduvirkjun, sem er 135 mw., verði fullnýtt í þágu hins almenna orkumarkaðar landsins á allt að 5 árum. Ég virði það við hv. þm., að hann skyldi láta þetta koma fram í grg. till. sinnar, því að það afsannar jafnframt allt hans tal um að Blanda verði ekki virkjuð nema stóriðja komi til.

Ég tel að sé ekki ástæða til þess fyrir mig að lengja þessar umr. Ég taldi rétt að vekja athygli á nokkrum af þeim staðlausu fullyrðingum sem er að finna í ræðu hv. þm., sem vænta hefði mátt að væri málefnaleg og vel undirbúin, vegna þess að hún var vélrituð og virtist þrautsamin. En eins og ég sagði áðan, því var ekki að heilsa. Ræðan var að miklum hluta fleipur, en ekki málefnalegt innlegg í umr. um mikilvægt mál.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér finnst að hv. þm. Pálmi Jónsson ætti nú að vera glaðari í viðmóti en hann var hér áðan, því að einu sinni var hann heilsubesti maður í sínu héraði, þ. e. a. s. duglegastur að heilsa mönnum, og ávallt glaður og reifur, og það er alltaf miklu meira gaman að hafa sæmilega glaða menn í kringum sig heldur en ergilega. En kannske er ég valdandi þess, að það liggur svona illa á honum, að ég hafi sett hann út af laginu með því sem hann kallar álappalegar fullyrðingar. Hins vegar hafa góðmannlegar og markvissar fullyrðingar Pálma Jónssonar ekki sett mig út af laginu, svo að ég er í besta skapi enn.

Hv. þm. tók það fram, að ef maður samþykkti eitt stóriðjufyrirtæki þyrfti það ekki að merkja það, að hann væri endilega fylgjandi stóriðju eða ætlaði að halda áfram að samþykkja stóriðjufyrirtæki. Það var kenning um það í gamla daga, að konur, sem höfðu vissan nokkuð langan tíma ekki komist í tæri við karlmenn, öðluðust meydóm sinn á ný, og ég vonast til þess að Pálmi öðlist í þessu tilfelli meydóm sinn á ný.

Hvað varðar afstöðu mína til kaupa Víðishússins, þá hef ég gert grein fyrir því áður. Hún byggðist m. a. á því, að ég treysti á vandlega og viturlega athugun fjvn. á því máli eða meiri hl. fjvn. og stóð að sjálfsögðu með því áliti.

Ég sagði aldrei að ég hefði horft á hann samþykkja Union Carbide-samninginn við 3. umr. málsins. Hins vegar held ég að ég snúi ekki til baka með það, að Pálmi hafi við 2. umr. málsins tekið þátt í atkvgr. A. m. k. man ég áreiðanlega eftir þessari hendi koma upp.

Ég veit ekkert hvaða orðalagsbreytingar hv. þm. Pálmi Jónson hefur verið að gera í fjvn. eða hvaða speki hann leggur þar til. En ég get ekki fundið að það sé hægt að flokka basaltvinnslu undir orkufrekan iðnað, vegna þess að orkufrekur iðnaður er sá iðnaður þar sem kostar meira en 200 millj. kr. hvert vinnupláss. Síðari stig títanvinnslu gætu fallið undir þetta, en ekki sú basaltvinnsla sem fyrirhuguð er á Sauðárkróki.

Mér þótti leiðinlegt að heyra, að hann ber ekki traust til þessara manna sem ég kallaði sérfræðinga í orkumálum, hv. þm. Eyjólfs Konráðs, hvað þá Jóhannesar Nordals eða Bjarna Einarssonar.

Ég hef talað áður í þessu máli tvisvar sinnum. Ég bakka forseta fyrir að lofa mér að gera stutta aths. við fram komna ræðu. Ég áskil mér rétt til þess að afla frekari gagna um hættumörk línu, þar sem hér var vefengt að ég hefði haft rétt fyrir mér.

Hvað varðar skekkjureikninginn um 30% í kostnaðaráætlun Blöndu, þá mun ég líka áskilja mér rétt til þess að ræða það seinna, enda erum við ekki hættir að tala saman, ég og þessi hv. þm., svo að það þarf ekki endilega að ræða þetta til botns í þessari umr. En ég vil bara biðja hv. þm. upp á framtíðina að reyna að halda rósemi

sinni og umfram allt að vera í sæmilegu skapi. Ég hef einhvers staðar komið við auman blett á honum, og það verður að hafa það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um ræðissamband, frv. (þskj. 36, n. 305). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Allshn. Nd. hefur fengið mál þetta til meðferðar og skoðað frv. eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed. N. mælir einróma með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 333). — 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir þrem árum fóru fram allmiklar umr. í fjölmiðlum og meðal alls almennings um þingfararkaup alþm. Við hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram, fluttum þá frv. þess efnis, að launakjör alþm. skyldu ákveðin af Kjaradómi, það væri ástæðulaust fyrir alþm. að láta brigsla sér um það, að þeir skammti sér sjálfir laun, að þeir væru eini hópurinn í íslensku þjóðfélagi sem tæki sjálfur ákvörðun um eigin laun. Þar sem sá háttur hefur alllengi tíðkast, að Kjaradómur ákveði laun nokkurra flokka opinberra starfsmanna, ráðherra, hæstaréttardómara og ráðuneytisstjóra og raunar nokkurra enn fleiri hópa, þá þótti okkur hv. þm. Ellert B. Schram eðlilegt að leggja til við Alþ. að sami háttur gilti um launaákvörðun alþm. Okkur þótti engin ástæða til að aðrar reglur giltu um það, hvernig laun ráðh. og hæstaréttardómara væru ákveðin, en þær, hvernig laun þm. væru ákveðin. Ef það væri rétt að fela Kjaradómi að ákveða laun ráðh. og hæstaréttardómara, svo að dæmi séu tekin, þá mætti a. m. k. einnig teljast rétt að Kjaradómur ákveði laun alþm. Þá yrði a. m. k. um þann kost að ræða, að það yrði ekki sagt að alþm. vildu halda sjálfdæmi um kaup sitt og kjör, heldur væri það hlutlaus aðili eins og Kjaradómur sem tæki lokaákvörðun en það er sú stofnun sem komið var á fót til þess að hafa gerðardómsvald varðandi kjör ríkisstarfsmanna.

Að vísu er það rangt, sem oft hefur verið haldið fram, að þingfararkaupsnefnd ákveði sjálf laun alþm. Þau eru, svo sem öllum alþm. er auðvitað kunnugt, ákveðin í 1. gr. laga um þingfararkaup, þar sem kveðið er á um að þm. skuli þiggja laun samkv. ákveðnum launaflokki opinberra starfsmanna í kjarasamningum um laun starfsmanna ríkisins. Hitt er jafnrétt, að það eru alþm. sjálfir sem sett hafa þessi lög, sem kveða á um að þm. skuli hljóta kaup samkv. ákveðnum flokki í kjarasamningi opinberra starfsmanna. Það eru m. ö. o. þm. sjálfir, þingheimur sjálfur sem hefur tekið ákvörðun um það, *hversu há laun þm. skuli hafa, en ekki þingfararkaupsnefnd.* Hins vegar hefur Alþ. falið þingfararkaupsnefnd að taka ákvörðun um endurgreiðslu þess kostnaðar sem þingmennsku fylgir, þ. e. a. s. taka ákvörðun um dagpeninga, um ferðakostnað og þar fram eftir götunum. Þá ákvörðun tekur þingheimur ekki í heild, heldur ákveðin þn., þingfararkaupsnefnd, sem að sjálfsögðu er skipuð þm. Þess vegna teljum við flm. rétt að þingið afsali sér einnig þessu valdi úr höndum þingfararkaupsnefndar í hendur Kjaradóms.

Ég þarf ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta mál. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að það hlaut ekki afgreiðslu, þegar það var flutt fyrir þrem árum, *og sætti raunar mjög ákveðnum* andmælum hér á hinu háa Alþ. Nú hafa launakjör alþm. hins vegar aftur komist mjög í sviðsljósið vegna þeirrar ákvörðunar þingfararkaupsnefndar, að kaup alþm. skyldi breytast í sama hlutfalli og breyting varð í þriðja hæsta launaflokknum í samhengi við Bandalag háskólamanna, en ekki í hliðstæðum launaflokki í samningum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, en umræddur launaflokkur háskólamanna hækkaði eilítið meira en tilsvarandi flokkur í samningum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. M. ö. o. hefur kaup þm. hækkað í sama hlutfalli og kaup launahæsta hópsins meðal opinberra starfsmanna.

Þetta hefur valdið því, að málið *hefur enn á* ný komist mjög á dagskrá í fjölmiðlum og mönnum sýnist mjög sitt hvað. Ég vek sérstaka athygli á því, að dagblöð, sem styðja hæstv. ríkisstj., hafa tekið mjög eindregna afstöðu gegn beirri ákvörðun, sem þingfararkaupsnefnd tók í þessu sambandi, og hafa ýmist beint eða óbeint lýst fylgi sínu við þá hugmynd, að alþm. afsali sér valdi sínu til að ákvarða laun sín og flytji vald þingfararkaupsnefndar til þess að kveða á um greiðslu fyrir ferða-, dvalar- og fæðiskostnað í hendur Kjaradóms, eins og lagt er til að eigi við um launakjörin sjálf.

Okkur hv. þm. Ellert B. Schram fannst allar þessar umr., sem orðið hafa undanfarið, vera þess eðlis, að ástæða væri til að vekja máls á þessu máli að nýju, enda höfum við komist að raun um að nú eru þeir miklu fleiri, bæði innan þings og utan, sem eru því fylgjandi að Kjaradómur fái ákvörðunarvald um allt þetta, um laun þm. og greiðslu fyrir ferða-, dvalar- og fæðiskostnað, í stað þess að sumpart alþm. sjálfir í heild og sumpart þingfararkaupsnefnd taki þessar ákvarðanir.

Undirtektir fjölmiðla undir þessa hugmynd eru, eins og ég sagði áðan, miklu jákvæðari nú en átti sér stað fyrir þremur árum, og ég endurtek, að miklum fleiri þm. hafa nú í einkaviðtölum látið í ljós stuðning við þessar hugmyndir heldur en kom fram í þeim umr. sem fóru fram *um þetta mál á sínum tíma.*

Að öðru leyti er efni málsins alveg auðskilið. Hér er um þá einföldu grundvallarspurningu að

ræða, hvort þingheimur í heild eigi að ákveða eigin laun með því að ákveða efni 1. gr. laga um þingfararkaup og hvort Alþ. eigi að fela ákveðinni þn., þingfararkaupsnefnd, að kveða á um ferða-, dvalar- og fæðiskostnað, eða hvort Alþ. eigi að afsala sér þeim rétti, sem það hefur haft til þessa frá upphafi að vísu, og fela hann hlutlausum aðila, Kjaradómi. Fyrst Kjaradómur er til sem stofnun og fyrst hann ákveður þegar laun nokkurra mjög mikilvægra hópa opinberra starfsmanna, sem ég hef þegar nefnt, þá teljum við flm. með sömu rökum rétt að Kjaradómur ákveði einnig ekki aðeins laun þm., heldur og upphæðir kostnaðar vegna ferða, dvalar og fæðis. Ég tel það vera í þágu eðlilegra og skynsamlegra hagsmuna Alþ. að það sé ekki hægt að segja um Alþ., að það skammti sér sjálft laun og upphæðir vegna ferða-, dvalar- og fæðiskostnaðar, heldur það sé metið af hlutlausum aðila. Nóg er samt um umr. um starfshætti Alþ. Um Alþ. falla oft mörg þung orð og auðvitað mörg mjög ósanngjörn. En ég fyrir mitt leyti tel alveg ástæðulaust að veita slíkt tilefni til þess að hnýta í Alþ., sem að mínu viti gefst réttilega meðan sú skipun helst, að Alþ. ákveður launin og þingfararkaupsnefnd ákveður hlunnindin. Þess vegna tel ég það vera tvímælalaust til bóta og mundi bæta og styrkja stöðu Alþ. í vitund þjóðarinnar, ef hlutlausum aðila væri falið að kveða á um öll kjör alþm., bæði bein laun og endurgreiðslu á kostnaði.

Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. þfkn.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Ég þarf ekki mörgu við þá framsögu að bæta sem hér hefur verið flutt með þessu frv., en tel þó ástæðu til að taka til máls til að undirstrika örfá atriði sem mér finnst skipta máli í þessu sambandi.

Það er öllum ljóst, að launakjör alþm. hafa mjög verið í sviðsljósinu nú að undanförnu og mikill misskilningur komið fram í almennum umræðum, meðal almennings og í fjölmiðlum. Hafa menn ruglað saman launum þm. og öðrum kjörum þeirra, og virðast ákaflega litlar tilraunir hafa verið gerðar til þess að kanna málið ofan í kjölinn og líta á það af fyllstu sanngirni. Jafnvel hafa komið fram alvarlegar ásakanir á hendur okkar um svik og misnotkun þegar þm. hafa haft afskipti af þessum málum. Undir þessu er mjög hart að sitja. Sannleikurinn er auðvitað sá, að allur þorri þm. hefur lítil sem engin afskipti af kjaramálum sínum, heldur tekur við þeim launum og þeim kjörum sem að þeim eru rétt og ákveðin eru lögum samkv. og í gildi hafa verið um langan tíma. Það er mjög ómaklegt af þessum sökum að þm. séu jafnvel ásakaðir um skattsvik og um óheiðarleika, vegna þess að hér hefur a. m. k. allur þorri þm. — ég held ég fullyrði: allir þm. haft það eitt við sem þeir hafa talið réttast lögum samkvæmt. Ég leyfi mér að fullyrða, að til skamms tíma, — og á það kannske við í sumum tilfellum enn í dag — hafi þm. þurft að borga með sér, og ég þekki engan, sem nú situr á Alþ., sem hefur efnast á því að sitja hér.

Með lögum, sem sett voru 1964, varð allveruleg breyting á kjörum þm., því að þá var samþykkt að þeir fengju árslaun, og hefur sú regla verið í gildi síðan. Hins vegar er það mjög útbreiddur misskilningur, sem mér finnst rétt að leiðrétta enn einu sinni, að þm. fái greitt fyrir nefndarstörf hér í þinginu og hafi ýmsar aðrar sporslur. Þetta er ekki alls kostar rétt, því að þm. fá að sjálfsögðu ekki greitt fyrir nefndarstörf, hvort sem þau eru lítil eða mikil, og á það jafnt við um almennar nefndir sem um stærri n. eins og fjvn., sem vinnur mikið starf, eins og öllum er kunnugt. Hins vegar hafa þm. allir ákveðinn afslátt á símgjöldum sínum og fá fastan ferðastyrk, þessi regla gildir um alla þm., en síðan fá þeir þm., sem utanbæjar eiga heimili eða eru þm. fyrir dreifbýliskjördæmi, greitt upp í þann kostnað sem þeir verða fyrir vegna starfa sinna, svo sem dvalarkostnað, fæðispeninga o. s. frv.

Ég hef aldrei farið dult með þá skoðun mína, að mér finnst laun þm. ekki hafa verið nægilega rífleg, og ég er þeirrar skoðunar, að launum þm. eigi ekki að halda niðri. Rök mín fyrir þessum skoðunum eru einkum þrenns konar. Í fyrsta lagi held ég að ef launum þm. er haldið niðri muni það leiða til þess, að góðir og hæfir menn sækist ekki eftir stjórnmálaafskiptum eða þingmennsku, og það mun, þegar til lengdar lætur, koma niður á þessari virðulegu og mikilvægu samkundu sem Alþ. er. Ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt og æskilegt fyrir þetta þjóðfélag, að bestu menn þjóðarinnar sækist eftir því að komast til áhrifa á stjórnmálasviðinu og að þeir taki sæti hér á þingi. Ef laun og kjör þm. eru svo slök að þau séu ekki sambærileg við önnur góð störf í þjóðfélaginu, þá dregur það úr áhuga manna á að sækjast eftir þingstörfum.

Önnur ástæðan er sú, að ef kjörin eru ekki nægilega góð, þá leiðir það menn, sem hér sitja, til þess að sækjast eftir öðrum störfum samhliða þingmennsku. Ég tel að það sé ekki heppilegt. Ég hef haldið því fram, að í nútímaþjóðfélagi sé nauðsynlegt fyrir þá, sem sitja hér, að geta snúið sér alfarið að þingstarfinu meðan þeir eiga sæti á Alþ. Menn geta komið úr hinum ýmsu atvinnugreinum og hinum ýmsu áttum úr þjóðfélaginu á þing, með margvíslega þekkingu og reynslu, en þegar þeir sitja hér er nauðsynlegt fyrir þá að þeir geti einbeitt sér algerlega að því að sinna þingstarfinu sem allra best. Ef þetta er ekki gert á þingið undir högg að sækja, þá eru menn ekki eins vel settir til þess að takast á við vandamálin, þeir hafa ekki tíma til að setja sig inn í þau og fyrir vikið verða þeir undir í valdastreitunni þegar þarf að takast á um hagsmuni og þegar við þurfum sem þm. að vernda hagsmuni umbjóðenda okkar og geta litið á málin af réttsýni og þekkingu. Þjóðfélagið er orðið það flókið og það eru svo mörg mál sem berast á borð þm., að það er útilokað, að hægt sé að vinna það í hjástundum og nánast aukastarfi. Þess vegna er nauðsynlegt að kjörin séu það góð, að menn þurfi ekki þeirra vegna að sækjast eftir öðrum störfum, og þetta er önnur ástæðan fyrir því, að ég held að kjörin eigi að vera rífleg.

Í þriðja lagi — og það er kannske mikilvægasta ástæðan — er mjög mikilvægt, lífsnauðsynlegt, að launin séu góð til þess að koma í veg fyrir að þm. þurfi að standa frammi fyrir freistingum um að á þá sé borið fé. Nú er engin ástæða til þess að halda því fram eða halda að slíkt hafi átt sér hér stað á Íslandi. En þess eru mörg dæmi erlendis frá, að þm. séu á mála hjá ýmsum hagsmunasamtökum og þeir láti stjórnast af þeim vegna þess að þeir njóta ýmiss konar fyrirgreiðslu, jafnvel launa, hjá slíkum aðilum. Þessar hættur ber mjög að forðast, og þeir, sem bera hag lýðræðisins fyrir brjósti, ættu að skilja þetta, frekar en að saka þm. sífellt um að þeir skammti sér of há laun. Ég skammast mín því ekkert fyrir það og fer aldrei dult með þá skoðun mína, að laun þm. eigi frekar að vera hærri heldur en lægri. Og ég held að þjóðin öll eigi að hafa skilning á því.

Misskilningur sá, sem veður uppi um það, að þm. ákveði laun sín sjálfir, stafar sumpart af mjög ruglingslegum lögum sem nú eru í gildi. Upphaflega, þ. e. a. s. með lögum frá 1964, var ákveðið að laun þm. skyldu fylgja launum opinberra starfsmanna, og í þeim lögum var tekið fram, að mig minnir í 7. gr., að þingfararkaupsnefnd gæti hækkað eða lækkað laun að sama skapi og almennar launabreytingar í landinu ættu sér stað. Með breytingu, sem gerð var nokkrum árum síðar á þessum lögum, var ákveðið samkv. 1. gr. að laun þm. skyldu fylgja launaflokki B 3 hjá opinberum starfsmönnum. Um leið og þessi lagabreyting átti sér stað, var ekki felld niður sú grein sem sagði til um það, að þfkn. gæti hækkað eða lækkað laun að sama skapi og almennar launabreytingar yrðu í þjóðfélaginu eða hjá opinberum starfsmönnum. Sú grein varð þó að mestu óraunhæf, vegna þess að í 1. gr. þessara laga var skýrt tekið fram, hvernig laun þm. skyldu ákveðin, og það þurfti ekkert annað ákvæði til þess að gefa þfkn. leyfi til að hækka eða lækka laun, því að það var búið að taka það fram, að þau skyldu fylgja ákveðnum launaflokki. Vitaskuld má snúa út úr þessu, eins og reyndar hefur verið gert, og segja: Þm. ákveða laun sín sjálfir — af því að þeir setja lög sem kveða á um það, hvernig þau skuli ákveðin. En þetta er aðeins útúrsnúningur og hann er „billegur“, sá útúrsnúningur, vegna þess að ef menn vilja víkja út frá þessari reglu, þá verður auðvitað að segja að það eigi að taka löggjafarvaldið af Alþ., en ég hef engan mann heyrt halda því fram í alvöru að slíkt ætti að gera. Alþingi hefur samkv. stjórnarskránni það vald í sínum höndum að ákveða og setja lög, og þá verður ekki undan því vikist af þinginu að setja lög um það, hvernig laun og kjör þeirra, sem þar sitja, skuli ákveðin. Og þá er það auðvitað hitt, sem skiptir máli, hvernig þau lög eru úr garði gerð. Sannleikurinn og staðreyndin er sú, að í dag eru í gildi lög sem fela það ekki í sér, að þm. taki ákvörðun um það sjálfir.

Með hliðsjón af þessu, sem auðvitað skiptir meginmáli í þessum umr., er ástæðulaust stolt hjá þeim sem ríghalda í núgildandi löggjöf vegna þess að þeir vilja ekki svipta Alþ. þessum rétti. Það er raunverulega búið að því með þeim lögum sem í gildi eru.

Eins og fram kom hjá hv. frsm. og meðflm. mínum að þessu frv., hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, höfum við tveir áður lagt fram frv. um að Kjaradómur ákveði laun þm. Við höfum nú vegna þeirra umr., sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu, endurflutt þetta frv. í bættum búningi. Við teljum að með þessari leið sé það hafið yfir allar deilur, hvernig laun þm. séu ákveðin, þm. séu ekki bornir þeim sökum. Þetta frv. er líka flutt til þess að eyða hvers konar tortryggni og koma í veg fyrir að heiðarleiki þm. sé dreginn í efa hvað þetta snertir. Það ætti væntanlega líka að koma í veg fyrir þarflausar og skaðlegar umr. um launakjör þm. Þau þurfa, eins og ég sagði áðan, að vera góð, en sanngjörn, og þau þurfa og eiga að vera ákveðin af hlutlausum aðila sem hefur þetta vald í sínum höndum hvað ýmsar aðrar stéttir áhrærir.

Í dag ákveður þfkn. samkv. lögum ýmis önnur kjör, svo sem dvalar-, fæðis- og ferðapeninga, og í þeim umr., sem fram hafa farið, hefur oft verið bent á að þessar ákvarðanir séu óeðlilegar og séu þm. þar að ákveða sér betri kjör en almennt gerist hjá t. d. opinberum starfsmönnum. Það er fullyrt að þau séu víða miklu lakari en hjá þm. Ég legg ekki neinn dóm á þetta atriði. Mér er það að mestu ókunnugt sem þm. héðan úr Reykjavík, þar sem ég af þeim sökum fæ ekki slíkar greiðslur. En þfkn. hefur skilmerkilega gert grein fyrir því, hvernig þessar ákvarðanir hafa verið teknar, og gert samanburð á þessum kjörum hjá þm. annars vegar og opinberum starfsmönnum hins vegar, og ég dreg þær upplýsingar ekki í efa. Þm., sem eiga heimili utan Reykjavíkur eða eru þm. dreifbýliskjördæmis, þurfa allajafna að halda uppi tveimur heimilum, og það er varla við því að búast og varla gert ráð fyrir því af kjósendum þeirra, að þeir greiði með sér í þessum efnum. Þess vegna hef ég góðan skilning á því, að dvalar-, fæðis- eða ferðapeningar þurfi að vera þannig a. m. k. að þm. þurfi ekki beinlínis að greiða með sér.

Margt er þó í þessu sem mætti laga og ég skal ekki fara orðum um hér. En ég tel ástæðulaust að láta þm. sitja undir því, að þeir séu að ákveða sér betri kjör en öðrum, því að ég held að þegar allt kemur til alls séu þau öllu lakari. Ég held líka að þm. sé enginn greiði gerður með því að láta þfkn. taka þessar ákvarðanir. Þess vegna teljum við flm. þessa frv., að það sé eðlilegt og í samræmi við hina aðalregluna um launin, að Kjaradómur ákveði sömuleiðis upphæðir dvalarkostnaðar, ferðakostnaðar o. s. frv. Þó er gert ráð fyrir því, að þfkn. hafi þar tillögurétt, og þá geti þm. komið sjónarmiðum sínum á framfæri eftir þeirri leið.

Ég hygg, virðulegi forseti, að eins og nú er málum komið sé skynsamlegt okkar vegna og þessa máls alls að stíga til fulls þetta skref, sem frv. gerir ráð fyrir, og það sé heppilegast fyrir alla aðila, bæði okkur og kjósendur okkar, að þessi kaleikur sé frá okkur tekinn. Þess vegna er þetta frv. flutt, og þess vegna eru það eindregin tilmæli mín til hv. þm., að þessari brtt.,

sem frv. felur í sér, verði vel tekið og frv. verði samþykkt.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég get því miður ekki að sinni orðið við þeim tilmælum hv. þm. Ellerts B. Schram að taka þessu frv. þeirra félaga vel, hans og hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég hygg að eitthvað þurfi að breytast til þess að svo megi verða.

Eins og fram hefur komið er þetta í annað skipti sem þeir flytja frv. þessa eðlis, þótt í nokkuð breyttu formi sé. Á árinu 1974 munu þeir hafa flutt frv. þar sem lagt var til að Kjaradómur ákvæði kaup og kjör þm. Nú er það sama eðlis, nema útlistunin og skipan frv. er með nokkuð öðrum hætti og skiptir það ekki máli í því sambandi.

Það stóð eins á og nú þegar þetta fyrra frv. var flutt. Þá höfðu hælbítar í þjóðfélaginu tekið höndum saman um það enn einu sinni að reyna að hafa mannorðið af Alþ. Ekki tókst það þá, en sýnu drýgri eru þeir á sprettinum núna, það skal játað, enda aðalmálgagn þjóðarinnar, eins og þeim hættir til að nefna það, Morgunblaðsritstjórunum, lagst á tog með þessum herrum. En ég vildi aðeins láta þess getið, að við þurfum kannske ekki að kvíða því, að þessum málum verði ekki kippt í liðinn þó undan dragist á þessu þingi, því að skammt undan kunna að vera þeir menn sem taka munu sæti hér, sem kunna skil góðs og ills og kunna að skammast sín í litlu og stóru. Þannig er ekki öll nótt úti enn um það, að þm. nái vopnum sínum gegn þessum árásarher blaðamanna sem mér líst svo nú að muni vera ein verst mennta stétt landsins, og vík ég að því síðar.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason taldi ástæðulaust fyrir þm. að láta brigsla sér um að þeir skömmtuðu sér laun. Nú ræður blaðamannastéttin það miklu og þessir níðhöggar, að þeim hefur að mínu áliti tekist að halda við þeirri skoðun hjá meginþorra lesenda sinna, að það sé svo, að þm. ákveði laun sín sjálfir. Nú vita þm. betur, því að svo hefur málum verið skipað allt frá 1964, að laun þeirra hafa verið ákveðin í kjarasamningi eða með kjaradómi eins og skeði nú síðast. Þess vegna var það, að í grg. þfkn. nú kom það skýrum stöfum fram, að alþm. hefðu ekki ákveðið laun sín nú, en þar er meginforsendan sem þessir rógsölumenn á Dagblaði og annars staðar gefa sér. Sannleikspósturinn, Morgunblaðið, sagði vitanlega: Þetta er útúrsnúningur, því að við hefðum á sínum tíma sett lög. — Og eftir rökleiðslu þeirra allri mætti segja mér það, að þeir fyndu bráðum upp á því að halda því fram, að ekki væri líflátshegning við morði á Íslandi vegna þess að alþm. vildu vara sig á því, ef þeir þyrftu að framkvæma slíkan verknað sjálfir, að verða fyrir því að verða teknir af lífi. Allur er þeirra rökstuðningur með þessum hætti.

Ég ætla þá að lýsa því, hvernig bókun á launum þm. nú fór fram.

Það var síðast í nóvembermánuði sem lá fyrir niðurstaða Kjaradóms sem hafði með ákvörðun þessa að gera. Þfkn. áleit eftir lögunum, án þess að hafa kynnt sér málið nægjanlega ítarlega, að okkur bæri að taka laun samkv. þriðja efsta flokki BSRB. Samdægurs, eftir þessa ákvörðun og bókun, var ég upplýstur um að tillaga mín í þessu efni hefði verið röng. Samkv. lögunum og túlkun þeirra frá upphafi bæri okkur að taka laun samkv. þriðja efsta flokki starfsmanna ríkisins. Ég fór þess vegna til og kynnti mér málið hjá forstöðumanni launadeildar fjmrn., og hann staðfesti þennan skilning minn og upplýsti að hver einasti maður, sem áður hefði verið í sama flokki og við, tæki nú laun samkv. þriðja efsta flokki BHM, hvort heldur þeir teldust formlega félagar í þeim hópi eða ekki. Vegna laganna sjálfra og ákvæða þeirra sá ég mér enga aðra leið færa en boða til annars fundar daginn eftir til þess að leiðrétta þá skyssu sem okkur hafði orðið á um túlkun laganna og framkvæmd daginn áður. Munurinn, sem þarna var um að tefla, var réttar 20 þús. kr. eða 21 þús. kr. á mánuði. Ég taldi, af því sem við höfðum yfir okkur lög í þessu efni, að gersamlega væri óstætt annað en fara að þeim, sem vitanlegt er. En það kom fram í grg. þfkn. að við gáðum ekki að því, að svo reyndist vera, að við vorum þar með í hópi þeirra, sem hæsta launahækkun fengu.

Nú erum við gagnrýndir fyrir það að hafa tekið okkur þessi laun. Ef svo hefði ekki átt að vera, þá eru engin önnur ráð en að bera fram frv. til l. og breyta þessum lögum. Og það hefðu mátt vera framsýnir menn á þingi sem hefðu áttað sig á því, meðan Kjaradómur var að störfum, að við yrðum að grípa til þess ráðs að breyta lögum, svo að ekki væri hætta á að Kjaradómurinn mundi ákveða okkur einna mestu launahækkun sem um getur í öllu launaflóðinu.

Þetta er skýrsla um ákvörðun um þá bókun sem síður er að þfkn. geri á launum og launaflokki þm. Það hefur verið síður að þfkn. bóki þetta í fundargerðarbók, eftir að uppvíst er um niðurstöður kjarasamnings, sem jafnan hefur verið, eða Kjaradóms, eins og nú gekk.

Hv. flm. þessa frv. hafa báðir haldið því fram, að það mundi styrkja stöðu Alþ., ef við vísuðum þessum málum öllum frá okkur og létum í hendur Kjaradóms eða það yrði þáttur í kjarasamningi. Hvað ætla menn að skriffinnar rógburðarblaðanna mundu þá segja? Þetta er lagasetning sem lagt er til að gerð verði. Það er lagt til að sett verði lög um að Kjaradómur taki nú alfarið við. Hvað ætli þeir mundu þá segja, skriffinnarnir, sem nú leggjast á allar árar um það að hafa af okkur mannorðið? Auðvitað mundu þeir segja að refarnir væru skornir til þess eins að laun okkar og kjör mundu hækka, vegna þess að það er ekki nokkur vandi að leiða að því sterk rök, að svo mundi til bera ef þetta frv. yrði að lögum. Af hverju halda menn að valinn hafi verið sá kostur á sínum tíma að festa það í lögum, að við skyldum taka laun samkv. þriðja efsta flokki? Það var vegna þess að engum þm. á þeirri tíð datt annað í lifandi hug en að þm. yrðu a. m. k. ákveðnir í flokki sem eigi væri lægri heldur en ráðuneytisstjórar, enda ekki nokkur ástæða til. Þetta var bara hið venjulega lítillæti þm., eða öllu heldur geri ég þó ráð fyrir því, að það hafi verið hin venjulega kjósendahræðsla, sem réð því að þeir þorðu ekki að sýna af sér þann manndóm að taka laun svo sem þeim vissulega ber og ekki undir minna standi en ráðuneytisstjóra.

Ég vil geta þess hér, að nú gengur bráðum dómur um laun ráðuneytisstjóra, þannig að eftir að hann er genginn hefur myndast nýr flokkur fyrir ofan launaflokkana sem við förum eftir *núna, þannig að þá förum við eftir fjórða efsta.* Og það skyldi þó ekki vera, að að óbreyttum lögum mundum við neyðast til þess að halda fund í þfkn. og bóka okkur einum flokki ofar þegar þessi dómur hefur gengið? Og hvað skyldu menn ætla að sá dómur muni skammta ráðuneytisstjórum? Ég ætla engum getum að því að leiða. En það kæmi mér ekki á óvart þó að það yrði hálf milljón eða meira. Hvað ætli launakjaranefnd ráðuneytis, sem starfar í framhaldi af Kjaradómi, mundi ætla okkur í kjör: í fæðispeninga, í húsaleigustyrk, í ferðastyrk, ef málum þessum væri þann veg skipað, að þau væru öll úr okkar höndum? Dettur einhverjum í hug, að hún mundi ætla okkur minna og ákvarða okkur lægra heldur en það sem gerist um alla aðra starfsmenn ríkisins? Og menn hafa þá ekki lesið grg. þfkn. sem ekki hefur verið hnekkt af neinum, ef þeir hafa ekki áttað sig á því, að þfkn. hefur ákveðið þessi kjör miklum mun lægri en tíðkast hjá öllum öðrum starfsmönnum ríkisins. Menn spyrja um skýringu á því, og hún er auðgefin. Hún er sú, að þm. dvelja langdvölum á sama stað og gefst þess vegna kostur á því að ná sér í ódýrara húsnæði til að mynda heldur en mönnum sem yfirleitt eru á skyndiferðalögum og þurfa að taka sér inni á hóteli. Þeir geta þess vegna búið um sig betur líka varðandi fæðiskostnað. Þetta eru ástæðurnar og enn fremur þær ástæður, að margir þm. hafa búið þann veg um sig, að þeir eiga kannske íbúðir hér í Reykjavík og komast þess vegna miklu betur af. Ég skal játa, að það er hart aðgöngu fyrir þá, sem þurfa að leigja sér íbúð hér dýrum dómum og reka tvö heimili, að búa við þessi kjör sem þfkn. hefur ákveðið. En það er vandratað meðalhófið í þessu. Sumir bera mjög skarðan hlut frá borði, þannig að húsaleigustyrkur og dagpeningar nægja þeim engan veginn. Þetta er hægt að sanna.

Þegar það lægi fyrir, eftir að Kjaradómur hefði tekið við eða kjarasamningur með þeim starfshættum, sem þar tíðkast, að við hefðum snarhækkað bæði í launum og kjörum, sem hlýtur að verða, — því að þið skuluð kynna ykkur hvaða menn það eru sem eiga samleið með okkur í þeim launaflokki, sem við tökum eftir laun núna, og ég fullyrði að hinir réttlátu og réttsýnu menn, hlutlausu, sem kallaðir eru, sem kveða munu upp dóminn um þetta eftir lögum, munu ætla okkur yfir því standi sem við höfum sjálfir ákveðið af lítillæti okkar enn, — þá munu þeir mæta og þá verður mikið í fréttum í þessum blöðum. Þá verða stórar fyrirsagnir og þá munum við reyna að fara að verja okkur á nýjan leik og vísa til þess, að nú höfum við ekkert með þessi mál að gera meir. Þá verður vitanlega sagt: Þið settuð þessi lög, vitandi vits, að þetta mundi stórhækka ykkur í kaupi, enda sagði Ellert B. Schram, hv. þm., frá því þegar hann talaði fyrir þessu, að þm. þyrftu mikil laun og hækkun launa. Þeir munu vitna í Ellert, þar sem hann mælti fyrir þessu, að hann væri því eindregið meðmæltur, að þm. hefðu mjög góð laun, og taldi fram réttar ástæður og forsendur fyrir því. Það verður upplit á þessum lýð þegar þar að kemur. Það mætti segja mér, að þeir yrðu ekki linari á sprettinum heldur en nú.

Þetta er alveg augljóst, það getur hver maður *sagt sér það og það er ekki verið að geta í neinar* eyður með því, að vitanlega yrðum við á sömu kjörum og allir aðrir. Við mundum auðvitað ekki fá 40 kr. á km fyrir að aka malarveginn í þeim undantekningartilfellum sem þm. er borgað fyrir að aka á eigin bifreiðum. Við mundum reyndar fá 47 kr., eins og þeir þurfa að fá, opinberu starfsmennirnir. Þeir fá 40 kr. þegar þeir aka á sléttu vegunum hér í og við Reykjavík, á vegum úr varanlegu efni.

Það getur vel verið, að það séu fleiri og fleiri innanþings og utan, sem vilja á þessa aðferð fallast, að við beygjum okkur fyrir þessum áróðri og árásum og fleygjum þessu öllu frá okkur. Það getur vel verið, ekki hef ég orðið þess var, engar sannanir hef ég fyrir því. Og ég hef ekkert skaplag til þess, síst nú, síst eftir lestur úr leiðara Morgunblaðsins í gær, að beygja mig í neinu að þessu leyti. Ég hef hins vegar allt aðra tillögu fram að færa. Ég hef þá tillögu fram að færa, að við tökum þetta alfarið í okkar hendur, bæði laun og kjör. Það hefði ekki hent þfkn. ef hún hefði alfarið átt að taka ákvörðun sjálf, en ekki þurft að fara að lögum, að taka þá ákvörðun um að þm. hækkuðu jafnmikið og þeir hæstu í launum nú. Þá hefðum við gáð að okkur og borið þetta saman. Þetta hefði ekki hent.

En þó að ég eigi örðugt með það, sér í lagi eftir Morgunblaðsleiðarann í gær, þá kynni þó svo til að bera, ef menn vildu fallast á tillögu mína um að breyta lögum á þann veg, að við færum í gamla farið, hyrfum til gömlu hefðarinnar, það er ekki of mikið af hefðum hér á hinu háa Alþ., — þá kynni vel svo að fara að ég gæti hugsað mér að bera fram till. í þfkn. um að lækka launin, þannig að við teldumst ekki í launaflokki með þeim sem mesta hækkun hafa fengið. Það kann vel að vera, þótt stöðugt syrti í álinn um **þá möguleika í mínum huga,** því að mér er það ekki skapfellt að láta undan sverfast fyrir svo magnaðri svívirðu sem nú má lesa, eins og til að mynda þeirri í Dagblaðinu í gær, þótt ég á hinn bóginn hafi litla tilhneigingu til að vitna í þann snepil, það þvaglitaða blað, að þm. ættu allir með tölu að gista Litla-Hraun ásamt þeim embættismönnum sem kunna að hafa nærri þeirra launakjörum komið. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. Ellert B. Schram, að það eru alvarlegar ásakanir hafðar í frammi. En ætli þeir muni ekki segja, ef við látum undan sverfast: Þeir eru að játa á sig það sem við sögðum. Þar með eru þeir að játa allt saman á sig. Hvað sögðum við ekki? Við börðum þá til hlýðni, við lögðum þá marflata, þessa Litla-Hraunsmenn, þessa Hraunamenn þar syðra.

Ég ætla að víkja aðeins örfáum orðum að tveimur leiðurum í Morgunblaðinu sem Árvakur hf. gefur út og ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. sé enn þá stjórnarformaður fyrir. Og þó að það kunni svo til að bera, að stjórn Árvakurs ráði ekki því sem skrifað er í blaðið, þá a. m. k. ræður hún ritstjóra að blaðinu. Þegar þfkn. gerði sína grg. og sendi fjölmiðlum, þá má til gamans geta þess, að auðvitað fékk Dagblaðið

hana í hendur Braga nokkrum Sigurðssyni, fyrrv. sveitarstjóra í Ólafsvík o. fl., til meðhöndlunar, til birtingar eftir sínu siðgæði, eins og það tíðkast þar. En grg. var aðallega gerð vegna frétt-ar frá Bandalagi háskólamanna, þar sem sagði að þm. hefðu fengið hæsta launahækkun, mesta launahækkun, og þar sem sagði, að það væru firr-ur einar, að þm. nytu ekki sömu kjara og aðrir starfsmenn ríkisins, og það væri ekki sæmandi, eins og þar stóð og ég man rétt, fyrir þm. að halda slíku fram. Þessi grg. var aðallega samin sem andsvar við þessari frétt frá þessum virðu-legu samtökum. Þegar hún birtist, þá bregður Morgunblaðsritstjórinn við og lýsir því yfir, að sú yfirlýsing þfkn., að alþm. hafi ekki ákveðið laun sín sjálfir nú, sé útúrsnúningur, af því að *þeir hafi á sínum tíma sett lög, rétt eins og* alþm. heyrir ekki undir lög þó að þeir setji þau sjálfir. Í öðru lagi segir hann þrátt fyrir þessar ásakanir í frétt Bandalags háskólamanna, að samanburður við þá eigi ekki við. Og í þriðja lagi segir hann, að þfkn. láti þess getið, að opinberir starfsmenn, sem séu í sama flokki og þm., fái allir greidda ómælda yfirvinnu, 20% álag á laun-in sín, allir með tölu, allir í þessum flokki, um þetta fékk ég upplýsingar í fjmrn., þá segir Morgunblaðið: Ætla nú þm. að fara að nota þetta til þess að krefjast 20% hækkunar á launum sín-um og yfirvinnu vegna maraþonræða sem þeir halda úti í þingi? Fyrir vestan, þegar ég var lítill, var svona röksemdafærsla eignuð hinum gamla í neðsta. Og samanburður við Norðurlönd væri út í hött, þar sem þó er ekki ætlunin annað en að bera saman launastéttir þar og hér til þess að sýna hvar í röðinni þm. eru og hvernig störf þeirra eru metin og einnig kjör, þar sem mjög svipað gildir í sambandi við þm. t. d. sem bú-settir eru utan Kaupmannahafnar og þurfa að sitja þing þar, nema kjörin eru auðvitað miklu betri þar en hér.

Þessi röksemdafærsla Morgunblaðsins er ná-kvæmlega eins og henti mig nú á dögunum. Ég var staddur í hópi manna þar sem þetta kom auðvitað til umr., og enda þótt ég viti að það sé glæpur að vitna til annarra stétta og síst Ís-lands Hrafnistumanna eins og sjómanna í saman-burðinum, þá varð mér það á að upplýsa, að þm. skorti þó á um milljón í laun 1977 til þess að ná í launum matsveini á tilteknum togara sem ég nefndi. Mér var auðvitað svarað um hæl: Jahá, þetta er sem sagt næsta röksemd ykkar fyrir kaup-kröfum þm., að matsveinninn, sem þarf að elda ofan í 30 manns og vakir 22 tíma á sólarhring og kemur aldrei heim til sín, hafi þetta kaup, og nú á ykkar kaupkröfupólitík í framtíðinni að byggjast á þessu. Auðvitað lét ég undan síga, en nefndi að gamni mínu, að svo stæði á að þm. vantaði í laun 1977 kvartmilljón til þess að hafa við háseta á nafngreindum togara. Þá var þar annar maður sem kunni svar við þessu, því að hann sagði: Jahá, þarna er formaður útgerðar-félags togara, og þetta eru sem sé röksemdir sem hann ætlar að nota til þess næst að lækka kaup sjómannanna.

Ég er ekki að segja þetta til þess að Morgun-blaðið geti neitt af þessu lært, því að allar svona röksemdafærslur kann það. En það tók í hnúk-ana í gær í leiðara Morgunblaðsins. Það var á miklum örlagadegi, þegar stjórnarformaðurinn var að leggja fyrir frv. til l. um efnahagsmál, sem er kannske átakamesta málið sem þessi stjórn hefur þurft að gera á sínum stjórnarferli hingað til, og þeir héldu upp á daginn í Morgunblaðinu og kváðu sem svo, ef ég man rétt, að alþm. hefðu orðið uppvísir að því að ívilna sjálfum sér í sköttum, uppvísir að því að veita sjálfum sér skattaívilnanir. Ég á engin sérstök orð í eigu minni til þess að lýsa áliti mínu á slíkum og þvílíkum skrifum. Og það mátti enn fremur *skilja á þessum leiðara, að þær efnahagsráðstaf-anir*, sem nú væri verið að gera, væru m. a. nauðsynlegar vegna hegðunar þm. í kaupkröfu-pólitíkinni — og þá hafa menn það.

Í grg. þm. hafði m. a. verið frá því skýrt, að upp hefði komið þræta um það á sínum tíma, að þm. væri ekki heimilt að víkja undan skattfram-tali greiðslum til að mynda vegna ferðakostn-aðar. Ríkisskattanefnd úrskurðaði að slíkan kostnað bæri þm. ekki að telja fram. Þessi úr-skurður liggur fyrir. Dómur hefur fallið í mál-inu.

Ég legg til að horfið verði til gömlu hefðarinn-ar um það, að Alþ. sjálft ákveði hæði kaup og kjör. Og ég bið þm. sérstaklega um að skoða hug sinn um þetta. Að svo búnu ef við tökum slíka ákvörðun og sýnum að við erum óhræddir við þennan róg, sem yfir okkur dynur, þá kann vel að vera, að okkur sýnist ástæða til að leiðrétta að nokkru það sem ég játa að úrskeiðis fór vegna úrskurðar Kjaradóms, að þm. skyldi vera ætluð mesta hækkun finnanleg í launum í öllu okkar launaflóði nú á næstliðnum mánuðum. Það kann vel að vera. En haldi svo órökstudd og ósvífin skrif áfram, þá getur svo farið, að allir menn missi löngun til þess yfirleitt að fara að neinu slíku og skelli við skollaeyrum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þess háttar frv. að sinni. Ég bið alþm. lengstra orða að gæta sóma Alþ. Menn koma og fara hér, þannig að mannorð eins skiptir litlu máli í sambandi við heiður þessarar stofnunar. Það er að honum að gá fyrst og síðast. En aðeins að lokum þyrfti Alþ. að taka til umr. með hvaða hætti verður bætt úr því ófremdarástandi, sem ríkir hjá íslenskum fjölmiðlum vegna þess, hversu íslensk blaða-mannastétt t. d. er skelfilega illa mennt. Það eru þar undantekningar, sem sanna regluna, en *yfirleitt má segja að allur fjöldinn þar er ger-samlega ófær um að vinna þau verk sem hann* þyrfti að vinna, því að á fáu riður einu þjóðfé-lagi meir en heilbrigðri og sanngjarnri gagnrýni, gagnrýni blaða, sem frá degi til dags halda vöku sinni og vísa mönnum, þing og þjóð, á réttar brautir. En sú aðför, sem hér er gerð, er gerð til þess að kljúfa þingræðið og virðulegustu stofnun þjóðarinnar í herðar niður.

Það má ekki biðja mig um að fylgja neinu frv. sem hægt er að rökstyðja að sé fram flutt fyrir hræðslu sakir fyrir þessum lýð. Ég kallaði það áreiðanlega hræðslufrv., hið fyrra sem flutt var hér fyrir þremur árum. Þá var þetta flutt undir slíkum kringumstæðum sem nú, þar sem á okk-ur var ráðist af ósanngirni. Hér er komið annað hræðslufrv., allt flutt í skelfingu og ótta við þennan líka þokkalega lýð.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það hefur komið glögglega fram í umr. um þetta mál, að meginefni þess er að breyta þeirri skipan, sem nú er um laun alþm., í það form. að Kjaradómur skuli úrskurða um laun þm. í staðinn fyrir að nú eru launin ákveðin í lögum af Alþ. sjálfu. Ég vil taka það strax fram, að ég er í hópi þeirra manna, sem hafa verið á móti skipun Kjaradóms. Ég er á því, að Kjaradóm eigi að leggja niður og það eigi að veita Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja þar fullkominn og óskoraðan samningsrétt og sömuleiðis Bandalagi háskólamanna. Ég get því ekki fyrir nokkurn mun samþykkt frv. sem gerir ráð fyrir því að viðhalda lífi Kjaradóms og það í þessu skyni. Ég álít að hann eigi að hverfa. Auk þess er svo það, að ég er líka algerlega á móti því að alþm. séu að skjóta sér undan þeim vanda og þeirri ábyrgð að taka ákvörðun um laun alþm. Í rauninni tel ég lítilmótlegt að skjóta sér undan slíkum vanda. Það liggur í hlutarins eðli, að alþm. verða að þola það að taka á sig vanda varðandi mikilvægar ákvarðanir og þar með talið að setja lög og reglur um eigin laun og þola þá kritik, sem upp kann að koma í sambandi við þá ákvörðun, og vera menn til að svara henni ef ástæða er til.

Ég er algerlega á móti því að leysa þann vanda, sem Alþ. stendur í nú í sambandi við þann áróður sem að því hefur verið beint út af þessum málum, með því að vísa vandanum til Kjaradóms. Hann hefur sannarlega ekki starfað þannig, að það séu einhverjar líkur til þess, að hann verði við óskum þeirra sem vilja lækka laun alþm. Ég tel allar líkur benda til þess, miðað við þá úrskurði sem frá honum hafa komið, að hann mundi beinlínis hækka laun alþm., og þá yrði auðvitað sagt á eftir: Þarna voru þeir sniðugir eins og fyrri daginn á Alþ. Þeir fólu ákveðnum mönnum með lögum að ákveða launin sín, og þeir skildu auðvitað hlutverkið rétt og fóru eftir því að hækka launin. — Sem sagt, sektin yrði sú sama.

Það er líka skoðun mín, að það eigi að vera nú eins og jafnan áður eins og það hefur verið frá upphafi vega, að sá vandi á að hvíla á Alþ. sjálfu að ákveða þessi laun. Ég er búinn að vera hér á Alþingi, eins og flestir vita, býsna lengi og þolað sitt af hverju í launamálum. Ég var hér lengi þannig og bjó við þannig laun, að það var sannað úr ræðustóli að þau laun væru lægri en þau lægstu sem þá voru greidd almennt í landinu. En síðan voru sett lög þau sem hér hefur verið vitnað til, um launakjör alþm., og ég skal taka það fram strax, að nokkru leyti öfugt við það sem hér hefur verið sagt af öðrum, að ég tel að þau laun, sem þar hafa verið ákveðin, séu góð laun. Þá miða ég við hin almennu launakjör sem eru í landinu. Ég tel að þar sé um góð laun að ræða. Að einhverju leyti kann það að stafa af því, að ég hef líka aðra viðmiðun í þessum efnum. Ég þekki vel þau kjör sem hér voru í gildi áður. En ég hef líka verið á þeirri skoðun frá upphafi, að um leið og lög voru sett um launakjör alþm. ætti að gera nokkuð aðrar kröfur til þeirra en áður var gert. Nú eru launin, eins og allir vita, mánaðarlaun allt árið, hvort sem Alþ. situr að störfum eða ekki, og þar er að mínum dómi um full laun að ræða, þó að þau séu ekki sambærileg við það sem þekkist í öðrum þjóðþingum, þar sem launagreiðslur og ýmis hlunnindi, sem fylgja, eru miklum mun meiri, hvernig svo sem samanburðurinn er gerður. En í lögum um laun alþm. er gert ráð fyrir því, að alþm., sem taka þessi laun, geti einnig verið á viðbótarlaunum. Ég hef verið á móti þessu ákvæði frá upphafi og ég er það enn. Í 2. gr. laganna segir um þetta ákvæði á þessa leið:

„Starfsmaður ríkisins eða ríkisstofnunar, sem er alþm. og aðeins getur gegnt starfi sínu milli þinga, skal auk þingfararkaups aðeins fá greidda 3/10 hluta árslauna. Starfsmaður, sem gegnir starfi með þingsetunni og mætir daglega til vinnu, skal njóta ⅜ árslauna. Ef starfsmaður launar sjálfur þann, er gegnir starfinu í fjarveru hans, skal hann fá það endurgreitt. Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um ráðherralaun."

Við vitum það allir, sem sitjum á Alþ., að hér eru ýmsir alþm. sem ekki aðeins njóta þeirra launa, sem ég kalla góð laun samkv. lögum um laun alþm., heldur hafa einnig 60% af býsna háum launum hjá ríkinu eftir sem áður og til viðbótar við þingkaupið. Ég mun við þetta tækifæri flytja till., eins og ég hef gert stundum áður, um að þetta verði bannað, þessi laun verði felld niður, og þá vitanlega gert ráð fyrir því, að þeir sem þiggja laun samkv. lögum um laun alþm., sinni starfi sínu að fullu hér á Alþ., og ég tel að enginn maður sinni vel sínu starfi á Alþ. nema hann gefi sig að fullu að því. Hann getur ekki að mínum dómi sinnt öðru opinberu starfi hjá ríkinu upp á 60%. Annað hvort starfið er hér látið gjalda. Og ekki síst vegna þess að hér er á ferðinni frv., sem er augljóslega flutt vegna þess að uppi er harður áróður um of mikla launahækkun til þm. og of hátt kaup til þm., og það er verið að láta undan þessum áróðri, svo rangur sem hann er, þá skulum við hafa fyrstu aðgerðina af okkar hálfu að fella niður þetta ákvæði, að nokkur í hópi þm. geti tekið 60% kaup úr öðru hálaunuðu starfi hjá ríkinu á sama tíma. Það finnst mér að hefði átt að vera fyrsta skrefið. Við vitum líka mætavel, hvernig því er háttað, að þetta fyrirkomulag hefur leitt til þess, að ýmsir þeir, sem svona er ástatt um, að þeir taka 60% launa fyrir önnur störf hjá ríkinu, þeir hreinlega bera því við, að þeir geti ekki tekið að sér sum starfsfrek störf á vegum Alþ., eins og t. d. að sitja í fjvn., vegna þessa starfs síns sem þeir taka 60% laun fyrir.

Það hefur komið inn í þessar umr., að það væri ástæða til þess að taka það fram, að alþm. fengju ekki sérstök laun fyrir störf í nefndum. Það virðist vera afskaplega erfitt að láta menn trúa því. Ég get hins vegar upplýst það, að ég tek ekki eina einustu krónu í laun fyrir það að starfa í nefndum. Ég var í einni nefnd sem var býsna fræg nú nýlega og hét verðbólgunefnd og sprakk formlega um hádegið í gær eftir mikið baks. Þar urðu menn ásáttir um það, m. a. samkv. till. frá mér um það, að engin ástæða væri til þess að borga þessum nm. eina einustu krónu fyrir allt það puð sem þeir hafa staðið í í þessari n., og voru allir á einu máli um að það væri ástæða til þess. Er þetta þó n. sem er skipuð sérstaklega af hálfu ríkisstj. til þess að vinna

ákveðið verk og tilheyrir ekki beinlínis störfum Alþingis, heldur á óbeinan hátt.

Ég vil þá víkja að þeim áróðri sem hefur auðvitað hrundið þessu máli af stað hér. Þá vil ég fyrst segja það, að það hefur verið gert hér allmikið, auk launanna sem þm. hafa, úr því að þingmennskunni fylgdu aðrar aukagreiðslur. Ég tel ástæðu til þess að víkja að þessum aukagreiðslum, en fyrst þó aðeins að launakjörunum.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að í lögum um laun alþm. segir skýrum stöfum og verður ekki undan vikist í 1. gr. laganna: „Alþingismaður nýtur launa samkv. launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins“ — ekki sérstaklega BSRB-félagsmanna, heldur starfsmanna ríkisins. Ég tel því að sú skýring, sem hér hefur komið fram hjá hv. formanni þfkn., sé fullkomlega rétt. Hann hefur fengið úrskurð um það, hvernig beri að skilja þetta. Sá úrskurður liggur fyrir og lögin eru bindandi. Og enginn okkar alþm. ætti að vera þannig, að við vildum skjóta okkur undan einhverri ábyrgð í þessum efnum og setja þá ábyrgð á þfkn. Það eru lög sem segja þetta. Og ef það kemur í ljós, að þessi margumtalaði launaflokkur, B 3, þessi þriðji hæsti, er svona, þá liggur sökin í því, að það er búið að hækka þann launaflokk svona gífurlega mikið. Ég dreg enga dul á það, að mér finnst að sú hækkun hafi orðið mikil. En það er ekki að saka þfkn. um það, þó að farið sé að landslögum með það að laun alþm. skuli vera eins og segir í lögum. Það er svo mál út af fyrir sig að vita með hvaða mönnum alþm. eru í launaflokki, þessum þriðja hæsta launaflokki.

Ég hef fengið í hendurnar upplýsingaplagg um þetta, og það er það besta sem ég veit um. Það getur þó vel verið að þar hafi farið fram einhver tilfærsla, hafi gerst nú nýlega, en ég ætla að lesa þetta upp varðandi þennan þriðja hæsta launaflokk. Í þessum launaflokki, sem alþm. eru í samkv. ákvæðum laga, eru þessir aðilar: Bæjarfógetinn á Akureyri, bæjarfógetinn í Hafnarfirði, flugmálastjóri, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, forstjóri Innkaupastofnunar ríkisins, framkvæmdastjóri ríkisspítala, orkumálastjóri, prófessorar sem jafnframt eru yfirlæknar, siglingamálastjóri, skattrannsóknastjóri, skattstjórinn í Reykjavík, veðurstofustjóri, vita- og hafnamálastjóri og þjóðleikhússtjóri. Það hefur verið ákveðið, að laun alþm. skyldu miðast við þann launaflokk, sem þessir háu herrar eru í. Það er auðvitað ákvörðun okkar hér á Alþ., hvort okkur þykir of mikið að meta þingmannsstarfið til jafns við störf þessara manna eða hvort við eigum að færa okkur svolítið neðar í launastigann, og þá skulum við bara að taka ákvörðun um það.

Í launaflokkunum fyrir ofan eru auðvitað ýmsir ágætir menn. Í næsta launaflokki þarna fyrir ofan eru nefndir forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, tollstjórinn í Reykjavík, útvarpsstjóri, vegamálastjóri, yfirborgarfógetinn í Reykjavík. Og í launaflokki enn þar fyrir ofan kemur auðvitað biskupinn, hagstofustjóri, hagsýslustjóri, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri, ráðuneytisstjórar, rektor Háskóla Íslands, ríkisendurskoðandi, ríkisskattstjóri, sendiherrar, yfirborgardómari og yfirsakadómari.

Ég fer ekki að lesa upp alla þessa bók um þá sem eru í launaflokkunum fyrir neðan. En það er að sjálfsögðu til athugunar fyrir alþm., hvort þeir eiga að gera breytingar á lögunum og ákveða að lækka alþm. í launaflokki. Séu menn á því, þá er vitanlega sjálfsagt að flytja frv. um það og við eigum að standa við þá ábyrgð, en ekki að kjósa einhverja undirnefnd, sem geri þetta, og skjóta okkur undan vandaanum. Allra síst vil ég fela þeirri stjórn þetta verkefni sem ég ætla mér og vil leggja niður, eins og Kjaradóm, sem uppi eru a. m. k. mjög sterkar kröfur um að eigi að hverfa úr þjóðfélaginu.

Ég ætla þá að víkja aðeins að hlunnindagreiðslum sem fylgja þingmannslaununum. Eftir því sem ég man þar best, er þar um að ræða ferðakostnað frá og til þings og það einnig í þinghléum sem verða, húsnæðiskostnað utanbæjarþm. og símakostnað. Eg segi það, af því að ég er búinn að vera hér í rúm 36 ár, að frá því að ég kom fyrst á þing hefur þetta verið greitt allan tímann. Allan tímann hafa verið greiddir reikningar fyrir ferðalagið til þings, fyrir ferðalagið frá þingi og fyrir ferðalag bæði frá og að þingi í þinghléum. Og allan þennan tíma hefur það verið talin skylda og það frá löngu liðnum tíma að sjá utanbæjarþm. fyrir húsnæði. Og ég vil bæta því við, eflaust til gamans fyrir einhverja, en það er sönn saga, að eftir þessari reglu hafði Alþ. komið mér fyrir á Hótel Borg í 14 ár. Þar bjó ég í 14 ár og Alþ. borgaði að sjálfsögðu, því að það var ákvörðun Alþ. að geyma mig þar yfir þingtímann. Ég átti ekki annarra kosta völ. Þannig var þetta. Um þetta leyti var þetta svona, að Alþ. hafði verið skylt og var skylt allan tímann að sjá utanbæjarþm. fyrir húsnæði á meðan Alþ. sat að störfum. Þá var hér mikið rætt um það á Alþ., hvort ekki ætti að byggja á vegum Alþ. sérstakan þingmannabústað. Ekki man ég hvort voru sett lög um það, en hér var mikið rætt um að reyna að leysa þetta vandamál. Síðar meir komust menn að raun um að það væri hægt að leysa þetta vandamál í flestum tilfellum á ódýrari hátt fyrir Alþ. en gert hafði verið um áraraðir, með því að gefa alþm. kost á því að reyna að útvega sér, og það oftast nær með aðstoð Alþ., húsnæði einhvers staðar í borginni og greiða húsnæðiskostnað þar, sem að jafnaði var miklu lægri en kostnaður á hóteli, eins og hann hafði lengst af áður verið. En nú er þetta orðið eitt áróðursefnið. Þetta eldgamla fyrirkomulag, að greiða húsnæði fyrir utanbæjarmann sem situr á Alþ., er talið til sérstakra fríðinda fyrir hann, þó að hann verði að sjálfsögðu að eiga húsnæði heima í sínu kjördæmi og halda þar uppi heimili að meira eða minna leyti.

Allan þennan tíma hefur símakostnaður þm. verið greiddur, af því að það hefur verið talið nauðsynlegt vegna þjónustu við umbjóðendurna að borga símakostnað.

Til viðbótar við þetta hefur svo komið inn einn liður sem mjög hefur verið rætt um og

kom fyrst og fremst eftir að sú nýja staða kom upp fyrir alþm., að kjördæmin voru stækkuð jafnmikið og varð upp úr breytingunni á kjördæmaskipan 1959. Þá kom auðvitað í ljós, að kostnaður þm., sem beinlínis tengdist störfum þeirra, var svo mikill í sambandi við yfirferð um kjördæmin, svona stór, að það náði vitanlega engri átt að ætla að neita því, enda ekki í samræmi við skattalög, að annað hvort ætti þm. rétt á því að fá þá allan þennan kostnað dreginn frá launum sínum í sambandi við skattlagningu eða þá, eins og gert var, að Alþ. teldi rétt að greiða nokkra fjárhæð í sambandi við ferðakostnað alþm. um kjördæmin. Í upphafi var þetta framkvæmt þannig, að við, sem þarna áttum hlut að máli, gerðum nákvæma skýrslu um ferðalög okkar um kjördæmin, gerðum reikning í sambandi við þennan kostnað. Síðan var sá háttur tekinn upp, að það var áætluð tiltekin upphæð, sem hefur breyst nokkuð frá ári til árs, til greiðslu í þessu skyni. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þetta er fyllilega í samræmi við það sem er hjá öllum öðrum. Menn getur hins vegar greint á um þá upphæð sem greidd er í þessu skyni og mun hafa numið s.l. ár, árið 1977, samtals 325 þús. kr., hvort þar er um of háa upphæð að ræða eða ekki. En ég tel engan vafa á því, að þeir, sem lesa skattalögin, sjá það, að hver og einn á rétt á því að draga frá tekjum sínum til skatts ferðakostnað sem tengist beinlínis meiri háttar ferðalögum í hans starfi. Það eru skýr ákvæði í skattalögum um þetta. Enda verð ég að segja það gagnvart mér, að það hefur ekki farið á milli mála á nokkurn hátt hjá skattstjóranum í Austurlandsumdæmi, að hann hefur vitað nákvæmlega um þessa greiðslu, hún hefur legið fyrir og þar hefur ekkert verið undan dregið. Og ég veit ekki betur en allir skattstjórar landsins hefðu átt að geta kynnt sér þetta, m. a. eftir öll skrifin í blöðunum um þetta og reyndar útvarps- og sjónvarpsumr. um það, að þessi greiðsla væri innt af höndum. Ég tel því að allur áróður gegn þinginu og brigslyrði um það, að hér sé um skattsvik að ræða, það er marklaust slúður að halda slíku fram. Það er auðvelt fyrir alla skattstjóra í landinu að taka þessa upphæð inn, ef þeir vilja. En það mætti segja mér það, að ef þeir færu að fikta við þessa upphæð, þá yrðu þeir samkv. skattalögum að viðurkenna mun hærri frádráttarlið en þessari upphæð nemur vegna útlagðs kostnaðar í sambandi við meiri háttar ferðalög sem rætt er um í skattalögum í sambandi við starf. Ég veit það a. m. k. gagnvart mér, að þessi fjárhæð dugir ekki í bensínkostnaðinn einan, hvað þá allan annan kostnað í sambandi við ferðalög um kjördæmið. En það er rétt, þessi upphæð þekktist ekki á mínum fyrri árum hér að það væri ákveðin greiðsla í sambandi við ferðalög um kjördæmið.

Einnig hefur verið tekin upp fyrir alllöngu minni háttar greiðsla til utanbæjarþm. í sambandi við dvalarkostnað þeirra, sem er, eins og hér hefur komið fram og margsinnis hefur verið útskýrt, miklum mun lægri fyrir þá en fyrir alla aðra starfsmenn og alla opinbera starfsmenn sem verða að standa undir dvalarkostnaði, fæðiskostnaði og öðru slíku, þegar þeir vinna utan heimilis síns, — miklu lægri.

Ég segi það enn og aftur, ef það er svo, að alþm. séu svo hörundssárir fyrir þeim ómaklega áróðri, sem á Alþ. og alþm. hefur dunið í þessum efnum, að þeir vilji láta þar undan, þá skulu þeir samþykkja það sjálfir. Þá skulum við lækka fastakaupið, þá skulum við afnema þessa liði og bera þá bara á okkar baki, öfugt við alla aðra starfsmenn. Þá skulum við taka á okkur ábyrgðina sjálfir. Ég fyrir mitt leyti segi eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson: Ég er reiðubúinn til þess að taka á mig þá ábyrgð og þann vanda að standa við þær ákvarðanir sem þarna hafa verið teknar, því að ég tel að þær séu eðlilegar og sanngjarnar og á engan hátt af því tagi, að hægt sé að ráðast á þær. Ég vil ekki fyrir mitt leyti fallast á þá aðferð, að Alþ. eigi að fara að framselja einhverjum öðrum aðila vald sitt í málum eins og þessum.

Við vitum það líka mætavel, að það væri hægt að telja upp mörg ákvæði, sem eru í framkvæmd enn hjá okkur alþm., sem eru nálega óþekkt hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Við vitum það, að ef t. d. varaþm. tekur hér sæti, ef ekki er beinlínis um það að ræða að þm. víki frá störfum annaðhvort með læknisvottorði, af því að hann sé veikur, eða þá að hann sé frá þingstörfum beinlínis á vegum ríkisstj. eða á vegum Alþ., — ef hann af öllum öðrum ástæðum víkur sér hér frá um tveggja vikna tíma eða svo, þarf reyndar ekki svo langan tíma, þá verður hann að falla út af kaupi og fær ekkert kaup þann tíma. Þetta hefur átt sér stað í fjöldamörgum tilfellum og það nú síðustu daga, að menn verða af sérstökum ástæðum að bregða sér frá vinnu, og þá er varamaður tekinn inn sem tekur þingsætið, og þm., sem fer út, fellur út af öllu kaupi á meðan. Ég segi það, að hliðstæður við þetta finnast ekki hjá öðrum starfsmönnum. Ég a. m. k. veit þess mörg dæmi, að ýmsir embættismenn ríkisins hafa haft tíma til þess ýmist að fara með sér eða öðrum í framboðsleiðangra og aðra pólitíska leiðangra sem staðið hafa vikum saman, þeir hafa, verið langt frá sínum embættisstað, og mér er ekki kunnugt um að þeir hafi verið afskrifaðir frá kaupi á meðan. En gagnvart alþm. gildir þetta mjög ákveðið og nákvæmlega.

Mér er líka vel kunnugt um það, m. a. vegna þess að ég gegndi á tímabili ráðherrastörfum og hlaut kaup einnig sem þm., að þá var hafður sá háttur á, og það þekkja allir alþm., að ráðherrakaupið fékk ég greitt 1. dag mánaðar, fyrir fram fyrir þann mánuð. Það fengu allir opinberir starfsmenn líka. Fyrsta dag mánaðar fékk maður kaupið sitt greitt fyrir þann mánuð sem átti eftir að líða eða var að byrja. En þingfararkaupið fékk ég aldrei fyrr en mánuðurinn var liðinn, fyrr en ég var búinn að sýna það og sanna að ég hefði látið sjá mig á Alþ. og unnið mín verk þar, fékk kaupið aldrei fyrr en eftir á. Þetta vitum við að er algild regla hér, m. a. vegna þess að það á að vaka yfir því allan mánuðinn út, hvort eitthvað kemur fyrir, þannig að alþm. fari af þingi, þá skal hann afskrifaður. Þessi er framkvæmdin hér hjá okkur, og ég hygg að ýmsum

öðrum þætti þetta nokkuð harðir kostir, þeim sem mest kvarta og kveina eða óskapast út í kjör alþm.

Ég þarf ekki og skal ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. En ég lýsi yfir í sambandi við þetta frv., að ég er andvígur frv., af því að ég vil ekki skjóta mér hér undan neinum vanda eða neinni ábyrgð, en er reiðubúin til að taka þátt í því með öðrum þm., ef það þykir ástæða til þess, að við færum launastiga þm. niður í annan launaflokk en við njótum nú. Ég sé fyrir mitt leyti enga ástæðu til þess. En þá er líka rétt að við tökum ákvörðun um það sjálf. Eins líka hitt, ef menn eru á því, að það sé ekki rétt að greiða þm. útlagðan kostnað í sambandi við þeirra störf hliðstætt því sem á við um aðra starfsmenn, þá er líka bara að samþykkja það og láta það fara. En við skulum ekki víkja okkur undan þessum áróðri með því að fela einhverjum Kjaradómi ákvörðun um að hækka kaupið okkar — eflaust. En hitt held ég mér mjög fast við, vegna þess að ég hef haft þá skoðun frá upphafi og hef hana enn, að ég álít að eftir að kaup alþm. er orðið það gott, eins og ég tel það vera núna, þá eigi alþm. ekki að taka nein önnur laun fyrir störf hjá hinu opinbera á meðan hann er á þingmannskaupi. Slíkt kaup á að falla niður. Ég teldi auðvitað langeðlilegast að þeir, sem þannig stendur á um, hyrfu úr þessum störfum á meðan þeir eru á Alþ. Það er svo allt annað mál, hvernig frá því yrði gengið, að þeir gætu gengið að sínum fyrri störfum síðar. En ég sem sagt boða það, að ég mun flytja hér brtt. við þetta frv. á þá lund, að 2. gr. um aukalaun þm. verði felld niður.

Eyjólfur K. Jónsson: Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að andmæla frv. því sem hér er til umr. Ég hef áður andmælt frv. samhljóða eða efnislega samhljóða þessu, og ég geri það af ýmsum ástæðum, með sömu rökum og hv. 2. þm. Austurl., sem hér talaði síðastur, þótt ég sé hins vegar andvígur mörgu í hans máli, sem ég verð að víkja hér að nokkuð á eftir. En fyrst langar mig að víkja að ræðu hv. þm. Ellerts B. Schram, 11. þm. Reykv., en hann rökstuddi mál sitt og flutning þessa frv. með þrem meginliðum sem hann taldi upp.

Sá fyrsti var að hann teldi, að ef laun þm. væru ekki jafngóð og þau nú eru eða að mér skildist helst heldur betri, þá mundu góðir og hæfir menn ekki sækjast eftir þingmennsku. Það var fyrsti liður. Ég er sannfærður um að þetta er rangt og skal rökstyðja það svolítið nánar síðar.

Annar liður var sá, sem hann taldi kannske meginatriði frv., að þingfararkaup yrði helst að hækka, að menn mundu ella sækjast eftir öðrum störfum samhliða þingmannsstörfum, en það er einmitt það sem ég tel að þm. almennt eigi að gera, þeir eigi að sinna öðrum störfum samhliða þingstörfum og þess vegna séu launin nógu há og kannske of há.

Og þriðji liðurinn, sem hann taldi fram, var sá, að það væri mjög mikilvægt, já, lífsnauðsynlegt, sagði hann, að þm. forðuðust freistingar, að þeir væru fjárhagslega óháðir og freistuðust ekki til að láta fjármuni hafa áhrif á skoðanir sínar. Auðvitað erum við öll sammála þessu, enda bætti hann við, að hann hefði enga ástæðu til að ætla að neinir íslenskir þm. féllu fyrir slíkri freistni.

Þegar grundvallarbreyting var gerð á kjörum alþm. með löggjöf 1971 og laun þeirra nærfellt tvöfölduð, þannig að þau urðu nokkurn veginn full árslaun, þá flutti ég brtt. um það, að miða skyldi við flokk B 1, en ekki flokk B 3, þ. e. a. s. að laun þm. yrðu nokkru lægri en ákveðið var. Mér var fullljóst, þegar ég flutti þá till., að hún naut einskis eða svo til einskis fylgis hér innan þings, og ég geri ráð fyrir, að sjónarmið mín njóti ekki heldur í dag neins fylgis eða sáralítils. En ég tel þau samt vera rétt, og þá er það skylda mín að setja þau fram. Það fór líka svo um atkvgr. um þessa till. að aðeins einn þm. annar en ég sjálfur greiddi henni atkv. Minnir mig að það hafi verið hv. þm. Þórarinn Þórarinsson.

Þarna var um stefnumörkun að ræða. Það var verið að taka nýja stefnu varðandi kjör alþm. og þar með varðandi störf Alþ. og starfshætti. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson flutti sitt mál hér áðan og taldi að þarna væri rétt að farið, þm. ættu allir að njóta svo góðra kjara, að þeir gætu sinnt þingmannsstörfum einum og þyrftu ekki að leita til annarra starfa. Þeir ættu sem sagt í 12 mánuði ársins — eða við skulum segja 11, ef þeir reiknuðu einn mánuð í frium, að sinna þingmannsstörfum. Þetta tel ég vera alranga stefnu. Það er alveg ljóst, að nokkrir þm., utan ráðh. þeir sem eru t. d. í forustu stjórnmálaflokkanna, þurfa að hafa þá aðstöðu að geta sinnt stjórnmálastörfum allt árið eða svo til allt árið. En ég held að það sé illa farið, að allir þm. geri þetta einungis og sinni ekki öðrum störfum.

Það má lengi deila um hvað kaup þm. á að vera hátt, og það er ekki það sem fyrir mér vakir, að rífast um það til eða frá, hvort kaupið er 10 þús. kr. hærra eða lægra, heldur sú stefna, að allir þm., 60 talsins séu atvinnupólitíkusar, það tel ég vera rangt. Um þetta hafa staðið deilur í langa tíð. Ég minnist þess, að um það urðu mjög harðar deilur hér á síðasta áratug. Þá áttust við Eysteinn Jónsson og Bjarni Benediktsson, og sá síðar nefndi fylgdi svipuðum sjónarmiðum og ég er að reyna að túlka, en hinn fyrrnefndi því sjónarmiði, að þm. almennt ættu að vera starfandi allt árið að stjórnmálum og ekki þurfa að sinna öðrum störfum. Þessi rök þekkja allir og ég ætla þess vegna ekki að orðlengja frekar um það, enda eru sjónarmið mín öll til prentuð í ræðu sem ég flutti hér 26. mars 1971, einmitt efnislega á þennan veg, að þar værum við að marka ranga stefnu með því að gera 60 alþm. að atvinnustjórnmálamönnum, þeir mundu slitna úr sambandi við þjóðlífið miklu frekar en sjónarmið þeirra yrðu líflegri og þeir hefðu víðari sjóndeildarhring. Hann mundi áreiðanlega þrengjast frekar, ef þm. ættu árið um kring að vera talandi hver framan í annan og ekki að sinna öðrum störfum úti í þjóðlífinu. Þeir mundu slitna úr sambandi við þjóðlífið miklu frekar en þeir gætu sinnt störfum sínum betur en ella. Og mér þykir leitt að segja það, en ég segi það samt, vegna þess að ég er sannfærður um að það er rétt, að störf Alþ. hafa ekki batnað þau 10 ár sem ég hef litið hér inn af og til. Þau bötnuðu ekki við það að þm. fóru árið 1971 á full árslaun. Ég er sannfærður um það, að þeir, sem unnu hér fyrir hálf laun áður, gegndu

störfunum alveg jafnvel og við gerum í dag og kannske betur.

Og þá er komið að þeirri fullyrðingu, að góðir menn mundu ekki fást til þingstarfa ef þeir þyrftu að vinna eitthvað annað en vera hér í þinginu. Því mótmæli ég algerlega. Ég er sannfærður um að einmitt betri menn mundu vilja koma hingað, ef það væri ekki ætlast til þess að þeir sinntu stjórnmálum einum, ef þeir gætu verið í öðrum störfum samhliða. Þetta er í mínum huga mergurinn málsins. Og ég tel ekki, eins og hv. 11. þm. Reykv. sagði, að það eigi að taka kaleikinn frá okkur, að það þyrfti að taka þann kaleik frá alþm. að hafa manndóm til þess að ákveða sjálfir launakjör sín, vera löggjafi í því efni eins og öðru. Ég hygg að við eigum að hafa manndóm til þess. Við getum gjarnan deilt um það, hvað þau eigi að vera há. Ég tel að það hafi verið slys, að kjör þm. skyldu núna hækka meira en flestra annarra að hundraðshluta. Ég held að öllum hafi fundist það vera slys. Það er þá kannske enn þá meira slys að leiðrétta það ekki um leið og við vissum að slysið var orðið. Menn reyna venjulega, þegar slys verða, að bæta úr því sem bætt verður. Og þó að það sé kannske orðið nokkuð seint, þá fagna ég því auðvitað mjög, sem formaður þfkn. sagði áðan, að vel kynni svo að fara, að hann sjálfur mundi beita sér fyrir því að þfkn. leiðrétti þetta, reyndi að bæta fyrir þetta slys. Og auðvitað stæði honum næst og þfkn. að gera það. Og ég fagna því mjög, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér líka, að hann teldi vel geta komið til greina að laun þm. yrðu ákveðin með sama hætti og gert var árið 1964. Þau voru þá ákveðin krónutala og skyldu síðan hækka til jafns við laun opinberra starfsmanna almennt. Við getum t. d. hugsað okkur að ákveða núna, að laun þm. væru 300 þús. kr. á mánuði og lækka um 10% eða hvað það nú er, og síðan mundu þau hækka til jafns við laun annarra, eða þá, sem væri ekkert síður hægt að gera, að miða við annan flokk, nokkru lægri flokk í núgildandi launasamningum heldur en þfkn. gerði, vegna þess að ég verð að segja það, að ég efast um að þessi lögskýring hennar sé rétt. Þessi flokkur, B 3, er ekki lengur til, það er búið að riðla þessari flokkaskipun, og þfkn. varð auðvitað að kveða upp einhvern úrskurð. Hún vissi ekki, að mér er tjáð, enginn í þfkn. gerði sér grein fyrir því, að kaup þm. mundi hækka meira en almennt, þegar hún ákvað að fara í þennan flokk sem hún valdi. Ef hún hefði vitað það er ég sannfærður um, að hún hefði valið annan flokk, farið einu skrefi neðar eða tveimur, og hún getur gert það enn í dag. Og það er það sem ég tel einmitt, að hún eigi að gera.

En ég vil benda á að það er rangt, sem hefur komið fram hér í þessum umr., að stefnubreyting varðandi kjör þm. hafi verið veruleg árið 1964 þegar lögin upphaflega voru sett. Það var að vísu svo, að mánaðarlaun voru ákveðin, en áður höfðu eingöngu verið greidd laun fyrir þingtímann, svokallað þingfararkaup, orð sem raunar er enn notað. En það var einungis yfir þingtímann. Það varð ekki veruleg hækkun á launum þm. þá. En veruleg hækkun varð hins vegar 1971, og eins og ég sagði áðan næstum tvöföld. Það voru næstum tvöföld laun þm. En jafnframt var ákveðið að þm., sem gegndu embættum úti á landi, skyldu einungis njóta 3/10 hluta embættislauna þar og þá gert ráð fyrir að þeir gætu ekki sinnt þeim störfum nema sem svaraði 1/4 úr ári eða 3 mánuði, ef þeir tækju eðlilegt sumarfrí.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson vildi breyta þessu þannig að afnema algerlega embættislaun manna sem á þingi væru. Þar er ég innilega ósammála honum. Ég vil heldur lækka laun þm. nokkuð, en gera ráð fyrir því, að menn geti sinnt störfum sem svarar helmingi ársins á öðrum vettvangi, ýmist í opinberum fyrirtækjum eða einkafyrirtækjum. Þá væri ekki ætlast til þess, að menn væru bundnir við störf á þingi lengur en sem svaraði hálfu ári. Hérna er um skoðanaágreining að ræða. Það getur vel verið að meiri hluti manna telji hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafa rétt fyrir sér og mig rangt, en hér er þó um hreinan skoðanaágreining að ræða. Og hv. þm. segir: Við eigum alls ekki að leyfa mönnum að hafa laun annars staðar, þeir eiga að vera við þetta starf allt árið um kring. — Ég segi þvert á móti: Óbreyttir þm. þyrftu helst að starfa sem næst hálft árið við önnur störf, þingtími styttur eins og hægt væri og þá yrði líka unnið þeim mun betur þann tíma sem þing sæti, t. d. 2—3 mánuði að hausti og 2—3 mánuði að vori, með löngu hléi á milli og mál þá sæmilega undirbúin þegar menn kæmu saman.

Kjör þm. almennt mundu sjálfsagt verða betri eftir minni leið heldur en þeirri sem hv. 2. þm Austurl. leggur til, vegna þess að þeir mundu auðvitað hafa ríflegar tekjur við önnur störf. Flestir eru þm. duglegir menn og mundu einbeita sér að öðrum störfum, svo að það er varla hægt að segja út af fyrir sig, að ég sé að tala um að rýra kjör þm. eða ofmetnast yfir þeim. Ég tel bara stefnuna vera rétta, þá sem ég boðaði, og þess vegna get ég ekki stillt mig um að koma hér upp til þess að setja þessi sjónarmið enn einu sinni fram, án þess að ég eigi von á að þau njóti mjög mikils fylgis hér.

Einhver hefur kannske haldið að ég kæmi hér fram til þess að verja mína gömlu vini og kollega á Morgunblaðinu fyrir árásum hv. þm. Sverris Hermannssonar, en mér fannst þær þess eðlis að þær séu ekki svaraverðar. En séu þær svaraverðar, þá eru blaðamenn, ekki síst þeir Styrmir Gunnarsson og Matthías Johannessen, einfærir að svara fyrir svona skæting.

Vilborg Harðardóttir: Virðulegi forseti. Ég hef nýverið tekið sæti á þingi og er þar af leiðandi ekki nógu kunnug því frv., sem hér er til meðferðar, og ætla ekki að fara mörgum orðum um það, nema mér finnst sjálfsagt að þm. losni undan þeirri andkannalegu kvöð að skammta sjálfum sér laun einhliða. En ég get ekki látið ógetið að hlusta hér á þm. misnota aðstöðu sína til þess að ráðast á og sverta heilar starfsstéttir, eins og hv. 3. þm. Austurl. gerði áðan, — allt vegna heimiliserja í eigin flokki og misjafnra leiðaraskrifa í eigin blaði. Hann réðst á svívirðilegan máta á blaðamannastéttina og sagði að hún væri verst menntaða stétt í landinu.

Þar sem svo vill nú til, að ég tilheyri þessari heitt hötuðu stétt, þá held ég að ég verði að fá að upplýsa þingheim og sérstaklega hv. 3. þm.

Austurl. um það, að það er að vísu ekki krafist neins sérstaks prófs til þess að gegna blaðamennsku, fremur en nokkurs sérstaks prófs er krafist til þess að gegna þingmennsku. Af blaðamönnum í föstu starfi er hins vegar krafist þekkingar, verklagni og siðferðisþroska, sem mér virðist að sumir þm. krefjist ekki af sjálfum sér.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er vissulega ærin ástæða til þess fyrir alþm. að ræða það mál sem nú ber hæst og hefur borið í umr. manna á meðal, þ. e. a. s. kaup og kjör alþm. og það hver ákveður þeim þessi kjör. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að nú nokkrar undanfarnar vikur hafa þau hin sjálfskipuðu siðvæðingar- og siðgæðisöfl í þjóðfélaginu, sem fyrst og fremst virðast vera ritstjórar nokkurra dagblaða, væntanlegir þm. o. s. frv., o. s. frv. fjallað um þetta mál. Ég hef síst á móti því að ræða þetta opinskátt, og það er í raun og veru verst af öllu að fá ekki tækifæri til að ræða einmitt við þessa einstaklinga einnig og skiptast á skoðunum við þessi öfl sem spretta upp alltaf annað slagið. En því er ekki að heilsa nú. En eigi að síður langar mig til þess að fara örfáum orðum um þetta mál, — ekki þetta frv., sem hér liggur fyrir, því að það að fara eftir því væri fyrst og fremst að mínu viti að leggjast fyrir fætur þessara einstaklinga og þessara sjálfskipuðu siðbótarmanna, sem mér sýnist vera, og biðja um grið. Ég segi eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson, að ég er síst í skapi til þess að hopa af hólmi fyrir þessum öflum, enda erum við báðir Vestfirðingar.

Af þeim, sem hafa haft sig í frammi í skrifum og áróðri varðandi þetta mál, er fyrst og fremst ritstjóri Dagblaðsins. Hann hefur gengið hvað lengst í því að rangtúlka — að öllum líkindum vísvitandi — hvernig þessum málum er í raun og veru háttað. Og undir þetta hafa fleiri tekið, m. a. ritstjórar Morgunblaðsins, hvað sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson segir um það og hversu sárt sem honum þykir það, að að því sé fundið og á það deilt, að ritstjórar þess víðlesna málgagns skuli taka undir áróður — ekki bara gegn þm., heldur og Alþ. sem stofnun varðandi þetta mál og önnur einnig.

Það var, að ég hygg, fyrir líklega tveimur árum sem sjónvarpið tók þetta mál upp sérstaklega og þá fyrst og fremst þáverandi fréttamaður við sjónvarpið, sem mér virtist eiga fyrst og fremst frumkvæði að því að þetta mál kæmist á dagskrá, — einstaklingur sem síðan hefur ákveðið að fara út í hina pólitísku baráttu, að öllum líkindum til þess að breyta þessum ósóma fái hann tækifæri til. Svo mun og um þann pennaglaða mann, sem einnig hefur æðimikið um þetta skrifað og einnig hefur ákveðið að fara út á þessa braut, þ. e. a. s. hina pólitísku braut. Ég vil nú stinga því að þeim hv. flm. þessa frv., hvort það væri ekki þess virði að bíða fram í júní og láta sjá hvernig þessum annars ágætu mönnum, þ. e. a. s. blaðamanninum og fréttamanninum, sem báðir ætla hér inn fyrir ákveðinn flokk, — bíða með að bera upp breytingu af þessu tagi og leyfa þessum einstaklingum að hafa frumkvæðið og sjá hvað þeir leggja til varðandi breytingar á þessu, þ. e. a. s. ef þeim hlotnast sá heiður að komast inn fyrir veggi þessa húss.

Það er ekki í mínum huga aðalatriði í þessu máli, hvaða aðili það er sem ákvarðar um launakjör alþm., að öðru leyti en því, að ég sé ekkert sem mælir með því að Alþ. afsali sér ákvörðunarrétti í þeim efnum. Og ég tek undir það, sem hér hefur komið fram frá sumum ræðumanna, að ég tel sjálfsagt, að Alþ. endurheimti þetta ákvörðunarvald og þm. yrðu þar með að vera menn til þess að taka ákvörðun í þessum efnum eins og mörgum öðrum óvinsælum og þá taka afleiðingum af þeim gerðum sínum eins og öðrum.

Ég veit ekki hvað er aðalatriðið hjá þeim einstaklingum sem fyrst og fremst hafa um þetta mál fjallað utan veggja Alþ., en ég hélt kannske í minni einfeldni að þar væri fyrst og fremst um það að ræða, hversu mikið kaup þm. hefur samanborið við ýmsar aðrar stéttir í landinu. Ef það væri aðalatriðið, þá býður mér í grun að að þessir einstaklingar hefðu síst á því efni að vera með skítkast í alþm. eða Alþ. vegna launakjara þm., þó að ég vilji taka það fram og taka undir það, sem einnig hefur komið hér fram, að ég tel að þm. megi vel við una og þeir þurfi ekki að kvarta.

Ég held að það sé nauðsynlegt að ræða það í hreinskilni hvernig þessum málum er nú háttað, og ég ræði það auðvitað frá mínum sjónarhóli. Ég vil spyrja hv. flm. þessa frv., eftir að ég hef nú reynt að rifja upp hvernig þetta horfir við mér og að því er mig varðar sem þm. utan af landi og kostnað sem ég þarf að bera af því. Ég heyrði ekki betur en hv. 2. flm. frv., Ellert B. Schram, sagði áðan að launakjör þm. þyrftu að vera góð, og þá er spurningin: Eru þau að hans mati, eins og þau eru nú, of há eða of góð? Nú mun þingfararkaupið vera um 328 þús. kr. á mánuði eða þar um bil, muni ég rétt. Auk þess hefur þfkn. í nóv. s. l. ákveðið hámarksgreiðslu á húsaleigu til þeirra þm. sem eru utan Reykjavíkursvæðisins, og þessi hámarkstala er 39 þús. kr. á mánuði. Ég verð að segja það strax fyrir mig, að ég tel það ekki um of fyrir þm. utan af landsbyggðinni, sem þurfa að leigja hér húsnæði, ekki bara yfir þingtímann, því að a. m. k. hefur verið svo, að það hefur verið erfitt að fá húsnæði bara þann tíma. Yfirleitt hafa þm. orðið að leigja sér húsnæði yfir allt árið. Og ég hygg að þeir séu ekki margir, þm. utan af landi sem á annað borð þurfa að leigja sér húsnæði, sem hafa komist að þeim kjörum að þurfa ekki að borga nema 39 þús. kr. á mánuði, ef þeir eru þannig settir að þeir þurfi að hafa að einhverju leyti fjölskyldu sína hér syðra. Ég segi því: Það getur varla verið til þess ætlast af einum eða neinum, utan kannske þessara siðferðispostula sem hæst gala, að þm. t. d. utan af landsbyggðinni borgi með sér í þessum efnum.

Það hefur verið upplýst hér, að dagpeningar þm., þ. e. a. s. fæðispeningar eða til greiðslu upp í fæði, séu 2950 kr. á dag. Menn eru að sjálfsögðu misjafnlega miklir matmenn. En ég hygg að þeir séu ekki margir sem fá t. d. keyptan mat hér á matsölustöðum fyrir 2950 kr. á dag. Þetta horfir kannske öðruvísi við ef landsbyggðarþm. hafa aðstöðu til þess að halda heimili að einhverju eða verulegu leyti. En mjög er misjafnt hvernig því er háttað. Auk þess fá þm. greiddar 24 ferðir á ári í kjördæmi. Ég veit ekki hvernig því er hátt-

að með þm. almennt, hvort þeir nota þessar ferðir eða að hversu miklu leyti þeir nota þessar ferðir. En að því er mig varðar, þá verð ég að segja það, að oftar fer ég fram yfir þessa tölu og þarf þá að borga úr eigin vasa heldur en hitt, að ég sé ekki oftar á ferð en hér er gert ráð fyrir.

Mér finnst menn allt of oft ekki gera greinarmun á því, hvort um er að ræða í þessu tilfelli þm., sem búsettir eru úti á landi og þurfa að verulegu leyti að halda tvöfalt heimili, eða t. d. þm. sem búsettir eru hér í Reykjavík. Það er ærið mikill munur á því. Þó að ég vilji á engan hátt halda því fram, að Reykjavíkurþm. séu of vel haldnir af þessum launum, þá vil ég a. m. k. gera æðimikinn greinarmun á því, hvort um er að ræða þm. utan af landi eða hvort um er að ræða þm. sem eru svo að segja búsettir hér á staðnum eða við bæjardyrnar. Á því er ærið mikill munur.

Ég vil sem sagt taka það fram, að mér finnst á engan hátt vera ástæða til þess að hopa fyrir þeim áróðurs- og árásarskrifum sem uppi hafa verið höfð af hálfu vissra fjölmiðla. Ég tel þvert á móti, að Alþ. eigi í þessum efnum eins og mörgum öðrum að fara að spyrna við fótum og endurheimta það vald, sem því er ætlað, og ekki eftirláta það öðrum. En að sjálfsögðu þurfa þá þm. að hafa til þess þrek og þor að taka óvinsælar ákvarðanir og standa skil gerða sinna fyrir umbjóðendum sínum.

En það virðast vera fleiri en ritstjórar, fréttamenn og góðir pennar í hinum ýmsu blöðum, sem með einhverjum hætti, misjafnlega miklum, taka undir þessi skrif, og það er auðvitað hverjum og einum ekki bara heimilt, heldur og er það sjálfsagt, að hver og einn hafi sína skoðun á þessu máli sem og öðrum og haldi henni fram. En mér finnst í sumum tilvikum að einn og sami einstaklingurinn sé svolítið blendinn í afstöðu til þessa máls, eftir því sem ég hef heyrt og lesið, og mig langar því til þess að fara um það örfáum orðum.

Ég las t. d. í Morgunblaðinu 18. jan. s. l. grein eða aths. um þingfararkaupið. Þessi grein eða þessar aths. eru skrifaðar af einum nm. í bfkn., hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugu Bjarnadóttur, og ber yfirskriftina: „Er okkur alvara?“ Í þessum aths. er farið um það nokkrum orðum, með hvaða hætti að þessum ákvörðunum bfkn. var staðið, og þar er sagt að þeir liðir, sem bfkn. hefur ákvarðað, þ. e. a. s. húsaleigupeningar, dagpeningar, þessir liðir hafi hækkað um 25—26% samkv. ákvörðun þfkn. Það geta því varla verið þessir liðir sem menn eru að óskapast sem mest út í. Það hlýtur því að vera þingfararkaupið sjálft, þ. e. a. s. mánaðarkaup þm.

Það virðist vera mjög um það deilt, hvort það sé hann veg háttað, að þm. ákvarði sjálfir þetta kaup. Ég lít svo á að svo sé ekki. Hér er um að ræða viðmiðun við ákveðinn launaflokk í hinu opinbera kerfi og það var ákvarðað árið 1964, þannig að í raun og veru er málinu þannig varið, að í þessu tilfelli hefur Kjaradómur ákvarðað. Um það má sjálfsagt deila, hvort það hafi verið rétt afstaða eða rétt gerð hjá bfkn. að láta laun alþm. fremur fylgja ákveðnum launaflokki hjá Bandalagi háskólamanna heldur en hjá BSRB, eins og þau áður gerðu. Um það má alltaf deila. En það hlýtur að vera þessi ákvörðun og sú hækkun, sem þm. fengu samkv. þessari ákvörðun, sem verið er að býsnast út í. Og ég skal strax segja það, að ég tel það miður að bfkn. skyldi ákvarða á þennan veg í stað þess að halda áfram viðmiðuninni við BSRB-kjörin, sem hefði þýtt minni hækkun en raun varð á. En svo segir í þessari aths. hv. 9. landsk. þm., ásamt auðvitað mörgu fleiru, þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég hefði talið eðlilegt við ríkjandi aðstæður, að alþm. sýndu þann þroska umfram þá kröfuhörðustu meðal ríkisstarfsmanna, að þeir færu mun hóflegar í sakirnar, hvað sem líður lögum, um þingfararkaup. Eða er okkur alvara um það, að nú sé þörf aðhalds og gætni í launamálum?“

Svo mörg eru þau orð. Eftir að hafa lesið þetta hlýtur utan að komandi aðili að líta svo til, að í þessu tilfelli hafi þessi tiltekni einstaklingur, hv. 9. landsk. þm., sem á sæti í bfkn., lagt eitthvað annað til heldur en það sem nú er orðið raunin, þ. e. a. s. lagt eitthvað lægra til að því er varðar hækkun á kaupi þm. heldur en mér virðist niðurstaða n. benda til. A. m. k. las ég þetta og skildi á þennan veg. Mér er því spurn: Hvaða tillögu hafði þessi hv. þm. sem nm. í bfkn., hvaða till. gerði hann um hækkun á kaupi alþm., sem að minum skilningi hlyti að hafa verið á lægra plani en hin raunverulega ákvörðun þfkn. varð? Hafi ekki verið um það að ræða, að þessi hv. þm. hafi annaðhvort gert till. um minni hækkun en raun varð á eða greitt atkv. á móti þeirri hækkun sem ákvörðuð var, þá er hér talað tungum tveim og þá sitt með hvorri. Ég get ómögulega skilið þessar aths. hv. 9. landsk. þm. á annan veg en þann, að henni hafi ofboðið sú kröfuharka sem var af hálfu opinberra starfsmanna, og í sumum tilfellum tek ég undir það, í sumum tilfellum er hægt að færa sönnur á það. Og hún segir einmitt, að miðað við þessa kröfuhörku opinberra starfsmanna hefðu alþm. átt næstum því að segja að sýna sóma sinn í því að fara vægar í sakir. Ég spyr því: Hvaða afstöðu hafði þessi hv. þm í þfkn.? Bar þessi hv. þm. fram aðra till. um minni hækkun, eða greiddi þessi hv. þm. atkv. gegn þessari hækkun sem niðurstaða varð um í n.? Það vil ég fá að vita. Ég þarf ekki að taka það fram, að ég tel að það hafi verið eðlilegt áframhald af afstöðu þessa hv. þm. í tali og skrifum að gera slíkt.

En það hefur fleira verið rætt hér heldur en bara þessi þáttur sem snýr að hinum beinu launakjörum þm. Það kom fram áðan frá einum ræðumanna, að hann teldi að það ætti að breyta því sem verið hefur og er að því er varðar það, að þm. geti tekið laun á fleiri en einum stað í kerfinu, þ. e. a. s. fullt þingfararkaup + 60% af launum við það starf sem þeir vinna hjá ríkinu. Ég tel þetta óeðlilegt, og ég tel að þetta eigi að afnema. A. m. k. finnst mér það nægur starfi, ef gegna á þingmennsku með skaplegum hætti, a. m. k. þingmennsku í kjördæmi úti á landi, dreifbýliskjördæmi, þá er ærinn starfi fyrir þm. að sinna þeirri skyldu sinni svo vel megi fara, að vera einvörðungu þar við loðandi. Ég tek því undir það sem komið hefur fram, að það eigi beinlínis að banna þm. að taka laun á tveimur stöðum eða sinna öðrum stöðum í þágu ríkisins meðan þeir sitja sem fulltrúar á Alþ., því að það fer ekki hjá því, hversu afbragðs starfskraftur

sem það væri, ötull og duglegur, að niður á öðru hvoru starfinu hlýtur þetta að koma. Ég veit a. m. k. engan þann afbragðsmann hér innan dyra, sem er þeim hæfileikum búinn að geta sinnt tvenns konar starfi eða tveim störfum og sýna fulla afkastagetu í þeim báðum. Það hlýtur að koma niður á öðru hvoru. Og þessu þarf að breyta.

Ég vil segja við hv. flm. þessa frv., sem ég vil ekki trúa að geri þetta vegna hræðslu við atkvæðatap eða slíkt, — a. m. k. ætti það ekki að vera hjá hv. 1. flm., Gylfa Þ. Gíslasyni, því að ekki ætlar hann að beiðast atkv. sér til handa í næstu kosningum, — en vel má vera, þó að ég trúi því vart, að það sé af þeim rótum runnið hjá hv. þm. Ellert B. Schram. Ég vil trúa því, að honum finnist skynsamlegri lausn á þessu máli að afhenda aðila utan þings en innan að taka þessa ákvörðun, en um það er ég honum ósammála.

Ég get tekið undir það sem var sagt áðan, að ég vil helst Kjaradóm burt og vil ekki auka þau verkefni sem hann skal leysa úr. Ég er þeirrar skoðunar, að við þurfum að losna við hann, hinn frjálsi samningsréttur eigi að gilda þeim til handa sem nú verða að lúta úrskurði Kjaradóms, það sé miklum mun eðlilegra en það sem þeir aðilar þurfa nú við að búa. En þó fer ekki hjá því, að það læðist að manni sú hugsun, hvort virkilega geti verið að menn vilji láta undan þessum þrýstingi þessara utan að komandi afla. (Gripið fram í.) Ekkert var það fullyrt af minni hálfu. En ég hef ekki til að bera það lítið mótstöðuafl, að ég vilji ekki fremur standa gegn árásum af þessu tagi. Mér finnst þær óréttmætar, og mikið af því, sem hefur verið sagt, og þó sérstaklega að því er varðar Dagblaðið og leiðara þar, er rangfært og rangtúlkað. Mér er beinlínis spurn, hvort það geti ekki átt sér stað, að þær fullyrðingar, sem fram hafa verið settar í leiðurum í Dagblaðinu, geti jaðrað við það að þar sé um að ræða svo miklar ásakanir, að það væri hugsanleg ástæða til þess að snúast að þeim aðila og krefja hann fullkomlega sagna um það, hvort hann meinar í raun og veru þær fullyrðingar sem hann hefur látið frá sér fara á undanförnum dögum. Svo miklar ásakanir eru þar á þm. bornar, að þó að ég sé ekki lögfróður maður, þá er ekki fjarri mér að halda, að þar sé svo stórt upp í sig tekið og á þm. borið, að það a. m. k. jaðri við það að vera á þann veg að vera lögbrot, meiðyrði, eitthvað af því tagi. Vel má vera varðandi þá einstaklinga, sem hér hafa mest haft sig í frammi, að launakjör þeirra séu með þeim hætti að vera langtum verri en hjá þm. Mér er ekki um það kunnugt, en enga trú hef ég á því, síður en svo. En það er ekki mergurinn málsins. Aðalatriðið er þetta: Ef það er afstaða og viðhorf þm., að í fyrsta lagi séu laun þm. of há, þá á að bregðast við því á þann veg, að þingið sjálft taki ákvörðun um að lækka þau. Og ekki skal standa á mér í þeim efnum. En þingið á þá að gera það sjálft og taka málið í sínar hendur. Ef einhverjir eru hér, sem þykja þetta of há laun, þá eiga þeir hinir sömu, fremur en að hopa, að bera fram frv. til breytinga á lögum um þingfararkaup og beinlínis um að lækka launin. Varðandi hitt atriðið, hver eigi að taka þessa ákvörðun, er ég eindregið þeirrar skoðunar, að það eigi Alþ. sjálft að gera.

Það má vel vera, að ekki sé til þess ástæða eða grundvöllur, miðað við núverandi ástand í þjóðfélaginu, að þm. hafi þetta há laun. En það er auðvitað augljóst mál, að fjöldi opinberra starfsmanna í þjónustu ríkisins, í þjónustu Alþ., er á mun hærri launum en hér er um að ræða. Hér er að sjálfsögðu um að ræða háa krónutölu miðað við það, sem margur í verkalýðsfélögunum hefur fyrir sitt starf. Og það væri full þörf á að bæta þar um. En allt sýnist mér nú benda til þess af fregnum síðustu daga, að það sé fremur verið að fara á hinn veginn með væntanlegum ráðstöfunum í efnahagsmálum, að skerða launakjör jafnvel þeirra sem verst eru settir, heldur en þar eigi um að bæta. Og svo er náttúrlega eitt í þessu sem öllum stendur opið, þm. sem og öðrum, að séu einhverjir sem þykir þetta of há laun, þá er opin leið að skilja eftir hluta af þessu hjá fjmrh. og fela honum til betri ráðstöfunar heldur en með því að taka það út. Þetta getur hver og einn hv. þm. gert sem þykir þetta of mikið, skilið eftir hjá hæstv. fjmrh., Matthíasi Á. Matthiesen, ákveðinn hluta mánaðarlega, sem honum er falin forsjá til að fara með og veita í eitthvað betra en ala þm. í óhófi kannske. Þetta er opin leið.

Ég skal ekki lengja umr. öllu frekar, en ég vil aðeins minna á það, vegna þess að ég sagði áðan að ég teldi, að það ætti að afnema það, sem nú er, að þm. gegni fleiri en einu starfi og geti tekið laun á fleiri en einum stað, — ég vil aðeins minna á það, að það mun hafa verið fyrir tveimur árum, þó skal ég ekki fullyrða um tímann, þá var mikið rætt hér á Alþ. um þau 30% sem kennurum voru greidd, þ. e. a. s. þm. sem áður höfðu starfað við kennslu, en gátu ekki sinnt sínu starfi. Þeim höfðu allt til ársins 1974 verið borguð 30% af þeim launum sem þeir áttu og hafa við kennslustörf. En þetta var fellt niður, sem betur fer, einmitt vegna þess að við, nokkrir þm., tókum það hér upp. Þá voru nokkrir þingmenn í þessum hópi, líklega einir 4—5 a. m. k., sem þetta náði til. Ég hygg að þessi launagreiðsla hafi verið felld niður hjá þeim öllum upp úr þessu. Og ég veit ekki til þess, þó skal ég ekkert fullyrða um það, það getur verið að einhver sé hér enn á 30% launum eins og áður var, þó að mér þyki það ólíklegt. Ég vænti a. m. k. að svo sé ekki. Þetta var að mínu viti góðra gjalda vert, að þm. skyldu taka þetta mál upp og breyta þessu. En ég varð ekki var við að þessa væri mikið getið þegar það var gert og ákvarðað. Það var ekki mikið um það skrifað í dagblöðunum eða mikið um það fjallað í ríkisfjölmiðlunum, hvorki útvarpi né sjónvarpi. En það hefði ábyggilega verið um þetta fjallað vel og dyggilega hefði því verið öfugt farið, hefðu þm. verið að taka hér upp sér til handa 30% greiðslu sem ekki hefði verið fyrir hendi.

Mér finnst rétt að minna á þetta, því að þó hér sé kannske ekki um stórar fjárupphæðir að ræða, þá skiptir það ekki öllu máli. Það skiptir miklu meira máli, að hér voru þm. á réttri leið. Og ég hygg að þeir ættu að halda áfram og næsta skrefið ætti að vera að banna með lögum að þm. gegni embætti á sama tíma og þeir gegna þingmennsku. Það er nægur starfi fyrir þm. að sinna því verkefni ef vel á að vera.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Umr. þær, sem staðið hafa hér í dag, hafa sérstaklega hnigið að tvennu: annars vegar að því, hver eigi að ákvarða kjör alþm., *og hins vegar, hver kjör* alþm. eigi að vera. Gagnrýni sú, sem í frammi hefur verið höfð í fjölmiðlum nú lengi og segja má að keyrt hafi um þverbak alveg upp á síðkastið, hefur beinst að þessu tvennu. Mig langar að fjalla lítillega um þessi atriði í ljósi þess frv. sem við höfum hér á borðum okkar.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er að sögn flm. þess sú, að við þurfum að koma málum svo fyrir að annar aðili en Alþ. sjálft ákveði kjör alþm. M. ö. o.: við þurfum að losna við ábyrgðina. Ég held að jafnvel þótt við samþykktum þetta frv., þá berum við alltaf ábyrgðina. Það er alveg sama hvað við ákveðum um kjör alþm., við losnum ekki við ábyrgðina á því, hvernig þau eru ákveðin. Alþ. er stofnun, sem hefur það hlutverk í þjóðfélaginu að bera ábyrgð á lögum þess. Það setur lög þjóðfélagsins.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að Kjaradómur ákveði kjör alþm., laun þeirra og sitt hvað er að kjörum alþm. lýtur, eftir till. þfkn. M. ö. o.: framkvæðin yrði sú, að Alþ. kýs n. manna til að vera eins konar stjórn stéttarfélags gagnvart Kjaradómi. Ég læt mér ekki til hugar koma að þær till., sem þfkn. bæri fram fyrir hönd Alþ., væru taldar annað en kröfugerð af hálfu Alþ., miðað við þann málflutning sem í frammi hefur verið hafður nú upp á síðkastið. Spyrja mætti: Á þfkn. yfir höfuð nokkuð að koma þarna nærri, ef menn vilja alveg vera lausir við ábyrgðina? Jafnvel þótt þfkn. kæmi hvergi nærri, yrðum við samt ekki laus við ábyrgðina.

Ég held að við ættum að leggja til hliðar hugleiðingar um það að losa okkur við ábyrgð að þessu leyti. Hana komumst við ekki hjá að bera. Og ég vil taka undir þau orð sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um það efni. Við verðum að hafa dug til að axla þá ábyrgð að ákveða um þetta atriði. Ef Alþ. er ekki trúandi til að reka þessa stofnun, setja lög um rekstur Alþ., þ. á m. um kjör þeirra, er þar starfa, þá veit ég ekki hvort þinginu er trúandi til að setja önnur lög í landinu. Þetta mætti a. m. k. vel hugleiða, áður en við lýsum því yfir að allt annað fyrirkomulag ætti að vera heldur en það sem nú gildir.

Hitt er svo annað mál, að menn geta deilt um það, hvort kjör þm. eiga að vera svo góð sem þau eru nú eða lakari. Ég tel fyrir mitt leyti að lýðræðisrök mæli með því, að kjör þm. séu góð, eins og þau eru óneitanlega eftir að þingfararkaup var gert að föstu kaupi. Ástæðan er sú, að þingmannsstarf verður að vera opið fyrir mönnum úr hvaða stétt eða hópi þjóðfélagsins sem er. Þingmennska má ekki verða einungis fyrir útvalinn hóp manna sem er vel fjáður. Það má ómögulega fara eftir efnahag manna, hvort þeir geta tekið að sér þingmennsku eða ekki.

Með því að fjalla um það atriði, hvort þingfararkaup eigi að vera fast kaup eða ekki, er ég komin nálægt því efni sem hv. 4. þm. Norðurl. v. ræddi hér í dag, þegar hann benti á að æskilegra væri að þingmennska væri einungis hlutastarf og að reikna ætti með að þm. gegndu öðru starfi sér til lífsframfæris. Þessi skoðun hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur það til síns máls, að menn eru þá fleiri í beinum tengslum við ýmis önnur störf í þjóðfélaginu. En það mælir hins vegar á móti röksemd hv. þm., að sumar starfsstéttir þjóðfélagsins yrðu með þessu alveg afskornar frá því að geta gegnt þingmennku. Það er svo með ýmis störf í þjóðfélaginu, að þau standa mönnum ekki til boða aðeins hálft ár í senn eða einmitt á þeim tíma sem þing stendur ekki. Þetta veldur því, að fjöldi manna í þjóðfélaginu hefði alls ekki tækifæri til þess að gegna þingmennsku, þótt hann hefði til þess bæði vilja, hæfni og fylgi.

Að því er varðar aðrar stéttir þjóðfélagsins, sem vissulega gætu að vísu haldið starfi sínu þrátt fyrir þingmennsku, þegið laun fyrir starf sitt, þá er engan veginn víst að það mundi tryggja þau sömu tengsl þm. við sitt fyrra starf og hv. 4. þm. Norðurl. v. vill vera láta. Mér dettur í hug jafnalgengt starf í hópi þm. eins og kennslustarf. Kennslan fer einmitt fram á þeim tíma árs sem þing situr, og í þinghléi eru menn í frii frá kennslustörfum hvort sem er. Ég get því ekki séð að sá háttur, að laun væru greidd jöfnum höndum fyrir þessi tvenn störf, tryggði það með nokkru móti að kennarinn væri í meiri tengslum við nemendur sína heldur en hann hvort eð er væri meðan hann er á þingi. Þessi rök tvenn vildi ég nefna. Vissulega er um fleiri rök að tefla. Það er nokkuð til í því, að þjóðfélagið hafi orðið flóknara, við verðum að viðurkenna það, þingstörfin orðin umfangsmeiri. En það, hvort þingstörf eru verr unnin nú en þau voru fyrir nokkrum árum, það er sjálfsagt mjög mismunandi, bæði eftir einstaklingum, nefndum, umfangi mála. Nálægð við kosningar og sitthvað annað kann að hafa áhrif á þingstörf, eins og öllum er mætavel kunnugt. Ég get sjálf litið yfir nokkuð langan þingferil, þótt langt hlé hafi á honum verið. Fyrst þegar ég kom hér á þing unnu menn vissulega vel að sínum störfum, en ég þori ekki að segja að menn vinni sín þingstörf verr í dag en gert var þá — engan veginn.

Þessi regla, sem að hefur verið horfið, að gera þingstarf að fullu starfi að því er kjörin varðar og gera ráð fyrir að því sé sinnt sem aðalstarfi, hefur að því er mér virðist ekki reynst hafa þá hættu í för með sér sem sumir óttuðust þegar að þessari reglu var horfið. Menn óttuðust að þessi breyting yrði til þess, að meira yrði um svokallaða atvinnupólitíkusa, að menn mundu fremur gera þingstarf sitt að ævistarfi en áður var. Mér virðist reynslan hafa sýnt annað. Hér áður fyrr var það töluvert algengt, að þingmennska væri eins konar ævistarf. Það var þegar kjördæmaskipunin var öðruvísi en hún er nú. Það var þegar einmenningskjördæmin voru. Þá var miklu algengara að þingmennska varð að ævistarfi. Og þá var annað fyrirkomulag á kjörum þm. en nú er, svo að ekki var það því að kenna eða þakka í þeim tilfellum þar sem það átti við. Það hefur einmitt orðið síðan þessi breyting var gerð, að mikil mannaskipti hafa átt sér stað á Alþ. við hverjar kosningar og mér sýnist síst draga úr því, þannig að ég er ekki viss um að í reynd hafi röksemdirnar gegn þessu fyrirkomulagi orðið eins þungar á metunum og maður hefði haldið fyrir nokkrum árum. Mér sýnist líka að lýðræðisrökin, sem ég nefndi áðan að mæltu með því, að kjör þm. væru góð, mæli einnig með

þessari skipan, fyrst og fremst vegna þess að þessi skipan greiðir fyrir því, að fleiri þættir þjóðfélagsins verði með í starfi Alþ., menn komi frá fleiri greinum, úr hinum ýmsu störfum þjóðfélagsins. Ég vil í þessu sambandi benda á röksemdir sem hv. 8. þm. Reykv. tefldi fram í umr. um þetta efni, einmitt um sama leyti sem umr. fór fram er hv. 4. þm. Norðurl. v. vitnaði til í dag. Það er hins vegar rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. v., að þarna er um vissan skoðanamun að ræða á fyrirkomulagi um kjör þm. Ég veit að hv. þm. var ekki að ræða um það, hvort Kjaradómur eða Alþ. sjálft úrskurðaði um kjörin eða hvort kjörin ættu að vera betri eða verri, heldur einungis það fyrirkomulag sem nú gildir, að hér sé um fullt starf að ræða.

Ég vil nú víkja að þeim ummælum, sem uppi hafa verið höfð um Alþ. í fjölmiðlum, sérstaklega nú undanfarið. Ég veit að það er sjálfsagt og ekki annað en við gerum ráð fyrir, þegar við tökum starf á Alþ., að stjórnmálamenn verða að þola ýmis köpuryrði og taka það eins og hvert annað daglegt brauð. Menn geta ekki í stjórnmálum staðið, ef þeir þola ekki slíkt hér á Alþ., það er alveg ljóst. Hitt er annað mál, þegar svo rammt kveður að áróðri gegn störfum Alþ. yfirleitt eins og nú hefur verið undanfarið. Það eru ekki hinar venjulegu pólitísku deilur eða ádeilur manna hvers á annan úr mismunandi pólitískum flokkum eða innbyrðis í flokkum. Það, sem hér hefur verið að gerast, er að mínu viti miklu alvarlegra. Þegar menn ganga hver af öðrum í ýmsum fjölmiðlum til þess leiks að reyna að sannfæra almenning um það, að þm. yfirleitt fari vísvitandi ekki að lögum, hafi í frammi óheiðarlegt athæfi þegar þeir ákveða um kjör sín og þar með rekstur Alþingis, þá finnst mér þar vera um alvarlegri hlut að ræða en svo, að hægt sé að taka því með ró. Með slíkum áróðri er að mínu viti vegið með nokkrum hætti að lögum og rétti í landinu. Verkefni alþm. er að setja lög í landinu sem gilda fyrir öll landsins börn, þá sem aðra. Einmitt nú þessa dagana stöndum við að því að samþykkja mjög erfiðar ráðstafanir vegna mjög erfiðs ástands. Halda menn raunverulega að það verði til þess að hjálpa til þess að ráða bót á sameiginlegum vandamálum þessarar þjóðar að keppast við að reyna að sannfæra almenning í landinu um það, að alþm. Íslands, 60 að tölu, séu óheiðarlegt fólk? Frá mínu sjónarmiði er hér um verulega hættulega iðju að ræða. Ef hún bjónar einhverjum, þá þjónar hún upplausnaröflunum í þjóðfélaginu. Vitanlega á Alþ. að hlusta á gagnrýni og Alþ. á að taka mark á gagnrýni sem er sanngjörn. En að dögum saman eða a. m. k. öðru hvoru dögum og vikum saman sé að því látið liggja í fjölmiðlum, ábyrgum sem óábyrgum, að hér sitji að störfum óheiðarlegt fólk, það tel ég beinlínis að grafi undan lýðræði í landinu.

Vitanlega getur verið að rangar ákvarðanir séu teknar á Alþ. það er sjálfsagt gert. Það er líka hlutverk Alþ. að leiðrétta þær ákvarðanir með því að taka þá réttar ákvarðanir, ef það kemst að þeirri niðurstöðu að fyrri ákvarðanir hafi verið rangar. En þegar bornar eru á alþm. sakir sem eru órökstuddar, þá finnst mér eðlilegt að við það sé gerð aths. á Alþingi.

Menn geta vissulega komist að þeirri niðurstöðu, að það sé rétt að breyta þeim lögum sem nú gilda um þingfararkaup. Menn hafa reyndar séð fyrir allnokkru, að það er nauðsynlegt, því að forsendan fyrir þeirri breytingu, sem gerð var fyrir nokkrum árum, er ekki lengur fyrir hendi vegna breytinga á kjaramálum opinberra starfsmanna, það er alveg ljóst. Það er líka rétt, sem hv. 3. þm. Austurl., formaður þfkn., sagði hér í dag, að með því að breyta þessu fyrirkomulagi í það horf, að það væri ekki lengur lögákveðið að kaup alþm. skyldi fara eftir tilteknum flokki ríkisstarfsmanna, þá er miklu opnari leið fyrir Alþ. að ákveða þingfararkaup lægra en samsvarandi flokkur er, ef okkur þykir hann hækka ótilhlýðilega. Þetta kom fram í máli hv. þm. En ég get ekki varist því að segja eins og fleiri hv. þm. hafa sagt hér í dag, að það er óneitanlega heldur ógeðfellt að vinna það verk eftir þau vandarhögg sem á okkur hafa dunið að undanförnu fyrir sakir sem hafa ekki verið rökstuddar.

Það frv., sem hér er til umr., og hugleiðingar þfkn. um að breyta þeim lögum, sem nú gilda um þetta, og svo einnig hin breytta forsenda, allt þetta verður vafalaust til þess að þeim lögum, sem nú gilda, verður breytt. En ég legg á það áherslu, að Alþ. losnar ekki undan ábyrgð sinni, hvaða ákvörðun sem verður tekin í þessu máli, og ég tel að Alþ. eigi ekki að hverfa frá þeirri meginreglu, sem ævinlega hefur gilt um þessa stofnun og gildir í öllum þjóðþingum þar sem lýðræðisskipulag er, að þingið á að vera sjálfstætt. Ástæðan til þess, að kjör hafa verið ákveðin með svipuðum hætti og verið hefur alla tíð frá 1845, er sú, að Alþ. er sjálfstætt. Það þýðir, að Alþ. er engri stofnun í landinu háð nema sjálfu sér. Það gildir um verk Alþingis, jafnt þetta sem annað. Það er oft óþægilegt, það er ekki hægt að neita því. En undan því verður ekki komist. Ég tel að hv. þm. mættu gjarnan hafa þetta sérstaklega í huga. Um leið og slegið er af sjálfstæði Alþ. er einnig vikist undan skyldum í lýðræðisþjóðfélagi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Af óhjákvæmilegum ástæðum gat ég ekki verið viðstödd umr. fyrr í dag, þannig að fjórir ræðumenn höfðu lokið máli sínu þegar mig bar að aftur. Hér hefur ýmislegt verið sagt í þessu máli, sem ég sjálf vildi sagt hafa, og kannske get ég fyrir þær sakir orðið eitthvað stuttorðari.

Hér er til umr. frv. til l. um að breyta lögum um þingfararkaup í þá átt, að allar ákvarðanir séu alfarið teknar frá þfkn. og fluttar yfir til Kjaradóms. Ég held að það sé enginn vafi á því, að sú skipan mála, sem þetta frv. leggur til, mundi losa okkur alþm. við nokkur óþægindi, og alveg örugglega mundu laun okkar hækka, þannig að kannske er freistandi með þessar tvær athugasendir í huga að slá til og slá þessu öllu frá Alþ. og láta Kjaradóm um ákvarðanir.

Ég fyrir mitt leyti vil segja það strax, að ég er mótfallin þeirri hugsun sem þetta frv. gengur út á. Ég vil að Alþ. hafi nú sem áður áhrif á það, hver laun alþm. taka fyrir sín störf. Þar fyrir er ég ekki ánægð með þá skipan mála sem gildir í dag í þessum efnum. Ekki síst með tilliti til þess, sem hefur verið að gerast í þjóðfélagi okkar að

undanförnu, finnst mér það slæmt og ekki viðunandi að alþm. þurfi að fylgja sjálfvirkt samkv. lögum ákveðnum launaflokki opinberra starfsmanna eins og nú er, — að alþm. þurfi með sjálfvirkum hætti að gerast þátttakendur í, ég vil segja, því ábyrgðarlausa kapphlaupi um kaup og kjör sem hefur því miður og óneitanlega leitt okkur nú út í alvarlegan efnahagslegan vanda. Það er staðreynd að þingfararkaup í dag er ákveðið í lögum. Allir útúrsnúningar um þetta atriði, sem viðhafðir hafa verið í fjölmiðlum, eru þess vegna alveg út í hött. Eða skyldi það vera meiningin hjá þeim mönnum, sem mest hafa haft sig frammi í þessu máli, að alþm. þurfi í þessum efnum ekki að fara að lögum af því að Alþ. sjálft hefur sett þau hin sömu lög? Í þessu er að sjálfsögðu þversögn og misskilningur og undrum sætir að ábyrgir menn við alvörublöð, eins og ég vil telja Morgunblaðið, skuli gera sig seka um slíka útúrsnúninga.

Ég ætla ekki að fara hér út í umr. um einstök atriði um kjör okkar. Við í þfkn. höfum öll og óskipt sent frá okkur nýverið grg., þar sem við sögðum allt það, sem við höfðum að segja um kaup okkar og kjör. Við skutum þar engu undan. Engu að síður hefur jafnvel þessi grg., sem aðeins flutti staðreyndir í málinu, orðið tilefni til áframhaldandi óhróðursskrifa um Alþ. og alþm.

Ég vil mjög eindregið taka undir orð hv. 5. þm. Reykv., þar sem hún benti á þá hættu sem stafar af órökstuddum óhróðursskrifum um Alþ. Við einstakir alþm. þurfum ekki að kippa okkur upp við þetta. En okkur ekki hvað síst og raunar allri íslensku þjóðinni ætti að vera það annt um Alþ. sem stofnun, að þessir vígreifu skriffinnar, sem hæst hafa látið, létu sig ekki hafa það að viðhafa annan eins málflutning í garð Alþ. og þeir hafa gert að undanförnu.

Raunar er það jafnan svo, að atyrði og óhróður í málflutningi eru þeim til mestrar vanvirðu sem þau viðhefur, en ekki hinum, sem slíkum málflutningi er beint gegn og svo mun reynast hér sem annars staðar. Og ég vil trúa því, að almennir íslenskir lesendur taki ekki sömu stöðu í málinu og greinilega er ætlast til af þeim mönnum sem þarna eru að verki. Ég hef meira álit á íslensku þjóðinni og almennum lesendum dagblaðanna en svo, að ég vilji ætla að þessi óhróðursskrif, hvað sem þar liggur að baki, það er mér hulið, falli í þann jarðveg sem skrifendur e. t. v. vona.

Hér hefur verið fjallað nokkuð vítt og breitt um eðli þingmannsstarfsins, og ég hlýt að víkja nokkrum orðum að málflutningi hv. 4. þm. Norðurl. v., sem hafði þó raunar hafið mál sitt þegar ég kom. Ég hef vissa samúð með sjónarmiðum hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar, að þm. eigi ekki að hafa þingmannsstarfið að aðalstarfi, heldur þurfi hann að vera í tengslum við þjóðlífið með því að gegna öðru starfi samhliða. Þetta er góð og gild röksemd út af fyrir sig. En það er nú svo, að flestir þm. hafa, þegar þeir koma inn á Alþ., nokkra starfsreynslu af einu eða öðru starfi í þjóðfélaginu, þannig að þeir eiga að hafa þekkingu og tengsl út í þjóðlífið enda þótt þeir leggi fyrri störf til hliðar þegar inn á Alþ. kemur. Ég vil leggja megináherslu á það líka, að það er hættulegt að alþm. telji sig fulltrúa ákveðinna stétta eða ákveðinna starfsgreina. Alþm. þarf að sjálfsögðu að hafa miklu víðari yfirsýn yfir allar starfsgreinar þjóðfélagsins heldur en takmarka sig við sína eigin stétt eða starf. Þess vegna er ég því hlynnt og ég tel það eðlilegt, að alþm.-starf skoðist sem fullt starf. En ég vil engan veginn banna hitt. Það er nú svo, að menn eru misjafnlega afkastamiklir og duglegir, og ég tel að við kynnum að fara á mis við góðan starfskraft, nýtan þm., ef við gerðum það að skilyrði að hann sinnti engu öðru starfi en þingmannsstarfinu. Mér, sem er nýliði á þingi, finnst þingmannsstarfið meira en nóg verkefni. Að vísu gegni ég húsmóðurstarfi mínu jafnframt. Það eru feiknalega tímafrek störf sem því fylgja, ekki aðeins að flytja sjálfur mál, undirbúa þau, flytja og fylgja þeim eftir, heldur einnig að kynna sér önnur mál sem á döfinni eru. Það er nú svo, að okkur þm. veitist stundum erfitt að taka ákvörðun þegar við eigum að rétta upp höndina með einu eða öðru máli. Okkur væri óbærilegt að gera það, ef við hefðum ekki reynt eftir mætti að kynna okkur málið frá öllum hliðum, þannig að við vitum nokkurn veginn til hvers við erum að taka afstöðu, með eða móti.

Svo að ég víki aðeins aftur að máli hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfs K. Jónssonar, tók hann nokkuð mikið upp í sig, þótti mér, þegar hann fullyrti, að ákvörðun þfkn. á margnefndum fundi hinn 29. nóv. s. l. hefði verið slys. Þetta er ekki rétt, þetta var ekkert slys. Við vissum að við vorum að fara í öllu að lögum, og ég held, þó að ég sé ekki löglærð manneskja sjálf, að það sé út í hött að bera brigður á að þfkn. hafi farið þarna að lögum. Fleiri en einn löfræðingur tjáðu sig um þetta og sögðu að á þessu væri enginn vafi, og að þeirra álits var farið. Þeir bentu á að túlkun laganna hefði frá upphafi verið sú, að alþm. bæri laun eftir þriðja hæsta launaflokki opinberra starfsmanna. Það var sú túlkun sem réð afstöðu okkar. Nú í dag tökum við laun eftir þessum flokki, eftir þriðja hæsta flokki opinberra starfsmanna.

Til mín sérstaklega var beint ákveðinni spurningu vegna greinarstúfs sem ég skrifaði í Morgunblaðið hinn 18. f. m. Mér þykir verra að hv. 5. þm. Vestf. er ekki hér staddur, af því að hann beindi mjög ákveðið spurningu til mín um hvað ég hefði meint. (**Forseti:** Ég skal láta kanna hvort þm. er í húsinu.) Hv. þm. þarf sjálfsagt að hressa sig vel á kaffinu, ég get vikið að einhverju öðru á meðan. (**Forseti:** Komið hefur í ljós, að hv. 5. þm. Vestf. er að tala í símann, en hann er búinn að fá boð um að hans sé sárt saknað í salnum.) Gott, en ég vil í framhaldi af því sem ég sagði áðan um frv. sjálft — (**KP:** Jæja, þá er sá umdeildi kominn.) Já, mér þykir hlýða að hv. þm., sem beindi mjög ákveðið til mín ákveðinni spurningu, láti svo lítið að hlusta á og meðtaka mitt svar. (**KP:** Að sjálfsögðu.)

Ég skorast að sjálfsögðu ekki undan því að gefa skýringu á því sem hv. þm. kvaðst ekki skilja í umræddri grein minni í Morgunblaðinu. Hann spurði, hvernig stæði á þeim ummælum mínum, að ég hefði talið eðlilegra að alþm. sýndu meiri þroska heldur en hinir kröfuhörðustu í hópi opinberra starfsmanna í kjarasamningum á s. l. hausti. Hann spurði mig jafnframt, hvort

ég segði þetta af því að mér hefði ofboðið kröfuharka þeirra, og í þriðja lagi. hvort ég hefði gert till. um lægra kaup en við hlutum samkv. kjarasamningunum. Ég skal svara því strax og óhikað, að mér einlæglega ofbauð, mér hafa ofboðið þær launahækkanir sem hafa dunið yfir okkur á s. l. ári, og þá á ég ekki hvað síst við þann hóp opinberra starfsmanna sem hefur fengið allt að 80% kauphækkun á árinu. Ég veit að þetta eru ekki raunhæfar kröfur. Og ég lét þau ummæli falla í þfkn., — og nú þykir mér verra að samnm. mínir skuli ekki vera hér, — en ég get sagt það hér án þess að vilja gera mig meiri eða minni, eftir því hvernig á það er litið, að ég taldi og lét það óhikað koma fram í þfkn., að nú ættum við að taka af skarið, spyrna við fótum og taka okkur sjálf þær launahækkanir sem við teldum raunhæfar og íslenskt þjóðarbú stæðist við. Þessi ummæli mín, sem vafalaust eru ekki orðrétt, en efnislega var þetta afstaða mín, eru ekki bókuð í þfkn. En hv. þm. getur kynnt sér bókanir þfkn. og séð, að ég hef áður beðið fyrir sérstaka bókun um að ég vildi ekki styðja þær launahækkanir sem farið var fram á almennt í þjóðfélaginu, einfaldlega af því að ég taldi að þær væru bornar fram af ábyrgðarleysi. Ég er þess vegna á móti því að taka alfarið ákvörðunarvald þfkn. og Alþ. um laun og kjör. Ég vil í einlægni að Alþ., sem þarna er að sjálfsögðu ábyrgt, geti í vissum tilvikum verkað eins og öryggisventill í íslenskum launamálum. Ef við hefðum ekki haft núgildandi þingfararkaupslög til að fara eftir, þá hygg ég að við hefðum aldrei staðið upp nú um áramót með um allt að 80% kauphækkun yfir árið. Þess vegna veit ég að þfkn. mun taka þær ákvarðanir nú sem hún telur vera réttar og eðlilegar í þessu efni, en til þess þurfum við lagabreytingu. Ég vil hafa lög um þingfararkaup á þann veg, að þfkn. hafi að vissu marki frjálsar hendur um að lækka eða hækka laun þm. Og ég tek eindregið undir með þeim þm. sem hafa andmælt því, að við hopum nú af hólminum og að því er virðist látum undan ósanngjörnum áróðri og æsingaskrifum um kaup okkar og kjör. Þetta er sannleikurinn um afstöðu mína í þfkn., og ég, eins og ég sagði í fyrrnefndum greinarstúf, hef ekki farið dult með þessa afstöðu mína þar né heldur utan þfkn.

Ég get ákaflega vel fallist á og ég mundi ekki kveinka mér við því að lækka laun okkar núna niður í 300 þús. kr., og ég fagna því, að það hafa fleiri en einn þm. tekið í þann streng. Ég held líka að við gætum sýnt okkar hug nú, þegar við erum að taka ákvarðanir eða leggja fyrir Alþ. frv. til l. sem felur í sér vissa kjaraskerðingu almennings. Þá hefðum við kjörið tækifæri til að leiðrétta það misvægi sem þarna er orðið, einfaldlega með því að afsala okkur nú öllum verðbótum og grunnkaupshækkunum út árið 1978. Það væri kannske miklu eðlilegri ráðstöfun heldur en fara að lækka í krónutölu þingfararkaupið. Og það tel ég fráleitt, sem hv. 5. þm. Vestf. talaði um, að við ættum að flytja sérstakt frv. til l. um að lækka laun okkar. Það er þetta sem ég vil forðast, að við þurfum, í hvert skipti sem þfkn. telur ástæðu til þess að víkja frá almennum launaákvörðunum í landinu, að hlaupa upp til handa og fóta og setja ný lög. Við þurfum að fá inn í lög ákvæði sem geri þfkn. fært að víkja til hækkunar eða lækkunar eftir því sem henni þykir ástæða til hverju sinni. Ég fyrir mitt leyti er í engum vafa um að alþm. er treystandi til að sýna þarna þá ábyrgð, sem þeim ber skylda til í launamálum sem öðrum málum.

Afstaða mín í þessu máli varðandi þfkn. og launamál almennt er það, að mér þætti vel fara á því, að alþm. yrðu fyrstir til þess að spyrna við fótum og sýna ábyrgð. Við höfum beðið eftir því, að einhver gerði það, einhver starfshópur í þjóðfélaginu. Það hefur ekki bólað á neinum enn, og þess vegna færi vel á því, að alþm. sýndu þarna gott fordæmi. Það mætti segja mér að einhver ákvörðun alþm. í þessa átt yrði til þess, að viðbrögð ritstjórans, sem í leiðara sínum í gær útskrifaði alla alþm. sem tugthúslimi sem ættu heima á Litla-Hrauni, yrðu þau, að nú hefðu þeir ekki þorað annað en skila þýfinu sínu — eða eitthvað í þá átt. En ég tel að við alþm. getum ekki látið ótta við slík skrif hræða okkur frá því að gera það sem við teljum eðlilegt og rétt í þessum efnum. Ég hygg að ég muni koma nánar að þessum atriðum í umr. um frv. um efnahagsaðgerðir ríkisstj. sem er dreift hér í kvöld og verður til umr. á morgun.

Ég held að ég þurfi ekki að lengja mál mitt frekar. Ég vil leggja á það áherslu og ítreka það, að við alþm. hljótum að standa uppréttir og verða ekki uppvægir þó að skrif á borð við það, sem við höfum lesið að undanförnu, beri fyrir okkar augu. Slík skrif eru dæmd til þess að falla um sjálf sig og verða til óvirðingar þeim sem viðhafa. Við getum haldið okkar striki án tillits til hvað þessir blaðamenn láta sér henta að skrifa um okkur í það og það skiptið.

Ég met að vissu marki afstöðu hv. 3. þm. Reykv., Vilborgar Harðardóttur, varaþm., er hún tók upp hanskann fyrir blaðamenn. En mig undrar í rauninni, að hún skuli hafa geð í sér til þess að verja annað eins, hafi hún lesið það. Og ég hlýt að taka undir þá afstöðu hv. 3. þm. Austurl., að þau eru auðvitað íslenskri blaðamannastétt til mikillar vansæmdar.

Að lokum vænti ég þess, að þfkn. muni innan mjög skamms tíma fjalla um þetta mál. Það má kannske segja að við hefðum átt að bregða harðar við, en ég sé enga ástæðu til þess að við kippum okkur upp við það, sem um okkur hefur verið sagt, og hlaupum til með okkar ákvarðanir. Við höfum nóg svigrúm og allar aðstæður til þess að framfylgja sannfæringu okkar í þessum efnum með heiður Alþingis og alþm. fyrst og fremst fyrir augum og það hvað rétt er og raunhæft fyrir okkur að gera nú í launamálum. En ég mun í þfkn. koma fram með mínar hugmyndir í þá átt, að alþm. taki eftir sem áður laun eftir þriðja hæsta launaflokki opinberra starfsmanna. Ég er ekki alveg sammála hv. formanni þfkn., sem vill gera þetta alveg óbundið og láta þfkn. velja sér flokk hverju sinni. Hitt er eðlilegra. Við höfum þarna ákveðna viðmiðun. Ég fyrir mitt leyti get mjög vel unað því og mér finnst eðlilegt að alþm. séu þarna í þriðja sæti. En ég vil hafa ákvörðunarrétt um að breyta kaupi okkar, ef við teljum almenn kjaramál í landinu þróast á þann veg.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Þessar umr. hafa nú staðið alllengi og hafa að mörgu leyti verði fróðlegar og að ég hygg ágætlega tímabærar. Ég held að það hafi verið full ástæða til þess, eftir þær ásakanir sem bornar hafa verið fram á hendur þm., að bera hönd fyrir höfuð okkar og sýna fram á, að við höfum farið að lögum, og skýra frá því, hvernig kjörum okkar er háttað og hvernig þau séu ákveðin.

Í þessum umr. hefur komið ótalmargt fram sem ég ætla ekki að víkja að að öllu leyti. M. a. hafa dagblöðin og blaðamenn fengið sinn skammt. Ég fór nokkrum orðum um það í minni fyrri ræðu við þessa umr., að ég taldi að sá málflutningur, sem hafður hefur verið uppi í dagblöðum, væri ákaflega lákúrulegur og væri þannig fram settur, að ekki væri gerð tilraun til þess að hafa það sem sannara reyndist í þessu máli. Hins vegar held ég að það sé vafasamur ávinningur fyrir okkur hv. þm. að hafa hér uppi belging og stóryrði í garð dagblaðanna. Við verðum ekki meiri menn fyrir vikið né heldur málstaður okkar betri með því að svara í sömu mynt.

Örfáum spurningum hefur verið varpað fram hér til okkar hv. flm., og jafnframt hafa ákveðnar fullyrðingar verið viðhafðar gegn frv. okkar. Varðandi þessar fullyrðingar er ekkert nema gott eitt að segja. Það er eðlilegt að um þetta sé ágreiningur. En um leið og þessir þm. hafa sínar skoðanir á því, hvernig með þessi mál skuli fara, verða þeir líka að sætta sig við það, að aðrir hafi aðrar skoðanir en þeir, og til þess erum við hér að taka ákvörðun um það, taka afstöðu til þess, hvaða leið við viljum fara í þessum efnum.

Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, flutti hér ræðu þar sem hann lét í ljós andstöðu sína við þetta frv. Í þessari ræðu kom það fram, að hann teldi að það ætti að vera eitt fyrsta verk okkar að afnema það að þm. *tækju laun hjá hinu* opinbera á sama tíma sem þeir væru alþm. Þessi ákvörðun eða þessi regla, ef hún yrði tekin upp, er góð svo langt sem hún nær. Ég held að það geti ekki verið eðlilegt að setja í lög að banna alþm. að taka laun annars staðar, hvort heldur þeir vinna hjá því opinbera eða öðrum. Ég hef haldið því fram, að þm. ættu að vera það vel *haldnir í launum í sínu þingstarfi*, að þeir þyrftu ekki á öðru starfi að halda launanna vegna, en með því er ég ekki að segja að það eigi beinlínis að banna mönnum að taka laun. Mér finnst hins vegar koma til greina að sú regla sé sett, að alþm. þiggi ekki laun hjá hinu opinbera meðan á þingtíma stendur. Ef þeir hins vegar vilja leggja það á sig að sinna öðrum störfum, t. d. yfir sumarið, þá er það þeirra mál og auðvitað eðlilegt að þeir fái greidd laun fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi. Ég held líka að það sé ekki óeðlilegt, að þm. þiggi laun fyrir ákveðin verkefni sem þeir sinna eða ef þeir sitja í mikilvægum nefndum, sem krefjast allmikils starfs og eru tímafrek, þá sé það ekki út af fyrir sig óeðlilegt að greitt sé fyrir þau til alþm. eins og annarra þeirra sem í slíkum nefndum sitja. Þannig gæti ég fallist á skoðun hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar með þeim fyrirvörum sem ég hef hér sett fram.

Það er kannske rétt að svara líka þeirri fsp. sem hv. þm. Karvel Pálmason varpaði fram til mín um það, hvort ég teldi að launakjörin hjá þm. væru of góð. Ég hef sagt í þessum umr. og hef sagt það áður, að ég tel að laun þm. og kjör eigi að vera góð. Ég hef ekkert tjáð mig um það, hvort ég teldi þau vera of góð eða of slök eins og nú er, og eitt er víst, að ég kvarta ekki sjálfur undan þeim launum sem ég hef. En á hverjum tíma skal það vera svo, að launin eiga að vera þannig að menn geti af þeim lifað og þurfi ekki að leita annarra starfa þeirra vegna, þeir eigi að vera það efnalega sjálfstæðir að þeir þurfi ekki að vera öðrum háðir. Þetta finnst mér vera meginatriðið. Hins vegar er það ósköp mannlegt og á sjálfsagt við um þm. eins og aðrar stéttir þessa lands, að þeim finnst ávallt að þeir þurfi meira. Það er einmitt þess vegna sem ég tel að það sé eðlileg regla, sem nái til þm. eins og annarra launþega, að það sé ekki lagt í vald þeirra sjálfra að taka ákvörðun um hvaða kjör þeir hafi, heldur sé það hlutlausra aðila eða annarra að meta það eða a. m. k. sé borið undir og til ákvörðunar fyrir aðra en þá sjálfa.

Það er einkum tvennt, sem hér hefur verið rætt um, sem mér finnst vera þess virði að *fjalla* örlítið um í þessari seinni ræðu minni. Það eru annars vegar þær fullyrðingar, að þetta frv. sé flutt vegna hræðslu við kjósendur, og svo hitt, að Alþ. skuli vera sjálfstætt og þess vegna megi ekki samþykkja þetta frv.

Ég vil fyrst víkja að þeirri fullyrðingu, að hér sé á ferðinni svokallað hræðslufrv., eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson orðaði það. Ég held að þessu sé best svarað með því að vekja athygli á því, að ég sem flm. þessa frv. hef ekkert verið feiminn við að lýsa þeirri skoðun minni, að laun þm. eigi að vera há, og ég tel, að þau eigi að vera með þeim hæstu sem gerast og þekkjast í þessu landi. Að því leyti hef ég ekki tekið undir þá gagnrýni, sem einkum hefur borið á í dagblöðum, að *við höfum tekið ákvörðun um launin* til hækkunar meira en góðu hófi gegnir. Þetta frv. er ekki flutt vegna þess að ég sé hræddur við þessa gagnrýni. Hins vegar sýnist mér, að hv. þm. Sverrir Hemannsson sé einmitt sá sem lætur undan þessum áróðri og hefur hér í frammi málflutning og boðar till. sem eru uppgjöf gagnvart þessum áróðri og þessari gagnrýni. Og það verður að segjast eins og er, að það eru fleiri þm. sem láta undan, sem hopa, m. a. hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir. Það er farið mörgum orðum um að það eigi ekki að hopa undan þessari gagnrýni og við eigum ekki að láta deigan síga og við eigum að halda reisn Alþ. En á sama tíma sem þetta er sagt og verið er að gagnrýna það, að við séum að flytja þetta frv., og því haldið fram, að það sé vegna hræðslu við kjósendur, þá eru þessir sömu þm. að boða það, að þeir vilji lækka laun þm. En það er síður en svo að ég sé þeirrar skoðunar. Og ég tek það strax fram, að ég mun ekki greiða atkv. með því að þm. taki einhliða ákvörðun um lækkun á sínum launum nú á næstunni. En það hlýtur að gilda sama um okkar laun eins og allra annarra launþega í þessu landi, að ef um kjaraskerðingu er að ræða, þá auðvitað gildir það um okkur eins og aðra.

Mér finnst sem sagt að þessar fullyrðingar um hræðslufrv. séu út í hött og þær eigi ekki við um okkur flm., að við séum að láta undan vegna þessarar gagnrýni, að launin séu of há. Þvert á

móti sýnist mér einmitt að þeir þm., sem halda þessu fram, séu þeir sem láta undan þessum þrýstingi. Hitt er annað mál, og það segi ég í tilefni af því að hv. þm. Karvel Pálmason heldur að við séum að láta undan þrýstingi utan frá, að flestir þm. kannast við það að m. a. þessi hv. þm., að hér hafa verið fluttar till. í tíma og ótíma einmitt vegna þess að það er þrýstingur utan frá, einkum frá hagsmunasamtökum, stéttarsamtökum, sem gera kröfur til að þm. flytji slíkar till., oft mjög ótímabærar og til lítils gagns. (Gripið fram í.) Ég er feginn að heyra það. Þá erum við sem sagt sammála um að hér sé ekki látið undan þrýstingi hvað okkur flm. þessa frv. varðar.

Við skulum hins vegar ekki gleyma því, þm., að það er okkar hlutverk að hlusta á gagnrýni og skoðanir sem fram koma hjá þjóðinni, hvort heldur það er í óvönduðum dagblöðum eða ekki, og við verðum að reyna að sníða löggjöfina að vilja þjóðarinnar. Við verðum að reyna að haga störfum okkar oft og tíðum í samræmi við það, hver vilji fólksins er, og ég skammast mín ekkert fyrir það. Reisn þessarar samkundu þarf ekkert að verða minni fyrir það, þó að tekið sé tillit til ýmissa sjónarmiða sem ríkja utan þings. Með þessu er ég ekki að segja, að sú gagnrýni, sem fram hefur komið á þfkn., eigi rétt á sér, heldur er þetta almennt sagt.

Þá er það hitt atriðið, þar sem talað er um sjálfstæði þingsins, og í því sambandi skrifaði ég hjá mér setningu eftir hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, þar sem hún spyrst fyrir um það, hvort við eigum að vera lausir við ábyrgð, og hún telur að ábyrgðin sé okkar og við verðum að hafa dug til þess að setja lög. Þessu mótmæli ég ekki, enda er hér ekki verið að vefengja ábyrgð okkar né heldur víkjast undan því að lög skuli sett um þetta mál. Við erum einmitt að flytja frv. til l. um það, hvernig með þingfararkaupið skuli fara. Og ég fór mörgum orðum um það í minni fyrri ræðu, að samkv. stjórnarskrá væri löggjafarvald í okkar höndum og við erum að sinna því. Ég efast um að nokkur maður vildi svipta okkur því valdi. Það, sem þetta mál snýst hins vegar um, er að setja lög þannig, að við sitjum ekki undir ósanngjarnri gagnrýni og við séum ekki að draga Alþ. inn í óþarfadeilur og gefa undir fótinn með að hér sé óheiðarlega að staðið. Ég held að það sé best gert með því að samþykkja þetta frv. Og þegar talað er um að Alþ. skuli vera sjálfstætt og ákveða þingfararkaupið sjálft, þá er það sjónarmið út af fyrir sig. En ég minni á það enn einu sinni, að nú gilda lög í þessu landi sem kveða á um það, að það séu aðrir en Alþ. sem ákveði launin frá degi til dags. Það er komið inn í lög nr. 4 frá 1964 með breytingu í lögum nr. 57 frá 1971, sem kveða á um það í 1. gr., að alþm. nýtur launa samkv. launaflokki B 3 í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins. M. ö. o.: þfkn. tekur ekki ákvarðanir um laun okkar frá einum mánuði til annars eða frá einu ári til annars, heldur fylgja þau ákveðinni reglu, ákveðnum launaflokki og ákveðnum launum, sem ákveðin eru í almennum kjarasamningum milli ríkisins og opinberra starfsmanna, þar sem þm. koma ekki nærri nema með óbeinum hætti, eins og gengur og gerist um afskipti ríkisstj. hverju sinni. Þetta bið ég menn um að hafa í huga. Þetta sjálfstæði Alþ., sem verið er að tala um er ekki nema í „prinsipinu“ einu og í reynd alls ekki ríkjandi, eins og lögin segja mjög skýrt um. Hins vegar er í þessum sömu lögum 8. gr., sem hefur ruglað fólk allverulega í þessu máli, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, er þfkn. heimilt að hækka eða lækka árslaun samkv. 1. gr. að sama skapi.“ En þetta ákvæði er algerlega þýðingarlaust og óraunhæft vegna 1. gr. sem ég las upp áðan, og í reynd hefur þetta ekki verið svo síðan þessi lög voru samþ. 1971. Þessi grein hefur hins vegar ruglað menn í ríminu og af henni eru dregnar þær ályktanir, að það sé þfkn. sem hækki eða lækki laun eftir eigin geðþótta. Þetta sýnir okkur, að hvort sem okkur líkar vel eða illa við núverandi fyrirkomulag eða viljum breyta í annað horf, þá þarf að breyta þessum lögum. Það þarf að breyta þessum lögum þannig, að ruglingurinn sé ekki áfram fyrir hendi og að eitt ákvæði stangist ekki á við annað.

Mér finnst að þrjár leiðir komi til greina: Í fyrsta lagi að taka mið af ákveðnum launaflokki og mið við kjör t. d. opinberra starfsmanna, eins og lögin kveða á um. Í öðru lagi að þingið ákveði launin og kjörin alfarið, eins og t. d. hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur boðað að hann muni leggja til. Í þriðja lagi að einhver hlutlaus aðili ákveði þessi laun, eins og gengur og gerist um laun ýmissa hátt settra embættismanna í þessu landi.

Í sjálfu sér hef ég ekkert við það að athuga, að laun okkar séu miðuð við ákveðinn launaflokk hjá opinberum starfsmönnum. Ég get út af fyrir sig fallist á þá leið. En ég held að það sé ákaflega óskynsamlegt og óviturlegt fyrir okkur sem þm. að stíga það skref núna að breyta þessum lögum þannig, að þfkn. fái þetta alfarið í sínar hendur. Ég get ekki heldur séð nein rök til þess, að þm. fari sjálfir eða þingið að taka sér þetta vald í hendur, meðan það gildir ekki um aðrar stéttir í þessu landi. Og ég get ekki séð að það skerði sjálfstæði Alþ. að neinu leyti, þó að þetta vald sé sett í hendur hlutlausum aðila, m. a. vegna þess að lög kveða á um það núna, að þetta vald er alls ekki í okkar höndum.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, er ekki flutt vegna hræðslu við almenningsálitið eða vegna þess að gagnrýni hefur komið fram á þm., og ekki vegna þess að verið sé að taka undir það, að slíkar dylgjur eins og t. d. koma fram í dagblöðum undanfarna daga séu réttar, síður en svo. Það er flutt vegna þess að við flm. höfum þá skoðun, að það eigi að fara þessa leið. Við höfum haft hana löngum áður. Það er líka flutt vegna þess, að með því munum við eyða öllum slíkum málflutningi sem nú hefur verið hafður uppi, og það mundi taka af öll tvímæli um það, að Alþ. hefur engan áhuga á því að láta almenning deila um það, hvort laun þm. séu hærri eða lægri. Við mundum eyða þeirri tortryggni sem er fyrir hendi núna og ég held að reisn Alþ. yrði meiri með því að þetta frv. yrði samþykkt og þessi leið yrði farin.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Ég er satt að segja öldungis hissa á því, hversu léleg rök

hafa verið borin fram gegn þessu frv. af hálfu jafnmætra þm. og talað hafa gegn því. Annars finnst mér umr. allar bera þess skýran vott, að þörf var á slíkum umr., og í raun og veru bera umr. þess vott, að nauðsyn var á því að slíkt frv. væri flutt. Niðurstaða þeirra, dómur almennings um þessar umr., verður áreiðanlega sá, að það eina rétta væri að samþykkja frv.

Ég vil fyrst leyfa mér að benda á hversu gerólíkar skoðanir hafa komið fram hjá andmælendum frv. gegn meginefni þess, sem sagt því, að alþm. sjálfir taki ekki ákvörðun um kaup sitt *og kjör, heldur geri það hlutlaus aðili, Kjaradómur.* Annars vegar hefur hv. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, haldið því fram sem grundvallarskoðun sinni, að þm. eigi að hafa full laun, góð laun fyrir fullt starf, og ekki þiggja laun fyrir nein önnur störf, m. ö. o. þingstarfið eigi að vera fullt starf, eina starfið sem maður vinni meðan hann sé þm., og þá eigi að launa þm. vel. Þetta er grundvallarskoðun sem við þekkjum frá fyrri umr. um þetta mál hér í hinu háa Alþ., frægar umr. milli þeirra Bjarna heitins Benediktssonar og Eysteins Jónssonar. Eysteinn Jónsson hélt þessari skoðun fram af miklum þunga og miklum hita. Bjarni Benediktson var henni algerlega andvígur. Hann hélt fram þeirri skoðun, sem er gerólík og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerðist talsmaður fyrir áðan. Hann sagði þveröfugt við Lúðvík Jósepsson, að þingmennska ætti aldrei að verða fullt starf, það spillti þingmennskustarfinu að hafa það eitt að starfi, það væri nauðsyn fyrir þm. að gegna jafnframt öðrum störfum og helst *breytilegum* störfum til þess að öðlast nægilega þekkingu til að geta verið góðir þm. Þetta er nú skoðun Eyjólfs K. Jónssonar, gerólík skoðun Lúðvíks Jósepssonar, þó að þeir séu sammála um það að vera gegn þesu frv. M. ö. o.: hér er enn uppi sami gamli ágreiningurinn og var á milli þeirra Bjarna Benediktssonar og Eysteins Jónssonar. Ég bendi á að meðal andstæðinga frv. eru menn sem aðhyllast jafnólíkar grundvallarskoðanir á því, hver skuli vera staða þm. og hvernig launakjörum hans þar af leiðandi skuli háttað.

En aðalrökin, sem færð hafa verið gegn þessu frv., eru þau, að með samþykkt þess sé verið að láta undan áróðri ófyrirleitinna blaðamanna, og það er sagt með óskaplegum alvöruþunga og feikilegum alvörusvip, að þm. eigi að hafa kjark til þess að axla ábyrgðina, þeir eigi að hafa kjark og þor til þess að axla ábyrgðina af óvinsælum ráðstöfunum. Ekki skal ég skorast undan því að axla ábyrgð á óvinsælum ráðstöfunum. Ég hef tekið þátt í því hér á hinu háa Alþ. í *áratugi, bæði sem þm. og ráðh.*, að axla ábyrgð á óvinsælum ráðstöfunum og hef aldrei kvartað undan, dytti aldrei í hug að kvarta undan því, svo að það þarf ekki að brýna mig eða hv. meðflm. minn að þessu frv. á því, að við séum með flutningi þess að koma okkur sjálfum undan því að axla ábyrgð á óvinsælum ráðstöfunum. Ekkert væri fjær mér en það. Og það er í raun og veru *alls ekki það sem fyrir andmælendum frv. vakir.* Ég mun seinna koma að því, hvað ég tel að fyrir þeim vaki eða á hverju andstaða þeirra gegn jafnsjálfsögðu máli og ég tel samþykkt frv. vera byggist. En áður en ég kem að því vil ég minna á að það er engu líkara en jafnmætir þm. og hafa mælt gegn frv. hafi hreinlega ekki áttað sig á því, hver þróunin hefur verið í launamálum opinberra starfsmanna og þ. á m. þm. á undanförnum áratugum. Þeir láta eins og þeir viti það ekki og hljóta þó að vita það.

Hver hefur þróunin verið? Ég minnist þess, að ég átti í þessari hv. þd. fyrir 20—30 árum sæti í fjhn. d. *Stærstu mál, sem við fengum á þeim* árum til meðferðar, voru frv. til launalaga. Fyrir 20—30 árum ákvað Alþ. sjálft laun allra opinberra starfsmanna. Alþ. sjálft ákvað laun allra opinberra starfsmanna, það ákvað laun ráðh. og það ákvað laun húsvarða í barnaskólum. Allir, sem nefndust opinberir starfsmenn, fengu laun sín samkv. ákvörðun í lögum frá Alþ. Þetta var hin stærsta og flóknasta lagasetning sem um var fjallað, og þar kom loks að mönnum ofbauð. Mönnum ofbauð að ætla Alþ. að vinna slíkt verk af nokkurri skynsemi. En ég get sagt það aftur, það eru leiðinlegustu nefndarfundir sem ég hef *setið hér á hinu háa Alþ.*, fundir í fjhn. fyrir 20—30 árum þegar launalögin voru til meðferðar. Menn sátu hér viku eftir viku og tóku á móti sendinefndum frá þessu stéttarfélaginu eða þessum hópnum, þessum embættismönnum og hinum. Það tók oft undir 2—3 mánuði að afgreiða launalögin. Þar kom að þm. sjálfum ofbuðu þessi vinnubrögð. Svo vildi til að ég átti sæti í þeirri *ríkisstj. sem hafði forustu um að þessu hringavitleysukerfi* væri breytt og Alþ. hætti að ákveða laun opinberra starfsmanna, heldur fæli það hlutlausum aðila, þ. e. a. s. Kjaradómi. Þessi ákvörðun var tekin árið 1961 samkv. till. stjórnar undir forustu Ólafs Thors, sem ég átti sæti í, og að þessu var auðvitað stórkostleg bót. M. ö. o.: Alþ. afsalaði sér þá valdi sínu, rétti sínum til að ákveða laun ráðh. og húsvarða í barnaskólum, svo að ég nefni dæmi, — afsalaði sér þessu valdi sínu til þess að ákveða laun allra opinberra starfsmanna nema laun alþm.

Ég gaf það í skyn í gær, að ég hefði haft orð á því í *ríkisstj.*, þegar þetta frv. var til meðferðar, hvort ekki væri rétt að láta lögin taka líka til alþm., skilja þá ekki eftir eina. En ég játa að á þeim tíma voru fyrir því frambærileg rök að láta lögin um laun opinberra starfsmanna ekki taka til alþm., því að eins og allir vita höfðu frá upphafi gilt þær reglur um laun þeirra, að þeir höfðu dagpeninga, en hvorki mánaðar- né árslaun. Það var *gerólíkt því launakerfi sem gilti um opinbera* starfsmenn, sem eru ráðnir á árslaunum, og þetta var ekki talið samrýmast. Engu að síður tel ég nú að það hafi verið rangt. Ég játa það, að ég ber ábyrgð á þeirri röngu ákvörðun eins og aðrir ráðh. og aðrir þm. sem samþykktu lögin. Það var rangt þá að láta alþm. ekki fylgja öllum öðrum opinberum starfsmönnum. Við höfðum losnað við mörg óþægindin og marga vitleysuna og margt ámælið, rétt og rangt, ef við þá, 1961, hefðum haft vit á því að láta þau lög taka til alþm. eins og allra annarra opinberra starfsmanna því að ég endurtek það og undirstrika einu sinni enn, að við erum ekkert annað en opinberir starfsmenn. En ég segi að viss afsökun hafi verið fyrir því þá vegna launakerfisins að undanskilja alþm.

Einu ætla ég að bæta við. Þegar þessi lög voru til umr., þegar Alþ. var að framselja öðrum aðila

vald til þess að ákveða laun allra opinberra starfsmanna, bókstaflega allra opinberra starfsmanna, eins fjölmennasta starfsmannahóps í landinu, þá heyrðist aldrei úr barka nokkurs þm. sú rödd, að Alþ. væri að afsala sér valdi sem það mætti ekki afsala sér, að Alþ. væri að setja niður með því að framselja öðrum aðila vald til ákvarðana, að sjálfsvirðing Alþ. væri að minnka, að virðing Alþ. í augum þjóðarinnar hlyti að minnka af því að við þyrðum ekki að axla þá byrði að ákveða laun ráðh. og húsvarða. Það vildi svo skemmtilega til, að þá var enginn maður á þingi sem hafði svo lágkúruleg sjónarmið. Þeir eru komnir á þing núna, því er verr og miður. En sé ástæða til að tala um að Alþ. væri að afsala sér valdi að ástæðulausu og virðing þess væri að minnka vegna þess að stungið er upp á því, að alþm. hætti að ákvarða kaup fyrir sjálfa sig, 60 manns, hvað hefði þá mátt segja þegar það var að afsala sér valdi til að ákveða laun þúsunda manna í landinu, einnar stærstu starfsstéttar landsins. Sem betur fer heyrðust þær raddir þá ekki. Þær ættu ekki heldur að heyrast núna.

Ég sagði áðan, að þó að 1961 hafi verið viss rök fyrir því að láta lög um Kjaradóm ekki taka til alþm., þá féllu þau rök algerlega niður þegar sú ákvörðun var tekin að ákvarða þm. mánaðarlaun. Þó mátti segja að þá væru launakjör þm. sérstæð að því leyti, að meðan þeir höfðu mánaðarlaun höfðu þeir þau aðeins meðan þing sat. Allir aðrir embættismenn og opinberir starfsmenn hafa árslaun. En eftir að sú ákvörðun var tekin, að alþm. skyldu hafa árslaun eins og ráðuneytisstjórar, eins og kennarar, eins og húsverðir í skólum, eins og læknar á ríkisspítölum, — eftir að ákveðið var að alþm. skyldu hafa árslaun, hvort sem Alþ. sæti eða sæti ekki, þá var bókstaflega engin skynsamleg ástæða lengur fyrir því að láta aðra reglu gilda um það, hvernig laun alþm. skuli ákveðin, en um laun ráðh., lækna, sýslumanna, húsvarða í barnaskólum o. s. frv. Ef alþm. þykir réttmætt, eins og þeim þykir væntanlega fyrst engin till. kemur til breytinga á því, að Kjaradómur ákveði laun ráðh. og húsvarða, kennara og lækna, sýslumanna, ef allt þetta er rétt, hvers vegna í ósköpunum er það þá ekki jafnrétt að Kjaradómur ákveði laun alþm.? Hvaða mismunur er á okkur þm. og öðrum opinberum starfsmönnum, sýslumönnum og húsvörðum í barnaskólum? Bókstaflega enginn. Það má segja að sá einn munur sé á, að við séum kjörnir til okkar starfs, en þeir séu skipaðir. Auðvitað er það eðlismunur, en það ætti engu að breyta um það, hvernig laun okkar eru ákveðin, enda höfum við sjálfir ákveðið að við skyldum telja okkur í hópi með ákveðnum opinberum starfsmönnum, þriðja hæsta launahópi starfsmanna ríkisins. Það sýnir best að við teljum okkur vera opinbera starfsmenn, alveg sambærilega við tiltekna hópa annarra opinberra starfsmanna. En hvers vegna í ósköpunum er sjálfsagt að Kjaradómur ákveði laun hinna hópanna, en megi alls ekki ákveða laun okkar.

Það er ekki heil brú í þessum hugsunarhætti og það er ekki samboðið jafnágætum þm. og andmælendum frv. að viðhafa svona röksemdafærslu. Það er enginn botn í henni. Ég mundi ekki vilja taka þátt í því sem þm. að ákveða laun ráðh. Þó má að vissu leyti segja að ráðh. séu starfsmenn okkar þm. Þeir eru óbeint valdir af okkur. Það mundi enginn ráðh. sitja hér í ráðherrastól nema sá sem væri valinn af meiri hl. Alþ. og sæti þar í skjóli meiri hl. Alþ. Ráðh. eru starfsmenn okkar, alveg eins og ráðuneytisstjórarnir eru starfsmenn ráðh., alveg eins og kennari er starfsmaður skólastjóra eða menntmrh. er starfsmaður ríkisvaldsins. En þó að ráðh. séu starfsmenn okkar, þá vil ég ekki eiga þátt í því að ákveða laun þeirra. Ég vil að annar aðili, óháður, geri það. Enn síður vil ég auðvitað eiga þátt í því að ákveða laun sjálfs mín.

Það hefur verið mikið að því vikið í þessum umr., hvort þm. taki í raun og veru laun samkv. lögum eða samkv. ákvörðun sjálfs sín. Ég tel hér vera um hreinan orðaleik að ræða sem alls ekki sé samboðinn þm. eða þingheimi yfir höfuð að tala. Mér þykir miður að það skuli verða að fréttast út fyrir þingsalina, að jafnlágkúruleg umr. og þetta eigi sér hér stað, því að öll eigum við að vita um hvað hér er í raun og veru að ræða. Í þeim lögum, sem í raun áttu að gilda, er nefndur ákveðinn launaflokkur og laun þm. breytast að sjálfsögðu um leið og upphæð launa í þeim flokki breytist. Að því leyti er það alveg rétt, að þm. ákveða ekki þær breytingar, sem verða á launum, en fylgja ákvörðun Kjaradóms um breytingar á launum annarra hópa opinberra starfsmanna. Þetta á auðvitað hverju barni að vera ljóst. En hitt á líka hverju barni að vera ljóst, að það eru alþm. sjálfir sem hafa ákveðið í hvaða launaflokki við skulum vera. Það erum við sjálf sem höfum ákveðið í hvaða launaflokki við skulum vera. Og þar með höfum við ákveðið launin okkar, eins og þau eru á hverjum tíma, þegar ákvörðunin var tekin. Við ákváðum laun okkar í krónum og aurum á þeim degi sem þessi lög voru samþykkt. Þá vissum við nákvæmlega hvað hinir hóparnir höfðu í laun. Þar með ákváðum við okkar laun í krónum og aurum. Hitt er rétt, að síðan þetta var ákveðið höfum við engu ráðið um það, hvernig þau hafa hreyfst. Þá hreyfast þau upp, ekki niður, öll laun hreyfast alltaf upp á við. Við höfum auðvitað engu ráðið um það, hversu mikið þau hafa hreyfst upp á við, síðan lögin voru sett. En hvernig í ósköpunum ætti nokkur viti borinn maður að trúa því, að við höfum ekki sjálfir í upphafi ráðið hver laun okkar voru? Það stendur í 1. gr. laganna, að við skulum þiggja laun samkv. ákveðnum launaflokki, og sá flokkur hafði ákveðin laun þegar ákvörðunin var tekin. Þar með ákváðum við laun okkar. Ef við hefðum viljað, eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson gaf í skyn, að hann hefði vel getað hugsað sér að við værum í hærri flokki, þá hefðum við ákveðið svolítið hærri laun. Aðrir hafa sagt að launin væru óþarflega há, og þá ættum við að ætla okkur lægri laun. En hvað er ég að segja? Ég er að segja að þá hefðum við ákveðið okkur hærri laun eða lægri laun. Við ákváðum okkur viss laun. Og hvernig getur nokkur lifandi maður með viti andmælt því, að þetta sé satt og rétt? Þess vegna verð ég að segja það, að mér þykja ákúrurnar, sem ritstjórar Morgunblaðsins og Dagblaðsins hafa fengið fyrir ummæli sín um þetta mál, vera í hæsta máta ósanngjarnar og ranglátar. Þær eru

beinlínis rangar. Þeir hafa fullkomlega rétt fyrir sér í því, að þau laun, sem alþm. hafa, eru að grunni til ákveðin af alþm. sjálfum. — Ég skal segja þetta aftur: Þeir hafa rétt fyrir sér í því, að þau laun, sem þm. hafa í dag, eru að grunni til ákveðin af okkur alþm. sjálfum. Hitt er rétt, sem þm. hafa haldið fram, að breytingarnar, sem orðið hafa á laununum síðan, eru ekki okkar verk, þær eru verk Kjaradóms. Þetta er svo augljóst mál, að það liggur við að ég taki það nærri mér að þurfa að eyða tíma í að ræða annað eins og þetta, m. ö. o. að þurfa að andmæla jafnfávíslegri röksemdafærslu og beitt hefur verið að þessu leyti. Svo einfaldar eru grundvallarstaðreyndir málsins.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson varpaði fram þeirri hugmynd í ræðu sinni og boðaði till. um að það ætti að banna þm. að taka laun fyrir tvö störf, jafnvel þó að launin væru takmörkuð. Svo sem hann gat um er þm. heimilt að gegna öðru starfi hjá ríkinu og þiggja fyrir það 30—60% laun, ef hann innir af hendi 30—60% starfsins. Ég skal með ánægju, til þess að ekkert fari á milli mála um það, lýsa yfir fylgi mínu við slíka brtt. Ég vil þó gjarnan bæta því við, að ég tel — og vona að hv. þm. sé mér sammála um það — að þm. eigi þá ekki heldur að sitja á föstum launum í ráðum og nefndum t. d. bankaráðum, tryggingaráði og því um líku, því að störf þar eru, eins og allir vita, unnin í venjulegum starfstíma þm. og fyrir þau er því ástæðulaust að komi sérstök greiðsla. Við hv. þm. Lúðvík Jósepsson áttum sæti í verðbólgunefndinni svokölluðu, sem hélt feikimarga fundi, langa og stranga, og þurfti að lesa mörg hundruð vélritaðar blaðsíður til þess að vera nokkurn veginn heima í því efni sem þar er fjallað um. Við vorum hjartanlega sammála um það í gærmorgun, að sú n., sem aðallega er skipuð þm. og embættismönnum, skyldi engrar þóknunnar æskja fyrir störf sín, af því að þau voru unnin í venjulegum starfstíma, alltaf einhvern tíma á milli 9 og 5 á daginn. Og n. varð sammála um að þetta væri rétt. Ég get líka skýrt frá því, sem almenningur eða blaðamenn vita eflaust ekki, að útvarpsráð hefur gert um það ályktun, að þm. skuli enga þóknun fá þegar þeir koma fram í útvarpi eða sjónvarpi, og er þó allvel borgað þegar menn koma fram í sjónvarpi. Fyrir það kemur engin greiðsla. Þetta er samkv. ákvörðun sjálfs útvarpsráðs, og ég er því fyllilega samþykkur, þetta er alveg eðlilegt. Aldrei hefur mér dottið í hug að kvarta undan því og ég held engum þm., sem betur fer.

Ég veiti því athygli, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson undanþiggur einn hóp manna þeirri reglu, að þm. mættu ekki jafnframt vera í öðru starfi á fullum launum, og það eru ráðherrar. Samkvæmt hugmyndum hans er eðlilegt að ráðh. einir allra þm. megi vera í tvöföldu starfi, á fullum launum í báðum störfunum. Nú er það ekki skoðun mín, að ráðh. á Íslandi séu ofhaldnir af sínum launum. Ég var það lengi ráðh. sjálfur að ég get glöggt um það dæmt, að enginn ráðh. verður ríkur á því starfi þó að hann sé þm. jafnframt, og ég geri því enga athugasemd við þessa afstöðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, en ég vek bara athygli á að hún er svona. Hann ætlast til þess, að 8 þm., þ. e. a. s. ráðh., geti verið á fullum tvöföldum launum. (Gripið fram í.) Þar er engin skerðing. (Gripið fram í.) Já, ég þakka fyrir þessa leiðréttingu, hún er eflaust alveg rétt, að þeir að þessu leyti sem ráðh. hafi ekki sömu laun og hæstaréttardómarar, sem þeir höfðu áður. En það breytir í grundvallaratriðum ekki því, að Lúðvík Jósepsson gleymdi að minnast á ráðh. í þessu sambandi. Hann ætlast ekki til þess, að þeirra laun séu neitt skert frá því sem þau hafa verið síðan 1971. En það er óneitanlega umhugsunarefni, hlýtur að verða umhugsunarefni, hvers vegna ráðh. má halda fullum núverandi ráðherralaunum samfara þingmennsku, en t. d. barnakennari megi ekki halda 30% launum fyrir 30% kennsluskyldu, ef hann vill kenna. En ég fjölyrði að öðru leyti ekki um þetta.

Að síðustu skal ég víkja að því, hvað ég tel vera einu skýringuna á andstöðu gegn því, jafnsjálfsagt og það er, að þm. ákveði ekki laun sín sjálfir, heldur Kjaradómur, eins og hann ákveður laun allra opinberra starfsmanna. Það er svolítið vandleitað að skýringu á jafnóskynsamlegri afstöðu hjá jafnskynsömum mönnum og þeir þm. eru sem andmælt hafa frv. Ég held að það sé ekki um að ræða raunverulegt eða eðlilegt og réttmætt og virðingarvert stolt. Ég held að það sé um að ræða þráa og ekkert annað en þráa og fastheldni í gömul völd. Það hvarflar ekki að mér að um sé að ræða eiginhagsmuni hjá þessum hv. þm. sem andmælt hafa frv. og vilja halda í vald okkar til að ákveða laun sjálfra okkar. Það hvarflar ekki að mér að það sé vegna ótta um eiginhagsmuni sem þeir vilja ekki sleppa þeim völdum sem óneitanlega eru fólgin í því að flytja ákvörðunarvald um laun þm. úr þingsölunum yfir til Kjaradóms. Það hvarflar ekki að mér. En mér býður í grun, að það, sem hér sé um að ræða, sé viðleitni til þess að sýna vald, til þess að sýna að menn hafi vald og vilji ekki og þyki lítillækkun að því að missa vald. Ég held að hér sé á ferðinni metnaður, en algjörlega misskilinn metnaður, sem ég segi aftur að ég hef helst tilhneigingu til þess að flokka undir þráa. Það er satt að segja sakleysislegasta skýringin sem ég get fundið á jafnóskynsamlegri afstöðu jafnskynsamra manna og hér er um að ræða.

En að því slepptu, hver ástæðan er til andstöðunnar við þetta frv., þá finnst mér það aðalatriðiði málsins, og á því skal ég ljúka þessu máli mínu, það er í mínum augum mergurinn málsins, að forða þm. frá því að vera eini hópurinn í þjóðfélaginu sem ákveður sjálfur kaup sitt og kjör. Alþm. eru nú eini hópurinn, 60 alþm. eru eini hópurinn í þjóðfélaginu sem ákveður sjálfur kaup sitt og kjör. Dytti nokkrum í hug að mæla með því, að ráðherrarnir átta ákvæðu sjálfir ráðherralaunin? Dettur nokkrum manni í hug að dómarar í Hæstarétti ákveði hæstaréttardómaralaunin? Eða hverjum dettur í hug, að sýslumannafélagið ætti að ákveða laun sýslumannanna? Að ég tali nú ekki um það, að Samband ísl. barnakennara ætti að fara að ákveða laun barnakennara. En nú er ég farinn að segja það sem öllum finnst vera fullkomin fjarstæða. En þó við höfum almennt löggjafarvald, þýðir það endilega að við eigum að ákveða laun okkar sjálfra? Ég spyr: Hví þá ekki laun hæstaréttardómaranna? Við höfum

verið sammála um að fela Kjaradómi ákvörðun þeirra. Hví má Kjaradómur ekki ákveða laun okkar?

Nei, hér er meira í húfi en maður skyldi halda í fljótu bragði. Satt að segja, þegar alþm. telja það vera metnaðaratriði fyrir sig, það er talið að sé verið að særa stolt þm. að afsala sér þessu valdi, þá hristir maðurinn á götunni höfuðið, að ég tali ekki um að skynsamir blaðamenn og ritstjórar hrista höfuðið. Hvernig í ósköpunum eiga menn að skilja að það sé skerðing á stolti og metnaði að vilja ekki sjálfsákvörðun um laun sín, frekar en laun ráðh., dómara, kennara, sýslumanna — hver er munurinn? Auðvitað skilur enginn maður að á því sé nokkur munur. Hafi hitt verið rétt, þá er þetta rétt. Ef við höfum gert rangt 1961, þegar við hættum að setja launalög, þá á að byrja á því aftur. Það er eina skynsamlega ályktunin sem hægt er að draga af þessum málflutningi, ef maður tæki hann alvarlega, að Alþ. taki sér aftur launaákvörðunarvald hjá öllum opinberum starfsmönnum, eins og það gerði í áratugi, heila öld. En fyrst menn höfðu kjark til þess án þess að kveina og kvarta 1961 að afsala sér þessu valdi, þá ætti mönnum nú að vera vorkunnarlaust að afsala sér valdi til ákvörðunar launa sjálfs sín og geta haldið höfðinu samt og fullri reisn. Ég tel reisn mína sem alþm. ekki vera minni, ef ég gæti komið því til leiðar að við afsöluðum okkur þessu valdi, heldur meiri eftir en áður.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég hafði ánægju af því að fylgjast með þessum síðustu sálarrannsóknum hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Hann komst að því, að hér mundi vera á ferðinni hjá þm., sem mæltu gegn frv. hans, þrái, fastheldni, valdafíkn, metnaður, og ég man ekki hvað fleira hann nefndi. Það hefur oft viljað brenna við hjá hv. þm. að fara í stóra hringi þegar hann er að komast að kjarnanum. En ég get sagt honum í hreinskilni af minni hálfu hvað mér gengur til í fyrsta lagi, og það er ekkert annað en að standa vörð um virðingu og vegsemd Alþingis, en næst kemur það svo að reyna að standa vörð um heiður mín sjálfs einnig.

Hv. þm. sagði að ákúrur í garð blaðamanna Morgunblaðs og Dagblaðs væru ósanngjarnar. Það er vegna þess að þeir hefðu rétt fyrir sér, skildist mér af því sem hægt væri að færa til sanns vegar að við hefðum ákveðið laun okkar sjálfir, grunninn að þeim. En þetta er ekki sú forsenda sem gagnrýnendur nú hafa gefið sér. Þeir gáfu sér aðra forsendu, þá forsendu að við hefðum ákveðið breytinguna núna sem leiddi til þess, að við reyndumst með einna mestu hækkunina af öllum starfshópum þjóðfélagsins. Þetta er sú meginforsenda sem gagnrýnendur gefa sér og hún er röng. Og þegar færðar eru fram sannanir fyrir því, að hún sé röng, þá tilkynnir Morgunblaðið að það sé útúrsnúningur. Og ég vil spyrja: Ef við nú tækjum ákvörðun um að vísa öllum okkar málum til Kjaradóms, til hvers mundi það þá leiða? Þetta er höfuðatriði. Ég er sannfærður um að það mundi leiða til stórhækkaðra launa og þó einkum og sér í lagi stóraukinna kjara að öðru leyti, og þá mundi vera hægt til sanns vegar að færa að við hefðum ákveðið þetta sjálfir, rétt eins og hægt er að sanna það núna að við höfum ákveðið grunninn að launum okkar, og við lægjum þá aldeilis vel við höggi að mínum dómi, ég fæ ekki betur séð.

Það er svo annað mál, að það er e. t. v. erfitt að ræða þetta undir þessum kringumstæðum og kannske grunnhyggni og skammsýni af okkur að hafa ekki tekið okkur til og rætt þetta ítarlegar undir öðrum kringumstæðum, en ekki þegar við liggjum undir ósanngjörnum árásum gagnrýnenda. Það kynni að vera að menn ættu auðveldara með að átta sig á málinu og ná réttri fótfestu í því ef öðruvísi stæði á. Þetta skal ég játa fyrir mitt leyti, og ég hygg að þetta geti átt við um fleiri.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason verður að athuga það, að starf þm. á ekkert skylt við starf annarra opinberra starfsmanna. Það er gjörólíkt í flestöllum atriðum. Ég vil spyrja hv. þm., sem ólmaðist hér yfir þeirri fásinnu að við vildum sýna þá valdafíkn að ákveða laun okkar sjálfir. Hvers vegna er þá tekið hér fram í hverri einustu grein, að kveðið skuli upp úr um kjör okkar af Kjaradómi eftir tillögum þfkn. „Kjaradómur" — með leyfi virðulegs forseta — „ákveður hámark húsnæðiskostnaðar, að fengnum tillögum þfkn." „Kjaradómur, að fengnum tillögum þfkn., ákveður dvalarkostnað yfir þingtímann fyrir alþm., sem búsettir eru utan Reykjavíkur" o. s. frv. Til hvers mundi þetta leiða? Leiðir þetta þá til þess, að við séum óháðir, værum taldir gjörsamlega ofan og utan við ákvarðanir um okkar kaup og kjör? Í þessu efni er þetta gjörsamlega í ósamræmi við orð hans áðan.

Ég legg áherslu á það, að undirrót hinnar harkalegu gagnrýni á Alþ. nú varðandi kaup þm. og kjör er sú staðreynd, að Kjaradómur féll á þá leið, að sá flokkur sem hafði verið ákveðinn af okkur sjálfum, þó ég persónulega ætti ekki sæti á Alþ. þá, en af Alþ. á sínum tíma, hann reyndist hafa hækkað til jafns við það allra hæsta sem fundin verða dæmi um í launaflóðinu sem gengið hefur yfir. Ég fullyrði að þetta mundi ekki hafa skeð ef svo hefði til háttað, að þfkn. hefði haft með þetta að gera, en ekki tekið við niðurstöðum Kjaradóms. Þess vegna þýðir ekki fyrir hv. þm. Karvel Pálmason að spyrja um hvernig atkvæði hafi fallið í þfkn., vegna þess að þetta málsatriði er ekki til atkvgr. þar, heldur bókunar. Og þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð heldur því fram, að þfkn. sé fær um það nú að breyta þessari niðurstöðu, þá er það beinlínis rangt. Ég hef borið þetta atriði undir fleiri en einn lögspeking, og þeir eru allir sammála um það, að enda þótt horfinn sé úr launatöxtum sá flokkur, sem tilgreindur er í 1. gr. þingfararkaupslaganna, þá liggi fyrir öll túlkun laganna á þann veg, að það sé þriðji hæsti flokkur, sem starfsmenn ríkisins taki laun eftir, og þess vegna sé hann ákveðinn þessi sem um ræðir. (**Gripið fram í:** Hverjir eru þeir lögfræðingar?) Það eru lögfræðingar sem áreiðanlega eru jafnvel lærðir í þeim fræðum og fyrirspyrjandi, án þess að ég sé neitt að lasta hans fræðimennsku. Ég skal ekkert um það segja, hvort þeir lögmenn eigi rætur sínar að rekja til húnvetnskra sauðaþjófa, það er annað mál.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð kallaði orð mín og orðræðu í garð blaðamanna skæting. Ég sé að ég

hef ekki varpað nægilega þungum áherslum á orð mín, því að það áttu að vera skammir. Og þegar hv. þm. Ellert B. Schram segir að okkur sæmi ekki að vera með belging og stóryrði í garð blaðamanna, þá biðst ég engrar afsökunar á því þó ég gerist þungorður í garð manna sem bera á okkur tugthússakir. Grunur minn er sá, þó ég vilji ekki væna þessa hv. flm. um neitt, að þeir séu í orðfari eins og þessu að hneigja sig fyrir þessu mikla valdi, sem blaðamennirnir fara með, og að hinu leytinu þvo hendur sínar af því, sem skeð hefur í sambandi við laun alþm., með frv. sem þeir hafa enga ástæðu til að ætla af fyrri undirtektum að hljóti hér samþykki, og með því sé gerð tilraun til þess að þvo hendur sínar í augum almennings. Þessi hugsun er áleitin við mig, en ég vona að ég hafi rangt fyrir mér í því.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur misheyrt það sem ég sagði um íslenska blaðamannastétt. Ég sagði að hún mundi vera verst mennta stétt þjóðarinnar, ég talaði ekkert um hvernig hún væri menntuð. Hún kann að vera þrælmenntuð, það er allt annað mál en það, hvernig hún er mennt. Það kunna að vera hálærðir menn þar í flokki. Hún sagði að af þeim væri krafist þekkingar, verklagni og siðgæðis, siðferðisþroska. Hún sagði, hv. þm.: siðferðisþroska. Þetta eru kröfurnar. Svo er spurningin um það, hvernig þeir verða við þessum kröfum, hvernig þeir rísa undir þessum kröfum, blaðamenn. Ef hv. þm. gæti nefnt mér eitt dæmi um það, t. d. úr Dagblaðinu, þar sem vart hefur orðið siðferðisþroska í þeim skilningi sem heiðarlegir menn skilja það, þá bið ég hann að gjöra svo vel að sýna mér það — bara eitt — síðan það hóf göngu sína.

Og eitthvað fannst aðalmanni, hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, á skorta um siðferðisþroska hjá þeim sem nýlega skrifaði í Þjóðviljann um aldrað fólk, eins og lesa má í grein eftir hv. þm. Magnús Kjartansson nýlega, þar sem hann bað viðkomandi að líta í spegil, þar sem hann gæti séð á ferðinni mann sem áreiðanlega hefur ekki orðið við þessum kröfum um siðferðisþroska sem eru gerðar til blaðamanna.

Ég las í dagblaðinu Vísi í sumar grein eftir ungan blaðamann, og greinin var í ramma. Hann fór í sálarrannsóknir, eins og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason gerði hér svo skemmtilega áðan, og grafalvarlegur skrifaði hann á þá leið, að þm. væru upp til hópa illa gefið misindisfólk með ríkar glæpahneigðir. Vefengi menn orð mín, þá skulu þeir fletta upp í dagblaðinu Vísi. Og hann heldur áfram og segir, að þetta sé svona og reyndin hafi sýnt, sögulegar staðreyndir færi heim sanninn um að oft sé þetta svona í nýjum lýðræðisríkjum, að fyrstu áratugina komist svona menn á Alþingi eða á löggjafarsamkundu viðkomandi ríkis — hann er búinn að rannsaka þetta — illa gefið misindisfólk með ríkar glæpatilhneigðir. Það er von að maður sé áminntur um að hafa ekki stóryrði í frammi, og einhvern veginn hef ég haft það á tilfinningunni að lægi við borð að seilst væri í bjölluna þegar mest hefur gengið á.

Hvað segir í leiðara Morgunblaðsins í gær? Hafa hv. þm. lesið það? Það stendur þar fullum fetum að hv. þm. séu skattsvikarar. Það stendur fullum fetum í þessu blaði. Og samt er það svo, að ég er gagnrýndur fyrir það að ég kveði fast að orði, þegar ég hlýt að svara slíkum aðdróttunum, glæpsamlegum aðdróttunum.

Þegar gagnrýnendur okkar í blaðamannastétt fóru að óttast að almenningur færi kannske að trúa því, að við hefðum ekki nú ákveðið laun okkar sjálfir, þá var farið að leita fanga annars staðar og það var farið að föngum í skattsvikin. Og það má mikið vera ef ekki á eftir að heyrast meira af þeim vettvangi.

Því er haldið fram af hv. þm. Ellert B. Schram, að málflutningur okkar hafi bent til þess, að við værum slegnir ótta, andstæðingar þessa frv. hans og hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, og það værum við sem værum að hopa á hæl. Það lítur hver sínum augum á silfrið. En ég hlýt að vísa þessu frá mér og endurtek það, að mér gengur ekkert annað til en að standa vörð um heiður þessarar stofnunar, því það er um leið líftaug lýðræðis þessarar þjóðar að svo sé gert og að okkur takist það.

Ég vék að því í fyrri ræðu minni, að ég hefði í huga að bera fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 6. mars 1964, um þingfararkaup alþm. Ég vil nú kynna þetta. Það er aðeins ein grein, og hún er á þessa leið, að 1. málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

„Alþingismaður nýtur launa samkvæmt þeim launaflokki í kjarasamningi um laun starfsmanna ríkisins er þfkn. ákveður, og greiðist 1/12 hluti árslauna mánaðarlega.“

Það var ekki lengra. Og þetta þýðir það, að við hverfum aftur til gömlu hefðarinnar um það að taka ákvörðun um laun okkar einnig eins og við höfum gert um kjörin. Þetta má enginn skilja sem svo að mig sem formann þfkn. langi þar í vald. Því fer víðs fjarri, og ég er tilbúinn að kaupa það því verði að hætta sem formaður í n., ef menn vilja fallast á þessa aðferð, þar sem ég tel að hv. þm. reisi aðeins höfuðið í mót þessum ósanngjörnu árásum sem hið háa Alþ. verður fyrir. Það skal ekki standa á mér.

Ég verð að segja það, að mér finnst þetta sú aðferð sem við getum helst haft til að svara þessari ósanngirni á verðugan hátt. Ég hef hins vegar játað það og er ekkert umhendis að játa þann sannleika, að okkur var það ekki ljóst í þfkn. þegar við stimpluðum þessa ákvörðun, þessa niðurstöðu Kjaradóms, að við þm. fengjum þar með hækkun milli ára sem væri sú mesta og jafnhá því mesta sem gerst hefur. Ég býst við því, að ef við hefðum áttað okkur á þessu, þá hefðum við leitað til Alþ. um það að snarbreyta lögunum þegar í stað, áður en þessi niðurstaða var skráð. Ég geri fastlega ráð fyrir þessu. Hins vegar áttum við engra kosta völ að óbreyttum lögum. Á þetta legg ég áherslu. Og ég tel ekki til mikils út af fyrir sig að vera að þræta um þetta. Ég hef sagt hér, að menn mega, ef þeim sýnist, skoða það sem eftirgjöf og linkun af minni hálfu, að af því sem ég held að ef við hefðum ráðið þessu sjálfir, þá mundum við ekki hafa ákveðið hækkun milli ára svona mikla, þá get ég vel hugsað mér, eftir að við höfum fengið óskorað vald til að ákveða þetta, að taka nýja ákvörðun, — ákvörðun sem fæli í sér að hækkunin yrði ekki svona mikil milli

ára. Úr því sem við mundum hafa gert þetta ef við hefðum haft vald til, hvers vegna þá ekki að gera það enda þótt aðstæður séu örðugar, því auðvitað verðum við úthrópuð fyrir það að við höfum verið barin til hlýðni af þessum blaðamönnum sem að okkur sækja. En fyrst málið liggur svona fyrir, þá er rétt að segja frá því eins og það er. Við höfðum ekki aðstæður til þess, og þess vegna varð niðurstaðan þessi sem Kjaradómur ákvað. En við skulum tala hreinskilningslega um hlutina. Það er enginn ávinningur fyrir okkur að þegja um þetta. Það bara sýnir mönnum væntanlega í sjónhendingu að við áttum ekki annarra kosta völ en að skrá þessa niðurstöðu Kjaradóms.

Ég ætla ekki að fara í frekari röksemdafærslur eða þrætur um þetta mál. Ég mun nú kanna hvers fylgis ég get aflað við hugmynd mína um lagabreytingu. Ég legg höfuðáherslu á það, að þessi stofnun hefur algjörlega sérstöðu í þjóðfélaginu, og þess vegna, þó að snarpar röksemdir væri á að hlýða hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, þá eiga þær samt sem áður ekki við vegna þessarar einkennilegu sérstöðu. Þær eiga ekki við. Við komumst aldrei út úr þessum — ég vil segja: ógöngum sem æruverðugir blaðamenn hafa komið okkur í í augum þjóðarinnar, nema vera menn til þess að ákveða þetta allt sjálfir, og það má gjarnan vera með þeim hætti, að það sé allt sameinað Alþingi sem geri það og leysi 7 menn undan þeirri kvöð. Við getum fundið aðferð til þess. En þá hygg ég að við getum þannig vandað til alls málatilbúnaðar að við getum tekist á við hvern sem er um réttmæti þeirrar niðurstöðu sem við komumst að. Ég hef það mikið traust á hinu háa Alþ. bæði í nútíð og í framtíð.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér nú hljóðs aðeins til að nefna hér mjög ánægjulega og skemmtilega ræðu sem hv. 9. þm. Reykv. flutti og hins vegar dapurlega ræðu sem hv. 3. þm. Austurl. leyfði sér að flytja.

Í ræðu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar er sérstaklega eitt atriði sem ég vildi koma inn á. Honum fannst það vera mjög fráleitt, að við hv. 2. þm. Austurl. gætum verið sammála um það að vera á móti frv. hans, þó að við værum gjörólíkrar skoðunar um hvort þingmennska ætti að vera fullt starf eða aðeins starf að hluta til. Ég held einmitt að þessi skoðanaágreiningur okkar hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar sé þess eðlis, að hann bendi til þess að við eigum einmitt hér á Alþ. að ræða launakjör okkar fyrir opnum tjöldum og við eigum að láta fólkið ráða því, m. a. þegar það kýs okkur til þings, þá hafi það m. a. hliðsjón af því, hvort við viljum breyta Alþ. á þann veg, sem nú er verið að gera, eða hvort við viljum kannske hverfa eilítið til baka, yfir á þá stefnu sem ég hef fylgt, hvort hinn einstaki kjósandi vill frekar að alþm. allir séu atvinnustjórnmálamenn, eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson vill, eða hvort þeir vilja það ekki. Ég held að við séum að taka vald af fólkinu einmitt með því að láta Kjaradóm um að ráða kjörum okkar, vegna þess að auðvitað eiga kjörin að vera í samræmi við það sem við ákveðum um starfshætti.

Ég held þess vegna að það megi alveg snúa við röksemdafærslu hv. þm. Það er einmitt þetta eðli Alþ., að vera löggjafarsamkunda, að verða að taka ákvörðun um öll málefni þjóðarinnar, öll löggjafarmálefni þjóðarinnar, sem gerir það að verkum að svona opnar umr. þurfa að fara fram og eiga að fara fram, en kannske, eins og einhver gat um, hefði verið betra að það hefði gerst en á einhverjum öðrum tíma en þegar við erum að ræða um þessi efnahagsmál. Ég held a. m. k. að þetta sjónarmið megi gjarnan koma fram, og ég vil endilega ekki taka kaleikinn frá Alþingi, eins og hv. þm. Ellert B. Schram nefndi og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason raunar líka, þegar hann sagði að mergurinn málsins væri, að forða þyrfti þm. frá því að vera þeir einu sem ákvæðu sín laun. Ég held að það megi nefnilega ekki alltaf vera að forða þm. frá ábyrgð.

Við forðuðum þm. talsvert mikið frá ábyrgð þegar við breyttum kjördæmaskipuninni. Nýja kjördæmaskipunin hefur auðvitað kosti, en hún hefur líka stórfellda galla, m. a. þann galla, að fólkið getur síður valið persónur nú en áður. Þess vegna getur það ekki haft hliðsjón af skoðunum okkar hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar einna þegar það kýs lista í okkar kjördæmum. En það hefur þó hliðsjón m. a. af þessari skoðun og öðrum þeim skoðunum sem nú eru uppi. Þess vegna tel ég einmitt að Alþ. þurfi að hafa manndóm í sér til þess að fjalla um þessi mál eins og önnur löggjafarmálefni, þó að vissulega sé margt til í þeim skoðunum og sjónarmiðum sem fram komu hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, og ég endurtek þakkir mínar til hans.

En sama get ég því miður ekki sagt um ræðu hv. 3. þm. Austurl., vegna þess að hún var með endemum. Ég ætlaði mér ekki, eins og ég gat um fyrr í dag, að taka að mér neinar varnir fyrir ritstjóra Morgunblaðsins, það væri óþarft. En þegar ósannindin ganga svo úr hófi sem þau gerðu áðan, þá held ég að ég verði að koma að leiðréttingu.

Hv. þm. sagði áðan að Morgunblaðið héldi því fram í leiðara í gær fullum fetum, að þm. séu skattsvikarar. Það er enginn stafur í þessa átt í ritstjórnargrein Morgunblaðsins. Setningin, sem hann á við, er svo hljóðandi, og á henni hefur verið þrástagast, — hún er svo hljóðandi, með leyfi forseta: „Auk þess hafa þm. skammtað sjálfum sér skattfríðindi.“ Þetta vita allir menn að er rétt. Þm. hafa skammtað sér skattfríðindi. Þeir hafa skammtað ótalmörgum öðrum borgurum skattfríðindi. Það morar af skattfríðindum í skattalögum. Það er ekki sagt að það sé verið að brjóta skattalög, það eru engin lögbrot. Þm. sagði hér í dag: „skattaívilnanir“. Hann sagði það í fyrri ræðu sinni. Hann falsaði setninguna þá strax. Ég nennti ekki að leiðrétta það. En núna segir hann að Morgunblaðið hafi fullum fetum sagt, að þm. séu skattsvikarar. Þetta eru hrein og vísvitandi ósannindi þm. og þess vegna hlýt ég að verða að leiðrétta það hér. Það vita allir menn, að t. d. sjómenn hafa viss skattfríðindi. Það vita allir að sparifjáreigendur hafa skattfríðindi. Þm. hafa viss skattfríðindi, meira að segja eru skattfríðindi fyrir kirkjusöng, það er í lögum. Það er ekki sagt

eitt einasta ósatt orð í þessari ritstjórnargrein, svo að ég geti séð. (Gripið fram í.) Ég er lærður í röksemdafærslu og það er a. m. k. meira en hægt er að segja um hv. þm. Sverri Hermannsson, vegna þess að það eru bæði rakaleysur og lögleysur sem hann er að halda fram, og ég skal nú koma að því, að það er að mínum dómi farið með rangt mál í grg. frá þfkn. Alþingis, og það er eins gott að segja það hér eins og það er að mínum dómi, þar sem talað er um það, eins og orðrétt segir:

„Kjaradómur úrskurðaði nú laun þm. með dómi sínum í nóv. s. l. Samkvæmt lögum taka þm. laun samkvæmt þriðja efsta flokki í launaskrá starfsmanna ríkisins, efsta þrepi þess flokks, og allir þm. sömu laun án tillits til starfsaldurs."

Hvar stendur þetta í lögum? Þetta er hvergi í lögum. Það stendur í 1. gr. laga nr. 57 1971, að þm. taki laun samkvæmt launaflokki B 3. Annað stendur þar ekki. Það stendur ekkert um að það sé alltaf þriðji hæsti launaflokkur, og þessi launaflokkur er ekki til lengur og hefur öllum launaflokkum verið raskað. Það stendur ekkert um það heldur, að það skuli vera hæsta þrep, eða neitt af þessu sé hér staðreyndunum samkvæmt. Og ég vildi gjarnan fá að vita hvaða lögfræðingar það eru, sem fullyrða að þetta sé rétt lagaskýring. Ég sagði í minni frumræðu, að ég efaðist um að hún væri rétt. En mér er nær að segja núna, að ég sé sannfærður um að hún sé ekki rétt. Það er líka rangt með farið á einum stað í þessari grg., þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þm., sem búsettir eru í Reykjavík, en gegna þingmennsku fyrir landsbyggðarkjördæmi, fá greiddan húsaleigustyrk milli þinga og hálfa dagpeninga, og hefur svo verið gert síðan 1973."

1973, stendur hér. Ég hef ekki fengið þennan styrk greiddan og mundi ekki heldur taka við honum, vegna þess að ég held að það hafi ekki stoð í lögum að greiða þetta. Það er sagt að allir þm. fái þetta greitt. Ég hef ekki fengið það greitt og ekki beðið um það. Hins vegar bað ég um í haust, að ég fengi að vita hvernig þessum málum væri hátta, bað skrifstofustjóra um að ég fengi um það grg., og hvaða fé það væri sem ég hefði átt samkvæmt þessu að fá, en ég hef ekki fengið grg. En það er kannske ástæða til þess nú að fara að biðja um yfirlit um launagreiðslur til hvers einstaks þm., þegar vísvitandi er borin ósanngirni og óheiðarleiki á menn úti í bæ, blaðamannastéttina í heild og ritstjóra sem reyna að stjórna sínum blöðum af eins miklum heiðarleika og þeir geta. Þetta er nefnilega farið að ganga nokkuð langt, og skilst þetur núna hvað einmitt sá ritstjóri, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson er að ráðast að, Matthías Johannessen, átti við þegar hann sagði í merkri grein í sumar, merku viðtali sem allir kannast við, að þegar hann mætti ákveðnum þm., þá minntu þeir sig á músarindla sem héldu að þeir væru komnir úr arnarhreiðri.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka mikinn þátt í þessum umr., en það, sem olli því að ég bað um orðið, var fyrst og fremst ummæli hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, og frá fleirum hefur það komið hér fram, að það séu ósanngjarnar ákúrur sem dagblöð — og þá var fyrst nefnt Morgunblaðið og Dagblaðið — hafa fengið og þær taldar vera rangar. Ég vil segja það, að ég legg ekkert að jöfnu þau ummæli, sem komu í Morgunblaðinu, og það sem fram hefur komið í Dagblaðinu. En mig undrar það, að menn skuli yfir höfuð hér taka upp hanskann fyrir þann málflutning sem uppi hefur verið hafður í Dagblaðinu. (Gripið fram í.) Ja, það kom hér almenn yfirlýsing um það, að ákúrurnar, sem Morgunblaðið og Dagblaðið hafa fengið, væru rangar. Að vísu skal ég viðurkenna að fyrst og fremst var verið að tala um það, hvort þm. skömmtuðu sér laun eða ekki, en þessi yfirlýsing var almenn. (Gripið fram í.) Það er gott að fá staðfestingu á því. Við skulum þá líta aðeins á það, hvort þessar ákúrur eru rangar eða ekki rangar. Ég hef að vísu ekki búið mig undir það að koma hér með tilvitnanir í leiðara, en ég held að ég muni það rétt, að það bar upp á sama dag og þm. komu saman eftir jólafrí, að Dagblaðið birti í leiðara sínum ummæli um kaup og almenn kjör þm. og hélt því fram í þeim leiðara, að þm. væru skattsvikarar. Og m. a. til að sýna fram á það var það borið saman, að opinberir starfsmenn fá samkvæmt skattalögum sínar greiðslur, dagpeninga og ferðakostnað, út og inn, og var tekið fram, að þess vegna gerði þetta ekki mismun gagnvart tekjuskatti, vegna þess að í báðum tilvikunum væri ekki á þessar greiðslur lagt. En frá hinu var ranglega sagt, að þm. væru hér að svíkja undan útsvarsgreiðslum. Ég held að flestir, sem skoða skattframtalið sitt, sjái að í vissum reit á skattframtalinu eru þessar sömu greiðslur líka undanþegnar útsvari. Það var í gær sem verið er að hnykkja á um þessi svokölluðu skattsvik. Ég skal gjarnan upplýsa það, að ég lagði fram í þfkn. úrskurð ríkisskattstjóra síðan 1975, vegna þess að það höfðu verið áætlaðar tekjur á mig vegna þessara greiðslna. Ég taldi rétt að það gengi til úrskurðar, hvort það væri rétt á lagt eða ranglega.

Úrskurður ríkisskattstjóra var byggður á þeirri forsendu, að það væri ekki hægt að ætla að þm. Gunnlaugur Finnsson hefði haft af því neinar tekjur umfram gjöld sem leiddi af þessum greiðslum, og á þeim forsendum var sá úrskurður felldur, að þær skyldu ekki teljast til skattgjaldstekna. Hvað heyrum við í dag, eða hvað lesum við í blöðum nú undanfarna daga? Við lesum það, að Alþ. sé að skjóta sér á bak við úrskurð ríkisskattstjóra. Á bak við hvaða embættismann eða hvaða dóm er ekki hægt að skjóta sér, úr því að Alþ. getur skotið sér á bak við dóm slíks embættismanns?

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að það er alvarlegt mál þegar menn með röngu, með beinum lygum rægja og reyna að brjóta niður Alþingi, þessa stofnun í landinu sem hefur sérstöðu og fer með löggjafarvald. Ég tel að það séu vissar kenndir þar á bak við, órökstuddar, til þess að brjóta niður trúnað. Og það má órugglega nefna ákveðnum nöfnum þann hóp í blaðamannastétt, sem fyrst og fremst gerir sér far um það, og vita það, en ekki að taka upp málsvörn fyrir hann hér.

Ég held að það sé fyrst og fremst þetta sem við verðum að hafa í huga. Við eigum hvorki að óttast þá umr., sem fer fram, né eigum við að láta hana móta afstöðu okkar til þess, hvort Alþ. heldur í þá hefð, sem hefur verið og gilt hér, eða hvort eigi að breyta til einhvers annars forms.

Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um það, og ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Austurl., að ég er alveg sannfærður um að það hefði orðið meiri fylgni á milli almennra hækkana, svo sem þær hafa verið ákvarðaðar í fjmrn., bæði varðandi dagpeninga og kílómetragjald — það hefðu orðið meiri hækkanir á greiðslum til þm. samkv. úrskurði Kjaradóms heldur en samkv. þeim ákvörðunum sem þfkn. hefur tekið.

Í tilefni af því, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 4. þm. Norðurl. v., þá held ég að í grg. þfkn. hafi fyrst og fremst verið talað um það, hvað menn ættu rétt á, en ég tel að það sé ekki hlutverk n. að fylgjast með því, hvort einstakir þm. hafni því að taka við þeim greiðslum, sem þeir eiga rétt á, eða ekki. Þar hafa verið uppi höfð þau vinnubrögð, og hygg ég að það sé gömul hefð, að þingflokkunum hefur verið tilkynnt um niðurstöður þfkn. og til þess ætlast að þær niðurstöður yrðu kynntar þar. Það hlýtur þá að vera hvers og eins að gera það upp við sig og tilkynna það þá skrifstofustjóra Alþingis ef hann hafnar því að taka á móti greiðslum, sem hann ætti rétt á samkv. úrskurði þfkn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hefur fyrst allmikið fjör í þessar umr. undir miðnættið. Ég veit að það eru fleiri á mælendaskrá. Ég skal því ekki vera langorður, en mig langar til þess að segja hér örfá orð til viðbótar því sem ég gerði í kvöld, út af því sem fram hefur komið síðan.

Mér fannst afar gaman að hlýða á ræðu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar áðan. Það er því miður allt of sjaldan sem sá hv. þm. er í svo skemmtilegum ham sem hann var hér þegar hann ræddi um þetta mál í sinni seinni ræðu. Ég ætla ekki að gera margar athugasemdir við hans mál, en mig langar til að víkja a. m. k. að einni.

Hann sagði: Ég vil ekki taka þátt í því að ákveða laun mín sjálfur. — Nú er það vitað, að þessi hv. þm. ætlar sér ekki að sitja lengur á Alþ. heldur en í mesta lagi næstu fjóra mánuði. Hann er búinn að sitja hér á Alþ. í 30—40 ár og hefur allt það tímabil tekið þátt í því að ákveða launin sín sjálfur. Alla þá tíð, sem hv. þm. hefur setið á Alþ., hefur hann ákvarðað launin sín sjálfur. Nú vill hann fara að hætta því fjórum mánuðum áður en hann fer fyrir fullt og allt. Það má auðvitað bæta við: betra er seint en aldrei, ef þetta hefur á annað borð verið skoðun hv. þm., að svona ætti það ekki að vera. En ég held að það sé ekki vegna þess. Ég sannfærist um það frekar, eftir því sem á hefur liðið þessar umr., að það er keimur af því að flm. frv. séu að hopa fyrir blaðamönnunum fyrst og fremst sem hafa hvað mest látið að sér kveða varðandi þetta mál. Og það eru alls ekki ómakleg ummæli sem ég og sumir aðrir hv. þm. hafa hér haft um skrif þessara blaðamanna. Það er síður en svo. Það er meira að segja í flestum tilfellum of vægt til orða tekið sem við höfum sagt hér í þeirra garð.

En hver er skoðun þeirra hv. þm. sem halda því fram, að það verði allra meina bót í þessum efnum að láta Kjaradóm ákveða þessi mál? Hver er þeirra skoðun á því? Telja þeir, að við það að breyta í það ástand að Kjaradómur ákveði kjörin séu líkur á því að launin hækki eða lækki?

Í mínum huga er það annað meginatriðið í þessu máli, hvort sé réttmæt sú greiðsla sem þm. fá fyrir sín störf, hvort menn geta réttlætt hana. Ég er sannfærður um það, að því er varðar þingfararkaupið sjálft, að það mundi vera hærra eftir úrskurð Kjaradóms, og ekki síður mundu önnur launakjör, sem þm. ættu að fá, verða mun rýmri ef Kjaradómur ætti að ákveða þau.

Það væri gaman að fá um það vitneskju, hvað þessir hv. þm. telja að mundi gerast í þessu. Mundi það hækka, mundi það lækka eða mundi Kjaradómur kannske bara staðfesta í þessu tilfelli úrskurð þfkn.?

Hvernig í ósköpunum stóð á því, að í ráðherratíð hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, 1961, fylgdi hann ekki sannfæringu sinni, þegar ákveðið var að Alþ. afsalaði sér því að ákveða svo að segja laun allra ríkisstarfsmanna, — hvernig stóð á því, að hann hélt ekki sinni sannfæringu þá, 1961? Hafi hann verið yfirbugaður þá, af hverju hefur hann ekki tekið málið upp síðan? Ráðh. var hann í mörg ár eftir 1961 og hafði því kjörið tækifæri til þess að hafa áhrif á, að þessu yrði breytt í það rétta horf sem hann telur vera.

Ég sagði áðan, að það hefur frekar ásótt mig sú tilfinning, að flutningur þessa frv. stafaði af því, að menn vildu hopa. Hliðstætt frv. kom fram eftir að sjónvarpið á sínum tíma tók þetta mál upp og útmálaði launakjör þm., og ég held einnig að þá hafi verið tilhneiging til þess að hopa fyrir þessum áróðri.

Ég held að það sé ekki í huga neins þm., það sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði áðan, að eina skynsamlega ástæðan — ef menn vildu kalla það skynsamlega ástæðu — sem hann teldi vera fyrir því, að við erum andvígir frv., væri sú, að menn vildu sýna vald sitt. Ég held að það sé ekki. Hins vegar hygg ég að allir þm. setji sér að viðhalda virðingu Alþingis í þessum efnum sem öðrum og að þeir verði þá jafnframt að vera menn til að axla þá byrði sem því valdi eða þeirri viðleitni að viðhalda þessari virðingu er samfara.

Ég er ekki síst andvígur því að yfirfæra þetta vald til Kjaradóms vegna þess, að ég tel að við þá aðferð muni þetta hækka. Hins vegar má það rétt vera hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, að Alþ. mundi losna við mörg óþægindi við að láta öðrum eftir að ákvarða þessi laun. En ég er ekki viss um, eins og hann orðaði það, að menn mundu losna við mikla vitleysu fyrir það. Ég held að að því leyti til væri það ekkert betur farið í höndum Kjaradóms en Alþingis.

Svo sagði hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason: Það var enginn þm. 1961 með svo lágkúruleg sjónarmið, að hann vildi halda þessum áhrifum þingsins til þess að ákvarða laun. En nú eru hér komnir þm., segir hann, sem hafa þessi lágkúrulegu sjónarmið. — Er nú hægt að búast við því, að ég eða aðrir berum mikið traust til svona ummæla eftir að hafa það sem staðreynd, að þessi hv. þm. hefur

í 40 ár, ef ekki meir, sjálfur tekið þátt í þessari ákvörðun? Ég held ekki. Ég held að það sé í hvorugu þessara tilvika hægt að tala um lágkúruleg sjónarmið eða viðhorf. Menn greinir hér á í þessum meginatriðum, og við því er að sjálfsögðu ekkert að segja.

Mig langar aðeins að lokum að víkja örfáum orðum að því, sem fram kom í ræðu hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugar Bjarnadóttur. Ég sagði fyrr í kvöld, að mér fannst ekki fara saman það, sem hún hafði á blað sett í skrifum um þetta mál, og það, sem hún hafði látið frá sér fara í ræðu, við það, sem hún hafði í raun og veru gert í afstöðunni til málsins þegar hún hafði aðstöðu til þess að taka ákvörðun. Ég skal ekki fara út í það hér, það hefur verið upplýst, að ekkert var bókað um afstöðu hennar í þfkn., þannig að ekkert er hægt þar um að fullyrða. En þessi skoðun mín stendur eigi að síður óhögguð.

Hv. þm. sagði: Við vorum að fara að öllu leyti að lögum. — Ákvörðun þfkn. er að hennar áliti, eins og ég hygg að sé að áliti allra nm. í þfkn., byggð á lögunum og farið eftir þeim. En þá liggur manni við að spyrja, þegar talað er í þeim dúr sem hv. 9. landsk. þm. gerði: Er það ekki eitthvað í þá átt, að hans mati, að vera löglegt, en siðlaust. Þetta er einn af þeim sem um þetta mál hafa skrifað, og mér finnst að það liggi við, að hjá þeim, sem skrifa og tala í svipuðum dúr og hv. 9. landsk. þm., en beita svo ekki áhrifum sínum með öðrum hætti þegar þeir hafa aðstæður til þess að taka ákvarðanir, liggi þetta á bak við.

Það má lengi um það deila, hvort þær launahækkanir opinberra starfsmanna, sem mestar urðu, hafi verið svo miklar að mönnum hafi ofboðið, eins og hv. 9. landsk. þm. sagði, að sér hefði ofboðið kröfuharkan og launahækkunin sem sumir hverjir opinberir starfsmenn fengu. Það skal ég ekki deila um hér. Hitt stendur eigi að síður óhaggað, að það voru miklum mun meiri launahækkanir, sem ríkisstj. samdi um við opinbera starfsmenn, heldur en þær launahækkanir, sem hinn almenni maður á vinnumarkaðinum innan verkalýðshreyfingarinnar fékk. Það er staðreynd. En það var ríkisstj. sjálf sem gerði þá samninga við BSRB, og það eru þeir samningar, sem þessi hv. þm. ásamt að öllum líkindum öllum stjórnarliðum öðrum ætlar að fara að breyta með lögum næstu daga.

Ég ítreka það, sem ég sagði fyrr í kvöld, að afstaða mín er sú, að það eigi ekki að láta það í hendur Kjaradómi að ákveða laun alþm. Þeir eiga að hafa til þess manndóm að gera það sjálfir, og þeim er vel til þess trúandi og treystandi að fara ekki yfir eðlileg mörk í þeirri ákvörðun, miðað við það sem almennt er að gerast á launamarkaðnum hverju sinni. Ég tel því, að það yrði ekki til bóta þó farin yrði sú leið sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég hygg að það yrði miklum mun betra að stíga skrefið til baka til þess sem áður var, að Alþ. sjálft ákvarði þetta.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af einu atriði í ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, en í orðum mínum felst í raun og veru einnig svar við gagnrýni hv. þm. Karvels Pálmasonar á síðari ræðu minni.

Það er rétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að það eru tengsl á milli eðlis þingmannsstarfsins og þess, hvernig skynamlegt er að taka ákvörðun um laun þm. og hver þau eigi að vera. Þetta sjónarmið í ræðu hans er rétt. Ég vil í því sambandi gjarnan láta það koma alveg skýrt fram, að ég er sammála í grundvallaratriðum þeim skoðunum sem hann lýsir nú og Bjarni heitinn Benediktsson lýsti á sínum tíma, en andvígur þeirri skoðun sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson lýsti síðdegis í dag og Eysteinn Jónsson var málsvari fyrir á sínum tíma varðandi eðli þingmannsstarfsins. Ég er sammála skoðun Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Bjarna Benediktssonar um það, að ekki sé heppilegt að þm. séu atvinnustjórnmálamenn. Ég tel hitt heppilegra, að þeir gegni jafnframt öðrum störfum og haldi þannig lifrænni tengslum við þjóðlífið í heild, og læt með þessum orðum útrætt um það mál.

En það er mergurinn málsins, og því vil ég beina til hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Karvels Pálmasonar, að síðan 1971 er enginn eðlismunur á starfi þm. og starfi annarra opinberra starfsmanna. Við höfum sjálf ákveðið að þm. skuli vera á föstum árslaunum, eins og ráðuneytisstjórar, eins og sýslumenn, eins og kennarar, eins og læknar. Þetta er ekki nema sex ára gömul skipan, og það eru þrjú ár síðan við hv. þm. Ellert B. Schram fluttum till. um breyt. á þessu. M. ö. o.: ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, er að þingið er sjálft búið að taka ákvörðun um að þingmannsstarfið skuli vera nákvæmlega hliðstætt venjulegu starfi opinbers starfsmanns og meira að segja í ákveðnum launaflokki opinberra starfsmanna. Eftir að þessi skipun var tekin upp tel ég engin rök vera til þess, að laun þm. séu ákveðin með öðrum hætti en laun ráðherra, ráðuneytisstjóra, sýslumanna, húsvarða í barnaskólum, eins og ég sagði áðan, en laun allra þessara manna eru ákveðin af Kjaradómi. Þess vegna eiga laun þm. líka að vera ákveðin af Kjaradómi.

Ég lýk þátttöku minni í þessum umr. með því að endurtaka, að ég tel í hæsta máta óeðlilegt og virðingu Alþ. ósamboðið að 60 þm. skuli vera eini hópurinn í þjóðfélaginu sem ákveður kaup sitt og kjör sjálfur.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs áðan til að gera örstutta athugasemd, ekki til að svara máli eins né neins, heldur láta koma fram atriði sem ég hef ekki orðið vör við að rætt hafi verið hér áður. Í millitíðinni stóð upp hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, og krefur mig enn sagna. Það fer ekki ofsögum af því, að Karvel Pálmason hefur mikinn áhuga á afstöðu minni og líklega persónu minni líka. Ég var búin, að ég taldi, að gefa honum þau svör, sem ég taldi viðhlítandi, um afstöðu mína í þfkn. Ég neita því ekki og það sagði ég áðan, að ég hef haft nokkra sérstöðu innan þfkn. Það, að ég hef ekki verið harðari í að beita mér fyrir sjónarmiðum mínum í þá átt, að alþm. gættu hófs í launakröfum, ástæðan fyrir því er m. a. sú og kannske fyrst og fremst, að ég hef verið að hugsa

um menn eins og hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, og aðra þm., sem hafa hliðstæðar aðstæður. Tilfellið er nefnilega að aðstæður þm. eru gróflega misjafnar og ég hef tekið trúanlega starfsbræður mína utan af landi, sem þurfa e. t. v. að halda tvö heimili, annað hér í Reykjavík, hitt austur, vestur eða norður á landi, og það eru þarfir og sjónarmið þessara starfsfélaga minna á Alþ. sem ég hef ekki viljað líta fram hjá. Þess vegna hef ég ekki beitt mér meira en ég hef gert og ekki óskað harðra bókana um afstöðu mína í þfkn. almennt. Þó er þar að finna eina, sem hv. þm. getur séð, ef hann vill hafa fyrir því að fletta upp í fundargerðabók þfkn. En þetta er skýringin, og ég vænti að ég verði ekki frekar krufin sagna um þetta. Annars vísaði ég áðan og geri það enn, ég vísa hv. þm. á að leita álits nm. í þfkn. Ég veit að þeir munu skýra satt og rétt frá. Þetta eru allt miklir öndvegismenn sem í þfkn. sitja.

Hitt atriðið, sem ég vildi að kæmi hér fram, af því að ég hef ekki heyrt það rætt síðan ég kom á fundinn, það er eitt af ákæruatriðum fjölmiðlanna, bæði Dagblaðsins og Morgunblaðsins, á hendur okkar þm., að við ætlum að krefjast sömu launa og þm. á Norðurlöndum. Um þetta hefur verið fjallað dag eftir dag á síðum þessara dagblaða. Ég skal játa að það var auðvitað alveg óþarfi að geta þessa í niðurlagi grg. okkar frá þfkn., og ég vil upplýsa það hér og leggja áherslu á það, að þá sjaldan að þetta hefur borið á góma í þfkn., kaup og kjör þm. á Norðurlöndum, þá hefur það ætíð verið á einn veg, að við höfum einróma hafnað því að miða laun okkar við þm. á Norðurlöndum, á þeirri forsendu, sem ég legg mikið upp úr, að vitanlega verðum við að miða launakröfur okkar við aðstæður í eigin landi, en ekki vitna í önnur lönd. Þar fyrir væri ekki ófróðlegt að bera saman kaup og kjör, sem aðrir þm. njóta, við íslenska þm. En ég vil leggja áherslu á að það hefur aldrei komið til tals, að við miðuðum okkur við launakjör þm. á Norðurlöndum né krefðumst hliðstæðra kjara. Þetta var megintilefnið til þess, að ég vildi gera þessa stuttu athugasemd. Karvel Pálmason kom inn í leiðinni.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Það er nú ekki ætlunin að fara í áframhaldandi karp við vin minn, hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson, sem er fullhugi mikill og hefur stríðar meiningar í þessu sem öðru. En fyrst, áður en ég geri athugasemd við hans orð, vil ég upplýsa að þegar bókuð var niðurstaða Kjaradóms um laun þm. á þingfararkaupsnefndarfundi 29. nóv. 1977, þá er eftirfarandi bókað: „Sigurlaug Bjarnadóttir tók fram, að henni þætti fulllangt gengið, en gerði ekki frekari ágreining.“ Og undir þetta tóku að vísu fleiri þm., en við töldum okkur ekki eiga annarra kosta völ.

Varðandi hina lögfróðu menn, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð biður mig um að nefna, þá læt ég mér auðvitað nægja sjálfan skrifstofustjóra Alþingis, Friðjón Sigurðsson, sem ég hef aldrei heyrt dregið í efa að færi fram með hinni fyllstu gát og hinni mestu réttsýni um allt sem lýtur að túlkun laga og að honum snýr.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð dregur í efa þá lögskýringu, að við þm. skulum taka laun samkv. þriðja efsta flokki um starfsmenn ríkisins, efsta þrepi þess flokks, og bendir á, sem rétt er, að nú er sá launaflokkur, sem um getur í þingfararkaupslögunum, 1. gr. þeirra, ekki lengur til. En hv. þm. Eyjólfur Konráð þekkir vel túlkun laga, og frá upphafi þessara laga hefur ekki verið gerður greinarmunur á kaupi þm. eftir aldri, og fyrir því er það, að þeir hafa ævinlega tekið laun samkv. efsta þrepi þess flokks, þriðja efsta flokks, sem þeir hafa farið eftir. Þetta hlýtur hver maður að skilja. Þar sem B 3, sem tilgreindur er í lögunum, er úr sögunni, þá þótti einsýnt vegna túlkunar frá upphafi, og ég ber skrifstofustjóra Alþingis fyrir því og einnig forstöðumann launadeildar fjmrn., Þorstein Geirsson, — þá þótti einsýnt að þm. tækju laun samkv. núv. þriðja hæsta launaflokki starfsmanna ríkisins, sem er launaflokkur 120 hjá BHM, efsta þrepi þess flokks. Að þessari niðurstöðu hafa þeir komist sem gerst til þekkja og best er til treystandi að gefa úrskurð um þetta efni.

Nú veit ég það, að engum dettur í lifandi hug að væna hvorki þfkn. né neinn hv. þm. um að hafa farið öðruvísi að en hann gerst og best þekkti og taldi rétt í þessu efni, heldur hafa farið eftir þeim lögum sem hann álítur að séu í gildi. Þess vegna er óþarft að þræta um þetta. Við í þfkn. höfum gert þetta eftir bestu vitund, eftir ráðslagi við þá sem ég sem formaður hennar áleit að væru til þess hæfastir að kveða upp úr um þetta atriði.

Þá dró hv. þm. í efa að þetta væri rétt, að grg. okkar væri rétt að þessu leyti, í fyrsta lagi, og í öðru lagi að því leyti sem sagði um húsaleigustyrk til þm. sem eru búsettir í Reykjavík, en sinna kjördæmi úti á landi, húsaleigustyrk til þeirra milli þinga, og kvað sér ókunnugt um þetta. Ekki ber ég ábyrgð á því, þótt hann hafi ekki fyrir því að kynna sér kjör sín, því ekkert stendur í lögunum um það, að þfkn. eigi að ganga úr skugga um að menn gangi eftir launum sínum og kjörum. En í fundargerð þfkn. 24. okt. 1973 segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Greiða skal þm. þeim, sem búsettir eru í Reykjavík, en eru þm. fyrir kjördæmi utan Reykjavíkur, húsaleigu, kr. 19 000 á mánuði, þann tíma sem þing starfar ekki.“

Þá hafði húsaleiga samkv. 2. lið dagskrár þessa fundar verið ákveðin 19 000 á mánuði. Hv. þm. dró í efa að stað væri að finna í lögum fyrir þessari ákvörðun. En þá vísa ég til 5. gr. þingfararkaupslaganna, sem segir svo, með leyfi virðulegs forseta: „Alþm. fær á ári hverju fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög í kjördæmi sínu. Þingfararkaupsnefnd ákveður fjárhæð þessa. Heimilt er að hafa upphæðina mishá eftir kjördæmum“ o. s. frv. Þannig er vitanlega alls staðar stafur fyrir þessu í lögum, og þykir mér nú seilst um hurð til lokunnar hjá hv. þm. þegar hann tekur með þessum hætti undir með þeim sem reynt hafa að koma á okkur stimpli fjárplógsmanna ef ég má orða það svo.

En þá vík ég að því sem hann kom að síðast, þar sem hann áleit að ég bæri rangar sakir á Morgunblaðið. Setningin er rétt svona, sem gat að líta í leiðara Morgunblaðsins í gær: „Auk þess hafa þm. skammtað sjálfum sér skattfríðindi.“ Og svo hélt hv. þm. Eyjólfur Konráð áfram rök-

leiðslunni, röksemdafærslunni, í Morgunblaðsstíl og sagði að ég færi með alrangt mál, því Alþ. hefði ákveðið skattfríðindi handa ótal þegnum þessa þjóðfélags. En það er ekki það sem stendur þarna. Það stendur að við höfum ákveðið sérstaklega fyrir okkur skattfríðindi. Öðruvísi verður þetta ekki skilið. Og þetta hafa þm. aldrei gert. Þeir hafa aldrei sett sérlög fyrir sjálfa sig til þess að ívilna sér í sköttum. Um þetta snýst málið, og dugar ekki til að fara með eilífan útúrsnúning í því sambandi. Það er ekki verið að tala um skattfríðindi til handa sjómönnum hér. Það er beinlínis sagt, að „auk þess hafa þm. skammtað sjálfum sér skattfríðindi". Þetta er þýðingarlaus vitleysa, nema af því þarna er verið að halda því fram, að við höfum sett lög beinlínis til þess að víkja okkur undan sköttum. Þetta getur ekki farið á milli mála.

Að lokum vil ég aðeins taka það fram, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði áðan, að síðan 1971 hafi enginn eðlismunur verið á starfi þm. og annarra starfsmanna ríkisins. Ég tók rétt eftir þessu. (Gripið fram í.) Þá þarf ég ekki frekar um þetta að ræða. En auðvitað er gífurlegur eðlismunur á starfi þm. og allra annarra starfsmanna ríkisins. Það er höfuðatriðið í þessu sambandi. Út af því hef ég lagt hér, og þarf ég ekki að fara frekari orðum um það.

Vinur minn Matthías Johannessen, ég mun sjálfur gera upp þessi mál við hann og óttast ekkert um vinslit í því sambandi. En hv. þm. Eyjólfur Konráð getur skilað því núna í bili til hans, að ég sé sammála því, að betra sé að vera músarrindill úr arnarhreiðri Moggans, en fúlegg í hrafnshreiðri Dagblaðsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 58. fundur.

Fimmtudaginn 9. febr., kl. 5 síðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 341). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að biðjast afsökunar á því að hafa orðið nokkrum mínútum seinni til fundar en skyldi, en það stafaði af umferðarstöðvun á leið minni hingað.

Í gær féllst ríkisstj. eins og kunnugt er, á tillögu Seðlabankans, að meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðli verði lækkað um 13% frá því gengi sem gilti 3. febr. s. l., en það jafngilti 14.9% meðalhækkun erlends gjaldeyris. Gengisskráning, sem felld var niður frá mánudeginum 6. þ. m., mun þó ekki verða tekin upp að nýju fyrr en að lokinni afgreiðslu þess frv. sem hér er á dagskrá. Frv. er flutt vegna þessarar ákvörðunar og hefur inni að halda ákvæði um tollmeðferð innflutnings og myndun gengismunarsjóðs af útflutningsvörubirgðum og ógreiddum útflutningi sjávarafurða og ráðstöfun fjár úr sjóðnum. Ákvæði frv. eru svipuð þeim, sem áður höfðu verið sett í lög vegna breytinga á gengi krónunnar.

Gengisákvörðunin er einn liður í fjölþættum ráðstöfunum sem ríkisstj. beitir sér nú fyrir til þess að tryggja fulla atvinnu, hamla gegn verðbólgu og treysta stöðu þjóðarbúsins út á við.

Eftir launasamningana á síðasta ári varð fljótlega ljóst að þróun efnahagsmála hér á landi hefði að ýmsu leyti tekið óheillavænlega stefnu. Verðbólgan, sem hafði farið smám saman minnkandi undanfarin tvö ár, fór nú ört vaxandi á ný og afleiðingarnar létu ekki á sér standa í vaxandi rekstrarörðugleikum atvinnuveganna og auknum innflutningi. Það var því ljóst, að grípa þyrfti til efnahagsráðstafana til þess að treysta stöðu atvinnuveganna og halda útgjöldum þjóðarbúsins innan við framleiðslugetu þess.

Við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar var stefnt að því að halda rekstrarútgjöldum ríkissjóðs í skefjum og draga úr opinberri fjárfestingu, og var það markmið sett fyrir árið 1978 að stöðva frekari aukningu erlendra skulda. Varðandi aðra þætti efnahagsmála hefur farið fram viðtæk athugun á þeim leiðum sem um væri að velja í stjórn efnahagsmála, ef ná ætti þeim markmiðum sem ég hef þegar lýst. M. a. hafa þessar athuganir farið fram á vettvangi verðbólgunefndar sem nú hefur lokið störfum. Hefur ríkisstj. markað stefnu sína í þessum málum á grundvelli þessara athugana allra.

Ég vænti þess, að á morgun verði til umr. á þingi frv. til l. um efnahagsráðstafanir í framhaldi af gengisbreytingunni og mun ég þar gera nánari grein fyrir almennum viðhorfum í efnahagsmálum og heildarstefnu ríkisstj. til lausnar þeim vanda sem nú er við að etja. Hins vegar hefur það verið samdóma álit allra þeirra, sem best þekkja til, að ekki væri nú annars úrkosta en að breyta genginu nokkuð til lækkunar, hvaða leiðir sem ella yrðu valdar í efnahagsmálum. Gengi íslensku krónunnar var orðið óraunhæft vegna sívaxandi misræmis framleiðslukostnaðar og verðlags hér á landi og í helstu viðskiptalöndum okkar. Gengissig hefur ekki nægt til að jafna þessi met.

Hin mikla hækkun á kostnaði innanlands umfram hækkun framleiðslutekna að undanförnu hefur valdið því, að afkoma útflutningsatvinnuveganna hefur farið versnandi og eru að óbreyttri gengisskráningu engin tök á að standa undir því viðmiðunarverði sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur nýlega ákveðið. Í útflutningsiðnaði er við mikla rekstrarerfiðleika að etja og raunar einnig í iðngreinum sem selja framleiðslu sína á innlendum markaði í samkeppni við innflutning. Við þennan vanda hefur svo bæst, að gengi Bandaríkjadollars hefur lækkað töluvert gagnvart öðrum gjaldmiðli síðasta missirið, en verulegur hluti gjaldeyristekna Íslendinga er eins og kunnugt er í dollurum.

Gengisbreytingin er nú höfð eins lítil og fært er talið til þess að verðáhrif hennar verði sem minnst. Mið hefur verið tekið af þeim ráðstöfunum sem ætlunin er að gera til að hemja víxlhækkanir launa og verðlags og verða kynntar á morgun, en án slíkra ráðstafana er gengisbreyt-

ingin ein sér skammgóður vermir. Þá er rétt að taka fram, að með þessari gengisákvörðun er ætlunin að víkja frá þeirri stefnu sem fylgt hefur verið síðustu þrjú árin í gengismálum, en á því tímabili hefur verið reynt að varðveita samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna með hægfara breytingum á gengisskráningunni. Þótt þessi stefna hafi að ýmsu leyti reynst vel, þá hefur hún óneitanlega haft þann ókost að draga úr aðhaldi um verðlags- og launaþróun hér á landi. Hún hefur ekki heldur reynst þess megnug að jafna metin þegar stórfelldar breytingar verða á innlendum kostnaði, eins og átti sér stað á s. l. ári. Hefur því orðið að ráði að leiðrétta nú gengið í einu skrefi. Jafnframt er ætlun ríkisstj. að stöðva frekara gengissig, þar sem hún telur að stöðugt gengi geti við núverandi aðstæður og í samhengi við aðrar ráðstafanir orðið til þess að draga verulega úr þeirri verðbólguþróun sem náð hefur tökum á hagkerfinu.

Ég mun þá víkja að einstökum atriðum í frv., en meginatriði þess eru, að gert er ráð fyrir að gengismun af útflutningsbirgðum sjávarafurða verði varið til lausnar sérstakra fjárhagsvandamála innan sjávarútvegsins, fyrst og fremst til að efla fjárhag Verðjöfnunarsjóðs, en einnig til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og létta stofnfjárkostnaðarbyrði fiskiskipa.

Lauslega áætlað er talið, að alls gætu komið um 2100 millj. kr. í gengismunarsjóðinn, og er þá ekki reiknað með tekjum af skreið eða ógreiddum saltfiski, sem seldur var til Zaire, og einnig dregið frá það sem greitt skal samkv. 2. gr. frv. til ríkissjóðs vegna Verðjöfnunarsjóðs. Þetta fé skiptist í aðalatriðum þannig, að Verðjöfnunarsjóður fengi 1300 millj. kr., til að létta stofnfjárkostnað fiskiskipa færu um 450 millj. kr. og til hagræðingar í fiskiðnaði 350 millj. kr., samtals 2100 millj. kr.

Það skal tekið fram, að þær 350 millj. kr., sem ætlað er til að stuðla að hagræðingu í fiskiðnaði, koma til viðbótar þeim 500 millj. kr. sem ríkisstj. beitti sér fyrir að verði til reiðu sem sérstakt lánsfé frá Byggðasjóði á þessu ári til að bæta fjárhag og skipulag fiskvinnslufyrirtækja. En þau lán eiga á hverjum stað að miða að betri nýtingu hráefnis, fjármagns og starfskrafta, en ekki aukinni afkastagetu. Með þessu ættu möguleikar til að leysa vanda fiskvinnslunnar því að hafa batnað að mun.

Í 1. gr. frv. eru settir frestir um tollafgreiðslu samkv. venju, en að öðru leyti gilda almenn ákvæði tollskrárlaga eftir að hið nýja gengi tekur gildi.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að taka gengismun af þeim birgðum sjávarafurða, sem framleiddar hafa verið, en ekki fluttar út eða verið greiddar áður en hið nýja gengi tók gildi. Er það ákveðinn hundraðshluti sem nemur þeirri breytingu sem gerð var á gengi krónunnar í dag. Rétt þykir að undanþiggja þær afurðir, sem framleiddar voru frá og með 1. jan. 1978 til 6. febr., þar sem þær efnahagsráðstafanir, sem nú eru gerðar, eiga að tryggja grundvöll framleiðslunnar frá upphafi ársins og nýtt fiskverð m. a. gilt frá sama tíma. Þessar afurðir verða því greiddar með nýja genginu. Sjávarútvegurinn hefur að því leyti nokkra sérstöðu meðal atvinnuvega landsmanna, að nánast öll hans framleiðsla er flutt út. Oft eru birgðir sjávarafurða allmiklar og er svo einnig nú, en þær skiptast misjafnt eftir afurðum, þar sem framleiðsla vissra afurða er árstíðabundin. Er því nokkur hending hvernig stendur á birgðum hverju sinni. Hins vegar er það nú eins og oft áður, að afkoma hinna ýmsu greina sjávarútvegsins er æði misjöfn. Það hefur verið venja um allmörg undanfarin ár, að við gengisbreytingar hefur gengismunur af sjávarafurðum verið látinn renna í sérstakan sjóð sem varið hefur verið á mismunandi hátt í þágu þinna ýmsu greina sjávarútvegsins. Það er einnig lagt til nú.

Áður en kemur til ráðstöfunar á því fé, sem rennur til gengismunarsjóðs, hefur þó þótt rétt að greiða af óskiptu þær hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði.

Við útflutning þeirra afurða sem framleiddar hafa verið fyrir áramót, en ekki fluttar út fyrr en eftir gengisbreytinguna. Enn fremur þykir eðlilegt að greitt verði af gengismun, áður en honum er ráðstafað, það sem ríkissjóður hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs, en sú upphæð er 174 millj. kr.

Í 3. gr. er fjallað um ráðstöfun á gengismunarsjóði. Um það ríkir nokkur óvissa, hversu mikið fé verður hér um að ræða, þar sem miklar birgðir eru af óseldri skreið sem ekki er vitað hvernig kunna að seljast eða hvenær. Sama gegnir um verkaðan saltfisk, sem seldur var til Zaire og ekki hefur fengist greiddur enn. Því er ekki talið til heildarverðmæta birgða andvirði þessara sjávarafurða, en að þeim frádregnum er gert ráð fyrir 18 milljörðum kr. í heildarverðmæti birgða.

Varðandi ráðstöfun á gengismunarsjóði er gert ráð fyrir að 65% af því fé, sem kemur í sjóðinn, renni til deilda Verðjöfnunarsjóðs, en þörf er á að efla þann sjóð sem hefur þurft að taka á sig skuldbindingar er hafa verið bein afleiðing af kostnaðarhækkunum framleiðslunnar innanlands. Þá er gert ráð fyrir að stofna sérstaka deild við Verðjöfnunarsjóð fyrir saltsíld, þar sem framleiðsla hennar virðist nú komin á öruggan grundvöll og hún fer vaxandi. Þá er því fé, sem eftir er í gengismunarsjóði, ásamt því, sem til fellur af öðrum sjávarafurðum, að hluta varið til að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda. Að hluta verður þessu fé síðan ráðstafað til hagræðingar í fiskiðnaði, eins og ég gat um áðan, en það er brýn nauðsyn, ekki síst vegna þess hve mismunandi fiskvinnslufyrirtækin eru í stakk búin til að hagnýta hráefnin á hagkvæmasta hátt. Er gert ráð fyrir að sjútvrn. setji nánari reglur um notkun þessa hluta gengismunarsjóðs.

Það skal tekið fram, að ekki þykir ástæða til að setja hliðstæð ákvæði vegna annarra útflutningsgreina, einkum af því að þar er ekki um að ræða sömu forsendur um skiptingu framleiðslunnar á tvö stig, veiðar og vinnslu, þar sem annað stigið, vinnslan, nýtur að óbreyttu alfarið gengismunar, né heldur er þar um að ræða jöfnunarkerfi af því tagi sem Verðjöfnunarsjóður er. Í landbúnaði verður gengisbreytingin tekin beint til þess að lækka þörfina fyrir útflutningsbætur og verður ekki varið betur. Þar er því ekki þörf fyrir sjóðmyndun.

Herra forseti. Að svo mæltu vil ég leyfa mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Áformuð gengisfelling núv. stjórnar er að verða að veruleika, — gengisfelling sem er talin frá sjónarmiði íslensks gjaldmiðils 13%, — gengisfelling sem felur í sér hækkun erlends gjaldeyris um 14.9%. Þessi aðgerð kemur vissulega fáum á óvart. Tímabil núv. stjórnar er mesta gengislækkunartímabil Íslandssögunnar. Á tímaskeiði núv. stjórnar hefur gengi krónunnar verið fellt, ef miðað er við hækkun erlends gjaldeyris, um 156%, og óhætt er að fullyrða, að engin ríkisstj., hvorki fyrr né síðar, hefur jafnskefjalaust ráðist gegn verðgildi gjaldmiðla okkar.

Nú er það að vísu svo, að gengi gjaldmiðilsins getur ekki verið neitt óumbreytanlegt „prinsip"-mál. Óbreytanlegt gengi er ekki nein heilög kennisetning í sjálfu sér. Gengi krónunnar hlýtur að vera háð innri og ytri skilyrðum og ákvarðast að einhverju leyti af æskilegu hlutfalli milli innflutnings og útflutnings. Vinstri stjórnin hélt sig ekki fast við nákvæmlega sömu gengisskráninguna allt sitt valdatímabil, heldur lækkaði hún gengið oftar en einu sinni og hækkaði það einnig oftar en einu sinni. Þegar vinstri stjórnin tók við völdum var dollarinn metinn í íslenskum krónum 87 kr., en hann var kominn í 97 kr. rúmar þegar stjórnin fór frá, hafði á tímabili staðið í 84 kr. og á tímabili farið upp í 97. Á þriggja ára tímabili hafði sem sagt orðið hækkun á erlendum gjaldeyri sem nam 11%. En til samanburðar er hægt að hafa það í huga, að gengið hefur lækkað um 156% á þremur og hálfu valdaári núv. stjórnar, ef gengisfallið er reiknað í hækkun erlends gjaldmiðils.

Eins og ég sagði áðan, eru vafalaust allir sammála um að gengi krónunnar getur ekki verið neinn heilagur hlutur sem aldrei má snerta. En hitt hefur verið sjónarmið æðimargra, að sérhverri ríkisstj. bæri að reyna að varðveita verðgildi gjaldmiðilsins af alefli og gengisfelling væri seinasta úrræði sem nokkur ríkisstj. gripi til, og í öðru lagi hlyti sérhver ríkisstj. að forðast stórar kollsteypur. Reynslan hefur fyrir löngu sýnt, bæði okkur Íslendingum og öðrum þjóðum, að stórar kollsteypur í gengismálum eru til einskis og skapa miklu meiri vandamál en þeim er ætlað að leysa. Hitt er ljóst, að núv. ríkisstj. hefur fylgt allt annarri stefnu. Gengisfellingin hefur orðið hennar aðalúrræði gagnvart flestum efnahagsvandamálum sem upp hafa komið. Og gengisfellingin er raunar orðin fiknilyf núv. stjórnar. Það hefur aldrei verið eins ljóst og einmitt í tíð þessarar stjórnar, að efnahagsúrræðið gengisfelling hefur öll einkenni þeirra lyfja sem eru vanabindandi og hafa vaxandi citurverkanir eftir því sem þeim er oftar beitt. Ýmis hættuleg fíkniefni eru, eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt, vanabindandi og þó eru þau viðurkennd sem eðlilegt læknisúrræði í smáum skömmtum. Þau geta talist hyggileg aðgerð í nógu smáum stíl og eru þægileg og einföld í notkun og hafa skjót áhrif. En þau eru þeim mun hættulegri því stærri sem skammtarnir eru og því oftar og lengur sem þau eru notuð. Og allt þetta á vafalaust við gengisfellingarúrræðið.

Í fyrra, fyrir rúmu einu ári, var lögð fram af hálfu Þjóðhagsstofnunar spá um þjóðarhag á árinu 1977. Þetta var í árslok 1976 og þá byggðu menn spádóma sína á þáverandi útliti í efnahagsmálum, sem var að flestra dómi alls ekki svart á þeim tíma. Afkoma fyrirtækja hafði verið góð á árinu 1976, eins og skýrt kemur fram í riti Þjóðhagsstofnunar sem kom út í lok þess árs, og útlitið á árinu 1977 var að ýmsu leyti talið gott, m. a. stórfelldar hækkanir á afurðum okkar á ferðinni. En í þessari þjóðhagsspá, sem var gefin út í desembermánuði 1976, var samt sem áður gert ráð fyrir því, að verðbólga á árinu 1977 yrði 22—24%, jafnvel án nokkurra kauphækkana á því ári, en þeim mun meiri sem frekari kauphækkanir bættust við. Þetta tel ég að sé einkar athyglisvert fyrir þm. að skoða nú þegar verið er að framkvæma þetta stórfellda gengisfall, að á því augnabliki, þegar aðstæður allar eru í besta lagi, að því er séð verður og talið er, verðlag á afurðum okkar ört hækkandi, afkoma fyrirtækja ágæt, þá spáir Þjóðhagsstofnun verðbólgu upp á 22—24%. Hvers vegna gerir hún það? Svarið er einfaldlega það, að hún gengur út frá svo og svo miklu gengissigi á árinu 1977, gengissigi upp á 10—12%, sem muni með öðru valda 22—24% verðbólgu á komandi ári, árinu 1977.

Nú um áramótin voru aðstæður að vísu nokkuð aðrar og bersýnilega talsverðar blikur á lofti. En það sama endurtók sig nú í haust, að við útreikning fjárl. fyrir árið 1978 er gengið út frá sem gefnu að um verði að ræða 18% gengissig á árinu 1978. Í báðum tilvikum er um það að ræða að efnahagsráðunautur núv. stjórnar gengur út frá því sem gefinni stærð, bæði haustið 1976 og haustið 1977, að núv. ríkisstj. muni framkvæma svo og svo mikið gengissig á komandi ári, og það hvort heldur um er að ræða sæmilega gott útlit, góða afkomu fyrirtækja og gott ástand á mörkuðum okkar eða blikur á lofti, eins og var nú þegar fjárlög voru afgreidd. Í öðru tilvikinu er að vísu gengið út frá heldur minna gengissigi eða um 10—12% í árslok 1976, en í árslok 1977 er áætlunartalan 18%. Þetta sýnir svo glöggt sem verða má, að gengissigs- og gengislækkunarstefnan er óaðskiljanlegur partur af stefnu núv. ríkisstj. Gengissigið er framkvæmt sem hluti af fastmótaðri stefnu.

Það var ljóst þeim sem til þekktu, að í byrjun þessa árs hafði ríkisstj. tekið ákvörðun um að framkvæma þessa 18—20% gengislækkun, sem efnahagsráðunautur stjórnarinnar hafði gengið út frá í spádómum sínum, á mjög skömmum tíma í ársbyrjun, væntanlega fyrst og fremst í janúarmánuði og febrúarmánuði. Og fyrirskipanir tóku að streyma úr viðskrn. í Seðlabankann um hægfara fellingu gengisins, kvartprósent og hálft prósent á dag, og var greinilega stefnt að því, að þessi 20% gengisfelling gengi yfir á tveggja mánaða tímabili án þess að gengisfellingin vekti allt of mikla athygli og án þess að hún ylli ríkisstj. of miklum álitshnekki eða að kaupæði gripi um sig, eins og oft vill verða þegar gengisfelling er í aðsigi. En þessi áform ríkisstj. urðu að engu þegar síðdegisblöðin,

sem að nokkru leyti eru stuðningsblöð núv. ríkisstj., slógu því upp og síðan að sjálfsögðu stjórnarandstöðublöðin, að í gangi væri skipulagt gengissig sem ætti að ganga yfir á skömmum tíma. Þá varð að sjálfsögðu mikið kaupæði í landinu, eins og ævinlega verður við slíkar kringumstæður, fólk fór að fylgjast með því sem var að gerast, og ríkisstj. gerði sér grein fyrir því, að það áform hennar að láta þessa gengisfellingu ganga yfir hægt og þétt á tveggja mánaða tímabili var óframkvæmanlegt án stórfelldra vandræða. Því stöndum við nú frammi fyrir þeirri gengisfellingu sem nú er framkvæmd í einu skrefi.

Eins og ég sagði áðan, felur efnahagsstefna núv. stjórnar það í sér, að ákveðið er að láta gengið elta innlenda verðlagsþróun án nokkurrar verulegrar tregðu. Það er þess vegna sem ég segi og hef sagt, að gengisfellingin er hluti af stefnu núv. stjórnar. Á nákvæmlega sama hátt er vaxtahækkunarstefna hluti af heildarstefnu þessarar ríkisstj. Hún hefur ákveðið að vextir skuli hækka í réttu hlutfalli við verðbreytingar sem verða innanlands, og afleiðingin er að verða sú, að algengustu útlánsvextir hér á landi verði 34% þ. e. a. s. að hverjum og einum sé ætlað að skila ⅓ af verðmæti þess, sem hann fær að láni, á einu ári auk lánsins sjálfs, sem að sjálfsögðu hlýtur að valda öllum þeim, sem lánsfé þurfa að nota, meira eða minna óyfirstíganlegum erfiðleikum í hvers konar rekstri.

Það heyrist oft hjá þeim, sem hafa ekki allt of mikið velt fyrir sér þessu ægilega verðbólguvandamáli sem hrjáir okkar þjóð, að kannske sé það eina rökrétta leiðin að verðtryggja bara öll lán, öll innlán, öll útlán, hvort heldur eru bankalán eða lán fjárfestingarsjóða, og tengja síðan gengi krónunnar beint við verðlagsþróunina, þannig að gengið sé að breytast á hverjum einasta degi eða hverri einustu viku, eftir því sem talið er að verðbreytingar eigi sér stað. Það er alveg ljóst, að með stefnu af þessu tagi væri hægt að halda alveg föstum hlutföllum innbyrðis í þjóðfélaginu þrátt fyrir mikla verðbólgu. Við þyrftum þá ekki að hafa áhyggjur af því, að útflutningsatvinnuvegir lentu í vandræðum vegna misræmis í þróun innlends verðlags og erlends verðlags, og við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af því, að skuldir rýrnuðu og sjóðir tæmdust af völdum verðbólgu. Við værum þá búnir að hnýta allt efnahagskerfið í einn allsherjar verðtryggingarhnút og þar gæti raunverulega ekkert breyst nema með auðvitað nýjum samningum og nýrri ákvörðun, en þetta væri þannig samanhnýtt að hlutföllin héldust þrátt fyrir verðbólgu.

Þetta er vissulega kenning sem á fyllsta rétt á að menn hugleiði hana og velti fyrir sér, hvaða afleiðingar hún kynni að hafa. Sumir eru þeirrar skoðunar að framkvæmd kenningar af þessu tagi mundi leysa verðbólguvanda okkar í eitt skipti fyrir öll. Ég held hins vegar að flestum þeim, sem hafa hugleitt þetta mál, sé ljóst, að jafnhliða því, sem hún leysti viss vandamál, sem stafa af því að hlutföllin í efnahagskerfinu breytast af völdum verðbólgu, þá mundi slík stefna hafa gífurlega og látlausa rýrnun á gjaldmiðli þjóðarinnar í för með sér og þar yrði sennilega um að ræða margfaldan verðbólguhraða á við þann verðbólguhraða sem við höfum nokkru sinni kynnst hér á landi. Hugsanlega yrði þá um að ræða þess háttar hrun á gjaldmiðli þjóðarinnar sem menn þekkja úr sögunni og hefur nokkru sinni gerst, en hefur haft í för með sér stórkostlega erfiðleika fyrir þær þjóðir sem lent hafa í slíku hruni. Sennilega er það ástæðan til þess, að engin þjóð hefur treyst sér til að fara þessa leið, og eru þó margar þjóðirnar sem átt hafa við verðbólguvandamál að glíma, enda alveg ljóst að sú þjóð, sem reynir að fara þessa leið, setur sig í geigvænlega hættu.

Það skal fúslega viðurkennt, að núv. ríkisstj. hefur ekki gengið svo langt að hún hafi hnýtt alla enda saman með þessum hætti. Hún hefur ekki stigið skrefið til fulls og tengt saman verðbólguhraðann annars vegar og gengi krónunnar hins vegar. En núv. ríkisstj. hefur gengið býsna langt að þessu marki á seinustu árum. Hún hefur fyrir löngu stigið það skref að reyna að aðlaga efnahagskerfið að mikilli verðbólgu. Hún gerir það með því að hækka vextina jafnt og þétt, að vísu ekki í beinu hlutfalli við verðrýrnun krónunnar, en þó því sem næst. Hún gerir það með takmarkalítlum hækkunum á opinberri þjónustu. Og hún gerir það, sérstaklega nú í seinni tíð, með látlausu gengissigi sem virðist hafa litlar hömlur. Það eina, sem verulegar hömlur hvíla á, er hækkun launanna. Aftur og aftur hefur þessi ríkisstj. reynt að hindra að launin fylgi eftir verðlaginu, og enn einu sinni er nú bersýnilega verið að gera tilraun af þessu tagi.

Ég tel að þessi stefna sé fyrir löngu komin í þrot. Ég er sannfærður um að öllum hv. þdm. er ljóst að þessi gengisfelling er aðeins skammgóður vermir. Er nokkur hér inni sem leyfir sér að halda því fram í blákaldri alvöru, að þessi gengisfelling sé einhver frambúðarlausn eða að núverandi gengi krónunnar sé ætlað, miðað við stefnu núv. stjórnar, að standa til langframa? Nei, ég held að öllum, sem á annað borð vilja viðurkenna það sem þeir sjálfir sjá og hugsa, sé ljóst að þessari gengislækkun er aðeins ætlað að leysa ákveðinn vanda, en hún hlýtur um leið að skapa nýjan og stórfelldan vanda. Hjá því verður bersýnilega ekki komist. Þetta er algjör bráðabirgðalausn.

Við Alþb.-menn erum andvígir þessari stefnu. Hún hefur sannanlega löngu gengið sér til húðar. Við teljum að eina leiðin til lausnar aðsteðjandi vanda sé að reyna að draga úr hraða verðbólguhjólsins, en ekki að auka hraða þess, það verði að fara verðlækkunarleið.

Auðvitað viðurkennna allir og þá ekkert síður stjórnarandstæðingar en stjórnarsinnar, að vandamál er á ferðinni í íslensku efnahagslífi, að atvinnuvegirnir eiga við vandamál að etja. Það er auðvitað hverjum manni ljóst. Og hvernig ætti annað að vera en að atvinnuvegirnir væru komnir í mikinn vanda eftir þá ofboðslegu verðbólguþróun sem við höfum búið við á undanförnum mánuðum. Hitt er bara spurningin, hvernig á að leysa þennan vanda. Á að leysa hann með því gamla, einfalda pennastriki sem gengisfelling er, eða á að reyna aðrar leiðir?

Flestir munu gera sér grein fyrir því, að afkoma atvinnuveganna er mjög misjöfn, og þó að bersýnilegt sé að mörg atvinnufyrirtæki í landinu séu í miklum vanda stödd þessa stundina, þá gildir ekki það sama um þau öll. Fjöldamörg fyrirtæki í landinu eru rekin með hagnaði í dag, og þær meðaltalstölur, sem efnahagsráðunautar ríkisstj. bera á borð fyrir okkur alþm. eru auðvitað þrátt fyrir allt aðeins meðaltalstölur, en segja ekkert um afkomu hvers fyrirtækis um sig. Á bak við þær felst ákaflega misjafn raunveruleiki, þar sem um er að ræða að fjöldi fyrirtækja er rekinn með tapi, en önnur eru rekin með miklum hagnaði.

Gengislækkunarleiðin er hins vegar ákaflega gróf aðferð til þess að lækna vanda þessara fyrirtækja. Það er *gamalkunn hrossalækning*, sem getur bjargað sumum fyrirtækjum rétt í svip, vetir þá að sjálfsögðu öðrum stórfelldan hagnað, en kemur öllum aðilum í aukinn vanda þegar frá líður.

Við Alþb.-menn viðurkennum fúslega að nú sé þörf á kröftugum efnahagsaðgerðum. Auðvitað verður ekki komist hjá því að grípa til aðgerða, og auðvitað verður ekki komist hjá því að einhverjir borgi brúsann. Um þetta eru auðvitað allir sammála. Hitt er bara spurningin, hvort byrðin verður enn einu sinni að lenda framar öðrum á neytendum í formi hækkaðs verðlags *sem launafólk á ekki að fá bætt þótt* samningar standi til annars. Spurningin er að sjálfsögðu sú, hvort ekki séu aðrar leiðir færar.

Við Alþb.-menn erum eindregið þeirrar skoðunar, að í fyrsta lagi teljum við að óhjákvæmilegt sé að færa til talsvert fjármagn í okkar efnahagskerfi með stórbreytingum á núverandi skattakerfi. Ég hef flutt mjög ítarlega till. um skattamál, sem liggur fyrir Sþ., og sé ekki ástæðu við þetta tækifæri til að fara að rekja till. okkar í skattamálum, sem eru mjög ítarlegar eins og þar má sjá. En þetta er eitt meginatriðið, gjörbreyting á íslenskum skattamálum og stórfelld *millifærsla í efnahagskerfinu í kjölfar hennar.*

Annað stóratriðið er að sjálfsögðu það, að framleiðsla þjóðarinnar verði verulega aukin, að framleiðslumagnið verði meira en það er, svo að meira verði til skiptanna. Til þess að koma þessu atriði fram dugar að sjálfsögðu ekkert skammtímaúrræði, heldur langtímaaðgerðir, og þar tel ég að fyrst og fremst þurfi að vera um að ræða tilfærslu á vinnuafli þjóðarinnar, minnkun á þeirri miklu yfirbyggingu sem við búum við að nokkru leyti í ríkiskerfinu, en þó ekki síður í þjónustu- og milliliðakerfi einkaaðila, í öðru lagi stóraukin fjárfesting á þeim sviðum, þar sem *mest arðs er að vænta fyrir þjóðarbúið, og þá* um leið vitlegri fjárfesting en sú sem að undanförnu hefur sett svip á fjármunamyndunina, og í þriðja lagi aukin stjórnun í uppbyggingu atvinnulífsins í stað þess handahófs og skipulagsleysis sem nú er öðru fremur ríkjandi.

En þriðja meginatriðið, fyrir utan þau tvö sem ég nú hef nefnt, þ. e. a. s. breytingu á skattakerfinu og aukningu framleiðslunnar, þriðja stóratriðið er það, að verðbólguhvatar, sem fyrirfinnast innan okkar efnahagskerfis, verði afnumdir og dregið verði úr áhrifum þeirra atriða í okkar efnahagskerfi sem bersýnilega stuðla að viðhaldi verðbólgu. Þar á ég við í fyrsta lagi vaxtafótinn. Ég tel vonlaust með öllu að gera sér nokkra von um að ná niður verðbólgu hér á landi öðruvísi en að vextir séu lækkaðir, samhliða fjölmörgum öðrum ráðstöfunum. Í öðru lagi verði söluskattur lækkaður. Ég er sannfærður um að hin stórfellda hækkun söluskatts, bæði vegna aukinnar tekjuöflunar núv. stjórnar og vegna tilflutnings á skatti úr tekjuskatti og yfir í óbeinan skatt, þessi breyting, sem verið hefur að ganga yfir á seinustu 3—4 árum og hefur leitt til þess að söluskattur er kominn upp í 20%, á meiri þátt í því en flest annað, að stjórnvöldum hefur gengið svo dapurlega í viðureigninni við verðbólguna. Þetta er áreiðanlega eitt af frumskilyrðunum til þess að við getum náð verðbólgunni niður í það mark sem er hjá nálægum þjóðum, að söluskatturinn sé verulega lækkaður. Auðvitað verða þá aðrir skattar að hækka þar á móti. Auðvitað verður að hækka tekjuskattinn þar á móti. Undan því verður vafalaust ekki vikist. En það verður að gerast, ef við eigum að hafa einhverja von um að vel takist til.

Fjórða atriðið er svo það, að sæmilegur friður haldist á vinnumarkaðinum og stjórnvöld falli frá því að beita gengislækkunarvopninu svo ótt og títt sem raun ber vitni og ég hef gert hér að aðalumræðuefni í tilefni af því gengislækkunarfrv. *sem hér er til umræðu.*

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta frv. Gengisfelling krónunnar verður auðvitað ekki slitin úr tengslum við aðra þætti íslenskra efnahagsmála, svo nokkurt vit sé í, enda er gengisfelling núv. stjórnar aðeins einn liður í margþættum aðgerðum hennar. Ekki er enn vitað hverjar þessar aðrar aðgerðir verða, því að það frv., sem væntanlegt er um þau efni, mun vera enn í fæðingu og hefur ekki enn komið fyrir augu okkar alþm. Að svo stöddu er því ekki rétt að fjölyrða um of um þær aðgerðir sem nú standa fyrir dyrum af *hálfu ríkisstj., eðlilegra að geyma sér frekari* umr. um útlit og úrræði í efnahagsmálum til þess tíma þegar séð verður hverjar aðgerðirnar verða.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Einn stjórnarþm. í Nd. orðaði það svo áðan í ræðu sinni, að hæstv. forsrh. hefði í gær talað fyrir frv. sem væri hvað mesta afrek núv. ríkisstjórnar. Sumir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. brostu að þessu orðalagi. Hvort hann talaði hér í alvöru eða að nokkru í háði skal ég láta ósagt um. En sé þetta talið eitt mesta afrek hæstv. ríkisstj., eins og þm. orðaði það, þá er hér um lítil afrek að ræða.

En það er kannske með þetta mál eins og mörg önnur, að það er talið óhjákvæmilegt, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur ekki ráðið við þann vanda sem efnahagsmálin hafa verið að þróast í undanfarið, og fyrr eða síðar hefði komið að því, að raunhæf gengisskráning, eins og það er orðað, yrði viðurkennd „i einu skrefi“, eins og hæstv. forsrh. orðaði það áðan.

Hæstv. forsrh. talaði einnig um að þetta frv. væri einn liður í fjölþættum aðgerðum til þess að tryggja fulla atvinnu og betri stöðu þjóðar-

búsins út á við. Við í stjórnarandstöðunni vitum ekki neitt enn þá hvað fylgir hér á eftir. Okkur verður bara að renna grun í það, og læt ég allar vangaveltur um það bíða, vegna þess að á morgun má búast við að við sjáum ráðstafanir til heyrandi þessu frv., þegar það verður orðið að lögum eins og stefnt er að því að gera nú í kvöld hér í Ed. hv. Alþ.

En hvers vegna er verið að fella gengi íslensku krónunnar? Hvers vegna þarf að leika þennan leik aftur og aftur og með ótrúlega stuttu millibili? Er það vegna þess að fólkið í fiskvinnslunni hefur of há laun? Er það vegna þess að ýmsir aðrir hafi of há laun hér á Íslandi? Hvað veldur öllum þessum vandræðum?

Jú, hæstv. forsrh. sagði að fljótlega eftir samningana í haust hefðu komið fram vaxandi erfiðleikar hjá ýmsum fyrirtækjum í útflutningi og þá einkum í útflutningi sjávarafurða. Já, það má kenna þessum samningum um margt. E. t. v. er það hægt að einhverju leyti, en hvergi nærri nema að mjög takmörkuðu leyti.

Hæstv. forsrh. orðaði ekki að röng fjárfestingarstefna hefði verið í mörg ár hjá ýmsum mönnum, og ég fullyrði að slíkt hafi átt sér stað í sjávarútvegi sem víða annars staðar. Hann orðaði það ekki, að vegna vantrúar hins almenna borgara á, að gengi íslensku krónunnar sé tryggt, hefur fólk staðið í því að reyna að bjarga sparifé sínu með ýmsum verðbólguhvetjandi aðgerðum. Því miður verður það þegar almennt kaupæði ríkir í landinu af ótta við gengisfall. Þá verður sá atburður og atburðarás, að fólk kaupir um of til þess að tryggja sparifé sitt í ýmsum verðmætum hlutum. Og fólki er varla vorkunn. Þetta á sér stað víða í heiminum. Ég hef séð grein eftir einn af þekktustu hagfræðignum Bandaríkjanna og raunar heimsins í dag, Paul A. Samuelson, hann fjallar einmitt um þetta núna, hvers vegna hinn bandarískí borgari hafi á s. l. ári beint fjármagnsstraumi sínum frá almennum verðbréfakaupum yfir í margvíslega aðra hluti, svo sem land, jafnvel bíla, aukið húsnæði og ýmislegt annað, sem er algjörlega óvænt stefnuþróun hjá þessari þjóð, vegna þess að verðbréfamarkaður þar hefur verið nokkuð tryggur vettvangur fyrir ávöxtun á sparifé.

Við höfum að vísu ekki frjálsan verðbréfamarkað hér á Íslandi, en menn hafa séð að langbesta ráðstöfunin til að tryggja sparifé sitt væri að kaupa land, fjárfesta í steinsteypu og í ýmsu öðru, jafnvel litasjónvarpi og bílum og þar fram eftir götunum. Sem sagt, almenningur hefur það á tilfinningunni, að þar sem íslenska krónan heldur ekki velli þrátt fyrir einstakt góðæri, þá sé vonlaust að geyma hana um of. Og meðan almenningur í landinu er þessarar skoðunar, þá segi ég enn einu sinni úr þessum stól — ég hef sagt það oft áður — að það er sama hvaða ríkisstj. situr, það endar jafnan með sömu æfingum, gengisfellingaræfingum. Þess vegna hafa allir stjórnmálaflokkar átt hlut að gengisfellingu hér á Alþ. þegar lítið er yfir nokkuð langt tímabil, og ég tel afar ömurlegt að þurfa að rifja upp slíkan slóða.

Ég byrjaði þingsetu mína hér fyrir 11 árum með þátttöku í gengisfellingu sem mér var mjög þvert um geð, og það er sjálfsagt stutt í það að ég endi þingferil minn á að þurfa enn einu sinni að vara við svona vinnubrögðum. Það hlýtur að vera til eitthvert annað ráð heldur en bara að hopa undan og fella gengið. Það hlýtur að vera til eitthvað annað.

Ég viðurkenni það, að mörg fyrirtæki, bæði í sjávarútvegi og iðnaði, eiga við erfiðleika að etja. En það hefur aldrei fengist viðurkennt hvað þessir sömu aðilar hafa undanfarið fjárfest mikið og hvernig þeir hafa staðið sig sem einstaklingar, þeir er þeim stjórna, og þar fram eftir götunum. Það þykir of viðkvæmt mál og má ekki taka alvarlega á því. En það er mjög stór þáttur í þessum erfiðleikum, það fullyrði ég. Ég fullyrði að það kaup, sem greitt er í fiskvinnslu í dag, að meðaltali í kringum 140—150 þús. kr. á mánuði, sé ekki að sliga þessa framleiðslu. Það fullyrði ég. Og eins og síðasti ræðumaður drap á áðan, þá er vaxtabyrðin í framleiðslunni orðin gjörsamlega óþolandi og verður að taka upp nýja vaxtapólitík hér á landi. Hvers vegna má ekki verðtryggja skuldirnar? Hvers vegna ekki að setja hömlur á það, að menn eignist milljarða vegna skulda í þjóðfélaginu? Og hvers vegna á ekki að koma í veg fyrir að sparifjáreigendur tapi milljarði eftir miljarð í verðbólguhítina og verðrýrnun á sparifé sínu? Það er grundvallaratriði til þess að halda jafnvægi hér á Íslandi sem annars staðar, að menn hafi trú á því, að það sé einhvers virði að eiga krónuna. Það vill nú svo einkennilega til, að bæði í gær og í dag var hér ungur maður, fyrrverandi sjómaður, með hátíðarpeninga, sem voru 10 aurar, og mér áskotnuðust nokkur stykki af þeim er hann dreifði hér í anddyri þinghússins. Það er ágætt að það komi inn í þingtíðindi um slíka atburði, en þessir peningar voru 10 aurar og eru orðnir svo léttir núna að þeir eru að vísu löngu dauðir sem slíkir og eru hér léttir í hendi minni sem ég hristi hér í ræðustólnum. Þegar fólk sér peningana með þessu móti og verðmætagildi þeirra, þá þykja það undarlegir atburðir í dag og næstum háðslegir, er menn dreifa þessu framan við Alþingishúsið. Einnig er svo komið um krónuna okkar í dag, að menn nenna — (Gripið fram í.) já, þetta eru þjóðhátíðarpeningar, — að menn nenna ekki orðið að beygja sig eftir íslensku krónunni. Hún er orðin svo lítilfjörleg og létt í vasa. Þetta er ömurleg staðreynd. Þetta mun halda áfram ef hv. alþm. og almennir borgarar í þessu þjóðfélagi skynja ekki að við getum ekki haldið lengur þessari stefnu, við getum það alls ekki. Við verðum að beita öðrum úrræðum.

Það hefði verið drengilegt af öllum alþm. að byrja á sjálfum sér og lækka laun sín um nokkra tugi þúsunda og síðan gera kröfu til að aðrir ríkisstarfsmenn lækkuðu laun sín um ákveðin þúsund eftir því hvað þau eru há, laun verkamannsins í fiskvinnslu og við höfnina yrðu ekki hreyfð, en þannig skorið ofan af toppunum í þjóðfélaginu.

Það má aldrei segja hlutina eins og þeir eru. Ég get nefnt eitt dæmi um mann sem er búinn að vera fjögur ár í læknisnámi, hann var ráðinn að sjúkrahúsi nýlega og honum voru boðnar 500 þús. kr. á mánuði sem lágmark. Það er kannske guðlast að segja frá svona atburðum. En þetta er að gerast fyrir framan nefið á okkur. Og sami

maður fær einnig stórkostlega styrki í námi. Jú, það verður sagt: Þessi maður vill ekki að við höfum góða lækna. Þessi maður er á móti því að menn geti menntað sig. — En dæmið er ekki svona einfalt. Við höfum ákveðna getu í þessu þjóðfélagi, atvinnuvegirnir gefa okkur ákveðinn afrakstur og samkvæmt því verðum við að lifa.

Ég vanmet það ekki að við höfum nú stöðuga vakt manna sem eru færir í heilaskurði. Það vanmet ég ekki. Ég get lent í bílslysi á heimleiðinni nú þegar ég fer í kvöldmatinn og e. t. v. gæti maðurinn bjargað mér þess vegna. Það vanmet ég ekki. En hvað mikið getum við borgað fyrir þetta öryggi? Þetta á auðvitað við á mörgum fleiri sviðum. Ég vanmet það alls ekki, að menn geti endurnýjað mjaðmarliði í fólki og gert það vinnuhæft að nýju. Slík aðgerð kostar hundruð þúsunda. En við getum ekki borgað þessum mönnum ótaldar upphæðir, og þeir fara kannske ekki heldur fram á það. En samt sem áður, þó ég nefni þessa ágætu stétt manna, þá eru takmörk fyrir því hvað við getum farið hátt í mánaðargreiðslum til þessara manna. Sjúkratryggingakerfi okkar í dag er til endurskoðunar og endurmats vegna þess að mörgum þykir það komið of hátt.

Ég nefni aðeins einn þátt í okkar rekstrarvandræðum í heild í þjóðfélaginu, sem koma fram í því, að kröfurnar eru alls staðar mjög miklar og afleiðingin verður sú, að það ríkir óhófleg verðbólga í þessu þjóðfélagi og við ráðum ekki við að hefta hana, og það endar jafnan með sama móti, að íslenska krónan fellur gagnvart hinni erlendu. Fyrst og fremst hefur þessa gætt varðandi útflutningsgreinar í atvinnulífi okkar. Síður gætir þessa hjá innlendri þjónustu, sem getur velt þessari verðbólgu yfir á íslenska neytendur í endursölu verðmæta hér innanlands, og þess vegna er þessi kollsteypa á íslensku krónunni talin réttlætanleg æ ofan í æ.

Við eigum von á viðbótarfrv. sem fylgir í kjölfar þessa frv. Við sáum frv. rétt fyrir jól sem var sögð *forsenda fyrir bæði þessu gengisfellingarfrv.* og viðbótarfrv. Það var knúið fram á síðustu dögum þingsins að samþ. það frv., og nokkuð lengi vissu menn að gengisfellingarinnar var von. Undanfarnar vikur hafði Seðlabanki Íslands látið gengið síga, eins og það er nefnt, og menn óttuðust að raunveruleg gengisfelling, *nokkuð há, væri á næstu grösum.* Þetta *orsakaði* það, að Seðlabankinn varð vegna aukinnar og óeðlilegrar eftirspurnar eftir erlendum gjaldeyri að gefa út sérstaka fréttatilkynningu 4. febr. s. l., þar sem hann tilkynnti að opinbert skráð gengi væri ekki lengur fyrir hendi á Íslandi. Allir slógust um að kaupa dýr tæki og reyna að forðast óþarfarýrnun á sparifé sínu, og sparifé landsmanna rann út úr bönkunum í skyndilega tilbúna eftirspurn og eftirspurnarþarfir sem annars hefðu ekki verið fyrir hendi nema að mjög takmörkuðu leyti. Þetta er alltaf sama sagan. Það skeður alltaf það sama með vissu millibili, þegar fólkið finnur það og trúir því, að það sé gagnslaust að spara og því sé bókstaflega refsað fyrir að spara.

Nú kann einhver að segja að fólkið eigi kost á því að kaupa ríkistryggð skuldabréf. Já, það á kost á því fyrir 1—2 milljarða kr. í ár. En sparifé landsmanna er nú 65 milljarðar, og ef almenningur ryki nú til og tæki út þó ekki væri nema 1 milljarð í dag og annan á morgun og á heilli viku kannske 7—10 milljarða úr bönkum landsins, þá yrði einhvers staðar erfitt fyrir. Það er ekki hægt að benda fólki á að leggja allt sparifé sitt í ríkistryggð skuldabréf, og það er ekki heldur hægt fyrir ríkisstj. að standa í slíkum skuldabréfaútgáfum, þó nauðsynlegt sé undir vissum kringumstæðum að tryggja verðgildi sparifjárins. Við verðum því að leita annarra ráða, og að mínu mati er orðið löngu tímabært að setja allsherjarlöggjöf um að verðtryggja skuldir á Íslandi. Það er alger eignaupptaka og brot að mínu mati að svipta sparifjáreigendur stórum hluta eigna sinna í gegnum gengisfellingu með einu pennastriki. Það er merkilegt að það skuli ekki hafa verið reynt fyrir dómi. Þetta er í sjálfu sér ekki hægt nema verðbæta það aftur með einhverjum hætti til baka, því hér er hrein eignaupptaka á ferðinni og ekkert annað.

Það er markmið þessarar ríkisstj. að draga úr verðbólgu. Sjálfsagt hefur það verið markmið allra ríkisstj. sem setið hafa frá stríðsbyrjun á Íslandi, en mistekist, eins og menn muna. Það var markmið þessarar ríkisstj. að koma verðbólgu niður í 15% eða svo innan árs frá því að hún tók við völdum. Öllum er kunnugt um að það hefur hrapallega mistekist, því miður. En ríkisstj. hefur annað markmið sem hún heldur dauðahaldi í og reynir að hæla sér af og er út af fyrir sig rétt staðhæfing, að hér hafi ríkt full atvinna. Þrátt fyrir að verkfallsátök hafi átt sér stað og *tapast hafi margir dagar vegna verkfallsátaka,* þá verður því ekki á móti mælt, að í heild hefur ríkt hér nægileg atvinna.

En hvernig búum við til þessa nægilegu atvinnu? Er ekki rétt að líta aðeins á það. Hún er ekki tryggð með heilbrigðu efnahagslífi, það er nú langt í land með það. Hún er tryggð með síaukinni erlendri skuldasöfnun, sem nemur milljarðatugum á því tímabili sem ríkisstj. hefur setið, rúmlega 3½ ár. Hún er tryggð með mjög vaxandi skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands, úr rúmum 3 milljörðum í upphafi valdatíma þessarar ríkisstj. í um 15 milljarða skuld nú, sem sagt hreina prentun seðla. Hún hefur verið tryggð með sífelldu gengissigi krónunnar. Þessi þrjú atriði eru þau sem hafa tryggt þessa fullu atvinnu, og það er dýru verði keypt.

Nú er ég ekki að boða það, að við eigum að hafa skerta atvinnumöguleika, síður en svo. Það er mesta böl sem ein þjóð býr við. En ég fullyrði að það er hægt að hafa atvinnu í þessu landi í 8 tíma og jafnvel 2 tíma í viðbót á dag — það þýðir 40 tíma og 6—8 tíma í yfirvinnu — og tryggja stöðugra verðlag í landinu og heilbrigðara efnahagslíf, en hætta þessu gegndarlausa yfirvinnukapphlaupi, því við erum komin í vítahring sem við ráðum ekki við, hvort sem við lítum til okkar alþm. eða annarra. Það verður einhvern tíma að byrja að hægja á þessu hjóli. Það er engum manni hollt að leggja að sér svona miskunnarlaust í kapphlaupi við tilbúnar þarfir, sem ég nefni svo, — hreinlega við tilbúnar þarfir að mörgu leyti. Margir mundu una betur við sitt að geta haft trygga vinnu 8 tíma á dag og 2 tíma í eftirvinnu og vinnuvikan yrði sómasamleg, eins og Dagsbrún hefur barist fyrir í ára-

tugi, að tryggja 40 stunda vinnuviku og mjög hóflegt viðbótarálag. Þá yrði margt í miklu meira jafnvægi, atvinnulíf öruggara og ég held öll starfsemi hjá okkur skynsamlegri. Við höfum flýtt okkur mjög hratt, Íslendingar, í margvíslegri fjárfestingu: í orkumálum, við hitaveitur, sem er út af fyrir sig mjög gleðilegt, að geta gert slíkt stórátak. En það kostar ótrúlega vaxtarverki í kringum það. Það eru ótrúlegar sögur nefndar í því sambandi, hvað menn hafa getað haft mikið upp úr útboðum í sambandi við hitaveituframkvæmdir.

Það er viðurkennt a. m. k. á vissum stöðum á þessu landi að útflutningsframleiðslan á við sérstaka erfiðleika að etja. Þeir eru margslungnir, þrátt fyrir það að við höfum nú toppverðlag á flestum afurðum okkar og þær seljast allar vel fyrir utan skreið. Að henni slepptri er mjög góð eftirspurn eftir öðrum afurðum, og það gildir einnig um vörur frá landbúnaðinum sem fluttar eru út úr landinu, að eftirspurn hefur verið með betra móti. En innlend kostnaðarhækkun er að sliga þessa framleiðslu, a. m. k. hjá sumum fyrirtækjum, og menn eiga þess vegna í vanda. Nú á þessi gengisfelling að leysa þennan vanda að mestu eða öllu. Sumir hafa talað um að hún ætti að vera meiri, hún ætti ekki að vera 13%, hún ætti að vera 16—17% og hækkun á erlendum gjaldeyri því um 20—22%. Ég skal ekki leggja mat á þær vangaveltur manna. Með því móti þyrfti verð á Bandaríkjadollar að vera 265 kr. í staðinn fyrir 253—254 kr. ef, eins og menn orða það, eiga að sleppa. Nú veit ég ekki hvað mikið er reiknað í þessu dæmi í afskriftir og vaxtakostnað. Ég nefndi áðan að fjárfesting hefði víða verið óeðlileg. Það eru sérstök vandamál í kringum það í rekstri fyrirtækjanna. Ég tel að við verðum að athuga þennan lið alveg sérstaklega, vaxtaliðinn. Það verður að gera sér grein fyrir því, að við þurfum svo mikið að kaupa af erlendum aðföngum, þegar við erum að fjárfesta hér á Íslandi, að fjárfesting okkar verður að vera í góðu aðhaldi eins og margt annað í þessu þjóðfélagi og margt verðlag á nauðsynjum, vegna þess að óheft fjárfesting, sem iðulega er gerð sem verðbólgubjörgun fyrir þá sem eiga þess kost, skapar af sér rekstrarvandræði. Það sýnir reynslan.

Hæstv. forsrh. lýsti því yfir, — og það fannst mér best í ræðu hans og ég vona að verði hægt að standa við það, bæði meðan hæstv. núv. ríkisstj. situr og síðar á þessu ári, eftir kosningarnar, — að gengissig hverfi. Meðan það ríkir, eins og það hefur verið undanfarnar vikur og jafnvel mánuði, að fólk sér að gengissigið er allt að 2% á mánuði, þá hefur enginn trú á því að okkar þjóðarbúskapur verði í jafnvægi. Þessi stefna var tekin upp fyrir nokkru víða í heiminum, en hefur ekki reynst jafnáraungursrík og menn áttu von á. Þetta getur gilt um tíma hjá einstaka þjóð sem er að sigrast á tímabundnum erfiðleikum í efnahagskerfi sínu. Ég held að þetta sé engan veginn heppileg aðferð hér á Íslandi. Þegar aðföng okkar eru mjög mikil frá útlöndum og við verðum að búa við svo opin utanríkisviðskipti eins og allir vita, þá er þetta gengissig, held ég, mjög mislukkuð stefna. Á meðan er almenningur þess vitandi, að það er jákvætt að eyða, en það er alveg öfugt. Við þurfum að fá fólkið til þess að draga úr eyðslunni og vera rólegt og trúa því, að það sé einhvers virði að spara í þessu þjóðfélagi.

Ég óttast því, ef ekki koma fram betri rök fyrir að þessi gengisfelling nái árangri en við höfum þegar heyrt, að hér verði um skammgóðan vermi að ræða og hún leysi aðeins núið, ef svo má að orði komast. Þetta er sem sagt aðeins skyndiráðstöfun og skyndibjörgun. Ég held því fram meðan ég sé ekki annað og heyri ekki annað. Og þrátt fyrir það að verðbólgunefndin svonefnda hafi skilað miklum skýrslum og upplýsingum, þá er margt í því sennilega sem margir hafa haft hugmynd um án þess að það lægi beint fyrir í tölum. Sjálfsagt er ekki nema gott um það að segja að fá mikil gögn í hendurnar. En grundvallaratriðið verður samt þetta, og það verður að tryggja að menn þori að lifa eðlilegu lífi í þessu landi og spara, ef þeir hafa afgang frá daglegri vinnu, og þora að leggja aflögufé sitt í bankana. Annars verður aldrei jöfnuður hér á Íslandi. Það er algjörlega vonlaust. Við lendum alltaf í sömu vandræðunum, að gengisfelling er fyrr eða síðar orðin staðreynd, og hún þykir orðið svo einföld og þægileg í framkvæmd, miðað við tæknilega getu og þekkingu, að allar aðrar leiðir eru útilokaðar. Það er sagt bókstaflega: Það er svo erfitt. Þetta er ekki framkvæmanlegt. Við gerum þetta bara með einu pennastriki, myndum stóran gengissjóð og deilum honum svo út á eftir.

Meira að segja á enn einu sinni að úthluta á þriðja milljarð, og það er í þremur stórum liðum. Það fer í Verðjöfnunarsjóð, það fer í Fiskveiðasjóð vegna gengistaps á lánum og það fer í hagræðingu. Þetta var svona einnig 1975. Ég og fleiri gerðum nánari fsp. um hvernig þessu fjármagni hefði verið varið til einstakra aðila. Ég taldi það siðferðilega skyldu hæstv. núv. ríkisstj. að gera grein fyrir þessu á Alþ. Mér hefur ekki verið svarað, ekki einu orði, þó að um milljarðaupphæðir sé að ræða. Það á sem sagt að verðlauna þá sem eyða mest og bruðla mest. Meðan slíkt ástand ríkir í þessu þjóðfélagi og hér á Alþ. þá segi ég: Barátta okkar við verðbólguna er vonlaus, algjörlega vonlaus. Það er tími til kominn að menn segi þetta einu sinni við þessa ágætu menn, þó þeir séu margir öndvegismenn í rekstri sínum. Þeir hafa þá hvöt að eyða um of, vegna þess að þeir eru verðlaunaðir fyrir það, bókstaflega verðlaunaðir fyrir það með ýmsu móti. Þetta á auðvitað ekki við um alla, en þetta á við um of marga — allt of marga.

Það á að stofna til nýrrar deildar nú í Verðjöfnunarsjóði. Það á að stofna deild fyrir saltsíldina. Saltsíldin er að koma upp núna sem stór atvinnugrein í landinu, og það er vonandi að vel takist um saltsíldina í framtíðinni. Ég hef alltaf litið svo á að okkar íslenski síldarstofn sé alveg sérstakur gullsjóður fyrir okkur og við verðum að fara varlega í þessu efni. Það er vonandi að sérstök deild fyrir saltsíldina verði jákvæð fyrir þá atvinnugrein. Hún hefur átt í miklum örðugleikum og hún mun örugglega þurfa á öllu sínu að halda vegna erfiðleika í framleiðslunni í haust og óvæntra kostnaðarliða, þar sem verðið var ákveðið löngu áður en endanlegir kjarasamningar

voru gerðir og margur annar kostnaður hefur farið hækkandi vegna gengissigs. Því miður er hæstv. forsrh. ekki hér. (Gripið fram í.) Ég vil leggja sérstaka áherslu á að menn geri sér grein fyrir því, að þessi framleiðsla, sem saltsíldin er að verða víða á landinu, er ómetanleg, og það verður að gera sér grein fyrir því, að margar saltsíldarstöðvar þurfa nú að njóta hagræðingar og endurskipulagningar. Fólkið, sem hefur unnið í saltsíldinni, hefur oft orðið að vinna við erfiðari skilyrði en víðast hvar annars staðar. Það eru gerðar kröfur núna til þess að saltsíldarstöð sé upphituð og með betri aðbúnaði en verið hefur um árabil á Íslandi. Þetta kostar allt stórfé. (Gripið fram í.) Nei, þeir eru ekki að sýna okkur í stjórnarandstöðunni þann sóma, þó þeir biðji okkur að vera stuttorða, að hlusta á okkur, enda gera þeir sjálfsagt ekkert með það sem við segjum út af fyrir sig. En þó tel ég að þeir megi muna eftir saltsíldinni, ef hana á að vinna á komandi hausti með jafnmiklum þrótti og gert var í haust og vonandi er eftir að gera á næstu árum. Þá hlýtur þessi starfsgrein að verða að fá út úr þessum gengismunarsjóði það sem hún leggur fram sem sannanlegan kostnað og aukakostnað vegna gengissigs og margra annarra þátta, sem hún varð að sæta frá því að samningar voru gerðir um verð í haust og fram á þennan dag. Ég vildi aðeins undirstrika þetta, þó að enginn hæstv. ráðh. sé við, og láta það koma fram í þingtíðindum, að þetta sjónarmið hefur komið hér fram, því það á fullan rétt á sér. Það er mér kunnugt um.

Herra forseti. Ég skal svo ekki í þessari umferð hafa þessi orð fleiri. En auðvitað verður þetta mál meira rætt við 2. umr., þegar við skilum nál., og þá drepið á fleira, því það er ekki viðunandi að hæstv. forsrh. a. m. k. sé ekki hér viðlátinn, því þá hefði ég minnt hann á kosningabiblíu flokks hans við síðustu kosningar sem ég hef eitt blað úr hér í hendi minni.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hv. þm. Ragnar Arnalds minntist áðan á meðaltalsútreikninga sérfræðinganna og taldi að þeir gætu verið nokkuð varhugaverðir að byggja of mikið á. Það var fyrst og fremst vegna þessara meðaltalsútreikninga sem ég vildi segja hér nokkur orð.

Það er ekki vafi á því, að þær aðgerðir, sem nú er verið að framkvæma, eru ekki síst vegna fiskvinnslunnar í landinu og hlaut að því að koma eftir kauphækkanir á s. l. hausti og fiskverðshækkanir nú eftir áramótin. Fiskvinnslunni á að tryggja hagstæðari útkomu með þessum aðgerðum. En það, sem ég vil leggja áherslu á, er að afkoma fiskvinnslunnar er mjög misjöfn eftir landshlutum. Og ég vil — með leyfi forseta — lesa hér örfá orð úr bæklingi, sem kom út á vegum Þjóðhagsstofnunar nú í haust og heitir: „Athugun á afkomu frystihúsa haustið 1977.“ Þar segir:

„Eins og rækilega hefur komið fram hér að framan og í viðaukum skýrslunnar leyna landstölur af þessu tagi miklum mun milli landshluta og einstakra fyrirtækja. Þannig benda athuganir á afkomu frystihúsa á Suður- og Suðvesturlandi til mun lakari afkomu, þar sem hallinn virðist stefna í allt að 8—10% af tekjum, en áður var búið að segja frá því, að landsmeðaltalið mundi verða um 7% eða minna. Hallatölur af þessu tagi fela að sjálfsögðu í sér yfirvofandi greiðsluþurrð, þar sem við þessar aðstæður duga afurðasölutekjur rétt til þess að greiða beinan launakostnað, hráefni og umbúðir, en engan annan kostnað af rekstrinum.“

Síðar í sömu skýrslu segir:

„Hér er því greinilega við tvíþættan vanda að etja: Annars vegar almennan vanda, sem af því hlýst að innlendar kostnaðarhækkanir hafa farið fram úr hækkun afurðaverðs á undanförnum mánuðum, og eru reyndar horfur á að þessarar þróunar gæti áfram þannig að rekstrarvandi fiskvinnslunnar ágerist ef ekkert verður að gert. Hins vegar er um að ræða sérstakan og staðbundinn vanda fiskvinnslu í ákveðnum landshlutum, vanda sem að undanförnu virðist hafa ágerst. Ástæður þessa staðbundna vanda eru margvíslegar m. a.:

1. lakari nýting hráefnis,
2. lakari nýting afkastagetunnar,
3. yfirborganir á hráefni,
4. breytingar framleiðslumagns,
5. röskun á framleiðsluskilyrðum vegna sérstakra áfalla.“

Þótt hagur fiskvinnslunnar verði bættur að mestu leyti með þessum ráðstöfunum, sem hér er verið að gera, þá er afkoma fiskvinnslunnar á Suðvesturlandi alls ekki tryggð með þessu. Þetta byggist á því, eins og ég var að lesa áðan, að tap hennar er meira, hefur staðið lengur og orsakanna verður að leita annars staðar en á öðrum stöðum í landinu.

Og þarna í skýrslu Þjóðhagsstofnunar er gripið á meginvandamáli fiskvinnslunnar á Reykjanessvæðinu, þar sem, eins og ég sagði, vandinn er talinn tvíþættur. Þeir eiga að sjálfsögðu við þann almenna vanda að etja, en í öðru lagi eiga þeir einnig við staðbundinn vanda að etja, og lausn, sem er bundin við aðeins annan þáttinn, þ. e. a. s. að leysa almenna vandann, skilur þá eftir þeirra staðbundna vanda og mun fiskvinnslan þar því halda áfram sínum hallarekstri með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Þetta ástand, þar sem rekstrarörðugleikar hafa ekki eingöngu verið af innlendum kostnaðarhækkunum, heldur einnig að mjög verulegu leyti af öðrum ástæðum, svo sem minnkandi fiskgengd, breytingum á samsetningu afla o. s. frv., er einkennandi fyrir Reykjanessvæðið, og þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, munu því alls ekki nægja þeim fiskiðnaði til þess að endar nái saman, enda þótt þær kunni að vera nægilegar fyrir alla aðra landshluta.

Ég vil geta þessa í fyrsta lagi, að fram að síðustu árum kom aðalaflamagn Reyknesinga á land á fyrstu 4—5 mánuðum ársins. Þetta hafði það í för með sér, að fiskvinnslustöðvar urðu að vera afkastameiri og mannafli meiri en ella hefði orðið ef aflinn hefði komið jafnar á land. Í öðru lagi var hér nærri eingöngu um stórþorsk að ræða, sem var hagstæður í vinnslu, hvort sem um söltun eða frystingu var að ræða. Nú er þetta ástand alveg gjörbreytt. Af stórþorski veiðist ekki helmingur þess magns, sem áður veiddist, en nú er skrapað saman mikið magn af ufsa, karfa, löngu, keilu og fleiri fisktegundum. Allar þessar tegundir eru óhagstæðari í

vinnslu en þorskurinn og þess vegna er þessi breyting frá þorski og yfir í verðminni tegundir aðalástæðan að mínu viti fyrir hinni lélegu afkomu frystihúsanna. Þar við bætist svo að þegar hráefnismagn minnkar skyndilega, þá má alltaf gera ráð fyrir að þau frystihús, sem hráefnissnauð eru, fari að yfirborga, og enn fremur verður nýting véla og bygginga að sjálfsögðu lélegri þegar afli dregst skyndilega saman og ekki er hægt að nýta frystihúsin allt árið. Þess má og geta, að það er örugglega liður í erfiðleikunum að framkvæmd hraðfrystihúsaáætlunar náði aldrei lengra en að Reykjanesi. Þess vegna vantar nú mikið á að húsin á Reykjanesi séu í stakk búin til þess að taka að sér og mæta almennum rekstrarörðugleikum, og því er það, að þegar tekjuþörf frystihúsanna 100, sem í landinu eru, eru áætluð og landsmeðaltal fundið, þá er augljóst að mestur hluti Reykjaneshúsanna liggur fyrir neðan það meðaltal og þess vegna verða þau, eins og ég sagði áður, með skuldahalann á eftir sér. Reyndar er svo komið í dag, að verulegur hluti af þessum húsum á Suðurnesjum er lokaður, og ég sé ekki að þær ráðstafanir, sem áætlað er að gerðar verði nú, verði til þess að opna þessi frystihús aftur.

Þarna fyrir sunnan er 12 þús. manna byggð og verulegur hluti húsmæðra og fleiri kvenna vinna í frystihúsunum, og það er nú þegar farið að þrengjast um atvinnu þarna og versnar með hverjum mánuði. Auk þess að verja nú verulegu fjármagni til hagræðingar og endurbóta í frystihúsunum, á Suðurnesjum, þá sé ég ekki annað en að það hljóti að verða að gera sérstakar aðgerðir til þess bæði að losa þessi hús að einhverju leyti við skuldahalann og í öðru lagi að tryggja rekstrarafkomu þeirra.

Eins og ég gat um áður, hefur samsetning afla þeirra breyst mjög mikið, úr þorski yfir í aðrar tegundir, sem veiðast kannske ekki mjög mikið annars staðar við landið, og þá tel ég að það væri mjög athugandi að fella niður eða minnka útflutningsgjald á þessum tegundum og bæta afkomu frystihúsanna á þann hátt, að það kæmi sérstaklega til góða þessum landshluta. Að sjálfsögðu yrðu Tryggingasjóður og Aflatryggingasjóður að fá sitt fjármagn annars staðar frá, og gæti þá kannske gengismunarsjóður komið þar að gagni. En ég tek það skýrt fram, að ég er hér að tala um það sem er kannske erfitt í framkvæmd. Þó held ég að meðan þorskstofninn er í þeirri hættu sem hann nú er í væri aðgengilegt og æskilegt að afla einmitt þessara fisktegunda, sem geta komið í staðinn fyrir þorskinn, ef vinnsla og verðlagning þeirra væri hagstæðari.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna því, að hv. 5. þm. Norðurl. v. er genginn í salinn, en ég varð undrandi á ræðu hans og þeirri miklu ádeilu sem hann hafði á aðgerðir þær sem ríkisstj. boðar í þessu frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslensku krónunnar. Ég hélt satt að segja að Alþb.-menn mundu styðja stefnu ríkisstj. í einu og öllu, því í stefnu hennar kemur fram sá andi sem ég hélt að þeir hefðu starfað eftir, þ. e. eftir kenningum Marx-Lenins, en þar segir, með leyfi forseta — ég ætla fyrst að fara með hana á ensku: „From each according to his ability, to each according to his needs.“ Sem ég leyfi mér að þýða: „Að taka sem mest frá þeim, sem duglegir eru og einhvers mega sín, og afhenda skussunum.“ Má þá bæta við: og á þann hátt að gera alla að jafnmiklum öreigum. (Gripið fram í.) Þetta var góð þýðing. Viðbótin er kannske betri, enda er hún frá eigin brjósti.

En í 2. gr. frv. til l. um ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu segir, með leyfi forseta:

„Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1 janúar 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 13% gengismun.“

Athugum nánar hvað þetta ákvæði þýðir, að framleiðandi sjávarafurða, sem í dag á óseldar birgðir, selur væntanlega síðar þessar afurðir sínar og eignast við það gjaldeyri. Nú er framleiðendum sjávarafurða ekki heimilt að selja gjaldeyri til annarra en tveggja ríkisbanka, sem jafnframt ættu því að skoðast skuldbundnir til að kaupa. Ef svo er litið á, að útflytjendum er skylt að selja ríkisbönkunum gjaldeyri sinn, verður ekki séð að slík lagaskylda verði undanþegin 67. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“

Af þessu leiðir að mínu mati, að ekki er aðeins óheimilt að gera hluta söluverðs gjaldeyris upptækan, heldur er gjaldeyrisbönkunum skylt að greiða fullt verð fyrir hann. Með fullu verði er hér að sjálfsögðu átt við markaðsverð á söludegi. Hvort Seðlabankinn hefur skráð rétt gengi samkvæmt líklegu markaðsverði verður ekki rætt hér. Hitt vil ég benda á, að verði 2. gr. frv. samþ. sem lög, er verið að brjóta stjórnarskrána að mínu mati, og hlýt ég því að greiða atkvæði gegn þessu frv.

Eins vil ég benda hv. þm. á að eigendur útfluttra sjávarafurða hljóta að leita réttar síns, ef reynt verður að gera eignir þeirra upptækar, og breytir þar engu um hvað áður hefur verið gert né hvernig fjármununum verður varið. Stjórnarskrárbrot geta aldrei orðið hefðbundin.

Án frekari athugana á réttmæti ráðstöfunar á gengismun treysti ég mér sem sagt ekki til þess að veita þessu frv. samþykki mitt. En vonandi fáum við tíma í n. til að athuga málið eitthvað betur.

Síðan ég kvaddi mér hljóðs hefur mér verið bent á að Hæstiréttur hafi fjallað um mál af þessu tagi og dómur verið felldur. Ég vil þess vegna vona, að þegar þetta frv. kemur í þá n. sem ég á sæti í, þ. e. fjh.- og viðskn., þá liggi fyrir þessi dómsúrskurður Hæstaréttar, og við getum þá fjallað um þetta atriði nánar þegar frv. kemur úr n. En þetta brýtur á móti minni

réttlætiskennd, hvort sem Hæstiréttur hefur nú fellt dóm andstætt mínum huga í þessu máli eða ekki.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla í upphafi að taka fram, að ég er ekki kominn hingað í ræðustól til þess að tala fyrir hönd Marx-Leninista, þó að ég styðji þetta frv. En það er út af því, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði varðandi 2. gr. frv. Ég hef oft heyrt þessa röksemdafærslu, að sá, sem eigi afurðir þegar gengisbreyting er gerð, eigi einn að njóta hagnaðarins af genginu. Ég þarf ekki að leita mjög langt eftir þessari skoðun, hún hefur verið viðhöfð við mig út af gengisbreytingu fyrr á árum, 1967—1968 aðallega, minna aftur síðari gengisbreytingum. En þó að ég sé ekki Marx-Leninisti, þá get ég alls ekki fallist á þá skoðun að sá aðili, sem á birgðir í sjávarútvegi eða aðrar birgðir, sem eiga að leggjast í sameiginlegan sjóð, sé einkaeigandi að þeim birgðum. Gengisbreytingin er ekki gerð, hvorki nú né áður, fyrir þennan aðila til þess að hann græði á birgðunum. Hún er gerð til þess að bæta stöðu útflutningsatvinnuvega á hverjum tíma.

Ef við ætlum alls ekki að ráðstafa gengishagnaði á þennan hátt, eins og hér er gert ráð fyrir og alltaf hefur verið gert, og ætlum að skipta honum upp á milli þeirra sem hafa skapað þennan hagnað, hvers vegna eiga þá ekki sjómenn að fá hlutdeild í þessum gengishagnaði og útgerðarmenn, heldur aðeins frystihúsaeigendur og þeir sem selja fiskinn eða afurðirnar að lokum úr landi?

Ég tel fráleita þá túlkun, að um stjórnarskrárbrot sé að ræða, og einmitt fannst mér hv. 12. þm. Reykv. sanna það með upplestri sínum, að gengisbreytingin er gerð vegna þess að annars hefðu útflutningsatvinnuvegir landsmanna stöðvast, ef þetta hefði ekki verið gert eða þá einhver önnur aðgerð með hliðstæðum hætti. Það er þjóðarheill sem krefst þess að einhver slík aðgerð sé gerð. Hins vegar getur okkur greint á um hvort eigi endilega að fara þessa leið eða aðra. Það er mál út af fyrir sig. En ég gat ekki látið hjá líða að láta í ljós þessa skoðun mína og láta í ljós að ég er algjörlega andvígur því sem hv. 12. þm. Reykv. sagði um þetta atriði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessar umr. mjög, hafði raunar ekki ætlað mér að taka til máls við 1. umr., en var þó til þess knúinn vegna ummæla sem hér féllu undir lok þessarar umr.

Ég tek undir þau sjónarmið sem hæstv. sjútvrh. gerði grein fyrir áðan um hið augljósa eignarhald á svonefndum gengishagnaði, að þar hafa sannarlega fleiri lagt hönd á plóginn en frystihúsaeigendur. Ég saknaði þess aðeins, eftir að hann hafði nefnt þá augljósu staðreynd, að sjómennirnir eiga þarna náttúrlega einnig rétt, að hann skyldi ekki bæta við starfsfólkinu í frystihúsunum sem einnig hefur að því starfað að auka verðmæti þessarar vöru. Liggur í augum uppi að einnig þar er hópur sem ef út í það er farið á sitt óbætt hjá frystihúseigendum.

Ég kvaddi mér annars fyrst og fremst hljóðs vegna ræðu hv. þm. Odds Ólafssonar, þar sem hann gerði grein fyrir sérstökum vandamálum útgerðarinnar á Suðurnesjum, og hygg ég að hann hafi farið í hvívetna rétt með í þeirri ræðu sinni. En ég vildi undirstrika þetta atriði í ræðu hans mjög svo sterklega, að með ráðstöfunum eins og þessari gengisfellingu sem hér um ræðir er alls ekki verið að ráða bót á raunverulegum vandamálum sjávarútvegsins eða fiskiðnaðarins á Íslandi. Það er verið að ráða til bráðabirgða bót á hnekki sem atvinnuvegir landsins hafa beðið vegna óstjórnar — fjármálalegrar óstjórnar í landinu. Það er verið, ef svo má segja, að klastra upp á óhæfa stefnu í efnahagsmálum landsins yfirleitt, stefnu sem hefur öðru fremur nú í bili bitnað á sjávarútvegi og fiskverkun á landi hér. Vandamálin, hin raunverulegu vandamál, standa eftir og jafnvel enn verri en áður. Því vil ég leggja áherslu á þetta atriði í sambandi við ræðu hv. þm. Odds Ólafssonar, að hið sama blasir við annars staðar á landinu einnig. Þetta er ekki bara á Suðurnesjunum. Ég vil nefna dæmi úr kjördæmi mínu, Norðurl. e. Þar var hafin útgerð á djúprækjutogara á árinu sem leið, sem hæstv. sjútvrh. má best af vita, því hann hefur tilgreint útgerð þessara togara sem dæmi um nýja leið í útgerð hjá okkur á þeim tíma þegar við verðum að draga úr sókninni í þorskinn. Gengismunarsjóðurinn, sem myndast mun við þessa gengisfellingu, mun að vísu koma útgerð djúprækjutogarans á Dalvík að liði í því einu að hjálpa til að vega upp á móti skuldahækkun í erlendum gjaldeyri, en á engan hátt stuðla að því að leysa þann vanda sem þetta útgerðarfyrirtæki er í vegna sjálfs rekstrarins. Að því leyti kemur gengislækkunin, þessi aðgerð í efnahagsmálum, alls ekki að neinu liði fyrir útgerð þessa togara, nema síður sé.

Hv. þm. Oddur Ólafsson sagði, sem eflaust er rétt, að ein af ástæðunum fyrir því, að hallað hefur undan fæti fyrir útveginum á Suðurnesjum, væri sú, hversu þorskaflinn, aflinn af stóra þorskinum, hefur brugðist á þessum svæðum og hversu — ef svo má segja — form útgerðarinnar og hráefnisöflunarinnar hefði breyst við aflabrest á þorski og með hvaða hætti hinar ódýrari fisktegundir, eins og ufsi, keila, langa og karfi, hafa ekki getað komið í stað hins dýrara hráefnis. Ég saknaði þess að vísu, að hv. þm. skyldi ekki við þetta tækifæri greina frá annarri mjög veigamikilli orsök fyrir vandræðum útvegsins á Suðurnesjum og fiskverkunarinnar þar, en að því máli víkur hann í sérstöku þingskjali eða till. til þál. sem fjallað verður um í Sþ., en þar eru óholl áhrif Keflavíkurflugvallar, sú samkeppni sem sjávarútvegurinn á Suðurnesjum hefur orðið að heyja við Keflavíkurflugvöll, og mun, ef grannt yrði skoðað, hægt að finna enn fleiri orsakir fyrir sérstaklegum félagslegum vanda útgerðarinnar á Suðurnesjum.

Það er ekki aðeins að ríkisstj. mun ekki með þessari sérstöku ráðstöfun sinni, sem þó hefur verið hampað sem hinu mesta snjallræði til frambúðarlausnar á vandamálum sjávarútvegsins, — það er ekki aðeins að ríkisstj. sinni ekki þessum raunverulegu vandamálum sjávarútvegsins á Suðurnesjum og fiskvinnslunnar þar með þessu frv.,

heldur fæ ég ekki betur séð en að ýmsu leyti öðru og þá í tengslum við hina dauðu hönd Keflavíkurflugvallar, sem hvílir á öðrum atvinnurekstri á Suðurnesjum, ætli ríkisstj. beinlínis að ganga af honum dauðum.

Ég er ekki kominn til með að trúa því um fólk í byggðarlögum, þar sem sjávarútvegur og fiskvinnsla hefðu verið skipulögð á annan hátt, með öðrum sjónarmiðum og við aðrar félagslegar aðstæður en þær sem ríkja á Suðurnesjum, hvort sem útgerðarmönnum þar og frystihúseigendum er ljúft eða leitt og að því er virðist nú gegn vilja þeirra, að ekki væri hægt að verka ufsa, keilu, löngu og karfa og láta þann rekstur bera sig þrátt fyrir allt ef annarra ráða væri neytt, ráða sem útvegsmenn á Suðurnesjum og frystihúseigendur hafa ekki tök á og er ekki þeim um að kenna.

Ég heyrði sögu um það, studda vitnum, austan af landi þegar einn af fremstu fiskimönnum þar, Sigurður Magnússon á Eskifjarðar-Víði, fyllti skipið sitt af smáum fiski við Hvalbak á sínum tíma — fiski sem ekki þótti vænlegur til ábatavænlegrar vinnslu í frystihúsinu — og kom með þennan fisk til frystihúseiganda nokkurs á Eskifirði, við skulum ekki nefna nein nöfn í því sambandi, það gæti misskilist, og frystihúseigandinn sagði við Sigurð: „Þennan fisk tek ég bara ekki. Ég get ekki tekið svona fisk í vinnslu, það bara borgar sig ekki.“ Og þá sagði Sigurður Magnússon: „Ég skal nú segja þér það, Alli minn, að ég þakkaði bara guði hástöfum fyrir þennan fisk, að hann skyldi gefa mér hann. En hann vissi náttúrlega ekki hvar ég mundi leggja upp.“

Ég er þeirrar skoðunar, að við aðrar aðstæður, í öðrum byggðarlögum, þar sem hægt er að koma við annars konar vinnslufyrirkomulagi, væri hægt að verka þennan fisk, þennan ruslfisk sem þeim á Suðurnesjum er um megn að verka með ágóða, þar væri hægt að verka þennan fisk með ágóða. Þar kemur margt til og er ekki um að kenna dáðleysi útgerðarmanna eða frystihúseigenda á Suðurnesjum, heldur allt öðru, m. a. því, að vegna samkeppni Keflavíkurflugvallar og álversins í Straumsvík eiga þeir Suðurnesjamenn ekki þess konar völ á starfsfólki eða stöðugleika á vinnumarkaði sem nauðsynlegur er til þess að reka þessi fyrirtæki með ágóða.

Ég vil svo í lokin vekja athygli á því vandamáli sem lýtur að hinni nýju útgerð, nýjungum í útveginum hjá okkur, stöðu þeirra útgerðarfyrirtækja og þeirra manna sem berjast nú af eigin rammleik í bökkum við að afla nýs sjávarfangs á landi hér, að fyrir þeirra hag er ekki séð, nema síður sé, í þessu gengisfellingarfrv.

Iðnaðarnefndarmenn beggja deilda Alþingis voru í hádeginu í dag boðaðir á sérstakan fund í nýrri og glæsilegri skrifstofu Sölustofnunar lagmetis hér inni við Síðumúla, og þar var okkur greint frá vandkvæðum lagmetisiðnaðarins hér á landi og þá e. t. v. fyrst og fremst því, að skortur er á rækju til þess að leggja niður, vöru sem hægt er að nota til þess að tryggja sölu á öðrum tegundum lagmetisiðnaðar ef við getum boðið rækju með í kaupunum. Ástæðan fyrir því, að skortur er á rækjunni, sögðu þeir, er fyrst og fremst sú, að við höfum ekki sinnt djúprækjuveiðunum sem skyldi. Við eigum þennan eina djúprækjutogara þarna fyrir norðan með góðum aflaskipstjóra og þjálfaðri áhöfn. Þetta skip, sem er í eigu þeirra Dalvíkinga, stendur eignalega séð mjög vel, en hefur skort rekstrarfé. Í þeirri útgerð er við að eiga raunveruleg vandamál sem horfir til þjóðarheilla að leysa, vegna þess að ef vel tekst til um útgerð þessa skips, ef ekki er brugðið fæti fyrir útgerð þessa skips á djúprækjuveiðunum, þá er mjög sennilegt að við getum gert út fleiri af okkar togskipum á djúprækjuveiðar en þetta eina. Að þessu ákaflega þýðingarmikla máli í íslenskum sjávarútvegi er hreint ekki hugað fremur en að öðrum raunverulegum vandamálum útvegsins hér í sambandi við gengislækkunina núna.

Ég hefði óskað þess, að þann hinn sama dag sem gengislækkunarfrv. hefði verið lagt fyrir hv. Alþ., þá hefðu verið lögð fram önnur frv., sem að því hnigju að leysa raunverulegan vanda íslensks sjávarútvegs og fiskverkunar, og ekki látið sitja við það að leggja fram þetta mál, sem að því hnígur einungis að klóra yfir misgjörðir þeirra manna sem hafa farið með æðstu stjórn sjávarútvegsmála á landi hér síðustu árin og æðstu stjórn annarra mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 9. febr., kl. 9 síðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 341, n. 352, 353 og 354). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt. Minni hl. n., hv. þm. Ragnar Arnalds og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, skilar séráliti, og hv. þm. Albert Guðmundsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa langt mál um þetta frv. Það hefur komið fram við 1. umr. málsins, að hér sé um að ræða gengisfellingu sem efnahagsúrræði, að gengisfelling og gengissig séu hluti af fastmótaðri stefnu ríkisstj. og gengið sé látið elta verðlagsþróunina. Það fer ekki á milli mála, að gengisfelling og gengissig er út af fyrir sig engin merkileg efnahagsráðstöfun, heldur er hér fyrst og fremst um að ræða afleiðingu efnahagsþróunar. Þegar sú aðstaða skapast, að það verður misræmi á milli þróunar verðlags og framleiðslukostnaðar í einu landi annars vegar og síðan miðað við helstu viðskiptalönd og önnur lönd, þá hlýtur það að hafa áhrif á gengið. Ef framleiðslukostnaðurinn

hér vex það mikið, að tekjur útflutningsatvinnuvega duga ekki til, þá leiðir það til breytingar á gengi. Það eru að vísu ýmsir fleiri þættir sem hafa áhrif á gengi gjaldmiðils, og það er fyrst og fremst neysluvöruverðlag, það eru kauptaxtar launþega, það er innflutningsverð, það er útflutningsmagn og það er útflutningsverð. Allir þessir þættir hafa þarna vissulega áhrif. En aðalatriðið er það, að þegar verðlag innanlands hækkar eins gífurlega og það hefur gert hér á landi á undanförnum árum, þá hlýtur það að hafa áhrif á gengið. Þessi ráðstöfun nú er því ekkert annað en viðurkenning á þeirri staðreynd, eins og oft áður, viðurkenning á því, að við höfum ekki ráðið við það að halda jafnvægi í efnahagslífinu.

Inn í þetta spilar einnig afkoma helstu útflutningsatvinnuvega, eins og ég sagði áðan. Útflutningsatvinnuvegirnir þola ekki til lengdar svo mikla kostnaðarhækkun eins og hefur orðið án þess að til breytingar á gengi komi eða stórkostlegrar hækkunar tekna. En hitt er svo einnig ljóst, að gengislækkunin sem slík hefur náttúrlega verulega áhrif í framhaldi af þessari ákvörðun á rekstrarkostnað viðkomandi atvinnugreina og á allt verðlag í landinu, þannig að slík ráðstöfun ber engan árangur nema til ákveðinna aðhalds- og hliðarráðstafana komi einnig.

Það er kannske rétt, vegna þess að ég minntist á afkomu sjávarútvegsins, að fara örfáum orðum um afkomu hans á undanförnum árum, þótt þar sé um að ræða meðaltal og við vitum að verulegur mismunur er innan greinarinnar. En það er talið að hreinn hagnaður sjávarútvegsins, þegar búið er að afskrifa og taka tillit til vaxta, hafi verið hvað bestur að undanförnu á árinu 1973, eða hagnaður upp á 5.6 milljarða. Síðan fer að síga á ógæfuhliðina 1974, tap upp á 6 milljarða, tap upp á 5.4 milljarða 1975, tap upp á 2.3 milljarða 1976, og miðað við þá gengislækkun, sem nú á sér stað, er búist við tapi allt að 3.5 milljörðum þegar vextir og afskriftir hafa verið reiknuð. Með þessu er tryggð e. t. v. svipuð og þó heldur lakari afkoma en var að meðaltali 1976, en hins vegar langt frá því sem var 1973.

Það er ljóst af því, sem ég hef sagt, að þessi ráðstöfun nú kemur í beinu framhaldi af þeirri verðlagsþróun sem orðið hefur í landinu, og það að koma í veg fyrir gengisfellingar og gengissig er fyrst og fremst að ráðast gegn verðbólgu með þeim afleiðingum sem það annars hefur, og ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það nú við umr. þessa máls. En þessi vandi er náttúrlega fyrst og fremst sá að viðurkenna ákveðin lögmál efnahagslegrar hagstjórnar og setja jafnvægi í efnahagslífinu ofar á listann með þeim markmiðum sem annars er keppt að. Það er alveg ljóst að við leysum ekki öll vandamál með því. Við fáum ný vandamál þótt við leysum verðbólguvandann. Þá skiptum við sjálfsagt á þeim vanda við ýmsan annan vanda. Og það er alveg ljóst, að slíkar ráðstafanir koma við þorra manna í þessu þjóðfélagi, snerta bæði líf þeirra og afkomu. Hins vegar er það alveg ljóst, að við þekkjum þessar leiðir, við vitum út af fyrir sig hvað það er sem þarf að gerast, en hins vegar eru þær leiðir allt annað en þægilegar.

Ég vil aðeins minnast á það, vegna þess að það hefur oft komið fram, að laun þjóðfélagsþegnanna skipti minna háttar máli í verðlagsþróuninni og verðbólguþróuninni, þá vil ég aðeins geta þess, að laun sem hlutfall af okkar þjóðartekjum voru 1962 62.8%, 1974 73.6%, 1975 73.3% og 1976 71.8% af þjóðartekjum. Aðrar þjóðartekjur eru reiknaðar tekjur atvinnurekenda, fjármagnskostnaður, þ. e. a. s. hlutdeild fjármagnsins í þjóðartekjunum, og hagnaður. Það er alveg ljóst, að ef þessi þáttur, þ. e. a. s. launin, hækkar umfram það sem þjóðartekjur vaxa, þá getur ekkert annað gerst en að það fari út í verðlagið. Ég er ekki að segja þetta til þess að koma því á framfæri, að þetta sé eini þátturinn sem hefur áhrif á verðlagsþróunina og verðlagið í landinu, langt frá því. Það er ýmislegt annað sem þar kemur við sögu. Hitt er svo annað mál, að við skyldum varast að gera allt of lítið úr þessum þætti, því að það er ekkert annað en blekking.

Ég vil aðeins að lokum koma inn á þann lið í þessu frv. sem fjallar um ráðstöfun á gengishagnaði. Ég er því sammála, að meginhluti af þessum hagnaði fari í Verðjöfnunarsjóð, og ég get einnig fallist á það, að hinu verði ráðstafað til þess að milda áhrif gengislækkunarinnar á stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa og til þess að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði. Ég hefði út af fyrir sig talið eðlilegt að stofnfjárkostnaðarbyrði fiskvinnsluaðila og fiskvinnslufyrirtækja væri létt á sama hátt og hjá eigendum fiskiskipa. Ég hefði talið eðlilegt að þar væri samræmi á milli. En það hefur hins vegar komið fram, að þessu fjármagni, þ. e. a. s. 43% af þessum 35% sem á að verja til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði, verður varið ásamt öðru fjármagni til þess að létta undir með rekstri fiskvinnslufyrirtækja og þá ekki aðeins þeirra, sem eiga eftir að koma á hagræðingu, heldur einnig þeirra, sem hafa jafnvel komið nýlega við einhverri hagræðingu, en eru með mjög verulega stofnfjárkostnaðarbyrði. Fyrst svo á að vera, þá tel ég það út af fyrir sig fullnægjandi.

Ég vil aðeins minnast hér á eitt mál sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson kom inn á, að hér er í fyrsta skipti gert ráð fyrir því, að það verði stofnuð sérstök deild við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, sérstök deild fyrir saltsíld. Ég vildi að það kæmi fram, að það er verulegur gengishagnaður að sjálfsögðu af birgðum og því sem ógreitt er vegna saltsíldar. Hins vegar mun það vera svo, að útflutningur m. a. til Finnlands hefur ekki verið greiddur, en hins vegar hefur sú stofnun, sem sér um útflutning á saltsíld, síldarútvegsnefnd, þurft að taka lán erlendis í dollurum til þess að greiða saltendum hluta af andvirði útflutnings til Finnlands, og gengistap á þessum lánum mun nema um 40 millj. kr. Einnig mun það vera svo, að síldarútvegsnefnd skuldar verulegt fjármagn erlendis vegna þess, að mikið er ógreitt af andvirði þeirra tunna sem notaðar hafa verið við framleiðsluna og hafa verið seldar úr landi. Þetta nemur samtals 55 millj. kr., og hlýtur að vera eðlilegt að þessar upphæðir dragist frá áður en gengishagnaður í þessari grein er reiknaður. Ég hef rætt þetta mál við hæstv. forsrh. og sjútvrh., og ég tel að þeir hafi tekið þannig undir þessa skoðun mína að fullnægjandi sé.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vil aðeins endur-

taka það, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrir þrem tímum fór fram 1. umr. um þetta mál. Þá gerði ég grein fyrir sjónarmiðum mínum í allítarlegu máli og sé ekki ástæðu til að fara að þreyta þm. á að endurtaka þá ræðu hér. Vissulega mætti fjalla hér um marga þætti þessa máls og þá einkum viðhorfin í efnahagsmálum almennt og þau efnahagsúrræði sem núv. ríkisstj. virðist vera í þann veginn að grípa til jafnhliða gengislækkun. Satt best að segja var von á því og því hafði verið lofað, að frv. um það efni yrði lagt fram í dag. En nú er dagur að kvöldi kominn og ekkert bólar á þessu frv. og berast ýmsar fregnir af erfiðum fæðingarhríðum og enginn sem raunverulega veit hvert verður efni til þess. Það er því bersýnilega ótímabært að taka efnahagsmálin almennt til umr. hér og eðlilegt að geyma sér það þar til það frv. kemur fram. Ég læt því nægja að greina hér frá nál. sem ég hef gefið út að loknum fundi fjh.- og viðskn., en það er svo hljóðandi:

„Frv. þetta er skilgetið afkvæmi stefnu núv. stjórnar. Gengislækkanir hafa verið aðalúrræði hennar við sérhverjum efnahagsvanda. Svo skefjalaust og ótæpilega hefur þessu úrræði verið beitt, að segja má að gengisfellingin sé orðin fíknilyf núv. stjórnar.

Til eru fíkniefni sem átt geta rétt á sér við sérstakar kringumstæður í smáum skömmtum. Sé hins vegar gripið til þeirra takmarkalaust verða þau vanabindandi og hafa vaxandi eiturverkanir í för með sér, eftir því sem þeim er oftar beitt.

Undanfarin þrjú ár eru mesta gengislækkunartímabil í sögu íslensks gjaldmiðils. Núv. ríkisstj. hefur þrisvar sinnum lækkað gengi íslenskrar krónu formlega. Hún hefur auk þess lækkað gengið með svonefndu gengissigi, og má í raun inni segja að slíkt gengissig hafi átt sér stað nær allan valdatíma stjórnarinnar.

Gengislækkunarstefna stjórnarinnar hefur leitt til þess, að nú er Bandaríkjadollar 156.1% hærri í verði gagnvart íslenskri krónu en hann var í ágúst 1974, þegar stjórnin kom til valda. Auðvitað hefur þessi mikla gengisbreyting leitt til gífurlegra verðhækkana hér á landi. Innfluttar vörur hafa af þessum ástæðum hækkað í verði um 150—170%. Gengislækkunarstefnan hefur líka haft sín áhrif á annað verðlag hér á landi.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum í ágústmánuði 1974 var framfærsluvísitalan 297 stig. Nú er hún orðin 934 stig og nemur því hækkunin 214%. Það þýðir að verðlag hér á landi hefur rúmlega þrefaldast í tíð núv. stjórnar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér staðfestingu á ákvörðun ríkisstj. að fella enn gengi íslenskrar krónu um 13% í einu skrefi, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri um 14.9%. Ríkisstj. heldur sem sagt fast við gengislækkunarstefnuna, sem á undanförnum árum hefur leitt til einstæðrar óðaverðbólgu og síendurtekinna átaka á vinnumarkaði.

Ákvörðunin um að lækka gengið nú um 13% í einu skrefi í framhaldi af gengissigi undanfarandi mánuði er í raun aðeins formleg staðfesting á fyrri ákvörðun ríkisstj. í gengismálum. Við afgreiðslu fjárlaga í desembermánuði s. l. kom fram, að ráðunautur ríkisstj. í efnahagsmálum hafði þá reiknað með 18% gengissigi á árinu 1978 og áætlað tekjur og gjöld ríkissjóðs samkv. því. Ríkisstj. hefur því fyrir alllöngu ákveðið mikla gengislækkun á árinu, annaðhvort í formi gengissigs eða formlegrar gengislækkunar.

Með formlegri gengislækkun, sem nú á að framkvæma, áformar ríkisstj. að gera jafnframt breytingar á þeim kjarasamningum sem gerðir voru með samþykki hennar á s. l. sumri, og á þeim samningum, sem hún gerði sjálf við BSRB fyrir rétt rúmum þrem mánuðum.

Ljóst er, að með þessu er stefnt að nýjum stórátökum á vinnumarkaðinum. Vandamálin verða síst minni en áður, þvert á móti verða þau meiri og erfiðari úrlausnar og hraði verðbólguhjólsins mun enn aukast.

Alþb. hefur ásamt öðrum stjórnarandstöðuflokkum og fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar bent á aðra leið til lausnar á aðsteðjandi vanda: verðlækkunarleið.

Við erum algerlega andvíg efnahagsstefnu núv. stjórnar — ef stefnu skyldi kalla.

Ég legg því til, að frv. verði fellt."

Þetta var nál. mitt eftir meðferð málsins í nefnd.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég gat þess við 1. umr., að enginn hæstv. ráðh. sæi ástæðu til að hlýða á mál okkar í stjórnarandstöðunni. Nú sætti ég mig ekki við þessi vinnubrögð lengur og ég mun standa hér orðlaus og þegjandi í ræðustól þangað til hæstv. forsrh. kemur. Mig varðar engu hvað hann er að gera. (**Forseti:** Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að gera forsrh. aðvart. Hann er í húsinu.) — Herra forseti. Ég sé að hæstv. forsrh. er genginn í salinn, og ég þakka fyrir að við beiðni minni er orðið, svo hæstv. forsrh. heyri það beint af mínum munni. Ég taldi ekki lengur við unandi, að hann sæti ekki hér fund í d., og gerði kröfu til þess að hann mætti, hvað hann hefur nú gert, og ég þakka fyrir það. Því miður er ekki búið að dreifa nál. mínu og mun ég því lesa það orðrétt eins og það liggur fyrir og síðan fjalla lítils háttar um frv., þar sem hæstv. forsrh. gat ekki verið viðlátinn 1. umr. er við fjölluðum um málið, aðrir þm.

„Frv. felur í sér staðfestingu á því, sem almenningur hér á landi hafði þegar af undanfarnar vikur, að enn einu sinni ætti að fella gengi íslensku krónunnar. Þetta frv. felur í sér beina gengisfellingu um 13%, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri að meðaltali um 15%.

Núv. ríkisstj. hefur því þrisvar sinnum á valdaferli sínum lækkað gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri með sérstakri löggjöf þar um. Auk þess hefur hún beitt eða látið Seðlabankann beita svonefndu gengissigi. Þetta gengissig hefur verið svo ört á undanförnum nokkrum vikum, að það jafngildir nokkurn veginn 2% gengisfellingu að meðaltali á mánuði. Þetta hefur almenningur fundið og skynjað stöðugar verðhækkanir á erlendri vöru.

Til þess að draga úr áhrifum af rýrnandi verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum aðföngum hefur hver og einn einstaklingur eftir bestu getu og aðstæðum eytt lausafé sínu. Þessi ráðstöfun hins almenna borgara hefur leitt af sér meiri eftirspurn á erlendum gjaldeyri af hálfu innflytjenda, og voru biðraðir í gjaldeyrisbönkunum eftir að fá að kaupa erlendan gjaldeyri, sem var kominn að mati margra á útsöluverð. Seðlabanki Íslands sá sig til neyddan, auðvitað í samráði við stjórnvöld, að fella niður skráningu á erlendum gjaldeyri og svonefnd gjaldeyrisnefnd bankanna var látin tefja venjulega afgreiðslu gjaldeyrisumsókna eftir föngum. Almenningur hefur undanfarna daga keypt dýrar vörur fram úr hófi til þess að bjarga rýrnun sparifjár frá meiri skakkaföllum, sem þessi beina gengisfelling annars hefði í för með sér. Hverjum einstaklingi, sem hefur átt sparifé í bankastofnunum ríkisins undanfarin ár, er nokkur vorkunn þar sem sameiginleg rýrnun sparifjár landsmanna á árinu 1977 nemur um eða yfir 14 milljörðum kr. Enn einu sinni er ráðist af hálfu stjórnvalda á sparnaðarviðleitni hins almenna borgara og hann sviptur verðmætum sparnaði, sem hann á í formi sparifjár í bankastofnunum landsins. Það er skoðun undirritaðs, að ógerlegt sé að koma á jafnvægi í neyslu og fjárfestingu í þjóðarbúskap okkar meðan fylgt er gengislækkunar- og gengissigsstefnu, eins og átt hefur sér stað í mörg undanfarin ár. Hér eiga allir stjórnmálaflokkar hlut að máli og við höfum verið í miklum minni hl. hér á hv. Alþ., þeir þm. er telja þessa stefnu löngu gengna sér til húðar.

Því miður er ekki að sjá að enn sé fyrir hendi grundvallarbreyting í þessum efnum, og hlýtur undirritaður að skírskota til almennings, að hann veiti þessari gengisfellingar- og gengissigsstefnu hart aðhald og raunar hreki hana upp að vegg, svo að lengra verði ekki haldið í stjórnun efnahagsmála á þessari braut.

Óþarfi er að rekja í hlutfallstölum, hvað erlendur gjaldeyrir hefur hækkað á valdaferli núv. ríkisstj., þar sem öllum landsmönnum er málið vel kunnugt. Þó má minna á, að verð á Bandaríkjadollar vegna gengisfellingar og gengissigs er u. þ. b. 157% hærra en það var í ágúst 1974, þegar þessi hæstv. ríkisstj. íhaldsmanna og framsóknarmanna tók völdin í landinu. Afleiðing af þessari efnahagsstefnu gagnvart sparifjáreigendum er sú, að þeir, ungir sem aldnir, hafa sætt verðrýrnun sem nemur mörgum tugum milljarða á valdaferli þessarar ríkisstj. Þetta táknar að hliðstæð upphæð hefur raunar verið veitt skuldakóngum landsins.

Allir viðurkenna í orði, að einn aðalvandi efnahagsmála á Íslandi sé verðbólga. Höfuðmarkmið í fyrstu yfirlýsingu hæstv. forsrh., Geirs Hallgrímssonar, f. h. ríkisstj. sinnar, var að koma ríkjandi óðaverðbólgu úr þrotabúi vinstri stjórnarinnar niður í um 15% á einu ári. Þessi yfirlýsing sem grundvallaratriði í stjórnarsamningnum hefur mistekist hrapallega og svo átakanlega, að verðbólgan sum árin hefur verið um 50%. Þegar slík hömlulaus verðbólga ríkir hjá einni þjóð er engin von til þess að nokkurt jafnvægi geti til lengdar ríkt í atvinnumálum og efnahagsmálum þjóðarinnar.

Þetta frv., sem er um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, segir raunar það eitt, að íslenska krónan fellur um 13% gagnvart erlendum gjaldeyri og þeim gengismun, sem við það myndast vegna birgða í landinu af útflutningsafurðum, skuli ráðstafað á sérstakan hátt, eins og frv. greinir. Þetta er mjög á sama veg og gert hefur verið í fyrri gengisfellingum. Þó vil ég undirstrika, að í 2. gr. frv., næstsíðustu málsgr., standa þessi orð: „Áður en umræddu fé sé ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem lög þessi taka til.“ Hér er um fremur ónákvæmt orðalag að ræða og undirritaður telur nauðsynlegt að hæstv. forsrh. staðfesti, að áður en gengismun verði ráðstafað geti útflytjendur átt þess kost að leggja fram gögn um kostnað, sem til hefur komið vegna útflutningsstarfsemi í landinu, og fengið hann greiddan úr þessum gengismunarsjóði.

Augljóst er að í kjölfar þessarar gengisfellingar mega landsmenn eiga von á, samkv. fyrri reynslu, svonefndu bandormsfrv., er felur í sér nauðsynlegar ráðstafanir að mati hæstv. ríkisstj., svo að áhrif beinnar gengisfellingar renni ekki beint út í sandinn. Það hefur vart farið fram hjá ríkisstj. og málsvörum hennar, að hagsmunasamtök verkalýðs og launþega almennt hafa sent frá sér yfirlýsingar, er fela í sér aðvörun um beina kjaraskerðingu á gildandi nýgerðum kjarasamningum. Ekki er undirrituðum á nokkurn hátt kunnugt um áform ríkisstj. í þessum efnum, en hann vill minna á þessar aðvaranir frá hinum óbreyttu borgurum þessa lands. Ef takast á að koma á viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum landsmanna og tryggja stöðuga atvinnu, sem hlýtur að vera sameiginlegt markmið allra ábyrgra einstaklinga og aðila, verður ríkisvaldið að hafa fulla samvinnu við hagsmunasamtök fólksins í landinu og gera sér grein fyrir því, að ekki verður haldið lengur áfram að „millifæra“ gríðarlegar eignafúlgur frá sparnaði hins almenna borgara yfir í skuldafenið hjá þeim er hlotnast það að fá hundruð milli. kr. lán í nafni mikilvægs atvinnurekstrar. Þetta er að mati undirritaðs slíkt grundvallaratriði til að ná eðlilegu jafnvægi og hafti á verðbólguna, að á meðan þetta er ekki tryggt í efnahagsstefnu þessarar ríkisstj., má segja að baráttan sé við vindmyllur einar og því vonlaus og áfram muni almenningur því reikna með verðbólgu í landinu á háu stigi og haga sér samkv. því.

Frv. þetta er sagt vera einn liður efnahagsaðgerða sem ríkisstj. er að beita sér fyrir. En okkur í stjórnarandstöðunni er ekki gerð nánar grein fyrir hvað framundan er í þeim efnum, og meðan svo er hlýtur undirritaður að taka afstöðu á móti þessu frv.“

Þetta er nál. mitt eins og það liggur fyrir, þó ekki sé búið að útbýta því í d. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli á því, að nál. hefur verið útbýtt.) Nú, þá hefur það komið meðan ég var að lesa upp úr því.

Ég vil aðeins minna á, að mér hefur áskotnast eitt blað úr kosningahandbók frá Sjálfstfl. fyrir

síðustu kosningar, og ég ætla að leyfa mér, herra forseti, auðvitað með leyfi forseta, að lesa upp þau minnisatriði, sem höfð voru í frammi, til að minna á frómar óskir sem uppi voru hafðar þá af hendi þessa stærsta stjórnmálaflokks landsmanna og sjá hvernig efndir eru á þeim í dag. Þessu var lofað:

„Brýnustu verkefnin eru þessi:

1. Koma verður rekstri atvinnuveganna á heilbrigðan grundvöll.“ Hefur það tekist? Hvers vegna erum við að þessari gengisfellingu í dag? Svarið er auðvitað neitandi.

„2. Rétta verður af viðskiptahalla við útlönd.“ Hefur það tekist? Við höfum aldrei skuldað meira nokkurn tíma, hvernig sem við lítum á þá tölu, í erlendri mynt eða ísl. kr., og er nú skuldabyrðin miklu hærri en þegar hæstv. núv. forsrh. var að hundskamma þáv. vinstri stjórn úr þessum ræðustól og síðasta ræðumann hér áðan fyrir skuldasöfnun vinstri stjórnarinnar og og gríðarlega greiðslubyrði, sem hann taldi stefna allt að 13% þá.

„3. Rjúfa verður víxlhækkanir kauplags og verðlags.“ Þetta var þeirra markmið þá. Það getur hver svarað fyrir sig, hvernig þetta hefur verkað undanfarin ár.

„4. Skera verður niður fyrirhuguð ríkisútgjöld.“ Þetta er brandari þessarar biblíu. Þau hafa aldrei verið meiri en núna undir forsæti og stjórn þeirra manna er sögðu á sínum tíma, þegar fjárlög vinstri stjórnarinnar voru nokkuð ört vaxandi, að það mætti skera niður þá með einu litlu pennastriki 4.5 milljarða. Þeir menn urðu síðan ráðh. í núv. ríkisstj., en á sama tíma hefur útþensla ríkisbáknsins aldrei verið örari.

„5. Stemma verður stigu fyrir frekari aukningu erlendra lána.“ Hefur það nú tekist? Eins og ég sagði áðan, hafa þau aldrei verið hærri, þótt talan sé tekin fram í erlendum gjaldmiðli.

„6. Koma verður á jafnvægi á lánamarkaðnum.“ Hann hefur aldrei verið verri en núna, enda hömlulaus fjárfesting ríkt og hreinn slagur um að fá peninga undir alls konar yfirskini, og þess vegna m.a. er gengisfellingin orðin staðreynd, en ekki eingöngu vegna launakrafna í þjóðfélaginu. Fjárfestingin hefur verið svo taumlaus og svo vitlaus, þrátt fyrir Framkvæmdastofnun og þrátt fyrir fullt af hagspekingum úti um allt, að það hefur engu tali tekið.

„7. Finna verður leiðir til að efla frjálsan sparnað.“ Það var síðasta atriðið. Þetta segi ég að sé númer eitt. Svona höfum við gjörólíka afstöðu. Hvers virði er sparnaður og eðlilegt líf í þessu þjóðfélagi? Það er sett númer 7. Vinnubrögðin í fyrra voru þau, að 14 milljarðar voru hirtar, kalla ég, af sparifjáreigendum í verðrýrnun og millifærðir í þjóðfélaginu. Það þorir enginn enn þá að setja verðtryggingu á lán almennt. Það er gert í nokkrum stofnlánasjóðum að hluta, en ekki almennt. Meðan svo er hljóta menn í gildandi verðbólguþjóðfélagi og gildandi verðbólguhugsunarhætti að slást um hverja krónu sem hægt er að draga út að láni.

Það er sama, svo ég endurtaki það enn einu sinni, hvaða ríkisstj. situr og hversu marga menn hún hefur hér á Alþ. á bak við sig, dæmið gengur ekki upp. Það hlýtur að stranda fyrr eða síðar með þessum vinnubrögðum. Ég man eftir því, að einn hv. þdm. í Ed. sagði á fjárhagsnefndarfundi við þessa sérstöku efnahagssérfræðinga sem enn er leitað til, að það væri kominn tími til að skipta um þá. Hitnaði þá í sumum og urðu litverpir við að heyra þessi orð. En í kvöld tekur hann ekki afstöðu til þessa máls, samkvæmt nál. sem kemur frá meiri hl. Kannske hefur hann ekki meint það sem hann sagði á þessum nefndarfundi fyrir nokkru. Ég tók hann alvarlega og sumir fleiri, að hann meinti eitthvað með orðum sínum.

Frsm. meiri hl. sagði áðan: Gengisfellingin er ekkert annað en viðurkenning á því, að við höfum ekki ráðið við efnahagsvandann. — Auðvitað er hún það. Þessi hæstv. ríkisstj. hefur alls ekki ráðið við efnahagsvandann. Það má kenna Pétri og Páli um það. Þetta er staðreyndin fyrir því. Hún hefur 42 menn í meiri hl. á Alþ. Sjálfsagt mun reyna á það á morgun einnig, að menn komi með till. sem eru sagðar bjarga eitthvað fram í tímann. Ég kallaði þetta áðan, við 1. umr., að hér væri bara verið að bjarga núinu, eins og ég orðaði það, þ. e. a. s. líðandi stund og engu öðru. Það getur vel verið að eitthvað birtist á morgun sem sannfæri mig um að það sé verið að leggja grundvöll að einhverri varanlegri efnahagsstefnu en gilt hefur mörg undanfarin ár og ekki aðeins hjá þessari hæstv. ríkisstj., heldur öðrum ríkisstjórnum. En meðan atriðið að viðurkenna frjálsan sparnað í þjóðfélaginu er nr. 7 á þessum lista verður aldrei jafnvægi í þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Það er a. m. k. mitt persónulega mat. Það er forsendan fyrir því, að við náum jafnvægi eða menn meti það, að þeir peningar, sem menn hafa í vösunum, verði ekki eins og þessir tíeyringar sem ég hampaði hér í hendi minni frá þjóðhátíðarárinu 1974. Það er forsendan. Meðan menn taka sig ekki á og vilja viðurkenna þessar forsendur tel ég allar tilraunir aðeins til að bjarga búinu, þ. e. a. s. þær hafa ekkert varanlegt gildi og engin varanleg áhrif.

Ég hef hér líka í sömu handbók yfirlit yfir gengi allt frá 1950. (Gripið fram í.) Já, ég var þá háseti á Sambandsskipi og var staddur úti í Danmörku, og gengið var fellt, ef ég man rétt, 16. febr. 1950. Áður hafði það verið svo, að íslensk króna gagnvart dönsku krónunni var einhvers virði. Svo fengum við þessar kveðjur, sem voru á farskipaflotanum, og laun okkar voru ekki mikil. Ef ég man rétt, hafði ég 1276 kr. á mánuði sem fullgildur háseti. Ég hafði nýlokið stúdentsprófi og varð að reyna að bjarga mér á einhverri vinnu. Þetta yfirlit sýnir átakanlega bróun. Dollarinn var 16.30 kr. 1950. Síðan er listinn langur, meira en heil bls., og þegar vinstri stjórnin fór frá var dollarinn 97 krónur. Hvaða íslenskur bóndi fær ljá að vordegi og notar til að hirða uppskeruna og skilar honum hálfum að hausti? Ekki einn einasti ísl. bóndi. En þetta gerir hæstv. ríkisstjórn Íslands ár eftir ár og skammast sín ekkert fyrir. Enginn bóndi er svo siðlaus að hann skilaði hálfum ljá að hausti eftir að vera búinn að hagnýta uppskeru ársins. Hann léti menn hafa jafngildi til baka. En maðurinn, sem lánar atvinnulífinu sparifé sitt, skal sviptur því ár eftir ár, 10%, 15%, 20% á ári. Dettur

mönnum í hug að jafnvægi náist við slíkar kringumstæður, þrátt fyrir Seðlabankann, þrátt fyrir Framkvæmdastofnunina og þar fram eftir götunum? Þetta er slík vonleysa að þetta er vindmyllubarátta og jafnvel Don Quijote yrði undrandi að sjá þessar æfingar í dag, þremur öldum seinna en hann var uppi. Auðvitað getur það verið vindmyllubarátta að tala svona. Ég hef þá sannfæringu, að við lögum aldrei neitt fyrr en við viðurkennum heilbrigt og eðlilegt líf einstaklings í þessu landi. Það er forsendan fyrir því, að við náum árangri, sama hvaða stjórnmálaflokki, sama hvaða grundvallarstefnu við viljum segja að við tilheyrum og aðhyllumst. Þetta er slík forsenda, að annað hlýtur að byggjast á þessu. Þetta sífellda mat og karp um einhverja fjárfestingu sem á að verða að engu í tímans rás vegna verðbólgunnar, þetta kapp verður að stöðva og þetta kapphlaup. Fyrr en það er gert eru allar svona *ráðstafanir kák eitt og aðeins til að bjarga núinu.* Og það verður umsögn mín og síðasta orð í þetta skipti við þessa gengisfellingu, að hún ber dauðann í sér eins og allar aðrar, vegna þess að menn þora ekki að fallast á grundvallaratriðið til að ná jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 60. fundur.

Fimmtudaginn 9. febr., að loknum 59. fundi.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 341). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 356).

Neðri deild, 54. fundur.

Föstudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 333). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Alþjóðasamningur um ræðissamband, frv. (þskj. 36). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 357).

Útvarpslög, frv. (þskj. 28). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 135). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Virðulegi forseti. Á þskj. 135 hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Garðari Sigurðssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni *frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 frá 20. apríl 1971,* um almannatryggingar. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 11. gr. þessara laga, þ. e. a. s. þeirri breytingu, að rétt til ellilífeyris eigi þeir sem orðnir eru 67 ára eða eldri og hafa átt lögheimili hér á landi a. m. k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Þó skulu þeir, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað sjómennsku í 35 ár eða lengur, öðlast fullan rétt til ellilífeyris er þeir hafa náð sextugsaldri, og hafi maður stundað sjómennsku sem aðalstarf í 40 ár á hann rétt á 50% viðbótarlífeyri, þegar hann hefur náð sextugu, og fullan ellilífeyri ber einnig að greiða ekkjum er þær verða 60 ára.

Hér er sem sagt um þá breytingu að ræða frá gildandi lögum í fyrsta lagi, að þeir, sem stundað hafa sjómennsku í 35 ár, eigi til þess rétt að fá ellilífeyri við sextugsaldur í staðinn fyrir 67 ára, þeir, sem hafa stundað sjómennsku að aðalstarfi í 40 ár, eigi rétt á 50% aukalífeyri, ef svo má orða það, umfram aðra, og í þriðja lagi, að fullan ellilífeyri beri einnig að greiða ekkjum er þær hafa náð sextugsaldri.

Frv. svipaðs eðlis hefur verið flutt hér á Alþ. tvívegis áður. Það var flutt árið 1970 af Hannibal Valdimarssyni. Þá var það að öllu leyti eins nema því, að gert var ráð fyrir að í þessum undantekningartilfellum varðandi greiðslu ellilífeyris yrði um tvöfaldan lífeyri til þeirra að ræða sem stundað höfðu sjómennsku í 40 ár eða lengur, en í þessu frv. er um að ræða 50% hærri lífeyrisgreiðslur til þeirra. Þetta frv., sem flutt var árið 1970, hlaut ekki afgreiðslu hér á Alþingi. Árið 1974 flutti ég frv. um þetta efni, sem var shlj. því frv. sem flutt var 1970. Það frv. gekk til heilbr.- og trn. hv. og hlaut afgreiðslu þar, mjög jákvæða afgreiðslu, samhljóða úr n., þar sem lagt var til að frv. yrði vísað til ríkisstj. til frekari afgreiðslu, en þó jákvæðrar, eins og fram var tekið. Var þetta gert vegna þess, að talið var eftir ábendingum frá umsagnaraðilum að nauðsynlegt væri að kanna málið nokkru frekar en ráðrúm hafði gefist til áður en það var afgreitt úr n. Þetta gerðist undir þinglok vorið 1975. Sem fskj. með frv. þessu er prentað nál. frá heilbr.- og trn., og þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Nefndin er því sammála um, að hér sé hreyft miklu réttlætismáli, en telur það þess eðlis, að nauðsyn sé nánari athugunar og umfjöllunar.

N. er því sammála um að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að málið fái frekari athugun, sem leiði til jákvæðrar niðurstöðu þess.“

Hér var efnisleg afstaða tekin af heilbr.- og trn. þegar hún afgreiddi málið frá sér, efnisleg afstaða á þann veg, að málinu er vísað til ríkisstj. í trausti þess að það fái jákvæða afgreiðslu þar.

Þegar þetta mál var hér til umr. 1974 og 1975, urðu engar umr. um málið, og það urðu heldur engar umr. um nál. á vorþinginu 1975. Það verður því að líta svo á, að með tilliti til þess og með hliðsjón af shlj. afgreiðslu Alþ. á þessu með því að vísa því til ríkisstj. hafi menn verið um það sammála, að efnisleg atriði frv. til breytinga frá gildandi löggjöf ættu fullan rétt á sér, og menn um það sammála, að málið næði fram að ganga í höndum hæstv. ríkisstj. Nær þrjú ár eru nú liðin frá því að þessi samþykkt var gerð hér í d. og a. m. k. mér eða okkur flm. er ekki um það kunnugt, að neitt frekar hafi í málinu gerst af hálfu ríkisstj.

Það skal tekið fram, að þegar málið kom til meðferðar heilbr.- og trn. var óskað umsagnar þriggja aðila, þ. e. Tryggingastofnunar ríkisins, Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Tveir þessara aðila, þ. e. a. s. Tryggingastofnun ríkisins og Landssamband ísl. útvegsmanna, veittu umsögn um málið, jákvæða umsögn, þó að fram væri tekið, að málið væri þess eðlis að athuga þyrfti suma þætti þess frekar, en eigi að síður var um að ræða mjög jákvæða umsögn þessara tveggja umsagnaraðila sem n. leitaði til. Það urðu mér hins vegar vonbrigði, að Sjómannasamband Íslands svaraði ekki umbeðinni umsagnarbeiðni og ég veit ekki enn um afstöðu Sjómannasambandsins til málsins. Ég hygg þó að afstaða Sjómannasambandsin til þessa máls hafi verið þá og sé enn jákvæð, eða a. m. k. get ég ekki ímyndað mér annað.

Með hliðsjón af þessu taldi ég og tel enn að ekki hafi verið um það að ræða að ágreiningur væri hér í d. í afstöðunni til þessa máls. Hefði því mátt ætla að hæstv. ríkisstj. hefði veitt þessari niðurstöðu málsins í hv. d. athygli og þess að vænta, með tilliti til þess, að allir voru um það sammála, hversu hér væri hreyft miklu réttlætismáli til handa þeim aðilum sem hér um ræðir, að til þess yrðu gerðar ráðstafanir að hrinda í framkvæmd þessari breytingu á almannatryggingalöggjöfinni. Það varð því niðurstaða mín og meðflm. minna að þessu frv. að taka málið upp aftur og nú í trausti þess, að enn væri sami skilningur ríkjandi í afstöðu til málsins hjá hv. alþm., og í trausti þess, að svo væri, mundi verða hægt að koma málinu í gegnum Alþ. á þessu þingi og það fengi þannig endanlega afgreiðslu hér.

Ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir efnishliðum frv. í framsögu fyrir því á þinginu 1974 og gæti því stytt mál mitt mjög varðandi framsögu fyrir frv. nú. En það er í meginatriðum um það að ræða, eins og ég vék að í upphafi, að gera brjár undantekningar frá hinni almennu reglu varðandi greiðslu ellilífeyris. Ég vænti þess fullkomlega, að þótt að flutningi þessa frv. standi einvörðungu þm. sem teljist til stjórnarandstöðuflokka hér á Alþ., þá vil ég a. m. k. ætla það og vona, að það sé sami skilningur og sami vilji hv. stjórnarþm. til þessa máls og hjá okkur flm., og vænti þess, að það eigi því greiða leið í gegnum þingið, því að ég undirstrika það, að það er fullkomið réttlætismál að gera undantekningar í þessum tilvikum sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. varðandi þá einstaklinga í þjóðfélaginu sem hafa gert sjómennsku að aðalstarfi í lífi sínu og stundað hana svo árum og áratugum skiptir. Það er, vænti ég, sammála álit allra alþm., að þessir einstaklingar séu þess fullkomlega verðugir að njóta hér nokkurra sérréttinda umfram aðra almennt. Ég tel einnig að það geti vart annað verið en hv. alþm. séu okkur sammála um að rétta nokkuð hlut þeirra einstaklinga í þjóðfélaginu, þ. e. a. s. þeirra ekkna sem hér um ræðir, og gera þá breytingu á gildandi lögum um almannatryggingar, að þessir einstaklingar fái ellilífeyrisgreiðslur við sextugsaldur.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég tel þess ekki þurfa með. Hér er um mjög einfaldar og skýrar breytingar að ræða sem við gerum till. um varðandi almannatryggingalöggjöfina, — breytingar sem ég vona að allir þm. séu okkur sammála um að eiga á sér fullan rétt og þörf er á að komi til framkvæmda. Ég vænti þess því, að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu hér á Alþ. og það verði samþykkt áður en þinglok eiga sér stað nú á næsta vori eða hvenær sem það kann að verða.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það frv., sem hv. 5. þm. Vestf. er 1. flm. að, er flutt til stuðnings við stétt í landinu sem á vissulega stuðning skilið. Ég er hins vegar ekki viss um að sú aðferð til stuðnings, sem bent er á í þessu frv., sé alls kostar rétt. Frá mínu sjónarmiði er mikið álitamál, hvort fara eigi inn á þá braut að gera rétt til ellilífeyris almannatrygginga — ég undirstrika **almanna**tryggingа, háðan því hvaða starfsstétt maður tilheyrir. Svo hefur ekki verið og svo er ekki. Það væri grundvallarbreyting að fara inn á þá leið, og búast má við að þá þyrfti einnig að líta til fleiri stétta. Ég efast um að rétt væri að fara inn á þessa braut á meðan grundvallarbreyting hefur ekki orðið í þessu kerfi. Á meðan lögin hljóða svo, að allir einstaklingar 67 ára og eldri, sem átt hafa lögheimili hér á landi a. m. k. þrjú almanaksár frá 16—67 ára aldurs, hafi þennan rétt, þá get ég ekki séð að það sé skynsamlegt að fara inn á þá leið að gera undantekningar að því er varðar eina stétt í þjóðfélaginu. Miklu skynsamlegra þykir mér að auka lífeyrisrétt bæði þeirra stétta og þeirra annarra stétta, sem eitthvað svipað kynni að standa á um, eftir öðrum leiðum.

Ég vil leyfa mér að lesa umsögn Tryggingastofnunar ríkisins, þá umsögn sem hv. 1. flm. málsins nefndi í máli sínu, en umsögnin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 21. mars 1975.

Heilbr.- og trn. Alþingis.

Alþingi.

Hv. þn. hefur sent til umsagnar 102. mál, um breytingu á lögum um almannatryggingar. Frv.

er tvö efnisatriði. Annað er að sjómenn, sem stundað hafa sjómennsku um langan tíma, njóti ellilífeyris almannatrygginga við lægra aldursmark en almennt tíðkast. Hitt er að ekkjur njóti ellilífeyris við lægra aldursmark.

Fyrra atriði: Það er góðra gjalda vert að benda á hinar sérstæðu aðstæður við langt og erfitt sjómannsstarf. Að þessu var líka stefnt með lögum um Lífeyrissjóð sjómanna sem samþ. voru á Alþ. s. l. vor. Flm. vill að svipað taki einnig til almenns ellilífeyris. Tryggingaráð vill benda á að skilgreina yrði nánar hvað átt er við með að stunda sjómennsku sem aðalstarf í 35 eða 40 ár. Kynni að verða erfitt að úrskurða bætur með svo rúmu orðalagi í lögum. Þetta verður ljóst ef litið er á 12. gr. laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Lífeyrissjóður sjómanna skrásetur þann dagafjölda sem sjóðfélagar stunda sjómennsku á ári hverju, og virðist af hagkvæmnisástæðum eðlilegt að halda sig við þær upplýsingar, svo langt sem þær ná. En ekki leysa þær vandann 40 ár aftur í tímann. Ef ráðið verður að veita fé til hagsbóta fyrir sjómenn í þessu sambandi virðist eðlilegt að samræma löggjöfina og jafnvel framkvæmdina, svo að styðjast megi við samræmd gögn og upplýsingar.“

Þessi hluti umsagnarinnar var um þann þátt frv., sem fjallar um sjómennina. Ég mun einnig, vegna þess sem ég kem síðar að, lesa umsögnina að því er varðar síðara atriðið, þann hluta frv., sem fjallar um, að ekkjur fái ellilífeyrisrétt fyrr en aðrir þegnar þjóðfélagsins. Síðara atriðið í umsögn Tryggingastofnunarinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Álitamál kann að vera, hvort eðlilegt er að greiðslur ellilífeyris hefjist fyrr til ekkna en annarra einstæðra kvenna, og virðist þurfa að líta á fleiri aðstæður til þess að skera úr um það. Má í því sambandi minna á að mjög fer í vöxt að giftar konur stundi almennan vinnumarkað um lengri eða skemmri tíma og geti því staðið jafnfætis öðrum hvað það snertir. Í þessu sambandi verður einnig að líta á ákvæði 18. gr. almannatryggingalaga um ekkjulífeyri. Þar er m. a. svo ákveðið, að kona, sem missir mann sinn 60 ára gömul, skuli njóta fulls lífeyris til 67 ára aldurs, sem er sama upphæð og ellilífeyrir.“ Að þessu leyti er skilyrðum frv. fullnægt. Ég held svo áfram lestri umsagnarinnar, með leyfi hæstv. forseta: „Ekkjan ætti því að njóta fulls lífeyris samkv. 11. gr. og fulls ekkjulífeyris samkv. 18. gr. Samræma yrði því nánar ákvæði 18. gr., en þessar tvær tegundir bóta geta ekki farið saman samkv. 5. gr. sömu laga.

Tryggingastofnun ríkisins.
Sigurður Ingimundarson.“

Mér fannst rétt til upplýsinga um þetta mál, að þessi umsögn væri hér lesin. Við höfum ærið oft séð það, að fjölmargar till. til breytinga á lögum um almannatryggingar eiga greiða leið inn að hjartarótum hv. þm., vegna þess að langflestar, ef ekki allar þessar till. fjalla um það að auka greiðslur til einhvers hóps manna í þjóðfélaginu. Það er ósköp eðlilegt að menn vilji gjarnan styðja slíka viðleitni. Engu að síður þykir mér að hafa verði hér nokkra gát og gæta samræmis, eftir því sem fært er, í þessari löggjöf, svo að ekki sannist það sem skynsamur maður hefur sagt hér í hliðarsölum einhvern tíma. Hann sagði: „Það er alveg sama upp á hverju menn stinga í sambandi við almannatryggingar. Allt er samþykkt.“ Hann bætti að vísu við, sá virðulegi hv. þm.: „hversu vitlaust sem það er.“ Ég er ekki að segja að hugsunin í þessu sé á neinn hátt neikvæð eða röng — alls ekki. Þetta er viðleitni til stuðnings mönnum, sem stunda mjög erfitt starf, og er í mörgum tilvikum eðlilegt að þeim endist skemur þrek til að stunda það starf heldur en ýmis önnur störf sem í þjóðfélaginu eru unnin. En svo stendur ekki einungis á um sjómenn. Þessu getur líka verið til að dreifa um ýmis þau störf sem unnin eru í landi eða í lofti. Mönnum er vel kunnugt um það, að t. d. flugmenn eða þeir, sem í flugvélum vinna, hafa skemmri starfsaldur heldur en ýmsir aðrir. Ég óttast því, að samþykkt frv. eins og þessa mundi draga allmikinn dilk á eftir sér og gerbreyta þeirri hugsun sem er að baki þessu ákvæði almannatryggingalaganna um ellilífeyri, sem sé að þarna sé um að ræða ákveðinn, jafnan rétt til allra landsmanna sem fullnægja vissum, en þó mjög rúmum skilyrðum.

Ef ég vík að síðara atriði frv., sem fjallar um það að greiða ekkjum ellilífeyri, þegar þær verða 60 ára, þá vil ég taka fram, að ég er algerlega samþykk því sem stendur í umsögninni sem ég las upp áðan, að það sé mjög mikið álitamál hvort eðlilegt sé að ekkjur fái fyrr ellilífeyri heldur en aðrir einstæðir einstaklingar í þjóðfélaginu.

Það er sami lífeyrisaldur bæði fyrir karla og konur á Íslandi og hefur verið um langan aldur. Það er, þegar sérstaklega stendur á, heimilt að greiða ekkjum, sem eru sextugar og fullnægja vissum, nánar tilgreindum skilyrðum einnig, svonefndan ekkjulífeyri, sem er nákvæmlega jafnhár og ellilífeyrir, en ekki almennt. Ég fæ ekki séð að það sé nokkur ástæða til þess að taka almennt upp ellilífeyrisgreiðslur til sextugrar konu, einungis af því að hún hafi verið í hjúskap einhvern hluta ævinnar. Ég sé í raun og veru ekki skynsamleg rök fyrir því. Þau rök, sem ég hygg að hv. flm. hafi í huga, eru væntanlega þau, að konur, sem lengi hafa stundað heimilisstörf einvörðungu, eiga oft mjög erfitt með að fá störf á hinum almenna vinnumarkaði þegar þær hefur skort um langan aldur æfingu í þeim. En við þessu er reynt að sjá í lögunum eins og þau eru nú, og ég hygg að sú breyting, sem lögð er til í þessu frv., mundi þar ekki verða skref fram á við, heldur aftur á bak. Hv. þm. nefndi hér alloft að Alþ. hefði tekið jákvæða afstöðu til þessa frv. Ég held að hann hafi lagt mjög rúman skilning í yfirlýsingu um afstöðu Alþ. Afstaða Alþ. þýddi ekki það að frv. væri samþykkt, enda var það ekki samþykkt. Því var vísað til ríkisstj. til jákvæðrar athugunar. Það þýðir vitanlega að ætlast var til að ríkisstj. sæi svo um að sú hugsun, sem að baki frv. lægi, næði tilgangi sínum á skynsamlegan hátt. Því er ég einnig hlynnt að því er sjómenn varðar.

En ég er andvíg því að sextugar konur teljist gamalmenni þó þær hafi einhvern tíma verið í hjúskap.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér hefur verið af hálfu hv. 1. flm. nefnt flest það sem segja þarf í þessu máli, og við höfum fengið góða aðstoð í málinu frá hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildi Helgadóttur, með þeirri sérkennilegu ræðu sem hún var að enda við að fara með hér yfir okkur áðan. Hún var að vísu býsna einkennileg og hófst á því, að sjómannastéttin ætti allt gott skilið og vegna eðlis starfsins væru sjómenn vel að flestu góðu komnir. En síðan tóku við tilvitnanir í embættismenn í stofnunum hér í bænum þar sem hvert úrtöluerindið rak annað. Það eru þessir embættismenn, sem virðast hafa haft þau áhrif á hv. þm., að sérstaða sjómanna og erfitt starf þeirrar stéttar, sem allt átti gott skilið, átti það ekki lengur.

Mér óar við að endurtaka þau orð sem þessi hv. þm. hafði hér yfir. Ég verð að segja það, að að mínum dómi er það hreint hneyksli í sambandi við umr. um þetta mál, sem við erum að flytja hér, að segja þau, þó að höfð hafi verið eftir öðrum. En maður skildi vel hvernig það átti að falla inn í málið, að það væri alveg sama upp á hverju væri stungið í sambandi við almannatryggingar hér í þinginu, það færi allt í gegn, hversu vitlaust sem það væri. Þarna þarf ekki að lesa milli línanna. Það var greinilegt, að þetta var sending til okkar sem erum að reyna að koma áfram sjálfsögðu réttlætismáli, og við neitum að láta embættismenn úti í bæ senda hingað úrtölutexta um að það sé ekki rétt aðferð, það megi finna á þessu ýmsa vankanta. Þá er það þingsins að sníða þá af, en ekki að víkja undan þessum mönnum eða gerast sendiboðar þeirra og málpípur hér á hinu háa Alþ. Það er Alþ. sem ræður og á að segja þessum embættismönnum fyrir, en ekki að dansa eftir þeirra pípum.

Það þarf vissulega ekki að vitna mikið í umsagnir í þessu máli. Það hefur verið vitnað hér í plagg sem ég tel að skipti langmestu varðandi þessi efnisatriði, og það er nál. frá 1975 frá heilbr.- og trn., þar sem segir, með leyfi forseta, að lokum, eftir að talað hefur verið um að þetta væri mikið réttlætismál, og undir þetta skrifa fulltrúar allra flokka í n., að hér sé mikið réttlætismál á ferðinni, og að lokum segja þeir, með leyfi forseta:

„N. er því sammála um að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að málið fái þar frekari athugun“ — nú kemur aðalefnið — „sem leiði til jákvæðrar niðurstöðu þess.“

N. er sem sagt öll sammála um að það sé nauðsynlegt að leysa þetta mál á jákvæðan hátt, þ. e. a. s. hún samþykkti málið í raun, en álítur að það þurfi að kanna það aðeins betur, en þó aðeins í þeim tilgangi að það nái fram að ganga. Þetta er kjarni málsins. Og það er ekki mikil glöggskyggni sem er að baki þeirra orða sem hv. síðasti ræðumaður flutti hér áðan, ef þetta er ekki alveg ljóst,

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. efnislega, þar sem það hefur verið gert af hv. þm. Karvel Pálmasyni og það hefur verið rökstutt einnig af hv. 1. flm. En ég vil leyfa mér að benda á að það, sem hér er verið að ræða um, er að tekið sé tillit til sérstöðu sjómanna í þessu þjóðfélagi og metið sé að verðleikum þeirra erfiða og hættulega starf, sem þeir vinna, og hvernig starfsþrek þessara manna er eftir að hafa stundað sjómennsku í 35 eða 40 ár. Þeir sjómenn, sem nú eru farnir að nálgast þennan aldur og komnir yfir hann og stundað hafa sjó þennan tíma, hafa vissulega kynnst mörgu misjöfnu í störfum sínum, því að á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar í íslenskum sjávarútvegi og öllum aðbúnaði, veiðiaðferðum o. s. frv. En það má vera ljóst, að þessir menn hafa unnið langan og erfiðan starfsdag og lengst af við mjög slæman aðbúnað og auðvitað langoftast fjarri heimili sínu. Þessir menn eru slitnir fyrir aldur fram og það oft langt fyrir aldur fram og þurfa ekki að vera sextugir til. Það er margur sjómaðurinn, sem hefur unnið við þetta starf, sem er útslitinn um fimmtugt, en ekki sextugt. Það er þetta fólk ásamt því fólki, sem vinnur við úrvinnslu þessa afla í landi, sem er undirstaða þessa þjóðfélags. Vinna þessara manna og framlag til þjóðarbúsins stendur undir öllum efnahag hins íslenska lýðveldis. Þeir eru búnir að draga þann feng að landi sem allt líf í landinu byggist á.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt um þetta í fáum orðum, sýnist mér að með þessu frv. sé verið að viðurkenna að nokkru framlag þessara manna með því að þeir komist fyrr á eftirlaun annars vegar og í annan stað að þeir, sem hafa unnið í 40 ár, fái nokkru hærri greiðslur en aðrir, sem þeir hafa vissulega unnið fyrir. Mér finnst að það sé kominn tími til þess, að sjómannastéttin fái viðurkenningu, hvort sem er í þessu formi eða öðru, og í þessu tilfelli með því að viðurkenna að sjómenn eru búnir að slíta sér út fyrr en aðrar stéttir, og það er kominn tími til þess, að þeir fái viðurkenningu einhvern tíma í annan tíma heldur en bara á sjómannadaginn, þar sem prúðbúnir herramenn úr landi flytja yfir þeim fagrar ræður um hetjur hafsins og allt þar fram eftir götunum, viðurkenningin komi núna fram í raunverulegum og jákvæðum aðgerðum í þeirra garð.

Það kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, að hún kunni að meta mikils störf sjómanna, þó að hún dræpi það meira eða minna til baka með öðrum hætti síðar. Hún var svo að tala um að það kynnu þá að vera aðrar stéttir sem kæmu þarna á eftir, minntist m. a. á að það gætu verið útslitnir menn eftir þennan tíma og miklu fyrr sem ynnu í landi. En mér blöskraði alveg þegar hv. þm. fór að taka samanburð af þeim sem ynnu í lofti, í sparipeysunni árið um kring. Jafnvel þó að starfsævin þar sé ekki löng, þá hafa þeir fullt þrek eftir sem áður, jafnvel þó að þeir þurfi að hætta að fljúga. Þegar þeir missa loftferðaskírteini vegna þess að þeir hafa tapað sjón eða öðru, sem þeir nauðsynlega þurfa að hafa, þá fá þeir missi þennan bættan með miklum fjárupphæðum. Það fá sjómenn ekki fremur en annað, þannig að þarna er verið að vitna í hluti sem eru eins fjarri því og hér er um að ræða eins og mögulegt er.

Varðandi þann hluta frv., sem varðar ekkjurnar, þá vil ég segja það, að það gildir líka svolitið annað um sjómannskonuna heldur en margar aðrar konur í þessu þjóðfélagi. Sjómannskonan með mann sinn við vinnu fjarri heimili sínu meginhluta ársins og jafnvel allt árið þarf ekki aðeins að sinna störfum hinnar venjulegu húsmóður, eins og stundum er sagt. Hún þarf ein að sjá um uppeldi barna og forsjá heimilis og þarf einnig að taka að sér fjöldamargt sem heimilisfeðurnir gera, þeir sem vinna í landi og geta sinnt heimili sínu að meira eða minna leyti. Þar er um svo fjölmargt að ræða sem bætist á þessar konur umfram aðrar, að ég sé enga ástæðu til þess að rekja það hér. Ég treysti því að sjálfsögðu, að hv. alþm. viti allt um það mál og þurfi ekki að lesa þann texta yfir þeim. Auðvitað vita þeir það. Þess vegna finnst mér ekki heldur að ekkjur sjómanna séu á sama báti og aðrar í landinu, heldur eigi að njóta fríðinda fyrir störf sín, vegna þess að þau eru öðruvísi og erfiðari og margþættari heldur en störf annarra kvenna.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að segja um þetta miklu meira, nema tilefni gefist til. En ég vona svo sannarlega að hv. alþm. reyni nú að láta allar útúrtölur, allan útúrsnúning og embættismannakvak úti í bæ ekki villa um fyrir sér. Það erum við sem ráðum. Séu einhver vandamál við þetta í einhverjum praktískum atriðum, þá er það okkar að segja til um hvernig það á að skiljast og embættismannanna að fara eftir því.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Mér þykir rétt við þessa 1. umr. um málið að lýsa stuðningi mínum við efni þess að því er varðar fyrri hluta. Ég tel að það geti ekki verið nein grundvallarröskun á almannatryggingalögunum þó að slíkt ákvæði, eins og í fyrri hluta þessa frv. er, yrði tekið inn í lögin. Hitt er nokkuð annað mál, að því er varðar síðara atriðið, að allar ekkjur, sem eru orðnar 60 ára eða eldri, fái einnig bætur. Ég skal viðurkenna að það er miklu stærra mál og miklu flóknara mál og eðlilegt að það sé skoðað betur. Má vel vera að hægt sé að heimfæra það undir grundvallarbreytingar á almannatryggingalögunum.

Ég hef litlu við að bæta það sem hér hefur verið sagt áður um störf sjómanna. Ég held að hverjum einasta Íslendingi sé það ljóst, að þeir vinna alveg sérstök störf í þjóðfélaginu, sem að mörgu leyti eru það sérstæð að það hlýtur að verða að taka nokkurt tillit til þess. Ég held að það, að fyrri hluti þessa frv. yrði samþykktur, um sérstakar bætur þeim til handa eftir að þeir hafa starfað í 35 ár eða lengur, geti ekki raskað neinu í kerfi almannatryggginganna. Það er um það fáa aðila að ræða, að það getur þar engu eða litlu breytt.

Sjómannadagur er haldinn hér árlega á öllum stöðum á landinu yfirleitt sem sjómennska er stunduð frá, og þar koma fram á sjónarsviðið þeir menn sem hafa eytt 35 árum eða lengur af starfsævi sinni við að stunda sjómennsku. Í einu af stærstu byggðarlögum þessa lands að því er varðar útgerð og sjósókn, á ég þar við Vestmannaeyjar, horfum við á það á hverju ári á sjómannadaginn, að þessir menn eru kallaðir fram á sjónarsviðið og starf þeirra viðurkennt af þeirra samtökum. Þetta eru svo fáir menn sem um er að ræða, sem hafa eytt 35 árum af starfsævi sinni eða lengri tíma í sjómennsku, að ég hygg að það muni ekki á nokkurn hátt valda neinum vandkvæðum að framkvæma lög um almannatryggingar þó að inn í þau væru teknar sérstakar bætur þeim til handa eftir að þeir hafa lagt slíkt starf af mörkum fyrir þjóðfélagið í heild, þannig að ég tel að það sé mjög maklegt af hv. Alþ. að sýna það í verki, að einnig það vill viðurkenna störf þessara manna sem hafa lagt þjóðarbúinu til jafnmikil verðmæti og þeir menn hljóta að hafa gert sem sjómennsku hafa stundað í 35 ár. Það er enginn starfsmannahópur í þjóðfélaginu, að ég hygg, sem leggur raunverulega eins mikil verðmæti í þjóðarbúið og þeir menn sem eyða allri starfsævi sinni í að stunda sjó.

Ég hef svo litlu að bæta við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um samanburð sem hér var gerður og kom mér eins og honum nokkuð á óvart, þegar hv. 5. þm. Reykv. tók þar flugmenn til samanburðar. Það má vel vera að til séu flugmenn hér á landi eða annars staðar sem stundað hafa flugstjórn í 35 ár. Ég dreg það þó mjög í efa. En eins og hér hefur verið réttilega tekið fram, þeir menn, sem kunna að hafa stundað flugstjórn í áratugi, þó að þeir nái ekki 35 árum, eru yfirleitt á það góðum launum að þeir hljóta að vera búnir að sjá sér borgið það sem þeir eiga eftir ólifað, en gætu þó eitthvað starfað. Þeir hljóta að vera orðnir það vel efnaðir af starfi sínu, að það þarf ekki að taka tillit til þess í lögum um almannatryggingar að mínum dómi. Þó auðvitað megi viðurkenna störf allra vinnandi stétta í þjóðfélaginu, þá er þó sjómannastéttin í sérflokki að verðmætasköpun, og þess vegna er ekki óeðlilegt að Alþ. sýni í verki að það viðurkenni þetta starf, og ég mun sannarlega greiða atkv. með framgangi þessa máls þegar að því kemur.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að svara nokkrum atriðum, sem sögð voru í tilefni ræðu minnar áðan.

Hv. 5. þm. Suðurl. gerði talsvert mikið úr því, að ég hefði vitnað til embættismanna úti í bæ, lesið ábendingar þeirra og þær ábendingar hefðu haft áhrif á mig. Um þetta vil ég segja í fyrsta lagi: Þessir embættismenn úti í bæ eru, eins og hv. þm. e. t. v. heyrði í ræðu minni, tryggingaráð. Honum til fróðleiks vil ég segja að hann sjálfur stendur að því að kjósa tryggingaráð hér á Alþ. Tryggingaráð er þingkjörin n. með því verkefni sem segir í tryggingalögum, m. a. að annast stjórn Tryggingastofnunarinnar og úrskurða um mörg atriði sem vafi kann að rísa um í framkvæmd tryggingalaga. Í tryggingaráði eru þm. í meiri hl. Tryggingaráð er nefnilega ein þeirra n. sem eru þess eðlis, að þær tengjast mjög löggjafarstarfi á Alþ. Störf í tryggingaráði eru í svo nánum tengslum við flókinn málaflokk, sem flókin og mikil lög gilda um, að það er mjög æskilegt og lærdómsríkt fyrir þm. að fylgjast með störfum þar. Það er ekki alveg að ófyrirsynju að

ég er samþykk áliti tryggingaráðs, því að sjálf hef ég átt sæti þar nú um nokkurra ára skeið. Hitt er svo annað mál, að jafnvel þótt rétt hefði verið hjá hv. þm., að ég hefði vitnað til embættismanna úti í bæ og tekið mið af ábendingum þeirra, þá sé ég ekki nokkurn skapaðan hlut við það að athuga. Ég vil vara við þeim hugmyndum og ég vil segja þeim hroka sem í því felst að finnast að öllu leyti forkastanlegt að taka ábendingum embættismanna. Ég sé ekki annað en það sé algerlega nauðsynlegt, bæði þinginu, embættismönnum og þjóðinni, að það geti verið skynsamlegt samstarf milli embættismanna og Alþingis. Alþ. þarf að geta leitað upplýsinga hjá embættismönnum, leitað ráða hjá mönnum sem hafa sérþekkingu úti í þjóðfélaginu. Það ætlast enginn lifandi maður til þess að alþm. hafi sérþekkingu á öllum sviðum, og vitanlega á að vera opin leið fyrir okkur að leita þeirra ráða og fara eftir þeim ráðum, ef við fáum ábendingar sem við þurfum á að halda og getum lagt til grundvallar í okkar mati. Engu síður tökum við hina pólitísku ákvörðun um hlutina, en það er annað.

Hv. 5. þm. Suðurl. gerði með heldur leiðum hætti tilraun til þess að gera mér upp mjög neikvæða afstöðu til sjómannastéttarinnar. Ég hafði þó skýrum orðum tekið fram að til þess væri ekki ástæða. Það, sem ég efaðist um, var að sú leið, sem þetta frv. benti á, væri rétt. Hv. þm. lét sig einnig hafa það að gera skilning orða, sem ég skýrði hér frá, að mínum skilningi, jafnvel þó að ég tæki beinlínis fram að ég væri þessum orðum ósammála. Það ætti náttúrlega ekki að þurfa að fara um það mörgum orðum, að það er alltímafrekt að rökræða við hv. þm. sem skilja hlutina skilningi af þessu tagi, en það er nú einu sinni það hlutskipti sem við höfum hér á hv. Alþ. Við þessu megum við ætíð búast. En láta verður á það reyna, hvort menn geti ekki í rósemi hugað að málunum og að því, hvernig framkvæmd þeirra verði möguleg.

En það er ekki nóg að lýsa jákvæðri afstöðu sinni eða stuðningi við ýmsa hópa í þjóðfélaginu með því að segja að það hljóti að vera nauðsynlegt að játa hvaða lagabreytingu sem er eða fjárstuðningi úr hvaða stofnun sem er, jafnvel þótt önnur leið væri til sem væri skynsamlegri. Ég vil eindregið ráða til þess, að menn gefi sér nú tíma til að hugleiða hvort það muni ekki aðrar leiðir vera færari og skynsamlegri til að ná þessu sama marki. Hvað um Lífeyrissjóð sjómanna t. d.? Liggur það ekki beinna við? Mér er ljóst að hv. þm., sem hér hafa talað, eru úr miklum sjávarútvegskjördæmum. Það er ég líka. Reykjavík er mikið útvegskjördæmi. Og ef þeir eru sérstaklega að hugsa að þessu leyti um hag kjósenda sinna, þá er ég líka að því. Ég biðst því eindregið undan því að það, að ég bendi á vankanta á þessu frv., sé lagt svo út sem ég vilji standa gegn stuðningi við sjómannastéttina, því að það er rangt.

Ég vil líka svara einu atriði sem minn ágæti flokksbróðir, hv. 3. þm. Suðurl., nefndi í sinni ræðu. Ég hygg að þar hafi raunar verið um misskilning að ræða hjá hv. þm., þegar hann sagði að ég hefði borið sjómenn saman við þá sem ynnu í lofti eða flugmenn. Ég nefndi í ræðu minni þá, sem vinna í flugvélum, sem dæmi um starfsstéttir með skamman starfsaldur. Ég get ekki ímyndað mér að hv. þm. geti mótmælt því, að svo sé. Ég fjallaði ekki að neinu leyti um kjör þeirrar stéttar að öðru leyti.

Þessi atriði vildi ég nefna. Að öðru jöfnu væri e. t. v. ekki ástæða til að fara í ræðustól til að tína upp atriði sem kannske eru, miðað við margt sem hér gerist, jafnsmávægileg og þau sem voru nefnd í ræðum hv. þm. En ástæðan er sú, að mér þykir vera of mikið um það, að menn óttist að verða kallaðir kaldrifjaðir og með steinhjarta ef þeir fallist ekki umyrðalaust á slíkar till. eins og hér liggja fyrir. Þess vegna hættir mönnum til að láta frv. eins og t. d. þetta fara í gegn að óathuguðu eða ekki nægilega athuguðu máli. Tilgangur minn er einungis að hvetja til þess að menn athugi gaumgæfilega hvort ekki finnast aðrar leiðir færar til að ná því raunverulega markmiði sem hér er að baki. Ég veit að þetta frv. er af góðum huga flutt og tilgangurinn er að bæta kjör þeirra sem unnið hafa á sjónum. En það er í sjálfu sér ekki almannatryggingamál.

Annars var enn eitt atriði sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Suðurl. Hann talaði um að frv. fjallaði um sjómannskonur. Ef það eru sjómannsekkjur sem hv. flm. eiga við, þá þyrfti það að standa í frv. Þar stendur aðeins ekkjur. Þetta er efnisatriði sem verður að vera ljóst af orðalagi frv.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að mér kom nokkuð á óvart sú afstaða sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Reykv., Ragnhildar Helgadóttur. Ég hefði gjarnan viljað að þessi afstaða hv. þm. hefði legið fyrr fyrir varðandi þetta mál, ekki síst vegna þess að þessi hv. þm. á sæti í heilbr.- og trn. þessarar d. og ég minnist þess ekki, að þessi afstaða þm. hafi komið fram í umr. í n. Er það þó að mínu viti alleinkennilegt, hafi hv. þm. verið sömu skoðunar þegar málið var flutt síðast og rætt í heilbr.- og trn., en ekki látið þessarar afstöðu sinnar getið.

Það er að vísu rétt og kemur fram í nál. heilbr.- og trn., þegar hún skilaði þessu máli frá sér, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var ekki viðstödd þann fund. En málið hafði áður verið rætt í n., og næg tækifæri höfðu gefist til þess hjá hv. þm. að gera grein fyrir þessari sinni afstöðu til málsins. Mér þykir þessi afstaða hv. þm. því seint á ferðinni, nema þá því aðeins að hér sé um að ræða breytta afstöðu frá því sem áður var, en aldrei hefur það komið fram.

Það er út af fyrir sig ekkert við þá skoðun hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur að athuga, að henni þyki ekki skynsamlegt að gera undantekningar í þessum efnum, þ. e. a. s. henni þyki ekki skynsamlegt að gera undantekningar á því í almannatryggingalögunum, að sjómönnum, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi í 35—40 ár, verði ívilnað eða neitt verði betur gert við þá varðandi greiðslu úr almannatryggingum heldur en hina, sem hafa stundað önnur störf, miklum mun þægilegri, mörg hver betur launuð

og í alla staði a. m. k. viðkunnanlegri vinnustaði en sjómenn hafa þurft við að búa þau 35 eða 40 ár sem þeir hafa stundað sjómennsku. Þetta er út af fyrir sig skoðun sem ekkert er við að segja. Þetta getur hv. þm. allt gert upp við sjálfa sig, þessa skoðun sína. En hafa ekki verið gerðar undantekningar í þessum efnum? Er það ekki undantekning t. d. sem þessi hv. þm. beitti sér fyrir á sínum tíma varðandi greiðslu fæðingarorlofs? Var ekki þar verið að gera upp á milli þegna innan þjóðfélagsins? Er ekki stór hópur kvenna í landinu í dag sem nýtur ekki greiðslu vegna barnsburðar? Hver gerði till. um að gera hér upp á milli íslenskra kvenna annar en þessi hv. þm.? Ég er ekki að ásaka hana fyrir það. En mér sýnist þetta vera tvískinnungur í málinu. Þetta mátti gagnvart hluta íslenskra kvenna, en útilokað er að það megi gagnvart sjómannastéttinni allri. Þetta sýnir einfaldlega hug þessa hv. þm. til sjómanna. Það fer ekkert á milli mála. Undan því getur þessi hv. þm. ekki skotið sér á neinn hátt. Þetta er hennar hugur til sjómanna í landinu.

Og eru ekki aðrar undantekningar til varðandi greiðslur? Hvað með opinbera starfsmenn? Hafa ekki opinberir starfsmenn verðtryggðar lífeyrisgreiðslur úr sínum lífeyrissjóði? Ætli þessi hv. þm. hafi ekki á sínum tíma staðið að því að einhverjum hluta og borið hluta af þeirri ábyrgð? Og hvað með hina fjöldamörgu toppembættismenn í kerfinu á Íslandi sem hafa margfaldar greiðslur úr lífeyrissjóðum? Hefur ekki þessi hv. þm. staðfest það líka, a. m. k. með þögninni hér á Alþ.? Ekki hefur hún flutt brtt. um það. En þegar komið er að því að hreyfa máli sem er réttlætismál í augum allra sanngjarnra manna, — réttlætismál sem lýtur að því að veita íslenskri sjómannastétt viðurkenningu eftir 35—40 ára starf á sjó, þá koma hér menn upp — ég vona ekki fleiri en þessi hv. þm. — og segja að þeir telji ekki eðlilegt, ekki skynsamlegt að gera hér undantekningar á varðandi þessa stétt. Þetta verður auðvitað ekki skilið nema á einn veg. Þetta er andstaða við að þetta verði gert. Í sjálfu sér er ekkert við því að segja. En það er gott að vita það. Það hefði verið enn þá betra að vita það fyrr, því að það hafa verið næg tækifæri til þess fyrir hv. þm. að gera grein fyrir þessari afstöðu sinni.

Hv. þm. sagði líka: Er ekki skynsamlegra að auka heldur lífeyrisrétt eftir öðrum leiðum? Hverjar eru þær leiðir? Það væri gott að fá um það hugmyndir frá hv. þm., hvaða leiðir hann hefur í huga aðrar en þessa, ef hann á annað borð er á því að láta sjómenn að þessu leyti njóta einhverrar viðurkenningar. Og ég segi enn og aftur: Nægur tími hefur verið hjá þessum hv. þm. allt frá árinu 1970, að málið var fyrst flutt hér á Alþ., til þess að benda á þessar aðrar leiðir sem hann vildi fara varðandi þetta og þá flytja um það frv. eða brtt. við frv. Ekkert slíkt hefur gerst. Að þessu leyti tel ég að hér sé verið að skjóta sér á bak við það að verulegu leyti að segja hreint: Ég er andvíg þessu, vil ekkert með þetta hafa, en bendi hins vegar á eitthvað annað sem ekki er áþreifanlegt.

Ég hef ekkert sérstakt við því að segja, þó að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, sem á sæti í tryggingaráði, vitnaði hér í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins sem gefin er af tryggingaráði. Það er ekkert við það að athuga út af fyrir sig. En það er ekki þar með sagt, að við eigum í einu og öllu að fara eftir því, hvorki sem þessi aðili segir í umsögnum sínum um mál eða aðrir. Við eigum fyrst og fremst að gera það sem okkur sjálfum finnst rétt og sanngjarnt, hvað svo sem líður öðrum úti í bæ, þó að þeir séu kosnir til starfa á Alþ., eins og hv. þm. vék að áðan. Það breytir engu. Það er ágætt að vita um afstöðu tryggingaráðs til þessa máls. En að það eigi að vera alfarið leiðarljós okkar að taka einvörðungu afstöðu samkv. því, það er ekki aldeilis svo að mínu áliti.

Hv. þm. sagði líka varðandi undantekningarregluna, að það væru undantekningar í þessum tilfellum líka varðandi einstaklinga eða aðila sem störfuðu á landi og í lofti. Vissulega er hægt að finna undantekningar í öllum tilvikum. Þyðir þetta t. d. það hjá hv. þm. að við eigum að breyta tryggingalöggjöfinni á þann veg að allir, sem eru orðnir sextugir, fái ellilífeyrisgreiðslu þá? Vill hún hafa þetta mark það sama um alla, eða er hún bara andvíg því að þetta sé gert fyrir sjómenn?

Ég hef oft sagt það hér áður og það á við einnig núna, að með svona tali, að það megi aldrei gera undantekningar í vissum tilvikum, sem er hægt að færa fullkomleg rök fyrir að eru réttlætanlegar og eðlilegar, ef það má ekki gerast og það er alltaf sagt: við skulum láta alla njóta alls, þá eru menn að koma í veg fyrir að vissar réttarbætur nái fram að ganga að því er þetta varðar. Við vitum ósköp vel, að það verður ekki á næstunni sem t. d. allir, sem stundað hafa vinnu — skulum við segja, í 35 ár eða 40 ár, fái þá hækkun sem hér er lagt til. Það hygg ég að mönnum þætti of rúmt, ef slíkt væri lagt til. Hér er þess vegna verið að takmarka þetta við ákveðinn hóp þjóðfélagsþegna, sem *ég átti ekki von á öðru en allir* væru sammála um að hefðu lagt það af mörkum til þjóðarbúsins að þeir væru þess fyllilega verðugir að njóta þessa. Þetta ætti öllum skyni bornum mönnum, sem fylgst hafa með þjóðlífi allt frá öndverðu, að vera ljóst.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði lagt rúman skilning í afstöðu Alþ. til málsins. Ég lagði ekkert rúman skilning í það. Það er staðreynd, sem ekki verður fram hjá gengið, að málið var rætt hér á Alþ. haustið 1974, fyrst þegar frv. var lagt fram, og síðan afgr. í heilbr.- og trn. algerlega shlj. með undirskrift fulltrúa úr öllum flokkum og afgreitt hér í d. shlj. Það er sú afgreiðsla sem málið hefur fengið. Mér er fyllilega ljóst að málið var ekki endanlega afgreitt í þinginu, enda tók ég það skýrt fram fyrr í dag, að málið hefði verið afgreitt úr heilbr.- og trn. og samþ. hér í Nd. Alþ. shlj. án nokkurra mótatkv. eða mótbára þá.

Þá sagði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir: Ég er ósammála því, að sextugar konur teljist gamalmenni. — Það má vel vera. Ég skal engan dóm leggja á það. Það getur verið misjafnt, hvað menn telja gamalmenni, eftir útliti og öðru. Það er ekki það sem við erum að ræða um hér,

hvort þessi hv. þm. eða einhver annar vill telja þennan eða hinn gamalmenni á þessum eða hinum aldrinum. En þá mætti kannske spyrja: Á hvaða aldri telur þessi hv. þm. konur vera gamalmenni? Það væri gott að fá að heyra það.

Nei, ég ítreka það, að mér urðu mikil vonbrigði að því að heyra ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur. Ég átti ekki von á því, allra síst eftir að málið hafði verið hér til umfjöllunar, og til umfjöllunar í n. sem hún átti sæti í, og ekkert slíkt hafði komið fram.

Ég skal til frekari skýringar á því, sem hv. þm. spurði um áðan varðandi lokasetningu í 1. gr., breytinguna sem við leggjum til, þar sem segir að fullan ellilífeyri beri einnig að greiða ekkjum eftir að þær verða 60 ára, að hér eigum við að sjálfsögðu við sjómannsekkjur. Það hefur fallið niður og það verður tekið fram. Það leiðréttist hér með. En ég veit ekki hvort það leysir nokkurn vanda, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vilji frekar viðurkenna sjómannsekkjur en aðrar gamlar um sextugt. Ég á ekki von á að það breyti neinu varðandi stuðning hennar við málið. En sé svo, þá leiðréttist það hér með. Það er átt við þær.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir viðhafði þau ummæli í sinni fyrri ræðu og var að vitna til að einhver ágætisþm., að því er mér skildist, hefði sagt hér í hliðarsölum Alþ., að það væri í raun og veru sama hvað hér væri borið fram á Alþ. að því er varðaði leiðréttingu á tryggingalöggjöfinni, það væri í raun og veru sama hversu vitlaust það væri, það væri allt saman samþykkt. Ég veit ekki af hverju hv. þm. hefur verið að vitna til þessa, nema þá að það hefur átt að setja í samhengi við það, að þetta væri svo vitlaust mál að líklega yrði það samþykkt. Ég vil þó ekki ætla hv. þm. að það hafi verið meiningin. En vissulega mátti í áframhaldi af þessu skilja það svo. En ég vona að svo hafi ekki verið.

Nei, ég heiti á þm. að þeir láti þetta þing ekki líða án þess að þetta mál fái afgreiðslu, jákvæða afgreiðslu úr þinginu. Mér er vel ljóst, að það kann að vera eitthvað í þessu frv., sem hér er lagt til, sem þörf er á að breyta til hins betra. Það er mér og ég vænti ekki frekar mínum meðflm. svo fast í hendi, að ekki sé kostur á slíku. Meginatriðið er í okkar huga að fá þessa viðurkenningu til sjómannastéttarinnar, að því marki sem þetta mundi ná til hennar eða einstaklinga innan hennar, — fá þá viðurkenningu af hálfu þjóðfélagsins, að starf þeirra eftir 35—40 ára sjómennsku sé metið að hluta að verðleikum. Ég segi að hluta, því að ég a. m. k. tel að sjómenn í þessu tilfelli, sem hér er verið um að tala, ættu fyllilega skilið miklum mun meiri viðurkenningu en hér er um að ræða, því að það er staðreynd eins og hér hefur verið tekið fram, að sjómannastéttin er fyrst og fremst sá burðarás sem íslenskt þjóðfélag hefur byggt á frá aldaöðli og á því hefur engin breyting orðið. Það má miklu frekar segja, að það er smánarblettur á íslensku þjóðfélagi að það skuli ekki hafa betur gert við þessa þjóðfélagsþegna en raun ber vitni, heldur en halda því fram, að þetta sé svo hættulegt að hér megi ekki gera undantekningu.

Ég bið því hv. þm. að skoða vel hug sinn um það, hvort í meginatriðum geti þeir ekki fallist á þessa breytingu okkar um að láta nú af þessu verða. Komi það í ljós, að einhverjir tæknilegir örðugleikar séu á framkvæmd málsins með þessum hætti, þá verður það ekki vandamál sem ekki er hægt að greiða úr til þess að af þessu geti orðið. Ég a. m. k. lýsi því yfir fyrir mitt leyti, og ég hygg að svo sé einnig um meðflm. mína að málinu, að við erum til viðræðu um breytingar á málinu, en nr. eitt í okkar huga er að efnislega nái þetta mál fram að ganga og að efnisatriðin komi í ljós og þeim verði fullnægt. Það er fyrst og fremst það sem við erum um að hugsa, og það er fyrst og fremst það sem við teljum í alla staði réttlætanlegt og síður en svo óskynsamlegt að gera þessa undantekningu, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði hér áðan. Það er í mínum huga miklu frekar skynsamlegt að gera þessa undantekningu. Auk þess að þessir menn eiga þetta skilið sem viðurkenningu, þá er ekki ástæðulaust að ætla, að með svona breytingum væri hægt að laða fleiri menn til þessara starfa heldur en nú eru. Eða hver trúir því, að það sé einungis um að ræða einhvers staðar á milli 5 og 6 þúsund íslenska sjómenn sem eru burðarásar þess alls sem er að gerast í íslensku þjóðfélagi og þjóðfélagið byggir allt sitt á — einungis milli 5 og 6 þúsund manns, sem í meginatriðum halda uppi öllu kerfinu? Það er því vissulega ekki þörf á öðru frekar en að stuðla að því, að menn vilji gera þetta starf að sínu, og einn þátturinn í því gæti verið sá, að Alþ. sæi sóma sinn í því að láta þá breytingu, sem við leggjum til að gerð verði, ná fram að ganga. Það skiptir ekki mestu, a. m. k. ekki í mínum huga, hvort þessi eða hinn þm. er frá kjördæmi þar sem sjómennska er stunduð eða ekki. Þeir hv. þm., sem eru frá kjördæmum þar sem sjómennska er ekki stunduð, lifa líka á sjómannastéttinni, að hún blómgist, ekki síst, þannig að þetta er ekki spurning um þm. úr sjávarkjördæmi eða ekki. Þetta er spurning um það, hvort þjóðfélagið ætlar að gera ráðstafanir til þess að búa þannig að þeim einstaklingum, sem vilja gera þetta að sínu lífsstarfi, að sem flestir fáist til þess að stunda það, því að það er svo mikilvægt, að það er beinlínis lífsnauðsyn fyrir íslenskt þjóðfélag að fá þar til starfa fleiri en nú er. Með því tryggjum við hvað best afkomuöryggi allrar íslensku þjóðarinnar.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég held að þm. ættu að geta rætt æsingalaust um það mál sem hér er til meðferðar. Ég held að það væri hollt fyrir suma hv. þm. að skrifa hjá sér hvað aðrir segja hér í umræðum, þannig að ekkert fari á milli mála hvað hv. þm. segðu hér úr stólnum. Á það sérstaklega við í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns, Karvels Pálmasonar. Hann hefur greinilega ekki hlustað nægilega vel á allt það sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði. Hún lýsti því aldrei yfir í sinni ræðu, að hún væri á móti því efnislega að sjómenn fengju það sem umrætt frv. gerir ráð fyrir að þeir fái, ef það verður samþykkt. Hún sagði eitthvað á þá leið m. a., að það væri ekki nóg að lýsa stuðningi við ákveðna hópa í þjóðfélaginu um mál sem fela í sér fjárframlög eftir ákveðnum leiðum, ef aðrar

skynsamlegri leiðir kæmu til greina. Nefndi hv. þm. sérstaklega í tengslum við þetta mál, hvort það væri ekki eðlilegra að tengja það t. d. Lífeyrissjóði sjómanna. Þannig tók hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir alls ekki afstöðu á móti efni þessa máls. Hún velti því hins vegar fyrir sér, hvort ekki gætu verið aðrar skynsamlegri og betri leiðir til þess að fá því framgengt. Það er auðvitað aðalatriðið. Ég mun víkja nokkuð að því á eftir, hvaða leiðir kæmu til greina að mínu áliti.

En fyrst farið er að tala um stöðu sjómanna yfirleitt á Íslandi vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að þar sem við lifum nú einu sinni í stéttaþjóðfélagi þar sem stéttum og hópum er gert mishátt undir höfði, að ég hef alltaf litið á sjómannastéttina sem forgangsstétt í íslensku þjóðfélagi. Því miður hefur sú stétt ekki fengið að njóta þess, að hún á að vera forgangsstétt. En þó vil ég segja það, að á seinni árum hefur það breyst mjög til bóta, og væri hægt að nefna mörg dæmi þess. Það er ekki sambærilegt hvað íslensku sjómannastéttinni vegnar betur í dag almennt séð, miðað við það hvernig henni vegnaði fyrir nokkrum áratugum. Auk þess býr sjómannastéttin við miklu betri vinnuaðstæður, skipakost o. fl. heldur en áður þekktist, svo að ekki sé talað um vinnutíma og þess háttar.

Þá hefur það einnig verið mjög mikilvægur þáttur í því að bæta stöðu sjómanna, sem snýr að því þegar þeir eldast og koma í land. Er þáttur Dvalarheimilis aldraðra sjómanna til fyrirmyndar. En aðrir hv. þm. þekkja þá sögu betur en ég og vita hvað vel hefur verið búið að öldruðum sjómönnum á þeim vettvangi. En ég get tekið undir það, sem búið er að segja hér í öllum ræðum eða flestum, að sérstaða sjómanna er mikil. Starf þeirra er erfitt. Það er rétt, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði, það þekki ég sem er fæddur og uppalinn í sjávarplássi, að yfirleitt eru sjómenn, sem stunda sjómennsku að staðaldri, orðnir útslitnir menn um fimmtugt. Þessir menn eiga allt gott skilið. Þeir eiga það einnig skilið af hv. þm., að mál þeirra séu rædd með þeim hætti að öllum öfgum sé sleppt, en hins vegar sé lögð áhersla á að þm. sameinist um það sem horfir til bóta í þeirra málum.

Varðandi það, hvort hér yrði um slæmt fordæmi að ræða, þótt efni þessa frv. yrði samþykkt, annaðhvort í því formi, sem það liggur hér fyrir, eða með öðrum hætti, þá vil ég segja það, að ég get ekki ímyndað mér að það fordæmi geti orðið öðrum hættulegt, þegar maður hefur í huga að íslenska sjómannastéttin er um 5 þúsund manns sem njóta ekki þeirra réttinda sem frv. gerir ráð fyrir, á sama tíma sem 15 þúsund opinberir starfsmenn njóta fullra réttinda í sambandi við t. d. verðtryggðan ellilífeyri. Það gera sjómenn ekki.

Efni frv. gerir raunverulega ráð fyrir því í framkvæmd, að sjómenn fái eftir tiltekinn árafjölda til sjós og eftir ákveðin aldurstakmörk raunverulega hin sömu réttindi og opinberir starfsmenn njóta núna og eru búnir að njóta í rúmlega tvo áratugi, þannig að það er ekki farið fram á mikið. Hins vegar kemur vel til álita, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir kom inn á, að þetta mál verði tekið upp á öðrum vettvangi. Við vitum að nú eru í endurskoðun öll lífeyrismál þjóðarinnar. Það er sérstök n., sem fjallar um þau. Sú n. er skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og fulltrúum BSRB og ríkisstj. Þessi n. á að ljúka störfum með þeim hætti, að það, sem hún kann að leggja til og horfir til bóta, komi til framkvæmda frá og með 1. jan. 1980. Mér finnst að efni þessa frv. eigi erindi til þessarar n., og ég lít svo á, að það sé hægt að fella efni frv. í meginatriðum inn í væntanlegar till. um endurbætur á lífeyrissjóðakerfinu, þannig að því verði fullnægt sem frv. gerir ráð fyrir.

Um stöðu flugmanna hefur mikið verið rætt í tengslum við þetta mál. Það hefur réttilega verið bent á að það sé sambærilegt eða svipað með sjómenn og flugmenn, að starfsaldur sé yfirleitt stuttur. En það hefur hins vegar ekki verið upplýst hér í umræðunum, að gert er ráð fyrir þessu í samningum flugmanna. Það er gert ráð fyrir því með þeim hætti, að 20% af launum flugmanna eru greidd í lífeyrissjóð. Það er gert með sérstöku tilliti til þess að gera lífeyrissjóð flugmanna svo öflugan, að hann geti tekið við þeim fyrr en gert er ráð fyrir um aðra ellilífeyrisþega, en þar er almenna reglan 30 ár og aðeins greidd 10% af launum. Sem sagt, það mætti þá álykta að með 20% greiðslunni í lífeyrissjóð flugmanna sé gert ráð fyrir að starfsaldur þeirra verði 15—20 ár.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. Ég vildi aðeins láta skoðanir mínar í þessu máli koma fram. Ég tel að frv. feli í sér þá stefnu, sem endurskoðunarnefnd um lífeyrismál hefur að leiðarljósi, sem er aukið réttlæti í lífeyrismálum, og það er þá til handa sjómönnum sem öðrum sem búa við skarðan hlut í þessum málum. Það er unnið að þessari kerfisbreytingu. Það er unnið að því að tryggja öllum ellilífeyrisþegum verðtryggðan ellilífeyri sem sé byggður á ævitekjum. Og þótt sjómenn fengju einhverja sérstöðu í hinu nýja kerfi, þá lít ég þannig á, að það þurfi ekki að vera fordæmi fyrir aðrar stéttir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 31 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi Selfosskauptúns, frv. (þskj. 223). — 1. umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Við fjórir þm. Suðurl., sem sæti eigum í þessari hv. d., höfum leyft okkur að flytja frv. til l. á þskj. 323 um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni.

Í frv. er gert ráð fyrir að Selfosskauptún skuli vera kaupstaður og sérstakt lögsagnarumdæmi. Það nær yfir allan núverandi Selfosshrepp og heitir Selfoss. Umdæmi þetta er í Suðurlandskjördæmi.

Um valdsvið bæjarfógeta á Selfossi og launakjör fer samkv. lögum þar um. Sýslumaður Árnessýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

Sýslunefnd Árnessýslu og bæjarstjórn Selfoss skulu semja sín á milli um skiptingu þeirra sjóða sem við gildistöku laga þessara eru í eigu Árnessýslu. Einnig skulu aðilar semja um fjár-

hagsskuldbindingar, ábyrgðir og önnur þau atriði er þá varða og upp kunna að koma vegna laga þessara. Nái þessir aðilar ekki samkomulagi skal félmrh. úrskurða hvernig með skuli fara.

Að öðru leyti fer um málefni kaupstaðarins samkv. sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961, og samþykktum settum samkv. þeim lögum.

Verði frv. samþykkt er gert ráð fyrir að lögin taki nú þegar gildi, og bráðabirgðaákvæði er með frv., þar sem segir að þar til bæjarstjórnarkosningar hafi farið fram síðasta sunnudag í maí 1978 skuli núverandi hreppsnefnd fara með stjórn kaupstaðarins.

Það, sem hér hefur verið sagt, er inntak frv.

Frv. er flutt að beiðni hreppsnefndar Selfosshrepps er á fundi sínum 18. jan. s. l. gerði samhljóða eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Selfosshrepps samþykkir að fara þess á leit við alþm. Suðurl., að þeir flytji á Alþ. því, er nú situr, frv. til l. um kaupstaðarréttindi til handa Selfosshreppi. Kaupstaðurinn nái yfir allan núverandi Selfosshrepp og verði sýslumaður Árnessýslu bæjarfógeti kaupstaðarins.

Það er einnig vilji hreppsnefndar, að breytingin taki gildi frá og með næstu sveitarstjórnarkosningum.“

Till. fylgdi eftirfarandi grg., sem einnig var samþykkt samhljóða:

„1. Ástæður hreppsnefndar Selfosshrepps til þess að sækja um kaupstaðarréttindi eru fyrst og fremst réttarstöðulegar. Stærð hreppsins gerir það eðlilegt að hann hafi sömu réttarstöðu og sýslufélög.

2. Selfosshreppur er nú stærsti hreppur landsins með liðlega 3000 íbúa og jafnframt áttunda stærsta sveitarfélag utan Reykjavíkur.

3. Það er vilji hreppsnefndar að sú samstaða og samvinna, sem þróast hefur milli Selfosshrepps og annarra hreppa sýslunnar, megi haldast óbreytt í sem flestum þáttum eftir að Selfoss hefur öðlast kaupstaðarréttindi, enda ná ýmsar sameiginlegar þjónustugreinar sem þróast hafa á staðnum, langt út fyrir mörk hreppsins.

4. Hreppsnefnd Selfosshrepps treystir því, að erindi þetta fái vinsamlega og skjóta afgreiðslu yðar og þingsins.“

Hinn 8. jan. s. l. fór fram skoðanakönnun meðal kjósenda á Selfossi um kaupstaðarmálið. Á kjörskrá voru 1944. Þátt tóku í skoðanakönnuninni 1045 eða 53.76% kjósenda. 751 af þeim, sem atkv. greiddu, voru fylgjandi því, að Selfosshreppur fengi kaupstaðarréttindi, en 278 voru því mótfallnir.

Selfosshreppur er í örum vexti. Segja má að staðurinn sé miðstöð iðnaðar, samgangna og verslunar í fjölmennum byggðum. Jarðhiti er fyrir hendi og stendur til að hagnýta hann í ríkara mæli til hitunar húsa og iðnaðar. Í seinni tíð sækja nálægar sveitir og kauptún ýmsa skóla á Selfossi og eflir það m. a. samstarf og samstöðu í héraðinu. Það virðist vera sanngjarnt að Selfoss, sem er ört vaxandi staður, fái þá réttarstöðu sem kaupstaðir hafa.

Ýmis kauptún miklu fámennari en Selfoss hafa fengið kaupstaðarréttindi. Má m. a. nefna Njarðvík með 1750 íbúa, Seltjarnarnes með 2630 íbúa, Bolungarvík með 1134 íbúa, Dalvík með 1207 íbúa, Eskifjörð með 1033 íbúa og Grindavík með 1723 íbúa.

Selfosskauptún hefur byggst upp vegna samstarfs við nálæg byggðarlög. Kauptúnið er vel í sveit sett og hefur því orðið miðstöð athafnalífs í fjölmennum og blómlegum byggðum. Á Selfossi er stærsta mjólkurbú landsins. Þar er stórt kaupfélag ásamt fleiri verslunum. Þar eru bankar og þar er símstöð. Þar er og margs konar önnur starfsemi, svo sem veitingar o. fl. Margþættar iðnaðarstöðvar og verkstæði til þjónustu og viðgerða ásamt framleiðslu í ýmsum greinum iðnaðar eru einnig á Selfossi. Sláturfélag Suðurlands hefur fullkomið sláturhús og frystihús á staðnum og er með kjötvinnslu í auknum mæli yfir allt árið þar eystra. Á Selfossi er fiskverkunarstöð og viðgerðarverkstæði veiðarfæra. Má segja að á Selfossi sé flest það sem nauðsynlegt er talið á sviði þjónustu, svo sem í iðnaði, verslun og samgöngum. Á Selfossi er heilsugæslustöð og gamalt sjúkrahús, en byggingu Sjúkrahúss Suðurlands er nú brátt lokið. Er það vegleg bygging, sem gefur mikla möguleika með góðu starfsliði. Verið er að auka mikið við skólamannvirki sem koma til nota bæði fyrir Selfoss og nálæga hreppa.

Íbúar Selfoss gera sér fulla grein fyrir því, að ýmislegt vantar enn í vaxandi byggðarlagi þótt mikið hafi áunnist að undanförnu. Það er álit flestra sem þekkja til mála, að Selfosskauptún muni halda áfram að vaxa og hafi til þess góð skilyrði. Það kemur fram í grg. frá hreppsnefnd Selfosshrepps, sem prentuð er með frv. og lesið var upp úr áðan, að hún óskar þess, að samstarf og sú samstaða, sem þróast hefur milli Selfoss og annarra hreppa sýslunnar, megi haldast óbreytt í sem flestum þáttum eftir að Selfoss hefur öðlast kaupstaðarréttindi. Þar kemur einnig fram, að hreppsnefndin óskar þess, að frv. verði að lögum á því þingi, sem nú situr, og að breytingarnar taki gildi frá og með næstu sveitarstjórnarkosningum. Það er von flm., að frv. nái fram að ganga með æskilegum hraða.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv., en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 355). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Hæstv. forseti. Í stefnuræðu minni hér á Alþ. í haust rakti ég meginþætti í efnahagsstefnu ríkisstj., og undir lok ræðu minnar komst ég þannig að orði, að stefnan byggðist á forsendum, sem gætu brugðist, og sagði síðan, að ef það gerðist yrði nauðsynlegt að grípa til enn öflugri ráðstafana og yrði þjóðin öll að vera undir það búin.

Orð þessi voru af ýmsum lögð út sem óheilla-

spá á velgengnistímum. En mér þótti nauðsynlegt að slá þann varnagla, sem í þeim felst, vegna þess vanda sem óneitanlega blasti við að óbreyttum aðstæðum.

Eg lét jafnframt í ljós þá skoðun, að þjóðin væri vel undir það búin að leysa viðfangsefni líðandi stundar og verkefni framtíðarinnar. Okkur væri vorkunnarlaust að herða baráttuna gegn verðþenslunni og búa enn betur í haginn fyrir framtíðina.

Mér finnst eðlilegt að rifja þessar hugleiðingar upp hér, því að frv. það til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hér er flutt, er áfangi í þeim aðgerðum sem ríkisstj. telur nauðsynlegar til að bregðast við þeim efnahagsvanda sem á rætur að rekja til vaxandi verðbólguþróunar á síðustu mánuðum og einna gleggst hefur birst í hallarekstri atvinnuveganna. Þessi vandi hefur orðið æ alvarlegri á undanförnum mánuðum, þrátt fyrir það að viðskiptakjör þjóðarinnar hafa farið batnandi undanfarin tvö ár og því öll ytri skilyrði verið með hagstæðasta móti. En hin hagstæðu ytri skilyrði ættu að gera auðveldara en oft áður að ráða fram úr efnahagsvandanum eins og hann birtist nú, ef við tökum á honum eins og menn.

A vegum ríkisstj. hefur að undanförnu farið fram umfangsmikil könnun á þeim leiðum, sem um er að velja í stjórn efnahagsmála bæði í bráð og lengd. Þessar athuganir hafa m. a. farið fram á vegum svokallaðrar verðbólgunefndar, sem nú hefur lokið störfum og skilað ríkisstj. skýrslu sinni og álitsgerðum. Það er athyglisvert við niðurstöður n., að enginn nm. dregur í efa nauðsyn gengisbreytingar við ríkjandi aðstæður. Enginn nm. dregur heldur í efa nauðsyn umfangsmikilla efnahagsaðgerða til þess að hamla gegn verðbólgu. Þetta er mikilvæg niðurstaða þegar um er að ræða jafnstóran hóp manna með ólík sjónarmið og hér um ræðir. Og þótt nm. hafi greint á um leiðir er sá ágreiningur e. t. v. minni en hann sýnist. Þetta kemur í ljós, þegar séráliti einstakra nm. eru borin saman við álit meiri hl. í n., þótt orðin meiri hl. eigi hér naumast við.

Ríkisstj. hefur m. a. myndað stefnu sína í þessum málum á grundvelli þessara athugana og álitsgerða. Hún hefur tekið ákvarðanir sínar og reynt að finna farsæla lausn sem taki mið af sem flestum æskilegum markmiðum efnahagsstefnunnar.

Við mótun stefnunnar hefur verið haft beint samráð við aðila vinnumarkaðarins af hálfu ríkisstj. Hafa nokkrir ráðh. átt viðræður við fulltrúa helstu samtaka þessara aðila. Í þeim viðræðum hafa sjónarmið hvers um sig verið kynnt, en ekki reynst unnt að ná samkomulagi, enda virðist bera meira á milli en svo að það takist. Reyndi sérstaklega á þann þátt í gærkvöld, þegar efnt var til fundar með fjórum ráðh. og fulltrúum Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja að frumkvæði ríkisstj. til að kynnast nánar tilboði því um viðræður, sem fulltrúar þessara aðila í verðbólgunefnd settu fram. Því miður er ljóst, að ekki er grundvöllur fyrir sameiginlegar aðgerðir ríkisvaldsins og þessara stóru launþegasamtaka í ráðstöfunum þeim, sem báðir eru þó sammála um að nauðsynlegar séu. En þrátt fyrir það hefur tillit verið tekið til sjónarmiða fulltrúa launþegasamtakanna við endanlega gerð frv.

A síðasta ári er þjóðarframleiðslan talin hafa aukist um a. m. k. 4%, og var þjóðarframleiðsla á mann þá orðin meiri en hún hafði mest orðið áður, árið 1974. Vegna batnandi viðskiptakjara óx raungildi þjóðartekna meira eða rúmlega 7%, og voru þjóðartekjur á mann þá einnig örlítið meiri en nokkru sinni áður. Meginástæður þessa hagstæða árferðis voru góð aflabrögð og ör hækkun útflutningsverðs. Viðskiptakjör hafa hins vegar ekki náð sínu fyrra hámarki, sem var árið 1973, en þau voru þá 5% hagstæðari en á síðasta ári. Í ár er hins vegar ekki við því að búast að framhald verði á viðskiptakjarabata. Nauðsynlegt verður að draga nokkuð úr þorskafla frá því sem var í fyrra, og þótt von sé til að þar verði bætt um með auknum afla af öðrum tegundum, þá er vart hægt að gera ráð fyrir meiri aukningu útflutningsframleiðslu en nálægt 3%, samanborið við 13—15% aukningu í fyrra.

Þjóðarútgjöldin tóku mikinn vaxtarkipp á árinu 1977 í kjölfar afturbatans sem hófst árið 1976 og ekki síst vegna hinnar miklu kaupmáttaraukningar um mitt s. l. ár, sem kom fram í mikilli aukningu einkaneyslu. Aukningu þjóðarútgjalda fylgdi strax mikil aukning innflutnings og jókst vöruinnflutningur um 20% að magni á s. l. ári. Afleiðingin varð nokkuð vaxandi halli í viðskiptunum við útlönd þrátt fyrir viðskiptakjarabótina. Nam viðskiptahallinn líklega um 9 milljörðum kr. eða um 2½% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 1.7% árið áður. Í þessu sambandi ber þess að geta að útflutningsbirgðir jukust að mun á árinu sem leið. Nauðsyn ber til að koma í veg fyrir að viðskiptahalli verði á þessu ári, en það næst ekki nema með því að draga úr aukningu þjóðarútgjalda, þar sem útflutningsframleiðslunni eru nú takmörk sett.

Markmiðið á raunar að vera að ná afgangi á viðskiptajöfnuði á þessu ári. Án ráðstafana mátti telja að þjóðarútgjöld ykjust um 3—3½% í ár og almennur innflutningur um 7%. Miðað við þá eftirspurnarþenslu, sem ríkt hefur að undanförnu, er hins vegar hætta á að innflutningsaukningin yrði meiri og þar með einnig hættan á vaxandi viðskiptahalla.

Í þjóðhagsspánni, sem lá til grundvallar við afgreiðslu fjárl. og gerð lánsfjáráætlunar, var gert ráð fyrir 3½%—4% vexti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á árinu 1978, og er það talið samrýmast vel áætlunum um framleiðslugetu.

Spáin fyrir árið 1978 var byggð á mati á þeirri kaupmáttaraukningu sem að var stefnt með gildandi kjarasamningum en þróun eftirspurnar og þjóðarútgjalda ræðst að afar miklu leyti af breytingum kaupgjalds og verðlags. Niðurstaðan af því mati var sú, að kjarasamningarnir stefndu að 8—9% rauntekjuaukningu á þessu ári, en vegna skattbreytinga var hins vegar gert ráð fyrir 6% neysluaukningu einnig af því að búist er við að hækkun verðbótaþáttar vaxta muni auka sparifjármyndun eitthvað á árinu 1978. Mergurinn málsins er sá, að bak við þessa kaupmáttaraukningu hefði búið að öllu óbreyttu meira en 50% kauphækkun frá ársmeðaltali 1977—1978

og um eða yfir 40% verðhækkun. Yfir allan vafa er hafið, að af slíkri þróun verðlags og launa hefði leitt margvíslegan vanda, ekki síst að því er varðar samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna og reyndar einnig á lánamarkaði og í opinberum fjármálum. Útlit var því fyrir rekstrartruflanir og þar með atvinnubrest.

Þessi vandi hefur raunar þegar birst í rekstrarstöðu sjávarútvegs nú um áramótin, en afkoma fiskvinnslu, einkum frystingar, söltunar og herslu, var þá lakari en verið hefur um árabil. Þessar greinar voru reknar með talsverðum halla jafnvel áður en fiskverð hækkaði um 13% frá áramótum. En sú hækkun var óhjákvæmileg til þess að tryggja sjómönnum eðlilegt tekjuhlutfall miðað við landverkafólk. Við þessum vanda varð að snúast um leið og þess væri freistað að hamla gegn verðbólgu á árinu.

Gengisbreytingin sem Seðlabanki Íslands tilkynnti hinn 8. þ. m. með samþykki ríkisstj., og frv. það um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar, sem flutt var sama dag, þjónaði þeim tilgangi að afstýra rekstrarstöðvun fyrirtækja í helstu útflutningsatvinnuvegunum og þar með atvinnuleysi. Jafnframt mun gengisbreytingin hamla gegn óhóflegri innflutningseftirspurn, svo að til betra jafnvægis horfi í utanríkisviðskiptum.

Ráðstafanir þær, sem felast í þessu frv. eru til þess ætlaðar að hamla gegn verðbólgu og stuðla að betra jafnvægi í efnahagsmálum. Ef stefna á að því að ná tökum á verðbólguvextinum þegar á þessu ári er sýnt, að ekki er um annað að ræða en hamla gegn víxlgangi verðlags og launa með því að takmarka nokkuð þær kauphækkanir sem ráðgerðar eru með kjarasamningunum, enda væru önnur úrræði mikils til of seinvirk eða hefðu í för með sér hættu á atvinnubresti. Í frv. þessu er því gert ráð fyrir að verðbætur á laun verði takmarkaðar nokkuð, en hins vegar er gerðum kjarasamningum ekki raskað að öðru leyti.

Í 1. gr. frv. er lagt til að hamlað verði gegn víxlhækkunum verðlags og launa með því að helminga þá hækkun verðbóta og verðbótaauka sem greiðast eiga á þessu ári umfram verðbótavísitöluna sem tók gildi hinn 1. des. s. l.

Í þessu felst, að í stað þess að laun almennt hækki um 10% hinn 1. mars hækki þau um 5%. Við verðum einfaldlega að játa að með verðbótahækkun launa væri stefnt í ógöngur ef launin ættu upp eftir óbreyttum vísitölureglum.

Ég veit að allir sanngjarnir menn eru sammála mér um það, að glórulaust sé að hækka peningalaun um 10—15% á þriggja mánaða fresti. Till. í 1. gr. frv. er sett fram á þeim forsendum, að í raun sé vilji til þess að láta skynsemina ráða. Án þess verður kapphlaup launa og verðlags ekki slævt. Ráðið, sem ríkisstj. leggur til að notað verði, er einfalt og auðskilið. Greiða skal helming hækkunar verðbóta og verðbótaauka af því sem fram undan er.

Þrátt fyrir helmingun verðbóta samkv. 1. gr. frv. er þó tryggt með ákvæði um lágmarksverðbætur í 2. gr., að þessi frádráttur snerti lítið eða ekki hina tekjulægstu í hópi launþega. Hér eru einkum þeir hafðir í huga sem tekjur hafa af reglulegri dagvinnu einni á lágum kauptaxta. Ljóst er frá upphafi, að vandasamt verður að framkvæma þetta ákvæði þar sem ekki er hægt að ákveða þennan bótarétt beint út frá kauptaxta, heldur ræður einnig hvort viðkomandi launþegi hefur fengið verðbætur á yfirvinnugreiðslur og/eða ákvæðis- eða álagsgreiðslur sem samanlagt koma verðbótum til hans upp yfir hið tilgreinda mark. Um þetta efni þarf að setja sérstakar reglur, en hér er um mikið sanngirnismál að ræða og þessi fyrirhöfn því eðlileg. Launþegi með 100 þús. kr. mánaðarlaun fær samkv. þessu 8800 kr. hækkun verðbóta 1. mars n. k. eða hið sama og annar launþegi með 176 þús. kr. fær samkvæmt helmingareglu frv.

Frv. felur í sér þá stefnumörkun, að í 3. gr. þess er ákveðið að frá upphafi næsta árs skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði kjarasamninga, hvorki til hækkunar eða lækkunar launa.

Í fyrstu stefnuræðu minni sem forsrh. hér á Alþ. haustið 1974 ræddi ég um vísitölugreiðslur á kaup og sagði að viðurkennt væri að þær veittu launþegum nokkra tryggingu fyrir afkomu þeirra og sköpuðu meiri ró á vinnumarkaði en ella hefði orðið. Á hinn bóginn hefðu þær oft á tíðum átt drjúgan þátt í að magna verðbólgu og þannig grafið undan heilbrigðum rekstri þjóðarbúsins og stefnt hagsmunum launþega sjálfra í voða. Síðan sagði ég orðrétt: „Ber hér einkum þrennt til: Í fyrsta lagi hafa miklar hækkanir grunnkaups óhjákvæmilega leitt til verðhækkana sem svo vegna áhrifa vísitölukerfisins hafa leitt til nýrra launahækkana og enn frekari verðhækkana. Í öðru lagi fela verðhækkanir á innfluttum vörum í sér skerðingu á raunverulegum lífskjörum þjóðarinnar og engar launahækkanir innanlands geta því bætt þær. Í þriðja lagi er ekki unnt að vega áhrif tekjuöflunar ríkissjóðs með óbeinum sköttum upp með launahækkunum, ef sú aukning opinberrar þjónustu, framkvæmda eða félagslegrar aðstoðar, sem stefnt er að, á að geta átt sér stað. Ástæðulaust er einnig að stjórnvöld séu knúin til að afla fjár með beinum sköttum sem hafa ekki áhrif á vísitöluna, fremur en óbeinum sköttum er ganga inn í vísitöluna. Þetta var sagt haustið 1974.

Það er ótvíræður galli á núgildandi vísitölukerfi að breytingar á óbeinum sköttum — öðrum en þeim sem fólgnir eru í verði áfengis og tóbaks, valda breytingum á kaupgreiðslum, en breytingar á beinum sköttum ekki. Hér er lagt til, að frá og með 1. jan. 1979 skuli breytingar á óbeinum sköttum ekki valda breytingum á verðbótum: Rökin fyrir þessu eru vel kunn. Í fyrsta lagi eru beinir skattir ekki meðtaldir í verðbótavísitölu, eins og að framan var getið. Það veldur því, að val löggjafans milli beinna og óbeinna skatta er að þessu leyti nokkuð bundið, sem hlýtur að teljast óæskilegt. Í öðru lagi stendur ómæld opinber þjónusta á móti óbeinum sköttum, sem ekki er metin til kjarabóta, og má þá minna hv. þm. á svokallað tappagjald sem rætt var um hér fyrir jólin, en sam-

kvæmt því átti andvirði þess að renna til aðhlynningar og menntunar þroskaheftum, en það hefði haft í för með sér launahækkun fyrir alla launþega. Sjá allir hversu óeðlilegt slíkt er. Í þriðja lagi geta stjórnvöld ekki með sama árangri og ella beitt breytingum á óbeinum sköttum til hagstjórnar, vegna þess að þeir eru í grunni verðbótavísitölu. Í frv. er gert ráð fyrir að kauplagsnefnd meti hvaða skattar skuli teljast óbeinir í þessu sambandi.

Ekki þykir rétt að binda í lög með fullkominni upptalningu, hvaða skattar falli hér undir, því að skattalög geta breyst og sker þá kauplagsnefnd úr vafaatriðum.

Það þekkist í öðrum löndum að undanskilja alla skatta úr verðbótavísitölu, m. a. í Danmörku, en þar eru breytingar niðurgreiðslna ekki heldur taldar með. Þetta atriði þarf að kanna sérstaklega. Í frv. er í reynd mörkuð framtíðarstefna í þessu efni. Þessi till. er e. t. v. ekki beinlínis tengd stundarvanda þjóðarbúsins, en hugsuð til þess að bæta launaákvörðunarkerfið til frambúðar.

Í sambandi við þær breytingar, sem ríkisstj. hefur nú lagt til að gerðar verði á verðbótareglum kjarasamninga, liggur beint við að huga að forsögu málsins, þ. e. kjarasamningum þeim sem gerðir voru á s. l. sumri og hausti. Afskipti ríkisstj. af kjarasamningum ASÍ og vinnuveitenda miðuðust við að úrslit kjarasamninga yrðu innan þess þjóðhagslega svigrúms sem fyrir hendi væri til að auka kaupmátt tekna almennt. Að öðrum kosti væri eytt þeim árangri í hjöðnun verðbólgunnar, sem náðst hafði, og yfir vofði hætta á örum verðbólguvexti með víxlgangi verðlags og launa sem stefndi afkomu atvinnuvega og þar með atvinnuöryggi í tvísýnu. Þessar aðvaranir ríkisstj. voru hins vegar að engu hafðar. Minna má á, að eftir viðræður ríkisstj. og fulltrúa samtaka launþega og vinnuveitenda gaf ríkisstj. út fréttatilkynningu hinn 17. maí 1977, þar sem fram kom að ríkisstj. hefði ákveðið að beita sér fyrir ýmsum ráðstöfunum á sviði efnahags- og kjaramála til þess að stuðla að lausn vinnudeilunnar sem þá stóð milli ASÍ og vinnuveitenda. Þar kom m. a. fram eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstafanir þessar munu m. a. fela í sér um 2—3% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna almennings. Forsenda ráðstafananna er, að samkomulag náist milli deiluaðila um launabreytingar, sem ekki stefna að meiri kaupmáttaraukningu milli áranna 1976 og 1977 en 6—7% í heild og ámóta aukning milli áranna 1977—1978, og horfi jafnframt til launajöfnunar."

Í þessum orðum fólst að ríkisstj. teldi þjóðhagslegt svigrúm til þess að auka kaupmátt kauptaxta um 3—4% hvort ár.

Þegar sáttanefnd lagði fram umræðugrundvöll til deiluaðila hinn 17. maí 1977 var eftir því leitað, hvort ríkisstj. teldi þær hugmyndir innan fyrrgreindra marka. Þessu svaraði ríkisstj. á eftirfarandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. telur að umræðugrundvöllur sá, sem sáttanefndin hefur sett fram við deiluaðila, sé í aðalatriðum innan þeirra marka sem felast í yfirlýsingunni fyrir árið 1977, en telur þó ástæðu til að vara við því, að vísitöluákvæðin í tillögu sáttanefndar fela í sér hættu á mögnun verðbólgu. Eins væri æskilegt að dreifa áfangahækkun launa yfir lengra tímabil á næsta ári."

Í svarinu fólst, að ríkisstj. teldi að á árinu 1977 væru hugmyndirnar innan markanna, en með þeim væri farið út á ystu nöf og verðbólguhættu boðið heim á árinu 1978, bæði með verðbótaákvæðunum og áfangahækkunum.

Eins og kunnugt er fóru svo endanlegir samningar verulega fram úr umræðugrundvelli sáttanefndarinnar, bæði að því er varðar áfangahækkun og verðbótaákvæði. Þannig má telja að þegar á árinu 1977 hafi kauptaxtar hækkað að kaupmætti um það, sem orðað var sem svigrúm á tveimur árum í fréttatilkynningu ríkisstj., og reyndar nokkuð umfram það, því talið er að kaupmáttur kauptaxta launþega hafi að meðaltali aukist um 8—9% á árinu 1977 frá fyrra ári og kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild um 9—10%. Þannig var farið 4—5% fram úr því marki sem ríkisstj. taldi fært á árinu 1977. Þótt vöxtur þjóðartekna hafi á árinu 1977 reynst verða um 7% í stað 5—6%, sem við var búist í maí, breytir það ekki því, að við tókum forskot á sæluna í fyrra. Það hlýtur því að teljast mikill árangur ef það tekst að tryggja kaupmáttarstig ársins 1977 einnig á þessu ári og e. t. v. bæta örlitlu við ásamt með fullri atvinnu. En það er markmið þessa frv., eins og nánar verður að vikið hér á eftir.

Ríkisstj. ákvað í vor, þrátt fyrir það hve langt var gengið, að standa við loforð sín um lækkun skatta, hækkun lífeyrisgreiðslna og aukningu niðurgreiðslna á árinu 1977, en er vitaskuld ekki af því bundin 1978. Ástæðan til þess, að ríkisstj. vildi ekki kippa til baka atbeina sínum, var einföld. Við blasti atvinnuröskun og ófriður á vinnumarkaðinum, ef ekki yrði samið. Hins vegar var ljóst, að mikil verðbólga hlyti að fylgja ef fast væri við hvort tveggja haldið, áfangahækkanirnar og verðbæturnar. Þetta hefur komið á daginn, og nú verður ekki undan því vikist að taka á málinu.

Staða ríkisvaldsins í samningum við opinbera starfsmenn var næsta erfið, enda voru samningarnir við BSRB hinir fyrstu sem gerðir voru samkvæmt nýjum lögum, sem m. a. veittu bandalaginu verkfallsheimild. Kröfugerð sú, sem BSRB lagði fram í viðræðum við samninganefnd ríkisins, kvað á um geysimikla launahækkun, einkum í neðri hluta og um miðbik launastigans. Af hálfu samninganefndar ríkisins var á hinn bóginn í fyrstu lögð áhersla á að sú launahækkun, sem um yrði samið, yrði innan þess svigrúms sem ástand og horfur í efnahagsmálum fælu í sér, en um leið var á það fallist, að taka þyrfti tillit til misræmis í launum opinberra starfsmanna og annarra launþega ef það væri þá fyrir hendi, en það mætti kanna nánar. Eftir kjarasamninga ASÍ og vinnuveitenda var síðan ljóst, að niðurstaða þeirra samninga hlaut að binda hendur ríkisvaldsins í samningum við opinbera starfsmenn. BSRB hafnaði hins vegar boði samninganefndar ríkisins um launahækkun sambærilega við niðurstöðu hinna almennu samninga í júní, auk nokkurrar lagfæringar á launum neðarlega í launastiganum til að eyða ósamræmi við hinn almenna vinnumarkað. Sem kunn-

ugt er boðaði BSRB þá til verkfalls sem skall á eftir allsherjaratkvgr. um sáttatillögu frá sáttanefnd, sem þó gekk lengra en boð ríkisins.

Samningar tókust að lokum, og hafði samninganefnd ríkisins þá teygt boð sín til hins ítrasta, ekki síst vegna þess öngþveitis sem verkfallsaðgerðir BSRB höfðu skapað. Varð niðurstaðan sú, að meðallaunahækkun BSRB varð um 5% umfram hina almennu samninga, auk þess sem ýmis önnur kjaraatriði voru lagfærð. Þessi hækkun var þó mjög misjöfn, þar sem samningum þessum var vitaskuld ætlað að laga launakjör opinberra starfsmanna að launum á almennum vinnumarkaði.

Um það má vafalaust deila, hvort þessir samningar hafi verið réttlætanlegir, en þeir voru reistir á samanburði við almenna kjarasamninga og við almenn launakjör á vinnumarkaðinum. Átti ríkisvaldið að taka harðari afstöðu og þar með lengja verkfallið sem þegar hafði valdið miklum búsifjum? Það var ekki skoðun stjórnarandstöðunnar hér á þingi. Skoðun mín er sú, að við þann samanburð, sem fyrir hendi var, hafi ríkisstj. orðið að ganga að þessum samningum, enda hefði dráttur á lausn deilunnar og framhald verkfalls haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Af þessum ástæðum var gengið til samninga og með þeim var fyrst og fremst reynt að koma á réttlátu hlutfalli milli BSRB og annarra launþega. Öllum var hins vegar ljóst að launahækkun í landinu í heild keyrði úr hófi fram. Við þann almenna vanda er nú glímt, en ekki snúist gegn kjarasamningum neinnar einnar stéttar. Þetta er kjarni málsins. Peningalaunin í heild eru svo mikilvæg, að þau hljóta að skipta miklu í viðureigninni við verðbólguna, og því verða launþegar nokkuð á sig að leggja í viðureigninni við hana og til þess að tryggja atvinnuöryggi. Með skyldusparnaðarákvæðum frv. er einnig lagður nokkur baggi á félögin, þ. e. a. s. þau sem vel hefur vegnað.

Í frv. þessu eru gerðar till. um ráðstafanir *til að milda áhrif helmingunar verðbóta á kaupmátt* og lífskjör almennings og lækka verðlag með nokkurri lækkun skatta og aukningu niðurgreiðslna. Barnabætur eru hækkaðar um 5%, en það léttir skattbyrði barnmargra fjölskyldna, og gert er ráð fyrir lækkun sérstaks vörugjalds úr 18% í 16%. Þá er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki með launum og á sömu dögum, og auk þess er gert ráð fyrir sérstakri hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar umfram launahækkun hinn 1. mars n. k. Loks hyggst ríkisstj. auka niðurgreiðslur vöruverðs um 1300 millj. kr. á ári, en það jafngildir 1% í kaupmætti ráðstöfunartekna.

Kaupmáttaráhrif þeirra ráðstafana, sem hér hafa verið nefndar, jafngilda, þegar allt er talið saman, tæplega 1½ prósentaukningu kaupmáttarráðstöfunartekna frá því sem ella hefði orðið. Með þessu gæti kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann árið 1978 orðið nálægt því sá sami og á árinu 1977, en þá var hann um það bil jafnmikill og hann hefur mestur orðið áður, á árinu 1974. Hér er að vísu um að ræða nokkra kaupmáttarfórn frá því, sem að var stefnt með kjarasamningunum, en sá kaupmáttur var sýnd veiði, en ekki gefin. Hins vegar er nú von til þess, að takast megi að treysta þann kaupmátt sem náðist á síðasta ári.

Ráðstafanir þær, sem hér eru gerðar til þess að styrkja kaupmátt tekna einstaklinga, hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs, og er því nauðsynlegt að tryggja betur hans hag.

Fjárl. þessa árs voru afgreidd með greiðsluafgangi er nam 350 millj. kr., og var þá byggt á áætlunum frá s. l. hausti. Raunveruleg útkoma ríkisfjármálanna 1977 var hins vegar óhagstæðari en gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðsluna. Endurmat á fjárlagatölum 1978 vegna þessara breytinga á grunni þeirra bendir til 2.1 milljarða kr. lakari stöðu en í fjárl. Greiðsluhalli yrði því um 1.8 milljarðar kr. Hér er einkum um að ræða meiri vaxtagreiðslur og útgjöld til almannatrygginga en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áhrif kauplags- og verðlagsbreytinga af völdum ráðstafana þessara svo og áhrif gengisbreytingarinnar á fjárhag ríkissjóðs eru samtals taldar fela í sér 3.3 milljarða kr. bata í stöðu ríkissjóðs á árinu, og hefur þá verið reiknað með hækkun rekstrarútgjalda vegna gengisbreytingarinnar, en reyndar hefur þá einnig verið ákveðinn niðurskurður á rekstrargjöldum til mótvægis að nokkru leyti, eins og fram kemur í fskj. með frv. þessu. Væri ekkert frekar að gert stefndi í 1½ milljarðs kr. greiðsluafgang hjá ríkissjóði. Ráðstafanir þær, sem ráðgerðar eru til að milda áhrifin af breytingum verðbótareglna, eru áætlnar kosta ríkissjóð 2.4 milljarða kr. í útgjaldaauka og tekjutapi. Þessari fjárhæð er samkvæmt frv. þessu mætt með framangreindu svigrúmi og að auki með álagningu skyldusparnaðar á félög til samræmis við skyldusparnað einstaklinga. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir heimild til lækkunar framkvæmdaframlaga og rekstrargjalda í A-hluta fjárlaga um 1 milljarð kr., og væri aukinni fjárráðstöfun frv. því að mestu mætt með þessu móti. Eftir þessar aðgerðir væri um nokkurn greiðsluafgang að ræða hjá ríkissjóði á árinu eða um 1 *milljarð króna, ef heimild til útgjaldalækkunar* yrði að fullu notuð. Óttaustari má þó fjárhagsstaða ríkissjóðs alls ekki vera.

Hér verður að hafa í huga þá óvissu sem jafnan ríkir um framvindu efnahagsmála og áhrif þeirra á ríkisfjármálin. Auk þess telur ríkisstj. nú afar brýnt að ríkisfjármálin verði ekki þensluvaldur í því árferði, sem nú ríkir, heldur sé þeim beitt til að draga úr þunga innlendrar eftirspurnar. Því er í frv. þessu gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lántökuáformum ríkissjóðs í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að framboð spariskírteina megi auka um 1½ milljarð kr. frá fyrri áformum eingöngu til að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs og draga fé úr umferð, en ekki til að fjármagna útgjöld. Með þessum hætti væri því stefnt að 2½ milljarðs kr. greiðsluafgangi á þessu ári. Það felur í sér nokkru traustari afkomu en reiknað er með *á fjárlögum, enda nauðsynlegt til að hamla gegn* verðþenslu. Auk þess verður unnið að því á næstunni að leita leiða til að fresta framkvæmdum, sem fjármagnaðar eru með erlendum lántökum, um allt að 1 milljarði kr.

Með gengisbreytingunni 8. þ. m. og þeim ráðstöfunum, sem þetta frv. felur í sér, er, eins og

fyrr segir, að því stefnt að tryggja öruggan rekstur undirstöðuatvinnuveganna og þar með fulla atvinnu, jafnframt því sem hamlað sé gegn verðbólgu á árinu og grunnur lagður að sókn gegn verðbólgunni á næsta ári. Jafnhliða þessu er með þessum ráðstöfunum stefnt að bættum viðskiptajöfnuði og bættri stöðu landsins út á við.

Að óbreyttu blasti við hallarekstur og rekstrarstöðvun í fiskiðnaðinum og útflutningsiðnaði. Ráðstafanirnar tryggja viðunandi rekstrargrundvöll allra helstu atvinnuvega.

Að óbreyttu hefði verðbólguhraðinn á árinu orðið meiri en 40% að meðaltali, en 36% frá upphafi árs til loka þess. Ráðstafanirnar þoka þessari tölu niður í 36% að því er ársmeðaltalið varðar, en niður fyrir 30% frá upphafi til loka þessa árs.

Að óbreyttu hefði stefnt í a. m. k. um 4—5 milljarða kr. viðskiptahalla á árinu. Ráðstafanir þessar bæta viðskiptajöfnuð um 6—8 milljarða á þessu ári og snúa halla í afgang.

Til þess að ná þessum árangri er nauðsynlegt að draga úr innlendri eftirspurn og aukning þjóðarframleiðslu verður um sinn e. t. v. eitthvað minni en ella. Við þetta gæti einnig dregið úr þeirri umframeftirspurn eftir vinnuafli sem einkennt hefur ástand á vinnumarkaði að undanförnu, en atvinnuástand héldist áfram gott.

Þessi árangur og hallalaus ríkisbúskapur, sem aðgerðirnar tryggja, er mikilvægur og þeim mun meira er um vert að með þeim er á raunhæfan hátt leitast við að tryggja þann kaupmátt, sem náðist á árinu 1977, og leggja þannig traustan grundvöll að kjarabótum síðar.

Ég hef nú gert allítarlega grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem felast í frv. því sem hér liggur fyrir, tilefni þeirra og aðdraganda. Vissulega telur ríkisstj. það hreint neyðarúrræði að grípa þurfi til breytinga á gerðum kjarasamningum með lögum, enda eru frjálsir samningar um kaup og kjör tvímælalaust einn af mikilvægustu þáttum okkar þjóðskipulags. Raunin hefur hins vegar því miður orðið sú í okkar sveiflukennda þjóðarbúskap, að óhjákvæmilegt hefur reynst að löggjafinn gripi í taumana í þessum efnum, einkum er vísitöluákvæði kjarasamninga hafa stefnt aukningu peningatekna svo hátt að þjóðarvoði blasti við. Hafa allir flokkar, sem fulltrúa eiga hér á Alþ., þurft að standa frammi fyrir slíkum vanda er þeir hafa verið í ríkisstjórn. Þótt aðstæður hafi verið mismunandi hefur vandinn svo til ætíð verið fólginn í því, að innlendar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags hafa stefnt afkomu undirstöðuatvinnuveganna í hættu svo að vofað hefur yfir stöðvun atvinnurekstrar og vaxandi viðskiptahalli. Stundum hefur ekkert minna en almenn kjaraskerðing nægt til að jafna metin í þjóðarbúskapnum, en á öðrum tímum hefur aðeins verið þörf að halda í horfinu. Þær ráðstafanir, sem hér liggja fyrir, stefna ekki að kjaraskerðingu, heldur er markmið þeirra að hemja tekjur innan þeirra marka sem framleiðslugeta þjóðarbúsins nú frekast leyfir, en tryggja um leið að hin mikla kaupmáttaraukning, sem átt hefur sér stað undanfarin tvö ár, haldist, um leið og tryggð sé öflug atvinnustarfsemi í landinu og næg atvinnutækifæri fyrir allt vinnandi fólk.

Sem betur fer er þjóðarbúskapur Íslendinga nú líklega í meiri blóma en nokkru sinni fyrr. Framleiðsla er mikil, atvinna næg og lífskjör almennings hafa aldrei verið betri. Fyrir réttum þremur árum, þegar síðast var gripið til beinnar gengislækkunar og almennra ráðstafana henni til stuðnings, voru aðstæður á allt annan veg. Viðskiptahallinn við útlönd var um 12% af þjóðarframleiðslu, ríkisbúskapurinn var rekinn með milljarðahalla, sparifé streymdi úr bönkunum og við blasti alvarleg skerðing lífskjara. Þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar, og sú stefna, sem ríkisstj. hefur síðan fylgt, hefur snúið þróuninni aftur til betri vegar. Og það var vissulega mikilvægur þáttur í þeirri endurreisn, sem átt hefur sér stað á þessu tímabili, að á árunum 1975 og 1976 tókst að ná samningum á vinnumarkaðinum þar sem tekið var tillit til erfiðrar stöðu þjóðarbúsins og þeirrar brýnu nauðsynjar að draga úr viðskiptahallanum við útlönd. Allt þetta, ásamt batnandi viðskiptakjörum við útlönd síðustu tvö ár, lagði grundvöllinn að þeim miklu þáttaskiptum sem orðið hafa í þjóðarbúskap okkar síðustu tvö árin. Eftir hinn geigvænlega halla á viðskiptum við útlönd á árunum 1974 og 1975 komst viðskiptahallinn s. l. tvö ár ofan í aðeins um 2% af þjóðarframleiðslu, en jafnframt hefur tekist að endurvinna að fullu þá skerðingu lífskjara sem efnahagsörðugleikarnir höfðu haft í för með sér.

Þann eina, en dökka skugga hefur borið á þennan árangur, að ekki hefur tekist að draga nægilega ört úr verðbólgunni eða græða þau margvíslegu mein sem henni fylgja. Samt hafði nokkuð skilað í áttina, þótt hægt færi, og á fyrra hluta s. l. árs var verðbólguhraðinn kominn niður undir 25% og hafði minnkað um nærri því helming frá því sem hann komst hæst. En jafnframt var ljóst að frekari aðgerða í baráttunni við verðbólguna væri þörf, ef tryggja ætti til langframa batnandi lífskjör og blómlegan atvinnurekstur í okkar landi. Ríkisstj. hefur því lagt á það síaukna áherslu að vinna gegn verðbólgunni og leita varanlegra úrræða til þess að ná tökum á þessum rótgróna sjúkdómi íslensks þjóðfélags.

Hvað sem skoðunum manna líður að öðru leyti, eru áreiðanlega flestir, ef ekki allir sammála um það, að verðbólga verður ekki hamin með aðgerðum á neinu einu sviði efnahagsmála. Þar þarf til að koma samræmd stefna á mörgum sviðum, svo sem fjármálum ríkisins, opinberum framkvæmdum, peningamálum, atvinnumálum og launamálum. Enginn vafi er á því, að taumhald hefur skort í mörgum greinum á undanförnum árum. Hins vegar hefur ríkisstj. lagt á það mikið kapp að bæta fjármálastjórnina og hemja þann hluta fjárfestingar og eftirspurnar sem er á hennar valdi. Tekist hefur að koma mun betri jöfnuði á í fjármálum ríkisins þótt enn skorti nokkuð á fullt jafnvægi. Á árinu 1977 dró verulega úr opinberum framkvæmdum eða 15—16%, og stefnt er að um 9% samdrætti á þessu ári. Ákveðið hefur verið að draga úr erlendum lántökum og hefta þannig aukningu skulda þjóðarinnar út á við. Gerðar hafa verið

ráðstafanir til þess að bæta hag sparifjáreigenda og efla þannig innlendan sparnað um leið og lánskjör hafa verið endurskoðuð í því skyni að draga úr þess háttar fjárfestingu sem fyrst og fremst ákvarðast af eftirsókn eftir verðbólgugróða. Á öllum þessum sviðum er enn úrbóta þörf, en það, sem þegar hefur verið gert, á mikinn þátt í þeim árangri í efnahagsmálum sem náðst hefur til þessa.

Þetta frv. ásamt nýafstaðinni gengislækkun felur fyrst og fremst í sér ráðstafanir til þess að fást við þann stundarvanda í þjóðarbúskapnum sem við eigum nú enn einu sinni við að glíma og á rætur sínar í verðbólgunni. Í frv. eru hins vegar einnig ákvæði sem hugsuð eru til frambúðar, þ. e. að breytingar óbeinna skatta til hækkunar eða lækkunar skuli frá næstu áramótum ekki hafa áhrif á verðbótaákvæði kjarasamninga. Þessi breyting er nauðsynleg frá sjónarmiði bættrar hagstjórnar í landinu á komandi árum og felur jafnframt í sér umbætur á launaákvörðunaraðferðinni sem hér hefur tíðkast. Hún er skref í átt frá vélgengi í víxlhækkun kaupgjalds og verðlags.

Í skýrslu verðbólgunefndar, sem ríkisstj. skipaði fyrir rösklega einu ári til að kanna horfur í verðlagsmálum og gera till. um ráðstafanir til að draga úr verðbólgu, er áhersla á það lögð, að ástæðurnar fyrir hinni öru verðbólguþróun hér á landi séu þess eðlis, að ekki sé til nein einföld lausn, ekkert töfraorð sem komið getur á verðfestu á andartaksstund. Til þess að draga markvisst úr verðhækkun hér á landi á næstu árum þarf að vinna að því að bæta hagstjórnaraðferðirnar á öllum sviðum, og þær umbætur taka óhjákvæmilega tíma.

Í skýrslu verðbólgunefndar er fjallað um þær breytingar sem helst kæmu til greina í þessu skyni. Þar er bent á réttar leiðir sem þarf að fullkanna. N. bendir á nauðsynlegar umbætur í hagstjórn á næstu árum í sex greinum:

1) Öflugri jöfnunarsjóðir í sjávarútvegi.

2) Virkari stjórn peningamála með beitingu vaxta, verðtryggingar, bindiskylduákvæða og gengisskráningar.

3) Styrkari fjárfestingarstjórn með samræmingu útlánakjara.

4) Traustari fjármálastjórn með tilliti til árferðis.

5) Samræmdar tekjuákvarðanir og launasamningar.

6) Bætt skipan verðlagseftirlits.

Þá gerir verðbólgunefnd grein fyrir nauðsyn samræmdrar stefnu í efnahagsmálum til nokkurra ára í senn og leggur til að komið verði á fót fastri samvinnunefnd stjórnvalda og hagsmunasamtaka sem fjalli um þessa stefnumótun.

Allar þessar ábendingar n. tel ég mikillar athygli verðar, en í skýrslunni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Reynsla undanfarinna ára og áratuga sýnir glöggt þörfina fyrir samræmda efnahagsstefnu sem ekki styðst aðeins við þingfylgi ríkisstjórna, en nýtur einnig viðurkenningar og skilnings hagsmunasamtaka almennings. Meginforsenda fyrir árangursríkri hagstjórn, þar sem komist sé nálægt viðunandi niðurstöðu að því er varðar helstu markmið efnahagsstefnu — að verðlagsþróuninni meðtalinni — er eins konar málamiðlun milli þeirra, sem taka mikilvægustu ákvarðanir í efnahagsmálum þjóðarinnar af hálfu stjórnvalda annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar.“

Ég tel nauðsynlegt að stofnað verði til skipulegs samráðs af því tagi, sem þarna er gert ráð fyrir, í kjölfar þeirra ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar, til þess að stuðla að þjóðhagslegu jafnvægi og draga úr verðbólgu í bráð. Fyrsta verkið ætti að vera að vinna úr ábendingum verðbólgunefndar um umbætur í stjórn efnahagsmála á þeim sex sviðum sem ég taldi upp áðan. Það er þjóðarnauðsyn að allir áhrifaaðilar í efnahagsmálum, bæði ríkisvaldið og hagsmunasamtökin, reyni að nálgast sameiginlegt mat á framleiðslugetu þjóðarbúsins, sjálfum grundvellinum fyrir varanlegum kjarabótum til viðmiðunar við gerð næstu fjárlaga, lánsfjáráætlunar og kjarasamninga.

Á þessu ári hefur ríkisstj. beitt sér fyrir nokkrum samdrætti í opinberum framkvæmdum í heild, en slík stefna skilar ekki árangri nema henni sé framfylgt á öllum sviðum efnahagslífsins og samfellt yfir allangan tíma. Að því verður að stefna á næstu árum að ná enn betri tökum á heildareftirspurninni í landinu til að tryggja jafnar framfarir og sem hægastar verðbreytingar.

Jafnan skyldu menn þó gæta þess, að hversu góðar aðferðir sem fundnar verða til þess að stjórna þjóðarbúskapnum og hversu hyggilega sem þeim væri beitt verður ekki úr verðbólgunni dregið til lengdar nema með miklu aðhaldi í útlánum og ríkisfjármálum. Það hefur verið okkar veikleiki að vilja gera of margt í senn. Þjóðin er orðin þreytt á yfirboðum og sprengihækkunum í útgjöldum, útlánum og launum sem ekki skila raunverulegum árangri. Nú þurfum við að bregða á betri ráð. Vandi verðbólgunnar verður aldrei farsællega leystur nema með sameiginlegu átaki áhrifaaðilanna í efnahagsmálum og reyndar þjóðarinnar allrar.

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að svo mæltu að leggja til að frv. þessu verði vísað til fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. að lokinni þessari umr. og til 2. umr.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. hefur nú gert grein fyrir því hinu síðara frv., sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþ. í sambandi við efnahagsaðgerðir sínar að þessu sinni. Eins og öllum er kunnugt var fyrra frv. í raun inni aðeins um það að staðfesta breytingu á gengisskráningu, þ. e. a. s. að staðfesta það, að gengi krónunnar yrði lækkað um 13% nú í einu skrefi eða verð á erlendum gjaldeyri ætti að hækka um 14.9%. Um þessa sérstöku ráðstöfun höfum við rætt talsvert á Alþ. og ég hef þar allgreinilega tekið fram um afstöðu mína til þess máls.

Ég veitti því athygli, að hæstv. forsrh. komst þannig að orði varðandi það frv. og þá ákvörðun að lækka gengið, að það hefði verið athyglisvert að allir nm. í svonefndri verðbólgunefnd hefðu verið sammála um nauðsyn þess að það frv. næði fram að ganga eða sú gengislækkun

yrði framkvæmd sem þar var gert ráð fyrir. Það var augljóst, að hann vildi láta í það skína að allir nm. í verðbólgunefnd hefðu í rauninni verið samþykkir þessari aðgerð. Þetta er að sjálfsögðu rangt, eins og komið hefur fram í umr. um málið og við atkvgr. hér á þingi. Hins vegar höfum við á það bent, að frv. um nýja skráningu krónunnar var í rauninni aðeins formleg aðgerð eftir að ríkisstj. hafði tekið ákvörðun fyrir löngu sem hún hafði miðað alla stefnu sína í efnahagsmálum við. Við höfðum bent á að þegar fyrir alllöngu var búið að taka inn í allar áætlanir um verðlagsþróun á yfirstandandi ári tiltekna gengislækkun í sambandi við afgreiðslu fjárl. Um miðjan desembermánuð var t. d. upplýst, að tekjur og gjöld ríkissjóðs væru við það miðuð á árinu 1978, að um 18% gengissig yrði að ræða á árinu, eða gengissig sem næmi 1½% á mánuði. Einnig er staðfest í grg. þeirri, sem fylgir þessu frv., að þegar hafi verið búið að taka af hálfu ríkisstj. tillit til gengislækkunar í spám og áætlunum. Ég dró athygli manna að því, að sá vandi atvinnuveganna sem um hefur verið rætt og vissulega er fyrir hendi, miðað við þær áætlanir sem liggja fyrir, byggist að verulegu leyti á því, að útgjöld í atvinnurekstri eru þegar mörkuð af þeirri verðhækkunarstefnu og gengislækkunarstefnu sem fyrir löngu var ákveðin og hefur verið í framkvæmd, en hins vegar höfðu ekki verið teknar inn í áætlanir um afkomu atvinnuveganna hækkaðar tekjur í sambandi við þá gengislækkun sem þegar hafði verið ákveðin. Vandi atvinnuveganna var því allt annar, ef fullt samræmi var í þessu uppgjöri.

Ég skal svo ekki ræða frekar, vegna alllangra umr. áður, um gengislækkunarfrv. sem slíkt, því að það var fyrst og fremst formleg ákvörðun um þá stefnu sem áður hafði verið mörkuð af hæstv. ríkisstj. Ég mun nú snúa mér að efni þess frv. sem hér liggur fyrir og á að fela í sér tilteknar hliðarráðstafanir í sambandi við meginstefnuna.

Hvað er það þá sem felst í þessu frv. sem hér liggur fyrir?

Um það er ekki að villast, að meginefni frv., það sem frvgr. allar í rauninni snúast um, kemur þegar fram í 1. og 2. gr. frv., en þar er slegið fastri þeirri meginreglu að breyta skuli gildandi kjarasamningum launþega á þann hátt, að aðeins skuli koma til framkvæmda helmingur af vísitöluuppbót á laun miðað við það sem um hafði verið samið Þetta er meginreglan sem á að gilda. Frá henni er síðan vikið að því leyti til, að skerðingin verður ekki fullkomlega sem nemur helmingi vísitöluuppbótar á lægstu tekjum, eftir því sem nánar er hér skilgreint og ég kann að víkja nokkru nánar að.

Þá er fyrst spurningin: Hvað þýðir þetta í raunverulegum tölum? Hverju jafngildir þetta í sjálfu sér varðandi kjör launafólks í landinu? Hæstv. forsrh. hefur orðað það svo, og það kemur einnig fram í grg. frv., að afleiðingarnar af þessari ráðstöfun muni verða þær, að kaupmáttur launa muni verða svipaður á þessu ári, sem nú er byrjað, árinu 1978, eftir að þetta frv. hefur verið samþ., eins og meðaltalskaupmáttur launa var á s. l. ári, árinu 1977. Þetta lítur ekki illa út þegar það er sagt á þessa lund. En við skulum athuga málið nánar. Auðvitað hefur kaupmáttur launa verið fyrstu mánuði þessa árs annar en meðaltalskaupmáttur launa var á s. l. ári. Það byggist einfaldlega á því, að ekki var samið um nýjar kauphækkanir til þess að rétta við kaupmátt launa fyrr en 22. júní eða á miðju ári. Fyrri hluti ársins lá því þarna langt fyrir neðan. Leiðréttingin á kaupmætti launa kom á síðari hluta ársins og meðaltalskaupmátturinn er því miklu minni.

Nú liggja fyrir útreikningar margra aðila á því, hvað þetta mundi þýða í reynd, þetta ákvæði frv. um að greiða aðeins hálfar vísitölubætur á laun, með þeim öðrum ákvæðum sem fylgja með í þessu frv. Niðurstaðan er sú, að hér yrði um kaupmáttarskerðingu að ræða frá því sem kaupmáttur launa hefur verið undanfarna mánuði — des., jan. og það sem liðið er af febr. — sem nemur á milli 10 og 12%. Þegar til grundvallar er lagður kauptaxti, sem nefndur hefur verið bæði af Þjóðhagsstofnun og fulltrúum Alþýðusambandsins meðalkauptaxti alþýðusambandsfélaga, þá er hér augljóslega um kaupmáttarskerðingu að ræða, sem er verið að gera ráð fyrir, sem nemur um 11%. Það er það sem felst í þessu frv. Hér er verið að gera ráðstafanir til þess að færa kaupmátt launa aftur á bak almennt séð sem nemur í kringum 11% frá því sem kaupmátturinn hefur verið undanfarna mánuði. Niðurfærslan er heldur meiri en þetta þegar tillit er tekið til þess, að kaupgjaldssamningarnir gerðu einnig ráð fyrir að nokkur viðbótarkaupmáttaraukning yrði á síðari hluta þessa árs til viðbótar því sem komið var í janúarmánuði.

Þessi kaupmáttaraukning nær þó ekki til allra lægstu launa eða verður aðeins minni en þetta á lægstu laun. En hún er þó mjög veruleg einnig á lægsta taxta sem fyrir hendi er.

Hver er sá árangur sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að ná með því að stíga þetta skref, rjúfa gerða kjarasamninga og þrýsta kaupmætti launa niður á þennan hátt frá því sem um var samið? Hvaða árangri á að ná með þessari aðgerð? Jú, það kemur einnig fram í grg. frv. Það er gert ráð fyrir, ef engar breytingar hefðu verið gerðar af hálfu stjórnvalda, að meðaltalsverðlagshækkun á árinu 1978 hefði orðið um 40%, segir í grg. frv. og í mörgum skýrslum frá Þjóðhagsstofnun. En hvað á þá að ná verðhækkuninni mikið niður með þessari aðgerð? Það er reiknað með því, stendur hér, að takast muni að ná meðaltalsverðhækkuninni niður úr þessum 40% væntanlega í 37%. Það verður því dálagleg dýrtíð og dýrtíðaraukning á komandi ári, þó að þessi spá stæðist. En talsverð hætta er á því, að hún standist ekki frekar en ýmsar aðrar spár sem lagðar hafa verið fram varðandi þessi mál.

Um það er ekkert að villast, að hér er gerð ráðstöfun sem miðar að því að draga verulega úr kaupmætti launa hjá almennu launafólki. Um það er ekkert að villast. Þær hliðarráðstafanir aðrar, sem fram koma í þessu frv., eru í sjálfu sér nauðaómerkilegar. Þar er gert ráð fyrir að auknar verði niðurgreiðslur, sem ættu að koma fram í verðlagi, sem nemur 1300 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að lækka svonefnt tímabundið vörugjald úr 18% í 16%, og er áætlað

að verðlækkun af þessum ástæðum nemi í kringum 700—720 millj. kr. Hér er því um verðlækkunarráðstafanir að ræða sem nema rétt í kringum 2000 millj. kr.

En hvað kemur á móti? Það kemur í fyrsta lagi á móti, að hér er á ferðinni um 15% verðhækkun á erlendum gjaldeyri. Hvað þýðir það í raun og veru varðandi verðlagið í landinu þegar erlendur gjaldeyrir hækkar í verði um 15%? Við skulum fyrst taka verðmæti þess innflutnings sem fluttur var til landsins á s. l. ári. Verðmæti innflutnings á s. l. ári var skráð 121 milljarður, — við skulum segja 120 milljarðar kr. Þessi fjárhæð hækkar augljóslega í innflutningsverði vegna gengisbreytingarinnar um 18 milljarða. En auðvitað þýðir sú hækkun miklu meira en 18 milljarða þegar hún er komin í verðlagið í landinu. Við þessa fjárhæð á eftir að bæta tollum, vörugjaldi, — vörugjaldinu sem átti að lækka en kemur til með að hækka í reynd vegna þess að það verður lagt á hærra vöruverð en áður, — og svo kemur til viðbótar söluskatturinn og síðan til viðbótar við þetta öll verslunarálagning í heildsölu og smásölu. Á því leikur enginn vafi, að þetta innflutningsverðmæti upp á um 120 milljarða, miðað við s. l. ár, hækkar ekki aðeins, eins og gjaldeyrisskráningin segir til um, í kringum 18 milljarða, heldur um tvöfalda þá upphæð, þannig að hér kemur út í hið almenna verðlag hækkun sem nemur á milli 30 og 40 milljörðum kr. En þess ber að gæta að ríkisstj. ætlar að lækka verðlag á móti upp á 2 milljarða. Þetta er dálagleg barátta gegn verðbólgunni í landinu sem allt stríðið stendur við og ríkisstj. hefur verið að rembast við allan tímann að vinna bug á! En hún hefur allan tímann farið þessa sömu leið sem hún er að fara nú. Hún berst við verðbólguna með því að lækka gengi, með því að hækka skatta og með því að hækka verðlagið í landinu. Þetta getur tekist örstuttan tíma, m. a. á þann hátt að rjúfa gerða launasamninga, slíta þá í sundur, hvernig sem ástatt er og efna síðan til nýrra átaka á vinnumarkaði, uppsagna á öllum launasamningum, e. t. v. verkfalla, framleiðslustöðvunar, stóraukins vanda á allan hátt í rekstri þjóðarbúsins. Þetta er það sem hefur verið að gerast í tíð núv. ríkisstj.

Ég hef bent á það í umr. um þessi mál, að þessari stjórn hefur tekist þannig til, að í hennar tíð, frá því að hún tók við völdum og fram á þennan dag, hefur verðgildi Bandaríkjadollars hækkað um 156.7%. Gjaldeyrir ýmissa annarra landa hefur hækkað enn þá meira. Vitanlega er nauðsynlegt að hafa í huga, að þegar verið á erlendum gjaldeyri hækkar um 156% hækkar verð á varningi frá þessum löndum um sömu prósentutölu, einnig um 156%. Síðan á þessi ráðstöfun eftir að hafa víxlverkandi áhrif til verðlagshækkunar í landinu. Ég hef líka bent á það, að frá þeim degi að núv. ríkisstj. tók við völdum og fram á þennan dag hefur framfærsluvísitalan í landinu hækkað um hvorki meira né minna en 214%. Það þýðir, að verðlagið almennt í landinu, sem framfærsluvísitalan mælir, hefur hvorki meira né minna en rúmlega þrefaldast. Ég held að það fari því ekkert á milli mála, að stefna hæstv. ríkisstj. hefur leitt til meiri verðhækkana en nokkur dæmi eru til um áður í tíð nokkurrar ríkisstj. Verðhækkunin hefur í raun inni verið hér í algleymingi.

Það bendir ekkert til að ríkisstj. sé að skipta um stefnu í þessum efnum. Það eina, sem fram hefur komið og bendir til þess að ríkisstj. hugsaði sér e. t. v. að breyta um stefnu, er að hæstv. forsrh. hefur nú sagt, að með því að lækka gengi krónunnar, eins og nú hefur nýlega verið ákveðið, áformi ríkisstj. að hætta við gengissigsaðferðina. Hún ætli sér að reyna að halda gengi krónunnar nokkuð föstu. Ég held hins vegar að þessu trúi enginn maður að fenginni reynslu og af því reynist ríkisstj. þetta með öllu ómögulegt. Sannleikurinn er sá, að ef takast ætti að halda genginu nokkurn veginn stöðugu þarf að breyta hér um efnahagsstefnu í grundvallaratriðum. Sú stefna, sem ríkisstj. fer eftir, eyðileggur öll slík áform.

Það er rétt að víkja svolítið nánar, áður en farið er lengra út í almennar umr. um stöðuna í efnahagsmálum, að efni þessa frv. Þó að þetta atriði, sem ég hef minnst á varðandi breytingu á launa- og kjarasamningum, sé auðvitað aðalefni frv., meginefni þess og það sem frv. er raunverulega samið út af, þá er að finna í þessu frv. enn þá meira. Þar er fyrst og fremst um að ræða ákvæðin sem eru í 3. gr. frv. En 3. gr. frv. er orðuð á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá og með 1. jan. 1979 skulu óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Kauplagsnefnd skal meta hvað telja skuli óbeina skatta í þessu skyni.“

Þetta er býsna athyglisvert ákvæði í þessu frv. Ljóst er, að ákvæði samkv. þessari grein eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1979, kannske eftir daga þessarar ríkisstj. En henni þykir nú samt sem áður vissara að setja þetta ákvæði. Kannske er þetta hin eina formlega tilkynning sem komið hefur frá stjórnarflokkunum um það, Framsfl. og Sjálfstfl., að þeir ætli, hvað sem öðru líði, að reyna að halda áfram í ríkisstj. að kosningum loknum. Þetta verður að skoðast sem bein stefnumörkun af þeirra hálfu, tilkynning um það, hvað þeir ætli að gera eftir kosningar. Á ýmsan hátt er gott að stefnumarkandi ákvæði eins og þetta standa svört á hvítu á þennan hátt. Þeir geta þá kannske ekki alveg með sama hætti, framsóknarmennirnir, snúið sér við í einu kjördæminu eftir annað, þegar kemur út í kosningabaráttuna, og sagt að þeir séu alveg óbundnir af því með hverjum þeir ætli að vinna. Það liggur þá kannske nokkuð ljóst fyrir, hvert stefnt er. Það tekst þá kannske ekki eins vel að leika á kjósendur. En það er stefna út af fyrir sig, að þessir tveir flokkar ætli sér að mynda stjórn saman eftir kosningar og halda áfram þessari margumtöluðu efnahagsstefnu sinni.

Hvað felst svo nánar í ákvæðum þessarar 3. gr., að hverju er stefnt? Þarna er auðvitað um stórkostlega hótun að ræða við launþegasamtökin í landinu. Þarna er það boðað, að eftir 1. jan. 1979 skuli sá háttur vera hafður á, að þó að stjórnvöld hækki söluskatt um næstum að segja hvað sem er, hækki tolla, hækki hið margum-

talaða vörugjald eða hækki bensínskattinn, þá eigi slíkar hækkanir á verðlagi ekki að teljast með í útreikningum í sambandi við verðbætur á laun. M. ö. o.: þetta mundi þýða það í fram kvæmd, að ef launþegasamtökin semdu um tilteknar launabætur, þegar samningar renna næst út á þessu ári, 1. des., 5%, 10%, 15% eða hvað sem væri, miðað við aðstæður, þyrfti ríkisstj. ekkert að vera að velta því fyrir sér. Hún gæti samþykkt daginn eftir að taka allar launabæturnar, sem um var samið, til baka í því formi að hækka þessa skatta sem nemur launahækkuninni og þar með væri kaupmáttaraukningin strikuð út. Hér er vitanlega verið að kippa grundvellinum undan því, að launþegasamtökin í landinu geti samið til langs tíma með einhverjum öryggisákvæðum, eins og þau hafa gert. Það á að kippa öryggisákvæðunum úr sambandi.

En það er ekki aðeins þetta sem í þessu felst. Það sama má í rauninni lesa út úr frv. í heild, því að þetta frv. í heild boðar það, að sú ríkisstj., sem fyrir rétt rúmlega þremur mánuðum skrifaði hátíðlega undir launa- og kjarsamninga við starfsmenn sína eins og hver önnur alvöruríkisstj., kemur og ætlar að rifta þessum samningum, hún slítur þeim þremur mánuðum eftir að hún hefur undirskrifað þessar skuldbindingar. Það gefur auðvitað auga leið, að þau launþegasamtök, sem þannig á að fara með, geta ekki treyst undirskrift þessarar ríkisstj. á nokkurn hátt. Þau vita að undirskrift hennar er ómerk, hún getur hlaupið frá skuldbindingum sínum hvenær sem er. Hún getur alveg eins hlaupið frá þeim eftir einn mánuð eins og eftir þrjá mánuði. Hún vill ekki standa við gerða samninga. Önnur launþegasamtök í landinu, eins og t. d. félög Alþýðusambands Íslands, gerðu sína launasamninga 22. júní á s. l. sumri. Ríkisstj. var raunverulega beinn aðili að þeim samningum. Hún fylgdist með þeim stig af stigi og lagði blessun sína yfir þá samningagerð. Hún ætlar einnig að svikja þessa samninga með þeim lögum sem hún ætlar sér að setja. Auðvitað er framkoma af þessu tagi siðlaus, þetta er alveg siðlaus framkoma. Og það er rétt fyrir ríkisstj. að átta sig á því, að svona siðlaus framkoma leiðir af sér að þeir, sem fyrir henni verða, telja sig ekki heldur bundna af neinum föstum reglum. Sá veldur miklu sem upphafinu veldur í þessum efnum. Menn þurfa ekki að halda að aðeins annar aðilinn geti sagt: Þið skuluð fara að lögum, ég þarf ekki að fara að lögum. — Þar skilur nefnilega á milli og menn eiga kannske eftir að verða varir við þetta á óþægilegan hátt.

Þrátt fyrir þetta allt, þó að svona sé staðið að málum, kemur hæstv. ríkisstj. og tekur undir það, sem fram kemur í skýrslu þeirri sem kennd er við verðbólgunefnd, að í rauninni sé ekki hægt að búast við neinum árangri í átökunum við verðbólguna nema gott samstarf takist á milli stjórnvalda og launþegasamtakanna í landinu. Lokaorð þessarar skýrslu hljóða á þessa lund, í beinu framhaldi af því, að stungið hefur verið upp á að komið yrði á sérstakri samvinnunefnd á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins, — þeirri samvinnunefnd sem hæstv. forsrh. ræddi um í sínu máli, — síðustu orð skýrslunnar eru á þessa lund:

„En á hinn bóginn er víst, að forsendurnar fyrir bættri stjórn á efnahagsmálum verða betri, ef þessari skipan er komið á, og verðbólguvandinn verður aldrei farsællega leystur nema með víðtækari samstöðu þeirra þjóðfélagsafla sem gert er ráð fyrir að aðild eigi að samvinnunefndinni.“

Menn búast sem sagt við því, að tekist geti eðlilegt samstarf á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda þegar stjórnvöld haga sér á þann veg sem hér er gert. Ég held að enginn þurfi um það að efast, að eftir það, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að gera í efnahagsmálum, hefur hún fyrirgert öllum rétti sínum til þess að fara fram á traust launþegasamtakanna og fara fram á samstarf við þau samtök í landi okkar. Það er alveg augljóst mál, að samstarf af því tagi, sem hér er rætt um í skýrslu verðbólgunefndar, getur aldrei orðið á milli launþegasamtakanna og núv. ríkisstj. Það er útilokað með öllu. Og það er hæstv. ríkisstj. sem er að útiloka það með tillögugerð sinni.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er býsna einkennilegt á margan hátt. Allir kannast við það, að frá því hefði verið skýrt að fram hefðu komið í verðbólgunefnd ábendingar um fjóra valkosti sem til greina gætu komið nú til ákveðinna skyndiráðstafana í efnahagsmálum. Þarna var talað um fjórar mismunandi leiðir. Það er ljóst að hæstv. ríkisstj. hefur ekki valið neina þessa leið. Hún hefur að vísu krafsað nokkuð í allar leiðirnar, tekið eitt úr þessari og annað úr hinni og búið til þann óskapnað sem liggur fyrir í þessu frv. Hins vegar hafði komið fram hjá meiri hl. — ef hægt er að tala um meiri hl. verðbólgunefndar þar sem átt er við sex fulltrúa stjórnarflokkanna af 13 mönnum sem sátu í nefndinni — og er ljóst, að þeir lögðu til að farin yrði svonefnd fimmta leið. Frá henni er vikið í mjög ríkum mæli. Það var t. d. gert ráð fyrir því í þessari leið, sem formaður verðbólgunefndar hafði sett fram, að vörugjaldið yrði lækkað úr 18% niður í 9%. Í till. er gert ráð fyrir að gjaldið verði lækkað úr 18% í 16%. Einnig var gert ráð fyrir í þessum till. að auka niðurgreiðslur á vöruverði í landinu um 1900 millj., í till. ríkisstj. er farið í 1300 millj. Hins vegar er að finna í frv. ríkisstj. á ýmsan hátt miklu harðari aðgerðir en minnst hafði verið á í þessari svonefndu fimmtu leið hjá formanni verðbólgunefndar.

Ég hygg að enginn maður geti efast um það, sem lítur á þessi mál, að hér er ekki um að ræða líklega leið til árangurs í glímunni við verðbólgu okkar. Það er enginn vafi á því, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, munu í reynd ekki draga úr verðbólgunni. Þær munu miklu frekar magna vandann og gera hann meiri en hann var áður, því að ég held að mjög barnalegt sé af ríkisstj. að búast við því, að launþegasamtökin, miðað við þá stöðu sem hún hafa í dag, láti bjóða sér það þegjandi sem í þessu frv. felst eða þau láti við það eitt sitja að mótmæla þessum aðgerðum. Ég held að eng-

inn vafi sé á því, að ríkisstj. verði að búa sig undir að þessu verði svarað af hálfu launþegasamtakanna í landinu með hörðum aðgerðum.

Í framhaldi af þessu, sem ég hef sagt, þykir mér nokkur ástæða til þess að víkja nokkrum almennum orðum að hinum sérstaka verðbólguvanda hér á landi. Að þessu atriði er nokkuð vikið í þessari skýrslu sem forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar tók saman og kennd er við verðbólgunefnd. Ég vil hins vegar undirstrika í máli mínu, að þessi skýrsla, sem hér liggur fyrir, er ekki skýrsla nefndarinnar sem heildar. Hið rétta er, að hún er tekin saman af starfsmönnum og forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, og það er fyrst og fremst forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar sem á þær hugmyndir og ábendingar sem hér koma fram. Það er hins vegar rétt, að sex fulltrúar í nefndinni, þ. e. a. s. fjórir, sem hægt er að telja í rauninni beina fulltrúa ríkisstj.-flokkanna, og tveir aðrir, sem hafa verið ráðunautar ríkisstj. í efnahagsmálum, þ. e. a. s. forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og seðlabankastjóri, Jóhannes Nordal, þessir sex fulltrúar skrifa undir þá yfirlýsingu, að þeir fallist á öll þau grundvallarsjónarmið sem koma fram í þessari skýrslu. Fimm aðrir fulltrúar sem sátu í þessari nefnd, þ. e. a. s. fulltrúi Alþýðusambands Íslands, fulltrúi BSRB og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna þriggja, Alþb., Alþfl. og Samtakanna, taka hins vegar fram í sínu séráliti, að þeir standi ekki að þessu áliti, og gera sérstakar till. Fulltrúi Vinnuveitendasambandsins og formaður þess er svo með sérbókun, og er ekki hægt að sjá á henni að hann vilji binda sig við þetta álit. Formaður Stéttarsambands bænda og fulltrúi þess í nefndinni lætur líka bóka hér sérálit. Er augljóst að hann er með fyrirvara gagnvart mörgu af því sem fram kemur í skýrslunni, og skrifar ekki undir hana þannig að hann geri hana að sínu áliti. Í rauninni er því hægt að segja að þessi skýrsla sé skýrsla minni hl. nefndarinnar eða sex manna, en aðrir eru þarna með mikinn fyrirvara. Við, sem t. d. höfum tekið fram að við séum ekki aðilar að þessu áliti, höfum látið það koma skýrt fram, að að sjálfsögðu sé margt að finna í þessari skýrslu sem að okkar dómi væri réttilega á bent og þar kæmi fram rétt mat á vissum hlutum, við hefðum hins vegar ágreining uppi um margt annað, sem væri að finna í þessari skýrslu, og værum því ósamþykkir, kannske ekki allir ósamþykkir því sama, eins og verða vill. En hvað um það, komið hafa fram í þessari nefnd og þeim vinnugögnum, sem fyrir henni liggja, mjög margir þættir efnahagsmála almennt séð sem eru þess virði að þeir séu ræddir og þær staðreyndir séu dregnar fram.

Það var eitt verkefni þessarar nefndar, að hún átti að skilgreina hver væri ástæðan til hinnar miklu verðbólgu hér á landi undanfarin ár. Ég er á þeirri skoðun, að nefndin geti sagt það álit sitt á miklu einfaldari hátt en gert er í þessu plaggi og miklu skýrari hátt, því að ég held að menn hafi verið býsna sammála um nokkur meginatriði, þó að menn væru ekki sammála um allt. En það hefur nú tekist, eins og vill verða hjá hinum lærðu mönnum, að búa til langa og illlæsilega bók um þetta tiltölulega einfalda atriði, að gera grein fyrir því, hvernig staðið hefur á þessari íslensku verðbólgu undanfarin ár, þ. e. a. s. þeirri verðbólgu sem hefur verið hér umfram það sem þekkst hefur í okkar nágrannalöndum. Eigi að síður eru nokkur atriði, sem hér koma fram, sem eru þess eðlis, að ég held að ástæða sé til þess að víkja að þeim. Í upptalningu á þessum atriðum segir m. a. á þessa leið, — það er á bls. 7 í bókinni ef menn vildu fylgjast með, — orðrétt segir þar:

„Í fyrsta lagi jókst verðbólga að mun um allan heim á árunum um og eftir 1970. Þó keyrði um þverbak með verðhækkun hráefna 1972 og 1973 og var fjórföldun olíuverðs lokahrinan í þeirri hrið. Þessir atburðir höfðu mikil áhrif hér, fyrst með mikilli hækkun útflutningsverðs, sem kynti undir tekjuhækkun innanlands, og síðan með mikilli innflutningsverðhækkun. Viðskiptakjaraskellurinn, sem þessu fylgdi, var jafnaður með verðhækkandi ráðstöfunum innanlands."

Í framhaldi af þessu segir í skýrslunni, að á því leiki enginn vafi, að einkum og sérstaklega á árunum 1972—1974 hafi erlendar verðhækkanir átt stóran hlut í verðbólgunni hér á landi. Þetta er auðvitað atriði sem ýmsir okkar hafa bent á margsinnis, m. a. bent á þá staðreynd, að á árinu 1973 er talið að meðalhækkun á innfluttum varningi til landsins hafi numið 14%, mælt í erlendri mynt, og á árinu 1974 hafi meðalhækkun á innfluttum vörum til landsins, mælt í erlendri mynt, numið 34%. Auðvitað hafði þessi verðhækkunarbylgja, sem gekk yfir í heiminum um þetta leyti, sín áhrif hér. En þetta snerist við upp úr árinu 1974. Þá kom hins vegar allt annað til greina. Þá var sáralítil hækkun erlendis eða sem nam, eins og segir í þessari skýrslu, í kringum 5% að meðaltali árið 1975 og árið 1976 og menn höfðu reiknað með í kringum 7% á árinu 1977. En þrátt fyrir að þetta gerðist var verðbólgan langmest hér á landi eftir að verðlækkunin fór að segja til sín í okkar viðskiptalöndum. Rétt er í þessu sambandi að rifja í stuttu máli upp í tölum hækkanir í hinni margumtöluðu verðbólgu á þessum árum.

Árið 1973 varð verðbólga hér á landi 22.1%. Þá var hún á innfluttum vörum 14%. Árið 1974 var verðbólgan hér á landi 43%, en hækkunin á innfluttum vörum 34%. En árið 1975 var verðbólgan hér 49.4%, hækkun á innfluttum vörum aðeins 5%. Og árið 1976 var verðbólgan hér á landi 32.2%, en verð á innfluttum vörum hækkaði aðeins um 5%. Á árinu 1977 var verðbólgan hér um 33% og innflutningsverðhækkunin á milli 6 og 7%.

Auðvitað fer ekkert á milli mála, að hér skilur stórkostlega á milli, og þess skal einnig gætt, að á árunum 1972, 1973 og fram á árið 1974 gætti ekki aðeins þessara erlendu áhrifa á verðbólguna hér á landi, heldur hækkaði kaupmáttur launa hér á landi á þeim tíma stórkostlega, eins og skýrslur sýna miðað við það sem áður hafði verið. En svo byrjar ógæfan með núv. hæstv. ríkisstj. Á árinu 1975 fer verðbólgan upp þrátt fyrir tilfölulega litla hækkun á innfluttum vörum og þrátt fyrir að búið var að skera niður kaupmátt launa. Það sama gerðist aftur á árinu 1976 það

var mjög hagstætt framleiðsluár á allan hátt fyrir þjóðarbúið, hagstætt verð á erlendum mörkuðum, en samt var verðbólgan hér mjög mikil og áframhaldandi kjaraskerðing átti sér stað hjá launafólki. Og þetta gerist fram á mitt árið 1977. Allan þennan tíma var um kjaraskerðingu að ræða og tiltölulega lágt innflutningsverð, en bullandi verðbólga var hér á landi. Ekki þarf langt að leita til að átta sig á því, hvað hér var að gerast. Það, sem var að gerast, ef menn aðeins staldra við aðalatriðin, var þetta:

Hér var ríkisstj. við völd sem framkvæmdi þá stefnu í efnahagsmálum, að hún lækkaði gengið. Hún lækkaði gengið um leið og hún settist í stólana, strax daginn eftir. Hún lækkaði það aftur eftir 5 mánuði, í febrúarmánuði 1975. Og enn er hún að lækka gengið. Allan tímann þarna á milli hefur hún látið gengið síga með þeim afleiðingum sem ég nefndi, að erlendur gjaldeyrir hefur hækkað um 156% og leiðir af sér innlenda verðhækkun.

En ríkisstj. hefur gert betur á þessum tíma heldur en að beita þessu gengisvopni á þennan hátt. Þrátt fyrir hækkandi útflutningsverð, eins og á árunum 1976 og 1977, hefur hún einnig heimilað verðhækkanir á opinberri þjónustu langt umfram það sem verðlag hefur almennt hækkað í landinu. Ríkisstj. hefur gengið á undan með verðhækkanir. Það er sannleikur málsins. Og þegar einkareksturinn allur hefur séð að opinber þjónusta hækkaði enn þá meira en almennt verðlag í landinu, þá sótti einkaframtakið í sig veðrið og verðhækkanirnar innanlands urðu meiri. Hér var við völd verðhækkunarríkisstj. Svo fór hún að grípa til ýmiss konar ráðstafana. Alltaf var hún að rétta við ríkissjóð. Alltaf var verið að reyna að ná jafnvægi í ríkisfjármálum. Menn gátu lesið með ákveðnu millibili í Morgunblaðinu, að þeir voru þar að ná stórkostlegum árangri. Alltaf voru þeir að bæta stöðuna. Að vísu segja allar tölur sem liggja hér fyrir, m. a. í þessari verðbólguskýrslu, að ríkissjóður hefur verið rekinn þannig á þessu tímabili, þessu góðæri, eins og árunum 1976 og 1977, að skuldaaukningin við Seðlabankann á tímabili núv. ríkisstj. nemur um 15 milljörðum. Þessi 15 milljarða kr. skuldaaukning við Seðlabankann hefur vitanlega verkað eins og bensín á verðbólgubálið, hreinlega eins og bensín. En þeir hafa alltaf verið að ná árangri þarna í fjmrn. Svo vel hafa þeir staðið sig, — við skulum bara taka nýjasta dæmið, þó ekki það sem hér liggja fyrir, en aðeins eldri, — að það er ekki lengra síðan en líklega 20. eða 21. des., rétt áður en þm. fóru heim í jólaleyfi, að hæstv. fjmrh. sagði ásamt öðrum ráðh. að afkoman á þessu ágæta ári sem væri að líða, árinu 1977, væri ágæt, það mundi standast, að jöfnuður yrði hjá ríkinu, hann mundi standa við það að lækka skuldina við Seðlabankann um 2 milljarða, eins og áætlað hafði verið í fjárlögum.

Þetta var rétt í kringum 20. eða 22. des. Svo fóru menn heim og lögðu sig fyrir jólin og lágu yfir jólin, en skoðuðu eitthvað á milli jóla og nýárs. Rétt upp úr áramótunum koma þeir með skýrslur og segja: Því miður, skuldin við Seðlabankann jókst um 3.7 milljarða. — Það er nú ekki lengi að hlaupa á milljörðunum hjá þessum aðilum. Auðvitað sýndi þetta dæmi, að fjármálastjórnin var ekki betri en svo, að menn vissu ekkert hvað var að gerast á því heimili. Þeir vissu ekkert um það. Og þannig hefur tekist til með fjármálastjórnina, eins og þessar tölur sanna, með tilheyrandi afleiðingum auðvitað í sambandi við óbein áhrif hér innanlands á verðbólguna.

En það er ekki aðeins á þessu sviði sem ríkisfjármálin og stjórn peningamála hafa komið út á þennan hátt og magnað þann efnahagsvanda sem við er að glíma. Við skulum líta á aðra þætti.

Það fer ekkert á milli mála, að hvernig sem menn vilja skipta þessari verðbólgunefnd í búta, þá held ég að næstum allir þessir bútar, sem er um að ræða í verðbólgunefnd, séu þó sammála um að gífurleg skuldasöfnun við útlönd á undanförnum árum, í tíð núv. ríkisstj., hefur líka verkað alveg eins og olía á verðbólgueldinn. Innflutningur fjármagns í jafnríkum mæli og þar hefur verið til almennra verklegra framkvæmda hefur vitanlega leitt til ákveðinnar peningaþenslu innanlands og ekki nóg með það, heldur hafa einnig verið tekin lán í stórum stíl, lán erlendis, bein gjaldeyrislán, til þess að standa undir alls konar innflutningi, þörfum og óþörfum. Það er þessi erlenda lántaka, það er þessi óráðsía í þessum efnum sem hefur líka að allra dómi haft sínar sterku afleiðingar á verðbólguvandamálið hér.

Við skulum taka einn þáttinn enn. Um það eru menn ekki sammála í verðbólgunefndinni. Það hefur mjög borið við hjá efnahagssérfræðingum þeim sem ríkisstjórnir, ekki aðeins þessi, heldur og aðrar ríkisstjórnir á undan henni, hafa stuðst við, að þessir sérfræðingar finna eitt út í dag og annað á morgun. Stundum var einhver ein kenning í rauninni lausn á öllu saman, ef menn framkvæmdu hana *yrði þetta í lagi*. Síðasta kastið, sem þeir fengu í þessum efnum, kom þegar öllu átti að kippa í lag með því að hækka vexti og enn eru þeir á þeirri braut að hækka vextina. Auðvitað hefur þessi gífurlega vaxtahækkun orðið til þess m. a., að afkoma atvinnurekstrarins í landinu, alveg sérstaklega útflutningsatvinnugreinanna, hefur alltaf farið versnandi og versnandi og afstaðan hefur orðið þeim mun bölvaðri sem verr hefur staðið á hjá þessum fyrirtækjum að öðru leyti. Síðustu skýrslur, sem liggja fyrir um afkomu frystiiðnaðarins í landinu og mest hefur nú verið talað um, sýna t. d. að frá árinu 1976 og til ársins 1978, sem skýrslan er fyrir, hoppar vaxtaútgjaldatalan úr rúmlega 2 milljörðum upp í 4.5 milljarða hjá frystiiðnaðinum eða hjá fiskvinnslunni. Auðvitað eykur þetta á allan hallarekstur, en hefur ekki bætt nokkurn skapaðan hlut í sambandi við efnahagsmálin almennt séð í landinu. Og þó að efnahagssérfræðingarnir og hæstv. ríkisstj. hafi reynt að afsaka þessar aðgerðir sínar í vaxtamálum með því að á þann hátt væri verið að reyna að vernda sparifé hinna fátæku sparifjáreigenda, sjá allir, að þeim hefur ekki tekist á nokkurn hátt að auka vernd sparifjár þessara aðila. Hvað þýðir t. d. gengislækkunin, sem var verið að samþykkja hér í gær, fyrir sparifjáreigendur? Skýrslur, sem liggja fyrir, sýna að sparifjáreign í bankakerfinu var um síðustu áramót 76 milljarðar kr. Hvað þýðir í rauninni gengislækkun fyrir þessa fjárhæð sem þarna stendur inni? Hún þýðir einfaldlega það, að

verið er að skera niður verðgildi þessara 76 milljarða um 13% eða skera í einu lagi niður verðgildi þessara innstæðna um 10 milljarða kr., með einu pennastriki í sambandi við kaupmátt þessara króna gagnvart innfluttum vörum. Svo geta menn auðvitað komið og sagt: Ja, við hækkum nú vextina um 2—3% á móti. — En auðvitað eru sparifjáreigendur verr settir eftir en áður. Vaxtahækkunarstefnan hefur auðvitað ekki leyst nokkurn vanda, en aukið á vandann, heldur áfram að magna verðhækkunarskrúfuna sem ýtir á gengislækkun, sem yrði fyrr, en ekki síðar, vegna hennar. Ég held að ákaflega nauðsynlegt sé að menn átti sig á því, að t. d. varðandi útflutningsfyrirtæki er þetta svo einfalt mál, að ef búið er að hnýta alla kostnaðarliði aftan í verðbólguna með verðtryggingu, ef búið er að hækka rafmagnið í hlutfalli við verðbólgu, ef búið er að hækka alla kostnaðarliði í hlutfalli við verðbólgu og vextina í hlutfalli við verðbólgu, þá leiðir af því sjálfkrafa að menn verða að hreyfa gengið líka um leið. Þetta er gengislækkunarleið, ósköp einfaldlega. Það er allt annað mál, eins og ég hef bent á, að meðan enn er ríkjandi verðbólga og hætta á því að útlán úr lánasjóðakerfi og úr bankakerfi geti farið til þeirra sem geta náð til sín verðbólgugróða í gegnum fasteignabrask, þá séu slíkir aðilar látnir borga háa vexti eða lagður á þá sérstakur verðbólgugróðaskattur og notaður til þess að verðbæta sparifé, en ekki á að fara þá leið að ofþyngja atvinnurekstrinum með vaxtaútgjöldum, svo að það geti í rauninni enginn heilbrigður rekstur átt sér stað.

Ég hef hér drepið á nokkur atriði af þeim, sem gefa skýringu á því sem hefur verið að gerast í okkar efnahagsmálum í tíð núv. ríkisstj. Þar hef ég minnst á gengislækkunarstefnu hennar og þar hef ég einnig minnst á léttleika hennar í því að leyfa sífellt verðhækkanir á öllum sviðum. Ég hef farið inn á vatahækkunina þar til viðbótar og sífellda skattahækkun sem látin hefur verið ganga út í verðlagið. En það er ekki aðeins í sambandi við þessi beinu áhrif þar sem þessar aðgerðir allar stefna til verðhækkana, heldur er það einnig með stjórn efnahagsmála á hinu óbeina sviði, þ. e. a. s. varðandi stjórn peningamála eða fjármála ríkisins og í sambandi við stjórn peningamála almennt séð, þar sem stefnan hefur verið röng. Ég ætla að bæta hér við einu atriðinu enn sem í rauninni er engin deila um heldur, það er greinilega skýring á þeirri óstjórn sem hér hefur verið á undanförnum árum í efnahagsmálum, en hún snýr að fjárfestingarmálum.

Það taka víst allir undir það nú orðið, að fjárfesting hafi nú á síðustu árum, miðað við alla efnahagssöðu þjóðarbúsins, verið allt of mikil og að hún hafi verið mislukkuð að verulegu leyti. Hins vegar eru menn ekki á það sáttir, úr hvaða greinum fjárfestingarmálanna eigi helst að draga. Þar kemur upp ágreiningur. Ég þekki það t. d. af ráðum ýmissa sérfræðinga, — þeir eru sem betur fer farnir að minnka það nú eftir að hafa rekið sig á — og það hefur einnig komið oft fram hjá hæstv. ríkisstj., að það hafi verið lagt of mikið í fjárfestingu í sambandi við endurnýjun á atvinnutækjum okkar, eins og t. d. kaup á nýjum og góðum fiskiskipum og það hafi verið lagt of mikið í það að umbreyta þýðingarmesta útflutningsiðnaði okkar til meiri hagkvæmni, þ. e. a. s. fiskiðnaði okkar. Ég held að nú sé svo komið að þeir fari að verða fáir sem séu svo blindir, að þeir sjái ekki að þessi fjárfesting, sem sérstaklega átti sér stað á tíma vinstri stjórnarinnar, en sem betur fer hefur þó haldið áfram í tíð þessarar stjórnar, þó að hafi verið stórlega dregið úr þessari fjárfestingu frá því sem hefði átt að vera, — þessi fjárfesting hefur skilað vaxandi þjóðartekjum og arði í þjóðarbúið. En það er hins vegar önnur fjárfesting, sem óumdeilanlega liggur fyrir, sem er mjög mislukkuð.

Ég vil nefna í því sambandi, aðeins til þess að sýna dæmi sem skýri það sem ég er að segja, að auðvitað er Krafla langaugljósasta dæmið. Ég nefni hana engan veginn vegna þess að ég vilji kenna einum frekar en öðrum um þau mistök. Það er mál út af fyrir sig, hver þá sök á eða hvort yfirleittt er hægt að kenna nokkrum einstaklingi um það. En það er staðreynd sem við getum ekki umflúið, að í Kröflu eru komnir í kringum 9 milljarðar kr. og þessir 9 milljarðar kr. í fjárfestingu gefa ekkert af sér. Við verðum á þessu ári að borga með þeim talsvert á annan milljarð samkv. okkar fjárskuldbindingum án þess að leggja þar í nokkra viðbótarfjárfestingu. Fjárfesting af þessu tagi, sem hægt er að nefna víða, þó að þessi sé út af fyrir sig stærst, hefur reynst okkur dýr vegna þess að hér hefur verið ríkjandi það ástand í fjárfestingarmálum sem kalla má með sanni stjórnleysi. Hér hefur þetta verið látið reka á reiðanum, hvernig staðið væri að fjárfestingarmálum, og dregið hefur verið úr fjárfestingunni til okkar eigin atvinnuvega, þar sem helst var von á að arður kæmi í aðra hönd. Hins vegar hafa menn verið að eyða miklum fjármunum og taka stórlán til þess að undirbúa stóriðjudrauma sína. Menn hafa staðið í virkjunarframkvæmdum sem hafa algerlega verið hugsaðar út frá stóriðju. Það hefur auðvitað reynst efnahagskerfi okkar mjög kostnaðarsamt.

Núna stöndum við í einni þeirri vitlausustu fjárfestingu sem menn hafa lagt hér út í, en það er fjárfestingin uppi á Grundartanga. Á þessu ári, þegar menn eru að tala um samdrátt, er gert ráð fyrir, að framkvæmdirnar uppi á Grundartanga muni nema 8000 millj. kr. eða 8 milljörðum. Heildarframkvæmdirnar þar jafngilda örugglega að verðmæti þremur Kröflum, og ef þessar framkvæmdir reynast að öllu leyti mislukkaðar og við fáum ekkert fyrir þær nema kannske taprekstur, eins og áætlanir liggja fyrir um núna, þá er illa farið, þá segir þetta vitanlega til sín í afkomu þjóðarbúsins.

Það er vert að átta sig á því, að stefna núv. hæstv. ríkisstj. er ævinlega sú, að þegar kemur að því að glíma við hinn efnahagslega vanda, þá miðar hún ekki að því að gera breytingar í þessum efnum, sem ég hef hér gert að umtalsefni, þar sem gallinn liggur, þar sem skekkjan liggur, heldur setur ríkisstj. dæmið upp á þennan veg: Í rauninni er bara um að ræða þrjár leiðir til að leysa þennan vanda á. Það er í fyrsta lagi kaupið, það skiptir mestu máli að ná því niður. Í öðru lagi kemur alltaf til greina hjá henni og ýmsum efnahagssérfræðingum að skera niður ýmiss konar félagslega þjónustu, það er hægt að minnka hana, það er t. d. vel hægt að tala um hvort eigi

ekki að láta sjúklingana fara að borga matinn ofan í sig á sjúkrahúsum, það er hægt að tala um það, það hafa ráðh. rætt um hér. Það er sem sagt spurningin um að draga úr félagslegri þjónustu. Og þriðja leiðin er svo sú, að menn geta líka hugsað sér að leysa vandann með því að draga úr félagslegum framkvæmdum. Búið er að draga stórkostlega úr því fjármagni, sem fer til hafnargerða í landinu, til skólabygginga í landinu, til sjúkrahúsabygginga, til barnaheimilisbygginga og annarra slíkra ráðstafana. Raunverulega er varið, miðað við verðgildi, minna fjármagni í þessar framkvæmdir nú en áður var. Þetta eru leiðirnar sem íhaldsstjórn af því tagi sem hér situr við völd nú getur alltaf hugsað sér. Á þessum liðum er hægt að spara. En hún er ekki til viðtals um að endurskoða neitt af þeim liðum, sem þó er óumdeilanlegt að mikil skekkja er í, þar sem gerðar hafa verið örlagaríkar villur.

Ég skal nú fara að stytta mál mitt, vegna þess að það líður ört á tímann. Hér eru að vísu mörg önnur atriði sem snerta þetta mál sem heild og fyllilega væri ástæða til að gera hér að umtalsefni, ekki síst í sambandi við þá skýrslu sem liggur fyrir frá þessari svonefndu verðbólgunefnd eða þeim hluta hennar sem að skýrslunni stendur. Ég skal fara að stytta mitt mál, en vil segja það undir lokin, að aðalatriðið er þetta:

Ríkisstj. heldur enn fast í sömu stefnu og hún hefur haldið í undanfarin ár. Hún er enn með gengislækkunarstefnu. Hún er enn með kauplækkunarstefnu. Hún er enn á því að hækka verðlag í landinu. Hún ætlar hins vegar að reyna að koma því þannig fyrir, að verðhækkanirnar verði ekki reiknaðar út, að þær komist hvergi inn í vísitölu sem menn geti miðað kaupgjald sitt við. Það var ríkisstj. sem reyndi þetta fyrir nokkrum árum, að banna að tengja kaupgjald á nokkurn hátt við vísitölu. Hún reyndi það. En auðvitað gátu menn reiknað út hækkun á verðlagi, þó að vísitalan næði ekki sem slík inn í kaupið. Og þeir, sem reyndu að slíta vísitölukerfið frá kaupinu á sínum tíma, gáfust upp, vegna þess að launþegasamtökin í landinu svöruðu þessum aðgerðum með því að semja aðeins til örstutts tíma. Samningar voru alltaf lausir. Það voru í raun inni alltaf átök á vinnumarkaði. Það var hægt að margbreyta kaupinu á hverju ári, þó að búið væri að slíta vísitöluna úr sambandi við kaupið. Og þeir, sem héldu að þetta væri leið út úr öllum vanda, hægt væri að plata launþegana í landinu á þennan hátt, komu niðurlútir aftur og vildu fá vísitöluna í samband svo að þeir gætu fengið eitthvert öryggi á vinnumarkaðinum í sambandi við launafyrirkomulag.

Auðvitað er engin leið út úr vandanum þó að ríkisstj. komi með ákvæði um að falsa vísitöluna. Launþegasamtökin á Íslandi eru svo sterk að þau geta alveg örugglega ráðið við slíkan vanda. En ég tek undir það sjónarmið sem kom fram hjá forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar í sambandi við verðbólgunefndarálitið: Ég er á þeirri skoðun, að með öllu sé útilokað, eins og ástatt er í íslenskum þjóðmálum, að ná nokkrum tökum á efnahagsvandamálum þjóðarinnar nema takist tiltekið samstarf og ákveðinn trúnaður á milli þeirra, sem stjórna landinu og ráða þar meginatriðum, og hinna, sem skipa hin stóru og þýðingarmiklu launþegasamtök í landinu. Ég tel hins vegar að það sé orðið alveg augljóst, að ekki getur orðið um neinn trúnað að ræða á milli þessarar ríkisstj. og launþegasamtaka eftir þær aðgerðir að aðferðir sem ríkisstj. hefur beitt. Því er það skoðun mín, að leiðin út úr vandanum sé að losa sig við þessa ríkisstj. og reyna að koma hér upp annarri ríkisstj., sem gæti náð þessu trausti. Ef það ekki tekst, halda menn áfram að taka þær kollsteypur sem hér hafa verið farnar undanfarin ár. Auðvitað er hægt að fella gengið þrisvar — fjórum sinnum á ári. Það er hægt að slíta í sundur launasamninga. Það er hægt að fara í verkfall oftar en einu sinni á ári. Það er hægt að halda áfram þessum þýðingarlausa leik. En ég spái því, að þeir fjölmörgu launþegar í landinu, sem hafa látið villa sér sýn að undanförnu, með því að þeir héldu að þeir gætu barist fyrir kjaramálum sínum og launamálum almennt í sínum stéttarfélögum þó að þeir héldu áfram að styðja Sjálfstfl. og Framsfl. á pólitíska sviðinu, ég spái því, að nú fari þessir launþegar að átta sig á villu síns vegar, þeir sjái að þetta er með öllu vonlaust verk sem þeir hafa staðið í, það þýðir ekki fyrir þá að berjast fyrir launakjörum við samningaborðið og ganga svo að kjörborði og kjósa íhald og Framsókn á eftir, sem síðan kippir öllum samningum úr sambandi, og hefja svo launabaráttuna á nýjan leik og kjósa íhaldið og Framsókn aftur og standa í þessari þráskák. Hinn stóri launþegahópur áttar sig á samhengi þessara mála hann hlýtur að gera það nú í kosningunum í sumar. Það er búið að gera svo mikið í þessum málum, að útilokað er annað en nú hafi menn lært lexíuna til fulls. Þá er þetta líka greið leið, þegar menn eru búnir að átta sig á því, því að þá er ekkert annað en að hætta að krossa við íhald og Framsókn og losa sig við þau einu sinni fyrir allt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Hvað felst í grundvallaratriðum í þeim efnahagsráðstöfunum ríkisstj. sem hér eru til umr.? Annars vegar felst í þeim gengislækkun, hins vegar felst í þeim skerðing á umsömdum verðbótum launþega með riftingu á gildandi kjarasamningum.

Gengislækkunin var orðin staðreynd. Ríkisstj. var búin að fella gengið með stefnu sinni, enda t. d. gert ráð fyrir 18% gengislækkun í gildandi fjárl. Gengislækkun hefur á þessum dögum og vikum verið algerlega óumflýjanleg. Hún var orðin staðreynd. Hún er afleiðing af margra ára stefnu núv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Hitt er aftur á móti mikilvæg spurning: Var hægt að komast hjá skerðingu kjarasamninganna? Var það mögulegt? Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á þá till. sem fulltrúar launþegasamtakanna og fulltrúar þriggja stjórnarandstöðuflokka í verðbólgunefndinni urðu sammála um og ástæðulaust er að lýsa nákvæmlega hér, því að allir hv. þm. hafa fengið bók á borðið, álit verðbólgunefndar, og þar er þessi till. rakin greinilega. Þar var um að ræða till. um lækkun á verðlagi sem nemur 7% og bent á ákveðnar leiðir til að gera slíka verðlagslækkun kleifa.

Því miður hefur það of oft borið við undan-

farið, að bæði launþegasamtök og stjórnarandstöðuflokkar hafa mótmælt ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur haft á prjónunum eða verið að framkvæma eða ætlað að framkvæma og framkvæmt, án þess að benda á færar leiðir í staðinn. Það hlutskipti kusu fulltrúar launþegasamtaka í verðbólgunefndinni, Alþýðusambandsins og bandalags opinberra starfsmanna, og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna sér ekki. Þeir lögðu mikla vinnu í að ná samstöðu um raunhæfar ráðstafanir til að vinna bug á þeim efnahagsvanda sem engum viti bornum manni dettur í hug að bera á móti að við er að etja. Þessar till. liggja fyrir og voru samdægurs, þegar í fyrradag, sendar hæstv. ríkisstj. með ósk um viðræður milli hennar og launþegasamtakanna. Því var svarað síðdegis í gær með því að boða til fundar í Stjórnarráðinu með hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., sem reyndist sögulegur fundur og ég mun segja svolítið nánar frá á eftir, en um alvöruviðræður á grundvelli einróma till. fulltrúa launþegasamtaka og þriggja stjórnarandstöðuflokka var ekki að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj. og að því mun ég koma síðar.

Eins og greinilega kemur fram í áliti verðbólgunefndarinnar setti formaður nefndarinnar, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, fram fimm valkosti fyrir nm. til að velja á milli. Fyrsti kosturinn var fólginn í því að gera ekki neitt. Enginn nm. taldi koma til greina að loka augunum og láta svo sem um engan efnahagsvanda væri að ræða. En hann benti á fjórar aðrar færar leiðir sem hann nefndi leið 2—5.

Hann benti á leið, afleiðina svokölluðu, sem hann nefndi samdráttar- og niðurfærsluleið, sem var á því byggð að kjarasamningar héldust óbreyttir. Ég vek sérstaka athygli á þessu, að leið 2 í áliti verðbólgunefndarinnar, sem formaðurinn nefndi samdráttar- og niðurfærsluleið, var talin samrýmast því, að gildandi kjarasamningar héldust óbreyttir. Ég mun lýsa því nánar síðar.

Þriðja leiðin var svonefnd launastöðvunarleið, fjórða leiðin var svonefnd gengislækkunarleið og fimmta leiðin var það sem hann nefndi málamiðlunarleið. Allar þessar þrjár síðastnefndu leiðir, launastöðvunarleiðin, gengislækkunarleiðin og málamiðlunarleiðin, fólu í sér að kjarasamningar væru skertir. M. ö. o.: formaður nefndarinnar, helsti sérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, benti á fjórar færar leiðir. Ein þeirra samrýmist því, að kjarasamningar haldist, þrjár þeirra krefjast þess, að kjarasamningum verði breytt.

Af því að það er flókin lesning, sem fólgin er í lýsingu leiðanna í þessari þykku bók sem þm. hafa fyrir framan sig, þá skal ég reyna að einfalda málið.

Fyrst lýsi ég kjarnanum í leið 2, þ. e. a. s. samdráttar- og niðurfærsluleiðinni, þeirri leið sem helsti efnahagssérfræðingur Íslendinga taldi vera færa og geta samrýmst óbreyttum samningum. Ég skal taka það fram, að þá var gert ráð fyrir því, að gengið yrði áður að lækka um 10% og hefur nú lækkað um 15% frá áramótum. En fjárhagslegur kjarni í samdráttar- og niðurfærsluleiðinni var sá, að vörugjald væri lækkað um helming, sem hefði kostað 3400 millj. kr., niðurgreiðslur yrðu auknar um 1000 millj., rekstrargjöld ríkisins yrðu lækkuð um 1000 millj., framkvæmdir ríkisins yrðu minnkaðar um 2000 millj., framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrði lækkað um 1900 millj., útsvörin hækkuð um 1% sem gæfi 1900 millj., tekjuskattur ríkisins yrði hækkaður um 1700 millj. og tekjuskattur á félögum eða skyldusparnaður á félögum yrði hækkaður um 600 millj. Með þessu móti hefði efnahagsdæmið gengið upp að dómi formanns verðbólgunefndar og forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar. Ég endurtek: að undangenginni 10% gengislækkun, en að óbreyttum gildandi kjarasamningum.

Þriðja leiðin, sem hann nefndi og skírði launastöðvunarleið, fól það í sér, að allar kauphækkanir yrðu bannaðar út árið. Þá þyrfti gengislækkun, var sagt, ekki að nema nema 8%, og jafnframt var gert ráð fyrir aukningu niðurgreiðslna sem næmi 1000 millj. kr. eins og í annarri leiðinni. Enginn í verðbólgunefnd mælti með þessari launastöðvunarleið. Það var enginn fulltrúi sem mælti með því, að launahækkanir yrðu alfarið bannaðar út árið.

Fjórðu leiðina nefndi formaður nefndarinnar gengislækkunarleiðina. Í henni fólst í aðalatriðum það, að gengið yrði lækkað um 20%, en hins vegar yrðu niðurgreiðslur auknar um 1900 millj., næstum helmingi meira en í fyrri leiðunum, en aðeins yrði um 1000 millj. kr. lækkun útgjalda ríkissjóðs að ræða. Jafnframt var vegna hinnar miklu gengislækkunar gert ráð fyrir ýmsum hliðarráðstöfunum: hækkun á lífeyrisbótum, hækkun tekjutryggingar o. s. frv. Það mælti heldur enginn af fulltrúum í verðbólgunefnd með þessari leið.

Fimmtu og síðustu leiðina, sem formaður verðbólgunefndarinnar setti fram og lýst er í bókinni, nefndi hann málamiðlunarleið. Af henni voru að vísu þrjú afbrigði, en til þess að gera málið einfalt skal ég lýsa í stuttu máli því afbrigðinu sem valið var af hálfu fulltrúa stjórnarflokkanna í verðbólgunefndinni og þeirra sérfræðinga sem þar áttu sæti. Forsenda þeirrar leiðar var sú, að gengið yrði lækkað um 15% frá áramótum eða 13% frá deginum í fyrradag þegar gengið var lækkað um 13%. Það er í raun og veru sama gengislækkunarforsendan sem þessi fimmta leið, þessi málamiðlun, byggir á og sú sem ríkisstj. eða Seðlabankinn hefur þegar framkvæmt. Að öðru leyti er það kjarni þessarar leiðar, að vísitöluuppbót skuli skert um helming út árið, ég legg á það áherslu: út árið, m. ö. o.: skuli ekki hrófla við umsömdum grunnkaupshækkunum, en vísitölubætur skuli skertar um helming út þetta ár, til ársloka 1978. Við munum síðar sjá hversu mikla þýðingu þetta hefur.

Í þessari leið var gert ráð fyrir lækkun vörugjaldsins um helming, sem nemur 3400 millj. kr., þ. e. a. s. minnkaðar álögur á almenning um helming, sem nemur 3400 millj. kr. Hins vegar var aðeins gert ráð fyrir 2000 millj. kr. minnkun framkvæmda í stað allt að 5000 millj. kr. minnkun framkvæmda í annarri leiðinni, þ. e. a. s. samdráttar- og niðurfærsluleiðinni. Og að síðustu var gert ráð fyrir ýmsum hliðarráðstöfunum. Niðurgreiðslurnar áttu að lækka um 1900 millj. kr., það átti að auka tryggingabætur og gera

nokkrar aðrar ráðstafanir í félagsmálum. Þetta var sú leið, þessi málamiðlunarleið sem nú hefur verið lýst, sem fjórir fulltrúar stjórnarflokkanna og allir sérfræðingar ríkisstj. í verðbólgunefnd mæltu með að farin yrði. Ég gat ekki lýst fylgi mínu við að þessi leið yrði farin, og var því að sjálfsögðu aðili að till. fulltrúa launþegasamtakanna og stjórnarandstöðuflokkanna um þá leið sem þeir lögðu til og buðu samningaviðræður um. Ég legg áherslu á að í því plaggi, sem birt er í áliti verðbólgunefndarinnar og sent var ríkisstj. á sama klukkutímanum og það var undirskrifað, fólust engir úrslitakostir. Það var borið fram sem umræðugrundvöllur milli launþegasamtaka og ríkisvalds. Því var ekki ansað og því er nú að fara sem fara mun og ég mun enn frekar víkja að síðar.

Mér bauð í grun að ríkisstj. mundi hundsa þessar till., sem þarna var um að ræða, og því þótti mér rétt að gera sérstakan fyrirvara þegar gengið var frá nál. verðbólgunefndarinnar. Ég gerði skriflegan fyrirvara sem fjölritaður er í bókinni sem þarna er um að ræða. Efni þess fyrirvara er að ef ríkisstj. teldi ekki þær hugmyndir, sem þarna eru fram settar, aðgengilegar, sem hún ekki taldi, þá mælti ég með því, að leiðin, sem formaður nefndarinnar hafði kallað samdráttar- og niðurfærsluleið og ég er búinn að lýsa, yrði farin, vegna þess að hún var talin samrýmast óbreyttum samningum, að vísu með þeirri breytingu að í stað hækkunar tekjuskatts og útsvars hjá einstaklingum kæmi heimild til sveitarfélaga til þess að hækka aðstöðugjöld eða draga úr framkvæmdum að öðrum kosti. Leiðin yrði auðvitað jafnframkvæmanleg hvaðan sem peningarnir koma, hvort sem þeir koma úr vasa launþeganna, eins og formaðurinn hafði gert ráð fyrir, eða frá fyrirtækjum, sem eru skattfrjáls eða hafa mikla veltu og ættu því að geta þolað aðstöðugjald, eða þeir yrðu skattlagðir með þeim hætti, ef sveitarfélögin teldu ekki fært að hækka aðstöðugjöld, að draga einfaldlega úr framkvæmdum, eins og ríkinu bæri að sjálfsögðu að gera. Þessi brtt. mín við samdráttar- og niðurfærsluleiðina gerir hana þannig að engu leyti óframkvæmanlegri en hún var í till. forstöðumanns Þjóðhagsstofnunarinnar og hefði hún því verið framkvæmanleg samtímis því að samningar væru óbreyttir og gengið væri lækkað um aðeins 10%.

Ég get ekki undirstrikað nógu sterklega, að aðalráðunautur ríkisstj. hefur lýst í þessari bók leið sem hægt væri að fara og sigrast á efnahagsvandanum samfara aðeins 10% lækkun á gengi og óbreyttum kjarasamningum, að vísu með þeim hætti að ríkið yrði að minnka umsvif sín mjög verulega, spara í rekstri sínum og skera niður framkvæmdir sínar. En það hefur verið margítrekuð stefna launþegasamtakanna í ályktunum, bæði Alþýðusambandsins og ekki síður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að það, sem nú bæri hvað brýnasta nauðsyn til, væri að ríkið sparaði í sínum rekstri og ekki síður að það sparaði í sínum framkvæmdum. Hafi verið hægt að auka framkvæmdir í síðustu fjárl. eins og gert var, þá ætti að vera hægt að draga úr þeim aftur.

Þangað til fyrir tveim dögum voru allir í góðri trú um að sú leið, sem forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar hafði nefnt málamiðlunarleið, yrði farin. Ég er búinn að lýsa því í grundvallaratriðum í eins einföldu máli og hægt er að gera, í hverju hún hafi verið fólgin. Það var á miðvikudagsmorgni fyrir tveim dögum, sem fulltrúar stjórnarflokkanna í verðbólgunefndinni og sérfræðingar ríkisstj. þar skrifuðu undir meðmæli með þessari málamiðlunarleið með hátíðarsvip, ekki vantaði það, og það leyndi sér ekki að þeim datt ekki annað í hug, frekar en okkur hinum, en þetta væri leiðin sem ríkisstj. mundi fara, — hún hefði bara verið að bíða eftir meðmælum stuðningsmanna sinna í verðbólgunefndinni og sérfræðinga sinna í verðbólgunefndinni með að þessi leið yrði farin. En það átti eftir að koma í ljós, að á þeirri stundu um hádegisbilið sem þeir voru að undirskrifa meðmæli með málamiðlunarleiðinni, sem allir vita nú hvað felst í, á þeirri stundu var eitthvað að gerast uppi í stjórnarráði. Ráðh. sátu samtímis á fundi og núna er komið í ljós að þar var að gerast allt annað en gerðist með fulltrúum ríkisstj. og sérfræðingunum hér niðri í Alþ. — allt annað.

Það er núna komið í ljós, að innan ríkisstj. voru á þessum morgni, í fyrradag, komnar upp stórdeilur um það, hver skyldi vera stefna ríkisstj. í efnahagsmálum. Auðvitað eru ekki fyrir hendi nú, og verða líklega ekki fyrr en einhver núv. ráðh. fer að skrifa æviminningar sínar, öruggar heimildir um hvað í raun og veru var að gerast á ráðherrafundinum á miðvikudagsmorgun. Um það eru að sjálfsögðu engar öruggar fregnir. En nú er komið á daginn, það kom á daginn tveim dögum seinna, að þar var í alvöru farið að ræða alveg nýja leið út úr efnahagsvandanum, leið sem að vísu hefur verið nefnd áður í lauslegum samtölum við launþegasamtökin, en þó með þeim hætti, að enginn tók það alvarlega, að þarna gæti verið um alvöruafbrigði að ræða frá þeirri leið sem verðbólgunefndin hafði starfað að og stefnt að — fulltrúar ríkisstj. og sérfræðingarnir þar — um margra vikna skeið. Þessi nýja hugmynd, sem var komin upp í ríkisstj. og var verið að ræða þar í römmustu alvöru og að því er mig grunar í miklum deilutón, í miklum hitatón, þannig að menn munu á engan hátt hafa verið sammála, var sú, að í stað skerðingar vísitölubótanna um helming, sem var grundvallaratriði í málamiðlunarleið verðbólgunefndarinnar, skyldi taka áhrif óbeinna skatta út úr vísitölunni samfara smávægilegri tryggingu gegn launaskerðingu alls lægst launaða launafólksins.

Þessi hugmynd var komin upp. Það er núna komið í ljós, að hún var komin upp og um hana stóðu og voru hafnar stórdeilur í ríkisstj. á miðvikudagsmorgni. Þessi hugmynd er alkunn. Hún hefur margoft verið rædd meðal íslenskra sérfræðinga, meðal íslenskra stjórnmálamanna og innan íslenskra stéttarfélaga. Hún er nefnd í bók verðbólgunefndarinnar sem eitt af framtíðarverkefnunum í íslenskum efnahagsmálum, að könnuð verði þessi leið, áhrif hennar og þá auðvitað rædd hugsanleg framkvæmd hennar við launþegasamtökin. En í verðbólgunefndinni hafði þessi leið aldrei verið rædd sem hugsanlegt úrræði í skyndiráðstöfunum, sem allir vissu að þyrfti að grípa til nú í þessum mánuði, og hefur aldrei verið nefnd í verðbólgunefndinni sem hugsanlegur þáttur í skyndiráðstöfunum sem búið var

að boða, að grípa þyrfti til í febrúarmánuði. Hins vegar var verið að ræða hana í ríkisstj., en ríkisstj. sýndi ekki fulltrúum sínum í verðbólgunefndinni þann sóma að skýra þeim frá því. Sérfræðingarnir höfðu ekki hugmynd um að verið væri að rifast um þessa leið við Lækjartorg, í stjórnarráðshúsinu þar. Þess vegna er það, að fulltrúar stjórnarflokkanna fjórir og sérfræðingarnir skrifuðu undir um tólfleytið með miklum hátíðarbrag, allir í góðri trú, allir með sælubros á vör og í góðri trú um það, að þar væru þeir búnir að afhenda ríkisstj. þá lausn sem hún að sjálfsögðu mundi framfylgja. En mér sýnist öll þróun mála benda til þess, að þegar um hádegið á miðvikudaginn var hafi bæði stjórnmálamennirnir í nefndinni, fulltrúar stjórnarflokkanna, og sérfræðingarnir fengið að vita að eitthvað nýtt væri komið á daginn í ríkisstj. Það getur varla verið tilviljun, að allir þessir menn földu sig fyrir fjölmiðlum allan seinni hluta miðvikudags. Útvarpið reyndi að ná í þá, sjónvarpið reyndi að ná í þá, það tókst ekki. Sumir þessara manna eru kunnari fyrir annað en hlédrægni þegar útvarp og sjónvarp hafa viljað við þá tala, það er alveg óhætt að fullyrða það. En hvernig sem á því stóð, þegar fréttatími útvarpsins byrjaði kl. 7 og sjónvarpsins kl. 8, þá var skýrt frá því í báðum þessum fjölmiðlum að gersamlega væri ómögulegt að komast í nokkurt samband við nokkurn fulltrúa stjórnarflokkanna í verðbólgunefndinni né nokkurn af sérfræðingunum þar, nema formaðurinn, sem eins og hvert annað fórnarlamb varð að fórna sér í þessu sambandi og koma fram í sjónvarpsviðtali.

Þessi nýja stefna, þessi nýja hugmynd, að breyta skerðingu vísitöluuppbótanna í breytingu á vísitölugrundvellinum sjálfum, er gömul. En hvernig og með hverjum hætti það hefur gerst, að henni skýtur skyndilega upp í ríkisstj. á síðustu dögunum áður en efnahagsráðstafanir eru lagðar fram, verður sagan að leiða í ljós. Hér í þingsölunum var í nótt altalað að þetta væri fyrst og fremst hugmynd framsóknarráðherranna, þetta væri krafa framsóknarráðherranna. Auðvitað hlaut öllum að vera ljóst, að það var ósvífni af stærstu og grófustu tegund í garð launþegasamtaka að byrja að ræða breytingu á vísitölugrundvellinum nokkrum dögum áður en frv. hafði verið boðað hér á Alþ., því að allir vita að samsetning vísitölugrundvallarins er eitt viðkvæmasta samningsatriði milli launþegasamtaka og atvinnurekenda og það hefur aldrei gerst áður, að hugmyndir hafi verið settar fram um breytingar á vísitölugrundvellinum nema að undangengnum langvarandi og ítarlegum umr. á milli launþegasamtaka, vinnuveitenda og ríkisvalds. Þess er skemmst að minnast, að þegar verðbreytingar á áfengi og tóbaki voru teknar út úr grundvellinum, á tímum vinstri stjórnarinnar, sem var sjálfsögð ráðstöfun og ég fyrir mitt leyti var fylgjandi á sínum tíma og skil þessa hugmynd að vissu leyti, þá gerðist það ekki fyrr en að undangengnum margra vikna viðræðum milli þessara þriggja aðila, þ. e. a. s. launþegasamtaka, vinnuveitenda og ríkisvalds. Nú gerist það allt í einu tveim dögum áður en stjfrv. hefur verið boðað um efnahagsráðstafanir, að í alvöru er farið að ræða um að gerbreyta vísitölugrundvellinum. Það skiptir engu máli í þessu sambandi hvort breytingin er skynsamleg eða óskynsamleg — ekki nokkru minnsta máli. Það, sem skiptir máli, er að ríkisstj. fer að ræða lagabreytingu á einu viðkvæmasta samningsmáli launþegasamtakanna við atvinnurekendur án þess að hafa sagt fulltrúum launþegasamtakanna frá því. Og það verð ég að segja, að það líkist mest ráðh. Framsfl. að hugsa svona, því að alkunna er að þeir kæra sig ekki um samráð við samtök launþeganna, telja þau ekki aðeins óþörf, heldur jafnvel beinlínis skaðleg.

Svo fór þó, að ráðherrarnir sáu sitt óvænna, hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., og boðuðu fulltrúa ASÍ og BSRB á fund sinn kl. 6 síðdegis í gær. Og þá hófst sögulegur fundur. Tilefnið átti að heita að vera það að ræða samþykkt fimmmenninganna í verðbólgunefndinni, fulltrúa launþegasamtakanna og fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna. Það var sagt vera tilefnið. En engar umr. fóru fram um það. Í staðinn skýrðu þessir tveir ráðh. frá því, að upp væri komin sú hugmynd í ríkisstj., að í stað þess að helminga verðbæturnar skyldi vísitölugrundvellinum breytt þannig, að óbeinir skattar hefðu engin áhrif á hann. Og þetta átti að vera í frv., sem búið var að boða að lagt yrði fram síðdegis í gær! Það var ekki lagt fram fyrr en kl. 6 af eðlilegum ástæðum, því að svo smekklaus var stjórnin ekki að leggja það fram án þess að hafa til málamynda talað við fulltrúa ASÍ og BSRB, sem hún gerði kl. 6. Þegar lesturinn byrjaði yfir forseta ASÍ og forseta BSRB, að ríkisstj. væri í alvöru að tala um að breyta strax vísitölugrundvellinum þannig, að óbeinir skattar hefðu þar engin áhrif, þá stóðu fulltrúar launþegasamtakanna upp, gengu út og skelltu á eftir sér. Þá fór að fara um kempurnar sem sátu eftir í stjórnarráðinu — fór aldeilis að fara um þær. Nú sáu þeir að líklega hefðu þeir verið að gera einhverja vitleysu. Það má mikið vera, ef þeir hafa ekki farið að kenna hvor öðrum um að bera ábyrgð á vitleysunni. (**Forsrh.**: Ekki heyrði ég neinn hurðarskell.) Jæja, þá hefur þú verið eitthvað lamaður eftir viðræðurnar, því að ábyggilegt er að hurðunum var lokað fast. (Gripið fram í.) Nei, nei, en ég hef góðar heimildir fyrir þessu. En hvort sem um hurðarskell hefur verið að ræða eða ekki, þá hafði útgangan sín áhrif, því að hæstv. ráðh. tóku plaggið sem komið var í prentun — ég hef líka góðar heimildir fyrir því, þeir létu sækja próförkina upp í prentsmiðju og veltu henni á milli sín og breyttu. Þeir breyttu frv. í það form, að till. verðbólgunefndarinnar um skerðingu vísitölubótanna skyldi haldast í 12 mánuði, m. a. s. skyldi hún haldast út árið, en 1. jan. á næsta ári skyldi hugmyndin um að taka alla óbeina skatta út úr vísitölunni koma til framkvæmda. Það er sögulegt staðreynd, að þessi breyting var gerð eftir að fulltrúar ASÍ og BSRB gengu út úr stjórnarráðshúsinu. Við skulum láta það liggja á milli hluta, hversu fast hurðin hafi skollið, það skiptir minna máli í þessu sambandi, en hitt er staðreynd, að eftir þennan fund var frv. breytt. Það veit hver einasti þm. hér í salnum, að sú var ástæðan til þess, að frv. var ekki útbýtt kl. níu, eins og búið var að lofa, heldur klukkan að ganga eitt. Það þurfti að breyta frv. og þess vegna kom

það ekki á borð okkar þm. fyrr en klukkan að ganga eitt í nótt sem leið.

Um þá hugmynd að taka óbeina skatta út úr vísitölunni má vel ræða frá mínu sjónarmiði. Þetta kerfi gildir í Danmörku og hefur ýmsa kosti sérstaklega með hliðsjón af því, að almennt vísitölukerfi hefur ýmsa ókosti, og hjá öllum þjóðum, sem við vísitölukerfi búa, eru uppi ýmsar hugmyndir um hvernig því megi breyta til batnaðar. En ég vek athygli á því, að það, sem ríkisstj. leggur til, er ekki það sama sem gildir í Danmörku. Þar gildir sú regla, að hvorki óbeinir skattar né niðurgreiðslur hafa áhrif á vísitöluna, hvorki breytingar á óbeinum sköttum né niðurgreiðslum hafa áhrif til breytinga á þeirri vísitölu sem launabætur í Danmörku eru miðaðar við. Hér leggur ríkisstj. til að eingöngu breytingar á óbeinum sköttum skuli ekki hafa áhrif til lækkunar á vísitölunni, en hins vegar ekki að aukning niðurgreiðslna skuli hafa áhrif til breytinga á henni. M. ö. o.: ef frv. er tekið bókstaflega eftir orðanna hljóðan, þá gæti ríkisstj. hækkað söluskatt um eitt stig og fengið af því ómældar tekjur án þess að það hefði nokkur áhrif á vísitölu til kauphækkunar, en notað svo tekjuhækkunina til aukinna niðurgreiðslna, sem mundu þá auðvitað valda því, að vísitalan lækkaði og kaupið lækkaði. Þetta er bragð sem hægt væri að beita samkv. orðanna hljóðan í frv. Við þessu bragði hefur danski löggjafinn séð. Hann bannar þetta, eða réttara sagt: hann gerir að jafnri skyldu að taka óbeinu skattana út úr vísitölunni, breytingar á þeim, og breytingar á niðurgreiðslum jafnframt. Þess er að vísu getið í grg. með frv., að ríkisstj. sé ljóst að þessi vandi sér fyrir hendi. Líklega hefur henni ekki verið orðið það ljóst fyrr en rétt þegar hún setti frv. í prentun í gærkvöld, verið bent á það síðar, og það hafi ekki tekist að breyta frv. sjálfu þannig til viðbótar, því að nóg þótti að gera hina breytinguna. Hins vegar er alltaf hægt að skjóta nokkrum orðum inn í grg. og það hefur verið gert. En orð í grg. jafngilda ekki lagabókstaf. Lagabókstafurinn er hinsegin. 1. jan. 1978 á að taka óbeinu skattana út, en það er engin skylda að taka niðurgreiðslurnar út, og í því felst stórkostleg hætta fyrir launþegana, ef framkvæmd slíkra laga er í höndum á fjandsamlegri ríkisstj.

En breytingarnar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert á till. flokksbræðra sinna og embættismanna í verðbólgunefndinni, eru enn þá meiri en þetta. Ríkisstj. hefur ekki látið við það eitt sitja að taka inn í frv. atriði sem aldrei var nefnt í verðbólgunefndinni og verkalýðshreyfingin eða launþegasamtökin hljóta að taka með hinum mesta fjandskap, þ. e. a. s. breytingu án samráðs á sjálfum grundvellinum. Hún hefur gert meira. Í till. verðbólgunefndarinnar var gert ráð fyrir helmingslækkun á vörugjaldi, þ. e. a s. lækkun á byrðum almennings um 3400 millj. Í þessu frv. er gert ráð fyrir 2% lækkun á vörugjaldinu, þ. e. a s að lækka byrðar á almenningi um 720 millj. kr., og ekki bara þetta: Það er dregið úr niðurgreiðslunum. Formaður verðbólgunefndar, fulltrúar stjórnarflokkanna og sérfræðingarnir höfðu gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslurnar yrðu auknar um 1900 millj. kr. Hvað gerir ríkisstj. í þessum till.? Hún áætlar þær 1000 millj. Hún lækkar niðurgreiðslurnar um helming, hvorki meira né minna, sem er auðvitað baggi á almenning miðað við það sem verðbólgunefndin hafði gert ráð fyrir. Það, sem líka skiptir miklu máli, er að lækkun framkvæmdaútgjalda er engin í frv. M. ö. o.: ríkisstj. ætlar sér ekkert að minnka sínar framkvæmdir, sín umsvif. Það er aðeins veitt heimild til þess að spara 1000 millj. kr. í rekstri eða fjárfestingu, og það má geta sér til hvort hún hugsar að nota heimildina eða nota hana ekki. M. ö. o.: það er vanrækt eitt grundvallaratriði, sem allir sérfróðir menn í efnahagsmálum og bæði stóru launþegasamtökin hafa lagt megináherslu á að eigi að vera eitt aðalatriðið í efnahagsaðgerðum, að ríkisvaldið dragi úr umsvifum sínum, minnki fjárfestingu sína og spari í rekstri sínum. Þetta er fellt niður í frv. ríkisstj. Þetta er auðvitað veigamikill þáttur í þeim hugmyndum sem forstjóri Þjóðhagsstofnunar, fjórir stjórnarsinnar og aðrir sérfræðingar í verðbólgunefndinni höfðu lagt til og meira að segja lagt áherslu á. En ríkisstj. hugsar öðruvísi: Jú, jú, ríkið ætlar ekkert að spara, en almenningur skal knúinn til þess að spara. — Um leið og almenningur er knúinn til að spara segir ríkisstj.: Nei, ég sker ekki niður krónu, hvorki í rekstri né heldur í fjárfestingu, hvað vitlaus sem fjárfestingin annars kann að vera.

Í því sambandi, sem hér er um að ræða, er það í mínum augum aðalatriði að ríkisstj. hefur lagt til í lagafrv. breytingu á sjálfum vísitölugrundvellinum án þess að hafa um það nokkurt samráð við launþegasamtökin. Slíkt er auðvitað algerlega ófyrirgefanlegt. Þetta eru vinnubrögð sem aldrei fyrr hafa tíðkast í samskiptum launþegasamtaka við ríkisvald. Sagan, eins og ég sagði áðan, verður að leiða í ljós hver á upptökin að slíku óheillaspori, slíkri óheillastefnu í samskiptum ríkisvalds og launþegasamtaka. Ég endurtek: Ég á með þessu ekki við það, að í sjálfu sér hljóti slík breyting að vera óeðlileg. Vísitölukerfið er gallað og hugsa má sér ýmis form á útreikningi vísitölu. Það mætti jafnvel skipta alveg um grundvöll, hætta að reikna út verðlagsvísitölu og taka upp vísitölu breytinga á þjóðartekjum sem viðmiðunargrundvöll í sambandi við launaákvörðun. Þarna eru margir möguleikar og allir sérfræðingar þekkja marga möguleika í þessum efnum. En það er skylda pólitískra stjórnvalda að láta sér ekki detta í hug að lögbjóða eitt eða neitt í þessu sambandi án samráðs við launþegasamtökin sjálf, og það er mergurinn málsins.

Það, sem hefur gerst með einhverjum dularfullum hætti á undanförnum 2—3 dögum, er að þessi hugmynd hefur komið upp og með alveg óskiljanlegum hætti hefur hún sigrað í hæstv. ríkisstj. Kannske fáum við aldrei að vita hver átti hugmyndina að þessum ruddaskap. En hitt er vitað, að Framsfl. vill ekkert samráð við launþegasamtökin, eins og ég gat um áðan, og þess er skemmst að minnast, að formaður Framsfl. sagði í sjónvarpsviðtali sem meiri hl. þjóðarinnar hefur eflaust horft á: Þeir, þ. e. for-

ustumenn launþegasamtakanna, vilja ekkert láta tala við sig. — Þetta gæti bent til þess, hvar höfundarrétturinn að þessum ósköpum í raun og veru liggur.

Ég þarf naumast að taka það fram, herra forseti, að þingflokkur Alþfl. er algerlega andvígur þeim ráðstöfunum, sem felast í frv., og mun beita sér gegn þeim með öllum mögulegum ráðum.

En máli mínu vil ég ljúka með því að lesa samþykkt sem mér var að berast frá miðstjórnarfundi Alþýðusambands Íslands og var samþykkt *með atkv. allra fundarmanna*. Fundurinn var haldinn og honum lauk nú fyrir rúmum hálftíma eða þrem kortérum. Þar var ákveðið að efna til ráðstefnu formanna allra verkalýðsfélaga ASÍ n. k. miðvikudag, en á fundi miðstjórnar, sem gerði þessa ályktun, voru einnig formenn landssambanda innan ASÍ. Ályktunin, sem miðstjórn ASÍ *samþykkti* með atkv. *allra* fundarmanna, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta og lýk ég orðum mínum með því að lesa hana. Hér gefur að heyra fyrstu viðbrögð Alþýðusambands Íslands við þeim ofbeldisaðgerðum af hálfu ríkisstj. sem boðuð eru í þessu frv. sem hér er til umr. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjarasamningar verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda frá 22. júní s. l. fólu í sér verulega *endurheimt kaupmáttar launa eftir þriggja* ára kjaraskerðingar sem knúnar höfðu verið fram af atvinnurekendum og ríkisvaldi.

Með samningunum var stefnt að 7—8% kaupmáttaraukningu á árinu 1977 miðað við fyrra ár og nokkurri aukningu á þessu ári. Á þeim grundvelli átti fullur friður að vera tryggður á hinum almenna vinnumarkaði í 16 mánuði eða fram undir árslok 1978. Nú hefur það samt sem áður gerst, að ríkisstj. með atvinnurekendavaldið að bakhjarli hefur, áður en samningstími er hálfnaður, rift samningunum í grundvallaratriðum með skerðingu verðbótaákvæða þeirra og mikilli gengisfellingu og að nýju teflt friði á vinnumarkaðinum í voða.

Ástæður þessara harkalegu aðgerða eru sagðar þær, að óbreyttir kjarasamningar mundu leiða *til efnahagsöngþveitis og stöðvunar í atvinnulífinu*. Hið sanna er, að orsakir vandans nú eru fyrst og fremst röng efnahagsstefna sem leitt hefur til stóraukinnar verðbólgu og örðugleika í einstökum greinum atvinnurekstrar. En í stað þess að breyta um þá stefnu, sem leitt hefur til ófarnaðarins, er nú einfarið valin sú óheillaleið að ráðast á launakjör almennings, rifta gerðum og gildum kjarasamningum og kasta þannig stríðshanskanum gegn verkalýðsstéttinni og samtökum hennar.

Það er staðfest álit miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, að það sé frumskylda stjórnvalda að halda í heiðri löglega gerða kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins og haga efnahagslegum aðgerðum sínum í samræmi við það og að slíkt sé ekki aðeins skylt, heldur og fullkomlega fært nú, þrátt fyrir þau stórfelldu mistök sem gerð hafa verið og ríkisvaldið ber ábyrgð á. En um þessi efni hefur Alþýðusambandið ásamt BSRB og fulltrúum þriggja stjórnmálaflokka lagt fram itarlegar og raunhæfar till.

Með þeirri aðför ríkisvaldsins, sem nú er gerð að kjarasamningum og launakjörum og studd er af atvinnurekendum, er með öllu rofið það lágmarkstraust sem ríkja verður í allri sambúð launþegasamtakanna annars vegar og samtaka atvinnurekenda hins vegar, ef friður á að geta ríkt í atvinnulífinu og farsæl lausn efnahags- og kjaramála á að vera möguleg. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir því allri ábyrgð í þessum efnum á hendur ríkisstj. og atvinnurekendum. Í annan stað er að því stefnt með aðgerðum þessum að skerða launakjör svo á þessu ári, að þau lækki í raun fram til ársloka þessa árs mjög verulega niður fyrir meðaltal s. l. *árs og trúlega um 9% frá ársbyrjun til ársloka*. Og þetta er gert þrátt fyrir að allar forsendur, sem fyrir lágu við gerð kjarasamninganna, hafa ekki einasta staðist, heldur hafa bæði ytri aðstæður og aukning þjóðartekna umfram áætlanir við samningsgerðina batnað til muna og rennt styrkari stoðum undir möguleika þjóðarbúsins *sem heildar til að standa heiðarlega við gerða* samninga.

Við þær aðstæður, sem nú hafa skapast, eiga verkalýðssamtökin þann kost einan að hefja nú þegar öflugan undirbúning fyrir rétti sínum og hagsmunum, fyrir fullu gildi kjarasamninga sinna. Sem fyrsta skref í þá átt ber þegar í stað að segja upp kaupliðum allra kjarasamninga, sbr. 9. og 10. gr. rammasamnings frá 22. júní 1977, og beinir miðstjórnin því til allra sambandsfélaga sinna að bregða skjótt við og ganga frá uppsögninni svo snemma að hún verði alls staðar tilkynnt fyrir 1 mars. Um allar frekari aðgerðir í þeirri baráttu, sem nú er óhjákvæmileg, mun miðstjórnin beita sér fyrir nauðsynlegu samráði við og milli aðildarsamtakanna og við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Þá lýsir miðstjórnin því yfir, að hún telur að með því að allar heiðarlegar leikreglur varðandi sambúð verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda og ríkisvaldsins eru þverbrotnar með fyrirhugaðri lagasetningu, að verkalýðsfélögin og allir einstaklingar innan þeirra séu siðferðilega óbundnir af þeim ólögum sem ríkisvaldið hyggst nú setja."

Með lestri þessarar samþykktar miðstjórnar Alþýðusambandsins, gerðri fyrir klukkustund, lýk ég máli mínu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér hefur verið rætt í dag nokkuð um þann boðskap hæstv. ríkisstj. sem menn munu hafa beðið nokkra undanfarna daga. Hér er um að ræða það frv. sem lagt var fram rétt upp úr miðnætti s. l. nótt og er frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum, stjfrv.

Það hefur vitanlega ekki farið fram hjá neinum undanfarnar vikur og mánuði, að stjórnarliðar *og málgögn ríkisstj.* hafa verið að undirbúa almenning í landinu með boðskap sínum undir að taka við því sem nú er komið fram. Það hefur ekki heldur farið fram hjá neinum, hverja hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa talið höfuðorsök þess vanda sem þeir hafa upp

málað að því er varðar efnahags- og launamál þjóðarinnar. Ekki skal í efa dregið, að almennt eru menn sammála um að viss vandi er fyrir höndum. Það er við viss vandamál að etja, menn eru sammála um það. Að vísu greinir menn á um, hversu stór sá vandi sé, og ekki síður greinir menn á um það, hvaða orsakir liggja til þess, að þessi vandi er nú upp kominn. Þar er alveg ótvírætt hvernig fylkingar skiptast. Ekki hefur farið fram hjá neinum, að áróður stjórnarblaðanna, hæstv. ríkisstj. og þm. stjórnarliðsins hefur verið sá, að allur sá vandi, sem þeir telja að fyrir hendi sé, sé fyrst og fremst því að kenna að kaup hjá launafólki í landinu sé of hátt. Á þessu hefur verið hamrað, ekki bara undanfarna daga eða vikur, heldur undanfarna mánuði. Þetta hafa menn lesið svo að segja dag eftir dag í stuðningsblöðum hæstv. ríkisstj. Þannig er reynt að innprenta almenningi í landinu að þetta sé orsökin, sem hæstv. ríkisstj. telur vera fyrir því að þessi vandi er kominn upp. Hins vegar hef ég og margir aðrir haldið því fram, að þessi vandi sé af allt öðrum rótum runninn en því, að launþegar í landinu hafi of mikið kaup. Við höfum haldið því fram, að aðalorsök þessa vanda sé stefna hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, stefna sem hún hefur haldið uppi allt frá því að hún tók við völdum síðari hluta árs 1974. Þessi stefna hefur verið gengisfellingarstefna, gengisfelling á gengisfellingu ofan, þannig að nú undir lok kjörtímabils hæstv. ríkisstj. hefur gengislækkun á kjörtímabilinu, þeim tíma sem af því er liðinn, verið um 160%. Gengisfelling á rúmum þremur árum í tíð hæstv. ríkisstj. hefur verið nær 160%. Þessi stefna hefur auðvitað leitt af sér, eins og margoft hefur verið tekið fram, stórkostlega verðbólgu, og hér hefur í raun og veru verið allan þennan tíma bullandi verðbólga, eins og margoft hefur komið fram. Á einu ári einungis, þ. e. a. s. frá því í febr. 1977 til febr. 1978, hefur framfærsluvísitalan hækkað úr 682 stigum í 934 stig eða um 37% á einu ári. Þetta segja stjórnarliðar og hæstv. ríkisstj. að sé vegna þess að laun verkafólks og alls almennings í landinu séu of há.

Það hefur ekki heldur farið fram hjá neinum, að ríkisvaldið hefur gengið á undan að verulegu leyti með hækkanir á svo til öllum sviðum að því er varðar þjónustu á vegum ríkisins. Af þessu hefur enginn farið varhluta. Eðlilegt er að menn spyrji, ekki síst ef þeir líta til baka til þess tíma er núv. stjórnarflokkar stóðu í kosningabaráttu fyrir alþingiskosningarnar 1974. Ef menn líta yfir loforðalista þessara flokka síðan þá og bera hann saman við raunveruleikann sem við hefur blasað og blasir, þá er útkoman, sem reynslan sýnir, allt önnur en hin fögru loforð sem þessir flokkar gáfu fyrir síðustu alþingiskosningar.

Áður hefur verið rifjað upp og oftar en einu sinni, hver afleiðing þessarar stjórnarstefnu hefur verið. T. d. hefur verið á það bent, að viðskiptahalli á árinu 1977 var 9 milljarðar kr. og erlendar skuldir þjóðarinnar í árslok 1977 voru 129 milljarðar. Skuld við Seðlabanka Íslands var við síðustu áramót um 15 milljarðar og halli á ríkissjóði var röskir 2 milljarðar. Svona mætti halda áfram að telja og bera þessar niðurstöður reynslunnar saman við hin gullnu loforð hæstv. ríkisstj. um þær mundir sem hún var að setjast á valdastóla. Allt þetta segja hæstv. ráðh. og stjórnarliðar, er því að kenna að laun verkafólks í landinu eru of há. Ég hygg að ekki þurfi frekar um það að deila, að orsök þessa vanda, sem nú er staðið frammi fyrir, er röng stjórnarstefna í efnahagsmálum. Þetta kemur fram í þeirri skýrslu sem hv. þm. hafa nú á borðum sínum frá verðbólgunefnd eða réttara sagt frá fulltrúum hæstv. ríkisstj. í verðbólgunefnd ásamt bankastjórunum þar. Þar liggur það fyrir, að hin mikla verðbólga undanfarinna þriggja til fjögurra ára er því að kenna, hvernig stjórnarstefnan hefur verið hér á landi.

Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við þetta, að hæstv. forsrh. lét að því liggja áðan, að allir fulltrúar í verðbólgunefnd hefðu verið sammála um þá gengisfellingu sem gerð var s. l. þriðjudag. Það er einnig rétt að taka fram, að formlega var bankaráð Seðlabankans búið í samráði við hæstv. ríkisstj. að taka ákvörðun um gengisfellinguna á þriðjudag, þ. e. a. s. áður en verðbólgunefnd skilaði af sér störfum, þannig að menn stóðu þá þegar frammi fyrir gerðum hlut.

Á undanförnum vikum og mánuðum, má segja, hefur verið mikið talað um þessa verðbólgunefnd, en hún var sett á laggirnar í okt. 1976 og átti samkv. fyrstu hugmyndum hæstv. ríkisstj. að skila af sér, ef ég man rétt, í febr. 1977. Það er fyrst núna í febr. 1978 sem þessi nefnd lýkur störfum. Má þó raunar segja að hún hefði þurft meiri tíma til umr. um þær hugsanlegu lausnir sem fyrir hendi kynnu að verða varðandi langtímastefnu í baráttunni við verðbólguna. Það hefur ekki heldur farið fram hjá neinum, að hæstv. ríkisstj. hefur haft mjög ríka tilhneigingu til þess að kalla þær ráðstafanir, í fyrsta lagi gengisfellinguna, í öðru lagi það frv. sem við erum nú að ræða, — kalla þær einhvern anga af störfum eða áliti bessarar nefndar. Það er síður en svo að það sé. Auðvitað er þegar upplýst, að þessi nefnd klofnaði s. l. miðvikudag í a. m. k. fjóra og má raunar segja fimm hluta. Nú liggur fyrir, að ekki einu sinni hæstv. ríkisstj. tók meira mark á áliti fulltrúa sinna í nefndinni en það, að hún leggur fram á Alþ. nú frv. til l. sem að verulegu leyti fer allt aðrar leiðir en fulltrúar hennar í verðbólgunefndinni og sérfræðingar hennar í efnahagsmálum lögðu til að farnar væru.

Það hefur verið margoft vikið að því hér, og ég sé ekki ástæðu til að rifja það upp frekar, að formaður þessarar nefndar, sem er forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, setti nú allra síðustu dagana fram fimm valkosti sem hann taldi koma til greina að taka, til bráðabirgðalausnar á þeim vanda sem nú er við að glíma í efnahagsmálum. Fyrst og fremst var þó þarna um fjórar leiðir að ræða. Allar höfðu þær það sammerkt að rifta með beinum eða óbeinum hætti þeim kjarasamningum sem gerðir voru annars vegar á s. l. sumri af aðilum vinnumarkaðarins og hins vegar á s. l. hausti milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og hæstv. fjmrh. Nauðsynlegt er að skýrt komi fram hér, til þess er full ástæða, að þeir samningar, sem voru gerðir í júní s. l.

milli Alþýðusambandsins annars vegar og Vinnuveitendasambandsins hins vegar, voru gerðir með fullu samþykki hæstv. ríkisstj. Hún hefur í raun og veru lagt blessun sína yfir þessa samningsgerð og verður því að teljast aðili að þessari samningsgerð. Undan því getur hún ekki komist. Ég vil nefna sem rökstuðning fyrir þessu, að hæstv. ríkisstj. lofaði breytingum á skattalöggjöfinni og á almannatryggingalöggjöfinni, lofaði breytingum ef samningarnir yrðu innan þess ramma sem talið var hæfilegt að því er varðaði þjóðarbúið sem heild. Þjóðhagsstofnun hafði á þessum tíma spáð aukningu þjóðartekna um 5% á árinu 1977. Sú spá lá fyrir þegar þessir samningar voru gerðir, og innan þess ramma var talið að óhætt væri að semja og það af hæstv. ríkisstj. sjálfri. Nú liggur fyrir, að aukning þjóðartekna árið 1977 var ekki bara 5%, heldur varð hún í reynd 7%, þannig að það eru enn frekari rök fyrir því, að þeir samningar, sem gerðir voru á s. l. sumri, ættu að geta fengið að standa óbreyttir. Þetta var enn fremur staðfest af hæstv. ríkisstj. í samningunum við BSRB, þar sem staðreynd er að hæstv. fjmrh. skrifaði í umboði ríkisstj. undir samninga við BSRB sem höfðu inni að halda verulega meiri hækkanir en launþegar í hinum almennu verkalýðsfélögum *fengu í samningunum frá því í júní.* Aðeins þrír mánuðir eru liðnir síðan hæstv. fjmrh. undirritaði þessa samninga og raunar má segja, að varla sé fullkomlega búið að ganga frá þessum samningum að því leytinu til, að enn mun vera eftir að raða í launaflokka hjá BSRB-mönnum. Það fer því ekkert milli mála, að hvernig sem á þetta mál er litið lagði ríkisstj. blessun sína yfir báða þessa samninga og hún er siðferðilega skuldbundin af því að halda þá.

Nú liggur það fyrir, að aðeins 7 mánuðum eftir að samningarnir við verkalýðsfélögin voru gerðir, þegar ekki er hálfnað samningstímabilið — ekki hálfnað, þá leggur hæstv. ríkisstj. til að rift sé þessum samningum og gerir þar með sjálfa sig ómerka þeirra gerða sem hún stóð að á s. l. sumri. Hæstv. ríkisstj. ómerkir sjálfa sig nú eða a. m. k. gerir um það till. að ómerkja þær gerðir sem hún stóð að varðandi samninga á s. l. ári. Auðvitað dregur enginn í efa stöðu ríkisstj. til þessa lagalega séð eða Alþ., meiri hl. Alþ., verði það samþykkt. En það er auðvitað kaldhæðni örlaganna að hæstv. ríkisstj. skuli gera sjálfa sig að ómerkingi og leggja það til sjálf. Siðferðilega hefur hæstv. ríkisstj. engan rétt til þessa. Sú siðferðilega skylda hlýtur að hvíla ekki síst á hæstv. ríkisstj. að standa við gerða samninga. Það er lágmarkskrafa að mínu viti, sem hægt er að gera til einnar ríkisstj., að hún standi við gefin fyrirheit og standi að þessu leyti við þá samninga sem hún sjálf hefur lagt blessun sína yfir og staðið að. Hitt má svo segja, að því miður er það ekki bara þessi hæstv. ríkisstj. sem hefur staðið að slíku. Því miður verður að segja, að líklega flestar, ef ekki allar ríkisstj. hafa að því staðið með einum eða öðrum hætti að ógilda gerða kjarasamninga og gildandi við aðila vinnumarkaðarins. Það hefur því miður allt of oft komið fyrir, að stjórnmálamenn standa að slíkum hlutum þegar þeir eru komnir í valdaaðstöðu.

Hæstv. forsrh. sagði í kvöld, að fulltrúar allra þingflokka á Alþ. hefðu staðið frammi fyrir því að þurfa að breyta vísitöluákvæðum gildandi samninga. Sjálfsagt er þetta rétt hjá hæstv. forsrh., að allir þingflokkar hafa staðið frammi fyrir þessu. En það er ekki þar með sagt, að allir stjórnmálamenn hafi staðið að því að framkvæma þetta. Hér stendur a. m. k. einn, sem ekki hefur staðið að slíku. (Gripið fram í.) Það kann að vera rétt, segir hæstv. viðskrh., ekki draga menn orð hans í efa. *Ég fullyrði það, og* kem kannske að því síðar, að ég hef ekki staðið að því, hvorki sem stjórnarsinni né stjórnarandstæðingur, að ógilda þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið við verkalýðshreyfinguna. En þeir kunna að vera fáir hér á Alþ. sem hafa sömu sögu að segja.

Það fer ekkert milli mála, að þetta frv. hæstv. ríkisstj. er samningsrof af hennar hálfu við verkalýðshreyfinguna. Og hvert er nú viðhorf almennings til þeirra sem fremja samningsrof? Almenningsálitið er ótvírætt. Sektarákvæði og fjársektir eru þau viðhorf sem fyrst koma upp þegar hugurinn beinist að þeim aðilum sem framið hafa samningsrof. Að sjálfsögðu verður *engu slíku við komið gagnvart hæstv. ríkisstj.* Ekki verður um að ræða fjársektir á hendur hæstv. ríkisstj. í þessu máli. En enginn vafi er á því, að við þessar ráðstafanir kemur upp í huga almennings annars konar aðferð til að sekta, þ. e. a. s. sú dómsuppkvaðning sem hún á yfir höfði sér á komandi sumri. Það er dómsvald sem almenningur í landinu hefur í höndum sér innan ekki langs tíma, og vonandi kemur það hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar vel að þurfa að ganga undir og taka úrskurði þess dóms þegar hann verður upp kveðinn.

Ég sagði það áðan og það hefur í raun og veru verið sagt af fleirum, að þær till. sem hér liggja fyrir í frv. hæstv. ríkisstj. um ráðstafanir í efna*hagsmálum, eru að litlu leyti,* að óverulegu leyti þær till. sem fulltrúar ríkisstj. í verðbólgunefnd lögðu blessun sína yfir og lögðu til að framkvæmdar væru.

Raunar má segja að það séu fyrst og fremst fyrstu þrjár greinar frv. sem eru meginefni þess. Í I. kaflanum, 1. gr., er um að ræða að rifta gerðum kjarasamningum á þann hátt að skera niður um helming þær verðbætur, sem launafólk á að fá samkv. gildandi kjarasamningum. Með þessum hætti er líka ráðist á þá lægst launuðu. Það er ekki einu sinni svo, að hæstv. ríkisstj. sjái nú sóma sinn í því að láta samningana gilda gagnvart þeim lægst launuðu og verst settu — ekki einu sinni svo — þrátt fyrir allt tal sumra hverra hæstv. ráðh. og ekki síst hæstv. viðskrh. á s. l. vori um hina sjálfsögðu kröfu launþegasamtakanna varðandi þá lægst launuðu. Samkv. þeim samningum, sem nú eru í gildi, er gert ráð fyrir að um 10% launahækkun hefði komið núna 1. mars vegna þeirra verðbótaákvæða sem samningarnir innihalda, en samkv. frv. á aðeins að greiða 5% af þessu. Sömu sögu er að segja varðandi þær verðbætur sem

koma eiga samkv. samningum 1. júní n. k., 1. sept. og 1. des. Af öllu þessu á að skera helming miðað við það sem samningarnir gera ráð fyrir. Þetta eru till. hæstv. ríkisstj.

Varðandi 2. gr. frv., sem er um krónutöluhækkun á hvert stig vísitöluhækkunar, er það að segja, að t. d. einstaklingur, sem hefði 100 þús. kr. mánaðarlaun, hefði samkv. gildandi samningum átt að fá 10 þús. kr. hækkun 1. mars, en fær samkv. till. hæstv. ríkisstj. ekki nema hluta af þeirri hækkun að vísu nokkuð stóran hluta, en eigi að síður eru niður skorin þessi lægstu laun.

Þá er komið að 3. gr. frv. sem ég hygg að engan þm. hefði órað fyrir fyrir tveimur dögum að sæi hér dagsins ljós í frv.-formi. Ég hygg að ekki einu sinni hv. stjórnarþm., aðra en e. t. v. hæstv. ráðh., hafi órað fyrir því, að frv., sem innihéldi slík ákvæði eins og 3. gr. þessa frv. gerir, sæi dagsins ljós hér á Alþ. þessa dagana. Mér sýnist helst vera um að ræða nokkurs konar kosningastefnuskrá hæstv. ríkisstj., samkomulag stjórnarflokka um það, að eftir kosningar ætli þeir að halda áfram samstarfi, svo fremi þeir fá til þess umboð, og ætli sér þá að ráðast með þessum hætti að þessu grundvallaratriði í samningum verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda.

Það var einhver hv. ræðumaður sem sagði hér í kvöld, að líklega hefði þessi krafa komið frá Framsfl. Það þykir mér líklegt. Mér finnst svipaður keimur af því, sem hér er lagt til, og því sem fyrrv. forsrh. í fyrrv. ríkisstj., núv. hæstv. viðskrh. og formaður Framsfl., lagði til á útmánuðum 1974, þegar hann lagði til, að rift yrði gildandi samningum við verkalýðshreyfinguna. Mér finnst svipaður keimur af þessu ákvæði 3. gr. eins og því sem þá var uppi af hálfu Framsfl. og gert var að úrslitakröfu í stjórnarsamstarfi. Og það var einmitt fyrir þessari kröfu sem ég féll ekki. Ég féllst ekki á hana, en það gerðu ýmsir aðrir. Ekki kæmi mér á óvart, þó að hér væri um að ræða kænskubragð af hálfu hæstv. viðskrh., formanns Framsfl., til þess hugsanlega að fá tækifæri til að hlaupa úr vistinni áður en vistráðningin er útrunnin. Það kæmi mér ekki á óvart, að þetta væri sett fram til þess að hafa þann möguleika a. m. k. að geta hlaupið. En þetta á tíminn eftir að leiða í ljós — þá á ég auðvitað ekki við dagblaðið Tímann, ég á við annan tíma. Ég er þeirrar skoðunar, að svo slæm sem forusta Sjálfstfl. er í garð verkalýðshreyfingarinnar, þá sé hún í mörgum tilfellum að mínu viti gull á við það hugarfar sem sumir hverjir forustumenn Framsfl. bera til verkalýðshreyfingarinnar. Það hefur verið margsannað að forustumenn Framsfl. sumir hverjir bera þann hug til verkalýðshreyfingarinnar, að þeir vilja helst af öllu engin viðskipti við hana hafa og þau, sem þeir verða við hana að hafa, eru frekar af hinu verra en hinu góða.

Ég sagði áðan að ég reiknaði ekki með því, að nokkur þm. hefði búist við því fyrir 2—3 dögum að sjá till. af þessu tagi hér, því að með því að standa svona að málum er svo sannarlega kastað stríðshanskanum að verkalýðshreyfingunni og aðilum vinnumarkaðarins. Þeir aðilar hafa lengst af samið um þessi atriði sín í milli, og það hefur sýnt sig að þeir, sem hafa gert tilraunir til þess að breyta því með lögþvingun, hafa síðar orðið frá því að falla. Svo mun enn fara, hvaða ríkisstj. sem reynir að breyta í þessa átt sem 3. gr. frv. gerir ráð fyrir. Og þó að núv. hæstv. ríkisstj. telji sig vera sterka, þá er öruggt mál, að hún er víðs fjarri nægilega sterk til þess að brjóta á bak aftur viðhorf verkalýðshreyfingarinnar og vilja hennar í þessum málum. Því fer víðs fjarri. Þetta ákvæði þýðir það í raun og veru, eins og hér hefur, að ég held, komið fram, að ríkisstj. áskilur sér allan rétt eftir kosningar til þess að hækka óbeina skatta, svo sem söluskatt, vörugjald, tolla o. fl., þ. e. a. s. frá n. k. áramótum, án þess að nokkrar verðbætur komi til launafólks. Hér er því um að ræða, burt séð frá því að ríkisstj. ógildir eigin samninga við verkalýðshreyfinguna, aðför að grundvallarrétti verkalýðshreyfingarinnar sem ég fullyrði að verkalýðshreyfingin mun aldrei fallast á.

Ég sagði áðan að meginefni það, sem þetta frv. er smíðað utan um, er í þrem fyrstu greinum þess, það er í I. kafla frv. En í II. kaflanum, að því er varðar almannatryggingar, einnig þar ræðst hæstv. ríkisstj. að öldruðu fólki og öryrkjum. Ekki einu sinni þeir fá að vera í friði að þessu leyti fyrir ásælni hæstv. ríkisstj. að knýja fram kauplækkun og versnandi kjör. Þarna er ýmislegt fleira. Ég skal strax taka fram varðandi IV. kaflann, að ég er samþykkur því sem þar er. Hæstv. ríkisstj. hefði mátt vera búin að gera þetta fyrr, skattleggja að einhverju leyti þá aðila, sem hér um ræðir, á sama tíma og hún framkvæmir sína skattpíningarstefnu gagnvart almennu launafólki í landinu.

Þá komum við að V. kaflanum. Eins og hér hefur verið getið lögðu fulltrúar hæstv. ríkisstj. í verðbólgunefndinni ásamt formanni hennar, forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, og bankastjórarnir báðir, sem í nefndinni voru, til að hið tímabundna vörugjald yrði lækkað úr 18%, sem það er nú, niður í 9%, þ. e. a. s. lækkað um helming. Það er nú ekki aldeilis að hæstv. ríkisstj. fari að þessum ráðum sinna manna og sinna sérfræðinga í verðbólgunefnd. Hér er lagt til að vörugjaldið verði lækkað úr 18% niður í 16%, þ. e. a. s. um 2%, og í aths. með frv. segir að þetta sé fyrsta skrefið í átt að því að afnema gjaldið. Trúi því nú hver sem trúa vill, verði núv. hæstv. ríkisstj. við völd áfram. Við skulum segja að það gerðist og skrefin yrðu öll svona álíka stór, þá mun það takast árið 1986 að afnema með öllu þennan mjög svo rangláta skatt sem vörugjaldið er. Ég hef ekki nokkra trú á að það gerist einu sinni þá, ef núv. valdhafar ná saman í stjórn að kosningum loknum.

Nokkuð hefur verið á það minnst hér í dag, að nauðsynlegt væri að minnka umsvif ríkisins, nauðsynlegt sem hluti af þeim ráðstöfunum sem beita þyrfti í baráttunni við verðbólguna. Það gekk eins og rauður þráður í gegnum allar till. eða öll dæmi forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar niðurskurður á framkvæmdum. Í öllum dæmunum, muni ég rétt, var um þann lið að ræða

og þá í öllum dæmunum um þá framkvæmd sem hann kallaði niðurskurð í samgöngumálum um 2 milljarða kr. Nú er ég ekki að setja út á það, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki fara að þeim till. sinna manna í verðbólgunefnd að framkvæma niðurskurð á fjárveitingum til framkvæmda eða fjárveitingum til félagslegrar þjónustu, eins og margir hafa stungið upp á. Eigi að síður er í þessu frv., VI. kaflanum, ákvæði um niðurskurð á framkvæmdum eða rekstri ríkisins. Nú skal ég taka sérstaklega fram, að ég er viss um að það má ná miklu meira en 1 milljarði í niðurskurði í ríkisrekstrinum — miklu meira. Og ég er ekki í neinum vafa um að á hæfilegum tíma, ég er ekki að tala um það sem bráðabirgðaúrlausn en á tiltölulega rúmum tíma má minnka rekstrarútgjöld ríkisins ekki bara um 1 milljarð, heldur er mér nær að halda að megi minnka þau um 3—4 milljarða án þess að nokkurs staðar sjái högg á vatni að því er varðar starf í ríkiskerfinu. Þetta má gera með betri hagræðingu. Ég hef haldið því fram og get sagt að ég er viss um það, að að meinalausu megi fækka starfsliði í ríkiskerfinu um a. m. k. 25% án þess að nokkur þjónusta minnki. Ég er viss um það. En þetta gerist auðvitað ekki í einu vetfangi. Þetta getur verið einn liður í framtíðarlausn að því er varðar ríkisreksturinn.

Ég sagði áðan að allar till. formanns verðbólgunefndar hefðu verið um að skera niður framkvæmdir í samgöngumálum. Nú er mér spurn. Verði horfið að því ráði, sem gert er ráð fyrir í frv., hvaða framkvæmdir eru það sem á að skera niður í A-hluta fjárl.? Hvaða framkvæmdir eru það? Jú, það eru samgöngumál, þar með talin hafnamál, það eru skólamál, það eru heilbrigðismál, það er bygging dagheimila. Þetta eru allt saman framkvæmdaliðir sem eru í A-hluta fjárl. Og allar till. formanns verðbólgunefndar, fulltrúa ríkisstj. í verðbólgunefnd, fela í sér að þessi leið verði farin, að skera niður þarna. Gott væri ef hægt yrði síðar við umr. að veita einhverjar upplýsingar um það, hvaða liði menn stöðvast fyrst og fremst við og ætla fyrst og fremst að ráðast á með niðurskurði. Kannske ætla menn að halda allri þeirri hækkun sem verið var að samþykkja á bensínskattinum nú fyrir stuttu, halda þeirri hækkun, en skera svo niður vegaframkvæmdirnar. Það væri skynsamleg aðgerð eða hitt þó heldur. Og þá vitum við, a. m. k. úti á landsbyggðinni, hvar slíkur niðurskurður kæmi fyrst og fremst til greina. Það verður ekki hér á þéttbýlissvæðinu við Reykjavík. Kannske legði hæstv. samgrh. til að skera niður fjárveitingar til Borgarfjarðarbrúar, svo að eitthvað sé nefnt. Ekki held ég að það yrði hans fyrsta till.

Nei, ég fyrir mitt leyti er þeirrar skoðunar, að það séu þeir liðir sem síst á að ráðast gegn, þessar samfélagslegu framkvæmdir, félagsleg þjónusta og framkvæmdir í samgöngumálum, í skólabyggingum, í hafnamálum og svo mætti lengur telja. Síst ætti hæstv. ríkisstj. að ráðast að þessu í niðurskurðaráformum. En ég gæti vel trúað að hún byrjaði á því. Það hefur hún sýnt á sínum valdaferli, að hún hefur verið iðin við að draga úr og skera niður fjárveitingar til þessarar félagslegu þjónustu og framkvæmda.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég vil þó undir lokin aðeins ítreka það, að meginatriði þessa frv. er riftun gildandi kjarasamninga og kauplækkun. Og ég þarf ekki að taka það fram frekar en ég hef gert, en get þó gert það eigi að síður, að þessum meginatriðum þessa frv. er ég andvígur og mótmæli því harðlega, að hæstv. ríkisstj. gangi á undan í því að rjúfa þá samninga sem hún hefur sjálf staðið að að gerðir væru, — mótmæli því harðlega að stjórnvöld í landinu gangi á undan í þeim efnum. Með þessu frv. er ljóst að ríkisstj. segir verkalýðshreyfingunni í landinu, öllu launafólki, stríð á hendur. Enginn veit hvaða afleiðingar það kann að hafa, að nú kastar hæstv. ríkisstj. stríðshanskanum að verkalýðshreyfingunni.

Það samkomulag, sem tókst með fimm fulltrúum í verðbólgunefnd, þ. e. a. s. fulltrúa Alþýðusambands Íslands, fulltrúa BSRB og fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna hér á Alþ., byggist fyrst og fremst á þremur meginatriðum. Það er að halda gerða samninga og að halda fullri atvinnu — það fer ekki milli mála að þetta eru viðhorf og atriði sem verkalýðshreyfingin hefur sett á oddinn — og í þriðja lagi að beita ráðstöfunum til þess að draga úr verðbólguhraðanum. Till. að þessu lútandi voru lagðar fram sem álit þessara fimmmenninga í verðbólgunefnd. Ég skal ekki fara út í að ræða þetta frekar hér. Öllum hv. þm. er þetta kunnugt, því að þær till. hafa þeir fyrir framan sig og geta kynnt sér, en þetta eru meginatriði í þeim till. sem við fimmmenningarnir stöndum að. Þessar till. eru framkvæmanlegar, á því er enginn vafi. Þessar grundvallarforsendur, sem hér hefur verið drepið á, er hægt að framkvæma og ná árangri, að vísu ekki miklum á þessu ári, en þó meiri en þær till. ná sem fulltrúar stjórnarflokkanna í verðbólgunefnd lögðu til að framkvæmdar yrðu. Ekki einungis komu þessar till. að gagni í þeim vanda, sem nú blasir við og þarf að leysa til bráðabirgða, heldur er með þeim lagður grunnur að frekari langtímalausn í baráttunni við verðbólguna, og það er ekki síður — kannske fremur — það atriði sem hafa ber í huga þegar rætt er um tillögur eða leiðir til að ráðast gegn þessum vanda. Ég ítreka það, að verkalýðshreyfingin, Alþýðusamband Íslands og fulltrúar BSRB hafa tjáð sig reiðubúna til viðræðna við ríkisstj. á grundvelli þessara tillagna. Hér er því ekki um neina úrslitakosti að ræða. Hér er miklu frekar, má kannske segja, um umræðugrundvöll að ræða sem verkalýðshreyfingin ásamt öðrum leggur fram sem ábyrgur aðili, því að hún vill snúast við vandanum sem slíkum. Enn er tími fyrir hæstv. ríkisstj. að taka nú í þá hönd, sem fram er rétt, og leysa þennan vanda í samráði við verkalýðshreyfinguna. Þetta tækifæri býðst enn. Ríkisstj. ætti að grípa það í stað þess að sýna glórulaust ofstæki í viðhorfum sínum og samskiptum við verkalýðshreyfinguna, því að það ætti hæstv. ríkisstj. að vera ljóst, að með þessum till., sem hún leggur hér til, er verið að torvelda eðlilegt og nauðsynlegt samstarf eða samráð við verkalýðshreyfinguna í landinu um lausn verðbólguvandans og um skynsamlega stjórn í efnahagsmálum. Ég fullyrði að slíkt gerist ekki, það nást ekki

fram skynsamleg vinnubrögð til lausnar þessum vanda nema í samráði við launþegasamtökin í landinu. Engin lausn verður fundin í andstöðu við þessi samtök, ég tala nú ekki um ef svo verður á málum haldið sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla að gera að því er varðar viðhorf hennar til verkalýðshreyfingar og launþega.

Verði þetta frv. samþykkt hefur ríkisstj. valið þann kost að efna til vinnudeilna og óróa á vinnumarkaðinum, og að sjálfsögðu verður hún að taka afleiðingum þeirra gerða sinna. Hún hefur þá kosið stríð við launþegasamtökin og enginn vafi er á því, að það stríð verður háð verði fram haldið sem horfir af hálfu ríkisstj. í þessu máli. Viðbrögð launþegasamtakanna hafa þegar sýnt það, því að bæði stjórn BSRB og miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafa rætt þessi mál í dag og hér var í kvöld lesin upp ályktun sem gerð var á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands í kvöld, ályktun sem samþykkt var af öllum miðstjórnarmönnum í Alþýðusambandi Íslands, og svo mun einnig hafa verið í stjórn BSRB. Það er því alveg ljóst, að ef ríkisstj. ætlar að knýja þetta mál í gegn, eins og það nú liggur fyrir, þá er stefnt í stórkostlega árekstra og hörku á vinnumarkaðinum. Ríkisstj. á frumkvæðið að því og hér á við eins og oftar, að sá veldur miklu sem upphafinu veldur.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Í umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, hafa verið haldnar langar ræður, fyrst af forsrh. og síðan af formönnum allra stjórnarandstöðuflokkanna og málsvörum. Ég ætla nú ekki að fara jafnítarlega út í þessi mál og gert hefur verið í þeim ræðum sem þegar hafa verið fluttar hér, en vegna eðlis þessa máls get ég ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um höfuðefni þessa frv., frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem kemur í kjölfar gengisfellingarinnar sem nú er orðin staðreynd, því að allt er þetta í raun og veru sama málið.

Ég tel að höfuðefni þess frv., sem hér liggur fyrir, felist í fyrstu þrem greinum þess, það sem mestu máli skiptir, það sem engar sættir takast um, vegna þess að höfuðefni frv. er að rifta gerðum kjarasamningum enn einu sinni. Ekki hef ég tölu á því, hve oft núv. hæstv. ríkisstj. hefur leikið þann leik, en þetta er engan veginn í fyrsta sinni.

Sá vandi, sem hér er talið að sé við að fást, og ég ætla ekki að neita því að vissulega er vandi á höndum, er fyrst og fremst afleiðing af stefnu núv. ríkisstj., eins og margoft er búið að taka hér fram og sýna fram á með góðum rökum. Ég hef oft kallað þessa stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, eins og hún hefur birst okkur á undanförnum árum, kjaraskerðingarstefnuna, og ég held að það sé sannarlega réttnefni. Talað er um það núna, að kaupgjaldsamningarnir, sem gerðir hafa verið á þessu ári, sólstöðusamningarnir í vor og aðrir samningar sem síðan hafa komið, séu höfuðorsök þess mikla vanda sem nú er við að fást. Sjálfsagt geta menn sett dæmið svona upp og tekið þetta einangrað og fundið því stoð. Það er augljóst mál, að þegar kauphækkun, hækkun kaups í krónutölu nemur 60% á milli upphafs og endis árs, hlýtur slíkt að hafa í för með sér vanda og einkum fyrir útflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar. Þessu neita áreiðanlega engir. En hver er ástæðan til þess að verkalýðshreyfingin varð að gera samninga í sumar sem fólu í sér verulega kauphækkun? Það er minna um það talað af talsmönnum hæstv. ríkisstj. Það er ekki mikið haft á orði. Við vitum hins vegar að staðreyndin er sú, að á liðnum þrem árum, þegar þessir samningar voru gerðir, var búið að koma kjörum verkafólks þannig, að kjaraskerðingin var orðin gífurlega mikil og algerlega óviðunandi fyrir vinnandi fólk, kjaraskerðing, sem hafði verið framkvæmd alveg sérstaklega á árunum 1975 og 1976, kjaraskerðing sem að mínum dómi var langt umfram það sem skynsamlegt gat talist, jafnvel af ríkisstj. sem rekið hefur þá stefnu sem hér hefur mjög gjörla verið lýst, að hverjum manni hlaut að vera ljóst að verkalýðshreyfingin hlyti að grípa fyrsta besta tækifærið til þess að reyna að rétta hlut fólksins með nýjum kjarasamningum sem vegna kjaraskerðingarinnar hlutu að fela í sér verulegar kauphækkanir. Þessa stefnu sína mótaði verkalýðshreyfingin eða Alþýðusamband Íslands á þingi sínu í nóv. 1976. Þar var stefnan mörkuð og þar var sett fram krafa um 100 þús. kr. lágmarkslaun. Þessi krafa var þó ekki meiri en svo, að hún rétti ekki af þá skekkju sem orðin var í kaupmætti launanna, eða rétt um það bil. Þessi krafa þótti nú ekki öfgameiri en svo, að hæstv. núv. viðskrh. og raunar báv. líka taldi eðlilegt, að lágmarkslaun yrðu ekki lægri en sem næmi 100 þús. kr. á mánuði. Þetta var miðað við verðgildi í nóv. 1976. Þegar að samningum kom, þá rétt hékk í því að þessi upphæð, 100 þús. kr. á mánuði, næðist á samningstímabilinu, sem var 16 mánuðir. Þetta kaup, sem sjálfsagt er núna höfuðbölvaldurinn, það sem fyrst og fremst þarf að snúast gegn og skera niður, — hvað er þetta kaup í dag? Ef það ætti að vera með því verðgildi og hækka samkv. því sem framfærslukostnaður hefur hækkað frá því í nóv. 1976 til dagsins í dag, þá ætti þetta kaup sjálfsagt ekki að vera undir 150 þús. kr., ég hef ekki töluna nákvæmlega, en a. m. k. ekki undir því. En hvað er þetta kaup í dag? Það er mikið talað um erfiðleika fiskiðnaðarins, fiskvinnslunnar. Þar er það fyrst og fremst, sem kreppir að, sjálfsagt kaup þess verkafólks sem þar vinnur, það sé allt of hátt. Kaup þessa verkafólks í fiskvinnunni er í dag tæplega 111 þús. kr. á mánuði fyrir dagvinnu eða 110 931 kr. Það eru byrjunarlaun. Eftir eitt ár hefur þetta fólk núna 112 664 kr. á mánuði fyrir dagvinnuna. Þetta er kaupið sem sjálfsagt er allt um koll að keyra í okkar þjóðfélagi í dag!

Það má segja að kauphækkunin í vor hafi verið í prósentum nokkuð há, og fyllilega skal ég játa að ekki er heppilegt að þurfa að taka svona stökk. En verkalýðshreyfingin átti engan annan kost vegna þeirrar kjaraskerðingarstefnu sem búið var að framfylgja í hátt á þriðja ár. Sú kauphækkun, sem varð í vor, menn verða að festa sér það í minni, bætti ekki upp þessa kjaraskerðingu, hækkunin var ekki það mikil. Ef samningarnir hefðu fengið að vera í friði,

hefði tekist á þessu ári að bæta nokkurn veginn upp kjaraskerðinguna sem orðin var.

Þegar þessir samningar voru gerðir í sumar og jafnhliða því sem Alþýðusambandsfélögin lögðu fram kröfur sínar var einnig lagt fram það, sem við kölluðum frekar hinar pólitísku kröfur. Það voru kröfur um að ríkisvaldið beitti sér fyrir aðgerðum sem gætu skapað svigrúm fyrir þær kauphækkanir sem nauðsynlegt var að gerðar yrðu. Það var bent á ýmsar ráðstafanir, og ætla ég ekki að fara að telja þær upp hér, — ýmsar ráðstafanir sem gætu skapað svigrúm í efnahagslífinu, þannig að kauphækkanirnar þyrftu ekki allar að fara út í verðlagið, og gerðar yrðu þá þegar ráðstafanir til þess að hefta verðbólguþróunina. Þetta var ekki gert. Hins vegar hefur ríkisstj. núna, þegar allt er komið í óefni vegna þeirrar stefnu sem rekin hefur verið, farið þess á leit við verkalýðshreyfinguna að hún taki á sig byrðar. Þessu hefur mjög verið haldið fram í ræðum og riti, að verkalýðshreyfingin þyrfti að axla byrðar eins og aðrir og koma til móts við þær ráðstafanir sem nauðsynlegt væri að gera.

Ég var í hópi fulltrúa Alþýðusambandsins sem mættu hjá hæstv. ríkisstj. nú fyrir réttri viku, það hefur verið s. l. föstudag. Þar var okkur kynnt, hvað ríkisstj. hygðist gera, kynntur vandinn o. s. frv. og þær leiðir sem ríkisstj. helst hygðist fara í þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum sem fyrir dyrum stæðu. Okkur var þá gefið í skyn, án þess að það væri þó sagt berum orðum, að það væri til svokölluð fimmta leið í þeim hugmyndum sem ræddar hefðu verið í verðbólgunefnd, 5B nánar tiltekið. Þetta var gefið í skyn, en þó ekki sagt berum orðum. Og andsvör okkar voru þau og gátu orðið þau ein, að Alþýðusambandið og verkalýðshreyfingin gætu ekki staðið að neinum þeim ráðstöfunum sem hefðu í för með sér riftun kjarasamninganna. Ríkisstj. sá hins vegar engar leiðir í málunum nema rift yrði gerðum kjarasamningum að meira eða minna leyti, þannig að umræðugrundvöllur var ekki fyrir hendi á milli þessara aðila.

Fulltrúar Alþýðusambandsins og BSRB voru síðan kallaðir á fund ráðh. aftur í gær eða gærkvöld. Gefin hefur verið lýsing hér á því sem talið er að þar hafi fram farið. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á það, veit þó að í stórum dráttum er sú lýsing rétt. Það, sem þá var uppi á teningnum, var allt annað en okkur hafði áður verið sagt. Þetta ætti öllum hv. þm. að vera kunnugt.

Sá háttur, sem á hefur verið hafður í þessum efnum, er sem sagt sá, að komið er til verkalýðshreyfingarinnar þegar í óefni er komið. Hæstv. forsrh. sagði í framsöguræðu sinni í dag, að haft hefði verið samráð við aðila vinnumarkaðarins og í lokatillögum ríkisstj. hefði verið tekið tillit til sjónarmiða launþegasamtakanna. Ég verð nú að segja að í þessu frv. get ég ekki séð nein merki þess, nema síður væri. Verkalýðshreyfingin hefði gjarnan kosið að allt frá samningunum í sumar hefði verið tekið mið í efnahagsstefnunni á að afstýra þeim vanda sem nú er komið í. Það hefur ekki verið gert.

Nú sem sagt liggja fyrir till. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Burðarásinn í þeim er árás á samningana og enn ný kjaraskerðing. Með þessum ráðstöfunum er öllum leiðum lokað til skynsamlegra ráðstafana í verðbólgumálum í samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Stefnan er tekin á stríð við verkalýðshreyfinguna og enn ein kollsteypan undirbúin. Þetta er sú stefna sem felst í því frv. sem hér liggur fyrir. Þetta verður afleiðing þessa frv. og laganna ef samþ. verða.

Alþýðusambandið og BSRB, ásamt fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna í verðbólgunefnd, hafa lagt fram till. um aðra leið út úr þeim vanda sem nú blasir við. Það er sú leið sem skerðir ekki kjarasamninga, stefnir ekki fyrst og fremst á aukna verðbólgu, heldur er verðlækkunarleið til hömlunar verðbólgu. Að þessu er verkalýðshreyfingin reiðubúin að vinna með hverjum sem er sem að slíkum leiðum vill vinna, slíkum ráðum. Þetta hefur legið fyrir, en hefur verið hafnað.

Í einstökum greinum þessa frv. er svo ákveðið, hvernig að skuli farið við þessa kjaraskerðingu. Hún er í stórum dráttum á þá leið, að helmingur af þeim verðbótum, sem hefðu átt að koma vegna verðhækkana samkv. samningunum, verður nú felldur niður. Þetta hefur í stórum dráttum, trúi ég, það í för með sér að kjaraskerðingin, sem þessu fylgir, er sennilega ekki minni en 10% eða jafnvel 12% í lok þessa árs. Með því móti er búið að taka bróðurpartinn aftur af því sem verkalýðshreyfingunni tókst að vinna með samningunum í sumar. Hins vegar er einnig í þessu frv. gert ráð fyrir því, að allra lægstu laun fái hærri verðbætur, eða 880 kr. á mánuði fyrir hvert prósentustig, og fengist þá, miðað við 100 þús. kr. laun, um 8.8% hækkun núna 1. mars í staðinn fyrir 10% sem vísitalan mundi annars hafa sagt til um. Hins vegar er í þessari grein, 2. gr. frv., óljóst hvernig með á að fara, og ekki hefur verið gerð minnsta tilraun af talsmönnum þessa frv., hvorki í grg. né heldur í framsögu, til að skýra með nokkrum hætti hvernig hugsað er að framkvæma þessa 2. gr. frv. En þeir, sem eru kunnugir málum, sjá að hér er um að ræða svo flókin og vandasöm atriði að mér liggur við að segja að þetta sé svo til alveg óframkvæmanlegt.

Mig langar t. d. til þess að spyrja, hvernig menn hugsi sér að fara með yfirvinnukaupið. Er ætlunin að skerða nú einu sinni enn þau hlutföll á milli dagvinnu og yfirvinnu sem verið hafa í samningum allt frá því 1969, þegar þeim miklu flækjum, sem þá voru orðnar á þessum málum, var loksins rutt úr vegi með því að ákveða hlutfall yfirvinnu af dagvinnu með ákveðinni prósentutölu? Ég held að þá, og þá atvinnurekendur ekkert síður en verkafólk, sem urðu að fást við að framkvæma hlutina eins og þeir voru ákvarðaðir með lagasetningu, langi ekkert til að endurtaka allar þær flækjur og vitleysur sem þá voru. Ég vil fá svar við því, hvort ætlunin sé að skerða hlutföllin sem núna eru ráðandi milli yfirvinnu og dagvinnu. Mér sýnist á frv. að þetta sé ætlunin, og þá vil ég fá að vita, hvernig menn ætli að gera þetta.

Það eru ýmis önnur framkvæmdaatriði sem væri gott að fá nánari skýringar á. Það er eins og menn gangi út frá því, að allir menn séu á föstu mánaðarkaupi á föstum vinnustað. Þessi

regla er hugsanlega framkvæmanleg þar sem þannig er í pottinn búið. En hvað um fólkið á vikukaupi, hvað um tímavinnufólkið, hvernig hugsa menn sér þessa framkvæmd gagnvart því? Að vísu er sagt í grg. frv., að hér sé um vandasamt mál að ræða og muni þurfa reglugerð til þess að marka framkvæmd þessa ákvæðis. En þeir, sem hafa sett þetta inn í frv., hljóta að hafa gert sér einhverja grein fyrir því, hvernig þessi framkvæmd eigi að vera.

Þessar tvær greinar frv. eru sem sagt um þá kjaraskerðingu sem ætlunin er að framkvæma.

3. gr. frv. er kannske einna merkilegust af því efni sem upp er talið í þessum kafla. Það er ákvæðið um að frá 1. jan. 1979 skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Mér heyrðist nú, þegar ég var á leiðinni heim í kvöldmatinn áðan og viðtal var við hæstv. viðskrh. í útvarpinu, eins og þetta væri eitthvert óskabarn hans, svo mikla áherslu lagði hann á þýðingu þessa ákvæðis í frv. í því viðtali sem hann átti við Ríkisútvarpið. Ég held að með þessari grein og efni hennar sé verkalýðshreyfingunni ögrað á svo ósvífinn hátt, að ekki komi til mála annað en verkalýðshreyfingin taki mið af þessu í öllum sínum gerðum, ef þetta verður látið standa í þeim lögum sem hér er ætlunin að láta frá sér fara.

Hægt væri að tala lengi um þessa einu grein þó að stutt sé. Gildistaka hennar á að vera 1. jan. 1979. Með eðlilegum hætti væru samningar verkalýðsfélaganna, Alþýðusambandsfélaganna, lausir 1. des., hefðu runnið út 1. des. Væntanlega hefði þeim þá verið sagt upp, gildistími þeirra var þangað til og er enn sem komið er. Mér sýnist að í þessari grein felist það, að ríkisstj. á hverjum tíma geti bókstaflega ónýtt kjarasamninga um leið og þeir eru gerðir, ef þeir samningar eru henni ekki þóknanlegir. Þetta er það sem mér finnst, eins og ég sagði, slík móðgun eða ögrun við verkalýðshreyfinguna að við hljótum að taka mið af þessu í baráttu okkar fram undan.

Það má mikið ræða um vísitöluna, vísitölugrundvöllinn, og hefur oft verið gert. Þó verð ég að segja, að heldur fannst mér það veik röksemd fyrir því, sem hér er um að ræða, þegar því er hampað í grg. frv., framsöguræðu forsrh. og víðar sem röksemd fyrir því að taka alla óbeina skatta út úr vísitölunni, að þeir hafi ekki áhrif á verðbótaákvæði samninga, að ef tappagjaldið svokallaða yrði hækkað yrði allt kaup í landinu líka hækkað. Það hefur iðulega verið rætt um að einstakar fjáraflanir til sérstakra félagslegra mála og framkvæmda gætu vel fallið undir það að hafa ekki áhrif á kaupgjald. Um þetta hefur oft verið rætt, og verkalýðshreyfingin er áreiðanlega opin fyrir því að ræða slíka hluti. En hins vegar að ríkisstj. hafi bennan möguleika, það er eins og hún hafi rýtinginn í erminni gagnvart verkalýðshreyfingunni í hvert sinn sem hún gerir nýja kjarasamninga.

Eins og hér hefur verið tekið fram er það algerlega fráleitt að taka burt áhrif óbeinna skatta á verðbætur, en halda hins vegar í vísitölunni áhrifum niðurgreiðslna. Ég ætla ekki að fara að ræða þessi mál öllu nánar hér, en það verð ég að segja, að þau ummæli, sem Morgunblaðið í dag hefur eftir hæstv. forsrh. einmitt um þennan lið, eru ekki traustvekjandi. Í þessu viðtali við Morgunblaðið í dag segir hæstv. forsrh., að það torveldi alla stjórn efnahagsmála að óbeinir skattar eru í vísitölunni, þar sem þá er ekki hægt að beita sem skyldi fjármálum ríkisins til að halda jafnvægi í eftirspurn innanlands og draga þannig úr verðbólgunni. Við í verkalýðshreyfingunni þekkjum orðið ákaflega vel, hvað í rauninni er átt við þegar talað er um að hafa áhrif á eftirspurnina innanlands. Það er nákvæmlega það sama og er höfuðatriði þessa frv. Það er að kaupmátturinn sé of mikill, kaupið of hátt, það verði að skerða kaupmáttinn, lækka kaupið. Þetta er það sem er hið nakta innihald orðanna að hafa vald á eftirspurninni innanlands. Menn sjá nefnilega aldrei neinar aðrar leiðir en þá að skera niður kaupið, ráðast á kaupið og kaupmáttinn eða félagslegar framkvæmdir hvers konar. Þetta tvennt er það sem mönnum fyrst og fremst dettur í hug að gera þegar eitthvað bjátar á.

Ég sagði áðan, að því miður væri með þessu frv. og þeim ráðstöfunum, sem það felur í sér, lokað öllum leiðum til skynsamlegra ráðstafana til að hefta verðbólguna í samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Þær samþykktir, sem við höfum nú heyrt frá launþegasamtökum, bæði núna alveg sérstaklega og reyndar undanfarið, viðvaranir, ítrekaðar viðvaranir til hæstv. ríkisstj. að rifta ekki samningunum — allar þessar viðvaranir hafa verið að engu hafðar og nú er ekki annað sjáanlegt en stefni í enn eitt stríðið, enn eitt stéttastríðið. Ég held að algerlega sé nauðsynlegt að bæði hæstv. ríkisstj. og raunar allir hv. alþm. geri sér fyllilega ljóst og þurfi ekki að vera í neinum vafa um það, að verkalýðshreyfingin skoðar þessi lög, ef þau verða sett eins og frv. mælir fyrir um, sem hrein þvingunarlög. Viðbrögð hennar munu verða í samræmi við það.

Ég ætla að enda þessi orð mín á því að minna á niðurlag þeirrar samþykktar, sem miðstjórn Alþýðusambandsins gerði í kvöld, en niðurlag þessarar ályktunar er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þá lýsir miðstjórnin því yfir, að hún telur að með því að allar heiðarlegar leikreglur varðandi sambúð verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda og ríkisvaldsins eru þverbrotnar með fyrirhugaðri lagasetningu, að verkalýðsfélögin og allir einstaklingar innan þeirra séu siðferðilega óbundnir af þeim ólögum sem ríkisvaldið hyggst nú setja."

Ég held að rétt sé, að menn hafi niðurlagsorð þessarar ályktunar vel í minni. Ég er ekki í neinum vafa um að þarna er talað fyrir munn allra launþega í landinu, og svo til algerlega einróma mótmæli gegn þessu lagafrv. og árásunum á kjarasamningana skulu menn taka alvarlega að þessu sinni.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Við höfum hlýtt hér á langar ræður, aðallega af hendi stjórnarandstæðinga. Hæstv. forsrh. reifaði það mál, sem hér liggur fyrir, það vel og rækilega

að ég ætla mér ekki að fara út í einstök atriði. Það eru þó nokkrar aths. sem ég vildi koma á framfæri nú þegar við 1. umr., áður en málið fer til nefndar.

Ég get lýst yfir því, að sem heild styð ég þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem ríkisstj. hefur nú í dag og að undanförnu borið fram á hv. Alþ. Þetta er þó með nokkrum fyrirvara sem ég mun víkja að hér á eftir.

Hér er til umfjöllunar stórt og viðurhlutamikið mál og veltur því að sjálfsögðu á miklu að hv. Alþ. taki hér ábyrga afstöðu, — þá á ég við stjórnarþm. jafnt sem stjórnarandstæðinga. Það veltur ekki síður á miklu, að fólkið í landinu, hver fullþroska einstaklingur, reyni einnig að taka ábyrga afstöðu. Við heyrum nú þegar utan úr þjóðfélaginu háværar mótmælaraddir. Það er með miklum upphrópunum staðhæft að ríkisstj. fari með stríð á hendur launþegum, stríðshanskanum kastað framan í verkalýðinn og þar fram eftir götunum. Þessi viðbrögð þurfa kannske ekki að koma á óvart, en víst er að þau eru síst til þess fallin að stuðla að þeim samkomulagsvilja og sáttfýsi innan þjóðfélagsins, sem væri í dag æskilegt og nauðsynlegt að stuðla að.

Ég held, illu heilli, að við hugsum í vaxandi mæli í hópum. Við höfum tilhneigingu til þess að varpa frá okkur ábyrgð, hver einstaklingur, jafnvel í afdrifaríkustu málum, í hendur fárra manna sem við höfum kosið sem forsvarsmenn eða fulltrúa. Þar af leiðandi færast mikil völd, óeðlilega mikil völd og óeðlilega mikil áhrif á hendur fárra manna. Of fáir menn taka of miklar ákvarðanir fyrir of marga. Ég fæ ekki betur séð en okkar ágæta lýðræði sé þannig í æ ríkari mæli að verða fulltrúalýðræði, — fulltrúalýðræði sem ég tel að feli í sér mikla hættu vegna þess að hlutur einstaklingsins verður minni, áhugi og vilji hvers einstaklings minni til þess að brjóta sjálfur hlutina til mergjar, til þess að komast sjálfur að niðurstöðu eftir því sem dómgreind hans og skynsemi segir honum til. Það fer ekki hjá því að maður spyrji, hve margt fólk stendur raunverulega að öllum þessum háværu mótmælum sem okkur berast nú í rauninni áður en þjóðin veit hvað um er að ræða. Ég vil vona að nú, þegar við stöndum frammi fyrir miklum vanda, verði hin persónulega ábyrgð einstaklinga í landinu sem mest. En af því, sem ég sagði áðan, leiðir að hin persónulega ábyrgð í þjóðfélaginu er að hverfa meir og meir.

Talað er um árásir, þvingunarlög, svik, riftun samninga og fleira í þeim anda. Ég sjálf tel, og það hygg ég að við séum öll sammála um, að þessir kostir, sem eru valdir í þessu frv. til l. um efnahagsráðstafanir, séu ekki góðir kostir. Og ég veit að núv. ríkisstj. og sá hluti Alþ., sem hana styður, ber þetta frv. ekki fram að gamni sínu. Ég tel það öruggt mál, að engin ríkisstj. fyrr né síðar grípi til óvinsælla aðgerða í þjóðfélaginu að gamni sínu. Við grípum til þessara ráða nú í nokkurs konar nauðvörn. Við teljum að þarna sé um að ræða varnaraðgerðir til þess að verja þjóðina frekari áföllum af vaxandi verðbólgu og jafnvægisleysi í efnahagsmálum sem við stöndum frammi fyrir nú og búum við. Það má segja að þessar ráðstafanir geti með réttu kallast bráðabirgðaráðstafanir. Þær eru það að sjálfsögðu að hluta. En ég trúi því, að þær beini þróun efnahags- og verðlagsmála í heillavænlegri farveg en þau eru í nú og þess vegna séu þær réttlætanlegar, þótt þær séu ekki fram bornar af sérlega horskum hug.

Það er líka talað um að tímasetning þessa frv. sé einkennileg nú, þegar tvennar kosningar eru í nánd, að ríkisstj. skuli voga sér að bera fram till. sem feli í sér vissa skerðingu á kjörum almennings. Ég tel þvert á móti að það væri ábyrgðarleysi að láta hræðslu við fylgistap í kosningum hræða sig frá því að gera þær ráðstafanir sem við teljum að gera beri af brýnni nauðsyn. Hitt má segja og ég get fallist á það, að ráðstafanir á borð við þessar og þó kannske ekki sams konar hefðu mátt koma til fyrr. Ég tel að við hefðum á s. l. vori með betra móti getað gripið inn í, þegar séð varð hvert stefndi í launamálum, og gert þá ákveðnar ráðstafanir, sjálfsagt óvinsælar í bili, en hefðu verið haldbetri en útkoman varð úr kjarasamningum á s. l. vori og s. l. hausti. Það hefði verið eðlilegt að mínu mati og sjálfsagt, og ég lét það koma fram hér á Alþ. og víðar, að ríkisstj. hefði gripið inn í, jafnvel með róttækum ráðstöfunum í þá átt að við hreinlega hefðum búið til þak á efstu laun og sett einnig lágmarkslaun og látið launþegasamtökunum eftir að skipta því sem skipta mátti þar á milli. Þá hefðum við örugglega ekki staðið í þeim sporum nú sem við gerum í dag.

Ég fagna því, þó ég sjái ýmsa erfiðleika og ýmsa agnúa á þessu frv., að óumdeilanlega hefur verið reynt að gæta hagsmuna þeirra sem helst þurfa þess með, og þá á ég við að hæstu verðbæturnar koma á lægstu launin og að vísu nokkuð upp eftir, allt að 176 þús. kr. mánaðarlaunum. Ég fagna því einnig, að sérstaklega hefur verið litið til barnafólks sem þarf á sérstökum ráðstöfunum að halda til að standast hátt verðlag. Og síðast, en ekki síst, tel ég að sómasamlega hafi verið sinnt þörfum aldraðs fólks og öryrkja. Auðvitað eru það þessir hópar í þjóðfélaginu fyrst og fremst sem okkur ber tvímælalaus skylda til að verja skakkaföllum þegar á þjátar í okkar kaupgjalds- og efnahagsmálum.

Ég vil líka ætlast til þess, að verði þetta frv. að lögum, þá verði reynt eftir megni að halda niðri verðlagi í landinu. Ég veit að það verður erfitt, en það verður að reyna að því marki, að fólk sjái að fleira er gert en að ætlast til fórna af hálfu almennings.

Þá vil ég víkja fáeinum orðum að þeim atriðum sem ég vildi sérstaklega gera aths. við. Ég hef lýst því yfir í mínum þingflokki afdráttarlaust, að ég muni ekki standa að kauphækkunum nú til þeirra hópa í þjóðfélaginu sem mestar kauphækkanir hafa fengið á s. l. ári. Það er því ekkert upphlaup hér af minni hálfu, að ég aðeins stend við þá afstöðu mína. Sú afstaða beinist aðallega að tveimur fyrstu gr. frv., um verðbótaákvæði. Í mínum huga komu til greina þrír valkostir. Ég vil taka það fram strax, að þeir eru hér settir fram mjög einfaldir og alls ekki útfærðir sem skyldi, enda á ég varla von á því, að þeir nái fram að ganga. En samt

sem áður vil ég ætlast til að sú n., sem fær þetta mál til umfjöllunar, taki tillit til þeirra. Þessir þrír valkostir að því er varðar verðbætur á laun eru þessir:

1. Að alls engar verðbætur kæmu á laun hærri en 300 þús. kr. Ég var í rauninni upphaflega með í huga alls engar hækkanir, hvorki grunnkaupshækkanir né verðbótahækkanir, til þeirra sem eru á hæstu launum. En ég get fallist á þetta til málamiðlunar, að við tækjum aðeins verðbæturnar.

2. Annar valkostur, sem er í rauninni nokkuð hliðstæður þessum fyrsta, er sá, að engar verðbætur kæmu á tekjur, sem hækkuðu á árinu 1977 um 70% eða þar yfir.

3. Þriðji valkosturinn, sem sennilega er sá einfaldasti, er sá, að fullar verðbætur kæmu á allra lægstu laun. Þá hef ég ekki skilgreint hvar ég set markið við allra lægstu laun. Það gætu verið 106 þús., sem er það lægsta í dag, og eitthvað upp fyrir 125 þús. eða jafnvel meira, en síðan bættist á öll önnur laun sama krónutala og lægstu launaflokkarnir fá. Þetta er sennilega of einföld leið til þess að hlustað sé á hana.

Ég veit að jafnvel þessi leið, krónutöluleiðin, og hinar tvær öllu fremur eru sjálfsagt flóknar í framkvæmd. En hvaða ráðstafanir af þessu tagi eru ekki flóknar í framkvæmd? Og ég tek alveg undir það sem síðasti ræðumaður, hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, benti á, að þessi verðbótaákvæði verða vafalaust mjög erfið í framkvæmd, og það er einnig tekið fram í grg. með frv. Þetta, að ég set markmið við 70% hækkun á laun, stafar af því m. a. að talað var um á s. l. hausti, þegar opinberir starfsmenn gengu til samninga, að þessi launahópur í þjóðfélaginu hefði borið skarðan hlut launalega að undanförnu. Þess vegna hef ég ekki sett markið við 60%, heldur 70%, til þess að mæta óskum þeirra opinberu starfsmanna sem töldu sig hafa dregist aftur úr launalega. Ég er hins vegar í engum vafa um að þegar 20% hækkun kemur ofan á þau 60% á ári sem voru almennar launahækkanir í landinu, þá er of langt gengið og búið að stofna til röskunar á hlutföllum í launakerfinu. Ég er ekki talsmaður allsherjar launajöfnunar. Ég tel að sjálfsögðu að menntun, hæfni og dugnaður eigi að ráða miklu um launaákvarðanir launþega. En ég er í engum vafa um að einmitt með þessum óraunhæfu, gegndarlausu hækkunum, allt upp í 80%, hefur launahlutföllum í kerfinu verið gróflega raskað. Ég vona því að þetta skoðist ekki frá minni hálfu sem árás á opinbera starfsmenn. Það væri þá um leið árás á sjálfa mig, því að ég er í þeirra hópi, bæði sem alþm. þessa stundina og sem kennari að atvinnu þar fyrir utan. Ég er líka viss um að þessi ráðstöfun, þótt við tækjum allar launahækkanir af þeim sem fengu yfir 70% hækkun á s. l. ári, skiptir engum sköpum fyrir okkar efnahagsástand í dag eða þróun í launamálum. Það veit ég vel. Þetta er ekki það stór hópur né heldur stórar upphæðir. En ég held að það sé óendanlega mikilvægt að við, sem nú erum að ráða málum þjóðarinnar, reynum svo að þjóðin sjái og finni, að gæta sanngirni, jafnvægis og réttlætis eftir því sem framast er unnt. Það er það sjónarmið sem fyrir mér vakir með þessum hugmyndum.

Við heyrum fregnir frá grannþjóðum okkar sem eru að þrefa um og velta vöngum yfir 2—5% launahækkunum heima hjá sér. Við höfum á s. l. ári hækkað laun um 60—80% og við hljótum að spyrja: Erum við Íslendingar ekki háðir sömu efnahagslegu lögmálum og grannþjóðir okkar? Þolum við til lengdar svo gegndarlausar kauphækkanir sem hafa átt sér stað hjá okkur að undanförnu, og þolum við það öllu lengur til viðbótar þeim árum sem við höfum verið með frá 30 og yfir 50% verðbólgu? Stöndumst við öllu lengur slíkt? Að vísu hafði okkur tekist að ná verðbólgunni niður um meira en helming, en því miður hefur stefnan breyst og hún heldur upp á við aftur. Mér dettur ekki í hug að staðhæfa að þessi verðbólguþróun stafi eingöngu af hækkuðum launum. Þar kemur margt til fleira. En þó er það nú svo, að okkar sérfræðingar staðhæfa að launaþátturinn sé 70% verðbólguvaldur, þannig að hvernig sem við lítum á málið þýðir ekki að líta fram hjá því, að launaþátturinn er þarna ákaflega mikill örlagavaldur. Annað væri hreinasta lýðskrum.

Ég vona að þjóðin öll fái að vita sem gleggst hvað hér er um að ræða og að þjóðin öll, hver einstaklingur geri átak til þess að hugsa málið sjálfur, reyni að komast að niðurstöðu, eftir því sem dómgreind hans sjálfs segir honum til um. Ég veit að þetta er ákaflega erfitt. Það er kannske of erfitt til þess að maður geti ætlast til þess af almenningi úti í þjóðfélaginu. Við eigum fullt í fangi hér á Alþingi, við alþm., með að átta okkur á öllum þeim flækjum sem okkar launamál eru komin í. Þau eru orðin að völundarhúsi, þau eru orðin, er ég hrædd um, að hálfgerðri svikamyllu sem leikur harðast þá sem sist skyldi. Búið er að finna upp alls konar útúrkróka og skúmaskot til þess að gera fært að skapa misvægi og ranglæti í launamálum sem full þörf væri á að leiðrétta.

Í því sambandi og áður en ég lýk máli mínu hlýt ég að víkja örfáum orðum að 3. gr. frv. sem mjög hefur orðið tíðrætt um, en það er að óbeinir skattar skuli frá og með 1. jan. 1979 ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Ég er sammála því, sem hér hefur komið fram, að í rauninni er þetta ákaflega viðurhlutamikið ákvæði og getur reynst hættulegt í höndum á mönnum sem ekki eru ábyrgir. En ég lít svo á að þessi ráðstöfun sé spor í rétta átt til þess að leiðrétta allar þær skekkjur og alla þá vitleysu sem viðgengst í útreikningi vísitölu og vísitölugrundvallar. Ég held að í höndum ábyrgra stjórnvalda, sem ekki sitja við stjórnvölinn til þess að níðast á þjóðinni, heldur til þess að standa vörð um hagsmuni hennar, sé þetta ákvæði til bóta og í rétta átt. En ég skal viðurkenna að það kemur nokkuð snögglega inn nú. Þetta hefði þurft að vera einn liður af mörgum í læknisaðgerð á því vísitölukerfi sem við búum við í dag. Ég held að það mundi í höndum ábyrgra stjórnvalda vernda hagsmuni launþega frekar en tefla þeim í háska og ég held, að það mundi stuðla að auknu efnahagslegu jafnvægi þjóðarinnar í heild.

Ég hef þessi orð ekki fleiri. Enda þótt ég hafi ekki borið þessar þrjár hugmyndir mínar sem komu fram hér að ofan, fram í brtt., þá vil ég vænta þess að hv. fjh.- og viðskn. hafi hliðsjón af þeim þegar hún tekur til umfjöllunar þetta vandasama mál. Ég vil líka taka það fram að ég sé ekki ástæðu til að ætla að þessu frv., eins og það liggur fyrir nú, megi ekki breyta á einn eða annan hátt ef um það gæti tekist samkomulag og samstarf hinna vinnandi stétta, launþega í landinu. Því hlýt ég að gera ráð fyrir því, að einskis verði látið ófreistað til að komast að niðurstöðu sem allir gætu sómasamlega við unað.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Það hafa nú verið nokkuð langar ræður sem hér hafa verið fluttar, og ég skal lofa því, að ég mun ekki flytja ræðu af sömu lengd og þær sem hafa verið fluttar í kvöld.

Ástæðan fyrir því, að ég kvað mér hér hljóðs, er sú, að ég hef setið hér og hlustað og var að vonast til þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar, þeir menn sem tóku þátt í verðbólgunefndinni svokallaðri og komu hér með sérálit í henni, gerðu grein fyrir því hvernig þeirra till. mundu koma út ef eftir þeim væri farið. Ég hef ekki heyrt annað en þeir, sem hér hafa talað, allir, hafi viðurkennt að hér væri sá vandi á höndum sem yrði með einhverjum hætti að snúast gegn. Ég hef ekki annað heyrt en allir væru sammála um það, enda vitum við að ýmsar atvinnugreinar standa mjög höllum fæti og jafnvel svo, að ef ekkert hefði verið að gert hefðu þær stöðvast á næstunni. Ég ætla ekki að fara að telja þær upp. Ég held að öllum sé þetta vel kunnugt.

Menn héldu hér langar ræður, en lýstu ekki hvernig till. þeirra mundu koma út ef eftir þeim væri farið. Þeir sögðu: Við erum hér með till. Ykkar till. eru ómögulegar. — En það er ekki nóg. Það verður að gera grein fyrir því, hvernig þær mundu koma út og hvort þær mundu þá koma niður af réttlæti, en þeir eru að tala um að lítið réttlæti sé í þeirri leið sem ríkisstj. hefur lagt til að yrði farin.

Það er auðvitað ekki ánægjulegt fyrir neinn að þurfa að standa að því að gera svona till. En ríkisstj. verður að horfast í augu við þann vanda, sem við blasir, og verður að taka skásta kostinn.

Stjórnarandstaðan ásamt fulltrúum Alþýðusambandsins og starfsmanna ríkis og bæja skrifar undir till., hvernig þeir vilji láta leysa þennan vanda, og eitt af því, sem þeir leggja til, er að lagt verði nokkurs konar veltugjald á sama skattstofn og aðstöðugjöld. Hverja hittir þetta? Hvernig mundi þetta koma út? Ég man ekki betur en hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, væri að brigsla okkur framsóknarmönnum um það hér á dögunum, að við værum lélegir talsmenn landbúnaðarins og við héldum illa á málum hans hér á Alþ. Það væri nú einhver munur hvernig Alþb. hugsaði um blessaða bændurna í landinu, það væri annað mál. En hvað felst í þessu? Ég hef í dag reynt að afla mér upplýsinga um það, hvað þetta gjald þyrfti að vera hátt og hver væri í raun og veru stofninn, hver væri í raun og veru sú upphæð sem væri hægt að hugsa sér að stæði undir slíkum stofni. Hvað þurfti gjaldið að vera hátt til þess að ná 4300 millj. Ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um þetta. Ég fór í Hagstofuna, ég fór í Þjóðhagsstofnun — ég fékk ekki svar. En ég fór til eins af þeim mönnum, sem skrifuðu undir þetta álit, og spurði: Hvað þarf þetta gjald að vera hátt? Hann sagði: Það þarf að vera helmingi hærra en aðstöðugjaldið, sem er lagt á til að ná þessari upphæð. — Það var svarið. En hvernig er þessi stofn og hvernig kemur þetta niður?

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga frá 1964 er 10. gr. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir: a. Allt að ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla. b. Allt að 1% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði. c. Allt að 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum. d. Allt að 2% af öðrum atvinnurekstri.“

Þetta er þá stofninn. Sá hv. þm., sem ég ræddi við, veit þetta, og ég tek orð hans trúanleg. Ég geri ráð fyrir því, að þessir hv. tillöguhöfundar hafi gert sér grein fyrir því, hvað þeir voru að leggja til. Þetta mundi vera t. d. á landbúnað 4%. Og ef við tökum meðalbúið, en gjaldstofninn á meðalbúi, eins og hann er í verðlagsgrundvelli, er 2.6 millj., þá mundi þetta vera um 104 þúsund á meðalbúið. Þetta væri náttúrlega ekkert lítið t. d. á kaupfélögin sem eru að berjast í bökkum. Þetta væri þá lagleg glaðning fyrir þau eða annan smárekstur sem er að berjast í bökkum.

En þessi hv. þm. og þeir, sem skrifuðu undir þetta, voru ekki alveg búnir að gleyma bændunum í þessum till. sínum. Það var meira en þetta. Þeir lögðu til að tekinn væri 1 milljarður af útflutningsuppbótum og það fært yfir til að standa undir auknum niðurgreiðslum. Nú er þannig ástatt í þjóðfélaginu, að það lítur út fyrir, þó að bændur fái þessi 10% sem þeir eiga að fá lögum samkv., að samt mundi vanta um 2 milljarða til þess að þeir næðu sínu verðlagi. Þessi till. mundi, ef yrði farið eftir henni, verka þannig, að þá mundi kaupið skerðast um 3%, eins og nú horfir. Miðað við meðalbúið, verðlagsgrundvöllinn, mundi þetta losa 210 þús. kr. Sem sagt, þetta eru till. þessara hv. nm. Ég tek bara dæmi, hvað þetta er vel hugsað, hvernig þetta kemur út fyrir landbúnaðinn sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur talað um réttilega að væri afskiptur í þjóðfélaginu, hefði ekki náð nema 68% af kaupi viðmiðunarstéttanna s. l. ár. Þetta er það réttlæti sem þessir menn berjast fyrir.

Það kann vel að vera, að aðgengilegt sé fyrir hv. þm. Karvel Pálmason að sækja fylgi til bænda á Vestfjörðum með þetta á bakinu, ef það er þetta réttlæti sem hann berst fyrir — eða hv. þm. Lúðvík Jósepsson á Austurlandi.

Nei, það er ekki nóg að slá fram till. Og það er ekki nóg að tala um að það, sem stjórnarliðið kemur með, sé svona og svona. Þegar þarf að skerða eitthvað kemur það niður á einhverjum. En eru þessar till. það sem menn telja rétt nú miðað við hvernig ástatt er í þjóðfélaginu? Er það þetta réttlæti sem þessir menn eru að berjast fyrir?

Eða koma þeir með þessar till. án þess að gera sér nokkra grein fyrir því, hvað á bak við er?

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði hér áðan — (**Gripið fram í:** Þrauthugsaði það.) Já, það er þrauthugsað. Ég er nú ekkert hissa á því, þó að þetta sé þrauthugsað af hendi Alþfl. Það er alveg í samræmi við þær till. En ég átti ekki von á því frá t. d. hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, 2. þm. Austurl., að hann mundi leggja slíkt til. (**LJós:** Þetta er nú líka misskilningur.) Ég óska þá eftir því, að hv. þm. lýsi þessu nánar hér á eftir. En það er enginn misskilningur miðað við þær upplýsingar sem hv. þm. Karvel Pálmason gaf mér áðan. Sem sagt, ef þessar till. væru samþykktar og útfærðar, mundu koma um 315 þús. kr. á meðalbú bóndans í landinu, ef þær upplýsingar, sem hv. þm. Karvel Pálmason gaf mér áðan, eru réttar.

Hv. þm. Karvel Pálmason talaði um að þessar till. væru nú að leggja grunninn að framtíðarlausn í efnahagsmálum. Það er ekkert annað. Þetta eru till. til þess að leggja grunninn. Það er engin furða þó að hann rétti a. m. k. fulltrúum bænda hér útrétta hönd við þessa lausn. Það er sjálfsagt að hlusta á þær till., sem hv. stjórnarandstaða hefur hér til þess að leggja fram, og athuga þær. En svona till. þýðir a. m. k. ekki fyrir þá að bera á borð fyrir mig.

Eitt var það, sem ég vildi taka undir af því sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson ræddi hér um áðan, þegar hann var að ræða um vextina. Ég er alveg sama sinnis og hann, að vaxtapólitíkin í landinu sé röng. Ég tel að í sambandi við þessar aðgerðir, sem hér er verið að gera, ættu vextir ekki að hækka á sama tíma a. m. k. sem þessi lög gilda. Það kann að vera að ég komi fram með till. um það síðar, að vextir hækki alls ekki á því tímabili sem frv. gildir, ef að lögum verður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 61. fundur.

Mánudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 355, n. 360 og 363, 361). — 2. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GTh, IG, GHB, GSv, MB, ÓE, ÓlJ, PJ PS, SigurlB, SvH, TÁ, VH, ÞS, RH.

BGr, EðS, GilsG, GÞG, KP, LJós, SvJ greiddu ekki atkv.

14 þm. (GS, GHG, GF, HES, IngJ, JónasÁ, LárJ, VilbH, MÓ, MÁM, PP, SighB, SV, ÞÞ) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum. N. varð ekki sammála í afstöðu sinni til frv. Meiri hl., fulltrúar stjórnarflokkanna, leggur til að frv. verði samþ., en minni hl., þeir hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti.

Í áliti meiri hl., sem er á þskj. 363, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„N. hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ., en tekur fram, að rétt sé að fela Kauplagsnefnd að meta sérstaklega þátt niðurgreiðslna í vöruverði svo og aðra þætti í tengslum við óbeina skatta. Þessi athugun fari fram í samráði við samtök atvinnuveganna og launþegasamtökin."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um efni þessa frv., það gerði hæstv. forsrh. þegar hann mælti fyrir frv. við 1. umr. málsins s. l. föstudag. Ég hleyp þó á nokkrum helstu atriðum.

Frv. skiptist í 7 kafla og er 14 greinar.

Í I. kaflanum er rætt um verðbótaákvæði kjarasamninga og þar segir, að verðbætur á laun skuli hækka 1. mars þetta ár, 1. júní, 1. sept. og 1. des. sem svarar helmingi þeirrar hækkunar verðbótavísitölu og verðbótaauka sem Kauplagsnefnd reiknar samkv. ákvæðum kjarasamninga að hafi átt sér stað á næstliðnu þriggja mánaða greiðslutímabili.

Í 2. gr. segir, að krónutöluhækkun verðbóta og verðbótaauka, sem launþegi fær samanlagt frá byrjun greiðslutímabils fyrir dagvinnu, yfirvinnu, ákvæðisvinnu og annað, skuli aldrei vera minni en sem svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert prósentustig í hækkun vísitölu. Til nánari skýringar við 2. gr. vil ég segja þetta: Það er ekki gert ráð fyrir að bætur samkv. þessari grein verði hluti af kauptaxta eða kaupgjaldsskrá, því hér er í reynd um persónubundinn rétt að ræða. Þannig skal eftir hvern mánuð eða viku metið hvort starfsmaður, sem unnið hefur reglulega dagvinnu, hefur fengið í auknar verðbætur eftir 1. mars 1978 samkv. ákvæðum 1. gr. sem svarar a. m. k. 880 kr. á mánuði, miðað við fulla dagvinnu, fyrir hvert 1% sem verðbótavísitala hefur hækkað umfram 114.02 stig. Þar sem 1. gr. felur í sér hálfar hlutfallslegar verðbætur þarf ekki að huga að þessum rétti hjá launþega, sem hefur 176 500 kr. eða meira í mánaðarlaun. Fái launþegi hins vegar lægri laun en þessu nemur fyrir dagvinnu þarf að meta hvort yfirvinna, vaktaálag, bónusgreiðslur, ákvæðisgreiðslur eða hvers konar aðrar aukagreiðslur, sem verðbætur samkv. 1. gr. skulu greiðast á, hafa komið mánaðarlaunum hans í heild upp í þetta mark. Hafi launþegi ekki náð 880 kr. hækkun verðbóta fyrir hvert 1%, sem verðbótavísitalan án frádráttar hefur hækkað umfram 114.02 stig eftir 1. mars 1978, skal vinnuveitandi hans bæta honum það með greiðslu eftir á eftir hvern mánuð. Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar verða sett með reglugerð í samráði við launþegasamtök og vinnuveitendur.

Í 3. gr. segir, að 1. jan. 1979 skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum.

Í II. kafla er fjallað um bætur almannatrygginga og sagt að þær skuli að undanskildum fæðingarstyrk 1. mars 1978, 1. júní og 1. sept. taka sömu hlutfallshækkun og laun almennt þessa daga. Þá er talað um heimilisuppbætur og að þær skuli hækka um 2 prósentustig 1. mars n. k. umfram hækkun almennra bóta þann dag.

Í III. kafla er talað um barnabætur, sem hækka samkv. skattalögum um 5%.

Í IV. kafla er fjallað um skyldusparnað félaga og stofnana og sagt að þau skuli á þessu ári leggja til hliðar fé til varðveislu hjá ríkissjóði sem nemur 10% af skattgjaldstekjum. Skal féð vera vaxtalaust til 1. febr. 1984, en verðtryggt.

Í V. kafla er fjallað um að vörugjald lækki um 2 prósentustig 15. febr. n. k. til ársloka, það fer úr 18% í 16%.

Þá fjallar VI. kafli um, að heimilt sé að lækka fjárveitingar ríkisins um 1 milljarð þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1978, og enn fremur, að heimilt sé að gefa út spariskírteini að fjárhæð allt að 4.6 milljörðum kr. á þessu ári. Er það 1500 millj. kr. aukning frá heimild fjárlaga.

Í VII. kafla er svo gildistökuákvæði frv.

Þetta eru efnisatriði málsins og þarf í sjálfu sér ekki að fara um þau mörgum orðum. Umr. hér í hv. deild s. l. föstudag gefa þó tilefni til nokkurra athugasemda.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson taldi meginefni frv. koma fram í 1. og 2. gr. þess og raunar er það áréttað í nál. minni hl. nú, þ. e. a. s. að breytt skuli gildandi kjarasamningum launþega. Vissulega er hér verið að hreyfa við gildandi kjarasamningum, en eins og hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni s. l. föstudag, þá hljóta allir sanngjarnir menn að vera sammála um að glórulaust sé að hækka peningalaun um 10—15% á þriggja mánaða fresti. Með 1. gr. frv. er gerð tilraun til þess að láta skynsemina ráða, og þrátt fyrir helmingun verðbóta samkv. 1. gr. frv. er tryggt með ákvæði um lágmarksverðbætur í 2. gr. að þessi frádráttur snerti lítið eða ekki hina tekju-

lægstu í hópi launþega. Þá eru einkum hafðir í huga þeir sem tekjur hafa af reglulegri dagvinnu einni og eru í lágum kauptaxta.

Þess er vandlega gætt í umr. stjórnarandstæðinga um þetta mál að geta ekki um þessa tryggingu sem hinir lægst launuðu fá. Þess er einnig gætt, að gera sem minnst úr öðrum ákvæðum frv., nema 3. gr., sem ég kem að síðar.

Í II. kafla frv. er lagt til að heimild til hækkunar almennra bóta verði beitt þannig, að bætur hækki jafnskjótt og laun og um sama hlutfall og laun almennt, þ. e. vegna grunnkaupshækkana og verðbóta samkv. 1. gr. frv., og hvað varðar tekjutryggingu og heimilisuppbót, sem ásamt elli- og örorkulífeyri mynda lágmarkslaun þau sem almannatryggingar veita, þá er gert ráð fyrir heldur meiri hækkun 1. mars 1978 en heimild laganna veitir. Þessi sérstaka hækkun er talin kosta um 80—100 millj. kr. á ári.

Í III. kafla frv. er lagt til að barnabætur verði hækkaðar um 5% frá því sem ella hefði orðið með gildandi skattvísitölu. Við þessa breytingu aukast barnabætur um nærfellt 300 millj. kr. og koma þær þeim, sem hafa börn á framfæri sínu, til hagsbóta í formi lækkaðra greiðslna opinberra gjalda eða aukinni útborgun barnabóta. En um þessi atriði vilja stjórnarandstæðingar sem minnst tala.

Mikið veður hefur hins vegar verið gert út af 3. gr. frv., en þar er lagt til að frá og með 1. jan. 1979 skuli breytingar á óbeinum sköttum ekki valda breytingum á verðbótum. Rökin fyrir þessu eru mætavel kunn og ég tek hér upp orð hæstv. forsrh., þar sem hann sagði í ræðu sinni s. l. föstudag, að í fyrsta lagi væru beinir skattar ekki meðtaldir í verðbótavísitölu. Það veldur því, að val löggjafans milli beinna og óbeinna skatta er að þessu leyti nokkuð bundið, sem hlýtur að teljast óæskilegt.

Í öðru lagi stendur ómæld opinber þjónusta á móti óbeinum sköttum sem ekki er metin til kjarabóta, og má þá minna þm. á svokallað tappagjald sem rætt var hér fyrir jólin. Þegar ég talaði fyrir nál. um frv. um breyt. á vörugjaldinu, þ. e. a. s. ákvæðunum sem fólu í sér hækkun á svonefndu tappagjaldi, þá gerði ég grein fyrir hvað sú breyting, sem þar var lögð til, mundi þýða í auknum launagreiðslum hjá ríkinu. Frv. gerði ráð fyrir að svonefnt tappagjald skyldi hækka um 7 kr. og þá hefði það gjald numið 105 millj. kr. Af því áttu svo að renna 45 millj. til Styrktarsjóðs vangefinna. Það hefði þýtt a. m. k. 35 millj. kr. launahækkun hjá ríkinu á árinu 1978 vegna hækkunar á kaupgreiðsluvísitölunni. Sú hækkun, sem samþ. var hins vegar, 3 kr. á lítra, þýðir að launagreiðslur ríkisins hækka um 15—20 millj. kr. á árinu 1978. Allir hljóta að sjá að fyrirkomulag sem þetta getur ekki gengið.

Í þriðja lagi má svo taka það fram, að stjórnvöld geta ekki með sama árangri og ella beitt breytingum á óbeinum sköttum til hagstjórnar vegna þess að þeir eru í grunni verðbótavísitölu.

Í frv. er gert ráð fyrir að Kauplagsnefnd meti hvaða skattar skuli teljast óbeinir í þessu sambandi.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson spurði í umr. á föstudaginn, hvort 3. gr. frv. væri opinber tilkynning um framhald stjórnarsamstarfsins. Hann má skilja greinina svo ef hann vill. Ég skil hana þannig, að þetta sé tilkynning um það sem núv. stjórnarflokkar ætla sér að gera og ætla sér að standa að. Hér er ekki um að ræða neina stórkostlega hótun, eins og hv. þm. orðaði það, heldur ákvörðun um að gera tilraun til þess að koma á breytingu til bóta. Hins vegar fór hv. þm. Lúðvík Jósepsson ekkert dult með hótun sína, þar sem hann sagði að ef ríkisstj. beitti slíkum siðlausum athöfnum, þá teldu aðrir sig ekki bundna af neinum lögum. Það munaði ekki um það. Og hann bætti svo við, að „þeir“ — það eru sennilega stjórnarflokkarnir — mundu finna fyrir þessu bráðlega. Það hlýtur að vakna sú spurning, af hverju Alþ. sé yfirleitt að tala um þessi mál, af hverju er ekki ASÍ og BSRB afhent allt ákvörðunarvald um kaup og kjör manna og þær ákvarðanir sem til þessa hafa verið teknar af Alþ. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort yfirleitt þurfi nokkurt Alþingi.

Svo heldur hv. þm. áfram og segir að ríkisstj. hafi fyrirgert öllum rétti til að fara fram á samstarf við verkalýðsfélögin, slíkt samstarf sé útilokað með öllu. Þar er hann kannske kominn að kjarna málsins, þ. e. a. s. að það hafi aldrei verið ætlun Alþýðusambandsins og stjórnarandstöðuflokkanna að samstarf gæti tekist um þessi mál.

En aðeins nokkur orð til viðbótar vegna ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Hann talaði um að ógæfan byrjaði með núv. ríkisstj., 1975 hefði verðbólgan byrjað og orsökin verið sú, að hér sat ríkisstj. sem lækkaði gengið og lét það síga. Ég held ég hafi þetta orðrétt eftir hv. þm. Mér sýnist þurfa aðdáunarverðan kjark til að halda svona löguðu fram. Þetta gefur hins vegar tilefni til þess að rifja nokkuð upp það sem gerðist fyrir árið 1975, þ. e. a. s. á tímabili vinstri stjórnarinnar. Menn virðast gera ráð fyrir að almenningur sé fljótur að gleyma, en a. m. k. suma rekur minni til að verðbólga hafi verið hér nokkur fyrir árið 1975. Ég þarf varla að rifja það upp, hver var þá viðskrh. Vinstri stjórnin ætlaði samkv. málefnasamningi sínum að tryggja að verðbólga yrði hér ekki meiri en í nágranna- og viðskiptalöndunum. Árangurinn varð hins vegar nýtt Evrópumet í verðbólguaukningu. Hún ætlaði ekki heldur að beita gengisfellingu gegn efnahagsvanda. Hún felldi hins vegar gengið þrisvar. Auk þess fann hún upp hið svokallaða gengissig, en ekki núv. ríkisstj., en gengissig hefur að vísu verið beitt síðan. Vinstri stjórnin ætlaði líka að lækka vexti. Það sem gerðist var hins vegar það, að hún hækkaði þá verulega og var með tilburði um enn meiri hækkanir þegar hún fór frá völdum. Vinstri stjórnin ætlaði líka að fella niður söluskatt á nauðsynjavörum. Hún hækkaði hann hins vegar úr 11% í 17%.

Þetta eru aðeins örfá atriði til upprifjunar fyrir hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sem var viðskrh. í vinstri stjórninni, en talar nú með mikilli hneykslun um athafnir sem hann hefur sjálfur staðið að sem ráðh.

Þá talaði hv. þm. um það atriði, sem hann telur eitt með öðru hafa valdið verðbólgunni nú á þessu kjörtímabili, þ. e. að núv. stjórn hafi

heimilað verðhækkanir á opinberri þjónustu langt umfram verðlag í landinu, eins og hann orðaði það, og síðan hafi einkareksturinn komið á eftir. Þetta gefur tilefni til að rifja upp hvað gerðist í ráðherratíð hans sem viðskrh., þegar hann stóð gegn öllum verðhækkunum á opinberri þjónustu sem hann mögulega gat, bæði hjá opinberum fyrirtækjum og stofnunum og hjá fyrirtækjum sveitarfélaga. Það varð til þess, að skuldasöfnun hinna opinberu fyrirtækja varð óheyrileg og þau voru komin í algjört þrot með sín fjármál og mikinn skuldahala á eftir sér þegar núv. stjórn tók við. Núv. stjórn hefur ekki veitt þessum stofnunum og fyrirtækjum heimild til verðhækkana umfram almennt verðlag í landinu, þvert á móti hefur þar verið beitt aðhaldi, en viðurkennd hins vegar sú staðreynd, að þessi fyrirtæki þurfi að vera fær um að veita þá þjónustu sem þeim er ætlað samkv. lögum. Það verður ekki gert nema þau fái að breyta gjaldskrám sínum í samræmi við verðlagsbreytingar í landinu.

Í sambandi við fjárfestinguna á þessu kjörtímabili minntist hv. þm. að lokum á virkjunarframkvæmdirnar, þær væru allar gerðar með stóriðjudraum fyrir augum, eins og hann orðaði það. Þessi orð hv. þm. gefa vissulega líka tilefni til að rifja upp athafnir sem áttu sér stað meðan hann var sjálfur ráðh. og einkum þó athafnir flokksbróður hans í vinstri stjórninni. Ég ætla ekki að rifja þá sögu upp, en ég held að því verði ekki á móti mælt, að þá voru vissulega stóriðjudraumar sem sátu í fyrirrúmi. Ég ætla hins vegar að gefa félaga hans, hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, tækifæri til þess að rifja þessa sögu upp einu sinni enn. Hann hefur gert það áður í þinginu og gerði það svo vel, að ég held að aðrir geri það varla betur, og það væri gaman að fá svolitla upprifjun nú að þessu gefna tilefni.

Skýrsla verðbólgunefndar og störf n. hefur verið nefnd nokkuð í þessum umr. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson tók hér fram, að skýrslan væri ekki verðbólgunefndar sem heildar. Mér þykir hv. þm. gera heldur lítið úr starfi sínu og annarra með því að viðhafa þessi orð. N. sat að störfum í rúmt ár, og mér þykir satt að segja undarlegt þegar hv. þm. segir með þessum orðum sínum, að hann hafi haft nánast engin áhrif á störf n. eða þær niðurstöður sem greinir í skýrslu hennar. Þm. veit mætavel, að einstakir kaflar í skýrslunni voru endursamdir hvað eftir annað og tekið þar með tillit til athugasemda sem fram komu á einstökum fundum n. þegar viðkomandi kaflar voru ræddir. Þannig á þm. sem aðrir nm. sinn þátt í endanlegri mynd skýrslunnar.

Eins og kunnugt er skiluðu 5 nm. sérstöku áliti. Það eru fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í verðbólgunefndinni. Það er svo mál út af fyrir sig, að þessir fimmmenningar skila þar að auki hver um sig ýmsum sérbókunum.

Sérstök bókun er frá fulltrúum ASÍ og BSRB um að þeir lýsi sig reiðubúna til þess að eiga viðræður við ríkisstj. á grundvelli tillagna fimmmenninganna, og ég sé nú að þessi bókun hefur orðið tilefni hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar til að flytja till. um rökstudda dagskrá.

Gylfi Þ. Gíslason skilar sérstakri bókun, þar sem hann lýsir sig í meginatriðum sammála þeim hugmyndum sem settar eru fram í 4. og 5. kafla skýrslu verðbólgunefndar, en þar er fjallað í ítarlegu máli um umbætur á stjórn efnahagsmála og um nauðsyn samræmdrar efnahagsstefnu. Þá tekur hann fram varðandi hugmyndir þær, sem settar eru fram í 3. kafla um efnahagsráðstafanir nú, að hann sé aðili að þeim till., en í 3. kaflanum er fjallað um horfur í verðlagsmálum og aðgerðir gegn verðbólgu á næstu missirum. Ef ekki náist samstaða um þessar ráðstafanir og ríkisstj. vilji virða gerða kjarasamninga, þá mæli hann með þeirri leið sem felist í dæmi 2, og kem ég nánar að því síðar.

Fulltrúi BSRB skilar svo séráliti, sem er raunverulega sérálit hans nr. 2, þar sem hann tekur fram að ein af meginorsökum hinnar hröðu verðbólguaukningar á síðari árum sé skipulagslaus fjárfesting á vegum hins opinbera og óhófleg skuldasöfnun erlendis. Hann telji, að jafnframt því sem gerðar séu ráðstafanir til lagfæringar á skipulagi fjárfestingarmála til langs tíma sé rétt að hefjast handa þegar á þessu ári og hægja nokkuð á fjárfestingu, sem unnt sé að fresta jafnvel þótt þörf sé. Þá vitum við það læknisráðið.

Þá er sérbókun frá fulltrúa Vinnuveitendasambandsins, þar sem hann tekur fram að sér sé ljóst að þörf sé margvíslegra skammtímaráðstafana í efnahagsmálum vegna erfiðrar stöðu atvinnuveganna nú. Hann nefnir að stjórnvöld hafi þegar tekið ýmsar mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir sem að þessu lúta, og telji hann því óhjákvæmilegt að þau ljúki nauðsynlegum aðgerðum með vali þeirra leiða sem best teljast fallnar til að falla að því sem þegar hefur komið til framkvæmda. Hann telur að ýmislegt af því, sem fram kemur í 4. og 5. kafla skýrslu verðbólgunefndar, geti verið til mikils gagns og til bóta í meðferð efnahagsmála, en hann telur þó starf n. að því er snertir langtímamarkmið ekki komið á það stig, að hún hafi lokið verkefni sínu. Svo mörg voru þau orð.

Þá er sérbókun frá fulltrúa Stéttarsambands bænda, þar sem hann lýsir því, að hann telji nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að gerðar verði efnahagsráðstafanir til að draga úr verðbólgu og tryggja rekstur atvinnuveganna og atvinnuöryggi launþega. Hann mælir með ráðstöfunum þeim, sem gert er ráð fyrir í dæmi 5 í nál., með að vísu vissum frávikum, sem felast í fyrirvara, og verðbótaráðstöfunum fyrir landbúnaðinn svo hagur hans verði tryggður.

Fimmmenningarnir svokölluðu, það eru fulltrúar ASÍ og BSRB og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna þriggja, benda í sínu sameiginlega áliti á leið sem þeir kalla verðlækkunarleið. Ég ætla ekki sérstaklega að fara að lýsa henni, en bendi þó á, að með því að þeir skiluðu hinu sameiginlega áliti fyrir hádegi 8. febr., þá skrifuðu þeir raunverulega upp á gengislækkunina sem var gerð síðar þann sama dag. Með þessari verðlækkunarleið, sem þeir kalla svo, viðurkenna þeir á sinn hátt vandann og að þörf sé

á að breyta genginu, en þeir færast hins vegar undan því að leysa vandann. Aðalinntak þeirrar leiðar er eins og fyrri daginn að leggja þyngri skatta á félög og fyrirtæki en áður hefur þekkst, um leið og viðurkennt er af öllum, að rekstrarstöðvun vofi yfir fjölda fyrirtækja í landinu. Þeir leggja sem sagt til að skattur á félögum verði hækkaður um 10% auk 5% skyldusparnaðar. Þeir leggja til veltugjald á sama skattstofn og aðstöðugjöld. Samtals gera þessir tveir liðir 5.2 milljarða kr.

Eg hef ekki fengið nákvæmar skýringar á því, hvernig þessi veltugjaldsstofn skuli reiknaður eða hversu hátt veltugjald skuli vera. En mér sýnist í fljótu bragði að álögur á sjávarútvegsinn einan hljóti að vera um 2.5 milljarðar af þessari upphæð. Það skýtur dálítið skökku við að setja fram till. sem þessar þegar staðreynd er að sjávarútvegurinn berst í bökkum og fjölda fiskvinnslufyrirtækja hefur þegar verið lokað og öðrum er verið að loka. En þá er leiðin sú hjá þessum herrum að leggja þyngri álögur á viðkomandi fyrirtæki. Í stuttu máli: rekstrarerfiðleika í undirstöðuatvinnugreinum á að leysa með stórfelldri skattlagningu á þau fyrirtæki sem í þessum greinum starfa. Svona skripaleikur er þm. til skammar. Hv. þm. Stefán Valgeirsson gerði í umr. á föstudaginn grein fyrir hvernig þessi skattur kæmi við landbúnaðinn og þarf ég þar engu við að bæta.

Það eru öfugmæli hin verstu þegar þeir fimmmenningarnir segja að sú till., sem þeir leggi hér fram, stefni að því að hægja á verðbólgunni án þess að til atvinnuleysis þurfi að koma. Auðvitað fylgir leið sem þessari atvinnuleysi, slíkt er óhjákvæmilegt. Réttnefni á þessari leið fimmmenningana sýnist mér vera undanbragðaleið, en ekki verðlækkunarleið.

Eins og ég greindi frá áðan, mælti hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason með því, að leið 2 eða dæmi 2 í skýrslu verðbólgunefndar yrði valið, og eyddi nokkru máli í að lýsa því, að Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunarinnar, hefði talið þá leið færa og dæmið mundi ganga upp að undangenginni 10% gengislækkun og gildandi kjarasamningar mundu þá halda sér. Þessi leið felur í sér hækkun skatta og lækkun gjalda, breytta gengisskráningu um 10%, eins og ég sagði áður, og að vextir innlánsstofnana, aðrir en á vaxtaaukalánum og útlánum, verði hækkaðir þegar í stað um 3—4%. Um þessa leið nægir í raun að segja það sem fylgir með í áliti verðbólgunefndar, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Annað dæmið mætti nefna samdráttarleið, þar sem fyrst og fremst er beitt hefðbundnum fjármála- og peningaráðstöfunum. Árangurinn við að lækka verðbólgu á árinu 1978 yrði næsta lítill, en hins vegar kynni þessi leið að koma á betra jafnvægi milli heildarframboðs og eftirspurnar í hagkerfinu, þegar fram í sækti, og leggja þar með grunn að hjöðnun verðbólgu. Væri þessi leið farin kæmi að líkindum ekki til beins ágreinings við launþegasamtökin, þar sem ekki væri reynt að fá fram breytingu á kjarasamningum. Á hinn bóginn mætti búast við því, að atvinnuástand breyttist til hins verra á árinu og rekstrargrundvöllur undirstöðugreina yrði afar ótraustur, þannig að til stöðvunar veikustu fyrirtækjanna hlyti að koma og þar með væri hagur launþega og annarra skertur með einkar ójöfnum hætti. Samkvæmt meginstefnu þessarar leiðar yrði ekki úr þessu bætt með ívilnandi ráðstöfunum. Í þessu dæmi þyrfti þó að gera ráð fyrir, að til kasta ríkisins kynni að koma til þess að styrkja sjávarútveginn með fé úr Verðjöfnunarsjóði, en í því felst veruleg fjárhagsleg veila og um leið mismunun milli atvinnugreina, sem tvímælalaust er óæskileg og skaðleg til lengdar. Af tölum um afkomu í yfirlitinu hér að framan“ — sem vísað er til — „sést glöggt að afkoma sjávarútvegsins er algjörlega óviðunandi í þessu dæmi eins og í hinu fyrsta, ef stuðningur við fiskvinnsluna yrði ekki aukinn verulega. Til þess þyrfti annað tveggja, að skattleggja frekar til þess að styrkja útflutningsframleiðsluna eða fella gengið nokkru meira en um 10% þegar í upphafi ársins. En það kostar hins vegar enn kaupmáttarfórn og frekari hækkun verðlags. Niðurstaða þessa dæmis er því ekki í jafnvægi. Hins vegar er ekki annað í samræmi við kjarnann í þessari tilraun en að skammta sjávarútveginum naum kjör. En svona öflugt aðhald stæðust fá fyrirtæki.“

Þetta er leiðin sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vill fara.

Eins og fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum, þá má vel orða það að þessi leið sé fær, en hún tryggir hins vegar ekki atvinnuna og hún kallar í raun á meiri gengisfellingu en gert var ráð fyrir og hún hefur eflaust í för með sér lokun ýmissa fyrirtækja. Það verður því að teljast talsverð bíræfni af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni að leggja slíka áherslu sem hann gerði á að þessi leið yrði farin fremur en sú sem ríkisstj. hefur valið.

Það var dálítið skemmtilegt að heyra hvað hv. þm. Karvel Pálmason hafði til málanna að leggja umfram það sem þeir fimmmenningarnir höfðu látið frá sér fara varðandi verðlækkunarleiðina. Í verðlækkunarleiðinni eða undanbragðaleiðinni, sem ég nefndi svo, er gert ráð fyrir lækkun rekstrargjalda ríkisins um 1500 millj. kr. Þetta taldi hv. þm. lítilfjörlega upphæð og sagði að hægt væri að ná miklu betri árangri, miklu meiri niðurskurði eða allt upp í 3—4 milljarða með meiri hagræðingu, fækkun starfsliðs um 25% án þess að þjónustan minnkaði. Það væri vissulega fróðlegt að heyra frekari útlistun hv. þm. á þessum till. En þá verð ég að biðja hann að nefna eitthvað fleira en fækkun prófessora við Háskóla Íslands, en maður hefur haft grun um að það væri aðalleiðin til lausnar á efnahagsvanda þjóðarinnar eftir ræðum hans að dæma til þessa. (Gripið fram í.) Nei, ég var að biðja um líka að það yrði ekki nefnt þegar yrði farið að útlista þetta nánar. Mér sýnist að hér hafi hins vegar ungum sjálfstæðismönnum bæst röskur liðsmaður í baráttu þeirra við báknið.

Þá nefndi hv. þm. að allar tillögur formanns verðbólgunefndar hafi lotið að niðurskurði í samgöngumálum, eins og þm. orðaði það. Ég kannast ekki við að till. formannsins hafi lotið að þessu einu, en hins vegar langar mig að fá upplýst hvað á að skera niður. Það er alltaf verið að tala um að ríkið eigi að skera meira niður en það

hefur gert. En þegar hv. stjórnarandstæðingar koma upp í ræðustól, þá er sífellt tönnlast á því, að ekki megi skera niður framkvæmdir í samgöngumálum, það megi ekki skera niður framkvæmdir á sviðum skólamála, í sambandi við dagheimili, hafnargerðir, í sambandi við heilbrigðismál, og svona er farið nánast í gegnum öll fjárlögin. Það má ekkert skera niður, en þó er í hinu orðinu látið í það skína, að auðvelt sé að skera niður um milljarða kr. Það er ekki hægt að hafa uppi þennan málflutning án þess að greina í smáatriðum hvaða liðir það eru sem hægt er að lækka.

Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég legg áherslu á að undan því verður ekki vikist að gera ráðstafanir sem duga til að sporna við hinni óheillavænlegu verðbólguþróun. Það verður ekki gert án þess að einhver finni fyrir því. Með frv. þessu er hins vegar stefnt að því, að hagur hinna lægst launuðu sé tryggður. Það er meira en stundum hefur verið hægt að gera eða hefur verið gert með samningum verkalýðsfélaga. Frv. þetta er fyrsta skrefið í átt til þess, að með skipulegum hætti verði ráðist gegn verðbólgunni. Hið ítarlega álit verðbólgunefndar er leiðbeinandi fyrir ríkisstj. um þau úrræði sem í boði eru.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur fram komið í þessum umr. varð fjh.- og viðskn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við, sem skipum minni hl. n., ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, skilum sérstöku áliti á þskj. 360. Þar leggjum við til að frv. verði fellt. Sú afstaða okkar kemur eflaust engum á óvart, vegna þess að við höfum þegar gert í allítarlegu máli grein fyrir afstöðu okkar til þessa máls, og er það í fullu samræmi við það sem fram kemur í því nál. sem ég vitnaði til.

Hér hafa nú þegar farið fram allmiklar umr. um þetta mál í heild. En þó að allmiklar umr. hafi farið fram um málið, þá er hreint ekki úr vegi að drepa hér á allmörg atriði sem enn hafa ekki dregist inn í umr., og mun ég nú gera það eftir því sem tími vinnst til. En áður en ég vík að einstökum atriðum langar mig til að víkja strax að nokkru af því sem kom fram hjá frsm. meiri hl. n., hv. þm. Ólafi G. Einarssyni. Hann vitnaði nokkuð í það sem ég hafði sagt áður í umr. um málið og mér fannst hann fara heldur illa með það sem ég hafði sagt, svo ekki sé sterkara til orða tekið.

Ég þóttist heyra það rétt, að hv. þm. hefði talið mig segja að verðbólgan hafi byrjað hér á landi árið 1975. Það er mikill misskilningur að ég hafi sagt það, að þá hefði verðbólgan byrjað, enda held ég að sé mjög ólíklegt að nokkur maður hefði sagt það sem hefur staðið í þessari baráttu jafnlengi og ég. Auðvitað sagði ég ekkert í þá átt. Ég gerði nokkra grein fyrir vexti verðbólgunnar á liðnum árum benti m. a. á að það væri staðfest í nál. hinnar svonefndu verðbólgunefndar, að sú verðbólga, sem hér hefði verið á árunum 1972—1974, á aðalstarfstíma vinstri stjórnarinnar, hefði mjög einkennst af áhrifum erlendis frá. Ég las setningar úr þessu nál. upp um þetta, þar sem forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar bendir beinlínis á þetta, vitnar í tölur til sönnunar þessu, hve áhrif af erlendum verðhækkunum urðu gífurlega mikil á vöxt verðbólgunnar hér á þessum tíma. Þannig kom m. a. fram, að erlent verðlag, verðlag á innfluttum vörum til landsins, hefði hækkað í erlendri mynt talið um 14% árið 1973, þegar verðbólguvöxturinn hér var um 22%, og erlent verðlag hefði hækkað um 34% í erlendri mynt á árinu 1974, þegar verðbólguvöxturinn hér var 43%. Þetta eru tölur sem ekkert er hægt að hlaupa frá. Þær liggja hér fyrir staðfestar m. a. í skýrslu verðbólgunefndar, og ekki tjóir að þræta neitt um það. Þetta eru beinar staðreyndir sem liggja fyrir. Ég benti einnig á það, sem kemur greinilega fram í skýrslu verðbólgunefndar um þetta atriði, að einmitt á þessum árum hefði orðið sú mikla breyting á verðlagsþróun í okkar viðskiptalöndum, að þá hefði hráefni yfirleitt hækkað gífurlega mikið í verði. Ég hef m. a. í fórum mínum skýrslur, sem voru gefnar út í riti Vinnuveitendasambandsins og sýna að vísitala yfir verðlag á iðnaðarvörum, á verði á hráefni til iðnaðar, tvöfaldaðist einmitt á árunum 1972—1974 frá því sem verð á þessum vörum hafði verið um margra ára skeið áður. Þessi alþjóðlega verðbólga, sem þarna gekk yfir, setti vitanlega svip sinn á verðlagið hér og átti sinn stóra þátt í því sem hér var að gerast.

Ég bætti því svo við í mínu máli, að áhrifin erlendis frá hefðu ekki ein komið til að hafa áhrif á verðbólguvöxtinn á þessum tíma, á árunum 1972—1974, heldur hefði einnig á þessum tíma orðið meiri kauphækkun innanlands en dæmi eru til um á hliðstæðum tíma. Sem sagt, mjög mikil kaupmáttaraukning almennt séð gekk yfir á sama tíma og hafði auðvitað sín áhrif. En síðan sagði ég, og það er sennilega það sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur villst á, að ég sagði að svo hefði hins vegar ógæfan komið í þessi mál fyrst á árinu 1975, þegar verðlagsþróunin erlendis hafði gjörbreyst og verð á innfluttum vörum til landsins hækkaði aðeins um 5% á árinu 1975 og aftur um 5% á árinu 1976 og á þessum árum, bæði 1975 og 1976 og fram á mitt árið 1977, var um verulega kauplækkun að ræða í landinu þar að auki, en eigi að síður jókst verðbólgan hér miklu meira á þessum tíma en nokkurn tíma áður. Það eru þessar staðreyndir sem menn eiga að ræða um, en ekki að reyna að snúa út úr þeim á þann hátt, sem hv. þm. gerði. Vitanlega hafði mér ekki dottið í hug og dettur ekki í hug að neita því, að það hafi verið verðbólga hér áður en að núv. ríkisstj. komst í valdastóla. Slíkt er vitanlega hrein fjarstæða. Fyrr má nú líka vera. En ég held að ég hafi skýrt frá því og skal fara yfir það í tölum, það liggur fyrir í skýrslum, hver verðbólgan var á þessum árum.

Árið 1971 er verðbólgan á Íslandi minni hlutfallslega en í mörgum öðrum löndum, þá er hún aðeins 6,3%. Þar var fyrsta ár vinstri stjórnarinnar og síðasta ár viðreisnarstjórnarinnar. Árið 1972 var verðbólgan á Íslandi 10.5%. Og árið 1973 varð verðbólgan hér 22.1%, þegar erlendu vörurnar, sem voru fluttar til landsins, hækkuðu í

verði um 14%. Og árið 1974, en það ár var vinstri stjórnin við völd á fyrri helmingi ársins, en núv. ríkisstj. við völd síðari hluta ársins, var verðbólguvöxturinn 43%, en á árinu hækkuðu innfluttar vörur um 34%.

Í þessu sambandi er rétt að vikja að því, að það hefur endurtekið sig æ ofan í æ, bæði hér á hv. Alþ. og þó enn þá oftar auðvitað í blöðum stjórnarflokkanna, að því hefur verið haldið fram, að þegar vinstri stjórnin fór frá völdum hafi hraði verðbólgunnar verið kominn upp í 54%. Tíminn er ekki svo ósjaldan búinn að segja þetta, formanni sínum til heiðurs. Jú, þetta gæti ég lesið yfir formanni Framsfl. upp úr Tímanum. Hann hefur margendurtekið þetta. Það hefur nefnilega gerst í seinni tíð, að ritstjóri Tímans, hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, er alltaf að læra af þeim á Morgunblaðinu og endurtaka sí og æ ósannindin úr Morgunblaðinu. Hann hefur ekki sparað kraftinn til þess að reyna að koma svertu á vinstri stjórnina til þess aðeins að reyna að fegra núv. stjórn, en það hefur tekist heldur báglega. Nú liggur þetta sem sagt alveg óumdeilanlega fyrir, bæði í skýrslu verðbólgunefndar og í ótal útgáfum frá Þjóðhagsstofnun, að verðbólguvöxturinn á árinu 1974 var 43%. En ef menn vilja svo athuga dæmið svolítið nánar, þ. e. a. s. taka frá upphafi ársins 1974 og fram að 1. sept. þegar ný stjórn tók við, þá var verðbólguhraðinn miklum mun minni á fyrri hluta ársins en seinni hluta ársins. Hraðinn byrjaði fyrst eftir að núv. ríkisstj. tók við á því ári, eins og skiljanlegt er, því hún byrjaði á því að fella gengið og hækka söluskatt og önnur gjöld sem hækkuðu verðlag. Það þarf ekki annað en að líta í þær skýrslur, sem liggja fyrir, til að átta sig á því, að hraðinn var miklu meiri seinni hluta ársins en fyrri hluta ársins, en meðaltalið var þetta 43%, þó að ritstjóri Tímans sé margsinnis búinn að segja þau ósannindi eftir Morgunblaðinu, að vinstri stjórnin hafi skilið við málið þannig, að hraðinn á verðbólgunni hafi verið 54%. *Nei, sannleikurinn er sá, að hraðinn komst* upp í 54%, en ef menn nenna að hafa fyrir því að líta í opinberar skýrslur um þetta mál, þá sjá þeir að þessi hraði á verðbólgunni kom ekki fyrr en í upphafi árs 1975, eftir að núv. ríkisstj. var búin að vera við völd í um 5 mánuði og fella gengið tvisvar. En þetta er svo sem eins og annað sem sagt hefur verið um þessi mál.

Ég vil nú vænta þess, að hv. þm. Ólafur G. Einarsson leggi það á sig að skoða þessar tölur upp á nýtt og hann átti sig þá á því, að það var rétt, sem ég sagði, að það urðu veruleg háttaskil í vexti verðbólgunnar þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við stjórn efnahagsmála í landinu. Á árinu 1975 rauk verðbólgan úr 43% árið 1974 upp í 49.5%, þó að verð á innfluttum vörum hækkaði aðeins um 5%. Gefur auðvitað auga leið hvernig á þessu stendur. Það stendur einfaldlega þannig á því, að hæstv. ríkisstj. hafði ekki séð aðra leið til þess að takast á við efnahagsmálin á fyrri hluta síns stjórnartíma, ekki aðra leið en þá að tvífella gengi krónunnar, sem hafði vitanlega verðhækkandi áhrif, og láta síðan krónuna halda áfram að síga og með því að leggja á nýja skatta eftir skatta, sem fóru út í verðlagið. Þetta leiddi vitanlega til þess að verðlagið hækkaði, verðbólgan jókst. Þetta voru, eins og ég hef oft sagt, voru ráð hæstv. ríkisstj. gegn verðbólgunni. Hún valdi þessa leið gegn verðbólgunni, að hækka verðlag. Það er ekkert nýtt hjá henni.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Ólafur G. Einarsson gerði fleiri athugasemdir við mitt mál. En það fór nú hjá hv. þm. eins og jafnan vill fara hér þegar þessi alvarlegu mál eru rædd, að þá grípa stjórnarsinnar gjarnan til þess, þegar þeir gefast upp á því að verja eigin gerðir, að verja það mál sem þeir flytja, að þeir segja aftur á móti: Hvað gerði Lúðvík þegar hann var í stjórn? Hvað gerðu þeir í vinstri stjórninni? — Það á að verða þeirra flotholt. Auðvitað eru þeir áður búnir að mála það út fyrir öllum og hafa meira að segja hlotið kosningu út á það hér á Alþ. að reyna að telja þá stjórn sem allra versta, en nú á sú stjórn að vera röksemd fyrir öllu því sem þeir eru að gera. Þetta er lágkúrulegur málflutningur. Það er ekki mikil reisn yfir honum. En svo er nú það, að farið er ranglega með allar staðreyndir í málinu. Jú, hv. þm. *sagði: Vinstri stjórnin felldi gengið* þrisvar. — Hann hefði átt að taka annað, sem er lítill vandi fyrir hann að taka upp úr skýrslum, líta t. d. á gengi dollarans þegar sú stjórn tók við völdum og hvert var gengi íslensku krónunnar gagnvart dollar þegar hún fór frá völdum. Það er alveg rétt, sem oft hefur komið hér fram í umr., að það kom fyrir í desembermánuði 1972, að vinstri stjórnin var knúin til þess að lækka gengið um 10.7%. Það var mjög eftirminnilegur atburður og hefur oft verið rætt um hann. Ég ætla að rifja hann aðeins upp, af því að ég held að það sé þörf lexía fyrir þá, sem fást við stjórn efnahagsmála, að hugsa til þess sem þá var að gerast. En mér finnst að þeir hafi ekki dregið eðlilegan lærdóm af því sem þá gerðist.

Það gerðist nefnilega á árinu 1972, að þá varð nokkur samdráttur í framleiðslu okkar, sjávaraflinn minnkaði þá heldur, ekki mjög mikið og ekkert óskiljanlega, en hann dróst nokkuð saman, og verðlagshækkanir voru mjög litlar á erlendum mörkuðum. Þegar kom fram á haustmánuði 1972 ruku upp allir þessir veniulegu efnahagssérfræðingar þjóðarinnar og sögðu: Nú er allt að fara um koll, nú verður að grípa til efnahagsráðstafana. — Og í framhaldi af tillögum, sem hæstv. forsrh. þeirrar stjórnar lagði fram var skipuð nefnd fræðimanna til þess að gera tillögur um efnahagsráðstafanir. Þessi n. vann frá okt.—des. og skilaði frá sér þremur þykkum bindum. Þau eru öll geymd, við eigum þessar bækur. Það vantaði ekki fræðimannsbragginn yfir því sem frá þeim ágætu mönnum kom. Og hver var niðurstaðan? Þeir sögðu í nóvembermánuði, þegar þeir skiluðu skýrslunum: Hér er ekkert annað til ráða en að fella gengið. Um 19.6% — ég held ég muni töluna rétt — átti að fella gengið og skýrt tekið fram í ráðleggingunum: Þó með þeim hætti að kaup hækki ekkert á móti. Auðvitað var á fræðimannslegan hátt búið að setja þetta upp í bókunum, það væru

til þrjár leiðir, það væru niðurfærsluleið og millifærsluleið og gengislækkunarleið o. s. frv.

Ég var einn í þeim hópi sem stimpaðist á móti og taldi engin frambærileg rök fyrir því að fara að grípa til efnahagsráðstafana af þessu tagi, taldi síður en svo að þróun mála hefði verið þannig að ástæða væri til að rjúka í að lækka gengið þó að minni háttar ágjöf hefði orðið hjá okkur. En þá gerðist það að einn af stjórnarflokkunum þremur, sá minnsti og órólegasti í hópnum, grípur til þess ráðs að segja: Ef menn samþykkja ekki að lækka gengið, þá slítum við stjórninni. Málið var auðvitað þæft, eins og menn kannast við, í alllangan tíma, og það endaði með því — (Gripið fram í.) Nei, það endaði samt með því, — ég skal gjarnan játa að forsrh. var ekkert hrifinn af þessari leið, — en hvað um það, svo fór að eftir að málið hafði verið rætt allmikið tókst að koma þessari órólegu deild innan stjórnarinnar niður í það að sætta sig við 10.7% gengislækkun og einnig að hún skyldi höfð með þeim einkennilega hætti, sem ekki hafði verið hafður á áður, að það skyldu ekki gerðar hliðarráðstafanir til að hafa nein áhrif á kaupið, sem sagt gengislækkun sem færi beint út í verðlagið, hækkaði kaupið á eftir að sjálfsögðu. Þá höfðu menn þó fengið sína gengislækkun, og eftir athugun töldum við að við hefðum það mikið verk að vinna í stjórninni, að það væri ómaksins vert að taka þessa kollsteypu þó hún væri ekki ýkjagáfuleg að mínum dómi og margra fleiri. Það virtist vera að efnahagssérfræðingunum væri miklu rórra þegar það væri þó farið í svona gengislækkun, þó þeir vildu hafa hana heldur meiri eftir öllum sínum bókum.

Þetta gerðist dagana rétt fyrir jól 1972. Hvert var svo framhaldið? Þegar komið var fram um miðjan janúarmánuð var útlitið þannig, að það hefði verið algjör óþarfi að lækka gengið, og menn fóru þá þegar að tala um að hækka gengið sem ekki hafði gerst síðan 1926. Þá kom í ljós að hagur sjávarútvegsins var með ágætum, það var hækkandi verð og allt leit vel út, og þá var farið í það að hækka gengið. (Gripið fram í.) Hafði ekki eitthvað breyst? Jú, það höfðu liðið tveir mánuðir. M. a. hafði það gerst. Spekingarnir, sem gáfu út þrjár bækur, höfðu ekki séð tvo mánuði fram í tímann. Þeir höfðu bara heimtað gengislækkun og þeir höfðu fengið sína gengislækkun, sem reyndist bandvitlaus og gerði ekkert nema illt. Og eins og ég segi, menn sáu að það var hægt að hækka gengið og síðan var haldið áfram í nokkra mánuði að smáhækka gengið allan tímann, og árið 1973 fór þannig, að það var eitt allra besta afkomuár fyrir íslenskan sjávarútveg sem menn hafa yfirleitt tölur yfir að dómi Þjóðhagsstofnunar sjálfrar.

Þetta dæmi, sem ég hef verið að skýra hér frá, er í rauninni einkar ljóst um það, hvernig okkar efnahagssérfræðingar hafa yfirleitt tekið á þessum málum og að allt of margar ríkisstjórnir hafa látið undan þeim. Þeir hafa aldrei séð neitt, ef komið hefur upp smávandamál annað en að lækka gengið, slíta í sundur kaupsamninga, færa niður kaupið. Þetta hafa verið þeirra tillögur, og oftast nær hafa þeir fengið að ráða a. m. k. of miklu. Menn hefðu átt að læra nokkuð af þessum kollhnís 1972. En það er sýnilegt að menn hafa ekkert af honum lært eða sáralítið, því er enn verið að reyna þessar sömu leiðir, bæði nú og áður, að halda að það sé ástæða til þess að grípa til gengislækkunar út af hverju sem er.

Ég hef sagt það og segi það enn, að mér dettur ekki í hug að halda því fram, að það geti aldrei komið til þess að það þurfi að lækka gengi íslenskrar krónu. Vitanlega geta þær aðstæður skapast að til slíks þurfi að grípa óhjákvæmilega. En vitanlega ber að forðast slíkt í lengstu lög og ekki grípa til þess fyrr en þá að aðrar leiðir eru með öllu lokaðar, því að gengislækkunarleiðinni fylgja miklir annmarkar, miklir gallar, og í sjálfu sér leysir hún engan vanda.

Ég sagði við hv. þm. Ólaf G. Einarsson, að hann ætti að líta á hvert gengi íslenskrar krónu var t. d. gagnvart Bandaríkjadollar þegar vinstri stjórnin tók við og hvert gengið var á krónunni gagnvart dollar þegar hún fór frá. Þá mun hann veita því athygli, að sú gengislækkun, sem framkvæmd var á tíma þeirrar stjórnar, var tiltölulega mjög lítil, þrátt fyrir það sem var knúið fram algjörlega að óþörfu.

Þá sagði hv. þm. að í tíð vinstri stjórnarinnar hefði hún ætlað sér að lækka söluskatt á ýmsum nauðsynjavörum, hún hefði auðvitað svikið það, því hún hefði hækkað söluskattinn úr 11% í 17%. Þetta er heldur frjálslega farið með staðreyndir. Nú efast ég ekki um það, að hv. þm. á að vita talsvert um það hvað gerðist á þessum tíma. E. t. v. er hægt að vorkenna honum það, að hann hafi rokið í einhverjar tölur, séð þær, en ekki hugað að því hvað á bak við lá. Hið rétta er að í tíð vinstri stjórnarinnar var söluskattur lækkaður í allmörgum greinum og mjög þýðingarmiklum greinum. Söluskatti var létt af ýmiss konar nauðsynjavörum almennings í landinu, eins og hafði verið heitið. En á tíma vinstri stjórnarinnar gerist það, að það er gert samkomulag í sambandi við skattgjaldsbreytingu sem samþ. er hér á Alþ. á árinu 1972, þá er gert það samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um að gera ákveðna millifærslu á milli beinna skatta og óbeinna. Það er framkvæmd tiltekin lækkun á tekjuskatti og hækkun á söluskatti um leið. Þetta er gert um leið og verið er að leggja niður ákveðna nefskatta í landinu, eins og gamla sjúkrasamlagsgjaldið o. fl. Stór hluti af þessari breytingu á söluskattinum, sem hann er hér að ræða um, er fólginn í þessu, að með samkomulagi við aðila er söluskatturinn hækkaður gegn því að tekjuskatturinn og aðrir skattar séu lækkaðir um leið. Þar að auki gerist það svo á þessum tíma, að í formi söluskatts eru lögð á 2% til stuðnings við Viðlagasjóð vegna gossins í Vestmannaeyjum, og einnig gerist það á þessum sama tíma, að það verður hér samkomulag á milli allra flokka um að leggja eitt söluskattsprósentustig á til þess að mæta þeim sérstaka vanda sem þeir urðu fyrir sem þurftu að nota olíu við kyndingu íbúðarhúsa sinna. Ef hv. þm. hefði tekið tillit til þessara þriggja atriða sem ég hef nefnt, þá erum við búin að fá alla hækkunina sem gerð var að forminu til á söluskattinum, en eftir stendur hins vegar hitt, sem vinstri

stjórnin hafði lofað, að hún hafði létt söluskatti af ýmsum nauðsynjavörum.

Athugasemdir hv. þm. við það, sem ég hafði sagt hér, voru fleiri af þessu tagi. Hann minntist m. a. á vexti. Hann gæti sannfært sig um það, ef hann vildi líta eftir því, að á tíma vinstri stjórnarinnar voru vextir lækkaðir, að vísu ekki með glöðu geði Seðlabankans, en honum var fyrirskipað að lækka vextina með bréfi sem hann fékk frá ríkisstj., og slíka meðferð sagðist hann aldrei hafa fengið fyrr, sá banki. En hann var látinn lækka vexti á sérstökum framleiðslulánum til atvinnuveganna. Vaxtahækkunin, sem hv. þm. talar um, var fyrst og fremst framkvæmd á þeim tíma þegar talið var að vinstri stjórnin hefði í rauninni ekki lengur vald til þess að stjórna í landinu. Það var millibilstímabil á meðan var verið að rjúfa þing og ganga til kosninga. Þá notaði Seðlabankinn tækifærið til að hækka vexti.

Svo var ein af ávirðingum mínum í vinstri stjórninni, sem ég hef heyrt áður, en ég skal segja hv. þm. það og fleirum, að ég tek mér þær skammir mjög til tekna, en það var að ég hefði staðið gegn öllum verðhækkunum á opinberum þjónustugjöldum eins og ég hefði haft máttinn til. Já, það var nú svo. Ég hef heyrt þetta nokkrum sinnum áður, að ýmsar ríkisstofnanir hafa kvartað undan því, að ég hafi mjög staðið á móti því að þær fengju að hækka sín þjónustugjöld. Ég hef sagt það og segi það enn og vil biðja þennan hv. þm. að koma og afsanna það, að ég held að þessir opinberu aðilar, sem hafa aðallega undan þessu kvartað, hafi fengið hækkun á þjónustugjöldum sínum á þessum tíma nokkurn veginn til samræmis við það sem annað verðlag í landinu hækkaði á þessum tíma. En þeir fengu ekki að hækka meira, ekki að því leyti til sem ég gat höndum á komið. En það voru fleiri sem höfðu ráð um það hvað mátti hækka en viðskrh., eins og er enn í dag. Það eru ýmsir fleiri sem geta komið við hækkunum, og því miður komu þeir höndum að og hækkuðu meira en ég hefði kosið. Það var skoðun mín þá og er enn, að opinberar þjónustustofnanir verði að sætta sig við það að fá ekki meiri hækkun á sínum þjónustugjöldum en almennt gerist um verðhækkanir í landinu eða til samræmis við launahækkanir á hverjum tíma. Þær verða að sætta sig við þetta þegar svo stendur á, að það er verið að reyna að koma í veg fyrir verðhækkanir almennt og það er verið að gera kröfu til annarra um að þeir verði einnig að taka á sig nokkurn vanda.

Það er rétt, að það urðu algjör umskipti í þessum efnum eftir að vinstri stjórnin fór frá. Þá var hreinlega eins og stífla væri tekin úr. Þá ruku öll þjónustugjöld opinberra stofnana upp og fóru langt fram úr almennri vísitöluhækkun, fóru langt fram úr almennri verðhækkun í landinu. Þetta var afsakað opinberlega, bæði af hæstv. forsrh. og mörgum fleirum. Þeir sögðu opinskátt, og ég hef sérstaklega t. d. heyrt hæstv. menntmrh. tala mjög um að það hafi verið alveg nauðsynlegt að hækka þessi þjónustugjöld til þess að auka svigrúm þessara opinberu stofnana. Já, það kann vel að vera að einhverjar af þessum stofnunum hafi verið búnar að efna til skulda. En menn verða bara að glíma við eigin skuldir sjálfir. Ef Alþ. hefur ákveðið að þessar stofnanir skuli hafa tilteknar tekjur, þá verða þessar stofnanir að sætta sig við það. Ég veit að þeir, sem stjórnuðu sumum þessum stofnunum, vildu ekki sætta sig við það sem Alþ. hafði samþ. og það sem ríkisstj. hafði samþ. Þeir fóru á bak við ríkisstj. og fóru í banka og slógu sér lán. Svo kom góð stjórn á eftir og leyfði hækkanir á öllum þessum gjöldum og borgaði upp allar skuldir og leyfði þessum aðilum að ýta undir verðbólguna og dýrtíðina í landinu. En það komu margir aðrir á eftir sem heimtuðu hækkanir líka í kjölfar þessara aðila.

Um þetta er auðvitað ágreiningur. Það er eflaust ágreiningur um það, hvort eigi að ríkja sú stefna sem ég held hér fram, að opinberar stofnanir verði að sætta sig við að fá ekki meiri hækkanir á sínum þjónustugjöldum en almennt gerist í landinu. Það er svo málefni út af fyrir sig, að það skuli vera ríkisstj. Sjálfstfl. sem segir: Þessi opinberi rekstur verður að fá miklu meiri hækkanir en aðrir. — En svo er það ég, ríkisrekstrarmaðurinn, sem stend gegn því að þessar ríkisstofnanir fái meiri hækkun. En það vil ég segja hæstv. ríkisstj., að hún mun aldrei ráða við þróun verðlagsins í landinu eða hemja það á nokkurn hátt ef hún heldur áfram þeirri stefnu að heimila verðhækkanir á opinberri þjónustu langt umfram það sem gerist hjá öðrum. Haldi hún áfram slíkri stefnu missir hún allt úr böndunum, eins og það hefur verið í hennar tíð.

En sem sagt, ég á þessa einkunn frá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni og talsmönnum Sjálfstfl. og geymi hana hjá mér, að það hafi verið ég sem stóð gegn umframhækkunum til þessara opinberu stofnana, en svo hafi það orðið hans hlutverk og Sjálfstfl. að rétta hlut þessara opinberu stofnana. Þetta er sem sagt bókað í þingtíðindi af hálfu okkar beggja.

Ég sagði í upphafi máls míns að það væru hér ýmis atriði í sambandi við þetta mál sem gæfu tilefni til þess að að þeim yrði vikið. Ég ætla nú að víkja að nokkrum af þessum atriðum.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson beindi til mín nokkrum spurningum, sem snerta þetta mál, þegar málið var til 1. umr. Hann óskaði m. a. eftir að fá nokkru nánari skýringu á þeim till., sem við í stjórnarandstöðunni ásamt fulltrúa Alþýðusambands Íslands og fulltrúa BSRB í verðbólgunefnd höfðum gert þar um ráðstafanir til þess að lækka verðlag. Það var eðlilegt að þessi hv. þm. hefði sérstaklega áhuga á að kynna sér hvernig þessar till. okkar kynnu að verka fyrir landbúnaðinn, og ég ætla að víkja nokkru nánar að því.

Eins og kunnugt er, þá er gert ráð fyrir því í þessum till. okkar, að til þess að gera verðlækkunarleiðina færa verði lagt sérstakt gjald á rekstur fyrirtækja og reyndar einstaklinga líka, svonefnt veltugjald, og að þetta veltugjald yrði þá lagt á sama gjaldstofn og aðstöðugjaldið til sveitarfélaga er lagt á nú. Í till. okkar gerum við ráð fyrir að þetta nýja gjald geti numið samanlagt um 4300 millj. kr., en ekki eins

og hv. þm. Stefán Valgeirsson talaði um, hann hélt að þetta þýddi tvöfalt hærra gjald en aðstöðugjaldið nemur nú. Það er misskilningur. Aðstöðugjaldið sem síðast var lagt á veltu ársins 1976, nam hjá sveitarfélögunum rétt um 3000 millj. kr. — 3091 millj. kr., og þá var að sjálfsögðu þetta gjald lagt á veltu ársins 1976. Sú velta, sem þetta gjald var lagt á, var þá talin vera 426 milljarðar kr., og eins og menn sjá er meðaltalsgjaldið, sem er lagt á í formi aðstöðugjalds, nokkuð innan við 1%, eða um 0.75%. Við gerum hins vegar ráð fyrir því, eftir upplýsingum sem við höfum fengið, að það megi reikna með að sambærileg velta á árinu 1977 verði um 600 milljarðar kr., og við áætlum, að gjaldið geti því gefið um 4300 millj. eða að meðaltalsgjaldið verði þá um 0.7%, mjög nærri því. Hér er því um að ræða gjald sem gæti verið álíka hátt og aðstöðugjaldið er, en þó líklega heldur lægra, eins og við höfum metið það. Hér er því ekki um að ræða gjald sem sé tvöfalt hærra, heldur gjald sem er álíka hátt og aðstöðugjaldið er.

Við höfum einnig fengið upplýsingar um það, hvernig aðstöðugjaldið skiptist í aðalatriðum á atvinnugreinar. Samkv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun er talið að af þessari heildarveltu upp á 426 milljarða séu 20 milljarðar sem tilheyri landbúnaði og 81 milljarður sem tilheyri sjávarútveginum, annað er á iðnaði, verslun, byggingarstarfsemi, samgöngum og ýmiss konar þjónustu. Nú er það svo, að aðstöðugjaldið, gjaldstigi þess, er mjög mismunandi. Hann er t. d. á verulegum hluta af sjávarútveginum 0.3%, en þó af fiskiðnaði 0.65%, sem hæst er leyfilegt að fara. Gjaldstiginn er misjafn á hinum ýmsu stöðum. Hann er mun lægri en þetta, en þetta er hámarkið sem leyfilegt er að taka af gjaldi skv. lögunum af þessum greinum. Sé nú gert ráð fyrir að þetta gjald yrði, eins og við höfum gert ráð fyrir, mjög mismunandi, alveg eins og aðstöðugjaldið er, með misjöfnum gjaldstiga, og gert ráð fyrir því, sem mætti telja mjög eðlilegt, að gjaldið af landbúnaði yrði svipað og af sjávarútvegi, þá fer víðs fjarri að gjaldið sé eitthvað nærri því sem hv. þm. Stefán Valgeirsson talaði um. Það er líklegt að þetta gjald, sem gæti fallið á landbúnaðinn allan, gæti verið einhvers staðar á milli 70 og 90 millj. kr. á ári miðað við veltuna á árinu 1977, en hefði sennilega verið í kringum 60—70 millj. kr. árið á undan. En eins og ég segi, þá fer þetta auðvitað nokkuð eftir því hvað gjaldstiginn þarna yrði ákveðinn hár. Hér er því ekki um hátt gjald að ræða á meðalbúið. Það gæti verið 20—25 þús. kr. eða svo á meðalbú í landinu, en varla miklu meira.

Eins og fram hefur komið af okkar hálfu kæmi fyllilega til mála að þessi gjaldstigi yrði sérstaklega lágur á útflutningsatvinnugreinum eða lægri en á öðrum greinum. En meginhluti gjaldsins mundi að sjálfsögðu hvíla á iðnaði, verslun, byggingarstarfsemi, samgöngum og þjónustu, eins og aðstöðugjaldið gerir nú að yfirgnæfandi meiri hluta.

Það er líka rétt að átta sig á því um leið, hvað annað felst í till. okkar en álagning þessa gjalds og hvaða önnur áhrif, ef okkar till. væru framkvæmdar, það hefði t. d. fyrir landbúnaðinn. Í till. okkar er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á vöruverði verði auknar um 3200 millj. kr. Til glöggvunar má geta þess, að allar niðurgreiðslur, eins og þær eru nú á kjöti og kjötvörum, nema eftir áætlun 2500 millj. kr. Hér er sem sagt um auknar niðurgreiðslur að ræða sem nema hærri fjárhæð en heildarniðurgreiðslan er nú á kjöti, en nú er niðurgreiðslan á kjöti 210 kr. á kg. Við teljum að með því að beina þessum niðurgreiðslum að langsamlega mestu leyti á kjötið sé hægt að auka sölu á kjöti innanlands verulega frá því sem verið hefur og draga þannig úr útflutningi og útflutningsbótum. Því er það sem við setjum okkar dæmi þannig upp, að við gerum ráð fyrir að það verði hægt að spara í útflutningsbótum um 1000 millj. kr., þ. e. a. s. að þær fari úr rúmum 3 milljörðum niður í 2 milljarða kr. eða rétt þar um. En þó við gerum ráð fyrir þessu, sem ég hygg að flestir þeir, sem þekkja til þessara mála, telji að líklegt sé, að þetta mundi auka söluna á kjöti innanlands mjög verulega, t. d. um 1500 tonn, mundi þó salan á dilkakjöti hér innanlands ekki ná því sem hún var á árinu 1974, hún mundi enn vera talsvert minni en hún var þá, þó að innanlandssalan ykist um 1500 tonn. Ef það gerðist mundi þessi fjárhæð sparast greinilega í útflutningsuppbótum. Í till. okkar er hins vegar ekki gert ráð fyrir því á neinn hátt, að bændur láti af þeim rétti sínum að fá útflutningsuppbætur sem nema 10% af heildarframleiðsluverðinu. Ef hér yrði einhver skakki á, þá kæmi hann ekki niður á bændum, heldur mundi okkar áætlun þá ekki reynast rétt gagnvart ríkissjóði. En ég hygg að þessi áætlun sé fyllilega eins vel úr garði gerð og aðrar áætlanir sem hér hafa verið lagðar fram í sambandi við þessi mál.

Svo er auðvitað þess að gæta, að í till. okkar felast líka aðrar ráðstafanir sem mundu koma landbúnaðinum að verulegu gagni og ekki aðeins landbúnaðinum, heldur öðrum atvinnurekstri í landinu. Við gerum ráð fyrir að vörugjaldið, 18%, verði fellt niður að fullu og öllu. Þar er um verðlækkun að ræða sem metin er fyrir ríkissjóð upp á 6800 milli. kr., en mundi líklega vera í kringum 9—10 milljarðar kr. í beinu útsöluverði, því eins og kunnugt er leggst ofan á vörugjaldið bæði verslunarálagning og fleiri gjöld. Því er þarna um mjög verulega verðlagslækkun að ræða á þeim vörum sem þetta gjald hvílir á. Við nánari athugun kemur auðvitað í ljós, að þetta gjald hvílir með miklum þunga t. d. á alls konar vélum og tækjum sem landbúnaðurinn í landinu þarf að kaupa eins og aðrar atvinnugreinar. Það fer því ekkert á milli mála, að með því að létta þessu gjaldi af væri verið að létta af landbúnaðinum og öðrum atvinnurekstri í landinu allmiklum útgjöldum í sambandi við kaup á þeim vörum sem þarna er um að ræða.

Þá vil ég benda á það, að undir vörugjaldið falla flestallar byggingarvörur og yrði því um verulega hagsbót að ræða fyrir þá sem kaupa þessar byggingarvörur og kemur landbúnaðurinn einnig inn í það dæmi, svo mér þykir mjög sennilegt, að að því leyti til sem veltugjaldið mundi auka á útgjöld landbúnaðarins, þá fengi

landbúnaðurinn það uppborið og það fyllilega í sambandi við þá verðlækkun sem fram kemur í sambandi við tillögur okkar. Það er hins vegar sá mikli munur á till. okkar í þessum efnum gagnvart landbúnaðinum og till. þeim, sem ríkisstj. leggur fram í því frv. sem hér er til umr., að í frv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að skerða launakjör bóndans sem nemur 10—12% frá því sem þau hafa verið nú að undanförnu og eru orðin, alveg nákvæmlega eins og hér er einnig lagt til að skerða launakjör annars launafólks í landinu sem þessu nemur, því laun bóndans í afurðaverðinu eru beinlínis bundin við þau laun sem gilda hjá öðrum launaðilum í landinu. Það er því sá mikli munur á till. okkar, minni hl. í verðbólgunefnd, og till. hæstv. ríkisstj. og þeim till., sem þeir Framsfl.-menn standa hér að, að þeir gera ráð fyrir í sínum till. að lækka laun bóndans frá því sem nú er og frá því sem samningar standa til um, en við gerum hins vegar ráð fyrir því í okkar till. að vernda þann kaupmátt launa sem bændur og aðrir hafa nú samkv. sínum samningum.

Ég vil því vænta þess, að þeir, sem í þessum efnum hafa sérstaklega áhyggjur af afkomu landbúnaðarins, sjái nú og viðurkenni að það er mikill munur á till. okkar í minni hl. og till. ríkisstj. varðandi hag bændastéttarinnar og landbúnaðarins.

Það var líka greinilegt á máli hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, að hann taldi að með till. okkar um hið svonefnda veltugjald, sem leggja á á hliðstæðan hátt og aðstöðugjöld nú, værum við að gera till. um stórkostlega auknar álögur á sjávarútveginn í landinu. Þetta er, eins og ég hef þegar bent á, misskilningur að verulegu leyti, því að hlutur sjávarútvegsins í þessu gjaldi er tiltölulega lítill. Það eru allt aðrir aðilar sem bera þetta gjald uppi að yfirgnæfandi meiri hluta. En sjávarútvegurinn mundi líka njóta mjög góðs af því að fella niður 18% gjaldið, alveg eins og landbúnaður. Sjávarútvegurinn og þó sérstaklega fiskiðnaðurinn mundi njóta verulega góðs af því, ef ráðstafanir væru gerðar til þess að framfærsluvísitalan færðist raunverulega niður sem nemur 7% frá því sem annars mundi verða, því 7% lækkun þýðir verulega fjárhæð fyrir vinnufreka framleiðslu eins og fiskiðnaðurinn er.

Ég ætla að víkja svolítið nánar að þessum till. okkar.

Það er rétt, að í till. okkar felst að gerð er tilraun til að lækka verðlagið í landinu, að mínu mati um 15—16 milljarða kr. á ári. Þessi upphæð sundurliðast þannig: Niðurfelling vörugjaldsins kostar ríkissjóð í kringum 6800 millj. kr., en nemur raunverulega í eiginlegu útsöluverði á milli 9 og 10 milljarða. Síðan næmi niðurgreiðslan á vöruverði um 3200 millj. kr. Svo koma áhrifin af því, að verslunarálagningin yrði lækkuð í það sem hún var áður, og mundi sú verðlagslækkun sennilega nema í kringum 3000 millj. kr. M. ö. o.: í okkar till. er gerð tilraun til að lækka verðlag í landinu frá því, sem nú er, í kringum 15—16 milljarða kr. á ári. Það mundi hafa, eins og nánar er gerð grein fyrir í nál. minni hl., áhrif til lækkunar á framfærsluvísitölu um u. þ. b. 7%.

Þetta verður að sjálfsögðu ekki gert nema ríkissjóði verði aflað tekna á móti til þess að hægt sé að ná þessu fram, og við gerum till. í þeim efnum.

Þar gerum við í fyrsta lagi ráð fyrir að um verði að ræða 10% hækkun á skatti félaga auk 5% skyldusparnaðar. Á þeim lið er ekki mikill munur á till. okkar og till. hæstv. ríkisstj. Hún mun gera ráð fyrir að skattur þessara félaga verði hækkaður um 800 millj. kr., en við gerðum ráð fyrir að skatturinn yrði hækkaður um 900 millj. kr.

Við gerum auk þess ráð fyrir að þetta sérstaka veltugjald verði lagt á sem ég hef rætt hér nokkuð um, en vil þó aðeins bæta því við, að þetta gjald mundi lenda að verulegu leyti á þeim aðilum, á þeim félögum í landinu sem sannanlega borga engan tekjuskatt til ríkisins. Til eru fjölmörg félög í landinu sem hafa stórkostlega veltu á hverju ári, en borga engan tekjuskatt til ríkisins. Við teljum að þetta sé með öllu óeðlilegt og sé fullkomlega eðlilegt að þessi rekstur borgi nokkuð til ríkisins til þess að gera tilraun til að reyna að ná verðlaginu niður.

Þá gerum við einnig ráð fyrir því í till. okkar, að hægt verði að spara í rekstrarútgjöldum ríkisins 1500 millj. kr. Þegar lagt er til að spara nokkuð í ríkisrekstrinum, þá er það merkilega að alltaf er sama viðkvæðið, að það sé með engu móti hægt. Ég vil samt benda á það, að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og formaður verðbólgunefndar gerir ráð fyrir í einni af till. sínum, að rekstrarútgjöld ríkisins verði lækkuð um 1000 millj. kr. Við leggjum að vísu til þarna 1500 millj. kr. lækkun, leggjum til að rekstrarútgjöldin verði færð aðeins meira niður en hann gerir.

Ég hef í umr. um þessi mál oft áður bent þar á liði sem væru mjög tiltækir. Það mætti t. d. spara á útgjöldum í sambandi við framlag það sem er á fjárl. til Grundartangaverksmiðjunnar. Það er engin nauðsyn að leggja fram það fé sem þar er gert ráð fyrir á fjárl. Það er hvort tveggja hægt að gera, að fresta því, og þar að auki er auðvitað hitt, sem best væri, að hætta með öllu við þá framkvæmd og falla frá því að leggja fram það hlutafé sem þar er ráðgert að greiða.

Það er líka hægt að hætta við það sem sýnilega var ekki einu sinni full samstaða um í ríkisstj., það er hægt að hætta við að ráðast í meiri háttar breytingar á svonefndu Víðishúsi. Það eru allar líkur til þess, að á þessu ári verði eytt í breytingar á því húsi um 300 millj. kr. Upplýsingar, sem liggja hér fyrir Alþ., eru um að það verði að eyða í þær breytingar um 400 millj. kr., til þess að fullgera það hús sem skrifstofuhúsnæði. Auðvitað er þetta hægt. Spurningin er bara um það, hvort menn vilja hætta við þessa framkvæmd eða hvort þeir vilja eyða nokkrum hundruðum millj. kr. í þessa framkvæmd.

Það er auðvelt að benda á miklu fleiri liði, en þarf í rauninni ekki, til þess að sýna að þetta er framkvæmanlegt, að færa niður rekstrargjöld ríkisins um 1500 millj. kr. á ári þegar heildarútgjaldahlið fjárl. er komin upp í 140 milljarða.

Þá er í till. okkar miðað við upplýsingar sem við höfðum fengið um að ríkissjóður mundi spara sér útgjöld, ef þessar till. okkar yrðu framkvæmdar, m. a. í lækkun á launagreiðslum, sem annars yrðu. Þegar framfærsluvísitalan lækkaði um 7% mundi ríkissjóður spara sér útgjöld sem næmu 2000 millj. kr. Vitanlega á að taka tillit til þessa þegar þetta dæmi er gert upp í heild.

Þá er í till. okkar lagt til að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að gera innheimtu á söluskatti virkari og betri en hún er og að í þeim efnum notfæri ríkið sér allar þær heimildir sem eru nú þegar í lögum til þess að herða á þessari innheimtu. Við leggjum einnig til að gerðar verði breytingar á tekjuskattslögum sem tiltölulega er auðvelt að gera. Við ráðgerum að út úr þessum tveimur liðum, þ. e. a. s. bættri innheimtu á söluskatti og breytingum á tekjuskatti sé óhætt að áætla að tekjur ríkisins af þessu tvennu gætu aukist um 1000 millj. kr. og er sannarlega ekki mikið.

Síðast gerum við svo ráð fyrir því, að hér verði um að ræða aukasölu á spariskírteinum sem nemur 2000 millj. kr. Ætti engum að blöskra það, því að ríkisstj. er með lítið eitt lægri tölu í sínum tillögum.

Ég tel því, eins og ég hef sagt hér, að við höfum rökstutt að það er hægt að koma fram þeirri verðlækkun, sem við gerum ráð fyrir í till. okkar. Það er hægt að koma þeim fram. Spurningin er sú, hvort menn telja ómaksins vert að leggja nokkuð á sig til þess að lækka verðlag í landinu sem nemur 15—16 milljörðum kr., hvort menn telja ómaksins vert að leggja það á sig að reyna að hamla gegn hækkun framfærsluvísitölunnar í landinu sem nemur 7%. Við álítum að till. af þessu tagi sýni vilja til þess að snúast gegn verðbólgunni. En hæstv. ríkisstj. vill auðvitað taka á þessum málum á allt annan veg. Hún bregst þannig við þessu, að hún kemur með till. sem raunverulega mundu leiða til verðhækkana í landinu. Og hún gerir síðan till. um að rjúfa gerða samninga um launakjör, sem hún veit að þýða það, að ófriður verður á vinnumarkaði, kjarasamningum verður sagt upp, ný átök myndast um launakjörin. Hún leysir nákvæmlega ekki neitt með þessari leið annað en það, að hún efnir hér til ófriðar. Mér sýnist vera alveg ljóst, að nú eins og áður er það svo, að hæstv. ríkisstj. sér enga aðra leið til þess að glíma við vandamál efnahagslífsins en þá að lækka kaupið. Allar aðrar leiðir telur hún ófærar.

Svo ég víki hér nokkru nánar að tilteknum ákvæðum í þessu frv., langar mig að setja hér fram nokkrar fsp. um það, hvað tiltekin ákvæði í frv. raunverulega þýða.

Það er í fyrsta lagi atriði sem snertir 3. gr. frv. Þar er ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að óbeinir skattar skuli ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu í kjarasamningum eftir 1. jan. 1979. Nú er spurning mín sú: Hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér að standa að því að framkvæma þetta ákvæði? Hugsar hún sér að taka þessi gjöld, að því leyti til sem þau eru nú þegar í vísitölugrundvellinum, öll út úr grundvellinum, taka söluskattinn, tollana, vörugjaldið, bensínskattinn og önnur hliðstæð skattgjöld út úr núverandi vísitölugrundvelli og byrja á slíkum grunni 1. jan. 1979, reikna eftir það ekki vísitöluhækkanir sem kynnu að verða á þessum gjöldum? Eða hugsar hún sér að framkvæma þetta á þann hátt, að sá hluti söluskattsins og vörugjaldsins, og þessara óbeinu gjalda, sem nú þegar er í vísitölugrundvellinum, þær upphæðir standi þar áfram, en eftir 1. jan. n. k. verði hins vegar ekki reiknað með hækkunum á þessum gjöldum frá því sem þau eru þá? Þetta skiptir talsverðu máli við útreikning þessarar vísitölu og því spyr ég um þetta, hvernig þetta atriði er hugsað af hálfu ríkisstj., hvernig hún ætlar sér að framkvæma þetta.

Ég þarf svo ekki að fara mörgum orðum um það, að ég er algjörlega á móti því að þetta ákvæði, sem er í 3. gr. frv., verði samþykkt. Ég tel að þó að margt megi um vísitölugrundvöllinn segja og mér sé ljóst að full þörf sé á að taka þar marga hluti til endurskoðunar, að sjálfsögðu í samráði við þá aðila sem hafa staðið að þessum grundvelli frá upphafi og notað hann á jafnþýðingarmikinn hátt við launaákvarðanir og launþegasamtökin hafa gert, þó að það komi fyllilega til mála að taka þar marga þætti til endurskoðunar, þá tel ég mjög óheppilegt að setja inn í löggjöf ákvæði eins og þetta í fullum fjandskap við launþegasamtökin. Það mundi rifta samningum þeirra t. d. hvað áhrærir opinbera starfsmenn. Samningar þeirra ná lengra fram en til 1. jan. n. k. og þetta mundi því beinlínis hafa áhrif á þeirra launakjör. Samningar Alþýðusambandsfélaganna renna að vísu út fyrir þennan tíma. En hitt er augljóst mál, að ef ákvæði eins og það, sem er í 3. gr., væri komið í lög, þá væri í rauninni búið að eyðileggja það fyrir hinum almennu verkalýðsfélögum, að þau gætu notað vísitöluna sem eðlilegan mæligrundvöll á eftir. Ég álít því að það hefði verið hyggilegast að fella atriði eins og þetta alveg niður úr frv. Það gerir aðeins illt verra að setja það á þann hátt sem þarna er gert ráð fyrir, því það má ríkisstj. vera ljóst, að ef ákvæði er í lögum á þann hátt sem þarna er gert ráð fyrir, þá jafngildir það því, að ríkisstj. geti ógilt kjarasamninga með breytingum á þessum sköttum strax eftir að kjarasamningar eru gerðir.

Það hefði t. d. verið lítill vandi fyrir ríkisstj. á s. l. sumri, ef hún hefði talið að þeir samningar, sem þá voru gerðir, veittu launþegum t. d. 2% eða 3% of mikinn kaupmáttarauka frá því sem áður var, þá var auðvitað lítill vandi fyrir hana, ef hún hefði haft ákvæði eins og þetta, að bregða við og hækka bara söluskatt og vörugjald og aðra óbeina skatta og tolla sem þessu nam og kippa þeirri kauphækkun til baka, þannig að hún hefði þá haft það alveg í sínum höndum að ákveða gildi samninganna. Þetta er því alveg fráleitt, eins og það er í þessari grein, og á ekkert skylt við það að mínum dómi, að til greina getur komið að endurskoða vísitölugrundvöllinn og breyta þar ýmsum ákvæðum, eins og gert hefur verið oft áður og þá í samráði við þá sem að þessum málum standa.

Þá vil ég leita eftir frekari skýringum en fram komu hjá hv. frsm. meiri hl. varðandi ráð-

gerða framkvæmd á þeim ákvæðum varðandi launagreiðslur sem er að finna í 2. gr. frv. og einnig í 4. gr. frv.

Sú meginregla er sett upp í 1. gr. frv., að greiða skuli aðeins hálfar verðlagsbætur á laun. Í 2. gr. er hins vegar tekið fram, að þó skuli greiða a. m. k. 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1% sem verðbótavísitalan hækkar um, það skuli vera lágmarksgreiðsla, 880 kr. miðað við prósentustig. Þetta ákvæði þýðir það, að lág laun gætu jafnvel haldið fullri vísitöluuppbót. T. d. er nú 1. mars n. k. reiknað með að vísitalan hækki um 10%. Ef það fyndist nú svo lágur kauptaxti, að hann væri 88 þús. kr. á mánuði, þá fengi sá aðili, sem hefði slíkt kaup, nákvæmlega sín 10% greidd eins og samningar standa til um, sem sagt fullar verðlagsbætur ef hann hefði aðeins 88 þús. kr. í kaup á mánuði. En nú er enginn kauptaxti svona lágur, sem um er samið hjá hinum almennu verkalýðsfélögum í landinu. Talið er að meðalkauptaxti verkamanna, þar sem er tekið meðaltal af nokkrum helstu kauptöxtunum, sé nú rétt í kringum 117 þús. kr. á mánuði miðað við dagvinnu. Slík dagvinna kæmi því undir skerðingarákvæðin sem felast í þessari grein, en þó ekki jafnmikla skerðingu og hærri laun mundu verða fyrir.

Það er tekið fram í 2. gr., að þetta ákvæði skuli gilda í sambandi við yfirvinnu og ákvæðisvinnu og hvers konar aðrar greiðslur sem koma til viðbótar við fast umsamin laun. En þá er spurningin þessi: Hvernig á að fara með það ef launamaður tekur greiðslu fyrir vinnu sem yfirvinnu eða á annan hátt yfirborgaða vinnu, en sú vinna verður greidd honum út án þess að um mánaðarkaupsgreiðslu sé að ræða? Aðilinn hefur kannske unnið hjá vinnuveitanda aðeins 4 eða 6 tíma eða 10 tíma eða 50 tíma eða hvað það væri, en hann vinnur ekki meira hjá þeim vinnuveitanda. Lendir þessi aðili, sem hefur t. d. unnið yfirvinnu á þennan hátt, undir skerðingarákvæði samkv. 1. og 2. gr. frv. eða ekki? Á slíkur aðili að fá greidda sína tíma í yfirvinnu þannig, að hann fái aðeins hálfar vísitölubætur á kauptaxta sinn, þó að enginn viti um það, hvort heildarlaun hans á mánuði ná þeirri upphæð sem mörkin eru sett við?

Við þessu hefur ekki komið enn þá fram neitt fullnaðarsvar. Það svar, sem hv. frsm. meiri hl. gaf varðandi þetta atriði, er alveg ófullnægjandi og svarar þessu ekki. Í rauninni segir það svar, sem hann gaf, aðeins til um það, hvernig með skuli fara þegar launamaður er hjá sama aðila allan mánuðinn og hægt er að finna út mánaðarlaun hans, hvort sem þau hafa verið í formi dagvinnutíma, yfirvinnutíma eða sérstakra hlunnindagreiðslna. Það er því alveg eftir að upplýsa hvernig hugsað er að framkvæma þetta atriði.

Svipað er að segja um ákvæðin í 4. gr. frv. Það verður ekki séð annað af því, sem stendur í 4. gr., og þó sérstaklega af þeirri grg., sem fylgir með 4. gr., en að ætlunin sé að hafa þann hátt á, að bætur almannatrygginga verði greiddar eins og þar segir, á þann hátt, að þessar bætur, þessi laun skuli greidd með sömu hlutfallshækkun og laun almennt þessa daga hljóta. Eftir því sem kemur fram í grg., þá er að sjá að þetta þýði að þessar bætur eigi aðeins að fá hálfar vísitölubætur og þeir, sem njóta bóta samkvæmt síðari mgr. þessarar greinar, eigi að njóta vísitölubóta á sama hátt, fá aðeins hálfar vísitölubætur, þó þannig, að þeir eiga að fá til viðbótar 2% við þessar hálfu vísitölubætur 1. mars n. k. og svo ekki meir. Ég vil benda á það, að t. d. aðili, sem nýtur ellilauna eða örorkubóta, hefur sem einstaklingur, þó að hann fái þar tekjutryggingu til viðbótar, undir 88 þús. kr. Hann mun hafa 66 eða 67 þús. kr. í heildargreiðslur á mánuði. Samkvæmt ákvæðum þessa frv. virðist því vera ljóst, að aðili eins og þessi, sem hefur ellilaun og tekjutryggingu og samtals greiðslur sem nema 66 þús. kr. á mánuði eða þar um bil, eigi að fá vísitölubætur sem nema 5% á sínar greiðslur, að vísu 2% líka 1. mars, þá kemst hann í 7%, en annars eftirleiðis bara hálfar bætur. Hins vegar mundi launamaður, sem hefur þó 88 þús. kr. á mánuði eða hefur hærri laun, geta komist í það að fá fullar vísitölubætur. Það er m. ö. o. gert ráð fyrir því, að þessir bótaþegar almannatrygginga verði fyrir meiri vísitöluskerðingu á greiðslum en þeir sem kunna að hafa hærri laun á mánuði en þeir. Á þessu hef ég vakið athygli og spurt um þetta og hef ekki fengið neitt annað svar en það sem fram kemur í grg. frv. með þessari grein, en þar virðist vera nokkuð augljóst að ætlunin sé að hafa þennan hátt á. Í þessu sýnist mér vera lítið réttlæti.

Mér sýnist því af þessu, sem ég hef verið að segja, að þeir, sem sett hafa upp þessar reglur um skerðingu á vísitölubótum á laun, hafi alls ekki hugsað málið til fulls, þeir hafi alls ekki áttað sig á því, hvernig ætti að framkvæma ákvæði laganna.

Ég spyr því enn: Hvernig er þessu varið? Hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér að framkvæma þettta ákvæði? Getur verið að það sé ætlun hennar að skerða bæturnar til þeirra, sem minni tekjur hafa, meira en hjá hinum, sem hafa þó hærri laun bó lág séu.

Hv. frsm. meiri hl., Ólafur G. Einarsson, hneykslaðist nokkuð á því, að ég hafði notað orðið siðleysi í sambandi við þá aðgerð ríkisstj. að ætla sér að rifta þeim kaupgjaldssamningum sem hún hefði sjálf gert nú fyrir stuttu. Ég sný ekki aftur með það að ég tel þá aðgerð siðlausa, að fjmrh. landsins skuli fyrir hönd ríkisstj. gera launa- og kjarasamninga við opinbera starfsmenn fyrir rétt liðlega þrem mánuðum og skrifa hátíðlega undir slíka launasamninga, en svo skuli komið eftir þrjá mánuði og þeir samningar ógiltir að verulegu leyti.

Ríkisstj. hefur í rauninni ekkert sér til afbötunar í þessu máli. Það hefur ekkert gerst í rekstri þjóðarbúsins sem réttlætir þessa aðgerð. Það hefur verið upplýst, að aukning þjóðartekna er mun meiri á s. l. ári en reiknað hafði verið með þegar launasamningarnir voru gerðir. Hún getur því ekki afsakað sig með því, að þjóðarbúið hafi orðið fyrir einhverjum áföllum, því fer víðs fjarri. Ég er hræddur um að hæstv. ríkisstj. eigi eftir að finna að það geti verið erfitt fyrir hana að ná eðlilegum samn-

ingum hér eftir við stéttarsamtökin í landinu þegar svona er að málum staðið.

Það var broslegt innan um og saman við hjá hv. þm. Þm. Olafi G. Einarssyni, frsm. meiri hl. n., þegar hann deildi á okkur í stjórnarandstöðunni fyrir að við gætum ekki hugsað okkur að skera neitt niður og deildum á þá í meiri hl. fyrir það, að þeir gerðu ráð fyrir að grípa til einhverra slíkra aðgerða og þá varðandi framkvæmdir, en við höfum gert ráð fyrir að hægt væri að skera niður í rekstrarútgjöldum heldur meira en ríkisstj. lagði til. Hv. þm. nefndi sérstaklega í þessum efnum vegamál, að nú mættum við ekki heyra það að neitt yrði skorið niður í sambandi við vegamál. Þetta minnti mig á fallegan tillöguflutning hans á þessu þingi og mikil ræðuhöld hér um að gera nú stórátak í vegamálum og leggja bundið slitlag á helst allan hringveginn í einu stóru átaki. Og auðvitað fylgdi á eftir ágætri ræðu þessa þm. um slíkt stórátak í vegamálum ágæt mynd af honum og mikill uppsláttur í Morgunblaðinu í tilefni af því, að hann væri forgöngumaður þess að gera þetta stóra átak. En nú er þetta sem sagt orðið í munni hans eitt af ávirðingaratriðum okkar í minni hl., að við getum ekki einu sinni hugsað okkur að skera niður vegamál.

Það er rétt, það er afstaða t. d. okkar Alþb.-manna, að við teljum að það eigi ekki að leysa þann vanda, sem við stöndum frammi fyrir í okkar efnahagsmálum, á kostnað félagslegrar þjónustu í landinu, né heldur félagslegra framkvæmda og ekki á kostnað launa, nema þá að því leyti, sem ástæða væri til að skattleggja meira en nú er hæstu laun. Við bendum hins vegar á, að það er hægt að gera margt annað í þessu landi, sem hefði sín áhrif, en að grípa á þessum liðum.

Við höfum t. d. bent á að það væri nær að grípa á þeim stóru vandamálum sem eru bundin við hina gífurlegu þenslu í þjóðarbúskap okkar í heild, við skulum segja t. d. í bankakerfinu, þar sem starfsliði fjölgar jafnmikið og tölur liggja fyrir um. Alþ. er búið að glíma við það mál í mörg ár, hvort ekki væri rétt að ríkið hefði þarna nokkra forgöngu, fækkaði eigin bönkum, sameinaði banka, sem nauðsynlegt er af mörgum ástæðum að sameina, og fækkaði þannig nokkuð bankaútibúum þar sem komin eru mörg útibú frá ríkisbönkunum á sama stað, jafnvel á litlum stöðum. En þegar kemur að málefni eins og þessu, þá segja þm. stjórnarflokkanna ævinlega: Þetta kemur ekki til mála, þetta er óraunhæf till., það er ekki hægt að grípa á þessu. Þessi kostnaður er sem sagt heilagur.

Ætlum við þekkjum það ekki líka þegar á það er bent, hvaða nauðsyn sé til að við höldum hér uppi þreföldum kostnaði af olíudreifingarkerfi í landinu og það undir þeim kringumstæðum þegar svo stendur á, að það er íslenska ríkið sjálft sem kaupir inn alla olíu, gerir innkaupin, og flytur olíuna til landsins líka. Íslenska ríkið semur um flutning á olíunni. Það er ekki fyrr en hún er komin hingað að bryggjum, að ákveðið er að afhenda alla olíuna, sem ríkið hefur keypt til landsins og flutt til landsins, þremur olíufélögum sem síðan geta farið í tilheyrandi samkeppni og byggt afgreiðslustöðvar sínar hvert á móti öðru, við sömu götuna, og eytt stórum fjármunum í þetta margfalda kerfi. En ef á það er minnst að grípa á þessu, þá er auðvitað alltaf sama útkoman. Menn segja: Þetta eru óraunhæfar till., það er ekki hægt að breyta þessu. Enda er svo haganlega frá þessu gengið, að báðir stjórnarflokkarnir eru samanþvældir í hagsmunamálum olíufélaganna. Af því verður það að vera eins og það er.

Vissulega væri einnig þörf á því að taka sjálft ríkiskerfið til rækilegrar endurskoðunar, því það er enginn vafi á því, að í ríkiskerfinu sjálfu er búið að hlaða upp kostnaði af ýmsu tagi sem engin þörf er á og þar væri hægt að spara við nánari athugun á þeim málum. Á þetta höfum við bent líka, og það væri eðlilegra að gera ráðstafanir í þessa átt en að steypa sér í sífellu sama kollhnísinn og menn hafa verið að gera á undanförnum árum, þ. e. a. s. að rjúka alltaf í gengislækkun, svipta alltaf í sundur kaupgjaldssamningum og standa svo alltaf í sama farinu.

Eitt af því, sem við þurfum að gera í okkar efnahagsmálum, er að við þurfum að gera ráðstafanir til þess að beina meira af okkar vinnuafli til framleiðsluatvinnuveganna. Við getum framleitt meira og við þurfum að framleiða meira, en til þess þarf að gera ákveðnar ráðstafanir, m. a. að beita fjármagni þjóðarinnar í þá átt að gera þetta kleift. En nú er staðið að þessum málum alveg þveröfugt. Nú er staðið að þessu þannig, að það er verulegur inndráttur á peningum, bankakerfið dregur til sín peninga frá framleiðsluatvinnuvegunum, og með vaxtastefnunni er búið að búa þannig að ýmsum atvinnugreinum í landinu, að það er ekki hægt að reka þær greinar, menn flýja úr þeim.

Ég skal nú fara að ljúka máli mínu. Ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að svara þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hana varðandi skilning á ákveðnum atriðum í þessu frv. Mér hefði einnig þótt mjög vænt um að ríkisstj. hefði skýrt okkur frá því, því um það hlýtur hún að vita, hvað er áætlað um vaxtahæðina nú næstu daga. Það er komið að því, að það á að ákveða nýja vexti, útlánsvexti og innlánsvexti, samkvæmt þeim reglum sem ríkisstj. og Seðlabankinn hafa sett. Mér sýnist að miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja, eigi almennir vextir að hækka nú á næstu dögum um 3—4%, ef farið er eftir þeirri viðmiðun, sem Seðlabankinn hefur gefið út, og þeim verðlagshækkunum, sem orðið hafa síðan vextir voru síðast ákveðnir. Nú sem sagt mun það liggja fyrir, að Seðlabankinn ætli sér að taka ákvarðanir í þessum efnum á morgun. Það væri eðlilegt í sambandi við þessar efnahagsráðstafanir, sem hér er nú verið að ræða, að hæstv. ríkisstj. hefði gert grein fyrir því, hvað á að hækka vextina mikið til viðbótar því sem orðið er, því að þá hefðu menn auðvitað séð þessa mynd enn þá betur, hversu dægilegt það verður fyrir atvinnurekstrinn í landinu að taka við því sem honum er rétt, því að menn skulu átta sig á því, að vextir eru útgjöld í atvinnurekstri, þó að það virðist vera svo, að ýmsir af bankamönnum landsins hafi ekki skilið það

enn þá. Það virðist vera að þeir hafi ekki skilið það að vextirnir séu neitt nema tekjur. Kann að vera að hjá þeim, sem taka við vöxtunum, séu þeir það. En þessir vextir eru greiddir af öðrum og þeir koma m. a. inn í þær áætlanir sem hér eru lagðar fyrir okkur, — áætlanir sem sýna taprekstur á framleiðslu og ráðstafanir til að reyna að draga úr þessum taprekstri. Það væri verulega fróðlegt ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað gefa upplýsingar um hvað vextirnir eigi að verða háir sem ákveða á, eftir því sem ég best veit á morgun.

Mér hefði einnig þótt vænt um það, ef ríkisstj. hefði upplýst hvaða uppákoma það hafði verið sem olli því varðandi fjárl., sem samþ. voru rétt fyrir jól, 21. des., að í ljós hafi komið að þau fjárl. hafi verið röng um hvorki meira né minna en 2.1 milljarð kr., að þar hafi verið um skekkju að ræða og nú vanti ríkissjóð tekjur sem þessari skekkju nemur. Ég vil því spyrja: Hvað var það sem gerðist? Ég hef nefnilega grun um það, en vildi gjarnan fá réttar upplýsingar um málið, að það, sem gerst hafi, hafi verið það, að hinir reikningsfróðu menn, sem reiknuðu út fjárl., áttuðu sig ekki á síðustu vaxtahækkun, hana vantaði í dæmið í mjög ríkum mæli. Það var ekki gert ráð fyrir því, að ríkið þyrfti að borga þessa vexti sem menn voru að ákveða, og dæmið var vitlaust upp á 2.1 milljarð. Og nú þarf auðvitað að gera efnahagsráðstafanir til þess að ríkið geti staðið við þessar vaxtagreiðslur sem voru ákveðnar í nóvembermánuði.

Ég vænti þess, að gefnar verði upplýsingar um hvernig stendur á því, að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar upplýsir að nú þurfi að afla fjár til ríkisins sem nemur 2.1 milljarði kr., vegna þess að þá vanti upphæð í fjárl. sem voru samþ. nú fyrir stuttu.

Ég lýk svo þessum orðum mínum með því að endurtaka, að við, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn., leggjum til að þetta frv. verði fellt. Okkur finnst þó ástæða til að hér fari fram sérstök atkvgr. um rökstudda dagskrá í sambandi við afgreiðslu málsins, með sérstöku tilliti til þess, að ríkisstj. geri könnun með viðræðum við hin stóru stéttarsamtök, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um ráðstafanir í efnahagsmálum, en þessi samtök hafa opinberlega boðið ríkisstj. slíkar viðræður. Það er því till. okkar að þd. afgreiði þetta mál á þann hátt með rökstuddri dagskrá, að ríkisstj. verði falið að taka upp viðræður við þessa aðila og það komi þá í ljós, hvað út úr þeim viðræðum getur komið.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég hlýt að byrja á því að vekja athygli á að í dag, á þessum drottninsdegi, áður en 2. umr. um þetta frv. hófst, gerðist dálítið svipað og gerðist daginn sem 1. umr. hófst, en að því vék ég við 1. umr. Hún fór sem kunnugt er fram á föstudaginn var. En tveimur dögum áður hafði verðbólgunefndin svokallaða lokið störfum sínum. Fulltrúar stjórnarflokkanna í verðbólgunefndinni og þeir embættismenn ríkisins, sem þar sátu, höfðu mælt með ákveðnum valkosti af þeim sem formaður nefndarinnar og forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar hafði lýst og allir þm. hafa nú kynnt sér í riti verðbólgunefndarinnar sem kallað er Verðbólguvandinn.

Kjarninn í þeim ráðstöfunum, sem fulltrúar stjórnarflokkanna í n. og embættismennirnir lögðu til, var, eins og öllum þm. og þjóðinni yfirleitt er nú væntanlega kunnugt, að helminga skyldi allar verðlagsuppbætur, að helmingurinn af vörugjaldi skyldi felldur niður, það lækkað úr 18% í 9%, niðurgreiðslur lækkaðar um 1900 millj. kr. og gerðar nokkrar ráðstafanir í félagsmálum. Þetta var kjarninn í þeirri leið sem fulltrúar stjórnarflokkanna og embættismennirnir í verðbólgunefndinni mæltu með um hádegið á miðvikudaginn var. En það kom í ljós eftir hádegið, að ráðh. höfðu, meðan nm. voru að undirskrifa verðbólguáliti ð, setið á fundi og verið að undirbúa allt aðrar ráðstafanir, verið að semja frv., sem hljóðaði allt öðruvísi en þær till. sem verið var að skrifa undir í Þórshamri.

Eini ljósi punkturinn í því, sem ríkisstj. gerði þennan morgun, og það hefur hún líklega verið að gera næstu einn—tvo dagana áður, var að það voru teknar ákvarðanir um nokkrar bætur handa lægst launaða fólkinu. Það er satt að segja það eina af viti sem ríkisstj. hefur gert undanfarna daga, undanfarnar vikur og undanfarna mánuði, og er sjálfsagt að þakka það. En vörugjaldið átti ekki að lækka úr 18% í 9%, það átti að lækka úr 18% í 16%, eftir því sem ráðh. voru að bolla leggja. Niðurgreiðslurnar áttu ekki að lækka um 1900 millj. samkv. hugmyndum ráðh., heldur aðeins um 1300 millj. En þetta var allt saman hégómi hjá því sem reyndist rúsínan í pylsuendanum, en það var að ráðh. voru, þennan sama morgun og verðbólgunefndin var að ljúka störfum, að ráðgera að gerbreyta innihaldi frv., sem búið var að vera í undirbúningi í marga mánuði í verðbólgunefndinni, m. ö. o. að í stað þess að helminga vísitöluuppbæturnar, þá skyldu áhrif allra óbeinna skatta tekin út úr vísitölunni án þess þó að kveða um leið skýrt á um það, að áhrif niðurgreiðslna skyldu tekin út úr vísitölunni. Þannig var gengið frá frv. síðdegis á miðvikudag og það undirbúið til prentunar. En þá tók ríkisstj. upp á því þennan dag að ræða við stjórnir ASÍ og BSRB svo sem frægt er orðið, og hélt með þeim sögulegan fund sem lauk með ósköpum. Í framhaldi af þeim ósköpum urðu ráðh. hræddir við það, sem þeir höfðu verið að ráðgera um morguninn, og ákváðu að breyta til, þ. e. a. s. að hætta ekki við að helminga vísitöluuppbæturnar og breyta vísitölugrundvellinum í staðinn strax, heldur ákváðu að hafa frv. þannig að vísitöluuppbæturnar skyldu felldar niður út árið, en um áramótin næstu skyldi vísitölugrundvellinum breytt með lögum, án þess að hafa rætt þetta eða gert nokkra tilraun til þess að ræða þetta við launþegasamtökin. Þó er ráðh. jafnljóst og okkur öllum hinum þm., að það hefur aldrei áður verið gerð breyting á vísitölugrundvellinum, hvorki með frjálsum samningum né heldur með löggjöf, nema að undangengnu vandlegu samráði við launþegasamtökin.

Þetta varð til þess, að 1. umr. seinkaði um heilan dag, þessi hringsnúningur ríkisstj., í fyrsta lagi fyrirætlanir um að breyta till. frá því sem

ráðgert hafði verið á undanförnum vikum og fulltrúar í verðbólgunefnd undirskrifuðu um hádegi á miðvikudag, og síðan var horfið frá þessu aftur að hálfu leyti, með þeim árangri, að í stað þess að frv. væri útbýtt kl. 2 síðdegis, eins og lofað hafði verið, var því útbýtt eftir miðnætti þetta sama kvöld.

Það undarlega gerist, að dálítið svipað á sér stað í dag. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. var á fundi í morgun kl. 10. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar vorum satt að segja undir það búnir, að fundinum lyki fyrir hádegi, og vorum búnir að undirbúa afstöðu okkar, samræma okkar sjónarmið og undirbúa nál. Þá kemur í ljós að meiri hl. n., fulltrúar hv. stjórnarflokka, er ekki tilbúinn að ljúka nefndarstörfum, en ráðgera hlé, að vísu með feimnissvip, hálfskömmustulegir í framan, að það skuli standa á þeim að afgreiða málið úr n. í hendur hv. þd. Þegar við spyrjum hverju þetta sæti, hverju var þá svarað? Ríkisstj. situr á fundi og hún er að ræða hugsanlegar breytingar á frv. Við getum ekki tekið afstöðu fyrr en við vitum hvað ríkisstj. er að hugsa eða hvað hún ætlar sér að gera. (**Gripið fram í:** Þú þekkir þessa leið.) Nei, svona háðulega datt okkur í viðreisnarstjórninni aldrei í hug að leika okkar stuðningsmenn. Okkur, sem sátum í viðreisnarstjórninni svokölluðu, ég segi það aftur, okkur datt aldrei í hug að leika okkar stuðningsmenn með jafnháðulegum hætti og núv. ríkisstj. leikur sína stuðningsmenn, eins og kemur fram í þessu. M. ö. o.: þeir vita ekkert hvaða skoðun þeir eiga að hafa, ekki nokkurn skapaðan hlut, fyrr en þeir eru búnir að frétta af því í símtali eða samtali ofan úr stjórnarráði hvað ráðh. vilja láta þá meina.

Svo kemur í ljós þegar klukkan er orðin 12, þá er búið að boða fundinn, að þeir hafa engin boð fengið. Í staðinn fyrir að segja okkur hvaða skoðun þeir hafi bjóða þeir okkur súpu og brauð. Við þáðum súpuna og brauðið, en þótti miklu miður að fá ekkert að vita hvað ríkisstj. hefði sagt nm. að þeir ættu að meina. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki eggjunum.) Nei, það vil ég ekki, það fylgdu egg með líka. En við fórum heim án þess að fá nokkurn hlut um það að vita, hver væri skoðun ríkisstj. eða hver væri skoðun meiri hl. fjh.- og viðskn. Svo þegar við komum hingað kl. 2 fréttum við að það hafi verið boðaðir fundir í stjórnarflokkunum báðum og þeir standa í 2 tíma, svo eitthvað hefur verið um að tala. Það sem fréttist svo eftir á, eftir þessa fundi, — allt fréttist í þessum þingsölum, — það sem við fréttum að hefði gerst á þessum fundum var að þær hugmyndir hefðu komið upp í ríkisstj. um morguninn og í stjórnarflokkunum síðdegis í dag að taka hina umdeildu og illræmdu 3. gr. út úr frv., m. ö. o. að hætta við þá aðför að launþegasamtökunum að breyta vísitölugrundvellinum með lögum. Sem betur fer er einhver svo réttlátur innan stjórnarflokkanna að finna að þetta var óhæfa, sú hugmynd var óhæfa að setja 3. gr. inn í frv. Einhverjir munu það líka hafa verið sem sögðu: Ef á ekki að taka greinina alveg út, þá er þó skárra að bæta inn í hana ákvæði um að ekki aðeins óbeinu skattarnir skuli hverfa úr vísitölunni, heldur niðurgreiðslurnar líka, og auðvitað er það rétt. Það er þó skömminni skárra að taka skýrt fram, að ekki sé hægt að leika þann hókus-pókus að hækka söluskatt um eitt stig án þess að það verki til hækkunar á vísitölu og kaupgjaldi, en hækka svo niðurgreiðslur með tekju- og söluskattshækkuninni sem því svarar og láta þær lækka vísitöluna og kaupgjaldið. Það hefði verið skárra að segja skýrum stöfum í frv. sjálfu að þetta ætlaði ríkisstj. sér ekki að gera.

Niðurstaðan eftir tveggja klst. rifrildi í báðum þingflokkum var sú að gera engar breytingar á frv. En þetta millistig í öllu saman, sem minnir á millistigið eftir miðja s. l. viku, varð til þess, að í stað þess að umr. byrjaði kl. 2 í dag, eins og búið var að gera ráð fyrir, þá byrjaði hún ekki fyrr en í kvöld. Og þetta er áreiðanlega einsdæmi, að í stóru máli hringli ríkisstj. þannig með sína menn og tefli þeim fram og til baka fyrir 1. umr. og tefji málið í heilan dag og fyrir 2. umr. tefji þeir málið aftur í heilan dag. Guð veit hvað skeður á morgun, áður en 3. umr. á að fara fram. Það getur verið að umr. verði frestað ef ríkisstj. skyldi detta eitthvað í hug eða hún færi enn á ný að hringla í málinu. Við skulum vona að svo fari ekki. En óneitanlega er þetta í hæsta máta ekki bara spaugilegt, heldur í raun og veru líka hörmulegt, að ríkisstj. skuli vera svona hikandi, svona stefnulaus, svona viljalaus, vita svo lítið um hvað hún sjálf raunverulega vill, að ég nú ekki tali um, að fylgismenn hennar í n. og þd. yfirleitt skuli vera þess háttar leikbrúður að láta fara svona með sig.

Niðurstaðan er sem sagt sú, að frv. er óbreytt frá því það var lagt fram við 1. umr. Í því eru verulegar breytingar frá því sem gert var ráð fyrir af hálfu fulltrúa ríkisstj. í verðbólgunefndinni, en í frv. er enn þá hin illræmda og rangláta 3. gr., sem breytir vísitölugrundvellinum án þess að nokkurt samráð hafi verið haft við launþegasamtökin. Ég endurtek, að slíkt hefur aldrei gerst áður.

Það er rétt að það komi fram hér, að fulltrúar frá stjórn Alþýðusambands Íslands og BSRB áttu viðræður við okkur hv. þm. Lúðvík Jósepsson, fulltrúa minnihlutaflokkanna í fjh.- og viðskn., og báðu okkur að koma á framfæri þeim upplýsingum, að BSRB boðaði til landsfundar, fundur með formönnum allra BSRB-félaga um allt land, á morgun og miðvikudag, sem kannske dragist fram til fimmtudags, og þessi samtök, þessi voldugu samtök launþega, sem í eru um 60 þús. manns, óskuðu eindregið eftir að Alþ. afgreiddi þetta mál ekki endanlega áður en þessir landsfundir hefðu getað látið í ljós sína skoðun á málinu. Þeirri ósk komum við að sjálfsögðu á framfæri við hæstv. forsrh. strax kl. 2 í dag þegar við komum hingað til þingfundar.

Það er líka rétt að láta það koma fram, að meiri hl. stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn. neitaði því í dag að senda frv. til umsagnar stjórnar ASÍ og BSRB. M. ö. o.: fulltrúar stjórnarflokkanna í n. höfðu engan áhuga á því að vita hvaða skoðun þessi fjölmennustu launþegasamtök landsins hefðu á frv. í heild og hinum einstökum greinum. Það er að vísu rétt, að hvor tveggja samtökin hafa mótmælt frv. Engu að

síður gat vel verið og ekki nema eðlilegt að þeim væri veittur venjulegur réttur til umsagnar um einstök ákvæði frv. Nei, þeim var neitað um þennan rétt, og till. okkar stjórnarandstöðufulltrúa í n. um þetta efni var felld á fundi síðdegis í dag, sem er í hæsta máta óvenjulegt.

Formaður n. og frsm., hv. þm. Ólafur G. Einarsson, ræddi í framsöguræðu sinni nokkuð till. okkar fimmmenninganna, þ. e. a. s. fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna og fulltrúa ASÍ og BSRB í verðbólgunefndinni, og hafði sitthvað út á þá tillögugerð að setja. Hv. frsm. *minni* hl. hefur þegar svarað þessari gagnrýni í öllum meginatriðum og rakið till. okkar fimmmenninganna, svo ég sé enga ástæðu til að lengja mál mitt með að endurtaka þær röksemdir, en vitna til þeirra. Hins vegar gerði hv. þm. Ólafur G. Einarsson sérbókun mína í verðbólgunefndinni varðandi skyndiúrræðin, sem prentuð eru sem fskj. 4 með skýrslu verðbólgunefndarinnar, að sérstöku umræðuefni. Þess vegna tel ég rétt að fara um það nokkrum orðum eða rökstyðja nokkru frekar þá skoðun mína, að ef ekki hefði getað náðst samkomulag um till. okkar fimmmenninganna, þá teldi ég leið 2, samdráttar- og niðurfærsluleiðina, í hugmyndum forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar vera þá leið sem miklu betra og vænlegra væri að fara heldur en þá leið sem meiri hl. vildi fara. Þetta væri varatill. af minni hálfu, sem hefði þann kost, sem við allir fimmmenningarnir lögðum megináherslu á, að samningarnir gætu haldist, að þeim þyrfti ekki að rifta.

En áður en ég vík að þessari gagnrýni Ólafs G. Einarssonar á viðhorf mitt langar mig til að víkja nokkrum orðum að honum og stöðu hans *í málinu öllu, því hún er satt að segja þannig* að ég beinlínis vorkenni þeim staka sómamanni sem Ólafur G. Einarsson er, því að hann hefur lent í afar kostulegri aðstöðu. Má ég minna á hvað hann sagði og vildi á miðvikudaginn var. Um hádegisbilið á miðvikudaginn var vildi hann lækka vörugjaldið um helming, úr 18% í 9%. Hvað vill hann nú á mánudegi? Nú vill hann lækka úr 18% í 16%. Svona rækilega hefur hann skipt um skoðun í þessu máli. Hvað vildi hann lækka niðurgreiðslurnar á miðvikudaginn var? Þá taldi hann sjálfsagt og rétt og nauðsynlegt og hægt að lækka niðurgreiðslurnar um 1900 millj. kr. á þessu ári. Hvað vill hann nú, þegar kominn er mánudagur? Þá vill hann lækka þær um 1300 millj. Á miðvikudaginn var vildi Ólafur G. Einarsson, hv. þm., draga úr framkvæmdaframlögum á fjárlögum og í lánsfjáráætluninni um 2000 millj. kr. Nú má ekki lækka þessi framlög um neitt. Það er ekki skylt að lækka þau um krónu samkv. frv. Hins vegar er gert ráð fyrir að heimilt sé að lækka þau um helminginn af því, sem hann sagði nauðsynlegt að lækka þau á miðvikudaginn var, þ. e. a. s. um 1000 millj. kr. Og nú verður ekki komist hjá því að spyrja: Hefur hv. þm. Ólafur G. Einarsson virkilega skipt svona rækilega um skoðun frá því á miðvikudaginn og þangað til í dag, á fáeinum dögum, eða hefur honum verið skipað að skipta um skoðun? Hver er raunverulega skoðun hv. þm. Ólafs G. Einarssonar í þessum efnum? Er það miðvikudagsskoðunin, sem stendur hér í verðbólgunál., nefndarálitinu, eða er það mánudagsskoðunin, sem stendur í nál. sem var útbýtt í dag? Hvort er skoðun hv. þm.? Ekki getur hann haft tvær gerólíkar skoðanir á málinu, það samrýmist ekki (Gripið fram í.) Það skyldi nú ekki vera að það væri hvorugt, og það svo sem kemur heim og saman við það, að hér er um stakan sómamann að ræða sem er vís til þess að hafa miklu, miklu skynsamlegri skoðun en miðvikudagsskoðunin hans og mánudagsskoðunin hans eru. Ef hæstv. fjmrh. væri staddur hérna, þá mundi ég nú spyrja: Er þetta hægt, Matthías? *Mér finnst þetta ekki vera hægt, og þess vegna* fannst mér satt að segja að hefði verið hyggilegra fyrir hv. þm. Ólaf G. Einarsson að fara svolítið varlega, fara svolítið hægar í sakirnar þegar hann fór að tala um afstöðu mína og stuðning minn við samdráttar- og niðurfærsluleiðina, sem varatillögu.

Hv. þm. sagði ekki söguna alla um það, hvað ég segi raunverulega í þessum fyrirvara. Þess vegna leyfi ég mér að lesa það — það er örstutt — sem ég segi í raun og veru, með leyfi hæstv. forseta. Ég segi í seinni hluta fskj.:

„Varðandi hugmyndir þær, sem settar eru fram í 3. kafla um efnahagsráðstafanir nú, er ég aðili að framangreindum tillögum“ — þ. e. a. s. till. fimmmenninganna — „og tel ríkisstj. eiga þegar í stað að taka upp viðræður við aðila vinnumarkaðarins og bændasamtakanna á þeim grundvelli.

Ef ekki næst samstaða um þessar ráðstafanir, en í ljós kæmi, að ríkisstj. vildi virða gerða kjarasamninga, m. a. með því að draga úr rekstrarútgjöldum ríkisins og opinberum framkvæmdum, eins og gert er ráð fyrir í dæmi 2 í 3. kafla“ — *þ. e. a. s. samdráttar- og niðurfærsluleið* — „og ef bændasamtökin gætu ekki fallist á lækkun útflutningsbóta“ — sem við höfum lagt til fimmmenningarnir — „mæli ég með því, að framkvæmdar verði þær aðgerðir, sem eru í *dæmi 2, með þeirri breytingu*“ — *þessu sleppti* hv. þm. — „með þeirri breytingu, að í stað tekjuskattshækkunar og útsvarshækkunar komi heimild til sveitarfélaga til þess að hækka aðstöðugjald á atvinnurekstur, enda gætu þau dregið úr framkvæmdum sínum, ef þau telja hækkun aðstöðugjaldanna varhugaverða.“

Hv. þm. vitnaði til þess, að formaður n. hefði vakið athygli á því, að talsvert væri þrengt að hag atvinnuveganna ef þessi leið væri farin. Þetta er vissulega rétt. Hann tók það fram og mér hefur auðvitað allar götur verið ljóst, að ef þessi leið yrði farin yrði hagur atvinnuveganna talsvert þrengri en hann hefði orðið með því að fara leiðina sem stjórnmálaflokkafulltrúarnir ogf embættismennirnir í verðbólgunefnd mæltu með, hvað þá ef sú leið yrði farin sem ríkisstj. leggur nú til að farin verði. En ég vil í því sambandi leggja sérstaka áherslu á það, sem höfundur skýrslunnar, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, segir um þessa leið, og vekja athygli á því, að hann taldi hana samrýmast óbreyttum kjarasamningum, en jafnframt sagði hann, eins og raunar hv. þm. las, ég vil lesa það *aftur til þess að vekja á því sérstaka athygli*, með leyfi hæstv. forseta:

„Árangurinn við að lækka verðbólgu á árinu 1978 yrði næsta lítill, en hins vegar kynni þessi

leið að koma á betra jafnvægi á milli heildarframboðs og eftirspurnar í hagkerfinu þegar fram í sækti og leggja þar með grunn að hjöðnun verðbólgu.“

M. ö. o.: það er hægt samkv. dómi þessa færasta efnahagssérfræðings landsins og reyndasta, að vernda samningana og jafnframt koma á betra jafnvægi milli heildarframboðs og eftirspurnar í hagkerfinu þegar fram í sækti og leggja þar með grunn að hjöðnun verðbólgu. Er það ekki einmitt þetta sem allir hugsandi og ábyrgir menn vilja? Menn vilja með ráðstöfunum leggja grunn að hjöðnun verðbólgu í framtíðinni. Það skiptir ekki mestu máli hvað skeður á árinu 1978, það skiptir mestu máli hvað skeður á næstu 3—4—5 árum. Það skiptir meira máli heldur en hitt, að bjarga sér nú með skyndiráðstöfunum yfir nokkra mánuði. Ég geri mér ljóst að hagur atvinnuveganna hefði orðið þrengri, en hagur launþeganna yrði betri. Það, sem um var að ræða, var að velja á milli þess að þrengja að launþegunum — það var leiðin sem Ólafur G. Einarsson vildi á miðvikudag og vill enn í dag — þrengja hag launþeganna eða þrengja nokkuð hag atvinnuveganna í landinu, sem ég tel að megi gera eftir að þeir hafa fengið 15% gengisgengislækkun frá áramótum, þ. e. a. s. 13% gengislækkun fyrir nokkrum dögum, sem samsvarar um það bil 15% frá áramótum. En hitt er rétt, að gengislækkunin í þessari leið, sem ég er hér að mæla með sem varatill., var aðeins 10%. Það hefði verið hægt, eins og forstöðumaðurinn sagði, að tryggja hag atvinnuveganna betur með því að hafa gengislækkkunina 10—12%. Þá hefði hagur þeirra orðið mjög góður, en þá hefði aftur á móti hagur launþega orðið heldur þrengri, og þess vegna var það sem hann taldi 10% gengislækkun mögulega. Ég er ekki að segja að forstöðumaðurinn hafi talið hana æskilega, hann mælti að sjálfsögðu með annarri leið, en hann taldi hana mögulega og það var í mínum augum mergurinn málsins.

Ég játa fúslega að samkv. þessum ráðstöfunum hefði hagur atvinnuveganna orðið þrengri en samkv. till. frá því á miðvikudaginn og frv. í dag. En spurningin er: Hefði hann orðið of þröngur? Í þessari merku skýrslu eru upplýsingar sem svara þessu. En áður en ég kem að upplýsingum um hag atvinnuveganna vil ég víkja að því, hver breyting hefði orðið á kauptöxtum. Samkv. till. Ólafs G. Einarssonar á miðvikudaginn og stjórnarflokkanna á miðvikudaginn var hefði kaupmáttur frá fjórða ársfjórðungi 1977 til fjórða ársfjórðungs 1978 rýrnað um 2%. Samkv. samdráttar- og niðurfærsluleiðinni hefði hann vaxið um 6%. Þetta lýtur að launþegunum. Þegar talað er um ráðstöfunartekjur á mann, þá hefði meðaltal 1978 orðið samkv. leiðinni, sem ég mælti með sem varaleið, orðið 5½% meira en í fyrra, en samkv. leiðinni, sem formaður n., Ólafur G. Einarsson, mælti með, 1½% meira. Vísitala kauptaxtanna hefði samkv. till. hans orðið 91 miðað við 100 1974, en samkv. till., sem ég mælti með sem varatill., hefði vísitalan orðið 97 á þessu ári miðað við 100 1974. Vísitala ráðstöfunartekna á mann hefði orðið 100, þ. e. óbreytt, samkv. till. Ólafs G. Einarssonar o. fl., en hefði orðið 104, aukist um 4%, samkv. till. sem ég mælti með. Þetta lýtur að launþegunum. Það var þessi bati kjara launþeganna, miðað við till. meiri hl. í nefndinni eða stjórnarflokkanna og embættismannanna, sem ég taldi skera úr um það, að ég vildi helst mæla með þessari leið sem varaleið í stað þeirrar stefnu sem þeir tóku. Þá er spurningin: Hefði hag atvinnuveganna verið ofboðið með þessum hætti? Upplýsingar um það eru á bls. 119 í skýrslunni.

Hvað þýðir það fyrir hag alls sjávarútvegsins? Ef tekið er allt árið 1978, þá er reiknað með brúttóhagnaði af fob.-verði í samdráttar- og niðurfærsluleiðinni sem nemi 7.7%, en í till. Ólafs G. Einarssonar og hans félaga í verðbólgunefndinni var reiknað með brúttóhagnaði sem nam 6.1%, minni hagnaði en í leiðinni sem ég mælti með sem varaleið, ef miðað er við sjávarútvegsinn allt árið. (Gripið fram í.) Það er rétt, nú ætla ég að koma að því. Það gildir hins vegar ekki um vetrarvertíðina eina. Á henni hefði orðið helmingi meiri hagnaður, eða 6.5% af fob-verði miðað við 3% samkv. þeirri leið sem ég mælti með. Um þorskvinnsluna gildir það, að hagnaður samkv. till. stjórnarflokkanna í verðbólgunefndinni hefði orðið 3.5% af fob-verði, en 2% samkv. leiðinni sem ég mælti með. Í þorskveiðum í heild hefði hagnaðurinn orðið 4.7% samkv. leið stjórnarflokkanna, en 8.8% samkv. þeirri leið sem ég mælti með. Í öllum tilfellum er um hagnað að ræða, í sumum tilvikum meiri, í sumum tilvikum minni en samkv. þeim ráðstöfunum sem stjórnarfulltrúarnir í verðbólgunefnd mæltu með. En ég legg áherslu á það, að alls staðar er um hagnað að ræða, það er hvergi um hallarekstur að ræða. Það skiptir í mínum augum algjörlega sköpum.

Ef við tökum iðnaðinn, aðalatvinnuveg þjóðarinnar, þá er útkoman ákaflega svipuð. Þar er líka um hagnað að ræða. Brúttóhagnaður sem hundraðshluti af tekjum var samkv. leið stjórnarflokkanna í verðbólgunefndinni 5.6%, samkv. leiðinni, sem ég mælti með, 5.7%, svo að segja sama niðurstaða.

En áhrifin voru allt önnur á afkomu ríkissjóðs, og þar er kannske skýringin á því, af hverju þeir völdu þá leið sem gert var. Till. þeirra í verðbólgunefndinni áttu að skila ríkissjóði 3.7 milljarða tekjuafgangi, en samkv. leiðinni sem ég mælti með sem varatill. aðeins 0.5 milljarða tekjuafgangi. Það er hins vegar rétt, að samkv. leiðinni, sem ég mælti með, var gert ráð fyrir að um algjöran jöfnuð yrði að ræða í viðskiptum þjóðarinnar, ekki halla, en ekki heldur hagnað. En þeir stefndu að 5 milljarða afgangi í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Það hefur auðvitað sín áhrif og stendur í nánum tengslum við aukinn kaupmátt launþeganna og afkomu útflutningsatvinnuveganna.

M. ö. o.: það stendur og mun standa algjörlega óhrakið, að það var til og er til leið sem að dómi okkar færustu sérfræðinga hefði verið hægt að fara samtímis því að varðveita kjarasamningana og það hefði verið hægt að láta launþega njóta nokkurrar tekjubótar í stað tekjuskerðingar, sem ríkisstj. nú leggur til. Og það, sem ég vil leggja sérstaka áherslu á, er að þetta hefði verið hægt án þess að stefna rekstri atvinnu-

veganna í hættu, án þess að framkalla tap hjá atvinnuvegunum og þar með auðvitað engin hætta á atvinnuleysi. Þetta voru atriðin sem ollu því, að ég hikaði ekki við að mæla með samdráttar- og niðurfærsluleiðinni sem varaleið, ef ekki tækist samkomulag um þær víðtæku ráðstafanir sem við fimmmenningarnir vorum fyrst og fremst sammála um að mæla með.

Að síðustu vil ég svo vekja athygli á því, að það er einkennandi fyrir málflutning stjórnarflokkanna og hæstv. ríkisstj. í þessum mikilvægu umr., að þeir segja ekkert um framtíðina, þeir segja ekkert um hver eigi að vera meginverkefnin á sviði efnahagsmála í framtíðinni. Þeir tala eingöngu um þessar ráðstafanir sem öllum er ljóst að eru bráðabirgðaráðstafanir, eru ekki hugsaðar nema til bráðabirgða, til þess að gilda út þetta ár, þó að vísu eigi að taka gildi í byrjun næsta árs vanhugsuð breyting, sem snertir framtíðina. Það eina, sem þeir hafa um framtíðina að segja, er að breyta með lögum vísitölugrundvellinum án samráðs við launþegasamtökin. Annað hefur ekki heyrst um framtíðarstefnuna í efnahagsmálum, hver hún skuli vera. Ég hef fyrir nokkrum dögum lýst hér því óskaplega ófremdarástandi sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar: hallareksturinn hjá útflutningsatvinnuvegunum, viðskiptahallanum við útlönd, hallanum hjá ríkissjóði, skuldasöfnuninni við útlönd. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, því ég er nýbúinn að ræða það úr þessum ræðustól. En allt þetta eru afleiðingar af rangri stefnu í langan tíma, af margra ára rangri stefnu í efnahagsmálum, og það verður ekki leiðrétt nú í febrúarmánuði 1978 með bráðabirgðaráðstöfunum sem eiga að gilda út árið 1978.

Ég endurtek um ófremdarástandið núna, sem vissulega er mikið og gerir nauðsynlegar einhverjar bráðabirgðaráðstafanir, að þar er um margra ára syndir að ræða. Orsökin er ekki sú, að árið í fyrra hafi verið eitthvert vandræðaár. Því fer víðs fjarri. Ég ætla að minna á nokkrar staðreyndir í því sambandi.

Í fyrra voru þjóðartekjurnar 43% hærri en þær voru 1970, en þjóðarútgjöldin voru hvorki meira né minna en 49% hærri en þau voru 1970. Þetta er e. t. v. eitt skýrasta dæmið um óráðssíuna sem einkennt hefur stjórn efnahagsmála á undanförnum árum, að það hefur sífellt verið ráðstafað meiru en aflað var. Ríkisstj. hefur haft forustu um að notað væri meira en framleiðslunni nam. Það er einkennandi, að einkaneyslan var í fyrra 42% meiri en hún var 1970, en samneyslan aftur á móti ekki nema 37% meiri en í fyrra. M. ö. o.: samneyslan hefur síðan 1970 vaxið minna en einkaneyslan. Þetta segir sína sögu um raunverulegan kjarna í stefnu hæstv. ríkisstj.

En hvernig stendur á því, að þjóðarútgjöldin hafa vaxið svona miklu meira en sjálf þjóðarframleiðslan? Í hverju er umframeyðslan fólgin? Í hverju liggur óráðsían? Hún liggur í því, að fjárfestingin — hvað skyldi hún hafa verið miklu hærri í fyrra heldur en 1970? Hún var 72% hærri. Hún hefur vaxið um 72% á 7 árum. Geta menn svo búist við því, að hér sé allt í lagi, þegar svona er haldið á málum? Þetta er auðvitað ein meginástæðan fyrir því, að hér hefur bókstaflega allt farið úrskeiðis. Það stenst ekkert þjóðfélag svona gífurlega aukningu fjárfestingar á fáeinum árum. Og það má ekki á milli sjá hvar aukningin hefur verið meiri: í atvinnuvegunum eða opinberum framkvæmdum. Hún jókst á sviði atvinnuveganna um 73%, og opinberar framkvæmdir jukust um 72%. Ríkið hefur ekki verið eftirbátur einkafyrirtækjanna að því er snertir aukningu framkvæmda.

Hækkun vísitölunnar var í fyrra, miðað við árið þar á undan, 31%. Auðvitað er þetta ógnvekjandi tala. Í því sambandi verður þó að líta á það, að það var sérstakt góðæri í fyrra. Útflutningstekjurnar jukust í erlendri mynt um 30% í fyrra, og það hefði átt að geta stuðlað að því, að ekki hefði allt keyrst um koll, jafnvel þó að vísitalan hækkaði um 31%. Viðskiptakjörin bötnuðu í fyrra um 10%. M. ö. o.: hækkun innflutningsverðlags var mun minni en hækkun útflutningsverðlagsins. Árið 1977 var því einstakt góðæri. Í lok ársins 1977 er ástandið samt sem áður þannig, að sjávarútvegurinn er rekinn með stórkostlegum halla, við söfnum skuldum erlendis, það er viðskiptahalli, ríkið er rekið með halla, Seðlabankinn prentar seðla og útdeilir fyrir ekki neitt. Það er ekki harðæri á árinu 1977 að kenna.

Ófremdarástandið nú er, eins og ég sagði áðan, afleiðing margra ára syndaferils. Það, sem hefur verið rangt í efnahagsstefnunni mörg undanfarin ár, er í fyrsta lagi of mikil fjárfesting — og þó kannske ekki fyrst og fremst of mikil fjárfesting, heldur röng, óarðbær fjárfesting. Það er höfuðsyndin sem drýgð hefur verið, að festir hafa verið milljarðar kr. í framkvæmdum sem allir áttu að geta séð að geta engan ávöxt borið. Þetta er höfuðsynd þessa áratugs á sviði efnahagsmála.

Í öðru lagi hefur verið stórkostlegur halli á ríkisbúskapnum og það hefur átt sinn þátt í hinni gífurlegu verðbólgu ásamt hinni of miklu og óarðbæru fjárfestingu.

Það hefur ekki tekist að mynda neina samræmda stefnu í launamálum, en það verður ekki gert án náins samráðs ríkisvalds annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar.

Fjórða atriðið, sem hefur verið ranggert á undanförnum árum, er misnotkun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Hann hefur, í stað þess að sporna gegn verðbólgu, verið notaður þannig, honum hefur verið stjórnað þannig, að hann hefur kynt undir verðbólgu. Samtímis því sem verðlag erlendis hefur verið að hækka og samkv. reglum Verðjöfnunarsjóðsins hefðu því átt að greiðast í hann ¾ hlutar af verðhækkuninni hafa greiðslur úr honum verið auknar með opinberu tilstilli, vegna þess að viðmiðunarverðið, sem ákveðið er af stjórn sjóðsins með samþykki sjútvrh., sýnist vera hækkað í kjölfar kostnaðarhækkana innanlands og hækkað meira í sumum tilfellum heldur en erlendu verðhækkuninni nam. M. ö. o.: Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, sem er eitt merkasta hagstjórnartæki, sem komið hefur verið upp á undanförnum áratug og átti að verka til jöfnunar á verðsveiflur og

þar með draga úr verðbólgu eða hvata til verðbólgu innanlands, hefur verið misnotaður þannig, honum hefur verið ranglega stjórnað þannig, að hann hefur ýtt undir verðbólgu með því að greiða úr honum stórfé samtímis því sem verðlag var að hækka erlendis.

Í fimmta og síðasta lagi vil ég nefna alranga stefnu í landbúnaðarmálum, sem að vísu er ekki allra síðustu ára fyrirbæri, heldur orðin áratugagömul, en hefur gengið sér algerlega til húðar, eins og merkur bóndi sagði í útvarpserindi um daginn og veginn í kvöld. Það er ánægjulegt að heyra slíkt úr munni greinds bónda, að landbúnaðarstefnan hafi gengið sér gersamlega til húðar, eins og sést t. d. á því tvennu, að skattgreiðendur í landinu þurfa að borga erlendum neytendum 3000 millj. kr. fyrir að borða íslenskar landbúnaðarvörur og bændur eru þrátt fyrir allt þetta tekjulægsta stéttin í landinu. Þrátt fyrir stórkostlegar útflutningsbætur, stórkostlegar niðurgreiðslur, mjög hækkuð lán til gifurlegrar fjárfestingar, þá eru bændur tekjulægsta stéttin á landinu. Er hægt að fella þyngri dóm um landbúnaðarstefnuna en felst í þessum staðreyndum?

Þrátt fyrir það að þessi ranga stefna í fjárfestingarmálum ætti að vera hverjum hugsandi Íslendingi ljós er hér efnt til umr. af hálfu ríkisstj. um mikilvægar efnahagsráðstafanir og ekki á það minnst, í hverju hin ranga stefna undanfarandi ára hafi verið fólgin, sú ranga stefna sem leitt hefur til ægilegs ófremdarástands í dag. Það er ekki sagt orð um það, hvernig þessari stefnu eigi að beita í framtíðinni, hvernig eigi að leggja grundvöll að efnahagsbróun sem geti tryggt fulla atvinnu, án þess þó að efnt sé til óviðráðanlegrar verðbólgu, og tryggt framleiðni og varanlegar og tryggar kjarabætur sem ekki séu fólgnar í auknum fjölda krónupeninga, heldur raunverulega auknum kaupmætti teknanna. Nei, talsmönnum hæstv. ríkisstj. þykir ekki taka því að ræða um þetta. Það má segja að í því felist að vissu leyti nokkur kaldhæðni, að það skuli vera þm. stjórnarandstöðuflokks sem vekur athygli á því við þessar umr., að það er nauðsynlegt að leggja grundvöll að gerbreyttri grundvallarstefnu í efnahagsmálum. Það er nauðsynlegt að leggja grundvöll að gerbreyttri stefnu í efnahagsmálum ef okkur á að takast að komast út úr verðbólguhringiðunni eða okkur á að takast að tryggja varanlega trausta og stöðuga atvinnu og tryggja að hægt sé að reka fyrirtæki á Íslandi með sæmilegri og tryggri afkomu. Það er nánast neyðarlegt, að það skuli þurfa að falla í hlut stjórnarandstöðuþm. að benda á til hvaða grundvallarframtíðarráðstafana þurfi að grípa. En í því sambandi langar mig til að nefna fimm atriði, sem ég tel þurfa að vera grundvallaratriði í mótun nýrrar efnahagsstefnu.

Í fyrsta lagi þarf að leggja áherslu á að móta *tekjustefnu í samráði við samtök vinnumarkaðsins*. Með öðru móti verður ekki komið í veg fyrir áframhaldandi verðbólgu. Það þarf að nást heils hugar samvinna milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins um slíka almenna tekjustefnu sem tryggi stöðugan vaxandi kaupmátt launa í kjölfar vaxandi þjóðartekna, ef um slíkt ástand er að ræða, án þess að samhliða sé um verðbólgu að ræða.

Í öðru lagi tel ég nauðsynlegt að árlega séu samdar nákvæmar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir sem hafi hliðsjón af þjóðhagslegum markmiðum, sem taki tillit til þess, með hverjum hætti traustastur grundvöllur verði lagður að heilbrigðu atvinnulífi í landinu og hvernig réttlátt sé og skynsamlegt að skipta þeim tekjum, sem þjóðin hefur til ráðstöfunar, milli neyslu annars vegar og arðbærrar fjárfestingar hins vegar, m. ö. o. að koma í veg fyrir það, sem átt hefur sér stað undanfarið, að fjárfestingin gleypi of mikinn hluta af ráðstöfunartekjum þjóðarinnar og að allt of mikill hluti fjárfestingarinnar gangi til óarðbærra framkvæmda, því að það er sóun sem fyrr eða síðar bitnar á neyslunni. En því aðeins er hægt að tryggja slíkt skynsamlegt hlutfall á milli neyslu annars vegar og arðbærrar fjárfestingar hins vegar, að gerðar séu fyrir fram árlegar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir sem síðan séu framkvæmdar, en ekki farið á snið við, eins og átt hefur sér stað um þær lánsfjáráætlanir sem ríkisstj. hefur samið á undanförnum árum og ekki hafa verið framkvæmdar, þ. e. a. s. farið hefur verið langt fram úr þeim.

Í þriðja lagi vil ég nefna nauðsyn á samræmdri stefnu í fjármálum: peningamálum, gengismálum og lánamálum. Það þarf að vera um að ræða náið samstarf, mér liggur við að segja náið mánaðarlegt samstarf á milli fjmrn. í fyrsta lagi, Seðlabankans í öðru lagi, viðskiptabankanna í þriðja lagi og stjórnar fjárfestingarlánastofnana í fjórða lagi. En sú hefur verið reynslan, að þessir fjórir aðilar hafa oft og einatt haldið sinn í hverja áttina. Fjmrn. hefur ekki vitað hvað bankarnir voru að gera, bankarnir ekki vitað hvað fjmrn. var að gera, Seðlabankinn hefur ekki vitað nógu vel, hvað stjórnir fjárfestingarlánasjóðanna voru að gera, og þær hafa haldið sína braut án þess að spyrja kóng eða klerk, fjmrn., Seðlabanka og auðvitað ekki viðskiptabanka. Á þessu þarf að verða endir. Allir þessir fjórir aðilar, sem stjórna peningamálakerfi þjóðarinnar, þurfa að vinna saman og samræma stefnu sína.

Í fjórða lagi vil ég nefna nauðsyn þess að endurskoða frá grunni allt félagsmálakerfi þjóðarinnar og gera vissar grundvallarbreytingar á tryggingakerfinu og heilsugæslunni, þ. e. a. s. að gera tryggingakerfið og heilsugæsluna að einu samfelldu heildarfélagsmálakerfi sem lúti einni stjórn og þar sem tryggingar og heilsugæsla séu í raun og veru skoðaðar sem tvær hliðar á sama hlutnum, þ. e. a. s. á stuðningi við þá sem ekki geta gengið óstuddir í þjóðfélaginu. Þann stuðning þarf að samræma og samhæfa. Þá fyrst kemur hann að því gagni sem hann getur komið, auk þess sem framkvæmd hans verður þá mun hagkvæmari og ódýrari en nú á sér stað.

Í *fimmta og síðasta lagi vil ég nefna* nauðsyn þess að komið verði á fót samvinnunefnd ríkisins og aðila vinnumarkaðarins til þess að tryggja að um samræmda stefnu verði að ræða á tekjusviðinu varðandi samningu þjóðhags- og framkvæmdaáætlana, varðandi samræmingu stefnunnar í fjármálum og peninga-, gengis- og lána-

málum og varðandi samræmingu eða heildarstjórn á tryggingakerfinu og heilsugæslukerfinu og sjúkraþjónustunni. Þessi samvinnunefnd ríkisins og aðila vinnumarkaðarins gæti verið lykillinn að því, að það tækist ekki aðeins vinnufriður, heldur starfsfriður almennt í þjóðfélaginu, en á því ríður okkur kannske meira en mörgu öðru. Þetta tel ég eiga að vera og þurfa að vera kjarninn í mótun nýrrar stefnu í efnahagsmálum og tel nauðsynlegt að þetta komi fram í sambandi við umr. um þetta mál. Framtíðin má ekki dæma þann dóm um Alþingi Íslendinga, að ræddar skuli hafa verið ítarlegar ráðstafanir í efnahagsmálum í febr. 1978, eins og ástandið er í efnahagsmálum þjóðarinnar í dag, án þess að nokkur þm. nefni það, hvað hefur farið aflaga um langt skeið og hvað þurfi að gera til þess að leggja traustan grundvöll að framtíðinni. Þess vegna taldi ég nauðsynlegt að benda á þessi meginatriði í nauðsynlegri framtíðarstefnu í efnahagsmálum Íslendinga.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var hér til 1. umr. gerði ég allrækilega grein fyrir afstöðu minni til þess, en ég tel þó rétt að segja um það nokkur fleiri orð nú við 2. umr. málsins og kannske ekki síst vegna þess að við eigum ekki neinn fulltrúa í þeirri þn. sem um málið fjallaði, en það er nú búið að vera í n. og kemur hingað úr þeirri nefnd.

Ég var satt að segja að vona að launþegasamtökunum í landinu, annars vegar Alþýðusambandi Íslands og hins vegar Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, hefði tekist með sínum sterku aðvörunum, eftir að þetta mál er komið hér fram á Alþ., að opna augu hæstv. ríkisstj. fyrir því að fara ekki hér fram með jafnmiklu offorsi að því er varðar kjaraskerðingu og ógildingu kjarasamninga allra launþega í landinu og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég var að vonast til þess að hæstv. ríkisstj. sæi nú að það er full alvara á ferðum, ef hún ætlar sér með þessum hætti, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að efna til stórkostlegs stríðs á vinnumarkaðnum. Það er augljóst mál, að verði þetta frv. samþykkt eins og það nú er, þá er það hæstv. ríkisstj. og sá þingmeirihl. hér á Alþ., sem hún styðst við, sem efnir til stórátaka á vinnumarkaðinum á næstu vikum eða mánuðum. Það er augljóst mál. Ég var í lengstu lög að vona að frá því yrði horfið, ekki síst vegna þess að það er hægt að leysa málið með öðrum hætti og farsælli en hér er gert ráð fyrir.

Einnig er ástæðan fyrir því, að ég kom hér upp, nokkur atriði í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar sem mig langar til að fara hér örfáum orðum um.

Hv. síðasti ræðumaður, hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, að því er mér skildist, skildi ekkert í þeim sinnaskiptum sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefði tekið að því er varðar skoðanir til úrbóta í efnahagsmálum frá s. l. miðvikudegi og þar til í dag, þar væri um skoðanaskipti að ræða á þessu tímabili. Það er nú ekki einu sinni svona, því að um hádegisbil s. l. miðvikudag skrifaði hv. þm. Ólafur G. Einarsson undir sérstakt nál. og valdi leið til lausnar þeim vanda, sem hér er verið að tala um, í hinni margumtöluðu verðbólgunefnd, en strax daginn eftir, þ. e. a. s. fimmtudaginn, síðari hluta fimmtudags, er þessi hv. þm. búinn að skipta um skoðun og orðinn stuðningsmaður að allt annarri leið en hann hafði lagt til í verðbólgunefnd á miðvikudaginn. Skoðanaskiptin höfðu átt sér stað á rúmum sólarhring, en ekki frá því s. l. miðvikudag og þangað til í dag.

Hins vegar mun hafa staðið til að þessi hv. þm. fengi að hafa þriðju skoðunina í dag, en af því mun ekki hafa orðið. Það mun hafa staðið til í dag í þingflokkum stjórnarflokkanna að framkvæma einhverjar breytingar á því frv. sem hér er nú til umr., og hefði það gerst, þá hefði hv. þm. Ólafur G. Einarsson fengið til þess leyfi eða verið sagt að hafa nú þriðju skoðunina á þessu sama máli á þessum dögum sem liðnir eru frá miðvikudegi til mánudags. Og er nú að búast við góðu, þegar æðstu menn innan þingflokka stjórnarflokkanna eru staðnir að slíkum hringlanda í skoðunum eins og hér lýsir sér?

Það er vitað mál, að ástæðan fyrir því, að frv. ríkisstj. til lausnar þeim vanda, sem nú er við að glíma, var ekki í formi þeirrar leiðar sem fulltrúar hennar í verðbólgunefnd lögðu til að farin yrði, — ástæðan fyrir því er sú, að það er víðs fjarri að nokkurt samkomulag hafi verið í stjórnarflokkunum um að fara þá leið. Menn hafa stigið sitt á hvað í stjórnarflokkunum að því er varðar að velja leið til lausnar vandanum. Þetta er fyrst og fremst ástæðan fyrir því, að sami einstaklingurinn, sami þm. í liði stjórnarliðsins hefur svo að segja skoðanaskipti daglega á vali leiða til lausnar þessum vanda. Þetta hefur hent hv. þm. Ólaf G. Einarsson eins og raunar fleiri hv. þm. stjórnarliðsins varðandi þetta mál. Það er auðvitað ástæða til að vekja athygli á því, að hæstv. ríkisstj. gerir sína stuðningsmenn hér á Alþ. að algeru viðundri með svona háttalagi og vinnubrögðum, og ekki bara þá, heldur og sjálfa sig um leið. Þessir hv. þm., eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson, eru orðnir að hreinu viðundri að því er varðar afstöðuna til þessara mála. Hv. þm. er búinn að hafa tvær skoðanir, búinn að mæla með tveimur leiðum, og hann átti samkv. skipan ofan frá hugsanlega að fá tækifæri til að hafa þriðju skoðunina í dag, en af því varð ekki. Hver veit nema komi að því áður en lýkur? (**Gripið fram í:** Það er kominn nýr dagur.) Það er að vísu kominn nýr dagur, já, og enginn veit hvað hann ber í skauti sínu. (**Gripið fram í:** Hvaða mál er hér á dagskrá?) Það eru m.a. skoðanaskipti sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur haft í frammi undanfarna daga. Það er verið að vekja athygli á því og ekki að ástæðulausu.

En þetta á ekki bara við um fulltrúa hæstv. ríkisstj. í verðbólgunefnd. Hæstv. ríkisstj. hefur leikið sama leikinn gagnvart öðrum þm. sínum í öðrum n., eins og t. d. fjvn. Menn muna kannske eftir því á s. l. ári, þegar óskað var eftir því af hálfu hæstv. ríkisstj. fulltrúa hennar í fjvn., að þeir framkvæmdu niðurskurð að tilteknu marki varðandi fjárlög. Þessir hv. þm. urðu við þessari beiðni hæstv. ríkisstj., og þegar þeir voru búnir að því neitaði hæstv. ríkisstj. að fara eftir þessum till., sem hún bað um, og gerði þar

með þessa sína fulltrúa, meiri hl. í fjvn., að algeru viðundri, — neitaði að fara eftir þeim niðurstöðum sem þeir voru búnir að leggja til að beiðni ríkisstj. Það er eðlilegt að hv. þm. Ellert B. Schram brosi. Ég veit ekki hvort hann hefði farið að þessu hefði hann þá verið búinn að taka sæti í fjvn., en vel má svo vera.

Nei, það er auðvitað augljóst á öllum þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið að því er þetta mál og önnur mál varðar hjá hæstv. ríkisstj., að það er víðs fjarri að nokkur samstaða sé innan stjórnarflokkanna sjálfra um lausn á þeim vanda sem nú er við að glíma í efnahagsmálum. Það er ljóst. Í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar áðan sem frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. vék hann hér að nokkrum atriðum. Hann sagðist ekkert skilja í þeim látum sem virtust vera, þó að verið væri að hreyfa aðeins við kjarasamningunum, og taldi slíkt raunar fásinnu og hlytu augu manna að opnast fyrir því, hversu glórulaust það væri ef launþegar í landinu fengju þá hækkun sem gildandi samningar gerðu ráð fyrir þeim til handa. Sem sagt, hv. þm. Ólafur G. Einarsson telur það glórulausa hækkun launafólki í landinu til handa ef það fengi 10% hækkun nú við næstu mánaðamót eins og samningar gera ráð fyrir. Þetta er glórulaust að hans áliti. Þau læti, sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson er hér að tala um, eru vegna þess að verkalýðshreyfingin og launþegar almennt í landinu ætlast til þess af hæstv. ríkisstj., að hún standi við þá samninga sem hún sjálf var aðili að og lagði blessun sína yfir á s.l. sumri og s.l. hausti með samningunum við BSRB. Það er ekki til of mikils ætlast þó að til þess sé ætlast af hæstv. ríkisstj., að hún standi við gerðan hlut, eins og hún ætlast til af öðrum, og mönnum þarf ekki að koma á óvart þó að mótmælt sé aðferðum af því tagi sem hæstv. ríkisstj. hefur nú hér uppi.

Þá spurði hv. þm.: Af hverju er ekki Alþýðusambandi Íslands og BSRB afhent alræðisvald um kaup og kjör manna? Er það það sem þessi hv. þm. vill? (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Hvern var hann að spyrja, sjálfan sig eða einhverja aðra? Það kom ekkert áframhald af þessu. Hvað sem mönnum finnst um það, hvort launþegasamtökin í landinu eigi að hafa alræðisvald í þessum efnum, þá stendur sú skoðun óhögguð, að launþegasamtökin ætlist til þess af ríkisvaldinu að það standi við þann hluta samninga, sem það hefur gert, og það er mergurinn málsins. Hér er ekki verið að tala um neitt alræðisvald, hvorki Alþýðusambandinu né Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til handa. Hér er verið að tala um að hæstv. ríkisstj. ætlar að rifta gerðu samkomulagi sem þrír aðilar stóðu að á sínum tíma, og einn af þeim leggur til að rifta því.

Þá tel ég nauðsynlegt að leiðrétta þá röngu fullyrðingu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar áðan, þegar hann sagði að hver um sig af þeim 5 nm. í verðbólgunefnd, sem skiluðu sameiginlegu áliti varðandi leiðir til lausnar þessum vanda, hefði skilað séráliti, sérstakri bókun. Það er rangt. Hvorki ég né hv. þm. Lúðvík Jósepsson skiluðu neinni sérbókun, þannig að þessi fullyrðing hv. þm. er röng, og ég vænti þess að hann viðurkenni það. (**ÓE:** Já, já, já.) Já, þá er það þar með úr sögunni. Margt fleira var rangt sem hv. þm. fullyrti, og kem ég að því síðar.

En það sem manni finnst nokkuð sérkennilegt, — og á það ekki bara við um hv. þm. Ólaf G. Einarsson, það á við fleiri hv. stjórnarþm., — það sem mönnum finnst sérkennilegt við þetta er að þessi hv. þm. ásamt öðrum fulltrúum ríkisstj. í verðbólgunefnd, og þá erum við að tala um þm. að sjálfsögðu, leggja blessun sína yfir það á miðvikudagsmorgni að fara hina svokölluðu fimmtu leið B, eina af þeim valkostaleiðum, sem forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar og formaður verðbólgunefndar lagði til að farin yrði, en strax daginn eftir hafa þeir skipt um skoðun og leggja til að fara aðra leið. Þetta þykir mönnum að vonum harla einkennilegt. Þessu hafa margir hv. þm. fundið að og bent á sem tvískinnung í málinu. Sjálfsagt hafa þessir hv. þm. einhver rök fram að færa þesssum skoðanaskiptum sínum til frekari glöggvunar, en það breytir eigi að síður ekki því, að málið er svona.

Þá sagði hv. þm. Ólafur G. Einarsson, að við fimmmenningarnir í verðbólgunefndinni hefðum skrifað upp á gengislækkunina sem gerð var síðar á miðvikudaginn, síðar sama daginn og verðbólgunefnd hætti störfum. Þetta er rangt hjá hv. þm., og ég vænti þess að hann viðurkenni það einnig. Formleg gengisfelling var ákveðin af stjórn Seðlabankans í samráði við ríkisstj. á þriðjudeginum áður, síðari hluta þriðjudagsins, og um það er hægt að fá staðfestingar. Formleg gengisfelling var ákveðin í stjórn Seðlabankans í samráði við hæstv. ríkisstj. á þriðjudeginum. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., sem átiu fund með fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna og fleirum úr þingliðinu á þriðjudeginum, þegar verið var að ræða meðferð þessa máls í þinginu, lýstu því yfir, að ákvörðun yrði tekin á þriðjudeginum, þannig að það er rangt hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, að við hinir svokölluðu fimmmenningar í verðbólgunefndinni höfum skrifað upp á gengisfellinguu sem var gerð síðan sama dag og verðbólgunefnd hætti störfum. Sú gengisfelling var formlega ákveðin sólarhring áður, þannig að við stóðum frammi fyrir gerðum hlut.

Þá sagði hv. þm., að það væri rangt hjá mér að í öllum þeim leiðum, sem formaður verðbólgunefndar, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, lagði fram sem valkosti, væri gert ráð fyrir niðurskurði á framkvæmdum. Ég vil biðja hv. þm. Ólaf G. Einarsson að lesa eilítið betur þau fræði sem um var að ræða í verðbólgunefnd. Í öllum leiðunum nr. 2—5 er bent á niðurskurð hæði að því er varðar A-hluta fjárl. og einnig að því er varðar lánsfjáráætlun yfirstandandi árs, þannig að það stendur óhaggað að í öllum þessum valkostaleiðum gerir forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar ráð fyrir niðurskurði á A-hluta fjárl. annars vegar og/eða á lánsfjáráætlun hins vegar. Í öllum valkostunum er gert ráð fyrir þessu, þannig að þetta er rétt.

Ég sagði s.l. föstudag við 1. umr. þessa máls, að ég teldi að það mætti skera verulega niður rekstrarútgjöld ríkissjóðs með meiri hagræðingu innan þeirra stofnana sem þar eiga hlut að máli. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson vék að þessu

áðan og taldi að ég hefði með þessu gerst liðsmaður ungra sjálfstæðismanna undir kjörorðinu „Burt með báknið". *Það skiptir engu fyrir mig.* Þó svo það séu sjálfstæðismenn sem hafa þessa skoðun, þá fell ég ekki frá henni þrátt fyrir það. Ég er sannfærður um það og ég hef sagt það áður, að ég er sannfærður um að það er hægt að draga verulega úr rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, að vísu sem langtímamarkmiði, með meiri hagræðingu, og ég fullyrði að það er hægt að framkvæma sömu þjónustu þó að starfslið ríkisins væri skorið niður um 25%. Þetta segir Ólafur G. Einarsson að sé fjarstæða. En hvað sögðu núv. hæstv. ráðh., flokksbræður þessa hv. þm., veturinn 1974, þ.e.a.s. þeir nafnarnir, hæstv. núv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh.? Ég man ekki betur en þeir legðu fram hér frv. til l. um niðurskurð á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs upp á 2.5 milljarða veturinn 1974, sem þýddi í dag líklega einhvers staðar á bilinu frá 8—9 milljarða a.m.k. Svo kemur hv. þm. Ólafur G. Einarsson, flokksbróðir þessara hæstv. ráðh., nú og segir að það sé út í hött að nefna niðurskurð í rekstrarútgjöldum af stærðargráðunni 3—4 milljarðar. (Gripið fram í.) Hv. þm. sagði þetta. Það er ekkert út í hött að nefna það, að það er hægt að spara verulega fjármuni í rekstrarútgjöldum ríkissjóðs. En hv. þm. Ólafur G. Einarsson og fleiri sjá einungis þann kost til að spara að skera niður fjárveitingar til félagslegrar þjónustu eða framkvæmda, og þar greinir á milli.

Hv. þm. bað um það áðan, að hann fengi að heyra í smáatriðum hvað ætti að skera niður, og það er ekkert óeðlilegt að um það sé spurt. En ég vil þá benda á það, að ekki liggur fyrir í till. hæstv. ríkisstj. hvað á að skera niður. Það lá ekki fyrir í till. eða valkostum formanns verðbólgunefndar, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, þó að hann væri með niðurskurð í öllum sínum dæmum. Það var ekki um það talað, hvað ætti að skera niður, annað en hann talaði um samgöngumál í annarri leiðinni, hvergi tilgreint annað í neinum niðurskurði í hans tillögum.

Það er auðvitað ýmislegt sem hægt er að draga úr í sambandi við rekstrarútgjöld ríkissjóðs. Það er ekki litið sem það mun kosta ríkissjóð, hefur kostað hann þegar og mun kosta hann á næstu árum, að taka á sig eignarhlut að járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði. Ég hef verið andvígur þeirri framkvæmd frá upphafi og tel að þar megi skera niður. Ég tel enga goðgá að skera niður framlag til þeirra framkvæmda sem meiri hl. Alþ. ákvað við afgreiðslu fjárl., þ.e.a.s. kaupin á Víðishúsinu. Og það er engin goðgá að fresta um a.m.k. eitt til tvö ár ef ekki lengur, fleiri ár, framkvæmdum t.d. við Hrauneyjafossvirkjun sem nú er ákveðin. Það má víða drepa niður fæti og benda á að spara megi og fresta framkvæmdum, sem menn greinir að vísu á um hverjar eigi að vera, en eigi að síður er hér um áþreifanleg dæmi að ræða.

Ég sagði við 1. umr. þessa máls, að í þessu frv. væri fyrst og fremst um að ræða að efnisinnihaldi tvö atriði, þ.e.a.s. ógildingu kjarasamninga og svo hina alræmdu 3. gr. frv. En ég er ekki viss um að mönnum þurfi neitt að koma á óvart þessi 3. gr. frv., ef menn líta aðeins í fjárlagafrv. frá s.l. hausti, fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. *fyrir árið 1978, fjárlagafrv. sem* að öllum líkindum var farið að vinna að þegar meðan samningur við aðila vinnumarkaðarins stóðu yfir á s.l. sumri, þ.e. í júnímánuði. Þetta fjárlagafrv. gefur mönnum vísbendingu um það, að hæstv. ríkisstj. var, á sama tíma og hún var að stuðla að og leggja blessun sína yfir samningsgerðina í júnímánuði, þá var hún þegar uppi með ráðagerðir um að kippa beinu sköttunum út úr vísitölu. Það staðfestir grg. fjárlagafrv. frá s.l. hausti. Á sama tíma og hæstv. ríkisstj. var í samningum við verkalýðshreyfinguna um lausn kjaradeilu var hún með ráðagerðir um að kippa óbeinum sköttum út úr vísitölunni. Í aths. með fjárlagafrv. segir með leyfi forseta:

„Með frv. er gert ráð fyrir 15 kr. hækkun bensíngjalds og hliðstæðri hækkun þungaskatts í þessu skyni" — þ.e.a.s. til þess að efla framkvæmdir Vegasjóðs. „Með tilliti til þess að allt þetta fé, og reyndar meira, rennur til þess að *bæta þjónustuna við vegfarendur*, þ.e. *allan almenning*, er ekki skynsamlegt" — og taki menn eftir — „er ekki skynsamlegt að líta á þessa gjaldtöku sem tilefni verðbótahækkunar launa."

Hér er það svart á hvítu, að hæstv. ríkisstj. var þegar á s.l. sumri, á þeim tíma sem hún var að semja við verkalýðshreyfinguna, með hugmyndir um að *gerbreyta vísitölugrundvelli launa* án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna eða þá aðila sem um þetta hafa samið. Að vísu hvarf ríkisstj. frá þessu. Hún lét þetta ekki koma til framkvæmda þá. En um þetta er hótun núna, að það skuli koma frá og með næstu áramótum.

Þá sagði hv. þm. Ólafur G. Einarsson áðan, að það, sem skildi að varðandi þessar till., sem hér er um að ræða í frv. hæstv. ríkisstj., annars vegar og þeirrar stefnu, sem verkalýðshreyfingin hefði haft uppi, hins vegar, varðandi verndun launa þeirra lægst launuðu, væri framkvæmt með þessu frv. hæstv. ríkisstj. Hér væri verið að vernda þá lægst launuðu og verst settu í þjóðfélaginu. Ég er ekki viss um að aðrir hv. þm. stjórnarliðsins, sem í verkalýðsstétt eru, séu sömu skoðunar að því er þetta varðar. Ég trúi því ekki að t.d. hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson eða hv. þm. Pétur Sigurðsson, báðir úr öðrum *stjórnarflokknum*, — *vandfundinn er fulltrúi* verkalýðshreyfingar í þingliði Framsfl., — ég er efins í að þessir tveir hv. þm. fallist á þá skoðun Ólafs G. Einarssonar, að hér sé verið að vernda sérstaklega laun þeirra lægst launuðu og verst settu í þjóðfélaginu. Hver er meiningin t.d. að því er varðar elli- og örorkulífeyrisþega? Liggur ekki fyrir að þeir verða fyrir skerðingu miðað við það að óbreytt ástand yrði? Liggur ekki fyrir að kjör þeirra, sem eru með tekjur undir 88 þús. kr., skerðast? Ég held að það sé alveg ljóst.

Það var áðan beðið um skýringar varðandi þetta atriði og upplýsingar frá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni eða öðrum þeim stjórnarliðum sem það geta og vilja upplýsa, hvernig ætti að framkvæma þetta atriði að því er varðaði elli- og örorkulífeyrisþega, hvort þeir mundu ekki verða fyrir 3% skerðingu miðað við óbreytt

ástand. Ég held að það verði ekkert annað lesið út úr frvgr. eða grg. heldur en þetta eigi sér stað. Sé þetta ekki rétt, óska ég eftir að upplýsingar verði veittar um það. Ég segi því: Verði framkvæmdin þessi, sem ekki er hægt að sjá annað en að verði, þá er verið að skerða kjör og stöðu þeirra sem minnst hafa og verst eru settir. En vonandi er þetta ekki meiningin, en svona lítur það út eins og það er núna.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma að sinni varðandi þetta mál. Ég vil aðeins í lokin ítreka um það, sem hér hefur komið fram, í fyrsta lagi þetta: Hvernig stóð á því að fjárlög fyrir árið 1978 voru afgreidd með rúmlega tveggja milljarða greiðsluhalla eins og nú er orðið ljóst? Hver er ástæðan fyrir því, að í raun og veru voru fjárlög fyrir árið 1978 afgreidd með rúmlega tveggja milljarða kr. greiðsluhalla? Og í öðru lagi það sem ég vék að áðan og ég tel nauðsynlegt að fá upplýst: Hvaða reglur eiga að gilda varðandi uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega aðrar en þær sem frv. gerir ráð fyrir, eða eru einhverjar aðrar reglur fyrirhugaðar um framkvæmd þess ákvæðis? Og ég vil spyrja í þriðja lagi. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. sér að framkvæma það ákvæði frv. sem er í 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir 880 kr. greiðslu á hvert 1% hækkunar á vísitölu. Ég hygg að það sé óframkvæmanlegt, eins og það virðist liggja hér fyrir í frv.-formi, eins og þar er gert ráð fyrir að framkvæma það. Það er því ástæða til að biðja um skýringar á því, hvernig hugsað er að framkvæma það sem gert er ráð fyrir í 2. gr.

Ég vil svo að síðustu segja það og ítreka það, að hæstv. ríkisstj. tekur á sig mikla ábyrgð, ef hún ætlar sér að knýja hér í gegn þetta frv. í svo mikilli andstöðu við launþegahreyfinguna í landinu eins og raun ber vitni og komið er í ljós að nú er fyrir hendi. Með því að knýja þetta í gegn eins og það er er verið að efna til stórkostlegs styrjaldarástands á vinnumarkaðnum, — styrjaldarástands sem hægt hefði verið að komast hjá. Það liggur ljóst fyrir. En hæstv. ríkisstj. vill ekki fara þær leiðir og kýs fremur að ögra verklýðshreyfingunni og launþegum í landinu með því að fara þá leið sem hér er lagt til.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Áður en ég hef mál mitt yfir 57 tómum stólum þm. hér í þingsalnum kemst ég ekki hjá því að víta einu sinni enn þau vinnubrögð sem höfð eru í frammi við meðferð þessa máls. Ríkisstj. hefur ætlað sjálfri sér og stjórnarflokkunum eðlilegan vinnutíma á daginn til að þrátta um hvað hún eigi að gera eða gera ekki í þessu máli, en svo fáum við nóttina til hinnar almennu umr. hér í d. Ég gæti sagt: svo fær stjórnarandstaðan nóttina til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Það getur varla mikilvægari mál en það sem við fjöllum nú um, og kemur varla frv. fyrir þetta þing eða önnur sem fleiri landsmenn snertir. Það ber að þakka sem gert er, og ég vil því láta í ljós ánægju mína yfir því, að flm. og verjandi málsins, hæstv. forsrh. er hér enn, en ekki er hátt risið á félögum hans, sérstaklega samstarfsflokknum, því að á sama tíma og deilt er hér alla nóttina og hv. frsm. n. verður að sitja eins og skotspónn fyrir gagnrýni þm. sofa ráðh. Framsfl., væntanlega værum svefni og við skulum vona að þá dreymi vel. Það er að vísu ekkert nýtt í sliku máli sem þessu að stjórnarþm. segi lítið sem ekki neitt. Utan ráðh. og frsm. hygg ég að aðeins einn stjórnarþm. hafi látið í ljós skoðun á málinu. Þetta þekkjum við vel sem höfum starfað í þessu húsi lengi, og það eru því miður fyrirskipanir ríkisstj. til sinna stuðningsmanna að halda sér saman og tefja ekki málin, jafnvel ekki þegar öll nóttin er til umráða.

Annað atriði, sem mér finnst óhjákvæmilegt að láta í ljós viðurkenningu í sambandi við, er að verkalýðsdeild Sjálfstfl. er 100% mætt. Hitt þykir mér lakara, að hún hefur enn þá ekki látið heyra í sér eða sagt aukatekið orð. Stingur það nokkuð í stúf við þær ályktanir og skoðanir, sem rignt hefur yfir okkur frá verkalýðsfélögum og öðrum launþegafélögum í öllum stéttum víðs vegar um landið. E. t. v. er þetta dæmi um hvaða tilgangi það þjónar, sem mikið var talað um í sambandi við prófkjör Sjálfstfl. í Reykjavík, að kjósa verkalýðsforingja til þingsetu fyrir Sjálfstfl. Það er ekki hægt að taka þögn þeirra sem annað en samþykki við það sem verið er að gera.

Samkv. lögum og venjum hér á Íslandi eiga ýmsir aðilar í efnahagslífinu að semja sín á milli um veigamikla þætti tekjuskiptingar með þjóðinni. Þetta á ekki síst við um sjálft kaupgjaldið, en það á líka við um fiskverðið og um landbúnaðarverðið. Til viðbótar við aðila sjálfa kemur ríkisvaldið við þessa sögu og er eins konar oddaaðili eða í vinnudeilum sáttasemjari, og á síðari árum hefur það viðgengist í vaxandi mæli og verið talið nauðsynlegt að ríkisstj. væri allt að því þátttakandi í a. m. k. kaupgjaldssamningum, ef ekki líka samningum um fiskverð og landbúnaðarverð. Við skulum gera okkur grein fyrir þessari heildarmynd. Þetta er hluti af stjórnkerfi okkar og þó að svo fari að það hrikti í húsum öðru hverju, þegar harðar ákvarðanir eru teknar, ekki síst þegar pólitískt vald á Alþ. er notað til þess að brjóta niður það samkomulag sem aðilar ná, þarf engan að undra og það er ekki þar fyrir ástæða til að vera með stóryrði um að Alþ. sé óþarft og það séu Alþýðusambandið og BSRB sem ætli sér að stjórna landinu. Þetta er hrein fjarstæða, algerlega út í hött. Er rétt að menn geri sér grein fyrir að stjórnkerfið gerir ráð fyrir að ákvarðanir eins og kaupgjald, fiskverð og landbúnaðarverð séu teknar af viðkomandi aðilum, og ríkisvaldið á að virða það samkomulag sem næst, enda þótt því sé ætlað að koma til, ef samkomulag næst ekki. Á þessu er mikill munur. Við verðum því að taka því af skynsemi og sanngirni þegar samningsaðilar um kaupgjald mótmæla harðlega, ekki síst þegar aðeins eru þrír mánuðir síðan sjálft ríkið undirskrifaði samninga við alla starfsmenn sína, en beitir nú meiri hl. sínum á Alþ. til að ónýta þá samninga og taka til baka hluta af því sem launþegum var þá veitt.

Allir menn eru í orði sammála um þörfina á samstarfi milli ríkisvaldsins annars vegar og þeirra aðila, sem standa að samkomulagi, laun-

þega og atvinnurekenda, á vinnumarkaðnum. Þetta eru ekki ný sannindi. Fyrir einum áratug var reynt að festa þetta í ákveðinni sofnun sem hlaut nafnið Hagráð. Sú tilraun mistókst, vafalaust af því að það var ekki rétt að henni staðið. Hagráð var allt of stórt og þungt í vöfum. Nú liggur fyrir álit verðbólgunefndar sem búin er að starfa að verkefni sínu í rúmlega ár, og eitt meginatriðið, sem hún leggur til, er að sett verði upp samstarfsnefnd ríkisvaldsins, launþegasamtaka og atvinnurekendasamtaka. Um þetta eru allir nm. sammála. Þetta eru síðustu orðin í skýrslunni. Hæstv. forsrh. tók þau upp í ræðu sinni og tók undir þessa till. verðbólgunefndar. En hvernig hefur ríkisstj. komið fram í þessu máli? Eru gerðir hennar í nokkru samræmi við þennan almenna vilja um samráð sem fram hefur komið á svo mörgum sviðum? Því miður hefur ríkisstj. sýnt í þessu máli þveröfuga framkomu við það sem þyrfti að vera til þess að koma á eða stuðla að því samstarfi sem allir eru sammála um að sé þjóðfélaginu lífsnauðsyn.

Skömmu áður en mál þetta komst á dagskrá upplýsti forsrh. að hann hefði átt örfá óformleg viðtöl við forustumenn launþegasamtakanna. Það var ekki fyrr en á elleftu stundu að formenn Alþýðusambandsins og BSRB voru boðaðir á fund með ráðh. í fundarsal ríkisstj. Þegar þessir forustumenn voru þangað kallaðir töldu menn sig hafa ekki aðeins munnlega vitneskju, heldur beinlínis undirskrifað í áliti verðbólgunefndar, að um fjóra kosti sé að ræða til lausnar á þeim skammtímavanda sem blasir við. Það var vitað að fulltrúar ríkisstj. í þessari n. vildu fara þá leiðina sem kölluð var 5 B. En á síðustu stundu sneri ríkisstj. við og hafnaði öllum leiðunum, en dró út úr erminni algerlega nýja leið.

Ríkisstj. vildi sem sagt ekki leið 2, ekki leið 3, ekki 4. leið, ekki 5. leið, en eigum við ekki að kalla það óleið sem hún valdi sér? Hún flevgði fram nýju stórmáli um að óbeinir skattar skuli út úr vísitölunni og mátti þó vita að það mál er þess eðlis að slík meðferð á því hlaut að vekja harðar deilur og vandræði. Þetta er veigamikið mál og hefði þurft að hafa verulegan og langan aðdraganda að því að fara inn á þetta svið, og það hefði aldrei átt að gerast nema með samkomulagi aðila. Ég vil leyfa mér að fullyrða að það sé engin ástæða til annars en ætla að eitthvert slíkt samkomulag hefði getað náðst, ef rétt hefði verið að farið og tími hefði verið til. En þessu máli var flevgt fram á þann hátt, að forustumenn ASÍ og BSRB gripu til beirra einstæðu viðbragða að standa upp og ganga út af fundi ríkisstj. Meðferð ríkisstj. á þessu var eins og vísvitandi ögrun við launþega.

Mikið hefur verið um það talað í þessum umr., hvað hafi raunverulega gerst, svo furðulegir hafa þessir atburðir allir verið. Nú veit meiri hl. hm., stjórnarsinnar, að sjálfsögðu meira eða minna um hvað gerðist. En við hinir erum í beirri aðstöðu, að fyrir utan smáréttir, sem berast um kráka og kima bessa húss, verðum við að beita tilgátum. Og tilgátur okkar hljóta að beinast í þá átt, að hér hafi átt sér stað og standi kannske enn þá yfir valdatafl á milli stjórnarflokkanna. Það er skoðun fjölmargra hm., þ. á m. nokkurra sem hafa þjónað undir formanni Framsfl. í ríkisstj. og ættu að þekkja nokkuð til fyrrv. húsbónda síns, að mál þetta beri öll einkenni þess að vera fyrst og fremst frá honum runnið. Og það er freistandi að spyrja, hvort það sé ekki rétt og hvort Framsfl. hafi ekki í þessum lokasviptingum, sem eru honum miklu líkari heldur en t. d. hæstv. forsrh., knúið vilja sinn fram. M. ö. o.: það er Framsfl., ráðh. sem sofa, — allir nema einn og veri hann velkominn í salinn, — sem mótuðu þessa stefnu. Sjálfstfl. beygði sig undir hana. Við þessar aðstæður þarf engan að undra þó að Framsfl. komi því um leið að, að hann ætli að stjórna annað kjörtímabil, en það er almenn túlkun manna á 3. gr. Hví skyldu þeir ekki gera það, þegar þeir komast upp með annað eins og þetta, og er þetta líklega ekki einsdæmi? Tilgátur eru um það, hvað formaður Framsfl. kunni að hafa ætlað sér annað en að sýna vald sitt og mátt. Var það ætlun hans að reyna að sprengja stjórnina á þessu og standa sjálfur uppi með hin nýju úrræði sem hann dró fram úr erminni, veifa þeim framan í þjóðina og segja: Sjáið þið, það er ég sem hef úrræðin og vil stjórna. Það eru hinir sem hlaupa burt. — Af hverju koma menn með tilgátu eins og þessa? Það er vegna þess að þetta er svo líkt atburðum sem hafa gerst áður. Þetta er svo líkt hlutverki sem formaður Framsfl. hefur leikið áður. Hann dreymir sem sagt um það, ef þessi tilgáta er rétt, að endurtaka leikinn frá vorinu 1974.

Ýmsar aðrar tilgátur kunna að koma fram, en ég skal ekki fara lengra út í það, þó að í raun og veru kunni að vera um kjarna málsins að ræða, vitneskjuna um það, hvað raunverulega gerðist í ríkisstj., hvað olli því, að framkoma hennar í þessu máli var með þeim endemum, *sem fram hefur komið og braut algerlega í bága* við margyfirlýsta trú ráðamanna bæði í stjórnarflokkunum og stjórnarandstöðuflokkunum bess efnis, að samstarf milli ríkisstj. annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar sé lífsnauðsyn. Framferði ríkissti., framkoma hennar gagnvart launþegasamtökunum, umskiptin sem urðu á till., að flevgja fyrir borð að mestu leyti heils árs starfi fjölmennrar n. ágætra og sérfróðra manna, eru aðgerðir sem hljóta að vekja furðu á pólitískum vettvangi. Þetta hefur verið og er pólitískt glæfraspil. Þetta er olía á eld sundrungar og átaka í landinu á tímum þegar við höfðum þurft stéttarfrið. Þegar við höfðum einu sinni þurft að finna það, að raunverulegir ráðamenn bjóðarinnar, sjálfstæðismenn, fylgdu hinu gamla slagorði sínu og reyndu að vinna að því að stétt stæði með stétt. Þá flevgja þeir framan í launþegasamtökin bessum úrræðum á bennan furðulega hátt, að það getur ekki orðið til annars en að brjóta niður möguleika á stéttafriði. Þetta er ógæfa sem er bjóðinni til tjóns. Þetta er tvímælalaust mesta glappaskot í stjórn landsins a. m. k. síðasta kjörtímabil.

Í till. verðbólgunefndarinnar eru ekki aðeins hugmyndir um bráðabirgðalausn á beim vanda sem við stöndum nú andspænis, heldur er meiri hluti skýrslunnar um það, hvað valdi hinum stöðugu verðbólguvandræðum Íslendinga svo og hvaða leiðir þurfi að fara til að komast út úr þessum vanda. Í framsöguræðu sinni vék hæstv.

forsrh. undir lokin að nokkrum þessara leiða, sem ég hygg að menn í verðbólgunefnd hafi verið að mestu leyti sammála um í grundvallaratriðum, með örfáum undantekningum. Í þessu sambandi er ástæða til að beina nokkrum spurningum til hæstv. forsrh. í sambandi við það, þegar hann í hinum besta ásetningi telur upp meginúrræði sem nú þurfi að grípa til. Þar er efst á blaði hjá honum margnefndir jöfnunarsjóðir í sjávarútvegi sem hafi verið misnotaður og þurfi að gera öflugri. En þá vaknar spurningin: Af hverju hefur ríkisstj. ekki gert neitt slíkt undanfarin fjögur ár sem hún hefur setið við völd? Hvers vegna er hún að taka þetta upp eins og það sé einhver nýr sannleikur, rétt áður en kjörtímabili hennar lýkur? Þessir sjóðir voru settir á í tíð viðreisnarstjórnarinnar, að ég hygg þegar Emil Jónsson var sjútvrh., og tilgangur þeirra er öllum mönnum ljós sem eitthvað hugsa um þessi mál. En samt hefur ríkisstj. snúið þessu öllu við, misnotað sjóðina og talar nú um það sem einhvern nýjan sannleika, að það þurfi að bæta úr þessu.

Hæstv. forsrh. talar um styrkari fjárfestingarstjórn með samræmingu útlánakjara. Er þetta eitthvað nýtt? Af hverju hefur ríkisstj. ekki stuðlað að þessu og gert þetta undanfarin fjögur ár? Hvað hefur hún verið að gera?

Það er talað um traustari fjármálastjórn, og höfum við þó heyrt sönginn um það ár eftir ár, hvað fjármálastjórnin væri óskaplega traust, þó að það hafi stundum komið í ljós eftir áramótin að það varð þrátt fyrir allt töluverður halli á búskapnum og prentunarstarfsemin, sem Seðlabankinn er látinn stunda fyrir ríkisstj., hefur aukist. Að tala um þetta núna eins og eitthvert nýtt úrræði sem við höfum þurft að hafa á annan tug sérfræðinga í heilt ár til að finna, það er nánast broslegt. Hvað hefur ríkisstj. verið að gera undanfarin fjögur ár?

Það er talað um samræmdar tekjuákvarðanir og launasamninga. Jú, þetta er úrræðið, það á að setja upp n. til að hafa samráð, eins og ég gat um áður. En af hverju hefur það ekki verið gert í fjögur ár, og af hverju tekur ríkisstj. á móti formlegum till. verðbólgunefndar með því að sparka í andlitið á launþegasamtökunum?

Það er talað um bætta skipan verðlagseftirlits í ræðu hæstv. forsrh. Þessu var lofað í upphafi, alveg eins og lofað var stórbreytingum til batnaðar á skattakerfi. En ekkert af þessu hefur gerst. Það hefur ekkert gerst. Sagan mun segja um vinstri stjórnina, að það gerðist ýmislegt, að vísu umdeilanlegt. En hjá núv. stjórn er eins og ekkert af því, sem hún ætlar sér, gerist. Og nú rétt fyrir kosningar að fjögurra ára stjórn liðinni, er þetta sakleysislega flutt af hæstv. ráðh. og prentað í Morgunblaðinu sem nýr sannleikur, nýr boðskapur, en eru meginatriði sem mönnum hafa verið ljós í langan tíma.

Það er sorglegt að líta yfir kjörtímabilið sem nú er senn á enda. Núv. ríkisstj. kom til valda á tímum vægrar kreppu, en þó nokkuð erfiðrar miðað við okkar aðstæður. Allt kjörtímabilið hefur ástand í efnahagsmálum verið að batna. Samt sem áður byrjaði hún feril sinn á því að lofa að verðbólgan skyldi á einu ári fara niður í 15%. En eftir heilt kjörtímabil er viðurkennt að horfur séu á 40% verðbólgu á þessu ári og með núverandi aðgerðum kunni að vera hægt að koma henni niður í 36%.

Eftir fjögurra ára kjörtímabil ber þjóðin meiri erlenda skuldabyrði en nokkru sinni í sögunni, og allar horfur eru á því að kynslóð okkar muni velta yfir á börnin þungum skuldaböggum. Eftir fjögurra ára setu þessarar stjórnar er verðbólgubrask í landinu í hámarki, svo að yfirgengur allt sem við höfum áður séð, og er þó langt til jafnað. Eftir fjögurra ára stjórn þessarar ríkisstj. er ótti þjóðarinnar við efnahagslega framtíð sína og efnahagslegt sjálfstæði meiri en nokkru sinni. Þess vegna má færa líkur að því, að grundvöllur sé fyrir skynsamlegum aðgerðum sem byggðar væru á að reyna að sameina þjóðina, en ekki sundra henni. Það hefði átt að færa okkur verulega fram á veg í baráttu við vandamálin. En núv. ríkisstj. hefur forklúðrað þessu tækifæri og gert samkomulag stéttanna verra en það hefur verið árum saman. Fjárfestingin í landinu hefur aldrei verið fráleitari heldur en hún er í dag. Spillingin og verðbólgugróðinn hafa aldrei verið meiri. Ég held að því miður muni þetta verða talin ógæfustjórn sem ekki tókst að ráða við neitt af þeim verulegu vandamálum sem hún hafði við að glíma, að undanteknu landhelgismálinu, þó að engin afsökun sé fyrir því að glopra svo að segja öllu öðru niður.

Svo að ég láti ekki mitt eftir liggja í að skjóta á minn ágæta vin og hv. samþm. Ólaf G. Einarsson, finnst mér það verðug eftirmæli eftir þessa ríkisstj., sem hann viðhafði í lok ræðu sinnar í kvöld, þegar hann sagði að þetta frv. væri „fyrsta skrefið til að ráðast skipulega gegn verðbólgunni“. Það var tími til kominn fyrir ríkisstj. á Íslandi, sem hefur búið við 30—50% verðbólgu heilt kjörtímabil, að hún færi síðustu daga kjörtímabilsins að stíga fyrsta raunverulega skrefið gegn verðbólgu. En hvílíkt skref!

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Fleyg urðu á sínum tíma þau ummæli sem Winston Churchill viðhafði um breska orrustuflugmenn. Það var undir lok orrustunnar um Bretland í síðustu heimsstyrjöld sem hann mælti: „Aldrei hafa jafnmargir átt jafnfáum jafnmikið að þakka.“ Sjálfsagt er það í stíl við þessi orð Churchills sem nú er það almennt viðkvæði hér í borginni, að aldrei hafi jafnstór þingmeirihl. og nú ræður hér á Alþ. gert jafnmörg og jafnstór axarsköft á jafnskömmum tíma. Ég mun ekki freista þess í tiltölulega stuttri ræðu um miðja nótt að fara að rekja í einstökum atriðum briggja og hálfs árs hrakfallasögu hæstv. núv. ríkisstj., — hrakfallasögu að því er varðar flest helstu stefnumál hennar. Á fátt eitt vil ég þó drepa, sem varpar nokkru ljósi á það, hvernig nú er komið og hverjir það eru sem bera á því ábyrgð. En áður en ég vík að því langar mig til að beina fáeinum orðum til hæstv. menntmrh. sérstaklega sem heiðraði þennan sal með nærveru sinni í 5 mínútur. Annars er það svo, að því er mér virðist, að fyrir utan hæstv. varaforseta og þá hæstv. menntmrh. virðist allur Framsfl. sofa svefni hinna réttlátu í nótt.

Ég vil víkja þeim orðum sérstaklega til hæstv.

menntmrh., hvort ekki hafi í sambandi við þessa gengisfellingu, sem nú er orðin staðreynd, neitt verið hugað að málefnum íslenskra námsmanna erlendis. Það er nú svo, að þeir verða í verulegum mæli að treysta á lán frá íslenska ríkinu til þess að sjá sér farborða og geta haldið áfram námi. Gengislækkanir hafa alltaf komið illa við íslenska námsmenn erlendis. (**Gripið fram í:** Ráðh. er kominn.) Já, mér þykir vænt um að hæstv. menntmrh. skuli heyra mál mitt. Ég var að ræða um þann vanda sem íslenskum námsmönnum erlendis er búinn við þessa nýjustu gengislækkun.

Gengislækkanir hafa alltaf komið illa við námsmenn erlendis, þó misjafnlega og þá gjarnan eftir því hvernig á hefur staðið og þá m. a. hvenær árs gengisfelling hefur átt sér stað. Slík gengisfelling hefur minni áhrif á hag námsmanna þegar hún gerist seint á skólatímabili eða skömmu áður en upphæð lána næsta tímabils er ákveðin við fjárlagaafgreiðslu. En þegar slík gengisfelling, eins og nú hefur átt sér stað, er framkvæmd tiltölulega skömmu eftir fjárlagaafgreiðslu — og fjárlagaafgreiðslu af því tagi að því er varðar Lánasjóð námsmanna að þar var allt klippt og skorið og í allra knappasta lagi, þá er þetta býsna alvarlegt mál. Mér er um það kunnugt, að það er hið mesta áhyggjuefni námsmanna og aðstandenda þeirra margra, hvernig með verður farið í sambandi við lánamál þeirra. Þegar tekið er tillit til þess, að ekki er aðeins um að ræða þá 15% gengisfellingu, sem nú var formlega ákveðin, heldur bætist þar við það gengissig sem orðið hefur síðan fjárlög voru afgreidd eða sú upphæð ákveðin, sem Lánasjóður skyldi fá á fjárlögum, þá gefur auga leið að hér er um býsna alvarlegt mál að ræða. Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. hafi annaðhvort þegar hugað að þessu máli eða muni gera það og námsmenn fái einhverja umtalsverða leiðréttingu sinna mála. Það er ljóst, ekki síst eftir að fjárlög höfðu verið afgreidd þannig að fjárveitingar til Lánasjóðsins voru í algeru lágmarki, að menn þola ekki allt að 20% gengisfall á örskömmum tíma. Þess vegna spyr ég hvort ekki verði eitthvað gert til leiðréttingar þessu.

Hv. 5. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, frsm. meiri hl. í þessu máli, flutti hér sína sérkennilegu og sérstöku útgáfu af sögu vinstri stjórnarinnar sem sat hér 1971—1974. Því miður var það svo, að hv. þm. féll í þá freistni, sem henti m. a. einn brennumanninn úr Njálsbrennu forðum, að „hann ló víða frá". Því miður var býsna mörgu öfugt snúið í þessari sagnfræði þm. og borið eitt og annað á borð sem er margbúið að reka öfugt jafnt ofan í þennan hv. þm. sem og aðra þm. Sjálfstfl. sem verið hafa með svipaða sagnfræði. Það er e. t. v. aukaatriði, að þessi tillærði ósannindabálkur hv. þm. og fleiri þm. úr Sjálfstæðisherbúðum virðist vera alveg sérstök, heiftarleg og býsna illvíg árás á samstarfsaðilann, Framsfl., og þó einkum á formann flokksins og fyrrv. forsrh., Ólaf Jóhannesson. Að vísu var vakin á því athygli í umr. fyrr í kvöld, að nú í seinni tíð eru fleiri en þm. úr Sjálfstfl. sem iðka þessa einkennilegu sagnfræði um vinstri stjórnina. Var þar til nefndur ritstjóri Tímans, Þórarinn alþm. Þórarinsson. Þetta er að vissu leyti rétt. Ég man að fyrstu mánuðina eftir að þessi stjórn var mynduð skrifaði hann öðru hvoru leiðara til að rétta hlut vinstri stjórnarinnar og skýra frá gerðum hennar þegar samstarfsflokkarnir úr Sjálfstfl. hölluðu þar réttu máli. En í seinni tíð virðist hv. þm. Þórarinn Þórarinsson vera kominn á alveg sömu línu og hv. þm. Ólafur G. Einarsson og Morgunblaðið, að það er í rauninni eins og hæstv. viðskrh. og hæstv. fyrrv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, heyri það nú öðru hvoru úr sínu heimilisblaði, að þetta hafi verið heldur slök stjórn. Raunar kemur það nú gjarnan fyrir í þessum leiðurum hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, að hann virðist vera alveg búinn að gleyma því, að í þessari stjórn hafi nokkrir menn setið aðrir en Lúðvík Jósepsson og Magnús Kjartansson. Það voru þó þrír framsóknarmenn í **stjórninni, ef ég man rétt.**

Eitt af því, sem hv. 5. þm. Reykn., frsm. meiri hl., lét sér um munn fara, var sú staðhæfing, að vinstri stjórnin hefði sett met í verðbólgu. Þetta er að sjálfsögðu algerlega rangt. Verðbólga þau þrjú ár, sem hægt var að segja, að vinstri stjórnin stjórnaði og hefði til þess þingmeirihl., mun hafa verið innan við 20% að meðaltali á ári. Þetta er að vísu of mikil verðbólga, því skal ekki neitað. En metið, það er enginn efi á því hver á það. Það er núv. hæstv. ríkisstj. Því er svo að sjálfsögðu gleymt, þegar verið er að ræða um vinstri stjórnina, að tvennt átti ríkan þátt í því að ekki tókst að hemja verðbólgu betur en þó var gert á vinstristjórnarárunum. Annars vegar voru miklar hækkanir á erlendum vörum, þ. á m. margföldun olíuverðs og tvöföldun eða jafnvel margföldun ýmissa annarra mikilvægra vara. Hitt var Vestmannaeyjagosið, sem hafði óneitanlega mjög veruleg verðbólguáhrif.

Hv. 2. þm. Austurl. er að vísu búinn í ræðu sinni hér í kvöld að gera málflutningi frsm. meiri hl. það mikil skil, að e. t. v. er ekki verulega á það bætandi. Þó vil ég segja það, að það er e. t. v. skiljanlegt og skýranlegt, að hv. þm. varð dálítið úrillur í sinni framsögu, því að það er búið að leggja á hann ýmislegt nú hina síðustu daga. M. a. er ljóst, að heldur lítið tillit hefur verið tekið til tillagna hans og félaga hans í verðbólgunefndinni, þeirra sexmenninga, sem á þriðjudag og miðvikudag skiluðu af sér miklu starfi og gerðu ákveðnar till. Hann var einn í röð þessara manna. Þeir bentu á hvorki meira né minna en fimm valkosti, höfnuðu að vísu hinum fyrsta, þ. e. a. s. að gera ekki neitt, en töldu alla hina fjóra hugsanlega og mæltu alveg sérstaklega með að fimmti valkosturinn yrði valinn. En það var nú ekki aldeilis að þetta væri gert. Hæstv. ríkisstj. tók ekki meira tillit til þessa starfs eða tillagna þeirra sérstöku fulltrúa, sem hún átti í verðbólgunefndinni, en það, að hún hafnaði í raun og veru algerlega öllum þeim leiðum, hverri um sig, sem þessi nefndarhluti lagði til. Í staðinn var eitt hrifsað héðan og annað þaðan og síðan búið til það frv. sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefur nú orðið að fallast á og orðið að mæla fyrir. Er þá e. t. v. ekki óeðlilegt þó að heldur reyndist vera þungt í honum

þegar hann þurfti að stíga þau skref og mæla þau orð, sem hann taldi sig þurfa að gera hér í kvöld.

Hv. þm., Ólafur G. Einarsson, gerir sér það áreiðanlega ljóst, hann er það glöggur maður, að ekki er sérlega gæfulegt að ætla að berja fram í krafti þingmeirihl. löggjöf sem alveg tvímælalaust kallar fram slíkt óvissu- og hættuástand á vinnumarkaði að enginn veit í dag til hversu alvarlegra tíðinda kann að draga. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson er það vaskur maður, að hann á ekki að láta flokksbræður sína þrýsta sér til að fara með útúrsnúninga og rangar staðhæfingar, jafnvel þó að hann hafi talið sig verða að taka að sér að verja slæman málstað fyrir stjórnina sína.

Eitt af því, sem hv. 5. þm. Reykn. fullyrti í sinni ræðu, var að vinstri stjórnin hefði framkvæmt þrjár gengisfellingar, og hann notaði það til að reyna að réttlæta allar þær gengisfellingar sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur yfir okkur kallað. Sannleikurinn er sá, að gengið lækkaði tiltölulega lítið í tíð vinstri stjórnarinnar. Ef ég man rétt mun það hafa lækkað samtals um 11 eða 12% á þeim stjórnarferli. En hvað hefur gerst í tíð núv. ríkisstj.? Það er vitað og margupplýst, að það er ekkert smáræði. Dollarinn t. a. m. hefur hækkað úr 98 kr. í 255 kr. Þetta mun vera yfir 150% gengislækkun. Þetta er eitt af þeim mörgu ömurlegu metum sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur sett. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson á að hafa alla burði til að neita því, jafnvel þótt hann sem formaður í n. verði að taka að sér heldur leiðinlegt verk, að ata sig út með því að grípa til leiðinlegra rangfærslna eða hreinna ósanninda í málflutningi sínum.

Menn muna það, að um það leyti sem vinstri stjórnin var að fara frá deildu fulltrúar Sjálfstfl. hart á þá ríkisstj. fyrir verðbólguna sem *þá ríkti fyrir, að hafa ekki komið í veg fyrir hana.* Þó var það svo, að þegar verðbólguvöxturinn var að verða geigvænlega mikill, þegar kom fram á árið 1974, þá lokuðu sjálfstæðismenn öllum leiðum og raunar stjórnarandstaðan öll. Hún var ekki til viðræðu um neinar varnaraðgerðir í sambandi við þá atburði sem gerðust verið 1974. Þess vegna hlýtur verulegur hluti ábyrgðarinnar á þeim verðbólguvexti, sem varð á því ári öllu, að falla í skaut Sjálfstfl., þess flokks, sem á fyrri hluta árs kom í veg fyrir að hægt væri að framkvæma þær varnaraðgerðir, sem allir vissu þó að voru nauðsynlegar, og var síðan stjórnarforustuflokkur seinni hluta ársins.

Sú stjórn, sem mynduð var eftir mitt ár 1974, stjórn Geirs Hallgrímssonar, lýsti því sem höfuðviðfangefni sínu að koma á jafnvægi í efnahagsmálum. Fyrsta og stærsta verkefnið átti að vera það að vinna bug á verðbólgunni. Ríkisstj. lýsti því yfir sem markmiði sínu að koma verðbólguvextinum niður í 15% á tveimur árum. Um það þarf ekki að hafa mörg orð, hvernig til tókst. Það er alkunnugt, að þessi hæstv. ríkisstj. hefur í verðbólgumálunum sett það met sem vonandi verður aldrei slegið. Hinar síendurteknu gengislækkanir og gengissig eru dæmi um það, hvernig þessi hæstv. ríkisstj. hefur staðið að málum. Á valdaferli hennar, tæplega hálfu fjórða ári, hefur verð dollarans, miðað við íslenska krónu, hækkað um 157%, eins og ég sagði áðan. Í staðinn fyrir að einn dollar var jafngildi 98 kr. þegar ríkisstj. tók við völdum, þá er hann nú jafngildi 255 kr. Áhrif gengislækkunar- og verðþenslustefnunnar á öllum sviðum hafa síðan orðið þau, að á *valdaferli þessarar stjórnar* hefur verðlag í landinu meira en þrefaldast. Framfærsluvísitalan hefur á þessum einstæða valdaferli, á tæplega hálfu fjórða ári, hækkað úr tæplega 300 stigum í 934 stig, og nú hefur verið bætt við enn einni gengisfellingunni um 15%. Jafnframt á nú að slíta í sundur og ómerkja þá kjarasamninga sem í gildi eru, ekki aðeins kjarasamninga milli verklýðshreyfingarinnar og viðsemjenda hennar, heldur einnig þá samninga sem hæstv. fjmrh. undirritaði við opinbera starfsmenn fyrir þremur mánuðum, — samninga sem hann undirritaði að sjálfsögðu fyrir hönd ríkisstj. allrar. Þetta er gert til þess að ná árangri í baráttunni við verðbólguna. Samkvæmt mati ríkisstj. verður árangurinn af öllu þessu sá, að meðallaunaverðlagshækkanir á árinu 1978 verða 37% í stað 40%, ef ekkert hefði verið að gert. Til þess að ná þessu fram, ekki meira en þetta virðist vera, á jafnvel að fara út í heiftarlegt stríð við flestar, ef ekki allar launastéttir þessa lands. Maður verður satt að segja býsna hissa á því, að þeim mönnum, ágætum mönnum hverjum um sig, sem skipa ríkisstj. og þingmeirihluta, virðist stundum varla sjálfrátt þegar þeir koma allir saman og leggja á ráðin sameiginlega.

Það hefur verið rætt svo mikið af öðrum ræðumönnum úr stjórnarandstöðu, hvernig sú framkoma ríkisstj. við launþegasamtökin hlýtur að verka sem nú blasir við, að ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma. Þó vil ég nefna tvö atriði eða svo.

Hæstv. ríkisstj. þóttist vera að greiða fyrir *samningum* á s. l. sumri, og mönnum sýndist svo sem hún hefði uppi ýmsa tilburði til þess. M. a. var þá loforð um það gefið til að greiða fyrir samningum, að skattalækkanir skyldu framkvæmdar sérstaklega snertandi hinar lægri tekjur, — skattalækkanir sem næmu a. m. k. 2 milljörðum kr. Nú skyldi ríkisstj. sýna bæði vegvyndi og áhuga á því að greiða fyrir samningum. Þetta fór síðan fram, og má segja að við þetta væri staðið í orði kveðnu. Það var býsna hreykin hæstv. ríkisstj. sem var að sýna það á haustdögum, að hún ætlaði ekki aldeilis að bregðast þessu loforði sínu. En hvað gerðist síðan við fjárlagaafgreiðsluna og eftir hana? Í fyrsta lagi gerðist það, að með því að nota nýjar viðmiðunarreglur við ákvörðun skattvísitölu, þ. e. með því að nota framfærsluvísitölu í stað breytingar á meðallaunum, eins og gert hafði verið áður, náði ríkisstj. sér í 1800—2000 millj. kr. auknar skatttekjur í ríkissjóð á þessu ári. Í öðru lagi voru svo teknar til baka af launafólki um 2000 millj. kr. með því að tvöfalda sjúkratryggingagjaldið, en það leggst á sama skattstofn og útsvar og nær því til allra gjaldenda að heita má. Það var veitt af nokkru örlæti með annarri hendinni, en tekið síðan tvöfalt með hinni.

Nú er að því komið, að það er staðhæft að gera þurfi margvíslegar ráðstafanir vegna þess að kaupið sé allt of hátt. Það er fróðlegt að rifja

upp í stuttu máli hvað hefur gerst á þeim ferli þessarar ríkisstj. þegar kaup hækkaði lítið að krónutölu og kaupmátturinn annaðhvort stóð í stað eða minnkaði. Árið 1976 er býsna glöggt dæmi um þetta. Samkvæmt opinberum skýrslum hækkaði útflutningsverð sjávarafurða það ár að meðaltali í dollurum um 19% og meðalverð alls útflutnings hækkaði um 18% í erlendri mynt. Magn vöruútflutnings jókst um 16% þetta ár og heildarverðmæti útflutningsins jókst um hvorki meira né minna en 34%. Hver var hlutur launþega í þessum stórauknu þjóðartekjum á árinu 1976? Samkv. opinberum skýrslum minnkaði kaupmáttur launataxta verkafólks og iðnaðarmanna um 4.5% á þessu ári. Þó jukust þjóðartekjur á mann um 4—5%. Þess skal að vísu getið, að með enn auknu vinnuframlagi og með auknum yfirborgunum umfram hina lágu kauptaxta munu ráðstöfunartekjur heimilanna að vísu hafa haldið kaupmætti frá fyrra ári, en þó engan veginn í hlutfalli við aukningu þjóðartekna.

Það er því sama hvernig á málið er litið. Bætt viðskiptakjör og stóraukin verðmætasköpun launafólks lenti þetta ár að mestum hluta hjá öðrum en launafólkinu sjálfu. Það er líka eftirtektarvert, að þetta ár, 1976, þegar allur útflutningur, eins og ég sagði áðan, hækkaði að meðaltali um 18%, þá var gengi íslensku krónunnar lækkað eða látið síga um 13%. Áætla má að sú aðgerð ein hafi hækkað verð á innflutningi landsmanna í íslenskum krónum talið um 9 milljarða á heilu ári. Ofan á þá upphæð bættust síðan býsna ríflegar fúlgur, svo sem tollar, vörugjald, álagning í heildsölu og smásölu og loks 20% söluskattur sem leggst ofan á alla þessa súpu. Það mun því óhætt að fullyrða að á þessu ári, þegar kaupmáttur launataxta verkafólks lækkaði, hafi sú gengislækkun, sem framkvæmd var, samtímis verulega bættum viðskiptakjörum og auknu útflutningsmagni haft í för með sér allt að 18—20 milljarða kr. hækkun verðlags í landinu þegar allt er talið. Og svo eru ráðamenn jafnvel að furða sig á því, að við skulum búa við óðaverðbólgu, og staðhæfa jafnvel blygðunalaust að kaupskrúfupólitík verkalýðsins eigi mesta sök á þessu.

Þetta ár, 1976, er dæmigert um verðbólgustefnu hæstv. núv. ríkisstj. Það ár er verðbólgan 32%. Þó er það svo ljóst sem verða má, að það ár er orsakanna ekki að leita í því, að launafólk hafi fengið í sinn hlut of mikið af afrakstri þjóðarbúsins. Eins og ég hef sagt áður, kauptaxtar rýrnuðu, menn fengu minna að raungildi fyrir dagvinnu ef greitt var samkvæmt taxta, þrátt fyrir verulega bætt ytri skilyrði. Það var haldið áfram að fella gengið, og svo miklu var varpað á verðbólgubálið að verðbólga reyndist 32%.

Framkoma gagnvart launþegasamtökunum sem framlagning þessa frv. og öll vinnubrögð í sambandi við undirbúning þess síðustu dagana er með þeim hætti, að þar hæfa sennilega ekki nema stór orð, og það er eðlilegt að þau séu viðhöfð. Ég ætla samt að stilla mig sem mest um að viðhafa um þetta mjög stór orð. Þó verð ég að segja það, að ekki er annað sýnna en að bæði sjálf stefna hæstv. ríkisstj. og jafnframt og e. t. v. ekki síður ógæfuleg framkoma hennar sé að hleypa öllu í illleysanlegan eða jafnvel óleysanlegan hnút, sé að knýja fram gagnaðgerðir sem enginn veit til hvers kunna að leiða. Í stað friðar á vinnumarkaði út þetta ár, sem margir höfðu gert sér vonir um eftir þá samninga sem gerðir voru á síðasta ári, eru nú ófriðarblikur að hrannast á loft. Áskoranir um uppsögn samninga dynja yfir, og það er ekki aðeins Alþýðusamband Íslands, það er Sjómannasambandið, það er Farmanna- og fiskimannasambandið, sem hvetja sín sambandsfélög til að segja upp samningum. Það er þess vegna ekki líklegt þessa stundina og raunar mjög óliklegt að harkalegar og lítt skiljanlegar ákvarðanir ríkisstj. í sambandi við þetta mál komi nokkru jákvæðu til leiðar, heldur mun því miður verða um hið gagnstæða að ræða.

Það er sagt að þetta frv., sem hér er flutt í tengslum við eða eftir þá gengisfellingu sem þegar er orðin, eigi að vera stoð fyrir atvinnuvegina. Ég held að það leiki ákaflega mikill vafi á því, að sú stoð verði nokkur, þegar það er haft í huga hvaða dilk slík framkoma sem hér er um að ræða á eftir að draga á eftir sér.

Það er sagt að þessar ráðstafanir eigi að draga úr verðbólgunni, að vísu ekki mikið, en lítið eitt. Ekki er sennilegt að svo verði, eins og allt er í pottinn búið.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson, frsm. meiri hl. n., lagði á það áherslu, að ýmsar hliðarráðstafanir fylgdu gengisfellingunni og þeim ákvæðum í þessu frv. sem segja mætti að væru öndverð og erfið fyrir launþegahreyfinguna. Jú, það er rétt, það á að lækka vöruverð um nokkra upphæð, — eru það ekki einir 2 milljarðar? Þetta er töluverð fjárhæð, er ekki svo? En hvað hækkar 15% gengisfelling verðlag í landinu í íslenskum krónum talið? Verðmæti innflutnings mun hafa verið 120 milljarðar 1977. Segjum að það verði sama upphæð. Verðmæti innflutnings hækkar þá um 18 milljarða beinlínis vegna gengisfellingarinnar. Við það bætast síðan tollar, vörugjald, verslunarálagning og síðan kemur söluskatturinn ofan á allt saman, þannig að í heild er hér um um að ræða líklega 30—35 milljarða hækkun innflutningsverðs í íslenskum krónum talið. Svo koma hinir vísu landsfeður og segja — og talsmaður þeirra belgir sig dálítið út þegar hann leggur áherslu á þetta: Við ætlum að lækka vöruverðið um eina tvo milljarða. — Að vísu eru þeir búnir að hækka það áður um 35 milljarða eða svo. Þetta er nú ráðsnilld í lagi.

Við alþm. fengum á dögunum á borðin bækling eða bók frá þeirri verðbólgunefnd sem starfað hefur alllengi og nú hefur skilað af sér. Margvíslegur fróðleikur er festur á blöð í þessari skýrslu verðbólgunefndar eða skýrslu formanns hennar, eins og sumir segja að sé e. t. v. meira réttnefni. Þar eru að sjálfsögðu ýmsar umdeilanlegar staðhæfingar, en hitt er ótvírætt, að þar eru líka margvíslegar upplýsingar og gagnlegar ábendingar og tillögur í ýmsum efnum. Hinn glöggi og starfhæfi nefndarformaður, forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, eða n., ef svo er, segir eitt og annað í þessari skýrslu sem hæstv. ríkisstj. hefði þurft að átta sig betur á en hún virðist hafa gert áður en hún anaði út í þá ófæru sem hún er farin út í með því frv. sem hér er til umr.

Ég ætla aðeins að minna á eitt atriði í þessari skýrslu, en það atriði er ákaflega veigamikið. Það er þetta: Á það er bent í skýrslunni, að útilokað sé að ná tökum á efnahagsvanda þjóðarinnar án samstarfs og án ákveðins trúnaðar milli ríkisstj. og Alþ. annars vegar og launþegasamtakanna í landinu hins vegar. Töluvert hefur allt frá upphafi ferils þessarar ríkisstj. skort á að slíkt samstarf og slíkur trúnaður væri fyrir hendi. Þó hafa stjórnvöld alltaf annað veifið sýnt nokkra tilburði til þess að taka tillit til hinna stóru og öflugu launþegasamtaka, en nú virðist öllu slíku lokið.

Á síðasta skeiði þessarar ríkisstj. ákveður hún og þykist hafa efni á að rjúfa með öllu það litla traust sem hluti launþega og einhverjir forsvarsmenn samtaka þeirra kunna að hafa haft á þessari ríkisstjórn. Það sýna aðgerðirnar nú og aðferðin sem er viðhöfð. Furðulegast í öllum þeim málatilbúnaði er þó e.t.v. 3. gr. þess frv. sem hér er til umr., þar sem eru ákvæði sem eiga að taka gildi frá næstu áramótum, ákvæði sem að dómi fulltrúa launþega geta gert að engu alla samningagerð um vísitölu, geta fært ríkisstj. fullt vald til að hrifsa til baka allar kjarabætur með einu pennastriki, ákvæði sem veitir stjórnvöldum sjálfdæmi um að skammta launþegum kaup og kjör, hvað sem öllum launasamningum líður. Þetta ákvæði um að óbeinir skattar, eins og söluskattur, vörugjald og tollar, skuli ekki hafa áhrif á verðbólguáhrif kjarasamninga á, eins og margsagt hefur verið, að koma til framkvæmda um næstu áramót. Sumir telja að þetta ákvæði hafi upphaflega átt að koma fram strax, en hæstv. ríkisstj. hafi heykst á því vegna harðra viðbragða fulltrúa launafólks. En þetta ákvæði stendur þó þarna í frv. og það á að koma til framkvæmda eftir tæpt ár. Hvers vegna stendur það þarna? Er það, eins og sumir telja, yfirlýsing um áframhaldandi stjórnarsamstarf þessara tveggja flokka, Sjálfstfl. og Framsfl., eftir kosningar, verði þess auðið, og er það þá jafnframt yfirlýsing um þá stefnu sem þá skuli fylgt gagnvart launafólki? Þannig er þetta skilið, og það er vissulega erfitt að leggja í þetta ákvæði annan skilning en þennan. En þá, ef þetta er réttur skilningur, veit launamaðurinn í dag enn þá betur en áður hvers er að vænta af ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. auðnist henni að ganga í endurnýjun lífdaga eftir kosningar. Stendur ekki einhvers staðar í Úlfarsrímum, þegar Skjaldvör tröllkona kom til bardagans afturgengin, eitthvað á þá lund, að hún væri hálfu verri en áður? Ekkert bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. ætli að breyta um stefnu gagnvart launþegum, heldur bendir allt til þess að hún ætli að herða þá stefnu sem upp hefur verið tekin nú. Hún virðist ekkert hafa lært af reynslu síðustu missira. En vera kann að launþegarnir í landinu verði reynslunni ríkari. Mér þætti það ekki ólíklegt, en læt alla spádóma um það eiga sig. Það kemur í ljós og það heldur fyrr en seinna.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar fara nokkrum orðum um hvernig þetta mál ber að hér í hv. deild.

Eins og kunnugt er starfaði n. nokkuð lengi á vegum ríkisstj. að tillögugerð um verðbólgumál. Í þeirri n. áttu sæti fulltrúar stjórnarflokka, stjórnarandstöðu og launþegasamtaka, auk annarra. Sú n. lauk störfum m. a. á þann hátt, að fulltrúar launþegasamtakanna og stjórnarandstöðunnar í n. komu sér saman um ákveðna leið til lausnar á þeim efnahagsvanda sem við var að etja, og fulltrúar launþegasamtakanna gerðu hæstv. ríkisstj. tilboð um viðræður á þeim grundvelli. Þær viðræður fóru aldrei fram. Því boði var ekki tekið. Síðan gerðist það tæpum tveimur sólarhringum áður en málið var sýnt hér í hv. d., að hæstv. ríkisstj. hafnaði öllum þeim hugmyndum sem fram höfðu verið settar í skýrslu þessari, og kom sjálf með nýjar. Þessar hugmyndir höfðu ekki áður verið ræddar og enginn átti von á að þær kæmu fram. Samt sem áður hafnaði fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. þeim óskum fulltrúa stjórnarandstöðunnar í n., að verkalýðshreyfingunni væri sent málið til umsagnar. Og það var ekki nóg með að hv. n. hafnaði þessari eðlilegu og sjálfsögðu ósk, heldur gaf hún forsvarsmönnum launþegasamtakanna í landinu ekki einu sinni færi á því að koma til fundarins sem haldinn var í dag.

Fram hefur komið í niðurstöðum verðbólgunefndar, að samstaða hefur tekist um úrræði milli launþegasamtakanna og stjórnarandstöðunnar. Þeir aðilar, sem geta flutt sjónarmið launþegasamtakanna, sjónarmið samtaka 60 þús. Íslendinga, inn á hið háa Alþ. í umr. um þessi mál, eru því við stjórnarandstæðingar. Og okkur er gefinn kostur á að gera þetta að nóttu til — nú er klukkan farin að ganga þrjú, — fyrir auðum stólum hæstv. ráðh.

Ég vil taka fram að sex hæstv. ráðh. eiga sæti í þessari deild: ráðh. Gunnar Thoroddsen, Halldór E. Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur Jóhannesson og Vilhjálmur Hjálmarsson. Þeim er ætlað að starfa í þessari þd., eins og okkur er ætlað að starfa hér alþm. Nú vil ég óska eftir því við hæstv. forseta, að hann láti kanna hverjir af þessum ráðh. eru viðstaddir. Ég vil ekki fullyrða að þeir séu allir fjarri fundarhöldum í þessari hv. d., en ég vek athygli á því, að að frátöldum hæstv. menntmrh. hafa þessir hæstv. ráðh., sem ég nefndi, ekki sést hér í þingsal eftir klukkan hálfellefu í kvöld. Ég vil eindregið fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann láti kanna hvaða ráðh. af þeim, sem sæti eiga hér í d., eru viðstaddir þingfund, hvaða ráðh. telja eðlilegt að taka þátt í störfum þeirrar þd., sem þeir eru kjörnir til setu í, þegar rætt er um mál sem varðar hagsmuni 60 þús. Íslendinga. Ég vil ekki fullyrða að þeir séu ekki í húsinu, ég vil að það verði kannað, hæstv. forseti. (**Forseti:** Óskar hv. ræðumaður eftir því, að þetta verði kannað strax?) Ég óska eftir því að þetta verði kannað strax, og mun halda áfram ræðu minni til þess að tefja ekki þingstörf öllu frekar, en vænti þess, að hæstv. forseti gripi fram í og stöðvi ræðuflutninginn og komi þessum upplýsingum á framfæri, vegna þess að ég vil að skráð sé í þingtíðindi, hvaða ráðh. séu hér viðstaddir umr. um þetta mál. Að sjálfsögðu er ég mjög þakklátur fyrir það, að hæstv. forsrh. skuli sitja vel og lengi undir

þessari umr., eins og honum að sjálfsögðu ber skylda til að gera. En hann á ekki sæti í þessari hv. d., hann á sæti í Ed., ef ég veit rétt, en þeir sex ráðh., sem ég áðan nefndi, eru allir kjörnir til setu hér. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að kanna hvaða formenn stjórnarandstöðuflokkanna eru mættir hér í d.?) Sjálfsagt gefst hæstv. forsrh. tækifæri til þess, þegar hann tekur til máls hér á eftir, að beina slíkri ósk til hæstv. forseta. En ég tek það fram, að ég sé viðstaddan formann Alþfl., og það skiptir mig meginmáli. (**Gripið fram í:** En formann þingflokksins?) Mætti ég, hæstv. forseti, halda áfram ræðu minni? Ég býst við að hæstv. forsrh. fái tíma til að svara okkur stjórnarandstæðingum hér á eftir, ef hann endist til að vaka það lengi að okkur auðnist að ljúka málflutningi okkar.

Þá vil ég gera smáathugasemd við frásögn, sem ég heyrði í kvöldfréttum útvarpsins í kvöld. Þar var haft eftir hæstv. forsrh., að ástæðan fyrir því, að fundur Nd. um frv. þetta hefði ekki getað hafist fyrr en klukkan 9 í kvöld, væri sú að áætlanir um prentun nál. hefðu ekki staðist. Ég tel að sjálfsögðu að hér hafi verið rétt haft eftir hæstv. forsrh., að þetta væri það sem hann hefði ætlað sér að koma á framfæri við þjóðina fyrir milligöngu útvarpsins. Ég vil koma fram leiðréttingu á þessu. Ég vil ekki að þjóðin standi í þeirri trú, að ástæðan fyrir því, að fundum þessarar d. hefur tvívegis í dag verið frestað, hafi verið sú, að prentarar í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg hafi ekki staðist áætlun um frágang nál. Það er rangt.

Fundur var boðaður í hv. fjh.- og viðskn. í morgun, en síðan frestað, ekki að frumkvæði fulltrúa stjórnarandstæðinga í n., heldur að frumkvæði fulltrúa stjórnarsinna þar, vegna þess að þeir höfðu ekki fengið dagsboðskapinn frá hæstv. ríkisstj. Þegar fundur var boðaður hér klukkan 2 í dag hafði fundur fjh.- og viðskn., þar sem átti að afgreiða nál., því ekki verið haldinn. Hins vegar var fundi þá frestað í hv. d., m. a. til þess, að þingflokkar stjórnarliða gætu komið saman. Þeir höfðu ekki lokið sínum fundi fyrr en á fimmta tímanum, en framhaldsfundur í d. hafði verið boðaður klukkan fimm. Á fimmta tímanum gafst sem sé fyrst færi á því, að hv. fjh.- og viðskn. kæmi saman til framhaldsfundar. Honum lauk ekki fyrr en um fimmleytið eða á þeim tíma þegar framhaldsfundur d. hafði verið boðaður.

Þetta er ástæðan fyrir því, að ekki tókst að halda gerðri áætlun um fundartíma í þessari hv. d., eins og boðað hafði verið, og ég tel mjög varhugavert af hæstv. forsrh. að láta í það skína, að ástæðan hafi verið sú, að einhverjir aðilar, sem áttu að framkvæma einhverja áætlun um prentun og frágang þinggagna, hafi ekki staðið við sitt. Það var ekki ástæðan, að seint gengi að prenta í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Sú var ekki ástæðan fyrir því, að fundum d. var tvívegis frestað og málið ekki tekið til umr. fyrr en klukkan 9. Ástæðan var sú, að hæstv. ríkisstj. var ekki tilbúin með sínar niðurstöður fyrr en á fimmta tímanum í dag og ekki reyndist ráðrúm til að halda afgreiðslufundinn í hv. fjh.- og viðskn. fyrr en á fimmta tímanum í dag, þegar framhaldsfundur í þessari hv. d. átti að vera hafinn.

Við stöndum nú frammi fyrir einni kollsteypunni enn í íslenskum efnahagsmálum. Og nú eru alvarlegri blikur á lofti en oft áður. Í því sambandi er vissulega tilefni til þess að ræða stefnu ríkisstj., því það er að sjálfsögðu ríkisstj. og hennar stefna sem hefur ráðið ferðinni undanfarin 3½ ár.

Fimmtudaginn 29. ágúst 1974, klukkan 2 miðdegis, kom Sþ. saman til þess að hlýða á boðskap forsrh. nýrrar ríkisstj., til þess að hlýða á boðskap hæstv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar. Sjálfsagt á oft eftir að verða til þeirrar ræðu vitnað, en ég ætla að láta mér nægja, með leyfi virðulegs forseta, að vitna aðeins í nokkur upphafsorð hæstv. forsrh. þá.

Hæstv. forsrh. sagði m. a., að ríkisstj. muni nú þegar beita sér fyrir nauðsynlegum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun atvinnuvega, tryggja atvinnuöryggi, bæta gjaldeyrisstöðu, treysta hag fjárfestingarsjóða og ríkissjóðs, sporna við hinni öru verðbólguþróun og tryggja sem best lífskjör. — Þetta var inngangurinn, þetta var markmiðið sem hæstv. ríkisstj. setti sér fyrir 3½ árí. En hvernig hefur til tekist? Hvernig hefur ríkisstj. tekist að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Núna, 3½ árí síðar, er talið að halli sjávarútvegsins verði um 12 þús. millj. kr. ef ekkert er að gert. Að vísu er það rétt, að hagur fyrirtækja í sjávarútvegi er mjög mismunandi. Hann getur verið góður og meira að segja mjög góður sums staðar, en er mjög slakur á öðrum stöðum. En meginatriðið, sem því veldur, er skipulagslaus fjárfesting í þessari atvinnugrein. Þar sem tekist hefur að sameina mörg smá fyrirtæki í þessum atvinnuvegi, mynda úr þeim stórar og öflugar einingar, þar stendur sjávarútvegurinn traustum fótum, jafnvel við það árferði sem við búum við nú. Þar sem hins vegar er um að ræða fjöldann allan af smáum og dreifðum fyrirtækjum, sem hvert um sig hefur ekki nægilegt hráefni til að geta staðið í eðlilegum rekstri og býr því við mjög bága afkomu, þar er staðan mjög örðug. Ríkisstj. hefur bókstaflega ekkert gert, í þessi 3½ ár til þess að koma einhverri skynsamlegri skipan á þessi mál. Afleiðingin er sú, að reikningurinn fyrir hallarekstrinum er ýmist sendur sjómönnum og útgerðarmönnum í formi lægra fiskverðs hér en í helstu nágrannalöndunum eða, þegar það þrýtur, þjóðinni í heild, eins og nú er verið að gera.

Hvernig er staðan í landbúnaðinum? Henni var lýst nokkuð áður í umr. í kvöld, en er sennilega best lýst í fjölmörgum samþykktum fjölmargra bændafunda sem haldnir hafa verið að undanförnu. Um er að ræða 35% offramleiðslu á einni helstu búgreininni, dilkakjötsframleiðslu. Um er að ræða 2.9 milljarða, sem á einu ári þarf að verja í útflutningsuppbætur, og margfalda þá upphæð, sem varið er í niðurgreiðslur. En þrátt fyrir þetta eru bændur tekjulægsta stétt þjóðfélagsins, eins og minnst var á hér áðan.

Ríkisstj. og flokkar hennar sækja oft að þeim aðilum, sem hafa leitt Alþýðusamband Íslands í kjarabaráttu Alþýðusambandsins undanfarin ár,

og kennt þeim um það sem á hefur bjátað. En ekki þarf um það að sakast gagnvart bændastéttinni, að þeir flokkar, sem ráðið hafa ferðinni hjá Alþýðusambandi Íslands, hafi þar haldið á málum. Ekki hafa það verið Alþfl.-menn eða Alþb.-menn sem stjórnað hafa málefnum landbúnaðarins. Þar hafa aðrir menn fengið öllu að ráða. Þar hafa núv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., skipst um að hafa einir öll tögl og hagldir. Þeir hafa ráðið stefnunni í landbúnaðarmálunum, eins og hún hefur verið mörkuð af stjórnvöldum og Alþ. Þeir hafa ráðið stefnunni í verðlagsmálum landbúnaðarins. Og þeir hafa farið með stjórnina í samtökum landbúnaðarins, hvort heldur er í Búnaðarfélagi Íslands eða Stéttarsambandi bænda. Og hver er niðurstaðan fyrir þá launastétt í landinu sem þessir tveir flokkar hafa stjórnað öllum málum fyrir, allt frá stefnu hins opinbera til stéttarsamtaka? Hvernig hefur tveim stærstu flokkum þjóðarinnar, Framsfl. og Sjálfstfl., sem hafa verið einráðir í málefnum bændastéttarinnar, tekist að halda á málefnum bænda? Þannig, að bændur eru nú tekjulægsta stéttin á Íslandi. Þannig, að framleiðslumál landbúnaðarins eru með því móti, að fjárhagsgeta íslensku þjóðarinnar til að standa undir útflutningi á offramleiðslu landbúnaðarins er brotin. Þeir menn, sem þarna hafa verið í forustunni, eru ekki þau þjóðhættulegu öfl, svo að notað sé orðalag stjórnarherranna, sem ráða ferðinni í Alþýðusambandi Íslands. Nei, þarna hafa framsóknarmenn og sjálfstæðismenn fengið að ráða einir og óáréttir um áratugaskeið. Og þetta er niðurstaðan. Það er ekki ónýtt fyrir þessa tvo stærstu flokka þjóðarinnar, að jafnað sé við okkur Alþfl.-menn og Alþb.-menn, sem hafa verið í forustu fyrir launþegum við sjávarsíðuna. Það er ekki ónýtt fyrir þá að bera saman afrek sín fyrir bændastéttina, þá einu launþegastétt sem þeir hafa verið algerlega einráðir yfir nú áratugum saman. Ekki geta þeir kennt forustu Alþýðusambandsins um það. (GHG: En hvað um kjör iðnaðarmanna?) Já, vel á minnst, um iðnaðinn. Hvernig hefur verið haldið á málefnum iðnaðarins á tímabili núv. hæstv. ríkisstj.? (Gripið fram í.) Ég býst við að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson geti fengið hér tíma á eftir, ég þarf að beina til hans nokkrum fsp. Hann getur þá komið þessu, sem hann vildi segja, á framfæri þegar hann svarar þeim. Það vill svo vel til, að hæstv. forsrh. á í sínum flokki ýmsa forsvarsmenn íslensks iðnaðar. Skyldu þeir gefa hæstv. forsrh. mjög háa einkunn fyrir frammistöðuna í iðnaðarmálum — eða iðnverkafólkið, sem vinnur við þessa iðnaðarframleiðslu? Ég býst við að vandfundið sé það fólk á Íslandi, fyrir utan bændastéttina sem hæstv. forsrh. eða flokkur hans og flokkur hæstv. menntmrh. hafa skipst á um að fara með málin fyrir, þá sé vandfundin sú stétt í þessu landi sem býr við lakari launakjör en iðnverkafólk. Það er vegna þess að aðbúðin að íslenskum iðnaði hefur verið með þeim hætti, að iðnverkafólk er láglaunafólk hér á Íslandi, þar sem hins vegar vonin er bundin við það í mörgum öðrum löndum að einmitt aukinn iðnaður verði til að færa með sér aukna farsæld.

Í stuttu máli var þetta árangurinn af þeirri tilraun hæstv. forsrh. og ríkisstj. hans að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Þetta er niðurstaðan af því markmiði sem ríkisstj. setti sér í upphafi.

Þar var líka talað um að bæta gjaldeyrisstöðuna. Hvernig skyldi hæstv. ríkisstj. hafa bætt gjaldeyrisstöðuna? Þannig, að erlendar skuldir um áramót nema 129 milljörðum kr. eða sem svarar tæplpega 600 þús. kr. á hvern Íslending.

Þegar sá ágæti maður Magnús Jónsson var fjmrh. á Íslandi var þeirri reglu fylgt út í ystu æsar að erlend framkvæmdalán voru aðeins tekin sem svaraði erlendum kostnaði við framkvæmdirnar, en allur innlendur kostnaður var borgaður án erlendrar lántöku. Þessi regla var fyrst brotin í tíð vinstri stjórnarinnar, og hæstv. núv. fjmrh. hefur haldið áfram að brjóta hana með þeim afleiðingum, að erlend framkvæmdalán hafa ekki aðeins verið tekin fyrir erlendum kostnaði við framkvæmdir, heldur líka til þess að greiða innlendan kostnað, eins og launakostnað o. fl., enda sýnir niðurstaðan sig: erlendar skuldir 129 þús. millj. kr. um s. l. áramót og greiðslubyrði sem samsvarar 1/5 af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Í slíka greiðslubyrði er nú stefnt.

Þá talaði hæstv. forsrh. líka um að treysta hag ríkissjóðs. Hvernig hefur það verið gert? Hér var á það minnst áðan, að skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands um s. l. áramót hafi verið 15 þús. millj. kr. Seðlabankinn hefur sem sé verið látinn prenta seðla fyrir ríkisstj. til þess að grípa til, þegar hún átti ekki meira fé í kassanum, fyrir sem svarar 15 þús. millj. kr. Og ekki vantar það þó, að hæstv. ríkissj. hefur á þessu þremur og hálfu ári, sem hún hefur verið við völd, gert ýmislegt til þess að auka tekjur ríkissjóðs. Hún hefur innleitt nýja skatta, — skatta sem upphaflega áttu aðeins að vera til bráðabirgða, en hafa reynst il frambúðar. Þannig borgum við t. d. á árinu 1978 17 þús. millj. kr. í skatta sem ýmist voru ekki til, áður en þessi ríkisstj tók við völdum, eða voru lægri sem því nemur. Ríkisstj. hefur bæði hækkað á árinu 1978 tekjuskattsinnheimtu um 2000 millj. kr. nettó, og hún hefur hækkað óbeina skatta, og samals nema nýir skattar, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á, 17 þús. millj. kr. á árinu 1978. Samt sem áður er ástandið þannig í ríkisfjármálunum, sem ég lýsti hér áðan. Hæstv. ríkisstj. ætlaði líka að sporna við verðbólguþróuninni, en við vitum allir hvernig farið hefur þar.

Auðvitað er hér um að ræða rót þess vanda sem við er að fást. Það veldur hver á heldur, og það er vanstjórn sem veldur og óstjórn sem á heldur. Niðurstaðan er sú eftir 3½ árs stjórnartíð hæstv. núv. ríkisstj., að þjóðin rambar á barmi hengiflugs og fram undan eru átök, stéttaátök, sem við e. t. v. þekkjum engin dæmi til úr sögu landsins. Enginn neitar því nú að við mikinn vanda í efnahagsmálum er að etja. Mér dettur ekki í hug að neita því. Um það voru líka allir sammála sem í verðbólgunefndinni störfuðu og þeim vanda er m. a. lýst í skýrslu hennar. Í skýrslunni voru gefnir nokkrir kostir. Þeir voru ræddir í n., og stjórnarliðar í n. þessari samþ. að mæla með ákveðnum valkosti ásamt embættismönnum sem í n. voru. Hins vegar hafnaði

ríkisstj. á síðustu stundu þeim leiðum, sem bæði sérfræðingar hennar og fulltrúar hennar í verðbólgunefnd mæltu með, og greip til till. sem ég býst við að hafi ekki verið mjög ígrundaðar og bera á sér svipmót vendettu eða blóðhefnda gegn ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu, bera á sér það svipmót, að verið sé að koma fram hefndum á íslenskum launþegasamtökum og forustu þeirra fyrir atburði sem hafa gerst í samskiptum manna.

Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á að ýmsir þeir hlutir gerðust í forustuflokki ríkisstj. nú fyrir nokkrum vikum hér í Reykjavík sem bentu til þess, að íhalds- og afturhaldsöflin í flokkunum væru í mikilli sókn eins og jafnan hefur verið þegar Sjálfstfl. hefur starfað með Framsfl. Þegar þessir tveir flokkar hafa náð saman í ríkisstj. er eins og þau afturhaldsöfl, sem í þessum flokkum báðum er að finna, magni hvort annað upp og nái yfirtökunum í flokkunum, nái yfirtökunum yfir þeim mönnum, sem vissulega eru í flokkunum báðum, sem eru frjálslyndir og víðsýnir. Það er eins og þessir tveir flokkar megi ekki koma saman í ríkisstj. öðruvísi en svo fari. Svo hefur ávallt farið og svona er enn að fara. Það gerðist sem sé fyrir nokkrum vikum, að það kom í ljós hér í Reykjavík, að afturhaldsöfl í Sjálfstfl. voru mjög farin að eflast. Það kom m.a. í ljós þegar þeim tveimur alþm., sem sæti eiga í þessari hv. d. og tilheyra verkalýðshreyfingunnni og hafa setið hér og hlustað í allt kvöld þegar flestir ráðh. þeirra hafa verið fjarverandi, þegar þessum tveimur mönnum var skipað til sætis á listanum. Nú veit ég að báðir þessir þm., bæði hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, og hv. 6. landsk. þm., Guðmundur H. Garðarsson, eru menn sem eru aldir upp í verkalýðshreyfingu og þekkja mjög vel til mála þar, og mig langar til að bera spurningu fram til þeirra úr þessum ræðustól, sem ég vænti að þeir svari. Þar sem fyrir liggur í skýrslu verðbólgunefndar, sem samin er af helstu sérfræðingum ríkisstj., að unnt sé að ná árangri við lausn efnahagsvandans nú á þann hátt að komist sé algerlega hjá að ógilda þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið, þá vil ég spyrja þessa tvo hv. þm., forustumenn í verkalýðshreyfingunni, hvort þeir séu þá samþykkir þeim kosti sem flokkar þeirra tóku og byggist á því að brjóta samkomulag sem þeir sjálfir hafa verið aðilar að því að gera sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar. Það liggur fyrir í skýrslu verðbólgunefndar, að hægt er að takast á við efnahagsvandræðin nú og fá fram á þeim ákveðna lausn án þess að virða kjarasamningana að vettugi. Fulltrúar launþegasamtakanna í verðbólgunefnd og stjórnarandstæðingar hafa lagt á það áherslu, að þessi leið yrði farin. Fulltrúar stjórnarflokkanna beggja hafa harðlega neitað. Ég vil fá að vita hvar þeir standa, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og Pétur Sigurðsson. Ég vænti þess, að þeir muni svara hér á eftir.

En mig langar að vita meira um afstöðu þessara tveggja hv. þm. Í frv. því, sem hér um ræðir, er grein, 3. gr., sem hefur valdið verkalýðshreyfingunni miklum erfiðleikum, sárindum og vonbrigðum. Þar er um það að ræða, að án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna er kastað fram hér á Alþ. lagaþvingun um breytingu á vísitölugrundvelli sem allar ríkisstjórnir á Íslandi, hvort sem þær hafa talið sig til hægri eða vinstri eða í miðju eða hvar svo sem þær hafa skipað sér í hinu pólitíska litrófi, hafa talið skyldu sína að gera ekki breytingar á nema eftir samkomulagi við verkalýðshreyfinguna. Eins og þetta er sett fram í frv., er hér um að ræða aðgerð sem er algerlega þarflaus, algerlega að nauðsynjalausu, miðað við þær ráðstafanir sem nú á að gera, vegna þess að þessi aðgerð á ekki að koma til framkvæmda fyrr en um næstu áramót. Ég vil fá að vita það frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni og hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, hvort þeir séu samþykkir þessu. (Gripið fram í.) Ég held að ég sé alveg búinn að fá hv. þm. næg verkefni til að svara og vona, að hv. þm. svari þessum tveimur spurningum, vegna þess að ég er sannfærður um að ég er ekki sá eini sem leikur forvitni á að vita hvert svarið verður. Í mínum huga er ég nokkurn veginn sannfærður um hvert svarið er. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði í umr. áðan, að e.t.v. fyndust einhverjir réttlátir í stjórnarliðinu, og við skulum ekki gefa upp von um að þeir réttlátu menn séu fleiri en einn.

Ég vil enn fremur benda þessum ágætu þm. og þingheimi öllum á það, að allir stjórnarandstöðuflokkarnir hér á þingi hafa lýst því yfir, að þeir séu andvígir þessari grein, hafa lýst því yfir, að þeir vilji að þessi grein verði felld brott. Sú yfirlýsing jafngildir því, að þeir muni ekki, jafnvel þótt þeir yrðu aðilar að ríkisstj. eftir kosningar, taka þátt í því að framkvæma þau fyrirmæli sem á að binda í lög með samþykkt þessa frv. Með því að halda til streitu að þetta sé afgreitt svona eru núv. ríkisstj.-flokkar að sjálfsögðu að lýsa því yfir, að það séu þeir sem ætli að taka að sér að sjá um að þessi lagasetning verði framkvæmd um næstu áramót, því að það vilja engir aðrar flokkar í þinginu heldur en þeir tveir.

Þetta er sem sé yfirlýsing um að Framsfl. og Sjálfstfl. hyggist halda áfram stjórnarsamvinnu að kosningum loknum, því að ef þeir væru ekki ordnir staðráðnir í að gera það hefðu þeir ekki haldið því til streitu að hafa 3. gr. í frv. gegn mótmælum allra annarra flokka í þinginu. Hér er því um að ræða, að flokkarnir gefa með þessu þá yfirlýsingu, að þeir hyggist starfa saman áfram að kosningum loknum til þess m.a. að framkvæma það sem 3. gr. frv. gerir ráð fyrir að gert verði um næstu áramót. Og ég vil spyrja þá að lokum, hv. þm. Pétur Sigurðsson og hv. þm. Guðmund H. Garðarsson, að því, hvort þeir hugsi sér að styðja ríkisstj. til slíkra framkvæmda.

Undir kringumstæðum eins og nú eru í þjóðfélaginu verður ríkisstj. að búa yfir þeim skilningi, að vandamál efnahagslífsins á Íslandi verða ekki leyst nema með því að laða til samstarfs þau öfl í þjóðfélaginu sem eru ráðandi um þann farveg, sem efnahagsmál falla í. Sú ríkisstj., sem ætlar sér að takast á við lausn slíks vanda, verður að búa yfir hæfileikum til þess að geta laðað slíkt samstarf fram. En hæstv. núv. ríkisstj. býr ekki yfir slíkum hæfileikum. Hún hefur sýnt það og sannað. Eftir framlagningu þessa frv. er útilokað með öllu að hún nái nokkurn

tíma höndum saman við launþegasamtökin í landinu, ekki vegna þess að kjarasamningum hafi verið breytt, vegna þess að það hafa fjölmargar aðrar ríkisstj. gert þegar þær hafa talið nauðsyn bera til og samt sem áður náð samkomulagi við verkalýðshreyfinguna, heldur vegna hins, hvernig á þessum málum hefur verið haldið af hæstv. ríkisstj., þegar hún fyrirvaralaust hendir fram í lagaformi kröfu um breytingu á grundvelli vísitöluútreiknings án þess að reyna að hafa um það nokkurt samráð við verkalýðshreyfinguna. Ég er sannfærður um að þessa afstöðu ríkisstj. tekur verkalýðshreyfingin sem algera ögrun við sig. Með því að grípa til þessa ráðs hefur hæstv. ríkisstj. raunar manað verkalýðshreyfinguna til gagnaðgerða sem e.t.v. hefði verið hægt að komast hjá, ef ríkisstj. hefði sýnt skilning og vilja til samstarfs og samkomulags.

Það er dálítið undarlegt í þessu sambandi, að einmitt um svipað leyti og hæstv. ríkisstj. grípur til slíks ráðs skuli tveir þm. Framsfl., þeir hv. þm. Gunnar Sveinsson og Ingvar Gíslason, leggja fram hér í þinginu till. til þál. um að ríkið sé virkur aðili að kjarasamningum vinnumarkaðarins, þar sem m.a. segir í grg., að markmiðið með þeirri till. sé að ríkisvaldið taki fulla ábyrgð á framkvæmd kjarasamninga, á svipaðan hátt og um eigin starfsmenn væri að ræða. Ríkisstj. hefur tekið fulla ábyrgð á framkvæmd kjarasamninga, þeirra kjarasamninga sem ríkisvaldið gerði við starfsmenn sína fyrir þremur mánuðum. Hvernig hefur sú ábyrgð orðið í reynd? Hún hefur orðið þannig, að nú, þremur mánuðum eftir að þessir samningar voru gerðir, koma hæstv. ráðh., sem skrifuðu sjálfir með eigin hendi undir þessa samninga og tóku á sig ábyrgð á framkvæmd þeirra, og gera þá að engu með lagasetningu hér á Alþ. Svo leyfa stjórnarsinnar sér að koma og bera fram till. eins og þessa, á sama andartaki og þetta er gert, bera fram till. um að nauðsynlegt sé að ríkisvaldið taka fulla ábyrgð á kjarasamningum á svipaðan hátt og um eigin starfsmenn væri að ræða. Hvaða stéttarfélag í landinu halda menn að tæki slíka ábyrgð gilda að einu eða neinu leyti eftir þá reynslu sem opinberir starfsmenn hafa fengið af slíkri ábyrgð hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég óttast það og ég segi það satt, að nú hafi blað verið brotið í samskiptum ríkisvaldsins og launþegasamtakanna. Ég er hræddur um að hér sé um að ræða kaflaskipti í slíkum samskiptum. Oft hefur að vísu verið þungt á milli ríkisvalds og launþegasamtaka, en ég held að það hafi aldrei verið jafnþungt og núna. Og ég óttast að við sjáum ekki fyrir endann á þeim atburðum, sem nú kunna að vera í aðsigi. Ég vil taka það fram sérstaklega, að hér er ég ekki að setja fram neinar hótanir, vegna þess að ég er ekki í þeirri stöðu að geta hótað né vil ég hóta neinu. Ég er ekki heldur að setja fram neinar illspár, vegna þess að ég tel enga ástæðu til þess að vera með slíkar spár. Ég er aðeins að setja fram grun minn, ég er aðeins að benda hæstv. ríkisstj. á að það getur verið að fram undan séu í samskiptum ríkisvalds og stéttarfélaga ástand sem á sér ekkert fordæmi, a.m.k. ekki í síðari tíma sögu íslenskra stjórnmála og stéttabaráttu. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að eitt af því nauðsynlegasta í sérhverju samfélagi er að það ríki sæmilegt traust á milli þeirra stofnana sem eiga að stjórna þjóðfélaginu, hvort heldur þær stofnanir eru stjórnsýslustofnanir, ríkisstj., löggjafarsamkunda eða fjölmenn samtök þegnanna. Þessu trausti er ekki fyrir að fara nú þessa dagana, og af blaðafregnum má marka að um sé að ræða mjög eindregna og ákveðna samstöðu stéttafélaganna, bæði innan Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, um afstöðu í þeim málum. Og eins og ég sagði áðan, ég er ekki með neinar hótanir. Ég hef ekki aðstöðu til slíks og mundi ekki gera slíkt heldur. Ég er ekki með neinar hrakspár eða illspár í þeirri von að illa muni fara. Ég er aðeins að setja fram ugg um að með þeim vinnubrögðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp, sé hún að fitja upp á nýjum kafla í samskiptum ríkisvalds og stéttarfélaga sem við sjáum því miður ekki fyrir endann á. Og ég vil leggja mjög þunga áherslu á það við hæstv. ríkisstj., að hún geri allt sem hún mögulega getur til þess að afstýra því að svo fari. Það getur hún gert enn, hún hefur enn þá ráðrúm til þess, og ég vil hvetja hana til þess að nota hvert það tækifæri, sem hún getur, til þess að öðlast á ný traust stéttarfélaganna, traust viðsemjenda sinna, opinberra starfsmanna og Alþýðusambands Íslands, vegna þess að það samfélag þrífst ekki til lengdar þar sem um er að ræða styrjöld á milli ríkisvaldsins annars vegar og samtaka launafólksins hins vegar með því sniði sem getur orðið, ef ekki verður gripið til þeirra ráðstafana sem skynsamir og fróðir menn vita að enn eru til reiðu til þess að forða því að illa fari.

Ég vil að lokum leggja mjög þunga áherslu á að reynslan hefur sýnt, að það var rétt, sem við Alþfl.-menn héldum fram fyrir síðustu kosningar og gerðum að skilyrði fyrir hugsanlegri stjórnarþátttöku okkar að kosningum loknum. Við settum þá það skilyrði, að tekið yrði upp ekki bara samstarf, heldur gert samkomulag við aðila vinnumarkaðarins um lausn efnahagsmála. Betur væri ef það hefði verið gert fyrir fjórum árum. Það, sem nú þarf að gera og ríkisstj., hver svo sem hún verður, sem tekur við störfum að kosningum loknum, verður að grípa fyrst upp, er að gera samkomulag um starfsfrið, gera samkomulag um félagsmál, gera samkomulag um lausn efnahagsmála við aðila vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfinguna, fyrst og fremst þannig að allir aðilar á Íslandi, sem einhver áhrif geta haft, geti sameinast í því að vilja stefna að einu og sama marki til þess að losa þjóðfélagið út úr því verðbólgu- og skuldafeni, sem við erum sokkin í. En það tekst að sjálfsögðu ekki nema gagnkvæmt traust ríki á milli launþegasamtaka og ríkisvaldsins.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þegar hefur verið talað bæði lengi og mikið og í svo langan tíma og í svo mörgum orðum fer ekki hjá því að minnst hafi verið á flest efnisatriði sem máli skipta varðandi það frv. sem hér liggur fyrir. Þess vegnar er varla hægt að flytja hér langt mál án þess að um nokkrar endurtekningar verði

að ræða. Ég vil hins vegar reyna að stytta mál mitt, ekki síst með tilliti til þess að liðið er langt fram á nýjan dag og fólk orðið að vonum þreytt að hlýða á svo mikinn málflutning.

Það, sem hefur vakið einna mesta athygli mína í sambandi við meðferð málsins hér og það, hvernig talað hefur verið fyrir því, er kannske ekki fyrst og fremst þær orðaskylmingar, sem hér hafa farið fram, eða þær röksemdir, sem menn hafa flutt fyrir máli sínu, hver með sínum hætti og lagi, eftir þeim skoðunum sem þeir hafa í því efni sem hér hefur verið flutt. En það er fyrst og fremst það, að málsvarar gengisfellingarstefnu ríkisstj. hafa að mínum dómi verið ansi hressir og jafnvel býsna borubrattir hér í kvöld, þrátt fyrir það að kjarni þessa máls sé ný kollsteypa í efnahagsmálum og nýgerðir kjarasamningar brotnir með riftun verðbótaákvæða og áhrif 15% hækkunar erlends gjaldeyris sem kemur öll út í verðlagið áður en við er litið og veldur 10—12% rýrnun vinnulauna miðað við samninga sem blekið er varla þornað á.

Einn allra glaðbeittasti talsmaður þessarar nýju stefnu, sem þó er gömul í þessum sömu herbúðum, lýsti mikilli vandlætingu sinni á skilningsleysi okkar stjórnarandstæðinga á ágæti þessara ráðstafana og vantrú okkar á að þær væru lokabragðið í glímunni við verðbólguna. Sannleikurinn er hins vegar sá, að með þessari stórkostlegu árás á verkalýðsstéttirnar, sem hlýst af gengisfellingunni og skerðingu verðbótaákvæðanna, er ekki meira unnið en svo, þótt allt gengi eins og til er ætlast, að verðbólguhraðinn minnkar aðeins úr 40% á ári í 36—37% á ári. Þetta er allt sem vinnst. Þó búast raunar fæstir við að verðbólguhraðinn dragist einu sinni svona lítið niður eins og sagt er, heldur verði verðbólguhraðinn á árinu að meðaltali um eða yfir 40%. Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sá enga aðra leið en þessa, þrátt fyrir að þessi leið sé auðvitað margreynd og það sýni sig og hefur sýnt sig hvað eftir annað að hún dugar ekki. Þrátt fyrir þetta gat hv. þm. Ólafur G. Einarsson enga aðra leið séð en að fella krónuna og skerða kaupið. Hann lagði sérstaka áherslu á það, að þetta væri nú ekki annað en það sem vinstri stjórnin hefði gert, hún hefði lækkað gengið þrisvar. Hann gleymdi samt að minnast á gengishækkunina okkar vinstristjórnarmanna. Hann gleymdi einnig að geta þess, hversu mikil gengislækkunin var eða þær gengislækkanir sem við gripum til — og Alþb.-menn að vísu nauðugir — á tímum vinstristjórnarinnar. (Gripið fram í.) Gengisfellingarnar voru samtals um u.þ.b. 11%. Dollarinn hækkaði úr u.þ.b. 84 kr. 98 eða 96 kr. á tímabilinu. En í stjórnartíð núv. ríkisstj. hefur gengið ekki hækkað um 11%. Það hefur hækkað um tæp 160%. (**Menntmrh.**: Er ekki tími til að taka í taumana?) Það er nú það, hæstv. ráðh. spyr, hvort það sé ekki tími til að taka í taumana. En það er að mínum dómi of seint, því að fyrsta verk hæstv. ríkisstj. var að slíta taumana út úr verðbólguhrossinu sem þeir hafa nú riðið taumlaust hátt á fjórða ár. (Gripið fram í.) Gengisfellingin var ekki 11%, hún var tæplega 160% á stjórnartíma þessara herra, eða 15 sinnum meiri en gengisfellingin á vinstristjórnarárunum. Þetta finnst hv. þm. Ólafi G. Einarssyni sambærilegt, og vegna þess að við höfum líka notað gengisfellingu, þá þykir það fullafsakanlegt þó að þeir ráðist nú enn einu sinni í stórfellda gengisfellingu ofan á allar hinar, sem fyrr eru komnar, og það stöðuga gengissig, sem átt hefur sér stað síðan þeir tóku við stjórn þessa lands. En þeir hafa fellt gengið — ekki um 11%, eins og við gerðum, heldur um 160%, þ.e.a.s. ef miðað er við dollar. Ef tekið er mið af öðrum gjaldmiðli, t.d. svissneska frankanum, vestur-þýska markinu eða sterlingspundinu, þá er þetta hlutfall auðvitað miklu óhagstæðara þessari ríkisstj. en hér hefur verið nefnt. Hér er aðeins miðað við dollar sem sjálfur hefur sigið mjög mikið á þessum tíma. En þrátt fyrir þetta var, eins og ég sagði, hv. þm. Ólafur G. Einarsson hinn brattasti og hann kættist raunar yfir því að hafa átt sinn þátt og drjúgan þátt í þessum myndarlega kollhnís. Þessi hv. þm. virðist alls ekki hafa tekið eftir allsherjarmótmælum samtaka hinna vinnandi stétta í landinu. Kannske metur þessi hv. þm. meira fagnaðarlæti innflytjenda og braskara í þjóðfélaginu sem fitna við hverja gengisfellingu eins og púkinn á loftbitanum við hvert blótsyrði hér áður fyrr.

Hæstv. forsrh. virtist ekki aðeins hress, þegar hann mælti fyrir ósómanum við 1. umr. þessa máls, það, sem skein út úr ekki aðeins andliti hans, heldur einnig orðum, var það, að nú hefði hann fundið leiðina — hann hefði loksins fundið réttu leiðina, nú væri gengisfellingum lokið á Íslandi, nú væri málinu bjargað. Hver skyldi nú trúa þessu, þegar tekið er mið af því sem ég rakti áðan?

Hann gerði þá skyssu, hæstv. forsrh., að minnast á stefnuræðu sína frá því s.l. haust. Hann hefði að mínum dómi fremur átt að lesa nú úr sinni fyrstu stefnuræðu, sem hann flutti haustið 1974, og leyfa þingheimi að heyra að nú yrði verðbólgan hamin, a.m.k. færi hún ekki yfir 15% markið, að því væri stefnt, þetta væri fyrsta og helsta baráttumálið. Efnahagsstefnan átti að vera aðhaldsstefna. Fjárlögum skyldi haldið í skefjum, skuldir við útlönd lækkaðar og skuldir ríkis við Seðlabanka skornar niður við trog. En hvernig tókst þetta? Hvernig tókst hæstv. forsrh. að efna þetta loforð? Loforðin voru fleiri, en ég vil ekki eyða tímanum í að telja þau öll upp, því að sannleikurinn er sá, að hæstv. ríkisstj. hefur unnið það afrek að svíkja meira en hún lofaði. Og hverjar hafa efndirnar þá verið?

Í stað þess að draga verðbólguna niður í 15% markið hefur hún verið meiri en nokkru sinni fyrr og enn er stefnt í nýjan hring í þessu verðbólgukapphlaupi. Og fyrst við minntumst á verðbólguhrossið áðan, þá er kannske rétt að halda aðeins áfram þeirri samlíkingu. Það skokkaði í rólegheitum með þó nokkru taumhaldi. Þetta verðbólguhross hefur nú breyst í ófreskju sem veður taumlaust fram, enda er, eins og ég sagði áðan, beislinu sleppt og það eina, sem notað er á skepnuna, eru sporarnir, gjöf frá heildsölum og bröskurum í þessu landi.

Verðbólgan er fyrst og fremst öllum heilbrigðum rekstri í landinu í óhag, svo ekki sé minnst

á það stóra mál, að með slíkri verðbólgu er sífellt verið að færa til fjármagn í þjóðfélaginu frá hinum efnaminni til hinna efnameiri.

Hvað varðar loforðið um fjárlög ríkisins, að halda hækkun á þeim í skefjum, þá vita nú flestir hvernig það er komið. Fjárl. núna fóru upp í 140 milljarða kr. Þau hafa sem sagt margfaldast á þessum tæplega fjórum árum. Þó voru síðustu fjárlög vinstri stjórnarinnar um 29 millj. kr., minnir mig hafi verið. Sama er að segja um skuldirnar við útlönd. Þær voru 29 milljarðar kr. í lok vinstristjórnartímans, en eru núna eftir þessa gengisfellingu komnar yfir 155 millj. kr. Staðan við Seðlabankann, sem þótti alveg óguðlega slæm þegar vinstri stjórnin lét af störfum, hefur tífaldast eða meira en það og er nú komin í 15 milljarða kr. um s. l. áramót.

Sannleikurinn er sá, að allt hefur brugðist í þeirri stefnu sem hæstv. forsrh. boðaði haustið 1974. Þegar ríkisstj. hefur gefist upp á að framfylgja þeirri stefnu sem hún boðar og þar sem allt hefur mistekist og farið úr böndunum, þá á slík ríkisstj. að segja af sér. Það er gert í öllum venjulegum þingræðislöndum. En hún lafir, þó að varla sé hægt að tala um líf í stjórninni á þessum dögum.

Í ræðu hæstv. forsrh. nú við 1. umr. talaði hann að sjálfsögðu um þann vanda sem við er að glíma. Kannske er það ekki meginmálið hvaða leiðir eru valdar til að glíma við þann vanda. Auðvitað má fara misjafnlega að því. Það getur komið misjafnlega hart niður á fólkinu í landinu og haft misjafnlega slæmar afleiðingar. Það er við mikinn vanda að etja, því neitar enginn maður sem hefur augun opin, og þær till., sem við komum með í sambandi við niðurfærslu verðlags í minni hl., duga engan veginn til þess að leysa allan þann vanda sem við stöndum frammi fyrir. Höfuðspurningin er í raun og veru: Hvernig stendur á því að við stöndum frammi fyrir þessum vanda? Af hverju skapast alltaf þessi sami vandi aftur og aftur? Okkur er nú orðið ljóst, þeim, sem fylgst hafa með þessu í mörg ár, að þessi gengislækkunaraðferð og þessi sífellda hringrás dugar ekki lengur. Þess vegna er þetta röng stefna. En aðalspurningin er: Hvernig stendur á því, að þessi vandi kemur í sífellu upp á nýjan leik?

En þegar hæstv. forsrh. stóð hér keikur í ræðustólnum, hinn glaðasti, þegar hann flutti sitt mál, lét hann eins og þessi vandi kæmi honum á óvart. A. m. k. var alls ekki að heyra á hæstv. forsrh., að honum dytti í hug að hans stjórn og hans stefna ætti þar nokkra sök á. En það er augljóst, að ríkisstj. hefur alla sína stjórnartíð haldið svo á öllum efnahagsmálum, að það fór ekki hjá því, hvernig sem áraði og hversu vel sem gengi, að það hlaut að enda í einni kollsteypunni enn. Þar hefur ríkisstj. svikist um að stjórna, og hefði það þótt skrýtið fyrir allmörgum árum að halda því fram, að núv. hæstv. forsrh., Geir Hallgrímsson, væri einn alharðasti stjórnleysingi á Íslandi, því að ríkisstj. hefur ekki gert tilraun til að hafa neina stjórnartauma í höndum sér og látið skeika að sköpuðu í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. minntist m. a. á það í ræðu sinni, að hann bæri mikla umhyggju fyrir sparifjáreigendum og væri nauðsynlegt að hækka vextina enn til að tryggja þeirra hag. En þessi gengisfelling, 15% gengisfelling ein, hefur skert sparifé í landinu um jafnháa prósentu og hefur tekið fyrir fram alla vaxtahækkunina, sem þessir sparifjáreigendur hefðu getað fengið, og miklu meira en það. Þetta er hin raunverulega umhyggja fyrir sparifjáreigendum. Með þessum háu vöxtum er verið að reyna að blekkja fólk til þess að leggja fé inn í bankana, en síðar er gripið til gengisfellingar sem tekur af þeim alla vextina og miklu meira en það. Þar á ofan bætist, að það verður ekkert hægara fyrir hinn vinnandi mann í landinu að spara eftir að kaupgetan lækkar um 10—12% við þessar efnahagsráðstafanir. Það leggst allt á eitt. Gengisfellingin hirðir vextina, og kauplækkunin gerir það að verkum, að þeir geta ekki sparað. Þarna er umhyggjan í raun, hversu fagurlega sem menn tala úr þessum ræðustól. Þannig kemur þessi vaxtahækkun þessu fólki alls ekki til góða, og ég kem raunar alls ekki auga á það, hverjum þessi vaxtahækkun getur komið til góða. Vegna þess að hér í salnum er nú hv. 1. ambassador Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hér á Alþ., þá væri hægt að beina þeirri spurningu til hans, hvort hann telji að þessi vaxtahækkun komi framleiðsluatvinnuvegunum til góða. Ég þarf ekki að bíða eftir svari. Það vita allir, að ofsavextir af þessu tagi koma raunar í veg fyrir allan heilbrigðan rekstur í landinu.

Sjómenn og útgerðarmenn fengu fyrir skömmu 13% hækkun á fiskverði. Það var þeirra kauphækkun. Almennt kaupgjald í landinu hækkaði milli 50 og 60% á s. l. ári. Sjómenn fengu að vísu fiskverðshækkun á miðju s. l. ári, en fiskverðshækkunin núna eftir áramótin nam 13%. Þessi hækkun átti að vera þeirra kauphækkun og var ekki í neinum takt við þá kauphækkun sem hafði orðið hjá öðrum launþegum í landinu. Þetta fiskverð átti einnig að reyna að fleyta útgerðinni áfram, sem eins og allir vita gengur afar misjafnlega eftir skipastærðum, gerðum og fiskveiðiaðferðum o. s. frv. Við þessa gengisfellingu, sem nú er gripið til, er þessi hækkun auðvitað hirt strax af sjómönnum eða svo til öll. Sú kjaraskerðing, sem þeir verða fyrir vegna þessara laga, sem nú er verið að tala um, og þess frv., sem nú er verið að ræða hér um, þá er þessi kauphækkun raunar öll saman runnin út í sandinn. Þeir hafa sjálfsagt ekki fengið neina leiðréttingu. Ég vil leyfa mér að spyrja — hér eru menn úr öllum hornum þjóðfélagsins, útgerðarstjórar og togaraeigendur: Kemur þessi gengisfelling útgerðinni til góða og þá með hverjum hætti? Útgerðin þarf á mjög miklum rekstrarvörum að halda sem keyptar eru frá útlöndum fyrir erlendan gjaldeyri. Allar þessar rekstrarvörur hækka um 15% a. m. k. Það er olían, sem er nógu dýr fyrir, það eru veiðarfærin af öllu tagi og tæki, viðhald, lagfæringar, breytingar, lengingar, byggingar o. s. frv., en síðast, en ekki síst hækka skuldir útgerðarinnar sem eru að langmestu leyti gengistryggðar. Á móti kemur, ég skal viðurkenna það, — á móti kemur hluti þeirra úr gengishagnaðarsjóði. Úr gengishagnaðarsjóði eiga 65% að renna í Verðjöfnunarsjóð. Afgangurinn, 35%, skiptist milli

fiskvinnslu og útgerðar. Af þessum afgangi á útgerðin að fá til þess að standa undir hækkun vegna erlendra lána 57%, og menn geta reiknað 57% af 35, það gerir 19.55%. Það er aðeins innan við 20% af gengishagnaðarsjóði sem fer til þess að bæta útgerðinni stórhækkaðar skuldir vegna hækkunar á erlendum gjaldeyri. Það dugar auðvitað engan veginn. Hvar er þá gróði útgerðarinnar vegna gengisfellingarinnar? Hann er hvergi. Allt er þetta á eina bókina lært. Gróðinn af þessum ráðstöfunum finnst ekki. Svona mætti auðvitað miklu lengur telja. En ég vil benda á það, að í því ágæta kveri, sem við alþm. höfum hér á borðum okkar, sem heitir því skemmtilega nafni: Verðbólguvandinn, eru m. a. — ég segi: þar eru m. a. eftirtalin atriði sem eru talin valda sérstaklega verðbólgu: Það er gengislækkunaraðferðin. Það eru of háir vextir. Það eru miklar erlendar lántökur, þ. e. a. s. innflutningur erlends fjármagns. Það er óhóflega mikil fjárfesting í landinu, og vitað er að næstum helmingur fjárfestingar í landinu er runnin frá útlöndum og það er fjárfesting sem skilar ekki arði. — Þetta má vera hverjum manni ljóst. Þarna er þetta talið upp í bókinni. Þetta er verðbólguhvetjandi. Einmitt þetta hefur ríkisstj. gert. Þetta hefur hún lagt áherslu á, allt sem eflir verðbólguna. Kannske sjá menn þetta ekki kannske gera þeir það viljandi eða þá þeir geta með engu móti komið auga á nokkra aðra leið en þessa, og það væri aldeilis voðalegt, því að með þessu áframhaldi á nýju kjörtímabili með þessum sömu stjórnarherrum og sama gengi verður erlendur gjaldeyrir orðinn fjórum sinnum dýrari en nú er. Hann hefur þrefaldast á þremur árum og fjórfaldast sjálfsagt á næstu fjórum árum. Dollarinn ætti þá samkv. því að vera farinn að nálgast þúsund kr. Það er þess vegna augljóst, að við þessar aðferðir getum við ekki haldið okkur. Það þarf að grípa til allt annarra ráðstafana.

Við höfum minnst hér á niðurfærsluleið, að færa niður verðlag, og það er nefnt í nokkrum greinum, nokkurs konar tilraun til smáskammtalækninga á verðbólguvandanum, að reyna að færa verðbólguna niður með þeim hætti. Það er sem sagt verið að reyna að gera eitthvað annað en að hlaupa alltaf sama vitlausa hringinn. Ég skal ekki leggja mat á það, hvort allir þessir liðir eru það besta, sem hægt er að fá, og hvort þeir eru rétt út reiknaðir og hvort ekki hefði mátt sleppa sumum og breyta öðrum. Ég er ekki alveg sammála um þessa uppstillingu sem þarna er. Þar er ýmislegt sem orkar tvímælis í mínum augum, og ég hirði ekki um að fara að nefna það, það er nægur tími til þess síðar. En þetta var þó tilraun af okkar hálfu. Það getur enginn neitað því, að þarna er verið að benda á leið sem óneitanlega getur hægt á verðbólgunni. Það hafa verið umræður hér um einstaka þætti, eins og t. d. að leggja nýjan veltuskatt á fyrirtæki í landinu. Það er hægt að haga því með ýmsum hætti, en að mínum dómi er rétt að gera það a. m. k. við þau fyrirtæki sem velta gífurlegum fjármunum, hundruðum milljarða á ári, til þess að þau greiði nú einu sinni skatt sem sloppið hafa algerlega við það á undanförnum árum. En þegar hér er talað um niðurfærsluleið, þá þarf maður ekki annað en að líta augnablik á hæstv. ráðh., svo ég tali nú ekki um hv. yfirmann fjh.- og viðskn., hinn sanntrúaða Ólaf G. Einarsson, hv. þm. Þá kemur bara meðaumkunarbros í munnvikið og jafnvel bæði á þessum mönnum, hvers konar vitleysa sé þarna á ferðinni. Það má sem sagt ekki minnast á nokkurn skapaðan hlut annan en að það eina, sem rétt sé að gera, sé að fara í nýja kollsteypu með nýrri gengisfellingu. Það er ekki von að vel fari, þegar menn geta ekki einu sinni hlustað á þegar verið er að reyna að rökstyðja aðrar leiðir heldur en þessa vitlausu leið, sem allir vita að er vitlaus vegna þess að hún hefur alltaf mistekist.

Herra forseti. Ég hef nú talað miklu lengur en ég ætlaði mér. En varla er hægt að skilja svo við þetta mál, að ekki sé minnst á eitthvað af því sem væri hægt að laga í þessu þjóðfélagi, þó að mér detti ekki í hug að ætla að setja á örfáum mínútum hér fram það sem gæti kallast ný kenning eða ný hagfræði. Það er nóg af þessari lærðu hagfræði komið til okkar á undanförnum vikum. En ég held að það megi vera augljóst mál, að í svo litlu þjóðfélagi, með liðlega 200 þús. íbúum, þar sem kannske innan við helmingurinn er vinnandi eða kannske liðlega helmingurinn, þar er yfirbyggingin á þjóðfélaginu orðin allt of stór. Ég held að það sé ljóst, bara ef maður vill sjá það. Það væri gaman að athuga hversu marga menn þarf í verslun í útlöndum á hverjar 200 þúsund hræður. Ætli þeir séu ekki mörgum sinnum færri en hér gerist? Auðvitað þurfa þeir að vera fleiri hér, vegna þess að landið er stórt og byggðin dreifð, en þeir þurfa ekki að vera mörgum sinnum fleiri en gerist annars staðar. Það er ekki nokkur vafi á því, að það er hægt að komast af með færri innflytjendur í landinu heldur en á milli 1 og 2 þúsund. Það er þó vitað mál og upplýst úr opinberum plöggum, að það eru milli 1500 og 2000 manns á Íslandi sem fá umboðslaun fyrir innflutning. Það af þessum umboðslaunum, sem skilar sér til banka, er meira en 2.5 milljarðar kr. og dugar til að borga 1500 verkamönnum kaup, umboðslaunin ein. Það eru margir fleiri í þjóðfélaginu, sem geta skammtað sér kaup, heldur en þessir menn og það ríflegt, og það þarf enginn að segja mér að nú verði þeir fyrir kjaraskerðingu sem þannig stendur á um. Þeir fá kauphækkun þegar almenningur verður fyrir kjaraskerðingu.

Ég er alveg sannfærður um það, að eins og það eru alltof margir sem stunda þessa iðju, að flytja inn vörur til landsins, þá eru einnig allt of margir, sem eru að gutla í smásöluverslun hér á Íslandi. Það mætti svo sannarlega fækka um mjög margt fólk í þessum greinum. Við vitum að starfsmenn banka, sparisjóða og allra sjóða í landinu eru næstum eins margir og þeir sem stunda sjó hér á Íslandi. Það þarf enginn að segja mér að það þurfi svo margt fólk til að sinna þessum verkefnum. Við erum með sjö banka. Ég er viss um, að okkur dygðu tveir. Og það bankamálafrv., sem hv. 2. þm. Austurl. hefur nú lagt fram, er svo sannarlega spor í áttina, en þó ekki nálægt því nóg. Að mínum dómi væri hægt að fækka þarna um geysilega margt fólk og nota það húsnæði, sem

losnaði við það, til þess að koma í veg fyrir að þurfa að byggja á næstu árum skrifstofuhúsnæði af þessu tagi í landinu.

Það er ofvöxtur í alls konar stofnunum hér í þjóðfélaginu. Það er ofvöxtur að mínum dómi í Framkvæmdastofnun, sem sendir frá sér fleiri bækur á ári en Halldór Laxness hefur gert alla sína ævi, um alls konar fræði, athuganir og áætlanir, sem síðan fara yfirleitt beint í ruslakörfuna. Þessi stofnun er að mínum dómi orðin alltof stór, svo að ekki sé talað um Seðlabankann með hátt á annað hundrað manns í vinnu. Það eru 20 tryggingafélög í landinu í staðinn fyrir að við gætum með sóma komist af með eins og þrjú stykki. Þarna er yfirfjárfest og þarna er allt of margt fólk að störfum. Og þegar allt er lagt saman, það hef ég að vísu ekki gert, þá er ég sannfærður um að þarna eru þúsundir manna í vinnu sem gæti verið leyst af hendi hjá öðrum án þess að það sæist högg á vatni, það þyrfti að bæta við sig nokkurri yfirvinnu. Það eru sem sagt mörg þúsund manns í vinnu í þessu landi sem taka kaup í peningum fyrir að gera í rauninni ekki neitt. Það er auðvitað að puða, þetta blessað fólk, allan daginn, en miklu færri gætu séð um þetta. Það kaup, sem þessu fólki er borgað, skapar hluta af umframeftirspurn, eins og það er kallað, og bak við þessa peninga er ekki framleiðsla og ekki raunverueleg verðmæti, en fyrir þá er samt hægt að kaupa dollara og gull. Þarna er einn þátturinn af umframeftirspurninni og einnig hjá þeim aðilum sem ég nefndi áðan og væri hægt að draga mikið úr.

Það er að mínum dómi háskaleg stefna að kaupa ár eftir ár sífellt miklu meira frá útlöndum heldur en við getum borgað með okkar framleiðslu. Þarna þarf vissulega að taka í taumana. En þá koma upp menn og segja: Þá koma biðraðirnar og skömmtunarseðlarnir o. s. frv. Ég held að þess þurfi ekki. Við getum bara ósköp einfaldlega sagt: Við kaupum bara meðan við eigum peninga fyrir því, en ekki lengur. Það dugar ekki um árarraðir að kaupa fyrir gífurlegar upphæðir meira en við eigum sjálfir af peningum og safna þar með skuldum erlendis til eyðslu innanlands.

Það mætti auðvitað nefna mörg dæmi um það, hversu vitlaust við höfum fjárfest í þessu landi. Það sér hver maður og er enginn ágreiningur um auðvitað, að hér hefur fjárfesting verið óhóflega mikil og fjárfesting í þjóðfélaginu í heild nemur nú á þessu ári á annað hundrað milljarða kr. Þetta er allt of mikið að mínum dómi. Og mikið af þessari fjárfestingu er fjárfesting sem skilar ekki neinum arði. Hlutfallið á milli arðbærrar og óarðbærrar fjárfestingar í landinu er hér öfugt við það sem alls staðar annars staðar gerist. Það getur varla verið að svo klókir peningamenn eins og t. d. Vestur-Þjóðverjar og aðrir slíkir, þar sem þetta hlutfall er þveröfugt, hafi rangt fyrir sér, eins og þeim gengur þó þokkalega í sínum efnahagsmálum. Ég tel að þarna þurfi að snúa blaðinu við, ekki aðeins í sambandi við þessi fjárfestingarmál, heldur að snúa við hlutfallinu milli þess vinnuafls, sem er í þjónustugreinum, og þess vinnuafls, sem er í framleiðslugreinum. Á næstu árum þurfum við að leggja vaxandi áherslu á það og nota sífellt meira fjármagn til þess að láta í þær greinar, sem skapa okkur verðmæti, og til þess að efla framleiðslugreinarnar í landinu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil þó að lokum segja það, að þó um það megi deila nú, hvaða aðferð hafi verið best að nota í sambandi við þá röskun sem hefur orðið í hagkerfinu nú á síðustu mánuðum, þá tel ég að þessi gengislækkunarleið, sem við höfum fylgt allt of lengi, sé röng og við séum aðeins einu sinni enn að endurtaka það sem hefur sannast að dugar ekki. Það er skammgóður vermir að pissa í skóinn sinn, eins og þar stendur, og þess vegna mun ég leggja til að þetta frv. verði fellt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Í sjálfu sér væri eðlilegt, miðað við önnur viðbrögð þeirra sem teljast til stuðningsmanna ríkisstj., að gera ekki annað hér en að þegja í stað þess að svara persónulegum spurningum sem til mín var beint af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, hv. 8. landsk. þm. En þar sem búið er að ræða þetta mál svo vítt og breitt sem raun ber vitni um hér í þingsalnum, þá sé ég í sjálfu sér ekki ástæðu til annars en að taka nokkurn þátt í þeim umr., m. a. vegna þess, að við erum búnir að sjálfsögðu að ræða þetta fram og aftur í þingflokkum stjórnarflokkanna, og einnig vegna þess, að ég er á margan hátt og í mörgum atriðum sammála þeim hv. þm. sem hafa talað hér úr röðum stjórnarandstöðunnar, t. d. hv. síðasta ræðumanni, sem benti réttilega á að það væri ansi hart við það að búa, ekki ár eftir ár og ekki stjórn eftir stjórn, heldur áratugum saman, að lausnir í efnahagsvanda gengju alltaf að lokum í eina átt, sem þó má kalla tvískipta, þ. e. til kaupbindingar eða kauplækkunar. Þessi staðreynd í sögu allra ríkisstj. hér á Íslandi minnir ósjálfrátt á söguna úr einræðisríkinu, hvar notuð var sú aðferð við aftökur að setja þá, sem átti að lífláta, í rafmagnsstól. Einn sat í slíkum stól og beið aftöku sinnar þegar aftökumeistarinn kom til hans og sagði við hann: „Við ætlum að sjálfsögðu að veita þér þína síðustu ósk. Hvort viltu riðstraum eða jafnstraum?“ Það má segja, að verkalýðshreyfingin íslenska hafi oft staðið frammi fyrir því að svara þessari spurningu: Viltu jafnstraum eða riðstraum?

Andstæðan við þetta er svo aftur á móti fullyrðingar þessara sömu manna hér í nótt um það, að þeir hafi lagt fram till., og vitna til þeirra og annarra tillagna sinna eins og þar sé um að ræða gagnverkandi júdóbrögð í efnahagsmálum. Nú kemur það fram skýrt og skorinort, að það, sem vitnað er til, hafi verið sett fram sem dæmi um „hugsanleg úrræði til þess að hamla gegn verðbólgu á þessu ári“, eins og segir orðrétt í því nál. verðbólgunefndar sem okkur var afhent fyrir nokkru. Og allar þær leiðir, sem þar er bent á, eru aðeins bráðabirgðaleiðir. Í þeim öllum felst einhver skerðing kaupmáttar. Í þeim öllum felst líka einhver gengislækkun. Þessar fjórar leiðir, sem getið er um á bls. 10, þar er valinn úr öllum till. einhver lítill hluti og farin svokölluð málamiðlunarleið. Stjórnarandstaðan

hefur ekki komið með neinar till. til frambúðarlausnar þess vanda sem við er að glíma og hefur verið glímt við hér á Íslandi í sambandi við verðbólguvandamálin. Það má helst heita að það hafi komið frá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, sem benti á fimm atriði sem hann teldi nauðsynlegt að koma í framkvæmd til þess að ráðast gegn eða leggja grunn að hjöðnun verðbólgu á næstu 2—3 árum, þ. á m. var eitt atriði um að gera þyrfti enn ítarlegri þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir en gerðar hefðu verið á undanförnum árum og áratugum. Hvernig lýsti hv. síðasti ræðumaður, Garðar Sigurðsson, slíkri áætlunargerð? Hann sagði að Framkvæmdastofnunin og Seðlabankinn, að mér skildist einnig, hauguðu upp slíkum skýrslum og áætlunum, sem væru ekki til annars en að setja á sorphaugana, og benti sérstaklega á til samanburðar við mikilvirkni í þessu efni hjá Framkvæmdastofnuninni afköst Nóbelsskáldsins.

Það mætti auðvitað ræða ítarlega eitt og annað, sem hér hefur verið sagt í kvöld, og finna að því, miðað við það að ég er enn þá stjórnarstuðningsmaður, þótt ég styðji að sjálfsögðu ekki núv. ríkisstj. í öllum málum og muni ekki gera nú að öllu leyti frekar en oft áður. Hins vegar finnst mér nokkuð stórt upp í sig tekið þegar hv. þm., formaður Alþfl., Benedikt Gröndal, fer að bera okkur á brýn, þm. í stjórnarstuðningsflokkunum, að við höfum haft fyrirskipun um að halda kjafti, eins og hann orðaði það svo kurteislega. Nú minnist ég þess vel, þegar við sátum hér saman á hinum góðu, gömlu viðreisnarárum, að við supum þá marga fjöruna saman og hann var þá ekki alltaf með tvo utanborðsmótora í munnvikunum þegar þurfti að tala um efnahagsmál eða aðgerðir gegn verkalýðshreyfingunni, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var með hér áðan. Hann gat vel haft sinn rennilás í lagi þá eins og við teljumst hafa nú.

Þeir hv. stjórnarandstæðinga, sem hér hafa talað í kvöld, eru að mínu mati allir gegnir og góðir menn. Hins vegar eru meðal þeirra þeir sem kannske koma hvað mestu óorði á Alþ., ekki vegna kaupupphæðar alþm., heldur vegna dómadagsumr. eins og hér hafa átt sér stað við þessa umr. Ég endurtek: þetta eru hinir gegnustu menn þegar þeir eru búnir að skera af sér þá pólitísku kryppu sem þeir bera hér í þingsölum. Ég endurtek enn: þetta eru menn sem sjálfsagt vilja vel, ég er ekki í nokkrum vafa um það. En þeir eru hins vegar, því miður, of oft á rangri leið. Það er t. d. eftirtektarvert, að hér er talin hin versta goðgá að staldra við á óheillabraut, sem við hljótum að vera komnir á þegar kaupgjald hækkar á einu ári í jafnmiklum mæli og raun ber vitni um. Nú ætla ég ekki að fara að kenna einum eða neinum um af hverju það hafi verið. Það átti sína orsök af hverju var sótt eftir svona mikilli kauphækkun. Það var m. a. vegna hinnar gegndarlausu verðbólgu sem á undan var gengin. Það var ein ástæðan. En það sjá auðvitað allir, að þegar stjórn jafnaðarmanna í Bretlandi setur algert bann við að fram úr 10% kauphækkun sé farið, m. a. með þeim afleiðingum sem við höfum lesið um og fylgst með í sambandi við slökkviliðsmennina í Bretlandi, meðan þeir þar telja sig þurfa að staldra við 10%, þá þarf ekki að undra þótt hér yrði staldrað við þegar hún er komin yfir 70% hjá stórum hópi launþega. Hér er gerð nokkur gengisfelling til þess að ráða fram úr brýnum vanda sem við höfum staðið frammi fyrir á nýliðnum vikum og mánuðum og fram undan er hjá okkur ef ekki er að gert, og þótt nokkur gengisfelling fari þar með og því miður sé farið eftir gömlum leiðum, þá höfum við það fyrir okkur sem gert er hjá jafnaðarmannastjórnum í nágrannalöndum okkar. Þær telja sér nauðsynlegt að fella gengið, nú síðast í Noregi um 8%. Við höfum verið lausir við áhyggjur vegna atvinnuleysis og höfum vafalaust haft nokkra aukningu verðbólgu vegna þess. Hér hefur verið of mikið gert í því að gefa lausan taum til fjárfestingar. M. a. hefur það verið gert af ásettu ráði til þess að halda uppi fullri atvinnu. En við höfum ekki þurft, guði sé lof, að glíma við þetta vandamál hér á landi, og ég óska engum þess, að til þess þurfi að koma. Ég minnist þeirra ára úr minni barnæsku og frá unglingsárum, þegar sá voði hvíldi yfir alþýðuheimilum hér í Reykjavík og víðar og ég þekkti þá til. Alþfl.-forsrh. í Danmörku stendur frammi fyrir þessu vandamáli. Hann hefur ekki getað náð verðbólgunni niður hjá sér, og hann býr líka við bullandi atvinnuleysi. Helsta ráð hans í dag eða till. eru um það, að tíundu hverja viku taki þeir, sem vinnu hafa, atvinnuleysið á sínar herðar til þess að aðrir komist að.

Við erum ekki neitt einsdæmi hér á Íslandi að búa við verðbólguvandamál. Og við skulum hafa það líka í huga, að okkar vandamál eru fljótari að koma upp og verða okkur erfiðari vegna þess, hvað við búum við einhæfan atvinnuveg — ég segi hiklaust: einhæfan atvinnuveg, og á þá að sjálfsögðu við þann atvinnuveg sem stendur að mestu undir okkar gjaldeyristekjum.

Það eru vissulega atriði, sem hafa komið hér fram, sem ég tel nauðsynlegt að ríkisstj. komi með svör við áður en þetta mál fer út úr þinginu. Þ. á m. er sú spurning sem beint var til hæstv. menntmrh. frá hv. þm. Gils Guðmundssyni um þá námsmenn okkar sem stunda nám erlendis. Ég þykist sjá og hef reyndar fylgst með því við undirbúning þessa máls, að ríkisstj. hefur leitast við að láta þær aðgerðir, sem þarf að gera núna, nauðsynlegu aðgerðir að hennar og okkar mati — og reyndar að allra mati — koma sem réttlátast niður á alla aðila og létta undir með þeim sem verst standa í okkar þjóðfélagi. Það er enginn vafi á því, að það er réttilega á það bent af hv. þm. Gils Guðmundssyni, að þessir aðilar, sem stunda nám erlendis og þurfa fé að heiman til þess, lenda í vissum erfiðleikum sem verður að reyna að koma á móti og létta undir með. Og ég tel að fleiri dæmi eigi eftir að koma upp á yfirborðið sem þurfi að líta til.

Hv. síðasti ræðumaður minntist nokkuð á fiskverðshækkunina, — fiskverðshækkun sem ekki var skömmtuð af ríkisstj., heldur fiskverðhækkun sem var samþykkt af fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna ásamt oddamanni. Það má ekki gleyma því, og hann verður líka að muna það, vegna þess að hann er sanngjarn maður og rétt-

sýnn eins og hann á flokk til að bera, ef ég mætti orða það þannig, hann verður að hafa það í huga, að það er öðruvísi farið nú með íslenska fiskimenn heldur en oft áður. Þegar áður fyrr þurfti að gera efnahagsaðgerðir, þá var það oft og tíðum gert einmitt í þann mund sem að íslenskum fiskimönnum var komið. Þá var skorið á hnútinn og aðgerðirnar gerðar. En það var þó með harðfylgni séð svo um núna, og ég þakka það mest hæstv. sjútvrh., og reyndar allri ríkisstj., ríkisstj. samþykkti í heild að fiskverð yrði að hækka til þess að fiskimenn kæmust til jafns við þá sem hefðu á undanförnum missirum fengið launahækkanir. Ég nenni ekki að fara að rifja upp fyrir hv. þm. Garðari Sigurðssyni sögu fiskverðshækkunar á liðnum árum og ekki heldur fyrir þá hv. þm. Alþfl., sem hér hafa talað í kvöld. Kannske hefði mátt rifja upp nokkur dæmi frá viðreisnarárunum fyrir hv. núv. formann Alþfl. Hefði þar satt að segja verið af ýmsu að taka. Þeir Alþfl.-menn þekkja þetta eins og margt annað, sem er efni í nokkur ævintýri ef sett væri á skrá það sem þá skeði og allt sem þá var gert, þótt öðruvísi sé talað í dag heldur en þá.

Það kom fram hjá hv. 8. landsk. þm., sem beindi nokkrum spurningum til mín og hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, eins og reyndar öllum öðrum þm. sem hér hafa talað í kvöld, að það væri við mikinn vanda í efnahagsmálum að etja og það hefðu komið fram nokkrir valkostir. Hins vegar kom ekki fram hjá neinum þeirra að um væri að velja einhverja frambúðarlausn. Áður en ég kem að því er kannske rétt að koma að þessari undarlegu hugvekju sem hann kom inn á áður en hann stillti mér upp við vegg og fór að leggja spurningar fyrir mig, — þessari undarlegu hugvekju um að afturhaldsöflin í Reykjavík væru farin að eflast og þá sérstaklega í Sjálfstfl., sem m.a. hefði haft það í för með sér, að tveimur af þm. Sjálfstfl., og þar var átt við mig og hv. þm. Guðmund H. Garðarsson, sem værum með uppruna okkar og meginhluta starfs innan íslenskrar launþegahreyfingar, okkur hefði verið skipað til sætis á lista í prófkjöri Sjálfstfl. af þessum sömu afturhaldsöflum. Það er afskaplega fróðlegt að fá að heyra þetta mat þessa hv. þm., sem sjálfsagt á eftir í framtíðinni að mynda ríkisstj. fyrir Alþfl., sem guð forði okkur vonandi frá. En við skulum hafa í huga að það ganga mjög háværar sögur í Reykjavík um að þau hin sömu öfl, sem skipuðu okkur í þessi lágu sæti, hafi m.a. komið hans hv. nýkjörna formanni í sitt sæti hér í Reykjavík, sem hann skipar í dag, og um leið hinum nýja fulltrúa borgaranna, Vilmundi Gylfasyni, í það sæti sem hann mun skipa á þinglistanum í næstu kosningum, þannig að þau virðast eiga víðar innangengt, þessi afturhaldsöfl, heldur en í Framsfl. og Sjálfstfl. hér í Reykjavík. (**SighB:** Telur hv. þm. þetta sennilegt?) Við skulum ekki ræða um hvað ég tel sennilegt, en hins vegar vitum við hvað út úr þessu kom. M.a. kom það, að við héngum á lista, ég og Guðmundur H. Garðarsson, en síðustu tengsl reykvíska Alþfl. á Alþ. í gegnum launþegahreyfinguna — það var skorið á þau í þessu sama prófkjöri hjá Alþfl. (**SighB:** Það er mesti misskilningur. Við eigum fulltrúa —) Ég veit að hv. þm. og hv. formaður Alþfl. telja sig standa föstum fótum í jötu íslenskrar verkalýðshreyfingar, þeir hafa gert það frá fyrstu tíð, enda hafa verkin þeirra sýnt það. Hins vegar hef ég grun um að sárindi þm., sem taka upp þykkju annarra sem utan þings standa, séu m.a. komin til vegna þess að það sé verið að stíga sömu spor og þeir ætluðu sér að stíga, en höfðu ekki þrek eða getu til vegna þess að þeir nutu ekki trausts til þess lengur en raun ber vitni um, og er ég þá að tala um síðustu vinstri stjórn og einstaklinga þar.

Um frv. það til l., sem hér liggur fyrir um ráðstafanir í efnahagsmálum, má segja um 3. gr. frv., sem mönnum hefur orðið til mikilla umr. og útleggínga og fsp., m.a. til mín, að þar sé verið að benda á leið sem geti verið hluti aðgerða að mínu mati — aðeins hluti aðgerða til þess að vinna gegn verðbólguþróuninni í framtíðinni. Um leið og ég svara þessari fsp., sem til mín kom, vil ég segja það, að ég tel að á þessum stað og á þessum tíma hafi þessi tillögugerð ekkert þarna að gera og alls ekki eins og hún er orðuð. Ég hefði talið algert lágmark, að með þessu orðalagi, sem í 3. gr. er, hefði komið fram sú staðreynd, að til viðbótar kæmu ákvæði um niðurgreiðslur vöruverðs, vegna þess að niðurgreiðslur vöruverðs eru óbeinn skattur, neikvæður. Þetta eru tveir hlutir á sama meiði. Og þótt ég óttist ekki að núv. hæstv. ríkisstj. noti sér það að hækka óbeina skatta, eftir að þetta væri orðið að lögum, og um leið að nota það fé, sem þá sparaðist, til þess að greiða niður t.d. landbúnaðarvörur, þá er ekki þar með sagt að það verði ekki aðrir menn við völd eftir næstu kosningar sem gætu beitt þessu. Þess vegna tel ég ákaflega varasamt að vera með þetta eitt sér og hefði talið að það hefði þurft að vera viðtækara. Þar að auki tel ég að það eigi alls ekki að standa á þessum stað. Þetta er kosningastefnumarkmið, að mínu mati, sem tveir stærstu flokkarnir eru sammála um að gera skuli, ekki vegna þess að þeir séu að gefa yfirlýsingu um að þeir ætli að vinna saman eftir kosningar, heldur, eins og þegar hefur komið fram hjá hæstv. forsrh., að þeir séu að undirgangast þá skyldu sína eftir kosningar, verandi stærstu stjórnmálaflokkar þjóðarinnar enn þá og að öllum líkindum eftir kosningar, skulum við vona, — þeir undirgangast þá skyldu hvor um sig eða báðir eða með fleirum að fara þessa eða skyldar leiðir. Og það er enginn vafi á því — það verðum við að viðurkenna — að uppskurður á öllu vísitölukerfinu er nauðsynlegur. En ég er hjartanlega sammála þeim, sem hér hafa talað, um að við eigum ekki að gera það á þennan hátt, að samþykkja það með meiri hl. atkv. hér á Alþ., þegar við þurfum ekki á því að halda og meðan við erum að gera bráðabirgðaráðstafanir til að komast út úr ríkjandi vanda. Persónulega hefði ég óskað eftir að þetta hefði komið sem sérstakur kafli í frv., þetta og fleiri atriði sem hefðu verið stefnumarkandi hjá ríkisstj. og báðir flokkarnir saman eða hvor um sig í næstu kosningum hefðu notað fyrir kjósendur sína og sagt þeim hreinskilnislega að þessa leið vildu þeir fara. Ég get því svarað hv. þm. því, að á móti

þessari 3. gr., eins og hún er í frv., mun ég greiða atkv. Ég mun greiða atkv. gegn 3. gr. Að vísu er komið nokkuð á móti skoðunum mínum í sambandi við niðurgreiðslu vöruverðs í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. og reyndar var það útskýrt af hv. frsm. n., hv. þm. Ólafi G. Einarssyni. En með leyfi forseta segir í þessu nál.:

„Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt, en tekur fram, að rétt sé að fela Kauplagsnefnd að meta sérstaklega þátt niðurgreiðslna í vöruverði, svo og aðra þætti í tengslum við óbeina skatta.“

Þetta er gott, svo langt sem það nær, en ég hefði gjarnan viljað hafa þetta í lagagr. sjálfri.

Þetta var sú fsp. sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lagði fyrir mig. Hann spurði jafnframt, hvort hér væri um yfirlýsingu um samvinnu að ræða. Fyrir mig persónulega get ég líka sagt það, en það má vera að til mín verði ekki leitað um það atriði, vegna þess að ég eigi kannske ekki afturkvæmt á þing eftir næstu kosningar, en alla vega vænti ég þess, að mér auðnist að koma vini mínum Guðmundi H. Garðarssyni inn, og við erum nokkuð sammála í þessu máli, þannig að hann mun þá geta svarað fyrir okkur báða þar um, að við erum ekki reiðubúnir til að lýsa því yfir, að við ætlum að vinna með þessum eða öðrum stjórnmálaflokki að þessum kosningum loknum. Ég geri ekki ráð fyrir að neinn af ráðh. Sjálfstfl. í ríkisstj. hafi nokkurn tíma látið það á sér heyra eða vilji gera það að svo stöddu. Mitt persónulega mat á þessu er það, að ég álít að sá vandi, sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir í efnahagsmálum og reyndar á fleiri sviðum, sé svo geigvænlegur að það þurfi fleiri til en tvo stærstu flokka þjóðarinnar, þótt þeir hafi *mikinn og góðan þingmeirihl.*, það þurfi að fara víðar og á fleiri vígstöðvar til þess að leita að þeim vopnum sem við þurfum að brynja okkur með og brýna til þess að sigrast á verðbólguvandanum. Reyndar er þetta búin að vera skoðun mín frá því að umr. um síðustu stjórnarmyndun fóru fram, og það hefur aldrei verið nein launung hjá mér um þetta.

Hitt er svo annað mál, að vera má að ekki sé geðfellt fyrir ríkisstj., sem vill eiga samstarf og þýður samstarf, að standa og bíða eftir því að menn komi, þótt boðnir séu, sérstaklega þó ekki eftir að þeir skella hurðum á menn þegar boðið er til upplýsinga og viðræðna um ákveðna hluti. Ég er hins vegar því fylgjandi og hef alltaf verið því fylgjandi, að það eigi að reyna til hins ítrasta að ná samkomulagi við þýðingarmikil samtök vinnumarkaðarins og það hljóti að vera til hins betra að reyna það. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því, að það getur komið fyrir og hefur margoft komið fyrir, að slíkar samkomulagsumleitanir hafi ekki borið árangur. Þá verða stjórnvöld að sjálfsögðu að fara þá hina skynsamlegustu leið sem þeir telja. En enginn þarf að segja mér að stjórnarflokkarnir og forustumenn stjórnarflokkanna séu nú, skömmu fyrir kosningar, að gera sér einhvern sérstakan leik að því að stofna til ófriðar við tvenn þýðingarmikil samtök launþega. Ég hef a. m. k. ekki þá þekkingu til að bera, að ég væni neinn ráðh. núv. hæstv. ríkisstj. um neitt slíkt og reyndar engan einstakan þm. í stjórnarliðinu heldur. Og þótt menn tali hér í hita umr. þannig, að helst megi skilja sem hálfgildings hótanir um að ákveðnir þm. ætli að beita sér fyrir utan þings að fastar verði tekið á en ætla mætti að þörf væri á, þá hef ég ekki trú á því, að sú verði raunin á, þó að sumir gætu skilið orð þeirra á þann veg.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til lengri ræðu, enda held ég að ég hafi svarað þeim persónulegu spurningum sem var beint til mín, og ég hef látið koma fram nokkra skoðun á málinu sjálfu. Ég tel að að frágenginni þessari umræddu 3. gr. frv. sé með frv. sjálfu verið að leysa brýnan vanda sem við stöndum frammi fyrir. Ég sakna þess hins vegar í þessu frv., vegna þess að í 3. gr. er nokkur vísir að því að menn vilji líta á sjálft vandamálið, að það skuli þá ekki vera gengið hreinna til verks og jafnvel einum kafla frv. offrað til þess að koma því til hv. kjósenda og þá sérstaklega til þeirra sem þetta varðar hvað mest, sem er íslenzk verkalýðshreyfing, að þeim sé þá boðið að taka þátt í endurskoðun nauðsynlegs uppskurðar á þessu kerfi sem við búum við, enda eiga þessi ákvæði ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Hins vegar má segja að það sé nægur tími til þess, vegna þess að samningar Alþýðusambandsfélaganna renna út á þessu hausti og þá að sjálfsögðu, ef þessi frvgr. verður samþykkt, munu þau félög, sem þá ganga til samninga, taka einmitt þetta ákvæði til umræðu og viðræðna við samningsaðila sína. En þá stendur eftir sá galli, sem hér hefur verið bent á, að samningar BSRB gilda lengur. En ég hef enga trú á, eins og ég sagði áðan, að það sé verið að reyna að eltast við neinn fram yfir annan til þess að valda neinum skaða, sbr. hvað gert var að þessu sinni í sambandi við fiskverð sjómanna, heldur öfugt, að það sé verið að reyna að jafna byrðunum sem jafnast niður. Þá hef ég ekki trú á því, að ef hægt væri að ná samkomulagi við félög Alþýðusambandsins á komandi hausti um skynsamlegar aðgerðir, skynsamlega samninga, þar sem tekið væri tillit til nauðsynlegs uppskurðar á öllu vísitölukerfinu og verðbótakerfinu okkar hér heima, að opinberir starfsmenn mundu verða látnir sitja eftir.

Það er auðvitað ekki hægt að halda því fram — og ég skal láta það vera mín lokaorð, — það er auðvitað ekki hægt að halda því fram með neinum drengskap, að um sé að ræða bein svik ríkisstj. við þessi þýðingarmiklu launþegasamtök þótt til þessara aðgerða þurfi að grípa, eins og allar stjórnir hafa þurft að grípa á undanförnum áratugum. Það er ekki hægt að segja það, hafandi í huga að ríkisstj. varaði við og benti á hvað langt mætti fara og hvað hún treysti sér til þess að ganga í sambandi við þá samninga sem gerðir voru á s. l. ári. Það var margbent á þetta og aðvarað. Og hver segir að hægt hafi verið að stöðva eða gera eitthvað annað betra en gert var á s. l. hausti til að ná samkomulagi við opinbera starfsmenn undir þeirri nauðung, sem óneitanlega er þegar verið er í verkfalli? Ég efa að nokkur annar hefði getað gert það betur eða á annan hátt.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Það er nú kannske ekki beint viðeigandi að standa

upp til þess að vera hér í einhvers konar spurningatíma og svara spurningum þm. sem tala hér þindarlaust og ég vil segja, því miður, ekki alltaf af nægilega mikilli skynsemi um ýmsa þætti þessa máls. En það er nú skylda okkar að svara þeim spurningum sem til okkar er beint.

Ég vil taka það strax fram, að ég er auðvitað hér staddur sem þm. og svara sem slíkur, en ekki sem forustumaður í verkalýðsfélagi. Samkv. öllum lýðræðisvenjum er það auðvitað á valdi þess fólks, sem myndar það félag sem ég er í forustu fyrir, að taka afstöðu til þess máls sem hér um ræðir, með sama hætti og ég geri á grundvelli þess frelsis sem ríkir innan félaganna sem mynda Alþýðusambandið og BSRB, en ekki endilega samkv. vilja forustumannanna og formannanna.

Það væri vissulega ástæða til þess að ræða hér nokkuð í kvöld í sambandi við þessa umr. og yfirleitt í sambandi við þjóðmálaumræður almennt á Íslandi, hvernig komið er fyrir þingræði og lýðræði í landinu og hvernig komið er í sambandi við stéttavaldið í landinu. Á ég þar ekki einfarið við stéttavaldið í verkalýðshreyfingunni, heldur stéttavald almennt. Þá væri ekki síður ófróðlegt að fjalla nokkuð um ríkiskerfið og það mikla vald sem þar er fólgið, — vald sem fáir virðast geta hróflað við, hvort sem hérlendis sitja vinstri eða hægri stjórnir og hvort sem verkalýðsforingjar sitja í ríkisstj. eða ekki. Mér finnst það alltaf vera á sömu bókina lært, að gagnvart ríkiskerfinu og embættismannavaldinu svonefnda fær enginn neinu breytt, og kannske vantar viljann hjá mörgum hv. þm. og jafnvel sumum hverjum sem hér eru staddir í kvöld enn þá. En allt of margir þm. eru farnir, sem hefðu átt að halda út eina nótt til þess að ræða um þessi þýðingarmiklu mál.

Ekki væri vanþörf á því að fá fjórða valdið í þjóðfélaginu, ef ég mætti flokka þetta með einföldum hætti: svokallað flokkavald, prófkjörsvald, flokksstjórnarvald. Þá er eftir það eina, sem mér finnst einhverju máli skipta, sem þyrfti að verja fyrir öllu þessu ofurvaldi, valdi flokkanna, stéttarfélaganna, ríkiskerfisins og hugsanlegri misnotkun á þingræðinu, og það er einstaklingurinn. Það er sjaldan sem talað er um stöðu einstaklingsins í ræðum á hv. þingi. Það er meira talað um það, að menn eigi að beygja sig fyrir stéttavaldinu, úr hvaða átt sem það beinist að hv. þm. Ég segi það fyrir mig og get svarað hv. þm. strax, að ég hef tekið þátt í hluta af stéttavaldinu í 20 ár og hann þarf ekkert að brýna mig í þeim efnum. En ég tel meira um vert að ég reyni að standa sem maður og einstaklingur í þeirri stöðu heldur en sem beygður þræll. Það er betra að vera minnihlutamaður í sínu stéttarfélagi heldur en vera skoðanalaus ræfill og fylgja því sem maður heldur að meiri hl. vilji. En það er líklegast ekki ætlast til þess, að það verði talað við hv. þm. í þessum dúr í þessu máli, heldur átti maður að hlusta á þann boðskap frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að nú skyldu menn vara sig, því að það væri kannske ýmislegt hættulegt á ferðinni utan þingsala sem hv. þm. skyldu átta sig á og beygja sig fyrir og hræðast. En það dugir ekki, því að meðan lýðræði er í landinu og þingræði, þá eru til einstaklingar sem þora að hafa sannfæringu og það jafnvel þó að skoðanir þeirra og túlkun á málefnum hér í hv. þingi komi ekki fram sem skyldi í fjölmiðlum, vegna þess að meginþorri fjölmiðla hefur tileinkað sér afstöðu með þessum eða hinum hluta þess valds sem ég skilgreindi hér lauslega áðan, því miður. En á því þyrfti auðvitað að verða breyting, og sérstaklega þyrfti að verða breyting á því hjá ríkisfjölmiðlum. Þeir ættu nefnilega að taka það upp að virða stöðu einstaklingsins og láta rödd einstaklinga hér á þingi sem annars staðar koma meira fram, en ekki vera að tönnlast sífellt á afstöðu stéttahópa og stéttavalds.

Ég skal ekki þreyta hv. þm. með því að fara nánar út í þetta atriði. En það er vissulega einnar messu virði að ræða það nánar. Hins vegar mun ég í lok ræðu minnar gera grein fyrir afstöðu minni til þess frv., sem hér er til umr. Áður en ég geri það, ætla ég að koma lítillega inn á nokkur atriði hjá hv. þm., sem töluðu hér á undan, vegna þess að í þeim ræðum var farið með svo rangt mál og farið svo ranglega með upplýsingar eða um var að ræða svo mikið þekkingarleysi, að það er ærin ástæða til að leiðrétta nokkuð og upplýsa í þeim atriðum sem hér komu fram.

Ég vil fyrst svara hv. þm. Benedikt Gröndal, formanni Alþfl., þegar hann sagði í ræðu sinni að verkalýðsdeild Sjálfstfl. þegði hér þunnu hljóði, á sama tíma sem verkalýðshreyfingin mótmælir. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að ég fór ekki dult með afstöðu mína þegar hér á föstudagskvöld, þegar 1. umr. fór fram um þetta frv. Að vísu gerði ég það ekki í ræðu, heldur kom blaðamaður hér að máli við mig og leitaði álits hjá mér. Það álit birtist í einu dagblaðanna í Reykjavík á laugardaginn var á forsíðu. Og það fór ekkert á milli mála, hver væri hugur minn til þessa frv. Hins vegar finnst mér ástæðulaust, að þm. séu að mótmæla utan þings frv. sem eru hér í meðförum, áður en þau hafa verið endanlega afgreidd. Þau geta tekið breytingum, og þær breytingar geta orðið með þeim hætti, að það sé ástæðulaust að framkalla mikil mótmæli hjá verkalýðshreyfingunni eða öðrum aðilum sem hlut eiga að máli. Ég vek einnig athygli á því, að ekkert hinna stóru verkalýðsfélaga á Reykjavíkursvæðinu hefur enn birt nein mótmæli í sambandi við þetta frv. Hins vegar hefur miðstjórn Alþýðusambandsins gert það og stjórn BSRB. Og það er boðað til formannaráðstefnu. Það fer ekki á milli mála. Ég hef ekki orðið var við nein mótmæli t. d. frá Verkamannafélaginu Dagsbrún, enda er þar mjög skynsamur maður í formennsku, Eðvarð Sigurðsson, hv. þm., sem nýtur mikillar virðingar innan verkalýðshreyfingarinnar.

Varðandi það, sem hv. þm. Gils Guðmundsson sagði í sambandi við hinn mikla tekjuauka útflutningsatvinnuveganna árið 1976, þá er óhjákvæmilegt að vekja athygli á því, að einmitt á því ári átti sér stað mjög hröð uppskipting á þeim tekjum, sem mynduðust hjá útflutningsatvinnuvegunum, bæði í sambandi við ákvörðun um fiskverð og einnig í sambandi við launahækkanir. Skal ég greina nokkuð frá því, því að menn verða náttúrlega að gera sér grein fyrir því og

skilja það, hvert peningarnir fara. Hvert streyma peningarnir helst vegna aukinna tekna útflutningsatvinnuveganna? Þeir fara í fyrsta lagi í hækkun fiskverðs, í öðru lagi í vinnulaun, og í þriðja lagi og ekki hvað síst hefur verulegt fjármagn bæði á árinu 1976 og 1977 farið í það að borga afborganir og vexti vegna hinnar miklu endurnýjunar á togaraflotanum sem hófst í stórauknum mæli í tíð vinstri stjórnarinnar. Það þarf að greiða niður dýr framleiðslutæki. Þetta gerist ekki af sjálfu sér. Auk þessa hefur verulegum fjármunum verið varið í endurnýjun hraðfrystihúsa og fiskvinnslustöðva, jafnframt því sem aðrir kostnaðarliðir í sambandi við framleiðslu og rekstur útgerðar, eins og olíur og fleira, hafa hækkað stórlega, enda gat hv. þm. Garðar Sigurðsson um það og skýrði það allt mjög greinilega fyrir þm. og hafði góðan skilning á þessum atriðum.

En við skulum líta nokkuð á það, hvernig vísitala aflahlutaverðs fyrir þorskaflann hefur breyst frá því í jan.-maí 1974 og til septemberloka árið 1977 eða til þess dags þegar fiskverð var ekki hækkað á s. l. ári. En áður hefur það hækkað um 13%. Vísitala aflahlutaverðs fyrir þorskafla hefur hækkað úr 100 í jan.-maí 1974 í 277 í júlí—sept. 1977 eða um 177%. Á sama tíma hefur vísitala kauptaxta allra launþega hækkað úr 100 í 268 eða um 168%. Hv. þm. Garðar Sigurðsson benti á það, að gengisfelling gagnvart dollaranum hefði á sama tímabili verið 160%, þannig að það er ákveðin samfylgni í þessum breytingum, annars vegar breytingu aflahlutaverðs og hins vegar vísitölu kauptaxta og gengisbreytingunni. Það þýðir að verulegur hluti þeirra tekna, sem öfluðust umfram, hefur farið í að greiða niður rándýr framleiðslutæki og borga niður annan og hækkaðan framleiðslukostnað. Þetta er mjög einfalt mál.

En það er önnur mynd, sem skýrir auðvitað enn þá betur og undirstrikar, að þessi framleiðslutæki hafa skilað þjóðarbúinu miklum auði. Ef við tökum t. d. vísitölu fiskverðs, skiptaverð frá 1974 til septemberloka 1977, kemur í ljós að skiptaverð þorskafla hefur frá því í ársbyrjun 1974 hækkað um hvorki meira né minna en 224%. Ef allur afli er tekinn á sama tímabili, þorskafli, humar, rækja, hörpudiskur og loðna til bræðslu og frystingar og það samanvegið, kemur í ljós að það er um að ræða 217% hækkun. Við skulum svo líta á, hvaða hækkanir urðu á árinu 1974. Þær hækkanir urðu aðeins 1.8%, ársmeðaltal fyrir þorskaflann, og aðeins 1.5% fyrir allar greinarnar samvegnar, þannig að stökkbeytingin verður frá og með árinu 1975 raunveruleg. Þetta hefði einhvern tíma þótt góður árangur í sambandi við rekstur og uppbyggingu einnar atvinnugreinar. Og ég leyfi mér að fullyrða, að þrátt fyrir allan barlóm hefur aldrei átt sér stað stærri eða meiri stökkbreyting í sjávarútvegi og fiskiðnaði á Íslandi heldur en frá því í ársbyrjun 1975 til dagsins í dag. Þetta er tölulega sannað í þeirri skýrslu sem ég las upp úr og gefin var út í okt. af Þjóðhagsstofnuninni um athugun á afkomu hraðfrystihúsa.

Að öðru leyti vita nú flestallir það, að heildarafkoma þjóðarinnar s. l. þrjú ár hefur verið mjög góð þrátt fyrir verðbólguna. Ég tel þess vegna að ég hafi svarað nokkuð spurningu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar þegar hann spurði: Hvernig hefur tekist að tryggja hag atvinnuveganna? Það hefur tekist þrátt fyrir verðbólguna. Hins vegar er því ekki að neita, að nú er verðbólgan orðin of mikil. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vildi halda fram, að það hafi verið illa staðið að atvinnuvegunum. Ég vil spyrja hann: Er ástand atvinnuvega á Vestfjörðum með þeim hætti núna, að það beri vott um að það hafi ekki gengið vel og að ekki hafi verið vel uppbyggt í sjávarútvegi og fiskiðnaði? Hefur ekki orðið bylting í útgerð og fiskvinnslu á Vestfjörðum á síðustu árum? Ég veit að hv. þm. Karvel Pálmason mundi taka undir þau orð mín og segja að vissulega hefði orðið mikil bylting.

En þá kem ég að öðru atriði sem var mjög athyglisvert í ræðu hv. þm. Sighvats, og það var afstaða hans til litlu fyrirtækjanna. Hann vildi halda því fram, að vegna hins mikla fjölda smáfyrirtækja á Íslandi væri alveg gífurlegt skipulagsleysi í atvinnulífinu. Allt er skipulagsleysinu að kenna, sagði hv. þm. Það þarf að fækka litlu fyrirtækjunum. (**SighB:** Ég sagði smáfyrirtæki í hráefnisvinnslu í fiskiðnaðinum.) Það þarf að fækka smáu fyrirtækjunum í fiskvinnslu, segir hv. þm. Þetta eru hlýjar kveðjur frá þm. Alþfl. til hinna litlu og smáu fiskframleiðenda um allt land, til þeirra sem gera út trillurnar, reka litlu saltfiskstöðvarnar, sem eru með litlu skreiðarhjallana um allt land, sem skipta tugum og hundruðum. Þetta eru hlýjar kveðjur. En þm. eru að reyna að skríða út úr því sem hann sagði um litlu fyrirtækin, enda kannske hollast fyrir hann, því að hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu eru hundruð smáfyrirtækja sem eru þessu þjóðfélagi mjög mikilvæg, einmitt með tilliti til þess, að í þeim felst mikil valddreifing. Það er ekki æskilegt að hafa fyrirtækin allt of fá og allt of stór, ekki á þessum sviðum. (Gripið fram í.) Já, það er æskilegt þegar farið er að keppa við hina stóru úti í heimi. Þá veitir ekki af að fyrirtækin séu stór. En þegar við þurfum að tryggja valddreifingu og ákveðna tekjujöfnun á Íslandi, innanlands, þá er betra að hafa fyrirtækin fleiri og smærri.

Varðandi það sem hv. þm. sagði, að hér væri lægra fiskverð en í nágrannalöndunum, þá vil ég mótmæla því sem rangri fullyrðingu. Því miður er ég ekki með þau plögg hér við höndina sem afsanna þetta. En ég minni á það, að s. l. haust var þessari fullyrðingu haldið fram hér innanlands. Þá var aflað upplýsinga frá Færeyjum um fiskverð og um launagreiðslur, og það var sannað að það væri sambærilegt hérlendis eða svipað og er í Færeyjum. En þrátt fyrir það minnist ég þess, að þegar skýrt var frá þessu í sjónvarpinu, í fréttatíma eða spurningatíma, þá var ítrekuð skreytnin um að hér væri fiskverð lægra en í Færeyjum. Það er velkomið að afhenda hv. þm. þessi plögg hér á morgun, í upphafi þingfundar kl. 2, þá skal ég vera búinn að afla mér þeirra, þannig að hann geti staðfest það sem ég segi. En svona, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði, er ekki hægt að tala á hv. Alþ. Menn verða að segja hlutina eins og þeir eru. Það er ekki hægt að fara með fleipur eða fara rangt með.

Um það atriði, að ríkisstj. sé að koma fram hefndum á launþegahreyfingunni með þessum ráðstöfunum sínum, — ég vona, að ég hafi misskilið hv. þm. (**SighB:** Já, já, það gerðirðu, þú hefur misskilið hvert einasta orð, sem ég sagði.) Það var eins gott. Það hefur kannske allt verið tóm vitleysa sem hv. þm. sagði í sinni ræðu. Þá tekur því ekki að svara ræðunni. En hann sagði það nú samt, því að ég skrifaði það hjá mér, alla vega var hægt að skilja það þannig, að ríkisstj. væri vond og þyrfti að hefna sín á launþegahreyfingunni með einhverjum voðalega vondum ráðstöfunum, eða kannske einhver ráðh. innan ríkisstj. væri að gera þetta af einhverjum klókindum að koma einhverjum atriðum inn í þessar ráðstafanir sem mætti túlka sem hefnd á einhverja ákveðna menn. Ég skildi vel hvað hv. þm. var að fara. Ég held að þetta sé alrangt.

Síðan kom hann að spurningunum og spurði mig og hv. þm. Pétur Sigurðsson að því, hvort við værum samþykkir þeim leiðum sem ríkisstj. hefði valið, en þær eru, eins og vitað er, þannig, að í þeim felst takmörkuð skerðing á verðbótum auk annarra atriða. Ég vil svara því fyrst, að hin svokallaða samdráttarleið, sem hv. þm. virðist leggja áherslu á, er leið sem ég tel ófæra, og yfirleitt allar aðrar leiðir sem stjórnarandstæðingar hafa bent á, vegna þess að þessar leiðir, bæði samdráttarleiðin og niðurfærsluleiðin, mundu stofna atvinnu hundraða, ef ekki þúsunda launþega í hættu, framkalla atvinnuleysi og leiða til stöðvunnar útflutningsatvinnuveganna, og þær hefðu ekki gert kleift að hækka fiskverð, eins og gert var fyrir nokkru, um 13%. Það tel ég mikið atriði og mikilvægt. Það er skoðun mín, að niðurfærsluleiðin og samdráttarleiðin hefðu ekki skilað þeim árangri né fullnægt þeirri meginkröfu verkalýðshreyfingarinnar að tryggja fulla atvinnu í landinu.

Það getur vel verið, að einhverjir hv. þm. treysti á þá sem ég hef stundum viljað kalla hálfgerða blýantangara, sem semja langar og ítarlegar skýrslur. Ég legg ekki afar mikið upp úr skýrslum, hvorki verðbólguskýrslunni né öðrum skýrslum. Ég legg miklu meira upp úr því sem skilar raunhæfum árangri, og þær leiðir, sem hæstv. ríkisstj. er að reyna að fara, skila að mínu mati raunhæfari árangri heldur en þau pappírsgögn segja til um sem liggja fyrir í ítarlegum og löngum skýrslum. Tek ég þar undir orð hv. þm. Garðars Sigurðssonar um það, að skýrslur geta verið allt of margar og oft á tíðum mjög óþarfar.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði töluvert um samstöðu ASÍ og BSRB og sagði einnig að það samfélag þrifist ekki þar sem er styrjöld milli ríkisvalds og verkalýðsstétta. Þetta voru mjög athyglisverð orð: að tala um styrjöld milli ríkisvalds og stétta. Ég lít þannig á, að það sé ekki hægt að einfalda stöðuna eins og hv. þm. gerði, og mér finnst einmitt þessi einföldun af hans hálfu bera vott um það, að hann sé mjög reynslulaus í þeim efnum er lúta að samskiptum manna innan verkalýðshreyfingarinnar eða yfirleitt innan þjóðfélagsins, ef hann heldur að stéttaforingjar geti blásið í lúðra og þá hljóti stéttahreyfingin að snúast alfarið gegn ríkisvaldinu. Svo einfalt er málið ekki. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því, að til eru þeir foringjar í stéttahreyfingunni sem kynnu að svífast einskis ef því er að skipta, þegar þeir eru farnir að tala um að hinn svokallaði siðferðisréttur sé lögum æðri.

Ég get verið sammála hv. þm. um það, að leita beri samkomulags um starfsfrið á sviði félagsmála og efnahagsmála og leysa aðsteðjandi vandamál, svo sem verðbólguvandann, sem hann og fleiri hv. þm. hafa talað hér mikið um.

Ég held að ég hafi ræðu mína ekki lengri, en þó get ég ekki látið hjá líða að koma örlítið inn á eitt atriði sem hv. þm. Garðar Sigurðsson drap á. Mér fannst ræða hans einstaklega athyglisverð og einkennast af ríkri ábyrgðartilfinningu fyrir því vandamáli sem við stöndum frammi fyrir. Hann viðurkenndi að við mikinn vanda væri að etja. Hv. þm. velti því auðvitað fyrir sér, eins og allir skynsamir og góðviljaðir menn hljóta að gera, hvernig stendur á því að við erum alltaf að fara þessar kollsteypur. Ég held að ástæðan sé m. a. sú, að heildareyðslan í þjóðfélaginu, bæði einka- og samneysla, ásamt mikilli fjárfestingu sé meginorsök þess, hvernig komið er fyrir okkur. Ég held að við öll höfum tekið þátt í því að gera of miklar heildarkröfur til þjóðfélagsins og til getu okkar og atvinnuveganna í þeim efnum. Ég held að ég ræði ekki sérstaklega um það atriði í ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar, þegar hann talaði um þann mikla fjölda sem vinnur við þjónustustörf. Hann talaði um að það mætti draga mikið saman á því sviði. Það getur vel verið. En ég vil aðeins vekja athygli hans á því, að af heildarvinnuafli á þessu sviði eru um 60—70% kvenfólk. Framlag þessara kvenna er mjög mikið til þjóðarbúsins. Það væri engin lausn að draga saman með þeim hætti að gera þessar konur atvinnulausar eða atvinnutekjur heimilanna minnkuðu vegna þess.

Herra forseti. Ég skal nú stytta mál mitt og vil að lokum segja eftirfarandi varðandi afstöðu mína til þess frv. sem hér er til meðferðar, og get ég þá væntanlega sleppt því að gera sérstaka grein fyrir atkv. minu umfram það sem ég hef þegar gert, þegar til atkvgr. kemur í lok umr.

Ég er í grundvallaratriðum á móti því, að frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins í kjaramálum sé breytt með lögum. Þau atvik geta þó átt sér stað í efnahags- og atvinnumálum sem gera nauðsynlegt að löggjafinn grípi inn í ákveðin atriði samninga að takmörkuðu leyti. Fjöldi fordæma er fyrir því í sögu Alþingis. Mikil verðbólga hefur hrjáð landsmenn í fjölda ára. Virðist nú mál að linni. Verði ekkert að gert til að reyna að hefta verðbólguna nú horfir til vandræða með ófyrirsjáanlega skaðlegum afleiðingum fyrir þjóðina í heild. Afstaða mín til þeirra aðgerða, sem nú hefur þurft að grípa til í gengismálum og með því frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum sem hér er til afgreiðslu, byggist m. a. á eftirfarandi atriðum:

1. Ég tel að ráðstafanirnar dragi úr verðbólgunni. Það er brýnt og þjóðinni lífsnauðsyn.

2. Þær stuðla að því að tryggja áframhaldandi fulla atvinnu. Það er grundvallarkrafa alls verkalýðs í landinu.

3. Ráðstafanirnar fela í sér ákveðna launajöfnun, þar sem láglaunafólki eru tryggðar hlut-

fallslega hærri verðbætur en hálaunafólki. Vegna eðlis og uppbyggingar svonefndra uppmælingataxta var á þessu stigi ekki unnt að tryggja láglaunafólki fullar verðbætur við ríkjandi aðstæður. Í nánustu framtíð verður að finna leið til þess.

4. Verðbætur eru að vísu nokkuð skertar, en öll önnur ákvæði kjarasamninga halda fullu gildi og koma til framkvæmda svo sem samningar segja til um.

5. Þessar ráðstafanir ásamt gengislækkun eru óumflýjanlegar til að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna.

6. Aðrar skárri eða raunhæfari till. um lausn þeirra vandamála í efnahags- og atvinnumálum, sem landsmenn allir hafa tekið þátt í að framkalla á síðustu árum, eru ekki fyrir hendi.

7. Síðast, en ekki síst, tel ég brýnt að ábyrgðarlausri sýndarmennsku í viðkvæmum málum sé mætt af festu og þær ráðstafanir gerðar sem tryggja atvinnuöryggi og jafnar atvinnutekjur.

Ég mun því samkv. framansögðu greiða frv. því, sem hér er til umr., atkv. mitt, með þeirri undantekningu er lýtur að 3. gr. frv., en þá grein vil ég fella niður m. a. af eftirgreindum ástæðum:

1. Áður en ákvörðun er tekin um breytingar á grundvelli verðbótavísitölunnar þarf að hafa náið samráð við þá aðila sem eiga ríkra hagsmuna að gæta í sambandi við sérhverjar breytingar á núgildandi verðbótakerfi. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hefur það ekki átt sér stað og er þetta ekki bundið aðeins við verkalýðsstéttina.

2. Ef samræmi á að vera í framkvæmd þess að óbeinir skattar hafi ekki áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði kjarasamninga, þurfa niðurgreiðslur á vöruverði að koma inn í myndina þannig að komið sé í veg fyrir hugsanlega misnotkun eða áhrif óbeinna skatta verði tekin út. En þetta vantar í 3. gr. frv.

Síðan vil ég að lokum lýsa því yfir, að ég tel mjög koma til greina að ákveðnir óbeinir skattar hafi ekki áhrif á verðbótavísitölu í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 56. fundur.

Þriðjudaginn 14. febr., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 355, n. 360 og 363, 361). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 361 felld með 25:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG, GÞG.

nei: GSv, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SigurlB, SvH, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, HES, IngJ, IG, GHB, RH.

3 þm. (SV, TÁ, GF) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 26:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, GHB, GSv, LárJ, MB, MÁM, RH.

nei: SighB, SigurlB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG, GÞG, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ.

1 þm. (SV) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurlaug Bjarnadóttir: Virðulegi forseti. Enda þótt í þessu frv. sé góðu heilli tekið verulegt tillit til hinna lægst launuðu og lakast settu í þjóðfélaginu, þá sé ég ekki að það sé eðlilegt og réttlætanlegt að nokkrar verðbætur komi til þeirra launahópa í þjóðfélaginu, þ. á m. alþm., sem á s. l. ári fengu allt að 80% kauphækkun og þar með allt að 20% hærri launahækkun heldur en svaraði til hinna almennu launahækkana í landinu, sem voru gegndarlausar fyrir. Ég styð því frv. að öðru leyti en því, að við 1. gr. segi ég nei.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Fáir þm. voru hér við umr. sl. nótt, þannig að þeir vita varla, hvað hér kom fram í ræðum þm., en þrátt fyrir það vil ég gefa eftirfarandi yfirlýsingu hér við atkvgr.: Ég vil vísa til niðurlagsorða minna í umr. við frv. varðandi afstöðu til einstakra greina frv. og segi já við þessari grein.

2. gr. samþ. með 27:7 atkv.

3. gr. samþ. með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SigurlB, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, GHB, GSv, LárJ, MB, MÁM, RH.

nei: PS, SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG, GHG, GÞG, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ.

1 þm. (SV) fjarstaddur.

4. gr. samþ. með 27:10 atkv.

5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

12.—13. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27:12 atkv.

Neðri deild, 57. fundur.

Þriðjudaginn 14. febr., að loknum 56. fundi.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 355). — 3. umr. (útvarpsumr.).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Fundarhlé til kl. 20.30 að kvöldi.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Umræðan skiptist í tvær umferðir, þannig, að hver þingflokkur fær til umráða 30 mínútur, 15—20 mínútur í þeirri fyrri og 10—15 í þeirri seinni. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Alþb., Framsfl., Alþfl. og SF.

Ræðumenn verða þessir: Af hálfu Sjálfstfl. talar Geir Hallgrímsson forsrh. í fyrri umferð og Matthías Bjarnason sjútvrh. í síðari umferð. Af hálfu Alþb. talar Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl., í fyrri umferð og Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. talar Tómas Árnason, 4. þm. Austurl., í fyrri umferð og Halldór E. Sigurðsson samgrh. í þeirri

síðari. Af hálfu Alþfl. tala Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., og Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm., í fyrri umferð og Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., í síðari umferð. Af hálfu SF talar Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., í fyrri umferð og Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., í síðari umferð.

Nú hefst umr. og tekur fyrstur til máls Geir Hallgrímsson forsrh. og talar af hálfu Sjálfstfl.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Allir stjórnmálaflokkar og talsmenn stærstu hagsmunasamtaka á vinnumarkaðinum eru sammála um nauðsyn sérstakra efnahagsráðstafana til að tryggja rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna og til að hamla gegn verðbólgu. Í sameiginlegu áliti fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stjórnarandstöðuflokkanna í verðbólgunefnd, sem lauk störfum 8. febr. s. l., segir m. a.:

„Um hinn sérstaka vanda útflutningsatvinnuveganna gerum við ekki tillögur hér, þar sem ljóst er að gengislækkun er þegar ákveðin."

Í þessum tilvitnuðu orðum felst viðurkenning á nauðsyn gengislækkunarinnar, enda byggja þessir fulltrúar till. sínar um hliðarráðstafanir á henni og benda ekki á annað úrræði til að leysa vanda atvinnuveganna. Það er því ekki raunverulegur ágreiningur milli ríkisstj. og stjórnarandstöðu um sjálfa nauðsyn gengislækkunar og hliðarráðstafana til að milda áhrif hennar og treysta stöðu atvinnuveganna enn frekar. Einmitt í því skyni hefur ríkisstj. lagt fram það frv. um aðgerðir í efnahagsmálum sem hér er til umræðu.

Valið hefur staðið á milli samdráttarleiðar að afstaðinni 10% gengislækkun annars vegar og málamiðlunarleiðar með 13—15% lækkun gengis og helmingun verðbóta hins vegar. Ríkisstj. valdi síðari kostinn. Kemur þar margt til, ekki síst sú áhersla hennar að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Í málflutningi stjórnarandstæðinga er að því spurt, hvers vegna ríkisstj. hafi ekki valið samdráttarleiðina. Svarið er fólgið í því, að í henni felist hætta á atvinnubresti, henni fylgi veruleg skattahækkun hjá einstaklingum, fjárhag ríkisins væri stefnt í hættu, en það hefði aukna verðbólgu í för með sér.

Tillaga fulltrúa stjórnarandstöðunnar og ASÍ og BSRB er skrumskæld samdráttarleið og ber algeru ábyrgðarleysi vitni, þar sem þeir segjast ekki þurfa að fjalla um vanda útflutningsframleiðslunnar af því að ríkisstj. muni fella gengið. Stefnt er í atvinnuleysi og lagt til að „svindlað" sé á vísitölunni með því að taka milljarða með beinum sköttum og nota andvirðið til þess að lækka vísitöluna með lækkun óbeinna skatta og hækkun niðurgreiðslna í stórum stíl, sem þeir hafa harðlega gagnrýnt áður. Þetta eru því botnlausar till., sem ekki mundu draga úr verðbólgunni. Fjárhagur hins opinbera yrði með miklum halla, því að tekjuöflunin er algerlega óraunhæf, þar sem ætlunin er að ná inn tekjum með óljósum sparnaði og bættri innheimtu hér og þar eða með sköttum á fyrirtæki, sem þó á að heita að verið sé að bjarga.

Í 1. gr. frv. ríkisstj. er lagt til að hamlað verði gegn vixlhækkunum verðlags og launa með því að helminga þá hækkun verðbóta og verðbótaauka sem greiðast eiga á þessu ári umfram verðbótavísitöluna sem tók gildi hinn 1. des. s. l. Í þessu felst, að í stað þess að laun almennt hækki um 10% hinn 1. mars hækka þau um 5%. Við verðum einfaldlega að játa, að með verðbótahækkun launa var stefnt í ógöngur, ef launin ættu upp eftir óbreyttum vísitölureglum á þriggja mánaða fresti. Bretar takmarka launahækkun á ári við 10%. Hvernig getum við staðist 50—70% árlega hækkun launa í krónutölu?

Tillagan í 1. gr. frv. er sett fram á þeim forsendum að í raun sé vilji til að slæva kapphlaup launa og verðlags. Aðalatriðið er ekki krónutala í launaumslaginu, heldur hvernig kaupið nýtist til lengdar.

Markmiðið er að tryggja kaupmáttarstigið 1977 í sessi, en á því ári jókst kaupmáttur launþega um nálægt 9% að meðaltali frá árinu áður, og hefur hann aldrei verið hagstæðari þegar miðað er við meðaltal heilla ára.

Um síðustu áramót var kaupmáttur kauptaxta 6—7% meiri en að meðaltali 1977. Miðað við helmingun verðbóta og hliðarráðstafanir frv. verður þessi kaupmáttur sennilega 3—4% minni á síðasta ársfjórðungi í ár en hann var um áramótin og er þá miðað við, að hálfar verðbætur verði greiddar 1. des. Þarna ber að hafa í huga, að grunnkaupshækkanir launa 1. júní og 1. sept. vega að nokkru upp kaupmáttarrýrnun vegna helmingunar verðbóta. Að meðaltali verður kaupmáttur kauptaxta eftir sem áður nokkru meiri á árinu 1978 en á síðasta ári. Þetta eru því engir afarkostir.

Þegar gengisbreytingin nú og hliðarráðstafanir eru bornar saman við hliðstæðar aðgerðir t. d. hjá vinstri stjórninni vorið 1974 og reyndar aðrar enn fyrr, verður ekki annað sýnt en að hér sé mildilega að farið, enda er nú brugðið á þetta ráð áður en allt er komið í þrot. Nú þegar ytri aðstæður eru einmitt fremur hagstæðar hefði að sönnu verið auðvelt fyrir ríkisstj. að fara undanfærsluleiðina, þ. e. fara undan vandanum í flæmingi til vors, fram yfir kosningar. Hún kaus hins vegar að gera kjósendum hreinskilnislega grein fyrir stöðu mála og nauðsynlegum ráðstöfunum í tæka tíð.

Þrátt fyrir hlemingun verðbóta samkv. 1. gr. frv. er tryggt með ákvæði um lágmarksverðbætur í 2. gr., að þessi frádráttur snerti lítið eða ekki hina tekjulægstu í hópi launþega. Hér er einkum þeir hafðir í huga sem tekjur hafa af reglulegri dagvinnu einni í lágum kauptaxta. Ljóst er að vísu, að vandasamt verður að framkvæma þetta ákvæði. En hér er um mikið sanngirnismál að ræða og nokkur fyrirhöfn til að leysa þennan vanda því eðlileg. Launþegi með 100 þús. kr. mánaðarlaun fær samkv. þessu um 8800 kr. hækkun verðbóta 1. mars n. k. eða hið sama og launþegi með 176 þús. kr. fær samkv. helmingareglu frv.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar verða sett með reglugerð í samráði við launþegasamtök og vinnuveitendur. Þetta ákvæði er framhald þeirrar stefnu að vernda hag hinna lægst launuðu, sem einnig kemur fram í ákvæðum um tryggingabætur, en samkv. þeim skal koma sérstök hækkun á tekjutryggingu og

heimilisuppbót. Á starfstíma þessarar stjórnar hefur einmitt mikið verið í það lagt að bæta þau lágmarkskjör sem almannatryggingakerfið ábyrgist landsmönnum.

Staðreyndin er sú, að aðilum vinnumarkaðarins hefur mistekist að vernda hag hinna lægst launuðu í kjarasamningum. Kjör þeirra hafa hins vegar því miður oft verið notuð í skjóli heildarsamtakanna til að tryggja hinum betur settu hlutfallslega meiri kjarabætur. Í þessu frv. er reynt að bæta hér nokkuð um.

Sé litið til framtíðarinnar felur frv. í sér þá stefnumörkun, að í 3. gr. þess er ákveðið að frá upphafi næsta árs skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði kjaraosamninga, hvorki til hækkunar né lækkunar launa. Rökin fyrir þessari breytingu eru vel kunn og hafa verið ítarlega rædd, bæði af forvígismönnum launþega og vinnuveitenda og á opinberum vettvangi, eins og í stefnuræðu minni haustið 1974.

Í fyrsta lagi eru beinir skattar, eins og tekjuskattur, ekki taldir með í vísitölu. Óbeinir skattar eiga þar ekki fremur heima. Eðlilegt er að löggjafinn eigi frjálst val milli beinna skatta og óbeinna að því marki sem skattlagning er nauðsynleg þjóðfélaginu.

Í öðru lagi er óeðilegt að landsmenn fái kauphækkun þótt óbeinir skattar þurfi að hækka, t. d. vegna bættrar heilbrigðis- og sjúkrahúsaþjónustu, sem ríkið kostar og landsmenn fá ókeypis.

Í þriðja lagi eru menn nú sammála um að beita skuli fjármálum ríkisins til jafnvægis, svo að draga megi úr verðbólgu samkv. hinni gömlu reglu, að á góðum árum skuli safnað til hinna mögru. En það er ekki unnt án verðlagssveiflna meðan skattar eru tengdir vísitölu.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég lít á niðurgreiðslur sem neikvæðan, óbeinan skatt, og það er því eðlilegt og rétt, að kauplagsnefnd meti niðurgreiðslur inn í vísitöluna eins og aðra óbeina skatta.

Í frv. er mörkuð framtíðarstefna í þessu efni. Ákvæðið er þannig ekki beinlínis tengt stundarvanda þjóðarbúsins, en til þess hugsað að bæta launaákvörðunarkerfið til frambúðar. Fyrir þau félög, sem hafa samninga í gildi, mun þetta ákvæði frv. þó eingöngu snerta breytingar á óbeinum sköttum og niðurlgreiðslum eftir áramótin næstu.

Önnur félög, sem hafa samninga lausa fyrir n. k. áramót, munu einfaldlega geta samið út frá þessari almennu reglu.

Það er mikill misskilningur, ef launþegasamtökin telja þessu fyrirkomulagi stefnt gegn hagsmunum launþega. Slíkt kerfi er í gildi t. d. í Danmörku, og þykir þar ekki hallað á launþega.

Flestir þeir, sem ritað hafa og rætt um vísitölukerfið, eru sammála um, án tillits til stjórnmálaskoðana, að nauðsynlegt sé að meiri háttar uppskurður verði á vísitölukerfinu gerður ef stemma á stigu við verðbólgunni.

Í umr. um stefnuræðu mína í haust sagði Gylfi Þ. Gíslason: „Einn af hornsteinum nýs efnahagskerfis þarf að vera að komast út úr vítahring þessa vélræna kerfis. Það sem mestu máli skiptir fyrir launþega, er að þeim sé tryggð réttmæt hlutdeild í vexti þjóðartekna. En hlutdeild launþega í vaxandi þjóðartekjum mætti tryggja með því að tengja laun vísitölu um þróun þjóðartekna."

Sjálfstæðismenn hafa einnig oft bent á þessa leið, en hún er mun viðtækari og róttækari en í frv. er lagt til að farin sé.

Og í blaðagrein 9. febr. s. l. segir Gylfi Þ. Gíslason einnig: „Í næstum 40 ár hefur það kerfi ríkt hér á landi varðandi kaupgjald, að það hefur breyst sjálfkrafa í kjölfar breytinga á vísitölu framfærslukostnaðar." Og enn fremur: „Ekki verður komist hjá að vekja á því athygli, að verðbólgan á Íslandi er jafngömul þessu kerfi."

Eins má minna á orð Lúðvíks Jósepssonar á Alþ. 30. ágúst 1974, þegar hann sagði: „Það þarf að koma í veg fyrir það, að kaupið, eftir einhverjum vísitölureglum eins og þeim sem við höfum búið við, æði upp á eftir verðlagi, því að það kippir vitanlega fótunum undan eðlilegum rekstri eins og nú er ástatt."

Það eru látalæti, ef þessir tveir hv. þm. telja 3. gr. frv. árás á launastéttir. Þeir hafa öðrum fremur bent á skaðsemi núverandi vísitölukerfis. En það er ekki nóg að tala, athafnir verða að fylgja orðum. Og víst er um það, að séu launþegasamtökin reiðubúin að horfast í augu við þennan vanda og benda á raunhæfar úrlausnir, þá mun það skipta miklu máli um framvindu baráttunnar gegn verðbólgunni.

Auðvitað gerir ríkisstj. sér grein fyrir því, að frv. það, sem hér er til umr., er ekki fagnaðarefni. Það er neyðarúrræði að grípa inn í gerða kjarasamninga, en getur þó verið skylda stjórnvalda, eins og nú, til þess að tryggja fulla atvinnu, hamla gegn verðbólgu, vernda kaupmáttinn og styrkja stöðu landsins gagnvart öðrum löndum.

Okkur hefur tekist hér á Íslandi að bægja vofu atvinnuleysis frá dyrum okkar. Í Englandi, Danmörku og Finnlandi eru 8—12% vinnufærra manna atvinnulausir. Hvernig þætti okkur að ganga úr vinnu tíundu hverja viku til að gefa atvinnulausum kost á handtaki, eins og talað er um í Danmörku? Það bryddir á atvinnuleysi í Svíþjóð og Noregi. Gengi er fellt í fyrra og nú í ár á öðrum Norðurlöndum, jafnvel í Noregi, þar sem stuðst er við olíulindir. Aðrar þjóðir eiga við efnahagsvanda að etja eins og við.

Vilja menn skorast undan því nú að gera fullnægjandi, en mildar ráðstafanir til að tryggja atvinnuöryggi? Það verður ekki gert nema snúist sé gegn verðbólgunni. Allir eru sammála um skaðsemi hennar, en þegar grípa á til gagnaðgerða vilja menn kippa að sér hendinni og segja: Bara ekki ég. Aðrir geta tekið að sér það hlutverk að axla byrðina. — En verðbólgan verður ekki hamin nema allir taki höndum saman.

Sagt er að þessar ráðstafanir hafi of lítið að segja í þessum efnum. En á því er munur hvort við, eftir að hafa minnkað verðbólguna frá 1974 um helming á fyrri hluta síðasta árs, sitjum aðgerðalaus, þegar verðbólgan frá upphafi til loka þessa árs verður meira en 36%, eða hvort við leggjum nokkuð á okkur til þess að hún fari niður fyrir 30% aftur, eins og gert er ráð fyrir samkv. frv. Þótt okkur hafi hrakið nokkuð af leið í baráttunni gegn verðbólgunni seinni hluta síðasta árs, þá er mikill munur á því, hvort við

látum hrekjast enn meir eða tökum rétta stefnu á ný, hvort við fjarlægjumst markmiðið eða nálgumst það. Það gerir gæfumuninn.

Saman fer atvinnuöryggi, árangur í baráttunni við verðbólguna og trygging kaupmáttar. Kaupmátturinn hyrfi ef atvinnureksturinn stöðvaðist. Það eru engir afarkostir að búa við sama kaupmátt og bestur hefur verið og leggja um leið með því grundvöll að enn frekari sókn til bættra lífskjara.

Allir hafa verið sammála um það, að erlendar lántökur verði stöðvaðar og létt skuli á greiðslubyrði vegna þeirra. Frv. gerir ráð fyrir því, að viðskiptahalla sé snúið í afgang. Nú reynir á hvort tali manna um hættu af erlendri skuldasöfnun fylgir nokkur alvara.

Þetta frv. leysir auðvitað ekki allan okkar vanda til frambúðar. Í áliti verðbólgunefndar er bent á þætti efnahagsstjórnar sem við verðum að halda áfram að hyggja að og leysa. En við skulum gera okkur grein fyrir því, að án þeirra ráðstafana, sem frv. gerir ráð fyrir, verður ekki unnið að frambúðarlausnum svo að vel fari.

Löngum hefur verið sagt, að stjórnmálamenn þyrðu ekki fyrir kosnnigar að taka afstöðu til eða gera neinar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar væru til þess að bæta þjóðarhag, ef þær hefðu erfiðleika í för með sér. Ríkisstj. hugsar ekki þannig um stundarvinsældir, heldur leggur hún fram till. sínar á þeim tíma þegar hún telur þeirra þörf. Verði brugðist við þessum ráðstöfunum með því að efna til pólitísks hráskinnaleiks, bera þeir, sem að því standa, ekki hag launþega í landinu fyrir brjósti.

Hver einstaklingur verður að gera upp hug sinn og má ekki láta glamuryrði eða æsingar hafa áhrif á sig. Lýðræðið byggist á frjálsri, einstaklingsbundinni skoðanamyndun, og ég er ekki í neinum vafa um að treysta má skynsemi landsmanna til að greina á milli kjarna og hismis, greina á milli þess, sem til heilla horfir, eða ófarnaðar. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Góðir hlustendur. Þá hafið þið heyrt skýringar hæstv. forsrh. á frv. ríkisstj. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Ég hygg að það hafi ekki farið fram hjá neinum, sem á hlýddi, að uppistaðan í máli forsrh. voru afsakanir og viðbárur: Ráðstafanir í efnahagsmálum varð hann að gera til þess að tryggja rekstur atvinnuveganna. Og svo kom tal um það, að ekkert þjóðfélag þyldi 50—70% launahækkun á einu ári og að reynt væri að tryggja hagsmuni láglaunafólks og stefnt væri að því að kaupmáttur launa yrði svipaður og á s.l. ári. Hér er um lélegar skýringar forsrh. að ræða, skýringar sem ekki segja hálfan sannleika og ganga á svig við kjarna þess alvarlega máls sem hér er um að ræða.

Gengislækkunin, sem samþykkt var fyrir fáum dögum og veldur 14.9% hækkun á erlendum gjaldeyri eða um 15% verðhækkun á öllum innfluttum vörum, var aðeins formleg tilkynning um ákvörðun sem ríkisstj. hafði tekið fyrir mörgum mánuðum. Þegar fjárlög fyrir árið 1978 voru til afgreiðslu í desembermánuði var upplýst af forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, að við útreikning á tekjum og gjöldum fjárl. væri reiknað með gengissigi sem næmi 1.5% á mánuði eða 18% á árinu. Gengislækkunarstefnan var valin snemma á árinu, þegar ríkisstj. neitaði aðilum vinnumarkaðarins um að veita svigrúm fyrir óhjákvæmilegum kauphækkunum sem þá voru að ganga yfir. Í stað þess þá að lækka skatta og skapa svigrúm hækkaði ríkisstj. enn skattaálögur með því m.a. að taka í ríkissjóð viðlagasjóðsgjaldið, olíugjaldið, hækka sjúkragjald og halda áfram 18% vörugjaldinu sem þó átti að lækka. 60—70% hækkun kauptaxta í krónum frá upphafi árs til loka þess varð ekki vegna þess að verklýðsfélögin hefðu krafist slíkrar krónutöluhækkunar. Þau sömdu aðeins um 8—9% kaupmáttaraukningu á árinu og um verðtryggingu gegn verðlagshækkunum. Það var verðhækkunarstefna ríkisstj. sem margfaldaði 8—9% kaupmáttaraukningu upp í 60—70% krónutöluhækkun kauptaxta sem nú er verið að tala um, og síðan leiddu allar þessar hækkunarráðstafanir til þess að gengið var fellt.

Það frv., sem hér liggur fyrir um ráðstafanir í efnahagsmálum, felur í sér eitt meginatriði. Öll önnur ákvæði frv. skipta litlu máli. Þetta meginatriði er að ákveða með lögum, að greiddar skulu aðeins hálfar vísitölubætur á laun, og þar með að rjúfa skuli alla þá kjarasamninga sem gerðir voru á s.l. ári. Ákvæði frv. um að dregið skuli nokkuð úr þessari kjaraskerðingu á lægstu launum skiptir sáralitlu máli, því að þar er tekjumarkið sett svo lágt að almennir kjarasamningar gera ekki ráð fyrir svo lágum tekjum. Samkv. ákvæðum frv. er við það miðað, að kaupmáttur meðalkauptaxta verkafólks lækki um 10—12% frá því sem verið hefur í upphafi þessa árs. Þetta þýðir í reynd, að kaup þess verkafólks, sem nú hefur 117 þús. kr. á mánuði fyrir fulla dagvinnu, á, þegar við það hefur bæst venjuleg yfirvinna eða vinnuálag, að lækka að raungildi um 10—12% frá því sem samningar gerðu ráð fyrir.

Þarna lá hundurinn grafinn að dómi ríkisstj. Þarna var að finna skýringuna á efnahagsvanda þjóðarinnar. Vandinn lá þá í því, að fólkið í frystihúsunum og fólkið sem vinnur í iðnaði, að hið vinnandi fólk hafði fengið of mikið í sinn hlut. Þetta hefur alltaf verið skýring íhaldsaflanna á öllum efnahagsvanda. Þetta er skýring atvinnurekenda og þetta er nú skýring Framsóknarforingjanna á þeim vanda sem við er að fást. Nú segja m.a. Framsóknarforingjarnir við bændur landsins, að skera verði niður umsamin kjör bænda um 10—12% eins og laun viðmiðunarstéttanna, vegna þess að laun bóndans eru tengd við laun verkamanna.

Sá vandi, sem við er að fást í íslenskum efnahagsmálum, er vissulega margslunginn. Við honum duga engin íhaldsúrræði. Á valdatíma núv. stjórnar hefur þessi vandi vaxið um allan helming. Hér skulu nefnd nokkur dæmi frá valdaferli stjórnarinnar.

Hún hefur lækkað gengið þrisvar sinnum formlega og auk þess notað gengissig miskunnarlaust. Afleiðingarnar eru að í hennar tíð hefur Bandaríkjadollar hækkað í verði um 156.7% og annar gjaldmiðill enn meir. Þetta þýðir að innfluttar vörur hafa hækkað af þessum ástæðum um

150—170% á rúmum þremur árum. Framfærsluvísitalan hefur hækkað um 214%, en það merkir, að verðlag hefur almennt meira en þrefaldast á stjórnartímanum. Erlendar skuldir hafa vaxið um tugi milljarða á hverju ári og námu orðið 130 milljörðum um síðustu áramót, og enn á að taka 20 milljarða lán á þessu ári samkv. þeim áætlunum sem ríkisstj. hefur sent frá sér. Ríkissjóður hefur verið rekinn með stórtapi þrátt fyrir marga nýja tekjustofna og stórhækkaða skattheimtu. Skuldaaukning ríkisins við Seðlabankann nemur 14 milljörðum í tíð núv. stjórnar. Vaxtagreiðslur ríkisins nema nú á ári samkv. fjárl. um 13 milljörðum kr. Viðskiptahallinn við útlönd reyndist rúmir 9 milljarðar á s. l. ári.

Þetta eru hrikalegar staðreyndir um óstjórnina í efnahagsmálum, ekki síst þegar það er haft í huga, að s. l. tvö ár hafa verið einstaklega hagstæð ár, metafli og síhækkandi verðlag á öllum útflutningsvörum. Afsakanir ríkisstj. á því, hvernig komið er, eru gersamlega haldlausar. Árið 1975 og árið 1976 og hálft árið 1977 fór kaupmáttur launa minnkandi. Þá var ekki hægt að kenna hækkandi kaupi um erfiðleikana og þá voru áhrifin frá erlendri verðhækkun með minnsta móti, en samt geisaði verðbólga hér og náði hámarki á árinu 1975.

Orsakir vandans liggja í rangri stjórnarstefnu. Gengislækkunarstefnan er röng. Verðhækkunarstefnan er röng. Stjórn á ríkisfjármálum hefur verið fráleit. Vaxtahækkunarstefnan hefur magnað vandann. Fjárfestingarstefnan hefur í rauninni verið óstjórn. Hún hefur leitt til tugmilljarða fjárfestingar sem engan arð hefur gefið, en krefst áfram mikilla útgjalda. Krafla er þar sorglegasta dæmið. Grundartangadæmið er þó enn þá vitlausara, enda jafngildir það þremur Kröflum að verðmæti og stefnir í milljóna taprekstur á hverju ári. Eyðslu- og fjársóunarstefnan hefur verið ríkjandi á stjórnarheimilinu. Ljóst dæmi þar um eru kaupin á Víðishúsinu, þar sem stefnt er til útgjalda í gömlum húshjalli fyrir um 700 millj. kr.

Það er athyglisvert í málflutningi þeirra, sem reyna að verja stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, að efnislega vilja þeir ekki ræða um það, sem stjórnin hefur gert, né heldur árangur stefnunnar. Þess í stað grípa þeir til þess ráðs að segja að aðrir hafi gert þetta líka. Þannig geta þeir ekki varið hina hrikalegu skuldasöfnun við útlönd, ekki heldur sífelld rekstrartöp ríkissjóðs, ekki verðbólguna og ekki vaxtaokrið og ekki fjárfestingarafglöpin. Þess í stað segja þeir einvörðungu: Þið hafið líka lækkað gengið, þið hafið líka magnað verðbólguna og þið hafið líka breytt kjarasamningum. — Þessi málflutningur er lágkúrulegur í meira lagi, en auk þess oftast rangur eða villandi. Hámarki nær þessi lágkúra hjá framsóknarmönnum, sem ekki hika við að bera rangar sakir á vinstri stjórnina og þar með á sjálfa sig í þeim tilgangi að reyna að réttlæta þau skammarstrik sem þeir standa nú að í félagi við íhaldið.

Aðgerðir vinstri stjórnarinnar sumarið 1974, þegar vísitölubótum á laun var frestað með brbl. í tvo mánuði, voru gerólíkar þeim ráðstöfunum sem nú er verið að gera. Þá voru niðurgreiðslur stórauknar, verðlagshækkanir, sem áttu að ganga fram, voru stöðvaðar, þannig að launafólk tapaði þá ekki eyri við frestun vísitölubótanna í tvo mánuði. Frestunin þá var óhjákvæmileg vegna þess að þing hafði verið rofið og kosningar fóru fram.

Nú reyndi hæstv. forsrh. í máli sínu hér að láta orð liggja að því, að ég væri á móti verðtryggingu launa. Slíkt er vitanlega hreinn útúrsnúningur á orðum mínum. Það er engin þörf á því að laun æði upp eftir vísitölu, það er rétt. En til þess að það gerist ekki þarf að halda verðlaginu í skefjum, og um það snerust umr. árið 1974. Þá þurfti að gera ráðstafanir til þess að lækka verðlag, það þurfti að gera líka nú. Nú er hins vegar um beint rof ríkisstj. á nýgerðum launasamningum að ræða og um kaupskerðingu sem nemur 10—12% og það í einstöku góðæri.

Hlutur Framsfl. í þessum íhaldsaðgerðum öllum er þáttur út af fyrir sig. Það hefur orðið hlutverk Framsfl. í samstarfinu við íhaldið undanfarin ár að réttlæta sérstaklega mikinn niðurskurð verklegra framkvæmda, eins og niðurskurð til vegamála, niðurskurð til skólamála, niðurskurð til hafnargerða og stórfelldan niðurskurð á framkvæmdafé til atvinnuuppbyggingar, eins og til þess að ljúka við byggingu fiskvinnslustöðva víðs vegar um landið. Á sama tíma hafa Framsóknarþm. hins vegar samþykkt, eftir því sem best verður séð með glöðu geði, stórfelldar fjárveitingar til hafnargerðarinnar á Grundartanga. Til slíkra hafnargerða hafa verið nægir peningar. Framsókn hefur líka samþykkt að fella niður framlög ríkisins til byggingar elliheimila og til rekstrar barnaheimila. Lög um að fella niður slíkan stuðning voru samþykkt þegar landsbyggðin var að hefjast handa um framkvæmdir á þessum sviðum.

Í tíð vinstri stjórnarinnar voru nefskattar til tryggingganna lagðir niður. En nú hefur íhaldið þínt Framsókn til þess að leggja á sérstakt sjúkragjald og það á hina lægst launuðu, þannig að í reynd er nú endurvakið gamla skattgjaldið til sjúkratrygginganna. Hvað hefur Framsfl. gert í samstarfinu við íhaldið til þess að jafna aðstöðumun fólksins úti á landsbyggðinni? Hvað hefur ráðh. Framsóknar gert til þess að jafna símakostnaðinn? Því sem næst ekkert. Enn er raforkuverðið um 50% hærra úti á landi en á Landsvirkjunarsvæðinu. Og hvað hefur verið gert til þess að jafna flutningskostnað? Hreinlega ekkert. Enn er söluskattur lagður á öll flutningsgjöld, og nú hefur Ólafur Jóhannesson, formaður Framsfl., heimilað verslueninni úti á landi að leggja verslunarálagninguna einnig ofan á flutningsgjöldin. Og Ólafur Jóhannesson og þm. Framsóknar hafa líka samþykkt að kröfu íhaldsins að taka meginhluta olíugjaldsins af fólkinu úti á landi, sem átti að fá gjaldið, og ráðstafa því til annarra.

Sífelldur vandi í efnahagsmálum er satt að segja að gera flesta landsmenn gersamlega ruglaða. Efnahagsaðgerðir eru gerðar einu sinni til tvisvar á ári. Gengið er lækkað eða látið síga. Ríkisstj. segist vera í stöðugum átökum við verðbólguna, en samt sækir verðbólgan alltaf á. Kaup er lækkað eða launasamningar rofnir, og allt kemur fyrir ekki. Vextir eru hækkaðir og

látnir elta verðbólguna og þeir eru nú 25—30% algengast. Og vaxtagreiðslur — aðeins vaxtagreiðslur af nýrri íbúð í blokk eru orðnar um 100 þús. kr. á mánuði, ég endurtek: um 100 þús. kr. aðeins í vexti af umsömdum lánum á mánuði fyrir eina íbúð. Og þó er talið að 117 þús. kr. á mánuði í kaup fyrir 8 klst. vinnu á dag fyrir þýðingarmestu störf í þjóðfélaginu séu of hátt kaup. Er nema von að hlutirnir séu farnir að snúast fyrir augum manna?

Við Alþb.-menn segjum að eina leiðin út úr þessu öngþveiti sé að breyta um stjórnarstefnu. Við leggjum til að lögð verði áhersla á aukna framleiðslu. Við getum auðveldlega framleitt meira en við gerum og verðmeiri vörur. En til þess þarf vinnuafl að leita í framleiðslustörf og fjármagni þjóðarinnar verður að beita til framleiðsluaukningar, þveröfugt við það sem nú er gert. Við Alþb.-menn leggjum til að þegar í stað verði gert nokkurt átak til verðlagslækkunar. Um það höfum við gert till. í félagi við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og aðra stjórnarandstöðuflokka. Við leggjum til að fjárfestingarmálin verði þegar í stað sett undir sterka stjórn og þannig reynt að koma í veg fyrir rangar fjárfestingar og óþarfa eyðslu. Við leggjum til að yfirbygging þjóðarbúsins verði minnkuð. Það á að fækka bönkum og stöðva útþenslu í bankakerfinu. Það á að fækka vátryggingarfélögum. Og okkur nægir að hafa aðeins eitt olíudreifingarfélag. Það verður líka að knýja fram sparnað í innflutningsversluninni og draga úr óþörfum milliliðakostnaði. Við leggjum til að rekstur ríkisbúsins verði líka tekinn til rækilegrar endurskoðunar með sparnað í huga, án þess þó að minnka félagslega þjónustu. Við leggjum til að verðlagseftirlitið verði gert virkara og hafi beinlínis hönd í bagga um að vörur séu keyptar til landsins á hagkvæmustu verði. Við Alþb.-menn höfnum erlendri stóriðju og virkjunarframkvæmdum þeirra vegna. Við leggjum áherslu á íslenska atvinnustefnu, á eflingu iðnaðar, ekki aðeins í orði, heldur á borði, á stóaukna framleiðslu úr sjávarafurðum og skynsamlega hagnýtingu þeirra möguleika sem íslenskur landbúnaður býr yfir.

Með því frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., ætlar ríkisstj. að hlaupa frá þeim launasamningum sem hún lét fjmrh. sinn undirrita hátíðlega við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fyrir rétt rúmum þremur mánuðum. Hún ætlar einnig að svíkja það samkomulag sem hún var aðili að við hin almennu verkalýðsfélög og gert var 22. júní í sumar. Ekkert hefur gerst í ytri aðstöðu þjóðarbúsins síðan þessir samningar voru gerðir sem réttlætt gæti þessar aðfarir. Þvert á móti hefur þjóðarframleiðslan orðið meiri en ráð var fyrir gert og þjóðartekjur hækkað meira en reiknað var með við samningsgerðina. Hér er því um siðlausa framkomu að ræða, ábyrgðarleysi og virðingarleysi fyrir því að halda gefin loforð og standa við skuldbindingar sínar.

Öll er framkoma ríkisstj. með eindæmum í þessu máli. Auk þess að rifta samningum og gera ráð fyrir 10—12% raunkaupslækkun leggur hún svo fram till. um að eftir 1. jan. n. k. skuli bæta með vísitölubótum á laun verðlagshækkanir sem verða vegna hækkana á söluskatti, tollum, vörugjaldi, bensínskatti og öðrum óbeinum gjöldum. Ríkisstj. leggur m. ö. o. til að hún fái vald til að geta hækkað verðlag að vild án þess að launafólk fái bætur fyrir. Hún vill fá vald til að geta ógilt kjarasamninga hvenær sem hún telur ástæðu til.

Það þarf engan að undra, að samtök launafólks hafi brugðið hart við gegn þessum fyrirætlunum og þessum árásum á vinnandi fólk. Hér er í rauninni um sjálfan samningsrétt launafólks að ræða. Hér er um það að ræða, hvort hægt eigi að vera að gera bindandi kjarasamninga sem eitthvað gildi hafi. Með frv. þessu hefur ríkisstj. íhalds og Framsóknar sýnt launafólki hvert þessir flokkar stefna í launa- og kjaramálum. Ákvæði 3. gr. frv., sem ekki á að taka gildi fyrr en 1. jan. á næsta ári, gefur vísbendingu um að stjórnarflokkarnir ætla að halda samstarfi sínu áfram eftir kosningar fái þeir til þess umboð. En getur það verið, að þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., fái áfram umboð til að stjórna landinu eftir þá hörmulegu reynslu sem fengin er af stjórn þeirra? Getur það gerst? Svarið við því veltur á launafólki sjálfu sem er mikill meiri hl. kjósenda í landinu. Af reynslu liðins árs í kjarabaráttu og af þeim sönnunargögnum, sem fyrir liggja í þessu frv., verður launafólk að læra. Það hlýtur að sjá að kjarabarátta þess getur ekki farið saman við stuðning við Sjálfstfl. eða Framsfl. Stuðningur við þessa flokka er gersamlega ósamrýmanlegur heiðarlegri og réttlátri kjarabaráttu vinnandi fólks. Mælirinn er fullur. Núv. ríkisstj. stendur frammi fyrir gjaldþroti. Öll hennar ráð hafa reynst óráð. Öll hennar loforð hafa verið svikin. Hún er verðbólgustjórn. Hún er kjaraskerðingarstjórn. Hún er stjórn milliliða og braskara. Hún er stjórn óráðsíu og eyðslu. Hún er stjórn vaxtaokurs, skuldasöfnunar og stjórn lánlausra stórframkvæmda og erlendrar stóriðju. Og nú hefur framkoma hennar leitt til þess, að öllum kjarasamningum verður sagt upp og ný átök hefjast um það sem samningar áttu þó að vera í gildi um.

Af þessari dýrkeyptu reynslu verður þjóðin öll að læra, og í kosningunum á næsta sumri verður launafólk, hvar sem það áður hefur staðið í flokki, að svara fyrir sig og það á þann hátt, að ekki verði misskilið af valdhöfunum. — Góða nótt.

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Góðir hlustendur. Á undanförnum árum hefur verið beint miklu fjármagni í að byggja upp atvinnutæki til lands og sjávar.

Samhliða sigursælli baráttu fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar hefur fiskiskipaflotinn verið efldur og er að allri gerð og búnaði eins og best verður á kosið. Á þessu ári verður að mestu lokið uppbyggingu og endurbótum á frystihúsum og fiskiðjuverum á landsbyggðinni utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins, en verið er að leggja grundvöll að skipulegri uppbyggingu á því svæði, m. a. með þeim ráðstöfunum sem hér eru til umr. Enn fremur ber að leggja kapp á vélvæðingu og hagræðingu annarra greina fiskvinnslunnar.

Í landbúnaði hefur einnig verið stórfelld uppbygging sem gerir fáliðaðri, en atorkusamri

bændastétt kleift að brauðfæða þjóðina með hollum og heilnæmum fæðutegundum. Þjónustu- og framleiðsluiðnaður hefur og verið stórefldur, þ. á m. vaxandi útflutningsiðnaður.

En það er ekki nægilegt að tryggja fulla atvinnu. Það verður einnig að koma til aðstaða, vélvæðing og skipulag til að skila hagkvæmri framleiðslu.

Sem dæmi um árangur þessarar þróttmiklu framleiðslustefnu má nefna, að útflutningsverðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar nam yfir 80 milljarða kr. á s. l. ári. Þá er ástæða til þess að undirstrika að sá mikli árangur hefur náðst í byggðamálum, að búseta landsmanna hefur haldist í eðlilegu jafnvægi s. l. 4 ár, m. a. vegna hinnar miklu atvinnuuppbyggingar. En það er grundvallaratriði til þess, að Íslendingar geti hagnýtt bestu auðlindir sínar, að tryggja lífvænlega byggð um allt landið.

Það er mála sannast, að sjaldan eða aldrei hefur Íslendingum vegnað betur en einmitt nú. Velmegun er mikil og almenn og atvinnuleysi í algjöru lágmarki. Þetta finnur og veit öll þjóðin.

Þrátt fyrir margvíslegan ávinning hefur ekki tekist að halda efnahagslífinu í þeim skorðum sem nauðsyn ber til. Verðbólga er hér miklu meiri en hollt er, og verður, hvað sem tautar og raular, að taka fastar á í þeim málum en gert hefur verið. Það hafa verið gerðar of miklar kröfur til atvinnulífsins og þjóðfélagsins í heild. Þegar til lengdar lætur geta menn ekki lifað um efni fram, þótt slíkt sé mögulegt um stundarsakir. Svokallaðar heildarlausnir í efnahagsmálum eru vafasamar, eins og málum er komið. Við erum of hátt uppi í efnahagsmálum til að geta stokkið niður á trausta jörð í einu stökki án þess að skaða okkur.

Hinn 8. febr. s. l. skilaði svonefnd verðbólgunefnd af sér störfum, en hún var skipuð af ríkisstj. í okt. 1976 og hafði það verksvið að kanna horfur í verðlagsmálum og gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr verðbólgu. Helstu sérfræðingar okkar í efnahagsmálum með hagrannsóknastjóra í broddi fylkingar ásamt fulltrúum stjórnarflokkanna skiluðu sameiginlegu séráliti um þessi málefni. Þeir telja brýna þörf á því, að ákveðnar aðgerðir verði gerðar í efnahagsmálum þegar í stað, og jafnframt sé mikilvægt, að við lausn á hinum aðsteðjandi efnahagsvanda séu farnar leiðir sem leggi grundvöll að bættri efnahagsstefnu á næstu árum. Efnahagsráðstafanir ríkisstj., sem hér er verið að ræða, eru byggðar á þeim meginhugmyndum, sem þessi hluti verðbólgunefndarinnar mælir með.

En hvers vegna eru efnahagsráðstafanirnar nú gerðar? Í sem einföldustu máli er það vegna þess, að innlendur tilkostnaður hefur vaxið meira en svo að útflutningsatvinnuvegirnir fái undir honum risið, þar sem þeir verða að selja afurðir sínar á nokkurn veginn föstu verðlagi erlendis. Ef ekkert væri gert nú mundi verða rekstrarstöðvun í frystihúsunum og verksmiðjunum sem flytja út iðnaðarvörur og þar með stórfellt atvinnuleysi. Verðbólgan mundi einnig æða upp í 35—40% frá upphafi árs til loka þess og viðskipti við útlönd yrðu neikvæð um 4—5 milljarða kr. á þessu ári.

Í meginatriðum er þessum ákveðnu aðgerðum ríkisstj. ætlað að leysa aðsteðjandi háska í efnahagsmálum á þann veg að leggja grundvöll að bættri efnahagsstefnu næstu ára. Staðan gefur ekki svigrúm til valkosta sem eru þægilegastir, en þjóðarhagsmunir krefjast þess, að snúist verði ákveðið og afráttarlaust gegn vaxandi verðbólgu og upplausn í efnahagsmálum. En sá árangur, sem þegar hefur náðst við uppbyggingu og eflingu atvinnulífsins, er svo mikilvægur, að ekki má spilla honum með vægðarlausri styrjöld launa- og hagsmunahópa og hóflausri kröfugerð á hendur atvinnnulífinu og þjóðfélaginu. Meginmálið er að varðveita góð lífskjör.

Í aðalatriðum eru þessar efnahagsráðstafanir fólgnar í 13% gengislækkun til styrktar útflutningsframleiðslunni og fiskiðnaðinum ásamt hliðarráðstöfunum, sem eiga að létta undir með þeim tekjulægri og barnmörgum fjölskyldum. Sérstakur skyldusparnaður er settur á félög og stofnanir og heimild til lækkunar á fjárveitingum fjárl. um einn milljarð kr. til sparnaðar í rekstri ríkisins eða með því að hægja á einhverjum tilteknum framkvæmdum.

Segja má með réttu, að svipaðar efnahagsaðgerðir hafi áður verið gerðar í mismunandi formi. Allir stjórnmálaflokkar hafa t. d. tekið þátt í að lækka gengi og skerða ákvæði gerðra samninga, ef stöðvun atvinnulífsins hefur blasað við.

Það, sem er nýtt í þessum till., er fyrst og fremst ákvæðið um það, að frá og með 1. jan. 1979 skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Auðvitað er þessu nýmæli ætlað að vera bremsa á verðbólguskrúfuganginn þegar til lengdar lætur. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á þessu ári. Hins vegar getur engin ábyrg ríkisstj. miðað gerðir sínar við þann tíma sem hún kann að sitja að völdum. Allt skraf þeirra Alþb.-manna um, að lögfesting þessa ákvæðis jafngildi áframhaldandi stjórnarsamvinnu núv. stjórnarflokka, er gersamlega út í hött.

Mér er ómögulegt að standa frammi fyrir allri þjóðinni og halda því fram, að atvinnu- og efnahagslífið þoli 60—70% launahækkanir almennt á einu einasta ári. Ég læt öðrum slíkt eftir. Hins vegar vil ég tala fyrir eðlilegri launajöfnunarstefnu, sem tryggir þeim lægst launuðu nægilegar tekjur til sæmilegrar lífsafkomu.

Stjórnarandstaðan hefur ekki bent á marktæk úrræði í efnahagsmálum, heldur slegið úr og í og reynir í atkvæðaveiðum sínum að sannfæra menn um að hægt sé að lagfæra það, sem að er, án þess að það komi við nokkurn einasta mann. En það, sem vakið hefur mesta athygli hér í þingsölum, er að málflutningur og viðhorf stjórnarandstæðinga eru mjög mismunandi til úrræða í efnahagsmálum. Nokkur dæmi skulu nefnd þessu til staðfestu.

Gylfi. Þ. Gíslason, talsmaður Alþfl., leggur mikla áherslu á niðurskurð opinberra framkvæmda. Um það segir Lúðvík Jósepsson, talsmaður Alþb., miklu minna, en enginn veit hvað hann hugsar. Gylfi Þ. Gíslason hefur lýst því yfir, að gengislækkun hafi verið óumflýjanleg eins og ástatt er.

Lúðvík Jósepsson fordæmir hins vegar gengislækkun og telur hana ekki koma til greina. Lúðvík

Jósepsson telur það nú hrein fjörráð við launþega að taka óbeina skatta út úr vísitölunni og hefur um það stór orð. Um það atriði sagði Gylfi Þ. Gíslason í þingræðu, sem jafnframt var útvarpað, í nóv. s.l., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Einn af hornsteinum nýs efnahagskerfis þarf að vera að komast út úr vítahring þessa vélræna kerfis. Það, sem mestu máli skiptir fyrir launþega, er að þeim sé tryggð réttmæt hlutdeild í vexti þjóðartekna. En hlutdeild launþega í vaxandi þjóðartekjum mætti tryggja með því að tengja laun vísitölu um þróun þjóðartekna."

Hér kemur fram að Gylfi Þ. Gíslason er í grundvallaratriðum sammála þeirri stefnu að taka óbeina skatta út úr vísitölunni, og meira en það: hann vill, að hlutdeild launþega í vaxandi þjóðartekjum verði tryggð með því að tengja laun þeirra vísitölu um þróun þjóðartekna. Hann vill því einnig taka erlend verðhækkunaráhrif út úr kaupgjaldsvísitölunni. Hér er Lúðvík Jósepsson, eins og nú er ástatt, algerlega á öndverðum meiði varðandi eitt af þeim grundvallaratriðum, sem kom fram í till. ríkisstj. um ný úrræði í efnahagsmálum sem líkleg eru til þess að hægja á verðbólgunni þegar tímar líða. Þá eru þeir félagar einnig á öndverðum meiði í vaxtamálum.

Af þessum dæmum, sem ég hef hér rakið, er ljóst hversu viðhorf stjórnarandstæðinga eru gerólík til þýðingarmikilla þátta efnahagsmálanna og hversu sundraðir þeir eru í málflutningi og ólíklegir til þess að standa saman að raunhæfum úrræðum í efnahagsmálum. Til þess að þjóðin geti sótt fram á við verður að ná jafnvægi í efnahagsmálunum.

Eins og ég gat um áður, hafa orðið miklar og alhliða framfarir í þjóðfélaginu á undanförnum árum, þótt jafnhliða hafi herjað allt of mikil verðbólga, sem veldur stórfelldu misrétti í þjóðfélaginu, mengar siðferðismat borgaranna og magnar lánsfjárkreppu sem sýgur merg og blóð úr atvinnulífinu og hlýtur fyrr en varir að valda atvinnuleysi og efnahagshruni. Verðbólgan er eins og eldsvoði sem brennir upp það besta í efnahagslífi þjóðarinnar, en magnar upp það versta og skilur eftir sig rústir einar, ef ekki er snúist tímanlega gegn vandanum.

Það er ekki ætlunin að skera úr um það í fáum orðum, hverjar séu aðalorsakir verðbólgunnar eða almennra verðlagslækkana. Ég held þó að skýringar sé að leita m.a. í allt of stórum stökkum í launamálum, víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, of miklum framkvæmdum miðað við framkvæmdamátt þjóðarinnar, sveiflukenndum sjávarútvegi, ónógum tækifærum fólks til að ávaxta peninga sína, hallarekstri ríkisins, stefnunni í skattamálum og verðbólguáhrifum umheimsins. En aðalorsökin er e.t.v. skortur á samvinnu sumra þeirra, sem fara með þýðingarmikla þætti efnahagsmálanna, og skilningsskortur á því að halda kröfugerð innan þess ramma sem þjóðfélagsbyggingin og efnahagslífið þolir.

En það er ekki nægilegt að lýsa orsökum og skaðsemi verðbólgunnar. Það þarf að lækna hana. Hér er hægara um að tala en í að komast. Hin brýna nauðsyn á að hægja á verðbólgunni og koma henni niður á það stig, sem er sambærilegt við okkar nágranna- og viðskiptaþjóðir, hlýtur að knýja Íslendinga til athafna í þessum efnum. Það er ákaflega mikilvægt að reyna að skapa almennan skilning á skaðsemi verðbólgunnar. Það er raunar skilyrði fyrir því, að samstaða takist um nauðsynlegar úrbætur. Og eitt er alveg víst: Það er ekki á færi neins eins aðila að kveða niður verðbólguna. Reynslan hefur sýnt, að þörf er á samræmdri stefnu í efnahagsmálum og skipulegu samráði ríkisvaldsins við aðila vinnumarkaðarins.

Ég ætla ekki að nota þennan stutta ræðutíma til að þræta frekar við stjórnarandstæðinga, heldur til að benda á nokkur meginatriði í langtímastefnu í efnahagsmálum sem miða að því að draga úr verðbólgu og auka þjóðartekjur.

Þegar til lengdar lætur ræður það úrslitum um efnahag þjóðarinnar, að hún gernýti auðlindir sínar til þess að bæta lífskjörin. Vinna fólksins í landinu, sem er ein dýrasta eign þjóðarinnar í bráð og lengd, þarf að skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði. Þetta er raunar galdur góðrar afkomu. Að þessu markmiði ber að stefna með skipulögðum hætti. Þá ber almennt að haga heildarframkvæmdum í landinu innan þeirra marka, að nægilegt vinnuafl sé tiltækt og framkvæmdirnar séu fjármagnaðar með eðlilegum hætti. Oft er réttlætanlegt og nauðsynlegt að taka erlend lán til framkvæmda, en gæta verður þess, að heildarafborganir og vextir af erlendum lánum séu innan hæfilegra marka.

Þá vil ég koma að kjaramálunum, sem eru mjög veigamikill þáttur efnahagsmála.

Meðferð kjaramála og kjarabaráttan hefur verið með þeim hætti á undanförnum árum hér á Íslandi, að engin von er til þess að hægt sé að ráða við efnahagsmálin meðan menn beita afli stórra launþegasamtaka á þann hátt sem gert hefur verið. Á þessu þarf að verða breyting. Eins og kunnugt er, eru launin þýðingarmesti þáttur í afkomu manna og hafa auk þess mjög mikil áhrif á rekstrarkostnað atvinnuveganna. Á seinasta ári mun hlutur launþega hafa numið um 73% af hreinum þjóðartekjum. Hér á landi hafa kauptaxtar hækkað margfalt meira í krónum en aukning kaupmáttar. Á árunum 1960—1976 hækkuðu kauptaxtar um 20% á ári að meðaltali, meðan kaupmáttur taxtanna hækkaði aðeins um 2% að meðaltali á sama tíma. Ekki ber þetta vott um glæsilega þróun. Líklegt má telja, að raunveruleg tekjuaukning ASÍ og BSRB-samninganna á s.l. ári nái ekki 10% á þessu ári, þótt heildarhækkun kaupsins í landinu nemi 60—70% í krónutölu frá því í jan. 1977 þar til í jan. 1978.

Þá vaknar spurningin: Eru íslenskir atvinnuvegir í stakk búnir til að greiða slíkar launahækkanir á einu ári? Það þarf raunar engan sérfræðing til að svara þessari spurningu neitandi. Það verður að taka upp nýjar vinnuaðferðir sem tryggja þeim lægst launuðu sómasamleg laun og spenna ekki kröfugerð í launamálum fram úr því sem atvinnulífið þolir. Heildarsamningar um laun verða að fara fram á sama tíma og efla verður alla gagna- og upplýsingasöfnun um

þjóðarhag og kjaraþróun. Þá verður að kveða á um nýja tilhögun verðbóta.

Sjávarútvegurinn er í eðli sínu mjög sveiflukenndur atvinnuvegur. Honum verður sennilega aldrei stjórnað nema að vissu marki. Þar á sér ætíð stað óhjákvæmilegur kostnaður sem verður þó að reyna að halda í lágmarki. Mesta áherslu ber að leggja á hagræðingu vinnslustöðvanna og skapa miklu meira verðmæti úr aflanum en nú er gert. Enn fremur þarf að tryggja öfluga verðjöfnunarsjóði í sjávarútveginum til þess að minnka áhrif verðsveifna á mismunandi verð og afla. Það verður einfaldlega að safna í sarpinn í hagstæðu áferði og nota síðan innstæðurnar til verðjöfnunar þegar þörf er á.

Að lokum ber að gæta þess að beita samræmdri stefnu í peninga- og gengismálum sem tryggir kröfur atvinnulífsins til eðlilegrar afkomu og uppbyggingar. Til frambúðar verður að marka stefnuna í vaxtamálum á þá leið, að fólk fái tækifæri til að ávaxta fé sitt með eðlilegum hætti og á þann veg, að það haldi verðgildi sínu. Hins vegar verður að marka heildarstefnuna í efnahagsmálum á þann veg, að atvinnuvegirnir geti greitt jákvæða vexti.

Hallalaus ríkisbúskapur er eitt af grundvallarskilyrðunum fyrir heilbrigðu efnahagslífi. Ríkissjóður hefur á undanförnum árum þurft að stofna til stórkostlegra skulda í Seðlabankanum til þess að hægt væri að framfylgja fjárl. eins og þau hafa verið samþykkt. Þetta er í raun og veru óhæfa og verður að ráða bót á. Tekjur og gjöld ríkisins verða að standast á. Þá þarf að endurskoða skattalögin og beita meira beinum sköttum en nú er gert. Það minnkar eftirspurnina í þjóðfélaginu og gengur hægar út í verðlagið en óbeinir skattar. Markmið efnahagsstefnunnar á að vera framvinda og framfarir samfara þolanlegri verðþenslu. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., sem nú er á fjórða ári sínu, hefur verið misheppnuð stjórn. Hún kom til valda í frekar erfiðu árferði, en það hefur farið stöðugt batnandi og aldrei verið betra en einmitt nú. Samt hefur stjórn þjóðarbúsins farið í handaskolum. Landið er að sökkva í erlent skuldafen og verðbólgan ríður húsum svo að einstaklingum eða stofnunum er varla vært. 30—50% verðhækkanir á ári hafa þurrkað út síðferðiskennd þjóðarinnar og leitt af sér meira óréttlæti, meiri spillingu, meira sérréttindabrask en þjóðin hefur nokkru sinni kynnst fyrr. Ríkisstj. mun augsýnilega skilja við efnahagsmál okkar í meiri ógöngum en þau voru þegar hún tók við. Þetta er harður, en óhjákvæmilegur dómur.

Það er gömul kenning, að óðaverðbólga leiði til harðstjórnar og einræðis, og eru dæmi þess um alla Suður-Ameríku. En svo fer ekki hér á Íslandi. Samt eru ýmis teikn á lofti um tilhneigingu stjórnvalda til að hrifsa til sín aukið vald. Stjórnkerfi okkar er lýðræðislegt og í því töluverð valddreifing. T. d. er það samkv. lögum og venjum hlutverk hinna ýmsu atvinnustétta að semja sín á milli um skiptingu þjóðartekna, svo sem um kaupgjald, um fiskverð, um verðlagsgrundvöll landbúnaðarvöru. Ríkisvaldið er síðan oddamaður eða sáttasemjari. Hlutverk þess er að hafa yfirumsjón með því, að frjálst samkomulag náist, og greiða fyrir því, en ekki ráða þessum málum með fyrirskipunum úr stjórnarráðinu. Ríkisstj. hefur brugðist þessu hlutverki hrapallega. Það verður að leysa vanda atvinnuveganna, enginn neitar því, og nefnd sérfróðra manna hefur lagt fram hugmyndir um ýmsar leiðir til þess. Þegar ríkisstj. á elleftu stundu loks kallaði á formenn Alþýðusambandsins og BSRB dró hún upp úr pússi sínu allt aðrar till. en n. hafði gert, — till. með harkalegum úrræðum sem leysa eiga vandann fyrst og fremst á kostnað launþega og enn fremur eiga að rjúfa gildandi kjarasamninga, þ. á m. þá sem gerðir voru við sjálfa starfsmenn ríkisins fyrir aðeins þremur mánuðum. Ráðh. lögðu á borðið um leið vanhugsað frv. um vísitölubreytingar, sem getur dregið samningsvaldið frá aðilum vinnumarkaðarins og flutt það til ríkisvaldsins. Það var ekki að undra þótt formenn ASÍ og BSRB stæðu upp og gengju út.

Ef hv. hlustendur þurfa frekar vitnanna við um það, hvert er grundvallarviðhorf t. d. framsóknarmanna, ráðandi stjórnarflokksins, heyrðist það vel af síðustu ræðu sem hér var flutt af Tómasi Árnasyni. Hverjum var verðbólgan að kenna? Launþegasamtökunum, kaupi og kjörum. Þó er hægt að lesa það í skýrslum alþjóðlegra efnahagssamtaka um Ísland, að alþýðusamtökin hafi á árunum 1974—1976, mestallt stjórnartímabilið, sýnt alveg einstaka þolinmæði og langlundargeð, og forsrh. hefur jafnvel viðurkennt þetta í ræðum. En þeir geta ekki rifið sig frá þessari trú, kenna alltaf alþýðu manna og kaupi láglaunafólksins um allan vanda. Það er Framsóknarkenningin um efnahagsmál Íslendinga.

Sú deila, sem nú hefur spunnist um þessi mál, er að einu leyti ólík þeim átökum sem oft hafa orðið um efnahagsráðstafanir. Við erum vön því, að ríkisstj. leggi fram frv. um aðgerðir og stjórnarandstaða láti nægja að gagnrýna. Að þessu sinni hefur stjórnarandstaðan lagt fram sínar till. á móti, og það eru till. byggðar á sjálfri skýrslu verðbólgunefndar, — till. sem færustu sérfræðingar þessarar þjóðar telja að geti leyst núverandi vanda án þess að skerða launasamningana.

Frv. ríkisstj. leggur meira á almenning, minna á fyrirtækin í landinu og skerðir gerða samninga. Till. okkar í stjórnarandstöðunni eru hagstæðari fyrir almenning, leggja nokkru meiri byrðar á fyrirtækin, en skerða ekki gerða samninga.

Þetta er meginmunurinn. Og hvor leiðin sýnist þér, hlustandi góður, að sé vænlegri: að láta hag fólksins ganga fyrir eða hag peningavaldsins í fyrirtækjunum? Á að standa við gerða samninga eða rifta þeim með lagaboði?

Ríkisstj. hefur valið ranga leið og hún hefur spillt stéttafriði sem þjóðinni er nauðsynlegur. Þar að auki hefur hún hótað frekari valdbeitingu síðar með hagstjórnartæki sem vissulega mætti við réttar aðstæður nota, en eins og ríkisstj. leggur það fram er það bein hótun við launþegasamtökin í landinu.

Stjórnarliðar eru vissulega ekki sammála um þetta frekar en svo margt annað. Þar hefur hver höndin verið upp á móti annarri. Þeir hafa

notað dagsbirtuna til þess að rífast innbyrðis, og svo hefur sjálft Alþ. fengið nóttina og þá fyrst hefur stjórnarandstaðan fengið að tala um málið. Er þó varla hægt að segja að margir hafi hlustað, því að meiri hl. af Framsfl. t. d. hefur sofið værum svefni á meðan Alþ. hefur verið að vinna til kl. hálffimm á næturnar. Áhuginn á þessum málum er ekki meiri, enda er málið ósköp einfalt í þeirra augum: Þetta er allt verklýðnum að kenna. Kaupið er of hátt.

Verst af öllu er að efnahagstill. ríkisstj. eru aðeins til bráðabirgða. Þær snerta ekki framtíðarlausn, sem þó er það yfirþyrmandi verkefni sem þjóðin verður að snúa sér að. Verðbólgan er eins og of hár blóðþrýstingur og ýmsir fleiri sjúkdómar. Það þarf að beita meira en einu lyfi til að halda henni niðri. Það verður að gera ráðstafanir á mörgum sviðum samtímis af festu og fórnfýsi, hvað sem þær kosta, og þá fyrst er von um árangur eftir nokkurn tíma. Það er hægt að telja upp langan lista aðgerða í þessu skyni, og það er líka hægt að draga saman nokkur meginatriði þeirrar stefnu sem við verðum að taka upp, og því fyrr því betra. Ég skal hér telja sex meginstefnuatriði sem ég legg áherslu á.

Í fyrsta lagi verður að gera meiri háttar endurbætur á ríkisfjármálunum. Það dugir ekki lengur að safna sífellt skuldum hjá Seðlabankanum eins og ríkisstj. hefur gert. Hún hefur látið bankann prenta 15 milljarða af verðlausum seðlum og síðan notað þá til að greiða ríkisútgjöld. Þetta er olía á eld verðbólgu. Það má draga saman, t. d. með því að endurskoða lögbundin ríkisútgjöld sem eru allt of mikil. Hugsið ykkur, að það er t. d. bundið í lögum og kemur þar af leiðandi í hverjum einustu fjárl., að það skuli veita stórfellda styrki árlega til að auka landbúnaðarframleiðslu, sem auðvitað var á sínum tíma bráðnauðsynlegt, en þetta heldur bara áfram ár eftir ár, þó að offramleiðsla sé í landbúnaði. Mörg fleiri slík dæmi gæti ég nefnt. Það verður að koma skattaumbótum í verk. Núv. ríkisstj. hefur alltaf verið að lofa þeim og alltaf svikið það loforð ár eftir ár. Það verður að afnema skattsvikin, skattahlunnindin og allt það misrétti. Og það á að taka upp núllgrunnsfjárlagagerð, ef ég má nota það orð, spyrja fyrst, hvort fjárveitingin sé nauðsynleg, en ekki, hvað hafi verið veitt í málið í fyrra, og bæta síðan einhverri prósentu við.

Í öðru lagi verður að koma fótum undir verðjöfnunarsjóði útflutningsatvinnuveganna og láta þá gegna hlutverki sínu, safna fé í góðæri til að nota yfir mögru árin. Þetta gengur allt öfugt hjá núv. ríkisstj. Það er borgað út úr sjóðunum í mesta góðæri sem við höfum lifað.

Í þriðja lagi verður að koma skipan á fjárfestingarmálin. Við verðum að hætta að moka milljörðum í óarðbæra fjárfestingu. Það eru fleiri en ein Krafla í landinu, þær eru víða til, mest af þeim þó hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er t. d. ein uppi í Hlíðum, stórt og mikið skrifstofuhús, sem tryggingafélag hefur reist fyrir fé hinna tryggðu, hefur haft það lengi í byggingu, farið sér rólega og stórgrætt á steinsteypunni í þessari eilífu verðbólgu. Skammt þaðan frá er verið að byrja að byggja mesta háhýsi á Íslandi, og þar hygg ég að m. a. sé verið að festa peninga sem láglaunafólkið í Verslunarmannafélaginu á í lífeyrissjóði sínum. Þetta og mýmörg önnur dæmi mætti nefna um fáránlega, ónauðsynlega og óarðbæra fjárfestingu, því að það er miklu meira en nóg verslunar- og skrifstofuhúsnæði á þessu sama svæði. Í stað Kröflustefnunnar verður að koma fastmótuð heildarstefna um útlán og fjárfestingu til að fjarlægja þar með einn versta verðbólguvaldinn.

Í fjórða lagi nefni ég það, að koma verður á eins konar stéttasáttmála, en með því á ég við fast samstarf og samkomulag milli ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins, stöðugar viðræður, ekki bara þegar vandamálin steðja að, mörkun launastefnu sem m. a. á að tryggja eðlilega jöfnun tekna. Þessu hefur ríkisstj. nú forklúðrað á alveg furðulegan hátt, og er það kannske mesta tjónið sem unnið hefur verið með því frv. sem hér er nú til umr.

Í fimmta lagi er kominn tími til að endurskoða velferðarkerfi þjóðarinnar allt frá grunni, og takið eftir því, að það er Alþfl. sem bendir á þessa staðreynd um sitt hjartans mál alveg frá upphafi flokksins. Tryggingakerfi okkar byggist óneitanlega að miklu leyti á 40 ára gömlum aðstæðum, og sjúkratryggingakerfið allt, sem okkur er mjög annt um, er að sprengja af sér öll bönd. En takmark okkar á þessu sviði er óbreytt: að hjálpa þeim sem eru hjálparþurfi, að veita öllum öryggi frá vöggu til grafar og að flytja til tekjur í þjóðfélaginu. En aðferðirnar verða að fylgjast með tímanum.

Í sjötta lagi verður að hefja markvissa baráttu til að styrkja siðferðiskennd þjóðarinnar, þurrka út efnahagsafbrot, allt frá skattsvikum til fjársvika, þurrka út sérréttindi og hyglun kerfisins og gera allt þjóðfélag okkar réttlátara og mannlegra. Þetta er veigamikill þáttur í baráttunni við efnahagsvandann, af því að það eru sannarlega bein tengsl á milli þess, hvers konar viðhorf landsmenn hafa til fjármálanna og hvernig fer í fjármálastjórninni. Ef okkur tekst sókn gegn verðbólgu eftir þessum og öðrum skyldum leiðum er ég sannfærður um að eftir 3—4 ár verður kominn tími til að skipta um mynt, leggja niður verðbólgukrónuna sem flýtur á vatni, en taka upp nýja, verðmeiri og betri krónu. Þegar við getum það verðum við einnig sjálf meiri og betri þjóð.

Þessa dagana fær ríkisstj. vafalaust vilja sínum framgengt hér á Alþ., enda hefur hún ærinn meiri hl. og þrátt fyrir það að stjórnarandstaðan hefur veitt henni hart viðnám. En hún er aðeins að vinna varnarsigur í smáorrustu. Stríðið gegn verðbólgunni og öðrum vandamálum þjóðfélagsins getur enginn unnið nema þjóðin sjálf í kosningunum í vor. — Góða nótt.

Sighvatur Björgvinsson: Hæstv. forseti. Góðir hlustendur. Enn ein kollsteypan blasir nú við í efnahagsmálum. Undir lok fjögurra ára valdaferils ríkisstj. tveggja stærstu stjórnmálaflokka þjóðarinnar stendur hún á barmi hengiflugs. Við blasir 35—40% verðbólga, hrun atvinnuvega og hætta á atvinnuleysi. Okkur er sagt af stjórnvöldum, að nú séu engin önnur ráð en þau gamalkunnu bráðabirgðaúrræði sem landsmenn vita

af reynslunni að engan vanda leysa til frambúðar.

En hvers vegna stöndum við í þessum sporum? Sala á útflutningsafurðum okkar hefur sjaldan gengið betur og verðlag á þeim hefur aldrei verið hærra. Ekki verður aflabresti kennt um ástandið, því að afli hefur verið góður og skapað þjóðinni mikil verðmæti. Landið býr yfir auðlindum, auðugum fiskimiðum og nær ónýttum orkulindum. Fólkið er vinnusamt, engir þegnar í neinu vestrænu ríki a. m. k. leggja jafnhart að sér við vinnu og íslenskir launþegar gera né vinna jafnlangan vinnudag. Þjóðartekjur á mann eru með því hæsta sem gerist.

Fyrst ytri aðstæður eru eins og ég hef hér lýst, hvers vegna stöndum við þá í þessum sporum? Hvers vegna er þá efnahagur þjóðarinnar að bresta og mikilvægustu atvinnuvegir hennar farnir að riða til falls?

Talið er að sjávarútvegurinn sé nú rekinn með 12 000 millj. kr. halla á ári. Liggur sökin hjá íslenskum sjómönnum? Hafa þeir ekki tileinkað sér fullkomnustu tækni til fiskveiða sem þekkist? Skila þessir menn ekki meiri afköstum en dæmi eru til um meðal sjómanna um heim allan, en verða samt sem áður að sætta sig við lægra verð fyrir afla sinn en sjómenn í flestum nálægum löndum. Hafa þessir menn brugðist þjóðinni?

Var það kannske fólkið í fiskverkuninni sem brást? Framsóknarmenn segja það. Fólkið sem þarf að leggja nótt við dag til þess að hafa í sig og á, fólkið sem barðist fyrir því í síðustu kjarasamningum að tryggja sér 100 þús. kr. lágmarkslaun á mánuði — var það þetta fólk sem brást? Eða iðnverkafólkið — fólk sem er á lægri launum en þekkist í nokkru landi á svipuðu verkmenningarstigi að greidd séu fyrir sambærileg störf, en er samt ætlað að framleiða samkeppnishæfar vörur? Eða voru það e. t. v. bændurnir, mesti láglaunahópurinn í láglaunalandinu Íslandi?

Nú er hart sótt að forustumönnum launþegasamtakanna og þeim stjórnmálaflokkum sem veitt hafa verklýðshreyfingunni brautargengi. Alþýðusambandsforustunni úr Alþfl. og Alþb. er kennt um hvernig kjaramálum launþega er komið, þar eð þessi öfl hafi ekki náð árangri í forustu fyrir íslenskri verklýðshreyfingu. En hverjir hafa verið í forsvari um kjaramál bænda? Ekki hafa það verið vondu mennirnir í Alþýðusambandinu eða verkalýðsflokkunum. Þar hafa stærstu flokkar þjóðarinnar, Sjálfstfl. og Framsfl., skipst á, og þessir sömu flokkar hafa einnig ráðið framleiðslustefnunni í landbúnaði, lánastefnunni, fjárfestingarstefnunni, sem sé allri stefnumörkun í atvinnugreininni og í kjaramálum bænda. Og hver er árangurinn? Hann er sá, að bændur eru rétt rúmlega hálfdrættingar á við aðrar stéttir. Þeir eru mesta láglaunastétt landsins.

Íslenskir launþegar og samtök þeirra fara ekki með stjórn þessa lands. Það er ekki sök sjómanna, verkafólks, bænda eða annarra launþega hvernig komið er. Veldur hver á heldur, segir máltækið. Það er ríkisstj. landsins sem á heldur. Það er hún sem veldur. Það er hennar sök að fjárfestingin hefur verið stjórnlaus með öllu. Það er hún sem hefur stjórnað með þeim hætti, að erlendar skuldir þjóðarinnar nema nú yfir 600 þús. kr. á hvert mannsbarn, viðskiptahalli nálgast tíunda milljarðatuginn, verðbólga er á bilinu 30—40%, ríkissjóður er rekinn með halla, skuld hans við Seðlabanka hefur aldrei verið meiri, nýjar skattaálögur nema 17 000 millj. kr. aðeins á yfirstandandi ári, atvinnuvegum landsmanna er að blæða út og Ísland orðið mesta láglaunasvæði í Vestur-Evrópu. Efnahagsúrræðin, sem deilt er um, eru nauðvörn, örþrifaráð, sem rædd eru við kreppuaðstæður sem skapast hafa. Og hver ber ábyrgðina? Þeir sem stjórnað hafa landinu. Örþrifaráðin eru örþrifaráð gegn stefnu þeirra. Nauðvörnin er nauðvörn gegn aðgerðum þeirra.

Í margar vikur hefur nefnd sérfræðinga, fulltrúa vinnumarkaðarins og fulltrúa stjórnmálaflokkanna, unnið að könnun verðbólguvandans og leit að valkostum. Einn valkosturinn gekk út frá því, að grundvöllur kjarasamninga væri ekki skertur. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. og fulltrúar launþegasamtakanna lögðu til að sú leið yrði valin, og þeir síðarnefndu buðust til að eiga viðræður við ríkisstj. á þeim grundvelli. Því boði var hafnað. En ríkisstj. hafnaði einnig till. sinna eigin manna og sérfræðinga sinna í verðbólgunefndinni. Hún kastaði þess í stað sjálf fram á elleftu stundu öðrum hugmyndum sem voru sumar með öllu óræddar og fólu það m. a. í sér, að í fyrsta sinn í sögunni á að gera með valdbeitingu breytingu á grundvelli vísitölunnar, án þess að um það mál hafi verið rætt við verkalýðshreyfinguna. Slíkt hefur aldrei áður gerst. Í grein í Morgunblaðinu í morgun nefnir Halldór Elíasson prófessor þessa aðferð dæmalausa valdbeitingu og segir að sig hreinlega vanti lýsingarorð til þess að lýsa slíku framferði. Þrátt fyrir sókn afturhaldsaflanna í Sjálfstfl. að undanförnu hefur flokkurinn þó enn þau tengsl við verkalýðshreyfinguna, að hann á að vita um hvílíka ögrun við hana hér er um að ræða, enda er flokkurinn klofinn í málinu. Tveir þm. hans neita að greiða aðförinni atkv. En hinn stjórnarflokkurinn, Framsfl., hefur aldrei haft nein afskipti af verkalýðsmálum, hefur engan skilning á hlutverki verkalýðshreyfingar og engan áhuga á samskiptum eða samvinnu við launþegasamtökin. Ráðh. Framsfl. hafa viljað láta kné fylgja kviði í þessu máli. Þeir hafa viljað sýna vald sitt valdsins vegna, viljað sýna samtökum 60 þús. launamanna í landinu að þeir kærðu sig kollótta um hvorum megin hryggjar þessi samtök lægju. Þeir hafa malað niður þá mótstöðu sem kann að hafa verið fyrir slíku innan Sjálfstfl. Framsóknarbrennimarkið er á allri þessari ráðagerð.

Góðir hlustendur. Ég óttast að með frumkvæði sínu í þá átt að leggja niður vinnubrögð sem siðuðum og sáttfúsum mönnum sæmir, en taka upp þau vinnubrögð sem kennd eru við frumskógalögmálin, þar sem öll brögð eru leyfð, — ég óttast að með frumkvæði í þessa átt hafi ríkisstj. lagt út á braut sem enginn sér fyrir endann á eða veit hvert liggur. Mig óar við því sem á eftir getur fylgt. Þetta er ekki hótun. Þetta er ekki illspá byggð á ósk um hrakför

sýnu verri. Þvert á móti, ég er aðeins að orða ugg sem býr með mér og mörgum öðrum um hvert stefnir. Ég hvet réttsýna og rólynda menn til þess að gera sér grein fyrir þeim hættum, sem því þjóðfélagi er búið þar sem kynt er undir stéttaátökum og boðið til stéttastríðs með þeim hætti sem ríkisstj. hefur nú gert. Við kringumstæður eins og nú eru í landi voru verða stjórnvöld að búa yfir þeim hæfileika að geta laðað til samstarfs við sig öll þau margvíslegu öfl í þjóðfélaginu sem ráða úrslitum um, eftir hvaða farvegi framvindan í efnahags- og þjóðfélagsmálum fellur. Nú er ljóst að hæstv. ríkisstj. býr ekki yfir slíkum hæfileikum. Eftir síðustu atburði er það borin von. Því fyrr sem slík ríkisstj. fer frá, boðar til nýrra kosninga og gefur þjóðinni tækifæri til þess að virkja afl sitt til sameiginlegs átaks í stað sundrungar og stéttastríðs, því betra. Ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. getur gert landslýð einn stóran greiða. Hún getur farið frá.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Góðir hlustendur. Síðast þegar útvarpað var umr. úr þessum sal var textinn stefnuræða forsrh. í upphafi þings. Í framlagi mínu í þær umr. var lögð áhersla á að í stefnuræðunni, sem forsrh. flutti fyrir hönd ríkisstj. sinnar, væri það ekki markverðast sem mestu máli væri eytt á, — viðleitni til að sýna feril ríkisstj. og horfurnar fram undan í sem hagstæðustu ljósi væri í rauninni ekki annað en umbúðir um kjarna sem væri allt annars eðlis. Þessi kjarni í boðskap ríkisstj. í haust fólst í þrem stuttum setningum þess efnis, að svo gæti farið að forsendur stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum reyndust fallvaltar og þá yrði að grípa til öflugra ráðstafana.

Nú er það komið rækilega á daginn, að þessi stuttaralegi fyrirvari fyrir tilraun forsrh. til að túlka óhappaferil ríkisstj. í efnahagsmálum sem afrekaskrá hefur reynst þyngri á metum en allt annað í stefnuræðunni. Ráðstafanirnar í efnahagsmálum, sem þar tóku ekki nema hálfa setningu, eru orðnar þungamiðjan í löggjafarstarfi ríkisstjórnar meirihl. á þessu þingi. Fyrirheitin um endurbætur á kosningalögum, endurskoðun óviðunandi skattalaga, frv. að nýjum framleiðsluráðslögum til að losa landbúnaðinn úr úlfakreppu og tillögur um nýtt verðmyndunarkerfi í stað þess, sem verðlaunar óhagkvæm innkaup, eru grafin og gleymd í ruslakistu ríkisstj. Málin, sem hér voru talin, hafa úrslitaþýðingu fyrir jafnan rétt og hag landsmanna, en ríkisstj. virðist staðráðin í að leiða þau hjá sér, þvert ofan í gefin loforð. Nú snýst allt hjá henni um önnur efni sem koma fram í samþjöppuðu formi í frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum sem hér er til umr.

Ríkisstj. hóf feril sinn með tveim gengislækkunum á einu missiri. Nú framkvæmir hún þriðju gengislækkunina í lok valdaferils síns. Í framhaldi af lækkun gengisins leggur hún svo fyrir Alþ. frv. sem nú er rætt, þar sem kveðið er á um ógildingu verðbótaákvæða allra kjarasamninga og helmingslækkun þeirra verðbóta á laun sem samið var um á síðari hluta árs fyrir þorra launafólks. Þ. á m. er samningur sem ríkisstj. gerði sjálf með beinni þátttöku ráðh. við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Einnig hyggst ríkisstj. gera gangskör að því að breyta grundvelli vísitölukerfisins með því að nema úr grundvelli verðbótavísitölu alla óbeina skatta, svo sem söluskatt, hvers konar aðflutningsgjöld og bensínskatt. Þetta er meginefni frv. ríkisstj. Að hliðarráðstöfunum, sem fylgja, verður vikið síðar eftir því sem tilefni gefst.

Ríkisstj. lagði á það megináherslu, að áður en hún legði fram efnahagsmálafrv. sitt lyki störfum verðbólgunefnd, sem hún setti á laggirnar í hittiðfyrra og átti samkv. erindisbréfi að hafa skilað áliti fyrir réttu ári. N. skipuðu fulltrúar stjórnmálaflokka og stéttasamtaka auk embættismanna. Ekki fór dult, að síðustu mánuðina, sem n. starfaði, var að undarlagi ríkisstj. tekið sérstakt mið af því í störfum hennar, að ríkisstj. var að undarbúa aðgerðir í efnahagsmálum.

Sú varð líka raunin á, þegar leiðir skildi í lokin með nm., að mismunandi till. nefndarhluta snerust einkum um aðgerðir í efnahagsmálum á líðandi stund. Stærsta nefndarhlutann, sem skilaði sameiginlegu áliti, skipuðu fulltrúar stjórnarflokkanna og tveir embættismenn, þeir Jón Sigurðsson hagrannsóknastjóri, formaður n., og Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, en af hálfu stjórnarflokkanna sjálfra voru heldur engir aukvisar í verðbólgunefndinni. Úr þingliði stjórnarflokkanna sátu þar formenn fjh.- og viðskn. beggja deilda Alþ., fyrir Sjálfstfl. Ólafur G. Einarsson með Jónas Haralz landsbankastjóra sér við hlið og frá Framsfl. Halldór Ásgrímsson, sem hafði sér til fulltingis upprennandi stjörnu þeirra framsóknarmanna, Guðmund G. Þórarinsson, sem nýbúinn er að vinna það sér til ágætis í prófkjöri hér í Reykjavík að fella frá þingmennsku formann þingflokks Framsfl.

Í nál. sínu leggja þessir sexmenningar eindregið til, að í efnahagsráðstöfunum, sem á döfinni séu, verði tekinn sá kostur af þeim mörgu, sem raktir eru í gögnum verðbólgunefndar, sem þar er auðkenndur með tölustafnum 5 og bókstafnum B. Í kostum þessum er gerð grein fyrir hugsanlegum ráðstöfunum á fjölda sviða, svo sem í ríkisfjármálum, lánamálum, launamálum, gengisskráningu og verðlagsmálum. Kostirnir, sem raktir eru, og afbrigði þeirra eru í rauninni 6 talsins og má geta þess til glöggvunar, að í launamálum spanna þeir bilið frá því að ekki sé hróflað við kjarasamningum yfir í það, að slegið sé með lagasetningu striki yfir öll óframkomin hækkunaráhrif kjarasamninga á laun, jöfnum höndum grunnkaupshækkanir og verðbætur.

Í máli eins og þessu, þar sem um það er að ræða að hafa áhrif á hagkerfi þjóðarinnar í heild, móta afkomuskilyrði jafnt einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila, verður að krefjast þess, að skipulag og markviss vinnubrögð séu viðhöfð. Hefði þess verið gætt af hálfu ríkisstj. og þingliðs hennar, hefði hægri höndin vitað hvað hin vinstri gerði, mundi hafa ríkt samræmi milli álits fulltrúa stjórnarflokkanna í verðbólgunefnd og tillöguflutnings ríkisstj. hér á þingi. Ég sagði: samræmi, við algerri samhljóðan í hverju atriði var ekki að búast. En það er öðru nær en að samanburður á áliti fulltrúa stjórnarflokkanna í verðbólgunefnd og frv., sem

fyrir liggur hér í d., beri vott um rækilegan og vandlegan hugsaðan málatilbúnað af ríkisstj. hálfu. Þar er um að ræða slíkt misræmi og svo veigamikil frávik, að ljóst er að við ákvarðanatöku í stjórnarflokkum og ríkisstj. hefur ekki verið um að ræða heildarafgreiðslu á samræmdum og samstæðum aðgerðum að því er tekur til mismunandi sviða þjóðarbúskaparins, heldur hefur hver höndin verið upp á móti annarri og tilviljun ein ráðið því, hvað ofan á varð í hverju atriði um sig.

Af nógum dæmum er að taka til að finna þessum orðum stað. Leið 5 B í áliti verðbólgunefndar, sem fulltrúar stjórnarflokkanna í n. gerði að sinni till., gerði t. a. m. ráð fyrir að milda áhrif helmingslækkunar verðbóta á laun með því m. a. að ríkissjóður legði af mörkum 5 milljarða 140 millj. kr. til lækkunar á vöruverði. Gerir leið 5 B ráð fyrir að þessu sé komið í kring með tvennum hætti: með því að auka framlag ríkissjóðs til að greiða niður verð á landbúnaðarafurðum um 1900 millj. kr. og lækka hið sérstaka vörugjald um helming, úr 18% í 9% út árið. Auk beinna áhrifa slíkra aðgerða til lækkunar vöruverðs átti með þessu að vinna tvennt í leiðinni: greiða fyrir sölu á búvörum með niðurgreiðsluhækkuninni og ganga svo rösklega til verks gagnvart sérstaka vörugjaldinu, að auðvelt ætti að vera að fella það niður algerlega að árinu liðnu, en öllum ber saman um að það sé með hæði óheppilegum og ósanngjörnum hætti á lagt. Í báðum þessum atriðum er í frv. ríkisstj. hopað stórlega frá till. fulltrúa stjórnarfl. í verðbólgunefnd. Niðurgreiðslur eiga ekki að aukast nema um 1300 millj. í stað 1900 millj. kr., og í stað þess að helminga sérstaka vörugjaldið er rétt nartað í það, lækkunin nemur einungis 2%, úr 18% í 16%. Heildarniðurstaðan af þessu atriði er sú, að með þessu tvennu móti leggur ríkisstj. aðeins fram úr ríkissjóði til lækkunar vöruverðs rúma 2 milljarða kr., nákvæmlega til tekið 2020 millj. kr., í stað ríflegra 5 milljarða, 5140 millj., sem fulltrúar stjórnarflokkanna í verðbólgunefnd lögðu til. Framlag þetta til lækkunar á vöruverði er þannig skert um rúmlega ⅝ frá því sem samræmd heildartillaga gerði ráð fyrir.

Hliðstæðu máli gegnir um annan höfuðbátt tillögu 5 B: lækkun á útgjaldaliðum ríkissjóðs frá því sem til þeirra er veitt á fjárlögum. Gert var ráð fyrir í leið 5 B, sem fulltrúar stjórnarflokkanna í verðbólgunefnd gerðu að sinni till., að fram færi niðurskurður á fjárl. sem næmi 2 milljörðum kr. Í stað þess að setja ákveðin fyrirmæli um slíka lækkun í frv. sitt hefur ríkisstj. valið hann kost að setja í 12. gr. þess heimild til lækkunar um helmingi lægri upphæð, 1 milljarð. En til þess að sýna einhvern lit á frekari sparnaðarviðleitni, a. m. k. í orði, hefur ríkisstj. sett í grg. með frv. sínu afar mjósleginn áðrátt, sem ber með sér að hann er til kominn eftir langa togstreitu og harða og hljóðar svo í öllu sínu umkomuleysi, með leyfi hæstv. forseta: „Auk þess verður unnið að því á næstunni að leita leiða til að fresta framkvæmdum, sem fjármagnaðar eru með erlendum lántökum, um a. m. k. 1000 millj. kr.“ Það er sem sé ætlunin að vinna að því að leita leiða. Svona margfaldur fyrirvari og það í grg. einvörðungu gefur til kynna að í þessu efni verði ekkert gert og þeim, sem settu orðin svona saman, sé það mætavel ljóst.

Auk þessara veigamiklu frávika frá tillögum stjórnarflokkanna í verðbólgunefnd um atriði, sem þó gætir í margnefndri leið 5 B og frv., eru sum þýðingarmestu ákvæði frv. algerlega án tengsla við það sem sett var fram í áliti nm. Ákvæði 2. gr. frv. um minni skerðingu á verðbótavísitölu láglauna en annarra launaflokka eru skyldari því afbrigði fimmtu leiðar, sem auðkennt er með bókstafnum A, en afbrigði B. Svo afkáralega hefur tekist til við frv.-gerðina, að þótt ákvæði 2. gr. um sérstaka meðferð á verðbótum til að gera hlut þeirra lægst launuðu skárri en annarra sé það frv.-ákvæðið sem allir telja til bóta, hvort sem þeir eru mótfallnir eða fylgjandi málinu í heild, þá liggur fyrir að ekki einu sinni frv.-smiðirnir og flm. þess hafa treyst sér til að skýra frá hvernig eigi að framkvæma frv.-gr. Hér er ekki tóm til að rekja þessa flækju til neinnar hlítar, aðeins taka fram, að við ákvörðun á því, hvort launþegi skal komast í þann hóp, sem fær yfir helming umsaminna verðbóta, er enga viðmiðun unnt að hafa af kauptaxta, heldur kemur til álita hve miklar verðbætur hans eru orðnar á dagvinnutekjur, yfirvinnutekjur, ákvæðistekjur og álagsvinnutekjur hverjar um sig. Ríkisstj. segist ætla að setja reglugerð um framkvæmdina, en ekki er vitað til að neinn hafi getað sýnt fram á hvernig sú reglugerð geti litið út þannig að hún nái tilgangi sínum.

Þá er ótalið það ákvæði frv., sem hvergi örlar á í leiðunum sex sem verðbólgunefnd fékk til skoðunar. Það er fyrirmæli 3. gr. um að frá og með næstu áramótum skuli óbeinir skattar engin áhrif hafa á verðbótavísitölu né verðbótaákvæði kjarasamninga. Hér er um mikla og afdrifaríka kerfisbreytingu að ræða. Frá því vísitölufyrirkomulag um framreikning launakjara var fyrst tekið upp hér á landi hafa óbeinir skattar verið innifaldir í þeim vísitölugrundvelli sem skammtað hefur vísitölubætur á laun. Eftir að söluskattur hækkaði svo sem raun hefur á orðið og er nú fimmti hluti af grunnverði vöru og þjónustu, hefur því æ oftar verið hreyft, að óeðlilegt sé af ýmsum ástæðum að óbeinir skattar hafi full áhrif á vísitölubótaverð á laun, en beinir skattar alls engin áhrif. Bent hefur verið á, að Danir til að mynda telja ekki óbeina skatta með í grundvelli kaupgjaldsvísitölu sinnar. En þá er þess að gæta, að í Danmörku kemur það á móti, að niðurgreiðslur á vöruverði koma ekki heldur við sögu við útreikning kaupgjaldsvísitölu. Ástæðan er sú, að væru niðurgreiðslur inni í vísitölugrundvellinum, en óbeinir skattar ekki, væri hægt að leika hann leik að hækka óbeina skatta beinlínis til að verja tekjunum til niðurgreiðslna, þannig að neysluskattur fengi tvöföld áhrif til að halda niðri kaupgjaldsvísitölu, og má líkja slíku fyrirkomulagi við svikamyllu í tafli.

Eins og 3. gr. frv. er úr garði gerð, er ekkert því til fyrirstöðu, að svona yrði hægt að fara að eftir að ákvæði hennar væru komin til framkvæmda. Ekki skal því haldið fram, að sá sé ásetningur höfundar frv., heldur bendir það, sem

gerðist í meðförum þess hjá fjh.- og viðskn., til að hér sé um að ræða hróplegasta dæmið af öllum um lélegan undirbúning málsins af ríkisstj. hálfu. Allir fulltrúar stjórnarflokkanna með tölu í fjh.- og viðskn. viðurkenna sem sé í nál. sínu, að ekki sé í rauninni unnt að taka óbeinu skattana út úr vísitölugrundvellinum nema um leið sé tekin afstaða til þess, hversu farið skuli með niðurgreiðslur vöruverðs í því kerfi.

En af einhverjum óskiljanlegum ástæðum hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í n. ekki þann hátt á, sem eðlilegastur hefði verið, að flytja brtt. við 3. gr. um þetta efni. Þeir láta sér nægja fróma ósk í nál. um að þeir telji rétt að fela kauplagsnefnd að meta sérstaklega þátt niðurgreiðslna í vöruverði í tengslum við óbeina skatta. Sú afgreiðsla málsins er allsendis ófullnægjandi, hvernig sem á er litið, en sýnir ljóslega í hvaða klípu stjórnarliðið hefur sett sig með óvönduðum vinnubrögðum.

Hæstv. forseti. Góðir hlustendur. Mér er ljóst að í umr. sem þessum er fátt leiðigjarnara en að heyra hvern ræðumann af öðrum koma að hljóðnemanum og segja sömu eða svipaða hluti með mismunandi orðum og áherslum. Því hef ég kosið að láta hjá líða almennt yfirlit um frv., sem fyrir liggur, heldur kosið að beina athyglinni að takmörkuðu sviði efnis þess og aðdraganda. Sú athugun hefur leitt í ljós, að þetta frv. er ekki markviss ráðstöfun samhentrar ríkisstj., sem veit hvað hún vill og hefur markað sér leið af framsýni og yfirvegun. Þetta frv. er vanburða afsprengi sundurleits þingmeirihl., sem hangir saman á því einu að hann veit sig sameiginlega ábyrgan á þessari misheppnuðu stjórn flokka sem hafa fyrirgert trausti margra sinna bestu stuðningsmanna. — Ég þakka þeim, sem hlýddu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum fyrir þremur og hálfu ári setti hún sér tvö höfuðmarkmið: Í fyrsta lagi að færa fiskveiðilögsögu okkar út í 200 sjómílur og stefna að algerum yfirráðum Íslendinga yfir fiskveiðum á öllu þessu hafsvæði. Hitt höfuðmarkmiðið var að draga úr verðbólgunni, og þar náðist mjög umtalsverður árangur, því að á miðju s.l. ári var verðbólgan komin niður í 26%. Nú er hún að vísu á leiðinni yfir 30% markið, vegna þess að kauphækkanir hafa síðustu 12 mánuði hækkað að meðaltali um rúmlega 60%, á sama tíma sem meðaltalshækkun á útflutningsafurðum okkar hefur ekki numið nema um 20%.

Við verðum líka að hafa í huga, að frá því að kjarasamningarnir voru gerðir hafa ytri aðstæður versnað hjá okkur Íslendingum hvað snertir verð og sölu á útflutningsafurðum. Að undanförnu hefur ekki orðið framhald hækkana á freðfiskafurðum, saltfiskafurðir hafa lækkað frá því sem áður var og við eigum nú óseldar skreiðarbirgðir fyrir 5000 millj. kr. Þessar breytingar allar hafa rýrt afkomu útflutningsatvinnuveganna gífurlega og á þann veg, að ekki varð komist hjá aðgerðum til þess að koma í veg fyrir að flest hraðfrystihús landsins neyddust til að stöðva rekstur sinn. Sömuleiðis þótti bæði rétt og sanngjarnt að hækka fiskverð um 13%, en það hafði staðið óbreytt frá 1. júlí á s.l. ári. Ég tel eðlilegt, að slík fiskverðsbreyting ætti sér stað á sama tíma og aðrir launþegar hafa fengið miklar hækkanir. Það varð ekki hjá því komist að sjómenn fengju þessa hækkun og útgerðarmenn til þess að mæta hækkunum á útgerðarkostnaði skipa sinna. Það er augljóst mál, að þegar kaupgjald og verðlag þrefaldast miðað við verðmæti útflutningsframleiðslunnar, þá þarf að gera sérstakar ráðstafanir.

Eftir kjarasamninga á s.l. sumri og með nýju fiskverði frá áramótum fór hagur hraðfrystihúsanna og flestra annarra greina í fiskiðnaði mjög versnandi, og svo var komið nú um áramótin, að óumflýjanlegar voru ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir stöðvun þessara mikilvirku atvinnutækja. Stöðvun hraðfrystiiðnaðarins þýddi stöðvun útgerðar og stöðvun velflestra atvinnugreina í þessu landi, því að sjávarútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur landsmanna og þegar hann bregst bregðast einnig aðrar stoðir íslensks efnahagslífs. Þess vegna var gengisbreyting gerð og í framhaldi af henni þær hliðarráðstafanir sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Í þeim hliðarráðstöfunum er fyrst og fremst stefnt að því að tryggja þeim, sem minnst hafa í þjóðfélaginu, svipuð lífskjör og þeir áður höfðu. Hins vegar verður ekki hjá því komist að draga úr kaupuppbótum á öll meðallaun og upp úr, þannig að þeir sem hæst launin hafa verða að krónutölu að fórna mestu. Samhliða þessu eru gerðar ráðstafanir til þess að bæta hag ellilífeyrisþega og örorkuþega fram yfir það, sem oft áður hefur verið gert.

Ég tel að þessar ráðstafanir, sem hér er verið að gera, séu eins mildar og hægt er. Það er óhjákvæmilegt að taka vísitöluna til meðferðar, því að við getum ekki lifað og rekið okkar þjóðfélag með því vísitölufyrirkomulagi sem við búum við og er margviðurkennt af talsmönnum allra flokka að þurfi að breyta til þess að draga úr hinum miklu verðbólguhvata sem það hefur í för með sér. En þegar á hólminn er komið standa menn ekki við stóru orðin.

Það má lengi deila um hvaða breytingar eigi að gera á vísitölugrundvellinum. Þær breytingar, sem þetta frv. felur í sér, eru að mínum dómi eðlilegar þegar jafnframt er höfð í huga sú yfirlýsing sem hæstv. forsrh. gaf áðan varðandi niðurgreiðslur á vöruverði. Atvinna hefur verið mikil í landinu og tekjur hjá öllum stéttum verið mjög góðar. Kaupgeta hefur verið meiri en nokkru sinni fyrr. En þrátt fyrir það að góðæri hefur verið ríkjandi hjá öllum þorra landsmanna er kynt undir elda að glóðum óánægju, og þar hefur hin neikvæða fréttamennska, bæði ríkisfjölmiðla og annarra, fyrst og fremst verið að verki. Þar er aldrei spurt um það, hvað áunnist hefur, hvort við höfum gengið götuna til góðs, heldur er alltaf spurt: Ertu ekki óánægður með þetta eða hitt? Alltaf er reynt að finna einhvers staðar óánægju.

Er mögulegt að óánægjan eigi fyrst og fremst að vera ríkjandi þegar allt leikur í lyndi? Ber kaupmáttur launa á s.l. ári vott um að almenningur hafi átt við mikla erfiðleika að stríða í efnahagsmálum á s.l. ári? Ber það vott um að lífskjörin hafi versnað, þegar 70 þús. manns hafa farið utan og keypt gjaldeyri í íslenskum

bönkum fyrir 5.8 milljarða kr. á móti 59 þús. manns fyrir 3.2 milljarða kr. á árinu á undan? Ber það vott um fátækt, að keyptar voru til landsins á s. l. ári 7563 bifreiðar á móti 4310 á árinu 1976? Ber það vott um peningaleysi, að flutt eru inn 8827 sjónvarpstæki á árinu 1977 á móti 2202 árið á undan, og af þeim eru 97% litasjónvarpstæki? Ber þetta vott um að það hafi verið kreppt alvarlega að almenningi í þessu landi, eða ætlar einhver að halda því fram, að þessi innflutningur nái aðeins til örfárra forréttindamanna eða stétta í þjóðfélaginu?

Verslun hefur aldrei verið meiri en á s. l. ári og þó sérstaklega í desembermánuði. Lífsgæðakapphlaupið hefur verið í algleymingi. Finnst hlustendum þetta ekki vera í samræmi við sultarræðu Sighvats Björgvinssonar áðan?

En við verðum að taka tillit til aðstæðna í þjóðfélaginu. Við vitum að það var gengið of langt í verðlags- og kauphækkunum á s. l. ári og dýrtíðarhjólið hefur snúist hraðar og við stefnum rakleitt í svo gífurlega dýrtíð, að á tveimur árum, ef ekkert er að gert, mundum við nálgast það Evrópumet sem var þegar Lúðvík Jósepsson og þeir félagar fóru frá stjórn sumarið 1974. Það þýðir ekki að berja sér á brjóst og bölva verðbólgunni, en snúast á móti þegar á að gera ráðstafanir til þess að draga úr mætti þessa skrímslis. Það er betra fyrir launþega að taka þeim hóflegu ráðstöfunum, sem hér eru á ferðinni, og hægja á verðbólguhjólinu en að þjóðin haldi áfram í þessum hrunadansi forheimskunnar, sem leiðir til spillingar og óhamingju á margan hátt í þjóðfélaginu. Vísitöluskrúfan er vítahringur sem við verðum að komast út úr. Við getum ekki haldið áfram á þessari röngu braut. Ríkisstj. væri alls ekki vanda sínum vaxin, ef hún léti nú sem ekkert væri vegna þess að það eru kosningar að vori. Henni ber skylda til að leggja fyrir þjóðina, hvað um er að ræða, og segja henni sannleikann og gera tilraun til að komast fyrir þennan vanda.

Þessi ríkisstj. hefur unnið stærri sigra en nokkur önnur með útfærslu landhelginnar í 200 mílur, og það sem meira er um vert, hún hefur tekið alvarlega stjórn fiskveiða innan 200 mílna og komið útlendingum burt úr íslenskri landhelgi að undanskildum samningum við þrjár þjóðir sem eru smávægilegir miðað við það, sem áður var, og eru gerðir af fúsum og frjálsum vilja. Ríkisstj. varaði við of háum kröfum launþega í landinu, ekki vegna þess að hún unni ekki launþegum að njóta bestu kjara, heldur vegna hins, að í kjölfar slíkra kauphækkana fylgir verðhækkunarskriða vegna vísitölufyrirkomulagsins, svo sem þegar hefur komið á daginn. Ytri skilyrði eru ekki þau sömu, og við verðum að taka tillit til þess sem er í kringum okkur. Þessar aðgerðir verða ekki til þess að drepa einn eða annan. Þær eru skerðing að vissu marki, en það er reynt til hins ýtrasta að skerða ekki lífskjör þeirra sem minnst mega sín og minnstar tekjur hafa.

Kauptaxtar verkamanna hafa á tímabili núv. ríkisstj. hækkað um 225.5% og kauptaxtar allra launþega um 221.7%. En tekjutryggingarmark elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu hefur hækkað um 286.1% og tekjutryggingarmark með heimilisuppbót, sem tekin var upp á s. l. sumri, hefur hækkað um 354.2%. Ætla svo fulltrúar vinstri flokkanna að halda því fram, að hér hafi verið að verki ríkisstj. sem skilur ekki félagslegar umbætur, ríkisstj. sem alltaf ræðst á lítilmagnann, þegar slíkar tölur liggja fyrir frá hlutlausri stofnun, Þjóðhagsstofnuninni.

Þegar við lítum í kringum okkur og vítum um þau miklu bágindi sem eru um víða veröld, þegar við lítum til nágrannalandanna, til þeirra samdráttaraðgerða sem þar er verið að gera, í ríkjum þar sem þjóðir hafa lifað við allsnægtir á undanförnum árum, þá þurfum við Íslendingar ekki að kvarta. Við skulum líta til stjórnar jafnaðarmanna í Danmörku, þar sem atvinnuleysi vex með hverjum degi sem líður. Við skulum minna íslensku kratana á 8% gengisbreytingu norsku jafnaðarmannastjórnarinnar um síðustu helgi. Við skulum líka minna íslensku kratana á kratastjórnina í Bretlandi, sem hefur sett sér það höfuðmarkmið, að kaupgjald hækki ekki á ári hverju um meira en 10%. Hvernig stendur á því, að jafnaðarmannaflokkar eru svona sterkir í þessum löndum, þar sem þeir eru svona vondir við fólkið, en jafnaðarmannaflokkurinn á Íslandi er sífellt að minnka, eins og hann vill vera góður við fólkið, að hann segir sjálfur? Eða halda íslenskir jafnaðarmenn að fólk sé búið að gleyma öllum þeim gengisfellingum og kjaraskerðingum sem þeir hafa staðið að um dagana? Svo kemur hér formaður flokksins, Benedikt Gröndal, fullur hneykslunar á þeim ríkisrekstri, sem hér á sér stað, og það vanti allt aðhald í sambandi við afgreiðslu fjárl. Þessi maður og flokkur hans hefur stutt hverja hækkunartill. sem flutt hefur verið við afgreiðslu fjárl., bæði frá eigin flokki og kommúnistum, till. sem hafa samtals skipt nokkrum milljörðum kr. það tímabil sem þessi ríkisstj. hefur setið. Þessum mönnum ferst að tala.

Benedikt Gröndal taldi forustumönnum ASÍ og BSRB það til hróss að hlaupa á dyr, þegar rætt er um vandamál launþega í landinu. Ég tel það ekki þeim til hróss. Ég tel það lýsa vanstillingu þessara foringja launþeganna að hlaupa á dyr og verða þeim til skammar.

Íslenska þjóðin hefur ekki heldur gleymt Alþb. Alþb. hefur staðið að gengislækkun. Og 1. júní 1974 átti kaupgjaldsvísitalan að hækka um 17—18%, en þáv. ríkisstj. hafði ákveðið að greiða niður hluta þeirrar vísitöluhækkunar með peningum sem voru ekki til og engar till. voru gerðar um hvernig afla skyldi. En það, sem á vantaði til að standa við þessa kaupgjaldsvísitölu, átti ekki að koma til útborgunar. Þá þagði Þjóðviljinn þunnu hljóði. Þá var ekki sagt eitt einasta orð. Einnig var ákveðið eftir febrúarsamningana 1974, að fiskverð til sjómanna og útgerðar yrði óbreytt, og það gert með brbl. Það þýddi að sjómenn fengu ekki þær kjarabætur, sem landverkafólk hafði fengið, og kjör þeirra voru skert enn meir en kjör landverkafólks. Það þýddi það sama og við hefðum ekki hreyft við fiskverði um síðustu áramót. Og svo setur Lúðvík Jósepsson upp sparisvipinn, þegar hann kemur hér í pontuna, og hefur allt á hornum sér, — maðurinn sem fann upp gengissigið. Hann

álasar þessari ríkisstj. fyrir að hafa notað það. Þetta er „patent“ sem hann fann upp þegar hann var viðskrh., en núv. ríkisstj. er staðráðin í því eftir þessa gengisbreytingu að leggja nú þetta „patent“ fyrrv. viðskrh. á hilluna. Þessu er þjóðin ekki búin að gleyma. Sporin hræða.

Hvað varð um þriðja vinstri flokkinn? Það var flokkur sem reis upp og vann stórsigur í kosningunum 1971, Samtök frjálslyndra og vinstrimanna, og fékk 5 þm. kjörna. Snemma hvarf einn þm. úr hópnum og var í fullri andstöðu við hina þau ár sem vinstri stjórnin sat. Annar foringi flokksins fór í ríkisstj. og út úr stjórnmálum. Þriðji þm. fór þá í ríkisstj. Hann fór úr flokknum og gekk í Alþfl. Fjórði þm. sat eftir í ríkisstj. og tók þátt í öllum þessum aðgerðum, og það er formaður flokksins nú, Magnús T. Ólafsson, sem var áðan að ljúka máli sínu. Einn þm. er þá afgangs sem enn er á þingi, en hefur ákveðið að fara úr þessum flokki og bjóða sig fram utan flokka. Þannig er nú komið fyrir þessum flokki. Hann hefur tvístrast. En nú hafa þeir aftur mæst í Alþfl., stóru vinirnir, Björn Jónsson og Bjarni Guðnason. Haldið þið að það verði ekki skemmtileg sambúð í þeim flokki? Það er ekki að furða þó að Gylfi Þ. Gíslason brosi ánægjulega, eins og litið og saklaust barn.

Það kemur fyrir í öllum stjórnmálaflokkum að menn greinir á um leiðir og það er ekki alltaf samvinna og samstarf. En í Sjálfstfl. ríkir sá andi, að flokkurinn tekur ábyrga afstöðu til mála hverju sinni. Honum hefur verið kennt um það, að hann hafi ekki stutt úrræði vinstri stjórnarinnar vorið 1974. Það er ekki hlutverk stjórnarandstöðu að koma lagafrv. fram fyrir ríkisstj. og síst af öllu þegar hún hefur ekki þingmeirihl. að baki og á að segja af sér. Ef þessi ríkisstj. kemur ekki sínum ráðstöfunum í efnahagsmálum fram, þá verður hún að fara. Það er hennar og stuðningsmanna hennar að gera þær ráðstafanir að lögum sem nauðsynlegar eru taldar.

Það er sannfæring mín, að óðaverðbólgan er meira en efnahagslegt fyrirbæri. Hún hefur víðtækt vald á sálarlífi fjölmargra þjóðfélagsþegna og veldur ógnvekjandi lífsgæðakapphlaupi. Fólk eyðir fram yfir það sem er skynsamlegt og viðráðanlegt og krefst of langs vinnutíma á kostnað heimilanna. Börnin verða afskipt, hamingja heilbrigðs heimilislífs lýtur í lægra haldi fyrir upplausn og sundrungu. Það er mörg bölvunin sem óðaverðbólgan veldur, en því er ekki að leyna, að þeir, sem fyrst og fremst græða peningalega á henni, eru stóreignamennirnir. Þeir verða ríkari eftir því sem verðbólguhjólið snýst hraðar. Hinn almenni launaþegi lifir ekki á óðaverðbólgunni. Að vísu hækkar íbúðin hans eða húsið í verði, en stóreignamaðurinn margfaldar eignir sínar. Það er eftirtektarvert þessa síðustu daga, hve illa hefur legið á mörgum verðbólgubröskurum af ótta við að ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum drægju verulega úr óðaverðbólgunni. Það er röng stefna margra forustumanna launþega að krefjast sífellt fleiri króna í laun, þegar meira virði er að fá fyrir krónurnar aukið verðmæti. Það er þetta sem ríkisstj. er nú að framkvæma með ráðstöfunum sínum, og gegn þessu berjast stjórnarandstæðingar af alefli með verðbólgubröskurunum.

Það er skoðun mín að fólk, sem vinnur af alúð og skyldurækni, eigi að öðlast möguleika á að verða efnahagslega sjálfstæðir einstaklingar sem samfélagið á ekki að skattleggja meira en nú er gert. En verðbólgubraskið er óeðlilegt. Sjálfstfl. er sterkasta aflið í stjórnmálum Íslands. Hann lætur enga sérhagsmunahópa segja sér fyrir verkum. Þar eru teknar ákvarðanir út frá því sjónarmiði, sem er þjóðarheildinni fyrir bestu á hverjum tíma, og tillit tekið til allra stétta. Við höfum stjórnarforustu í okkar höndum og ætlum með samstarfsflokki okkar á þessu kjörtímabili að stjórna landinu til næstu kosninga eftir því sem þingmeirihl. okkar telur farsælast heildarhagsmunum þjóðarinnar í bráð og lengd. — Góða nótt.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Hér er til umr. frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum, flutt af þeirri ríkisstj. sem lengst allra hefur gengið í því að þrýsta niður kaupmætti launa vinnandi fólks. Og efni þessa frv. sker sig ekki úr í þeim verkum hennar. Höfuðefni þess er ný árás á samningsfrelsi verkalýðssamtakanna og stórfelld kjaraskerðing fyrir allt launafólk. Öllum ákvæðum í kjarasamningum launþegasamtakanna, sem gerðir voru s.l. sumar og haust og kveða á um verðbætur á kaupið vegna hækkandi verðlags, á nú að rifta. Fyrir fáum mánuðum var þessi sama ríkisstj. beinn aðili að gerð kjarasamninga við starfsmenn ríkisins og einnig aðili að samningum ASÍ, þótt með öðrum hætti væri. Nú ætlar ríkisstj. að nota löggjafarvaldið til að ómerkja undirritun ráðh. undir þessa samninga og rifta þeim. Samtímis er svo leitað eftir stuðningi alls launafólks og samtaka þess við þennan gerning. En í því efni mun hún áreiðanlega sannreyna að til of mikils er mælst.

Okkur er sagt, að sú kjaraskerðing, sem felst í þessu frv., sé nauðsynleg vegna þess að mikill vandi sé nú í efnahagslífi þjóðarinnar og atvinnuvegirnir eigi í miklum erfiðleikum. Og því er haldið fram, að aðalorsök þessara vandamála sé kauphækkunin á s.l. ári. Þessi fullyrðing er fjarri öllum sanni. Því skal að vísu ekki neitað, að ýmis vandi steðjar nú að efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar, en sá vandi á fyrst og fremst rætur sínar í stefnu og stefnuleysi ríkisstj. sjálfrar. Að þessu hafa verið færð mörg og skýr rök, og ég ætla ekki að tíunda þau frekar, nema hvað varðar samninga verkalýðsfélaganna.

Það er rétt, að samningar verkalýðsfélaganna í júní s.l. fólu í sér verulega kauphækkun í krónutölu. En hvers vegna þurfti verkalýðshreyfingin að knýja fram þessa kauphækkun? Kauphækkunin var afleiðing af og andsvar verkalýðshreyfingarinnar við kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. Með tveim gengisfellingum, látlausu gengissigi og öðrum verðhækkunum hafði tekist að lækka svo kaupmátt launanna árin 1975 og 1976, að leita verður fjölda ára aftur í tímann til að finna hliðstæðu. Það var til að vinna upp þessa gífurlegu kaupskerðingu sem launin voru hækkuð s.l. sumar. En verkalýðshreyfingunni var ljóst, að til þess að skapa þessari kauphækkun

svigrúm og hamla gegn verðbólgu þurfti að gera sérstakar ráðstafanir, og í því efni benti hún á leiðir og setti fram kröfur til ríkisstj. jafnhliða kaupkröfum sínum til atvinnurekenda. En á þetta var ekki hlustað og engar ráðstafanir gerðar. Og nú þegar þessi stefna ríkisstj. hefur leitt til vandræða er verkafólk beðið að taka með þögn og þolinmæði nýrri kjaraskerðingu, nýrri kauplækkun. Það er sama gamla sagan, ríkisstj. sér engin ráð nema kauplækkun, að leysa vandann á kostnað launafólksins.

Þegar svona ráðstafanir eru gerðar og því er haldið fram, að það sé kaup hins almenna verkafólks sem er að sliga atvinnuvegina, þá er ekki úr vegi að athuga hvað þetta kaup er í dag sem endilega verður að lækka. Sagt er að útflutningsatvinnuvegirnir séu verst á vegi staddir og þó einkum fiskvinnsla. En hvert er þá kaupið í fiskvinnslunni? Það er núna frá tæpum 111 þús. kr. á mánuði fyrir dagvinnu og getur hæst komist í tæplega 115 þús. kr. á mánuði. En vinni þetta fólk alla virka daga frá klukkan 8 að morgni til klukkan 19 að kvöldi verður mánaðarkaup frá tæpum 150 þús. kr. og getur komist í 155 þús. kr. Dettur nokkrum manni í hug, að það sé réttlætanlegt eða það bjargi atvinnuvegunum að skerða þetta kaup?

Alþýðusambandsþing í nóv. 1976 mótaði þá meginkröfu í komandi kjarasamningum, að lágmarkskaup skyldi vera 100 þús. kr. á mánuði miðað við verðlag í nóv. 1976 og síðan fullar verðbætur á þau laun. Viðskrh., Ólafur Jóhannesson, lýsti yfir fylgi sínu við þessa kröfu í fyrravetur og taldi hana réttmæta. Lágmarkskaupið, sem verkalýðsfélögin sömdu um 22. júní s. l., er í dag 106 þús. kr. á mánuði, en ef þau hefðu náð kröfum sínum fram að fullu í einum áfanga, þá væri þetta kaup í dag nærri 145 þús. kr. Það vantar sem sé hátt í 40 þús. kr. á mánuði til að ná því kaupi sem Ólafur Jóhannesson lýsti yfir fylgi sínu við fyrir tæpu ári. Nú rembist þessi ráðh. og öll ríkisstj. við að lækka þetta 106 þús. kr. kaup. Ég læt hlustendum eftir að nefna þau lýsingarorð sem hæfa slíku hátterni.

Höfuðatriði þessa frv. felast í fyrstu þremur gr. þess. Í 1. gr. er ákveðið að aðeins skuli greiða á árinu 1978 helming þeirra verðbóta á laun sem samningar ákveða. Í 2. gr. er þó sagt, að launþegi skuli aldrei fá minna en sem svarar 880 kr. á mánuði fyrir hvert 1% sem verðbótavísitalan hækkar um hverju sinni. Tilgangur þessarar greinar mun vera sá, að þeir lægst launuðu fái hlutfallslega heldur meira en hálfar bætur. En öll er greinin og þær skýringar, sem fram hafa komið við hana, svo óljósar og ruglingslegar, að telja má þessi ákvæði óviðunandi fyrir verkafólk sem vinnur ójafnan vinnutíma á tíma- og vikukaupi, og jafnframt munu þessi ákvæði vera óframkvæmanleg fyrir atvinnurekendur. Það er engin leið að gefa út kauptaxta sem fela í sér verðbætur samkvæmt 2. gr. frv., og hvernig á þá verkafólk að fylgjast með því, að það fái réttar kaupgreiðslur?

Sú kjaraskerðing, sem fyrstu tvær gr. frv. kveða á um, verður ekki undir 11—12% hinn 1. des. n. k., og verður kaupmáttur launa þá orðinn lægri en hann var 1. jan. 1972. Þessi skerðing er miðuð við að verðbólgan hækki um 31% frá 1. des. 1977 til 1. des. 1978. Verði verðbólgan meiri, sem ekki er ólíklegt, eykst skerðingin að sama skapi. Til þess að vega upp þessa skerðingu þyrfti kaup að hækka um 13—14% 1. des. n. k.

Innsiglið á þessa kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. og flokka hennar er í 3. gr. frv. Þar er að finna það sem koma skal. Í þessari grein frv. segir svo:

„Frá og með 1. jan. 1979 skulu óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum."

Þetta ákvæði frv. er einhver allra ósvífnasta árás sem gerð hefur verið á verkalýðshreyfinguna. Með þessu ákvæði er ríkisstj. fengið vald í hendur til að gera að engu þær kauphækkanir sem verkalýðshreyfingin kynni að semja um hverju sinni. Hún gæti umsvifalaust tekið kauphækkanirnar aftur með hækkun á óbeinum sköttum og engar bætur kæmu fyrir. Þetta felur í sér nær ótæmandi möguleika til kjaraskerðingar og samningsréttur verkalýðsfélaganna væri í reynd mjög takmarkaður. Það væri aldeilis fráleitt ef launafólk léði þeim stjórnmálaflokkum kjörfylgi sem ganga til kosninga með slíka stefnuskrá. Það er lífsnauðsyn að þeir fái skellinn í vor.

Launþegasamtökin, ASÍ og BSRB, og stjórnarandstöðuflokkarnir hafa lagt fram sínar tillögur í þessum málum, till. sem eru andstæða kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. Þær till. eru verðlækkunarleið til að hamla gegn verðbólgunni og þær byggja á óskertum kjarasamningum. Slíkum hugmyndum hafnar ríkisstj. algjörlega. Hún hefur valið þá leið að rifta öllum kjarasamningum og stofna til stéttaátaka. Þar með hefur hún lokað öllum leiðum til skynsamlegra ráðstafana gegn verðbólguvandanum í samvinnu við verkalýðshreyfinguna.

Samþykktir allra launaþegasamtaka varðandi þetta frv. eru á einn veg. Þau mótmæla riftun kjarasamninganna og allri kjaraskerðingu. Það þarf því enginn að vera í vafa um að þau líta þessa lagasetningu sem þvingunarlög, og viðbrögð þeirra verða í samræmi við það.

Kaupgjaldsákvæðum samninga verður sagt upp fyrir 1. mars og gagnsókn verkalýðsfélaganna undirbúin. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur einróma lýst því yfir, að verði frv. þetta að lögum séu með því þverbrotnar allar heiðarlegar leikreglur varðandi sambúð verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda og ríkisvaldsins og jafnframt að verkalýðsfélögin og allir einstaklingar innan þeirra séu siðferðilega óbundnir af þeim ólögum. Þessi orð eru hvatning til verkalýðsfélaganna og alvarleg aðvörun til valdhafa.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar hv. þm. Lúðvík Jósepsson gat í ræðu sinni áðan um aðgerðaleysi ríkisstj., þá varð mér hugsað: Nú er Bleik brugðið. Hann mundi ekki einu sinni eftir höfninni í Neskaupstað, hvað þá í Þorlákshöfn, Akureyri eða Akranesi, svo nokkrir staðir séu nefndir. Hann var búinn að gleyma Oddsskarði, að ég nefni ekki Hvalnesskriður eða frágangi á brúnni á Skeiðará. Svo illa var nú komið fyrir þessum ágæta þm., og þykir mér það miður, því ég hef hælt honum

fyrir gott minni. Þá mundi hv. þm. ekki heldur eftir byggðalínunni eða hitaveitunum og öðrum orkumálum. Þar voru Krafla og Grundartangi það eina sem hann hafði fest sér í minni. Ennfremur hafði hann ekki fylgst með þeim aðgerðum sem gerðar höfðu verið til jöfnunar á símgjöldum úti um landið, sem hefur verið gert í hvert sinn sem gjaldskrá símgjalda hefur verið breytt og nú síðast með ákveðinni prósentutölu af hækkuninni, 2%. Vona ég að hv. þm. átti sig á þessu þótt síðar verði.

Að tali hans og þeirra Sighvats Björgvinssonar og hv. þm. Benedikts Gröndal um landbúnaðarmál skal ég koma betur síðar. En nær hefði verið að þeir hefðu munað eftir því fyrr, að bændur þurfa að hafa góðar tekjur eins og aðrir þegnar í þjóðfélaginu, þegar höfðað var mál af hálfu Alþýðusambands Íslands gegn bændum fyrir að taka eðlilegar launahækkanir eins og þeim bar samkvæmt landslögum, enda hafa þeir Alþýðusambandsmenn tapað málinu.

Þá taldi hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að ríkisstj. hefði alveg fyrirgert rétti sínum og þó sérstaklega framsóknarmenn við það að hafa ekki samstarf við launþegana í landinu. Hefur nokkur önnur ríkisstj. haft að störfum nefnd sem hefur starfað á annað ár, þar sem samtök allra stjórnmálaflokka og samtök stéttarfélaganna hafa átt sína fulltrúa, eins og verðbólgunefnd nú? Ég dreg það mjög í efa.

Sighvat þekkti ég alveg fullkomlega í lok ræðu hans, þegar hann gaf ráðh. þá einkunn að þeir væru ekki siðaðir menn eða sáttfúsir og ríkisstj. ætti að fara frá völdum. Þá var hann farinn að tala eins og hans er háttur.

Áður en ég vík að frv. því um efnahagsmál, sem hér liggur fyrir, vil ég víkja sérstaklega að landbúnaðarmálum og hvernig úr þeim hefur ræst nú á síðustu vikum s. l. árs og fyrstu vikum þessa árs. Svo tókst til með greiðslur á útflutningsbótum í kringum áramótin fyrir tilstuðlan ríkisstj., að endar náðu saman vegna verðlagsársins 1976 og 1977 án sérstakrar skattlagningar á framleiðslu bænda. Samstarf tókst milli stjórnvalda forráðamanna Framleiðsluráðs og Osta- og smjörsölunnar um útsölu á smjöri, sem hefur gengið allvel. Niðurgreiðslum er haldið áfram á ull. Með þeim aðgerðum, sem er verið að gera með þessu frv. og lagt verður fram frv. um síðar í sambandi við iðnaðinn í landinu og hæstv. iðnrh. hefur undirbúið, þá treysti ég að afkoma iðnaðarins verði allsæmileg á þessu ári.

Samkvæmt till. um aðgerðir í efnahagsmálum munu niðurgreiðslur verða auknar um 1300 millj. kr. og auka kaupmátt launa um 1%. Láta mun nærri að sú fjárhæð jafngildi því, að söluskattur af dilkakjöti væri felldur niður.

Gengismunur á birgðum landbúnaðarvara fellur til landbúnaðarins, eins og venja hefur verið. Yfirlit hefur verið gert um lausafjárskuldir bænda og verður unnið að því máli áfram. Ekki liggja þó enn fyrir möguleikar til lausnar málinu. Tilbúið er frv. til að draga úr kostnaði við aðföng vegna landbúnaðarframleiðslu. Með því er einnig stefnt að því að gera innlenda fóðurframleiðslu samkeppnishæfa við erlendan fóðurbæti. Unnið er að markaðsöflun fyrir landbúnaðarvörur erlendis. Sömu reglum verður fylgt um verðskráningu á landbúnaðarvörum og er að því er varðar aðföng og kaupgjald, eins og þetta lagafrv. mælir fyrir um, ef það verður að lögum.

Það, sem einkennt hefur þessar umr. og álit verðbólgunefndar, er það sameiginlega álit allra, að aðgerða sé þörf til þess að tryggja áframhaldandi rekstur atvinnuveganna, forðast atvinnuleysi og tryggja atvinnuöryggi. Breyting á gengi krónunnar var ekki aðeins nauðsynleg til að tryggja stöðu atvinnuveganna, heldur einnig eðlileg viðskipti okkar við önnur lönd.

Kaupæði hefur verið hér mikið síðustu mánuði á s. l. ári, og t. d. var halli á viðskiptum okkar við önnur lönd um 3.9 milljarðar í janúarmánuði s. l. Ljóst er því að verðlag á innfluttri vöru var orðið of lágt miðað við kaupgetu hérlendis. Með afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 var tekin sú ákvörðun af hálfu ríkisstj. að auka ekki erlendar skuldir á þessu ári. Það gerði þessa ákvörðun að engu, ef um áframhaldandi viðskiptahalla yrði að ræða á árinu, þó hann yrði í minna mæli en hann var í janúar.

Hvort sem litið er á öryggi atvinnurekstrarins eða viðskipti við önnur lönd varð ekki hjá gengisbreytingu komist, það má öllum ljóst vera. Það, sem valdið hefur deilum af hálfu stjórnarandstöðunnar, eru hliðarráðstafanir sem fylgja í kjölfar gengisbreytingarinnar. Fer þar sem fyrr, að þess er að litlu getið er til bóta horfir. Má nefna að tekjutrygging og heimilisbætur hækka um 2%, barnabætur hækka um 5% umfram skattvísitölu, tímabundið vörugjald lækkar um 2%, niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum hækka um 1300 millj. kr. Áhrif þessara aðgerða auka kaupmátt um 1.4%.

Eins og áður hefur verið getið, er tilgangurinn með gengisbreytingunni og ráðstöfunum í efnahagsmálum, er henni fylgja, að tryggja fulla atvinnu, koma í veg fyrir viðskiptahalla við útlönd, auk þess að draga úr verðbólgu og treysta þau góðu lífskjör almennings sem náðust á s. l. ári. Til þess að hamla gegn vixlhækkun verðlags og launa gerir frv. um efnahagsráðstafanir ráð fyrir að greiða hálfar verðbætur og verðbótaauka samkv. núgildandi kjarasamningum. Þrátt fyrir þetta ákvæði um takmörkun verðbóta er þó tryggt með 2. gr. þessa frv., að þessi frádráttur komi ekki fram með fullum þunga gagnvart tekjulægstu hópum launþega.

Í umr. þeim, sem fram hafa farið hér í hv. d., hafa stjórnarandstæðingar talað svo sem það að ganga á gerða kjarasamninga væri nýmæli. Nú vil ég taka það skýrt fram, að mér þykir miður að til slíks þurfi að koma. En nýmæli er það ekki og rétt þykir mér að vekja athygli á því, að á árunum 1956—1977, að báðum meðtöldum, hafa hliðstæðar breytingar verið gerðar 25 sinnum. Það út af fyrir sig er athyglisvert, hversu oft hefur þurft að grípa til slíkra aðgerða, og svo hitt, að allir stjórnmálaflokkar landsins hafa tekið þátt í þessum aðgerðum. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jósepsson, sem hafa orðið að beita slíkum aðgerðum sem ábyrgir aðilar í ríkisstjórn, geta því ekki talað um kauprán þegar aðrir verða þjóðar sinnar vegna að

beita vægari aðgerðum en þeir gerðu, t. d. Gylfi Þ. Gíslason, til þess að forða atvinnuleysi.

Rétt þykir að minna á nokkur atriði þessum þætti máli mínu til stuðnings.

Árið 1956 voru verðlagsbætur og laun bundin nærri þrjá mánuði, og var það eitt af fyrstu verkefnum hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar og Lúðvíks Jósepssonar í ráðherrastóli.

Árið 1959, þegar stjórn Emils Jónssonar kom til valda, lækkaði hún verðlag og verðlagsbætur og gerði margvíslegar breytingar á kjarasamningum.

1960 tók þó steininn úr. Þá var sett bann við vísitölubindingu á launum. Segir svo í 23. gr. þeirra laga varðandi vísitöluákvæði, með leyfi hæstv. forseta: „Óheimilt er að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxtar eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum vísitölu á einn eða annan hátt.“ Hvar var hv. þm. Benedikt Gröndal þegar þetta var gert? Hann fordæmdi þó slíka hluti mjög hatrammlega áðan. En þetta ákvæði stóð í lögum til 1964 og var gengisbreyting þó gerð 1960 og aftur 1961.

1970 var verðstöðvun gerð og frestun vísitölubóta.

Gylfi Þ. Gíslason ásamt öðrum ráðh. Alþfl., Gylfi þó lengst, hafði setið samfleytt í ríkisstj. frá 1956 til miðs árs 1971 og tók þátt í öllum þessum aðgerðum. Enginn varð var við að honum yrði flökurt af.

Þá vil ég minna á það, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson tók þátt í viðnámsaðgerðunum sem voru gerðar 1974, gengislækkun, auknum niðurgreiðslum, bundin var vísitala á laun, innborgunarkerfi við innflutning og vaxtahækkun. Að þessu stóð viðskrh. Lúðvík Jósepsson ekki síður en við hinir. Ég tek það fram, að þá eins og nú var nauðsyn aðgerða og þess vegna voru þær gerðar. En fordæming þeirra, sem tóku þátt í þessu, er að fara aftan að siðunum.

Í framhaldi af þessu þykir mér rétt að reyna að gera grein fyrir því, hvaða ástæður liggja til þess að stjórnvöld hafa farið og eru enn knúin til að fara inn á svo óæskilega braut sem það er að ganga á gerða kjarsamninga. Ekki þýðir það, svo snöggsoðin afgreiðsla sem nú er notuð af stjórnarandstöðu, að illmennsku stjórnvalda sé þar um að kenna. Og um þá, sem halda því fram, forustumenn Alþfl. og Alþb., má með sanni segja, að hér heggur sá er hlífa skyldi. Hins vegar er málið þess eðlis, að nauðsyn ber til að gera sér grein fyrir ástæðum þeim er þar að lúta. Hér er hvorki um nýmæli né illgirni stjórnvalda að ræða, heldur nauðsyn þeirra aðgerða er ríkisstj. telur sig knúða til að gera vegna þjóðarinnar í heild. Sú skýring, sem mér finnst sennilegust, er að ekki sé tekið mið af getu þjóðfélagsins við gerð kjarasamninga, eins og t. d. á s. l. sumri, þegar kauphækkunin varð um 44%. Frá því í des. 1976 til 1977 hafa laun hækkað um 88% að meðaltali og er þá miðað við launataxta. Auk þessa er vísitölukerfi okkar, eins og það er nú framkvæmt, með þeim hætti, að það er nánast óframkvæmanlegt, þegar við bætist að samhengi á milli kaupgjalds og verðlags er með þeim hætti, að áhrifin koma alls staðar fram í verðlagskerfi okkar. Þarf engan að undra þó að verðbólgan sé vel haldin, svo sem raun ber vitni um, þegar hún er fóðruð á þennan hátt.

Ég minni á það, að ríkisstj. lýsti þeirri skoðun sinni við kjarasamninga á s. l. sumri, að 3—4% raunverulegar kjarabætur á árinu 1977 gætu staðist og um 3% á þessu ári, en ekki tvöföld sú fjárhæð eins og raunin varð á.

Ég legg áherslu á það með tiliti til þess, sem ég hef vikið að hér að framan, að ég tel óæskilega framkvæmd að breyta kjarasamningum með lögum. En það þarf að gera þá af meira raunsæi með tilliti til gjaldþols atvinnuveganna og afkomu þjóðarinnar í heild heldur en gert hefur verið. Mér er vel ljóst, að ákvörðun um ríkisfjármál og rekstur atvinnurekstrarins hefur hér líka sitt að segja.

Endurskoðun vísitölukerfisins, sem er boðuð með þessu frv. um efnahagsmál, er að mínu áliti mikil nauðsyn. Tekna ríkissjóðs, sem fara til að greiða framlög til almannatrygginga, sjúkrahúsa, skóla, vega o. fl., nýtur þjóðin í endurbótum og framlögum til þeirra þátta er njóta fjárins, en getur ekki notið þeirra einnig í launahækkunum. Það er ekki sanngjarnt. Eins er það fráleitt að beinir og óbeinir skattar hafi ekki sömu áhrif á vísitölu. Hitt skekkir myndina, eins og raunin hefur orðið á síðustu árum. Hvað sem sagt er, þá er raunin sú, að tekjuskattur er besta tækið til að jafna að vissu marki launamismuninn á milli þegnanna í landinu. Því ber nauðsyn til að endurskoða vísitölukerfið, svo sem mörkuð er stefna um í efnahagsfrv. því sem hér er til umr. Ég tel að gera þurfi það í víðtækara mæli en frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil endurtaka, að brýna nauðsyn ber til þess að vanda gerð og markmið kjarasamninga, svo að þeir gildi í raun samningstímabilið sem um er samið.

Því hefur verið haldið fram, að Framsfl. hafi minni áhuga á samstarfi við launþega en aðrir stjórnmálaflokkar. Þessu mótmæli ég. Framsfl. hefur tekið virkan þátt í viðræðum stjórnvalda við launþega, þegar til þeirra hefur verið stofnað, þau ár sem hann hefur setið í ríkisstj. Framsóknarmenn hafa haft forustu um gerð þeirra kjarasamninga sem munu vera einna skynsamlegastir af kjarasamningum síðustu ára, en það eru kjarasamningar milli ríkisstj. og BSRB 1973. Hefði betur farið ef forustuliði ASÍ hefði við gerð kjarasamninga á fyrstu mánuðum ársins 1974 tekist samningsgerðin eins vel. Þá hefði ekki þurft 2—3 mánuðum síðar að draga verulega úr áhrifum þeirra samninga með vísitölubindingu o. fl., eins og áður hefur verið skýrt frá að gert var.

Efnahagsaðgerðir eru alltaf erfiðar og góður efniviður til að skapa deilur og tortryggni. Fyrir okkur Íslendinga skiptir þó mestu máli nú, að við forðumst atvinnuleysi og drögum úr verðbólgu, svo að við í því efni komumst a. m. k. í kallfæri við viðskiptaþjóðir okkar.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að stjórnarandstaðan hefur haldlausar till. einar fram að færa í þessum umr., stendur ekki einu sinni saman um þær till. sem fram eru settar. Þangað verður forusta ekki sótt til úrræða í efnahagsmálum íslensku þjóðarinnar. Og ljóst er, að upphrópanir og sleggjudómar leysa engan

vanda. Aðeins raunhæf úrræði, eins og hér eru lögð til, koma þjóðinni að gagni. — Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Varla mun nokkrum hugsandi Íslendingi blandast hugur um að nú á þessum vetri er ófremdarástand íslenskra efnahagsmála orðið slíkt, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir í því skyni að útflutningsframleiðslan stöðvist ekki og til atvinnuleysis komi. Gengislækkun krónunnar, sem tilkynnt var fyrir fáum dögum, var orðin staðreynd. Í auglýsingunni fólst aðeins opinber viðurkenning á því sem smám saman hefur orðið afleiðing alrangrar stefnu í efnahagsmálum. Hitt er meginspurning dagsins, og það er sú spurning sem er hér til umr., hvort nauðsynlegt sé að rifta þeim kjarasamningum, sem gerðir voru á síðasta ári, að ekki sé talað um þá framkomu í garð launþegasamtaka sem ríkisstj. hefur sýnt af sér og á sér engin fordæmi.

Rétt er að minna á það, að á síðasta ári samdi ekki aðeins Alþýðusambandið við vinnuveitendur. Ríkisstj. sjálf samdi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna fyrir fáeinum mánuðum. Telur ríkisstj. sig engar skyldur hafa gagnvart samningum sem blekið er nýþornað á? Hafi þessir samningar allir verið óraunhæfir, hvernig í ósköpunum telur ríkisstj. sér fært að skella allri skuldinni af því á launþegasamtökin? Ríkisstj. skrifaði sjálf undir tvenna af þessum samningum. Er stjórnvöldum nú á dögum alveg sama hvaða skuldbindingar þau gangast undir? Er hægt að svíkja það í dag sem menn lofuðu í gær?

Áður en ég vík að sjálfu efni málsins, þ. e. a. s. frv. sjálfu og því sem hægt væri að gera, langar mig til þess að fara nokkrum orðum um málsmeðferðina. Hún er nefnilega skýrt dæmi um þá stjórnarhætti sem farnir eru að tíðkast á síðustu og verstu tímum. Verðbólgunefndin svokallaða, sem skipuð var fyrir meira en einu ári, lauk störfum s. l. miðvikudag. Í áliti hennar er að finna ítarlegar upplýsingar um efnahagsþróun undanfarinna áratuga og að mínu viti mjög gagnlegar og skynsamlegar ábendingar um nauðsyn breyttrar efnahagsstefnu á komandi árum. Formaður n. var forstöðumaður Þjóðhagsstofnunarinnar. Hann lagði fyrir n. ýmsa valkosti varðandi þann bráða vanda sem við væri að etja nú í byrjun þessa árs. Að undangengnum ítarlegum umr. urðu fulltrúar stjórnarflokkanna og embættismenn ríkisstj. í n. sammála um till. um lausn þessa vanda. Kjarni úrræðanna skyldi vera helmingun vísitöluuppbóta út árið, niðurfelling helmings vörugjaldsins svonefnda, veruleg aukning á niðurgreiðslum, minnkun opinberra framkvæmda og nokkur aukning á bótum almannatrygginga. Fulltrúar Alþýðusambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stjórnarandstöðuflokkanna gerðu hins vegar aðrar till. Nál. var undirritað um hádegi á miðvikudaginn var. En síðar um daginn kom í ljós, að á miðvikudagsmorgninum hafði ríkisstj. setið á fundi og verið að ræða allt, allt aðra lausn á bráðabirgðavandanum en fulltrúar hennar og embættismenn í verðbólgunefnd voru að lýsa fylgi sínu við og skrifa undir. Í stað þess að helminga vísitölubæturnar út þetta ár ætlaði ríkisstj. nú að breyta sjálfu verðlagsuppbótakerfinu til frambúðar, þannig að ekki skyldi tekið tillit til óbeinna skatta, auk ýmissa annarra breytinga á till. í verðbólgunefndinni.

Nú er engum blöðum um það að fletta, að ráðh. eru allir svo reyndir menn, að þeir vita að í augum launþegasamtakanna eru fá samningsatriði í launasamningum jafnviðkvæm og grundvöllur vísitölunnar, sem verðbætur eru miðaðar við. Þessum grundvelli hefur áður verið breytt og auðvitað er þar ekki um neinn helgan dóm að ræða. En það hefur aldrei áður verið gert án þess að málið hafi verið rætt ítarlega við launþegasamtökin. Nú átti hins vegar að leggja fram lagafrv. um þetta atriði án þess að nokkrar viðræður hefðu farið fram um það, hvorki við launþegasamtökin né heldur í verðbólgunefndinni.

Talið er að hugmyndin um þetta hafi fyrst komið úr hópi ráðh. Framsfl. og beinlínis verið hugsuð sem ögrun við launþegasamtökin. En ekki má á milli sjá, hvorum var sýnd meiri lítilsvirðing, forustumönnum launþegasamtakanna eða fulltrúum og embættismönnum stjórnarflokkanna í verðbólgunefnd, sem ekkert fengu um þetta að vita. Vegna þess að forustumenn Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gengu út af fundi með forsrh. og viðskrh., þegar þeir heyrðu um þessar fyrirætlanir, gugnaði ríkisstj. að hluta, hætti við að láta breytingu verðbótagrundvallarins taka gildi á þessu ári, en hélt fast við það, að hún skyldi taka gildi í byrjun næsta árs. Er hér í raun og veru um óskiljanlega óhyggilega ráðstöfun að ræða, þar sem þá hefur þjóðin kosið nýtt þing sem hlýtur að marka stefnuna á næsta kjörtímabili.

Milli 1. og 2. umr. hér í Nd. kom í ljós að mikil andstaða er gegn þessum ákvæðum í Sjálfstfl. Tveir þm. hans gerðu upprcisn í dag og greiddu atkv. gegn þeim við 2. umr. En ríkisstj. lætur sér ekki segjast. Framsfl. ræður ferðinni, enda er hann kunnari að öðru en vilja til samstarfs við launþegasamtökin.

Öll meðferð málsins af hálfu ríkisstj. hefur því verið eins klunnaleg og hugsast getur. Og ekki getur farið hjá því, að ýmsir undrist hvað fulltrúar stjórnarflokkanna í verðbólgunefndinni hafa látið bjóða sér, að vera látnir skrifa í góðri trú undir ákveðnar till. á miðvikudegi, en síðan sagt að verja allt aðrar till. á föstudegi.

Þá vík ég að sjálfu aðalefni málsins, en það er þessi spurning: Er nauðsynlegt að rifta hinum nýgerðu kjarasamningum? Einn af þeim valkostum, sem formaður verðbólgunefndarinnar gerði nm. grein fyrir, var við það miðaður að kjarasamningarnir héldu gildi sínu. Það þýðir því bókstaflega ekki neitt fyrir ríkisstj. að halda því fram, að óhjákvæmilegt sé að rifta kjarasamningunum. Helsti trúnaðarmaður ríkisstj. á sviði efnahagsmála segir í skýrslu n., að það sé hægt að láta kjarasamningana halda gildi sínu m. a. með því að draga mjög úr opinberum framkvæmdum. Það er rétt, að þessi valkostur gerir ráð fyrir nokkru rýrari afkomu atvinnurekstrar en gert er í till. ríkisstj. En í skýrslunni er sýnt fram á að þessi valkostur hefði ekki í för með sér hallarekstur, heldur sómasamlega afkomu bæði sjávarútvegs og iðnaðar. Það, sem fyrst og fremst ber á milli þessa valkosts, sem lýst

er rækilega í skýrslunni, og frv. ríkisstj., er að í fyrra tilfellinu er gert ráð fyrir að draga mjög úr umsvifum hins opinbera, en engin ákvörðun er um slíkt í frv. ríkisstj. Það er hér sem kjarna málsins er að finna. Þótt of mikil og arðlaus fjárfesting hafi verið einhver mestu efnahagsmistök undanfarinna ára og bæði Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi hvatt til þess að draga úr þessari fjárfestingu, þar eð hún hljóti að bitna á neyslunni, þá má ríkisstj. ekki heyra slíkt nefnt. Hún vill frekar skerða kjör launþeganna en að draga úr fjárfestingu sinni og eyðslu.

Ég gerði það að varatillögu minni í verðbólgunefndinni, að gripið væri til þeirra ráðstafana sem í þessum valkosti fælust. Þá hefði ekki þurft að rifta kjarasamningunum með lagaboði. En ríkisstj. virðist heldur kjósa fjandskap við launþegasamtökin. Ég er hræddur um að slík skammsýni eigi eftir að hefna sín.

Málflutningur talsmanna stjórnarflokkanna í þessum umr. og raunar öllum umr. um efnahagsmál á liðnum mánuðum ber þess glöggan vott, að þeir gera sér ekki grein fyrir því, að erfiðleikar þeir, sem nú er við að etja, eru afleiðing langvarandi óstjórnar sem ekki verður ráðin bót á með einu pennastriki eða einu lagafrv. Það verður að móta algerlega nýja efnahagsstefnu og hverfa frá þeim mistökum, sem einkennt hafa stjórn efnahagsmála á undanförnum árum, svo sem skaðlegum víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds, rangri og arðlausri fjárfestingu, hallabúskap ríkisins, erlendri skuldasöfnun, rangri stefnu í landbúnaðarmálum og síðast, en ekki síst, ofveiði fiskstofna.

Tilllögur ríkisstj. nú bera ekki aðeins vott um lítilsvirðingu á launþegasamtökunum. Það sem verra er, þegar horft er nokkuð fram á veginn verða þessar ráðstafanir að teljast kák. Í þeim felst ekki mótun neinnar nýrrar heildarstefnu. Eftir eitt ár verður sama öngþveiti skollið yfir aftur. Það vantar traustan grundvöll undir það sem verið er að gera. Og það er er ekki síður mikilvægt, að það vantar heilan hug af hálfu stjórnarflokkanna á bak við þessar ráðstafanir. Það hefur komið glöggt fram í hringlandahættinum við undirbúning málsins. Þar hefur stjórnarflokkana greint á, og það er ágreiningur innan stjórnarflokkanna. Það kemst ekki vit og heilbrigði í íslensk efnahagsmál fyrr en gerbreytt er um stefnu, fyrr en algerlega ný einörð og traust stefna er mörkuð og henni fylgt fram af festu og djörfung, af samhug og án undirhyggju.

Núv. stjórnarflokkar hafa ekki borið gæfu til þess að móta nýja heildarstefnu og þeim hefur ekki tekist að starfa saman af heilindum. Því hefur farið sem farið hefur. En ytri aðstæður eru þjóðinni hagstæðar. Og sjálf er þjóðin ágætlega mennt, vinnufús og búin bestu tækjum, sem skilað geta miklum árangri ef þau eru vel og hyggilega hagnýtt. Það, sem vantar, er farsæl forusta. Ég vona að gæfa þjóðarinnar verði slík, að eftir kosningar verði hér við völd menn sem hafa til að bera þá þekkingu og þá reynslu, þann kjark og þá festu sem til þess þarf að framkvæma nýja og heilbrigða stefnu af heilum hug. — Góða nótt.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það hefur áreiðanlega ekki farið fram hjá neinum undanfarnar vikur og mánuði, að stjórnarliðar og málgögn ríkisstj. hafa með málflutningi sínum verið að undirbúa almenning í landinu undir það að taka því, sem nú er fram komið og birt er í formi þess frv. til l. sem hér er til umr. Það hefur ekki heldur farið fram hjá neinum, hvað hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafa talið höfuðorsök þess vanda sem þeir hafa uppmálað að því er varðar efnahags- og launamál þjóðarinnar. Það skal ekki í efa dregið, að almennt eru menn sammála um að viss vandi er fyrir höndum. Að vísu greinir menn á um, hversu sá vandi sé stór, og ekki síður, hvaða orsakir liggja til þess að þessi vandi er nú upp kominn. Áróður stjórnarliðsins hefur verið sá, að orsakanna sé að leita í of háum launagreiðslum launafólki til handa. Á þessu hefur verið hamrað í málgögnum og ræðum þm. hæstv. ríkisstj., ekki aðeins undanfarna daga eða vikur, heldur undanfarna mánuði. Reynt hefur verið að innprenta almenningi í landinu þessa orsök sem hæstv. ríkisstj. telur vera fyrir því, að þessi vandi er kominn upp.

Ég og margir aðrir höfum haldið því fram, að þessi vandi sé af allt öðrum rótum runninn. Við höfum haldið því fram, að aðalorsökin sé stefna hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, — stefna sem hún hefur haldið uppi allt frá því að hún tók við völdum síðari hluta árs 1974. Þessi stefna hefur verið gengisfellingarstefna, gengisfelling á gengisfellingu ofan, þannig að nú undir lok kjörtímabils þessarar hæstv. ríkisstj. hefur gengislækkun náð því að vera nær því 160% — gengisfelling á rúmum þremur árum nærri 160%. Og þessi stefna hefur auðvitað leitt af sér, eins og margoft hefur verið tekið fram, stórkostlegar hækkanir. Hér hefur því verið í raun og veru allan þennan tíma bullandi verðbólga. Á einu ári einungis, þ. e. frá því í febr. 1977 til febr. 1978, hefur framfærsluvísitalan hækkað úr 682 stigum í 934 stig eða um 37% á einu ári. Og hæstv. ríkisstj. leyfir sér að segja: Þetta er vegna þess að laun verkafólks og alls almennings í landinu eru of há. — Ofan á þetta allt kemur síðan sú staðreynd, að ríkisvaldið hefur gengið á undan að verulegu leyti með hækkanir á svo til öllum sviðum að því er varðar þjónustu á vegum ríkisins.

Það er eðlilegt að menn spyrji, ekki síst ef þeir líta til baka til þess tíma sem núv. stjórnarflokkar stóðu í kosningabaráttu fyrir alþingiskosningarnar 1974 og rifja upp loforðalista þessara flokka þá, hverjar séu efndirnar á hinum fögru loforðum. Við skulum rétt líta í afrekaskrána.

Viðskiptahalli á árinu 1977 var 9 milljarðar kr. og erlendar skuldir í árslok 1977 voru 129 milljarðar. Skuld við Seðlabanka Íslands var við síðustu áramót um 15 milljarðar og halli á ríkissjóði var röskir 2 milljarðar. Svona mætti áfram telja og bera þessar niðurstöður reynslunnar saman við hin gullnu loforð ríkisstj.-flokkanna.

Reyndar þarf ekki langt að leita til að fá staðfestingu þess, að rangri stjórnarstefnu sé hér um að kenna, en ekki of háum launum launafólks. Í skýrslu þeirri, sem lögð hefur verið

fram frá verðbólgunefnd sem skipuð er að meiri hl. fulltrúum hæstv. ríkisstj., liggur fyrir að hin mikla verðbólga undanfarandi 3—4 ára er því að kenna, hvernig stjórnarstefnan hefur verið hér á landi. Ég vil leyfa mér að taka hér fram vegna ummæla hæstv. forsrh. í umr. hér á Alþ. s.l. föstudag, en hann lét þar að því liggja að allir fulltrúar í verðbólgunefnd hefðu verið samþykkir þeirri gengisfellingu sem gerð var s.l. þriðjudag, að þessi ummæli eiga ekki við nein rök að styðjast. Bankaráð Seðlabanka Íslands í samráði við hæstv. ríkisstj. tók ákvörðun um gengisfellinguna á þriðjudaginn í síðustu viku, þ.e.a.s. daginn áður en verðbólgunefndin skilaði af sér störfum, þannig að nm. stóðu þá frammi fyrir gerðum hlut.

Það hefur þegar komið fram, að formaður verðbólgunefndar, sem er forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar, setti fram fimm valkosti sem hann taldi til greina koma til bráðabirgðalausnar þessum vanda sem nú er við að glíma í efnahagsmálum. Var þar um fjórar leiðir að ræða og allar höfðu þær það sammerkt að rifta með beinum eða óbeinum hætti þeim kjarasamningum sem gerðir voru annars vegar á s.l. sumri af aðilum vinnumarkaðarins og hins vegar á s.l. hausti milli BSRB og hæstv. fjmrh. Nauðsynlegt er að það komi skýrt fram hér, að þeir samningar, sem voru gerðir í júní s.l. milli Alþýðusambandsins annars vegar og Vinnuveitendasambandsins hins vegar, voru gerðir með fullu samþykki hæstv. ríkisstj. Sem rökstuðning má nefna að hæstv. ríkisstj. lofaði breytingum á skattalöggjöfinni og á almannatryggingalöggjöfinni, lofaði breytingum ef samningarnir yrðu innan þess ramma sem talið var mögulegt að því er varðaði þjóðarbúið sem heild. Þjóðhagsstofnun hafði á þessum tíma spáð aukningu þjóðartekna um 5% á árinu 1977. Sú spá lá fyrir þegar þessir samningar voru gerðir, og ríkisstj. taldi að samningar væru innan þeirra marka. Nú liggur hins vegar fyrir, að aukning þjóðartekna 1977 var ekki 5%, heldur 7%, þannig að það ætti ekki að vera ástæða til þess að gengið skuli nú svo freklega á gerða samninga. Reyndar var þetta að hluta til staðfest er fjmrh. undirritaði í umboði hæstv. ríkisstj. samninga við BSRB sem höfðu inni að halda verulega meiri hækkanir en fólust í samningunum við verkalýðshreyfinguna. Það fer því ekki á milli mála, að ríkisstj. lagði blessun sína yfir þessa samninga og hún er því siðferðilega skuldbundin til að halda þá. En í dag, aðeins 7 mánuðum eftir að samningarnir við verkalýðsfélögin voru gerðir, þegar ekki er hálfnað samningstímabilið, þá leggur hæstv. ríkisstj. til að þessum samningum sé rift og gerir þar með sjálfa sig ómerka að fyrri gerðum sínum.

Auðvitað dregur enginn í efa stöðu ríkisstj. til þessa lagalega séð eða meiri hl. Alþ. verði þetta samþykkt. En það er kaldhæðnislegt, að hæstv. ríkisstj. skuli gera sjálfa sig að þvílíkum ómerkingi og það að sinni eigin tillögu. En siðferðilega er réttur ríkisstj. til þessara aðgerða enginn. Það hlýtur að hvíla sú siðferðisskylda á ríkisstj. jafnt og á hverjum þegni þessa lands að standa við gerða samninga.

Hvert er viðhorf almennings til þeirra sem fremja samningsrof? Í almenningsálitinu eru sektarákvæði og fjársektir þau viðhorf sem fyrst koma upp í hugann er upp kemst um slíkan verknað. En hér verður að sjálfsögðu engu líku við komið gagnvart hæstv. ríkisstj. En það er enginn vafi á því, að upp kemur í huga almennings við þessar ráðstafanir annars konar viðhorf til sektarákvæða, þ.e.a.s. sú dómsuppkvaðning sem hæstv. ríkisstj. á yfir höfði sér á komandi sumri, sú dómsuppkvaðning sem almenningur í landinu hefur í höndum sér innan ekki langs tíma. Það verða margir launþegar sem þá dæma hæstv. ríkisstj. og stjórnarliða alla sökudólga að samningsrofi. Og sá dómur mun verða þyngri en þó fjársektir hefðu til komið.

Þær till., sem hér liggja fyrir, eru að litlu sem engu leyti þær till. sem fulltrúar ríkisstj. í verðbólgunefnd lögðu blessun sína yfir og lögðu til að framkvæmdar væru, eins og ég kom að áður. Það má raunar segja, að það séu fyrst og fremst fyrstu þrjár greinar frv. sem séu meginefni þess. 1. gr. er um að rifta gerðum kjarasamningum á þann hátt að skera niður um helming þær verðbætur sem launafólk á að fá samkv. gildandi kjarasamningum. Hér er ráðist enn á ný á garðinn þar sem hann er lægstur. Það er ekki einu sinni svo, að hæstv. ríkisstj. sjái sóma sinn í því að láta samningana gilda gagnvart þeim lægst launuðu og verst settu, þrátt fyrir allt tal sumra hæstv. ráðh. og ekki síst hæstv. viðskrh. Ólafs Jóhannessonar á s.l. vori um hina sjálfsögðu kröfu launþegasamtakanna varðandi þá lægst launuðu.

Samkv. þeim samningum, sem nú eru í gildi, er gert ráð fyrir að 10% launahækkun hefði komið nú 1. mars vegna þeirra verðbótaákvæða sem samningarnir innihalda. En samkv. frv. á aðeins að greiða 5%, þ.e. helming þeirrar hækkunar. Og hið sama á að gerast 1. júní, 1. sept. og 1. des. n. k. Við skulum athuga þetta aðeins nánar, og spyrji nú hver og einn sjálfan sig: Er það of mikið að verkamaður, sem hefur í mánaðarlaun 120 þús. kr., fái núna 1. mars 12 þús. kr. hækkun eins og samningarnir gera ráð fyrir? Ég segi nei, allra síst þegar til þess er litið að ríkisstj. hefur framkallað og lagt blessun sína yfir þær gífurlegu verðhækkanir lífsnauðsynja, vöru og þjónustu, sem hafa átt sér stað að undanförnu. En ríkisstj. segir: Það er of mikið fyrir verkamann með 120 þús. kr. á mánuði að fá 12 þús. kr. hækkun. Það verður við að skerða um helming. Þjóðarbúið þolir ekki þessa hækkun, segir ríkisstj. En hæstv. ríkisstj. segir: Þjóðarbúið þolir ráðherralaun upp á ca. 1 millj. á mánuði, að vísu þingfararkaup innifalið. Það er í lagi, segir hæstv. ríkisstj. Og þjóðarbúið þolir bankastjóralaun upp á 600—700 þús. kr. á mánuði. Jú, við sleppum því, segir hæstv. ríkisstj. Þjóðarbúið þolir einnig, segir ríkisstj., þingmannskaup upp á 330 þús. kr. á mánuði. Við látum það vera. Þjóðarbúið þolir, segir ríkisstj., flugstjórakaup upp á 550 þús. kr. á mánuði. Þjóðarbúið þolir, segir ríkisstj., laun framkvæmdastjóra járnblendiævintýris upp á 700—900 þús. kr. á mánuði. Þjóðarbúið þolir, segir hæstv. ríkisstj., forstjóralaun hjá flugfélagi upp

á 1100 þús. kr. á mánuði. Og svona mætti halda áfram að telja. Þetta og annað þessu líkt þolir þjóðarbúið, segir hæstv. ríkisstj. En kaup mannsins, sem hefur 120 þús. kr. á mánuði, má ekki hækka um 12 þús. kr., þá sligast þjóðarbúið. Hvað sem öllu líður, segir hæstv. ríkisstj., verður að koma í veg fyrir að þessi hækkun komi til, þó að það kosti að ríkisstj. gangi á bak allra sinna orða og gerða og rjúfi öll sín fyrirheit, það breytir engu. Það verður líka, segir hæstv. ríkisstj., að lækka kjör elli- og örorkulífeyrisþega. Verðbætur þeirra, sem hafa undir 88 þús. kr. á mánuði, verða skertar um þriðjung. Og svo segir Tómas Árnason, Framsóknarpm. og komissar með meiru: Þetta verðum við að gera vegna þess að Íslendingum hefur sjaldan eða aldrei vegnað betur, velmegun er svo mikil og góð, þess vegna verðum við að skerða kjörin.

Þetta má segja að sé kjarninn í því frv. sem hér er til umr. Og það var ekki mikið að hjá hæstv. sjútvh., sem talaði áðan. Það var ekki á honum að heyra, að það væri mikið um vandamál. Hann unir sýnilega glaður við sitt, enda þarf hann ekki, hæstv. ráðh., sem betur fer að lifa á 120 þús. kr. á mánuði, enda dygði það honum líklega skammt.

Það annað, sem er í þessu frv., er smíðað utan um þennan ramma. Við skulum þó staldra við 3. gr. frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá og með 1. jan. 1979 skulu óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum.“

Hér er lagt til að söluskattur, bensíngjald, vörugjald, tollar o. fl. verði tekið út úr vísitölugrundvelli og stjórnvöld hafi í hendi sér að hækka þessar álögur að eigin vild, án þess að nokkrar bætur til handa launafólki komi á móti. Hér er á ferðinni slíkt svartnættishugarfar af hinu vonda gagnvart verkalýðshreyfingu og launafólki, að það má furðu gegna að sjá slíkt í frv.-formi hér á Alþ. Það hugarfar, sem þessi frvgr. sýnir, er slík svívirða gagnvart verkalýðshreyfingunni og launafólki, að þess munu engin dæmi hjá neinni ríkisstj., og er þá mikið sagt. Þessi grein er einnig að öðru leyti athyglisverð, því að engu er líkara en hér sé um að ræða kosningastefnuskráratriði stjórnarflokkanna og augsýnilegt á því, að þeir ætla sér í áframhaldandi stjórnarsamstarf eftir kosningar fái þeir til þess umboð.

Krafan um að kippa óbeinum sköttum út úr vísitölunni er að öllum líkindum komin frá Framsfl. og þá líklegast frá formanni hans, hæstv. viðskrh. Ólafi Jóhannessyni. A. m. k. finnst mér svipaður keimur af henni og þeirri kröfu sem gerð var vorið 1974, því að svo slæmir sem sumir hverjir forustumanna Sjálfstfl. eru gagnvart verkalýðshreyfingunni, þá er afstaða þeirra hreinir smámunir miðað við það sem er að finna innan forustu Framsfl. Og ekki kæmi mér á óvart þó að formaður Framsfl. væri með þessari kröfu sinni að undirbúa möguleika fyrir Framsókn til að hlaupa úr vistinni áður en kjörtímabili er lokið.

Hæstv. forsrh. sagði fyrr við þessar umr., að fulltrúar allra þingflokka hafi þurft að standa frammi fyrir því að þurfa að breyta vísitöluákvæði gildandi kjarasamninga. Sjálfsagt er þetta rétt hjá hæstv. ráðh., að allir þingflokkar hafi staðið frammi fyrir þessu. En það er ekki þar með sagt, að allir sjórnmálamenn hafi staðið að því að framkvæma þetta. Ég a. m. k. vísa því á bug að hafa staðið að slíku. Ég stóð gegn því vorið 1974, þegar krafa var sett fram af páv. forsrh. Ólafi Jóhannessyni, að rifta gerðum samningum. Þá rauf Ólafur Jóhannesson þing, af því að hann fékk ekki þessari kröfu sinni framgengt. En þeir voru allt of margir þá, þm. sem vildu fallast á þessa kröfu, og það verður að segjast, að það eru allt of margir stjórnmálamenn, sem hafa gleymt hugsjónunum þegar þeir hafa verið komnir í valdaaðstöðu. Og menn hafa væntanlega heyrt rökstuðning Framsóknarráðh. Halldórs E. Sigurðssonar áðan. Rökstuðningur hans fyrir þessu frv. og gerðum hæstv. ríkisstj. var fyrst og fremst sá, að Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason hefðu oft gert hið sama. Það er ekki slæmur rökstuðningur við frv. af því tagi sem hér er um að ræða.

Það er alveg ljóst, að engin ríkisstj. er svo sterk að hún geti brotið á bak aftur þau grundvallarlýðréttindi verkalýðshreyfingarinnar að semja án lagaþvingana um sín mál. Hæstv. ríkisstj. hafði vissulega ætlað sér að nota hina margumtöluðu verðbólgunefnd sem skálkaskjól að þeim ráðstöfunum sem hún fyrirhugaði. Nú hefur komið í ljós, að engin samstaða var innan stjórnarflokkanna um að fara þá leið til lausnar vandanum sem fulltrúar hennar og sérfræðingar í efnahagsmálum lögðu til í verðbólgunefnd. Ríkisstj. leggur allt annað til með þessu frv.

Eins og frá hefur verið greint, tókst samkomulag í verðbólgunefnd milli fulltrúa ASÍ, BSRB og fulltrúa stjórnarandstöðunnar hér á Alþ. um till. til lausnar þeim bráða vanda sem við er að etja. Þessar till. byggjast fyrst og fremst á þremur meginatriðum: að halda gerða samninga, að tryggja fulla atvinnu og beita ráðstöfunum til að draga úr verðbólgu. Þessar till. eru framkvæmanlegar, á því er enginn vafi, og með þeim er hægt að ná árangri, að vísu ekki miklum á þessu ári, en þó meiri en till. hæstv. ríkisstj. gera ráð fyrir. En það, sem mestu máli skiptir, er að þær leggja grunninn að frekari langtímalausn í baráttunni við verðbólguna. Bæði ASÍ og BSRB hafa tjáð sig reiðubúin til viðræðna við ríkisstj. á grundvelli þessara tillagna. Enn er það tækifæri opið ríkisstj., og hæstv. ríkisstj. ætti að hafa vit á því að taka því boði.

Verði þetta frv. samþykkt hefur ríkisstj. valið þann kost sem verstur er, að efna til vinnudeilna og óróa á vinnumarkaðinum, og að sjálfsögðu verður hún að taka afleiðingum þeirra gerða sinna. Hún hefur þá kosið stríð við launþegasamtökin í stað þess að taka í framrétta hönd þeirra til lausnar vandans. Það er því alveg ljóst, að knýi ríkisstj. þetta mál í gegnum þingið eins og það liggur fyrir, þá er vísvitandi stefnt í stórkostleg átök og hörku á vinnumarkaðinum og það er ríkisstj. sem á frum-

kvæði að þeim átökum. Hér á því við sem oftar, að sá veldur miklu sem upphafinu veldur. — Góða nótt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:10 atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 355). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frv. það til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem hér er flutt, er áfangi í þeim aðgerðum sem ríkisstj. telur nauðsynlegar til að bregðast við þeim efnahagsvanda sem á rætur að rekja til vaxandi verðbólguþróunar á síðustu mánuðum og einna gleggst hefur birst í miklum hallarekstri útflutningsatvinnuveganna. Þessi vandi hefur orðið æ alvarlegri á undanförnum mánuðum, þrátt fyrir það að viðskiptakjör þjóðarinnar hafa farið batnandi undanfarin tvö ár og því öll ytri skilyrði verið með hagstæðasta móti. En hin hagstæðu ytri skilyrði ættu að gera auðveldara en oft áður að ráða fram úr efnahagsvandanum, eins og hann birtist nú, ef við tökum á honum eins og menn.

Á vegum ríkisstj. hefur að undanförnu farið fram umfangsmikil könnun á þeim leiðum, sem um er að velja í stjórn efnahagsmála, bæði í bráð og lengd. Þessar athuganir hafa m. a. farið fram á vegum svokallaðrar verðbólgunefndar sem nú hefur lokið störfum og skilað ríkisstj. skýrslu sinni og álitsgerð. Það er athyglisvert við niðurstöðu n., að enginn nm. dregur í efa nauðsyn gengisbreytingar við ríkjandi aðstæður. Enginn nm. dregur heldur í efa nauðsyn umfangsmikilla efnahagsaðgerða til þess að hamla gegn verðbólgu. Þetta er mikilvæg niðurstaða þegar um er að ræða jafnstóran hóp manna með ólík sjónarmið og hér um ræðir. Og þótt nm. hafi greint á um leiðir er sá ágreiningur e. t. v. minni en hann sýnist. Þetta kemur í ljós þegar sérálit einstakra nm. eru borin saman við álit meiri hl. í n., þótt orðið meiri hl. eigi hér naumast við.

Á síðasta ári er þjóðarframleiðslan talin hafa aukist um a. m. k. 4% og var þjóðarframleiðsla á mann þá orðin meiri en hún hafði mest orðið áður árið 1974. Vegna batnandi viðskiptakjara óx raungildi þjóðartekna meira eða um rúmlega 7% og voru þjóðartekjur á mann þá einnig orðnar meiri en nokkru sinni áður. Meginástæður þessa hagstæða árferðis voru góð aflabrögð og ör hækkun útflutningsverðs. Viðskiptakjör hafa hins vegar ekki náð sínu fyrra hámarki, sem var árið 1973, en þau voru þá 5% hagstæðari en á síðasta ári. Í ár er hins vegar ekki við því að búast að framhald verði á viðskiptabata. Nauðsynlegt verður að draga nokkuð úr þorskafla frá því sem var í fyrra og þótt von sé til að þar verði bætt um með auknum afla af öðrum tegundum, þá er vart hægt að gera ráð fyrir meiri aukningu útflutningsframleiðslu en nálægt 3% samanborið við 13—15% aukningu í fyrra.

Þjóðarútgjöldin tóku mikinn vaxtarkipp á árinu 1977 í kjölfar afturbatans sem hófst árið 1976 og ekki síst vegna hinnar miklu kaupmáttaraukningar um mitt s. l. ár sem kom fram í mikilli aukningu einkaneyslu. Aukningu þjóðarútgjalda fylgdi strax mikil aukning innflutnings og jókst vöruinnflutningur um 20% að magni á síðasta ári. Afleiðingin varð vaxandi halli á viðskiptunum við útlönd þrátt fyrir viðskiptakjarabotina. Nam viðskiptahallinn líklega um 9 milljörðum kr. eða um 2.5% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 1.7% árið áður. Í þessu sambandi ber þess að geta, að útflutningsbirgðir jukust að mun á árinu sem leið. Nauðsyn ber til að koma í veg fyrir að viðskiptahalli verði á þessu ári, en það næst ekki nema með því að draga úr aukningu þjóðarútgjalda þar sem útflutningsframleiðslunni eru nú takmörk sett.

Markmiðið á raunar að vera að ná afgangi á viðskiptajöfnuði á þessu ári. Að ráðstafana mátti telja að þjóðarútgjöld ykjust um 3—3.5% í ár og almennur innflutningur um 7%. Miðað við þá eftirspurnarþenslu, sem ríkt hefur að undanförnu, er hins vegar hætta á að innflutningsaukningin yrði meiri og þar með einnig hætta á vaxandi viðskiptahalla.

Í þjóðhagsspánni, sem lá til grundvallar við afgreiðslu fjárl. og gerð lánsfjáráætlunar, var gert ráð fyrir 3.5—4% vexti þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á árinu 1978, og er það talið samrýmast vel áætlun um framleiðslugetu.

Spáin fyrir árið 1978 var byggð á mati á þeirri kaupmáttaraukningu, sem að var stefnt með gildandi kjarasamningum, en þróun eftirspurnar og þjóðarútgjalda ræðst að afar miklu leyti af breytingum kaupgjalds og verðlags. Niðurstaðan af því mati var sú, að kjarasamningarnir stefndu að 8—9% rauntekjuaukningu á þessu ári, en vegna skattbreytinga var hins vegar gert ráð fyrir 6% neysluaukningu, einnig af því að búist er við að hækkun verðbótaþáttar vaxta muni auka sparifjármyndun eitthvað á árinu 1978. Mergurinn málsins er sá, að á bak við þessa kaupmáttaraukningu hefði búið að öllu óbreyttu meira en 50% kauphækkun frá ársmeðaltali 1977—1978 og um eða yfir 40% verðhækkun. Yfir allan vafa er hafið, að af slíkri þróun verðlags og launa hefði leitt margvíslegan vanda, ekki síst að því er varðar samkeppnisstöðu útflutningsatvinnuveganna og reyndar einnig á lánamarkaði og í opinberum fjármálum. Útlit var því fyrir rekstrartruflanir og þar með atvinnubrest.

Ráðstafanir þær, sem felast í þessu frv., eru til þess ætlaðar að hamla gegn verðbólgu og stuðla að betra jafnvægi í efnahagsmálum. Ef stefna á að því að ná tökum á verðbólguvextinum þegar á þessu ári er sýnt, að ekki er um annað að ræða en hamla gegn vixlgangi verðlags og launa með því að takmarka nokkuð þær kauphækkanir sem ráðgerðar eru með kjarasamningunum, enda væru önnur úrræði mikils til of seinvirk eða hefðu í för með sér hættu á atvinnubresti. Í frv. þessu er því gert ráð fyrir að verðbætur á laun verði takmarkaðar nokkuð, en hins vegar er gerðum kjarasamningum ekki raskað að öðru leyti.

Í 1. gr. frv. er lagt til, að hamlað verði gegn víxlhækkunum verðlags og launa með því að helminga þá hækkun verðbóta og verðbótaauka sem greiðast eiga á þessu ári umfram verðbótavísitöluna sem tók gildi hinn 1. des. s. l.

Í þessu felst, að í stað þess að laun almennt hækki um 10% til 1. mars hækki þau um 5%. Við verðum einfaldlega að játa, að með verðbótahækkun launa væri stefnt í ógöngur ef launin hækkuðu eftir óbreyttum vísitölureglum.

Ég veit að allir sanngjarnir menn eru sammála mér um það að glórulaust sé að hækka peningalaun um 10—15% á þriggja mánaða fresti. Till. í 1. gr. frv. er sett fram á þeim forsendum, að í raun sé vilji til þess að láta skynsemina ráða. Án þess verður kapphlaup launa og verðlags ekki slævt. Ráðið, sem ríkisstj. leggur til að notað verði, er einfalt og auðskilið. Greiða skal helming hækkunar verðbóta og verðbótaauka af því, sem fram undan er.

Þrátt fyrir helmingun verðbóta samkv. 1. gr. frv. er þó tryggt með ákvæði um lágmarksverðbætur í 2. gr., að þessi frádráttur snerti lítið eða ekki hina tekjulægstu í hópi launþega. Hér eru einkum þeir hafðir í huga sem tekjur hafa af reglulegri dagvinnu einni á lágum kauptaxta. Ljóst er frá upphafi, að vandasamt verður að framkvæma þetta ákvæði, þar sem ekki er hægt að ákveða þennan bótarétt beint út frá kauptaxta, heldur ræður einnig hvort viðkomandi launþegi hefur fengið verðbætur á yfirvinnugreiðslur og/eða ákvæðis- eða álagsgreiðslur sem samanlagt koma verðbótum til hans upp fyrir hið tilgreinda mark. Um þetta efni þarf að setja sérstakar reglur, en hér er um mikið sanngirnismál að ræða og þessi fyrirhöfn því eðlileg. Launþegi með 100 þús. kr. mánaðarlaun fær samkv. þessu 8800 kr. hækkun verðbóta 1. mars n. k. eða hið sama og annar launþegi með 176 þús. kr. fær samkv. helmingareglu frv.

Frv. felur í sér þá stefnumörkun, að í 3. gr. þess er ákveðið að frá upphafi næsta árs skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði kjarasamninga, hvorki til hækkunar né lækkunar launa.

Það er ótvíræður galli á núgildandi vísitölukerfi að breytingar á óbeinum sköttum — öðrum en þeim sem fólgnir eru í verði áfengis og tóbaks — valda breytingum á kaupgreiðslu, en breytingar á beinum sköttum ekki. Hér er lagt til, að frá og með 1. jan. 1979 skuli breytingar á óbeinum sköttum ekki valda breytingu á verðbótum. Rökin fyrir þessu eru vel kunn. Í fyrsta lagi eru beinir skattar ekki meðtaldir í verðbótavísitölu, eins og að framan var getið. Það veldur því, að val löggjafans milli beinna og óbeinna skatta er að þessu leyti bundið, sem hlýtur að teljast óæskilegt. Í öðru lagi stendur ómæld opinber þjónusta á móti óbeinum sköttum, sem ekki er metin til kjarabóta, og má þá minna þm. á svokallað tappagjald, sem rætt var um hér fyrir jólin. Í þriðja lagi geta stjórnvöld ekki með sama árangri og ella beitt breytingum á óbeinum sköttum til hagstjórnar, vegna þess að þeir eru í grunni verðbótavísitölu. Í frv. er gert ráð fyrir að kauplagsnefnd meti hvaða skattar skuli teljast óbeinir í þessu sambandi.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég lít á niðurgreiðslur sem neikvæðan óbeinan skatt. Er því eðlilegt og rétt að kauplagsnefnd meti niðurgreiðslur inn í vísitöluna eins og aðra óbeina skatta.

I frv. þessu eru gerðar till. um ráðstafanir til að *milda áhrif helmingunar* verðbóta á kaupmátt og lífskjör almennings og lækka verðlag með nokkurri lækkun skatta og aukningu niðurgreiðslna. Barnabætur eru hækkaðar um 5%, en það léttir skattbyrði barnmargra fjölskyldna, og gert er ráð fyrir lækkun sérstaks vörugjalds úr 18% í 16%. Þá er gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki með launum og á sömu dögum, og auk þess er gert ráð fyrir sérstakri hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar umfram launahækkun hinn 1. mars n. k. Loks hyggst ríkisstj. auka niðurgreiðslur vöruverðs um 1300 millj. kr. á ári, en það jafngildir 1% í kaupmætti ráðstöfunartekna.

Kaupmáttaráhrif þeirra ráðstafana, sem hér hafa verið nefndar, jafngilda, þegar allt er talið saman, tæplega 1.5% aukningu kaupmáttar ráðstöfunartekna frá því sem ella hefði orðið. Með þessu gæti kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann árið 1978 orðið nálægt því sá sami og á árinu 1977, en þá var hann um það bil jafnmikill og hann hefur mestur orðið áður á árinu 1974. Hér er að vísu um að ræða nokkra kaupmáttarfórn frá því sem að var stefnt með kjarasamningunum, en sá kauppmáttur var sýnd veiði, en ekki gefin. Hins vegar er nú von til þess, að takast megi að treysta þann kaupmátt sem náðist á síðasta ári.

Ráðstafanir þær, sem hér eru gerðar til þess að styrkja kaupmátt tekna einstaklinga, hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs og er því nauðsynlegt að tryggja betur hans hag.

Fjárlög þessa árs voru afgreidd með greiðsluafgangi er nam 350 millj. kr., og var þá byggt á áætlunum frá s. l. hausti. Raunveruleg útkoma ríkisfjármálanna 1977 var hins vegar óhagstæðari en gert var ráð fyrir við fjárlagaafgreiðsluna. Endurmat á fjárlagatölum 1978 vegna þessara breytinga á grunni þeirra bendir til 2.1 milljarða kr. lakari stöðu en í fjárl. Greiðsluhalli yrði því um 1.8 milljarðar kr. Hér er einkum um að ræða meiri vaxtagreiðslur og útgjöld til almannatrygginga en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áhrif kauplags- og verðlagsbreytinga af völdum ráðstafana þessara svo og áhrif gengisbreytingarinnar á fjárhag ríkissjóðs eru samtals taldar fela í sér 3.3 milljarða kr. bata í stöðu ríkissjóðs á árinu, og hefur þá verið reiknað með hækkun rekstrarútgjalda vegna gengisbreytingarinnar, en reyndar hefur þá einnig verið ákveðinn niðurskurður á rekstrargjöldum til mótvægis að nokkru leyti, eins og fram kemur í fskj. með frv. þessu. Væri ekkert frekar að gert stefndi í 1.5 milljarða kr. greiðsluhalla hjá ríkissjóði. Ráðstafanir þær, sem ráðgerðar eru, til að milda áhrifin af breytingu verðbótareglna eru álitnar kosta ríkissjóðs 2.4 milljarða kr. í útgjaldaauka og tekjutapi. Þessari fjárhæð er samkv. frv. þessu mætt með framangreindu svigrúmi og að auki með álagningu skyldusparnaðar á félög til samræmis við skyldusparnað einstaklinga. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir heimild til lækkunar framkvæmdaframlaga og rekstrar-

gjalda á A-hluta fjárl. um 1 milljarð kr., og væri aukinni fjárráðstöfun frv. því að mestu mætt með þessu móti. Eftir þessar aðgerðir væri um nokkurn greiðsluafgang að ræða hjá ríkissjóði á árinu eða um 1 milljarð kr., ef heimild til útgjaldalækkunar yrði að fullu notuð. Ótraustari má þó fjárhagsstaða ríkissjóðs alls ekki vera.

Hér verður að hafa í huga þá óvissu sem jafnan ríkir um framvindu efnahagsmála og áhrif þeirra á ríkisfjármálin. Auk þess telur ríkisstj. nú afar brýnt að ríkisfjármálin verði ekki þensluvaldur í því árferði, sem nú ríkir, heldur sé þeim beitt til að draga úr þunga innlendrar eftirspurnar. Því er í frv. þessu gert ráð fyrir nokkrum breytingum á lántökuáformum ríkissjóðs í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að framboð spariskírteina megi auka um 1½ milljarð kr. frá fyrri áformum eingöngu til að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs og draga fé úr umferð, en ekki til að fjármagna útgjöld. Með þessum hætti væri því stefnt að 2½ milljarðs kr. greiðsluafgangi á þessu ári. Það felur í sér nokkru traustari afkomu en reiknað er með á fjárl., enda nauðsynlegt til að hamla gegn verðþenslu. Auk þess verður unnið að því á næstunni að leita leiða til að fresta framkvæmdum, sem fjármagnaðar eru með erlendum lántökum, um a. m. k. 1 milljarð kr.

Með gengisbreytingunni hinn 8. þ. m. og þeim ráðstöfunum, sem þetta frv. felur í sér, er, eins og fyrr segir, að því stefnt að tryggja öruggan rekstur undirstöðuatvinnuveganna og þar með fulla atvinnu, jafnframt því sem hamlað sé gegn verðbólgu á árinu og grunnur lagður að sókn gegn verðbólgunni á næsta ári. Jafnhliða þessu er með þessum ráðstöfunum stefnt að bættum viðskiptajöfnuði og bættri stöðu landsins út á við.

Að óbreyttu blasti við hallarekstur og rekstrarstöðvun í fiskiðnaðinum og útflutningsiðnaði. Ráðstafanirnar tryggja viðunandi rekstrargrundvöll allra helstu atvinnuvega.

Að óbreyttu hefði verðbólguhraðinn á árinu orðið meiri en 40% að meðaltali, en 36% frá upphafi árs til loka þess. Ráðstafanirnar þoka þessari tölu niður í 36% að því er ársmeðaltalið varðar, en niður fyrir 30% frá upphafi til loka árs.

Að óbreyttu hefði stefnt í a. m. k. um 4—5 milljarða kr. viðskiptahalla á árinu. Ráðstafanir þessar bæta viðskiptajöfnuðinn um 6—8 milljarða á þessu ári og snúa halla í afgang.

Til þess að ná þessum árangri er nauðsynlegt að draga úr innlendri eftirspurn og aukning þjóðarframleiðslu verður um sinn e. t. v. eitthvað minni en ella. Við þetta gæti einnig dregið úr þeirri umframeftirspurn eftir vinnuafli sem einkennt hefur ástand á vinnumarkaði að undanförnu, en atvinnuástand héldist áfram gott.

Þessi árangur og hallalaus ríkisbúskapur, sem aðgerðirnar tryggja, er mikilvægur og þeim mun meira er um vert að með þeim er á raunhæfan hátt leitast við að tryggja þann kaupmátt, sem náðist á árinu 1977, og leggja þannig traustan grundvöll að kjarabótum síðar.

Ég hef nú gert allítarlega grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem felast í frv. því sem hér liggur fyrir, tilefni þeirra og aðdraganda. Vissulega telur ríkisstj. það hreint neyðarúrræði, að grípa þurfi til breytinga á gerðum kjarasamningum með lögum, enda eru frjálsir samningar um kaup og kjör tvímælalaust einn af mikilvægustu þáttum okkar þjóðskipulags. Raunin hefur hins vegar því miður orðið sú í okkar sveiflukennda þjóðarbúskap, að óhjákvæmilegt hefur reynst að löggjafinn grípi í taumana í þessum efnum, einkum er vísitöluákvæði kjarasamninga hafa stefnt aukningu peningatekna svo hátt að þjóðarvoði blasti við. Hafa allir flokkar, sem fulltrúa eiga hér á Alþ., þurft að standa frammi fyrir slíkum vanda, er þeir hafa verið í ríkisstj. Þótt ástæður hafi verið mismunandi hefur vandinn svo til ætíð verið fólginn í því, að innlendar víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags hafa stefnt afkomu undirstöðuatvinnuveganna í hættu svo að vofað hefur yfir stöðvun atvinnurekstrar og vaxandi viðskiptahalli. Stundum hefur ekkert minna en almenn kjaraskerðing nægt til að jafna metin í þjóðarbúskapnum, en á öðrum tímum hefur aðeins verið þörf að halda í horfinu. Þær ráðstafanir, sem hér liggja fyrir, stefna ekki að kjaraskerðingu, heldur er markmið þeirra að hemja tekjur innan þeirra marka sem framleiðslugeta þjóðarbúsins nú frekast leyfir, en tryggja um leið að hin mikla kaupmáttaraukning, sem átt hefur sér stað undanfarin tvö ár, haldist, um leið og tryggð sé öflug atvinnustarfsemi í landinu og næg atvinnutækifæri fyrir allt vinnandi fólk.

Þetta frv. ásamt nýafstaðinni gengislækkun felur fyrst og fremst í sér ráðstafanir til þess að fást við þann stundarvanda í þjóðarbúskapnum sem við eigum nú enn einu sinni við að glíma og á rætur sínar í verðbólgunni. Í frv. eru hins vegar einnig ákvæði sem hugsuð eru til frambúðar, þ. e. að breytingar óbeinna skatta til hækkunar eða lækkunar skuli frá næstu áramótum ekki hafa áhrif á verðbótaákvæði kjarasamninga. Þessi breyting er nauðsynleg frá sjónarmiði bættrar hagstjórnar í landinu á komandi árum og felur jafnframt í sér umbætur á launaákvörðunaraðferðinni sem hér hefur tíðkast. Hún er skref í átt frá vélgengi í víxlhækkun kaupgjalds og verðlags.

Í skýrslu verðbólgunefndar, sem ríkisstj. skipaði fyrir rösklega einu ári til að kanna horfur í verðlagsmálum og gera till. um ráðstafanir til að draga úr verðbólgu, er áhersla á það lögð, að ástæðurnar fyrir hinni öru verðbólguþróun hér á landi séu þess eðlis, að ekki sé til nein einföld lausn, ekkert töfraorð sem komið getur á verðfestu á andartaksstund. Til þess að draga markvisst úr verðhækkun hér á landi á næstu árum þarf að vinna að því að bæta hagstjórnaraðferðirnar á öllum sviðum, og þær umbætur taka óhjákvæmilega tíma.

Í skýrslu verðbólgunefndar er fjallað um þær breytingar sem helst kæmu til greina í þessu skyni. Þar er bent á réttar leiðir sem þarf að fullkanna og skal ég ekki tíunda þær hér hverja fyrir sig, þar sem hv. þm. hafa fengið álit verðbólgunefndar í hendur. Það hefur verið unnið að þessum þáttum í tíð núv. ríkisstj. og mun verða áfram, og ég tel nauðsynlegt að fram verði

fylgt sem horfir um marga þætti þessara ábendinga.

Ég tel nauðsynlegt að stofnað verði til skipulegs samráðs af því tagi, sem þarna er gert ráð fyrir, í kjölfar þeirra ráðstafana, sem nú hafa verið gerðar, til þess að stuðla að þjóðhagslegu jafnvægi og draga úr verðbólgu í bráð. Fyrsta verkið ætti að vera að vinna úr ábendingum verðbólgunefndar um umbætur á stjórn efnahagsmála á þeim sex sviðum, sem sérstaklega eru tilgreind. Það er þjóðarnauðsyn að allir áhrifaaðilar í efnahagsmálum, bæði ríkisvaldið og hagsmunasamtökin, reyni að nálgast sameiginlegt mat á framleiðslugetu þjóðarbúsins, sjálfum grundvellinum fyrir varanlegum kjarabótum, til viðmiðunar við gerð næstu fjárl., lánsfjáráætlunar og kjarasamninga.

Á þessu ári hefur ríkisstj. beitt sér fyrir nokkrum samdrætti í opinberum framkvæmdum í heild, en slík stefna skilar ekki árangri nema henni sé framfylgt á öllum sviðum efnahagslífsins og samfellt yfir alllangan tíma. Að því verður að stefna á næstu árum að ná enn betri tökum á heildareftirspurninni í landinu til að tryggja jafnar framfarir og sem hægastar verðbreytingar.

Jafnan skyldu menn þó gæta þess, að hversu góðar aðferðir sem fundnar verða til þess að stjórna þjóðarbúskapnum og hversu hyggilega sem þeim verður beitt verður ekki úr verðbólgunni dregið til lengdar nema með miklu aðhaldi í útlánum og ríkisfjármálum. Það hefur verið okkar veikleiki að vilja gera of margt í senn. Þjóðin er orðin þreytt á yfirboðum og sprengihækkunum í útgjöldum, útlánum og launum sem ekki skila raunverulegum árangri. Nú þurfum við að bregða á betri ráð. Vandi verðbólgunnar verður aldrei farsællega leystur nema með sameiginlegu átaki áhrifaaðilanna í efnahagsmálum og reyndar þjóðarinnar allrar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. og 2. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er af ætt bandorma. Í því eru ýmis óskyld ákvæði, breytingar á eldri lögum og ný ákvæði öllu vöðlað saman í eitt frv., eins og reyndar eru ýmis dæmi um áður hér í þinginu, en aðalefni frv. er í I. kafla þess. Þetta frv. er fylgifrv. þeirrar gengisfellingar sem riðið hefur yfir íslenskt efnahagskerfi seinustu daganna. Í I. kaflanum, aðalkafla frv., er verið að slá því föstu hverjir eigi að bera byrðarnar af þessari lækkun á gengi íslensku krónunnar. Það er einfaldlega aðalefni frv., að kjarasamningum, sem gerðir hafa verið við allan þorra launamanna á liðnu ári, skuli riftað. Það er aðalefni frv., að þær kjarabætur, sem fólust í þessum kjarasamningum, skuli teknar aftur. Með þessu frv. er því stríðshanskanum bersýnilega kastað. Með þessu frv. er friði á vinnumarkaðinum teflt í tvísýnu og raunar bersýnilega í hreinan voða.

Það er óumdeilt, að á þeim árum þegar kjaraskerðing var hvað mest hér á landi, þ.e.a.s. á árunum 1975 og 1976, sýndi verkalýðshreyfingin í landinu mikið langlundargeð og mikla hógværð í kröfugerð sinni, svo að mörgum þótti nóg um, og staðreynd var að á þessu tímabili tókst stjórnvöldum að þrýsta niður kaupmætti launa um 25—40%. En eftir þær stórfelldu breytingar, sem urðu á viðskiptakjörum þjóðarinnar á s. l. ári og reyndar á síðari hluta ársins 1976 með stórfelldum hækkunum á verðlagi íslenskra afurða á erlendum mörkuðum og stórhækkuðum heildartekjum þjóðarinnar, var einsýnt að launafólk í landinu og þar með þær stéttir, sem miða kjör sín við kjör launafólks, hlytu að fá hlut sinn réttan. Hjá því varð að sjálfsögðu ekki komist. Og það var þetta sem gerðist í samningunum í sumar. Þá gerðist það í fyrsta lagi, að verkalýðshreyfingin tryggði sér fulla verðtryggingu á laun og hún tryggði sér í öðru lagi nokkra kaupmáttaraukningu, sem að vísu var ákaflega takmörkuð og átti að koma í mörgum áföngum, en fól þó í sér langþráða kjarabót. Útreikningar sýna, að kaupmáttaraukning launamanna innan Alþýðusambands Íslands á árinu 1977 mun hafa numið um 7—8% á því ári og var talin munu nema nokkrum prósentustigum til viðbótar á árinu 1978. Þetta urðu að vísu, þegar allt kom til alls, býsna háar prósentutölur þegar verðtrygging launanna bættist við, en hin raunverulega kaupaukning nam ekki nema 10—11%. Hitt var eingöngu verðbætur á laun.

Við höfum heyrt undanfarna daga í umr. um efnahagsráðstafanir ríkisstj. og nú seinast í ummælum hæstv. forsrh., að það sé að sjálfsögðu glórulaust, eins og hann tók til orða áðan, að ætla að horfa á það aðgerðalaus að kaup hækki um 10—12% á þriggja mánaða fresti. Auðvitað er þetta glórulaust ef það er skoðað alveg út af fyrir sig og einangrað frá öllum öðrum aðstæðum í þjóðfélaginu. En með nákvæmlega sama hætti er það glórulaust að horfa upp á verðlagið í landinu æða áfram um 10—12% á þriggja mánaða fresti, ellegar þá að horfa á breytingar á gengi krónunnar, hvernig það hríðfellur jafnt og þétt. Staðreyndin er sú, og það er það sem máli skiptir í þessu sambandi, en ekki einhverjar svimandi háar prósentutölur sem eru gripnar úr lausu lofti, að þær launahækkanir, sem áttu sér stað á liðnu ári, voru mjög hófsamlegar, ef þær eru eingöngu skoðaðar út frá þeirri kaupmáttaraukningu sem í kjölfar þeirra fylgdi. Og þær eru enn hógværari ef tekið er tillit til hinnar miklu kjaraskerðingar sem var undanfari þessara launasamninga. Þessar kaupbreytingar átti efnahagskerfi okkar að þola. Það átti að þola, að unnt væri að bæta kjörin að takmörkuðu leyti, eins og þarna var gert, eftir þær miklu breytingar sem höfðu orðið á viðskiptakjörum okkar og hækkanir á þjóðartekjum. En til þess þurfti vissulega að uppfylla ákveðin skilyrði. Það þurfti að sjálfsögðu að haga stjórnarstefnunni í landinu á þann veg að skapað væri rúm fyrir þessa aukningu kaupmáttar. Skynsamleg viðbrögð stjórnvalda þurfti til þess að koma í veg fyrir að þessi breyting á tekjuhlutföllum í þjóðfélaginu hefði verðbólguhvetjandi áhrif. Allar breytingar á tekjuhlutföllum í þjóðfélaginu, hvort heldur þær eru til hins verra eða hins betra, ýfa upp ákveðinn öldugang, skapa ákveðna sveiflu í þjóðfélagi okkar, og til þess að þær geti átt sér stað án alvarlegra truflana í efnahagskerfi okkar verður að sjálfsögðu að gera marg-

vislegar ráðstafanir af hálfu stjórnvalda til að draga úr þeim sveiflum og koma í veg fyrir að hin breyttu tekjuhlutföll hafi alvarlegar afleiðingar vegna þess öldugangs í okkar efnahagskerfi sem þær óhjákvæmilega valda. Það var einmitt þetta sem á skorti. Ríkisstj. virtist staðráðin í því, strax eftir að þessir kjarasamningar höfðu verið gerðir, að doka ekki allt of lengi við, en hefja nýja styrjöld á hendur launastéttunum, og virtist ekki láta sér til hugar koma að nokkur þörf væri á því að skapa svigrúm í okkar efnahagskerfi til þess að þessi breyting á tekjuskiptingunni gæti átt sér stað með eðlilegum hætti.

Eins og þetta frv. ber með sér er högginu að þessu sinni beint sérstaklega gegn því vísitölukerfi sem samið var um á s. l. ári. Það er athyglisvert í því sambandi að rifja upp að vísitölukerfið, sem aðildarsamtök Alþýðusambands Íslands sömdu um á s. l. sumri, er það vísitölukerfi sem sáttanefnd ríkisstj. gerði till. um. Það var sáttanefnd skipuð af ríkisstj., sem að sjálfsögðu starfaði í góðu sambandi við ríkisstj., a. m. k. þeir sem höfðu forustu fyrir þeirri sáttanefnd, og till. um vísitölukerfið, sem samið var um, var komin frá þessari sáttanefnd. Þetta er sama kerfið sem ríkisstj. er nú staðráðin í að brjóta niður.

Eins var það með samninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja á s. l. hausti. Það verðtryggingarkerfi, sem á endanum var samið um, fólst í till. ríkisstj. eins og þær voru í öndverðu lagðar fyrir samningsaðilann, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Það er því ekki hægt að segja að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi beitt verkfallsrétti sínum og þeim þrýstingi, sem í honum reyndist fólginn, til að knýja fram það vísitölukerfi sem samið var um. Verkfallsréttinum var fyrst og fremst beitt til þess að knýja fram aðra þætti samninganna. En fyrirkomulag vísitölukerfisins kom frá ríkisstj., kom frá fjmrh., og nú eru aðeins þrír mánuðir liðnir frá því að hæstv. fjmrh. býður fram þetta kerfi og þar til hann og hans ríkisstj. stendur að því að brjóta það aftur niður.

Það er reyndar mál út af fyrir sig, að þessi samningsrof af hálfu ríkisstj. hljóta að koma harla spánskt fyrir sjónir þeim sem les lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 17. gr. þeirra samninga segir ótvírætt, að hvor aðili um sig sé skuldbundinn til þess að viðlagðri refsingu að standa við gerðan samning, standa við efni samningsins, og lögð eru þung viðurlög við því, ef annar aðilinn, hvort heldur sem er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eða ríkisstj., gerir tilraun til þess að beita sér fyrir því að ákvæði samningsins séu rofin. Það er því ljóst að viðleitni ríkisstj. þessa dagana til að koma fram því frv., sem hér um ræðir, er beinlínislínis brot á ákvæðum þeirra laga.

Líka er athyglisvert í sambandi við vísitölukerfið, sem ég er að ræða hér um og ríkisstj. er fyrst og fremst að lemja niður með þessu frv., að í samningum almennu verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur í júnímánuði á s. l. ári var gert ráð fyrir því, að vísitölubætur yrðu greiddar í krónutölu í fyrstu skiptin, þannig að allir fengju sömu krónutölu greidda, og það var ekki fyrr en 1. mars 1978 sem prósentutalan átti að taka gildi. En vísitölukerfið, sem ríkisstj. bauð, var með öðrum hætti. Það var einfaldlega þannig, að allir fengju sömu prósentuhækkun, hvort sem þeir hefðu lág laun eða há laun. Þetta er það vísitölukerfi sem ríkisstj. sjálf beitti sér fyrir með tilboði sínu til Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og þetta er síðan það sem hún samdi um við Bandalag háskólamanna nokkru síðar. Það er hún sem hafði frumkvæði að því, að hækkanirnar yrðu í hundraðshlutum og yrðu mun hærri á hin hærri laun, þvert á móti því sem var samið um í samningum almennu verkalýðsfélaganna á s. l. sumri.

Síðan þessir samningar ríkisstj. voru gerðir hefur nákvæmlega ekkert gerst í efnahagslífi okkar sem ætti að geta breytt þeirri mynd sem ríkisstj. átti að hafa fyrir augum þegar hún gerði þessi tilboð og gerði þessa samninga. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa aldrei verið hagstæðari en þau eru einmitt um þessar mundir, hafa jafnt og þétt farið batnandi, og afkoma þjóðarinnar hefur aldrei verið betri þegar á heildartekjur þjóðarinnar er litið. Það er aftur á móti tekjuskiptingin sem er gölluð. Það er hún sem verkalýðshreyfingin hefur verið að reyna að breyta. Það er hún, hin breytta tekjuskipting sem verkalýðshreyfingin knúði fram á s. l. sumri, sem nú er verið að gera tilraun til að breyta til hins fyrri vegar. Með þessu frv. er einfaldlega ákveðið, að þessar kjarabætur, sem fengust á s. l. sumri og ég nefndi hér áðan, 10—12%, skuli allar teknar aftur. Ég ítreka að þessi till. er um það, að kjarabæturnar séu allar teknar aftur.

Einhver auvirðilegasti orðaleppurinn, sem gengið hefur í gegnum þær miklu umr. um efnahagsmál sem átt hafa sér stað nú seinustu dagana, er sú fullyrðing hæstv. forsrh. og fleiri stuðningsmanna hans, að eftir þessa samninga verði kaupmáttur launa á árinu 1978 jafnmikill eða jafnhár og kaupmáttur launa var á árinu 1977. Með þessu þykist ráðh. vera að sýna fólki fram á að það megi vel við una, það haldi nokkurn veginn alveg þeim kjörum sem það hafði á s. l. ári. En því miður er þetta ákaflega auvirðilegur hálfsannleikur. Setningin sem slík er sannleikur í sjálfu sér. En það, sem máli skiptir, er einfaldlega það, að miðað er í hvoru tilvikinu um sig við kaupmátt launa á öllu árinu, og vegna þess að kaupmáttur launa var talsvert langt niðri á fyrri hluta ársins 1977, þá dregur það að sjálfsögðu meðaltal þess árs verulega niður. Hugsanlegt er þá að meðaltal þess jafnist á við kaupmátt núverandi árs þegar séð er fram á það, að kaupmátturinn muni verulega dvína á síðari hluta ársins 1978. Kjaraskerðingin, sem var viðloðandi á fyrri hluta ársins 1977, kemur sem sagt til með að jafnast á við þá kjaraskerðingu sem í vændum er á þessu ári.

Hagfræðingar á vegum verkalýðshreyfingarinnar höfðu gert spá um kaupmátt launa á árinu 1978 og miðuðu þar við, að miðað við að kaupmáttur launa væri 100 stig í janúarmánuði 1977 yrði kaupmáttur launa kominn í 109.4 stig 1. des. 1977 og yrði síðan að vísu nokkuð breytilegur á fyrstu mánuðum ársins, t. d. 107.3 stig 1. mars og 110.9 1. júní, en héldust úr því á bilinu milli 110 og 113 stig. Þetta er sú aukning

kaupmáttar sem ég hef gert að umtalsefni og var fyrirsjáanleg á árinu 1978 að öðru óbreyttu. En samkv. þeirri skerðingu, sem gerð er till. um með þessu frv. sem hér liggur fyrir, þá mun kaupmáttur launa hrapa úr þessum 109.4 stigum, sem hann var 1. des. 1977, og niður í 97—100 stig á síðari hluta ársins. Hann verður því orðinn mjög svipaður og hann var, að vísu eitthvað breytilegur eftir mánuðum, þannig að það skiptir máli við hvaða dagsetningu er miðað, en þó í grófum dráttum kominn á svipað stig á síðari hluta þessa árs og var fyrir kjarasamningana í fyrra. Kjaraskerðingin nemur því 10—12%.

Fróðlegt væri við meðferð þessa máls í n. að fá upplýsingar Þjóðhagsstofnunar um það, hve miklir fjármagnsflutningar felast í þessu frv. En nær er mér að halda að þar sé ekki um minni upphæð að ræða en 30—35 þús. millj. kr., og er það þó að vísu ágiskunarupphæð sem byggist á lauslegum upplýsingum um hugsanlegar þjóðartekjur á árinu 1978. Þetta er atriði sem væri fyllsta ástæða til þess að leita frekari upplýsinga um við meðferð málsins í nefnd.

Hér er að sjálfsögðu um mjög harðvítuga íhlutun að ræða í kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins, og það sem verst er við þessa svívirðilegu íhlutun er það, eins og verkalýðshreyfingin hefur bent á, að hér eru allar leikreglur þverbrotnar. Rofið er það traust sem augljóslega verður að ríkja í allri sambúð aðila vinnumarkaðarins meðan samningar standa. Og eftir þessa aðgerð, sem kemur í kjölfar nýgerðra kjarasamninga, segir sig sjálft að verkalýðshreyfingin hlýtur að verða hálfu varari um sig og á erfiðara með að treysta því, að samningar séu til að byggja á og þá verði að gera hverju sinni til afar skamms tíma. Það var einmitt einn mesti kosturinn við þá samninga sem verkalýðshreyfingin gerði í sumar, að þeir voru gerðir til alllangs tíma, til 16 mánaða, og það leit því út fyrir að með þeim væri tryggður vinnufriður í tæplega 1½ ár a. m. k. Það er svo sannarlega eitthvað annað sem komið hefur á daginn eftir þessa seinustu aðgerð ríkissti.

Það versta er, að þessar aðgerðir breyta engu til hins betra og bæ r leysa í sjálfu sér ekki nokkurn vanda. Það held ég að flestir viðurkenni. Verðbólgan æðir áfram ekki með stórum minni hraða. Misgengi innlends og erlends verðlags heldur áfram. En það eitt bætist við, að kjarasamningarnir hafa verið rifnir í tætlur og þannig stofnað til stórfelldra átaka á vinnumarkaðinum. Þessar efnahagsaðgerðir eru sem sagt einfaldlega aðeins óútfyllt ávísun á nýja holskefju sem bersýnilega er stefnt að á síðari hluta þessa árs. Þetta er ávísun sem gefin er út með hæfilegum fyrirvara fyrir kosningar, þannig að hægt sé að láta þetta drasla fram yfir þann tíma að kjósendur hafa gengið að kjörborðinu, en allir, í hvaða flokki sem þeir eru, viðurkenna að þessar aðgerðir breyta ekki einu eða neinu til frambúðar.

Auðvitað er það viðurkennt af öllum sem til þekkja, að í íslensku efnahagslífi er mikið vandamál á ferðinni. Auðvitað er viðurkennt að þessi vandamál verður að leysa, og auðvitað er viðurkennt af okkur stjórnarandstæðingum að ekki verður komist hjá kröftugum efnahagsaðgerðum, bæði til skamms tíma og til lengri tíma. En hver er þá þessi vandi sem við blasir? Það skal fúslega viðurkennt, sem hefur verið talin helsta ástæða þessara efnahagsaðgerða, að margar atvinnugreinar í landinu eiga í erfiðleikum þessa stundina. Sérstaklega gildir það um hluta frystiiðnaðarins sem verst er staddur. Þó ber að hafa í huga, að það er síður en svo að allur atvinnurekstur standi höllum fæti þessa stundina. Margvíslegur atvinnurekstur stendur ágætlega að vígi, þ. á m. mörg frystihús víða um land sem fá hráefni reglulega og örugglega og hafa búið sig það vel í stakk til að vinna úr hráefninu að þau gera það með hagkvæmasta hætti. Slík frystihús eru í flestum tilvikum rekin með hagnaði í dag og þau þurfa ekki á gengisfellingu að halda. Svo eru mörg frystihús sem standa svo mjög tvísýnt að þau stefna, að því er virðist nú, í hallarekstur enda þótt þau hafi fram undir þetta bjargað sér nokkurn veginn. Og svo eru enn önnur, sem eru í stórkostlegum vandræðum með hráefnisöflun og eru illa búin að tækjum, hafa verið rekin með miklu tapi og verða bersýnilega rekin með meira tapi ef ekkert er að gert. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika, að þær meðaltalstölur, sem byggt er á í útreikningum Þjóðhagsstofnunar, eru að sjálfsögðu ákaflega villandi. Bak við þessar meðaltalstölur felst mjög misjafn sannleikur, mismunandi staðreyndir. Það er síður en svo að einhver einföld flöt lausn, sem gengur yfir línuna og á að gilda fyrir allar tegundir atvinnutækja, þ. e. a. s. hin gamla, einfalda gengislækkunarleið, sé sérstaklega heppileg þegar þannig stendur á að afkoma fyrirtækjanna er svo misjöfn sem raun ber vitni.

Auðvitað er enginn undrandi á því, að atvinnuvegirnir eigi í erfiðleikum og standi höllum fæti um þessar mundir. Átt hafa sér stað stórfelldar kostnaðarhækkanir í framleiðslunni, og það segir sig sjálft að þegar 30—40% verðbólga gengur yfir efnahagskerfið ár eftir ár, þá hlióta atvinnuvegirnir að lenda í miklum vanda, ekki hvað síst þegar þeirri verðbólgu er fylgt eftir með svimandi háum vöxtum og ýmsum öðrum ráðstöfunum sem valda stórfelldum kostnaðarauka hjá atvinnurekstrinum. Þetta er auðvitað meginvandinn sem við blasir. Það er vandinn sem við er að etja í atvinnurekstrinum og um leið sá vandi, að núv. ríkissti. sér ekki neina aðra leið til að leysa þann hnút en rifta samningum og stofna til nýrra átaka á vinnumarkaðinum, þó að við blasi að kjörin eru gersamlega óviðunandi og því bersýnilegt, að verkalýðshreyfingin mun ekki og getur ekki sætt sig við slíkar vinnuaðferðir, síst af öllu þegar aðrar leiðir eru færar og verkalýðshreyfingin hefur m. a. beitt sér fyrir því að þær væru farnar.

Verðbólgan, sem núv. ríkissti. ber ekki litla ábyrgð á, lýsir sér að sjálfsögðu í margháttuðum öðrum vandamálum tengdum heim sem ég hef nú nefnt. Fjárfestingarsióðir rýrna að eigin fjármagni ár frá ári. Tryggingasióðir fólksins í landinu, atvinnuleysistryggingasjóðir, lífeyristryggingasjóðir, húsnæðismálasjóður, yfirleitt hvers konar sióðir, sem þióðin hefur komið sér upp á undanförnum árum, rýrna gífurlega

í þessu verðbólgubáli og af því stafar margvíslegur vandi. Enn einn vandinn í þessari súpu allri saman er skuldasöfnunin við útlönd, sem hefur aldrei verið meiri en í núverandi stjórnartíð, og það sem verra er, aldrei erfiðara að réttlæta hana en einmitt nú. Ég er ekki einn þeirra, sem býsnast yfir því þó tekin séu erlend lán til arðvænlegra framkvæmda, — framkvæmda sem við vitum að fyrr eða síðar skila okkur stórfelldum hagnaði, eins og gildir t. d. um orkuframkvæmdir eða uppbyggingu í atvinnuvegum landsmanna. Ég hef aldrei talið það eftir eða talið það neina synd að erlend lán væru tekin til slíkra framkvæmda. Satt að segja blöskrar mér oft og tíðum yfirborðsmennskan og kjafthátturinn í sambandi við þá hlið málanna, þegar menn eru að býsnast yfir t. d. of miklum orkuframkvæmdum, sem allir skynsamir menn sjá að munu koma okkur Íslendingum að miklu gagni fyrr en síðar. Það er ekki til að harma þó að við stöndum í einhverri skuld við erlenda lánardrottna af slíkum ástæðum. Hitt er miklu verra, að tekin hafa verið erlend lán bæði til að jafna stórfelldan viðskiptahalla, sem vafið hefur upp á sig ár frá ári, hrein eyðslulán til þess að bjarga úr þeirri erfiðu gjaldeyrisstöðu sem hefur hvað eftir annað komið upp, og í öðru lagi hafa verið tekin erlend lán í stórum stíl til þess að standa undir innlendum kostnaði af framkvæmdum, — framkvæmdum sem geta út af fyrir sig átt fyllsta rétt á sér, en eru hins vegar ekki á neinn hátt gjaldeyrissparandi beint eða til þess fallnar að afla okkur útflutningstekna. Það er slík skuldasöfnun sem er illréttlætanleg. Hún hefur viðgengist í allt of ríkum mæli á undanförnum árum, svo að þannig er nú komið að erlendar skuldir okkar eru bersýnilega orðnar ískyggilega háar. Að vísu er aldrei hægt að setja nein ákveðin takmörk í þeim efnum og halda því fram, að nú séum við nákvæmlega komin yfir eitthvert ákveðið mark frekar en fyrri daginn. Ég skal viðurkenna að þeir tímar hafa komið hjá þessari þjóð, að hin erlenda skuldabyrði hefur verið þyngri í hlutfalli við útflutningstekjur þjóðarinnar en hún er þessa stundina. En ég tel að sá samanburður sé ævinlega nokkuð villandi, vegna þess að hann segir auðvitað ekkert minna um breytingar á útflutningstekjunum en breytingar á erlendum skuldum, og þegar þetta hlutfall erlendra skulda hefur orðið hvað hæst hér á landi hefur venjulega verið á sama tíma um að ræða óvenjulega lélegar útflutningstekjur vegna verðfalls á afurðum eða vegna framleiðslusamdráttar. Um slíkt er hins vegar ekki að ræða þessa stundina. Við búum við ört vaxandi framleiðslu vegna mikilla loðnuveiða og einstæðra viðskiptakjara, og það er af þeirri ástæðu sem þetta hlutfall, sem nú er komið vel yfir 14%, er orðið ískyggilega hátt.

Enn einn vandi, sem við stöndum frammi fyrir, er hæg þróun íslenskra atvinnuvega. Ég held að það fari ekkert milli mála, að þó að loðnuvinnsla sé ört vaxandi, og er það eina sem eitthvað verulega vex í okkar þjóðarbúi í dag eða hefur vaxið núna á seinustu 2—3 árum, loðnubræðslan, sem vonandi á eitthvað eftir að vaxa enn, verður hið sama ekki sagt um aðra þætti íslenskra atvinnuvega. Íslenskir atvinnuvegir vaxa ekki og þróast með eðlilegum hætti og þrátt fyrir gífurlega mikla fjárfestingu, sem átt hefur sér stað á seinustu árum, er framleiðslan bersýnilega of lítil. Þetta er eitt af höfuðvandamálum íslensks efnahagslífs í dag: framleiðslan er of lítil, gjaldeyrisöflunin er ónóg og þarf að aukast, og þá ekki síður hitt, að gjaldeyririnn verður að skila sér betur en verið hefur.

Ég hef fjallað fyrst og fremst um það, í hverju vandinn er fólginn. Ég vil bæta því við, að leita má margra skýringa á því hvers vegna þessi vandi er til kominn. Auðvitað liggur í augum uppi að kerfið sjálft, sem við búum við, er ein helsta orsök þess vanda sem ég hef hér verið að rekja. Mótsagnirnar innan kerfisins eiga sök á þessum vanda. Andstæðurnar í þjóðfélagi okkar hafa líklega aldrei verið meiri en þær eru í dag, sveiflurnar í okkar efnahagslífi hafa aldrei verið meiri og gengisfellingum hefur áreiðanlega aldrei áður verið beitt af slíkri hörku, slíku tillitsleysi eins og einmitt nú á seinustu árum. Án þess að fara nánar út í þessa sálma er þetta samt kannske grundvallarástæðan. Kerfið er þannig uppbyggt, að það ræður ekki við þau vandamál sem í því myndast. T. d. er eitt það helsta vandamál sem ég nefndi áðan, of lítil framleiðsla, í nánum tengslum við þá yfirbyggingu sem við höfum byggt þessu kerfi. Yfirbyggingin í þjóðfélaginu er allt of margbrotin, allt of dýr í rekstri, tekur til sín of mikinn mannskap. Þá á ég við þjónustuyfirbyggingu ríkisins og einkaaðila. Hún er of dýr og hana þarf að skera niður til þess að fleiri hendur geti tekið á framleiðslustörfum, til þess að framleiðslan geti aukist. Nú vil ég að vísu vara við því, að nokkur túlki orð mín svo, að við Alþb.-menn viljum skera niður félagslega þjónustu opinberra aðila. Það felst ekki í mínum orðum, enda þótt svipuð ummæli af hálfu okkar Alþb.-manna hafi stundum verið túlkuð á þennan veg. Við erum t. d. alls ekki á því, að skera eigi niður íslenska skólakerfið eða veita eigi lélegri heilbrigðisþjónustu en gert hefur verið ellegar almannatryggingakerfið sé of dýrt. Það eru ekki þessir þættir kerfisins sem við teljum að séu of dýrir. En ýmsir þjónustuliðir sem snúa að viðskiptalífinu, hafa þanist út yfir alan þjófabálk og eru bersýnilega orðnir allt of dýrir fyrir þjóðfélag okkar. Þar er t. d. bankakerfið einn þátturinn sem verður nauðsynlega að skera niður, og þar mætti margt fleira nefna. Í einkageiranum er auðvitað fjöldamargt sem mætti skera niður, sérstaklega á viðskiptasviðinu, í milliliðastarfseminni, og á ég þar að sjálfsögðu fyrst og fremst við dreifingarkerfi af ýmsu tagi, olíudreifingarkerfið, innflutningskerfið, smásölukerfið ellegar tryggingakerfið. Þetta er kannske mergurinn málsins, að meginvandinn liggur í kerfinu sjálfu. En vandinn liggur auðvitað um leið í miklu stjórnleysi, miklu skipulagsleysi af hálfu stjórnvalda.

Við búum við heimatilbúna verðbólgu hér á Íslandi. Þegar stjórnarsinnar, stuðningsmenn núv. stjórnar, eru að éta það hver upp eftir öðrum dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð, að verðbólgan sé vinstri stjórninni að

kenna vegna þess að verðbólga hafi orðið óvenjulega mikil á seinasta ári þáv. stjórnar, þá vita þeir sem er, að þetta er blekking ein sem allir þeir sjá í gegnum sem eitthvað þekkja til. Margoft hefur verið rakið, hvílíkar verðhækkanir urðu hér á landi á seinasta ári vinstri stjórnarinnar af völdum erlendra verðhækkana. Við minnumst þess hvernig var með olíuverðið, sem þrefaldaðist á skömmum tíma, ellegar verð á málmum, verð á timbri, verð á plastvörum og yfirleitt verð á hvers konar hráefnum til iðnaðar. Þar var um að ræða tvöföldun á hráefnisverðlagi á aðeins einu ári, sem leiddi til þess að verðlag á innfluttum vörum hækkaði á árinu 1974 á föstu gengi um 32%. Þetta var að sjálfsögðu meginástæða þeirra erfiðleika sem vinstri stjórnin lenti í á seinasta valdaári sínu. — Það var reyndar 34%. En þegar ég segi að vandinn stafi af stjórnleysi, hann sé heimatilbúinn, þá á ég m. a. við það, að núv. stjórn hefur alls ekki þurft að kenna á þessum erfiðleikum verðhækkunum, því að verðhækkunarskriðan, sem gekk yfir veröldina á seinasta ári vinstri stjórnarinnar, er löngu gengin hjá garði. Hún gekk hjá garði á árinu 1975. Á því ári varð ekki nema 7 eða 8% hækkun á verðlagi innflutnings á föstu gengi og síðan hefur þessi prósentutala numið 4—5%. Eftir sem áður hefur verðbólga hér verið litlu minni en hún var á þessu seinasta ári vinstri stjórnarinnar. Hún hefur jafnvel sum árin verið talsvert meiri, eins og hún var árið 1975 þegar verðbólga hér á landi varð hvað mest, og það er hrein blekking og ekkert annað, þegar ýmsir talsmenn núv. stjórnar reyna að telja fólki trú um að verðbólga hafi orðið mest á seinustu mánuðum vinstri stjórnarinnar. Það er alls ekki rétt. Verðbólgan varð meiri eftir að þessi stjórn tók við, þrátt fyrir það að sú stjórn ætti sér ekki afsakanir fólgnar í hinum erlendu verðhækkunum.

Verðbólgan hefur verið heimatilbúin. Hún hefur stafað af því, að þessi stjórn hefur fylgt ósveigjanlegri stefnu í viðskiptum sínum við verkalýðshreyfinguna í landinu. Hún hefur ekkert svigrúm viljað skapa til leiðréttingar á tekjuskiptingunni, heldur haldið uppi látlausri viðleitni til þess að viðhalda þeirri ósanngjörnu tekjuskiptingu, sem hún stóð fyrir að komið var hér á í árslok 1974 og í byrjun árs 1975. Hún hefur haldið stift í það, að þessari tekjuskiptingu skyldi ekki raskað, öllum meðulum skyldi beitt til að koma í veg fyrir það, hvaða afleiðingar sem þær aðferðir hefðu. Þessi úrræði, sem ríkisstj. hefur verið að beita til þess að koma í veg fyrir að tekjuskiptingunni yrði breytt, eru meginorsök verðbólgunnar. Það eru gengisfellingarnar og aðrir þeir þættir sem henni eru skyldir sem eru höfuðorsökin.

Einn náskyldur þáttur, sem sannarlega er ein af orsökum vandans, er skattakerfið sem við höfum búið við. Núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir mjög verulegri hækkun óbeinna skatta, en á sama tíma hefur tekjuskatturinn farið hlutfallslega lækkandi ár frá ári. Enginn vafi er á því, að þessi stefna á sinn þátt í þeirri verðbólguþróun sem við höfum staðið frammi fyrir á liðnum árum. Þegar ég tala um lækkaðan tekjuskatt á ég ekki við það, að tekjuskattur á launatekjur hafi lækkað, sem hann hefur sannarlega gert, heldur hefur flestum fyrirtækjum landsins liðist um árabil að sleppa við að borga skatt af veltu sinni, þannig að um mjög óverulegar skattgreiðslur hefur verið að ræða. Þetta mál væri sannarlega efni í langa ræðu og gefur vafalaust tilefni til þess innan tíðar, þar sem ég hef leyft mér að leggja hér fram í þinginu mjög ítarlega till. um breytta stefnu í skattamálum. Gefst þar tækifæri til þess að ræða skattamálin sérstaklega og þá alveg sérstaklega skattleysi fyrirtækjanna. En ég vil bara minna á það í þessu sambandi, að í þeirri till., sem ég hef lagt fram og kemur innan tíðar til umr. í Sþ., eru færðar sönnur á það, að hvorki meira né minna en helmingurinn af allri veltu fyrirtækja í landinu sleppur með að borga litinn sem engan tekjuskatt, þ. e. a. s. um 160 þús. millj. kr. hjá 1600 fyrirtækjum af 325 000 millj. kr. veltu hjá um það bil 3400 fyrirtækjum sem alls voru höfð til viðmiðunar í þessum útreikningi. Enginn vafi er á því, að ef fyrirtæki hér á landi hefðu verið skattlögð með eðlilegum hætti á undanförnum árum hefði þar á 3—4 árum verið um tugþúsund milljóna kr. tekjur ríkisins að ræða. Auðvitað segir það sig sjálft, að þegar ríkissjóður afsalar sér þeim tekjumöguleikum sem þarna eru fólgnir, en leggur á sama tíma alla áherslu á það að innheimta sem mestan söluskatt og það fyrst og fremst í gegnum verðlagið, þá hlýtur slík stefna að hafa mjög alvarleg áhrif á verðmyndunarkerfið, verðþróunina í landinu.

Þar fyrir utan bætist svo hitt við, að skattur á hátekjur hefur farið lækkandi. Þar væri vafalaust um talsverða tekjumöguleika að ræða fyrir ríkissjóð sem eðlilegt væri að nýta betur en gert er. Eins er það staðreynd að með hækkuðum vöxtum, sem fyrst og fremst hafa hækkað í tíð núv. ríkisstj., hefur vaxtafrádráttur á skattframtölum orðið miklu þyngri á metunum en nokkru sinni fyrr, en vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa ekki verið reiðubúnir til þess nú seinustu árin, og reyndar ekki heldur í tíð vinstri stjórnarinnar, að fallast á þá till. okkar Alþb.-manna, að einhver takmörk séu sett fyrir því, hversu mikinn frádrátt menn megi hafa vegna vaxtagreiðslna, þá hefur ríkissjóður misst af mjög verulegum skatttekjum. Staðreyndin er sú, að fyrir þá aðila sem hafa háar tekjur, lenda í tekjuskatti og geta þar með nýtt sér vaxtafrádrátt, hafa þessar vaxtahækkanir, sem átt hafa sér stað á seinustu árum, ákaflega takmörkuð áhrif, því að þeir mega reikna með því, að rúmlega helmingurinn af vaxtagreiðslum þeirra sé frádráttarbær til skatts, — ja, ég segi tæplega helmingurinn sé frádráttarbær til skatts, svo að það skiptir ekki öllu máli fyrir þessa menn, þ. e. a. s. hátekjumenn sem lenda í tekjuskatti, hvort vextir eru 20%, 25% eða 30%. Það hefur í sjálfu sér engin teljandi áhrif á ásókn þeirra í lánsfjármagn til þess að geta fest fé í byggingum og þannig haft hag af verðbólguvextinum. Þeir hljóta undir öllum kringumstæðum að hafa stórfelldan hag af því að taka lán, þar sem ríkið borgar tæpan helming af vaxtagreiðslunum, en

þeir aftur á móti geta verið nokkuð öruggir um talsvert mikinn verðbólguhagnað ef vel er fjárfest.

Þetta er eitt með öðru, sem sýnir haldleysið í stefnu ríkisstj. sem trúir því, að með því að hækka vexti von úr viti hafi hún einhver veruleg áhrif á ásókn í fjármagnið, enda þótt ljóst sé, að með þessu minnkar ásóknin ekki. Á hinn bóginn hljóta þessar vaxtahækkanir að hafa veruleg áhrif á vöxt verðbólgu í þjóðfélaginu og þannig aftur á vaxtafótinn og svo hinn hækkaði vaxtafótur aftur á verðbólguna og þannig koll af kolli, þannig að um er að ræða augljósar víxlhækkanir sem hafa mjög verðbólguhvetjandi áhrif.

Ég læt þetta duga um skattakerfið en vil undirstrika að þessi þáttur efnahagslífsins, óskynsamlegt skattakerfi, ósanngjarnt skattakerfi, á sinn stóra þátt í því, að við höfum staðið frammi fyrir þeirri óðaverðbólgu á undanförnum árum sem raun ber vitni.

Enn einn þátturinn í þessu stjórnleysi, sem við höfum búið við í efnahagsmálum, er auðvitað meðferðin á fjármunum ríkissjóðs. Við þurfum ekki annað en fletta upp í skýrslum verðbólgunefndarinnar til að sjá viðurkennt þar svart á hvítu, væntanlega af öllum nm., að fjármálapólitík núv. ríkisstj. undir forustu Sjálfstfl. og undir forusut núv. fjmrh. og hæstv. forsrh. á sinn stóra þátt í verðbólgunni á undanförnum árum. Þar er einmitt bent á að síhækkandi yfirdráttur ríkisins hjá Seðlabanka Íslands hljóti að hafa veruleg verðbólguhvetjandi áhrif. Þessu held ég að enginn neiti. En þetta er bara enn eitt dæmi af mörgum um það, hversu léleg efnahagsstjórnin hefur verið í landinu á undanförnum árum.

Í þessu nál. er líka á það bent og tekið undir það með okkur Alþb.-mönnum, sem höfum haldið því fram mörg undanfarin ár, að léleg stjórn fjárfestingarmála og reyndar óstjórn í þeim efnum á sinn þátt í skipulagsleysinu og þeim dýrtíðarflaumi sem við höfum staðið frammi fyrir.

Margt fleira mætti tína til, sem ástæða væri til að nefna og vakin er athygli á í þessu nál. mjög réttilega, eins og t. d. það, að jöfnunarsjóðir atvinnuveganna hafa alls ekki gegnt hlutverki sínu með eðlilegum hætti og lítil stjórn verið á þeim sveiflum sem óhjákvæmilega verða í okkar efnahagslífi vegna þess, hvernig atvinnuvegum okkar er háttað, og vegna þeirra sveiflna, sem verða á verðlagi afurða okkar erlendis. Enn eitt atriði, sem við Alþb.-menn höfum mjög bent á, er gjaldeyriskerfið sem er auðvitað stórlega gallað og felur í sér að skotið er undan stórum fjárfúlgum sem ekki koma til skila.

Ég hef almennt gert að umtalsefni vandann sem við blasir í okkar efnahagslífi, og helstu orsakir þessa vanda. Ég hef samtímis drepið á nokkur þau atriði sem horfa mundu til bóta, enda þótt ég hafi ekki tínt til till. okkar sundurliðaðar. Það verður að sjálfsögðu að bíða betri tíma. Við 2. umr. málsins mun ég gera nánari grein fyrir þeirri leið sem stjórnarandstöðuflokkarnir og verkalýðshreyfingin hafa bent á til lausnar þessum vanda, þ. e. a. s. verðlækkunarleiðinni, og við síðari tækifæri mun ég gera grein fyrir öðrum þáttum þessa máls, annars vegar gerbreytingu á skattastefnunni og hins vegar þeirri nýju atvinnustefnu sem við Íslendingar þurfum nauðsynlega að taka upp ef betur á að fara í okkar efnahagskerfi.

En áður en ég lýk máli mínu get ég ekki látið hjá líða að vekja strax athygli á mjög alvarlegum missögnum, sem fram komu bæði við umr. í Nd. og við umr. áðan, og þá fyrst og fremst í máli hæstv. forsrh. Án þess að fara að orðlengja það eitthvað frekar minni ég bara á, að hæstv. forsrh. gaf ótvírætt í skyn áðan, að fulltrúar allra flokka í verðbólgunefnd hefðu samþykkt gengislækkunarleiðina. Þetta er auðvitað hrein rangfærsla á staðreyndum og er ekki hægt að láta því ómótmælt. Í nál. stjórnarandstöðunnar og verkalýðshreyfingarinnar segir að vísu í niðurlagsorðum, með leyfi forseta: „Um hinn sérstaka vanda útflutningsatvinnuveganna gerum við ekki till. hér, þar sem ljóst er að gengislækkun er þegar ákveðin.“ Þetta segir að vísu í niðurlagsorðum nál. En þessi orð má að sjálfsögðu alls ekki túlka á þann veg, að þau feli í sér samþykki viðkomandi aðila við gengisfellingunni. Þau segja það eitt, að þegar þetta nál. er gefið út hafi ákvörðun verið tekin um gengisfellingu og því sé nál. ekki sérstaklega miðað við hana.

Eins og kom fram í mjög ítarlegum umr. fyrir fáeinum dögum, bæði í Ed. og Nd., um gengisfellingarfrv. ríkisstj., sem að vísu snerist ekki beint um gengisfellinguna, heldur um hliðarráðstafanir henni tengdar, birtist ótvíræð afstaða allra stjórnarandstöðuflokkanna: þeir voru andvígir þeirri stefnu sem tekin var með gengisfellingunni. Ég mæli hér að vísu eingöngu fyrir munn okkar Alþb.-manna, vegna þess að ég fylgdist ekki náið með umr. í Nd., en ég held ég megi fullyrða að hér í Nd. hafi ekkert á skort, að allir stjórnarandstæðingar hafi tekið afstöðu gegn gengisfellingunni, og ég hygg að á því hafi ekki verið stór munur í Nd., þó að ég vilji út af fyrir sig ekkert um það fullyrða, því að ég, eins og ég sagði, fylgdist ekki nákvæmlega með umr. þar. En um afstöðu okkar Alþb.-manna í þessu efni þarf enginn að efast.

Annað það atriði, sem ég vildi sérstaklega mótmæla, er atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar í Nd., en hann segir, eftir frásögn Morgunblaðsins í morgun, með leyfi forseta:

„Stjórnarandstaðan vildi mæta rekstrarvanda atvinnuveganna með nýjum veltuskatti á atvinnureksturinn. Hvað þyrfti þetta gjald að vera hátt? Einn talsmaður þessa „úrræðis“ hefði talið, að það þyrfti að vera helmingi hærra en núverandi aðstöðugjald og koma til viðbótar því. Stefán Valgeirsson rakti síðan lagaákvæði um aðstöðugjöld. Aðstöðugjöld væru frá ½% upp í 2% af heildarveltu, hvort sem fyrirtæki skilaði hagnaði eða tapi. Samkv. þessari till. stjórnarandstöðu ætti því að koma nýtt 4% veltugjald á landbúnaði í landinu. Miðað við gjaldstofn meðalbús mundi þetta þýða rúmlega 100 þús. kr. veltuskatt á meðalbónda. Þetta væri það sem að bændum sneri. En hvern veg mundi þetta veltugjald koma við ýmsan smárekstur, sem berðist í bökkum?“ o. s. frv.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa tilvitnun lengri. En ég get ekki látið hjá líða að mótmæla alveg sérstaklega þessum orðum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, þó að hann eigi nú að vísu sæti í annarri d., vegna þess að hér er um svo hróplegan misskilning að ræða að tekur ekki nokkru tali.

Í fyrsta lagi er það mesti misskilningur hjá Stefáni Valgeirssyni, að aðstöðugjöld séu 2% af heildarveltu. Það eru þau ekki. Þau eru 1.33%, þau sem hæst verða, og hafa ekki verið hærri nú um margra ára skeið.

Í öðru lagi er það mesti misskilningur, að landbúnaður almennt sé í hæsta flokki. Ég held að fullyrða megi að minni hluti bænda greiði aðstöðugjöld í dag. Þetta er að vísu ákaflega mismunandi eftir sveitarfélögum, þannig að í einum hrepp getur verið lagt á aðstöðugjald, en ekki í öðrum. En ég held að það láti nærri að um helmingur af sveitahreppum á landinu leggi alls ekki á aðstöðugjöld. Þá er síður en svo um að ræða, að ævinlega sé lagt á hæsta aðstöðugjald. Ég veit mörg dæmi þess, að aðstöðugjöldin eru t.d. 1% og þau eru í mörgum tilvikum miklu lægri, þannig að hér er um annan misskilning að ræða hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni.

Í þriðja lagi er það stórkostlegur misskilningur, að tillögur stjórnarandstöðunnar hafi miðast við að veltugjaldið ætti að vera helmingi hærra en núverandi aðstöðugjald. Þessi ágæti þm. hefur bara tekið svona snarvitlaust eftir, þegar gerð var grein fyrir till. stjórnarandstöðunnar, vegna þess að veltugjaldið, sem um er rætt í verðlækkunarleið stjórnarandstöðunnar og kemur t.d. fram í nál. frá minni hl. fjh.- og viðskn. í Nd., er miðað við tekjuöflun sem nemur 4300 millj. kr., en það er mjög nærri því að vera það sem aðstöðugjald mundi skila á árinu 1978. Það er einfaldlega gjald sem yrði jafnhátt núverandi aðstöðugjaldi hvað heildartekjuöflun snertir, þannig að hér hefur hv. þm. óvart margfaldað með tveimur gersamlega að ástæðulausu. Þetta var þriðji misskilningurinn sem fram kom hjá hv. þm.

En svo er fjórða atriðið og það sem kannske mestu máli skiptir. Það er atriði sem þm. ber ekki sök á, vegna þess að ekki var gerð nákvæm grein fyrir till. stjórnarandstöðunnar þegar verðbólgunefndin lauk störfum.

Þessi veltuskattur, sem við Alþb.-menn höfum m.a. talið að ætti fyllsta rétt á sér, getur að sjálfsögðu lagst mjög misjafnt á einstakan atvinnurekstur, og við Alþb.-menn höfum aldrei dregið neitt úr því, heldur einmitt lagt ríka áherslu á það, að við álagningu þessa sérstaka veltuskatts yrði að vera um mjög mismunandi álagningu að ræða eftir atvinnurekstri. Ég hef satt að segja aldrei gert ráð fyrir því, að veltugjald af þessu tagi lenti yfirleitt á landbúnaði. Ég hef gengið út frá því sem sjálfsögðu, að landbúnaðurinn slyppi algerlega við þetta aðstöðugjald eða þennan nýja veltuskatt, einfaldlega vegna þess að aðstöðugjald er ekki lagt á nema um það bil annan hvorn bónda í dag og það væri því mjög óeðlilegt og ósanngjarnt að fara að leggja veltugjald á þá bændur eina sem hafa greitt aðstöðugjald undanfarin ár. Slíkt væri fráleitt og hefur engum dottið í hug, þannig að ég geng út frá því sem gefnu að veltugjaldið mundi alls ekki leggjast á landbúnaðinn, enda yrði þar um svo smáar upphæðir að ræða í heild að ekkert mundi um það muna. Ég geri ráð fyrir því, að jafnvel þótt þetta nýja veltugjald væri ekki nema í kringum 1.2% á rekstur að meðaltali, þá mætti undanþiggja að öllu leyti landbúnaðinn, fiskiðnaðinn, sjávarútveginn og iðnaðinn. Staðreyndin er nefnilega sú, að þessir fjórir atvinnuvegir standa ekki fyrir nema hluta af veltunni. Það er reyndar minni hl. af veltunni sem fellur til í gegnum þessa fjóra atvinnuvegi. Langsamlega stærsti hlutinn af veltunni fellur til í viðskiptum og þjónustustarfsemi og gæti ég nefnt tölur því til sönnunar, en læt nægja að vísa til þeirrar till. sem ég hef lagt hér fram í skattamálum, þar sem gerð er nákvæm grein fyrir því, hvernig velta fyrirtækjanna skiptist. Á árinu 1976 var heildarvelta talin vera 426 000 millj. kr. og þar af var verslunin ein með um 151 000 millj. kr. Landbúnaðurinn var hins vegar með aðeins 20 000 millj. kr. og t.d. sjávarútvegurinn var aðeins með 81 000 millj. kr. Auðvelt er því að færa að því rök, að þetta veltugjald þyrfti ekki að vera — enda hef ég reiknað þetta út — nema 1.2% á allan annan atvinnurekstur en landbúnað, fiskiðnað, sjávarútveg og iðnað til þess að það skilaði þessari tölu, sem hér er getið í sambandi við verðlækkunarleiðina. Ég vil hins vegar taka það fram, að stjórnarandstaðan hafði ekki útfært þetta veltugjald í smáatriðum, hafði ekki gert grein fyrir því í smáatriðum, hvernig það yrði á lagt og hversu háa prósenttölu þar yrði um að ræða. Hún hafði einungis miðað við það, að þetta veltugjald skilaði 3000—4000 millj. kr. En ég vil láta koma skýrt fram, að það er hrein fjarstæða að þetta gjald yrði lagt á landbúnaðinn og persónulega, — vegna þess að þetta er persónuleg skoðun mín, en hefur ekki hlotið samþykki neins formlegs aðila, hvorki míns flokks né stjórnarandstöðuflokkanna í heild, — persónulega er það skoðun mín, að eðlilegast hefði verið að þessi veltuskattur hefði eingöngu verið lagður á verslun, viðskipti og þjónustustarfsemi. Reyndar hefði komið til greina að leggja hann á innlenda framleiðslu, en ég hefði talið að algerlega hefði átt að undanskilja í fyrsta lagi landbúnaðinn og í öðru lagi útflutningsatvinnuvegina í heild. Auðvitað gæti verið þarna um margar leiðir að velja, en í grófum dráttum hefði þetta verið eðlilegasta og sjálfsagðasta lausnin.

Með þetta í huga hljóta menn að skilja, hversu fáránlega þessi fullyrðing hljómar í mínum eyrum, sem fram kemur af munni Stefáns Valgeirssonar, að í till. felist 4% veltugjald á landbúnaðinn. Í fyrsta lagi misskilur hann hver er hámarksprósenta aðstöðugjalda í dag. Í öðru lagi veit hann ekki, að það er síður en svo að aðstöðugjaldið sé ávallt í hámarki í landbúnaði. Í þriðja lagi, og það er í sjálfu sér afsakanlegt, gerir hann sér ekki grein fyrir því, að við gengum út frá því að þessi skattur lenti ekki á landbúnaðinum.

Margt fleira mætti auðvitað taka hér til umr. sem fram hefur komið í málflutningi stjórnarsinna undanfarna daga. En ég sé ekki ástæðu til

að hafa þessi orð öllu fleiri að sinni. Ég vildi bara undirstrika það hér, að að sjálfsögðu verður Ed. að fá hæfilegan tíma til að skoða þetta mál. Að sjálfsögðu verður að ganga út frá því sem gefnu að málið fái eðlilega skoðun í n., úr því að ekki var um að ræða sameiginlega fundi í báðum d. þingsins. Það eru ýmis atriði sem nauðsynlegt er að afla upplýsinga um hjá Þjóðhagsstofnun um leið og við afgreiðum þetta mál, og ég legg á það áherslu, að nefndarfundur verði ekki fyrr en í fyrramálið og við fáum þá hæfilegan tíma til að afla þeirra upplýsinga sem þörf er á. Það má vel vera, að n. verði tilbúin til að skila störfum á morgun, og verður það að sjálfsögðu reynt, sérstaklega ef allar upplýsingar verða þá fyrir hendi. En ég sé satt að segja ekkert því til fyrirstöðu að málið kæmi til meðferðar á föstudag eða jafnvel eftir helgi, ef mönnum sýndist svo og ekki ynnist tíma til að afgreiða málið með meiri hraða en það. Satt best að segja fyndist mér, þegar Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru á sérstökum fundum um þetta mál þessa dagana og hér er um að ræða mál sem felur í sér einhverja grófustu árás sem þessi samtök hafa nokkru sinni orðið fyrir og það meira að segja fáum mánuðum eftir að ríkisvaldið hefur staðið að samningum við þessa aðila, þá fyndist mér að ríkisstj. ætti að beita sér fyrir því, að Alþ. gerði hlé á meðferð sinni á þessu máli, að því yrði frestað þangað til þessir aðilar hafa fengið tækifæri til þess að segja álit sitt. Auðvitað er það ríkisstj. sem ræður því, hver er hraði á málsmeðferð hér í hv. Ed. Auðvitað getur hæstv. forsrh. beitt sér fyrir því, að málið verði afgreitt með fyllsta hraða, sem yrði þá þannig að málið yrði afgreitt á morgun. En ég vil leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. að fallast á það, að hægt yrði á málsmeðferð svo að málið yrði tekið fyrir í næstu viku, þannig að þá lægi fyrir að hvaða niðurstöðu þessi samtök, sem nú eru að fjalla um þetta mál, hafa komist.

Það hlýtur að skipta ákaflega miklu máli fyrir ríkisstj., hvort hún er að leysa einhvern vanda með þessu frv. eða hvort hún er að kalla yfir sig miklu meiri vanda en hún þykist vera að leysa með frv. Ég hefði talið það hygginna manna hátt að doka við og sjá hvað stærstu stéttasamtök landsins hafa um þetta frv. að segja, áður en örlög þess eru endanlega ráðin.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þetta frv. heitir frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum. Það er ekki í fyrsta sinn og líklega ekki í síðasta sinn sem frv. með þessu heiti er hér til umr. Við höfum haft frv. til umr. sem hét svipuðu nafni, lög um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara. Það frv. varð að lögum í apríl 1975, seinni hluta þess mánaðar. Þá átti að bjarga öllu að sögn talsmanna núv. ríkisstj. Lítið hefur orðið úr efndum.

Við afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar voru hafðar uppi till. um það að undirbyggja haldgóðar efnahagsráðstafanir sem við mundum sjá nokkru eftir áramót. Nú eru þær hér til umr. Gengisfelling var gerð í síðustu viku. Henni fylgdi eitthvað meira sem við vissum ekki um í stjórnarandstöðunni. Ég sagði að eftir mundi koma bandormsfrv., sem við erum að ræða hér, en ég held að miklu betra nafn á þessu frv. sé skröltormsfrv., því að ég held að skröltið heyrist um allt eins og þegar skröltormurinn er í vígahug og gerir menn skelkaða, bæði menn og skepnur í námunda við sig. Þetta frv. hefur gert æðimarga skelkaða og það ekki að tilefnislausu.

Því er borið við, að atvinnulífið eigi í erfiðleikum og þá fyrst og fremst útflutningsatvinnuvegir okkar og frystihúsin sérstaklega, þó sé betur statt með öflun, en ekki eins vel með fiskvinnslu. Einnig á ullariðnaður í vandræðum og jafnvel nokkur annar iðnaður sem fæst við útflutning. Verðbólga er mikil í landinu og hefur verið og verður áfram þrátt fyrir þetta frv. Þrátt fyrir þetta frv. mun verðbólga verða 37% á árinu eða á ársgrundvelli. Það er hörmulegt að vita til þess. Að mínu mati nær þetta frv. og þær ráðstafanir, sem leiðir af því eða þeirri löggjöf sem hér á að samþykkja, þess vegna ekki þeim tilgangi sem við raunar allir viljum, þ. e. a. s. að verðbólgan verði mun minni. Ef ég man rétt mæltist Ólafi heitnum Thors svo í síðustu áramótaræðu sinni, að allt væri unnið fyrir gýg, sagði hann, ef verðbólgan yrði ekki stöðvuð, og var hún þá aðeins fjórðungur af því sem við erum að ræða í dag. Samt stóð þessum ágæta manni beygur af verðbólgunni á þeim tíma. Við þekktum hana oft sem einstafa tölu áður fyrr í mörg ár, en nú er hún jafnan tveggja stafa tala og í tugum talið.

Mér finnst athyglisvert í öllum þessum umr., og ég get ekki látið hjá líða að minna á það, að ég hef ekki heyrt í tali stjórnarsinna minnst á sparifé landsmanna, bókstaflega eins og það sé ekki til og það skipti engu máli hvort það sé til eða ekki. Við erum alltaf að tala um ráðstafanir í efnahagsmálum vegna of mikillar eyðslu, of mikillar þenslu. Það er ekki minnst á að sparifé landsmanna sé tryggt, sem er forsenda fyrir heilbrigðu atvinnulífi, bæði hjá þessari þjóð og öðrum sem búa við frjálsan búskap. Ég gat þess í umr. um gengisfellingarfrv., að ég væri ekki ánægður með þessa afstöðu til þeirra er lifa sómasamlegu og heiðarlegu lífi í þessu þjóðfélagi. Við fáum menn aldrei til að leggja hemil á sína eyðslu og sína neyslu, ef ekki er viðurkennt það sem er forsenda fyrir jafnvægi í búskap okkar, þ. e. að menn leggi fjármagn frjálst inn í bankana. Atvinnulífið verður að fá þetta fjármagn. Í svona gífurlegri verðbólgu er vonlaust að eðlilegur vöxtur eigi sér stað í sparifjármyndun nema menn viðurkenni gildi sparifjárins. Nú má reikna með því, að enn verði reynt að hækka vexti og jafnvel vaxtaaukavextir fari yfir 30%. Heyrst hefur talað um 31—33% sem eigi að hvetja fólk til að leggja inn. En það hrekkur ekki til, þegar viðurkennt er hér að verðbólgan verði 37—40%. Segjum að hún verði 37%, jafnvel 36%, þá er samt sem áður neikvæð vöxtun um 6—7%.

Fólk getur auðvitað ekki eytt endalaust og það verður að leggja fé í banka. Samt sem áður er því refsað. Ég hef gert þá kröfu áður og geri

hana enn, að öll lán séu meira og minna verðtryggð, því að eðlilegt er að flokka það niður. Með nákvæmlega sama hætti má að mínu mati setja löggjöf um að öll lán skuli bera ákveðinn skatt vegna verðbólgu, alveg eins og sparifé landsmanna er rænt með þessum aðgerðum, ákveðnum skammti þess. Ég tók einfalda líkingu, sem ég held að allir þm. hljóti að skilja, og sagði, að enginn bóndi fengi nýjan ljá að vori, notaði hann til að hagnast á uppskeru sumarsins og skilaði honum svo hálfum að hausti. Þetta er fyrir neðan virðingu hvers einasta bónda í landinu. En þetta háttalag er talið sæmandi gagnvart sparifjáreigendum, þ. e. að fá fulla krónu að vori og skila henni hálfri að hausti. Meðan slíkt ástand ríkir í þjóðfélaginu og slíkur hugsunarháttur, þá verður aldrei jafnvægi, sama hvernig við rembumst við að bjarga því frá degi til dags.

Það hefur komið í ljós, að þessar ráðstafanir í efnahagsmálum munu vara aðeins skamma hríð. Þó tók ég eftir í orðum hæstv. forsrh., að þeir hugsa sér að stjórna áfram. Ég tók það þannig, að þessir stóru flokkar, sjálfstæðismenn og framsóknarmenn, ætluðu ákveðið að sitja áfram og fara áfram með stjórn landsmála eftir komandi kosningar og halda þá áfram boðaðri stefnu. Ég skildi orð hæstv. forsrh. þannig, því að hann talaði um að áfram yrði haldið á þeirri braut er þetta frv. boðaði til þess að ná jafnvægi með þessum hætti. Ég vil vara við þessu. Ég á aðeins eina ósk bæði honum og öðrum til handa sem standa að þessu frv., að þeir endurskoði afstöðu sína gagnvart 3. gr., því að ef henni er breytt, en best væri að láta hana falla út, þá er öruggur grundvöllur fyrir því að ekki komi til átaka. Ég vænti þess, að verkalýðshreyfingin hafi þann þroska að ekki kæmi þá til verkfalla á næstu vikum. Ég held að sómi yrði að því fyrir báða þessa flokka að horfast í augu við staðreyndir. Það er enginn undansláttur af þeirra hálfu þó að þeir tækju nýja afstöðu í þeim efnum sem 3. gr. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að óbeinir skattar hafi ekki bein áhrif á verðbótavísitölu. Það er allt annað að taka þetta í áföngum. Það er allt annað að fá þetta fram í viðræðum við fulltrúa launþegasamtakanna. Nú standa yfir fundir hjá ríkisstarfsmönnum og ASÍ og í stærsta verkalýðsfélagi landsmanna hafa einnig verið boðaðir fundir, þ. e. a. s. í Dagsbrún. Ég teldi það til mikils sóma fyrir hæstv. forsrh. að hafa einurð til að ræða við þessa menn um efni þessarar greinar.

Það er viðurkennt af öllum, að eitthvað þurfi að gera til að ráða bót á núverandi ástandi í efnahagslífi þjóðarinnar. Við erum að deila um með hvaða hætti á að gera það. Verðbólgunefndin hefur lagt fram frumhugmyndir að fimm leiðum, mismunandi árangursríkum og með mismunandi áhrif á atvinnulífið, verðtryggingu og atvinnustig í landinu. Sennilega er ekki hægt að fara neina eina leið óháða öðrum, ef svo má að orði komast, samkv. till. nefndarinnar, heldur að velja úr leiðunum og meta og vega ástandið eins og það er, taka þetta í áföngum að koma verðbólgunni í viðráðanlegt horf. Við verðum að horfast í augu við það, að verðbólgan er aðalorsökin að þessum vanda sem við erum jafnan að glíma við, nærri á hverju einasta ári, í okkar efnahagslífi.

Ég held að ekki verði friður næstu vikurnar og næstu mánuðina nema efni 3. gr. verði breytt og ef menn geta ekki sæst á það að taka hana út, þá að áhrif óbeinna skatta í vísitölunni hverfi í áföngum. Þá yrði örugglega, — ég segi það sem mína skoðun, — þá yrði örugglega eirt þessum ráðstöfunum og forsrh. mundi hafa sóma af að standa fyrir þeim. En ef það verður ekki gert og menn skella skollaeyrum við öllum aðvörunum, þá ana menn út í fenið. Það er mitt mat á aðstæðum. Ég tel þetta skipta sköpum. Ég gæti meira að segja ímyndað mér það, að þó að gengisfellingin hefði verið eitthvað meiri og ekki boðað gengissig, en kaup hefði fengið að hreyfast nokkuð samkv. samningum, þá hefði verkalýðshreyfingin tekið á sig nokkra byrði til þess að skapa svigrúm til að ræða þetta mikla vandamál sem þessar víxlverkanir á milli kaups og verðlags hafa á kaupgjaldsvísitölu í landinu. Það er síður en svo til hagsbóta hinum láglaunaða að verðbólgan æði áfram eins og verið hefur í mörg undanfarin ár og jafnan þurfi með stuttu millibili að fella gengið og gera sérstakar ráðstafanir í efnahagslífi okkar. Svo gífurleg eignatilfærsla verður á milli aðila í þjóðfélaginu með þessum ráðstöfunum að ekki nær nokkurri átt. Þetta endurtekur sig með vissu millibili og þeir, sem ekki eiga stóreignir, og þeir, sem ekki skulda, eru jafnan verr settir en nokkru sinni áður eftir slíka kollsteypu. Ef við höldum áfram og tökum enn eina kollsteypuna vegna hroka eða vegna einhverrar innibyrgðrar afstöðu, sem menn þora ekki að viðurkenna að er röng, þá er illa af stað farið og við stefnum upp að veggnum aftur.

Einmitt þessa dagana gefst tækifæri til að brjóta odd af oflæti sínu, bæði fyrir hæstv. ríkisstj. og forsvarsmenn launþegasamtakanna, og ræðast við af einurð og reyna að finna lausn á þessu máli. Forsvarsmenn launþegasamtakanna hljóta að gera sér grein fyrir því, að ef þeir vilja ekki ræða þessi mál fer frv. óbreytt í gegn. Hæstv. ríkisstj. hlýtur að gera sér grein fyrir því, að fari frv. óbreytt í gegn, þá verður ófriður á vinnumarkaðinum. Til hvers er þá barist? Jú, það er barist til þess að fara einu þrepi neðar, þ. e. í öfuga átt. Ef á að hækka vexti núna og eins og ég sagði á að setja vaxtafót af vaxtaaukalánum jafnvel yfir 30%, þá er það svo óskapleg byrði á atvinnulífið í landinu að það gengur ekki, þegar vextir í nágrenni okkar, öllum nágrannalöndunum, eru 8—10%, og samtímis erum við að tala um erfiðleika í útflutningsafgreiðslunni. Þetta er algerlega vonlaust nema við komum á verðtryggingu á öll lán og flokkum niður eftir eðli lána.

Þetta frv. á að koma í veg fyrir vaxandi viðskiptahalla. Það getur vel verið að það takist. Það er hægt að gera með ýmsu móti. Hægt er að þrengja peningamarkaðinn í landinu, bankarnir geta neitað mönnum um víxla og minni rekstrarlán. Ekki þarf gengisfellingu og vöruhækkun til þess.

Hæstv. forsrh. leggur mikið upp úr því, að svokallaðar rauntekjur hafi svipað kaupgildi og var 1977 að meðaltali. En hvað eru rauntekjur? Eigum við að bera saman einn stað á landinu?

Hverjar voru rauntekjur á Hornafirði, áður en reknetasíldin fór að koma þar á land? Hvernig var atvinnuástandið þar, þó að það væri gott? Það kom fram í fréttum í fyrra, að húsmæður þar fjölmenntu í síldarvinnsluna og söltuðu síld dag og nótt og þarna var skapað gífurlegt verðmæti. Rauntekjur þessa fólks hljóta að vera miklar. Vegna hvers? Vegna þess að skattstigi okkar er í þrepum og ef ég man rétt stöðvast við 65%, en heldur ekki áfram upp eins og hjá mörgum þjóðum. Þá hljóta rauntekjur þessa svæðis að stórvaxa. Það er ómögulegt að hamla á móti því. Ég vísa á bug þessu nýja orðtaki um að tryggja rauntekjur. Hverjar voru rauntekjur Þórshafnarbúa, sem þurftu að búa við sérstakt atvinnuleysi stóran hluta af síðasta ári? Þær voru lágar og kaupgeta þess fólks í lágmarki. Hverjar eru rauntekjur núna á vissum stöðum á Suðurnesjum, þegar mörg fyrirtæki eru hætt og önnur láta fólkið vinna aðeins 8 tíma? Það er það sem fólkið verður að gera sér að góðu, rétt til að lifa af, eins og ég sagði í sambandi við gengisfellingarfrv. Fólk verður að geta lifað af 8 tíma dagvinnu plús 2 tímum á dag ef aðstæður eru fyrir hendi, þ. e. a. s. 40 plús 8 tíma á viku. Það er það vinnumagn í stundum talið sem borgarinn á að geta lifað af við eðlilegar aðstæður og eðlilega neyslu. Þetta verður að tryggja og miða allt við það. Ef einhver vill leggja meira á sig, segjum það að stunda grásleppuveiði eða fara á handfæri, því þá að hundelta hann og segja að rauntekjur hans verði að vera í einhverju lágmarki eða hámarki eins og hér er talað um? Ég vorkenni mönnum að gera þetta. Ég þekki menn sem vinna í álverinu, vaktavinnu, og þeir leggja það á sig yfir helgar og jafnvel þegar þeir eiga frí aðra daga að fara til fiskjar og skapa gjaldeyri. Því eigum við að tala um rauntekjur þessara manna? Það má leika sér að svona hugmyndum, en ég blæs á það og gef ekkert fyrir svona, þó að hálærðir hagspekingar haldi þessu fram allt í einu í dag. Það, sem skiptir mig máli, er að fólkið geti lifað á 40 stunda vinnudegi, eins og Dagsbrún er búin að berjast fyrir í áratugi, og ekkert annað. Ef menn vilja vinna meira, þá eiga þeir að bera meira úr býtum. Það skiptir meginmáli að þjóðfélagið geri sér grein fyrir því, að 40 stunda vinnuvikan er sú viðmiðun sem við verðum að halda okkur að, hvort sem um er að ræða skrifstofumanninn, sjómanninn, verkamanninn eða bóndann. Það er sá grundvöllur sem allt atvinnulíf landsmanna verður að standa og falla á.

Hæstv. forsrh. sagði: Það er vissulega hreint neyðarúrræði að grípa til þessara ráðstafana. Það er alveg rétt. Það er neyðarúrræði. En þetta neyðarúrræði kemur alltaf á borðið með stuttu millibili, ár eftir ár, og skapar stóraukin vandamál og aukin vandamál í krónum talið frá ári til árs og hafa milljarðafúlgur verið fluttar á milli. Í lögunum, sem ég vitnaði til, frá apríl 1975, 1. gr. þeirra laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara, stendur að draga skuli úr ríkisútgjöldum um 3500 millj. kr. Ef við margföldum þessa tölu í dag með þremur, eigum við að segja að jafngildi þess í dag væru 10 milljarðar? Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera til þess að draga úr þenslunni? Hvað hefur hún gert? Jú, seðlabankaskuldin var, held ég, í kringum 3 milljarða, þegar hún tók við, en er í dag rétt um 15 milljarða. Er þetta ekki verðbólguhvetjandi? Jú, vissulega er þetta verðbólguhvetjandi og ekkert annað, svo að það er ekki alveg samræmi milli orða og efnda, það er ekki samræmi þar á milli. Mikið vantar á.

Menn hafa rakið hér og deilt um, hver verðbólgan var undanfarin ár, og menn hafa deilt um, hver verðbólgan hafi verið við fráför vinstri stjórnarinnar. Við heyrðum í ræðum manna í Nd., að talað var um 43% á miðju ári 1974 og menn nefndu jafnvel 54% á árinu. En það er ekki það sem skiptir meginmáli. Það, sem skiptir máli, er að við höfum svo mikla verðbólgu í þessu landi, að meðan hún ríkir, hvort sem hún er 8% hærri eða lægri, verður ekkert jafnvægi, því að eignatilfærslan er svo gífurleg í þjóðfélaginu að fólk unir því ekki til lengdar. Verkalýðshreyfingin gerði ekkert annað á s. l. ári en reyna að klóra í bakkann, eins og kom rækilega fram hjá síðasta ræðumanni áðan. Þetta var nauðvörn. Ég tala nú ekki um ríkisstarfsmenn sem fengu samningsrétt í fyrsta skipti og skrifuðu undir sína samninga við ríkisvaldið fyrir þremur mánuðum. Í fréttabréfi, sem ég hef hér á borðinu hjá mér, segir að þeir hafi átt að gilda frá 1. nóv. 1977 til 31. okt. 1979. Hvað hefur breyst til hins verra? Það er nú svo skrýtið með það, að bæði í sjónvarpi og útvarpi koma fram talsmenn frá sjávarútvegi. Annar segir: Ekki var gengisfellingin gerð vegna fólksins við sjávarútveginn. Hinn sagði: Gengisfellingin verður að vera miklu meiri. Þetta er ekki nóg. Við þurfum miklu meira. — Þannig er afstaða manna misjöfn eftir því í hvaða greinum menn eru. Hvað á ríkisvaldið að gera í slíku tilfelli? Á að bjarga öllum eða á að athuga rekstrarstöðu hvers einstaks fyrirtækis fyrir sig og athuga hegðun manna undanfarin 2—3 ár, hvað þeir hafa fjárfest sem eru í mestum vandræðum? Hafa þeir ekkert fjárfest eða hafa þeir fjárfest fyrir hundruð millj. án þess að nokkur minnsti möguleiki væri að fá afla til vinnslu svo að hægt væri að reka fyrirtækin. Á að bjarga þeim með eignatilfærslum á milli þeirra sem lánuðu rekstrarfé í bankana? Ég mótmæli slíku algerlega og alfarið. Eina rétta ráðið væri að reka þá forstjóra, sem hafa hagað sér umfram nokkra skynsemi. En það má aldrei gera. Það má aldrei hegna þeim sem sekir eru. Það þætti allt of gróft.

Já, hæstv. ráðh. sagði að þetta væru neyðarráðstafanir. Það var alveg rétt, sem hann sagði, að hér hafa allir flokkar átt hlut að máli s. l. 25 ár og þurft að grípa til þess þegar þeir hafa verið í ríkisstj. að gera einhverjar ráðstafanir, eins og það er orðað: fella gengi, breyta vöxtum, skerða vísitöluáhrif og þar fram eftir götunum. Enn einu sinni er þetta gert og enn einu sinni er þetta gert nú í fullu ósamræmi eða andstöðu líklega réttara sagt við afstöðu launþegasamtakanna.

Það er 3. gr. sem er mistilteinn í þessu máli núna. Það verður að mínu mati alls ekki friður, ef menn bera ekki gæfu til þess að breyta henni nokkuð í átt við það sem um hefur verið talað, þ. e. a. s. áhrif óbeinna skatta verði dvínandi í áföngum. Ekki er fráleitt að hugsa sér að menn hefðu þann þroska til að bera að slíkt yrði gert. Og ég segi það hreinskilnislega við hæstv. forsrh., að hann mundi vaxa verulega í áliti, bæði frá mínu sjónarmiði og ég veit fjölda manna í launþegahreyfingunni, ef hann beitti sér nú fyrir því og bjargaði málinu. Þá yrði ekki upphlaup á atvinnumarkaðinum á næstu vikum eða á miðri vertíð. Það er alltaf dýru verði keypt að halda sér við „prinsip“ og ekkert nema gölluð „prinsip“, en þau lifa ekki áfram og þau verða fyrr eða síðar brotin niður, nema það felist í orðum hæstv. forsrh., sem hann ýjaði að hér áðan, að áfram verði haldið og þessir flokkar muni stjórna áfram hvernig sem niðurstaða væntanlegra kosninga verður. Þá geta þeir haldið þessu til streitu. Þeir hafa það mikið fram yfir hina flokkana. Jafnvel þó að veruleg breyting yrði í atkvæðatilflutningi, þá er því miður varla hægt að hugsa sér, að 10—15 þm. dyttu af þeim, — því miður, segi ég. En beri hæstv. ríkisstj. ekki gæfu til þess að endurskoða 3. gr. og koma nokkuð til móts við launþegasamtökin, þá mun illa fara.

Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, 3. gr. er stefnumörkun. Slík stefnumörkun er mjög hættuleg án þess að reynt sé að ná um hana a. m. k. því samkomulagi, að henni verði beitt svo að áhrif frá þessari stefnumörkun geti komið fram í dvínandi verðbólgu og jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Ef svo illa tekst til að launþegasamtökin muni alls ekki eira þessu og efna til verkfalla og knýja fram eitthvað annað, þá er verr af stað farið en heima setið.

Hæstv. forsrh. sagði, að þjóðin væri orðin þreytt á yfirboðum og alls konar hlutum. Þessi orð mín nú eru ekkert yfirboð. Þau eru vinsamleg ábending um það sem ég tel að ég hafi heyrt hinn almenna launþega í landinu segja. Margir hverjir, ég fullyrði það, eru reiðubúnir að taka á sig byrðar, jafnvel þó að þeir hafi mun lægri laun en margir aðrir í þjóðfélaginu, en þetta verður ekki gert í einni svipan. Þeir gera sér grein fyrir því, að svo æðisgengin verðbólga sem þetta frv. gengur þó út frá að verði næsta ár og óákveðið fram í tímann boðar vonleysi fyrir þá, algert vonleysi. Ríkisstarfsmenn hafa bundna samninga næstu tvö árin og geta sig ekki hreyft. Verkalýðsfélögin eiga kost á að hreyfa sig. Sjómannasamtökin eiga ekki kost á að hreyfa sig. Þetta veit kannske hæstv. ríkisstj. mætavel, en samt sem áður tekur hún áhættuna af því að það verði ýmiss konar verkföll eða einhver óróleiki og það svo alvarlegur, að efnahagslífinu og jafnvæginu standi beinn voði af. Þetta er hrokafull afstaða að mínu mati, hrokafull afstaða sem nær ekki nokkurri átt. Ég leyfi mér að vitna í orð hins ágæta og mikilhæfa leiðtoga, Ólaf Thors, en svo mælti hann í áramótaræðu sinni, — ég held þeirri síðustu, — ég vitnaði til sömu orða áðan, áður en hæstv. forsrh. kom í salinn: Þetta er allt unnið fyrir gýg, ef við heftum ekki verðbólguna. Þetta frv. heftir ekki verðbólguna og þess vegna er þetta mál unnið fyrir gýg nema breiðari samstaða sé um málið heldur en nú er í dag.

Við fáum ekki svar við því, hvað hefur gerst, sem réttlætir þetta, annað en það, að allmörg frystihús og nokkur einstök fyrirtæki víðs vegar um landið segjast vera í verulegum vandræðum. Á sama tíma getum við bent á að mörg frystihús og mörg fiskvinnslufyrirtæki á Vestfjörðum og jafnvel Norðurlandi hafa mjög góða afkomu. Ég kann ekki við að vera að draga einstök nöfn fram í þessum umr., en ég veit að hæstv. forsrh. getur gengið úr skugga um það, að sum frystihúsin hafa ágæta afkomu og borga góðan arð og uppbætur á fisk. Önnur eru í sérstökum vandræðum, en það þarf að athuga þeirra mál alveg sérstaklega. Þetta frv. og gengisfellingarfrv. leysa ekki þennan sérstaka vanda sem sum frystihús hér í nágrenni okkar eru í, þau gera það engan veginn. Það getur vel verið að rökrétt sé og eðlilegt að vinnsla hjá þessum húsum hætti fyrir fullt og allt, en þá þarf að gera ráðstafanir í viðbót til að nota þessar eignir og koma annarri starfsemi þar í gagnið. En við höfum ekki heyrt neitt um það. Það, sem við verðum vör við, er að gífurlegar fjárfúlgur eru færðar hér á milli, og við vitum ekkert hvernig það kemur fram til bjargunar vissum landssvæðum. Og það sem verra er í þessu sambandi er það, að nýgerðir kjarasamningar eru eyðilagðir og raunar eru allar leikreglur brotnar í samskiptum við launþegasamtökin með svona frumvarpsflutningi, enda sagt: Hér er um stefnumörkun að ræða, — hvorki meira né minna en það.

Við munum ekki tryggja áframhaldandi rekstur út þetta ár nema eitthvað meira komi til. Það hefur komið fram, held ég hjá flestum eða öllum ræðumönnum hér. Við í stjórnarandstöðunni höfum lagt til að málið yrði skoðað nákvæmlega og reyndar yrðu aðrar leiðir en gengisfellingarleið einhliða. Þó að þetta frv. fylgdi eftir gengisfellingarfrv., þá er augljóst mál að mörg fyrirtæki geta ekki starfað þrátt fyrir þetta. Og ef á að herða kjörin á lánsfjármarkaði, sem líkur benda til, þá eiga sum fyrirtækin engan möguleika að halda áfram, a. m. k. hérna á Reykjanessvæðinu. Það er sagt að útvega eigi fjármagn, a. m. k. í gegnum gengisfellingarfrv., sem nemur nokkur hundruð millj. Það verður sjálfsagt togað í það fjármagn úr öllum áttum og sérstök greiðsla, sem er 500 millj. plús í kringum 350 millj., á að fara í hagræðingarfé og til styrktar vissum fyrirtækjum. Það hrekkur auðvitað mjög skammt. Og þó að þessi fyrirtæki muni auðvitað greiða eitthvað lægri laun vegna þessara laga, sem við erum nú að ræða, þá hrekkur það ekki heldur og leysir engan vanda, því að þetta fólk, sem er í fiskvinnslunni, hefur svo lág laun, að ekki er hægt að skerða laun þess nokkuð. Það, sem mundi hjálpa, væri vaxtalækkun hjá þessum framleiðslufyrirtækjum, en vaxtabyrðin er orðin svo stór þáttur í rekstri þeirra, að óþolandi er. Það verður því að finna önnur úrræði en þau, sem frv. gengur út frá, til þess að hjálpa þessum fyrirtækjum og hjálpa framleiðslunni almennt.

Síðasti ræðumaður sagði að hér væri fyrst og fremst um heimatilbúna verðbólgu að ræða. Það

er alveg rétt. Erlend aðföng hafa hækkað sáralítið og verðbólga erlendis er yfirleitt lág núna miðað við það sem var um tíma, fyrir 3—4 árum. Þess vegna ætti efnahagslíf okkar að vera í betra jafnvægi en verið hefur mörg undanfarin ár. Einnig njótum við þess nú, að verðlag á afurðum okkar er með hæsta móti. Það er aðeins skreiðin, sala á skreið, sem á í erfiðleikum. Þó kann að rætast úr nú á næstu vikum með birgðir af skreið sem eru taldar vera að verðmæti 5—6 milljarðar kr. Þetta er nú ekki hærri upphæð, en hvílir hins vegar þungt á allmörgum fyrirtækjum, sem eru stórir skreiðarframleiðendur, og engar sérstakar ráðstafanir eru boðaðar, hvorki í formi lána né aðrar, til þess að létta byrðar þessara fyrirtækja vegna þessa máls. Þvert á móti taka bankarnir nú, þótt búið sé að mótmæla því mjög kröftuglega, vexti af þessum sérstöku birgðum og íþyngja með því móti rekstrinum þrátt fyrir gengissig og þrátt fyrir það að vel sé tryggt í þessum birgðum það lánsfé sem bankarnir hafa innt af hendi. Þetta eru auðvitað forkastanleg vinnubrögð og nær ekki nokkurri átt að svona skuli vera að hlutunum staðið.

Þetta frv., ef menn bera ekki gæfu til að breyta efni 3. gr., verður því enn ein kollsteypan. Það boðar ekkert annað en ófrið og leiðindi á vinnumarkaðinum og færir okkur skör neðar, eins og ég sagði í upphafi máls míns. Hverju erum við þá bættari? Jú, við erum því bættari, að búið er að taka óbeinu skattana úr vísitölunni og áhrif óbeinna skatta hafa ekki lengur mælanleg áhrif. Þetta mun auðvitað þykja mjög gott, ef hæstv. ríkisstj. eða stuðningsflokkar hennar sitja áfram. Þá telja þeir sig vera hólpna með því að hafa nú komið löggjöf í gegn þrátt fyrir hættu á upphlaupi á vinnumarkaðinum, er þetta felur í sér. En friðvænlegt verður ekki með þessum vinnubrögðum, hvorki nú á næstu vikum né seinna, þó að kosningar gangi yfir. Þetta er það mikið stórmál, að að mínu mati er alrangt að reyna að knýja það í gegn nema að einhverju eða mestu leyti í samráði við verkalýðshreyfinguna. Sjálfsagt munu menn segja, að vonlaust sé að fá slíkt ákvæði í gegn með samþykki verkalýðshreyfingarinnar. Það kann rétt að vera. En allt annað er að fara þannig að hlutunum, að hún mótmæli, en eiri, en knýja þetta fram með ofurvaldi og í fullkominni andstöðu við þau launþegasamtök, sem maður hefur heyrt hljóðið í. Þau eru mörg sem sent hafa frá sér ályktanir í því efni.

Ýmislegt hefði mátt gera til þess að draga úr verðbólgu. Muna menn ekki eftir því, að fyrst var lagt á 12% vörugjald? Það átti að vera mjög tímabundið. Það átti að hverfa eftir fáa mánuði. Hvað varð af því? Það var 10% um tíma. Hvað varð svo af því? Það datt ekki alveg út úr fjárl. Það fór upp í 18%. Hvað á nú að gera við þessi 18%? Þau eiga að verða 16%. Svona er leikið með þetta vörugjald, sem veitir í ríkissjóð í dag í allri þessari þenslu nokkra milljarða kr., en hækkar um leið vöruverð á mörgum lífsnauðsynjum hjá almenningi. Viðbrögð almennings og verkalýðsforustunnar verða því einfaldlega þau, að gera þá kröfu í gegnum kjarasamninga, að þeir nái aftur þeim rétti sem þeir höfðu áður en slíkar æfingar voru gerðar, áður en þetta gjald var sett á. Og það er það sem varkalýðshreyfingin knúði fram s. l. ár. Hún gerði ekki annað en halda í horfinu í þeirri óðaverðbólgu sem ríkt hafði hér nokkur undanfarin ár. Hún gerði ekki annað. Það hefur margsinnis komið fram hér í umr., að ytri skilyrði eru nú hin ákjósanlegustu og því með ólíkindum að nauðsynlegt sé að grípa til þessara hörkuaðgerða sem nú er gripið til.

Ég sagði við umr. um gengisfellingarfrv., að það frv. væri til að bjarga líðandi stund. Ég segi, að þessar ráðstafanir verði að gagni aðeins lítils háttar fram yfir kosningar og ekki meir. Mér finnst það koma skýrt fram í orðum hæstv. forsrh., að hann væntir þess að hann fái tækifæri til þess að starfa áfram með Framsfl., og með þetta ákvæði í lögum yrði þá kné látið fylgja kviði með meiri hl. áfram næstu 4 árin og í valdi þess yrðu kaupsamningar í landinu meira og minna gerðir ógildir, með því að áhrif óbeinna skatta mundu ekki á nokkurn hátt hreyfa við vísitölu. Þá mun fara að hitna í ýmsum á vinnumarkaðinum og forustumönnum launþegasamtakanna , ef þetta verður knúið fram í fullkominni andstöðu við talsmenn þessara samtaka. Ég legg á það höfuðáherslu, að reynt verði að ná einhverju samkomulagi eða a. m. k. gengið svo langt að menn talist við og finni hvað launþegasamtökin halda fast í og hvað menn treysta sér þá til að ganga í átt til þessara krafna þeirra, sem þau leggja mikla áherslu á að sé grundvallaratriði að ekki verði gengið fram hjá nema eiga á hættu óróleika á vinnumarkaðinum. Ef við tryggjum ekki lægri verðbólgu, þ. e. a. s. við drögum ekki úr áhrifum verðbólgunnar, þá rýrna allir sjóðir svo, að það kann líka að hafa áhrif á atvinnustig í landinu.

Það er grundvallaratriði að tryggja fulla atvinnu í landinu. Það er alveg rétt og er mjög mikilvægt. Allir eru sammála um það. En einnig er hægt að ganga svo langt, að mikil yfirvinna sé keypt of dýru verði á kostnað sparifjár og verðbólgu í þjóðfélagi okkar. Ég mun alltaf undirstrika það, að hófleg vinna sé farsælust. Taumlaus yfirvinna á laugardögum og sunnudögum á ekki rétt á sér að mínu mati. Hún boðar enga sérstaka gæfu fyrir heimilin og hún boðar enga sérstaka gæfu í þjóðarbúskap okkar. Að mínu mati er langfarsælast að tryggja það, að 40 stunda vinnuvika gefi sómasamlegar tekjur og góð lífskjör. Þá verður jafnvægi tryggt í okkar efnahagslífi. Það er bókstaflega forsendan fyrir því, að við höfum heilbrigt og eðlilegt efnahagslíf.

Ég vitnaði í umr. um daginn um gengisfellingarfrv. til þeirra yfirlýsinga sem frambjóðendur Sjálfstfl. gáfu fyrir síðustu kosningar. Þar var sagt í fyrsta lagi, að koma yrði rekstri atvinnuveganna á heilbrigðan grundvöll. Þetta er alltaf sagt, en það tekst ekki enn. Rétta yrði af viðskiptahalla út á við. Það á þetta frv. að gera. Það er hægt með mjög margvíslegu móti. Það er hægt með því að gera erlendu vörurnar miklu dýrari í gegnum gengisfellingu. Það er hægt með því að draga verulega úr rekstrarlánum við verslunarfyrirtæki og setja ýmiss konar aðrar hömlur á sölu á gjaldeyri.

Það var gert um tíma og eru nú aftur í gildi allstrangar reglur um leyfisvöru, þó að önnur verslun sé að nafni til frjáls. Síðan segir í 3. lið: Hjúta verður vixlhækkanir kaupgjalds og verðlags. Þetta er auðvitað hægt að gera og er nú verið að gera með þessu frv. Það, sem orsakar upphlaupið hjá launþegum, er fyrst og fremst að þetta skuli vera gert á þann hátt sem hér er verið að leggja til. Ef forsvarsmenn launþega í landinu eru gersamlega andvígir því að minnka þessi áhrif, þá vil ég að það komi greinilega fram. Ég hef skilið suma þessa menn þannig, að þeir væru til viðtals um einhverja minnkun, en það yrði að hafa aðdraganda að það yrði að vera í áföngum. Ég verð þá leiðréttur hér, ef þetta er misskilið. Ég held að þessum mönnum sé ljóst, að áhrif sumra óbeinna skatta eru ekki æskileg innan vísitölukerfisins, en þeir munu aldrei una því, að þetta verði gert með þessum hætti sem frv. gengur út frá. Svo er, held ég, að allir landsmenn hafi áhuga á að stemma stigu við frekari aukningu erlendra lána. Það mál hefur verið rætt svo mjög að ég ætla ekki að eyða orðum að því núna við 1. umr. Og svo einnig að komið verði á jafnvægi á lánamarkaðinum. Það jafnvægi mun ekki nást, ef ekki verður breytt viðurkenningu á sparifé og meðferð skulda. Verði svo ekki næst þetta jafnvægi aldrei.

Það er alveg sama hvað menn reyna í formi löggjafar. Það er slíkt grundvallaratriði að viðurkenna, að heilbrigt og eðlilegt líf í þjóðfélaginu sé fyrir hendi, að ég tel það forsendu fyrir öllu í okkar þjóðarbúskap. Það getur vel verið, að mönnum finnist erfitt að takast á við þann vanda, og það hefur sýnt sig í gegnum árin að svo reynist. Menn segja, að sumar af þessum leiðum, sem eru í skýrslu verðbólgunefndar, séu ekki færar: samdráttarleið, verðstöðvunarleið og þar fram eftir götunum. Það kann að vera, að þær séu misjafnlega léttfærar. En ég vil þó minna á það, að enn gilda í landinu lög sem eru kölluð verðstöðvunarlög. Þau eru enn í gildi. En verðbólgan þrýstir svo á, að hún sprengir þann ramma jafnan sem þessi lög voru sett til að halda saman. Þau hafa aldrei verið numin úr gildi og hæstv. ríkisstj. verður að fallast á hækkanir með vissu millibili, og það mun halda áfram, því að ekki fer á milli mála að verðbólgan verður 37—40% á næstu mánuðum þrátt fyrir að þetta frv. verði að lögum eins og það liggur nú fyrir, og þá er illa farið. Það verða mín síðustu orð við þessa umr., að við erum enn í jafnvægisleysi þrátt fyrir að þetta frv. verði keyrt í gegn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þótt ég eigi sæti í þeirri n., sem fjallar um þetta mál, þá vil ég aðeins koma að nokkrum atriðum við 1. umr. málsins.

Þetta frv., sem hér er flutt, um ráðstafanir í efnahagsmálum er beint framhald og eðlilegt framhald af þeirri efnahagsþróun sem hefur átt sér stað síðustu mánuðina, a. m. k. síðasta hálfa árið, þótt það sé seint fram komið. Verðbólga hér á landi var á árunum 1950—1962 að meðaltali 9.3%, í næsta 10 ára tímabili 1963—1972, 12%. Síðan fer verðbólgan 1973 í 22%, 1974 í 43%, 1975 í 49%, en síðan koma fram nokkur batamerki, því að 1976 er verðbólgan 32% og áætluð fyrir 1977 um 31%. Hins vegar er ljóst, að verðbólguhraðinn nú síðu 3 mánuðina, þótt ekki liggi fyrir vísitala framfærslukostnaðar, er rétt innan við 55% og verðbólgan síðustu 6 mánuðina fast að 50%. Það hljóta allir að vera sammála um að ekki er hægt að horfa á þróun sem þessa án aðgerða.

Það er fyrst og fremst spurningin, hversu harkalega á að bregðast við. Það, sem hefur gerst í verðlagsmálum, er fyrst og fremst það, að það verða ákveðnir brestir, alvarlegastir í lok árs 1973 og 74. Ekki var snúist við þeim vanda þá af ástæðum sem menn þekkja, vegna þess að þáv. ríkisstj. hafði ekki þingmeirihl. til að koma slíkum ráðstöfunum fram og menn voru ekki sammála um það og þáv. stjórnarandstaða taldi sig ekki heldur bera ábyrgð á aðgerðum af því tagi eða eiga að taka þátt í þeim. Það er mín skoðun, að þetta sé skammsýni. Stjórnarandstaða og þeir, sem standa að ríkisstj. á hverjum tíma, hljóta að bera ábyrgð á efnahagsmálunum og efnahagslífinu, þótt um það megi deila endalaust, hvort það er þessum eða hinum aðilanum í þjóðfélaginu að kenna, hvort sem það eru ríkisstj., aðilar á vinnumarkaði, bankar og þeir sem stjórna fjármálum þjóðarinnar, eða hvort það er innflutningsverðlag eða útflutningsverðlag. Menn verða að læra að bregðast við þessum vanda á hverjum tíma og leggja til leiðir til lausnar þeim vanda, hvar í flokki sem menn standa.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð voru menn bjartsýnir um það, hvað það tæki langan tíma að koma verðbólgunni niður. Menn voru jafnvel þeirrar skoðunar, að hægt væri að koma henni á einu ári niður í 15%. Ég var þeirrar skoðunar strax þá, að ráðlegt væri að setja sér það mark á kjörtímabilinu að koma verðbólgunni niður í það sem eðlilegt mætti teljast miðað við helstu viðskiptalönd. Það hefur hins vegar gengið erfiðar að ná jafnvel þessu marki en á horfðist, m. a. vegna þess að versnandi viðskiptakjör komu fram á árunum 1974 og 1975. Það miðaði rétt, en það, sem fyrst og fremst fór úrskeiðis, var skuldasöfnun ríkissjóðs og í framhaldi af því mikil skuldasöfnun erlendis. Það, sem gerist á árinu 1977, var það, að þeir samningar, sem voru gerðir bæði við ríkisstarfsmenn og aðila á vinnumarkaðnum, fóru fram úr því sem aukning þjóðartekna leyfði. Um það verður ekki deilt. Hins vegar finnst mér að ekki sé nægilega mikil áhersla á það lögð í öllum samningum, hvernig hlut launþega og launamanna í þjóðartekjunum er skipt innbyrðis. Hlutur launþega í þjóðartekjum á árinu 1976 er 71.8%, hefur hæstur verið á árinu 1972 75.7%, eins og fram kemur í skýrslu verðbólgunefndar. Halda má áfram að skipta þjóðartekjunum upp, því að það er út af fyrir sig ekki mjög flókið mál. Það, sem vantar inn í þessa skiptingu, eru reiknaðar tekjur atvinnurekenda sem þurfa sín laun, fyrir utan það tap og þann hagnað sem af atvinnurekstri er. Þetta hefur verið áætlað allt að 15%. Síðan er fjármagnsliður, sem gæti verið á bilinu 7—10%, og að síðustu hagnaðarliður. Það er ósköp einfalt mál, að ef einhver af þessum

liðum, við skulum segja launaliðurinn, hækkar umfram það sem þjóðartekjur leyfa, þá getur ekkert annað gerst en sú hækkun fer út í verðlagið, ef ekki er hagnaður á móti til þess að mæta þessari hækkun. En hitt er rétt að leggja á áherslu, að þetta er ekki eina atriðið í efnahagsmálum sem skiptir verulegu máli, það er langt í frá. Þar kemur margt annað til, fjárfestingarmál, ríkisfjármál og rekstur atvinnuvega og fyrirtækja í landinu. Allt þetta og margt annað skiptir miklu máli. En það er út af fyrir sig blekking ein að ætla sér að halda því fram, að launaliðurinn skipti engu máli í þessu sambandi, eins og oft vill koma fram.

Sú mynd, sem hefur í reynd blasað við alveg síðan í haust, er brostinn grundvöllur undirstöðuatvinnuvega, veruleg hætta á auknum viðskiptahalla og verðbólguþróun sem færi langt yfir það sem eðlilegt mætti teljast og í framhaldi af því atvinnuleysi. Þetta hefur að mínum dómi blasað við alveg frá því á s. l. hausti. Í framhaldi af þessu má spyrja: Hvað átti að gera? Fyrstu erfiðleikarnir, sem komu fram hér í sölum Alþ., voru fjárlagaafgreiðslan. Það hafði verið undirritaður kjarasamningur við ríkisstarfsmenn sem leiddi að mínum dómi til óraunhæfrar hækkunar hæstu launa, þar með talinna þm. sem fylgdu víst öðrum í sama flokki, og fjárlagaafgreiðslan varð af þessum sökum og mörgum öðrum mjög erfið. En þá var tekin mjög mikilvæg ákvörðun á þessu stigi málsins, sú ákvörðun að draga úr erlendum lántökum.

Það hefur verið svo, að erlendar lántökur sem hlutfall af fjármunamynduninni í landinu hafa farið mjög vaxandi og aukist mjög á s. l. árum. Þannig má t. d. greina frá því, að á árinu 1970 eru innfluttir þættir fjármunamyndunar í landinu 4 milljarðar, en þá komu engin erlend lán inn, heldur námu afborganir umfram innkomin lán 700 millj. Á árinu 1974 eru innfluttir þættir í fjármunamynduninni tæpir 20 milljarðar, en innkomin löng lán eru 8.5 milljarðar eða 43.3%. Samsvarandi tölur eru um 60% á árinu 1975, 46% 1976 og áætlun fyrir 1977 er 47%. Það er tekin sú ákvörðun, hvort sem hún stenst nú eða ekki, að taka ekki erlend lán umfram afborganir. Þetta var vissulega skref í þeim aðgerðum sem þurfti að gera.

Ég segi það hins vegar alveg hiklaust, að mjög vafasamt var í mínum huga á s. l. hausti af fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. að undirrita og ganga frá þeim samningum, sem gerðir voru við ríkisstarfsmenn, vegna þess að menn máttu vita þá, að erfitt yrði að standa við þá. Og það væri betur, að meira væri um það í okkar þjóðfélagi, að menn undirrituðu ekki samninga eða samkomulag eða gerðu í þjóðfélaginu annað en það sem menn væru nokkurn veginn vissir um að væri hægt að standa við.

Menn vissu hins vegar á s. l. hausti að þessar aðgerðir, sem þá voru gerðar varðandi erlendar lántökur, voru ekki nægilegar. Það var áfram hætta á viðskiptahalla vegna aukinnar eftirspurnar innanlands og atvinnuvegirnir voru í miklum vanda. Í framhaldi af þessu má spyrja: Hvað átti að gera og hvernig átti að leysa þann vanda sem menn stóðu frammi fyrir og var staðreynd að var fyrir hendi?

Það voru einkum tvær leiðir sem voru taldar koma til greina, og þessar leiðir koma fram í skýrslu verðbólgunefndar frá 8. febr. 1978. Fyrsta leiðin er sú að fylgja þeirri meginhugmynd, sem kemur fram í skýrslu verðbólgunefndar og lýst er sem samdráttar- og niðurfærsluleið gegn verðbólgu að afstaðinni óhjákvæmilegri gengislækkun um nálægt 10% þegar í stað, en gerðir kjarasamningar haldist óbreyttir. Þetta var önnur leiðin sem var talin koma til greina, og enginn hefur sýnt fram á að hægt væri að ráðast gegn vandanum nema eftir einhverjum slíkum leiðum sem koma fram í skýrslu verðbólgunefndar.

Hin leiðin, sem einkum þótti koma til greina, var leið sem hefur verið kölluð málamiðlunarleið gegn verðbólgu að afstaðinni um það bil 15% gengislækkun, þegar í stað samhliða nokkurri skerðingu verðbótaákvæða gildandi kjarasamninga auk hliðarráðstafana á sviði ríkisfjármála og í lánamálum. Það sem einkum skilur þessar tvær leiðir að, er að í annarri leiðinni er ekki gert ráð fyrir að fresta verðbótaákvæðum gildandi kjarasamninga, sem út af fyrir sig hefði af þessum sökum verið miklu æskilegri leið, en í hinni leiðinni er verðbótaákvæðum gildandi kjarasamninga frestað að hluta.

En hvað þýðir samdráttar- og niðurfærsluleið? Hvað hefði hún haft í för með sér og hefði hún verið aðengileg? Það, sem var gert ráð fyrir í þessari samdráttar- og niðurfærsluleið, var í fyrsta lagi að hækka tekjuskatt einstaklinga um 1700 millj. kr., auka álög á félög með skyldusparnaði um 600 millj., hækka útsvör á þegnana í þjóðfélaginu um 1900 millj., draga úr rekstrarútgjöldum ríkissjóðs um 1 milljarð, draga úr framkvæmdum samkv. A-hluta fjárl. um 2 milljarða, lækka lánsfjáráætlun, sem þó var búið að lækka mjög mikið við afgreiðslu fjárl., um 3 milljarða og gefa út spariskírteini ríkissjóðs að upphæð 1500 millj. kr. Þetta er samtals fjáröflun eða niðurskurður sem nemur 11.7 milljörðum eða sömu upphæð og kemur fram í svokallaðri verðlækkunarleið í áliti fulltrúa ASÍ, BSRB og fulltrúa þriggja flokka í verðbólgunefnd. Það, sem átti að gerast á móti, var að lækka vörugjald um 3.4 milljarða, auka niðurgreiðslur um 1 milljarð og þar með að bæta stöðu ríkissjóðs um 7.3 milljarða kr. Miðað við það að framkvæma þá leiðréttingu, sem óhjákvæmlega var í sambandi við ríkissjóð, 2.1 milljarð, þá er um bætta stöðu upp á 5.2 milljarða kr. að ræða. Auk þess var gert ráð fyrir því að hækka vexti og breyta genginu um 10%.

Hver hefði svo orðið afleiðing þessara aðgerða, svo harkalegar sem þær eru, ef þessi leið hefði verið farin? Það kemur mjög skýrt fram í nál. verðbólgunefndar á bls. 112, og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það hér upp:

„Annað dæmið mætti nefna samdráttarleið, þar sem fyrst og fremst er beitt hefðbundnum fjármála- og peningamálaráðstöfunum. Árangurinn við að lækka verðbólgu á árinu 1978 yrði næsta lítill," — eða eins og fram kemur annars staðar, verðbólgan færi í um 33%, — „en hins vegar kynni þessi leið að koma á betra jafnvægi milli heildarframboðs og eftirspurnar í hagkerfinu þegar fram í sækti og leggja þar

með grunn að hjöðnun verðbólgu. Væri þessi leið farin kæmi að líkindum ekki til beins ágreinings við launþegasamtökin, þar sem ekki væri reynt að fá fram breytingar á kjarasamningum. Á hinn bóginn mætti búast við því, að atvinnuástand breyttist til hins verra á árinu og rekstrargrundvöllur undirstöðugreina yrði afar ótraustur, þannig að til stöðvunar veikustu fyrirtækjanna hlyti að koma og þar með væri hagur launþega og annarra skertur með einkar ójöfnum hætti. Samkv. meginstefnu þessarar leiðar yrði ekki úr þessu bætt með ívilnandi ráðstöfunum. Í þessu dæmi þyrfti þó að gera ráð fyrir að til kasta ríkisins kynni að koma til þess að styrkja sjávarútveginn með fé úr Verðjöfnunarsjóði, en í því felst veruleg fjárhagsleg veila og um leið mismunun milli atvinnugreina, sem tvímælalaust er óæskileg og skaðleg til lengdar. Af tölum um afkomu í yfirlitinu hér að framan sést glöggt, að afkoma sjávarútvegsins er algjörlega óviðunandi í þessu dæmi eins og í hinu fyrsta," — þ. e. a. s. óbreytt ástand, — „ef stuðningur við fiskvinnsluna yrði ekki aukinn verulega. Til þess þyrfti annað tveggja, að skattleggja frekar til þess að styrkja útflutningsframleiðsluna eða fella gengið nokkru meira en um 10% þegar í upphafi ársins. En það kostar hins vegar enn kaupmáttarfórn og frekari hækkun verðlags. Niðurstaða þessa dæmis er því ekki í jafnvægi. Hins vegar er ekki annað í samræmi við kjarnann í þessari tilraun en að skammta sjávarútveginum naum kjör. En svona öflugt aðhald stæðust fá fyrirtæki."

Þetta er lýsing á þessari leið, sem kölluð hefur verið samdráttar- og niðurfærsluleið. Og í beinu framhaldi af því, þar sem ljóst er að þessi leið, eins og henni er lýst þarna, hefði ekki leyst þennan vanda, koma fulltrúar stjórnarandstöðunnar og hafa gert mikið úr þeirri leið sem þeir hafa kallað verðlækkunarleið. Sennilega leið, sem þeir hafa fyrst og fremst kokkað saman hv. þm. Lúðvík Jósepsson og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason. Ég vil leyfa mér að nefna þessa leið allt öðru nafni. Ég vil hreinlega leyfa mér að nefna hana blekkingarleið, því að hér kemur lítið annað fram en hreinar blekkingar.

Það er sagt að þessi leið muni gagna í þeim vanda sem við eigum við að stríða. Í því sambandi vil ég vísa á þá samdráttarleið, sem ég hef lýst.

Það hefur ekki verið hrakið að þessi harkalega samdráttarleið, sem gerði ráð fyrir verulega bættri stöðu ríkissjóðs, hefði ekki nægt í þessum vanda. En samt er hér komið fram með leið sem gerir ekki ráð fyrir neinum bata á stöðu ríkissjóðs. Það á að veita því, sem inn kemur út aftur. Á því sést best hvað langt frá samdráttarleiðinni þessi svokallaða verðlækkunarleið er. Þar að auki er tekjuöflun samkv. þessari leið einkar óljós, sérstaklega er hér í 2. lið sett fram veltugjald á sama skattstofn og aðstöðugjald, og hv. þm. Ragnar Arnalds lýsti því nokkuð við umr. áðan, hvernig þessi skattlagning er hugsuð. Mér skildist að hún væri hugsuð þannig, að undanþiggja ætti landbúnað, þótt það það komi ekki fram, það ætti að undanþiggja sjávarútveg og það ætti að undanþiggja iðnað, og það sem eftir stendur er þá verslun, viðskipti og þjónustustarfsemi. Það er út af fyrir sig hægt að leggja slíkt gjald á þessa aðila. En hefur einhver trú á því að slík skattlagning mundi í engu tilfelli fara út í verðlagið? Hafa menn slíka ofurtrú á verðlagseftirliti hér á landi og verðlagningu á þjónustu, að það mundu ekki einhverjir koma þessu út í verðlagið? Þá er ég hræddur um að árangurinn yrði ekki eins mikill. Ég er a. m. k. ekki svo bjartsýnn á það, að hægt væri að hafa svo strangt verðlagseftirlit. Þar að auki er þessi skattstofn fráleitur. Það var tekin sú stefna í tíð svokallaðrar viðreisnarstjórnar að afnema aðstöðugjaldið og síðan haldið áfram á sömu braut í tíð vinstri stjórnarinnar og átti að afnema aðstöðugjaldið smátt og smátt. Ég man ekki betur en hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason væri einn aðaltalsmaður þess á sínum tíma, hversu fráleitur skattstofn aðstöðugjaldið væri. Sem dæmi get ég nefnt að aðstöðugjaldið kom á tímabili í veg fyrir að bókhald gæti þróast hér með eðlilegum hætti, vegna þess að menn voru alltaf að reyna að auka umboðsviðskipti, segja sem svo: Við kaupum ekki inn vöruna. Við erum bara með hana í umboðssölu. — Kannske var ósköp eðlilegt að menn gerðu þetta þegar um vöru var að ræða sem var með mjög lága álagningu. Þá vildu menn ekki versla með þessa vöru á annan hátt en vera með hana í umboðsviðskiptum. Þá eru það ekki innkaupin á vörunni sem eru skattstofn, heldur kostnaðurinn á móti umboðslaununum. Þessi veltuskattur kemur svo misjafnlega við, að það er ekkert annað en hrein uppgjöf í sambandi við breytingar á skattkerfinu að taka hann upp í stórum stíl. En undir það skal ég taka, að það hefur gengið seint og illa og ekki verið staðið nægilega vel að því að breyta skattkerfinu.

Síðan kemur hér fram, að það á að lækka útflutningsbætur og þá auka niðurgreiðslur stórlega og þar með borga niður vísitöluna. Einnig er lagt til að lækka rekstrargjöld ríkisins um 1500 millj. Það má vel vera að hægt sé að lækka rekstrargjöld ríkisins. Hins vegar man ég ekki betur en gert sé ráð fyrir því að vinna að ýmsu slíku samkv. þeim fjárl. sem þegar hafa verið samþykkt, og ekki eru allir bjartsýnir á það, að takast muni að spara t. d. þau laun sem þar var gert ráð fyrir að spara, mig minnir að það hafi verið nálægt 1700 millj., — þannig að menn hafa að ýmsu þar að keppa þótt nýjum tölum verði ekki bætt við.

Ég vildi aðeins fara yfir þetta dæmi, þótt það muni e. t. v. gefast tækifæri til þess að ræða það betur síðar, til þess að menn sjái hversu fráleitt það er, að þessi leið geti hjálpað eitthvað í þeim vanda sem við nú erum í. Menn sjá það best með því að fara yfir samdráttarleiðina, sem kemur fram í áliti verðbólgunefndar, og þann árangur, sem menn væntu af þeirri leið, og bera svo þessa leið saman við hana til þess að sjá hversu fráleitt það er.

Til lengri tíma er ljóst að þessar aðgerðir, sem nú eru fyrirhugaðar, munu ekki leysa vandann til lengdar. Að mínu mati er þetta fyrst og fremst spurningin um það, hvort menn almennt eru tilbúnir til þess að takast á við verðbólguna og þá ekki menn í einum stjórnmálaflokki, heldur í öllum stjórnmálaflokkum og allur almenningur í landinu. Við okkur blasir

ákveðin mynd í þjóðfélaginu. Við okkur blasir sú mynd, að verðbólgan hefur haft stórkostleg áhrif á eignatilfærslu í landinu og efnahagslegt misrétti hefur stóraukist. Launamisræmið hefur einnig aukist. Þrátt fyrir tilraunir til jafnlaunastefnu er það staðreynd, að hlutfallshækkanir hafa komið jafnt á há laun sem lág, hvort sem mönnum hefur líkað betur eða verr. Verðbólgan hefur haft mjög mikil áhrif á arðsemi fjárfestingar, þannig að fjármagni er oft sóað án íhugunar, sem hefur leitt af sér minni framleiðni og minni þjóðartekjur. Áhugi til sparnaðar í þjóðfélaginu er í lágmarki, en þessi sparnaður er undirstaða allrar uppbyggingar í þjóðfélaginu, og þar að auki hefur fjárhagslegt siðgæði versnað. Menn hafa bent á ýmsar leiðir til þess að ráðast gegn þessum vanda. Um það má fara mörgum orðum og það kemur einkar skýrt fram í áliti verðbólgunefndar. Þar eru atriði eins og að lagfæra stöðu ríkissjóðs og greiða skuldir hans. Hvað þýðir það? Það þýðir það, að annaðhvort verður að draga úr ríkisútgjöldum eða leggja meiri skatt á almenning og fyrirtæki í landinu. Talað er um að efla jöfnunarsjóð í sjávarútvegi. Hvað þýðir það? Það þýðir að menn skipti ekki öllu upp þegar vel árar, en geymi það þangað til verr árar. Það er tekið fram, að bæta þurfi stjórn fjárfestingarmála og auka arðsemi fjárfestingar.

Öll þessi atriði koma við einhverja í þjóðfélaginu. Þau snerta hag og líf hins almenna borgara og þess vegna er það í mínum huga fyrst og fremst spurning, hvort menn eru í reynd tilbúnir til að heyja þessa baráttu. Það gerist ekki með því að menn byggi hér á Alþingi Íslendinga málflutning sinn á hreinum blekkingum. Menn hafa ekki, hvorki nú né oft áður, lagt fyrir sig staðreyndir efnahagsmálanna. Menn eru hér að deila um staðreyndir. Menn eru ekki hér að taka fyrst og fremst ákvarðanir út frá ákveðinni mynd og ákveðnum staðreyndum sem blasa við, heldur fer mestur hlutinn af tímanum síðustu dagana í að þjarka um það, hverjar eru staðreyndir málsins. Það verður aldrei vit í íslenskum efnahagsmálum ef menn ætla að halda áfram á þessari braut. Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hér áðan, að sér blöskraði stundum yfirborðsmennskan og kjafthátturinn. Það er út af fyrir sig ekkert undarlegt þó að hann taki þannig til orða, en hann mætti hugleiða þau orð í öðru samhengi. Er það svo í reynd, að í umr. um þessi mál sé allt of mikið um yfirborðsmennsku? Ég held að út af fyrir sig sé mergurinn málsins að menn viðurkenni ákveðnar staðreyndir, hvort sem þar er um að kenna ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar eða ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar eða þessum aðilanum í þjóðfélaginu eða hinum aðilanum í þjóðfélaginu, og starfi út frá því af heilindum.

Það hefur komið fram hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni við umr. í Nd. að ríkisstj. hafi ekki haft að neinu þær till. sem stærsti hluti verðbólgunefndarinnar skilaði. Hann tók þannig til orða, að þar með hefðu þeir menn, sem skrifuðu undir þetta álit, verið hafðir að fíflum. Í sjálfu sér þarf ekki annað en lesa það sem stendur í áliti okkar. Ég vil leyfa mér að vitna í það, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Eins og nú er ástatt í efnahagsmálum teljum við þá meginhugmynd, sem fólgin er í málamiðlunarleiðinni, sem lýst er í fimmta dæminu nánar tiltekið dæmi í 5 b í lokagr. 3. kafla sé skárri kostur, þegar tekið er tillit til sem flestra markmiða í efnahagsmálum. Í þessu felst fyrst og fremst ábending um aðalatriði nauðsynlegra aðgerða, en ekki um framkvæmd þeirra í einstökum greinum. Í þessu efni skiptir miklu máli, að ekki sé gengið lengra í mildandi ráðstöfunum á sviði ríkisfjármála en raunverulegur grundvöllur er fyrir."

Það, sem hefur einkum gerst, er það, að menn hafa ekki talið fært að fara í eins mikla lækkun á fjárl. og kom fram í þessu áliti og það hlýtur að hafa það í för með sér að ekki er hægt að lækka skattheimtuna eins mikið. Kemur það fram í því, að vörugjaldið verður ekki lækkað eins mikið og kom fram í þessari leið, leið 5 b. Það er sem sagt alveg ljóst, að hér var verið að reifa meginhugmynd sem þurfti að ræða nánar bæði í ríkisstj. og stjórnarflokkunum. Enginn taldi, að það yrði nákvæmlega sú niðurstaða sem menn mundu komast að í lokin, þótt við hefðum kosið það.

Ég vil aðeins að lokum og ekki hafa fleiri orð nú við 1. umr., á þessu stigi málsins a. m. k. endurtaka það, að við verðum fyrst og fremst að líta á staðreyndir þessa máls. Út af fyrir sig þýðir ekki að segja eins og hv. þm. Ragnar Arnalds áðan: Gengisfellingu hefur aldrei verið beitt af slíkri hörku og slíku tillitsleysi sem nú. — Það er og verður alltaf beint samband á milli verðbólgunnar og annarra þátta efnahagsmálanna og gengisins og það er ekki spurning um það að beita genginu af hörku eða tillitsleysi, heldur er þar fyrst og fremst spurningin sú, að ef við ráðum ekki við verðbólguna, þá hlýtur það að leiða til gengisbreytinga. Það er sú staðreynd sem menn gengu út frá við fjárlagaafgreiðsluna. Menn sáu fram á að verðbólgan varð ekki stöðvuð í einu vetfangi. Og að sjálfsögðu þurfti þá að reikna með ákveðnu gengissigi. Það eru lögmál sem koma af sjálfu sér. Það er ekki spurning um það, hvort menn vilja það eða ekki. Fyrst og fremst er spurningin sú að lúta ákveðnum lögmálum í efnahagslífinu sem menn geta ekki komist fram hjá nema upp komi einhver stétt kraftaverkamanna á sviði efnahagsmála. Og það má vel vera, að slíka menn vanti nú í sambandi við stjórn íslenskra efnahagsmála. Ef þeir eru til og geta sýnt fram á kraftaverkamöguleika sína, þá held ég að það sé mikil ástæða og full ástæða til þess fyrir alla hina, sem eru að bjástra við þetta, að víkja nú þegar fyrir þeim.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja nokkur orð við 1. umr. um þetta frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Umr. hafa aðallega snúist um, af eðlilegum ástæðum, þrjár fyrstu gr. frv. Menn hafa kveðið mjög sterkt að orði um þá aðför, sem þeir telja að nú sé gerð að launþegasamtökum í landinu. Ég held að hv. 5. þm. Norðurl. v. hafi kallað þetta grófustu árás, sem BSRB og ASÍ hafi orðið fyrir. Ekki er minni hans á forna tíma

trútt, ef hann getur haldið þessu fram, því að ég held að algerlega sé ástæðulaust að tala hér eins og einsdæmi sé um að ræða eða einhverja meiri árás á lífskjör fólks en áður hafi verið gerð, bæði með hans stuðningi, mínum og annarra. Hér hefur margsinnis verið rakið, og ég nenni ekki að fara að rifja það upp, að gengisfellingar hafa verið gerðar hér æ ofan í æ án þess að nokkrar bætur kæmu fyrir — nokkrar einustu bætur — og vísitalan algerlega tekin úr sambandi. Ef það eru ekki árásir á lífskjör og samtök þessa fólks, þá skil ég ekki málið lengur, og það meiri árás en hér er um að tefla.

Hvað er það sem hér er um að ræða? Hvað er það sem í 1. gr. segir? Þar segir að grunnkaupshækkanir 1. júní og 1. sept. komi til framkvæmda samkv. samningunum. Hún segir það óbeint, hún segir það með gagnályktun. Hún segir í öðru lagi, að hálfar þær verðbætur, sem reiknað er út að eigi að bætast á laun 1. mars, 1. júní og 1. sept., eigi að koma til framkvæmda hjá öllum. Þeir, sem hafa 176 þús. kr. mánaðarlaun og þar yfir, eiga að fá hálfar verðbætur, en í 2. gr. segir svo til viðbótar að þeir, sem ekki hafa þau laun, eigi að fá meiri bætur. Og í aths. með 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Með lágmarksverðbótaákvæði í 2. gr. er svo komið í veg fyrir að skerðing verðbóta samkv. 1. gr. komi fram af fullum þunga gagnvart hinum tekjulægri í hópi launþega, sem aðallega hafa tekjur af dagvinnu einni saman."

Þannig verður hækkun lægstu kauptaxta 1. mars, ef eingöngu er unnin dagvinna, rúmlega 8% miðað við að verðbótavísitalan hækki um 10%. Hækkun meðaldagvinnukauptaxta verkafólks verður 7½%, hækkun allra annarra launa verður á bilinu 5—7½% 1. mars. Hér er þá um að tefla hjá þeim lægst launuðu 2% minni verðlagsuppbót en þeir hefðu fengið, ef samningarnir hefðu að öllu leyti gilt. En til viðbótar þessu eru í II. kafla hækkaðar bætur almannatrygginga, í III. kafla er breytt lögum um tekjuskatt og eignarskatt að því er snertir svokallaðar barnabætur og í V. kafla er talað um, að tímabundið sérstakt vörugjald lækki úr 18% í 16%, sem kemur þá til uppbóta á þá skerðingu sem ég áðan nefndi. Auk þess eiga svo niðurgreiðslur á vöruverði að hækka um 1300 millj. kr. Samtals gerir þessi ráðstöfun í auknu fé úr ríkissjóði ráð fyrir kaupmáttaraukningu sem nemi rúmu stigi, ef ég man þetta rétt. Ef aldrei hefur verið gerð harkalegri árás að lífskjörum almennings en þetta, þá hefur verið farið vægilega í sakirnar áður fyrr, það verð ég að segja, enda stenst þetta engan veginn. Þetta eru þær mildustu ráðstafanir sem í langa tíð hafa verið gerðar og látnar fylgja gengisfellingu, og að nú sé tilefni til þess að blása í herlúðra, boða verkföll, jafnvel ólöglegar vinnustöðvanir, slíkt er fjarstæða og áreiðanlegt er að fólk í landinu fylgir ekki þeim mönnum sem nú æsa til slíks framferðis, það þori ég alveg að fullyrða.

Þessar ráðstafanir, þessi gengisfelling og þær hliðarráðstafanir sem henni fylgja, eru gerðar fyrst og fremst til þess að hægt sé að halda uppi fullri atvinnu. Ég hef þá trú, að fólk hér á landi almennt meti það meira að vinna fyrir sínum tekjum, að halda atvinnu og vinna fyrir sér, fremur en að ganga mánaðarlega eða vikulega á opinbera skrifstofu og sækja atvinnuleysisbætur, eins og er hlutskipti fjölmargra starfsfélaga þess í nágrannalöndum okkar og það í löndum sem eru miklu ríkari og standa á eldri merg og traustari, að maður hefði haldið, en okkar íslenska þjóðfélag með sveiflukenndum atvinnuvegum. Og að láta sér detta það í hug, að Íslendingar einir geti haldið uppi fullri atvinnu og auknum kaupmætti á sama tíma sem þróunin er eins og raun ber vitni um í næstu nágrannalöndum okkar, er bjartsýni sem ég er hræddur um að ekki fái staðist, einkum þegar þess er gætt, að aðalatvinnugrein okkar á í vök að verjast, fiskstofnarnir eru í hættu.

Það hefur verið margtekið fram hér á hv. Alþ. af mönnum úr öllum flokkum, að það yrði að fara varlega í fiskveiðar eins og nú standa sakir. Það verður að takmarka sóknina í fiskstofnana, sem auðvitað þýðir minnkandi þjóðartekjur, meðan svo er ástatt, eins og löngum um verða, að fiskveiðar eru okkar helsta tekjulind. Ég held þess vegna, að engum þurfi að koma á óvart þó að hér eins og annars staðar verði að grípa til þeirra ráðstafana sem koma illa við einhvern hluta fólks í landinu. Og þegar þannig er ástatt tel ég að réttast sé að sem flestir, já helst allir, axli sinn hluta af byrðinni og þeir mest sem bestar ástæður hafa til þess að gera það. Til þess að tryggja að ekki sé gengið of nærri þeim, sem lægst hafa launin, eru ákvæði 2. gr. sett í frv. og vonandi í lög.

Heyrst hefur, og ég get alveg viðurkennt það þó að ég hafi ekki mikla þekkingu á því hvernig slík framkvæmd á að eiga sér stað, að það sé nokkuð erfitt verkefni sem þeim er fengið sem eiga að tryggja að hinir lægra launuðu fái vísitöluuppbót upp í 8%. Ég býst við að það sé erfitt og kosti einhverja fyrirhöfn, og ég veit raunar að svo muni vera. En ég tel að það verkefni verði að vinna til þess að þeir sem þannig er ástatt um, beri ekki of mikinn hluta af byrðinni. Ég hef þá trú, að þetta sé hægt. Það hlýtur að vera hægt og það verður að vera hægt. Það verður að vera unnt að tryggja það í réttlætisþjóðfélagi, eins og við viljum búa við, að gætt sé hagsmuna þeirra sem lægra eru launaðir, þó að það kosti einhverja skriffinnsku og einhverja fyrirhöfn. Ég held að menn ættu þess vegna að spara sér stór orð af þessu tilefni. Ég er ekki viss um að þeir, sem nú efna til æsinga út af því frv., sem hér er til umr., ríði feitum hesti frá því þegar til kastanna kemur og þegar fólk hefur fengið tækifæri til að átta sig á því, hvernig ástatt er í þjóðfélaginu og hvaða úrræði eru hér raunverulega á dagskrá.

Ég get alveg sagt það sem mína skoðun, og hún hefur ekkert breyst síðan farið var að fást við þessi mál, að ég tel að engin þörf sé á því að lögfesta nú ákvæði sem fjalli um vísitöluútreikninga í framtíðinni. Að mínu mati er nægur tími til þess að fjalla um það mál, og má gera það alveg jafnt fyrir því og ekkert síður þó að það verði ekki lögfest núna, að einhvern tíma í framtíðarblámanum, nánar tiltekið 1. jan. 1979, eigi að reikna vísitölu með öðru móti en gert hefur verið hingað til.

Hv. 1. landsk. þm. sagði áðan, að ríkisstj. ætti

að beita sér fyrir samtölum við forustumenn launþegahreyfinganna um breytingar á þessum atriðum og ekki ætti að ráðast í þau í beinni andstöðu eða a. m. k. án samráðs eða samtala við þessa menn. Ég get nú að sumu leyti tekið undir það, að æskilegt sé að ræða þessi mál við þá. En hann verður þá og aðrir góðir menn að hjálpa til að tryggja það, að þeir standi ekki upp og stökkva út þegar farið er að tala um þessi mál, eins og þeir gerðu síðast þegar reynt var að brydda upp á því. Þegar hæstv. forsrh. minntist á þessa leið við forustumenn Alþýðusambands Íslands og formann BSRB, þá tóku þeir til fótanna og vildu ekki ræða málið. Ef sú afstaða ræður ríkjum í þeim herbúðum, þá er ekkert um að tala, þá er eftir engu að bíða. Nú skilst manni, að sú afstaða sé eitthvað breytt og kannske hafa þeir séð eftir því að láta skapið hlaupa með sig í gönur. Vonandi hafa þeir gert það. En ég veit ekki hvort hv. 1. landsk. þm. getur tryggt að það hlaupi ekki í þá aftur. Vonandi er að hann geti það.

Það er áreiðanlegt og hefur verið viðurkennt í langan tíma af öllum, að vísitöluákvæði þau, sem verðlagsuppbótin er reiknuð eftir, þarfnast endurskoðunar. Þetta eru áratugagömul ákvæði. Þau eru miðuð við allt aðrar lífsvenjur og samsetningu á tilkostnaði en nú gildir. Ég veit ekki betur en allir flokkar og allra flokka menn hér á hv. Alþ. hafi lokið upp um það einum munni, að þessi ákvæði þyrftu endurskoðunar við og slík endurskoðun ætti að gerast í samvinnu og samráði milli ríkisvalds á hverjum tíma, Alþingis og aðila vinnumarkaðarins. En úr þessu hefur bara ekkert orðið. Aldrei hefur verið hægt að tala um þetta í nokkurri alvöru, vegna þess að þegar til kemur, þá vill enginn breyta neinu sem kostar eitthvað fyrir hans umbjóðendur. Sú hefur reynslan verið. Þess vegna get ég skilið það, að þeir, sem standa að þessu ákvæði í umræddu frv., hafi misst þolinmæðina, hafi misst trúna á það, að hægt sé að fá fram breytingar á vísitöluákvæðunum eftir þeirri leið. Þá getur verið til athugunar að setja fram framtíðarstefnu. En ég tel og hef alltaf talið, — það er engin stefnubreyting hjá mér, — að ekki ætti og ekki þyrfti að blanda því saman við þær bráðabirgðaráðstafanir sem hér er verið að fjalla um. Það ætti að gefast og hlýtur að gefast tími til að íhuga þessi mál, endurskoðun vísitölunnar, á síðara stigi. Það mun enginn sannfæra mig um það, að hlutdeild óbeinna skatta í vísitölu sé það eina sem þarf að líta á. Það eru fjölmörg atriði önnur í vísitölunni sem eru röng og vitlaus. Það er t. d. mjög óeðlilegt, — það hefur verið minnst á það hér, — að ekki sé hægt að bæta aðstöðu vangefinna án þess að hækka kaup okkar, t. d. okkar alþm., í leiðinni. En það er álíka óeðlilegt að mínu mati, að í hvert skipti sem verður hér hifreiðaárekstur, þá hækka launin hjá öllum. Ég hef lent í því að fara hér inn Miklubraut heim til mín og sjá launin mín hækka svona allt að fjórum sinnum á leiðinni heim. Þetta er óeðlilegt. Og margt er svona í vísitölunni sem þarfnast endurskoðunar, ekki bara óbeinir skattar. Það getur verið fyrsta skrefið, en þau þurfa að verða miklu fleiri.

Ég held að þetta ætti ekki að vera verulegur þröskuldur í þessu máli. Auðvitað er alveg ljóst að Alþ. það, sem nú situr, setur ekki lög um alla framtíð. Það kemur dagur eftir þennan dag. Þing kemur saman eftir að við höfum lagt niður umboð og aðrir menn fara með umboð kjósenda hér á þingi. Þeir setja þau lög sem þeim finnst rétt. Þeir setja þau lög sem þeir vilja, alveg án tillits til þess, hvað við höfum ákveðið hér. Hér er því um að tefla að mínu mati fyrst og fremst stefnuyfirlýsingu þeirra manna sem að þessu ákvæði standa, og ég er ekki einn af þeim. En þeir setja fram sína stefnuyfirlýsingu og það hefur ekkert með stjórnarsamstarf í framtíðinni að gera. Ég get alveg róað hv. 1. landsk. þm. með því að segja að hér er ekki um neina yfirlýsingu frá hvorugum stjórnarflokknum að ræða um það, að hann muni halda áfram að vinna með hinum eða óska þess helst. Ég er ekki heldur að útiloka það, alls ekki. En slík ályktun stenst ekki.

Þetta frv. er auðvitað flutt í beinu framhaldi af þeirri gengisfellingu, sem átti sér stað fyrir réttri viku, og því frv. sem flutt var þá til ráðstöfunar á svokölluðum gengismun. Ég held að menn séu almennt sammála um að gengið hérna hafi verið orðið rangt, það hafi verið þörf á því og raunar óhjákvæmilegt að leiðrétta gengisskráninguna. Enginn þarf að segja mér að minni hl. verðbólgunefndar hefði ekki haft fulla uppburði, getu og hæfileika til þess að mótmæla í verðbólgunefndarálitinu gengisfellingunni, sem var gerð áður en þeir skiluðu áliti, ef þeir hefðu talið hana ranga. En það er náttúrlega ósköp þægilegt að afgreiða vanda útflutningsatvinnuveganna einfaldlega með því að segja: Við þurfum ekkert að skipta okkur af honum lengur, ríkisstj. er búin að leysa hann. — Slík tillögugerð leysir ekki mikinn vanda. Fróðlegt hefði verið að vita hvernig minni hl. verðbólgunefndar ætlaði sér að leysa vanda útflutningsatvinnuveganna, ef ríkisstj. hefði ekki verið búin að gera það. Ég held að það hefði mátt koma fram í þeirri mynd sem þeir eru að draga upp af heildarlausn efnahagsmála, sem þeir láta frá sér fara og hv. 5. þm. Austurl. lýsti rækilega áðan hversu haldlítil er þegar grannt er skoðað.

Það mátti ekki seinna vera, finnst mér, en höfundar þessarar efnahagslausnar létu þess getið svona í leiðinni, hvaða atvinnuvegir það væru og hvaða félög það væru sem ættu að bera nýja álagið, — hvað er það nú kallað, — nýja veltuskattinn, því að einn hv. þm., sem ekki er nú hér staddur kemst að þeirri niðurstöðu og misreiknar sig kannske eitthvað, — látum það nú vera, — en kemst þó að þeirri niðurstöðu, að það eigi að leysa vanda landbúnaðarins, — hann tekur það sem dæmi, — með sköttum á landbúnaðinn, þá kemur höfundur leiðarinnar og upplýsir okkur um það, að þessi skattur hefði alls ekki átt að lenda á landbúnaðinum, hann hefði átt að lenda einhvers staðar allt annars staðar. Hann átti ekki heldur að lenda á fiskvinnslunni, ekki á útgerðinni og ekki á iðnaðinum. Hann átti ekki að lenda á höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, einhvers staðar, nánar tiltekið á verslun og þjónustu. (Gripið fram í.) Það er náttúrlega höfuðatvinnu-

vegur þeirra, sem vinna við hann, það er öruggt mál. En hvernig sem það nú er, þá er mjög gott að fá nánari skýringar á því, hvernig þessi nýja „patentlausn“ á að verka, svo að menn geti gert sér grein fyrir hagkvæmni hennar í einstökum atriðum. En mér finnst að hv. 5. þm. Austurl. hafi þar til hv. 5. þm. Norðurl. v. er þá búinn að tala aftur og sannfæra mig um annað, sýnt fram á að þessi leið sé harla léttvæg.

Ég held að menn ættu að spara sér æsingar í tilefni af þessu frv. Það er ekki svo háskalegt, þetta frv. Það er ekki eins harkalegt og hv. stjórnarandstæðingar hafa viljað vera láta. Og af því að ég sé nú, að hv. 1. landsk. þm. er kominn aftur, þá ætla ég að segja það sem mér datt í hug áðan, að nú sé ég það í ályktun Alþfl., að sá flokkur heitir verkalýðshreyfingunni öllum sínum stuðningi í framtíðinni við að halda við kjörum alþýðunnar. Ja, mikið held ég að menn megi hlakka til, þeir sem eiga í vök að verjast, þegar hinir nýju verkalýðsleiðtogar Alþfl. eru komnir á Alþ., Kjartan Jóhannsson, Vilmundur Gylfason, Eiður Guðnason og Bjarni Guðnason, fyrir utan þá Sighvat Björgvinsson og Benedikt Gröndal sem væntanlega verða hér áfram. Það verður ekki lítið sem vænkast hagur strympu, þegar þessir menn fara að berjast fyrir og gæta hagsmuna alþýðunnar hér á hv. Alþ. og þeir eru farnir héðan sem hafa þó reynt að klóra í bakkann, eins og hv. 1. landsk. þm. og hv. 4. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson. Ég get ekki óskað launafólki til hamingju með þau skipti og mun ekki gera fyrr en þá ég reyni það.

Það hefur ýmislegt verið rætt hér, sem gaman væri kannske og ástæða til að fjalla um, en ég ætla ekki að tefja þessa umr. verulega og alls ekki að fara að stofna til neinna deilna um þetta mál frekar en þegar er orðið. En það var margt mjög gott í því sem hv. 1. landsk. þm. sagði áðan. Ég held t. d. að það sé mjög þörf ábending, sem kom fram hjá honum, að ekki þýðir að alhæfa rekstur fyrirtækja og allra síst í sjávarútvegi. Ég hef þá trú, að skoða þurfi rekstur hvers fyrirtækis nokkuð fyrir sig og það sé algerlega borin von að öll þau fyrirtæki, sem nú eru starfandi í t. d. sjávarútvegi, geti haldið áfram, þjóðhagslega hagkvæmt sé að þau haldi öll áfram. Hann talaði líka mjög mikið um sparifjáreigendur og bar hag þeirra fyrir brjósti. Það geri ég raunar líka. Og hann talaði um, að verðtryggja ætti öll útlán. Ja, verðtrygging fjárskuldbindinga er gamalt mál. Ég man ekki nákvæmlega hvenær voru samþykkt á Alþ. lög um það efni, en það var eftir að ég kom hingað. Ætli það séu ekki ein 12—13 ár síðan. (Gripið fram í.) Já, 1965 eða 1966 held ég að það hafi verið. Og þau voru samþ. hér með yfirgnæfandi meiri hl. Ég held að allir hafi verið með því. En það hefur ekki gengið rétt vel að koma þessum lögum í framkvæmd, og það er ekki af því að viðskrh. hafi allir haft andúð á þessum lögum, eða ríkissti. Þessi lög voru sett í tíð svokallaðrar viðreisnarstjórnar undir forustu þáv. bankamálaráðh. Gylfa Þ. Gíslasonar, og þá gerðist nú ekkert, ekki nokkur skapaður hlutur í mörg ár. Svo var þó byrjað að boka sér í áttina til þess að verðtryggja fjárskuldbindingar og hefur farið vaxandi, það er alveg rétt, og vonandi er hægt að halda áfram á þeirri braut.

En svo kemur bara hin hliðin á þessu máli, þessi leiðinlega hlið sem hv. 1. landsk. þm. líka vék að, nefnilega sú, að vextirnir eru mjög dýrir fyrir framleiðslufyrirtækin. Hann vék að því líka og sagði þá, þegar hann var kominn í þann þátt ræðunnar, að vextirnir væru of háir, þeir væru of þungbærir í hlutfalli við nágrannalöndin. (Gripið fram í.) Já, já, hann hefur vafalaust bætt því við. En hér eru bara tvær hliðar á sama vandamálinu. Annars vegar er að tryggja sparifjáreigendum réttmæta hækkun eigna sinna og hins vegar að halda tilkostnaðinum niðri. Þetta hefur mönnum gengið ákaflega illa að samræma og ég hygg, að svo verði nokkuð lengi. Og verðtrygging skuldbindinga er ekkert ódýrari fyrir atvinnureksturinn en vextir. Hún er alveg nákvæmlega sama eðlis. Eina leiðin út úr þessu er nefnilega sú að ráðast á verðbólguna og fjarlægja hana, og þó að mönnum þyki skrefið smátt er það einmitt það sem þetta frv. er liður í að gera.

Það segir í aths., hvaða áhrif þetta hefur á verðbólguna. Ég ætla ekki að fara að þreyta ykkur á því að lesa það upp, það stendur þarna, við höfum allir séð það. Þetta verkar til þess að lækka verðbólguna, og það er það sem þarf að gera, og þó að þetta sé smátt skref, þá er það þó í rétta átt og að mínu mati er ábyrgðarhluti að leggjast gegn því og stofna til æsinga í tilefni af þessu.

Ég held að fólk í þessu landi geti haft ágæt lífskjör þó að þetta frv. verði lögfest. Það seinkar batanum, það er vissulega alveg rétt. Samningarnir hljóða upp á riflegri lífskjör. En kaupmáttur launanna er það, sem máli skiptir. Með því að halda honum í horfinu og auka jafnvel heldur við hann með því að lækka verðbólguna, með því að minnka viðskiptahallann, með því að *laga ríkisfjármálin* er verið að stefna á rétta leið. Ég held að menn gerðu réttast í því að viðurkenna það og standa að þeim ráðstöfunum sem í þessa átt miða. Það verða nefnilega litlar rauntekjur hjá fólki, af því að rauntekjur voru hér ræddar áðan, — það verða litlar rauntekjur þess fólks sem missir atvinnuna vegna þess að framleiðslufyrirtækin geta ekki starfað. Þær verða litlar, og þá spái ég að hugtakið rauntekjur fari aftur að skipta máli, þegar þær eru of litlar, þegar fólk hefur ekki lengur til hnífs eða skeiðar, þegar fólk þarf að ganga vikulega í opinbera skrifstofu og sækja sinn framfærslueyri. Það á ekki við Íslendinga. Ég þori að fullyrða það.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. landsk. þm., að ekki ætti að þurfa að vinna á laugardögum og sunnudögum til þess að hafa nægan framfærslueyri. En ég er nú ekki viss um að vinnan á laugardögum og sunnudögum sé aðallega vegna þess að fólk geti ekki lifað af því sem það fær aðra daga. Ég hef staðið í þeirri meiningu, að stór hluti a. m. k. af helgarvinnunni, væri vegna þess, að verið væri að bjarga verðmætum sem gætu ekki beðið til mánudags, sem gætu ekki beðið eftir því að 40 stunda vinnuvikan byrjaði, heldur yrði að forða frá skemmdum með því að vinna um helgar, þó leiðinlegt sé.

Menn hafa sagt hér, að ástæða til þess að nú færu menn að ræðast við, aðilar vinnumarkaðar, stjórnmálaflokkar, embættismenn, sérfræðingar, þessir menn ættu allir að ræðast við. Þetta er alveg hárrétt. En hvað hefur verið að gerast hér undanfarið rúmt ár? Hafa ekki einmitt þessir menn verið að ræðast við? Hefur ekki verðbólgunefndin starfað síðan seint á árinu 1976? Mig minnir það. Ég er hérna með plaggið. Hún var skipuð 21. okt. 1976, hún skilaði áliti 8. febr. 1978. Þennan tíma hafa einmitt þessir aðilar verið að ræðast við og árangurinn liggur hér fyrir. Það er verið að fara núna leið sem bent er á í þessum plöggum. Að vísu ekki eina einstaka leið í öllum atriðum, en það er tekið út úr sem þykir vænlegast til að koma rekstrargrundvelli atvinnuveganna í viðunandi horf. Ég hef ekki trú á því, að fólk hér fremur en annars staðar neiti staðreyndum. Ég held að fólk almennt viðurkenni það hér á landi, þegar það skoðar málið, að tæpast er hægt að vænta þess að Íslendingar einir geti haldið áfram að sigla hraðbyri til vaxandi velmegunar á sama tíma sem allar nágrannaþjóðir okkar ýmist búa við stórfellt atvinnuleysi eða skertan kaupmátt vinnulauna. Það verður nefnilega, eins og hv. 5. þm. Austurl. sagði réttilega í lok ræðu sinnar áðan, að viðurkenna staðreyndir.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef ekki í hyggju að flytja hér langt mál, vegna þess að ég held að eðlilegast sé að ljúka þessari umr. nú og geyma sér frekari umr. til morguns, enda er nú kominn matartími og því eðlilegt að láta staðar numið. Ég get þó ekki látið hjá líða að svara nokkrum atriðum sem fram komu í máli seinasta ræðumanns, hæstv. utanrrh., og tel að eðlilegt sé, að þau atriði komi fram strax.

Það var í fyrsta lagi að hann vék að ummælum mínum um svonefndan veltuskatt, sem er eitt af því sem stjórnarandstaðan hefur gert till. um. Hann vildi orða það svo, að það hlyti að vera eitthvað litið eftir þegar búið væri að undanþiggja allar helstu atvinnugreinar landsmanna. Ég vil strax taka fram, að ég tel að þeir aðilar, sem stóðu að þessum tillöguflutningi, hafi gengið út frá því sem gefnu, að landbúnaður yrði þarna ekki meðtalinn, einfaldlega af þeirri ástæðu, að það er ekki lagt aðstöðugjald á landbúnað nema að takmörkuðu leyti núna. Það er ekki gert nema kannske í öðru hvoru sveitarfélagi eða svo og því væri afskaplega óeðlilegt, ef fylgja ætti þessari reglu strangt, að miða við aðstöðugjaldsstofninn, að fara að leggja skattgjald á landbúnaðinn í sumum sveitarfélögum, en öðrum ekki. Á því er ekki nema ein lausn, og hún er sú að undanþiggja landbúnaðinn. Við Alþb.-menn höfum þar að auki rætt það í okkar hóp og látið það koma fram, að við teldum eðlilegast, að fyrir utan landbúnaðinn væru einnig útflutningsatvinnuvegirnir undanþegnir þessum skatti. Ég vil upplýsa það hér, svo að það fari ekki milli mála, að af 426 milljarða veltu á árinu 1976 var velta sjávarútvegsins aðeins 81 milljarður og landbúnaðarins 20 milljarðar, samanlagt 101 milljarður, þ. e. a. s. innan við fjórðung af heildarveltu í landinu. Þar að auki bætist það við, eins og ég nefndi áðan, að landbúnaðurinn er ekki með aðstöðugjald nema að takmörkuðu leyti og í öðru lagi er sjávarútvegur almennt með mjög lága aðstöðugjaldsprósentu, þannig að t. d. hér í Reykjavík er prósentan aðeins 0.2% og víðast hvar annars staðar á landinu aðeins 0.33%. Þess vegna er það svo, að jafnvel þótt hvort tveggja sé undanþegið, í fyrsta lagi allur landbúnaður og í öðru lagi allir útflutningsatvinnuvegirnir, þá er auðvelt að sýna fram á að þessi veltuskattur þyrfti ekki að vera nema líðlega 1% að meðaltali til þess að skila þeirri upphæð sem hér er tilgreind, 4300 millj.

Á þessu byggist þessi tillaga. Hún er fullkomlega raunhæf. Það, sem yrði þá skattlagt, væri þjónusta, samgöngur, innlendur iðnaður, verslun og byggingarstarfsemi. Það væri þetta sem væri skattlagt með veltuskattinum. Þá á ég við iðnað fyrir innlendan markað. Það er iðnaður fyrir innlendan markað, verslun, byggingarstarfsemi, samgöngur og þjónusta. Samanlagt gerir þetta yfirgnæfandi meiri hluta skattstofnsins, sennilega yfir 80%, og þar sem skattur hefur verið lágur á því, sem er undanskilið, munar ekki mikið um þó að þessum atvinnugreinum sé sleppt. Þetta er skýringin á því, að þetta er framkvæmanlegt og skilar þessum tekjupósti sem nefndur var í tillögunni.

Ég ætla að geyma mér að ræða um 2. gr. frv., sem hæstv. ráðh. gerði hér talsvert að umtalsefni, þar sem gert er ráð fyrir að lægstu tekjur fái tiltekna vísitöluuppbót. Það var greinilegt að hæstv. ráðh. gerði mikið úr þessu atriði og taldi að hagsmunum lágtekjumanna væri sérstaklega borgið með þessu ákvæði. Þetta er að vísu mjög flókið mál, en ég vil fullvissa hæstv. utanrrh. um það, að þarna er á ferðinni sýnd veiði, en ekki gefin. Við skulum í fyrsta lagi hafa það í huga, að þessi uppbót er ekki bara miðuð við dagvinnuna, heldur dagvinnu, yfirvinnu og ákvæðisvinnu, og þetta atriði, að ekki er einungis miðað við dagvinnuna, heldur við yfirvinnu einnig, skiptir auðvitað stóru máli í þessu sambandi, enda held ég að Eðvarð Sigurðsson hafi gert þessu ágæt skil í Nd. Ég ætla að afla mér frekari upplýsinga um þetta atriði í nefndarstörfum í fyrramálið og sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. En bæði það atriði, að miðað er við yfirvinnu, og í öðru lagi, að þetta er föst krónutala, sem rýrnar þar af leiðandi að gildi verulega á næstu mánuðum, og eins hitt, að auðvitað á kjaraskerðingin sér ekki stað í einni svipan, heldur gengur hún yfir á löngu tímabili, allt gerir þetta það að verkum að þetta ákvæði hefur mjög takmarkað gildi fyrir lægst launuðu hópana, því að þeir eru fljótlega vaxnir upp úr þessu ákvæði, ef svo mætti segja, í launum vegna verðhólgunnar í landinu og vegna verðbróunarinnar.

Hæstv. ráðh. nefndi áðan, að það væri undrunarefni að ég gæti tekið svo til orða að hér væri um eina grófustu árás á samningsfrelsi verkalýðsfélaganna að ræða sem við hefðum fengið að sjá. Hann vildi halda því fram, að við, þ. e. a. s. ég og hæstv. ráðh., hefðum staðið að einhverjum slíkum árásum einhvern tíma áður

fyrr. Þetta kannast ég ekki við. Ég er ansi hræddur um að hann mikli talsvert fyrir sér það sem við stóðum að á sínum tíma, þegar við áttum samstarf. Ég minni á að þegar gengið var fellt í árslok 1972 fylgdi því ekki skerðing á kaupgjaldsvísitölu. Menn fengu bætur fyrir þá skerðingu sem fólst í gengislækkuninni. Eins er auðvelt að sýna fram á það, að sú ráðstöfun, sem framkvæmd var í tíð vinstri stjórnarinnar í lok maímánaðar 1974, fól ekki í sér kjaraskerðingu fyrir lægst launaða fólkið. Þetta er margrætt mál og er kannske ástæðulaust að fara að orðlengja um það hér, en þetta mætti auðveldlega sýna fram á tölfræðilega séð. Þarna var um það að ræða, að kaupgjaldsvísitalan átti að hækka um 15.5 stig og þessari hækkun var frestað. Rétt er að undirstrika það hér, vegna þess að oft er farið rangt með. Vísitalan var ekki tekin úr sambandi á þann hátt, að vísitölugreiðslur væru þá afnumdar, heldur var greiðslu vísitöluuppbóta í þetta sinn frestað. Í staðinn kom, að niðurgreiðslur voru verulega auknar, sem nam 8 prósentustigum. Verðhækkun á landbúnaðarvörum, sem átti að taka þá gildi, var frestað sem nam 2.2 stigum, og sú verðhækkun, sem stafaði af launalið bóndans, kom ekki heldur fram. Var talið að það svaraði 1.8 stigum, þ. e. a. s. landbúnaðarliðirnir samanlagt 4 stigum, og síðan var tryggð verðstöðvun, sem var metin í kaupgjaldsvísitölustigum á sínum tíma 3.5 stig. Þær mótaðgerðir, sem komu til mótvægis við þessa hækkun kaupgjaldsvísitölu, sem átti þá að eiga sér stað, námu því 15.5 stigum. Það var á þeim forsendum sem við Alþb.-menn féllumst á að vísitölugreiðslum yrði frestað í þetta sinn, að það var auðvelt að sýna fram á að hér væri ekki um kjaraskerðingu að ræða.

Um þetta má auðvitað margt fleira segja, en kannske getur maður geymt sér til morguns að ræða það frekar. Ég kannast sem sagt ekki við það, að í tíð vinstri stjórnarinnar hafi nokkru sinni verið nokkuð það gert sem jafnast á við þá árás á kjarasamninga sem nú er verið að gera. Ég held satt að segja að jafnvel í tíð viðreisnarstjórnarinnar séu í öllu falli ekki mörg dæmi, sennilega aðeins örfá, en dæmi eru til sennilega, enda talaði ég hér aðeins um eina grófustu árás sem gerð hefur verið. Aðeins örfá dæmi munu vera til um það, að ríkisstj. hafi ráðist á gerða kjarasamninga skömmu eftir að þeir voru gerðir og án þess að unnt sé að sýna fram á að nokkuð hafi breyst frá því að kjarasamningarnir voru gerðir og þar til efnahagsaðgerðin kom til. En þetta er kannske það stóra og mikilvæga í þessu og það sem verkalýðssamtökunum þykir hvað svívirðilegast, að frá því að samningarnir voru gerðir í sumar og frá því að ríkisstj. bauð vísitöluna, núverandi vísitölu, í samningunum við BSRB, því að það var ríkisstj. sem bauð vísitölukerfið, sem um var samið, og enginn annar, — síðan þetta gerðist hefur ekkert gerst sem réttlæti það að ríkisstj. gangi nú á bak orða sinna eða svíki gerða samninga. Ekkert hefur gerst.

Ég er alveg sannfærður um að á nefndarfundi á morgun munum við fá upplýsingar um það frá Þjóðhagsstofnun, þó að ég hafi það ekki beinlínis hér í höndunum, að ef eitthvað er hafi viðskiptakjör okkar og þjóðartekjur hækkað frekar en hitt, sem ætti að vera frekar réttlæting fyrir því að þessir samningar gætu staðist

Ég vil svo að lokum segja það, að það gladdi mig mjög að heyra hæstv. utanrrh. lýsa því yfir að samþykkt á 3. gr. frv. væri alger óþarfi. Ég skildi hann helst þannig, að hann væri í öllu falli lítt hrifinn af samþykkt þeirrar greinar og jafnvel andvígur, hvort sem hann greiðir atkv. á móti eða ekki. En ég er honum alveg sammála um það atriði. Og satt að segja undrar mig það, úr því að svo margir mætir menn í stjórnarflokkunum hafa snúist öndverðir gegn samþykkt þessa ákvæðis nú, að þá skuli það vera keyrt fram af slíku offorsi, því að það eru einmitt vinnubrögðin í þessu sambandi sem hafa valdið hvað mestum deilum. Það er alveg rétt, að þegar átti að ræða þetta mál við nokkra forustumenn verkalýðshreyfingarinnar nú fyrir skemmstu gengu þeir út af slíkum fundi. Það var ekki vegna þess að þeir væru að lýsa því yfir, að þeir mundu ævinlega ganga út af fundi þegar þetta mál kæmi til umræðu, heldur einfaldlega vegna þess að þeim mislíkaði vinnubrögðin. Þeim er ekki sýnt þetta ákvæði fyrr en fáeinum klukkustundum áður en hæstv. forsrh. ætlar að leggja till. þessa efnis fram í þinginu. Þetta eru vinnubrögð sem mönnum mislíkar.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan að talað væri um að gott væri að tala saman um slíka hluti. En höfum við ekki verið að tala saman um þetta í verðbólgunefndinni í heilt ár? — Það er einmitt það sem menn voru ekki að gera. Ég veit ekki til þess að breytt fyrirkomulag á vísitölugreiðslum sé neitt aðalefni þess nál., sem hér liggur fyrir, og ég er ansi hræddur um að harla lítið hafi verið rætt um þessa hlið málsins í verðbólgunefndinni. Ekki hafði ég a. m. k. spurnir af því. Og í öllu falli gerði verðbólgunefndin ekki till. um þetta atriði og þetta atriði er ekki þar að finna. Það, sem á vantaði, var einmitt það, að þetta atriði væri rætt.

Auðvitað eru allir sammála hæstv. utanrrh. um að vísitölukerfið, sem við búum við, er ekki heilög kýr sem ekki gæti komið til greina að breyta. Auðvitað er ljóst, að vísitölukerfið er á margan hátt ófullkomið. En það er þá bara að sýna fram á að eitthvert annað kerfi sé réttlátara og sanngjarnara.

Vísitölukerfið er spegilmynd af ákveðnum aðstæðum í þjóðfélaginu. Allir viðurkenna að þessi spegilmynd er ekki nákvæm og ekki að öllu leyti eðlileg. Auðvelt er að segja eins og hæstv. ráðh.: Á að hækka laun fólks í landinu vegna þess að verið er að hækka verð á áfengi? — Þetta þótti ekki nógu gott, áfengið var tekið út úr vísitölunni. Og eins var það með tóbakið. Það þótti dálítið óeðlilegt að hækka laun manna vegna þess að það væri verið að hækka verð á eiturefnum. Enn má segja: Er eðlilegt að menn séu að taka út allsherjarlaunahækkun vegna þess að olía hækkar í verði hjá erlendum olíufurstum? Þetta er alveg rétt. Þetta er ekkert sjálfsagt mál. Enn er hægt að segja: Ef ákveðið er að auka fé-

lagslega þjónustu í landinu og lagður er á skattur í því sambandi, óbeinn skattur, eiga menn þá að taka út launahækkun í því sambandi? Auðvitað er það ekki sjálfsagt og eðlilegt mál. Svona gætum við haldið áfram býsna lengi. Við gætum t. d. sagt sem svo: Er eðlilegt, ef ákveðinn skammtur af kartöflum er inni í vísitölunni og svo hækka kartöflur í verði, að þá eigi sá maður, sem hefur þrisvar sinnum verkamannalaunin, að fá sem því nemur að hann geti keypt þrefaldan kartöfluskammt?

Svona er hægt að halda endalaust áfram að brjóta vísitöluna til mergjar og finna einkennilega hluti þar, sem ekki standast rökrétta hugsun ef þeir eru skoðaðir einir út af fyrir sig. En hver er skýringin á þessu? Jú, hún er einfaldlega sú, að við notum vísitöluna sem mælikvarða á verðrýrnun krónunnar almennt. Við neyðumst til þess að mæla þessa verðrýrnun krónunnar til þess að átta okkur á því, hvort það kaup, sem verið er að greiða hverju sinni, hefur ekki rýrnað vegna þessarar verðrýrnunar krónunnar. Þá er óhjákvæmilegt, ef á annað borð er verið að hafa verðlagsvísitölu, að hafa þar inni alla þætti verðmyndunarkerfisins. Sé hins vegar farið að slíta út þetta með þessum rökum og hitt með þessum rökum, þá breytist vísitalan jafnt og þétt, þannig að hún hættir að mæla hið raunverulega verðlag í landinu, hún hættir að vera verðlagsvísitala.

Ég vil vara menn við því að vera að skoða einstaka liði í vísitölunni og slíta þá algerlega úr samhengi við það sem er raunverulegt eðli vísitölunnar, að mæla verðlagið í landinu. Þar verður allt að vera inni sem máli skiptir. Ég hef hins vegar oft velt því fyrir mér, hvort til greina gæti komið að taka óbeina skatta út úr vísitölunni. En ég verð að segja eins og margir aðrir hafa sagt á undan mér: Þá hlýtur að verða að skoða það jafnframt, hvort á ekki að taka niðurgreiðslurnar líka út, vegna þess að hvort tveggja er auðvitað meiður á sama tré. Ef ríkisstj. á að geta dembt á óbeinum sköttum án þess að það komi nokkurs staðar fram í vísitölunni og nota síðan þessa skattlagningu til þess að greiða niður vöruverð og þannig raunverulega falsa vísitöluna, þá sjá allir að slíkt getur ekki staðist. — Ég er satt að segja viss um að ef ríkisstj. stæði frammi fyrir því, hvort hún ætti að taka út bæði óbeina skatta og niðurgreiðslurnar eða hafa hvort tveggja inni í vísitölunni, og ef menn fara að meta það og vega að hvaða gagni þessir tveir þættir koma sem hagstjórnartæki, þá mundu renna á menn tvær grímur. Ég er ekki alveg viss um að þau skipti þættu hagstæð þegar nánar væri skoðað. En auðvitað er mergurinn málsins sá, að þetta verður að fylgjast að. Annaðhvort verður hvort tveggja að vera inni eða hvort tveggja úti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta frv., enda verða næg tækifæri til þess á morgun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13. shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. febr. 1978.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Jóhannes Árnason sýslumaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Matthías Bjarnason,
1. þm. Vestf."

Ég býð Jóhannes Árnason velkominn til starfa í deildinni.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 224, n. 337). — 2. umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Virðulegi forseti. Allshn. Nd. hefur haft þetta mál til meðferðar og n. hefur komið sér saman um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og Ed. gekk frá því. N. kvaddi á fund sinn rannsóknarlögreglustjóra, Hallvarð Einvarðsson, og fulltrúa hans Þórir Oddsson og Erlu Jónsdóttur. Enn fremur mættu fulltrúar frá hagsýslustofnun og dómsmrn. Undir þetta mál höfum við skrifað: Ingvar Gíslason, Páll Pétursson, Ingólfur Jónsson, Sighvatur Björgvinsson og Svava Jakobsdóttir, og með fyrirvara Ellert B. Schram og Friðjón Þórðarson.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Ég hef undritritað þetta nál. með fyrirvara og mun ég skýra hann í fáum orðum.

Lög um rannsóknarlögreglu ríkisins voru samþ. á Alþ. 16. des. 1976. Í 1. gr. þeirra laga segir, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi aðsetur í Reykjavík og lúti yfirstjórn dómsmrh. Nú hefur verið flutt frv. til l. um breyt. á þessum nýju lögum. Segir í aths. við það frv., að vegna þeirrar reynslu, sem fengist hafi af starfsemi rannsóknarlögreglu ríkisins þann tíma er hún hefur starfað, þyki nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á lögum nr. 108 frá 1976. Breytingarnar eru að sönnu ekki veigamiklar, enda reynslan stutt af þessum lögum. Nú á að ákveða, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni og að skipaður skuli vararannsóknarlögreglustjóri.

Fyrri breytingin mun stafa af því, að búið er að kaupa húsnæði fyrir rannsóknarlögregluna við Auðbrekku í Kópavogi. Talið er að ekki hafi fundist hentugt húsnæði til nota í því skyni innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Það ættu þeir að sjálfsögðu að vita gerst sem leitað hafa, en ekki fundið. En tilætlun löggjafans virðist þó hafa verið, að þetta aðsetur yrði fundið á Reykjavíkursvæðinu.

Það má benda á í þessu sambandi, að á árunum 1963—1973 var byggð vegleg lögreglustöð við Hverfisgötu 113—115 í Reykjavík. Hugmyndin var að sú bygging gæti hýst alla starfsemi lögreglunnar á þessu svæði, bæði hinnar almennu lögreglu og rannsóknarlögreglu. Meira að segja var ætlunin að landhelgisgæslan gæti einnig haft þar aðsetur og athvarf. Af því varð þó ekki, þar sem efsta hæðin var tekin til afnota fyrir utanrrn., sem þar er nú til húsa svo sem kunnugt er. Í lögreglustöðvarbyggingunni eru nú enn fremur Umferðarráð og rannsóknarlögregludeild undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík og þar eru að sjálfsögðu aðalstöðvar hinnar almennu lögreglu. Þó er það svo, að þetta rúmgóða og vistlega húsnæði er nú fyrst að fullu nýtt, að ég ætla.

Ég sagði, að það mundi hafa verið ákveðið að kaupa húsnæði í Kópavogi. Um það eru þó mjög skiptar skoðanir. Það húsnæði þykir óhentugt og að dómi þeirra, sem ættu helst að hafa citthvað um það mál að segja, þ. e. a. s. rannsóknarlögreglumannanna sjálfra, er mikið neyðarúrræði að vista rannsóknarlögregluna á þeim stað. Þeir benda á í grg., sem ég hef séð frá þeim, að auk þess sem ákveðið hafi verið í lögum frá í fyrra eða hittiðfyrra að rannsóknarlögreglan hefði aðsetur í Reykjavík, þá benda þeir á, að mjög miklar og dýrar breytingar þurfi að gera á húsnæðinu til þess að það geti talist nothæft fyrir starfsemi rannsóknarlögreglunnar. Allt umhverfi hússins sé bæði þröngt og að öllu leyti óæskilegt og vandséð hvernig úr því sé hægt að bæta og auk þess sé staðsetningin ekki góð.

Nú verð ég að segja fyrir mig, að mér finnst dálitið ótrúlegt, að ekki skuli hafa fengist eða fundist hentugt húsnæði í þessu skyni á Reykjavíkursvæðinu. Ég minntist fyrst í því sambandi á nýju lögreglustöðina. Þó að vera megi að það hús sé nú að fullu nýtt, þá fyndist mér að jafnvel hefði komið til mála að byggja hreinlega nýja álmu þar við. Þar er nóg lóðarrými og meira að segja mun vera gert ráð fyrir viðbyggingu á þeim stað, þ. e. a. s. nýrri álmu. Þá hefði rannsóknarlögreglan verið mjög vel staðsett undir sama þaki og almenna lögreglan, í höfuðbækistöðvum hennar, en þessar tvær megingreinar lögreglunnar þurfa jafnan að vinna mjög náið saman. Þá hefði verið stutt í sakadóm, þar sem hann er nú til húsa, og það hefði verið þægilegt fyrir allan almenning, sem mest samband og mest skipti þarf að hafa við rannsóknarlögreglu ríkisins.

Um það atriði, að þörf hafi verið að skipa sérstakan vararannsóknarlögreglustjóra, get ég verið fáorður. Ég tel, að ekki hafi verið meiri þörf að skipa þar sérstakan varamann en gerist og gengur með fjöldamörg embætti, þar sem fulltrúar gegna störfum aðalmanns þegar hann þarf að víkja sér frá.

Þetta eru þær aths., sem ég vildi láta koma fram hér til að skýra fyrirvara minn, þó að það verði vísast ekki til neins, þar sem búið mun vera að ráða þessum málum til lykta.

Ingólfur Jónsson: Virðulegi forseti. Ég hef ekki blandað mér í þær umr. sem fram hafa farið um þetta mál. Það gæti kannske einhver ætlað, að ég hygðist fara að gera grein fyrir því, af hverju ég hafi ekki skrifað undir með fyrirvara eins og tveir hv. flokksbræður mínir. Ég kvaddi mér hljóðs fyrir jólin þegar frv. var til umr., en þá var samkomulag um að slíta umr., svo að málið gengi áfram. Ástæðan til þess, að ég tek til máls, eru aðallega þessar umr. sem fóru fram fyrir jól. Það var tónninn í þeim í garð formanns hv. allshn. sem mér líkaði ekki. Gefið var í skyn að hann hefði frá upphafi haft litinn áhuga á þessu máli og jafnvel tafið það. Þessu er ég ekki sammála. Ég tel að formaður n. hafi unnið vel og eðlilega að þessu máli, það hafi alls ekki verið hans meining eða okkar annarra í n. að tefja málið. Við gerðum okkur grein fyrir því, strax þegar málið var flutt, að það var viðamikið og gat verið mikils virði. En það er skylda þm. að kynna sér slík stórmál og flana ekki að neinu. Það skiptir ekki höfuðmáli hvort slíkt mál er gert að lögum hálfu árinu fyrr eða seinna, heldur skiptir það aðalmáli, að vel sé til löggjafarinnar vandað.

Nú var það svo, að frv. var talsvert breytt. Hæstv. ráðh. breytti því að vísu ekki mikið, en þó svolítið, þegar hann flutti það í annað sinn, og allshn. flutti nokkrar brtt. við málið, allveigamiklar, sem voru samþykktar. Hv. formaður allshn. og n. öll vann talsvert í þessu máli, kallaði fyrir sig marga embættismenn, sem gáfu skýrslu og greinargóð svör við spurningum, og n. fór á vettvang til þess að kynna sér þessi mál. Ég tel að vinnubrögðin hafi verið alveg eðlileg og þetta mál afgreitt með eðlilegum hraða.

Fyrir jólin kepptust menn við það að lýsa því yfir, að þeir vildu afgreiða frv. strax fyrir jól. Það hafði þá verið í hv. Ed. í nokkrar vikur til meðferðar, en hér vildu ýmsir afgreiða málið strax. Að vísu var þetta frv., sem hér er um að ræða, ekki veigamikið. Aðeins er um tvö atriði að ræða.

Ég tel eðlilegt að skipaður sé vararannsóknarlögreglustjóri og eins og nú er komið með húsnæðismálin, þá er hitt atriðið einnig nauðsynlegt og sjálfsagt. Þess vegna er verið að deila um keisarans skegg þegar er verið að deila um þetta viðbótarfrv. Menn geta hins vegar deilt um hvort það hafi verið rétt að kaupa þetta húsnæði. Ég ætla engan dóm á það að leggja, en Alþ. gaf heimild til þess við afgreiðslu fjárl. fyrir jól og það verður ekki aftur tekið.

Hvort þetta húsnæði er gott og eðlilegt, kaupin hafi verið góð, ætla ég ekki að dæma um. Embættismenn hafa upplýst að leitað hafi verið að húsnæði hér í Reykjavík, og þeir staðnæmdust við þetta hús og telja það eftir atvikum góð kaup. Hitt hefði vitanlega verið æskilegt, ef rými hefði verið í nýju lögreglustöðinni fyrir rannsóknarlöregluna. Ef farið hefði verið að byggja, þá hefði e. t. v. dregist of lengi að koma starfseminni fyrir. En þetta er nú allt saman búið og gert. Starfssvæðið var samkv. lögum víkkað út frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir með fyrsta frv. ríkisstj. í þessu máli, og hafi verið gerð góð kaup í þessu húsi og staðurinn ekki óhægilegur, þá má vel vera að rannsóknarlögreglan geti athafnað sig með eins góðum árangri í Kópavogi og verið hefði í Reykjavík. Látum það allt saman vera. En aðalatriðið er nú, að Alþ. hefur fallist á að lögfesta þetta mál, og ég geri ráð fyrir að

allir þm. hafi jafnmikinn áhuga á því að koma dómsmálunum og rannsóknarlögreglumálunum í eins gott horf og mögulegt er.

Ég held að það sé alger fjarstæða, ef einhver einn stjórnmálaflokkur ætlar að fara að taka sig út úr og láta í það skína, að hann standi öðrum framar og hafi meiri áhuga á þessum réttlætismálum en annar. Ég segi: ef það væri reynt, þá held ég að að því yrði bara hlegið. Ég er alveg sannfærður um að hv. alþm. hafa allir áhuga á því, að þessi mál verði í sem bestu lagi. En það er svo raunalegt til þess að vita, að fjöldi manna skuli alltaf vera í gæsluvarðhaldi, að afbrotum og glæpum virðist fara mjög fjölgandi og í þessu litla þjóðfélagi skuli vera tugir og jafnvel hundruð manna alltaf uppteknir við sakamál, rannsóknir og dóma. Þegar menn gera sér grein fyrir þessu, hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki sé mögulegt að gera eitthvað fyrirbyggjandi í þessum efnum að draga úr glæpum og afbrotum sem tröllríða okkar þjóðfélagi. En svör við því er áreiðanlega erfitt að gefa, hvernig að því skuli fara. Þetta hlýtur að vera öllum áhyggjuefni.

Það er vonandi, að þessi nýja löggjöf komi að gagni og störf rannsóknarlögreglu ríkisins, þegar hún fær góð vinnuskilyrði og starfar af fullum krafti með því skipulagi, sem ætlað er, geti orðið árangursrík og til bóta í þjóðfélaginu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en vil enn mótmæla því, að hv. formaður allshn. hafi ekki haft áhuga á þessu máli, hefði haft tilhneigingu til þess að tefja það. Ég vil að það sé staðfest í þingtíðindunum, að það hefur ekki við nein rök að styðjast.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkrar aths. við þetta frv. og taldi rétt, að n. fengi tíma til þess að athuga það í a. m. k. nokkra daga. Eftir að n. gerði athugun sína á málinu tel ég að þessar aths. mínar hafi átt fullan rétt á sér og ýmislegt komið í ljós sem ástæða var til að skoða og varpa ljósi á. Ég geri mér grein fyrir því, að það er í sjálfu sér þýðingarlítið að vera að deila um þetta mál úr því sem komið er. Alþ. hefur nú þegar samþykkt með afgreiðslu á fjárl. að heimila stjórnvöldum að festa kaup á húsnæði fyrir þessa stofnun í Kópavogi þrátt fyrir að í lögum rannsóknarlögreglu ríkisins standi, a. m. k. enn sem komið er, að aðsetur rannsóknarlögreglunnar skuli vera í Reykjavík. Ég mun því ekki vera langorður við þessa umr., en vildi aðeins skýra örlítið nánar, í hverju fyrirvari minn er fólginn, og frá þeim niðurstöðum, sem n. komst að, og þeim upplýsingum sem henni bárust varðandi þetta mál.

Annað atriðið er varðandi húsnæðið sem hér er rætt um, í Auðbrekku í Kópavogi. Ég lagði það á mig í jólahléinu að ganga á vettvang og skoða þetta húsnæði. Það er að mörgu leyti hentugt út af fyrir sig, en í ljós kemur, að það verður strax á fyrstu dögum, þegar flutt er inn í það, fullnýtt og kemur í veg fyrir að eðlileg fjölgun eigi sér stað hjá þessu embætti eins og allt útlit virðist benda til að nauðsynlegt sé á allra næstu tímum. Þar fékkst líka staðfesting á því, að eins og nú er háttað eru bílastæði takmörkuð og verður að leggja í gífurlegan kostnað til þess að bæta þar úr, en vonandi verður það gert áður en langt um líður.

Við þessa athugun n. á húsnæðinu og aðdraganda að kaupunum á því fékkst staðfest að starfsmenn rannsóknarlögreglustjóra, þ. e. a. s. rannsóknarlögreglumennirnir sjálfir að meðtöldum nokkrum löglærðum fulltrúum hjá þessu embætti, sendu dómsmrn. bréf, dags. 23. mars 1977, og þar er skýrt frá því, að starfsmennirnir hafi haldið fund út af þessu máli og komist að eftirfarandi niðurstöðu, sem ég ætla að leyfa mér að vitna hér til, með leyfi hæstv. forseta. Svo segir í þessu bréfi:

„Niðurstaðan af umræðunum" — þ. e. a. s. á þessum fundi — „varð sú, að ályktað var samhljóða að mikið neyðarúrræði væri að vista rannsóknarlögregluna á þessum stað og nauðsynlegt væri, áður en það væri gert, að kanna til hlítar, hvort ekki væru einhverjir aðrir möguleikar fyrir hendi með húsnæði, m. a. með því að auglýsa eftir því."

Það fékkst upplýst í allshn., að ekki hafði verið auglýst eftir húsnæði, þegar leitað var eftir því í Reykjavík á þeim tíma sem hér um ræðir. Ég verð að átelja þau vinnubrögð, því að ég vil trúa því, að slíkt húsnæði hefði verið hægt að finna hér í Reykjavík og þannig hefði rn. gert sitt besta til þess að fullnægja 1. gr. laganna um það, að aðsetur embættisins skyldi vera hér í þessu lögsagnarumdæmi. Það kom líka fram í ummælum rannsóknarlögreglustjóra, þegar hann mætti á fundi allshn., að honum hafa orðið það mikil vonbrigði, að starfsemi rannsóknarlögreglunnar skyldi ekki vera haslaður völlur í Reykjavík, og sá marga annmarka á því að setja sig niður utan Reykjavíkur. Þ. á m. hafði hann áhyggjur af samskiptum við saksóknara, við ríkisfangelsin, boðun þeirra sem lögreglan þurfti til sín að kalla, og ýmislegt fleira, sem upp var talið í því sambandi. Þess er þó skylt að geta, að eftir að ljóst varð að að því var stefnt að kaupa þetta húsnæði, þá hefur hann sætt sig við þá niðurstöðu og þetta frv. hefur verið lagt fram með fullu samþykki hans.

Ég taldi rétt að þessar upplýsingar kæmu hér fram nú, þegar n. skilar áliti sínu.

Hitt atriðið, varðandi ráðningu eða skipun vararannsóknarlögreglustjóra, er í sjálfu sér ekkert um að segja nema gott eitt. Telja má að eðlilegt sé að vararannsóknarlögreglustjóri sé skipaður, en þessi breyting nær skammt og atburðir síðustu vikna benda til þess, að hér þurfi að gera enn betur og af hálfu Alþ. og rn. þurfi að athuga vel, hvernig hægt sé að bæta kjör og starfsstöðu eða starfsheiti þeirra löglærðu fulltrúa sem við embættið vinna. Nú fyrir skömmu var upplýst, að einn af reyndustu mönnum embættisins hefði sagt upp störfum, og eru líkur til þess, að hann hafi gert það vegna óánægju með starfskjörin. Ég held að það sé mál allra, að nauðsynlegt sé að við þetta þýðingarmikla embætti starfi hæfir og gegnir embættismenn og til starfa fáist fólk sem hefur góða menntun og hæfileika til að takast á við þessi verkefni. Ef kjör hinna löglærðu fulltrúa við rannsóknarlögregluna eru ekki sambærileg við kjör í öðrum hliðstæðum störfum hjá öðrum embættum, þá

er ljóst að besta fólkið sækist ekki eftir þessu starfi. Því vildi ég, um leið og ég geri ekki frekari aths. um þetta frv. úr því sem komið er, beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ráðh., að þetta mál verði kannað, svo að ekki komi til þess, að rannsóknarlögregla ríkisins verði án þeirra starfskrafta, sem hún hlýtur að sækjast eftir, og að kjör þessara aðila verði a. m. k. ekki lakari en annarra sem hliðstæð störf vinna.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Það er svo einkennilegt með þetta mál, að það má ekki koma hér á dagskrá, þá spinnast um það heillangar umr. í hvert skipti og býsna margir fundartímar eru farnir í það að fjalla um þetta mál, síðan það bar hér fyrst á góma. Það er mikill dugnaður í okkur að tala um þetta mál.

Mér er ánægja að votta það með hv. 1. þm. Suðurl., að formaður n. hefur tekið þetta mál fyrir á mörgum fundum og mikill tími hefur farið í að skoða það frá upphafi. Ég hefði getað hugsað mér, að þetta mál tæki skemmri tíma, því að það liggur margt annað fyrir n. sem ástæða væri til að gefa sér tíma til að athuga, en hitt er rétt, alveg laukrétt hjá hv. þm., að meginatriðið er að löggjöf sé vönduð þegar gengið er frá henni. Það er spurt um hvað lög séu góð, en ekki hvað gerð þeirra hafi tekið langan tíma. Þess vegna held ég, að nauðsynlegt sé að gera þessa breytingu, sem hér er lögð til á þessum lögum, vegna þess að þrátt fyrir að við eyddum í þetta löngum tíma í fyrra, þá sást okkur yfir atriði eða létum kyrrt liggja atriði sem var leifar frá gömlum tíma.

Eins og fram hefur komið í máli manna breyttist frv. frá því að það var lagt fram 1976 og þangað til það var afgreitt sem lög frá Alþ. í veigamiklum atriðum. Í hinu upphaflega frv. hljóðaði 3. gr. svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns6knir brotamála í Reykjavík, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar samkv. ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna."

En n. færði út þetta starfssvið, og það var að mínum dómi veigamesta breytingin sem gerð var á þessu frv. Eins og við gengum frá þessu hljóðaði 3. gr. svona:

„Rannsóknarlögregla ríkisins hefur með höndum lögregluranns6knir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar samkv. ákvæðum þessara laga eða annarra réttarreglna. Með sama hætti skal rannsóknarlögregla ríkisins hafa með höndum rannsóknir brotamála í Keflavík, Grindavík, Njarðvíkum, Gullbringusýslu og á Keflavíkurflugvelli, þegar dómsmrh. ákveður."

Starfssvið rannsóknarlögreglunnar er sem sagt fært út frá því að takmarkast við Reykjavík að þessu leytinu, hvað varðar lögregluranns6knir brotamála, og fært út þannig að það nær um nágrannabyggðir, og síðan er heimilað að það nái um öll Suðurnes. Þetta er veigamikið atriði í þróun málsins. Hins vegar létum við vera — og það hefur verið ágalli og frá mínum bæjardyrum séð kannske trassaskapur af okkur nm. — að breyta þeirri gr. líka til samræmis, þ. e. a. s. 1. gr., þar sem segir: „Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðsetur í Reykjavík og lýtur yfirstjórn dómsmrh." Hér er sem sagt lögð til sú breyting, sem nauðsynleg reyndist þegar átti að fara að framkvæma þessi lög, að taka ekki svo skýrt til orða að segja að þetta skyldi vera í Reykjavík, heldur í Reykjavík eða nágrenni.

Atriði eins og þetta væri kallað hreppapólitík í sveitinni. Mér er sagt af innfæddum Reykvíkingum, að það sé alls ekki sama, hvort menn hafi verið fæddir og aldir upp fyrir vestan læk eða ekki fyrir vestan læk. Þetta verkar svipað á mig að því leyti til. Ég geri ekki mikinn mun á Reykjavík eða Kópavogi í fljótu bragði, hvort staðsetning er betri þar en hér. Ég vil taka fram, og það hefur líka komið fram áður í þessum umr., að einmitt þetta svæði þarna á Kópavogshálsinum er nákvæmlega miðpunktur höfuðborgarsvæðisins. Það er svipuð vegalengd þaðan upp í Mosfellssveit, út á Seltjarnarnes og inn að Straumi. Að því leyti til er það síður en svo röksemd að mínum dómi, að rannsóknarlögreglan sé illa sett þarna. Hitt er annað mál og réttmæt ábending hjá hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, að að ýmsu leyti hefði verið eðlilegast að koma þessu fyrir undir einu þaki með lögreglunni í Reykjavík og í því húsnæði sem þar er fyrir hendi. En þetta húsnæði hefur verið notað nú um sinn til annarra hluta. Eins og menn vita er utanrrn. þar til húsa, og ef átti að rýma til, svo að rannsóknarlögreglan kæmist fyrir í þessu húsi við Hverfisgötu, þá varð utanrrn. að fara úr húsinu, því að það er upplýst af rannsóknarlögreglustjóra og starfsmönnum hans, að þeir hefðu þurft þetta húsnæði út af fyrir sig. Ekki væri hægt að vera þar í tvíbýli við utanrrn. Hæstv. menntmrh. hefur staðið í því nú um sinn að fá samastað fyrir sitt rn., og hefur það verið nokkrum örðugleikum bundið eins og menn vita. Það væri ekki fýsilegt fyrir utanrrh. að þurfa að fara að standa í svipuðum útréttingum.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að *stjórn Félags rannsóknarlögreglumanna* hefur sett á blað nokkur atriði, sem hún taldi að gerði óheppilegt að rannsóknarlögreglan yrði þarna staðsett. Ég hef gert að umtalsefni fyrsta atriðið í þessu bréfi þeirra, það að lögin hafi mælt svo fyrir að rannsóknarlögreglan skyldi hafa aðsetur í Reykjavík, og skýrt hvernig það er til komið. Þá benda þeir á, að gera þurfi miklar og dýrar breytingar á húsnæðinu, svo að það verði nothæft fyrir starfsemi rannsóknarlögreglunnar. Mér skildist á þessum mönnum, sem mættu á fundi n., að þeir þyrftu allmikið skrifstofurými. Ég er að vísu kannske ekki sérfræðingur í skrifstofurými, en ég hygg að starfsfólk Alþ. komi ekki til með að geta látið sig dreyma um rými á skrifstofunni svipað því sem rannsóknarlögreglumennirnir telja nauðsynlegt. Þá taka þeir fram, að umhverfi hússins sé bæði þröngt og að öllu leyti ókræsilegt. Ég vil mótmæla þessu. Ég finn ekki, að þetta sé ókræsilegt umhverfi, og treysti þeim í Kópavogi prýðilega til að bæta úr þessu atriði, þó að þarna sé e. t. v. nokkur frumbýlingsbragur á eins og stendur. Þeir vitna til bílastæða. Fyrir liggur, að til stendur að bæta úr því. Þá taka þeir fram, að margt fólk eigi erindi við rannsóknarlögregluna og virðist aug-

ljóst, að það sé meira umhendis að mæta þarna en á flestum stöðum í Reykjavík, þegar fjarlægustu úthverfi eru frátalin. Þetta vil ég ekki fallast á, því að eins og ég sagði áðan liggja þarna umferðaæðar að og ágætar samgöngur eru við þetta svæði. Hitt er svo annað mál og kannske freistandi að velta því fyrir sér, hvort þeir, sem rannsóknarlögreglan á erindi við og rannsóknarlögreglan þarf að ná tali af, eru fremur Reykvíkingar en menn hér úr nágrannabyggðum.

Hvað varðar kaup á þessu húsnæði, þá held ég að ég megi til, úr því sem komið er, að fá að lesa — með leyfi forseta — minnisatriði frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem við höfum í höndum. Þessi minnisatriði eru um kaup á húsnæði fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins. Menn hafa nefnilega látið liggja að því hér, að slælega hafi verið unnið að því að reyna að útvega rannsóknarlögreglunni húsnæði hér í Reykjavík. Það kemur fram í þessu bréfi, að svo er alls ekki, en það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þegar eftir að rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hafði verið skipaður í starf var hafist handa um leit að húsnæði, sem hentað gæti rannsóknarlögreglu ríkisins, og var þegar í upphafi lögð á það áhersla, að málinu yrði hraðað svo sem kostur væri. Í byrjun beindist, samkv. eindreginni ósk rannsóknarlögreglustjóra og dómsmrn., athyglin einkum að einu húsi, nýbyggingu Tryggingar hf. við Skaftahlíð, enda var það hús talið henta mjög vel fyrir starfsemi rannsóknarlögreglunnar og gæti auk þess hýst sakadóm og fleiri stofnanir. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins var falið að meta kostnað við innréttingu húsnæðis, jafnframt því sem hafnar voru viðræður við fulltrúa Tryggingar hf. um hugsanlega leigu. Þær viðræður leiddu fljótt í ljós, að verulegur ágreiningur var um upphæð leigu og leiguskilmála að öðru leyti. En þar sem lögð var þung áhersla á leigutöku þessa húsnæðis var viðræðum haldið áfram allan marsmánuð. Í lok mars var úrslitakostum Tryggingar hf. hafnað sem óaðgengilegum skilmálum, enda setti fyrirtækið það skilyrði fyrir leigusölunni, að grunnleigan, kr. 425 á fermetra, yrði leiðrétt hverju sinni sem breytingar yrðu á vísitölu húsnæðiskostnaðar, þrátt fyrir lagaákvæði um verðstöðvun, að öðrum kosti kæmi útleiga húsnæðisins ekki til greina. Til samanburðar má geta þess, að um þetta leyti greiddu ríkisstofnanir almennt um 400 kr. á fermetra í leigu á mánuði fyrir fullbúið húsnæði. Aftur á móti var í húsnæði Tryggingar hf. gert ráð fyrir, að leigutaki legði í innréttingarkostnað frá 92.5 millj. kr. til 115 millj. kr., eftir því hvort leigutíminn yrði 6 eða 10 ár.

Þegar endanlega var séð að samningar mundu ekki takast um leigu á húsnæði Tryggingar hf. við Skaftahlíð, var allt kapp lagt á að finna annað húsnæði til leigu eða kaups sem fullnægði þeim skilyrðum sem rannsóknarlögregla og dómsmrn. setti. Að því máli unnu, auk starfsmanna þessara stofnana, starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Húsnæðismál rannsóknarlögreglunnar og samningaumleitanir við Tryggingu hf. voru mikið til umr. í dagblöðum á þessum tíma og höfðu fjöldamargir aðilar, sem áhuga höfðu á útleigu eða sölu slíks húsnæðis, samband við ofangreinda aðila. Allt það húsnæði, sem þannig fékkst vitneskja um, var skoðað. Um þessar mundir stóð einnig yfir leit að húsnæði fyrir bæjarfógetaembættið í Kópavogi, menntmrn. og Ríkisútgáfu námsbóka, þannig að full vitneskja var um framboð á húsnæði í Reykjavík og nágrenni, og af þeim sökum var ekki talið nauðsynlegt að auglýsa sérstaklega eftir húsnæði fyrir rannsóknarlögreglu ríkisins.

Af öllum þeim fjölda húsa, sem skoðuð voru, var það ótvírætt niðurstaða að húsið nr. 61 við Auðbrekku í Kópavogi fullnægði best þeim skilyrðum sem rannsóknarlögreglan og dómsmrn. settu hvað varðaði stærð, innréttingarmöguleika og staðsetningu með tilliti til umferðar. Enn fremur var kaupverð og kaupskilmálar innan þeirra marka sem fjmrn. gat fallist á.

Þegar samningur var gerður, 30. mars 1977, um kaup á þessu húsi var gengið út frá eftirfarandi kostnaðarforsendum:

1. Grunnflatarmál hússins er 470 fermetrar eða samanlagður gólfflötur 1470 fermetrar.
2. Kaupverð hússins er 115 millj. kr., 78 200 á rúmmetra, þar af útborgun, sem dreifist á eitt ár, 70 millj.
3. Lauslega áætlaður kostnaður við gerð innréttinga var 60 millj.
4. Miðað við gefnar forsendur um annars vegar 50 ára afskriftatíma húseignarinnar og 20 ára afskriftatíma innréttinga, 5% dagvöxtunarkröfu, og hins vegar forsendur um þróun leigukostnaðar og breytilegs rekstrarkostnaðar var reiknað með að jöfnuður fengist milli reiknaðrar eigin leigu og hugsaðrar leigu í leiguhúsnæði á 9—10 árum.“

Þannig hljóðuðu þessi minnisatriði sem okkur voru fengin. Því er við að bæta, að rannsóknarlögreglustjóri lýsti því yfir við n., að hann væri tiltölulega ánægður með þetta húsnæði og óskaði eftir því eindregið að frv. þetta næði fram að ganga.

Hvað varðar vararannsóknarlögreglustjóra, þá er það nú minna mál og þó. Mönnum hefur ekki orðið eins tíðrætt um það og staðsetninguna. En þetta er atriði sem kannske væri þó frá mínum bæjardyrum séð frekar ástæða til þess að velta fyrir sér en hinu. Þarna er náttúrlega um að ræða forfrömun í embætti. Það er alveg rétt hjá hv. formanni n., 11. þm. Reykv., að nauðsynlegt er fyrir þessa stofnun að hafa góðum starfskröftum á að skipa og þar af leiðandi kannske ekki ástæða til þess að færa fætur við þessu. Hins vegar er eðlilegt, að starfsmenn stofnunar eins og þessarar gefi ítarlega gaum að embættisframa sínum og afkomuhorfum. Þetta verður allt saman til þess að stofnanir eins og þessi tútna út, því að samkv. lögmáli Parkinsons fylgir það vissum reglum, hvernig undirmönnum fjölgar og starfsfólki, og ég sé ekki betur en þetta lögmál hafi sannast í mörgum ríkisstofnunum á Íslandi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel ákaflega ánægjulegt ef allir þm. eru af vilja gerðir til þess að málið fái mjög vandaða afgreiðslu, og ég tel að þetta mál hafi fengið óvenjuvandaða afgreiðslu. Mér er kunnugt um að formaður allshn. hefur sérstaklega lagt sig

eftir því að kynna sér þessi mál og m.a. skoðað mjög vendilega lóð hins nýja húss í Kópavogi og athugað mjög vel, hvernig hún væri fallin til að setja upp bílastæði og annað slíkt, skoðað þar jarðfasta steina og stór björg. Ég tel að málið hafi fengið svo vandaða athugun, að jafnvel dómskerfið sjálft mundi ekki hafa gert öllu betur, og athugunin hefur tekið fullt eins langan tíma eins og hún hefði verið framkvæmd þar. Hins vegar hefur engin ný vitneskja komið fram í málinu frá því að það var lagt hér fram fyrir jól, — engin ný vitneskja hvað mig varðar, — en mér var kunnugt þá þegar hvernig þetta mál var vaxið, taldi það mjög einfalt og liggja ljóst fyrir og það tel ég enn. Ég er heldur ekkert að efa það, að þeir þm. segi satt sem hér hafa talað og lýst miklum áhuga sínum á því að málið fái afgreiðslu eftir þessa vönduðu athugun. En hængurinn er bara sá, að meðan menn eyða miklum tíma hér í ræðustól til þess að lýsa því með mörgum og fögrum orðum, hversu áfram þeir séu um að afgreiða málið, þá gerist ekki neitt.

Hafi menn áhuga á framgangi málsins eftir þá vönduðu athugun sem það hefur hlotið, þá ættu menn að tala minna en afgreiða meira. Ég hef áhuga á því, að þetta mál fái framgang. Þess vegna mun ég ekki standa í vegi fyrir frekari afgreiðslu með málalengingum og læt ræðu minni lokið. Ég vil skora á áhugamenn í stjórnarliðinu, sem hér hafa talað, að hætta frekara fjasi, svo að við hinir getum greitt málinu atkv.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál. Þetta frv. var upphaflega undirbúið af hinum færustu mönnum, eins og kunnugt er, og ekki skal ég lasta það, að frv. fái eðlilega meðferð og afgreiðslu hér á Alþ. Ég er mikill áhugamaður um framgang þessa máls og raunar einnig um hinar miklu umbætur sem hæstv. dómsmrh. hefur beitt sér fyrir á sviði dóms- og sakamála. Þess vegna vil ég hraða þessu máli, en þó ekki það mikið, að það fái ekki eðlilega afgreiðslu og meðferð hér á Alþingi.

Það, sem helst er nú rætt um, eru húsnæðismálin. Það er kannske áhugavert út af fyrir sig, að húsnæðismál ríkisstofnana komi öðru hvoru til umr. á Alþ. Því er haldið fram af mörgum, e. t. v. með réttu, að vegna kjósendahræðslu alþm. þori þeir ekki að byggja sómasamlega starfsaðstöðu yfir starfsemi ríkisins og ríkisstofnana. Ég skal ekki dæma um þetta, en þetta heyrir maður oft sagt. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég hef raunar áður látið í ljós, að ég er eindregið fylgjandi þeirri stefnu, að ríkið eigi húsnæði fyrir starfsemi ríkisins í sem allra víðtækustum mæli og einnig ríkisstofnanir. Þess vegna er það í rétta stefnu að kaupa húsnæði fyrir þessa starfsemi. Sjálfsagt má deila um staðsetninguna. Það má áreiðanlega deila um hana. Það er auðvitað ekki nóg að svona starfsemi sé staðsett í Reykjavík. Hún þarf að vera staðsett á góðum stað í Reykjavík. Ég er búinn að eiga heimili í Kópavogi í yfir 20 ár og heimili mitt liggur þannig við t. d. miðbæjarsvæðinu og því svæði, sem mjög margir Reykvíkingar starfa á, að ég er miklu fljótari til starfa og á mína starfsstaði, niður í Alþ. og niður á Hlemmtorg, en margir Reykvíkingar annars staðar frá. Það eru svo greiðar samgönguleiðir úr Kópavogi til Reykjavíkur, að áreiðanlega má um það deila, hvort staðsetningin sé betri þarna eða í Reykjavík, vegna þess að það er ekki sama hvar í Reykjavík hún er. Ég held að þessi staðsetning sé miðsvæðis.

Ég get vel skilið það út af fyrir sig, að ýmsir starfsmenn, sem hafa unnið að þessum störfum í Reykjavík, vildu af ýmsum ástæðum hafa starfsaðstöðuna áfram í Reykjavík. Það get ég vel skilið. Og ég get einnig tekið undir það sjónarmið, sem kom fram hjá hv. þm. Friðjóni Þórðarsyni, að e. t. v. væri æskilegt að þessi starfsemi yrði til húsa í lögreglustöðinni í Reykjavík. En þannig háttar til, að þar er ekki laust húsnæði eins og sakir standa, en það kæmi fyllilega til greina síðar, ef byggt yrði yfir stjórnarráðið og utanrrn. fengi starfsaðstöðu í nýju stjórnarráðshúsi, að flytja þetta embætti í lögreglustöðina í Reykjavík. En þannig er ekki ástatt nú, að það sé mögulegt, og því mjög þýðingarmikið að þetta embætti geti tekið eðlilega til starfa sem allra fyrst, og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Allir alþm. eru sammála um, að þetta embætti þarf að geta tekið sem fyrst og greiðlegast til starfa.

Það eru ýmis sjónarmið í þessu máli, sem þarf að taka tillit til þegar ákvörðun er tekin nú. Þess vegna er ég fyrir mitt leyti fylgjandi því og hvet til þess, að málið verði nú afgreitt sem fyrst eftir mjög vandlega athugun af hálfu hv. nefndar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. 8. landsk. þm. skoraði á menn að hætta að tala, tefja ekki málið og greiða atkv. Ég er alveg sammála því, að tími er til kominn að hætta að tala um þetta mál, vegna þess að það er orðið útrætt, vel undirbúið og vel upplýst. En ég held að gott sé að gera sér grein fyrir því, að það er alveg rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði fyrir jólin, að það skipti engu máli hvort frv. yrði afgreitt fyrir jól eða núna í vetur, vegna þess að húsnæðið er ekki tilbúið. Heimildin til kaupanna og fjárveiting var veitt við afgreiðslu fjárl. og unnið verður að undirbúningi þessa máls, unnið að því að fullgera húsnæðið, alveg jafnt hvort sem þetta verður að lögum í dag eða t. d. eftir viku. En ég mæli alls ekki með því að draga afgreiðslu málsins í viku. Ég mæli með því, að það verði afgreitt nú þegar, af því að undirbúningi er lokið og segja má einnig að umr. geti verið lokið. En ég held að hv. 8. landsk. þm. hafi ekki gert sér grein fyrir því fyrir jól, þegar hann lagði mesta áherslu á að afgreiða málið, að það hafði enga þýðingu fyrir málið út af fyrir sig, hvort lögin voru sett fyrir áramót eða t. d. í febrúar á þessu ári. Það er aðeins þetta, sem ég sé ástæðu til að upplýsa, ef einhver annar hefur hugsað eins og hv. 8. landsk. þm. virðist hafa gert.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín með þeim fáu orðum, sem ég mælti hér áðan, að hefja langar umr. um þetta mál, aðeins skýra fyrirvara þann, sem fylgdi nafni

mínu undir nál., eins og skylt er. Enda leggur nú hv. 8. landsk. þm. til, að þm. hætti frekara fjasi, svo að hægt sé að greiða atkv., og sýnir það náttúrlega alþekktan áhuga hans á þessum málum. Nú verða aðeins örfá orð af minni hendi.

Menn hafa talað, bæði hann og fleiri, þótt eins og rannsóknarlögregla ríkisins sé ekki byrjuð að starfa. Þetta er mesti misskilningur. Hún hefur þegar hafið störf og rannsóknarlögreglustjóri er nú til húsa í lögreglustöðinni á Hverfisgötu 115. Það má náttúrlega segja, að þröngt sé um hana núna, en hún getur starfað, og að vísu skiptir húsnæði miklu máli, en ekki öllu. Ég hef oft hugsað um húsnæðismál háskólans, þegar hann var hér til húsa í alþingishúsinu. Þá var svo þröngt í lagadeildinni, að stúdentar urðu að sitja í gluggakistunum þegar flestir sóttu tíma. Það urðu því mikil viðbrigði að flytja í hina glæstu sali í hinni nýju háskólabyggingu. En ég efast um, þegar á allt er litið, að komið hafi betri lögfræðingar úr hinni glæsilegu háskólabyggingu en þeir sem sátu hér í gluggakistunum í alþingishúsinu áður fyrr. Það má því deila um þetta atriði endalaust.

Það er auðvitað alltaf vafamál, hvað á að eyða miklum tíma í að rifja upp liðna tíð, og því sem liðið er, verður ekki breytt, það er hverju orði sannara. Hitt er annað mál, að það hlýtur að fara dálítið í skapið á alþm. þegar nýsett lög eru brotin. Og við töldum það, ég og fleiri, vera brot á 1. gr. laga frá 16. des. 1976 þegar húsnæði var valið utan Reykjavíkursvæðisins. Þó tel ég þetta orðalag, sem nú er ákveðið í frv., allt eins gott, að aðalbækistöðvar rannsóknarlögreglunnar séu í Reykjavík eða nágrenni. En þetta að ganga gegn nýsettum lögum ætti auðvitað ekki að henda okkur alþm. Það minnir stundum á það, eins og fyrir kemur þegar menn kaupa nýja báta, að þeir láta saga sundur nýja bátinn, eins og mörg dæmi eru um, til þess að gera hann örlítið lengri en hann var og væntanlega hentugri.

Af minni hálfu verður þetta mál ekki tafið frekar. Ég læt þetta verða mín síðustu orð. Það virðast allir hér hafa mikinn áhuga á þessum málum og er það vel. Þess vegna verðum við öll að vona að vel takist til um framkvæmdina.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því sem hv. þm. Friðjón Þórðarson gat um seinast. Ég er alveg sammála honum í því efni, að það situr allra síst á þm. að brjóta nýsett lög og er ástæða til þess að undirstrika það. En það er eigi að síður til í löggjöf flestra lýðræðisríkja a. m. k. neyðarréttarákvæði sem fjalla um það, að menn verða stundum neyddir til þess að nota þá aðferð að fórna minni hagsmunum fyrir meiri þegar sérstaklega stendur á. Málsháttur inn „nauðsyn brýtur lög“ getur átt rétt á sér í vissum tilfellum, þó að ég sé ekki á neinn hátt að mæla fyrir því að menn eigi að brjóta lög. Hér hefur komið í ljós að þessi stofnun, sem allir voru sammála um að þyrfti að greiða fyrir á þann veg að hún gæti sem allra fyrst tekið til starfa á sem heppilegastan hátt og hefði starfsaðstöðu til þess að rækja verkefni sín sem best, — þá hefur, eins og hér hefur verið rakið, komið í ljós, að erfiðleikum var bundið að fá hentugt húsnæði fyrir þessa stofnun í Reykjavík. Þess vegna var auðvitað leitast við að leysa úr þessari — ég vil segja: nauðsynlegu húsnæðisþörf þessarar stofnunar með þeim hætti að fá húsnæði á e. t. v. mjög heppilegum stað í Kópavogi, þó að megi um það deila. Þannig liggja auðvitað ákveðnar ástæður til þess, að þetta var gert. Ég geri ráð fyrir að það hefði komið hik á menn, þegar málið kom fyrir aftur og málin voru skýrð, þinginu gefin skýrsla um hvað hefði gerst í þessum málum, Reykjavík verið kembd og ekki möguleikar á að finna hentugt húsnæði fyrir stofnunina þegar á því þurfti að halda, — Ég býst við að það hefði komið hik á menn ef Alþ. hefði þrátt fyrir þetta neitað breytingu á lögunum. Ég geri ráð fyrir því. Hér er verið að leggja málið fyrir Alþ. til skýringar og gefnar eru skýrslur um hvernig á þessu stendur. Þess vegna er okkar alþm. að leggja dóm á það, hvort við teljum réttmæta ástæðu til þess að breyta lögunum að þessu leyti eins og nú er lagt til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Efri deild, 63. fundur.

Fimmtudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 355, n. 373 og 374, 375). — 2. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Miklar umr. hafa spunnist um 3. gr. í frv. ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir í efnahagsmálum, en þar er lagt til að frá og með 1. jan. 1979 skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Fulltrúar launþegasamtaka hafa af ýmsum ástæðum lýst ákveðinni andstöðu sinni við þetta ákvæði.

Skoðun og rök ríkisstj. fyrir þessari till. eru skýr og þarf ekki að endurtaka þau. Núv. vísitöluákvæði hafa óæskileg áhrif á stefnuna í skattamálum, auk þeirrar hættu á víxlhækkun kaupgjalds og verðlags sem þau fela í sér. Það er athyglisvert, að nær allir, sem til máls hafa tekið í umr. um þetta mál, telja vísitölukerfið meingallað. Ríkisstj. telur því rétt að taka verðbótaákvæði í kjarasamningum til allsherjarendurskoðunar og þar með vísitölugrundvöllinn og vill vinna að þessu máli í samráði við samtökin á vinnumarkaðinum, þannig að ný skipan geti komið til framkvæmda frá upphafi næsta árs.

Í samráði við ríkisstj. hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. lagt til, að 3. gr. frv. um ráðstafanir í

efnahagsmálum verði felld burt, og vill ríkisstj. með því sýna að hún er reiðubúin til samráðs um framtíðarskipan þessa mikilvæga þáttar í ákvörðun launa.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum til athugunar og meðferðar, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ., eins og fram kemur í nál., og því er við að bæta, að meiri hl. n. hefur lagt fram í samráði við ríkisstj. brtt. þess efnis að 3. gr. frv. falli niður. Vísa ég í því sambandi til yfirlýsingar hæstv. forsrh. hér áðan fyrir hönd ríkisstj. Minni hl. n., Ragnar Arnalds og Jón Arm. Héðinsson, skilar séráliti. Albert Guðmundsson var fjarverandi endanlega afgreiðslu málsins.

Við 1. umr. þessa máls gerði ég nokkra grein fyrir þeim vanda, sem nú er fram undan, og hvernig á að taka á honum til þess að unnt sé að leysa hann. Ég tók fram, að það er ekki um góða kosti að ræða. Það eru einkum tvær leiðir, sem þar koma til greina. Önnur er hin svokallaða samdráttar- og niðurfærsluleið, eða leið 2 í nál. verðbólgunefndar. Slík leið felur í sér mjög mikla aukningu á skattheimtu og bætta stöðu ríkissjóðs. Hún felur í sér nokkra gengisfellingu, um 10%. Hins vegar er sú leið algjörlega óviðunandi varðandi afkomu atvinnuveganna og mundi ekki leysa þann vanda sem við er að glíma, þrátt fyrir það að gífurlegur niðurskurður yrði að eiga sér stað á ýmsum liðum fjárlaga.

Menn hafa staðnæmst við þá meginhugmynd, sem kemur fram í áliti verðbólgunefndar, leið 5b. Þessi leið hefur það í för með sér, að menn vænta þess, að meðalhraði verðbólgunnar gæti orðið um 30% og þannig stefnt niður á við. Menn búast við því, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði svipaður 1978 og hann var 1977. Ef miðað er við kaupmátt ráðstöfunartekna á mann, þá hefur þróunin verið sú, ef miðað er við 100 á árinu 1974, að þá var vísitala kaupmáttar ráðstöfunartekna 91 1976 og 99 1977, og gert er ráð fyrir að hún verði einnig 99 á árinu 1978. Miðað við óbreytt ástand og engar aðgerðir hefði þessi kaupmáttur ráðstöfunartekna verið 106, eins og fram kemur í áliti verðbólgunefndar. Ef farin hefði verið hin svokallaða samdráttar- og niðurfærsluleið, þá hefði þessi kaupmáttur orðið 104. En eins og ég gat um áðan, þá hefði slíkt ekki leyst þann vanda sem við er að glíma.

N. bárust tvö bréf við meðferð málsins, og mér þykir rétt að gera grein fyrir þeim. Í fyrsta lagi er bréf frá Alþýðusambandi Íslands sem stílað er til fjh.- og viðskn. Ed. og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstefna formanna verkalýðsfélaganna innan Alþýðusambands Íslands, formanna landssambanda þess, svæðissambanda og miðstjórnar, haldin í Reykjavík 15. febr. 1978, ályktar eftirfarandi vegna þeirrar allsherjarriftingar kjarasamninga verkalýðssamtakann sem felst í frv. til 1. um ráðstafanir í efnahagsmálum og ríkisstj. beitir sér nú fyrir með atfylgi atvinnurekendasamtakanna:

1. Samþykkt frv. þessa fæli í sér grófa og stórfellda kjaraskerðingu allra launþega, þar sem þeir yrðu sviptir hálfum samningsbundnum verðbótum fyrir verðlagshækkanir sem ekki geta numið minna en 30—40% frá 1. nóv. 1977 til 1. nóv. 1978, en það er það tímabil sem verðlagsbætur yrðu skertar samkvæmt 1. gr. frv.

2. Með ákvæðum 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að óbeinir skattar skuli ekki hafa áhrif á verðlagsbætur frá og með næstu áramótum. Auk þeirrar ómældu kjaraskerðingar, sem þetta ákvæði hefði í för með sér, er augljóst að með þessum nýja og gjörbreytta verðbótagrundvelli yrðu réttir aðilar vinnumarkaðarins sviptir lagarétti sínum til að semja sín í milli um eitt helsta og mikilvægasta atriði, sem launakjörin varðar, og ríkisvaldinu í raun fengið í hendur einræðisvald til að ákvarða launakjör í landinu.

Þar með yrðu launþegasamtökin gerð ómerk í kjarabaráttu sinni að þeim hætti sem tíðkast í þjóðlöndum þar sem lýðréttindi eru í minnstum hávegum höfð.

Þótt ekki kæmu til margvísleg fleiri atriði en að framan er greint frá, er augljóst að með ráðstöfunum þessum væri hafin slík aðför að verkalýðsstéttinni og samtökum hennar, að óhjákvæmilega nauðsyn bæri til að gegn henni verði snúist með öllu því afli, sem samtökin hafa yfir að ráða. Leggur ráðstefnan í því efni sérstaka áherslu á fulla samstöðu og samráð við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna og fiskimannasamband Íslands, sem bæði hafa þegar lýst eindregnum vilja sínum til samstarfs og baráttu við hlið Alþýðusambands Íslands.

Ráðstefnan ítrekar fyrri áskoranir verkalýðssamtakanna til ríkisstj. um að stöðva framgang frv. Verði ekki orðið við þeim eindregnu tilmælum, samþykkir ráðstefnan að fela miðstjórn ásamt stjórnum eða fulltrúum BSRB og FFÍ að skipuleggja sameiginlegar baráttuaðgerðir, og skal miða við að þær hefjist 1. mars n. k., en þann dag á fyrsta kaupskerðingin að koma til framkvæmda. Allar skulu aðgerðir samtakanna stefna að því marki, að þeim ólögum, sem sett hafa verið hagsmunum og rétti launamanna til höfuðs, verði í reynd eytt, þannig að kjara- og réttindaskerðingin komi ekki til framkvæmda og verði ekki þoluð af neinu verkalýðsfélagi né einstökum félögum þeirra. Kjörorð baráttunnar verði: Kjarasamningana í gildi."

Auk þess barst bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til fjh.- og viðskn. Ed. Það er ályktun formannaráðstefnu BSRB um frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fram kemur að ályktun þessi hafi verið samþykkt þar með 58:2 atkv. Sú ályktun, sem ég las upp, er frá Alþýðusambandi Íslands, en þar kemur fram að sú ályktun hafi verið samþ. einróma. Ályktun Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með kjarasamningum samtaka launafólks á s. l. ári var réttur hlutur launamanna eftir langvarandi stórfellda kjaraskerðingu, er leiddi af riftun kjarasamninga vorið 1974, þegar hætt var að greiða umsamdar vísitöluuppbætur á laun.

Með frv. því, sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþ. um ráðstafanir í efnahagsmálum, er enn á ný rift nýlega gerðum kjarasamningum. Á þenn-

an hátt er komið í veg fyrir að launafólk geti í frjálsum samningum samið um launakjör sín eins og lög um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 og lög um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 1976 gera ráð fyrir.

Formannaráðstefna BSRB 1978 ályktar, að ekki verði lengur við það unað, að fjárskuldbindingar þær, er felast í kjarsamningum, séu að engu hafðar af ríkisstjórn og Alþingi.

Því ákveður formannaráðstefnan, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja leiti samstarfs við önnur samtök launafólks, sérstaklega Alþýðusamband Íslands, Farmanna og fiskimannasamband Íslands, Bandalag háskólamanna og Sambands ísl. bankamanna um aðgerðir til að hrinda þeirri árás á frjálsan samningsrétt, sem frv. felur í sér.

Skorar formannaráðstefnan á Alþ. að hætta við að samþ. þau ákvæði frv., sem fela í sér riftun á samningum um kaup og kjör.

Verði Alþ. ekki við þessari áskorun er launafólk knúið til aðgerða til verndar samningsréttinum nú og í framtíðinni.

Ef nauðsyn krefur og samstaða næst við önnur launþegasamtök um aðgerðir, felur formannaráðstefnan stjórn BSRB að gangast fyrir víðtækri þátttöku félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í þeim. Komi til vinnustöðvunar er stjórn bandalagsins falið að taka þátt í stjórnun hennar af þess hálfu."

Mér þótti rétt að gera grein fyrir þessum bréfum, sem n. bárust. Þar koma fram stór orð, en ég vil hins vegar taka fram, að ég fæ ekki séð að með þessu sé verið að svipta menn samningsrétti. Það, sem hér um ræðir, er það, að hér er verið að fresta gildistöku hluta af verðbótum, og það hefur oft verið gert áður. Hins vegar bið ég menn að íhuga það og hugleiða, hvaða aðrar raunhæfar leiðir eru færar í þeirri stöðu sem við nú erum í, áður en menn taka hér endanlegar ákvarðanir.

Við erum staddir í vanda sem ekki verður komist hjá að taka á, og menn verða að virða fyrir sér staðreyndir þess máls. Hvort sem menn byrja á því að leysa þann vanda nú eða síðar, komast menn ekki hjá því að takast á við hann, og eftir því sem lengra líður, þeim mun erfiðara verður það. Og ég er þess fullviss, að það er ekki önnur mildilegri leið, sem hægt er að fara, ef menn líta á staðreyndir málsins. Ég gerði grein fyrir því við 1. umr. í gær, hversu fráleit er sú leið sem nefnd hefur verið verðlækkunarleið. Hún getur engan veginn staðist.

Varðandi vísitöluna og endurskoðun á vísitölugrundvellinum hafa menn í sjálfu sér alltaf verið sammála um það, að slík endurskoðun þurfi að eiga sér stað, hvernig svo sem þeirri endurskoðun verður endanlega háttað. Og ég vil í því sambandi minna á nefndarálit, sem kom fram í skýrslu til fjmrh. þegar í nóv. 1973, þar sem áttu sæti í nefnd fulltrúar þáv. stjórnarflokka, skipaðir af flokkunum. Á bls. 139—140 í áliti verðbólgunefndar er vísað til þessa álits, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„N. leggur áherslu á, að til þess að breytingar skatta komi að tilætluðu gagni, hvort sem þær eru gerðar með lagabreytingum eða samkvæmt svigrúmsheimild, sbr. það sem segir hér að framan, þurfi í almennum kjarasamningum eða lögum að kveða á um að slíkar skattbreytingar valdi ekki sjálfkrafa breytingum á verðtryggingarákvæðum í fjárskuldbindingum eða kaupgjaldssamningum."

Undir þetta nál. rituðu allir fulltrúar í þessari n., og fulltrúar þáv. stjórnarflokka, og þess vegna er það alveg augljóst mál, að menn hafa ávallt verið um það sammála, að þetta kerfi þurfi að taka til endurskoðunar. Hins vegar má um það deila, hvort það skuli gert með þeim hætti sem er í 3. gr. þessa frv., en nú hefur verið lagt til að sú grein falli niður. Hitt er svo annað mál, að menn hljóta að þurfa að vinna áfram að þessu máli, eins og menn hafa verið sammála um að þurfi að gera, og það er tilgangslaust að reyna að færast undan því.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vildi aðeins taka fram í sambandi við 2. gr. frv., að þar er um að ræða lágmarkstryggingarákvæði fyrir verðbótum. Það ákvæði verður sjálfsagt í mörgum tilfellum erfitt í framkvæmd. En ég vil leggja á það áherslu, að það verði nú þegar að gefa út reglur um það, hvernig því skuli háttað. Hins vegar er ljóst að hér er um lágmarkstryggingarákvæði fyrir verðbótum að ræða til viðbótar þeim kauptöxtum sem í gildi eru á hverjum tíma.

Ég vil að lokum aðeins endurtaka, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. með þeirri breyt., sem ég hef þegar gert grein fyrir, og vísa í því sambandi til yfirlýsingar hæstv. forsrh.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. d. hefur fjallað um þetta frv. á fundi sínum í morgun, en það er aðalefni frv. og það sem mestu máli skiptir, að verið er að rifta öllum kjarasamningum sem gerðir voru við launamenn á s. l. ári.

Kjarasamningar verkalýðsfélaganna voru gerðir fyrir 7 mánuðum og aðeins 3 mánuðir eru liðnir síðan samningar voru gerðir við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Á fundi okkar í morgun leituðum við upplýsinga um það atriði, hvort eitthvað hefði upp á borið í viðskiptakjörum þjóðarinnar sem réttlætti það að samningarnir væru teknir til endurskoðunar vegna brostinna forsendna eða breyttra aðstæðna. Þær upplýsingar, sem á fundinum fengust frá forystumönnum Þjóðhagsstofnunar, staðfestu það, sem margoft hefur verið bent á í þessu sambandi, að viðskiptakjörin hafa farið jafnt og þétt batnandi, jafnvel eftir að þessir samningar voru gerðir. Þó að batinn hafi verulega hægt á sér í seinni tíð, þá hefur þó frekar, ef eitthvað er, hreyfst í þá áttina, en talið er að viðskiptakjörin hafi batnað á árinu 1977 um 9—10% frá því sem þau voru 1976. Það hefur líka komið áður fram, að þjóðarframleiðsla hefur orðið meiri en ráðgert var um það leyti sem samningarnir voru gerðir, og þannig er talið að þjóðartekjur hafi hækkað um 7—8% á liðnu ári í staðinn fyrir 5%, sem tekið var mið af þegar samningarnir voru gerðir. Það er því ekki út frá efnahagslegum sjónarmiðum hægt að finna nokkra réttlætingu fyrir þeirri ákvörðun ríkisstj. að rifta þessum samningum.

Nú er stefnt að því, að verðlagsuppbætur á laun nemi aðeins hverju sinni helmingi af því

sem um var samið í kjarasamningunum á s. l. ári. Vegna þeirrar miklu dýrtíðar sem í vændum er, spáð er að meðalverðhækkun milli áranna 1977 og 1978 verði 36—37%, mun þetta hafa í för með sér 10—12% lækkun á kaupmætti launa frá því sem hann hefur verið í upphafi þessa árs. Í grófum dráttum má segja, að kjarabæturnar, sem veittar voru á s. l. ári, séu þannig aftur teknar með valdboði. Aftur á móti er þersýnilegt, að þessar ráðstafanir ríkisstj. munu sáralitlu breyta um dýrtíðina. Verðbólga verður ekki miklu minni en áður var ætlað og samkv. spám Þjóðhagsstofnunar mun lækkunin aðeins nema 3—4 prósentustigum. Afleiðingin verður fyrst og fremst sú sem að er stefnt, að lífskjör vinnandi fólks munu verulega versna.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði, sem mikið hefur verið gert úr og eiga að fela í sér lágmarksverðbætur til þeirra lægst launuðu, eins og það er kallað. Það var t. d. auðheyrt á hæstv. utanrrh., sem talaði hér við 1. umr. málsins í gær, að hann lagði mikið upp úr þessu ákvæði og taldi að það væri stórlega þýðingarmikið fyrir láglaunastéttirnar. Ég fullyrti þá, að þar væri þersýnilega á ferðinni sýnd veiði, en ekki gefin, og ég sannfærðist um það við nánari skoðun þessa ákvæðis í morgun, að hér er um að ræða einhverja ómerkilegustu sýndarmennsku sem fram hefur verið borin af hálfu stjórnvalda í formi sérstakrar uppbótar á láglaun. Eins og ég benti á í gær er hér miðað ekki aðeins við dagvinnukaup, heldur einnig við hvers konar eftirvinnukaup, og þetta hefur það í för með sér, að það er ákaflega fámennur hópur í þjóðfélaginu, sennilega aðeins sárafáir enistaklingar sem raunverulega koma til með að falla undir þessa grein. Ég óskaði eftir því við forstöðumenn Þjóðhagsstofnunar, að þeir gæfu okkur dæmi um það, hvernig Dagsbrúnarverkamenn, sem hljóta laun eftir 5. taxta Dagsbrúnar, en það eru flestir þeir sem eru í byggingarvinnu, mjög algengur taxti, kæmu út úr útreikningi samkv. þessu ákvæði. Við fengum þær upplýsingar, að miðað við 5. taxta Dagsbrúnar og miðað við 10 eftirvinnustundir á viku, sem er mjög algengt í hvers konar byggingarvinnu, það langalgengasta á vinnumarkaðinum, þá væru mánaðarlaun slíkra manna 167 092 kr. Ef laun hækkuðu nú samkv. samningum um 10%, ætti hækkun til þessara manna að nema 16 709 kr. En útreikningurinn á launum þeirra 1. mars n. k. verður á þessa leið: Í fyrsta lagi fá þeir samkv. 1. gr. frv. 5% verðbætur eða 8355 kr. Það er það sem menn fá almennt, þeir fá aðeins helminginn af væntanlegri verðuppbót launanna. En til viðbótar fá svo þessir Dagsbrúnarverkamenn samkv. ákvæði 2. gr., sem hæstv. utanrrh. var mest að monta af í gær og taldi stórkostlega þýðingarmikið, 445 kr. til viðbótar. 445 kr., það eru nú öll ósköpin. Sem sagt, þeir fá samanlagt 8800 kr. Ef við reiknum út hvað verðbæturnar nema í prósentum miðað við gildandi kjarasamninga, þá fáum við samkv. einföldum prósentureikningi að þær nema 53% af því sem samið var um. Þó er þetta einn sá launaflokkurinn sem lægstur er í núverandi launakerfi, 5. taxti Dagsbrúnarverkamanna. (Gripið fram í.) Alveg rétt. Við þurfum sennilega ekki að fara nema upp í 6. eða 7. taxta Dagsbrúnarverkamanna til þess að fá þá útkomu, að uppbótin verður engin. Ég held að þetta sýni ákaflega vel, að þetta kemur ekki til með að koma launafólki að gagni nema í sárafáum tilvikum.

Ef við tökum annað dæmi um þann fjölmenna hóp launafólks sem vinnur í frystihúsum, þá mun láta nærri að þetta fólk hafi um 120 þús. kr. fyrir 8 stunda vinnudag, og miðað við að mjög víða má reikna með 50% viðbót vegna ákvæðisvinnufyrirkomulags, þá verður niðurstaðan sú hjá því fólki, sem nær 50% viðbót vegna ákvæðisvinnu, að það hagnast ekki vitundarögn á þessu ákvæði.

Annað það, sem máli skiptir í þessu sambandi, er að hér er um að ræða fasta krónutölu, og vegna þess að fólk kemur þó til með að fá 5% hækkun við næstu launabreytingar 1. mars og síðan þá væntanlega aftur ekki minni hækkun 1. júní, þá er það auðvelt reikningsdæmi, að þeim mun fara sífækkandi á árinu sem geta fallið undir þetta ákvæði, vegna þess að um er að ræða fasta krónutölu.

Það þarf engan að undra það, þótt frv. þessu hafi verið mætt af fullri hörku af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, þegar ljóst er að ekki aðeins hátekjufólk og meðaltekjufólk kemur til með að verða fyrir um það bil 50% skerðingu verðuppbóta á laun hvert sinn sem verðuppbætur verða greiddar á þessu ári, heldur mun það sama gilda um láglaunafólk almennt, eins og ég hef nú þegar sýnt fram á.

Formannaráðstefna Bandalags starfsmanna ríkis og bæjar, sem haldin var núna í vikunni, sýndi það svo að ekki verður um villst, að BSRB er harðákveðið í því að mæta þessu frv. af fullri hörku, og það er eftirtektarvert, að þar sameinast fólk úr öllum hinum pólitísku flokkum til eindreginnar andstöðu við þær aðgerðir sem hér eru hafðar í frammi. Í samþykkt formannaráðstefnunnar segir: „Verði Alþ. ekki við þessari áskorun er launafólk knúið til aðgerða til verndar samningsréttinum nú og í framtíðinni. Ef nauðsyn krefur og samstaða næst við önnur launþegasamtök um aðgerðir, felur formannaráðstefnan stjórn BSRB að gangast fyrir víðtækri þátttöku félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í þeim. Komi til vinnustöðvunar er stjórn Bandalagsins falið að taka þátt í stjórnun hennar af þess hálfu."

Hér eru engin smátíðindi boðuð. Hér eru greinilega atburðir í vændum sem ekkert fordæmi er fyrir hér á landi, og það að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja tekur svo djúpt í árinni sýnir að fólk úr öllum hinum pólitísku stjórnmálaflokkum er einhuga í þeirri afstöðu sinni að una ekki þessum svívirðilegu aðgerðum ríkisstj. Hið sama gildir um verkalýðsfélögin innan Alþýðusambands Íslands. Munurinn á þeim og aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er að vísu sá, að Alþýðusambandsfélögin hafa möguleika samkv. sínum kjarasamningum til að segja samningunum upp og hafa þegar hafist handa um uppsögn þeirra samninga. En það er þegar ljóst, að aðildarsamtök Alþýðusambandsins hyggjast ganga lengra. Í ályktun formannaráðstefnunnar, sem lauk í gær, þar sem saman voru komnir formenn verkalýðsfélaga innan Alþýðusambandsins, formenn allra lands-

sambanda þess og miðstjórnarmenn, var einróma, og ég endurtek: var einróma gerð sú samþykkt að skora á miðstjórn að skipuleggja sameiginlegar baráttuaðgerðir með Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, — aðgerðir sem eiga að hefjast að hálfum mánuði liðnum, hinn 1. mars n. k., því að þann dag kemur kaupskerðingin til framkvæmda. Eins og segir í þessari ályktun formannaráðstefnunnar:

„Allar skulu aðgerðir samtakanna stefna að því marki, að þeim ólögum, sem sett hafa verið hagsmunum og rétti launamanna til höfuðs, verði í reynd eytt, þannig að kjara- og réttindaskerðingin komi ekki til framkvæmda og verði ekki þoluð af neinu verkalýðsfélagi né einstökum félögum þeirra. Kjörorð baráttunnar verði: Kjarasamningana í gildi."

Þetta eru stór orð, sem hér eru höfð, og hér eru mjög alvarlegar aðvaranir fram settar. Menn hyggjast ekki bíða eftir því að heimilt verði að segja gildandi kjarasamningum upp samkv. ákvæðum þeirra, heldur hyggjast láta til skarar skríða þegar um næstu mánaðamót. Hvers vegna leyfa menn sér að ganga svona langt? Jú, einfaldlega vegna þess að það er ríkisstj. sem hefur gefið fordæmi, það er ríkisstj. sem hefur sjálf rifið í tætlur gildandi kjarasamninga með þeim lögum, sem nú er verið að reyna að þrýsta fram. Og þá segja verkalýðssamtökin, bæði Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambandið, og það einróma fólk úr öllum stjórnmálaflokkum: Við lítum þá svo á að ríkisstj. sjálf sé búin að rifa þessa samninga í tætlur, þ. á m. þau ákvæði þeirra sem fjalla um tímalengdir uppsagnarfresta, og við látum því til skarar skríða nú þegar eða nánar til tekið frá næstu mánaðamótum, þegar fyrstu svik þessara samninga eiga að koma fram. — Í ljósi þessa ætti ríkisstj. að sjálfsögðu, ef hún hefði einhverja glóru í kollinum og gerði sér einhverja grein fyrir því, að hverju dregur, þá ætti hún að sjálfsögðu að draga þetta frv. til baka eða a. m. k. að fresta afgreiðslu þess þar til samningaviðræður við verkalýðshreyfinguna hefðu farið fram og einhver niðurstaða fengist sem afstýrt gæti þeim ófriði á vinnumarkaðinum sem ríkisstj. efnir nú til. En því er ekki að heilsa, að nokkrar aðvaranir dugi til að koma vitinu fyrir núv. ríkisstj.

Það má að vísu viðurkenna, að einhver ofurlítill glóruvottur felst í þeirri ákvörðun ríkisstj. að hætta við að knýja fram 3. gr. frv. og draga hana til baka á seinustu stundu. Þessi ákvörðun kemur að vísu mjög á óvart, því að við, sem sátum fund fjh.- og viðskn. í morgun, heyrðum ekki þar að uppi væru nein áform um að breyta frv. á einn eða neinn hátt. Þar kom ekki fram nein till. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um að fella 3. gr. niður. Það kemur því meira en lítið kynduglega fyrir sjónir, að það skuli vera þessi sami meiri hl. fjh.- og viðskn. sem hér flytur till. um að greinin skuli felld niður. Ég minnist þess ekki, að meiri hl. í ákveðinni n. hafi flutt hér till. um breytingu á frv. án þess að hafa látið þess á nokkurn hátt getið við nefndarstörf ellegar það væri bókað innan n. Á það er ekki heldur minnst einu einasta orði í nál. Það virðist sem sagt vera, að n. hafi fengið fyrirskipun einhvers staðar að ofan um að flytja till. af þessu tagi, og hefði þá verið miklu eðlilegra, að forsrh. hefði flutt þessa till. sjálfur, frekar en láta meiri hl. fjh.- og viðskn. halda uppi sýndarmennsku af þessu tagi, eins og þessi till. sé frá meiri hl. komin. En þetta er atriði sem skiptir ekki í sjálfu sér neinu máli, þótt vinnubrögðin séu ekki beinlínis til fyrirmyndar.

Hitt hefur alltaf verið ljóst, að þessi tillögugerð ríkisstj., sem er satt að segja svo heimskuleg að ég hef ekki talið það ómaksins vert að vera mikið að fjölyrða um hana hér og hef ekki einu sinni minnst á hana einu einasta orði í því nál. sem við undirbjuggum í morgun — þessi tillögugerð hefur frá öndverðu verið óskiljanlegt fálm, sem átti auðvitað ekkert erindi inn í þetta frv. Hér er um að ræða ákvæði sem ekki á að taka gildi fyrr en eftir að næstu kjarasamningar hafa verið gerðir og löngu eftir að þing kemur saman eftir næstu kosningar og mynduð hefur verið ný ríkisstj. og því ekki nokkur ástæða til þess að fara að afgreiða þetta ákvæði nú, heldur miklu eðlilegra að bíða með það til næsta hausts að taka ákvörðun um hvernig á þessum málum skuli haldið, eftir að eðlilegar viðræður hefðu farið fram við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar um hugsanlega endurskoðun vísitölugrundvallarins. Þetta gerðu ýmsir stjórnarþm. sér ljóst, þ. á m. hæstv. utanrrh., og verður það að segjast honum til hróss, að hann sá þó lengra en forsrh. í þessum efnum, því að hann mælti hér í gær eindregið gegn því, að þetta ákvæði næði fram að ganga.

Auðvitað er það svo augljóst sem verða má, að miklu fleiri atriði en þetta þarf að athuga í sambandi við vísitölugrundvöllinn, ef hann er á annað borð tekinn til endurskoðunar. Og auðvitað er það algerlega óviðunandi frá sjónarmiði verkalýðshreyfingarinnar, að óbeinir skattar séu teknir út úr vísitölu, en niðurgreiðslur séu þar skildar eftir. Þessu hafa menn almennt fyrir löngu gert sér grein fyrir, enda þótt ríkisstj. væri dálítið tornæm á þetta atriði og það tæki hana æðimarga daga að skilja að þetta ætti ekki heima í þessum lögum. Nú hafa skarpari menn komið henni í skilning um að þessu þurfi að breyta og verður það auðvitað að segjast, að ævinlega ber að fagna því sem horfir til bóta.

En ekki verður skilist við þessa hlið málsins án þess að minna á að öll voru vinnubrögðin í sambandi við þessa grein frv. fordæmanleg og hin verstu, og verður að vona að slík vinnubrögð verði aldrei framar endurtekin. Ef ríkisstj. hefur lært það af reynslunni í sambandi við þessa frvgr., að þannig skuli ekki á málum halda gagnvart verkalýðshreyfingunni, að koma óvænt með ákvæði af þessu tagi inn í frv. án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna, þá var kannske þessi frvgr. ekki til einskis flutt.

Aðrar hliðarráðstafanir, sem frv. fjallar um, eru það lítilfjörlegar, að ekki er ástæða til að fara um þær mörgum orðum. Hvað er t. d. hægt að segja um ákvæði eins og það að lækka vörugjald úr 18% í 16%, — vörugjald sem var lagt á fyrir 2—3 árum sem bráðabirgðagjald í nokkra mánuði og hefur margoft verið gerð till. um af ríkisstj. hálfu að leggja algerlega niður, en alltaf verið horfið frá því á seinustu stundu. Svo kemur ríkisstj. núna og leggur til að vörugjaldið verði

lækkað úr 18% í 16%. Hvað er þetta annað en skripaleikur? Hvað munar um það að lækka vörugjald úr 18% í 16%? Nákvæmlega ekkert. Þessi örlitla lækkun kemur auðvitað til með að felast og hverfa á bak við þær hækkanir sem gengislækkunin hefur í för með sér, og það eina, sem þessi lækkun veldur, er tímasóun fyrir þá aðila sem að þessari breytingu þurfa að standa. Hér er auðvitað um slíkt kák að ræða, að það nálgast skripaleik, og þannig er það um þessar ráðstafanir almennt, þó að ákvæðið um vörugjaldið skeri sig þar úr. Þetta er kák. Við vitum allir að hjól verðbólgunnar heldur áfram að snúast, það er enginn vandi leystur með þessum ráðstöfunum, en jafnframt er verið að kalla yfir efnahagslífið nýjan og meiri vanda en þann sem menn þykjast vera að leysa. Það þarf auðvitað heldur engan að undra, þótt liðsmenn núv. stjórnar séu harla óhressir yfir þessum aðgerðum, sem best lýsir sér í því, að merkisberi stærsta stjórnarflokksins í stærsta kjördæminu, hv. þm. Albert Guðmundsson, sá sem verður efstur á lista Sjálfstfl. hér í Reykjavík og er því helst í fyrirsvari fyrir þann flokk í stærsta kjördæmi landsins, hann treystir sér ekki til þess að skrifa undir nál. um þessar kákráðstafanir, ekki frekar nú en oft áður.

Við stjórnarandstæðingar höfum bent á aðrar leiðir sem beri að fara við ríkjandi aðstæður, — leiðir sem ber að fara reyndar hvort heldur sem ráðstafanir ríkisstj. verða gerðar eða ekki. Það er alveg jafnrík þörf á þeim ráðstöfunum, sem við gerum till. um, hvort sem ríkisstj. framkvæmir áform sín, sem nú eru á döfinni, eða ekki, og jafnvel enn meiri þörf á að grípa til þeirra ráðstafana ef þessar ráðstafanir verða að veruleika. Ráðstafanir þær, sem við höfum gert till. um, eru, eins og kunnugt er, í grófum dráttum í því fólgnar að lækka vöruverð um 10 þús. millj. kr., annars vegar með afnámi vörugjaldsins og hins vegar með markvissum niðurgreiðslum, og í öðru lagi að lækka verslunarálagningu um 1.5%, en samanlagt mundu þessar ráðstafanir miða að 7% lækkun vöruverðs. Þær mundu þannig valda því, að launaskrúfan mundi minna hreyfast um næstu mánaðamót en hún gerir samkv. till. ríkisstj.

Því hefur verið haldið fram, að þessar ráðstafanir, sem við stjórnarandstæðingar stöndum að, séu ekki fullnægjandi, við höfum t. d. ekki komið með neinar till. sem jafnist á við áhrif gengisfellingarinnar, við höfum skilið það vandamál eftir, þ. e. a. s. þann vanda sem atvinnurekstrinn er þegar kominn í, og till. okkar miði að því eingöngu að koma í veg fyrir frekari víxlhækkanir verðlags og launa. Þetta er ekki rétt. Við viðurkennum fúslega, að þær leiðir, sem nefndar eru, og þær ráðstafanir, sem nefndar eru í till. stjórnarandstæðinga og verkalýðshreyfingarinnar og kenndar eru við verðlækkunarleið, miðast fyrst og fremst við það að koma í veg fyrir frekari víxlhækkun verðlags og launa. En auðvitað mundi þurfa að gera margháttaðar aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum. Ég rakti það í allöngu máli hér í gær, hverjar þær ráðstafanir, þyrftu að vera, og ég vil taka það skýrt fram, að í till., sem við Alþb.-menn höfum gert grein fyrir í blaði okkar Þjóðviljanum nú á seinustu vikum, er gengið miklu lengra og farið út í miklu fleiri atriði en þau sem felast í sameiginlegum till. stjórnarandstæðinga.

Við gerum t. d. ráð fyrir því í till. okkar, við Alþb.-menn, að um verði að ræða talsverðan niðurskurð á framkvæmdum, svo að ég nefni dæmi. Við gerum ráð fyrir því, að frestað verði byggingu Hrauneyjafossvirkjunar. Við gerum ráð fyrir því, að stöðvaðar verði stóriðjuframkvæmdir í Hvalfirði. Þessar aðgerðir eru ekki nefndar í sameiginlegum till. stjórnarandstæðinga, vegna þess að þar var aðeins fjallað um afmarkaðan hluta vandamálsins. En það segir sig sjálft, að ef við ættum að standa að heildaraðgerðum og taka stjórnina algerlega í okkar hendur, þá yrði auðvitað um að ræða margháttaðar aðrar ráðstafanir heldur en fólgnar eru í þessum till. sem komu fram í verðbólgunefndinni, eins og till. okkar Alþb.-manna, sem gerð hefur verið grein fyrir í Þjóðviljanum, bera skýran vott um.

Annað dæmi um aðgerðir, sem við stjórnarandstæðingar teljum nauðsynlegar, er vaxtalækkun. Við teljum óhjákvæmilegt að vextir af rekstrarlánum til atvinnuveganna verði talsvert lækkaðir. Þetta er ein af mörgum till. sem við Alþb.-menn höfum sett fram í þeim till. sem við gerðum grein fyrir í Þjóðviljanum að loknum miðstjórnarfundi. Við teljum og erum sannfærðir um að þessi aðgerð ein sér mundi koma atvinnuvegunum að miklu meira gagni heldur en þessi gengisfelling, sem allir sjá að kemur atvinnuvegunum í koll að skömmum tíma liðnum.

En það er nú eitthvað annað en ríkisstj. sé sammála okkur um þetta atriði, því að nú mun hafa verið ákveðið að hækka vextina enn einu sinni um 3%, þannig að vísitölvextir verði 23.5% og vataaukalánin fari upp í 33%. Eins og menn vita, ákvað stjórn Seðlabankans í haust, að vextir skyldu fylgja vísitöluskrúfunni eftir ákveðinni formúlu sem sett var upp, og síðan hefur þetta verið framkvæmt hvað eftir annað. Þeir sáu að vísu í þetta sinn, að það væri hreint brjálæði að ætla að fara að fylgja formúlunni út í ystu æsar, því að ef formúlunni hefði verið fylgt í þetta sinn, þá hefðu vextir þurft að hækka líklega um 13—14% til þess að jafnast á við þá verðbólgu sem sannarlega er á ferðinni nú um þessar mundir. Þeir sáu að formúlan, sem sett var upp í haust, væri bersýnilega brjálæðisleg miðað við allt ástand mála. En þeir eru enn á þeim buxunum, að það sé gagn að því að hækka vextina enn og aftur, og ekki annað að sjá en þeir stefni í 40% vexti eða þar um bil áður en þessu ári lýkur.

Við Alþb.-menn erum allt annarrar skoðunar. Við viðurkennum að eðlilegt er að lán til fjárfestingar séu að einhverju leyti miðuð við verðbólguna í þjóðfélaginu, þannig að menn hljóti ekki óverðskuldaðan verðbólgugróða í stórum stíl. En auðvitað er það augljóst mál, að rekstrarlánin til atvinnuveganna gegna nokkuð öðru máli. Menn hljóta ekki verðbólgugróða við það að taka rekstrarlán sem eingöngu er tekið til þess að geta staðið undir kostnaði vegna hráefniskaupa eða birgðasöfnunar. Það er því ljóst, að þessar gífurlegu vaxtahækkanir eru fyrst og fremst til þess fallnar ásamt öðrum vitleysis-

legum ráðstöfunum að keyra upp verðbólguna í þjóðfélaginu.

Menn kvarta sáran yfir því, að um sé að ræða víxlhækkanir milli verðlags og launa, og gera sér ekki grein fyrir því, að launamenn í landinu eru nauðbeygðir til þess að halda eins fast um verðtryggingu launa og þeir mögulega geta, ef þeir eiga að geta lifað við mannsæmandi kjör. Þess vegna verður að ætlast til þess, að ríkisvaldið beiti þess háttar efnahagsstefnu sem heldur verðbólgu í skefjum, þannig að víxlhækkanir verðlags og launa eigi sér ekki stað. En þegar menn setja upp kerfi eins og þetta vaxtakerfi er, sem nú er búið að setja á laggirnar, þar sem vextirnir hækka í takt við verðbólguna og síðan hækkar verðbólgan að nokkru í takt við vextina, þá eru menn svo sannarlega að grafa sína eigin gröf og stuðla að því að verðbólgan æði upp úr öllu valdi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frv., enda tel ég mig hafa gert allítarlega grein fyrir stefnu okkar Alþb.-manna í efnahagsmálum í ræðu minni í gær við 1. umr. Ég ítreka aðeins að við erum andvígir þessu frv. Við höfum ásamt fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar og öðrum fulltrúum stjórnarandstöðunnar bent á aðrar og skynsamlegri leiðir, — leiðir sem m. a. koma fram í því nál. sem við höfum sent frá okkur, og við leggjum sem sagt til að þetta frv. verði fellt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., hefur nú þegar verið svo mjög rætt á hv. Alþ., þ. á m. í útvarpsumr., og stefna stjórnmálaflokkanna komið svo skýrt fram, að ég ætla ekki að ræða þetta mál mjög náið, en nokkur orð vil ég þó um það hafa.

Það merkasta við atburðina í efnahagsmálum að undanförnu, gengislækkunina og það frv. sem hér er til umr. og felur í sér kjarskerðingu hjá launafólki og samningsrof, er að allt þetta skuli koma til við þær ytri aðstæður sem hér ríkja og hafa ríkt um alllangt skeið. Um þau hagstæðu ytri skilyrði þarf ekki að deila. En til staðfestingar skal ég einungis tilgreina örstuttan kafla um almenna þróun efnahagsmála úr blaði Seðlabanka Íslands, Hagtölum mánaðarins, febrúarhefti 1978, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ytri skilyrði þjóðarbúsins héldu áfram að batna fram eftir árinu 1977, og raunar voru aðstæður allar mjög hagstæðar á fyrri hluta ársins. Aflabrögð voru góð og útflutningsverð hækkaði mun örar en innflutningsverð. Á árinu í heild er áætlað að viðskiptakjörin hafi batnað um 9—10% frá 1976. Áætluð aukning vergrar þjóðarframleiðslu er um 4% að raungildi samanborið við 2.4% 1976 og ÷2.1% 1975. Aukning þjóðartekna varð nokkru meiri vegna bættra viðskiptakjara, eða um 8% samanborið við 5.9% 1976 og ÷6% 1975."

Ríkisstjórnir hafa oft lent í vanda og þurft að grípa til erfiðra ráðstafana vegna ytri áfalla, stórhækkaðs verðlags á innfluttum vörum, lækkunar afurðaverðs, sölutregðu afurða, aflabrests eða af öðrum slíkum orsökum. Engu þessu er til að dreifa nú, öðru nær. Ytri aðstæður hafa naumast nokkru sinni verið hagstæðari, hvort heldur um er að ræða heildarafla, afurðaverð eða viðskiptakjör, og ekki hefur á skort að öflugur þingmeirihl. hafi staðið að baki þeirri ríkisstj. sem átt hefur að stjórna á þessu skeiði. En samt er niðurstaðan þessi og er naumast undravert, að almenningur í landinu er mjög svo sammála um að aldrei hafi nokkurri ríkisstj. verið svo mislagðar hendur sem þeirri er nú situr.

Eitt sinn birtist í aðalmálgagni stjórnarflokks frásögn af efnahagsaðgerðum sem ríkisstj. var að framkvæma með lagasetningu á Alþ. Þessi frásögn birtist í leiðara undir fyrirsögninni „Endurreisn efnahagsmála." Það liggur beint við að ályktа að þessi skilgreining hafi verið valin af því tilefni, að viðkomandi flokkur hafi verið að taka við stjórnartaumunum af andstæðingum sínum, sem hefðu skilið svo illa við að nú yrði þessi flokkur að ráðast að vandanum með ný úrræði og hæfi stjórnartímabil sitt með endurreisn efnahagsmála. En ónei. Þessi fyrirsögn birtist í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum, þegar verið var að greina þjóðinni frá þeim atburðum, að hæstv. ríkisstj. hygðist nú í lok síns eigin nær fjögurra ára stjórnartímabils endurreisa efnahagsmálin sem hún hefur sjálf verið að leggja í rúst. Í einhverju mesta góðæri, sem þjóðin hefur lifað, þegar ytri aðstæður eru betri en áður hefur þekkst, verðmætasköpun meiri og afurðaverð hærra en nokkru sinni fyrr, telja stjórnarflokkarnir sjálfir, sem styðjast við atfylgi 70% þm., að þeir hafi komið efnahagsmálum þjóðarinnar í slíkt öngþveiti að þau þurfi endurreisnar við. Sú endurreisn á að felast í ákvæðum þess frv., sem hér er til umr., og þeirri gengislækkun, sem nýlega hefur verið framkvæmd. Fyrir þá gengislækkun hafði stjórnarflokkunum tekist að hækka söluverð Bandaríkjadollars um 124% á þremur og hálfu ári, og endurreisn efnahagsmálanna á m. a. að felast í því að skrá þá hækkun sem þeir voru nú enn búnir að valda, svo að heildarhækkunin nemi 158% á stjórnartímabili hæstv. ríkisstj. Þar með telur hæstv. ríkisstj. sig loks hafa leyst vandamálin endanlega.

Sífellt gengissig samhliða hækkuðu afurðaverði hefur ekki komið að notum, og hæstv. forsrh. tilkynnti því þingheimi og þjóðinni allri á hv. Alþ. hinn 8. febr. s. l. þennan boðskap, með leyfi hæstv. forseta: „Hefur því nú verið horfið að því ráði að leiðrétta þá skekkju, sem auðsjáanlega er orðin á gengisskráningunni, með því að leiðrétta gengið í einu skrefi" Verð Bandaríkjadollars hafði nefnilega ekki hækkað nema um 124%, en með þessu eina myndarlega viðbótarskrefi er vandinn nú endanlega leystur að dómi hæstv. ráðh. Nú á að endurreisa efnahagskerfið varanlega á rústum þriggja og hálfs árs efnahagsstefnu ríkisstj., því að hæstv. forsrh. bætti við í þessari ræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt er það ætlun ríkisstj. að stöðva frekara gengissig, þar sem hún telur að stöðugt gengi geti við núverandi aðstæður og í samhengi við aðrar ráðstafanir orðið til þess að draga verulega úr þeirri verðbólguþróun sem nú hefur náð tökum í hagkerfinu."

Í þessu felst viðurkenning á því, að fyrra gengissig og heildarhækkun Bandaríkjadollars um 124% hafi átt einhvern þátt í verðbólguþró-

uninni. En ráðið til að draga úr þeim áhrifum var að hækka dollar um 15% nú.

Þegar ég hlustaði á þessi orð um stöðvun frekara gengissigs, þá var eins og mér fyndist ég hefði heyrt þessa sömu rödd segja eitthvað ámóta áður, jafnvel þegar dollarinn kostaði æðimiklu minna. Ég fletti því upp ræðu hæstv. forsrh. frá 30. ágúst 1974. Hún var flutt tveimur dögum eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum og hafði fellt gengið um 17% í einu skrefi, svo að notað sé orðalag hæstv. forsrh., svo að Bandaríkjadollarinn kostaði eftir þá ráðstöfun 118.70 kr. Þá sagði hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta: „Gildi gengislækkunarinnar liggur ekki síst í því, að með henni er eytt með ákveðnum hætti óvissu um framtíðargildi íslenskrar krónu.“ Og nokkru síðar í sömu ræðu sagði hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta: „En stöðugleiki gengis íslensku krónunnar hlýtur að vera eitt meginmarkmið efnahagsstefnunnar.“ Þegar hæstv. forsrh. viðhafði þessi fyrirheit var verið að hækka verð hvers Bandaríkjadollars í 118.70 kr.

Þegar hæstv. forsrh. hélt nú fyrir fáum dögum sömu ræðuna um framtíðarstöðugleika gjaldmiðilsins var hann að tilkynna sölugengi dollars 254.10 kr., eða meira en tvöfalt hærra en eftir fyrstu gengislækkun hæstv. ríkisstj., þegar dollarinn var hækkaður í 118.70 kr. Og enn er látið í veðri vaka að stöðvað verði frekara gengissig, þar sem stöðugt gengi geti í samhengi við aðrar efnahagsráðstafanir dregið verulega úr verðbólguþróuninni. Ef svo er, skyldi þá ekki skipulögð gengissigs- og gengislækkunarstefna hæstv. ríkisstj. eiga ærinn þátt í þeirri verðbólguþróun sem hæstv. forsrh. segir með réttu, að hafi náð tökum á hagkerfinu?

Það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Austurl. sagði hér í gær, að gengisskráning ætti að vera afleiðing undangenginnar þróunar verðlagsmála og er það stundum. En á því er enginn vafi, að í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstj. hefur þessu oft og tíðum og oftast nær verið snúið við og ákvarðanir um gengissig og gengislækkun ráðið gangi verðlagsmála í ríkum mæli. Þetta er einn og ærinn þáttur í ófarnaðinum í efnahagsmálum sem sífellt hefur magnast, m. a. vegna víxláhrifa af þessum ráðstöfunum.

Þegar stjórnarflokkarnir líta nú yfir rústir efnahagskerfis síns eftir nær fjögurra ára stjórnartímabil, þá setja þeir árangurinn ekki í neitt samhengi við eigin ákvarðanir í gengismálum, skattamálum, verðlagsmálum, meðferð ríkisfjármála eða neinar aðrar aðgerðir sínar eða aðgerðaleysi, heldur er orsökin sú ein sem nú á að ráðast gegn með því frv. sem hér er til afgreiðslu, þ. e. a. s. launafólk. Það fólk, sem skapar verðmætin í þjóðfélaginu, ber of mikið úr býtum. Stjórnarflokkarnir hafa krufið vandamálið til mergjar og komist að niðurstöðu. Þjóðfélagið þolir ekki þá kaupmáttaraukningu, sem varð s. l. ár, og þær launabætur, sem samið var um að kæmu til framkvæmda á þessu ári. 32% verðbólga, þegar innflutningsverð hækkar einungis um 6—7% á s. l. ári, stafar að þeirra dómi af því, að kaupmáttur launa jókst um 7.5%.

Hverju reiddust goðin? var einu sinni spurt. Og spyrja má: Hvað olli 32% verðbólgu á árinu 1976, þegar kaupmáttur kauptaxta rýrnaði um 4.5%? Hvað olli 49% verðbólgu 1975, þegar kaupmáttur launa rýrnaði um 14.7%? Skyldi gengislækkunarstefna ríkisstj. á tímum hækkaðs afurðaverðs hafa átt nokkurn þátt í ófarnaðinum í verðlagsmálum eða meðferð ríkisfjármálanna, stórfelldur halli á ríkissjóði, t. d. svo að nam á núgildandi verðlagi um 13 milljörðum kr. árið 1975? Skyldi stórhækkun þjónustugjalda opinberra stofnana, langt umfram almenna verðlagsþróun, eiga nokkurn þátt í óðaverðbólgunni? Skyldi sú markvissa stefna að stórauka neysluskatta til að standa undir útþenslu í rekstrarkostnaði ríkissjóðs hafa valdið nokkru um? Skyldi algerlega óheft fjárfesting einkaaðila í gróðaskyni eiga nokkurn þátt í óðaverðbólgunni?

Það þarf ekki að hafa mörg orð um verðbólgurækt hæstv. ríkisstj. Sá ferill hefur margsinnis verið rakinn hér á hv. Alþ., og árangur stjórnarstefnunnar blasir nú við. Um hann þarf ekki að deila, þegar jafnvel sjálft aðalmálgagn þess stjórnarflokksins, sem mestu hefur ráðið, boðar nú nauðsyn endurreisnar efnahagsmála á rústum stjórnarstefnunnar í lok kjörtímabilsins. En þegar á að snúa sér að vandanum og hefja verkið, þá sjá stjórnarflokkarnir ekki nema eina orsök. Kaupmáttur almennra launataxta er of mikill, og er það þó staðreynd að kaupmátturinn er lægri nú en bæði árin 1972 og 1973, að ekki sé talað um árið 1974, enda þótt þjóðartekjur á mann hafi aukist á sama tíma og séu nú hærri en á hverju þessara ára fyrir sig.

Þessi stefna um niðurskurð kaupmáttar launa er m. a. orðuð svo í grg. frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum sem hér er til umr., með leyfi hæstv. forseta: „Ef stefna á að því að ná tökum á verðbólguvextinum þegar á þessu ári er sýnt, að ekki er um annað að ræða en að draga úr víxlgangi verðlags og launa með því að takmarka nokkuð þær kauphækkanir sem ráðgerðar eru með kjarasamningum.“ Það á þannig að draga úr víxlgangi verðlags og launa, ekki með því að lækka verðlag, heldur með því að hækka verðlag, rjúfa gerða kjarasamninga og halda með lagasetningu niðri umsömdum verðlagsbótum á laun. Að sjálfsögðu sjá stjórnarflokkarnir ekki frekar en fyrr neina aðra leið, enda er það svo, að til viðbótar almennum verðlagshækkunum vegna gengislækkunarinnar og ofan í skerðingu vísitölubóta eru nú sem óðast boðaðar stórfelldar hækkanir þjónustugjalda opinberra aðila, Pósts og síma, sjónvarps, útvarps, strætisvagna. Algengustu hækkanirnar eru um 25—30% í einu lagi og hjá strætisvögnunum 50% þegar börn eiga í hlut. Það er líklega gert til bess að hirða fyrir fram þá rausnarlegu 5% hækkun barnabóta í skatti sem gert er ráð fyrir í frv.

Það er svo mál út af fyrir sig, sú dæmalausa ósvífni sem fram kemur í málgögnum stjórnarflokkanna og ræðum hér á hv. Alþ., að í frv. sé miðað við óbreyttan kaupmátt launa. Ég held að hæstv. forsrh. hafi orðað þessa kenningu svo í gær við 1. umr. þessa máls, að í frv. væri ekki gert ráð fyrir kjaraskerðingu. Það tekur því ekki að hafa mörg orð um slíkan málflutning. Hann dæmir sig sjálfur og hann mun ekki bæta andrúmsloftið meðal beirra sem ákvæði þessara væntanlegu laga bitnar á.

Í grg. frv. eru þó tölur, sem lesa má út úr

hvað raunverulega er gert með lagasetningunni um riftun kjarasamninga. Þar má sjá að án lagasetningar er spáð 36% hækkun verðlags frá upphafi til loka þessa árs, en með lagasetningunni yrði verðlagshækkunin 30%, draga mundi úr verðlagshækkunum um nálægt sex prósentustig. Í grg. kemur einnig fram, að spáð er hækkun kauptaxta frá upphafi til loka þessa árs að óbreyttum ákvæðum kjarasamninga um 43%, en eftir riftun þeirra samkv. frv. yrði hækkunin 20% eða kauphækkunin yrði lægri sem nemur 23 prósentustigum, þegar hækkun verðlags yrði einungis um 6 prósentustigum lægri. Ef miðað er við meðalhækkun verðlags yrði verðlagshækkunin samkv. frv. 3—4% prósentustigum lægri en ella, en hækkun kauptaxta 13 stigum lægri en samkv. samningum.

Það sést ljóslega af þessum tölum, hversu fer um gildandi kaupmátt þegar spáð er að miðað við samþykkt þessa frv. verði hækkun verðlags frá upphafi til loka árs um 30%, en hækkun kauptaxta um 20%. Og svo er því logið að almenningi, að frv. feli enga kjaraskerðingu í sér, um leið og launafólk er beðið að taka þessu öllu með umburðarlyndi og skilningi. Sá málflutningur, sem talsmenn stjórnarflokkanna viðhafa, og öll vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu þessa máls eru án efa ekki líkleg til að stuðla að því hugarfari sem sóst er eftir.

Þessari fyrirhuguðu stórfelldu kjaraskerðingu er komið fram með lagaboði um riftun gildandi kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins, þ. á m. samninga ríkisins sjálfs við starfsmenn sína. Þeim samningum er rift áður en lokið er gerð sérsamninga. Og það er athyglisvert, að í ræðu eins hv. þm. Framsfl. í gær kom fram sú afdráttarlausa skoðun, að hæstv. fjmrh. hefði mátt vera ljóst þegar hann undirritaði samningana, að við þá yrði ekki staðið, eins og nú er komið á daginn. Þegar þessi vinnubrögð og frammistaða ríkisvaldsins gagnvart viðsemjendum sínum er höfð í huga verkar á mann eins og skrýtla skýring í grg. með þáltill., sem einn varaþm. Framsfl. hefur lagt fram þessa dagana um að ríkið verði virkur aðili að kjarasamningum vinnumarkaðarins, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú þáltill., sem hér er flutt, felur í sér að ríkisvaldið gerist beinn þátttakandi í gerð kjarasamninga og taki þannig fulla ábyrgð á framkvæmd þeirra á svipaðan hátt og um eigin starfsmenn væri að ræða.“

Hún sést best þessa dagana, ábyrgðin sem ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. tekur á kjarasamningum sem hún gerir við eigin starfsmenn. Það er er engu líkara en hv. þm. vilji nota tækifærið, þennan tíma sem hann situr á hv. Alþ., til að hæðast að og storka hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. fjmrh., þegar hann beitir sér fyrir því þessa dagana að rifta eigin samningum og firra ríkið allri ábyrgð á þeim. Það ætti líka að vera óþarft að yfirfæra þess konar ábyrgð ríkisins á kjarasamninga annarra aðila vinnumarkaðarins. Sú afgreiðsla, sem hér fer nú fram, sýnir að það þarf ekki að samþykkja sérstaka þáltill. til að ríkið meðhöndli þá samninga sem sína eigin.

Sú kjaraskerðing, sem hér er verið að framkvæma, kemur í kjölfar stórfelldrar nýrrar skattheimtu á almenning við afgreiðslu fjárl., — skattheimtu sem var þannig háttað, að hún mælist ekki til verðbóta á laun. Til þess að gera kleift að krækja saman fjárl. á pappírnum var sjúkratryggingagjald tvöfaldað, en sú skattheimta nær til mjög stórs hóps gjaldenda sem hafa lægri tekjur en svo að þeir greiði tekjuskatt. Enn fremur var skattvísitala ákveðin með þeim hætti, að í ákvörðun um hana fólst 2000 millj. kr. hækkun tekjuskatts. Samtals nam þessi nýja skattheimta um 4000 millj. kr. En þrátt fyrir hana og þrátt fyrir að fjárlög væru að nafninu til afgreidd með tekjuafgangi hefur nú komið í ljós, að ekkert var að marka fjárlagaafgreiðsluna frekar en fyrri daginn hjá hæstv. ríkisstj.

Í grg. með því frv., sem hér er til umr., kemur fram að staða ríkissjóðs er nú metin 2100 millj. kr. lakari en afgreiðsla fjárl. var miðuð við, þrátt fyrir þann stórhagnað sem ríkissjóður hefur af þeirri gengislækkun sem nýlega hefur verið framkvæmd. Í þessari skekkju munar mest um, eins og ég spáði í fjvn. fyrir afgreiðslu fjárl., að útgjöld sjúkratrygginga voru vanmetin svo að nemur líklega nær 1 milljarði kr. Enn fremur verður að velta greiðslum til Seðlabankans, sem inna átti af hendi á árinu 1977, yfir á árið 1978, því að ekkert var fremur en áður að marka yfirlýsingar hæstv. fjmrh. á Alþ. við 3. umr. um fjárlög um afkomu ársins 1977. Afgreiðsla fjárl. var blekkingarleikur. Nú er sá sannleikur kominn í ljós.

Þegar 4000 millj. kr. skatti var bótalaust velt yfir launafólk við afgreiðslu fjárl. var fyrirtækjum með öllu hlíft. Jafnvel mestu gróðafyrirtækin tóku ekki á sig eina krónu í auknum álögum. Við þær framhaldsaðgerðir, sem nú er verið að framkvæma, er hið sama uppi á teningnum. Launafólk er að verulegu leyti svipt samningsbundnum vísitölubótum á laun þegar verðhækkanir af völdum gengislækkunar og hækkunar þjónustugjalda dynja yfir. Framlag fyrirtækja er á hinn bóginn einungis það að lána ríkissjóði 10% af hreinum gróða með vísitölutryggingu. Þau njóta á hinn bóginn aðstoðar ríkisvaldsins til þess að lækka launakostnað frá þeim kjarasamningum sem þau eru aðilar að.

Stjórnarflokkarnir standa nú að riftun þeirra kjarasamninga sem ríkisstj. lagði blessun sína yfir s. l. sumar, þegar þó var spáð minni aukningu þjóðartekna en raun hefur orðið á, og þeir leggja enn fremur til, að rift verði nýgerðum kjarasamningum við starfsmenn ríkisins. En þeir hafa ekki við framlagningu þessa frv. látið þar við sitja, heldur ögruðu þeir samtökum launafólks enn frekar með því að knýja fram við afgreiðslu í Nd. samþykkt lagaákvæðis um að við næstu áramót verði afnumin áhrif óbeinna skatta á vísitölubætur á laun. Viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar og stjórnarandstöðunnar við þessari árás á samningafrelsið hafa nú orðið til þess, að stjórnarflokkarnir hafa heykst á að knýja fram lögfestingu á þessu ákvæði að þessu sinni. En það var athyglisvert í sambandi við þessa till. stjórnarflokkanna í frv., að þeir töldu og telja augsýnilega óhugsandi að þeir muni nokkru sinni lækka óbeina skatta, en það mundi að sjálfsögðu mælast til lækkunar kaupgjalds. Til þess að ná því markmiði að stjórnvöld gætu valið milli

beinna skatta og óbeinna, án þess að því fylgdu mismunandi áhrif á verðbótavísitölu, þá hefði þeim dugað að leggja til að óbeinir skattar mældust ekki til hækkunar verðbótavísitölu ef jafngildi þeirrar hækkunar kæmi fram í lækkun beinna skatta. Með þeim hætti stæði launafólk sem heild jafnrétt, en stjórnvöld gætu valið um skattstefnu, ef það hefði einungis verið það markmið sem að var stefnt. En að sjálfsögðu stefndu stjórnarflokkarnir og stefna enn að öðru og meira en því.

Það hefur verið reynt að gera vísitölukerfið tortryggilegt með því að vitna til þess, að ekki geti talist eðlilegt að hækka laun t. d. vegna verðhækkana á olíu á erlendum markaði, og mun ýmsum sennilega þykja að það megi til sanns vegar færa, enda var eitt sinn um það talað, að mjög stórfelld hækkun á þessari vöru hafi haft nokkur áhrif á ákvæði kjarasamninga, fulltrúum launþega hafi í því tilviki þótt rétt að taka nokkurt tillit til stórfelldra hækkana á verð innfluttra vara til landsins umfram breytingar á verði útflutningsvöru. En hver voru þá viðbrögð þeirra, sem nú krefjast riftunar kjarasamninga og kjaraskerðingar við stórbatnandi ytri aðstæður í þjóðfélaginu? Það skyldi þó ekki vera að þeir, sem ný hyggjast knýja þetta fram, hafi í málgögnum sínum birt sífelldar ögranir og hrópyrði að þeim fulltrúum launafólks sem vildu taka nokkurt tillit til þessara sérstæðu og óhagstæðu ytri aðstæðna.

Allar eru þó þessar aths. um ágalla vísitölukerfisins, ef um verðhækkanir erlendis væri að ræða, settar fram nú til þess að beina athyglinni frá því að nú eru aðstæður þveröfugar. Á s. l. ári bötnuðu viðskiptakjör um hvorki meira né minna en 10%. Það er því ekki til neins að tala um hvað ætti að gera við gagnólíkar aðstæður þeim sem hér hafa ríkt að undanförnu. Það, sem skiptir máli nú, er hvort ytri aðstæður, ytri skilyrði í þjóðarbúskapnum gefi tilefni til að stórskerða kjör launafólks. Það er öðru nær.

Hér er verið að kljást við óstjórn og ráðleysi ríkisstj., sem hefur reynst risi á brauðfótum og hefur farið með eindæmum hörmulega með gullið tækifæri þjóðarinnar til að bæta sinn hag og efnahagskerfi sitt. Nú er lagt til að í einu mesta góðæri, sem þjóðin hefur lifað, verði til viðbótar skerðingu kaupmáttar almennra launa skornar niður samfélagslegar framkvæmdir, þær framkvæmdir í landinu sem koma öllum landsbúum að gagni og jafna aðstöðu og lífskjör landsmanna, hvar sem þeir búa í landinu. Slíkar framkvæmdir á að skera niður. En ekkert er gert til að sporna við stjórnlausum gróðafjárfestingum einkaaðila. Hinir og aðrir spekúlantar fá fé úr bönkum og opinberum sjóðum til fjárfestingar sem eingöngu er hugsuð til þess að græða á þeirri verðbólgu sem ríkisstj. hefur dyggilega ræktað undanfarin ár. Hvað skyldu þau t. d. vera mörg húsin sem ríkissjóður hefur greitt fyrir einkaeigendur með leigu fyrir ríkisstofnanir, þegar nauðsynlegustu byggingarframkvæmdir ríkisins eru markvisst skornar niður?

Hæstv. utanrrh. taldi í ræðu sinni í þessari hv. d. í gær, að ekki væri ástæða til eða heppilegt að hafa í þessu frv. ákvæði um afnám áhrifa óbeinna skatta á verðbótavísitölu. Þetta væri óþarfa bráðlæti af stjórnarflokkunum. Hann taldi að það þing, sem kæmi saman eftir kosningar, ætti að taka um þetta ákvörðun. Hæstv. ráðh. sagði jafnframt, að þetta ákvæði væri stefnuyfirlýsing þeirra manna, sem standa að þessu stjfrv. Og nú hafa stjórnarflokkarnir fallist á þetta sjónarmið hæstv. utanrrh., að geyma lögfestingu þessa ákvæðis þar til eftir kosningar, ef þeir hafa þá aðstöðu til að koma því fram.

Það er rétt, þetta ákvæði, sem átti samkv. frv. að koma til framkvæmda um næstu áramót, er stefnumark þeirrar ríkisstj., sem ætlaði sér í upphafi að knýja fram samþykkt allra greina þessa frv. og hefur það að sameiginlegu markmiði í alþingiskosningunum að tryggja framkvæmd 3. gr. þess í fyllingu tímans.

Þetta ákvæði, sem samþ. var í Nd. og formannaráðstefna verkalýðsfélaganna telur jafngilda því, að lögbundinn samningsréttur verkalýðsfélaga og vinnuveitenda sé af þeim tekinn og falinn ríkisvaldinu, fellur vel að stefnu Sjálfstfl. og Framsfl. Það er býsna skammt á milli þeirra í mikilsverðustu málum. Ég vitna í því sambandi í leiðara Morgunblaðsins frá 24. ágúst 1974, þegar viðræður Sjálfstfl. og Framsfl. voru á lokastigi. Þar var rakið hversu mjög áhugamál þessara flokka falla saman og þar sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá ber að hafa í huga, að í raun réttri er ekki stórvægilegur munur á stefnu flokkanna í grundvallarefnum."

Þetta sagði Morgunblaðið í leiðara 24. ágúst 1974, og þau þrjú og hálft ár, sem síðan eru liðin, hafa staðfest þau orð fullkomlega. Afgreiðsla þessa frv. og ekki síst ákvæði 3. gr. þess eru enn einn votturinn um sannleiksgildi þeirra.

Segja má að á þessu kjörtímabili hafi Sjálfstfl. og Framsfl. verið í eins konar trúlofunarstandi. Með ákvæði 3. gr. frv., sem samþykkt var í Nd. og nú hefur verið frestað í bili og felur í sér sameiginlega stefnumörkun þeirra fyrir næsta kjörtímabil, er opinberlega lýst með þeim hjúum. En þess er að vænta, að í alþingiskosningunum í sumar lýsi nógu margir kjósendur þeim meinbugum á náinni og áframhaldandi sambúð þessara flokka, að þjóðin verði firrt frekari samstjórn þeirra.

Það er nú ljóst, að verkalýðshreyfingin mun bregðast hart við samþykkt þessa frv. og þeim vinnubrögðum sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft. Reynslan í baráttu verkalýðshreyfingarinnar gegn einstökum efnahagsráðstöfunum í þessu þjóðfélagi sýnir ljóslega, að á meðan ekki verða grundvallarbreytingar á sjálfu þjóðfélagskerfinu stendur launafólk í sömu sporum innan skamms tíma frá því að áfangasigrar hafa náðst í einhverjum efnum.

Grundvallarástæðan til þess, að þróun efnahagsmála hefur verið með þeim hætti sem raun ber vitni um í okkar þjóðfélagi, er að sjálfsögðu sjálf þjóðfélagsskipunin. Þar eru annars vegar þeir, sem skapa verðmætin með vinnu sinni, launafólk í sífelldri varnarbaráttu fyrir kjörum sínum, og hins vegar svokallaðir eigendur framleiðslutækjanna, þeirra tækja sem beita þarf við öflun verðmætanna. Þessir svökölluðu eigendur eru í flestum tilvikum einungis yfirráðamenn atvinnutækjanna, fjármagnið er fengið úr opin-

berum sjóðum og lánastofnunum. Aðgerðum ríkisvaldsins er svo beitt, hvenær sem á þarf að halda, til að lyfta hverjum og einum þessara yfirráðamanna fyrirtækjanna yfir alla þröskulda í rekstrinum, hversu illa sem að honum er staðið og hversu mikið sem dregið er út úr honum til einkaneyslu.

Í þessu þjóðfélagi er allt skipulagt sem hægt er að skipuleggja, nema það grundvallaratriði sem atvinnulífið, framleiðslan og fjárfestingin er. Á hverju hausti er t. d. ákveðið og skipulagt, jafnvel með tölvum, í hvaða kennslustofu hver og einn einasti nemandi og kennari í öllu skólakerfinu skuli halda sig á hverjum klukkutíma allt skólaárið og við hvað skuli þar fengist. Vegna þess að einkagróðasjónarmiðið er leiðarljósið í þjóðfélaginu er rekstur atvinnuveganna, innflutningur og fjárfesting, á sama tíma stjórnlaust. Við slíka þjóðfélagsskipan er sólundað fjármagni í 100 fiskvinnslustöðvar þar sem 10—20 væru hæfilegur fjöldi. Þar ætlar hver og einn að kroppa augun úr hinum, en launafólkið borgar að sjálfsögðu reikninginn með einum eða öðrum hætti, og aftur og aftur borgar launafólkið brúsann. Opinberir sjóðir og launahlutur almennings eru sá bakhjarl sem slíkur einkagróðarekstur byggir á. Þaðan er dælt hressingunni til þessara aðila, þegar þeir eru farnir að hengja hausinn, vegna þess að enginn svokallaður rekstrargrundvöllur er til fyrir slíka stjórnlausa fjárfestingu og rekstur. Launaþátturinn og opinberir sjóðir eru bakhjarlinn. Þangað eru sóttar greiðslurnar fyrir sóunina, en hver aðili í atvinnurekendahópnum, sem græðir, dregur sitt á þurrt. Gróðinn er friðhelgur og ekkert af honum tekið til að bjarga þeim yfirráðamönnum atvinnutækjanna, sem vesælastir eru hverju sinni.

Eins og ég áðan greindi, voru við afgreiðslu fjárl. fyrir síðustu jól lagðar 4000 millj. kr. skattaálögur á launafólk, annars vegar með breyttum ákvörðunum um skattvísitölu og hins vegar með tvöföldun sjúkratryggingagjalds, en allur atvinnurekstur, líka sá best setti, er friðhelgur. Hið sama gerist nú við afgreiðslu þessa frv. sem hér er til umr. Fer þó ekki á milli mála að verslunarrekstur t. d. hefur skilað verulegum hagnaði á s. l. ári. Sá hagnaður í heild jókst um 76% á s. l. ári og t. d. hagnaður bifreiðaverslunar fjórfaldaðist. Við stórfellda nýja skattlagningu á almenning við afgreiðslu fjárl. var þessi gróði verslunarinnar friðhelgur, og hann er enn friðhelgur við afgreiðslu þessa frv. að öðru leyti en því, að 10% af hagnaði skal lána ríkissjóði með vísitölutryggingu. Vísitölubætur á laun eru hins vegar skornar niður og launakostnaður verslunarinnar og annarra atvinnugreina beinlínis lækkaður frá því sem ella hefði verið. Laun og launatengd gjöld í verslunarrekstri gætu á þessu ári numið um 30 milljörðum kr. Væri reiknað með 10% lækkun raungildis þessara launa vegna ákvæða þessa frv., vegna skerðingar vísitölubóta, færði það versluninni 3 milljarða kr. lækkun launakostnaðar á einu ári. Þeir, sem græða í atvinnurekstrinum, hirða sitt á þurru og fá sérstaka ábót með samþykkt þessa frv., enda er líf í tuskunum í þessari grein. Morgunblaðið greindi frá því s. l. þriðjudag, að um 60—70 aðilar sækist eftir verslunaraðstöðu við Hlemmtorg í Reykjavík. En staða einstakra greina atvinnurekstrarins sannar að sem jafnan fyrr, þegar Sjálfstfl. ræður mestu í ríkisstj., þá fleytir innflutningsverslunin rjómann í þjóðarbúskapnum. Framleiðsluatvinnuvegunum er svo haldið gangandi með því að sækja fjármunina til launafólks með því að rifta kjarasamningum í kjölfar gengislækkunar, og verslunin nýtur góðs af.

Verkalýðsstéttin mun að sjálfsögðu snúast gegn samningsrofi og kjaraskerðingu með ekki minni hörku en fyrr. Verkalýðssamtökin heyja þrotlausa varnarbaráttu í þessu þjóðfélagi. Kaupmáttur launataxta er lægri en hann var 1972 þrátt fyrir verulega aukningu þjóðartekna á mann. Á meðan innflutningur og fjárfesting, uppbygging og rekstur atvinnustarfseminnar er óskipulagðari og stjórnlausari en allt annað í þjóðfélaginu verður niðurstaðan í líkingu við það sem verið hefur hingað til og efnahagsöngþveitið í góðærinu nú ber ljósast vitni um. Innflutningsverslunin og aðrir milliliðir græða, en endalausar bráðabirgðaráðstafanir vegna framleiðsluatvinnuveganna lenda á herðum verkalýðsstéttarinnar. Þetta er ekkert nýtt og þetta mun í sífellu gerast þar til sjálfum grundvellinum hefur verið breytt og þeir, sem verðmætin skapa, eiga sjálfir og stjórna aðalframleiðslutækjunum. Á meðan uppbygging og rekstur veigamestu atvinnufyrirtækja í landinu þjónar fyrst og fremst tilraunum einstaklinga til að nota almannafé í því skyni að skófla til sín einkagróða verður ekkert lát á slíkum hjaðningavígum í þjóðfélaginu.

Baráttan gegn einstökum kjaraskerðingarákvæðum þessa frv. og þeim samningsrofum, sem hér er verið að fremja, er óhjákvæmileg og hún hlýtur að verða háð af hörku undir forustu heildarsamtaka launafólks. En sú barátta kemur fyrir ekki og getur ekki tryggt til frambúðar lífskjör og réttindi launafólks, ef hún beinist ekki að því að stuðla að þeim grundvallarbreytingum á sjálfu efnahags- og þjóðfélagskerfinu, að þeim, sem standa undir verðmætasköpuninni, verði fenginn rétturinn til að stjórna framleiðslunni í þágu heildarinnar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja nokkur orð við 2. umr. Mér þykir rétt að byrja á því að fjalla lítils háttar um 3. gr., vegna þess að nú er komin fram brtt. sem felur í sér að hún skuli falla niður. Ég hafði allmörg orð um 3. gr. og taldi mjög hæpið að hún yrði í frv. áfram og yrði gerð að lögum, þar sem gildistími 3. gr. átti að vera frá 1. jan. 1979, en þar sagði, að óbeinir skattar skydu ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu. Hæstv. forsrh. kallaði þetta stefnumörkun. Ég taldi að með því að hefja viðræður við forsvarsmenn launþegasamtakanna eða jafnvel að fella þetta niður eða láta breytinguna, sem boðuð væri, taka gildi í áföngum, þá mundi nást mikill árangur og jákvæðari afstaða varðandi efni frv. Þess vegna vil ég þakka fyrir að þetta er gert. Ég taldi að hæstv. forsrh. væri að gefa í skyn, að þessir ríkisstjórnarflokkar mundu ætla að starfa áfram í gegnum þykkt og þunnt, hér væru þeir að boða það sem koma skyldi og fólk ætti að vita það í tæka tíð. Það getur vel

verið að svo verði. En svarið mun þá koma í kosningunum, bæði gagnvart þessu atriði og 1. gr. frv., sem auðvitað er aðalatriði frv., þ.e. að hefta verðbótavísitölu á launin. Það er auðvitað aðalatriði frv. og fram hjá því verður aldrei gengið. Annars væri frv. ekki flutt. Engu að síður tel ég mikilvægt að á þetta hefur verið hlustað. Ég tók einnig eftir því, að hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni í gær, að þetta ákvæði væri honum ekki mikið í mun að hafa, og jafnvel skildi ég hann svo, að best væri að það hyrfi. Sem sagt, hæstv. ríkisstj. hefur tekið þá ákvörðun að fella 3. gr. út úr frv., og meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur flutt þessa brtt., þó að um það væri aldrei rætt á fundi n. í morgun og honum lauk um kl. hálfellefu án þess að á þetta væri nokkuð minnst. En hæstv. ríkisstj. mun hafa fjallað um málið á fundi sínum fyrir hádegi í dag og komist að þessari niðurstöðu. Þetta tel ég jákvætt.

En eftir stendur meginatriði frv., þ.e. að hefta verðbætur á launin samkv. kjarasamningi. Á laun, sem nema yfir 176 þús. kr. á mánuði, hvernig sem þeirra er aflað, koma ekki fullar verðbætur. Þær koma aðeins á lægri laun.

Hæstv. utanrrh. sagði í gær, að menn hefðu kveðið mjög sterkt að orði, að hér væri um árás á launþegasamtökin að ræða. Launþegasamtökin hafa sjálf ályktað um þetta mál, og virðist nú sem nokkur órói sé í þeim og þau búist til átaka. Ég segi það hreinskilnislega, að það er alltaf neyðarúrræði að hafa slíkt uppi, að til átaka komi, og þar sem stutt er í kosningar, þá tel ég langhyggilegast af þessum mönnum að mótmæla kröftuglega og kynna sjónarmið sín vítt um landið og láta dóminn falla í næstu kosningum svo eftirminnilega að slíkt háttalag sem þetta frv. boðar verði ekki aftur haft í frammi. Það er sá eini dómur sem mun gilda og hafa sín einu og sönnu áhrif í framtíðinni. Þó að til verkfallsátaka komi nú á miðri vertíðinni, þá mun það ekki nægja. Það eina, sem dugir, er að launþegasamtökin og verkalýðshreyfingin tryggi sér það mikið afl hér á Alþ. að ekki verði framar ráðist í löggjöf beint gegn hagsmunum þeirra og gerðum kjarasamningum. Það er hið eina rétta svar sem launþegasamtökin eiga í dag.

Hæstv. utanrrh. taldi þessar ráðstafanir þær mildustu sem hægt væri að fara í. Menn eru auðvitað frjálsir að því að meta hvað er mildilegt og hvað ekki. En ég er ekki ánægður þegar ég sé að frv. gerir ráð fyrir — og það kom fram á nefndarfundi í morgun frá talsmönnum Þjóðhagsstofnunarinnar, — að enn yrði verðbólga 36—37% á ári. Meðan svo er, þá er þar um mjög alvarlegt mál að ræða. Þetta frv. er til þess að bjarga í takmarkaðan tíma frá mjög slæmu ástandi, það viðurkenni ég, og við erum flestir eða allir sammála um að það þurfi að bjarga a.m.k. mörgum frá vandræðum. En þetta er heildaraðgerð. Ég lagði á það nokkra áherslu og mér fannst hæstv. utanrrh. taka nokkuð undir það sjónarmið, að það þyrfti að líta á hvert einstakt tilfelli meira en gert hefur verið og haga sér samkvæmt því. Það er kannske sama sagan, að ekki er svigrúm til að gera slíkt og þess vegna þurfi að gera þetta á breiðum grundvelli og í einu skrefi, eins og það hefur verið orðað. En við verðum að gá að okkur. Það hafa margir verið hér óábyrgir, eins og síðasti ræðumaður kom inn á, og fjárfest mikið og hagað sér ógætilega og hljóta því enn stærri hluta úr kökunni en ella, vegna þess að þessar aðgerðir færa gífurlega fjármuni á milli í þjóðfélaginu. Þeir, sem óvarkárast fara, þ.e.a.s. fjárfesta mest, eru verðlaunaðir. Ég fullyrði enn einu sinni að sum fyrirtæki eru í miklum vanda vegna of mikillar og rangrar fjárfestingar. Ég segi einnig að almenningur í landinu hefur eytt um of vegna vantrúar á það, að gengi íslensku krónunnar sé nokkuð tryggt. Það er okkar stóri vandi, bæði nú og oft áður. Og á meðan fólkið trúir því ekki, að einhvers virði sé að spara, þá náum við aldrei þessu margumræddu og eftirsóttu jafnvægi í okkar efnahagsbúskap.

Ég er sammála því, sem kom fram hjá hæstv. utanrrh., að fólk vill auðvitað vinna, hafi það vinnu, heldur en að sækja bætur. Um það var ekki deilt. En ég lét í ljós þá skoðun, að við mættum gjarnan flýta okkur hægar í sambandi við ýmsar framkvæmdir en gert hefur verið. Manni finnst það hálfundarlegt, þegar við sjáum framkvæmdir á vegum ríkisins sem boðnar hafa verið út, að þá skuli vera unnið langt fram á kvöld á laugardögum og sunnudögum, þegar fjármál ríkisins eru í miklum þrengingum. Þetta gagnrýni ég, hvort sem um er að ræða vegagerð, viðgerð á skipi í þágu eða eigu ríkisins eða skólabyggingu. Hér er rangt staðið að verki að mínu mati, og þetta ásamt mörgu, mörgu öðru skapar aukna þenslu, meiri þarfir fyrir fjármagn í ríkiskassann, aukna skattþenslu og verðbólgu. Ég vil sporna við þessu. Ég vil leggja það, sem var grundvallaratriði í baráttu Dagsbrúnar í áratugi, að viðurkenna 40 stunda vinnuviku, sem grundvöll undir eðlilegu og heilbrigðu lífi hér á Íslandi. Ef framleiðslan þarf á tveimur stundum í eftirvinnu að halda á dag, þá má bæta við 8 eða 10 tímum á viku í eftirvinnu. Vinnu fram yfir það tel ég óheppilega. Mér er kunnugt um það, að á Norðurlöndum var þegar árið 1958 eða 1959, í flestum eða öllum Norðurlandanna, sett bann við yfirvinnu frá 1. maí til 15. sept. Vildu menn fá yfirvinnu unna á þessum tíma varð að sækja um það í félmrn. í hverju einstöku tilfelli. Eðlilegt er að við tökum þetta upp.

Hæstv. utanrrh. talaði um að það þyrfti oft að bjarga verðmætum og átti við sjávarsíðu. Það er rétt út af fyrir sig. Það þótti mikið átak í sveitinni þegar menn hættu að heyja á sunnudögum. Ég held að flestir bændur séu hættir að heyja á sunnudögum, a.m.k. meiri hl. E.t.v. gerir tæknin það mögulegt nú. En þetta fólk verður að eiga möguleika á að eiga frídaga eins og allir aðrir.

Ég má til að segja frá dæmi sem kom fyrir mig í sumar vestur á Vestfjörðum. Ég var þar í frystihúsi á laugardegi, og frá fimmtudegi til hádegis á laugardegi dundu yfir tilkynningar um dansleiki alls staðar og útisamkomur og þetta heyrðist í vinnusalina. Ég var að tala við verkstjóra og forstjóra fyrirtækisins, og hann sagði að þetta væri einhver mesta erting fyrir þetta unga fólk sem hér ynni, sem það gæti búið við. Þá var mikill afli og fólkið vildi vinna eða þurfti að vinna réttara sagt á laugardegi og jafnvel sunnu-

degi, en alls staðar dundu við auglýsingar um samkomur og gert ráð fyrir að fólkið hefði frí. Ég gagnrýndi það við forstjórann, að afli væri ekki fluttur á milli staða, sem var ekki ýkjalöng leið. En samkomulagið var nú ekki betra á milli staðanna en það, að það var ekki gert. Sama gæti ég sagt frá Norðurlandi. Við höfum horft á það, að það vantar fisk ekki ýkjalangt frá Akureyri og Akureyringar hafa unnið hvern einasta laugardag mánuðum saman þegar aðrir staðir í lítilli fjarlægð hafa verið fisklausir. Ég er á móti svona skipulagi og ég er á móti því, að það þurfi að fella gengi og taka af verkafólki réttmæt laun til þess að bjarga fyrirtækjum, sem haga sér rangt. En út á það ganga að mínu mati óumdeilanlega þessar ráðstafanir að hluta.

Það má deila um hvað á að gera. Það hefur oft verið gert áður og verður áreiðanlega gert í framtíðinni hér á hv. Alþ. Menn hafa alltaf gefist upp við að fara svokallaða verðlækkunarleið, verðhjöðnunarleið, sagt að hún bjargi engu. Ég trúi því ekki, að það megi ekki skipta eftir þessari leið. Ég trúi því ekki, að það megi ekki taka af hæstu launum í landinu, eins og þau eru í dag, launum sem eru yfir 300 þús. kr. á mánuði, eins og er hjá alþm. og mörgum fleirum, og skerða þau beint, ef það er rétt, eins og sagt er, að það þurfi að spara mikið fjármagn í ríkisrekstrinum og í mörgum atvinnugreinum, en leyfa hinum óbreytta verkamanni, sem er við fiskvinnsluna og höfnina, að halda sínu. Ég trúi ekki að það megi ekki reyna þessa leið eða hafa blöndu úr þessum leiðum. Það er rétt, sem kom fram hjá frsm. meiri hl., að hér er ekki valin ein ákveðin leið, eins og kemur fram í áliti verðbólgunefndarinnar, heldur er hér um nokkra blöndu að ræða. En ekki er gert ráð fyrir neinni beinni verðhjöðnunarleið, ef frá er talið það stóra afrek að lækka prósentu vörugjalds úr 18% í 16%. Alveg óskiljanlegt er að ekki skuli vera gert meira, þar sem allir vita að þetta vörugjald hefur valdið aukinni verðbólgu í þjóðfélaginu. Þó að ríkissjóður nái til sín skattpeningum í fyrstu lotu, þá dregur þetta vörugjald stórfé til baka frá hæstv. fjmrh. vegna áhrifa þess í verðmyndun í þjóðfélaginu.

Ég harma það, að menn skuli alltaf gefast upp við að hamla á móti dýrtíðinni, eins og raun ber vitni, og fara hina einfaldari og þægilegri leið. Það er gert nú enn einu sinni. Ég sagði hér við 1. umr., að allir flokkar hafi staðið að þessari leið og einnig minn flokkur. Ég tel að við verðum einhvern tíma að reyna aðra leið en þessa. Frsm. meiri hl. fullyrti að við kæmumst ekki hjá því að gera eitthvað, við værum staddir í vanda og það yrði ekki hægt að aka sér undan því að takast á við þennan vanda. Það er alveg rétt. En það er bara svona, að menn sjá alltaf það sem er þægilegast og einfaldast og fara þá leið. Fyrir bragðið líður ákveðinn tími og við erum komnir í sama farið aftur. Ég fullyrði enn einu sinni, að innan tiltölulega skamms tíma lendum við í sama farinu, og þá er verr af stað farið en ekki að mínu mati. Þá erum við einu þrepi neðar og virðingarleysi gagnvart íslenskri krónu minna en áður og er þó ekki á bætandi.

Það er tilgangslaust, sagði frsm., að færast undan vandanum. Þetta er alveg rétt. En þetta frv. tryggir ekki neina lausn til frambúðar. Sem betur fer búum við við mjög hagkvæm ytri skilyrði nú og ætti þess vegna ekki að þurfa að ráðast beint að kjörum hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu, heldur að vinda ofan af þeim sem eru hærra settir. Það á að setja hér á skyldusparnað fyrirtækja. Það mætti hafa um það mjög langt mál, vegna þess að skyldusparnaðurinn á að koma fram, eins og segir í 6. gr., af skattgjaldstekjum fyrirtækja miðað við árið 1977. Ef þetta hefði verið minni prósenta og beint á veltu — hér er reiknað með 10% af skattgjaldstekjum, þá hefðum við fengið eitthvert fjármagn inn. En hvað eru nettóskattgjaldstekjur? Þær eru hjá æðimörgum fyrirtækjum engar, jafnvel mörgum hundruðum fyrirtækja. Hér er því nú sýnd veiði, en ekki gefin. Hins vegar er þar gengið beint framan að manni, sem hefur 130—150 þús. kr. í laun og hann skal sviptur allverulegri upphæð.

Ég tala nú ekki um framkvæmdina í 2. gr., eins og hún verður við alla þessa útreikninga. Eins og frsm. drap á, þarf að setja reglugerð og hana þarf að setja strax, hvernig á að framkvæma þessa útreikninga, og það kann að vera erfitt mál. Tökum bara einfalt dæmi eins og gildir nú víða um land, að það er ekki um samfellda vinnu að ræða og sami maður verður að vinna jafnvel á tveimur stöðum, segjum kona í frystihúsi og jafnvel einhverja aðra vinnu. Ef þessir aðilar fara að skipta því á milli sín, hvað hún hefur í tekjur, og reikna uppbætur samkv. því, þá má vera þar góð samvinna. Og það má vera mikið lipurmenni, sá maður sem ber ábyrgð á launaútreikningunum, ef þessi viðkomandi persóna á að fá það sem henni ber. Það má ganga ákaflega vel.

Því miður er framkvæmd 2. gr. ákaflega óviss og felur örugglega í sér árekstra, leynilega árekstra milli launþega og vinnuveitenda og kann að skapa mikla óvissu í útborgun. Það kom greinilega fram í morgun á fundi okkar, að þetta vandamál er hvergi nærri leyst meðan við höfum ekki reglugerðina fyrir augum, sem auðvitað er ekki hægt á þessu stigi. Það liggur fyrir að hér er mikið vandamál í framkvæmd.

6. gr. um skyldusparnað félaga og stofnana á að gera eitthvað til þess að lagfæra þetta ástand og draga úr fjárfestingarkapphlaupi. En þegar viðmiðunargrunnurinn er þessi skattgjaldsstofn, þá tel ég að fjöldamörg fyrirtæki sleppi og þetta verði ekki sá hemill á fjárfestingu sem jafnvel hæstv. ríkisstj. hafði hugsað sér, og því hefði ég talið að það ætti að hafa aðra viðmiðun, miklu lægra gjald, en hafa hluta af veltu sem kvöð að leggja til hliðar. Nú munu margir segja, að nú þegar skorti menn svo mikið rekstrarfé að enginn minnsti möguleiki sé að leggja neitt til hliðar og menn þyrftu jafnvel miklu meira fjármagn. Hjá sumum er þetta rétt, hjá öðrum ekki. Það er staðreynd, að ásókn hjá fjárfestingarsjóðum er nú með allra mesta móti og svo mikil, að ekki er með nokkru móti mögulegt að sinna þeim óskum. Þetta bendir til þess, að enn sé sama sagan, að allir vilji flýta sér að fjárfesta áður en verðbólgan verður meiri og telji sig hafa svo mikinn hag af því, að það er næstum allt réttlætanlegt í því efni. Ég hefði viljað, — það er ekki hægt núna og það var ekki heldur rætt til

hlítar í morgun, — hafa þetta ákvæði í 6. gr. með öðrum hætti til þess að tryggja að við næðum nokkrum skyldusparnaði frá félögunum ekkert síður en frá einstaklingunum. En ekki hefur gefist svigrúm til að móta það og þess vegna er þessi grein að mínu mati lítilsigld og meira til að sýnast, en ekki eins raunhæf.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum aðeins endurtaka það, að ég met það mikils að 3. gr. skuli vera felld burt. Engu að síður er efni 1. gr. það sem launþegasamtökin munu vera óánægð með og mótmæla kröftuglega. En ég tel að upphlaup í þessu þjóðfélagi sé óæskilegt. Eina rétta svarið er krossinn á réttum stað þegar að kosningum kemur nú í sumar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. síðasta ræðumanni, 1. landsk. þm., fyrir þann áróður sem hann hafði hér uppi í lok síns máls fyrir Sjálfstfl. Hann talaði um að beina því til fólksins að setja krossinn á réttan stað við næstu kosningar. Ég skil hann þannig, að hann sé með áróður fyrir Sjálfstfl., og fagna ég því, þó að áróður sé óviðeigandi úr þessum ræðustól.

En ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er sú, að hv. 5. þm. Norðurl. v. gat þess í ræðu sinni, að ég sem efsti maður á lista Sjálfstfl. í Reykjavík treysti mér ekki til að skrifa undir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um það frv. til l. sem ríkisstj. hefur nú lagt fram um ráðstafanir í efnahagsmálum. Hann ruglar saman kjörtímabilum. Það er fyrir næsta kjörtímabil sem ég er efsti maður á lista Sjálfstfl., en ekki á þessu kjörtímabili. En það skiptir nú ekki máli, það er svo margt ruglað og mikill ruglingur sem kemur úr þeim herbúðum, að það fyrirgefa allir honum þann misskilning. Ég get í stuttu máli gert honum og öðrum hv. þm. grein fyrir því, hver ástæða er fyrir því, að ég get ekki fylgt frv. þessu, en hún er einfaldlega sú, að allt frá upphafi þessa kjörtímabils hef ég talið þá efnahagsstefnu, sem ríkisstj. valdi og hefur fylgt, svo líka þeirri efnahagsstefnu, sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, vinstri stjórnin, rak á síðasta kjörtímabili, og langt frá boðaðri stefnu Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar, að ég gat ekki sætt mig við hana og geri það ekki enn. Og þetta er engum dulið, ég hef sagt þetta áður, bæði úr þessum ræðustól og annars staðar. Málefnasamningurinn var þar af leiðandi ekki að mínu skapi.

En það er ekki þar með sagt, að ég telji rangt að ríkisstj. reyni að gera þær ráðstafanir sem með þarf til þess að draga úr hinum slæmu áhrifum vinstristjórnarstefnunnar og koma í veg fyrir stöðvun atvinnuveganna eða stöðvun undirstöðuatvinnuveganna, skulum við segja. Ég er ekki ósammála því, sem kemur fram í nál. hv. minni hl. fjh.- og viðskn., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það er vissulega alvarlegt mál, að ríkisstj. sem sjálf gerir bindandi launasamninga og lætur fjmrh. sinn skrifa hátíðlega undir launa- og kjarasamninga, skuli eftir aðeins þrjá mánuði leyfa sér að svíkja slíka samninga. Þannig hefur núv. ríkisstj. staðið að samningsgerð við BSRB og þannig ætlar hún að hlaupa frá samningum."

Ég er ósammála þessu að því leyti til, að ég tel ekki að ríkisstj. sé að svíkja gerða samninga. Ég skal ekki taka undir það. En að sjálfsögðu harma ég að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar skuli vera þannig, að ríkisstj. telji nauðsynlegt að gera þær ráðstafanir sem hér eru til umr. En það er ekki vegna þess að ríkisstj. sé að gera fólkinu í landinu einhverja bölvun. Það má skilja af málflutningi hv. stjórnarandstöðuþm., að það sé ein aðalástæðan, að ríkisstj. sé vísvitandi að gera fólkinu einhverja bölvun með þessum bráðabirgða- eða neyðarráðstöfunum. Ríkisstj. leggur þessar ráðstafanir í efnahagsmálum fram í framhaldi af öðrum ráðstöfunum, gengislækkuninni, til þess að tryggja rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuveganna og til þess að tryggja að fyrirvinna heimilanna hafi tekjur reglulega. Ég held að það hljóti að vera aðalatriðið fyrir alla, hvort sem þeir eru þm. eða ekki þm., meirihluta- eða minnihlutamenn, að það atvinnuástand ríki, að heimilisfeður og fyrirvinnur hafi tekjur og það reglulega. Ég vil bæta við og segja það, að ríkisstj. ber skylda til þess að grípa til ráðstafana þegar hætta steðjar að í þjóðfélaginu. Ríkisstj. mundi ekki grípa til sérstakra ráðstafana nú nema hún telji að það ástand sé í þjóðfélaginu, að það þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana. (**StJ:** Það er þá mikið í húfi að þær séu réttar.) Já, við kjósum okkur ríkisstj. og við verðum að treysta mati hennar. Hún hefur besta yfirsýn yfir mál á hverjum tíma. Og ég vil endurtaka, að ríkisstj. ber skylda til að grípa til ráðstafana þegar hætta steðjar að í þjóðfélaginu, hvort sem hv. 5. þm. Norðurl. e. líkar það betur eða verr — Annars held ég að hann sé á mælendaskrá á eftir. — En þjóðin ætlast til þess af ríkisstj., að hún stjórni og hún sýni festu í stjórnaraðgerðum. Og ég vil endurtaka það, að ríkisstj. hefur að eigin mati farið mildustu leiðina í ráðstöfunum nú.

Þjóðin vill ekki að launþegasamtökin stjórni landinu né heldur samtök atvinnurekenda og því síður Alþingi götunnar. Þetta skilur þjóðin, þótt „verkalýðsrekendurnir", sem ég hef nefnt svo hér á Alþ., eða sjálfskipaðir talsmenn fólksins á Alþ. hafi hátt og jafnvel hafi leyft sér að hóta í nafni verkalýðssamtakanna að virða ekki lög frá Alþingi. Hvað þýðir það? Af hverju koma þessir menn ekki hreint fram og segja að þeir séu að boða byltingu? Við skulum átta okkur á því, hvað þetta þýðir. Þeir boða það, að fólkið fari ekki að lögum frá Alþ. Það er alþekkt og ekkert nýtt, að aðalmarkmið Alþb.-manna er að grafa undan stjórnarsamstarfinu. Og nú halda þeir að þeir hafi fengið beittasta vopnið í hendurnar og geti æst til verkfalla og æst verkafólk eða notað verkafólk í þeirri iðju sinni.

Nei, ég vil að það komi alveg hreint fram, ég fullvissa hv. þm. um það vegna fsp. frá hv. 5. þm. Norðurl. e., að ég styð ríkisstj. í öllum þeim aðgerðum sem að mínu mati stefna að því að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Og ég dreg ekki í efa að þjóðin öll styður ríkisstj. í þeirri viðleitni.

En það er ýmislegt annað í þessu frv., sem ég get ekki sætt mig við. Það er t. d. IV. kafli, 6. gr., um skyldusparnað félaga og stofnana. Mér finnst vera ráðist þar á þau á sama hátt og var ráðist á einstaklingana þegar skyldusparnaður

einstaklinga var hér settur á, félög og stofnanir svipt ákvörðunarrétti til að ráðstafa eignum sínum. Það er gert á sama tíma sem vitað er að fyrirtæki og stofnanir eru fjárvana. Og hvernig er ástandið á peningamarkaðinum þegar þessar ráðstafanir eru gerðar? Bankarnir hafa í langan tíma lokað síðustu mánuði ársins fyrir alla fyrirgreiðslu til þess eins að geta sýnt góða lausafjárstöðu um áramótin. Það dregur að sjálfsögðu mikið úr bæði félögum, stofnunum og fyrirtækjum almennt. Síðan er búið að setja útlánabak, það er búið að takmarka hvað má setja mikið af þessari blóðgjöf inn í lífæð þjóðarinnar, af þeirri sparifjármyndun sem er á hverjum tíma. Sem sagt, féð er ekki notað sem skyldi. Það er notaður hluti af því. Og nú er búið að bæta við vaxtabreytingum fjórum sinnum á ári, sem þýðir að nú á að fara fram vaxtabreyting eftir viku eða 10 daga, viku held ég, og bankarnir kaupa ekki viðskiptavíxla nema fram að þeim tíma, sem er innan við viku. Ef mikið liggur við fá þeir þá fyrirgreiðslu í yfirdráttarformi, sem kostar þá tvöfalt á við það sem það þyrfti að kosta, ef víxlarnir væru keyptir strax, sem sagt, yfirdráttarkostnaðurinn og síðan, þegar víxlarnir eru keyptir, víxlakostnaðurinn. Þar að auki eru strangar verðlagshömlur og til viðbótar við þetta er það orðin algild innanhússregla — það eru ekki lög — bankakerfisins að halda eftir 5% af keyptum víxlaupphæðum og leggja í sérstaka sparisjóðsbók á nafni fyrirtækjanna, sem er nokkurs konar trygging. Til viðbótar þessu stendur hér í 6. gr., í IV. kafla, með leyfi forseta:

„Skyldusparnaður telst að fullu greiddur þegar fullnaðarskil hafa verið gerð á öllum þinggjöldum gjaldanda til ríkissjóðs samkv. þinggjaldabók ásamt þar greindum skyldusparnaði."

Í Reykjavík er innheimtudeild, Gjaldheimtan í Reykjavík. Öllum gjöldum, sem greidd eru, er skipt á milli útsvara og ríkistekna, þannig að það verður að greiða að öllu opinber gjöld áður en hægt er að greiða inn á þennan skyldusparnað. Síðan segir, með leyfi forseta, í 7. gr., að „sé skyldusparnaðurinn ekki greiddur að fullu fyrir 1. febr. 1979 reiknast verðbætur þó aðeins frá 1. jan. næsta ár á eftir fullnaðarskilum". Sem sagt, það fé, sem er greitt við skulum segja eftir 1. febr. 1979, greitt t.d. 2. febr., er verðbótalaust allt árið. Það er höggvið af atvinnurekendum og atvinnurekstrinum hér um bil í hverri línu. Síðan kemur, með leyfi forseta, í VII. kaflanum svo hljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma III. og IV. kafli til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda til ríkissjóðs fyrir skattárið 1977."

Maður skyldi ætla að ef fyrirtækin hefðu einhvern varasjóð eða eitthvað eftir til þess að leggja í þennan skyldusparnaðarsjóð, þá væri þó búið að ráðstafa honum þegar komið er fram á árið 1978. En þetta á að verka aftur fyrir sig. Hvað skyldi svo eiga að gera við þennan skyldusparnað? Við skyldum ætla að það væri nóg, að fyrirtækjum væri gert að leggja þennan skyldusparnað inn í bankabók, þannig að hann væri þar fastur einhvern ákveðinn tíma á þeim kjörum sem bankakerfið segir til um. Það er hægt að leggja inn í vaxtaaukalán, það er hægt að gera ýmislegt og hafa bæði vexti og verðbætur. En í skýringu á bls. 8 með IV. kaflanum segir í 2. mgr., með leyfi forseta: „Má ætla, að skyldusparnaður þessi auki ráðstöfunarfé ríkissjóðs á árinu 1978 um 800 millj. kr."

Hver er að spara, ef þessu, sem tekið er í skyldusparnaðarfé af félögum og stofnunum, er bætt við ráðstöfunarfé ríkissjóðs? Úr hverju er verið að draga? Það er verið að færa til framkvæmdamöguleika, taka þá frá félögum og einstaklingum og afhenda ríkissjóði. Ég hef fengið þá skýringu, að þessar 800 millj. kr. eigi að fara í ríkissjóð að vísu til þess að greiða upp erlendar skuldir. Er það ekki alveg sama. Ríkissjóður hefur þá aðrar 800 millj. til þess að eyða. Það eru svona atriði í þessu frv. sem ég get ekki sætt mig við, og þar af leiðandi hef ég ekki skrifað undir þetta nál.

Ég vona að ég hafi svarað hv. 5. þm. Norðurl. v. nægilega til þess að fullnægja forvitni hans. Á sama tíma sem lögin eiga að skylda einstaklinga og fyrirtæki til þess að spara þarna um 10%, þá segir, með leyfi forseta, í VI. kafla, um ríkisframkvæmdir og lántökur, 12. gr., svo hljóðandi: „Þrátt fyrir ákvæði fjárl. fyrir árið 1978 er heimilt að lækka fjárveitingar" o. s. frv. Af hverju á ríkissjóður ekki að hlíta sömu reglum og allir aðrir? Af hverju er hann ekki skyldaður í þessari grein til að spara um 1000 millj., eins og tekið er fram þarna, á framkvæmda- og rekstrarliðum?

Ég sem sagt treysti mér ekki til þess að skrifa undir nál., vegna þess að í þessu frv. eru ýmis atriði sem ég treysti mér ekki til að standa að. En það er ekki vegna þess að ég styðji ekki ríkisstj. í viðleitni til að halda uppi fullri atvinnu og tryggja að í framtíðinni eins og hingað til verði fyrirvinnum heimilanna tryggt að þær hafi tekjur eins og með þarf, þó að ég sé sammála um að þær mættu vera hærri.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það virðist svo sem þau fáu orð, sem ég sagði hér í gær, hafi kallað á æðimörg andsvör frá hv. stjórnarandstæðingum, og ég mun ekki skorast undan því að ræða þetta mál nokkru frekar við þá, þó að ég hafi ekki löngun til að tefja umr. úr hófi.

Hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, talaði hér strítt um þær ráðstafanir, sem frv. fjallar um, og taldi þær, að mér skildist, fyrst og fremst og nánast eingöngu bera vott um illvilja ríkisstj. í garð vinnandi fólks. Ég held að þetta sé mikill misskilningur. Ég held að engin ríkisstj. og a. m. k. ekki sú, sem nú situr, hafi það að markmiði að búa illa að þegnum þjóðfélagsins. Ég leyfði mér að halda því fram hér í gær, að þessar ráðstafanir væru gerðar fyrst og fremst til þess að tryggja áframhaldandi rekstur atvinnufyrirtækjanna og þar með fólkinu atvinnu, og ég fór um það nokkrum orðum hér í gær, hversu það á miklu betur við a. m. k. Íslendinga og að ég hygg flesta aðra menn að vinna fyrir launum sínum en að sækja atvinnuleysisstyrki, jafnvel þó að þeir séu í boði, með reglulegu millibili. Ég held að það þurfi ekki að fara mörgum orðum um það.

Hér hafa verið boðaðar, bæði á hv. Alþ. og í ályktunum stéttarsamtaka, harðar gagnráðstaf-

anir, eins og þær eru kallaðar, til að standa vörð um réttindi fólksins. Og bréf hefur borist frá Alþýðusambandi Íslands, frá svokallaðri formannaráðstefnu verkalýðsfélaganna innan þeirra samtaka sem haldin var í gær. (StJ: Af hverju svokallaðri?) Ja, hún er nefnd svo. Hún gæti kannske heitið eitthvað annað. Ég ætla ekki að fara að leggja dóm á það, hvað hún ætti að heita. Hún heitir þetta, og ég held að ég hafi farið rétt með nafnið á henni. Í þessu skjali eru tilteknar aðallega tvær ástæður sem kalli á þessar hörðu aðgerðir. Þar er í fyrsta lagi gerð grein fyrir þeirri breytingu, sem 1. gr. frv. hefur á launin, þ. e. a. s. að ráðgert er að greiða minnst hálfar verðbætur nú frá 1. mars og til áramóta. Þetta er auðvitað skerðing sem ekki þýðir að bera á móti og á sér þær ástæður, sem ég hef áður gert nokkuð að umtalsefni og aðrir hér og skal ekki eyða frekari tíma í. En önnur meginástæðan, sem tilgreind er, er 3. gr. frv., eins og það var í gær. Sú ástæða er nú fallin burt, þannig að eftir stendur þá ástæða nr. eitt. Síðan segir í þessu skjali: „Þótt ekki kæmu til margvísleg fleiri atriði en að framan er greint frá, er augljóst, að með ráðstöfunum þessum væri hafin slík aðför að verkalýðsstéttinni og samtökum hennar, að óhjákvæmilega nauðsyn bæri til að gegn henni yrði snúist með öllu því afli sem samtökin hafa yfir að ráða."

Nú leikur mér nokkur forvitni á að vita hvaða margvíslegu fleiri atriði það eru en þarna eru greind sem þessu valda. Eru það ákvæði frv. um að lækka vörugjaldið úr 18% í 16%? Ég geri ekki ráð fyrir því, því að enda þótt lækkun vörugjaldsins hafi hér af hv. 5. þm. Norðurl. v. verið kölluð skrípaleikur, þá er það þó engu að síður „skrípaleikur" sem færir niður vöruverð um 700 millj. kr. og minnkar tekjur ríkissjóðs að því skapi, svo það getur varla verið þetta. Eru það þá ákvæði frv. um auknar niðurgreiðslur sem kalla á harðar aðgerðir verkalýðssamtakanna? Ég á ekki von á því, að 1300 millj. kr. aukning á niðurgreiðslum, sem kemur fram í lækkuðu vöruverði og auknum kaupmætti launa, kalli á harðar gagnráðstafanir frá verkalýðssamtökunum, svo að varla er þá um þessa ástæðu að tefla. Ætli það sé þá e. t. v. ákvæði frv. um barnabætur í skatti sem eiga að hækka um 5000 kr.? Ég geri ekki ráð fyrir því og tel mig ekki þurfa að færa að því rök. Ég geri ekki heldur ráð fyrir því, að hér sé átt við skyldusparnað félaga. Hann á litlum vinsældum að fagna hjá sumum. Við höfum heyrt þess merki og séð í þessum umr., en ég efa að Alþýðusambandið og ráðstefna formanna verkalýðsfélaga innan þess sé að mótmæla þessu og safna liði til að mótmæla því, að félögin axli nokkurn hluta af sameiginlegum byrðum. Þá er eftir heimild til þess að draga úr ríkisframkvæmdum og lántökum. Ég býst ekki við að það séu þessi ákvæði sem verið er að mótmæla. Ef það er, þá er gott að fá það fram. Það væri mjög æskilegt, við síðara tækifæri, skulum við segja, því að hér er víst enginn sem hefur átt sæti á formannaráðstefnu verkalýðsfélaganna, að gerð yrði grein fyrir því, hvaða margvíslegu fleiri atriði það eru sem höfð eru í huga, þegar skorin er upp herör gegn þessu frv. En 1. gr. skerðir kaupmátt launa óumdeilanlega. Hún skerðir launin um helming af verðbótavísitölu, eins og hún verður reiknuð út hvern þessara þriggja daga: 1. mars, 1. júní og 1. sept., um helming hið mesta.

Hér hefur verið sagt, að af ríkisstj. hálfu, og það sagði hv. 11. landsk. þm., sem ég hef aldrei reynt að því að fara rangt með, gagnstætt ýmsum öðrum sem ég nafngreini nú ekki, — hann sagði að hér hefði því verið haldið fram, að um enga kaupmáttarskerðingu yrði að tefla. Þetta hef ég ekki heyrt. Ég hef fyrir framan mig þau plögg sem hér hafa verið lögð fram, og þar kemur glöggt í ljós að kaupmáttur ársins 1978 verður nokkru meiri en hann var að meðaltali á árinu 1977. Hinu hefur, held ég, enginn haldið fram, að kaupmátturinn verði ekki nokkru minni en hann annars hefði orðið. Það liggur auðvitað í augum uppi, og ég hygg að ekki nokkur einasti stjórnarstuðningsmaður hafi borið annað á borð. Það segir hér í plaggi frá Þjóðhagsstofnun, með leyfi hæstv. forseta:

„Á árinu 1977 jókst kaupmáttur kauptaxta launþega um nálægt 9% að meðaltali frá árinu áður. Aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann var svipuð. Um áramótin 1977—1978 var kaupmáttur kauptaxta 6—7% meiri en að meðaltali 1977. Miðað við helmingun verðbóta og hliðarráðstafanir frv. til l. um efnahagsráðstafanir verður kaupmáttur kauptaxta sennilega 3—4% minni á síðasta ársfjórðungi í ár en hann var um áramótin, og er þá miðað við að hálfar verðbætur verði greiddar 1. des. Þarna ber að hafa í huga, að grunnkaupshækkanir launa 1. júní og 1. sept. vega að nokkru upp kaupmáttarrýrnun vegna helmingunar verðbóta. Að meðaltali á árinu 1978 verður kaupmáttur kauptaxta eftir sem áður nokkru meiri en að meðaltali á árinu 1977. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verður svipaður í ár og í fyrra, þar sem beinir skattar hækka umfram hækkun tekna, og því verður kaupmáttur ráðstöfunartekna óbreyttur, þótt kaupmáttur kauptaxta aukist nokkuð."

Þetta er það sem Þjóðhagsstofnun segir okkur, og þetta er það sem a. m. k. ég vil leggja til grundvallar í þeim málflutningi, sem hér er uppi hafður um þetta frv., og hvorki betra né verra. Þetta er það, sem kemur út úr dæminu eftir útreikningi þessara sérfræðinga. Ef menn geta reiknað þetta á annan veg og sannað að það sé rangt reiknað, þá gera þeir það að sjálfsögðu. En ég hef ekki orðið þess var, og ég vænti þess ekki að sú verði niðurstaðan.

Ég mun hafa sagt það í gær, að verkalýðssamtök og launþegar hafi ærið oft þolað aðrar eins skerðingar eða við skulum kalla það árásir á kjörin og stundum miklu meiri. Ég vil minna á það, að í 4 ár, árin 1960—1963 að báðum árunum meðtöldum, voru engar vísitölubætur á laun í gildi, — engar, ekki hálfar, þaðan af síður heilar. Þær voru engar. Engu að síður minnir mig, og nú treysti ég á minnið, að þá hafi kaup hækkað verulega. Þá var kaupið hækkað í samningum. Þá var kaupið ekki bundið vísitölu. En ég veit ekki hvort verkalýðsfélögin og launþegar voru miklu verr settir, og ég hef ekki hugsað mér að breytingar á vísitölu, t. d. á þann veg að áhrif óbeinna skatta væru tekin þar út úr, ættu endilega að rýra kjör launþega. Það er ekki meining

min a. m. k. Ég held að það sé hægt að hugsa sér og ég held að margir telji nauðsynlegt að breyta vísitöluákvæðunum og grundvellinum til þess að færa hann í réttara horf, til þess að taka af honum ýmsa þá annmarka sem allir viðurkenna að á honum eru. Og ég segi það enn og aftur, að ég fagna því að 3. gr. þessa frv. hefur verið dregin til baka. Og ég vísa um það til þess, sem ég sagði hér í umr. í gær, og ætla ekki að endurtaka það. Hitt er rangfærsla hjá hv. 11. landsk. þm. — rangfærsla sem ég átti ekki von á frá honum, að hann segir að ég hafi þar með verið að segja að við mundum lögfesta þetta síðar. Ég sagði í gær og ég skal endurtaka það, að ég tel og hef alltaf talið að breytingar á þeim vísitölugrundvelli, sem hér hefur verið um að ræða, ættu að fara fram í samráði við aðila vinnumarkaðar, og ég held að með því eina móti verði hægt að skapa um það frið og komast að heppilegri niðurstöðu um nýjan verðbótamæli á launin. Þess vegna á ég ekki von á því, að farið verði út á þá braut að lögfesta einhliða breytingar á þessum vísitölugrundvelli. Ég á ekki von á því. Ég tel og hef alltaf talið, að það lægi ekki svo mikið á að setja ákvæði sem eiga að gilda eftir 10 mánuði, að það bæri nauðsyn til þess að lögfesta þau í sambandi við þær neyðarráðstafanir sem hér er verið að gera. Hitt vil ég undirstrika, að ég tel jafnmikla nauðsyn nú og áður og jafnvel meiri en nokkru sinni fyrr, að menn gefi þessu atriði gaum, að menn komi saman og ræði um vísitölugrundvöllinn og ekki bara ræði hann, heldur reyni að koma sér niður á heppilegri skipan þessara mála en við höfum búið við.

Viðreisnarstjórnin svokallaða reyndi það á þeim árum sem ég áðan nefndi, 1960—1963, að skipa þessum málum með þeim hætti, að ekki væri samband milli launa og verðlags. Sú tilraun gafst ekki vel. Henni var hætt og aftur horfið að gamla fyrirkomulaginu. Þess vegna sýnist það ekki vera lausnin. En réttlátari, sanngjarnari viðmiðunarmáti en sá, sem nú er búið við, verður að vera til, því að öllum er ljóst og allir viðurkenna að sú tilhögun, sem nú er höfð á þessum málum, er ekki réttlát, hún er ekki heppileg og hún gefur ekki rétta mynd. Það hafa verið nefnd í þessum umr. svo mörg dæmi um annmarkana á þessu fyrirkomulagi, að ég ætla ekki að fara að endurtaka neitt af þeim. Það er okkur öllum ljóst. Þess vegna vil ég segja það, að enda þótt ég fagni því, að 3. gr. hefur verið tekin út úr frv. og þetta mál afgreitt óháð því sem ég nú var að segja, þá er það í sjálfu sér engin lausn. Það, sem þarf að gera, er að setjast á rökstóla með þeim aðilum, sem beinna hagsmuna eiga að gæta, og finna réttláta mælistiku á þessi mál.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. er nú kominn í salinn og þá get ég aðeins snúið mér að þeim kafla ræðu hans, sem hann tileinkaði mér sérstaklega og 2. gr. þess frv. sem hér um teflir. Hann taldi þessa grein mjög lítils virði, sagði að ég hefði lagt mikið upp úr henni, og það er rétt, ég gerði það. Ég viðurkenndi í gær og viðurkenni enn, að framkvæmdin er nokkuð erfið, og það má vel vera, eins og hv. 1. landsk. þm. benti á, að í vissum tilvikum sé hér um erfiðleikamál að ræða og jafnvel árekstramál, þar sem menn vinna hjá mörgum atvinnuveitendum á sama tímabili, og það þarf að reikna út eftir nákvæmum reglum, hvort menn eiga rétt á bótum samkv. 2. gr. og þá hve miklum og þá hverjir eiga að greiða þær. Það er vissulega alveg rétt. Mér dettur ekki í hug að neita því, að það geti verið erfitt að setja þá reglugerð sem til á að koma og frv. gerir ráð fyrir. En ég neita að fallast á það sjónarmið, að það sé ekki hægt að halda uppi launajöfnunarstefnu. Ég neita því. Ég hlýt að verða að gera þá kröfu til þjóðfélagsins og til þeirra, sem eiga að fara með þessi mál, að það sé hægt að sjá til þess, að þeir sem búa við verstu launin, þurfi ekki að þola jafnmikla skerðingu og við hinir. Ein leið er auðvitað til í þessu. Hún er sú að hafa engin slík láglaun. Það er kannske auðveldasta lausnin. En um það hefur ekki verið samið, og ætli það yrði ekki talin íhlutun í hið frjálsa samningsform, ef Alþ. færi að lögákveða að enginn skyldi hafa lægri laun en tiltekna fjárhæð. Ég geri fremur ráð fyrir því. Samningar þeir, sem nú er verið að tala um og öllum eru heilagir, gera ekki ráð fyrir því, að vissir þjóðfélagshópar hafi þau lágmarkslaun sem þola slíka skerðingu. Þeir hafa það ekki. Þess vegna hef ég fyrir mitt leyti lagt á það ríka áherslu, að í þessum ráðstöfunum væri gert ráð fyrir að uppbætur til þeirra, sem verr eru settir, væru meiri en til hinna. Og ég vænti þess og vonast fastlega til þess, að viðfangsefnið sé ekki svo tröllaukið og ekki svo erfitt, að ég ekki segi óyfirstíganlegt, að það megi ekki finna einhverja leið, jafnvel þótt það kosti nokkra fyrirhöfn og kannske í undantekningartilfellum einhver leiðindi.

Það er auðvitað alveg hárrétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að þessar láglaunabætur verða í takmarkatilvikum hlægilegar. Það er auðvitað alveg rétt. Hann kaus að velja sér mann, sem var með laun svona alveg rétt undir því að fá engar bætur, og sannaði það með óyggjandi rökum og tilvitnunum í frv., að það væri heldur lítið sem þessi maður bæri úr býtum. Það er alveg rétt auðvitað. Það munar hársbreidd að þessi maður fái engar bætur. Ef hv. þm. hefði tekið dæmi af manni sem hefur örlítið betri laun, þá fékk hann ekki neitt og gat sannað að uppbæturnar væru núll, og þá hefðu ákvæðin vafalaust verið enn þá hlægilegri. Ef hann hefði t. d. tekið alþm., þá var útkoman ekki glæsileg fyrir þá. Þá dugði greinin ekki mjög mikið til þess að rétta þeirra hlut, enda er hún ekki ætluð til þess. En það er hægt að hugsa sér önnur dæmi um miklu lægri laun en hv. þm. tók til viðmiðunar, 167 þús. kr. miðaði hann við. Það eru ekki allir sem hafa 167 þús. kr. í laun. Og hvernig kemur dæmið út þegar reiknuð eru laun þeirra sem hafa 120—130 þús. kr. í mánaðarlaun? Ég er ekki svo reikningsglöggur að ég treysti mér til þess að fara með slíkar tölur. Ég á heldur enga tölvu til þess að sanna þetta með. En ég er viss um að það kemur allt annað út úr því dæmi heldur en það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. var að reikna fyrir okkur með miklum glæsibrag áðan. Ég skil ekki hvers vegna þessi málsvari láglaunafólks og launþega leyfir sér að gera lítið úr því, þegar í þessu frv. er þó gerð tilraun til þess að rétta

hlut þessa fólks. Mér finnst það koma úr hörðustu átt, miðað við annan málflutning sem úr þeim herbúðum kemur.

Auðvitað er erfitt að hafa undantekningarákvæði. Það er alltaf auðveldast að hafa lög klár og kvitt, eitt gildi fyrir alla. En staðreyndin er bara sú, að þjóðfélagsaðstæður fólks eru svo misjafnar að það, sem einn getur auðveldlega þolað, getur annar ekki búið við, og það er undir þennan leka sem reynt er að setja með ákvæðum 2. gr. Nú vil ég taka það alveg skýrt fram, að frá minni hálfu er ekkert heilagt við aðferðina í 2. gr., ekki einn einasti stafur. Það má breyta því öllu saman, ef hv. stjórnarandstæðingar og þeir, sem gagnrýna greinina, geta komið með aðra aðferð sem betur þjónar þeim tilgangi sem greininni er ætlað að þjóna. Og fyrstur manna skal ég verða til þess að ljá atkv. hér á hv. Alþ. þeirri leið sem er auðveldari í framkvæmd, en nær *sama tilgangi.*

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því í gær, að hv. 5. þm. Norðurl. v. — ég má til að segja eina setningu við hann enn þá — hafi sagt að ríkisstj. kæmi í veg fyrir launajöfnuð í landinu. Mér kemur ákaflega spánskt fyrir að heyra þetta. Ég veit ekki betur en launakjör séu yfirleitt háð samningum vinnuveitenda og launþega, og ég veit ekki betur en í samningum þeim, sem Alþýðusamband Íslands gerði á s.l. sumri, eins og það samband hefur gert við mörg svipuð tækifæri á undanförnum árum, hafi verið ákaflega mikill launamismunur, alveg gífurlega mikill. Innan þess vébanda eru, að því er mér skilst, hinir allra lægst launuðu í þjóðfélaginu og hinir allra hæstu, eins og t.d. flugstjórar. Alþýðusamband Íslands semur frjálst fyrir þessa menn við þeirra vinnuveitendur, og hefur verið komist að þeirri niðurstöðu, að flugstjórum beri þessi laun. Það er ekki ríkisvaldið, sem hefur ákveðið þessi laun, það eru frjálsir samningar, þar sem samið er annars vegar um 130 þús. kr. mánaðarlaun og hins vegar um — ja, guð má vita hvað, ég veit það ekki. (Gripið fram í.) Allt að milljón kannske. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta. Það segir sig sjálft, að það eru ekki áhrif neins ríkisvalds sem koma í veg fyrir að flugstjórar og Dagsbrúnarverkamenn búi við sömu laun. Það er eitthvað allt annað sem ræður því, og það getur vel verið að það eigi að vera launamismunur. Ég býst við að hann sé alveg óhjákvæmilegur. En að það sé eitthvert valdboð, sem bannar að menn búi við sömu laun eða svipuð kjör, það er ekki fyrir hendi.

Hér hefur verið nokkuð minnst á leiðir stjórnarandstöðunnar eins og þær eru settar fram m.a. í nál. hv. minni hl. fjh.- og viðskn. Hv. 5. þm. Austurl. gerði þessar leiðir rækilega að umtalsefni hér í gær, og ég heyrði ekki mótmælt hér í dag og ekki heldur í gær í málflutningi hans um haldleysi þessara leiða — svokölluðu leiða, og nú ætla ég að nota orðið svokallaða í annarri merkingu en áðan. Það, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. hafði við þær að bæta, af því að hann fann auðvitað að þær dugðu ekki einar sér, var að Alþb.-menn hefðu haft ýmislegt fleira fram að færa. Var sumt af því býsna nytsamlegt og ágætt. Hann talaði t.a.m. um niðurskurð framkvæmda. Ég býst við því, að ég gæti orðið honum sammála um ýmsan niðurskurð framkvæmda. Hann nefndi tvö tilvik. Hann nefndi það að fresta Hrauneyjafossvirkjun. Ég er ekki sammála honum um það. Ég vil nú í allri vinsemd segja það við hann, að þó að hann hafi ekki sem besta reynslu af Kröflu, þá geri ég alveg ráð fyrir því og veit það raunar, að Hrauneyjafossvirkjun mun skila sínu afli undireins og í hana er ráðist. Hún er nefnilega vel undirbúin. Það hefur verið unnið að undirbúningi þessarar virkjunar í mörg ár og það af mönnum sem áður hafa virkjað og virkjað á þann hátt, að það hefur skilað rafmagni undireins og vélarnar voru settar í samband. Ég held einmitt að þar sem Kröflufyrirtækið verkar ekki sem skyldi, ekki enn þá a.m.k., þá sé aukin ástæða til þess að ráðast í Hrauneyjafossvirkjun, vegna þess að það vantar m.a. það rafmagn sem Kröfluvirkjun átti að skila. Og rafmagn geri ég ráð fyrir að við viljum hafa. Rafvirkjanirnar hafa skilað árangri og arði, hitaveiturnar hafa skilað arði, og það eru rangir búskaparhættir að leggja ekki í arðbærar og nauðsynlegar framkvæmdir. Það eru aðrar framkvæmdir, sem mín vegna má gjarnan fresta og hætta við, ef hægt er. Ég hef ekki verið mestur talsmaður kísiljárnsverksmiðju, hvorki í vinstri stjórn né í þeirri stjórn sem nú situr. (**StJ:** En greitt atkv. um það.) Ég greiddi atkv. í ríkisstj. með till. þáv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, um samningana við Union Carbide, og ég hef líka í framhaldi af því verið með samningum við Elkem-verksmiðjuna. (**StJ:** Þetta gildir.) Það gildir, já, já, hvort tveggja og alveg jafnt í mínum huga. Ég þakka ábendinguna. Ég ætla að undirstrika að þetta gildir í báðum tilvikum, vegna þess að menn töldu, og má vera að það eigi eftir að koma á daginn, að hér sé um nytsamt og arðbært fyrirtæki að ræða. Þeir, sem gleggst þekkja til ástands á heimsmarkaði kísiljárns, eins og hv. 5. þm. Norðurl. e., eru nú farnir að hafa efasemdir um, að verðið sé hagkvæmt, og byggja það á umsögnum annarra raunar. Kannske borgaði sig að við keyptum okkur út úr þessum samningi, eins og Union Carbide keypti sig út úr samningnum við okkur. En það er sennilega ekki til umr. hérna.

Hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi líka vaxtalækkun, og ég get verið honum sammála um það, að vafasamt sé að hækka vexti eins og nú standa sakir, og hann talaði um að við í ríkisstj. værum enn á þeim buxunum að hækka nú vextina. En hefur hv. þm. kynnt sér það, í hvaða buxum fulltrúi Alþb. í stjórn Seðlabankans er í dag? Ég hefði gaman af að vita það, hvort hann er ekki á móti vaxtahækkun eins og hinir Alþb.-mennirnir — eða er hann með henni? Hann hefur nefnilega verið með henni hingað til. Fulltrúi Alþb.-manna í stjórn Seðlabankans hefur ævinlega verið með vaxtahækkun. Kannske hefur hann haft buxnaskipti í dag? Ég veit það ekki. Það kemur í ljós nú alveg næstu daga. Og ég get sagt það, að ég mundi að vissu leyti fagna því, ef menn hefðu fataskipti í þessu efni. En eins og ég sagði hér í gær, þá er bara gallinn á þessum vaxtamálum sá, að á þeim eru tvær hliðar og um leið og vextirnir fylgja ekki nokkurn veginn verðbólgu, þá tapa sparifjáreigendur, og það er líka slæmt. Nei, ég held, því miður,

að þessar leiðir sem verið er að benda á þarna, nái ekki tilgangi sínum. Ég segi því miður, því að auðvitað væri miklu betra, ef málið væri ekki margbrotnara en þetta, að þessi 4—5 atriði, sem hér eru talin upp í nál., eða 7, hvað það nú er, mundu leysa allan okkar vanda. En það held ég að sé afar langt frá, að svo geti talist.

Það er líka talað um það í þessu sambandi, að fyrirtæki og stofnanir, sem þjóna almenningi í landinu og eru ríkisrekin, hækki mikið sín þjónustugjöld og stundum jafnvel meira en sjálf verðbólgan vex. Þetta er vafalaust í sumum tilvikum alveg rétt. En ástæðan er ekki, held ég, slæmur rekstur þessara fyrirtækja. Ég held að ástæðan sé fyrst og fremst sú, að það vilja allir fá þessa þjónustu og þeir vilja fá hana strax, og sú leið hefur verið farin að verulegu leyti að láta þjónustugjöldin standa undir framkvæmdum og útþenslu þessara fyrirtækja. Með útþenslu á ég við dreifingu, að fleiri geti notið þjónustunnar heldur en hingað til hafa hana. Þetta er geysilega dýrt og hefur orsakað það, að þessi þjónustugjöld eru mjög há og fara hækkandi, m.a. vegna þess aukna tilkostnaðar sem við búum hér við, þessi þjónustufyrirtæki í landinu eins og allir aðrir. Það er náttúrlega hægt að draga úr þessum kostnaði með því að stöðva dreifingu þessara fyrirtækja. En vilja menn það? Ég held ekki. Og mér sýnist á þáltill.-flutningi, á umr. um þáltill., á fsp.-flutningi og umr. um þær, að þm. séu ákaflega viðkvæmir fyrir því, að þessi dreifing verði ekki stöðvuð, að henni verði flýtt. Þeir vilja það og það er ósköp skiljanlegt. Það er vegna óska frá því fólki, sem þeir eru umbjóðendur fyrir. En það kostar býsna mikið að búa 220 þús. manns í 100 þús. km² landi. Öll dreifing á slíkri þjónustu er dýr hér og tiltölulega miklu dýrari en mjög víða annars staðar, þó að undantekningar séu til. Þess vegna verða menn, held ég, að átta sig á því, að annaðhvort er að gera: að bíta á jaxlinn og borga þessi gjöld, til þess að aðrir geti notið þjónustunnar, eða að stöðva aukninguna. Að hluta til hefur verið reynt að brúa þetta bil með erlendum lántökum. Þær eru náttúrlega gífurlega miklar, og ríkisstj. hefur sett sér það mark á þessu ári, að þær aukist ekki frá því sem þær voru við árslok, og ég held að út af fyrir sig hafi enginn gagnrýnt þá ráðstöfun. Sumum finnst kannske tæpast nóg að gert. En þetta þýðir þá það, að þessi leið er þar með að verulegu leyti lokuð. Nú held ég að menn þurfi ekki að hafa ýkjamiklar áhyggjur af þessum erlendu lántökum, þ.e.a.s. ef hér tekst að halda uppi fullri atvinnu og ef fiskistofnarnir bregðast ekki þeim mun meira, því að staðreyndin er sú, að á s.l. ári, þrátt fyrir þessar skuldir, var greiðslubyrðin ekki nema 14% af útflutningsverðmætinu og hefur oft verið hærri. Að vísu er spáð, að hún muni geta farið eitthvað upp. Allt fer það þó eftir ástandi efnahagsmálanna almennt, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds sagði raunar réttilega hér í gær.

Ég held að ég verði að fara að slá botn í þessa ræðu, sem átti að verða stutt og skal verða það. En ég vil aðeins segja það við hv. 12. þm. Reykv., áður en ég fer úr þessum ræðustól, að ég sé ekkert athugavert við það, ekki nokkurn skapaðan hlut athugavert við það, að félög og stofnanir séu skylduð til að leggja til hliðar í þjóðfélagspúkkið eins og allir aðrir. Unglingar hafa í mörg ár, allt að því börn, verið skyldaðir til að leggja til hliðar af sínu takmarkaða sumarkaupi töluverðar fjárhæðir til sameiginlegra þarfa, til húsbyggingarsjóðs held ég að það fari. Það segir enginn neitt við því, sumum þykir þetta ágætt. Fyrir nokkrum árum var ýmsum einstaklingum í þjóðfélaginu gert að leggja til hliðar, að vísu þeim sem höfðu háar tekjur og gátu staðið undir því, tilteknar fjárhæðir í sama skyni. Ég held að það sé ekkert athugavert við það, ekki nokkur skapaður hlutur. Alveg á sama hátt sé ég ekkert athugavert við það, að öllum félögum og öllum stofnunum í landinu sé samanlagt gert að leggja til hliðar 800 millj. kr. með fullum vísitölubótum í tiltölulega skamman tíma. Mér finnst það sanngjarnt og mér finnst að það hefði átt að lögleiða þetta fyrir lífandi löngu.

Ég ætla svo að ljúka þessum fáu orðum með því að endurtaka það, að ég sé ekki að með þessu frv., eins og það er nú orðið, séu lagðar þær kvaðir á launþegasamtökin í landinu, að þau geti ekki við unað í takmarkaðan tíma. Valið stendur á milli þess að hægja ferðina eða búa við atvinnuleysi. Hvort vilja menn? Ég vil fulla atvinnu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég var því miður forfallaður í gær sökum veikinda frá því að heyra ræðu svokallaðs utanrrh. Íslands, ef mér leyfist að heiðra hann með sams konar nafngift með sömu rökum og hann heiðraði fund formanna Alþýðusambands Íslands áðan í ræðu sinni. Ég hygg að hæstv. utanrrh. hafi nú þarna gerst sekur um það sem honum er annars ekki gjarnt, þ.e. að óvirða einstaklinga eða samtök viljandi í ræðum sínum. Sannleikurinn er sá, að hefði hæstv. utanrrh. mælt af alhug þegar hann sagðist vera þess fýsandi að sest yrði á rökstóla til þess að ræða við launþegasamtökin í landinu um raunhæfar aðgerðir í efnahagsmálunum, einmitt til þess að ræða um aðrar leiðir en þá sem boðuð er í frv. ríkisstj., þá hefði hann ekki þurft að grípa til þess ráðs að viðhafa þess háttar nafngiftir um æðsta ákvörðunaraðila Alþýðusambands Íslands, eins og nú standa sakir.

Sannleikurinn í málinu er sá, að Alþýðusamband Íslands ásamt Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja í nánu samstarfi við stjórnarandstöðuflokkana hér á hinu hv. Alþ. hefur boðið aðra leið í efnahagsmálunum, aðrar lausnir nú til bráðabirgða, sem hefðu nægt til þess að ríkisstj. hefði ekki orðið að ógilda gerða kjarasamninga og rifta samningum sem hún sjálf hefur gert fyrir skemmstu við opinbera starfsmenn. Við heyrum hérna fullyrðingu eftir fullyrðingu um það, að þau ráð, sem launþegasamtökin benda á ásamt fulltrúum stjórnarandstöðunnar á Alþ., séu óraunhæf. Aftur á móti séu ráð ríkisstj. rökstudd af þeim hinum sömu Jónum Sigurðssonum vorra tíma sem lagt hafa á hin fyrri ráðin, sem íhaldsríkisstjórnir þessa lands hafa fylgt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar, þessir sömu Jónar Sigurðssynir og Jóhannesar vorra tíma sem lögðu á ráðin, svo við víkjum að þeim hlutanum í ræðu hæstv. utanrrh., sem laut að fjárfestingum í orkuverum og iðjuverum, — sem

lögðu á ráðin um álverksmiðjuna í Straumsvík, sem lögðu á ráðin um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, sem leggja á ráðin um Hrauneyjafossvirkjun og leggja á ráðin um það, að nú, þegar búið er að koma upp Kröfluvirkjun, þar sem hún stendur fullsköpuð og vantar aðeins gufuna sem við vitum að gnótt er af allt í kringum hana, — sem leggja á ráðin um það, að nú skuli hætta framkvæmdum, það skuli hætt við að sækja gufuna sem þarf til þess að knýja vélarnar í þessari nytsömu virkjun.

Ef við athugum lítillega snilldina, sem felst í þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. ætlar nú að knýja fram hér á Alþ. þrátt fyrir eindregin mótmæli launþegasamtakanna, ef við hugleiðum snilldina sem í þessum ráðstöfunum felst, með sérstöku tilliti til hins sérfræðilega álits, sem þeir Jónar Sigurðssynir vorra tíma og Jóhannesarnir hafa fært hér fram, þá liggur hér fyrir ein spurning, sem ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. og aðrir meðmælendur þessa frv. svöruðu. Meginástæðan, sem tilgreind er fyrir nauðsyn þessara ráðstafana, er sú, að launastéttirnar hafi fengið þess háttar kjarabætur s. l. sumar og í haust að þjóðarbúið rísi ekki undir þeim. Og þá er spurningin: Hver fékk mismuninn á þeim kauphækkunum, sem þessir kjarasamningar leiddu til, og þeirrar kaupmáttaraukningar, sem launamenn fengu? Launamenn fengu 8% kaupmáttaraukningu, atvinnuveitendur og aðrir launagreiðendur greiddu 60% og upp í 80% umfram þau laun sem áður voru greidd. Þá vildi ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hver fær þá mismuninn, þessi 52—72%? Launamenn fá aðeins 8%, atvinnuveitendur og launagreiðendur borga frá 60—80%, hver er það sem fær þessi 52—72%? Einhver hlýtur að fá mismuninn. Og nú vildi ég gjarnan að hæstv. *utanrrh. svaraði þessu.*

E. t. v. eru þeir Jónar Sigurðssynir vorra tíma, sem ég gat um áðan, og Jóhannesar ekki tilbúnir til þess að nafngreina þessa aðila. En mér finnst að sú skylda hvíli eigi að síður á ríkisstj. við þessar aðstæður að segja hv. Alþ. frá því, hver fær þessi 52—72%, fyrst launamenn fá ekki nema 8%. Raunar væri kannske tímabært á þessari stundu, þegar svo er komið að rætt er um æðstu stjórn ríkisins og þetta nafn ber á góma, að menn spyrji: Hvaða Jón Sigurðsson? — þegar vitnað er í hin æðstu „átoritet" með þessu nafni, og kannske við hæfi að beina því til hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé hægt að fela Rannsóknaráði ríkisins að komast að því með einföldum mælingum, hvort einn ákveðinn Jón Sigurðsson fyrri tíma snýr enn þá eins í gröf sinni.

Því miður, liggur mér við að segja, þá er nú þrátt fyrir allt hæstv. sjútvrh. fjarverandi þessar umr. sem hér fara fram. Á það var drepið hér í deildinni, þegar rætt var um frv. um gengisfellinguna, með hve sáralitlum hætti sú ráðstöfun kom sjávarútvegi að gagni við lausn aðkallandi vandamála, eins og þau nú eru á landi hér. Sjútvrh. hæstv. er farinn til Sovétríkjanna, efalítið að ræða sameiginleg vandamál hins íslenska og hins rússneska sjávarútvegs á þeirri stundu þegar verið er að fjalla um úrslitaatriði í íslenskum efnahagsmálum.

Enn ítreka ég það sem fyrr, og vitna þá raunar til ræðu hv. þm. Odds Ólafssonar, með hvaða hætti er séð fyrir raunverulegum mjög svo aðkallandi vanda útvegsins og fiskiðnaðarins á Suðurnesjum með þeim ráðstöfunum sem hér er verið að gera. Verða fiskiðjuverin þar opnuð, þau sem lokuð eru þegar í næstu viku vegna þess bjargræðis sem sjávarútveginum þar syðra til handa er fólgið í þeim ráðstöfunum sem hér er verið að fjalla um? Munu þeir Dalvíkingar, sem eiga nú von á því að fulltrúar frá Kanada komi hingað til lands í næstu viku til þess að semja um leigu á Dalborginni, eina djúprækjutogara Íslendinga, til rækjuveiða við Kanada, — mega þeir eiga von á því strax eftir helgina að geta sent þeim skeyti og sagt: Við höfum ekki áhuga á því lengur að leigja Dalborgina eða gera hana út vestan hafs, vegna þess að nú er búið að leysa okkar efnahagsvanda hér heima með nýrri lagasetningu? Eða mun allt sitja við hið sama í rekstri þeirra fyrirtækja okkar, sem vinna að grundvallarvinnslu, eftir sem áður?

Hæstv. utanrrh. sagðist svo sem ekki hafa verið hlynntur því að við stofnuðum til kísiljárnsverksmiðjunnar á Grundartanga í Hvalfirði, síður en svo, sagði hann, þó hann hefði greitt atkv. með því. Þessi hæstv. ráðh., sem að allra góðra manna dómi er þeirri dyggð prýddur a. m. k. til jafns við velflesta stjórnmálamenn, að honum er eiginlegt að segja satt þegar það hentar honum, hann gaf það í skyn áðan í ræðu sinni, sem hann veit þó fullvel að er ósatt, að ég hefði einhvern tíma verið fylgjandi hugmyndinni um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hæstv. ráðh. veit að þetta er ósatt. Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, að Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., virtist vera kominn á þá skoðun nú samkv. upplýsingum annars staðar frá, að markaður væri hæpinn fyrir kísiljárn úti í heiminum. Hæstv. *ráðh. er nefnilega fullkunnugt um það, að* þm. Alþb. greiddu allir sem einn atkv. gegn samningnum við Union Carbide. Honum er það einnig kunnugt, að annar af ráðh. Alþb. í vinstri stjórninni bókaði mótmæli flokksins gegn þeim samningum. Honum er það fullkunnugt, að stofnanir Alþb. höfðu ekki fjallað um þetta mál fyrr en ákvörðunin var tekin um að standa gegn þessum samningum. Ef hæstv. ráðh. ætlar að afsaka brotalöm samvisku sinnar vegna þeirra atkv., sem hann hefur greitt gegn henni samkv. eigin yfirlýsingu í þessu máli, með því að Alþb. hafi staðið að þessari samningsgerð, þá bætir hann aðeins gráu ofan á svart.

Hæstv. ráðh. er líka fullkunnugt um það, til hvers á að nota raforkuna frá Hrauneyjafossi þegar þar að kemur. Hann situr í ríkisstj. með ráðh. sem hefur þegar gert grein fyrir því, að ætlunin er að nota þessa orku til þess að stækka álverið í Straumsvík, til þess að bæta við málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Þetta er hæstv. ráðh. fullkunnugt. Hann veit líka fullvel, hæstv. ráðh., nöfnin á þeim sérfræðingum sem hann og meðráðh. hans og meðflokksmenn hafa treyst á í þessum málum. Honum er fullkunnugt um það, að það eru sömu ráðgjafarnir sem lagt hafa á ráðin um þær ráðstafanir sem þessi ríkisstj. er nú að gera í efnahagsmálunum. Þetta eru sömu mennirnir: Jónar Sigurðssynir vorra tíma og svo einn Jóhannes.

Ég spurði áðan hvað orðið hefði af 52%—72%

sem horfið hafa á leiðinni frá kaupgreiðendum til launþega síðan samningarnir voru gerðir í sumar sem leið og nú í haust. Mér leyfist nú, af því að ég nafngreindi ráðunautinn Jóhannes, að líkja til annars Jóhannesar og afdrifa hans. Þá mætti e. t. v. spyrja, hvort þessar prósentur hefðu e. t. v. lent hjá dóttur Heródesar, ef svo mætti nefna kaupsýslustéttina, í nokkurn veginn réttum tengslum við hæstv. forsrh. Ég las fyrir skemmstu, ef ég mætti, með leyfi forseta, rifja upp þá sögu, sögukorn eftir Anatole France, sem hét: „Týndu blöðin hans Jósefusar", og átt er þar við sagnfræðing þeirra Gyðinga sem eyddi hálfri ævi sinni í að réttlæta svik sín við þjóð sína í Gyðingauppreisninni forðum, þar sem Anatole France segir frá því, hver orðið hafi hin raunverulegu örlög Jóhannesar skírara, og heldur því fram, að það hafi svo sannarlega ekki verið vegna þess að hann hafi neitað dóttur Heródesar um smágreiða, að svo fór nú sem fór fyrir honum, heldur vegna þess að hann hafi gert of mikið fyrir föður hennar. Hann var nefnilega settur í það að verða undir handleiðslu dótturinnar ráðgjafi hans í efnahagsmálum Israelsríkis og fann upp á því snjallræði að taka gula sandinn undan rótum Gólanhæða og blanda saman við silfrið í talentunum, því þar vantaði fé, eins og í ónefndu öðru smáríki alllöngu síðar, og endaði svo með því, að það var kominn svo mikill sandur í talenturnar, það má heita að þær hafi verið felldar það mikið í gengi, að þær voru orðnar stökkar og brotnuðu. Og svo veit Heródes ekki fyrr en honum er fært höfuð Jóhannesar á silfurfati og hann leit á það og sagði: „Ja hérna, Jóhannes." Lengri var nú sagan ekki.

Hæstv. ráðh. er fullkunnugt um það, að þessir hinir sömu efnahagsráðgjafar, sem ráðið hafa vegferðinni, ekki bara hjá þessari ríkisstj., heldur fyrri ríkisstj., með þeim afleiðingum, að í íslenskum efnahag er nú komið sem komið er, — þessir sömu ráðgjafar hafa lagt ráðin á um efnahagsráðstafanirnar sem ríkisstj. stendur nú að. Og hæstv. ráðh. hefur enn ekki fært að því rök, að ráð þeirra hljóti að vera betri heldur en ráð þau sem launþegasamtökin í landinu hafa bent á. Hann trúir þeim bara betur. Og svo er enn eitt, að ráð þessara sérstöku ráðgjafa, þessara Jóna Sigurðssona vorra tíma og Jóhannesar, falla betur að efnahagsmálastefnu Heródesar heldur en ráð launþegasamtakanna, sem vilja breyta í grundvallaratriðum vinnubrögðum í sambandi við ákvarðanatöku sem lýtur að íslenskum efnahagsmálum og bjóða samstarf í staðinn fyrir stríð.

Það voru ekki launþegasamtökin, það var ekki Alþýðusamband Íslands, sem blés í herlúðurinn, og ekki Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Þessir aðilar buðu viðræður um aðrar leiðir í efnahagsmálunum, ný ráð í efnahagsmálunum, þannig að komist yrði hjá átökum á vinnumarkaðinum. Það voru þessir aðilar sem buðu rökstólana sem hæstv. ráðh. ræddi um áðan, rökstólana sem hæstv. ráðh. neitaði að setjast á.

Ég verð nú að segja alveg eins og er, að fegnastur hef ég þó orðið af því, sem fram hefur komið í þessum umr., þeirri ákvörðun ríkisstj. að fella niður 3. gr. í frv. Þá varð ég nú fegnastur, því af henni þóttist ég mega ráða að mikið illt mundi spretta. En við höfum ekki enn þá fengið skýringu á því, hvers vegna 3. gr. var látin vera í frv. í upphafi, því að í gagnrýni á þessari grein hefur ekkert komið fram, sem hæstv. ríkisstj. átti ekki að vera ljóst fyrir. Enn hefur okkur ekki verið sagt frá því, hvað fram hafi komið við umr. og umfjöllun sem til þess varð að greinin var tekin út. Tæpast trúi ég því, þó að svo beri upp á að það gerist samdægurs, að Sjálfstfl. birti framboðslista sinn við alþingiskosningar í Reykjavík og að fyrsti maður listans er hv. þm. Albert Guðmundsson, — tæpast trúi ég því, að hér sé það boðað að hæstv. forsrh. vilji ekki með þessum hætti binda hendur eftirmanns síns, því svo sem alþjóð veit hefur það ætíð farið saman, að fyrsti maður á lista Sjálfstfl. í Reykjavík hefur verið forsætisráðherraefni flokksins. Tæpast trúi ég því, að þetta sé ástæðan. Hún hlýtur að vera einhver önnur. Er ástæðan sú, og nú er við hæfi að hæstv. utanrrh. svari þeirri spurningu, — er ástæðan sú, að þeir forustumenn stjórnarflokkanna, hæstv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson og hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson, hafi komið sér saman um það, að hræðilegt væri að láta koma fram með þessum hætti yfirlýsinguna um stjórnarstefnuna sem framfylgt verði að þessum kosningum loknum, ef flokkarnir fái atfylgi til myndunar annarrar stjórnar á næsta vori? Er þetta djúpt hugsuð aðferð til þess að lýsa yfir því, hvaða stefnu verði fylgt að kosningum loknum? Eða að öðrum kosti, er þetta bara asnaskapur og þá jafnt 3. gr. í sinni upprunalegu mynd sem ákvörðun um að taka hana út aftur?

Við höfum fyrir skemmstu lesið yfirlýsingu frá samtökum atvinnuveitenda, þar sem þau samtök hrósa sér af framsýni í viðræðunum við launþegasamtökin í sumar sem leið. Þeir rifja það upp þar, atvinnurekendur, að þeir hafi spáð því, að samningar af því tagi, sem þeir undirrituðu að yfirlögðu ráði eða, eins og yfirlagt ráð er stundum kallað, með köldu blóði, við verkalýðsfélögin s. l. sumar, mundu leiða til þess, að verð á Bandaríkjadollar yrði orðið 259 kr. í febrúar, þ. e. a. s. þeim mánuði sem við nú höfum, og kalla þetta spásögn. Ýmsum er aftur á móti ljóst, að þeir fara nú með stjórn á landi hér, sem er það mjög svo innan handar að ráða gengi íslensku krónunnar, og þeir aðilar hljóta nú að kalla þessi orð fremur hótun en spásögn og það, sem nú hefur gerst, framkvæmd á hótun um að beita afli sínu innan ríkisstj. til að framkvæma þessa gengislækkun.

Ég ítreka það nú, sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að það hryggir mig, að ég skyldi ekki heyra þá ræðu hæstv. utanrrh. í gær sem knúði hann til þess að halda svo vonda ræðu í dag. En ekki kemur alltaf dúfa úr dúfueggi, svo sem sögurnar herma, þó hitt gerist sjaldnar. En ég ætla að ljúka orðum mínum með því að ítreka þessa bón mína til hæstv. ráðh., að hann segi mér og okkur hér í d., hvað hefur orðið af mismuninum á 8%, sem launþegar hafa fengið, og þeim 60—80%, sem atvinnurekendur og aðrir launagreiðendur inna af höndum, ef vera skyldi, — ég er ekki að segja að það sé, — ef vera skyldi að það kæmi í ljós, að einmitt í þessum mismun fælist að verulegu leyti sá 76% hagn-

aðarauki sem viðurkennt er að versluninni, sem ég leyfði mér áðan að kalla dóttur Heródesar, hefði hlotnast á árinu.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki langt mál um mína afstöðu í þessu máli, enda þegar þrautrætt hér á hv. Alþ. og í fjölmiðlum. En til þess að gera langa sögu stutta vil ég skýra frá því ljóst og ákveðið, að ég er þeirrar skoðunar, að þann efnahagsvanda, sem sannarlega er nú við að eiga, hefði átt að leysa samkvæmt tillögu formannaráðstefnu ASÍ, sem haldin var 15. febr. s. l. og upp hefur verið lesin í þessum umr. og óþarft að endurtaka hér.

Ég kann því hins vegar ákaflega illa í þessum umr., sérstaklega hjá síðasta hv. ræðumanni hér á undan mér, hv. 5. þm. Norðurl. e., þegar verið er að nefna hér mannanöfn sem höfunda þeirra *till.* er ríkisstj. leggur til, manna sem eiga þess ekki nokkurn kost að verja sitt mál. Sannleikurinn er sá, að þessir menn, nú eins og oft áður fyrir aðrar ríkisstj. næst á undan, hafa unnið sitt starf samviskusamlega, eins og af þeim gögnum má ráða sem þm. hafa hér í höndum. Það er einnig ljóst, að þeir sinntu einungis sínum embættisskyldum, að ráða upp þeim möguleikum, sem voru til lausnar þessum vanda og rökstyðja einstakar leiðir. Það eru ekki þeir, sem ráða úrslitum um það, hvaða leið er endanlega valin. Þeir gera þá embættisskyldu sína að ráða upp úrlausnarmöguleikum fyrir ríkisstj. og önnur hagsmunasamtök, sem hér eiga hlut að máli, — þeim valkostum sem fyrir hendi eru, en í þetta skipti var um fimm valkosti að ræða. Án þess að ég ætli hér að fara í neitt forsvar fyrir ríkisstj., þá tel ég rétt að skýra frá því, að einn af þeim valkostum, sem umræddir embættismenn lögðu fram, er sá sem verkalýðssamtökin og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja styðjast við í tillögum sínum.

En lakasta valkostinn valdi ríkisstj. hins vegar fyrir hlutaðeigandi samtök. Það er það rétta í málinu. (**StJ:** Þú hefur ekki einu sinni lesið þessa ályktun verkalýðssamtakanna.) Ég geri ráð fyrir því, að hv. 5. þm. Norðurl. e. eigi þess kost að tala hér oftar, ef hann óskar eftir, og hann gerir þá betur grein fyrir máli sínu. En ég gat ekki betur skilið hann en svo, að umræddir ráðgjafar og starfsmenn ríkisstj. hefðu unnið hér eitthvert syndsamlegt athæfi. Þeir gáfu upp fimm valkosti og m. a. þann skásta sem launþegasamtökin eðlilega völdu eftir þeim skýrslum sem fyrir lágu, — skýrslum sem á borðum voru jafnt fyrir stjórnarandstæðinga sem stjórnarliða og hv. þm. Stefán Jónsson hefði átt að kynna sér og vonandi hefur a. m. k. gert það að einhverju leyti. En það er rangt og ódrengilegt að ráðast hér að embættismönnum, sem ekki eiga þess kost að verja sitt mál eða sín störf, og ég vil harðlega mótmæla slíkum málflutningi.

Það er þó ekki aðaltilefni þess, að ég stóð hér upp, og er þó ærið tilefni vegna málflutnings hv. 5. þm. Norðurl. e. Það virðist vera til siðs í dag að ráðast að þingræði á Íslandi, m. a. segja það í ræðu og riti, innan þings og utan, að það sé ekki Alþ. sem ráði endanlegum ákvörðunum í efnahagsmálum eða öðrum málum og þar með löggjafarmálum. Það er fullyrt að hér séu samankomnir 60 misindismenn, sem eitt dagblaðanna orðaði svo um daginn að ættu í raun að vera undir lás og slá fyrir hvers konar lagabrot og sérgæðingshátt sem þeir hefðu hér í frammi og viðgengist hafi nálega hundrað ár. Það er slíkur málflutningur, sem þessir menn styðjast við, og það eru slíkar fullyrðingar, sem við eru hafðar um störf Alþ. Þannig er í raun og veru vegið að þingræðinu í landinu með slíkum málflutningi og tekið undir með lökustu tegund af málflutningi sem sést hefur um íslenskt þingræði. Sannarlega var hv. 5. þm. Norðurl. e. bergmál af því blaði, sem ég veit að hann þó annars vill ekki eiga samleið með, sem hafði þessi orð um Alþingi Íslendinga nú fyrir örfáum dögum.

En það er eðlilegt, að maðurinn á götunni og hinn almenni blaðalesandi fari að hugsa sig um, þegar sjálfir þm. segja: Það erum ekki við og það er ekki ríkisstj. sem hefur endanlegt úrskurðarvald um þessi mál. Hér eru nefnd nöfn *eins og* „einhverjir Jónar og einhverjir Jóhannesar" úti í bæ, sem eigi að ráða endanlega úrslitum um þessi mál.

Ef þetta er ekki stuðningur við málflutning Dagblaðsins í þessum efnum, þá kann ég ekki á milli að skilja.

Það alvarlega við afgreiðslu þessa máls nú er það, að til er meiri hl. á Alþingi Íslendinga, Alþingi Íslendinga sjálfra, sem velur lakasta kostinn fyrir launþegasamtökin í landinu, — lakasta kostinn af þeim fimm sem umræddir embættismenn höfðu unnið að og rökstuddu hvern fyrir sig. Og ef það á að verða almenn trú hér, sem hefur þó haft misjafnt gengi á hverjum tíma, að það sé þýðingarlaust að gera kjarasamninga á Íslandi, vegna þess að meiri hl. á Alþ. sé hinn raunverulegi viðsemjandi, og það sé líka þýðingarlaust, að ríkisstj. komi til skjalanna og leysi vandann, vegna þess að hún afnemi þessa samninga þegar henni þykir henta, þá er illa komið. Það er það alvarlega í þessu máli. Skal þó ekki dregið úr þeim málflutningi, þar sem rökstudd andstaða hefur komið fram við áform ríkisstj.

Það er gjarnan sagt innan þings og utan, þegar við hliðstæðan vanda er að etja eins og nú: „Ríkisstj. verður að skerast í leikinn, ríkisstj. verður að gera eitthvað," segja menn. Þegar ríkisstj., hver sem hún er, núv. ríkisstj. sem og aðrar sem á undan eru gengnar, þær gera það sem þær telja að sé vænlegast til lausnar, — því það vil ég álíta að ríkisstj. geri yfirleitt, — vænlegast til lausnar fyrir land og lýð í heild, þá er aftur venjulega flest að fundið og m. a. nú. Ráðgjafarnir, og er þá ekki minnst á alla sem þá koma sem sjálfboðaliðar til þeirra starfa, verða á stundum æðimargir, svo sem ráða mátti af ýmsu sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði í sinni ræðu áðan, og sjálfsagt fleiri utan þings, og réttilega er fundið að þeirri aðför sem ríkisstj. hyggst nú gera að nýgerðum kjarasamningum.

Ef tilkoma ríkisstj. á hverjum tíma á að brennast svo inn í vitund manna, að hún sé ávallt í þá átt að eyðileggja gerða kjarasamninga, þá er eðlilegt að menn fari að hugsa sig um, hvort frjáls samningsréttur og félagafrelsi sé yfirleitt í gildi í landinu. Ef afskipti ríkisstj. þýða þetta,

þegar búið er að hrópa til hennar úr öllum áttum í þjóðfélagskerfinu, — ríkisstj. verði að koma til, — tilkoma hennar þýði ávallt eitt og hið sama, þ. e. neikvæða niðurstöðu, þá er það alvarlegasti hluturinn í þessu máli öllu, þegar á heildina er litið, — ef það fer áfram ómengað inn í vitund almennings í launþegasamtökunum, að það eitt þurfi til að koma að ríkisstj. skipti sér af málinu, þá sé hægt að rifta gerðum kjarasamningum.

Þess vegna tek ég undir með þeim ræðumönnum, sem hér hafa talað á undan mér, að ég fagna þeirri yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. hér í dag við upphaf þessarar umr. að 3. gr. frv. skuli felld niður. Ég óttast hins vegar sannarlega að sá frestur, sem með því gefst til að ræða slík stórmál, verði ekki nægjanlega nýttur. Kjaraskerðingin kemur eigi að síður til framkvæmda 1. mars n. k., svo sem boðað hefur verið. Ég óttast að sá tími, sem gefinn er til umr. um breytingar á sjálfum grundvelli vísitölunnar og þátttöku hinna ýmsu kostnaðarliða hennar, verði ekki nýttur svo sem þörf er á. Það er einkum tvennt sem ég óttast og tel mig hafa ástæðu til, þótt ég fagni þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh., að endurskoðunin muni eiga sér stað. Við vitum ósköp vel hvaða tímar eru fram undan. Það eru tvennar kosningar, annars vegar til Alþingis og hins vegar til bæjar- og sveitarstjórna ásamt sumarleyfum. Í þetta hvort tveggja munu fara að venju 3—4 mánuðir, og það er komið fram á haustmánuði, þegar vitað er hverjir eiga að stjórna og hvar. Ég veit því að sá tími, sem fram undan er, er ekki vinnudrjúgur til að komast að endanlegri lausn svo mikils vanda. En í yfirlýsingu hæstv. forsrh. felst tvímælalaus viðurkenning á skoðun verkalýðssamtakanna, og á ég þar jafnt við Alþýðusamband Íslands sem BSRB, að þarna var í raun og sannleika vegið að kerfi sem hefur verið eina vörnin, en deila má um hvort er rétt uppbyggt í alla staði. Ég hygg að allir séu sammála um að svo sé ekki, en hins vegar greinir menn mjög á um hverju eigi þar að breyta. En ég ítreka það, að mig hryllir við þeirri þróun, ef það kemst almennt inn í vitund launþegasamtakanna, að afskipti ríkisstj. þýði eyðileggingu á nýgerðum samningum, hvenær sem ríkisstj. kemur nálægt þeim.

Hingað til hefur tilkoma ríkisstj. og afskipti einstakra ráðh. vakið vonir og oft leyst deilur, og tilkoma ríkisstj., bein og óbein, í samningamál m. a. á s. l. sumri var vissulega tilraun til lausnar á vanda. En með tillögum hennar nú er beinlínis höggvið að rótum þess samkomulags sem hún sjálf átti hlut að að náðist á s. l. sumri.

Það er þessi þróun, sem ég tel, burt séð frá öllum talnalegum rökum sem beitt hefur verið gegn þessu máli, það alvarlegasta, til viðbótar þeim ofboðslega áróðri sem hafður er uppi gegn löggjafarsamkomu þjóðarinnar á opinberum vettvangi leynt og ljóst og hjálpar þeim aðilum sem ósanngjarnast tala um það, að Alþ. sé ekki sú stofnun, sem segi á hverjum tíma síðasta orðið um afgreiðslu mála. Það eru engir menn úti í bæ, jafnvel ekki samtök, sem eiga að gera það, heldur Alþ. sjálft. Það eiga menn að vita, og til þess erum við hingað kjörnir og eigum að hafa þor til að gera á hverjum tíma það sem við teljum réttast.

Enn bætist sú fullyrðing við, að meiri hl. sé alltaf fyrir hendi á Alþ. til þess að eyðileggja þann frumstæða, en helgasta rétt, sem launþegasamtökin eiga, og sé einungis til þess notaður að vega að þeim sjálfum. Þá mun álit almennings eðlilega skerðast á hinn verri veg fyrir framtíð íslenskrar löggjafarsamkomu.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi: Ég er einlægur stuðningsmaður tillagna verkalýðssamtakanna og hefði glaður greitt atkv. till. þeirra til lausnar vandanum, sem ég hef enga aðstöðu til að vefengja að sé í raun fyrir hendi. Ég vil trúa því, að þar hafi rétt og dyggilega verið að unnið. Í verðbólgunefnd hafa stjórnmálaflokkarnir átt möguleika á að kynna sér málin til hlítar. Þó að einstök atriði hafi á lokastigi málsins verið dulin fyrir þingheimi og þm. haft skammaan tíma til að vega og meta einstök atriði, þá lít ég þó á það, sem ég hef hér á undan sagt um nauðsyn á trúnaðartrausti sem alvarlegasta hlutinn við afgreiðslu málsins. Er það lýðræðislega traust enn þá til?

Ég læt í ljós þá einlægu von, þrátt fyrir að vitað er nú um þingmeirihl. fyrir þessari aðför að íslensku samningafrelsi, að tíminn, sem lofað er að nota samkv. yfirlýsingu hæstv. forsrh. hér í dag, verði í raun og sannleika notaður íslenskum launþegum til hags og heilla og þar unnið af fullum krafti og tíminn notaður til þess ítrasta alþjóð til framtíðarheilla.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég leyfði mér áðan að kalla fram í fyrir hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni til þess að leiðrétta þann misskilning hans, að það sé 2. dæmið í áliti meiri hl. verðbólgunefndar, sem launþegasamtökin ásamt fulltrúum stjórnarandstöðunnar í verðbólgunefnd lögðu til að tekið yrði, að farin yrði sú leið. Því fer víðs fjarri. Ef hv. þm. vildi hafa fyrir því að lesa saman 2. dæmið í áliti meiri hl. verðbólgunefndar og till. launþegasamtakanna og fulltrúa stjórnarandstöðunnar, þá mundi hann komast að því, að hér er um sitt hvað að ræða. Ef hann hefði ekki látið við það sitja að hlýða á botnlanga þann sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason lét fylgja áliti sínu til skýringar á niðurstöðum minni hl. í n., þá hefði þetta blasað við honum. Það er víðs fjarri mér að vilja kasta nokkurs konar rýrð á hv. þm. persónulega, og ég bið bæði forseta og ritara þessarar hv. d. að veita því sérstaka athygli, vegna bókunar, að ég nefni ekki moðhaus í því sambandi.

Leiðirnar, sem fulltrúar launþegasamtakanna og fulltrúar stjórnarandstöðunnar í verðbólgunefnd lögðu til að farnar yrðu og undirrituðu í sérstöku áliti sínu, eru þessar, svo að ég tryggi það, að hv. þm. heyri nú niðurstöðuna af störfum þessara aðila í verðbólgunefndinni, ef vera skyldi að hann nennti ekki heldur að lesa þær eftir á, þá eru þær þessar:

Í fjáröflunarskyni var lagt til, að hækkaður yrði skattur félaga um 10% og auk þess lagður á félögin 5% skyldusparnaður, sem næmi 900 millj. kr. í fjáröflunarskyni, veltugjald á sama skattstofn og aðstöðugjöld, sem næmi 4300 millj. kr., lækkun rekstrargjalda ríkisins 1500 millj.

kr., útflutningsuppbætur, sem færast á niðurgreiðslur og næmu 1000 millj. kr., áhrif aðgerðanna á ríkissjóð 2000 millj. kr., hækkun tekna ríkisins vegna betri innheimtu söluskatts og vegna breytinga á tekjuskatti 1000 millj. kr. og sala spariskírteina 2000 millj. kr.

Síðan kemur að ráðstöfunum þessara peninga. Vörugjald fellur niður, 6800 millj. kr., niðurgreiðslur auknar um 3200 millj. kr., leiðréttingar á forsendum fjárl., en samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar er óhjákvæmilegt að afla þessara tekna þar sem fjárlagaforsendur hafa reynst rangar, 2100 millj. kr., eða 12 100 millj. kr. samtals.

Auk þessara fjárlagaaðgerða verði verslunarálagning lækkuð um 10%, þannig að áhrif verðlækkunaraðgerðanna í framfærsluvísitölu verði sem hér segir: Lækkun verslunarálagningar 1.5%, auknar niðurgreiðslur 3%, niðurfelling vörugjalds 2.5%, lækkunin alls 7%.

Þetta voru till. fulltrúa launþegasamtakanna og fulltrúa stjórnarandstöðuflokkanna í sérstöku áliti sínu um störf í verðbólgunefnd og till. sínum um leiðir. Nú ráðlegg ég hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni endilega hreint að bera þessar till. saman við till. í leið 2 eða 2. dæminu í skýrslu verðbólgunefndar, svo að hann geti gengið úr skugga um það, að ekkert slíkt var þar lagt til. Aftur á móti var í því dæmi gert ráð fyrir því, að stórlega yrði dregið úr ríkisframkvæmdum og sparað með þeim hætti.

Hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson hefur átt mun lengri setu en ég hér á Alþ., hefur verið ráðh. í ríkisstj. sem stjórnað hafa að till. þeirra sérfræðinga og samkv. ráðum þeirra sérfræðinga sem ég nafngreindi í framsöguræðu minni áðan, situr nú í stjórn fyrirtækis sem stofnað var að ráðum þessara sömu sérfræðinga, þar sem er málmblendiverksmiðjan í Hvalfirði.

Ég staðhæfi, að ef hv. þm., einn sem allir, 60 að tölu, hefðu fyrir því að kynna sér öllu betur en þeir virðast gera forsendur fyrir útreikningum ýmissa sérfræðinga varðandi grundvallarframkvæmdir á landi hér, fjárfestingarmál sem annað, og tækju síðan afstöðu á grundvelli eigin athugana, þá væri vegur þessarar öldnu stofnunar í vitund almennings öllu meiri en hann nú er. Aftur á móti hygg ég að vegur Alþ. muni ekki vaxa af því, að mjög margir þeirra manna, sem lagt hafa sitt af mörkum lengst til slælegra vinnubragða á borð við þau sem framkomu í ræðu hv. þm. Eggerts G. Þorsteinssonar áðan, gangi hér upp í ræðustól og krefjist aukinnar virðingar til handa þessari stofnun með réttu eða röngu. Hitt var náttúrlega ljóst, þegar er nál. minni hl. í verðbólgunefnd var lagt fram, að sérstökum fulltrúa þingflokks Alþfl. í verðbólgunefnd var það mjög mikið í mun í raun og veru að tileinka sér ýmsar þær teknokratísku leiðir, sem á var bent til úrbóta af hálfu sérstakra efnahagsráðunauta þessarar ríkisstj., eins og af gömlum kæk að hlýða, sem verður ákaflega ríkur í eðlisfari þeirra manna sem virðast hafa frá upphafi misskilið með öllu hlutverk sitt innan löggjafarsamkundunnar.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef að beiðni hæstv. fjmrh. flutt svo hljóðandi brtt. við 10. gr., að í stað 15. febr. komi 19. febr. og í stað 16. febr. komi 20. febr., og við 11. gr., að í stað 16. febr. í 1., 2. og 3. mgr. komi 20. febr. Brtt. þessi þarfnast ekki skýringa, þar sem 15. febr. var í gær og þess vegna er nauðsynlegt að breyta þessum dagsetningum. Þetta varðar vörugjald og sýnt er að þetta frv. mun vart koma til framkvæmda fyrr en eftir helgina.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt og ræða um ýmislegt, sem hér hefur komið fram, þótt vissulega sé mikil ástæða til þess. Ég vil aðeins taka það fram, að það er alveg ljóst að sú leið, sem fulltrúar launþegasamtaka og fulltrúar stjórnarandstöðuflokka komu fram með, er engin af þeim fimm leiðum, ef hægt er að tala um fimm leiðir, — að vísu er ein leiðin þess efnis að ekkert verði gert, — sem fram komu í verðbólgunefndarálitinu. Það er önnur leið, sem þeir settu þar fram, sem ég eyddi allmiklum tíma í að lýsa hér í gær og sýna fram á að fengi ekki staðist. Hins vegar gerði hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason það að varatill. sinni, að leið 2 yrði farin, þar sem ég vænti þess, að honum hafi þótt vera fremur óliklegt að sú leið, sem hann hafði áður lagt til, yrði fær. Hins vegar hefur leið 2, eins og ég benti á í gær, á sér margs konar vankanta og aðallega þann vankant, að hún leysir ekki þann vanda sem er við að glíma hjá atvinnuvegum þjóðarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 377, sem var of seint fram komin, samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 13:6 atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 375 (3. gr. falli niður) samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

6.—9. gr. (verða 5.—8. gr.) samþ. með 13:1 atkv.

Brtt. 377,1 samþ. með 14 shlj. atkv.

10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 377,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

12.—13. gr. (verða 11.—12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:6 atkv.

Efri deild, 64. fundur.

Fimmtudaginn 16. febr., að loknum 63. fundi.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 15. febr. 1978.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér, með skírskotun til 138.

gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Þorleifur Kjartan Kristmundsson sóknarprestur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Halldór Ásgrímsson,
5. þm. Austurl."

Séra Þorleifur hefur setið áður á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 378). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:6 atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 334). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð. Það er alllangt síðan áhugamenn um kvikmyndagerð tóku að hugleiða sérstakar aðgerðir til að greiða fyrir íslenskri kvikmyndagerð sérstaklega og jafnframt til að stuðla að söfnun og varðveislu íslenskra kvikmynda. Fyrir nokkru var flutt á Alþ. frv. um þetta efni. Því var vísað til ríkisstjórnarinnar með ákveðnum tilmælum um að hún léti kanna málið nánar og semja frv. um þetta efni.

30. apríl 1976 skipaði menntmrh. n. til að semja frv. um kvikmyndasjóð o. fl., eins og nánar er sagt frá í athugasemdum við þetta lagafrv. Þessi n. skilaði svo frv. til menntmrn. í apríl 1977. Það frv. er lagt fram óbreytt hér eins og n. skilaði því, nema ákvæðin um fjárframlög, þeim er breytt. Í till. n. er gert ráð fyrir föstu árlegu framlagi, sem framreiknast eftir verðlagsbreytingum, en hér er kveðið á um fjárhæð fyrstu framlaga 1979, en síðan skulu árleg framlög fara eftir því sem Alþ. ákveður í fjárlögum.

Það hefur vonandi engum dottið í hug, að fyrsta lagasetning um íslenska kvikmyndagerð leysti allan fjárhagsvanda á því sviði. Það má öllum vera ljóst, að hér er annars vegar um að ræða fjárfrekt og fyrirferðarmikið verkefni og hins vegar lítið samfélag með takmörkuð fjárráð. En allt um það, þá vona ég að þetta frv., ef að lögum verður, geti komið að nokkru gagni og tryggt íslenskri kvikmyndagerð stuðning sem um munar, auk þess sem það gerir mögulega eða a. m. k. auðveldar söfnun og varðveislu íslenskra kvikmynda.

Ég skal víkja nokkrum orðum að einstökum atriðum þessa frv. Fyrsti kafli þess fjallar um Kvikmyndasafn Íslands. Þar segir að stofna skal Kvikmyndasafn Íslands og það skal hafa aðsetur í Fræðslumyndasafni ríkisins og starfa í tengslum við það, a. m. k. fyrst um sinn. Það þótti rétt að hafa þennan hátt á. Fræðslumyndasafn ríkisins hefur starfað í allmörg ár. Því er nú mjög þröngur stakkur skorinn hvað snertir húsnæði og alla aðstöðu. Líklegt er að úr því rætist innan tíðar, enda er það nánast óhjákvæmilegt þegar vegna starfsemi Fræðslumyndasafnsins sjálfs. Það var hugsanlegt að tengja starfsemi Kvikmyndasafns Íslands við Ríkisútvarpið — sjónvarp, því sjónvarpið hlýtur alltaf að eiga verulegt og vaxandi safn kvikmynda sem varðveita þarf til framtíðarinnar. En af ýmsum ástæðum þótti eðlilegra að tengja Kvikmyndasafn Íslands Fræðslumyndasafninu, eins og hér er lagt til.

Höfuðviðfangsefni Kvikmyndasafnsins verður að safna íslenskum kvikmyndum og varðveita þær. En einnig er gert ráð fyrir, að til greina komi að safna eftirgerðum af vönduðum erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi, eins og segir í frv. Í frv. er ákvæði um að ríkissjóður kosti húsnæði, þ. e. geymslurými fyrir kvikmyndirnar, og skal veita til þess sérstakt fjárframlag á fjárl. Þá er svo fyrir mælt, að Fræðslumyndasafn annist rekstur Kvikmyndasafns gegn hæfilegri borgun, a. m. k. fyrst um sinn, og ráðinn verði sérhæfður starfsmaður vegna Kvikmyndasafnsins í a. m. k. hálfa stöðu og greiðist þá laun hans beint úr ríkissjóði. Loks er kveðið svo á, að greiða skuli til Kvikmyndasafnsins árið 1979 5 millj. kr. og svo árlegt framlag eftir því sem ákveðið verður í fjárl., eins og ég sagði áðan. Þá er og ákvæði um sérstaka stjórn Kvikmyndasafns Íslands, hversu hún skuli mynduð, og ég fer ekki nánar út í það.

Í II. kafla frv. er svo fjallað um kvikmyndasjóð. Hann skal stofna með 30 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði árið 1979, þ. e. á næsta ári, en síðan skal greitt árlegt framlag til sjóðsins eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum. Kvikmyndasjóðnum er ætlað að styrkja íslenska kvikmyndagerð jöfnum höndum með beinum fjárframlögum og með lánum til kvikmyndagerðar. Hér er einnig að finna ákvæði um stjórn Kvikmyndasjóðs. Gert er ráð fyrir tengingu milli þessara tveggja aðila.

Þetta frv. er stutt og fáort og það yrðu þá rammalög og ráð fyrir því gert, að menntmrn. setji reglugerð um framkvæmd laganna, þar sem m. a. yrði kveðið á um samstarf Kvikmyndasafns og Fræðslumyndasafns, um úthlutun úr Kvikmyndasjóði og hversu háttað skuli reikningshaldi hans og ávöxtun.

Töluverð umræða hefur orðið innan n. og svo hjá rn. menntamála og fjármála um öflun tekna til Kvikmyndasjóðs. Um það segir n. í athugasemdum sínum.

„N. velti mjög fyrir sér hvaðan tekjur til Kvikmyndasjóðsins skyldu fengnar. Til greina hefur komið hluti af skemmtanaskatti, sætagjald af kvikmyndahúsum o. fl. Eftir talsverða könnun, upplýsingaleit og umr. komst n. að þeirri niðurstöðu, að beint framlag á fjárl. væri hreinlegast og árvissast. Telur n. margs konar erfiðleika á framkvæmd annars konar fjáröflunar beint í sjóðinn, þótt henni sé að sjálfsögðu ljóst að

ríkissjóður þurfi að afla þess fjár, og leggi ekki dóm á innheimtuleiðir.“

Þó að ég geti að vissu leyti tekið undir það álit n. og ákvæði frv. eru á því byggð, þá vil ég ekki með öllu slá striki yfir þann möguleika að afla Kvikmyndasjóði sérstakra tekna á annan hátt en hér er gert ráð fyrir. Ég vil geta þess, að ég skipaði á sínum tíma n. til að endurskoða lög um skemmtanaskatt og hún hefur skilað áliti sínu. En ég hef þó ekki treyst mér til að flytja frv. um það efni án frekari athugunar og mun láta kanna það mál enn nánar, áður en til þess kæmi að fram yrði lagt frv. um það efni. Ég tel það hugsanlegt — ég segi: hugsanlegt, að út úr þeirri könnun kæmi, að skynsamlegt teldist að verja hluta af skemmtanaskatti til Kvikmyndasjóðs. En ég tel það ekki sérstaklega sennilegt, m. a. vegna þeirra mörgu og stóru verkefna sem skemmtanaskatti er ætlað að standa undir nú þegar.

Í aths. n. segir enn fremur um þetta, ég vil vekja athygli á því, af því að það er þetta atriði sem breytt er í frv.:

En n. leggur áherslu á, að þessi stuðningur við íslenska kvikmyndalist verði fast framlag á fjárl., endurskoðað árlega vegna verðbreytinga.“

Þetta var sem sagt till. n. En ekki þótti fært að leggja til að þessi háttur yrði á hafður, nema hvað kveðið er á um að sjóðurinn fái árlegar greiðslur, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að ákveða þær í fjárl. hverju sinni.

Ég vænti þess, að hv. alþm. taki þessu frv. með skilningi og séu á eitt sáttir um að ekki megi draga öllu lengur að veita íslenskri kvikmyndagerð skipulegan stuðning. Og ég vænti nú þess, að takast megi að afgreiða þetta mál á þessu þingi. Hins vegar er mér ljóst, að það hljóta að vera skiptar skoðanir um ýmis atriði í frv., *og ég hef auðvitað síður en svo nokkuð við það að athuga að hér hn., sem um þetta fjalla, og þm. yfir höfuð að tala hrjóti þetta mál til mergjar og kanni hvort um betri leiðir kynni að vera að ræða til að leysa það farsællega.* En fyrst og fremst vænti ég þess, að þm. geti verið sammála um að það sé orðið tímabært að veita þessari ungu starfsgrein, kvikmyndagerðinni, *skipulegan stuðning á einhvern hátt.*

Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til menntmn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég fagna því að fram er komið stjfrv. um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð, sem gerir ráð fyrir því, að veitt verði nokkur aðstoð til að örva kvikmyndagerð á Íslandi.

Ég vil taka undir hér óskir hæstv. ráðh., að mál þetta verði afgreitt á þessu þingi, og vænti þess, að hv. þm., sem sjálfir njóta kvikmyndagerðar a. m. k. í sjónvarpi svo til á hverjum degi, sýni þessu máli skilning og greiði fyrir því.

Kvikmyndagerð er tvíbætt. Annars vegar er hún viðurkennd listgrein og hins vegar er hún heimildarform sem er notað í stórum stíl til að myndrita viðburði dagsins og hvað eina um allan heim. Frá báðum sjónarhólum séð er ástæða til þess fyrir Íslendinga, sem státa af því að eiga glöggar heimildir um þjóðina allt frá landnámi, að sinna því áður en of seint verður að koma upp kvikmyndasafni, þar sem við getum átt sem allra mest af kvikmyndum sem teknar eru af þjóðlífi og atburðum í landinu.

Örlítið hefur þegar verið gert að því að safna gömlum myndum, og hefur miklum verðmætum þannig verið bjargað. Það hafa gert bæði einstaklingar og opinberir aðilar, eins og Þjóðminjasafn og sérstaklega Fræðslumyndasafn ríkisins. Ég tel að æskilegt sé að koma þessu í fast safnsform og þar verði síðan reynt að ná saman sem allra mestu af þeim myndum sem ástæða verður talin til að geyma í framtíðinni. Þó vil ég vara við því, að kvikmyndagerð er að komast í hvers manns hendur og er hætt við að flóðið af teknum kvikmyndum verði í framtíðinni svo mikið að það þurfi að velja og hafna. Þá vil ég benda á að langstærsti framleiðandi kvikmynda á Íslandi er að sjálfsögðu Sjónvarpið, og það kann að vera að skynsamlegast reynist að láta það um að varðveita myndir sínar, enda er fréttamyndasafn þess fyrst og fremst ómetanlegt, en ætlast ekki til þess að tekin verði eintök af öllu því efni og sett sérstaklega í kvikmyndasafn. Þetta gæti nefndin athugað.

Lögin, sem nú eru í gildi um Fræðslumyndasafn, eru frá 1961, ef ég man rétt, og spanna yfir allmikið svið. Þau gera ekki aðeins ráð fyrir því, sem nafnið bendir til, safni fræðslumynda sem fyrst og fremst eru notaðar í skólunum, heldur er í þeim ákvæði um að safnið skuli styrkja íslenska kvikmyndagerð, koma upp kvikmyndagerðartækjum og halda uppi ýmissi starfsemi á því sviði. En Alþ. hefur aldrei veitt þessu safni aðstöðu eða fjármuni til að gera neitt sem mætti kalla meiri háttar átak í sambandi við kvikmyndagerð almennt, þannig að starfsemi þess hefur nálega eingöngu snúist um fræðslumyndir, aðstöðu við skólana og reynar ýmislegt fleira en kvikmyndir af myndrænu kennsluefni.

Þó hefur safnið haft aðstöðu til þess að veita kvikmyndagerðarmönnum meðmæli með tollahlunnindum af hráfilmu, og hefur það numið töluverðum fjármunum. Þá hefur verið reynt að kaupa svo að segja allar íslenskar myndir og allt upp í 4—5 eintök af þeim sem henta til nota í skólum, og safnið hefur veitt kvikmyndagerðarmönnum ýmsa fyrirgreiðslu, sérstaklega í sambandi við erlendar kvikmyndahátíðir, en íslenskar myndir hafa á undanförnum árum unnið til margra þjóðlegra verðlauna á kvikmyndahátíðum allt frá Atlanta í Bandaríkjunum til Teheran í Íran. Hefur þetta verið á sviði fræðslu- og heimildarmynda, en mestu afrek íslenskrar kvikmyndagerðar standa í sambandi við náttúruhamfarir hér. Hafa kvikmyndagerðarmenn okkar þar náð árangri sem á engan sinn líka í heiminum og því verðskuldað ýmis þau verðlaun sem þeir hafa hlotið.

Varðandi stuðning við kvikmyndagerð er erfitt að ná teljandi árangri vegna þess að fullkomin kvikmyndagerð er orðin óhemjulega dýr. Flestir halda að meginhluti kvikmyndagerðarinnar sé að halda á kvikmyndatökuvél og taka mynd af einhverju, en það er í raun og veru aðeins fyrsta skrefið. Eftir fylgir langt starf og dýrt við að klippa myndir, setja þær saman, fella að þeim tal og tóna og gera þær að því sem kalla mætti fullgerðar, útgefnar kvikmyndir. Þess vegna verð-

ur fjármálahlið þessa máls vafalaust erfið og er ekki um annað að gera fyrir Alþ. en að fara hægt af stað og gera eins og hægt er hverju sinni. Það eina, sem unnt er að gera til viðbótar beinum fjárveitingum, er að hvetja til þess, að Sjónvarpið taki upp meira og betra samstarf við kvikmyndagerðarmenn sem ekki eru starfsmenn þess, en í þeim efnum hygg ég að ekki hafi verið um viðunandi samstarf að ræða. Ég hef nokkra þekkingu á því frá fyrstu árum sjónvarpsins, er ég sat í útvarpsráði. En úr því má þó bæta. Gæti samstarf Sjónvarpsins við kvikmyndagerðarmenn vafalaust orðið til þess að ýta undir kvikmyndagerðarlistina alla, eins og sjónvarpið raunar hefur gert, í fyrsta lagi af því að það flutti inn til landsins fyrstu tæki til þess að framkalla og kopíera kvikmyndir og í öðru lagi af því að sjónvarpið hefur ýtt á eftir því að fjöldi ungra manna hefur lagt fyrir sig kvikmyndagerð, lært hana í skólum erlendis og er til þess fullbúinn að gera kvikmyndagerð að ævistarfi.

Ég fagna því að heyra skilning hæstv. ráðh. á því, að Fræðslumyndasafninu er þröngur stakkur skorinn og það þolir eins og er enga viðbót við verkefni sín, því segja má að þar séu stíflur í ánni og á ég þar við dreifingu kvikmyndanna, vegna þess hve fátt starfsliðið er: forstöðumaður og þrjár persónur aðrar. Hefur ekki dugað að knýja á dyr hins opinbera um neina úrbót úr því undanfarin ár.

Ég vil að lokum segja að þetta frv. gerir ráð fyrir tveimur stofnunum, sem eiga að hafa tvær stjórnir og fléttast inn í þriðju stofnunina, Fræðslumyndasafnið, sem líka hefur stjórn. Ef þetta verður samþ. mundu verða í kvikmyndamálum þrjár stjórnir með 13 sætum sem væru yfir starfsemi þar sem starfsmenn eru fjórir. En vera má að þetta komi ekki að sök, og t. d. stjórn Kvikmyndasjóðs mun ekki þurfa að koma saman oft á ári til að úthluta því fé sem til verður. Ég tel þó að þrátt fyrir þennan augljósa ágalla sé þetta frv. raunhæft, það sé byggt á þeim aðstæðum, sem eru fyrir hendi í dag, og sé reynt að gera sem mest og best úr því sem við eigum til. Við verðum að líta á þetta sem fyrsta skref og sem slíkt tel ég það viðunandi. Svo verði Alþ. að líta á þessi mál aftur í framtíðinni og hyggja þá að hugsanlegum breytingum.

Ég vil að lokum til samanburðar biðja menn að íhuga ljósmyndina. Ljósmyndin er mikil heimild, auk þess sem hún er líka listgrein. Myndir hafa verið teknar hér síðan á síðustu öld þúsundum saman af öllum hugsanlegum atburðum, mönnum og mannvirkjum. Hvað hefur verið gert til þess að geyma það merkasta af þessum myndum, t. d. hvað heimildir snertir? Það er örlítið ljósmyndasafn hjá Þjóðminjasafninu, sem ég hygg að hafi aðallega snúið sér að mannamyndum. Á síðari árum gerast hér stórviðburðir á mörgum sviðum, og það eru teknar af þeim þúsundir mynda, en það er engin trygging fyrir því, að þær merkustu þeirra og sögulegustu séu nokkurs staðar varðveittar og aðgengilegar. Við erum duglegir við að safna pappír og öllu, sem er skráð, handritað eða prentað, og leggjum mikið fram til að gæta þeirra heimildasafna. Nú erum við að taka fyrir kvikmyndina, og henni fylgja fljótlega myndsegulbönd, en ljósmyndin er opið gat í alúð Íslendinga við heimildir um sögu sína. Það er algjörlega undir því komið, hvað einstaklingar hafa sjálfir geymt af þessum myndum, af eigin hvötum og á eigin kostnað, hvað af þessu varðveitist. Ég vil aðeins minna á þetta til að undirstrika hvílíkt gildi það hefur að byrja nógu snemma að safna heimildarkvikmyndum, og ég vænti þess, að við séum ekki of seint á ferðinni ef við gerum þetta frv. að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Rannsóknarlögregla ríkisins, frv. (þskj. 224). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 379).

Neðri deild, 60. fundur.

Fimmtudaginn 16. febr., kl. 9 síðdegis.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 378). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í Ed. var sú breyting gerð á frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum, að 3. gr. frv. var felld burt, en í upphafi 2. umr. um frv. í Ed. gaf ég svo hljóðandi yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj.:

Miklar umr. hafa spunnist um 3. gr. í frv. ríkisstj. um ráðstafanir í efnahagsmálum, en þar er lagt til að frá og með 1. jan. 1979 skuli óbeinir skattar ekki hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Fulltrúar launþegasamtaka hafa af ýmsum ástæðum lýst ákveðinni andstöðu sinni við þetta ákvæði. Skoðun og rök ríkisstj. fyrir þessari till. eru skýr og þarf ekki að endurtaka þau. Núverandi vísitöluákvæði hafa óæskileg áhrif á stefnuna í skattamálum, auk þeirrar hættu á víxlhækkun kaupgjalds og verðlags sem þau fela í sér. Það er athyglisvert, að nær allir, sem til máls hafa tekið í umr. um þetta mál, telja vísitölukerfið meingallað. Ríkisstj. telur því rétt að taka verðbótaákvæði í kjarasamningum til allsherjar endurskoðunar og þar með vísitölugrundvöllinn og vill vinna að þessu máli í samráði við samtökin á vinnumarkaðinum þannig að ný skipan geti komið til framkvæmda frá upphafi næsta árs. Í samráði við ríkisstj. hefur meiri hl. fjh.- og viðskn., þ. e. í Ed., lagt til að 3. gr. frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum verði felld burt, og vill ríkisstj. með því sýna að hún er reiðubúin til samráðs um framtíðarskipan þessa mikilvæga þáttar í ákvörðun launa.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Samkv. þingsköpum hefur fjh.- og viðskn. athugað frv. að nýju eftir þær breytingar sem gerðar voru í hv. Ed. Breytingarnar, sem gerðar voru á frv. þar, eru þrjár. Fyrir utan þá breytingu, sem hæstv. forsrh. gerði grein fyrir, að 3. gr. frv. hefði verið felld brott, voru gerðar breytingar á 10. og 11. gr. frv. Þar er breytt dagsetningum, þar sem frv. varð ekki að lögum þann dag sem ætlað hafði verið. Dagsetningar breytast þannig, að í 10. gr. kemur 19. febr. í stað 15. febr. og í stað 16. febr. kemur 20. febr. og í 11. gr. er breytingin sú, að í stað 16. febr. í 1., 2. og 3. mgr. kemur 20. febr.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur ekki athugasemdir við þessar breytingar að gera, en minni hl. mun tjá sig um málið.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Sú breyting hefur nú verið gerð á frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum, að 3. gr. þess hefur verið felld brott. Ég held að það sé óhætt að segja það, að niðurfelling 3. gr. sýni að hæstv. ríkisstj. hefur ekki verið alveg ósnortin af þeim mjög svo ákveðnu og hörðu mótmælum sem komið hafa frá launþegasamtökunum gegn þessu frv. og þá einnig þeirri grein sem nú hefur verið felld brott. Síðustu mótmælin, sem borist hafa og mönnum eru þegar vel kunn, eru samþykktir frá formannaráðstefnum Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, þar sem mjög er hart kveðið að orði um ætlun þessa frv. að rifta gerðum kjarasamningum.

Nú er það svo, að þessi 3. gr. var vitaskuld aldrei neitt höfuðatriði þessa máls. Hún var, eins og sagt var við 2. umr. málsins í þessari hv. d., tilkynning um það sem gera skal, eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson orðaði það í framsöguræðu fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. Það má segja, að þessi 3. gr. hafi fyrst og fremst verið stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar um framhald þessara mála. Hún snerti ekki kjarasamninga á þessu ári. Niðurfelling 3. gr. er fyrsta undanhald ríkisstjórnarinnar vegna hinna eindregnu mótmæla sem komið hafa frá öllum — bókstaflega öllum launþegasamtökunum. En hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa fallið frá áformum sínum í þessu efni. Í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. las hér áðan segir m. a.: „Ríkisstj. telur því rétt að taka verðbótaákvæði í kjarasamningum til allsherjar endurskoðunar og þar með vísitölugrundvöllinn og vill vinna að þessu máli í samráði við samtökin á vinnumarkaðinum þannig að ný skipan geti komið til framkvæmda frá upphafi næsta árs.“

Það er út af fyrir sig vel, að á undanhaldinu hefur ríkisstj. valið þann kostinn, sem vissulega er skynsamlegri, að ræða þessi mál við samtök vinnumarkaðarins og þá sjálfsagt ekki hvað síst við samtök launafólksins. Þetta er auðvitað það sem er eðlilegt að gera í þessu máli. Sú ákvörðun að setja þetta nú inn í þessi lög, að fella niður alla óbeina skatta úr vísitölunni þannig að þeir hefðu ekki áhrif á vísitöluna eða verðbótaákvæði kjarasamninga, var í rauninni aldeilis fráleit og í rauninni óskiljanlegt að það skyldi vera sett inn í frv. Nú er þó látið líta svo út, að um þessi atriði verði hægt að ræða. Það er út af fyrir sig gott. Hins vegar þekkjum við ósköp vel hvað mikið er að marka þegar sagt er að höfð skuli samráð um jafnstórvægileg mál og hér er um að ræða. Það átti að hafa samráð við verkalýðssamtökin um efni þessa frv., en þau samráð voru einvörðungu í formi þess, að hæstv. ríkisstj. tilkynnti samtökunum um þau áform sem hún hafði á prjónunum um hvað gera ætti og gera skyldi. Það voru í rauninni öll samráðin. Ef ekki verður um önnur samráð að ræða þegar kemur að þessu veigamikla máli, þá er það fyrir fram dæmt til þess að mistakast, og um það hlýtur að verða mikið stríð.

Hins vegar vil ég segja það, að brottnám 3. gr. getur ekki breytt neinu um afstöðu launþegasamtakanna til frv. eða um aðgerðir þeirra gegn lagasetningu sem riftir gerðum kjarasamningum. Það hlýtur auðvitað að vera öllum ljóst. Höfuðatriði og veigamesta atriði þessa frv. er vitanlega í 1. gr. þess, sem kveður á um að umsamdar verðbætur á laun skuli aðeins verða að hálfu við það sem kjarasamningar ákveða. Eins og margoft er búið að taka fram, þá er hér um að ræða ekki minna en 12% kjaraskerðingu í lok þessa árs. Slíkt býður upp á ný stéttaátök, — stéttaátök sem máske geta orðið harðvítugri en nokkru sinni áður.

Það, sem hæstv. ríkisstj. hefði í rauninni átt að gera núna, hefði verið að draga þetta frv. til baka og taka upp viðræður við launþegasamtökin á grundvelli óskertra kjarasamninga. Ég vil minna á, að í þeirri samþykkt, sem formannaráðstefna Alþýðusambandsins gerði í gærkvöld, er m. a. sagt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstefnan ítrekar fyrri áskoranir verkalýðssamtakanna til ríkisstj. um að stöðva framgang frv. Verði ekki orðið við þeim eindregnu tilmælum samþ. ráðstefnan að fela miðstjórn ásamt stjórnum eða fulltrúum BSRB og FFÍ að skipuleggja sameiginlegar baráttuaðgerðir og skal miða við að þær hefjist 1. mars n. k., en þann dag á fyrsta kaupskerðingin að koma til framkvæmda.“

Hér er lögð rík áhersla á það, að ákvæði þessa frv. komi ekki til framkvæmda að því er lýtur að því að skerða kjarasamningana, en fari svo, þá er viðnám verkalýðshreyfingarinnar og launþegasamtakanna allra undirbúið.

Því vil ég leggja mjög ríka áherslu á það, að það eina vitlega í þessum málum, eins og þeim nú er komið, er að ríkisstj. hætti við þessa atlögu gegn launþegasamtökunum og kjörum alls vinnandi fólks. Það gæti áreiðanlega komið í veg fyrir mikil vandamál sem annars steðja að þjóðfélaginu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ekki er þörf að endurtaka ummæli um þá undrun sem það varð forráðamönnum launþegasamtakanna, þegar þeir voru á elleftu stundu kallaðir á fund nokkurra ráðh. og þá dregin fram úrræði sem voru hvergi nærri því, sem verðbólgunefnd hafði til hugar komið eða hún hafði rætt í starfi sínu rúmlega eitt ár.

Það fer varla á milli mála, að 3. gr. frv., eins

og það upphaflega var, vakti mesta undrun, af því að þar var um róttæka og áhrifaríka aðgerð að ræða og ákvæðið, eins og það var í frv., var þess eðlis, að það bar vott um fljótræði og fálm og virtist vanhugsað með öllu, eins og fram kom í umr. og stjórnarmeirihl. í n., sem fjallaði um frv., varð strax að viðurkenna. Þetta mál er þess eðlis, að það eru ekki stjórnmálamenn með fulla ábyrgð eða með eðlilegan hugsunarhátt sem leggja til að það sé framkvæmt á þann hátt sem var í frv. upphaflega. Það er eitthvert furðulegt valdatafl á milli stjórnarflokkanna, sem hlýtur að standa að baki þeirri fáránlegu skyssu sem ríkisstj. þar gerði og hún hefur nú viðurkennt með því að hörfa frá þessu ákvæði í Ed. Hvort það eru sömu mennirnir, sem áttu upphafið að þessari skyssu og réðu því að hún var dregin til baka, skal ég ekki segja. Það vita aðrir betur en ég. En engu að síður verður að viðurkenna, að það er mikill ávinningur að ríkisstj. skyldi þó sjá að sér og draga þetta ákvæði til baka, enda þótt það ætti ekki að koma til framkvæmda fyrr en í byrjun næsta árs. Þetta var óvænt ákvæði, sem átti mikinn þátt í því, hversu mikil harka hefur færst í þessa deilu. Ríkisstj. brást því meginhlutverki sínu að reyna að bera sáttaorð á milli stétta, heldur hellti hún olíu á eld deilnanna. Þetta óskiljanlega ákvæði var hrein ögrun við launþegasamtökin og ógerningur fyrir forustumenn þeirra að skilja það á annan hátt, enda stóðu þeir upp og gengu út af þeim fundi þar sem þeim var skyndilega tilkynnt að þetta væru áform ríkisstj.

Engu að síður hafa mótmæli þau, sem borist hafa, og umr. á fjöldamörgum fundum í launþegasamtökum, sem fram hafa farið síðan meðferð þessa máls hófst, snúist meira um það sem gerist 1. mars heldur en 1. jan. n. k. Ég hygg að allur þorri launþega geri sér miklu gleggri grein fyrir því, hvað er verið að taka af þeim 1. mars, heldur en hvað ríkisstj. gæti gert með hið vanhugsaða og fáránlega ákvæði 3. gr., sem stjórnin hefur nú dregið til baka. Látum það kyrrt liggja, ég ætla ekki núv. ráðh. nein ill áform í því sambandi.

En þar sem áhyggjur launþegasamtakanna beinast fyrst og fremst að því, sem næst er og til framkvæmda kemur eftir stuttan tíma, þá hef ég fram að færa skriflega till., frávísunartillögu, og skal nú lesa hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem breytingar Ed. á frv. draga ekkert úr kjaraskerðingu eða riftun samninga, sem í því felast, og enn stendur boð stærstu launþegasamtakanna um að ræða við ríkisstj. um lausn á vandamálum atvinnuveganna án þess að kjarasamningum sé rift, ályktar Nd., í trausti þess að slíkar viðræður fari fram, að vísa frv. til ríkisstj.“

Flm. þessarar till. eru auk mín Eðvarð Sigurðsson og Karvel Pálmason.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það fór ekki svo að við ættum ekki eftir að lifa það að hv. þm. Ólafur G. Einarsson hefði þriðju skoðunina á þessu máli áður en yfir lyki, og þess er auðvitað sárt saknað, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason skyldi ekki njóta þess að vera hér staddur og horfa með eigin augum og reyna það sjálfur, eins og ég hygg að hann hafi spáð á sínum tíma, þegar málið var fyrr til umr. hér í d. (Gripið fram í.) Var svo? Ég segi fyrir mitt leyti: ég held að það hljóti að verða að fagna því, að hæstv. ríkisstj. virðist þó hafa áttað sig að einhverju leyti, þó að ég taki undir það, sem hér hefur verið sagt, að sú ákvörðun hennar nú að kippa 3. gr. út úr frv. hefur auðvitað engin áhrif á það, að frv. er eftir sem áður aðför að þeim samningum sem gerðir voru á s. l. sumri, — samningum sem ríkisstj. sjálf stóð að. Það stendur eftir sem áður, þrátt fyrir þessi breyttu viðhorf hæstv. ríkisstj. um að kippa umræddri 3. gr. til baka. Eigi að síður er ástæða til að fagna því, að að einhverju leyti virðist þó hæstv. ríkisstj. hafa séð eftir því að setja fram af jafnmiklu offorsi það mál, sem hér um ræðir, eins og var gert með því að hafa þettta ákvæði í frv.

Það stendur auðvitað eftir sem áður, að það dettur engum í hug að hæstv. ráðh. hafi breytt um skoðun að því er varðar stefnumörkun í þessu máli. Það eina, sem kemur í veg fyrir þetta, er að þeir fái ekki tækifæri til þess eftir kosningar að framkvæma þetta stefnumark sitt að því er varðar breytingu á grundvelli vísitölunnar, eins og 3. gr. vissulega sagði okkur til um að ætlunin væri að gera. Það eitt kemur í veg fyrir að það verði gert, að núv. stjórnarflokkar fái ekki umboð kjósenda í kosningum að sumri til að framkvæma þetta stefnumark. Mér a. m. k dettur ekki í hug að halda að þeir hafi skipt um skoðun að því leytinu til, þeir muni gera þetta fái þeir til þess umboð, og það skiptir mestu máli í áframhaldi af þessu að slíkt umboð fái þeir ekki í kosningum.

Það er ekkert vafamál, að eins og þessi málatilbúnaður var af hálfu hæstv. ríkisstj., með því að setja þetta ákvæði inn í frv. án þess að hafa nokkurt samráð haft eða talað við forustumenn launþegahreyfingarinnar í landinu, þá hleypti hæstv. ríkisstj. mikilli hörku í þá deilu sem nú er komin upp og stendur yfir og enginn sér fyrir hverjar afleiðingar kann að hafa.

Ég sagði fyrr við umr. um þetta mál, að ég teldi fullvíst að núv. hæstv. viðskrh. hefði átt hugmyndina að því að setja þetta inn, og enginn hefur neitað því. Hæstv. ráðh. hefur ekki borið það til baka, að hér væri rétt til getið, og það verður ekki annað séð en flokksbróðir hans, hæstv. utanrrh., hafi átt tillöguna að því að kippa því til baka aftur. Enginn sér því að Sjálfstfl. hafi haft nein áhrif í þessu máli. Hæstv. viðskrh., formaður Framsfl., kemur greininni inn, og hæstv. utanrrh., flokksbróðir hans, dregur hana út. Þar skiptir engu máli þingstyrkur Sjálfstfl., samstarfsflokksins í ríkisstj. Það er ekki að sjá annað en Framsfl. hafi á öllum stigum þessa máls ráðið ferðinni, hvað gert yrði og ekki gert.

Ég skal þó taka það fram og tjá þeim hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni og Pétri Sigurðssyni aðdáun mína fyrir að hafa staðið með verkalýðshreyfingunni í því að gera a. m. k. tilraun til þess, að þetta mál yrði ekki í frv. eins og það var lagt hér fram og sem betur fer er nú búið að lagfæra.

Það er auðvitað augljóst mál og mátti hver og einn vita þegar þetta frv. var lagt fram, að launþegasamtökin í landinu mundu mæta því af

fyllstu hörku. Það gat vart farið fram hjá nokkrum manni, sem eitthvað þekkti til, að slíkt yrði gert. Það hefur komið á daginn og á eftir að sýna sig enn frekar, ef ekki verður frekar en orðið er hægt að koma viti fyrir hæstv. ríkisstj. með því að draga frv. til baka. Það eitt kemur í veg fyrir að harðvítug átök á vinnumarkaðinum eigi sér stað áður en langt um líður. Það er því full ástæða til að beina því til hæstv. ríkisstj., þegar séð er að hverju stefnir, að hún dragi þetta mál til baka og taki í útrétta hönd launþegahreyfingarinnar í landinu til þess að ræða um sameiginlega lausn á þeim vanda sem fyrir höndum er. Það tilboð stendur enn. Það stendur opið hæstv. ríkisstj. að gera þetta í samkomulagi við verkalýðshreyfinguna og launþega í landinu. En haldi hún áfram og knýi þetta mál í gegnum þingið, þá er eins og áður hefur verið sagt, þá veit enginn hvaða afleiðingar það kann að hafa á næstu dögum, vikum eða mánuðum. Það er fullljóst, að verkalýðshreyfingin hefur um það ályktað að snúast hér til varnar af fyllstu hörku. Hvað þar kemur til með að gerast skal ég engu um spá, en affarasælast væri öllum að hæstv. ríkisstj. áttaði sig enn frekar og drægi málið allt til baka, ekki aðeins 3. gr., heldur frv. í heild.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það er við að búast, svo sem bæði hefur komið fram í umr. í þessari d. sem og í Ed., í umr. og atkvgr., að 41 eða þegar best lætur 42 þm., sem standa að ríkisstj., eru ekki að öllu leyti sammála í öllum efnisatriðum. Og mér þykir hlýða og vil gjarnan fyrir mitt leyti gera grein fyrir afstöðu minni í örfáum orðum varðandi fá atriði sem fram koma í þessu frv.

Ég vil þá fyrst taka það fram, að ég er sammála því stefnumarkandi atriði sem fram kom í 3. gr. frv., eins og það var í sinni fyrri gerð. En það atriði eitt út af fyrir sig táknar í mínum huga ekki annað en að það verði unnið að því, að nýr grundvöllur verði lagður að útreikningum á verðbótaákvæðum. Alþ. og ríkisstj. eru sökuð um aðgerðaleysi, aldrei sé neitt gert af hálfu löggjafans til raunhæfra aðgerða gegn verðbólgu og víxlhækkunum verðlags og kaupgjalds. Mín skoðun er einfaldlega sú, að það verður aldrei gert neitt raunhæft, ef ekkert verður gert annað en það sem samkomulag næst um á milli allra aðila vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. bæði fulltrúa launþega og fulltrúa atvinnurekenda. Þetta ber þó ekki að skilja svo, að það beri ekki að hafa fullt samráð við þessa aðila og leita þeirra leiða þar sem minnst skilur á milli.

Ég bendi á í þessu sambandi, að launajafnandi aðgerðir Alþingis hafa verið brotnar á bak aftur, ekkert síst af launþegasamtökunum, hvort sem það er Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eða Bandalag háskólamanna. Ég fæ t. d. ekki skilið þau verðbótarákvæði eða þá hugsun sem liggur að baki útreikningi verðbótaákvæða sem gera ráð fyrir tvöföldum verðbótum til þeirra sem hæst hafa laun og besta afkomu miðað við láglaunastéttirnar.

Ég var því fylgjandi og er, að fullar verðbætur komi á lægstu launaflokka, takmarkaðar verðbætur á milliflokkana, en engar verðbætur á hæstu launaflokkana. En ég get fallist á þá málamiðlun sem fram kemur í frv., þar sem verðbætur lægstu launaflokkanna eru meiri en hinna.

Ég vil taka það fram, að ég tel afnám verðbóta vegna óbeinna skatta aðeins þátt í endurskoðun á verðbótaþætti kaupgjaldsvísitölu. Ég lít svo á, að eðlilegt sé að a. m. k. láglaunastéttum sé tryggður kaupmáttur innan vissra marka, þar sem tekið er mið af þjóðarframleiðslu. Ég tel það ekki höfuðatriðið, hvort lögfest er nú 3. gr. eins og hún var í frv. eða hvort slíkar umr. bíða síðari tíma. En ég legg áherslu á það, að engin sú ríkisstj., sem mynduð verður að loknum kosningum í sumar, kemst hjá því að takast á við verðbólguvandann, reyna að knésetja þann dýrbít, sem herjar á fjárbúskap eða efnahagsmál ríkisins. Þess vegna hljóta þessir þættir að verða frumþættir í umr. þegar ný ríkisstj. verður mynduð.

Ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið um að hlutur atvinnufyrirtækja í beinni skattheimtu er of lítill. Þar er hækkun tekjuskatts að mínu mati ekki nægileg aðgerð. Hér koma miklu frekar til ýmis ákvæði skattalaga og í framkvæmd þeirra, svo sem að því er varðar fyrningu, varasjóð, arðjöfnunarsjóð og e. t. v. fleira, svo að eitthvað sé nefnt sem færir fyrirtæki niður á eða niður fyrir skattleysismörk. Aðstaðan er breytileg á milli einstakra atvinnuvega, en hún er ekki síður misjöfn milli fyrirtækja innan sömu atvinnugreina. En í heild verður að segja, að það getur ekki talist eðlilegt hve stór hluti atvinnufyrirtækja er tekjuskattslaus.

Ég vil þá að því er varðar þá grein, sem nú er 11. gr. í frv., um heimild til lækkunar útgjalda, taka þetta fram:

Ég bendi á það, að fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum á þessu þingi voru setning fjárl. þar sem dregið var úr opinberum framkvæmdum að verulegu leyti, mörkuð ákveðin stefna í lánsfjáráætlun að því er varðaði erlendar lántökur og líka gert ráð fyrir minni fjárfestingu með takmörkuðu fjármagni til stofnlánasjóða. Ég mun þrátt fyrir heimildina, sem er í 11. gr., standa gegn, — og ég vildi lýsa því yfir hér, þannig að það kæmi engum á óvart, — standa gegn niðurskurði á þeim framlögum sem nú er gert ráð fyrir til sameiginlegra verkefna ríkis og sveitarfélaga. Ég tel að sá niðurskurður hafi verið gerður fyrir jól. Ég mun standa gegn hugmyndum um minnkað fjármagn til vegamála, og ég skírskota þar til þeirra sjónarmiða og þess vilja sem kom fram af hálfu allra þingflokka þegar um vegáætlun var rætt á síðasta þingi. En ég er reiðubúinn til þess að athuga aðra þætti, t. d. varðandi einstaka þætti hreinna ríkisframkvæmda sem og varðandi rekstur ríkisins. En ég leyfi mér að víta það óábyrga tal, sem hér hefur átt sér stað í umr. um þetta mál, þar sem talið er að ríkið geti skorið niður svo milljörðum skipti í rekstri ríkisins og þjónustu án þess að þess sjái nokkurn stað. Það þýðir þó ekki að ég hafni því, að víða megi gæta meiri hagsýni en nú er, og hef þá fyrst og fremst í huga heilbrigðisþjónustuna, vegna þess að ég efast um að „afköst" sjúkrahúsa séu í samræmi við mannafla og tilkostnað.

Ég vildi gjarnan láta þessi sjónarmið mín koma

hér fram við umr. Ég endurtek það, að það er ekki óeðlilegt að svo stór stjórnarmeirihl. sé ekki samstiga í öllum tilvikum, þó að hann nái saman um ákveðnar lausnir, en ég vildi gjarnan láta þetta koma fram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sterkasta ríkisstj., sem Ísland hefur þekkt í rúmlega tvo áratugi, er nú að stiga sín síðustu spor. Miðvikudaginn 8. febr. gerðu fulltrúar hennar í verðbólgunefnd ríkisstj. ákveðna till. Þeirri till. hafnaði ríkisstj. Mánudaginn 13. febr. s.l. gerðu fulltrúar hennar í verðbólgunefnd aðra till. til Alþ., sem var um margt annað en till. sem þeir höfðu gert til ríkisstj. miðvikudaginn 8. febr. Og nú nokkrum dögum síðar, fimmtudaginn 16. febr. gera fulltrúar ríkisstj. þriðju till. Hv. formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur þannig á tímabilinu frá 8.—16. febr. gert þrjár till. um meðferð efnahagsmála.

Herra forseti. Þetta sýnir okkur aðeins hvers konar hrærigrautur ræður nú ferðinni hjá hæstv. ríkisstj., hvers konar upplausn er í stjórnarherbúðunum. Ég tel mig vera lýðræðis- og þingræðissinna. Ég geri mér engu að síður grein fyrir því, að þjóðfélag eins og okkar byggir lagasetningu sína á því, að borgararnir geri sér ljóst að lög séu réttlát og þau séu í samræmi við réttarvitund þeirra. Ég lét það í ljós í útvarpsumr. nú á dögunum, að ég óttaðist það mjög, að sú lagasetning, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði þá að gera og ætlar enn, bryti í bága við réttarvitund borgaranna, eins og hún brýtur í bága við fjárhagsskuldbindingar þær sem aðilar frjálsra kjarasamninga á vinnumarkaðinum, launþegar og vinnuveitendur, hafa bundist, eins og sú lagasetning brýtur í bága við fjárhagsskuldbindingar þær sem hæstv. ríkisstj. hefur fyrir aðeins þremur mánuðum bundist við starfsmenn ríkisins. Ég lét það í ljós í útvarpsumr., að ég óttaðist sérstaklega áhrif þeirrar ákvörðunar ríkisstj., sem fram kemur í 3. gr. frv., að gera með lögum breytingar á grundvelli vísitöluútreiknings án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Hæstv. ríkisstj. hefur nú dregið þann þátt stefnumörkunar sinnar í efnahagsmálum til baka. Það tel ég tvímælalaust spor í rétta átt. En ég bendi jafnframt á að það spor sýnir aðeins hversu óþarft þetta ákvæði var í upphafi. Þetta spor sýnir að hæstv. ríkisstj. lítur á afnám þessa ákvæðis frv. þannig, að það skipti engu máli um niðurstöðu þeirra aðgerða sem ákveða á með lagasetningunni, enda er það rétt. Það skiptir engu máli um niðurstöður þeirra aðgerða sem ákveða á með lagasetningu þessari, hvort 3. gr. er afnumin eða ekki. Það sýnir fram á það, að 3. gr., eins og hún var upphaflega ákveðin af ríkisstj., var ögrun gagnvart verkalýðshreyfingunni, sem hefur hrundið af stað atburðarás sem ekki verður séð fyrir endann á.

Sá flótti, sú hopun, sem felst í þeirri ákvörðun ríkisstj. að hverfa frá þessari 3. gr., kemur of seint. Ég vil hins vegar líta svo á að þessi afstaða hæstv. ríkisstj. sé til marks um það, að nú á elleftu stundu kunni að vera von til þess að hæstv. ríkisstj. vilji ganga til samningaviðræðna við verkalýðshreyfinguna um samstarf í kjara- og efnahagsmálum. Ég vona að svo sé. Ég tek það fram, að ég óttast, ef svo heldur fram sem horfir, að ríkisstj. haldi fast við sitt og verkalýðshreyfingin, samtök 60 þús. launþega á Íslandi, haldi fast við sitt, eins og full ástæða er til þess að ætla, að þarna verði um að ræða mikla árekstra á milli. Ég óttast niðurstöðu af slíku. Ég er ekki einn um það.

Við stjórnarandstæðingar höfum lagt til, að á þessu stigi málsins taki ríkisstj. sér hlé, tíma til þess að kanna hvort möguleiki sé til að samstarf og samráð geti tekist á milli hennar og verkalýðshreyfingarinnar á elleftu stundu, — ekki á elleftu stundu fyrir hæstv. ríkisstj., ekki á elleftu stundu fyrir verkalýðshreyfinguna, heldur á elleftu stundu fyrir íslensku þjóðina. Það væri leitt til þess að vita, ef hæstv. ríkisstj. héldi svo fast við áform sín, að 2, 4, 10, 12 eða 24 klukkustundir mundu skilja á milli feigs og ófeigs, að jafnskammur tími í sögu íslensku þjóðarinnar mundi skilja á milli þess, að samvinna tækist á milli þeirra aðila í þjóðfélaginu sem ráða eftir hvaða farvegi íslensk efnahagsmál falla, samstarf tækist milli slíkra afla og ríkisstj. um að leysa efnahagsmálin, eða að stefnt yrði til stéttastríðs. Með því að fallast á till. okkar stjórnarandstæðinga um að vísa frv. þessu til ríkisstj. er ekki verið að taka efnislega afstöðu til frv. Alþingi er ekki með slíkri afgreiðslu að dæma um það, hvort till. ríkisstj. séu réttar eða rangar. Alþ. er aðeins að taka frest á elleftu stundu til þess að reyna að ná samkomulagi milli stjórnvalda og stéttarfélaga um samstarf og samstöðu. Ég tel að það sé ábyrgðarhluti af okkur alþm. undir slíkum kringumstæðum að neita slíkri beiðni.

Hæstv. ríkisstj. getur ekki stefnt landinu til stéttastríðs vegna þess að hún vilji ekki veita frest í 12 tíma. Hún getur ekki stefnt þjóðinni í stéttastríð vegna þess að hún eigi ekki 12 klukkustundir aflögu til þess að ræða við íslenska verkalýðshreyfingu. Það er engin minnkun fyrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. að samþykkja að gefa ríkisstj. og verkalýðshreyfingunni 24 stundir til þess að leita samkomulags. Það er skylda okkar alþm. að stuðla að slíku. Það er ekki minnkun fyrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. að gera slíkt. Þeir vaxa af slíku, en minnka ekki.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á dagskrá, hefur hlotið ítarlegar umr. hér í hv. d. og því sé ég ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka efnisatriði úr þeim umr. sem hv. þdm. eru kunnugir. Ég vil þó aðeins láta það koma fram, að mér urðu það vonbrigði þegar hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, sagði að 3. gr. væri ekkert höfuðatriði, þar sem hún væri yfirlýsing um það sem gera skal. Að vísu má segja, að að því leyti sem 3. gr. er stefnuyfirlýsing og kemur þar af leiðandi ekki til framkvæmda fyrr en um n.k. áramót, þá hafi hún ekki haft þýðingu nú alveg á næstunni. En um stefnuatriðið, sem í henni fólst, var í umr. hér í hv. d. rætt sem meginatriði frv., og það verður að segjast eins og er, að þegar ríkisstj. vill koma til móts við þær ábendingar hv. stjórnarandstöðu að ræða þessi mál nánar og á breiðari grundvelli, — ábendingar sem komu raunar fram frá fleirum, — þá eru það vonbrigði, að rætt

sé um að hér sé um að ræða fyrsta undanhald ríkisstj. Það er sem sagt óskað eftir samráði af hálfu ríkisstj. við hagsmunasamtök vinnumarkaðarins. Þegar ríkisstj. verður við þeim óskum, þá er talað um undanhald. Mér finnst þetta stráksleg orðbragð og mjög ólíkt hv. 7. þm. Reykv. Það kemur hins vegar fram, að ríkisstj. er sama sinnis efnislega, þótt hún á hinn bóginn vilji gjarnan nota tímann fram til áramóta til þess að ræða við aðila og taka fleiri þætti málsins til meðferðar á þeim tíma.

Það er rætt um það hér og raunar áður í umr., að annar stjórnarflokkurinn eigi fremur en hinn heiðurinn af því að hafa átt frumkvæði að efni 3. gr. eða þeirri till., að óbeinir skattar falli burt úr verðbótavísitölu. Ég verð að segja það eins og er, að ég held að hvorugur stjórnarflokkanna geti fremur hinum eignað sér heiður af þeirri tillögugerð. Ég hygg að það hafi verið almennt álit, að æskilegt væri einmitt að endurskoða verðbótavísitöluna með það fyrir augum að óbeinir skattar, þar með taldar niðurgreiðslur, yrðu ekki í verðbótavísitölu. Við erum reiðubúnir, með því að fella brott þessa 3. gr., að taka málið upp til endurnýjaðrar meðferðar ásamt með hagsmunasamtökum vinnumarkaðarins og kanna málið út í ystu æsar, þannig að sem víðtækust samstaða náist um nýjan grundvöll sem byggt yrði á í kjarasamningum í framtíðinni. Á nauðsyn þessa hefur verið bent af fulltrúum allra flokka hér á Alþ. Um nauðsyn þessa er enginn ágreiningur, þótt skoðanir manna, hvernig á að leysa vandann, geti verið skiptar.

Ég hlýt því að segja eins og er, að þegar gengið er til móts við þá sem gagnrýnt hafa þetta frv., þá eru mér vonbrigði að það skuli einskis metið, og þarf ekki fleiri orð um það að hafa. Ég vil aftur á móti undirstrika það, að hv. 2. landsk. þm. Benedikt Gröndal, og hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, töldu ávinning að þeirri breytingu sem hér hefði á orðið. Ég skal láta það koma hér fram, að sé það rétt, að þessi grein frv. hafi vakið mesta undrun og verið óvænt og verið ögrun, þá ætti það að vera fallið burt með brottfalli gr., því að ég trúi því ekki, að skynsamir menn í jafnvægi líti ekki á efnisinnihald máls og láti sig það mestu skipta.

Það er fjarri öllum sanni hjá hv. 8. landsk. þm., að ríkisstj. hafi ekki tekið tillit til þeirra till. sem fulltrúar í verðbólgunefnd gerðu. Till. ríkisstj., eins og hún birtist í frv., er í öllum höfuðatriðum byggð á 5. dæminu, sem auðkennt hefur verið með bókstafnum b. En einmitt í umsögn um það dæmi er getið um að ýmiss konar frávik þurfi á að hafa, þegar öll kurl koma til grafar, til þess að dæmið gangi upp og fjárhag ríkissjóðs sé borgið, peningamál og lánamál séu í jafnvægi og viðskiptin við útlönd.

Það er talað hér um að það sé merkilegt, að sterkasta ríkisstj., sem hefur verið að störfum um langan tíma, miðað við þann þingmannameirihl. sem hún styðst við, gefi eftir og dragi til baka lagagr. í frv. sem hún flytur. Ég vil einmitt halda því fram, að það beri vitni um styrkleika að geta gengið til móts við andstæð sjónarmið og leitað samninga og sátta. Hins vegar tek ég það skýrt fram, að ríkisstj. hefur látið það koma vel í ljós, bæði gagnvart fulltrúum launþegasamtakanna og hér á hv. Alþ., að því miður er vandinn, sem leysa þarf, svo stór, að ekki verður hjá því komist að breyta reglum þeim sem gilda um verðbætur samkv. gildandi kjarasamningum. Þar greindi fulltrúa ríkisstj. og fulltrúa launþegasamtakanna á, og ríkisstj. hlaut því að velja þá leið sem hún taldi mildasta í þeim efnum og tryggja best kjör launþega bæði í nútíð og nánustu framtíð. Á því byggist það val sem eðli málsins samkv. hlaut að þessu marki að vera einhliða ákvörðun ríkisstj. En ríkisstj. hefur tekið tillit til ábendinga fulltrúa launþegasamtakanna, og það er merkilegt að þeir, sem gagnrýna ríkisstj. fyrir að taka ekki meira tillit til þeirra sjónarmiða, gagnrýna hana líka fyrir að taka þó að því marki sem ríkisstj. tekur tillit til sjónarmiða launþega og tala þá gjarnan um flótta og undanhald. Þetta er ekki stórmannlega mælt, en er auðvitað ekkert aðalatriði, hreint aukaatriði, og ríkisstj. lætur sér það í léttu rúmi liggja.

Ég vil aðeins að lokum segja það, að þótt auðvitað sé mikið traust sýnt ríkisstj. að vísa þessu frv. til hennar, eins og fram komin till. ber vitni um, þá legg ég til að þessi frávísunartill. verði felld og frv. samþ. hér í hv. deild.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í margra daga umr. um þetta mál hefur það hvað eftir annað vakið undrun mína, að stjórnarsinnar hafa talað um það, að hin upprunalega 3. gr. frv., sem nú hefur verið felld niður í Ed., sé stefnumarkandi, og hæstv. forsrh. kórónar þetta með því að segja í ræðu rétt áðan, að þessi sáluga 3. gr. sé stefnuyfirlýsing.

Nú er það að vísu hugsanlegt, að lagaákvæði megi kalla stefnumarkandi, t. d. þegar þau eru á þá lund, að ráðh. skuli setja reglugerðir um nánari ákvörðun eða eitthvað slíkt. En þegar Alþ. setur lög, þar sem orðalagið er eins og upphaflega var í 3. gr., um að frá og með 1. jan. 1979 „skuli“ óbeinir skattar ekki hafa o. s. frv. og kaupgjaldsnefnd „skal“ meta, er ekki um neitt stefnumarkandi mál að ræða. Þetta eru lög sem á að framkvæma. Ég veit ekki hvort það er nálægð kosninga sem veldur því, að menn ruglast svo í kollinum, að þeir vita ekki hvað þessi stofnun er að gera. Halda þeir að þeir séu á flokksþingum að samþykkja stefnumarkandi ályktanir? Að tala um að slík grein sé stefnumarkandi, jafnvel þó að hún eigi ekki að koma til framkvæmda fyrr en eftir 10 mánuði, er svo fáránlegt að engu tali tekur. Mætti ætla að menn þyrftu ekki að hlusta á slíka vitleysu í sölum Alþingis, sem setur þjóðinni ákveðin lög sem á að fylgja.

3. gr. gat aldrei verið stefnumarkandi. Þetta var ekki samþykkt frá Sjálfstfl. eða hinum þögla minni hl. ríkisstj. Þetta áttu að verða landslög, þessar þrjár línur, vanhugsuð ögrun, sem var fleygt inn í mikilvægt stjfrv. á síðustu stundu, og má guð vita hvaða valdatafl á milli hverra þar er að baki, en ég ætla að spara mér þá ánægju að velta frekar vöngum yfir því.

Saga þessa máls hefur verið að því leyti athyglisverð, að við svo að segja hverja umr. hafa komið í ljós fleiri brestir í stjórnarliðinu. Ég hef ekki alveg haldið tölu á því, en mér sýnist

að meira en hálfur meiri hl. ríkisstj. á þessu þingi hafi lýst yfir ýmiss konar áhyggjum, efasemdum eða andstöðu við þetta mál. Hver veit nema hinn helmingurinn af meiri hl. skilaði sér líka, ef við fengjum að ræða málið í örfáa daga enn?

Hæstv. forsrh. hefur sagt að það sé styrkleiki fyrir ríkisstj. að láta undan, og það er rétt. Fyrir stjórnmálamann, sérstaklega þann sem er í valda- og ábyrgðarstöðu, sem hefur þroska til að láta undan, til að miðla málum og tryggja frið, er það styrkleiki. En núv. ríkisstj. hefur sýnt bæði styrkleika og veikleika. Það er veikleiki að hlaupa upp á síðustu stundu, eftir að valdir menn hafa rætt um málið í rúmlega eitt ár, og koma þá með ný ögrandi atriði. Það er að vissu leyti styrkleiki að láta undan, en það væri enn þá meiri styrkleiki að láta undan eftir samræður við mótaðilann frekar en að gera allt með einhliða tilkynningum. Það er þessi valdakennd ríkisstj., sem ég tel að sé mikið áhyggjuefni eins og komið er málum. Það eru þeir, sem völdin hafa, sem tilkynna fulltrúum launastéttanna á síðustu stundu, hvernig þeir ætla að hafa þetta frv., gerólíkt öllum þeim undirbúningi, sem fram hafði farið, og öllu sem rætt hafði verið. Og það er líka einhliða tilkynning, sem skyndilega kemur eftir upphlaup eins ráðh. í Ed., þegar hörfað er frá 3. gr.

Það má segja að ögrun sé fallin burt. En reynið í mannlegum viðskiptum að sjá hvort menn falla frá öllum deiluefnum á stundinni, þegar einu sinni er búið að efna til þess ástands sem nú er milli yfirvalda og launþegasamtakanna. Það er ekki hægt að kveikja og slökkva eins og á rafmagnsperu. Það er ekki hægt að komast hjá því, að meðferð málsins hefur vakið tortryggni, og sú tortryggni hverfur ekki á stundinni, þó að ríkisstj. taki skyndilega þetta einhliða stökk, ekki eftir samráði við launþegasamtökin, heldur eftir tveggja eða átta manna tal í einrúmi, hver sem hefur ráðið hverju.

Ég get ekki fallist á það með hæstv. forsrh., að till. ríkisstj. séu 5. leiðin úr áliti verðbólgunefndarinnar. Þetta er engin 5. leið, þetta er óleið og ekkert annað.

Þessar deilur um efnahagsmál hafa að því leyti verið ólíkar flestum þeim, sem á undan hafa farið og eru orðnar ærið margar síðustu áratugi, að nú er um tvo möguleika að deila. Ríkisstj. hefur sínar till., þetta sem hún dró út úr erminni á síðustu stundu. Stjórnarandstaðan og launþegasamtökin hafa tekið upp svokallaða 2. leið, sem er að finna í skýrslu verðbólgunefndarinnar og er, þó að deilt sé um kosti og lesti á henni eins og öllum hinum leiðunum, dæmd þess virði að teljast vera ábyrg leið sem gæti leyst málið. Það er e.t.v. kjarni málsins, að ríkisstj. hefur skilyrðislaust hafnað þeirri leið, sem gæti leyst málið án þess að rjúfa gerða samninga og án þess að fram færu nokkrar teljandi umr. milli hennar og launþegasamtakanna um þetta mál. Það er of seint að ætla sér að sýna styrkleika og samgirni með því að falla frá einu atriði hér í þingsölum, eftir að slitnað hefur upp úr viðræðum við aðila vinnumarkaðarins. Hefði verið nær að fallast á till. stjórnarandstöðunnar um að taka nokkra daga til að ræða á nýjan leik við fulltrúa launþegasamtakanna um það, hvort ekki sé hægt að finna lausn á þessu máli sem ekki gengur á gerða samninga eins og till. ríkisstj. gera. Það er meginmunur á því að ræða við andstæðinga sína, ef ég má nota það orð, — það er meginmunur á því að tala við aðila eða vera sífellt í trausti valdsins að gefa út einhliða tilkynningar, hvort sem það er í fundarherbergi ríkisstj. við Lækjartorg eða hér í Ed. Það er ekki mikill styrkleiki í slíkum einhliða stökkum fram og aftur. Þau hafa takmarkað gildi til að sætta stéttirnar á þann hátt sem nauðsynlegt er.

Ég ítreka það, að enn stendur boð stærstu launþegasamtakanna. Við höfum gengið úr skugga um það, áður en við fluttum þá till. sem hér liggur fyrir. Það kann að vera formlega rétt hjá hæstv. forsrh., að það sé örlítið meiri viðurkenning fyrir ríkisstj. að vísa frv. til hennar heldur en að vísa því frá. Við viljum þó stíga þetta skref í þeirri von, að dagar, sem eru fyrir hendi, því að 1. mars er ekki alveg kominn, verði notaðir vel. Úr því að ráðh. fóru ekki á fund Norðurlandaráðs, hví nota þeir ekki dagana til að tala við launþegasamtökin og sjá hvort það er ekki hægt að tryggja stéttafrið og bjarga þjóðinni frá átökum.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins stuttar aths.

Það er í fyrsta lagi vegna ummæla hv. 4. þm. Vestf., Gunnlaugs Finnssonar, sem talaði um verðbætur í prósentutölu á öll laun og mátti skilja svo, að ákvæði í kjarasamningum verkalýðsfélaganna frá 22. júní hafi m.a. verið af því tagi, að allsráðandi væru verðbætur í prósentutölu, þar sem tvöfaldar verðbætur kæmu á öll hærri laun. Af þessu tilefni vil ég taka fram, ef hv. þm. eða aðrir vita það ekki, að samningar Alþýðusambandsins í sumar voru ekki með þessum hætti. Þar var í fyrsta lagi um að ræða kauphækkun, sem var tiltekin í prósentum og að sjálfsögðu krónutölu á lægstu laun. Síðan kom sú sama krónutala á önnur laun. Þannig voru samningar Alþýðusambandsins í sumar. Verðbæturnar á launin voru einnig í krónutölu. Það voru fullar verðbætur á lægstu laun og síðan sama krónutala á öll önnur laun í þeim samningum. Hins vegar gilti þetta ekki nema um verðbæturnar sem komu 1. sept. og 1. des. Með þessari krónutölureglu, bæði í grunnkaupshækkunum og verðbótum, þetta tímabil höfðu launataxtar færst mjög saman. Það þótti ekki fært að minnka þetta bil frekar, og verðbætur 1. mars, 1. júní og 1. sept., þ.e.a.s. það sem eftir var af samningstímabilinu, áttu að vera með prósentuuppbótum á öll laun. Þetta er sannleikurinn um þessi mál, og ég tel alveg sjálfsagt og rétt að það komi hér fram, svo að ekki valdi neinum misskilningi, hvernig þessir samningar voru í sumar. Þeir sem sagt voru launajöfnunarsamningar. Slíkir samningar hafa ekki verið gerðir fyrr sem hafa falið í sér jafnmikinn launajöfnuð og fólst í samningum Alþýðusambandsins. Það er hins vegar ekki úr vegi að minna á það, að hæstv. ríkisstj. bauð Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja fullar verðbætur í prósentum á öll laun

og þannig var frá þeim samningum gengið. Það var boð ríkisstj.

Vegna orða hæstv. forsrh. áðan varðandi efnisatriði 3. gr. frv., sem var, þá taldi hann að sú stefnuyfirlýsing, sem hefði falist í þessari 3. gr., hefði verið eitt aðalatriði frv. (**Forsrh.**: Eitt aðalatriði gagnrýninnar á frv.) Ég gat nú ekki betur heyrt en þetta hafi verið eitt aðalatriði frv. Ég held hins vegar að svo hafi ekki verið, fjarri því, aðalatriði frv. fælist í 1. gr. þess og kjaraskerðingunni sem henni fylgir. Hins vegar taldi ég að það að nema brott þessa 3. gr. væri undanhald ríkisstj. í þessum efnum vegna þeirra snörpu mótmæla sem komið höfðu frá launþegasamtökunum. Hvort þetta heitir undanhald eða eitthvað annað er mér svo hjartanlega sama um. Það var ekki ætlun mín að hafa stráksiegt orðalag, en hæstv. forsrh. þótti sem svo hefði verið. Það er þá algerlega óvart og sennilega þá mér meðfætt að nota stráksiegt orðalag. En sem sagt, það átti alls ekki að skiljast svo. Ég var hér aðeins að tína fram staðreyndir málsins. Hæstv. ríkisstj. hefur farið á undanhald í þessu efni. Það hélt ég að væri staðreynd, þegar búið var að taka 3. gr. burt.

Ég taldi líka í þeim orðum, sem ég sagði áðan, viturlegt af hæstv. ríkisstj. að reyna að leysa þessi mjög svo viðkvæmu mál, sem felast í verðbótaákvæðum kjarasamninga, í samráði við verkalýðssamtökin. Ég lýsti hins vegar því, hvernig þau samráð hefðu verið í framkvæmd, ekki hvað síst við meðferð og undirbúning þessa frv. Ég sagði síðan, að ríkisstj. hefði ekki fallið frá áformum sínum hvað varðaði efnisatriði hinnar sálugu 3. gr. Og hæstv. forsrh. lýsti yfir áðan að einmitt það væri staðreynd, ríkisstj. hefði ekki fallið frá þessum áformum, hins vegar yrðu önnur vinnubrögð höfð við að koma þessu í framkvæmd.

Ég ætla ekki að fara að ræða þessi mál neitt frekar hér. Ég lýsti ósköp greinilega, trúi ég, afstöðu minni í fyrri ræðu í kvöld og hef ekki neinu við það að bæta.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Það er rangt hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í verðbólgunefnd hafi sett fram till. um lausn á þessum vanda með því að benda á leið sem verðbólgunefnd hafi talið færa eða hafi verið nefnd í skýrslu verðbólgunefndar. Þetta var ekki svo, heldur var hér um að ræða heimatilbúna undanbragðaleið sem verðbólgunefnd hafði ekki minnst á í áliti sínu. Þessi leið leysir ekki vanda atvinnurekstrarins í landinu, og hún er þess vegna líkleg til að hafa í för með sér atvinnuleysi.

Það eru svo örfá orð í tilefni af ræðum hv. þm. Karvels Pálmasonar og Sighvats Björgvinssonar, sem gera nokkurt mál úr því, að ég hafi skipt nokkuð oft um skoðun í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Í tilefni af því vil ég aðeins segja það, að ég er jafnsannfærður nú sem áður um að óbeinir skattar eigi ekki að hafa áhrif á verðbótavísitölu eða verðbótaákvæði í kjarasamningum. Ég lít svo á, að hv. Ed. hafi að frumkvæði ríkisstj. fellt þetta ákvæði úr frv. í trausti þess, að forustumenn ASÍ og BSRB létu af hótunum sínum um lögmæt eða ólögmæt verkföll. Því var auðvitað ekki að heilsa, eins og komið er í ljós. Engu að síður var hér um sáttatilraun að ræða sem var þess virði að reyna.

Ég hef ekki skipt um skoðun, eins og hv. þm. hafa gert svo mikið mál úr. Ég hef hins vegar ekki miklar áhyggjur út af því, að hæstv. ríkisstj. fór ekki nákvæmlega eftir þeim till. sem ég og fimm aðrir nm. höfðum gert í verðbólgunefnd. Við, sem stóðum að þeirri till., litum nefnilega aldrei á okkur í n. sem einhvers konar yfirríkisstj. sem ætti að ráða í einu og öllu um þær leiðir sem fara skyldi í sambandi við okkar efnahagsvanda. En þannig virtust sumir nm. líta á sig í verðbólgunefndinni strax frá upphafi. — Þetta vildi ég láta koma hér fram.

ATKVGR.

Frávísunartillaga á þskj. 382 felld með 22:10 atkv.

Frv. samþ. með 22:10 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 383).

Sameinað þing, 46. fundur.

Þriðjudaginn 21. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 20. febr. 1978.

Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Guðrún Benediktsdóttir húsmóðir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ingvar Gíslason, forseti Nd."

Guðrún Benediktsdóttir hefur áður setið á þingi og býð ég hana velokmna til starfa.

Innheimta skemmtanaskatts, fsp. (þskj. 101). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 101 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. um innheimtu skemmtanaskatts, sem hljóðar á þessa leið:

„Hvaða tekjur gaf skemmtanaskatturinn á árinu 1976 og hvernig skiptast þær tekjur eftir kjördæmum?"

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Svar við fsp. þm. hljóðar svo:

Tekjur af skemmtanaskatti 1976 námu 85 641 280 kr., og er þá átt við mismun á innheimtum og endurgreiddum skemmtanaskatti á árinu. Innheimta eftir kjördæmum var sem hér segir:

Vesturland	499 529	kr.
Vestfirðir	18 270	—
Norðurland vestra	650 727	—
Norðurland eystra	9.282 288	—
Austurland	384 793	—
Suðurland	357 450	—
Reykjanes	9.327 967	—
Reykjavík	65.120 256	—
Samtals	85.641 280	kr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir greinagóð svör við þessari tiltölulega einföldu spurningu. Ég þykist ekki þurfa að hafa mörg orð um hana. Þetta er einn liður í þeim mörgu spurningum, sem ég hef lagt fram fyrir ráðh. um ýmsar fjáraflanir til ríkissjóðs til sameiginlegra mála þjóðarinnar til þess m. a. að sýna svart á hvítu, að sú villukenning stenst ekki, sem hefur verið haldið fram á undanförnum árum og þó kannske öllu frekar á undanförnum missirum hér á Alþ., að Reykjavík og Reykjanes eða íbúar og fyrirtæki, sem búsetu eiga á þessu landssvæði, séu nánast ómagar í þjóðarbúinu og skili ekki sínum hlut og vel það til þeirra þarfa sem þjóðfélagið krefst. En á þessu svari fjmrh. sést, að mismunurinn á innheimtum og endurgreiddum skemmtanaskatti er á þann veg, að úr þessum tveim kjördæmum, Reykjanesi og Reykjavík, koma 74 millj. kr. í þennan skatt, en annars staðar frá 11 millj.

Jöfnun símgjalda, fsp. (þskj. 137). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Þegar frv. til l. um póst- og símamál var til umfjöllunar í Ed. í vor bar ég fram till. til breytingar á 11. gr. frv. Þær efnisbreytingar, sem ég lagði til að gerðar yrðu, voru þrjár. Sú fyrsta, um talstöðvar í bifreiðar fatlaðra, hefur þegar verið rædd hér nú nýlega. Hinar tvær voru svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðh. ákveður við næstu gjaldskrárbreytingu, að sama gjald komi fyrir hvert það símtal sem fram fer innan sama númerasvæðis." Og enn fremur: „Þá er ráðh. heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu þjónustu og stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu."

Ekki fengust þessar breytingar gerðar á frv., en samkomulag varð um að n., sem hafði málið til umfjöllunar, tæki það til skoðunar á ný, og hún breytti 11. gr. mjög í þá veru er ég hafði lagt til, þannig að tilsvarandi málsliðir í 11. gr. hljóða nú svo: „Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á." Og enn fremur: „Ráðh. er heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu."

Hæstv. samgrh. tók þessum till. mjög vel, og þess vegna hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 137 svo hljóðandi fsp. til samgrh.:

„1. Má bráðlega vænta framkvæmda á eftirfarandi málslið í 11. gr. laga um póst- og símamál: Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan hvers númerasvæðis?

2. Hyggst ráðh. nota fljótlega svo hljóðandi heimild í sömu gr.: Ráðh. er heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu?"

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 2. þm. Reykn. á þskj. 137 vil ég gefa svo hljóðandi svar:

Fyrri liðurinn: „Má bráðlega vænta framkvæmda á eftirfarandi málslið 11. gr. laga um póst og símamál: Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð að sömu gjöld gildi innan hvers númerasvæðis?"

Við þessu er því til að svara, að 12. jan. s. l. voru á fundi með okkur í samgrn. tveir fulltrúar frá samtökum sveitarfélaga sem höfðu sérstaklega verið kjörnir til þess að fjalla um þessi mál fyrir hönd sveitarfélaganna Það voru Guðmundur Gunnarsson verkfræðingur og Guðjón Ingi Stefánsson verkfræðingur, en Guðmundur var kjörinn af Sunnlendingum og Guðjón er starfandi á Vesturlandi. Þriðji maðurinn átti að vera framkvæmdastjóri sambandsins á Vestfjörðum,

en hann mætti ekki á fundinum. Þá stóð til að breyta gjaldskrá Landssímans og var það mál til umr. á þessum fundi. Með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa upp úr þessari fundargerð það sem þetta mál varðar:

„Guðmundur Gunnarsson kvað landshlutasamtökin vilja jafna símgjöldin þannig að fjölga skrefum sem mest í fábýlinu. Hann fór lofsamlegum orðum um þær upplýsingar, sem þeir hefðu fengið frá Póst- og símamálastofnuninni, og óskaði frekari aðstoðar við fast „kontakt“ á milli landshlutasamtakanna og Póst- og símamálastofnunarinnar. Póst- og símamálastjóri ræddi þetta nokkuð, en fulltrúi hans, Guðmundur Björnsson, taldi að með því að lengja skref úr 45 í 60 sekúndur, úr 30 í 45, og úr 24 í 30 mundi kostnaðurinn í heild verða um 60 millj. kr. eða 2% af gjaldskrárhækkun þeirri sem beðið hafði verið um.

Nokkurt hlé varð á fundinum með þeim Guðjóni Inga og Guðmundi Gunnarssyni, en eftir að við hinir höfðum ráðgast varð það niðurstaðan, að ráðh. skýrði afstöðu sína um 2% til jöfnunar samkv. þeim meginlínum sem Guðmundur Björnsson hafði drepið á. Þau 2% yrði að taka af þeirri ca. 30% hækkun sem leyfð yrði á gjaldskrá Landssímans, þar sem ekki væri unnt að skerða hlut annarra notenda meira en gert hefði verið á undanförnum árum með gjaldskrárhækkunum og stofnunin mætti engar tekjur missa. Þeir Guðmundur og Guðjón Ingi töldu þetta báðir góða lausn, eins og staðan er.“

Þetta varð svo niðurstaðan við þá ákvörðun sem tekin var um gjaldskrárhækkanir. Þetta þýðir, ef ég má lesa upp hvaða stöðvar hér er um að ræða, því að tæknimálin í þessu er ég lítt fær um að skýra, — það þýðir, að milli Hvalfjarðar og Akraness fer skrefið úr 30 í 60 sekúndur, milli Hvanneyrar og Borgarness úr 45 í 60, Grundarfjörður-Stykkishólmur breytist úr 24 í 60, Bíldudalur-Patreksfjörður úr 30 í 60, Tálknafjörður-Patreksfjörður úr 30 í 60, Bolungarvík-Ísafjörður úr 30 í 60, Flateyri-Ísafjörður úr 30 í 60, Súðavík-Ísafjörður úr 30 í 60, Suðureyri-Ísafjörður úr 30 í 60 og Þingeyri-Ísafjörður úr 30 í 60, Búðardalur-Brú úr 45 í 60, Hólmavík-Brú úr 45 í 60, Hvammstangi-Brú úr 45 í 60, Laugarbakki-Brú úr 45 í 60, Reykir-Brú úr 45 í 60, Bólstaðarhlíð-Blönduós úr 45 í 60, Skagaströnd-Blönduós úr 45 í 60, Hofsós-Sauðárkrókur úr 45 í 60, Varmahlíð-Sauðárkrókur úr 45 í 60, Grenivík-Akureyri úr 30 í 60, Hjalteyri-Akureyri úr 30 í 60, Árskógur-Dalvík úr 45 í 60, Hrísey-Dalvík úr 45 í 60, Ólafsfjörður-Dalvík úr 45 í 60, Breiðamýri-Húsavík úr 45 í 60, Rein-Húsavík úr 45 í 60, Reykjavík-Húsavík úr 45 í 60, Staðarhóll-Húsavík úr 45 í 60. Kópasker-Raufarhöfn úr 24 í 60, Þórshöfn-Raufarhöfn úr 24 í 60, Grímsey-Siglufjörður úr 24 í 60, Borgarfjörður-Egilsstaðir úr 24 í 60, Seyðisfjörður-Egilsstaðir úr 24 í 60, Vopnafjörður-Egilsstaðir úr 24 í 60, Breiðdalsvík-Reyðarfjörður úr 24 í 60, Eskifjörður-Reyðarfjörður úr 24 í 60, Fáskrúðsfjörður-Reyðarfjörður úr 24 í 60, Neskaupstaður-Reyðarfjörður úr 24 í 60, Stöðvarfjörður-Reyðarfjörður úr 24 í 60, Djúpivogur-Höfn úr 24 í 60, Ásgarður-Selfoss úr 45 í 60, Brautarholt-Selfoss úr 45 í 60, Eyrarbakki-Stokkseyri-Selfoss úr 45 í 60, Flúðir-Selfoss úr 45 í 60, Hveragerði-Selfoss úr 45 í 60, Laugarvatn-Selfoss úr 45 í 60, Þorlákshöfn-Selfoss úr 45 í 60, Búrfell-Hvolsvöllur úr 45 í 60, Hella-Hvolsvöllur úr 45 í 60, Þykkvibær-Hvolsvöllur úr 45 í 60, Kirkjubæjarklaustur-Vík úr 24 í 60.

Af þessum upplestri sést að hér er gerð veruleg breyting á. Er áætlað að þessi 2%, sem voru tekin til þess að jafna niður, sem svari 100 millj. kr. lækkun fyrir þá notendur sem hér eiga hlut að máli. Mess þessu tel ég mig hafa svarað fyrri lið fsp. og þar með sýnt fram á að verulegt átak hefur verið gert til breytingar á þessum þætti, og kemur það sér sérstaklega vel fyrir þá sem versta höfðu aðstöðuna áður, því að þetta er allt jafnað.

Um 2. liðinn segir póst- og símamálastjóri þetta:

Að því er varðar það atriði í nefndri grein, er snertir heimild ráðh. til að krefja sama gjald fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu, skal hér með bent á, að með sjálfvirka símakerfinu vantar nú þann búnað sem gæti gert þetta *kleift, og mundi það kosta gífurlega fjárhæð ef* slík sjálfvirk afgreiðsla yrði áformuð, og sýnist margt vera nauðsynlegra, svo sem sjálfvirkur sími í sveitum landsins. Með handvirkri afgreiðslu er þetta fyrirkomulag framkvæmanlegt, og tel ég eðlilegt að viðkomandi stjórnsýslustofnanir borgi samtalið eftir því sem við á hverju sinni. Væri þá um sams konar afgreiðslu að ræða og tíðkast nú á milli landa og nefnist það sérstök símtöl. Í síðustu mgr. í hinni tilvitnuðu 11. gr. segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Að því skal stefnt að tekjur samkv. gjaldskrá nægi til þess að rekstursjöfnuður náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og fyllsta aðhalds sé gætt.“

Hér er skýrt tekið fram, að stofnunin þarf á öllum gjaldskrártekjum sínum að halda. Ef taka ætti upp einhverja sérstaka taxta fyrir umrædd símtöl og þá hugsanlega lægri en almennt gilda í gjaldskránni, mundi þyngri byrði leggjast á hinn almenna símnotanda, ef ívilna ætti með slíkum hætti þeim sem hringja í áðurnefndar stofnanir. Þetta tel ég hæpið og mjög óeðlilegt, en hið áðurnefnda samtalsform leysir vandann á réttilegan hátt.

Við þetta svar póst- og símamálastjóra vil ég bæta því, að sú gjaldskrárhækkun, sem nú fékkst, mun illa nægja til þess að standa undir þeim kostnaði sem orðið hefur hjá þessari stofnun, því að launagjöld eru um 60% af heildargjöldum Póst- og símamálastofnunarinnar og þau hækkuðu verulega á síðasta ári, svo sem kunnugt er. Hins vegar fækkaði þar um 70 starfsmenn á s. l. ári vegna breytts skipulags, og verður reynt að halda áfram á þeirri braut eftir því sem stöður losna. En ég tel að það hafi verið gert verulegt átak í því að jafna um í fyrri liðnum og það muni í heild kosta um 100 millj.

Að öðru leyti get ég ekki gefið frekari svör við þessum fsp.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Á þskj. 122 hafði ég lagt fram fjórar fsp. til samgrh. um símamál. Þessar fsp. voru lagðar fram fyrstu dagana í desembermánuði, alllöngu áður en sú

fsp. sem hér er til umr. Það vill svo til að sú fsp., sem hér er til umr., er einmitt nákvæmlega sama efnis og 4. liður þeirrar fsp. sem ég lagði fram í desembermánuði, og tel ég að þetta séu nokkur mistök, að þessum fsp. mínum sé ekki fyrst svarað. En það er kannske erfitt um að sakast, þar sem mér sýnist að fsp. mínar hafi fallið út af dagskránni í dag, og það er vafalaust ástæðan til þess, að þær eru ekki teknar nú fyrir áður en þessari fsp. er svarað En fsp mín var á þessa leið:

„Er ekki stefnt að því að endurskoða gjaldskrá Landssímans með það fyrir augum, að hún verði sanngjarnari gagnvart fólkinu í dreifbýlinu, t. d. með því að ákveða að samtöl milli notenda, sem hafa sama svæðisnúmer, teljist aðeins eitt skref hvert, eins og er á höfuðborgarsvæðinu?“

Úr því að verið er að svara þessari spurningu núna, að vísu við fsp. frá öðrum aðila, þá þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um þetta mál frá mínu sjónarmiði.

Ég tel að það sé eitt af stærri hagsmunamálum dreifbýlisins, að þessum málum verði komið í eðlilegt horf, hér sé um sjálfsagt réttlætismál að ræða, í fyrsta lagi að um verði að ræða sama gjald innan hvers svæðis, þannig t. d. að allir þeir, sem hafa svæðisnúmer 95, svo að ég nefni dæmi, allir þeir sem eru á svæðinu frá Ströndum og yfir í Skagafjörð, geti hringt sín í milli með sama kostnaði og þeir sem eru á svæðisnúmeri Reykjavíkur.

Í öðru lagi er það sjálfsagt réttlætismál, að hægt sé að hringja utan af landsbyggðinni til helstu stjórnsýslustofnana ríkisins án þess að það kosti meira en það kostar að hringja héðan af Reykjavíkursvæðinu. Sumir vilja reyndar ganga miklu lengra og jafna símgjöldin algerlega yfir allt landið, og má kannske líta á það sem framtíðarmarkmið. En ég tel að væri þessum tveimur markmiðum náð, þá væri býsna mikið fengið.

Það kom fram í svari ráðh. áðan, að stigið hefði verið skref í þessa áttina með þeirri breytingu sem var gerð um seinustu áramót. Hann las lista yfir þær breytingar sem þarna áttu sér stað og voru fyrst og fremst fólgnar í því, að þéttbýlisstaðir, sem liggja mjög nærri hvor öðrum, lenda í þess háttar tengslum, að samtöl þar í milli teljast aðeins eitt skref. Ég vil síður en svo vanþakka þá breytingu sem þarna átti sér stað, en ég vil ekki að við gerum allt of mikið úr þessari breytingu. Ég tel að þetta hafi ekki verið stórt stökk. Ég held að þetta skref hafi verið heldur dvergvaxið og býsna mikið vanti á að nægilegt réttlæti náist. Ég get bara nefnt það sem dæmi, af því að ég er búsettur í Varmahlíð í Skagafirði, að það eina, sem þessi breyting hafði í för með sér fyrir þá sem búa í Varmahlíð í Skagafirði, svo að dæmi sé nefnt, er að samtal við Sauðárkrók telst eitt skref. Það var öll breytingin. En eins og ég rakti áðan, svo að þetta svæði sé nefnt, þá þyrfti auðvitað breytingin að ná það langt, að allir þeir, sem væru með svæðisnúmer 95, frá Ströndum og yfir í Skagafjörðinn, gætu notað símann sín í milli og hvert samtal teldist þá eitt skref. Það er alveg ljóst að breyting, sem er ekki meiri en þessi, að tveir staðir, sem liggja nærri hvor öðrum, sameinast að þessu leyti í eitt svæði, — breyting, sem ekki nær lengra en þetta, er harla dvergvaxin, þó að síst skuli það vanþakkað að stefnt er í þessa áttina.

Herra forseti. Ég læt þessi orð nægja. Ég vildi vekja athygli á því, að gengið hefði verið fram hjá fsp. sem ég lagði hér fram fyrir tveimur mánuðum. Satt að segja er mjög erfitt við þetta að eiga, hvað langur tími líður gjarnan frá því að fsp. er lögð fram og þangað til möguleiki er að fá henni svarað. Það ætti helst að vera svo, að fsp. væri svarað hér ekki miklu seinna en 2—3 vikum eftir að þær eru lagðar fram. En það er mál út af fyrir sig.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði, að fsp hans væri ekki á dagskrá, þá er það alveg rétt, að hún mun hafa fallið út af dagskrá í dag og raunar fyrir viku líka. Bið ég hv. þingmann afsökunar á því. Það var óviljaverk að svo skyldi fara.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka ráðh. fyrir svar hans. En ég vil taka það fram, að ég er ekki ánægður með það svar, og mér finnst að hann hafi raunar ekki verið að svara minni fsp., heldur þá kannske frekar fsp. hv. þm. Ragnars Arnalds, því að það, sem ég spurðist fyrir um, var fyrst og fremst, eins og kom fram, hvort hann mundi senn framkvæma það ákvæði í póst- og símalögum, að þeir, sem töluðu innan sama svæðis, borguðu eitt gjald, þ. e. a. s. núlltaxtann. Ég hafði von um jákvætt svar frá hæstv. ráðh., fyrst og fremst vegna þess hve hann hafði tekið þessu máli vel, þegar það var til umr. í Ed. Eins og ég tók fram áðan, hafði ég borið fram brtt. þar sem þetta var fellt inn í 11. gr., og ráðh. sagði þá frá því, að þetta væri eiginlega gömul till. hans sjálfs og hann liti mjög vinsamlegum augum á þessa till. Síðar komst þessi heimild inn í 11. gr. að till. samgn., og átti ég því von á því að næst þegar tekin yrði til athugunar gjaldskrá Landssímans yrði eitthvað gert í þessu efni. En það er mikill munur á því, hvort skref eru almennt lengd eða hvort þetta ákvæði er tekið upp, að núlltaxti gildi innan hvers númerasvæðis, og það er fyrst og fremst vegna þess að innan svæðanna, þ. e. a. s. í nágrannabyggðarlögum, eru svo mikil bæði menningarleg og atvinnuleg samskipti, að það er ákaflega óheppilegt að þar skuli gilda tvenns konar greiðslufyrirkomulag. Þetta kemur ekki hvað síst fram hér í þéttbýlinu. Við skulum segja þar sem ég bý, uppi í Mosfellssveit, þar er eina umdæmið á svæði 91 sem ekki er á núlltaxta. Á milli þessara svæða, höfuðborgarinnar og Mosfellssveitar, eru geysilega mikil samskipti og náin. Þar eru fimm heilbrigðisstofnanir, sem hafa og verða að hafa náið samband við höfuðborgina, fyrir utan það að fjöldi af mínum sveitungum vinnur niðri í Reykjavík og reyndar Reykvíkingar uppi í Mosfellssveit líka. Þetta þýðir það, að það er mjög erfitt að sætta sig við það greiðslufyrirkomulag

sem nú er. Sama má reyndar segja þar sem eru margar útgerðarstöðvar á nálægum svæðum, svo sem á Suðurnesjum. Þar er fisk ekið á milli og eru miklu nauðsynlegri og nánari og meiri símasamskipti þar heldur en víðast hvar annars staðar. Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að þar sé sama greiðslufyrirkomulag innan svæðanna. Það þýðir ekki það, að Landssíminn komist verr af, það er síður en svo, enda er tekið fram í lok 11. gr. að tekjur og gjöld Landssímans skuli standast á eftir því sem hægt sé. Það þýðir aðeins það, að núlltaxtinn yrði eitthvað hækkaður.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., þá held ég að það muni vera svo, að ég hafi verið kominn með svar við fsp. hans í töskuna mína fyrir þinghlé fyrir jól, en þá komst hún ekki að, en hafði svo tekið hana síðar upp úr töskunni, og þar sem ég sá hana ekki á dagskránni núna var ég búinn að gleyma þessu. Ég skal bæta úr því næsta þriðjudag og vera undir það búinn að svara þessari fsp. hans.

Út af því, sem hv. 2. þm. Reykn. sagði, vil ég geta þess, að þau ár, sem ég hef farið með þessi mál, hefur verið gerð breyting til batnaðar milli dreifbýlis og þéttbýlis í hvert sinn sem gjaldskrárbreyting hefur átt sér stað, og svo var einnig gert hjá fyrirrennurum mínum tveimur næstum á undan. Hins vegar eru því takmörk sett sem hægt er að gera í hvert sinn, vegna þess að því eru takmörk sett hve þessari stofnun er leyfilegt að hækka sín gjöld, og er mikið umrætt sem eitt af vandamálum þjóðfélagsins, hvað póstur og sími taki miklar tekjur til sín. En eins og kunnugt er lifir hann ekki á öðru en þeim tekjum sem hann aflar. Það eru gerðar afar miklar kröfur til þeirrar stofnunar, bæði á þessum sviðum og einnig á því sviði að byggja upp hið sjálfvirka kerfi, og stofnunin hefur verið að því sýknt og heilagt, þó að það taki sinn tíma. Ég vil benda á það, að þessi breyting núna kostar um 100 millj kr., og sú breyting, sem hefur verið gerð áður, hefur verið fólgin í því að ganga á núllsvæðið, eins og hv. 2. þm. Reykn. orðaði það, með því að fækka skrefunum, sem þar væru til umráða, úr 600 í 350. Nú var það mat okkar, sem um fjölluðum, að lengra mættum við ekki ganga á þeirri braut.

Svo er það með stað eins og Brúarland í Mosfellssveit, að það er orðið svo mikið álag á því kerfi, að það er vonlaust að breyta þar um fyrr en búið er að bæta kerfið sjálft, og það er háð því að byggja þar hús sem nú er unnið að, því að ekki er húsnæði fyrir fleiri sjálfvirkar vélar á Brúarlandi, í því húsi sem þar er nú. Það er unnið að því að byggja hús á Brúarlandi til að setja þar upp nýjar vélar, og þá er hægt að gera þessa breytingu sem hv. 2. þm. Reykn. talaði um, en fyrr ekki.

Ég tel að það hafi verið stigið spor í rétta átt. En ég vil taka það fram, að sú gjaldskrárhækkun, sem fékkst um daginn, 28%, mun ekki standa undir rekstri Landssímans á þessu ári. Það er alveg vonlaust verk, því að slíkar hækkanir hafa orðið á rekstrarkostnaði hans, eins og ég gat um áðan, þrátt fyrir það að mjög hafi verið að því unnið að draga úr rekstrarkostnaðinum.

Frekar skal ég ekki svara út í þessi mál fyrr en þá um leið og ég svara hv. 5. þm. Norðurl. v.

Axel Jónsson: Herra forseti. Fyrst símamálin eru á dagskrá og það hvað hægt er að gera þar til úrbóta og í réttlætisátt, þá vil ég aðeins koma því á framfæri, að til viðbótar því slæma ástandi, sem er í símamálum Mosfellssveitar, er svo komið, að það er algert neyðarástand í Kópavogskaupstað varðandi þessi mál. Það er svo, að það þykir gott ef í fjölbýlishúsi með tveimur íbúðum er einn sími. Og það sem verra er, það virðist ekki vera neitt fram undan til úrbóta. Þau svör, sem ráðamenn Kópavogskaupstaðar fá hjá yfirstjórn símamála, eru einfaldlega þau, að þeir viti ekki neitt hvenær sé von úrbóta. Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri, herra forseti. Ég geri ráð fyrir að það fari að heyrast allhátt í íbúunum sem búa við þetta ástand þar.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Þar sem verið er að tala hér um símamál, þá langar mig að leggja örfá orð í belg.

Ég vil byrja á því að þakka þau skref sem stigin hafa verið til jöfnunar símakostnaði. Það ber síst að vanþakka, og það er í raun og veru allmikilvægt sem náðst hefur, ekki er hægt að neita því. Hitt er svo annað mál, að ég álít að í þessu efni, eins og reyndar ýmsum fleiri sem við fjöllum um, sé tvímælalaust framtíðarmarkmið, að símgjöldin verði jöfnuð um allt land. Í sjálfu sér sé ég enga sérstaka ástæðu til þess að þessi þjónustustarfsemi, alveg á sama hátt og t. d. póstburðargjöld, sé ekki jöfnuð. Við erum þegar komnir yfir það að greiða misjafnlega fyrir bréf eins og áður var gert, þó að þau þurfi að fara misjafnlega langan veg hér innanlands, og ég tel það alveg hiklaust framtíðarmarkmið í þessum málum að jafna símgjöldin um allt land. Hitt er svo annað mál, að það verður auðvitað ekki gert á annan veg en að það verði hlutfallslega meiri hækkun á símgjöldum hér á þéttbýlissvæðinu heldur en úti í dreifbýlinu. Ég veit að það þarf ekki að rekja það fyrir hv. alþm., hversu geysilega misjöfn aðstaða borgaranna er til þess að njóta þjónustu Landssímans. Það er mjög mikill munur á því, hvort menn búa við það að geta náð í t. d. 100 númer eins og margir landsbyggðarmenn geta náð á einu skrefi, eða eins og hér er á Reykjavíkursvæðinu, að það er hægt að ná til nær helmings þjóðarinnar fyrir sama gjald, og þarf ekki að rekja þetta.

Ég vildi aðeins koma þessu tvennu að: í fyrsta lagi því, að það er ástæða til að þakka þau skref sem stigin hafa verið, og svo í öðru lagi að koma því að, að það er langt frá því að lokatakmarki sé náð. Ég held að við eigum í þessu efni að strika út fjarlægðir og búa borgurunum það að geta notfært sér þjónustu símans algerlega án tillits til fjarlægða. Hitt er mér svo aftur á móti ljóst, að til þess að svo megi verða þarf enn frekar að styrkja landssímakerfið heldur en orðið er, og mér er það enn fremur mjög vel

ljóst, að þeir fjármunir, sem Landssímanum eru ætlaðir nú til uppbyggingar, eru allt of litlir til þess að sú uppbygging geti haldið áfram í þeim mæli sem borgararnir óska eftir. Það verður ekki tekið til neinnar endanlegrar meðferðar hér, hvernig á að fara að því, en það er náttúrlega öllum tjón, bæði Landssímanum og borgurunum sjálfum, ef ekki er hægt nokkurn veginn að koma til móts við óskir um ný talsímatæki eftir því sem byggð eykst í landinu.

Sameinað þing, 47. fundur.

Þriðjudaginn 21. febr., að loknum 46. fundi.

Þjóðaratkvæði um prestskosningar, þáltill. (þskj. 50). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kortabók Íslands, þáltill. (þskj. 340). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Suðurnesjaáætlun, þáltill. (þskj. 342). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Uppbygging strandferðaþjónustunnar, þáltill. (þskj. 344). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnuleg og félagsleg aðstaða byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 347). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðild ríkisins að kjarasamningum vinnumarkaðarins, þáltill. (þskj. 354). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hámarkslaun o. fl., þáltill. (þskj. 111). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég vil þegar í upphafi máls míns að gefnu tilefni lýsa yfir ánægju minni með það, að hv. þm. Benedikt Gröndal, formaður Alþfl., skuli vera viðstaddur nú í Sþ., því að þess hef ég beðið um sinn að hann yrði er ég mælti fram með þessari þáltill., svo sem síðar mun koma fram í máli mínu.

Við hv. þm. Helgi F. Seljan og Jónas Árnason flytjum hér þáltill. þessa um hámarkslaun o. fl., svo hljóðandi:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærri föst laun hér á landi en sem svarar tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuvku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið, að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt, að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launaþrepunum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta."

Frá því segir í upphafi. grg., að till. þessi hafi áður verið flutt í Ed. og í fyrra í Sþ. og varð þá enn eigi útrædd.

Með ráðstöfun þeirri, sem hér er reifuð, hyggjast flm. koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verið algjör og ófrávíkjanleg forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flm. er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa að búa svo um hnútana, að kjarabætur til handa verkamönnum verði að beinu hagsmunamáli fyrir þá þegna þjóðfélagsins sem eru í sterkastri aðstöðu til þess að hafa áhrif á stefnuna í efnahags- og kjaramálum landsmanna.

Svo að dæmi sé tekið, yrði það óframkvæmanlegt, eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð fyrir bankastjóra, sem nú munu hafa um það bil sexföld laun verkamanns, að veita sjálfum sér launahækkun samtímis því sem þeir úrskurða að ekki séu efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun sem verkafólk hefur náð með harðri baráttu til þess að vega upp á móti kjararýrnun, sem runnin var undan rifjum hinna fyrrnefndu. Má hér bæta því við, að væri slíkt í lög leitt yrðu hækkuð verkamannalaun hinna lægst launuðu alger og ófrávíkjanleg undirstaða, skilyrði fyrir því að laun alþm. yrðu hækkuð, en að launum þeirra vík ég síðar í ræðu minni.

Það hefur komið fram fyrir skemmstu af munni ráðh., að þess munu þó nokkur dæmi að embættismenn ríkisins hafi óheyrilega há laun samanborið við þær tekjur sem verkafólki og hinum lægst launuðu starfsmönnum ríkisins eru ætlaðar til framfærslu, ennfremur að verulegur hluti launa hinna æðstu embættismanna er fólginn í ýmiss konar aukagreiðslum, sem ekki koma til álita þegar fjallað er um kjör annarra stétta til viðmiðunar. Að dómi flm. er það mikil nauðsyn, að þannig verði staðið að kjaramálasamningum yfirleitt að þeir séu ekki til þess fallnir að auka á tortryggni meðal þegnanna, heldur skuli ástunda það að búa svo um hnútana að undirmál geti þar engin orðið. Að dómi flm. er óþarft að kveða sérstaklega á í grg. um sérstöðu hlutasjómanna í launakerfinu, enda mála sannast að kauptrygging fiskimanna hlýtur að teljast yfirleitt til óhæfilega lágra launa, ef miðað er við vinnutíma, og ævitekjur fiskimanna við verkalok yfirleitt í rýrasta lagi.

Að frátöldum þeim rösku þremur árum, sem

vinstri stjórnin sat hér við völd, má heita að stefnt hafi verið markvisst að því síðustu 18 árin að auka launamismun hérlendis á kostnað framleiðslustéttanna og ýta með þeim hætti undir neyslukapphlaup í þágu svonefnds hagvaxtar. Er vægilega að orði kveðið þótt staðhæft sé að þessi þróun hafi síður en svo stefnt í þá átt að umbuna starfshópum eftir þjóðfélagslegum verðleikum.

Þegar ég bar fyrst fram þessa þáltill. ásamt félögum mínum fyrir nærfellt 4 árum nam kaup alþm. tæplega tvöföldum verkamannalaunum. Síðan, á stjórnartímabili þessarar hæstv. ríkisstj., hefur sú breyting á orðið að nú nema laun alþm. nær þreföldum launum verkamanns. Miðað við allar aðstæður er ég ekki þeirrar skoðunar, að laun alþm. séu of há. Aftur á móti er hitt ljóst, að til þeirra er vitnað til dæmis um það hvernig fulltrúar fólksins hér á Alþ. misnoti aðstöðu sína til að skara eld að sinni köku. Þessari gagnrýni væri auðsvarað ef ekki kæmi annað til álita í því sambandi en sjálft kaup alþm. fyrir störf þeirra hér. Við verðum að svara fyrir einstaklinga í hópnum sem segja má að fari ógætilega með aðstöðu sína. Í hópi okkar eru menn sem taka jafnframt þingfararkaupinu 60% af bankastjóralaunum að viðbættum bílafríðindum bankastjóra í sama hlutfalli, sem þeir hafa sjálfir samþykkt sér til handa, að því er best verður séð án þess að taka sérstakt tillit til slíks, þegar talið er fram til skatts, og taka svo bílastyrk frá hv. Alþ. í ofanálag. Og enn aðrir seilast einnig um hurð til lokunnar og gegna öðrum launuðum störfum hjá ríkinu með þingsetunni.

Fljótt á litið sýnist mér að það fyrirkomulag, sem gert er ráð fyrir í þessari till., mundi leiða til þess að laun alþm. munu lækka, ef upp hefðu verið færð bæði laun verkamanna og ofan færð laun hinna hæst launuðu til þess jafnaðar sem ráðgerður er í till., að laun alþm. mundu þá lækka um það bil um 20%. Í þessari till. er gert ráð fyrir því, að aukasporslurnar yrðu bannaðar, þannig að laun þeirra alþm., sem taka stórtekjur í föst laun annars staðar, mundu náttúrlega lækka miklu meira, svo sem laun hv. alþm. Alþfl. hér á Alþ., Gylfa Þ. Gíslasonar og Benedikts Gröndals, sem við munum koma að síðar.

Nú hefði ég ekki eytt orðum sérstaklega að launakjörum alþm. í þessu sambandi, ef ekki hefði fallið til efni í þann þátt málsins í ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu 26. jan. Sú grein er undirrituð með bókstafnum Ó, sem mun vera merki hv. alþm. Benedikts Gröndals, en hann segir í þessari ritstjórnargrein, með leyfi forseta, — hann víkur að tveimur alþm. sem hann telur að hafi unnið sérstaklega óheiðarlega að kjaramálum alþm: „Þar tróna Stefán Jónsson og Helgi Seljan, mennirnir sem leggja til á opnum fundum Alþ. að munur hæstu og lægstu launa skuli vera tveir á móti einum, en samþykkja svo innan við luktar dyr, þar sem almenningur á ekkert að fá að vita, að hækka eigin laun mest allra í landinu. Og fólk er að fá nóg.“ Það efast ég ekki um, að fólk sé búið að fá nóg. Ég er búinn að fá nóg af heilindatali á borð við þetta.

Nú bendir ýmislegt til þess, að hv. þm., fyrrv. formaður útvarpsráðs, Benedikt Gröndal, hafi skrifað ritstjórnargreinina, svo sem ýmsar fleiri, með sérstöku tilliti til þess, að hún yrði lesin í útvarpi í eyru þeirra kjósenda sem ekki vita eftirfarandi:

Það var ekki þingfararkaupsnefnd, sem þeir eiga m. a., eftir því sem ég best veit, sæti í þm. Helgi Seljan og Benedikt Gröndal, sem ákvað þingfararkaupið. Enn fremur er hv. þm. ljóst, að ég á ekki sæti í þfkn. Þriðja atriðið sem hann greinilega treystir að þorri kjósenda, sem heyrir þennan pistil lesinn í útvarpi, viti ekki, er það að hv. þm. Benedikt Gröndal tekur ekki aðeins þingmannslaun úr hendi ríkisins, heldur þar á ofan 60% af launum forstöðumanns Fræðslumyndasafns ríkisins. Í fjórða lagi er formaður þingflokks Alþfl., sem vitaskuld ber ábyrgð á þessari ritstjórnargrein, undir sömu sökina seldur. Hann tekur 60% af prófessorslaunum frá ríkinu ofan á þingmannslaun. Í fimmta lagi virðist hér skákað í því skjóli, að þorri af þeim kjósendum, sem heyrðu þennan leiðara lesinn í útvarpi, viti ekki að það mun gilda um 4 af 5 þm. Alþfl., að þeir hafa aðrar fastar launatekjur en þingmannslaun, þótt einn þeirra, Jón Árm. Héðinsson, sem sker sig að ýmsu leyti úr þessum hóp, hafi sínar umframtekjur af eigin fyrirtæki. Sem sagt, miðað við það, sem aðrir virðast gera sér grein fyrir, ýmsir hverjir, að þingmannsstarfið sé vissulega fullt starf ef það er rækt eins og til er ætlast, þá fer það tæpast á milli mála að þeir hv. þm., sem ekki eru ofurmenni, hljóta að vanrækja annað tveggja, þingmannsstarfið eða önnur þau störf sem þeir þiggja laun fyrir samtímis því úr hendi hins opinbera.

Nú hef ég haft uppi um það nokkra viðleitni, eins og ég drap lítillega á í upphafi máls míns, að ganga úr skugga um þau atriði, sem ég sveigi hér að hv. þm. Ég hef beðið forseta fjóra þriðjudaga í röð að fresta því að taka þessa þáltill., sem hér um ræðir, fyrir til umr. til þess að hv. þm. Benedikt Gröndal, sem ræður að 60% með þingmannsstarfinu forstjórastarf hjá Fræðslumyndasafninu, og hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason, sem ræður að 60 hundraðshlutum hálaunað prófessorsembætti með þingmannsstarfinu, gætu verið viðstaddir þar sem ég fjallaði lítils háttar um þessa ritstjórnargrein Alþýðublaðsins í sambandi við þessa till. Þetta er fyrsti þriðjudagurinn, þar sem hv. þm. Benedikt Gröndal er enn þá við í Sþ. á hinum síðari fundi þegar þáltill. koma til umr. Ég hafði fyrir því tvo af þessum þriðjudögum, af því að ég vildi endilega koma þessu máli að, að láta hringja upp í Fræðslumyndasafn að athuga, hvort hv. þm. væri þar ekki að vinna fyrir 60%, og upp í Háskóla að vita, hvort hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason prófessor væri ekki að vinna fyrir sínum 60%, en þeir voru þar ekki. Tilviljun kann að hafa ráðið þessu, það vil ég ekki fortaka, þótt ég héldi í barnslegri einfeldni minni að nú hlytu þeir að vera hlaupnir af fundi í Sþ. til þess að gegna hinum störfunum.

Nú játa ég það, að í sjálfum lögunum er beinlínis gert ráð fyrir því, að alþm. geti sinnt öðrum störfum jafnframt, og þess vegna er kveðið

á um það, að þeir megi þiggja 60% launa fyrir þau störf. Af hálfu Alþb. hefur nú verið lagt til, að þessi heimildarákvæði verði felld úr lögum og enginn þm. Alþb. gegnir öðrum fastlaunuðum stöðum með þingmennsku sinni. En þessir hv. þm., Gylfi Þ. Gíslason með prófessorslaunin sín og Benedikt Gröndal með forstjóralaunin sín frá ríkinu, höfundur ritstjórnargreinarinnar í Alþýðublaðinu, hafa, að því er mér virðist, beinlínis fyrirgert þeim siðferðilega rétti með þessari ritstjórnargrein, sem gerir þá frjálsa að því að þiggja ofan á þingmannslaun, sem þeir telja allt of há, önnur laun úr hendi ríkisins. Það er mála sannast, að þingfararkaup að viðbættum 60% prófessorslaunum eða forstjóralaunum er of mikið. Þingfararkaupið er að mínu viti aftur á móti, ef látið er við það sitja, ekki of hátt og það skal tekið fram, að þótt ekki eigi ég sæti í þfkn., þá er ég samþykkur í öllum atriðum þeirri afstöðu sem hv. þm. Helgi Seljan lýsti yfir þar af sinni hálfu og síðar.

Ég leyfði mér að segja, að þessari ritstjórnargrein skrifaðri í Alþýðublaðið hefur hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Benedikt Gröndal fyrirgert siðferðilegum rétti sínum til þess að taka önnur laun úr hendi ríkisins en þingfararkaupið. Skrif af þessu tagi, eins og því sem ég las hér úr ritstjórnargrein Alþýðublaðsins, eru þess háttar, að maður veltir því fyrir sér, í sérstökum tengslum við þingmál sem hv. þm. Benedikt Gröndal hefur flutt um byggingu á nýju og stærra alþingishúsi, sem væri við hæfi þeirrar sæmdar sem verði að krefjast Alþ. til handa, — þá veltir maður því fyrir sér hvort unnt sé að byggja svo stórt alþingishús, að ilmurinn af þess háttar „karakterum", sem fram kemur í þessari grein, geti samrýmst innan veggja þess neins konar sæmd Alþ. Og vík ég þá aftur að þáltill., 95. máli, um hámarkslaun o. fl.

Ég hef fengið Þjóðhagsstofnunun til þess að gera í tengslum við þessa þáltill. það sem verður þó ekki hægt að kalla nema ágiskun um launatekjur einstaklinga. Því verður Þjóðhagsstofnun að kalla þessa úttekt sína ágiskun, að alls ekki liggja fyrir nauðsynlegar tölur til þess að byggja á útreikninga sem telja megi ábyggilega. En í þessum stutta kafla, sem Þjóðhagsstofnun tók saman fyrir mig, segir eftirfarandi:

„Heildarlaunafúlgan er sennilega 200 milljarðar kr. miðað við laun í febr. 1978. Meðallaun fyrir eitt ársverk eru sennilega 3 millj. kr. að meðaltalinni yfirvinnu eða um 250 þús. kr. á mánuði. Dagvinnulaun gætu verið að meðaltali um 190 þús. kr. og eru ársgreiðslur og yfirborganir þá meðtaldar, en meðalkauptaxti er sennilega á bilinu 150—160 þús. kr. Sé gert ráð fyrir að hæstu laun séu skilgreind sem 800 þús. kr. á mánuði og lægstu laun verði ekki lægri en hálf hæstu laun, þá þyrfti að hækka laun að meðaltali — lausleg ágiskun miðað við kauptaxta — um 150%, miðað við dagvinnulaun 100%, miðað við heildarlaun 150%. Þetta fæli í sér," segir í þessari ágiskun, „verulega hækkun launa nær allra launþega í landinu, en upplýsingar um tekjudreifingu eru enn ófullkomnar og því verður að áætla hana að nokkru leyti."

Af hálfu Þjóðhagsstofnunar lágu ekki fyrir upplýsingar sem til þess nægðu að við gerðum okkur grein fyrir því, hvað ske mundi og hvað ske muni við það, að jafnframt því sem laun hinna lægst launuðu, verkmannanna, verða hækkuð upp undir markið sem hér frá segir, þ. e. a. s. upp undir mark hálfra hinna hæstu launa, þá verða hin hæstu laun færð niður og það, sem af þeim er tekið, notað til þess að hækka lægri launin, með hvaða hætti við myndum koma þá út, ef við skiptum heildarlaunasummunni í landinu á þennan veg, að lægsu laun verði þó alltaf helmingur hæstu launa og þannig verði frá málunum gengið með löggjöf, að það skuli verða endanlega bundið að meiri skuli launamismunur ekki verða á landi hér.

Fyrir liggja upplýsingar, sem fram komu við umr. um kjaramál á s. l. sumri og ekki hafa verið vefengdar, á þá lund, að kaupmáttur verkamannalauna hafi ekki aukist á landi hér í 30 ár, samtímis því sem þjóðartekjur á mann hafa tvöfaldast. Rauntekjuaukning verkamanna á þessu 30 ára tímabili hefur fengist með löngum vinnudegi, í sumum tilfellum jafnframt og þar að auki með auknu vinnuframlagi í akkorðs- eða bónusvinnu í einhverju formi. Með hvaða hætti þetta hefur átt sér stað, að starf þess fólks, sem vinnur hörðum höndum, hefur verið fellt í verði, er ærið rannsóknarefni, því að einmitt það fólk gengur yfirleitt að erfiðustu og óþrifalegustu vinnunni og starfsævi þess er langoftast einna skemmst. Samtímis hefur svo starf þeirra, sem að hinum léttari störfum vinna, verið hækkað í verði, svo að með ólíkindum má telja, og þá raunar gætt lítils setnings í aðferðavali, svo sem ég gat lítillega um áðan þegar ég fjallaði um aðferðir þeirra sem sterkasta hafa aðstöðuna til þess að skammta sér laun, til þess að hækka þau jafnvel umfram það sem opinberar skýrslur og opinberar heimildir raunar leyfa.

Ég vil aðeins biðja þá hv. alþm., sem afsökunarbeiðni eru verðir í þessu sambandi, velvirðingar á því, að ég skyldi í beinum tengslum við þessa þáltill. hefja að nýju umr. um launakjör þm. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að mikils sé um vert að þm. verði þannig launaðir að aðrir en efnamenn geti rækt þessi störf, sem við rækjum hér, og til þeirra starfa veljist menn sem kannske séu örlítið vandir að vali útlispjóta til þess að ná sér í aðrar tekjur.

Ég vil svo að endingu mælast til þess, að till. verði vísað til allshn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að hv. alþm. sé löngu hætt að koma á óvart, hverju hv. þm. Stefán Jónsson kann að taka upp á né þó að hann noti sér óskylda till. til þess að setja upp eins konar réttarhöld yfir samþm. sínum eins og einhver guð, yfir okkur alla hafinn, sem kveður upp dóma um heiðarleika og aðra mannkosti. Ég mun ekki kippa mér upp við þetta, ætla aðeins að leiðrétta nokkrar vitleysur sem fram komu hjá honum.

Hann lýsti yfir að ritstjórnargreinar í Alþýðublaðinu merktar Ó væru skrifaðar af mér. Ég skrifa oft ritstjórnargreinar í Alþýðublaðið undir mínum eigin stöfum, en bæði ég og aðrir, sem þar starfa, höfum notað þetta Ó sameigin-

lega til skiptis af ýmsum ástæðum. Ég skrifaði ekki þessa umræddu grein. Ég þekkti á stundinni af orðalagi hver hafði skrifað hana, en ég ætla ekki að nefna það hér, það kemur ekki málinu við. Allir þessir miklu siðferðislegu dómar, sem hv. þm. fellir um mig — og dregur raunar hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason inn í að jöfnu — út frá þessari grein, falla því um sjálfa sig að öðru leyti en því, að við berum almenna ábyrgð á Alþýðublaðinu. En þar er ekki um daglega ritskoðun að ræða og það er hugsanlegt að einhver ágreiningur geti verið um einstök atriði, sem leiðarahöfundar bregða fyrir sig.

Í öðru lagi heyrðist mér hv. þm. segja, að ég ætti sæti í þfkn. Það er alger misskilningur. Ég hef aldrei átt sæti í þeirri n. Hins vegar er ég eini þm., sem hefur flutt frv. sem felur í sér að leggja þessa n. niður, og ég hef skrifað greinar í blöð þar sem ég kalla hana „leyninefnd“ Alþingis og tel hana vera þinginu til skammar. Ég hef og sagt þetta áður í þessum ræðustól. Flokksbróðir minn, Gylfi Þ. Gíslason, hefur tvívegis flutt till. um það, að ákvörðun um kaup þm. verði falin aðila utan þings í sjálfu sér ekki af vantrausti á þingið, heldur til þess að auka traust þjóðarinnar og draga úr því að hún hafi ástæðu til að gagnrýna hv. þm. Hann hefur leitað sér að meðflm. í bæði skiptin og aðeins fengið einn, hv. þm. Ellert B. Schram, svo að ég hygg að ekki sé sérstaklega við okkur að sakast í þessum efnum.

Varðandi mætingu á fundum skal ég ekki segja margt, því að ég get ekkert um það sagt sem hv. þm. vita ekki. Það er sjaldan fullskipað í d. eða Sþ. En við vitum vel að þm. eru oft að störfum annars staðar í húsinu eða í næstu húsum og það fullkomlega jafnnauðsynlegum störfum og að hlusta á ræður, t. d. eins og þá síðustu sem hér var flutt. En það er fróðlegt að vita það, að þessi hv. þm. Alþb. skuli hafa tekið upp símanjósnir um mig og hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason til þess að geta komið á okkur einhverju skítkasti, að því er best verður séð í langvarandi reiðikasti, af því að hann var nefndur á annan hátt en hann óskaði í ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu. En ég læt mig það engu skipta. Hann má hringja um allan bæ og allt land til að vita hvar ég er, því að ég hef fullkomlega hreina samvisku af því að ég stundi bæði þingstörf og þá stöðu forstöðumanns í Fræðslumyndasafninu, sem ég hef haft jafnframt þingstörfum eins og lög leyfa, með 60% starfs og launa. Raunar er stjórn yfir því safni og fylgist með því. Ekki hafa borist neinar kvartanir um að þeim störfum hafi ekki verið gegnt.

Hitt er svo allt annað mál, af hverju þm. hafa önnur störf, en þessi staða forstöðumanns er vafalaust í lægri launaflokkum en ýmsar aðrar stöður sem þm. hafa. Ég get sagt það hreinskilnislega, að ég hefði sagt þessari stöðu lausri fyrir mörgum árum ef ekki hefði verið öryggisleysið. Það er ekki langt síðan það voru milli 40 og 50 atkv. sem fleyttu mér inn á þingið. Við getum öll átt von á því að hverfa héðan skyndilega. Þegar menn eru búnir að eyða 20—25 bestu árum ævinnar í pólitík, þá er ekki víst að þeir eigi greiðan aðgang að vinnumarkaðnum, sérstaklega ef þeir eru eins og ég og hv. þm. í þeim flokkum sem mest vilja breyta þjóðfélaginu og hafa þar af leiðandi árum saman haldið uppi gagnrýni á stofnanir sem ráða yfir verulegum hluta vinnumarkaðsins. Þar fyrir mundi síður en svo standa á mér að gera breytingar á þessari heildarskipan, og það mundi ekki standa á mér að fylgja því, ef Alþ. ákvæði að breyta gildandi lögum hvað þessu viðkemur.

Hitt þekki ég frá fyrri árum, að hér stóðu landvarandi deilur um þessi mál. Á seta á Alþ. að vera fullt starf eða á hún ekki að vera það? Á að stefna að þveröfugu, að þm. haldi tengslum við hinar ýmsu starfs- og atvinnugreinar í landinu? Eysteinn Jónsson hélt manna harðast fram sjónarmiðinu, að þm. ættu að gegna þingmennskunni sem fullu starfi, en Bjarni Benediktsson hélt fram hinu gagnstæða. Þróunin hefur orðið sú, að launakjörin eru orðin þannig, að þetta á að geta verið fullt starf. En fyrir þá, sem ekki eru í algerlega öruggum sætum eða hafa verið, þá er öryggið nokkurs virði og meira en nóg afsökun fyrir því, að þeir hagnýti sér það, sem leyft er samkv. lögum, að menn hafi önnur störf hjá ríkinu með skertum tekjum.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég læt í ljós ánægju með þá umr., sem hér er hafin. Hér er talað af hreinskilni um mikilvæg mál. Launakjör þm. og fleira varðandi þingmennskuna hefur verið mjög til umr. hjá þjóðinni og sætt gagnrýni. Þjóðinni hefur fundist margt vera þar grunsamlegt. Vegna þess að hreinskilnar umr. af okkar hálfu, sjálfra þm., um þetta hefur vantað, þá hefur það komist inn hjá stórum hluta þjóðarinnar, að þessi hópur, sem hér situr, sé allur spilltur, undantekningarlaust spilltur, og þessu fylgir svo það, að þjóðin fer að vantreysta Alþ. og stjórnmálamönnum yfirleitt. Og smám saman kemst þjóðin að þeirri niðurstöðu, að afskipti af stjórnmálum hljóti að þýða það sama og að menn séu spilltir, sem getur svo leitt til þess, að heiðarlegir menn veigri sér við að koma nærri stjórnmálum.

Án þess ég vilji fara frekar út í þetta, a. m. k. að sinni, þá get ég ekki látið hjá líða að víkja að máli þessu hv. þm., sem hér hefur verið helst til umr. Á Akranesi er öðru hverju gefið út blað sem heitir Skaginn, málgagn Alþfl., og það var einhvern tíma nú fyrri part vetrar eða í haust, að þar birtist viðtal við hv. þm. Benedikt Gröndal. Þar gefur hann skýringu á því, hvers vegna hann vill ekki fara aftur í framboð á Vesturlandi, en kýs að fara í framboð í Reykjavík. Það er vegna anna, miklu meiri anna en þeirra sem á honum hafa mætt fram til þess að hann varð formaður Alþfl. M. ö. o.: vegna þess að hann er formaður Alþfl., vegna þess að hann hefur svo mikið að gera getur hann ekki farið aftur í framboð á Vesturlandi, sem er þess háttar kjördæmi að ekki er hægt að rækja það samhliða formennsku í Alþfl. Til þess að rækja formennsku í Alþfl. þarf maður að vera þm. í Reykjavík.

Það hefur komið hér fram, og hv. þm. játað það sjálfur, að hann gegnir starfi sem hann fær fyrir 60% launa. M. ö. o.: ef hann vinnur

til þessara peninga, þá fara 60% af vinnutíma hans í að gegna starfi sem forstjóri Fræðslumyndasafns ríkisins. Þess vegna verður maður dálítið hissa, að þessi maður skuli taka það ráð, vegna þeirra anna, sem fylgja því að vera formaður Alþfl., að hætta að vera í framboði á Vesturlandi. Ástæðurnar eru ekki þær, — menn taki eftir því, ég vil ekki að neinn misskilji þetta, — ástæðurnar eru ekki þær, að hann sé hræddur um að falla á Vesturlandi. En af hverju lætur þá maðurinn ekki af störfum sem forstjóri Fræðslumyndasafns ríkisins til að geta gegnt störfum sem formaður Alþfl., en veitt um leið Vestlendingum þá ánægju að hafa hann áfram í framboði? „Óryggisleysi," segir hv. þm. Það munar svo og svo fáum atkv. hvort hann heldur þingsæti eða ekki. Ég er nú ekki viss um það reyndar, að það muni núna miklu fleiri atkv. hér í Reykjavík þegar þar að kemur. Ekki er víst að það sé nokkuð sigurstranglegra að vera í framboði í Reykjavík, þegar til kastanna kemur, heldur en á Vesturlandi. Það er önnur saga. En hitt er rétt, að það fylgir því visst óryggisleysi að vera í pólitíkinni. Ef við föllum í kosningum, þá er gott að eiga í eitthvert hús að venda, hafa einhverja stöðu. Og ef hv. þm. hefði viljað tryggja sér þetta hús í að venda, þar sem er forstjóraembættið, ef hann hætti á þingi, þá gat hann að sjálfsögðu afsalað sér laununum og látið þá einhvern mann taka þar við, ef þyrfti. Þetta er hægt. Það veit ég sjálfur. Ég var kennari, þegar ég var kosinn á þing. Og samkv. reglunni átti ég að hafa, eins og fleiri reyndar kennarar hér á þingi, 40% af kennaralaunum. Og þau ákvæði uppálögðu mér í rauninni ekki neina skyldu. Jafnvel þó að ég gæti ekki kennt í þeim skóla, sem ég var við, þá átti ég rétt á þessum 40%. **(Gripið fram í:** 30%.) 30%, já, 30%. Ég kannaði málið. Ef maður afsalaði sér þessum 30%, þá afsalaði maður sér um leið, samkv. kerfinu — þessu dýrlega kerfi okkar, réttinum til kennarastöðunnar. Þarna stóð heldur en ekki hnífurinn í kúnni. Ég og ýmsir fleiri sjálfsagt reyndum að vinna upp í þetta eftir megni með íhlaupakennslu hér í Reykjavík. Þá rakst maður aftur á kerfið. Það samrýmdist ekki kerfinu að maður kenndi, en vildi ekki taka kaup, vísaði til þess að maður fengi ákveðna prósentu af kennaralaunum. Þetta komst þó í gegn. Maður fékk það viðurkennt að geta unnið án þess að taka aukagreiðslu til viðbótar við þessi 30%. Loksins var það svo viðurkennt, að við gætum haldið okkar réttindum þó að við afsöluðum launum. Og það gerum við kennarar á Alþ. Ástæðan fyrir þessu, býst ég við, varðandi okkur öll, sem hér áttum hlut að máli, — þ. e. t. d. hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, hv. þm. Helgi Seljan og hv. þm. Karvel Pálmason og gott ef ekki hv. þm. Stefán Jónsson, en þar hefur víst gegnt eitthvað öðru máli, enda hafði hann aðeins kennt um skamman tíma, — en ástæðan til þessa var auðvitað sú, að fólk er með í sál sinni það sem heitir samviska. Og hún er misjafnlega góð. Og flestir vilja hafa hana sem besta. Og það fylgir því ekki góð samviska, tel ég, hjá venjulegu fólki að hirða kaup fyrir störf sem ekki eru unnin. Með þessu er ég ekki að gefa neitt í skyn. Það liggur í augum uppi, að maður með starfsþrek Benedikts Gröndals vinnur fyrir 60% af forstjóralaunum sínum. Hann gerir þetta bara í viðbót við formennskuna og þingmennskuna, — sjálfsagt í kvöld- og næturvinnu. Ég er ekki í neinum vafa um það.

Ég leyfi mér að benda hv. þm. Benedikt Gröndal á þessa leið. Það er ekki þar með sagt, að hann þyrfti að afsala sér öryggginu, því öryggi sem fylgir því að eiga í hús að venda þar sem er forstjórastarf, þó hann afsalaði sér laununum, — og sleppi þá við nætur- og kvöldvinnu í Fræðslumyndasafni ríkisins.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi. Ég er feginn þeirri hreinskilni, sem hér er upp komin. Mættum við fá meira af slíku. Og ég vænti þess að fjölmiðlar þeir, sem hér eru viðstaddir, — það mun reyndar ekki vera nema einn, — geri þjóðinni rækilega grein fyrir þessari umr. hér. betri grein en ég tel að þessi fjölmiðill, sem hér um ræðir, hafi gert ýmsum stórmálum, sem hér hafa verið uppi. Það er annað mál.

„Að setja sig í dómarasæti," sagði hv. þm. Benedikt Gröndal, „að hefja hér ræðuhöld." Ég er ekki frá því að það mættu vera fleiri slík réttarhöld hér yfir okkur sjálfum öðru hverju, að við gagnrýndum okkur sjálfa, stundum betur.

Ég get ekki stillt mig um að vekja athygli á þeim skrýtnu upplýsingum varðandi blaðamennsku Alþfl., sem felast í því, að það eru þrír menn, skilst mér, sem skrifa undir dulnefninu Ó til skiptis. Það fer væntanlega eftir því, í hvernig skapi þeir eru hverju sinni, hvort þeir skrifa undir sínum eigin stöfum eða Ó. Mér þætti fróðlegt að vita, hvenær menn skrifa undir dulnefninu Ó og hvenær menn setja t. d. BG undir. Það var ekki Benedikt Ó. Gröndal, sem skrifaði þetta. Það væri þá fróðlegt að vita, hvort það var Sighvatur Ó. Björgvinsson eða Árni Ó. Gunnarsson. Ég hef satt að segja sjaldan heyrt einkennilegri upplýsingar varðandi blaðamennsku. Ég vona að þetta eigi ekkert skylt við orðið óþverri, — það sé ekki þess vegna sem þessi aðferð er valin.

Og svo eitt að lokum til marks um heiðarleikann. Hér er komin fram till., segir hann, hv. þm. Benedikt Gröndal, flutt af Gylfa Þ. Gíslasyni, til siðvæðingar, aukinnar siðvæðingar hér á Alþ., þ. e. a. s. að „leynineíndin" ákveði ekki lengur launin, heldur annar aðili. Og þingmaðurinn segir: Gylfi Þ. Gíslason fór hér á milli manna til þess að fá meðflm. og honum tókst ekki að fá nema Ellert B. Schram. — Mér þætti fróðlegt að vita, til hve margra hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason leitaði. Ekki talaði hann við mig. Og ég efast satt að segja um að hann hafi talað við neinn nema Ellert B. Schram.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt að upplýsa það að gefnu tilefni við þessar umr., að þfkn. hefur ekki verið nein leyninefnd fyrir Alþfl. eða öðrum hér á Alþ. Ég hef undanfarin ár átt sæti í þessari n. kosinn eða tilnefndur af þingflokki Alþfl. til að gegna starfi þar og hef látið þingflokkinn fylgjast með því sem þar hefur verið að gerast á hverjum tíma.

Ég hef ekki verið beðinn um nein skilaboð frá þingflokknum til þfkn. um breytingar á því sem þar hefur verið gert.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að víkja örfáum orðum að þeim þætti í framsöguræðu minni sem greindi frá því sem hv. þm. Benedikt Gröndal kallaði símanjósnir. Strax í upphafi ræðu minnar lýsti ég yfir þakklæti mínu til hans fyrir það, að hann skyldi vera viðstaddur hér í Sþ. í dag, beinlínis vegna þess hversu oft ég hafði orðið að fresta því að mæla fram með till. vegna þess að þeir voru báðir fjarverandi, þeir menn sem ég sveigði svo mjög að í framsöguræðu minni, hann og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason Ég sagði eingöngu frá því, hvaða erfiði og hvaða fyrirhöfn ég lagði á mig, ekki til þess að kanna hvar þeir væru, heldur til þess að ná sambandi við þá, þannig að ég gæti beðið þá um að gera svo vel að heiðra sali hv. Alþ. með nærveru sinni meðan á þingstörfum stæði.

Ég hefði ekki viljað þurfa að fjalla um þessi 60%-mál þeirra hv. þm. Benedikts Gröndals og Gylfa Þ. Gíslasonar í tengslum við þessa þáltill. sem hér er um að ræða. Ég hefði viljað komast hjá því, því sannast sagna veit ég að hægt er fyrir duglega menn að vinna fyrir kaupinu sínu í vel skipulögðu starfi hjá opinberri stofnun á tiltölulega skömmum tíma.

Ástæðan fyrir því, að ég tald mig til knúinn að fjalla um þessi mál hér, var einfaldlega sú, að að okkur tveimur þm. Alþb., sem hvorugur tekur fastar tekjur annars staðar, var sveigt á svívirðilegan hátt í Alþýðublaðinu. Mér þykir leitt að ég skyldi titla hv. þm. Benedikt Gröndal nm. í þfkn. Í því fólst aðeins misskilningur, *en ekki nein svívirðileg aðdróttun. Hitt var* svívirðileg aðdróttun, hitt var aðdróttun um svívirðilegan verknað, að ég skyldi hafa það fyrir satt, sem mér hafði verið sagt, að það væri gagngert hann sem skrifaði ritstjórnargreinar sem merktar væru með Ó í Alþýðublaðinu, vegna þess að verknaðurinn, sem höfundur þessarar greinar vinnur í þessu tilfelli, er ekki nógu góður, *og ef um hv. þm. Benedikt Gröndal var* þar að ræða, sem stýrði pennanum, þá var verknaðurinn ólýsanlega vondur. En það hvarflar ekki að mér að draga í efa að hv. þm. segi það satt, að hann hafi ekki skrifað þessa ritstjórnargrein. Aftur á móti sagði hann sem svo, að náttúrlega bæri hann og form. þingflokks Alþfl. á vissan máta ábyrgð á þessari grein sem forustumenn flokksins. *Ég læt hann um að koma verknaðinum* á hina mennina sem skrifa undir þessum bókstaf, Ó. Hlutur hans sem slíks batnar ekkert geysilega mikið við það, en þó heldur, það lítið það er.

Ég veit að þetta atriði, sem hv. þm. kom inn á, það sem lýtur að framfærsluöryggi þm. sem hættur er í pólitík, þetta er raunverulegt atriði sem taka ber til ihugunar, en tek aðeins undir það sem hv. þm. Jónas Árnason sagði, að hægt á að vera að koma því þannig fyrir, að menn eigi störf sín tryggð án þess að þeir taki hluta af launum fyrir. Sjálfur hef ég bréf upp á það, að ég er enn þá fastráðinn starfsmaður Ríkisútvarpsins án launa. Þetta bréf hafðist alveg gjörsamlega kvaðalaust út úr stofnuninni, þannig að nær sá tími kemur að ég hætti störfum hér á Alþ., sem ég vona innilega að verði áður en ég verð kominn af starfsaldri, þá get ég gengið aftur til starfa á mínum gamla vinnustað hjá Ríkisútvarpinu.

Ég er þess alveg viss, að fyrir okkur hv. alþm., og ekki síst fyrir okkur þm. þeirra flokka sem, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal orðaði það, beitum okkur fyrir bættum kjörum þeirra sem eiga sér nú formælendur heldur færri í efstu skúffunum, — fyrir okkur er ákaflega þýðingarmikið að geta sýnt fram á ljósum rökum og dylgjulaust að við a. m. k. reynum að vinna ærlega fyrir kaupinu okkar, en slægjumst ekki svo mjög eftir greiðslum umfram þau laun sem ætlast er til að okkur nægi til framfærslu. Ég tel að aðstæður hjá okkur á þessu landi séu slíkar, að ef okkur tekst með okkar pólitíska afli og samtakamætti launþegasamtakanna að knýja það fram, að laun verkamanna verði um það bil helmingur af þeim launum, sem hæst eru borguð á Íslandi, þá yrði það lausn fyrir okkur alþm. að fara fram á það að hafa nokkru hærri tekjur en verkamenn.

Ég ítreka hitt, að það er eða á að vera ákaflega auðvelt fyrir alþm. að koma því til leiðar að leiðréttir verði formgallar varðandi atvinnutryggingu sem lýtur að þeim störfum sem þeir geta gegnt að öðru leyti, en hlýt aðeins í lokin að geta þess, að því miður var ekki alveg rétt með farið það sem Jónas Árnason sagði um tryggingu Karvels Pálmasonar fyrir vinnu að loknu starfi í pólitíkinni. Hann er látinn gjalda þess, og það væri raunar ákaflega æskilegt ef hæstv. menntmrh. vildi fræða okkur um það mál, að vísu í fjarveru Karvels Pálmasonar, — hann er látinn gjalda þess að hann er ekki réttindakennari. Honum hefur, þrátt fyrir tilraunir sínar til þess að fá tryggingu fyrir áframhaldandi starfsrétti að loknu starfi í pólitíkinni, ekki heppnast það. Honum er gert að segja starfi lausu vegna þess að hann er ekki réttindakennari.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 121). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í mörg ár hafa landsmenn beðið eftir því, að menntmrn. hefði forgöngu um nýja skólaskipan á framhaldsskólastigi. Það er löngu orðið sýnt að framhaldsskólastigið er veikasti hlekkur skólakerfisins, enda er það bæði illa skipulagt og auk þess eru margir þættir þess vanræktir. Við hv. þm. Helgi F. Seljan fluttum árin 1975 og 1976 till. á Alþ. þar sem gert var ráð fyrir að ríkisstj. legði fram frv. um nýskipan framhaldsskólastigsins. Við höfum ekki flutt þetta frv. í vetur og reyndar ekki heldur s. l. vetur, vegna þess að hæstv. menntmrh. hefur boðað að væntanlegt sé stjfrv. um þetta efni. Þetta frv. lét nú reyndar lengst af á sér standa á s.l. vetri, þar til komið var fram undir vor, að frv. af

þessu tagi birtist. Það var svo seint fram komið, að það gat ekki neina afgreiðslu hlotið hér á þinginu. Var þá von manna sú, að frv. yrði endurflutt, breytt eða óbreytt eftir atvikum, þannig að það mætti hljóta afgreiðslu nú í vetur. Því miður hefur þetta ekki orðið. Frv. hefur ekki verið endurflutt og því er fyllsta ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort ekki sé að vænta þess, að frv. af þessu tagi sjái dagsins ljós hér á Alþ. og hvort hann hafi þá einhverja von um að það geti hlotið afgreiðslu á þessum vetri.

Nú undanfarin ár hef ég flutt aðra till. hér á Alþ. þessari náskylda, en hún hefur fjallað um framhaldsskólanám á Norðurl. v. Í þessari till. segir svo í 1. mgr., með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir samstarfi sveitarstjórna á Norðurl. v. um stofnun framhaldsskóla með fjölbrautarsniði. Skólastarfið fari fram á nokkrum stöðum í fræðsluumdæminu og verði byggt upp sem ein heild með náinni samvinnu og verkaskiptingu milli skólastaða. Stefnt skal að því, að sem flestar námsbrautir framhaldsskólastigsins, sem annars staðar er að finna í menntaskólum, iðnskólum, vélskóla, tónlistarskólum eða öðrum sérskólum, verði stundaðar á a. m. k. einum þessara skólastaða.“

Sá tími er löngu liðinn, að í lögum séu aðeins þrír skólar ætlaðir til undirbúnings nemendum til stúdentsprófs. Þannig var þetta hins vegar um áratugaskeið. Nú hefur orðið stökkbreyting í þá átt á fáum árum að fjölga þessum skólum og er svo komið, að í öllum kjördæmum landsins er menntaskólanám stundað eða í undirbúningi — í öllum kjördæmum nema Norðurlandi vestra. Þessi þróun í þá átt að dreifa starfi framhaldsskólanna er eðlileg og sjálfsögð. Hún er sjálfsögð, því að hún mun leiða til þess, að miklu fleiri en ella leitast við að afla sér framhaldsmenntunar og eiga þess kost. Framhaldsnám úti í dreifðum byggðum landsins stuðlar að því, að unga fólkið festir frekar rætur á heimaslóðum, það hverfur síður úr heimabyggðinni, og hættan er þar minni að skólagangan valdi því, að unga fólkið sé slitið upp með rótum úr þeim jarðvegi sem það er sprottið úr. Einnig er á það að líta, að skólastarf framhaldsskóla og föst búseta menntaðra kennara hefur ómetanlegt gildi fyrir sérhvert byggðarlag og verður með margháttuðum víxlverkunum til að styrkja annað athafnalíf. Það hefur sem sagt mikið og margháttað gildi fyrir hvert kjördæmi, að fullkomin framhaldsskólafræðsla sé þar byggð upp.

Þegar um er að ræða stefnumótun í málefnum framhaldsskólanna, þá eru það einkum þrjár lykilspurningar sem verður að svara fyrir þetta kjördæmi ekki síður en fyrir landið allt.

Í fyrsta lagi er það þessi spurning: Á að einangra menntaskólanám frá öðru framhaldsskólanámi? Á að halda því kerfi áfram að velja úr bókhneigðustu nemendurna, þá sem best gengur, og setja þá í sérstaka framhaldsskóla, svonefnda menntaskóla, en bjóða síðan öðrum nemendum upp á verknám af ýmsu tagi, þar sem annars flokks aðstæður ríkja, skólarnir eru frumstæðari og réttindin mjög takmörkuð? Þessi mismunun, sem hefur ríkt um langt skeið, hefur ekki síst lýst sér í því, að ríkið hefur greitt allan kostnað menntaskólanámsins, bæði byggingarkostnaðinn og rekstrarkostnaðinn, en iðnskólarnir hafa að hálfu leyti verið byggðir upp á vegum sveitarfélaganna, uppbyggingin hefur gengið miklu hægar. Allir viðurkenna í dag, að verknámið er í molum. Ég tel að þessi stefna sé röng og ekki eigi að aðskilja verknám og bóknám, heldur sameina það í samræmdum framhaldsskóla. Ef þessi stefna verður ofan á, þá er ljóst að um leið opnast meiri möguleikar til þess að dreifa skólastarfinu, til að byggja það upp á nokkrum stöðum í hverju kjördæmi.

Þá erum við reyndar komin að annarri spurningunni í þessu sambandi: Á að byggja upp fáa stóra framhaldsskóla, framhalds- og fjölbrautaskóla á landinu, og þar með aðeins einn í hverju kjördæmi, eða á að dreifa skólastarfinu á nokkra skólastaði í hverju kjördæmi og hvað er raunhæft að því sé mikið dreift?

Þriðja lykilspurningin er svo sú spurning, sem má kannske segja að hafi að nokkru leyti falist í fyrstu spurningunni, um gerð þess skóla sem byggður verður upp á framhaldsskólastiginu, þ. e. a. s. hvort um verði að ræða sameinaðan skóla fyrir menntaskólanám og verknám eða ekki. Það er kostnaðarhliðin. Á að halda þeirri reglu, sem verið hefur, að iðnskólanámið sé aðeins greitt að hálfu af ríkinu meðan menntaskólanámið er greitt að fullu? Hver á að vera hlutur ríkisins og hver á að vera hlutur sveitarfélaganna? Á að taka upp nýja reglu í þessum efnum, eins og þá sem hefur verið í gildi um þá fáu fjölbrautaskóla sem nú þegar hafa verið byggðir upp, eða á að leggja þennan kostnað á ríkissjóð?

Þessum þremur spurningum, sem ég hef hér lagt áherslu á, hef ég sjálfur svarað fyrir mitt leyti í þessari till. minni, sem þó snertir aðeins skólanám á Norðurl. v. Ég er ekki að segja að mín svör séu neinn stórisannleikur í þessum efnum, og ég er að sjálfsögðu reiðubúin að breyta um skoðun, ef ég sannfærist um annað. En mér finnst nauðsynlegt að koma hreyfingu á þessi mál og þess vegna hef ég sett fram ákveðna stefnu um þessi atriði öll í þessari þáltill. Í fyrsta lagi er hér eindregið lagt til, að um verði að ræða samræmdan fjölbrautaskóla þar sem tengt verði saman bóknám og verknám og allar aðrar tegundir framhaldsskólanáms, að svo miklu leyti sem hægt er að koma því við í þessu fámenna kjördæmi.

Í öðru lagi hef ég slegið því föstu, að um verði að ræða dreifingu milli nokkurra skólastaða í þessu kjördæmi. Tel ég mig hafa sýnt fram á það í grg. með frv., að þetta kjördæmi sé alls ekki minna en svo, að ekki sé fullkomlega raunhæft að láta skólastarfið fara fram á nokkrum stöðum í kjördæminu fremur en að safna því öllu á einn stað.

Og í þriðja lagi tel ég, að kostnaðarskiptingin eigi að vera sú, að um greiðslu kostnaðar sé

fylgt þeim ákvæðum, sem gilda um stofnun og rekstur menntaskóla, og kostnaðurinn greiðist allur úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Ég tel að sú stefna sé óhjákvæmileg einfaldlega vegna þess, að hér þarf að brjóta nýju skipulagi braut. Ég óttast það, að ef á að gera sveitarfélögin sjálf ábyrg fyrir kostnaðinum að meira eða minna leyti, það skiptir ekki máli, verði málið í heild erfiðara í framkvæmd.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða um efni þessarar till. Hæstv. menntmrh. var viðstaddur þegar ég flutti upphaf þessarar framsöguræðu minnar og heyrði þar af leiðandi þær spurningar sem fyrir hann voru lagðar. Ég sé að hann er nú genginn úr salnum, en efast ekki um að jafnágætur maður og hann er reiðubúinn að svara jafneinfaldri spurningu og fyrir hann var lögð í þetta sinn í þessari umr. Vildi ég óska eftir því við hæstv. forseta, að hann sæi til þess, að samband yrði haft við hæstv. ráðh. og hann inntur eftir því, hvort hann hefði ekki hug á að svara jafneinfaldri spurningu og fyrir hann hann áðan. Ef hitt kynni að reynast staðreyndin að hann væri horfinn úr húsinu, þá vildi ég óska eftir því við hæstv. forseta, að hann frestaði umr. þar til ráðh. hefði átt þess kost að svara spurningunni, því að þótt hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða þar sem er uppbygging skólastarfs á Norðurl. v., uppbygging framhaldsskólastarfs, sem hefur verið vanrækt mörg undnfarin ár, þá er hitt auðvitað enn stærra mál, hvað líður því að þessi mál verði skipulögð á landsmælikvarða, og af því að ég veit ekki til þess, að hæstv. ráðh. hafi átt þess kost að svara þeirri spurningu hér í þinginu nú um alllangt skeið, finnst mér að tilefni sé til að hann geri það nú.

Ég vil einnig gera það að till. minni, að þegar þessari umr. lýkur eða henni verður frestað verði þessari till. vísað til hv. allshn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Meðan verið er að leita að hæstv. ráðh. vil ég gjarnan nota tækifærið og segja örfá orð í sambandi við þetta mál.

Ég tel að það sé ekki að ófyrirsynju að minnst sé á uppbyggingu framhaldsmenntunar í landinu í heild, eins og hv. flm. gerði, og ekki síður hvernig því skuli háttað í Norðurl. v. Það verður að segja þá sögu eins og hún er, að í þessu kjördæmi hefur ekki hafist markviss uppbygging framhaldsmenntunar, og er það eina kjördæmi landsins sem svo er háttað um. Þess vegna er síst ótímabært að hugað sé að því máli. Það hefur verið skoðun mín og er enn, að fræðsluráð í þessu fræðsluumdæmi ásamt fræðslustjóra ætti að beita sér fyrir því að ná samstöðu um skipan þessara mála í Norðurlandi vestra. Þar kemur vissulega mjög til álita að mínum dómi sú leið eða svipuð og um er rætt í þessari till., þ. e. að byggja upp fjölbrautaskóla sem skipt sé í deildir á einstökum stöðum kjördæmisins. Um þetta þarf þó að mínum dómi að nást samstaða, og það er enginn aðili sem hefur meiri skyldur og betri tök á að vinna að slíkri samstöðu en fræðsluráð og fræðslustjóri umdæmisins. Slíkt þarf vitaskuld að gerast í samráði við sveitarstjórnir og með atbeina rn. Ég hef látið þessa skoðun mína í ljós við fræðsluráðsmenn og fræðslustjóra, og ég vænti þess, að þeir aðilar taki þetta hlutverk fastari tökum en gert hefur verið hingað til.

Ég skal ekki ræða þessi mál mikið efnislega umfram það sem ég hef hér þegar gert, en það er þó ljóst að hjá okkur í Norðurl. v. hagar til eins og sums staðar annars staðar á landinu, að við borð liggur að grónar menntastofnanir séu að missa það hlutverk, sem þær hafa áður gegnt, og í sumum tilfellum eru þær búnar að missa það. Þar má nefna t. d. húsmæðraskólann á Blönduósi. Og héraðsskólinn á Reykjum í Hrútafirði, sem er ein virtasta menntastofnunin í okkar kjördæmi, þarf alveg tvímælalaust að fá meiri hlutdeild í framhaldsmenntun og framhaldsnámi en hann hefur nú í dag. Grunnskólarnir á svæðinu sækja fast á eftir og munu fá í vaxandi mæli grunnskólanámið allt í sínar hendur, mismunandi mikið eftir skólum, en þó mun það án efa gerast í vaxandi mæli, og taka þá grunnskólabekkina frá héraðsskólanum á Reykjum. Þess vegna þarf þessi menntastofnun að hljóta vaxandi hlut í framhaldsmenntun í þessum landshluta og stuðla að því, að unga fólkið, skólaæskan, geti sem lengst verið við nám heima í þessum byggðum og sem næst sínu umhverfi.

Annað vil ég aðeins drepa á, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. í sambandi við skiptingu kostnaðar við stofnkostnað og rekstur framhaldsskóla, en hann gat réttilega um að þar er um lítið og raunar ekkert samræmi að tefla á milli hinna einstöku greina framhaldsnámsins. Ríkið greiðir alfarið stofnkostnað og rekstur menntaskólanámsins, 50% á móti sveitarfélögunum við stofnkostnað og rekstur iðnskóla og að hluta, að vísu meiri hluta, en þó eftir gildandi samningum þar um í hverju tilviki, við hina svokölluðu fjölbrautaskóla. Þessu þarf að koma í fast horf, þannig að sama regla gildi um framhaldsskólastigið allt. Um þetta efni flutti ég till. til þál. á síðasta Alþ., till. sem vísað var til ríkisstj. með tilliti til þess, að fram var lagt stjfrv. til laga um framhaldsmenntun. Eftir því sem ég skildi það í þeim umr., sem þá fóru fram, var meiningin að það stjfrv. yrði endurskoðað af tiltekinni n. Var till. minni um stofnkostnað og rekstrarkostnað framhaldsskólastigsins vísað til ríkisstj. með því fororði að hún kæmi einnig til athugunar í þeirri sömu nefnd.

Ég tel nauðsynlegt að þessi kostnaðarskipting færist á sama stig og þó að ég léti í ljós þá skoðun mína í umr. í fyrra, að eðlilegt mætti teljast að sveitarfélögin bæru þarna einhvern minni hluta í stofnkostnaði og rekstri, þá sló ég engu föstu um það. Það er álitamál, það má sumpart a. m. k. teljast sanngjarnt, en það þarf þá að búa þannig að sveitarfélögunum í sambandi við tekjuskiptingu milli þeirra og ríkisins, að þau fái valdið því hlutverki og öðrum sem þeim eru ætluð.

Umr. frestað.

Efri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Byggingarlög, frv. (þskj. 14, n. 368, 369). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur athugað það frv. sem hér er til umr. N. hefur haldið nokkra fundi um málið og m. a. kynnt sér fjölda umsagna um það, sem borist höfðu á tveim síðustu þingum þegar málið var fyrir Nd. Þá hefur n. einnig fengið á sinn fund ráðuneytisstjórann í félmrn. til viðræðu um þetta mál. N. mælir með samþykkt frv. með breytingum sem hún gerir till. um á sérstöku þskj. Einn nm., Steingrímur Hermannsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

N. hefur gert margar brtt. við frv. á þskj. 369. Þar er um að ræða tvær meginbreytingar sem varða grundvallaratriði frv. Það eru annars vegar ákvæðin um byggingarnefndir, sérstaklega í 6. gr. frv., og svo varðandi ákvæði um byggingarstjóra í V. kafla frv. En n. hefur gert, eins og ég sagði, margar aðrar breytingar. Sumar breytingarnar eru efnisbreytingar, en þó minni háttar, aðrar eru hreinar orðalagsbreytingar og enn fremur er um að ræða hreinar leiðréttingar.

Ég skal þá gera grein fyrir þessum brtt. frá félmn., sem eru á þskj. 369.

1. brtt. er um það, að 1. mgr. 1. gr. orðist svo sem þar segir. Þar er um að ræða þrjár breytingar frá frv. Í frv. er talað um að lög þessi nái til alls landsins. Við teljum að óþarft sé að taka slíkt fram. Lög hljóta að ná til alls landsins nema annað sé þá tekið fram, og því er þetta orðalag fellt niður. Í frv. er talað um dreifikerfi holræsa. Við breytum þessu og tölum um holræsi í staðinn. Ein efnisbreyting er svo í þessari grein, þar sem talin eru upp þau atriði sem undanþegin eru ákvæðum laga þessara. Þar hefur n. bætt við girðingum á lögbýlum. Þetta er í raun og veru eina efnisbreytingin í þessari brtt.

Ég vík þá að 2. brtt. Það er brtt. við 6. gr. Þar er að finna aðra grundvallarbreytinguna sem n. gerir till. um, varðandi byggingarnefndir. Í frv. er gert ráð fyrir, að í hverju sveitarfélagi með fleiri en 300 íbúa skuli eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, og enn fremur, að sveitarfélag, þar sem íbúar eru færri en 300, skuli hafa samvinnu við nágrannasveitarfélag eða sveitarfélög um kosningu svæðisbyggingarnefndar. Þessu er breytt í till. félmn. á þann veg, að hverju sveitarfélagi er skylt að kjósa byggingarnefnd, hvað fámenn sem þau kunni að vera. Það er ekki miðað við 300 íbúa takmarkið, heldur skulu öll sveitarfélög kjósa byggingarnefnd. Jafnframt er sú breyting gerð á, að þar sem í frv. er skylda, að sveitarfélög, sem hafi færri en 300 íbúa, hafi samvinnu við nágrannafélög, þá er þessi skylda felld niður samkv. till. félmn. og þetta heimilað, þ. e. a. s. þetta ákvæði er gert að heimildarákvæði. Þetta er til komið vegna þess að það virðast vera nokkuð skiptar skoðanir um réttmæti þess að skylda hin minni sveitarfélög til þess að hafa svo formbundna samvinnu sem ráð er fyrir gert í frv. um kosningu svæðisbyggingarnefnda. Félmn. telur hins vegar, að það sé ekkert á móti því, að þetta sé heimilað og þeim sveitarfélögum, sem finnst ráðlegt að nota heimildina, sé frjálst að hafa þessa samvinnu. Síðar mun það þá koma í ljós með tíð og tíma, hversu raunhæft þetta atriði er, en ekki hyggilegt að svo stöddu að fastbinda þessa samvinnu, heldur einungis að heimila hana. Í sambandi við þetta eru nokkrar orðalagsbreytingar á 2. mgr. 6. gr. frv. og hún nokkuð stytt. Sé ég ekki ástæðu til að skýra það frekar, þar sem ekki er um neinar efnisbreytingar að ræða.

Við 6. gr. frv. er svo gerð ein önnur breyting, þ. e. við næstsíðustu mgr. 6. gr. Þar sem stendur „svæðisbyggingarnefnd“ leggur félmn. til að standi: byggingarnefnd. Það er í samræmi við þær brtt., sem n. gerir um þetta efni, og ef heimild til svæðisbyggingarnefndar væri notuð, mundi svæðisbyggingarnefnd heyra undir byggingarnefnd.

Ég kem þá að 3. brtt. frá félmn. Það er brtt. við 7. gr. frv. A-liður á við 1. mgr. Þar er gert ráð fyrir að komi tilvitnun til 7. mgr. 8. gr. frv. En í þessari 1. mgr. 7. gr. frv. er kveðið svo á, að byggingarnefnd fari með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og rn. Hér er gert ráð fyrir yfirstjórn sveitarstjórnar yfir byggingarnefnd, en staða byggingarnefndar samkv. 7. mgr. 8. gr. er samt sérstaks eðlis, þar sem þar segir, að ef rísi ágreiningur milli sveitarstjórnar og byggingarnefndar um afgreiðslu máls skeri félmrh. úr, en leita skal hann áður umsagnar skipulagsstjórnar. Það er vitnað til þessa ákvæðis, sem styrkir stöðu byggingarnefndar gagnvart sveitarstjórn.

Þá er b-liður 3. brtt. um breytt orðalag á 3. mgr. 7. gr. Þar segir í frv.: „Byggingarnefnd veitir byggingarstjórum samkv. 15. gr. viðurkenningu og annast að öðru leyti þau störf, sem greinir í lögum þessum og öðrum lögum og reglum um byggingarmálefni.“

Hér er talað um byggingarstjóra, en eins og ég gat um áðan gerir félmn. brtt. sem fela í sér grundvallarbreytingu á ákvæðunum varðandi byggingarstjóra úr þessari grein og orða hana svo sem fram kemur á þskj. 369.

Ég kem þá að 4. brtt. Hún er við 8. gr. Hún er um það, að 4. mgr. 8. gr. falli niður. Í raun og veru er ekki hugsað að þetta sé nein efnisbreyting, heldur aðeins fellt niður það sem er sjálfsagt, en í þessari mgr. stendur: „Heimilt er hverjum nm., sem ekki er samþykkur ályktun meiri hl., að láta bóka sérálit. Sama rétt eiga og aðrir þeir, sem sitja fundi byggingarnefndar.“ Þetta þykir svo sjálfsagt, að ekki er ástæða til að taka það beint fram, það leiði af hlutarins eðli að þetta sé heimilt.

Þá kem ég að 5. brtt. Hún er við 9. gr. Það er um að 2. tölul. 4. mgr. orðist svo sem segir á þskj. 369. Þetta er vegna þess að í 2. tölul. er talað um byggingarstjóra í frv. En vegna brtt., sem við gerum um stöðu byggingarstjóra, þykir ekki rétt að nota það orð í 2. tölul. 4. mgr. 9. gr., heldur nota orðalagið: sá, sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum — það komi í raun og

veru í staðinn fyrir byggingarstjóra. Svo koma og nýjar tilvitnanir. Í staðinn fyrir að í frv. segir: „sbr. 2. mgr. 88. gr.“, þá er í brtt. vísað til 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 22. gr., vegna þeirra breytinga sem síðar koma varðandi ákvæðin um byggingarstjóra.

Ég kem þá að 6. brtt. n., sem er við 12. gr. Ef menn bera saman 1. mgr. frv. og 1. mgr. brtt., þá sjá menn að orðalag er allfrábrugðið, en í raun og veru er engin efnisbreyting. N. þótti orðalagið nokkuð óljóst eins og það er í frv. og fara betur á að orða sömu hugsun með þeim orðum sem eru í brtt. Þetta sama á við 2. mgr. 12. gr. frv. og 2. mgr. brtt. n. Ekki er um efnisbreytingu að ræða, heldur annað orðalag, sem n. taldi til bóta. Í frv. er m. a. talað um landslöggildingu. Það orð er fellt niður, af því að það, sem kveðið er á um í þessari grein, á við allt landið, eins og ég kom áður að í máli mínu.

En þetta, að það sé engin efnisbreyting í 2. mgr. 12. gr. frv. samkv. brtt. félmn., á ekki við síðustu setninguna í þessari mgr. N. gerir till. um að þar komi efnisbreyting, og það er orðað á þessa leið: „Enn fremur getur ráðh. veitt öðrum en 1. mgr. tekur til slík staðbundin réttindi að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.“ Þetta er til komið vegna þess, að mönnum þótti það nokkuð einstrengingslegt, ef undir engum kringumstæðum mættu aðrir gera teikningar af byggingum en þeir, sem rétt hafa til þess. samkv. 1. mgr. og hlotið hafa löggildingu samkv. 2. mgr. á þeirri forsendu að þeir fullnægðu skilyrðum 1. mgr., þ. e. a. s. þarna séu lærðir arkitektar, byggingarfræðingar, tæknifræðingar, verkfræðingar o. s. frv. Þessi efnisbreyting þýðir það, að í einstökum sveitarfélögum væri hægt að hugsa sér að ákveðinn maður eða einhverjir menn hefðu réttindi til þess að vinna þessi störf, að annast teikningar af húsum, þó að þeir hafi ekki þá menntun til að bera sem áskilin er samkv. 1. mgr. En ef slíkir menn fengju réttindi, þá væru þau staðbundin við ákveðin svæði. Það er lagt í vald félmrh. að veita þessi réttindi að fengnum meðmælum viðkomandi byggingarnefndar.

Þá vil ég taka það fram, að brtt. félmn. við 12. gr. frv. felur í sér að 3. mgr. 12. gr. frv. fellur niður, en þar segir: „Í reglugerð skal skilgreina hin einstöku starfssvið.“ Þetta starfssvið, — það orð er notað í frv., en ekki notað samkv. till. félmn. Hvað varðar reglugerðina, þá er ákvæði í síðustu mgr. 12. gr. varðandi reglugerð sem er nægilegt til þess að taka til alls sem varðar þessa grein.

Aðrar brtt. eru ekki við 12. gr. frv. en þessar sem ég hef nú gert grein fyrir.

Þá kem ég að 7. brtt. Hún er við 13. gr. frv. Það er um það, að tvö orð: „um byggingarstjóra“ í 1. mgr. falli niður. Það leiðir af þeim till. sem n. gerir varðandi V. kafla og ég kem síðar að. Þess vegna er breytt þarna orðalagi til samræmis við það, sem þar stendur.

Þá kem ég að 8. brtt. Hún er við 15. gr. frv. Það er um það, að í stað 36. gr. komi 40. gr. Það er nauðsynleg leiðréttíng sem leiðir af því, að gr. frv. fjölgar vegna breytinga á V. kafla frv., sem félmn. gerir till. um og ég kem síðar að.

Og þá er ég kominn að þessum V. kafla, sem ég hef nokkrum sinnum vitnað til.

Það er þá í fyrsta lagi a-liður brtt. Hann er um það, að í stað fyrirsagnarinnar á V. kafla, sem er „Byggingarstjórar“, komi ný fyrirsögn sem orðist svo: Umsjón með byggingarframkvæmdum. Þetta leiðir af þeim brtt. sem n. gerir um innihald þessa kafla. En meginbreytingin, sem ég kom að í upphafi ræðu minnar, á þessum kafla er fólgin í því, að í stað þess að frv. gerir ráð fyrir að við gerð hvers mannvirkis skuli vera einn ákveðinn aðili sem nefnist byggingarstjóri, þá leggur félmn. til að þessi skylda sé numin á brott, en þetta gert að heimild. Þegar búið er að gera ákvæðin um byggingarstjóra að heimildarákvæðum, leiðir af því, að ný ákvæði þurfa að koma í frv. varðandi umsjón með byggingarframkvæmdum, þ. e. a. s. það sem á að gilda þegar heimildin um byggingarstjóra er ekki notuð. Til þess að svara þessum þörfum gerir n. till. um, að fjórar nýjar gr. verði teknar inn í frv., 16., 17., 18. og 19. gr., svo sem greinir í b-lið brtt. félmn. við V. kafla. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lýsa efni þessara greina. Í raun og veru er þetta ekki annað en lýsing á því, sem nú er tíðkað, þar sem framkvæmd þessara mála er í góðu ástandi. Því er það, að 16., 17., 18. og 19. gr. eru teknar orðrétt upp úr byggingarsamþykkt Reykjavíkur, nr. 39 frá 24. mars 1965. Þegar heimildin um byggingarstjóra er ekki notuð ber að fara eftir þessum ákvæðum um framkvæmd á umsjón með byggingarframkvæmdum eða haga svo umsjón með byggingarframkvæmdum sem mælt er fyrir um í þessum greinum.

Þá kem ég næst að 10. brtt. félmn. Hún er við 16. gr., sem verður 20. gr., af því að 4 nýjar gr. eru komnar. Þar er um að ræða brtt. við 1. mgr. Það, sem gert er við 1. mgr., er að breyta orðalagi á þann veg að samrýmist því að í staðinn fyrir að skylda er að hafa byggingarstjóra, þá sé það gert heimilt samkv. brtt. félmn., eins og ég hef áður komið að.

Næsta brtt. er brtt. nr. 11. Hún er við 19. gr. frv., sem verði 23. gr. Hún er um það, að í stað 15.—18. gr., sem í frvgr. stendur, komi 20.—23. gr. Hér er bæði um að ræða, að það var skekkja í frv. í þessum tilvitnunum, en auk þess þurfti nýja tilvitnun vegna þeirra breytinga sem eru orðnar á fjölda frvgr.

Kem ég þá næst að 12. brtt. Hún er við 22. gr., sem verður 26. gr. Er hún á þá leið, að 2. mgr. orðist svo sem segir á þskj. 369. Breytingarnar eru ekki efnisbreytingar heldur orðalagsbreytingar. Í brtt. er orðið „staðsetning“ — þ. e. í sambandi við staðsetningu húsa — í staðinn fyrir „afsetningu“ húsa eins og er í frv. En ein efnisbreyting er þó í þessari brtt. Hún er sú, að við 1. mgr. frv. er bætt: svo og upplýsingagjöf til Fasteignamats ríkisins, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 94/1976 — þ. e. a. s. það er tekið beint fram, að eitt af störfum byggingarfulltrúa skuli vera að annast þessa upplýsingaþjónustu gagnvart Fasteignamati ríkisins. Þessi till. kom fram og

var okkur send frá Fasteignamatinu. Þótti n. einsýnt að taka þetta til greina og gerir hún þetta því að till. sinni.

Þá kem ég að 13. brtt. Hún er við 26. gr., er verði 30. gr. Í staðinn fyrir tilvitnun í gr., þ. e. a. s. 36. gr. í 2. mgr., komi 40. gr. Þetta leiðir af fjölgun frvgr.

Kem ég þá að 14. brtt. Hún er við 29. gr., er verði 33. gr. Þar er um að ræða breytingu á tilvitnun í 2. gr. frv., sem þurfti breytingar vegna fjölgunar gr. frv., auk þess sem tilvitnunin var röng í frv. sjálfu.

Þá kem ég að 15. brtt. Hún er við 32. gr., er verði 36. gr., og greinin orðist svo sem fram er tekið á þskj. 369. Hér er ekki um að ræða efnisbreytingu, heldur breytingu á tilvitnun í aðrar greinar frv. Í frv. er í 32. gr., sem verður 36. gr., alltaf vitnað í 11. gr. Það er röng tilvitnun og á að vera í 12. gr. Auk þess felst í brtt. ein orðalagsbreyting. Það er í síðustu setningu 2. mgr., þar sem talað er um „þeirra aðila“ komi: viðkomandi aðila. Það er að sjálfsögðu engin efnisbreyting.

Kem ég þá að 16. brtt. Hún er við 33. gr. frv., sem verði 37. gr., og er um að greinin orðist svo sem þar greinir. Hér er sú breyting gerð, að fellt er niður orðið „byggingarstjóri“ af þeim ástæðum sem ég hef margoft tekið fram, en í staðinn kemur orðalagið: sá sem ber ábyrgð á byggingarframkvæmdum, — þ. e. a. s. þetta nær bæði til þess að framkvæmd sé með venjulegum hætti og heimildin um byggingarstjóra sé notuð. Annað, sem breytt er í þessari grein eru breyttar tilvitnanir í greinar af sömu ástæðum og ég hef áður greint.

Kem ég þá að 17. brtt., sem er við 34. gr. Þá er gert ráð fyrir að 34. gr. verði 38. gr. og greinin orðist svo sem fram er tekið í brtt. Hér er um að ræða leiðréttingu á tilvitnun í grein framar í frv. og orðinu iðnmeistari skotið fram fyrir byggingarstjóra, vegna þess að það þótti betur við hæfi að hafa það sem ekki er skylda að framkvæma, en aðeins heimild til, eftir því sem er hin venjulega aðferð á verkefni því sem þessi frvgr. fjallar um.

Þá kem ég að síðustu brtt. Það er 18. brtt. Hún er við 37. gr., sem verði 41. gr. Hér er um a- og b-lið að ræða. A-liðurinn er á þá leið, að 1. mgr. orðist svo sem fram er tekið í brtt. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, en vegna þeirra till., sem gerðar hafa verið og ég hef áður gert grein fyrir, þarf ekki að vitna til ákvæða í 2. mgr. 6. gr. og tilvitnun í 2. mgr. 20. gr. er orðin röng. Í stað þessa er í brtt. vitnað til 1. mgr. 24. gr. Ártalinu 1982, sem kveður á um það, hvenær ákvæði 1. mgr. 24. gr. skuli að fullu komin í framkvæmd, er breytt þannig, að í staðinn fyrir árið 1982 kemur 1985. Þessi tímamörk, 1982, eru miðuð við það þegar þetta frv. var fyrst samið eða á einhverju undirbúningsstigi við það verk. Síðan eru a. m. k. tvö, þrjú eða kannske fleiri ár. Ef það hefur verið rétt á þeim tíma að veita þennan frest í þessu skyni til 1982, þá er einsýnt að nauðsynlegt er að breyta þessu ákvæði. Þess vegna leggur n. til að miðað verði við árið 1985. Þá er önnur breyting. Á eftir tilvitnun í 5. gr. laga nr. 108/1945 er vitnað í a-lið 3. gr. laga nr. 26/1948, sem er breyting á lögum nr. 108/1945. Þess vegna eru rétt vinnubrögð að taka tilvitnun til þessara laga upp í greinina.

En það, sem hér er um að ræða efnislega varðandi þetta ákvæði, er það, að gert er ráð fyrir því, að þessi nýju byggingarlög komi ekki til framkvæmda í sveitum landsins varðandi byggingarfulltrúa fyrr en síðar, vegna þess að hin litlu sveitarfélög vítt og breitt um landið munu þurfa tíma til aðlögunar í þessum efnum. Fleira kemur og til greina. Samkv. gildandi lögum er gert ráð fyrir sérstökum fjárhagslegum stuðning við hin litlu sveitarfélög í sveitum landsins til þess að halda uppi starfsemi byggingarfulltrúa. Sveitarfélögin verða að sjálfsögðu verr sett, þegar þessi stuðningur fellur niður, ef ekkert kemur í staðinn. En þessi stuðningur og önnur ákvæði varðandi þetta atriði falla ekki niður samkv. till. félmn. fyrr en 1985. Á þessum aðlögunartíma gefst væntanlega nægur tími til þess að athuga þessa hlið málanna nánar með sérstöku tilliti til sveitahreppanna.

Þá kem ég að b-lið 18. brtt. Hún er um það, að upphaf 2. mgr. orðist svo sem greinir á þskj. 369. Hér er um þá breytingu að ræða frá frv. að vitnað er í tvenn lög, sem eru breytingar á lögum um byggingarsamþykktir. Þessi lög eru nr. 84 frá 1943 og lög nr. 26 frá 1948. Eins og ég sagði áðan þykir það rétt vinnubrögð að vitna sérstaklega til þessara laga og því er þetta ákvæði tekið upp. Að öðru leyti eru ekki gerðar till. um breytingar á 37. gr. frv., sem verður 41. gr.

Ég hef nú gert grein fyrir öllum brtt. félmn. við frv. þetta, sem hér er til meðferðar, og sé ekki ástæðu að svo stöddu til að fjölyrða frekar um það.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Í 4. gr. byggingarlaga er málsl. sem hljóðar svo:

„Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.“

Þessi málsl. er til orðinn vegna þáltill. sem samþ. var á Alþ. 1972 og hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd, er kanni leiðir, sem tryggi, að byggingar og umferðaræðar framtíðarinnar, er njóta fjárhagslegrar fyrirgreiðslu opinberra aðila, verði hannaðar þannig, að fatlað fólk komist sem greiðlegast um þær.“

Það, sem hér er um að ræða, er mjög mikilvægt fyrir vissan hóp í þjóðfélaginu, og svo sem við vitum þarf þessi hópur að komast um margs konar byggingar, svo sem ráðhús, skrifstofur, heilbrigðisstofnanir, kirkjur, söfn, skóla, verslunarhús, kvikmyndahús, leikhús, vinnustaði, sýningarsali, sundlaugar, íþróttahús, almenningssalerni, símaklefa, sjálfsala og ýmislegt annað húsnæði. En til þess að svo geti orðið þarf að uppfylla viss skilyrði, og því er það tekið fram, að í byggingarreglugerð skuli setja ýmis ákvæði, sem geri það að verkum að fatlaðir eigi auðveldara að komast um. T. d. skal þar segja, að fólk í hjólastól komist án aðstoðar inn og út um dyr, er séu í grennd við bílastæði sem ætluð

séu fötluðum, og bílastæði ætluð fötluðum eigi að vera a. m. k. 3.30 m á breidd eða um það bil a. m. k. 1 m breiðari en venjuleg bílastæði. Allar dyr innanhúss þurfa að vera a. m. k. 80 cm á breidd og gjarnan aðaldyr enn þá breiðari. Lyftur, sem eru í samræmi við þarfir fatlaðra, þurfa að vera af ákveðinni stærð, og enn fremur þurfa takkarnir, sem á er stutt, að vera í ákveðinni hæð, sem er um það bil 1—1.20 m frá gólfi. Enn fremur er nauðsyn, að gerð og lega snyrtiherbergja sé hönnuð með sérstöku sniði og þannig, að t. d. hjólastólafólk geti athafnað sig á þessum snyrtiherbergjum. Ætlast er til þess, að a. m. k. eitt slíkt sé á hverri hæð í þeim þjónustustofnunum þar sem gerðar eru ráðstafanir til þess að auðvelda umferð fatlaðra. Og þar sem trappa er þörf skulu einnig vera skábrautir með viðurkenndum halla og við tröppur og skábrautir eiga að vera handrið í ca. 80—90 cm hæð *með réttu gripi. Hurðarhúnar og lyftuhnappar* eiga að vera í um það bil 105—110 cm hæð frá gólfi. Þessi ákvæði og ótalmargt fleira er ætlast til í samræmi við þessi ákvæði í byggingarlögum, að komi inn í byggingarsamþykktir.

Ef þetta verður að lögum og byggingarsamþykktir verða í samræmi við það sem til er ætlast af nefnd þeirri, sem fjallaði um þetta mál, þá á ég von á því, að við verðum betur *settir varðandi þessi atriði varðandi nýbyggingar* en flestar aðrar þjóðir og þá í hópi með þeim nágrönnum okkar sem eru komnir hvað lengst í þessum efnum. Eftir er þá fyrst og fremst að finna leiðir til þess að breyta og endurbæta byggingar, sem eru í notkun, þannig að þær verði auðveldar til umferðar fötluðum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og greina mátti af ræðu hv. frsm. félmn., þá hefur félmn. lagt mikla vinnu í að athuga þetta frv. Þetta frv. var á sínum tíma samið af fjölmennri nefnd manna, sem ráðuneytisstjóri félmrn., Hallgrímur Dalberg, var formaður fyrir. Málið hefur legið fyrir Nd. og er nú lagt fram í Ed. Hv. frsm. og formaður félmn. hefur unnið að þessari itarlegu endurskoðun á frv. og brtt. í samráði við félmrn. og hefur ráðuneytisstjórinn verið þar með í ráðum. Ég tel að þær brtt., sem hv. n. flytur og frsm. lýsti, séu til bóta og tel æskilegt, að frv. verði afgreitt frá þessari hv. d. með þessum breytingum.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka n. og frsm. hennar fyrir ágætt starf.

ATKVGR.

Brtt. 369,1 samþ. með 11 shlj. atkv

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 369,2 (ný 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

— 369,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 369,4 samþ. með 13 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 369,5 samþ. með 13 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

10.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 369,6 (ný 12. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 369,7 samþ. með 14 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,8 samþ. með 14 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,9 (kaflafyrirsögn og fjórar nýjar greinar, verða 16.—19. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,10 samþ. með 14 shlj. atkv.

16. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

17.—18. gr. (verða 21.—22. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,11 samþ. með 14 shlj. atkv.

19. gr. (verður 23. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

20.—21. gr. (verða 24.—25. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,12 samþ. með 14 shlj. atkv.

22. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

23.—25. gr. (verða 27.—29. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,13 samþ. með 13 shlj. atkv.

26. gr. (verður 30. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

27.—28. gr. (verða 31.—32. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,14 samþ. með 14 shlj. atkv.

29. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

30.—31. gr. (verða 34.—35. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,15 (ný 32. gr., verður 36. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,16 (ný 33. gr., verður 37. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 369,17 (ný 34. gr., verður 38. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

35.—36. gr. (verða 39.—40. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv

Brtt. 369,18 samþ. með 13 shlj. atkv.

37. gr. (verður 41. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 15, n. 370, 33, 371). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur athugað það frv., sem hér er til meðferðar, og mælir með samþykkt þess með breytingu sem lögð er til á sérstöku þskj. Einn nm., Steingrímur Hermannsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Frv. það, sem hér er til umr. um breytingu á skipulagslögum, leiðir af frv. því til byggingarlaga sem við vorum áður að ræða og afgreiða til 3. umr. Sama nefnd og vann að samningu frv. til byggingarlaga samdi frv. það, sem hér liggur fyrir, og breytingar, sem hér eru gerðar á skipulagslögum, leiðir af breytingum þeim sem lagðar eru til samkv. frv. til byggingarlaga.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja eða ræða ítarlega þetta mál nú. Það hefur verið mælt fyrir því að sjálfsögðu við 1. umr. Aðalbreytingarnar, sem fólgnar eru í þessu frv., eru þær, að frv. gerir ráð fyrir að öll sveitarfélög séu skipulagsskyld, en samkv. gildandi lögum nær skipulagsskyldan til þéttbýlisstaða þar sem búa 100 íbúar eða fleiri, þ. e. a. s. skipulagsskyldan nær ekki til þeirra staða sem fámennari eru.

Þá er gerð sú breyting með frv. þessu, að þar er gert ráð fyrir að gera skuli skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má, að mati skipulagsstjórnar að þéttbýli rísi. Nú er þetta samkv. gildandi lögum ekki skylda, nema íbúafjöldinn sé 100 eða yfir 100.

Þetta eru aðalbreytingarnar, sem þetta frv. felur í sér, og eins og ég sagði áðan mælir félmn. með því að frv. verði samþykkt.

En félmn. hefur á þskj. 371 gert eina brtt. Hún er til komin vegna brtt. frá Oddi Ólafssyni á þskj. 33. Í þeirri brtt. er kveðið á um, að í reglugerð skuli ákveðið að hið skipulagða svæði geri fötluðum og öldruðum auðvelt að komast leiðar sinnar. Enn fremur er tekið fram í þessari brtt., að ef um sérstök íbúðarhús fyrir fatlaða og aldraða sé að ræða á framkvæmdasvæði, skuli þau sett sem næst miðju, þar sem umferðarmöguleikar eru bestir, og í nágrenni þjónustustofnana. Það er talað um götur, gangstéttir og bílastæði í þessu sambandi. Félmn. tók þessa brtt. hv. 2. þm. Reykn. á þskj. 33 til meðferðar, og er skemmst frá því að segja, að n. er efnislega algerlega sammála þessari brtt. En við nánari athugun þótti hins vegar fara betur á því, með hliðsjón af uppbyggingu þeirrar greinar skipulagslaganna sem kæmi til með að breytast samkv. þessari brtt., að brtt. væri á annan veg orðuð og bæri gleggra með sér, að verið er að tala um hvað eigi að koma í reglugerð, en ekki að setja bein fyrirmæli í lögin. Með þetta í huga umsamdi félmn. í raun og veru till. hv. 2. þm. Reykn. Þar er engu efnislega breytt aðeins orðalagsbreyting. Leggur því félmn. til að brtt. hennar svo orðuð verði samþykkt. Ég vil taka það fram, að þessi brtt. var gerð í samráði við flm. brtt. á þskj. 33, hv. 2. þm. Reykn., sem ég ætla að muni draga þá till. til baka.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 33 felld með 12 shlj. atkv.
371 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 366). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands var lagt fram á síðasta Alþingi skömmu fyrir þinglok til kynningar. Eftir að þingi lauk sendi menntmrn. frv. ýmsum aðilum til athugunar og umsagnar. Umsagnir þær, sem borist hafa rn., eru prentaðar með frv. sem viðauki. Þegar frv. er nú lagt fram að nýju, þá hefur það tekið nokkrum breytingum, sem gerðar voru m. a. með hliðsjón af aths. umsagnaraðilanna.

Þetta frv. er allmikið að vöxtum, eins og hv. þdm. sjá, 43 greinar. Og frv. er í eðli sínu þýðingarmikið, það er óhætt að segja það. Þýðing frv. fyrir skólahaldið í landinu verður strax ljós þegar lesin er 1. gr. þess, þar sem hlutverk Kennaraháskóla Íslands er markað í megindráttum.

Mikilvægi þessa máls gefur í sjálfu sér ærið tilefni til ítarlegrar framsöguræðu af minni hálfu. Ég mun þó leitast við að stytta mál mitt nokkuð og þá m. a. með tilliti til þess, að frv. fylgja mjög ítarlegar aths., þar sem fjallað er um málið í heild og um einstök atriði þess.

Í lögum um Kennaraháskóla Íslands frá 16. apríl 1971, 25. gr., segir svo m. a.:

„Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra."

Hinn 29. nóv. 1972 skipaði þáv. menntmrh., Magnús Torfi Ólafsson, nefnd til að annast þessa endurskoðun í samræmi við þetta lagaákvæði. Skipaðir voru í nefndina: Broddi Jóhannesson rektor, formaður, Árni Gunnarsson deildarstjóri, Jónatan Þórmundsson prófessor og Jónas Pálsson skólastjóri. Þegar Baldur Jónsson hafði verið kjörinn rektor í janúarmánuði 1975 óskaði nefndin eftir því, að hann tæki sæti í henni. Var hann skipaður í nefndina 4. mars það ár. Síðla þetta sama ár var Kristín Magnúsdóttur falið að starfa með nefndinni sem fulltrúi kennaranema, en Lars Andersen var tilnefndur til vara.

Nefndin hóf störf sín með því að afla gagna um þróun í menntamálum kennaraefna frá því að löggjöfin um Kennaraháskóla Íslands frá 1971 var undirbúin. Auk þess sótti formaður nefndarinnar ráðstefnu Evrópuráðs um rannsóknir og endurbætur á menntun kennara í Englandi í apríl 1973. Þá sótti formaður nefndarinnar einnig ráðstefnu um kennaramenntun, sem haldin var í Osló 1975 á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

Nefndin hélt mjög marga fundi og ræddi auk þess við ýmsa sérfróða aðila um einstaka þætti viðfangsefnisins. Var í fyrstu lögð megináhersla á að ræða hlutverk og markmið með menntun og starfi kennara, enda skilningur og mat á þeim efnum eðlileg forsenda allra ákvarðana um kennaranám, gerð þess og inntak, eins og segir í nefndarálitinu.

Eins og ég gat um áðan, hafa menntmrn. borist margar umsagnir og ábendingar um frv. það sem lagt var fram á síðasta þingi. Unnið hefur verið úr þessum ábendingum í rn. í vetur, og rætt við aðila ýmis atriði þeirra og hafa verið tekin til greina. Þau raska ekki meginstefnu frv. á nokkurn hátt, en horfa til bóta að dómi rn. Mun ég víkja nánar að örfáum þeirra atriða síðar.

Í þessu frv. eru ýmis nýmæli miðað við gildandi löggjöf um Kennaraháskóla Íslands. Hér skal drepið á mikilvægustu breytingarnar, sem lagt er til að gerðar verði á hlutverki Kennaraháskólans og gildandi skipan kennaranámsins.

1. Kennaraháskólinn skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu.

Í nál. er gerð ítarleg grein fyrir þörfinni á auknum rannsóknum á sviði íslenskra uppeldis- og fræðslumála. Þar er rakin allítarleg þróun slíkra rannsókna og greint frá lagaákvæðum þar að lútandi. Verður sú greinargerð ekki endurtekin hér, en um veigamiklar breytingar er að ræða á þessu sviði.

2. Kennaraháskólinn skal annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á grunnskólastigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi.

Þetta hefur ekki verið svo, heldur hefur þessi þáttur kennaramenntunar verið framkvæmdur í fleiri skólum, að því leyti sem hann hefur verið ræktur. Talið er að fjármagn og kennaralið nýtist betur með þessum hætti og undirbúningur kennaraefna verði heildstæðari með því að þessi þáttur undirbúningsins fari fram á einum stað, þótt nokkrar sérgreinar verði kenndar á öðrum stöðum líkt og nú á sér stað. Menntmrh. getur þó samkv. ákvæðum frv., ef sérstakar ástæður þykja til, heimilað frávik frá þessum ákvæðum á þá lund, að tilteknir sérkennaraskólar annist áfram uppeldis- og kennslufræðilega menntun nemenda sinna, en þá með nánu samráði við Kennaraháskóla Íslands. Þetta síðast nefnda ákvæði var sett inn í frv. við endurskoðun þess nú í vetur.

3. Heimilt er að fela skólanum að annast fullnaðarmenntun kennara í þeim greinum grunnskóla, sem kenndar eru í sérskólum við setningu laganna.

Það fyrirkomulag, sem nú tíðkast, hefur þróast í gegnum árin, sérskólarnir oft upp vaxnir fyrir brýna þörf og jafnvel stofnaðir af áhugafólki fyrst og fremst. Ekki er með frv. þessu fyrirhugað að kollsteypa þessu fyrirkomulagi, en rétt þykir að hafa í væntanlegri löggjöf heimildarákvæði af þessu tagi.

4. Stofna skal til kennslu í uppeldisfræðum til B.A.-prófs við Kennaraháskóla Íslands. Auk þess er heimilt samkvæmt ákvörðun skólaráðs og að fengnu samþykki menntmrh. að efna til framhaldsnáms í Kennaraskólanum til æðri prófgráðu en B.A.-prófs.

Um þetta segir m. a. í nál.: „Laganefndin taldi eðlilegt, að framangreind starfsemi í Háskóla Íslands yrði færð í Kennaraháskólann. Er það í samræmi við þá meginstefnu, sem mörkuð er í 1. gr. frv. um hlutverk Kennaraháskólans. Ef sú uppeldis- og kennslufræðimenntun framhaldsskólakennara, sem rækt hefur verið í Háskóla Íslands, flyst á vegu Kennaraháskólans, eins og frv. gerir ráð fyrir, sýnist og eðlilegt, að kennslan í uppeldisfræði til B.A.-prófs flytjist með, sökum þeirra tengsla sem að framan getur. En einnig frá sjónarmiði Kennaraháskólans sem almennrar kennaramenntunarstofnunar eru gild rök fyrir því, að koma beri á fót kennslu til háskólaprófs í uppeldisfræði við skólann.“ Ég vík örlítið nánar að þessu atriði síðar.

5. Nefndin, sem samdi upphaflega frv., lagði til að menntmrh. yrði heimilað að lengja kennaranámið um allt að einu ári að fengnum tillögum skólaráðs. Menntmrn. telur hins vegar ekki tímabært að lögfesta þá heimild nú og felldi þetta atriði niður úr frv. þegar í fyrri gerð þess. Persónulega sé ég ekki ástæðu til að gefa undir fótinn með lengingu kennaranámsins fyrr en meiri reynsla er fengin af starfsemi Kennaraháskóla Íslands eins og hún hefur þróast til þessa og er að þróast.

6. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp námseiningakerfi, og kveðið er á um meginþætti kennaranáms á þeim grundvelli. Jafnframt er valgreinakerfið gert sveigjanlegra og tekur nú einnig til sérstakra verksviða í grunnskóla, t. d. byrjendakennslu.

Um þetta segir nefndin: „Nokkur vandi hefur stafað af því og óánægja meðal kennaraefna, að skýr fyrirmæli hefur brostið um skilgreiningar á námseiningum í Kennaraháskólanum, enda þótt löggjöfin geri ráð fyrir því, að háskólarnir báðir viðurkenndu námseiningar hvor annars. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er úr því bætt. Einnig eru meginþættir náms skilgreindir skýrar en fyrr og valgreinakerfið gert sveigjanlegra, sbr. aths. um þessi atriði við 15. gr.“

Rétt þykir að setja lagaákvæði um þetta og þá einkum til þess að tryggja annars vegar fullt samræmi milli háskólanna tveggja og svo til þess að tryggja, að eðlilegum lágmarkskröfum um nám og námsárangur í Kennaraháskólanum verði fullnægt.

7. Æfingaskólinn skal sinna þróunarverkefnum á uppeldissviði í samvinnu við menntmrn., einkum skólarannsóknadeild þess.

Hér er um grundvallaratriði að ræða. Eru því gerð ítarleg skil í aths. með frv. og vísast til þess sem þar segir.

Varðandi þessi þýðingarmiklu atriði, sem ég hef nú stuttlega drepið á, sjö að tölu, vil ég sérstaklega vísa til ítarlegra skýringa í aths. með frv., en þær er að finna á bls. 11—16, auk þess sem fjallað er um þessi efni í aths. við einstakar greinar.

Á bls. 29 er fjallað um áætlaðar kostnaðarbreytingar vegna nýmæla í frv. Hagsýslustofnunin fór nokkuð ofan í þessi atriði í fyrra og gerði þá ráð fyrir að 22—26 millj. kr. kostnaðarauki fylgdi samþykkt frv. og fullri framkvæmd laganna. Ég mun biðja Hagsýslustofnunina að yfirfara málið á ný og láta menntmn. þessarar d. í té nýtt álit á þessum þætti. En ég vil benda á að kostnaðarauki af frv. þessu, ef að lögum verður, fellur ekki á sama dag né heldur sjálfkrafa síðar nema þá að hluta, því að um alla meginþætti hans þarf sérstaka ákvörðun við gerð fjárlaga.

Ég vil geta sérstaklega um örfáar þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var lagt fram í fyrra, en eins og ég hef tekið fram, eru þær flestar minni háttar og raska alls ekki meginstefnu, þótt þær að dómi rn. horfi til bóta.

Um heimild til kennslu uppeldisfræði í sérkennaraskólunum hef ég áður getið.

Í 39. gr. frv. er kveðið á um stofnun samstarfsnefndar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Eins og vikið er að í aths. um 1. gr. frv., er augljós nauðsyn á nánu samstarfi milli Kenn-

araháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Með þessari grein er lagður grundvöllur að skipulagðri samvinnu þessara tveggja stofnana. „Koma þessi ákvæði að nokkru í stað fyrirmæla í 1. gr. gildandi laga um verkaskiptingu milli þessara tveggja skóla," segir í aths. Ég vil geta þess hér, að svipaðar samstarfsnefndir hafa þegar verið settar á fót t. d. innan menntaskólastigsins og á fleiri stigum, þar sem rn. hefur frumkvæði að því að leiða saman fulltrúa þessara stofnana.

Ég vil láta það koma skýrt fram, að ekki eru allir á eitt sáttir um að færa kennslu í uppeldis- og kennslufræðum frá Háskóla Íslands til Kennaraháskóla Íslands. Kemur þetta m. a. glöggt fram í aths. við 1. gr. frv., sem eru sérstaklega ítarlegar, og svo í áliti Háskóla Íslands, sem prentað er í heild með frv. sem fskj., eins og raunar aðrar álitsgerðir sem rn. hafa borist. En það, sem vakir fyrir höfundum frv., er í sem allra fæstum orðum sagt þetta: Það er ekki grundvöllur til að kenna uppeldis- og kennslufræði við tvær stofnanir. Eigi að reka Kennaraháskólann sem raunverulegan háskóla á sínu sviði hlýtur þessi kennsla að færast til hans. Hitt er svo annað, að margir velta því fyrir sér, hvort ekki kynni að vera æskilegra að sameina alveg þessa tvo háskóla. En þótt svo kynni að fara í framtíðinni, að það þætti æskilegt, þá virðist ekki vera grundvöllur til að taka nú ákvörðun um slíka sameiningu. Ég held að menn séu nokkuð sammála um það að við séum ekki undir það búin. Ég vil einnig láta það koma fram, að það hefur verið álit menntmrn., a. m. k. um nokkurt skeið, og raunar frá því farið var að undirbúa stofnun Kennaraháskóla Íslands, að þennan hátt bæri að hafa á. Kemur það fram í því m. a., að þegar skipaður var prófessor í uppeldis- og kennslufræði við Háskóla Íslands fyrir nokkrum árum, þá var það sérstaklega tekið fram af hálfu menntmrn., að til þessarar breytingar kynni að koma. Þetta viðhorf höfunda frv., menntmrn. getum við líka sagt, má einnig orða á þá lund, að meginmarkmið löggjafarinnar um Kennaraháskóla Íslands er að gera þá stofnun svo hæfa sem unnt er til þess að gegna því þýðingarmikla hlutverki sem henni er falið með 1. gr. frv., ef að lögum verður.

Ætla má að þegar fram líða stundir verði þörf fyrir kennaramenntað fólk það mikil, að hagkvæmt reynist að kenna þau fræði víðar en á einum stað. Að því lúta ákvæði 40. gr., en þar segir:

„Í reglugerð, sem menntmrn. setur að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands, er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga, þ. á m. að skólinn starfi að hluta utan Reykjavíkur."

Í frv., eins og það var lagt fram í fyrra, var þessi heimild bundin við Akureyri. En við nánari athugun þótti réttara að hafa heimildina víðtækari.

Þá vil ég vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða. Þar segir, í 42. gr., að nemendur, sem skráðir voru í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku þessara laga, eigi rétt á að ljúka námi og prófum samkv. fyrri lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Í ákvæði til bráðabirgða, 43. gr., segir svo:

„Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur, en hafa ekki full kennsluréttindi, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð."

Nú allra næstu daga verður lagt fyrir Alþ. frv. um embættisgengi kennara. Í því frv. verður að finna ákvæði samhljóða þessu.

Staða hinna svonefndu réttindalausu kennara hefur mikið verið rædd að undanförnu og raunar um langa hríð. Nú í haust og vetur hefur farið fram ítarleg umræða um þetta efni, m. a. hjá menntmrn. og kennarasamtökunum. Hefur orðið samstaða um þetta ákvæði, sem ég áðan greindi frá, og í megindráttum um framkvæmd þessara ákvæða, að ég ætla. En á henni veltur auðvitað mikið, því ákvæðin eru rammi um framkvæmdina frekar en nánari útfærsla. Til frekari glöggvunar hv. þdm. vil ég rifja upp það sem segir í aths. um 43. gr., en það er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hefur orðið að setja til kennarastarfa allmargt manna sem ekki hafa full kennsluréttindi samkv. gildandi lögum og geta því ekki hlotið skipun í kennarastöðu. Í umr. um þessi mál hefur verið bent á að æskilegasta lausnin á vanda þessara kennara sé að greiða þeim leið til að afla sér fullra réttinda með viðbótarnámi. Í skýringum við 9. gr. frv. er vikið að því, að kennslureynsla ætti að koma til álita við mat á umsóknum um námsvist í Kennaraháskólanum ásamt formlegri undirbúningsmenntun, og í 26. gr. er fjallað um möguleika á viðurkenningu prófa frá öðrum háskólum eða sérkennaraskólum sem þætti til fullnaðarprófs frá Kennaraháskólanum. Í þessari gr. er gert ráð fyrir sérstöku átaki við gildistöku nýrra laga um Kennaraháskóla Íslands á þann veg, að þeim, sem þá hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur, skuli gerður kostur á að ljúka á vegum Kennaraháskólans réttindanámi er verði sérstaklega skipulagt í því skyni. Er þá m. a. haft í huga, að um gæti orðið að ræða sumarkennslu og bréfanám að einhverju leyti."

Ég vil sérstaklega benda hv. þdm. á, að í áliti mþn. eru raktir ljóslega, í stuttu máli þó, helstu drættirnir í sögu kennaramenntunar á Íslandi og í ljósi reynslunnar leitast við að benda á kosti og galla þess skipulags, sem ríkt hefur, og á áhrif þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á kennaranáminu á undanförnum árum. Þá er einnig í niðurlagi nál. reynt að meta hvaða sess íslensk kennaramenntun hefur skipað í skólakerfi Íslendinga fyrr og nú. Og loks er gerð grein fyrir áætluðum námsmannafjölda í Kennaraháskólanum á næstu árum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu á sínum tíma, að reynslan af löggjöfinni um Kennaraháskólann benti til þess þá strax, að næstu árin færi aðsókn að skólanum enn vaxandi, og segir nefndin að einsætt sé að fjöldi brautskráðra kennara frá skólanum muni fullnægja almennri kennaraþörf á grunnskólastigi, þegar

fram liði stundir. Nú er nokkuð liðið síðan gengið var frá þessu nál. og bendir það, sem síðar hefur gerst, alveg eindregið til þess, að þessi spádómur ætli að rætast. Aðsókn að Kennaraháskólanum hefur nú stórlega aukist og er það vel.

Það er samdóma álit okkar í menntmrn. og þeirra, sem starfa við Kennaraháskóla Íslands, að nauðsynlegt sé að hraða afgreiðslu þessa máls eftir því sem fært þykir. Nú vil ég að sjálfsögðu ekki leggja hv. þdm. neinar lífsreglur um þetta. En ég vil vekja athygli á því, að þetta mál hefur hlotið mjög ítarlegan undirbúning. Það var rækilega kynnt í fyrra með framlagningu hér og útsendingu og farið hefur verið ofan í það á ný nú síðustu mánuðina. Ég vil því beina því til hv. þdm. og menntmn. sérstaklega að íhuga nú hvort fært þyki að mæla með afgreiðslu málsins á þessu þingi.

Ég læt ekkert tækifæri ónotað til þess að minna hv. alþm. á að Kennaraháskóli Íslands hefur búið við og býr nú við mjög þröngan kost að því er snertir húsnæði og búnað. Framkvæmdafjárveiting til nýbyggingar er á fjárl. þessa árs og byrjunarfjárveiting til nýbyggingar var á fjárl. síðasta árs einnig. Það er unnið núna að frágangi teikninga og stefnt að því, að verk geti hafist á þessu ári. Ég vona að það standist. En ég tel að byggingarmálinu verði að fylgja fast eftir ef ekki á að hljótast meiri skaði en orðinn er nú þegar af þrengslum þeim og ófullkominni aðstöðu, sem Kennaraháskóli Íslands hefur búið við frá upphafi, er óhætt að segja.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til menntmn. að umr. lokinni.

Umr. frestað.

Neðri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Búnaðarfræðsla, frv. (þskj. 367). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 367 er frv. til laga um búnaðarfræðslu. Áður en ég vík að frv. vil ég með örfáum orðum gera grein fyrir búnaðarfræðslu hér á landi eins og hún hefur átt sér stað, og reyndar þó heldur betur.

Snemma á síðustu öld tóku menn að leita sér búfræðslumenntunar erlendis, ýmist í Danmörku, Svíþjóð eða Noregi. Fyrstu búfræðingarnir gátu sér gott orð og margir urðu forystumenn í héruðum og leiddu inn búnaðarnýjungar. Talið er að Jón Espólín á Frostastöðum í Skagafirði hafi fyrstur hafið kennslu í búfræði hér á landi 1852, og búfræðikennsla fór fram í Flatey 1857—1858.

Jón Sigurðsson forseti hafði ritað um nauðsyn þess að koma hér upp búnaðarskóla, í Nýjum félagsritum 1849. Fyrsti búnaðarskólinn kemur þó ekki fyrr en 1880, skóli sá er Torfi Bjarnason reisti í Ólafsdal í Dalasýslu, og ekki orkar það tvímælis, að sú menntastofnun hafði mikið gildi fyrir íslenskan landbúnað á þeim árum og einnig fyrir íslensku þjóðina í heild, bæði hvað búnaðarfræðslu áhrærði og menntun almennt. Næstur í röð bændaskóla er Hólaskóli, er stofnaður var 1882. Skóli í búnaðarfræðum var stofnaður á Eiðum 1883 og loks á Hvanneyri 1889. Ólafsdalsskólinn lagði starfsemi sína niður 1907, og 1918 var búnaðarskólanum á Eiðum breytt í héraðsskóla og hefur svo verið síðan. Frá þeim tíma hafa bændaskólar aðeins verið tveir hér á landinu: á Hólum í Hjaltadal og á Hvanneyri. Áform hafa verið uppi síðan 1950 um að stofna þriðja búnaðarskólann og þá á Suðurlandi. Síðan um 1950 hefur það staðið í lögum, að bændaskólar skuli vera þrír, þó ekki hafi orðið af byggingu þriðja skólans á Suðurlandi, sem gert er ráð fyrir að verði í Odda á Rangárvöllum.

Aðdraganda að þeirri setningu nýrrar löggjafar um búnaðarfræðslu, sem hér er lögð til, má rekja til samþykktar Búnaðarþings frá 1971. Það ákvað að skipa mþn., sem fjallaði um búfræðimenntun. Markmið Búnaðarþings þá var að stuðla að því, að sem flestir þeir, sem hefja búskap, hefðu hlotið búfræðimenntun. Var rætt um að fyrir lok þessa áratugs yrði stigið skref að því marki. Mþn. Búnaðarþings skilaði áliti árið eftir og hafði gert margháttaðar athuganir á árangri og stöðu búfræðimenntunar, sem hér hafði nokkuð verið vitnað til.

Síðustu áratugina, eða fram að 1970, hafa skólarnir tveir að jafnaði brautskráð um 50 búfræðinga á ári. Þeir voru þá tveggja vetra skólar og var fyrri veturinn almennt undirbúningsnám, en hinn síðari einskorðaðist við búfræðifögin. Þeir, sem höfðu undirbúning hliðstæðan gagnfræðaprófi, gátu því lokið búfræðinámi á einu ári. Frá 1969 hefur ekki verið starfrækt yngri deild við Bændaskólann á Hvanneyri og hefur því á undanförnum árum verið hægt að útskrifa um 70 búfræðinga á ári. Nú á síðasta hausti var yngri deild lögð niður við Bændaskólann á Hólum.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir að búfræðinám verði aftur tveggja vetra nám. Verður þá aukning á kennslu búfræðinga og aukin verkleg kennsla og verkþjálfun. Mþn. Búnaðarþings gerði athugun á því, hvað hár hundraðshluti starfandi bænda í hverju héraði væri búfræðingar. Það er alkunna, að ekki verða allir búfræðingar bændur. Einnig munu ekki liggja fyrir nákvæmar tölur um það, hve stór hluti búfræðinga hefur horfið að búskap. Nefndin áætlar að óhætt sé að reikna með, að það séu um 60%. Ætla má að eðlileg endurnýjun bændastéttar sé allt að 150—200 og er þá miðað við 25 ára meðalstarfsævi og 5 þús. bændur, en sú tala mun vera orðin eitthvað lægri núna. Ekki setti nefndin hærra mark en það, að meiri hluti þeirra, sem hæfu búskap, væri með búfræðipróf. Var það álit hennar, að alls þyrfti að útskrifa um 150 búfræðinga á ári og væru þá líkur til að a. m. k. helmingur nýliða í bændastétt yrði búfræðingar. Til þess að þessu marki mætti ná yrðu búfræðiskólarnir að geta brautskráð 120—150 nemendur. Lægri tala

gæti átt við hina eiginlegu búnaðarskóla, en sú hætti miðuð við það, að búfræðingar kæmu einnig frá fjölbrautaskóla eins og frv. gerir ráð fyrir. Flestir mundu nemendur ljúka prófi eftir tveggja vetra nám og þyrfti eftir þessu að vera rými fyrir allt að 240 nemendur í skólunum. Nú munu skólarnir hafa rými fyrir um 120 nemendur. Af þessu er ljóst, að hvort tveggja þyrfti að koma til í framtíðinni: aukið skólarými, einkum á Hólum, og þriðji skólinn eins og fyrirhugað er. Þess má geta, að ekki er heppilegt að bændaskólarnir séu mjög stórir. Eru 60—90 nemenda skólar taldir heppilegir, a. m. k. með tilliti til aðstöðu til verknáms.

Rétt er að benda á að búfræði er fjölþætt fræðigrein. Í raun fjölmargar fræðigreinar, og búfræðinámið eftir því lifrænt, snertir mjög mörg svið og er í reynd þroskandi og til margra hluta nytsamlegt, einnig fyrir þá sem ekki verða bændur. Við megum ekki missa sjónar á því í okkar fjölþætta og mikla menntakerfi, að það þarf að mennta fólkið þannig, að það nýtist því og atvinnuvegunum. Menntunin má ekki leiða fólk frá atvinnuvegunum, heldur þarf hún að leiða það til þeirra.

Ljóst er að tveggja vetra búfræðinám kostar aukið skólarými. Ekki er þó rétt að líta á það sem bein aukin útgjöld fyrir ríkið, þar sem ætla má að það muni jafnt og þétt fara í vöxt að fólk verði í framhaldsskólum á aldrinum 17—19 eða 20 ára. Þá skóla verður ríkið að kosta. Valið verður þá frekar á milli hvers konar skólar verði byggðir. Verða þeir skólar tengdir undirstöðuatvinnuvegunum eða verða þeir skólar, sem slíta fólk meira eða minna úr tengslum við þá.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir alhliða eflingu búnaðarfræðslu í landinu. Þessi eru aðalatriði frv. sem telja má til nýmæla:

Í fyrstu ber þess að geta, að hér eru felld í eina löggjöf ákvæði um alla búnaðarfræðslu í landinu. Það eru í fyrsta lagi ákvæði um venjulegt búfræðinám, hvort sem það fer fram við bændaskóla eða á annan hátt, við fjölbrautaskóla eða aðra fræðslu, þó að um hana fari eftir sérstökum lögum.

Í öðru lagi eru ákvæði um búnaðarfræðslu á háskólastigi. Einnig sú fræðsla á að geta verið í vissum tengslum við kennslu við Háskóla Íslands og ætlast er til, að þar verði bein samvinna á milli búvísindadeildar að Hvanneyri og háskólans, ef kennslukraftar og kennsluaðstaða leyfa það. Nytu nemendur búvísindadeildar kennslu við háskólann í ákveðnum undirstöðugreinum sem kenndar eru þegar við Háskóla Íslands. Ýmis ákvæði í kaflanum um búvísindadeild eru svipuð eða hliðstæð ákvæðum í lögum um Kennaraháskóla Íslands. Að öðru leyti má segja það um búvísindadeildina, að námið þar verður hliðstætt að lengd og þeim kröfum sem gerðar eru til kennslu og námsárangurs til að ljúka B.S.-prófi við líffræðiskor verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands.

Það nýmæli er í frv., að skipa skal búfræðslunefnd, sem á að marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra er að þeim vinna. Í búfræðslunefndinni eiga að eiga sæti auk skólastjóra búnaðarskóla fulltrúi kennara, tveir fulltrúar sem kosnir eru á Búnaðarþingi og fulltrúi tilnefndur af menntmrn. Eiga með því m. a. að skapast eðlileg tengsl við skólakerfið í landinu. Auk þessa eiga að vera ráðgefandi skólanefndir við hvern skóla. Þær eiga að vera ólaunaðar, en tilnefndar af stjórnum þeirra búnaðarsambanda sem eðlilegast eru tengdir viðkomandi skóla. Skólanefndir þessar eiga að efla tengsl á milli skólanna og bænda í viðkomandi héruðum. Auk þess yrðu þær til stuðnings og ráðgjafar til eflingar skólanna.

Þess hefur áður verið getið, að búfræðinámið verður eftir frv. tveggja vetra nám í stað eins. Ástæðurnar fyrir því eru einkum eftirfarandi:

1. Nauðsyn þótti að auka hið bóklega búfræðinám. Þar sem ekki var hægt að gera það nema lengja skólatímann kom til álita að lengja skólaárið verulega. Í skoðanakönnun, sem gerð var meðal fyrrverandi nemenda og ungs fólks í sveitum sem hugsanlegra nemenda, kom í ljós, að tvö stutt skólaár mundu mælast betur fyrir. Því var ákveðið að leggja til að skólaárið yrði 7 mánuðir eða tímabilið á milli sláturtíðar og sauðburðar.

2. Þá þótti nauðsynlegt að auka verknámið. Er það hugsað þannig, að það geti farið fram hvort sem er í skólunum sjálfum, á bændabýlum eða tilraunabúum, og þá eftir ákveðnum samningi við viðkomandi aðila undir eftirliti verknámskennara.

Auk hins almenna búfræðináms er gert ráð fyrir að búnaðarskólarnir annist bæði námskeiðahald fyrir bændur og aðra starfsmenn landbúnaðarins svo og aðra fullorðinsfræðslu. Slíkt færi fram í samvinnu við viðkomandi búnaðarsamband.

Þá er ætlað að hafa heimild í lögum til þess að koma á nokkru framhaldsnámi eftir búfræðipróf, svonefndu bútækninámi, þar sem miðað er við að veita fyllri fræðslu í búfræðigreinum, bútækni, búnaðarhagfræði og bústjórn. Slíkt nám tíðkast nú erlendis og er vinsælt. Æskilegt væri að hægt væri að koma á slíku námi við Bændaskólann á Hólum. Þá er gert ráð fyrir því, að búfræðslunefnd geti annast skipulagningu búfræðináms við bréfaskóla.

Í 14. og 15. gr. frv. eru ákvæði um tengsl á milli búnaðarnáms og annarra framhaldsskóla. Þar segir, að ef nemendur sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla, sæki um inngöngu í búnaðarskóla, skuli meta það til eininga af fyrra námi þeirra, sem nýtist til búfræðiprófs, og minnka námsskyldu sem því svarar. Á sama hátt er ákvæði í 13. gr. frv. sem segir, að hverfi nemandi úr búnaðarskóla að öðru framhaldsnámi skuli búfræðinámið metið til eininga og notast honum við sitt nýja framhaldsnám.

Í framhaldi af þessu verður þá ekki lengur dvalið við hið almenna búfræðinám, en vikið að búvísindadeild.

Það eru nú, sem kunnugt er, 30 ár liðin síðan framhaldsdeild hóf starfsemi sína við Bændaskólann á Hvanneyri. Hún hefur eflst og vaxið síðan. Í fyrsta lagi hafa kröfur til undirbúningsnáms verið auknar og eru búfræðipróf með fyrstu

einkunn, stúdentspróf eða próf frá raungreinadeild Tækniskóla Íslands nú inntökuskilyrði. Í frv. er gert ráð fyrir að inntökuskilyrði verði sviputð, þ. e. búfræðipróf, stúdentspróf eða jafngilt framhaldsnám. Með þessu eru gerðar meiri kröfur til undirbúnings en gildir um margar greinar háskólanáms, þar sem búfræðiprófi er aukið við undirbúningsnám. Námstími í framhaldsdeild var upphaflega tveir vetur, en hefur verið þrír vetur síðan 1965. Skólaár eru löng og sumarvinna bætist við.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að lengja námið þannig að bæta við einu ári, þar sem gefinn er kostur á sérhæfðu námi og þjálfun við rannsóknarverkefni. Þetta er hliðstætt og nú er við líffræði í Háskóla Íslands. Sá kostur hafi verið valinn að kalla þetta búvísindadeild og hafa *hana í tengslum við Bændaskólann á Hvanneyri*, og er það fyrst og fremst vegna þess að þeir, sem að þessum málum stóðu, vildu halda nafni Bændaskólans á Hvanneyri og töldu rétt deildarinnar skipta öllu máli, en ekki háskólanafnið. En á það má hins vegar benda, að hér eru gerðar sömu kröfur til námsins sem um fullt háskólanám væri að ræða, sem það raunverulega líka er. Kennarar við búvísindadeildina skulu uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til háskólakennara, og þeir skulu njóta sömu kjara og prófessorar og dósentar við háskólann njóta.

Enn fremur er með þessu ákvæði haldin ein yfirstjórn yfir Hvanneyrarstað, en það var í augum okkar, sem að unnum, einnig mikils virði. En eins og fram hefur komið í máli mínu er hér um hliðstætt nám að ræða í þessari búvísindadeild sem í háskóla væri, og það er aðalkjarni frv., er lýtur að þessum þætti þess.

Í grg. frv. er að finna þau atriði önnur sem ég hef ekki vikið sérstaklega að. En ég vil í því sambandi benda á, að aukinn kostnaður, sem leiða *kann af* þessu frv., *er tiltölulega lítill og mun* að sjálfsögðu fyrst og fremst ráðast af því, hversu hratt verður unnið að uppbyggingu á staðnum, en að því hefur verið unnið jafnt og þétt nú síðustu árin og stefnt er að því að halda því starfi áfram. Sama verður að segja um námið. Það ræðst af ákvörðun hverju sinni, hvað mikill hraði verður í útfærslu þess.

Ég vil, um leið og ég lýk máli mínu, geta þess, að á þeim 30 árum sem framhaldsdeild hefur verið starfrækt við Bændaskólann á Hvanneyri hefur hún útskrifað um 120 kandidata. Hún hefur gegnt hinu mikilvæga hlutverki að veita framhaldsmenntun í búfræði. Það hefur verið hennar hlutverk að leysa það verkefni af höndum, að búnaðarsamböndin víðs vegar í landinu gætu fengið í sína þjónustu menn með slíka menntun, en þeir hefðu ekki verið til staðar hér á landi ef framhaldsdeildin og síðar bútæknideildin við Bændaskólann á Hvanneyri hefði ekki annast þessa kennslu.

Ég vil einnig geta þess, að þeir, sem út fyrir landsteina hafa farið og leitað sér framhaldsnáms við erlenda háskóla, hafa mætt þeim skilningi, að búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri hefur verið metin sem háskóli væri og þeir gengið inn í nám við slíka skóla, sem bjóða sérfræðinám á sviði búvísinda, eins og þeir hefðu stundað það nám á þeim stöðum eða hliðstæðum. Þess vegna er það svo, að í dag nýtur búvísindadeildin á Hvanneyri sama réttar og skilnings fyrir störf sín á Norðurlöndum og hjá öðrum nágrannaþjóðum okkar sem raunverulegur háskóli væri, sem hún reyndar er. Með þessu frv. er þetta hins vegar fest enn þá meira í skorður og búfræðslan í landinu í heild falin í einum lagabálki og byggð upp frá grunni til háskólanámsins.

Ég vil í sambandi við þetta frv. segja það, að búið er að leggja mikla vinnu í undirbúning þess og hafa þar margir lagt hönd að verki. Kann ég þeim öllum bestu þakkir fyrir og tel að þetta mál sé mjög vel undirbúið.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins segja nokkur orð í sambandi við þetta frv., sem hér er til umr. Það er rétt sem hæstv. ráðh. sagði áðan, frv. er búið að vera nokkuð lengi í deiglunni. Nefndin, sem hæstv. ráðh. skipaði, skilaði af sér í fyrra öðru frv. og hefur því nú verið *talsvert breytt. Ég vil segja að því hafi* ekki verið breytt til hins verra, en það hafi verið gert á ýmsan hátt einfaldara í sniðum og hafi kannske minni kostnað í för með sér en fyrra frv.

Ég vil lýsa því, að ég mun styðja þetta frv. í því formi sem það nú er, tel að það geti komið að nokkru gagni ef það verður samþ. Það er vitanlega rétt sem hér var tekið fram áðan, að búnaðarfræðslan í landinu hefur gert þjóðinni mikið gagn, ekki aðeins bændum, sem búin hafa rekið, heldur þjóðinni allri. Það hefur verið kostað talsverðu til í búnaðarfræðslunni. Búnaðarfræðslulöggjöfin hefur verið endurskoðuð alltaf öðru hverju og síðast 1963, þá voru sett lög um almenna búnaðarmenntun. Þá hafði nefnd starfað í tvö ár til þess að endurskoða löggjöfina. Í nefndinni voru skólastjórar búnaðarskólanna og fleiri sérfróðir menn. Frv. nefndarinnar var samþ. og þótti á þeim tíma vera mikil bót á búnaðarfræðslunni að lögfesta það. Síðan eru 15 ár og tímarnir breytast og löggjöf *þarf ávallt að endurskoða og breyta í samræmi* við þær breytingar sem verða í þjóðlífinu.

Í landbúnaðinum er það eins og í öðrum atvinnugreinum, breytingar eru örar. Landbúnaðurinn er, eins og sagt hefur verið, vísindagrein og þeir, sem við búskap fást, þurfa helst að vera fróðir um þau atriði til þess að geta komið á hagræðingu og rekið búskapinn með hagkvæmni.

Einu sinni var sett það takmark, að allir bændur ættu að hafa verið á búnaðarskóla, en ég er hræddur um, að það verði seint þannig. Og einu sinni var talað um að bændur ættu að hafa búnaðarskólapróf til þess að fá leyfi til að reka búskap, fá lán til búrekstrar o. s. frv. Það þótti ekki meira að gera þessa kröfu til bænda en þá kröfu til iðnaðarmanna, að þeir yrðu að hafa próf frá iðnskóla í þeirri grein sem þeir ætluðu sér að starfa í. En þetta verður ekki þannig. Það virðist vera óframkvæmanlegt, þótt

alltaf verði þeir fleiri og fleiri sem stunda þetta nám hlutfallslega af þeim sem við búskap fást.

Það er eftirtektarvert, að einstakir menn reka bú sín mjög vel þótt þeir hafi aldrei á búnaðarskóla farið. Bændur hafa stundum sagt að þeir þyrftu ekki að fara á búnaðarskóla til þess að verða fróðir í sinni atvinnugrein, það væri reynslan sem kenndi best, og svo væri aðgangur að tímaritum, alls konar fræðiritum um landbúnað, sem þeir gætu lesið. Og þetta er áreiðanlega rétt að vissu marki. En þrátt fyrir það held ég að það verði að vera stefnan að sem flestir, sem ætla sér að verða bændur, eigi kost á því að hafa verið á búnaðarskóla. Það er skoðun mín, að þrátt fyrir fræðiritin og þrátt fyrir heimalestur hafi skólagangan margt í för með sér sem bóndinn hafi bæði beint og óbeint gagn af.

Eins og ég sagði áðan, voru búnaðarfræðslulögin endurskoðuð og lögfest 1963. En það er eðlilegt að nú sé enn reynt að breyta lögunum til samræmis við það sem breyst hefur á þessu 15 ára tímabili. Að vísu má segja, að í þessu frv. felist ekki nein stórbreyting á lögunum. Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að ekki er gert ráð fyrir miklum kostnaði sem afleiðingu af þessari löggjöf, en eigi að síður eru nokkrar breytingar, sem geta verið til bóta, og kennaraliði verður að fjölga nokkuð, bæði við búnaðarskólana og eins við framhaldsdeildina, til þess að fullnægja þeim lagabókstaf sem gert er ráð fyrir að lögfesta.

Framhaldsdeildin við Bændaskólann á Hvanneyri var sett á stofn 1947 og þá var gert ráð fyrir aðeins tveggja ára námi. Það var miðað við þær kröfur sem þá voru gerðar til framhaldsnáms. En 1965 var það alls ekki talið nægilegt að vera tvo vetur í framhaldsdeild til þess að komast yfir það námsefni, sem þá var krafist, og þá var framhaldsdeildin gerð að þriggja ára námsdeild. Síðan má segja að framhaldsdeildin hafi starfað á háskólastigi. Ég hef gert fsp. um það, hvernig væri með kennarana við framhaldsdeildina, hvort þeir uppfylltu þær kröfur sem gerðar væru til prófessora, hvort kunnáttu þeirra væri nægilega mikil til þess að þeir gætu raunverulega kennt á háskólastigi. Svarið hefur verið játandi, og reynslan hefur sýnt að þetta er rétt, með því að nemendur frá framhaldsdeildinni hafa átt greiðan aðgang að framhaldsnámi við búnaðarháskóla erlendis.

Nú er svo komið, að það, sem þótti alveg fullnægjandi með þriggja ára námi 1965, er talið að ekki sé hægt að komast yfir nú á skemmri tíma en fjórum árum. Þess vegna er lagt til að nám við framhaldsdeildina á Hvanneyri megi verða hér eftir fjögur ár. Framhaldsdeildin á Hvanneyri hefur áreiðanlega gert mikið gagn á undanförnum árum og áratugum. Frá deildinni hafa komið tiltölulega vel menntaðir menn, sem eru flestir í starfi í landbúnaðinum. Það hefði verið dýrt ef það hefði þurft að senda alla þessa menn úr landi til náms. Nám þeirra hefði ekki verið eins gott fyrir íslenskan landbúnað ef þeir hefðu eingöngu stundað háskólanám erlendis, vegna þess að námið hér heima hlýtur að verða betra þegar það er stundað við íslenskar aðstæður. Skilyrði við landbúnað erlendis eru náttúrlega á margan hátt allt önnur en hér á Íslandi.

Það er í sjálfu sér ástæðulaust að fara að ræða þetta frv. Það hefur verið gert, því hefur verið lýst, hvað í frv. felst. Ég ætla ekki að endurtaka það sem sagt hefur verið um málið. Kostnaðurinn við að lögfesta frv. verður auðvitað nokkur. Það má reikna með, að það verði 3—4 kennarastöður sem þarf að bæta við miðað við báða skólana. Einn kennara vantar í viðbót á Hólum, einn kennara við búnaðarskólann á Hvanneyri og svo einn til tvo við framhaldsdeildina. En þó fer þetta nokkuð eftir því, hversu mikil samvinna verður við Háskóla Íslands, hvort auka þarf kennaraliðið við framhaldsdeildina á Hvanneyri. Það er beinlínis gert ráð fyrir því að hafa aukið samstarf við Háskóla Íslands. Það verða kannske einn eða tveir nemendur á þessu ári í vissum námsgreinum á Hvanneyri, þá getur verið eðlilegt og sjálfsagt að þeir fari til Reykjavíkur og stundi þessar greinar, t. d. eðlisfræði, efnafræði o. fl. námsgreinar í Reykjavík. Það gæti vel verið, að framhaldsdeildin á Hvanneyri tæki svo aftur við nemendum frá háskólanum í Reykjavík í vissum greinum. Ýmsar greinar í búvísindum geta verið undirstaða að margs konar námi, og með því að hafa aukna samvinnu við Háskóla Íslands gætu sparast fjármunir og kennslukraftar. En það er aðeins sagt hér í frv., að samstarf skuli vera við Háskóla Íslands, eftir því sem henta þykir. En það er vitanlega reglugerðarákvæði, hversu langt verður gengið í því efni, og reynslan sem sker úr því, hversu mikið þetta samstarf verður. Það hefur verið rætt við háskólarektor um þetta og hann hefur skilning á málinu, og þess vegna held ég að hugsa megi gott til samstarfsins.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira að sinni, en vildi lýsa stuðningi mínum við þetta mál. Ég tel að rétt sé stefnt að endurskoða búnaðarfræðslulögin frá 1963, þótt þau hafi þótt góð og fullkomin á þeim tíma þegar þau voru sett.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson til þess að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. og fagna því, að það skuli fram komið.

Það fer vel á því, að fram komi slíkt mál, vel unnið mál, núna þegar uppi er áróður gegn bændastéttinni, háskalegri og ósvífnari en nokkru sinni fyrr. Þá fer vel á því, að menn flytji mál sem stefnir að því að efla íslenskan landbúnað og þar með styðja íslensku bændastéttina.

Aðalbændaskólinn hér á Íslandi er í nágrenni við heimili mitt, og ég hef á undanförnum árum orðið aðnjótandi þeirrar ánægju að heimsækja þennan skóla oft og fylgjast með störfum þar og mannlífi og mér er óhætt að segja að það sé í flestu tilliti um að ræða fyrirmyndarstofnun. Starfslið þess skóla er yfirleitt af þeirri kynslóð, sem má kallast hin yngri kynslóð, ungir menn og áhugasamir, og með tilliti til þessa, þá sýnist mér að sjálfsagt sé að gera allt sem hægt er til þess að veita þessum skóla sem besta starfsaðstöðu og því fólki sem við hann vinnur. En á það hefur nokkuð skort, og æðimikið reyndar. Hér

á ég við fjármagn til ýmiss konar rannsóknarstarfsemi, sem þarna er unnin og er hin merkasta. Ég harma það, að þjóðin skuli ekki vita meira um þá starfsemi en raun ber vitni. Þar hygg ég að nokkru valdi um hógværð þeirra manna sem þarna starfa. En það má vera til marks um hæfileika, þekkingu og getu kennaraliðsins á Hvanneyri, að nemendur frá búvísindadeild, sem löngum hét framhaldsdeild, hafa, eins og bæði hæstv. landbrh. og hv. þm. Ingólfur Jónsson minntu á, verið teknir til framhaldsnáms við erlenda háskóla, og þá hygg ég helst í Noregi, eins og um væri að ræða menn sem hefðu útskrifast þar frá viðkomandi búnaðarháskólum. Próf frá búvísindadeild Hvanneyrarskóla telst með öðrum orðum jafngilt sambærilegum prófum frá háskólum þar ytra. Að þessu leyti fer það ekkert á milli mála, að það væri hægt að kalla þetta háskóladeild. Og eins og báðir hv. þm. sögðu, þá sýnir þetta, að það starfslið, sem þarna vinnur, er fyllilega starfi sínu vaxið. Ég hygg reyndar að núv. skólastjóri Hvanneyrarskóla, Magnús Jónsson, sé fyrstur eða annar þeirra manna, sem teknir voru til framhaldsnáms athugasemdalaust þegar þeir komu til Noregs með próf héðan frá búvísindadeild eða framhaldsdeildinni, eins og hún hét þegar hann var þar.

Það er manni sérstakt ánægjuefni að sjá í þessu frv., að gert er ráð fyrir að nemendur í bændadeild skuli stunda sitt verknám og hljóta sína verkþjálfun jöfnum höndum á skólastöðum og á bændabýlum eða öðrum búum, þá að sjálfsögðu í grennd við skólana. Þetta er mjög þýðingarmikið. Eins og verður æ ljósara, þá er það einn gallinn í okkar skólakerfi, eins og það hefur þróast undanfarið, að skólarnir hafa fjarlægst fólkið í landinu, tengslin milli skóla og þjóðarinnar sjálfrar hafa ekki verið eins og skyldi. Slík tengsl eru að sjálfsögðu þeim mun nauðsynlegri þar sem hér er um að ræða skóla af þessu tagi. Hv. þm. Ingólfur Jónsson minntist á reynsluna, sem er mjög þýðingarmikil í sambandi við búskapinn, og það er rétt. Þarna yrði stuðlað að því, að eldri bændur gætu miðlað tilvonandi bændum reynslu sinni. Þetta er líka þeim mun nauðsynlegra sem sú ánægjulega staðreynd blasir við, þegar maður heimsækir Hvanneyrarskóla, að æðistór hluti þess fólks, sem þar er við nám, er úr þéttbýlinu, og ótrúlega stór hluti héðan úr Reykjavík. Margt af því fólki hefur að sjálfsögðu takmarkaða reynslu við sveitabúskap, þó mér sýnist að flest af því hafi valið þennan skóla einmitt fyrir það, að það hefur verið sem börn og unglingar í sveit og þá fengið áhuga á þessum störfum og lært að meta þau, lært að meta gildi þeirra, sem er kannske það þýðingarmesta.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson benti réttilega á það, að ýmsir þeir, sem best búa, hafa ekki endilega farið á búnaðarskóla. Ég tek undir það. Þeir eru sannarlega til. En það er æðioft að þeir hinir sömu hafa þó farið á aðra skóla. Hv. þm. sagði í þessu sambandi, að slíkir bændur gerðu sér far um að fylgjast með nýjungum í landbúnaði og læsu landbúnaðarrit. Hér er ekki aðeins um að ræða íslensk rit, heldur líka útlend, ekki síður útlend, og ýmsir þessir bændur, sem hafa orðið lyftistöng í sínum byggðarlögum vegna þekkingar sinnar og þess, hversu vel þeir fylgjast með, ýmsir þessir bændur eru með stúdentspróf, sumir jafnvel verið 1, 2, 3 ár í háskólum erlendis. M. ö. o.: niðurstaðan verður sú, að að öðru jöfnu skiptir menntunin gríðarlega miklu máli í sambandi við búskap.

En ég kem aftur að reynslunni. Ef við ættum að meta það, sem bændur kunna fyrir sér í verklegum efnum, ef ætti að taka það inn í útreikningana, þegar verið er að meta hvaða kjör þeir eigi að búa við, þá hygg ég að þeir mundu verða ærið ofarlega í launaflokkum, því að bændur yfirleitt — jafnframt því sem þeir þurfa að sjálfsögðu að hafa reynslu að því er varðar búskapinn sjálfan, ræktun lands og umhirðu gripa — þurfa að vera iðnaðarmenn. Menn tolla ekki í þessum búskap, menn duga ekki öðruvísi en að þeir séu alhliða iðnaðarmenn. Og það get ég borið um að því er varðar mína nágranna, að þeir eru það. Bili vél, þá eru þeir sjálfir í flestum tilfellum færir um að gera við hana, þeir eru smiðir bæði á tré og járn, fyllilega sambærilegir við hina lærðu smiði. Ég nefni í þessu sambandi eitt dæmi. Ég kom vestur í Klofningshrepp núna í haust, Sveinsstaðir heitir þar einn bær, og þar hafði 24 eða 30 klukkustundum áður brunnið hlaða. Og þegar ég kom þarna, þá var búið að reisa hana við, komið á hana nýtt þak og allur frágangur eins og þar hefði verið um lærða smiði að ræða. Þeir, sem þetta verk höfðu unnið og á svo skömmum tíma, voru bændurnir í nágrenninu, hver og einn fær um að leysa þetta verk af hendi, sem í þéttbýlinu er talið sjálfsagt að sé falið iðnaðarmönnum.

Þetta mætti vera umhugsunarefni núna, þegar menn telja eftir allt, sem varðar þessa stétt, og vildu margir hverjir helst útrýma henni með öllu. Svo mætti bæta við þetta hinu, sem reyndar hefur nú verið reynt að hafa af bændum, og það er sú menning sem þeir halda þó við í þessu landi þrátt fyrir allt, íslensk menning, meira en aðrar stéttir, miklu, miklu meira en aðrar stéttir. Ef það ætti að takast inn í útreikning varðandi kjör, þá mættu þeir hækka mín vegna a. m. k. um 2—3 launaflokka.

Þetta eru aðeins lauslegar hugleiðingar í sambandi við þetta frv. Ég óska núv. hæstv. landbrh. alls hins besta í þessu sambandi. Mér er reyndar ekki grunlaust um, að það væri ástæða til að þakka líka kempunni hv. þm. Ingólfi Jónssyni, fyrrv. hæstv. landbrh., fyrir ýmislegt sem hann hefur gert í þessum efnum, því hvað sem líður áróðri innan vébanda ýmissa stjórnmálaflokka, þá eru þar, guði sé lof, sannarlega til menn sem skilja þýðingu íslenskrar bændastéttar.

Ég vona að hæstv. landbrh. takist að koma þessu frv. í gegn núna á þessu þingi, enda aldrei að vita, hve mikils skilnings bændastéttin á að vænta af hálfu næstu ríkisstj., ef illa tekst til.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hér er rætt um frv. til l. um búnaðarfræðslu. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið og þakka hæstv.

ráðh. fyrir þær skýringar sem hann lét því fylgja.

Frv. á sér alllangan aðdraganda. Það er undirbúið af nefnd sem hæstv. landbrh. skipaði árið 1973. Það sýnir með öðru, hvað þróun er hröð í þessum málum, að ástæða þótti þá til að láta endurskoða tiltölulega nýlega, vandaða löggjöf. En nefndinni, sem skipuð var 1973, var falið það verkefni að endurskoða lög og reglur um alla búnaðarmenntun í landinu og gera till. um tilhögun búnaðarmenntunar í framtíðinni.

Þetta frv. hefur svo farið um hendur Búnaðarþings. Þar hefur verið fjallað um það og einnig hefur verið aflað upplýsinga á Norðurlöndum, hjá nágrönnum okkar, til þess að undirbyggja meginreglur frv. sem best.

Þetta frv. er m. ö. o. ávöxtur af endurskoðun löggjafar um búnaðarmál. Sérstakur kafli fjallar um búvísindanámið, sem ástæða er til að staldra við fá andartök. Þeir, sem sóttu 30 ára afmæli framhaldsdeildar eða búvísindadeildar á Hvanneyri nú nýlega, urðu vitni að því, að þar var lýst ánægjulegri þróun þessara mála í fáum meitluðum orðum. Það var Guðmundur Jónsson, fyrrv. skólastjóri á Hvanneyri, sem dró þar upp mynd af þróuninni frá 1947. Og það duldist engum, sem á hann hlustaði, að í því 30 ára stríði hafði unnist sigur. Guðmundur var kennari á Hvanneyri frá 1928 þar til hann tók við skólastjórn og gegndi henni allt þangað til núv. skólastjóri, Magnús B. Jónsson, tók við fyrir nokkrum árum.

Það er svo, að hugmyndin um stofnun búnaðarháskóla hér á landi er orðin gömul, en þessi framhaldsdeild á Hvanneyri hefur starfað allt frá 1947. Þetta frv., þó samþ. yrði — og vonandi verður það samþykkt, táknar því ekki neina stökkbreytingu fram á við í þessum efnum, heldur miklu fremur staðfestingu á þeirri þróun sem orðið hefur.

Þetta er kölluð búvísindadeild, en ekki háskóli eða háskóladeild. En ég hygg að þar sé einungis um orðin tóm að ræða, því það er ætlast til þess, að deildin veiti eins mikla menntun og geri eins háar kröfur og kostur er á í þessum efnum. Enda hefur það komið fram af máli manna hér á undan og er fullkunnugt, að nemendur frá þessari búvísindadeild hafa verið metnir fullgildir erlendis. Í þessu frv. er m. ö. o. lagt til, að búnaðarnám á háskólastigi fari fram á Hvanneyri í Borgarfirði í sérstakri deild, sem hér er nefnd búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri.

Ég ítreka það, að ég fagna því að þetta frv. er fram komið. Ég mun ekki hafa um það fleiri orð, þar sem ég á sæti í landbn. sem fær málið til umfjöllunar. En um leið og ég lýsi stuðningi mínum við málið vænti ég þess, að um það náist sú samstaða sem hverju góðu máli er nauðsynlegt til framgangs og samþykktar.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, stuðning við málið. Ég vil taka það fram, af því ég mun ekki hafa gert það í framsöguræðu minni áðan, að ég treysti hv. landbn. til þess að hraða störfum sínum, því ætlun mín er að þetta mál verði að lögum á þessu þingi. Og ég efast ekkert um það, eftir þær góðu undirtektir sem frv. hefur fengið, að svo muni verða. Ég ítreka það, að ég þakka undirtektirnar og treysti n. til að taka málið nú þegar til meðferðar og hraða störfum, en þingtíminn líður oft hratt þegar áliðið gerist vetrar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Félagsheimili, frv. (þskj. 376). — 1. umr.

Flm. (Gunnar Sveinsson): Herra forseti. Við flytjum frv. til l. um breyt. á l. um félagsheimili, nr. 107 1970. Meðflm. mínir eru þeir Þórarinn Sigurjónsson og Gunnlaugur Finnsson. Efni frv. er það, að upphaf 3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

„Af tekjum félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi á vegum almennra félagssamtaka svo og ungmenna- og æskulýðsfélaga, kvenfélaga og annarra menningarsamtaka. Eigi skal styrkveiting bundin því skilyrði, að sú menningarstarfsemi, sem styrkt er, fari fram í félagsheimili, þó slíkt sé æskilegt. Styrkveitingu til menningarstarfsemi“ o. s. frv. eins og heldur áfram í gr. En í núv. lögum er gr. þannig orðuð: „Af tekjum félagsheimilasjóðs skal 10% renna í menningarsjóð félagsheimila. Skal því fé varið til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum.“

„2. gr.: Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna komi:

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntmrh. Veitir hann byggingarstyrki úr sjóðnum samkv. tillögum íþróttanefndar, íþróttafulltrúa og deildarstjóra byggingardeildar menntmrn.

Menntmrh. skipar þriggja manna nefnd til þriggja ára, er geri till. um styrki úr menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal sú nefnd skipuð tveimur mönnum samkv. tilnefningu: einum frá Ungmennafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands, einum frá Bandalagi ísl. listamanna og Bandalagi ísl. leikfélaga. Formann skipar ráðh. án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin er ólaunuð. Framkvæmdastjóri nefndarinnar skal vera æskulýðsfulltrúi ríkisins.

Umsóknir um styrki skal senda menntmrn. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt grg. fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningardeild félagsheimilasjóðs, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.“

Í núgildandi lögum hljóðar þessi grein svona:

„Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntmrh. Veitir hann styrki úr sjóðnum samkv. 2. gr. að fengnum till. fræðslumálastjóra og íþróttanefndar. Umsóknir um styrki skal senda íþróttanefnd“ o. s. frv. Er það nokkuð samhljóða því sem er í þeim lögum sem lagt er til að verði.

„3. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um félagsheimili, á aðallega við um menningarsjóð félagsheimila og felur í sér þrjár meginbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að sá hluti sjóðsins, sem veitir fé til menningarmála, sé kallaður menningardeild félagsheimilasjóðs og til úthlutunar úr menningardeild sjóðsins skipi ráðh. þriggja manna nefnd. Í öðru lagi sé það ekki bundið í lögum, að styrkveitingar gangi til ákveðinna húsa, heldur sé styrkurinn veittur til félagssamtaka. Í þriðja lagi er lagt til, að æskulýðsfulltrúi ríkisins verði framkvæmdastjóri og starfsmaður þeirrar nefndar sem sér um úthlutun úr menningardeild sjóðsins.

Með þessum breytingum er stefnt að því, að sjóðurinn komi betur að þeim notum er honum var ætlað í byrjun, en í reglugerðum um menningarsjóðinn frá 1. mars 1972 segir m. a., að sjóðurinn skuli stuðla að flutningi á leikhúsverkum, þ. e. leikritum, söngleikjum, blönduðum leikdagskrám og listdanssýningum, tónleikahaldi, bókmenntakynningum og annarri menningarstarfsemi.

Á fundi, er menntmrn. boðaði til 8. des. 1975 að Hótel Sögu, voru málefni sjóðsins rædd og gerðar áætlanir um starfrækslu sjóðsins. Á þeim fundi voru mættir um 32 fulltrúar félagsheimila, rn. og félagssamtaka. Kom berlega í ljós, að mikil þörf væri á nánari kynningu á störfum sjóðsins, og var forráðamönnum félagsheimila ekki nógu ljóst, hvernig þeir gætu notfært sér sjóðinn.

Tekjur sjóðsins hafa verið sem hér segir: 1970 til 1974 11 millj. 529 þús. kr., 1975 5 millj. 259 þús., 1976 7 millj. 232 þús. og 1977 8 millj. 100 þús. Á árinu 1978 má gera ráð fyrir nærri 10 millj. kr. tekjum í sjóðinn.

Aðalgallinn við það fyrirkomulag, sem verið hefur á rekstri sjóðsins, sem ég kem að hér síðar, er að hann hefur ekki verið í beinum tengslum við þá aðila sem njóta áttu styrkja úr honum, þ. e. a. s. almenna félagsstarfsemi í landinu. Einnig hafa háð starfsemi sjóðsins þau ákvæði í lögum að miða styrkveitingar við hús, en ekki félagssamtök.

Eins og áður er sagt, voru lög um menningarsjóð félagsheimila sett á Alþ. 1971 að tilhlutan þáv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, en reglurnar um sjóðinn eru frá 1. mars 1972. Sjóðshugmyndin var á sínum tíma góðra gjalda verð, en þó tel ég að hún hafi verið byggð á þó nokkurri vanþekkingu á því starfi sem fram fór í félagsheimilum á þeim tíma eða bæði fyrr og síðar, því að ég tel að þeir menn, sem stóðu að þessari hugmynd um menningarsjóð félagsheimila, hafi ekki verið virkir þátttakendur í því starfi, sem fram fór í félagsheimilunum, og hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvað það var raunverulega mikið menningarstarf sem þar fór fram og hefur farið fram. Sá áróður hefur oft komið upp og verið töluvert magnaður, að í félagsheimilunum færi ekki fram annað en dansleikir og drykkjusamkomur. Hafa menn viljað túlka það þannig að þar færi fram mjög takmörkuð menningarstarfsemi. Þeir, sem til þekkja, vita að þetta er algerlega út í bláinn, því að þarna fer fyrst og fremst fram almenn menningarstarfsemi og félagsstarfsemi í þeim byggðarlögum þar sem félagsheimili eru.

Á þeim tíma, sem þessi lög voru sett, var menntamálaráð einnig með hvers konar starfsemi í svipuðum dúr og menningarsjóði félagsheimila var ætlað að vera með, sem þeir höfðu „List um landið" og veittu til þó nokkurt fé, þannig að á þessum tíma voru tvær ríkisstofnanir eiginlega með sama verkefnið. Ýmis félagssamtök, svo sem kvenfélög, ungmennafélög og íþróttafélög, sem um langan aldur hafa verið uppistaða í félagsstarfi utan Reykjavíkur, höfðu síður en svo á móti því að fá þarna aukið fé til menningarstarfsemi, en þau voru aftur mjög mikið á móti því, að það fé væri tekið af því fé sem kom til félagsheimilasjóðs, því að þörf fyrir byggingu og styrk við byggingu og rekstur félagsheimilanna var geysilega mikið og er enn þá, en eins og mönnum er vel ljóst vantar mikið á að félagsheimilasjóður geti enn þá fullnægt þeim umsóknum sem til hans koma um byggingu og endurbætur á félagsheimilum.

Þó að markmið sjóðsins væri á þessum tíma og sé enn mjög gott og nytsamlegt, þá var sjóðurinn á sínum tíma mörgu af þessu félagsheimilafólki ekki beint aufúsugestur. Menn höfðu líka töluverða vantrú á ríkisskipuðum menningarflutningi. Eins og menn vita er orðið „menning" býsna víðtækt og skilgreining á því getur farið vítt og breitt. Ég held að menn hafi ekki verið sannfærðir um að þessi skipan, sem þarna var tekin upp, hafi verið spor í þá átt sem raunverulega átti að fara. En sjóðurinn hefur nú starfað í rúm 6 ár og af honum hefur nú fengist nokkur reynsla. Ég tel að félagssamtökin, sem fyrst og fremst áttu að njóta starfs sjóðsins, hafi sætt sig við hann sem slíkan og telji að hann geti verið til gagns og nytsemdar, þau hafi sætt sig við það, að byggingarsjóðurinn var skertur á sínum tíma til þess að sinna þessu verkefni. Benda má á það, að menntamálaráð hefur hætt þeirri starfsemi, sem það var með á þessum tíma, þannig að þessi sjóður er nú raunverulega einn um þetta verkefni, að styrkja þessa menningarstarfsemi, sem er að flytja list um landið, eins og menntamálaráð orðaði það á sínum tíma.

En reynslan af starfsemi sjóðsins er alls ekki nógu góð. Ég tel að það byggist fyrst og fremst á því, að skipulag sjóðsins er ekki nógu gott og skipulag hans hefur raunar ekki reynst eins og menn ætluðust til. Starfræksla sjóðsins hefur farið þannig fram, að einn ágætur maður í menntmrn. hefur haft með sjóðinn að gera. Hann hefur tekið á móti umsóknum og úthlutað til þeirra sem hefðu rétt til þess að fá styrk úr sjóðnum. En þessi maður, — sem er Kristinn Hallsson, og ég vil á engan hátt kenna honum um hvernig komið er, því að ég held að flestir, sem hafa haft einhver samskipti við hann, hafi látið vel af því og hann hafi reynt að leysa þörf þeirra eftir bestu getu, — hann hefur verið algerlega sambandslaus við þá aðila sem áttu að nota sjóðinn, sem sagt félagssamtökin í landinu og þá fyrst og fremst félagsheimilin eða hús-

in. Það voru sem sagt ekki félagssamtökin, heldur húsin, sem áttu að fá styrk.

Sjóðurinn hefur haft nokkrar tekjur, eins og fram kom hér á undan, en hann hefur ekki notað allt það fé, sem hann hefur fengið, vegna þessa sambandsleysis og eins vegna þess að umsóknir um styrki úr sjóðnum hafa ekki verið nægar. Við vitum að í flestum sjóðum er kvartað um að fé sé ekki til og það sé ekki hægt að veita þeim sem um styrki sækja úr sjóðunum. Það virðist hafa verið með þennan sjóð, að þarna hafi verið til fé sem ekki hafi beinlínis verið notað, af þeim ástæðum sem ég hef nefnt hér að framan.

Starfræksla eða skipulag á rekstri sjóðsins hefur verið þannig, að ef t. d. leikfélög úti á landi hafa ætlað að fara í ferðalög um sinn landsfjórðung eða til Reykjavíkur eða hópur úr Reykjavík ætlað að sýna kanske á 5—10 stöðum úti á landi, þá varð hvert félagsheimili, sem hann heimsótti, að sækja um styrk úr sjóðnum til þess að greiða þessum leikflokki eða skemmtikrafti söng- eða myndlistarsýningu eða hvað það var. Húsið þurfti sem sagt að greiða þessum aðila. Þetta var náttúrlega mjög þungt í vöfum og hefur, eins og ég sagði áðan, haft þessar afleiðingar, því að ráðamenn félagsheimila eru venjulega húsnefndir. Í flestum tilfellum eru félagsheimilin raunverulega byggð upp af mörgum félögum og þau félög kjósa húsnefndir til þess að reka húsin. Þessar nefndir hafa því raunverulega ekki beint með menningarstarfsemi að gera í húsinu, heldur eru það félögin, sem eru aðilar að félagsheimilinu, sem sjá um þá starfsemi og nota húsin undir þá starfsemi sem þau ætla að vera þar með. Því er það, að ef eitt ungmennafélag ætlar að sækja um styrk úr sjóðnum, þá getur sjóðurinn sem slíkur ekki veitt því styrk. Sama er ef um er að ræða leikfélag, kvenfélag eða íþróttafélag. Það er sem sagt húsið sem á að fá styrkinn. Og það er dálítið kaldhæðnislegt, að þessi sjóður getur ekki styrkt menningarstarfsemi t. d. sem fram fer í kirkju eða í skólum, af því að það eru ekki félagsheimili.

Starfsmaður sjóðsins hefur í sumum tilfellum reynt að sigla fram hjá þessum agnúum sem eru á lögunum, en sú sigling hefur verið býsna erfið og þar hefur verið vandratað. Það er því full þörf á því, að þessi skipulagsbreyting, sem hér er um að ræða í sambandi við menningarsjóð félagsheimila, fari fram. Ég veit að hæstv. menntmrh. hefur hugsað það mál þó nokkuð, því að raunverulega gæti hann með reglugerðarbreytingu sett upp nefnd til þess að stjórna sjóðnum. En sú nefnd væri í sömu vandræðum og þessi starfsmaður, sem er núna, að því leyti að ekki má veita úr sjóðnum nema til félagsheimilis eða hússins.

Við flm. bindum vonir við, að ef þessi breyting nær fram að ganga verði í fyrsta lagi hætt að miða styrki við hús, heldur verði miðað við fólk og félög. Sjóðsstjórn, sem væri skipuð á þann hátt, sem hér er farið fram á, af Bandalagi ísl. listamanna, Bandalagi ísl. leikfélaga, Kvenfélagasambandinu og Ungmennafélagi Íslands, vonum við að muni hafa við þau gott samband, ekki síst með því, eins og hér er lagt til, að æskulýðsfulltrúi ríkisins, sem er í beinu sambandi við öll þessi félagssamtök í landinu, verði starfsmaður sjóðsins. Þarna mundi því ekki myndast neitt sambandsleysi. Ég er eiginlega viss um það, að ef þetta form yrði tekið upp, þá yrði þessi sjóður tómur, eins og allir aðrir sjóðir, sem við þurfum að leita til, og þá mundi það gagn, sem átti að verða af þessari sjóðsstofnun fyrst og fremst koma í ljós.

Ég tel líka fullkomlega eðlilegt að ungmennafélagshreyfingin og íþróttahreyfingin, kvenfélagahreyfingin, leikfélögin og öll þessi frjálsa félagsstarfsemi úti um land, sem leggur fram mikla vinnu til þess að halda uppi menningarstarfsemi í hinum dreifðu byggðum eða á öllum svæðum utan Reykjavíkur, fái raunverulega að stjórna þessum sjóði, sem á að vera til þess að lyfta undir starfið sem þar er unnið. Fullkomlega er eðlilegt að þessi breyting eigi sér stað, þetta fólk fái ráð yfir þessum sjóði og hann verði nýttur í þeim tilgangi sem honum var ætlað í byrjun.

Ég vil svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri. En ég vænti þess, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Mér sýnist, að hér sé um að ræða till. sem full ástæða sé til að styðja. Hún stefnir að því að auðvelda fólki menningarstarfsemi úti á landsbyggðinni. Reyndar vekur hún líka athygli á því, hve takmarkaður stuðningur hins opinbera er við þá starfsemi. Þetta kemur m. a. fram í grg., þar sem er verið að ræða um félagsheimilasjóð og ráðstöfunarfé hans, sem er að sjálfsögðu allt of lítið.

En þetta gefur mér tilefni til þess enn einu sinni að ræða almennt um menningarstarfsemi í þessu landi. Og þá hygg ég að ýmsir þeir, sem á dönsku kallast að vera „viderekomne“ í þeim efnum, muni hneykslast heldur en ekki. Við leifðum okkur það hér nokkrir í vetur að benda á það, að Sinfóníuhljómsveitin fær tiltölulega miklu, miklu meiri peninga en öll áhugaleikstarfsemin í landinu, svona 10 sinnum meiri peninga, og töldum að ekki væri samræmi í þessu. Við vorum ekki að amast við Sinfóníuhljómsveitinni, heldur vildum við fá meira samræmi í þetta og meiri fjármuni til styrktar þeirri menningarstarfsemi sem stunduð er úti um allar byggðir þessa lands. Og ég ítreka það, sem ég sagði í vetur: sú starfsemi er vaxtarbroddur íslenskrar menningar í dag, miklu þýðingarmeiri fyrir íslenska menningu en allir sinfóníutónleikarnir hér upp í háskóla til samans.

En í þessu sambandi er líka óhjákvæmilegt að ræða annað, og það er sú tíska sem upp er komin að efna til gríðalegra listahátíða. Svona mikil menningarþjóð erum við Íslendingar! Ónefndir aðilar hafa fengið það næstum að segja staðfest í stjórnarskránni, að á tveggja ára fresti skuli efna til gríðarlega mikillar listahátíðar hér í Reykjavík. Ég held að ekki væri vanþörf á að gera úttekt á því, hvaða þýðingu þessi starfsemi hefur fyrir íslenska menningu. En það er íslensk menning sem skiptir okkur mestu. Ég er sannfærður um það, að margir þeir, sem stunda tón-

list og ýmsar listgreinar hér uppi, geti ýmislegt lært í sambandi við þessar listahátíðir. En ég er ekki í neinum vafa um það heldur, að hægt væri að kenna þeim það án alls þess brambolts og tilkostnaðar sem í listahátíðum felst. Margir góðir gestir koma hingað, heimsfrægir menn. Það vantar ekki. Það vantar ekki romsuna um öll heimsfrægðarherlegheitin sem fylgja listahátíðum. Áhrif þessa eru þó fyrst og fremst þau, að athygli umheimsins er vakin á því, að hér á sér stað menningarstarfsemi, listastarfsemi. En þessari listastarfemi er að miklu leyti haldið uppi af útlendingum og þess vegna er líka tekið eftir henni. M. ö. o.: þetta er ekkert annað en sýningargluggi, fyrst og fremst sýningargluggi. Og ég segi: Á meðan aldrei virðist standa á fjármunum til þessarar starfsemi, er það reginhneyksli hversu skorinn er við nögl allur stuðningur við menningarstarfsemi úti um hinar dreifðu byggðir þessa lands. Það er kominn tími til þess að jafna þar metin, svo sannarlega. Fyrir nú utan þá plágu sem fylgir öllum þessum listahátíðum og annarri slíkri starfsemi, heimsmenningarstarfsemi, en það er sá hátíðarsvipur sem kemur á menn í tilefni af þessu, sú umr. eða sem af þessu sprettur, tilgerðin öll og yfirborðsmennskan sem einkennir hana. Í þessu sambandi dettur mér í hug þáttur sem fjallaði um bókmenntir fyrir nokkrum árum. Það komu saman *rithöfundar og skáld og bar* að sjálfsögðu mest á þeim sem mest tök höfðu á heimsmenningunni. En mér reiknaðist til, á ferðum mínum um kjördæmi mitt, þar sem ég hitti fyrir bændur og sjómenn og þeirra konur, óbreytta Íslendinga, að þessir bókmenntaþættir drægju úr bókmenntaáhuga þessa ágæta fólks um svona á að giska 10% hver þáttur. Guði sé lof, *að þeir urðu aldrei nema 8*, þannig að það má reikna með að eftir hafi orðið 20% af bókmenntaáhuganum þegar upp var staðið. Fólki blöskraði tilgerðin og hátíðleikinn, þessi tilhneiging hjá þessu fólki, sem er í forsvari fyrir ýmsa menningu, að setja sig á háan hest, telja sig vera eitthvað merkilegra en annað fólk. Fyrir nú utan það, — og kannske má segja að það sé eitt af því fáa jákvæða við þetta, — að sumt af þessari speki er algerlega óskiljanlegt þrugl.

Áróður skiptir miklu máli í dag. En það er ekki uppi mikill áróður af hálfu félagsheimilanna eða þess fólks sem stundar menningarstarfsemina úti á landsbyggðinni, þess fólks sem syngur í kórunum, sem efnir til leiksýninganna o. s. frv., o. s. frv. Það tekur ekki þátt í þeim þáttum, sem öll þjóðin mænir á. Enn síður er það aðili að þeim sýningarglugga sem listahátíðirnar eru. En í hlutfalli við áróðurinn virðist aukast árangur manna við að útvega fjármuni til listastarfsemi. Allt, sem stuðlar að því að vekja athygli á menningarstarfseminni úti á landsbyggðinni, er til góðs. Það stuðlar að því að auka skilning þjóðarinnar á þýðingu þessarar starfsemi, meðan af hálfu ýmissa annarra aðila er allt gert til þess að draga athygli hennar frá þessu, en að allra handa menningarlegu „fýrverkerii", sem efnt er til öðru hverju.

Þetta vil ég segja í tilefni af þessu frv. sem þrír hv. framsóknarmenn flytja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 48. fundur.

Fimmtudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Hámarkslaun o. fl., þáltill. (þskj. 111). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðild ríkisins að kjarasamningum vinnumarkaðarins, þáltill. (þskj. 358). — Ein umr.

Flm. (Gunnar Sveinsson): Herra forseti. Við hv. alþm. Ingvar Gíslason flytjum hér till. til þál. um að ríkið sé virkur aðili að kjarasamningum vinnumarkaðarins, það er 183. mál. Till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. að undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frv. til laga er feli í sér að ríkisstj. séu á hverjum tíma virkur aðili að heildarkjarasamningi um kaup og kjör í landinu, ásamt aðilum vinnumarkaðarins."

Eins og öllum alþm. er kunnugt hafa farið fram að undanförnu, bæði á Alþ. og annars staðar, miklar umr. um samninga vinnumarkaðarins og á hvern hátt þeim væri best fyrir komið. Þeir, sem hafa lifað og hrærst í starfi í sambandi við stéttarfélög, samvinnufélög, verkalýðsfélög og launþegasamtök svo að segja frá því að þeir komust til vits og ára, hafa náttúrlega oft hugleitt á hvern hátt þessum samningum væri fyrir komið. Ég ætla í byrjun máls míns að gera svolitla grein fyrir því, hvernig starfsmaður í samvinnufélagi lítur á þessa samningagerð, því að mér finnst að það sé svolítið innlegg *í þetta mál, þegar það er rætt frá grunni.*

Þegar við lítum yfir þær samninganefndir, sem standa í samningum vinnumarkaðarins, sjáum við að þarna eru menn sem hafa setið báðum megin við borðið. Í fyrsta lagi hafa þeir verið í verkalýðsfélagi eða sjómannafélagi og verið þá þátttakendur í samningagerðinni þeim megin frá, og svo aftur sem framkvæmdastjórar eða starfsmenn fyrir atvinnufyrirtækjum. Þeir þekkja því þessar leiðir frá báðum hliðum.

Hvað viðvíkur forstöðumönnum fyrir samvinnufélagi, þá lítur málið þannig út, að í einu stóru samvinnufélagi kjósa félagsmenn þess samvinnufélags stjórn fyrir félagið, sú stjórn ræður aftur framkvæmdastjóra, og þau fyrirmæli, sem hann fær frá stjórninni, eru fyrst og fremst þau að reka fyrirtækið á sem hagkvæmastan hátt, hafa lágt vöruverð, skila hagnaði til uppbyggingar fyrir félagið og til endurgreiðslu til félagsmanna. Um kaupgreiðslur er ekki beinlínis rætt, en reiknað með að kaup sé greitt eftir þeim samningum sem gilda á hverjum tíma. Þessir for-

ustumenn fyrir samvinnufélagi koma svo síðar sem jafnframt forustumenn fyrir launþegasamtökum og gera kaupkröfur til þessara samvinnufélaga, og þá verður hinn gullni meðalvegur, sem þessir forustumenn fyrir samvinnufélögunum fara, oft vandrataður. Það er því oft ekki sársaukalaust er þessir forustumenn finna til þess, að einmitt þeir menn í launþegastétt, sem eru hvort tveggja forustumenn fyrir launþegum og forustumenn fyrir samvinnufélögum, vilja oft ásaka þessa forustumenn fyrir ekki nægilega sanngirni þegar til samninga kemur.

Ég vil aðeins nefna í þessu sambandi eitt dæmi um þessi atriði sem er nokkuð táknrænt, og hefur það komið fyrir á öðrum stöðum. Á minu félagssvæði kom það fyrir fyrir nokkru, að verkalýðsfélag á staðnum fór í verkfall, sem er náttúrlega ekki í frásögur færandi, en það lenti í verkfalli við dótturfélag samvinnufyrirtækisins eða kaupfélagsins, sem í sjálfu sér var ekki óeðlilegt þar sem það náði yfir allt svæðið. Eftir viku verkfall biður verkalýðsfélagið kaupfélagið um styrk í verkfallssjóð. Það væri í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, þó að sú beiðni kæmi fram, því að upphaflega hafði kaupfélagið verið stofnað af verkalýðsfélaginu og samkv. grundvallarreglum sínum átti það að vinna fyrir verkamenn og hafði gert með því að fara eftir þeim fyrirmælum sem því voru fengin í samþykktum. En þarna kom upp dálitið einkennileg staða gagnvart einmitt þessari samningagerð. Forustumenn kaupfélagsins voru svo sem í engum vafa um hvað ætti að gera. Það var samþykkt einróma af stjórninni að leggja fé í verkfallssjóð verkalýðsfélagsins. En þarna var þá komið upp þetta dæmi, að kaupfélagið var farið að leggja í verkfallssjóð verkalýðsfélagsins, sem var í verkfalli við þess eigið fyrirtæki og fyrirtæki þeirra verkamanna sem voru náttúrlega í verkfalli. Ég kem með þetta dæmi vegna þess að það sýnir á hvern hátt þessi mál geta snúist í þeim samningum sem eru að fara fram daglega í okkar þjóðfélagi.

En svo að við víkjum nánar að þessari till., þá er, eins og fram kemur í henni, um mikla breytingu að ræða frá því sem verið hefur. Ég tel að ég þurfi ekki að lýsa því, hvernig samningagerðir hafa farið fram að undanförnu. Það þekkjum við allir of vel til þess að ég þurfi að vera að skýra það.

En á hverju byggist þessi aðferð, þessi tilhögun, sem við höfum notað? Hún byggist fyrst og fremst á frjálsu markaðskerfi, að framboð og eftirspurn ráði markaðinum, bæði vinnumarkaðinum og fjármagnsmarkaðinum. Talið er að rétt sé að ríkisvaldið hafi sem minnst áhrif á gerð kjarasamninga. Hins vegar á ríkisvaldið að grípa inn í, ef um stórfellda framleiðslustöðvun er að ræða eða stórfellt atvinnuleysi. Hið frjálsa markaðskerfi á að sjá um afganginn. Verkföll eiga að geta staðið eins lengi og þörf er á, og atvinnurekendur eiga helst ekki að vera mjög mannlegir, heldur fyrst og fremst að vera peningamenn, sem sjá um að semja ekki fram yfir það sem geta fyrirtækisins leyfir. Og þegar verkbönn og verkföll hafa staðið til skiptis það lengi að atvinnurekandinn er kominn á kaldan klaka og vinnuþiggjendur eiga ekki málungi matar, þá virðist vera að tími sé til að semja eftir þessu kerfi sem við höfum farið eftir.

En spurningin er: Höfum við farið eftir þessu kerfi? Því vil ég svara neitandi. Við höfum að mestu leyti hafnað hinu frjálsa markaðskerfi. Ég tel að því hafi verið hafnað fyrir 1920, og þessi þróun í átt frá frjálsu markaðskerfi hefur verið að aukast ár frá ári. Tryggingalöggjöfin, afurðasölulöggjöfin, öll vinnulöggjöf og að nokkru leyti fræðslu- og heilbrigðislöggjöfin, er sett hefur verið á síðari árum, hefur staðfest það betur og betur, að við höfum afneitað hinu frjálsa markaðskerfi að stórum hluta. Allir flokkar hafa verið sama sinnis að mestu leyti sama hvaða ríkisstj. hefur verið, og þó að einstakir hópar innan vissra flokka hafi rekið upp óp við og við og viljað „báknið burt", þá hefur í sjálfu sér engin meining verið á bak við það. Orsökin er sú, að þrátt fyrir kosti, er meðmælendur hins frjálsa markaðskerfis hafa talið fylgja því, svo sem meiri hagvöxt og þar af leiðandi meiri peninga, betra húsnæði og betri lífsafkomu, hafa menn orðið sammála um að fórna fjárhagslegum atvinnuávinningi af hagvexti fyrir önnur lífsgæði sem menn telja verðmeiri. Á þetta sérstaklega við á seinni tímum, þar sem menn hafa tekið umhverfið, samhjálpina, tryggínguna, heilsugæsluna og menntun fyrir alla þjóðfélagsþegna fram yfir meiri hagvöxt.

Í sambandi við samningagerðina á vinnumarkaðinum höfum við ekki breytt til. Við teljum að rétt sé að fela þetta verkefni, kjarasamninga, aðilum vinnumarkaðarins, eins og var áður en við neituðum að mestu leyti þessu frjálsa markaðskerfi. En eðlilega, með breyttum aðstæðum í þjóðfélagi, þurfum við einnig að breyta þessu atriði eins og öðru sem breyta þarf í þjóðfélaginu.

Ef við ætlum að gera breytingar, sem skipta verulegu máli, þá erum við oftast nær vanir að spyrja: Hvað gera aðrar þjóðir? Og ég er í engum vafa um það, að ef þetta fyrirkomulag, sem hér er bent á, hefði verið búið að taka upp t. d. í Svíþjóð eða Noregi, þá hefði þótt eðlilegt að reyna þetta fyrirkomulag hér. Má þá benda á, að við erum mjög fljótir að taka upp nýjungar sem koma frá þessum löndum, hvernig svo sem þær reynast hjá okkur.

En lítum lauslega á það sem er að gerast í öðrum löndum í sambandi við þetta, t. d. Ástralíu. Þar er ríkið, sem að mestu leyti ákveður kaupið fyrir eitt ár í einu og í litlu samráði við verkalýðshreyfingu, þar sem hún er mjög sterk. Í Kanada er það fyrst og fremst upplýsingastofnun, sem gefur tilkynningu um hvað eðlilegt sé að kaupið hækki mikið, og almenningsálitið heldur því innan þeirra marka. Um óeðlilegar kauphækkanir einstakra stétta verður því ekki að ræða, þannig að röskun verður ekki á hinum almenna markaði. Hægt er að halda kaupi innan þess ramma sem ríkisvaldið á hverjum tíma álítur eðlilegt. Flestallir þekkjum við nokkuð vel til Norðurlandanna, þar sem það er fyrst og fremst þrýstingur ríkisvaldsins á hin sterku alþýðusamtök sem hefur áhrif á það, hvernig launasamningar fara fram. Einnig má á það

benda, eins og við þekkjum, að alþýðusamtökin eru sterk í þessum löndum og hafa á mörgum tímum haft úrslitaáhrif í ríkisstj. Um samninga milli ríkisvaldsins og verkalýðssamtakanna hefur því raunverulega verið að ræða, þegar samið hefur verið um kaup og kjör. Við þekkjum líka til í Englandi, þar sem vagga verkalýðshreyfingarinnar stóð. Englendingar virðast, að eigin sögn, vera komnir í nokkrar ógöngur með það skipulag sem ríkir hjá þeim. Helsta áhyggjuefni þeirra virðist vera það, að þeir virðast ekki ráða við samkeppnisaðstöðuna í Evrópu, þannig að Vestur-Þjóðverjar vilja komast þar fram úr þeim í framleiðslugetu. Þetta breska „system" virðist því hafa gengið sér alveg til húðar hvað varðar að tryggja mönnum hærri laun, einmitt vegna þess að skipulagið virðist ekki vera komið úr skorðum. Ég ætla aðeins að koma að þessu seinna.

Ég tel að í öllum þessum löndum, sem hér hefur verið minnst á, hafi þróunin verið í þá átt fyrst og fremst, að ríkisvaldið hefur aukið afskipti sín af þessum málum og tekið virkari þátt í samningagerð, þó að ekki hafi verið gengið eins langt og hér er lagt til. En ég tel að við höfum nokkra sérstöðu í þessum málum. Í þessum löndum, sem ég minntist á áðan, hefur verið gengið út frá frjálsu markaðskerfi. Þar er gengið út frá, að eðlilegt atvinnuleysi sé 4—6%. Ég held að við hér á landi höfum hafnað slíku eðlilegu ástandi. Í skýrslu, sem hér kom út fyrir nokkru, er einmitt skýrt frá því, að síðan 1940 hafi ekki verið nema 4—5 ár atvinnuleysi á Íslandi, þannig að ég held að allar þjóðfélagsstéttir og ráðamenn í þjóðfélaginu séu búin að afskrifa það sem eðlilegt ástand eða möguleika sem hægt sé að byggja á, að við höfum það ástand sem er í þessum löndum. Við höfum líka dálitla sérstöðu að öðru leyti, þar sem er fámenni þjóðarinnar, þó að ég fari ekki nánar út í það að skilgreina það. Við höfum enn þá sérstöðu að einu leyti, sem er kannske einna mikilvægust, að við höfum töluvert veikara framkvæmdavald en þessar þjóðir. Þó að þessi lönd vilji ógjarnan grípa til þessa síðasta vopns, sem ég minntist á, að það sé yfirleitt ekki gert, þá vitum við að þau vopn, sem aldrei eru notuð, eru einna áhrifaríkust.

Okkur er í fersku minni verkamannastjórnin, sem nú ríkir í Bretlandi, og þær aðstæður, sem hafa neytt hana til þess að beita hervaldi til að halda vissum hópum í þjóðfélaginu innan þess marks, sem þeir telja eðlilegt, innan 10% hækkunarmarks, en ríkisstj. hefur samið við verkalýðsfélögin og atvinnurekendur um að fara megi upp að því marki. Það hljóta að hafa verið töluvert þung spor fyrir þessa stjórn að þurfa að grípa til þessara ráða. Við getum einnig tekið sem dæmi um þetta þá atburði sem eru að gerast nú daglega í Bandaríkjunum, þar sem hið frjálsa markaðskerfi ræður, að eftir 11 vikna verkfall, þar sem kolanámumenn standa í verkfalli og heimta launahækkun, þá verður Bandaríkjastjórn að grípa inn í. Ef við hugsum okkur þetta dæmi hér á Íslandi, sjáum við að þetta mundi aldrei geta gerst hér. Í fyrsta lagi vegna þess að verkfall mundi ekki geta staðið hjá svo litlum hóp í svona langan tíma og í öðru lagi mundi ríkisvaldið ekki geta gripið inn í á þann hátt sem gert er í Bandaríkjunum, vegna þess að ríkisvaldið væri búið að grípa inn í og koma á sættum löngu áður en til þess kæmi, sem nú er að gerast í Bandaríkjunum, og það er vegna þess að þetta kerfi, sem þar er, er ekki hjá okkur.

Ég vil svo koma hér inn á það sem hefur raunverulega gerst hjá okkur í þessum málum á undanförnum árum. Nokkrar till. hafa komið fram m. a. s. á þessu þingi, er snerta kjör hins almenna launþega, fluttar af þm. Alþb., svo sem till. um hámarkslaun og till. um að ríkið semji beint við Stéttarsamband bænda, en till. um það mun einnig væntanleg frá ríkisstj. Áður hefur Alþ. nokkrum sinnum sett lög er snerta kjör launþega í landinu. Er þar skemmst að minnast laga sem vinstri stjórnin setti 1971 um styttingu vinnuvikunnar og lengingu orlofs.

Umr. um, að bændur semji beint við ríkisstj. hafa farið fram áður, en þó ekki orðið af neinni samþykkt. Þó má gera ráð fyrir því, að nú sé vilji fyrir því, að frv. um þetta komist í gegn, að bændur semji beint við ríkisstj.

Nú nýlega hafa verið gerðir samningar við opinbera starfsmenn um kaup og kjör og þeir fengið takmarkaðan verkfallsrétt.

Fiskverð er ákveðið í flestum tilfellum af yfirnefnd, þar sem ríkið skipar oddamann. Má því með nokkrum sanni segja, að þar sé ríkið viðsemjandi á svipaðan hátt og hjá bændum.

Ef við tökum nú saman allar þær stéttir sem raunverulega semja við ríkisvaldið og hvað það er stór hluti af þjóðinni, þá mundi ég áætla, að það gæti verið um 35% eða ⅓ hluti þjóðarinnar sem nú semur beint við ríkisvaldið. Það er því augljóst, að nú þegar semur stór hluti af launafólki í landinu beint við ríkisvaldið, og ef við lítum til samningagerða undanfarinna ára, er um óbeina samningagerð að ræða gagnvart miklu fleiri aðilum, því að þær samninganefndir, sem á undanförnum árum hefur verið stillt upp til að semja um kaup og kjör, hafa að verulegu leyti verið getu- og úrræðalausar til samninga. Atvinnurekendur hafa í flestum tilfellum vitað, að þeim var um megn að greiða það kaup, sem um var verið að semja, en hafa, í trausti þess að ríkisvaldið gripi í taumana með aðstoð, samið langt umfram það sem þeir gátu staðið við. Það hefur haft í för með sér auðsæ verðbólguáhrif.

Við flm. teljum að með almennri þátttöku ríkisvaldsins í samningagerð og raunhæfum áhrifum á samningagerðina mundi vinnast í fyrsta lagi samræming launataxta, sem er geysilega stórt atriði í þessu máli. En eins og flestum er kunnugt ríkir mikið ósamræmi milli samninga ríkisvaldsins og atvinnurekenda og milli þeirra síðarnefndu innbyrðis. Má nefna í því sambandi, að eftir heildarsamninga ASÍ við atvinnurekendur á s. l. ári komu samningar ríkisins við opinbera starfsmenn. Var þar miðað við að leiðrétting fengist á kjörum þeirra til samræmis við þá sem áður voru búnir að semja. En þegar upp var staðið voru samningar opinberra starfsmanna þó nokkuð miklu hagstæðari, fyrir utan ýmis fríð-

indi sem opinberir starfsmenn hafa, en aðrir hafa ekki.

Það má með sanni segja, að umsvif ríkisins hér á landi séu orðin það mikil að ekki sé vandi fyrir ríkisvaldið að finna flestum starfsmönnum í þjónustu- og atvinnugreinum á Íslandi einhvers staðar stað í sinni launaskrá. Það hefur þann kost, að það mundi skapa miklu meira heildarsamræmi í öllum launum í landinu en nú er, þó náttúrlega að því tilskildu að gott samstarf og góð samvinna tækist með ríkisvaldinu og launþegasamtökum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Ég held líka að sú láglaunastefna, sem Alþýðusamband Íslands hefur verið að reyna að vinna að á undanförnum árum, en orðið sárlega lítið ágengt, mundi fá töluvert mikinn stuðning í sambandi við það að á kæmist allsherjar launaskrá, því að ég tel að ýmislegt af þeim atvinnurekstri og þeirri atvinnu, sem fram fer utan þessara heildarkjarasamninga ríkisvaldsins, mundi hækka í skala við að koma inn á þá flokka.

Annar kostur við það, að ríkið sé virkur aðili að heildarsamningum, eru skarpari mörk en nú eru um hvað verið er að semja og við hverja er verið að semja. Ég gat um það áðan, að í mörgum undanförnum samningum milli aðila vinnumarkaðarins hefðu þessi mörk ekki komið nógu skýrt fram. Forustumenn launþegasamtakanna hafa túlkað viðsemjendur sína sem hina raunverulegu viðsemjendur er sætu yfir því fjármagni, að þeir gætu auðveldlega greitt hærra kaup, ekki aðeins í krónum, heldur hærri rauntekjum. Hækkað kaup hefði því ekki áhrif til hækkunar verðlags og þar með verðbólguaukningu. Raunveruleikinn er allt annar, og það sannar best sú skýrsla um verðbólguvandann sem hér hefur verið dreift, að frá árinu 1960 til ársins í ár hefur að meðaltali verið um 20% kauphækkun á ári, en rauntekjur hafa aðeins aukist um 2%. Afleiðingin hefur verið aukin verðbólga og raunverulegar kjarabætur sáralitlar. Ég tel að raunveruleikinn sé sá, að atvinnurekendur hafi gefist upp á að hamla gegn kauphækkunum, og það er í sjálfu sér ósköp skiljanlegt. Það er óvinsælt, og atvinnurekendur vita það af fyrri reynslu, að ríkisvaldið mun hlaupa undir bagga, ef illa gengur, og bæta upp það sem á vantar. Ég tel því, eða við flm., að það sé nauðsynlegt að ríkisvaldið sé virkur aðili að samningsgerðinni og segi viðsemjendum hvað viðkomandi samningsgerð hafi í för með sér. Með núverandi hagstjórnartækjum ætti slíkt ekki að vera erfitt. Það mætti fela það sérstakri stofnun er gæfi upplýsingar um hvað raunverulega er hægt að borga við viðkomandi aðstæður, hvar verðbólgan kemur inn í dæmið, hvar raunveruleg takmörk eru. Þessum upplýsingum ætti að koma í fjölmiðla á viðtækan hátt, þar sem gerð væri grein fyrir afleiðingum ef yfir mörkin væri farið. Inn í þetta dæmi kæmu eðlilega margir liðir: markaðsverð, inn- og útflutningsframleiðsla, stjórn peningamála, fjárfesting opinberra aðila og einstaklinga, afborganir, skuldir o. s. frv. Launþegasamtökin gætu síðan eðlilega valið og hafnað.

Stærsti munurinn frá því sem nú er, er að þarna erum við að fást við allt dæmið. Það er verið að skipta öllu kaupi og kjörum í einu á vegum samfélagsins. Með því að ríkið sé þarna að semja við bændur, semja við sjómenn, semja við opinbera starfsmenn og sé aðili að þeirri samningagerð, sem þá er eftir, hefur það allt í einni hendi, sem þarf til að byggja upp þá hagstjórn, sem ætlað er að beita, og þá er unnt að leggja allt dæmið fyrir viðsemjendurna, en ekki bara einstaka aðila úr atvinnustéttunum, þannig að einn sé að semja í dag og annar á morgun, einn verði að fá hækkun þegar hinn er búinn að fá hækkun.

Í mörgum kosningum undanfarin ár hafa menn bent á það, að kjarabaráttan ætti að fara fram í kjörklefa. Með þeirri breytingu, sem hér er rætt um, er það raunverulegt. Beint samband skapaðist milli raunverulegs kaupgjalds og kaupmáttar og viðkomandi ríkisstj. í landinu. Sá afsökunaraðili, er atvinnurekendur hafa verið fyrir lélegum kaupmætti launa og víxlgengi kaupgjalds og verðlags, væri horfinn þar sem aðeins væri um einn aðila að ræða, sem gæti stjórnað, og hann gæti samið í samráði við alla aðila vinnumarkaðarins í einu.

Með þessum breytingum tengdist saman raunverulegt vald og ábyrgð. Þarna gæti komið til greina, að við höfum e. t. v. of langt á milli kosninga, þannig að menn gætu ekki valið og hafnað nógu oft. En í sjálfu sér væri ekkert á móti því að taka upp þá breytingu, sem hefur verið framkvæmd í Svíþjóð — við erum mjög fúsir yfirleitt til að taka við nýjungum sem koma frá Svíþjóð — og kjósa á þriggja ára fresti, þannig að þetta uppgjör færi fram með styttra millibili en nú er.

Í þeirri skýrslu, sem útbýtt var og heitir Verðbólguvandinn, er nokkuð farið inn á þessi mál. Ég ætla hér í lokin að minnast á einn kafla, sem kemur alveg sérstaklega inn á þetta atriði sem hér er verið að ræða. Það er nauðsyn á samræmdri efnahagsstefnu. Það er 5. kafli í þessari grg. um verðbólguvandann. Ég ætla aðeins að stikla á stóru í sambandi við þau atriði, sem koma inn á þetta mál, og þær úrlausnir, sem nefndin hefur komist að niðurstöðu um, sem ég tel að séu í fullu samræmi við það sem hér hefur verið sagt.

„Nauðsyn samræmdrar efnahagsstefnu.

Reynsla undanfarinna ára og áratuga sýnir glöggt þörfina fyrir samræmda efnahagsstefnu, sem ekki styðst aðeins við þingfylgi ríkisstjórna, en nýtur einnig viðurkenningar og skilnings hagsmunasamtaka almennings. Meginforsenda fyrir árangursríkri hagstjórn, þar sem komist sé nálægt viðunandi niðurstöðu að því er varðar helstu markmið efnahagsstefnu — að verðlagsþróuninni meðtalinni — er eins konar málamiðlun milli þeirra, sem taka mikilvægustu ákvarðanir í efnahagsmálum þjóðarinnar af hálfu stjórnvalda annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar.“

Og hér segir m. a.: „Heiti eins og tekjustefna eru villandi að því leyti, að engin von eða vit er í því að byggja viðnám gegn verðbólgu á því einu að halda aftur af tekjuhækkun almennings, en hafa lausatök á fjármálum og peningamálum.“

Þarna er einnig komið að meginstefnunni í þessu, að gera sér grein fyrir öllu dæminu í einu:

„Í raun og veru þarf að leita málamiðlunar með mikilvægustu ákvörðunaraðilum hagkerfisins með einhverjum þeim hætti, sem í senn virðir grundvallarreglur fulltrúalýðræðis og hefð frjálsra samninga um kaup og kjör," segir í þessari grein. „Til þess að móta farsæla, samræmda efnahagsstefnu á næstu árum þarf að taka mið af nokkrum meginatriðum. Þau eru þessi:

1) Árlegar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir, tengdar könnunarreikningum fyrir helstu þjóðhagsstærðir fáein ár fram í tímann hverju sinni, verði sameiginleg viðmiðun allra, sem áhrif hafa á stjórn efnahagsmála." — Ég les hér aðeins smákafla úr þessu.

„2) Stefnan í fjármálum ríkisins, peninga-, gengis- og lánamálum sé kynnt og rædd á sömu forsendum og launa- og tekjustefnan."

Þá er það sem þessi þáltill., sem við flytjum hér, kemst í andstöðu við verðbólgunefndina, sem skrifar þessa grein um verðbólguvandann, en þar segir:

„3) Meginreglan í launa- og tekjuákvörðunum eru frjálsir samningar milli hagsmunaaðila, en aðgerðir af opinberri hálfu koma einnig til greina sem þáttur í lausn kjaradeilna, enda séu þær aðgerðir byggðar á víðtæku samráði við hagsmunasamtök."

Þarna vildi ég að þessi grein breyttist þannig, að aðgerðir hins opinbera komi ekki einungis til greina, heldur sé ríkisvaldið virkur aðili að þeirri samningagerð, sem gerð er á hverjum tíma til samræmingar og stjórnunar.

„4) Þau markmið, sem efnahagsstefnunni eru sett, verða að vera raunhæf og samrýmanleg innbyrðis. Óraunhæf markmið koma óorði á efnahagsstefnuna."

Hér áfram:

„En til þess að þær ákvarðanir séu farsælar, þegar til lengdar lætur, verða þær að miðast við raunhæft mat á þjóðarhag."

Svo er bent hér á samvinnunefnd milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins, sem í sjálfu sér gæti alveg eins verið aðili sem samninganefnd. Og þar er rætt um að ráðh. verði formaður samvinnunefndarinnar, aðild að nefndinni eigi fulltrúar frá hagsmunasamtökum og þess beri að gæta að samtök allra mikilvægustu samtaka á vinnumarkaðinum eigi aðild að nefndinni. Nefndin hittist reglulega o. s. frv.

„5) Efnahagsstefnuna verður að móta með hliðsjón af markmiðum tekjuskiptingar og atvinnuöryggis auk markmiðanna um jafnvægi í utanríkisviðskiptum og hægari verðbreytingar ...

6) Jafnvel skammtímaráðstafanir í efnahagsmálum verða að taka nokkurt mið af þróuninni til lengri tíma litið."

Ég held að í þessari skýrslu, sem hér kemur frá verðbólgunefnd sé raunverulega farið inn á þetta markmið að mestu leyti, nema það er aðeins rætt um samstarfsnefnd sem gerir till. og verður þannig hálfpartinn í lausu lofti. Ég held að það sé komin töluverð reynsla á þetta fyrirkomulag, að það verði að vera miklu fastara form, það verði að vera beinn aðili sem semur og hefur áhrif á samningagerðina á hverjum tíma og mótar þannig heildarstefnuna í efnahagsmálum. Ég held að við komumst ekki að farsælli lausn nema það sé gert. Ef sú staða kemur upp að ekki semst milli ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sjómanna og bænda innan þessa ramma er viðkomandi stofnun ríkisins telji eðlilegt, sem hefði með þessi mál að gera, ætti ríkisstj. ávallt þess kost að leggja málið undir dóm þjóðarinnar í almennum kosningum og hlíta þeim úrskurði. Þá á náttúrlega sama við um og hér, en þó miklu nánar en áður hefur verið. Ég tel að með þessu mundi ábyrgðin vera miklu greinilegri og koma sterkar fram en hún hefur gert með því fyrirkomulagi sem við höfum nú. En þau úrræði, sem koma hér fram hjá verðbólgunefnd, eru ekki nógu raunhæf og hitta ekki nógu vel í mark.

Ég vil svo leggja til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og félmn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur frammi til umr., er ósköp saklausleysisleg að orðalagi, rúmar þrjár línur prentaðar. En ef í stuðningi við hana og hugsanlegri samþykkt fælist samþykkt á þeirri ítarlegu grg. sem fylgir, þá fer málið að vandast frá mínum bæjardyrum séð. Ég er ekki hagmæltur og ég er ekki góður í kvæðum, því miður, en einhvers staðar hefur það komið inn í mitt hugskot að í ljóði eftir mjög byltingarsinnaðan mann hafi staðið þetta: „Sovét-Ísland, óskalandið, — hvenær kemur þú?"

Ef þau atriði og sú stefna, sem mörkuð er í grg. sem fylgir þessari till., yrðu samþykkt, þá verð ég að segja það, að þeir hv. flm., sem standa að þessari till., hafa sannarlega skotið öðrum hv. þm., sem ég hef staðið í þeirri meiningu að væru allbyltingarsinnaðir, ref fyrir rass. Frá mínum bæjardyrum get ég ekki séð annað en að eftir samþykkt þessarar þáltill. og þá um leið grg. og þeirri stefnu, sem mörkuð er í þessari grg., sé það aðeins *lítilmótlegt og lítilfjörlegt* framkvæmdaatriði að setja á stofn Sovét-Ísland hér hjá okkur, því að þegar þau atriði eru komin í framkvæmd, sem gerð er grein fyrir í þessari ítarlegu grg., þá er gersamlega búið að útiloka hlutverk hins frjálsa atvinnurekanda í þjóðfélaginu. Öll þau mál, sem snerta vinnumarkaðinn, yrðu þá orðin eingöngu málefni, sem snerta ríkið og launþegasamtökin.

Til stuðnings þessum ummælum mínum vil ég lítillega staðnæmast við nokkur atriði, sem tilgreind eru í þeirri grg. sem hér liggur fyrir.

Hér er því t. d. slegið föstu í upphafi, að ríkisvaldið eigi að gerast beinn þátttakandi í gerð kjarasamninga og taka þannig fulla ábyrgð á framkvæmd þeirra og þá náttúrlega um leið að bera ábyrgð á öllum atvinnurekstri. Þá get ég ekki séð hvað er að gera með nokkurn atvinnurekanda. Ríkið vitanlega yfirtekur það líka. Flm. þessarar till. fullyrða að atvinnurekendur hafi raunverulega gefist upp á að hamla gegn kauphækkunum, af því að það sé óvinsælt í landi kunningsskaparins, og fyrir þá sé ekki um annað að gera, ef illa gangi, en að ganga ríkisfarveginn. Í þessari grg. eru uppi hugleiðingar um að

setja á stofn stofnun á vegum ríkisvaldsins, sem á hverjum tíma ætti að hafa það hlutverk á hendi að reikna út hvað væri hægt á hverjum tíma að skammta launþegum. Flm. gera ráð fyrir því, að launþegasamtökin gætu einnig reiknað út þetta dæmi. En það er hvergi minnst á það, að atvinnuvegirnir, sem eiga að greiða þessi laun, hefðu hugsanlega eitthvað um þetta að segja, þeir gætu eitthvað reiknað. Ég get ekki skilið, svo að maður haldi áfram að vitna í þessa grg., annað en þær hljóti að verma mjög einhverjum byltingarsinnuðum manni, þessar undirtektir grg., kaupgjaldsbaráttan inn í kjörklefann og að fá það staðfest á Alþ., að með þeirri breytingu, sem hér er rætt um, yrði þetta að raunveruleika. Einhvern tíma hefði verið talað um að þetta væri töluvert mikil bylting. En hún fer fram mjög hljóðlátlega, þessi bylting, hún er ekki blóðug. Nei, menn eiga að koma ómeiddir út úr henni.

Það á að koma á beinu sambandi milli raunverulegs kaupgjalds og kaupmáttar og viðkomandi ríkisstj. í landinu. Þetta er auðvelda lausnin. Og ekki er hætta á vixlgengi kauplags og verðlags. Það er úr sögunni, því að kominn er einn aðili, sem getur stjórnað þessu öllu, og það er blessað ríkið. Samkv. þeirri stefnu sem mörkuð er í þessari grg., er ósköp þægilegt um áframhaldið, því að með þessum breytingum tengist saman raunverulegt vald og ábyrgð, og sú ríkisstj., er á hverjum tíma sæti, fengi sinn dóm um það, hvernig afkoma heimilanna hafi verið undir hennar stjórn. Einhvern tíma var mér kennt það, að hversu slæm og ill sem stjórnvöld gætu verið, þá færi afkoma heimilanna í landinu töluvert mikið eftir árferði, árgæsku, aflabrögðum, veðurfari og slíku, en ekki endilega eftir því hversu vinsæl og góð stjórnvöld væru á hverjum tíma.

Ég vil strax í upphafi umr. um þessa þáltill. taka það skýrt fram og lýsa þeirri skoðun minni, að ég held einmitt að afskipti hins opinbera í sambandi við samninga og vinnudeilur hafi undanfarið verið of mikil og beinlínis skaðleg. Ég held að sívaxandi afskipti hins opinbera af ríkjandi vinnudeilum á hverjum tíma hafi einmitt skapað grundvöllinn fyrir því, að í sívaxandi mæli hefur af hálfu bæði atvinnurekenda og launþega verið gerð sú krafa til ríkisvaldsins, að það væri stjórnvalda að skapa svofelldan rekstrargrundvöll. Þetta er algerlega á móti minni lífsskoðun.

Ég hef þá lífsskoðun, að ef menn ráðast út í atvinnurekstur, þá geri þeir það fyrst og fremst sjálfum sér til framdráttar, það sé frumhvötin, og ég er stuðningsmaður þess, að menn fái að njóta ávaxtanna af sínu starfi. En við skulum þá líka láta þá sjálfa bera erfiðleikana og taka afleiðingunum af því, ef illa gengur. Ég held að Alþ. gæti á miklu frjórri hátt orðið til hjálpar og aðstoðar í sambandi við þau miklu vandræði og truflanir sem skapast í þjóðfélaginu í sambandi við deilur sem kunna að rísa á hinum frjálsa vinnumarkaði. Og þá held ég að nærtækast væri og kannske eitt mest aðkallandi hlutverk Alþ. að setja þjóðinni skynsamlega vinnulöggjöf. Sú vinnulöggjöf, sem við nú búum við, er nærri hálfrar aldar gömul, og það er viðurkennt, bæði af fulltrúum launþegastéttanna í landinu og atvinnurekendanna, að þessi vinnulöggjöf sé bæði vanmáttug og úrelt fyrir löngu.

Mig langar í þessu sambandi að skjóta því hér inn í, að í okkar litla, fámenna þjóðfélagi, — ég veit ekki hvað það eru taldar margar vinnandi hendur eða vinnuaðilar í okkar þjóðfélagi, en Ísland er ekki einn sameiginlegur vinnumarkaður. Við erum sífellt að tengjast nánari og nánari samstarfsböndum nágrannaþjóðum okkar, og er gleggsta dæmi um það, að nú hafa fulltrúar okkar setið hið árlega þing Norðurlandanna. Og það er alltaf í víðtækara og víðtækara mæli verið að ræða um sameiginlega stefnu og sameiginlegar aðgerðir meðal hinna norrænu landa. Þetta er verið að ræða um á sama tíma sem þjóðfélag okkar býður ekki þegnunum upp á það, að þeir geti leitað sér vinnu og haft heimild til þess að vinna í hvaða hluta landsins sem er á hverjum tíma. Þetta og margt fleira held ég að væri full ástæða fyrir hv. Alþ. og yfirvöld að taka til nánari athugunar áður en við förum að rasa um ráð fram og samþykkja þá stefnu sem felst í þeirri grg. sem liggur til grundvallar þessari þáltill., sem hér er til umr. Ef skynsamleg vinnubrögð væru tekin upp í því sambandi, þá held ég að við gætum bætt verulega úr og minnkað þær stórkostlegu truflanir og það stórkostlega efnahagstjón, sem hefur vissulega orðið í sambandi við þær miklu vinnudeilur sem því miður hafa þjakað okkur undanfarið okkur öllum til tjóns.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., fjallar um það, að Alþ. ályktar að fela félmrh. að undirbúa frv. til laga er feli í sér að ríkisstjórnir séu á hverjum tíma virkur aðili að kjarasamningi um kaup og kjör í landinu. Fram kemur í grg. með þessari þáltill. ásamt mörgu öðru, að aðalrökin fyrir því, að þannig yrði staðið að málum, eru þau, að með því yrðu ríkisstjórnir gerðar ábyrgar fyrir samningsgerð í landinu og þá væntanlega mun ábyrgari en verið hefur á undanförnum árum og áratugum og þegar litið er til þess sem gerst hefur á þessum vettvangi á liðnum tíma.

Nú eru auðvitað skiptar skoðanir manna um það, hvort og þá í hversu miklum mæli ríkið eigi að vera aðili að kjarasamningum. Ég veit satt að segja ekki hvernig ber að taka þessa till. hv. flm. Það mætti a. m. k. taka hana á ýmsa vegu. Það mætti t. d. skilja hana í ljósi þess, að hér er um að ræða tvo hv. stjþm. sem flytja þetta mál, hv. þm. Framsfl., væntanlega í fullu umboði þingflokks Framsfl. sem slíks, eða í ljósi þess, að núv. hæstv. ríkisstj., sem þessir hv. þm. hafa stutt hvað dyggilegast, er sú eina sem í raun og veru má segja að hafi formlega gerst aðili að kjarasamningi við launþegasamtök. Allir vita hver raunin varð á í þeim efnum, ef minnst er þess sem gerðist hér á Alþ. í s. l. viku, þegar samþykktar voru hér ráðstafanir í efnahagsmálum.

Jú, flm. segja að með þessu verði ríkisvaldið gert ábyrgt fyrir sínum gerðum og í raun og

veru gerðum allra sem hafa komið og kunna að koma nálægt gerð kjarasamninga í landinu. Já, ábyrgð, segja þeir. Hæstv. ríkisstj. með sjálfan fjmrh. í broddi fylkingar stóð að gerð kjarasamninga á s. l. hausti sem ábyrgur aðili, formlegur ábyrgur aðili, með undirskrift sjálfs fjmrh., sem væntanlega var fullur ábyrgðar. Hv. alþm. hafa séð, hversu ábyrgðartilfinningin hefur sligað hæstv. ráðh. frá þeirri samningsgerð og þar til nú í s. l. viku, að þeir ógiltu þá kjarasamninga sem ríkisstj. sjálf hafði sem formlegur aðili staðið að. Í ljósi þess mætti skoða þessa þáltill. sem góðlátlegt grín um hæstv. núv. ríkisstj. Það eru tveir hv. þm. Framsfl., annars stjórnarflokksins, sem flytja málið og má því skilja þetta á þann veg. Nú er ég ekki að segja, að það sé þeirra meining að það eigi að skilja till. svo, en það er fullkomlega hægt að skilja hana svo með hliðsjón af því sem gerst hefur á þessum vettvangi undanfarið.

Ég skal segja það strax sem mína skoðun, að ég er andvígur því að ríkisvaldið eigi frekar en orðið er hlutdeild að samningsgerð. Að mínu viti hefur það form, sem gilt hefur nokkur undanfarin ár með meiri og minni aðild stjórnvalda að samningsgerð, gert alla samninga það flókna, að ég hugsa að mikill meiri hluti launþega í landinu hafi í raun og veru ekki haft um það vitneskju, hvað hin einstöku ákvæði samninga, sem að ríkisvaldinu sneru, höfðu í raun og veru inni að halda launþegum til hagsbóta. Mín skoðun er sú, að fremur eigi að snúa þessu við og einfalda samningsgerðina og það eigi í orðsins fyllstu merkingu að gera atvinnurekendur ábyrga fyrir gerðum sínum við samningsborðið og að *sjálfsögðu og ekki síður hæstv. ríkisstj.*, hver sem hún er, þegar hún hefur afskipti af þessum málefnum eins og raun ber vitni.

Það er ýmislegt merkilegt sem fram kemur í grg. þeirra félaga fyrir þessari þáltill. Þeir slá því föstu í upphafi grg., að sjaldan ef nokkurn tíma hafi verið önnur eins verðbólga á Íslandi og í tíð núv. ríkisstj., sem þeir hafa sjálfir stutt hvað dyggilegast til allra þeirra gerða sem hún hefur framið til þess að magna verðbólguna. (**Gripið fram í:** Við neitum ekki staðreyndum.) Stundum neita menn nú staðreyndum. Það færi betur, ef þessir hv. þm., sem til alls góðs eru líklegir, hvort sem þeir gera það nú eða ekki, hefðu haft það að leiðarljósi fyrr að neita ekki staðreyndum með sínum dyggilega stuðningi við hæstv. ríkisstj. í þessum efnum sem og öðrum. En velkomnir séu þeir í vorn hóp, þessir tveir hv. þm., í þann hóp sem hefur haldið því fram, að núv. hæstv. ríkisstj. ætti fyrst og fremst sökina á því, hversu verðbólgan hefur tröllriðið þjóðfélaginu hér á undanförnum þremur árum. Og ég fagna því að sjálfsögðu, að tveir af hv. þm. Framsfl. skuli söðla svo gersamlega um, breyta til hins betra, hætta að styðja ríkisstj. í því að magna verðbólgu, ganga í hóp okkar *hinna, sem höfum haldið því fram*, að breyta ætti um stefnu í efnahagsmálum og því aðeins væri líkur til þess að hægt væri að hefta eða draga úr verðbólgu, að breytt væri um stjórn efnahagsmála.

Hv. þm. Jón Sólnes sagði áðan, að í grg. þessarar þáltill. mætti í raun og veru finna, að með framkvæmd í anda þeirrar grg., sem henni fylgir, væri ríkið eða ríkisvaldið ekki bara að yfirtaka allan atvinnurekstur í landinu, heldur og verkalýðshreyfinguna og öll stéttarfélögin í landinu. Það þyrfti hvorki atvinnurekendur, eftir að þetta væri orðið að lögum, aðra en ríkisvaldið, né nein stéttarfélög í landinu, því að þá væri það allt komið á eina hendi, þ. e. a. s. þeirrar ríkisstj. sem sæti á hverjum tíma. *Því er ég andvígur.* Þetta segir beinlínis í grg. Vonandi eru hv. flm. á sama máli og ég og hv. þm. Jón Sólnes, en sé þetta misskilningur, þá gera þeir væntanlega grein fyrir því á eftir.

Í þessari þáltill. er líka talað um að með þessum hætti, sem hún gerir ráð fyrir, væri hægt að hafa, a. m. k. í sjónmáli, réttari mynd af heildardæminu varðandi gerð kjarasamninga og hvað þjóðfélagið þá sem heild þyldi að gert yrði í launakjörum almennings í landinu. Við höfum nú stofnun af því tagi sem hér um ræðir, og sú stofnun, sem er talin vera hlutlaus aðili í þessum málum, sagði fyrir um það við gerð síðustu kjarasamninga í landinu, hvað hægt væri að gera, hvað hægt væri að hækka kaupið mikið án þess að sprengdur yrði sá rammi, sem talinn var nauðsynleg umgjörð varðandi stöðu þjóðarheildarinnar, þjóðarbúsins. Sagt var fyrir fram af þessari stofnun, að innan þess ramma mætti semja, og það var gert. En eigi að síður sjáum við hvað hefur gerst í framhaldi af því. Þrátt fyrir það að hagur þjóðarbúsins hefur orðið betri, þ. e. a. s. framleiðsluaukning hefur orðið meiri en þessi stofnun gerði ráð fyrir í sínum spám, þegar samningarnir voru gerðir, — þrátt fyrir það þurfti að kippa öllu til baka að mati þeirra sem að því stóðu. (**Gripið fram í:** Það þurfti ekki kjaraskerðingu.) Já, og nú erum við að tala við tvo slíka, hv. flm. þessarar þáltill., sem hv. þm. Stefán Jónsson gaf þessa einkunn. Það eru ekki mín orð, að ástandið sé með þeim hætti, en þetta var eigi að síður mat þeirra aðila, sem kipptu grundvellinum undan kjarasamningunum sem voru gerðir, þ. á m. þessara hv. þm. beggja.

Ég veit ekki hvort ég hef skilið það rétt hjá hv. frsm. og fyrri flm. þessarar þáltill., Gunnari Sveinssyni, að þetta væri kannske ekki síður knýjandi nauðsyn vegna þess, að samvinnuhreyfingunni í landinu hefði gengið illa að rata hinn gullna meðalveg í samningsgerð við sína viðsemjendur, því að það mátti skilja það svo, að samvinnuhreyfingin hefði verið heldur jákvæðari í garð launþega og verkalýðshreyfingar en hinn aðilinn, Vinnuveitendasamband Íslands og þeir herrar sem þar ráða ferðinni. Og það mátti skilja, að einmitt þetta ástand, sem verið hefur og er, gerði það að verkum, að í raun og veru væri líklega Vinnumálasamband samvinnufélaganna orðið ráðvillt í þeirri viðleitni að finna hinn gullna meðalveg til þess að leysa þessi mál. *Nú muna auðvitað allir þann hráskinnaleik* sem Vinnumálasamband samvinnufélagana lék í kjaradeilunni á s. l. sumri, eða þann sjónleik, réttara sagt, sem þar var settur á svið, þegar það þóttist í orði vera vinveitt verkalýðshreyfingunni og vilja semja, en hafði nákvæmlega

sömu afstöðu á borði og Vinnuveitendasambandið, þeir sem þar réðu ferðinni, enda stendur Vinnumálasambandið eftir því sem ég best veit, við hliðina á Vinnuveitendasambandinu í afstöðunni til verkalýðshreyfingarinnar.

Ég veit engin dæmi þess, — þau geta fundist þó ég viti ekki um þau — ég veit engin dæmi þess, að samvinnuhreyfingin sem slík hafi staðið að því eða gert tilraun til þess að brjóta niður þau óvinveittu viðhorf innan Vinnuveitendasambandsins sem hafa verið til verkalýðshreyfingarinnar. Um það er mér ekki kunnugt. Vel má vera að einhver geti nefnt dæmi slíks, og þá er óskað eftir því, að það verði gert hér. Ég held að ef ætti að lögfesta í anda þess, sem grg. þessarar þáltill. gerir ráð fyrir, framkvæmd við gerð kjarasamninga hér á landi með þeim hætti sem hér er lýst, þá væri í raun og veru kominn einn skömmtunarafili í landinu, sem gæti skammtað á báðar hendur eftir eigin smekk eftir því sem honum sýndist hverju sinni, þ. e. a. s. viðkomandi ríkisstj., án þess að þurfa í reynd að spyrja einn eða neinn. Ég held a. m. k. er það min sannfæring, og það segi ég að fenginni reynslu, kannske ekki langri eða mikilli, í samningsgerð og samningamálum, — að það eigi fremur að minnka afskipti ríkisvaldsins af gerð kjarasamninga heldur en auka þau stórkostlega, eins og hér er gert ráð fyrir, vegna þess að ég tel að það verði til hins verra. Við höfum líka dæmin fyrir okkur um það, eins og að var vikið áðan.

Það er sagt í grg., með leyfi forseta, að með þessum breytingum tengist saman raunverulegt vald og ábyrgð. Ég sé ekki hvaða ábyrgð hefur færst í þessu tilfelli yfir á núv. hæstv. ríkisstj. með formlegri aðild að kjarasamningum. Ég sé ekki annað en hún hafi verið gersamlega ábyrgðarlaus í þeim kjarasamningum sem hún stóð formlega að að gera á s. l. hausti, og mér dettur ekki í hug að halda, að þó að núv. hæstv. ríkisstj. fengi framlengda lífdaga sína að kosningum loknum, yrði hún ábyrgari eftir en áður, síður en svo. Og sjálfsagt mætti segja hið sama um flestar, ef ekki allar ríkisstj. sem verið hafa hér á undanförnum árum. Þær hafa meira og minna brugðist í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Hann var alltaf á móti vinstri stjórninni, þessi.) Hv. þm. Stefán Jónsson segir: „Hann var alltaf á móti vinstri stjórninni, þessi.“ Ég skal rifja upp fyrir þessum hv. þm. afstöðu mína til vinstri stjórnarinnar, sem var nákvæmlega sú sama og afstaðan, sem ég hafði til hæstv. núv. ríkisstj., varðandi það að ógilda gerða kjarasamninga. Þar skipti ekki máli fyrir mig, hvort það var hægri eða vinstri stjórn. Það var nákvæmlega það sama, sem vinstri stjórnin gerði 1974 og núv. ríkisstj. gerði nú fyrir nokkrum dögum, er hún ógilti gerða kjarasamninga. Því var ég á móti á sínum tíma. Það samþykktu hins vegar sumir, ef ekki allir hv. þm. Alþb. þá. Þar skildi í milli. Það skipti ekki máli í mínum huga, hvort um var að ræða ríkisstj. undir forsæti Sjálfstfl. í samstjórn með Framsókn eða hvort það var ríkisstj. undir forsæti Framsfl. í samstjórn með Alþb. og SF. Hér var um nákvæmlega sama atriði að ræða að því leyti, að báðar ógiltu þessar ríkisstj. gildandi kjarasamninga. Þar skildi milli feigs og ófeigs í afstöðu minni annars vegar og hins vegar þeirra hv. þm. sem studdu þáv. ríkisstj. Ég hef því haldið nákvæmlega sömu stefnu í þessu atriði og ég gerði sem stjórnarsinni. En það geta ekki allir sagt, ekki hv. þm. Stefán Jónsson. (Gripið fram í.) Þú getur ekki sagt um það heldur. Hv. þm. hefur verið á þingi undir sambærilegum kringumstæðum, að því er ég best veit, og haft þá svipaða ef ekki sömu afstöðu til þessara mála og virðist hafa komið fram nú á hinum síðustu tímum.

Það er því alveg augljóst mál, að í mínum huga skiptir ekki máli, hvort það er hægri eða vinstri stjórn í landinu, þegar kemur til þessa. En það skiptir suma hv. þm. máli, að því er virðist vera, og þeir um það. Þetta er að því leyti rétt hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að í þessu var ég á móti vinstri stjórninni, það er rétt. Og ég hef hlotið minn dóm fyrir þá ákvörðun mína. (**Gripið fram í:** Hann verður ekki framkvæmdur fyrr en í vor.) Ef þarf að minna hv. þm. á það, þá var kosið 1974 eftir að fyrrv. ríkisstj. — eða fyrrv. hæstv. forsrh. kannske réttara sagt — rauf þing og efndi til kosninga. Þá lá þessi afstaða mín fyrir og m. a., að því er ég best man, ekki síst talin ástæða til á Vestfjörðum af flokksbróður hv. þm. Stefáns Jónssonar að kjósa einmitt um þá afstöðu mína til ríkisstj., hvort ég vildi ógilda samninga eða ekki. Sá dómur er fallinn. Hann féll 1974. Og hversu mikil óskhyggja sem býr í brjósti hv. þm. Stefáns Jónssonar um að hér hafi aðeins verið um áfrýjun að ræða, þá bíð ég eigi að síður alveg rólegur þess æðsta dóms, ef hv. þm. Stefán Jónsson á við það, að hann komi í næstu kosningum. Ég hef engar áhyggjur, af því að á mínum heimavígstöðvum hefur það yfirleitt verið svo, sem betur fer, að menn hafa fremur látið málefni ráða en misjafnlega pólitískt lituð gleraugu. Og ég hygg að svo verði enn. En ég ætla ekki um það að spá, það kemur allt í ljós á sínum tíma.

Hv. frsm. vék aðeins að kafla, sem er í skýrslu hinnar margumtöluðu verðbólgunefndar, og las upp úr þeirri skýrslu, þ. á m., eins og oft hefur fram komið áður, að það var álit meiri hl. þeirrar nefndar, að setja bæri upp samstarfsnefnd, þ. e. a. s. samstarfsnefnd þriggja aðila, vinnuveitenda, verkalýðshreyfingar og ríkisvalds, sem í mínum huga þýddi það eitt, að þessir þrír aðilar, tiltölulega fámennur hópur í þjóðfélaginu, réðu í meginatriðum gerð kjarasamninga hverju sinni. Ábyrgðin og framkvæmdin yrði í höndum tiltölulega fárra einstaklinga hér í Reykjavík. Það þýddi í mínum huga þessi væntanlega samstarfsnefnd, sem hér er verið að tala um og menn hafa oft vitnað til að hafi gefið góða raun t. d. í Svíþjóð. Og ekkert hefur farið leynt, að það er margyfirlýst stefna Vinnuveitendasambands Íslands að færa samningsgerðina í hendur sem fæstra, auka miðstjórnarvaldið. Þetta er yfirlýst stefna Vinnuveitendasambands Íslands, enda þau samtök byggð upp á þessu í grundvallaratriðum og hafa margoft lýst yfir, að þau óskuðu þess eindregið að á sama hátt yrði verkalýðshreyfingin uppbyggð, aukið miðstjórnarvald þar. Þó hitt sé slæmt, sem menn hafa verið að

tala um áður, þá sýnist mér a. m. k. að í grg. þessarar till. megi lesa það milli lína, að enn þá lengra sé gengið í þessum efnum, því að með henni væri verið að færa alla samningsgerðina í hendur ríkisvaldsins. Og ég er nærri því viss um það, hvað sem menn hafa sagt um róttækni þeirra sumra hverra, hv. þm. Alþb., þá er ég nærri því viss um að þeir verða tiltölulega fáir sem telja þetta æskilegt í þeim herbúðum, sem á annað borð eitthvað þekkja til þessara mála og hafa nálægt þeim komið. Að þessu leyti ganga þessir hv. þm. Framsfl. svo miklu framar en þeir róttæku þm. Alþbl. sem margir eru um að tala.

Það er líka sagt hér, að með breytingu í þessa átt gætu vinnuveitendur, atvinnurekendur, ekki lengur skrifað undir samninga, eins og sagt er hér fullum orðum, held ég, einhvers staðar, — samninga sem þeir vissu fyrir fram að fyrirtækin þyldu ekki, í trausti þess að ríkisvaldið bjargaði þeim síðar. Í þessu sambandi vil ég segja það, að vissulega eru uppi ýmis vandamál hjá sumum hverjum atvinnugreinum. En þar er fyrst og fremst um að ræða vandamál, sem ekki er svo ákaflega erfitt að kippa í liðinn, eins og t. d. hjá fiskvinnslunni. Ég er t. d. viss um það, að ekki er gert ráð fyrir því, og væri raunar furðulegt ef ráð væri fyrir því gert í grundvelli eða rekstri fyrirtækis eins og t. d. hraðfrystihúss, að það gæti borið sig með því að hafa hráefni til vinnslu einungis 2—3 mánuði úr ári, eins og virðist vera hjá obbanum af fiskvinnslufyrirtækjum t. d. á Reykjanesi. Það er því ekkert vafamál, að þetta er hægt að laga með því að fækka fiskvinnslufyrirtækjum og koma rekstri þeirra á eðlilegan grundvöll, því eins og ég sagði áðan er það alveg út í hött að hægt sé að reka fyrirtæki sómasamlega með því einungis að það starfi kannske 2—3—4 mánuði úr árinu. Það væri meira en lítill gróði sem slíkur atvinnurekstur skapaði, ef rekstrargrundvöllur væri fyrir vinnslu kannske 4 mánuði úr árinu. Þó að ég hafi haldið því fram, að þessi fyrirtæki mörg hver blómstri, þá hef ég ekki gert því skóna, að það væri svo mikill afraksturinn af því, að þeim nægði að vinna 3—4 mánuði úr árinu. En þetta mun vera staðreynd, t. d. á Reykjanesinu, að þar hafa fyrirtæki ekki hráefni til vinnslu nema tiltölulega lítinn hluta úr árinu. Þetta þýðir auðvitað það, að þegar heildin er tekin saman, þó að frystihús eða fiskvinnslufyrirtæki í öðrum landshlutum standi sig bærilega, — þegar heildin er tekin saman og reiknað út meðaltal, þá er auðvitað bullandi tap á þessu öllu, þegar stór hluti fyrirtækjanna er rekinn þannig, að í raun og veru er glórulaust að ætlast til þess, að þau geti borið sig. Þetta er ekki hvað minnsti vandinn við að glíma í sambandi við rekstur fyrirtækja hér á landi. Því miður er tiltölulega lítt þekkt hér á landi að fyrirtæki fari á hausinn, en það er fjöldi fyrirtækja í landinu sem mætti fara á hausinn og þyrftu að fara á hausinn til þess að hægt væri að taka upp rekstur af einhverju viti. Þetta á kannske ekki heima í umr. um þessa þáltill., þótt að vísu sé óbeint komið inn á það, þegar því er slegið föstu í grg. með till., að forsvarsmenn hinna ýmsu atvinnufyrirtækja í landinu hafi vitandi vits skrifað undir samninga sem þeir töldu fyrir fram eða vissu fyrir fram að væri gersamlega vonlaust að fyrirtækin gætu staðið undir, í trausti þess að ríkisvaldið hlypi undir bagga. Þessu er mikilvægt að breytt sé, en ekki alfarið að ríkisvaldið sé látið yfirtaka alla þessa hluti. Það þekkjast auðvitað ágætis ríkisfyrirtæki, vel rekin, en nú kváðu vera uppi raddir um að selja þau ríkisfyrirtæki, fyrst og fremst, sem eru best rekin og hafa skilað hagnaði, en halda í þau sem tiltölulega lítill eða enginn rekstrargrundvöllur virðist vera fyrir.

Þeir segja hér, félagar, í grg., að með þessum vinnubrögðum verði sköpuð skýrari mörk um hvað væri verið að semja og við hverja væri verið að semja. Getur það verið, að forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafi í haust ekki vitað við hverja var verið að semja? Er það hugsanlegt? Ég held ekki. Ég ætla mönnunum það ekki, að þeir hafi ekki alveg vitað við hverja þeir voru að semja. Ég get sagt fyrir mig sem forsvarsmaður eins verkalýðsfélags í landinu, að ég hef alltaf talið mig vita við hvern ég væri að semja. Það hefur ekki skort á það. Það er ekki vandamálið, þannig að ekki þarf neitt skýrari löggjöf, skarpari mörk eða ákvæði um það, hvort þessi á að semja við þennan eða hinn við hinn. Þetta vita menn alveg. Það er ekkert vandamál. En hafi þetta átt sér stað t. d. hjá BSRB-mönnum í haust, þá hefðu hv. flm. þessarar þáltill. átt að vísa þeim veginn til hins rétta aðila, sem þeir áttu að semja við, ef þeir hafa ekki samið við þann rétta.

Nei, það er ekki það, sem um er að ræða, þetta er ekki vandamálið. Vandamálið er kannske fyrst og fremst það, hvernig menn verða gerðir ábyrgari gerða sinna. Það er fyrst og fremst það, sem ætti að vera mikilvægast í þessu sambandi. Kannske það komi með kjörorðinu sem þessari grg. lýkur á: Kjarabaráttan inn í kjörklefann. Kannske það komi með því, að samningarnir gildi eða hvað sem menn vilja hafa það.

Getur það verið, — mér er nú bara spurn, — getur það átt sér stað, að þessir hv. tveir þm. Framsfl. séu með tillöguflutningi af þessu tagi að reyna að slá ryki í augu kjósenda í landinu svona tiltölulega skömmu fyrir kosningar og á þennan hátt að reyna að leiða athygli almennings í landinu frá því, sem verið hefur að gerast í stjórnartíð Framsfl., til þess sem þeir félagar vilja, að verði gert í næstu stjórnartíð Framsfl. í samstarfi við íhaldið? Er það hugsanlegt? Ætli þessir tvímenningar hugsi sem svo: Það er vonlaust að ná þessu markmiði okkar fram í þessari þáltill. nema beina athyglinni að Framsfl. sem líklegustum aðila til þess að framkvæma eitthvað af viti varðandi samningsgerð í landinu. — Sé þetta meiningin, sem ég vil ekki segja beinlínis, en gæti komið til mála að væri, þá er ég ekki í neinum vafa um það, að þeir verða ekki margir sem láta blekkjast af þessu, nema þá því aðeins að fyrir liggi formleg viðurkenning af hálfu hv. þm. Framsfl. á því, að þeir hafi á síðustu þremur árum í raun og veru ekki vitað hvað þeir voru að gera með stuðningi sínum við þá efnahagsstefnu sem er í landinu.

Komi slík yfirlýsing og játning fram, þá gæti vel verið að fólk færi að hugsa sig um, hvort það væri nú ekki rétt að styrkja eitthvað stöðu þessara tveggja hv. þm. innan flokksins í væntanlegum kosningum. En komi engin slík játning fram, að þeim hafi kannske í raun og veru ekki verið um það kunnugt með stuðningi sínum við stefnuna, hvað þeir voru að gera, þá nægir ekki þessi þáltill. til þess að slá ryki í augu á fólki. Það verður í gegnum hana séð.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja þetta frekar. Ég er andvígur þeirri stefnu, sem túlkuð er í grg. með þessari þáltill., og tel að fremur eigi að beina athyglinni að því að gera kjarasamningana í landinu einfaldari, ekki flóknari. En ég stend í þeirri meiningu að með stórkostlega auknum afskiptum ríkisvaldsins verði þeir flæktir og kannske flæktir svo, að það botni enginn í þeim. Og auðvitað er ég andvígur því að gera slíka samninga sem enginn skilur.

Jóhannes Árnason: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs í upphafi umr. um þessa till., er sú, að ég á sæti hér á Alþ. aðeins um skamman tíma sem varamaður og á því ekki kost á að taka þátt í umr. um þetta mál síðar, þegar og ef það kemur til frekari umr. hér á hv. Alþingi.

Sú till. til þál., sem hér er til umr., felur það í sér, að lögfesta eigi að ríkisstj. sé á hverjum tíma virkur aðili að heildarkjarasamningi um kaup og kjör í landinu ásamt aðilum vinnumarkaðarins. Samkv. því sem fram kemur í grg., sem fylgir till., er aðaltilgangur till. sá, að hún felur það í sér að ríkisvaldið gerist beinn þátttakandi í gerð kjarasamninga og taki þannig fulla ábyrgð á framkvæmd þeirra á svipaðan hátt og um eigin starfsmenn væri að ræða. Ég held að sú stefna, sem þessi till. gerir ráð fyrir varðandi kaup og kjör á hinum almenna vinnumarkaði, sé næsta varhugaverð og mjög varhugaverð. Hér er um að ræða stóraukin ríkisafskipti, sem vissulega hafa verið ærin fyrir, eins og hv. síðasti ræðumaður kom réttilega inn á, — ríkisafskipti á sviði sem númer eitt á að vera fyrst og fremst mál aðila vinnumarkaðarins: launþega og vinnuveitenda. Ég er ekki viss um, hvort hv. flm. þessarar till. hafa hugsað þetta mál nógu vel eða það langt áleiðis, að þeir hafi gert sér grein fyrir ýmsum spurningum sem þarna koma upp. Og þessi till. vekur vissulega ýmsar spurningar og aths. sem mig langar til að víkja að nokkrum orðum.

Helstu rök, sem færð eru fram fyrir þeirri stefnu sem felst í till. og rækilega er komið inn á og greint frá í grg., eru m. a. þau, að ríkisvaldið hafi þegar svo mikið með kaupgjaldsmál hinna ýmsu starfsstétta í þjóðfélaginu að gera, að það réttlæti það að ríkisvaldið sjái nánast um þetta allt, ekki með nokkrum afskiptum, svo sem jafnan hefur verið, heldur með beinni aðild og beri þannig fulla ábyrgð á framkvæmd kjarasamninga á svipaðan hátt og um eigin starfsmenn væri að ræða, svo að ég endurtaki það sem ég vitnaði í áðan. Minna má það nú ekki vera. Þetta orðalag í grg. minnir mann óneitanlega á ákvæði í lögum um tekjuskatt og útsvar, sem gjarnan glymur í eyrum okkar í útvarpi. þegar verið er að minna atvinnurekendur og launagreiðendur á það, að þeir beri ábyrgð á opinberum gjöldum starfsmanna sinna alveg á sama hátt og um þeirra eigin gjöld væri að ræða. Ég geri ekki ráð fyrir því, að sú sé ætlun eða hugsun hv. flm. að ganga í raun og veru svona langt, því að með því væri hugsunin á bak við þessa till. beinlínis sú, að það væri kassinn hjá hæstv. fjmrh. sem þarna ætti að vera einhvers konar bakhjarl eða þá e. t. v. aukin seðlaprentun. Og hvað svo um verkfallsréttinn í þessu sambandi? E. t. v. má líka beina honum gegn ríkisvaldinu í einhverri mynd. Ég hélt nú satt að segja, að ríkisvaldið ætti fullt í fangi með að semja við sína eigin starfsmenn, félagsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamanna, og þá verkfallssvipu, sem þeir fyrrnefndu geta nú veifað, þó að ekki bættist við full ábyrgð á framkvæmd kjarasamninga hins frjálsa vinnumarkaðar eins og þar væri um eigin starfsmenn ríkisins að ræða.

Þá er einnig nefnt í grg, að nú séu komnar fram till. um að ríkið semji beint við bændur eða Stéttarsamband bænda. Um þetta segir svo í grg. með till., með leyfi forseta, orðrétt:

„Umr. um, að bændur semji beint við ríkisstj. hafa farið fram nokkur ár. Um það mál hefur verið nokkuð góð samstaða meðal bænda, en deilur um framkvæmd hafa verið miklar og hindrað framgang málsins. Nú virðist samstaða hafa náðst um málið, og á þessu þingi mun ríkisstj. bera fram frv. er felur í sér að bændur semji beint við ríkisstj. um kaup og kjör, og er ekki að efa, að það verður samþykkt.

Þetta kemur allt út af fyrir sig mjög til álita, enda er hér um allt annað að ræða en aðild að samningum launþega og vinnuveitenda á vinnumarkaðinum.

Í fyrsta lagi er spurningin um það, hvort bændur séu launþegar eða ekki. Um það skal ég ekki dæma. Svo mikið er víst, að bændur eru sjálfstæðir framleiðendur og hafa stundum vinnufólk, sem ótvírætt er þá launþegar, í þjónustu sinni, þótt raunar hafi verið meira um það fyrr á tímum, áður en tæknin hélt innreið sína í landbúnaðinn.

Þá er einnig á það að líta, að ríkisvaldið hefur nú þegar meiri og minni afskipti af launakjörum bænda. Þar á ég fyrst og fremst við uppbætur úr ríkissjóði á útfluttar landbúnaðarafurðir. En samkv. gildandi fjárl. fyrir þetta ár munu það vera hvorki meira né minna en nálægt 3 milljörðum kr. Enn fremur má nefna niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur fyrir innlendan markað. Þá hefur ríkisvaldið margháttuð afskipti af málefnum landbúnaðarins, sem skipta verulegu máli fyrir bændastéttina. Það sjáum við best ef við flettum fjárlagafrv. Síðast, en ekki síst, ber svo að nefna það, að bændur þurfa sem framleiðendur að fá rekstrarlán, og þá er spurningin hvernig þau eigi að greiðast, með hvaða kjörum o. s. frv. Þegar þetta er athugað nánar, þá er í sjálfu sér ekkert undarlegt þótt talað sé um beina samninga bænda við ríkisstj. varðandi kjaramál. Ríkisstj. er þegar á vissan hátt beinn aðili, enda skilst mér að óánægjan í sambandi við þau mál hafi fyrst og fremst

snúist um fyrirkomulagið á verðákvörðun landbúnaðarafurða. Hér er því ekki um sambærilega hluti að ræða, þegar rætt er um samninga við bændur annars vegar og svo hins vegar afskipti á hinum frjálsa vinnumarkaði.

Loks er talað um fiskverðið og sagt, að fiskverðið sé í flestum tilfellum ákveðið af yfirnefnd þar sem ríkið skipar oddamann og megi því með nokkrum sanni segja, að þar sé ríkið viðsemjandi á svipaðan hátt og hjá bændum. Ég vek athygli á því, að fiskverðsákvörðun er í fyllsta máta atriði sem skiptir máli í viðskiptum milli fiskseljenda og fiskkaupenda, enda þótt fiskverðið hafi vitaskuld svo sínar verkanir í ýmsar áttir eins og raunar margar fleiri verðlagsbreytingar í landinu. Hækkun á fiskverði verkar á kjör sjómanna, það er alveg rétt, þar sem það kemur inn í skiptaverðið. En það haggar ekki þeirri staðreynd, að samningsaðilar um bein kjör sjómanna í dag eru sjómenn sjálfir eða samtök þeirra annars vegar og samtök útvegsmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, hins vegar. Hvað fiskkaupendur aftur á móti snertir er dæmið erfiðara. Við hækkun fiskverðs eykst tilkostnaðurinn og aukinn tilkostnaður í atvinnurekstri kallar á auknar tekjur o. s. frv. Auknar tekjur útflutningsframleiðslunnar geta ekki komið nema annaðhvort með hækkuðu verði á markaðnum erlendis eða þá fyrir einhverjar aðgerðir stjórnvalda.

Ég ætla ekki að ræða þessa till. miklu nánar, en þó vil ég leyfa mér að vitna aftur í grg. till. ofarlega á bls. 2, en þar segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Staðreynd er, að þjónusta og umsvif ríkisins eru orðin það mikil hér á landi, að segja má að launaskrá ríkisins spanni flesta þætti þjóðlífsins. Það er því ekki stór vandi fyrir ríkisvaldið að finna flestum starfsmönnum stað í sinni launaskrá, en með því mundi skapast heildarsamræming á öllum launum í landinu, þó að því tilskildu að gott samstarf og samvinna tækist með ríkisvaldinu og launþegasamtökum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins.“

Manni verður nú að hugsa, að það sé engu líkara en allir eigi að lenda á einhvers konar launaskrá hjá ríkinu um það er lýkur. Auðvitað er það svo, að visst samræmi þarf að vera um kaup og kjör hliðstæðra starfshópa í þjóðfélaginu, en þetta hlýtur þó alltaf að vera innan viss ramma. En í niðurlaginu, sem ég vitnaði til, segir að það sé forsenda fyrir þessu, að gott samstarf og samvinna takist með ríkisvaldinu og launþegasamtökum og öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Og þá komum við aftur út úr þessu ríkisdæmi að raunveruleikanum í þessum málum, sem er einmitt gott samstarf og samvinna aðila vinnumarkaðarins, launþega og vinnuveitenda. Þetta eru samtök, frjáls samtök þessara aðila, sem skipta verulegu máli í nútímaþjóðfélagi, eins og öllum er kunnugt. Ég vil fyrir mitt leyti ekki gefa upp alla von um að þessir aðilar sýni í framtíðinni meiri samstarfsvilja en oft hefur verið á liðnum tíma og meiri ábyrgð í störfum sínum en oft hefur verið. Ef það gerist ekki, er eins víst að búast megi við að till. sem þessari vaxi fylgi í framtíðinni.

Ég fyrir mitt leyti lýsi yfir andstöðu við þessa till. Ég tel að standa eigi öðruvísi að samningamálum á vinnumarkaðinum en verið hefur og þar megi um margt bæta. Það er þess vegna sem við höfum lagt fram hér í Sþ., ég og hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, till. til þál. á þskj. 392, sem var útbýtt á fundinum í dag og kemur væntanlega á dagskrá í næstu viku. Þetta er till. til þál. um hagstofnun launþega og vinnuveitenda, sáttastörf í vinnudeilum o. fl. Þessi till. felur það m. a. í sér að efla starfsemi ríkissáttasemjara, gera starf hans að aðalstarfi, og það þarf að veita ríkissáttasemjara miklu meiri heimildir og meira vald en hann hefur núna. Þá er og lagt til, að við embætti ríkissáttasemjara verði starfrækt sameiginleg hagstofnun launþega og vinnuveitenda, sem geti orðið aðilum vinnumarkaðarins til ráðuneytis um ýmis hagfræðileg efni sem nauðsynleg eru við undirbúning og gerð kjarasamninga. Þarna verði tekið upp miklu nánara samstarf aðila vinnumarkaðarins og stuðst við þá miklu hagfræðilegu þekkingu, reynslu og skýrslugerð sem fyrir hendi er í dag. Að mínu áliti á hlutverk ríkisvaldsins í þessum efnum fyrst og fremst að vera sáttastarfið og þess vegna beri brýna nauðsyn til að efla embætti ríkissáttasemjara. Ríkisvaldið á að mínu áliti að vera fyrst og fremst til þess að vernda hagsmuni borgaranna í þjóðfélaginu á margvíslegan hátt, en ekki taka að sér forsjá þeirra í einu og öllu. Hitt er aftur á móti staðreynd, að ríkisvaldið verður oft að grípa inn í samskipti aðila, bæði á vinnumarkaðinum og undir öðrum kringumstæðum, og til þess hefur það allar heimildir.

Þá vil ég að lokum taka undir það, sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., Jóns Sólnes, að ég er þeirrar skoðunar að gera þurfi margvíslegar og veigamiklar breytingar á þeirri löggjöf sem í dag er í gildi um samskipti aðila vinnumarkaðarins, vinnulöggjöfinni, þ. e. a. s. lögum nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, en það verður ekki rætt frekar að þessu sinni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki halda langa ræðu um þessa þáltill., sem mér finnst fyrir margra hluta sakir harla merkileg. Því skal ekki neitað, að þegar ég las fyrst sjálfa tillgr., þá kom mér það helst í hug, hvort hv. flm., sem ég hef báða þekkt frá unga aldri, væru farnir að leyfa sér að rifja upp að nýju ágæt lífsviðhorf sem þeir voru þekktir fyrir fyrr á ævinni. Hv. 1. flm., Gunnar Sveinsson, þótti fyrir 30 árum hafa sérstakt lag á því að gera grín að félögum sínum á góðlátlegan hátt. og Ingvar Gíslason þótti þá þegar, þegar ég kynntist honum um fermingu, — hann var þá eitthvað um 12 ára aldur, — alveg sérstaklega alvörulítill ungur sveinn, þegar að því kom að ræða hin háleitustu málefni.

Ég gat ekki að því gert, að tillgr. sló mig þannig, að nú ætti að gera endanlega út af við hæstv. ríkisstj. með háði í tengslum við þá kjarasamninga sem hún var allt að því eins virkur aðili að og hugsast getur, þar sem voru samningar þeir sem ríkisstj. sjálf gerði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fyrir þremur mánuð-

um til þess eins, að því er virðist, að neyta þingfylgis til þess að brjóta þá formlega þremur mánuðum síðar.

Við lestur grg. kemur aftur á móti í ljós, — þó að ég vilji nú ekki alveg fría þá hv. þm., flm. till., af þessum grun um skop í afstöðu sinni til núv. ríkisstj., — að það er nú þrátt fyrir allt annað og miklu merkilegra sem fyrir þeim vakir. Ég fæ ekki betur séð en meginefni þáltill. sé þess vert, að það sé hugleitt mjög vel þegar rætt er um leiðir út úr íslenskum efnahagsvandræðum. Hér er rætt ljósum orðum um ýmis þau sannindi, sem varða kjarasamninga á landi hér og kjör alþýðu manna, ýmis þau sannindi sem hv. alþm., að ég tali nú ekki um mjög svo hv. efnahagsmálasérfræðinga sem ríkisstj. styðst við, virðast líta á sem einhvers konar tabú, sem alls ekki megi ræða eða koma inn á. Þar sem fjallað er í grg. um hina auðrötuðu götu atvinnurekenda í kjarasamningum í ríkisfjárhirslurnar, þá er freistandi að rifja upp harla merkilega grein, sem Benjamín Eiríksson hagfræðingur, dr. í hagfræði frá Harwardháskóla, skrifaði á sínum tíma, á ákaflega viðkvæmum tíma í Dagsbrúnarverkfallinu mikla í maí 1955 og birtist samtímis í Morgunblaðinu og Tímanum. Þar gerði hann mjög svo skarpa grein fyrir þessum ferli, hvernig komið væri um frjálsan samningsrétt og verkfallsrétt alþýðusamtakanna í landi, þar sem það væri orðin viðtekin hefð að atvinnurekendur gætu um hver áramót skrifað velviljaðri ríkisstj., sem þeir tryggðu í sessi, bréf og látið fylgja með reikning fyrir mismuninum á því, sem þeir sömdu um við verkalýðshreyfinguna, og því, sem þeir töldu að fyrirtæki þeirra gætu staðið undir, og höfðu þennan reikning, sagði Benjamín, ætíð ríflegan til þess að vera vissir. Þeir fengu hann borgaðan vegna þess að kúnstin var orðin sú að tryggja aðstöðu sína í ráðherrastólunum, þá var minna um hitt vert, hvernig samið var.

Það blasir vitaskuld við launþegum á landi hér, sem gerðu sína samninga fyrst fyrir tilstuðlan Alþýðusambands Íslands fyrir 7 mánuðum og síðan fyrir þremur mánuðum fyrir tilstuðlan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að kjarasamningar verða ekki tryggðir með neinu öðru móti en því, að þetta fólk tryggi það, að ekki sitji fjandmenn þess á ráðherrastólum. Þetta blasir við. Það, sem hv. flm. segja um nauðsyn þess að flytja lokabátt kjarabaráttunnar yfir í kjörklefann, er rétt. Mér til mikillar gleði þykist ég sjá, að hv. flm. tveir séu hér í alvöru að boða atfylgi sitt við myndun nýrrar vinstri stjórnar á Íslandi.

Hv. þm. Jón Sólnes hóf ræðu sína gegn þessari þáltill. með kveðanda nokkrum um Sovét-Ísland „Sovét-Ísland, óskalandið, hvenær kemur þú?“ Ekki fæ ég nú séð að það raunsæi, sem hv. flm. þessarar till. líta íslensk efnahagsmál og vanda íslenskrar alþýðu í kjarabaráttunni, að það raunsæi hljóti að geta af sér eftiröpun á erlendu þjóðskipulagi á nokkurn handa máta. En verði þeim raunsæju viðhorfum, sem kynnt eru í þessari merkilegu grg., ekki fylgt eftir með raunhæfum aðgerðum og látið við það sitja að skilgreina vandamál á þennan hátt, en haldið áfram að ástunda þær krampakenndu handleggshreyfingar sem þessir hv. þm. stunda hér í sölum Alþ. við atkvgr. um málefni sem snúa til algerlega öndverðrar stefnu í þessum meginmálum, þá verða skilgreiningar af þessu tagi harla lítils virði. Ég hygg, að það sé hreint ekki ýkt, sem hv. frsm. Gunnar Sveinsson sagði í ræðu sinni um það, með hvaða hætti verkalýðshreyfingin með samvinnuhreyfinguna að bakhjarli braut niður þetta, sem hv. frsm. kallaði hið frjálsa markaðskerfi í ákvörðun launamála hér á landi. Þetta gerðist. Kerfið var brotið niður. Og hinir snjöllu, en sigruðu erindrekar hins brotna kerfis fundu upp nýju aðferðina til þess að tryggja sinn stóra hlut, sinn stóra geira af þjóðarkökunni, sem hv. frsm. nefndi svo, með því að beita afli sínu til þess að tryggja sér meiri hluta í löggjafarsamkundunni og tryggja sér þá aðstöðu á ráðherrabekkjunum sem til þess nægði að koma í veg fyrir að sá ávinningur, sem verkafólkið náði í gegnum skipulagt starf sitt innan verkalýðshreyfingarinnar og samvinnuhreyfingarinnar, yrði æ af þessu fólki tekinn með stjórnarráðstöfunum. Árangurinn varð sá, að við fengum í staðinn fyrir hið frjálsa markaðskerfi, sem þarna var brotið á bak aftur, þetta óskepi hins dæmafáa braskarasamfélags sem verkalýðshreyfing og samvinnuhreyfing hafa staðið meira og minna máttvana gegn.

Ég hlýt að leiðrétta smávegis misskilning, sem kom fram í ræðu hv. frsm. varðandi dæmi sem hann tók um nýafstaðið verkfall slökkviliðsmanna í Bretlandi, þegar stjórn Callaghans setti hermenn til þess að gegna störfum verkfallsmanna. Ástæðan fyrir því, að stjórn Callaghans, stjórn Verkamannaflokksins, gat gert þetta og gerði það, að setja hermenn þarna til starfa, var sú, að stjórnin hafði gert samkomulag við miðstjórn breska alþýðusambandsins um að kauphækkanir á ákveðnu tímabili skyldu ekki fara fram úr 10%. Það var með vilja og vitund breska verkalýðssambandsins sem þarna voru settir til opinberir starfsmenn í einkennisbúningum til þess að gegna þessum störfum í neyð. Að dómi breska verkalýðssambandsins var um slíkt verkfall að ræða, sem taldist ófélagslegt athæfi, athæfi, og ég verð að segja fyrir mína parta, að ég hlýt að játa að verkföll öll sem slík hjá einstökum hópum eru ekki heilagar kýr. Ég get nafngreint ykkur verkföll sem gerð hafa verið berlega gegn hagsmunum verkalýðsins. Síðasta dæmið og það gleggsta, sem ég get nefnt ykkur, er verkfall vörubílstjóra í Chile á sínum tíma, kostað af CIA, amerísku leyniþjónustunni, til þess að ryðja ríkisstjórn verkafólks frá völdum. Þess háttar leik er hægt að leika víðs vegar og ófélagslegar athafnir af þessu tagi eru hugsanlegar á mörgum sviðum og í mörgum löndum. Ástæðan fyrir því, að stjórn Callaghans beitir hernum, ekki til þess að skjóta verkfallsmenn eða berja á þeim, heldur er kvatt til herlið til þess að gegna störfum þessa fólks, þó að þetta væri verkamannaflokksstjórn, — staðan var beinlínis sú, að þetta var gert í samstarfi við bresku alþýðusamtökin til þess að leysa ákveðin vandamál.

Við skulum ekki vitna í Taft-Hartley-lögin amerísku í sambandi við kolanámuverkfallið sem

nú er víst í þann veginn að ljúka án þess að Taft-Hartley-lögunum sé beitt. Við skulum ekki vitna í Taft-Hartley-lögin að því leyti. Við skulum ekki vitna í erlenda löggjöf, sem á við aðrar aðstæður í annars konar löndum, þegar við hugleiðum breytingar á vinnumálalöggjöfinni hér á landi. Ég vil undirstrika það, að þau þingmál, sem við Alþb.-menn höfum flutt á Alþ. í vetur og vitnað er til í 3. mgr. grg. hér, lúta ekki að breytingum á íslenskri vinnulöggjöf, hvorki till. okkar um að bændur taki upp beina samninga við ríkisvaldið né heldur þáltill. um hámarkslaunin. Í síðara tilfellinu, þar sem ég er aðili, þáltill. um hámarkslaunin, er aðeins um það að ræða að Alþ. setji reglur um réttláta skipan launa, smíði ramma um framkvæmd löggjafar.

Breytingar á vinnulöggjöfinni, sem efalaust verða einhvern tíma gerðar, verða vandasamt verk, þar sem ekki kemur annað til greina en hafa hið nánasta samstarf við verkalýðshreyfinguna og samtök launamanna. Og ef svo færi, eins og hv. ræðumenn úr hópi sjálfstæðismanna hér á þingi virðast ugga um, að samþykkt á till. af þessu tagi mundi leiða til þess að atvinnurekendur yrðu ekki til lengur, þá þyrfti náttúrlega ekki þá til að kveðja við samningu slíkrar vinnumálalöggjafar. En við skulum gera okkur grein fyrir því, og þar tek ég undir orð hv. þm. Karvels Pálmasonar, að enda þótt atvinnurekandi á Íslandi yrði aðeins einn, þ. e. a. s. ríkisvaldið, sem er nú þegar langstærsti atvinnurekandinn, stærsti launagreiðandinn á Íslandi, þótt hann yrði bara aðeins einn, þá værum við ekki búnir með því að leysa öll þau vandamál sem lúta að kjörum hinna ýmsu stétta á landi hér. Það yrði enn þá þörf fyrir verkalýðsfélög. Og grunur minn er sá, að þá fyrst yrði þörf fyrir virkilega samstöðu og styrk, þegar að því væri komið, að atvinnurekandinn væri einn með allt afl ríkisvaldsins á bak við sig, þótt hér væri enginn her.

Að því hefur krókurinn beygst öll þessi ár, sem liðin eru síðan ég fór að fylgjast með íslenskum atvinnumálum og til þessa dags, og þó örast nú síðustu 4 árin, að atvinnurekendur geta skákað í skjóli þess að ráða ríkisvaldinu með tilstyrk meiri hl. hv. alþm., með tilstyrk jafnágætra manna, gáfaðra og velviljaðra eins og hv. flm. þessarar ágætu þáltill., *vissulega í kompanii* við aðra ágæta þm., eins og t. d. hv. þm. Jón Sólnes. Í þessu valdi sameinuðu geta atvinnurekendur skákað þegar þeir gera kjarasamninga sem þeir ætla sér að láta legáta sína brjóta. Ég skil sjónarmið hv. þm. Jóns Sólness harla vel. Þá er hann að mæla fyrir hugsjón sinni svikalausri og án yfirdrepsskapar, þegar hann segir: Ég ætlast til þess að einstaklingar njóti arðs af fyrirtækjum sínum þegar vel gengur. Ég ætlast líka til þess, segir hv. þm. Jón Sólnes, að þeir beri sjálfir skaðann þegar illa gengur. En einhvern tíma minnir mig það, — ég vona að hv. þm. leiðrétti mig ef það er rangt, — en mig minnir að hann hafi greitt atkv. ásamt hv. þm. Framsfl. og öðrum þm. stjórnarliðsins hérna með lagafrv. ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum. Þar voru ógiltir með lögum kjarasamningar, sem Alþýðusamband Íslands gerði við atvinnurekendur fyrir 7 mánuðum og formælendur atvinnurekenda lýsa nú yfir að þeir hafi gert, þótt þeir vissu að þeir gætu staðið við þá, í því trausti, að erindrekar þeirra á Alþ. mundu taka að sér þetta lítilræði fyrir þá, eins og þeir hafa ávallt gert, að ógilda samningana.

Ég er þeirrar skoðunar að meginatriðin í þeirri hugsun, sem gerð er grein fyrir í þessari þáltill., séu þess verð að við hugleiðum þau mjög vandlega í sambandi við umfjöllun okkar um efnahagsvandræði þessarar blessuðu þjóðar. Ég veit að hv. flm. reikna fastlega með allt annars konar ríkisstj. en þeirri, sem nú situr, renna vonaraugum til þess tíma, að ríkisstj. flokksins eigi að hafa heiðarleg afskipti af kjarasamningum á landi hér, því að ég ætla þeim ekki þá dul, ég ætla þeim ekki þann óheiðarleika, þann skripishugsunarhátt að búast við því, að ríkisstj. af þessu tagi geti gerst á ærlegan hátt virkur aðili að heildarkjarasamningum um kaup og kjör hér á landi, sem fólkið geti tekið mark á. Það mundi jafngilda því að kveða á um það með lögum, að ómerkur aðili skuli vera beinn og viðurkenndur aðili að almennum kjarasamningum á landi hér.

Flm. (Gunnar Sveinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir málefnalegar umr. um þessa till., sem hér hefur verið flutt, og ætla aðeins að koma inn á nokkur atriði sem þeir hafa staldrað við.

Jón Sólnes byrjaði með því að ræða þessa till. á þann hátt, að hér væri verið að stefna að Sovét-Íslandi. Ég var svo sem ekkert hissa á því, þó að Jón notaði þetta orðalag, því að ég hafði heyrt þetta af munni annarra sem ég hafði sýnt þessa þáltill. Þeir töldu að óathuguðu máli að þarna væri verið að fara inn á þessa leið. En eftir nánari athugun sáu þeir að þeir höfðu í fljótræði tekið þarna afstöðu sem ekki var raunhæf þegar þeir höfðu lesið frv. yfir.

Það, sem fram kemur fyrst og fremst í þessari till., er að við erum að viðurkenna staðreyndir. Þeir, sem hafa fylgst með samningagerðum undanfarin ár og áratugi jafnvel, geta ekki annað en komist að þeirri niðurstöðu, að það er raunverulega ríkisvaldið sem hefur úrslitaorðið í öllum kjarasamningum sem gerðir eru hér á landi. Við, sem höfum fylgst með þessum samningum, vitum að til eru kallaðir í sjónvarp og útvarp ágætir menn, eins og Björn Jónsson og Jón H. Bergs. Þeir sitja andspænis okkur, sem horfum á sjónvarpsskerminn, og ræða um kaupgjaldsmálin, hvernig samningar gangi o. s. frv. En við vitum að það, sem allt veltur raunverulega á, er hvaða ráðstafanir ríkisstj. muni gera til þess að leysa deiluna. Þeir verða að viðurkenna það sjálfir, að hvorki gengur né rekur fyrr en ríkisvaldið á hverjum tíma hefur sagt sitt orð. Og þess vegna tel ég að nauðsynlegt sé, að þegar menn eru að ræða málin yfirleitt, þá viðurkenni þeir þessar staðreyndir. Ég held því, að ljóst sé að sú samningagerð, sem kemur til með að eiga sér stað milli allra aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins, sé raunverulega það, sem um er að ræða.

Ég vil koma hér inn á það, sem Karvel Pálmason sagði um það sem stendur í grg.: við hverja

er verið að semja og um hvað er verið að semja. Það, sem felst í grg., er raunverulega þetta: að menn geri sér grein fyrir því, að á bak við þá aðila, sem fjalla um samningsgerðina, er ríkisvaldið stærst, menn reikna með því, þegar þeir ræða við þá aðila sem til viðræðu eru.

Ég minnist þess í sambandi við það að Jón Sólnes var að tala um Sovét, að á sínum tíma var Jónas Jónsson kallaður bolsi og á þeim tíma var hann einna mest umtalaði maður hér á landi og í forustusveit fyrir Framsfl. Það var einmitt Sjálfstfl., sem hafði það orð um Jónas. En ég er hræddur um að í dag verði ekki sú skoðun uppi á teningnum, að hann hafi nokkurn tíma aðhyllst þá stefnu sem á sínum tíma var kölluð bolsévismi og var í Rússlandi.

Ég er alveg sammála Jóni í því, að raunverulega byggist kaupgjaldið og afkoma okkar þjóðar á aflabrögðum og framleiðslu. Svo kemur skipting á þessum tekjum, sem ég er að ræða um, eftir því hvað mikið er til skiptanna. Og það eru raunverulega skiptin sem við erum að ræða um, þegar við erum að tala um kaupgjaldsmálin og hvernig þau fara fram. Ég vil líka benda á í sambandi við það sem hann sagði, að í skýrslu um verðbólguvandann mæla þeir raunverulega með þessari leið, en þeir ganga bara ekki alveg eins langt og hér er gert. Ég gerði grein fyrir því í framsöguræðunni, að ég teldi að þeir hefðu gengið of skammt til þess að ná árangri. Jón Sólnes benti á, að hann teldi að minni þátttaka ríkisvaldsins í samningum væri sú leið sem við ættum að fara frekar en auka þátt ríkisins. En ég tel að sú þátttaka, sem ríkið hefur núna í samningum, sé algerlega í lágmarki til þess að samningar geti náðst og samningarnir verði, eins og ég tók fram í framsöguræðu, miklu affarasælli með þeirri tilhögun sem hér er um að ræða. Í nýrri vinnulöggjöf, sem hann ræddi um og taldi að væri nauðsynlegt að setja, mundi þetta efalaust koma fram. Ég vil taka fram, að í þáltill, sem hér er til umr., er fyrst og fremst rætt um það, að haft sé fullt samráð við aðila vinnumarkaðarins um það frv., sem hér er lagt til að verði samið og feli þetta í sér sem gerð er grein fyrir í þessari grg. Hvað svo þeir samningar ná langt í sambandi við aðila vinnumarkaðarins kemur náttúrlega í ljós þegar það frv. verður samþykkt.

Aðeins nokkur orð um það sem Karvel Pálmason talaði um.

Ég vil taka fram, að ég er hér ekki að flytja mál sem ég tel að tengist beint afskiptum núv. ríkisstj. af samningum, því að ég reikna með að allar ríkisstj., sem verið hafa, hafi á einhvern hátt tekið þátt í samningsgerð. Ég ætla þess vegna ekki að fara að ræða við hann um hvernig ríkisstj., sem nú situr, kemur út úr þessu máli, ef þetta er svona meðan á hennar stjórnarferli stendur, heldur um þá meginstefnu sem felst í því að hafa það fyrirkomulag sem ég er að ræða um. En Karvel lýsti yfir því, að hann væri því andvígur að ríkisvaldið væri nánari aðili að samningsgerð. Hann var einnig á móti því, að stofnuð yrði samstarfsnefnd til þess að aðilar vinnumarkaðarins gætu rætt saman. Það finnst mér koma úr hörðustu átt, ef þeir menn, sem eru í forsvari fyrir verkalýðssamtökin, geta ekki einu sinni sætt sig við að hafa samstarfsnefnd, sem ræðir um málin áður en þau koma til framkvæmda og til samningsgerðar kemur. Það er náttúrlega fyrir neðan allar hellur, að mínu áliti, að menn geti ekki talað saman, hvernig svo sem þeir líta á þá hluti sem um á að ræða.

Hv. þm. áleit, að með þessu væri raunar ríkisvaldið að yfirtaka bæði verkalýðsfélög og atvinnurekendur og þetta yrði bara einstefna. En eins og frem kemur í þessari till. er hér um algeran misskilning að ræða. Hér er fyrst og fremst verið að byggja upp, eins og segir í verðbólguskýrslunni, lýðræðislegt fulltrúavald Alþ. með frjálsum samningum. Það er aðeins gengið dálítið lengra og af meiri einurð en áður hefur verið gert.

Hv. þm. minntist aðeins á samvinnuhreyfinguna, af því að ég minntist á hana og hinn gullna meðalveg. Ég get vel viðurkennt, að oft hefur verið erfitt að fara þennan gullna meðalveg, en þó vil ég fullyrða með vissum og ábyggilegum rökum, að Vinnumálasamband samvinnuhreyfingarinnar hefur alltaf verið velviljað verkalýðsfélögunum. Þar hefur aðeins verið um það að ræða, á hvern hátt ætti að nálgast það dæmi sem um er að ræða. Það hefur oft verið erfitt, því að þar hefur verið um pólitíska andstöðu að ræða í mörgum tilfellum. Ég tel að með stofnun Vinnumálasambandsins hafi verið stigið stórt spor í þá átt að reyna að ná samkomulagi á þessu sviði, þó að það gæti verið betra. Það þyrfti að vera meiri skilningur þarna á milli og meiri samvinna en nú er.

Ég skal ekki verða mjög langorður, af því að það er liðið töluvert á tímann. Jóhannes Árnason ræddi um aukin afskipti ríkisvaldsins. Ég held að þeir menn, sem tala þarna um mikil aukin afskipti ríkisvaldsins sem einhvern voðalegan vanda sem upp kæmi, verði að athuga á hvern hátt þessum málum er skipað í dag. Ríkisvaldið er þegar farið að semja við um 35% af þjóðinni. Við verðum að viðurkenna það. Hví ætti það ekki að geta orðið með þá, sem eftir eru, á sama hátt og þá, sem fyrir eru, innan þeirra marka sem við setjum, í samráði við þá aðila sem um það eiga að fjalla? Ég tel að ekki sé svo mikill munur þarna á bændum og sjómönnum. Þetta er náttúrlega ekki eins í smáatriðunum, en markar heildarstefnuna.

Ég hef lesið þá till., sem þeir flytja hv. þm. Jóhannes Árnason og Pétur Sigurðsson og mér fannst hún fyrir marga hluti athyglisverð. En það er að mínu áliti sami galli á henni og fram kemur í skýrslunni um verðbólguvandann: þar er ekki tekið á málum af nógu raunsæi. Það er verið að skipa nefnd til þess að fjalla um málið án þess að sú nefnd eigi á einn eða annan hátt að hafa raunveruleg áhrif á það sem gerist þegar til úrslitanna kemur. (Gripið fram í) Já, ég held að sú tillögugerð feli ekki í sér lausn á vandanum, en náttúrlega eru menn frjálsir að því að hafa þá skoðun.

Út af því, sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði, þá fagna ég því, að hann telur að vert sé að taka til athugunar, þegar þessi dæmi eru gerð

upp, þá till., sem hér er til umr., og að í henni geti ásamt öðru falist lausn, sem gæti haft þau áhrif að þessi mál kæmust í betra horf en raun hefur verið á undanfarið. Hann talaði um tillöguflutning Alþb. á þessu þingi. Ekki kom nú fram í framsöguræðu minni, að ég teldi að þar ætti að breyta neinu í vinnulöggjöfinni, þannig að það var heldur ekki meint þannig. En ég ætla ekki að fara að ræða við Stefán Jónsson um þessa ríkisstj. eða samninga hennar við ríkisstarfsmenn. Mér heyrðist á hv. þm. Karvel Pálmasyni, að hann segði áðan, án þess að Stefán Jónsson mótmælti því, að Stefán hefði staðið að svipuðum aðgerðum 1974, kannske með krampakenndri hendi eins og hann vildi meina að við Ingvar hefðum gert fyrir helgina. Hann mótmælti því ekki á sínum tíma, þannig að ég veit ekki, hvern hann er um að saka, hvort aðgerðir voru miklu verri nú en það sem gert var þá. En staðreyndin er sú, að þegar þarf að gera hlutina, þá verða menn oft að gera ýmislegt sem þeir kannske hefðu viljað gera öðruvísi.

Ég þakka mönnum fyrir málefnalegar umr. og held að ég lengi ekki mál mitt meira.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þetta eru orðnar býsna langar umr., hafa staðið hér næstum að segja allan fundartímann eða mikið til, og það má segja um þessar umr., að þær hafa verið skemmtilegar, og það er m. a. því að þakka, að þeir menn, sem til máls hafa tekið, eru þannig gerðir, að þeir eru sjaldnast leiðinlegir í ræðum og maður veit alltaf hvar þeir standa. Ég vil þakka þeim fyrir ágætar ræður hvað það snertir. Hinu er náttúrlega ekki að leyna, að okkur flm. þessarar till. hlýtur að finnast, að ansi mikið af því, sem þeir hafa sagt, sé byggt á misskilningi. Ég gladdist að vísu yfir orðum hv. þm. Stefáns Jónssonar, þar sem hann tók eitthvern veginn svo til orða, að þessi till. væri þó þrátt fyrir allt þannig, að hún ætti fullan rétt á því að vera skoðuð og tekin til athugunar hér í hv. Alþ. og í sambandi við almennar umr. um breytingar á vinnulöggjöf. Ég held að ég hafi skilið hv. þm. rétt, þegar hann tók eitthvað til orða á þessa leið, og fyrir þetta vil ég þakka honum, vegna þess að í ræðu hans kom þó fram sá skilningur, sem við gjarnan vildum að kæmi hér fram og er raunar höfuðatriðið, að í þessari till. okkar er verið að benda á atriði sem við teljum að þurfi að ræða miklu meira en gert hefur verið og að þessi hugmynd okkar um beina eða virka aðild ríkisvaldsins að samningum eigi fullan rétt á sér.

Ræða hv. 2. þm. Norðurl. e., Jóns G. Sólness, var ákaflega skemmtileg. En niðurstaðan af hugleiðingum hans fannst mér satt að segja ekki sérlega sannfærandi, þegar hann gekk svo langt að halda því fram, að þarna væri verið að kalla á óskalandið Sovét-Ísland, sem einu sinni var kveðið um. Ég held að það sé mjög fjarri því, að þessi till. geti leitt til nokkurs slíks. En aftur á móti kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Sólness sú afstaða sem við þekkjum hjá honum. Hann er núna, má segja, nálega eini maðurinn hér á hv. Alþ., sem fylgir fram gömlu, óheftu frjálsræðisstefnunni, laissez-faire stefnunni, sem hér var talsvert í tísku í heiminum um aldamótin, fyrir þau og eitthvað á fyrstu árunum eftir aldamótin síðustu, jafnvel eitthvað fram á þá daga þegar hv. þm. fæddist sjálfur, sem ég held að sé eini maðurinn núna á Alþ. sem er stuðningsmaður þessa óhefta frjálsræðis í þjóðmálum. Þetta kom mér út af fyrir sig ekkert á óvart, að hann skyldi lýsa þeirri skoðun sinni, og ég get vel haft samúð með skoðun hans eða verið fús til þess að virða hana, en hins vegar er ekki við því að búast að við séum, við flm. a. m. k. og aðrir hv. þm., við því búnir að samsinna henni. Hv. þm., sem sagt, óttaðist þetta einna mest, að þessi till. væri svo róttæk að hún mundi þýða það, að hér væri komið á sovétskipulag ef hún kæmist í framkvæmd.

Hv. þm. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., var að vísu ekki alveg á sömu skoðun efnislega og hv. þm. Jón Sólnes, að öðru leyti en því, að hann taldi að þetta mundi leiða til þess háttar ríkisafskipta sem yrðu til þess að leggja niður stéttarfélögin og gera þau óþörf eða nánast óvirk. En sannleikurinn er sá, að slíkar skoðanir þessara hv. þm. eru augljóslega rangar og þeir eru að lesa eitthvað það út úr till. sem þar stendur alls ekki. Það er satt, sem hv. þm. Jón Sólnes sagði, að þetta væri ósköp saklaus till. á ytra borði, og hún er það líka að efni til. Og ef við lesum þessa till., þá skýrir hún sig sjálf, orðalag hennar skýrir sig sjálft, og það er langbest að menn lesi till. sjálfa og finni það út úr henni sem í henni felst, því að það eina, sem þarna kemur fram, er að það skuli undirbúa í samráði við aðila vinnumarkaðarins frv. til laga, sem feli það í sér að ríkisstj. á hverjum tíma sé virkur aðili að samningum um kaup og kjör í landinu „ásamt aðilum vinnumarkaðarins."

Og hverjir eru aðilar vinnumarkaðarins? Við teljum að þeir séu tveir, þ. e. a. s. svokallaðir atvinnurekendur og svo verkalýðs- eða launþegahreyfingin. Þetta er það sem við köllum aðila vinnumarkaðarins. Og við flm. þessarar till. sleppum þessum aðilum ekki úr í tillgr. okkar, við höfum þá svo sannarlega í huga. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að við erum báðir þess sinnis, að það eigi að sjálfsögðu að virða samningsrétt verkalýðsfélaganna og samningsrétt beggja aðila vinnumarkaðarins. Við viljum svo sannarlega að þessir aðilar ræðist við og semji um kaup og kjör, en við viljum jafnframt, að ríkisvaldið verði einnig aðili að slíkri samningsgerð. Það er vegna þess, að við teljum, að það mundi auðvelda samningsgerð, það mundi verða til þess að samningar væru yfirleitt, — já, ef svo má segja, — það væri greiðara og fljótvirkara að gera slíka samninga. Og við erum sannfærðir um að það yrði til þess að samningar væru yfirleitt réttlátari, það yrði meiri heildaryfirsýn í samningagerðinni, þeir væru réttlátari og þeir væru líklegri til að verða efnahagslega skynsamlegir, ef ég má leyfa mér að nota slíkt orðalag eða ef ég má yfirleitt leyfa mér að hafa þá skoðun, að nauðsynlegt sé að kjarasamningar séu efnahagslega skynsamlegir.

Ég skal ekki fara að orðtaka hér einstakar ræður manna. Ég hef gefið þeim þá einkunn, að þær hafi verið skemmtilegar og ágætar að því

leyti, en því miður fullar af misskilningi. Það hefur komið fram hjá nokkrum hv. þm., ég held bæði hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni og raunar hjá Stefáni Jónssyni líka, að við flm. værum með eitthvert grín í huga þegar við flyttum þetta mál, þetta væri einhvers konar grín um ríkisstj., við værum að hæðast að henni. En svo er auðvitað alls ekki. Sannleikurinn er sá, að þó að við höfum verið dálítið grínaktugir í bernsku og fram eftir unglingsárunum hér fyrrum, þá lítum við náttúrlega afskaplega alvarlegum augum á ríkisvaldið, hvert sem það er á hverjum tíma, eða ríkisstj. á hverjum tíma, og við leyfum okkur ekki hér í þingsölunum, þó við kannske gætum gert það einhvers staðar annars staðar, að gera grín að þessari ríkisstj. eða annarri ríkisstj. eða ríkisvaldinu yfirleitt. Slíkt viljum við ekki flytja sem þingmál og ekkert slíkt er okkur í huga. Sannleikurinn er sá. að við höfum áhyggjur af því, hvað ríkisvaldið er að verða veikt á mörgum sviðum, og það skyldu menn hugleiða í sambandi við þessi mál, hvað ríkisvaldið er að verða veikt í mörgum málum. Svo er í rauninni komið, að það er búið að taka úr höndum ríkisvaldsins, úr höndum Alþ., úr höndum ríkisstj. stórkostlega mikilvæga þætti þjóðmálanna, og ég verð að segja það hér, að meðal þeirra þátta er ákvörðun um kaup og kjör í landinu. Við vitum það og hljótum að viðurkenna það hér allir þm., hvar í flokki sem við stöndum, að við höfum sáralítið að segja um það efni, skoðanir okkar hafa sáralítið að segja um hvaða kerfi er notað við að ákveða kaup og kjör í landinu.

Við Stefán Jónsson, hv. þm., höfum rætt við áður í þessum þingsal um kaupgjaldsmál, og það var vegna þess að hann flutti í fyrra eða hittiðfyrra skynsamlega till., að mér fannst, um þessi mál, og ég hlustaði á ræðu hans með athygli, þegar hann talaði fyrir till. sinni á sínum tíma. Ég tók undir mál hans og komst að sömu niðurstöðu, að það væri óhæfa hvað mikill launamismunur væri í landinu og hvernig launamismunurinn þróaðist í skjóli þeirrar venju sem hér hefur skapast á undanförnum árum og áratugum í sambandi við launaákvörðun í landinu. Ég sé því ekki annað en við höfum fulla ástæðu til þess, þm., að fjalla um kaupgjaldsmál í því formi sem okkur er tiltækt og mögulegt, eins og í þáltill.-formi. Við höfum gert það núna á einhvern þann sakleysislegasta hátt sem hægt er að hugsa sér, við hv. þm. Gunnar Sveinsson, um að það sé viðurkennt, sem hefur verið að rótfestast smám saman, að hafa ríkisvaldið með í samningsgerð. Við viljum að það verði gert að lögum og það verði settar um það skynsamlegar lagareglur, en ekki gildi um það eitthvert handahóf á síðustu stigum samningagerðar, þegar samningaþóf og kannske verkföll eru búin að standa dögum ef ekki vikum saman. Fyrir mér er enginn sá heilagleiki yfir því kerfi, sem hér gildir í landinu um ákvörðun kaups og kjara, að það megi ekki ræða það hér af okkur þm., sem þó kannske stöndum „utan við verkalýðshreyfinguna," eins og það er kallað, og ég held að við megum hafa skoðun á þessum málum ekkert síður en aðrir.

Sannleikurinn er sá, að ákvörðun launa í landinu er ákaflega mikilvægt þjóðfélagsmál, og ég held t. d. að jafnglöggur maður og Jón G. Sólnes átti sig alveg á því, að það er ekki hægt að búast við því, ef vel á að fara, að ríkisvaldið standi þar algerlega utan við. Reynslan afsannar að það sé hægt, og ég held að framtíðin eigi eftir að skera enn þá nánar úr um það, að þetta er ekki gerlegt. En af því að við viðurkennum hinn frjálsa samningsrétt á vinnumarkaðinum, þá er auðvitað alveg sjálfsagt, ef við viljum fá nýjan aðila inn í málið með samningsrétt,sem sé ríkisvaldið, að gera það á heiðarlegan hátt með löggjöf og með fullum afskiptum Alþingis.

Mér finnst ákvörðun launa almennt talað mjög stórt þjóðfélagsmál, og ég er þeirrar skoðunar, að í þeim málum riki nú slíkt handahóf, að það hafi mjög alvarlegar afleiðingar, m. a. mjög alvarlegar afleiðingar gagnvart því sem ég tel vera, ef ég má nota svo stórt orð, lífsskoðun mína. Ég vil ekki að á Íslandi þróist mikill ójöfnuður. Ég vil það ekki. Ég álít t. d. að verkamaðurinn eigi ekki af því einu að hann er verkamaður og vinnur ekki lærðra manna störf, hann eigi endilega að hafa svo afskaplega miklu lægri laun heldur en einhver sá, sem gengið hefur langskólaveg. Ég vil það ekki. Ég held aftur á móti, að á meðan þetta handahóf ríkir, sem nú er, þá fái menn aldrei annað en handahófslega útkomu. Og þessu vil ég gjarnan breyta. En því miður, þessi litla till. okkar hv. þm. Gunnars Sveinssonar, það er fjarri því, að hún leysi öll þessi mál. Hún er ekki nema örlítill angi af öllu því sem gera þarf, aðeins örlítill angi, en alveg nauðsynlegt hins vegar að málið gangi fram og þetta komist inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur, að ríkisvaldið verði virkur — ég vil nú raunar segja beinn aðili að kjarasamningum.

Við erum ekki að stíga eins stórt spor og sumir vilja vera láta hér, svo sem hv. þm. Karvel Pálmason. Ég kann vel að meta baráttu hans í hans félagsskap, og ég get vel virt sjónarmið hv. þm. Jóns Sólness. En ég ætla bara að biðja þessa menn að athuga það, að það er svo fjarri því, að þessi till. sé eins róttæk og þeir hafa lýst, ef sett yrðu lög um það, að ríkisvaldið yrði sem þriðji aðili að gerð kjarasamninga frá upphafi vega, þá sé um svo stórkostlega breytingu á gildandi venju að ræða að það nálgist byltingu sem komi niður á samtökum atvinnurekenda og á stéttasamtökunum.

Ég hef talað um handahóf sem mér virðist ríkja í sambandi við þetta mál, og ég tala um að afleiðingarnar séu m. a. þær, að þetta leiði til ójafnaðar, stefni í ójafnaðarátt. Mér virðist það vera. Ég sé ekki að þróunin á undanförnum árum hafi orðið sú. að hún hafi minnkað launabilið í landinu. Mér sýnist að það hafi stórlega aukist. Og hvað vilja þá þeir menn, sem enn þá verja lög frá 1938, sem framsóknarmenn áttu aðalþáttinn í að koma hér á, um stéttarfélög og vinnudeilur. Frv. að þeim lögum var flutt af ágætum fyrirrennara mínum í þingmannastóli, Gísla heitnum Guðmundssyni. Þessi lög voru góð á sínum tíma og þau mörkuðu stórt spor. Þá var alþýðuhreyfingin búin að berjast í 20—30 ár fyrir því, að þessi lög yrðu sett. En lög úreldast oft á skemmri tíma en 40 árum. Það er ekk-

ert óeðlilegt. Það hafa mörg lög úrelst á skemmri tíma en 40 árum. Ég held að við ættum ekki ræða af svona miklum hátíðleika og heilagleika um þessi kjaramál, að það megi ekki aðrir komast að en þeir sem standa beint í vinnudeilum og dægurþrasinu á hverjum tíma og sjá hvorki aftur né fram fyrir þessu dægurþrashugarfari sínu, þannig að ég er á því, að við þurfum að fara að leiða hugann að því, eins og hefur raunar komið fram í ræðum einhverra hér, ég hygg í ræðu hv. þm. Jóns Sólness, að það væri nauðsynlegt að athuga um það, hvort ekki er hægt að setja skynsamlegri vinnulöggjöf. En hvers vegna hv. þm. Jón G. Sólnes er að biðja um nýja vinnulöggjöf, skil ég ekki fullkomlega, þar sem mér skilst á honum að hann vilji hafa þetta allt saman frjálst. Það voru engir „aðilar vinnumarkaðarins“ hér í gamla daga, þegar laissez-faire-stefna hv. þm. grasseraði á 19. öld og framan af þeirri 20. En nú er hv. þm. kominn þetta langt á leið til félagshyggjunnar, hann hefur ekkert á móti því, að það verði sett skynsamleg löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur, og er það út af fyrir sig stórkostleg framför.

En sem sagt, ég skal ekki hafa þetta öllu lengra. Ég er mjög þakklátur fyrir þær umr., sem hér hafa orðið, og í rauninni mættu oftar verða umr. á þessum nótum, þar sem reynt er að ræða í grundvallaratriðum ýmsa löggjöf og ýmsar skoðanir, sem menn hafa, og þar sem menn fá í friði að segja meiningu sína án þess að það sé verið að leggja annað í orð manna en í þeim felst. Ég held að þessi till. okkar eigi fullan rétt á sér, eins og hv. þm. Stefán Jónsson raunar komst að niðurstöðu um, þó að hann hefði eitt og annað við hana að athuga. Og það er í raun og veru ekki annað, sem við biðjum um, heldur en að hún verið könnuð. Og ég held að þessi till. mætti gjarnan verða rædd úti á þeim almenna umræðuvettvangi, hjá fólkinu, hjá almenningi.

Annars vekst margt upp fyrir manni, þegar farið er að tala um þessi mál. Mér dettur ýmislegt í hug, t. d. þegar talað er hér um atvinnurekendur og atvinnurekendavaldið. Stefán vinur minn Jónsson, hv. þm., ræddi dálítið um þetta, en ég þekki hann af góðum kynnum frá því að við vorum krakkar. Hann er kunnugur því, hvernig atvinnurekendavaldinu er háttað víða um land, t. d. í okkar kjördæmi og á okkar bernskuslóðum austur á landi í gamla daga og síðar. Það hefur margt breyst auðvitað síðan. En hvert er nú þetta atvinnurekendavald, sem við eigum við að glíma, t. d. í okkar kjördæmi? Ég man varla eftir einum einasta auðmanni í okkar kjördæmi, eða auðmannafamilíu sem situr þar yfir hlut manna. Yfirleitt er allur atvinnurekstur í okkar kjördæmi og víðar um landið byggður upp af félagsskap fólksins, kaupfélögunum, samvinnufélögunum, hlutafélögum, sem hreppar og sveitarfélög yfirleitt „stofna með þátttöku kaupfélaganna og almennings á stöðunum. Þetta er nú algengasta tegund atvinnurekendavalds sem við eigum við að glíma. Og ég verð að segja það, að þó að menn séu harðir í „teóríunni“ um þetta allt saman, harðir í baráttunni, baráttunni við atvinnurekendavaldið og í þessu blóðuga stríði milli verkalýðsstéttar og auðmannastéttar, þá verða menn að viðurkenna þær staðreyndir, sem blasa við í þjóðfélaginu, og reyna að skýrgreina þetta atvinnurekendavald með nýjum hætti, en ekki eftir einhverjum 19. aldar formúlum. Ég þarf ekki að minna hv. þm. Stefán Jónsson á þetta, því að hann er fús að gera þetta á eðlilegan hátt og skilur þetta vel.

Ég verð að segja það líka, að mér fellur það ekki vel, þegar hv. þm. Karvel Pálmason er hér með hnútukast gagnvart samvinnuhreyfingunni. Veit hann ekki hvað samvinnuhreyfingin er? Kannske veit hann það ekki. Ég held að hann viti það ekki. En samvinnuhreyfingin er einhver elsta alþýðuhreyfing á Íslandi, sem er um það bil 100 ára núna, og eins og ég segi, einhver elsta fjöldahreyfing, borin uppi af alþýðufólki í landinu, svo lýðræðislega uppbyggð sem yfirleitt verða má, og engu síðri að því leyti en t. d. verkalýðshreyfingin. Ég kann því ákaflega illa, þegar verið er að setja samvinnuhreyfinguna á bekk með einhverju ímynduðu atvinnurekendaauðvaldi, sem menn þykjast sjá með sama svip og auðjöfrar, „rockefellerar“ höfðu í Ameríku eða á Bretlandseyjum fyrir 90—100 árum. Ég held að það væri mjög æskilegt, að við gætum rætt málin á annan veg, vegna þess að þetta leiðir allt til skakkrar niðurstöðu og sýnir í raun og veru ekkert annað en það, að menn hvorki vilja fylgjast með né að þeir fylgist með. Og ég vil segja: þeir hafa ekki söguskyn sem þannig tala.

En till. okkar er náttúrlega aðalatriði þessa máls hér. Hún er, eins og Jón Sólnes sagði „sakleysisleg“ og raunar saklaus, því að í henni felst ekkert af þeim voða, sem hann taldi upp, né heldur það, sem hv. þm. Karvel Pálmason var að nefna, heldur er það eins og hv. þm. Stefán Jónsson sagði, hún er allrar athygli verð og á fullan rétt á því að hún verði athuguð, og það er ósk og von okkar flm. að svo verði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð og þá fyrst og fremst vegna hinnar síðari ræðu fyrra frsm. með till. Gunnars Sveinssonar.

En áður en ég vík að aths. hans vil ég undirstrika þetta atriði, sem ég hélt þó að hefði komið skýrt fram í ræðu minni, að þrátt fyrir allt geri ég mér grein fyrir því, að till. þessi er flutt í fullkominni alvöru. Aftur á móti standa málin þannig, að eftir minni vitund er gjörsamlega ógjörlegt fyrir stuðningsmenn þessarar hæstv. ríkisstj. að segja orð í skynsamlegri alvöru um kjaramál eða efnahagsmál á Íslandi, þannig að þau orð verði ekki blóðugt skop um þessa ríkisstj. Ef ég þarf að kveða skýrar að orði um þetta atriði en ég nú geri, þá hygg ég að skynsamlegt verði af mér að gera það skriflega.

En þá kem ég að þessu atriði, sem hv. þm. Gunnar Sveinsson vék að, þar sem hann sagði að ég hefði ekki andmælt því í ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar, að ég hefði verið hér á Alþ. og greitt atkv. með sams konar eða svipuðum — hann sagði nú sams konar — ráðstöfunum vinstri stjórnarinnar. Ég ætlaði að vísu að láta þessu atriði ósvarað í ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar, vegna þess að ég vissi að hann mundi að athuguðu máli átta sig á því, að hér fór hann óviljandi með rangt mál. Ég átti

ekki sæti á Alþ. veturinn 1973, þegar flokkur hv. þm. Karvels Pálmasonar, SF, knúði það fram innan vinstri stjórnarinnar að gengið var fellt, knúði það fram og gerði þessa gengisfellingu að fráfararatriði úr ríkisstj. Þá átti ég ekki sæti hérna. En hv. þm. Karvel Pálmason greiddi atkvæði með þessari gengisfellingu, sem var knúin fram innan vinstri stjórnarinnar með oddaafli þrátt fyrir andstöðu Alþfl., sem vildi þó að vinstri stjórnin lifði áfram. Hv. þm. Karvel Pálmason kann síðan að hafa greitt atkvæði gegn þeim ráðstöfunum, sem vinstri stjórnin gerði til þess að áhrifin af þessari gengisfellingu, sem hv. þm. greiddi atkvæði með, kæmu út í verðlagið. Í því skyni greip vinstri stjórnin til sérstakra ráðstafana, sem eiga svo sannarlega ekkert skylt við ráðstafanir núv. ihaldsstjórnar, greip til sérstakra ráðstafana til þess að tryggja launafólkinu það, að umsamin kjör þess yrðu ekki skert, sem m. a. var gert með því að auka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum. Þær ráðstafanir, sem gerðar voru í þessu skyni, rýrðu því alls ekki um eitt visitölustig kjör launafólks í landinu frá því sem um var samið.

Hitt er svo enn annað mál, að þær ráðstafanir, sem vinstri stjórnin gerði þá í þessum málum, þ. e. a. s. niðurfærsluleiðin sem farin var, eru nákvæmlega sams konar og sú verðlækkunarleið sem launþegasamtökin og stjórnarandstæðingar á Alþ., og líklega þar með talinn hv. þm. Karvel Pálmason, leggja til að nú sé farin fremur en sú leið sem ríkisstj. hefur valið og hv. þm. Karvel Pálmason leyfir sér að líkja við þessar ráðstafanir vinstri stjórnarinnar. Það hefði verið ákaflega æskilegt að hv. þm. hefði velt þessari afstöðu sinni dálitið betur fyrir sér í lófa áður en hann gerði hana lýðum ljósa hér úr ræðustóli. En það er annað mál. Mitt erindi hingað upp í stólinn var ekki það að hnotabítast við hv. þm. Karvel Pálmason, síst af öllu vegna þess að ég hlýt, til þess að spara tíma, að túlka nokkuð augljóst — sem mér þótti — viðhorf hans til aðildar samvinnuhreyfingarinnar að kjaramálum, sem mér fannst hv. þm. Ingvar Gíslason misskilja dálítið.

Það dæmi, sem hv. þm. nefndi úr kjördæmi okkar, Norðurl. e., um eignarhald á atvinnutækjum, er laukrétt. Þar munu hin stærri atvinnufyrirtæki miklu fremur en nokkurs staðar annars staðar á landinu vera með einum eða öðrum hætti í sameign, í eigu fólksins, eins og hann sagði, samvinnuhreyfingar, kaupfélaganna, hreppsfélaganna. En mér þótti hv. þm., þegar hann svaraði hv. þm. Karvel Pálmasyni, ýkja nokkuð eða gylla nokkuð hina lýðræðislegu hlið á yfirstjórn þessara fyrirtækja. Hv. þm. er það fyllilega ljóst, að þótt rökstyðja megi það álit, að fyrirtæki eins og Kaupfélag Þingeyinga, það samvinnufélag lúti vissulega lýðræðislegri stjórn, sé opið félag þar sem allir geta látið að sér kveða um yfirstjórn þess, þá ráða kaupfélagsmenn í K. Þ., hinir almennu kaupfélagsmenn í Kaupfélagi Eyfirðinga eða Kaupfélagi Norður-Þingeyinga litlu um yfirstjórn Sambands ísl. samvinnufélaga í Reykjavík. Hv. þm. er það ljóst jafnvel og mér, hvern hug, sem betur fer fjarverandi úr þessum þingsal, hv. frímúrarapáfar í forstjórastólum hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga í Reykjavík bera til verkalýðshreyfingarinnar, hver afstaða þeirra hefur verið til verkalýðshreyfingarinnar í kjarabaráttunni, hver afstaða þessara manna var til þeirrar tilraunar sem til þess var gerð að láta anda kjörklefans ríkja í íslenskum kjaramálum í tíð vinstri stjórnarinnar. Og þó að kerfi geti gert lýðræðislega stjórn mögulega á þessum fyrirtækjum, þá fer því víðs fjarri að einstaklingurinn í þessum félögum eigi auðfarna leið til þess að gera viðhorf sín gildandi um stjórn þeirra. Ég vil ekki halda því fram, að þar sé fyrirkomulagi í lögum eða reglum samvinnuhreyfingarinnar um að kenna, að ekki hefur tekist það samstarf, það eðlilega samstarf á milli verkalýðshreyfingar og samvinnuhreyfingar, sem æskilegt er hér á landi, að það hafi ekki tekist vegna þess ágalla á lögum samvinnufélaganna, — raunar ekki verkalýðsfélaganna heldur, — heldur kemur þar annað inn. Samvinnuhreyfingin hefur því miður hin síðari árin með einhverjum hætti fundið sig til knúða vegna sjónarmiða forstjóraveldis þess, sem ég áðan gat um, að taka þátt í þeim leik stjórnsýslulegs óskepis, sem háður hefur verið á landi hér síðan atvinnurekendavaldið og hið ólýðræðislega atvinnurekendavald innan samvinnuhreyfingarinnar líka fann upp á því, eftir að verkalýðshreyfingin og eftir að kaupfélögin, hin einstöku kaupfélög, höfðu knésett atvinnurekendavaldið hið forna, sem Ingvar talaði um — fann upp á því að tryggja stöðu sína með því að ráða ríkisstjórnum hverju sinni. Breytingin mikla, sem hv. þm. Ingvar Gíslason gat um að orðið hefði. ég hygg að hún hafi orðið á tímabilinu frá 1925—1928. Hann sagði þarna rétt frá. En allar götur frá stríðslokum og frá því á hinum síðari stríðsárum hafa hinir nýju, hinir umsköpuðu atvinnurekendur, sem löguðu sig að breyttum aðstæðum, sem fundu upp aðferðina til þess að halda áfram að skara glóðum elds að köku sinni, þrátt fyrir það að þeir hefðu beðið lægri hlut í viðureign við verkalýðssamtökin, þeir hafa verið allsráðandi í flestum ríkisstjórnum sem að völdum hafa setið á landi hér, eru það núna og hafa fundið leiðir til þess að halda áfram að skara eld að köku sinni með nýjum aðferðum. Þetta eru mennirnir sem græða á verðbólgunni. Þetta eru mennirnir sem enn einu sinni, sennilega í fimmtánda sinn á 23 árum, hafa látið umboðsmenn sína á Alþ. ógilda kjarasamninga til þess að hlutur alþýðunnar, fólksins sem vinnur hörðum höndum að þjóðararðinum, verði ekki meiri en svo, að þeim haldi áfram að líða efnahagslega „takk bærilega."

Umr. frestað.

Framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 121). — Frh. einnar umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Flm. þessa máls beindi til mín spurningum við umr. hér í fyrradag. Og fleiri spurningar vakna að sjálfsögðu upp, þegar rætt er um mál á borð við þetta, framhaldsskólahald, samræmt

framhaldsskólanám á Norðurl. v., eins og segir í fyrirsögn tillögunnar.

Út af því vil ég segja örfá orð. Ég vil í fyrstu geta þess, að nú í vetur er á nokkrum stöðum á Norðurl. v. kennt á framhaldsskólastigi. Í héraðsskólanum á Reykjum eru 19 nemendur á fyrsta námsári, á Blönduósi 11, á Sauðárkróki 23, í framhaldsdeild gagnfræðaskólans, og á Siglufirði 43, og auk þess eru svo 66 nemendur í Iðnskólanum á Sauðárkróki. Þetta nám fer fram núna í vetur. Á s. l. hausti komu inn í framhaldsskólana yfirleitt nemendur sem tóku grunnskólapróf og auk þess nemendur sem höfðu lokið gagnfræðaprófi, eða að talið er 1½ aldursárgangur a. m. k. á ýmsum stöðum á landinu. En nemendafjöldi á þessu landssvæði er ekki meiri en svo, að vandséð er að hægt verði að halda uppi kennslu á öðru námsári nema þá á einum eða tveimur stöðum á næsta skólaári. En það er mjög verið að huga að því nú, hvernig því mætti fyrir koma að halda uppi kennslu á öðru námsári framhaldsskólastigs á þessu svæði.

Þessi mál öll, framhaldsskólanám á Norðurl. v., eru mjög í athugun um þessar mundir og hafa auðvitað verið það að undanförnu hjá fræðsluyfirvöldum og sveitarstjórnum, — annars hefði ekki þessi kennsla farið fram á þessu svæði, nema af því að menn hafa sinnt þessum málum. Nú er þetta svo í athugun fyrir næsta vetur og auðvitað *jafnframt fyrir framtíðina bæði hjá* sveitarfélögunum og fræðsluyfirvöldunum norður frá og svo hjá rn. Fræðslustjórinn í Norðurl. v. hefur fengið fyrirmæli um að gera till. um kennslustaði næsta skólaár að höfðu samráði við skólastjóra og sveitarstjórnir á þessu svæði. Ég vil einnig láta það koma fram hér, að rn. *hafa þegar borist bréf frá einstökum sveitar*stjórnum, þar sem þær setja fram sínar hugmyndir beint til rn. Þannig liggur fyrir bréf frá bæjarstjórn og skólanefnd á Sauðárkróki, þar sem rætt er um þann möguleika að sameina í eina heild framhaldsdeildir gagnfræðaskólans þar og starfsemi iðnskólans, líkt og gert var á Akranesi s. l. haust og þykir hafa gefist vel. Þá vakir það jafnframt fyrir þeim sérstaklega, sem skrifað hafa rn. um þetta, að höfð yrði sem allra víðtækust samstaða um slíka samvinnu við aðra byggðahluta í Norðurlandsumdæmi vestra.

Ég verð nú að segja það, að þessi tillöguflutningur hv. þm., þessi einleikur hans, liggur mér við að segja, hann skýtur nokkuð skökku við þessi félagslegu vinnubrögð sem ég drap á, því búið er að vinna heilmikið í þessu á þessu svæði nú þegar. Ég tel þau félagslegu vinnubrögð í sjálfu sér miklu eðlilegri heldur en það, að einstakir þm. flytji um það till. hér á hv. Alþ. En við því er hins vegar ekkert að segja og ég er síður en svo að finna að því í sjálfu sér. Slíkur tillöguflutningur vekur athygli á málinu og er jákvæður þannig. En hins vegar sýnist mér satt að segja, að t. d. upphafsgrein þessarar þáltill. — þar segir: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir samstarfi sveitarstjórna á Norðurl. v. um stofnun framhaldsskóla með fjölbrautasniði“ — sé ekki sérstök ástæða til þess að samþ., því þetta er nánast það sem verið er að gera. Það er unnið að þessu þar norður frá á vegum sveitarstjórna, fræðsluráðs og fræðslustjóra og í nánu samráði við menntmrn. Hins vegar spillir það ekkert málinu þó gerð sé svona ályktun hér á Alþ. En ég sé ekki að það hafi verulega praktíska þýðingu, því það er verið að vinna að þessu. Aftur á móti held ég að við þær breytilegu aðstæður, sem eru í okkar strjálbýla landi, sé nokkuð erfitt t. d. fyrir einn hv. alþm. eða hvaða einstakling sem væri að setja fram alveg ákveðnar till. um skiptingu námsefnis á skólastaðina, eins og er að nokkru leyti gert í þessari till. Ég er alls ekki þar með að segja að þessar hugmyndir, sem hér koma fram, séu neitt óskynsamlegar út af fyrir sig. En ég held að þetta verði menn að vega og meta heima fyrir í félagslegu undirbúningsstarfi þar sem sveitarstjórnir, skólafólk og skólayfirvöld eða fræðsluráðið þar koma við sögu. Nú er því ekki að neita, enda sjá það allir, að frágangur skólaskipunar á grunnskólastigi hefur gengið hægt og svo er auðvitað um framhaldsskólastigið einnig, og þó raunar enn frekar því að grunnskólalögin eru þó komin fyrir nokkrum árum. Að sumu leyti er það auðvitað óhagstætt að koma ekki fastri skipan á skólaskipanina fyrr en síðar. En að sumu leyti tel ég eðlilegt og raunar æskilegt að þessir hlutir gerist ekki með skyndiákvörðunum. Og ég held að það hafi verið það mikil hreyfing á þessum málum öllum að undanförnu, gengið *yfir það miklar breytingar bæði í framkvæmd*, þar sem um það hefur verið að ræða., og eins í skoðanamótun og rökræðum, að ég held að það hafi raunar verkað til góðs að dregist hefur að koma meiri festu á sjálfa skólaskipanina, verksvið einstakra skóla, deildaskiptingu o. s. frv. Það er mín skoðun. Eins og ég sagði áðan, þá *eru staðhættir á landinu ákaflega ólíkir hvað* snertir búsetu og einnig hvað atvinnulíf varðar. Þó ég sé ekki talsmaður þess, að skólar þjóni eingöngu atvinnulífi, — síður en svo, þeir eiga að þjóna einstaklingnum ekki síður, — þá álít ég að það eigi að taka mikið tillit til þarfa atvinnulífsins og þeirra starfa, sem verið er að vinna í landinu. En þá koma þessir mismunandi staðhættir mjög við sögu, eigi að þjóna slíkum þörfum.

Það hefur verið svo þar sem tekið hefur verið til hendinni á framhaldsskólastiginu, að það hefur borið árangur. En annars staðar er verið að vinna að nýskipan og ekki komin niðurstaða, eins og á því landssvæði sem hér er um að ræða. Hafa þá sveitarstjórnir og skólamennirnir beitt sér mjög í málunum og unnið ákaflega vel heima fyrir, álít ég, og hefur jafnan tekist gott samstarf við menntmrn., sem aftur hefur reynt að stuðla að því, að í því, sem hefur verið gert á undanförnum árum við einstaka skóla, í einstökum landshlutum á framhaldsskólastiginu, yrði nokkurt samræmi.

Ég sem sagt harma það ekki út af fyrir sig þó þetta gangi nokkuð hægt þegar á heildina er litið. Ég tel að það hafi nokkuð eðlilega verið staðið að þessu, að síga svona á. Menn hafa ekki treyst sér til að bíða eftir heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið, og það er einnig alveg eðlilegt, enda er í raun og veru alls ekki beðið eftir löggjöfinni, heldur unnið að því að undir-

búa hana. Og það má segja að akurinn hafi nokkuð verið urinn fyrir framkvæmdum síðar, þegar lögin ganga í gildi, með þeim athöfnum sem fram hafa farið. En mér sýnist hér hníga allt í sömu stefnu, enda er það svo, a. m. k. ef lagafrv. um framhaldsskólastig verður svipað að byggingu og það var síðast, að þá felur það ekki í sér nákvæm fyrirmæli um skólaskipanina sjálfa. Og ég á ekki von á því, að það verði tekið upp. Mér sýnist þróunin í þessum framhaldsskólamálum vera í þá átt, í sem allra fæstum orðum, að það sé reynt að vinna að meiri samhæfingu náms og meiri sveigjanleika um leið, þannig að menn eigi nokkuð greiða leið inn í námið og út úr því að loknum tilteknum áföngum með tiltekin réttindi. Einnig hefur verið unnið töluvert að því í sambandi við þessar aðgerðir á framhaldsskólastiginu að auka samnýtingu kennslukrafta og samnýtingu aðstöðu. Á nokkrum stöðum voru menn búnir að koma upp örsmáum einingum í vélstjóranámi, stýrimanna- eða skipstjóranámi, iðnnámi í ýmsum greinum o. s. frv., auk framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna. Þetta hafa menn reynt að tengja saman þannig, að kennslukraftar og aðstaða nýttist betur en áður. En það liggur í augum uppi, að það eru vissar námsgreinar sem þarf að kenna til undirbúnings öllu þessu námi, og það á að vera hægt að kenna þær saman. Svo tel ég að þróunin gangi í þá átt að efla verknámið og auka virðingu þess, ef svo mætti segja. Þar sem stofnaðir hafa verið fjölbrautaskólar eða samvinna þessara aðila án þess að þar hafi verið um beina skólastofnun að ræða, þá hefur námsþáttunum ýmsum, hvort sem þeir eru einkum verklegir eða einkum bóklegir, verið raðað hlið við hlið.

Sums staðar hafa menn komið sér nokkuð vel fyrir nú þegar á framhaldsskólastiginu, t. d. á Suðurnesjum og á Akranesi, skulum við segja, þó að það sé enn þá nýrra og erfiðara að dæma alveg samstundis hversu tekist hafi um stofnunina. En einmitt þessir tveir skólar eru dæmigerðir fyrir það, hvernig menn verða, ef vel á að vera, að taka tillit til aðstæðna. En þær eru mjög ólíkar á þessum stöðum. Á Suðurnesjum er þéttur hnappur þéttbýliskjarna, sem ná að sameinast allir um einn skóla sem unnt er að sækja frá öllum stöðunum daglega. Þar varð, eins og kunnugt er, ákaflega góð samstaða, og ég held að engum blandist hugur um að þar hafi verið vel af stað farið. merk nýmæli hafi verið tekin upp við þann skóla, eins og flugmannanámsbrautin. Áður hafði íslenska skólakerfið ekkert gert fyrir kennslu flugmanna. Hún var eingöngu á vegum einkaaðila. Ég veit, að af hálfu þeirra aðila hefur þessari aðgerð verið fagnað mjög. Sú braut er í raun og veru komin upp fyrir frumkvæði þeirra sem þar eiga hlut að máli, flugmannanna og þeirra samtaka og svo Suðurnesjamanna. Það er stundum verið að deila á menntmrn. annars vegar fyrir að hafa of mikla miðstýringu og hins vegar fyrir það að hafa ekki næga stjórn á hlutunum, að þetta sé að þróast úti um hvippinn og hvappinn. Ég ber ekki neinn kinnroða fyrir það að taka við ábendingum og stuðla að því að koma í framkvæmd hlutum sem verða til á þann hátt, t. d. eins og fjölbrautaskólinn á Suðurnesjum fyrir samtök sveitarfélaganna og t. d. eins og flugmannanámsbrautin við þann skóla fyrir atbeina þeirra sem þar eiga hlut að máli. Þæði skólayfirvaldanna þar á staðnum og svo þeirra sem þurftu á þessu námi að halda. Mér finnst þetta einmitt eins og hlutirnir eiga að gerast.

Uppi á Akranesi er aðstaðan töluvert önnur. Vesturlandið er miklu víðlendara en Suðurnesin og þar verður þetta svona, að höfuðstöðvarnar verða í skólanum á Akranesi, en leitað verður lags að hafa sem allra best samráð og tengingu við hina ýmsu þéttbýlisstaði og samræma nám þar, þannig að fólk, sem nemur á hinum ýmsu stöðum mismunandi námsþætti, geti þá alltaf fallið að sama marki og samræmt. Og það er einmitt þetta sama sem vakir fyrir hv. flm. þessarar till. varðandi framhaldsskólanámið á Norðurl. v. Og sama vakir fyrir miklum hluta sveitarstjórnarmanna og skólamanna fyrir norðan, eða kannske er það hugmynd allra fyrir norðan að vinna málið á þennan hátt. Þannig er það, að þessi till. hv. þm. fellur í raun og veru alveg saman við það sem verið er að gera.

Ég nefndi áðan að á sumum stöðum hafa menn að vísu ekki farið út í það að stofna fjölbrautaskóla, en þó gert fast formlegt samkomulag um samstarf skólaeininganna á stöðunum. Þannig er það í Vestmannaeyjum og þannig er það í Neskaupstað. Og ég held að þetta þokist allt að einu marki, þó menn hafi nokkuð mismunandi hætti á á ytra borðinu, eftir því hvernig aðstæður eru á hverjum stað.

Ég vil aðeins geta þess í lokin, að það er svo sem eðlilegt er, oft spurt um framhaldsskólafrv., sem er í vinnslu á ný eftir að það var sýnt í fyrra. Menn segja stundum að seint gangi með þetta mál. En ég vitna til þess, sem ég sagði áðan, að það þýðir ekki að ætla sér að kasta höndum til þessa verks. Það er ekkert óeðlilegt eða óæskilegt að lofa málunum að þróast nokkuð og mótast. En varðandi vinnubrögðin við þetta frv. nú síðan það var kynnt hér á Alþ. skömmu fyrir þinglok í fyrra, þá vil ég geta þess, að það var sent til umsagnar fjölmörgum aðilum. Umsagnir þeirra flestra, eða mjög margra a. m. k., voru að berast rn. alveg fram á vetur. Það var beðið um að þær kæmu nokkuð fyrr, en sum þessi samtök eru nokkuð fjölmenn, standa víða fótum og áttu erfitt með að sinna þessu þannig að þau teldu viðunandi fyrr en eftir sumarleyfi o. s. frv., svo umsagnir urðu síðbúnar. Síðan tók grunnskólanefnd þessar umsagnir saman og hagræddi þeim til úrvinnslu á síðara stigi. Og svo hafa núna í vetur farið fram fundarhöld fyrir frumkvæði rn. með fulltrúum frá samtökum skólafólks, samband hefur verið haft við sveitarstjórnamenn og nú síðast hafa verið fundarhöld með fulltrúum úr atvinnulífinu. Svo er það hugmyndin áður en lengra er haldið, og t. d. áður en farið er að vinna á ný að prentun og endanlegum frágangi frv., að fá fulltrúa frá þingflokkunum til þess að kynna þeim þetta, m. a. með það fyrir augum að fram kæmu einhverjar bendingar, sem menn gætu e. t. v. sameinast um áður en frv. er lagt fram á Alþingi.

Ég vildi geta þessa um leið, fyrst ég fór að tala í þessu máli. Ég man ekki til að það væru sérstakar beinar spurningar, sem hv. flm. beindi til mín, aðrar en almennt um hvernig þessi mál stæðu fyrir norðan og þá um framhaldsskólafrv., og hef þá lokið máli mínu.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við spurningum mínum og fyrir þær upplýsingar sem hann gaf mér áðan um almenna stöðu þessara mála. Það var einnig ánægjulegt að heyra hann lýsa skoðun sinni á því þingmáli, sem hér er sérstaklega til umr., þ. e. a. s. þáltill. minni um samræmt framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra.

Ég hjó eftir því, að hann sagði í ræðu sinni að endurskipulagning framhaldsskólakerfisins mundi ekki gerast með neinni skyndiákvörðun, og það er nú víst hverju orði sannara. Það er bersýnilegt, að endurskipulagning framhaldsskólakerfisins kemur ekki til með að gerast með neinni skyndiákvörðun. En það má nú kannske á milli vera, hvort um er að ræða fljótfærnislega skyndiákvörðun annars vegar eða að mál sé að vefjast fyrir viðkomandi aðilum í hálfan áratug, eins og nú er að eiga sér stað. Mér finnst nokkuð mega á milli vera í þeim efnum. Ég held að ég taki ekki stórt upp í mig þó ég segi það sem mína skoðun, að þessum málum hefur óneitanlega miðað harla seint áfram í höndunum á hæstv. núv. menntmrh.

Þegar hæstv. menntmrh. tók við störfum fyrir 3½ ári var nýlega búið að afgreiða hér á Alþ. nýja löggjöf um grunnskóla. Þarna var um tímamótamarkandi lagasetningu að ræða sem m. a. stytti grunnskólann eða stytti það skólakerfi, sem var fyrir til undirbúnings framhaldsskólunum, um eitt ár. Og það lá ljóst fyrir, strax og þessi lög höfðu verið samþ., að það yrði að ganga í það að endurskipuleggja framhaldsskólakerfið innan hæfilegs tíma. Auðvitað gerðu menn sér grein fyrir því á þeim tíma, að málið yrði að skoða vandlega og menn yrðu að ráða ráðum sínum, ekki bar lítill hópur í menntmrn. ellegar sá hópur sem starfar hér í þessu húsi, hv. alþm., heldur yrði að fjalla um þetta mál miklu víðar og á mörgum stöðum, þar sem væri fólk sem þyrfti að fá að segja álit sitt á því, hvernig best væri að koma þessum málum fyrir.

En ég held að það leyni sér ekki, að nú hefur framkvæmd þessa viðfangsefnis, endurskipulagning framhaldsskólakerfisins, dregist svo úr hömlu að löngu er orðið óviðunandi með öllu. Í þessum málum er glundroði ríkjandi um þessar mundir og algjört stefnuleysi meðan ekki hefur verið samþ. einhvers konar rammalöggjöf af Alþ. sem tekur af skarið um það, í hvaða átt þessi mál muni þróast. Mjög víða um allt land eru skólamenn algjörlega ráðvilltir að því leyti, að þeir hafa enga vissu fyrir því, hvaða stefnu þessi mál muni taka. Þeir eiga því ákaflega erfitt með að taka afgerandi ákvarðanir ellegar hafa það frumkvæði heima fyrir sem þörf er á. Þeir eru víða sundraðir og sjálfum sér sundurþykkir um það, hvernig skipulagi þessara mála skuli háttað. Og þótt að vísu megi nefna dæmi þess, að vel hafi tekist til heima í héraði um skipulagningu þessara mála, eins og hæstv. menntmrh. nefndi gott dæmi um af Suðurnesjum þar sem heimamenn hafa haldið á þessum málum svo að til fyrirmyndar er og haft skinandi gott frumkvæði í þessum efnum, þá er ekki sömu söguna að segja alls staðar annars staðar að af landinu. Ég er hræddur um að þannig standi á miklu víðar en í mínu kjördæmi, að menn viti ekki almennilega í hvorn fótinn þeir eiga að stíga í þessum efnum og að ríkjandi sé stöðnun á þessu sviði.

Ég heyrði að hæstv. ráðh. nefndi það áðan, að um væri að ræða heilmikið framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra, og virtist nefna það sem dæmi um það, að þróunin í þessum efnum gengi talsvert hratt fyrir sig og ekki væri kannske ástæða til að hafa áhyggjur af þessum málum. Dæmið, sem hann nefndi fyrst og fremst þessu til sönnunar, var að 1. bekkur framhaldsskólans væri starfræktur á nokkrum stöðum í kjördæminu. Ég veit að hæstv. ráðh. er það gjörkunnugur þessum málum, að ekki þarf að fræða hann um það, að þessi 1. bekkur framhaldsskólans, sem hann er að tala um í þessum efnum, er bara sá hinn gamli 4. bekkur sem var yfirleitt starfræktur á flestum þessara staða áður en grunnskólalögin komu til framkvæmda. Það er því í raun og veru ekki nein sérstök framför fólgin í því, þó að nokkrir staðir hafi ákveðið að starfrækja kennslu fyrir sama aldursflokk og hlaut kennslu í 4. bekk gagnfræðaskólans samkv. hinni fyrri skipan mála. En staðreyndin er sú, og þar held ég að ég sé síst neitt að segja umfram það sem er, að heimamenn í þessu kjördæmi og vafalaust víðar eru býsna langt frá því að hafa komist að nokkurri niðurstöðu um það, hvernig eigi að skipuleggja þessi mál og hvernig það sé hægt.

Við Alþb.-menn höfum flutt till. í mörg ár um það, að tekið sé til hendinni í þessum efnum. Í fyrsta lagi höfum við hv. þm. Helgi F. Seljan flutt till. um að lagt verði fyrir Alþ. frv. um nýskipan framhaldsskólastigsins. Við byrjuðum að flytja þessa till. strax 1975 og urðum auðvitað glaðir við þegar loksins á seinasta ári sá frv. af þessu tagi dagsins ljós, að vísu heldur seint á því þingi, svo að ekki var viðlit að frv. næði fram að ganga þá. Við höfum ekki síðan flutt þessa till. okkar, en hljótum hins vegar að sakna þess, að frv. skuli ekki vera endurflutt í breyttri eða óbreyttri mynd, þannig að hægt sé sem allra fyrst að fá einhvern botn í þessi mál.

Í öðru lagi hef ég flutt till. um skólaskipan í mínu kjördæmi, á Norðurlandi vestra, sérstaklega með það í huga að undirbúningur að framhaldsskólanámi í þessu kjördæmi er bersýnilega skemmra á veg kominn en í öðrum landshlutum og því brýn þörf á að hreyfa þessum málum og ýta á eftir.

Mér þótti það miður smekklegt af hæstv. ráðh. að tala um einleik minn í þessu sambandi. Mér þótti það ekki orð við hæfi í þessu sambandi. Ég held að ef þessi tillögugerð mín væri vanþökkuð heima fyrir ellegar menn teldu að slíkur einleikur gæti truflað þróun mála heima fyrir, þá hefðu ekki borist jafneindregnar hvatn-

ingar úr heimahéruðum um að till. þessi yrði samþ. eins og raun ber vitni. Ég hef nú ekki fyrir framan mig þessar samþykktir allar, vegna þess að ég átti ekki endilega von á að þessi umr. yrði núna, en ég held að mig misminni það alls ekki, að hreppsnefnd Blönduóshrepps, sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu, allir þessir aðilar hafi skorað á hv. Alþ. að samþ. þessa till. sem ég hef flutt, og sama gildir um bæjarstjórn Siglufjarðar. Um þessa till. sem við erum hér að tala um, á þskj. 121, var haldin ráðstefna á Norðurlandi vestra fyrir rúmu einu ári, og hæstv. ráðh. var svo velviljaður að senda einn af fulltrúum rn. þangað, að vísu eftir nokkra eftirgangsmuni og sérkennilega forsögu. Niðurstaðan varð sú, að ráðh. féllst á að senda fulltrúa á þessa ráðstefnu, og hef ég að sjálfsögðu kunnað honum þakkir fyrir það. Þarna voru mættir skólastjórar og formenn skólanefnda frá öllum skólastofnunum í þessu kjördæmi, allt frá Hrútafirði til Siglufjarðar, um 40—50 manns, og þessi mál voru rædd af miklum áhuga. En þetta var í fyrsta skipti sem menn í þessu kjördæmi komu saman til þess að ræða um nýskipan framhaldsskóla á Norðurlandi vestra. Þar hafði frumkvæðið af hálfu rn. ekki verið meira.

Menn geta auðvitað talað um einleik í þessu sambandi, þegar svo stendur á að einn maður flytur frv. af þessu tagi. En ég vil upplýsa það hér, að ég hef gengið mjög á eftir samþm. mínum af Norðurlandi vestra að flytja með mér þessa till. eða aðra um svipað efni. Í mörg undanfarin ár hef ég boðið þeim að vera meðflm. að till. ellegar að endursemja með mér till. sem stefndi að svipuðu marki, en af því hefur ekki orðið og því hefur niðurstaðan verið sú, að ég hef flutt þetta mál einn. En þegar menn tala um einleik í þessu sambandi, þá vil ég minna hæstv. ráðh. á það, að menntaskóli á Austfjörðum var ekki samþ. fyrr en þm. þess kjördæmis höfðu flutt till. þess efnis æðioft hér í þinginu og vakið athygli á þessu máli. Sama gildir um menntaskóla á Vestfjörðum. Það mál var upphaflega flutt af einum þm. kjördæmisins. Mig minnir að það væri Hannibal Valdimarsson sem flutti það mál fyrst. Seinna urðu fleiri þm. kjördæmisins til að flytja það mál með honum. Það var flutt hér í þinginu ár eftir ár um mjög langt skeið og náði aldrei fram að ganga, þar til loks að Alþ. féllst á að samþ. þetta frv. og skólinn var byggður. Ráðh. má því auðvitað ekki fara að atyrða mig með orðalagi af þessu tagi fyrir að flytja till. sem þessa, vegna þess að fyrir þessu eru mörg fordæmi hér í þinginu og það síður en svo árangurslaus fordæmi. Þau hafa leitt til hins betra, þótt oft hafi langur tími liðið þangað til árangur náðist.

Með flutningi þessarar till. hef ég viljað bæta úr þeim vanköntum og ágöllum sem fyrir eru á þessu sviði, þ. e. a. s. ég hef viljað móta ákveðna stefnu. Ég hef ekki fullyrt, að sú stefna, sem fólgin er í þessari till., sé nákvæmlega sú rétta, og hef sannarlega verið reiðubúinn að ræða um aðrar leiðir í þessum efnum. En ég hefði þá viljað heyra, hvað menn hefðu út á þessa stefnu að setja, heyra hvaða till. aðrar menn væru með, þannig að málið kæmist á einhverja hreyfingu.

Í þessari till. minni er t. d. tekin ákveðin afstaða til þess, hvort um verði að ræða einn skólastað fyrir bóknám og iðnnám kjördæmisins eða fleiri skólastaði. Ég hallast að hinni síðari leið, að um verði að ræða að skipta þessu á nokkra skólastaði, sem starfi undir — ja, sennilega einni stjórn, og í öllu falli verði þar um að ræða samræmt skólastarf yfir allt kjördæmið. Staðreyndin er sú, að þessi mál þróast með ákaflega tilviljanakenndum hætti í dag. Margir staðir togast á um skólastarfið í kjördæminu án þess að þar hafi nokkurt samstarf náðst. Þannig eru Siglfirðingar ákaflega harðir á því að ná fram ákveðinni skólaskipan, meðan Sauðárkróksmenn eru á talsvert annarri skoðun og ýta fast á að sem mest af skólastarfinu verði í því sveitarfélagi. Einmitt af þessari ástæðu held ég að það sé alveg óhjákvæmilegt að menntmrn. hafi miklu ákveðnara frumkvæði en það hefur haft í þessum efnum, það beiti sér beinlínis fyrir samstarfi sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til þess að koma þessu máli fram. Þetta er einmitt meginefni í 1. mgr. till. sem segir:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir samstarfi sveitarstjórna á Norðurlandi vestra um stofnun framhaldsskóla með fjölbrautasniði.“

Hæstv. ráðh. getur auðvitað yppt öxlum og sagt sem svo: Það er verið að athuga þetta heima í héraði, en menn eru að tala um þetta sín í milli. Þetta þarf að fá að þróast og það er nú þetta sem rn. er að gera. — En ég vil bara leyfa mér að fullyrða að svo sé ekki. Ég held að þessi mál séu í stöðnun í dag. Ég verð hvergi var við að það sé nein jákvæð þróun í þá átt að samræma vilja sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra að einu marki, að einni skipan mála, heldur sé þar hver að vinna í sínu horni. Það er staðreynd málsins og þetta þekkir hæstv. ráðh. vafalaust. Ég veit ekki heldur til þess, að rn. hafi haft neitt skipulagt frumkvæði að því að samræma skipan þessara mála í kjördæminu. Ég þekki það a. m. k. ekki. Ég veit hins vegar að ráðh. er að vinna að þessu máli á landsmælikvarða með því að hafa samráð við ýmsa aðila um það frv., sem var sýnt hérna í fyrra, og hann ætlar að athuga það mál enn frekar og svo væntanlega leggja það fyrir þingið síðar í vetur. Ég tel að þetta sé ekki nóg. Ég tel að í þessu kjördæmi þurfi að koma til alveg sérstakt frumkvæði af hálfu rn. um samstarf sveitarstjórnanna.

Hitt er allt annað mál, að ég er ekkert undrandi á því út af fyrir sig þó að hæstv. ráðh. hafi ekki hlaupið til á undanförnum árum og stuðlað að því, að þessi till. yrði samþ., ellegar að hann sé kannske ekki núna reiðubúinn að beita sér fyrir því, að hún verði drifin í gegn hér í þinginu. Ég er ekkert undrandi á því í sjálfu sér. Þessi till. var flutt í fyrsta sinn fyrir þremur árum og hefur auðvitað fyrst og fremst verið flutt til þess að reyna að skapa sem mestan þrýsting á menntmrn., að það gegni þessari skyldu. En hitt mundi sennilega heyra til nýmæla, ef menntmrh. beitti sér fyrir samþykkt

till. sem komin er frá stjórnarandstöðuþm. Ég reikna með að hann mundi sjálfur vilja hafa þar alla forustu og frumkvæði, og það væri út af fyrir sig allt í lagi. Eins þykist ég vita það, að hann vilji reyna að komast til botns í því, hvernig skipulag þessara mála verði á landsmælikvarða. En ég tel að eftir sem áður sé brýn þörf á því, að rn. hafi þarna ákveðið frumkvæði, og vil eindregið skora á ráðh. að stuðla að því.

Að öðru leyti þakka ég fyrir þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, þó ég verði að endurtaka það sem ég sagði áðan, að því verða að vera einhver takmörk sett hvað menn skoða málið lengi. Og þó að við höfum samráð við hina ýmsu aðila og látum málin þróast á hæfilegum tíma og tökum ekki neinar fljótfærnislegar skyndiákvarðanir, eins og hæstv. ráðh. var að nefna hér áðan, þá megum við ekki bíða enn í mörg ár eftir því að fá botn í þessi mál. Við verðum að fá þessi mál á hreint í vetur, og ég vil því eindregið fagna því, ef það reynist niðurstaðan að framhaldsskólafrv. sjái dagsins ljós innan fárra vikna og verði afgreitt í vetur í þinginu.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er ástæðulaust að við ræðum mikið okkar á milli, hv. flm. till. og ég, um undirbúning frv. af þessum toga eða vinnubrögð við þau. Ég segi fyrir mig, ég hefði talið það vera heppilegri vinnubrögð og miklu myndarlegri, að hv. þm. hefði unnið að þessu máli meira heima fyrir í samráði við fræðsluráðið eða á vettvangi fræðsluráðsins, kjördæmissambandsins o. s. frv., þar sem menn koma saman af sveðinu — (**Gripið fram í:** Það hefur líka verið gert.) og kæmi síðan með till. sem væri undirbúin heima fyrir og mótuð þannig á félagslegan hátt. En það er ástæðulaust að vera að ræða lengi um þetta. Ég hygg að ég hefði sjálfur í minu kjördæmi reynt að vinna að máli á þann hátt fremur. En þetta er kannske meira smekksatriði og skiptir ekki meginmáli. Meginatriði í þessu sambandi er annars vegar það, að 1. grein till. er að mínum dómi nokkuð út í hött: að fela ríkisstj. að beita sér fyrir samstarfi sveitarstjórna á Norðurlandi vestra um stofnun framhaldsskóla með fjölbrautasniði, því það er verið að vinna að þessum málum samkvæmt landslögum og á þennan hátt. En hitt er svo, að eins og okkur greinir auðsjáanlega á um heppilegustu vinnubrögð í sambandi við undirbúning svona máls, þá greinir okkur líka á um það, hversu heppilegt sé að rn. gangi hart fram í því að hafa forustu og halda málum í föstum skorðum. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það, enda má um þetta deila. Það er ástæðulaust að við séum að hafa um það langar ræður hér á hv. Alþ.

Ég tók eftir því, að hv. þm. sagði að það væri bara hálfur áratugur sem það tæki að undirbúa nýja skipan á framhaldsskólastiginu. Mér blöskrar það nú hreint ekkert mikið! Hvað halda hv. þm. að langur tími hafi farið í það t. d. að koma grunnskólalöggjöfinni á og lögunum um skólakerfið, sem komu samtímis? Ef tekinn er tíminn frá því að byrjað var að vinna að því máli og þangað til það var afgreitt hér frá hv. Alþ. vorið 1974, þá er það miklu, miklu lengri tími.

Svo er verið að gefa það í skyn stundum, að vinnuhópur sá, sem vann að undirbúningi framhaldsskólastigsins, hafi setið lokaður inni í rn. og ekki haft samband við neina menn. Þetta er náttúrlega alveg út í bláinn. Þeir fjórir menn, sem höfðu forustu um þessa vinnu, höfðu mjög mikil tengsl við margs konar hópa í þjóðfélaginu, voru auk heldur eðlilega tengdir þeim vegna fyrri starfa sinna. Sumir þessara manna höfðu starfað sem skólastjórar og kennarar o. s. frv., o. s. frv. Frá því byrjað var að vinna að framhaldsskólafrv. haustið 1974, sama haustið og þessi ríkisstj. var mynduð sem nú situr, þangað til það frv. var lagt fram á útmánuðum 1977, þá gekk þetta svona fyrir sig. Haldnar voru ráðstefnur um þetta, m. a. s. hér í Reykjavík, til þess að viðra hugmyndir og hlusta eftir ábendingum o. s. frv., o. s. frv. Þarna var því unnin mjög mikil undirbúningsvinna og það var viða seilst til fanga til þess að fá álit og ábendingar og tillögur meðan að þessu var unnið. Ég tel því ekki, þegar á allt er litið, að til þessa hafi farið neitt óeðlilega langur tími í þetta. Hitt er annað mál, að það eru viss óþægindi alltaf að því þegar ganga yfir mótunarskeið, — óþægindi sem ómögulegt er að komast fram hjá frekar en óþægindum konu um meðgöngutímann. Þessi mál eru þannig vaxin í sjálfu sér. Og þessi óþægindi eru til og mér dettur ekki til hugar að neita því. Hinu vísa ég algjörlega á bug, að það sé einhver óskaplegur glundroði og algjört stefnuleysi í þessum málum og skólastjórar séu gjörsamlega ráðvilltir víðs vegar um land. Þetta er út í hött. En það er hins vegar satt hjá hv. þm., að tíma tekur að ná saman sjónarmiðum sveitarstjórnarmanna og skólamanna í hinum dreifðu byggðum við svo óskaplega breytilegar aðstæður eins og eru hér á landi. T. d. í kjördæmum okkar beggja, mín og hv. flm., er þetta hlutur sem ekki gerist hvorki á mjög stuttum tíma né af sjálfu sér.

En það er svo aftur áhersluatriði, hvað rn. á að ganga hart fram í þessu. Það getur vel verið að það fari að gera það. Kannske kemur þar nýr maður eftir næstu kosningar, sem gengi þá að því með karlmennsku að ná þessu saman og koma þessu í fast horf. En ég álít að sá hinn sami muni hafa mikið gagn af þeim undirbúningi sem fram hefur farið á þessu sviði. Þá á ég við lagaundirbúninginn. En ég álít líka, að hann hafi gagn af hinum þættinum, þ. e. af þeim e. t. v. svolitið tilraunakenndu samsteypum sem menn hafa verið að gera á þessum árum með fjölbrautaskólana, með því skipulega og formlega samstarfi framhaldsdeilda sem hefur verið tekið upp og enn fremur með þeirri nýskipulagningu, sem menn eru nú að vinna að við héraðsskóla landsins, nokkuð breytilegri eftir staðháttum á ýmsum stöðum. En héraðsskólarnir hafa sérstaka stöðu vegna þeirra breytinga sem orðið hafa í uppbyggingu grunnskólanna bæði í þéttbýliskjörnum, sumum nýjum og öðrum eldri, og í sveitum þar sem sveitarfélög hafa tekið sig saman og byggt upp myndarlega grunnskóla fyrir afmörkuð svæði.

Ég vil því meina það, að ekki sé um neina stöðnun að ræða í þessu máli, heldur þróun. Það stendur yfir meðgöngutími að nýju skipulagi, sem auðvitað verður aldrei fullmótað og þarf alltaf að vera að prófa og fullkomna. En hann stendur yfir og þróun hefur átt sér stað og á sér stað nú. Ég árétta það.

Ég held að ég hafi þessi orð þá ekki öllu mikið fleiri. En út af því sem hv. þm. var að segja, að það hefði verið litið gert á þessu framhaldsskólasviði núna á þessum árum og í skólamálum yfirleitt, þá dæma menn náttúrlega um það eftir á. En ég segi, að það hefur á þessu tímabili verið unnið ákaflega mikið starf við að framkvæma grunnskólalögin nýju frá 1974. Ríkisvaldinu eru ætluð 10 ár til þess að framkvæma þau lög að fullu, en það hefur ákaflega mikið starf verið unnið á því sviði úti í héruðunum og í rn. Nýir framhaldsskólar hafa tekið til starfa og þar er unnið að skipulagningu þeirra gömlu, sem þurfa að breyta sínum starfsháttum o. s. frv. Ég held að þessi vinna við framhaldsskólastigið sé ekkert til þess að skammast sín fyrir fyrir þá menn sem að henni hafa unnið, það sé ólíklegt.

En varðandi þessa till., þá álít ég það ekki spilla neinu þó að hún sé samþykkt, því meginatriðið er að menn eru sammála um þá stefnu sem í till. felst. Þetta er sú stefna, sem verið er að vinna að, og svo er áhersluatriði að samþykkja áskoranir um það að vinna við þá stefnu sem menn eru þegar að vinna eftir. Þess vegna vil ég ekki sýna þessari till. fjandskap.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru nokkur almenn orð um þetta mál í heild, þ. e. a. s. framhaldsskólaskipanina í heild.

Mér kemur nokkuð á óvart sú yfirlýsing hæstv. ráðh., að hann telji það ekki saka þó að hægt fari og lítið miði í átt til nýrrar löggjafar á þessu sviði. Ég hygg að hæstv. ráðh. sé ekki eiginlegt að lýsa slíku yfir og stafi af því, að hann muni telja á því tormerki að koma málinu fram, óeining sé um það innan hæstv. ríkisstj., hvernig eigi að skipa þessum málum, og hann komi þessu máli hreinlega ekki fram. Ég segi þetta vegna þess að hæstv. ráðh. hefur áður lýst því yfir, að hann telji mikla nauðsyn á því, að lög um framhaldsskólamenntun komi sem fyrst, einmitt í tengslum og í beinu framhaldi af þeirri framkvæmd grunnskólalaganna sem nú gengur yfir og eins og hann réttilega benti á hefur verið unnið allvel að nú á þessu tímabili. Ég hygg því að þetta sé ástæðan, en ég dreg hins vegar ekkert úr því, að hér sé um vandasama löggjöf að ræða þar sem að mörgum þáttum þurfi að hyggja.

Ég veit að álit skólamanna almennt er mjög eindregið í þá átt, að það fari mjög illa á því, hve hægt þessu máli miðar, og sannarlega liggi á því að fá á þessu eitthvað fastari skipan en nú er. Í raun og veru svífur þetta mál, nám eftir grunnskólanámið meira og minna í lausu lofti, því miður, og álit skólamanna er eindregið í þá átt, að því er ég hef best heyrt, enda áskoranir fjölmargar um það, að þessari löggjöf verði komið á sem fyrst. Það er hins vegar rétt, að meðal skólamanna er nokkur ágreiningur um það, með hvaða hætti þessi löggjöf eigi að vera.

Þegar við hv. þm. Ragnar Arnalds fluttum till. um framhaldsskólanámið á sínum tíma, gerðum við grein fyrir því í grg. okkar, að við álitum að hér yrði að vera í fyrstunni um rammal álitum að hér yrði að vera í fyrstunni um rammalöggjöf að ræða, rúma löggjöf sem gæti aðlagast nýjum aðstæðum eðlilega og að sjálfsögðu. Við bentum þar á það, að finna þyrfti eðlilegan farveg um, til þess að stunda ekki bara hið hefðbundna nám, sem það getur stundað í dag, heldur þyrfti einnig að finna nýjar námsleiðir. Að því hefur verið unnið, eins og hæstv. ráðh. sagði, að nokkru af einstökum aðilum í skólakerfinu, en óskipulagt er það allt saman. Þar vinnur eiginlega hver í sína áttina. Í þessari till. okkar var bent á það, að tengja þyrfti námið atvinnulífinu meira, og um það hafa verið mjög ákveðnar raddir meðal skólamanna nú á síðustu árum, að það þyrfti að gera og framhaldsskólafrv., sem kom fram í fyrra, benti einmitt mjög eindregið í þá átt. Þar var einnig að því vikið, að samræma þyrfti hinar ýmsu námsbrautir og koma í veg fyrir blindgötur í skólakerfinu. Ég sá ekki betur en í nýja frv. í fyrra, sem sýnt var hér þá, væri í mjög verulegum atriðum komið til móts við þessar till., sem við vorum þarna að benda á og reyndar eru ekki bara okkar till., heldur till. skólamanna í landinu yfirleitt. Það er hins vegar rétt að breytingar eru örar í okkar þjóðlífi og við höfum auðvitað aldrei reiknað með því, að þó að löggjöf yrði sett um framhaldsskólamenntunina, þá yrði hún óumbreytanleg. Það er auðvitað alltaf sjálfsagt að hafa á henni nauðsynlega endurskoðun, nákvæmlega eins og á grunnskólalöggjöfinni, eins og þar er ráð fyrir gert. Það afsakar út af fyrir sig ekki þann drátt sem hefur á þessu orðið. Ég hygg að það séu m. a. s. ekki hin raunverulegu menntunarlegu sjónarmið sem ráða ágreiningi um þetta mál nú. Það sé spurningin um kostnað, kostnaðarskiptingu t. d. milli ríkis og sveitarfélaga, sem ráði miklu meira um það, að þetta frv. hefur ekki enn séð dagsins ljós, og hæstv. ráðh. á e. t. v. í erfiðleikum með að ná því fram innan ríkisstj.

Ég skora á hæstv. ráðh. að koma frv. fram sem fyrst, reyna að fá um það einingu innan stjórnarflokkanna. Þó að hún verði ekki í þá veru alla sem ég eða ýmsir skólamenn aðrir hefðum e. t. v. helst kosið, þá er þessi löggjöf nauðsynleg til þess að skapa vissa festu eftir grunnskólanámið, þannig að menn svífi ekki í lausu lofti eins og þeir gera í dag. Á henni er því brýn nauðsyn.

Aðeins út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um fræðsluráðin, að þar væri eðlilegur vettvangur að vinna að þessum málum. Um það vildi ég aðeins segja það, að samkv. grunnskólalögunum nær valdsvið fræðsluráðanna í raun og veru eingöngu til grunnskólanna. Það er hins vegar rétt hjá hæstv. ráðh., að fræðsluráðin hafa farið út í það að skipta sér meira og minna í hinum einstöku fræðsluhéruðum af málum ofan við grunnskólann, sem betur fer, vil ég segja, og að mörgu leyti til góðs, einmitt vegna þess að þarna hefur vantað löggjöf til að fara eftir og

fræðsluráðin hafa þess vegna orðið í raun og veru, vil ég segja, að grípa í taumana. Sannleikurinn er auðvitað sá, að þarna eru þau engu að síður komin út fyrir sitt raunverulega verksvið, sem þeim er ætlað samkv. grunnskólalögunum, og einmitt þetta, sem hæstv. ráðh. sagði um fræðsluráðin, undirstrikar nauðsyn þess að færa valdsvið þeirra yfir á framhaldsskólastigið með nýrri framhaldsskólalöggjöf.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég get ekki á mér setið að koma hér upp og þakka hæstv. ráðh. fyrir niðurlagsorðin í ræðu hans áðan, þegar hann lýsti því yfir að það væri skoðun sín, að ekkert væri því til fyrirstöðu að samþykkja þessa till. sem ég hef lagt hér fram. Að vísu var á honum að skilja, að það væri í raun og veru ekkert annað en að staðfesta það sem að væri stefnt nú um þessar mundir. Það má vel vera að svo sé. En hitt er augljóst, að með samþykkt þessarar till. væri stigið mjög merkilegt skref í stefnumörkun.

Í fyrsta lagi lægi það þá fyrir sem viljayfirlýsing þingsins og þá væntanlega rn. jafnframt, að á Norðurl. v. yrði byggður upp alhliða framhaldsskóli og í öðru lagi, að í þessum skóla yrði nemendum gert kleift að stunda nám allt til stúdentsprófs. Hvorugt þetta atriði hefur enn fengist á hreint, því miður. Ég er sannfærður um það, að íbúar á Norðurl. v. mundu mjög fagna því, ef þessi stefna fengist hér staðfest. En í þriðja lagi og þá ekki hvað síst lægi það fyrir, að það væri vilji þingsins, að uppbygging þessa fjölbrautaskóla, bæði hvað snertir stofnun og rekstur, færi eftir ákvæðum laga, sem gilda um stofnun og rekstur menntaskóla, en það er einmitt niðurlagsákvæði þessarar till. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þróun mála steytir á um þessar mundir, að í þessum efnum hefur ekki verið tekið af skarið. Ef ráðh. er reiðubúinn að samþykkja till. og þ. á m. þetta ákvæði, þá væri þar um mjög mikilvæga stefnumótun að ræða, bæði fyrir Norðurl. v. og raunar fyrir öll sveitarfélögin í landinu. Fyrir það ber að þakka.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er nú í mínum huga engin ný stefna, að í hverju fræðsluumdæmi landsins, hverju kjördæmi, skuli, þegar aðstæður eru til þess, byggja upp framhaldsnám til loka þess. Þetta er sjálfsagt.

Út af ummælum hv. 7. landsk. þm., Helga Seljans, vil ég aðeins láta það koma fram, að framhaldsskólafrv. er ekki það langt á veg komið, því miður, að það sé farið að stranda á ágreiningi innan ríkisstj. Það er enn eins og ég reyndar lýsti áðan, í höndum manna, sem eru að vinna að frv., og ekki komið til kasta ríkisstj.

Hann sagði, hv. þm., að ég hefði einhvern tíma látið í ljós þá skoðun mína, að það lægi á að koma þessu máli áleiðis. Og vissulega er það rétt. Það er orðinn langur aðlögunartími nú þegar og einhvern tíma kemur að fæðingu, og það hæfir ekki að fæðing dragist lengur en eðlilegt er. Það er auðvitað mismunandi áhersla á hinum ýmsu þáttum sem þarna er um að ræða. Þarna eru atriði sem bráðliggur á að fá á hreint, þ. á m. fjármálaþátturinn. En svo eru aftur önnur sem ég álít að þurfi sinn tíma til að meltast. Það eru atriði eins og kennslufræðilegu þættirnir og skólaskipanin, sem þarf sinn tíma til að gerjast. En þó að fjármálalegu atriðin séu að vísu ekki vandalaus, þá eru þau ekki svo flókin að það eigi að þurfa að vefjast lengi fyrir mönnum að ráða þeim til lykta. Og það, sem þar er meginatriðið, er að fá sömu greiðsluhlutföll í allt framhaldsskólastigið, en ekki eins og nú er, að sumir framhaldsskólar séu kostaðir af ríki að fullu og aðrir að hálfu. Þó er þetta vel að merkja þannig, að ríkið greiðir alls staðar launakostnað, svo það er ekki alveg rétt þegar menn segja að fullu og hálfu og gleyma launakostnaðinum. En þetta eru hlutir sem bráðliggur á að fá á hreint.

Það hefur ekki leynt sér, síðan frv. var lagt fram í fyrra, að hér er um mikinn ágreining að ræða, — já, skoðanamun getum við sagt. Frv. var lagt fram á þeim forsendum, að bæði ríki og sveitarfélög skyldu kosta framhaldsskólastigið. En sveitarstjórnarmenn yfir höfuð, held ég að sé óhætt að segja, hafa tekið afstöðu gegn þessu og lagt það til, til þess m. a. að auðvelda málið og gera skipti einfaldari, að láta ríkið eitt bera kostnað við þetta skólastig, og svo beri þá sveitarfélögin að sínum hluta kostnað grunnskólastigsins, kannske jafnvel stærri hluta en nú. Mér er þetta atriði ekkert fast í hendi. Aðeins ef fæst jafnt yfir alla línuna, þá er mér það ekki fast í hendi hvernig því yrði fyrir komið að öðru leyti. Væri kostnaður færður yfir á sveitarfélögin meira en nú, yrðu auðvitað að fylgja því tekjustofnar. Bent hefur verið á, að það yrði nokkuð vandmeðfarið með skiptin vegna misjafnrar aðstöðu sveitarfélaganna. Í sumum sveitarfélögum eru margir skólar, sem ekki eiga sér hliðstæðu annars staðar og eru því sóttir úr öðrum landshlutum. Annars staðar e. t. v., eins og í því kjördæmi sem þessi till. fjallar um, er ekki einu sinni einn almennur skóli út framhaldsskólastigið. Menn hafa bent á erfiðleika, sem eru þessu samfara, og það er vissulega ekki út í bláinn. En hitt aftur á móti held ég að mörgum hafi yfirsést, að skiptin á milli grunnskóla og framhaldsskóla eru ekki heldur augljós og ákveðin, eins og menn hafa kannske fljótt á litið haldið.

Þannig hefur það komið upp í sambandi við þróun þessara mála að undanförnu, sem sumir telja að hafi verið allt of seinfært, en aðrir að hafi nokuð mátt við una, að menn hafa séð möguleika þrátt fyrir allt að tengja við grunnskóla, þar sem það þykir henta, einn bekk á framhaldsskólastigi. Sú tilhneiging er ákaflega rík að hafa unglinga sem lengst í skóla heima. Og mér sýnist eins og nú gæti fráhvarfs frá þeirri kenningu að byggja umfram allt upp sem stærstar bekkjareiningar til þess að geta búið þeim fyrirmyndaraðstöðu með tækjum og sérhæfingu margs konar. Menn leggja nú minna kapp á þetta, en meira kannske á möguleika nemendanna til þess að dveljast sem lengst heima. Þetta er svona almennt rabb, en raunar í tilefni af orðum hv. 7. landsk. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Byggingarlög, frv. (þskj. 390). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Skipulagslög, frv. (þskj. 391). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Geymslufé, frv. (þskj. 302, n. 388). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um geymslufé, sem er á þskj. 302. Við 1. umr. málsins gerði hæstv. viðskrh. grein fyrir efni frv., en með því er verið að setja skýr ákvæði um þessa nauðsynlegu þjónustu sem viðskiptabankarnir hafa heimild til að annast samkvæmt núgildandi lögum um þá.

N. barst umsögn frá Verslunarráði um frv. og samkvæmt ábendingu í þeirri umsögn flytur n. brtt. við 5. gr. frv. á þskj. 389. Efni hennar er það, að innlánsstofnun sú, sem varðveitir geymslufé, skuli tilkynna kröfueiganda og greiðanda um geymsluféð áður en fyrningartími er liðinn, ef þess er kostur. Með þeirri breytingu leggur fjh.- og viðskn. til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 389 samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 366). — Frh. 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil ekki tefja það, að þetta mál komist til n., enda eru þær athugasemdir, sem ég er hér með varðandi þetta frv., ekki þess eðlis, að nauðsynlegt sé að hæstv. ráðh. sé viðstaddur, en vildi þó aðeins koma nokkrum atriðum að, áður en frv. færi í n., til frekari skoðunar þar. Þar hlýtur þetta frv. að fá rækilega meðferð, svo sem það á skilið, því að hér er gert ráð fyrir svo veigamiklum breytingum og tilfærslu, að það gefur tilefni til verulega góðrar athugunar, og að mínu viti verður áreiðanlega að fara hér að með fullri gát.

Ég álít að þarna sé ekki um minna stökk að ræða í sjálfu sér heldur en þegar kennaraskólanum gamla var breytt í kennaraháskóla og námið í einu vetfangi lengt um 3 ár. Ég var einn þeirra sem voru andvígir því stóra stökki sem þá var tekið. Mér þótti þá of langt gengið og dró ekkert úr andstöðu minni þar við. Ég áleit að hægfara þróun í átt til aukinnar menntunar hefði verið happasælli. Ég hafði ekki uppi neinar hrakspár um þessa breytingu, og ég veit að margt hefur verið vel um hana, þó ég hafi oftar á annmarkana bent, ekki síst þann vissa vanda sem skapast mundi með fjölda kennara á ákveðnu tímabili, sem vel hefur sannast, svo og það, sem e. t. v. skiptir ekki hvað minnstu máli, að engin teljandi launabreyting hefur fylgt í kjölfar hinna auknu krafna sem til menntunar kennara eru gerðar.

Það er ekkert leyndarmál, að innan minnar kennarastéttarinnar var þá útbreidd skoðun, að ekki síst bæri að fylgja frv. um kennaraháskóla á sínum tíma sakir þess, að þá yrði kennarastarfið meir og betur metið í launum. Ég man vel þing kennarasamtakanna, þar sem við austfirsku fulltrúarnir allir með tölu þar vorum kallaðir nátttröll, af því að við vildum ekki trúa þessum áróðri og öðrum viðlíka sem þá var hátt á lofti haldið.

Því fór fjarri að við vildum ekki bæta og auka kennaramenntunina og þá alveg sér í lagi hina uppeldisfræðilegu undirstöðu sem þá höfuðnauðsyn kennaranámsins sem meira veltur á en allt annað. Ég man að ég taldi þá nauðsyn að bæta framhaldsdeild eða jafnvel framhaldsdeildum við kennaraskólann, m. a. til að auðvelda kennaranemum leið inn í Háskóla Íslands til náms í B.A.-greinum þar t. d. Sú er enn skoðun mín, að þetta hefði nægt þá í byrjun í stað þriggja ára viðbótarnáms eftir stúdentsnám með allt of lítilli viðbót þó í því sem snerti kennslufræði og kennsluæfingar, þ. e. raunverulegri aukningu á því sem mestu ræður um það, hversu kennarinn nær tökum á viðfangsefni sínu, þó hvergi skuli dregið úr þeim eðlislægu kostum sem alltaf vega þyngst þegar í starfið sjálft er komið. En hvað um það, enn skal hærra stefnt. N. gerði tillögu um fjóra vetur í stað þriggja, þó rn. hafi sem betur fer, vil ég segja, fellt það brott, nema þá að þar hafi átt eingöngu að vera um beina starfsþjálfun að ræða, vetur í beinni starfsþjálfun. Svo hygg ég að ekki hafi verið, og því vil ég lýsa ánægju minni með niðurfellingu rn. á þessu ákvæði sem n. var með.

Nú liggur ekki enn fyrir frv. um nýskipan framhaldsnáms, en svo sýnist sem allt hnígi í þá átt, að frá grunnskólanum verði í framtíðinni hægt að ganga beint inn á uppeldisbraut á leið til Kennaraháskólans, í stað þess að nú koma flestir þar inn hefðbundna menntaskólaleið án minnstu nasasjónar af uppeldis- og sálarfræði, hvað þá benni kennslufræði. Að því ber að vinna við skipan framhaldsnámsins, að þetta verði gert kleift og strax þar fái menn vissa starfsþjálfun, svo menn viti út í hvað þeir eru að ganga, því kennarastarf er með vandasamari og erfiðari störfum í okkar þjóðfélagi, ef af alúð er sinnt, þó enn sjáist þess ekki mikil merki í launakjörum kennara. En þar liggur sennilega stærsta orsökin að hinum mikla kennaraskorti s. l. ár og jafnvel áratugi.

Varðandi nýmælin skal því fagnað sem hæstv. ráðh. sagði um bætta möguleika réttindalausu kennaranna til þess að bæta svo við menntun sína að þeir öðlist fullan rétt. Hér hafa það margir lagt fram mikilvægan skerf á s. l. áratugum, að auðvelda þeim sem allra mest þeim sem þar hafa sýnt hæfileika og getu, oft umfram réttindamennina, að öðlast sín fullu réttindi og um leið sama kaup. Ég tel hreinan vansa hvernig var að launakjörum þeirra búið a. m. k. um hríð, þeirra sem björguðu oft skólastarfi heilla héraða, og er enn, að ég hygg, langtum of illa með þá farið. En bæði þetta frv. og frv. hæstv. ráðh. um embættisgengi kennara eiga að stuðla að því, að þessir menn öðlist sín réttindi, og gott er það sem gert er í þeim efnum þó seint sé.

Miðað við að frv. nái óbreytt fram að ganga, þá hlýtur að teljast eðlilegt að Kennaraháskólinn verði miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum í landinu, þ. e. eftir að skólinn hefur alfarið tekið yfir menntun allra kennara á framhaldsskólastigi, svo sem hér er ráð fyrir gert. Þar er auðvitað um stærstu spurninguna að ræða, hvort svo langt skuli gengið og það nám, sem nú fer fram í Háskólanum í þessum greinum, skuli fært yfir í Kennaraháskólann. Um það vil ég ekki og get ekki fellt neinn allsherjarúrskurð.

Neikvæðar umsagnir, sem fylgja með frv. og koma að sjálfsögðu helst frá þeim sem þarna eiga í að missa, þ. e. Háskólanum og aðilum honum tengdum, menntaskólakennurum t. d., þær umsagnir eru þó þann veg, að ýmislegt í þeim verkar nokkuð sannfærandi á mig. Við slíka andstöðu er a. m. k. rétt að gefa sér góðan tíma til athugunar, því ekkert sýnist mér benda til knýjandi umbyltinga á þessu sviði, þó tenging grunnskólanáms og framhaldsnáms með nýskipan þess síðar nefnda kunni að hafa í för með sér nauðsynlegar breytingar á kennaranáminu í heild og þá e. t. v. í þá veru, sem hér er gert ráð fyrir, að við sömu skólastofnun skuli allir nema, þeir sem kenna á báðum þessum skólastigum, grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Ég hygg því að vel færi á því, að sú skipan, þ. e. a. s. skipan framhaldsnámsins, lægi nokkuð ljós fyrir áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um hvernig menntunin á þessum skólastigum báðum skuli fram fara.

Að því hefur verið látið liggja, að hér sé um að ræða fyrst og fremst vissa ásókn í aukinn og betri „status“ fyrir Kennaraháskólann. Ekki vil ég þar um fella dóm. En það eitt út af fyrir sig, ef satt væri, nægir mér til varkárni gagnvart þessari breytingu. Ég er a. m. k. eindregið á þeirri skoðun, að brýnna sé fyrir kennaramenntunina í landinu að bæði aðfararnám að Kennaraskólanum verði kennslufræðilega markvissara en nú er og eins hitt, að auka enn og bæta þann þátt kennaranámsins sem fólginn er í starfsþjálfun, en sú breyting sem hér er ráð fyrir gert. En allt þarf þetta athugunar við, og sjálfsagt er að hafa hin ýmsu sjónarmið og þarfir í huga þegar endanlega verður hér málum skipað. En ég sem sagt hvet til vissrar varkárni í svo mikilli umbyltingu, þegar andstaða er svo mikil sem umsagnir bera vott, hvað framhaldsmenntun snertir, og eins vildi ég að ljósara lægi fyrir en nú, hversu nýskipan framhaldsnámsins reiðir af, áður en snúið er til svo eindreginna breytinga. Þar með er ég ekki að segja, að ég sé alfarið andsnúinn þessu máli, því margt í grg. n. varðandi samtengingu kennaramenntunar fyrir bæði skólastigin í sömu kennslustofnun er athyglisvert, og fyrir þeirri skoðun eru færð mörg veigamikil rök. En þau sýnast mér þó um of bundin því, á hvern veg mál skipast um framhaldsmenntun eftir grunnskólann, þannig að hald þeirra raka ræðst verulega af því.

Varðandi rannsóknirnar svo og hlutverk æfingaskólans er ekkert nema gott að segja, svo sem ég benti á áður. Skólarannsóknadeild menntmrn. hefur hér að undanförnu lagt að grunninn, en verið langt um of vanbúin að fé til þess að sinna því sem þar hefur verið brýnast. Þetta kom ljóslega fram við gerð síðustu fjárlaga og hefur svo verið undirstrikað rækilega af þeim aðilum sem gerst þekkja til, svo sem skólastjórum og kennurum á grunnskólastigi. Í fjárhagsáætlun skólarannsóknadeildar fyrir 1978, sem ég hef hér fyrir framan mig, kom í ljós að endurskoðun námsefnis þar var samtals upp á 127 millj. kr., en í undirbúningi fyrir fjárlagafrv. hlaut þessi áætlun þá meðferð hjá hagsýslustofnun, að hún var skorin niður um 56% eða um 71.7 millj., og eftir stóðu þá 55 millj. 387 þús. Síðan var aftur tekinn upp í þetta verðbótastuðull vegna launahækkana og síðan fékkst inn á síðustu stundu hækkun vegna framhaldsstigs og síðan launahækkun enn til viðbótar, þannig að endanlega talan mun hafa verið eitthvað um 89 millj., en um aukningu á verkefnum frá þessum niðurskurði mun ekki hafa verið um að ræða. Að því starfi, þ. e. a. s. starfi skólarannsóknadeildar menntmrn., þarf því örugglega betur að búa og það leysist ekki við það vitanlega að fela öðrum aðila, hvort sem það er Kennaraháskóli eða Æfingaskóli, aukin verkefni á þessu sviði. Þar er það spurningin um fjármagn fyrst og fremst sem gildir, og er ástæða til að minna á hér hve óskir rn. hafa verið skornar niður, að best verður séð út í bláinn og án alls tillits til þess, hve þörfin er brýn, svo eðlilegt framhald megi verða á nauðsynlegri endurnýjun námsefnis í kjölfar framkvæmdar grunnskólalaga. Þar veit ég að við hæstv. ráðh. erum algjörlega á sama máli.

Ég vil svo að lokum fagna því sem segir um námseiningakerfið og aukinn sveigjanleika í valgreinakerfinu, t. d. varðandi byrjendakennsluna, sem um of hefur verið vanrækt að mínu mati hvað snertir forskólahaldið, sem er mjög mikilvægt og er orðið mjög almennt einnig. Þar er rétt stefnt og hiklaust það sem mér þykir jákvæðast við þetta viðamikla frv., sem hlýtur að þurfa vandlega athugun í heild áður en að lögum verður.

Þetta eitt ásamt nokkrum öðrum atriðum, sem ég hef ekki gert að umtalsefni hér, en eru þó býsna mikilvæg í starfsháttum skólans, gæti réttlætt að mínum dómi framlagningu þessa frv., þó að ég hafi verið hér með ýmsar vangaveltur og athugasemdir, því að mér er um það annt, að sem allra best sé búið að menntun þeirra sem ég tel að sinni vandasamasta hlutverkinu í

menntakerfi okkar, þ. e. a. s. kennaranna á grunnskólastiginu. En þar er það vitanlega ekki árafjöldi námsára sem gildir, heldur hvernig að er staðið í náminu og þjálfuninni þannig að í hendur haldist bæði staðgóð þekking og fyrst og fremst kannske góð starfsæfing, þannig að menn viti hvað þeir eru að ganga út í, hvaða starf þeir eru að takast á hendur. Ég held að óhætt sé að segja, að mestu skiptir fyrir okkar uppeldismál í heild í landinu að vel takist til um það mikilvæga uppeldis- og mótunarstarf sem fram fer á þessu stigi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 62. fundur.

Mánudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 393). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, flutt af mér og hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, og það felur í sér tvær breytingar á nefndum lögum.

Annars vegar er um það að ræða að fella niður 3. mgr. 5. gr. laganna, sem fjallar um ökurita, og hins vegar breyting á 55. gr. laganna, sem felur í sér að lengd almenningsbifreiða til fólksflutninga megi vera öllu meiri en nú er kveðið á í lögunum. Þetta eru minni háttar breytingar á umferðarlögum.

Frv. er flutt að beiðni Félags sérleyfishafa og rökstuðningur með þessum till. kemur fram í grg. með frv. Þar segir m. a., að ökuritar skuli vera í fólksbifreiðum, sem flytja mega yfir 30 farþega, og sýna vegalengd og hraða bifreiðarinnar á hverjum tíma. Þessir ökuritar hafa verið settir í bifreiðarnar fyrst og fremst þegar þær eru skráðar, en í framkvæmd hefur þessu ákvæði ekki verið fylgt. Ökuritar hafa í för með sér vissan kostnað fyrir eigendur þessara bifreiða. Ökuritar af þessu tagi eru dýrir í viðhaldi og erfiðleikar á því að fá þá lagfærða ef þeir bila, og niðurstaðan er sem sagt sú, að þeir hafa ekki neina praktíska þýðingu og ástæðulaust að halda þessu ákvæði til haga.

Varðandi lengingu á þessum bifreiðum, sem hér um ræðir, þá er gert ráð fyrir því í lögunum eins og fyrr segir, að bifreiðar megi ekki vera lengri en sem nemur 12 metrum. Það er ljóst að með byggingu nýrra vagna af þessu tagi og með þróun í umferðarmálum stenst þetta ákvæði vart og veldur margvíslegum vandræðum fyrir þá sem stunda slíka fólksflutninga og reka slíkar bifreiðar. Er því lagt til að hér sé rýmkað lítillega með hliðsjón af þróun á þessum vettvangi, og hvort tveggja þjónar hagsmunum þeirra sem þessa atvinnugrein stunda.

Ég vísa að öðru leyti til þeirrar grg., sem fylgir með frv., og legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Við flytjum hér fjórir þm. á þskj. 380 frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum. Efnislega séð er gert ráð fyrir því, að tvenns konar breytingar eigi sér stað frá gildandi ákvæðum.

Annars vegar er lítils háttar tilfærsla á kjördegi. Þar er annars vegar um það að ræða að hverfa frá því fyrirkomulagi, sem gilt hefur um — ja, ég veit ekki hve langan tíma, en svo lengi sem við munum sem hér erum, að kosningar hafa farið fram á sunnudegi. Mér sýnist ástæða til þess, að þarna verði gerð breyting á. Það verður að líta svo á, að laugardagur sé almennur frídagur á Íslandi nú og að það sé ekki ætlandi að þeir séu öllu fleiri sem bundnir eru við störf sín á sunnudegi en á laugardegi. Ég held að þess vegna yrði veruleg hagræðing að því. Ég skal taka það fram, að ég lít raunar svo á að það gildi jafnt um sveitarstjórnarkosningar sem um kosningar til Alþingis, að það sé verulegt hagræði að því að kosningarnar sjálfar fari fram á laugardeginum, þannig að það sé umþóttunartími til næsta virks dags, ekki síst fyrir þá menn sem eru bundnir við störf bæði varðandi framkvæmd kosninganna sjálfra sem og við úrvinnslu, talningu og annað þess háttar. Þá má ætla að hinn fyrsti virki dagur á eftir, mánudagurinn, nýtist betur. Það er ekki fráleitt að álykta, að það sé allstór hluti landsmanna sem vinnudaginn nýtist ekki eða fyrri hluti þess vinnudags nýtist ekki nema að nokkru.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að kosið verði fyrsta laugardag í júní. Það er ekki gert ráð fyrir neinum undantekningum í þessu tilviki, ekki gert ráð fyrir því sem sagt þó að hvítasunna sé næsti dagur á eftir. Ég hef athugað þetta mál lítillega, hversu oft það kæmi fyrir á næstu árum, og það mundi aðeins gera það við einar kosningar fram til aldamóta, sem sagt árið 1990. Það væri þá til athugunar sérstaklega, ef mönnum fyndist þá ástæða til.

Ég vil vekja athygli á því, að samkv. núverandi skipulagi geta sveitarstjórnarkosningar farið fram hvenær sem er á tímabilinu frá 18. maí til mánaðamóta. Ef hvítasunnu ber upp á 25. maí, sem er þá síðasti sunnudagur í maí, þá er næsti sunnudagur á undan 18. maí. Það er fyrsti möguleiki. Ég held að ástæðan fyrir því, að ekki var samræmdur kosningadagur í þéttbýli og í sveitum þegar breyting átti sér stað seinast, þegar almennar sveitarstjórnarkosningar voru færðar frá síðasta sunnudegi í janúar til síðasta sunnudags í maí, hafi verið það sjónarmið, að þá væri ekki fært að láta kosningar fara fram í sveitum af þeirri ástæðu að þá stæði yfir erfiðastur og harðastur sauðburður. Ég lít svo á samt sem áður, að eftir að maí sleppir þá hafi létt svo

á að því er sauðburð varðar, þar sem yfirleitt er búið að sleppa fé, að það eigi að vera fullkomlega framkvæmanlegt þar sem og í þéttbýlissveitarfélögunum. Ísland er eina landið, sem mér er kunnugt um, þar sem ekki er einn og sami kjördagur fyrir allar sveitarstjórnir í landinu, og af ýmsum ástæðum tel ég að það sé miklu heppilegra að kosningar fari fram á sama degi.

Í annan stað er gert ráð fyrir því í þessu frv., að breyting verði á þar sem hlutfallskosningar eiga sér ekki stað, þ. e. a. s. þar sem kosið er óbundnum kosningum. Hér er gert ráð fyrir því að hægt sé að kjósa í einu lagi, svo sem raunar er gert ráð fyrir nú í lögum. Það er nú gert ráð fyrir tvenns konar óbundnum kosningum í lögum, annars vegar þar sem tilnefndir eru helmingi fleiri fulltrúar en þeir sem kjósa á. Það þýðir það í framkvæmd, ef við hugsum okkur að það séu einhver átök um, hverjir skuli skipa sveitarstjórn, að atkv. skiptist á milli einstaklinga þar, en menn geti verið tiltölulega sammála um einhverja einstaklinga sem skuli skipa varastjórn og að þeir fái þess vegna tiltölulega mörg atkv. í neðstu sætin. Ef við hugsum okkur að það ætti að kjósa 5 menn í sveitarstjórn, þá geta menn tilnefnt þá í 8., 9. eða 10. sæti, sem þeir hugsa sér ekki að kjósa í sveitarstjórn, en að þeir séu þar til vara. En þar sem ekki er númerað, þá má búast við að slíkir í 8., 9. eða 10. sæti hlytu það mörg atkv., að þeir yrðu kosnir aðalmenn í hreppsnefnd án þess að hafa til þess raunverulegt kjörfylgi. Af þessari ástæðu hafa flestar sveitarstjórnir horfið frá því að viðhafa slíkt fyrirkomulag. En það hefur þá þýtt það, að orðið hefur að endurtaka kosningu eftir að búið er að kjósa aðalmennina og þá yfirleitt á nýjum kjördegi, einhvern tíma síðar á sumrinu. Á einstaka stöðum hefur að vísu tekist að kjósa sama daginn, þ. e. að kvöldi dags, en það verður þá að gerast með einhverju sérstöku samkomulagi, og er raunar ekki séð að það fullnægi þeim ákvæðum um kjörfundi sem er að finna í lögum um kosningar til Alþingis og gilda líka varðandi kosningar til sveitarstjórna. Þess vegna á sú hugmynd, sem þarna er sett fram, að tryggja annars vegar að hægt sé að kjósa á einum kjörseðli sem er tvískiptur, þannig að ef kjósandi hefur tilnefnt einhvern mann, sem hann vill fá í sveitarstjórn, en ekki nær kjöri í sveitarstjórnina, þá geymist atkv. hans, þannig að það komi honum til góða þegar talið er úr atkv. varamanna.

Það er sem sagt gert ráð fyrir því í þessu frv., að kjörseðlinum verði tvískipt, kosnir annars vegar aðalmenn og hins vegar varamenn, og þeir verða einfaldlega kosnir í sveitarstjórn sem fá flest atkv. á lista aðalmanna. En þegar úrskurðað er hverjir hljóti kosningu sem varamenn, þá hljóti sá kosningu í 1. sæti sem varamaður sem hefur fengið flest atkv. í 1. sæti á lista yfir varamenn, að viðbættum þeim atkv. sem hann fékk sem aðalmaður. Á sama hátt verði 2. varamaður sá sem fær flest atkv. í 2. sætið að viðbættu því sem hann fékk sem aðalmaður og viðbættu því sem hann kann að hafa fengið í 1. varamannssæti. Þannig gildir reglan áfram eftir því hve marga á að kjósa.

Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því, að þarna er fyrst og fremst hugsað um það fyrirkomulag sem gæti verið í óbundnum kosningum, þar sem ekki er gert ráð fyrir flokkadráttum eða að menn skipi sér í fylkingar. Ég vil alveg sérstaklega benda á það, að þar sem slík sjónarmið eru uppi, þar er það sjálfsagt að nota ákvæðin um listakosningar. Það eru engar breytingar á ferðinni um framkvæmd listakosninga og er að sjálfsögðu heimilt alls staðar að viðhafa þær.

Það er gert ráð fyrir í leiðinni í þessu frv., að þar sem ekki eru framboð til sýslunefnda og kosið er óhlutbundið gildi sömu ákvæði varðandi kosningar til sýslunefndar.

Ég held að á þessu stigi sé ekki ástæða til að taka fram fleira varðandi þetta mál. Mér þætti fyrir mitt leyti vænt um ef hægt væri að greiða leið þessa frv. til n. og í gegnum þingið, þannig að við heyrðum hver vilji Alþ. er varðandi þessar breytingar, sem ég tel að sé a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð sjálfsagt að nái fram að ganga, og ef frv. verður gert að lögum á þessu þingi, þá komi fram skýr afstaða sem allra fyrst.

Ég vil svo, virðulegi forseti, leggja til að að lokinni 1. umr. verði þessu frv. vísað til félmn., þar sem hér er um að ræða breytingar á sveitarstjórnarlögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum. Það, eins og sagt er í grg., fylgir frv. um breyt. á sveitarstjórnarlögum sem ég var að mæla fyrir áðan, og það er nánast efnislega ekki annað en að samræma lög um sveitarstjórnarkosningar þeim breytingum sem yrðu á sveitarstjórnarlögum, ef hitt frv. yrði samþ. En 2. og 12. gr. fjalla einmitt um þessi atriði, hvort kosning er framkvæmd í einu lagi, þar sem tilnefndir eru helmingi fleiri fulltrúar en kjósa skal, hvort þeirri reglu er fylgt eða hinni, að kjósa í tvennu lagi.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta. Enda þótt að ýmsu leyti væri eðlilegt að vísa frv., sem fjallar um breytingar á sveitarstjórnarkosningum, til allshn., þá leyfi ég mér, með tilliti til þess að þetta frv. fylgir hinu, að leggja til að þessu verði einnig vísað til félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Grunnskóli, frv. (þskj. 68, n. 324 og 328). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Það er rétt sem fram kom hér áðan, að n. varð ekki sammála. Svo hagaði til, að formaður n. var erlendis þegar málið var afgreitt í menntmn. síðustu daga janúarmánaðar, en í n. náðist ekki samstaða um frv., það náðist engin meirihlutasamstaða, þannig að það komu þess vegna fram tvö minnihlutaálit, annars vegar þar sem ég stend að minnihlutaáliti ásamt Svövu Jakobsdóttur og Magnúsi Torfa Ólafssyni.

Eins og menn e. t. v. muna, er í frv. gert ráð

fyrir því, að heimilt sé að stofna til sérstakra fræðsluskrifstofa í bæjarfélögum með 10 þús. íbúa eða fleiri. Og það er gert ráð fyrir því jafnframt, að þessar skrifstofur séu jafnréttháar og þær fræðsluskrifstofur, sem komið hefur verið á fót samkv. lögum um grunnskóla, og að ríkið greiði til nýju fræðsluskrifstofanna kostnað vegna sömu þátta og þar er gert ráð fyrir og í framkvæmd eru. Við, sem stöndum að þessu minnihlutaáliti, teljum að ef slík heimild yrði veitt, þá sé um grundvallarbreytingu að ræða í skipan fræðslumála á grunnskólastigi í landinu. Og jafnvel þó að við vitum að hér er fyrst og fremst eftir leitað vegna áhuga á því að stofna eða viðhalda eða breyta fræðsluskrifstofu, sem nú er fyrir hendi í einu sveitarfélagi, þannig að ríkið standi að henni ásamt viðkomandi bæjarfélagi, þá yrði hér um slíka grundvallarbreytingu að ræða, að dilk kynni að draga á eftir sér, þannig að ýmis sveitarfélög gætu þá krafist þess, að þar yrðu stofnaðar sérstakar fræðsluskrifstofur, þó að formlegar óskir virðist ekki liggja fyrir um það í dag.

Ég hygg að það sé samdóma álit okkar, að hér sé um slík skipulagsmál að ræða, að það sé ekki ástæða til að brjóta upp það kerfi, sem nú er í landinu, vegna þessara aðstæðna og síst af öllu í því umdæmi þar sem óskað er eftir breytingunni, þ. e. a. s. í Reykjanesumdæmi, þar sem óskað er eftir fræðsluskrifstofu í Hafnarfirði. Ég hygg að öllum hv. þm. í þessari deild sé ljóst, að þetta er áreiðanlega það fræðsluumdæmi þar sem fræðslustjóri landfræðilega séð á auðveldast með að fara um allt umdæmið og gæti jafnvel sinnt því á einum degi. Það er ekki sambærilegt við önnur umdæmi, ekki síst með tilliti til þess, að þar er þegar starfandi fræðsluskrifstofa í næsta sveitarfélagi, og þegar þar við bætist, að ég þykist vita og tel mig hafa nægar heimildir fyrir því, að sú fræðsluskrifstofa hafi þegar tekið við ýmsum störfum sem voru áður í fræðsluskrifstofunni í Hafnarfirði.

Ég held að það sé ekki ástæða fyrir mig til að orðlengja þetta frekar á þessu stigi. Till. okkar er sem sagt sú, að frv. verði felt. En ég legg jafnframt áherslu á það, að ég óska eindregið eftir því, að það fáist skorið úr þessu máli hér á Alþ., hér í þessari hv. d. og á Alþ., vegna þess að ég tel hugmyndir um að breyta þessu kerfi frá því, sem nú er, hafi jafnvel að einhverju leyti verið þrándur í götu þess, að uppbygging og starfsemi fræðsluskrifstofanna kæmist í það horf sem raunverulega er óskað eftir og þarf að vera.

Frsm. 2. minni hl. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Þegar frv. til l. um grunnskóla var til meðferðar hér á Alþ. fyrir nokkrum árum, þá drógu margir þm. í efa að réttmætt væri að fela landshlutasamtökum stofnun og stjórn fræðsluskrifstofa. Var það einkum með hliðsjón af tvennu: Annars vegar vegna þess, að þá lá ekki fyrir hvort slík landshlutasamtök yrðu stofnuð og engin lög voru til um þau samtök, og hins vegar töldu menn vafasamt að taka þetta frumkvæði af viðkomandi sveitarfélögum sjálfum, ef á annað borð væri óskað eftir því af þeim að setja upp slíkar fræðsluskrifstofur. Nú að nokkrum árum liðnum liggur fyrir, að lög um landshlutasamtök sveitarfélaga eru ekki enn til og virðist ekki fyrirsjáanlegt að þau muni verða sett í náinni framtíð. Eins er hitt, að Hafnarfjarðarbær hefur ávallt haft mikinn áhuga á því að setja upp eigin fræðsluskrifstofu, gerði það reyndar á árinu 1969 og hefur sýnt myndarlegan áhuga í þessum málaflokki.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt skv. áskorun frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, einróma samþykkt þeirrar bæjarstjórnar, um að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í Hafnarfirði, og er þá frv. almenns eðlis um að sveitarfélag með 10 þús. íbúa eða fleiri verði sérstkt fræðsluumdæmi og fái að setja upp eigin fræðsluskrifstofu.

Með hliðsjón af þessum rökum og stöðu málsins í dag mælum við þrjú, ég ásamt hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur og Eyjólfi K. Jónssyni, með því að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar, þá er ég í hópi þeirra nm. sem leggja til að þetta frv. verði felld. Afgreiðsla þessa máls var með nokkrum ólíkindum. Það var hringt heim til nm. á miðju kvöldi og þeir beðnir að mæta morguninn eftir til þess að afgreiða þetta mál, og hafði það aldrei einu sinni verið rætt á fundi. Þetta var sem sagt hespað af án þess að okkur væri gefinn kostur á að ræða við þá aðila sem hlut eiga að máli.

Afstaða mín í þessu máli byggist á þeim umr. sem hér urðu þegar grunnskólalögin voru sett og fræðsluumdæmin sett á stofn. Í rauninni hefur ekkert breyst síðan sem réttlætir það að fræðsluumdæmum sé fjölgað, og yfirleitt er ekki enn komin sæmileg reynsla á þá skipan. Það eru ekki nema 4 ár síðan þau voru sett á stofn, og við vitum að það hefur ekki fengist nægilegt fjármagn til þess að hægt sé að sinna þessum málum sem skyldi. Ég held því að það ætti enn að þrauka og vita hver útkoman verður af þessari skipan.

Ég vil líka minna þá hv. stjórnarsinna, sem mæla með samþykkt þessa frv., á að athuga það, að þetta hlýtur að hafa í för með sér talsverðan kostnaðarauka, hversu mikinn veit ég ekki því það kom ekki fram í afgreiðslu n., fremur en svo margt annað sem hefði þurft að liggja fyrir.

Hitt er annað mál, að ég get afskaplega vel skilið það, að heimamenn vilji hafa meiri áhrif á stjórn skólamála en er víðast hvar raunin. Í þessu sambandi vil ég minna á till. sem ég flutti þegar grunnskólalögin voru samþ. Sú till. var felld, en hún fjallaði um það, að í kaupstöðum með 10 þús. íbúum eða fleiri skyldu settar á stofn svonefndar hverfisnefndir, sem skyldu hafa ýmis verkefni skólanefnda. Skipanin er, eins og við vitum, allt önnur hér í Reykjavík þar sem fræðslunefnd fer með hlutverk skólanefndar, eftir því sem við á. Þetta þýðir það, að í fræðsluumdæmi Reykjavíkur er meiri miðstýring í skólamálum en annars staðar. Ég hafði ímyndað mér að með því að setja á stofn slíkar hverfisnefndir væru möguleikar á því fyrir íbú-

ana að hafa meiri bein áhrif á innri stjórn skólanna og að það mundi rjúfa svolítið einangrun skólans og skólakerfisins í okkar þjóðfélagi.

Þess vegna get ég í sjálfu sér viðurkennt þá hugsun sem þarna liggur að baki, að heimamenn vilji hafa meiri áhrif á skólamál. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki rétta leiðin að rjúfa það skipulag sem nú er. Það kæmu örugglega fleiri á eftir en Hafnarfjörður. Það væri algjörlega ástæðulaust að t. d. Breiðholtshverfið í Reykjavík hefði ekki sinn sérstaka fræðslustjóra, ef á að fara að skipta þessu eftir íbúatölu. Þess vegna leggst ég gegn þessu frv. og tel að það sé ekki heppilegt að breyta skipulagi fræðsluumdæma.

Ég vildi mælast til þess virðulegi forseti, ég ætlaði nú, ég sé að hv. þm. Gunnlaugur Finnsson er kominn í salinn aftur, annars ætlaði ég að fara fram á að umr. yrði frestað, en það er þá óþarfi.

Ingvar Gíslason: Hæstv. forseti. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að ég sem formaður menntmn. þessarar hv. d. var ekki viðstaddur afgreiðslu þessa máls í nefndinni, sem stafaði af því, að þá var ég erlendis, raunar á vegum Alþ., en við mig var haft samband, þar sem ég var staddur í erlendri borg, af hálfu flm. þessa frv. með ósk um að þetta mál yrði tekið sem fyrst fyrir í menntmn. Ég sá enga ástæðu til þess, þó ég væri fjarverandi, að þetta mál mætti ekki koma fyrir n. í fjarveru minni, enda hefur n. sér varaformann, og sé ég ekkert óeðlilegt við það, þó að þetta hafi verið gert, og þetta var gert í fullu samráði við mig, að n. tók málið fyrir í fjarveru minni. Að sjálfsögðu setti ég n. engin fyrirmæli um það, hvort hún afgreiddi þetta mál þá eða síðar. Nú hefur n. afgreitt þetta mál á fullkomlega löglegan máta og með minni vitund og í samráði við mig að forminu til. Hitt vil ég taka skýrt fram, að ég er andvígur þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því. Hitt vil ég þó minna á þrátt fyrir allt, að þetta mál er engan veginn undarlega til komið. Þetta er flutt samkvæmt sérstakri beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, og þetta er flutt af þingmönnum úr fjórum þingflokkum. Ég sé að þarna eru flm. þrír þm. Reykn. og hv. þm. Benedikt Gröndal. Þetta mál er ekki neitt flokkspólitískt mál á nokkurn hátt, heldur sýnist það vera áhugaefni þm. barna syðra að gegna þeirri skyldu sinni að fylgja fram ýmsum beiðnum, sem koma úr þeirra kjördæmi, eins og við þm. gerum gjarnan. En sem sagt, ég vil aðeins segja þetta í tilefni af þeim orðum, sem hér hafa fallið um þetta, og tek jafnframt fram, að ég mun greiða atkv. gegn frv.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. menntmn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli, þótt menn hafi hér orðið til að gagnrýna n. fyrir að afgreiða málið þetta fljótt.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem liggja að baki flutningi þessa frv., þegar ég mælti fyrir því við 1. umr., og þarf ekki þar miklu við að bæta. En hv. þm. Svava Jakobsdóttir komst svo að orði, að raunverulega hefði ekkert breyst, frá því að grunnskólalögin voru sett, sem réttlætti að þessi breyting yrði gerð á skipan fræðsluumdæmanna. Ég vil leggja áherslu á hina raunverulegu ástæðu fyrir því, að farið er fram á þessa breytingu. Hún er sú, að landshlutasamtök sveitarfélaga fengu enga stoð í lögum, eins og ætlað var þegar grunnskólafrv. var hér til meðferðar á hv. Alþ. á sínum tíma, og það getur ekki verið neitt vit í því að hafa þessa skipan á meðan sveitarfélög eru ekki skuldbundin til þess að taka þátt í starfi landshlutasamtaka sem falið er það vald að kjósa í fræðsluráð. Þegar svo er, eins og í þessu tilviki, að Hafnarfjörður er ekki aðili að landshlutasamtökunum í Reykjaneskjördæmi, þá kemur glögglega í ljós hversu röng sú skipan er sem nú er á þessum málum.

Ég get ekki fallist á þá skoðun, sem fram kemur í nál. 1. minni hl., að með þessu frv. sé verið að brjóta niður það skipulag fræðslumála á grunnskólastigi sem kveðið er á í lögum um grunnskóla, eins og segir í nál. Hér er ekkert verið að brjóta niður. Það er verið að biðja um heimild til þess að setja á stofn sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi sem er með yfir 12 þús. íbúa og eins og ég sagði áðan er ekki aðili að landshlutasamtökunum á viðkomandi svæði sem kjósa fræðsluráðið. Svona einfalt er þetta, og það er þetta sem málið snýst raunverulega um.

Ef þetta frv. verður samþykkt, veitir það að vísu tveimur öðrum sveitarfélögum í landinu heimild til þess að fara fram á svipað eða það sama og bæjarstjórn Hafnarfjarðar er að gera. Þessi sveitarfélög eru Kópavogur og Akureyri, sem bæði eru með yfir 10 þús. íbúa. Hins vegar er aðstaðan ekki sú sama hjá þessum sveitarfélögum og hjá Hafnarfirði, og á það legg ég áherslu. Þau eru bæði aðilar að landshlutasamtökum sveitarfélaga, Kópavogur í Reykjanesumdæmi og Akureyri er aðili að Fjórðungssambandi Norðlendinga. Á þessu er meginmunur. Þessar sveitarstjórnir hafa bein áhrif á kosningu fræðsluráðanna í viðkomandi landshlutum, en svo er ekki um Hafnarfjörð. Þess vegna mun ekki vera uppi neinn áhugi í þessum sveitarfélögum, Akureyri eða Kópavogi, á því að setja upp sérstaka fræðsluskrifstofu. Þau eru aðilar að viðkomandi fræðsluskrifstofum núna. Ég legg áherslu á það, að starfsemi fræðsluskrifstofunnar í Reykjaneskjördæmi hefur gefið mjög góða raun. Þar er unnið gott starf og það er ekki verið að gagnrýna fræðsluskrifstofuna í sinni núverandi mynd með flutningi þessa frv. Á það legg ég mikla áherslu.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég legg aðeins áherslu á það í lokin, að hér er um heimildarákvæði að ræða og bær heimildir, sem frv. gerir ráð fyrir, verða ekki nýttar nema til komi jafnframt fjárveiting frá Alþ. Ég veit að það stendur ekki á bæjarstjórn Hafnarfjarðar að láta það fé af hendi rakna sem þarf af hálfu sveitarfélagsins til þess að koma upp fræðsluskrifstofunni. En það er undir Alþ. að sækja áfram um fjárveitingu til þess að fræðsluskrifstofunni verði komið á.

Frsm. 1. minni hl. (Gunnlaugur Finnsson): Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins gera athugasemd við eitt atriði í ræðu hv. 5. þm. Reykn., þar sem hann taldi forsendur fyrir því, að heimild þessi yrði veitt, að Hafnarfjarðarbær væri ekki í samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi og þess vegna væri staðan þar önnur en t. d. varðandi Akureyri og Kópavog, sem væru aðilar að landshlutasamtökum sínum og þar með að kosningu í fræðsluráð.

Ég vil benda á það, að þegar grunnskólalögin voru sett og gert ráð fyrir þessari skipan, þá var Hafnarfjörður í þessum samtökum. Og ég hygg að þær ábendingar, sem í eina tíð komu frá landshlutasamtakamönnum varðandi lögfestingu þessara samtaka, hafi einmitt verið vegna þess, að með því að þau væru ekki lögfest væri hæpið að þau gætu framkvæmt þær skyldur sem þeim voru lagðar á herðar, m. a. í sambandi við fræðslumálin. Ég hygg að sá ágreiningur, sem kom upp á milli Hafnarfjarðar og Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi, hafi ekki síst orðið vegna ágreinings um fræðsluskrifstofuna í Hafnarfirði og að Hafnarfjarðarbær hafi þess vegna sjálfur skákað sér frá þeim eðlilegu áhrifum sem hann á að hafa varðandi skipan fræðsluráðs. Ég geri ráð fyrir því og veit raunar, að honum hljóta að standa allar dyr opnar til þess að ganga þangað inn sem Hafnfirðingar geta haft eðlileg áhrif. Og ég held, satt að segja, að hér sé um tímabundið vandamál að ræða, sem sé ekki þess eðlis að ástæða sé til breytinga. Og ég vil leggja áherslu á það og mér er kunnugt um það, að fræðsluskrifstofan í Reykjanesumdæmi annast nú alla útreikninga og greiðslur á launum til kennara í Hafnarfirði eins og aðrar fræðsluskrifstofur gera, sem e. t. v. hefði ekki verið hugsanlegt fyrir 1—2 árum. En málum er þó komið svo í dag, að þarna hefur tekist þegar visst samstarf á milli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðskiptabankar, frv. (þskj. 306). — 1. umr.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Í grg., sem fylgir þessu frv., er þess getið að frv. samhljóða þessu hafi verið lagt fram á Alþ. á vetrinum 1974 og þá sem stjórnarfrv. Það frv. hafði verið undirbúið í viðskrn. og í samráði við Seðlabankann, en í beinu framhaldi af störfum sérstakrar bankamálanefndar sem hafði starfað á árunum 1972 og 1973 og gert allítarlega úttekt á stöðu bankanna í landinu og bankakerfisins í heild. Sú n. skilaði ítarlegu áliti sem dreift var meðal þm., og í því áliti komu fram margir mjög athyglisverðir hlutir varðandi þessi mál. M. a. kom það fram hjá þessari n., að hún teldi að um verulegan ofvöxt væri að ræða í íslenska bankakerfinu á síðari árum. N. segir beinlínis, að sérstaklega hafi það verið á árunum 1961—1964, þá hafi hafist kapphlaup á milli bankanna í landinu um að fá afgreiðslustaði fyrir bankastarfsemi og aðstöðu fyrir útibú. N. benti m. a. á það, að þegar litið væri á kostnaðarhlið bankarekstrar á Íslandi og hún borin saman við hliðstæðan kostnað í nálægum löndum, þá lægi ljóst fyrir að bankakostnaður hér væri 38—56% meiri en t. d. í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð og að allt benti til þess, að þessi kostnaður yrði sífellt meiri og meiri hér. Það kom einnig fram í áliti þessarar n., að talið væri að í bankakerfinu íslenska ynnu á árinu 1971 um 1600 menn miðað við fullt ársstarf eða þar væri um 1600 mannár að ræða, eins og það var nefnt. Nú hafa komið fram upplýsingar um það í skýrslu, sem lögð hefur verið fyrir hv. alþm., að árið 1975 var þessi fjöldi starfsmanna í bankakerfinu, metinn á sama grundvelli, talinn vera 2200 mannár eða starfsmenn sem heilsársmenn. Ég tel, miðað við þennan vöxt sem verið hefur, að það sé mjög sennilegt, þó að skýrslur liggi ekki fyrir um það, að hliðstæður starfsmannafjöldi sé nú orðinn 2700—2800 heilsársmenn, svo það fer auðvitað ekkert á milli mála, að það hefur verið um mjög mikinn vöxt að ræða í íslenska bankakerfinu nú um langa hríð. Það hefur dregið til sín meiri mannafla en flestar aðrar starfsgreinar hér á landi og kostnaðurinn farið hratt vaxandi.

Í beinu framhaldi af þessu og mörgum öðrum upplýsingum, sem fylgdu með í áliti bankamálanefndar, gerði sú n. samhljóða till. um að það væri rétt að hennar dómi að stefna að því að fækka ríkisbönkum nú þegar úr þremur viðskiptabönkum í tvo og að síðan yrði stefnt að því að fækka einkabönkunum eða hlutafélagabönkum úr fjórum í einn eða tvo, þannig að hér yrðu þá eftir starfandi á næstunni 3—4 viðskiptabankar í staðinn fyrir 7 sem við höfum nú. Þessi bankamálanefnd varð einnig sammála um, að það væri eðlilegast, þegar hafist væri handa um að skipuleggja bankakerfið með það fyrir augum að koma í veg fyrir þessa miklu þenslu, að byrjað yrði á hlut ríkisins í þessum efnum, að það yrði ríkið sem riði á vaðið og fækkaði sínum viðskiptabönkum, en síðan yrði næsta skref þar á eftir að snúa sér að hlutafélagabönkum og þá í nánum tengslum einnig við ákveðna umskipulagningu á sparisjóða- og innlánsdeildakerfinu í landinu.

Það kemur einnig fram í áliti þessarar bankamálanefndar, sem ég hygg að flestir alþm. hafi vitað um að meira eða minna leyti, að þrátt fyrir þennan ofvöxt í bankakerfinu, þrátt fyrir öra fjölgun á útibúum og afgreiðslustöðum bankanna á tiltölulega stuttu tímabili, þá fer því víðs fjarri að bankaþjónustan sé hagkvæm eða góð fyrir alla landsmenn. Þrátt fyrir þetta kom í ljós að allstór landssvæði voru greinilega afskipt um bankaþjónustu og bjuggu við lélega bankaþjónustu. Á stórum framleiðslusvæðum, þar sem mikil framleiðsla var höfð um hönd, þurftu menn að sækja sína bankaþjónustu um langan veg. Auk þessa var svo það, að viðskiptabankarnir lögðu mikla áherslu á að fá að fjölga útibúum sínum og afgreiðslustöðum, og sérstaklega virtist kapp þeirra vera mikið um að fá slík leyfi þar sem allmargir bankar voru fyrir. En það var greinilegt, að það var ekki um sama áhuga að ræða að koma upp útibúum á ýmsum þeim svæðum þar sem þó virtist vera nokkur eyða í kerfinu. Þetta benti auðvitað til þess, að það þurfti að taka á þessum málum þannig að þessi nauðsynlegi rekstur yrði skipulagður á annan hátt en var.

Í skýrslu bankamálanefndar kom fram, að á árinu 1972 voru hér starfandi 96 innlánsstofnanir og talsvert mikið á annað hundrað afgreiðslustaðir frá bönkum.

Það má segja að það séu þessi atriði, sem ég hef dregið fram, sem hafa verið þess sérstaklega valdandi að frv., sem lagt var fram á Alþ. í marsmánuði 1974, þá sem stjórnarfrv., um viðskiptabanka ríkisins, var samið.

Eins og kemur fram í grg. þessa frv., þá má segja, að það séu einkum og sérstaklega þrjú atriði sem hefja sig upp úr í þessu máli og að er stefnt með frv. Þau eru þessi, tekin hér beint upp úr grg. frv., — meginatriðin í þeirri stefnu, sem í frv. felst, eru þessi:

1. Ákveðin er fækkun viðskiptabanka ríkisins úr þremur í tvo með sameiningu Búnaðar- og Útvegsbankans í einn banka. Gert er ráð fyrir fækkun útibúa án þess þó að minnka eðlilega þjónustu á nokkrum stað. Ráðstöfun þessi er hugsuð sem fyrsta skref í áttina til fækkunar á bönkum og bankaútibúum og gerð til þess að hamla gegn óeðlilegri og kostnaðarsamri útþenslu í bankakerfinu. Rétt þykir að ríkið gangi á undan með því að koma skipulagi á sína banka. Á eftir komi síðan ráðstafanir til þess að fækka einkabönkum og endurskipuleggja sparisjóðaþjónustuna.

2. Það er atriði varðandi þetta frv., að sett yrði ein samræmd löggjöf um viðskiptabanka í stað margra og ósamræmdra laga sem nú gilda. Lögin um viðskiptabanka yrðu gerð nútímalegri og öruggari en nú er, endurskoðun og eftirliti bankanna m. a. breytt, og sennilega þyrfti, eins og hér segir, að ganga enn þá lengra í þeim efnum en gert er í þessu frv.

3. Gert er ráð fyrir formlegu samstarfi á milli ríkisviðskiptabankanna, m. a. í þeim tilgangi að tryggja eðlilega verkaskiptingu þeirra á milli og koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni sem leiðir til kostnaðarauka.

Þetta eru þau meginatriði sem stefnt er að með þessu frv.

Nú veit ég að það hefur ekki farið fram hjá hv. alþm., að hæstv. ríkisstj. hefur einnig lagt fram frv. um sama efni og þetta, um viðskiptabanka ríkisins, flutt sem stjfrv. af hæstv. bankamálaráðh. En það frv., sem er í mörgum greinum shlj. þessu frv. sem hér liggur fyrir og ég flyt, fjallar nær eingöngu um hina formlegu hlið þessara mála, þ. e. a. s. þann hlutann sem snýr að löggjöf viðskiptabankanna. Þar er um að ræða að samræma mismunandi löggjöf þessara viðskiptabanka, fella hana saman í eitt og gera löggjöfina í heild nokkuð nútímalegri, fyllri, nákvæmari og betri. Það frv. uppfyllir þennan hluta. En það tekur hins vegar ekki á því meginvandamáli sem við stöndum frammi fyrir í sambandi við okkar bankakerfi. Það snertir ekki við skipulagsleysinu sem þar ríkir nú. Það snertir ekki við því að hamla gegn hinni gífurlegu útþenslu í bankakerfinu og þeim mikla kostnaðarauka sem hér er verið að leggja bæði á atvinnurekstur í landinu og allan almenning í landinu með því kerfi sem nú er. Og það markar enga stefnu varðandi það, hvernig við viljum hafa það bankakerfi sem við ætlum að búa við á næstu árum. Ég tel því að það frv. leysi tiltölulega mjög litinn vanda. Að sjálfsögðu er rétt að lagfæra gamla löggjöf og færa hana meira til nútímastaðhátta. Það er vissulega til bóta. En það dregur lítið í sambandi við þau vandamál sem við stöndum hér frammi fyrir varðandi þróunina í okkar bankamálum.

Sú spurning, sem ég tel að hv. Alþ. verði að gera upp við sig, er hvort Alþ. vill una því skipulagsleysi í bankakerfinu, sem verið hefur, eða hvort ætlunin er að taka á því vandamáli, hvort Alþ. vill láta það afskiptalaust, að bankakerfið haldi áfram að þenjast út á jafn óskipulegan hátt og verið hefur, eða hvort Alþ. vill marka stefnu um það, hvernig ætlast sé til að byggja upp bankakerfið. Ég vil í þessu efni undirstrika það, að út af fyrir sig er það ekkert aðalatriði í mínum augum, að það verði nákvæmlega farið inn á þá braut að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann. Ég tel hins vegar mjög mörg rök hníga að því, að það væri það hagkvæmasta í sambandi við skipulag viðskiptabanka ríkisins og það eðlilega og það sem kæmi í rauninni flestum að gagni. En ef menn vilja hafa þar annan hátt á, þá kemur það að sjálfsögðu einnig til greina. En það þarf bara að taka þannig á þessum málum, að þarna sé mörkuð stefna. Og ég tel að það sé fullkomlega nægilegt, að íslenska ríkið reki við núverandi aðstæður tvo almenna viðskiptabanka sem þjóna eiga atvinnulífinu í landinu almennt séð um allt land, það sé algerlega óþarft að hafa slíka banka þrjá, og ég tel litla von til þess, að tekið verði á vandamálinu varðandi hlutafélagabankana, ef ríkið tekur ekki á þessu vandamáli hjá sér.

Væri farin sú leið, sem lögð er til í þessu frv., að stefna að því að sameina í einum banka Búnaðarbankann og Útvegsbankann, þá væri hægt að gera úr slíkri samsteypu einn álíka sterkan banka og Landsbankinn er nú. Að sjálfsögðu væri eðlilegt, eins og einnig er gert ráð fyrir í frv., að um leið og þessir bankar mynduðu með sér einn banka, þá yrði hinum nýja banka lagt nokkurt viðbótarstofnfé af hálfu ríkisins til þess að gera stöðu bankans sambærilega við stöðu Landsbankans, sem á allmiklu meira eigin fé. Það tel ég ekki vera neitt vandamál, enda hefur það komið fram hjá þeim sem miklu ráða um gang bankamálanna í landinu, að það er tiltölulega auðvelt að leysa þann vanda. E. t. v. þyrfti að ganga lengra í þeim efnum að leggja fram nýtt viðbótarstofnfé í hinn sameinaða banka en lagt er til í þessu frv. Það er líka aðeins stigsmunur, hvort þar er bætt við 400 millj. af nýju stofnfé eða hvort það fé yrði jafnvel helmingi meira, upp í 800 millj. Það ræður ekki sjálfri stefnunni.

Það, sem ég tel að skipti máli þegar menn gera það upp við sig, hvort rétt sé að hverfa að því að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann, er fyrst og fremst hvaða hlutverk við ætlum þessum bönkum. Það gamla hlutverk, sem menn hugsuðu sér og lengi var unnið eftir varðandi Búnaðarbankann, að þetta væri fyrst og fremst banki landbúnaðarins, er löngu liðið hjá. Búnaðarbankinn er þegar orðinn almennur viðskiptabanki. Af þeim ástæðum er það svo, að því fer víðs fjarri að Búnaðarbankinn sé stærsti viðskiptabanki landbúnaðarins. Um langan tíma og einnig í nýjustu tölum, sem liggja fyrir, kemur

í ljós að heildarlán Landsbankans til landbúnaðarins eru hærri en Búnaðarbankans, og gildir þar alveg sama hvort um bein rekstrar- og afurðalán er að ræða eða önnur viðskiptalán. Heildarlán Landsbankans til landbúnaðarins eru meiri en Búnaðarbankans. Búnaðarbankinn hefur ekki heldur ráðstafað fjármagni sínu nema að nokkrum hluta, það er nokkuð sveiflugjarnt, en óhætt að segja að það er ekki meira að jafnaði en um 34% sem hægt er að tengja við landbúnað. Annað af ráðstöfunarfé sínu lánar hann til allt annarra greina, til hins almenna viðskiptalífs, til verslunar og til margs konar framkvæmdaaðila, til samgangna og annarrar viðskiptalegrar þjónustu í landinu, enda gerir Búnaðarbankinn að sjálfsögðu kröfu til þess að vera tekinn sem almennur viðskiptabanki þjóðarinnar. Það er eðlilegt. Þeim banka hefur nú um nokkra hríð gengið vel á því sviði að draga til sín sparifé og almennt rekstrarfé, en hins vegar hefur mjög hallað á þann banka og meira en góðu hófi gegnir með efnahagslega stöðu bankans. Hann hefur raunverulega verið of fátækur banki og þar hefur aðeins það eitt getað komið í staðinn, að hér er um ríkisbanka að ræða sem ríkið stendur í bakábyrgð fyrir. Það hefur verið þannig um alllangan tíma og er enn í dag, að Útvegsbankinn hefur verið út af fyrir sig efnahagslega sterkari banki þó að hann hafi verið í meiri rekstrarfjárvanda. Eignahlið hans er betri og hefur verið. En það er í rauninni ekki heldur aðalatriði þessara mála, þar sem hér er um hreina ríkisbanka að ræða sem ríkið stendur í bakábyrgð fyrir.

Það gamla bankaform, sem hér gilti, þar sem menn hugsuðu sér að stofna banka og reka banka að verulegu leyti í tengslum við sérstakar atvinnugreinar, er, eins og ég segi, liðið hjá að verulegu leyti og menn hafa verið að sjá það betur og betur, að það hæfir ekki nútímarekstri. Það er lítill vandi að taka heil byggðarlög í landinu, heil héruð þar sem þetta kemur alveg augljóslega fram. Ég skal nefna nokkur dæmi um þetta. Í fyrsta lagi skulum við taka Austur-Skaftafellssýslu með sín landbúnaðarhéruð og svo aftur útgerðarbæinn Höfn í Hornafirði með nokkuð vaxandi iðnað á ýmsum sviðum, eins og gengur í slíkum héruðum. Auðvitað sjá allir að það er ekkert hóflegt skipulag að búast við því, að í þessu héraði ætti að vera Búnaðarbanki, þar ætti að vera Útvegsbanki og þar ætti að vera Iðnaðarbanki og eflaust til viðbótar Samvinnubanki, svo að við tökum einhvern af hinum minni bönkum. Nú hefur það þó orðið úr, eftir að sérstaklega var farið að taka nokkuð á skipulagsmálum þessara banka, að heimamenn höfðu þar drjúg áhrif á, að það var byggður upp aðeins einn banki í þessu héraði, Landsbankinn, sem lengst af hafði ekkert útibú þarna. Nú er starfandi eitt bankaútibú fyrir Austur-Skaftafellssýslu og fyrir Höfn í Hornafirði. Þessi banki þjónar jöfnum höndum landbúnaði á þessu svæði sem sjávarútvegi og iðnaði. Og auðvitað er það langsamlega hagkvæmast einnig fyrir allan atvinnurekstur á þessu svæði. Heimamenn voru ekki í neinum vafa um það, þegar þessi mál voru rædd við þá, að það, sem þeir ættu að gera, væri beinlínis að hverfa frá rekstri innlánsdeildar í sambandi við kaupfélag og fá einn banka sem þjónaði með eðlilegum hætti starfsemi á sviði peningamála, og þeim var alveg ljóst, að það var röng leið að vinna að því að fá á sitt svæði marga banka og deila upp sínu starfssvæði á þann hátt. Ég efast ekkert um að þau mál standa þannig í dag, að ekki aðeins viðkomandi banki, heldur allir þeir, sem eru framámenn í atvinnurekstri, jafnt í landbúnaði á þessu svæði sem sjávarútvegi og iðnaði, eru sannfærðir um að auðvitað á þetta svæði að fá sína þjónustu frá einni peningastofnun.

Ég get líka nefnt annað dæmi, og tek þá þessi dæmi af því svæði þar sem ég þekki best til. Ég vil t. d. taka landssvæði eins og Vopnafjörð með myndarlegt þorp og vaxandi allmikla útgerð og nokkurn iðnað, minni háttar, en myndarlegar landbúnaðarsveitir þar að baki. Þar horfa þessi mál við á allt annan veg. Þar deilist rekturinn upp þannig, að sumar greinar sjávarútvegsins tilheyra Útvegsbankanum á Seyðisfirði, aðrar greinar jafnvel sama fyrirtækis tilheyra síðan frá gömlum tíma Landsbankanum á Eskifirði, og síðan hefur Samvinnubankinn í seinni tíð komið upp á þessum stað. Búnaðarbankinn hefur þarna ekkert útibú. Auðvitað þekkist það að sjálfsögðu, eins og gengur alltaf á milli allra starfssvæða, að einhverjir, sem vilja leita sérstaklega til Búnaðarbanka, leita t. d. af þessu svæði til útibúsins á Egilsstöðum. Ég efast heldur ekkert um það vegna kunnugleika míns á þessu svæði, að þar eru menn á því, að það, sem mundi þjóna þessu héraði atvinnulega og rekstrarlega langsamlega best, væri einn myndarlegur banki sem ekki reyndi að skorast undan því, að hann ætti að þjóna atvinnulífinu á þessu svæði í heild, og léti sig þar ekki skipta neinu höfuðmáli, hvort atvinnurekstrinn væri í sambandi við sjávarútveg, iðnað, verslun eða landbúnað. Enda er sannleikur málsins sá, að þessi rekstur hjá okkur tvinnast oft saman í sama fyrirtækinu í öllum þessum starfsgreinum. Það er verslunarfyrirtæki, sem hefur með landbúnaðarmálin að gera, og í mörgum tilfellum er það sami aðili, sem hefur með allmikinn útgerðarrekstur að gera. Hitt sjá líka allir, að það er hóflaus vitleysa að ætla sér að setja upp á Vopnafirði útibú frá Búnaðarbanka, Samvinnubanka, Landsbanka og Útvegsbanka, eða þó að væri ekki nema annar, Landsbankinn eða Útvegsbankinn. Við þurfum auðvitað að fara að í þessum efnum eins og þekkt er úr nálægum löndum. Við þurfum að reyna að hafa eitthvert skipulag á því, hvernig starfssvæðið er.

Það hefur einnig komið upp í seinni tíð í mjög vaxandi mæli í okkar bankakerfi, sem er eðlilegt, að bankarnir vilja miða sínar starfsskyldur nokkuð við það, hvort þeir fá það sparifé af viðkomandi starfssvæði eða ekki. Það er ofurskiljanlegt að banki staðsettur hér í Reykjavík er ekkert hrifinn af því að þurfa að eyða miklu af sínu starfsfé til þess að reka stórútgerðarfyrirtæki uppi á Akranesi, eins og dæmi eru til um. En síðan hefur þessi banki ekkert útibú á Akranesi og fær ekkert af því sparifé sem þar safnast fyrir, það er allt annar banki sem tekur það til sín. Af þessu verður m. a. það, að bankarnir finna ekki hvíla á sér þá skyldu, sem eðlilegt væri, til þess að þjóna þessum svæðum á þann hátt sem þarf að þjóna. Þá kemur það einnig upp

hjá okkur, sem er talsvert vaxandi, að fyrirtæki hjá okkur eru að stækka. Stundum ganga saman í sameiginlegan rekstur af hagkvæmniástæðum aðilar, sem voru sundurdeildir áður, og mynda með sér miklu stærri rekstrarheildir. Þetta kallar beinlínis á það, að viðskiptabankarnir, sem eiga að þjóna slíkum fyrirtækjum, séu nokkuð stórir bankar, ráði við verkefnin og þeir veiti þá þjónustu hverju sinni sem er nauðsynleg og eðlileg, ef hún er á eðlilegum bankagrundvelli. Okkar bankakerfi, eins og það er nú, hefur vaxið alveg þveröfugt við þetta sem ég hef verið að lýsa. Það er alger misskilningur, að hægt sé að tala um að t. d. Iðnaðarbankinn sé einn banki iðnaðarins. Aðrir bankar hafa þar stóra hlutdeild í. Sama er vitanlega að segja um verslunina. Það er alger miskskilningur, að Verslunarbankinn skipti þar nokkru höfuðmáli. Það eru aðrir bankar sem hafa miklu stærri hlut en hann í sambandi við rekstur verslunar. En síðan kemur það einnig upp, að hjá okkur eins og öðrum er mikil hagkvæmni í því fólgin í sambandi við bankarekstur að hafa rekstur bankanna, ef svo mætti segja, á mörgum áhættusviðum, binda sig ekki allt of mikið við eitt svið, heldur að geta dreift útlánum sínum á margar greinar og marga staði. Þannig er stundum að ein greinin kallar tiltölulega meira eftir fjármagni en aðrar og það er eðlilegt að þjóna henni, en önnur þarf á þeim tíma á tiltölulega litilli fjárhagsaðstoð að halda. Það væri því miklu hagkvæmara að leysa þessi vandamál í gegnum stærri og viðtækari heildir heldur en þessa sundurgreindu starfsgreinabanka sem við höfum búið hér nokkuð við. Þetta og ótalmargt fleira, sem væri ástæða til þess að draga inn í þessar umr., mælir með því, að Alþ. taki afstöðu í meginatriðum til þess, að hverju er stefnt varðandi okkar íslenska bankakerfi.

Ég vil í þessum efnum alveg sérstaklega leggja á það áherslu, að það er ekki till. bankamálanefndarinnar og það er ekki meiningin með þessu frv., sem ég flyt hér, að minnka á nokkrum stað eðlilega bankaþjónustu, heldur er þvert á móti gert ráð fyrir því að setja upp bankaútibú á stöðum, þar sem bankaútibú eru ekki nú, og afgreiðslustaði banka einnig þar sem engir eru fyrir, en það yrði hreinlega gert á kostnað þess að nú er orðinn ofvöxtur í þessu. Það nær t. d. að mínum dómi engri átt, að meginhlutinn og langþýðingarmesti hlutinn af atvinnurekstrinum t. d. á Snæfellsnesi, svo að við tökum það sem dæmi, þessi kraftmikli atvinnurekstur, sem þar er til sjávarins, fyrirtækin þar, skuli þurfa að hafa sína bankaþjónustu mestmegnis hér suður í Reykjavík. Auðvitað væri miklu eðlilegra, að einn góður viðskiptabanki þjónaði því atvinnulífi, sem er að byggjast upp og á að byggjast upp á Snæfellsnesi, með eðlilegri aðstöðu til bankaþjónustu. En hitt sjá menn, að þeir, sem eiga að stjórna bankamálum, komast í algeran vanda með það, þegar beiðnir liggja fyrir frá mörgum bönkum um að mega setja upp útibú á litlum stað, af því að hver þeirra fyrir sig vill reyna að krækja í nokkurn hluta af því sparifé sem þar fellur til. Það er því ekki meiningin með þessu frv., þótt að því sé stefnt að koma í veg fyrir þennan mikla vöxt sem hefur verið í bankakerfinu og draga þar úr ofþenslu, of miklum kostnaði, þá er ekki ætlunin að gera bankaþjónustuna í landinu lakari. Það er t. d. ekki horfið frá því að hafa bankaútibú á neinum stað þar sem bankaútibú er nú, en það kæmi til mála að fækka þeim þar sem þau eru mörg á sama stað. En eins og ég hef sagt hér, er auðvitað aðalatriði málsins það, að Alþ. taki stefnumarkandi ákvörðun um það, hvernig er ætlunin að byggja bankakerfið upp. Mér þykir það mjög miður varðandi það frv., sem hæstv. viðskrh. flytur nú, að hann skuli hafa horfið frá því að taka á þessu stóra vandamáli. Það dugir vitanlega ekki í máli eins og þessu að gefast upp við það, þó að það komi upp eitthvað misjafnar skoðanir sem sumpart kunna að vera tengdar tilfinningamálum. Auðvitað verður að taka á svona stórum og viðamiklum málum og reyna að sjálfsögðu að leysa þau eftir samkomulagsleið, að svo miklu leyti sem unnt er. Ég vil líka vekja athygli á því, að þegar bankamálanefndin var skipuð á sínum tíma, þá var hún beinlínis skipuð út frá þessu sjónarmiði, að reyna að skapa sem víðtækasta samstöðu. Sú n. var skipuð þannig, að í henni yrðu starfandi bankastjórar úr ríkisbönkunum öllum, og ekki aðeins það, að þar væru starfandi bankastjórar úr ríkisbönkunum öllum, heldur var beinlínis miðað við það, að í þessari bankamálanefnd væru fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum, til þess að þessi sjónarmið, sem kynnu að vera misjöfn, gætu komið þar öll fram. Og það tókst að ná samkomulagi þar um grundvallaratriði, um meginstefnu. Menn voru að vísu ekki fullkomlega sammála þar um alla hluti, og þá voru ýmis allþýðingarmikil atriði látin liggja eftir. En um meginstefnuna urðu menn sammála.

Það er kannske ástæða til þess að fara hér nokkrum fleiri orðum sérstaklega um það atriði sem snýr að sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans í einn banka, ekki síst vegna þess að það hefur talsvert borið á því, að fulltrúar bændasamtaka og fulltrúar bænda hafi margir sýnt andstöðu við þessa hugmynd. Ég er út af fyrir sig ekkert hissa á því, að í byrjun hafi komið upp slík viðbrögð, að þeir, sem sérstaklega standa fyrir félagssamtökum bænda, hafi óttast þessa sameiningu og fundið þarna eitthvað til, að þetta kynni að verða á kostnað Búnaðarbankans og kostnað bændanna. En ég trúi því ekki, að þessir aðilar hafi hugsað þessi mál langt, ef þeir hafa ekki þegar áttað sig á því, hvers konar banki Búnaðarbankinn er. Það getur þá orðið tilefni til þess kannske að lesa þann lestur nokkru lengra en hingað til hefur verið gert, hvort hann sé svo sérstaklega mikill banki landbúnaðarins umfram aðra banka. Hann er tvímælalaust, eins og ég hef sagt, almennur viðskiptabanki sem margt er hægt gott um að segja. En hitt er líka alveg ljóst, að jafnt á sviði landbúnaðar og sviði annarra atvinnugreina, sem landbúnaður á sitt allt samtengt við, hefur hann skotið sér algerlega undan því að sinna þeim verkefnum og skiljanlega borið þar við ýmsum ástæðum. Auðvitað er það svo, að það, sem skiptir landbúnaðinn mestu, er að hann fái góða bankafyrirgreiðslu, hann fái þau lán sem reglur standa til um, hvar á landinu sem landbúnaðurinn er rekinn, og að þær greinar, sem landbúnaðurinn hnýtist fastast við, fái líka sína fyrirgreiðslu.

Búnaðarbankinn hefur t. d. gengið fram hjá því að sinna allstórum landshlutum og stórum landssvæðum af ýmsum ástæðum, en hefur að sama skapi lagt sig mikið eftir bankarekstri þar sem var mikil bankaþjónusta fyrir hjá öðrum bönkum og tekið þar þátt í bankastarfsemi af þýsna miklu kappi. Til þessa liggja auðvitað ýmis rök. Hann hefur frá almennu rekstrarlegu sjónarmiði valið sér þetta hlutverk sem almennur viðskiptabanki, af því að hann hefur ekki talið sér það beinlínis skylt að taka að sér alla bankaþjónustu fyrir landbúnaðarhéruð. Hann hefur aðeins verið hlutakandi þar í, en hann hefur ekki tekið hana að sér almennt. Auðvitað getum við um allt land, hvar sem við drepum niður, tekið landbúnaðarsveitir. Hvaða manni mundi koma til hugar t. d. að það ætti að fara að koma upp sérstökum Búnaðarbanka í Neskaupstað, af því að það liggur myndarleg sveit inn úr því byggðarlagi sem rekur sinn landbúnað? Eigum við að gera ráð fyrir því, að í slíku byggðarlagi ættu að vera 5, 6 eða 7 bankar, af því að svo margar starfsgreinar eru þar reknar? Eða á að pína þá, sem eru á slíkum stöðum, til þess að taka við sinni bankaþjónustu um langan veg? Auðvitað er ekkert vit í slíku, og sem betur fer hefur þróunin farið yfir á aðra braut varðandi þessi atriði.

Það er auðvitað hægt, eins og hefur verið gert að litlu leyti, að knýja á um það, að jafnöflugur og myndarlegur banki eins og Búnaðarbankinn er taki að sér allan atvinnurekstur á tilteknum stöðum þar sem hann hefur útibú, jafnt við sjávarútveg sem annað, eins og hann hefur gert á nokkrum stöðum. En ef við viljum fara inn á þá braut að skipta landinu þannig í starfssvæði meira en nú er gert á milli bankanna, þá stefnum við auðvitað rakleitt að því að hafa þessa viðskiptabanka a. m. k. þrjá á vegum ríkisins og svo auðvitað hlutafélagabankana líka, þá teljum við ekki eftir okkur að eyða mannafla og peningakostnaði í kerfi sem verður sífellt dýrara og okkur kostnaðarsamara. Ég tel hins vegar að hitt sé miklu eðlilegra skipulag, að við hefðum tvo viðskiptabanka ríkisins af svipaðri stærð og Landsbankinn er nú og síðan yrði unnið að því, að þessir tveir viðskiptabankar ríkisins skiptu í meginatriðum með sér landinu í starfssvæði. Mér hefur ekki komið til hugar, og ég held að þeim í bankamálanefnd hafi ekki heldur dottið neitt í hug, að það mundu ekki eftir sem áður alltaf eiga sér einhver viðskipti stað milli einstakra fyrirtækja á milli svæða, en í meginatriðum eigi það að vera svo, að einn allgóður viðskiptabanki þjóni tilteknu landssvæði, tilteknu héraði, og eigi þá að sinna bankaþjónustu í öllum helstu starfsgreinum, hver sem þar á hlut að máli. Ég er ekki í neinum vafa um það, að fyrir íslenskan landbúnað yrði þetta til stórkostlegra framfara frá því sem nú er. Landbúnaðurinn fengi bæði beint og óbeint, ekki síður óbeint, meira rekstrarfé en hann fær nú með því sérgreinakerfi sem nú er byggt á. Hér er því að mínum dómi um það að ræða, að hér er verið ekki síst að vinna að skipulagsbreytingu sem landsbyggðin kallar á.

Við skulum gæta að því, að málin snúa þannig við, að það er kannske ekki mikill vandi að hafa sjö starfsgreinabanka hér í Reykjavík, eins og við höfum nú. Verði viðskiptabankarnir áfram sjö, þá verða þeir örugglega allir hér í Reykjavík. Það er hægt að deila þessu þannig á slíkum stöðum. En slík skipting verður aldrei á hinum minni stöðum, sem eru að vaxa upp, eru kannske að verða framleiðslumiðstöðvar úti á landsbyggðinni. Slíkar miðstöðvar kalla á það, að þær geti notið eðlilegrar bankaþjónustu á viðtækum grundvelli. Og það er algjör misskilningur að halda að sú þróun geti orðið svo einhliða, að hún eigi að heita landbúnaður eða iðnaður eða sjávarútvegur eða verslun. Þetta fer saman.

Eins og ég sagði áður, þá er það auðvitað ekkert höfuðatriði út af fyrir sig að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann, þó ég telji að mörg rök hnígi að því. Auðvitað er hægt að gera þetta með öðrum hætti. Ég hef heyrt menn nefna það. Ég hef heyrt suma þá, sem halda mjög með Búnaðarbankanum, segja: Við skulum bara leggja Útvegsbankann niður og þá verða eftir tveir bankar, Búnaðarbankinn og Landsbankinn. Vissulega er þetta hægt. Kannske er ekki hægt að sannfæra nægilega marga menn nema fara einhverja svona leið. Ég tel það hins vegar óviturlegt og engin sérstök rök sem mæli með slíku, að ríkið fari þannig með sína ríkisbanka. Auk þess tel ég að það væri þó nokkur hætta á því, að það heppnaðist í rauninni ekki eins vel hjá okkur í þessum margslungna rekstri okkar að byggja þetta upp sem slíkan starfsgreinabanka, sem héti Búnaðarbanki eða Útvegsbanki eða Iðnaðarbanki. Ég tel það beinlínis rangt. Ég hefði því miklu frekar fyrir mitt leyti kosið að fundið yrði eitthvað nýtt og heppilegra nafn á þennan nýja sameinaða banka, sem gert er ráð fyrir í frv. mínu að verði Búnaðar-Útvegsbankinn vegna þess að menn hafa ekki verið algjörlega ásáttir um það, hvaða nafn hæfði þessum banka best. Stungið hafði verið upp á því af einhverjum, að hann yrði kallaður Sameinaði bankinn, og mörg fleiri nöfn hafa komið fram. En það er ekki það sem skiptir hér neinu höfuðmáli, og menn eiga ekki að láta stefnumörkun ráðast af því, hvort þeir eru hrifnir af þessu nafni eða hinu.

Ég vil einnig benda á það, að það er ofurauðvelt að halda áfram því sérgreinda skipulagi sem margt mælir með að við höldum okkur við áfram um sinn, þ. e. a. s. að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði sérstök og sjálfstæð deild, hvort sem hún er hnýtt við einhvern sérstakan banka eða ekki eða hvort hún er gerð algjörlega sjálfstæð stofnun, lánastofnun eins og Fiskveiðasjóður, þegar hann var slitinn formlega úr samhengi við Útvegsbankann. En Stofnlánadeild landbúnaðarins er ekki og á ekki að vera neinn sérstakur hluti af Búnaðarbankanum. Það er eðlilegt að henni verði haldið alveg sér, annaðhvort sem algjörlega sjálfstæðri lánastofnun, sem hefur sitt stofnlánahlutverk, eða þá að það skipulag verði haft á, að þessi tiltölulega sjálfstæða lánastofnun hafi ákveðið samstarf við tiltekinn banka, eins og t. d. þennan Búnaðar-Útvegsbanka sem yrði gerður að einum banka. Þeim málum, sem flokkast sérstaklega undir landbúnaðinn, eins og varðandi stofnlánaveitingar til landbúnaðarins, það er hægt að halda þeim öllum algjörlega aðgreindum, þó að sá banki yrði ekki í því formi lengur sem hann er

nú, þar sem hann er sem starfsgreinabanki, þó að hann sé kominn í starfsemi sinni langt út fyrir þá grein.

Þá hefur einnig verið á það bent, og það kom upp þegar frv. var flutt í fyrra skiptið, að a. m. k. sumt af starfsfólki þeirra banka, sem hér áttu hlut að máli, — Útvegsbankans og Búnaðarbankans, væri andvígt þessari breytingu. Það sama er um þetta að segja og viðhorf ýmissa forustumanna í bændastétt til þessarar sameiningar. Ég er í rauninni ekkert hissa á því, að svona viðbrögð komi upp í byrjun. En það getur vitanlega ekki ráðið úrslitum um skipulag á þessum málum. Það er enginn vafi á því, að það starfsfólk, sem vinnur í þessum bönkum, mundi fá forgangsrétt til að starfa í hinum sameinaða banka áfram. Ég teldi miklu vera náð, jafnvel þó það yrði ekki um neinn sparnað á mannfjölda að ræða á fyrsta stigi sameiningarinnar, því að sá stóri og mikli vinningur lægi þá í því, hvernig haldið yrði á málunum þar á eftir. Ég álít því að mótmæli, sem hafa komið fram frá starfsfólki, séu tiltölulega mjög léttvæg í þessu sambandi og það sé ekki hægt að taka nema að litlu leyti tillit til þeirra. Það er að vísu sjálfsagt að hafa starfsfólkið með í ráðum, hvernig gengið yrði frá þeim umskiptum sem þarna kæmu til, en hvort þessi starfsemi verði rekin undir heiti eins banka á vegum ríkisins eða tveggja, um það á starfsfólkið vitanlega ekki að hafa úrslitavald.

Sama er að segja um allar athugasemdir sem fram hafa komið um það, að ekki hafi verið fyrir fram sannað hversu mikill sparnaður yrði að sameiningu þessara tveggja banka. Það gefur auðvitað auga leið, að þegar hægt er að leggja niður nokkur allstór útibú og ráðstafa því húsnæði og öðru sem þessir bankar búa við núna, þá verður vitanlega um sparnað að ræða, enda ekki vel haldið á málum hins nýja sameinaða banka ef hann næði því ekki tiltölulega fljótlega að gera starfsemi sína eitthvað hagkvæmari, miðað við það, hvaða þjónustu hann ætlar að veita. Allur samanburður, sem menn hafa verið að gera um starfsmannafjölda í Landsbankanum og starfsmannafjölda í Búnaðarbankanum og Útvegsbankanum, er í rauninni algjörlega út í hött í þessum efnum, því að til þess að leggja þar á eðlilegan dóm verða menn auðvitað að átta sig og athuga það, hvaða starfsemi er innt af höndum.

Í mínum augum skiptir langsamlega mestu máli varðandi þetta atriði og í mínum huga vegur hér langþyngst að bæta bankaþjónustuna í landinu við atvinnureksturinn, ekki síst úti um hinar dreifðu byggðir, að gera þessa bankaþjónustu þannig, að hún verði virkari, hún verði miklu sterkari en hún hefur verið, og svo hitt, að koma í veg fyrir óþarfakostnað og stórhættulega þenslu og yfirbyggingu. Við skulum hugsa okkur það t. d., að Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn yrðu sameinaðir, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ætli menn gætu þá ekki t. d. leyst a. m. k. um nokkurn tíma húsnæðisvandamál Seðlabankans? Ætli hann gæti þá ekki rúmast í bankahúsnæði annars hvors þessara banka? Ég hugsa það. Ég hugsa að það væri lítill vandi að koma honum sómasamlega fyrir þar. Og þannig gæti þetta orðið á ýmsum fleiri stöðum, það væri hægt með þessu að leysa ýmsan vanda.

Auk þessa lít ég á það mál, sem hér er um að ræða, í beinum tengslum við það stóra verkefni sem leysa þarf í íslenskum efnahagsmálum, að það þarf að draga úr hinum hraða vexti á yfirbyggingunni í okkar hagkerfi. Þarna eigum við að taka á þessu varðandi bankana. Við þyrftum svo á eftir að snúa okkur t. d. að skipulagningunni varðandi vátryggingastarfsemi í landinu. Það er hægt að taka á þeim málum á sama veg. Við ættum svo þar á eftir að snúa okkur að því að skipuleggja svolítið olíusöluna og olíudreifinguna í landinu. Einnig og ekki síst, eins og stefnir nú, þyrfti að taka á sama hátt á því vandamáli sem er lífeyrissjóðakerfið í landinu. Menn ættu kannske að hugsa til þess, hvernig það verður eftir svona 10—15 ár, miðað við þann skrið sem á því hefur verið nú síðustu árin. Þessi yfirbygging, þar sem möguleikarnir eru mestir til þess að ráðast í fjárfestingu, ráða til sín fólk, draga fólk frá framleiðslustörfum, þarf að stöðvast. Eitt af því fyrsta í þessu verkefni er auðvitað að glíma við bankamálin.

Ég hygg líka, en vil ekki gera það að neinu aðalatriði í mínu máli, að þróunin síðustu ár og síðustu mánuði í ríkisbönkunum sjálfum, m. a. sú þróun sem gengið hefur í Útvegsbankanum, kallar beinlínis á það að hér sé gerð skipulagsbreyting. Ég teldi þá skipulagsbreytingu til bóta þó að yrði farin sú leið að Útvegsbankinn yrði sameinaður Landsbankanum. En ég teldi það mjög ranga leið að sameina þá tvo banka og halda Búnaðarbankanum í því rekstrarformi sem hann er. Ég teldi það ranga leið, en þó teldi ég það mun betra en að búa við það skipulag sem er. Ég er ekki í neinum vafa um það, að staða þessara mála er nú orðin sú, að atvinnurekstur inn í landinu er farinn að gjalda þessa skipulagsleysis, gjalda þess verulega.

Hæstv. forseti. Ég skal svo ekki hafa hér fleiri orð um þetta mál að sinni. Ég geri ráð fyrir að um þetta mál geti orðið allmiklar umr., enda tel ég vera þörf á því. Menn þurfa kannske að taka nokkurn þátt í umr. um mál eins og þetta til þess að átta sig á því, hvernig þessi mál eru orðin, og til þess þá að það fáist fram, að stjórnmálaflokkarnir á Alþ. þori að taka á máli eins og þessu. Það er ekki að taka á þessu máli að ætla að afgreiða það í þeim búningi sem frv. hæstv. viðskrh. er. Það er að beygja hjá vandamálinu. Það er að taka aðeins á aukaatriði, bara á skipulagsformi, aðeins á þeim hluta málsins sem snertir löggjöf sem bankarnir eiga að starfa eftir. En það er hinn hluti málsins, sem ég hef gert hér aðallega að umtalsefni, sem þarf að taka á. Þar þarf að leggja línurnar í meginatriðum. Þar þarf að marka stefnu. Ég tel að þetta frv., sem hér liggur nú fyrir, sé grundvöllur að þessu og því ætti að leggja það til grundvallar í umræðum um þetta mál.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í gærkvöld flutti sjónvarpið langan, samsettan þátt, sem fjalla átti um horfur í þjóðmálum, en snerist eingöngu um efnahagsráðstafanir ríkisstj. og viðbrögð við þeim. Dr. Gunnar Schram var stjórnandi þáttarins, en tveir fulltrúar vinnumarkaðarins ræddu saman og tveir hagfræðingar létu í ljós álit sitt á umræddum málum.

Þessu til viðbótar kom hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson fram í byrjun og einnig í lok þáttarins. Ráðh. fékk þarna tækifæri til að tala einn til þjóðarinnar, og hann notaði þetta tækifæri m. a. til að ráðast harðlega á stjórnarandstöðuna og till. hennar um lausn efnahagsvandans.

Ég tel að hlutur forsrh. í þessum þætti hafi verið hlutdrægni af versta tagi og sé brot á útvarpslögum. Í 3. gr. þeirra laga stendur ákvæði sem er hornsteinn lýðræðislegrar útvarpsstarfsemi. Segir þar að Ríkisútvarpið skuli gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum. Útvarpsráð hefur það meginhlutverk að gæta þessarar óhlutdrægni, og eru ákvarðanir þess endanlegar. Ég beini því gagnrýni minni gegn ráðinu, enda þótt stjórnandi þáttarins hljóti einnig að taka gagnrýni fyrir uppbyggingu þáttarins, en fáir menn þekkja betur gildandi lög um þetta efni en hann.

Ég ber þessa umkvörtun fram af hálfu Alþfl. Fulltrúi okkar í verðbólgunefnd og talsmaður í þessum málum, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, er ekki síður reyndur og viðurkenndur hagfræðingur en hæstv. ráðh. Hann hefur rökstutt, að svokölluð 2. leið væri ábyrg lausn á efnahagsvandanum. En í gærkvöld rést hæstv. forsrh. í sjónvarpi á þessar hugmyndir, rangfærði þær og traðkaði á þeim, en til andsvara var enginn.

Þetta er óþolandi hlutdrægni, og ég krefst þess, að útvarpsráð bæti fyrir brot þetta með því að veita Gylfa Þ. Gíslasyni og e. t. v. öðrum talsmönnum stjórnarandstöðunnar þegar jafnan tíma til andsvara og jafngóðan tíma. Það er eina leiðin sem dugir til leiðréttingar á því misrétti sem gerst hefur.

Ég vil að lokum taka fram, af því að ég hef áður fyrr haft mikil afskipti af útvarpsmálum, að ég hef oft lýst þeirri skoðun minni, að ráðh. hljóti stöðu sinnar vegna að koma mikið fram í sjónvarpi og útvarpi, sérstaklega þegar þeir hafa fréttir að færa þjóðinni. Ég hef óbreytta skoðun á því máli. En í gærkvöld var um allt annað að ræða, þar var framið gróft pólitískt hlutdrægnisbrot sem ég verð að átelja mjög harðlega og krefjast leiðréttingar á.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár til þess að fjalla um hlutleysisbrot í Ríkisútvarpinu, sjónvarpinu í gærkvöld. Þetta hlutleysisbrot á ég að hafa framið. Þessi hv. þm. sýnir mér ekki þá kurteisi að tjá mér fyrir fram erindi sitt í ræðustól hér í hv. Sþ. Hann brýtur þar hefð og venju og sjálfsagða kurteisi sem menn hafa ávallt sýnt þeim er ráðist skyldi að. Ég vísa árásum hv. þm. á bug. Ég svaraði fyrirspurnum spyrils eins og ég hef skýrt mál hér á hv. Alþingi.

Ég ítreka og endurtek, að sú leið, sem hv. stjórnarandstaða og fulltrúar BSRB og ASÍ hafa bent á til lausnar efnahagsvanda, sem allir þm. eru sammála um að sé fyrir hendi, er óraunhæf. Í fyrsta lagi, eins og ég hef áður getið um, vegna þess að hún leysir ekki vandann sjálfan eins og hann blasir við. Í öðru lagi vegna þess að þar er um sjónhverfingar að ræða.

Efnislega ætla ég ekki að ræða þessi mál hér og nú. En um leið og ég vísa því algjörlega á bug, að ég hafi framið hlutleysisbrot, þá vil ég einnig taka það fram, að hvorki stjórnarandstaða né launþegasamtök geta kvartað yfir því, að í fréttaflutningi eða öðrum flutningi í ríkisfjölmiðlum sé brotið í bága við hagsmuni þeirra eða þeim ekki sýnd tilhlýðileg virðing eða rúm í dagskrá. Ég vísa til dagskrár hljóðvarps í gær „um daginn og veginn“ m. a. því til sönnunar. Ég held að í ríkisfjölmiðlunum hafi þessi sjónarmið fengið vel að njóta sín og ef einhver getur kvartað yfir því, að sjónarmiðum þeirra hafi ekki verið nægilega gaumur gefinn, þá hygg ég að það sé frekar ríkisstj. sem geti gagnrýnt, en ekki aðrir, og því sé algjörlega ástæðulaust af hv. þm. Benedikt Gröndal að kveðja sér hljóðs utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég fylgdist með þeim sjónvarpsþætti sem hér hefur verið gerður að umtalsefni og sendur var út í gærkvöld. Ég verð að segja það, að ég undraðist stórlega þann flutning sem þar fór fram. Það gat auðvitað ekki farið fram hjá neinum manni, að þarna hafði verið skipulögð hlutdrægni. Sá, sem hafði byggt upp þennan þátt, hafði hreinlega ætlast til þess, að ríkisstj. fengi þarna sérstakt tækifæri ein til að tala mikið um deilumál og losa sig við stjórnarandstöðuna sem slíka. Það gat ekki farið á milli mála. Og þegar maður kynnti sér svolítið nánar hvernig hafði verið staðið að uppbyggingu þáttarins, þá var þetta þó enn þá ljósara, því ætlunin hafði verið sú, að þarna mættu tveir af ráðh., en enginn úr stjórnarandstöðunni. Það breyttist svo á síðara stigi málsins, hæstv. viðskrh. Ólafur Jóhannesson var felldur úr leik. Auðvitað fór ekkert á milli mála, að hér var verið að setja upp þátt til þess að gefa hæstv. forsrh. sérstakt tækifæri til að leika þar einleik. En hæstv. forsrh. á kost á því að láta jafna þetta, og ég vil nú skora á hann t. d. að mæta mér á jafnréttisgrundvelli í sjónvarpinu. Ég býst við því, að útvarpsráð mundi hleypa okkur tveimur að og láta okkur fá einn klukkutíma til þess að ræða þessi mál, ef hann vill taka undir það, ef hann vill gefa mönnum kost á því að ræða þessi mál á jafnréttisgrundvelli, en ekki á þann hátt sem gert var í gær.

Það hefði líka verið ósköp eðlilegt, eins og þessi þáttur var upp byggður, að hann hefði verið eingöngu umr. á milli þessara svonefndu aðila vinnumarkaðarins og aðeins þeir hefðu skipst þar á skoðunum. En því var ekki að heilsa. Þarna var líka alveg augljóslega dreginn inn sérstakur íhaldsprófessor til þess að reyna að

réttlæta hinar röngu till. ríkisstj. í efnahagsmálum — alveg augljóslega tekinn úr öllu sambandi og settur inn í myndina til þess að koma þessum röksemdum að.

Ég tek því undir mótmæli í sambandi við þennan þátt og tel að hann hafi verið gróft hlutleysisbrot, og það er rétt að þeir viti það, sem að þessum þætti stóðu. En eins og ég sagði, það er hægt að bæta fyrir svona nokkuð með því að gefa báðum aðilum kost á því að mætast á jafnréttisgrundvelli. Og ég endurtek það fyrir mitt leyti, að ég óska gjarnan eftir því af forsrh., að hann leggist á sveif með mér til þess að við t. d. *tveir fengjum einn klukkutíma* til þess að ræða um þessa till. sem hann afflutti á þann hátt sem hann gerði. (**Gripið fram í:** Hvað með Gylfa?) Ja, hann mætti gjarnan fá annað kvöld og einn klukkutíma, t. d. með Ólafi Jóhannessyni. (**Gripið fram í:** Hvað með fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, sem voru í minni hl. gagnvart formanni BSRB?) Hvað um þá? Það er sjálfsagt, eins og ég var að segja — (Gripið fram í.) Ég vænti þess, að þessi hv. þm. geti beðið um að fá að koma í sjónvarpið, ef hann óskar eftir. En svo er það nú með þennan hv. þm., að hann verður að átta sig á því, að hann er ekki verkalýðshreyfingin — þar á er stór munur. Hins vegar endurtek ég það, að ég hafði talið ósköp eðlilegt að í þessum þætti hefðu mæst aðilar hins svonefnda vinnumarkaðar á jafnréttisgrundvelli. Það gat komið til mála, hvort sem sá hv. þm. hefði svo verið í þeim hópi — sá sem hér var að hrópa fram í — eða ekki. Hitt var alveg augljóslega hlutleysisbrot og það má undirstrika. En við sjáum hvað setur, hvort mér og hv. 9. þm. Reykv. verður gefinn kostur á því að ræða m. a. við forsrh., þannig að hann verði þá að standa við eitthvað af sínum stóru fullyrðingum sem hann setti þarna fram, á meðan hann lék einleik í sjónvarpinu í gærkvöld.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er svo í langflestum tilvikum, þegar menn kveðja sér hljóðs utan dagskrár hér á Alþ., að þeir ræða um mál sem beinlínis heyrir undir og snertir einhvern ráðh., og þá er fylgt þeirri venju að láta hann vita fyrir fram. En eins og fyrri ræða mín ber með sér, er hún umkvörtun gagnvart útvarpsráði, sem er stofnun utan Alþ., enda þótt svo vilji til að tveir útvarpsráðsmenn eigi hér sæti. Dagskrá útvarpsins heyrir ekki undir neinn ráðh. Það *stendur í útvarpslögunum, að ákvarðanir* útvarpsráðs eru endanlegar.

Í öðru lagi taldi ég ekki ástæðu til að hringja til hæstv. forsrh. og raska matarfriði hans, vegna þess að hlutleysisbrotið felst í sjálfu sér ekki í því, að ráðh. skuli halda fram opinberlega skoðunum sem við öll þekkjum, heldur í því, að hann var látinn gera það einn og það var enginn annar til andsvara. Það, sem hann sagði, hefði ekki verið hlutleysisbrot, ef menn með andstæðar skoðanir hefðu haft tækifæri til að ræða málið við hlið hans. Þetta er kjarni málsins, og þess vegna lít ég ekki á þetta sem ásökun á hæstv. ráðh. af því tagi, að mér hefði borið að gefa honum viðvörun. Það er ekki af ókurteisi eða virðingarleysi að ég ekki lét hann um þessar umræður vita, en til útvarpsráðs hljóta þær að berast héðan úr salnum, og vænti ég þess, að það taki málið þá til íhugunar.

Ég ítreka það sem ég sagði, að ég held ekki fram þeirri gömlu útvarpskenningu, að óhlutdrægni, — það er ekki „hlutleysi“ sem um er að ræða, það orð stendur ekki í útvarpslögunum, heldur „óhlutdrægni“, og þetta fellur ekki alltaf saman, — óhlutdrægninni verði ekki fylgt nema á stundinni séu menn frá öllum flokkum við. Það er ennþá tækifæri til að bæta fyrir þetta. En eins og málin standa eftir kvöldið í gær, er um tvímælalaust hlutdrægnisbrot að ræða og er enginn vafi á að þessi þáttur var sviðsettur í *ákveðnum tilgangi. Ég skil* það vel, að *ýmsir* þm. hafi orðið órólegir, kallað fram í, því það eru margir aðilar sem telja sig þurfa að fá að tjá sig um svo viðkvæmt mál sem þetta og er varla hægt að hugsa sér meira klúður í sjónvarpsmeðferð en var í gærkvöld.

Ég vil svo að lokum benda á að hæstv. ráðh. endaði orð sín á að dylgja um að ríkisfjölmiðlarnir, sjónvarp og hljóðvarp, sýndu hlutdrægni á móti ríkisstj. Hann sagði þetta ekki berum orðum, en ég vænti þess, að hæstv. útvarpsráðsmenn hafi heyrt þetta. Hins vegar held ég að það hafi ekki farið fram hjá nokkrum manni, að eitt kvöld sett á svið í sjónvarpi eins og í gærkvöld getur verið áhrifameira en margir klukkutímar af hljóðvarpi eða sjónvarpi við aðrar aðstæður.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég held að ræður hv. stjórnarandstæðinga um sjónvarpsþáttinn í gærkvöld séu byggðar á nokkrum misskilningi. Umræðuefnið að þessu sinni var ekki fyrst og fremst efnahagslöggjöfin, sem nýlega hefur verið samþ. hér á Alþ., enda fóru fram sérstakar útvarpsumr. frá Nd. um hana. Umræðuefnið í gærkvöld var fyrst og fremst viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar við þessari löggjöf. Þess vegna eru það einkum þrír aðilar sem koma þar við sögu: það eru launþegasamtökin, það er ríkisstj., sem þessar aðgerðir beinast gegn, og svo að sjálfsögðu vinnuveitendur. Þátturinn var byggður upp á þeim grundvelli, að þessir þrír aðilar hefðu aðstöðu til að koma þar fram. Ég hef ekki litið svo á, og a. m. k. hefur það ekki komið fram opinberlega, að stjórnarandstöðuflokkarnir stæðu á bak við þær aðgerðir sem hafa verið boðaðar á morgun og næsta dag. Það er launþegahreyfingin sem stendur fyrst og fremst að *þeim* aðgerðum. Þess vegna var ekki eðlilegt að kalla á stjórnarandstöðuna í sambandi við þennan umræðuþátt, nema hún líti svo á að hún sé aðili að þeim átökum sem eru fram undan á vinnumarkaðinum, jafnvel kannske hún frekar en launþegasamtökin.

Þessi þáttur var byggður þannig upp, vegna þess að þarna var talið eðlilegt að þessir þrír aðilar leiddu saman hesta sína, að forsrh. hafði fyrst orðið og gerði grein fyrir afstöðu ríkisstj. Eftir að hann hafði flutt mál sitt tóku til máls þeir Guðmundur J. Guðmundsson, sem er tvímælalaust einhver snjallasti talsmaður sem verkalýðshreyfingin hefur á að skipa, og Davíð Scheving Thorsteinsson, sem mætti þarna fyrir hönd atvinnurekenda. Eitt hið fyrsta, sem stjórnandi þáttarins spurði Guðmund J. Guðmundsson

um, var hvert væri álit hans á því sem forsrh. hefði sagt. Hann var síðar einnig spurður um álit hans á því, sem forsrh. hafði sagt um till. stjórnarandstöðunnar á þingi, sem líka var till. launþegasamtakanna, því að fulltrúar þeirra í verðbólgunefndinni skrifuðu undir sama álit og hv. 9. þm. Reykv. Ég dreg ekki neitt úr því, að hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, er málsnjall maður. En ég vil hins vegar ekki halda því fram, að hann sé málsnjallari en Guðmundur J. Guðmundsson. Ég tel að hann hafi varið hlut launþegasamtakanna betur í gærkvöld en jafnvel Gylfi Þ. Gíslason hefði gert.

Eiginlega ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var sú, að ég vildi bera blak af Guðmundi J. Guðmundssyni vegna þess að mér fannst frammistaða hans í gærkvöld með miklum ágætum. Ég skil ekki af hverju stjórnarandstæðingar eru svona óánægðir. Ég get alls ekki skilið það.

Það var meira en að Guðmundur J. Guðmundsson fengi að koma fram fyrir hönd verkalýðshreyfingarinnar og tala miklu lengur en nokkur annar. Þarna kom fram hagfræðingur Alþýðusambandsins og flutti mjög langa ræðu og greinilega, að vísu að sumu leyti villandi, en var hins vegar vel flutt frá hans sjónarmiði.

Ég sé, samkv. því sem ég hef nú rakið, enga ástæðu til þess að stjórnarandstæðingar láti svona hér í d. eins og þeir gera í dag. Ég skil eiginlega ekki vegna hvers þeir eru svona óánægðir. Það getur ekki verið vegna Ásmundar Stefánssonar eða Guðmundar J. Guðmundssonar. Það er þá vegna þess að þeim finnst málstaður sinn ekki nógu góður, og get ég skilið þá afstöðu. En sem sagt, ég held að stjórnandi þáttarins hafi undir þessum kringumstæðum og miðað við það umræðuefni, sem var á dagskrá, gætt fyllstu hlutleysisskyldu sinnar. Hitt er svo annað mál, að vel getur komið til greina síðar meir að lofa fulltrúum stjórnarandstöðu og stjórnarflokka að eigast við um efnahagsmálin almennt. En eins og þessi umræðuþáttur var markaður í gær, þá voru það fyrst og fremst launþegasamtökin, ríkisstj. og atvinnurekendur sem voru umræðuaðilar. Það var reynt að gera öllum þessum aðilum jafnt undir höfði.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Þórarni Þórarinssyni fyrir hina ágætu ræðu, sem hann flutti hér áðan, og sé, að hann er þess trausts verður að vera formaður útvarpsráðs.

Ég hef ósk að flytja til útvarpsráðs í tengslum við þessi mál. Það var talað um það áðan af formanni Alþfl., hv. þm. Benedikt Gröndal, að það ætti að gæta óhlutdrægni í sambandi við ríkisfjölmiðla. Það er rétt, þar ætti að gæta óhlutdrægni. En það er bara ekki gert. Ég vil vekja athygli á því, að sjónarmið þeirra manna, t. d. innan verkalýðshreyfingarinnar, sem eru ekki í samræmi við sjónarmið formanns Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða forustumanna Alþýðusambandsins í því máli sem mest er til umr. þessa dagana, hafa ekki getað komist að í ríkisfjölmiðlunum án þess að þeir hinir sömu menn, sem ekki eru sammála þessum topp-forustumönnum, óski sérstaklega eftir því að þau komi fram í ríkisfjölmiðlunum. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að standa hér upp og tala um óhlutdrægni, ef hann lítur ekki einnig til þess, hvað ríkisfjölmiðlarnir hafa verið hlutdrægir í sambandi við þau deilumál sem nú eru efst á baugi. Ég vil vekja athygli á því, að formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur komið hvað eftir annað fram í Ríkisútvarpinu og sjónvarpinu einn. Hann hefur fengið að túlka sín sjónarmið að geðþótta, og ég hef aldrei heyrt hann flytja eða skýra frá sjónarmiðum minnihlutaaðila eða sjónarmiðum sem eru andstæð hans sjónarmiðum innan BSRB, svo að ekki sé talað um önnur samtök.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði hér áðan, þegar ég greip fram í fyrir honum, að ég gæti beðið um að fá að koma mínum sjónarmiðum fram í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi. Þetta voru orð að sönnu í munni hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og sögðu meira en menn átta sig á í fljótu bragði. Í þeim fólst þetta: Þið hinir, sem kynnuð að hafa önnur sjónarmið en við, skuluð biðja um að fá að koma fram í ríkisfjölmiðlunum. En við og okkar menn þurfa ekki að biðja um það, þeir eru beðnir um það. — Ég get trútt um talað. Ég hef verið í 20 ár formaður í stærsta stéttarfélagi landsins. Ég hef aldrei verið beðinn um að koma fram í þessum fjölmiðlum sem slíkur. Sem betur fer hafa aðrir verkalýðsforingjar ekki fengið þessa meðferð. Hér í þessum sal er t. d. einn ágætur maður og mikilsvirtur innan verkalýðshreyfingarinnar sem kemur mjög oft fram í sjónvarpinu. Ég segi: sem betur fer, því að hans sjónarmið og þau sjónarmið, sem hann þarf að koma á framfæri, eru auðvitað yfirleitt þess eðlis að það er æskilegt.

Ég vil óska eftir því við útvarpsráð, þegar það tekur þessi mál til meðferðar sem hv. þm. Benedikt Gröndal beindi til útvarpsráðs vegna þess sem hann taldi hlutleysisbrot eða hlutdrægni í þættinum í gærkvöldi, að þá verði þar einnig tekið til meðferðar, hvernig sjónarmið annarra en bara topppforustumanna, t. d. verkalýðshreyfingarinnar eða samtaka vinnuveitenda, geta komið fram í þáttum í hljóðvarpi og sjónvarpi, þannig að önnur sjónarmið, ég tala nú ekki um ef það kynnu að vera minnihlutasjónarmið, fái þar jafnan aðgang að.

Símamál, fsp. (þskj. 122). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 122 hef ég leyft mér að bera fram svofelldar fsp. til samgrh. um símamál:

„1) Má ekki vænta þess, að símstöðvar á Siglufirði, Sauðárkróki og annars staðar, þar sem myndast hafa langir biðlistar eftir síma, verði stækkaðar án frekari tafar?

2) Hvaða áform eru um lagningu sjálfvirks síma um sveitir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna?

3) Hvenær er þess að vænta, að sjálfvirki síminn milli höfuðborgarsvæðisins og Vestfjarða, Norður- og Austurlands komist í það horf, að notendur þurfi ekki að eyða löngum tíma í það eitt að bíða eftir sambandi?

4) Er ekki stefnt að því að endurskoða gjald-

skrá Landssímans með það fyrir augum að hún verði sanngjarnari gagnvart fólkinu í dreifbýlinu, t. d. með því að ákveða að samtöl milli notenda, sem hafa sama svæðisnúmer, teljist aðeins eitt skref hvert, eins og er á höfuðborgarsvæðinu?"

Ég held að ekki þurfi að fylgja þessum fsp. úr hlaði með mörgum orðum. Þær skýra sig nokkuð sjálfar. Staðreynd er, að stöðugt berast fréttir víðs vegar að af landinu af megnri óánægju með ófullnægjandi þjónustu símans. Síminn er orðinn ómissandi tæki í samskiptum fólks, ekki síst eins og viðskiptalífi er nú orðið háttað. Það er því með öllu óþolandi ástand, og þá sér í lagi ef það varir lengi, ef þeir, sem það vilja, geta ekki fengið síma. En þannig hefur ástandið verið nú um talsvert langt skeið, bæði á Siglufirði, á Sauðárkróki og alveg vafalaust víða annars staðar á landinu, eins og m. a. kom fram í umr. um svipað efni á fundi Sþ. fyrir réttri viku, þar sem hv. þm. Oddur Ólafsson vakti athygli á svipuðum vandamálum.

Seinasti liður fsp., 4. liðurinn, var raunar til umr. hér í þinginu fyrir réttri viku, og þarf ekki að endurtaka það sem þar kom fram, að vegna mistaka hafði þessi fsp.-syrpa mín fallið niður af dagskrá og hafði því dregist að henni yrði svarað. Ég vil þó vekja á því athygli, að í raun og veru svaraði hæstv. ráðh. aldrei efnislega þessari spurningu. Hann rakti einungis hvað hefði verið gert, hvaða skref hefði verið stigið í þessa áttina. Það skref er harla smátt, þó að það skuli síst vanþakkað. En hann svaraði því ekki, hvort að þessu sé ekki stefnt og hvenær hugsanlega megi vænta að úrlausn fáist sem nálgist það að þessu takmarki sé náð, þ. e. a. s. að þeir notendur, sem hafa sama svæðisnúmer, geti talað sín í milli á einu svonefndu skrefi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kom við umr. um hliðstæð efni fyrir viku hef ég athugað þetta mál. Þá kom það á daginn, sem ég þá tók fram, að ekki voru nú allar syndir guði að kenna og ekki heldur okkur í samgrn. Svarið við þessari fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v. var tilbúið í des. og var ég með það hér í tösku minni alllengi, en kom því þó ekki að. Rn. mun hafa borist svar frá póst- og símamálastjóra 6. des., — það hefur verið 17. nóv. sem fsp. var borin fram. En ég bið afsökunar á þeim mistökum sem hafa orðið, hvað þetta hefur dregist. Þetta leiðir til þess, að svar mitt verður með nokkuð öðrum hætti en það hefði orðið þá, vegna þess sem breyst hefur síðan það svar var samið.

1. spurningin: „Má ekki vænta þess að símstöðvar á Siglufirði, Sauðárkróki og annars staðar, þar sem myndast hafa langir biðlistar eftir síma, verði stækkaðar án frekari tafar?"

Því er til að svara um Siglufjörð og Sauðárkrók, að þess má vænta að þetta verði gert nú á þessu ári, því að búið er að leysa út efnið sem þarf til þess að framkvæma þetta verk, og nýlega er búið að leysa úr tolli vélarnar sem til þessa eiga að fara. Þetta á því að framkvæma á árinu 1978.

Um þetta mál er það að segja, — ég verð að biðja hæstv. forseta afsökunar á því, að ég verð sennilega eitthvað lengur en eðlilegt væri að svara þessu og gefa upplýsingar um þessi mál, að á biðlista voru á Sauðárkróki um 100, en þar var ekkert númer óráðstafað. Það var gert ráð fyrir um 100 íbúðum í byggingu. Nokkur stærri hús, eða rúmlega 30 íbúðir, skyldu tekin í notkun 1977. Ætlað er að byrja á 55 íbúðum á árinu 1978 og tveimur iðnaðar- og verslunarhúsum. En bætt verður við um eða yfir 200 númerum á þessu ári á Sauðárkróki. Úr því verður þannig bætt.

Á Siglufirði er einnig búið að leysa út efnið. Þar voru 50 á biðlista, ekkert númer var laust. Í byggingu eru 30 íbúðir og áætlað er að verði byrjað á öðrum 30 1978. Búið er að leysa út þær vélar sem þarf til þess að bæta úr því sem fram undan er á næstunni í þessum efnum.

Að framkvæmdum í sveitum eða fleiri þáttum í þessu en felast í fsp. kem ég síðar.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að oft er deilt á Landssímann fyrir taxtahækkanir. Eins og ég benti á um daginn, þá hefur hann ekki úr neinu að spila nema því fjármagni sem hann aflar með sínum tekjum, og er hann langt fjarri því að geta sinnt þeim beiðnum sem fyrir liggja. Ef ég ætti að fara að rekja það hér núna, þá yrði það alllangur listi. En m. a. er reynt að bæta úr þessu, þar sem hafa orðið verulegar stækkanir á símstöðvum, eins og t. d. var í Grindavík og á slíkum stöðum, þá hefur verið bætt úr á nálægum stöðum með því að flytja vélarnar þangað og getur þá nægt á þeim stöðum. Sama mun gerast á Akureyri núna. Akureyrarstöðin verður endurnýjuð á þessu ári og þá verður vélakerfi hennar flutt annað. En ég vil taka það fram, að verkefnin, sem fram undan eru samkv. fjögurra ára áætlun sem er unnið að hjá Landssímanum til þess að koma símakerfinu í það lag að vel viðunandi sé, munu kosta nokkra milljarða. Ætlað er að það þyrfti 4 milljarða til þess að framkvæma þetta á næstu 4 árum. Þarf þá vel að halda á tekjum símans til þess að þetta sé framkvæmanlegt.

Annað atriði í fsp. hv. þm.: „Hvaða áform eru um lagningu sjálfvirks síma um sveitir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna?"

Því er til að svara að framkvæmd við lagningu sjálfvirks síma um sveitir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslna hefur verið skotið á frest vegna fjárskorts fram yfir árið 1978, — þessu er svarað fyrir áramótin síðustu, — og mætti þá vænta þess, að á árinu 1979 gæti þetta komið til framkvæmda.

Þriðja atriðið: „Hvenær er þess að vænta, að sjálfvirki síminn milli höfuðborgarsvæðisins og Vestfjarða, Norður- og Austurlands komist í það horf, að notendur þurfi ekki að eyða löngum tíma í það eitt að bíða eftir sambandi?"

Því er svarað á þessa leið:

Vegna niðurskurðar á fjárfestingaráformum stofnunarinnar á undanförnum árum hefur úrbótum á aðalstofnlínum Pósts og síma til Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða miðað hægar en skyldi. Á þessu ári hefur verið í notkun fullkomið örbylgjusamband milli Reykjavíkur og Akureyrar, og á næsta ári, þ. e. á árinu 1978, mun örbylgjusambandið verða tengt áfram frá Akureyri til Egilsstaða, en örbylgjusambandið til

Vestfjarða kemur ekki til framkvæmda fyrr en eftir 1978 og framkvæmdahraðinn fer þá eftir fjárhagsgetu.

Fyrra atriðið, þar sem eru símataxtarnir, kom ég nokkuð inn á í svari mínu hér síðast, en ef hæstv. forseti leyfir mér, get ég gefið yfirlit yfir þá breytingu sem orðið hefur á í þessum málum frá 1971.

Samræming á langlínutöxtum í sjálfvirka símakerfinu var fyrst tekin upp 1. ágúst 1971 samkv. ákvörðun samgrh. Var þá um að ræða mjög verulega lækkun og samræmingu á töxtum á hinum styttri leiðum, 10—30 km, í símakerfinu. Auk þess var þá um leið tekinn upp næturtaxti á öllum landssímaleiðum í sjálfvirka símakerfinu og var þetta alger nýbreytni. Næturtaxtaeiningin var þá hálfvirði hinnar venjulegu dagtaxtaeiningar. Næturtaxtinn stóð frá 22 til kl. 7 næsta morgun alla virka daga frá mánudegi til laugardags, en auk þess hófst næturtaxtinn kl. 15 á laugardögum og stóð til mánudagsmorguns kl. 7. Næsta skrefið í átt til útjöfnunar símgjalda var á gjaldskránni frá 1. apríl 1972. Þá var gerð útjöfnun milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlisins með því að fækka teljaraskrefum í ársfjórðungsgjaldi símnotenda á höfuðborgarsvæðinu úr 525 í 400. Næturtaxtatímabilið var lengt um 3 klst. á virkum dögum 1. júní 1973. Næturtaxtinn hefst þá kl. 20 að kvöldi og stendur til kl. 8 næsta morgun. 1. janúar 1975 er teljaraskrefum í ársfjórðungi enn fækkað úr 400 í 300 á höfuðborgarsvæðinu, en óbreytt, 525, í dreifbýlinu. Hér var því um útjöfnun á milli dreifbýlis og höfuðborgarsvæðisins að ræða. En auk þess voru gerðar mjög verulegar breytingar, bæði til lækkunar og samræmingar, á 223 landssímaleiðum, eins og sýnt er á meðfylgjandi skrám um lækkun langlínugjalda janúar—mars 1975. Breytingin var fólgin í því að lengja skrefin, eins og sýnt er hér á eftir í samantekt. Það yrði nokkuð langt að lesa hana upp, og ég held að ég muni heldur kjósa að afhenda hana. Ég veit ekki hvort hv. þm. ná þessu þó ég lesi það upp, en ég gæti látið a. m. k. hv. fyrirspyrjanda hafa afrit af þessu á eftir. Auk þess sem hér að framan er talið var árið 1976 gerð lagfæring til lækkunar á 9 langlínuleiðum og 24 sekúndna skrefa bili breytt í 45, eða 46% lækkun. Loks var nú í síðustu gjaldskrá, 1. jan. 1977, gerð sú útjöfnun, að skrefum á ársfjórðungi var breytt úr 525 í 600 í dreifbýlinu, en óbreytt 300 skref í ársfjórðungsgjaldi höfuðborgarsvæðisins. Þar að auki var næturtaxtinn látinn hefjast kl. 19 í stað 20 áður.

Samkv. framansögðu er augljóst, að æðimikið hefur verið gert í þessum efnum, því að þessu til viðbótar, sem ég hef nú greint frá, var við hækkun þeirrar gjaldskrár, sem gerð var 1. febr. s. l., 2% af tekjum símans varið til þess að jafna á milli svæða. Er þar með haldið áfram á þeirri braut sem ég hef hér greint frá. Þessu til viðbótar get ég svo getið þess, að þeirri stefnu hefur verið fylgt frá upphafi að gera þessar breytingar í áföngum og í samræmi við bættan tækjakost og aukna afkastagetu símakerfisins. Athuganir sýna, að landsmenn hagnýta sér mjög mikið hin ódýru símtöl á næturtöxtunum á landssímaleiðum, og eru vaxandi afnot af landssímakerfinu á kvöldin áberandi.

Þessu til viðbótar vil ég svo taka það fram, að með þeim aðgerðum, sem gerðar hafa verið og ég hef hér lýst, hefur verið stefnt að því og er nú fyrst og fremst stefnt að því, og það er kannske róttækast með síðustu aðgerðinni, að jafna svæðin innbyrðis þannig að taxtarnir á svæði 95 verði sem jafnastir og á endanum verði þar sami taxti og svo verði einnig á öðrum svæðum. En það tekur sinn tíma miðað við þann taxta sem Landssíminn býr við. Hins vegar var stefnt að því, og það var trú manna að það hefði haft verulega breytingu í för með sér, að fá nýtt vélakerfi í Reykjavíkurstöðina, þannig að þar yrði tekið upp teljaraskref eins og er núna á hinum svæðunum, fyrir utan 91. Þetta var talið kosta 100—120 millj. kr. Með þeim tekjum, sem Landssíminn hefur nú, og með tilliti til þess, að koma þarf áfram þeim verkum sem hann vinnur nú að og búið er að panta efni til, þá hef ég litla trú á því að takist að ná þessu takmarki á þessu ári, en geri hins vegar ráð fyrir því, að þessi vélahluti verði pantaður á árinu 1978 og kæmi þá til afgreiðslu 1979.

Það, sem hefur nú allra síðast verið gert til þess að reyna að bæta úr ástæðum Landssímans, bæði svo að fljótar gangi að verða við beiðnum notendanna um að leggja síma í ný hús og einnig til þess að auka fjárhagsgetu hans, er það, að orðið hefur að samkomulagi við fjmrn. að Landssíminn þurfi ekki að greiða tolla af efni sínu fyrir fram eins og hann hefur alltaf gert sem hver annar notandi í landinu, heldur innan vissra takmarkana. Með þeim hætti er hægt að flýta framkvæmdum og auka tekjur stofnunarinnar með útbreiðslu á landssímakerfinu. Unnið er að þessu, en ég vona, að hv. þm. sé ljóst, að það er algerlega vonlaust að leysa verkefni Landssímans, eins brýn og umfangsmikil og þau eru, nema hann fái þá a. m. k. að hækka tekjur í nokkru samræmi við það sem hann sjálfur hefur óskað. Því hefur verið í hóf stillt og fyrst og fremst miðað við möguleikana til að auka og bæta kerfið, því að eins og ég gat um um daginn hefur starfsfólki hans verið fækkað um 80 manns núna á einu ári og verður haldið áfram á þeirri braut eftir því sem mögulegt er án þess að skerða þjónustuna.

Þá vona ég, að ég hafi svarað fsp. hv. þm. Ég bið afsökunar á þeim mistökum sem hafa orðið, en að nokkru leyti verður okkur fyrirgefið vegna þess að jólin komu þar inn í.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í ræðu hæstv. samgrh. kom mjög margt merkilegt fram um stöðu símamála í landinu í dag. Ég held að ég hafi náð því nokkurn veginn rétt, sem hann sagði, að samkv. fjögurra ára áætlun væru verkefnin það mikil, að kosta mundi nokkra milljarða að leysa þau. Einnig tók hann fram framarlega í ræðu sinni og nú í lokin aftur, að Landssíminn hefur ekki úr öðru að spila en eigin tekjum. Það hefur komið mjög oft fram í ræðum manna á Alþ. og seinast fyrir viku, að víða ríkir ástand sem má kalla neyðarástand, í símamálum okkar. Ég vil bera upp þá ósk við hæstv. samgrh., að hann geri í skýrslu til Alþ. grein fyrir stöðu þessara mála. Ég held að það hljóti að vera jákvætt til úrlausnar, að við fáum yfirlit yfir þarfir

Landssímans og hversu langur biðlistinn er í hverju kjördæmi, þegar vandamálið er eins mikið og hann hefur glöggt gert grein fyrir nú. Ég held að það hljóti að vera eðlilegt, að Alþ. fái yfirlit nú um stöðu þessara mála, þar sem allir hv. þm. eru sammála um að gera verði sérstakt átak til að leysa þennan hnút. Hann virðist vera víða mun torleystari en við sumir þekkjum til, hér í nágrenni okkar. Ég mælist til þess, að hæstv. ráðh. gefi Alþ. yfirlit yfir þennan mikla vanda, sem hann var að gera grein fyrir áðan þegar hann svaraði fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v. *Sama kom reyndar upp í umr. um símamál fyrir viku.* Mér finnst vel tímabært að Alþ. fái sérstaka grg. um þetta mikla vandamál, sem virðist blasa við Pósti og síma, ef hann á að mæta þeirri eftirspurn sem þegar er fyrir hendi og sýnilegt er að liggur einnig fyrir áætlun um á næstu fjórum árum.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég vil taka skýrt fram, að það voru alls ekki mín orð að það væri sök hæstv. ráðh. að dragast skyldi í 3½ mánuð að svara þessari fsp. Hún var borin fram 17. nóv. og er svarað 28. febr. Þetta er alls ekki sök ráðh., eins og fram hefur komið, og stafar ekki heldur af þeim mistökum sem áttu sér stað, að fsp. skyldi tvívegis ekki vera tekin á dagskrá. Ég held að málið sé einfaldlega það, að það vilja hlaðast upp langir fyrirspurnalistar hér í þinginu sem gengur þá hægt og seint að svara. Ég held að þetta sé vandamál út af fyrir sig, að svör ráðh. við fsp. koma gjarnan seint og tefjast vegna þess að hægt gengur hjá okkur að *afgreiða þessar fsp. Ég er ekki frá því, að ástæða* væri til að ætla fsp. einhvern sérstakan tíma í viku hverri, þar sem þeim yrði örugglega ekki ýtt til hliðar, eins og oft vill vera, en sú er sennilega aðalástæðan til þess að svo lengi hefur dregist að svara þessari fsp., að allan desembermánuð eru þessar fsp. lagðar til hliðar vegna annarra mála sem hafa forgang í annríkinu. En staðreyndin er einfaldlega sú, að fsp.-tími Alþ. nær ekki tilgangi sínum, ef slíkur dráttur verður á. Ég hef á tilfinningunni, að þessi þáttur í störfum þingsins sé eilítið þunglamalegri hér hjá okkur en í flestum nálægum löndum, þar sem fsp. er gjarnan svarað á stundinni eða þá innan mjög skamms tíma. En þetta var nú aðeins um formsatriði.

Ég þakka ráðh. fyrir svör hans varðandi þetta stóra mál. Hann staðfesti það, sem fram hefur komið hjá mér, að ófremdarástand hefur verið ríkjandi víða út um land, m.a. á þeim stöðum sem ég nefndi, Siglufirði og Sauðárkróki. Þar er langur biðlisti á báðum stöðum og svo hefur verið um talsvert langt skeið. Þetta er óþolandi ástand með öllu. Auðvitað er þetta spurning um fjármagn, þetta er spurning um niðurskurð á fjárfestingaráformum. Það er rétt sagt, en við verðum bara að tryggja að svona ástand skapist ekki.

Ég tek undir það með hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni, sem talaði áðan, að það væri ágætt ef allir þm. fengju skriflegt yfirlit frá hæstv. ráðh. *um stöðu þessara mála, þannig að hægt væri að* átta sig á því, hvernig mætti leysa þessi vandamál. Fyrirsjáanlegt virðist nú að vandi þeirra Siglfirðinganna leysist á þessu ári, og við skulum vona að svo verði, en það er nú mála sannast, að svipað ástand er mjög víða annars staðar á landinu.

Það er rétt að undirstrika það hér, að þetta ástand í símamálum er sérstök mismunun gagnvart dreifbýlinu. Sams konar ástand hefur ekki verið hér í Reykjavík nú um nokkurt skeið a.m.k., sennilega um alllangt skeið. Það er fyrst og fremst dreifbýlið, einstakir staðir úti á landi, sem hafa orðið fyrir þessu óréttlæti, að menn *hafa þurft að bíða árum saman eftir því að fá* síma.

Annað stórmálið í þessu sambandi er það, hvað menn þurfa oft að bíða lengi eftir því að ná sambandi. Það er satt að segja aldeilis með ólíkindum, hvað hægt er að taka upp tíma manna, sem búa úti á landsbyggðinni, við það eitt að sitja og bíða eftir því að samband fáist. Þetta þekkja allir þeir sem eitthvað hafa verið úti á landi. Þetta er algerlega óþolandi, eins mikið og menn þurfa að nota síma í hvers konar viðskiptum og einalífi sínu. Hér eru auðvitað flöskuhálsar, sem þessu valda, í kerfi Landssímans. Að sjálfsögðu eru uppi áform um að losna við þá, en það gengur bara allt of seint og hægt. Þetta er vandamál sem landsbyggðarmenn hafa staðið frammi fyrir nú um langt skeið og stöðugt verið uppi loforð um að úr skyldi bætt, en það hefur bara ekki verið gert.

Þriðja stórmálið er svo jöfnun símgjaldanna. Mér þótti vænt um að heyra, að hæstv. ráðh. hefur af sinni hálfu uppi áform um að koma á jöfnun símgjalda, þó að það verði þersýnilega *ekki alveg í bráð.*

Ég vil svo að lokum endurtaka þakkir mínar til ráðh. fyrir fróðlegar upplýsingar.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil bara segja það, að það gleður mig stórum að heyra að hv. þm. hafa skilning á nauðsyn þess, að úr fjárhagsstöðu Landssímans sé bætt. Jafnan hefur verið svo þau ár, sem ég hef farið með þau mál, að við verulega fjárhagserfiðleika hefur verið að búa, svo var í upphafi og hefur verið jafnan. Tókst þó vel á s.l. ári, en ég óttast að við verðum að gæta mjög að okkur á þessu ári, ef ekki á að fara til verri vegar aftur.

Út af því sem hv. 1. landsk. þm. sagði hér, þá er mér ljúft að verða við beiðni hans um þær upplýsingar. Hér er listi sem er saminn 29. des. Þar liggja fyrir allar umsóknir um nýja síma, allir möguleikar á ónotuðum númerum og hvernig hægt er að bæta úr þar sem engin eru til, án þess að byggja og annað því um líkt. Þetta skal ég láta öllum hv. þm. í té, því að það skýrir málið mjög vel. Þetta er afar vel unnið og er því nauðsynlegt að hv. þm. kynnist þessu, því að það eykur skilning þeirra á málinu í heild. Nefna má kjördæmið sem hv. þm. Jón Ármann var í framboði í og er tengdur, en þar er t.d. staður eins og Brúarland. Þar eru 600 númer, en það er ekkert númer laust, ekki eitt einasta. Á biðlista eru 50 menn og allir vita, að geysilega mikið er byggt núna í Mosfellssveitinni og *ómögulegt er að bæta úr þessu* fyrr en búið er að byggja stöðvarhúsið sem nú

er unnið að að byggja. Þetta skýrir málið vel og þetta er tekið hér fram. Annar staður í þessu sama kjördæmi er Kópavogur. Þar er ekki heldur hægt að bæta við númerum. Hægt er að verða við þeim beiðnum sem lágu fyrir þarna í lok ársins, en ekki er hægt að bæta við neinum númerum eftir að búið er að ráðstafa þessum 100, sem laus eru, fyrr en búið er að byggja stærra hús eða stækka húsið sem fyrir er. Svona gæti ég haldið lengi áfram, en ég skal ekki gera það. T. d. hagar þannig til í Grindavík, að vélarnar þaðan hafa verið fluttar annað. Ef ég fer á mínar heimaslóðir, þá er ekkert númer laust í Borgarnesi. Það liggja fyrir beiðnir um 30 númer. 40 íbúðir voru í byggingu á árinu sem leið og gert er ráð fyrir að byrja á 52 á þessu ári, svo að það er greinilegt hvert stefnir. Sama er að segja um Hvanneyri, Stykkishólm og Ólafsvík. Á engum þessara staða eru til laus númer. Verkefnin eru því mikil. En ég skal láta hv. þm. þessa skýrslu í té, svo að þeir hafi þetta allt í höndunum.

Skuldir á fiskiskipaflota landsmanna, fsp. (þskj. 346). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 346 beini ég svo hljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„1. Hverjar voru skuldir fiskiskipaflota landsmanna 31. des. 1977:

a) togara hjá Fiskveiðasjóði Íslands,
b) togara hjá öðrum stofnlánasjóðum,
c) fiskiskipa annarra en togara hjá Fiskveiðasjóði Íslands,
d) fiskiskipa annarra en togara hjá öðrum stofnlánasjóðum?

2. Hverjar voru erlendar skuldir 31. des. 1977 vegna alls fiskiskipaflota landsmanna?“

Í sambandi við efnahagsráðstafanir hefur það jafnan komið upp, hver skuldabyrði væri á fiskiskipaflotanum og hvernig hægt væri að færa á milli úr gengisjöfnunarsjóðum. Hafa verið nokkuð skiptar skoðanir í því sambandi, svo mér þótti forvitnilegt að fá að vita sérstaklega hvað mikið hvíldi á fiskiskipaflota landsmanna í erlendum gjaldeyri, vegna þess að í sambandi við þessar efnahagsráðstafanir hækkaði erlendur gjaldeyrir um 15% strax, en gengið hefur nú haldið áfram að síga samkv. gengistilkynningum frá Seðlabanka Íslands, m. a. hefur norsk króna hækkað mikið og nokkur annar gjaldeyrir einnig.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Svörin eru tekin saman af Seðlabanka Íslands og eru svar við bréfi rn. frá 10. febr., en bréf Seðlabankans er dags. 14. febr.

Við a-lið fyrri fsp.: Skuldir togara hjá Fiskveiðasjóði Íslands námu 31. des. 1977 12 381 271 442 kr. Innistæða sömu aðila nam hins vegar 5 957 739 837 kr. — B-liður: Skuldir togara hjá Byggðasjóði námu um s. l. áramót um 1 milljarði og 300 þús. kr., þ. e. eftirstöðvar og afborganir í vanskilum. — C-liður: Skuldir fiskiskipa annarra en togara hjá Fiskveiðasjóði Íslands námu um s. l. áramót 11 milljörðum 182 millj. 11 182 271 751 kr., en innistæða sömu aðila nam 1 596 871 843 kr. — D-liður: Skuldir fiskiskipa annarra en togara hjá Byggðasjóði námu á áramótum alls um 2 milljörðum 220 millj. kr. Um aðra stofnlánasjóði var ekki að ræða hvað snertir b- og d-lið.

2. fsp.: Erlendar skuldir voru á síðustu áramótum vegna alls fiskiskipaflotans sem hér segir: Skuttogarar 13 milljarðar 480 millj., þar af Fiskveiðasjóður vegna níu Japanstogara 1905 millj., önnur fiskiskip 1 milljarður 120 millj. Lán vegna lenginga, endurbóta og tækjakaupa 1 milljarður og 200 millj. Samtals eru því erlendar skuldir um síðustu áramót 15 milljarðar og 800 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. glöggar og góðar upplýsingar. Það kemur auðvitað í ljós, eins og maður hafði hugboð um, að erlendar skuldir eru verulegar, þannig að gengissigið gagnvart þessum skuldum er nokkuð á annan milljarð. Mikið þarf því að gera til hliðar svo að ávinningur af beinum gengisfellingum komi þessum flota landsmanna að gagni.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar, sem voru tæmandi samkv. beiðni minni.

Snjómokstur á Vestfjörðum, fsp. (þskj. 386). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 386 fsp. til hæstv. samgrh. um snjómokstur á þjóðvegum á Vestfjörðum. Fsp. hljóðar þannig:

„Hvaða reglur gilda hjá Vegagerð ríkisins um snjómokstur á þjóðvegum á Vestfjörðum:

1) Á þjóðvegum út frá Ísafirði til nálægra byggðarlaga?
2) Á þjóðvegum út frá Patreksfirði til nálægra byggðarlaga?“

Ástæðan fyrir því, að þessi fsp. er lögð fram, er einfaldlega sú að fá það hreint fram frá fyrstu hendi frá hæstv. samgrh., hvaða reglur gilda um snjómokstur á þjóðvegum á þessum tveimur svæðum á Vestfjörðum, annars vegar Ísafjarðarsvæðinu og hins vegar Patreksfjarðarsvæðinu á sunnanverðum Vestfjörðum. Ég hef orðið var við það, þar sem ég þekki best til, að fólk þekkir ekki nægilega til þessara mála. Þá vill stundum koma fyrir að menn gera sér rangar hugmyndir um þessa hluti og það er ekki gott. Þá vill það stundum fara þannig, að gerðar eru kröfur á aðila sem ekki hafa vald til þess að ráða fram úr málum eins og menn vildu hafa þau. Á miklum snjóavetrum er gjarnan óánægja með framkvæmd þessara mála og hagsmunir margra aðila rekast á.

Ég vil aðeins leggja áherslu á mikilvægi þess, að framkvæmd þessara mála sé skipuleg og örugg og að í henni komi fram góð þjónusta af ríkisins hálfu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 386 er fsp. frá hv. þm. Jóhannesi Árnasyni: „Hvaða reglur gilda hjá Vegagerð ríkisins um snjómokstur á þjóðvegum á Vestfjörðum: 1) Á þjóðvegum út frá Ísafirði til nálægra

byggðarlaga? 2) Á þjóðvegum út frá Patreksfirði til nálægra byggðarlaga?“

Vegagerðin greiðir helming kostnaðar við snjómokstur á öllum þjóðvegum, þegar beðið hefur verið um hann og greiðsla hins helmings kostnaðar verði tryggð, enda telji verkstjóri moksturinn koma fleiri vegfarendum til góðs en þeim sem um moksturinn biður. Óskir sveitarfélags um helmingsmokstur ganga að jafnaði á undan óskum einstaklinga. 3. gr. snjómokstursreglnanna hljóðar svo: „Vegagerðin greiðir allan kostnað við mokstur nokkurra mikilvægra samgönguleiða, þó ekki nema ákveðinn fjölda daga í viku eða mánuði. Sé óskað eftir meiri mokstri á þeim vegum skal kostnaði við hann skipað samkv. 2. gr. Hver verkstjóri fær skrá yfir þá vegi á hans svæði sem þessi grein nær til.“

Samkv. þessari grein hefur verkstjórinn á Ísafirði fyrirmæli um að halda vegum út frá Ísafirði opnum eins og hér segir:

1. Djúpvegur milli Hnífsdals og flugvallar skal opnaður alla daga í viku, þó miðað við áætlunarflug, á leiðinni Holtahverfi-flugvöllur. Ísafjarðarkaupstaður annast mokstur í þéttbýli kaupstaðarins.

2. Djúpveg milli Hnífsdals og Bolungarvíkur skal opna tvisvar í viku, mánudag og föstudag, og opna má þriðjudaginn ef skipa þarf út framleiðsluvörum Bolvíkinga á Ísafirði. Ef um mjög lítinn snjó er að ræða má opna þennan veg aðra daga.

3. Djúpveg milli flugvallar og Súðavíkur skal opna einu sinni í viku, þriðjudag, en annan dag ef um útskipun er að ræða frá Ísafirði.

4. Vestfjarðaveg um Breiðadalsheiði og Súgandafjarðarveg um Botnsheiði skal opna einu sinni í viku meðan fært þykir, þann fyrri á mánudegi, en hinn síðari á þriðjudegi. Heimilt er að opna þessa vegi tvisvar í viku vor og haust, þegar snjólétt er.

Á sama hátt hefur verkstjórinn á Patreksfirði eftirfarandi fyrirmæli um opnun vega út frá Patreksfirði.

1. Veginn milli Patreksfjarðar og flugvallar skal opna tvisvar í viku í sambandi við áætlunarflug, og aukalega einu sinni ef mikið er um farþegaflug til Patreksfjarðar.

2. Veginn til Tálknafjarðar og Bíldudals skal opna einu sinni í viku, á mánudögum.

3. Barðastrandarveg til Brjánslækjar skal opna einu sinni í viku í tengslum við komu flóabátsins til Brjánslækjar.

Segja má að komið sé á reglubundinni opnun á báðum síðasttöldum vegum, þ. e. til Bíldudals og Brjánslækjar, annan virkan dag vikunnar, á föstudögum til Bíldudals og á fimmtudögum til Brjánslækjar, gegn greiðslu helmings kostnaðar á móti Vegagerðinni.

Ekki eru þessi fyrirmæli ófrávíkjanleg og bera m. a. 6. og 7. gr. snjómokstursreglnanna það með sér, en 6. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkstjórum ber að varast að moka þegar veður eru óhagstæð, eins og í snjókomu eða skafrenningi eða þegar slíkt veður er fyrirsjáanlegt. Enn fremur skulu þeir fækka mokstrardögum eða leggja mokstur niður um lengri eða skemmri tíma í samráði við vegaeftirlitið þegar kostnaður við hann er orðinn óhóflegur.“

7. gr. hljóðar svo:

„Ef vegir eru færir þann dag eða þá daga, sem moka á, verður ekki mokað aðra daga í stað þeirra. Sé ekki unnt vegna veðurs að opna á áætlunardegi, má opna næsta færan dag á eftir.“

Í sambandi við þetta mál mun það m. a. vera ástæðan fyrir þessari fsp., að nokkuð öðrum reglum er fylgt í sambandi við mokstur út frá Ísafirði en á Patreksfirði. Í því sambandi hefur vegamálastjóri talið rétt að gefa skýringar, jafnvel þó að fsp. gefi ekki beint tilefni til þess. Þær eru svona:

Mokstur út frá Ísafirði og Patreksfirði er ekki óáþekkur, ef undan er skilinn vegurinn milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. Ástæðan fyrir sérstöðu á þessari leið umfram aðrar leiðir á Vestfjörðum er að við hana eru tveir kaupstaðir sem um leið eru fjölmennustu þéttbýlin á Vestfjörðum. Vegna nálægðar þeirra eru meiri samskipti á milli þeirra en annarra staða á Vestfjörðum, t. d. vegna flugvallar, skólagöngu, aðstoðar við sjúka, opinberra aðila o. s. frv. Eftir því sem Bolungarvíkurvegurinn hefur batnað er hann oft langtímum fær, ef ekki væri fyrir að fara snjóflóðum úr fjallshlíðinni ofan vegar. Þar sem vegalengdin er stutt er lítill kostnaður því samfara að skreppa með hjólaskóflu með tönn til að hreinsa smáspýju af veginum, en ef um meiri háttar fannfergi er að ræða gildir reglan: tveir opnir dagar í viku. Viðbótin, um mokstur á Bolungarvíkurvegi þegar lítill snjór er á honum, er ný og sú, sem umdæmisverkfræðingar þeir, sem verið hafa á Vestfjörðum, hafa lagt mest kapp á, umfram það sem bættist í reglur við endurskoðun í ársbyrjun 1977.

Þá má að lokum geta þess, að Barðastrandarsýsla stendur mjög vel að vígi á þessu sviði, þar sem hún fær um 900 þús. kr. á fjárl. til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu og notar þá fjárveitingu til þess að borga helming moksturs á móti Vegagerðinni.

Þessar upplýsingar, sem ég hef nú veitt, og svör við fsp. vona ég að nægi hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir greinargóða skýrslu sem svar við þessari fsp. Eins og fram kom í svari hans, þá er nokkur mismunur á reglunum sem gilda um snjóruðning annars vegar á Ísafjarðarsvæðinu og hins vegar á Patreksfjarðarsvæðinu og þá í þá átt, að reglurnar eru heldur rýmri á norðursvæðinu. Eins og fram kom í svari ráðh., þá hefur vegamálastjóri látið fylgja með nokkra skýringu á þessu og víst er það rétt sem þar kemur fram, en ég sé bara engin rök fyrir því að vera að hafa mismunandi reglur um snjóruðning á þjóðvegum á tveimur slíkum viðskiptasvæðum sem telja má nokkuð hliðstæð.

Það er óþarft að taka það fram, hvaða þýðingu það hefur fyrir allt mannlíf í hinum dreifðu byggðum þessa lands að hafa greiðar og öruggar samgöngur og þá ekki hvað síst innan hvers viðskiptasvæðis eða héraðs. Fsp. sú,

sem hér er til umr., fjallar um snjóruðning á tveimur svæðum á Vestfjörðum sem verður að skoða sem sérstök viðskiptasvæði og hliðstæð yfirleitt um flesta hluti, þar sem fjölmargir aðilar þurfa að komast leiðar sinnar, bæði vegna atvinnumála og margvíslegrar þjónustu í þágu almennings á þessum stöðum. Má þar nefna læknisþjónustu, löggæslu, sjúkraflutninga, mjólkurflutninga, póstsamgöngur, samgöngur við flugvelli, atvinnumál og ýmiss konar viðskipti. Það er nefnilega þannig, að það er orðið margt sem er orðið sameiginlegt fyrir þessi svæði nú á seinni árum. Það hefur orðið mikil breyting á síðari árum í þessum efnum og það er miklu fleira sem er sameiginlegt fyrir þessi svæði nú en var fyrir nokkrum árum. Þetta kallar auðvitað á það að halda verður uppi greiðari og öruggum samgöngum að vetrarlagi þegar snjóalög eru mikil.

Einn snjómokstur í viku er allt of lítið á leiðinni t.d. frá Patreksfirði til nærliggjandi staða, Tálknafjarðar og Bíldudals sérstaklega og enn fremur má nefna Barðaströnd og útsveitir Rauðasandshrepps. Þetta hefur sérstaklega valdið erfiðleikum gagnvart Bíldudal. Þar er mjög mikil óánægja með fyrirkomulag þessara mála — ég vil láta það koma hér fram — og það er oft leitað til margra aðila, bæði mín og fleiri. Það er verið að hringja í þm. og skammast út af þessu.

Að ætla sér að láta sveitarfélögin standa undir kostnaði við þessi útgjöld að einhverju leyti til að fá vegina rudda oftar en reglurnar gera ráð fyrir er að mínu áliti fráleitt. Ég tel að sveitarfélögin hafi nóg með sína eigin vegi að gera. Það er lágmarkskrafa að ríkisvaldið sjái um ríkisvegina, þjóðvegina, og snjóruðning á þeim á þann hátt að viðunandi sé fyrir íbúana á þessum svæðum.

Þetta er auðvitað ekki vandamál nema á miklum snjóavetrum. Góðu heilli er það svo, að löngum þarf ekki að hreyfa veghefil. Ég vil því spyrja hvers vegna ekki séu möguleikar á því að hafa þessar reglur á þann veg að jafna þessu meira út. Ég vil benda á það, að Vegagerðin er með fasta starfsmenn til að vera á vegheflunum, svo það ætti ekki að vera um mikinn viðbótarkostnað að ræða þótt heflarnir væru notaðir meira og þetta rýmkað. Sums staðar er þetta líka þannig, að aðstæður eru slíkar, að það eru kannske einn eða tveir skaflar á heiði sem þarf að hreyfa við löngum og löngum, en það að ekki fæst rutt þýðir auðvitað að ekki er hægt að komast leiðar sinnar.

Ég vil að lokum beina því til hæstv. samgrh., að ég tel að það sé nauðsyn á því að breyta þessum reglum til rýmkunar og gera á þeim vissa kerfisbreytingu, þannig að þetta geti verið sveigjanlegra en nú er. Þetta er of stíft, of bröngt finnst mér. Mætti tvímælalaust koma því fyrir á heppilegri hátt, þó þannig að það þýddi ekki aukin útgjöld fyrir Vegagerðina.

Ég vil svo einnig beina þessu til þeirra hv. þm. Vestf., sem hér eiga setu að staðaldri, að þeir taki þessi mál upp og fylgi þeim eftir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í svari mínu áðan taldi ég mig gera tæmandi grein fyrir því sem spurt var um og hv. þm. Jóhannes Árnason talaði hér fyrir. En það kom greinilega fram, sem vegamálastjóri hafði grun um, að það væri ákveðið tilefni sem hér var um að ræða. Nú vil ég benda á að þær reglur um snjómokstur, sem nú eru í gildi, eru ekki gamlar. Var þá rýmkað mjög um í þeim efnum. En snjómoksturinn er mjög dýr framkvæmd og þrengir mjög að okkur í sambandi við það, að við erum að reyna að byggja vegina upp með þeim hætti að þeir komi upp úr snjónum, svo ekki þurfi að moka þá eins og verið hefur, eða bæta þá á annan hátt. Þessar reglur, sem við breyttum nú fyrir stuttu, auka kostnaðinn við snjómoksturinn um á annað hundrað millj kr., og það er afar erfitt að koma þessu í framkvæmd nema með því að hafa um það fastmótaðar reglur. Í þessum reglum eru möguleikar til þess fyrir sveitarfélög að sækja um. Það er í 10. gr. reglugerðarinnar. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á mjög snjóþungum vetrum geta sveitarfélög, sem verða fyrir verulegum útgjöldum vegna snjómoksturs, sótt um endurgreiðslu til Vegagerðar ríkisins á hluta þess kostnaðar, sem þeim ber að greiða samkv. 2. gr. Endurgreiðsla skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en helmingshluta sveitarfélagsins."

Þetta er til staðar þar sem það á við, og þetta var sett inn í þeim ákveðna tilgangi, að það yrði að sækja um þetta, rökstyðja þetta, svo að snjómoksturinn færi ekki út í öfgar. Enn fremur kom fram hér áðan, að það eru 900 þús. kr. á fjárl. til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu og ætti það að sjálfsögðu að koma að notum. Hitt veit ég, að það er sama hvert farið er, ef um snjóavetur er að ræða þykir öllum of lítið að gert í snjómokstri. En hv. þm. verða að sjálfsögðu að gera það upp við sig, hverju þeir vilja eyða í snjómoksturinn af því fé sem þeir hafa til meðferðar í sambandi við vegagerðina í heild. Ég tel að mjög hafi breyst til batnaðar í vegagerð úti um landsbyggðina einmitt á þessum dreifðu stöðum nú á síðustu árum. Er það með þrennu móti: með því að fé hefur verið veitt til þess að gera slitlag á vegum í þéttbýli, í öðru lagi að snjómokstursreglur eru rýmri og í þriðja lagi að hækkað hefur verið framlag til sýsluvega, sem mun hækka um 100% á þessu ári frá því síðasta. Hér hefur verið stefnt í rétta átt og ætti þetta því ekki að verða eins tilfinnanlegt vegna þeirra aðgerða annarra sem ég hef greint frá.

Stofnlánasjóður atvinnubifreiða, fsp. (þskj. 339.) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 339 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til samgrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál. um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla frá 18. maí 1976?"

Á þingi 1976 var samþ. þál. þar sem skorað var á ríkisstj. að hlutast til um, að komið yrði á fót stofnlánasjóði eða stofnlánadeild, sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stór-

virkum vinnuvélum. Um framkvæmd þessarar till. er spurt nú. Hér mun nefndarskipun hafa til komið á s. l. ári, að ég hygg, eða jafnvel fyrr, til að vinna að þessu verkefni, en lítið hefur heyrst um störf þessarar nefndar. Það fer vel á því nú að tveimur árum liðnum að heyra nánar um það hvernig mál þessi standa. Engu síðri er þörfin fyrir stofnlánasjóð þennan nú en var þegar till. var upphaflega flutt 1974 af okkur hv. þm. Karvel Pálmasyni og hæstv. núv. menntmrh. Vilhjálmi Hjálmarssyni. Síðar kom hv. þm. Páll Pétursson inn sem meðflm. Í grg. till. okkar var ljóslega rakinn vandi þessara aðila, sem ekki hafa í neinn fastan sjóð að sækja utan að hluta úr Byggðasjóði, sem þá viðbót í raun, en ekki sem aðalstofnlán. Enn hafa þessi tæki hækkað mjög í verði og erfiðara verður með ári hverju fyrir venjulega menn að festa kaup á þessum annars nauðsynlegu atvinnutækjum. Víða að fæ ég fsp. um það, hvernig málinu farnist. Sumir hafa jafnvel haldið, að með samþykkt till. og nefndarskipun þar á eftir hafi einhver ný leið opnast til stofnlána, og er það máske ekki nema von. Framkvæmdasjóður mun á árinu 1976, að ég hygg, hafa gert vissar bráðabirgðaráðstafanir hér að lútandi, að vísu í formi skammtímalána og með lágri heildarupphæð, en um framhald þess eða aukningu held ég að ekki hafi verið að ræða. En m. a. vegna fjölmargra fsp. um væntanlegan stofnlánasjóð er hæstv. ráðh. nú spurður um frekari framgang málsins.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 339 er fsp. frá hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljan, um stofnlánasjóð vegna kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum. Frá þessu máli er það að segja, að hinn 11. jan. 1977 skipaði samgrn. nefnd til þess að semja frv. til l. um stofnlánasjóð vegna kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum. Í nefndina voru skipaðir embættismenn frá samgrn., Framkvæmdastofnuninni, Seðlabankanum, Þjóðhagsstofnun og fjmrn., svo og fulltrúar frá Landvara, Félagi ísl. sérleyfishafa, Landssambandi vörubifreiðastjóra og Félagi vinnuvélaeigenda.

Meiri hl. nefndarinnar skilaði till. að frv. til rn. með bréfi dags. 15. nóv. 1977. Að meirihlutaálitinu stóðu sjö nm., en tveir, þ. e. fulltrúar frá Félagi sérleyfishafa og Landvara, boðuðu að þeir mundu skila minnihlutaáliti, sem þó hefur ekki komið frá þeim. Í bréfi meiri hl. nefndarinnar frá 15. nóv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hl. n. hefur skilið hlutverk sitt svo, að henni beri að miða við gefnar forsendur í skipunarbréfi að skila ákveðinni tæknilegri lausn, sem jafnframt væri í samræmi við hliðstæðar lausnir á lánamálum annarra atvinnugreina. Þetta telur meiri hl. nefndarinnar sig hafa gert. Hann telur hins vegar ekki rétt að láta þessar till. að frv. um landflutningasjóð frá sér fara án þess að benda á nokkra vankanta sem þessi leið hefur í för með sér og nauðsynlegt er að ríkisstj. geri sér grein fyrir áður en ákveðið er hvort frv. verður lagt fyrir Alþ. Þannig er ljóst, að frv., ef að lögum yrði, hefur í för með sér að nýjum lánasjóði, nýrri stofnun, yrði komið á fót með töluvert umsvifamikilli starfsemi. Aðilar þeir, sem gjaldskyldir eru til sjóðsins, munu samtals eiga um 1100 bifreiðar og munar þar mest um eigendur leigubifreiða til vöruflutninga, sem eru 700—800 talsins. Áætla má, að lánsumsóknir fyrir nýjar bifreiðir yrðu a. m. k. 150 árlega fyrst í stað. Leitað var leiða til að finna þessari starfsemi stað í lánasjóðum sem fyrir eru. Náðist samkomulag um að eðlilegt væri að lánamál vinnuvélaeigenda féllu undir starfsemi Iðnlánasjóðs. Enginn sjóður er hins vegar til sem gæti með starfssviði sínu spannað yfir þarfir eigenda stórra flutnings- og vöruflutningabifreiða. Innan nefndarinnar hefur nokkuð verið rætt um það, hvort ekki mætti komast hjá sjóðsstofnun með öðrum fjármálalegum aðgerðum, sem kæmu þessum stéttum að svipuðum notum. En þar er raunverulega aðeins um tvær leiðir að ræða. Önnur leiðin er lækkun aðflutningsgjalda, hin leiðin er heimild til töku vörukaupalána í erlendum gjaldeyri. Á það skal ekki lagður dómur hér, hvort önnur þessara leiða eða báðar saman gætu komið í stað stofnlánasjóðs, en á þær er bent, verði sjóðhugmyndin ekki talin framkvæmanleg.“

Hér lýkur því, sem kom fram í grg. nefndarinnar.

Í till. sínum leggur nefndin til, að tekjur í væntanlegan sjóð, ef hann yrði stofnaður, sem kallaður yrði landflutningasjóður, verði m. a. sérstakt gjald sem lagt verði á þá aðila sem rétt eiga á lánum úr sjóðnum. Er gjald þetta hliðstætt Iðnlánasjóðsgjaldi. Nefndin leggur enn fremur til, að í sjóðinn komi framlög úr ríkissjóði í 4 ár, en að þeim tíma liðnum verði fjárhæðin endurskoðuð og framlengd í eitt ár í senn, ef nauðsyn ber til vegna stöðu og verkefna sjóðsins.

Till. nefndarinnar eru nú til frekari athugunar í rn., og m. a. hefur verið rætt við fulltrúa frá Landvara og fleiri aðilum, en þess skal getið að í þeim umr., sem ég hef átt við nm., hefur komið fram, að það sé talið lítt framkvæmanlegt að hugsa sér að hafa í sama sjóði vörubifreiðar og landflutningabifreiðir og sérleyfishafa, þetta sé orðið of mikið fyrirtæki til þess að raunverulega sé hægt að koma því vel fyrir.

Nokkuð hefur nú verið athugað, síðan nefndin skilaði áliti, hvort framkvæmanlegt væri að koma upp fyrst og fremst sjóði vegna landflutningabifreiða og þá næst sérleyfishafa, en þá síðar vegna kaupa á venjulegum vörubílum, enda er þá orðið um mjög stórt mál að ræða. Skrifstofustjóri samgrn. vinnur frekar að málinu og mun síðar skila áliti um það. En eins og málið liggur nú fyrir var það ekki í þeim búningi, að hægt væri að leggja það fram á Alþ. í frv.-formi.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég fagna því, að meiri hl. nefndarinnar skuli hafa skilað áliti, sem ég tel mjög jákvætt vegna þess máls sem við fluttum hér á sínum tíma. Varðandi það álit þeirra, að vinnuvélaeigendur eigi að falla undir lánareglur Iðnlánasjóðs og njóta þaðan

fyrirgreiðslu, þá er það auðvitað gott og blessað, ef það kemst þá í lög þess sjóðs eða reglur þess sjóðs að þeir eigi þar aðgang, en svo mun ekki vera í dag að því er ég best veit.

Það var ljóst, og okkur var það ljóst þegar við fluttum þessa till., að ýmsir vankantar væru á framkvæmd hennar. Þó vissum við ekki til þess þá, að þar mundi koma til nokkurra árekstra milli sérleyfishafa eða langferðabílstjóranna annars vegar og vörubifreiðastjóranna hins vegar, eins og nú hefur komið glöggt í ljós og eins og reyndar kom í ljós á þinginu í hittiðfyrra þegar lagt var fram frv. á Alþ. af samgn. Ed. um sjóð sérstaklega fyrir þá sem væru með langferðabifreiðarnar. Ég sem sagt held að ef af þessu verður, að sjóður verði stofnaður þrátt fyrir þessa vankanta, þá muni hann verða mjög til góðs fyrir þá sem þarna er um að ræða. Sannleikurinn er sá, að hér er um hvort tveggja að ræða: geysidýr atvinnutæki, en jafnframt mjög þýðingarmikil nauðsynjatæki sem sífellt verður meiri þörf fyrir. Það er óhugsandi að ástandið geti verið þannig til lengdar, að þessir aðilar eigi ekki til neins stofnlánasjóðs beint að sækja, og því er nauðsyn þessa sjóðs ætíð að verða brýnni að mínum dómi.

Ég veit að lýst hefur verið yfir eindregnum stuðningi við þessa till., eins og fram kemur reyndar í nál. af hálfu Landssambands vörubifreiðastjóra. Ég játa auðvitað, að þegar við fluttum þessa till. höfðum við ekki síður í huga hina almennu vörubílstjóra, að þeir ættu einhvern kost á sérstakri lánsfyrirgreiðslu, því að þeirra tæki, þó að venjulegar vörubifreiðar séu, eru orðin mjög dýr einnig. Og í grg. með till. okkar á sínum tíma var sérstaklega undirstrikuð nauðsyn þessa sjóðs sakir þess að annars gæti svo farið, að einungis fjársterkir aðilar gætu ráðist í kaup þessara atvinnutækja. Við bentum einnig á það, að það yrðu kannske einungis stór verktakafyrirtæki sem gætu ráðist í kaup stórvirkra vinnuvéla, eins og ég held að raunin hafi orðið á í æ ríkari mæli nú síðustu árin þrátt fyrir aðstoð Byggðasjóðs í þessum efnum, með sínum eðlilegum skilyrðum og takmörkunum þó.

Ég treysti hæstv. ráðh. til að ýta á eftir því, að þetta mál fái framgang. Um það er mikið spurt og mikill þrýstingur frá þeim, sem þarna eiga hlut að máli. Mér sýnist á því nefndarstarfi, sem þarna er búið að vinna, og þeirri athugun, sem nú fer fram í rn., að ekki væri óeðlilegt að óska eftir því, að frv. hér að lútandi sæi a. m. k. dagsins ljós núna fyrir þinglok.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 28. febr., að loknum 49. fundi.

Réttindi bænda, sem land eiga að sjó, þáltill. (þskj. 384). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lífnaðarhættir æðarfugls, þáltill. (þskj. 387). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framhald Inndjúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 396). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framhaldsskólanám á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 121). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Söluskattur af útfluttum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 96). — Fyrri umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Á síðasta þingi bar ég fram fsp. til hæstv. fjmrh. um endurgreiðslu ríkissjóðs á uppsöfnuðum söluskatti af útfluttum iðnaðarvörum. Svör hæstv. fjmrh. urðu mér og samtökum iðnaðarins mikil vonbrigði. Því hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál. á þskj. 96, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að endurgreiða fyrir júnílok 1978 uppsafnaðan söluskatt á útfluttum iðnaðarvörum áranna 1975, 1976 og 1977.

Jafnframt ályktar Alþ., að uppsafnaður söluskattur af útfluttum iðnaðarvörum skuli endurgreiddur framvegis þar til virðisaukaskattur hefur verið tekinn upp hérlendis eða aðrar sambærilegar ráðstafanir gerðar til að jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar."

Í grg. segir m. a. með leyfi forseta:

„Till. þessi er flutt í framhaldi af svari hæstv. fjmrh. við fsp. minni varðandi sama efni á þskj. 26, en í því svari kom fram, að hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að endurgreiða ekki uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum fyrir árin 1975 og 1976, en standa í skilum varðandi endurgreiðslu fyrir árið 1977.

Þetta svar hæstv. fjmrh. hefur valdið vonbrigðum, eins og fram kom í umr. er spunnust um fsp. mína og svar fjmrh., en þá tóku nokkrir þm. til máls og létu þeir allir í ljós þá ósk, að ríkisstj. endurskoðaði afstöðu sína í þessu máli.

Í svari sínu gat hæstv. fjmrh. þess, að gengisbreyting árið 1975 hefði bætt hag útflutningsiðnaðarins árin 1975 og 1976 og því þyrfti ekki að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til aðila útflutningsiðnaðarins fyrir þau ár.

Það er skoðun mín, að endurgreiðsla á söluskatti eigi ekki að vera háð sveiflum í rekstri þeirra, er hann eiga að fá. Endurgreiðsla söluskatts til atvinnuveganna á að lúta sömu reglum og söluskattsskil til ríkissjóðs.

Þá er gert ráð fyrir að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt á útfluttum iðnaðarvörum, þar til virðisaukaskattur kemur til framkvæmda hérlendis eða aðrar hliðstæðar ráðstafanir verða lögfestar, er jafna samkeppnisaðstöðu íslenskra iðnfyrirtækja.

Till. þessi er flutt til að auðvelda ríkisstj. að taka nýja ákvörðun í þessu máli, enda er hér um skil á þegar innheimtum skatti að ræða, sem endurgreiða ber til útflutningsiðnaðarins."

Herra forseti. Við umr. um fsp. mína til hæstv.

fjmrh. á síðasta þingi, um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti vegna útflutningsframleiðslu iðnaðarvara, lýsti ráðh. því yfir, að ríkissjóður *mundi greiða umræddan skatt fyrir* 1977, en ekki árin 1975 og 1976, eins og ég gat um. Ég hef það fyrir satt, að enn hefur fjmrh. ekki komið því í verk að inna þessar greiðslur af hendi. Félag ísl. iðnrekenda, Iðja, félag verksmiðjufólks og framkvæmdastjórn Sambands ísl. samvinnufélaga hafa lýst eindregnum stuðningi við þessa þáltill.

Ég vil leyfa mér að vitna hér — með leyfi forseta — í kafla úr bréfi Félags ísl. iðnrekenda um þessa þáltill. sem hljóðar svo:

„Félag ísl. iðnrekenda lýsir yfir ánægju sinni með fram komna till. til þál. og beinir þeim eindregnu tilmælum til hv. alþm., að þeir styðji hana. Með þeirri afgreiðslu málsins, sem till. gerir ráð fyrir, væri rutt úr vegi einni alvarlegustu samkeppnishindrun útflutningsiðnaðar."

Þá vil ég einnig — með leyfi forseta — lesa bréf um sama efni sem barst frá Landssambandi iðnverkafólks. Það er svo hljóðandi, stílað til Alþingis:

„Stjórn Landssambands iðnverkafólks lýsir hér með mjög eindregnu fylgi sínu við þær skoðanir, sem fram koma í bréfi FÍI, dags. 16.11. 1977, varðandi þáltill. vegna uppsafnaðs söluskatts á útfluttum iðnaðarvörum, og tekur undir þau tilmæli til hv. alþm., að þeir styðji tillöguna."

Til frekari rökstuðnings máli mínu vil ég leyfa mér að lesa bréf frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, það er dags. 3. febr. í ár, en þar segir:

„Hjálagt sendum vér áskorun til Alþingis frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem við mælumst til að þér komið á framfæri við hlutaðeigandi aðila."

Áskorun sú, sem vitnað er í, er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi eru kunnir þeir stórfelldu fjárhagsörðugleikar, sem útflutningsgreinar iðnaðarins eiga við að búa og nú eru orðnir slíkir, að við blasir gagnger samdráttur verði ekki að gert. Einn margra þátta þessa vanda er uppsafnaður söluskattur í kostnaðarverði útfluttra iðnaðarvara, sem stjórnvöld hafa í reynd viðurkennt óréttláta með endurgreiðslu á skattskilum fyrir árin 1973, 1974 og 1977. Þrátt fyrir umleitan hefur enn ekki fengist leiðrétting á greiðslum fyrir árin 1975 og 1976, en sökum fram kominnar þáltill. í þessa átt beinir framkvæmdastjórn Sambands ísl. samvinnufélaga þeirri eindregnu ósk til alþm., að þeir ljái þessu réttlætismáli stuðning við afgreiðslu þáltill."

Þá er rétt að ég fái enn fremur leyfi forseta til þess að vitna til ályktunar, sem gerð var á fundi um málefni ullariðnaðarins á Hótel Esju 3. febr., en þar segir:

„Skilyrði þess, að ullariðnaður á Íslandi þróist eðlilega, er þó fyrst og fremst að unnið sé markvisst að málum þessa iðnaðar, að sköpuð séu eðlileg skilyrði fyrir uppbyggingu hans og að stjórnvöld sýni í reynd, að þau vilji þennan atvinnuveg ekki feigan, t. d. með því að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt áranna 1975, 1976 og 1977 nú þegar. Það mundi koma í veg fyrir algert greiðsluþrot ullariðnaðarins um tíma."

Herra forseti. Ég vek athygli á að fyrrv. ríkisstj. endurgreiddi fyrir árið 1973 umræddan uppsafnaðan söluskatt og í framhaldi af því fyrir árið 1974 til 1. sept. það ár, en þá var því hætt, tveimur mánuðum eftir að hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum. Þá var borið við gengisfellingu sem varð um þetta leyti. Í ársbyrjun 1977 var útflytjendum almennra iðnaðarvara tilkynnt, að ríkissjóður væri reiðubúinn að endurgreiða söluskatt fyrir þá 4 mánuði ársins 1974 sem áður höfðu verið skildir eftir. Þar með hefur ríkissjóður fallið frá viðbárunni um ranga gengisskráningu. Hinar miklu kauphækkanir og kostnaðarhækkanir sem orðið hafa hér á landi á þessu og undanförnum árum, og raunar ört vaxandi dýrtíð hafa komið harðast niður á útflutningsframleiðslunni, þar sem ekki er hægt að velta þessari verðhækkun út í verðlagið, eins og gert er með vörur sem seldar eru á innanlandsmarkaðnum. Í framsöguræðu minni benti ég á, að nauðsyn bæri til að koma þessum málum í fast form, þannig að greitt og endurgreitt væri í svipuðum krónum. Nú eru iðnrekendur að rukka ríkissjóð um allt að 30—40 mánaða gamla skuld. Þeir fá greitt í verðminni krónum en þeir á sínum tíma létu út og það án vaxta. Á sama tíma krefst ríkissjóður dráttarvaxta hjá þessum sömu aðilum vegna ógreiddra skatta, allt að 36% á ári. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að hér sé ranglæti á ferð sem beri að leiðrétta.

Ég vil þá benda á, að ár iðnaðarins er nýliðið. Á þessu ári hafa mörg hástemmd lofsyrði fallið frá ráðamönnum, að verðleikum, í garð iðnaðarins. En það þarf helst að gera meira en að tala. Það þarf að láta verkin tala, og eitt af því sem þarf að gera án tafar og ég treysti hv. þm. til, er að samþykkja að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt af útflutningsiðnaðarvörum fyrir árin 1975, 1976, 1977 og mér liggur við að segja: skylda ríkisstj. til að standa í skilum. Ég vil hvetja alla til þess að hjálpa íslenskum útflutningsiðnaði að því leyti sem það er í okkar valdi. Þótt samþykkt á þessari þáltill. leysi ekki allan vanda viðkomandi iðnaðarfyrirtækja, þá hjálpar samþykkt á þáltill. útflutningsiðnaðinum mikið, sér í lagi þeim útflutningsaðilum sem telja sig eiga inni hjá ríkissjóði hærri upphæð en sömu fyrirtæki skulda í opinber gjöld á þeim háu dráttarvöxtum sem ég gat um hér á undan.

Herra forseti. Ég geri ekki till. um að máli þessu verði vísað í n., en vona að hæstv. forseti sjái svo um, að síðari umr. um þessa þáltill. geti farið fram hið fyrsta til þess að málið fái fullnaðarafgreiðslu Alþ. hið bráðasta, því að iðnfyrirtæki útflutningsgreinanna bíða eftir ákvörðun okkar, nú þegar eru sum hver komin í vanda með sín opinberu gjöld.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að ræða þetta mál efnislega núna, en ég hjó eftir því, að í lok ræðu sinnar tók hv. flm. fram, að hann legði ekki til að vísa þessu máli til n. Ég vek athygli á því, að ákveðnar hafa verið tvær umr. um þetta fjárhagsmál í Sþ. og fyrir því er alveg nauðsynlegt

á milli umr. að sjálf fjvn. fái að fjalla um málið. Því tek ég upp till. um að vísa till. til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Uppbygging strandferðaþjónustunnar, þáltill. (þskj. 344). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 344 flyt ég ásamt þm. Tómasi Árnasyni og Inga Tryggvasyni till. til þál. um endurnýjun og uppbyggingu strandferðaþjónustunnar. Tillgr. er þannig orðuð, með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða athugun á endurnýjun á uppbyggingu Skipaútgerðar ríkisins og leita leiða til þess að fjármagna slíka endurnýjun í því skyni að

1) auka og bæta strandferðaþjónustuna við dreifbýli landsins,
2) stuðla að hallalausum rekstri Skipaútgerðar ríkisins."

Í grg. með þessari till. er vísað til áætlunar, sem forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur gert um uppbyggingu strandferðaþjónustunnar, frá nóv. 1977. Þar koma fram mjög ítarlegar till. um þessa endurskipulagningu. Ég hygg að áætlun þessari hafi verið dreift til allra þm.

Skipaútgerð ríkisins var stofnsett í lok ársins 1929. Hún hefur síðan gegnt ákaflega mikilvægri þjónustu fyrir dreifbýli þessa lands og var eitt sinn nefnd hin íslenska járnbraut hafnanna. Hygg ég að það hafi verið réttnefni. Að vísu hafa aðstæður mjög breyst frá þessum tíma. Vegir hafa stórlega batnað, flutningabílar orðið stærri og fleiri og getað víða sinnt þessari þjónustu með ágætum, að sjálfsögðu einkum um Suðurlandið allt og víða um Norðurland og Vesturland. Engu að síður eru enn þær aðstæður víða um landið, ekki síst á Vestfjörðum og Austfjörðum, að Skipaútgerð ríkisins á þar gífurlega miklu hlutverki að sinna. Einnig er rétt, að önnur skipafélög hafa eflst á þessum tíma og sinna að nokkru þessari þjónustu, en hins vegar er sú þjónusta ekki regluleg og er tengd skipaferðum til annarra landa. Þessi þjónusta annarra skipafélaga er að sjálfsögðu mikilvæg, en leysir alls ekki Skipaútgerð ríkisins af hólmi.

Staðreyndin hefur hins vegar verið sú, að rekstur Skipaútgerðar ríkisins hefur verið miklum fjárhagslegum erfiðleikum háður nú síðustu árin og hefur dregið að sumu leyti meira úr nauðsynlegri þjónustu Skipaútgerðarinnar en æskilegt er. Þær till., sem fram eru komnar um endurskipulagningu strandferðaþjónustunnar, eru því mjög kærkomnar og mikilvægar. Tilgangurinn með þessari till. er að leggja áherslu á að athugun á þessum till. verði hraðað, og ef sú athugun leiðir í ljós, að þær séu rökréttar og framkvæmanlegar með góðu móti, þá verði þeirri framkvæmd jafnframt hraðað.

Núverandi skipakostur Skipaútgerðarinnar, þ. e. a. s. Hekla og Esja, hafa verið í rekstri síðan 1970 og 1971. Þetta eru að vísu vönduð skip, en þau standast þó hvergi nærri samanburð við samsvarandi skip í nágrannalöndum okkar og kemur þar margt til. Staðreyndin er sú, að skip þessi eru óhagkvæm miðað við það sem nú er orðið.

Í fyrsta lagi er ekki unnt að koma við þeirri losun sem hagkvæmust er í þessum skipum. Afköstin eru lítil eða um 10—15 tonn á klukkustund úti á landi og 20—30 í Reykjavík, en í sambærilegum skipum í Noregi munu losunarafköst vera nálægt 200 tonnum á klukkustund. Einnig sýnir samanburður við það sem nýjast er í slíkum skipum, að við affermingu og fermingu þessara skipa þarf um tvöfalt meiri mannskap en algengt er á nýjustu skipunum. Þess er getið í skýrslu þeirri, sem ég vísaði til áðan, að lestun og losun skipanna er svo seinleg, að um það bil 63% af þeim tíma, sem fer í eina hringferð, er í höfn, en aðeins 37% á siglingu. Sjá allir hve óhagkvæmt þetta er. Þess er einnig getið í þessari grg., að á skipunum, hvoru fyrir sig, eru 17—18 manns, sem er um það bil þrefalt meiri mannskapur en er á þeim skipum sem Norðmenn nota mest í sínum strandferðum. Að þessu er eðlilega gífurlegur aukakostnaður. Er hann hátt í 200 millj. kr. á ári. Fleiri slík atriði mætti nefna sem gera þessi skip ekki eins hagkvæm og æskilegt væri, en ég hygg að þetta tvennt sé þó það mikilvægasta og þetta tvennt ráði því mjög, að rétt sé að skipta um skip.

Aðstöðu Skipaútgerðarinnar er að ýmsu öðru leyti ábótavant. T. d. er vöruafgreiðsla í Reykjavík mjög léleg og móttöku þar á sendingum hefur verið mjög ábótavant. Tækjabúnaður hefur einnig verið ákaflega ófullkominn. Og loks hefur fjárhagsstaða félagsins verið mjög erfið. Samansafnaður halli frá fyrri árum var í jan. 1977 orðinn 90 millj. kr. Allt þetta gerir það að verkum, að mjög nauðsynlegt er að endurskoða og endurskipuleggja rekstur Skipaútgerðar ríkisins.

Í áætlun forstöðumanns Skipaútgerðarinnar er bent á ný skip, sem ég vil — með leyfi forseta — lýsa með því að lesa úr þeirri áætlun. Þar segir svo:

„Á síðustu árum hafa orðið miklar breytingar á hönnun flutningaskipa, ekki síst í strandferðum, og sú nýjung, sem gengur lengst og veldur mestri breytingu í allri flutningatækni, er svokölluð „roll on rol off" aðferð (sem ég vildi gjarnan þýða hleðsla og afhleðsla á hjólum.) Hún felst í því, að skip hafa op á skut og stundum einnig á hliðum og stefni, þar sem öllum flutningi er ekið að og frá borði í þar til gerðum vögnum, venjulega flutningavögnum eða bílum. Þessa aðferð þekkja Íslendingar helst þar sem eru bílaferjan Smyrill, Vestmannaeyjaferjan Herjólfur og Akraborg. Önnur lestunaraðferð, sem ekki gengur eins langt og krefst næstum engrar fjárfestingar í upphafi, er þannig, að vörum er komið um borð á lyfturum um op á hlið skipsins, en þar fyrir innan eru síðan vörulyftur, sem færa vörurnar á rétt þilfar, þar sem annar lyftari tekur síðan við þeim og kemur þeim á endanlegan stað í skipinu. Þótt þessi aðferð gangi ekki eins langt og hleðsla og afhleðsla á hjólum hvað afköst snertir, þá veldur hún þó þeirri breytingu, að afköst við lestun á venjulegri pallvöru aukast úr 10—30 tonnum á klst., eins og þau eru nú, í um það bil 200 tonn á klst. og helmingi færri menn þarf við lestunina. Hér á landi er þó þannig ástatt, að fjár-

festing sú, sem til þyrfti að fara algerlega yfir í lestun á hjólum, yrði mjög mikil. Síðari aðferðin, sem lýst er hér, er hins vegar þeim kostum búin, að engar verulegar fjárfestingar þarf til að geta komið henni við, hvorki í hafnarmannvirkjum né tækjabúnaði, umfram það sem hvort eð er þyrfti. Það er því æskilegt að finna lausn þar sem báðar þessar aðferðir eru mögulegar og helst einnig hin gamla aðferð að hífa gegnum lestarop."

Síðan lýsir forstjórinn þeim norskum skipum, sem einna mesta athygli þeirra hafa vakið, og segir þar — með leyfi forseta — um þessi norsku skip:

„Skip þessi hafa jafnmikið lestarrými og Hekla og Esja, en eru 20 m styttri. Þau hafa bæði skutop fyrir lestun og losun á hjólum (þ. e. a. s. þessa „roll on roll off" aðferð) og hliðarop fyrir lestun með lyfturum og auk þess hafa þau einnig lestarop að ofan og 28 tonna lyftigetu. Ekkert farþegarými er á þessum skipum, en áhafnarstærð í Noregi er 6 menn. Skip þessi kosta í Noregi nýsmíðuð um 400 millj. ísl. kr."

Ljóst er af því, sem ég hef nú lesið, að þessi skip mundu gerbreyta allri aðstöðu Skipaútgerðar ríkisins og gera henni kleift að stórbæta þjónustu sína við landsbyggðina. Vörumeðferð öll yrði stórum betri og nýir möguleikar mundu opnast varðandi flutninga. T. d. er unnt að flytja flutningabíla á milli landshluta, sem getur oft sparað mikið í akstri þar sem firðir eru miklir og þess háttar. Einnig er vakin athygli á því, að með þessari aðferð mætti mjög auðveldlega koma við flutningum á sementi, þannig að sekkjað sement mætti flytja í opnum vögnum, en ósekkjað sement í tankvögnum sem yrði ekið um borð í þessi skip. Gæti Skipaútgerðin tekið að sér að verulegu leyti, ef ekki allan flutning á sementi frá Sementsverksmiðjunni um landið, a. m. k. annað en fer til Reykjavíkur. Mundi það henta Skipaútgerðinni ákaflega vel að fella slíkan flutning inn í þá flutninga sem hún annast nú. Útskipunarkostnaður og afhleðsla yrði stórum minni heldur en er með þeim aðferðum sem nú eru notaðar.

Til viðbótar þessu og með tilvísun til þess, sem ég sagði áðan um aðstöðu Skipaútgerðarinnar til vörumóttöku, er jafnframt vakin athygli á því, að vöruskemma þarf að fást hér í Reykjavík. Þar er þegar fenginn mjög góður staður á uppfyllingu við Grófarbryggju í Reykjavíkurhöfn. Uppfylling þessi er tilbúin sem grunnur undir bygginguna, og hefur Reykjavíkurhöfn þegar varið rúmlega 70 millj. kr. til hennar og stálþils við hana þar sem verður viðlegukantur Skipaútgerðarinnar. Fyrir liggur teikning og áætlun um slíka vöruskemmu. Er áætlað að vöruskemman mundi kosta 186 millj. kr. Þetta er mjög mikilvæg framkvæmd í þessari endurskipulagningu. Að vísu hefur henni eitthvað verið frestað nú og Skipaútgerðin hefur fengið aðgang að öðru húsnæði fyrir vöruskemmu þar í næsta nágrenni, sem stórum bætir aðstöðu Skipaútgerðarinnar, þótt hin varanlega aðstaða þurfi að koma á hafnarbakkanum. Og þess má geta, að Skipaútgerðin hefur þegar tekið upp stórum bætta móttöku á vörum til flutnings einmitt í tengslum við það húsnæði sem hún hefur þegar fengið aðgang að. Einnig er talið að tækjabúnaður, einkum í lyfturum, gámum og þess háttar, þurfi að aukast. Er einnig sett fram áætlun um þann kostnað.

Í þessari skýrslu frá í nóv. er jafnframt áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir allar. Þar er talið, að nettófjárfesting yrði um 1 milljarður og 450 millj. kr. Í því sambandi verður að sjálfsögðu að hafa í huga, að ýmsir þættir þessarar áætlunar eru lauslegir, t. d. kostnaðarverð skipanna, sem að vísu liggja fyrir upplýsingar um, en athuga þarf nánar, söluverð á Heklu og Esju, sem einnig hafa fengist tilboð í, en að sjálfsögðu getur það sömuleiðis breyst, og vitanlega verður að taka tillit til þeirrar verðlagsþróunar sem hefur verið síðan þessi áætlun var gerð. En í skýrslunni og jafnframt endurprentað í þáltill., í töflu sem þar er nefnd tafla 2, kemur fram áætluð fjárþörf. Þar kemur í ljós að samkv. þessari áætlun mundi Skipaútgerðin geta lagt fram fljótlega verulegt fjármagn upp í fjármagnskostnað. Þar er greint frá því, að á árinu 1978, *ef þetta hefði fengist samþykkt* við síðustu fjárlagagerð, er fjárveitingaþörfin vegna fjárfestingar áætluð 141 millj. kr., 20 millj. 1979, 50 millj. 1980, 45 millj. 1981 og síðan engin eftir það. Þetta er fjárþörfin vegna fjárfestingarinnar. *En einnig er rakin þarna fjárþörf alls vegna* rekstrar og fjárfestingar, sem yrði töluvert meiri vegna þess tapreksturs sem hefur verið á Skipaútgerðinni, en mundi hverfa að fullu eftir 1983. Samkv. þessari áætlun á Skipaútgerð ríkisins eftir það að geta staðið undir sínum rekstri og það stórum bættari og hagkvæmari þjónustu en nú er. En þessa liði þyrfti að sjálfsögðu að skoða mjög vandlega og er það einn af þeim þáttum sem við leggjum til í þessari þáltill. að vandlega verði athugaður. Ljóst er, að af slíkri breytingu á rekstri Skipaútgerðar ríkisins fengist ákaflega mikið hagræði.

Ég hef aðeins rakið áður þann möguleika Skipaútgerðarinnar að taka við t. d. flutningi á sementi og ýmsu öðru með slíkri tækni sem þarna er rætt um. En þetta er rakið nokkru ítarlegar í fyrrnefndri áætlun, þar sem m. a. kemur fram, að með þremur nýjum skipum yrði unnt að koma á ferðaáætlun sem fæli í sér allt að 6 ferðir frá Reykjavík í viku. Forstjóri telur að heppilegast yrði þó að hafa 4—5 ferðir og svigrúm til aukaferða. Unnt er að vera með tvær ferðir á viku frá Reykjavík til helstu hafna úti á landi og 1—2 frá Akureyri. Milli Reykjavíkur og Akureyrar gætu verið þrjár ferðir á viku. Þetta þýddi að viðkoma Skipaútgerðarinnar yrði víðast hvar um tvisvar sinnum í viku hverri og er það gífurleg breyting frá viðkomu sem nú er gjarnan á 10 daga eða tveggja vikna fresti.

Gert er ráð fyrir því, að flutningar fyrirtækisins aukist í 150 þús. tonn á ári árið 1983, þegar þetta yrði komið að fullu til framkvæmda, og sett er fram áætlun um, hvernig það mundi skiptast. Áætlað er, að til viðbótar flutningum nú, sem eru 40 þús. lestir, gæti komið aukning án fjárfestingar, þ. e. a. s. sem unnt ætti að vera að ná í nú, um 10 þús. lestir. Síðan eru sementsflutningar 35 þús. lestir, flutningar frá bifreiðum, sem nú flytja í landshluta þar sem slíkt yrði óhagkvæmt, gætu orðið 50 þús. lestir og annað 15

þús. lestir, eða 150 þús. lestir samtals. Og eins og ég sagði fyrr, er talið í þessari áætlun að um hallalausan rekstur gæti orðið að ræða í framtíðinni, jafnvel svo að árið 1981, eins og ég hef rakið, skili reksturinn verulegu fé í vexti og afskriftir og árið 1983 geti reksturinn nálægt því borið sig. Þetta felst náttúrlega bæði í stóraukn-um flutningum og sömuleiðis í miklum sparn-aði við rekstur þessara skipa, t. d. minni áhöfn. Um það þyrfti að semja nánar við stéttarfélög.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta ítarlegar, en vil benda þm. á skýrslu Skipaútgerðar ríkisins um áætlun og uppbyggingu strandferðaþjónust-unnar, þar sem koma fram ýmsar upplýsingar til viðbótar um þá breytingu sem hér er um að ræða.

Ég vil að lokum aðeins nefna það, að í þeirri skýrslu er einnig lögð fram hugmynd um breytt leiðakerfi Skipaútgerðarinnar, sem ég vil segja fyrir mitt leyti að þarf töluvert nánari endur-skoðunar við. Í þessu kerfi er haft í huga að fækka viðkomustöðum, en brúa hins vegar bilið til þeirra staða, sem þannig mundu missa við-komu, með akstri með bifreiðum frá aðalhöfnum. Út af fyrir sig er kannske ekki neitt við þessu að segja. Skipaútgerðin mundi sjá um þessa flutninga, og þá er ekkert við því að segja, ef þessir aðrir staðir njóta einnig þeirrar stórbættu þjónustu sem boðin er með þessum breytingum, t. d. tveimur slíkum ferðum á viku hverri. Hitt er svo staðreynd, að víða hagar svo til í landi okkar, ekki síst þar sem þörfin er einna mest fyrir þjónustu Skipaútgerðarinnar, eins og á Vestfjörðum, Norðausturlandi, Austfjörðum, að vegir eru tepptir langtímum saman og ekki unnt að koma við slíkri þjónustu. Ég vil leggja á það áherslu, að í slíkum tilfellum verður slíkt flutn-ingakerfi að vera það sveigjanlegt, að skipin komi þá við, þegar ekki er unnt að flytja á milli eða frá aðalhöfn á hina minni staði. Staðreyndin er sú, að fyrir þessi landssvæði er Skipaútgerð ríkisins enn þá járnbraut hinna litlu hafna og því hlutverki verður hún að sinna áfram. Einnig er ljóst að með þessari miklu breytingu á fyrir-komulagi og rekstri Skipaútgerðarinnar á stór-bætt þjónusta til allra hafna á landinu að vera möguleg.

Sumir líta svo á, að hér sé um verulega árekstra að ræða við landflutninga. Kannske má það til sanns vegar færa í einstökum tilfellum. Ég hygg að í þessu sambandi verði þó að hafa í huga, hvað hagkvæmast er fyrir viðkomandi landshluta og þjóðarheildina. Víða sinna landflutningar þessu með ágætum á bættum vegum og þar sem leiðir eru tiltölulega styttri, en kannske sjó-leiðin löng og krókótt. Annars staðar er það hins vegar svo, að tvímælalaust eru það flutningar á sjó, sem sinna þessum verkefnum best.

Þá vil ég nefna það, að í áliti nefndar um jöfnun vöruverðs, sem dreift var hér á þingi fyrir líklega nálægt því tveimur árum, er einmitt komist að þeirri niðurstöðu, að vöruverð verði best jafnað með því að efla stórlega Skipaútgerð ríkisins og gera henni kleift að flytja vörur frá höfuðborgarsvæðinu á sem ódýrastan máta um landið allt.

Þannig sýnist okkur flm. þessarar þáltill., að mjög margt styðji þá skoðun okkar, að endur-skoða og endurbæta eigi rekstur strandferða-þjónustunnar. Við teljum, að þær hugmyndir, sem fram hafa komið um það, séu ákaflega at-hyglisverðar, og viljum með þessari till. leggja á það ríka áherslu, að ekki verði tafið að athuga þær vel og vandlega og hrinda þeim í fram-kvæmd, ef þær reynast eftir þá skoðun jafn-sannfærandi og okkur sýnast þær nú í fljótu bragði.

Herra forseti. Mér sýnist rétt að leggja til að málinu verði vísað til hv. atvmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta verða fá orð. Ég hlýt að styðja megintilgang og efni þessarar till. Ég vék einmitt að þessu fyrr í vetur vegna fsp. þá, en einkum þó í framsögu á síðasta þingi fyrir till. um deildaskiptingu, sem við bárum fram þá hv. þm. Karvel Pálma-son og ég. Þá var það einmitt undirstrikað sér-staklega af okkur í grg., hver nauðsyn væri á eflingu þessarar nauðsynlegu þjónustu og að þessi þjónusta væri áfram í höndum þess aðila sem hefur annast hana, þ. e. a. s. Skipaútgerðar ríkisins. Í þessari nýbreytni, sem þótti alldjörf, bentum við einmitt á, að það þyrfti að hlúa að starfseminni og grundvellinum þó fyrst og fremst, þ. e. a. s. skipunum, að þau væru sem best, að þau væru sem hagkvæmust og einnig að sem best væri fyrir aðstöðunni í landi séð.

Það ber að fagna öllum till. um Skipaútgerð-ina og eflingu hennar. Þær eru vel þegnar, þó að okkur í stjórnarandstöðunni, sem ekki þekkj-um til gangs mála innan hæstv. ríkisstj., hefði þótt eðlilegra og sjálfsagðara að hæstv. við-komandi ráðh. hefði flutt þessar till. hér eða þær hefðu náð fram að ganga í gegnum ríkisstj., sem þessir hv. þm. allir, sem þessa till. flytja, styðja. En viðleitni þeirra er engu að síður hin ágætasta, þegar þeir sjá að hvorki gengur né rekur á vegum sjálfrar ríkisstj.

Ég tek það fram, vegna þess að Skipaútgerð ríkisins kemur á dagskrá, að ég álít að það væri sjálfsagt að til umr. og athugunar kæmu þær áætlanir, sem uppi eru hjá framkvæmda-stjóra Skipaútgerðarinnar, og þær kæmust helst til vissra framkvæmda áður en ég hreyfði aftur því máli sem ég flutti í fyrra varðandi deilda-skiptinguna, því að það er langt í frá að við flm. séum orðnir andhverfir þeirri hugmynd. Við hefðum einmitt haldið það eftir þá umbreyt-ingu og eflingu, sem framkvæmdastjóri Skipa-útgerðarinnar hefur lagt til, og eftir framkvæmd-ir þar á eftir, að eðlilegt framhald gæti verið að hyggja næst þar að, þó að við höfum ekkert fullyrt um það, hversu auðvelt eða hvort mögu-legt væri að framkvæma þessa till. okkar frá í fyrra.

Ég hef áður minnt á mikla áherslu okkar Aust-firðinga og stuðning í raun og veru við þessar áætlanir framkvæmdastjóra Skipaútgerðarinnar. Það eru að vísu, eins og segir í grg. með þessari till., allróttækar till. um endurskipulagninguna og við fyrstu sýn finnst manni kannske að þarna séu ansi djarfar áætlanir uppi, sérstaklega um það að hægt verði að losna við hallann af þessu ágæta fyrirtæki. Ég er sannfærður um að fram-kvæmdastjórinn hefur engu að síður mikið til síns

máls, og það var almenn skoðun á þingi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi í haust er leið, að Skipaútgerðina bæri að efla, og samþykktir voru gerðar mjög í þessa átt. Og það fór ekki hjá því, að við afgreiðslu fjárl. í vetur væri þetta erindi Skipaútgerðarinnar eða framkvæmdastjóra Skipaútgerðarinnar lagt fyrir okkur í fjvn. Það eru sannarlega vonbrigði, að það skyldi ekkert — blátt áfram ekkert — tillit vera tekið þar til þessara till. og það því fremur sem mér hefur virst að afstaða a. m. k. hæstv. ráðh., sem fer með þessi mál, væri nokkuð ljós og hann vildi fylgja málinu eftir. Mér hefur heyrst hann styðja þessar fram komnu till. framkvæmdastjórans í megindráttum, og ég efa ekki að hann hafi viljað reka á eftir þessu máli. Ég vil ekki heldur draga það neitt í efa, að hæstv. samgrh. hafi viljað fá staðfestingu í fjárl. á þessu eða þá a. m. k. í lánsfjáráætlun eða sjá einhverja möguleika á því, að af einhverjum framkvæmdum yrði á þessu ári. Hvorugt hefur greinilega tekist. Og það hefur áreiðanlega ekki síður orðið hvati til flutnings þessarar till. af hálfu hv. flm., að svo skyldi til takast, eins og hv. frsm. benti réttilega á áðan, að þarna hefði ekkert fjármagn fengist.

Þetta rifjar það auðvitað upp fyrir okkur, hvað mikil andstaða hefur oft og tíðum verið við þessa stofnun og skilningsleysi á þörfum hennar og þörfum landsbyggðarinnar fyrir þá þjónustu sem Skipaútgerðin hefur veitt, veitir enn og getur veitt í auknum mæli nú, ef nútímaleg vinnubrögð eru þar upp tekin. Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir mönnum, hvaðan þessi andstaða hefur aðallega komið, en það er þó mjög misjafnt um þá andstöðu, og ég veit að landsbyggðarþm. Sjálfstfl. munu áreiðanlega ekki verða sama sinnis og sumir aðrir þm. þess flokks, sem stundum hafa látið út úr sér heldur leiðinleg ummæli um þessa ríkisstofnun. Eflaust tilheyrir þessi stofnun líka þeim stofnunum, sem þeir, sem vilja báknið burt, vilja leggja niður, þó að það kunni kannske að vera, að hún sé aftarlega í röðinni, af því að hún er rekin með halla og því ekki eins ábatasöm fyrir þá aðila sem ættu þar við að taka. Það er e. t. v. þess vegna sem þetta hefur ekki náðst fram greinilega, að innan hæstv. ríkisstj. mun einhver ágreiningur vera. Þessi till. er í raun og veru undirstrikun óánægju með það, að mínu viti, og bendir á það, að þarna vilji þm. Framsfl. skera sig nokkuð úr, því að þeir dragi ekkert úr því, að mikil nauðsyn sé á að hraða þessu. Mætti þó auðvitað með takmarkaðri góðgirni vegna skyldleika þeirra við hæstv. samgrh. í flokkspólitískum efnum, kalla þetta hálfgerða vantraustsstill. á þann hæstv. ráðh., sem hér er og á að vera eðlí málsins samkv. framkvæmdaaðili. En ég hygg að það sé nú ekki, vegna þess að hæstv. ráðh. hefur, að því er ég best veit, rekið allvel á eftir þessu og viljað styðja þessar till. sem fram hafa komið frá forstjóra Skipaútgerðarinnar.

Hv. frsm. vék að árekstrum við vöruflutninga á landi. Það hefur auðvitað oft verið bent á það, að í raun og veru þyrfti að færa þungaflutningana, a. m. k. til vissra staða, meira til skipanna frá vörubifreiðum. Það hefur verið bent á það oft í umr. hér, m. a. með stuttum, ljósum rökum frá þeim vegagerðarmönnum um mikla þýðingu þessa, að margir hinna stóru bíla með tengivagna sína væru á þeim vegum, sem við höfum enn þá slæma, — þeir væru þar skaðvaldar og erfiðleikar á viðhaldi og eins að takmörkuð færð til þessara staða ylli því, að þeir gætu ekki sinnt þessari þjónustu sem skyldi og Skipaútgerðin væri þá þar hinn eðlilegi aðili. Margir staðir eru einnig þannig settir, að fyrir þá eru þessar samgöngur, samgöngurnar á sjó, eins og hv. frsm. benti á, öruggastar. Hér er ekki betra vegasamband á vetrum en það. Og í heild er hér auðvitað um ódýrari og hagkvæmari lausn á flutningum okkar að ræða og því ber að styðja að því svo sem mögulegt er.

Hv. frsm. vék að breytingum á leiðakerfinu og sagði réttilega, að það þyrfti frekari og nákvæmari athugunar við. Nú hefur verið farið út í það af hálfu Skipaútgerðarinnar að breyta um leiðakerfi án þess þó að Skipaútgerðin hefði fengið þann nauðsynlega skipakost, sem hún taldi vera undirstöðu þess að hún gæti með hagkvæmum hætti breytt leiðakerfi sínu. Þarf því að nota óhentugan skipakost enn og líka aðstöðu sem er alls ófullnægjandi. Þetta hefur skapað erfiðleika víða. Og þó að ég sé mjög hlynntur þessari ágætu stofnun og öllum þeim tilraunum, sem þeir eru að gera þar til þess að efla starfsemina og gera hana hagkvæmari og betri, þá verður ekki komist hjá að vekja athygli á því, að við þm. Austurl. höfum fengið einmitt bréf austan að, eftir að þetta nýja leiðakerfi var tekið upp, þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, í bréfi frá Sigmari Torfasyni, oddvita Skeggjastaðahrepps: „Þjónusta Skipaútgerðar ríkisins virðist mér ekki fara batnandi, hvað sem síðar kann að verða.“

Og enn ákveðnara aftur í bréfi frá Kaupfélagi Vopnfirðinga. Stjórn kaupfélagsins hefur sent harðorð mótmæli til Skipaútgerðar ríkisins út af þessari breytingu, þar sem segir að stjórnin mótmæli „þeirri óskiljanlegu ákvörðun útgerðarinnar að skera niður á versta tíma árs án fyrirvara tíðni ferða til Vopnafjarðar úr 4 í 2 á mánuði. Vér teljum, að miðað við núverandi skipakost séu hringferðir, eins og þær hafa verið að undanförnu, það eina skipulag, sem til greina komi.“ Þetta skiljum við vel, Austfjarðaþm., að eru sjónarmið þeirra Vopnfirðinga, og kom reyndar fram mjög skýrt á fundinum í haust austur á Hallormsstað, þar sem forstjóri Skipaútgerðarinnar var einmitt staddur. Þeir halda áfram að segja það, að í þessu sambandi ætti öllum, sem þekkja til samgangna til Vopnafjarðar, að vera ljóst að við búum við hvað erfiðastar samgöngur á landi sem um getur á Íslandi, og er ekki um aðrar flutningaleiðir að ræða en sjóleiðina. Og þeir segja hins vegar hér — til þess að undirstrika það, að þeir eru ekki bara með mótmæli, — þeir segja svo aftur, með leyfi hæstv. forseta: „Skoðun vor er sú, að uppbygging eða öllu heldur uppbyggingarleysi Skipaútgerðar ríkisins hafi á liðnum árum einkennst af stöðnun og fjármagnsskorti. Lýsum við fullum stuðningi við uppbyggingaráform útgerðarinnar og teljum að hún verði aldrei þess megnug að uppfylla sitt þjónustuhlutverk við landsbyggð-

ina án þriggja skipa og góðrar afgreiðsluaðstöðu í Reykjavík og úti á landi, þar sem hægt verði að koma við allri þeirri tækni sem tiltæk er til lestunar og losunar. Léleg samkeppnisaðstaða útgerðarinnar hefur einmitt leitt af sér hinn mikla flutning með bifreiðum."

Ég taldi rétt að láta þetta koma fram í tilefni af þessari till., en tek það mjög skýrt fram, að ég styð þessa till. mjög eindregið, þó að auðvitað hefði ég kosið, eins og hv. frsm. kom sjálfur inn á, við hefðum kosið í verki að sjá framkvæmd einhvers þess sem Skipaútgerðin hefur lagt til og hér er að vikið.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég stend upp aðeins til þess að lýsa í örfáum orðum mjög eindregnu fylgi mínu við þessa till. til þþál. Þessi uppbygging, sem talað er um að nauðsynlegt sé að hafa, er að vísu nú þegar í gangi, en engu að síður er áreiðanlega ekki vanþörf á að knýja þarna á um að eitthvað verði aðhafst til að gera þessar nýju og girnilegu hugmyndir, sem uppi eru, að veruleika.

Það fer ekki hjá því, að manni finnist til um alldjarflegar og bjartsýnar áætlanir sem þarna koma fram. Án þess að ég vilji tortryggja þær, þá finnst mér þetta svo fallegar tölur að það sé varla hægt að trúa á þær, eins og t. a. m. að því er varðar rekstraráætlunina, að laun eigi að lækka frá 1978, þ. e. a. s. launakostnaður áhafna, úr 73 millj. niður í 50 millj. árið 1983. Maður spyr í leiðinni: Skyldum við verða búin að ná verðbólgunni eitthvað niður þegar þessi tala verður raunveruleg árið 1983? Hitt er að vísu að athuga um leið, og það er eitt af meginatriðum málsins, að þessi nýju skip hafa um þrisvar sinnum mannfærri áhafnir. Þarna er ekkert lítill sparnaðarliður og því auðvitað mergurinn málsins að hægt verði að festa kaup á þessum ágætu norsku skipum, sem virðast hafa flest til síns ágætis til þeirra nota sem þau eru ætluð. Og ég get tekið undir það, sem hefur komið fram áður í umr. um þessi mál, að vissulega eru það vonbrigði að ekki skuli á næsta ári veitt fé til þessara skipakaupa, því það er gefið mál að einmitt á þessum nýju hagkvæmu skipum hvílir þessi framkvæmd eins og gert er ráð fyrir henni. Eins er auðvitað aðstaðan í landi, vöruafgreiðsla og vörugeymslur, ákaflega þung á metunum.

Þrátt fyrir það, að ekki fáist nú fé að svo stöddu til skipakaupanna, þá verð ég að segja það líka, að því er varðar heildarfjárfestinguna, sem gert er ráð fyrir að fari í þessa allsherjaruppbyggingu, að hún er líka furðulág miðað við þær umbætur sem hún á að leiða til. En hér er talað um nettófjárfestingu sem muni nema 1456 millj. kr., þar innifalin 3 ný skip, ný vöruskemma og þjónustubygging og tækjabúnaður og allt hvað eina, þannig að enda þótt ég, eins og ég hef áður sagt, sé kannske dálítið hikandi við að taka þessum áætlunum fyrirvaralaust, þá veit ég að núverandi forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur lagt í þetta mikla vinnu og sýnt mikinn áhuga og skilning á því, hvað hér er mikilvægt verkefni annars vegar.

Það fer ekkert á milli mála að samgöngutregða og samgönguleysi víða úti um landsbyggðina, og þá hygg ég nú að Vestfirðir og Austfirðir séu á sama báti, hefur leitt og leiðir til vandræða á hverjum vetri. Það er ekki einasta að það séu ekki reglubundnar ferðir nema á 10 daga eða hálfsmánaðar fresti, heldur eru það iðulega 3 vikur, sem líða á milli og leiðir auðvitað til vöruskorts og mikilla óþæginda. Ég vil eindregið taka undir það sem báðir ræðumenn hér á undan, hv. flm. og hv. 7. landsk. þm., hafa bent á, en það er þetta með þessa kerfisbreytingu, hvernig hún kemur við minnstu staðina. Það hafa borist raddir víða utan af landi um að þetta nægi ekki, og það kemur ekki á óvart. Þetta kerfi, eins og það er hugsað, er í rauninni mjög eðlilegt og hljómar vel, en mér hefur frá upphafi virst að þarna væri fremur um draumsýn að ræða en að þetta gæti orðið raunveruleiki nú á stundinni, einfaldlega vegna þess að vegakerfi okkar er alls ekki virkt á veturna einmitt í þessum afskekktu fjörðum, þar sem þessi litlu sjávarpláss eru og þorp sem hafa hingað til notið strjálla ferða Skipaútgerðarinnar. Því held ég að þetta sé atriði, sem þarf alveg nauðsynlega að taka til nánari athugunar, og annmarki sem þarf að bæta úr. Í framtíðinni verður þetta sjálfsagt allt í lagi, þegar við getum farið eftir okkar vegum vetur og sumar, en eins og vegamálum er háttað nú víðast úti á landsbyggðinni, þá er þetta varla raunhæft og verður því að taka til greina ábendingar og umkvartanir fólks, sem nú þegar hefur orðið þess vart að þessi breyting er ekki til góðs, þessi kerfisbreyting, á meðan svo er háttað samgöngum á landi sem raun ber vitni.

Það var eitt til viðbótar, sem ég vildi minnast sérstaklega á að hefði þurft að koma inn í þessa athugun sem um er rætt í till., og það eru flóabátarnir okkar. Við erum enn með eina fjóra flóabáta. Ég vil varla telja Vestmannaeyjaskipið Herjólf og Akraborgina flóabáta, en hinir þrír, Breiðafjarðarbáturinn Baldur, Djúpbáturinn Fagranes, Eyjafjarðarbáturinn Drangur, þessir þrír sérstaklega hygg ég að muni í náinni framtíð hafa ærnu hlutverki að gegna. Vandamál flóabátanna hafa verið til sérstakrar umræðu og til þess var kjörin sérstök nefnd að athuga þeirra mál. Rekstur þeirra er dýr og nýtingin ekki svo góð sem skyldi og því tel ég að í athugun eins og þessari, sem hér er talað um, þyrfti nauðsynlega að taka flóabátana með og athuga hvort og hvernig væri hægt að tengja áætlun strandferðaskipanna og flóabátanna þannig, að sem best nýting verði tryggð fyrir flóabátana og minni hallarekstur en á þessum bátum er í dag. Kannske mundi sú nefnd, sem fær þetta til athugunar, taka þetta sérstaklega til umfjöllunar, hvort ekki væri hægt að tengja með skipulögðum hætti vandamál og rekstur flóabátanna inn í rekstur Skipaútgerðarinnar.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað, stuðning við þessa tillögu.

Út af orðum hv. 7. landsk. þm. vil ég taka það fram, að ekki ber að líta á þetta sem vantraust á hæstv. samgrh. Hæstv. samgrh. hefur lýst eindregnum stuðningi sínum við eflingu Skipaútgerðarinnar. Hins vegar verður líklega

að viðurkenna að honum hafi ekki orðið það ágengt sem við vildum, og það er rétt skilið hjá hv. þm. að þarna kemur fram viss óþolinmæði okkar. Okkur þykir dragast of lengi að athuga vandlega þessar till. En ég get upplýst að ég hef haft samráð við hæstv. ráðh. og hann er þess mjög hvetjandi, að að þessu máli verði unnið eins fljótt og unnt er, og við lítum svo á, flm. þessarar till., að yfirlýsing hins háa Alþ. í þá átt geti einmitt stutt hann í þeirri viðleitni sinni að fá þetta athugað og jafnframt stuðlað að því, að við næstu fjárlagagerð fáist fjárveiting til þess að hefja slíkar breytingar á rekstri Skipaútgerðarinnar sem þarna er lagt til. Þetta er því allt í fullu samráði við hann.

Fram kemur hjá hv. þm., að þeim sýnast þær till., sem hér eru lagðar til grundvallar, æðiróttækar. Undir það get ég tekið, enda vil ég leggja áherslu á það, að með till. er ekki lagt til að þessar till. verði sem slíkar endilega framkvæmdar, heldur lögð áhersla á að þær verði vandlega athugaðar og að slíkri athugun lokinni ákveðið á hvern hátt þessum rekstri verði breytt. Við erum hins vegar eindregið þeirrar skoðunar, að bæði sé unnt að gjörbreyta þessum rekstri, þannig að hann verði hagkvæmari, og það eigi að gera. En hvort það eru nákvæmlega þessi skip, sem þarna eru tekin til viðmiðunar, eða einhver önnur eða, eins og hér hefur gjarnan komið fram, það leiðakerfi, sem rætt er um, á það leggjum við ekki dóm, en teljum að sú athugun, sem felst í 1. lið till., eigi að skera úr um það. Það er sem sagt eindregin von okkar, að hið háa Alþ. lýsi þeim vilja sínum og þetta verði athugað og slíkri rannsókn verði hraðað, enda liggur fyrir mikið efni í slíka athugun.

Ég vil taka undir það með hv. 9. landsk. þm., að athuga þarf rekstur flóabátanna, og ég vil alls ekki leggjast gegn því að það verði tekið inn í þessa athugun og jafnvel inn í þessa þáltill., ef um það næðist samkomulag. Hitt er svo annað mál, að mér skilst að starfandi sé nefnd á vegum samgrn. einmitt til að athuga rekstur flóabátanna og þyrfti þá að kanna hvað þeirri athugun líður og hvort það mál sé komið það langt á veg að frekari athugun sé óþörf. Þetta er stórt mál, og nefnd sú, sem fær till. til meðferðar, getur athugað það. M. a. er það stórt mál vegna þess að í hinu nýja leiðakerfi er gert ráð fyrir að flóabátarnir sinni verulegu og mikilvægu hlutverki með framflutningi á vörum frá aðalhöfnum þegar landleið er lokuð. Auk þess sinna þeir að sjálfsögðu öðrum mikilvægum hlutverkum, sem ekki verður hjá komist, og ég ætla ekki að ræða það hér. Það er því sjálfsagt að athuga þetta, enda verði það ekki til að tefja framgang þessa máls.

Ég get upplýst það hér, að mér hafa einnig borist svipuð andmæli við þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á leiðakerfinu, og hv. 7. landsk. þm. las upp áðan. Ég hef einnig rætt þetta við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, sem hefur haft þau svör, að þar sé a. m. k. að sumu leyti um byrjunarerfiðleika að ræða. Hann viðurkennir jafnframt að að ýmsu leyti sé erfitt að koma góðu leiðakerfi á með þeim skipum, sem nú eru, og þeim ókostum sem þau hafa bæði — þau eru tvö, en ekki þrjú — og langan lestunartíma o. fl. sem ég rakti áðan. En hann virðist bjartsýnn um það, að á þessu verði veruleg bót ráðin strax og flutningar frá höfnum komast í rétt horf og þess háttar atriði. Ég ætla ekki að dæma um það. Mér finnst eðlilegt að Skipaútgerðin fái nokkurt svigrúm til þess að sýna að þetta geti gengið, en ég tek hins vegar undir hitt, að við þm. þeirra byggða, sem svo mjög eru háðar slíkum flutningum, þurfum að vera vel á verði og gæta þess, að þessi þjónusta verði ekki lakari en hún hefur verið. Hitt er svo annað mál, að það þarf náttúrlega fjárveitingu til að reka skipin á þann máta, sem best verður kosið, og hún hefur verið af skornum skammti.

Svo endurtek ég þakkir til hv. þm. sem lýst hafa stuðningi við þessa tillögu.

Jón Helgason: Herra forseti. Það hefur verið minnst í þessum umr. á flóabátana og endurskoðun á starfsemi þeirra, sem nú stendur yfir. Og þar sem ég hef átt sæti í þeirri nefnd, sem skipuð var af hæstv. samgrh. til að athuga þeirra mál, þá vildi ég aðeins skýra frá því, að þessari athugun er nú langt komið, þeirri athugun sem nefndin mun gera, og hún mun skila frá sér skýrslu innan skamms.

Þar sem þessu er ekki endanlega lokið, þá get ég ekki skýrt frá því, hvað þar muni verða endanleg niðurstaða, en af því, sem þegar liggur fyrir, er augljóst, að þar er um að ræða svipaðan vanda og hjá Skipaútgerð ríkisins, þ. e. a. s. að þeir bátar, sem a. m. k. sums staðar eru notaðir, eru óhentugir til þessara flutninga. Þarna er yfirleitt um lítið magn að ræða, miklu minna en það sem sumir þeirra a. m. k. bera, og þar að auki er ekki hægt að nota þá tækni, sem nú verður að krefjast, til þess að hagræði sé í rekstri þeirra. Enn fremur eru skipshafnir nokkuð stórar, alveg eins og á strandferðaskipunum, miðað við flutningamagnið. Það virðist því augljóst, að ef á að gera reksturinn á þessum bátum viðunandi, þá muni þurfa að kaupa nýja, a. m. k. í stað sumra þeirra sem nú eru notaðir, með það fyrir augum að gera reksturinn hagkvæmari og þjónustuna betri. Þeir mega, a. m. k. sums staðar, vera minni. Æskilegt væri að þeir væru hraðskreiðari, þannig að þeir gætu orðið fljótari í ferðum og veitt á þann hátt betri þjónustu.

Ég vildi fyrst og fremst láta það koma fram, að þessi nefnd mun ljúka störfum á næstunni. En það er einnig rétt, sem hér hefur komið fram, að niðurstöðurnar eða framkvæmd á niðurstöðum nefndarinnar mun að verulegu leyti fara eftir því, hvernig gengur með þá nýskipan Skipaútgerðar ríkisins sem lögð er til í skýrslunni frá henni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leit að karfamiðum, þáltill. (þskj. 329). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 329 eigum við hv. 8. þm. Reykv. till. til þál. um leit að nýjum karfamiðum. Þessi till. er endurflutt nálega í óbreyttu formi. Hún var flutt áður á þinginu 1973 og var þar gerð all-

ítarleg grein fyrir till. Þá var einnig meðflm. okkar núv. hæstv. sjútvrh., þannig að þegar nú hið háa Alþ. hefur gert ályktun um þetta hugðarefni hans, þá á ég helst von á því, að hann taki drjúgum til höndum um framkvæmdina, því vafalaust mun hann fá þetta mál til fyrirgreiðslu. En efni þessarar till. er að leggja til að Hafrannsóknastofnuninni verði falið að hefja hið fyrsta leit að nýjum karfamiðum með nýju skipi eða öðru hentugu togskipi, sem yrði þá tekið á leigu í því skyni. Þetta er svo til óbreytt frá því sem áður var, nema þá var gert ráð fyrir, í fyrri till., að um leiguskip yrði að ræða, þar sem þá hafði Hafrannsóknastofnunin ekki yfir nægjanlega aflmiklu skipi að ráða til þess að ráðast í þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar. Nú hins vegar hefur Hafrannsóknastofnunin eignast mikið togskip, togskipið Baldur, sem er nægjanlega sterkt að öllum búnaði til þess að rannsaka og leita eftir fiski og sjávardýrum á miklu dýpi. Það hefur einnig komið fram í umr. hér á hinu háa Alþ., að það er verið að gera það hið besta úr garði, bæði með nýjum og öflugum togvindum og einnig að innrétta úr plussi og palisander til handa fræðingum vorum, svo þeir megi búa sem best um sig í rannsóknarleiðöngrum löngum og ströngum.

Nú á ekkert að vera að vanbúnaði, en nauðsynin er hin mesta á því að hefja þessa leit. Ástæðan er fyrst og fremst sú, ef fundur nýrra fiskstofna gæti orðið til þess að hlífa sókn í þá fiskstofna sem eru aðaluppistaðan í sjávarafla okkar í dag. Þetta er aðalástæðan og svo auðvitað hin, að nýta stóran stofn sem menn ætla að finnanlegur sé á gríðarlegu svæði hér suður og vestur af landinu, nýjan stofn fisks sem mætti verða til manneldis. Fiskifræðingar eru sannfærðir um að slíkan stofn sé þar að finna, stofn úthafskarfa á þessu feiknarlega mikla svæði hér milli Íslands og Grænlands og þó allmiklu sunnar að meginhluta til heldur en þetta land liggur. En þrátt fyrir að nokkur leit og nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar hefur enn ekki tekist að finna þennan stofn í veiðanlegu ástandi. Það er þó ætlun manna, að svo beri til a. m. k. um æxlunartíma og þá þéttist þessi mikli stofn þannig, það ætti að vera hægt að sækja í hann til veiða. Og ég vek athygli á því, að þó að svo kynni ekki að vera nema um skamma hríð á ári, svo sem eins og mánuð eða svo, þá mundi það að sjálfsögðu skipta mjög sköpum ef við gætum fundið okkar öfluga togaraflota verkefni 1/12 hluta úr árinu, þar sem við gætum létt af að meginhluta til sókn í hinn verðmæta þorskstofn okkar.

Það er mörgum spurningum ósvarað í þessu efni. Sá fiskifræðingur okkar, Jakob Magnússon, sem hefur haft með höndum rannsóknir á þessu sérstaka sviði, bindur mjög miklar vonir við árangur af nýrri og gagngerri leit, sem nauðsynleg er.

Ég ætla ekki nú og hér að rifja upp, svo sem ég gerði á sinni tíð, þegar ég talaði fyrir þessu máli, sögu rannsóknanna og því síður sögu karfaveiðanna við Ísland. Svo einkennilegt sem það er, þá höfum við lítt fyrr en á síðari áratugum lagt stund á veiðar á þessum fiski, einnig vegna þess að Íslendingar lögðu hann sér mjög lítt til munns, töldu hann ekki í flokki þeirra ætisfiska, sem þekkilegastir væru, en ég hef þó rekist á það, að séra Hallgrímur Pétursson segir sjálfur, að „karfinn feitur ber fínan smekk". Gamla reynslu hafa menn þannig af því, að þetta er hinn besti matfiskur, enda mun hans hafa verið á sinni tíð neytt aðallega vegna þess að hann rak stundum í nokkrum mæli. Ég vísa til bæði ítarlegrar grg. með þessari till. og einnig þess, sem ég hef áður sagt í framsögu fyrir þessu máli og finna má í þingtíðindum, og legg hið mesta kapp á að þessi till. nái sem skjótustum framgangi.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þessari umr. verði frestað, en málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hagstofnun launþega og vinnuveitenda, þáltill. (þskj. 392). — Fyrri umr.

Flm. (Jóhannes Árnason): Herra forseti. Á þskj. 392 hef ég ásamt hv. 8. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, leyft mér að flytja till. til þál. um hagstofnun launþega og vinnuveitenda, sáttastörf í vinnudeilum o. fl. Þessi till. er að verulegu leyti hliðstæð till. til þál., sem var flutt á þinginu 1971—1972 af þeim núv. hæstv. félmrh., Gunnari Thoroddsen, og hv. 8. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni. Á það einkum við um fyrri hluta þessarar till., sem snýr að starfi ríkissáttasemjara.

Tillgr. hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að sett verði á fót sameiginleg hagstofnun launþega og vinnuveitenda, er hafi það markmið að efla sáttastarf í vinnudeilum, sætta vinnu og fjármagn og bæta að öðru leyti samskipti launafólks og atvinnurekenda.

Skipa skal 7 manna nefnd til að semja frv. til l. um þessi efni. Skal frv. m. a. fela í sér eftirtalin atriði:

1. Starf ríkissáttasemjara verði gert að aðalstarfi og skal hagstofnun launþega og vinnuveitenda heyra undir embætti hans. Að öðru leyti verði starf ríkissáttasemjara sem sjálfstæðast. Hann hafi með höndum það verkefni að stuðla að vinnufriði í landinu og starfi í nánum tengslum við samtök launþega og vinnuveitenda.

2. Ríkissáttasemjari skal að staðaldri fylgjast með ástandi og horfum í atvinnumálum og með þróun launa- og kjaramála. Hann hafi vakandi auga með því, ef vinnudeila er í uppsiglingu, og beiti áhrifum sínum, svo sem verða má í tæka tíð, til þess að samkomulag náist.

3. Hagstofnun launþega og vinnuveitenda skal vera aðilum vinnumarkaðarins til ráðuneytis um hagfræðileg efni við undirbúning og gerð kjarasamninga og stuðla að því að kjarasamningar á hverjum tíma færi launþegum raunverulegar kjarabætur, án þess að koma þurfi til ófriðar á vinnumarkaðnum og vaxandi verðbólgu af þeim sökum.

4. Stofnunin skal að staðaldri vinna að rannsóknum og tillögugerð um leiðir til að sætta vinnu og fjármagn, bæta samskipti launþega og vinnuveitenda í hinum ýmsu greinum atvinnu-

lífsins og stuðla á þann hátt að meiri festu í þróun kjaramála og bættum lífskjörum alls almennings í landinu.

5. Stofnunin skal eiga náið samstarf við Þjóðhagsstofnun og skal í störfum sínum eiga aðgang að þeim skýrslum, sem Þjóðhagsstofnun semur um þróun þjóðarbúskapar og horfur í þeim efnum, þ. á m. um framleiðslu, neyslu, fjárfestingu, viðskipta- og greiðslujöfnuð, verðlag og kaupgjald atvinnu og tekjur almennings, afkomu atvinnuveganna og fjármál hins opinbera og eiga aðild að söfnun upplýsinga um þessi efni og úrvinnslu þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar verður ákveðið. Enn fremur skal stofnunin eiga samstarf við aðra þá aðila, er fást við rannsóknir og meðferð kjaramála í landinu, svo sem Kjararannsóknanefnd, eftir því sem tilefni þykir vera til.

Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Það er tilgangurinn með þessari þáltill. að stuðla að friðsamlegri lausn á vinnudeilum með auknu sáttastarfi og nánara samstarfi launþega og vinnuveitenda en verið hefur við undirbúning og gerð kjarasamninga, með það sjónarmið í huga að koma á meiri festu í þróun kjaramála og öðrum þeim samskiptum aðila vinnumarkaðarins, er verða mætti til úrbóta í þessum efnum til langs tíma.

Till. gerir ráð fyrir tveimur atriðum, sem skoðast verða ný í þessu sambandi. Það er í fyrsta lagi, að starf ríkissáttasemjara verði gert að aðalstarfi, í öðru lagi, að nánara samstarf verði milli launþega og vinnuveitenda en verið hefur við undirbúning og gerð kjarasamninga, þar sem gert er ráð fyrir sérstakri hagstofnun eða deild sem starfi við embætti ríkissáttasemjara, sem yrði stofnað.

Til upprifjunar má geta þess, að árið 1925 voru sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. Árið 1938 voru þau lög felld inn í lög nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, þá með nokkrum breytingum. Árið 1926 var sáttasemjari ríkisins fyrst skipaður. Í það starf valdist fyrstur manna dr. Björn Þórðarson, síðar forsrh., og gegndi hann því til ársins 1942. Þó tók Jónatan Hallvarðsson, síðar hæstaréttardómari, við starfi sáttasemjara og gegndi því til 1945, er núv. sáttasemjari, Torfi Hjartarson, fyrrv. tollstjóri tók við því. Óhætt mun að fullyrða, að allir hafa þessi sáttasemjarar notið óskoraðs trausts jafnt launamanna sem vinnuveitenda fyrir samviskusemi, þrautseigju og réttsýni. En sáttasemjarastarfið hefur alla tíð verið aukastarf við hliðina á annasömu embætti. Við flm. þessarar till. erum þeirrar skoðunar, að nú sé orðið tímabært að gera starf ríkissáttasemjara að fullu starfi. Kjaramálin eru orðin svo umfangsmikill og veigamikill þáttur í þjóðfélaginu, að æskilegt er að ríkissáttasemjari geti helgað sig þeim alfarið. Till. gerir því ráð fyrir, að starf ríkissáttasemjara verði gert að föstu starfi. Nauðsynlegt er að sáttasemjari sé sjálfstæður og óháður embættismaður og hafi aðstöðu til þess að haga svo störfum sínum, að hann njóti fulls trúnaðar hjá báðum aðilum vinnumarkaðarins. Þarf að búa svo að starfinu, að þessum tilgangi verði náð. Sáttasemjari þarf því að vera að störfum allt árið og fylgjast að staðaldri með ástandi atvinnumála og þróun í launamálum. Aðilar eiga að geta leitað aðstoðar hans og fyrirgreiðslu á hvaða stigi mála sem er, þótt ekki hafi slitnað upp úr samningaumleitunum eða vinnustöðvun verið boðuð. Eins á sáttasemjari að geta boðið fram aðstoð sína og milligöngu hvenær sem er, þótt ekki sé í hnút komið. Ríkissáttasemjari þarf að fá aukin völd í sambandi við lausn á vinnudeilum. Vil ég í því sambandi t. d. nefna einhliða vald til að fresta boðaðri vinnustöðvun í nokkra daga þegar þannig stendur á, að líkur eru til þess að lausn á vinnudeilu sé í sjónmáli, aðeins dagaspursmál hvenær vænta megi lausnar á henni.

Svo ég víki þá að hinu atriðinu í þessari till., nánara samstarfi milli launþega og vinnuveitenda. Þá er þar fyrst til að taka, að samkv. lögum nr. 54 frá 1974, 6. tölul. 2. gr., um Þjóðhagsstofnun og breytingu á lögum nr. 93 frá 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, er gert ráð fyrir því, að meðal verkefna Þjóðhagsstofnunar sé að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir, eftir því sem um kann að semjast. Svo er að skilja, að þarna sé átt við aðila vinnumarkaðarins hvorn út af fyrir sig, enda hygg ég að þannig hafi þetta verið gjarnan í framkvæmd, þar sem bæði Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands hafa hagfræðilega þjónustu fyrir sig, svo sem kunnugt er.

Tilgangur þessarar till. er enn fremur að færa nánar út þetta lagaákvæði á þann veg, að í stað þess að aðilar vinnumarkaðarins, hvor í sínu lagi, fái upplýsingar um efnahagsmál frá Þjóðhagsstofnun, sem er ríkisstofnun, og vinni hvor í sínu lagi að þessum málum, þá komi sérstök stofnun eða deild, sameiginleg fyrir báða aðila, er starfi við embætti ríkissáttasemjara og undir hans stjórn sem hlutlauss aðila. Jafnframt er gert ráð fyrir nánu samstarfi við Þjóðhagsstofnun og aðra þá aðila sem fást við rannsóknir og meðferð kjaramála í landinu, svo sem Kjararannsóknarnefnd, varðandi söfnun upplýsinga og úrvinnslu þeirra. Það mætti hugsa sér við undirbúning þessa máls að taka til athugunar, hvort væntanleg stofnun eða deild á vegum sáttasemjara ætti þá að taka við störfum Kjararannsóknarnefndar.

Sú nýja stofnun, sem þessi till. fjallar um, ætti að öðru leyti að vera sjálfstæð og byggð upp gagngert og sameiginlega af aðilum vinnumarkaðarins, þ. e. annars vegar samtökum vinnuveitenda og hins vegar hinum fjölmennu samtökum launafólks í landinu, sem aðilum að frjálsum samningum um kaup og kjör á vinnumarkaðinum. Með þessu móti mætti koma á mjög nánu samstarfi aðila vinnumarkaðarins sjálfra um þá hagfræðilegu og að öðru leyti sérfræðilegu starfsemi sem er óhjákvæmilegur þáttur í undirbúningi og gerð kjarasamninga á vinnumarkaðnum í nútímaþjóðfélagi. Ef vel tekst til í þessu sambandi, ætti slíkt fyrirkomulag og samstarf, byggt á faglegum grundvelli, að geta stuðlað að gagnkvæmu trausti launþega og vinnuveitenda við lausn jafnþýðingarmikilla mála og kjarasamningar eru fyrir almenning í land-

inu, eðlilega þróun atvinnuvega landsmanna og þjóðarhag. Í þessu sambandi er grundvallaratriði að greiða fyrir kjarasamningum á þann veg, og á það legg ég áherslu, að þær kjarabætur, sem um er samið á hverjum tíma, nái tilgangi sínum og komi launþegum raunverulega til góða.

Þessi þáltill. byggir á frjálsum kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins án beinnar íhlutunar ríkisvaldsins, að öðru leyti en því sem tekur til sáttastarfs og forustu ríkissáttasemjara í því sambandi. Ég legg áherslu á það, að það er grundvallaratriði að koma á gagnkvæmu trausti á milli aðila vinnumarkaðarins, aðilanna að kjarasamningum varðandi upplýsingasöfnun, úrvinnslu upplýsinga og gagna og hagfræðilegar ráðleggingar. Það er skoðun mín, að þetta markmið náist best með samstarfi þessara aðila undir handleiðslu ríkissáttasemjara, svo sem till. gerir ráð fyrir.

Í þessu sambandi er ekki hjá því komist að geta þess, að við Íslendingar höfum nú orðið áratugareynslu af því fyrirkomulagi, sem hefur gilt við gerð kjarasamninga og samskipti launþega og vinnuveitenda, allt frá því að gildandi lög um þessi efni, þ. e. a. s. lög nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, tóku gildi. Það verður að segjast eins og er, að öll sú saga er öðrum þræði hálfgerð raunasaga, og ég held að það sé kominn tími til að menn staldri nú við og hugleiði, hvort ekki sé þörf á að taka upp ný vinnubrögð í þessum efnum í samræmi við breyttar þjóðfélagsaðstæður, þar sem meira verði byggt á þeim margháttuðu upplýsingum, sem jafnan liggja fyrir um þróun þjóðarbúskaparins og einstakra þátta hans, þjóðhagsspá o. s. frv.

Það er ljóst, að mikið hefur áunnist í kjaramálum og margvíslegum félagslegum réttindum launþega og alls almennings í landinu á síðustu 30—40 árum, bæði vegna samninga aðila vinnumarkaðarins og fyrir atbeina löggjafarvalds og stjórnvalda. Er slíkt eðlilegt og liður í þjóðfélagslegri þróun þessa tímabils. En það haggar ekki þeirri staðreynd, að hvað beint kaupgjald snertir hefur þetta tímabil einkennst af stöðugum víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, oftast með vísitölufyrirkomulagi. Þá hefur kauphækkunum verið velt út í verðlagið, þar sem því hefur verið við komið, svo sem innanlands. Verð vöru og þjónustu hefur hækkað, svo og allur tilkostnaður við útflutningsatvinnuvegina, sem eru háðir markaðsverði erlendis og gengisskráningu. Þegar ósamræmið á milli verðlags og alls tilkostnaðar innanlands annars vegar og markaðsverðs erlendis hins vegar hefur náð vissu marki og stöðvun atvinnuveganna og atvinnuleysi hefur blasað við, hefur allajafna verið gripið til þess gamalkunna ráðs að fella gengið til að fá fleiri krónur og rétta við í bili. Síðan hefur sama veltan getað byrjað á nýjan leik.

Það er ekki óeðlilegt, að menn staldri við og spyrji, hvað hafi í rauninni áunnist á þessu tímabili, hver hafi orðið aukning kaupmáttar launa og hvaða raunverulegar kjarabætur launþegar hafi fengið í sinn hlut. Hver er árangur alls þess erfiðis og verkfallsbaráttu þeirrar, sem verkalýðshreyfingin í landinu, ekki hvað síst hinir lægst launuðu, hefur gengið í gegnum á þessu tímabili í þeirri góðu trú að verið væri að vinna að bættum lífskjörum, og hvað hefur þetta kostað þjóðina? Ég man ekki betur en fram hafi komið í fjölmiðlum upplýsingar um þessi efni ekki alls fyrir löngu. — Það var hreint ekkert fögur mynd sem þar var upp dregin.

Allt frá stríðsárunum síðari hefur yfirleitt verið viðvarandi verðbólga á Íslandi langt umfram það sem verið hefur í nágrannalöndum okkar og helstu viðskiptalöndum. Afleiðingar verðbólgunnar eru alkunnar. Þær virðast skjóta upp kollnum hvarvetna í þjóðlífinu með ótöldum, en alkunnum vandamálum. Það virðist vera orðinn ríkjandi ákveðinn hugsunarháttur í takt við verðbólguna og við skulum ekki gleyma því, að fjölmargir aðilar beinlínis spila á kerfið.

Orsakir verðbólgunnar eru auðvitað margslungnar. Það má öllum vera um kunnugt. Ég ætla ekki að fara nánar út í þá hluti hér. En ég vil aðeins benda á, að samskipti launþega og vinnuveitenda á liðnum árum og oft óraunhæfar beinar kauphækkanir eru ekki eina orsök vandans. Þar koma vissulega fleiri þættir til, ekki síst þáttur sjálfs ríkisvaldsins vegna stjórnunar fjármála, fjárfestingarmála, peningamála og efnahagsmála almennt, sem oft hafa verið á þann veg, að aðgerðir stjórnvalda hafa skapað þenslu og verið verðbólguhvetjandi. Má í því sambandi nefna þegar opinberir aðilar hafa dregið vinnuaflið frá atvinnuvegunum í góðæri og beint því í margháttaðar opinberar framkvæmdir og fjárfestingu, — fjárfestingu sem oft hefði mátt bíða jafnvel og verið betur komin á þeim tímum þegar öðruvísi aðstæður væru fyrir hendi. Annars má kannske lýsa vinnubrögðum okkar Íslendinga í þessu verðbólguþjóðfélagi með fjórum orðum: Of mikið, of fljótt. — Er það ekki einmitt þetta, sem er hinn rauði þráður verðbólguvandans? Mér virðist að það sé þannig, að hér telji velflestir sig þurfa að keyra á fullu. Boginn er spenntur hátt og kapphlaupið við sífellt minnkandi verðbólgukrónur heldur áfram í meira og minna óhagkvæmri fjárfestingu og stéttaátökum.

Þessi till. gerir einnig ráð fyrir athugun á samskiptum aðila vinnumarkaðarins á víðari grundvelli og sem langtímamarkmið. Hún gerir ráð fyrir því, að í væntanlegri hagstofnun aðila vinnumarkaðarins verði unnið að rannsóknum og tillögugerð varðandi leiðir til að sætta vinnu og fjármagn, þessa tvo meginþætti allrar verðmætasköpunar. Ég held að það sé óhætt að fullyrða, að við Íslendingar séum komnir ákaflega stutt áleiðis í þessum efnum. Öll orkan hefur farið í að leysa vinnudeilur og þrætur um prósentuhækkanir á laun og vísitölubætur. Og þau tilvik, sem upp koma í þessu sambandi, skipta oft tugum á hverju einasta ári, svo sem kunnugt er. En við höfum ekki staldrað við og gert okkur fyllilega grein fyrir því, hvaða leiðir væri æskilegt eða heppilegt að fara til að freista þess að koma á meiri festu í þróun kjaramálanna sem langtímamarkmið. Brýna nauðsyn ber til að taka þessi mál til rækilegrar skoðunar og freista þess að finna leiðir er geti stuðlað að meiri festu í þróun kjaramála í framtíðinni. En hér

er átt við það, að á sé að byggja einhverri kjölfestu, ef svo má að orði komast, í launakjörum starfsmanna, en ekki bara fjallað um beinar kauphækkanir í krónutölu og prósentu. Þær hækkanir, sem um er samið, verða að vera raunverulegar kjarabætur. Það eru auðvitað engar kjarabætur fólgnar í því að fá hækkanir í krónutölu út á verðmæti, sem ekki eru til. Aukin seðlavelta í umferð umfram það, sem raunveruleg verðmætasköpun í þjóðfélaginu á hverjum tíma gefa tilefni til, er auðvitað ekkert annað en ávísanir á ímyndaðar innistæður, sem svo reynast ekki vera fyrir hendi. Slíkt verkar auðvitað sem bensín á bál verðbólgunnar.

Í þessum efnum hafa ýmsar leiðir verið reyndar, bæði hér á landi og annars staðar, til að bæta sambúð aðila vinnumarkaðarins og til að brúa bilið til að draga úr viðsjárverðum átökum. Hér koma mörg atriði til athugunar, svo sem samstarfsnefndir, starfsmat, ákvæðisvinna og bónuskerfi ýmiss konar, eins og nefnt er hér í grg., og aukið atvinnulýðræði. Síðast, en ekki síst ber svo að nefna uppbyggingu atvinnuveganna í framtíðinni með beinni aðild og þátttöku launþega og alls almennings í atvinnufyrirtækjum með hlutafélagsformi, einkum þegar um það er að ræða að leysa stór verkefni, svo sem meiri háttar iðnfyrirtæki og verksmiðjur með fjölmennu starfsliði. Mætti í þessu sambandi hugsa sér, að fastir starfsmenn í slíkum fyrirtækjum ættu þess að jafnaði kost að eignast hlutabréf í þeim eftir ákveðnum reglum og samningum. Það er enginn vafi á því, að ýmiss konar iðnaður er það sem mestu máli skiptir í uppbyggingu atvinnulífsins á Íslandi í náinni framtíð, og á ég þá bæði við fiskiðnað og verksmiðjuiðnað í sambandi við áframhaldandi rafvæðingu og orkuvinnslu í landinu. Í slíkum iðjuverum og verksmiðjum vinnur fjölmennt starfslið. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar við Íslendingar ráðumst í að leysa þannig stór verkefni í atvinnulífinu, þá eigum við ekki alltaf að einblína á ríkisvaldið, eins og raunin hefur yfirleitt orðið hér í sambandi við lausn þessara mála, svo sem áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju, — álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, sem nú er í smíðum, byggir ríkið svo í samvinnu við erlenda aðila. Ég tel að slík fyrirtæki eigi að byggja á vegum hlutafélaga á breiðum grundvelli. Eflaust yrði ríkið að vera stór aðili að svo stórum og fjárfrekum fyrirtækjum, eins og fjármunamyndun er háttað hér á landi nú, og jafnvel erlendir aðilar, við því er í sjálfu sér ekkert að segja. En það á að gefa starfsmönnum þessara fyrirtækja kost á að eignast hlutabréf í þeim, sem einhverju nemur.

Nú segir það sig auðvitað sjálft, að verkamenn og aðrir starfsmenn snara ekki út háum upphæðum til hlutabréfakaupa í upphafi, heldur á að taka þetta upp í samninga fyrirtækisins og starfsmannanna, þannig að starfsmenn geti eignast ákveðna upphæð í hlutabréfum á hverju ári, — og þá á ég við hlutabréfaeign sem einhverju máli skiptir. Á þennan hátt ætti að skapast meira traust á milli fyrirtækisins og starfsmanna þess og þar með draga úr deilum og viðsjám. Og þetta verkefni og annað, sem þarf að vinna að í þessu sambandi, er einmitt að mínu áliti framtíðarmál sem þarf að huga að á þessum vettvangi.

Ég vil nefna það, að við erum hér með í gildi lög um skyldusparnað, sem mig minnir 1000 millj. á ári, þar sem menn eru samkv. lögum skyldaðir til að kaupa spariskírteini af ríkinu til að það geti staðið undir útgjöldum sínum, m. a. til þess að leggja fjármagn beint í verksmiðjur og atvinnutæki og auðvitað til annarra hluta. Hví skyldi þetta fjármagn ekki eins geta gengið inn í atvinnulífið? Og það þarf að gera meira. Það þarf að gefa öllum almenningi í landinu kost á að eignast hlut í stórum atvinnufyrirtækjum. Það styrkir stöðu þeirra og hefur sína þýðingu á vinnumarkaðinum. En til þess að gera þetta mögulegt þarf hins vegar margt að breytast. Það verður að draga verulega úr verðbólgunni og það þarf að breyta mörgum lögum, svo sem lögum um hlutafélög, sem eru orðin gömul og úrelt, en nýtt frv. mun nú vera komið fram um þau efni. Þá þarf að gera vissar breytingar á skattalögunum og sömuleiðis vinnulöggjöfinni. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að fara nánar út í þessa hluti, enda þessu skotið að hér í leiðinni.

Ég vil að lokum leggja á það áherslu, að þau mál, sem þessi þáltill. fjallar um, sáttastörf í vinnudeilum og bætt samskipti og samstarf aðila vinnumarkaðarins, bæði við undirbúning og gerð kjarasamninga hverju sinni og ráðstafanir til að sætta vinnu og fjármagn sem langtímamarkmið á breiðari grundvelli, eru einhver þau þýðingarmestu mál sem leysa þarf hér á landi í dag. Ástandið í þessum efnum, eins og það er nú, er nánast sagt alveg óþolandi. Starfað er eftir vinnulöggjöf sem er víðs fjarri því að vera í nokkru samræmi við aðstæður í nútímaþjóðfélagi á Íslandi, enda þótt þessi lög hafi eflaust átt fullan rétt á sér þegar þau voru sett árið 1938. Þau voru þá tvímælalaust það haldreipi sem verkalýðshreyfingin þurfti á þeim tíma á að halda. Ég ætla ekki að ræða einstök atriði í þessu sambandi, en það er margt í þessum lögum sem vissulega þarf að breyta. En sú þáltill., sem hér er til umr., byggist á því að áfram verði kjarasamningar launþega og vinnuveitenda leystir með frjálsum samningum. Ég hygg að það sé skoðun þeirra, sem vinna að þessum málum, launþegasamtakanna og vinnuveitenda, að það sé og verði framvegis affarasælast í þessu sambandi. Ef vel tekst til enda í anda þeirrar meginstefnu, sem felst í þessari till. og ég hef reynt að skýra í stórum dráttum í þessari framsöguræðu, þá er ég þeirrar skoðunar, að koma mætti á mjög viðunandi ástandi í þessum efnum, þ. e. stéttasamstarfi í stað stéttastríðs. Ég held að allur almenningur í landinu sé fyrir löngu búinn að fá meira en nóg af því fyrirkomulagi, sem nú gildir í kjaramálunum, með tilheyrandi verkföllum og ómældum vandamálum og tjóni fyrir alla aðila þegar upp er staðið. Nýtt fyrirkomulag við meðferð þessara mála í samræmi við aðstæður í nútímaþjóðfélagi ætti að vera eitt aðalviðfangsefni Alþ. og ríkisstj. nú þegar og á næstu tímum. Ég held að þjóðin bíði eftir því.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari þáltill. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Geymslufé, frv. (þskj. 404 (sbr. 302)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 349). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Greinar þessa frv., sem við flytjum hér saman þm. úr öllum flokkum í Ed., ásamt mér þeir hv. þm. Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson og Steingrímur Hermannsson, skýra sig raunverulega í öllum meginatriðum sjálfar. Ég ætla að hlaupa hér aðeins yfir grg. í upphafi máls míns.

„Að dómi flm. er æskilegt, að sett verði sérstök löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokka á landi hér, þar sem m. a. verði kveðið á um skyldur þeirra til opinberra reikningsskila, og verði þar að sjálfsögðu reistar skorður við því, að erlendir aðilar geti náð á þeim fjárhagslegum tökum. Sérstök þn., skipuð fulltrúum allra flokka, vinnur nú að undirbúningi þess máls, sem er allmikið og vandasamt verk.

Orsök þess, að flm. flytja nú þetta sérstaka frv. sem varðar einn þátt málsins, er hins vegar sú, að upp komst nú í vetur og liggur fyrir játning eins stjórnmálaflokks, Alþfl., að hann hafi leitað fjárframlaga erlendis frá og fái nú þaðan peninga til þess að kosta útgáfu blaðs síns og standa straum af annarri stjórnmálastarfsemi á landi hér. Skiptir hér ekki máli að dómi flm. þótt gjafafé þetta sé sótt til Norðurlanda. Þarf ekki að rökstyðja það álit í grg. því alls ekki verður við það unað, að neinir erlendir aðilar fái að gera út stjórnmálaflokka á Íslandi.“

Herra forseti. Ég ætla, að það sé nú heppilegast að sleppa því í tengslum við þetta frv. að rifja upp hnútukast liðinna áratuga, þar sem formælendur stjórnmálaflokka hafa borið hver annan mismunandi vel rökstuddum sökum varðandi fjáraflaleiðir til pólitískrar starfsemi sinnar á landi hér. Sætir raunar furðu að það skuli ekki hafa gerst fyrr en nú, að stjórnmálaflokkarnir komi sér saman um að losa sig við þennan iðraböggul sinn með því að setja löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna, þar sem kveðið verði á um opin reikningsskil og fleiri þau atriði sem að bestu manna yfirsýn þarf að setja reglur um til þess að starfsemi stjórnmálaflokka geti talist heppileg og eðlileg.

Viðfangsefni okkar verður að ræða frv. þetta, sem borið er fram, svo sem í grg. segir, í tilefni af því, að ljóst varð nú í haust að hin nýja forusta Alþfl., sem nú er að byggja sig upp, eins og formaður flokksins, hv. þm. Benedikt Gröndal, orðar það, hafði leitað til erlendra aðila um fjárstyrk til þess að halda úti blaði sínu og til annarrar flokksstarfsemi hér á landi. Fyrir liggur ítrekuð játning formannsins varðandi þetta atriði svo og ritstjóra Alþýðublaðsins, Árna Gunnarssonar, sem sendur var utan gagngert til þess að ganga frá samningum um fjárgjafir þessar, hvernig svo sem þeir samningar kunna annars að hljóða. Hér er um einsdæmi að ræða í íslenskri stjórnmálasögu. Forsvarsmenn Alþfl. hafa drepið á það eða gefið það í skyn, að einsdæmið felist raunar í því, að íslenskur stjórnmálaflokkur skuli játa það opinskátt að hann þiggi fé erlendis frá til starfsemi sinnar. Því hljóði einsdæmið, skilst manni á málflutningi þessara aðila, raunverulega aðeins upp á heiðarleika þessa tiltekna flokks. Benedikt Gröndal, hv. þm., formaður Alþfl., sagði raunar í viðtali við Morgunblaðið nú fyrir skemmstu, að frv. okkar, sem hér er um að ræða, væri ekki borið fram af siðferðilegri hneykslun, heldur aðeins til að koma pólitísku höggi á Alþfl. Skýringar Alþfl.-forustunnar hafa verið á þá lund, að skilja má, að þeir telji að það eitt út af fyrir sig að játa á sig óhæfilegan verknað sé heiðarleiki í þessu tilfelli og að þeir, sem ekki játa á sig óhæfilegan verknað, séu þar af leiðandi óheiðarlegir. En sleppum því.

Við flytjum ekki þetta frv. til þess að koma pólitísku höggi á Alþfl., raunar ekki heldur af siðferðilegri hneykslun. Ef ég mætti svo að orði kveða, herra forseti, þá tel ég álíka fáránlegt að ræða við þá aðila, sem hér er við að fást, hina nýju forustu Alþfl., um eitthvað sem kallast gæti siðferði, pólitískt siðferði, — ég tel það álíka fáránlegt og ætla sér að kenna seppa borðsiði. Hið sanna í málinu er, að eindæmið í þessu máli er aðeins þetta, að íslenskur stjórnmálaflokkur skuli berlega sækja fé til útlendinga til að tryggja áhrif sín á stjórn íslenskra mála. Síðar vík ég aftur að hættunni sem í slíku felst fyrir sjálfsforræði Íslendinga í hörðum heimi, en vil aðeins nú í upphafi vekja athygli á því, að það var ekki fyrr en einn af flm. þessa frv., Alþfl.-maðurinn Jón Árm. Héðinsson, hafði knúið allfast á dyr flokksins með skírskotun til hins nýja yfirlýsta heiðarleika og krafist upplýsinga um fjármál flokksins, að hin opinskáa játning var gerð. Þetta gerðist rétt í þann mund sem hv. þm. reyndi á sjálfum sér afleiðingarnar af hinum nýja pólitíska heiðarleika þessa flokks við val á frambjóðendum. Raunar vil ég taka það fram strax í upphafi ræðu minnar, að ég tel það óheppilegt að ekki skuli eiga sæti hér í d. neinn af fulltrúum hinnar nýju og nýheiðarlegu forustu Alþfl., því að það mun mála sannast, að hér í d. situr enginn af þm. Alþfl. sem sök á á þessu peningasóknarmáli.

Upplýsingar liggja ekki fyrir um umfang hinnar erlendu gjafar. Þó hafa aðilar, sem gerst ættu að vita, nefnt 7—10 millj. kr. framlag til Alþýðublaðsins í mynd pappírsgjafa og a. m. k. 1 millj. kr. til þess að kosta að hluta til einn af starfsmönnum Alþfl. að auki, og eru þessar upphæðir

að sjálfsögðu frá því fyrir síðustu gengisfellingu. Í grg. kveðum við flm. frv. á um þá skoðun okkar, að óhæfa sé að erlendum aðila haldist það uppi að gera út stjórnmálaflokk á landi hér, og skiptir þá ekki máli þótt Norðurlandabúar séu. Ég ætla að ekki þurfi mjög ítarlegan rökstuðning með þessu áliti okkar. Ætti raunar að nægja að vísa til þess, að íslenskum þegnrétti hlýtur að fylgja sú kvöð að taka ekki á hendur neins konar skuldbindingar við útlenda aðila, einstaklinga eða hagsmunasamtök, sem gætu haft áhrif á afstöðu Íslendingsins í hugsanlegum deilum eða átökum sem varða hagsmuni landsins, þar eð slíkar skuldbindingar hljóta að skerða rétt hans til aðildar að stjórnmálum á landi hér, þó ekki sé í annarri mynd en þeirri að gera hann e. t. v. tortryggilegan í augum síns fólks. Óþarft ætti að vera að taka það fram, en skal þó gert með sérstöku tilliti til hins nýja heiðarleika, að hér á ég hreint ekki við það, að persónulegur kunningsskapur Íslendinga við útlendinga hljóti ávallt að vera af slíkum toga spunninn, að ástæða sé til tortryggni, né heldur vináttа sprottin af náttúrlegum hvötum með tilfallandi jóla- og nýárskortum. Samt skulum við einnig í því sambandi minnast hins fornkveðna, að æ sér gjöf til gjalda. Enn þá fremur ber þó að sýna aðgát í skuldbindingum af slíku tagi og gæta enn ítarlegri kurteisi í vinfenginu, þegar um er að ræða samskipti íslenskra stjórnmálaflokka við samsvarandi samtök erlendis. Hér er nefnilega um að ræða skipulögð félagssamtök, sem njóta lögverndaðs réttar til að hafa áhrif á æðstu stjórn þjóðarinnar og ráðskast með gögn hennar og gæði. Samtök hinna erlendu stjórnmálamanna kynnu nefnilega að sjá sér hag í því og sínu fólki að beita fjármagni, borga peninga, gefa gjafir í því skyni að hafa áhrif á stjórn íslensku þjóðarinnar í hugsanlegri eftirsókn hinna erlendu aðila eftir gögnum hennar og gæðum. Dæmi um slík tilfelli fjær og nær þarf ég tæpast að rekja fyrir hv. þm. Ed.

Svo sem vikið er að í grg. með frv. er nú svo komið að dómi flm., að kveða verður á um starfsemi íslenskra stjórnmálaflokka með lögum og skylda flokkana til þess að gera opinber reikningsskil þannig að almenningur geti ávallt gengið úr skugga um það, að fjárreiður flokkanna séu lýtalausar að bestu manna yfirsýn, svo að fulltrúar þeir, sem flokkarnir bjóða fram til æðstu trúnaðarstarfa, verði ekki tortryggðir af þeim sökum. Nú fjallar, eins og í grg. segir, sérstök þn. skipuð fulltrúum allra flokka um slíkt frv., en tæpast við því að búast að það mál hljóti endanlega afgreiðslu á þessu þingi, þar sem býsna umfangsmikið lagafrv. hlýtur að koma úr því starfi. Nú veit ég ekki með vissu, hvort komið hefur til álita í nefndinni að kveða sérstaklega á um það í lagafrv., með hvaða hætti stjórnmálaflokkarnir megi afla fjár til starfsemi sinnar, eða hvort einungis verður kveðið á um það, með hvaða hætti þeir megi ekki gera það. Hið síðara er þó líklegra, því undantekningaratriðin hljóta í þessu máli sem ýmsum öðrum að vera færri. Í meginatriðum má telja eðlilegt, að lagasmiðirnir leggi það að verulegu leyti í vald flokkanna, hversu mjög þeir vilja ástunda góða siði í fjáröflun sinni og leggja síðan undir dóm alþjóðar í opnu reikningshaldi hversu til tekst. Þó er nú svo komið að gefnu fyrrnefndu tilefni, að hjá því verður ekki sneitt að kveða ljósum orðum á um það, að ekki megi flokkarnir taka við fégjöfum frá erlendum stjórnmálaflokkum eða erlendum aðilum yfirleitt.

Það mun fátítt í löggjöf, sem byggð er upp af boðum og bönnum, að þar séu upp talin einsdæmin öll, sem hugsanleg eru. Þó gerist það endrum og eins, að hinum fáheyrðu atburðum *fjölgar, einsdæmin gerast sem sagt fleiri, og þá* verður þörf að kveða á um það í lögum, að bannað skuli atferli, sem fáa hefði fyrir skemmstu órað fyrir að nokkur þegn játaði á sig kinnroðalaust og standandi á afturfótum. Segja má að svo *sé komið þegar forustumenn í íslenskum stjórn*málaflokki játa á sig peningasókn til útlendra aðila og telja slíkt vott um heiðarleika flokksins.

Í tengslum við slíkan hugsanaferil vil ég minna á þáltill., sem allir hv. þm. Alþfl. fluttu í Sþ. *fyrir jólin í fyrra og var 9. mál* 98. löggjafarþings og hljóðaði upp á samningu afdráttarlausra lagaákvæða er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum. Hér var um að ræða athyglisvert mál, vel rökstutt í grg. og þó enn þá fremur í framsöguræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Lögð er áhersla á hættuna sem felst í því, að einstaklingar, sem falin hefur verið mikilsverður trúnaður, hvort heldur þeir hafa verið skipaðir í starf eða kjörnir, eins og *t. d. alþm., tækju við gjöfum eða þægju óeðlileg* boð utanaðkomandi aðila, sem undir þá geta þurft að sækja, og er aðvörunin öll sótt að tóninum til í hina fornu speki, að æ sér gjöf til gjalda.

Frsm. þessarar þáltill., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, lagði síðan út af efnisatriðum till. og grg. í ítarlegri og snjallri ræðu, sem getur að lesa í 12. hefti Alþingistíðinda frá í fyrra, og þar getur einnig að finna aths. annarra þm. við till., sem eigi varð þá útrædd. Er þar skemmst af að segja, að þar kom fram að frsm. sjálfur hafði þá fyrir skemmstu þegið NATO-boð til Bandaríkjanna og annar af flm., hv. þm. Benedikt Gröndal, hafði einnig þá fyrir skemmstu skipulagt hina ódýrustu Ameríkuferð alþm. á vegum helsta útflutningsfyrirtækis þjóðarinnar. En þar var náttúrlega um að ræða miðlungi vingjarnlega gagnrýni, svo sem tíðkast innan veggja þessa hlýlega húss. Hitt mun hafa ráðið meiru um fremur viðbragðsdaufar undirtektir fárra alþm., að ýmsir hv. þm., þ. á m. hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir og Jónas Árnason, færðu að því rök að ekki ætti að vera ástæða til þess að kveða sérstaklega á um það, að opinberum starfsmönnum, skipuðum eða kjörnum, væri bannað að þiggja mútur, — ekki væri ástæða til þess að kveða sérstaklega á um það. Og Ellert B. Schram, hv. þm., sló síðan botn í þetta álit þm. með því að lesa upp úr hegningarlögunum frá 1940, þar sem kveðið er ljósum orðum á um bann við því að þiggja mútur. Klykkti hann síðan út með því að taka undir þau orð fyrrgreindra alþm., að ekki væri þörf á því vegna skorts á lagaákvæðum að setja ítarleg lög er bönnuðu opinberum starfsmönnum, þ. á m. alþm., slíkan verknað. Eigi að síður hygg ég, að a. m. k. af sumum flm. hafi mál þetta verið fram fært af einlægni og af að þeirra dómi sýnilegri

þörf á sérstakri lagasetningu í þessa átt. Af öðrum hv. flm. þessarar þáltill. kann þetta aftur á móti að hafa verið flutt, þó ég vilji ekki fullyrða það, sem aðeins einn liðurinn í hinni skipulögðu nýju siðferðilegu uppbyggingu Alþfl.

Hræddur er ég um það, að svo mjög sem einstaklingum er nú hætt, eins og gerð er ítarleg grein fyrir í framsöguræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, er þeir taka við umtalsverðum gjöfum, að bindast þá í skuld við gefandann og verða honum háður, þá muni þeim stjórnmálaflokki enn þá fremur hætt, sem við slíkum gjöfum tekur, og þá fyrst sé hann í stórhættu ef gjafirnar koma frá erlendum aðilum. Við látum hinni sérstöku þn. allra stjórnmálaflokka það eftir að skilgreina það, hvernig og hvers vegna íslensku stjórnmálaflokkarnir eiga að starfa af eigin rammleik, hví þessum samtökum skal ætlaður sá styrkur einn, fjárhagslegur og pólitískur, sem felst í fórnfúsum framlögum Íslendinga sjálfra, hvort heldur er í starfi, peningum eða atkvæðum. En hitt teljum við flm. að gefnu fyrrgreindu tilefni að alls ekki megi nú dragast, að setja það í lög nú þegar, að íslenskir stjórnmálaflokkar megi ekki taka við fé af útlendingum til starfsemi sinnar. Og þrátt fyrir það að forusta Alþfl. hafi með framferði sínu gefið tilefni til þessa sérstaka málflutnings, þá andmæli ég þeirri fullyrðingu hv. þm. Benedikts Gröndals, að hér sé um það að ræða, að við flm. viljum með þessu koma sérstöku höggi á Alþfl. Við viljum aðeins koma í veg fyrir það, að sá flokkur og einnig aðrir stjórnmálaflokkar, sem að vísu hafa ekki gefið sérstakt tilefni til málflutnings af þessu tagi, gerist sekir um þá ósvinnu að taka við fjármunum til starfsemi sinnar erlendis frá.

Við flm. látum uppi það álit okkar í grg., að óþarft sé að tíunda það nákvæmlega, hvers konar hætta sé fólgin í því, að íslenskir stjórnmálaflokkar taki við gjöfum, hvort heldur í gjaldi eða fríðu, frá erlendum aðilum, og teljum, að einu gildi þótt tekið sé við slíku úr hendi Norðurlandabúa. Eru þess mörg dæmi og hægt að rekja sum þeirra óralangt aftur í söguna, en skemmra að rekja önnur, að hagsmunir okkar Íslendinga og valdhafa annarra Norðurlandaþjóða hafa rekist á og það í málum sem varðað hafa líf þjóðarinnar og frelsi. Svo að tekið sé nærtækt dæmi úr sögunni, þá er það vafalaust að Norðmenn, Danir og Svíar reyndust okkur minni vinir í baráttu okkar um landhelgina en ýmsir höfðu vænst og gengu raunar í yfirlýsingum sínum þvert gegn okkur á þýðingarmiklum vettvangi þegar mikið var í húfi. Forustumenn verkamannaflokkanna þar voru okkur engu þarfari en annarra flokka forustumenn í því máli og þó raunar þeim mun verri sem þeir voru valdameiri í löndum sínum á þeim tíma.

Ljóst er einnig, að tengsl þessara flokka við sósialdemókrata í Þýskalandi, sem mestir eru nú áhugamenn um viðgang Efnahagsbandalagsins, eru slík, að einnig þaðan er okkur hætta búin í gegnum fyrrnefnd stjórnmálasamtök á Norðurlöndum. Hefur reyndar komið í ljós, að verkamannaflokkarnir á Norðurlöndum hafa miðlað fé þaðan beinlínis í því skyni að dylja uppruna þess. Má þar til nefna nýlegt hneyksli, er verkamannaflokkur Svíþjóðar smyglaði peningum til flokks finnskra jafnaðarmanna, sem þótti svívirðilegur verknaður, jafnt í Finnlandi sem Svíþjóð, er upp komst. Varð þá ljóst, að hluti af þessu fé var kominn frá sósialdemókrötum í Þýskalandi. Og uppi hafa verið tilgátur um það í Svíþjóð og allvel rökstuddar, að ameríska leyniþjónustan hafi notað sambönd sín við sósialdemókrataflokkana á Norðurlöndum til þess að koma hagsmunafé sínu á framfæri.

Ég sagði í upphafi máls míns, að heppilegt væri að við forðuðumst í sambandi við þetta mál að vekja upp gömul hnútuköst milli stjórnmálaflokka á Íslandi varðandi það, hvernig stjórnmálaflokkarnir fengju fé til starfsemi sinnar. Þó finnst mér að ég geti ekki komist hjá því aðeins í lokin á þessari framsöguræðu minni að rifja upp atvik, af því að þar er enn um að ræða — og þó fyrsta dæmið um erlenda peninga sem sóttir hafa verið til útgáfu á Alþýðublaðinu, að frá því segir Hendrik heitinn Ottósson í æviminningum sínum, frá Hliðarhúsum til Bjarmalands, hvernig hann sótti forðum daga til Stokkhólms, til sænskra sósíaldemókrata, rússneskar rúblur að flytja upp til Íslands til þess að greiða með prentvélar Alþýðublaðsins, sem var í þann tíð er Ólafur Friðriksson var ritstjóri þess. En það er nú gömul saga.

M. a. af þessum sökum, sem ég rakti áðan, þar sem ég tilnefndi þá andstöðu sem við áttum að mæta í landhelgismálinu af hálfu frænda okkar á Norðurlöndum, og svo dæmi því, er ég tiltók um fjármiðlun í gegnum skandinavísku sósíaldemókrataflokkana frá Þýskalandi og víðar að til stjórnmálastarfsemi á Norðurlöndum, — m. a. af þessum sökum, næst á eftir sárum og illa grónum dæmum úr sjálfri Íslandssögunni, tel ég það enga málsbót að fjársekt sem þessi komi frá grönnum okkar á Norðurlöndum.

Eins og fyrr segir er senn að vænta, að ég ætla, vel undirbúins frv. að heildarlöggjöf um starfsemi íslensku stjórnmálaflokkanna, þótt því miður sé þess tæpast að vænta, að það komi fram nógu snemma til þess að afgreitt verði á þessu þingi. Væri þá rétt, er það frv. kæmi fram, að ákvæði þessa frv., ef að lögum yrði orðið, féllu inn í þá löggjöf. Að vísu er mér ekki ljóst hvort nm., er þá löggjöf undirbúa, hafa hugsað sér ljós ákvæði um það, að íslenskum stjórnmálaflokkum skuli bannað að taka við fégjöfum erlendis frá, eða hvort þeir hyggjast ganga að því sem vísu, að ekki þurfi að kveða á um bann gegn slíkri ósvinnu. Þó þykir mér, eins og nú er komið, sennilegast að þeim muni virðast slíkra ákvæða þörf.

Frv. flytjum við sem sagt vegna þess, að bráðnauðsynlegt er að hv. Alþ. grípi nú strax í taumana að gefnu tilefni og setji í lög þess háttar ákvæði sem duga megi til þess að koma í veg fyrir að erlend öfl geti með afli peninga náð tangarhaldi á íslenskum stjórnmálaflokkum og beitt þeim, ef svo ber undir, gegn hagsmunum lands og þjóðar.

Vil ég svo að lokum mælast til þess, að frv. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Að sjálfsögðu er óþarft að ég sem einn af flm. þessa frv. lýsi stuðningi mínum við það, en ég vildi

þó standa upp og lýsa því, að ég er sammála flestu sem hv. frsm. sagði. Ég tel það ákaflega mikilvægt mál, að í veg fyrir það sé komið, að erlent fjármagn í einni mynd eða annarri nái tökum á íslenskum stjórnmálaflokkum og satt að segja er það áreiðanlega mörgum landsmönnum ráðgáta, hvernig sumir stjórnmálaflokkar starfa hér með t. d. gífurlegan halla ár eftir ár í blaðaútgáfu. Hvernig er hann brúaður? Slíkt sýnast mér hlutir sem þarf að upplýsa. Mér sýnist að kjósendur og alþjóð eigi heimtingu á því.

Hitt vildi ég þó sérstaklega leggja áherslu á, að þetta er ákaflega vandasamt mál, því að styrkja má íslenska stjórnmálastarfsemi á ýmsan máta með erlendu fé óbeint, og ég er ekki nógu klókur á þeim refilstigum til þess að geta sagt hvernig það er gert. Hins vegar sýnist mér að stjórnmálaflokkar stofni t. d. gjarnan hlutafélög og þau fái fjármagn eftir einhverjum leiðum. Um það hefur verið deilt í blöðum, hvort slíkt fjármagn er innlent eða erlent, hvar það er fengið eða með hvaða heilindum það er fengið. Slík hlutafélög geta síðan aftur veitt ákveðnum stjórnmálaflokkum ýmiss konar stuðning. Þetta sýnist mér allt vera mál sem þarf nauðsynlega að upplýsa og setja um það ákveðnar reglur.

Þótt ég sé sammála því, að stjórnmálaflokkar og félög, sem þeir eiga, eigi að vera bókhaldsskyld, er að sjálfsögðu nokkur munur þar á, hvort eltast á við lítil framlög fjölmargra einstaklinga, sem e. t. v. margir hverjir gefa til stjórnmálafélaga ekki undir nafni, heldur ónafngreint. Mér sýnist það vera heilbrigt, ef einstakir kjósendur vilja þannig styðja þá flokka sem þeir aðhyllast. Flokkar fá þá stuðning frá sínum félagsmönnum. Hitt er aðalatriðið hvort stórlega mikið fjármagn rennur inn í íslenska stjórnmálastarfsemi eftir óæskilegum leiðum.

Ég vil einnig taka það fram, að ég hef ekkert við það að athuga, þó að forustumenn stjórnmálaflokka kynni sér starfsemi íslenskra fyrirtækja, t. d. erlendis, enda sé það þá opinbert, og fari ekkert leynt með þótt þeir þiggi einhverjar slíkar ferðir eða ferðir á alþjóðlega fundi stjórnmálasamtaka sem þeir aðhyllast. Það held ég að séu ekki atriði sem vert er að eltast við.

Hitt er aðalatriðið, hvort og hvernig meiri háttar fjármagn kemst inn í íslenskt stjórnmálalíf. Tek ég undir það sem hv. frsm. sagði um það, að slíkt er mjög varhugavert. Það getur náð þeim tökum á íslenskum stjórnmálaflokkum, að erfitt verði að komast úr þeim. En sem sagt, þarna eru ýmsir refilstigir, sem kannske er erfitt að rata, en þarf þó að kanna, og mér sýnist alls ekki liggja ljóst fyrir á hvern máta það verður gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 400). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við hv. þm. Geir Gunnarsson flytjum hér öðru sinni í deildinni frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 frá 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þetta frv. varð ekki útrætt í fyrra. Við flytjum það óbreytt frá því sem það var flutt þá, en með nokkuð breyttri grg., sem ég leyfi mér að lesa hér:

„Svo sem kunnugt er hafa þjóðir, svo sem Sovétmenn, Japanir, Bretar og Norðmenn, þegar byrjað fiskeldi í sjó með góðum árangri. Eru þegar tiltækar upplýsingar um niðurstöður erlendra rannsókna á þessu sviði og um árangur þar sem fiskirækt hefur verið komið upp á grundvelli þeirra. Nefna má laxeldi sem Norðmenn stunda nú í sjó með furðugóðum árangri og nota úrgang frá fiskiðjuverum til fóðrunar. Hefur nýting þessa ódýra fóðurs verið sérlega drjúg, þannig að 4—6 kg af fiskúrgangi nægja til framleiðslu á einu kg af laxi. Miðað við núgildandi verðlag á þessu fóðri og markaðsverð á laxi mun óhætt að fullyrða, að í engri búskapargrein sé fóðurkostnaður jafnlítill og í fiskeldi, enda mun fiskúrgangurinn, sem Norðmenn nota í þessu skyni, gefa meira verð en sjálf matvaran sem fiskiðjuverin skila frá sér í beinni framleiðslu.

Ljóst er að hér á landi fellur til fiskúrgangur sem nægja mundi til framleiðslu á þúsundum lesta á dýrmætum matfiski — og ef reiknað er með hagnýtingu loðnu og annars bræðslufisks í þessu skyni, þá til framleiðslu á tugþúsundum lesta af laxfiski. Tilraun, sem gerð hefur verið hér á landi á vegum Fiskifélags Íslands til laxeldis í sjó, þar ekki þann ávöxt sem menn gerðu sér vonir um, enda var til hennar stofnað af vanefnum í ýmsum skilningi. Þó má til sanns vegar færa, að þar hafi ekki verið með öllu til einskis unnið, því sannreynt var að sjór á svæðinu frá Austfjörðum norður um landið alla leið í Hvalfjörð er of kaldur til þess að þar verði alinn laxfiskur svo einhlítt sé, þar eð fiskurinn horast á vetrum og nær ekki að vaxa. Þetta á við um allt strandsvæðið þar sem firðir og vogar bjóða upp á nauðsynlegt skjól fyrir haföldu til þess að haga mætti fiskeldinu með svipuðum hætti og þeim sem Norðmenn hafa upp tekið. Þrátt fyrir athyglisverðan árangur, sem náðst hefur við laxeldi í sjó á Fáskrúðsfirði, má þetta heita algild ályktun, og því sýnt að við hljótum að bregða á annað ráð hérlendis.

Nú hafa verið gerðar merkilegar undirstöðutilraunir á þessu sviði af hálfu Líffræðistofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við embætti veiðimálastjóra, þar sem einkum er fjallað um áhrif umhverfisþátta á vöxt og þroska laxfiska. En fjárskortur hefur staðið í vegi fyrir því, að þær tilraunir yrðu til lykta leiddar, og torveldar jafnframt uppsetningu þeirra eldisstöðva sem nauðsynlegar eru til sannprófunar á niðurstöðum þessara tilrauna.

Fyrrgreindar tilraunir, sem gerðar hafa verið af hálfu íslenskra líffræðinga, hafa m. a. beinst að kynblöndun laxfiska þeirra sem best sameina vaxtarhraða og saltþol tveggja tegunda, og einnig að því, hvert vera muni æskilegt hlutfall seltu og hitastigs eldisvatnsins. Enda þótt lokaniðurstöður fyrrgreindra rannsókna liggi ekki fyrir þykja líkur benda til þess, að fiskaeldi með

þessum hætti nái ekki fullri hagkvæmni annars staðar en þar sem hægt er að hita upp sjóinn, annaðhvort með jarðvarma eða heitu afrennslisvatni frá fiskiðjuverum og þá jafnframt að stjórna seltustigi afrennslisvatnsins. Hins vegar hagar svo til mjög víða, að tiltækt er heitt vatn í þessu skyni. Við flest fiskiðjuverin utan jarðhitasvæðanna er bæði aðstaða til að koma upp eldisþróm og nægilegt heitt vatn frá vélum til þess að halda eldissjónum volgum, og má heita að nú vanti ekki nema þann herslumun, sem fjárveitingavaldið eitt getur látið í té, til þess að hægt sé að ljúka tilraununum og hefja fiskirækt í stórum stíl í volgum sjó víðs vegar um landið.

Frá því frv. þetta var flutt í upphafi hér á hv. Alþ., hefur það gerst, að tveir íslenskir líffræðingar, þeir Eyjólfur Friðgeirsson fiskifræðingur og prófessor Sigurður St. Helgason, sem stýrt hefur fyrrgreindum tilraunum af hálfu Háskólans, hafa af eigin rammleik ráðist í það að koma upp nauðsynlegri eldisstöð sem nýti heitan jarðsjó. Til þess hafa þeir ekki fengið annan styrk af opinberri hálfu en þann, að ríkið leigir þeim 20 ha landssvæði úr Húsatóftalandi í grennd við Grindavík, og sjálfir hafa þeir orðið að selja íbúðarhúsnæði sitt og kosta til aleigu sinni að öðru leyti til þess að geta hafið þær framkvæmdir, og er þó borin von að til hrökkvi ef ekki verður greitt fyrir þeim af opinberri hálfu svo um munar.

Svo sem fyrr segir hafa tilraunir sérfræðinga okkar á þessu sviði fyrst og fremst beinst að eldi lax og silungs, en líkur benda til þess að þeirra dómi, að hægt sé að rækta á sama hátt í stórum stíl ýmiss konar verðmæt skeldýr og krabbadýr, og hentaði sá búskapur vel með eldi fyrrgreinds sporðfénaðar. Auk þess liggja fyrir upplýsingar um tilraunir erlendis með ræktun ýmissa verðmætra sjávarfiska sem vel mundu henta til eldis hér á landi og þá einkum, sem að líkum lætur, á þeim svæðum þar sem tiltækur er heitur jarðsjór. Í þessu sambandi er eðlilegt að hugleiða sérstaklega möguleika á því að nýta jarðsjó þann, sem til mun falla í sambandi við fyrirhugaða sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi — og geta má þess, að líkur þykja benda til þess að álika aðstaða muni vera til fiskiræktar í Öxarfirði norður.

Að endingu má geta þess, að margt bendir til þess að dómi líffræðinga, að nytja megi þessa sérstöku aðstöðu, sem heiti jarðsjórinn myndar, til þess að tryggja okkur gegn áföllum af völdum breytilegra náttúruskilyrða í sambandi við hrygningu ýmissa helstu nytjafiskanna á grunnslóðinni kringum landið. Þannig má ætla, að ef fjármagn fengist til þess að fullgera rannsóknir með kjörfæðu þorsklirfunnar, þá yrði unnt að ala upp þorsklirfur í volgum sjó í tiltölulega litlum eldistjörnum og flytja síðan á þau hafsvæði þar sem skilyrði væru örugg til uppvaxtar kringum landið og tryggja með þeim hætti viðgang þorskstofnsins, svo að við þurfum ekki að eiga afkomu okkar svo mjög sem nú er undir duttlungum veðráttu á hrygningarstöðvunum og óviðráðanlegum umhleypingum sjávarstrauma. Að dómi flm. nær það engri átt, að ekki skuli varið verulegu fjármagni til þess að ljúka megi tilraunum á þessu sviði.“

Þess skal getið, að í viðræðum við sérfræðinga um þessi mál og ýmsa áhugamenn hefur það komið berlega í ljós, að menn eru þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að öll þau mál, er lúta að fiskeldi í söltu vatni hér við land, falli undir sjútvrn. Ég þarf ekki að orðlengja það, að við Íslendingar höfum verið heldur tregir á fjárútlát til rannsóknarstarfa í sambandi við auðlindir þessa lands og náttúrugæði, hversu nytja skuli á fleiri sviðum en þeim sem að fiskiræktinni lúta. Og mín skoðun er sú, að við séum einmitt að bíta úr nálinni með það nú þessi síðari árin, hversu mjög hefur skort á skynsamlegt örlæti okkar á þessu sviði, þar sem mjög hefur skort á það, að við höfum séð sérfræðingum okkar, sem við höfum þó menntað til þeirra starfa, fyrir nauðsynlegum fjármunum til þess að þeir gætu unnið störf sín hér með eðlilegum hætti.

Ég hef fengið tækifæri til þess að fylgjast lítillega með áætlunum þeim, sem líffræðingarnir tveir, sem við nafngreindum í grg., hafa unnið að síðustu missirin, og þeir hafa látið mér í té upplýsingar, sem lúta að sambærilegum athugunum og rannsóknum sem erlendis hafa verið framkvæmdar á þessu sviði. Þeir leggja aftur á móti á það áherslu, að sérstaða okkar, hin sérstaklega góða aðstaða sem við höfum á þessu sviði, þ. e. a. s. fiskeldi í vermdum sjó, einkanlega hér á Reykjanessvæðinu þar sem við eigum tiltækan heitan jarðsjó, og sennilega einnig á Öxarfjarðarsvæðinu, — þessi aðstaða sé svo sérstök að við getum ekki nema að mjög litlu leyti stuðst við áætlanir erlendra sérfræðinga um ýmis atriði sem varða útfærslu þessara tilrauna í „praxis“. Ég er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að vinda að því bráðan bug að leysa úr fjárhagsvandræðum þeirra sérfræðinga, sem unnið hafa að því nú hin síðari árin að framkvæma grundvallarrannsóknir í sambandi við fiskeldismálið hér á landi, og að þeir peningar, sem hið opinbera legði af mörkum í þessu skyni, séu líklegir til þess að bera fljótt ávöxt.

Ég vil svo að endingu óska þess, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Miðvikudaginn 1. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380). — *Frh. 1. umr.*

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Upplýsingar hjá almannastofnunum, frv. (þskj. 364). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Hæstv. forseti. Í ársbyrjun 1973 var lagt fyrir Alþ. frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Frv. þetta varð ekki útrætt, hvorki á því þingi né á því næsta, en þá var það lagt fram að nýju. Hið beina tilefni til þess, að frv. þessa efnis var lagt fram, var þál. sem samþ. var á Alþ. 19. maí 1972, en sú þál. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varðar."

Samkv. þessari þál. var þetta frv., sem ég nefndi áðan, samið með nokkuð skjótum hætti og fullnægt þeirri ósk, sem fram kom í þál., að frv. væri lagt fyrir næsta Alþ. á eftir. Þar af er skemmst að segja, að þetta frv. sætti nokkrum andbyr. Ég hygg raunar að sá mótbyr, sem það mætti, hafi að talsverðu leyti byggst á misskilningi, eins og t. d. þeim, sem nokkuð var barnalegur, að upptalning á undantekningum var nokkuð fyrirferðarmikil og mönnum óx hún í augum samanborið við aðalregluna. Enn fremur kom fram nokkur hneykslan hjá Blaðamannafélagi eða félagi þeirra manna, sem vinna við fjölmiðla, af því að þeim hafði ekki verið gefinn kostur á því að taka þátt í samningu þessa frv., og kom nokkuð fram hjá þeim sá skilningur, að þetta frv. og lagasetning væri fyrst og fremst vegna þeirra. Þetta var að sjálfsögðu misskilningur. Auðvitað var það frv., sem þá var um að ræða, og þetta frv., sem nú er um að tefla, fyrst og fremst um það að veita almenningi, einstaklingum og hverjum og einum, aðgang að upplýsingum. En auðvitað njóta blaðamenn og þeir, sem starfa að fjölmiðlun, öðrum fremur góðs af slíkri lagasetningu. Hefur verið reynt að mæta þeirri gagnrýni, sem kom fram í sambandi við þetta frv. á sínum tíma, 1973, og fer ég ekki nánar út í það.

Fyrir rúmu ári var þriggja manna nefnd, skipuð þeim Baldri Möller ráðuneytisstjóra, sem var formaður hennar, Einari Karli Haraldssyni báv. formanni Blaðamannafélags Íslands og Sigurði Líndal prófessor. Þessari nefnd var falið að endurskoða fyrrgreint frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda eða semja nýtt frv. um þetta efni. Ritari nefndarinnar var Eiríkur Tómasson lögfræðingur. Nefndin valdi síðari kostinn, sem ég nefndi, og samdi algerlega nýtt frv., það frv. sem hér er til umr.

Að sjálfsögðu er þetta frv., á sama hátt og hin eldri, sniðið eftir lögum um sama efni sem samþykkt voru í Danmörku og Noregi fyrir nokkrum árum. Einkum tekur frv. mið af dönsku upplýsingalögunum, en einnig gætir þar áhrifa frá norsku og sænsku stjórnsýslulögunum sem samþykkt voru fyrir áratug eða um það bil.

Hér á landi eru til mjög fáar almennar stjórnsýslureglur í settum lögum. Reglur stjórnarfarsréttarins eru því flestar hverjar óskráðar, og má segja að það sé að ýmsu leyti bagalegt þar sem hlutverk alls kyns stjórnvaldsstofnana verður æ þýðingarmeira eftir því sem tímar líða. Að mínum dómi ber brýna nauðsyn til þess að settar verði almennar reglur um íslenska stjórnsýslu, eins og gert hefur verið í flestum nágrannalöndum okkar. Hér verður þó að sjálfsögðu að fara að öllu með gát. Aðstæðum svipar að vísu um margt til þess sem gerist í nágrannalöndum okkar, en þó má ekki gleyma þeirri sérstöðu sem íslenskt þjóðfélag hefur í samfélagi þjóðanna. Fámennið hefur gert það að verkum, að bilið milli stjórnenda og þjóðfélagsþegna er ekki eins breitt hér og víðast hvar annars staðar. Á sama hátt er stjórnkerfið sjálft fábreyttara og einfaldara í sniðum en gengur og gerist hjá milljónaþjóðum. Þessi séreinkenni íslenska þjóðfélagsins og íslensks stjórnkerfis verður að hafa í huga þegar settar eru almennar stjórnsýslureglur.

Í frv. því, sem hér er til umr., er að finna veigamiklar reglur um meðferð mála í stjórnsýslunni. Frv. ber þess vissulega merki að hér er um nokkurs konar brautryðjendaverk að ræða, en einhvers staðar verður þó að byrja á því að lögfesta helstu reglur um málsmeðferð í íslenskri stjórnsýslu. Ég tel það vel við eiga, að byrjað sé einmitt á því að lögfesta reglur um aðgang að upplýsingum hjá stofnunum og fyrirtækjum í almannaeigu.

Rök að baki þeirrar reglu, að hver og einn geti kynnt sér skjöl og önnur gögn hjá stofnunum ríkisins og sveitarfélaga, eru svo augljós að um þau ætti ekki að þurfa að fara mörgum orðum. Forsenda þess, að hægt sé að tala um lýðræðislega stjórnarhætti, er sú að borgurunum sé opnuð leið til þess að fylgjast með athöfnum og vinnubrögðum þeirra sem vinna við hvers konar stjórnsýslu. Almenningur verður að fá sem áreiðanlegastar og gleggstar upplýsingar um starfsemi stjórnsýslustofnana og stjórnsýsluhafa til þess að hann geti dæmt um ágæti þeirra eða hvernig á hana beri að líta. Enn fremur getur það veitt stjórnendum aðhald, ef hinn almenni borgari, eins og hann stundum er nefndur, á þess kost að fylgjast með gangi mála.

Eins og fyrr segir hefur ekki verið til að dreifa í íslenskri löggjöf neinum almennum ákvæðum um gang almennings eða málsaðila að upplýsingum hjá stofnunum eða fyrirtækjum í almannaeigu. Í stjórnarskránni er aftur á móti kveðið á um það, að fundir Alþingis skuli haldnir í heyranda hljóði, og sama á við um þinghald dómstóla samkv. ýmsum ákvæðum í réttarfarslögum. Þá er á hinn bóginn að finna fjölda ákvæða í íslenskum lögum um þagnarskyldu opinberra starfsmanna, bæði um tilvik almenns eðlis og um sérgreind tilvik. Af þessum ákvæðum verður ekki dregin nein ályktun um

það, hvort almenningur eða málsaðilar eigi yfirleitt nokkurn rétt til þess að fá upplýsingar úr hendi stjórnsýsluhafa, hvað þá hve sá réttur er víðtækur, og almennt mun hingað til hafa verið talið, að það væri alls ekki um að ræða neina almenna reglu sem veitti almenningi aðgang eða rétt til upplýsinga hjá stjórnvöldum. Þar með er ekki sagt að stjórnvöld hafi ekki oft og iðulega í mörgum tilfellum veitt slíkar upplýsingar og veiti slíkar upplýsingar, enda þótt ekki sé fyrir hendi skýr lagaskylda til þess.

Með frv. því, sem hér hefur verið lagt fram, er almenningi og aðilum máls veitt skýlaus réttur til þess að krefjast upplýsinga úr hendi stjórnsýsluhafa. Víkur sá réttur aðeins fyrir almennum hagsmunum og einkahagsmunum, sem í hverju tilviki verða að teljast ríkari en hagsmunir þeir sem lúta að því, að tilteknar upplýsingar verði gefnar. Svonefnd þagnarskylduákvæði takmarka ekki þennan rétt til aðgangs að upplýsingum. Stjórnsýsluhöfnum er aftur á móti í sjálfsvald sett hvort þeir ganga lengra en þeim er skylt að gera samkv. frv.

Það var reginfirra, sem haldið var fram í sambandi við frv. sem lagt var fram 1973, að með því væri þrengdur réttur almennings til þess að fá upplýsingar hjá stofnunum og fyrirtækjum í almannaeigu. Ég geri tæpast ráð fyrir því, að nokkur haldi því fram, að það sé gert með þessu frv., heldur er þvert á móti almenningi tryggður þessi réttur að meginstofni til.

Í því frv., sem lagt var fyrir Alþingi árið 1973, var gert ráð fyrir að lögin nefndust: Lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Í frv. því, sem nú hefur verið lagt fram, er hins vegar lagt til, að lögin nefnist: Lög um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum. Það heiti er af höfundum frv. talið heppilegra, því að engin skylda er lögð á stjórnsýsluhafa til þess að hafa frumkvæði um að veita upplýsingar, eins og eldra heitið gæti gefið til kynna, og raunar mun það vera alger undantekning í íslenskri löggjöf ef skylda er lögð á stjórnsýsluhafa til þess að hafa frumkvæði að því að veita slíkar upplýsingar. Ég er nú búinn að gleyma því, hvort það er enn þá í lögum, sem sett voru einu sinni í sambandi við Ríkisútvarpið, að forstöðumenn ríkisstofnana skuli vera skyldir til þess að flytja eitt eða tvö erindi á ári um stofnanir sínar, — ákvæði sem var góðra gjalda vert og byggt á heilbrigðri hugsun, en gætti lítið í framkvæmd og hefur lítið gætt í framkvæmd nema þá allra fyrstu árin. Má vera að það hafi verið hreyft við þeim ákvæðum með nýjum útvarpslögum, — ég man það ekki. En meginhugsun þessa frv., sem hér liggur fyrir, er sú, að öllum skuli vera heimilt að kynna sér skjöl eða önnur gögn í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stofnunum eða fyrirtækjum í almannaeigu, ef þeir óska þess.

Eins og fram kemur í 2. og 6. gr. frv. hefur ekki þótt fært að veita mönnum almennan aðgang að dagbókarfærslum eða annars konar skráningu skjala hjá stjórnsýslustofnunum í því skyni að leita þar að málum sem menn hafa ekki vitneskju um fyrir fram. Slíkt fyrirkomulag mundi valda mikilli röskun á starfsemi þessara stofnana eða gæti a. m. k. gert það og gæti haft það í för með sér, að fjölga þyrfti starfsliði þeirra, þar sem erfitt væri að hugsa sér að leyfa almennan aðgang að hvers konar skráningu skjala, nema tekin væru afrit af skránum og þau lögð fram á ákveðnum stað og stund. Þessi orð mín má ekki skilja svo, að hið nýja frv. leggi ekki auknar skyldur á herðar stjórnsýsluhöfum.

Verði frv. að lögum, eykst óhjákvæmilega formfesta í stjórnsýslunni, sbr. 7. gr. frv., þar sem stjórnsýsluhöfum er gert skylt að skrá efni munnlegra upplýsinga sem mikilvægar má telja fyrir úrslit máls.

Í 12. gr. segir, að forstöðumaður stofnunar eða fyrirtækis taki ákvörðun um það, hvort upplýsingar skuli veittar. Ávallt skuli stefnt að því, að beiðni sé afgreidd eins fljótt og verða má. Hér kemur fram, að stjórnvaldshöfum og öðrum starfsmönnum stjórnsýslunnar er skylt að sinna hverri beiðni, sem berst um aðgang að upplýsingum. Beiðni þessa á að afgreiða eins fljótt og hægt er, og henni má ekki hafna nema til þess liggi veigamiklar ástæður, sbr. þá meginreglu sem orðuð er í 2. gr. frv.:

„Öllum er heimilt að kynna sér skjöl í málum, sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá stofnunum, sem nefndar eru í 1. gr., nema á annan veg sé mælt í þessum lögum eða öðrum."

Undantekningar þær frá þessari meginreglu, sem finna má í frv., eru allar gerðar með það í huga að vernda hagsmuni einstaklinga eða þjóðfélagsins í heild. Þeim sjónarmiðum hefur verið vikið til hliðar sem lúta að því að losa einhverja einstaka stjórnsýslubafa við óþægindi eða fyrirhöfn við að veita upplýsingar um mál. Undantekningar þessar eru allar rökstuddar í aths. við frv., svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þær hér hverja fyrir sig. Ég vek þó athygli á því, að ekki hefur verið farin sú, leið, eins og í Danmörku, að taka upp almennt undantekningarákvæði með vísan til eðlis máls, heldur hefur verið tekinn sá kostur að telja upp sem ítarlegast allar þær undantekningar, sem nauðsynlegt hefur verið talið að lögfesta, og er reyndar að því leyti til fylgt sömu reglum og í fyrra frv., þó að það sætti þá nokkurri gagnrýni. En með þessu móti er reynt að girða fyrir það, að stjórnsýslubafar reyni að skjóta sér undan því að veita tilteknar upplýsingar með því að bera fyrir sig eðli máls án nánari skýringar.

Þá er rétt að benda á það, að sum undantekningarákvæðin taka aðeins til ráðstafana af hálfu almannavalds sem fyrirhugaðar eru. Ákvæðin eiga því ekki við eftir að þessar ráðstafanir hafa verið gerðar. Þau undantekningarákvæði, sem e. t. v. kunna að verða umdeildust, eru ákvæði 4. tölul. 4. gr. og 2. tölul. 8. gr. frv.

Fyrra ákvæðið veitir stjórnvöldum heimild til að halda leyndum upplýsingum um mál, sem til rannsóknar eru, þar sem ætla má að lögbrot hafi verið framið, ef mikilvægir almannahagsmunir krefjast slíkrar leyndar. Þá getur verið mjög mikilvægt, að ekki sé skýrt frá slíkum málum meðan þau eru á frumstigi rannsóknar, hvort sem er hjá lögreglu eða öðrum stjórnvaldsstofnunum. Það kann að vera nauðsynlegt, bæði í þágu þess,

sem rannsóknin beinist að, og eins til þess að rannsókn beri árangur.

Síðara ákvæðið veitir stjórnsýsluhöfum heimild til að halda leyndum vinnuskjölum starfsmanna stofnana og fyrirtækja í almannaeigu, svo sem minnisgreinum, frásögnum, skýrslum, uppköstum, tillögum og áætlunum. Þetta þýðir í stuttu máli, að almenningur á ekki aðgang að skjölum, sem einungis eru ætluð til afnota við afgreiðslu máls innan stofnunar eða fyrirtækis, nema sá forstöðumaður, sem í hlut á, samþykki það. Þetta er gert til þess að embættismenn eða aðrir starfsmenn stofnana eða fyrirtækja geti sett fram skoðanir sínar eða skýringar í rituðu máli án þess að eiga það á hættu að slíkt berist út. Ef þessi varnagli væri ekki sleginn, væri afleiðingin e. t. v. sú, að embættismenn eða aðrir starfsmenn kæmu skoðunum sínum á framfæri munnlega, en það gerði vinnubrögðin í stjórnsýslunni óvandaðri en nú tíðkast.

Flest, ef ekki öll undantekningarákvæði frv. eru þess eðlis, að þau þarf að skýra með hliðsjón af þeirri meginreglu sem fram kemur í 2. gr. frv. og þegar hefur verið gerð grein fyrir. Verður að skýra þessi undantekningarákvæði þröngt.

Í 12. og 13. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að forstöðumaður stofnunar eða fyrirtækis taki í fyrsta lagi ákvörðun um það, hvort upplýsingar séu veittar. Sá, sem einhverra hagsmuna hefur að gæta, getur skotið þeirri ákvörðun beint til þess ráðh. eða sveitarstjórnar sem stofnun eða fyrirtæki heyrir undir. Úrskurði sveitarstjórna má skjóta til félmrh. Kærustig verða samkv. þessu tvö innan stjórnsýslu ríkisins, en þrjú innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Það er auðvitað, eins og skýrt kemur fram í frv., viðkomandi ráðh. sem hér er um að ræða. Ég sá einhvers staðar skrifað að það væri félmrh. sem ætti að úrskurða um þetta, en slík ályktun er byggð á miklum mislestri eða á mjög mikilli ónákvæmni. Hins vegar er hann auðvitað eins settur og aðrir ráðh. að hann úrskurðar varðandi þær stofnanir, sem undir hann heyra, og svo sérstaklega varðandi sveitarstjórnirnar.

Það er nú svo, að ráðh. eru æðstu valdhafar stjórnsýslunnar hver á sínu sviði, þannig að ekki er hægt að kalla þá algerlega hlutlausa eða óháða þegar þeir taka afstöðu til ákvörðunar stjórnvaldshafa sem lægra eru settir. Því er nauðsynlegt eða a. m. k. æskilegt, að ráðh. hafi til hliðsjónar álit einhvers aðila, sem kalla mætti hlutlausan og óháðan, áður en hann sker endanlega úr því, hvort við beiðni um upplýsingar skuli orðið eða henni hafnað. Og í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir slíku skipulagi. Er gert ráð fyrir því þar, að sett skuli á fót sérstök nefnd til þess að láta í ljós álit sitt áður en ráðh. kveður upp úrskurð sinn. Lagt er til að fimm menn eigi sæti í nefnd þessari, en aðeins þrír þeirra taki þátt í afgreiðslu máls máls hverju sinni. Hæstiréttur skipi oddamann hans, en Sþ. kjósi aðra nm. Oddamaður tilnefnir hverju sinni með sér tvo menn úr hópi hinna kjörnu nm. til að taka þátt í afgreiðslu máls, er nefndinni berst. Álit nefndarinnar sé aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir ráðh. Á Norðurlöndum, þar sem umboðsmenn þjóðþinga hafa nú starfað um árabil, er álit þeirra á einstökum málum aðeins til leiðbeiningar, en ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi stjórnvaldshafa. Engu að síður hafa álitsgerðir umboðsmanna haft afgerandi áhrif í þá átt að auka réttaröryggi og flýta fyrir málsmeðferð í stjórnsýslunni. Ég held að þau tilvik séu teljandi, þar sem ekki hefur verið farið eftir ábendingum eða tillögum umboðsmannanna.

Af ásettu ráði hafa ekki verið settar nákvæmar reglur um starfshætti nefndarinnar í frv. Þær á nefndin að móta sjálf, eftir því sem tilefni gefst. Sjálfsagt er að álitsgerðir hennar verði skriflegar og þær gefnar út t. d. árlega. Ég er ekki í neinum vafa um að ráðh. munu, er til kemur, fylgja álitsgerðum nefndarinnar, verði vel til þeirra vandað, og að það þurfi að standa alveg sérstaklega á ef ráðh. víkur frá því áliti sem fram kemur hjá nefndinni. En það, sem menn kunna að hafa að athuga við þetta skipulag, get ég vel ímyndað mér að verði það, að mönnum þyki þetta nokkuð umsvifamikið. En það er nú svo, að stundum getur verið erfitt að sameina þetta tvennt fullkomlega, að fyllsta réttaröryggis sé gætt og framkvæmdin sé þó hæfilega einföld í sniðum. Þótt ráðh. hafi kveðið upp úrskurð sinn er þó þeim, sem hlut eiga að máli, heimilt að skjóta slíkri ákvörðun til dómstóla. Þeir eiga þar með síðasta orðið, og skiptir þá eflaust miklu máli, hvort saman hefur farið álitsgerð nefndarinnar og úrskurður ráðh.

Að sjálfsögðu getur líka verið um álitamál að tefla, hvort það eigi ekki, þegar búið er um þetta með þessum hætti sem gert er í frv., að láta úrskurð ráðh. vera síðasta orðið eða hvort á að íþyngja dómstólum með því að þurfa að fjalla um slík mál. En það verður þá að gera ráð fyrir því, að það komi ekki til nema í algerum undantekningartilfellum og það sé um alveg sérstakt málefni að tefla, þannig að ég hygg að það komi ekki að sök þó þetta ákvæði sé, sem auðvitað tryggi hið besta réttaröryggi, en getur líka orðið til þess að seinka nokkuð endanlegri ákvörðun um það atriði sem um er að ræða.

Ég hef nú rætt nokkuð um almennan aðgang að upplýsingum hjá stofnunum eða fyrirtækjum í almannaeigu, en á hinn bóginn er ekki síður mikilvægur sá kafli frv., II. kafli, sem fjallar um aðgang einstakra málsaðila að slíkum upplýsingum. Eins og nú horfir, ríkir í mörgum tilfellum a. m. k. fullkomin réttaróvissa um það, hvaða rétt slíkir aðilar eigi á upplýsingum um mál, sem þá varðar, a. m. k. í þeim tilvikum þar sem settum lögum um þetta efni sleppir eða einstökum dreifðum lagaákvæðum í settum lögum. Ákvæði II. kafla frv. eiga að bæta úr þessari óvissu.

Í 9. gr. frv. segir, að aðilum máls sé heimilt að kynna sér skjöl og önnur gögn, nema hagsmunir þeirra af því að notfæra sér vitneskju úr þeim gögnum eigi að víkja fyrir ríkari almanna- eða einkahagsmunum. Ákvæði laganna um þagnarskyldu, hvort sem um er að ræða almenns eðlis eða sérgreind, takmarka ekki þennan rétt. Þetta þýðir m. ö. o. að aðilar máls gætu í langflestum tilfellum fengið að kanna skjöl og öll önnur gögn sem fyrir liggja í máli þeirra, önnur en vinnuskjöl starfsmanna þeirrar stofnunar sem máli hefur ráðið til lykta, sbr. það sem ég hef áður um það sagt.

Samkv. 10. gr. frv. á að fresta afgreiðslu máls,

uns aðili hefur kynnt sér skjöl eða önnur gögn, nema sérstakir almanna- eða einkahagsmunir mæli gegn því.

Í 11. gr. er hlutaðeigandi stjórnvaldshafa gert skylt að vekja athygli aðila á því, að mál hans sé til umfjöllunar, nema ljóst sé að hann hafi fengið vitneskju um það fyrir fram. Aðili getur þá krafist þess að afgreiðslu máls sé frestað, uns hann hefur gert grein fyrir afstöðu sinni. Í þessu síðast nefnda ákvæði er gengið lengra en í dönsku upplýsingalögunum, sem einkum hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu þessa frv., eins og áður er sagt. Í þeim lögum er aðila máls að vísu gefinn kostur á því að gera grein fyrir afstöðu sinni, áður en máli er ráðið til lykta. Lögin leggja hins vegar ekki þá skyldu á herðar hlutaðeigandi stjórnvaldshafa að tilkynna aðilum um það, að mál, er þá varði, séu til meðferðar eða umfjöllunar. Það er á hinn bóginn gert bæði í norsku og sænsku stjórnsýslulögunum. Að norskri og sænskri fyrirmynd er hér gert ráð fyrir slíkri tilkynningarskyldu í 1. mgr. 11. gr. frv. Ástæðan er sú, að til þess að aðili geti tjáð sig um efni máls verður hann að vita af því, að mál hans sé til meðferðar hjá stjórnvaldsstofnun. Tilkynningarskyldan á að tryggja að svo verði jafnan.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að ákvæði þessa frv. um aðgang málsaðila að upplýsingum eru stórt skref í þá átt að tryggja réttarstöðu einstaklinga gagnvart stjórnvöldum. Verði frv. að lögum má vænta þess, að fleiri fylgi á eftir, e. t. v. frv. að almennum stjórnsýslulögum, þar sem kveðið yrði á um málsmeðferð í stjórnsýslunni, fyrst og fremst með tilliti til réttar hins einstaka borgara gagnvart stjórnvöldum. Ég hygg að slíkt frv. sé nú í uppsiglingu í Danmörku, en stjórnsýslulög hafa, eins og fyrr hefur verið greint frá, verið sett fyrir nokkru bæði í Noregi og Svíþjóð. Það er skoðun mín, að samhliða stjórnsýslulögum væri eðlilegt að setja löggjöf um umboðsmann Alþingis, en að sjálfsögðu verður í því efni eins og öðru að hyggja að því, hvað best hentar aðstæðum hér á landi, og það má segja, að það efni sé fyrst og fremst fyrir Alþ. að eiga frumkvæði að og ákveða um.

Ég leyfi mér að vænta þess, að þetta frv., sem ég tel allmikilsvert, fái hér rækilega athugun, en jafnframt vil ég benda á, að ég tel það miklu skipta að löggjöf af þessu tagi sjái dagsins ljós fyrr en síðar.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri um frv., þó að e. t. v. megi segja að ég hafi ekki gert ítarlega grein fyrir öllum ákvæðum þess. En ég leyfi mér að vísa til þeirrar ítarlegu grg. sem frv. fylgir og samin er af höfundum þessa frv.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vil strax við þessa 1. umr. taka til máls og láta í ljós ánægju mína með það, að þetta frv. skyldi vera nú lagt fram, og þakka nefndinni og hæstv. dómsmrh. fyrir að frv. um þetta mál er nú aftur flutt hér á Alþ. Það er tvímælalaust mikill fengur að því, að slíkt frv. sé lagt fram og samþykkt í einu eða öðru formi. Það hefur reyndar verið gert áður, eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. Tvisvar sinnum voru flutt hér frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en þau frv. náðu ekki fram að ganga. Það segir að vísu í grg. með þessu frv., að þau hafi ekki verið útrædd. Það er ekki alls kostar nákvæmlega til orða tekið, vegna þess að á seinna árinu afgreiddi allshn. frv. frá sér og tók afstöðu til þess að Alþ. afgreiddi frv. með þeim hætti að vísa því til ríkisstj. með ákveðnum ábendingum. Ég hef ekki haft tækifæri eða tíma til þess að bera þetta frv. saman við þær ábendingar sem allshn. gerði á sínum tíma, en mér sýnist þó við fljótan yfirlestur, að að einhverju leyti hafi verið tekið tillit til þeirra ábendinga. Alla vega er ljóst, að lagasetning af þessu tagi er ákaflega mikilvæg, hún er mikilvæg fyrst og fremst fyrir allan almenning, fyrir borgara þessa lands. Eftir því sem fleiri stofnanir og embætti eru sett á fót, eftir því sem kerfið og báknið vex, verða allar ákvarðanir óljósari og rök og ástæður, sem að baki þeim liggja, og almenningur á sífellt erfiðara með að gera sér grein fyrir því, hvernig stefnu mál taka, hvaða ákvarðanir eru teknar og hvernig þær eru teknar. Að þessu leyti á almenningur í vök að verjast, og það er í samræmi við vilja alls þorra fólks og sjálfsagt okkar alþm. líka, að þjóðfélagið sé sem opnast og sé lýðræðislega uppbyggt og embættismönnum og stofnunum sé veitt eðlilegt aðhald. Það þarf að tryggja rétt hins einstaka borgara og það er okkar hlutverk hér á þingi að standa vörð um þann rétt. Mál af þessu tagi er að sjálfsögðu mjög viðkvæmt og vandasamt og það er alltaf mikil spurning um það, hvað á að birta af ýmsum trúnaðarskjölum eða málsskjölum sem liggja hjá almannastofnunum. Slík skjöl geta varðað og snert persónulega hagsmuni og hagi einstaklinga, og við höfum reynslu af því, að það er mjög misjafnt hvenær slík skjöl eru birt, hvenær nöfn eru birt á fólki sem tengist ákveðnum málum. Í þessu sambandi verður að sjálfsögðu að höfða fyrst og fremst til ábyrgðar þeirra, sem með völdin fara hverju sinni, og ekki síður til ábyrgðar þeirra sem krefjast upplýsinga og birta þær. Í þessu efni eru fjölmiðlarnir fremstir. Þeir sækja á um alls kyns upplýsingar, eins og starf þeirra gerir kröfu til. En fjölmiðlar hugsa fyrst og fremst um fréttagildi upplýsinganna, en ekki alltaf sem skyldi um tilfinningar eða hagsmuni þeirra sem hlut eiga að máli. Þess vegna er mikilvægt að höfða til ábyrgðar þessara aðila sem og dómgreindar þeirra og siðferðisþroska.

Í því nál. sem allshn. lét frá sér fara á þinginu 1974—1975, var bent m. a. á það, að kanna þyrfti rækilega sambærilega löggjöf á hinum Norðurlöndunum og reynsluna af framkvæmd hennar varðandi upplýsingaskyldu stjórnvalda. Þá var bent á, að undanþágurnar í því frv. væru of margar og bæru aðalregluna ofurliði. Enn fremur var óskað eftir því, að gerður yrði greinarmunur á upplýsingum sem hefðu mismunandi mikla hagsmuni að baki sér. Óskað var eftir frekari skilgreiningum á ýmsum hugtökum, sem fram komu í frv., og lagt var til að upplýsingaskyldan næði yfir fleira en skjöl ein. Í því sambandi var minnst á segulbönd, myndir, tölvur

o. s. frv., sem geymdu margvíslegar upplýsingar. Og að lokum taldi nefndin eðlilegra, að úrskurðavald um ágreining yrði í höndum dómstóla, en ekki ráðh.

Eins og ég tók fram áðan, hef ég ekki haft tækifæri til þess að bera þetta nákvæmlega saman, en mér sýnist þó að tekið hafi verið tillit til ýmissa atriða sem ég hef nú nefnt. Það hefði kannske verið viðeigandi að geta um þessar ábendingar allshn. í þeirri grg. sem fylgir þessu frv., vegna þess að í því nál. var komin fram ákveðin viljayfirlýsing af hálfu ekki aðeins allshn., heldur Alþ. En það skiptir ekki höfuðmáli, hvort þess er getið í grg. eða ekki. Ég nefni þetta þó hér nú til þess að minna hið háa Alþ. á að þetta nál. lá fyrir á sínum tíma og var samþ.

Mér sýnist t. d. fljótt á litið, að búið sé mjög að draga úr þeim undanþágum sem voru í hinum fyrri frv., og ég tel það tvímælalaust til bóta. Mér sýnist líka að tekið hafi verið tillit til þeirrar ábendingar að ráðh. skyldi ekki hafa úrskurðarvaldið alfarið, heldur annar aðili. Nefndin benti að vísu á dómstólana, en í frv., sem nú er lagt fram, er gert ráð fyrir því að leita megi álits sérstakrar nefndar sem ráðh. skal hafa sér til ráðuneytis. Spurningin er, hvort hér sé nógu langt gengið, og það þarf kannske nánari athuganir við, án þess að ég hafi nokkra sérstaka, fullmótaða skoðun á því. Mér sýnist þó að ekki hafi verið nægilega mikið gert að því að athuga reynslu í þessum málaflokki á hinum Norðurlöndunum. Eins og fram hefur komið, hafa verið samþykkt þar og framkvæmd lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda, og það kom fram hér fyrir fjórum árum, að reynslan af þeirri lagasetningu varð ærið misjöfn og hefði e. t. v. verið nauðsynlegt að draga ályktanir og lærdóm af þeirri reynslu. Það má vel vera, að svo hafi verið gert, en það kemur ekki fram í grg. sem fylgir þessu frv.

Mér sýnist enn fremur, að í þessu frv. sé enn fyrst og fremst fjallað um upplýsingaskyldu sem snertir skjöl. Nú er það alkunna, að upplýsingar eru geymdar með ýmsum hætti öðrum en eingöngu hið skrifaða mál. Tæknin hefur haldið innreið sína inn í þessar stofnanir og til eru segulbönd, myndir og tölvur sem geyma mjög mikilvægar upplýsingar. En um það er ekki fjallað í þessu frv. Vel má vera að ástæðan sé sú, að verið er að undirbúa frv. um notkun á tölvum og mál þar að lútandi, en það kemur ekki hér fram. Ég tel að ef um er að ræða á annað borð aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum, þá eigi það að vera víðtækara en bara það sem nær til skjala.

Herra forseti. Þetta eru lauslegar aths., sem ég hef hér sett fram, en ekki til þess að setja hornin í þetta frv., síður en svo. Ég endurtek það, að ég tel feng að því, að það sé nú lagt fram. Ég tel að þetta frv. sé tvímælalaust betra en það, sem lagt var hér fram á sínum tíma, og sanni að ábendingar og aths. þingsins á þeim tíma áttu við rök að styðjast og hafa leitt til þess, að þessi mál hafi verið tekin til ítarlegri endurskoðunar og gerð hér á bragarbót. Auðvitað má athuga það betur, hvort hér geti ekki enn eitthvað þurft lagfæringar við, en það skiptir ekki meginmáli. Þetta frv. hefur verið lagt fram og það á tvímælalaust rétt á sér og er aðkallandi að lög um þessi efni séu sett frekar fyrr en síðar, vegna þess að það er einn liðurinn í því að vernda hagsmuni einstaklinga og standa vörð um rétt þeirra.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess, að ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða það, að höfundar frv. hafi kynnt sér mjög rækilega framkvæmd og reglur um þessi efni á Norðurlöndum. Það má vera að ekki sé gerð nægileg grein fyrir því í grg., sem þó er allítarleg, en ég veit að nefndin, sem fær þetta frv. til meðferðar, getur fengið þessa nm. og ritara n. á sinn fund og fengið þær upplýsingar hjá þeim sem hún telur þörf á í þessu efni.

Í annan stað er það rétt til getið hjá hv. síðasta ræðumanni, að tölvur og það, sem að þeim lýtur, upplýsingar úr slíkum gögnum, er ekki tekið með í þetta frv., af því að það er sérstök nefnd að vinna að því að semja sérstök lög um það efni. Ég vænti þess, að það verði hægt, áður en langt um líður, að leggja fram frv. um það efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Byggingarlög, frv. (þskj. 390). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. til byggingarlaga var samið á sínum tíma af allfjölmennri nefnd og er meginefni þess það að setja ein byggingarlög fyrir allt landið. Þetta frv. hefur legið fyrir þessari hv. d. á tveim undanförnum þingum. Félmn. þessarar d. hefur fjallað mjög ítarlega um frv. og í fyrra skilaði hún áliti ásamt nokkrum brtt. og var frv., þannig breytt, afgreitt héðan frá þessari hv. d. til Ed. Þar vannst ekki tími til að afgreiða málið. Að þessu sinni var frv. lagt fyrir hv. Ed. Hún hefur lokið athugun sinni á því. Ed. gerði nokkrar breytingar á frv. að tillögu félmn. Var það einkum í sambandi við eitt atriði sem hefur verið umdeilt, og það var um byggingarstjóra. Ég tel að n. í báðum d. hafi unnið vel að þessu máli og skal ekki rekja það frekar nú, enda hef ég gert það á undanförnum þingum, þegar málið hefur verið lagt fram.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn. og vænti þess, að samstaða geti náðst um að afgreiða það sem lög á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 391). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Þetta frv. stendur í beinu sambandi við frv. til byggingarlaga, sem var hér til umr. næst á undan, og hefur jafnan haft samflot með því frv.

Ég vil leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Ég ber hér fram á þskj. 395 ásamt hv. þm. Gils Guðmundssyni og Sighvati Björgvinssyni frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi. Þetta frv. er fram borið fyrir beiðni ábúanda jarðarinnar Kirkjubóls í Korpudal í Mosvallahreppi, en Kirkjuból er aðliggjandi hinum tveimur eyðijörðum sem farið er fram á að seldar verði. Það er ákaflega augljóst hagræði bónda, Bjarna Kristinssyni, sem nýfluttur er að Kirkjubóli, að fá þessar tvær eyðijarðir til nytja, og liggur raunar nokkuð ljóst fyrir að verða við þeirri ósk, þar sem þessar þrjár jarðir mynda eðlilega heild búnaðalaga séð.

Það liggja fyrir hér, eins og fram kemur á þskj., meðmæli bæði hreppsnefndar viðkomandi hrepps, Mosvallahrepps, og í öðru lagi meðmæli jarðanefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu, en meðmæli þessara tveggja aðila eru skilyrði þess, að umrædd sala geti farið fram. Mér finnst rétt að lesa hér bréf frá jarðanefnd, formanni jarðanefndar, Valdimar Gíslasyni á Mýrum í Dýrafirði, en fskj. nr. II barst mér í símskeyti og er aðeins staðfesting á því, sem segir í bréfi formannsins, en það hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Á fundi jarðanefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem haldinn var að Núpi 8. febr. 1978, var tekið fyrir erindi frá Bjarna Kristinssyni, Kirkjubóli, Korpudal, þar sem hann fer þess á leit við jarðanefnd, að hún gefi umsögn sína um fyrirhuguð kaup hans á jörðunum Efstabóli og Kroppsstöðum í Mosvallahreppi.

Fyrir jarðanefnd lá umsögn héraðsráðunauta Búnaðarsambands Vestfjarða um búskaparhæfni jarðanna, Kirkjubóls í Korpudal, Efstabóls og Kroppsstaða. Ráðunautarnir töldu ræktanlegt land á þessum þremur jörðum í kringum 50 ha., og meira ef fært reyndist að rækta engjarnar á Kirkjubóli. Þá lýstu ráðunautarnir yfir þeirri skoðun sinni, að gera mætti tvö lífvænleg býli úr þessum þremur jörðum, og miðuðu þá við að eingöngu væri rekinn kúabúskapur á öðru býlinu. Fram kom í skýrslu ráðunautanna að sauðfjárbeit er á Kirkjubóli fyrir 250—300 fjár, en mjög lítil á hinum jörðunum.

Það varð niðurstaða meiri hl. jarðanefndar, að eðlilegt væri að sameina umræddar þrjár jarðir í eina og í samræmi við það að mæla með kaupum Bjarna Kristinssonar á jörðunum Efstabóli og Kroppsstöðum. Rökin fyrir þessu áliti komu fram í umræðum um málið og voru þau m. a. að ræktanlegt land og beitiland þessara jarða bæri ekki tvö vísitölubú, ennfremur mælti lega jarðanna með sameiningu, þar sem Kroppsstaðir og Efstaból skipta landi Kirkjubóls í tvo aðskilda hluta. Einn nm., Birkir Friðbertsson, taldi sig vanbúinn til að ákveða umsögn um sölu nefndra jarða í skyndingu, sumpart vegna lítillar staðþekkingar og sumpart vegna umsagnar ráðunautanna, sem áður er á minnst.

Núpi, 9. 2. 1978,
f. h. jarðanefndar
Valdimar Gíslason."

Ég vil einnig til frekari upplýsingar lesa úr bréfi frá ábúanda Kirkjubóls, Bjarna Kristinssyni, bréfi sem hann skrifar til jarðanefndar þegar hann sækir um meðmæli hennar til kaupanna. Bjarni segir svo m. a., með leyfi forseta:

„Ástæður þess, að ég óska eftir að fá jarðir þessar keyptar, eru þær, að ég tel nauðsynlegt að um samnot eða sameiningu þessara þriggja jarða sé að ræða ef tryggja á arðvænlegan búskap hér á Kirkjubóli framvegis. Það kemur e. t. v. einkennilega fyrir sjónir manna, að ég, leiguliði á Kirkjubóli, er að sækjast eftir að fá nærliggjandi eyðijarðir keyptar, en því er til að svara, að með því að fá eignarrétt á jörðum þessum, þá treysti ég til muna framtíðarbúsetu mína hér og afkomu. Enn fremur verð ég betur í stakk búinn að kaupa Kirkjuból einnig seinna meir, ef ég á þessar jarðir fyrir. En sameiningu þessara þriggja jarða í eina góða bújörð tel ég vera algjöra forsendu fyrir traustri búsetu hér. Ég fer því þess á leit við jarðanefnd, að hún taki þetta mál til vinsamlegrar yfirvegunar."

Þetta er skrifað á Kirkjubóli í febrúar 1978, en undriskriftin er: Bjarni Kristinsson.

Því er aðeins við að bæta hér, að Kirkjuból í Korpudal hafði verið í eyði ein sjö ár áður en umræddur Bjarni Kristinsson settist þar að. Hann er að dómi allra, sem til þekkja, stakur myndarmaður í búskap, Bjarni Kristinsson, og þykir því heimamönnum í sveitinni mikill fengur í að hafa fengið svo dugmikinn og vænlegan ábúanda á þessa eyðijörð. Eins og fram kemur í bréfi Bjarna, þá er hann nú leiguliði á Kirkjubóli, en eigendur Kirkjubóls eru börn fyrrv. bónda á Kirkjubóli, Stefáns R. Pálssonar, sem nú er látinn.

Ég vona, af því sem hér hefur verið skýrt, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu og sala á þessum tveimur ríkisjörðum geti farið fram greiðlega og skjótt, þannig að bóndinn á Kirkjubóli, sem fólk í sveitinni bindur miklar vonir við, fái að vera þarna áfram, — þetta geti orðið með sem greiðustum og eðlilegustum hætti.

Ég vil svo, hæstv. forseti, leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskveiðar í landhelgi, frv. (þskj. 359). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar um breyt. á lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi frá 19. júní 1922. Það er þess efnis, að þrátt fyrir ákvæði þeirra laga, er sjútvrh. heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi, ef íslenskt fiskiskip verður fyrir verulegum áföllum vegna bilana eða að

skip verði dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað. Um heimild til veiða og löndunar á þá að fara eftir sömu reglum og gilda um íslensk skip, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í sérstökum reglum sem ráðh. er heimilt að setja við veitingu leyfis um veiði og landanir hins erlenda skips.

Þessi breyting á lögunum er ákaflega þröng, eins og orðalagið gefur til kynna. Frv. er flutt með það fyrir augum, að þegar skip verður fyrir áfalli og áhöfn tvístrast og ekki er hægt að fá skip í þess stað, þá geti sjútvrh. veitt slíkt leyfi um takmarkaðan tíma, eins og t. d. út vertíð, eða ef vélaskipti eða önnur viðgerð á að fara fram á viðkomandi skipi, þá á meðan sú viðgerð fer fram. Tvö dæmi eru nú nýlega. Togarinn Sigurður bilaði alvarlega, en hann var aflasælasta skip af nótaveiðiskipum okkar. Eigendur hans fengu ekki annað skip í hans stað. Hefði þó verið mjög æskilegt að þessi ágæta áhöfn og ágæta útgerð hefði getað fengið leyfi sem þetta, en eins og lögin frá 1922 eru, þá er engin heimild fyrir rn. eða ráðh. að veita slíkt leyfi. Sama má segja um loðnuskipið Jón Finnsson, sem varð fyrir alvarlegri bilun. Ef slík heimild hefði verið fyrir hendi og ekki hægt að fá íslenskt skip í stað Jóns Finnssonar, þá hefði vafalaust verið notuð heimild samkv. þessu frv., ef að lögum verður. Enn fremur má minna á, að ef skip eru gerð út frá fámennum stöðum og lífsafkoma fólks í viðkomandi stöðum byggist eingöngu á því, — við skulum segja að það sé einn skuttogari og hann bili alvarlega, — þá er auðvitað voðinn vís á slíkum stöðum ef bilun verður, og því skynsamlegt að hafa heimild sem þessa, sem er jafntakmörkuð og þm. sjá samkv. þessu orðalagi. Ég tel ekki æskilegt að hafa þetta orðalag víðtækara, því að þá mundi verða lagt að sjútvrn. að fara lengra í þessum efnum, en tel aftur rétt og eðlilegt að gera þessar breytingar á þessari gömlu löggjöf.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til sjútvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 399). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Við flytjum hér þrír þm. á þskj. 399 frv. til l. um breyt. á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Lagt er til að breyta 11. gr. í fuglaveiða- og fuglafriðunarlögunum og hljóðar viðbótin þannig:

„Ef eðlilegum nytjum af æðarvarpi er ógnað af ágangi arnar, er rn. skylt, sé þess óskað af hlutaðeigandi varpbónda, að senda svo fljótt sem unnt er sérfræðing á staðinn, er fylgist með og geri till. um, hvernig megi koma í veg fyrir eða bæta tjón af völdum arnarins. Rn. er þá heimilt að grípa til tafarlausra aðgerða til varnar viðkomandi æðarvarpi, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. 27. gr., án þess þó að erni verði eytt".

Þetta mál er í senn viðkvæmt mál og mikið vandamál. Hér eiga í hlut tveir miklir heiðursfuglar, sjálfur konungur fuglanna annars vegar, örninn, og ljúflingsfuglinn æðarfugl, sem er friðaður líka, nýtur þó ekki jafntryggilegrar verndar og örninn. Ég neita því ekki að það hvarflaði að mér, er ég fyrir óskir varpbænda í Breiðafjarðareyjum tók þetta mál upp, það hvarflaði að mér að orða brtt. þannig, að í neyðartilvikum, þegar nytjum æðarvarps er alvarlega ógnað, skyldi örninn hreinlega víkja fyrir æðarfuglinum. Ég komst bráðlega að raun um að útilokað var að slíkt fengist í gegn, þannig að þessi grein, eins og hún er orðuð, er vissulega eins væg og hugsast getur miðað við það vandamál sem örninn óneitanlega skapar víða í varplöndum.

Það er tekið fram í grg. okkar, að undanfarin ár hafi örninn gerst æ aðgangsríkari í Breiðafjarðareyjum og meira að segja tekið sér bólfestu, orpið í einni af þremur byggðum eyjum á Breiðafirði, Skáleyjum, eða úteyjum Skáleyja. Því er einnig lýst hér, hvern usla örninn gerir í varplandi. Þeir, sem þekkja til í æðarvarpi, hafa oft horft á það með nokkurri undrun, hvernig æðarfuglinn sópast af hreiðrunum á stóru landssvæði, þó að örninn geri ekki annað en að sveima yfir í allmikilli hæð. Það grípur um sig ólýsanleg skelfing og fár í æðarvarpinu, fuglinn sópast til sjávar af hreiðrum sínum og margar kollurnar eiga ekki afturkvæmt á sín hreiður. Þær yfirgefa, sem kallað er, og kannske áður en dúnn er kominn í hreiður. Eru þá nytjar af því hreiðrinu auðvitað útilokaðar á því ári.

Það er gefið mál, að æðarvarp er búgrein sem leggja ætti meiri rækt við en gert er nú. Það er hryggileg staðreynd, að æðarvarpi hefur farið hnignandi á síðari árum. Kemur þar sennilega ýmislegt til, ástæður sem ljósar eru og aðrar síður ljósar. Þess vegna vildi ég nú, er ég mæli fyrir þessu máli, láta í ljós ánægju mína yfir öðru þingmáli sem fjallar um könnun á lífnaðarháttum æðarfugls. Ég tel það fyllilega tímabært og réttlætanlegt. Það þurfa að koma til þarna meiri rannsóknir á háttum æðarfuglsins og með hvaða hætti við getum örvað þessa búgrein, sem hingað til hefur verið, a. m. k. á þessari öld, á heldur hallandi fæti. Einhvers staðar las ég í dagblöðum nýskeð, að í ár mundi verða hægt að selja hvert dúnkíló á 50 þús. kr., þannig að það segir sig sjálft, að hér eru ekki lítil verðmæti í húfi. Og því er það, að enda þótt við öll viljum þyrma erninum, konungi fuglanna, þá er það dálítið hroðaleg staðreynd, hvernig honum hefur haldist uppi undanfarin ár í þessum aðalvarpeyjum okkar lands, á Breiðafirði, að valda þar óhæfilega miklum usla í varplandinu.

E. t. v. má segja, að þessi grein til breytingar á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun hrökkvi ekki nógu langt til þess að vernda æðarvarpið gegn erninum. Ég hygg þó að hún geti orðið til aukins öryggis fyrir varpbændur, að þeir geti, þegar sýnt er að æðarvarpið er í stórhættu vegna ágangs af erni, krafist þess af rn. að fulltrúi þess, helst sérfræðingur, komi á staðinn, fylgist með og geri till. í samráði við heimamenn um til hvaða ráða sé hægt að grípa til þess að verjast erinum, og kannske ekki síður hitt, að hann geti verið umsagnaraðili um hvaða bætur viðkomandi bónda beri að fá, ef sannanlegt tjón verður af völdum arnarins. Það er bent á það í grg., að það hafi komið fyrir að varpbændur hafi orðið að leita til dómstóla til þess að fá

bætur fyrir tilfinnanlegt tjón af þessum völdum. Mér er persónulega kunnugt um að eitt slíkt mál fór til Hæstaréttar og bóndinn fékk þar loksins ¼ þeirrar upphæðar sem farið var fram á. Væri þarna maður til staðar til þess að fylgjast með, þá ætti slíkt ekki eða alla vega síður að þurfa að koma fyrir. Ég tel líka að nærvera sérfræðings á staðnum gæti e. t. v. opnað augu fuglaverndunarmanna og sérfræðinga fyrir því að veita í vissum neyðartilvikum undanþágu frá alfriðunarákvæðum arnarins eins og þau eru í gildandi lögum, en til þess þyrfti að sjálfsögðu lagabreytingu á Alþingi.

Ég held að ég þurfi ekki að skýra þetta nánar. Eins og ég sagði áðan, þá er hér fínt farið í sakirnar, eins vægilega og hugsanlegt var, af virðingu fyrir erninum sem fuglafræðinagr telja að sé enn í hættu. Ekki eru þó allir sammála um þetta. Aðrir vilja meina að arnarhjónin á landinu séu snöggtum fleiri en 10—11, sem sérfræðingar vilja halda fram. En allt um það, þá er ég sannarlega í hópi þeirra sem vilja fara með allri gát og varúð gagnvart erninum. En ég vil líka benda á rétt og halda fram réttri varpbænda, sem ár eftir ár verða fyrir þungum búsifjum af þessum konungi fuglanna, erninum.

Ég vona því, að úr því að við flm. þrír, Jóhannes Árnason og Gunnlaugur Finnsson auk mín, förum ekki fram á meira en raun ber vitni, þá verði þetta frv. til breyt. á umræddum lögum afgreitt vel og greiðlega.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég tek það fram í upphafi máls míns, að ég er gersamlega andvígur þessu frv. til laga sem hér er flutt af hv. þremur þm. Vestf.

Mikil umræða hefur farið fram um það á undanförnum árum, hvernig takast mætti að bjarga konungi fuglanna, eins og hann er nefndur, erninum, frá útrýmingu á Íslandi. Margir hafa þóst hafa fullvissu fyrir því, að ástæðan til þess, að arnarstofninum hnignar svo mjög, sé sú, að ýmsir varpbændur t. d. og fleiri hafi beitt, þrátt fyrir friðunarlögin, ólöglegum aðgerðum til þess að útrýma honum. Um þetta verður þó ekki fullyrt, en meðferð eitrunar fyrir refi t. d. hefur verið með þeim hætti, að vafalaust hefur orðið arnarstofninum til stórskaða. Og ástæðan til þess, að örninn er í hættu af þessum sökum, er sú, að hann er hrææta, sem má heita undantekning frá öðrum ránfuglum. Fálkinn er að þessu leyti ekki í hættu þar sem hann leggur sér ekki til munns annað en það sem hann drepur sjálfur eða í hæsta lagi fyndi blæðandi á vettvangi. En um þetta hefur verið löng umræða, með hvaða hætti mætti bjarga þessum virðulega fugli, og það hefur verið gert með því að fella inn í lög um fuglaveiðar og fuglafriðun algera friðun á þessari fuglategund.

Þetta frv. gengur í allt aðra átt. Þetta frv. fitjar upp á því að útrýma erninum, enda segir svo hér, að rn. sé heimilt að grípa til tafarlausra aðgerða til varnar viðkomandi æðarvarpi þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 27. gr. laganna, væntanlega fuglafriðunarlaganna, án þess þó að erni verði eytt. En um hvað fjallar þessi 1. málsgr. 27. gr. laganna svo? Með leyfi forseta:

„Fyrst skal að trufla fugla, sem friðunar njóta samkv. lögum þessum, við hreiður, svo að skaði geti hlotist af á eggjum þeirra eða ungum.“

Var furða þótt hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir tæki fram, að hún vildi fara með varúð gagnvart erninum. En þetta ákvæði í þessu nýja frv. verður ekki skilið á annan veg en þann, að hér sé lagt til, að það verði steypt undan honum, enda þótt það sé tekið fram, að ekki sé átt við að drepa fuglinn sjálfan. (Gripið fram í.) Það segir hér, að rn. sé skylt að fara að óskum hlutaðeigandi varpbónda, ef svo stendur á að örn ógnar æðarvarpi. Það er nú svo komið, að rn. á ekkert að hafa um það að segja til hvaða ráða gripið sé, heldur á að fara að kröfu hlutaðeigandi varpbónda og senda sérfræðing á vettvang, eins og hæstv. sjútvrh. talaði um, e. t. v. til að tala um fyrir erninum, að hann hætti þessari ósvinnu, eða hvaða aðferðir á að nota í þessu sambandi aðrar en þær að drepa fuglinn og koma í veg fyrir með þeim hætti að hann sæki í viðkomandi varp?

En svo er allt önnur saga, að fuglafræðingar telja að örn sé tiltölulega mjög skaðlítill í varpi. Hins vegar er veiðibjallan miklu meiri skaðvaldur og hrafninn einnig. Veiðibjöllunni fjölgar stöðugt, þrátt fyrir það að verðlaunað sé dráp á henni, og það væri miklu verðugra viðfangsefni til varnar æðarvarpi að hefjast handa um útrýmingu svartbaksins í miklu meiri mæli en orðið hefur. Það mundi bera miklu meiri árangur í þessu efni heldur en að ráðast að þessum örfáu fuglum, sem enn lifa af hinum fræga og verðmæta arnarstofni okkar.

Mér er alveg fullkunnugt um það, að flestir aðrir fuglar bera mikinn ótta og ugg í brjósti vegna arnarins. Hann má ekki sýna sig í návist æðarvarps án þess að fuglinn sé flemtri sleginn. Þó finnst mér af þessum dæmum, sem nefnd eru hér, að nokkuð mikið sé gert úr því, en ég vil þó ekki þræta um þetta við hv. þm., því enn gerkunnugri er hann þeim aðförum heldur en ég, og hef þó séð þessa dæmi. En þótt varlega sé í sakir farið og dregið úr í hálfu orði, þá er ekki verið með þessu frv. að gildra til annars en þess að hefja aðför að þessum örfáu fuglum, sem við eigum eftir af þessum stofni, og slíkt kemur ekki til nokkurra mála. Ég hef haft í huga lagasmíð þar sem enn væri reynt fremur en orðið er samkv. fuglafriðunarlögum og öðrum ráðstöfunum, sem gerðar eru, að hlífa þessum stofni og sjá svo um, að hann vaxi þarna upp.

Það er sannfæring mín að þessir örfáu fuglar, og þó þeir væru helmingi fleiri og fjórfalt fleiri, sem þeir þurfa að verða, hafa enga úrslitaþýðingu varðandi æðarvarp á Íslandi. Þar hafa svartbakurinn, veiðibjallan, og hrafninn miklu meira að segja, og það er að þeim óvini æðarvarpsins sem hv. þm. eiga að beina geiri sínum, en ekki þessum fugli okkar sem við þurfum að gæta eins og sjáaldurs auga okkar. Hvað verður um náttúruvernd og annað, sem menn hafa svo mjög í orði nú, ef eitthvað verður aðhafst til þess að þetta djásn úr fánu okkar hverfi?

Það er með nokkrum ólíkindum, að slíkt frv. sem þetta er borið fram. Ég hafði satt að segja ekki tekið eftir því, — líklega verið fjarverandi þegar það datt á borðin, — fyrr en hv. þm. Sigur-

laug Bjarnadóttir hóf að mæla fyrir því hér. Ég þarf ekki að *itreka andstöðu mína* við þessa aðför að erninum, en þetta gefur mér tilefni til þess nú þegar að hefjast handa um samningu frv. þar sem enn frekari tilraunir verða gerðar til þess að fóstra örninn en hingað til hafa verið gerðar.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Það var svo sem vænta mátti, að hinn tignarstóri fugl, örninn, ætti hér málsvara á Alþ. Ég hefði nú haldið að æðarfuglinn ætti það skilið af okkur, *einnig*, að við hefðum taugar til hans, og höfða ég þá ekki sérstaklega til mín, sem hef alist upp með æðarfugli og lít á hann nánast sem mennska vini mína, eins og flestum, að ég hygg, er farið sem eru aldir upp við æðarvarp, því að æðarfuglinn hefur, held ég, fullt eins mikinn „karakter" og örninn þó hann sé ekki eins grimmur. Hann hefur til að bera ýmsa ákaflega jákvæða og elskulega kosti, tryggð og vinfesti, sem jafnvel ná út yfir gröf og dauða. Ég má til með að upplýsa það hér, að æðar*kolla, vinkona mín og heimamanna heima* í Vigur, sem var auðkennileg að því leyti, að hún var blind á öðru auga og hafði átt hreiður við bæjargaflinn árum saman, þessi blindi fugl, vinur okkar, kom fram líklega 20 árum eftir að hún hlaut að vera öll. Hún kom fram á miðilsfundi ásamt með gamalli konu, gömlu dyggðahjúi sem varð oft gengið fram hjá hreiðri æðarkollunnar við bæjargaflinn hér í eina tíð. Þetta segi ég nú án þess að ég sé að halda uppi neinni vörn fyrir „spiritisma", en margt gerist þar einkennilegt og þetta er meðal þess allra merkilegasta sem ég hef heyrt frá svokölluðum miðilsfundum.

En þetta var útúrdúr. Ég held að afstaða hv. 3. þm. Austurl. sé á furðumiklum misskilningi byggð og eiginlega undarlegt, að hann skuli gera sig sekan um útúrsnúninga í þessu máli. Niðurlag grg. okkar fyrir till. endar svona, og ég bið hv. þm. að lesa það, hver er okkar hugur í þessu máli: „Auk þess" — segir í niðurlagi grg. — „væri tryggð betur en nú vernd arnarins og í senn æðarvarpsins gegn ágangi og tjóni af hans völdum." Sannleikurinn er sá, og ég hef heyrt bændur í Breiðafjarðareyjum lýsa áhyggjum sínum yfir því, að svo kynni að fara, þegar þolinmæði varpbænda væri þrotin, að þeir hreinlega bönuðu erninum. Það hefur skeð, og ég tel að *þessi till., þessi breyt. á lögunum, mundi tryggja*, kannske ekki fullkomlega, en hún kynni að geta afstýrt því, að slíkt ætti sér stað. Ég er sammála hv. þm. Sverri Hermannssyni að svartbakurinn er mesti skaðvaldur og e. t. v. meiri en örnin. En nú er hvarvetna að sjá í lögum um fuglafriðun og fuglavernd, og ég vænti þess að hv. þm. hafi lesið lögin yfir, að þar er iðulega tekið fram, að ýmis friðunarákvæði geti náð til sérstakra, afmarkaðra svæða. Það er einmitt það sem þetta frv. gerir. Það er borið fram, eins og segir í upphafi grg., með sérstöku tilliti til varplanda í Breiðarfjarðareyjum. Og svo ég vitni enn í varpbónda af Breiðafirði, tjáði hann mér ekki alls fyrir löngu, að nú í vetur hafi verið óvenjulega mikið um örn í byggðum eyjum Breiðafjarðar, meira en hann muni eftir áður, og þess vegna séu bændur nú sérstaklega uggandi um varpið á komandi vori.

Það má tala fjálglega um náttúruvernd og mannúð í umgengni við dýr. En ég bið hv. þm. að gera sér í hugarlund hvað skeður þegar örn venur komur sínar í varpland. Hann rífur upp hreiðrin. Hann rífur æðarfuglinn á hol eða hrellir hann að beini og þannig er aðkoman fyrir varpbónda að lokinni heimsókn arnarins. Ég er ekki að segja að það sé alltaf með þessum ósköpum, en þetta skeður, svo að þó við viljum vernda örninn, þá skulum við ekki gleyma því, að þetta er ránfugl. Þetta er hræfugl. Hann er það. Hv. þm. gat þess réttilega. Annars kom ég ekki inn á citurspursmálið í þessari till. Það var óþarfi að fara út í það. Ég veit að ernir hafa drepist af eitri þegar eitrað hefur verið fyrir svartbak og hrafn.

Ég er hrædd um að hv. þm. og útgerðarmanni Sverri Hermannssyni yrði ekkert um það, ef þorskurinn væri hrakinn af miðum Ögra og Vigra af einhverjum illum vættum sem bægðu fiskinum frá veiðitækjum hans í sjó. Þess vegna ætti hann fullvel að geta skilið, að varpbændum hitni í hamsi þegar þeir sjá aðalnytjagrein á búinu lagða jafnvel í rúst. Við skulum vera sanngjörn og líta á hlutina æsingalaust. Ég vísa því á bug, að ég sé að gera hér árás á örninn. Ég er þvert á móti, að ég tel að bera fram breytingu á lögum sem gæti verkað alveg eins til varnar fyrir hann eins og til árásar. Það er rétt hjá hv. þm. að þessi grein, sem vitnað er til, 27. gr., hljóðar um það að ekki megi viðhafa styggð og truflun í varplandi hinna friðuðu fugla. Ég vil líta svo á að það séu ýmsar aðferðir tiltækar aðrar en að steypa undan erninum með því að hrekja hann frá hreiðrinu og lofa honum ekki að komast að eggjum sínum. Það eru ýmsar aðrar aðferðir til að stugga honum frá með öðrum hætti.

Ég veit til þess, að *arnarhjón, sem urpu* í Skáleyjum s. l. ár, komu ekki upp ungum sínum. Það var ekki af því að þeim væri veitt styggð. Dr. Finnur Guðmundsson fuglafræðingur veitti mér í rauninni skýringu á því, að karlfuglinn hefði verið ófrjór í þessu tilviki, verið margfalt yngri en kvenfuglinn og þess vegna hefði eggið verið ófrjótt. Þetta höfðu þeir fuglafræðingar athugað. Og ég vil taka fram að lokum, að þetta frv. er flutt í nánu samráði við dr. Finn Guðmundsson, sem ég hygg að sé alveg *jafnannt um örninn og hv. þm. Sverri Hermannssyni*.

En ég endurtek: Ég vil að þetta verði grandskoðað með hagsmuni varpbænda, með hagsmuni æðarfuglsins og með hagsmuni arnarins fyrir augum.

Friðjón Þórðarson: Hæstv. forseti. Það er auðheyrt, að hinir tveir ágætu fuglar, örnin og æðarfuglinn, eiga formælendur hér í þingsalnum, og er það vel. Nú mun einhver styrjöld vera í uppsiglingu um örninn í vestureyjum Breiðafjarðar. Er þess svo sem jafnan að vænta, þar sem þessi fugl gerist fyrirferðarmikill.

Það var nokkuð rætt um hann hér á þingi fyrir nokkrum árum. Við vitum öll, að örninn er orðinn mjög fáliðaður hér á landi. Það eru

aðeins örfáir fuglar til, svo það er eðlilegt að menn vilji ekki láta hann hverfa úr íslensku dýraríki. Það þótti tíðindum sæta, man ég var, þegar þrír ernir sáust í einu á flugi yfir Hvammsfirði fyrir nokkrum árum.

Það skal ekki dregið í efa, að örninn getur verið viss ógnvaldur í æðarvarpi. Um það hefur maður heyrt ýmsar sögur. En þarna þarf að fara að með friði og gát, því að vissulega hygg ég að við flest séum þannig þenkjandi, að við viljum hlúa að báðum þessum ágætu fuglum.

Á meðan tveir vígreifir þm. Vestf. eða af vestfirskum uppruna vígbúast nú og ræða um þessi mál vil ég aðeins minna á það, að hér á landi starfar fuglaverndunarfélag. Þar eru margir miklir áhugamenn um viðgang arnarins og líf hans. Í þessu félagi eru m. a. tveir kunnir læknar, Björn Guðbrandsson og Úlfar Þórðarson. Ég man eftir því, hér um árið, þegar þó nokkurt stríð varð um þessi mál á Breiðafirði sunnanverðum, þá komu þessir aðilar m. a. á vettvang. Þeir félagar höfðu samband við varpeigendur, skýrðu fyrir þeim málin, og mér er kunnugt um að þeir jafnvel bættu varpeigendum tjón sem þeir töldu sig hafa orðið fyrir af völdum arnarins.

Nú þykir mér ráð, á meðan frv. eru undirbúin á báða bóga til breyt. á fuglafriðunarlögum, að við hugum að því, hvort ekki er hægt, a. m. k. við undirbúning næstu fjárlaga, að hækka þann lága og lítilfjörlega styrk, sem þessir áhugamenn hafa, til þess að reyna að láta örninn lifa áfram í íslensku dýraríki. Mig minnir að fjárveitingin á fjárl. sé nú ekki nema nokkrir tugir þúsunda. Ég hygg að ef þessari fjárveitingu væri lyft nokkuð, þá gæti það auðveldað þessum ágætu áhugamönnum að vernda líf arnarins og gera jafnframt varpbændur að nokkru ánægða með einhverjum bótagreiðslum, þar sem um sannanlegt tjón af hálfu hans er að ræða.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Eitthvað kann ég reyndar fyrir mér af miðilsfundum. Ef ég man rétt, þá kom fram á miðilsfundi skúr prestsins sem fauk í fyrra hjá Pétri Þrihross og var orðinn að höll á gullsúlum hinum megin. Svo að ýmis blómberanleg dæmi mætti rifja upp. En það kemur ekki þessu máli við.

Hv. þm. lagði áherslu á að þetta frv. væri flutt með sérstöku tilliti til verndunar varplanda í Breiðafjarðareyjum. Þó nú væri, þar sem örninn er hvergi finnanlegur lengur á þessu landi annars staðar en við Breiðafjörð, þannig að ástæðulaust er auðvitað að taka til fleiri byggðir en þar sem hann er að finna. (Gripið fram í.) Það finnst að vísu örn enn við Ísafjarðardjúp, þó hann sé miklu fágætari nú en í mínu ungdæmi. En einhvern veginn var það nú svo samt í „den tid“, meðan örn var daglegur gestur við Vigur og yfir Ögurvík, þá tvöfaldaði Vigurbóndinn dúntekjur sínar af Vigur. En aftur á móti er það staðreynd, að í landinu öllu og við Breiðafjörð, líklega vegna fólksfækkunar, og víðar hefur æðarvarpi hrakað. En hvernig stendur á því, að svo hefur orðið, þrátt fyrir það að erninum hefur stórfækkað sem raun ber vitni? Þar eru ekki tengsl á milli. Ástæðan fyrir því, að æðarvarpi hrakar, er veiðibjallan. Þetta hélt ég að væri löngu upplýst, og mér kemur sannarlega á óvart að þetta frv., árásarfrv. á örninn, skuli vera samið í samráði við dr. Finn Guðmundsson. Þó hef ég dæmi um það, að honum hefur skotist til að mynda í því, að hann hélt því einu sinni fram, að það hefði ekkert að segja upp á stærð rjúpnastofnsins, hvort skotið væri af honum eða ekki, og var þó víst veiðin um hálf milljón stykki það árið. Þessu trúi ég ekki, að það hafi ekkert að segja fyrir tveggja milljóna rjúpnastofn, hvort skotinn er ¼ af honum eða ekki. En það hefur svo náttúrlega hver sínar kenningar um þetta, og hann er auðvitað miklu fróðari í þessu efni en ég.

Nú er sagt, að ekki sé með þessu verið að setja lög til höfuðs erninum. Hvers vegna er þá ákvæði í lagagr. frv. svo hljóðandi: Ráðuneytinu er þá heimilt að grípa til tafarlausra aðgerða til varnar viðkomandi æðarvarpi, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 27. gr. laganna um fuglaveiðar og fuglafriðun? Hvaða ráðstafanir eru það, sem sérfræðingurinn á að gera? Hann á að gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að örninn sæki í varpið. (**Gripið fram í:** Færa hann þá.) Það kann vel að vera, að það verði fenginn sérfræðingur í að skaka skellur að örnum vestur í Breiðafjarðareyjar. En ég veit hins vegar hvaða ráð menn hafa haft, þó í óleyfi sé, og það er að beita skotvopnum, og það hefur gefið besta raun fyrir utan eitrið, sem menn hafa lagt fyrir tófur að vísu, en orðið hefur erninum að fjörtjóni. Í þessu frv. eru skýlaus ákvæði um að það skuli vegið að erninum. Það fer ekkert á milli mála, enda væri það óþarft ella eins og meining þess öll er.

Ég tek undir það, að vel mætti athuga, og það ætla ég að taka til athugunar í samningu þess frv. sem ég þegar í stað tek höndum til við að semja vegna þessarar árásar til frekari varnar erninum, að taka þar með hækkaðar bætur til þeirra sem sannanlega verða fyrir tjóni af hálfu arnarins. Það má vel athuga. Eins þarf að stórhækka sektir, ef menn leyfa sér að brjóta lögin og með einhverjum hætti gildra til þess að erni fækkar. Allt þetta þarf að taka til athugunar. En það fer auðvitað ekkert á milli mála, að með þessu frv. er hafin ný aðför að erninum.

Síðasta málsgr. í grg. skiptir ekki máli í því sambandi, þótt fullyrt sé að með þessu móti væri tryggð betur en nú vernd arnarins. Þetta er auðvitað óskiljanlegt, ef borið er saman við sjálfa lagagr., sem tekur fram að það megi fara að hreiðri arnarins og væntanlega þá til þess að steypa undan honum, því að í 27. gr. laganna er tekið fram, að það skuli umgangast hreiður friðaðra fugla með varúð og forðast auðvitað að granda eggjum fuglanna. Til hvers á að fara að hreiðri? Í þessari grein segir, að rn. sé heimilt að grípa til tafarlausra aðgerða, þrátt fyrir þessa grein um vernd hreiðranna. Ég veit náttúrlega ekki um neitt öruggara ráð til þess að koma erninum fyrir kattarnef en að steypa undan honum eða hindra að hann fái sinnt hreiðri sínu. Ekkert ráð er auðvitað jafnöruggt.

Nei, þetta frv. á auðvitað að draga til baka og flytja annað frv. um stórárás á höfuðvarginn í

æðarvarpslöndunum, sem er veiðibjallan, og eins mætti hafa hrafninn þar með, því þetta eru þeir fuglar sem skaðanum valda. Hitt eru hreinar undantekningar, og eftir því sem margir fræðimenn telja eru það úreltar kenningar að álita að örninn sé neinn skaðvaldur að marki í þessu efni, þar sem hann, eins og dæmin sanna, er miklu meira, eins og a. m. k. okkar stofn hefur samlagast landinu, hræfugl heldur en ránfugl.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Ég er nú ekki vanur að taka hér langan tíma í ræðuhöld um einstök mál, svo ég skal reyna að ljúka mínu máli á þessum 7 mínútum sem virðast vera til umráða. Því miður þurfti ég að víkja mér frá og heyrði þess vegna ekki þegar hv. 1. flm. og frsm. flutti þetta mál hér, en ég kom hér aftur aðvífandi þegar hv. 3. þm. Austurl. var að tala um þetta frv., greinlega á mjög öðru máli. Hann tók hér upp mjög harðar varnir fyrir ránfuglinn, og hann vildi að við drægjum þetta frv. til baka, því það væri misskilningur, sem hér lægi á bak við, og það ætti að auka varnirnar.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að ætlun mín með þessu frv. er ekki að vega að arnarstofninum á Íslandi, og ég hygg að það sé ekki heldur svo varðandi samflm. mína. Einfalda staðreyndin er sú, að þeta frv. er flutt til þess að auka möguleika á að friða varplönd þegar sérstök tilvik koma upp. Ég veit ekki hvort það hefur komið fram áður í þessari umr., að fyrir allmörgum árum lá við auðn í Hvallátrum á Breiðafirði vegna ágangs arnar, og þarna hafa búið og búa löghlýðnir menn. Það tók fjöldamörg ár þegar farið var fram á skaðabætur, vegna þess að rn. taldi sig ekki hafa lög á bak við sig til þess að hafast neitt að, — tók fjöldamörg ár að standa í málaferlum, sem lauk svo með hæstaréttardómi og hreinum smánarbótum miðað við það tjón sem til langs tíma var unnið á varplöndum. Og þegar þær blikur dragast upp á loftið, að liggur við að undirstaða að byggð í heilu sveitarfélagi leggist af vegna kannske einna arnarhjóna, þá tel ég að þessi virðulegi og fagri ránfugl sé ekki svo friðhelgur, að ekki megi grípa til skyndilegra aðgerða. Það, sem að baki liggur þessum frv.-flutningi, er eingöngu það, að þegar slík tilvik koma upp, þá sé rn. fljótvirkara til aðgerða, það séu þegar fyrir hendi gögn varðandi hugsanlegar skaðabætur og það sé hugsanlegt með tafarlausum aðgerðum að venja örninn af því að verpa í miðju æðarvarpi.

Ég hef greinargóða lýsingu á því, hvernig þessar úreltu kenningar, sem hv. 3. þm. Austurl. var að tala um, eru í reynd, þegar bæði á s. l. vori og á næstsíðasta vori örn varp í úteyjum Skáleyja, hvernig afkoman var þar. Það var sem betur fer ekki fyrir aðgerðir viðkomandi ábúenda, að örninn flæmdist í burtu, því það vildi svo vel til, að þar var fuglafræðingur á ferðinni. Það hefur kannske verið rannsóknarstarf fuglafræðingsins sem olli því, að örninn fór í burtu, en svo mikið er víst, að það varð ekki stórfellt tjón á s. l. ári né heldur á árinu 1976. Það skortir þó allar heimildir og alla möguleika til þess að grípa til ráðstafana ef slíkt gerist, sem allar horfur eru á.

Hér er eingöngu um það að ræða, þegar vitnað er þarna til 1. mgr. 27. gr. laganna, að fara skal með friði og styggja ekki erni af hreiðrum, þá er eingöngu spurning um það, hvort heimilt sé að koma í veg fyrir að arnarhjón setjist um kyrrt, verpi ár eftir ár í varplöndum, komi þar upp nýjum stofni, sem sest að, eða hvort hægt er að beina varpstöðvunum á ákveðna staði, þar sem ernir hafa fengið að vera í friði og þar sem þeir eiga að fá að vera í friði. Þess vegna held ég að það tjói ekki að vera með neinar meiningar um það, að hér sé verið að ráðast að þessari sjaldgæfu og fallegu fuglategund með útrýmingarsjónarmið í huga. Ég hafna slíkum getsökum algjörlega. Ég veit að þeir, sem eiga þarna við vandamál að stríða, eru sjálfir miklir náttúruunnendur og náttúruverndarmenn, og það er ekki aðför að erninum, sem fyrir þeim vakir, heldur að halda eðlilegu hlutfalli í náttúrunni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 1. mars.

Umboðsmenn.

Skriflegt svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Kjartanssonar um umboðsmenn erlendra framleiðenda eða heildsala, á þskj. 326, afhent þm. 1. mars.

1. Hverjir eru þeir 1000—2000 íslenskir aðilar, sem gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands hefur skrá yfir sem umboðsmenn erlendra framleiðenda eða heildsala, er stunda innfluting til Íslands?

Svar: *Hér með fylgja tveir listar, sem gjaldeyriseftirlitið styðst við til upplýsingaöflunar um* gjaldeyrisskil íslenskra innflytjenda og umboðsmanna. Óskast listarnir afhentir fyrirspyrjanda, en ég tel fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að kosta upp á prentun slíkrar fyrirtækjaskrár.

2. Fyrir hvaða vörur hafa þessir aðilar umboð hver um sig?

Svar: Upplýsingar liggja ekki fyrir um þetta.

3. *Hvernig skiptust þær 2517 milljónir króna í* umboðslaunum, sem skil voru gerð fyrir í vörum eða gjaldeyri á síðasta ári, milli þessara aðila?

Svar: Í spurninigunni er gengið út frá 2517 milljónum króna umboðslaunaskilum, en það voru skilin fyrstu 11 mánuði ársins 1977.

Heildarumboðslaunatekjur, sem aðilar þessir skiluðu á öllu árinu 1977, námu 3156 milljónum króna, þar af var varið 550 milljónum króna til vörukaupa. Bein umboðslaunaskil í peningum *námu því* 2606 milljónum króna, sem 866 umboðsmenn skiluðu. Skipting skila umboðslauna á milli einstakra aðila hefur ekki fengist gefin upp, þar sem um trúnaðarmál er að ræða.

4. Hvaða reglur gilda um það, hverjir Íslendingar *megi taka að sér erindrekstur fyrir erlenda* framleiðendur og heildsala?

Svar: Að því er verslun snertir vísast til laga nr. 41/1968, um verslunaratvinnu. Til umboðsverslunar fyrir erlenda aðila þarf annaðhvort heildsöluleyfi eða sérstakt leyfi til umboðsverslunar.

Sameinað þing, 51. fundur.

Fimmtudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur af útfluttum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 96). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Leit að karfamiðum, þáltill. (þskj. 329). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Uppbygging strandferðaþjónustunnar, þáltill. (þskj. 344). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hagstofnun launþega og vinnuveitenda, þáltill. (þskj. 392). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Lífnaðarhættir æðarfugls, þáltill. (þskj. 387). — Ein umr.

Flm. (Þorleifur K. Kristmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt Inga Tryggvasyni, 6. þm. Norðurl. e., þáltill. á þskj. 387, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að láta framkvæma vísindalega rannsókn á lífnaðarháttum æðarfuglsins."

Ástæðan til þess, að þessi þáltill. er flutt, er einfaldlega sú staðreynd, að æðarvarpi hefur hrakað mjög mikið frá árum síðari heimsstyrjaldarinnar, svo sem sjá má af tölum í meðfylgjandi grg. um dúntekju. En eins og þar segir var meðalútflutningur á dún á árunum 1864—1913 nálega 3400 kg árlega, en ekki er í þessari tölu sá dúnn sem notaður var innanlands. En ársmeðaltal allrar dúntekju, bæði útflutts og notaðs innanlands, á árunum 1943—1960 var aðeins 2100 kg árlega.

Einn merkasti þáttur í sögu þjóðar okkar undanfarna áratugi hefur verið baráttan við að halda landinu öllu sem mest í byggð. Augljóst er, að til að svo megi sem best takast þarf að tryggja afkomu fólks í hinum dreifðu byggðum, og er enginn vafi á því, að nýting ýmissa hlunninda hlýtur að vera stór hluti í afkomunni. Samkv. fasteignamati 1970 eru skráðar 270 jarðir í landinu með dúntekju, þannig að rösklega 8 kg af dún koma þá að meðaltali í hluta hverrar jarðar samkv. upplýsingum um dúntekju á s. l. ári, en hún var um 2200 kg. Ekki er vafi á því, að varpstöðvum má fjölga allmikið víða um land og að skilyrði fyrir mun stærri stofn æðarfugls eru hér, þó að auðvitað séu því takmörk sett af náttúrunni, hve stór stofninn geti verið. Það er margt sem veldur því, að æðarstofninn er langt frá því að vera í fullri og eðlilegri stærð. Æðarfuglinn á marga óvini, og margar aðgerðir okkar, sem byggjum þetta land, valda því, að mikil röskun hefur orðið í lífríki æðarfuglsins. Nokkurra óvina æðarfuglsins er getið í meðfylgjandi grg., og langar mig að ræða þann þátt nokkru nánar hér.

Öll þekkjum við olíumengunina, en sem betur fer er baráttan gegn henni komin í fullan gang og þar hafa Íslendingar staðið mjög vel að verki. En þessi skaðvaldur skemmir og eyðileggur fleira en æðarfuglinn. Þannig er nú málum komið að gera verður ráð fyrir, að þessi óvinur sé á undanhaldi. Aftur á móti er vargfuglinn mjög vaxandi óvinur í lífríki æðarfuglsins. Þegar ég tala um vargfugl, þá á ég ekki aðeins við svartbakinn og hrafninn, ég held að nánast allar mávategundir éti egg og unga æðarkollunnar. Svartbakurinn er t. d. ekki nærri eins mikill skaðvaldur á Austurlandi og silfurmávurinn, sem er í stórum flokkum þar og er, að því er mér best skilst, að dreifast meira og meira yfir landið með ári hverju. Og þó það komi ekki æðarfuglinum beint við, þá er ekki vafi á því, að þessi fugl, silfurmávurinn, étur egg og unga nánast allra minni fugla og á áreiðanlega mikinn þátt í því, hve mófuglum hefur fækkað hér á landi. Og það sakar ekki að minna á að lax mun verða fyrir miklum ágangi af svartbaki og vafalaust af silfurmávi, þar sem hann er kominn, en fuglar þessir vaka yfir árósum og veiða þar gönguseiði í miklu magni. Ég hef fengið nokkrar upplýsingar um þetta frá veiðimálastjóra og nokkrum þeim sem eiga hagsmuna að gæta vegna laxauppeldis og laxveiða.

Auðvitað er mörgu um að kenna, hve gegivænleg offjölgun máva og hrafna er. Slógi og lifur er hent í hafið af nánast öllum fiskimönnum okkar, grásleppuveiðimenn slægja jafnvel niður í lögn í stað þess að flytja allan þennan úrgang í land og reyna að nýta hann í fiskimjölsverksmiðjum, og vargfuglinn er mataður árið um kring í verstöðvum allt í kringum landið. Þeir eru víða og þeir eru margir opnu sorphaugarnir, þar sem vargfuglinn flögrar hundruðum og jafnvel þúsundum saman í ætisleit. Allt eru þetta þættir í uppeldi vargsins og burt séð frá æðarfuglinum er þetta ljót og sóðaleg umgengni okkar á landinu og hafinu umhverfis það. Þessi sóðaumgengni veldur mengun í náttúrunni og skapar jafnframt mikil umhverfisvandamál.

Rétt og skylt er að geta þess, að nokkuð hefur verið unnið að útrýmingu svartbaks og hrafns, bæði á vegum veiðistjóra í samráði við aðra og á vegum varpbænda, aðallega við Breiðafjörð. Samkv. skýrslu veiðistjóra voru 2126 svartbakar og 596 hrafnar skotnir á árinu 1977 og Páll Leifsson veiðimaður, sem hefur unnið fyrir æðarbændur við Breiðafjörð og fyrir Stykkishólmshrepp, mun á s.l. ári hafa skotið um 3200 svartbaka og 177 hrafna. Allt er þetta til mikilla bóta fyrir varpið. En það er jafnframt athyglisvert í skýrslu veiðistjóra, að það eru miklu fleiri en æðarbændur sem verða fyrir ágangi af vargfuglinum. Þessum orðum til staðfestu vil ég leyfa mér að vitna í bréf Búnaðarfélags Íslands til hv. fjvn. Alþ. frá 30. nóv. s.l., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til frekari upplýsinga fyrir fjvn. um það, hversu mikill vágestur flugvargurinn er orðinn á ýmsum sviðum, skulu hér tilfærðir nokkrir aðilar, sem veiðistjóri veitti meiri háttar aðstoð á líðandi ári: Dalvík: Veiðifélag Svarfaðardals, Blönduós: sveitarfélagið, Húsavík: Fiskiðjusamlag Húsavíkur, Ölfus: sauðfjárbóndi, Hrunamannahreppur: bændur vegna hænsnasláturhúsa í sveitinni, Austur-Landeyjar: hrossabóndi, Austur-Eyjafjöll: kornræktarbóndi, Miðnesheiði: heilbrigðisfulltrúi Suðurnesja, Reyðarfjörður: veiðifélag og sveitarstjórn, Hella: viðifélag Rangárvalla.

Flestar sýslunefndir í landinu gerðu samþykktir á sýslufundi 1977, þar sem óskað var eftir aðstoð veiðistjóra við fækkun flugvargs. Vegna fjárskorts gat veiðistjóraembættið ekki komið til móts við þær umleitanir nema í litlu.

Ótal einstaklingar og félagasamtök önnur en að framan eru talin hafa leitað ásjár hjá veiðistjóra á árinu varðandi varginn og nú síðast Fuglavinafélag Norðurlands, sem gjarnan vill viðhalda íslensku náttúrufari og sjá fjölskrúðugra fuglalíf en varginn."

Það er greinilegt af þessu bréfi, að vargfuglinn er víðar vágestur en í æðarvarpi, já, greinilega orðinn hrein plága í öllu lífríki Íslands og í fjölda atvinnugreina svo sem sjá má af upptalningunni í áðurnefndu bréfi. Og víst vekur það athygli mína og efalaust margra fleiri, að enginn æðarbóndi er í upptalningu veiðistjóra. Það er greinilegt, að fjárskortur veiðistjóra veldur því, að ekki er hægt að sinna öllum hjálparbeiðnum og svo komið að aðrir hafa hafist handa, svo sem sjá má af framtaki æðarbænda við Breiðafjörð, af framtaki Stykkishólmshrepps og vafalítið fleiri. Ég get bætt því við, að sýslunefnd Suður-Múlasýslu lagði nokkra fjárhæð fram á s.l. ári og er nú verið að nota hana í samráði við veiðistjóra og Pál Leifsson. Skotlaun fyrir svartbak eru svo hlálega lág, 20 eða 25 kr., að það mun þurfa að ná minnst þremur fuglum í skoti til þess að hafa fyrir verði skotsins, hvað þá fyrirhöfninni að innheimta skotlaunin, og engin skotlaun eru greidd fyrir silfurmávinn.

Netalagnir á grunnslóð eru einn vágesturinn. Enginn vafi er á því að það er ekki nóg að ákveða einhvern faðmafjölda frá landi sem takmörk fyrir því, hvar leggja má hrognkelsanet. Það þyrftu líka að vera dýptartakmörk, enda skilst mér að það sé aðallega í grynnst lögðu netunum sem æðarfuglinn er drepinn í stórum stíl. Það er raunar augljóst, að nokkrir hagsmunaárekstrar eru á milli æðarbænda og hrognkelsaveiðimanna. En ég minntist þess, þegar ég var að hugsa um að bera þessa þáltill. fram, að á s.l. ári kvörtuðu hrognkelsaveiðimenn um mjög minnkandi veiði. Þess vegna leitaði ég til fiskimálastjóra um upplýsingar þar að lútandi og fékk þetta að vita um grásleppuveiðar, þ.e.a.s. aðeins um veiði á grásleppu, en ekki rauðmaga:

Veiðarnar hafa verið vaxandi á undanförnum árum, voru árið 1975 5700 lestir og svo í hámarki á árinu 1976 og voru þá 6926 lestir. Af þessari lestatölu munu vera um 30% hrogn. En á árinu 1977 varð veiðin aðeins 5030 lestir. Fiskimálastjóri segir, að ekki sé vitað af hverju grásleppuveiðin minnkaði svo mikið, en rannsókn er í gangi á hrognkelsum.

Nú gæti maður látið sér detta í hug, að ofveiði sé þáttur í minnkandi grásleppuveiði. Komi það í ljós í rannsókn þeirri, sem nú er verið að gera á hrognkelsum, liggur það ljóst fyrir, að friðunaraðgerðir vegna hrognkelsastofnsins verða að vera gerðar með tilliti til æðarfuglsins. Á ég þá við, að bæði þyrfti að auka það dýpi, sem net eru lögð á, og jafnframt að friða lengra út frá varplöndum en nú má gera.

Þá er minkurinn mikill skaðvaldur í æðarvarpi og raunar í öllu lífríki íslenskrar náttúru og þarf að herða róðurinn í útrýmingu hans. Mér er sagt, að litlar ár og lítil vötn séu í mestu hættu fyrir minknum og víða hafi allt fisklíf í litlum ám og litlum vötnum nánast eyðst.

Eins skaðvaldsins er ekki getið í grg., en það eru byssumenn og skemmdarvargar. Ekki er mér ljóst hvað skyttur valda miklum skaða, en hann er talsverður sums staðar, og ekki bætir úr skák þegar einhverjir óþokkar fara í varplöndin og hreinlega eyða þeim af einhverri skemmdarfýsn, eins og nýlegt dæmi er um vestan af Snæfellsnesi.

Ekki er minnst á örninn í grg. sem hér fylgir. Þar er mjög sérstætt vandamál á ferðinni, svo sem heyra mátti af umr. í hv. Nd. í gær um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 frá 1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, á þskj. 399. En vafalítið yrði það vandamál rannsakað, ef sú hugmynd um vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfuglsins, sem þessi þáltill. felur í sér, verður að veruleika.

Ég hef aðeins hér áður drepið á tölur, sem segja okkur á glöggan hátt, hve mjög dúntekju hefur hrakað frá því um 1940. Ef við reyndum aðeins að glöggva okkur á því tekjulega tapi sem dúnbændur hafa orðið fyrir, þá er mér sagt af búvörudeild Sambands ísl. samvinnufélaga, en hún flytur út langmest af dúni þeim sem seldur er úr landinu, að nú sé verð á æðardúni fluttum út til Þýskalands 530 mörk á kg, en það mun vera um 66 650 kr. á kg, sem þýðir að verði útflutningur á þessu ári um 2000 kg, eins og var á s.l. ári, þá gerir það 133.3 millj., en hefði orðið 226.6 millj., ef æðarstofninn væri í þeirri stærð sem hann var fyrir 1940. Þarna munar hvorki meira né minna en 93.3 millj. í gjaldeyri fyrir þjóðina. Ég skal taka það fram í sambandi við þetta verðlag, að ekki kemur nánast allt þetta til bænda. Innifalið er auðvitað hreinsunarkostnaður og ýmis annar kostnaður. En bændur hafa

góðar tekjur af dún þar sem hann er nýttur. Þegar við heyrum þessa tölu, þá hljótum við að skilja, að nokkurn kostnað ættum við að geta lagt í til að koma lífsskilyrðum æðarfuglsins aftur í eðlilegt horf og við hljótum öll að sjá, að það verður jafnvægi í fleiri þáttum í lífríki strandarinnar og landsins en aðeins hjá æðarfuglinum. Það verða einnig meiri líkur á að hinar dreifðu byggðir haldi áfram að vera byggilegar, og sá kostnaður, sem þarf að leggja í við rannsóknirnar, skilar sér áreiðanlega fljótlega aftur í þjóðarbúið, ef svo færi að slík rannsókn gerði okkur færari um að vernda æðarstofninn og gera honum kleift að komast í eðlilega stærð.

Umgengni við æðarfuglinn og umhirða á æðarvarpi er einhver skemmtilegasti þáttur sem ég þekki úr búskap. Þar kemst fólk ekki aðeins í nána snertingu við æðarfuglinn, heldur allt líf og alla náttúru sem tilheyrir því lífríki sem æðarfuglinn á heima í. Þar er engin sláturtíð, þvert á móti er allt gert til að halda lífi í þessum skemmtilega, virðulega og prúða fugli.

Hingað til lands hefur verið leitað erlendis frá eftir upplýsingum um lífshætti æðarfuglsins, en við Íslendingar höfum ekki átt nein svör við þeim spurningum. Það hefur þótt furðu gegna, að sú þjóð, sem framleiðir meira en aðrar þjóðir af æðardúni, skuli nánast ekkert um fugl þennan vita annað en hvernig á að tína dún úr hreiðri og hvernig á að hreinsa hann.

Allt ber því að sama brunni um nauðsyn þess, að við látum gera vísindalega rannsókn á æðarfuglinum: fjárhagsleg afkoma æðarbændanna, eðlilegt jafnvægi í lífríki strandarinnar og landsins og ekki síst heiður okkar sem menntaðrar þjóðar að hafa einhverja vísindalega vitund um æðarfuglinn.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til atvmn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Ég vildi aðeins þakka hv. flm. fyrir að bera það hér fram. Mér finnst það fyllilega tímabært, bæði frá menningarlegu og atvinnulegu sjónarmiði. Það er í rauninni undarlegt, jafnmikilvægur nytjafugl og jafnmikilvæg atvinnugrein og æðarvarp og æðarvarpsnytjar gætu verið, að engin nútímaleg vísindarannsókn skuli hafa verið gerð á lifnaðarháttum fuglsins. Ég minni á og bendi á, að bæði í þágu fiskveiða og einnig í þágu landbúnaðar almennt eru veittar álitlegar fjárfúlgur til rannsókna, og er ekkert nema gott um það að segja. En þessi búgrein, sem hefur farið illu heilli heldur hrakandi, að því er varðar æðarvarpið, hefur algerlega verið sett hjá. Þess vegna vil ég ítreka það, sem kom fram hjá hv. frsm., að fyllilega er tímabært að þetta mál sé tekið til athugunar og rannsakað jafnframt með hverjum hætti við getum örvað æðarvarpið, hlúð að því og eytt þeim vágestum sem að því sækja. Ég þakka flm. fyrir og ég vænti þess, að framkvæmd málsins verði í þeim anda sem þessi till. er borin fram.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sami kjördagur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, þáltill. (þskj. 89). — Ein umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 89 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um sama kjördag fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar. Sjálf tillgr. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga hvort ekki sé æskilegt, að reglulegar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fari fram samtímis.“

Þessi þáltill. er endurflutt nú á þessu þingi. Hún var flutt í fyrsta skiptið á síðasta þingi, en varð ekki afgreidd þá. Ég legg áherslu á, að ég hef flutt þetta mál í þál.-formi, en ekki í frv.-formi, eins og sumum kann að virðast liggja beinast við að flytja breytingar við gildandi lög um kosningar til Alþingis annars vegar og gildandi lög um almennar sveitarstjórnarkosningar hins vegar. Þetta hef ég gert af ásettu ráði, vegna þess að mér er ljóst, að í sambandi við breytingu eins og þá, sem tillgr. gerir ráð fyrir, ef samþykkt yrði og framkvæmd, eru nokkur vandamál, sem koma til athugunar, og vafalaust þarf að breyta lögum að einhverju leyti, ef það yrði ráðið að samþykkja þessa breytingu.

Hugmynd mín að þessari þáltill. er komin frá því skipulagi sem Svíar hafa um kosningar, ekki einasta til þeirra þings, Riksdagens, og sveitarstjórnanna, heldur og líka til landsbinganna. Til þessara þriggja þinga, ef svo mætti kalla samkomur þessara stofnana, hefur síðan 1970 verið kosið samtímis og í einu lagi. Ég hef haft tækifæri til þess að ræða ítrekað við sænska stjórnmálamenn um reynslu Svía af þessari breytingu sem þeir gerðu árið 1970, og ég held að ég muni það rétt þegar ég staðhæfi að þeir eru mjög svo samdóma um að þessi breyting hafi orðið til hins betra, hún hafi ekki einasta haft í för með sér mikla minnkun á fjárhagskostnaði í sambandi við kosningar, heldur hafi hún líka gert það að verkum, að ófriður í kringum kosningar er minni og sjaldgæfari en áður var, meðan eldra fyrirkomulagi var fylgt og kosið til þessara þriggja þinga sérstaklega og út af fyrir sig á mismunandi tímum.

Hv. alþm. og aðrir vita um þá bróun sem hefur verið í landi okkar nú hina síðustu mánuði í sambandi við kosningar. Vegna mjög gallaðra kosningalaga og vegna háværrar kröfu, sem uppi er í þjóðfélaginu um aukinn rétt hins almenna kjósenda til þess að ráða meiru um það, hverjir skipi bekki Alþ., en þeir gera nú samkv. gildandi reglum um kosningar til Alþ., þá hafa flokkarnir í æ auknum mæli efnt til svokallaðra forkosninga, þ. e. prófkjöra, skoðanakannana og hvað það nú heitir. Því hefur verið haldið fram í sambandi við þau fjölmörgu prófkjör og skoðanakannanir, sem farið hafa fram á árinu, að menn hafi getað labbað á milli flokka, ef svo mætti segja, og tekið þátt í prófkosningum hjá þremur flokkum. Ef ég tæki dæmið frá Reykjavík t. d., þar sem ég hygg að a. m. k. þrír flokkar hafi þegar efnt til forkosninga — bæði í sambandi við alþingiskosningarnar væntanlegu og

sveitarstjórnarkosningarnar væntanlegu — og ef ég gef mér það, sem sennilega er talsvert til í, að nokkuð margir kjósendur hafi kosið í forkosningum allra þessara flokka, bæði til þingsins og sveitarstjórnanna, og litið er svo til þess, að sami kjósandi, sem þetta hefur gert, á væntanlega eftir að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum í maí og í alþingiskosningunum í júní, ef þær fara fram á eðlilegum tíma, þá hefur þessi kjósandi tekið þátt í átta kosningum, prófkjörum og reglulegum kosningum. Allir hljóta að sjá, að slík framkvæmd á kosningum til Alþingis og til sveitarstjórna er ekki einasta allt of dýr og skapar of mikinn ófrið í þjóðfélaginu. Hún er líka til þess fallin að draga úr mikilvægi þeirrar athafnar að nota kosningaréttinn á ábyrgan og heiðarlegan hátt. Ég held því, að á þessu fyrirkomulagi, sem mér virðist sífellt hljóta að þróast í þessa óheillaátt að óbreyttum reglum um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna, þurfi að gera breytingar sem komi í veg fyrir þetta.

Með þeirri þáltill., sem ég er hér að mæla fyrir, og með frv. til l., — sem ég hef líka flutt og áður talað fyrir og skal ekki fara út í að lýsa, — sem gerir ráð fyrir að prófkjör og reglulegar kosningar til Alþingis fari fram samtímis, er ég að leggja til að einfalda mjög þá athöfn sem fylgir því að nota rétt sinn til þess að kjósa þm. og fulltrúa í sveitarstjórnir. Ég tel að við breytingar eins og þær, sem ég er hér að lýsa, vinnist mjög margt. Ég skal ekki fara að rekja það núna. Ég hef komið að því áður, eins og ég sagði, og vil ekki lengja þingfund með því að fara frekar inn á það. En ég get hugsað mér að segja örfá orð um þá framkvæmd sem yrði, ef horfið yrði að þeirri reglu sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir.

Ef kosið yrði samtímis til sveitarstjórna og Alþ., þá gæti ég hugsað mér að framkvæmdin yrði eitthvað svipuð því og nú er í Svíþjóð. Flokkarnir mundu bjóða fram lista til Alþ. og til sveitarstjórna og ekkert væri því til fyrirstöðu, að einn og sami maðurinn gæti verið bæði á framboðslistanum til Alþ. í því kjördæmi, sem hann býr í, og einnig á þeim framboðslista, sem er til sveitarstjórnarkjörs í því sveitarfélagi sem hann býr í. Framboðsfundir gætu að sjálfsögðu farið fram og færu fram sitt í hverju lagi, þannig að frambjóðendur til alþingiskosninga mundu efna til kjósendafunda í sínu kjördæmi og frambjóðendur til sveitarstjórna mundu efna til funda um sveitarstjórnarmálefni í því sveitarfélagi sem þeir búa í. Síðan yrði á sjálfan kjördaginn háttur inn sá, að kjósandi fengi afhenta tvo kjörseðla, annan kjörseðil til Alþ. og hinn kjörseðilinn til sveitarstjórna. Hann færi inn í kjörklefa og kysi þar eftir því sem hugur hans stendur til og síðan skilaði hann atkvæðaseðlunum í sinn hvorn kassann, annar kassinn yrði fyrir alþingiskosningar og hinn yrði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Ég fæ ekki séð að þessi breytta framkvæmd á kosningum til Alþ. og sveitarstjórna dragi á nokkurn minnsta hátt úr þeim lýðræðislegu réttindum, sem þjóðfélag okkar vill tryggja þegnunum til þess að hafa áhrif á skipan Alþ. og sveitarstjórna. Það er að mínu viti ekki hægt að færa minnstu rök fyrir því, að nokkur kjósandi í þessu landi tapi að nokkru leyti einhverjum þeim réttindum í þessum efnum, sem hann býr við við gildandi skipulag. Hitt er augljóst, að margt mundi vinnast við þessa breytingu. Kostnaður við kosningar mundi verða langtum minni en hann er núna. Ófriður, sem gjarnan fylgir kosningabaráttu, mundi verða miklu minni en er í dag, og öll sú fyrirhöfn og þau leiðindi, sem nú eru fylgjandi margendurteknum prófkjörum flokkanna, mundu leggjast af.

Mér sýnist við fljóta athugun, að einn af kostum við samþykkt þessarar þáltill. sé sá, að hægt sé að framkvæma þessa breytingu án þess að stjórnarskrárbreyting þurfi til að koma. En það verður væntanlega athugað og rannsakað nánar í sambandi við þá almennu athugun sem færi fram á efni málsins, ef till. þessi fengist samþykkt.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða öllu meira um efni þáltill. Hvort tveggja er, að ég hef áður mælt fyrir henni, þ. e. a. s. á síðasta þingi, og svo hitt, að henni fylgir nokkuð itarleg grg., sem ég vísa til um frekari upplýsingar varðandi þetta mál. Ég legg því til, herra forseti, að umr. um till. verði nú frestað og henni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, þáltill. (þskj. 92). — Frh. fyrri umr.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., er á þskj. 92, þ. e. till. til þál. um könnun á rekstrarhorfum járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Í þessari till. er gert ráð fyrir því, að Alþ. kjósi sjö manna nefnd til þess að kanna rekstrarhorfur járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Í þessari till. er gert ráð fyrir því, að Alþ. kjósi sjö manna nefnd til þess að kanna rekstrarhorfur járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Lögð er á það áhersla, að þessi könnun geti farið fram fljótlega, og síðan lagt til, að bendi athugun til þess, að rekstrarhorfur verksmiðjunnar séu slæmar, þá verði reynt að hverfa að því ráði að stöðva framkvæmdir eða fresta þeim.

Það þarf ekki að rifja það upp með mörgum orðum hér, að mikill ágreiningur var um það á sínum tíma, þegar ákveðið var að ráðast í þessa verksmiðjubyggingu, byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, en nokkur atriði snertandi málið er þó rétt að rifja upp.

Upphaflega voru lög sett um þetta fyrirtæki snemma árs 1975, eða nánar tiltekið lögin samþ. 26. apríl 1975. Þá var gert ráð fyrir því, að verksmiðjan yrði sameign íslenska ríkisins og stórfyrirtækisins bandarísku Union Carbide. Allir kannast við, að þetta ameríska stórfyrirtæki gafst upp á þessari hugmynd. Það vildi losa sig út úr þessum samningum og borgaði allmiklar skaðabætur til þess að losna frá samningunum. En þar með var ekki málið búið. Hæstv. ríkisstj. hélt áfram að leita að samstarfsaðilum erlendis, og tókst að ná samningum við stórfyrirtæki í Noregi, Elkem-Spigerverket, sem starfar einnig á

þessu sviði. Samningur var síðan gerður við þetta fyrirtæki í lok ársins 1976 og lög samþ. á nýjan leik um verksmiðjuna snemma í maímánuði 1977, þrátt fyrir það að þá lægi fyrir, — og það var ekki aðeins hið ameríska stórfyrirtæki, sem starfar sérstaklega á þessu sviði, sem hélt því fram, — að rekstrarhorfur fyrir verksmiðju af þessu tagi væru mjög slæmar, en af þeim ástæðum vildi hið ameríska stórfyrirtæki draga sig út úr verksmiðjurekstrinum. Þrátt fyrir að upplýsingar þessa fyrirtækis og aðrar upplýsingar, sem fyrir lágu um rekstrarstöðu fyrirtækja af þessari tegund um það leyti sem samningurinn var gerður við norska stórfyrirtækið, væru allar á þá lund, að hér virtist vera um mjög erfiða rekstrarafkomu að ræða — og miðað við þær forsendur sem þá lágu fyrir — hallarekstur á verksmiðjunni, var eigi að síður samþ. að halda áfram að framkvæma fyrri hugmyndir og koma upp þessari járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Ég minni á það, að um það leyti sem lögin voru sett í síðara skiptið varðandi þessa verksmiðju, þá var reiknað út af Þjóðhagsstofnun, að miðað við þær upplýsingar, sem fyrir lægju frá þeim sem höfðu undirbúið málið, mætti búast við því, að árlegt tap á þessari verksmiðju yrði í kringum 800 millj. kr. Þetta tap var að sjálfsögðu miðað við þær horfur sem þá voru í þessum markaðsmálum. Nú er öllum kunnugt um það, að áfram hefur verið haldið þrátt fyrir ljótt útlit í þessum efnum og búið er þegar að setja allmikið fjármagn í þessa verksmiðju á lánsfjáráætlun sem lögð var hér fram á Alþ. fyrir s. l. ár, árið 1977. Þá var gert ráð fyrir því, að heildarframkvæmdir á því ári við verksmiðjuna gætu orðið í kringum 5000 millj. kr. Í lánsfjáráætlun fyrir þetta ár er gert ráð fyrir því, að heildarframkvæmdir við verksmiðjuna verði í kringum 8000 millj. kr. Nokkuð var búið að leggja í verksmiðjuna fyrr en þarna er rætt um, en miðað við upphaflegar áætlanir hygg ég, að það stefni á það nú, að heildarstofnkostnaður þessa fyrirtækis verði varla undir 28—29 milljörðum kr. En ég geri ráð fyrir því, að hv. alþm. minnist þess, að áætlanir, sem lagðar voru fram á Alþ. og miðaðar voru við framkvæmdakostnað á árinu 1975—1976, voru upp á 18.4 milljarða, á því verðlagi sem þá gilti. Nú er hér ekki um neina smáframkvæmd að ræða, þar sem gera má ráð fyrir, að heildarstofnkostnaður fyrirtækisins geti orðið í kringum 28—29 milljarða kr. Það jafngildir um þremur Kröfluvirkjunum, eins og talið er að sú virkjun kosti nú. Auk þessa þarf svo auðvitað verksmiðjan í Hvalfirði sína virkjun. Er gert ráð fyrir því, að hún þurfi um það bil helming orkunnar frá Sigölduvirkjun og rétt er því í þessu sambandi að tala um það, að um helmingur af stofnkostnaði Sigölduvirkjunar eða virkjunar af þeirri stærð tilheyri í rauninni þessari verksmiðju. Hér er því á íslenskan mælikvarða um gífurlega háar fjárhæðir að ræða sem þessi stofnkostnaður snýst um.

Eftir því sem ég best veit, þá liggja fyrir nýjar upplýsingar um horfurnar í stálframleiðslu og skyldum greinum. Allar þær upplýsingar, sem liggja fyrir nú, benda til þess, að ástandið sé enn þá verra nú en það var þegar lögin voru samþ. vorið 1977. Útlitið um rekstur á þessu sviði er miklu verra en það var. Ég hef ekki beinar tölur um það, hvernig rekstur verksmiðjunnar yrði metinn núna, en mér þykir mjög sennilegt miðað við þessar upplýsingar, að þær áætlanir, sem hér voru lagðar fram, mundu nú sýna ekki minna en 1 milljarðs til 1½ milljarðs rekstrartap á hverju ári miðað við þær aðstæður sem gilda á heimsmarkaði nú.

Það er alveg óumdeilanlegt, að framleiðsla af þessu tagi og í sambandi við stálframleiðsluna sem heild hefur stórkostlega dregist saman í allri Vestur-Evrópu og í Bandaríkjunum. Hins vegar hefur orðið þó nokkur aukning á hliðstæðri framleiðslu í svonefndum þróunarlöndum. Það hefur verið gripið til þess m. a. af þeim, sem ráða miklu yfir alþjóðlegu fjármagni, að sveigja þessa framleiðslu einmitt til þeirra landssvæða þar sem hægt hefur verið að komast yfir mjög ódýra orku til framleiðslunnar og oft og tíðum einnig að fá hagstætt verð á öðru hráefni sem þarf til þessarar framleiðslu. Þess vegna hefur því verið spáð að í Vestur-Evrópu og á því svæði, sem við tilheyrum, verði áfram um stórfelldan samdrátt að ræða í þessari framleiðslu, en framleiðslan muni fremur færast yfir á önnur svæði í heiminum. M. a. hefur framkvæmdastjóri eða bankastjóri Alþjóðabankans haft uppi miklar áætlanir um þessa þróun sem vitnað hefur verið til í fjöllesnum blöðum.

Sagt er nú, að framleiðsla á stáli og skyldum framleiðslugreinum hafi dregist saman um rétt um það bil 50% í Vestur-Evrópu á tiltölulega stuttum tíma. Ýmis stór fyrirtæki á þessu sviði hafa leitað eftir ríkisaðstoð vegna erfiðleika sinna. Og þetta hefur ekki aðeins verið stundarfyrirbæri. Þetta var komið upp á árinu 1975, þegar stórfyrirtækið Union Carbide sá þetta fyrir og vildi koma sér út úr rekstrinum. Þetta gekk einnig yfir á árinu 1976, þegar menn hér á landi vildu helst ekki meta þetta til neins og sögðu: Þetta hlýtur að batna. — En þetta gekk svona áfram allt árið 1977 og enn í dag er útlitið það sama. Hér er því um það að ræða, að auðvitað hvílir á okkur sú skylda að meta þessa stöðu alla á nýjan leik.

Það er þegar búið að gera allt of mikið að því hjá okkur að ráðast í ýmiss konar framkvæmdir sem hafa reynst illa undirbúnar. Auðvitað viðurkennum við það öll, að þar er eitt af gleggstu dæmunum Kröfluvirkjun, það er ekkert um það að villast að þar skorti verulega á undirbúning og þar var ráðist með miklum krafti í framkvæmdir án þess að nægilegar athuganir hefðu farið fram, — að ég tali nú ekki um það, að gengið væri þannig frá málum að rekstrarhliðinni væri sæmilega borgið. Við vitum einnig, að það var ráðist í að koma upp svonefndri þörungaverksmiðju. Þar skorti sýnilega mjög verulega á um rannsóknir og athuganir á málinu í heild. En þessi dæmi, og það er hægt að nefna þau miklu fleiri, eru tiltölulega smá í sniðum borið saman við það, sem hér er verið að ræða um, því framkvæmdirnar við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði eru stórkostlegar á íslenskan mælikvarða. Við skulum athuga það, að reynist verksmiðjan kosta í kringum 28—29 milljarða, eins og ég hef nefnt hér, þá er þarna um framkvæmd að ræða sem samsvarar um 30 nýtísku loðnu-

verksmiðjum, sem við höfum mjög hikað við að leggja fjármagn í að undanförnu, þó að þar hafi verið um mikla rekstrarmöguleika að ræða. Ef við breytum þessu í aðrar stærðir þar sem við þekkjum tiltölulega best til, þá er hér um framkvæmd að ræða sem samsvarar a. m. k. 50—70 nýtísku frystihúsum, sem er meginhlutinn af undirstöðuiðnaði okkar.

Hér er því verið að ráðast í gífurlega mikla og fjárfreka framkvæmd. Þarna er verið að binda sig. En útlitið er vægast sagt svart, og við erum búnir að brenna okkur á of litlum undirbúningi í mörgum tilfellum áður. Og hvað svo sem líður ágreiningi manna, sem hér var mikill um stofnun þessa fyrirtækis, — við vitum að ágreiningurinn var sumpart af raforkusölu til þessa fyrirtækis, að öðru leyti var þessi ágreiningur mjög um mengunarhættu frá fyrirtækinu og áhrif þessa mikla fyrirtækis á nálæg svæði rekstrarlega og afkomulega séð, og fleira kom inn í þann ágreining, — þá er alveg furðulegt að ekki skuli vera hægt að ræða um þann hluta máls, sem snertir beinan og venjulegan peningalegan rekstur. Þarf þetta að vera trúaratriði hjá mönnum, að böðlast áfram með þessar framkvæmdir jafnvel þó að þeir séu að leggja á sig skuldabagga?

Nú kann það auðvitað að vera svo, að menn segi: Þó að syrti í álinn og hafi svo verið nú í þrjú ár í þessum efnum, þá kann þetta að skána. — Já, vissulega getur það skánað. En er ekki ástæða til þess að huga betur að þessu máli, athuga það betur? Er ekki full ástæða til þess að Alþ. setji nefnd af sinni hálfu til þess að athuga hvar menn eru staddir í þessari framkvæmd? Er hægt að hægja á framkvæmdum? Er hægt að stöðva framkvæmdir og sjá þá betur hvað gerist? Eða á að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist? Hafa menn ekki fengið nóg af því nú í bili að ráðast í stórframkvæmdir, taka erlend lán og standa fyrir innlendum álögum með tilheyrandi afleiðingum, svo hægt sé að ráðast í framkvæmdir sem síðan skila engum arði, heldur beinlínis auka útgjöld á eftir?

Það er, eins og ég hef sagt stundum áður, auðvitað fyrir neðan virðingu allra, sem vilja láta taka sig alvarlega þegar um er að ræða stórmál eins og þetta, að afsaka sig með því, að einhver maður úr Alþb. hafi skipað nefnd til þess að athuga möguleika á þessum rekstri á sínum tíma. Auðvitað getur Alþ. í dag ekki afsakað sig með einu eða neinu, nema gengið sé út frá þeim forsendum sem fyrir liggja. Þær forsendur lágu þegar fyrir, þegar upphafleg lög voru hér sett um byggingu þessarar verksmiðju á árinu 1975, að hér væri um mikinn áhætturekstur að ræða, og það kom auðvitað strax fram, m. a. hjá þeim Alþb.-manni sem vitnað er til að hafi átt sinn hlut að því að þetta mál fór upphaflega af stað. Þá hafði hann áttað sig á því, að hann vildi ekki greiða þessu atkv. og greiddi því atkv. á móti þessari lagasetningu við nafnakall á Alþ. Það þurfti því ekki að halda áfram hans vegna. Það voru allt aðrir aðilar, sem vildu halda þessu áfram, jafnvel þó að allar ytri horfur bentu til þess, að um óhagkvæmt fyrirtæki væri að ræða.

Það dugði ekki ein aðvörun. Síðan fengu menn aðra aðvörun ári síðar. Þegar ameríska stórfyrirtækið hafði gengið úr málinu, þá áttu menn aftur kost á því að taka afstöðu til málsins, hvort ekki væri rétt að athuga málið betur a. m. k. Og aftur samþ. stjórnarliðar á Alþ. flestir, ekki þó allir, en flestir stjórnarliðar hér á Alþ. þá samþ. á nýjan leik ákvarðanir í þessum efnum, þrátt fyrir það að fyrir lægi, að hér gæti orðið um stórfelldan hallarekstur að ræða. Og áfram gerðu menn sig svo litilþæga að reyna að afsaka aðgerðir sínar með því, að maður í Alþb. hefði látið sér þetta til hugar koma einu sinni. Og síðan er ráðist í framkvæmdirnar og unnið að þeim, þó að menn fái æ ofan í æ aðvaranir. Ég vil t. d. vænta þess, að þeir hv. þm., sem hér eru nú staddir inni og sumir hverjir hafa allmikil sambönd, eins og fram kemur í ýmsum málum, við starfsbræður sína á Norðurlöndum, þeir hafi hlotið að fylgjast með dagblöðum þar, hvað þau hafa verið að skrifa um þessi mál að undanförnu. Þeir hafa kannske orðið eitthvað varir við það, hvernig menn tala um stálkreppuna þar og öll þau fjárhagslegu vandamál hjá þeim sem fylgja henni. Hefur sú reynsla ekki haft nein áhrif á þessa ágætu menn, eða lita menn kannske á það sem miklu afdrifarikara mál að breyta eitthvað til um kosningadag til sveitarstjórnarkosninga? Ég held að mál af þessari tegund, sem hér liggur fyrir, sé svo miklu stærra, að það væri ástæða til þess að taka þar eitthvert tillit til þess sem menn hafa verið að reka sig á í nálægum löndum.

Það liggur auðvitað ekkert fyrir um það, hvað það mundi kosta okkur út af fyrir sig að hægja á þessum framkvæmdum nú eða stöðva þær. Ég held að verkið sé ekki komið lengra en svo, að það sé vel hægt að stöðva þessar framkvæmdir. Ákvörðunarvaldið er í okkar höndum. Íslenska ríkið á 55% í þessu fyrirtæki, ræður þar hreinum meiri hluta. Ég hygg líka, að þó að sá norski aðili, sem hér á hlut að máli, hafi komið ár sinni vel fyrir borð í samningunum við Íslendinga, sem ekkert er um að efast, gæti hann látið sér nægja að fá að smíða það aðaltæki, sem í þessa verksmiðju á að fara, sjálfan bræðsluofninn. Þessi norski aðili hefur samning um þetta, fékk þann samning án þess að gert yrði útboð á þessum ofni. Það fer því auðvitað ekkert á milli mála, að þetta norska fyrirtæki græðir á þessu. Ég held að það gæti því fyllilega komið til greina, miðað við allar aðstæður nú, að stöðva þarna framkvæmdir á meðan málið er athugað betur, jafnvel þó að norski aðilinn væri ekki alveg við það sáttur, en ekki kæmi mér það á óvart, að hann væri fyllilega til viðtals um að hægja þarna á sér. Það mætti vel segja mér, að miðað við allt það, sem á undan er gengið, væru það íslenskir aðilar sem ýttu þarna fastast á eftir að halda áfram, festa meira fjármagn í þessu, þeir aðilar sem aldrei hafa skeytt neitt um það, hvort þeir eru að æða út í taprekstur eða ekki.

Við skulum athuga það, að ef þessi framkvæmd yrði nú stöðvuð um lengri eða skemmri tíma vegna ytri aðstæðna, þá mundi það auðvitað spara okkur ýmislegt. Það mundi í fyrsta lagi gera okkur kleift að fresta um nokkur ár nýrri stórvirkjun, Hrauneyjafossvirkjun, virkjun sem alveg örugglega kostar einhvers staðar á milli 15 og 25 milljarða króna. Þá lægju orkumál okkar þannig fyrir, að við gætum auðveldlega frestað þessari framkvæmd, og þá hefðum við yfir að ráða nú á

næstu árum orku, sem við gætum notað til eigin þarfa á hagkvæman hátt. Á það hefur m.a. verið bent af efnahagssérfræðingum ríkisstj. og ýmsum fleirum reyndar, að það leiki enginn vafi á því, að skýringuna á hinni innlendu verðbólgu okkar nú síðustu árin megi rekja til þess að allverulegu leyti, hve mikið erlent fjármagn hafi verið flutt inn í landið á tiltölulega stuttum tíma, fjármagn sem notað hafi verið til venjulegra innlendra framkvæmda, til venjulegrar innlendrar vinnu, breytt hér í íslenska peninga. Þetta hafi verkað þannig á íslenska peningakerfið, að það hafi stórkostlega aukið á þrýstinginn þar og haft mikil verðbólguáhrif. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að einkum á s.l. tveimur árum hefur verið gert mikið að þessu og það er ekki sjáanlegt að hægt sé að komast undan því, að þetta haldi áfram með sínum afleiðingum varðandi verðbólgu, ef á að halda áfram af fullum krafti með járnblendiverksmiðjuna og þær virkjunarframkvæmdir sem þar sigla í kjölfarið.

Það er því skoðun mín að fyllsta ástæða sé til þess, eins og nú er komið, að samþ. till. eins og þá sem hér liggur fyrir, að Alþ. skipi sérstaka nefnd af sinni hálfu til þess að gera úttekt á málinu, kanna hvaða möguleikar séu fyrir hendi til þess að stöðva þarna framkvæmdir, losa sig við það að festa þarna fjármagn að óþörfu og láta athuga það enn betur hvaða möguleikar kunni að verða á því að reka þarna fyrirtæki með eðlilegum hætti.

Ég ætla mér ekki í þessum umr. að taka upp fyrri umr. um raforkusöluna til þessa fyrirtækis, en það er rétt að menn hafi í huga að þetta fyrirtæki, sem hér er verið að ræða um, járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, byggir fyrst og fremst rekstur sinn á tveimur meginþáttum. Í fyrsta lagi byggir það rekstur sinn á miklu fjármagni. Það verður að vera mikið fjármagn fest í fyrirtækinu. Þetta er því mikið fjármagnsfyrirtæki. Í öðru lagi byggir þetta fyrirtæki á því að nota mikla orku og verða að fá þá orku á hagkvæmu verði. Þetta er ekki vinnuaflsfyrirtæki. Það notar mjög lítið vinnuafl. Í fyrri áætlun, sem lögð var fyrir Alþ. og byggð var á áætlun hins bandaríska stórfyrirtækis Union Carbide, var gert ráð fyrir að heildarvinnuafl í þessu fyrirtæki yrði 115 menn. Þar af voru aðeins 87 sem áttu að vinna í verksmiðjunni sjálfri sem slíkri. Hitt var skrifstofufólk, bílstjórar og aðrir þeir sem þarna áttu að þjóna til viðbótar. Um meiri vinnuaflsnotkun var því ekki að ræða í rekstri en sem þessu nam. Í síðari áætlun, sem hér var lögð fram og byggð var á upplýsingum frá norska fyrirtækinu, var þessi tala að vísu hækkuð úr 115 upp í 150 manns samanlagt. En það er alveg sama hvor talan er lögð til grundvallar. Sýnt er að hér er ekki um vinnuaflsfyrirtæki að ræða nema meðan á byggingunni stendur. Þá rifur þetta fyrirtæki í sig vinnuafl í ríkum mæli, en rekstrarlega séð ekki. Við vitum að fyrirtæki með 115—150 manns í vinnu nær varla meðalstærð frystihúsa í landinu varðandi vinnuafl. Það er því ekki verið að koma upp þessu fyrirtæki til þess að leysa atvinnuvanda. Það er hins vegar fjármagnið, sem þarna heimtar sitt, og þar verður að koma til fyrst og fremst erlent fjármagn, nema þá það fjármagn sem íslenska ríkið leggur til beint af sinni hálfu sem hlutafé, en þá verður að skattleggja borgarana til þess að afla sér þess fjár. Og auðvitað höfum við ekkert út úr því fjármagni, sem við leggjum í fyrirtækið, nema þá að fyrirtækið gefi arð, nema það takist að reka það með gróða.

Varðandi svo hinn þáttinn í rekstri svona fyrirtækis, sem er orkan, þá hefur svo mikið verið rætt um það hér áður, bæði á Alþ. og einnig mikið um það skrifað hér í mörg blöð, að ég tel að það sé að fullu sannað, að raforkan eigi að seljast þessu fyrirtæki, samkv. þeim áætlunum, sem liggja fyrir og samningum sem gerðir hafa verið um raforkusöluna, alveg niður á kostnaðarverði, að maður segi ekki fyrir neðan kostnaðarverð. A.m.k. er það greinilega alllangt fyrir neðan það verð sem Norðmenn setja upp í dag sem lágmarksverð á raforku til hliðstæðra fyrirtækja. Ég held því að það séu engar líkur til þess, að við höfum neitt út úr því krafsinu að ráðstafa okkar orku um langan tíma með því að selja hana þessu fyrirtæki. Þar gerist það tiltölulega best, að ekki verði um beinan hallarekstur að ræða, en um hagnað verður ábyggilega ekki að ræða á fyrirtækinu.

Þá er auðvitað spurningin þessi: Hvers vegna er lögð svona mikil áhersla á þetta? Og þá er rétt að koma hér aðeins að upphaflegu röksemdinni fyrir því, þegar þetta mál kom fyrst fram og var upphaflega rætt. Það var sú röksemd ýmissa þeirra, sem hafa haft einna mest með okkar virkjunarmál að gera nú um langa hríð, það var sú röksemd, að okkur væri hagstætt að geta ráðist í virkjun eins og Sigölduvirkjun eða aðrar virkjanir sem væru af þeirri stærð, 150—200 mw. virkjanir. Í íslenskum þjóðarbúskap væri hagstætt að fá virkjanir af þessari stærð, en hins vegar dygði okkar heimamarkaður ekki fyrir svona mikla orku, hann gæti ekki tekið við henni nema á of löngum tíma, of dýrt væri að liggja með nokkurn hluta af orkunni frá svona orkuveri og geta lítið við orkuna gert. Þess vegna væri það íslenskum þjóðarbúskap hagstætt að geta losað sig við helminginn af orkunni frá þessu stóra orkuveri, og jafnvel þó að lítið hefðist upp úr þeirri sölu um alllangt árabil, þá væri það eigi að síður íslenskum þjóðarbúskap hagstætt. Hinn helminginn hefðum við þá út úr góðri virkjun og síðan ættum við í framtíðinni að fá þann helminginn líka, sem væri ráðstafað á alllöngu tímabili til stóriðju. Þetta voru rökin fyrir því, að menn töluðu um að það væri rétt að setja nefnd sem skoðaði möguleika á því, hvort við gætum orðið þátttakendur í orkufrekum iðnaði, iðnaði sem þyrfti á mikilli orku að halda. Og það var unnið á þessum grundvelli framan af. En þegar síðan málin breyttust þannig, að menn sáu að íslenska hagkerfið gat auðveldlega tekið við þessari orku, m.a. notað þennan hluta, sem menn höfðu talað um að nota til orkufreks iðnaðar, til húshitunar í landinu, þá vitanlega var eðlilegt að einnig þeir, sem höfðu verið þessarar skoðunar, breyttu um skoðun. En þá kom auðvitað í ljós, að það voru hér stóriðjudraumamenn á ferðinni, sem höfðu alltaf trúað á erlenda stóriðju og voru fyrst og fremst að berjast fyrir þeirri hugsjón, og þeir vildu halda áfram. Þeirra barátta var svo áköf, að þó að það lægi

orðið fyrir, að hér yrði um mikinn hallarekstur að ræða, þá héldu þeir eigi að síður áfram. Og þó að sá ameriski aðili, sem þeir voru búnir að bera mikið lof á og segja að væri fremstur í veröldinni í sambandi við þessa framleiðslu, réði yfir mestum hluta markaðarins, vissi þarna allra aðila mest, þó að hann segði: nú líst mér ekki á, nú vil ég losa mig úr þessu og vil heldur borga skaðabætur, — þá var ákafinn svo mikill í stóriðjumönnum hér á landi og núv. ríkisstj. hóf göngu sína með slíkum ákafa í stóriðjumálum, eins og hægt er að nefna mörg dæmi um, viðræður hennar og viðtöl við ýmsa aðila um þessi efni, að þar hikuðu menn ekki við að steypa sér fram af bakkanum, þó að þeir heyrðu að þeir gætu tapað 800 millj. á ári. Hvað var það á móti því að fá stóriðju! Og enn halda menn áfram, þó að það liggi fyrir að tapið sé miklu meira en þetta.

Þá sakar ekki að geta annars rétt í leiðinni. Allir menn mega gjarnan hafa það í huga, að þetta fyrirtæki, sem þarna er verið að ræða um, er auðvitað alveg einstakt í sinni röð miðað við íslensk fyrirtæki. Þetta er mikið fríðindafyrirtæki. Það er látið njóta fríðinda langt umfram það sem íslensk fyrirtæki yfirleitt njóta. Ég skal nefna hér nokkur atriði um sérstök fríðindi þessa fyrirtækis sem almenn íslensk fyrirtæki njóta ekki. Það þykir t. d. sjálfsagt að taka það fram í lögum um þetta fyrirtæki, að ríkið á að leggja fyrirtækinu til land, lóðir. Ríkið verður að kaup þær og leggja þær fram. Það er í stofnsamningi. Aðrir verða að kaupa sér lóðir sjálfir og standa undir þeim vanda sem því fylgir. Þarna þótti það líka sjálfsagt og er líka fest í lögum, að ríkið raunverulega legði fyrirtækinu til sérstaka höfn. Ríkið ætlar að leggja fram sem beinan styrk, óafturkræfan styrk til þessarar hafnargerðar, 75% af öllum kostnaði. Hin 25% ætlar ríkið að útvega að láni. Þessi hafnargerð er drifin í gegn á sama tíma sem mjög stendur á hafnarframkvæmdum fyrir annan atvinnurekstur í landinu. Þessi atvinnurekstur er látinn hafa forgang. Líka þykir sjálfsagt að taka það fram í lögunum, að ríkið leggi ákveðinn veg. Ekki geta þeir lagt veginn sinn frá verksmiðjunni og upp á þjóðveginn. Nei, ríkið verður að leggja hann. Þa ðer tekið fram í lögunum líka. Svo er auðvitað tekið fram, að það sé heimild til þess að lækka eða fella alveg niður stimpilgjöld og þinglýsingargjöld. Sérstakar skattareglur eiga að gilda um fyrirtækið í ýmsum greinum. Það má t. d. gefa út jöfnunarhlutabréf alveg endalaust og ekki háð almennum reglum. Undanþágur eru í lögunum fyrir þetta fyrirtæki varðandi aðflutningsgjöld og söluskatt af öllu efni, vélum, áhöldum og tækjum, sem til fyrirtækisins eiga að koma, á sama tíma sem hvort sem það er almennur iðnaður landsmanna, sjávarútvegur eða landbúnaður, þessar greinar verða að borga sitt. Af því er hér um mikinn fríðindarekstur að ræða. Og það gengur meira að segja svo langt, sem maður hafði nú aldrei séð áður, ekki þar sem hafði þó verið um ákveðin fríðindafyrirtæki að ræða, að í þessum lögum er ákveðið, að ef þetta fyrirtæki kaupir af innlendum aðila einhver tiltekin verk, þá á að finna út söluskattinn á því verki og þá á að finna út aðflutningsgjöldin, sem tilheyra því verki hjá hinum almenna innlenda aðila, og það á að fella þetta niður ef það gengur til járnblendiverksmiðjunnar. E. t. v. er um að ræða nákvæmlega sams konar vinnu og sem unnin er hér í iðnaðarfyrirtæki úti í bæ fyrir innlendan aðila, nákvæmlega sömu framleiðslu á blásurum, eða hvað það væri sem fyrirtækið þyrfti að nota, en ef framleiðandinn selur verkið járnblendiverksmiðjunni, þá er það ódýrara, en dýrara ef það fer til innlends aðila, af því að ríkið gefur sitt eftir. Svo er auðvitað ekki um nein smáræðisfríðindi að ræða, sem þetta fyrirtæki býr við varðandi verðlagninguna á raforku og sérstakan raforkusamning til langs tíma. Svo þarf þetta fyrirtæki auðvitað ekki að taka lán sín samkv. íslenskum reglum, eftir íslenskum vaxtafæti. Það fær ótakmarkaðan rétt til þess að taka stofnlán til framkvæmda sinna erlendis og nýtur að sjálfsögðu ríkisábyrgðar.

Það, sem ég vildi hér segja að lokum, er þetta: Með það í huga að mikill og viðtækur ágreiningur hefur verið um þetta fyrirtæki, hvort það ætti að ráðast í það eða ekki, en þó að sá mikli ágreiningur sé lagður til hliðar að meira eða minna leyti, þá er næsta ótrúlegt að menn skuli ekki fást til þess að athuga þá stöðu sem upp er komin varðandi byggingu og rekstur þessarar verksmiðju. Það er í rauninni alveg furðulegt ábyrgðarleysi af meiri hl. Alþ. að neita því, að það skuli fara fram sérstök athugun á þessari stöðu, sem ekki er deilt um að hefur komið upp. Ég vil nú vænta þess, að hv. alþm. kynni sér þessi mál að nýju og sýni ekki þá þvermóðsku, að jafnvel þó að þeir hafi á ákveðnu stigi málsins léð þessu fylgi, fallist á þessa framkvæmd, þá sé þetta svo heilagt hjá þeim, að ekki komi til mála að endurskoða málið miðað við nýjar aðstæður sem óneitanlega hafa hér komið upp. Ég vil t. d. minna á það, að það þótti þó koma til mála við afgreiðslu síðustu fjárl. að stöðva allar nýjar framkvæmdir við Kröfluvirkjun, að stöðva fjárstreymi til þess fyrirtækis í nýjar borholur og öflun á gufu, þó að búið væri að láta jafnmikið fjármagn í orkuverið þar og raun var á. Mönnum sýndist, að komin væri upp sú staða, að það væri rétt að stöðva nýtt fjárstreymi til fyrirtækisins og það þegar búið var að leggja jafnmikið í virkjunina og raun var á. En hvers vegna þá ekki að fara að á sama hátt með járnblendiverksmiðjuna? Þar eru menn þó ekki búnir að festa jafnmikið fjármagn, eða a. m. k. ekki búnir að skuldbinda sig nema að hluta í sambandi við það sem ætlað er að gera á þessum stað. Af hverju kemur ekki til mála við nýjar aðstæður að stöðva framkvæmdir og skoða málið og gefa Alþ. nýja skýrslu um það, hvernig horfurnar séu?

Ég vil vænta þess, að hv. þm. taki þessari till. okkar vel og samþ. í fullri alvöru, að þessi úttekt skuli fara fram og hún verði látin fara fram með hraði, eins og lagt er hér til, og þannig verði reynt að koma í veg fyrir meira fjárhagslegt tjón en þarna er þegar orðið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að rifja upp sögu þessa máls. Hv. síðasti ræðumaður sagðist ekki ætla að gera það, þó að hann gerði það einum 4—5 sinnum, svo að maður

er nokkuð fróður um hana frá hans sjónarmiði. Ég ætla heldur ekki að fara að rifja það upp, hver hefur verið aðallærimeistari minn í þessum efnum og markaði upphaflega viðhorf mitt til þeirra mála. Ég hef gert það áður og sé ekki ástæðu til þess að gera það nú. En ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að þó að ég sé ekki samþykkur þessari till., þá get ég fallist á viss atriði, sem komu fram í ræðu síðasta ræðumanns.

Ég er ekki eins og hann vantrúaður á það, að þetta fyrirtæki reynist sæmilega arðvænlegt til langframa. Ég viðurkenni að sjálfsögðu að það er kreppa í stáliðnaðinum og það getur orðið svo næstu árin, en ég efa það ekki, að stáliðnaðurinn á eftir að rétta við. Þetta er það sem kemur fyrir í öllum iðngreinum, að stundum gengur vel og stundum illa, og það hefur átt við stáliðnaðinn á undanförnum áratugum. Ég man eftir því, að þegar minn aðallærimeistari í þessum efnum, Magnús Kjartansson, var að ræða þessi mál við mig og fleiri, þá gerði hann sér fulla grein fyrir þessu, að það gæti komið fyrir ár og tímar þegar væri halli á stáliðnaðinum, en svo mundi hann rétta við aftur og þess vegna væri hægt að treysta á þetta fyrirtæki sem öruggt fyrirtæki miðað við langan tíma.

Hitt er hins vegar það, að það er fyrirsjáanlegt að þessi kreppa í stáliðnaðinum muni standa kannske 2—3 ár enn eða jafnvel lengur. Því finnst mér ástæða til þess að athuga, hvort það eigi að leggja eins mikla áherslu á framkvæmdahraða á Grundartanga og hefur verið gert. Það hygg ég að sé fyrirsjáanlegt, ef haldið verður áfram með fullum framkvæmdahraða við þessa verksmiðju, að hún muni sennilega verða rekin með halla allra fyrstu árin. Þess vegna finnst mér, að það komi mjög til athugunar, hvort ekki sé hyggilegt undir þessum kringumstæðum að draga eitthvað úr framkvæmdahraðanum, sem nú er, og dreifa uppbyggingu þessa fyrirtækis yfir lengri tíma. Ég skal hins vegar ekki segja um það á þessu stigi, hvaða möguleiki er á að breyta þarna til um framkvæmdahraðann eða draga úr honum. Það kann að vera að við séum þannig samningsbundnir við erlenda aðila, að þetta sé ekki framkvæmanlegt, eða einhverjar aðrar tæknilegar ástæður séu þarna í veginum, en mér finnst full ástæða til að þetta verði athugað. Ég álít að þessi athugun ætti að fara fram í þeirri n., sem fær þetta mál til meðferðar hér í þinginu, það sé óþarfi að skipa nýja nefnd til þess að láta fara fram athugun á þessu máli. Það er líka alveg rétt, sem kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, að ef hægt væri að hægja á framkvæmdahraðanum á Grundartanga, þá mætti líka draga úr framkvæmdaáætlun Hrauneyjafossvirkjunar, þannig að okkur lægi ekki eins mikið á henni og ella, ef járnblendiverksmiðjan á Grundartanga tæki seinna til starfa en nú er gert ráð fyrir.

Nú er öllum þm. kunnugt, að fjárfesting er helst til mikil í landinu. Það var tekið nokkurt tillit til þess í sambandi við afgreiðslu fjárl. og ríkisstj. hefur í sambandi við þau efnahagslög, sem nýlega hafa verið samþykkt hér í þinginu, gert grein fyrir skoðunum sínum um það, að enn meira þurfi að draga úr fjárfestingu. Mér finnst undir þeim kringumstæðum, þegar þannig er ástatt að það þarf að draga úr fjárfestingu, að það eigi helst að koma niður á stórum verkefnum, sem hægt er að fresta, eins og t. d. ef væri hægt að draga úr framkvæmdahraðanum við járnblendiverksmiðjuna og eins að fresta framkvæmd við Hrauneyjafossvirkjun um eitt eða tvö ár. Ég held að það sé miklu betri aðferð við að draga úr fjárfestingu að fresta eða draga úr framkvæmdahraða slíkra stórframkvæmda heldur en að vera að skera niður vegarspotta og hafnarbætur víðs vegar um landið, það komi almennt miklu betur niður að fara þá niðurskurðarleiðina að hægja á stórframkvæmdum en hina, að draga úr almennum framkvæmdum sem eru á fjárlögum.

Mín skoðun er sú, að það sé rétt. Þó að ég sé ekki sammála hv. flm. þessa máls, álít ég rétt að athuga það, hvort ekki sé ástæða til, vegna þess útlits sem nú er í stáliðnaðarmálunum, að hægja á framkvæmdahraðanum við Grundartangaverksmiðjuna, ef það er talið mögulegt vegna samninga og annarra aðstæðna, og að sá niðurskurður á framkvæmdum, sem er talinn nauðsynlegur, verði frekar látinn beinast að slíkum stórverkefnum heldur en að skera niður aðkallandi minni framkvæmdir víðs vegar um landið.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég er 1. flm. þeirrar till., sem hér er til umr., og hef þegar sem slíkur talað fyrir henni. Það er orðið æðilangt síðan, það var í desembermánuði, 8. des.

En enn er hafin umr. um Grundartangaverksmiðjuna. Mér hefur, þegar þessi verksmiðja hefur verið hér til umr., oft verið hugsað til þess sem Árni Pálsson prófessor sagði einu sinni, þegar hann var í framboði til Alþ. og var inntur eftir því, hvernig gengið hefði á tilteknum framboðsfundi. „Blessaður vertu," sagði hann, „blessaður vertu, það var frosið fyrir öll skilningarvit á þeim."

Nú hafa hins vegar þau gleðilegu tíðindi gerst, að svolítið hefur gliðnað klakinn á skilningarvitunum á einum hv. þm. ríkisstj.-flokkanna, Þórarni Þórarinssyni. Ég læt í ljós mikla ánægju yfir því. Hann tekur að vísu fram, að hann sé ekki sammála okkur flm. þessarar till., en lýsir um leið yfir, að hann telji sjálfsagt að draga úr framkvæmdahraða við Grundartangaverksmiðjuna vegna hins slæma útlits varðandi markaðinn fyrir þá framleiðslu sem þaðan á að koma. Það er stigsmunur, en ekki eðlis á afstöðu okkar. Ég tel að þessi hv. stuðningsmaður ríkisstj. gangi eins langt og hann treystir sér til sem slíkur, og ekki óeðlilegt, að þrátt fyrir mjög ákveðinn stuðning við sjónarmið okkar hafi hann þann fyrirvara, að hann sé ekki með öllu sammála okkur flm. Ég hygg að í hjarta sínu sé hann alveg sammála okkur. Hann vill ekki láta kjósa nefnd til að kanna þessi mál, en telur sjálfsagt að sú þn., sem fær málið til athugunar, — ég stakk upp á því að það yrði fjvn., — kannaði málið og síðan yrði dregið úr framkvæmdahraða á Grundartanga, ef niðurstöður af athugunum n. mæltu með því. Ég er nú ekki svo kunnugur þingsköpum, að ég geti fullyrt um það hér, hvort fjvn. hefur í sjálfu sér vald til slíks. (**Gripið fram í:** Hún getur haft hjá sér atkvgr. um það.) Þá hlýtur það að vaka fyrir hv. þm., að málið yrði af hennar hálfu síðan lagt fyrir Alþ. til

ákvörðunar. Það út af fyrir sig væri að mínum dómi ærið mikill árangur í þessu máli, og ég læt enn í ljós ánægju með þessa afstöðu. Hún er eins góð og hægt er að búast við af þessum hv. stuðningsmanni ríkisstj.

Hér hafa markaðshorfurnar verið til umræðu. Við fréttum öðru hverju af framkvæmdum á Grundartanga og þær fréttir eru allar í þeim dúr, að á tilteknum árstíma í ekkert mjög fjarlægri framtíð muni framleiðslan hefjast. Það er alltaf viss gleðiboðskapartónn í þessum fréttum, að þetta fari nú allt að koma. Þjóðin á að hressast við þessar fréttir. En samkv. þeim niðurstöðum, sem fyrir liggja, og þ. á m. niðurstöðum Þjóðhagsstofnunar, eru þetta tilkynningar um það, hvenær þjóðin megi búast við því að fara að tapa — ja, einum milljarð, einu þúsundi millj. kr. á framleiðslunni eða 1500 millj. eða kannske tveimur milljörðum á ári. Engin furða þó að fagnaðartónn sé í þessum tilkynningum! Þær koma frá hinum fræga Grundartangaforstjóra. Hann heitir Jón Sigurðsson.

Við þennan Jón Sigurðsson ræddi ég fyrir viku, vegna þess að þá var þetta mál líka á dagskrá og ég átti von á umr. Ég vitnaði til þess, sem ég nefndi í framsöguræðu minni í des., að hann hefði heitið því að hafa nána samvinnu við fjölmiðla. Hann var þá — í nóv. eða des. — að fara í reisu til útlanda og bjóst við að koma aftur eftir eina eða tvær vikur og þá ætlaði hann að gera grein fyrir markaðshorfum. Þetta var í viðtali við Dagblaðið. Svo kom Jón heim. Það dróst að hann héldi blaðamannafund. En þegar hann svo gerði það í janúarmánuði, þá var ekkert fjallað um markaðshorfur, heldur var hann að ræða við blaðamenn um það, hvernig mætti best koma fyrir samskiptum Grundartangaverksmiðjunnar og fjölmiðla. Og ein uppástunga hans var sú, að hver fjölmiðill tilnefndi sérstakan mann, sem forstjóri Grundartangaverksmiðjunnar gæti snúið sér til. M. ö. o.: þetta var till. um það af hálfu Grundartangaverksmiðjunnar, að hún fengi að koma sér upp ambassdor við hvern fjölmiðil. Ég er alveg hissa á því, að blaðamenn skuli láta bjóða sér svona till. athugasemdalaust. Það var sagt frá þessu án nokkurra aths. t. d. í Tímanum, þar sem ég las þessa frétt, þar sem sagt var frá þessari ósvífni. En nú er sem sé komið til skjalanna hér á Íslandi fyrirtæki sem ætlar sér ekkert minna en þetta, sérstakan ambassador á hvern fjölmiðil. Sem gamall blaðamaður hefði ég ekki stillt mig um að spyrja, hvort svona ambassador yrði ekki að ganga undir sérstakt gáfnapróf og sýna hæfileika sína til þess að taka við upplýsingunum.

Síðan er það fyrir ekki mjög löngu, — ætli séu ekki svona þrjár vikur síðan, kannske mánuður, — að efnt er til blaðamannareisu þangað upp eftir að skoða framkvæmdir, ekki til þess að fræðast um markaðshorfurnar. Þegar einn blaðamaðurinn spyr, hvernig markaðshorfurnar séu, þá er honum tilkynnt að það verði talað um það seinna. Og þegar ég innti forstjóra járnblendiverksmiðjunnar eftir því fyrir viku, hvernig stæði á því, að hann hefði ekki rætt neitt markaðshorfurnar þennan dag, þá sagði hann: Okkur virtist að það veitti ekkert af þessum degi til þess að upplýsa þá um hinar tæknilegu hliðar málsins. — Ég leyfi mér að segja, að það væri ekki það sem Íslendingar væru að bíða eftir í þessu sambandi heldur hitt, hvort þeir töpuðu eða græddu og hvort það væri yfirleitt eitthvert vit í þessu fyrirtæki. Það, sem verið var að segja mér, var náttúrlega þetta: að það átti að vefja kjarna málsins, sannleikann um þetta hneyksli, í eitthvert tæknital, kannske óskiljanlegt tæknibull. Ég endurtek: Ég er alveg hissa á því, hvernig blaðamenn láta þetta fyrirtæki fara með sig aftur og aftur.

En hvenær má þá búast við tíðindum af markaðshorfunum? Hvenær á að kalla blaðamenn saman til þess að segja þeim hvernig markaðshorfurnar séu? Það sagði forstjórinn mér fyrir viku að yrði innan 2—3 vikna. Það eru sem sé ekki nema 1—2 vikur þangað til íslenskir fjölmiðlar mega búast við því að frétta ofan af Grundartanga það sem máli skiptir, hvernig markaðshorfurnar séu. En ég verð að segja það forstjóranum til hróss, að hann svaraði ýmsum spurningum mínum varðandi markaðshorfurnar. Hann sagði að því væri ekki að neita, að útlitið væri mjög vont. En eins og hann hefur nú áður reyndar sagt, þetta er, segir hann, ekki spurningin um hvort, heldur hvenær ástandið breytist til batnaðar. Ég spurði af hverju hann væri svo viss um að það breyttist endilega til batnaðar? Það er vegna þess að það er svo vont núna, að það getur ekki versnað. — Stundum er sagt: Lengi getur vont versnað. En þetta er eitt af því sem er svo vont, að það getur ekki versnað. (**Gripið fram í:** Er það ekki rétt?) Það getur staðist, jú. En það er þá heldur en ekki fagnaðarboðskapur! Við erum að byggja verksmiðju til að framleiða tiltekið efni, og markaðshorfurnar eru svo slæmar, á meðan við stöndum í þessu brambolti, að þær geta ekki orðið verri! Það hefðu einhvern tíma verið talin ekki mikil meðmæli með okkar ágæta þorski, ef markaðshorfur væru svona ótryggar varðandi hann. Og mætti þá í þessu sambandi minna á, að þegar verið var að mæla fyrir þessari verksmiðju hér á Alþ. fyrst í sambandi við Union Carbide, síðan í samvinnu við Norðmennina, var það, sem hamrað var á fyrst og fremst af hálfu iðnrh., þetta: Við verðum að skjóta styrkari stoðum undir efnahag okkar og þess vegna þurfum við að koma okkur upp verksmiðju af þessu tagi, þar sem um er að ræða framleiðslu sem er svo trygg að því er markaðinn varðar, að við getum með henni treyst efnahag okkar. Styrkar stoðir! Það var það, sem verið var að smíða!

Satt er, að það hefur gengið upp og niður oft með markað fyrir framleiðsluvörur okkar, þær sem við byggjum á sjávarútvegi. En aldrei nokkurn tíma hef ég heyrt að menn teldu að ástandið væri svo slæmt á fiskmörkuðum, að það gæti alls ekki orðið verra.

Að því er varðar heimsframleiðsluna, meðaltalið, er það 15% fyrir neðan það, sem getur haldið uppi kostnaði við stálframleiðsluna. Þetta er ósköp einföld tala. En það þarf svo sem ekki að hringja í forstjóra járnblendiverksmiðjunnar til þess að fá upplýsingar um þetta. Þetta blasir við í blöðum. Ég hef hér úrklippur úr blöðum sem allar eru á þessa leið. Þekktustu tímarit ýmis á þessu sviði flytja mönnum slíkar fréttir. Út-

litið er svona. Það er um að ræða niðurgreiðslu, eins og mönnum er kannske kunnugt, það er um að ræða gríðarlega niðurgreiðslu á stál- og járnframleiðslu í Evrópu núna. Það mættu þeir hugleiða sem hýsnast mest út af íslenskum landbúnaði og niðurgreiðslum í sambandi við hann. Þeir greiða niður stálframleiðsluna svo gríðarlega í Evrópu, að Bandaríkjamenn, sem sjálfir eru í miklum vandræðum með sína stálframleiðslu, hafa miklar áhyggjur af og Carter, samkv. frétt í New York Times 29. nóv., varar ríkisstj. í Evrópu mjög við þessu og hvetur til þess að efnt verði til ráðstefnu til að ræða þessi mál, leita að lausnum.

Þetta læt ég nægja um markaðshorfurnar. Og satt að segja er ég búinn að segja svo mikið um Grundartangaverksmiðjuna, að ég get ekki miklu bætt við. En ég get ekki stillt mig um að benda enn á það, að með þessum nýju herrum eru komnir nýir siðir. Ég nefndi áðan oflætið sem kemur fram í því, að forstjóri verksmiðjunnar ætlar sér að fá sérstakan fulltrúa frá hverju blaði að ræða við, sérstakan aðila, sem hann getur snúið sér til, svo hann verði ekki fyrir allt of miklum óþægindum við að koma á framfæri upplýsingum um verksmiðjuna. En það er fleira sem sýnir að þarna eru komnir til skjalanna nýir herrar og nýir siðir. Þessi verksmiðja hefur nýlega tryggt sér fjórar íbúðir á Akranesi handa sínu fólki. Það eru í smíðum þar 14 íbúðir samkv. leiguíbúðakerfinu, og með því að leggja fram 13 millj. tryggir járnblendiverksmiðjan sér 4 af þessum íbúðum strax í haust. Á undan öllum öðrum fær járnblendiverksmiðjan til ráðstöfunar þarna 4 íbúðir. Þetta gerist á sama tíma og t. d. fjölbrautaskólinn á Akranesi, sem er ung stofnun og þarf á húsnæði að halda með tilliti til þess að ungir kennarar vilja kannske átta sig á staðnum áður en þeir festa sig þar til frambúðar, fjölbrautaskólinn hefur sótt um svona íbúðir. Sama er að segja um sjúkrahúsið. Hvorugum þessum aðila hefur verið svarað. En járnblendiverksmiðjunni er óðar svarað játandi: Gerðu svo vel. Fjórar íbúðir gegn þessum 13 millj. til 5 ára, sem er náttúrlega eins og hver annar tittlingaskítur.

Þetta sýnir að mínum dómi í fyrsta lagi ósvífni af hálfu þessa stóra fyrirtækis, að láta sér yfirleitt detta þetta í hug, og í öðru lagi þann undirlægjuhátt, sem því miður segir æðioft til sín hjá okkur Íslendingum, þegar útlendingar eða eitthvað sem er bendlað við útlendinga og er nógu stórt er annars vegar. Þá leggjast menn hundflatir. Þetta er eitt meiriháttar hneykslismál þar efra. Aðeins tveir af fulltrúum í bæjarstjórn Akraness greiddu atkv. gegn þessari ráðstöfun. Annar þeirra er eini fulltrúi Alþb. í bæjarstjórninni, hinn er einn af fulltrúum Sjálfstfl. Hann hafði manndóm til að segja nei við þessu hneyksli.

Ég held ég láti þetta nægja að sinni. Ítreka aðeins að ég fagna því, að svolítið skuli hafa þiðnað klakinn af skilningarvitum eins stjórnarþm. Vonandi er að hann þiðni af fleirum, svo að við komum einhverju viti í þessi mál áður en lýkur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Lögréttulög, frv. (þskj. 365). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til lögréttulaga er eitt þeirra frv. sem svo kölluð réttarfarsnefnd hefur samið, en réttarfarsnefnd var skipuð 6. okt. 1972. Í nefndinni áttu sæti og eiga sæti enn Björn Sveinbjörnsson þáv. hæstaréttarlögmaður, en núv. hæstaréttardómari, sem er formaður nefndarinnar, Björn Fr. Björnsson fyrrverandi sýslumaður, sem þá var formaður Dómarafélagsins, að ég ætla, Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti og Þór Vilhjálmsson þáv. prófessor, nú hæstaréttardómari. Verkefni nefndarinnar var samkvæmt skipunarbréfi að endurskoða dómstólakerfi landsins og kanna og gera till. um hvernig breyta mætti reglum um málsmeðferð í héraði til þess að afgreiðsla mála verði hraðari. Skipun þessarar nefndar átti sér því stað alllöngu áður en sá mikli stormur var vakinn, sem síðar átti sér stað um meðferð dómstóla og atriði sem að því lúta.

Þessi réttarfarsnefnd hefur samið nokkur frv. um réttarfarsmálefni. Sum þeirra hafa náð fram að ganga, en önnur ekki. Þetta frv. til lögréttulaga hefur tvisvar áður verið lagt fyrir þessa hv. d. Fyrst var það lagt fram rétt fyrir þinglok og þá til sýnis og til þess að þm. gæfist kostur á að athuga það á milli þinga, en umræða fór þá ekki fram um það. Það var síðan lagt fyrir Alþ. í fyrra. Þá fór fram 1. umr. um málið og því var vísað til n., en síðan var það svo ekki fyrir tekið aftur.

Þetta frv. gerir ráð fyrir allviðamiklum breytingum á dómstólaskipun landsins, þ. e. a. s. að gert er ráð fyrir því, að þar bætist við eitt dómstig, svokallaðar lögréttur: lögrétta norðan og austan, sem á að hafa aðsetur á Akureyri, og lögrétta sunnan og vestan, sem á að hafa aðsetur hér í Reykjavík. Þó að það sé þannig gert ráð fyrir því, dómstig verði þrjú, þá er jafnframt gert ráð fyrir því, að í hverju máli fyrir sig verði dómstig aðeins tvö, að hvert mál geti ekki fremur hér eftir en hingað til farið nema um tvö dómstig. En fyrir þessum nýju dómstólum, lögréttum, getur hvort tveggja átt sér stað, að fyrir þeim verði mál höfðað sem fyrsta dómstigi, og í öðru lagi, að þær geti starfað sem annað dómstig, þannig að til þeirra megi skjóta málum sem dæmd hafa verið í héraðsdómi.

Það er gert ráð fyrir því, að það séu skipaðir 15 lögréttudómarar, hér í Reykjavík, eins og er orðað í frv., ekki færri en 12 og á Akureyri 3. Þó er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði, að það verði nokkur tímafrestur á því, að skipun allra þessara dómara í Reykjavík komi til framkvæmda.

Þó að málið væri ekki mikið rætt á Alþ. í fyrra, þá hafði maður það á tilfinningunni af tali manna, að það, sem mönnum þætti helst athugavert við þetta frv., væri að því fylgdi verulegur kostnaðarauki. Ekki er ástæða til að draga fjöður yfir það, að af þessu frv. mundi leiða talsverðan kostnaðarauka. M. a. af þessari ástæðu fól ég réttarfarsnefnd að taka frv. til meðferðar á s. l. sumri og til endurskoðunar og athuga hvort væri ekki hægt að skipa málum samkv. því þannig, að þessi kostnaðarauki yrði nokkru minni. Réttarfarsnefnd fór yfir frv. og skilaði því frá sér í því formi sem það nú er lagt fyrir þessa hv. d. Nefndin hefur gert þá breyt. á frv., að í stað þess að samkvæmt eldra frv. var ætíð gert ráð fyrir því, að lögrétta starfaði sem fjölskipaður dómur, þriggja manna dómur, þá er gert ráð fyrir því, að meginreglan nú verði sú, að þegar lögrétta dæmir mál sem fyrsta dómstig, þá starfi þar aðeins einn dómari. Það geta verið frávik frá þessari reglu, þannig að dómur geti verið fjölskipaður á fyrsta dómstigi, en þetta er aðalreglan. Þetta ætti að sjálfsögðu að leiða til þess, að minni kostnaðarauki yrði af þessu frv. og þeirri skipan, sem gert er ráð fyrir að sé tekin upp með því, heldur en með því fyrirkomulagi sem gert var ráð fyrir í eldra frv. Ég vænti þess, að þetta geti orðið til þess að greiða fyrir framgangi málsins.

Ég mælti allítarlega fyrir þessu frv. í fyrra, þegar það var lagt fram, og gerði grein fyrir þeim ástæðum sem liggja til þess, að lagt er til að þessi skipan sé upp tekin. Sé ég nú ekki ástæðu til að endurtaka það hér svo mjög. Það er svo, að í sambandi við nútímahugmyndir um réttarfar er gert ráð fyrir því, að dómarar hafi ekki með höndum önnur störf en dómsstörf. Þessu hefur alla tíð verið annan veg farið hér hjá okkur þegar um er að ræða dómsstörf í héraði, þar sem þeir embættismenn, sem fara með þau mál þar, sýslumenn og bæjarfógetar, hafa jafnframt með höndum umfangsmikil stjórnsýslustörf. Það er frá réttaröryggissjónarmiði sjálfsagt margt sem mælir með því, að það verði skilið að fullu og öllu á milli dómsvalds og framkvæmdavalds, en það hefur ekki þótt fært að stíga það skerf í einu hér á landi. Sú embættaskipan, sem um er að tefla, og sú umdæmaskipting, sem til grundvallar liggur, er rótgróin. Má ætla að það mætti nokkurri mótspyrnu ef hverfa ætti frá henni. Náttúrlega má segja að reynslan af því að hafa þessi störf hjá einum og sama embættismanni, eins og verið hefur hér á landi, sé að mínum dómi ekkert sérstaklega slæm. En hitt er auðvitað til bóta, að skilja þarna á milli, og í samræmi við nútímahugmyndir um það efni.

Í þessu frv. er farin eins konar millileið. Hin gamla umdæmaskipting er látin halda sér. Þeir embættismenn, sem þar sitja og starfa, eiga að halda áfram að starfa og sinna bæði stjórnsýslustörfum og dómsstörfum eins og áður, en það eru settir þarna inn nýir dómstólar sem eiga ekki að hafa önnur störf með höndum en dómsstörf, þessar lögréttur. Og með þessu er stigið skref í þá átt að skilja að framkvæmdavald og dómsvald. Gæti vel verið að þetta yrði áfangi á þeirri leið að gera þarna fullan aðskilnað á milli síðar meir ef mönnum þætti reynslan af þessari skipan góð. Enn fremur er auðvitað, og það er e. t. v. meginætlunin með þessari skipan og þeim breytingum á málsmeðferð í héraði, sem ákvæði eru um í öðru frv., sem var lagt fram sem fylgifrv. með þessu frv. og hefur annaðhvort verið lagt fram nú þegar eða er a. m. k. alveg á næstu grösum, að flýta fyrir afgreiðslu dómsmála og reyna að ráða bót á þeim seinagangi sem þar hef-

ur á verið og gagnrýni hefur sætt og það með réttu.

Með þessari skipan, þessum nýju dómstólum, og svo þeirri breytingu á málsmeðferðinni í héraði, sem gert er ráð fyrir í áðurnefndu frv., er ætlunin að meðferð mála verði hraðari. Það hefur raunar verið gert nokkuð að því að reyna með ýmsum hætti að ýta á hraðari meðferð dómsmála að undanförnu, og má ætla að það hafi tekist að gera þar á talsverðar umbætur í héraði. En þá hefur það sýnt sig, að hætt er við að það mundi myndast flöskuháls annars staðar, þá hafi Hæstiréttur ekki undan í þeim málum sem til hans er skotið. En fram undir þetta má segja, að ekki hafi verið verulegur dráttur, óeðlilegur dráttur á afgreiðslu mála hjá Hæstarétti. Enn er það svo, að Hæstiréttur reynir að afgreiða opinber mál eftir því sem þau eru tilbúin til flutnings hjá honum. Hins vegar liggur það mikið fyrir af einkamálum hjá honum, að segja má að þar sé fyrirsjáanlegur upp undir árs dráttur frá því að slíkt einkamál er tilbúið til flutnings í Hæstarétti og þangað til málflutningur getur farið fram. Það er þess vegna fyrirsjáanlegt að mikil þörf er á því að létta störfum af Hæstarétti. Ef sú skipan yrði lögtekin, sem hér er gert ráð fyrir, þá má ætla að lögréttan yrði síðasta stigið í ýmsum þeim málum, sem nú er skotið til Hæstaréttar, og mundi þannig draga úr þeim málafjölda sem áfrýjað er til æðsta dómstigsins. Ef ekki verður hægt að ráða bót á þessu fyrirsjáanlega vandamáli með þessum hætti, þá sé ég ekki annað en að það hljóti að koma til innan tíðar, að talið verði óhjákvæmilegt að fjölga hæstaréttardómurum, þannig að Hæstiréttur geti starfað alveg í tveimur deildum.

Ég held að það sé stigið mjög mikilvægt skref með þessu frv., ef að lögum verður, bæði í átt til aukins réttaröryggis og til þess að hraða málsmeðferð. Það eru í þessu frv. ýmis ákvæði, sem ekki eru í gildandi lögum. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á t. d. 57. gr., sem er algert nýmæli. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„1) Forsetar lögréttnanna hlutast til um að samdar séu ársskýrslur um starfsemi lögréttna landsins. Dómsmrh. skal kveða á um gerð skýrslnanna í reglugerð, eftir að leitað hefur verið umsagna lögréttnanna og Hagstofu Íslands.

2) Forsetar lögréttnanna hlutast til um, að dómsmrh. og allshn. Alþ. séu gefnar skýrslur um starfsemi lögréttnanna og einstök dómsmál, sem þær fjalla um eða hafa fjallað um, ef þessir aðilar beiðast slíkra upplýsinga.

3) Dómsmrh. er heimilt að gefa út eða semja við aðra um að gefa út árbækur lögréttnanna, þar sem m. a. má birta dóma, sem þykja hafa sérstaka þýðingu, ásamt öðrum upplýsingum um mál, svo sem gerðardómsmeðferð, og skýringar á dómum."

Þetta er að sjálfsögðu nokkuð hliðstætt því, sem nú gildir um hæstaréttardóma, að þeir eru gefnir út. Ég held að slík birting og skýrslugerð, sem hér er gert ráð fyrir, geti verið til mikilla bóta, bæði almennt þannig að almenningur og þeir, sem sýsla með þessi mál, geti fengið leiðbeiningu í slíkum dómum, en auk þessi geti slík skýrslugjöf og birting verið til þess að skapa meira aðhald í þessum málum en ella og gefa þá Alþ. færi á að fylgjast betur með í þessum málum en það hefur átt kost á eða gert hingað til.

Það er að sjálfsögðu svo, að það eru mörg önnur nýmæli og algjör nýmæli í þessu frv., en ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að rekja það nánar hér, þar sem ég gerði það nokkuð í framsöguræðu minni í þessari hv. d. á Alþ. í fyrra. Auk þess fylgir frv. mjög ítarleg grg., þar sem margvíslegan fróðleik er að finna og skýringar á einstökum greinum.

Ég leyfi mér sem sagt að vænta góðra undirtekta í þessu máli og vænti þess, að þetta frv. nái fram að ganga. Það er ekki nóg að gagnrýna meðferð dómsmála, og þó að það sé með réttu, heldur verða menn þá að vera við því búnir að gera bær endurbætur, sem þörf er á, þegar að því kemur að gerðar eru till. um slíkar endurbætur. Og má þá ekki horfa í það, þó að það kosti nokkra fjármuni.

Eins og ég hef áður drepið á, þá var annað frv. fylgifrv. með þessu frv., frv. til laga um breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði. Það frv. hefur einnig verið rannsakað í sumar af réttarfarsnefnd og verður lagt fram og tekið til meðferðar hér innan tíðar. Það má segja að eftir sem áður sé það fylgifrv. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, en þó hafa verið gerðar á því þær breytingar, eins og koma mun í ljós þegar mælt verður fyrir því, að hægt á að vera að afgreiða það sérstaklega og án tillits til þess, hvort hv. d. eða hv. alþm. vilja fallast á þetta frv. um nýskipan dómstólanna eða ekki.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að æskja þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, frv. (þskj. 68, n. 324 og 328). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:5 atkv.

2. gr. samþ. með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PJ, PS, SighB, SvH, BGr, EBS, EKJ, FÞ, GS, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, IngJ, JónasÁ, LJós, MB, MÁM, RH.

nei: SV, TÁ, EðS, GF, KP, MÓ.

GuðrB, PP, VH, ÞS, JSk greiddu ekki atkv.

9 þm. (SigurlB, SvJ, ÞÞ, GÞG, HES, IG, JóhH, LárJ, VilbH) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 21:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, JónasÁ, LJós, MB, MÁM, ÓE, PJ, PS, SighB, SvH, BGr, EBS, EKJ, FÞ, GS, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, IngJ, RH.

nei: MÓ, GuðrB, PP, SV, TÁ, VH, ÞS, EðS, GF.
KP, ÞÞ greiddu ekki atkv.
8 þm. (LárJ, VilbH, SigurlB, SvJ, GHG, HES, IG, JóhH) fjarstaddir.

Fiskveiðar í landhelgi, frv. (þskj. 359). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:2 atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 399). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:3 atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Embættisgengi kennara og skólastjóra, frv. (þskj. 397). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Aðdragandi að gerð og flutningi þessa frv. um embættisgengi kennara og skólastjóra er vissulega orðinn nokkuð langur. Hann er rakinn ítarlega í aths. við þetta lagafrv., sem er til 1. umr., og ég skal nú ekki endurtaka þá sögu hér, en ég vil þó geta um eftirfarandi:

Hinn 9. des. 1970 skipaði þáv. menntmrh. nefnd til þess að semja, eins og þar stendur, „till. í frv.-formi um ákvæði varðandi skilyrði, sem fullnægja þarf til þess að vera settur eða skipaður kennari við skyldunámsskóla og framhaldsskóla, þ. á m. menntaskóla og sérskóla". Þessi nefnd var allfjölmenn og áttu samtök kennara og svo Kennaraháskólinn og Háskóli Íslands fulltrúa í nefndinni, einnig menntmrn., en Hörður Lárusson, þá sérfræðingur í Skólarannsóknadeild, var formaður þessarar nefndar. Um þessar mundir voru í smíðum frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands, um skólakerfi og um grunnskóla. Frv. um Kennaraháskólann varð að lögum á þinginu 1970—1971, en hin frv. hlutu ekki afgreiðslu á Alþ. fyrr en í maí 1974, svo sem menn muna. Nefndin skilaði endanlegum till. 1972, en þar sem frv. um skólakerfi og grunnskóla höfðu ekki náð fram að ganga var ekki orðið tímabært að leggja fram frv. um embættisgengi kennara að svo stöddu og málið var þá lagt til hliðar um sinn. Í lok ársins 1974 var aftur tekið til við málið. Þá var leitað til sömu aðila og upphaflega höfðu átt sæti í nefndinni og farið yfir frv. með þeim og jafnframt leitað umsagnar hjá háskólunum báðum. Þá fjallaði einnig samstarfsnefnd menntaskólastigsins, þ. e. skólameistarar og rektorar og ráðneytismenn um frv. Endurskoðun þessi fæddi af sér nokkrar brtt., og eftir að frv. hafði verið breytt í einstökum atriðum, án þess þó að breyta meginstefnu þess, var það sent ýmsum samtökum skólafólks og raunar fleirum til umsagnar. Bárust enn nokkrar umsagnir og aths. og þetta var allt yfirfarið svo vandlega sem tök voru á og leitast við að samræma fram komin sjónarmið, sum nokkuð mismunandi. Jafnframt voru þá höfð í huga ýmis raunhæf og aðkallandi vandamál, sem komið geta upp við ráðningu skólastjóra og kennara.

Ég held að það sé ljóst af því, sem ég hef nú greint í stuttu máli, að þetta mál hefur fengið mjög ítarlegan undirbúning, enda er frv., eins og það er nú flutt, töluvert breytt frá upphaflegri gerð þess, enda þótt meginstofninn sé hinn sami, eins og ég drap á áðan.

Frv. er skipt í þrjá kafla og eru í hinum I. almenn ákvæði ýmisleg. Í 1. gr. er fjallað um nám kennara almennt og svo fyrir mælt, að það skuli metið í námseiningum. Mat samkv. slíku einingakerfi skal staðfest af matsnefnd, sem menntmrn. skipar þannig að fulltrúar komi frá Háskóla Íslands og Kennaraháskólanum og svo þriðji nm. frá rn. skipaður án tilnefningar. Kennarasamtökin hafa lagt á það áherslu að eiga fulltrúa í nefndinni, en eðlilegt þótti, að þau væru fyrst og fremst samráðsaðilar, en ættu ekki sæti í nefndinni. Í aths. með frv. er þess getið, að tilgangur gr. sé að stuðla að því að allt kennaranám, hvort sem það fer fram á námskeiðum eða í reglulegum skólum, verði metið á sama veg.

Í þessum I. kafla er einnig ákvæði um það, að allir kennarar skuli ljúka lágmarksnámi í uppeldis- og kennslufræðum, óháð því skólastigi sem þeir ætla að kenna á. Hér er bæði átt við fræðilegt nám í nefndum greinum og svo hagnýt atriði er snerta kennsluaðferðir og kennslutækni. Þá eru í 1. kafla, 3. gr., ákvæði sem ætlað er að hvetja kennara til að afla sér aukinnar menntunar, m. a. að því er varðar nýjungar í námsefni og kennsluaðferðum, en í þessari grein segir, að kennarar, sem auka við menntun sína á einhvern hátt, fái viðbótarmenntun viðurkennda ef fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Í frv. er svo fyrir mælt, að menntmrn. eða ráðh. setji eða skipi yfirkennara og skólastjóra við grunnskóla og framhaldsskóla alla. En í gildandi lögum eru þess dæmi, þó ekki sé það almenn regla, að forseti Íslands skipi skólastjóra við framhaldsskóla. Ég vil geta þess, að Félag menntaskólakennara hefur gert aths. við þessa breytingu. Það virðist þó eðlilegt að dómi rn. að samræma þessi ákvæði og að sama regla gildi um alla skóla í þessu efni, alla skóla á framhaldsstigi.

Í þessum I. kafla frv. er að finna ákvæði, þar sem bent er á nokkur þau atriði, sem miða skal við þegar gert er upp á milli umsækjenda, og mælt fyrir um það, að allir umsækjendur um stöðu, sem fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru, komi til álita við veitingu. Haldið er þeim ákvæðum núgildandi laga, að starf, sem skipað er kennara án fyllstu réttinda, skuli auglýsa árlega.

II. kafli laganna fjallar um grunnskólastigið, og er þar kveðið á um hvað þurfi sérstaklega til að vera skipaður kennari við grunnskóla. Almenna skilyrðið er að sjálfsögðu það að hafa lokið námi við Kennaraháskóla Íslands og svo

fullgildum prófum þar og eins kennaranámi á háskólastigi ásamt fullgildum prófum sem miðast við kennslu í grunnskóla. En auk þessa eru svo ýmis önnur skilyrði þegar um er að ræða kennslu við sérstakar stofnanir, t.d. stofnanir vegna afbrigðilegra barna og til þess að kenna tilteknar greinar: handmennt, tónmennt, íþróttir o.fl. Skulu þau ákvæði ekki rakin nánar hér. Þó vil ég geta þess, að sérstaklega er tekið fram, að heimilt sé að ráða að forskóla fóstru eða aðra starfsmenn með menntun sem menntmrn. viðurkennir. Ákvæðið um fóstrur er samhljóða ákvæði í grunnskólalögum um sama efni. Samband ísl. barnakennara hefur sett fram þá kröfu, að fóstrur skyldu aðeins starfa undir eftirliti kennara. En það virðist hæpið að binda slíkt í lög.

Í III. kafla frv. er svo loks fjallað um framhaldsskólastigið, en til þess að verða skipaður kennari í bóklegum greinum við framhaldsskólastigið verður umsækjandi að hafa lokið námi á háskólastigi, er jafngildi tilteknum námseiningafjölda, ásamt fullgildum prófum. Þar af skal tiltekinn fjöldi eininga vera nám í uppeldis- og kennslufræði eða þá í sérgrein, ef um það er að ræða. Í umsögnum frá Háskóla Íslands og Félagi menntaskólakennara var talið hæfilegt að miða við 150—180 einingar, þ.e. 5—6 ára nám í háskóla, í stað 120. Ef farið er að till. þessara aðila, er líklegt að það stuðli að stéttarlegu misræmi innan skóla, t.d. innan fjölbrautaskóla, og er þá haft í huga hvaða menntun aðrir kennarar en háskólakennarar eiga völ á. Síðan er í þessum kafla fjallað nánar um nauðsynleg skilyrði til þess að öðlast stöðu við ýmsa sérskóla á framhaldsskólastigi eins og t.d. Íþróttakennaraskóla Íslands, verkmennta- og listaskóla, iðnskóla og skóla fyrir afbrigðilega eða þroskahefta nemendur á framhaldsskólastigi o.s.frv. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi. Við gerð tillagna fyrir sérskóla hafði nefndin, sem samdi frv., upphaflega þann hátt á, að teknar voru upp viðræður við skólastjóra eða skólastjórn hlutaðeigandi skóla og hlutaðeigandi fagkennarafélög, þar sem um þau var að ræða. Þessum aðilum voru kynntar till. nefndarinnar um menntun og réttindi kennara í bóklegum greinum við grunnskóla, framhaldsdeildir gagnfræðaskóla, en þær voru síðar felldar brott úr till. sem sérstakt skólastig, og svo við menntaskóla og þess farið á leit, að þeir gerðu hliðstæðar till. um kennara við sérskólana. Ákvæði frv. um þessa skóla eru m.a. byggð á upplýsingum sem fengnar voru á þennan hátt.

Nefndin skilaði ekki till. um menntun kennara við nokkra skóla, þessa: Fósturskólann, hjúkrunarskólana, húsmæðraskóla, Húsmæðrakennaraskóla. Hún taldi sig ekki hafa forsendur til þess. Kennarar við þessa skóla hafa sótt menntun sína til annarra landa og er þar af leiðandi nokkur mismunur á menntun einstakra kennara, en ákvæði gildandi laga nokkuð óljós í þessu efni.

Þegar gengið var frá frv. í rn. þótti óeðlilegt að geta þessara skóla eða námsbrauta að engu, en jafnillt að setja inn einhver ákvæði sem væru óraunhæf. Varð því að ráði að kveða svo á, að hlutaðeigandi kennarar þyrftu að hafa lokið kennaraprófi sem menntmrn. viðurkennir, sbr. 15. gr. f- og g-liðina og svo 16. gr. e-lið. Í raun er hér ekki um að ræða neina breytingu á þeim venjum og reglum sem miðað hefur verið við þegar kennarar hafa verið ráðnir að þessum skólum. Af þessum sökum þótti ekki brýn ástæða til að hafa samráð við hlutaðeigandi skóla. Má vera að síðar verði ástæða til þess að breyta þessum ákvæðum og kveða skýrar á um réttindi og menntun þessara kennara, t.d. þegar aðstæður verða til að mennta þá hérlendis. — Það þótti rétt að fara nokkrum orðum um þetta atriði sérstaklega hér, þegar ég talaði fyrir málinu, en allt er þetta raunar ítarlega rakið í frv. og þar fylgja allnákvæmar útskýringar við hverja einstaka grein þess. Ég mun ekki rekja einstaka þætti nánar, en vísa til frv. og aths. sem því fylgja.

Það gefur nokkra bendingu um þörfina fyrir löggjöf um þá þætti, sem þetta frv. fjallar um, að með því, ef að lögum verður, verða felld úr gildi eigi færri en 16 tilgreind lög eða einstakar greinar úr lögum um einstakar skólastofnanir. Það verður því stórum hagfelldara að vinna að ráðningu kennara og skólastjóra eftir en áður. Í ákvæði til bráðabirgða segir svo í 19. gr. orðrétt:

„Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur, en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöðu, skulu eiga kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands til að öðlast slík réttindi. Um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu skal setja ákvæði í reglugerð.“

Þetta ákvæði varðar, eins og hv. þdm. heyra, hina margumtöluðu réttindalausu kennara. Samhljóða ákvæði er í frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands. Þessari gr., 19. gr., fylgja svo hljóðandi aths., sem ég vil einnig rifja upp hér, vegna þess að svo mjög hefur verið og er um þetta atriði rætt, en þar segir:

„Á undanförnum árum hefur orðið að setja til kennarastarfa allmargt manna sem ekki hafa full kennsluréttindi samkv. gildandi lögum og geta því ekki hlotið skipun í kennarastöðu. Í umr. um þessi mál hefur verið bent á að æskilegasta lausnin á vanda þessara kennara sé að greiða þeim leið til að afla sér fullra réttinda með viðbótarnámi. Í þessari grein er gert ráð fyrir sérstöku átaki við gildistöku laga um embættisgengi kennara á þann veg, að þeim, sem þá hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla 6 ár eða lengur, skuli gefinn kostur á að ljúka á vegum Kennaraháskólans réttindanámi er verði sérstaklega skipulagt í því skyni. Er þá haft í huga að m.a. gæti orðið um að ræða sumarnámskeið og bréfaskóla.“

Ég vil benda á það sérstaklega í framhaldi af því sem ég nú las, að hér mun í framkvæmd verða tekið fullt tillit til þess náms sem þessir kennarar hafa stundað, hvort heldur er við sókn í fasta skóla ellegar á námskeiðum. Einnig verður tekið mikið tillit til starfsreynslu viðkomandi kennara, sem margir hverjir hafa kennt um langa hríð. Þetta er nýmæli. Tilsvarandi ákvæði hefur ekki verið að finna í íslenskri löggjöf, að því er ég best veit.

Það hefur mikið verið rætt og ritað um aðstöðu hinna svonefndu réttindalausu kennara, og það er að vonum. Í allmörgum tilvikum er um að ræða menn sem hafa starfað árum saman við

ágætan orðstír og beinlínis bjargað við barna- og unglingafræðslunni í sínum byggðarlögum. Um skeið var nokkuð rætt um að hafa ákvæði í frv. um heimild til að skipa til starfa slíka menn, eftir að þeir hafi kennt í tiltekinn árafjölda. En horfið var frá því, enda er mér óhætt að segja, að það er almennur vilji þessara kennara að auka við menntun sína og engin tregða á því hjá hinum réttindalausu, nema síður sé, að gera það. En ég árétta aftur þetta, að nám þeirra styttist verulega við langan starfstíma og starfsreynslu.

Ég sé ástæðu til að vekja sérstaka athygli á töflu yfir menntun starfandi kennara á yfirstandandi skólaári. Hún er prentuð í athugasemdum með þessu frv. Í þessari skýrslu kemur glöggt fram, að starfandi eru margir kennarar án þess að hafa full réttindi til þeirra starfa. Eins og alvitað er og ég hef áður haldið fram, eru orsakir kennaraskortsins m.a. óánægja með launakjör, að kennaramenntun nýtist mjög vel til miklu fleiri starfa en til kennslu og almenn tregða fólks í sumum starfsgreinum að fara út á land og svo er einnig í þessari grein. Kennarastöður eru einmitt mjög margar og mjög dreifðar um landið, stéttin er fjölmenn. Auk þess eru skólar úti á landi stundum styttri og laun þá lægri af þeim sökum, og það hefur aukið tregðu manna til að taka störf að sér undir þeim kringumstæðum. Þarna hefur nokkur leiðrétting orðið á í síðustu kjarasamningum. Enn tel ég að ónógir möguleikar fyrir eldri kennara réttindalausa að afla sér viðbótarmenntunar og fullra réttinda valdi hér nokkru um og svo tímabundin fækkun brautskráninga úr Kennaraháskóla Íslands.

Það hefur verið talið, að um þessar mundir séu aðeins líðlega 50%—55.5% þegar könnun var gerð starfandi af þeim kennurum sem útskrifast hafa síðustu 10 árin úr Kennaraskólanum, svo að nægilega margt kennaramenntað fólk er raunar til í landinu. Hins vegar er skylt að geta þess jafnframt, að miklu hærra hlutfall er í kennslu af síðustu árgöngunum úr Kennaraháskólanum, svo að liggur við að megi segja að hver maður hafi farið til kennslustarf sem þar hefur útskrifast á allra síðustu árunum tveim til þremur. Einnig finnst mér rétt í þessu sambandi að minna á það, að aðsóknin að Kennaraháskólanum hefur nú vaxið gífurlega síðustu árin og eru horfur á mikilli aðsókn enn.

Ég vil enn nota þetta tækifæri, af því að ég hef rætt örlítið um þetta sérstaka mál, að benda á varðandi hæfni kennara án fullra réttinda, að líðlega 9% af öllum kennurum eru sérmenntaðir í kennslugrein sinni, án þess þó að hafa próf í uppeldis- og kennslufræði. Sem dæmi um slíka sérmenntun má nefna háskólapróf í tungumálum og fleiri greinum raunar, próf frá tækniskólum og iðnskólum, listaskólum, verslunarskólum o. fl. Verður að ætla að þetta fólk sé allvel í stakk búið til þess að kenna sín sérstöku fög. Og þess ber einnig að geta, að fullur helmingur þeirra 90 kennara, sem aðeins hafa lokið landsprófi eða gagnfræðaprófi, hefur kennt í 5 ár eða lengur og þar af 25 í meira en 10 ár. Reynsla þessara manna ásamt viðbótarfræðslu á námskeiðum, sem flestir þeirra hafa aflað sér, hjálpar auðvitað mikið til að gera þá hæfa til kennslustarfa.

Mér fannst ástæða til að rifja þetta upp, því að þetta er mikilsvert þegar rætt er um hæfni hinna réttindalausu. Það breytir þó engu um það, að vitanlega er markmiðið að allir kennarar hafi hlotið tilskilda menntun og hafi full starfsréttindi. (Gripið fram í.) Já, ég hef gerst nokkuð fjölorður um réttindalausu kennarana vegna þess hvað kennaraskorturinn hefur verið mikið í sviðsljósi að undanförnu. Ég vil að lokum biðja hv. þdm. að minnast þess, að einn megintilgangurinn með flutningi þessa frv. er sá, að færa saman á einn stað og í aðgengilegu formi þau ákvæði sem varða embættisgengi kennara og skólastjóra við grunnskóla og framhaldsskóla. Jafnframt eru svo þessi atriði öll yfirfarin vandlega, eins og ég lýsti í upphafi máls míns, og löguð eftir þeim aðstæðum sem nú ríkja á hinum ýmsu skólasviðum. Þetta er auðvitað mikilsvert, að þjappa þessum ákvæðum öllum saman og gera þau aðgengileg, og tilgangurinn með því aftur á móti að treysta enn betur en nú er, að starfandi kennarar hafi sem besta menntun og fyllstu réttindi til að gegna sínu ábyrgðarmikla starfi.

Það er að vísu nokkuð liðið á þingtímann þegar þetta frv. er nú lagt fram, en ég vil þó biðja hv. menntmn.-menn og aðra þdm. að hefjast handa um efnislega meðferð þessa máls og að gaumgæfa sérstaklega hvort það er mögulegt að ljúka því á þessu þingi og afgreiða frv. sem lög áður en þingi lýkur. Mér dettur auðvitað ekki í hug að gefa þdm. nein fyrirmæli um vinnubrögð, en ég vil leyfa mér að fara þess á leit, að það verði nú athugaðir allir möguleikar á þessu. Málið er kannske ekki svo mjög flókið í sjálfu sér.

Ég hef þá þessi orð ekki fleiri og legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 117) — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Frv. það til l. um breyt. á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., sem við hv. þm. Benedikt Gröndal flytjum á þskj. 117, er þess efnis, að gerð verði breyting á því fyrirkomulagi sem ríkir varðandi verðábyrgð ríkissjóðs á útfluttum landbúnaðarafurðum. Það er nokkuð síðan þetta frv. var lagt fram hér í hv. d., og ég hef ítrekað óskað eftir því við virðulegan forseta, að frv. yrði ekki tekið til umr. Ástæðan var sú, að ég hafði óskað eftir ákveðnum tölulegum upplýsingum í sambandi við útflutning á landbúnaðarafurðum sem ég vildi gjarnan geta gert grein fyrir við umr. um þetta mál hér. Vegna þess, hve mikið hefur verið að gera í stjórnarstofnunum nú að undanförnu, af ástæðum sem alþm. og þjóðinni eru vel kunnar, þá dróst það hins vegar að ég gæti fengið þessar upplýsingar og hef því miður ekki getað fengið þær enn. Ég tel þó ástæðulaust að fresta þessu máli öllu lengur, þar sem ég tel mjög eðlilegt að sú n.,

sem fær þetta frv. til athugunar, afli sér viðkomandi upplýsinga.

Það, sem ég spurðist fyrir um einkum og sér í lagi, var tvennt: Í fyrsta lagi, hver væri gjaldeyrisjöfnuðurinn hjá landbúnaðinum, hversu mikið af gjaldeyri landbúnaðurinn notaði til framleiðslu sinnar og hversu mikið af gjaldeyri skilaðist aftur vegna útfluttra landbúnaðarafurða. Ég bað sérstaklega um að athugað yrði, hvað útflutningurinn á landbúnaðarafurðunum þyrfti mikinn gjaldeyrisinnflutning á móti. Mér var tjáð að þetta verkefni væri talsvert erfitt að vinna. Það var unnið fyrir nokkrum árum, þegar meginhlutinn af landbúnaðarútflutningi frá Íslandi var mjólkurafurðir, smjör, ostar o. s. frv. Þá var gerður samanburður á því, hversu mikill gjaldeyrir væri notaður til þeirrar umframframleiðslu, sem flutt var út, og hversu mikill gjaldeyrir skilaðist inn í staðinn. Kom í ljós við þá athugun, að þessi samanburður, þessi gjaldeyrisjöfnuður var landbúnaðarframleiðslunni óhagstæður, landbúnaðurinn notaði meiri gjaldeyri til þess að framleiða þessa umframframleiðslu en fékkst fyrir útflutninginn. Nú hefur hins vegar orðið nokkur breyting á þessu, þar eð megnið af útfluttri landbúnaðarframleiðslu á síðustu árum hefur verið dilkakjöt, en ekki mjólkurafurðir, smjör og ostar. Þá er þessi samanburður mun erfiðari vegna þess, að þá koma inn í gjaldeyrisnotkun sauðfjárframleiðslunnar miklu hæpnari tölur, sem verða að byggjast á áætlunum sem að fróðra manna sögn er ekki auðvelt að gera. Ég fékk af þessari ástæðu og öðrum ekki svar við þessari spurningu. Hins vegar hlýtur að sjálfsögðu að liggja fyrir, hversu mikinn gjaldeyri landbúnaðurinn notar til sinna þarfa og hversu miklum gjaldeyri hann skilar til þjóðarbúsins fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir.

Tilgangurinn með þessum samanburði, sem ég óskaði eftir að fá, var að sjálfsögðu að komast að raun um hvort það gæti með einhverju móti talist hagkvæmt að stefna landbúnaðarframleiðslu svo hátt að þyrfti að flytja mjög verulega út. Ef gjaldeyrisjöfnuðurinn í þessum samanburði er mjög óhagstæður, þá segir það sig sjálft, að það borgar sig alls ekki að stefna landbúnaðarframleiðslunni mjög hátt. Ef hins vegar gjaldeyrisjöfnuðurinn er hagstæður eða ekki mjög óhagstæður, skiptir kannske ekki mjög miklu máli þó umframframleiðsla sé allverulega mikil.

Hitt atriðið, sem ég óskaði eftir upplýsingum um, var talsvert annars eðlis. Ég óskaði eftir að fá að vita, hversu mikill hluti af þeim framlögum, sem látin eru af hendi rakna í fjárl. hverju sinni til landbúnaðarins, eru beinlínis til þess fallin að ýta undir aukna framleiðslu landbúnaðarafurða og hve stóran hluta af því fé, sem veitt er til landbúnaðarins á fjárl., má skoða sem fjárveitingu til þess að auka hagræðingu og koma við sparnaði. Mér var tjáð þegar ég spurðist fyrir um þetta, að það væri tiltölulega auðvelt að fá upplýsingar þar að lútandi, en því miður hef ég ekki fengið þær enn. Það, sem ég var að spyrjast fyrir um í þessu efni, var einfaldlega það, hvort aðstoð ríkisvaldsins, aðstoð sem veitt er með fjárlagaafgreiðslu hverju sinni við landbúnaðinn, sé fyrst og fremst þann veg gerð að hún ýti undir aukna framleiðslu fremur en aukna hagkvæmni. Þessum upplýsingum tel ég að sjálfsögðu nauðsynlegt að sú n., sem fær þetta frv. til athugunar, kalli eftir. Ég fæ ekki séð annað en hún hljóti að taka talsvert mið af þeim upplýsingum við umfjöllun um mál eins og þetta.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er að benda á leið út úr þeim ógöngum sem þjóðarbúið er komið í vegna greiðslu verðábyrgðar úr ríkissjóði á útfluttar landbúnaðarafurðir. Í þeim efnum hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina að undanförnu uns í algjört óefni er nú komið þegar flytja getur þurft út yfir 40%, að því er síðast fregnir fara af, af framleiðsluafurðum einnar búgreinar og greiða úr ríkissjóði í verðbætur af þeim sökum upphæðir, sem taldar eru í þúsundum millj. kr. Í frv. til fjárl. fyrir árið 1978 er þannig talið að verja þurfi 2963 millj. kr. í þessu skyni. Hér er um að ræða mjög háa upphæð, sem best sést af því, að þetta mun vera nálægt því sama tala og áætlað heildarútflutningsverðmæti alls loðnuaflans sem komið hefur á land á árinu. Sem sé, heildarútflutningsverðmæti allrar loðnuframleiðslunnar, sem tugir og hundruð Íslendinga hafa unnið við í allan vetur, framleiðslu sem talin er geta ráðið mjög miklu um afkomu þjóðarbúsins, — heildarútflutningsverðmæti þessarar framleiðslu er því næst sama upphæð og ríkissjóður ver til útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir. Þegar menn horfa á dæmið út frá þessum sjónarhóli þá sést að sjálfsögðu hvílíkt vandamál hér er á ferðinni; þegar samanlagt verðmæti alls loðnuafla á einu ári fer beinlínis til þess að greiða með útfluttum landbúnaðarafurðum, sem er umfram neyslu á þessum afurðum hérlendis. Það sést auðvitað að við svo búið má ekki standa, hvað þá þegar það liggur fyrir að þetta fé dugar ekki til. Og þegar litið er til þess, hversu mikil aukning hefur orðið á greiðslu útflutningsuppbóta á allra síðustu árum, og ekki aðeins í krónum, heldur líka í raunverðmætum, þá er auðséð að við svo búið má ekki standa.

Í grg. með frv. þessu á þskj. 117 fylgja nokkrar töflur sem varpa mjög skýru ljósi á þróunina í þessum málum að undanförnu. Töflur þessar hafa verið unnar samkv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Þar kemur t. d. fram í töflu I, að hámarksverðábyrgð útflutningsbóta, 10% af samanlagðri heildarframleiðslu landbúnaðarins, verður hvorki meira né minna en í átta skipti á árunum frá 1963—1977. Hámarksverðábyrgð er náð verðlagsárið 1963—1964, verðlagsárið 1965—1966, verðlagsárið 1966—1967, verðlagsárið 1967—1968, verðlagsárið 1968—1969, verðlagsárið 1969—1970, verðlagsárið 1973—1974 og verðlagsárið 1976—1977. Ég vil vekja athygli á því, að í blaðaskrifum hefur því verið haldið fram, að þessari 10% verðábyrgð hafi aðeins verið náð fimm eða sex sinnum. Þetta er rangt. Eins og þessi tafla sýnir, sem unnin er af Hagstofu Íslands hefur verðlagsábyrgðin á þessu árabili, 1964—1976, náð hámarki alls átta sinnum, þannig að á þessu tímabili eru þau fleiri árin, sem ábyrgðin hefur náð hámarki, heldur en hin.

Þá sagði ég einnig áðan í ræðu minni, að það væri ekki aðeins að hækkanir hafi orðið í krónutölum, heldur einnig í raunverðmætum, eins og sést í töflu II á bls. 7. Þar eru í töflunni útflutningsuppbætur úr ríkissjóði í millj. kr. á hverju ári verðlagsárin 1963—1976. Í krónum hafa útflutningsuppbæturnar á þessu árabili hækkað úr 160 millj. kr. í 2301 millj. kr. Til samanburðar er síðan sett framfærsluvísitala 1. febr. ár hvert. 1. febr. 1964 er hún sett 100. Framfærsluvísitalan á þessum árum hefur hækkað úr 100 í 965 stig. Í þriðju töluröð eru síðan útflutningsbæturnar eins og þær voru í upphafi þessa tímabils, 1963—1964, umreiknaðar með tilliti til framfærsluvísitölunnar á hverju ári, og sú upphæð, sem skráð er fyrir hvert ár, er sú upphæð sem útflutningsuppbæturnar á árinu 1963—1964 mundu hafa numið með fullri verðtryggingu, þannig að töluröðin sýnir á hverju ári um sig, hvaða útflutningsuppbætur hefðu verið greiddar úr ríkissjóði ef útflutningsuppbæturnar 1963—1964 hefðu notið fullrar verðtryggingar. Það kemur í ljós, að öll árin frá 1964 til ársins 1976 hafa útflutningsuppbæturnar, sem greiddar hafa verið, verið hærri en nemur þessari verðtryggingu, þó að þær hafi ekki náð hámarki á öllum árunum. Þær hafa farið allt upp í 68.9% fram yfir verðtrygginguna verðlagsárið 1973—1974, og verðlagsárið 1976—1977 voru útflutningsuppbæturnar í raunverðmætum 49% meiri en þær voru verðlagsárið 1963—1964 þegar útflutningsuppbæturnar námu þó fullri verðábyrgð. Þetta sýnir hver þróunin hefur verið með þessu kerfi, þ. e. a. s. að útflutningsbæturnar hafa ekki aðeins vaxið í krónutölu, heldur líka vaxið mjög stórkostlega í raunverðmætum og dugar þó ekki til.

Þegar litið er til þeirra staðreynda, hver útflutningurinn var á landbúnaðarafurðum fyrir gildistöku þeirrar verðábyrgðar, sem er fólgin í ákvæðum laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, þá verður dæmið enn þá ljótara, því þá hafði það aldrei komið fyrir, að verðmæti útfluttra landbúnaðarafurða næði meiru en innan við 6% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða á Íslandi. Á því tímabili, sem liðið hefur frá því þessi verðábyrgð ríkissjóðs tók gildi, hefur sem sé breytingin orðið sú að áður en lögin um verðábyrgðina voru sett hafði samanlagt verðmæti allra útfluttra landbúnaðarafurða aldrei numið yfir 6% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar í landinu. En eftir að lögin voru sett, og liðu reyndar ekki nema örfá ár þangað til, þá nægðu ekki einu sinni 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar til þess að greiða mismuninn á verðinu sem þurfti að fást fyrir þessar afurðir hérlendis, og því verði sem fékkst fyrir þær afurðir sem út voru fluttar. Þetta skipulag, sem hér hefur verið, hefur þannig beinlínis orðið þess valdandi að hvetja bændur til mjög mikillar framleiðsluaukningar, miklu meiri framleiðsluaukningu en þjóðarbúið raunar gat borið, eins og sést af því, að talið er að nú í ár þurfi að flytja út 35—40% af allri dilkakjötsframleiðslunni. Þetta eru auðvitað hryllilegar staðreyndir, en staðreyndir sem engu að síður verða ekki umflúnar.

Okkur sem flytjum þetta frv., er ljóst, að þótt brýna nauðsyn beri til að breyta hér til og það verðábyrgðarkerfi vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum, sem í gildi hefur verið s. l. 18 ár, hafi gersamlega gengið sér til húðar, þá fylgir því mikill vandi að breyta til. Á því er ekki nokkur vafi, eins og ég lýsti hér áðan, að verðábyrgðarkerfið hefur beinlínis ásamt með öðru stuðlað að mjög óæskilegum framleiðsluháttum í íslenskum landbúnaði, þannig að framleiðsla fyrir innanlandsmarkað með eðlilegum og óhjákvæmilegum sveiflum milli ára sökum árferðis og markaðsaðstæðna hefur ekki reynst markmið framleiðslunnar. Þess í stað hefur verið stofnað til mikillar offramleiðslu á ákveðnu sviði landbúnaðarframleiðslunnar í skjóli þess að ríkissjóður tryggi framleiðendum lágmarksverð fyrir framleiðsluna þótt mjög verulegan hluta hennar verði að flytja úr landi fyrir miklum mun lægra verð en íslenskum neytendum er ætlað að greiða. Þannig hefur í raun réttri verið horfið frá því markmiði landbúnaðarframleiðslunnar, sem var fyrir gildistöku ákvæðanna um verðábyrgð ríkissjóðs frá 1959, að taka mið af þörfum innanlandsmarkaðarins, og ég er sannfærður um að einmitt framkvæmd verðábyrgðarinnar á stóran hlut að því máli. Enda þótt nú sé fyrir allnokkru orðið ljóst að við svo búið verður ekki staðið, þá er okkur engu að síður ljóst, að ýmsum erfiðleikum er bundið að hverfa frá þeirri stefnu í útflutningsbótamálunum sem svo rík áhrif hefur haft á framleiðslustefnu í landbúnaði á s. l. 18 árum. T. d. er ljóst að ef snúið verður við blaðinu í einu vetfangi og breytt um kerfi verðábyrgðar ríkissjóðs vegna útflutnings landbúnaðarafurða, þannig að útflutningsbætur lækki mjög í einni svipan, þá mun slíkt hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir bændur. Viðbrigðin yrðu svo snögg að jafnvel enn alvarlegri vandi mundi skapast í landbúnaðarmálum — sá vandi, að ekki yrði með nokkru móti unnt að losna við verulegan hluta af framleiðslu búvara, einkum sauðfjárafurða, sem yrði að sjálfsögðu óskaplegt áfall fyrir íslenska bændastétt. Einmitt vegna þess, hversu lengi menn hafa látið viðvaranir Alþfl. um hvert stefndi í landbúnaðarmálum með óbreyttu útflutningsbótakerfi sem vind um eyru þjóta, er nú komið út í þær ógöngur sem raun ber vitni og ekki verður snúið á rétta braut nema með mikilli varúð og á talsverðum tíma.

Með frv. þessu er bent á færa leið með breytingu á núverandi kerfi verðábyrgðar sem er í senn varfærnisleg og tekin í áföngum á talsvert löngum tíma. Ég býst við að þm. sé öllum kunnugt um það, að núverandi skipan verðábyrgðar vegna útflutnings landbúnaðarafurða var tekin upp með brbl. frá 15. des. 1959, en þau voru í formi viðauka við lög nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Brbl. voru staðfest á Alþ. efnislega óbreytt síðar um veturinn. Tildrög þessarar lagasetningar voru þau, að fulltrúar neytenda og framleiðenda höfðu ekki komið sér saman um nýjan verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða þá um haustið, m. a. vegna þess að í þágildandi lögum voru ákvæði um að heimilt væri að hækka útsöluverð

á landbúnaðarafurðum innanlands til þess að bæta upp halla á útfluttum vörum. Fulltrúar bænda höfðu krafist þess, að þessi heimild yrði notuð við verðákvörðunina haustið 1959, en það hafði þá aðeins örsjaldan verið gert, þar eð það sætti af eðlilegum ástæðum mikilli andstöðu að halli vegna útfluttra landbúnaðarafurða sökum meiri framleiðslu en samsvaraði innanlandsneyslu væri borinn af neytendum í formi hækkaðs útsöluverðs á búvörum innanlands. Þessari kröfu bænda svo og öðrum kröfum þeirra um hækkanir mótmæltu fulltrúar neytenda í verðlagsnefnd og hurfu úr nefndinni, svo að ekki reyndist unnt að verðleggja landbúnaðarvörur eins og lög stóðu til. Var þá ákveðið með brbl. að verð þeirra skyldi standa óbreytt.

Fyrir tilhlutan þáv. ríkisstj. tóku fulltrúar bænda og neytenda, þ. e. a. s. verkalýðshreyfingarinnar, upp viðræður sín á milli um endurskoðun á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins með það að markmiði að koma sér niður á skipan verðlagsmála sem báðir aðilar gætu við unað. Slíkt samkomulag tókst. Samdar voru breytingar á framleiðsluráðslögunum sem ríkisstj. setti síðan með umræddum brbl. frá 15. des. 1959. Eitt atriðið í þeirri lagasetningu, sem samkomulag náðist um milli neytenda og bænda, var ný skipan á verðábyrgð vegna halla á útfluttum landbúnaðarafurðum, og hefur sú skipan staðið óbreytt síðan. Hana er að finna í 12. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., sem nú eru nr. 101 frá 1966. Í 1. mgr. þessarar 12. gr. segir, að óheimilt sé að bæta upp söluverð landbúnaðarafurða á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands. Þar er sem sé lagt bann við því fyrirkomulagi, sem í lögum var fram til ársins 1959 og olli því ósamkomulagi sem áður var um getið.

Í 2. og 3. mgr. 12. gr. eru svo ákvæði um það, sem koma á í staðinn — verðábyrgð ríkissjóðs — og hljóða þau svo, með leyfi forseta:

„Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. mgr. þessarar greinar."

Þegar hér er komið ber að hafa í huga, að fram til ársins 1959 þegar þessi ákvæði um verðbætur voru í lög leidd, hafði landbúnaðarframleiðslan ávallt tekið mið af markaðsþörfinni innanlands. Fram til þess tíma hafði útflutningurinn, þegar hann var allra mestur, aðeins numið 5.45% af heildarverðmæti framleiðslunnar. Það er því ekki undarlegt þótt engum hafi til hugar komið, þegar þessi lög voru sett, að það gæti gerst, að framleiðsla landbúnaðarafurða tæki slíkt stökk umfram innanlandsþarfir, að hámark verðábyrgðar yrði notað. Þegar um það mál var rætt á Alþ. í febrúarmánuði árið 1960, þótti þm. algjörlega fráleitt, að til slíks gæti komið og því þarflaust að samþ. brtt. sem fram kom frá einum af þm. Alþfl., Jóni Þorsteinssyni, þess efnis að verðábyrgðinni yrði skipað með öðrum hætti — sem sé þeim, að hún næði til mismunarins á því verði, sem fengist á erlendum markaði fyrir allt að 10% framleiðslunnar, sem út yrði flutt, og því verði, sem fengist innanlands fyrir sama magn.

Það er mjög lærdómsríkt að lesa umr. um þessa verðábyrgð frá vetrinum 1960, því þar kemur ljóslega fram hversu fráleitt menn töldu það, að til þess gæti komið að þessi verðábyrgð yrði nokkurn tíma nýtt að hámarki. T. d. lét þáv. landbrh. Ingólfur Jónsson svo um mælt í ræðu í Ed. Alþ. 11. mars árið 1960:

„Og nú er öllum sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan vex ekkert í hlutfalli við aukna notkun innanlands, ekkert í samræmi við fjölgun fólksins í landinu, og þess vegna er það rétt ... að það eru litlar líkur til þess, að útflutningsbæturnar verði þungur baggi á ríkissjóði ..."

Sem sé kemur það fram í umr., sem voru á Alþ. við setningu þessara laga, að engum alþm., ekki ráðh. og engum þm., sem þátt tók í umr. kom það til hugar þá, að útflutningurinn á íslenskum landbúnaðarafurðum gæti nokkurn tíma orðið svo mikill, að hámarki verðábyrgðar, 10% af samanlögðu heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarins, þyrfti að beita. Þeim fannst þetta fjarstætt, enda var eðlilegt að mönnum fyndist það, þegar tillit er tekið til þess, að fram til þess tíma þegar lögin voru sett nam heildarútflutningur á landbúnaðarafurðum á Íslandi aldrei hærra en 5.45% af heildarverðmæti allrar framleiðslunnar.

En þannig voru spádómarnir þegar sett voru lögin um útflutningsuppbætur sem nú er verið að víkja að hugmyndum um breyt. á m. a. með flutningi þessa frv. Þó liðu ekki nema rösk tvö ár frá því að þessi lög voru sett — eða fram til verðlagsársins 1963—1964 — þar til greiðsla verðábyrgðar úr ríkissjóði vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum var komin í leyfilegt hámark, 10% af heildarverðmæti framleiðslunnar. Á svo stuttum tíma eftir setningu laganna tók landbúnaðarframleiðslan á Íslandi slíkt stökk. Og þessu hámarki hefur verðábyrgðin náð í sjö önnur skipti, eða í alls 8 ár af 14 frá árinu 1963—1964 til yfirstandandi árs, eins og sjá má í töflu I. Og í raungildi hafa útflutningsuppbæturnar einnig vaxið ár frá ári og orðið allt að 69% hærri í raunverulegum verðmætum en þær voru árið 1963—1964 þegar þær náðu þó 100% verðábyrgðarhámarki, þegar þær náðu 10% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Slík áhrif hefur sú leið, sem valin var í sambandi við verðtryggingu ríkissjóðs á útfluttri landbúnaðarvöru, haft á framleiðslustefnuna í landbúnaði. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að einmitt það, hvernig þessari verðábyrgð er hagað í lögunum, er orsök þess, ein af fleirum, að þeirri framleiðslustefnu hefur verið fylgt, sem nú hefur leitt okkur út í það að þurfa að losa okkur við 35—40% af framleiðslu einnar stærstu búgreinarinnar í landbúnaði út úr landinu með ærnum tilkostnaði, vegna þess að ekki er til markaður fyrir framleiðsluna hér á landi.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að engum þm., hvorki þáv. hæstv. landbrh. Ingólfi Jóns-

syni né nokkrum öðrum þm., sem greiddi þessari lagasetningu atkv. á þinginu 1960, hafi þá til hugar komið að niðurstaðan yrði þessi. Ég er ansi hræddur um, að með þessari afgreiðslu á þinginu 1960 og með því að daufheyrast sífellt við öllum varnaðarorðum um hvert þessi stefna mundi leiða, hafa þeir sem ábyrgðina báru á slíku, leitt yfir bændur meiri erfiðleika en menn gera sér grein fyrir, erfiðleika sem ég er hræddur um að taki íslenska bændastétt mörg ár að losa sig frá. En ýmislegt annað kemur einnig hér til. Sumir — jafnvel þeir sem áttu hlut að því samkomulagi bænda og neytenda, sem gert var haustið 1959, og þeir, sem beittu sér fyrir lagasetningu í framhaldi af því — stóðu í þeirri trú þegar lögin voru sett, að með því væri aðeins verið að tryggja, að útflutningsuppbætur úr ríkissjóði gætu á ári hverju ávallt numið sem svaraði 10% af verðmæti hverrar útfluttrar afurðar fyrir sig — t. d. 10% af verðmæti útfluttra osta, 10% af verðmæti kindakjötsframleiðslunnar o. s. frv. En eins og bókstafur laganna hljóðar er ekki um slíkt að ræða. Framkvæmdin er sú, að fyrst er áætlað heildarframleiðsluverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslu, hliðarbúgreinar þar með taldar og hlunnindi, það síðan lagt saman og reiknuð 10% af þeirri upphæð, sem samkv. bókstaf laganna er sú fjárhæð sem verðábyrgð ríkissjóðs á að nema. Eins og sjá má af töflu I á bls. 6, eru þannig ekki aðeins inni í heildarframleiðsluverðmætistölunni allar afurðir af nautgripum og sauðfé, heldur jafnframt framleiðsluverðmæti annarra afurða, svo sem afurða af hrossum, afurða af geitum afurða af svínum, afurða af loðdýrum, afurða af alifuglum, afurða af garð- og gróðurhúsarækt og tekjur af hlunnindum, svo sem af laxveiðum, svo sem af sölu veiðileyfa, svo sem af silungsveiðum, svo sem af hrognkelsaveiðum, svo sem af selveiðum, svo sem af æðardúni, svo sem af eggjatöku, svo sem af fuglaveiðum og svo sem vegna rekatöku. Ef vel árar hjá dúnbændum, þá hækkar sem sagt verðábyrgð ríkissjóðs á útflutt lambakjöt. Ef vel gengur með rekatöku, þá hækkar verðábyrgð ríkissjóðs á útflutt lambakjöt. Ef vel gengur með geitarækt, svínarækt, loðdýrarækt, alifuglarækt, garð- og gróðurhúsaafurðir o. s. frv., o. s. frv., þá hækkar verðábyrgð ríkissjóðs á útfluttu dilkakjöti. Framleiðsluverðmæti allra þessara greina er sem sé reiknað út, lagt saman og síðan tekin 10% af heildartölunni og það er verðábyrgð ríkissjóðs. Sú tala, sem þá kemur út, er sem sé sú fjárhæð sem lögum samkv. verður það árið að koma úr ríkissjóði vegna verðábyrgðar á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem fyrst og fremst eru kindakjöt og mjólkurvörur að einhverju leyti. Þannig verða tekjur, sem hljótast af starfsemi eins og alifuglarækt, tómata- og gúrkuframleiðslu, lax- og silungsveiðum, hrognkelsaveiðum, töku æðardúns, eggjatínslu og hirðingu rekaviðar, til þess að hækka greiðslur bóta úr ríkissjóði vegna útflutnings á lambakjöti, með þeim afleiðingum, að verðtryggð offramleiðsla á þessari einu afurð getur numið um eða yfir 30% af heildarframleiðslunni.

Auðvitað felur þetta ekki í sér eðlilega framleiðslustefnu með þarfir innanlandsmarkaðar og fjárhagsgetu þjóðarinnar fyrir augum. Vandinn er hins vegar sá, að við þetta kerfi höfum við Íslendingar búið. Sú staðreynd verður ekki umflúin og hún getur haft þau áhrif, að ekki verði til baka snúið nema með varúð og gætni, svo að stórkostlegt tjón hljótist ekki af fyrir landbúnaðinn og þjóðarbúið í heild.

Eins og áður er sagt byggist frv. það, sem hér er flutt, á því meginviðhorfi, að beygt verði frá hinni röngu stefnu og haldið til réttrar áttar, en þó með aðgát og varfærni sem nauðsynlegt er að beita eins og málum er nú komið. Ef fyrr hefði verið gripið á vandanum og ráðamenn hefðu ekki daufheyrst við varnaðarorðum Alþfl.-manna hefði sjálfsagt verið hægt að grípa til fljótvirkari og útgjaldaminni ráða en felast í þessu frv. En staðreyndin er sú, að í hreinar ógöngur er komið þar sem fara verður að með gát, og í augu við þær staðreyndir verða menn að horfast.

Frv., eins og það er úr garði gert gerir ráð fyrir því, að þær breytingar verði gerðar á 12. gr. laganna um framleiðsluráð — þeirri grein sem fjallar um verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra landbúnaðarafurða — að miða ekki verðábyrgðina við samanlagt heildarverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslunnar að hlunnindum meðtöldum, heldur aðeins við framleiðsluverðmæti þeirra aðalbúgreina tveggja — nautgriparæktar og sauðfjárræktar — sem útflutningsbætur eru einskorðaðar við. Þannig er lagt til, að verðábyrgð ríkissjóðs nái til útflutnings á afurðum hvorrar þessarar búgreinar um sig, þannig að hún megi mest verða sem samsvarar 10% af heildarverðmæti nautgripaafurða gagnvart útflutningi á afurðum þeirrar búgreinar og 12% af heildarverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar. Þannig yrðu útflutningsbæturnar gerðar upp fyrir hvora búgrein um sig og ekki leyfður flutningur verðábyrgðar milli búgreina, t. d. ef verðábyrgð yrði ekki að fullu notuð gagnvart útflutningi afurða annarrar búgreinarinnar, en útflutningur á afurðum hinnar yrði meiri en næmi verðábyrgð hennar. Þá er eigi heldur hægt samkv. frv. að flytja verðábyrgðargreiðslur milli ára frekar en nú á sér stað, þannig að verðábyrgð sem ekki nýtist eitt árið, fellur þá niður.

Okkur flm. þessa frv. er ljóst, að hér er um að ræða talsvert stórt skref í átt til eðlilegrar skipunar á þessum málum, sem m. a. mundi hafa það í för með sér að greiðslur vegna verðábyrgðar verðlagsárið 1976—1977 mundu lækka um 1 milljarð kr. frá því sem nú er, ef þessi breyting hefði tekið til þess verðlagsárs. Ef slík breyting yrði gerð í einu vetfangi — útflutningsuppbætur yrðu lækkaðar um 1 milljarð kr. — mundi sú ráðstöfun að sjálfsögðu koma mjög harkalega við bændastéttina, jafnvel lama að verulegu leyti sauðfjárbúskap í landinu. Einmitt þess vegna er lagt til í 2. gr. frv., að sett verði bráðabirgðaákvæði í lög um framleiðsluráð, þannig að markmiði 12. gr. eins og hún yrði ef frv. yrði samþykkt, væri náð í áföngum gagnvart þeirri búgrein — sauðfjárrækt — sem erfiðast ætti með að una þessum breytingum. Á verðlagsárinu 1977—1978 mætti verðábyrgð ríkissjóðs samkv. því, sem frv. leggur til, vegna útfluttra sauðfjárafurða nema allt að 20% af heildarfram-

leiðsluverðmæti búgreinarinnar á þar næsta verðlagsári lækkaði hámark ábyrgðarinnar niður í 18% og svo áfram koll af kolli uns hún yrði komin niður í 12% á fjórum árum. Með þessu móti væri markinu náð í áföngum og breytingin ekki tilfinnanleg. Að sjálfsögðu erum við flm. reiðubúnir til að fylgja endurskoðun á áfangaskiptingunni og hlutfallstölum verðábyrgðarinnar, ef samstaða tækist um það hér í þinginu, enda skiptir slíkt engum sköpum, heldur hitt, sem er aðalatriði, að horfið verði til verðábyrgðarkerfis, sem hefur ekki þau óæskilegu og óeðlilegu áhrif á framleiðslustefnuna í landbúnaði, sem það kerfi hefur haft, er í gildi hefur verið s. l. 18 ár.

Með sama hætti viljum við flm. þessa frv. benda á, að í frv. felst ekki hin endanlega lausn þessara mála, heldur aðeins lausn í takmarkaðan tíma, til þess fallin að snúa af rangri braut yfir til réttrar áttar. Sem framtíðarstefnu í þessum málum má t. d. benda á verðábyrgðarkerfi, sem yrði þannig hugsað, að áætlað yrði hverjar sveiflur í framleiðslumagni landbúnaðarafurða telja mætti eðlilegar með hliðsjón af árferðissveiflum og þörfum innanlandsmarkaðar og ríkissjóður ábyrgist síðan þann mismun, sem kynni að skapast vegna útflutnings, innan eðlilegra umframframleiðslumarka, á því verði sem fengist fyrir útflutninginn annars vegar, og innanlandsverðinu hins vegar. Takmarkið er auðvitað það, að landbúnaðarframleiðslan sé ávallt fyrst og fremst í samræmi við innanlandsmarkaðsþarfir hvað varðar magn, gæði og fjölbreytni og ráðstafanir hins opinbera til stuðnings landbúnaði taki mið af óskum neytenda og þörfum atvinnuveganna fyrir aukna hagræðingu, bætta hagkvæmni og aukna framleiðni ásamt með eðlilegum launakjörum bænda miðað við aðrar stéttir þjóðfélagsins fyrir þá miklu vinnu og ábyrgð sem á þeim hvílir. Núverandi stefna í landbúnaðarmálum hefur ekkert af þessu getað tryggt, heldur þvert á móti. Það er því kominn tími til að gera þar á breytingu, ekki aðeins hvað varðar verðábyrgð á útfluttar landbúnaðarafurðir heldur einnig hvað varðar það fjármagn, sem ríkissjóður veitir með einum eða öðrum hætti til stuðnings við atvinnuveginn og til stuðnings við þá, sem þann atvinnuveg stunda, þannig að tryggt sé hvort tveggja í senn, að neytendur fái þá vöru, sem þeir óska eftir, á viðráðanlegu verði og bændur beri úr býtum eðlileg laun fyrir sín störf og sína miklu ábyrgð.

Á bls. 8 er tafla II, þar sem gerður er samanburður á greiddum útflutningsbótum úr ríkissjóði samkv. núverandi kerfi og bótagreiðslum eins og þær hefðu verið, ef ákvæði frv. um verðábyrgð hefðu verið í gildi í stað þeirra ákvæða sem gilt hafa undanfarin ár. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá töflu. Hún skýrir sig sjálf og sýnir, eins og ég sagði áðan, annars vegar verðábyrgð, sem eingöngu er bundin við nautgripa- og sauðfjárafurðir, og hvenær slík verðábyrgð nær hámarki fyrir hverja búgrein um sig hvert ár um sig frá 1963—1977.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. þetta að þessu sinni. Mér er ljóst að það getur verið umdeilanlegt, hvort gera á till. um að frv. fari til hv. landbn. eða hv. fjh.- og viðskn. Mér finnst á margan hátt eðlilegt að frv., sem varðar svo miklar fjárhæðir og breytingu á lögum sem skuldbinda ríkissjóð fjárhagslega, fari til fjh.- og viðskn., og geri því um það tillögu.

Pálmi Jónsson: Hæstv. forseti. Frv. þetta um breytingu á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins hefur einn tilgang, eins og fram kom í máli hv. frsm. og fyrra flm., sem sé þann að skerða útflutningsbætur sem veittar eru á útfluttar landbúnaðarafurðir. Jafnframt væri þá skert það fjármagn sem fer til þess að tryggja tekjur bænda samkv. gildandi lögum. Eins og hv. flm. gat um, ef þetta frv. hefði tekið gildi fyrir nokkrum árum, mundi þessi skerðing á útflutningsbótafé nema nálega 1 milljarði kr., ef marka má töflu III á bls. 8 er fylgir þessu frv. Hér er því um mjög mikið fjármagn að ræða eða sem næst því, að á þessu ári mundi það fé, sem fer til tryggingar á tekjum bændastéttarinnar, lækka um þriðjung.

Þetta frv. þarf kannske engum að koma á óvart sem fylgst hefur með málflutningi og till. hv. þm. Alþfl. á undanförnum árum, sem glöggt virðast hafa séð ofsjónum yfir því fjármagni sem fer til þess að tryggja og viðhalda landbúnaðarframleiðslu í landinu. Útflutningsbótafé, eins og ég hef þegar tekið fram, fer til þess að tryggja að vissu marki tekjur bændastéttarinnar, og það er óhætt að fullyrða það hér, enda þótt ég hafi ekki verið við því búinn að hafa með sér slík gögn, að í flestum nálægum löndum er varið miklu meira fjármagni til þess að tryggja tekjur og hagsmuni bændastéttarinnar heldur en hér er gert. Þetta er eðlileg og sanngjörn stefna, vegna þess hversu mikilvægt það er hverju þjóðfélagi að framleiðsluatvinnuvegir gangi og hagur þeirra sé sem best tryggður. Ef horfið væri frá þessari stefnu mundi að sjálfsögðu því fólki fækka, sem fæst við framleiðslu á landbúnaðarvörum, og þá væntanlega um leið fjölga því fólki, sem fæst við þjónustustörf. Það mundi verða meiri ásókn að komast á jötu ríkisbáknsins, í bankakerfi o. s. frv. Það þyrfti þá meiri hluti þjóðarinnar að sinna þjónustustörfum — eða eins og sumir kalla: að lifa hver á öðrum — heldur en vinnur að því að framleiða verðmæti sem standa undir þjóðarbúskapnum.

Ég tel að það sé mikið öfugmæli, þegar sagt er, eins og hv. flm. sagði hér, að framleiðsluaukning í landbúnaði væri orðin meiri en þjóðarbúið getur borið. Ég álít að það séu aðrir hlutir, sem vega að efnahagslegu öryggi þjóðarbúsins, en framleiðsluatvinnuvegirnir, því að án þeirra væri óhætt að fullyrða, að hér mundi ekki þrífast neitt þjóðfélag. Og þó að við verjum, eins og áætlað er á þessu ári, 3 milljörðum kr. til þess að tryggja að nokkru tekjur þess fólks sem fæst við landbúnaðarframleiðslu, þá fer því fjarri, að þar sé um fjármuni að tefla sem muni kollsigla okkar þjóðfélagi. Þvert á móti vinna þeir fjármunir að því að tryggja hagsmuni og tilveru þessa þjóðfélags. Slík öfugmæli lét hv. flm. sér um munn fara og þeim öfugmælum vil ég ekki láta ómótmælt.

Ég tel rétt að benda á það, að stjórnskipuð

nefnd starfar nú að endurskoðun framleiðsluráðslaga. Enginn getur um það sagt, hvað út úr þeirri endurskoðun kemur. Hitt er víst, að niðurstaða þeirrar endurskoðunar mun ekki eiga greiðan gang í gegnum Alþ. ef svo skyldi til takast að tryggingarákvæði, sem felast í núv. ákvæðum um útflutningsuppbætur, verða rýrð eða skert svo sem hér er lagt til eða þaðan af meira. Ef horfið væri að slíku þyrfti eitthvað annað að koma til, sem a. m. k. að hluta, eins og nú er gert, tryggi hagsmuni þeirra sem vinna að framleiðslu búvara.

Hv. þm. vitnaði í töflur sem hann birtir með þessu frv. og hefur reiknað eftir gögnum frá Hagstofu Íslands. Sjálfsagt hefur hv. flm. valið þær útreikningsreglur sem þar er farið eftir, en það má reikna þessi mál út frá fleiri sjónarhólum en þeim sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er tíðast staddur á. Það hefði t. d. verið þess virði fyrir hv. þm. að birta einn dálk enn í einhverjum af sínum þremur töflum, þar sem kæmi í ljós, hver hefur orðið raunin á hlutfalli útflutningsbóta og ríkisútgjalda í gegnum árin. Þá hefði væntanlega komið í ljós, að útflutningsbætur hafa ekki hækkað hlutfallslega miðað við útgjöld ríkissjóðs. Og ég hygg að það sé svo, að í gegnum árin hafi stuðningur hins opinbera við atvinnuvegi þjóðarinnar farið hlutfallslega lækkandi, og ég tel að ef eitthvað er um það að segja, þá hafi þar fremur verið stefnt í öfuga átt en hið gagnstæða, því að eins og ég raunar þegar hef sagt, þá hvílir þetta þjóðfélag á þeim undirstöðum sem framleiðsluatvinnuvegirnir veita og síðan úrvinnslugreinar framleiðslunnar. Sé því ekki sinnt að halda þessum stoðum sem styrkustum, þá mun þjóðfélagið riða til falls.

Það leiðir af því, sem ég hef hér þegar sagt, að ég er þessu frv. andvígur. Ég mun ekki samþykkja eitt frv. eða annað sem miðar að því að skerða útflutningsbætur, nema þá eitthvað annað, sem ég met jafngilt, komi í staðinn.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að með þessu frv. væri ekki fundin nein frambúðarlausn. Hann fór að vísu mjúkum orðum um sína frambúðarlausn, sem var í því fólgin að meta hverjar væru eðlilega árferðissveiflur á framleiðslu búvara hér á landi. Það kom ekki fram, hvert hans mat er í þessu efni. Það var mat þeirra manna, sem stóðu að samþykkt framleiðsluráðslaga á sínum tíma, 1960, og færðu þar í lög ákvæði um verðtryggingu og útflutningsuppbætur, allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, að sveiflur í framleiðslu búvara hér á landi gætu orðið það miklar, að eðlilegt væri að tryggja allt að 10% framleiðslunnar. Sjálfsagt er mat hv. þm. Sighvats Björgvinssonar allt annað og þarf það ekki að koma á óvart. En grunur minn er þó sá, að slíkt mat hafi einungis verið yfirvarp af hans hálfu, heldur muni það vera honum skapi næst að fella allar útflutningsbætur niður og væri réttast fyrir hann að segja það hreint út.

Erfitt er að segja fyrir um það, hver framvinda verður í framleiðslu búvara hér á landi annars vegar og neyslu þeirra innanlands hins vegar. Á síðustu árum hefur dregið nokkuð hlutfallslega úr neyslu búvara hér á landi, a. m. k. sumra tegunda þeirra. Á sama tíma hefur það einnig gerst, ekki síst vegna verðbólguþróunar innanlands og mikillar niðurgreiðslu á framleiðslu búvara í helstu markaðslöndum okkar, að markaðsverð landbúnaðarvara erlendis hefur orðið óhagstæðara með hverju ári. Nú hafa verið gerðar nokkrar ráðstafanir á innlendum vettvangi í því skyni að stuðla að aukningu á neyslu hér innanlands á búvörum með því að auka fé til niðurgreiðslna. Niðurgreiðslur hafa á undanförnum árum farið minnkandi, og það hefur væntanlega átt sinn þátt í því, að neyslan á sumum vörutegundum landbúnaðarins hefur dregist nokkuð saman. Ekki er unnt að spá um það, hvort þær ráðstafanir, sem nú hafa verið gerðar af stjórnvöldum, duga til þess að veruleg aukning verði á neyslu búvara hér innanlands, en það hafa þó verið gerðar tilraunir í þá átt og vonandi að þær beri verulegan árangur. Hitt er einnig jafnljóst, að miklum mun betur þarf að vinna að því en gert hefur verið nú undanfarið að leita hagstæðra markaða fyrir framleiðslu okkar erlendis, og má ekki um of horfa í eyrinn til þess að sinna því mikilvæga hlutverki. Margar af framleiðsluvörum íslensks landbúnaðar eru erlendis sem hérlendis talin sérstök úrvalsvara, og það þarf að vinna að því að ná mörkuðum og verði fyrir þessa úrvalsvöru okkar í samræmi við það sem henni ber. Á þessu ári verður starfað í þessa átt meira en gert hefur verið að undanförnu, og er það aðeins skref á þeirri braut sem þarf að ganga í því að afla okkur sæmilegra markaða.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. Sú aðferð, sem fundin er upp til þess að skerða útflutningsbótaféð og grafa undan grundvelli útflutningsbótanna í þessu frv., er í sjálfu sér athugandi, ef hún hefði ekki þann tilgang sem frv. greinir. Ef skipta ætti sundur grundvelli útflutningsbótaréttarins eftir framleiðslugreinum og eðlilegar hlutfallstölur væru notaðar, þá kemur að mínum dómi sú aðferð til athugunar. Ég mun þó hvergi ljá máls á slíku fyrr en ég sannfærist um það, að þessar höfuðframleiðslugreinar íslensks landbúnaðar stæðu a. m. k. jafnréttar eftir sem áður. En þeirri leið, sem hér er mótuð, sem hefur þann tilgang beint að skerða og eyða útflutningsbótaréttinum, er ég gersamlega andvígur og frv. í heild.

Páll Pétursson: Herra forseti. „Þessu var aldrei um Álftanes spáð, að ættjörðin frelsaðist þar," sagði skáldið. Ég á raunar ekki von á því, að hv. þm., flm. þessa frv., Sighvatur Björgvinsson eða Benedikt Gröndal, né heldur forveri þeirra, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, leysi farsællega vanda landbúnaðarins þegar hann steðjar að. Ég er ekki með því að halda því fram, að stefna okkar í landbúnaðarmálum sé alfullkomin og það megi engu breyta eða ekkert megi breytast. Ég er þvert á móti á því, að þar þurfi ýmsu að breyta. En ég er ekki sammála anda þessa frv. og held ekki að það væri spor í rétta átt að samþykkja það.

Ég er sammála flm., frsm., hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að landbúnaðarframleiðslan væri minni á Íslandi og bændur færri ef farið hefði verið að ráðum Alþfl. í gegnum árin. Þá væru bændur þó ekki enn þá helmingi fleiri en bankamenn — en það dregur nú óðum saman með þessum tveimur stéttum. Það er hins vegar

nokkru dýrara fyrir þjóðfélagið að halda úti bankamönnum, því að þeir hafa að vísu ekki helmingi hærra kaup en bændur, en þeir hafa talsvert miklu hærra kaup en bændur. Í *Hagtíðindum, októberhefti 1977, birtist tafla,* sem er gott að komi í þennan tilvitnanabunka sem hv. þm. gerði glögglega grein fyrir áðan. Þar, á bls. 185, er tafla 3, um tölu kvæntra framteljenda eftir byggðastigi og meðalbrúttótekjur þeirra á árinu 1976 eftir samandregnum starfsstéttum. Þar kemur í ljós, að starfslið banka og sparisjóða hafði 2 millj. 678 þús. í meðalbrúttótekjur. Hins vegar höfðu bændur ekki nema 1558 þús. Þetta var árið 1976. En þetta kerfi, sem við búum nú við og hv. þm. var að gagnrýna hér hörðum orðum, var ekki sett í neinu ógáti. Þetta var sett í stjórnartíð Alþfl. af sjálfri viðreisnarstjórninni, og það sem meira var: þetta var sjálfsögð og skynsamleg ráðstöfun. Að vísu munu Alþfl.-menn ekki eiga meginheiðurinn af þessu, heldur fyrrv. hæstv. landbrh. Ingólfur Jónsson, en sú breyting, sem gerð var þá, var alveg tvímælalaust spor í rétta átt, — alveg tvímælalaust, því að það náði auðvitað engri átt að jafna þeim halla, sem af og til kom af sölu útfluttra landbúnaðarafurða, niður á neyslu innanlands. Það fyrirkomulag hafði gilt áður og það hafði meira að segja staðist fyrir dómi. Neytendafulltrúar höfðu farið í mál út af þessu og það hafði gengið dómur um að þetta væri heimilt. Viðreisnarstjórnin og þá sérstaklega þáv. hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, á þakkir skildar fyrir að kippa þessu til betri vegar.

Það er eðlilegt, að eitthvað sé flutt út af landbúnaðarvörum á hverjum tíma, því að markmið landbúnaðarins hlýtur að sjálfsögðu að vera það í fyrsta lagi að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir þær búvörur, sem unnt er að framleiða í landinu, framleiða í öðru lagi hráefni í iðnaðarvörur til sölu innanlands og til útflutnings og framleiða svo búvörur til útflutnings og til gjaldeyrisöflunar, þegar henta þykir og þegar hinum tveimur þáttunum er fullnægt, — þ.e.a.s að fullnægja þörfum þjóðarinnar fyrir búvörur og fullnægja þörfum iðnaðarins fyrir landbúnaðarafurðir.

Það náttúrlega gefur auga leið, og það veit ég að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson veit og sér við rólega yfirvegun, að ekki er hægt að framleiða gærur nema kjöt fylgi. Og þó að sagan segi að einum ræðugarpi hafi dottið í hug í þessum ræðustól, að það væri unnt, þá veit ég að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er ekki á sama máli.

Hann hafði uppi, hv. 1. flm., hroðalegar spár um magn af óseldu dilkakjöti, sem væri til hér í landinu. Mér er kunnugt um að það er til nokkuð mikið af dilkakjöti í landinu þessa dagana. En þá þarf að snúa sér að því að koma þessu kjöti í lóg, ekki að fárast yfir því að þarna sé upprisið eitthvert voðalegt vandamál sem kalli á örþrifaráð. Það, sem fyrst þarf að gera, er einkum að hnekkja þeim *rógi* sem gengið hefur um óhollustu landbúnaðarafurða og m.a. er beint runnin undan rifjum framleiðenda gervifæðu. Það þarf að gera landbúnaðarvörur aðgengilegri fyrir kaupendur, m.a. með því að greiða þær niður. Síðan þurfa bændur að gæta hagsýni og sparnaðar í búrekstrinum. Það er þó nokkuð af búum á Íslandi, sem eru orðin of stór, þau eru orðin óhagkvæmar rekstrareiningar, menn hafa farið út í verksmiðjubúskap, sem við höfum ekkert við að gera, og alla vega bæði félagslega og *fjárhagslega mjög óhentugar og óskynsamlegar* rekstrareiningar. Þar á reyndar stjórnunarþátturinn, lánakerfi og leiðbeiningaþjónusta ofurlitla sök að hafa ekki gripið fyrr í taumana til að stöðva þá þróun, því að hún var orðin augljós nokkru áður en gripið var til stöðvunaraðgerða eða reynt að bremsa. En þetta hafðist upp úr skinnvæðingarfjasinu sem reið hér húsum í landbúnaðarumr. fyrir svona 10 árum. Síðan þarf að kippa tollamálum landbúnaðarins í lag. Það er að sjálfsögðu óviðunandi, að landbúnaðurinn sitji ekki við sama borð í tollamálum og hvað varðar söluskatt og vörugjald af vélum og tækjum sem flytja þarf inn til landbúnaðarframleiðslu. Það þarf að lækka byggingar- og ræktunarkostnað í sveitum með stöðlun bygginga og félagslegum framkvæmdum á því sviði, og það þarf að endurgreiða eða fella niður tolla og söluskatt af efni til þessara framkvæmda á sama hátt og t.d. er gert vegna skipakaupa. Það eru hliðstæð framleiðslutæki sem þarna er verið að setja upp.

Ég er ekkert viss um að það útflutningsbótakerfi og sá háttur, sem hafður hefur verið á útflutningsbótum og niðurgreiðslum og framlögum til landbúnaðarframkvæmda, sé sá heppilegasti. Hv. frsm. gerði allmikið veður út af því í upphafi ræðu sinnar, að hann vantaði upplýsingar bæði um „ballansinn“ á gjaldeyri í gjaldeyrismálunum og hvernig væri notað það fjármagn, sem til landbúnaðar færi, hvort það væri beinlínis til þess að skapa umframframleiðslu. Það er tiltölulega lítið, held ég, af því fjármagni, sem fer til landbúnaðarins, sem verður þess beinlínis valdandi, að birgðasöfnun verði mjög mikil. Mér finnst það þó orka tvímælis, hvort rétt er, t.d. þegar ekki er um kal að ræða, að greiða styrk á ræktun fóðurkáls. En sú upphæð er sáralítill hluti af heildarframlögum til landbúnaðarmála. En ég gæti vel ímyndað mér, að heppilegra væri að sameina þessi framlög að meira eða minna leyti í einhvers konar stjórnunarsjóð landbúnaðarins, sem síðan yrði fenginn t.d. framleiðsluráði í hendur og notaði þessa fjármuni til þess að hafa stjórn á sölunni innanlands og þá útflutningi búvöru eftir efnum og ástæðum hverju sinni. Það er auðvitað sjálfsagt og þarf ekki að taka það fram og um það eigum við allir að vera sammála, að það er rétt að nota hverja krónu, sem til þessara mála fer, á sem allra hagkvæmastan hátt. Og ég hygg að þetta væri leið sem væri vænlegri, að sameina þetta á eina hendi og undir hatti bænda sjálfra, heldur en með þeim hætti, sem nú er, að hafa þetta greint sundur í útflutningsbætur og í niðurgreiðslur.

Þá þarf að skapa svigrúm til þess að hagræða framleiðslu landbúnaðarafurða í landinu, þannig að ef þarf að flytja út, þá sé hægt að flytja út þær vörur sem skynsamlegt er að flytja út og gefa skásta verðið. En þess hefur ekki verið gætt. Sum af okkar framleiðslufyrirtækjum og vinnslufyrirtækjum hafa ekki haft fjárhagskringumstæður til þess að einbeita sér að þeirri framleiðslu, sem besta verið hefur gefið á erlendum mörkuðum.

Það er rétt, að núna er vandinn nokkur hvað varðar framleiðslu dilkakjöts og það eru nokkrar birgðir dilkakjöts í landinu, sem hafa safnast upp á undanförnum árum. En ég vil taka það sérstaklega fram, að ekki er hægt að kenna sauðfjárbændum eða framleiðslu sauðfjárafurða sérstaklega um það, því að sauðfjárframleiðslan hefur í sjálfu sér vaxið mjög lítið undanfarin ár. Það er neyslan, sem hefur dregist saman, og hæstv. ríkisstj. hóf að greiða niður nautgripakjöt. Það varð framleiðslubreyting: Menn fóru að setja á kálfa og framleiddu mikið nautgripakjöt á fáum árum og voru svo í vandræðum með að selja það. Síðan var farið að greiða nautakjötið niður og þá þrengdist náttúrlega markaðurinn að sama skapi fyrir dilkakjöt.

Ég vitnaði í upphafi máls míns í Þorstein Erlingsson, ljóðlínur hans eða efasemdir hans um að ættjörðin frelsaðist á Álftanesinu. Ég er ekkert að fullyrða það á þessu stigi málsins, að hv. þm. Alþfl. kunni ekki að koma til með að leysa einhvern tíma í framtíðinni vanda landbúnaðar á Íslandi, en ég held að þeir geri það ekki í þetta skiptið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 52. fundur.

Þriðjudaginn 7. mars, kl. 2 miðdegis.

Innlend fóðurbætisframleiðsla, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Hér er um að ræða fsp. sem borin var fram á fyrstu vikum þings í haust, það er b-liður fsp. á þskj. 58. Fyrri liðnum, a-liðnum, varðandi það hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar af hálfu ríkisstj. til að tryggja hagsmuni grasköggla-verksmiðja, var svarað fyrir nokkru, en b-liðnum, svo hljóðandi: „Hvað líður birtingu skýrslu um niðurstöður rannsókna á fóðurgildi innlendra grasköggla?“ — verður fyrst svarað nú í dag. Mér er ljóst, að hér er ekki um að sakast við hæstv. landbrh., hversu mjög það hefur dregist að svara þessari fsp. Ástæðan mun vera sú, að niðurstöður rannsóknanna hafi beinlínis ekki legið fyrir, það hafi ekki verið búið að vinna svör við þessari spurningu. Birtingin hefur sem sagt dregist óhóflega á langinn.

Þegar rætt var um stöðu grasköggla-verksmiðjanna og fóðurbætisverksmiðjanna hér á landi í vetur, þá var mjög uppi samanburður við verð á innfluttum fóðurbæti til landsins, og eins og að líkum lætur er ákaflega þýðingarmikið að vita um fóðurgildið. Verðsamanburðinn höfðum við, en fóðurgildi þessarar innlendu vöru í samanburði við fóðurgildi hinnar erlendu vöru, sem flutt var inn á niðurgreiddu verði frá Efnahagsbandalagslöndunum, lá ekki fyrir. Nú vænti ég að hæstv. ráðh. veiti okkur svör við þessari spurningu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi sagði, þetta svar hefur dregist mjög á langinn. Ástæðan var m.a. sú, að þegar það kom til mín upphaflega taldi ég það ófullnægjandi og óskaði eftir því að fá gleggra svar og betri grg. en þá kom fram. Þetta liggur nú fyrir. Ég mun nú lesa grg. sjálfa, en auk þess eru hér fskj. yfir tilraunir þær, sem gerðar hafa verið, sem verið er að útbýta nú meðal hv. þm. En grg. er svohljóðandi:

„Síðan grasmjöls- og grasköggla-framleiðsla hófst hér á landi fyrir 12—15 árum hefur áhugi manna á þessari framleiðsluvöru verið töluverður. Þetta á bæði við um bændur og rannsóknamenn. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á efnasamsetningu grasköggla og auk þess þó nokkuð margar fóðrunartilraunir með búfé. Hjálagt fylgir yfirlit yfir þær tilraunir, sem gerðar hafa verið með grasköggla í fóðrun búfjár.

Hér á eftir verður gerð örstutt grein fyrir helstu niðurstöðum rannsókna og tilrauna eins og þær liggja fyrir nú:

1. Á vegum fóðureftirlitsins hafa mörg hundruð sýni grasköggla verið efnagreind og meltanleiki þeirra ákvarðaður. Samkvæmt þeim rannsóknum er meðalfóðurgildi 1½ kg köggla í fóðureiningu. En skylt er að geta þess, að mjög mikill breytileiki er í kögglunum og er engan veginn unnt að tala um staðlaða vöru. Samkv. þessum rannsóknum getur fóðurgildi sveiflast frá 1.2 kg í fóðureiningu upp í 1.9—2 kg í fóðureiningu.

2. Meltanleiki grasköggla hefur verið ákvarðaður í glervömb. Yfirgripsmiklar samanburðarrannsóknir á meltanleika í glervömb og í dýrum hafa gefið sömu niðurstöður.

3. Rannsakað hefur verið, hvort meltanleiki grasköggla og heys breytist ef það væri gefið saman. Rannsóknin leiddi í ljós, að mismunandi hlutföll virðast ekki hafa áhrif á meltanleika fóðurefnanna hvors um sig.

4. Grasköggla í fengieldistilraunum með sauðfé hafa gefið sambærilega frjósemi og sama magn af kjarnfóðri, bæði með þurrhey og vothey sem grunnfóður.

5. Allmargar fóðrunartilraunir með grasköggla hafa verið framkvæmdar á nautgripum. Í mörgum þessum tilraunum hefur fóðurgildi kögglanna reynst betra en reiknað fóðurgildi eftir glermagaákvörðun. Í sumum tilraunum með mjólkurkýr hafa fitubættir kögglar gefið sömu nyt og sama magn af kjarnfóðri. Í tilraunum með holdakálfa hafa fitublandaðir grasköggla gefið sama þyngdarauka og sama magn af kjarnfóðri.

Samandregið mætti segja, að grasköggla geti verið jafngildir kjarnfóðri handa sauðfé og nautgripum ef þeir eru gerðir úr úrvalshráefni. Aftur á móti verður að undirstrika, að þeir geta verið mjög breytilegir að gæðum.“

Þetta svar tel ég vera tæmandi, og fylgir hér svo skýrsla um tilraunir þær sem gerðar hafa verið. Verður henni útbýtt til hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og einnig fyrir það erfiði sem hann lagði á sig við að knýja þessi svör fram, sem alldjúpt virtist ætla að verða á um tíma. Ég vil leggja áherslu á nauðsyn þess, að birtar séu niðurstöður af rannsóknum, sem framkvæmdar eru á vegum

landbúnaðarins, og umfram alla muni, að bændur eigi aðgang að ljósum svörum um þessar niðurstöður. Því fer víðs fjarri, að svo sé um niðurstöður af öllum þeim rannsóknum sem framkvæmdar eru á vegum landbúnaðarins. Ég vil minna á það, að mjög lengi hafa verið gerðar tilraunir á vegum landbúnaðarins með búvélar, notagildi þeirra og ágæti fyrir landbúnaðinn. Niðurstöður af þessum umfangsmiklu tilraunum eru aldrei birtar, og bændur, sem leita eftir upplýsingum um niðurstöður af slíkum rannsóknum, fá ekki svör, beinlínis vegna þess að það verður að taka þarna tillit til hagsmuna innflytjenda. Þegar á er gengið virkilega um svörin, þá verða þau eingöngu þau, að niðurstöðurnar, ef birtar yrðu af þessum rannsóknum, kynnu að hafa áhrif á vélaval bænda. En ég ítreka það, að ég tel alveg bráðnauðsynlegt að niðurstöðurnar af rannsóknum af þessu tagi, á fóðurgildi grasköglanna og á notagildi véla, sem fram eru boðnar til landbúnaðarins hér, myndi ekki bara einhvers konar einangrað viskusafn í höfðum sérfræðinganna sem að þessum rannsóknum vinna, heldur megi verða til nota fyrir bændastéttina.

Veðdeild Búnaðarbankans, fsp. (þskj. 132). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 132 hafði ég þegar í nóvemberlok s. l. lagt fram til hæstv. landbrh. fsp. um málefni veðdeildar Búnaðarbankans, um það, hvernig ríkisstj. hygðist leysa hinn mikla vanda veðdeildar Búnaðarbankans á því ári, hinu síðasta ári. En í nóvemberlok var mikil óvissa um afgreiðslu veðdeildar Búnaðarbankans á jarðakaupalánum til bænda sem sótt höfðu um lán á síðari helmingi liðins árs. Lífeyrissjóður bænda hafði látið veðdeildinni í té 100 millj. að láni, sem fóru í afgreiðslu lána sem fullgild voru fyrri hluta ársins. Skilyrði lífeyrissjóðsins fyrir þessari lánveitingu voru þau, að ákveðin fjárupphæð kæmi á móti annars staðar frá til að unnt yrði að sinna öllum umsóknum ársins. Um uppfyllingu þessa skilyrðis var ekki vitað er ég bar fram þá fsp. sem hér er til umr.

Í umr. í Ed. Alþ. um till. okkar Alþb.-manna þar um verðlagsmál landbúnaðarins svaraði hæstv. landbrh. í raun þessari fsp. Rétt fyrir jólin afgreiddi svo veðdeildin þau jarðakaupalán sem þá lágu fyrir fullgildar umsóknir um. Niðurstaða liðins árs varð því sú, að alls voru veitt 116 jarðakaupalán að upphæð 175 millj. kr. úr veðdeild Búnaðarbankans. En hér var um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, sem ber að þakka forgöngu hæstv. ráðh.

Fyrst málefni veðdeildar eru komin hér upp sem slík, þá verður ekki hjá því komist að minna á stöðu hennar nú á þessu ári, þar sem ekkert fjármagn liggur í raun fyrir til ráðstöfunar og deildin sem slík er í raun gjaldþrota.

Ég hef undanfarið starfað í nefnd sem fjallað hefur um hvort tveggja, vanda stofnlánadeildar og veðdeildar. Fyrir nær ári skilaði nefndin frv. til hæstv. ráðh. um stofnlánadeildina með till. um jöfnunargjald á búsafurðir og mótframlag ríkisins, um húsnæðismálalán yfir á Byggingarsjóð ríkisins, en jarðakaupalán aftur frá veðdeild yfir á stofnlánadeild, eins og kom fram í fyrirspurnatíma á Alþ. s. l. vor. Hæstv. ráðh. gekk þá mjög eftir því við nefndina, að hún skilaði frumvarpsdrögum, og virtist þá hafa von um árangur og framlagningu frv. En síðan mun honum hafa orðið róðurinn þungur innan ríkisstj., því enn bólar ekki á neinu.

Nefndin hefur nýlega skilað öðrum frumvarpsdrögum, í þetta sinn um veðdeildina, en forsenda þess liggur þó í samþykkt fyrra frv. okkar í nefndinni eða frv. um stofnlánadeildina, það væri eitthvað svipað. Því væri gott nú að fá um það einhver svör frá hæstv. ráðh., hverjar horfur eru á framgangi þessa máls í heild, því eftir því fer um framtíð þessa lánaflokks sem veðdeildin veitir mikilvægastan og hér var um spurt, þ. e. a. s. jarðakaupalánin.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er rétt að fsp. sú, sem hér liggur fyrir um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, var fram komin í haust. Þá þótti fyrirspyrjanda og fleirum nokkuð tvísýnt um afgreiðslu á jarðkaupalánum á s. l. ári. Hins vegar tókst svo til um afgreiðslu á jarðakaupalánum á s. l. ári, að þau voru öll afgreidd, voru fleiri en nokkru sinni fyrr og hærri upphæð en áður hefur verið.

Þar sem þessi fsp. sneri að veðdeildinni, þá óskaði ég eftir því, að nefnd sú, sem unnið hefur að endurskoðun á lögunum um stofnlánadeild og veðdeild skilaði hvoru tveggja. Fyrir nokkrum dögum fékk ég till. nefndarinnar um veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Út af því vil ég segja, að ljóst er að ég mun ekki leggja það frv. fyrir Alþ. Það er ekki af þeirri gerð, að ég hafi á því neinn sérstakan áhuga eða telji þörf á því.

Hitt er mér aftur áhugamál, að koma fram frv. um stofnlánadeildina, m. a. að því leyti sem snertir jarðakaupalánin. Ég hef áður sagt frá því á hv. Alþ., að innan ríkisstj. væri ekki alger samstaða um málið. Það mál er nú til meðferðar og afgreiðslu er að vænta núna næstu daga, hvort það verður lagt fyrir og á hvern hátt það verður gert. Verður þá alveg ljóst, hvernig með verður farið. En eins og er get ég ekki svarað því endanlega.

Frv. um veðdeildina sem slíka, eins og það liggur hér fyrir, tel ég ekki vera áhugavert mál eða þess eðlis, að það snerti landbúnaðinn að því leyti sem ég hafði búist við. En frv. um stofnlánadeildina verður ekki lagt fram nema hluti af því verði um jarðakaupalán, það er ljóst.

Að þessu leyti svara ég þessari fsp., en vona að það dragist ekki langan tíma — enda ber nauðsyn til að ég geti endanlega sagt til um afstöðuna til frv. um breyt. á lögunum um stofnlánadeildina.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég legg þunga áherslu á það, að sem fyrst verði fyrir því séð, hvernig um framgang þessa frv. fer, og hæstv. ráðh. lofar að það verði nú alveg á næstunni. Ég geri mér alveg ljóst, eins og fram kom í máli mínu áðan, að það, sem skiptir

höfuðmáli, er frv. um stofnlánadeildina og það sem við gerðum ráð fyrir varðandi jarðakaupalánin, að þau færist þar yfir. Það er auðvitað meginatriðið, að það frv. nái fram að ganga, því þar með er sá aðallánaflokkur sem veðdeildin hefur haft með að gera, kominn yfir í stofnlánadeildina, eins og nefndin lagði til. Það er þess vegna auðvitað aðaláhugamál okkar í nefndinni, að það frv. nái fram að ganga. Við höfum lagt á það megináherslu. Það sama er að segja um stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem hefur gert um þetta mjög ákveðna samþykkt, og hið sama hygg ég að sé að segja um Búnaðarþing, sem einnig hefur lagt á það áherslu, að einmitt það frv. — frv. um stofnlánadeildina og nýskipan bæði lánamála þar og eins fjármögnunar deildarinnar — næði sem fyrst fram að ganga.

Á það má benda, að reikna má með því, að Stofnlánadeild landbúnaðarins verði núna í vikunni að taka ákvörðun um vaxta- og verðtryggingarkjör á lánum til bænda. Því er það mjög bagalegt, að ekki skuli sjá fyrir endann á framlagningu þessa frv. enn, hvort það nær fram að ganga innan ríkisstj. eða ekki, því þó að það komi stofnlánadeildinni ekki til fulls að notum á þessu ári, þá vísar það engu að síður mjög veginn um það, hvað koma skal, og stjórn stofnlánadeildarinnar gæti þá tekið tillit til þess við ákvörðun núna í vikunni á vöxtum og verðtryggingu lánanna. Það er ljóst, úr því að frv. hefur ekki náð fram að ganga og ég tala nú ekki um ef það nær ekki fram að ganga á þessu ári að hér verður um mjög verulega hækkun að ræða á hvoru tveggja, vöxtum og þó alveg sérstaklega á verðtryggingu lána í landbúnaði yfirleitt.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leggja á það þunga áherslu frá mínu sjónarmiði og annarra í þeirri nefnd, sem undirbúið hefur þessi frv. sem hér eru til umr., að þau verði fram lögð og tekin til afgreiðslu á þessu Alþingi.

Ég tel, að þrátt fyrir það sem hér hefur komið fram, að frv. um Stofnlánadeild landbúnaðarins sé aðalmálið og það sem mestu máli skiptir þá sé einnig nokkuð þýðingarmikið frv. um veðdeild Búnaðarbanka Íslands. Það er minn skilningur, að það frv. leysi fjárhagsvanda þeirrar deildar miðað við það hlutverk sem í þessu frv. báðum er ætlast til að deildin hafi. Ef um veigameira hlutverk verður að ræða af hálfu veðdeildarinnar en þar er gert ráð fyrir, þarf vissulega aukið fjármagn, svo sem til sérstakrar útgáfu lausaskuldalána eða eitthvað slíkt en gert var ráð fyrir því í þessari nefnd, að til þess yrði þá að útvega sérstakt fé. Ég vil því ítreka, að ég tel að þessi mál séu ákaflega brýn, og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. leggi þessi frv. fram og sjái til þess, að þau verði afgreidd á þessu Alþingi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir orð síðasta hv. ræðumanns. Nefnd undir forustu Stefáns Pálssonar, forstöðumanns Stofnlánadeildar landbúnaðarins, hefur unnið að þessum málum eins og til var ætlast. Það er fyrir löngu búið að skila frv. til l. um stofnlánadeildina en nú fyrir nokkru lauk nefndin störfum að fullu með því að skila af sér frv. til l. um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

Það er deginum ljósara, að það er ákaflega brýnt, að þessi frv. nái fram að ganga svo fljótt sem auðið er. Um það hafa verið settar fram óskir og gefnar yfirlýsingar og öllum má það ljóst vera, að þetta er eitt hið allra brýnasta mál að því er varðar lánamál landbúnaðarins. Vænti ég fastlega, að hæstv. ríkisstj. hlutist til um að mál þessi nái fram að ganga hið allra fyrsta.

Páll Pétursson: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa farið fram, og undirtektum þm. við málið og með því að það hefur komið fram í svari hæstv. landbrh., að eining er ekki innan ríkisstj. um að flytja þetta mál óbreytt, þá heiti ég á þá sjálfstæðismenn hv. þm. Friðjón Þórðarson og hv. þm. Pálma Jónsson, að beita sér af alefli í sínum þingflokki og við sína ráðh. til að tryggja framgang þessa mikla nauðsynjamáls.

Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, fsp. (þskj. 339). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það var fyrir nokkrum vikum, að sjónvarpið birti frétt um lagmetisstofnunina. Ég var ekki ánægður með frásögnina og hringdi þegar í stað í fréttamenn sjónvarpsins. Ég gerði þá athugasemd, að það vantaði í fréttina, hún væri út af fyrir sig ekki röng eins og hún væri sögð, en hún væri hálfsögð. Ég benti á að það fjármagn, sem lagmetisstofnunin hefði fengið, væri að mínu mati að meiri hluta komið frá þeim mönnum er verkuðu grásleppuhrogn í landinu. Óskaði ég eftir að þetta yrði athugað og birt leiðrétting. Leiðréttingin kom ekki, svo ég hringdi í forstjóra lagmetisstofnunarinnar og óskaði eftir að hann leiðrétti málið og gerði grein fyrir því, að framlag grásleppuveiðimanna væri meira en framlag ríkissjóðs. Leiðréttingin kom ekki, svo ég bar fram þessa fsp. í trausti þess að þar kæmi fram, hvað þessir menn hringinn í kringum landið hafa lagt til lagmetisiðnaðarins hér á Íslandi undanfarin ár. Spurningarnar, sem ég ber upp við hæstv. iðnrh. um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, eru á þessa leið:

„1) Hverjar voru tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins árin 1972, 1973, 1974, 1975, 1976 og 1977, sundurliðað?“ — Það skiptist þarna í 5 ár raunverulega vegna nýrrar löggjafar um lagmetisiðnaðinn, svo ég tek þarna 6 ár inn, vegna þess að mér var ekki kunnugt um hvernig tekjuskipting hafði farið nákvæmlega fram.

„2) Hvernig hefur þessum tekjum verið varið, sbr. 16.—19. gr. reglugerðar um sjóðinn?

3) Hafa áætlanir verið gerðar um tekjuþörf Þróunarsjóðsins árið 1978, 1979 og 1980 — og hvað sýna þær þá?“

Löngum hefur verið mál manna hér á hv. Alþ. og utan dyra þess, að nauðsynlegt væri að gera átak til eflingar niðursuðuiðnaðinum í landinu. Það mun mála sannast, að það er nauðsynlegt að efla þann iðnað, en það er líka vissulega hlutverk allrar þjóðarinnar, en ekki eingöngu ákveð-

ins hóps manna, sem hefur orðið að búa við það á sama tíma að fá eiginlega hvergi lán út á hinar smáu fleytur sínar. Þeir hafa eiginlega verið utangarðs í þjóðfélaginu varðandi lánafyrirgreiðslu, en þeir hafa samt nógu breiðar herðar þegar á þarf að halda til hjálpar þessari stofnun, þá er tekið af þeim. Eftir því sem ég best veit nú, munu frá þeim hafa komið meiri peningar á þessum 5 árum en Alþ. treysti sér til að láta af hendi rakna úr ríkissjóði.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Svör hafa komið frá framkvæmdastjóra Sölustofnunar lagmetisiðnaðar við þeim fyrirspurnum sem hér eru bornar fram, og mun ég nú lesa þau.

Fyrsta spurningin er: „Hverjar voru tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins árin 1972, 1973, 1974, 1975, 1976 og 1977, sundurliðað?"

Tekjur Þróunarsjóðsins af útflutningsgjöldum og aðrar tekjur sjóðsins hafa skipst þannig:

1. Lagmeti fyrsta árið: 1 millj. 691 þús. kr. Annað árið: 5 millj. 804 þús. kr. Þriðja árið: 7 millj. 291 þús. kr. Fjórða árið: 5 millj. 825 þús. kr. Fimmta árið: 6 millj. 246 þús. kr. Og á síðasta ári 8 millj. 326 þús. kr. Samtals eru tekjur af lagmeti 35 millj. 183 þús. kr. öll þessi 6 ár, 1972—1977.

2. Af söltuðum grásleppuhrognum fyrsta árið: 3 millj. 727 þús. kr. Annað árið: 13 millj. 399 þús. kr. Þriðja árið: 8 millj. 350 þús. kr. Fjórða árið: 33 millj. 745 þús. kr. Fimmta árið: 51 millj. 9 þús. kr. og sjötta árið, í fyrra, 48 millj. 413 þús. kr. Samtals eru tekjur af söltuðum grásleppuhrognum árin 1972—1977 158 millj. 643 þús. kr.

Þá eru í þriðja lagi vextir og annað: Fyrsta árið 47 þús. kr., annað árið 1 millj. 598 þús. kr., þriðja árið 3 millj. 14 þús. kr., fjórða árið 3 millj. 761 þús. kr., fimmta árið 7 millj. 619 þús. kr. og sjötta árið 8 millj. 143 þús. kr., eða samt. vextir og annað þessi ár 25 millj. 182 þús. kr. Samtals eru því tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins af þessum tekjuliðum árin 1972—1977, að báðum meðtöldum, 218 millj. og 10 þús. kr.

Þá er 2. spurning: „Hvernig hefur þessum tekjum verið varið, sbr. 16.—19. gr. reglugerðar um sjóðinn?"

Svar framkvæmdastjórans er á þessa leið: a) Tímabundin markaðsverkefni 8 millj. 609 þús. kr. og söluskrifstofa í Bandaríkjunum 27 millj. 263 kr. b) Þróun nýrra vörutegunda 22 millj. 832 þús. kr. c) Hönnun nýrra umbúða og gerð vörumerkis 8 millj. 508 þús. kr. d) Styrkir til framleiðenda 2 millj. kr. og ráðgjöf og hagræðingarverkefni 3 millj. 374 þús. kr. e) Laun sérmenntaðs starfsfólks 8 millj. 723 þús. kr., skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 2 millj. 114 þús. kr. Samtals 83 millj. 423 þús. kr., en eigið fé sjóðsins var í árslok 1977 um 130 millj. kr.

Þá er þriðja spurning: „Hafa áætlanir verið gerðar um tekjuþörf Þróunarsjóðsins árin 1978, 1979 og 1980 — og hvað sýna þær þá?"

Svar stofnunarinnar er á þessa leið: Verkefnum Þróunarsjóðs er að sjálfsögðu sniðinn sá stakkur sem tekjurnar leyfa á hverjum tíma, en hin fyrirhuguðu verkefni eru þessi: a) Tímabundin markaðsverkefni 20 millj. kr., söluskrifstofa í Bandaríkjunum 15 millj. kr., söluskrifstofur í Evrópu 40 millj. kr. Samtals undir þessum a-lið 75 millj. kr. b) Þróun nýrra vörutegunda 30 millj. kr. c) Hönnun nýrra umbúða og gerð vörumerkis 10 millj. kr. d) Styrkir til framleiðenda 20 millj. kr. og ráðgjafarstörf og hagræðingarverkefni 15 millj. kr. Samtals d-liður 25 millj. kr. e) Laun sérmenntaðs starfsfólks 25 millj. kr., skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 9 millj. kr. Samtals undir e-lið 34 millj. kr. f) Sérstök söluverkefni: þ.e. 1. kavíar, kynning, sala og þátttaka í framleiðslukostnaði 80 millj. kr., 2. þorskhrogn og lifur, kynning, sala og þátttaka í framleiðslukostnaði 50 millj. kr.

Samtals eru því áætlanir um þessi verkefni, sem sölustofnunin setur hér á blað, 304 millj. kr.

Ég vænti þess, að ég hafi með þessu svarað fyrirspurnum hv. þm., og vegna þess, hversu hér eru margar tölur, vildi ég gjarnan afhenda honum þetta blað.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. mjög vel fyrir svörin, þau eru athyglisverð. Eins og ég hafði grun um, kemur meginframlagið frá þessum hóp manna. Ég held að ég þrjóti ekki neinn trúnað þó að ég geti þess, að þessir menn hafa litla fyrirgreiðslu fengið hjá Fiskveiðasjóði, en vegna sérstaks velvilja hæstv. sjútvrh. hefur hann gengið í það fyrir einstaka menn, sem áttu við sérstaklega erfiðar aðstæður að búa, að fá lítils háttar lán úr Fiskveiðasjóði.

Nú eru uppi áform um það að koma með nýja löggjöf um lagmetisiðnaðinn í landinu og nýja tekjuöflun. Ég veit ekki hvað verður í því efni, en það er nauðsynlegt að íhuga þetta mál allt saman.

Hér kom ekki fram, að á s.l. 5 árum hefur ríkissjóður lagt þessari stofnun fram liðlega 100 millj. kr. Hér kom ekki heldur fram, að þessi stofnun hefur keypt núna um 400 m² húsnæði og innréttað. Er það metið á milli 70 og 80 millj. kr. og mun vera einhver fínasta skrifstofa á öllu Íslandi. Það getur vel verið að nauðsynlegt sé að gera slíkt, þegar næsta þriggja ára áætlun um sölustarfsemi og markaðsöflun er upp á rúmar 300 millj. eins og hæstv. ráðh. gat um, en engu að síður hlýtur þetta að vera slík ráðstöfun á fjármagni, að við hljótum að fylgjast með á Alþ. Það er útilokað annað. Og ég vil hreyfa þessu máli í tæka tíð, ef þetta frv. er á næstu grösum, til þess að menn hugleiði það í tíma, með hvaða hætti á að leysa vandamál lagmetisiðnaðarins í landinu. Það verður ekki gert með meirihlutaframlagi frá grásleppuveiðimönnum um allt land. Það þarf meira til og er algjör ósanngirni, ef ekki verður bætt úr.

Það væri hægt að ræða þetta meira, en ég þakka hæstv. iðnrh. mjög vel fyrir þessar upplýsingar sem leiddu margt athyglisvert í ljós.

Viðræður við ÍSAL, fsp. (þskj. 405). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í umr., sem urðu um Blönduvirkjun fyrr á þessu ári, upplýsti hæstv. iðnrh. að stefnt væri að því, að Hrauneyjafossvirkjun yrði tilbúin 1982 og mundi verða fullnýtt 1986 án sérstakrar

stóriðju í tengslum við hana. Nú er það kunnugt, að á undanförnum missirum hafa farið fram viðræður milli ÍSALs hf. og opinberra aðila um það, að álbræðslan yrði stækkuð eða bætt við hana svonefndum þriðja áfanga. En til þess að svo gæti orðið þyrfti hún aukna orku, og var þá fjallað um það, að þessa orku fengi hún frá væntanlegri Hrauneyjafossvirkjun.

Mér sýnist á þeim upplýsingum, sem hæstv. iðnrh. gaf hér við umr. um Blönduvirkjun — þ. e. að Hrauneyjafossvirkjun mundi ekki endast nema í 4 ár — að þá sé það hreint óráð að hverfa að því ráði að selja eitthvað af orkunni þaðan til stórvirkjunar. Þess vegna hef ég borið fram þessa fyrirspurn, hvort það séu nokkrar horfur á að samið verði við ÍSAL hf. um sölu á orku frá Hrauneyjafossvirkjun vegna ráðgerðrar stækkunar álbræðslunnar.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Spurt er um hvort horfur séu á, að samið verði við ÍSAL hf. um sölu á orku frá Hrauneyjafossvirkjun vegna ráðgerðrar stækkunar álbræðslunnar.

Með samningi, dagsettum 10. des. 1975, sem staðfestur var af Alþ. og gerður var í tengslum við Sigölduvirkjun, hefur ÍSAL heimild til þess að stækka álbræðsluna um sem svarar 20 mw, en af þeim eru 8 mw forgangsafl og 12 mw afgangsafl. Þessi stækkun miðast við að ljúka öðrum kerskála bræðslunnar og er bundin því skilyrði, að orkusala til hennar hefjist eigi síðar en í árslok 1979 og að ÍSAL taki ákvörðun um framkvæmdina fyrir árslok 1978.

Sú 140 mw virkjun við Hrauneyjafoss, sem nú hefur verið heimiluð, miðast við þarfir almenningsveitna, og er áætlað að hún verði gerð í tveimur 70 mw áföngum með 1—2 ára millibili. Samningaviðræður hafa ekki farið fram milli Landsvirkjunar eða viðræðunefndar um orkufrekan iðnað annars vegar og ÍSALs hins vegar um sölu á orku frá Hrauneyjafossvirkjun.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svar hans. Ég skil það á þann veg, að ekki sé stefna ríkisstj. að selja orku frá Hrauneyjafossvirkjun til orkufreks iðnaðar.

Vegur í Mánárskriðum, fsp. (þskj. 372). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 372 flyt ég svo hljóðandi fyrirspurn: „Hvað líður áætlunargerð um nýtt vegarstæði í Mánárskriðum á Siglufjarðarvegi?“ Fsp. er til hæstv. samgrh.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 372 er fsp. frá hv. 4. þm. Norðurl. v., sem hann lýsti hér áðan. Svar við henni er svo hljóðandi upplýsingar frá vegamálastjóra:

Á s. l. sumri var tekin loftmynd af Mánárskriðum og gert af þeim kort í vetur. Gerð hefur verið tillaga um nýja veglínu sem liggur um 100 m lægra en núverandi vegur. Kanna þarf skriðurnar á næsta sumri með tilliti til lausra jarðlaga til þess að hægt sé að gera sér ljóst, hverra aðgerða sé þörf til þess að hindra skrið ofan vegar, þar sem hið nýja vegarstæði er í mun meiri bratta en núverandi vegur.

Þetta er það svar sem ég hef við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. þetta svar, þó að það sé að vísu veigalítið. Það eru allmörg ár síðan Alþ. samþ. þáltill. um að athuga vegarstæði í Mánárskriðum nær sjó en nú er, en lítið hefur orðið úr framkvæmdum, og er þar auðvitað um að kenna fjárskorti og eins hinu, að menn hafa ekki búist við að unnt yrði að útvega fé til þess að hefja framkvæmdir, jafnvel þó að áætlunargerðir hefðu nú farið fram, þegar mikill skortur hefur verið á vegafé.

En ég fagna því sem sagt, að nú er að þessu unnið og gert ráð fyrir að þessari athugun ljúki á næsta sumri, þannig að við vitum þá eða þeir, sem hér verða á næsta hausti, hvernig mál muni standa þegar vegáætlun og vegamál ber á góma. En allir vita það og heyra í fréttum oftsinnis, að Mánárskriður eru mikill tálmi á Siglufjarðarveginum. Og oft er það svo, að sú mikla og glæsilega framkvæmd sem Strákagöng eru nýtist ekki vegna þess að þetta haft er á veginum og hann því ófær þar á litlum kafla, þótt greiðfært sé annars staðar. Þess vegna er brýn þörf á þessari framkvæmd og a. m. k. alveg nauðsynlegt að ljúka nú þessari athugun og gera kostnaðaráætlun, svo að menn viti hvað þeir eru um að tala, þegar þeir berjast fyrir þessum vegarbótum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Vegalög eða vegáætlun verður til umr. nú innan skamms og gefst þá tækifæri til þess að athuga sérstaklega það mál sem hér er gerð fyrirspurn um. En ég vildi leyfa mér að taka undir með hv. fyrirspyrjanda, Eyjólfi K. Jónssyni, að hér er um mjög mikið nauðsynjamál að ræða og mönnum hefur orðið það æ ljósara, eftir því sem árin hafa liðið, að núverandi ástand á þessum vegi er algjörlega óviðunandi. Satt best að segja, þá hefur margan manninn undrað það, hversu mjög hefur dregist úr hömlu, að sú athugun, sem fsp. beinist að, færi fram, því að till. þessa efnis var samþ. fyrir þó talsvert löngu og ekki sjáanlegt að á þessu þyrfti að verða svo óhæfilegur dráttur sem orðið hefur. Og án þess að orðlengja það frekar, þá vil ég mega vænta þess að hægt verði að taka þetta mál föstum tökum nú við afgreiðslu vegáætlunar.

Sameinað þing, 53. fundur.

Þriðjudaginn 7. mars, að loknum 52. fundi.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, þáltill. (þskj. 92). — Frh. fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Raforkusala á kostnaðarverði til stóriðju, þáltill. (þskj. 95). — Fyrri umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Við hv. 1. þm. Norðurl. e. höfum leyft okkur að flytja till. til þál. svo hljóðandi, um raforkusölu á framleiðslukostnaðarverði til stóriðju:

„Alþ. ályktar að kjósa 7 manna nefnd sem fái það verkefni að semja og leggja fyrir Alþ. frv. til laga um raforkusölu til orkufreks iðnaðar. Frv. þetta móti reglur er tryggi að ætíð verði greitt a. m. k. meðalframleiðslukostnaðarverð heildarframleiðslu raforku í landinu, þannig að öruggt sé að Íslendingar þurfi aldrei að greiða niður orkuverð til orkufreks iðnaðar.

Trygging þessi sé þannig úr garði gerð, að verðlag raforku sé endurskoðað árlega og raforkusölusamningar leiðréttir. Þá verði óheimilt að gera raforkusölusamninga til langs tíma.

Einnig verði unnið að því að breyta þeim orkusölusamningum, er þegar hafa verið gerðir, til samræmis við þessar meginreglur svo fljótt sem unnt er."

Það hefur ýmislegt tekist vel hjá hæstv. ríkisstj., en annað hefur tekist miður. Reynslan af störfum hennar kemur öðum í ljós, og það er öðru mikilvægara að hafa vilja til þess að læra af reynslunni, bæði til eftirbreytni, þegar vel er gert og þá að halda áfram á sömu braut, en ekki síður, þegar mistök hafa verið gerð, að varast að þau endurtaki sig. Það er ekki sanngjarnt að heimta að allt gangi alltaf vel, en það er óviðunandi að sætta sig við það sem illa gengur. Því verður að kippa í lag.

Raunir þessarar ríkisstj. hafa einkum verið á sviði efnahagsmála og talsverður þáttur þess felst í einni setningu í stuttum stjórnarsáttmála. Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar gerði langan og bjartsýnan stjórnarsáttmála, ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar gerði stuttan stjórnarsáttmála, en þó var þar einni setningu ofaukið, að orkumál skyldu hafa forgang. Þetta orðalag hefur í reyndinni orðið til þess, að ekki hefur tekist nægilega vel til. Það er óskynsamlegt að gefa einu rn. forgangsaðstöðu í sameiginlegan sjóð landsmanna, hvað þá forgangsaðstöðu til skuldasöfnunar erlendis. Það er líka óskynsamlegt að skrifa undir ávísun og láta aðra um að fylla hana út.

Orkumál eru mjög mikilvægur málaflokkur og nútímaþjóðfélag þarf á mikilli orkuöflun að halda. Lífshættir íslensku þjóðarinnar eru slíkir og náttúrufar landsins þannig, að við verðum að afla mikillar orku, en við þurfum að nota hana skynsamlega. Það hefur margt tekist mjög vel til í orkumálum á þessu kjörtímabili. Hitaveitur hafa komið upp og hafa verið reistar og stórkostlegur sparnaður vegna minnkandi olíunotkunar. Samtengingu landsins með raflínum hefur einnig miðað nokkuð, og er mér efst í huga byggðalínan. Annað hefur tekist miður, miklu miður, bæði hvað varðar allt of öra fjárfestingu, óðagot í framkvæmdum, misheppnaðan undirbúning sumra verka og síðast, en ekki síst í nokkrum tilfellum mjög óskynsamlega ráðstöfun á tiltækri orku.

Auðvitað þarf að virkja og það var nauðsynlegt að hefja undirbúning að beislun jarðgufu til rafmagnsframleiðslu, m. a. vegna þess að við þurfum að vita hvort hún er nýtanleg. Ágiskun um nýtanlega orku til rafmagnsframleiðslu er á þá leið, að ⅓ gæti fengist úr vatnsafli og ⅔ úr jarðhita, og ef jarðhitavirkjanir væru mjög miklum annmörkum háðar, þá þarf að halda margfalt sparlegar á vatnsaflinu og hugsa vandlega til framtíðarinnar.

Framkvæmdahraði við stórframkvæmdir hefur einnig stundum keyrt langt úr hófi. Tímaskriftir við Sigöldu voru bara forsmekkurinn og þess finnast dæmi, að heilu vinnuflokkarnir eru á næturvinnukaupi allan sólarhringinn mánuðum saman. Þess eru algeng dæmi, að verkstjórnarþóknun sé reiknuð sem prósenta af vinnukostnaði verksins, þannig að verkstjóri fær upp í 17% af kostnaðinum. Geti verkstjóri gert verk 6 millj. kr. dýrara en ella fær hann í sinn eigin hlut 1 millj. Þessar aðfarir draga úr vinnusiðgæði, sprengja kaupgjald upp í landinu og leggja í rústir atvinnulíf í kringum sig, fyrir utan það að gera framkvæmdir óhæfilega dýrar. Og þannig eru framtíðinni bundnar stórhættulegar skuldabyrðar.

Fyrir 10—15 árum festi sú skoðun rætur í hugum margra Íslendinga, að til þess að beisla fallvötn landsins til raforkuframleiðslu yrðum við að virkja sem stærst og þá fengjum við ódýrara rafmagn sjálfir. Þetta sjónarmið hefur að flestu leyti brugðist. Stórir virkjunaráfangar hafa það í för með sér, að því aðeins er hver kwst. ódýrari að einhver kaupandi fáist strax að mestallri orkunni. Okkar litla þjóðfélag getur ekki hagnýtt virkjunarþrep upp á 100—200 mw á örskömmum tíma. Til þess vex notkun Íslendinga ekki nógu ört og til þess á nauðsynleg samtenging dreifikerfisins of langt í land, enda er hún geysidýr. Það ráð hefur verið tekið að selja verulegan hluta af orkunni frá hverri stórvirkjun út af fyrir sig til erlendra auðfyrirtækja, sem hér hafa verið fáanleg til þess að setja upp útibú. Þannig hefur orku verið ráðstafað til fyrirtækja sem við höfum ekkert með að gera og eru beinlínis skaðleg í efnahagslífi okkar, eins og ég mun síðar koma að í þessum orðum mínum.

Orkufrekur iðnaður getur verið með þrennum hætti. Í fyrsta lagi getur hann verið alfarið í eign Íslendinga sjálfra. Þessi leið er farin með áburðarverksmiðjunni og sementsverksmiðjunni. Þessi leið er geðfelldust og hin eina sem mér finnst eiga verulegan rétt á sér. Hún er þó þeim annmörkum háð, að þessi fyrirtæki eru mjög dýr í stofnkostnaði og hvert vinnupláss kostar mikið fé. Iðnaðinum má skipta í þrennt: Smáiðnað, þar sem stofnkostnaður er 2—20 millj. kr. á starfsmann, meðalstór iðnfyrirtæki, þar sem stofnkostnaður er 20—200 millj. á starfsmann, og stóriðja, þar sem fjárfestingin er yfir 200 millj. á hvern starfsmann. Þannig sjáum við talsverða annmarka fyrir Íslendinga að fara inn á braut verulegrar stóriðju. Þó er sjálfsagt að stækka áburðarverksmiðjuna í Gufunesi þannig að við getum fullnýtt þá aðstöðu, sem þar er, og orðið sjálfum okkur nógir með köfnunarefnisframleiðslu, en með stækkun sýruverksmiðju þar fyrir 1 milljarð gætum við lækkað framleiðslukostnað á hvert tonn áburðar um 1—2 þús. kr.

Það er fjarstæða þegar því er haldið fram, að

uppbygging stóriðju geti orðið til þess að taka við verulegum mannafla á vinnumarkaði. Önnur leið til uppbyggingar orkufreks iðnaðar er að útlendingar eigi fyrirtækið alfarið. Þetta er sú leið sem farin hefur verið í Straumsvík og ekki gefist nógu vel, eins og ég mun víkja að síðar.

Þriðja leiðin er sú, að Islendingar eigi fyrirtækin í félagi við útlendinga og þá með meirihlutaaðild. Þetta er sú leið sem Framsfl. hefur léð máls á. Þessi leið er að minni hyggju illskárri en að útlendingar eigi fyrirtækin einir, en þó er hún nógu slæm til þess að hana ber að forðast meðan einhver úrræði finnast önnur. Raunverulegur yfirráðaréttur er annmörkum háður. Fyrirtækið hér yrði einungis einn hlekkur í víðtækari keðju, aðföng og afurðasala yrðu í annarra höndum eðli málsins samkvæmt og auðhringurinn hefði líf í hendi sér, líf fyrirtækisins á Íslandi. Þessi leið er farin á Grundartanga með samþykki meiri hl. þingflokks Framsfl., þó að ég treysti mér ekki til þess að vera í þeim hópi sem samþ. byggingu verksmiðjunnar. Þetta fyrirtæki er þó ekki sett upp af hugsjón alþm. Stóriðjuhugsjónin heillar ekki nema örfáa alþm. Þetta fyrirtæki er auðvitað sett upp út úr neyð til þess að koma í lóg rafmagni úr of stórum virkjunaráfanga við Sigöldu og er að mörgu leyti neyðarsamningur, t. d. hvað varðar orkuverðið.

Reynslan af þeim samningum, sem Íslendingar hafa gert um sölu á rafmagni til orkufreks iðnaðar, gerir það brýna nauðsyn að sett verði löggjöf á þann hátt sem hér er lagt til. Markmið þeirrar löggjafar sé að tryggja, að þannig verði ekki haldið á málum í framtíðinni. Íslenskir samningamenn hafa reiknað út af mikilli bjartsýni orkuverð frá hverju orkuveri fyrir sig, sem í byggingu hefur verið, og gera síðan samninga til langs tíma um sölu á miklum hluta orkunnar á því verði, sem þeir vonuðu að hægt yrði að framleiða hana á í orkuverinu, og verðjafna það við eldri virkjanir sem afskrifaðar voru. Að sjálfsögðu verða orkuverin eðli málsins samkvæmt sífellt dýrari. Orka frá Sigölduvirkjun er dýrari en frá Búrfellsvirkjun o. s. frv., o. s. frv. Þessari þróun valda ýmsar ástæður: Verðbólga í veröldinni og sífellt óhagstæðari vaxtakjör, hagkvæmustu virkjunarvalkostirnir væntanlega teknir fyrst og svo geta — eins og menn vita — ófyrirsjáanleg atvik hent í náttúrunni, þannig að næsta virkjun verði dýrari þeirri síðustu. Þá hefur við val á virkjunarstað og hönnun virkjunar ráðið sú skoðun, að því stærri sem virkjunin væri, því ódýrari yrði hver kwst. í framleiðslu. En eins og ég sagði áðan: forsendan fyrir því, að svo geti orðið, er sú, að það þarf að selja alla orkuna strax.

Samningarnir, sem gerðir hafa verið við fyrirtæki í eigu útlendinga, hafa verið á þá lund, að raforkunotendur — hinir almennu raforkunotendur á Íslandi — hafa fyrr en varir verið farnir að greiða niður raforkuna til stóriðjunnar. Þegar Landsvirkjun seldi álverksmiðjunni fyrst raforku 1969 var orkuverðið 68% af því verði sem rafveiturnar guldu fyrir orkuna. Þetta hlutfall hefur breyst mjög síðan og komst árið 1975 niður í 24%, en þá keypti álverið sér stækkunarleyfi á kerskála 2, eins og lítillega bar á góma hér í umr. fyrr í dag, og hækkaði þá verðið 1976 og varð 32% af því verði sem rafmagnsveiturnar þurfa að greiða Landsvirkjun. Þetta gefur nokkuð skýra mynd af þeirri þróun sem orðið hefur. Árið 1976 var raforkusala til stóriðju 56.1% af framleiddri raforku á Íslandi, en fyrir hana einungis goldin 10.3% af heildarsöluverðmæti. Þessar tölur um heildarsöluverðmætið eru að vísu ekki fyllilega sambærilegar vegna þess að auðvitað kostar mikið að dreifa orkunni og hún er afhent með mismunandi hætti, en þetta gefur þó nokkra mynd.

Það er svo komið, að orkuverð til stóriðju hér er verulega lægra en í nálægum löndum, t. d. helmingi lægra en í Noregi eða nálega helmingi lægra. Norðmenn hafa sett löggjöf um orkusölu ríkisrafveitnanna norsku til orkufreks iðnaðar, og þar gera þeir ráð fyrir ákveðnu lágmarksverði. Það var miðað við 6 aura norska 1. jan. 1976 við stöðvarvegg. Í ársbyrjun 1977 var þetta komið upp í 6.6 aura norska, en til samanburðar má geta þess, að í fyrravor var gerður raforkusölusamningur við norska fyrirtækið Elkem, þar sem raforkuverðið er 3.5 aurar norskir. Í Noregi yrði fyrirtækið að kaupa orkuna uppspennta við stöðvarvegg, en við þurfum að flytja raforkuna með ærnum kostnaði upp á Grundartanga. Þá hafa Norðmenn gjaldskrárflokk sem heitir „fastkraft med afbruddsklausul", þ. e. með 6 mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti, og verð á þeirri orku er það sama og fyrir forgangsorkuna. Þriðji gjaldskrárflokkur Norðmanna er það sem þeir kalla „ikke garantert kraft". Þetta er sami orkuflokkur sem í járnblendisamningnum heitir „afgangsorka" og er næstum því gefin, en í Noregi goldin með 75% af forgangsorkuverði. Þetta atriði dróst mjög inn í umr. um járnblendiverksmiðju á síðasta þingi, og þá var sú skoðun, sem orkumálastjóri, Jakob Björnsson, hafði látið í ljós, rækilega sönnuð, að þetta væri sami orkuflokkur.

Þá kemur veigamesta atriði norsku reglnanna, — ég tek það fram, að við getum ekki að öllu leyti bundið okkur við þau tilvik, sem skapast hafa í Noregi, og það er alls ekki víst, að verð hér geti ekki verið með einhverjum öðrum hætti en í Noregi, þó að fjarstætt sé náttúrlega að hafa muninn eins mikinn og hér hefur komið fram, — en veigamesta atriði norsku reglnanna er um leiðréttingu á orkuverðinu. Verðið á að leiðréttast á hverju ári og fylgja norsku heildsöluvísitölunni nákvæmlega. Þá skal leiðréttingin ekki vera á sama ári nema 5%, en ef hækkun vísitölunnar er samanlagt í þrjú ár meiri en 15%, á að endurskoða hækkunarákvæðin og láta þau verka til framtíðarinnar. Þá skal undir öllum kringumstæðum endurskoða vísitöluákvæðin 1. jan. 1985. Í sjötta lagi er greiðsluskylda fyrir alla forgangsorku og forgangsorku með uppsagnarfresti, hvort sem hún er notuð af kaupanda eða ekki. Í sjöunda lagi er það í norsku reglunum, að hámarksgildistími samninga er 20 ár. Í áttunda lagi má magn orku til hvers fyrirtækis skiptast í 70% forgangsorku og 30% „fastkraft med afbruddsklausul" og „ikke garantert kraft". Þeir skapa sér sem sagt tryggingu til þess að geta selt þetta mikið af forgangsorku. Þá eru nokkur fleiri ákvæði, sem ég hirði ekki um að rekja hér, en get þó ekki látið hjá líða að nefna ákvæðin um orkuflutninginn, þ. e. a. s. að kaupendur eiga

að greiða sérstaklega fyrir hann frá stöðvarvegg til verksmiðju. Fyrir flutning á orku á að greiða a. m. k. 8% af orkuverðinu að viðbættu 1% fyrir fyrir byrjaða 10 km, sé um lengri leið en 50 km að ræða. Þá er sérstaklega undirstrikað af iðnaðarnefnd norska Stórþingsins, að þessi regla ætti líka að gilda um endurnýjun á gömlum samningum.

Ég vil vitna til samningsins við járnblendifélagið, sem gerður var í fyrravor. Þar var orkan seld á 3.5 aura, en ekki 6.6 aura, en á að hækka um ½ eyri 1982 og sérstaklega tekið fram, að sá ½ eyrir hækki á tímabilinu. Eftir það hækkar grunnverðið fimmta hvert ár samkv. úreltum reglum, sem Norðmenn eru búnir að fella úr gildi, um samninga sem gerðir voru á árunum 1962—1963. Þarna voru sem sagt hafðar til fyrirmyndar reglur sem þá voru fallnar úr gildi í Noregi. Samanburðurinn er þá í stuttu máli þessi: ef fyrirtækið væri reist í Noregi hefði það þurft að greiða, miðað við verðlag í fyrravor, 2.55 aura ísl. fyrir kwst. en af því að það rís í Hvalfirði þarf það einungis að greiða 1.30—1.40.

Það er lærdómsríkt að huga að því hvernig Norðmenn verðleggja heimilisnotkun, því að það er sambærilegt að bera saman hlutfallið innbyrðis á milli hinna einstöku flokka. Samkv. upplýsingum, sem Samband ísl. rafveitna hefur látið mér í té, var verðið til heimilisnota, miðað við gengi í ágúst s. l. 7.27 kr. ísl. í Noregi, en hér var meðalverðið á sama tíma 14.49 kr. og hjá Rarik 21.28 kr. Landsvirkjun selur rafveitunum kwst. á 3.91 miðað við nýtingu 5000 stundir á ári, en sambærilegur gjaldskrárflokkur í Noregi er 2.43 ísl. kr.

Enn lakara er að athuga viðskiptin við álverið. Eins og ég sagði áðan, fóru 56% af framleiddri raforku á Íslandi til stóriðju en fyrir hana voru einungis goldin 10.3% af heildarsöluverðmætinu. Þetta rafmagn til álversins var greitt með í kringum 80 aurum á kwst., en það væri greitt með 2.55 ísl. kr. í Noregi eftir samningi sem hefði verið gerður á sama tíma og stækkunarsamningurinn við álverið 1976. Þetta gefur nokkra mynd af því, hvernig við ráðstöfum orku okkar og hagnýtum auðlindir landsins.

Við þm. Framsfl. flytjum till. til þál. á þessu þingi um skipulag orkumála, og 1. flm. þeirrar till. er hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, en skipulag orkumála er einmitt önnur hlið þessa máls. Þessi till. er nú til umfjöllunar í n. og fóru fram um hana ágætar umr. fyrir jólin. Skipulagsleysi í orkumálum verður að lagfæra og koma á skynsamlegum vinnubrögðum í því efni. Ég vitna aðeins til niðurlagsorða þeirrar grg., sem fylgir þeirri till., en þar segir:

„Orkulindir landsmanna, bæði í fallvötnum og jarðvarma, eru einhver dýrmætasta eign þjóðarinnar. Mjög mikilvægt er að þessar orkulindir verði virkjaðar og notaðar af skynsemi og hagkvæmni. Því miður hefur þar skort mjög á. Fyrst og fremst virðist þetta eiga rætur sínar að rekja til þess, að yfirstjórn orkumála er þess vanbúin að takast á við verkefnið. Því verður að vinda bráðan bug að bættu skipulagi og yfirstjórn. Með þessum till. er stefnt að því að leggja grundvöll að slíkum skipulagi, sem án tafar þarf að vinna nánar í ýmsum smáatriðum og hrinda í framkvæmd.“ Og lýkur hér tilvitnun í grg.

Ég undirstrika sérstaklega það að virkja af skynsemi og hagkvæmni, en í því felst auðvitað að við virkjum fyrir okkur sjálfa og á þann hátt, að við vinnum ekki hervirki á landi okkar með framkvæmdum sem sökkva eiga verulegu grónu landi og gera landið þar með lakara til búsetu. En uppi eru hugmyndir um virkjanir á Íslandi, sem byggjast á ógurlegum miðlunarlónum þar sem nú eru dýrðleg gróðurlönd. Ég nefni hugmyndir um lón vegna stóriðjuvirkjunar í Blöndu, lón í Þjórsárverum, lón vegna stóriðjuvirkjunar á Austurlandi.

Ég vék að því hér á undan að fyrirtæki af gerð þeirra tveggja stóriðjuvera, sem hér hafa risið í eigu útlendinga eða eru að rísa, væru þjóðfélagsgerð okkar skaðleg á fleiri vegu. Þar á ég í fyrsta lagi við að þau eru of stór fyrir þjóðfélag af okkar gerð. Þau eru fyrr en varir risar í efnahagskerfinu — slíkir risar, að þjóðfélaginu verður að stjórna með hagsmuni þeirra sérstaklega fyrir augum.

Ég hef heyrt suma ágæta sjálfstæðismenn ræða um það bæði hér á Alþ. og utan þess, að Samband ísl. samvinnufélaga sé auðhringur og allt of stór. Því vil ég svara, að allar eignir Sambandsins og kaupfélaganna samanlagt eru að brunabótamati ekki nema eins og hálft álverið í Straumsvík. Þá er ekkert átt við þriðja kerskálann, svo maður tali nú ekki um aðra þætti þeirra fyrirtækja, sem Alusuisse vill koma hér upp og rætt er um í Integral-áætluninni, svo sem súrálsverksmiðju á Reykjanesi og að reisa virkjun á Austurlandi með tilheyrandi verksmiðjukosti á Reyðarfirði sem þeir vilja koma hér upp og einhverjir eru til viðtals um. Ég nefni til samanburðar, að álverksmiðja Norsk Hydro við Eyjafjörð eða annars staðar á Norðurlandi og tilheyrandi Blönduvirkjun, sem eingöngu yrði reist vegna hennar og ætti sér ekki annan hugsanlegan markað en stóriðju, mundi kosta fjórfalt á við það sem eignir SÍS og kaupfélaganna eru að brunabótamati.

Þá kem ég að því, hver áhrif fyrirtæki á borð við álverið hafa á kaupgjaldsþróun í landinu. Þetta eru heldur slæmir vinnustaðir og þau samfélög, sem rísa þar, eru ekki samfélög sérstakra hamingjumanna. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vitna til félagsfræðilegra rannsókna frá háskóla í Noregi. Synir stóriðjuverkamanna eru ófúsari að taka við störfum feðra sinna og búa í heimabæjum sínum en synir nokkurra annarra feðra í öðrum stéttum. Ég hef aldrei hitt mann, sem óskaði þess sérstaklega, að börn hans sjálfs — hans eigin börn — yrðu vinnuafl í stóriðjuveri. Þetta eru óholl störf yfirleitt þannig að fyrirtækin telja sér ekki hagkvæmt að hafa sömu menn í vinnu í verri verkunum lengur en 15 ár. Af þessum sökum er eðlilegt að þessum mönnum verði að gjalda hátt kaup, enda er það gert til þess að halda í góða menn.

Það gerðist 1975, að starfsmenn áburðar-, sements- og kísilgúrverksmiðju fóru í verkfall og heimtuðu sama kaup og goldið var í Straumsvík. Ríkisstj. sá réttilega, að með þessu riðlaðist allt

launahlutfall í landinu, og vildi ekki ganga að kröfunum og hæstv. félmrh. beitti sér réttilega fyrir setningu brbl. til þess að banna þetta verkfall. Þessi brbl. voru ekki virt. Alþýðusamband Íslands studdi verkfallsmenn til þess að brjóta lögin, og forseti ASÍ sagði að þau brytu í bága við réttarvitund almennings. Ríkisstj. var hryggbrotin í þessu máli og hefur það dregið ekki lítinn slóða á eftir sér. Verkfallsmenn unnu þar algjöran sigur.

Það var krafa hjá BSRB í haust að vitna til þess, að verkamenn í þessum störfum hjá ríkinu hefðu hærri laun en aðrir ríkisstarfsmenn. Þannig keðjuverkar þetta. Við vorum svo lánsamir, við Íslendingar, að hleypa útlendingum aldrei varanlega inn í fiskvinnslu okkar eða útgerð héðan. Mér þykir ósennilegt, að okkur hefði auðnast að ná fullum yfirráðum yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar, ef útibú frá breskum útgerðarfyrirtækjum hefðu verið mjög umsvifamikil í fiskveiðum okkar eða fiskiðnaði.

Mér er ljóst, að það þýðir ekki að sakast um orðinn hlut. Þeir ágætu menn, sem að því stóðu á sínum tíma að þessi erlendu stóriðjufyrirtæki risu hér, gerðu það í góðri trú, en því miður átti bjartsýni þeirra ekki við fullkomin rök að styðjast. Þróunin hefur orðið sú.

Mér hefði persónulega verið ljúfast að mæla hér fyrir till. um ákvörðun Alþ. um það, að frekari stóriðjusamningar kæmu ekki til greina. Ég geri það þó ekki að þessu sinni heldur höfum við hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, kosið þá leið að slá varnagla við því, að almenningur geti komið til með að verða að greiða niður orkuna til stóriðjunnar, og á það hygg ég að menn verði að sættast, af því að ég trúi því að það sé vilji okkar allra, hverjar skoðanir sem við höfum á erlendri stóriðju á Íslandi, eða við séum a. m. k. sammála um það að ekki sé vert að fórna því fyrir, að við þurfum að bera stórfelldan kostnað í raforkuverum vegna orkusölu til stóriðju. Það er geysilega mikilvægt, að það verði fundin einhver hreyfanleg framfærsluvísitala, fundið eitthvert form á útreikningi, eitthvert skynsamlegt form á útreikningi á framleiðslukostnaði raforku í landinu, sem síðan væri breytilegt, sem síðan breyttist eftir aðstæðum hverju sinni. Ég tel að reglur Norðmanna, sem við höfum kynnt hér séu mjög góðar og gætu verið heppileg og nærtæk fyrirmynd fyrir nefndina sem við viljum að kosin verði. Og þá verður að endurskoða þegar gerða samninga við ÍSAL og Elkem svo fljótt sem frekast er unnt og gera svo gott úr hlutunum sem mögulegt er.

Þessi till. — eða till. mjög svipaðs efnis — var flutt af okkur hv. þm. Ingvari Gíslasyni á síðasta Alþ. og var þá ekki útrædd.

Andstaðan við umsvif útlendinga í íslenskri atvinnuuppbyggingu er svipaðs eðlis eins og t. d. landhelgismálið. Við þurfum landgrunnið fyrir okkur sjálfa. Við þurfum líka orkulindir okkar fyrir okkur sjálfa í framtíðinni. Ég hef heyrt því slegið fram af einum stóriðjutalsmanninum, að það væri ómóralskt af okkur Íslendingum ef við ætluðum að sitja einir að orkulindum landsins í heimi þar sem óðum gengur á orkulindir. Ég tel það hins vegar ómóralskt af íslenskum ráðamönnum ef þeir hugsa ekki fyrst og fremst um framtíðarhag þjóðarinnar. Þetta er gott land, sem við eigum, og gott land, sem við megum ekki spilla með vanhugsuðum aðgerðum — land sem við eigum að búa í sjálfir og nytja sjálfir, bæði til sjós og lands. Þess vegna lít ég svo á, að atvinnuuppbyggingu og nýtingu fiskimiða, gróðurlands og orkulinda eigi að haga á þann hátt, að við reynum að byggja hér upp það þjóðfélag sem við viljum lifa í sjálfir og getum verið þekktir fyrir að skilja eftir handa afkomendum okkar.

Að lokinni umr. hér í dag óska ég eftir því að umr. verði frestað, og geri till. um að þetta mál verði sent atvmn. Sþ. til umfjöllunar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Í þessari ræðu fólst að vísu ekki mikil viðbót við allt það langa mál, bæði í ræðu og riti, sem viðhaft hefur verið um álbræðsluna í Straumsvík, stóriðju og orkusölu til hennar. Ég ætla ekki í þessum umr. að flytja langa ræðu, en hins vegar vildi ég taka nokkuð fram, sem mér finnst skipta verulegu máli.

Það getur vel verið, að sumt sé rétt sem fram kom hjá hv. 1. flm., t. d. um takmarkanir á orkusölusamningum, hvað þeir eigi að vera til langs tíma og hvenær þeir eigi að vera endurskoðaðir, með hvað stuttu millibili o. s. frv. Það er sjálfsagt að hafa það til athugunar í framtíðinni. En það segir í þessari till. og í upphafi grg. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Dapurleg reynsla af þeim samningum, sem Íslendingar hafa gert um sölu á rafmagni til orkufreks iðnaðar gerir það brýna nauðsyn að sett verði löggjöf á þann hátt sem hér er lagt til og tryggi sú löggjöf að þannig verði ekki á málum haldið í framtíðinni.“

Það er einnig sagt, að orkusölusamningar við stóriðjufyrirtæki hafi verið gerðir þannig, að við Íslendingar þurfum að greiða niður þessa orku. Þetta er á ákaflega miklum misskilningi byggt, annaðhvort vankunnáttu á því, sem raunverulega hefur gerst hér á landi, eða einhverjum misskilningi, sem væri ágætt að leiðréttur yrði af þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Mundi ég vilja leggja til, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, athugaði alveg sérstaklega, svo að það lægi fyrir, hvað það eru miklar hreinar gjaldeyristekjur sem við Íslendingar höfum haft af álbræðslunni, en það hefur verið reynsla okkar um mörg undanfarin ár, að hreinar gjaldeyristekjur skapi margföldun á þjóðartekjum Íslendinga. Þetta er að vísu búið að ræða áður og setja fram í grg. og ræðum um álbræðsluna þegar umr. um hana fóru fram, en það væri rétt að þetta kæmi fram og yrði athugað af nefndinni sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess, að ég rakst á tímarit sem gefið er út á vegum ÍSALs, en þar er talað um rafmagnsverðið til ÍSALs í ákaflega stuttri grein. Þar er sérstaklega vitnað í það, að 21. febrúar 1977 hafði birst í Dagblaðinu yfirlýsing frá Landsvirkjun um þetta mál, undirrituð af Halldóri Jónatanssyni framkvæmdastjóra og Jóhanni Má Maríussyni yfirverkfræðingi. Grg.

þeirra nefnist: Orkuverð Landvirkjunar til álbræðslunnar í Straumsvík. Ég álít að n., sem fær þetta mál til athugunar, ætti vissulega að kynna sér vel það sem kemur fram í þessari grg., því niðurstaða þessara tveggja manna er auðvitað allt önnur en fram kom hjá 1. flm. varðandi raforkusölusamninginn við ÍSAL. En þessi grg. Landsvirkjunar var gerð, eins og sagt var þar, til þess að upplýsa að hvað miklum hluta orkusölusamningurinn við ÍSAL stendur undir þeirri greiðslubyrði sem öxluð var með byggingu Búrfellsvirkjunar. Það var lögð fram hér í þinginu grg., þegar rætt var um raforkusölusamninginn til ÍSALs á sínum tíma sem sýndi fram á það, að ef ekki væri seld þessi raforka, sem þar var um að ræða, til stóriðju, þá mundi verða miklu dýrara, hvernig svo sem væri farið að, að virkja með smærri virkjunum eða stórum virkjunum, en ef raforkan væri seld til álbræðslunnar. Það var svo mikið, að það var fyrstu árin margfaldur kostnaðurinn af orkunni ef ekki yrði gerður samningurinn um stóriðjuna. En með þessari stuttu grein sem ég vitnaði til, og grg. framkvæmdastjóra Landsvirkjunar og yfirverkfræðings hennar þá fylgir skýrsla um greiðslubyrðina og hvernig hún mundi vera án ÍSALs eða með ÍSAL. Þar segir m. a.:

„Í ofangreindum greiðslubyrðum“ — sem ég skal ekki fara út í hér til að orðlengja ekki um of — „hefur verið reiknað með vöxtum og afborgunum af öllum lánum, sem tekin hafa verið vegna Búrfellsvirkjunar, aðalspennistöðvarinnar við Geitháls, gasaflsstöðvarinnar við Straumsvík ásamt báðum háspennulínunum frá Búrfelli og Þórisvatnsmiðlun, hér nefnd einu nafni Þjórsárvirkjun — eftir þessu er reiknað, svo og öllum öðrum kostnaði við rekstur þessara mannvirkja.“

Og hér lýkur tilvitnunni í grg. þessara tveggja manna sem ég nefndi áðan.

En þetta þýðir, að ÍSAL mun á samningstímabilinu um raforkuna greiða nær allan kostnað eða 96.9% virkjunarinnar, en notkun ÍSALs er nú um ⅔ af uppsettu afli. Það segir enn fremur í þessari grg., að ekki sé reiknað í dæminu með verðbólgu eða væntanlegri stækkun álversins um 20 mw. Segir orðrétt þar á eftir, með leyfi forseta:

„Í ofangreindum tölum er langstærsti hlutinn vextir og afborganir lána, sem ekki breytast með verðbólgu í framtíðinni. Tekjur frá ÍSAL vaxa hins vegar með verðbólgu. Þegar gerð er núvirðisathugun á tekju- og gjaldeyrisstreymi og 5—10% árleg verðbólga tekin með í reikninginn, sem hefur nú verið miklu meiri, kemur í ljós, ef litið er yfir 25 ára tímabil eða til ársins 1994, að tekjurnar frá ÍSAL á þessu tímabili gera meira en greiða upp stofnkostnað Þjórsárvirkjunar ásamt öllum fjármagnskostnaði og einnig allan rekstrarkostnað á sama tímabili.

Aðeins ef teknar eru þær tekjur sem menn hafa af raforkusölusamningnum til ársins 1994, segir hér. Og þá er búið að greiða að fullu upp, bara með raforkusölusamningnum, Þjórsárvirkjunina. Að lokum segir svo í þessari áður tilvitnuðu grg.:

„Dæmið er í rauninni enn hagstæðara en þetta því Þórisvatnsmiðlun nýtist jafnt fyrir Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun og einnig hluti háspennulinanna og spennistöðvarinnar við Geitháls, en ekki er tekið tillit til þess að framan. Þá má ekki gleyma því, að virkjanirnar mala gull eftir að lán vegna þeirra hafa verið greidd upp.“

Og það er auðvitað öllum ljóst, enda ekki bornar á það neinar brigður, að þessar virkjanir munu geta starfað marga áratugi eftir þetta og malað gull fyrir Íslendinga, þegar búist er við að þær séu algjörlega fullgreiddar bara af raforkusölunni. En það er miklu meira en raforkusalan sem við Íslendingar fáum frá þessari stóriðju ÍSALs. Það eru bæði skattgjaldstekjur og það er fyrir vinnu sem þar er unnin. Það er fyrir flutninga, — mjög miklar upphæðir fyrir flutninga á flutningaskipum vegna álbræðslunnar. Einnig hafa mörg fyrirtæki haft ákaflega mikinn hagnað af ýmiss konar vinnu fyrir ÍSAL og á ég þar sérstaklega við járnsmíðafyrirtæki sem hafa unnið verulega notadrjúg verk, sem eru mikils virði, bæði meðan þau voru unnin og eins fyrir framtíðina.

Það lítur kannske fljótt á litið vel út, að það megi aldrei selja, hvorki stóriðjufyrirtækjum né öðrum, raforku undir kostnaðarverði. Eigendum álverksmiðjunnar var seld raforkan á kostnaðarverði, ekki undir kostnaðarverði. Hins vegar er alveg augljóst, að það er mjög auðvelt að benda á þau tilfelli að mjög hagkvæmt gæti verið fyrir Íslendinga að selja einhvern hluta af raforku sinni undir kostnaðarverði vissan tíma, takmarkaðan tíma, til stóriðjufyrirtækja, í stað þess að láta vatnið renna til sjávar og fá ekki neitt greitt fyrir það sem þessar virkjanir geta þó gefið, jafnvel þótt rafmagnið sé borgað undir kostnaðarverði, sem þó hefur ekki verið raunin á. Þessir samningar við ÍSAL hafa svo verið endurskoðaðir og raforkuverðið hækkað. Ég hygg, að þeir séu yfirleitt og hafi alltaf verið mjög í hag okkur Íslendingum. — Þó að ég ætli mér ekki að fara út í það nú og hafi ekki upplýsingarnar hjá mér, þá bar ég saman á sínum tíma, og það liggur fyrir í Alþingistíðindum, hagnað þann sem Norðmenn hefðu haft af álbræðslum við Husnes sem var nákvæmlega jafnstór og þessi álbræðsla eftir að hún var fullgerð. Þar var gífurlega mikill munur. Hagnaður Íslendinga var miklu meiri en Norðmanna af Husnesverksmiðjunni. Þetta liggur fyrir í skjölum Alþ. og eldri ræðum um þetta mál, og vænti ég að n., sem fær þetta mál til athugunar, muni kannske athuga þetta mál líka. En ég legg megináherslu á það, vegna þess hvernig þessi háttill. um raforku á framleiðslukostnaðarverði til stóriðju er orðuð, að n., sem fær málið til meðferðar, kynni sér hver sé hreinn gjaldeyrishagnaður Íslendinga af ÍSAL-verinu í heild og hve það skapar miklar auknar þjóðartekjur fyrir okkur Íslendinga miðað við reynslu okkar Íslendinga undanfarin ár. Þetta væri mjög æskilegt að lægi fyrir.

Grg. þessarar till. endar með eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Flm. fluttu till. til þál. um þetta efni í fyrra, en hún varð ekki útrædd þá. En þeir telja enn,

að þetta ástand sé óviðunandi og óhjákvæmilegt sé að sett sé sérstök löggjöf um þetta efni hið bráðasta, þannig að tryggt verði að aldrei geti komið til þess, að almennir notendur greiði niður raforkuverð til orkufreks iðnaðar og glati þannig því hagræði sem við ættum að geta haft af okkar dýrmætu orkulindum."

Svo lýkur grg. En af þessu tilefni vil ég fullyrða það, að Íslendingar hafa aldrei greitt niður raforkuverð til stóriðjunnar vegna álbræðslunnar í Straumsvík. Hún hefur hins vegar gert raforkuverð miklu ódýrara Íslendingum en það ella mundi hafa orðið. Það liggja fyrir skýrslur um það í skjölum þingsins frá því að þetta mál var til umr. á sínum tíma, og er auðvelt fyrir n., sem fær málið til athugunar, að kynna sér það ítarlega og nánar.

Þó að ýmislegt kunni að hafa verið rétt í því, sem hv. 1. flm. sagði að rétt væri að hafa til athugunar — eins og ég nefndi í upphafi — við gerð orkusölusamninga þá er hér einnig haldið fram alröngum skilningi á orkusölusamningnum við ÍSAL, miðað við þá reynslu sem fyrir liggur. Þetta er augljóst. Það er gengið út frá því hérna — eða það virðist gengið úr frá því bæði hér og í umr. um aðra raforku á Íslandi — að það kosti ekkert að dreifa raforkunni um allt landið. En auðvitað verður að taka þann mikla kostnað með í reikninginn þegar verið er að bera saman raforku til stóriðju og almennrar notkunar í landinu, hvort sem er til húsahitunar eða annarrar notkunar landsmanna.

Ég ætla þá ekki að hafa þessa ræðu lengri og skal nú ljúka máli mínu, en vil benda hv. flm. á þessa skýrslu framkvæmdastjóra Landsvirkjunar og yfirverkfræðings, sem birtur er kafli úr — styttur kafli um rafmagnsverð til ÍSALs í málgagni sem ÍSAL stendur að og gefur út og kallað er ÍSAL-tíðindi. Að öðru leyti skal ég ekki lengja umr. með því að ræða frekar um það sem margoft er búið að taka fram, en virðist að litlu leyti vera tekið tillit til, því að haldið er áfram að segja sömu vitleysurnar aftur og aftur, hversu oft sem þær hafa verið leiðréttar.

Fleiri orð skal ég svo ekki um þetta hafa, en ég bæti því við að ég sé ekki ástæðu til að segja neitt um það, sem hv. 1. flm. sagði um raforkusöluna til járnblendiverksmiðjunnar. Því máli er ég of ókunnugur til þess. Af sérstökum ástæðum hef ég ekki getað fylgst nógu vel með því máli. Aftur á móti vil ég að það komi fram nú, að þegar það mál var til atkvgr. gerði ég grein fyrir atkv. mínu, ég væri á móti því, að Íslendingar ættu 55% af hlutafénu og Norðmenn 45%. Íslendingar ættu ekki að eiga nema kannske svona 5%, en tryggja sér rétt til þess að auka hlut sinn eftir því sem aðstæður leyfðu og við hefðum peninga til. Því miður höfðum við á þessum tíma ákaflega lítið fé og höfum ekkert fé haft til þess að leggja í það að eiga 55% af hlutafé svo dýrs fyrirtækis. Þess vegna hefur orðið að taka það allt að láni erlendis og það verður náttúrlega mjög þungt í vöfum í framtíðinni og getur ekki vel farið nema verksmiðjan eigi eftir að sýna, er fram í sækir, að hún skili góðum árangri, sem ég auðvitað óska að hún geri og geti orðið þannig til velfarnaðar fyrir landsmenn. Ég tel að það hafi verið ákaflega óvarlegt og sé ákaflega óvarlegt að hugsa sem svo, að það sé einhver ávinningur fyrir okkur Íslendinga að eiga endilega meiri hluta af hlutafénu. Hins vegar ættum við að geta tryggt okkur það í samningum, að við eignuðumst smátt og smátt meira í stóriðjuverunum en í upphafi, og tryggt okkur rétt til þess að eignast allt að helmingi eða a. m. k. rúman helming, ef svo ber undir, ef mönnum þykir það henta í það skipti. — Ég skal svo ekki tefja umr. frekar um þetta mál að svo komnu.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að segja nokkur orð í sambandi við þetta mál, enda þótt það kunni að verða að ýmsu leyti líkt því sem sagt var hér í fyrra, þegar sams konar mál var á dagskrá. Ég er hér með Alþingistíðindi, umræðuhefti frá umr. í fyrra, og mér virðist að fátt komi nýtt fram í umr. nú, a. m. k. það sem af er. En eigi að síður þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um málið. Till., sem flutt var hér í fyrra af sömu þm. og sú till. sem nú er flutt, var svipuð og sami tilgangurinn er með þeim báðum.

Ég tel rétt að minna á að á Íslandi hefur alla tíð verið einhæft atvinnulíf og framleiðslan yfirleitt of lítil og farið mikið eftir árferði. Landbúnaður og sjávarútvegur hafa haldið lífinu í þjóðinni á liðnum árum og öldum, en tekjur þjóðarbúsins og almennings voru yfirleitt litlar meðan atvinnutæki voru afkastalítil og framleiðslan fábreytt. En með véltækni og auknum afköstum hafa fjárráð manna aukist og lífskjörin batnað með meiri þjóðartekjum, eftir að farið var að nýta orkulindir og auðlindir landsins, virkja vatnsföllin, virkja jarðhitann og reyna að láta þessa orkugjafa mala gull til hagsbóta fyrir þjóðina. Það má segja, að eftir að vélaöldin gekk í garð hafi iðnaðurinn orðið þróttmesti atvinnuvegurinn í mörgum löndum. Iðnrekstur hefur margfaldað þjóðartekjur víða um heim og staðið undir kostnaði við margvíslegar framkvæmdir og þjónustu við almenning. En við Íslendingar tókum tæknina í þjónustu okkar löngu seinna en flestar aðrar þjóðir og þess vegna bjuggum við í fátækt við úrelt vinnubrögð, þegar aðrar þjóðir höfðu í áratugi notið aukinnar framleiðslu og framfara vegna véltækninnar og verktækni. Í seinni tíð hafa Íslendingar tileinkað sér véltækni og stuðlað að fjölbreytni í framleiðslu. Tekjur hafa aukist, lífskjör og framfarir hafa orðið miklar á tiltölulega stuttum tíma og má því segja, að lífskjör hér á landi séu að mestu leyti og kannske öllu leyti sambærileg við það sem gerist hjá nágrannaþjóðunum. En það verður því aðeins til frambúðar að við reynum að nýta þær auðlindir, sem í landinu eru, og auka framleiðsluna. Allt er undir því komið, að tekjur í þjóðarbúið verði miklar og mikið til skiptanna.

Iðnaðurinn hefur á s. l. árum orðið þýðingarmikill í þjóðarbúskap okkar. Að mestu leyti er um mörg og smá fyrirtæki að ræða, en þau veita fjölda manna atvinnu og framleiða fjölbreyttar vörur til nota í landinu, sem áður þurfti að flytja inn í landið. Útflutningur iðnaðarvara hefur aukist í seinni tíð og er umtalsverður, sérstaklega á ullar- og skinnavörum og er gott að

minnast þess þegar rætt er um landbúnaðinn af misjafnlega miklum skilningi. Gjaldeyristekjur fyrir útfluttar iðnaðarvörur eru verulegar og fara árlega vaxandi.

Menn hafa misjafnar skoðanir á svonefndri stóriðju, sérstaklega ef útlendingar koma við sögu. Það er sjálfsagt að vera varkár gagnvart útlendingum, en að vera með mikla minnimáttarkennd, þegar um samninga við þá er að ræða, held ég að sé tæplega hollt. Það er nauðsynlegt að nota alla skynsemi og varúð og tryggja að samningar, sem gerðir verða, séu okkur í hag. Fiskiðnaður, sements- og áburðarframleiðsla telst til stóriðju og er að öllu leyti í eigu Íslendinga. Við þyrftum að stækka sementsverksmiðjuna, og ef það væri gert gæti vel komið til mála að framleiða sement til útflutnings. Við þurfum að endurbæta áburðarverksmiðjuna og spara með því gjaldeyri og jafnvel framleiða ódýrari áburð á þann hátt, eins og minnst var á áðan, en þetta hefur dregist vegna þess að okkur vantar fjármagn.

Alverksmiðjan er að öllu leyti í eign erlendra aðila, en kísilgúrverksmiðjan er sameign Íslendinga og útlendinga. Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga verður að meiri hluta í eigu okkar Íslendinga, 55%, en 45% í eigu Norðmanna.

Það eru ýmsir, sem spá illa fyrir Grundartangaverksmiðjunni. Ég er einn af þeim sem greiddu atkv. með lögunum og samningnum við Elkem-Spigerverket í því skyni að reisa verksmiðju á Grundartanga. Það er rangt, sem sagt var hér áðan, að það hafi verið hálfgerðir nauðungarsamningar sem þar voru gerðir. Ég vil vænta þess, að verksmiðjan við Grundartanga gefi þjóðarbúinu góðan arð. Það er lægð í verðlagi stáls á þessum tímum, en þetta hefur verið alltaf öðru hverju. Norðmenn, sem best þekkja til rekstrar járnblendiverksmiðja í 50 ár, segja að það hafi alltaf verið verðsveiflur á járnblendi. (Gripið fram í.) Ég hef talað við þá og þarf ekkert að láta aðra segja mér hvað þeir segja. Ég hef talað við forstöðumenn Spigerverket, og ég veit að þeir hafa ekkert verið að skrökva að mér eða öðrum sem þeir hafa talað við. (**StJ**: Ég er að tala um grg. sem fylgdi frv.) Og þeir hafa talað um fimm ára tímabil. Á 50 ára starfstíma norsku verksmiðjanna hafa alltaf komið vond ár inn á milli, eitt og tvö í einu. En hvert 5 ára tímabil hefur jafnað sig upp og gefið fyrirtækinu arð. Það er best að byggja, þegar lægð er í verðlaginu, og hafa lokið við að byggja og byrja framleiðslu þegar verðlagið fer að rísa. Meðan nauðsynlegt er að hafa járnblendi við stálframleiðslu, meðan ekki hefur fundist annað efni til stálframleiðslu heldur en járnblendi, þá verður markaður fyrir það, misjafnlega mikill á hverju ári og verðið misjafnlega hátt. Norðmenn hafa grætt á þessari framleiðslu, og þess vegna vildu þeir leggja peninga í þetta fyrirtæki á Grundartanga. (Gripið fram í.) Reynslan sker úr því, hvernig verksmiðjan gengur. Ég held að það sé ástæðulaust að vera með svona miklar hrakspár eins og sumir ágætir alþm. hafa verið með, og ekki væri skynsamlegt að stöðva framkvæmdir nú og láta það fjármagn, sem komið er í verksmiðjuna, sem er umtalsvert, liggja rentulaust. Það er með þessa verksmiðju eins og aðrar byggingarframkvæmdir dýrast að vera lengi að byggja. Það er ódýrast og hagkvæmast að hafa byggingartímann sem styst an, ef ekki þarf að yfirborga mönnum til þess að stytta tímann. Þess vegna er það alger fjarstæða, sem hér hefur komið fram, að leggja til að framkvæmdum sé hætt eða þær séu tafðar. Það er ekki búmannleg tillaga.

Iðnaður er nú þegar ríkur þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar og stendur undir kostnaði við nýbyggingu í landinu og eykur þjóðartekjurnar. Í fámennu þjóðfélagi ber margt að varast, þegar ráðist er í fjárfrekar framkvæmdir og stofnað er til atvinnurekstrar í stórum mæli. Þetta gera Íslendingar sér ljóst, að það þarf að fara með varkárni, þegar ráðast skal í miklar og stórar framkvæmdir, en sú varkárni má ekki ganga það langt, að það stöðvi allt og verði til þess, að menn þori ekki að gera það sem getur orðið hagkvæmt fyrir þjóðarheildina.

Stóriðju fylgdi áður mengun og atvinnusjúkdómar, en þekking og tækni hefur aukist og er nú talið, að með nýjustu hreinsitækjum megi útiloka mengun og óhollustu í verksmiðjum innanhúss og utan. Þannig verður það með Grundartangaverksmiðjuna. Þannig verður það með álverksmiðjuna, þegar nýju hreinsitækin eru þar komin upp.

Álverksmiðjan í Straumsvík er stærsta stóriðjufyrirtæki hér á landi. Þegar samið var við Svisslendinga um byggingu verksmiðjunnar, var mikil mótstaða gegn því af þáv. stjórnarandstöðu. Síðan hafa ýmsir þm. og fleiri haldið áfram áróðri gegn álverksmiðjunni í Straumsvík. Þeirri fjarstæðu er haldið fram, að Íslendingar hafi skaðast á samningunum um verksmiðjuna og raforkan sé seld til verksmiðjunnar undir kostnaðarverði. Þessu er enn haldið fram og má það merkilegt teljast, þar sem staðreyndirnar segja allt annað. Sannleikurinn er sá, að Íslendingar hafa hagnast mjög á því, að verksmiðjan var byggð hér á landi, eins og tölur sýna. Vegna verksmiðjunnar var mögulegt að virkja Þjórsá í einum áfanga við Búrfell. Þess vegna var virkjað afl um 60% ódýrara en orðið hefði í smærri virkjun á hagstæðasta stað. Það eru ýmsir hér í hv. d. sem minnast þess, að þegar rætt var um frv. til l. um virkjun Þjórsár við Búrfell, þá voru hér þm., sem fluttu till. um að virkja litla á — sem réttara væri að kalla læk — í Árnessýslu í stað þess að vera að ráðast í þetta dýra fyrirtæki, virkjun við Búrfell. En það var meiri hl. á Alþ. sem skildi, að það var ekki búmannslegt að fara að gera þessa litlu virkjun og skapa þannig orkusvelti um langa framtíð hér á Suðurlandi.

Raforka til almenningsnota hefði orðið allt að því 60% dýrari frá smærri virkjun en reynst hefur frá Þjórsárvirkjun. Það er einnig líklegt, að hérna sunnanlands væri svipað ástand í orkumálum nú og er í ýmsum öðrum landshlutum. Ef ekki hefði verið stigið þetta heillaspor, ef brautin hefði ekki verið rudd með fyrstu stórvirkjun í Þjórsá, væri sennilega orkuskortur hérna sunnanlands eins og er og verið hefur víða annars staðar. Að vísu hefur nú verið bætt úr orkuskortinum norðanlands með orku frá Sigölduvirkjun. En hverjum dettur í hug, að Sigölduvirkjun væri nú fyrir hendi, ef ekki hefði

verið byggð álverksmiðja? Ef ekki hefði verið hér orkufrekur kaupandi, þá væri engin Sigölduvirkjun. Þá hefði verið tilgangslaust að leggja í þann kostnað að leggja byggðalínu norður og þá hefði orkuskortinum fyrir norðan ekki verið afstýrt. Vegna álverksmiðjunnar hefur Landsvirkjun getað afskrifað virkjanir og línur og haldið áfram fjárfrekum framkvæmdum til hagnaðar fyrir þjóðarheildina. Það er vegna álverksmiðjunnar, að nú er ljós og hiti fyrir norðan, annars væri þar orkuskortur og ekki staumur á byggðalínunni. Yfirverkfræðingur Landsvirkjunar hefur sagt: Eftir að samningurinn var gerður við ÍSAL hafa tekjur af orkusölunni staðið undir öllum lánum vegna virkjunarinnar við Búrfell. ÍSAL notar 60% af orkunni frá Búrfellsvirkjun, en tekjur af orkusölunni frá ÍSAL standa undir öllum lánum og meira en það, standa undir öllum lánum af línu frá Búrfelli að Geithálsi, öllum lánum af aðveitustöðvum, þessari dýru spennistöð og öllum lánum vegna kostnaðar við vatnsmiðlunina í Þórisvatni. En vatnsmiðlunin við Þórisvatn er ekki einungis gerð fyrir Búrfellsvirkjun. Hún er ekkert síður gerð fyrir Hrauneyjafossvirkjun og hún er einnig gerð fyrir væntanlega virkjun við Sultartanga. Þess vegna er ekki rétt að skrifa allan kostnað af vatnsmiðluninni í Þórisvatni á virkjunina við Búrfell. En þrátt fyrir það standa greiðslurnar frá ÍSAL undir öllu þessu, vatnsmiðluninni við Þórisvatn línu til Reykjavíkur, aðveitustöð á Geithálsi og öllum virkjunarkostnaði við Búrfell. Virkjunin er afskrifuð mjög hratt, hún er afskrifuð á 25 árum, og þá hefur ÍSAL borgað þessa virkjun með því að kaupa 60% af því sem virkjunin framleiðir. Virkjun sem talið er að geti starfað í 80—100 ár eða lengur með litlum tilkostnaði. En þrátt fyrir þessar staðreyndir eru enn til menn, alþm. og ýmsir utan Alþ., sem halda því fram, að Íslendingar hafi beinlínis skaðast á samningnum við Svisslendinga, þegar álverksmiðjan var reist. Það liggur einnig tölulega fyrir, að ef álverksmiðjan hefði ekki verið reist, væri raforka til almenningsnota miklu dýrari en hún er nú. Áburðarverksmiðjan og álverksmiðjan borga sama verð fyrir raforkuna.

Það er dálitið einkennilegt, þegar talað er um niðurgreiðslur á raforku, að það er eins og sumir gleymi því að gera mun á heildsöluverði og smásöluverði, mismunur á söluverði raforku til heimilisnota annars vegar og til stóriðju hins vegar hljóti að jafngilda niðurgreiðslum til stóriðjunnar. Með því er sagt í raun, að það kosti rafveiturnar ekki neitt að dreifa raforkunni til notendanna. Það liggur fyrir að rafveiturnar selja orkuna á fjórföldu til fimmföldu verði miðað við innkaupsverð, en það er vegna þess, hversu dýrt er að dreifa orkunni. Þess vegna er alveg rangt að vera að tala um niðurgreiðslur á raforku, þótt stóriðja borgi lægra verð fyrir hverja kwst. en selt er til heimilisnota. Það er líka reginmunur, þegar stóriðjan notar orkuna í 8500 stundir á ári, en almenningsveitur aðeins 4500 stundir. Það þarf að hafa aflið til reiðu, en því betri sem nýtingin er, því lægra verð getur orðið á hverri seldri kwst. Áburðarverksmiðjan og álverksmiðjan borga sama verð fyrir raforkuna. Aflþörf ÍSALs nemur 30.8% af uppsettu afli Landsvirkjunar. Greiðslur ÍSALs fyrir raforku á árinu 1977 námu 26.6% af heildarorkusölutekjum Landsvirkjunar eða 980 millj. kr. af 3700 millj. kr., sem var heildarorkusala Landsvirkjunar. Greiðslur til innlendra aðila frá álverksmiðjunni á árinu 1977 voru í krónum sem hér segir: Framleiðslugjald 295.4 millj. kr. Raforka 978.2 millj. kr. Vextir og afborganir af hafnarkostnaði í Straumsvík 400.7 millj. kr. Launagreiðslur og launatengd gjöld 2110.7 millj. kr. Farmgjöld til Eimskips 276.2 millj. kr. Ýmsar greiðslur, mötuneyti o. fl. 805.5 millj. kr. Heildargreiðslur ÍSALs á árinu til innlendra aðila voru því 4866.7 millj. kr.

Það var talað um það hér áðan, að sú n., sem fær þessa till. til athugunar, þyrfti að kynna sér hversu miklar heildargreiðslur hafi orðið frá ÍSAL til innlendra aðila frá því að rekstur byrjaði í Straumsvík. Mér reiknast svo til — ég hef þetta ekki alveg nákvæmlega — að það séu 33.5 milljarðar, — þetta er hægt að leiðrétta síðar, það munar ekki miklu, ef það er ekki rétt, — 33.5 milljarðar í heildargreiðslur til innlendra aðila frá ÍSAL frá því að rekstur byrjaði miðað við gengi og verðlag um síðustu áramót. En það munar um þetta í þjóðarbúið, vegna þess að hér er um erlendan gjaldeyri að ræða. Íslendingar væru fátækari, ef þeir hefðu ekki fengið þessar greiðslur. Íslendingar væru fátæk þjóð, ef þeir hefðu ekki tekið tæknina í sína þjónustu, ef ekki væri nú þegar kominn hér margþættur iðnaður. Íslendingar verða fátækir í framtíðinni, ef ekki verður haldið áfram að byggja upp arðvænlegan atvinnurekstur í landinu til þess að auka framleiðsluna. Hér eru mjög miklir möguleikar, við eigum orkugjafa og við eigum auðlindir sem betur fer, sem eru að litlu leyti nýttar. Þess vegna getum við verið bjartsýn í dag þótt talsvert hallist í efnahagsmálum. Við höfum mikla möguleika til að bjarga málunum og leiðrétta það sem aflaga fer. En varkárni er nauðsynleg og þannig mun takast að nýta möguleikana þjóðinni til hags í nútíð og ekki síður í framtíð.

Í Straumsvík unnu árið sem leið 655 manns. Talað var um það hér áðan, að launin væru há í Straumsvík, spenntu upp launakostnaðinn almennt hér á landi. Það mun vera rétt, að laun greidd í Straumsvík eru talsvert hærri en gerist á almennum markaði hér á landi. Ekki er ástæða til að sjá eftir því, þótt erlendur aðili, sem á álverksmiðjuna, borgi dálitið hátt kaup, því stefnan er nú sú, að kaupið geti orðið það hátt, að það megi verða vel lífvænlegt. En það er eigi að síður ekki hyggilegt að íþyngja atvinnuvegunum of mikið með of háum kröfum. Það gæti leitt til atvinnuleysis og til þess að lífskjörin versnuðu. En eigi að síður hlýtur það að vera stefnan að hækka launin eftir því sem greiðslugeta atvinnuveganna leyfir hverju sinni.

Herra forseti. Ég held að ég hafi þetta mál ekki miklu lengra. Þess gerist tæplega þörf. Ég er hér um bil sannfærður um að þessir ágætu hv. alþm., sem ár eftir ár telja það skyldu sína að mæla gegn samningnum, sem gerður var við álverksmiðjuna í Straumsvík, og helst mæla gegn frekari stóriðju hér á landi, hafi nú sannfærst um að samningurinn um álverksmiðjuna hafi verið harla góður, að þjóðin hafi þénað vel á

þessum samningi. Álsamningurinn var fyrsti samningurinn, sem gerður var við útlendinga um orkusölu. Og áreiðanlega höfum við Íslendingar lært ýmislegt í samskiptum við útlendinga. Við vitum að Svisslendingarnir eru ábyggilegir menn. Þeir eru kaupsýslumenn og þeir gera vitanlega ekkert gustukaverk á okkur. Þess gerist heldur ekki þörf sem betur fer. En þótt þeir vilji eiga sitt og vilji semja vel fyrir sig, þá tókst giftusamlega að þessu leyti um samningana við ÍSAL. Vegna þess að brautin var rudd, fyrsta stórvirkjunin var gerð í Þjórsá, hafa fleiri stórvirkjanir komið í Þjórsá og á eftir munu koma fleiri stórvirkjanir í landinu. Vegna þess að byrjað var á því að fá stóriðnað, sem gefur þjóðinni arð, mun verða haldið áfram, með allri varúð þó, að gera fleiri samninga á þessu sviði.

Ég læt svo máli mínu lokið um leið og það liggur ljóst fyrir, að hagnaður Íslendinga af rekstri álverksmiðjunnar er öllum augljós, þótt ýmsir virðist enn eiga erfitt með að viðurkenna þessar staðreyndir. Það er einnig augljóst, að almenningur hefur ekki greitt niður raforkuna fyrir stóriðjuna, heldur hefur stóriðjan stuðlað að því, að almenningur hér á landi hefur fengið miklu ódýrara rafmagn en ef stóriðja hefði ekki verið fyrir hendi.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls við þessa umr. En ég stíg í ræðustól vegna aths., sem hv. þm. Ingólfur Jónsson gerði hér áðan. Ég læt þessa strax getið vegna þess að ég sé að það er fararsnið á hv. þm., en ég vildi gjarnan að hann yrði viðstaddur og heyrði aths. mína.

En fyrst vil ég þakka hv. 1. flm. þessarar till. fyrir þá ræðu, sem hann flutti hér áðan, fyrir þá úttekt, sem hann gerði á þeim málum, sem till. þessi fjallar um. Það hafa fáar ræður betri verið fluttar um þessi mál hér á Alþ. og verður sannarlega gott í vor í kosningaslagnum að hafa Alþingistíðindi við höndina til þess að vitna í ýmislegt sem fram kom í ræðu þessa hv. þm.

En sem sagt, ástæðan til þess að ég kem nú í ræðustólinn er skringileg aths., sem ég heyrði frá hv. þm. Ingólfi Jónssyni áðan.

Hér um daginn, þegar rætt var um till. okkar Alþb.-manna um það að nefnd kanni markaðshorfur Grundartangaverksmiðjunnar og framkvæmdirnar verði stöðvaðar, ef sýnilegur verði taprekstur á þessari verksmiðju, og aðstaðan þá notuð til einhvers skynsamlegra heldur en að framleiða járnblendi, þegar ég tók þátt í þeim umr., þá vitnaði ég í samtal sem ég átti við forstjóra Grundartangaverksmiðjunnar, ýmislegt sem hann hafði látið sér um munn fara í mín eyru varðandi markaðshorfurnar. Ég sleppti því að geta um eitt, vegna þess að ég hélt að þar væri um að ræða algerlega einstaklingsbundna truflun að því er varðar hagfræðilegan þankagang. Hann sagði, að segja mætti að nú væri einmitt mjög hagstæður tími til þess að reisa slíka verksmiðju. Af hverju? Vegna þess að markaðshorfur eru svo slæmar. Ástæðan er sú, að þá er hægt að kaupa tækin til slíkrar verksmiðju á svo lágu verði. M. ö. o.: það eru svo margir sem vilja losna við dótið, sem þarf í svona verksmiðju, að við getum fengið það á spottprís. Og þar að auki vildi forstjórinn benda mér á það, að verksmiðjan væri að mestu leyti reist úr stáli. M. ö. o.: verksmiðja, sem framleiðir efni til stálframleiðslu og er þar með varðandi markaðinn háð verði á stáli, — hagstæðasti tími til að reisa slíka verksmiðju er tíminn þegar verðið á framleiðslu verksmiðjunnar er svo lágt að það hlýtur að vera ódýrt að reisa slíka verksmiðju! Þetta er hagspekin. Eftir þessu ættum við að sjálfsögðu að reisa fiskiðjuver þeim mun fleiri sem markaðshorfur væru verri fyrir fisk. Ef t. d. markaðshorfur varðandi mjólk fara niður úr öllu valdi, hygg ég að góður búmaður — það var talað um búmennsku hér áðan af hálfu hv. þm. Ingólfs Jónssonar — góður búmaður mundi að sjálfsögðu fara að kaupa kýr og mjaltavélar. Og sementsverksmiðju mundum við að sjálfsögðu reisa, þegar sementsverð væri mjög lágt, vegna þess að veggir sementsverksmiðju eru reistir úr sementi! Ég hélt sem sagt, að þetta væri einstaklingsbundin firra, sem ég heyrði í símanum, þegar ég var að tala við forstjóra Grundartangaverksmiðjunnar. En ég heyrði ekki betur en sá mæti maður, hv. þm. Ingólfur Jónsson, væri með sömu spekina hér áðan. Þetta vildi ég aðeins benda á til marks um það, hve gáfulegur er málflutningur þeirra stóriðjumanna.

Hitt hefur mér líka orðið umhugsunarefni í þessu sambandi, hvort talsmenn stóriðjunnar eru svona miklu miður gefnir heldur en þeir sem tala gegn henni, — þá á ég við stjórnarþm. — hvort það er vegna þess að málflutningur þeirra, sem tala gegn stóriðjunni af hálfu stjórnarþm., ber svona af eða hvort það er málstaðurinn sem þessu ræður. Til samanburðar eru þær ræður, sem hér hafa verið fluttar í dag af hálfu stjórnarþm., annars vegar ræða hv. þm. Páls Péturssonar og hins vegar ræður tveggja hv. þm. Sjálfstfl. Ég hef ekki komist að neinni niðurstöðu, hvort gáfnafar hv. stuðningsmanna ríkisstj. fer eftir því, hvort þeir eru með eða á móti stóriðju af því að þeir eru ekki allir jafnvel gefnir.

Því var haldið fram af hálfu annars þeirra hv. þm. Sjálfstfl., sem töluðu áður, að það gæti verið vit í því að selja rafmagn undir kostnaðarverði frekar en láta vatnið renna ónotað til sjávar. Eftir þessu fer að verða tímabært, sýnist manni, að athuga, hve miklu við höfum tapað á þessu í 1100 ár. Ég vek athygli á þessu til að menn hugleiði, hversu langt er gengið í vitleysunni þegar verið er að mæla fyrir stóriðju hér úr þessum stóli. Læt ég svo lokið máli mínu að þessu sinni.

Umr. frestað.

Íslenskukennsla í fjölmiðlum, þáltill. (þskj. 336). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það er ekki að undra, þó að mönnum verði mismæli þegar þeir nefna fjölmiðla eins og t. d. sjónvarpið og detti þá í hug einhverjar erlendar þjóðir og þeirra mállýskur á undan okkar eigin, eins og dæmin sanna um beitingu þessa verðmæta fjölmiðils.

En á þskj. 336 er till. til þál. um íslensku-

kennslu í fjölmiðlum, sem flutt er af 5 þm. úr öllum þingflokkum. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að sjónvarp og útvarp annist kennslu og fræðslu í öllum greinum móðurmálsins. Þrettán manna ráð, kosið hlutfallskosningu á Alþ., skal hafa með höndum stjórn þeirra mála.“

Í grg. segir svo m. a.: „Engum dylst, að íslensk tunga á nú í vök að verjast. Á þetta sérstaklega við um talað mál, framburð og framsögn. Einnig fer orðaforði þorra fólks þverrandi og erlend áhrif hvers konar vaxandi. Engum orðum þarf að fara um lífsnauðsyn þess, að stemma stigu við slíkri óheillaþróun og snúa við inn á þá braut íslenskrar málhefðar, sem ein verður farin, ef íslensk menning á að lifa og dafna.

Ríkisútvarpið hefur lagt nokkuð af mörkum til fræðslu og kennslu í íslenskum fræðum, tungu og bókmenntum. Er það góðra gjalda vert. En það er skoðun flm., að betur megi ef duga skal, og á það einnig við um meðferð tungunnar yfirleitt í munni þeirra, sem í útvarp tala.

Áhrifaríkasti fjölmiðillinn, sjónvarpið, hefur hins vegar í engu sinnt fræðslu í meðferð íslenskrar tungu. Virðist jafnvel ekki lögð sérstök rækt við orðfæri eða framburð þeirra, sem þar starfa. Á þessu þarf að verða gjörbreyting. Langsterkasta áróðurstækið, sem fluttst hefur inn á gafl á hverju heimili landsins, þarf að taka tröllataki til eflingar íslenskri menningu, sérstaklega til viðreisnar íslenskri tungu, en það er brýnasta verkefnið nú.

Lagt er til að kosið verði hlutfallskosningu á Alþ. þrettán manna ráð, sem hafi með höndum stjórn þessara mála í fjölmiðlum. Verkefnið er viðamikið, og þykir flm. því ástæða til, að allmargir eigi hlut að máli, enda hefur þjóðin til þess arna á að skipa mörgum hæfum mönnum.“

Eftir að till. þessi var fram lögð hef ég orðið var við mjög mikinn áhuga á framgangi málsins utan þings og innan. Og víst er um það, að áhugi á ræktun móðurmálsins er mjög mikill og almennur og ekki síst á íslenskum bókmenntum, fornum og nýjum. Með lestri þeirra og vandaðri kynningu verður tungan best efld. Af nógu góðu og frábæru er að taka í íslenskum bókmenntum. Töluvert er nú að vísu orðið af hinu og hefur raunar alltaf verið, en ástæðulaust er þó að gera sér miklar áhyggjur út af vondum bókum, því að margur góður rithöfundur og skáld hefur byrjað á leirburðarstagli.

Hér verður íslensk málsaga ekki rifjuð upp. Undanfarin ár hefur sem betur fer farið fram umr. á hinu háa Alþingi um íslenska tungu, stafsetningu og málsögu. Umr. hefur orðið mjög til góðs og sprottið af þrætum um stafsetningu, en klikkumenn í röðum embættismanna hafa fengið því ráðið, að óvarlega hefur verið um þau mál vélt undanfarin ár. Þrætan um litla stafinn z hefur mjög stemmt stigu við herferð hinna æviráðnu á hendur íslensku máli rituðu. Z er að vísu ekki aðalatriði, en ekkert er svo smátt í íslensku máli að ekki skipti samt höfuðmáli.

Um það ætti ekki að þurfa að deila, að mæltu máli íslensku hefur hrakað að undanförnu og á það aðallega við í munni yngri kynslóðar þéttbýlis. Málskóli heimilanna og þó einkum hinna öldruðu er þar af lagður, en erlend áhrif hvers konar hafa vaxið að sama skapi. Ástæður fyrir erlendum áhrifum eru augljósar og gætir í því efni ekki síst áhrifa frá hinum sterka fjölmiðli, sjónvarpinu, einmitt því tækinu sem getur gefið okkur kost á straumhvörfum í þróun og meðferð málsins, ef farið verður að efni þessarar tillögu.

Eins og fram er tekið hefur útvarpið í ýmsu sinnt íslenskri tungu og bókmenntum og skal hlutur þess ekki lastaður, þótt vafalaust mætti betur gera. Þættir orðabókarmanna og hinir stuttu þættir um daglegt mál hafa verið afbragð og eins lestur úr bókum okkar, t. d. lestur Einars Ólafs Sveinssonar úr Njálu á sinni tíð, svo að eitthvað sé nefnt. Ef ég væri útvarpsráðsmaður mundi ég leggja til, að á hverjum vetri yrði Njála lesin, Bandamanna saga, Hrafnkels saga Freysgoða og enn fleiri fornrit okkar auk rita Laxness, Þórbergs og fjölda annarra höfunda síðari tíma.

Á annan tug ára er nú liðið síðan sjónvarpið hóf göngu sína. Fyrir utan flutning íslenskra leikrita hefur sjónvarpið í litlu sinnt bókmenntum okkar og alls enga fræðslu veitt í meðferð tungunnar. Má þó öllum augljóst vera, að í því efni hefur sjónvarpið yfirburðaaðstöðu. Þetta sinnuleysi er gagnrýni vert og raunar lítt skiljanlegt. En nú er lagt til, að á þessu verði gerbreyting. Í till. þessari er lagt til, að sjónvarpið sérstaklega verði tekið til afnota til kynningar á íslenskum bókmenntum og til gagngerðrar fræðslu í öllum greinum íslenskrar tungu.

Þess hefur orðið vart, að menn hafa verið nokkuð vokins um afstöðuna til þeirrar till., að þrettán manna ráð, kosið hlutfallskosningu á Alþ., hafi með höndum stjórn þessara mála í fjölmiðlum. Í þessu sambandi vil ég taka skýrt fram, að þessi háttur ætti að vera á hafður um skipan miklu fleiri nefnda og ráða en enn hefur tíðkast. Með því móti réði Alþ. svo sem vera ber og drægi um leið úr valdi embættismanna og ýmissa stofnana þar sem þeir hafa hreiðrað um sig, oft á tíðum án þess að til þess væri ætlast að valds þeirra gætti svo sem raun ber vitni um. Alþ. má heldur betur fara að gá að sér, þegar dæmi eru til þess að starfsmenn Alþ., ráðh., verða uppvísir að því að vera vikapiltar embættismanna. Ýmis öfl hafa otað sínum tota langt umfram það sem hið rétta ráðaafl, Alþ., mundi til hugar koma að veita þeim atfylgi til. Er mál að þeim ókjörum linni. Lýðræðið er ekki í heiðri haft nema áhrif og valdahlutföll á Alþ. njóti sín eðlilega á sem flestum sviðum þjóðlífsins.

Margir málsmetandi menn hafa varpað fram þeirri hugmynd, að á Íslandi kæmist á fót það sem þeir vilja kalla „málakademíu“. Má vera að ýmsum sýnist mikið lagt undir og yfirlætisfullt að hugsa sér að slíkt ráð, sem hér er lagt til að kosið verði, gæti orðið vísir að slíkri málakademíu. Orð eru þó til alls fyrst. Fáum þrettánmenningunum þetta mikilvæga verkefni í hendur og látum framtíðina skera úr um hvernig til tekst. Við eigum hið mesta mannval til hlutanna og um að gera að fá því verkefnið strax í hendur. Fyrir því legg ég höfuðáherslu á skjótan framgang þessa máls og skora á þm. að ljá því fylgi sitt.

Gera má ráð fyrir að ráðið skipti sjálft með sér verkum, velji sér formann og aðra starfsmenn og kjósi t. d. framkvæmdaráð úr sínum hópi. Um starfsemi sína er eðlilegt að ráðið setji

sér reglur sem staðfestar verði af ríkisstj. Augljóst er að nokkur kostnaður mun fylgja framkvæmdinni. Mun sjónvarpið að sjálfsögðu látið bera meginhluta hans, enda fær það í hendur áhugaverðasta efni sem um getur og ýtir ýmsu næsta óþörfu til hliðar í staðinn, en kostnað við rekstur ráðsins hlýtur hið opinbera að bera, þ. á m. laun til ráðsmanna.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég er einn af flm. þessarar till. og tek undir það, sem hv. 1. flm. hennar sagði hér áðan um nauðsyn þess að eitthvað sé gert til þess að bæta um meðferð móðurmálsins í fjölmiðlum og annars staðar.

Þegar rætt er um þessi mál verður mönnum helst að umræðuefni fátæklegur orðaforði ungs fólks og ýmsar ambögur, rangar beygingar o. s. frv. Og það er rétt, að sennilega hrakar móðurmálskunnáttu Íslendinga og leikni í tungutaki æðimikið nú þessi árin. Þó verð ég að segja, að aðfinnslur, sem maður les í blöðum, lýsa oft stærilæti æðimiklu og meira að segja kemur höfundurinn iðulega upp um sig; hann er kannske ekki þess umkominn að vanda mjög um. Það er svo oft á tíðum, því miður, að þeir, sem mest vanda um á þessu sviði, eru sjálfir skussar í meðferð móðurmálsins. Tek ég þó skýrt fram, að þetta á síður en svo við þann mann, sem er 1. flm. þessarar till. En mér hefur fundist skynsamlegt og byggi það á alllangri reynslu, mér hefur virst skynsamlegt að tala varlega í þessum efnum. Maður veit aldrei hvenær sannast á mann sjálfan einhver sök.

Það, sem ég á við, er að á þessu sviði eins og svo mörgum öðrum eru það oft á tíðum þeir, sem hvað minnst vita, sem mest tala og af mestu stærilæti og af mestu sjálfsáliti. Þetta á við um svonefnda menningarumræðu yfirleitt. Ég bið hv. þm. að taka eftir því, að ég nota þetta orð í eintölu. Það er ein tískan núna, að ekki má tala um „umræður“ í fleirtölu. Þeir spekingar sem koma fram í fjölmiðlum til þess að ræða menningarmál, tala alltaf um þessa og þessa „umræðu“, sem eigi sér stað um þetta eða hitt. Þetta er leiðindatilgerð að mínum dómi, svona álíka leiðindatilgerð eins og hitt, sem menn hafa nú tekið hver eftir öðrum að hætta að nota ákveðinn greini með íslensku þjóðinni, tala um „íslenska þjóð“ greinislaust. Ég man, að Þórbergur vinur minn Þórðarson lét einu sinni orð falla um þetta í þá átt, að það væri dæmigert fyrir skussana að fara að finna upp á einhverju svonalöguðu, sleppa greininum þarna, „íslensk þjóð“ í staðinn fyrir „íslenska þjóðin.“

Ég get ekki stillt mig um að skjóta hér aðeins á 1. flm. till. Í ræðu hans áðan kom fyrir orð, sem er orðið að tískuorði, það er „áhugaverður“. Ég tók eftir því þegar þetta orð kom fyrst upp. Maður nokkur, bókmenntagagnrýnandi, var ráðinn í því að útrýma dönskuslettunni „interessant“ og hann kom með orðið „áhugaverður.“ Síðan japla menn þetta hver eftir öðrum, „áhugaverður“, lon og don. Og kemur fyrir ekki þó sjálft Nóbelsskáldið hafi bent á orð sem er miklu fallegra og betra, en það er „hnýsilegur“. Þetta eða hitt sé „hnýsilegt“. Ég legg til að við hv. þm. notum ekki orðið „áhugaverður“, en notum orðið „hnýsilegur“, sem klingir við eins og svo mörg góð orð úr hinum fornu bókum okkar.

Ég sagði hér áðan, að mönnum yrði tíðrætt um orðaforðann og ambögur ýmsar og líka flámæli, og þá hreykja sér ýmsir býsna hátt og oft þeir sem síst skyldu.

Ég held ég hafi nefnt það áðan, að þegar ég átti heima austur á landi og hafði setið á einhverju heimilinu og hlustað á frábæra íslensku af munni húsráðanda, móður eða föður, þá gerðist það æðioft að einhver krakkinn á heimilinu sem hafði verið vaninn af flámæli í skólanum, gerði aths. við málfar foreldranna af því að þeim hafði orðið á ofurlítið flámæli, og foreldrarnir fögnuðu. Börnunum leyfist sem sé að setja sig á háan hest, vegna þess að kennarinn hafði vanið þau af flámælinu — þó að þau kynnu í raun og veru lítið sem ekkert í íslensku samanborið við foreldrana. Annars vegar voru foreldrarnir, sem kunnu íslenskuna prýðilega, flámæltir foreldrar, hins vegar óflámælt börn, sem kunnu ekkert í íslensku.

Svipað þessu ruglast ýmislegt annað fyrir mönnum í þessu sambandi. Þegar til að mynda verið er að tala um skort á orðaforða, þá gleymist kannske annað, sem er fullt eins þýðingarmikið: Þannig er um ýmsa þá, sem fram koma í fjölmiðlum, og sérstaklega útvarpi, að þó að orðaforði þeirra sé sæmilegur og engar beygingar vitlausar, þá er framsögn þeirra og allur hreimur þannig, að það er ekki íslenska sem þeir tala. Ég bendi á svokallaða óskalagaþætti ungs fólks eða þáttinn sem ég hygg að heiti „Lög unga fólksins.“ Ég heyri ekki betur en sá maður, sá ungur maður, sem hefur löngum kynnt þessi lög hafi lært framsögn af sams konar þulum amerískum. Ég heyrði í eina tíð æðimikið af slíkum þáttum amerískum, þegar ég dvaldi þar vestra. Og stundum hefur svo slysalega tekist til, að opið hefur verið Kanaútvarpið svokallað, þar sem ég hef verið nærri. Ég hygg að fólk eins og t. d. þessi ungi maður, sem ég er hér að ræða um, hafi lært framburðinn þarna. Ef mál hans væri tekið á segulband og vélritað eins og þær ræður, sem við flytjum hér, þá gæfi að líta íslensk orð. En hann mælir þau fram með amerískum blæ. Þetta er afskaplega slæmt. Þeir sem sjá um þessa þætti verða fyrir bragðið óskýrir í máli. Enda skyldi sá, sem vill læra skýrleika í frásögn, allra síst fara í skóla til Ameríkumanna, því að þeir eru manna óskýrastir í framsögn. Það liggur í eðli tungu máls þeirra eða framburðar.

Það er eins og fyrri daginn þegar verið er að ræða þessi mál, að næsta fáir eru í salnum. Næsta fáir heyra boðskapinn. (**Gripið fram í:** Það er kjarninn.) Já, það má segja að það sé kjarninn, — það eru tiltölulega margir stjórnarandstæðingar hérna inni. Þeir eru þrisvar eða fjórum sinnum fleiri en stjórnarsinnar.

En ég stóð sem sagt upp til þess að vekja athygli á ýmsu sem stundum sést yfir varðandi þessi mál. Og að lokum mætti ég kannske leyfa mér að víkja að einu, sem nefnt er „stofnanaíslenska“. Það er ekki að ófyrirsynju að menn

þýsnast út af þessari stofnanaíslensku, sem nefnd er og einkennir opinber skjöl. Sannarlega mætti þar margt betur fara. En í málgagni míns flokks einu sinni í vetur var menntamaður einn að herja á okkur þm. — eins og fyrri daginn — fyrir það, að við töluðum svo mikið um z, og þar vorum við gerðir ábyrgir fyrir þessari stofnanaíslensku. Ég leyfi mér að mótmæla því hér úr þessum stól. Við alþm. erum ekki ábyrgir fyrir stofnanaíslenskunni. Hún hefur verið til hjá því fólki, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson var að ræða um áðan, hjá því fólki sem á undanförnum árum hefur seilst æ lengra í þá áttina að taka völdin af Alþingi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta þarfa mál, sem hér er borið fram og ég vil lýsa ánægju minni með að kemur fram á Alþ. En það er aðeins ein aths. sem ég hlýt að koma hér á framfæri, og það er út af þessu þrettán manna ráði, sem á að annast framkvæmd þessarar ágætu till. Mín reynsla er nú gjarnan sú, að ágæti nefnda og ráða er í öfugu hlutfalli við stærð þeirra, og þess vegna sakna ég þess, að það skuli ekki hafa verið gefnar á því skýringar, hvorki í grg. né í framsögu hv. 1. flm., hvernig þeir hugsa sér — hinir ágætu menn sem að þessu máli standa — að þetta ráð sé skipað. Það kann vel að vera, að þeir hafi gild rök fyrir sér í þessu en að óreyndu, án þess að nokkrar skýringar liggi fyrir, sýnist mér að þetta ráð sé óþarflega stórt og tryggi alls ekki að vinnubrögð þess og árangur af starfi þess verði sá, sem hugur vafalaust stendur til.

En ég tek undir þau sjónarmið, sem hér hafa komið fram, að það er sannarlega tími til þess kominn að okkar voldugasti fjölmiðill, sjónvarpið, láti þetta mál frekar til sín taka. Það er hörmulegt að heyra hvernig íslensku máli er dag eftir dag, bæði í rituðu og mæltu máli, misþyrmt. Það mega kallast ókjör, ég tek undir það. Núna á dögunum las ég í einu dagblaðanna að einhver hefði „glott við fót", og þetta er nákvæmlega það sem maður rekst á. Gömlum og góðum orðasamböndum er víxlað saman við önnur, öllu hrært saman og út úr þessu kemur hinn mesti óskapnaður. Það er einmitt þetta meðferð málsins og ekki þá síst hins talaða máls, sem þyrfti verulegrar athugunar við, og þarf að gera átak í þeim efnum. Ég sé ekki, að sjónvarpið okkar verði notað til annarra hluta þarfari en að reyna að sporna við þeirri þróun sem horfir til óheilla í notkun íslensks máls.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka ágætar undirtektir við þessa till. mína. Það er mikið rétt, að menn skyldu ganga hóflega um dyr í sambandi við meðferð tungunnar, og margur er sá dárinn sem grípur til stóryrða þegar hann er að lasta tungutak annarra, en verður svo uppvís að því sjálfur að mikið skortir á að hann hafi nægjanlegt vald á tungunni, og oft finnur maður sárlega til þess, að miklu betur þyrfti maður að kunna málið en raun ber vitni um.

Úr því sem hv. þm. Jónas Árnason minntist á orðið „áhugaverður", þá hef ég að vísu veitt því orði athygli, en hef ekki á því fordóma og ég get ekki skipt á því og orðinu „hnýsilegur" í öllu falli, vegna þess að „hnýsilegt" er eftir minni máltilfinningu og skilningi „forvitnilegt". En það þarf ekki alltaf að vera eftirsóknarvert, það sem er manni forvitnilegt, þannig að það getur verið „áhugavert" og eftirsóknarvert getur það verið. (**Gripið fram í:** Athygli vert.) Athygli vert. Þetta er alveg rétt og ég skal athuga þetta. En ég er með annað mál hér á dagskrá og mun væntanlega flytja fyrir því framsögu og hef breytt þar — þar kom fyrir orðið áhugaverður — yfir í hnýsilegt, því að þar getur það átt við.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagðist ekki hafa tekið eftir því, að fram kæmi í grg. eða framsögu till. um, hvernig þetta ráð skyldi skipað. Það er margtekið fram, að það skal kosið hlutfallskosningu á Alþ., og mín skoðun er sú, að allir þingflokkar eigi að eiga það aðild að, enda þótt einn þeirra t. d. gæti það ekki eftir réttum hlutföllum. En ég hygg þó, að verði þessi till. samþykkt mundu menn í svona máli reyna að sjá til þess að svo yrði. (Gripið fram í.) Væntanlega nær þessi till. samþykki á þessu þingi og ég hef ekki trú á því og bið og vona að hann verði ekki af lagður áður en þessu þingi slítur. Fyrr mættu nú vera ósköpin. En þess vegna er það, að verði þetta samþykkt nú á þessu þingi, þá væri a. m. k. mín till. að allir þingflokkar ættu þarna aðild að. Ég gat þess hér, án þess að segja strangt fyrir um það, að mér þætti eðlilegt að ráðið kysi sjálft framkvæmdastjórn og skipti að öðru leyti með sér verkum og setti sér reglur, sem ríkisstj. síðan samþykkti. Ég gat þess, að aðalkostnaðurinn við framkvæmdina hlyti sjónvarpið að bera, enda eðlilegt, því að það nýtur ávaxtanna og fær eftirsóknarverðasta, athyglisverðasta og hnýsilegasta efni til flutnings sem um getur. Og ég segi ekkert nema það, að ef menn ætla að fara að telja eftir peninga til slíkra framkvæmda sem þessara, þá ættu þeir að láta það vera að taka að láni milljarða til þess að reisa karbíthelviti uppi í Hvalfirði.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ef ég hefði ekki verið búinn að biðja um orðið út af öðru, sem fram kom hér áðan, þá hefði ég svo sannarlega beðið um það út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði þegar hann fór úr stólnum, um þá milljarða, sem fara í það að „reisa karbíthelviti uppi í Hvalfirði". Heyr fyrir slíku orðbragði!

En ég stend upp til þess enn að halda því fram, að orðið „hnýsilegur" geti alveg komið í staðinn fyrir orðið „áhugaverður". Það gæti, held ég, alltaf staðist. Aðalatriðið er þá hvort orðið er fallegra. Og „hnýsilegur" er ólíkt fallegra.

En hér var áðan skotið inn orðinu „athyglivert". „Athyglivert" kemur frá ekki minni málsmekksmanni en Stefáni Jónssyni. Austur á Djúpavogi trúi ég að í gamla daga hafi menn leyft sér að segja „athyglisvert", þeir hafi haft bandstafinn s í þessu orði. Nú þora menn ekki að segja „athyglisvert" lengur, vegna þess að þeir eru búnir að læra að beygja nafnorðið „athygli" og vita að það er ekki „athyglis" í eignarfalli, heldur „athygli". Þess vegna þora þeir ekki að setja bandstafinn inn. En það var orðið mál-

venja, þegar Stefán Jónsson var ungur drengur austur á Djúpavogi, að segja „athyglisvert“, og honum er óhætt að gera það enn og okkur öllum.

Þetta er enn ein tilgerðin, enn eitt dæmið um tilgerðina, sem upp er komin. Það er verið að venja menn af þessu eða hinu og gengið svo langt í því, að stundum verða af miklu alvarlegri slys en þetta. Ég heyrði eitt sinn tvær litlar telpur ræðast við, systur. Önnur þeirra var að byrja í skóla, og þar var nú heldur en ekki farið að venja hana af ýmsu slæmu. Og að sjálfsögðu hafði henni verið kennt, að maður segir ekki: „mér hlakkar til“ eða „mig hlakkar til“, heldur „ég hlakka til“. Kennarinn hefur að sjálfsögðu lagt sig fram um það að venja blessað barnið af þágufallssýkinni svonefndu. En það sýnist mér því miður að hafi æðioft verið helsta iðja kennara að venja börn af slíku, sem eru náttúrlega smámunir miðað við fjöldamargt annað varðandi móðurmálið. Víkjum svo aftur að systrunum. Sú yngri kemur inn með miklum gusti og segir: „Mér liggur á“. Þá setur sú eldri sig í kennaralegar stellingar og segir: „Þú átt ekki að segja: Mér liggur á. Þú átt að segja: Ég ligg á.“

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að till., sem hér er til umr., stefni í rétta átt. Ég hefði að vísu gjarnan viljað hún hefði verið byggð á dálítið breiðari grundvelli. Ég er alveg viss um að sjónvarpstæknin er allra best til þess fundin að nota til kennslu. Ég er viss um það, að ef fræðslan yrði gerð að meginmarkmiði sjónvarps okkar fengjum við miklu betri sjónvarpsdagskrá, þjóðin fengi miklu meira fyrir peningana sína en hún nú fær og e. t. v. gæti sú stefnumótun orðið til þess að við yrðum leyst undan því, að yfir 60% af sjónvarpsdagskránni, sem send er inn á heimilin núna, sé á erlendum málum. Ég er efalítill um það, að eins og dagskrá sjónvarpsins er nú háttað orkar hún fremur til afmáunar íslenskri þjóð en til málbóta. Ég hygg að þessi till. nái fram að ganga, hún geti orðið svona eins og viðspyrna gegn þeirri þróun, sem í hefur verið stefnt með sjónvarpsrekstrinum í þessari mynd sem nú er.

Ég treysti mér ekki til þess að fara að gera dæmi um það héðan úr þessum ræðustól, eins og hv. ræðumenn hér á undan mér, hvernig hið nýja ráð skuli meðhöndla ýmis orð, sem úr lagi kunna að hafa færst á síðustu áratugum. Ég er ekki viss um að allar breytingar, sem orðið hafa á notkun einstakra orða á síðustu áratugum, hljóti að hafa verið til hins verra. Hv. síðasti ræðumaður, Jónas Árnason, útskýrði það ekki fyrir okkur, með hvaða hætti s-ið lenti inn í beygingu á orðinu „athygli“, þessi bandstafur hafi komið inn þarna, eins og hann orðaði það. (Gripið fram í.) Ég veit þetta ekki heldur, með hvaða hætti s-ið kemur þarna inn. Hugsanlegt er, að s-ið hafi komið þarna inn af tilviljun eins og í fleiri orð, þar sem þessi bandstafur, s-ið, hefur komið inn, t. d. fyrir áhrif sterks persónuleika sem hafi verið tannbrotinn. Og þess eru dæmi, að málfar í heilum byggðarlögum hefur mótast af sterkum persónuleikum. M. a. er ég efalítill um það, að ástæðan fyrir hinni háþróuðu hljóðvillu, sem ég undraðist stórlega — og var þó ýmsu vanur — í bernsku, þegar ég kom í Hornafjörðinn, Innnesin, — ég er alveg efalaus um, að Sigurður heitinn Ólafsson hafnsögumaður, síðar umboðsmaður Flugfélagsins, átti sinn ríka þátt í mótun þess framburðar, sem þar ríkti, og raunar orðbragði, þessu dýrlega orðbragði sem ríkti þar í Nesjunum.

Ég er sem sagt alls ekki viss um að bandstafirnir, þessi stöðvunarhljóð, séu æ til prýði í töluðu máli, og ég ber nú þetta orð mér í munn, ég nota það þannig — „athyglivert“ — vegna þess að mér finnst það ekki bara skynsamlegra, heldur finnst mér það fallegra líka.

Ég get náttúrlega ekki lokið svo máli mínu að víkja ekki að því forvitnilega orði „hnýsilegur“ og merkingu þess. Ég minnist þess einmitt úr bernsku minni þarna á Suðvesturlandinu — á þessum slóðum sem Jónas Árnason, hv. þm., gerði nú grein fyrir áðan — að ég heyrði notuð orðin „gálegt“ og „gávert“ um atriði sem voru þess verð að að þeim væri gáð, og legg nú til að hv. flm. till. hugleiði, hvort ekki kæmi til greina að nota heldur þetta orð, „gávert“.

Annars ætlaði ég ekki að lengja þessar umr., aðeins víkja að því, að ég hygg að vel væri þess virði að Alþ. hugaði að því, hvort ekki væri rétt að setja sjónvarpinu ný og mennilegri markmið og skýrari varðandi fræðslu þessarar þjóðar heldur en þau sem sjónvarpið hefur starfað samkvæmt.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég er einn af flm. þessarar þáltill., sem hér hefur verið lýst og talað fyrir, og hef í sjálfu sér ekki mikið innlegg fram að færa til viðbótar við það sem þegar hefur verið sagt. En ég get þó ekki stillt mig um að minnast nokkrum orðum á það, hversu gífurleg bylting hefur orðið á öllu, sem snertir samskipti íslenskrar tungu við aðrar þjóðtungur, ef svo mætti að orði komast.

Við, sem komnir erum vel yfir fimmtugt og eldri, munum vel þá daga, þegar útvarpið kom til landsins. Ég man t. d. vel eftir því, þegar ég heyrði fyrst í útvarpi. Ég var þá að sjálfsögðu kornungur krakki, en ég man vel eftir því. Í minni sveit var um nokkurn tíma eitt útvarp á einum bæ og þangað flykktust menn til þess að hlusta á útvarpið.

Á þeim árum, þegar ég var að alast upp — og eftir 1930 og fram undir síðari heimsstyrjöldina — þótti það tíðindum sæta heima, og mun einnig hafa verið meira og minna um landið, ef menn fóru til Reykjavíkur. Það þótti alveg sérstakur viðburður, ef einhver maður úr sveitinni eða byggðarlaginu fór til Reykjavíkur, hvað þá heldur lengra eða til útlanda. Þetta var nú ekki alltaf svo á Seyðisfirði og þar í grennd, eins og kunnugt er, því að þaðan voru veruleg samskipti á nokkru tímabili við útlönd. En svona var þetta á þessum árum, sem ég er nú að vitna til. Og ég hygg, að það hafi verið svo í flestum héruðum, að einangrunin var svo mikil, að menn höfðu ekki útvarp og menn ferðuðust lítið. Svona var þetta í öllum megindráttum um aldir og raunar alveg frá því að landið byggðist. Þótt sumir ferðuðust átti allur almenningur þess engan kost.

Ég man einnig vel eftir því í fyrsta sinn sem ég sá kvikmynd. Kvikmyndirnar komu um það leyti sem útvarpið kom til sögunnar, fyrst þöglar og síðan með tali, eins og allir þekkja.

Með síðari heimsstyrjöldinni verða alger straumhvörf í þessum efnum. Landið er hernumið, kemur her inn í landið, talandi auðvitað aðra tungu, og hér hefur verið varnarlið frá þeim tíma eins og kunnugt er. Flugsamgöngur eflast svo mjög, að áður en varir eigum við flota flugvéla sem fljúga milli landa svo að segja á hverjum einasta degi og ferðalög aukast stórlega, bæði Íslendinga til annarra landa og einnig ferðamanna til Íslands. Flotinn okkar, bæði fiskiskipaflotinn og einnig millilandaskipin eða vöruflutningaskipin, stóreflist. Allt þetta hefur í för með sér stórkostlega aukin samskipi við aðrar þjóðir. Þetta verður ekki nefnt neinu öðru nafni en hrein bylting á örfáum árum, sem þýðir auðvitað það, að tungan verður fyrir miklu meiri áhrifum í ýmsum efnum en verið hefur um aldir. Til viðbótar kemur svo sjónvarpið, eins og kunnugt er, og kvikmyndirnar í vaxandi mæli, og svona mætti lengi telja. Á örfáum árum, ef miðað er við Íslandssöguna, verður slík gerbreyting í þessum efnum, að það er engin samlíking við það, sem við höfðum vanist, Íslendingar, allar götur frá landnámstíð.

Ef við stöldrum aðeins við og lítum á aðstöðuna eins og hún er í dag, — 3—4 áratugum eftir mjög mikla einangrun, þarf ekki að lýsa henni fyrir hv. þm. Það glymja erlend tungumál í sjónvarpi, í útvarpi, í kvikmyndahúsum. Það flæða inn erlend blöð. Á hverjum einasta degi lesa menn þýddar greinar í dagblöðunum, sem margar hverjar eru þýddar í skyndingi, án þess að mjög mikið sé hugsað um málsmeðferð og málvöndun. Þegar allt þetta kemur saman í eitt, þá er hér um að ræða svo gífurlega breytingu frá því, sem áður var, að maður kemst ekki hjá því að leiða hugann að því, hvaða áhrif þetta muni hafa þegar til lengri tíma líður, eins og sjálfsagt er að gera í þessum efnum. Og það er hætt við að a. m. k. blæbirgði, eins og það er stundum orðað, og myndauðgi málsins mundi bíða hnekki ef ekki verður slegin skjaldborg um íslenskuna.

Eins og margsinnis hefur verið rakið hér á Alþ. og víðar, má sjá þessa afar glögg merki nú þegar, að málið er að breytast að vissu leyti. Það er alveg sýnilegt, að uppbygging málsins eða „construction“ hefur verið að breytast á tiltölulega fáum árum. Ég held að slík áhrif stafi aðallega af skyndiþýðingum og margföldum samskiptum okkar við fólk sem talar önnur mál, miðað við það sem áður var. Á örfáum árum hefur orðið sú gjörbreyting á högum þjóðarinnar í samskiptum við útlendinga, að full ástæða er til að óttast afdrif íslenskrar ungu, þegar horft er til framtíðar.

Fjölmiðlar hafa lagt talsvert af mörkum til fræðslu í íslenskri tungu og bókmenntum, eins og kunnugt er. En það er engin spurning um að þó blöðin hafi mikil áhrif, útvarpið hafi mikil áhrif, kvikmyndir o. s. frv., þá er enginn fjölmiðill sem kemst í hálfkvisti við sjónvarpið. Það er að mínu mati langsamlega áhrifamesti fjölmiðillinn og e. t. v. áhrifameiri en allir hinir til samans. Þegar af þeirri ástæðu er hér um að ræða málefni sem við flm. álítum að eigi fullt erindi til Alþ. og vonumst til að fái hér góðar viðtökur og verði samþykkt.

Ég horfi talsvert á sjónvarp eins og fleiri og get jafnvel hrósað sjónvarpinu fyrir ýmislegt gott, sem þar birtist, þótt þar sé misjafnt efni. Það er nokkuð viðurhlutamikið fyrir dvergþjóð eins og Íslendinga að halda uppi góðri sjónvarpsdagskrá, og ég hygg að hún sé alls ekkert síðri en efni standa til, þó að hún sé mjög misjöfn. Hins vegar finnst mér að fréttaefni sjónvarpsins beri oft með sér meiri áhuga á því, sem miður fer eða miður kann að fara í þjóðfélaginu, heldur en hinu, sem er jákvætt og horfir til bóta. Það er eins og það sé fréttnæmara, það sem er neikvætt. Það er eins og það sé fréttnæmara og fólk hafi meiri áhuga á því að hlusta á og tala um það, sem er neikvætt, heldur en um hitt, sem er jákvætt.

Það er engin spurning um að það hvílir þung ábyrgð og skylda á svo áhrifaríkum fjölmiðli sem sjónvarpið er í ýmsum efnum. Þess vegna er það, að okkur flm. þessa máls finnst að sjónvarpið eigi að leggja mjög ríka áherslu á málvöndun. Margir sjónvarpsmenn tala hið ágætasta mál, eins og kunnugt er. Það er rétt og skylt að taka það fram. Það er þó ærið misjafnt efni sem við heyrum og sjáum í sjónvarpinu. Í þessari till., er gert ráð fyrir því, að kosin verði sérstök stjórn eða ráð til þess að hafa með höndum stjórn þessara mála. Ég hefði álitið, að a. m. k. fyrst um sinn væri eðlilegt að þetta væri ólaunað ráð, eins konar heiðursamkoma kunnáttumanna um íslenskt mál og málfar, og væri skynsamlegt að líta á það sem slíkt meðan séð verður hvort verkefni þessarar stofnunar verður svo yfirgripsmikið, að ástæða sé til þess að launa sérstaklega fyrir þau störf sem þar verða unnin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kortabók Íslands, þáltill. (þskj. 340). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 340 flytja 5 þm. úr öllum þingflokkum till. til þál. um útgáfu kortabókar Íslands og er skorað á ríkisstj. að hafa um það forgöngu. Í grg. með till. segir svo m. a.:

„Kortabók Íslands verður safn korta af Íslandi, þar sem margs konar fróðleikur um land og þjóð er settur fram á myndrænan hátt.

Þjóðlandaatlasar hafa verið gefnir út í velflestum Evrópulöndum, þ. á m. Norðurlöndum, en auk þess í mörgum löndum í öðrum heimsálfum. Fyrsta kortabók, sem út var gefin af þessu tagi, var Finnlandsatlas, sem gefin var út 1899, en hefur verið gefinn út þrisvar sinnum síðan. Hefur slík útgáfa hvarvetna verið talin hin mesta nauðsyn, til að auka þekkingu á landsháttum.

Árið 1976 kom út kortabók yfir öll Norðurlönd. Að undanskildum nokkrum þáttum náttúrufars eru nær engar upplýsingar um Ísland í kortabókinni. Oftast er einungis ein stærð eða tala yfir allt landið þar sem upplýsingar eru birtar eftir umdæmum í hinum löndunum.

Kortabókinni er ætlað að vera upplýsinga- og heimildarit í þágu stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga sem fást við margs konar áætlanagerð varðandi byggð, atvinnulíf og landnýtingu. Er þar átt við nýtingu lands til búskapar, ýmiss konar verklegra framkvæmda, samgangna, almenningsnota og náttúruverndar.

Kortabókin verður gagnlegt heimildarrit fyrir innlenda og erlenda fræðimenn sem stunda rannsóknir á ýmsum fræðasviðum. Enn fremur yrði bókin mikilvæg fyrir fjölmarga aðra, sem vilja kanna útbreiðslu ýmiss konar fyrirbæra til lands og sjávar og athuga samhengi þeirra á milli.

Síðast en ekki síst er ótalið menntunargildi bókar af þessu tagi. Hún yrði notuð af kennurum og nemendum í framhaldsskólum og á háskólastigi og yrði handbók eða uppsláttarrit fyrir kennara og nemendur í efstu bekkjum á grunnskólastigi.

Til þess að ná þeim árangri, sem að framan er getið, er fyrirhugað að setja fram á kortum og á annan myndrænan hátt ýmis einkenni lands og þjóðar. Þar á meðal má nefna náttúrufar, sögu, atvinnulíf, félagsmál og menningarmál."

Það hefur alllengi verið mikið áhugamál ýmissa aðila, að út verði gefin kortabók eða atlas fyrir Ísland. Má það furðu gegna, hversu mjög hefur dregist úr hömlu framkvæmd svo mikilvægs og hnýsilegs verks. Á s.l. ári áttu áhugaaðilar fund með sér um málið og voru þar mættir fulltrúar ýmissa stofnana, svo sem menntmrn. og samgrn., Seðlabanka, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Hagstofu, Rannsóknastofnana atvinnuveganna, Háskóla Íslands og enn fremur fulltrúar frá bændasamtökum og iðnrekendum. Á fundinum kom fram mikill áhugi allra fundarmanna á útgáfu kortabókar Íslands. Á fundi þessum voru rædd almenn atriði málsins, svo sem eintakafjöldi við útgáfu bókarinnar. Komst fundurinn að þeirri niðurstöðu, þótt hún sé eftir lauslega athugun og til bráðabirgða, að ef bókin yrði þannig úr garði gerð, að hún nýttist við átthaga- og landafræðikennslu á flestum skólastigum, væri ekki ástæða til annars en að ætla, að þannig greiddist teiknunar- og prentunarkostnaður. Upplýsingasöfnun og úrvinnsla gagna verði hins vegar framkvæmd af einstökum ríkisstofnunum án endurgjalds. En auðvitað þarf að fjármagna verkið á framkvæmdatíma og taka áhættu af halla á útgáfunni. Þá er ekki fjarri lagi að ætla, að Norræni menningarmálasjóðurinn hlaupi eitthvað undir bagga og styrki slíka útgáfu. Er þá haft í huga, að hluti verksins verði unninn til þess að bæta hinn mjög svo slaka hluta Íslands í kortabók Norðurlanda, en Menningarmálasjóðurinn styrkir menningarmálefni sem talin eru vera áhugaverð og eru talin vera athyglisverð fyrir fleiri en eitt Norðurlandanna.

Á fyrrgreindum fundi var kosin til bráðabirgða undirbúnings- og framkvæmdanefnd, sem hafa skyldi með höndum að athuga, hvers konar efni væri æskilegt að birta í slíkri bók, afla nánari upplýsinga um útgáfukostnað, verktilhögun og annað sem að verkinu lýtur. Í nefndina voru valdir fulltrúar frá Háskóla Íslands, Landmælingum, Seðlabanka og Framkvæmdastofnun ríkisins, og má af þessu marka að málið er komið á nokkurn rekspöl. Gera má ráð fyrir að ekki verði tök á að ráðast í útgáfu fyrr en að tveimur til þremur árum liðnum, þótt fljótlega verði hafist handa af fullum krafti.

Ég vil að lokum geta um helstu efnisflokka í kortabók Íslands. Í I. flokki yrði til að mynda náttúra landsins, landslag, jarðfræði Íslands, jarðeðlisfræðileg kort, jarðvegur og gróður, vatnafræðikort, veðurfar og hafið við Ísland. Í II. flokki sagnfræðileg kort, svo sem stjórnmálasaga, hagsaga og menningarsaga. Í III. flokki upplýsingar um íbúa landsins, mannfjölda og mannfjölgun, dreifingu íbúanna, fólksflutninga, menntan. Í IV. flokki ýmis hagræn kort, fiskveiðar, landbúnaður, orku- og námuvinnsla, iðnaður, samgöngur, viðskipti. Í V. flokki um stjórnarfarið, umdæmaskipting, t. d., alþingis- og sveitarstjórnarkosningar og margt fleira. Þetta er aðeins nefnt til þess að sýna í sjónhending af hversu mörgu er að taka og margt hnýsilegt verkefni sem um þarf að fjalla. Ég vil biðja hv. alþm. sérstaklega að veita máli þessu athygli sína og stuðning.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. þessari verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að það sé mála sannast, að dregist hafi furðulengi að gefin væri út Íslandskortabók í vandaðri útgáfu, aðgengileg fyrir almenning til kaupa. Herforingjaráskortin, sem gefin voru út á sínum tíma í bók í rándýrri útgáfu, voru góðra gjalda verð og mjög svo hárra gjalda verð á sínum tíma, en gátu aldrei orðið almenningseign. Um tíma var þessi kortabók eins konar stöðutákn. Nú mun það fátítt, að hún sjáist nema hjá opinberum stofnunum, og menn hafa af hyggindum víða tekið upp þann hátt að læsa þær niðri í skúffum, þannig að þessum bókum sé ekki flett, vernda þær sem safngripi og dýrgripi. Aftur á móti er ég þeirrar skoðunar, að við verðum að passa okkur við útgáfu hinnar nýju kortabókar, að hún verði þannig úr garði gerð, að hún verði varanleg, þetta verði varanlegt fræðslurit.

Eins og ástatt er á Íslandi tel ég óhyggilegt að leggja mjög mikið pláss og kostnað í stjórnmálakortin eða hin stjórnsýslulegu kort og hvað eina það sem lýtur að hinu breytilega eðli íslensks samfélags. Ég hefði talið æskilegt, að meginhersla yrði lögð á þá þætti kortabókarinnar, sem lytu að landinu sjálfu og náttúru þess og náttúrufari, sem helst tiltölulega óbreytt gegnum aldirnar. Hið sögulega kort hinna fyrri alda væri góðra gjalda vert, hinn sögulegi kafli. Ógjarnan vildi ég sjá fest í íslenskri kortabók til varanlegrar eignar mjög mikið af fróðleik varðandi hagfræði landsins eða hagsögu, sem er ekki þess eðlis, að mínu viti, að neinum núlifandi manni sé treystandi til þess að teikna upp af slíku ábyggilega mynd.

Í ræðu hv. frsm. komu fram ýmsar merkilegar „spekúlasjónir" varðandi gerð þessarar bókar, sem ég tel hnýsilegar og líklegar til þess að vekja menn til hugsunar um það, hversu gera ætti bók þessa. Þó að ég fortaki nú þetta, sem hann sagði um hin félagslegu viðfangsefni í kortagerðinni áðan, þá er ekki svo að skilja að ég telji ekki

æskilegt, að þær hugmyndir verði einnig speglaðar og hinir bestu menn fengnir til þess að hugleiða málið.

Enda þótt ég gæti þess áðan, að ég teldi að kortabókin gamla með herforingjaráðskortunum hefði verið allt of dýr í sölu til þess að hún gæti nokkru sinni orðið almannaeign, þá er ég ekki að mæla gegn því að þetta nýja verk, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði grein fyrir áðan, yrði alldýrt. En við verðum að sjá fyrir því, að söluverð bókarinnar verði ekki hærra en það, að hún geti komist inn á alþýðuheimili. Ég vildi gjarnan að það yrði haft í huga við undirbúning þeirrar útgáfu, að þessi bók hefði fremur að geyma varanlegan fróðleik. Þar yrði gerð tilraun til þess að draga upp myndir af þeim sannleik sem kannske hefur aldrei verið og verður kannske orðinn allur annar á morgun.

Varðandi hugmyndir frsm. um það hvernig afla megi fjár til þessarar útgáfu eða „fés", svo að ég noti nú afbrigði sem heyrst hefur úr þessum hv. ræðustól við umr. um alvarleg fjármál þessarar þjóðar, þá hygg ég að hann hafi ekki reynst of bjartsýnn. Það er von mín, að hann muni ekki hafa verið bjartsýnn úr hófi fram, þegar hann gerði ráð fyrir þessum möguleikum. Ég þykist jafnvel sjá fram á það, að ýmsar stofnanir innlendar, sem hann tilgreindi ekki, yrðu e. t. v. fúsar til þess að leggja þarna peninga af mörkum.

Ég mun ekki lengja umr. um þetta hnýsilega mál, en aðeins ítreka það, að ég styð þessa hugmynd. Ég hygg að fullkomin þörf sé fyrir útgáfu af þessu tagi og hún kynni e. t. v. að verða okkur styrkur í lífsbaráttunni í þessu landi, þar sem við ætlum okkur að halda áfram að tala íslenska tungu.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég get tekið undir með þeim, sem rætt hafa um þessa þáltill., að ég tel hana athyglisverða. Slík kortabók sem þar er rætt um hefur tvímælalaust bæði hagnýtt og menningarlegt gildi. Undirstaðan að útgáfu slíkrar bókar hlýtur að verða góðar myndir af landinu. Ég vildi við þetta tækifæri einmitt vekja athygli á því, að Landmælingar Íslands hafa nú mikinn áhuga á því að taka nýjar, góðar myndir af landinu, sem gætu orðið undirstaða að kortagerð, og slík kortagerð hefði hagnýtt gildi á mjög mörgum sviðum. Kort þarf víða að nota, en eins og sakir standa telja Landmælingar að það vanti fjármagn til þess að vinna að þessu í nægilega miklum mæli, hins vegar séu nú til orðin góð tæki til þess að vinna þetta verk.

Það hefur verið gerð till. um það, að þessari þáltill. verði vísað til allshn. Ég á þar sæti og mun mæla með því, að efni þessarar till. verði samþykkt. Ég get lýst því hér strax yfir. Hins vegar finnst mér ég varla geta mælt með því, að hún verði samþykkt eins og hún er orðuð. A. m. k. er það andstætt minni málvenju að tala um það að hafa forgang að einhverju. Mér finnst a. m. k. að þetta væri atriði sem íslensk málnefnd, sem var rætt um í síðustu till., þyrfti að ahuga. Ég hef vanist því að tala um forgöngu eða eitthvað slíkt og hlyti því að leggja til að það yrði breytt þarna um orðalag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþt. 1977. B. (99. löggjafarþing).

Sameinað þing, 54. fundur.

Miðvikudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Karl Kristjánsson fyrrv. alþm. andaðist í gær, þriðjudaginn 7. mars, í Borgarspítalanum eftir nokkurra mánaða sjúkralegu, hátt á 83. aldursári. Til þessa fundar er boðað til að minnast hans.

Karl Kristjánsson var fæddur í Kaldbak við Húsavík 10. maí 1895. Foreldrar hans voru Kristján bóndi þar, síðast í Eyvík á Tjörnesi Sigfússon bónda í Sultum og á Bangastöðum í Kelduhverfi Sigurðssonar og kona hans Jakobina Jósíasdóttir bónda og sjósóknara í Kaldbak og víðar Rafnssonar. Hann stundaði nám í unglingaskóla í Húsavík veturinn 1909—1910, hóf gagnfræðanám á Akureyri haustið 1914 og lauk gagnfræðaprófi vorið 1916. Næstu árin vann hann á búi foreldra sinna, en var jafnframt barnakennari í Tjörneshreppi veturna 1916—1920. Á þeim árum var hann valinn til forustu í félagsmálum sveitar sinnar. Hann var formaður Ungmennafélags Tjörnesinga 1916—1930, og deildarstjóri í Tjörnesdeild Kaupfélags Þingeyinga varð hann árið 1918. Á árinu 1920 hóf hann búskap í Eyvík og á næsta ári, 1921, var hann kosinn í hreppsnefnd Tjörneshrepps og átti sæti í henni þar til hann lét af búskap og fluttist til Húsavíkur árið 1935. Oddviti var hann frá 1928 og sýslunefndarmaður frá 1931. Hann var annar af tveimur gæslustjórum Kaupfél. Þingeyinga 1920—'25 og var kosinn í stjórn Kaupfélagsins árið 1925. Forstjóri Sparisjóðs Kaupfélags Þingeyinga var hann frá 1932—1965. Honum var falin framkvæmdastjórn Kaupfélags Þingeyinga á þrengingatímum þess 1935—1937, og hann var kosinn í hreppsnefnd Húsavíkurhrepps og var oddviti hennar 1937—1949. Við upphaf Húsavíkurkaupstaðar í ársbyrjun 1950 var hann kjörinn í bæjarstjórn og átti sæti í henni til 1970. Jafnframt var hann fyrsti bæjarstjóri Húsavíkur til hausts 1950. Forseti bæjarstjórnar var hann 1950—1954 og 1955—1962.

Karl Kristjánsson var kjörinn alþm. Suður-Þingeyinga árið 1949, var síðan þm. Norðurlandskjördæmis eystra og átti sæti á Alþingi samfellt til vors 1967, sat á 19 þingum alls. Hann var alla sína þingmannstíð skrifari í Ed., var á tímabili varaforseti Sþ. og aldursforseti síðustu árin. Hann átti löngum sæti í fjvn. og fjhn. Árið 1939 var hann skipaður formaður endurskoðunarnefndar löggjafar um sveitarstjórnarmál. Hann var skipaður í endurskoðunarnefnd löggjafar um skattamál árið 1952. Um þær mundir átti hann sæti í stjórnarskrárnefnd og lagði þar fram till. sínar í stjórnarskrármálinu í ársbyrjun 1953. Árið 1957 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd vinnulöggjafarinnar og á sama ári formaður endurskoðunarnefndar lagaákvæða um skattamál hjóna. Þingkjörinn endurskoðandi Útvegsbankans var hann 1959—1971. Hann var skipaður í samninganefnd um kísilgúrverksmiðju árið 1965 og átti sæti í stjórn kísilgúrverksmiðjunnar og síðar Kísiliðjunnar 1966—1971.

Karl Kristjánsson var mikill félagsmaður. Hér hefur verið drepið á ýmislegt af störfum hans að félagsmálum og þó eigi nærri allt talið. Ungur var hann talinn til foringja fallinn. Um hálfa öld var hann forustumaður í sveitarstjórnarmálum heima í héraði. Hann var einn forgöngumanna að stofnun Sambands ísl. sveitarfélaga og átti sæti í fulltrúaráði þess frá stofnun sambandsins til þess er hann lét af sveitarstjórnarstörfum vegna aldurs. Var hann þá kjörinn heiðursfélagi sambandsins. Hann gjörþekkti sögu sveitarmálefna á heimaslóðum sínum, og bæjarstjórn Húsavíkur fól honum að draga saman efni í sögu sveitarfélagsins. Var það aðalstarf hans síðustu æviárin, og vann hann að því verki svo lengi sem starfskraftar entust.

Karl Kristjánsson var samvinnumaður og gegndi margs konar forustustörfum í Kaupfélagi Þingeyinga. Naut það mannkosta hans lengi og vel, og var hann kjörinn heiðursfélagi Kaupfélagsins á 90 ára afmæli þess.

Karl Kristjánsson var atgervismaður. Hann var góðbóndi um skeið, hafði gott fjárbú og naut hestamennsku bæði þá og síðar, var ágætur tamningamaður. Hann kunni margar aðrar íþróttir, var rammur að afli, stundaði glímu og var alla tíð áhugamaður um glímuíþróttina. Orðsins list var honum töm. Hann var ljóðelskur, skáldmæltur og hagorður, orti fleygar stökur og ritaði íslenskt mál með glæsibrag. Hann var listaskrifari, vandaði allt sem hann lagði hönd að. Ræðumennska hans var gjörhugsuð og rökföst. Í einni vísu sinni líkti hann lífi mannsins við ástæður þess manns, sem fer á skóg með eina ör, á þessa leið:

„Dauðinn kemur, dýrt er fjör,
dagsins stutt að njóta,
sá, sem hefur eina ör,
ei má gálaust skjóta."

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Karls Kristjánssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 69. fundur.

Miðvikudaginn 8. mars, að loknum fundi í Sameinuðu þingi.

Varaþingmaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 8. mars 1978.

Þar sem Einar Ágústsson utanrrh. er farinn utan í opinberum erindum, leyfi ég mér samkv. beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sverrir Bergmann læknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þórarinn Þórarinsson,
form. þingflokks Framsfl."

Sverrir Bergmann læknir hefur áður setið á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 406). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og ég gat um þegar ég mælti fyrir frv. til lögréttulaga fyrir eitthvað tveimur dögum, er þetta frv., sem hér liggur fyrir breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði, fylgifrv. með því frv. Þótti rétt að fara fram á það við réttarfarsnefnd, að hún athugaði þetta frv. sérstaklega með tilliti til þess, að það gæti tekið þeim breytingum að það mætti afgreiða jafnvel þó að frv. um lögréttulögin næði ekki fram að ganga eða væri ekki afgreitt á þessu þingi. Ég held að það verði skýrast að ég lesi hér upp — með leyfi hæstv. forseta — hluta þeirra aths. sem réttarfarsnefnd lét fylgja þessu endurskoðaða frv., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sumarið 1977 beindi dómsmrh. því til réttarfarsnefndar, að hún endurskoðaði frv. til lögréttulaga og frv. um breyt. á einkamálalögunum. Endurskoðun síðara frv. hefur verið allviðamikil, þó að því fari fjarri að gerðar séu till. um fullnægjandi endurskoðun laganna. Frv. ber þess enn merki, að það er samið sem fylgifrv. með lögréttulögunum, en mörg atriði, sem kanna þarf nánar, eru látin liggja milli hluta. Engu að síður er frv. nú í þeim búningi, að réttarfarsnefnd telur að það megi samþ. þó að lögréttufrv. sé ekki afgreitt samtímis. Nefndin telur að veruleg réttarbót yrði, ef frv. fengist samþykkt. Jafnframt ítrekar nefndin þá till. sína að sett verði lögréttulög.

Í frv. þessu felast aðallega þessi nýmæli:

1) Sáttanefndir verði lagðar niður, en sáttastörf falin dómurum einum.

2) Tekin verði upp aðalflutningur mála, þar sem komi fram þær skýrslur, sem gefa á munnlega, og síðan fari munnlegur flutningur fram í beinu framhaldi af því.

3) Úrskurðir verði að jafnaði án forsendna og dómar verði styttir.

4) Nokkrir sérdómstólar verði lagðir niður: sjó- og verslunardómur, merkjadómur í Reykjavík og á Akureyri og aðrir fasteignadómstólar.

5) Þá eru í frv. till. um einstök atriði, sem eiga að stuðla að hraðari meðferð dómsmála og ótvíræðari reglum en nú gilda. Er þar um sumt stuðst við venjur, sem myndast hafa, t. d. um skriflegar grg. og aðilaskýrslur."

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara að rekja einstakar greinar í þessu frv. eða aths. við þær. Aths., sem fylgja, skýra nokkuð efni og breyt. þær sem í greinunum felast. Ég legg áherslu á það, að þetta frv. fáist afgreitt, og vil endurtaka það og leggja áherslu á það, að jafnvel þó svo færi, mót von minni, að menn væru ekki reiðubúnir til þess að afgreiða frv. um nýja dómstóla — lögréttufrv. — þá má afgreiða þetta frv. Það er ekki það háð frv. um lögréttu og það mundi verða réttarbót að því út af fyrir sig, að þetta frv. yrði afgreitt, og í því felst ekki neinn sérstakur kostnaðarauki fyrir hið opinbera.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 407). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er fylgifrv. með því frv., sem var á dagskrá hér áðan, en eins og þá var greint þá er það eitt af nýmælunum, sem í því frv. felst, að gert er ráð fyrir því, að tilteknir sérdómstólar séu lagðir niður. Í þessum frv. er lagt til, að sjó- og verslunardómur svokallaður verði lagður niður, en gert ráð fyrir að sakadómur taki við hlutverki hans eða taki við sjóferðaprófum eða sjóprófum, sem svo eru kölluð, af þessum sjó- og verslunardómi. Greinar þær, sem í frv eru, eru afleiðing af þessu höfuðefni frv.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Ég leyfi mér að undirstrika að þetta er fylgifrv. með frv. sem rætt var um áðan, þannig að ekki mundi vera eðlilegt að afgreiða það sjálfstætt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Þroskaþjálfar, frv. (þskj. 410). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um þroskaþjálfa, er samið í heilbr.- og trmrn. eftir beiðni Félags þroskaþjálfa og er að miklu leyti byggt á till. félagsins. Frv. þetta er að flestu leyti samhljóða öðrum lögum sem sett hafa verið á undanförnum árum til þess að tryggja hinum ýmsu heilbrigðisstéttum lögvernduð starfsréttindi.

Stétt þroskaþjálfa er tiltölulega ung hér á landi. Það mun hafa verið árið 1958, að settur var á stofn við Kópavogshælið svonefndur Gæslusystraskóli Íslands. Einn helsti hvatamaður að stofnun skólans var Björn Gestsson forstöðumaður Kópavogshælisins, og varð hann fyrsti skólastjóri og gegndi því starfi allt til ársins 1977.

Í fyrstu var það fyrst og fremst hlutverk þroskaþjálfa að veita skjólstæðingum sínum líkamlega aðhlynningu og hjúkrun. Gengu þær konur, er þessum málum sinntu, undir nafninu gæslusystur. Í dag eru störf þroskaþjálfa ekki síður uppeldisstöf. Má þannig segja að nafnbreytingin — þ. e. a. s. gæslusystur verða þroskaþjálfar — endurspegli breytt viðhorf almennings gagnvart þroskaheftum og auknum mannréttindum þeim til handa. Það eru ekki síst þroskaþjálfar sem stuðlað hafa að þessum breyttu viðhorfum.

Þroskaþjálfar eru eina starfsstéttin hér á landi sem sérstaklega er menntuð til þess að þjálfa, ala upp og veita þroskaheftum umönnun. Gert er ráð fyrir, að þroskaþjálfar starfi með þroskaheftum einstaklingum hvar sem þeir dveljast. Þannig er starf þroskaþjálfa ekki eingöngu við það miðað, að þeir starfi inni á stofnunum þar sem slíkir einstaklingar eru vistaðir. Þroskaþjálfar eru enn fremur eina starfsstéttin sem sérstaklega er menntuð til þess að veita stofnunum fyrir þroskahefta forstöðu, þar sem Þroskaþjálfaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem veitir markvissa kennslu í uppbyggingu og starfsemi slíkra stofnana.

Engum blandast hugur um það, að störf þroskaþjálfa eru mjög vandasöm og krefjast einstakrar þolinmæði. Er því mjög brýnt að gerðar séu sérstakar kröfur um þjálfun og menntun þeirra aðila, er slík störf stunda.

Þroskaþjálfaskóli hefur á undanförnum missirum tekið miklum breytingum. Í upphafi var námið að mestu leyti bundið við vangefna og störfuðu þroskaþjálfar í fyrstu nær eingöngu með vangefnum einstaklingum. Fljótlega urðu þroskaþjálfar eftirsóttir til starfa með því fólki sem víkur frá því eðlilega á einhvern hátt, andlega eða líkamlega. Þroskaþjálfaskólinn hefur fylgt þessari þróun og miðast námið nú við fleiri tegundir fötlunar en vangefni. Það skal þó skýrt undirstrikað, að starf með vangefnum er og verður aðalstarfsvettvangur þroskaþjálfa.

Starf með þroskaheftum er ekki lengur afmarkað innan þröngra veggja stofnana. Það eru sífellt gerðar meiri kröfur til þess, að þroskaheftir einstaklingar fái að taka þátt í samfélaginu að svo miklu leyti sem þeir eru færir um það sökum fötlunar sinnar.

Samfélagið sem slíkt er að mörgu leyti vanbúið til þess að taka á móti þroskaheftum, og þarf að gera mikið átak til þess að berjast gegn gömlum fordómum sem beinast gegn þroskaheftum, en eru nú á öru undanhaldi. Það er ekki síst hlutverk þroskaþjálfa, að berjast fyrir breyttum viðhorfum samfélagsins, svo að þroskaheftir njóti þeirra þjóðfélagsréttinda sem þeir að sjálfsögðu hafa jafnt og aðrir samfélagsþegnar.

Þroskaþjálfar, sem starfa á stofnunum, þurfa að sjá til þess, að öllum þörfum skjólstæðinga þeirra sé fullnægt, bæði andlegum og líkamlegum. Auk þess að sjá um alhliða velferð þeirra, þurfa þroskaþjálfar að einbeita sér að hverjum og einum og skipuleggja þjálfunaráætlun fyrir hvern einstakling. Slíkar áætlanir ná yfir vítt svið, allt frá frumstæðustu athöfnum og upp í það að undirbúa hann til að flytja á fjölskylduheimili eða fara í störf á hinum almenna vinnumarkaði. Það er enn fremur í verkahring þroskaþjálfans að annast undirbúning til þess að hinir þroskaheftu einstaklingar geti tileinkað sér bóklegt nám. Hvað snertir bóklega kennslu sérstaklega, þá hefur þeirri reglu verið fylgt, að þroskaþjálfi starfi sem aðstoðarmaður sérkennara. Hvað snertir hjúkrun sérstaklega, þá er hún undirstaða tilveru þroskaheftra og ómissandi undirbúningur fyrir alla aðra meðferð og þjálfun. Það er í verkahring þroskaþjálfa að veita þessa hjúkrun. Þannig gefur þroskaþjálfi lyf samkv. fyrirmælum læknis. Enn fremur verður hann að fylgjast vel með breyttri líðan einstaklings og gera lækni og öðru starfsfólki grein fyrir því og á stundum taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi meðferð.

Störf þroskaþjálfa eru enn fremur í flestum tilfellum verkstjórnarstörf, þar sem langflestir þroskaþjálfar veita forstöðu deild eða annarri einingu innan stofnunar, t. d. vinnustofu, leikskóla eða veita heilli stofnun forstöðu. Í námsskrá Þroskaþjálfaskóla Íslands er sérstaklega gert ráð fyrir undirbúningsmenntun til þessara starfa. Eitt hið mikilvægasta í þessum málum er að gott samstarf verði milli foreldra og aðstandenda, og má segja að það sé einhver nauðsynlegasta forsenda þess, að markviss árangur náist í þjálfun. Það er ekki hvað síst hlutverk þroskaþjálfans að vinna að og efla tengsl milli foreldra og stofnunar. Ýmist vinnur þroskaþjálfi að þessu einn eða í samvinnu við sérfræðinga.

Með hliðsjón af framansögðu er augljóst, að störf þroskaþjálfa eru viðtæk og ekki á færi nema sérmenntaðs og sérþjálfaðs fólks. Það er fyrst og fremst með hliðsjón af þessu sem frv. þetta er borið fram, til þess að tryggja á sem bestan hátt að störf á þessum vettvangi skili sem bestum árangri fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í heild.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um frv. eins og það liggur fyrir. Um einstakar greinar þess sé ég ekki heldur ástæðu til að fjalla á þessu stigi, en leyfi mér að vísa til aths. með frv.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. Ég fagna því, að það skuli vera lagt hér fram. Það er ákaflega nauðsynlegt, að frá þessum málum sé gengið í lögum eins og hér er lagt til.

Það er ástæða til þess að fagna því, að orðið hefur umtalsverð breyting á viðhorfum fólks til þeirra sem við fatlanir eiga að stríða, af hverjum toga svo sem þær eru spunnar. En orsakir fyrir því, að börn eru þroskaheft, eru að sjálfsögðu margvíslegar. Þær orsakir geta verið arfgengar, þær geta verið komnar vegna sérstarkra sjúkdóma eða vegna áverka, og stundum er til að dreifa andlegum orsökum einum saman, sem ekki verða beinlínis taldar arfgengs eðlis. Það er ákaflega mikilvægt, að vel sé staðið að öllum athugunum á þessum málum, m. a. með tilliti til þess að reyna að fyrirbyggja þessa sjúkdóma, þannig að æ færri geti verið þroskaheftir.

Á síðari árum hafa orðið talsverðar framfarir í læknisfræði hvað viðkemur þessu. Í stað þess að allir séu taldir svona nokkurn veginn eins ef þeir eiga við einhverja fötlun að stríða, einkum þá andlega, er nú farið að rannsaka þessa einstaklinga til þess að komast eftir því, hver fötlun þeirra nákvæmlega er og á hversu háu stigi, og þannig að gera sér grein fyrir því, hvernig úr megi bæta. Endurhæfingin er því ákaflega mikilvæg. En hún er einnig ákaflega vandasöm, því hún tekur ekki til þess fyrst og fremst að þjálfa lamaðan lim eða bæta jafnvægi fólks t. d. Hún tekur til þess að reyna að endurhæfa hið andlega starf, ef ég má svo að orði komast. Vandamál sumra þessara einstaklinga er að geta ekki lesið, geta ekki tjáð sig eðlilega, geta ekki reiknað eða skrfað eða komið hugsun sinni í nægjanlega góða mynd, jafnvel þótt þeir kunni að vera lítið fatlaðir á ýmsum öðrum sviðum. Það gefur því auga leið, að það er ákaflega mikilvægt að það fólk, sem fæst við þessa einstaklinga, sé vel menntað og því sé búin góð aðstaða. Og til þess að tryggja að hægt sé að veita þessu fólki þá bestu hjálp, sem ætla má að það geti fengið að undangengnum rannsóknum, er nauðsynlegt að um það fjalli sem næst eingöngu fólk sem hefur menntun til að fylgja meðferðinni eftir. Þess vegna fagna ég, að þetta frv. skuli vera fram komið, og er sammála öllu því sem í því stendur.

Í framhaldi er svo rétt að vekja athygli á því, sem raunar kom fram hjá hæstv. ráðh., að ekki er síður mikilvægt að þjóðfélagið búi sig sem best undir það að taka við þessum einstaklingum — þeim þeirra sem mögulegt er — að taka á móti þeim og veita þeim aðstöðu eftir því sem mögulegt er til að starfa sem mest á hinum almenna markaði innan um annað fólk, sem er minna fatlað og að okkar dómi ekkert fatlað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv

Neðri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 8. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 189, n. 398). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Félmn. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar og orðið sammála um afgreiðslu þess. Álit n. er á þskj. 398. N. gerir till. um umorðun 1. gr. Sú till. er byggð á umsögn um frv. sem barst frá fjmrn. Þótti rétt að leita álits fjmrn. vegna þess að ákvæði hliðstæð þeim, sem nú eru í 7. gr. laga um Lífeyrissjóð sjómanna, er að finna í lögum um þrjá aðra sjóði, þ. e. a. s. lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, lögum um Lífeyrissjóð barnakennara og lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Þetta frv. var flutt til þess að fá því ákvæði laganna breytt, að skilyrðislaust þyrfti að tryggja lán sjóðsins með 1. veðrétti í fasteign, þar sem einkum húsnæðismálastjórn hefur undantekningarlaust krafist 1. veðréttar. Brtt. félmn. er þess efnis, að heimild til að ávaxta fé sjóðsins er nokkuð rýmkuð og auk þess er sú breyting gerð, sem raunar er einnig rýmkun frá frv., að verðtrygging þarf að vera innan við 65% af brunabótamati í stað 50%, sem frv. gerði ráð fyrir. Auk þess hefur brtt. n. í för með sér nokkru ítarlegri upptalningu. Samhljóða breytingar, sem n. gerir hér till. um, eru fluttar varðandi þá þrjá lífeyrissjóði, sem ég gat um, með sérstökum frv. sem eru á dagskrá þessarar hv. d. í dag.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál nánar, en félmn. leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem n. leggur til á þskj. 398.

ATKVGR.

Brtt. 398 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 401). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Í framsögu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar fyrir nál. félmn. um frv. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, sem hér var að ljúka umr. um, kom fram hver er ástæðan fyrir þeim þremur frv., sem eru á dagskrá þingsins í dag, nr. 5, 6 og 7 á dagskránni. Þetta eru shlj. frv. með shlj. grg. Þótt ég sé að mæla nú fyrir 5. máli á dagskránni, þá vil ég um leið nota tækifærið til þess að mæla fyrir hinum frv. tveimur. Til frekari skýringar vil ég vitna til grg., en þar segir, með leyfi forseta:

„Fjórir lögbundnir lífeyrissjóðir hafa nú skilyrðislaus ákvæði um tryggingu í 1. veðrétti í fasteignum eða ríkisábyrgð, þegar lífeyrissjóðslán eru úr þeim tekin.

Þessir sjóðir eru: Lífeyrissjóður sjómanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

Fimmti lögbundni sjóðurinn, Lífeyrissjóður bænda, er ekki bundinn af lögum um tryggingar, en í 5. gr. laga nr. 101/1970, um Lífeyrissjóð bænda, segir: „Heimilt er sjóðstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni“ — og enn fremur: „Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafist skal við lánveitingar og verðbréfakaup“.

Misræmið milli lögbundnu sjóðanna, fjögurra þeirra, og ákvæða um þessi efni hjá ólögbundnu sjóðunum kom m. a. fram við flutning frv. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð sjómanna nú fyrir skömmu.

Á þetta er einnig bent rækilega í jákvæðri umsögn fjmrn. um það frv. og einnig erfiðleikana við að framkvæma ákvæði framangreindra laga um að skylt sé að tryggja með 1. veðrétti í fasteignum lífeyrissjóðslán úr sjóðum þessum.

Húsnæðismálastjórn krefst undantekningarlaust 1. veðréttar. Hafa stjórnir lífeyrissjóðanna því freistast til að lána með 1. veðrétti B er víki fyrir lánum húsnæðismálastjórnar. Hafi lántaki 1. veðrétt bundinn af einhverjum öðrum lánum en húsnæðismálastjórnar, hefur hann orðið að ganga í byggingarsamvinnufélag til að eiga kost á ríkisábyrgð samkv. ákvæðum C-liðar, 15. gr. l. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Með lögum nr. 59/1973 átti að takmarka mjög veitingu ríkisábyrgða, en í 11. gr. laga þessara segir:

„Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafist hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku þessara laga.“

Í reynd hefur, allt frá því að lög nr. 59/1973 tóku gildi, engin heimild verið til veitingar ríkisábyrgða vegna húsa sem hafist var handa við að byggja eftir 1. jan. 1974. Slíkt hefur þó verið gert til að gera mönnum kleift að taka út lífeyrissjóðslán sín.

Í fram komnu frv. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna er lagt til að skylt sé að hafa veðtryggingu í fasteign innan við 50% af brunabótamati viðkomandi fasteignar eins og það er á hverjum tíma.

Nú hefur verið upplýst af fjmrn., að við veitingu ríkisábyrgðar hafi það yfirleitt miðað við að eigi sé farið yfir 50% af brunabótamati. Heimilað hefur þó verið að fara allt upp í 65% af brunabótamatinu. Reynt hefur verið að greiða fyrir fólki, er fest hefur kaup á litlum íbúðum, þannig að íbúðirnar gætu í reynd verið að veði fyrir húsnæðismálastjórnarláni, lífeyrissjóðsláni og upphæð þar til viðbótar er svarar til hálfs láns húsnæðismálastjórnar. Slík lán hafa stundum fengist hjá sparisjóðum eða hjá aðilum sem gera mjög strangar veðtryggingarkröfur. Ýmsir lífeyrissjóðir hafa 60—65% mörk, t. d. Lífeyrissjóður Sóknar, Lífeyrissjóður vörubifreiðastjóra og Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Telja verður óráðlegt með hliðsjón af ofansögðu að binda veðtryggingu við 50% af brunabótamati. Lagt er hér til, að veðtryggingin verði að hámarki 65% og það verði á valdi stjórnar að hvaða marki hún sé nýtt.“

Eins og hér kom fram áðan hefur félmn. Ed. samþykkt að mæla með og þegar hefur verið samþ. hér í hv. d. breyting á frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð sjómanna, sem er shlj. því frv., sem hér er flutt, og þeim frv. tveim, sem í kjölfarið fara.

„Í erindi fjmrn. kemur fram að 1. veðréttur sé sjaldnast laus vegna húsnæðismálastjórnarlána og lagaheimild ekki fyrir hendi til veitingar ríkisábyrgðar þegar um nýbyggingu er að ræða. Brýna nauðsyn ber því til að breyta tryggingarákvæðum hjá öllum þeim sjóðum, er með lögum eru bundnir við 1. veðrétt eða ríkisábyrgð með útlán sín. Leggur rn. því til að veðtryggingarákvæði verði shlj. í lögum lífeyrissjóða sjómanna, starfsmanna ríkisins, barnakennara og hjúkrunarkvenna.“

Það er tekið fram, hverjir hafa mælt með að þessi frv. væru flutt. Þess hefur þó ekki verið getið, sem þar hefur vegið hvað þyngst, en það er að félagsmenn í öllum þessum sjóðum óska yfirleitt eindregið eftir því, að þessar breytingar nái fram að ganga.

Ég vil, virðulegi forseti, leggja til, að þegar umr. um þetta frv. er lokið verði því vísað til 2. umr. og félmn., svo og máli nr. 6 á dagskránni í dag, um Lífeyrissjóð barnakennara, og einnig

máli nr. 7., um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 402). — 1. umr.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Þetta mál og tvö síðustu mál, sem d. fjallaði um á þessum fundi, eru um lífeyrissjóði og breyta einni grein í lögum um hvern þriggja sjóða á þann hátt sem hér hefur verið útskýrt og ég er fylgjandi. En með því að gera þessi þrjú frv. að lögum, sem *mér sýnist að væri mjög ráðlegt, hefur Alþ. af*greitt ný lög með afdráttarlausu ákvæði um að stjórnir sjóðanna sjái um ávöxtun þeirra, m. ö. o. ráði því, hvernig sjóðunum er ráðstafað.

Nú eru í gildi lög frá því fyrir áramót, sem hæstv. ríkisstj. fékk afgreidd fyrir jólaleyfi, og í þeim lögum tók ríkisstj. sér vald með því að skylda lífeyrissjóði til að láta a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til að kaupa skuldabréf af hinu opinbera. Þar með var takmarkað stórkostlega vald sjóðsstjórnanna til að ráðstafa fé þeirra.

Nú hygg ég, að ef lög rekast á, þá gildi þau, sem nýrri eru. Ef Alþ. samþykkir þrenn lög, sem ítreka, að stjórnir sjóðanna ráði útlánum og ávöxtun á fé þeirra, er þá ekki ákvæðið í lögunum frá því fyrir jól fallið um sjálft sig, a. m. k. hvað þessa lífeyrissjóði snertir?

Mér finnst það líta dálítið sérkennilega út að *samþykkja þrenn lög um veigamikla lífeyrissjóði* og undirstrika með skýrum setningum í öllum lögunum, að stjórnir þessara sjóða skuli sjá um ávöxtun á fé þeirra. Eru þar engin skilyrði um, að hún skuli gera það með því að lána féð ákveðnum aðilum, þó að það séu að sjálfsögðu reglur um, hvernig og í hvers konar skuldabréfum o. s. frv. lánin skuli fara fram. Ég vil því varpa fram, hvort Alþ. getur gert þetta tvennt með svo stuttu millibili án þess að á þessi þrenn lög beri að líta sem gildandi lög, þar sem þau stangast á við þá takmörkun á *rétti sjóðsstjórnanna til að* ávaxta fé þeirra sem lögfest var á s. l. ári.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Í sjálfu sér brevtir ræða hv. síðasta þm. engu um efnislega hlið þessa máls. Hann hefur sjálfur, þótt hann varpi fram þessari hugleiðingu, sem vissulega er ástæða til að athuga, lýst því jafnframt yfir, að hann sé fylgjandi þeim breytingum sem hér eru á ferðinni. En hins vegar er tiltekið í brtt., sem hér eru fluttar og talið upp, hvernig eigi að ávaxta það fé, sem stjórnir sjóðanna fara með, og falla m. a. undir þau ákvæði um verðtryggingu lífeyrissjóðanna sem felast í lögunum, sem samþykkt voru á s. l. ári. En við megum ekki gleyma aðalatriðinu, sem er það, að stjórnir sjóðanna halda áfram að fara með og ráðstafa 60%, burt séð frá ágreiningi sem gæti orðið á milli *manna um það, hvort þær hafi ekki eitthvað* með að gera þau 40% líka sem eiga að bindast samkv. ákveðnum reglum og verðtryggja skal, sem er meginatriðið. Það er þó þarna um 60% að ræða sem stjórnir sjóðanna fara alfarið með og ráðstafa. Það, sem í mínum huga er fyrst og fremst aðalmál þessara frv., er að það muni auðvelda fólkinu, sem á þennan rétt sem kallaður hefur verið, að nota sér lán af því fé, sem sjóðirnir hafa til ráðstöfunar og ekki hefur þurft til bótagreiðslna, — þessu fólki verði auðveldað að nota þetta fé. Það er meginmálið.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Ef það leikur vafi á því hvernig ber að skilja þetta með tilliti til laga frá því í des., sem hv. 2. landsk. þm. benti á, þá tel ég rétt og vil mælast til þess, að n. athugi á milli 2. og 3. umr., hvort ástæða væri til að breyta þeim texta, sem hér er. Þá yrði að bæta við 2. tl. 1. gr. Þar sem talað er um ávöxtun í skuldabréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs, væri hægt að bæta úr með viðbótarsetningu. Ég tel rétt að það atriði verði athugað milli 2. og 3. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég ítreka það að ég er samþykkur grundvallaratriðum þessara frv. og sammála því, að svo langt sem frv. ná sé rétt hjá hv. 8. þm. Reykv., að ákvæðin auðvelda fólki að nota fé það sem sjóðirnir hafa til útlána. Þegar talað er um að auðvelda fólkinu að nota fé lífeyrissjóðanna, þá skiptir auðvitað miklu máli, hvort það er 60% eða 100% sem sjóðsstjórnirnar hafa til ráðstöfunar.

Það var kannske skyssa að benda á þetta núna, en ég er viss um að það hefði getað orðið deilumál eftir á, því að það leyndi sér ekki að hæstv. fjmrh. heldur svipunni á lofti. En það er til bóta að það verði litið á þetta atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, frv. (þskj. 403). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Geymslufé, frv. (þskj. 404 (sbr. 302)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um geymslufé hefur gengið í gegnum hv. Ed. og tekið þar aðeins einni breytingu. Það er breyting á 5. gr. og hana er að finna á þskj. 404. Í aths., sem fylgja þessu frv., er gerð grein fyrir því, hvers vegna það er flutt. Þar er einnig að finna skýringar á efni þess almennt svo og á einstökum greinum frv.

Ég leyfi mér að vísa til þessara skýringa og legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 68). — 3. umr.

Gunnlaugur Finnsson: Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að ræða þetta mál lítillega áður en hv. d. afgreiðir það. Ég tel raunar vera skylt að benda á nokkur atriði er varða málið sjálft, gang þess á Alþ. til þessa, en ég gerði það ekki síst vegna þess, að þegar 2. umr. fór fram urðu um það litlar umr., enda tiltölulega fáir þm. á fundi og atkvgr. frestað. Ég vil sérstaklega vekja athygli á afstöðu menntmn. til málsins — þeirrar n. sem ber og bar að kynna sér efnisatriði þess sérstaklega.

Málið var afgreitt í n. í lok jan. með óvenjuskjótum hætti að formanni n. fjarverandi, en þó með hans samþykki. Fyrir liggur andstaða þriggja nm., þeirra er stóðu að 1. minnihlutaáliti, en auk þess lýsti formaður sig andvígan frv. við 2. umr. Einn nm., sem stóð að 2. minnihlutaálitinu, undirritaði það með fyrirvara. Það eru því raunar ekki nema tveir af sjö nm. sem fyrirvaralaust mæla með samþykkt þess.

Út af fyrir sig er ekkert við það að athuga eða óeðlilegt að hv. þd. taki svo afgerandi afstöðu gegn áliti þeirra sem unnu að málinu í n., en fremur óvenjulegt verður það að teljast. Málið var á dagskrá og tilbúið til atkvgr. á fundi deildarinnar 1. mars s. l., en einhverra hluta vegna var því frestað þá, þegar aðrar atkvgr. fóru fram. Ekki er víst að þm. hafi fengið alhliða upplýsingar um málið í þeim umr. sem hugsanlega hafa átt sért stað utan þingfunda. Vegna þeirra, sem ekki voru viðstaddir 2. umr., þykir mér rétt að koma með nokkrar upplýsingar nú við 3. umr., sem væntanlega skýra hvers vegna ég leggst gegn frv. Gildir það væntanlega gagnvart öðrum, sem sömu afstöðu hafa tekið. Hér er raunar einnig um að ræða ný afbrigði, sem komu ekki fram við 2. umr.

Frv. sjálft er um almenna heimild til að stofna fræðsluskrifstofur í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa o. fl. Þrátt fyrir það er öllum ljóst, að hér liggur fiskur undir steini. Hér er í raun deilt um það, hvort stofnuð skuli ný fræðsluskrifstofa, sem þjóni Hafnarfirði einum, og hver áhrif það hefur á þróun skólamála í landinu. Um það vil ég gjarnan fara nokkrum orðum.

Það vill svo til, að mér hefur borist bréf í hendur, sem núv. fræðslustjóri í Reykjanesumdæmi hefur sent flm. frv., öllum þm. Reykn., menntmrh. félmrh., bæjarstjórninni í Hafnarfirði og fræðsluráði í Reykjanesumdæmi. Hann getur þess í bréfinu eða fylgibréfi, að hann hafi lesið þetta bréf, sem hann sendi frá sér, upp í fræðsluráði Reykjanesumdæmis, sem hélt fund í grunnskóla Gerðahrepps, og þar hafi verið samþykkt shlj. efni þess, þar sem fræðsluráðið er andvígt því að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluumdæmi. Ég vil lesa smákafla úr þessu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Til viðbótar því, sem fram kemur í meðfylgjandi bréfi," segir hann, „skal tekið fram, að málefni Hafnarfjarðarbæjar fá að sjálfsögðu sömu meðferð á allan hátt hjá embætti mínu og mál annarra skólahverfa í umdæminu. Öll samskipti við skólana í Hafnarfirði hafa frá upphafi verið með eðlilegum hætti. Og hið sama má nú orðið segja um samskipti embættisins við skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, en nokkrir erfiðleikar voru þar á í byrjun, sökum þess að forstöðumaður skrifstofunnar hafði um það fyrirmæli frá yfirboðurum sínum að skipta ekki við fræðslustjóraembættið í Reykjanesumdæmi, en snúa sér til menntmrn. í þess stað. Með þeim hætti varð menntmrn. milliliður á milli Hafnarfjarðarbæjar og fræðslustjórans í umdæminu, því að rn. tók við erindum frá Hafnarfjarðarbæ og sendi þau áfram til mín til afgreiðslu. Af þessum sökum urðu nokkrar tafir á afgreiðslu mála, en eftir að mál fóru að berast eðlilega leið og eðlileg samvinna var tekin upp, gengu allar afgreiðslur mun betur á allan hátt."

Þessi kafli er í fylgibréfi. En ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér líka kafla úr því bréfi, sem hann sendi út, og skýra þessi mál frá annarri hlið en hér hefur komið fram. Ég tel að það sé næsta nauðsynlegt, að hv. þm. hafi þá mynd í huga áður en málið er afgreitt frá d. Ég grip ofan í bréfið þar sem segir:

„Sú fræðsluumdæmaskipan, sem ákveðin var í lögum um grunnskóla, hefur nú hlotið nokkra reynslu. Ég hygg að sú reynsla sé yfirleitt mjög jákvæð, ef dæma má eftir þeim undirtektum sem störf fræðslustjóranna hafa fengið. Nægir þar að nefna samþykktir velflestra sveitarstjórna í Reykjanesumdæmi, sem fögnuðu stofnun fræðsluskrifstofu umdæmisins. Frv. gerir ráð fyrir að þessari fræðsluumdæmaskipan sé breytt. Það hljóta því að liggja veigamikil rök fyrir því, að flutt er frv. um slíka breytingu, önnur og veigameiri en fram koma í grg. með frv. Þau rök, sem þar koma fram, eru aðallega þau, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafi samþykkt áskorun til Alþ. þess efnis að heimila að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra og að Hafnarfjörður hafi árið 1969 stofnað eigin fræðsluskrifstofu, ráðið eigin fræðslustjóra og haft þar eigin frumkvæði, komið á stjórnun og þjónustuaðstöðu í sínum skólamálum og viljað halda þessari afstöðu áfram. Enn fremur er minnst á samning við menntmrn. um starfið.

Ef þessi rök eru skoðuð nánar og í fyrstu lítið á þá röksemd, að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra, skal bent á eftirfarandi:

Í ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 15. nóv. 1974 segir m. a.:

„Enn fremur skorar bæjarstjórnin á Alþ. að gera þá breytingu á lögum um grunnskóla, að Hafnarfjörður verði hér eftir sem hingað til sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra."

Í þessu sambandi skal á það bent, að Hafnarfjörður var sérstakt fræðsluhérað samkv. lögum frá 1946, en er nú sérstakt skólahverfi samkv. lögum frá 1974. Á þessu tvennu er í raun enginn munur, vegna þess að í lögum um grunnskóla táknar orðið „skólahverfi" það sama og orðið „fræðsluhérað" táknaði í eldri lögum, þegar um er að ræða sveitarfélag sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla. Hafnarfjörður hefur aldrei verið sérstakt fræðsluumdæmi, vegna þess að landinu var skipt í fyrsta sinn í fræðsluumdæmi með lögum um grunnskóla. Áður var landið allt eitt

fræðsluumdæmi. Starfsheitið fræðslustjóri er nýmæli í lögum um grunnskóla með því starfssviði sem þar er skilgreint, enn fremur í lögum nr. 34 frá 1946 og lögum nr. 31 frá 1955 og enn fremur lögum frá 1967.

Þegar starf fræðslustjóra Hafnarfjarðar var stofnað af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, var starfssviðið skilgreint í sérstöku erindisbréfi sem samþykkt var af bæjarstjórn, en ljósrit af erindisbréfinu fylgir með þessu bréfi. Eins og fram kemur í erindisbréfinu, var fræðslustjóri Hafnarfjarðar framkvæmdastjóri fræðsluráðs, æskulýðsráðs og íþróttanefndar. Hann var einnig fulltrúi og ráðunautur bæjarráðs og bæjarstjóra í skóla-, æskulýðs- og íþróttamálum. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 30. jan. 1968 var ég ráðinn í þetta starf og skyldi ég taka til starfa hinn 1. júlí 1968. Eitt af meginhlutverkum mínum í þessu starfi var að hafa umsjón með fjárhagslegum rekstri skólanna og sjá um að það fjármagn, sem bærinn veitti til skólamála, nýttist sem best og kostnaður færi ekki fram úr fjárhagsáætlun bæjarins á hverjum tíma.

Í byrjun árs 1969 leitaði ég eftir því við menntmrn., að starf mitt yrði jafnframt námsstjórastarf í Hafnarfirði, þar sem ég áleit að það væri grundvöllur til þess að nýta afgangs-" — ég bið menn að taka eftir þessu — „að nýta afgangskennslumagnskvóta til að bera hluta kostnaðar af starfinu. Þá var skólahúsnæðið þröngt setið í Hafnarfirði og kennslumagnskvóti ekki fullnýttur vegna húsnæðisskorts. Menntmrn. féllst á þessa málaleitan mína og gerðum við deildarstjórinn í menntmrn. uppkast að samningi um stjórn og umsjón skólamála í Hafnarfirði og kostnað af starfi fræðslustjóra. Ég lagði þetta uppkast fyrir bæjaryfirvöld í Hafnarfirði, sem samþykktu það, og var því samningur undirritaður hinn 10. febr. 1969. Störf mín fyrir Hafnarfjörð voru óbreytt fyrir og eftir samningsgerðina, en fyrstu tvær greinar samningsins voru teknar upp í nýtt erindisbréf.

Ef erindisbréf fræðslustjóra Hafnarfjarðar er borið saman við reglugerð frá 1976 um störf fræðslustjóra, sést að hér er um gerólík störf að ræða. Starf fræðslustjóra Hafnarfjarðar var að sjálfsögðu að langmestu leyti unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ og fræðsluráð Hafnarfjarðar. En störf fræðslustjóra samkv. grunnskólalögum eru að mestu leyti embættisfærsla á vegum menntmrn. og faglega aðstoð við skólanefndir og sveitarstjórnir. Þessu til sönnunar nægir að taka eftirfarandi fram:

Fræðslustjóri Hafnarfjarðar átti samkv. erindisbréfi að semja áætlanir um nemendafjölda, fjölda reglulegra stunda og áætlaðan kostnað ríkissjóðs annars vegar og bæjarsjóðs hins vegar fyrir hvert komandi skólaár og leggja fram samþykkta áætlun fræðsluráðs. Skyldi leggja hana fyrir bæjarráð og senda menntmrn. til úrskurðar um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs. Fræðslustjóri, sem starfar samkv. lögum um grunnskóla, á hins vegar að úrskurða um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna slíkra áætlana, en það annaðist menntmrn. áður. Við framkvæmd þessara áætlana gerði fræðslustjóri Hafnarfjarðar kröfur um greiðslur úr ríkissjóði, en fræðslustjóri fellir samkv. grunnskólalögunum úrskurð um, að hve miklu leyti slíkar kröfur skuli greiddar úr ríkissjóði. Það, sem hér getur valdið misskilningi, er að sama starfsheitið er notað um mismunandi störf. Það er þó sameiginlegt með þessum störfum, að í báðum tilfellum er almenn námsstjórn hluti af starfinu. Í því sambandi er rétt að benda á að í samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 15. nóv. 1974 segir m. a.:

„Þá vill bæjarstjórn benda á, að hún telur eðlilegt að ein sameiginleg fræðsluskrifstofa starfi fyrir Reykjanesumdæmi, en að verkefni hennar verði kennslufræðilegs eðlis, svo sem námsstjórn, eftirlit með störfum skólanna, leiðbeiningarstörf fyrir kennara, skólastjóra og skólanefndir, námskeiðahald, tilraunakennsla o. fl."

Ef svo er litið á þá röksemd, sem sett er fram í grg., að Hafnarfjarðarbær vilji halda áfram rekstri þeirrar stjórnunar- og þjónustuaðstöðu, sem bærinn kom upp mörgum árum áður en grunnskólalögin tóku gildi, skal á það bent, að ekkert er því til fyrirstöðu að bærinn haldi þessari starfsemi áfram, m. a. vegna þess að í grunnskólalögunum eru ákvæði um að sveitarstjórnir eða skólanefndir geti ráðið sér skólafulltrúa til að sinna sameiginlegum stjórnunar- og þjónustumálum fyrir viðkomandi skólahverfi.

Af framansögðu er ljót, að ekki þarf að breyta lögunum til þess að Hafnarfjarðarbær geti áfram haldið þeirri starfsemi sem fræðsluskrifstofa Hafnarfjarðar hefur ananst frá upphafi allt til þessa dags. Verksvið skólafulltrúa getur verið það sama og fræðslustjóra Hafnarfjarðar, ef bæjarstjórn óskar þess. Hann getur að vísu ekki annast námsstjórn á sama hátt og ég gerði, þar sem fræðslustjóri umdæmisins annast þann þátt. En á það er að líta, að það er einnig í samræmi við óskir bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sbr. tilvitnun í samþykkt bæjarstjórnar hér að framan. Það er því ljóst, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar getur framfylgt ályktun minni frá 5. nóv. 1974 efnislega í öllum atriðum án þess að lagabreyting komi til. Það er á valdi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að ráða sér skólafulltrúa og fela honum það starf sem fræðslustjóri Hafnarfjarðar annaðist fyrir Hafnarfjarðarbæ, á sama hátt og bæjarstjórn Hafnarfjarðar stofnaði starf fræðslustjóra á sínum tíma. Það er á valdi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að halda áfram þeirri starfsemi, sem stofnað var til þegar fræðsluskrifstofa Hafnarfjarðar var stofnuð. Hvorki lög um grunnskóla né nýjar reglugerðir taka nein þau völd í skólamálum af bæjarstjórn Hafnarfjarðar sem hún hafði áður."

Ég hef leyft mér, virðulegi forseti, að lesa hluta úr þessu bréfi, eða raunar meginefni bréfsins, vegna þess að ég tel að í því komi fram veigamikil atriði sem séu til skýringar og upplýsingar, ef hv. þm. á annað borð kæra sig um að heyra það. En ég vil sérstaklega undirstrika fjögur atriði í þessu sambandi:

1. Fræðslustjórinn, samkv. lögum frá 1974, er starfsmaður ríkisins með allt annað valdsvið en þeir fræðslustjórar voru með, sem störfuðu á vegum sveitarfélaganna samkv. eldri lögum.

2. Þrátt fyrir samning Hafnarfjarðarbæjar við

rn. var þar ekki um að ræða að spónn væri tekinn úr aski Hafnarfjarðarbæjar hvað launagreiðslur snerti, vegna þess að þegar sú breyting var gerð, að fræðslustjóri Hafnarfjarðar tók laun beint úr ríkissjóði, var það innan þess ramma, innan þess kostnaðarfótar samkv. skólakostnaðarlögum, sem Hafnarfjarðarbær hafði, vegna þess að hann fullnýtti ekki þennan kvóta í kennslustörfum sínum. Þess vegna var hér um að ræða kostnað sem bænum bar að greiða, enda þótt það hafi verið gert beint í gegnum rn.

3. Þá vil ég benda á samþykkt bæjarstjórnar, sem margsinnis var vitnað hér í, um eina skrifstofu fyrir umdæmið allt sem sinnti sameiginlegum verkefnum kennslufræðilegum, og svo það atriði til viðbótar, að nú þegar samkv. nýsamþykktri ósk bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hefur það samkomulag tekist, að fræðslustjóri annast launaútreikninga alla fyrir kennara í Hafnarfirði.

Ég verð að segja það svo, að ég gagnrýni ekki út af fyrir sig þó að þm. úr einu kjördæmi taki upp mál, sem þeir eru beðnir fyrir, og flytji það í frv.-formi, síst af öllu ef svo kynni að fara að ekki kæmi strax í upphafi nógu margir efnisþræðir í hendur hv. þm. sem lýsa málinu nógu glöggt í heild. En það er nú svo, að þess eru fordæmi í þingsögunni, að það hafa verið flutt frv. sem flm. hefur horfið frá eftir að ljóst var hvernig í málinu lá og hann sá, að flutningur frv. var á misskilningi byggður. Og mér er nær að halda, að það kunni að vera ástæða til fyrir flm. að athuga vel, hvort flutningur á þessu frv. hafi ekki að einhverju leyti verið á missklningi byggður.

Ég vil segja það í öðru lagi, að mér býður í grun að ýmsir þeir, sem fylgja þessu frv., geri það raunar af allt öðrum ástæðum en þeim, að þeir beri fyrir brjósti ímyndaða hagsmuni — ég segi: ímyndaða hagsmuni Hafnarfjarðarbæjar, vegna þess að ég tel að hér sé ekki um raunverulega hagsmuni að ræða. Það kann að vera tvennt sem því veldur. Annars vegar það, að mönnum sé ósárt um það, þó að það skipulag, sem verið er að byggja upp og var sett hér á vinstristjórnarárunum, riðlist. Ég sé t. d. ekki nein rök fyrir því, að Suðurnesin sunnan Straums geti ekki sameinast um ósk um lagabreytingu og fengið hana til þess að stofna eigin fræðsluskrifstofu þar, fyrir utan mögnleikana sem eru náttúrlega þá þegar opnir bæði fyrir Kópavog og fyrir Akureyri. Og mér er spurn: Væri þá ekki alveg eins ástæða til þess fyrir Vestmanneyinga að óska eftir því, að þeir hafi sína fræðsluskrifstofu með þátttöku ríkisins staðsetta úti í Vestmannaeyjum?

Einnig kann það vel að vera, sem hefur heyrst hér í umr., að andstaðan gegn landshlutasamtökunum komi þarna inn í málið, þar sem menn telja að hvert það tilvik, hver sú ráðstöfun, sem gerð er til þess að brjóta þetta samstarf niður, hljóti að vera af því góða. Ég ætla ekki að orðlengja hér hugmyndir. Ég veit að það verður margur sem sér eftir því. Landshlutasamtökin eiga eflaust þátt í þeirri breytingu sem hefur orðið í byggðalegu tilliti. Þau eiga þátt í því, segi ég, en ég ætla ekki að ræða það mál í heild. Ég vil þó aðeins vekja athygli á því, að ég geri ekki ráð fyrir að landshlutasamtökin í heild, í því formi sem þau eru núna, komi til með að starfa til eilífðarnóns frekar en sýslunefndir muni verða viðvarandi um alla framtíð, svo úrelt sem sýsluskipanin er. Það hlýtur fyrr eða síðar að koma þar einhver lögboðinn aðili í staðinn. En ég bendi á þetta vegna þess, að ég hef orðið var við það, að þetta er þáttur í umr. um stöðu landshlutasamtakanna vegna þeirra verkefna sem þeim hafa verið falin. Þá vil ég harma það alveg sérstaklega, að varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga hafi þurft að vera 1. flm. að frv. sem vekur upp þær umr.

Og að lokum, virðulegi forseti. Ekki get ég að því gert, þó að ég horfi á það með eigi lítilli undrun, þegar ég sé hendur hefjast á loft hér til stuðnings við þetta mál, hendur þeirra manna, sem eru ekki hér í þingsalnum núna, hendur þeirra sem hvað skeleggast hafa gengið fram undir kjörorðinu „Báknið burt“, hafa í ýmsum tilvikum talað hvað einarðast um aðhald í ríkisbúskapnum, en vilja nú stofna algerlega óþarft embætti og það í sveitarfélagi, sem hefur þá aðstöðu að vera staðsett við þröskuldinn á starfandi fræðsluskrifstofu, þar sem það tekur aðeins nokkrar mínútur að geta gengið á vit fræðslustjórans. Þetta gerist á sama tíma og ríkið hefur ekki yfir fjármagni að ráða til að búa að þeim fræðsluskrifstofum, sem þegar starfa samkv. lögum, svo sem brýna nauðsyn ber til. Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að ef þm. hefðu haft þolinmæði til að kynna sér þetta mál vel, þá hefði hlotið að koma upp sú spurning, hvort menn væru alveg sannfærðir um það, að afstaðan við atkvgr. eftir 2. umr. hefði verið rétt, þeir hefðu kannske fengið einhver ný atriði inn í þessa mynd, sem kunnað hefðu að verða ástæða til þess að sú afstaða yrði endurskoðuð.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Mér þótti hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni vera furðumikið niðri fyrir út af ekki stærra máli en mér finnst vera hér á ferðinni.

Hv. þm. gerði fyrst að umtalsefni afgreiðslu hv. menntmn. á þessu máli. Það kom nokkuð til umr. við 2. umr. málsins og ætla ég ekki að gera það neitt sérstaklega að umræðuefni. Mér fannst n. taka rösklega á málinu, eins og hún átti að gera. Henni bar það og mættu fleiri n. taka sér þetta til eftirbreytni.

Hv. þm. segir að í raun sé deilt um það, hvort stofnuð skuli ný fræðsluskrifstofa í Hafnarfirði, og vísar í bréf fræðslustjórans í Reykjanesumdæmi sem skrifað er 4. maí 1977. Fræðslustjórinn gerir í þessu bréfi sínu að meginmáli þau rök fyrir flutningi frv. sem komu fram í grg. með flutningi þess, eins og hv. þm. las upp úr bréfinu, að þau séu aðallega að bæjarstjórn Hafndarfj. hafi samþykkt áskorun til Alþ. þess efnis að heimila að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra, Hafnarfjörður hafi árið 1969 stofnað eigin fræðsluskrifstofu o. s. frv. Síðan las hv. þm. tæpar fjórar vélritaðar síður, sem allar fjalla um þetta. En þetta er ekki meginatriði málsins, og það hélt ég að hefði

þegar komið fram í umr. um daginn, þegar frv. var til 2. umr. í hv. þd. Það er að vísu getið um þetta atriði í grg. með frv., vegna þess að það kemur fram í beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þegar farið er fram á við þm. kjördæmisins að þeir flytji þetta frv. Þetta tekur ekki meira en 5 línur í grg. og er vissulega ein röksemdin sem bæjarstjórnin færir fram máli sínu til stuðnings. En mér finnst að þessi upplestur hv. þm. á bréfi fræðslustjórans sé þessu máli lítt viðkomandi, vegna þess að þetta er ekki höfuðástæðan fyrir flutningi frv.

Það er alveg rétt, sem kom fram í þessu bréfi fræðslustjórans, að fræðslustjórinn, sem starfaði í Hafnarfirði áður en grunnskólalögin tóku gildi, hafði allt annað starfssvið en fræðslustjórinn hefur nú. Það er ekki verið að ljóstra upp neinu leyndarmáli hér með því að lesa þetta bréf upp. Þetta hefur alla tíð verið ljóst. En ég sé ekki að það þjóni tilgangi að vera að eyða tíma í að telja upp, hvert var starfssvið fræðslustjórans áður og hvert það er nú samkv. grunnskólalögum. Þetta á mönnum að vera alveg ljóst.

En meginástæðurnar fyrir því, að við flytjum þetta frv., eru í fyrsta lagi: Bæjarstjórn í 12 þúsund manna sveitarfélagi fer fram á það við þm. sína, að þeir flytji ákveðið mál á Alþ. Mér finnst þurfa meira en lítið til að hafna slíkum tilmælum. Og með þessari beiðni bæjarstjórnar er þetta tínt til, að Hafnarfjarðarbær hafi haft eigin fræðslustjóra áður, með að vísu allt öðru starfssviði. Í öðru lagi er ástæðan sú fyrir flutningi frv. — og það er meginmálið að mínu viti — að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur engin áhrif á val manna í fræðsluráð. Að mínu mati getur slíkt skipulag ekki gengið. Eins og ég tók fram í stuttri ræðu við 2. umr. málsins, þá var ætlunin, þegar grunnskólafrv. var hér til meðferðar á Alþ., að lögfesta landshlutasamtökin eða veita þeim ákveðna stöðu í sveitarstjórnarlöggjöfinni. Yfirlýsingar voru gefnar um það af hæstv. ráðh. í páv. ríkisstj. En við þær yfirlýsingar var ekki staðið, *ég skal ekki segja hvers vekna. Kannske* hefur ekki verið meiri hl. fyrir því á Alþ. þá að lögfesta landshlutasamtökin, og ég held að menn séu nú almennt sammála um að það verði ekki gert, a. m. k. ekki í því formi sem þá var sóst eftir. Þróun mála hefur orðið sú, að þeir, sem þá höfðu áhuga á því að veita þeim lögfestingu með þeim hætti sem þá var ráðgert, hafa horfið frá því. En á því var byggt í framsögu frv. og þau ákvæði urðu að lögum. Þegar svo forsendur breytast, svo sem hér hefur gerst, þá er ekkert óeðlilegt að farið sé fram á breytingu á grunnskólalögunum að þessu leyti.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta. Þetta er meginástæðan í mínum huga og huga okkar flm. fyrir flutningi frv., að Hafnarfjarðarbær eða bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur engin áhrif á val manna í fræðsluráð. Það á ekkert skylt við starf núv. fræðslustjóra. Ég get vottað það, að hann vinnur starf sitt með sérstökum ágæum. Og það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni hér áðan, og það hafa vottað sveitarstjórnir í Reykjaneskjördæmi og það er ekki nokkur vafi á því, að fjölmörg störf, sem hann vinnur, eru sveitarfélögunum til góða. Þetta eru störf sem rn. átti áður að vinna, en vann ekki. Á þessu hefur orðið mikil breyting.

Hv. þm. var með hugleiðingar um það, hvort jafnvel flm. hafi horfið frá fylgi við eigin frv. Hann telur að það séu til dæmi um það í þingsögunni, að flm. hafi horfið frá fylgi við eigin frv. Það kann vel að vera. Og það kann vel að vera að *það sé svo með einhvern flm.* þessa frv. Þeir greina þá frá því, ef svo er.

Ég kann ekki við bollaleggingar hv. þm. um það, að hér sé ekki um raunverulega hagsmuni Hafnarfjarðarbæjar að ræða. Ég sé ekki að hann sé í neinni aðstöðu til að meta það. Þetta er einróma áskorun frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Ef þeir eru að gera einhverja alvarlega skyssu, þá þeir um það. En ég trúi því ekki að svo sé, og ég tel að hv. þm. Gunnlaugur Finnsson sé ekki í stakk búinn til þess að hafa vit fyrir bæjarstjórninni **í þessu efni.**

Um hugleiðingar um það, hvort Suðurnes gætu sameinast, hin sjö sveitarfélög á Suðurnesjum gætu sameinast um hliðstæða beiðni, þá kann vel að vera að svo fari. Ég sé í sjálfu sér ekkert athugavert við það. Ef sveitarfélögunum á Suðurnesjum sýnist að það sé heppilegra fyrirkomulag að einn fræðslustjóri sé fyrir það hérað, þá finnst mér að Alþ. eigi að taka það til athugunar.

Svo nefnir hv. þm. enn, að með samþykkt þessa frv. geti fleiri komið til heldur en Hafnarfjörður, og nefnir þar Kópavog og Akureyri. Ég tók þessi sveitarfélög sérstaklega sem dæmi í ræðu minni um daginn, en þau falla undir þetta heimildarákvæði þessa frv. Þau sveitarfélög hafa bæði yfir 10 þús. íbúa, en ég tók það sérstaklega fram, að þar væri aðstaðan önnur. Þau eru bæði þátttakendur í sveitarfélagasamtökunum á viðkomandi svæðum og hafa þess vegna bein áhrif á val í fræðsluráðið, og það er meginmálið líka. Og það hefur ekki orðið vart við neinn áhuga hjá þeim sveitarfélögum að stofna eigin fræðsluskrifstofu þótt þau fengju heimild til þess samkv. þessum frv., ef að lögum verður. En nóg um þetta.

Ég sé enga ástæðu fyrir hv. þm. heldur til þess að harma það, að varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga skuli vera 1. flm. þessa frv. Það þætti, held ég, skrýtið ef stjórnarmaður í Sambandi ísl. sveitarfélaga gengi beint gegn hagsmunum stórs sveitarfélags eins og hér er um að ræða.

Um það, hvort ekki sé einhver þversögn í því, sem ýmsir ágætir menn hafa nú að slagorði, að báknið skuli burt, þá getur vel verið að svo sé. En ég bendi á það, að þessir sömu aðilar, sem hann vísar þarna til, þm., tala líka um dreifingu valds. Ég held að ef þar yrði einhver árekstur á milli, þá mundi ég frekar kjósa dreifingu valdsins, og það er meginmálið.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta og sé ekki að ræða hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar eða upplestur úr bréfi fræðslustjórans í Reykjanesumdæmi þurfi að breyta nokkrum sköpuðum hlut um afstöðu þm. til þessa máls.

Gunnlaugur Finnsson: *Herra forseti. Það eru* aðeins örfá orð, örfáar aths. sem mig langaði til að gera. Ég vil fyrst taka það fram, að ég

sagðist mjög vel skilja það, að þm. flyttu mál sem þeir væru beðnir um að flytja. Ég held að ég hafi alls ekki verið að hnýta neitt í þá menn, sem eru flytjendur málsins, út af fyrir sig. Þetta vil ég taka sérstaklega fram í tilefni af ummælum hv. 5. þm. Reykn. Það, sem var meginmálið, var að Hafnarfjarðarbær sækir um þetta vegna þess að hann er ekki í samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi. Það er meginástæðan. Og sú er ástæðan, að ég harmaði það að varaformaður Sambands ísl. sveitarfélaga þurfti að standa í þessu máli, að þarna er verið að brjóta þessi samtök upp. Sú var ástæðan, en ekki að hann væri sem þm. Reykn. að flytja mál fyrir stórt bæjarfélag í sínu kjördæmi. Og það er vegna þess að ég þykist sjá það, að nú er möguleiki til þess að segja sig fyrst úr samtökunum og segja svo: Ég verð að fá minn rétt, af því að ég hef ekki aðgang í þeim samtökum sem ég sagði mig úr. — Þetta eru dauð rök að mínu mati vegna þess að samtökin eru opin til áhrifa hverju því sveitarfélagi sem er á viðkomandi svæði. Þess vegna segi ég, að meginmálið og meginástæðan eru dauð rök. Það er ekki sú ástæða sem er fyrir hendi.

Ég er að sjálfsögðu ekki fær um að dæma um hverjir eru hagsmunir Hafnarfjarðar. Það gerði ég ekki heldur. Ég sagði bara, að að mínu mati teldi ég þetta vera ímyndaða hagsmuni, þegar ekki er um annað að ræða en það, hvort maðurinn, sem er fræðslustjóri í Reykjanesumdæmi og meira að segja býr í Hafnarfirði — (Gripið fram í.) — hann hefur gert það — þurfi aðeins að fara út fyrir bæjarmörkin nokkrar mínútur til þess að komast á fræðsluskrifstofuna. Ég sé ekki nokkurn mun á því, eins og háttað er samgöngum hér, hvorum megin bæjarmarkanna hann er staðsettur. Og það sýndi sig einmitt, að hv. ræðumaður sagði að Suðurnesin kæmu vel til greina. Hann sagði að hann væri vantrúaður á að Akureyri og Kópavogur mundu óska eftir fræðsluskrifstofu, af því að þessir kaupstaðir væru í landshlutasamtökum. Ég segi ekkert annað en það, að ekki þarf annað en nýja bæjarstjórn og nýja einstaklinga í viðkomandi bæjarstjórn til að gera einfalda samþykkt um það að ganga úr samtökunum til þess að fá fræðsluskrifstofur, ef þeim sýnist svo. Og ég vil spyrja í framhaldi af þessu: Hvað telur hv. þm. að sé eðlilegt að ríkið reki margar fræðsluskrifstofur á þessum grunni um land allt? Hvað eigum við að þenja þetta kerfi mikið út? (ÓE: Ég er ekkert viss um að þetta kerfi sé það besta.) Nei, þess vegna held ég að við eigum að sporna við því að þenja þetta kerfi út. Og ég er algerlega á móti því, get ekki fallist á þau rök sem komu fram í niðurlagi ræðu hans, að hér sé um að ræða dreifingu valds. Óskapleg dreifing er það úr Garðabæ og suður í Hafnarfjörð, þar sem sama þjónusta er veitt. (ÓE: Þetta er voðalegur misskilningur hjá ræðumanni.) Nei, það er alls enginn misskilningur. Það er náttúrlega vegna þess að ég benti á þá þversögn, sem uppi er í sambandi við þetta mál og aðra stefnumörkun. Og þess vegna gengur mér dálítið illa að skilja, hvernig þetta mál er túlkað hér á hv. Alþingi.

Umr. frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 117). — Frh. 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Tveir hv. þm. hafa tekið til máls um frv. þetta, hv. þm. Pálmi Jónsson og hv. þm. Páll Pétursson, og hafa báðir mælt gegn efni þess. Þar sem ræður þeirra beggja gáfu tilefni til þess, að veittar væru upplýsingar sem annaðhvort hafa farið fram hjá þeim eða þeir viljandi misskilið, þá er það erindi mitt í ræðustól nú.

Hv. þm. Pálmi Jónsson sagði m. a., að tilgangurinn með þessu frv. væri sá einn að minnka útflutningsuppbæturnar, sem greiddar eru vegna útflutnings á landbúnaðarafurðum. Þetta er rangt. Ef tilgangurinn hefði verið sá einn að minnka útflutningsuppbæturnar, þá hefði verið nærtækast að gera það með þeim hætti að lækka aðeins prósentutöluna, sem við er miðað þegar útflutningsuppbætur eru ákveðnar, að lækka viðmiðunartöluna, 10% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða, niður í t. d. 8%, 7%, 6% eða 5%. Ef tilgangurinn hefði verið sá einn, eins og hv. þm. sagði, að minnka útflutningsuppbæturnar, þá hefði þetta að sjálfsögðu verið gert. Ég hélt að það kæmi glöggt fram í frv., bæði í sjálfum frvgr. og í grg. með frv., að tilgangur þess er að gera breytingu á því verðábyrgðarkerfi sem í gildi hefur verið á undanförnum 18 árum. Það er megintilgangurinn með þessu frv. Ég vil benda hv. þm. á þá einföldu staðreynd, að það er verið að ræða um slíkar breytingar ekki aðeins hér á Alþ., heldur einnig á svo til hverjum einasta fundi sem haldinn hefur verið víðs vegar um land af bændum sjálfum og samtökum þeirra, þannig að þeir aðilar sem mest er um rætt að standi á bak við óbreytt fyrirkomulag þessara mála, bændurnir sjálfir, gera það ekki lengur. Þeir ræða nú um það að haga þessari verðábyrgð með öðrum hætti en gert er nú og breyta þessu ásamt ýmsu öðru í landbúnaðarstefnunni sem hefur verið ríkjandi hér á Íslandi á umliðnum árum. Það er því engin goðgá að um slík mál sé rætt hér á Alþ. Hér er ein hugmynd fram sett. Ég er ekki endilega að fullyrða að hún sé sú eina rétta, en ég tel það lágmarkskröfu til fulltrúa bænda á Alþ. eða þeirra þm., sem vilja telja sig öðrum fremur fulltrúa bændastéttarinnar, sem ræða um þessi mál, að þeir geri annað en syngja alltaf þennan sama nei-nei-söng, þegar málefni landbúnaðarins koma til umr. — Þeir sýni sjálfir einhverja viðleitni til þess að koma með nýjar og betri hugmyndir.

Það er sök sér þó að menn misskilji efni frv. Hitt er öllu verra, þegar menn leggja út í langar umr. um frv. eins og þetta og standa svo hér uppi í ræðustól í hv. d. berir að því, að þeir hafa ekki einu sinni lesið frv. Þetta kom fyrir hv. þm. Pálma Jónsson. Hann sagði t. d., að ef frv. yrði að lögum mundi niðurskurður á útflutningsuppbótum frá því, sem núgildandi kerfi gerir ráð fyrir, og yfir til þess, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, nema 1 milljarði kr., ef frv. yrði samþykkt mundu útflutningsbætur verða lækkaðar um 1 milljarð kr., úr 3 milljörðum í um það bil 2 milljarða. Þetta sýnir og sannar að hv. þm. fer hingað upp í ræðustól til þess að

halda langa ræðu og leggjast gegn frv. því, sem hér er flutt, án þess að hafa komist lengra í að lesa frv. en rétt um miðja fyrstu síðu, vegna þess að meginefnisatriðið í 2. gr. frv. er einmitt að koma í veg fyrir að slíkur niðurskurður verði. 2. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að það meginkerfi verðábyrgðar, sem 1. gr. fjallar um, verði komið á í áföngum. Yrði frv. samþ. nú á þessu þingi, mundi niðurskurður á útflutningsuppbótum þannig ekki nema 1000 millj. kr., eins og hv. þm. Pálmi Jónsson sagði, heldur 231 millj., vegna þess að 2. gr. frv. gerir ráð fyrir að tilgangi 1. gr. verði náð í áföngum á 4—5 árum.

Ég sagði það í upphafi ræðu minnar, þegar ég ræddi um þetta mál, í framsöguræðu minni, að við flm. frv. værum fúsir til þess að fallast á athugun á því, hvort hægt væri að taka þessi skref eitthvað skemmri í áföngum en lagt er til að gert sé í 2. gr. Ég vil sem sé leiðrétta þetta: Ef frv. yrði samþykkt eins og það er úr garði gert, þá mundu útflutningsuppbæturnar ekki lækka um 1000 millj. kr., heldur um 231 millj. Greiddar útflutningsuppbætur á mjólkurafurðir yrðu 330 millj. kr., nákvæmlega eins og gert er ráð fyrir að greiða vegna útfluttra mjólkurafurða. Útflutningsuppbætur vegna útfluttra sauðfjárafurða yrðu samkv. frv. 1740 millj. kr. í stað 2070 millj. kr., eins og núgildandi kerfi gerir ráð fyrir. Heildarlækkun sem sé 231 millj. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á að þetta er ekki mjög stórt spor í þessum efnum, vegna þess að hæstv. núv. ríkisstj. hefur í fjárlagaákvörðunum sínum oft ákveðið að mismunurinn á hámarksverðábyrgð lögum samkv. og því fé, sem ráðstafað er til útflutningsuppbóta með fjárlagaafgreiðslu, sé meiri en þetta. Ég vil því biðja menn að athuga og lesa frv. og kynna sér það áður en þeir taka til máls til þess að reyna að andmæla því. Ég vil biðja menn að reyna að athuga, að einmitt 2. gr. frv. gerir ráð fyrir að þetta skref til að lækka útflutningsuppbætur, sem ég fyllilega viðurkenni að bændaséttin gæti ekki staðið undir ef það væri tekið í einu lagi, á samkv. frv. að taka í áföngum á 5 árum.

Þá kom einnig fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar mjög alvarleg hugsanavilla, sem raunar kom einnig fram í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar sem talaði á eftir Pálma Jónssyni, en það er þegar þeir gagnrýna mjög harðlega að fækka verði í bændastétt en fjölgun hjá neytendum. Það er ekki hægt að búast við því eftir því sem landbúnaðurinn vélvæðist meira, að það verði ávallt jafnmargir sem stunda landbúnaðarstörf á Íslandi og það gerðu áður fyrr, nema menn sætti sig við þá óumflýjanlegu staðreynd, sem slíku fylgir, að tækniframfarir komi ekki fram í því að draga úr vinnuafli, nema menn sætti sig við þá einföldu staðreynd, sem fylgir slíku, að hver og einn verkamaður eða launþegi í atvinnugreininni beri þá heim mun minna úr býtum. Í útvarpsfréttum nú nýlega var frá því skýrt, að á tiltölulega skömmum tíma — ég man nú ekki hversu löngum tíma — hafi mjólkurframleiðendum fækkað um 1000, samt sem áður hefði mjólkurframleiðsla á þessum sama tíma í landinu stóraukist. Ef jafnmargir stunduðu mjólkurframleiðslu nú og gerðu við upphaf þess tímabils sem ég vitnaði til, 1000 fleiri framleiðendur, þá kæmi að sjálfsögðu minna í hlut hvers og eins fyrir þessa framleiðslu. Þá yrði að sjálfsögðu kaup bændastéttarinnar lægra. Varla er það það sem hv. þm. eru að keppa að. Þess vegna á það að sjálfsögðu ekki að vera gagnrýnisefni fyrir bændur, heldur fagnaðarefni, þegar neytendum landbúnaðarafurða fjölgar í landinu, vegna þess að ég býst varla við að nokkur búskapur mundi þrífast á því, að bændur seldu hver öðrum neyslumjólk, smjör o. s. frv. Það eru neytendur, sem eru undirstaða framleiðslunnar, — því að ef neytendurnir væru ekki, ef hinir mörgu bankamenn væru ekki, sem hv. þm. Páll Pétursson talaði um, hver á þá að kaupa framleiðsluna? Ég vil aðeins benda á, að þó að fækkað hafi í bændastétt hefur ekki orðið samdráttur í landbúnaðarframleiðslu, þvert á móti. Framleiðslan hefur stóraukist og ræktun landsins hefur einnig stóraukist á sama tímabili. Þetta er ósköp eðlileg og sjálfsögð þróun, og ég held að það væri betra fyrir íslenskan landbúnað og þjóðarbúið í heild ef t. d. þeir bændur, sem framleiða sauðfjárafurðir, gætu fundið markað fyrir allar afurðir sínar innanlands og nógu marga neytendur til að kaupa þessar afurðir við nógu háu verði, svo að bændur gætu fengið viðunandi laun, fremur en þurfa að flytja úr landi 40—50% af ársframleiðslunni fyrir miklu minna verð.

Þá sagði hv. þm. Pálmi Jónsson einnig, að tilgangurinn með útflutningsbótum væri sá að tryggja tekjur bænda. Þetta er alveg rangt. Tilgangurinn með útflutningsbótum er ekki sá að tryggja tekjur bænda. Tilgangurinn með útflutningsbótum er að veita ákveðna verðábyrgð gagnvart útflutningi, í þessu tilviki á afurðum landbúnaðar. Ef ætti að tryggja tekjur bænda fyrir sömu fjárhæð og hér um ræðir, um 3 milljarða kr., þá yrði það miklu betur gert á annan hátt en þann að verja þessu fé til þess að greiða með íslenskum landbúnaðarafurðum á erlendan markað, til þess að greiða þessar afurðir óbeint niður í erlenda neytendur, þar sem íslenska lambakjötið er á undirboði, eins og t. d. í Færeyjum, en þar er íslenskt lambakjöt boðið á lægra verði en færeyskt vegna þess að það selst ekki hér. Ef tilgangurinn væri sá, að þessir fjármunir væru notaðir til þess að tryggja tekjur bænda, þá væri miklu réttara að gera það með einhverju öðru móti, t. d. með því móti að greiða niður rekstrarafurðir til bænda, eins og þeir sjálfir hafa bent á, eða t. d. með því móti, sem vel getur verið nauðsynlegt hér á landi eins og það hefur verið nauðsynlegt annars staðar, bókstaflega að greiða bændum styrk fyrir að framleiða ekki. Þegar um er að ræða mjög mikla umframframleiðslu á tiltekinni afurð, þá getur þetta orðið. Ákvarðanir um slíkt eru teknar að sjálfsögðu með talsverðum fyrirvara. Það er ekki ákveðið viku af sumri eða eitthvað slíkt, hve framleiðslan verður mikil hjá sauðfjárbóndanum. Hann er búinn að fjárfesta og taka ýmsar ákvarðanir löngu áður, þannig að hann getur ekki lagað framleiðslu sína eftir árferðissveiflum á markaði hverju sinni. Það hefur oft reynst nauðsynlegt úti í hinum stóra heimi að styrkja einmitt framleiðslugreinar með því að greiða bændum bein framlög, beina fjárstyrki fyrir

það að framleiða ekki afurðir sem ekki er hægt að fá markað fyrir. Það væru ýmsar svona hugmyndir sem kæmu til álita, ef tilgangurinn væri sá, að útflutningsbæturnar væru til þess að tryggja tekjur bænda. En tilgangurinn er ekki sá með útflutningsbótum, — hann er ekki sá, þó að ég viðurkenni að sjálfsögðu að ef þessar bætur væru felldar niður án þess að neitt kæmi í staðinn, þá mundi íslensk bændastétt hljóta mikinn skaða af.

Þá lagði hv. þm. Pálmi Jónsson í að gagnrýna þá útreikninga, sem fylgja með í fskj. með frv. þessu, töflurnar á bls. 6, 7 og 8, á þeirri forsendu að ég hefði valið þessar útreikningsreglur og sett Hagstofu Íslands fyrir hvernig hún ætti að reikna út þá útkomu sem þar kemur fram. Það er alveg furðulegt að nokkur þm. skuli geta gert sig sekan um slíkt sem hv. þm. Pálmi Jónsson gerir, að þegar lagðir eru fram útreikningar frá virtustu sérfræðistofnunum þjóðfélagsins á þessu sviði, þá svarar hann út í hött með þeim hætti að ásaka þann, sem leggur þessa útreikninga fram, fyrir að hafa villt um fyrir þessum sérfræðistofnunum — í þessu tilviki Hagstofu Íslands — og fengið Hagstofu Íslands til að gera einhverja útreikninga í samræmi við fyrirframgefnar niðurstöður þess sem um útreikningana biður. Ég vil aðeins taka það fram, til þess að það komist inn í þingtíðindi, þó að hv. þm. sé ekki staddur hér í salnum, að þetta er algjörlega rangt. Ég hafði engin afskipti af því, hvaða útreikningsaðferðum Hagstofa Íslands beitti við útreikningana á töflunum á bls. 6, 7 og 8 sem fylgja þessu frv. Ég óskaði aðeins eftir því, að starfsmaður Hagstofunnar gæfi mér upplýsingar um þau efni sem þar er frá greint. Hann gerði það, gaf mér þessar upplýsingar sem eru í þessum töflum, reiknaði þessar töflur út og sendi mér þær, og ég birti þær hér. Ég vil aðeins taka það fram, að hann vakti t. d. sjálfur athygli mína á því, að tafla I sýndi fram á að hámarki verðábyrgðar hefði verið náð alls í 8 ár af 14 árum á tímabilinu frá 1963—1977 og það væri mun meira en haldið hefði verið fram opinberlega í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Hann benti mér á þetta sjálfur, þessi starfsmaður Hagstofunnar. Þetta er ekki niðurstaða sem ég panta hjá einum eða neinum. Og ég vil vinsamlega biðja þm., sem vilja ræða um svona mál á einhverjum sæmilega skynsamlegum grundvelli, að vísa ekki upplýsingum eins og koma fram í þessum töflum á bug aðeins á þeirri forsendu, að hér sé um falsanir frá Hagstofu Íslands að ræða, sem unnar hafi verið samkvæmt pöntun frá mér. Það er raunar alveg furðulegt, að menn sem vilja telja sig málsvara, forsvarsmenn bændastéttarinnar í slíkum málum, skuli leyfa sér að beita slíkum röksemdum og þeim skuli detta í hug að bændur eða raunar nokkrir landsmenn trúi slíkum viðbárum.

Eins og kemur fram í töflu II á bls. 7, þá hefur það ekki aðeins gerst á þessum 14 árum, að útflutningsbætur úr ríkissjóði hafi hækkað í krónum úr 160 millj. í 2301 millj., heldur hafa þessar útflutningsbætur hækkað í raunverulegum verðmætum frá ári til árs. Þær hafa hækkað miðað við framfærsluvísitölu 1. febr. ár hvert — 1. febr. 1964 sett fram sem 100 — þær hafa hækkað allt upp í 68.9% umfram það sem þær voru við upphaf tímabilsins, árið 1963—1964, þó að það tímabil hafi verðábyrgðin náð því hámarki sem lög leyfa. Á þetta leyfi ég mér að benda, vegna þess að þessi staðreynd kom fram í þeim útreikningum sem Hagstofa Íslands lét mér í té.

Hv. þm. Pálmi Jónsson svaraði því til, að það væri auðvitað ekkert mark takandi á þessu, það, sem ætti að horfa á í þessu sambandi, væri hvort hlutfall ríkisútgjalda á þessum tíma hefði vaxið meira eða minna en hlutfall útflutningsuppbóta. Og ég leyfi mér þá að spyrja: Finnst hv. þm. eðlilegt, að ef Alþ. tekur þá ákvörðun að auka t. d. framlög á fjárlögum til almannatrygginga, leggja út í miklar framkvæmdir á sviði sjúkrahúsabygginga, auka sjúkratryggingar, kaupa Viðishús — svo eitt annað dæmi sé nefnt — fyrir stórfé, þá eigi það að fylgja, að útflutningsbætur vegna landbúnaðarafurða hækki að sama skapi? Þetta er náttúrlega alveg furðuleg röksemdafærsla. Þetta er svipuð röksemdafærsla, raunar miklu verri röksemdafærsla en felst í því kerfi sem nú er í gildi, að ef vel árar til rekatöku, ef dúnbændur afla góðrar dúntekju, ef silungsveiði er góð, ef uppskera af tómötum og gúrkum í Hveragerði tekst óvenjulega vel, þá eigi útflutningsbætur á útflutt lambakjöt úr ríkissjóði að hækka. Það er alveg furðulegt, að menn skuli beita slíkum röksemdum og telja þær vera eðlilegar. Að vísu hefur löggjafinn talið eðlilegt, að ef tómataspretta væri góð í Hveragerði, ef dúntekja væri góð hjá frændfólki hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur í Vigur eða ef silungsveiðin væri góð, skilaði góðum arði í Vesturhópsvatni, þá skyldu útflutningsuppbætur á útflutt lambakjöt hækka. En mér finnst fráleit röksemdafærsla að halda því fram hér á hinu háa Alþ., að sama eigi að gilda ef framlög til almannatrygginga yrðu hækkuð, þá skuli einnig hækka í sama hlutfalli útflutningsuppbætur vegna landbúnaðarafurða, ef Viðishús er keypt, þá skuli það einnig hafa áhrif til hækkunar á fjárlög, þá skuli útflutningsuppbætur til landbúnaðarafurða hækka að sama skapi o. s. frv., o. s. frv. Þetta er auðvitað röksemdafærsla sem er algjörlega út í hött.

Hv. þm. Páll Pétursson talaði mikið um Álftanes, að aldrei hefði því verið spáð, að ættjörðin frelsaðist þar. Ekki skal ég deila við hann um það, hvort þeir, sem nú búa á Álftanesi eða hafa þar búið áður, eigi einhvern þátt í því öðrum fremur að frelsa ættjörðina. Hins vegar ætla ég að benda hv. þm. á það, ef hann ætlar að nota þessa samlíkingu þannig, að ekki sé mark takandi á neinni hugmynd, sem við Alþfl.-menn komum með í landbúnaðarmálum, bara af því að við erum Alþfl.-menn — að þá er farið að slá dálítið í þessar röksemdir. Alþfl.-menn geta að sjálfsögðu fengið ágæta hugmynd um landbúnaðarmál, ekkert síður en hv. þm. Páll Pétursson getur fengið góða hugmynd um tryggingamál eða eitthvað slíkt. Og ef hv. þm. Páll Pétursson hafnar hugmyndum okkar Alþfl.-manna á hann að gera það á öðrum grundvelli en þeim sem hann stóð á. Hins vegar hefur það verið siður manna nokkuð lengi í umr. um landbúnaðarmál að neita að ræða hugmyndir og till., sem þar eru fram

settar, eingöngu vegna þess að þær séu settar fram af þessum, en ekki hinum. Það virðist vera að sumir vilji í þessum málum gera menn að einhverjum fyrsta og annars flokks borgurum, einhverjum patrisíum og plebeium. Það fer víst ekki á milli mála, hvern hv. þm. Páll Pétursson telur vera patrisía í þessum skilningi og hvern hann telur vera plebeia. A. m. k. efast hv. þm. varla um það, að sjálfan sig telur hann vera patrisía.

En ég vil aðeins benda hv. þm. Páli Péturssyni á það, að þeir tveir stjórnmálaflokkar, sem ráðið hafa ferðinni í málefnum bænda og málefnum íslensks landbúnaðar, eru Sjálfstfl. og Framsfl. Úr þessum tveimur flokkum hafa nær undantekningarlaust allir landbúnaðarráðherrar komið til skiptis. Þessir tveir flokkar hafa því til skiptis mótað hina opinberu stefnu í þessari atvinnugrein, — þá stefnu sem ríkisvaldið fylgir og fær aðra til þess að fylgja. Úr röðum þessara tveggja flokka hafa einnig komið allir hinir stéttarlegu foringjar bændastéttarinnar, þannig að engin ein starfstétt í landinu hefur um jafnlangan aldur notið jafn einhlítrar forustu, bæði fyrir félagsmálum sínum og í opinberum málum, og bændastéttin. Og hver er niðurstaðan? Niðurstaðan er sú, að bændur telja sjálfir að þeir beri ekki úr býtum nema um 60% af kaupi lægst launuðu stéttanna í landinu. Það er sú uppskera! Ég held að jafnvel patrisíarnir í Róm hefðu ekki verið neitt sérstaklega montnir af slíkri niðurstöðu. Ég er næstum því alveg viss um það, að Alftnesingarnir hefðu gert betur. A. m. k. er ég ansi hræddur um það, að hv. þm. Páll Pétursson fari ekki margar ferðir á fundi bænda þar sem mikil ánægja sé yfir þeirri stefnu í kjaramálum stéttarinnar og landbúnaðarmálum yfirleitt, sem hans flokkur og samstarfsflokkur hans í núv. hæstv. ríkisstj. hafa ráðið um áratugaskeið.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm., að t. d. hvað sauðfjárafurðir varðar, þá kallar íslenskur iðnaður eftir ýmsum vörutegundum, svo sem eins og gærum og ull. Gömlu söguna um, hvernig megi framleiða gærur án þess að kjöt fylgi er búið að nota svo oft að hún er ekkert sniðug lengur, enda er þetta vart fyndni á annarra manna færi en barnaskólanemenda. En ég vil aðeins leyfa mér að benda hv. þm. á það, að ef íslenskur iðnaður ræður því að bændur þurfa að framleiða 40—50% meira af kindakjöti — sem aukaframleiðslu — en neytt er í landinu vegna þess að svo mikil eftirspurn sé eftir ull og gærum, þá verður íslenskur iðnaður líka að greiða það sem það kostar. Það má ekki leggja þá byrði á neytendur eða ríkissjóð að standa undir slíku. Ég vil líka benda hv. þm. Páli Péturssyni á það, að mikið af gæruframleiðslunni er flutt út óunnið, mikið af ullinni er flutt út sem hráefni, óunnið eða að mestu óunnið, sem lopi og band. Og ég er sannfærður um að gærur og ull sem nemur þeirri kjötneyslu, sem íslenskur almenningur þarf á að halda, eru meira en nægilegt hráefni til fullvinnslu fyrir íslenskan iðnað. Ég hef ekki látið athuga þetta, en ég er alveg sannfærður um að þær söltuðu gærur, sem fluttar eru út, og það óunna ullarband, sem flutt er út, er meira en nemur því kjötmagni sem út er flutt á ári hverju, þannig að röksemdir um það, að íslenskur iðnaður þurfi á þessu að halda, eru ekki haldbærar. Ef hann þyrfti á þessu að halda, þá verður hann líka að greiða það verð sem bændur þurfa að fá til þess að geta látið íslenskum iðnaði þetta hráefni í té. Íslenskir neytendur — þeir sem drekka mjólkina, borða smjörið og kjötið — eiga ekki að þurfa að standa undir slíku.

Hv. þm. sagði mig fara með hroðalega spá um magn af óseldu kindakjöti í landinu, þegar ég nefndi það í framsöguræðu minni, að mér fyndist sennilegt að það væri 30—35%. Í útvarpsfrétt nú fyrir nokkrum dögum var frá því skýrt, og haft eftir formælendum landbúnaðarins sjálfs, að á yfirstandandi ári þyrfti að flytja út kindakjöt sem næmi yfir 50% af ársframleiðslunni. Ég vil einnig benda hv. þm. Páli Péturssyni á það, að í töflu I á bls. 6, — þessari margumræddu töflu sem Hagstofa Íslands lét gera fyrir mig, eða réttara sagt einn af starfsmönnum hennar gerði — er einmitt sýnt hvernig útflutningsuppbæturnar hafa skipst á milli sauðfjárafurða annars vegar og nautgripaafurða hins vegar verðlagsárin 1963—1977, í tveimur næstöftustu dálkunum. Að vísu hefur orðið víxl á yfirskrift, — þar sem stendur „vegna sauðfjárafurða“ á að vera „vegna nautgripaafurða og öfugt, — en þar kemur fram, að síðustu tvö árin hefur meginhlutinn af útflutningsuppbótununm orðið vegna útflutnings á sauðfjárafurðum. Verðlagsárið 1976—1977 eru útflutningsuppbætur vegna útfluttra sauðfjárafurða taldar 1971 millj. kr., en vegna útfluttra mjólkurafurða aðeins 330 millj. Og 1976 eru útflutningsbætur vegna útfluttra sauðfjárafurða 1395 millj. kr., en vegna útfluttra nautgripaafurða aðeins 225 millj. Þetta sýnir hversu offramleiðslan hefur verið mikil á þessari einu afurð. Og nýjustu fréttir, — ég get ekki ábyrgst þær, ég heyrði þær eins og hver annar útvarpshlustandi, — nýjustu fréttir, sem fara af þessu gegnum ríkisfjölmiðlana, segja okkur að þarna sé um að ræða um 50% af heils árs framleiðslu af lambakjöti, — kindakjöti sem verði að flytja út á yfirstandandi ári.

Um róginn um óhollustu landbúnaðarafurða ætla ég ekki að ræða í þessu sambandi. Ég vil ekkert um slíkt dæma. Við skulum bara gera okkur grein fyrir því, að það hafa verið að skapast ákveðnar neysluvenjur í landi voru, sem eru öðruvísi í dag en þær voru. Það er ákaflega erfitt fyrir einn eða annan að standa gegn slíkum neysluvenjubreytingum, ekki síst þegar samfara þessum neysluvenjubreytingum er rekinn — ég vil ekki segja áróður, heldur upplýsingastarfsemi lækna og manneldisfræðinga sem ýtir mjög undir það, að þessi neysluvenjubreyting verði. Ég vil aðeins benda mönnum á það, að jafnvel veruleg verðhækkun á landbúnaðarafurðum nægir ekki til þess að snúa þessu hjóli aftur við. Það er ekki verðlagið, sem ræður úrslitum í þessu sambandi, heldur sú neysluvenjubreyting sem verið hefur að gerast í landinu að undanförnu. Og það þýðir ekkert að rembast eins og rjúpan við staurinn við að reyna að mótmæla eða koma í veg fyrir að þessi neysluvenjubreyting gerist. Þetta hefur verið að gerast, þetta

er að gerast og líklegt er að þessi þróun haldi áfram bæði hér á landi og annars staðar. Ég er ekki með þessu móti að segja að landbúnaðarafurðir séu hættulegar eða eitraður varningur eða neitt í þá áttina, enda veit ég ekki um nokkurn mann sem heldur því fram, en menn halda því fram, að neysla á dýrafitu í óhófi sé ekki holl. Ég held að það sé mjög hæpið að hægt sé að hafa þau áhrif, bæði á manneldisfræðinga og á neysluvenjur almennings, að frá þessum neysluvenjum, sem hafa verið að skapast, verði horfið.

Aðeins í lokin vil ég svo biðja menn að hugleiða það sem ég sagði þegar ég vék að því, að það væri varla hægt að ætlast til þess að þjóðarbúið stæði öllu lengur undir þeim kostnaði sem hlytist af því að taka á sig verðábyrgð af varanlegri offramleiðslu á einni tegund afurða sem framleidd er í þjóðarbúinu, þegar sú offramleiðsla nemur 35—40% af því sem framleitt er í heild, þegar þarf að flytja út á verðábyrgð ríkissjóðs 35%, jafnvel upp í 50% af framleiðslunni, og það ástand hefur varað um talsvert langan tíma. Þetta er stefna, sem ekki er æskileg. Ég tel að engum hafi fundist það réttmætt fyrir 18 árum, þegar frv. um breyt. á framleiðsluráðslögunum með útflutningsuppbótakerfinu var samþykkt, þá hafi engum fundist æskilegt og ekki einu sinni líklegt, að sú þróun yrði að framleiðsla á kindakjöti á Íslandi yrði 35—40% umfram innanlandsþarfir. Ég held að enginn geti með réttu haldið því fram, að æskilegt sé að festa þetta til frambúðar.

Ég vil aðeins benda á hvað það mundi hafa í för með sér fyrir ríkissjóð ef aðrir atvinnuvegir, sem einnig flytja út afurðir, nytu verðábyrgðar með svipuðum hætti. Heildarframleiðsluverðmæti sjávarvinnslunnar á síðasta ári nam 83 milljörðum kr. samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Ef þessi atvinnugrein ætti að njóta sambærilegrar verðábyrgðar og landbúnaðurinn, þyrfti á fjárlögum á yfirstandandi ári að verja í því skyni og útvega tekjustofn í því skyni sem næmi 8.3 milljörðum kr. Heildarframleiðsluverðmæti iðnaðarframleiðslunnar nam á síðasta ári 66 milljörðum kr. Nú vitum við að iðnaðurinn kvartar mjög undan því að búa ekki við eðlilegar samkeppnisaðstæður varðandi bæði innfluttar iðnaðarvörur á erlendum mörkuðum og heldur því fram, að það ástand, sem iðnaðinum er boðið hér á Íslandi, orsaki það að iðnverkafólki séu greidd lægri laun hér en það ætti skilið að fá og sé með lægst launaða fólkinu í landinu. Því má með réttu halda því fram, að það gæti verið rétt að tryggja þessu fólki tekjur — eins og sagt var í umr. hér á dögunum — með því að veita iðnaðinum verðábyrgð á útflutning sinn. Sú verðábyrgð þyrfti að nema á fjárlögum yfirstandandi árs tæplega 7 þús. millj. kr. Samanlagðar verðábyrgðir sjávarvinnslu vegna útflutnings og iðnaðar vegna útflutnings þyrftu því á yfirstandandi ári að nema 15 þús. millj. kr. á fjárlögum íslenska ríkisins, ef þessar atvinnugreinar ættu að búa við sambærilegt kerfi og landbúnaðurinn. Þetta tel ég vissulega vera mikinn vanda ef upp kæmi.

Ég tel mjög óeðlilegt að verðábyrgð sé veitt með þeim hætti sem gert er í gildandi lögum. Þess vegna höfum við þm. Alþfl. lagt fram till. okkar um hvernig hægt sé að hverfa frá þessu ranga kerfi varlega og í áföngum. Ég óska eftir því, að hv. þm. geti rætt þessi mál málefnalega og illindalaust og umfram allt að þeir sýni bæði okkur flm. og Alþ. þá virðingu að lesa frv. fyrst, áður en þeir fara að tala um það.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 55. fundur.

Fimmtudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Íslenskukennsla í fjölmiðlum, þáltill. (þskj. 336). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kortabók Íslands, þáltill. (þskj. 340). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Raforkusala á kostnaðarverði til stóriðju, þáltill. (þskj. 95). — Frh. fyrri umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Í ítarlegri og ágætri framsöguræðu 1. flm. s. l. þriðjudag gerði hann grein fyrir þessari till. og þeim hugmyndum sem þar búa að baki. Mér er ljóst að flm. þessarar till. stefna fyrst og fremst að því að koma sölu orku, m. a. til orkufreks iðnaðar, í fastara horf en nú er. Hins vegar verð ég að segja það, að ég tel að sú hugmynd, sem hér er sett fram, að festa slíka sölu við a. m. k. meðalframleiðslukostnaðarverð heildarframleiðslu raforku í landinu, sé ákaflega erfið í framkvæmd, ef ekki óframkvæmanleg. Ég held að fara verði aðrar leiðir, sem ég mun koma að síðar.

Ég vil freista þess að sýna fram á, að eins og þetta er þarna sett fram verður varla komið á þeirri festu sem að er stefnt. Ég vil jafnframt segja það í upphafi máls míns, að mér finnst málflutningur stundum einkennast af vissum fordómum eða andstöðu við það, sem stundum er nefnt orkufrekur iðnaður almennt. Ég held að sú andstaða hljóti að vera á einhverjum misskilningi byggð, því orkufrekur iðnaður er að sjálfsögðu ekki allur af hinu illa. Okkar orka er með verðmætustu og dýrmætustu náttúruauðæfum okkar og hlýtur að verða ákaflega mikilvæg undirstaða iðnaðar í þessu landi. Ég hygg að við getum öll verið sammála um það. Mig grunar að þessi andstaða sé öllu fremur af þeim rótum sprottin, að ýmsir eru andsnúnir erlendri

þátttöku í íslenskum atvinnuvegum eða stóriðju sem kölluð er stundum, þ. e. a. s. mjög stórum og viðamiklum fyrirtækjum sem henta illa í smáum íslenskum byggðarlögum. Undir þetta sjónarmið get ég sannarlega tekið að mjög miklu leyti, þó ég vilji skoða hvert tilfelli um sig. En mér finnst þetta raunar ekki vera til umræðu hér, við erum að ræða um verð á raforku til orkufreks iðnaðar, m. a. áburðarverksmiðju ríkisins, fyrirtækja eins og grasköglaverksmiðja og fjölmargt fleira annað en álver og þess háttar hluti. Þetta vil ég taka fram í upphafi, þannig að ég mun reyna að sneiða hjá því að ræða við þessa umr. um þetta mál almennt, um stóriðju sem slíka.

Hvað er þá meðalframleiðslukostnaður heildarframleiðslu raforku í landinu? Þetta kemur ekki, að því er mér finnst, nægilega fram, hvorki í þessari þáltill. né í þeirri framsögu sem hér var flutt. Er átt við heildarsmásöluverð raforkunnar til allra notenda í landinu og þá deilt í með heildarkílówattstundafjöldanum? Það yrði áreiðanlega nokkuð einkennileg tala. Ég efast um að nokkur greiði raforku eftir þeirri tölu. Þarna kemur inn í ýmislegt sem erfitt er að átta sig á. T. d. verða menn að gæta þess að taxtar eru ákaflega breytilegir: almennur taxti eða heimilisnotataxti, taxti sem fyrst og fremst byggir á verði kwst., toppgjaldataxti, sem byggir aðallega á því, að menn fá heimild til að taka ákveðinn topp, og þeir sem geta nýtt það sem best yfir sólarhringinn fá lægra orkuverð með betri nýtingu, þ. e. a. s. orkuverð á hverja kwst. Það er til taxti sem heimilar að rjúfa raforkuna þegar toppar eru mestir eins og t. d. um hádegi þegar álag er mest á viðkomandi rafveitu, og er að sjálfsögðu verulega lækkað verð á raforkunni með tilliti til slíks. Þessi taxti er gjarnan notaður til upphitunar íbúðarhúsnæðis og kannske einhvers fleira. Það er til vélataxti sem borgar ákveðið fastagjald á stærð á rafmótor. Það er til taxti fyrir ótrygga orku o. fl., en ég ætla ekki að lengja þessa ræðu með að telja það upp, enda trúi ég því raunar varla, að flm. eigi við slíkt meðalgjald.

En þó er ekki rétt að um sé að ræða meðalframleiðslukostnað á raforku í heildsölu. Þá er ekki tekinn með framleiðslukostnaður sem hlýtur einnig að felast í flutningi raforkunnar til notenda, nema þá á háspennu. Ef um er að ræða meðalverð í heildsölu er einnig þar um ákaflega margt að ræða. Þar er um að ræða t. d. nýtingartíma. Í heildsölu er einnig greitt verð eftir toppi og svo annað verð fyrir orku sem fer síðan smám saman lækkandi, þ. e. a. s. eftir því sem toppurinn er betur nýttur. Verðið hreyfist eftir því, hve afhendingarspennan er há. Verðið fer eftir tæknilegum atriðum, eins og t. d. hvað fasafrávik er mikið. Fyrirtæki, sem geta komið í veg fyrir verulegt fasafrávik, sem er erfitt fyrir rafveiturnar að þola, fá verðlækkun.

Að sjálfsögðu liggur í hlutarins eðli, að verulegur fjöldi notenda raforkunnar borgar minna en þetta meðalverð. Það hlýtur að vera, annars væri það ekki meðalverð. Það fer náttúrlega eftir því, hve stórir þessir notendur eru. En er það þá ljóst, að þessir notendur, sem borga minna, kaupi þá raforku sem hentugast er fyrir viðkomandi veitu að selja? Nú er það gjarnan svo, að það er orkufrekur iðnaður sem getur lengt nýtingartímann. Það er staðreynd, því verður ekki mótmælt, og þess vegna hefur hann notið heldur betri kjara. Er hugsanlegt að einhverjir aðrir notendur geti boðið betri nýtingartíma eða notkun raforkunnar en slíkur iðnaður? Við þekkjum þá ekki marga hér á landi. Sjálfsagt er að stuðla sem mest að því.

Til að skýra þetta mál mitt aðeins betur vil ég vekja athygli á nokkrum grundvallaratriðum við vatnsaflsvirkjanir. Kostnaður við vatnsaflsvirkjun er 90% fjármagnskostnaður eða u. þ. b., 88—90%. Það er sem sagt fastur kostnaður sem skiptist á allar þær kwst. sem framleiddar eru, á hvaða tíma sólarhringsins sem er. Það er einnig mjög einkennandi við okkar kerfi, að nýtingartími er yfirleitt mjög stuttur, eða 4—5 þús. stundir, sem er ákaflega óhentugt, og þetta verður enn óhentugra þegar við aukum sölu okkar til rafhitunar húsa. Þar er nýtingartíminn einkum á veturna þegar vatnið er minnst, en langtum minni á sumrin þegar orkan er meiri aflögu. Þetta skapar mikið jafnvægisleysi í orkuframleiðslu sem mjög æskilegt er að reyna að losna við. Við getum líka nefnt dæmi — reyndar gerði ég það við líkar umr. á síðasta þingi að nefna þar dæmi, en ég ætla að reyna að gera það á dálítið annan máta núna. Við getum tekið íslenska orkuveitu sem hefur við skulum segja 4500 stunda nýtingartíma. Ef við miðum við Landsvirkjun eða Laxárvirkjun, þá er verðið, miðað við 4500 stundir í kringum 4 kr. hver kwst. Í það verð eru komin þegar þessi 90% af fjármagnskostnaði. Ef hins vegar tekst að framleiða kwst. á dauða tímanum, þ. e. a. s. á hinum 4500 stundum, þá yrði kostnaðarverðið þar í kringum 40 aura hver kwst. eða meðalverðið í kringum 2.20 fyrir þessar 2 kwst. sem ég hef nú tekið. Og þá er það sem sagt spurningin: Á þá að selja orkuna á 2.20 til allra, einnig hinna sem taka eingöngu orkuna á toppunum, sem er ákaflega óhagkvæmt, og eiga þeir, sem taka orkuna á afgangstímanum og hafa kannske lagt í verulegan kostnað til þess, einskis að njóta á móti? Ég held að slíkt sé röng stefna. Það má hins vegar vel hugsa sér að hækka orkuna á afgangstímanum eitthvað upp fyrir kostnaðarverð, þessa 40 aura, t. d. upp í 80 aura kwst. Þá mundi hinn almenni notandi fá lækkun frá 4 kr. niður í 3.60. Og við getum haldið svona áfram með dæmið. Við gætum hugsað okkur að selja afgangsorkuna á 1 kr. og þá fengi hinn almenni notandi lækkun niður í 3 kr. og 40 aura. Það má líta á þetta á ýmsa vegu, en staðreyndin er hins vegar sú, að það er ákaflega mikils virði fyrir rafveiturnar að losna við þessa afgangsorku, og orkufrekur iðnaður er einmitt sá iðnaður sem getur gert það og jafnað þannig út álagið. Ég vil taka það fram, að það, sem ég hef nú nefnt, er náttúrlega einfaldað dæmi, en það er í grundvallaratriðum svona. Í grundvallaratriðum er framleiðsla vatnsorkunnar og sala svona. Þetta er dálítið annað með dísilorku, því þar er hægt að stöðva orkuverið og spara að minnsta kosti olíu þegar það er stöðvað, og fjármagnskostnaður er þar minni.

Þar er meiri hráefniskostnaður svo hlutföllin verða þar töluvert önnur.

Margsinnis hefur verið sagt að frá stórum raforkuverum verður raforkan dýr og óhagkvæm ef hún nýtist ekki á hæfilegum tíma, og ég þarf ekki að endurtaka það sem um það hefur verið sagt, þetta er staðreynd. Það er því eðlileg spurning, hvort virkja eigi stórt eða við eigum að virkja í smærri áföngum. Þetta er sannarlega umræðuvert og kemur náttúrlega að því, sem ég hef lengi talið kjarna þessa máls, skipulaginu. Við þurfum að líta fram í tímann og gera okkur grein fyrir því, hvernig við notum orkuna. Það er, held ég, langsamlega mikilvægasta atriðið.

Ég sagði áðan, að mér finnst of einstrengingslega snúist gegn orkufrekum iðnaði þegar um þessi mál er talað. Ég vil leggja áherslu á það, að ég tel orkufrekan iðnað ákaflega þýðingarmikinn fyrir íslenskan iðnað og íslenskt þjóðarbú, t. d. áburðarframleiðsluna, og ég efast um að áburðarframleiðslan stæði undir því, að borga þetta meðalverð sem hér er talað um. Ég efast um það. Það þýðir náttúrlega hækkun á áburði til bænda eða auknar niðurgreiðslur. Og hvernig verkar það á þjóðarbúið í heild? Ég er því einnig hlynntur að verksmiðjur eins og grasköglaverksmiðjur, sem geta sparað verulegan innflutning á fóðri, njóti þess, ef þær geta nýtt orkuna á þeim tíma þegar hún er aflögu og nauðsynlegast er fyrir rafveiturnar að koma henni í verð. Mér finnst sjálfsagt að þær fái að njóta þess.

Ég vil taka undir það, sem fram kom s. l. þriðjudag hjá hv. 6. þm. Reykv. Við vonum áreiðanlega öll, að járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði verði arðbært fyrirtæki, og mér sýnist ekki óeðlilegt að hún njóti einnig þess, að þar má selja verulegan hluta af afgangsorku, sem sannarlega leiðir til þess að verð á orkunni til almennings frá Sigöldu eða stærri virkjunum verður lægra.

Hér er mikið rætt um ÍSAL. Í því sambandi ætla ég ekki að blanda mér mikið inn í umr. Þó vil ég nefna fáeinar staðreyndir.

Staðreyndin er sú, því verður ekki á móti mælt, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að ef Búrfellsvirkjun er tekin ein sér, miðlunin inni í Þórisvatni, línurnar til þéttbýlisins hér og varastöðin við ÍSAL, þá greiðir álbræðslan í orkuverði allan stofn- og rekstrarkostnað þessara mannvirkja á 25 árum. Ég hef engan heyrt mótmæla því. Þetta eru tölur sem fá má skýrar frá Landsvirkjun, hafa verið settar fram, og ég hef engan heyrt mæla því gegn. Þarna er deilan um allt annað. Þarna er deilan um hvort við viljum iðnað eins og álbræðsluna í þetta land sem er 100% í eigu erlendra aðila og er ákaflega stórt fyrirtæki og ýmsum þykir kannske of viðamikið fyrirtæki fyrir lítið íslenskt þjóðarbú. Þetta er bara allt annað mál, finnst mér. Mér finnst við alls ekki geta mótmælt hinu. Spurningin er hins vegar: Hefðum við heldur viljað vera án Búrfellsvirkjunar og þá jafnframt án álbræðslu en fá Búrfellsvirkjun með álbræðslu? Þetta er kannske spurningin. Staðreyndin er sú og því verður ekki heldur mótmælt, að ekki fékkst lánveiting til Búrfells á sínum tíma án þess að sýna fram á góðan nýtingartíma orkuversins eða sýna fram á, að unnt væri að selja verulegan hluta af orkunni og þá fyrst og fremst afgangsorkuna til einhvers neytanda. Þetta vitum við öll. Mér finnst við vera að deila um keisarans skegg þegar við erum að deila um þessa hluti. Spurningin er bara hin: Var rangt að virkja Búrfell og fá með álbræðslu? Ég ætla ekki að taka afstöðu til þess hér. Ég er að ræða hér um orkuverðið, og ég vil taka það fram, að ég vildi gjarnan að Íslenska álfélagið greiddi hærra verð fyrir orkuna en það gerir nú. Hins vegar hefur á þessu orðið veruleg breyting, m. a. með því að 1975 var samþykkt hér á hinu háa Alþ. breyting á samningnum við álbræðsluna, sem gerir ráð fyrir því að tengja raforkuverðið álverði. Hefur það þegar leitt til verulegrar hækkunar á verði til álbræðslunnar. Álbræðslan greiðir núna kr. 1.25 aura á hverja kwst. Það er mikil hækkun frá 24 aurum, sem var á sínum tíma, — að vísu er annað verðlag. Þetta er í erlendum gjaldeyri og einnig háð því hvernig hann breytist. Orðin er sem sagt veruleg hækkun á því verði sem var.

Það er einnig hárrétt, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Suðurl., að álbræðslan hefur greitt mikið inn í íslenskt þjóðarbú á þessum árum sem hún hefur starfað. Ég hef hér nýlegar tölur, frá 1969, sem sýna að greiðslur sundurliðaðar í orku, skatta, vinnulaun og annað nema samtals á gengi hvers árs 15 milljörðum 489 þús. kr. til sept. 1977. Ég hugsa að það fari því nærri lagi, ef þetta er fært upp, að það séu 30—40 milljarðar. Og við höfum náttúrlega ekki lagt mikið fjármagn í álbræðsluna og það er af þeirri ástæðu sem sumir, eins og hv. 6. þm. Reykv., eru því fylgjandi, að erlendir aðilar eigi slíkt fyrirtæki að öllu leyti og taki á sig áhættuna. Ég er því mótfallinn. En ég viðurkenni að vísu fúslega að það hefði verið hið mesta brjálæði fyrir okkur Íslendinga að eiga meiri hluta í álbræðslunni. Hún hefur gengið heldur illa, markaðir hafa sveiflast. A. m. k. hefur ekki komið fram hagnaður af verksmiðjunni hér. Ég skal ekkert segja um það, hvort eigendur taka hann annars staðar, þetta er hringur sem hefur flesta hluti í sínum höndum, en ég þori að fullyrða að við Íslendingar hefðum ekki staðið undir því að reka slíkt fyrirtæki. Sá kostur var tekinn að taka ekki áhættu og leyfa erlendum aðilum að eiga þetta eingöngu, og það er sannanlegt að álbræðslan hefur greitt mjög mikið í íslenskt þjóðarbú.

En það er fyrst og fremst orkuverðið sem hér er til umræðu. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að ég hef í dag fengið frá Landsvirkjun yfirlit yfir verð á orku frá Landsvirkjun við breytilegan nýtingartíma. Eins og ég sagði áðan, þá er þetta háð ýmsum atriðum, m. a. afhendingarspennu. Við 220 þús. volta spennu er verðið núna við 4500 stunda nýtingartíma 3.77 kr. hver kwst. Það gildir það sama fyrir alla. Miðað við 5500 stunda nýtingartíma lækkar verðið niður í 3.21 kr. hver kwst., og miðað við 8000 stunda nýtingartíma er verðið kr. 2.42 hver kwst. Þetta er verð sem allir geta gengið að, sem samninga gera við Landsvirkjun og tryggja ákveðinn nýtingartíma við 220 þús. volta spennu. Verðið til álbræðslunnar er 1.25 kr. og þar er

um 8500 stunda nýting, sem sagt, það er svona rúmlega helmingurinn af því sem það ætti að vera samkvæmt hinni föstu gjaldskrá. Ég tek það fram, að þetta er allt saman forgangsorka, allt saman bundin orka sem ekki mú rjúfa nema við alveg sérstakar aðstæður. Járnblendiverksmiðjan greiðir nú eftir gengisfellinguna fyrir forgangsorku kr. 2.67 kr. fyrir hverja kwst. og er það sambærilegt við taxtann 2.43, þ. e. a. s. járnblendiverksmiðjan er í dag komin upp fyrir taxta Landsvirkjunar í forgangsorkuverði, hvað sem verður svo á næstu árum. Ég hef alltaf verið því heldur andsnúinn og harma það, að verð til járnblendiverksmiðjunnnar er bundið við norskar aðstæður og norska samninga. En engu að síður er þetta svona núna. Landsvirkjun býður einnig afgangsorku, sem hún kallar svo, við 220 þús. volt á 55 aura hverja kwst. Afgangsorka til járnblendiverksmiðjunnar er hins vegar 67 aurar hver kwst., en þess ber þó að gæta, að sú afgangsorka er að ýmsu leyti tryggari en afgangsorka sem boðin er á 55 aura kwst. Þetta er til fróðleiks fyrir hv. þm. þegar rætt er um þennan stöðuga samanburð á raforkusölu til orkufreks iðnaðar og verðs frá Landsvirkjun. Það má náttúrlega bæta því hér við, að áburðarverksmiðjan borgar sama og álbræðslan — 1.25 kr. núna hverja kwst.

Hér hefur ákaflega mikið verið gert að því að vísa í Norðmenn, og ég tók mig til á þinginu í fyrra og las álíka kafla úr þeirri skýrslu, sem hv. frummælandi var með hér, og hann las upp. Þar má finna mikinn fróðleik. Ég er honum sammála um það. En ég hef nú notað tækifærið síðan, því ég hef verið nokkrum sinnum í Noregi og reynt að kynna mér þessi mál, og mín niðurstaða hefur orðið sú, að þar er engu saman að jafna. Þegar maður fer að kynna sér málin og tala við þá menn, sem eru í þessu, þá er bókstaflega engu saman að jafna. Norðmenn losna við alla þá orku, sem þeir bókstaflega geta, á toppverði til Danmerkur og meginlandsins, það er allt samtengt. Þeir búa því alls ekki við sömu aðstæður í sínu raforkukerfi og við, því fer víðs fjarri.

Einnig er þess að gæta, að í Noregi eru 40 eða 50 rafveitur og m. a. eru fjölmargar rafveitur í einkaeigu orkufreks iðnaðar, afskrifaðar rafveitur þar sem verðið er bókað á nokkra aura hver kwst. Þetta jafnast út hjá þessum fyrirtækjum á ákaflega hagstæðu verði. Það sama má segja hér. Vitanlega hækkar okkar verð þegar við gerum nýja samninga t. d. við járnblendiverksmiðjuna. Ef það verður gert, yrði það að sjálfsögðu á allt öðru verði. Og þetta jafnast þannig út. En staðreyndin er bara sú, að þarna er samanburður útilokaður. Við höfum alls ekki þann möguleika að lækka okkar orkuverð til neytenda með sölu á afgangsorkunni á fullu verði til landanna hér í kringum okkur. Danir slökkva undir kötlunum, spara olíuna þegar þeir fá afgangsorkuna. Það gera meginlöndin flestöll. Víða er orkuskortur, m. a. vegna andstöðu við kjarnorkuver o. s. frv. Ég ætla ekki að fara að eyða tímanum í að lesa að nýju upp úr þessari skýrslu um gamla og nýja samninga, þótt fróðlegt sé út af fyrir sig.

Ég sagði áðan, að að mínu mati væri það fyrst og fremst skipulag þessara mála sem skipti mestu máli, og það vil ég endurtaka. Ég held að við þurfum að snúa okkur að því að samtengja öll raforkukerfi landsins, fá sem stærstan markað, fá sem mest not fyrir stærri virkjanir um land allt. Við þurfum að leggja áherslu á það að skapa öllum iðnaði, innlendum iðnaði náttúrlega fyrst og fremst — og ég kalla innlendan iðnað þann sem við eigum að meiri hluta — aðstöðu til þess að nota þá afgangsorku sem við höfum á verði sem lækkar orkuverð til almennings í landinu. Við þurfum að fá samræmda stjórn á þetta orkukerfi, þannig að hið sama gildi um land allt og þjóðarhagsmunir séu aldrei fyrir borð bornir, þess sé gætt sem heildinni hentar best og hagkvæmast er. Ég held að þetta sé raunar langtum mikilvægara atriði en að kjósa nefnd og gefa henni ákveðna formúlu til að starfa eftir, eins og hér er sett fram, sem ég hef reynt að færa rök að og ég held að sé óframkvæmanleg. Ég held jafnframt að það kæmi vel til greina að ég flytti brtt. við þetta í þá átt, að stefnt verði að því að koma upp einni gjaldskrá fyrir heildsöluraforku í landinu, sem allir geti gengið að. Það væri að mínu viti mjög athyglisvert skref. Hver sá alíslenskur orkufrekur iðnaður sem við kjósum að setja hér upp, en með þátttöku erlendra aðila, hvernig sem það er, gangi þá að ákveðinni gjaldskrá, fái sína lækkun miðað við lengri nýtingartíma, fái sína lækkun miðað við hærri afhendingarspennu, fái sína lækkun miðað við hagkvæmara afl, þ. e. a. s. minna fasafrávik og þess háttar hluti. Þetta finnst mér að ætti að athuga.

Ég get upplýst það hér, að fram fer mjög mikið starf núna á vegum Landsvirkjunar einmitt til að athuga hvernig slíkur taxti gæti orðið.

Ég hef kynnt mér þetta mál, m. a. eftir að þessi till. kom fram, og fengið mjög athyglisverðar upplýsingar, sem að vísu eru ekki komnar á það stig, að unnt sé að ræða þær opinberlega. Starfsmenn eru að kanna slíka leið, sem er ákaflega eðlileg og gæti verið grundvöllur að samræmdu verði sem ég veit að með þessari till. er stefnt að, og það tel ég gott markmið.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Segja mætti ákaflega margt um þetta, sérstaklega þegar farið er út fyrir aðalefnið og talað um orkufrekan iðnað almennt og hvort hann eigi rétt á sér hér. En eins og ég sagði í upphafi, þá ætla ég að takmarka mál mitt fyrst og fremst við orkuverðið. Ég hef áður reynt að koma hér á framfæri, að því að ég hef talið, vissum grundvallarskýringum á því, hvernig verð á orku frá vatnsaflsverum byggist upp, en því miður, verð ég að segja, hefur mér ekki sýnst það bera mikinn árangur hjá vissum aðilum og ég geri mér því ekki stórar vonir nú.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ein af ástæðunum fyrir því, hvað hv. þm. Steingrími Hermannssyni hefur gengið treglega að útskýra almennt fyrir hv. þm. verðmyndun raforku frá vatnsaflsstöðvum, er e. t. v. sú, að hann beinir fyrst og fremst máli sínu til þeirra sem vita hvað fasafrávik er og þýðingu þess. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi hv. þm. kemur hér í

ræðustól til þess að vefja augljós sannindi í tæknilegt þvarg til þess að fela sín eigin augljósu mistök og það sem við blasir um árangurinn af því, þegar hann, eins og hann orðar það sjálfur, hefur gert tilraun til þess að skyggnast fram í tímann í þessum málum. Vitaskuld á hv. þm. Steingrímur Hermannsson sína sök á því, sem gert var í samningunum við Alusuisse á sínum tíma. Hann, eftir því sem ég best veit, á meginsök allra þm. á samningunum sem gerðir voru fyrst við Union Carbide og síðan við Elkem-Spigerverket með þeim endemum sem blasa við okkur. Og sök hans felst m. a. í því, að hann hefur komið hér í ræðustól fyrst og fremst sem rafmagnsverkfræðingur, sem „best adviser" í sambandi við orkumálin, hefur vafið hugsun sína og tilgang í tæknilegt orðfæri með svipuðum hætti og hann gerði áðan, þó að tilgangur með till. þeirri, sem hér er til umr. um raforkuverðið, sé gersamlega ljós, jafnt þeim, sem gera sér grein fyrir því, hvað fasafrávik er, sem hinum, sem ekki gera það.

Ég bjóst að vísu ekki við annars konar útlagningu af hálfu hv. þm. en þeirri sem fyrir skemmstu lét í eyrum okkar. Tilgangurinn með flutningi þessarar till. er öllum þm. ljós, þeim sem vilja sjá hann. Hv. 1. flm., Páll Pétursson, gerði ákaflega ljósa grein fyrir því, að hann er ekki andvígur sölu á raforku til framleiðslu á áburði hér á landi og ekki til framleiðslu á sementi. Hins vegar hefur, hygg ég, enginn nema hv. síðasti ræðumaður skilgreint grasköggla framleiðslu sem orkufrekan iðnað. Hygg ég að hann hafi, er hann drap á grasköggla framleiðsluna sem slíka sem orkufrekan iðnað, gleymt eigin skilgreiningu á því, hvað er orkufrekur iðnaður, þ. e. hlutfalli orkukostnaðar í framleiðslunni sem til þess þarf að ná ákveðnu marki.

Á þriðjudaginn heyrðum við hv. þm. Ingólf Jónsson og Jóhann Hafstein yfirfæra umr. um till., sem hér er til umr., yfir á till., sem fyrr var til umr., um skipun nefndar til þess að framkvæma rannsókn á rekstrarhorfum járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði og stöðvun framkvæmda þar, ef í ljós skyldi koma að þar væri viðbúið stórtap af rekstrinum. Hv. þm. Ingólfur Jónsson var hér fyrir stundu, en hefur vikið frá í bili, en hæstv. iðnrh. hefur prýtt salinn með nærveru sinni í staðinn. Hv. þm. hélt því fram í ræðu á þriðjudaginn, að fráleitt væri að stöðva eða seinka nú framkvæmdum við Grundartanga og láta þannig „kapital", sem komið er í framkvæmdirnar, liggja vaxtalaust eða ónotað. Virtist hann leggja þar að jöfnu stöðvun framkvæmda, ef í ljós skyldi koma að tap lægi við borð á næstu árum, og seinkun þeirra. Slíkt væri slæmur búmannsháttur.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram komu hér í þinginu, höfðum eftir forstjóra járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, — upplýsingum sem ekki var mótmælt hér eða hefur ekki verið mótmælt, — þá mun nú vanta 15% upp á að járnblendiverksmiðjan skilaði hagnaði ef í rekstri væri nú. Eins og verð er á framleiðsluvöru þessari á erlendum mörkuðum, mun vanta 15% til þess að járnblendiverksmiðjan mundi skila hagnaði ef hún væri nú í rekstri. Þetta virðist þýða að það yrði 15% tap á rekstri verksmiðjunnar miðað við „kapitalið" sem hv. þm. Ingólfur Jónsson var að tala um að alls ekki mætti láta liggja vaxtalaust í verksmiðjunni. Ekki er það ljóst, vegna þess að stjórn fyrirtækisins, þ. e. a. s. járnblendiverksmiðjunnar, virðist ekki hafa handbærar neinar upplýsingar, við hvaða upphæðir er miðað þegar talað er um 15% tap. Við verðum því að miða við síðustu kostnaðaráætlun, sem nemur 25 milljörðum kr. a. m. k., sennilega 30 milljörðum, en áætlunin miðast við 25 milljarða kr. Ef við reiknum 15% af þeirri upphæð til þess að átta okkur á við blasandi tapi, þá nemur tapið á ársgrundvelli 3 milljörðum 750 millj. kr.— það tap sem stjórn járnblendiverksmiðjunnar viðurkennir að við hefðum haft af rekstri þessarar verksmiðju um þessar mundir á ársgrundvelli. En þá kunna menn, eins og hv. þm. Jóhann Hafstein, hv. þm. Ingólfur Jónsson og sennilega hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen, að spyrja sem svo: Hvað þá um raforkusöluna, hagnaður af henni, og svo vinnulaun handa 150 starfsmönnum? Samkvæmt máli hv. þm. Ingólfs Jónssonar, sem tíundaði tekjur þjóðarinnar af álverinu í Straumsvík í ræðu sinni hér í fyrradag, þá hljótum við að taka þessi atriði einnig með í dæmið er við tölum um fyrirhugaðan hag, augljósan hag eða augljóst tap af járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði.

Samkv. upplýsingum Landsvirkjunar nemur raforkusalan til Járnblendifélagsins samkv. samningi 288 millj. kr. á þessu ári. Járnblendifélagið borgar orkuna samkv. samningi á þessu ári. Þetta er heildarupphæðin sem járnblendiverksmiðjan á Grundartanga borgar Landsvirkjun fyrir raforku á árinu 1978 samkv. samningi. Af því að verksmiðjan hefur ekki tekið til starfa, þá leggst upphæðin bara ofan á stofnkostnað. Ef miðað er við há meðallaun starfsmanna, þessara 150 starfsmanna sem eiga að vinna á Grundartanga, og þau áætluð 3 millj. kr. að meðaltali, þá myndu sem sagt launagreiðslur nema samtals 450 millj. kr. Það, sem blasir við okkur, er það, að þótt orkan til málmblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði yrði gefin og þótt vinnulaunin yrðu gefin járnblendiverksmiðjunni, þá yrði samt 3 milljarða halli á rekstri verksmiðjunnar. Svo kemur hv. þm. Ingólfur Jónsson, fyrrv. iðnrh. og fyrrv. ýmislegt annað, og segir okkur með spekingssvip að það sé um að gera að flýta byggingarframkvæmdum á Grundartanga til þess að höfuðstóllinn, sem lagður verði í verksmiðjuna, geti farið að skila vöxtum!

Í framsöguræðu sinni með hinu upprunalega frv. um stofnun Járnblendifélagsins, 10. febr. 1975, gerði hæstv. iðnrh. ráð fyrir stofnkostnaði sem næmi 80 millj. dollara. Þá ráðgerði hann 3 millj. dollara hagnað af rekstri járnblendiverksmiðjunnar fyrsta árið, en síðan ykist hagnaðurinn jöfnum skrefum í rösklega 6 millj. dollara á ári. Nú er stofnkostnaður áætlaður um 100 millj. dollara samkv. opinberum útreikningum og tapið á fyrsta ári er áætlað 15 millj. dollara. Við höfum farið fram á það að tafarlaust verði skipuð nefnd til þess af hálfu þingsins að athuga þetta mál og komast að því af hálfu Alþingis, hvort horfurnar séu slæmar, hvort þær séu svona slæmar, hvort hugsanlegt sé að þær gætu jafnvel versnað frá því sem nú er, svo að við notum

sömu margfeldi og við gróðaútreikning hæstv. iðnrh. 1975, hvort tapið gæti kannske orðið rösklega 30 millj. dollarar á ári. Hv. þm. Ingólfur Jónsson mætti e. t. v. hugsa sem svo, ef hann kafaði örlítið dýpra í þetta mál, að ef við hættum núna fjárfestingu í þessari verksmiðju, ef niðurstaða nefndarinnar yrði sú, að slíkt teldist rétt og við hættum fjárfestingu í verksmiðjunni, þá yrði 15% tap af 10 milljarða fjárfestingu ekki nema 1500 millj. kr. á ári í stað þess að við blasir 3750 millj. kr. tap af fjárfestingu upp á 25 milljarða. Og þá er svo um þetta, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson taldi fráleitt og slæman búskap að hætta framkvæmdunum, að þá yrði hagnaðurinn af því að hætta framkvæmdunum hvorki meira né minna en 2 milljarðar 250 millj. kr. á ári.

En hvernig svo sem þm. reikna dæmið, þá ætla ég að það muni ganga erfiðlega að sannfæra fólkið okkar um að tapið á járnblendiverksmiðjunni geti talist þjóðinni hagstætt í lengd eða bráð. Hv. þm. Jóhann Hafstein, fyrrv. iðnrh., sagði við umr. í fyrradag, að hagstætt gæti verið að selja raforku undir kostnaðarverði til stóriðju þegar til lengdar léti fremur en að láta árnar renna óbeislaðar til sjávar. Jafnframt hamraði hann á því, að orkuverðið, sem um er samið til Alusuisse óbreytt til ársins 1997, sé hagstætt. Meðalverðið mun nú ekki vera 1.25 kr., þegar allt er með talið í hinum langa samningi, heldur miklu lægra. Hér er reiknað verð inn í heildarsamninginn, verð sem til kom við aukningu á raforkusölu 1975 sem nemur 10% af hinum fyrra sölusamningi til orkuversins.

Fyrir liggur að Landsvirkjun selur raforku, það er sala, sem átti sér stað á árinu 1977 og var greitt fyrir þá, og sala, sem á sér stað núna, — Landsvirkjun selur raforku til Járnblendifélagsins á 1.60 kr. meðalverð fyrir kwst. Það telur Landsvirkjun framleiðslukostnaðarverð miðað við það orkuform, það afhendingarform sem þar á sér stað. Samtímis selur svo Landsvirkjun Rafmagnsveitum ríkisins kwst. í heildsölu á 3.12 kr. meðalverð og telur að lægra megi það ekki vera til þess að standa undir framleiðslukostnaðinum.

Nú skulum við bara reikna með hinu blandaða verði í gamla samningnum, þar sem samið er um óbreytt verð til ársins 1997, og nýja samningnum frá 1975 og reikna með meðaltalinu 1.25. Nú vil ég spyrja hv. þm. Jóhann Hafstein: Ef verðið 1.25 kr. á kwst. til ÍSALs er kostnaðarverð, hvar er þá allur hagnaðurinn af sölunni til Rafmagnsveitna ríkisins á 3.12 kr. kwst. og Járnblendifélagsins á 1.60 kr. kwst. eftir öll þessi ár? Ef það er kostnaðarverð, sem Alusuisse hefur borgað á þessu tímabili, hvar er þá hagnaðurinn af sölunni á hinu geipilega háa verði íslenskra aðila? Hv. þm. Jóhann Hafstein má vitna eins mikið og hann vill í sérstakar greinar, sem birtast í tímariti ÍSALs, um þann stórkostlega hagnað sem Landsvirkjun eða Íslendingar hafi af því að selja ÍSAL orkuna á þessu verði. Mig minnir að hv. þm. hafi verið með þetta tímarit ÍSALs fyrir framan sig og nafngreint það jafnvel. (Gripið fram í.) Já, já, það er rétt. Hann nefndi höfund greinarinnar einnig. Hv. þm. Ingólfur Jónsson má líka vitna eins mikið og hann vill í forstjóra Elkem-Spigerverkets því til sönnunar, hvílíkur gróði okkur sé búinn af rekstri Járnblendifélagsins í Hvalfirði, slíkar sem horfurnar virðast nú vera um útkomuna af honum. Elkem-Spigerverket getur beðið rekstrarins áhyggjulaust. Því er ekki ætlað að bera neina ábyrgð á fyrirsjáanlegu tapi. Framlag Elkem-Spigerverkets verður í mynd tæknilegrar þekkingar og markaðsaðstoðar. Íslenska ríkið ábyrgist allar skuldbindingar.

Þeir hv. þm. Ingólfur Jónsson og Jóhann Hafstein mega mín vegna — og hv. þm. Steingrímur Hermannsson má mín vegna líka bætast í þann hóp — útlista það fyrir þm., eins og þeir hafa áður gert, með hvaða hætti íslensku þjóðinni sé búinn hagur af því að reka fyrirtæki með tapi, af því að framleiða raforku og selja undir kostnaðarverði fremur en láta árnar renna óbeislaðar til sjávar. Hvað væri um að setja upp t. d. með sama hugsunarhætti og sömu hagspeki vindknúna verksmiðju með „kapítali“ upp á 25 milljarða í staðinn fyrir að láta vindinn blása óbeislaðan eitthvað út í loftið? Við skulum segja sem svo, að vextir af þessu „kapítali“ væru 12% og að við yrðum með 3% í afskriftir, þá væri hún komin upp í þetta 15% tap sem þarna er búið. Ég vil ekki leggja neinn dóm á þá greindarlegu hugsun, sem liggur á bak við svona ályktanir, og ég andmæli því, að nokkuð slíkt sé lesið út úr orðum mínum. Hérna er um að ræða tvo fleti á sama máli, skoðaða frá mismunandi sjónarhólum: Annars vegar flöt fáránleikans, sem manni finnst að gæti verið út úr sögu eftir Johan Falkberget þar sem hann var að lýsa því furðulega „økonomiska resonnement“, eins og það var orðað hjá Falkberget, sem átti sér stað inni í höfðinu á Bör Börssyni þegar hann var að hugsa um opinberar framkvæmdir, hins vegar frá almennu, alþýðlegu, skynsamlegu viðhorfi til arðbærrar fjárfestingar. En hvað sem því líður, þá vildi ég gjarnan að þeir yrðu nafngreindir, snillingarnir sem töldu hv. þm. — fyrrv. iðnrh. og má bæta við núv. iðnrh. við í upptalninguna — trú um það, að við gætum haft hag af því að virkja til þess að selja raforku undir kostnaðarverði.

Fyrir tilkomu þeirrar till., sem hér er um að ræða í dag, eiga þm. einnig kost á því að endurskoða afstöðu sína til þessara mála og leggja dóm sinn á þessa hagspeki hv. þm.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Það er rétt, að ég sagði áðan að ég gerði mér ekki miklar vonir um að þær skýringar, sem ég gaf, sem ég hélt að væru ákaflega einfaldar, nema þetta um fasafrávikið bæru mikinn árangur. Það sannaðist svo áþreifanlega að því miður verður ekki á betra kosið, þegar hv. 5. þm. Norðurl. e. stóð upp. Ég segi því miður, því mér þykir leitt að hlusta á slíkan málflutning. Ég hef að vísu aldrei minnst á fasafrávik í þessum ræðustól áður, en það kemur fram víða í gjaldskrá. Mér finnst furðulegt að hv. þm., hafandi verið blaðamaður og farið um landið þvert og endilangt áratugum saman, skuli ekki vita þetta. Og það kom ekki fram hjá hv. þm. hinu minnsti

skilningur á muninum á spennu, afhendingarspennu eða afgangsorku eða hvenær orkan er framleidd o. s. frv. Ég ætla ekki að endurtaka það. En þetta er sorglegt dæmi um fordóma. Ég talaði um fordóma líka. Þetta er sorglegt dæmi um fordóma.

Við erum að ræða hér ákaflega mikilvægt mál. Við erum að ræða um það, hvernig við getum komið raforkusölunni í sem best horf til allra landsmanna og allra fyrirtækja, en ég verð ekki var við nokkra minnstu viðleitni til slíks hjá hv. þm., hún var ekki til. Þá var farið út í útreikninga um það, hver arðsemi járnblendiverksmiðjunnar verði, hvað tapið verði. En hv. þm. kann ekki muninn á þessum einföldu atriðum í orkusölu. Hvernig getum við treyst honum fyrir útreikningum á arðsemi járnblendiverksmiðjunnar? Ég held að það sé útilokað. Ég hef ekki sagt neitt um arðsemi járnblendiverksmiðjunnar, ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég vil hins vegar segja það, að ég treysti miklu betur sérfræðingunum hjá norræna fjárfestingarsjóðnum og fjölmörgum fleiri en hv. þm., ég treysti þeim miklu betur. En ég tek fyrst og fremst undir orð hv. 6. þm. Reykv. Vitanlega vonum við öll að þessi verksmiðja verði arðbær og gott fyrirtæki. Við erum ekki að ræða það hér, hvort fresta eigi þessari verksmiðju eða ekki, en það var aðalinntakið í ræðu hv. þm. Furðulegt er að hlusta á slíkan málflutning.

Að grasкögglaverksmiðjan sé ekki orkufrekur iðnaður. Grasкögglar eru í dag yfirleitt framleiddir með olíu, og það er líka orka, hv. þm. Hlutfallið, — ja, veit hv. þm. hvert hlutfallið er? Ég get ekki svarað því, ég tek það fram. En staðreyndin er sú, að langsamlega mestur kostnaður við grasкögglaframleiðslu felst í orkunni, í olíunni sem í dag er notuð, og við viljum reyna að lækka þann kostnað með því að nota afgangsraforku til slíkrar framleiðslu.

Nóg um það. Hv. þm. rengdi það, að verðið til ÍSALs væri 1.25 kr. Þetta er verð á orkunni. Það er aðeins eitt verð, sem gildir til ÍSALs og það er verðið 8. mars, þ. e. a. s. í gær, það er 1.25 kr., það er staðreyndin. Verð til Rafmagnveitu Reykjavíkur kvað hann vera 3.12 kr. (**Gripið fram í:** Til RARIK.) Eða til RARIK. Það er 3.12 kr. En veit hv. þm. hvaða nýtingartími þar er t. d. — eða skiptir það engu máli? Gjaldskráin er byggð upp m. a. á nýtingartíma, ég tala nú ekki um hið fræga fasafrávik, en hún er byggð m. a. á nýtingartíma. Það ætti að vera skiljanlegt. En af hverju nefnir hann það ekki? Af hverju gerir hann þessu ekki skil í máli sínu og nefnir hver nýtingartíminn er? Ég get upplýst það. Hann er innan við 5 þús. stundir, líklega í kringum 4500—4600 stundir. Þarna er ákaflega mikill munur á, gífurlega mikill munur. RARIK þarf að sjálfsögðu að vinna að því að lengja þennan nýtingartíma. Þá lækkar verðið sem RARIK þarf að greiða Landsvirkjun. Þannig er gjaldskráin upp byggð. Ég taldi mig gera á einfaldan máta grein fyrir því hér áðan.

Hver er hagnaðurinn af sölunni til ÍSALs? Það er spurning sem sannarlega er vert að ræða. Staðreyndin er sú, að ÍSAL tekur u. þ. b. 60% af orkunni frá Búrfelli, en miklu minna af aflinu, ef ég man rétt um 30% af aflinu, en um 60% af orkunni, því að svo mikið af þessu er jafnað út yfir sólarhringinn. En það er kannske of tæknilegt fyrir hv. þm. ÍSAL borgar miklu meira en 60% af verðinu í dag eða eitthvað í kringum 80% af rekstrarkostnaði þessara mannvirkja sem ég nefndi áðan. Ég skal ekki alveg fara með prósentuna eins og hún er í dag, en hún fer smám saman vaxandi, og á 25 árum borga þeir kostnaðinn allan eins og hér hefur verið rakið eftir mönnum sem gerst þekkja, þ. e. a. s. mönnum hjá Landsvirkjun. Ég held að þeir hafi ekki verið vefengdir.

Það eru engin rök, að það sé ekkert að marka þetta af því að það birtist í einhverju riti sem ÍSAL prentar. Hvaða rök eru það? Þetta hefur verið birt víðar. Þetta hefur verið birt í dagblöðum. Það var birt í dagblöðum í fyrra. Þetta hefur ekki verið vefengt. Við höfum að sjálfsögðu í okkar hagnað þau 40% sem ÍSAL tekur ekki, fyrst og fremst þann hagnað, þá orku sem ÍSAL tekur ekki, en greiðir að hluta fyrir og að öllu leyti fyrir á 25 árum. Það er okkar hagnaður. (Gripið fram í.) Já, það má segja það, á 25 árum. Og þetta leiðir að sjálfsögðu til þess, að raforkuverð hér verður lægra en það væri annars. Raforkuverð hér er hátt vegna gífurlegs dreifingarkostnaðar, sem enginn virðist taka tillit til þegar talað er um að nota rafmagn til upphitunar um allt land. Þó lá hér fyrir skýrsla 1974 þar sem sagt var, að styrking á meginlínum næmi 4 milljörðum. Rafmagnsveitur ríkisins áætluðu í fyrra, að til að koma raforku til upphitunar um þriggja fasa línur um sveitir landsins þyrfti 25 milljarða kr. En slíkir hv. þm. líta ekki á slíkt, eins og það komi ekki málinu við. En staðreyndin er náttúrlega þessi: Búrfellsvirkjun og sú orka, sem við fáum þaðan til eigin nota, lækkar raforkuverð í landinu þó að — og ég tek undir það — það mætti gjarnan vera meira. Að sjálfsögðu viljum við fá meiri greiðslu, og að því hefur verið stefnt. Þetta er ákaflega einfalt dæmi.

Ég sagði áðan, að án ÍSALs hefðum við ekki Búrfellsvirkjun eða án slíks fyrirtækis hefðum við ekki Búrfellsvirkjun. Það held ég að sé einnig staðreynd. En svo ætla ég ekki að fara út í það, hvort við vildum þá fórna Búrfellsvirkjun til að hafa ekki ÍSAL, það er allt annað mál. Ég vil ekki fara út í umr. um slíkt, sem hv. þm. gerði æðimikið áðan.

Um járnblendiverksmiðjuna og þann samning er það að sjálfsögðu líka staðreynd, að eftir að Sigölduvirkjun var ákveðin 1971 hefði verið hin mesta vitleysa að finna ekki einhvern orkufrekan iðnað. Þetta þarf að haldast í hendur að sjálfsögðu, og sökin er því þeirra sem ákveða að hefja framkvæmdir við Sigölduvirkjun. Þeir settu réttilega af stað að mínu mati leit að einhverjum notanda fyrir verulegan hluta af afgangsorkunni. Eftir að sú ákvörðun var tekin að virkja Sigöldu eins og gert var, var fjárhagslega ekki vit í öðru en að finna einhvern orkufrekan iðnað.

Hv. þm. lýsti sök á hendur mér. Ég skal taka alla þá sök á mig, sem mér ber. Ég tók þátt í viðræðum um ÍSAL. Ég var sammála sumu þar og öðru ekki, eins og gengur og gerist þegar

menn eru í slíkum nefndum og svipað get ég sagt um járnblendiverksmiðjuna. En ég skal standa fyrir hverju því, þegar það er til umr., enda hélt ég að við hefðum rætt það í Ed. á nokkurra klukkutíma maraþonfundum og óþarft væri að endurtaka það hér.

Ég vil mælast til þess, að hv. þm. athugi þetta vandlega og meira að segja fasafrávikið líka. Ég er alveg sannfærður um það, að hann mun komast að raun um að við erum að tala þar um hluti sem vert er að athuga og má ekki loka augum fyrir.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Það eru orðnar um þetta mál, eins og ég bjóst við nokkrar umr. Að mörgu leyti er ég ánægður með þær. Þó finnst mér að þær hafi ekki snúist eins mikið og ég hefði kosið um kjarna þessa máls sem ég hef hér verið að reifa, þ. e. a. s. framtíðarfyrirkomulag á raforkusölu í landinu. Tveir fyrrv. iðnrh. hafa gert mér þann heiður að taka til máls um þessa till. Það kann að vera að sumir af þeim, sem líka hafa andmælt mér, eigi eftir að verða iðnrh., ég veit það ekki gjörla. En allt um það, enn ber of mikið á milli okkar.

Ég fagna ákaflega ábendingum hv. þm. og hæstv. fyrrv. iðnrh. *Jóhanns Hafstein*, þar sem hann lagði áherslu á það, að sú n., sem fengi þetta mál til umfjöllunar, athugaði gaumgæfilega þróunina undanfarin ár. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. þm. um þetta. Hann er gamalreyndur hér á Alþ. og ábendingar eins og þessi eru mjög til eftirbreytni. Sannast sagna er sumt í nefndarstörfum okkar með helst til miklum losarabrag og mikill fróðleikur mundi aflast og margt mundi skýrast betur með því að rannsaka svona hluti ofan í kjölinn.

Þegar járnblendiverksmiðjusamningurinn við Union Carbide var til umræðu, þá lagði ég það á mig að kynna mér aðdraganda álverksmiðjunnar í Straumsvík og rakti nokkrar hliðstæður í ræðu, sem ég flutti þá. Jafnframt athugaði ég nokkuð hagkvæmniútreikninga í fyrravetur, þegar járnblendisamningurinn við Norðmenn var til umr. Þá lagði ég það á mig að athuga hagkvæmniútreikninga, sem gerðir voru að vísu við nokkuð aðrar aðstæður, en þó að mörgu leyti ábekkar, þ. e. a. s. um arðsemi þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum. En þá kom í ljós, að innri arðsemi afkastavaxtar — svo að ég noti tæknilegt orðalag — var áætluð h. u. b. sú sama í þessum tveimur fyrirtækjum. Á þetta minnir mig að ég hafi bent.

Hv. 6. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, las úr tímariti sem ÍSAL gefur út. Ég hafði lesið í Dagblaðinu þessa grein sem hann vitnaði til, en ég vissi ekki einu sinni að ÍSAL gæfi út tímarit. Hv. þm. var svo vinsamlegur að lána mér eintak, sem hann hafði í pússi sínu, og ég sé að hetta er vandað tímarit á góðum pappír. Það hefst á grein sem heitir: „Hvernig skiptist kakan?“ Hún er eftir — ja, mér sýnist undirskriftin vera Ragnar Halldórssonar. Þetta er stórkarlaleg snarhönd. Síðan kemur frásögn af því, að dr. Wellinger eða Woellinger sé hættur. Þá kemur grein um orkuverð og skatta. Og síðan kemur kynning á nýjum tæknilegum framkvæmdastjóra sem heitir dr. Kristján Roth. Síðan kemur mynd af jólatrésskemmtun í jan. s. l. og hún var eins og á undanförnum árum mjög vel sótt. Tæplega 1000 börn og 500 fullorðnir komu í þetta skipti og var fullþröngt í húsakynnum mötuneytisins. Þetta *minnir mig nú á Biblíuna*. Það hefur þurft nokkuð til að metta allt þetta fólk. Og það er sannarlega ekki óheppilegt upp á frjósemina að vinna í þessu fyrirtæki (Gripið fram í.) Það voru tæplega 1000 börn, sem komu þarna, tæplega 1000 börn. Síðan kemur greinin um rafmagnsverð til ÍSALs, en þar vitnar einhver H. Jetzek og birtir útdrátt úr ágætri grein Halldórs Jónatanssonar og Jóhanns Más Maríussonar. Síðan er ferðasaga af Matterhorni. Og þá kemur grein um öryggi á vinnustað. Þar er námskeið í skyndihjálp og sjúkraflutningum. Þá eru myndir. Ég les, með leyfi forseta, textana undir myndunum: Hér er verið að læra að binda um sár á höfði. Unnar Andrésson og Krista kona hans við kennslu í skyndihjálp, er undir annarri mynd. Og síðan er verið að mynda þar sem menn eru að skralla sjúklingi inn í bíl. Undir þeirri mynd stendur: Hvert einasta handtak þarf að læra sem allra best, því að það getur skipt öllu þegar til alvörunnar kemur. Og endar með þessari hressilegu kveðju: Lifið heil. Birgir Thomsen.

Þá er *haus ritsins*. *Útgefandi* er *Íslenska* álfélagið, ábyrgðarmaður Ragnar S. Halldórsson, ritstjórar Jakob Möller og Hans Jetzek. Svo eru myndir af starfsmönnum og Halli og Laddi hafa skemmt þeim. Steinaldarmenn, heitir ein greinin. Ég er nú ekki búinn að lesa hana. En svo er þess getið hér seint, að tveir starfsmenn hafi gengið nýlega í hjónaband, og auk þess er boðinn velkominn nýr borgari, þ. e. a. s. starfsmenn hafa líka átt eitt barn. Þetta er kannske þarflítill lestur og þó, vegna þess að það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að svo mikið fyrirtæki gefi út vandað blað og skemmtilegt rit fyrir starfsmenn sína, og sannarlega er það ekki vanþakkandi að öryggismálum sé sinnt á vinnustöðum. En svona fyrirtæki verða fljótlega mikið ríki í ríkinu, og mér finnst að þetta sanni það, sem ég sagði hér á þriðjudaginn var, hversu mikil áhrif svona fyrirtæki fá fyrr en varir í íslensku þjóðlífi, ekki einasta meðal starfsmanna sinna, heldur einnig út í frá. Fyrr en varir geta þau verið farin að hafa veruleg áhrif á stjórnmál í landinu, og það verður að stjórna því, eins og ég tók þá fram, a. m. k. með sérstakri hliðsjón af hinum miklu hagsmunum þeirra.

Eitt eða jafnvel fleiri — já, áreiðanlega fleiri en eitt af dagblöðum hér í Reykjavík héldu því statt og stöðugt fram eftir nýlegt prófkjör sjálfstæðismanna til uppstillingar fyrir alþingiskosningar í Rvík, að einn frambjóðandinn í þessu prófkjöri hefði verið alveg sér á parti studdur af forstjóra álversins, sem auk þess að vera forstjóri álversins er nú orðinn varaformaður Verslunarráðs Íslands. Og járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði eða forstjóri hennar hefur farið fram á það, að sérstakir menn séu settir til þess hjá fjölmiðlum, ekki einasta hjá ríkisfjölmiðlunum, heldur líka hjá dagblöðum landsins, að kynna sér málefni Járnblendifélagsins, til þess að hafa sem best samband við fyrirtækið. Þetta heitir víst á amerísku „Public relations“ — og var nú ekki

ráð nema í tíma væri tekið að við færum að kynnast því fyrirbrigði í framkvæmd.

Hv. 6. þm. Reykv. rakti — og raunar hafa fleiri hv. þm. gert það — tekjur af útflutningi álversins í Straumsvík á undanförnum árum og þær gjaldeyristekjur sem þarna hefðu myndast. Ég hef furðað mig á því, eftir að ég lenti í þeirri ógæfu að þurfa að fletta Hagtíðindum atvinnu minnar vegna, að þar er talinn mikilvægur þáttur í heildarútflutningi okkar Íslendinga útflutningur á áli og álmelmi. Mig langar að nota þetta tækifæri til þess að undirstrika það sérstaklega, að ég tel að þetta eigi að teljast að vísu, en það á ekki að teljast á sama skala og annað sem flutt er út frá þessu landi. Það á ekki að vera í þessari mynd, heldur á það að vera svona eins og á spássíunni. Það er vegna þess að andvirðið fyrir ál og álmelmi stansar ekki nema að litlu leyti í landinu. Þar með verða verslunarskýrslur ekki eins trúverðugar og ég hefði kosið að þær væru.

Það er e. t. v. rétt hjá báðum fyrrv. iðnrh., sem hér hafa tekið til máls, og ég dreg það ekki í efa — hjá Jóhanni Má og Halldóri Jónatanssyni í þeirri grein, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, að tekjur hafa verið verulegar af af þessu fyrirtæki. En þetta fólk, sem þarna vinnur, þessir menn, þetta ágæta vinnuafl, hefði náttúrlega skapað gífurlegar tekjur í þjóðarbúið, hvaða starf sem það hefði unnið á þessu árabili. 4 milljarðar eru kannske nokkuð há tala, verulega há tala. En ég vil vitna til þess, að okkar skárri skuttogarar báru að landi hátt í ½ milljarð á s. l. ári, og þá þarf ekki ýkjamarga skuttogara til þess að koma á móti fyrirtækjum eins og þessu. (Gripið fram í.) Þeir þurfa líka gjaldeyri til síns rekstrar. Ég er ekki að draga í efa að þær borgast upp, vélarnar í Búrfelli, og sú hefur vafalaust líka verið hugmynd Jóhanns Hafsteins, sem var hæstv. iðnrh. — ef ég man rétt — þegar þessi samningur var gerður. Hann hefur vafalaust ætlað þeim að borga þetta. En ég vil ekki líta á Búrfellsvirkjun sem sérstaka, afmarkaða einingu í raforkukerfi landsmanna. Ég vil láta hana vera í sömu spyrðu og aðrar virkjanir á Íslandi. Og það veit ég að hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, vill líka, vegna þess að við verðum líka að taka tillit til rafmagns sem framleitt er við Sigöldu. Við verðum líka að taka tillit til rafmagns sem framleitt er við Kröflu. Þau eru dýr þessi 7 mw., því er ekki að leyna. Við verðum líka að taka tillit til rafmagns sem framleitt er við Hrauneyjafoss. Ég hygg hins vegar að hv. þm. Jóhann Hafstein hafi ekki reiknað með, þegar hann gerði samninginn við Alusuisse, því vélasliti sem mér skilst að hafi verið örara við Búrfell en gert var ráð fyrir, þannig að viðhaldskostnaður þessarar virkjunar mun verða talsvert miklu hærri en menn gerðu ráð fyrir á sínum tíma. Ég er ekki að álasa þessum heiðursöldungum fyrir þá samninga sem þeir gerðu. En ég hygg að reynslan hafi sýnt, að það hefði mátt hafa þessa samninga betri og þá fyrst og fremst með því að hafa þá hreyfanlega. Það er sjálfsagt alveg rétt, að Norðmenn hafa líka einhvern tíma fyrr á árum gert samninga, sem hafa reynst illa, og jafnvel kannske enn þá verri samninga en við gerðum við álverið. En Norðmenn hafa áttað sig og Norðmenn hafa sett sér reglur. Og það er kannske meginatriðið í þessum málflutningi okkar hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvars Gíslasonar, að kynna þær till. og þá aðferð sem Norðmenn treysta sér til þess að hafa á málinu. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson taldi mjög mikil tormerki á að hægt væri að koma þessu á hér. Ég er ekki að tala um að við eigum að taka nákvæmlega taxta Norðmanna og innleiða hann hér. Það eru mismunandi aðstæður í þessum tveimur löndum. En þær eru líka að sumu leyti mjög svipaðar og við getum haft reglur Norðmanna mjög til hliðsjónar við þá lagagerð sem till. hnígur að.

Setjum svo, að það verð, sem álverið greiðir eða greiddi t. d. 1976, sem þá var 32% af verði því sem RARIK varð að greiða og Reykjavíkurborg fyrir orku frá Landsvirkjun, hafi verið sanngjarnt. Ef við gefum okkur það, að þetta hafi verið eðlilegt og sanngjarnt verð og allt gengið vel og samningurinn verið réttur, þá hefur hv. þm. Jóhann Hafstein okrað á þessu fyrirtæki þegar hann gerði samninginn. 1969 greiddu þeir 68%. Það er þessi munur sem gefur skýrasta mynd af hver þróunin hefur orðið. Séu 32% rétt tala, þá er 68% röng tala.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson hefur náttúrlega sannað það með verkum sínum, að honum þótti raforkuverð í álsamningnum vera orðið of lágt. Ég man þá tíð, að hann fór ásamt með fleiri góðum mönnum til Sviss, og ef ég man rétt var hv. þm. Steingrímur Hermannsson í þeim hópi, til þess að ræða við Svisslendinga um hækkun á þessu rafmagnsgjaldi. Og þeir fengu nokkru áorkað, því að þeir hækkuðu þetta um 8%, úr 24% upp í 32%, en þar á móti kom að þeir gáfu heimild til að láta 25 mw. orku til viðbótar og til lengingar á kerskálunum, þannig að böggull fylgdi skammrifi.

Mér finnst að sendiför þeirra Steingríms og Ingólfs, hv. þm., hafi verið sönnun þess, að þeir hafi ekki verið ánægðir með orkuverðið, og ég efa það ekki, að báðir þessir menn hafa gengið eins langt og þeir mögulega gátu í því að hækka þetta orkuverð og gæta hagsmuna lands síns eftir því sem þeir höfðu kringumstæður til. En þeir höfðu ekki traustari grundvöll að standa á, vegna þess að undirbúningurinn var ekki betri en þetta.

Það hefur komið hér fram, að álsamningurinn væri undirstaðan að Búrfellsvirkjun, og hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur farið um það mörgum orðum, að hann hefði verið alger forsenda. Það kom raunar fram í umr. í fyrra um svipaða till., sem við Ingvar fluttum þá, að svo hefði verið. Þetta kemur ekki heim og saman við ummæli hæstv. fyrrv. iðnrh., Ingólfs Jónssonar, þegar hann hélt framsöguræðu í umr. um lagasetninguna um virkjun við Búrfell, en það rakti ég allt saman rækilega í fyrra og las upp þau ummæli, sem hann hafði sem svar við spurningu frá þáv. þm. Birni Jónssyni, þar sem hann fullyrti að þarna væru ekki tengsl á milli. Hins vegar hefur Steingrímur Hermannsson upplýst, að það hafi verið menn frá Alþjóðabankanum við þessa samningagerð og haft á henni

vakandi auga og hafi samningar við Alusuisse verið skilyrði fyrir láni. Við hvað var þá lánveiting til Sigöldu tengd? Var hún kannske tengd við orkusölusamning? Þetta lá í orðum hv. þm. Steingríms Hermannssonar. (Gripið fram í.) Að vísu er nokkuð önnur aðstaða, en ekki er mikill eðlismunur á henni. Og hverju verða þá lánveitingar við Hrauneyjafoss tengdar? Hv. þm. Ingólfur Jónsson fullyrti, að haldið yrði áfram að gera stóriðjusamninga. Ég vona að hann reynist ekki sannspár um það. Og hann er áreiðanlega ekki sannspár um það, að hann sé búinn að koma mér á sitt mál, því að ég mun mæla áfram enn um sinn gegn ráðslagi eins og þessu.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson ræddi á faglegu máli um raforkusölu. Kom margt fróðlegt fram í ræðu hans eins og hans var von og vísa. En þó virðist mér að hann hafi misskilið nokkur atriði í mínum málflutningi. Ég hélt að það kæmi fram í okkar till. og grg. hennar, að við erum að tala þarna um heildsöluverð miðað við samsvarandi afhendingarskilmála, samsvarandi spennu, samsvarandi kringumstæður. Það er útúrsnúningur hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni, ef hann heldur að okkur hafi dottið í hug að ætlast til þess, að stóriðjufyrirtæki færi að borga heimilistaxta. Það var alls ekki ætlun okkar. Hann hefur naumast kynnt sér málflutning okkar nógu skilmerkilega, ef hann heldur þessu fram. Ég þóttist vitna mjög skilmerkilega í reglur Norðmanna, og þær hljóða einmitt um orkusölu til stóriðju sérstaklega, til orkufreks iðnaðar sérstaklega. En í mínum huga er meginatriðið að finna hreyfanlega vísitölu, sem breytist eftir aðstæðum. Raunar var hv. þm. Steingrímur Hermannsson í lok fyrri ræðu sinnar kominn á nokkuð svipaða skoðun, þar sem hann var farinn að tala um gjaldskrá sem allir gætu gengið að. Það verður auðvitað að vera breytanleg gjaldskrá, en hún verður að vera breytanleg á öllum flokkum eftir kringumstæðum og það er auðvitað mergurinn málsins.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson ræddi um, að sumir snerust einstrengingslega gegn orkufrekum iðnaði. Ég verð sjálfsagt að taka það til mín, því að þetta er ekki fyrsta dagstundin sem við spjöllum um þetta mál, við hv. þm., og ég er ekkert hræddur við það að vera kallaður einstrengingslegur. En ég snýst ekki einstrengingslega gegn orkufrekum iðnaði af hvaða tagi sem er og vitna því til sönnunar í það, að ég var flm. haustið 1974 að till. um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins og flutti þá mína jómfrúrræðu hér í þinginu.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti í nokkuð löngu máli það sem hann taldi vera í dag söluverð til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, sem hann taldi núna vera 2.67 aura á kwst. (**StH:** Forgangsorka.) Já, en samkv. orkusölusamningnum, sem prentaður er í frv. frá 98. löggjafarþingi, þá segir svo, með leyfi forseta: „Jafnframt fari greiðslur fyrir orku fram í norskum krónum í stað Bandaríkjadollara.“ Þar er verið að vitna til gamla samningsins. „Orkuverð þetta er 3.5 aurar norskir á kwst. og samsvaraði það þá ca. 6.61 mill sem er næstum hið sama og taka mun gildi í Noregi samkv. áðurgreindum reglum hinn 1. júlí 1977.“ Þetta er nú líklega mesta hneykslið í öllum þessum samningi, því að það var búið að fella úr gildi þessar reglur, sem þarna er verið að vitna til, þegar þær voru prentaðar uppi á Íslandi — búið að fella þær úr gildi í Noregi. En sleppum þessu.

Ef við gáum nú hvað 3.5 aurar norskir — sem blákalt er tekið fram í þessum samningi að eigi að greiðast — jafngildi í ísl. kr., þá jafngilda þeir núna 166 aurum eða eitthvað því um líkt. Hv. þm. vitnaði til gjaldskrár sem Landsvirkjun er nýlega búin að setja upp. Þetta er gjaldskrá, sem komin er fram nú fyrir stuttum tíma og markast af því, að við Sigöldu er hafin rafmagnsframleiðsla sem hvergi er hægt að koma í lóg, og þar vilja þeir náttúrlega heldur fá lítið fyrir rafmagnið en ekkert og setja þetta þannig upp. En nú eru það tiltölulega fáir sem hafa það á valdi sínu — það er alveg rétt hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni — að nota 8000 stundir og hafa nýtingartíma upp á 8000 stundir. Ætli það geri ekki í kringum 22 klst. á sólarhring. Ég hef nú ekki trú á — það kann þó að vera — að íslenskir orkukaupendur séu tilbúnir að kaupa þetta á þessu verði, sem sannarlega er ekki hátt og þarna orðið nokkuð ámóta og orkuverðið til þessara stóriðjufyrirtækja. Stappar það náttúrlega í okkur stálinu sem höfum verið að benda á þetta, því að þarna er eins og við sjáum ofurlítinn árangur af öllu okkar tali.

Ég get ekki fundið, þó að ólíkar séu aðstæður hér og í Noregi að nokkru leyti, að þá megi ekki hafa þessar reglur til hliðsjónar. Úr því að Norðmenn treysta sér til þess að finna vísitölu og binda sig við hana, þá hljóta okkar bestu menn að geta komið sér niður á svipaða hluti og unnið verk sem gæti komið að gagni ekki síður en þetta norska verk. Það er mjög fróðlegt að kynna sér þær umr. og aðdraganda þessa máls og undirbúning í Noregi. Það væri mjög svo fróðlegt fyrir þm. hér á Alþ. að kynna sér málsmeðferð og málflutning í norska þinginu, því að undirbúningur þessa máls og aðdragandi er að mínum dómi mjög til fyrirmyndar. Ég hef lagt á mig að lesa öll þau þskj., sem að þessu hníga, og það var stórfróðlegur lestur.

Umr. frestað.

Framhald Inndjúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 396). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Við flytjum hér þrír Vestfjarðaþm., Steingrímur Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson ásamt mér, till. til þál. um framhald Inndjúpsáætlunar. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, að ríkisstj. skuli hlutast til um að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar skuli næstu 5 ár eftir að starfstíma áætlunar lýkur halda þeirri lánafyrirgreiðslu til ræktunar, sem þeir hafa notið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggðasjóði. Hið sama skal gilda um lánafyrirgreiðslu næstu þrjú ár til byggingarframkvæmda á áætlunarsvæðinu.“

Í raun og veru er þessi till. fram borin í fram-

haldi af fsp. sem hæstv. landbrh. svaraði hér eigi alls fyrir löngu í Sþ. Mér þótti, er ég bar fram fsp., svör hæstv. ráðh. í daufara lagi og heldur neikvæð, þannig að við töldum rétt að freista þess að fá vilja Alþ. til þess sem talað er um, þ. e. a. s. framlengingar lána til bænda á svæði Inndjúpsáætlunar.

Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., og okkur er kunnugt um að það eru ýmsar fleiri byggðaáætlanir nú í gangi eða réttara sagt í undirbúningi. Má þar nefna Hólsfjallaáætlun, áætlun fyrir Dalabyggð o. fl., þannig að við skiljum fyllilega, að það eru fleiri landssvæði sem þarna þurfa athugunar við og er nauðsynlegt að koma til aðstoðar við með einhverri sérfyrirgreiðslu.

Það er óhætt að fullyrða, að því er varðar Inndjúpsáætlun, að hún hefur skipt sköpum fyrir þær sveitir, sem hún náði til. Hún hefur stöðvað frekari fólksfækkun við innanvert Ísafjarðardjúp, sem varð um tíma uggvænlega mikil. Einnig gengu yfir þessar sveitir mjög þungbær kalár nú í lok síðasta áratugs, þannig að horfur voru á að bændur mundu jafnvel í hópum flosna upp og hverfa burt úr þessu byggðarlagi. Þessi 4—5 ár, sem áætlunin hefur verið í gangi, hafa ótvírætt sýnt fram á, að hún hefur komið að því gagni, sem að var stefnt, að stöðva þessa þróun, treysta búsetu í þessu byggðarlagi og auka bjartsýni manna á að þarna sé hægt að stunda lífvænlegan búskap.

Enda þótt allt sé gott um þetta að segja, svo langt sem það nær, er það því miður staðreynd, að ekki hefur verið staðið við fyrirheit áætlunarinnar eins og hún var úr garði gerð í upphafi. Það hefur ekki verið staðið við gefin heit af hálfu fjárveitingavalds, sem voru forsenda þess að áætlunin kæmi að fullu gagni. Þannig var við upphaf áætlunarinnar gert ráð fyrir að veita bændum á áætlunarsvæðinu 25% staðaruppbót á afurðaverð. Þessi uppbót hefur orðið hæst 14.29%, en er nú komin niður í 7%. Sérstök fjárveiting á fjárlögum skyldi standa undir þessum uppbótargreiðslum. Hún nam á fyrsta áætlunarárinu 5 millj. kr., en hefur síðan verið 7 millj. árlega nema árið 1976, er hún féll niður í 6.6 millj. Það segir sig sjálft, að sú upphæð hefur á undanförnum verðbólgutímum engan veginn gegnt hinu tilætlaða hlutverki. Sömuleiðis hefur komið í ljós, að ýmsir kostnaðarliðir, svo sem flutningskostnaður byggingarefnis og aðrir aðdrættir, voru vanáætlaðir í upphafi og jafnan hefur skort fé til að standa straum af nauðsynlegri framkvæmda- og yfirstjórn. Af þessum sökum hefur lagst meiri kostnaður á bændurna en áætlað var í upphafi. Við förum þó ekki fram á í þessari till. að fá áfram þessa árlegu fjárveitingu á fjárl. Hins vegar er þess farið á leit, að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar njóti áfram á næstu árum þeirrar sérstöku lánafyrirgreiðslu er þeim var tryggð samkv. áætluninni, þ. e. 10% viðbótarláns úr Stofnlánadeild landbúnaðarins og 15% láns úr Byggðasjóði. Sérstaklega er lögð áhersla á ræktunarþátt áætlunarinnar, sem hefur orðið mjög út undan í framkvæmd hennar af ýmsum orsökum, m. a. þeirri, að ekki fengust skurðgröfur og önnur nauðsynleg tæki, er til þurfti, fyrr en á þriðja ári áætlunarinnar. Nú á lokaárinu eru horfur á að ekki verði ræktaður á tímabilinu nema aðeins ⅙ hluti þess sem til stóð. Þess vegna er í till. gert ráð fyrir að lánafyrirgreiðsla til ræktunar haldist enn, um 5 n. k. ár, en 3 ár til byggingarframkvæmda. Mér er kunnugt um, að nokkrir bændur hafa á s. l. sumri lagt fram umsóknir um þessi lán og það mundi koma þeim meira en illa ef nú yrði öllu kippt til baka, og ég tel að ósýnt yrði um afleiðingarnar af því að botninn dytti hér með úr áætluninni án þess að nokkuð kæmi í frekara framhaldi.

Ég hygg að Ísafjarðardjúp sé mjög glöggt dæmi um það, að landbúnaðarhérað verður að þróast samsíða sjávarsíðunni og afla fólkinu, sem býr í sjávarþorpunum, nauðsynlegra afurða og þá fyrst og fremst mjólkur. Ég hef áður á hv. Alþ. sýnt fram á óhagkvæmni þess að flytja mjólk á milli landshluta, eins og gerst hefur í þessu tilfelli fyrir vestan, með 40—50 kr. flutningskostnaði á hvern mjólkurlítra. Það liggur í augum uppi, að hagkvæmara væri að örva mjólkurframleiðslu í aðliggjandi landbúnaðarsvæðum til þess að sjá markaðinum í sjávarplássunum við utanvert Djúpið fyrir nauðsynlegri neyslumjólk.

Það hafa að undanförnu komið fram raddir, sem ég hygg að mjög hafi verið hlustað eftir, sem benda á að stóru tæknivæddu búin í landbúnaði séu ekki endilega það sem koma skal. Bent hefur verið á með skýrum rökum, að það eru meðalbúin sem bera sig best og skila hagkvæmustum afrakstri. Það eru einmitt þessi meðalbú, sem gert er ráð fyrir að byggð verði upp þarna við Djúpið, 25—30 kúa bú eða 350—400 kinda bú eftir því hvort um sauðfjárbúskap eða kúabúskap er að ræða. Ég held að það sé mjög hættuleg villukenning, sem stundum hefur verið haldið fram af misvitrum mönnum hér á mölinni í Reykjavík, að íslenskt þjóðarbú geti þrifist með því að hlúa að sjávarútveginum einum, en landbúnaðurinn væri í rauninni óþarfur og við gætum flutt inn landbúnaðarafurðir frá öðrum löndum, sem standa sig betur á landbúnaðarsviðinu. Þetta er auðvitað óviturlega mælt og af litlum eða engum skilningi á því, hvað landbúnaður hefur verið og er nauðsynlegur til þess að jafnvægi sé í atvinnurekstri okkar sem heild. Ég vil benda á það, að enda þótt ýmsum þyki landkostir heldur litlir við Ísafjarðardjúp, þá er þó hægt að reka þar mjög þokkalegan og myndarlegan búskap, auk þess sem þar eru mörg hlunnindi annars vegar. Má benda á það til gamans, að í Skjaldfannardal er staðsett nyrsta gróðurhús veraldar. Þar eru ræktuð í hrollkaldri návist Drangajökuls suðræn blóm, tómatar, agúrkur o. fl., sem annars þyrfti að flytja að. Ef við nýttum því möguleikana þar sem þeir eru fyrir hendi, þá hygg ég að við næðum á margan hátt betra jafnvægi og eðlilegri jafnstöðu í okkar atvinnulífi.

Ég vænti þess, að þessari till., sem ekki fer fram á mjög mikið, en varðar bændur á þessu svæði mjög miklu, — ég vænti þess að henni verði vel tekið, þannig að bændur fái áfram þessa lánafyrirgreiðslu svo að ljúka megi framkvæmd þessarar áætlunar með sómasamlegum hætti. Ef stjórnvöld kipptu nú í taumana og drægju í land varðandi þessa lánafyrirgreiðslu,

tel ég ósýnt um hverjum vandræðum það mundi valda á svæði áætlunarinnar.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. atvmn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég vil strax við þessa umr. lýsa stuðningi mínum við þessa till. Það fer ekkert milli mála, finnst þeim sem þekkja til þess, sem hér um ræðir, þess, sem lýtur að Inndjúpsáætluninni sem heild, að nauðsynlegt er að þeir, sem hér eiga hlut að máli, njóti þessarar fyrirgreiðslu sem hér er gert ráð fyrir enn um nokkurn tíma.

Ég skil nú ekki af hverju hv. 9. landsk. þm. hefur ekki gefið mér kost á því að verða flm. að þessu máli. Hv. þm. deildi á mig ekki alls fyrir löngu, sagði að það sýndi ókurteisi mína, að ég leyfði hv. þm. ekki að vera á öllum þeim málum sem ég væri 1. flm. að. Ég átti því fremur von á því, að hún brygði ekki á sama ráð. En það skiptir ekki máli.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram og fram kemur í grg. með þessari þáltill., að þetta er nauðsynjamál. Það er enginn vafi á því, að með Inndjúpsáætluninni var treyst verulega búseta og framleiðsla bænda í Ísafjarðardjúpi, sem ella hefði orðið til þess að stór hluti af þeim hefði orðið að flæmast í burtu. Það er því ekkert lítið mál, að þessu lykti ekki á annan hátt en þann, að séð verði fullkomlega fyrir því af hálfu ríkisvaldsins, að þær umbætur, sem þarna hefur verið unnið að og er unnið að enn, komi að fullum notum. Ég sem sagt vænti þess og þykist vita raunar, að þessi till. hljóti greiðan gang í gegnum þingið. En ég vildi samt nota tækifærið núna við þessa umr. til að lýsa stuðningi mínum við hana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 70. fundur.

Mánudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 415). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ættleiðingarlög, frv. (þskj. 56, n. 411, 412). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Ég geri hér grein fyrir nál. allshn. um frv. til ættleiðingarlaga.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frv. og fengið umsagnir frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Jafnréttisráði og Lögmannafélagi Íslands. Þá hefur n. kallað á sinn fund Lúðvík Ingvarsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Ármann Snævarr hæstaréttardómara, sem er form. þeirrar nefndar sem samdi frv.

N. hefur rætt um tilgang og áhrif ættleiðinga annars vegar og fósturs hins vegar. Sumir nm. vilja taka undir þau sjónarmið sem telja ættleiðingu ýmsum annmörkum háða með hliðsjón af lagalegum og félagslegum afleiðingum.

Lög um ættleiðingu hafa verið í gildi hér á landi frá árinu 1953 og er sú löggjöf sniðin eftir norrænni löggjöf. Ættleiðing er viðurkennd og framkvæmd hjá þeim þjóðum sem búa við svipaðar félagslegar og réttarlegar aðstæður og við Íslendingar. Íslenskt þjóðfélag hefur vissa sérstöðu vegna fámennis og skyldleika, sem gerir ættleiðingu vandmeðfarnari ef og þegar rofin eru öll tengsl við kynforeldra. M. a. af þeirri ástæðu leggur n. áherslu á að bæði kynforeldrar og kjörbörn séu rækilega frædd um lagaákvæði ættleiðingar og að börn séu frædd um kynforeldri sín, svo framarlega sem því verður við komið.

Nefndin taldi æskilegt að fram fari hér á landi ítarleg umr. og athugun á áhrifum ættleiðinga og hvort t. d. fóstur sé aðferð sem betur henti íslenskum aðstæðum. Ekki er lagst gegn þessu frv., enda nauðsynlegt að löggjöf um ættleiðingu sé lagfærð, á meðan sú leið er farin í grundvallaratriðum. Að því leyti er frv. til bóta og mælir allshn. með samþykkt þess með tveimur minni háttar breytingum.

Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Svava Jakobsdóttir var fjarverandi þegar n. lauk afgreiðslu, en þrír nm., hv. þm. Ingvar Gíslason, Sighvatur Björgvinsson og Páll Pétursson, skrifa undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari þeirra mun einkum vera fólginn í því, að þeir vilja, eins og fram kemur í nál., taka meira tillit til þeirrar aðferðar sem felst í því að börn séu tekin í fóstur, og að því leyti hefur n. bent á þá leið og vill gjarnan að það sé athugað nánar. Um þetta eru þó ekki allir nm. sammála.

Þessu til viðbótar skal aðeins tekið fram, að ættleiðing hefur verið viðurkennd í öllum nálægum löndum og í þeim þjóðfélögum sem búa við svipaðar aðstæður og við Íslendingar. Löggjöf á Norðurlöndum hefur tekið nokkrum breytingum á undanförnum árum, og þykir rétt og eðlilegt að íslenska löggjöfin um ættleiðingu sé lagfærð í þá átt sem við og norrænir frændur okkar eru sammála um. Lúta lagfæringarnar flestar að því að tryggja betur rétt barnsins frá því sem nú er.

Þá er þess að geta, að Evrópuráð hefur gert sérstaka samþykkt um ættleiðingu og það sem í henni á að felast, vissar meginreglur. Ísland er aðili að ráðinu og eðlilegt að við fylgjum þeim samþykktum sem þar eru gerðar, enda er okkar löggjöf, bæði nú og eins það sem felst í þessu frv., í öllum aðalatriðum í samræmi við það sem felst í yfirlýsingum og ályktunum Evrópuráðsins.

N. hefur skilað tveimur brtt., sem eru minni háttar og verða að teljast til leiðréttinga á frv. Tel ég ekki ástæðu til þess að lýsa þeim. Þær koma á sérstöku þskj. Þessu til viðbótar hefur n. láðst að gera breyt. á gildistökuákvæði frv., en í frv. segir: „Lög þessi taka gildi 1. janúar 1978.“ Þessu ákvæði verður augljóslega að breyta. Leyfi ég mér að leggja fram skriflega brtt. um það, að greinin hljóði svo: Í stað inn fyrir orðin „1. janúar 1978“ komi: 1. janúar 1979.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): *Herra forseti.* Ég leyfi mér að þakka hv. allshn. fyrir að hafa afgreitt þetta mál. Ég læt í ljós, að ég fellst á þær brtt. sem hún hefur lagt fram. Mér er vel kunnugt um að á meðal ráðamanna, á meðal íslenskra ráðamanna a. m. k., eru skiptar skoðanir í þessum efnum. Það má segja að uppi sé grundvallarstefnumunur í þeim efnum, annars vegar að menn vilja í raun og veru ekki viðurkenna ættleiðingu, heldur nota í þess stað fóstur og láta þá sérstakar lögfylgjur fylgja því. Ég held að það geti verið rétt, eins og n. bendir á, að rannsaka þessi atriði. Hins vegar held ég að við höfum gengið það lengi, ef svo má segja, eftir þeirri línu að leyfa ættleiðingar, að tæplega verði horfið frá því. Ég held að hvað sem líður framtíðarskipun í þessum efnum, þá sé þetta frv. til bóta að því er ættleiðingu varðar.

Ég neita því ekki, og það liggur sjálfsagt ljóst fyrir, að það eru viss sérstök íslensk vandamál vegna okkar fámennis sem geta hugsanlega komið til greina í sambandi við ættleiðingu. Þess vegna er ég sammála því, eins og ég sagði, að það sé hugað að þeim meginatriðum. En ég fellst sem sagt á þær brtt., sem n. gerir á þessu frv., og er þakklátur henni fyrir afgreiðslu málsins. Ég held að það horfi til bóta, á meðan menn vilja halda sig við það að leyfa ættleiðingu a. m. k.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 423) samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 412,1 (ný 4. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 412,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EBS, EKJ, FÞ, GilsG, GuðlG, GF, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, KP, LárJ, MB, ÓlJ, PJ, PS, RH, SigurlB, BGr, EðS, MÓ.

GS, LJós, VilbH greiddu ekki atkv.

16 þm. (GHG, GTh, HES, IG, JónasÁ, MÁM, ÓE, PP, SighB, StV, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GilsG, GuðlG, GF, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, KP, LárJ, MB, ÓlJ, PJ, PS, RH, SigurlB, BGr, EðS, EBS, EKJ, MÓ.

LJós, VilbH greiddu ekki atkv.

17 þm. (GS, GHG, GTh, HES, IG, JónasÁ, MÁM, ÓE, PP, SighB, StV, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ) fjarstaddir.

17.—22. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
23.—25. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 423 samþ. með 21 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 41, n. 332). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á lögum frá 1967, um skólakostnað, flutt af hv. þm. Karvel Pálmasyni o. fl. Frv. felur það í sér, að 7. gr. laganna breytist þannig, að ný mgr. komi svo hljóðandi:

„Þó skal ríkissjóður ávallt greiða 75% áætlaðs stofnkostnaðar sundlauga í útgerðarstöðum sem hafa innan við 4 þús. íbúa.“

Þetta frv. hefur, að ég hygg, tvívegis áður verið flutt hér á hinu háa Alþ. Í fyrsta skiptið mun það hafa dagað uppi, en í hið síðara var því vísað til ríkisstj. Reyndar hefur það verið afstaða menntmn., þegar hún hefur fengið þetta frv. til athugunar, að eðlilegt væri að vísa þessu máli til ríkisstj. Ekki hefur verið samstaða um það í n., en menn hafa þó viljað láta athuga þetta mál betur. Þess er líka að geta, að n. hefur leitað álits ýmissa, sem hér hafa þekkingu á, og hafa skoðanir verið skiptar. Vísar n. m. a. í álit íþróttafulltrúa ríkisins, sem telur að vafasamt sé að gera lagalegan mismun á hlutdeild ríkissjóðs í byggingu sundlauga á þeim grundvelli sem frv. gerir ráð fyrir.

Þar sem Alþ. hefur áður samþykkt að vísa þessu máli til ríkisstj. og till. frá henni liggja ekki fyrir og þar sem ágreiningur er um þetta mál og augljóst að það þarf frekari rannsóknar við, þá treystir n. sér ekki til að leggja annað til en að frv. verði enn á ný vísað til ríkisstj.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Enn einu sinni hefur hv. menntmn. fjallað um þetta mál, þetta mun vera í þriðja skiptið sem hún fjallar um það, og enn virðist sama niðurstaða vera í n. Má því með sanni segja að í afstöðunni til þessa máls birtist í raun og veru í sinni réttu mynd samtryggingarkerfi hinna pólitísku flokka.

Ekki hefur farið milli mála, þegar þetta hefur verið rætt, að velflestir hafa tekið undir þá nauðsyn að hér yrði að ráða bót á að því er varðar það meginmarkmið frv. að gera hinum smærri útgerðarstöðum kleift að koma upp aðstöðu bæði til sundkennslu og sundiðkunar, ekki síst vegna þess sjónarmiðs, að engum er nauðsynlegra að kunna sund og geta haldið því við en þeim sem sjómennsku stunda. Það vekur furðu mína, að hv. nm. í menntmn. skuli ekki geta tekið undir þetta sjónarmið í reynd, en tala þó eigi að síður meira og minna um það og þá stundum að verulegu leyti undir rós, hversu nauðsynlegt þetta sé.

Hér sannast enn einu sinni það, sem m. a. ég hef haldið fram, að hv. þm., sem undirrita þetta nál., taka undir það sjónarmið íþróttafulltrúa að vafasamt sé að gera lagalegan mismun á hlutdeild ríkissjóðs í byggingu sundlauga á þeim grundvelli sem frv. gerir ráð fyrir. Það er sem sagt gamla mótbáran alltaf uppi. Það má ekkert gera á þeim stöðum sem sannarlega eru á eftir að því er þetta varðar, t. d. byggingar sundlauga og slíkra íþróttamannvirkja. Það má ekkert gera á þeim stöðum, þrátt fyrir að vitað sé að við ríkjandi aðstæður og gildandi lög er það vonlaust í náinni framtíð fyrir flest þessara sjávarþorpa, að þau geti byggt mannvirki af þessari gerð — gjörsamlega vonlaust. Þrátt fyrir þessa staðreynd segja þessir hv. þm., sumir hverjir þm. dreifbýlisins, umboðsmenn þeirra staða, fólksins á þeim stöðum sem hér er verið að tala um, að vafasamt sé að gera þennan mismun lagalega fyrir þessa staði, það verði að gilda sama reglan alls staðar. Þó höfum við dæmin fyrir okkur og þá staðreynd, að hinir stærri þéttbýlu staðir geta framkvæmt þetta, en í velflestum sjávarþorpunum, sem talað er um í frv., er gjörsamlega vonlaust að byggja þessi mannvirki.

Þær kringumstæður, sem við nú búum við og höfum búið við um alllangt skeið, eru þær, að kerfið beinlínis setur skorður við því, að hægt sé að byggja nothæf sundlaugarmannvirki sem væru innan þess hóflega ramma fjárhagslega séð sem sveitarfélög réðu við. Ríkið segir eða kannske öllu heldur íþróttafulltrúi í nafni ríkisins: Við lánum ekki út á íþróttamannvirki af þessari gerð eða þessari stærð. Við heimilum ekki byggingu þeirra, veitum ekki fjármagn til þeirra, nema það sé svo dýrt, langt umfram það sem þarf að vera, að útilokað er fyrir viðkomandi bæjar- eða sveitarfélög að ráðast í framkvæmdir. — Þetta eru staðreyndir sem við höfum á borðinu. Og undir þetta taka þessir hv. dreifbýlisþm., eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, hv. þm. Ingvar Gíslason, Eyjólfur Konráð Jónsson og Gunnlaugur Finnsson. Öll þessi hjörð tekur undir þetta sjónarmið íþróttafulltrúa, er hann segir í nafni ríkisins: Við megum ekki gera þann lagalega mismun á þessu, að við gerum þessum stöðum kleift að byggja mannvirki sem kæmu að notum í þessu tilfelli. — Þetta

er svarið sem íbúar sjávarþorpanna víðs vegar í kringum landið fá frá þessum umbjóðendum sínum hér á Alþ. Vonandi skilja kjósendur þetta svar og muna það næst þegar þeir kvitta — innan ekki langs tíma — fyrir sig og sína.

Hv þm. Ellert B. Schram sagði áðan, að leitað hefði verið álits þeirra sem hvað mesta þekkingu hafa á þessu. Ja, sér er nú hver þekkingin. Tökum í þessu tilfelli íþróttafulltrúa sem dæmi. Hann lætur í ljós skoðun sína á þessu. Það er sú hin eina skoðun, að hann er á móti því að gera þessum stöðum kleift að byggja sundlaugar. Það er sú þekking sem þessir nm. byggja á. Það er allt önnur skoðun sem íbúar þessara staða hafa á þessu máli. Þeim er löngu orðið ljóst að bæta verður úr þessu. Má furðu gegna með hv. alþm., sem til þekkja, ef þeim er ekki orðið það ljóst fyrir löngu, að ekki getur lengur gengið eins og verið hefur í þessum efnum. Það er beinlínis ekki hægt að bjóða sjómönnum þessara staða, þessara byggðarlaga, þessara útgerðarstaða upp á það áratugum saman, að ekki sé hægt að byggja sundlaugarmannvirki til þess að þeir geti í fyrsta lagi lært sund og í áframhaldi af því iðkað það, en þeim er það lífsnauðsyn vegna starfa þeirra í þágu þjóðfélagsins.

Ekki þarf að rekja það hér frekar eða oftar, sem margoft hefur komið fram, að ef illa tekst til, þá skiptir það sköpum um líf eða dauða viðkomandi einstaklings, hvort hann kann að synda eða ekki. Þau dæmi höfum við fyrir okkur æðimörg. En þrátt fyrir það er sunginn sami söngurinn: Það er vafasamt að gera einstaklingum í sjávarþorpum af þessari stærð kleift að læra að synda eða iðka sund.

Ég sé ekki betur en í nál. menntmn. sé beinlínis lagst gegn frv. Það er nefnilega tekið undir það álit íþróttafulltrúa, að vafasamt sé að gera þetta. Hér er því í raun og veru um það að ræða, að fulltrúar í menntmn. neita þessu frv., en leggja til til málamynda að því verði vísað til hæstv. ríkisstj. með þeim ummælum nm. allra að þeir telji vafasamt að málið eigi nokkurn rétt á sér eða eigi að ná fram að ganga.

Það er auðvitað ljóst með hliðsjón af þessu, að ég mun greiða atkvæði gegn því, að málinu verði vísað til ríkisstj. með þessari umsögn menntmn. því hún er neikvæð. Ég verð að segja að mig furðar á því og raunar tekur mig það sárt, að þeir fulltrúar á Alþ., sem telja sig umboðsmenn þess fólks, sem hér á fyrst og fremst hlut að máli, þ. e. a. s. sjómannanna á þessum stöðum, aðstandenda þeirra og raunar þjóðarheildarinnar, þeir skuli ekki sjá sóma sinn í því að taka svo myndarlega á þessu máli að það fái greiðan gang í gegnum þingið.

Það er ekkert rökstutt frekar í þessu nál. menntmn., hver sé ástæðan fyrir því, að hún tekur undir það sjónarmið íþróttafulltrúa að vafasamt sé að gera þetta. Það eru engar röksemdir færðar fram fyrir því, þannig að í þær eyður verður að geta. Ég get mér þess helst til, að líklega sé ástæðan sú, að þetta kosti mikla fjármuni, — líklega, segi ég, því ég hef ekkert áþreifanlegt til að byggja þessa skoðun á. Og vel má vera að hv. alþm. þyki farið fram á of mikla fjármuni í þessu efni. Ég hygg að þm. almennt ættu fremur að hafa það sjónarmið í huga, að aldrei verður of mikið gert, í raun og veru kostar aldrei of mikið að bjarga mannslífi. Það er aðalatriðið sem hér er um að ræða. Og ég trúi því ekki, ég á a. m. k. erfitt með að trúa því, að þeir fjármunir sem hér mundi verða um að ræða, yrði það gert sem þetta frv. gerir ráð fyrir, — ég trúi því ekki fyrr en á því verður tekið, að það sé alls ráðandi sjónarmið alþm., að það eigi að horfa í þá peninga, sem þetta kemur til með að kosta. Fremur ætti að huga að því, að með þessu verður vafalaust hægt að koma í veg fyrir hugsanlegt manntjón sem ella yrði.

Fram kemur í töflu, fskj. sem fylgir þessu frv., og er raunar hrikalegt að sjá það sem þar birtist, þ. e. ástandið í þessum málum á hinum ýmsu landssvæðum. Í sumum landshlutum er þannig ástatt, að velflestir útgerðarstaða þar, sem kæmu til með að heyra undir ákvæði frv. yrði það samþ., eru þannig settir, að þar er bókstaflega engin aðstaða til sundkennslu. Er þó höfuðatvinnuvegurinn sjómennska. Að öllum líkindum eru langsamlega flestir þeirra einstaklinga, sem sjómennsku stunda frá þessum stöðum, ósyndir, en það er vegna þess að engin aðstaða hefur verið fyrir hendi svo áratugum skiptir til þess að þeir gætu lært að synda.

Það verður að teljast furðulegt sjónarmið að hálfu Alþingis Íslendinga, að lagst skuli vera gegn því, að þessu verði breytt, þegar það er haft í huga að við höfum verið og erum enn fiskimannaþjóð, sem byggjum fyrst og fremst lífsafkomu okkar á starfi þeirra einstaklinga sem hér um ræðir, þ. e. a. s. sjómannastéttarinnar. Hér er sem sagt uppi af hálfu menntmn., fulltrúa þeirrar n., þetta sama gamla sjónarmið: Við gerum öllum jafnt undir höfði í þessu tilfelli, — þó að dæmin sýni að fjöldi staða á landinu býr við þær kringumstæður að gjörsamlega vonlaust er að þeir geti, miðað við gildandi lög, í náinni framtíð hafið byggingu mannvirkja að þeirri gerð sem þarf til þess að þessum þörfum sé fullnægt. Svarið er sem sagt: Hversu illa þið eruð settir, sem búið á þessum stöðum, skiptir engu. Við látum sömu lagaákvæði gilda fyrir alla.

Ég harma að þetta viðhorf skuli ríkja innan hv. menntmn. Ég vona að það sé ekki mjög ríkjandi í hv. deild eða á Alþ. almennt eins og virðist vera innan menntmn., því allir, bókstaflega allir fulltrúar í þeirri n. virðast vera um það sammála að drepa þetta mál. Það hlýt ég og við flm. þessa frv. að harma mjög. En því virðist ekki verða breytt að því er varðar hv. nm. í menntmn. Þeir hafa haft sama sjónarmið og sömu viðhorfin í öll skiptin sem málið hefur farið til n. og fengið umfjöllun þar, og það er ekki að sjá að nein breyting sé væntanleg. Ég vona eigi að síður í lengstu lög, að hv. deild sé ekki á sömu skoðun og menntmn. Ég vænti þess fastlega að gripið verði fram fyrir hendur menntmn. og deildin samþykki þetta frv. eins og það liggur fyrir. Ég vænti þess að deildin hafni frv. ekki eins og menntmn. gerir, þó hún með yfirklóri leggi til að því verði vísað til ríkisstj. með þeirri umsögn að hún telji að málið

sé ekki svo réttlætanlegt að það beri að samþykkja á þinginu.

Eins og ég sagði áðan, hlýt ég að greiða atkvæði gegn því að málinu verði vísað til ríkisstj. með þessari umsögn, því umsögnin er um það að hafna málinu.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Öllum er kunnugt um að það eru tvær aðferðir til hér á þingi, ef menn vilja hafna frv. eða „drepa" þau, eins og hv. síðasti ræðumaður tók til orða. Önnur aðferðin er sú, að leggja einfaldlega til, að frv. verði fellt eða till. verði felld. Hin er að láta till. daga uppi í viðkomandi n. Sú aðferð er oft notuð af tillitssemi við flm., eins og hv. alþm. vita mætavel.

Hins vegar hefur það skeð með þetta mál, að það hefur þrívegis verið flutt og þrívegis hefur menntmn. þessarar d. skilað áliti um að því skuli vísað til ríkisstj. til nánari athugunar. Þess vegna er það tilhæfulaus staðhæfing og röng ályktun, að menntmn. vilji drepa þetta mál. Ég get hins vegar ekki sjálfur farið leynt með þá skoðun mína, að ég tel það mikla annmarka á þessu frv., að það er útilokað að samþ. það eins og það er úr garði gert. Ég hef þó lýst því yfir í umr. um þetta mál og í umr. um önnur mál, að ég mundi fylgja hv. þm. Karvel Pálmasyni og öllum þeim öðrum sem koma með skynsamlegar till. um auknar fjárveitingar til skólabygginga og til íþróttabygginga. Þessi till. felur það ekki í sér. Það mun ekki standa á mér, ef slíkar till. koma fram, sem ráða bót á þeim mikla fjárhagsvanda sem íþróttamannvirkin eiga við að búa hvarvetna um landið. Þá mun ég fylgja þeim tillögum.

Sá hávaði, sem hv. flm. og síðasti ræðumaður gerir út af þessu máli og afgreiðslu menntmn., er algjörlega ástæðulaus þegar á það er litið, að samkvæmt lögum skal ríkissjóður greiða helminginn af skólakostnaði og viðkomandi sveitarfélag hinn helminginn, en þegar um íþróttamannvirki er að ræða, eins og sundlaugar eru, þá greiðir íþróttasjóður til viðkomandi sveitarfélags eða viðkomandi íþróttafélags, sem byggir íþróttamannvirkið, allt að 70% af þeim helmingi. Hér er því meira bitamunur en fjár. Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega út, en ég held að það sé öllum ljóst, að eins og reglan er núna, að helmingurinn sé greiddur af ríkinu og helmingur af sveitarfélagi, þá fylgir það á eftir, að Íþróttasjóður greiðir 50%, sem sveitarfélag greiðir aftur, allt að 70%. Þó þetta breytist þannig að reglan verði varðandi skólamannvirki um 75 á móti 25, þá er hér um sáralítinn mun að ræða sem skiptir sveitarfélögin ákaflega litlu máli. Okkur er hins vegar ljóst, sem höfum starfað hér í nokkur ár á Alþ., að það er sífellt vandamál að útvega fé til byggingar skólamannvirkja, listinn er mjög langur og óskir koma hvaðanæva að um að byggja skólamannvirki, og listinn er enn þá lengri frá þeim sveitarfélögum og aðilum sem vilja byggja íþróttamannvirki. Það er jafnvel svo komið, að slík mannvirki eru fullbyggð og búin að vera í notkun í mörg ár áður en Íþróttasjóður getur sinnt þeirri skyldu sinni að greiða sinn hluta í kostnaðinum af byggingu þessara húsa. Þess vegna er okkur miklu nær að reyna að leysa vandamál Íþróttasjóðs og afla honum meiri tekna, þannig að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Ég held að sú leið yrði miklu hagkvæmari og árangursríkari fyrir þau sveitarfélög sem hv. þm. hefur í huga.

Ég er ekki sammála þeirri reglu, að í lögum skuli vera ákvæði sem gerir greinarmun á styrkjum til aðila eftir því, hversu stórir viðkomandi staðir eru. Ég tel það vera ranga reglu í lögum og óviðeigandi. Þess vegna get ég lýst því alveg feimnislaust yfir, að ég er andvígur þessu frv. eins og það liggur fyrir, en ég styð vissulega þá hugsun að gera sveitarfélögum frekar kleift en nú er að ráðast í slíkar byggingar. Mun ég fylgja flm. og síðasta ræðumanni í slíkri tillögugerð, ef hún er skynsamlega úr garði gerð.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég hef aldrei farið í grafgötur um afstöðu hv. þm. Ellerts B. Schram til þessa máls eða mála hliðstæðra þessu, sem varða hina smærri og verr settu staði. Það hefur komið fram og er mér ekkert nýnæmi, að hann er í afstöðu sinni til þessara mála andvígur því, að þessum hinum smærri stöðum sé gert kleift að standa jafnfætis því kjördæmi sem hann er þingmaður fyrir, þ. e. a. s. Reykjavík.

Hv. þm. sagði: Þetta er bitamunur, en ekki fjár. — Já, það má svo sem vel vera, að þessi hv. þm. telji svo vera. En við höfum nýjasta dæmið um þetta fyrir augum. Sjávarpláss, sem telur um 1100 íbúa og er vestur á fjörðum, þarf að borga 35 millj. kr. meira, eins og lögin eru í dag, en það hefði þurft að gera ef frv., eins og það liggur fyrir, hefði verið í gildi. Það er talsvert mikið fé. Ég hygg að íbúum þessa staðar þyki það ærin byrði að axla 35 millj. vegna þessa eina mannvirkis sem hér um ræðir, þó að hv. þm. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv., telji þetta bitamun, en ekki fjár. Ég er a. m. k. viss um að flokksbræður hans vestra eru honum ekki sammála um það, að einungis sé um að ræða bitamun, en ekki fjár. Og þó að ég taki þetta sem dæmi, sem ég hef nú nefnt, þá blasir þetta hvarvetna við á öllum þessum smærri stöðum, sem ekki hafa getað byggt þessi mannvirki vegna kostnaðarins sem í kringum þau er. Ef út í þetta yrði farið eða í það yrði ráðist, þá blasir við að þessir smáu staðir þyrftu að leggja fram milljónatugi til að standa undir framkvæmdum af þessu tagi. Það er bitamunur, en ekki fjár, segir Ellert B. Schram. Það er hægur leikur að segja svona lagað hér á Alþ. En ég hygg að ef þessi hv. þm., og aðrir alþm. finnast sömu skoðunar og hann, ef þeir kynntu sér kringumstæður, aðstæður á þessum stöðum, aðbúnaðinn, þá hygg ég að þessum annars ágætlega gefnu þm. á borð við hv. þm. Ellert B. Schram yrði ljóst, að það eru rangar hugmyndir sem þeir hafa gert sér um aðstöðuna á þessum stöðum. Þeir hafa ekki komist í snertingu við raunveruleikann sem þarna er um að ræða. Kæmust þeir það, sem væri óskandi, er ég viss um að miklum mun betur gengi að koma þeim í skilning um það, að hér er á ferðinni slíkt réttlætismál öllu þessu fólki til handa, að ekki er sæmandi Alþ. að standa gegn því — ekki einu sinni hv. þm. Ellert B. Schram, þó þm. Reykv. sé, ég tala nú ekki um þm. þeirra kjördæma sem hér eiga hlut að máli og verst eru sett, allra síst er þeim sæmandi að beita sér gegn þessu, enda

láta þeir lítt í sér heyra nú, þeir hinir sömu sem hér eiga hlut að máli.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði: Ég mundi taka undir skynsamlegar till. um aukið fjármagn til íþróttamannvirkja, ef fram kæmu. Þetta frv. er það ekki. Það er alls ekki skynsamlegt, segir þessi hv. þm., að gera íbúum þessara staða jafnkleift og öðrum að hafa þessa aðstöðu. Það er óskynsamlegt. — Hv. þm. má þó eiga það, að hann dregur enga dul á þetta viðhorf sitt, þessa afstöðu sína. En hvað eru þá skynsamlegar leiðir, skynsamlegar till. til úrbóta? Ég sagði það, held ég, í framsögu fyrir þessu frv. á sínum tíma, og hef sagt það raunar áður, að sú væri ástæðan fyrir því, að þetta frv. nær ekki fram að ganga, að menn telji ekki fjármagn fyrir hendi. Þá tel ég réttlætanlegt að hægja á ýmsum öðrum framkvæmdum í landi okkar, draga þar úr og láta þetta njóta forgangs. Ég er þeirrar skoðunar enn. Ég tel þetta slíkt nauðsynjamál, að þó að mörg önnur séu nauðsynleg, þá sé réttlætanlegt að draga úr á öðrum sviðum og láta þetta njóta forgangs.

Það skal viðurkennt, að ýmsar framkvæmdir í landi okkar að því er varðar skólamál og fleira eru nauðsynlegar, en ég tel þetta þó slíkt nauðsynjamál, að það eigi ekki að vera hornreka fyrir öðrum framkvæmdum, þó nauðsynlegar séu. Sumir hverjir hv. þm., sem standa að áliti menntmn., eins og ég sagði áðan, hafna frv. Ég endurtek, að tekið er undir það sjónarmið manns í kerfinu, ráðandi manns, að óskynsamlegt sé að gera þetta. Auðvitað fara menn ekki að gera nokkuð sem þeir telja sjálfir að sé óskynsamlegt, og þar með er því hafnað. En sumir hverjir þessara hv. þm., sem skrifa undir nál. um að hafna þessu, töldu ekki óskynsamlegt að ráðast í það að byggja verksmiðju uppi á Grundartanga sem kostar tugi milljarða kr. Það var skynsamleg framkvæmd að áliti þessara hv. þm. sumra hverra, — a. m. k. skynsamlegri en sú sem hér um ræðir, að gera íslenskum sjómönnum í útgerðarstöðum kleift að læra sund. Það er miklu óskynsamlegra, segja þessir menn, en bygging járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Svona mætti lengi telja. Það er miklu skynsamlegra, segja sumir hverjir þessara hv. þm., að eyða nokkrum hundruðum milljóna í að kaupa handónýtt hússkrifli hér í Reykjavík — hið margumtalaða Víðishús. Það er miklu skynsamlegri fjárfesting en að byggja sundlaug fyrir sjómenn í sjávarplássum úti á landi, sem er óskynsamlegt í þeirra augum. Og svona mætti halda áfram að telja upp málin hvert á eftir öðru sem þessir hv. þm. — sumir hverjir a. m. k. hafa staðið að samþykkt á hér á Alþ. og krefjast fjár svo milljörðum skiptir eða tugmilljörðum. Fyrirsjáanlegt er að í náinni framtíð sýna slíkar fjárfestingar ekkert nema tap. En skynsamlegar eru þær taldar eigi að síður, a. m. k. skynsamlegri en það sem þetta frv. fjallar um.

Í þessu nál. menntmn. er enn afturgenginn sá gamli draugur, að aldrei má rétta hjálparhönd þeim sem verst eru settir, í þessu tilfelli að byggja upp þessa aðstöðu, sem er langt, langt frá því að vera mannsæmandi, eins og hún er búin að vera um áraraðir á þessum stöðum. Þessir hv. þm. segja: Gjörið þið svo vel. Þið skuluð áfram búa við þessa aðstöðu eins og hún hefur verið í áratugi. Ef þið getið ekki lagt fram nokkra tugi millj. úr eigin vasa heima fyrir, — sem lagt er með aukinni skattheimtu á þá tiltölulega fáu einstaklinga sem þar um ræðir, — ef þið ekki getið það, þá skuluð þið hafa þetta áfram eins og það er. Það er svarið.

Ég endurtek að ég harma að fulltrúar þessara staða hér á Alþ. skuli taka undir þessa afstöðu og kyrja þennan söng með þeim sem harðast eru á móti því, að landsbyggðarfólki sé gert jafnt undir höfði og Reykjavíkurhringnum sem hefur búið við betri hlut um áratugi en það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 56. fundur.

Þriðjudaginn 14. mars, kl. 2 miðdegis.

Orkumál á Austurlandi, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 58 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fyrirspurnir til hæstv. iðnrh.:

„1. Hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um að ráðist verði í virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal á næsta ári? Sé svo ekki, hvenær er þá þeirrar ákvörðunar að vænta?

2. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að ekki komi til orkuskorts á Austurlandi á vetri komanda?"

Eins og þessi fsp. ber með sér í raun og veru, þá kemur í ljós að hún var borin fram á síðasta ári, nánar tiltekið í októberlok s. l., en ýmissa ástæðna vegna hefur henni ekki verið svarað fyrr. Ástæður skulu ekki raktar hér, en margt hefur gerst og skýrst frá þeim tíma er fsp. var fram borin.

Varðandi síðari liðinn er það að segja, að þær dísilvélar, sem þá var um spurt og óvissa ríkti um hvort fengjust, hafa verið teknar í notkun og orkuskorti því afstýrt í vetur að mestu. En varðandi fyrri liðinn hefur í raun ekkert gerst ákveðið a. m. k., engin ákvarðanatekt farið fram. En þó hefur ýmislegt gerst í málinu, skýrt það og upplýst enn betur og um leið hlaðið rökum enn frekar undir það, að ákvörðun væri unnt að taka.

Við þm. Austurl. höfum fengið í hendur fróðlega og góða heildarkönnun frá Hönnun hf. um rannsóknir og niðurstöður vegna fyrirhugaðrar Bessastaðavirkjunar, bók nr. 2 um þetta og síðan umsögn RARIK um hugmyndir og niðurstöður þeirra Hönnunarmanna — mjög jákvæða — og endurskoðun kostnaðaráætlunar, sem miðast við að ljúka eingöngu fullnaðarhönnun virkjunarinnar í ár, en fresta gerð útboðsgagna, vinnubúðum, vega- og brúargerð til ársins 1979. Þar segir með leyfi forseta:

„Nauðsynleg fjárveiting 1978 yrði þá 65 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir, að unnt sé að taka 1. áfanga virkjunarinnar í notkun síðla árs 1982." Í þessari endurskoðuðu kostnaðaráætlun segir einnig, með leyfi hæstv. forseta: „Við endurskoðunina voru fyrri kostnaðaráætlanir endurreiknaðar til verðlags í september 1977. Verði

virkjunin byggð með 56 mw. afli í einum áfanga er áætlaður kostnaður 11 696 millj. kr. og orkuverð 4.54 kr. á kwst., en verði hún byggð í tveimur 28 mw. áföngum, er áætlaður kostnaður við fyrri áfanga 6822 millj. kr., en 5569 millj. við seinni áfanga, eða samtals 12 391 millj. kr. og orkuverð 4.81 kr. á kwst. Áætlaður orkukostnaður virkjunarinnar er talinn innan þeirra marka sem eðlilegt má telja frá virkjun af þessari stærð."

Þetta var úr áliti Rafmagnsveitna ríkisins, sem okkur þm. Austurl. barst í hendur, en fleira hefur og gerst. Fjárlög hafa verið afgreidd, lánsfjáráætlun hefur einnig fengið sína umfjöllun, og hvort tveggja vísar nokkuð leiðina hvert stefnt skuli. Þar er erfitt að finna þá upphæð, sem er þó sú allra lægsta samkv. umsögn RARIK, sem fer til að ljúka eingöngu fullnaðarhönnun virkjunarinnar. Hins vegar er svo það, að menn bíða sífellt óþreyjufyllri eftir ákvörðun um virkjun Bessastaðaár. Ég nefni það, að í síðasta eintaki Austra, málgagni þess stjórnarflokksins sem mestu ræður á Austurlandi, eru höfð nokkur orð um vanefndir hæstv. iðnrh. á loforðum um ákvörðun s. l. haust. Vekja þau nokkra furðu þegar tillit er tekið til þess, að það er annar stjórnaraðilinn sem heldur úti þessu blaði, en það sýnir þó aðeins hann mikla þrýsting eystra sem er varðandi málið.

Hér er um eitt aðalmál, e. t. v. hreint aðalmál fjórðungsins að ræða. Disilkeyrsla eykst stöðugt, *bráðabirgðalausnir æ ofan í æ duga ekki lengur.* Heimildarlögin um virkjunina eru frá 1975 og eftir þær ítarlegu rannsóknir, sem fram hafa farið, og niðurstöðu þeirra er von að menn vænti enn fastlega ákvarðanatöku, þó ekki yrði meira aðhafst en segir í skýrslu RARIK, nú á þessu ári. Meðalaflageta vatnsorkuvera á samtengisvæði Austurlandsveitu, og þá er átt við Grímsárvirkjunarsvæðið eitt, er 10.5 mw að sumarlagi og 5.1 mw. að vetrarlagi. Aflþörfin er um 21 mw. á mesta álagstíma vetrarins, þegar mest reynir á orkukerfið.

Síðustu fréttir af Austurlínu eru ekki heldur uppörvandi fyrir Austfirðinga. Væri kærkomið að hæstv. ráðh. léti í té upplýsingar um hvernig brugðist verði við þeim vanda sem þar er nú á ferð. En þó Austfirðingar styðji þá framkvæmd og samtengingu alls landsins heils hugar, þá munu þeir í engu una því, að það standi á nokkurn hátt í vegi fyrir því, að upp komi í fjórðungnum sjálfsögð meðalstór vatnsaflsvirkjun. Staðreyndin er einnig sú, að þótt flutningsgeta væntanlegrar Austurlínu nýtist til fullnustu, sem verður þó að teljast í meira lagi hæpið, þá yrði disilkeyrslu á Austurlandi ekki útrýmt með því. Allt hnígur því að ákvarðanatöku sem allra fyrst og framkvæmdum í kjölfar þess. Því er aðalspurning Austfirðinga í dag: Hvenær verður ákvörðun tekin um Bessastaðaárvirkjun og hvenær er líklegt að framkvæmdir hefjist?

Varðandi síðari liðinn, sem nú hefur að miklu leyti verið leyst úr, a. m. k. þar sem ástandið hefur verið ótryggast og verst, vildi ég aðeins segja, að þar skortir enn mjög á um næga styrkingu á Suðurfjarðalínu einkum um Stöðlaheiði og raunar víðar. Við þm. Austurl. höfum fengið um það þau svör, að framkvæmdir við þessa styrkingu væru í rekstraráætlun RARIK, svo tryggt ætti að vera að þar yrði að unnið. Hins vegar væri gott að fá staðfestingu hæstv. ráðh. á þessu og einnig því, að ekki yrði um niðurskurð að ræða á verkefnum RARIK á Austurlandi á þessu ári svo sem var á því síðasta.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar Alþ. hafði samþ. lögin um heimild til þess að virkja Bessastaðaá í Fljótsdal var undirbúningur hafinn af Rafmagnsveitum ríkisins. Að þessu verkefni hafa unnið m. a. ráðgjafafyrirtæki um hönnun, Vermir og Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar. Áætlun frá þessum aðilum *um virkjun Bessastaðaár við Hól í Fljótsdal ásamt* umsögn Rafmagnsveitna ríkisins barst iðnrn. um miðjan desember s. l. Mæltu Rafmagnsveiturnar með því að ráðast í þessa virkjun og hafa lagt til að í sumar verði unnið að fullnaðarhönnun hennar, og verður það gert.

Varðandi spurningu um það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að ekki komi til orkuskorts á Austurlandi á þessum vetri, þá er í fyrsta lagi þess að geta, að fest voru kaup á tveimur 660 kw. disilvélum og voru þær settar niður á Breiðdalsvík og í Vopnafirði. Í öðru lagi: Tímabundin heimild fékkst til hækkunar á vatnsborði í Lagarfljóti í vetur úr 20.5 m í 21 m, en það eykur öryggi í orkuöflun fyrir svæðið. Í þriðja lagi: Reyðarfjarðarlína milli Grímsárvirkjunar og Stuðla í Reyðarfirði hefur verið tekin í notkun. Það hefur í för með sér, að öryggi í orkuflutningi frá Lagarfossvirkjun og Grímsárvirkjun niður á firði tvöfaldast og flutningsgetan meira en tvöfaldast. Enn fremur sparast um 1 mw. eða 1 þús. kw. við þessa framkvæmd vegna minnkaðra tapa í dreifikerfi. Í fjórða lagi: Auk þessa má *geta þess, að brúsun háspennulínu milli* Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur verður lokið í ár og stefnt er að því að ljúka uppsetningu aðveitustöðva á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík og hækka síðan spennuna á línunni frá Stöðvarfirði til Djúpavogs í 33 kv., en það eykur mjög flutningsgetu línunnar.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans. Það kom glöggt í ljós í máli hans, að engin bein ákvörðun um þessa virkjun hefur verið tekin eða jafnvel að það megi ekki vænta hennar á næstunni. Það verður aðeins unnið að fullnaðarhönnun, svo sem gert er ráð fyrir í þeirri skýrslu eða umsögn Rafmagnsveitna ríkisins sem ég áðan minnti á, og það þýðir það, að mér skilst, að það eigi þá að vera tryggt að þessar 65 millj., sem til þess þarf, fáist til þess að ljúka fullnaðarhönnuninni.

Ég verð að segja það, að þó að það liggi fyrir að áfram verði unnið þannig, þá munu Austfirðingar verða mjög óhressir yfir því, að ekkert annað skuli fram koma í svörum hæstv. ráðh. sem hönd á festir. Við því er ekkert að segja. Það er sem sagt greinilegt, að að þessu máli verður aðeins þannig unnið, að hægt verði að segja að fullnaðarhönnun sé lokið, en ákvörðun um það, að þarna skuli virkjað, og framhald málsins í heild er allt jafnóljóst og áður. Það er fullljóst, og það er það sem skiptir auðvitað mestu máli fyrir okkur Austfirðinga að vita.

Ég hygg að menn muni undra þetta mjög. Ég

tók eftir því einmitt í áðurnefndri Austragrein, að þar var minnt sérstaklega á loforð hæstv. ráðh. á fundi þar eystra fyrir nær ári, að þar hefði hæstv. ráðh. gefið loforð um að ákvörðun yrði tekin 1977, þ. e. s. l. haust. Hvort hér er rétt eftir haft, veit ég ekki, þar sem ég var ekki á þessum fundi, en þetta var sem sagt fullyrt í blaði samstarfsmanna hæstv. ráðh. í ríkisstj. Og nú þegar ár er liðið frá þessu, eða nær ár liðið frá þessum fundi, þá er von að menn séu orðnir býsna langeygir eftir efndunum.

Niðurstaða Rafmagnsveitna ríkisins er sú, að nauðsynlegt sé að Bessastaðaárvirkjun geti hafið orkuframleiðslu eigi síðar en á árinu 1982. Þar er einnig gert ráð fyrir því, að strax á árinu 1983 yrði beinn hagnaður af þessu, miðað við dísilkeyrsluna, sem annars yrði, um 204 millj. kr. Síðan eru aftur settir fram hinir ýmsu valkostir og möguleikar og m. a. tekið inn í, hvaða möguleikar eru á flutningi Austurlínu til Austurlands eða til Austurlandsveitusvæðisins. Ég endurtek þess vegna, vegna þess að auðvitað skiptir það okkur mjög miklu nú, þegar ekki liggur fyrir ákvörðun um Bessastaðaárvirkjun, ekki liggur fyrir að ákvörðun um hana verði tekin í bráð: Hvernig verður þá að Austurlínunni staðið á þessu ári? Vandkvæði eru þar mikil nú og erfiðleikar og það er a. m. k. lágmark, að mér finnst, að Austfirðingar fái þá að vita núna frá hæstv. ráðh., ef hann getur svarað því á þessari stundu, hvort ekki sé tryggt að að þeim framkvæmdum verði þannig staðið að Austurlínan komist í gagnið.

Ég þakka hæstv. fyrir svör hans, þó ég verði að láta í ljós mikil vonbrigði mín með það, að aðalspurningunni, sem þarna var að hæstv. ráðh. beint, var í raun ekki svarað.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér var spurt um það, hvort ákvörðun hefði verið tekin af ríkisstj. um að ráðast í Bessastaðaárvirkjun á Austurlandi. Ég hlustaði á svar hæstv. ráðh. og veitti því athygli, að um þetta atriði sagði hann ekki eitt einasta orð. Hann sagði aðeins að unnið yrði að því að fullgera hönnun á þessu mannvirki, eins og till. hefðu legið fyrir um. En nú efast ég ekkert um það, að hæstv. ráðh. geri sér grein fyrir því, að búið er að bíða eftir þessu svari æðilengi. Það var fyrir löngu búið að leggja til að ráðist yrði í þessa virkjun, og það lágu fyrir býsna ítarlegar athuganir um málið og þörfin var ótvíræð. Mér er vel kunnugt um það, að hæstv. ráðh. hefur fylgst gjörla með þessu máli og veit hvernig málin standa. Það er því alveg útilokað annað en hann viti svar við þessari spurningu, og svarið dugar í rauninni ekki á þá leið, að það hafi ekki verið tekin ákvörðun. Ég geri ráð fyrir því, að þannig standi málið, að ekki hafi verið tekin ákvörðun. Ég vil því fara fram á það, að hæstv. ráðh. segi eitthvað til um það, hvernig þetta mál stendur í raun og veru. Er einhver tregða á því í ríkisstj. að taka ákvörðun í málinu? Gerir hæstv. ráðh. sér vonir um að fá málið afgreitt í ríkisstj. nú á næstunni? Það er í rauninni að ganga alveg á svig við spurningu þá, sem liggur fyrir, að gefa ekki skýringar á þessu.

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. ráðh. bæti við það svar, sem hann hefur gefið, upplýsingum um þetta atriði: Hvaða vonir hefur hann um það, að ríkisstj. taki ákvörðun í málinu? Má búast við þeirri ákvörðun nú á næstunni? Eða er þarna um einhverja tregðu að ræða, þannig að hæstv. ráðh. komi málinu ekki í gegnum stjórnina? Ég vænti þess fastlega, að hann gefi svör við þessum spurningum mínum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Svar mitt áðan beindist auðvitað að því fyrst að svara fyrirspurnum hv. þm. Helga F. Seljans, en ekki svara blaðagreinum. Hins vegar hefur hv. þm. nú ítrekað minnst á ummæli í blaði á Austurlandi, þar sem því er haldið fram að ég hafi gefið loforð um að tekin yrði ákvörðun um Bessastaðaárvirkjun á einhverjum ákveðnum tíma. Slíkt er náttúrlega mishermi af þeirri einföldu ástæðu, að ég hef aldrei, hvorki fyrr né síðar, gefið nokkurt loforð um að ákvarðanir yrðu teknar á tilteknum tíma.

Við skulum aðeins rifja upp þetta mál. Það var eitt af mínum fyrstu verkum sem iðnrh. að flytja frv., sem var samþ. hér í Alþ., um heimild til virkjunar Bessastaðaár. Þá þegar var Rafmagnsveitum ríkisins falið að undirbúa það mál allt. Áður en þeim undirbúningi var lokið upphófu sumir hv. þm. kröfur um það, eins og sá sem síðast talaði, að þegar í stað yrði tekin ákvörðun um þessa virkjun, þó að rannsóknum og undirbúningi væri ekki fyllilega lokið. Úr öðrum áttum hafa nú fremur beinst til núv. iðnrh. ásakanir um það, að framkvæmdir hafi gengið helst til hratt og hefði átt að bíða eftir meiri undirbúningi.

En staðan í sambandi við Bessastaðaárvirkjun hefur auðvitað verið sú, að ákvarðanataka kom auðvitað og kemur ekki til greina fyrr en undirbúningi er nægilega langt á veg komið. Það var haustið 1976, að ég ætla, að sumir töldu að undirbúningi væri nægilega langt á veg komið til þess að taka ákvörðun. En þá bárust mér tilmæli og ákveðnar óskir bæði frá Orkustofnun og frá Rafmagnsveitum ríkisins um að ákvörðun yrði frestað til þess að þessum stofnunum gæfist kostur á frekari athugunum og samanburði á fleiri en einum virkjunarmöguleika. Að sjálfsögðu var orðið við þessari ósk þessara tveggja stofnana, annað kom auðvitað ekki til greina. Að þessari athugun og samanburði var síðan unnið, eins og ég greindi í svari mínu, og það var um miðjan desember sem niðurstaða lá fyrir og Rafmagnsveiturnar rituðu iðnrn. bréf, þar sem skýrt var frá þessum niðurstöðum og mælt með virkjun í Bessastaðaá með nokkuð öðru sniði raunar en áður, talið eðlilegt að hún yrði byggð í tveimur áföngum.

Það var öllum ljóst, að um miðjan desember var ekki hægt að koma inn nýjum stórframkvæmdum í fjárlög eða lánsfjáráætlun, þar sem svo að segja var lokið meðferð þeirra mála. Þess vegna er ekki í fjárlögum eða lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 gert ráð fyrir framkvæmdum við Bessastaðaárvirkjun. Þetta liggur auðvitað svo ljóst fyrir, að um þetta ætti ekki að þurfa að deila. Hins vegar er sjálfsagt að halda áfram þessu máli með þeim hraða sem frekast er hægt.

Till. Rafmagnsveitnanna hafa verið þessar nú: að vinna að fullnaðarhönnun og undirbúningi útboðsgagna fyrir virkjunina á þessu ári. Eins og ég tók fram áðan, verður það gert.

Varðandi spurningu um Austurlínuna, þ. e. a. s. byggðalínuna frá Kröflu í Skriðdal, þá er ætlað til hennar fé í fjárlögum. Það er gert ráð fyrir í fjárlögum, að til línunnar Krafla-Eyrarteigur verði varið til fjárfestingar 1 milljarði 69 millj. kr., og svo er að sjálfsögðu í lánsfjáráætlun, þar sem ráðgert er að þetta verði unnið fyrir lánsfé, tilsvarandi upphæð.

Þessi fjárveiting eða heimild var byggð á því að ljúka Austurlínunni á þessu ári, þannig að hún kæmist í notkun fyrir næsta vetur. Þessi fjárhæð var við það miðuð. Eins og kunnugt er af fregnum, er komið nokkuð af efni í þessa línu til Reyðarfjarðar sem ekki hefur verið leyst út enn. Stjórnendur Rafmagnsveitnanna og iðnrn. hafa lagt sig fram um það að fá greitt fé af þessari upphæð í fjárlögum og lánsfjáráætlun til þess að leysa út þetta efni og annað sem kemur nú í þessum mánuði og aprílmánuði, svo að hægt verði á næstunni að hefja þessar framkvæmdir.

Það kemur svo fram nú, að til þess að ljúka línunni þarf nokkurt viðbótarfjármagn. Ástæðan til þess er sú, að Rafmagnsveitum ríkisins var falið af fjmrn. við undirbúning að miða kostnaðaráætlun um þessa framkvæmd, eins og aðrar framkvæmdir, við kostnað í maímánuði 1977. Þessi tala, sem í fjárlögum og lánsfjáráætlun stendur, er því byggð á kostnaði í maí 1977. Það er öllum ljóst, að miðað við verðlagshækkanir og kauphækkanir síðan bætist töluverð upphæð við þessa fjárhæð sem er nauðsynlegt að afla til viðbótar til þess að ljúka línunni.

Á það verður auðvitað að leggja áherslu og hefur þegar verið lögð áhersla í fyrsta lagi, að ekki dragist lengur greiðslur til þess að leysa út það efni, sem þegar er komið, og ekki standi á útborgunum til þess að halda verkinu áfram með eðlilegum hætti, eins og Alþ. hefur ákveðið að gera, og í öðru lagi að reynt verði að afla viðbótarfjár til að ljúka þessari línu. Það er ljóst, að ef línan kæmist ekki í notkun í haust mundi leiða af því hin margvíslegustu vandræði, bæði fyrir almenning og allt atvinnulíf á Austfjörðum, og mundi kosta stórkostlegar fúlgur við dísilkeyrslu. Kallar það á miklu meiri gjaldeyriseyðslu heldur en þó það þyrfti jafnvel í erlendum gjaldeyri að afla fjár til þessarar framkvæmdar.

Ég tel að ég hafi þá svarað þeim viðbótarfyrirspurnum sem fram hafa komið, en vitanlega er það rétt hjá hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, að formleg ákvörðun hefur ekki verið tekin í ríkisstj. um þessi mál. Hins vegar er ljóst, að eftir þær athuganir og rannsóknir, sem fram hafa farið, og þá ákveðnu till. eða umsögn Rafmagnsveitna ríkisins, að þetta sé mjög æskileg virkjun og í rauninni nauðsynleg, þá er það skoðun mín að í þessa virkjun verði ráðist svo fljótt sem tök eru á. En næsta skrefið í þessu efni er að ganga frá fullnaðarhönnun og gerð útboðsgagna, eins og gert verður á næstunni.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hæstv. ráðh. talaði um, að ekki væri rétt að flana að neinu í þessu efni. Það á nú tæpast við lengur um þetta mál. Ég vil taka það fram, að þegar ég bar fram þessa fsp., þá var það ekki fyrr en við höfðum um það vitneskju, að niðurstöður væru þegar komnar á borð hæstv. ráðh. eða mundu vera væntanlegar þangað frá Hönnun hf. og umsögn Rafmagnsveitnanna kæmi svo þar beint í kjölfarið. Og í raun og veru var meira búið að gerast, því að í umsókn Rafmagnsveitna ríkisins vegna fjárlagagerðar s. l. haust var óskað eftir 430 millj. kr. framlagi til Bessastaðaárvirkjunar í ár innan ramma framkvæmdaáætlunar, sem miðaðist þá við að taka 1. áfanga virkjunarinnar í gagnið fyrir árslok 1981. Þegar þetta lá fyrir einnig, að ég vissi af þessum frumtillögum Rafmagnsveitnanna og seinna vissi ég um varatillögu Rafmagnsveitnanna upp á 110 millj. í þessu skyni, þá þótti mér ekki að neinu flanað þó þessi fsp. væri fram borin.

Það er rétt sem hæstv. ráðh. segir, að hann er ekki kominn í þennan ræðustól til þess að svara blaðagreinum. En hans ágætu samstarfsmenn beindu þessum fyrirspurnum til hæstv. ráðh. í leiðar sínum og mér þótti líklegt, að kurteisinnar vegna hefðu þeir sent honum þetta blað sitt með þessum leiðara til þess að hann gæti svarað, því svars var mjög eindregið óskað frá hæstv. ráðh. eða einhverjum hans manna hér á þingi.

Raforkumál á Austurlandi, fsp. (þskj. 58). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hluti af því, sem ég spyrst fyrir í minni fsp., hefur verið ræddur hér, en fsp. mín er svo hljóðandi:

„1. Hvað líður rannsóknum um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal og hvenær verður hægt að taka ákvörðun um byggingu virkjunar þar? Ef niðurstaða um stærð og hagkvæmni virkjunar liggur nú fyrir, hyggst iðnrh. leggja til að virkjunin verði byggð og þá hvenær?

2. Hvaða rannsóknir áttu sér stað á öðrum virkjunarmöguleikum á Austurlandi í sumar? Hver var árangur rannsóknanna og helstu niðurstöður?

3. Hvaða áætlanir eru um að leggja háspennulínu:

1. Til Hornafjarðar frá Eyrateigi í Skriðdal?

2. Til Vopnafjarðar, væntanlega frá Lagarfossi?

3. Til Bakkafjarðar frá Þórshöfn?“

Ég lagði þessa fsp. fyrir þingið s. l. haust, og áður hafði ég kynnt iðnrh. efni hennar. Það var ljóst á s. l. vetri og að því stefnt og margítrekað, að skýrsla um hagkvæmni virkjunar við Bessastaðaá mundi liggja fyrir á s. l. hausti og þá væri nægilegur grundvöllur fyrir hendi til þess að taka um hana ákvörðun. Ég vil leggja á það áherslu, að hvorki ég né flestir, sem rætt hafa um þetta mál, höfum viljað hraða ákvörðun, þannig að niðurstaða lægi ekki fyrir um hagkvæmni virkjunarinnar. Það er alveg ljóst, að nauðsynlegt er að slík niðurstaða sé fyrir hendi til þess að slík ákvörðun verði tekin. Það voru margir orðnir nokkuð langeygir eftir því, að sú

niðurstaða kæmi fram miðað við það sem áður hafði verið sagt og stefnt að.

Á s. l. hausti, eða rétt fyrir áramót, leggja Rafmagnsveitur ríkisins það til við iðnrn. að þá þegar verði tekin ákvörðun um 1. áfanga Bessastaðaárvirkjunar. Ég ætla ekki að fara að rökstyðja þessa till. Það er öllum ljóst, að það stefnir í vandræði enn einu sinni í raforkumálum á Austurlandi. Menn hafa út af fyrir sig alla tíð búið þar við vandræðaástand og Austfirðingar orðið út undan eða mætt afgangi í sambandi við þær raforkuframkvæmdir sem hafa verið í landinu. Mönnum finnst að nú sé komið að því að leysa þau vandamál sem þar eru fyrir hendi.

Til þess að leysa þessi vandamál er hægt í fyrsta lagi að leggja línu austur. Gera allir ráð fyrir að hún verði lögð, og er þess að vænta að ráðið verði fram úr þeim fjárhagsvandræðum sem þar eru komin upp. En lagning þeirrar línu nægir ekki vegna þess að það mun koma aftur upp vandræðaástand 1982, sérstaklega með tilliti til þess að Kröfluvirkjun komist ekki í gagnið. Auk þess er öryggissjónarmiðum ekki fullnægt í raforkumálum. Ég vil þess vegna fá svar við því hjá hæstv. iðnrh., hvort hann hyggst leggja til að þessi virkjun verði byggð, hvort hann hafi nú þegar lagt það til í ríkisstj. og hvenær þessi virkjun verði þá byggð.

Það er öllum ljóst, að auðvitað verða menn að hafa fjármagn til þess að gera þetta. Alveg er ljóst að ekki er hægt að byggja virkjun öðru vísi en að fá eitthvert fjármagn til þess. En það, sem ríður á núna, er að taka þessa ákvörðun, þannig að menn viti hvert stefnir, ekki verði byrjað á virkjuninni án þess að vita hvort hún er hagkvæm. Það liggur þegar fyrir, að menn álíta að virkjunin sé hagkvæm. Þess vegna er nauðsynlegt að taka ákvörðun um það, hvenær þetta skuli gert og hvort það skuli gert. Mér sýnist að það séu öll merki þess, að slíka ákvörðun sé hægt að taka.

Ég tók eftir því, að hæstv. iðnrh. sagði réttilega að ekki hefði verið gert ráð fyrir fjárframlagi í Bessastaðaárvirkjun. Hins vegar var mér tjáð við fjárlagaafgreiðslu, að fjármagn til virkjunarmála á Austurlandi væri lagt til Orkustofnunar. Var nokkuð rætt um það, að hægt væri að nota það fjármagn, sem þar væri, í þessu skyni. Það er alveg ljóst, að við verðum að taka orkumálin í framkvæmdaröð eftir mikilvægi, og það er það sem er brýnast í virkjunarmálum að koma þessu verki af stað, en ekki önnur verkefni.

Í öðru lagi spyr ég um það, hvaða rannsóknir hafi átt sér stað á öðrum virkjunarmöguleikum á Austurlandi í sumar. Mér er ljóst, að þar hafa átt sér stað ýmsar rannsóknir. Þar er væntanlega um að ræða undirbúning að stefnumörkun í virkjunarmálum á Austurlandi. Er mjög forvitnilegt og nauðsynlegt fyrir Austfirðinga að fylgjast með því. Þar hefur verið rætt um margar hugmyndir. Sumar hugmyndirnar eru svo fráleitar að þær koma vart til greina, eins og að sameina allt vatn, sem rennur austur í land, og hluta af því, sem rennur norður í land. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að almenningur á Austurlandi geti fylgst með því, hvað þarna er um að vera.

Í þriðja lagi: Hvaða áætlanir eru um að leggja háspennulínu: til Hornafjarðar frá Eyrarteigi, til Vopnafjarðar, væntanlega frá Lagarfossi, til Bakkafjarðar frá Þórshöfn? Þegar hefur verið ákveðið með afgreiðslu fjárlaga að leggja línuna til Bakkafjarðar frá Þórshöfn, en ég spyr, hvort það séu til áætlanir um að leggja aðrar línur. Að sjálfsögðu fer það eftir því einnig, hvaða fjármagn verður til þeirra hluta, en hins vegar er nauðsynlegt að gera um það áætlanir, hvenær þessu skuli lokið. Þetta eru mjög nauðsynlegar framkvæmdir til að tryggja raforkudreifingu á Austurlandi. Þess vegna spyr ég um að hverju sé stefnt í því sambandi ef fjármagn fæst.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég mun svara 1. og 2. lið fsp. hv. þm. sameiginlega.

Undanfarið hefur Orkustofnun unnið að kortagerð, vatnamælingum og jarðfræðirannsóknum á vatnasviðum jökulsánna sem upptök eiga í norðanverðum Vatnajökli: Jökulsár á Fjöllum, Jökulsár á Brú og Jökulsár í Fljótsdal. Er nú að mestu lokið við að kortleggja vatnasviðin á mælikvarðanum 1:20000 með 5 m mismun milli hæðarlína. Á s. l. ári var unnið áfram að jarðfræðirannsóknum m. a. með kjarnaborunum á Eyjabökkum við Jökulsá í Fljótsdal og á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Bessastaðaárvirkjunar. Þá hefur vatnamælingum verið haldið áfram og vatnshæðarmælum fjölgað.

Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins hafa sameiginlega látið gera samanburðaráætlanir um heildarnýtingu á vatnsorku umræddra jökulsáa. Markmið slíkra áætlanagerða er að leggja grundvöll að frekari virkjunarrannsóknum, sem æskilegt er að skipuleggja fram í tímann. Með samanburðaráætlunum er leitast við að ákvarða hagkvæmustu virkjunartilhögun, þannig að unnt verði að takmarka kostnaðarsamar framhaldsrannsóknir við líklegustu virkjunarstaði. Áhersla hefur verið lögð á að bera saman og gera grein fyrir hugsanlegum upphafsáföngum virkjana á Austurlandi og þá einnig leitað út fyrir vatnasvið jökulánna.

Hér hafa einkum komið til álita: virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, Múlavirkjun, virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði og virkjun Fossár í Berufirði — Berufjarðarvirkjun.

Bessastaðaárvirkjun virðist álitlegust þessara virkjana, og hefur frekari áætlanagerð beinst að henni. Hagkvæmast er talið að virkja úr Hólmalóni með þrýstivatnspípum að stöðvarhúsi sem fyrirhugað er skammt frá bænum Hóli í Fljótsdal. Vatni til virkjunarinnar verður safnað á Fljótsdalsheiði, eða nánar tiltekið með veitum úr Grjótá, Hölkná, Þórisstaðakvísl og Laugará og er meðalrennsli, að meðtöldu aðrennsli til Gilsárvatna og Hólmavatns talið nema 7.1 kílólítra á sekúndu.

Orkugeta Hólmsárvirkjunar hefur verið áætluð 335 gwst. á ári miðað við 130 gígalítra heildarmiðlun. Hefur orkuvinnslugetan þá verið skilgreind sem aukning á orkuvinnslu núverandi landskerfi, eftir að Hraunevjafossvirkjun hefur hafið orkuvinnslu og orkuveitusvæði Austurlands verði tengt við landskerfi með Austurlínu. Uppsett afl er fyrirhugað 56 mw. og áætlaður stofn-

kostnaður nálægt 12 400 millj. kr. miðað við verðlag í sept. 1977. Til greina kemur að virkja í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga er þá ráðgert að veita Þórisstaðakvísl í Gilsárvötn, sem yrðu stífluð og veitt í Hólmalón. Þaðan yrði virkjað á sama hátt og áður er lýst, en einungis lögð pípa að annarri vélasamstæðu af tveimur.

Með 40 gígalítra miðlun í Hólmalóni er áætluð orkuvinnslugeta fyrri áfanga 120 gwst. á ári, miðað við sömu forsendur og áður greinir. Stofnkostnaður fyrri áfanga með 28 mw vélasamstæðu er áætlaður nálægt 6800 millj. kr. að meðtöldum áföllnum kostnaði.

Svör við þriðju fsp. hv. þm. eru á þessa leið:

1. Línuleið fyrir 132 kílóvolta háspennulínu frá Eyrarteigi í Skriðdal um Djúpavog til Hafnar í Hornafirði hefur verið könnuð. Rafmagnsveitur ríkisins gerðu till. um 30 millj. kr. fjárveitingu í fjárlögum 1978 til mælingar á línuleiðinni, en till. var ekki tekin í fjárl. Ákvörðun um tímasetningu línulagningarinnar hefur ekki verið tekin.

2. Rafmagnsveiturnar gerðu till. til fjárlaga 1978 um lagningu háspennulínu frá Lagarfossvirkjun til Vopnafjarðar. Var gert ráð fyrir að heildarkostnaður með aðveitustöðvum yrði 632 millj. kr. Till. var ekki tekin í fjárl. fyrir 1978.

3. Rafmagnsveiturnar gerðu till. til fjárlaga 1978 um lagningu háspennulínu frá Þórshöfn til Bakkafjarðar, heildarupphæð 51 milljón kr., og er sú framkvæmd í fjárlögum fyrir árið í ár.

Hv. þm. spurðist fyrir um það til viðbótar þessum prentuðu fsp. hvort ég hefði lagt til í ríkisstj. að ákvörðun yrði tekin um Bessastaðaárvirkjun. Því vil ég svara að sjálfsögðu. Eins og ég gat um áður, barst umsögn rafmagnsveitustjóra ríkisins fyrir miðjan des. Þar er mælt með því, að ákvörðun verði tekin um 1. áfanga Bessastaðaárvirkjunar. Þessa grg. lagði ég fram í ríkisstj. þá strax á eftir og lagði til að samþykkt yrði till. Rafmagnsveitna ríkisins. Málinu var frestað og er til meðferðar hjá ríkisstj. Að því er snertir fjármagn til Bessastaðaárvirkjunar, þá sagði ég áðan, að af ástæðum, sem menn hlytu að skilja þar sem fjárlög og lánsfjáráætlun voru í raun þegar afgreiddar þegar þessi umsögn og gögn komu um miðjan des., er ekki í þeim — þ. e. a. s. í fjárlögum eða lánsfjáráætlun — ætlað fé til framkvæmda við Bessastaðaárvirkjun. Hins vegar tók hv. þm. réttilega fram, að gert er ráð fyrir fé til rannsókna. Ég hef gert ráð fyrir, eins og ég hef tvisvar tekið fram, að nokkrum tugum milljóna a. m. k. verði varið til fullnaðarhönnunar og gerðar útboðsgagna nú í ár.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Það var út af fyrir sig misskilningur, að ég hefði beint viðbótarfsp. til hans, því ég spyr í hinni skriflegu fsp. minni: Hyggst iðnrh. leggja til að virkjunin verði byggð og þá hvenær? Ég skildi hann svo, að hann hafi lagt það til í ríkisstj., að þessi virkjun yrði byggð og þá væntanlega á þeim tíma sem Rafmagnsveitur ríkisins leggja til. En jafnvel þótt um miklar framkvæmdir verði ekki að ræða á þessu ári, þá er ljóst að það er mikilvægt í sambandi við byggingu virkjana að panta vélar og bjóða slíkt út. Þess vegna er að mínum dómi mjög mikilvægt að ákvörðun í þessu máli verði tekin sem fyrst, ef það er svo, eins og mér skilst að hér hafi komið glöggt fram, að það séu nægilegar upplýsingar fyrir hendi til þess að taka þá ákvörðun.

Í sambandi við 2. liðinn legg ég á það áherslu, vegna þess að það hefur verið rætt mikið um svokallaða Austurlandsvirkjun og í sambandi við þær rannsóknir sem þar fara fram, að mér finnst nauðsynlegt að menn afskrifi það strax í upphafi að ætla sér að sameina að miklu leyti það vatn, sem rennur þar austur, og byggja þá stóru virkjun, sem þar hefur verið talað um. Mér finnst það tímasóun og peningacyðsla að eyða miklum kröftum í það. Það verður náttúrlega að rannsaka þessa virkjunarmöguleika til hlítar. En að mínum dómi kemur vart annað til greina en að virkja það vatn sem mest í upprunalegum farvegi. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að menn séu ekki að eyða allt of miklum kröftum í það sem aldrei gæti orðið að veruleika. En ég segi þetta aðeins til áréttingar.

Við 3. liðinn hef ég engu að bæta. Ég undirstrika það, að þetta er að sjálfsögðu háð því fjármagni, sem er til framkvæmda, og þeirri forgangsröðun sem sett er upp við afgreiðslu fjárlaga, en ég legg á það áherslu að hér er um mjög mikilvæga línu að ræða og dísilkeyrsla, t. d. á Hornafjarðarsvæðinu, fer að verða mjög mikil og kostnaðarsöm fyrir þjóðarbúið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er nú svo, að það eru fróðlegar upplýsingar sem hæstv. iðnrh. lætur okkur í té varðandi raforkumálin nú, og vekja ýmsar spurningar. Ég hef eina stutta hér fram að bera. Hún er þessi: Hvaða rafmagn á línan, sem nú skal byggja fyrir 50 millj. á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar, að flytja?

Mér er kunnugt um það, að synjað var um á Þórshöfn leyfi fyrir einni hitapípu í félagsheimilið nú í haust á þeirri forsendu að línan til Þórshafnar frá Laxárvirkjun bæri alls ekki meira rafmagn en það sem nú væri notað á Þórshöfn. Ef svo er, þá fæ ég ekki séð, þá er mér ekki ljóst hvaða raforku þessi lína á að flytja frá Þórshöfn til Bakkafjarðar. Er það þá hugmyndin e. t. v., að þessi lína flytji raforku frá Bakkafirði til Þórshafnar? Ég vildi gjarnan fá svar við þessari spurningu.

Kröfluvirkjun, fsp. (þskj. 119). — Ein umr.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég flyt hér fsp. í fjarveru hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar á þskj. 119, tölul. 4. Hún er svo hljóðandi:

„1. Hvernig hljóðaði bréf það sem Orkustofnun sendi iðnrh. 14. mars 1975, þar sem varað var við þeirri áhættu sem í því væri fólgin að ráðast í framkvæmdir við Kröflu, áður en tryggð væri næg vinnsluhæf gufa, og bent á að slík framkvæmd væri einsdæmi?

2. Hverjar voru niðurstöðurnar af athugunum „konunnar með svarta kassann" sem hingað kom á vegum iðnrh. s. l. vor til að kanna ástandið við Kröflu? Hver var heildarkostnaður af hing-

aðkomu konu þessarar og hversu mikil þóknun var henni greidd? Ollu niðurstöður „konunnar með svarta kassann“ því, að till. Orkustofnunar um nýjar boranir á þessu ári voru að engu hafðar? Styðjast till. á fjárlagafrv. ársins 1978 um framkvæmdir við Kröflu við hugmyndir konu þessarar?“

Út af komu þessarar konu urðu, sem menn muna, mikil blaðaskrif. Koma hennar var mörgum tilefni til gamanskrifa og alþýðu manna til mikillar skemmtunar um land allt, þótt grunur leiki reyndar á að þetta hafi verið nokkuð dýrt grín fyrir þjóðina. Það þurfti því kannske engum að koma á óvart eftir þetta fordæmi, er flokkssystir ráðh., hv. 9. landsk. þm., studdi mál sitt nýlega með ívitnun í blinda 20 ára dauða æðarkollu sem fram kom á miðilsfundi ásamt dyggu gömlu hjúi, úr Djúpinu. Það er til ýmislegs gripið þegar rökin þrýtur og allt er í óefni komið hjá þessum hv. þingflokki. En gaman væri þó að vita, hver bar í rauninni ábyrgð á að „konan með svarta kassann“ kom hingað, og hver fékk hana til þess.

Út af fyrri lið fsp. er rétt að taka fram, að hv. þm. Magnús Kjartansson hefur oft farið fram á að þetta bréf væri birt. M. a. skrifaði hann Orkustofnun og bað um afrit af bréfinu, en fékk það svar, að stofnunin afhenti aldrei afrit af bréfum sem væru til ráðh. Eftir að þessi fsp. kom fram hefur reyndar komið í ljós, að bréfin voru í rauninni þrjú, og væri auðvitað mjög fróðlegt að fá að heyra þau öll.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrri liður þessarar fsp. er um bréf sem Orkustofnun hafði sent 14. mars 1975. Hv. þm. upplýsir nú að bréfin muni vera þrjú, en hvað sem því líður kemur þetta auðvitað fram í þeirri skýrslu sem verið er að taka saman og langt er komið. Verður hún send Alþ. samkvæmt þeirri ósk sem kom fram á sínum tíma í vetur.

2. liður þessarar fsp. er auðvitað ekki svaraverður og ekki þinghæfur. Ég vil aðeins taka fram, að ég veit ekki til þess, að ég hafi boðið nokkrum kvenmanni hingað til lands, hvorki í sambandi við Kröflu né annað.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Því miður er varla hægt að þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör, því þetta voru auðvitað engin svör. Bréfið verður sem sagt birt þegar skýrsla verður birt. Það er margbúið að krefjast þess, að hún komi fram, þessi heildarskýrsla um þau hneykslanlegu vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við virkjun Kröflu alveg frá upphafi vega. Það er margbúið að gagnrýna þessi vinnubrögð hér á þingi. Og það er ekki aðeins Orkustofnun, sem hefur varað við vinnubrögðum af þessu tagi, heldur var árið 1976 mjög eindregið varað við áframhaldandi vinnu við Kröfluvirkjun af jarðfræðingum, sem þá þegar spáðu hvernig fara mundi. Nú þegar er búið að sóa 10 milljörðum í þessa virkjun. Orkan er 6 mw. Ætli það sé ekki heimsmet? Þetta er áreiðanlega dýrasta orka í heimi. Ég vil eindregið fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann birti þessa heildarskýrslu, sem hann er nú að boða, og þ. á m. þessi bréf, sem allra fyrst.

Hann segist ekki bera ábyrgð á komu „konunnar með svarta kassann“, en óneitanlega hlýtur það að vera dálítið undarlegt, að æðsti maður í þessum málum skuli ekki vita hver ber þá ábyrgðina. Hver bað konuna að koma?

Ég tel að þessum fsp. hafi alls ekki verið svarað hér.

Rafmagnseftirlit ríkisins, fsp. (þskj. 413). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram til hæstv. iðnrh. fsp. um það, hvað iðnrn. hyggst gera í málefnum Rafmagnseftirlits ríkisins í framhaldi af grg. og skýrslu vinnuhóps um málefni þess til rafmagnseftirlitsstjóra, sem nú hefur verið sent iðnrn. Ég hef áður borið fram svipaða fsp. til hæstv. iðnrh. Mér hefur lengi verið ljóst, að nauðsyn ber til að gera Rafmagnseftirlit ríkisins valdameira og sjálfstæðara. Það er í raun ófært að eftirlitsstofnun svo þýðingarmikil sem þessi er skuli vera undirdeild hjá þeim aðila sem eftirlit þarf að hafa með, svo sem nú er. Eystra hef ég af eigin raun kynnst vanda eftirlitsmannsins þar, sem er mjög samviskusamur og ötull starfsmaður, en kemst allt of skammt vegna ófullnægjandi valds til aðgerða og einnig vegna ónógs sjálfstæðis og frumkvæðis sjálfrar stofnunarinnar.

Ég fékk í hendur mjög athyglisvert plagg frá vinnuhópi um málefni Rafmagnseftirlits ríkisins, grg. og skýrslu til rafmagnseftirlitsstjóra sem nú er komin til rn. fyrir nokkuð löngu og mun þar í athugun. Ég efast ekki um að inn í þetta blandast allsherjarathugun á orkulögunum, sem nú fer fram, en það ætti þó ekki að koma í veg fyrir nauðsynlegustu úrbætur í málefnum Rafmagnseftirlits ríkisins, sem grg. sýnir ljóslega að helst vanhagar um. Hér er um að ræða álit um skipulag Rafmagnseftirlits ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir að það starfi sem fjárhagslega sjálfstæð stofnun. Er gert ráð fyrir að valdsvið þess sé aukið, að eftirlit sé bætt að mun bæði með orkuvirkjun og ekki síður allri raffangaprófun, sem nú er mjög ábótavant. Síðast en ekki síst er lögð á það höfuðáhersla í þessu plaggi, að fræðsla verði stóraukin og þá alveg sér í lagi í ríkisfjölmiðlunum.

Þessi grg. felur einnig í sér till. um nýja og aukna tekjustofna sem nýta beri til að standa straum af auknum kostnaði sem af þessu öllu leiddi. Það er sem sagt ekki reiknað með því, að þessi ríkisstofnun eigi að kosta ríkið meira eftir að þetta hefur farið fram sem hér er gert ráð fyrir. Hér er komið með fjórar mjög skýrar og ákveðnar till. um tekjustofna, ýmist mjög aukna tekjustofna eða þá alveg nýja.

Undir þessa grg. skrifa hinir ágætustu menn. Þetta eru menn innan stofnunarinnar sem utan, og ég tel grg. þessa því marktæka hið besta. Því er von að spurt sé, hvað gert verði í framhaldi af þessum ítarlegu till. sem felast í grg.

Ég taldi nauðsyn að spyrja hæstv. iðnrh. um þetta vegna þess að ég hafði í huga tillöguflutning varðandi Rafmagnseftirlit ríkisins, en vildi áður en ég færi út í þá tillögugerð eða tillöguflutning, fá svör um það, hvort svona ítarleg

grg. sem hér er lögð fram mundi ekki framkalla viðbrögð hjá rn. um vissar úrbætur eða jafnvel breytingu á fyrirkomulagi Rafmagnseftirlits ríkisins.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Rafmagnseftirlit ríkisins starfar, eins og kunnugt er, sem hluti Orkustofnunar. Það hefur oft komið *til orða, hvort ekki ætti að gera Rafmagnseftirlitið* að sjálfstæðri stofnun. M. a. fjallaði vinnuhópur um þetta mál, bæði skipan Rafmagnseftirlits ríkisins í kerfinu og starfsemi þess, og vinnuhópurinn skilaði þessum till., eins og hv. þm. gat um, í októbermánuði s. l. Það er ítarlegt og vel rökstutt álit. Ég tek sérstaklega fram, að ég er því samþykkur í höfuðatriðum. Ég tel það vel rökstutt og í rauninni æskilega lausn, að Rafmagnseftirlitið verði sjálfstæð stofnun.

Nú er það hins vegar þannig, að hér starfar sérstök nefnd, skipulagsnefnd orkumála, sem hefur það hlutverk að endurskoða orkulögin og gera till. *um skipulag orkumála* og æðstu stjórn þeirra. Eitt þeirra verkefna, sem þessi skipulagsnefnd fjallar um, er auðvitað Rafmagnseftirlit ríkisins og staða þess. Þegar þetta álit eða skýrsla vinnuhópsins barst til iðnrn. var skýrslan því send til þessarar nefndar um skipulagsmál orkumála. Mun nefndin fjalla um málið og væntanlega gera till. um skipan þessara mála.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég gleðst yfir því, að hann skuli vera samþykkur í höfuðatriðum því meginmáli sem kemur fram í þessari ítarlegu grg. og skýrslu.

Hann vitnaði í, sem ég átti von á, þá nefnd sem starfar að skipulagi orkumála í heild sinni. Það er auðvitað ofureðlilegt að sú nefnd fái þetta verkefni til meðferðar. Ég hef ekkert við það að athuga. Hins vegar er mér ljóst, að það eru margir, sem starfa í Rafmagnseftirliti ríkisins, sem eru örlitið hræddir við að þetta mál verði ekki tekið sérstaklega fyrir og athugað alveg sérstaklega og því flýtt, af þeim ástæðum að það verkefni, sem nefndin er með í heild, er mjög viðamikið og vandmeðfarið, en það er allt skipulag orkumála hér á landi. Það hefur glögglega komið fram í umr. hér á Alþ. í vetur, að um þetta skipulag er verulegt ósamkomulag milli t. d. stjórnarflokkanna. Menn óttast auðvitað að í þessari nefnd verði seint samkomulag um þessi atriði, sem þarna skipta auðvitað höfuðmáli, varðandi heildarskipulag orkumála í landinu öllu. *Því er það ósk mín til nefndarinnar — vegna* þess að formaður hennar er hér inni — ósk mín til þessarar nefndar er einmitt sú, að nefndin taki þetta mál fyrir sérstaklega og reyni að flýta því sem allra mest.

Mér er sagt af þessum aðilum, þeim sem ég bekki þar best, að hér sé brýn þörf á aðgerðum til úrbóta. Þeir benda á, að Rafmagnseftirlit ríkisins verði aldrei hlutverki sínu vaxið fyrr en það sé orðið algerlega sjálfstæð stofnun sem heyri beint undir iðnrh. og hafi fjárhagslegt sjálfstæði sem byggist annars vegar á tekjustofnum þeim, sem Rafmagnseftirlitið á í raun að hafa nú, en hefur ekki nema að takmörkuðu leyti, og öðrum þeim, sem eðlilegast mætti telja að Rafmagnseftirlitið hefði, eins og er gert ráð fyrir í þessari skýrslu. Þeir leggja einnig áherslu á að aukin verði fræðsla, bæði fræðsla í grunnskólum og öflug fræðsla í fjölmiðlum fyrir almenning. Þeir leggja einnig áherslu á að tryggt verði, að ekkert raforkuvirki verði í notkun tekið fyrr en Rafmagnseftirlitið hafi að fullu viðurkennt það. Og varðandi raffangaprófunina verði tryggt að Rafmagnseftirlitið geti fylgst náið með öllum innflutningi raffanga, svo ekki verði meiri háttar óhöpp eða slys. Það er sannarlega ömurlegur listi sem ég hef séð hjá þessum ágætu mönnum um slys af þessum ástæðum, sem má beinlínis rekja til þess, að rafföng hafa verið flutt inn án þess að Rafmagnseftirlitið hafi getað komið við nægu eftirliti með þeim.

Einnig er lagt til að tryggður verði mannafli til Rafmagnseftirlits ríkisins til þess að virku og eðlilegu aðhaldi verði haldið uppi hvarvetna um land. Eftirlitsstörfin krefjast æ víðtækari sérþekkingar, svo að ráðning hæfra manna í þessi störf þarf að vera sem öruggust og um sumt lögbundin. Einnig vilja þeir taka fram, að það sé nauðsyn að skýr ákvæði verði sett um valdsvið stofnunarinnar og möguleika hennar til að beita nauðsynlegum aðgerðum til þess að lögum um rafmagnseftirlit sé framfylgt að fullu, jafnframt hjá raforkuvirkjunum sem í raffangaprófun. Það er af þessum ástæðum og ýmsu öðru, sem ég hef fengið alveg sérstakar upplýsingar um hjá rafmagnseftirlitsmanninum eystra, sem ég gjörþekki, sem ég beini þessum áskorunum til hv. form. orkumálanefndar, að þessu máli út af fyrir sig verði hraðað sem allra mest, þó ég sjái vissa annmarka á því, að það sé tekið til meðferðar eitt sér.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það var aðeins í tilefni þess, að hv. síðasti ræðumaður beindi orðum sínum til formanns skipulagsnefndar orkumála, en það vill svo til að ég er sá maður. Því vildi ég aðeins segja að þessu gefna tilefni, að skipulagsnefnd orkumála hefur ítarlega rætt og tekið til meðferðar þá skýrslu sem Rafmagnseftirlitið hefur gert og varðar nýja skipun og endurbætur á þessum málum. Ég vil aðeins segja það, að það er ríkjandi skoðun í skipulagsnefnd orkumála að endurskipuleggja þessa starfsemi mjög í þeim anda sem bent er á í skýrslu Rafmagnseftirlitsins. Það er alveg rétt, að það kallar að að ljúka því verki að endurskoða skipan Rafmagnseftirlits ríkisins. En ég verð að segja, að að mínu áliti liggur þó ekki meira á því en ýmsum öðrum atriðum sem þessi skipulagsnefnd er að fást við. Nú er gert allt sem hægt er til þess að vinna sem hraðast í þessu endurskoðunarstarfi með það fyrir augum að nefndin geti sem fyrst skilað áliti, þó að ég því miður geti ekki sagt á þessari stundu hvenær það má verða.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram, að nefndin er ekki síður að athuga um Rafmagnseftirlit ríkisins en aðra hina mörgu þætti sem falla undir verksvið nefndarinnar.

Húsnæði Tryggingastofnunar ríkisins, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég flyt þessa fsp. í fjarveru hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar. Hún er til hæstv. heilbr.- og trmrh. og er svo hljóðandi:

„Hvenær verður gengið þannig frá aðalbækistöð Tryggingastofnunar ríkisins, að fatlað fólk, m. a. í hjólastólum, eigi greiðan aðgang að öllum húsakynnum og geti rætt þar við starfsfólk, m. a. sérfræðinga og lækna?“

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar þessi fsp. barst ritaði ég Tryggingastofnun ríkisins og óskaði eftir umsögn forstjóra hennar um þetta mál. Í svarbréfi hans segir:

„Vísað er til bréfs hins háa ráðuneytis, þar sem leitað er umsagnar um aðstöðu fatlaðs fólks, m. a. í hjólastólum, til að geta rætt við starfsfólk stofnunarinnar, m. a. sérfræðinga og lækna.

Hús stofnunarinnar er, eins og kunnugt er, gamalt og staðsetning — við horn Laugavegs og Snorrabrautar — þröng. Þeim eðlilegu sjónarmiðum, sem fram koma í fsp., hefur ekki verið gefinn gaumur á byggingartíma hússins. Aðstaða innanhúss er eftir atvikum sæmileg miðað við aldur hússins. Lyfta er í húsinu og nota hana m. a. hjólastólamenn, þó gerð hennar hafi ekki verið við það miðuð og erfitt að ráða bót á því. Tilfinnanlegra er aðstöðuleysi fyrir rennibraut inn í húsið. Fyrir nokkrum árum var sérstaklega að þessu hugað. Aðstaða við Snorrabrautarhornið er í sjálfu sér auðveld, þó hún sé þröng. Ástæðan fyrir því, að ekki var ráðist í breytinguna, var að lítil og lítið áberandi rennibraut gæti verið stórhættuleg ellihrumu og sjóndöpru fólki.“

Í sambandi við þetta mál verður að geta þess, að í ársbyrjun 1975 óskaði tryggingaráð eftir heimild til þess að fram færi undirbúningur að nýbyggingu fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Þetta var heimilað af heilbr.- og trmrn. og skipaði rn. nefnd, sem starfað hefur síðan verið 1975 undir forustu forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá tryggingaráði, starfsmönnum Tryggingastofnunar ríkisins og heilbr.- og trmrn. Samkv. upplýsingum frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins starfar Garðar Halldórsson arkitekt hjá húsameistara ríkisins, ásamt Svavari Þorvarðarsyni, aðstoðarmanni hans, að þessu verkefni. Þetta nefndarstarf hefur gengið mjög hratt, og er nú talið að byggingarforsögn verði til í næsta mánuði. Nefndin hefur sótt um lóð í nýja miðbæjarhverfinu, en svar hefur ekki borist frá borgaryfirvöldum. Til bráðabirgða hefur forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins nú til athugunar að leita eftir kaupum á efstu hæð hússins Laugavegi 118, en það mun hægt að gera innangengt milli húss Tryggingastofnunar ríkisins og þessa húss. Húsakaup af þessu tagi mundi vera til bráðabirgða og leysa vanda stofnunarinnar um sinn. En nýbygging Tryggingastofnunar ríkisins er sú frambúðarlausn fyrir stofnunina sem stefnt er að, og þá mun að sjálfsögðu verða séð fyrir þeim þörfum fatlaðra, sem um er rætt í þessari fsp.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. svörin og fagna því, að stefnt skuli vera að frambúðarlausn í þessum málum, þótt að vísu virðist vera ansi langt þangað til við megum eiga von á henni.

Ég vildi gjarnan nota tækifærið til að vekja athygli á því, að í Öryrkjabandalaginu eru níu félög og öryrkjar munu vera um 10% þjóðarinnar. Í Sjálfsbjörg einni, landssambandi fatlaðra, eru um 1400 manns samkv. upplýsingum Ólafar Rikarðsdóttur, sem er forustumaður þar, og bara í Reykjavík eru félagar um 600. Þó er langt frá því, sagði hún, að allir fatlaðir séu í félagsskapnum. Henni reiknaðist svo til, að um 200 manns mundu að jafnaði vera í hjólastólum hér á landi, og félagið flytur inn árlega um 50 slíka stóla. Þetta sýnir náttúrlega þörfina. Það er hreint og beint skylda okkar að taka tillit til þessa stóra hóps fólks, enda er það, held ég, stefna sem við getum öll verið sammála um, að reyna að koma því svo fyrir að enginn gjaldi fötlunar sinnar, heldur sé fólki gert kleift að lifa sem eðlilegustu lífi þrátt fyrir hana og vera sem mest sjálfbjarga. Það skýtur því nokkuð skökku við, að í sjálfri aðalþjónustustofnuninni, sem þetta fólk þarf að sækja til, Tryggingastofnuninni, er það í rauninni að mestu útilokað. Að vísu var fyrir nokkrum árum gert við aðalinnganginn þannig, að þar er nú hægt að komast inn í afgreiðsluna í hjólastól, en að því er mér er sagt af fólki, sem er í hjólastól, er engin leið að komast inn í lyftuna í slíku tæki. Er það yfirgengilegt hneyksli í svona stofnun. Þetta fólk getur því ekki talað við sérfræðinga og lækna stofnunarinnar, nema þá aðeins í síma. Ég vonast til að þessum málum verði kippt í lag sem fyrst, með nýju húsnæði ef ekki vill betur til, og vona að það standist, sem hæstv. ráðh. sagði, að stefnt sé a. m. k. að frambúðarlausn í þessum málum. Allt annað er okkur til skammar.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil geta þess, að sú nýbreytni var tekin upp, til þess að létta og spara bæði ellilífeyrisþegum og öryrkjum og þá ekki síður því fólki, sem er í hjólastólum, snúninga, að greiða bætur almannatrygginga inn á bankareikninga, eftir því sem fólk vildi sjálft. Stór hluti af ellilífeyris- og örorkuþegum notar nú þessa þjónustu, en hins vegar er aftur töluverður hluti af þessu fólki sem gjarnan vill sækja aurana sína sjálft í Tryggingastofnuna. Ein gömul kona kom til mín í fyrra, og ég spurði hana þá, hvort henni þætti ekki þægilegra að nota bankareikning og láta leggja þetta annaðhvort inn á bók eða ávísanahefti. Hún sagðist aldrei inn í banka hafa komið og ætla að deyja án þess að koma inn í banka. Svo væri líka annað á bak við það að fara inn í Tryggingastofnun, því þar hitti hún þó fólk og kynntist lífinu. Þetta er því líka félagslegs eðlis, að ekki vilja allir nota sér þessa nútímaþjónustu.

Í sambandi við byggingu fyrir Tryggingastofnunina, þá get ég alveg tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda, að mér hefur fundist að störf þessarar nefndar, sem ég skipaði, hafi gengið

sorglega seint. Hef ég þó nokkrum sinnum ýtt við nefndinni að hraða störfum sínum.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Mig langar aðeins til að fá að vekja athygli á því í sambandi við þá bankaþjónustu, sem hæstv. ráðh. vitnaði hér í og að sumu leyti getur verið góðra gjalda verð, að það er nú svo, að eftir að tölvur tóku við ýmislegri þjónustu, sem áður var unnin af mannshönd og heila, þá koma fyrir ansi margar villur sem getur verið mjög erfitt að leiðrétta. Þegar þessar villur koma fyrir og líka oftar þarf fólk einmitt að fara inn í Tryggingastofnun og tala við sérfræðingana og útskýra þetta. Eins er það ef breytingar verða á högum þess, sem oft gerist. Og í þriðja lagi er það svo, að alltaf er verið að gera fólki að koma aftur og aftur með vottorð, endurnýja vottorðin. Það er ekki nóg að afhenda þessi vottorð í afgreiðslunni, heldur þarf að fara með þau til læknanna og til sérfræðinganna sem eru uppi á lofti í þessari byggingu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel mig eiginlega til knúinn að leggja orð í belg.

Ég geri mér grein fyrir því, að hæstv. ráðh. veit fullvel að meginerindi fatlaðra og lamaðra í húsakynni Tryggingastofnunarinnar er ekki það að sækja peningana sína, því svo mun vera í langflestum tilfellum, að jafnvel þeir, sem ekki vilja láta leggja þessar smáupphæðir sínar inn á bankareikning, geta fengið einhvern til að skjótast fyrir sig.

Þannig er ástatt um starfsemi Tryggingastofnunarinnar og sókn þeirra, sem mest þurfa, eftir bótum, sérstaklega lamaðra og fatlaðra, að þeir þurfa að tala persónulega við fulltrúa stofnunarinnar þ. á m. við tryggingayfirlækni. Því miður er ástandið þannig, að starfsemi stofnunarinnar hefur tekið á sig fullmikinn skriffinnskublæ. Stundum getur maður ekki varist þeirri hugsun, að beinlínis sé verið að torvelda sókn bótaþega eftir lögmætum styrk sínum. Það getur virst svo. Ég er alveg viss um að það er ekki ætlun hæstv. ráðh. að stuðla að slíku.

Ég get nefnt sem dæmi, að maður, sem misst hefur lim, fót eða hönd, þarf að verða sér úti um, ef hann er búinn að slíta út gervilim sínum, vottorð læknis um það — og koma því í hendur tryggingayfirlæknis — að ekki hafi vaxið á honum limur í millitíðinni. Ég get vottað þetta sjálfur, og flestir þeir, sem ég þekki til og fyrir þessu hafa orðið, geta vottað það einnig. Starfsemi Tryggingastofnunarinnar er með þeim hætti, að einmitt þetta fólk þarf að komast á skrifstofurnar til fulltrúa Tryggingastofnunarinnar til þess að sýna þeim fram á ýmislegt sem þeir mundu e. t. v. ekki trúa þó þeim væri sagt það í síma.

Lágmarksstærðir fisktegunda, fsp. (þskj. 372). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. á þskj. 372 varðandi framkvæmd á 1. gr. reglugerðar nr. 262 frá 6. júlí 1977.

1. gr. þessarar reglugerðar hljóðar þannig: „Skylt er að hirða allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem kemur í veiðarfæri íslenskra fiskiskipa: Þorskur, ýsa, ufsi, skarkoli og karfi.“

Spurningin er: Hvernig er háttað framkvæmd og eftirliti með reglugerðinni að því er þetta ákvæði hennar varðar?

Og í 2. lið er spurt: Hve mikið var á s. l. ári gert upptækt af fiski undir lágmarksstærð samkvæmt 6. gr. reglugerðarnnar?

Þessi fsp. er fram komin vegna þess, að ég tel nauðsynlegt að Hafrannsóknastofnun hafi á hverjum tíma sem besta aðstöðu til þess að meta stærð fiskstofna hér við land. Ég tel að 1. gr. þessarar reglugerðar, sem hér um ræðir, sé spor í rétta átt í þessu sambandi, því að það liggur alveg ljóst fyrir að fram að þessu hefur Hafrannsóknastofnunina vantað upplýsingar, mikilsverðar upplýsingar í þessu sambandi. Hafrannsóknastofnunin hefur að sjálfsögðu á hverjum tíma upplýsingar um það, hvað mikið berst af fiski á land, bæði hérlendis og einnig að miklu leyti hvað berst af fiski af Íslandsmiðum á land erlendis. En inn í þetta hefur alltaf vantað þann fisk, sem veiddur er, en aldrei kemur á land.

Um þetta hafa að vísu verið nokkuð skiptar skoðanir, hvort þar væri um nokkurt magn að ræða sem kalla mætti verulegt, en ég hygg a. m. k. á meðan erlend veiðiskip voru hér á ferð hafi allir verið sammála um það, að hér á Íslandsmiðum hafi verið veitt mjög mikið af fiski sem kastað var fyrir borð aftur. Orð hefur einnig legið á því, að íslensk fiskiskip, bæði stærri og smærri, kæmu ekki heim með nema hluta af þeim afla sem um borð kæmi.

Með því að sett væri ákvæði í reglugerð um þetta atriði og ef því ákvæði væri framfylgt, þá hefði Hafrannsóknastofnun alveg tæmandi upplýsingar um, hvað mikið er tekið af hverjum fiskstofni, og ætti þess vegna hægara með að áætla stærð fiskstofnanna á hverjum tíma.

Ég vænti þess að fá svar hjá hæstv. ráðh. og að fyrir liggi skýrslur um það, hvernig þessu ákvæði reglugerðarinnar hefur verið framfylgt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Reglugerð nr. 262 frá 6. júlí 1977, um lágmarksstærðir fisktegunda, var breytt með reglugerð nr. 311 9. ágúst 1977, þannig að skarkoli var felldur niður í upptalningu um þær tegundir sem skylt er að hirða. Sérreglur voru settar um handfæraveiðar, þannig að heimilt er að sleppa þorski sem er undir 50 cm. Handfæraafli má aftur á móti ekki vera af þorski af stærðinni 50—58 cm nema sem nemur 40% af heildarafla hverrar veiðiferðar. Fari hlutfallið yfir 40% er það, sem umfram er, gert upptækt. Hið sama gildir samkvæmt reglugerðinni um þorsk sem er minni en 50 cm. Breytingar þessar voru gerðar vegna till. Hafrannsóknastofnunarinnar, þar sem álitið var að skarkoli, sem t. d. veiðist í dragnót, og þorskur veiddur á handfæri gætu lifað væri þeim sleppt í sjóinn aftur.

Eftirliti með framkvæmd reglugerðarinnar er þannig varið:

Eftirlit á sjó: Eftirlitsmenn rn. sem eru nú sjö talsins, fara út með hinum ýmsu tegundum fiskiskipa. Fylgjast þeir m. a. með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt. Í þessu sam-

bandi skal þess getið, að stækkun möskva í vörpu og dragnót hefur leitt til þess, að sáralítið fæst af smáfiski í botn- og flotvörpu og alls ekki dragnót, en þessi veiðarfæri voru varhugaverðust að þessu leyti.

Eftirlit á landi: Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða hafa eftirlit með stærðum þess fisks sem aflað er, eins og þeim ber samkvæmt 2. gr. laga nr. 108 frá 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Þar segir, að Framleiðslueftirlitið skuli í samráði við rn. hafa eftirlit með aflasamsetningu fiskiskipa. Gera þeir sjútvrn. aðvart, ef undirmálsfiskur er í afla skipa, sem síðan gerir þann afla upptækan samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 frá 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs afla.

Á árinu 1977 voru gerð upptæk vegna ákvæða reglugerðar nr. 262 frá 6. júní 1977 67 tonn 293 kg af karfa að verðmæti 661 480 kr., 1709 kg af þorski að verðmæti 47 852 kr. og 159 kg af ýsu að verðmæti 4941 kr., samtals 714 273 kr. Á árinu 1977 var gert upptækt eftirfarandi magn af humri og rækju vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa um lágmarksmöskvastærðir þessara tegunda: Rækja 15 583 kg að verðmæti 1 067 328 kr., humar 78 kg að verðmæti 43 904 kr., eða samtals 1 111 232 kr.

Þá má bæta við þetta svar, þó ekki sé um það spurt, að á árinu 1977 var gert upptækt eftirfarandi magn síldar vegna brota hringnótabáta á ákvæðum leyfisbréfa um leyfilegan síldarkvóta: Það var að magni til 124 258 kg að verðmæti 7 919 924 kr.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans og þær upplýsingar sem hann veitti. Ég hygg að þær tölur, sem hann tilgreindi um þann afla, sem upptækur hefur verið gerður á s. l. ári, bendi til þess, að eftirlit með veiðunum sé ekki að þessu leyti eins og ég hygg að reglugerðin hafi þó gert ráð fyrir.

Við stöndum frammi fyrir því nú, eftir þeim upplýsingum sem frá Hafrannsóknastofnun koma, að fiskstofnarnir eru að ganga saman mjög mikið. Fyrir nokkrum dögum var birt viðtal við fiskifræðing, Sigfús Schopka, í Morgunblaðinu. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Að sögn Sigfúsar er ástandið orðið þannig, að búið er að veiða svo mikið af hinum sterka árgangi 1970, að ekki ber meira á honum lengur en öðrum lakari árgöngum. Fiskifræðingar höfðu mjög treyst á það, að hægt yrði að ná hrygningarstofninum upp með árganginum frá 1970, en svo mikið var veitt af þessum árgangi þegar fiskurinn var þriggja til fjögurra ára og ókynþroska, að þær vonir hafa brugðist. Þetta var á þeim tíma sem Bretar voru enn á Íslandsmiðum og togarafloti okkar fór stækkandi, á árunum 1973—1974."

Það, sem kemur fram hjá þessum fiskifræðingi í viðtalinu, segir sína sögu að því leyti, að það liggur alveg ljóst fyrir, að gengið er það hart í smáfiskveiðarnar — bæði af stærri og minni skipum — að þó að um sterka árganga sé að ræða, eins og árganginn 1970, þá komast þeir aldrei alla leið á hrygningarstöðvarnar fyrir Suðurlandi. Þegar sá tími kemur að þeir verða kynþroska flytjast þeir samkvæmt eðli náttúrunnar af þeim miðum, sem þeir alast upp á, á mið þar sem sjór er heitari og hrygna þar.

Fiskifræðingar hafa einnig mjög varað við of miklum veiðum á smáfiski úr árganginum 1973 sem fiskiflotinn almennt byggir nú mest veiðar sínar á. Þessi árgangur er orðinn 5 ára, er kominn á sjötta ár, og er að því kominn að fara af miðunum fyrir Norður- og Norðausturlandi á miðin hér fyrir Suðurlandi. Ég hygg að það þurfi að hafa miklu meira eftirlit með því en fram kom hjá hæstv. ráðh., að ekki sé um að ræða veiðar á smáfiski sem aldrei kemur að landi. Ef farið er í skýrslu Hafrannsóknastofnunar og athugaðar þær upplýsingar, sem þar er að finna, sýnir það sig, að heildarstofninn er mjög að ganga saman, og það, sem er þó enn alvarlegra, að hrygningarstofninn er næstum því að hverfa. Hann hefur minnkað á til þess að gera fáum árum úr röskleg 1 millj. tonna niður í 180 þús. tonn, sem hann er áætlaður á þessu ári, þó að enn þá sé ekkert um það vitað, hvort það magn, sem Hafrannsóknastofnunin gerir ráð fyrir að skili sér til hrygningar, nær að komast alla leið. Ég tel að þróun þessi sé svo alvarleg, að þarna verði að beita öllum ráðum og það þurfi að beita mjög ströngu eftirliti til að vernda þann smáfisk sem ólöglegt er að veiða, og jafnvel að mark þess fisks, sem nú er ákveðið, verði hækkað, þannig að ekki sé stefnt að því eins og nú, sem því miður virðist vera, að fiskstofninum verði hreinlega eytt áður en hann kemst á hrygningarstöðvarnar til að endurnýja stofninn.

Í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að stofninn hefur aldrei nú að undanförnu rýrnað meira en á árinu 1977, þegar Íslendingar einir höfðu með veiðarnar að gera og útlendingar voru svo að segja horfnir af miðunum. Hann minnkaði þetta ár úr 1195 þús. tonnum, heildarstofninn eins og hann var áætlaður 1977, og gera fiskifræðingar ráð fyrir að hann verði ekki nema 1000 þús. tonn nú á árinu 1978. Hann hefur þá rýrnað um 195 þús. tonn. Er það meiri rýrnun á einu ári en á mörgum undanförnum árum. Þá hefur hrygningarstofninn einnig rýrnað úr 210 þús. tonnum, eins og hann var áætlaður 1977, í 180 þús. tonn, eins og Hafrannsóknastofnun áætlar hann nú.

Ég held að Alþ. og allir þeir aðilar, sem um þessi mál fjalla, verði að fara að gera sér grein fyrir hvert stefnir í þessum málum, því ef svo færi, að hrygningarstofninn færi enn minnkandi, þá liggur það alveg ljóst fyrir, að þá yrði að stöðva alla þorskveiði við landið um tiltekið árabil. Ég met fyllilega allar þær margvíslegu ráðstafanir, sem sjútvrn. hefur gert til þess að reyna að koma í veg fyrir að þannig fari, og þær aðgerðir til friðunar sem uppi hafa verið. Ég met þær að fullu. Ég hygg þó að þarna þurfi enn frekari aðgerðir og strangara eftirlit en nú er viðhaft í sambandi við fiskveiðarnar. Á ég þar sérstaklega við eftirlit með þorskstofninum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil minna menn á að aldrei hafa verið gerðar aðrar eins ráðstafanir til þess að hamla gegn veiði smáfisks og gerðar hafa verið á undanförnum árum. Engin

þjóð, sem við þekkjum til, hefur gengið neitt nálægt því jafnlangt og við höfum gert. Við höfum á síðustu þremur árum stækkað möskva í botnvörpu og flotvörpu úr 120 í 155 mm og í dragnót í 170 mm. Við höfum friðað stór svæði. Þar hefur náðst ágætur árangur með eftirlitsmönnum og með því að Landhelgisgæslan og Hafrannsóknastofnunin geta beitt sér að því, um leið og vart verður við smáfisk í afla, að loka svæðum alveg á stundinni, eins og gert hefur verið.

En það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að hrygningarstofninn hér suðvestanlands hefur hraðminnkað. Hins vegar hefur aftur orðið vart — og það í mjög ríkum mæli — við hrygningarfisk sérstaklega fyrir Norðurlandi, sem bendir alveg ótvírætt á að fiskigöngur og hrygningarsvæði þorsksins hafa flust til. Þetta var eiginlega óþekkt fyrir nokkrum árum. Það sást best á því á s. l. vori á Eyjafirði, að þar var gífurlega mikið af hrygningarþorski, og víðar fyrir Norðurlandi og fyrir Vestfjörðum. Á s. l. ári var fiskur, alveg frá Vestfjörðum og fyrir öllu Norðurlandi og Austfjörðum, mun stærri en nokkru sinni áður og mjög lítið vart við smáfisk.

Það er ekki alveg öruggt hvernig fiskigöngur eru. Fiskifræðin er ung vísindagrein, sem getur ekki fullyrt, heldur byggir meira á líkum. Nú bendir margt til þess, að aftur sé að lifna yfir þorskveiði við Grænland. Allstórar og miklar göngur voru hér fyrr á árum milli Grænlands og Íslands. Aðrir fiskstofnar eru sumir að rétta verulega við. Þrátt fyrir það að farið var verulega fram úr heildaraflakvótanum sem Hafrannsóknastofnun lagði til, þá leggur hún í raun og veru til í hinni nýju skýrslu sinni, að þorskveiðiaflinn verði nokkurn veginn sá sami og árið á undan. Það má líka benda á að nú höfum við losnað við útlendinga, og þá sérstaklega Bretann sem var auðvitað frægur fyrir smáfiskadrápið. Finnst mér að bæði fiskifræðingar og ýmsir aðrir geri of lítið úr þessari breytingu, því að alltaf hafa þeir viljað miða við fiskafjölda, en ekki þyngd. Ég fullyrði það, og hef þar mikið fyrir mér, að það eru auðvitað ólíkt færri fiskar, sem drepnir eru nú til þess að fylla þennan aflakvóta, en áður var. Það er mjög ánægjuleg þróun. Hins vegar skal ég segja alveg umbúðalaust, að mjög æskilegt væri og æskilegast að stöðva alla þorskveiði í eitt ár. — En getur þjóðin það? Þegar við erum að stöðva veiðarnar — það á núna að stöðva þorskveiðar í eina viku — þá er margbeðið um undanþágu frá því. Síðast í morgun voru fulltrúar í einu byggðarlagi að biðja um undanþágu til þess að halda áfram netaveiðum, þvert ofan í samþykktir sem gerðar eru af heildarsamtökunum. Samt lögðu þau til, að það yrði núna um 10 daga fiskveiðibann að ræða, en við í sjútvrn. fórum niður í 7 daga. Við völdum páskavikuna, sem við höfum talið að raski sem minnst vinnu í landi. Sömuleiðis eiga sjómenn frí í þrjá daga í páskavikunni almennt og við sumar veiðar m. a. s. í fjóra daga.

Þegar við lítum því á þessi atriði öll, þá held ég að það sé óhætt að fullyrða að nú hafi verið gert meira en nokkurs staðar annars staðar og meira en nokkru sinni áður í þessum efnum. Hins vegar er auðvitað hægt að framfylgja sterkara eftirliti, ef Alþ. vill veita fjármagn til þess að ráða fleiri menn til þessara eftirlitsstarfa. En ég tel að þetta veiðieftirlit, sem tekið var upp, hafi gefið mjög góða reynslu.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Af því að hæstv. ráðh. benti á það áðan, að sú breyting mundi hafa orðið á, að fiskur væri farinn að hrygna fyrir Norðurlandi, þá vil ég láta það koma fram, að ég hef rætt þetta atriði við fiskifræðinga og Hafrannsóknastofnunina. Þetta hefur einnig verið birt í blöðum. Væri auðvitað ástæða til þess að fagna því, ef sagan væri þar með öll sögð, því að það má segja, að ef fiskur hrygnir við landið og nær kynþroskaaldri og þannig endurnýist stofninn, sé sama hvar hann hrygnir. En þær upplýsingar, sem fyrir liggja frá Hafrannsóknastofnuninni, eru þess eðlis, að því miður virðist einskis vera að vænta af þeim fiski sem fyrir Norðurlandi hrygnir. Það sýnir sig að seiði, sem þeir hafa fylgst með eftir hrygninguna sem þar hefur átt sér stað, sem mun vera í eitthvað ríkara mæli en áður hefur verið, en fiskur hefur víst hrygnt þarna að einhverju leyti alla tíð, þau ná ekki þroskaskeiði og eru aðeins brot af stærð miðað við þau þorskseiði sem koma frá þeim fiski sem hrygnir hér við Suðurland og Suð-vesturlandið í heitari sjó. Það virðast alls ekki vera uppvaxtarskilyrði fyrir þau þorskseiði, sem koma af hrygningarstöðvum fyrir Norðurlandi, því miður. Við höfum því ekki ástæðu til að vænta þess, að þannig geti þorskstofninn endurnýjað sig.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að fiskur, sem veiðist nú, er stærri en hann hefur verið áður. Á þessu er ákaflega eðlileg skýring. Árgangurinn 1973 ber uppi megnið af veiðunum núna fyrir Vestur-, Norður- og Norðausturlandi. Þessi fiskur er búinn að vera að vaxa frá þessu ári og er nú kominn á það stig, að hann er að því kominn að verða kynþroska og er orðinn 3—4 kg að þyngd. Það er þess vegna ósköp eðlileg skýring til á því, að fiskur, sem landað er nú á þessu svæði — fyrir Vestur-, Norður- og Austurlandi, er stærri. En þessi fiskur eðli sínu samkv. hverfur alveg af þessum miðum eftir 1—2 ár, og það, sem er kannske ískyggilegast við þetta, er að á eftir koma tveir mjög veikir árgangar. Árgangarnir 1974 og 1975 eru taldir af fiskifræðingum mjög veikir og spurningin er, hvað bíður fiskiflotans almennt, ef þessi spá er rétt, að árgangurinn 1973 er e. t. v. að miklu leyti þegar veiddur og nær aldrei að endurnýja sig og á eftir koma tveir mjög veikir árgangar. Það hlýtur að segja sína sögu.

Ég er alls ekki með neinar till. um að stöðva þorskveiðarnar. Ég er aðeins að benda á, að ef þetta færi eins og útlit er fyrir samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá fiskifræðingum og Hafrannsóknastofnun, þá getur komið að því, að Íslendingar verði að stíga það skref að stöðva veiðarnar eitthvert árabil, eins og varð að gera með síldveiðarnar til þess að ná síldarstofninum upp aftur. Auðvitað vona allir, að til þess þurfi ekki að grípa. En því miður er útlitið

þannig í dag, að a. m. k. ber mjög að hafa í huga, hvort þetta ástand getur ekki borið að höndum.

Ég endurtek það, að ég tel að það þurfi miklu strangara eftirlit með veiðum á smáfiski en nú er framkvæmt. Þó að ég virði þá viðleitni, sem rn. hefur haft uppi með því að senda út menn með fiskiskipum til eftirlits, þá hygg ég að það sé hvergi nærri fullnægjandi. Þá umsögn mína byggi ég á frásögn þeirra manna, sem þessar veiðar stunda og eru ekki í neinu samræmi við þær upplýsingar sem koma fram hjá hæstv. sjútvrh.

Rannsóknir og hagnýting á sjávargróðri, fsp. (þskj. 408). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á Alþ. 18. maí 1976 var samþykkt svo hljóðandi þál., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Hafrannsóknastofnuninni að gera till. um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland, annars vegar með tilliti til uppeldisstöðva nytjafiska og hins vegar með hagnýtingu sæþörunga fyrir augum. Skal tillögugerðinni lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Hér er um mikið og merkilegt mál að ræða sem Alþ. hefur látið til sín taka með samþykkt þessarar þál. Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að bera fram þá fsp. til hæstv. sjútvrh., hvaða fyrirætlanir væru uppi um aðgerðir til að efla rannsóknir á sjávargróðrinum við Ísland, annars vegar með tilliti til uppeldisstöðva nytjafiska og hins vegar með hagnýtingu sæþörunga fyrir augum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Rannsóknir á svifþörungagróðri eru fastur liður í rannsóknastarfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar. Þessar rannsóknir beinast öðru fremur að því að kanna framleiðslugetu íslensku fiskimiðanna. Veigamikill þáttur rannsókna á undanförnum árum hefur verið að kanna gróðurskilyrði og svifþörungagróður á hrygningarsvæðunum við Suður- og Vesturland og fylgjast með klaki. Markmið með rannsóknunum hefur m. a. verið að fá upplýsingar um að hve miklu leyti árgangsstærð fiska ákvarðast á hrygningarsvæðunum yfir hrygningartímann. Stefnt er að áframhaldandi rannsóknum á hrygningarsvæðunum. Enn fremur er ætlunin að taka fyrir helstu firði og kanna framleiðslugetu þeirra.

Stefnt er að því að fá sérfræðing ráðinn til botnþörungarannsókna við Hafrannsóknastofnunina og koma rannsóknunum inn á fjárlög. Þess er vænst að rannsóknum á stórþara á Breiðafirði, sem byrjað var á á árinu 1976, ljúki á þessu ári, og áætlað er að gera samanburðarmælingar annars staðar við landið. Fylgst verður áfram með endurvexti klóþangs á Breiðafirði. Auk þess er í ráði að hefja rannsóknir á öðrum nytjaþörungum, svo sem sölvum, hrossaþara og fjörugrösum. Gerðar hafa verið rannsóknir á magni og vexti stórþara og endurvexti klóþangs á Breiðafirði.

Kostnaður við rannsóknirnar hefur verið greiddur að hluta úr Fiskimálasjóði. Ég beitti mér fyrir því bæði á árinu 1976 og 1977, að fiskimálasjóður legði þessu verkefni lið, og lagði Fiskimálasjóður fram 1.5 millj. kr. 1976 og 2.5 millj. kr. 1977, og að hluta með sérstakri fjárveitingu, sem sjútvrn. hafði til ráðstöfunar, voru veittar 1.5 millj. 1976 og 3.6 millj. á s. l. ári. 1976 lánaði Þörungavinnslan hf. bát til rannsóknanna, en sá liður kostaði 2.1 millj. á árinu 1977. Á þessu ári er einnig sótt um styrk til Fiskimálasjóðs vegna framhalds rannsóknanna.

Ég vil bæta því við, að rn. hefur farið fram á það við fjárveitingavaldið að fá að ráða sérfræðing að auki við stofnunina og farið fram á hærri fjárveitingar, sem hafa verið skornar niður í meðförum fjárlagafrv. og af Alþ. En þessari starfsemi hefur verið haldið uppi fyrst og fremst með þessum sérstöku fjárveitingum og þessum styrk úr Fiskimálasjóði, auk þess sem sá vísindamaður í Hafrannsóknastofnun, sem vinnur að þessu, er auðvitað á launum frá Hafrannsóknastofnuninni sjálfri og laun hans eru auðvitað greidd af fjárl. Lítið hefði verið gert í þessum efnum þrátt fyrir samþykkt þessarar þáltill., sem fyrirspyrjandi gat um, ef ekki hefði verið hægt að grípa til þessara ráða til þess að fjármagna þessar rannsóknir.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svar hans við fsp. minni. Það kemur fram af máli hæstv. ráðh., að hann hefur fullan skilning á mikilvægi þessa máls og svo virðist sem meiri hreyfing hafi komist á síðustu missirum á þetta mál en áður var. Það er ekki ánægjulegt til þess að vita, að svo virðist af máli hæstv. ráðh., að það sé naumast fullkominn skilningur hér á hv. Alþ. á mikilvægi þessa máls. Hann lét að því liggja, að það væri undir högg að sækja með fjárveitingar í því skyni, að halda uppi þeirri starfsemi sem hér um ræðir. En það er hins vegar gott til þess að vita, að hugur manna og hæstv. ráðh. stefnir í þá átt að efla þessa starfsemi með því að fá ráðinn sérfræðing í þessu skyni og fá aukin framlög á fjárlögum.

Ég ætla ekki að fara að halda neina ræðu um mikilvægi málsins, það er svo augljóst. Rannsóknir á sjávargróðrinum stefna að heildarsamantekt á íslensku sæflórunni. Það hefur grundvallarþýðingu fyrir aukna þekkingu á lífríki sjávarins við Ísland. En það varðar annars vegar uppeldisstöðvar nytjafiska, viðgang fiskstofnanna og þar með framtíð sjávarútvegsins í landinu, og hins vegar varðar þetta mál hagnýtingu sjávargróðursins sem hráefnis til iðnaðarframleiðslu. Það má þannig vera öllum ljóst, hversu þýðingarmikið þetta mál er. Það má ekki láta neins ófreistað til þess að hægt sé að vinna að þessum málum svo sem þörf er á og að þar séu ekki látnar hamla smávægilegar fjárveitingar sem þarf til þessara verkefna. Þegar ég segi smávægilegar á ég við hversu litlar þær eru tölulega séð, en geysilega þýðingarmiklar að efni til.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir svör hans.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú í sjálfu sér ekki ástæða til þess að blanda sér

mikið í umr. þessar, en auðvitað er um stórt og mikið mál að ræða og sjálfsagt er að taka undir þakkir til hæstv. sjútvrh. fyrir þann skilning sem hann virðist hafa á þessu máli.

Aðalástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs voru ummæli sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh. Hann talaði um að fjárveitingavaldið og Alþ. virtist ekki hafa skilning á að veita þyrfti fé til þessara rannsókna — ég dreg ekki í efa, að sjútvrn. hefur gert till. um fjárveitingar í þessu skyni, — en þær hafi verið skornar niður í meðförum fjárveitingavaldsins og Alþ. Hér er auðvitað málum blandað allmikið. Það er hæstv. ríkisstj. sem gerir sínar till. í formi fjárlagafrv., og það er hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar sem endanlega bera ábyrgð á því, hver fjárveiting er í hvert afmarkað verkefni. Þannig eru það auðvitað hæstv. sjútvrh. og stjórnarliðar á Alþ. sem bera höfuðábyrgð á því, hversu lítið fjármagn hefur verið veitt til þessarar starfsemi í fjárlögum. Undan því geta menn ekki vikið sér. Hins vegar hefur hæstv. sjútvrh. af dugnaði sínum fundið aðrar leiðir. Þökk sé honum fyrir það. En eftir stendur eigi að síður, að stjórnarliðar á Alþ. bera ábyrgðina á því, hversu lítið fjármagn hefur verið veitt í fjárl. undanfarinna ára til þessa verkefnis. Undan því geta þeir ekki vikið sér.

Sameinað þing, 57. fundur.

Þriðjudaginn 14. mars, að loknum 56. fundi.

Velfarnaður sjómanna, þáltill. (þskj. 307). — Fyrri umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill., sem ég kalla: um velfarnað sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum. Er það 146. mál. Ég vil leyfa mér að byrja þessa framsögu með því að lesa till., með leyfi hæstv. forseta, en hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til að gera tillögur um ráðstafanir til að auka velfarnað íslenskra sjómanna á siglingu og í erlendum höfnum.

Nefndin skal sérstaklega athuga eftirtalin atriði:

1) Hvernig tryggja megi, að í íslenskum skipum verði ekki aðeins sjónvarp, heldur og myndsegulbandstæki.

2) Hvernig unnt verði að láta festa á segulbönd íslenskt efni, þ. á m. sjónvarpsdagskrár, og lána böndin til skipa.

3) Hvort Ísland getur með því að gerast aðili að norrænum eða alþjóðlegum samtökum tryggt sjómönnum þjónustu, þ. á m. lán á kvikmyndum og segulböndum, í erlendum höfnum.

Nefndin skal skipuð þannig, að Sjómannasamband Íslands tilnefni einn mann, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands annan, en hinn þriðji sé skipaður af ráðh. án tilnefningar."

Ég tel skylt að geta þess að þetta mál — að koma myndsegulböndum um borð í skip okkar — hefur verið nefnt hér í umr. Við afgreiðslu fjárl. fyrir síðustu áramót flutti hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, brtt. sem lutu að þessu sama máli, að greiða fyrir því að þessi tæki fengjust um borð í skipin. Till. hans og þessi till. eru tvær hliðar á sama máli.

Jafnframt því sem skipaeign okkar hefur verið endurnýjuð og hefur aukist með nýjum fiskiskipum og farskipum hefur orðið mikil framför í aðbúnaði áhafna. Samt sem áður er enn þá margt ógert sem gera má til þess að gera sjómönnum kleift að nota frjálsar stundir um borð á sem bestan og heilbrigðastan hátt, efla félagslíf áhafna og gefa þeim kost á að njóta eins og unnt er svipaðrar þjónustu og fólk í landi hefur, t. d. af sjónvarpi og kvikmyndum.

Nokkur íslensk skip hafa 16 mm kvikmyndavélar um borð, en hér á landi er mjög takmarkað úrval þess myndefnis, sem hægt er að lána til skipanna, sérstaklega ef ferðir þeirra eru langar. Nú hefur orðið sú breyting á tækni í seinni tíð, að myndsegulbandstæki hafa rutt sér mjög til rúms og hafa orðið ódýrari með hverju ári sem liðið hefur, þannig að viðráðanlegt er orðið fyrir stofnanir og jafnvel einstaklinga að eignast þessi tæki. Þau hafa reynst hafa mikla kosti við notkun um borð í skipum. Hafa nágrannaþjóðir okkar þegar allmikla reynslu af því. Nokkur skip hér á landi munu nú þegar hafa myndsegulbandstæki og má tengja þau við venjuleg sjónvarpstæki til að fá fram myndina. Ef við tökum dæmi frá Noregi, þar sem kaupskipafloti er mikill og mikið er gert til þess að bæta alla aðbúð sjómanna, þá er þar þegar skipulögð starfsemi heima fyrir til að festa alls konar efni á myndsegulbönd og síðan gera af þeim svo og svo mörg eintök að lána megi um borð í skipin. Er þannig séð fyrir því, að sjómenn þurfi ekki að missa af ýmsu því besta sjónvarpsefni, sem framleitt er í heimalandi þeirra, þótt þeir séu vikum saman í siglingum. Þá er einnig hægt að taka eldri kvikmyndir jafnt sem nýjar og flytja þær yfir á myndsegulbönd svo og ýmislegt annað efni, heil fræðslunámskeið, kennslu á öryggistæki og annað sem varðar störf manna á sjónum.

Í sambandi við þessa þróun hefur komið upp hvimleitt vandamál, er allir þeir, sem kunnugir eru málefnum sjónvarps og útvarps, þekkja af meira eða minna biturri reynslu, en þar á ég við höfundarrétt. Kunnugt er, að höfundarréttarmál í sambandi við kvikmyndir og sjónvarp eru svo flókin, að illmögulegt hefur reynst að greiða úr þeim. Tugir manna vinna mismunandi störf við að framleiða þetta efni. Þegar fullgert efnið er selt til notenda getur verið allt að því ómögulegt að skipta á milli allra þeirra, sem komu við framleiðsluna, því fé sem til höfundarréttar heyrir. Þetta hefur sums staðar verið leyst á þann hátt við sjónvarpsfyrirtæki, að höfundagreiðsla hefur fallið í einu lagi í einhvern sameiginlegan sjóð þess starfsfólks sem hlut á að máli. Enda þótt þessi einfalda hugmynd sé kunn hefur hér á landi ekki reynst mögulegt að vinna það kraftaverk að koma því til leiðar, að svo mikið sem einn filmubútur úr sjónvarpi okkar sé fáanlegur, þótt óskað sé eftir honum t. d. til að nota hann í skólum landsins eftir að sjónvarpað hefur verið. Af þessu leiðir að það verður að finna lausn á þessu líka, ef ætti að taka sjónvarpsdagskrár á segulbönd til að lána um borð

í kaupskip okkar og þau fiskiskip sem fara það langt frá landinu að þau geta ekki notið íslensks sjónvarps. Því verður þó ekki trúað að óreyndu, að starfsfólk sjónvarpsins mundi standa í vegi fyrir lausn á þessu máli. Hef ég fyrir satt að svo sé ekki, heldur muni skorta framtak hjá forráðamönnum stofnunarinnar. Vafalaust væri hægt að ráða á því bót, ef hart væri sótt að, sérstaklega ef um allan flotann væri að ræða.

Ég hef rætt þessi mál við ýmsa farmenn sem hafa misjafnar sögur að segja af þessum efnum, sérstaklega eftir því til hvaða landa þeir sigla. En ég hef orð þeirra fyrir því, að til séu norræn samtök um velferð sjómanna sem m. a. halda uppi útlánum á ýmsu efni til skipa og hafa miðstöðvar í öllum helstu höfnum heims. Þess vegna er lagt til að kannað verði, hvort við getum bætt aðstöðu okkar eigin sjómanna með aðild að einhverjum slíkum samtökum. Þá benda þeir á að mjög sé það mismunandi, þegar þeir koma í erlendar hafnir, hvort þeir hafa yfirleitt aðgang að nokkrum sjómannaheimilum eða ekki. Kann að vera, að aukið formlegt samstarf við aðra aðila gæti bætt aðstöðu þeirra að því leyti.

Það er því miður allt of útbreidd skoðun, að sjómenn eyði tíma sínum í erlendum höfnum einungis í svall og skemmtan. Hefðu samtök þeirra raunar fyrir löngu átt að gera gagnráðstafanir til að spyrna gegn þessu áliti alls þorra fólks. Í þessum efnum eru sjómenn vafalaust álíka misjafnir og landkrabbar og því óréttlátt að dæma þá sem heild. En hitt er sönnu nær, að víða hafa þeir lélega aðstöðu til að hagnýta sér margvíslega þjónustu og lélega aðstöðu til að útvega sér efni og tæki sem þeir þurfa t. d. til að halda uppi félagslífi um borð í skipunum þegar þeir eru á löngum siglingum.

Mér finnst þetta mál í raun og veru ekki stórt eða fyrirferðarmikið, þó að það skipti miklu fyrir þá sem hlut eiga að því, þ. e. sjómennina. Ég get ekki fengið mig til þess að vorkenna stofnun eins og Eimskipafélagi Íslands að standa undir kostnaði við að eignast tæki, sem hér er um talað, í hvert einasta skip. Og ég held að það ætti að vera hægt með örlitlum stuðningi að hjálpa sjómönnum til þess, bæði hjá því stærsta kaupskipafélagi okkar og öðrum sem gera út bæði kaupskip og stærri fiskiskip, að efla þann skilning á félagsmálum og velferð sjómanna, að kostnaðurinn, sem af því væri að tryggja þeim þessi tæki, ætti að greiðast af útgerð skipanna.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði vísað til allshn. að lokinni umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Bókhald, frv. (þskj. 434). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 434 er flutt frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 frá 2. maí 1968, um bókhald.

Á síðustu árum hafa orðið miklar og örar breytingar á sviði bókhalds og reikningsskila. Því er talin ástæða til að á þeirri löggjöf, sem um bókhald gildir, verði gerðar þær breytingar sem hér er lagt til. Tækniframfarir í gerð bókhalds- og skýrsluvéla og á sviði filmugerðar gera kleift að beita í ríkari mæli vélum, sjálfvirkni og myndtækni við færslu, úrvinnslu og geymslu bókhalds og bókhaldsgagna. Ársreikningar fyrirtækja hafa einnig tekið breytingum og meira samræmi er orðið í gerð þeirra og algengara verður að þeir hafi að geyma margs konar skýringar og yfirlit auk efnahags- og rekstrarreiknings. Handfærsla ársreiknings í fyrir fram innbundna og löggilta efnahagsbók er þannig orðin allviðamikil og að ýmsu leyti óhentug, a. m. k. hjá stærri fyrirtækjum. Gildandi bókhaldslög gera ráð fyrir notkun vélbúnaðar við færslu bókhalds, en heimila hins vegar ekki undantekningu frá þeirri reglu, að bækur og bókhaldsgögn skuli geymd í sinni upprunalegu mynd í ákveðinn tíma.

Brtt. frv. eru tvíþættar: Í fyrsta lagi er skilyrðið um innbundna og löggilta efnahagsbók gert undanþægt. Er þá stefnt að því að opna þann möguleika, að í stað handfærslu og innbindingar efnahagsbókar geti komið geymslubindi, sem ársreikningurinn yrði lagður í eða bundinn.

Færslu efnahagsbókar mun nú almennt vera þannig háttað hér á landi, að í hana er aðeins færður rekstrar- og efnahagsreikningur. Með þessari breytingu er stuðlað að því, að ársreikningar fyrirtækja verði varðveittir með þeim skýringum og skýrslum sem nú eru almennt að verða óaðskiljanlegur hluti ársreikninga. Í reglugerð yrði að setja ákveðin skilyrði fyrir notkun slíkra geymslubinda í stað innbundinna bóka, m. a. um öruggan frágang þeirra og geymslu.

Í öðru lagi er opnuð heimild til þess að setja reglugerðarákvæði um geymslu bókhaldsbóka og bókhaldsgagna á filmu og annarri jafngildri eftirmynd. Heimild til færslu og geymslu bókhaldsgagna á filmu hefur nú verið lögleidd víða um heim, m. a. á Norðurlöndum. Með notkun slíkrar tækni er oft hægt að spara verulegt húsrými og pappír, auk þess sem leit upplýsinga í eldri gögnum getur orðið aðgengilegri og jafnvel mun öruggari. Hér er ekki aðeins um að ræða notkun á filmum til geymslu á upplýsingum fylgiskjala eða annarra hliðstæðra gagna, heldur er í æ ríkari mæli farið að nota sérstakar örfilmur — þ. e. a. s. míkrófilmur — fyrir tölvuútskrift í bókhaldi í stað útskriftar á pappír. Heimild í reglugerð til notkunar á slíkri tækni verður þó að vera háð ströngum skilyrðum varðandi alla framkvæmd, gerð filmuefnis, skráningu og geymslu til að tryggja fyllsta öryggi um meðferð og geymslu upplýsinga.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, frv. (þskj. 409). — 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Á þskj. 409 *hef ég leyft mér að flytja frv. til laga* um ríkisendurskoðun. Upphaf þessa máls er það, að það mun hafa verið árið 1975 við afgreiðslu á ríkisreikningi að mér þótti nokkuð merkilegt, í upphafi þess *tíma sem ég var hér á Alþ.*, hversu lítil umr. og litlar skýringar fylgdu ríkisreikningi. Gat ég þess þá, að mér þætti eðlilegt að hér yrði breyting á, Alþ. fengi meiri skýringar og skýrslur um ríkisreikninginn.

Í þjóðfélaginu hafa orðið miklar umr. um ríkisreksturinn og hvernig eigi að standa að lagfæringum á því sviði, standa að eftirliti og aðhaldi. Mikil útþensla hefur orðið í ríkisrekstrinum. Hið opinbera hefur fengið aukin verkefni, og stærri og stærri hluti þjóðartekna fer til opinberra þarfa og sameiginlegra þarfa. Þegar slíkur vöxtur á sér stað er hætt við því, að eigi sér stað sóun á fjármagni, afköst verði lítil á ýmsum stöðum í ríkiskerfinu og nýting fjármagns ekki sem skyldi. Þess vegna er ljóst, sérstaklega þegar ekki er hægt að stækka eða auka hina opinberu starfsemi og samneyslu óendanlega, að það er mikils um vert, að þetta fjármagn og þeir fjármunir séu notaðir skynsamlega og nýttir vel í þágu þjóðarinnar.

Menn hafa margir hverjir talað hátt um þessi mál, viljað leggja niður ýmsa starfsemi. Menn hafa jafnvel talað um að þm. skyldu ganga í rannsóknir á ýmsum sviðum í ríkiskerfinu. Allt *þetta er út af fyrir sig innantómt ef Alþ. hefur* ekki stofnun og aðstöðu til þess að fylgjast með á sviði ríkisrekstrarins. Það eru allir sammála um að eftirlit þurfi að auka, en aðalvandamálið er, hvernig það skuli gert. Að mínum dómi þarf Alþ. að eiga frumkvæðið, axla ábyrgðina á eftirlitinu og því aðhaldi sem er í ríkisrekstrinum, gagnrýna og leiðbeina og vísa veginn, í stað þess sem svo oft vill verða, að Alþ. sé áhorfandi sem gefur heimildir, samþ. fjárframlög án þess að fá fullnægjandi skýrslur um ráðstöfun og nytsemi þess fjármagns.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera í löngu máli grein fyrir þessu frv. Því fylgir nokkuð löng grg. og skýringar með einstökum greinum. Ég ætla þó að gera í stuttu máli grein fyrir aðalefni þess.

Það er til stofnun í þjóðfélaginu, sem heitir ríkisendurskoðun. Hlutverk ríkisendurskoðunar er ákveðið í reglugerð frá 31. des. 1969. Það hlutverk er:

1. Endurskoðun reikningsskila embætta, ríkisstofnana og sjóða í vörslu ríkisins.
2. Umsjón og eftirlit með endurskoðun á reikningsskilum ríkisstofnana, en endurskoðendur þeirra eru skipaðir eða kosnir samkv. sérstökum lögum.
3. Eftirlit með opinberum sjóðum samkv. lögum nr. 20/1964.
4. Eftirlit með rekstri ríkisstofnana lögum samkv., sbr. II. kafli laga nr. 61/1931 og 82. gr. laga nr. 52/1966.

Þessi stofnun er hin ágætasta og vinnur mjög þarft verk. Ríkisendurskoðun hefur mikilvægu hlutverki að gegna, en hins vegar er ekki til nein heildarlöggjöf um starfsemi hennar. Orðið hafa miklar breyt. á endurskoðun, reikningsskilum, upplýsingakerfum og fleiru á undanförnum árum, *byltingarkenndar breytingar sem kalla á* lagasetningu um þessa stofnun. Í öðru lagi lýtur þessi stofnun fjmrh. Það er einn aðaltilgangur þessa frv. að breyta því fyrirkomulagi. Alþ. fær ekki *skýrslur frá þessari stofnun.* Þær *skýrslur* eru sendar fjmrn.

Eins og segir í 1. gr. frv., skal ríkisendurskoðun vera stofnun Alþingis sem framkvæmir endurskoðun í samræmi við ákvæði þessara laga í umboði Alþingis. Stofnunin skal vera óháð ríkisstj., rn. og öðrum stofnunum, sem eru háðar eftirliti hennar samkv. þessum lögum.

Út af fyrir sig má hugsa sér að koma þessu fyrir á mismunandi hátt. Í öðrum löndum er það ýmist þannig, að ríkisendurskoðun lýtur framkvæmdavaldinu eða heyrir beint undir Alþ. eða starfar sem dómstóll, eins og t. d. í Vestur-Þýskalandi, Sviss og Frakklandi. Hér er lagt til að ríkisendurskoðun verði stofnun Alþingis og þjóni Alþingi.

Í framhaldi af þessu er lagt til í 2. gr., að stjórn ríkisendurskoðunar skuli vera skipuð sex mönnum, sem skulu að jafnaði vera alþm. sem eiga sæti í fjvn. eða fjhn. Alþ. Formaður stjórnarinnar skal vera ríkisendurskoðandi sem þessi stjórn skipar.

Það er út af fyrir sig nokkurt vandamál, hvernig því verður best fyrir komið að skipa stjórn þessarar stofnunar. Ég hef þó komist að þeirri niðurstöðu, að eðlilegast sé að það séu alþm., til þess að treysta sem best böndin á milli ríkisendurskoðunar og Alþingis og tryggja að sem best tengsl séu á milli þingsins og ríkisendurskoðunar.

Sú hefur verið þróun undanfarinna ára, að menn hafa viljað mæta þessu vandamáli, að þingið og Alþ. fái fylgst betur með á hinum ýmsu sviðum í ríkisrekstrinum og í ríkisstofnunum, með því að Alþ. kjósi stjórnir þessara stofnana. Ég er þeirrar skoðunar, að við séum út af fyrir sig ekki á réttri braut með því. Það treystir ekki böndin og samskiptin milli þingsins og þessara stofnana og tryggir ekki að Alþ. hafi eftirlit og aðhald að þessum stofnunum. Ég er þeirrar skoðunar, að Alþ. eigi fyrst og fremst að auka eftirlits- og aðhaldshlutverk sitt, en skipta sér minna af stjórnun hinna einstöku stofnana. Alþ. setur þessum stofnunum lög, ákveður hvaða fjármagn þessar stofnanir og ríkisreksturinn skuli fá til umráða. Það er því eðlilegt, að Alþ. fylgist með á hvern hátt það er gert og hvort það sé gert í samræmi við vilja þingsins, en Alþ. hafi ekki beinlínis hönd í bagga með stjórn viðkomandi stofnana.

Þá er mikilvægt, hvað skuli endurskoða og hverju þessi stofnun skuli hafa eftirlit með. Fram kemur í 6. gr. frv., að stofnunin skuli setja upp starfsáætlun fyrir eitt ár í senn, þar sem komi fram í meginatriðum að hvaða verkefnum skuli unnið og á hvern hátt. Það er út af fyrir sig ekki hægt að ganga frá slíkri starfsáætlun í einstökum atriðum, en í þessu sambandi bendi ég á grg., þar sem fjallað er um ríkisendurskoðun í Svíþjóð, en þar er lýst til-

högun um hvernig unnið skuli að þessari starfsáætlun og hvert innihald hennar gæti verið.

Síðan kemur fram í 10. gr., að endurskoðun samkv. frv. skuli ná til a) ríkisreiknings, b) stofnana, sjóða og annarra þar sem kostnaður eða reikningslegt tap er greitt af ríkissjóði samkv. fjárlögum eða öðrum tekjum samkv. sérstökum lögum, c) fyrirtækja eða stofnana, sem rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á meiri hluta í, þar með talin ríkisbankar og hlutafélög; d) reikningsskila Alþingis.

Hér er um að ræða mjög víðtæka endurskoðun á öllu sem lýtur að ríkisreikningi, að öllum stofnunum, sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs, og einnig hlutafélögum, sem ríkissjóður á meiri hluta í, og ríkisbönkum. Með þessu er stefnt að því, að eftirlit og endurskoðun sé sem mest á einni hendi. Hins vegar er heimilt samkv. lögunum, að ríkisendurskoðun fái aðra aðila til að sinna þessu starfi fyrir sig, a. m. k. til að byrja með.

Í 11. gr. kemur fram að þeir aðilar, sem þessi endurskoðun nær til, skuli hafa náið samráð við ríkisendurskoðun í sambandi við bókhaldskerfi, innra eftirlit og rekstur innri endurskoðunardeilda. Ríkisendurskoðunin skal leggja mat á innra eftirlit og rekstur innri endurskoðunardeilda og ákveða endurskoðunaraðferðir í samræmi við það mat. Ljóst er að í mörgum stofnunum er innri endurskoðun og eftirlit. Nauðsynlegt er að ríkisendurskoðun hafi hönd í bagga með slíkri starfsemi, ríkisendurskoðun fái með ákveðnum hætti upplýsingar um slík kerfi og breytingar á þeim, svo hægt sé að fylgjast reglubundið með öryggi þeirra sem grundvelli fyrir endurskoðunaraðgerðum og aðferðum ásamt mati á starfseminni almennt. Hins vegar er ljóst, að það er fyrst og fremst hlutverk viðkomandi rn. og stofnunar að koma á því stjórnunarlega eftirliti sem talið er nauðsynlegt og fjárhagslega verjandi í hverju tilfelli.

Í 12. gr. kemur fram á hvern hátt þessi endurskoðun skuli fyrst og fremst framkvæmd. Gert er ráð fyrir því, að endurskoðunin skuli beinast að eftirfarandi, hvort reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju; b) hvort þeir gerningar og starfsemi, sem reikningsskilin fjalla um, séu í samræmi við heimildir fjárlaga, annarra laga, fyrirmæla og almennar starfsvenjur; c) mat skal á það lagt, hvort nauðsynleg fjárhagsleg og rekstrarhagfræðileg sjónarmið eru í heiðri höfð við ráðstöfun fjármagns og rekstur þeirra fyrirtækja og stofnana, sem reikningsskilin ná yfir; d) að öðru leyti skal endurskoðunin framkvæmd samkv. góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma.

Hér kemur fram nýmæli í c-lið 12. gr.: Mat skal á það lagt, hvort nauðsynleg fjárhagsleg og rekstrarhagfræðileg sjónarmið eru í heiðri höfð við ráðstöfun fjármagns og rekstur þeirra fyrirtækja og stofnana sem reikningsskilin ná yfir. Með þessu er lögð áhersla á það hlutverk ríkisendurskoðunar að auka hagkvæmni og árangur í ríkiskerfinu. Það er að vísu grundvallarskylda hvers rn. og stjórnsýslustofnunar að halda uppi hagkvæmu og virku stýrikerfi, ef svo má að orði komast, og reikningsskilin þurfa — svo vel eigi að vera — að geta veitt upplýsingar um þau afköst og þann árangur sem tengjast þessum útgjöldum.

Ég gat þess áðan, að í ríkiskerfinu væru lítil afköst á mörgum sviðum og léleg nýting fjármagns orðin vandamál. Þess vegna er nauðsynlegt að notað sé reikningsskilakerfi, þar sem veittar eru upplýsingar um afköst og þann árangur sem útgjöldunum tengjast. Ég vil í þessu sambandi benda á, eins og kemur fram í grg. með frv., ríkisendurskoðun í Bandaríkjunum, kostnaðarlækkunaraðgerðir sem ríkisstj. Bandaríkjanna setti 1966. Það kerfi átti að tryggja að hægt væri að mæla framleiðni og skilvirkni. Þetta hefur einnig verið gert í stórum mæli hjá sænsku ríkisendurskoðuninni, þannig að slík starfsemi er viðhöfð í nokkrum löndum og af því má mikið læra. Nauðsynlegt er fyrir Alþ. að fylgjast með rekstri þessara stofnana og ríkissjóðs yfirleitt. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að ríkisendurskoðun geri það fyrir hönd Alþingis.

Þetta er ekki að ástæðulausu, að nauðsynlegt sé að slíkt eftirlit sé tekið upp í ríkara mæli. Vil ég í því sambandi einnig minna á það, fyrir utan það sem ég hef áður sagt, að orðið hafa mjög veruleg frávik á milli fjárlaganna annars vegar og ríkisreiknings hins vegar — frávik sem eiga sér sjálfsagt eðlilegar skýringar, en þær skýringar þurfa að vera betri og koma ljósar fram. Það á að vera hlutverk þessarar stofnunar að fylgjast með öllum slíkum frávikum sem koma fram á milli fjárlaga og ríkisreiknings, en eins og kemur fram í grg. hafa þessi frávik verið mjög mikil á s. l. 4 árum.

Þá er gert ráð fyrir því, að auk þessarar endurskoðunar, sem ég hef nú getið um, geti ríkisendurskoðun með aðstoð viðkomandi rn. — og nauðsynlegt er að gera það með aðstoð þeirra — krafist þess að fá reikningsskil frá stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum sem taka á móti fjármagni, t. d. styrkjum, tekjum samkv. sérstökum lögum, svo og reikningsskil þeirra aðila sem njóta ríkisábyrgðar eða annars stuðnings frá ríkissjóði. Ekki er gert ráð fyrir að ríkisendurskoðun endurskoði beint reikninga þessara aðila, en geti ávallt krafist þess að fá þá. Við vitum að fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu fá styrki og stuðning frá ríkinu, ríkisábyrgð og annan stuðning, lán. Nauðsynlegt er að þessi stofnun hafi ótvírætt vald til að fá þessa reikninga.

Í 14. gr. kemur einnig fram, að ríkisendurskoðun hafi heimild til að rannsaka þann hluta reikninga sveitarfélaga, sem varða starfsemi sem er greidd eða rekin af ríkissjóði og sveitarfélagi í sameiningu. Allir vita að þetta er gert á mörgum sviðum og sveitarfélög taka við verulegu fjármagni í þessu skyni.

Í 15. gr. er skilgreint, að hverju þessi endurskoðun skuli miða. Hún skal fyrst og fremst miða að því, að þessi reikningsskil séu endurskoðuð á fullnægjandi hátt, skilyrði fyrir móttöku fjármuna séu uppfyllt og fjármunir séu notaðir í samræmi við ákvæði laga og annarra fyrirmæla. Mikilvægt er að tryggt sé, þegar slíkur stuðningur er ákveðinn samkv. fjárlögum eða á annan hátt, að það fjármagn sé notað á réttan hátt.

Þá vil ég aðeins víkja að því, hvernig þessi stofnun á að skila af sér til Alþingis. Í 21. gr. kemur fram, að ríkisendurskoðun skal leggja fyrir Alþ. endurskoðunarskýrslu með A- og B-hluta reikningsins, þar sem fram kemur álit ríkisendurskoðunar á reikningsskilunum og viðkomandi starfsemi í samræmi við 12. gr. Þá er gert ráð fyrir því, að þegar umr. fer fram um ríkisreikninginn liggi þessi skýrsla til grundvallar þeirri umr., þannig að alþm. geti metið á hvern hátt framkvæmdavaldið hafi staðið að notkun og nýtingu þeirra fjármuna sem því hafa verið fengnir í hendur með samþykki Alþ. Þá skal ríkisendurskoðun einnig leggja fyrir Alþ. endurskoðunarskýrslu varðandi aðra starfsemi, sem skylt er að endurskoða samkv. þessum lögum. Hér er um að ræða reikninga fyrirtækja og stofnana *sem ekki koma beinlínis til afgreiðslu Alþ. Hins* vegar er nauðsynlegt að Alþ. geti fylgst með starfsemi þessara stofnana og nýtingu þess fjármagns. Því er eðlilegt, að ríkisendurskoðunin leggi einnig skýrslu um þau mál fyrir Alþingi.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að ríkisendurskoðunin skuli vera fjvn. Alþ. til ráðuneytis við ráðstöfun fjárveitinga, eftir því sem nauðsynlegt er talið að dómi nefndarinnar. Mér er ljóst, að *fjárlaga- og hagsýslustofnun veitir fjvn. mikils*verða aðstoð í sambandi við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga. En hins vegar er ljóst, að stofnun eins og ríkisendurskoðun, sem fylgist og á að fylgjast með allri starfsemi á vegum ríkisins, hlýtur að búa yfir mikilli þekkingu um þá starfsemi. Þess vegna er nauðsynlegt að stofnunin sé fjvn. til ráðuneytis í sambandi við ákvörðun fjárveitinga. Þetta verður að sjálfsögðu að *fara eftir vilja nefndarinnar, en það kemur fram* í 16. gr. laganna, að þetta skuli vera hlutverk ríkisendurskoðunar, ef fjvn. fer þess á leit.

Ég vil aðeins að síðustu geta um það í samandregnu máli, hver er aðaltilgangur þessa frv. Hann má skýra með þremur atriðum:

Í fyrsta lagi að auka vald Alþingis yfir stofnunum ríkisins og meðferð fjármuna í ríkiskerfinu og þar með að auka ábyrgð Alþingis. Ég tel að slíkt muni verða til þess að auka virðingu Alþingis í þjóðfélaginu. Við, sem hér erum, hljótum að stefna að því og stuðla að því, að sú virðing verði sem mest meðal þjóðarinnar.

Í öðru lagi er stefnt að því með þessu frv. að koma á stofnun sem geti unnið að bættri nýtingu fjármuna og bættum afköstum í ríkiskerfinu og þar af leiðandi unnið að bættum ríkisrekstri, þannig að við getum gert meira fyrir það fjármagn sem við höfum til ráðstöfunar.

Í þriðja lagi er stefnt að því, að umr. um ríkisreksturinn og starfsemi ríkisins verði opnari. Það kemur af sjálfu sér, að ef ríkisendurskoðun skilar skýrslum um alla starfsemi ríkisins til Alþingis, verða umr. opnari um þá starfsemi og þar með aukið aðhald almennings í sambandi við ríkisreksturinn.

Ég get þess að lokum, að þessu frv. fylgir nokkuð löng grg. um ríkisendurskoðun í öðrum löndum. Er hún út af fyrir sig ekki fullnægjandi á neinn hátt, en gefur yfirsýn yfir það, á hvern hátt er unnið að þessum málum. Eins og kemur fram í lok þeirrar grg., eru þær helstu niðurstöður þeirrar athugunar, sem ég hef gert á þeim málum, að um alllangt skeið hefur verið mikill áhugi á því víða um lönd að víkka verksvið endurskoðunarinnar. Þannig eru í starfsreglum margra ríkisendurskoðunarstofnana ákvæði sem lúta að því, að endurskoðunarstarfið skuli ekki miðað við það eitt að leita uppi skekkjur og misferli, heldur beri einnig að kanna skilvirkni og hagkvæmni í stjórnsýslukerfinu. Að því er stefnt með þessu frv. Fyrirmælum í þessa átt hefur hins vegar almennt reynst erfitt að framfylgja. Ég geri mér ljóst og það kemur hér fram, að mjög hefur verið kvartað yfir því af þessum stofnunum. Hins vegar hefur orðið veruleg þróun í þessum efnum um langt skeið, bæði í Bandaríkjunum *og Svíþjóð, og þar má sjá markvissa* þróun endurskoðunarstarfseminnar í þessa átt. Tel ég að læra megi mjög mikið af reynslu þessara tveggja þjóða, sem er orðin alllöng. Einnig hefur þróunin verið sú, að ríkisendurskoðunarstofnanir þjóni þjóðþingum í ríkari mæli og stuðli þannig að opnari umræðum um starfsemi á vegum ríkisins.

Nýlega samþ. t. d. kanadíska þjóðþingið lög um ríkisendurskoðun, sem ég hef að vísu ekki séð enn þá, en þau lög ganga í þá átt, að ríkisendurskoðun í Kanada þjóni þjóðþinginu. Var það talin veruleg framför í því landi. Þessi háttur hefur einnig verið hafður á í Noregi um mjög langt skeið. Það hefur verið unnið nú um nokkurra ára skeið að undirbúningi nýrra laga um ríkisendurskoðun í Noregi. Sá undirbúningur er ekki kominn það langt að ég hafi fengið þær till., en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá norsku ríkisendurskoðuninni, munu þær till. liggja fyrir á þessu ári.

Ég geri mér vel ljóst, að á margan hátt hefði verið æskilegt og nauðsynlegt að nefnd manna hefði starfað að undirbúningi þessa máls, sem ég hef hér leyft mér að flytja. Þess vegna geri ég mér fulla grein fyrir því, að það kunni að reynast nauðsynlegt að gera breytingar á þessu frv. við meðferð þessa máls. Hins vegar hef ég verið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að færa þetta mál í nokkuð heillegan búning, annaðhvort af alþm. eða á vegum Alþ., vegna þess að ég hef ekki haft trú á því, að slík tillögugerð mundi koma frá framkvæmdavaldinu. Ég tel að eðlilegt sé, að slík tillögugerð komi frá þinginu. Þess vegna hef ég unnið að þessu máli á þennan hátt í stað þess að flytja það sem þáltill. og leggja *til, að nefnd verði skipuð til að vinna að því.*

Ég hef unnið að þessu máli um þriggja ára skeið og leitast við að kanna sem best, hvernig þessum málum er fyrir komið í öðrum löndum. Niðurstaðan er sú, að með þessari breytingu og þessari breyttu skipan megi gera verulega bót í þessu efni í þjóðfélagi okkar.

Ég vil svo, herra forseti, að lokinni þessari umr. leggja til, að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

Umr. frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 415). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 420). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir tveimur breytingum á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Önnur þessi breyting er að Verðlagsráð skuli framvegis ákveða verð á síldarúrgangi, en ákvörðun verðs á honum hefur ekki heyrt undir Verðlagsráð til þessa. Um verð á síldarúrgangi hefur verið samið milli síldarsaltenda og þeirra aðila sem kaupa þennan úrgang. Meðan leyfð var veiði á síld til bræðslu varð það samkomulag milli aðila, að verð á síldarúrgangi skyldi vera ákveðið hlutfall að verði síldar til bræðslu. Eftir að veiðar á síld voru leyfðar að nýju til manneldis fyrir þremur árum hafa veiðar til bræðslu hins vegar verið bannaðar og verða það vafalaust um mörg ár. Af þeim sökum hefur verð á síld til bræðslu ekki verið ákveðið undanfarin ár og framangreind hlutfallsregla um verð á síldarúrgangi því verið ónothæf. Komið hefur í ljós að tölurvert misræmi hefur verið á því verði, sem greitt er fyrir þennan síldarúrgang á ýmsum stöðum. Síldarsaltendur hafa sérstaklega óskað eftir því að Verðlagsráð ákveði verð á síldarúrgangi framvegis, og hefur Verðlagsráð fallist á það fyrir sitt leyti. En með þessu frv. er leitað heimildar fyrir Verðlagsráð til að verða við þessari beiðni. Ekki þykir ástæða til að breyta skipulagi ráðsins að öðru leyti en því, að í stað fulltrúa fisksöluaðila í fiskúrgangsdeild komi fulltrúi síldarsaltenda við verðlagningu á síldarúrgangi.

Hin breytingin er sú, að lífur frá veiðiskipum verði framvegis verðlögð í fiskúrgangsdeild. Fulltrúar í fiskideild Verðlagsráðsins eru fyrst og fremst fulltrúar söluaðila að því er varðar lífur, en lifrarkaupendur hafa lýst því yfir, að þeir eigi erfitt með að sætta sig við þetta fyrirkomulag. En ekki þykir ástæða til að setja á stofn sérstaka deild vegna þessarar verðlagningar, enda munu lifrarkaupendur sætta sig við að fulltrúar kaupenda í fiskúrgangsdeild gæti hagsmuna þeirra.

Það eru m. ö. o. þessi tvö atriði sem þetta frv. fjallar um og fylgja þessu meðmæli Verðlagsráðsins — allra aðila Verðlagsráðsins — að þessar breytingar verði gerðar á lögunum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 421). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um Fiskimálasjóð gerir ráð fyrir því, að hámarkslán Fiskimálasjóðs megi hækka úr 600 þús. kr. hvert lán í 2 millj. kr. Lögin hafa bundið hverja lánveitingu við tiltekna hámarksupphæð og hefur ekki orðið breyting á hámarksupphæð frá árinu 1971, er lögunum um Fiskimálasjóð var breytt. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi að þessi upphæð verði hækkuð í 2 millj. Mælir hún því með að þessi breyting verði gerð.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 437). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hlutverk Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins er að efla framleiðslu og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum, m. a. með því að annast sölu og dreifingarstarfsemi á þessum afurðum og skipuleggja markaðsleit og markaðsöflun erlendis með upplýsinga-, auglýsinga- og þjónustustarfsemi, eins og nauðsynlegt telst og fjárhagsgeta leyfir hverju sinni. Með lögum um stofnunina frá 1972 var henni tryggt 25 millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði í 5 ár, í fyrsta sinn 1973. Enn fremur kváðu lögin á um stofnun sérstaks sjóðs, Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðar, er hefur það verkefni að efla niðursuðuiðnaðinn, auka tilraunir með nýjar vörutegundir og afla markaða erlendis. Svo var kveðið á í lögunum, að lagmetisiðnaðurinn skyldi undanþeginn útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, en þó skyldi innheimta þessi útflutningsgjöld til ársloka 1977 og skyldu þau renna til Þróunarsjóðsins.

Það frv., sem hér er lagt fram, miðar að því að tryggja áframhaldandi starfsemi Sölustofnunar lagmetisiðnaðar og miðar að því, að hún standi að loknum tæpum þremur árum, eða í ársbyrjun 1981, á eigin fótum. Að því er stefnt, að sérstök verkefni í markaðsmálum og útflutningsstarfsemi verði í ríkara mæli kostuð af Þróunarsjóði en hingað til, þar sem árlegt framlag ríkissjóðs hefur frá byrjun þessa árs fallið niður.

Í grg. frv. er ítarlega rakin starfsemi Sölustofnunarinnar og Þróunarsjóðs á undanförnum árum og vikið að framtíðarverkefnum, breyt-

ingum og nýmælum frá gildandi lögum. Í grg. segir m. a., að reynslan sýni, þrátt fyrir batahorfur nú, að ekki hafi á s. l. 5 árum tekist að efla útflutning á íslensku lagmeti að því marki sem vonir stóðu til í upphafi. Þar hefur margt komið til, svo sem tollastefna Efnahagsbandalagsins gagnvart Íslendingum í kjölfar fiskveiðideilna, efnahagssamdráttur í mikilvægum markaðslöndum og ýmislegt fleira. Af þeim ástæðum hafa samtök lagmetisframleiðenda og stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins farið þess á leit, að stofnunin njóti hin næstu 3 ár stuðnings við útflutning, vöruþróun og markaðsöflun í því formi að tekjur Þróunarsjóðs verði þetta tímamil hliðstæðar því sem nú er, en þeirra verði aflað á annan hátt.

1. og 2. mgr. 1. gr. frv. er efnislega samhljóða gildandi lögum, þ. e. a. s. lögum frá 1972 eins og þeim var breytt árið 1974. Þar er skilgreining á lagmetisiðnaðinum, sagt að hann teljist til iðnaðar eins og hann er skilgreindur í lögunum og greiði iðnlánasjóðsgjald samkvæmt lögum og njóti þar með aðgangs að stofnlánum úr Iðnlánasjóði.

Í 2. gr. frv. er fjallað um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins og hlutverk hans skilgreint til samræmis við þann skilning sem lagður hefur verið í ákvæði gildandi laga. Samkvæmt því er Þróunarsjóði lagmetisiðnaðar ætlað það hlutverk að efla lagmetisiðnaðinn, m. a. með því að stuðla að tæknilegri uppbyggingu, þróun vinnsluaðferða og vörutegunda og markaðsöflun erlendis. Sérstaklega er tekið fram, að ekki sé gert ráð fyrir að verja fé sjóðsins til að ráða bót á rekstrarerfiðleikum eða fjárhagsvanda framleiðenda lagmetis eða til að standa straum af fjárfestingu í framleiðslutækjum eða mannvirkjum þeirra, eins og segir í 3. mgr. 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið svo á, að iðnrh. fari með yfirstjórn sjóðsins og setji reglugerð um starfsemi hans og heimilt sé að fela Iðnaðarbanka Íslands daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt sérstökum samningi, svo sem um bókhald, innheimtu, útborganir og vörslu eigna.

Stjórn Sölustofnunarinnar hefur sett fram áætlanir um starfsemi Þróunarsjóðsins næstu þrjú árin. Á vegum sjóðsins er nú unnið að vöruþróun, bæði fyrir hefðbundnar vörutegundir svo og vörur úr hráefni sem lítið eða ekki hefur verið nýtt til fullvinnslu hérlendis. Þá er fyrirhugað mikið átak í markaðsleit og markaðsöflun fyrir kavíar, þorskhrogn, þorsklifur og fleiri vörutegundir í Evrópu, einkum eftir að aðgangur að mörkuðum þar er orðinn greiðari að því er tolla varðar. Þá er einnig áformuð stofnun söluskrifstofu í Evrópu, en slík skrifstofa er þegar fyrir hendi í Bandaríkjunum. Reynsla síðustu ára hefur sýnt, að brýn þörf er einnig að ráða matvælafræðing til sjóðsins. Í þriggja ára áætlun um Þróunarsjóðinn, þ. e. fyrir árin 1978—1980, áætlar stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins að verja þurfi 300 millj. kr. til margvíslegra markaðsaðgerða og þróunarverkefna.

Í 3. gr. frv. er fjallað um tekjuöflun Þróunarsjóðs næstu þrjú ár. Gert er ráð fyrir að leggja 3% fullvinnslugjald á útflutt söltuð grásleppuhrogn og söltuð eða fryst þorskhrogn, sem komi í stað 6% útflutningsgjalds á útflutt grásleppuhrogn, sem runnið hefur til Þróunarsjóðs. Gjald þetta er nefnt fullvinnslugjald til að leggja áherslu á, að tekjum af því er ætlað að stuðla að aukinni fullvinnslu þeirra hráefna sem gjaldið bera.

Talið er að verðmætaaukning eða verðmætasköpun við vinnslu grásleppuhrogna í kavíar sé rúmlega tvöföldun eða 2.2. Árið 1977 var meðalverð fyrir tunnu hráefnis í útflutningi 46 500 kr., en tunna af fullunnum kavíar var seld á meðalverði fyrir 93 þús. kr. Alls voru fluttar út um 17 þús. tunnur, en unnið úr 750 tunnum. Má af þessu vera ljóst, hversu geysistórt verkefni er hér fyrir höndum, að vinna í stórauknum mæli úr þessu mjög svo verðmæta hráefni.

Talið er að fyrir grásleppuhrogn sem flutt voru út, hafi fengist á s. l. ári samtals — fyrir hin óunnu hrogn og það sem unnið var úr — um 870 millj. kr. Ef allt væri þetta fullunnin vara mundi heildarverðmætið verða um 1800 millj. kr. Hér væri því um nær 1 milljarð að ræða í verðmætisaukningu ef unnt reyndist að fullvinna kavíar úr grásleppuhrognum hér heima, en kunnugt er að íslensk grásleppuhrogn eru eitthvert albesta hráefni sem í þessa vöru er fáanlegt. Væri því um mjög stórfellda gjaldeyrissköpun að ræða, ef þetta tækist, og hægt væri að vinna markaði fyrir þessa vöru.

Ég skal ekki hafa fleiri orð að sinni um þetta frv., en vísa til ítarlegrar grg. og upplýsinga sem frv. fylgja. Legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 417). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj 417 er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum.

Eins og hv. þm. er í fersku minni voru í des. 1976 samþ. á Alþ. ný tollskrárlög. Lögin mörkuðu framhald þeirrar tollastefnu, sem mótuð var með lögum um sama efni frá 1970 og 1974, og kváðu m. a. á um samningsbundnar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Jafnframt þessum breytingum voru gerðar umfangsmiklar breytingar á undirskiptingu vöruliða í íslensku tollskránni, en breytingar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins höfðu verið samþ. í ársbyrjun 1976 af ráðinu fyrir tilstilli Tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú, eins og ég gat um í fjárlagaræðu minni er ég gat um framlagningu þessa frv., að brýna nauðsyn ber til að samræma íslensku tollskrána þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins frá því að hún var gefin út að nýju í jan. 1977 með áorðnum breytingum.

Eins og kunnugt er, var ákveðið í heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar árið 1963 að taka upp

tollskrá gerða eftir tollnafnaskrárfyrirmynd Tollasamvinnuráðsins í Brüssel, eins og skrá þessi var árið 1959. Tollnafnaskráin var áður þekkt undir heitinu Brüsseltollskráin, en upphafleg gerð hennar var frá árinu 1950 svo og alþjóðleg samþykkt um hana. Um 40 þjóðir eru í dag aðilar að samþykkt þessari, en um 130 þjóðir munu hins vegar hafa tekið upp tollskrár sem í grundvallaratriðum eru byggðar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins.

Frá árinu 1963, er Ísland tók upp fyrrgreinda tollskrá, hefur 21 breytingarskrá verið samþ. á tollnafnaskránni. Hefur verið leitast við að breyta íslensku tollskránni jafnóðum til samræmis við breytingar þessar, þannig að notið yrði þess hagræðis sem er því samfara að hafa sama tollskrárform og allar helstu viðskiptaþjóðir okkar. Við síðustu heildarendurskoðun íslensku tollskrárinnar á árinu 1976 var tollskráin þannig m. a. færð til samræmis við nýja útgáfu tollnafnaskrár Tollasamvinnuráðsins í tengslum við samræmingu þeirrar síðar nefndu við hina tölfræðilegu vöruskrá Sameinuðu þjóðanna, eins og áður getur. Jafnframt var tollskránni breytt til samræmis við breytingarskrár nr. 20 og 21 sem samþ. höfðu verið í ársbyrjun 1976.

Tollasamvinnuráðið samþ. í júní 1976 umfangsmiklar breytingar á tollnafnaskránni sem leiða munu til verulegrar fækkunar á vöruliðum. Vöruliðir, sem falla niður vegna breytinganna, eru fyrst og fremst vöruliðir sem komið hefur í ljós við samræmingu tollnafnaskrár Tollasamvinnuráðsins og vöruskrár Tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna að eru óþarfir, þar eð vöruliðirnir taka til vara sem að magni til eru mjög lítilvægar í alþjóðlegum viðskiptum.

Í bréfi Tollasamvinnuráðsins frá 12. júlí 1977 segir um breytingar þessar, að þar sem engar athugasemdir hafi borist ráðinu frá aðilum að samþykkt um vöruflokkun í tollskrám komi breytingarnar til framkvæmda frá og með 1. jan. 1978.

Þá skal þess getið, að unnið hefur verið að því að undanförnu að færa öll breytt tollskrárnúmer samkvæmt framansögðu til samræmis í viðauka B við aðildarsamning að EFTA og í bókunum í samningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Af Íslands hálfu er eigi unnt að ganga formlega frá þessum breytingum nema að undangenginni breytingu á tollskrá landsins.

Eins og ég gat um áðan hafði á árinu 1976 verið samþ. 21 breytingarskrá. Þeim til viðbótar hafa enn verið samþykktar breytingarskrár nr. 22 og 23. Engin þörf er að taka upp í frv. sérstakar breytingar við íslensku tollskrána vegna þessara síðast töldu breytinga, þar sem þær fela eigi í sér neinar efnahagslegar breytingar á henni og rúmast innan núverandi orðalags íslensku tollskrárinnar.

Í 1. gr. frv. er m. a. gert ráð fyrir að teknar verði upp í íslensku tollskrána allar þær breytingar sem gerðar voru á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins með fyrrnefndri samþykkt ráðsins. Hér er fyrst og fremst um að ræða verulegar breytingar á flokkun vara frá því sem er samkvæmt gildandi tollskrárlögum, en gert er ráð fyrir að fjölmargir vöruliðir falli niður og vörur úr þeim verði flokkaðar að nýju undir aðra vöruliði. Þá eru í nokkrum tilvikum teknar upp fyllri skilgreiningar í athugasemdir við flokka og kafla svo og gerðar breytingar á fyrirsögnum þeirra. Um aðrar breytingar, sem felast í frv. þessu, vísa ég til þeirrar grg. sem frv. fylgir.

Í sambandi við afgreiðslu þessa frv. vil ég taka fram, að ætlunin var að leggja frv. fram tímanlega fyrir áramót. Hins vegar reyndist vinna við frv.-gerðina miklu tímafrekari en búist hafði verið við og varð það því miður nokkuð síðbúið til framlagningar af þeim sökum. Þar sem skammt var til þingfrestunar var ákveðið að fresta framlagningu þess og ljúka þeirri vinnu, sem ljúka þurfti, og leggja frv. fram síðar á þinginu.

Ég leyfi mér, með vísan til þess sem ég nú hef sagt, og grg. með frv., að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, að komið er til umr. frv. um tollamálefni. Mér er að sjálfsögðu ljóst, að þetta er frv. sem miðar að samræmingu og nánast sjálfgerðum hlutum. En þar sem þetta mál hefur nú verið opnað dettur mér í hug, hvort ekki væri mögulegt fyrir þá n., sem fær málið til umfjöllunar, að gera víðtækari breytingar á tollalöggjöf en mér sýnist að stefnt sé að með þessu frv. Þar á ég við mistök sem orðið hafa við gerð tollskrár þegar það mál var síðast til umfjöllunar í þinginu. Þá var breytt tollaflokkun á vélum til landbúnaðar, en út undan urðu mikilsverðar vélar til landbúnaðarframleiðslu. Sú lækkun, sem þá var gerð á tollum, var ekki látin taka til landbúnaðardráttarvéla, ekki til ámoksturstækja og ekki til heyhleðsluvagna. Hins vegar var þessi tollalækkun látin taka til heybindivéla sem eru hliðstæðar vélar heyhleðsluvögnum. Þetta er atriði sem ég held að hljóti að mega kippa í lag, því þetta er ekki óskaplegt fjárhagsspursmál fyrir ríkissjóð. Ég beini því til fjh.- og viðskn. hv. d., hvort hún sjái sér ekki fært að verða við ósk um leiðréttingu í þessu efni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 58. fundur.

Fimmtudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Framhald Inndjúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 396). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Velfarnaður sjómanna, þáltill. (þskj. 307). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Þjónustu- og úrvinnsluiðnaður í sveitum, þáltill. (þskj. 416). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lax- og silungsveiði, þáltill. (þskj. 422). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun skattalaga, þáltill. (þskj. 311). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í mörg undanfarin ár höfum við Alþb.-menn bent á nauðsyn þess, að íslensk skattalög yrðu tekin til endurskoðunar, enda væru þau óviðunandi með öllu og stórlega gölluð. Við höfum einkum bent á þrennt í þessu sambandi:

Í fyrsta lagi höfum við bent á það, að óbeinir skattar hafi hækkað úr hófi fram í tíð þessarar ríkisstj., einkum söluskatturinn, og þessi þróun eigi vafalaust drjúgan þátt eða a. m. k. nokkurn þátt í verðbólguflóði seinustu ára.

Í öðru lagi höfum við bent á að ekki væri nægilegt eftirlit með innheimtu söluskatts og að eftirlitsheimildir gildandi laga væru ekki nýttar.

Í þriðja lagi höfum við bent á að núgildandi lög heimila stórfelldan undandrátt tekna áður en skattur er á lagður, með þeim afleiðingum að verulegur hluti af atvinnurekstri í landinu sleppur með að borga *litinn sem engan tekjuskatt.*

Sú till., sem hér er til umr., er flutt til þess að brýsta enn einu sinni á um úrbætur í skattamálum. Í þessari till., sem er á þskj. 311, er bæði um að ræða almenna stefnumótun í skattamálum, í fjórum liðum, og einnig ákveðnar till. um einstök atriði, í tíu tillöguliðum. Þessi fjögur stefnuatriði, sem ég nefndi, eru: 1) að atvinnureksturinn í landinu greiði skatt af tekjum sínum og veltu með eðlilegum hætti; 2) að óbeinir skatta séu lækkaðir; 3) að skattbyrðin á tekjum og útgjöldum láglaunamanna léttist, en þyngist á háum tekjum og miklum eignum; 4) að skattkerfið sé einfaldað, en innheimta og eftirlit hert. Um hvert þessara atriða eru síðan sett fram skýrar till. um nánari framkvæmdaatriði.

Við leggjum fram ýmsar till. sem eiga að tryggja að hæfilegur skattur sé greiddur af tekjum fyrirtækja: 1) fyrningar atvinnutækja séu miðaðar við eðlilegan endingartíma þeirra og ákvæði um fyrningu samkv. verðhækkunarstuðli og flýtifyrningu verði afnumin; 2) reglur um skattfrjálsan söluhagnað og varasjóð félaga svo og aðrar óeðlilegar heimildir til ívilnunar verði endurskoðaðar; 3) álagning tekjuskatts á fyrirtæki og hvers konar rekstur verði greinilega aðgreind frá skattgreiðslu þeirra sem eiga reksturinn. Tekjur, sem einstaklingar hafa úr öðrum áttum, skerðist ekki við skattálagningu, þótt rekstur í eigu þeirra skili bókhaldslegu tapi; 4) svo er bent á þann möguleika til að tryggja að atvinnureksturinn greiði hæfileg framlög til samneyslu í þjóðfélaginu, að til greina geti komið að leggja á sérstakan veltuskatt.

Um óbeinu skattana segjum við fyrst og fremst það tvennt, að rétt sé að lækka söluskattinn verulega og herða innheimtu hans, m. a. með því að nota gildandi lagaheimildir um innsiglaða peningakassa. Varðandi álagningu tekjuskatts á launamenn er það till. okkar, að álagningin verði verulega einfölduð og að því stefnt: 1) að tekjurnar verði skattlagðar jafnóðum og þær verða til, þ. e. að staðgreiðslukerfi sé komið á; 2) að hjón verði skattlögð hvort fyrir sig, þ. e. sérsköttun komið á; 3) tekjur láglaunamanna verði undanþegnar tekjuskatti; 4) takmörk verði sett fyrir því, hve mikla vexti megi draga frá tekjum, þannig að hámark vaxtafrádráttar sé ákveðið árlega með hliðsjón af meðalvöxtum, íbúðarverði og fjölskyldustærð; 5) að sjúkratryggingagjald, sem hefur farið hækkandi á undanförnum árum, verði afnumið.

Við Alþb.-menn höfum flutt till. um breytingar á skattalögum á hverju ári nú um árabil, en ég held ég megi segja að till. af okkar hálfu hafi aldrei verið jafnítarleg eins og sú sem nú er fram sett. Till. fylgir grg. sem er 34 þéttritaðar síður. Eru þar m. a. færð skýr og óvefengjanleg rök fyrir þeirri staðhæfingu, að atvinnurekstrinn í landinu greiði ekki skatt af tekjum sínum og umsvifum með eðlilegum hætti.

Eins og ljóst má vera af þessari grg., hef ég lagt mikla vinnu í að kanna skattgreiðslur fyrirtækja. Í þeim tilgangi hef ég farið yfir skattálagningu á félög í öllum skattumdæmum til þess að fá það fram, hver sé fjöldi félaga, sem greiði lítinn sem engan tekjuskatt þrátt fyrir umtalsverða veltu, og hver sé hlutur þessara félaga af heildarveltu fyrirtækja í landinu. Til grundvallar þessari talningu og þessari athugun eru lögð fyrirtæki í félagsformi, sem greiddu meira en 20 þús. kr. í aðstöðugjöld á árinu 1977, en það felur í sér að fyrirtækin hafi haft a. m. k. nokkrar millj. kr. í veltu á rekstrarárinu 1976. Niðurstaðan af þessari könnun var þessi:

Heildarvelta fyrirtækja á árinu 1976 er af Þjóðhagsstofnun áætluð 426 þús. millj. kr., og þar af hjá fyrirtækjum í félagsformi 343 milljarðar. Útkoman sýnir, að um 41% af veltu félaga, eða um 142 þús. millj. kr., lentu ekki í tekjuskatti á liðnu ári. Fjöldi þessara félaga, sem var tekjuskattsskyldur og greiddi meira en 20 þús. kr. í aðstöðugjald, var 3 313, þ. e. heildarfjöldi félaganna, en af þeim greiddu 1170 fyrirtæki engan tekjuskatt eða 35% af þessum fyrirtækjum. Meðalvelta þessara skattlausu fyrirtækja var um 120 millj. kr. Ég vek á því athygli í þessu sambandi, að það er misprentun í grg. með till. Þar sem segir að meðalveltan hafi verið 12 millj. kr. á að standa 120 millj. kr.

Ég vil vekja athygli á því, að á bls. 6 í þskj.

er þessi tala sundurliðuð. Þar er gerð grein fyrir fjölda félaga í hverju skattumdæmi sem höfðu yfir 20 þús. kr. aðstöðugjald. Síðan er í B-dálki gerð grein fyrir því, hve mörg af þessum fyrirtækjum greiddu engan tekjuskatt. Í Reykjavík voru það 485 fyrirtæki, á Reykjanesi 175, Vesturlandi 95, Vestfjörðum 78, Norðurlandi vestra 46, Norðurlandi eystra 168, Austurlandi 33, Suðurlandi 56 og í Vestmannaeyjum 34. Samtals voru þetta 1170 fyrirtæki eins og áður er sagt. (Gripið fram í.) Það eru öll félög hér með talin, þ. á m. mörg kaupfélög. Ef hv. þm. ímyndar sér, að einhverju fyrirtæki hafi verið stungið undan af annarlegum ástæðum, þá er það mesti misskilningur. Þau eiga þarna öll að vera með. En þau eru ekki með ef þau hafa greitt meiri tekjuskatt en nemur 100 þús. kr.

Í C-dálki á bls. 6 er síðan gerð grein fyrir því, hver er áætluð velta þessara tekjuskattslausu fyrirtækja. Heildarniðurstöðutalan er, eins og áður segir, 141 milljarður kr. rúmlega.

Í D-dálki er síðan gerð grein fyrir því, hversu mörg fyrirtæki greiða tekjuskatt, en þó óverulegan, þ. e. a. s. einhvers staðar á bilinu frá 1000 til 100 000 kr., og þau reynast vera samtals í öllum skattumdæmum 414.

Í E-dálki er síðan samanlögð tala skattlausra fyrirtækja og þeirra fyrirtækja sem greiða í tekjuskatt innan við 100 þús. kr. Þau reynast vera samanlagt 1584, eða rétt tæplega helmingur allra fyrirtækja sem könnunin nær til. Samanlögð velta þessara 1584 fyrirtækja er 160 milljarðar 300 millj. kr.

Til enn frekara sannindamerkis um niðurstöðu þessarar könnunar hef ég leyft mér að láta prenta hér sem fskj. heiti allra þessara fyrirtækja og upphæð þá sem þau greiddu í aðstöðugjald. Menn geta síðan með hliðsjón af aðstöðugjaldsstiganum, sem birtur er á bls. 5, reiknað það út varðandi hvert fyrirtæki fyrir sig, hve mikil velta þess var. Aðstöðugjaldsstiginn er að vísu ekki sá hinn sami alls staðar á landinu, en það er annars vegar gerð hér grein fyrir, hver aðstöðugjaldsstiginn er í Reykjavík og í öðru lagi, hver hann er í flestum öðrum kaupstöðum á landinu og gerð grein fyrir aðalmismun á stiganum miðað við þær meginreglur sem gilda um þetta efni.

Endanleg niðurstaða þessarar könnunar, svo ég orðlengi nú ekki frekar um hana, er einfaldlega sú, að helmingur fyrirtækja í félagsformi með rétt um helming af heildarveltu slíkra fyrirtækja sleppur með að borga litinn sem engan tekjuskatt. Sú spurning hlýtur að vakna, hver er skýringin á þessum mikla fjölda fyrirtækja sem sleppur svo vel frá tekjuskattsálagningu. Ég þykist vita að ýmsir hafi svörin á reiðum höndum og segi sem svo: Skýringin er einfaldlega sú, að afkoma fyrirtækjanna var svona léleg. Mjög mörg þeirra eru vafalaust rekin með tapi, segja menn, og afkoman virðist almennt hafa verið svona slæm.

Ég vil í þessu sambandi láta það koma fram, að samkv. þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram af hálfu Þjóðhagsstofnunar, verður ekki annað séð en að afkoma fyrirtækja á árinu 1976 hafi verið fremur góð. Þjóðhagsstofnun áætlar að vergur hagnaður fyrirtækja á árinu 1976, þ. e. a. s. hagnaður fyrir afskriftir og tekju- og eignarskatt, hafi numið milli 18 og 19 milljörðum kr. í heild, eins og kemur fram í grg. á bls. 6. Þá er sem sagt búið að draga frá greidd aðstöðugjöld og öll gjöld fyrirtækjanna önnur en tekju- og eignarskatt. Í 6. hefti tímarits Þjóðhagsstofnunar, sem kom út í október á s. l. ári, segir á bls. 40 um afkomu atvinnurekstrarins, með leyfi forseta:

„Afkoma frystingarinnar í heild var betri á árinu 1976 en undangengin tvö ár, og afkoma saltfisk- og skreiðarverkunar batnaði einnig frá fyrra ári og var svipuð og 1974. Hagur útgerðarinnar versnaði á árinu 1975, en vegna mikillar aukningar aflaverðmætis vænkaðist hagur fiskveiða talsvert á árinu 1976.

Talið er víst, að hagur útflutningsgreina iðnaðar hafi enn batnað á s. l. ári, þar sem saman fór veruleg aukning útflutnings, verðhækkun á erlendum markaði og áframhaldandi gengissig íslensku krónunnar.“

Þannig mætti halda lengi áfram að lesa. Greinilega kemur fram í skýrslum Þjóðhagsstofnunar, að hagur atvinnuvega hefur verið talinn góður ef á heildina er litið á árinu 1976, þótt að vísu væri hann nokkuð misjafn, eins og ævinlega er. Það er ljóst, að afkoma fyrirtækjanna er ein út af fyrir sig ekki nægileg skýring á því, hversu vel þau sleppa frá álagningu tekjuskatts. Skýringin er fólgin í skattalögunum sjálfum. Það eru hinar fjölmörgu ívilnunarreglur skattalaga sem valda því að fyrirtækin sleppa svo vel. Í öðru lagi verður auðvitað að hafa í huga, að á miklum verðhækkanatímum koma aðeins hin neikvæðu áhrif verðbólgunnar fram í bókhaldinu, en hagnaðurinn, raunverulegur hagnaður telst að sama skapi minni, en auðvitað er um að ræða stórfelldan leyndan verðbólgugróða hjá flestum fyrirtækjum.

Ég hef oft á undanförnum árum flutt á Alþ. langar og ítarlegar greinargerðir um hinar mörgu ívilnunarreglur skattalaga. Að þessu sinni ætla ég ekki að endurtaka þann lestur. Ég minni aðeins á að hér er alveg sérstaklega um að ræða afskriftarreglurnar, þ. e. regluna um flýtifyrningu, regluna um verðhækkunarstuðul fyrninga og þær einkennilegu reglur sem í skattalögum eru, að sama eign getur verið margfyrnd ef hún skiptir um eiganda, og í fjórða lagi það, að skatti af söluhagnaði er sleppt ef ný eign er í takinu. Þá má minna á varasjóðsheimildirnar og í þessu sambandi benda á að samkv. upplýsingum fjmrh. í des. s. l., þegar hann svaraði fsp. frá mér um það efni, upplýsti hann að fyrirtæki í félagsformi hefðu dregið frá hreinum tekjum sínum 1243 millj. kr. á árinu 1976 og lagt í varasjóð.

Enn má minna á þær ívilnunarreglur sem felast í heimildum fyrirtækja til að draga risnukostnað frá tekjum sínum. Enginn vafi er á því, að sú heimild er herfilega misnotuð og á drjúgan hátt í því, að fyrirtæki koma út með litlar tekjur, enda þótt eigendanum hafi tekist á óbeinan hátt að hafa af fyrirtækinu verulegar tekjur með því að koma persónulegum útgjöldum sínum á fyrirtækið. Ég ætla ekki frekar að ræða um þessa aðferð, enda hef ég lagt fram í þinginu fsp. um þetta efni til hæstv. fjmrh. og beðið hann að sjá

til þess, að reiknað yrði út, hve hár risnukostnaður reyndist vera við útreikning skatta á árinu 1977. Vænti ég þess að fá svör við þeirri spurningu innan tíðar og gefst þá betra tækifæri til að athuga þá hlið málsins.

Enn mætti tíunda fjölmargar aðrar glufur og smugur í skattalögunum, en ég hef áður vikið að þeim flestum og sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér. Þessar glufur þarf hins vegar að fylla í, en þó að það sé gert verð ég að játa, að hætt er við að erfitt verði að koma í veg fyrir undanskot tekna í eitt skipti fyrir öll. Þess vegna tel ég að vel komi til athugunar að veltuskattar á fyrirtæki séu eitthvað hækkaðir.

Aðstöðugjöld eru sá veltuskattur sem í dag er lagður á fyrirtæki. Á árinu 1977 munu aðstöðugjöld á félög hafa numið 2538 millj. kr., en til samanburðar má geta þess, að sama ár nam tekjuskatturinn 2870 millj. kr. Ef þessar tvær tölur eru lagðar saman og bornar saman við heildarveltu fyrirtækja í landinu, kemur í ljós, að skattgreiðslur félaga — þ. e. a. s. samanlagðar skattgreiðslur félaga til ríkis og til sveitarfélaga — námu aðeins tæplega 1.6% af heildarveltu fyrirtækja í landinu. Ég vil hins vegar benda á það, að ef sérstakur veltuskattur verður lagður á fyrirtæki, þá tel ég að eins og á stendur eigi að undanskilja fyrirtæki í sjávarútvegi, fiskiðnaði, landbúnaði og útflutningsiðnaði slíkum veltuskatti. Ég tel að ríkissjóður gæti haft æðimiklar tekjur af veltuskatti jafnvel þótt þessi fyrirtæki væru undanskilin, því að velta þessara fyrirtækja sem ég nú nefndi — þ. e. a. s. fyrirtækja, sem framleiða til útflutnings, og landbúnaðarfyrirtækja — nemur aðeins um fjórðungi af heildarveltu atvinnurekstrarins í landinu. Læt ég nægja að vísa til upplýsinga Þjóðhagsstofnunar á bls. 5 um skiptingu heildarveltu fyrirtækja á árinu 1976 milli hinna ýmsu atvinnuvega. Af þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar má glöggt ráða að velta rekstrar í útflutningsatvinnuvegum og landbúnaði nemur ekki nema svona rétt um fjórðungi af heildarveltu fyrirtækja í landinu.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar um þessa till., en minni þó að lokum á að hæstv. fjmrh. hefur verið mjög iðinn, að ekki sé meira sagt, við að gefa yfirlýsingar um að hann hygðist beita sér fyrir breytingum á skattalögum á þessu kjörtímabili. Hann hefur gefið loforð af þessu tagi á hverju einasta ári, frá því að hann settist í sinn ráðherrastól, og ekkert sparað við sig að endurtaka slík loforð ár eftir ár, þótt sumum hafi fundist að loforð ráðh. bæru meira keim af því, að hann væri að halda mönnum uppi á snakki og ekki fylgdi örugglega sá hugur máli sem þyrfti ef ætti að koma fram gagngerum breytingum til batnaðar. Af þessu tilefni leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh., hver séu áform hans og ríkisstj. um breytingar á skattalögum á þessu þingi, hvort áformað sé að leggja fram frv. um þetta efni og hvort það sé raunsætt, að unnt verði að koma á staðgreiðslukerfi skatta 1. jan. 1979, eins og uppi hafa verið áform um. Mér sýnist á öllu að tíminn sé að hlaupa frá ráðh. og frá okkur öllum, varðandi það atriði, að unnt sé að koma á staðgreiðslukerfi á næsta ári, og mér virðist að frv. um þetta efni verði að sjá dagsins ljós þegar að páskum loknum, ef einhver minnsta von á að vera til þess að frv. geti hlotið afgreiðslu fyrir þinglok.

Herra forseti. Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. spurðist fyrir um áform ríkisstj. varðandi framlagningu frv. um skattamál og vék að því, að fjmrh. hefði verið iðinn við það á undanförnum þingum, allt frá upphafi kjörtímabils, að lofa skattalagabreytingum. Það er alveg hárrétt. Fjmrh. lagði fram á fyrsta þingi frv. sem var samþykkt, lagði fram á öðru þingi frv. sem var samþ., lagði síðan fram heildarfrv. á síðasta þingi, til þess að fá um það umr., opnar umr. sem hægt væri að taka mið af til lagfæringar og leiðréttingar.

Fram kom í stefnuræðu hæstv. forsrh. í haust og í fjárlagaræðu minni, að á þessu þingi yrði lagt fram frv. um skattamál og frv. um staðgreiðslukerfi skatta, sem miðaði að því að taka staðgreiðslu upp frá og með 1. jan. 1979. Er nú unnið að þessum frv. og hefur verið gert um hríð. En það liggur í hlutarins eðli, að þegar upp verður tekið staðgreiðslukerfi skatta verður því samfara breyting á almennum skattalögum og þess vegna tafsamara við endursamningu þess frv., sem lagt var hér fram í fyrra, ásamt með því að taka verður tillit til ábendinga og breytinga sem gerðar voru till. um af hinum ýmsu hópum sem fjh.- og viðskn. beggja d. ræddu við.

Þm. sagði að sumum hefði fundist loforðin bera keim af því, að það væri verið að halda mönnum uppi á snakki. Ég vonast til þess, að hv. þm. sé ekki einn í þeirra hópi. Ég veit að hann hefur áhuga á skattamálunum, og við höfum stundum tekið tal saman um þau mál. Ég vonast til þess, að hann verði þess fullviss, að ásetningur minn er að koma fram svo tímanlega eftir páska með þau frv., sem boðuð hafa verið, að þau geti hlotið lögfestingu fyrir þinglok.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að gefa svör við spurningum mínum. Ég viðurkenni einnig, að í tíð þessarar ríkisstj. hefur stundum verið fjallað um breytingar á skattalögunum. Það er ekki svo, að engar breytingar hafi verið gerðar á þeim á liðnu kjörtímabili. En hitt er auðvitað aðalatriði málsins, að þessar breytingar hafa verið harla smávægilegar. Þær hafa fyrst og fremst verið tæknilegar og ekki falið í sér neinar grundvallarbreytingar á skattakerfinu eða leiðrétt alvarlegustu agnúana sem bersýnilega eru á gildandi skattakerfi. Ég leyfði mér því að telja slíkar smábreytingar, sem oft eru á ferðinni í þinginu, alls ekki með þegar ég ræddi þessi mál áðan, vegna þess að það, sem beðið hefur verið eftir, er að sjálfsögðu heildarendurskoðun tekjuskattslaga og meginbreytingar á þeim lögum. Og loforð hæstv. fjmrh. hafa að sjálfsögðu beinst að slíku verki, en það hefur látið á sér standa allan þennan tíma.

Hins vegar ber að þakka fyrir, ef ríkisstj. ætlar að hafa eitthvert frumkvæði í þessum efnum nú á næstu vikum og von er á frv. um skattamál þegar eftir páska, því að mér virðist

á öllu að þögn Alþ. um skattamál geti tæpast verið meiri en hún hefur verið að undanförnu. Ég vek á því athygli að sú till., sem ég hef flutt um skattamál, er eina till. sem fram hefur komið um þetta efni í þinginu í vetur, — skattamálin hafa alls ekki verið til umr. Sér þó ekki nokkur þm. stjórnarflokkanna ástæðu til þess að ræða þessi mál eða gera grein fyrir hvaða breytingar menn kynnu að telja æskilegar á skattalögunum. Og eftirtektarvert er, þegar lögð eru fram mjög ítarleg gögn um skattgreiðslu fyrirtækja, að ekki er nokkur þm. sem stendur hér upp til þess að vefengja þessi gögn eða andmæla þeim niðurstöðum og ályktunum sem af þeim eru dregnar. Fyrir það ber að sjálfsögðu að þakka, ef þm. viðurkenna með þögninni að hér sé flutt rétt mál.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sparnaður í fjármálakerfinu, þáltill. (þskj. 141). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Till. þá til þál., sem hér kemur nú fyrst til umr., fluttum við hv. þm. Pétur Sigurðsson skömmu fyrir hátíðar. Miklar umr. fóru þá fram um efnahagsaðgerðir og við afgreiðslu fjárl. var leitast við að koma fram sparnaði í ríkiskerfinu. Þær ráðstafanir, sem af hálfu stjórnarflokkanna voru þá gerðar, voru góðra gjalda verðar. Hins vegar töldum við flm. þessarar till., að nauðsyn bæri til að taka fjármálakerfið í heild svipuðum tökum og hv. fjvn., hagsýslan, hæstv. fjmrh. og aðrir þeir, sem með ríkisfjármál fara, leituðust við að gera á öðrum sviðum opinberra útgjalda. Sérstaða fjármálakerfisins, banka og sjóða, er sú, að um fjárreiður og stjórn þessara stofnana er yfirleitt ekki rætt af hálfu fjvn. og aðhald af hálfu Alþ. er af skornum skammti, svo að ekki sé meira sagt. Fjárveitingavaldið skoðar árlega og raunar oft á ári hinar ýmsu fjárveitingar til stofnana ríkisins, fær gjarnan forustumenn þeirra til viðræðna og reynir að benda á leiðir til sparnaðar í einu og öðru. Þetta ber stundum takmarkaðan árangur. Þó er gerð tilraun til aðhalds. En að því er bankakerfið varðar er engu líku til að dreifa. Bankarnir og sjóðirnir stjórna sér sjálfir.

Það er staðreynd, sem ekki verður fram hjá gengið, að útþensla í fjármálakerfinu hefur verið geysimikil. Samkv. upplýsingum, sem gefnar voru á hinu háa Alþ. í haust er leið, hefur starfsmönnum í bankakerfinu fjölgað frá 31. des. 1970 til októbermánaðar 1977 úr 1186 mönnum í 1721. Fjölgun starfsmanna frá 1970 er því 535 eða 45.1%. Hér eru ekki meðtaldir starfsmenn í fjárfestingarlánasjóðum né heldur í Reiknistofnun bankanna, sem tók til starfa í ársbyrjun 1974, en þar starfa nú 30 menn. Þessar tölur tala sínu máli. Engin leið er að halda því fram, að ástæðulaust sé af Alþingis hálfu að taka hér í taumana né heldur að stjórn og skipulagning bankamálanna sé með þeim hætti, að allt hafi verið gert sem unnt er til að koma við sparnaði og hagkvæmni. Þvert á móti er staðreyndin sú, að þetta hefur ekki verið gert. Útþenslan á þessu sviði, ofstjórn og óstjórn, er meiri en svo, að við verði unað. Þeirri staðreynd breyta engin orð, hversu ágætir sem þeir bankamenn annars eru sem láta sér þau um munn fara. Þar er enga einstaka um að saka, heldur kerfið. Er að því vikið í grg. till., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Eftirspurn lánsfjár er ótakmörkuð við ríkjandi lánskjör. Bankar hafa einn og sama verðmæli, óraunhæfan verðmæli. Samkeppni þeirra verður því um það eitt að ná til sín stærri hlutdeild sparifjárins. Herkostnaðurinn í stríðinu við að afla auranna vex, verðmætaaukning er engin, en kostnaðaraukning mikil. Hagur viðskiptamanna versnar við þá andhverfu heilbrigðrar samkeppni, sem hér er á ferðinni, og aðstaða skömmtunarstjóra nútímans er ekki aðlaðandi."

Tilgangur okkar flm. var einmitt sá, að vekja athygli á þessari óheillavænlegu þróun. Vissulega hefur þeim tilgangi að nokkru verið náð, ef hliðsjón er höfð af því, að þegar hafa verið borin fram tvö frv. um bankamálefni og geysimiklar umr. hafa orðið um þessi mál síðan till. var flutt, auðvitað m. a. vegna þeirra atburða sem í Landsbankanum hafa gerst.

Nú er það ekki svo, að við hv. þm. Pétur Sigurðsson höfum uppgötvað einhvern nýjan sannleika. Þvert á móti erum við aðeins að vekja athygli á staðreyndum sem fyrir liggja, en hafa ekki fengist ræddar sem skyldi. Ég vil í þessu sambandi minna á álit bankamálanefndarinnar frá 1973, sem hér hefur nokkuð komið til umr. í sambandi við frv. hv. 2. þm. Austurl. um viðskiptabanka. Í þessu áliti segir t. d. á bls. 39, með leyfi forseta:

„Í þessu sambandi verður þó að nefna, að samanburður á tölum um hlutdeild bankakerfisins í heildarvinnuaflsnotkun hér á landi og tölum um sama efni frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð gefur til kynna, að hlutfallsleg vinnuaflsnotkun á þessu sviði hér á landi sé 38—56% meiri en í þessum nágrannalöndum okkar."

Þessi setning ein hefði auðvitað átt að nægja til þess að bankamálunum væri af hálfu Alþ. gefinn meiri gaumur en raunin hefur á orðið. Bankamálanefndin bendir á leiðir til úrbóta og telur brýna þörf á því að sameina bankastofnanir. Leggur hún sérstaklega til, að Útvegsbanki og Búnaðarbanki verði sameinaðir. Um þetta munu skoðanir vera allskiptar, en ekki getur Alþ. þó skotið sér undan því að ræða þetta mál og leitast við að finna á því happadrjúga lausn. Umr. um þetta atriði munu halda áfram í sambandi við þau tvö frv. um viðskiptabanka, sem fyrir þingi liggja, og skal ég ekki eyða miklum tíma til þessara hugleiðinga nú, enda á ég sæti í þeirri nefnd sem mál þessi fær til umfjöllunar á næstu vikum, en þar verður á það reynt, hvort unnt muni vera að ná fram verulegum sparnaði með því að sameina lánastofnanir.

Auðvitað koma fleiri leiðir til álita en sameining Búnaðarbanka og Útvegsbanka. Bent hefur verið á að hyggilegt kynni að vera að sameina einkabankana að meira eða minna leyti. Stjórnendur þeirra munu vafalaust ræða það mál. En hugsanlegt væri að sjálfsögðu að stofna öflug-

an einkabanka, sem að verulegu leyti gæti annast viðskipti sem ríkisbankarnir hafa nú með höndum, ef þeim yrði fækkað. Í þessu sambandi er vert að benda á, að í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð eru allir viðskiptabankar í formi hlutafélaga, en hér burðumst við með þrjá ríkisbanka, gífurlega útþenslu á sviði bankastarfsemi og margvíslega erfiðleika, bæði fyrir þá, sem lánastofnunum stjórna, og aðra. Helstu lánastofnanir í þessum nágrannalöndum auk bankanna eru sparisjóðir og eru þeir sjálfseignarstofnanir svipað og hér, en ekki í ríkisins eigu. Stundum er því að vísu haldið fram, að einkabankar geti ekki sinnt sumum þeim greinum *lánveitinga sem opinberir bankar geri, eins og* t. d. afurðalánum, þar sem í rauninni sé um taprekstur að ræða. Auðvitað er það ekkert náttúrulögmál, að afurðalán þurfi að veita með þeim hætti að bankarnir tapi. Eða eiga menn til eilífðarnóns að hlusta á þá endaleysu, að á Íslandi sé ekki unnt að reka heilbrigða bankastarfsemi vegna aðalatvinnuveganna, að það sé sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði að kenna að vandamálin hrannast upp í fjármálakerfinu?

Mig langar til að nota þetta tækifæri til að varpa fram nokkuð nýstárlegri hugmynd, sem ég hef verið að gæla við og rætt um við ýmsa áhrifamenn og samstarfsmenn í stjórnmálum. *Hún er einfaldlega sú, að við fjármagnsskorti* og verðbólguvanda verði m. a. brugðist á þann veg að leyfa Íslendingum að verðtryggja fé sitt í erlendri mynt, t. d. í þýskum mörkum. Ef menn gætu lagt inn í fjármálastofnanir hér á landi peninga, sem tryggðir væru með þessum hætti, er ekki vafi á því, að milljarðar á milljarða ofan mundu koma inn á slíka reikninga. Ég hygg að vextir gætu verið lágir, kannske ekki hærri en 3—5%, og útlánsvextir þá 6—7%. Þannig gætu atvinnuvegirnir fengið þá fjármuni, sem þeir þurfa á að halda, og útflutningsframleiðslan gæti í rauninni fengið framleiðslu sína greidda samhliða því sem birgðirnar verða til. Og hér væri um að ræða íslenskt fjármagn, sem þá væri ekki notað til að flytja inn ýmiss konar misjafnlega þarflegan varning og eyða dýrmætum gjaldeyri. Endirinn gæti svo orðið sá, að við tækjum upp gömlu íslensku mynteininguna, mörkina, og notuðum þá krónurnar í stað aura og enga seðla eða slegna peninga þyrfti þá að eyðileggja. En þetta er meira mál en svo, að lengra verði út í það farið að sinni. Vonandi gefst tækifæri til að ræða það ítarlegar síðar.

Við endurskipulagningu fjármálakerfisins verður að sjálfsögðu stefnt að sameiningu lánastofnana og fækkun afgreiðslustöðva. Þetta á þó ekki að þurfa að leiða til þess, að þjónusta við almenning verði lakari en nú er, jafnvel þvert á móti. Hv. 2. þm. Austurl. nefndi það í framsögu fyrir frv. sínu um viðskiptabanka, að landinu mætti í meginatriðum skipta í starfssvæði milli ríkisbanka. Þetta er að nokkru leyti rétt. En ég vil þó undirstrika að ég er eindregið andvígur því, að í heilum landshlutum sé einungis starfandi ein bankastofnun. Það er hvorki heilbrigt né æskilegt fyrir stjórnendur hennar né beldur gott fyrir viðskiptavini. Auðvitað verður einhver samkeppni að vera og í hverjum landshluta þurfa að vera tvö aðalútibú banka og svo umboðsskrifstofur, þannig að menn geti a. m. k. valið á milli tveggja lánastofnana, en séu ekki háðir einum banka, en allar aðrar lánastofnanir geti sagt sem svo, eins og raunar á sér þegar stað, að spariféð úr þessu umdæmi sé í öðrum banka og þess vegna þýði ekki að leita til hins um lánafyrirgreiðslu. Það er skoðun mín, að þrátt fyrir mikinn sparnað og hagkvæmni í bankarekstri og minnkandi starfsmannahald megi vel koma þessu fyrir á þennan veg.

Þá skal vikið nokkrum orðum að fjárfestingarlánasjóðum. Bankamálanefndin telur að þeir séu nú 17 talsins, en gjarnan megi fækka þeim niður í 9. Nefndin leggur raunar til, að um verði að ræða 62% *fækkun fjármálastofnana og* 27% fækkun afgreiðslustöðva innlánsstofnana, en leggur áherslu á, að alls ekki sé gert ráð fyrir að minnka þjónustu í hinum dreifðu byggðum, heldur telur hún athuganir sýna að þrátt fyrir fækkun afgreiðslustöðva yrði tryggð þjónusta viðskiptabanka og sparisjóða í öllum byggðarlögum sem nú njóta slíkrar þjónustu.

Þá er lauslega vikið að þeim tvíverknaði sem víða er á sviði fjármálastofnana, t. d. að því er varðar Seðlabankann annars vegar og Framkvæmdastofnun ríkisins hins vegar. Þar hygg ég raunar að um sé að ræða eitt mesta vandamálið. Leyfi ég mér í því sambandi að benda til grg. þáltill. þar sem *segir, með leyfi forseta:*

„Sjóðakerfið og hagstjórnarbáknið í heild þarf líka að taka til gagngerðrar endurskoðunar, enda enginn efi á því, að þann frumskóg má grisja, engum til meins, en öllum til góðs. Þessi aðgerð þyrfti að spanna allt sviðið frá Þjóðhagsstofnun til minnsta sjóðsins.“

Í álitsgerð bankamálanefndarinnar er talað um tvíverknað. Ég held að í mörgum tilfellum væri réttara að nefna þetta verkleysu. Því miður er staðreynd að margt af því, sem verið er að puða við, er gagnslaust og ekki nóg með það, heldur flækir það oft mál og torveldar lausn þeirra. Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi verið óheillaskref, er Framkvæmdastofnun ríkisins var sett á stofn, hana beri að leggja niður og samræma aðgerðir á sviði fjármálakerfisins miklu betur en nú er gert. Bæði yrði þá komið við miklum sparnaði, en það sem meira er um vert að mínu mati: kerfið yrði einfaldara og ekki jafnvonlítið og nú er fyrir alþýðu að brjótast gegnum frumskóginn. Samt lesum við í blöðum um það hneyksli, að Framkvæmdastofnunin hyggi á stórfelldar byggingarframkvæmdir í trássi við Alþ. og ríkisstj. En það mun verða stöðvað, nú er mælirinn fullur.

Ég fjölyrði ekki frekar um þetta mál. Eins og ég ræddi um áðan, hefur tilganginum að nokkru verið náð. Umr. er hafin um einn veigamesta þátt íslenska stjórnkerfisins og þær umr. munu án efa bera ávöxt, ef ekki nú alveg á næstunni, þá síðar á þessu ári. Alþjóð er ljóst, að úrbóta er hér þörf og Alþ. hlýtur að taka á vandanum.

Þótt í þáltill. sé nefnt það markmið að fækka starfsmönnum fjármálakerfisins um allt að 1/10 hluta, er auðvitað ekki þörf á að segja upp mörgu starfsfólki, heldur að fara varlega í ráðningar í stað þeirra sem af störfum láta. Bankamálanefndin telur að nýskipan bankamála muni taka

allmörg ár, og er það sjálfsagt rétt. En aðalatriðið er að stefnan sé mörkuð rétt, horfið frá ofvexti, en stefnt að hagkvæmari rekstri. Fyrst er að ræða vandamálin, en síðan að takast á við þau.

Ég legg til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til hv. allshn.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða fyrir mig, þótt ég sé meðflm. að þessari till., að fylgja henni betur úr hlaði en hér hefur verið gert af hv. 1. flm., hv. þm. Eyjólfi K. Jónssyni, en þó eru nokkur atriði til viðbótar sem ég vildi draga fram nú þegar við þessa umr., áður en henni verður frestað.

Nú er það svo, að í grg. þessarar till. leyfum við okkur að hrósa mjög stjórnendum banka og telja meðal þeirra ýmsa hæfileikamestu menn þessarar þjóðar, eins og þar segir. Við þetta stend ég að sjálfsögðu sem undirskriftarmaður að þessari till., en því miður virðist álit þeirra ekki vera hið sama á okkur sem leyfðum okkur að flytja þessa till. á sínum tíma. Má m. a. vitna til viðtala við suma þeirra sem komu í dagblöðum, þegar þeir kváðu þess litla þörf fyrir þm. að vera að skipta sér af slíkum málum, hæfileikarnir, fróðleikurinn og vitið væri þeirra og þeir kynnu svör við öllum vandamálum sem upp kynnu að koma á þessu sviði. Svo getur hver og einn litið í eigin barm og velt því fyrir sér, hvort svo sé, í ljósi ýmissa atburða. Auðvitað geta komið upp vandamál hjá þeim, eins og annars staðar í okkar þjóðfélagi, sem stjórnendur ráða ekki við.

Hér hefur verið skýrt frá og reyndar komið fram áður í umr., hver fjölgunin hefur verið á starfsfólki ríkisbankanna á tiltölulega stuttu tímabili, eða um 45%. Eins og segir í grg. með þessari till., hefur þetta m. a. verið til þess að standa sig í þeirri samkeppni sem er sú ein að ná til sín stærri hlutdeild sparifjárins. Herkostnaðurinn, eins og segir þar líka orðrétt, — með leyfi forseta, — herkostnaðurinn í stríðinu við að afla auranna vex, verðmætaaukning er engin. Þetta er auðvitað hárrétt. En með þessu er ekki sögð nema hálf sagan þegar minnst er á vinnuaflið. Það á eftir að geta um það ótrúlega mikla fjármagn, sem fer auk þess til þess að skapa starfsfólkinu þá aðstöðu að geta staðið í þessari samkeppni. M. a. vegna þess að ég tel það hlutverk þessarar till. að fá svar við því, leyfði ég mér fyrir nokkuð mörgum vikum, að mér finnst nú, að leggja fram fsp. í Sþ. til hæstv. viðskrh. um fjárfestingu ríkisbankanna. Hún er í 6 liðum, einmitt um fjárfestingu ríkisbankanna og fleiri atriði sem ég mun aðeins koma að nú.

Það gerðist nefnilega meðan hæstv. viðskrh. var í stjórnarandstöðu, á því herrans ári 1968, að einn af flokksmönnum hans, þáv. þm. Sigurvin Einarsson, lagði fram fsp. til þáv. viðskrh. og bankaráðh., Gylfa Þ. Gíslasonar, hv. þm. nú, um þróun þessara mála frá og með árinu 1960—1968. Sú fsp. var leyfð í hv. Sþ. 23. okt. það ár og var tekin til umr. 6. nóv. sama ár, eða aðeins nokkrum dögum síðar. Og þá stóð ekki í yfirmönnum bankamála hér á landi að svara þessari spurningu, þó að fara þyrfti 8 ár aftur í tímann til þess að svara því sem um var spurt. Nú virðist hins vegar vera harla mikil tregða á því á Alþingi Íslendinga að fá svör við þeim spurningum sem ég hef lagt fram.

Fyrsta spurningin á þessu þskj. er um það sama og þáv. hæstv. viðskrh., Gylfi Þ. Gíslason, veitti svar við, aðeins reiknað til verðlags dagsins í dag. Ef hinir háu herrar í Seðlabanka Íslands og reyndar fleiri bönkum geta ekki fljótlega svarað þeirri spurningu, þá tel ég persónulega að þeir hafi lítið að gera í þeim störfum sem þeir gegna núna. En til þess að skýra betur þá skoðun mína, að svör við þessum spurningum mínum verði að fylgja þessari þáltill. sem við flytjum, ég og meðflm. minn, hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfur K. Jónsson, þá vil ég aðeins renna yfir þessar fsp. — með leyfi forseta — vegna þess að ég hef aðeins beðið um skrifleg svör og ætlaði svo sannarlega að nýta þau svör í sambandi við umr. um þá till. sem hér er til umr.

Fyrsta spurningin var á þá leið, hvort þessari spurningu fengist ekki svarað eins og hefði verið svarað samskonar fsp. í Sþ. fyrir nær 10 árum, en bara að það yrði miðað við verðlag dagsins í dag.

Síðan er önnur spurning mín sú, — og bíður enn svars og mér þykir nokkuð löng sú bið, eins og ég hef líka þegar tekið fram, — að ég spyr, hversu mikil sé þessi og önnur fjárfesting ríkisbankanna á árunum 1969—1978, einnig á núverandi verðlagi.

Þriðja spurning mín er á þessa leið: Hversu mikill er áætlaður kostnaður ríkisbankanna hvers um sig af yfirstandandi fjárfestingarframkvæmdum?

Fjórða spurningin er: Eru ráðgerðar einhverjar fjárfestingarframkvæmdir hjá ríkisbönkunum, sem enn er ekki byrjað á? Ef svo er, hverjar eru þær og hvað er áætlað að þær muni kosta?

Fimmta spurning: Er um að ræða einhverjar sameiginlegar fjárfestingar ríkisbankanna á þessu árabili? Ef svo er, hverjar eru þær og hvað eiga þær að kosta á núverandi verðlagi?

Og svo í sjötta og síðasta lagi: Eru fyrirhugaðar frekari sameiginlegar fjárfestingarframkvæmdir ríkisbankanna? Ef svo er, hverjar eru þær?

Þegar hv. þm. hafa þessar spurningar í huga, þá hljóta þeir að sjálfsögðu að vera sammála þeirri skoðun minni, að nauðsynlegt sé, um leið og við ræðum um fólksfækkun í bönkunum — þó með þeim fyrirvara sem ég tek fyllilega undir og hv. frsm. þessa máls hefði hér rétt áðan, að ekki þarf endilega að stefna að því að segja þessu fólki upp, — heldur þarf að hafa aðhald við frekari ráðningar í framtíðinni. Það er hins vegar mín bjargfasta skoðun, að ef til þess kemur að þessa leið þurfi að fara, þá þurfi að minnka þá þjónustu sem þegar er veitt. Ég vil ekki bera á móti því að mikil þjónusta er veitt hjá viðskiptabönkunum í Reykjavík í dag og að mínu mati allt of mikil. Mér finnst allt of mikið í það lagt að veita þá þjónustu, sem hér er veitt t. d. á höfuðborgarsvæðinu, og tel, þótt ég sé einn af þm. Reykv., að margir staðir víðs vegar um landið þurfi frekar á slíkri þjónustu að halda en við Reykvíkingar.

Þegar rædd eru þessi mál frá þessum sjónarhól hljótum við auðvitað að koma aftur að frv. hv.

þm. Lúðvíks Jósepssonar, sem hér hefur nokkrum sinnum verið til umr., um sameiningu banka og fleiri aðgerðir í sambandi við skipulag bankamála hér á landi. Og þótt ég sé persónulega á móti þeirri hugmynd, að Búnaðarbanki og Útvegsbanki eigi að sameinast, þá er ég ekki þar með að segja að ekki sé hugsanlegt að einhverjir aðrir bankar sameinist, eins og hér var minnst á áðan. Það er t. d. nokkuð títt að heyra forustumenn iðnaðarins hér á landi segja, að þeir telji stóran hluta þess, sem ég tel til sjávarútvegsmála hér á Íslandi, sem er að sjálfsögðu fiskiðnaðurinn, þeir telji það sérstakt mál iðnaðarins þegar þurfi að koma mannaflaskýrslum á framfæri við þjóðina, að ég tali nú ekki um krónuhlutdeild í sambandi við vinnu þjóðarinnar og skiptingu á milli búskapargreina hennar. Ég tel að vel mætti hugsa sér að þeir bankar, sem fjalla mest um þá starfsemi sem viðkemur hlutfallslega mest fiskveiðum og fiskvinnslu, sem eru Útvegsbankinn og Iðnaðarbankinn, þeir leituðu eftir ákveðnu samstarfi. Auk þess hef ég bent á þá staðreynd áður, að hver og einn viðskiptabanki, eins og í þessu tilfelli Útvegsbankinn til sjávarútvegs, hefur þurft að binda afskaplega stóran hluta af ráðstöfunarfé sínu í lánum til atvinnuveganna. Hægt væri að hugsa sér að þeir bankar, sem þannig stendur á um, tækju ekki nema að ákveðinni prósentu af sínu ráðstöfunarfé, til þessa, en Seðlabankinn t. d. tæki við og sæi um það sem þyrfti fram úr að fara.

Ég býst við að slíkar hugleiðingar um sameiningu og samskipti banka séu jafnmargar og þm. sem eru nú í þingsalnum. Ég hef líka heyrt till. sem mér finnst allrar athygli verð, og hún er sú, að langstærsti banki þjóðarinnar, Landsbanki Íslands, mætti alveg að skaðlausu minnka nokkuð við sig og flytja til annarra banka sem eru starfandi. Það er skoðun sem rétt er að komi hér fram og liggi fyrir í þingtíðindum, án þess að ég sé að gera hana að minni till. Ég vil undirstrika, að auðvitað verða að ráða bestu manna ráð, og um leið og ég tala um að ég hafi ekki trú á því, að Búnaðarbanki og Útvegsbanki eigi eftir að sameinast, þá er það einfaldlega vegna þess, að ég hef orðið var við mikla andstöðu gegn slíkri sameiningu frá ýmsum mætum og góðum stuðningsmönnum beggja þessara stofnana.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að hafa fleiri orð um þetta. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram nú við fyrri hluta þessarar umr. og vekja athygli á því, að enn þá er beðið, ég bíð enn þá og aðrir hv. þm. um leið eftir svörum við spurningum sem mér finnst og hefur fundist að þyrftu að liggja fyrir um leið og sú þáltill., sem hér er til umr., er rædd.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hefði ekki kvatt mér hljóðs, ef flm. þessarar till. hefði ekki gert slíkt hið sama og fyrri flm., sem talaði fyrir þessari till., og aðallega þá af því að ég tel till. þátt í hálfgerðum skopleik. Það er að mínu viti hlægilegt þegar tveir þeirra ágætu þm., sem ég hef alltaf litið á sem eina af traustustu stoðum þessarar ríkisstj., því ég hef ekki heyrt þá greina á við ríkisstj., flytja þáltill. sem hefst á eftirfarandi orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu.“

Mér finnst alveg dásamlegt, að loksins skuli vera fenginn hljómgrunnur fyrir því hjá traustustu og spökustu stuðningsmönnum ríkisstj. og hugmynd um það, að Alþ. feli ríkisstj. að gera það sem henni ber skylda til að gera. Ég get ekki séð að þurfi neina sérstaka samþykkt á Alþ. til að ríkisstj. geri það sem till. segir til um.

Síðan segir í grg.: „Alþjóð er ljóst, að nú er þörf aðhaldsaðgerða í fjármálum.“ Þetta hlýtur þó ríkisstj. og hv. þm. að vera ljóst líka. „Sú kaldhæðnislega staðreynd blasir þó við, að fjármálastofnanir hafa þanist einna mest út allra ríkisfyrirtækja á sama tíma sem sparifjármyndun minnkar. Leiðir hér sem oftar óstjórn af ofstjórn.“ — Þetta eru ekki mín orð, þetta er í grg. — „Við þetta verður ekki unað.“

Ég er því alveg sammála, að við þetta verður ekki unað. Þetta er dómur flm. um það sem orðið er á þessu kjörtímabili. Það segir sig sjálft, að peningavelta verður meiri og meiri eftir því sem atvinnan er meiri og eftirspurnin eftir vinnuafli er meiri. Við erum meðal þeirra sem vilja hafa frjálsræði og frjálsa samkeppni, og þessi fulla atvinna, þessi mikla spenna og þessi ofborgun — þá kannske helst framkvæmdir á vegum ríkisins — hafa gert það að verkum, að seðlaveltan er svo mikil að ríkisbankarnir m. a. hafa séð sig tilneydda að auðvelda fólki að koma fénu í geymslu með því að hafa afgreiðslustöðvar sem næst þeim íbúðarhverfum sem fjölmennust eru. Má segja að hér sé einhver óstjórn sem afleiðing af ofstjórn.

Ég ætla þá að leyfa mér að vitna í næstu málsgrein, sem endar svona: „Þó bendir flest til þess, að aðgerðir á borð við þær, sem hér er lagt til að ríkisstj. hafi forustu um, séu nauðsynlegar.“ Skortir ríkisstj. virklega vald til að gera þessar ráðstafanir. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að ríkisstj. hefði vald til nauðsynlegra aðgerða til þess að komast úr úlfakreppu, að þrjótast út úr úlfakreppu. Ég sé ekki að það breyti nokkrum sköpuðum hlut fyrir ríkisstj., hvort samþ. er till. eða ekki samþ. Ég álít að ríkisstj. hafi þetta vald.

Síðan er í næstu málsgrein talað um eftirspurn lánsfjár o. s. frv. Þar segir svo: „Bankar hafa einn og sama verðmæli, óraunhæfan verðmæli.“ Af hverju? Þetta eru ríkisstofnanir sem halda sína sameiginlegu fundi og hlíta fyrirmælum ofan frá, frá Seðlabanka Íslands, sem að vísu starfar eftir sérstökum lögum, en þó í nánu samstarfi við og með samþykki ríkisstj., að ég held, í öllum stærstu ákvörðunum sem þar eru teknar. Það eru engin smámál sem banka- og peningakerfið, sem er að miklu leyti ríkiseinokað — eins og réttilega kom fram — þrátt fyrir litla einkabanka, tekur ákvarðanir um. Þetta bákn, sem nú á að fara að minnka, hefur vaxið á undanförnum árum frá því að vera deild í Landsbanka Íslands í fjölmennari og stærri stofnun en öll utanríkisþjónusta landsins. Ég held við ættum þá að byrja ofan frá og athuga hvað hægt er að gera til þess að minnka svolítið toppinn á stjórnkerfinu sjálfu. Getur verið að hér sé átt við það.

Hvað er það sem vantar á vald ríkisstj. núna

til þess að endurskoða sjóðakerfið og hagstjórnarbáknið í heild, ef það þarf að taka það til gagngerrar athugunar, eins og kemur hér fram? Hér segir, að ekki sé nokkur vafi á því, að þann frumskóg megi grisja. Mér finnst þetta vera ein allsherjarádeila á meðhöndlun ríkisstj. á þessum málum. Ég sé ekki að neitt vald vanti til að gera það sem kemur fram í þessari till., ef menn á annað borð vilja gera það. Það er ekkert smásvið, þetta þarf að spanna yfir allt svið, frá Þjóðhagsstofnun til minnstu sjóða. Það hefur tekið langan tíma og mikið starf að byggja upp það kerfi sem er svona ónothæft í dag. En ég sé ekki að ríkisstj. skorti vald til að hafa forustu um sparnað í fjármálakerfinu.

Ég tek líka undir það með flm., að hægara er að tala um þessi mál en í að komast. En hvað varðar sameiningu bankanna, þá er ég ekki viss um að það sé til bóta að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann. Það er annað mál, að Landsbankinn gæti hugsanlega tekið á sig eitthvað af þeim kvöðum sem hvíla á Útvegsbankanum. Það getur vel verið að ríkisbankarnir gætu eitthvað létt undir með Útvegsbankanum. Það er vitað mál, að Útvegsbankinn hefur þurft að taka á sig útlán til sjávarútvegs, eins og réttilega kom fram hjá 1. flm., á hinum ýmsu stöðum, á sama tíma sem sparisjóðir á þessum stöðum auka við sig í ríkum mæli sparifé án þess að lána það aftur í atvinnugreinarnar þar. Peningarnir á viðkomandi stöðum festast í sparisjóðunum, en viðkomandi atvinnuvegir þurfa að leita til höfuðstöðva Útvegsbankans í Reykjavík. Það getur vel verið, að dreifa þurfi ábyrgðinni á því, sem hvílir á Útvegsbankanum, á allt bankakerfið, enda er þetta ein heild. Þetta eru allt ríkisbankar, svo það væri kannske ekki óeðlilegt.

Ég mundi vinna að því með flm., að Seðlabankinn yrði aftur deild í Landsbanka Íslands, að allar þessar útreikningastofnanir í kerfinu, sem eru komnar á hvert götuhorn, að segja má, verði dregnar saman í eina. Ég skal taka undir það líka, að Framkvæmdastofnunin er mér ekki að skapi. Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustól, að ég vil leggja hana niður. Ég hef flutt um það þáltill., sem var samþykkt að fela ríkisstj. að kanna hvaða áhrif útlán Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunar hafa haft á eðlilega þróun atvinnuveganna vítt og breitt um landið. Ég hef ekki borið fram fsp. um á hvaða stigi sú könnun er, en ég geri ráð fyrir því, að áður en þessu þingi ljúki skili hæstv. ríkisstj. af sér þeirri könnun. Það var henni falið og ég ber þess vegna ekki fram fsp. í þá átt, geri ráð fyrir að hún sé að vinna þetta verk. En það er athyglisvert, að hv. 1. flm. sagðist ætla að koma í veg fyrir byggingarframkvæmdir Framkvæmdastofnunarinnar og Byggðasjóðs, sem hafa nú þegar keypt lóð við Rauðarárstíg dýrum dómum, og mér skildist helst að hann mundi standa þar einn. Ég veit ekki hvernig hann ætlar að fara að því, nema hann ætli að standa á staðnum til þess að vinnuvélar komist ekki að verki.

Ég vil endurtaka það, að ég er ekki hér með að tala á móti þessari þáltill. Ég er bara að tala um að ég lít á það sem hálfgert skop að leggja fram till. um að ríkisstj. fái heimild til að gera það sem er í hennar verkahring. Og ég endurtek, að traustustu stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. byrja sína till. þannig, eins og ég gat um áðan að „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu.“ Það finnst mér alveg dásamlegt.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þessa sérkennilegu kennslu, sem við fengum frá hv. 12. þm. Reykv., annars vegar í stjórnarfarsrétti og svo hins vegar í viðskiptamálefnum. Ég hélt að öllum hér væri ljóst, að Alþ. er æðra vald en ríkisstj. og Alþ. felur ríkisstj. að gera eitt og annað. Svo til í hverri viku, meðan þing stendur, eru slíkar till. samþykktar. Það kom að vísu fram í lok ræðu þm., að till. hljóðaði um heimild ríkisstj. til handa, en hann las rétt, að ríkisstj. var falið að gera þetta. Það er nú einu sinni svo, að það á að vera hlutverk Alþ. ekki síður en ríkisstj. að marka stefnu í þjóðmálum. Að einstakir stjórnarþm. megi ekki hafa áhrif á stefnumörkun er kenning sem ég hef aldrei heyrt áður.

Við hv. þm. Pétur Sigurðsson leggjum á það mikla áherslu, að málefni bankanna verði tekin svipuðum tökum og málefni annarra ríkisstofnana. Þetta hefur ekki verið gert af þeirri ástæðu, að bankarnir hafa sínar fjárreiður sjálfir, þess vegna koma málefni þeirra ekki til umr. í fjvn. t. d., og þeir koma helst ekki til umr. á Alþ. heldur. Fjarstæða er að segja að einhver ásökun á núv. ríkisstj. fyrir að hafa staðið fyrir sérstakri útþenslu og óstjórn í bankamálum, felist í þessari till. Ég nefndi bankamálaálitið frá 1973. Þá þegar voru bankamenn sammála um að komið væri í óefni. Lögum landsins verður nú einu sinni ekki breytt nema í þessari stofnun, og það ætti þá að vera leyfilegt að ræða þau hérna. Ég ætla a. m. k. ekki að spyrja hv. 12. þm. Reykv., hvort ég megi ræða hér bankamálefni. Að vísu sagði einn bankastjóri í viðtali við Morgunblaðið, þegar þessi till. var flutt, að hann væri alveg undrandi á því, að það væri verið að orða svona nokkuð, hvað Alþingi kæmi þetta við. Hann var alveg steinhissa, maðurinn. Ég er ekkert hissa á því, en ég var svolítið hissa á þeirri ræðu, sem var flutt hérna áðan.

Þá var það hinn þáttur málsins, að hann ætlaði að fara — hv. þm. Albert Guðmundsson í upphafi máls síns — að kenna okkur „business“. Hann ætti nú að kunna svolítið í honum og þess vegna lagði ég við hlustirnar, þegar hann kom að því, af því ég hélt að hann hefði mun meiri þekkingu á því sviði en á fyrra atriðinu, sem eðlilegt er af því að það hefur verið hans starfssvið. Þá var það þetta, að nauðsynlegt væri að hafa öll þessi bankaútibú vegna þess að það væru svo miklir peningar hjá fólkinu, að það yrði að auðvelda því að koma þeim í bankana. Ég held að það mætti fækka þeim talsvert og fólkið mundi samt láta eitthvað af peningum inn í bankana, kannske ekki einni krónu minna, þó að það væru e. t. v. ekki útibú hlið við hlið upp og niður Laugaveginn. Ég held að það mundi verða nokkuð sama útkoman að öllu öðru leyti en því, að hægt væri að spara stórfé og hafa sæmilega stjórn á bankakerfinu.

Ég vil ljúka þessum fáu orðum mínum með því að þakka hv. þm. Albert Guðmundssyni fyrir

það, að hann lýsti því yfir í lokin, að hann væri ekki andvígur þessari till. og teldi að efnislega væri margt gott um hana að segja. En að það sé einhver skopleikur, eins og hann komst að orði, að Alþ. ræði þessi mál, er auðvitað svo fjarri lagi sem nokkuð getur verið. Þessi till. er a.m. k. fyrir okkur flm. fullkomið alvörumál. Það er fullkomið alvörumál, að Alþ. taki þetta föstum tökum. Ef hv. þm. Albert Guðmundsson treystir ríkisstj. einnig til þess að gera þetta og vill alls ekki ræða um það, gefa henni ekki neinar forskriftir eða nein fyrirmæli, þá er náttúrlega ágætt að hlusta á till. ríkisstj. enda gerum við ráð fyrir að fá þær til umr. Við ætlum þó ekki að gleypa við öllu sem hæstv. ríkisstj. hefur um það að segja. Við mörkum þessa stefnu sjálfir, hv. alþm.

Ég hlustaði mjög gaumgæfilega á ræðu hv. 2. þm. Austurl., sem efnislega ræddi þetta mál. Það má vel vera, að það sé ekki eina lausnin að sameina Útvegsbanka og Búnaðarbanka. Ég gat hér um aðra hugmynd, sem væri að stofna öflugan einkabanka. Ég held að það sé mikil ógæfa að við skulum vera að burðast með þrjá ríkisbanka. Helst ættum við engan að hafa. Helst ættu bankarnir allir að vera í hlutafélagsformi, eins og er á Norðurlöndum. Hver einn og einasti viðskiptabanki í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er í hlutafélagsformi. Ég held að ástandið hér væri miklu betra ef við hefðum ekki þetta ríkisbákn og raunar ýmis fleiri ríkisbákn sem mætti höggva bæði ofan og neðan af.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég finn ekki, þegar ég hugsa til baka, hvar ég gerði tilraun til þess að kenna hv. 1. flm. þessarar till. eitt eða annað, hvorki viðskipti, „business," né annað, þó að ég sé ekki að skorast undan því að gera það, enda er rétt hjá honum, að ég hef meiri reynslu á því sviði en hann. En það, sem er mergur máls míns, er að allt annað en fyrsta línan í þessari þáltill. er aukaatriði. Í henni segir, og ég endurtek það: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu." Síðan kemur hvað stjórnin skuli gera og hvernig hún skuli fara að því. Þetta fyrsta er aðalatriðið. Skoðun mín er sú, að það sé ekkert sem hamli því, að ríkisstj. geri þetta án þessarar till. Ég vil meira að segja halda því fram, að henni beri skylda til þess að beita sér fyrir sparnaði á öllum sviðum. Það kom ekkert fram í síðari ræðu hv. 1. flm., sem mótmælir þeirri skoðun minni, að ríkisstj. hafi heimild til þess að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu og beri raunar skylda til þess. Ef þetta er rangt skilið hjá mér þætti mér vænt um að það yrði leiðrétt. Flutningur þessarar þáltill. er því óþarfur og móðgandi fyrir ríkisstj. sem flm. styðja.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég þóttist ekki, eftir að hv. fyrri flm. till. hafði talað áðan, hafa ástæðu til að standa upp aftur. Það eru þó aðeins örfá orð, þ. á m. kannske til að vitna aftur í þau orð hv. 12. þm. Reykv. sem hann upphóf í sinni fyrri ræðu um það, að hér væri hálfgerður skopleikur á ferðinni. Eftir að hafa svo hlustað á hann lýsa því yfir, að hann væri efnislega sammála nær öllum þáttum sem fram koma í þessari till. okkar, datt mér í hug óperan I Pagliacci, en í henni hló aðalleikarinn á meðan hjarta hans grét.

Það kom líka fram ofsatrú hv. þm. á núv. ríkisstj. að hún hafi ekki aðeins heimild til þess að gera þetta, heldur geri það líka. Þar ber okkur svolítið í milli, vegna þess að ég hef ekki trú á því, að hún geri þetta, nema við hér á Alþ. felum henni að gera það. (Gripið fram í.) Já, skipum henni að gera það. Það er þess vegna m. a. sem ég er meðflm. að þessari till. (Gripið fram í.) Þá skilur hv. þm. harmleikinn. Ég vil hins vegar láta það koma skýrt fram, að ég er ekki þar með að draga úr því, að núv. hæstv. ríkisstj., eins og reyndar allar ríkisstj. sem ég minnist, hafi gert heiðarlegar tilraunir til þess að draga úr útþenslu ríkisbáknsins. Vissulega hafa orðið umtalsverðar úrbætur á því sviði nú á síðustu árum, í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Ekki ber að vanþakka það sem vel hefur verið gert. Hins vegar erum við að benda á ákveðna leið. Við erum að benda á þessa ákveðnu leið og erum að óska eftir því, að þingið samþ. þessa till. okkar sem mundi um leið vera fyrirskipun til hæstv. ríkisstj. að fara eftir henni.

Ég ætla aðeins að skýra með örfáum orðum, fyrst þetta tilefni gafst, af hverju ég er fylgjandi því, að þessi leið verði farin. Það er einfaldlega vegna þess, að ef íslenskir stjórnmálaflokkar og hv. Alþ. ætla af einhverjum heilindum að ráðast gegn verðbólguvandamálinu í þjóðfélaginu, þá vitum við að það mun kosta fórnir allra þegnanna. Það þarf að leita til allra þegnanna eða nær allra, hárra og lágra. Og það verður ekki gert og það er útilokað að ætla sér að gera það öðruvísi en þannig, að ríkisstj. og hið opinbera hafi forgöngu. Ég álít persónulega, að besta skrefið og heillavænlegasta, sem verður stigið í þeim efnum, sé að ráðast til atlögu við þann hluta báknsins sem hefur bólgnað mest út.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þinghlé.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þetta er síðasti fundur fyrir páska í Sþ. Því vil ég óska hæstv. ríkisstj., hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegrar páskahátíðar. Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 29. þ. m. en verður að öðru leyti boðaður með dagskrá.

Sameinað þing, 59. fundur.

Miðvikudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Launakjör og fríðindi embættismanna, þáltill. (þskj. 112). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Við hv. þm. Jónas Árnason leyfum okkur að flytja á þskj. 112 till. til þál., svo látandi:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstj., að sett verði almenn reglugerð varðandi kjör hinna hæst launuðu embættismanna ríkisins og þeirra stofnana sem ríkið á meiri hluta í, þar sem kveðið verði á um að allar greiðslur til embættismanna fyrir störf í þágu fyrirtækjanna komi fram í launum þeirra, en afnumin verði önnur fríðindi, þ. á m. fríðindi er lúta að innflutningi bifreiða og rekstri þeirra. Kveðið verði á um að kostnaður embættismanna vegna starfs skuli ætíð greiddur samkv. reikningi. Skipan þessi nái einnig til ráðherra."

Fyrr á þessu þingi bar ég fram fsp. varðandi aukagreiðslur til ýmissa háttsettra embættismanna hjá stofnunum lýðveldisins, bílastyrki bankastjóra og ráðh. og rauntekjur ráðuneytisstjóra og forstjóra ýmissa ríkisstofnana. Svör hæstv. ráðh. við fsp. þessum bárust hvorki greiðlega né heldur voru þau ýkja ljós. Þar hygg ég að sjálfum hæstv. ráðh. hafi ekki verið um að kenna, heldur hinu, að þessi atriði í launakjörum hinna háttsettu embættismanna og þeirra, sem hæst taka launin, eru í eðli sínu mjög óljós og er e. t. v. ætlað að vera það. Þó kom þetta fram af svörunum: Ráðh. fá eftirgefin aðflutningsgjöld af bifreiðum lögum samkv. og fá þeir greiddan rekstrarkostnað þessara bíla. Bankastjórar hafa tekið sér sams konar bílafríðindi og ráðh. Það er ekki lögum samkvæmt. Forstjórar Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem ráðnir eru með bankastjórakjörum, hafa einnig tekið sér þessi bílafríðindi. Það er ekki heldur lögum samkvæmt. Bankastjórar og „kommissarar" virðast ekki telja þessi fríðindi sín fram til tekna. Ráðuneytisstjórar og forstjórar ýmissa ríkisstofnana virðast njóta allmjög misjafnra launa án þess að ljóst sé, hvernig störf þeirra eru metin. Þeir njóta einnig ákaflega misjafnra fríðinda í mynd aukagreiðslna fyrir ýmiss konar störf sem þeir vinna í þágu embættis síns. Í öllum tilfellum er þó um verulegar aukagreiðslur að ræða, sumum svo að meta má til hálfgildings launa.

Við eftirgrennslan kemur í ljós, að ekki finnast neinar grundvallarreglur sem farið sé eftir við launaákvarðanir embættismanna þessara, og í sumum tilfellum, svo sem að framan greinir, er seilst út fyrir ramma laga þeim til launabóta. Við athugun á óskepi þessu, sem ég leyfi mér að nefna launagreiðslukerfið til hinna æðstu embættismanna, kemur í ljós, að það er hvorki tekið tillit til þeirra grundvallarsjónarmiða sem ráða þegar fjallað er um launakjör alþýðu manna í þessu landi — þ. e. a. s. greiðslugetu launagreiðandans sem annars er býsna oft vitnað til — né heldur til framfærsluþarfar launþega.

Eins og málin liggja nú fyrir, er ógerlegt að kveða á um það, hver hæfileg geti talist laun til hinna einstöku embættismanna sem hér um ræðir. Hitt er ljóst, að það er óhæfa að launakjör þeirra skuli vera meira og minna dulin fyrir hinum raunverulegu launagreiðendum, sem eru náttúrlega íslenskir þegnar yfirleitt. Launagreiðendur embættismanna þessara eiga síðar undir högg að sækja hjá þessum sömu embættismönnum, er þeir semja um sín eigin kjör, og við ber, að þeir fá ekki beinlínis liflegar kveðjur frá þessum sömu aðilum, sem m. a. fella úrskurð um það í skjóli ríkisstj., hvenær skerða þurfi kaupgreiðslur til landsmanna. Hér er óþarft að fara út í langar útskýringar á mismuninum sem í því felst, þegar einföld þurftarlaun eru skert um t. d. 10%, og því, að margföld þurftarlaun eru skert um sömu hundraðstölu, hversu misþungur baggi verður af slíkum ráðstöfunum fyrir einstaklingana.

Varðandi afstöðu mína sérstaklega til launamismunar á landi hér vil ég aðeins vísa til þáltill. sem ég mælti með nú á þorranum í vetur og flyt ásamt öðrum þm. Alþb. um nauðsyn þess, að sett verði lög um hámarkslaun og kveðið á um það þar, að ekki megi greiða hærri laun en sem nemur tvöföldum launum verkamanns. Yrði launahækkun til hinna lægst launuðu samkv. þeirri þáltill. þá ætíð forsenda þess, að laun hinna, sem betur eru settir, yrðu hækkuð. Í framsöguræðu minni með hinni fyrri till. sýndi ég fram á, að ef úr yrði að sá háttur yrði upp tekinn, sem þar er ráðgerður, mundi afleiðingin ekki verða eingöngu lækkun hinna hæstu launa, heldur tilfærsla þar sem laun verkamanna yrðu færð upp að því marki sem þyrfti til þess, að helmingur næðist á við hæstu launin, en hærri launin þá lækkuð að því marki sem nauðsyn krefði og fjárhagur til móts við þetta.

Í sömu þáltill. var kveðið á um að óheimilt yrði að taka föst laun nema fyrir eitt starf og afnumin skyldu hvers konar fríðindi sem margir þeirra, sem hæst taka launin, njóta nú. Að þessu leyti má til sanns vegar færa, að þessar tvær þáltill., sú sem hér greinir og sú sem ég nú mæli fram með, skarist nokkuð.

Því vík ég nú enn að hinni fyrri till. og umr., sem um hana urðu, sem vissulega snerta þetta þingmál, að þær umr. hnigu að tilhneigingu sumra hv. alþm. til að láta sér ekki nægja þingfararkaupið, heldur taka föst laun annars staðar, enda þótt þingmennskan eigi að teljast fullt starf ef sæmilega er rækt, nema þá náttúrlega fyrir margra manna maka. Þó hefði ég ekki sveigt mál mitt að launakjörum þm. sérstaklega í því sambandi hefði ekki svo borið við sem ég vil nú enn rifja upp, að nýlega hafði birst ritstjórnargrein í Alþýðublaðinu, að dómi sérfróðra manna rituð af Benedikt Gröndal, hv. þm., sem hann þó sór af sér við þær umr., þar sem sveigt var sérstaklega að okkur tveimur þm. Alþb., hv. þm. Helga Seljan og mér, og okkur borinn á brýn yfirdrepsskapur með þessum tillöguflutningi, samtímis því sem við greiddum því atkv. í leyninefnd á Alþ. að laun þm. hækkuðu meira en flestra annarra landsmanna. Þáltill. sú, sem við fjöllum um í dag, lýtur að sjálfsögðu að stöðu þm. og launum þeirra svo sem annarra landsmanna. Við umr. í vetur leyfði ég mér að

vekja athygli á því, að hv. þm. Benedikt Gröndal tæki auk þingfararkaupsins, sem hann teldi of hátt, ⅔ hluta af kaupi forstöðumanns Fræðslumyndasafns ríkisins og formaður þingflokks Alþfl. tæki auk þingfararkaupsins, er blað hans teldi of hátt, ⅔ hluta af prófessorslaunum við Háskóla Íslands. Til þess að ljúka þessari upprifjun á umr. um þáltill. um hámarkslaunin í vetur má síðan geta þess, að hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson lýsti yfir því við umr., að hann hefði um langt skeið setið af hálfu Alþfl. í þingfararkaupsnefnd, sem vissulega hefði ekki verið nein leyninefnd því að hann hefði ávallt gert þingflokki Alþfl. grein fyrir störfum hennar og af hálfu þess flokks aldrei verið gerð nein aths. við niðurstöðurnar af störfum þeirrar n., ekki heldur á þessum vetri.

En því er nú þessi upprifjun nauðsynleg á fyrri umr. og eins óhjákvæmilegt að víkja að stöðu alþm. í máli því, sem hér er nú til umr., að ýmsir úr hópi hv. alþm. taka föst laun á fleiri en einum stað. Slíkt á ekki við um þá hv. þm. Benedikt Gröndal og Gylfa Þ. Gíslason eina. Tveir hv. alþm. taka t. d. ⅔ hluta bankastjóralauna ásamt samsvarandi fríðindum bankastjóra, þ. e. a. s. „kommissararnir" tveir, hv. þm. Sverrir Hermannsson og Tómas Árnason, ofan á þingfararkaup sitt. Nú fer því víðs fjarri, að ég vilji einu sinni gefa það í skyn, hvað þá heldur meir, að þá félaga skorti til þess burðina að rækja með prýði hvort tveggja, þingmannsstörfin og forstjórastörfin í Framkvæmdastofnuninni. Hitt kemur meira þá til álita, hvort þeir þurfa þeim mun meiri laun sér til framfærslu en aðrir þm. sem þeir taka þeim fram að þreki og dugnaði, þ. e. a. s. rösklega 10 millj. kr. árslaun á móti 4 millj. kr. sem mér telst til að einföld þingmannslaun muni nú ná. E. t. v. má til sanns vegar færa, að þeir, sem leggja mikið af mörkum af starfsþreki sínu og umhyggju, séu líklegir til að endast skemur við störf, þeir eyða lífsfjöri sínu þá skjótar í þágu fólksins. Í þessu tilfelli mætti sem sagt reikna með því, að þessir tveir hv. þm. eyði 3.5 árum ævi sinnar í þágu lands og lýðs meðan almennur alþm. eyðir einu ári. Sé svo, þá vildi ég gjarnan að þessi bikar yrði fremur frá þeim tekinn og heldur ráðnir sérstakir menn í störfin hjá Framkvæmdastofnun, ef hægt væri að fá slíka fyrir 6.5 millj. í árslaun, ef með þyrfti yrði náttúrlega að bregða á það ráð að láta þá hafa óskert bankastjóralaun, sem yrðu þá í kringum 10 millj., en við reyndum aftur á móti að treina okkur starfskrafta þessara hv. þm. lengur til fleiri og magrari ára.

Fyrirkomulag á launakjörum embættismanna okkar og annarra þeirra, sem með hin ábyrgðarmeiri störf fara, er algerlega óviðunandi. Annað nær engri átt en að þeim verði ákvörðuð föst laun við hæfi starfsins sem þeim er ætlað að inna af höndum. Þau laun á að greiða í einu lagi með beinum greiðslum. Kostnað, sem starfi fylgir, á síðan að greiða samkv. reikningi. Það er ekki gott, að hluti af launagreiðslum til þeirra embættismanna ríkisins, sem hafa m. a. afskipti af kjaramálum alþýðu á landi hér, sé dulinn í einhvers konar aukasporslum, hvort heldur það heita greiðslur fyrir ónunna yfirvinnu, fundasetu, nefndarstörf, bílastyrkir eða eitthvað annað.

Herra forseti. Ég vil svo óska þess, að að umr. lokinni verði þáltill. vísað til allshn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég mun ekki hafa mörg orð um þetta mál nú, þó að hér sé tvímælalaust mjög stórt mál í sjálfu sér á ferð. Það er rétt, sem hv. 1. flm. sagði, að þetta mál um launakjör og fríðindi embættismanna skarast mjög við annað þingmál, sem hann ásamt fleirum hefur lagt fram um hámarkslaun. Ég tel bæði þessi mál góðra gjalda verð, að þau skuli koma fram á þingi. En þessi till., eins og hún liggur fyrir hér, snertir ekki nema lítinn hluta þessa stóra máls. Það er að vísu alveg rétt, ég er sammála því, að þar sem hæst launaðir embættismenn eiga í hlut eru launagreiðslur og launakjör öll allt of óljós, en þetta á við um allt okkar launakerfi. Við þurfum að fá margfalt hreinni línur alls staðar. Við finnum þetta ekkert síður meðal hinna svokölluðu vinnandi stétta. Þar á ég við Alþýðusamband Íslands og hliðstæð samtök launþega. Ég átti tal ekki alls fyrir löngu við trésmíðameistara, sem sagði mér beinlínis að í vor eftir kjarasamninga hefði hann orðið þess vísari að sú launahækkun, sem hann fékk, tímakaupshækkun hans, væri jöfn að krónutölu heildarlaunum byggingarverkamannsins sem vann við hliðina á honum. Og honum fannst þetta ekki vel gott. Honum fannst að þarna væri misvægið orðið meira en litið og hann hefði fengið fullmikið miðað við verkamanninn sem vann við hliðina á honum.

Þetta er auðvitað svo augljóst mál, að mann furðar á því þegar rekið er upp ramakvein í röðum forsvarsmanna verkalýðsins þegar talað er um að nauðsyn sé að breyta fjölmörgu í vinnulöggjöf okkar og kjarasamningum öllum. Þarna er orðið slíkt myrkviði að enginn ratar um, og ekkert er auðveldara fyrir ófyrirleitna kröfugerðarmenn en ná lengra í kröfum sínum en góðu hófi gegnir, að ekki sé meira sagt. Því tel ég að þessar till. báðar gætu orðið þarft innlegg í umr. um þessi mál, sem nauðsynlega þurfa að fara fram með fullum heilindum allra sem að launamálum standa í landinu, vinnuveitenda og launþega sameiginlega.

Hér er talað um að setja eigi reglugerð varðandi kjör hinna hæst launuðu embættismanna. Hvað er átt við með „hæst launuðu", hvar á að setja mörkin? Og þetta vekur allt ótal spurningar. Hvernig ætti að framkvæma þessa till? Þó held ég að tiltölulega auðvelt væri, jafnvel þótt við gerðum engar grundvallarbreytingar á þessu að kveða á um ákveðin atriði, eins og þau t. d., að embættismönnum og öðrum fast launuðum mönnum beri ekki laun fyrir aukastörf sem þeir vinna í sínum eðlilega vinnutíma. Og við alþm. getum tekið þetta til okkar. Ég veit ekki betur en enda þótt þingnefndir allar séu ólaunaðar, sem vera ber, séu alþm. iðulega skipaðir í nefndir og ráð sem vinna vafalaust mikilvæg störf, en fyrir þessi nefndastörf, séu þau unnin á eðlilegum dagvinnutíma bæði alþm. og annarra, ber okkur auðvitað engin laun að taka. Það eru svona atriði, sem mætti taka út úr og athuga og

kippa í lag. Auðvitað er mönnum í sjálfsvald sett, hvort þeir þiggja laun af þessu tagi. En það er nú einu sinni svo, að þegar hefð er komin á eitt eða annað er heldur fátitt, að menn skeri sig úr, og er jafnvel illa séð, sé það gert, af hópnum sem heild. En þarna sem annars staðar er auðvitað mikilvægt og sjálfsagt, að hver einstaklingur hafi leyfi til og hann hafi kjark til að fara eigin leiðir. Það kann að vera hægt að breyta hefð án þess að lagaboð komi til.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frekar, en þetta er vafalaust merkilegt mál, þessar till. báðar, sem ég vil endurtaka að eru góðra gjalda verðar og fyllilega þess virði að taka til athugunar við umr. um þessi launamál og kjaramál öll í landinu. Ég hygg að kjaramál séu komin í ógöngur, sem við allra hluta vegna og ekki þá hvað síst þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, verðum að sjá einhverja leið út úr. Og þar kemur auðvitað til vilji okkar í verki til þess að standa við stór orð um jafnrétti og réttlæti í þessum málum þegar að okkur sjálfum kemur.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er satt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að margt þarf að lagfæra — fleira en það sem þessi till. fjallar um. En ég sé ástæðu til þess að fagna því, að þessi hv. þm. tekur undir þau sjónarmið, sem hér koma fram, og einnig þau sjónarmið, sem koma fram í öðrum till. sem við Alþb.-menn höfum flutt varðandi þau mál sem þessi till. snertir, launakjör og fríðindi ýmiss konar, sanngjarnari skipan á því sviði.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir nefndi í sambandi við þessi mál t. d. laun, sem menn taka fyrir nefndastörf, að auðvitað sé mönnum í sjálfsvald sett hvort þeir þiggja þessi laun eða ekki, en það væri svo, að þegar hefð væri komin á á einhverju sviði, þá væri erfitt að brjóta hana, stæði þá á mönnum að gera það að því er varðaði þá sjálfa. Kannske er þetta kjarni þessara mála — þessara mála sem óneitanlega snerta þá siðvæðingu sem æðimikið er til umræðu í fjölmiðlum. Hversu mikið meina menn með tali sínu um siðvæðinguna? Hve mikið meina t. d. þeir menn með slíku tali, sem taka — ofan á laun sem þeir telja há þingmannslaun — 60% af forstjóralaunum láta sér ekki bregða við það á meðan þeir býsnast yfir spillingunni?

Ég tel alveg sjálfsagt að menn afsali sér fríðindum ýmsum og launum, ef þeir telja að þau séu fyrir utan ramma velsæmis, — hafi frumkvæði um það sjálfir, bíði ekki eftir því, að sett séu um slíkt lög eða reglur. Þetta á hver við sjálfan sig að sjálfsögðu, sína eigin samvisku, ef hún er einhver. En mér fyrir mitt leyti sýnist eðlilegt að menn geri þetta, menn taki ekki önnur laun en þau sem þeir telja sig eiga skilið að fá. Einföld þingmannslaun eru að mínum dómi ekkert umfram það sem hæfilegt getur talist fyrir störf þm., ef hann rækir þau af samviskusemi og dugnaði. En þegar síðan bætist við viss prósenta — æðihá — af öðrum launum og síðan margs konar laun fyrir nefndastörf og önnur slík störf, þá eru náttúrlega tekjur ýmissa þm. allt of háar. Það er þetta sem stendur í hálsinum á fólki. Að vísu gera menn sér það ekki almennt ljóst, að þingfararkaupið sem slíkt er ekkert sérstaklega há laun. En það sem gerir að almenningur lítur þeim augum sem hann lítur á okkur alþm. í þessum efnum, siðgæðisviðhorf okkar, er þetta, hversu margir taka ýmiss konar önnur laun, laun fyrir störf sem þeir gegna á þeim tíma sem þeir hafa kaup fyrir að starfa sem þm.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir nefndi hér áðan ýmsar tekjur fyrir nefndastörf. Það vildi svo til, að í gær var ég staddur í Leirársveit og þá tók bóndi einn fram eintak af Frjálsri verzlun. Þetta blað hafði birt lista yfir „nefndakónga“ sem það kallaði svo. Menn fengu þar á þriðju millj. kr. fyrir nefndastörf eingöngu. Og meðal þeirra hæstu, meðal þriggja eða fjögurra hæstu var aðalbankastjóri Seðlabankans. Þessi nefndastörf, eins og allir vita, eru unnin í venjulegum vinnutíma viðkomandi embættismanna. Ég hygg að það séu undantekningar, að þessir nefndafundir séu haldnir eftir venjulegan vinnutíma. M. ö. o. sá sem fær á þriðju millj. fyrir nefndastörf tekur þessa upphæð fyrir störf, sem hann vinnur í þeim tíma sem hann hefur verið ráðinn til sem embættismaður. Þetta er að sjálfsögðu reginhneyksli. Ef menn eru kosnir til nefndastarfa, sem greinilega er ekki hægt að rækja í öðrum tíma en þeirra eðlilega vinnutíma, þá er sjálfsagt að þeir gegni þessum störfum kauplaust, enda hafa þeir hitt kaupið fyrir. Að menn skuli hafa, eins og ég sagði áðan, hátt í tvöföld árslaun þeirra sem lægst eru launaðir í þessu þjóðfélagi, er hreint út sagt fyrir neðan allar hellur.

Ég tek sem sagt undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það er ansi víða sem við þyrftum að gera hreint. En það var eins gott að láta hendur standa fram úr ermum að því er varðar okkar eigin mál.

Eitt atriði í þessari till. snertir fríðindi sem ráðh. hafa og bankastjórar hafa tekið sér og „kommissarar“ í Framkvæmdastofnun, þ. e. a. s. varðandi bíla, afgjöld af bifreiðum, sem menn þurfa ekki að greiða, fá kannske bílana fyrir hálfvirði fyrir bragðið o. s. frv. Þetta er líka reginhneyksli og til skammar fyrir alla stjórnmálaflokka, að þeir skuli hafa verið við þetta bendlaðir. Og þó að mér finnist að þeir einkabílstjórar, sem ráðh. hafa, séu heldur prýði í þessu húsi, — ágætir menn, hressilegir og skemmtilegir menn, — þá sýnist mér það einna versta hneykslið af öllu, að filefldir karlmenn skuli vera á föstum launum við það eitt að flytja ráðh. fram og aftur. Það er átakanlegt, satt að segja, t. d. þegar fundir dragast hér fram á kvöld og e. t. v. fram á nóttina, að þessir hinir sömu filefldu ágætu karlmenn skuli vera að sóa tíma sínum í það að bíða eftir því, að einhverjum hæstv. ráðh. þóknist að koma niður og fara út í bíl. Einkabílstjórar eiga ekki að þekkjast í þessu þjóðfélagi. Ég vil næstum segja, að það samrýmist ekki lögmálum þessa þjóðfélags né siðgæðisvitund þessarar þjóðar, að menn hafi starf af því að „transportera“ ráðh. á milli húsa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil nú strax við upphaf umr. um þessa þáltill. lýsa fullum stuðningi mínum við hana. Ég tel raunar að miklu fyrr hefði þurft að setja reglur um launakjör þeirra aðila sem hér er fyrst og fremst um

fjallað. Það er ekkert vafamál, og hefur varla farið fram hjá nokkrum hv. þm., að launakjör til þeirra embættismanna í ríkiskerfinu, sem hvað hæst laun hafa, hafa sætt mikilli gagnrýni og þá kannske fyrst og fremst núna á síðustu tímum. Sú gagnrýni á vissulega fyllsta rétt á sér í mörgum tilfellum.

Ég hef lýst skoðun minni á þessu áður og skal ekki rekja það mikið, en ég vil aðeins segja orð um þetta.

Það er t. d. í mínum huga nærri því að vera fráleitt, að alþm., sem er á fullum launum við starf sitt og hefur að minni hyggju, eins og mál standa í dag, svo góð laun að hann getur helgað sig eingöngu því starfi að vera þm., geti á sama tíma tekið sem svarar 60% launa annars staðar. Það eru allt of margir í hópi alþm., sem þannig er ástatt um, að þeir hafa, kannske mismunandi mikið, önnur laun frá ríkinu en þingmannslaunin. Of margir þm. hafa t. d. 60% launagreiðslur annars staðar frá til viðbótar þingmannslaununum. Ég hef enga trú á því, að starf, sem inna þarf af hendi til þess að sé í samræmi við 60% launagreiðslur, verði ekki að einhverju leyti út undan, ef þm. á annað borð rækir þingmennskutíma sómasamlega, eins og honum ber og hann á að gera. Annað hvort þessara starfa hlýtur að verða út undan að einhverju leyti. Ég held því — og ég er þeirrar skoðunar — að fullkomlega réttlætanlegt sé að leitt verði í lög, og því hef ég lýst hér áður við umr., að þm. taki ekki laun frá öðrum en ríkinu meðan þeir gegna þingmennsku og eru þannig fastlaunaðir ríkisstarfsmenn.

Svo kemur auðvitað allt hitt, sem er utan um hin föstu laun, t. d. — eins og hér hefur verið minnst á — öll þau fríðindi sem ráðh. fá, bankastjórar, „kommissarar“ og hvað menn vilja kalla þá, og hin ótrúlega háu laun sem ýmsir starfsmenn fá, sem hljóta að teljast á launum hjá almenningi, a. m. k. að stórum hluta, eins og forstjórar járnblendiverksmiðju og slíkir. Það er með ólíkindum, þegar maður hefur í huga slíkar upphæðir eins og mánaðarlaun slíkra einstaklinga, að þeir, sem styðja slíkt launakerfi og slíkar launagreiðslur, beiti sér á sama tíma fyrir stórkostlegri kjaraskerðingu hjá þeim hópi þjóðfélagsþegna sem lifir við sultarlaun. Það er eðlilegt að mönnum blöskri það almennt, ef mánaðartekjur manna eru komnar upp í 1 millj. til 1200 þús. kr., þegar það er ljóst, að verkamannalaun, miðað við 8 klst. vinnudag, losa rétt 100 þús. kr. Slíkt er auðvitað óviðunandi, og verður fyrr en seinna að setja reglur sem koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað.

Ég hef sagt það hér áður, að ég sé ekkert sem réttlætir það t. d. að bankastjórar hafi bílafríðindi og annað slíkt. Er raunar vafasamt mjög að neitt mæli með því, að ráðh. hafi slík fríðindi. Ráðh. eru það vel launaðir, að þeir geta eins og aðrir þegnar í landinu staðið straum af kostnaði af sínum bíl. Það verður að minni hyggju ekkert mark tekið á því eymdarvæli, sem heyrist í ráðandi mönnum í landinu á hverjum tíma, þegar þeir sjálfum sér til handa og stórum hópum öðrum verja aðgerðir, eins og hér hefur verið talað um, og stuðla að alls konar fríðindum hátekjumönnum til handa. Það verður þá ekkert mark tekið á þeim sultarsöng sem alltaf er sunginn um að láglaunafólkið sé að stefna öllu í glötun með þeim kjörum sem því er úthlutað.

Ég á svo sem ekki von á því, að það verði rokið upp til handa og fóta til að samþykkja þessar þáltill. Ég á enga von á því, því miður. (StJ: Af hverju ekki?) Af því að mér finnst andrúmsloftið vera þannig, að allt of margir hv. þm. telji þetta í raun og veru sjálfsagt eins og það er. Ég átti a. m. k. von á því, að hv. 9. landsk. þm. talaði sterkar með þessu máli hér áðan en hann í raun og veru gerði. Það hefði þó vissulega mátt ætla, að hér væri kærkomið tækifæri til þess að lýsa yfir fyllsta stuðningi við þetta mál, miðað við skrif og orðræður ýmsar sem frá þessum hv. þm. hafa farið að undanförnu varðandi launakjör alþm. og annarra starfsmanna ríkisins. Og ég held, því miður, að það séu allt of margir hv. þm. sem undir niðri vilja í raun og veru breyta þessu, en einhverra hluta vegna hafa sig ekki til þess að koma því í framkvæmd.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, eins og hv. 9. landsk. þm. var hér áðan, að þetta mál snertir að litlu leyti það sem verið hefur hvað mest gagnrýnt að undanförnu varðandi háar launagreiðslur og alls konar fríðindi hinna hæst launuðu embættismanna í ríkiskerfinu. Ég held að þetta gæti tekið að verulegu leyti til þess sem þar um ræðir, þannig að þetta eitt út af fyrir sig, það sem þessi þáltill. fjallar um, er stórmál í mínum huga. Auðvitað er ýmislegt fleira sem þyrfti að lagfæra og breyta. En það er mikilvægast að byrja ofan frá. Því aðeins eru líkur á því, að hægt sé að sannfæra almenning í landinu, alla þá sem vinna við framleiðslustörf, við undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, og þurfa ár eftir ár og kannske áratug eftir áratug að búa við sultarlaun vegna þess, hversu efnahagsástandið í landinu er slæmt, — því aðeins væru líkur til þess að fólk tryði á þennan söng ráðandi manna í þjóðfélaginu, að einhvern tíma væri byrjað á því að ráða bót á meininu ofan frá, en ekki alltaf ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, þegar laun eru skert.

Það er engin smáræðismunur, ef við lítum til þeirrar löggjafar sem sett var hér fyrir stuttu um efnahagsráðstafanir. Mér skilst að t. d. ráðh. fái um 45 þús. kr. í verðlagsuppbætur á laun sín, þeir fái í verðlagsbætur á laun sín sem nemur nær því hálfum mánaðarlaunum verkamanns. Það fá hæstv. ráðh. í verðlagsuppbætur. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að það er vægast sagt hvimleitt, að alþm., sem skipaðir eru í alls konar nefndir, fái fyrir það greiðslu. En eins og að þessum málum hefur verið staðið að undanförnu og er staðið enn, er það auðvitað á valdi hvers og eins hvort hann tekur við slíkum greiðslum eða ekki. Ég verð þó að segja einni nefndinni það til hróss, sem nýlega hefur lokið störfum og hefur hvað mest verið í sviðsljósinu og í munni manna á undanförnum vikum og kannske mánuðum, en það er hin margumtalaða verðbólgunefnd, að þar voru allir á einu máli um það, gerðu sérstaka samþykkt, að þeir tækju engar greiðslur fyrir þau

nefndarstörf. Ég tel að slíkt mætti taka til fyrirmyndar víðar.

Það er auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, að oft þarf kjark til þess að standa við stóru orðin í þessum efnum sem og öðrum, þegar að okkur sjálfum kemur, sjálfum einstaklingnum sem viðhefur hin stóru orð, — að standa við þau. Og þetta er auðvitað kjarni málsins. Sem betur fer eru hér innan veggja, hafa verið og eru a. m. k. nokkrir þm. sem hafa sýnt það í verki, að þá hefur ekki brostið kjark í þessum efnum þegar að þeim sjálfum hefur komið. Það er ekkert vafamál t. d., að nokkrir hv. þm. hér inni áttu til þess fullkominn lagarétt að njóta 30% launa fyrir störf sem þeir komu ekki nálægt allt árið. Lagalega hliðin var sú, að þeir áttu rétt á þessu kaupi, — þar á ég við þm. sem gegndu kennslustörfum áður en þeir voru kjörnir til þings, — lagalega hliðin var sú, að þeir áttu fullan rétt á þessu, og þeim var greitt þetta í nokkur ár. En þessir einstaklingar höfðu frumkvæði að því sjálfir, að þessu var aflétt þrátt fyrir lagaákvæðið. Vil ég þar til nefna t. d. hv. þm. Jónas Árnason og Helga Seljan. Kannske eru einhverjir fleiri, þó að ég muni það ekki á þessari stundu. Sumir þessara þm. sýndu það í verki með því að beita sér fyrir því að þetta var afnumið, að þeir vilja aflétta þessu og ýmsu fleiru sem er hvimleitt að því er varðar ýmiss konar aukagreiðslur, bæði til þm. og annarra embættismanna í ríkiskerfinu sem hafa sómasamleg laun fyrir. Og það er ekkert vafamál að þessu er hægt að breyta, ef þm. almennt eru nógu samtaka og sammála um að láta breyta því. Þetta er spurningin um það, hvað þm. vilja leggja í sölurnar til þess að fá þessu breytt, því að auðvitað getur Alþ. ráðið þessu, það er ekkert vafamál. Þetta er bara spurning um viljann.

Þó að ég hafi ekki mikla trú á því, að þessi þáltill. fái samþykki á þessu þingi, þá vænti ég þess, að þeirri skoðun, sem fram í henni kemur, vaxi það mikið fylgi að ekki verði þess langt að bíða, að unnið verði að því í anda þessarar þáltill. að breyta frá því sem nú er, þannig að við getum losað þjóðfélagið við ýmsar þær greiðslur sem eru óæskilegar, en sumar hverjar óverjandi eins og þeim háttar til núna og verið hefur um langan tíma.

Ég ítreka svo stuðning minn við þessa þáltill.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil lýsa því sem minni skoðun, að með þessari þáltill. sé hreyft athyglisverðu og að ýmsu leyti mjög knýjandi máli — máli sem er vissulega viðkvæmt. Ég tel að ekki eigi að fjalla um það á hv. Alþ. á svipaðan hátt og mér fannst bera of mikið á hjá hv. síðasta ræðumanni, þar sem hann tengdi það einstökum hv. þm. um of. Ég held að flestir, sem hugsa um þessi mál og þekkja nokkuð til þeirra, geti verið sammála um að ástandið í þessum efnum sé algerlega óviðunandi og þar þurfi að breyta verulega til.

Ég skal ekki fara nánar út í að lýsa þessu ástandi eins og það blasir við mér. En erindi mitt upp í ræðustólinn í sambandi við þetta mál er að leggja áherslu á og undirstrika, að það er enginn aðili í þessu þjóðfélagi sem getur breytt því ástandi, sem nú er í þessum efnum, að neinu marki annar en hæstv. ríkisstj. og hv. Alþ. Þaðan verður forustan að koma ef einhverjar breytingar á að mega gera sér vonir um á næstunni. Þetta tal um að einstakir menn afsali sér að taka við launum, sem þeir fá fyrir nefndastörf eða stjórnarsetur, er algerlega órauhæft. Þarna þarf að setja um almennar reglur sem gildi í þjóðfélaginu, og upphafið að þessum almennu reglum á að koma héðan. Þess vegna vil ég sem stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. skora mjög alvarlega á hana að taka þessi mál öll til athugunar, setja hæfa menn í það að líta nánar á þau.

Ég er sammála síðasta ræðumanni um það atriði, að nær útilokað sé að þessi þáltill. verði samþykkt á þessu þingi. En ég tel að málavextir séu til þess, að hæstv. ríkisstj. ætti að beita sér fyrir athugun þessara mála, án þess að hún þurfi að fá sérstaka samþykkt frá Alþingi um það.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 72. fundur.

Fimmtudaginn 30. mars, kl. 2 miðdegis.

Áskorunarmál, frv. (þskj. 418). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., felur í sér breytingu á lögum um svonefnd áskorunarmál. Lög um það efni voru afgreidd frá Alþ. árið 1968 sem viðauki við lög um meðferð einkamála í héraði. Lögunum um áskorunarmál var ætlað að flýta fyrir meðferð minni háttar einkamála, eins og t. d. víxil- og tékkamála og einfaldra skuldamála.

Þeir, sem að þessari lagasetningu stóðu, hafa eflaust gert sér vonir um að hið nýja stefnuform, áskorunarstefnan svokölluð mundi smátt og smátt útrýma gamla stefnuforminu í fyrrgreindum málum. Reyndin hefur hins vegar orðið önnur. Á undanförnum árum hefur tæplega helmingur af dæmdum útivistarmálum, þ. e. málum á bæjarþingi Reykjavíkur, verið áskorunarmál. Utan Reykjavíkur hefur hlutfall áskorunarmála víðast hvar verið enn lægra. Það er því talið að ef löggjöf væri óbreytt gæti jafnvel verið ástæða til að ætla að árkorunarmálum fari hlutfallslega fækkandi á næstu árum. Þetta væri miður farið, vegna þess að ástæðan til þess, að áskorunarmál hafa ekki orðið eins algeng og gert var ráð fyrir í upphafi, er ekki sú, að lögin um áskorunarmál hafi reynst illa í framkvæmd. Þvert á móti hafa áskorunarmál tvímælalaust verið til þess fallin að flýta meðferð mála, spara dómurum tíma og draga úr kostnaði, einkum vélritunarkostnaði. Hins vegar er nú talið að ástæðan muni vera sú, a. m. k. að verulegu leyti, að lögmenn vilji spara sér ferð á fund dómara til að fá útgefna áskorunarstefnu, en samkv. gildandi lögum er óheimilt að gefa slíka stefnu út utan réttar.

Það frv., sem hér liggur frammi, er samið af

réttarfarsnefnd. Frv. stefnir, eins og önnur frv. er nefndin hefur sent frá sér, að því að hraða meðferð dómsmála. Frv. gerir ráð fyrir því, að meginreglurnar um meðferð svonefndra áskorunarmála haldist óbreyttar, og byggist það á þeirri reynslu, sem fengist hefur af framkvæmd laga um áskorunarmál frá 1968, sem hefur verið góð, eins og ég sagði, þó að kveðið hafi minna að því, að þessi málsmeðferð væri notuð, en menn höfðu gert ráð fyrir.

Í frv. er því aðeins gert ráð fyrir minni háttar breytingum á reglunum um meðferð áskorunarmála. Í fyrsta lagi er lagt til, að stefnandi geti sjálfur gefið út áskorunarstefnu utan réttar. Slík breyting ætti að stuðla að því, að lögmenn notfærðu sér í ríkari mæli en hingað til það hagræði að geta gefið út áskorunarstefnu. Enn fremur er lagt til, að stefnukröfur verði aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá áritun dómara, án þess að sérstök birting þurfi að fara fram. Þessi breyting ætti að spara stefnanda bæði tíma og fyrirhöfn og eins og fyrri breytingin að stuðla að því, að áskorunarmálum fjölgi. Þótt birting fari ekki fram á þessu stigi máls er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því eftir sem áður, að stefnda sé birt áskorunarstefnan. Breyting þessi ætti því ekki að vera varhugaverð út frá réttaröryggissjónarmiði, enda er ástæðan fyrir hinum mikla fjölda vixilmála og einfaldari skuldamála hér á landi sú, að skuldarar annaðhvort vilja eða geta ekki greitt. Það heyrir hins vegar til undantekninga, að slíkar kröfur séu umdeildar.

Ég vil svo að lokum benda á þá skoðun réttarfarsnefndar, sem kemur fram í grg. með frv., að nefndin telur breytingar þær, sem frv. felur í sér, munu stuðla að fjölgun áskorunarmála og þar með flýta meðferð mála og auka afköst dómstóla. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. og vona að mál þetta fái fljótan framgang, þar sem það er tiltölulega einfalt. Mun ég ekki hafa um það fleiri orð, en leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 447). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Lög um vátryggingarstarfsemi, sem samþykkt voru á Alþ. 9. apríl 1973 og tóku gildi 1. jan. 1974, voru algert nýmæli hér á landi. Frv. var upphaflega samið af þeim Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara og tryggingastærðfræðingunum Bjarna Þórðarsyni og Jóni Erlingi Þorlákssyni, en þeir voru skipaðir í nefnd til þess 25. mars 1970 og luku störfum 9. ágúst 1971. Frumvarpsdrög nefndarinnar voru síðan lögð fram á 92. löggjafarþingi í aprílok 1972, fyrst og fremst til kynningar. Höfðu þá verið gerðar á þeim nokkrar breytingar, eins og rakið er í grg. með því frv.

Þær breytingar voru umdeildar á sínum tíma. Þá var enn fremur deilt um ýmis einstök ákvæði frv., t. d. það, að trmrh. skyldi skipa einn mann í stjórn hvers vátryggingarfélags, en einkum þótti Sambandi ísl. tryggingarfélaga og einstökum forsvarsmönnum vátryggingarfélaga skammt öfganna á milli, þar sem áður hafði ríkt svo til algert eftirlitsleysi, en nú væri hins vegar safnað í einn lagabálk ströngustu kröfum sem fyndust um hvert einstakt atriði í löggjöf nágrannaþjóðanna.

Eins og til stóð var frv. síðan endurflutt á haustþinginu 1972 með nokkrum breytingum til samræmis við ábendingar umsagnaraðila. Þannig var t. d. breytt ákvæðinu um ráðherraskipan stjórnanna. Þess í stað skyldi einn stjórnarmanna valinn af aðalfundi til að gæta hagsmuna hinna tryggðu og vátryggingartaka og skyldi valið háð samþykki ráðh.

Í meðförum Nd., þar sem frv. var lagt fram, voru gerðar á því nokkrar breytingar þess eðlis, að um frv. myndaðist víðtæk samstaða í báðum deildum, enda voru allir, sem málið snerti, utan þings og innan, sammála um nauðsyn slíkrar löggjafar.

Ég hygg að flestum hafi verið ljóst þá, að alla reynslu vantaði á framkvæmd slíkra laga við hinar sérstæðu íslensku aðstæður. Á ég þar fyrst og fremst við hinn þrönga og smáa markað 200 þús. manna samfélags og þau hlutfallslega mörgu vátryggingarfélög, innlend og erlend, sem um þennan markað kepptu. Menn sáu því fram á það, að stutt hlyti að verða í till. um breytingar á lögunum, enda fór það svo.

Frv. það, sem hér er flutt, er þannig að stofni til byggt á ýmsum till. og ábendingum sem borist hafa um breytingar. Víða þurfti að breyta orðalagi eða efni og kaflinn um vátryggingarfélög, sem starfandi voru þegar lög nr. 26 frá 1973 tóku gildi, var orðinn óþarfur og úreltur, eins og fyrir fram var vitað að hann yrði þegar föst skipan væri komið á starfsemi félaganna. Af þessum sökum var sá kostur valinn að flytja frv. til nýrra laga.

Veigamestu till. bárust rn. á útmánuðum 1977 frá Tryggingaeftirlitinu sjálfu. Eins og við mátti búast hefur Tryggingaeftirlitið að fenginni reynslu af framkvæmd laganna ýmislegt til málanna að leggja. Þá hefur rn. áður borist till. frá nefnd, sem starfaði að endurskoðun á lögum þessum á vegum Sambands ísl. tryggingafélaga. Og loks hafði rn. bæði að eigin frumkvæði og eftir annarra ábendingu hugmyndir um tímabærar lagfæringar á lögunum um vátryggingarstarfsemi.

Það reyndist tímafrekt að vinna þessar till. út frá þessum sjónarmiðum, enda féllu þau æðioft ekki saman og gera kannske að ýmsu leyti ekki enn þá. Ég þykist þó mega fullyrða að ekki sé um veigamikinn ágreining að ræða milli þeirra aðila sem um frv. hafa fjallað og tjáð sig um það á einhverju stigi.

Helstu breytingar frá gildandi lögum sem í frv. þessu felast, eru þessar:

1. Krafa um lágmarkshlutafé félags, sem sækir um leyfi til vátryggingarstarfsemi, er hækkuð úr 20 millj. í 50 millj. kr., og ekki er gerður greinarmunur á líftryggingarhlutafélagi og öðrum. Til líftryggingarfélaga voru áður gerðar lægri kröfur, eða um 10 millj. kr. lágmark.

2. Á svipaðan hátt eru kröfur um stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags, sem starfsleyfis óskar hækkaðar úr 5 og 10 millj. kr. í 35 millj. kr.

Um félög, sem starfsleyfi hafa eftir gildandi lögum, fer að sjálfsögðu eftir þeim kröfum sem þeim var gert að uppfylla er þau fengu starfsleyfi.

3. Í gildandi lögum er m. a. það skilyrði sett fyrir starfsleyfi erlends vátryggingarfélags, að það sanni að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en 10 millj. kr. Í frv. þessu er lagt til að lágmarkið verði hækkað í 25 millj. kr.

4. Þá eru sett ný og ítarleg ákvæði um ávöxtun eigin tryggingarsjóðs erlends vátryggingarfélags sem starfar hér á landi á sviði skaða- og endurtrygginga. Eru þessar reglur hliðstæðar þeim sem eru í gildandi lögum um íslensk vátryggingarfélög.

5. Í nýrri grein er gerð krafa um skýrleika í nafni tryggingarfélaga og að umboðs- og sölumenn beri jafnan skilríki frá félaginu er sanni störf á vegum þess.

6. Veigamikil breyting er fólgin í þeirri till. rn. að fella niður núv. 38. gr. gildandi laga um tímabundna skipun til fjögurra ára í senn í Tryggingaeftirlitið. Kostnaður við þessa stjórn eftirlitsins nam nálægt 2 millj. kr. s. l. ár, sem nú sparast ef þetta frv. verður að lögum óbreytt.

Afleiðing af þessu yrði sú, að stofnunin starfaði áfram undir daglegri stjórn framkvæmdastjóra sem ráðh. skipaði, eins og gildir um flestar aðrar ríkisstofnanir og nánar er rakið í aths. við 38. gr.

7. Í gildandi lögum er ákvæði sem sætti mikilli gagnrýni tryggingamanna á sínum tíma. Það hljóðar svo:

„Telji Tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun um vátryggingarstarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og vátryggða, getur trmrh. neitað að skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi."

Í ljósi þeirrar reynslu, sem á lögin og framkvæmd þeirra er komin telur rn. ekki lengur þörf á slíku ákvæði og leggur því til að það falli burtu.

8. Þá leiðir það af eðli málsins, að burtu falla öll þau ákvæði gildandi laga, sem fjölluðu um hvernig með skyldi fara vátryggingarfélög, sem störfuðu við gildistöku núgildandi laga, þ. e. a. s. um starfsleyfisumsóknir, skilafresti umsókna og gagna, viðurlög og um afgreiðslu starfsleyfa ásamt fleiru. Þessi félög hafa nú ýmist fengið fullgild starfsleyfi, hætt störfum eða verið afhent skilastjórnum, en um þær eru ákvæði áfram í till. Af þeim sökum eru nefnd ákvæði óþörf og úrelt, eins og ég rakti hér áður.

9. Síðasta veigamikla breytingin er sú, að skipuð verði þriggja manna nefnd til að fjalla um ágreining, sem rísa kann milli Tryggingaeftirlitsins og vátryggingarfélags um framkvæmd laganna. Þessi nefnd yrði umsagnar-, en ekki úrskurðaraðili.

Ég hef þá í stuttu máli greint frá helstu breytingum sem felast í þessu frv. Um einstakar greinar frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar, en leyfi mér að vísa til aths. um þær sem fylgja frv.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Ónæmisaðgerðir, frv. (þskj. 448). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Snemma á s. l. ári barst heilbr.- og trn. beiðni landlæknis þess efnis, að felld yrðu úr gildi þau ákvæði núgildandi laga um ónæmisaðgerðir sem fjalla um skyldubólusetningu gegn bólusótt, jafnframt að í staðinn yrðu sett í lög ákvæði er heimiluðu slíkar bólusetningar ákveðinna starfshópa samkv. ósk viðkomandi, enn fremur að felld yrðu niður ákvæði laga er sérstaklega snerta kúabólusetningu.

Ástæðan fyrir þessari beiðni landlæknis er byggð á því, að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur náð mjög góðum árangri í baráttu gegn bólusótt á s. l. áratug og er svo komið að veikinni hefur að mestu verið útrýmt, þannig að hennar hefur eingöngu orðið vart í einstaka tilvikum og þá í afskekktum fjallaþorpum í Afríku.

Englendingar, Svíar og Bandaríkjamenn hafa fyrir nokkrum árum fellt þessi ákvæði niður, og fyrir tveimur árum felldu flest nágrannalönd okkar þau einnig niður. Samkv. íslenskum lögum er bólusetning gegn bólusótt sú eina sem skylda ber til samkv. lögum að framkvæma í dag, og það er almenn skoðun þeirra lækna, er fást við slíkar bólusetningar, að fella beri þær niður sem skyldubólusetningar, en í stað þess skuli vera heimild til bólusetningar.

Núgildandi lög um ónæmisaðgerðir eru frá árinu 1950 og eru nú orðin á margan hátt óraunhæf. Á þeim tíma, sem lögin voru sett, voru ekki þekkt mótefni gegn eins mörgum ónæmissjúkdómum og í dag, og bera lögin þess glögg merki. Lögin fyrirskipa kúabólusetningu, þ. e. a. s. svokallaða frumbólusetningu, á hverju barni milli hálfs árs og eins árs aldurs. Má reyndar segja, að með hliðsjón af þróun þessara mála á undanförnum árum sé óæskilegt að skylda slíkar bólusetningar, þar sem hættan á bólusótt er nánast engin í dag, en eftirköst vegna bólusetningar geta verið mjög slæm, eins og allir þekkja.

Margar greinar laganna frá 1950 eru til komnar eingöngu vegna kúabólusetningar. Með hliðsjón af því, að lögin styttast verulega og breytast við brottfall skyldubólusetningar, ákvað rn. að endurskoða lögin í heild og leggja fram frv. til nýrra laga um ónæmisaðgerðir í stað þess að breyta gildandi lögum. Var gripið til þess ráðs að reyna að telja upp á tæmandi hátt þær sóttir sem þekktar eru í dag og þekkt eru mótefni gegn, enn fremur að lögin hafi að geyma ákvæði þar sem heimilt sé að bólusetja gegn öðrum sóttum þegar sérstaklega standi á.

Lögin gera ráð fyrir því, að almenningur geti fengið ónæmisaðgerðir gegn barnaveiki, kighósta, stífkrampa, mænusótt og mislingum, þegar farið

er fram á slíkt. Sé talin þörf á, á fólk enn fremur kost á bólusetningu gegn rauðum hundum, berklaveiki, bólusótt, heilahimnubólgu, hettusótt og jafnframt öðrum sóttum. Hér verður það fyrst og fremst mat heilbrigðisyfirvalda, hvenær þörf er á slíkum bólusetningum.

Þar sem frv. þetta gerir ráð fyrir að skyldubólusetning verði alfarið felld niður, er nauðsynlegt að heilbrrh. geti fyrirskipað almenna bólusetningu komi upp mikil sótthætta að dómi landlæknis. Hér kann að vera um að ræða svæðisbundna sótt eða sótt er herjar á landið sem heild, og er gert ráð fyrir því, að ráðh. geti látið bólusetningaraðgerðir ná til tiltekinna svæða landsins eða landsins í heild. Þetta ákvæði er sjálfsagt með hliðsjón af niðurfellingu skyldubólusetningar.

Frv. gerir ráð fyrir því, að almenningi verði veitt fræðsla um framkvæmd ónæmisaðgerða. Ætlunin er að heilsugæslustöðvar þær, sem risið hafa og rísa munu á næstu árum, annist slíka fræðslu í samráði við landlækni. Slík fræðsla skal einkum við það miðuð, að almenningur eigi hæfilega greiðan aðgang að ónæmisaðgerðum miðað við aðstæður á hverjum stað og slíkar aðgerðir komi almenningi að sem mestu gagni.

Margar greinar þessa frv. eru efnislega samhljóða ákvæðum gildandi laga. Þess vegna er ekki ástæða til þess að fara mörgum orðum um einstök efnisatriði, auk þess sem þegar hefur verið fjallað um hér áður, og vísast nánar til aths. með frv. hvað þetta snertir. Eitt ákvæði er þó nauðsynlegt að fjalla nánar um. Er það að finna í 7. gr. frv., 2. mgr., en ákvæði þetta er nýmæli. Ákvæði þetta gerir það að skyldu, að starfsfólk rannsóknastofnana, þar sem rannsóknir á smitnæmum sjúkdómum fara fram, svari játkvætt við ónæmisprófun ellegar gangist undir sérstaka ofnæmisbólusetningu áður en það hefur störf, sé um að ræða alvarlega smitnæma sjúkdóma og berkla. Hliðstætt ákvæði er að finna í gildandi lögum, en það snertir aðeins starfsfólk á hælum og öðrum stofnunum er vista berklasjúklinga. Nauðsynlegt er að viðhalda því ákvæði, en gera þarf það víðtækara bæði hvað snertir sjúkdóma og að það nái til fleiri aðila, sem sannanlega kunna að vera í hættu ekki síður en þeir sem starfa á stofnunum fyrir berklaveikt fólk, en sem kunnugt er hefur þeim sjúkdómi sem næst verið útrýmt hér á landi.

Frv. gerir ráð fyrir því, að Lyfjaverslun ríkisins annist útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða. Er það í hæsta máta eðlilegt, þegar þess er gætt, að frv. gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður standi undir kostnaði við nær allar ónæmisaðgerðir samkv. þessum lögum. Aðeins er gert ráð fyrir kostnaði hlutaðeigandi aðila þegar um er að ræða ónæmisaðgerð samkv. 12. lið 1. gr. liðar frv., þ. e. a. s. gegn enn öðrum sóttum, þegar sérstaklega stendur á, einkum í sambandi við ferðir manna úr landi.

Að svo stöddu er ekki ástæða til þess að tíunda fleiri atriði er frv. þetta snertir, en vísað er til aths. með frv. Að síðustu skal þess getið, að hér er um að ræða stefnumarkandi frv. Lögð skal á það áhersla, að frv. er fyrst og fremst borið fram með hliðsjón af þróun mála á undanförnum áratug og því, að nauðsynlegt er að löggjöf á þessu sviði sé sem mest í samræmi við löggjöf nágrannaþjóðanna. Vænti ég þess, að frv. þetta hljóti góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu, og legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Lyfjafræðingar, frv. (þskj. 449). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um lyfjafræðinga, er samið af nefnd, sem skipuð var fyrir nálega 5 árum til að endurskoða lyfsölulög, nr. 30 frá 29. apríl 1963. Nefnd þessi hefur talið rétt að skipa núgildandi lyfsölulögum í þrjá sjálfstæða lagabálka og er þetta frv. um lyfjafræðinga eitt af þremur. Annað frv. hefur verið lagt fram í dag, frv. til lyfjalaga, en þriðja frv. mun ekki verða lagt fyrir það Alþ. sem nú situr vegna þess að nefndin hefur ekki endanlega gengið frá því.

Í þessu frv. um lyfjafræðinga er leitast við að lögfesta reglur um allt það sem að starfsréttindum og skyldum lyfjafræðinga lýtur. Að vísu kemur til greina, að ákvæði um starf lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga verði í lögum um lyfjabúðir og dreifingu lyfja almennt. Hins vegar ber þess að geta, að þróun mála hefur orðið sú, að allt að því þriðjungur lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga starfar annars staðar en í lyfjabúðum, svo sem í lyfjagerðum, lyfjaheildverslunum, rannsóknastofnunum, sjúkrahúsum, iðnaðarfyrirtækjum og hjá hinu opinbera. Viðbúið er að þessi þróun haldi áfram. Er því full ástæða til að setja lög sérstaklega um starfsstéttir lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga, án þess að ákvæði slíkra laga séu einungis miðuð við eitt tiltekið starfssvið. Er þetta einnig í samræmi við þá stefnu að setja sérstaka löggjöf um einstakar heilbrigðisstéttir, eins og gert hefur verið á undanförnum árum.

Í sjálfu sér er aðeins um eitt veigamikið nýmæli að ræða í þessu frv., því að öll önnur ákvæði þess eru meira og minna sniðin eftir þeim ákvæðum sem í gildi eru í lyfsölulögum um réttindi og skyldur lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga er starfa í lyfjabúðum. Nýmælið er um sérfræðingsleyfa, eins og fram kemur í VI. kafla þessa frv., og er þetta í samræmi við reglur sem gilda um sérfræðingaleyfi lækna og hjúkrunarfræðinga. Þess skal getið, að Lyfjafræðingafélag Íslands hefur í samvinnu við Háskóla Íslands gefið út slík sérfræðingaleyfi um tveggja ára skeið. Þykir því rétt eftir atvikum að þeir sem hlotið hafa slík sérfræðingaleyfi, haldi þeim þrátt fyrir þessa lagasetningu.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar hér um þetta frv. og legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Varnir gegn kynsjúkdómum, frv. (þskj. 338, n. 428, 441). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um varnir gegn kynsjúkdómum. N. hefur orðið einhuga um að mæla með því, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu einni, að í stað orðanna „alþjóðleg bók" í lok 5. gr. komi: upplýsingarit.

Kynsjúkdómar hafa öldum saman verið viðloðandi hér hjá okkur eins og í flestum ríkjum. Þeir eiga sér merka sögu í íslenskri heilbrigðissögu á þann veg, að ein fyrsta tilskipunin í þessum málum kom frá einum biskupnum okkar, þar sem hann samdi við erlendan bartskera um að láta hann fá jörð, ágætisjörð, ef hann læknaði 100 fransóssjúklinga. Seinna meir var það einnig svo, að ágætur læknir, sem hafði lokið starfi sínu, fékk um það sérstaka skipun frá heilbrigðisyfirvöldum að fara til lækninga á fransós í ákveðnu héraði hérlendis. Var það starf hans um 20 ára skeið. Þetta sýnir, að þessir sjúkdómar hafa verið mikið vandamál hjá okkur og voru það reyndar hjá flestum þjóðum, sérstaklega þar til salvarsan eða 606 kom til sögunnar, sem var hið fyrsta virka lyf gegn sýfilis. En nú, með vaxandi þekkingu, tækni og bakteríudrepandi lyfjum, hefur þetta allt orðið auðveldara. Og enda þótt þessir sjúkdómar séu enn þá nokkurt þjóðfélagslegt vandamál víða um heim, þá má segja að þeir séu þó allt öðruvísi og einfaldari viðfangs en áður var. Þar fyrir gladdist n. yfir því nýmæli, sem er í þessu frv., og það er að hefja fræðslu um kynsjúkdóma í skólum. Leggur hún sem sagt til, að frv. verði samþykkt með þessari einu breytingu sem ég gat um.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 441 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt., samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Þroskaþjálfar, frv. (þskj. 410, n. 438, 439). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um þroskaþjálfa. N. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu einni, að í stað orðanna „má aðeins" í 2. gr. komi: skal.

Þroskaþjálfar gegna því hlutverki að þjálfa, stæla og æfa hæfileika þeirra sem þroskaheftir eru vegna meðfæddrar eða áunninnar fötlunar. Skóli fyrir þessa aðila hefur verið starfræktur frá árinu 1958. Lengst af var námið miðað eingöngu við andlega þroskahefta, en er nú orðið víðtækara, þar sem svo margir af þeim, sem þroskaþjálfarnir meðhöndla, eru fjölfatlaðir, þ. e. bæði andlega og líkamlega fatlaðir. Auk þess að sjá um alhliða velferð þroskaheftra þurfa þroskaþjálfar að einbeita sér að hverjum og einum, skipuleggja þjálfunaráætlun fyrir þá. Slíkar áætlanir geta verið mjög breytilegar, allt frá því að kenna þeim að klæðast eða matast upp í það að mæta á vinnustað og kunna að koma fram þar og starfa.

Hvað snertir hjúkrun þroskaheftra má t. d. geta þess, að þroskaþjálfar gefa lyf samkv. fyrirsögn læknis, veita þeim þroskaheftu yfirleitt alla þá umönnun, sem þörf er á, og hafa náið samstarf við lækna og hjúkrunarkonur. Þá gegna þeir einnig sums staðar raunverulegum verkstjórnarstörfum, veita forstöðu deildum þeirra stofnana, er annast um þroskahefta. Nám þeirra og starf er því bæði erfitt, fjölbreytt og þýðingarmikið, þar eð framtíðarmöguleikar og lífshamingja margra þroskaheftra byggist á þeirri natni, samviskusemi og lærdómi sem þroskaþjálfinn hefur til að bera og sýnir.

Til þess að komast inn í þroskaþjálfaskólann hér þarf nemandi að vera orðinn 18 ára. Námið er þriggja ára nám, en áður þarf nemandinn að hafa lokið námi úr 2. bekk í samræmdum framhaldsskóla eða fjölbrautaskóla.

Um 2% landsmanna eru taldir andlega þroskaheftir. Fötlun þeirra er þó mjög misjöfn, allt frá því, að skarpskyggni þarf til þess að greina slíkt, og upp í það, að þeir eru algerlega bjargarlausir. Sem betur fer eru þeir miklu fleiri, sem eru lítið andlega fatlaðir, en þeir, sem illa eru settir, þurfa aftur á móti mjög mikla umönnun og mikla gæslu. Síðustu árin hefur viðhorfið til þeirra andlega þroskaheftu breyst mikið hvarvetna. Áður voru þeir, sem illa fatlaðir voru, gjarnan geymdir á stofnunum ævilangt, en nú hefur það sýnt sig, að með þjálfun, námi og natni má gera fjölda þeirra, sem áður leit út fyrir að mundu verða ósjálfbjarga alla ævi, hæfa til sjálfsbjargar og jafnvel til ýmiss konar starfa.

Illa hefur gengið að komast fyrir orsakir andlegrar fötlunar, en þó er það, að kannske má setja það frv., sem ráðh. mælti fyrir áðan, um ónæmisaðgerðir í beint samband við vonina um það að takist að fækka þeim tilfellum þar sem um andlega fötlun verður að ræða. Það er svo, að andlegur vanþroski getur oft stafað af því að móðir hefur fengið rauða hunda. Nú er hægt að bólusetja við slíkum sjúkdómi. Sagt er að slæmir mislingar geti oft haft andlega rýrnun og vanhæfni í för með sér. Einnig er komin ónæmisaðgerð gegn mislingum. Þetta ásamt ýmsu fleira á sviði ónæmislækninga gefur von og fyrirheit um það, að í framtíðinni verði hægt að fækka þeim tilfellum, þar sem andleg vanheilindi eru meðfædd, og einnig gefa lækningar með lyfjum á ýmsum heilasjúkdómum vonir um það, að einnig megi lækna marga þá sem hafa verið andlega vanheilir af þeim orsökum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 439 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Sala eyðijarðarinnar Kollsvíkur í Rauðasandshreppi, frv. (þskj. 452). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 452 leyfi ég mér að leggja fram frv.

til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi.

Kollsvík er — fyrir þá sem ekki þekkja — staðsett utarlega við Patreksfjörðinn, gamall og þekktur útgerðarstaður þegar útgerð var á annan máta en nú er, með árabátum. Þar voru lengi nokkrar jarðir í byggð, en á síðustu árum voru þar tvær, Kollsvík og Láganúpur. Kollsvík fór í eyði fyrir nokkrum árum og var þá keypt af ríkissjóði. Á hinni jörðinni, Láganúpi, býr Össur Guðbjartsson góðu búi og er nú, eins og fyrr greinir, eina jörðin í byggð við Kollsvík. Össur hefur nýtt að hluta jörðina Kollsvík eftir að hún fór í eyði og hefur nú leitað eftir því að fá þá jörð keypta og mega þannig sameina hana sinni jörð. Þetta er að mati jarðanefndar og hreppsnefndar eðlileg ráðstöfun. Hafa báðir aðilar mælt með sölu eyðijarðarinnar Kollsvíkur til Össurar Guðbjartssonar. Með þessu móti bætir Össur að sjálfsögðu ábúðarjörð sína, Láganúp, verulega og heldur auk þess við mannvirkjum á jörðinni Kollsvík, sem eru að vísu sum orðin mjög úr sér gengin nú eftir að vera nokkur ár í eyði.

Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég geri ráð fyrir því, að sú n., sem fær málið til meðferðar, muni skoða öll þau gögn sem fyrir liggja. Þau verða að sjálfsögðu látin henni í té.

Ég vil mæla með því, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 68. fundur.

Fimmtudaginn 30. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. mars 1978.

Þar sem Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv., er sjúkur og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varam. Sjálfstfl. í Reykjavík, Geirþrúður Hildur Bernhöft ellimálafulltrúi, taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Gunnar Thoroddsen,
form. þingfl. sjálfstæðismanna.

Til forseta Nd."

Ég býð Geirþrúði Hildi Bernhöft velkomna til starfa í deildinni.

Skólakostnaður, frv. (þskj. 41, n. 332). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 332 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 25:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PP, PJ, SigurlB, TÁ, VH, ÞS, EðS, EKJ, FÞ, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, IG, GHB, JSk, LárJ, MÓ, MB, MÁM, RH.

nei: GS, JónasÁ, KP, LJós, VilbH.

ÞÞ greiddi ekki atkv.

9 þm. (ÓlJ, PS, SighB, SV, SvH, BGr, EBS, GF) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Eins og ég hef áður getið við umr. um þetta mál, þá kemur fram í nál. menntmn. orðrétt, með leyfi forseta, svo hljóðandi:

„Hins vegar tekur n. undir álit íþróttafulltrúa ríkisins um að vafasamt sé að gera lagalegan mismun á hlutdeild ríkissjóðs í byggingu sundlauga á þeim grundvelli, sem frv. gerir ráð fyrir."

Það er álit okkar flm., að með þessari afstöðu sinni leggist n. gegn frv. og það sé því málamynda- og sýndarafgreiðsla af hálfu n. að leggja til að frv. verði með þessari umsögn n. vísað til ríkisstj. Nál. menntmn. er því í raun till. um að frv. verði fellt. Ég segi því nei.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Hv. forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár í tilefni af þeim umr. sem fram hafa farið nú síðustu daga um fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins og það alvarlega ástand sem upp hefur komið víða hjá viðskiptamönnum þess fyrirtækis. Hér er um að ræða, að mér sýnist mjög stórt mál — mál sem snertir fjölda landsmanna, því þannig er ástatt, eins og hv. alþm. er kunnugt, að jafnvel heilir landshlutar fá alla sína raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins og þær reka allumfangsmikla starfsemi í öllum landsfjórðungum. Ég tel því, að þegar slíkt ástand kemur upp eins og það sem hér um ræðir nú, þá sé í rauninni skylt af hálfu hæstv. ríkisstj. að gera Alþ. grein fyrir slíku stórmáli og landsmönnum öllum, sem málið varðar, og þá ekki síður þegar svo er komið, að það er farið að grípa til neyðarráðstafana, að þýðingarmikil framleiðslufyrirtæki eru beinlínis stöðvuð og við sjálft liggur að heil byggðarlög verði raforkulaus vegna þessara rekstrarvandamála fyrirtækisins. Ég hef kosið að beina þessu máli mínu til hæstv. ríkisstj. sem heildar og þá auðvitað einkum og sérstaklega til hæstv. forsrh., fremur en að beina máli mínu til hæstv. iðnrh. sem Rafmagnsveitur ríkisins heyra þó undir, af því að mér sýnist af öllum upplýsingum, sem fyrir liggja, að hér sé um ríkisstjórnarmál að ræða — mál sem fer a. m. k. í vissum greinum út fyrir venjulegt framkvæmdasvið á vegum eins ráðuneytis. Að sjálfsögðu met ég jafngildar góðar upplýsingar, sem kynnu að koma fram í málinu frá hæstv. iðnrh. sem hverjum öðrum. Ég er hér fyrst og fremst að leita eftir ákveðnum upplýsingum um það, hvernig málið stendur og hvernig horfurnar eru.

Ég sé nú ekki þörf á því að rekja þetta mál í löngu eða ítarlegu máli, en nokkur atriði, sem fram hafa komið tel ég rétt að minnast hér á, sem sýna nokkuð hvers eðlis málið er.

Þar er þá fyrst af að taka, að fram hefur komið að meiri hluti stjórnar þessa fyrirtækis hefur sagt af sér og birt grg. með afsögn sinni. Það er alveg ljóst af þeirri grg., að þessi meiri hluti stjórnarinnar segist vilja vekja athygli á því alvarlega fjármálaástandi, sem komið sé upp hjá þessu fyrirtæki, og segist ekki una því lengur að vera við stjórn fyrirtækisins við þessar aðstæður. Að vísu kemur fram, að upp úr hafi soðið í þessum efnum þegar hæstv. iðnrh. gaf fyrirmæli fyrst til stjórnarinnar að kaupa efni í svonefnda Vestfjarðalínu, og þegar stjórnin vildi ekki verða við því vegna þess alvarlega ástands, sem komið var upp í fjárhag fyrirtækisins, þá fyrirskipaði hæstv. iðnrh. rafmagnsveitustjóra ríkisins að kaupa það efni sem um var rætt. Þessi meiri hl. stjórnar fyrirtækisins segir að þegar þetta gerðist, þá hafi mælirinn verið fullur, en tekur þó fram, að hann hafi út af fyrir sig ekki verið andvígur því, að þessi vesturlína yrði lögð, enda sýnist mér alveg augljóst af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, að hér er fyrst og fremst um ágreining að ræða varðandi fjárhagsstöðu fyrirtækisins í heild. Það kann að vera uppi einhver ágreiningur um einstaka þætti í framkvæmdamálum, en það er greinilega ekki aðalatriði málsins. Það hefur einnig komið fram, m. a. í blöðunum í morgun, að rafmagnsveitustjóri ríkisins hafi verið að hugsa um að segja af sér einnig vegna þessa ástands.

Upplýst hefur verið, að þetta fyrirtæki skortir nú um 1200 millj. kr. til þess að geta staðið við eðlilegan rekstur á þessu ári og við þær framkvæmdir sem ráðgerðar hafa verið, miðað við þá kostnaðaráætlun sem nú liggur væntanlega fyrir. Hér er auðvitað um býsna háa fjárhæð að ræða og hún er að sjálfsögðu ekki til komin nú á stuttum tíma. Það fer auðvitað ekki á milli mála, að hæstv. ríkisstj. og þá auðvitað alveg sérstaklega hæstv. iðnrh. hafa vitað í langan tíma hvernig ástatt var hjá þessu fyrirtæki, að hér var um verulegan rekstrarfjárskort að ræða og skort á framkvæmdafé, miðað við þær ákvarðanir sem þegar höfðu verið teknar um framkvæmdir.

Það er einnig upplýst, að skuldir þessa fyrirtækis séu nú orðnar um 13.8 milljarðar króna, séu þær skuldir taldar með Rafmagnsveitum ríkisins sem tilheyra að vísu Orkubúi Vestfjarða, en hefur ekki verið skipt formlega, að mér skilst, frá Rafmagnsveitum ríkisins. Einnig er upplýst, að svo sé komið að skuldbindingar um vaxta- og afborganagreiðslur fyrirtækisins séu komnar í það að nema 1800 millj. kr. á þessu ári. Þá eru að vísu einnig talin með vextir og afborganir af þeim hluta þessara lána sem tilheyrir Orkubúi Vestfjarða. Hér er um gífurlega háa fjárhæð að ræða, og kemur auðvitað engum á óvart að venjulegur rekstur kunni að eiga erfitt með að bera slík fastaútgjöld eins og þessi.

Um þessar upplýsingar er það sama að segja og um hinar sem ég minntist á, að auðvitað hefur ekkert af þessu komið mönnum á óvart. Þetta hefur ekki verið að skella á nú á síðustu dögum. Það hefur legið fyrir í langan tíma hverjar voru skuldir þessa fyrirtækis og skuldbindingar og hver útgjöldin yrðu, og auðvitað hefur þurft að gera tilheyrandi ráðstafanir í sambandi við þessi vandamál. Það er einnig upplýst, að Rafmagnsveitur ríkisins skuldi Landsvirkjun nú um 730 millj. kr. og mörgum aðilum allháar fjárhæðir, þar með talið olíufélögum.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér, hefur það gengið svo til, að þetta fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, voru reknar með talsvert verulegum halla, þ. e. hinn beini rekstur, á s. l. ári, eða hartnær 300 millj. kr. halla á rekstrinum. Hins vegar var ekki um halla að ræða á beinum rekstri fyrirtækisins árin tvö á undan, 1975 og 1976. Auk þess að hér hefur verið um hallarekstur að ræða, sem hefði ekki átt að koma neinum á óvart, hefur fyrirtækið orðið að taka á sig allmikil óvænt útgjöld eða útgjöld sem ekki hafði beinlínis verið reiknað með, eins og í sambandi við stofnlínur sem ríkisstj. hefur tvímælalaust staðið að að ákveða, eins og það að tengja sjálfa byggðalínuna á milli Suður- og Norðurlands, þ. e. a. s. að leggja línu á milli Grundartanga og Vatnshamra, en þar var um aukaútgjöld að ræða, einnig í sambandi við rafmagnsstrenginn til Vestmannaeyja. Sú endurnýjun, umbætur og viðgerðir, sem þar fór fram, og ýmislegt fleira hefur þarna komið til. Og eins og ég segi, þetta hefur verið að gerast á alllöngum tíma og vandinn hefur lengi verið fyrir hendi.

Upplýst hefur verið, að ein af meiri háttar framkvæmdum á vegum þessa fyrirtækis, þ. e. a. s. lagning svonefndrar Austurlínu frá Norðurlandsveitusvæðinu til Austurlands, hafi stöðvast vegna þess að það hafi ekki verið hægt að leysa út efni í þessa línulögn upp á 170 millj. kr. Þó er gert ráð fyrir því við fjárlagaafgreiðslu fyrir þetta ár og á lánsfjáráætlun, að tekið verði lán til þessara framkvæmda sem nemur 1 milljarði 121 millj. kr., og auðvitað er ekki búið að eyða þessari fjárhæð, síður en svo. Þrátt fyrir þessa háu fjárhæð, sem samþ. var af Alþ. nokkru fyrir áramót, þar sem gert var ráð fyrir að lokið yrði við þessa framkvæmd á árinu, stöðvast framkvæmdin strax í upphafi árs af því það er ekki hægt að leysa út efni upp á 170 millj. kr. til framkvæmdarinnar. Hafa þó verið færð að því rök, að það hafi verið mjög nauðsynlegt í sambandi við framkvæmdakostnað að leysa þetta efni út nú strax og koma því á réttan stað á hagkvæmum tíma á árinu. Mér sýnist alveg augljóst, að stöðvun af þessu tagi getur ekki byggst á því, að ekki hafi verið til fjármagn heldur hafa hér einhverjir aðilar tekið ákvörðun um að vinna ekki að verkinu. Upplýsingar hafa að vísu legið fyrir um það, að ráðgerð fjárhæð til að ljúka þessari línulagningu muni ekki reynast nægilega há eða ekki duga í heildarkostnað eins og hann er áætlaður. Það er auðvitað málefni út af fyrir sig, hvort það þarf að útvega viðbótarfjármagn til að ljúka öllu verkinu, en stöðva verkið strax í upphafi árs á þennan hátt, það er auðvitað alveg furðuleg ákvörðun. Síðan gerist það, að upp kemur greinilega deila um, hvort eigi að fara eftir ákvörðun Alþingis og verja 408 millj. kr. til Vestfjarðalínunnar, og þá bent á aðra fjárhagserfiðleika þessa fyrirtækis.

Ég vil strax segja það í sambandi við þetta atriði, að ég tel að bæði þessi fjárveiting til Vestfjarðalínu sé skuldbundin og ákveðin af Alþ.

og það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir af hálfu ríkisstj. til að kippa þessari fjárveitingu til baka. Ég tel einnig að ákvörðun Alþ. sé bindandi um lagningu Austurlínunnar. Það er auðvitað ekkert nýtt, þó áætlanir, sem gerðar eru í íslenskum krónum, gangi nokkuð á misvíxl við staðreyndir, og ég hef ekki heyrt að neitt það hafi komið upp í sambandi við kostnaðaráætlun varðandi Austurlínu sem réttlæti að ætla að stöðva verkið, þrátt fyrir ákvarðanir Alþingis, á þann hátt sem gert hefur verið. Ég tel blátt áfram vítavert að fara ekki eftir ákvörðunum Alþingis í þessum efnum.

Þá hefur einnig komið fram varðandi þessi mál, að skipuð hafi verið sérstök n. til að huga að því, hvernig mætti komast út úr fjárhagserfiðleikum Rafmagnsveitna ríkisins, og þessi n. hafi gert till. sem gengið hafi til ríkisstj. í þessum efnum. Það hefur komið fram, að þar hafi verið bent á nokkra möguleika. Ég hef ekki séð þessar till. nákvæmlega, en hef þó heyrt frá þeim sagt, að þar hafi verið bent á þann möguleika að styrkja fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins með því að hækka verðjöfnunargjald á rafmagni úr 13% í 20%. Ég vil strax segja það sem mína skoðun, að ég tel þessa till., miðað við allar aðstæður alveg fráleitar.

Þá mun einnig hafa verið bent á þann möguleika að auka við tekjur Rafmagnsveitna ríkisins með því að hækka rafmagnstaxta til húsahitunar frá því sem nú er. Þetta tel ég líka alveg fráleita till. miðað við aðstæður. Í þessum efnum er rétt að það komi hér fram, hvernig verðlagning er á rafmagni frá þessu stóra ríkisfyrirtæki, Rafmagnsveitna ríkisins, í samanburði við raforkuverð annars staðar á landinu, eins og t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem kaupir rafmagn í heildsölu frá Landsvirkjun. Ég fékk upplýsingar um þetta atriði beint frá Rafmagnsveitum ríkisins nú í morgun, og þessar upplýsingar fékk ég: Verð á svonefndum heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins er 86% hærra en hliðstæður taxti er hér í Reykjavík nú. Rafmagnstaxti hjá Rafmagnsveitum ríkisins, þar sem orka er seld á stærri vélar, t. d. í frystihúsum og verksmiðjum og til stærri iðnaðar, er einnig 86% hærri nú hjá Rafmagnsveitum ríkisins heldur en hér í Reykjavík. Húshitunartaxtinn er nú hjá Rafmagnsveitum ríkisins 84% hærri en hliðstæður taxti er hér í Reykjavík. Og raforka, sem seld er til ljósa, er nokkuð yfir 100% hærri hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hér í Reykjavík. Ég vil taka það fram að þessar upplýsingar fékk ég hjá fjármálastjóra Rafmagnsveitna ríkisins nú í morgun. Vissulega geta svona rafmagnstaxtar alltaf gengið nokkuð á misvíxl, þar sem það hefur komið fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins hækka verðtaxta sína á dálítið öðrum tíma en Rafmagnsveitan í Reykjavík eða aðrar rafmagnsveitur. Það getur verið, þegar litið er á árið sem heild, að þá sé meðaltalsverðmunurinn ekki alveg svona mikill, en það breytir engu um það, að raforkuverð frá Rafmagnsveitum ríkisins, sem fjöldamargir landsbúar verða að búa við, er miklum mun hærra en t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu og hjá þeim sem yfirleitt skipta við Landsvirkjun. Till., sem fara í þá átt að ætla að auka þennan mismun, t. d. með því að hækka sérstaklega hitunartaxtann, eru fráleitar. Ég veit hvernig því er háttað t. d. í mínu kjördæmi, Austurlandi, sem skiptir einvörðungu við Rafmagnsveitur ríkisins, að þar er auðvitað talsvert um húsarafhitun, af því að menn hafa ekki átt möguleika á því að fá hús sín hituð upp með jarðvarma. Það er því talsvert um það þar, að hús séu hituð upp með raforku, en auðvitað verða langflestir á því svæði að búa við að kaupa olíu til kyndingar á sínum húsum.

Það er enginn vafi á því, að þeir í mínu umdæmi, sem hita hús sín upp með rafmagni, verða að borga í hitunarkostnað margfalt hærra verð en þekkist hjá þeim sem hafa aðstöðu hér í Reykjavík og geta notið hitaveitutaxtans, svo ég tel að það væri auðvitað alveg fráleitt miðað við núverandi aðstæður að ætla að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins á þann hátt að knýja fram hækkun á húsahitunartaxtanum eða yfirleitt á raforkuverðinu hjá þessu fyrirtæki.

Þá vil ég einnig í sambandi við þessi mál benda á það, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa tekið á sig skuldbindingu um að þjóna tilteknum svæðum í sambandi við raforkumál og á sínum tíma lögðu þær mikla áherslu á það, að maður noti nú ekki sterkari orð, að fá í sínar hendur í heilum landshlutum framkvæmd þessara mála að fullu og öllu, m. a. af hagkvæmnisástæðum sem talað var um, þar mætti enginn skerast úr leik. En ástandið hefur verið þannig, t. d. á Austurlandi, að þar hafa menn verið í látlausu stríði í mörg ár í sambandi við það, að knýja það fram, að Rafmagnsveitur ríkisins gætu afhent næga raforku og að þeir gætu tryggt með sæmilegum hætti afhendingu á raforkunni. Og ástandið á Austurlandi í þessum efnum er hið bágasta. Mér er því kunnugt um það, að einstök framleiðslufyrirtæki hafa leitað eftir því nú ítrekað að fá að setja upp eigin rafstöðvar sér til öryggis af þessum ástæðum, en hins vegar ekki fengið til þess leyfi. Það er auðvitað ekki atriði sem neinn óskar eftir því að eðlilegast virðist vera að reyna að leysa þessi mál í heild.

Mér sýnist einnig á þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að ekki sé nóg að hér sé um gífurlega mikið fjárhagsvandamál að ræða, sem er þegar farið að bitna á fólki og fyrirtækjum víða um land, heldur sé margt sem bendir til þess, að þessi vandi eigi að einhverju leyti rót sína að rekja til misklíðar eða baráttu, sem á sér stað innan stjórnarflokkanna og í ríkisstj. sjálfri. Maður skyldi halda að t. d. stjórnarblað eins og dagblaðið Vísir vissi eitthvað um þessi mál, þó ég taki það með nokkrum afslætti, sem þar er sagt, ég trúi því sem sagt ekki öllu, en í leiðara þess blaðs í gær var beinlínis fullyrt, að hér væri um stórágreiningsmál að ræða innan ríkisstj. Og þar var m. a. sagt, að þegar fjmrh. og forsrh. gæfu yfirlýsingar um það, að ætlast væri til þess, að hér yrði ríkjandi aðhaldsstefna í fjármálum, þá brygðust aðrir ráðh. þveröfugt við og tækju ákvarðanir í allt aðra átt og vildu efna til mikilla útgjalda og framkvæmda, eins og t. d. Vesturlínu. Ég skal að vísu ekkert segja um það, hvað stóran þátt hæstv. iðnrh., sem er yfirmaður Rafmagnsveitna ríkisins, á í því ástandi sem upp er komið hjá því fyrirtæki. Í rauninni sýnist

mér það á þessu stigi ekki aðalatriði málsins. En hitt er alveg ljóst, að fjárhagsvandinn er þannig að ríkisstj. ber skylda til að fjalla um þetta vandamál. Og hún hefur haft málið til meðferðar. Af þeim ástæðum vil ég nú leggja fyrir hæstv. forsrh. nokkrar spurningar sem ég vil vænta að hann geti svarað hér, ásamt svo með þeirri beiðni minni, að hann gefi hér almennar upplýsingar um stöðu málsins og horfur.

Ég spyr þá í fyrsta lagi: Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að leysa fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins? Það hefur verið sagt frá því opinberlega, að hæstv. ríkisstj. hafi verið á fundum um málið í morgun. E. t. v. hefur hún þá þegar tekið einhverjar ákvarðanir varðandi málið sem ég vil þá fá upplýsingar um.

Í öðru lagi spyr ég: Hvað ráðgerir ríkisstj. að gera í fjárhagsvandamálum Rafmagnsveitna ríkisins á þessu ári? Hvaða ákvarðanir hefur hún tekið sem snerta vandamál ársins í heild? Eða hefur ríkisstj. þar uppi ráðagerðir sem hægt er að skýra frá, þó að jafnvel beinar ákvarðanir hafi ekki enn þá verið teknar?

Í þriðja lagi spyr ég: Er ekki ætlunin að framkvæma þá ákvörðun Alþ. að ljúka við lagningu og tengingu á Austurlínunni á milli Norður- og Austurlandsins á þessu ári, og hefur fjármagn til þeirrar framkvæmdar verið tryggt? Af því, sem ég hef þegar greint frá, sýnist mér vera brýn þörf á að það komi skýr svör við því frá hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé meiningin að ljúka þessu verki, leggja línuna og tengja hana á þessu ári, og hvort þá hafi verið tryggt fjármagn til þessara framkvæmda.

Í fjórða lagi spyr ég: Verður ekki staðið við þegar ákveðna fjárveitingu, 408 millj. kr., til Vesturlínu? Er eitthvert hik á hæstv. ríkisstj. að standa við þessa áætlun, sem ég tel að hafi verið samþ. hér við fjárlagaafgreiðslu fyrir jólin með þeirri lánsfjáráætlun og grg. sem þar fylgdi með við afgreiðslu fjárlaga?

Sem sagt, ég spurði: Verður ekki staðið við þessa ákvörðun Alþ. um að leggja fram þessar 408 millj. kr. til Vesturlínu á þessu ári?

Í fimmta lagi spyr ég: Hefur ríkisstj. hugsað sér að gera ráðstafanir til þess að jafna raforkuverð frá Rafmagnsveitum ríkisins til samræmis við raforkuverð annarra, eins og t. d. Rafmagnsveitu Reykjavíkur? Ég tel að mismunurinn á raforkuverði sé orðinn svo hróplegur að við það verði ekki unað lengur, því hér dregur sifellt í sundur. Ég spyr því um það, hvort ríkisstj. hafi ekki hugsað sér að gera ráðstafanir til þess að jafna þarna á milli með einhverjum hætti. Ég tel allar hugmyndir um það, að Rafmagnsveitur ríkisins, í þeirri stöðu sem þær eru, geti sem beint rekstrarfyrirtæki velt kostnaði sínum í formi raforkuverðs yfir á viðskiptamenn sína, alveg fráleitar. Að mínum dómi er ekki um annað að ræða en eigandi þessa stóra fyrirtækis verði að leggja fram um lengri eða skemmri tíma fjármagn til fyrirtækisins sem fyrirtækið sjálft þarf ekki að standa undir, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða þá að ríkið taki á sig greiðslur á afborgunum og vöxtum af slíku fjármagni á nokkru tímabili. Það er augljóst mál, að það er útilokað með öllu, að Rafmagnsveitur ríkisins geti lagt allan þennan fjármagnskostnað, eins og hann fer hratt vaxandi, á viðskiptamenn sína. Ég vil einnig í sambandi við þessa fsp. mína benda á það, að auðvitað er fráleitt að ætla að skilja hér algjörlega í sundur landsvirkjunarsvæðið annars vegar og svæði Rafmagnsveitna ríkisins hins vegar. Auðvitað hefur Landsvirkjun aldrei getað komist neitt áfram í sínum raforkumálum nema með því að ríkisheildin hefur staðið þar á bak við og útvegað það fjármagn, sem útvega hefur þurft, og aðstoða það fyrirtæki til þess að geta það sem það getur í dag. Hins vegar er alveg ljóst að staða Rafmagnsveitna ríkisins er þannig, að þar eru rekstraraðstæður allt aðrar en á því úrvalssvæði sem Landsvirkjun hefur fengið í sinn hlut.

Í sjötta lagi spyr ég: Vill ríkisstj. ekki lýsa því yfir, að hún muni tryggja að Rafmagnsveitur ríkisins geti af fjárhagslegum ástæðum annast eðlilega orkusölu til sinna viðskiptaaðila? Þetta er í beinu framhaldi af því sem ég ræddi um áður. Það er alveg óbúandi við það og það fyrir heila landshluta að eiga yfir höfði sér svo að segja frá viku til viku, að það komi tilkynning um að af fjárhagsástæðum geti Rafmagnsveitur ríkisins ekki gert nauðsynlegustu aðgerðir til þess að tryggja afhendingu á raforku eða til þess að afla raforku eða koma henni yfirleitt til fyrirtækjanna. Ég tel því, að það sé mjög þýðingarmikið og það sé í eðli sínu sanngjarnt og eðlilegt, að hæstv. ríkisstj. gefi yfirlýsingu um það, að hún, sem stendur á bak við þetta stóra ríkisfyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins, muni sjá um að þetta fyrirtæki geti selt raforku til viðskiptaaðila sinna með eðlilegum hætti, a. m. k. að því leyti til sem fjárhagsaðstöðuna varðar, — að séð verði um það, að af fjárhagslegum ástæðum geti þetta fyrirtæki staðið undir þessari skyldu sinni. Ef yfirlýsingar um þetta liggja ekki fyrir, þá er í rauninni ekki um annað að ræða fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli, en að þeir verða með einhverjum hætti að brjótast hér út úr. Það er ekki hægt að láta loka fyrir sér öllum sundum þannig.

Ég minntist hér örlítið á ástandið á Austurlandi í raforkumálum, en það er í sannleika sagt óskaplegt. Ber að hafa það í huga í sambandi við þessi mál, að t. d. þar — og er eflaust eitthvað svipað ástatt annars staðar — þar eru heil byggðarlög sem fá alla sína raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins framleidda í dísilstöðvum. Þannig er t. d. ástatt í Vopnafirði. Ef fyrirtækið getur ekki keypt olíu eða staðið undir rekstri, þá er lokað þar fyrir alla raforkusölu, ekki bara til eins fyrirtækis, heldur staðarins í heild. Svipað má í rauninni segja um ástandið í þessum efnum á Hornafjarðarsvæðinu. Þar er mikill meiri hluti af raforkunni framleiddur í dísilstöðvum og í langan tíma af árinu er raforkan einvörðungu framleidd í dísilstöðvum. Gefist því þetta fyrirtæki upp af fjárhagslegum ástæðum, þá er auðvitað algjört öngþveiti fyrir á þessum stað.

Ástandið er einnig þannig í flestum byggðarlögum á Austurlandi, að þar væri um mjög litla raforku að ræða ef ekki nyti við rekstrar á dísilstöðvum, svo það er eðlilegt að fólkið á þessum stöðum vilji fá yfirlýsingu um það frá hæstv. ríkisstj., að hún sem bakhjarl þessa fyrirtækis, Rafmagnsveitna ríkisins, skuldbindi sig til að

sjá svo um, að fyrirtækið geti gegnt skyldum sínum með eðlilegum hætti.

Það, sem ég hef hér sagt, snertir í rauninni aðeins þennan hluta þessa stóra vandamáls, þ. e. a. s. fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins, eins og sá vandi blasir við í dag, þ. e. a. s. rekstrarskuldirnar og rekstrarfjárskorturinn og fjárskortur til ráðgerðra framkvæmda. Það er þessi fjárvöntun upp á 1200 millj. á þessu ári. En svo koma auðvitað aðrir þættir inn í þetta mál, sem eru auðvitað nátengdir þessu og ég skal ekki ræða hér um, a. m. k. ekki í bráð, en snerta það, hvernig Rafmagnsveitur ríkisins standa sig við að afla raforku með eðlilegum hætti, t. d. á Austurlandi, þar sem beðið hefur verið árum saman eftir því að fá ákvörðun um framkvæmdir. Ég skil mætavel að það geti staðið í þeim, sem hafa með stjórn fyrirtækisins að gera eða framkvæmdastjórn þar, að ráðast í framkvæmdir eða taka stórar ákvarðanir, ef fjárhagsmálin eru skilin eftir í slíku reiðileysi ár eftir ár eins og hér virðist vera.

Ég ítreka það svo, að ég beini þessu máli mínu til ríkisstj. í heild og vænti svars hæstv. forsrh. En ég vil líka fá fram í þessum umr. afstöðu beggja stjórnarflokkanna. Það er kunnugt af upplýsingum, að hæstv. iðnrh. hefur lagt fyrir ríkisstj. tilteknar till. og gert ýmsar till. og m. a. till. varðandi framkvæmdir á sviði raforkumála. Það er því alveg augljóst mál, að Framsfl. með helming ráðh. í ríkisstj. getur auðvitað ráðið hér úrslitum líka. Ég tel að hann geti ekki orðið „stikkfrí“ í þessum efnum. Hann verður vitanlega að segja hver afstaða hans er, hvernig hann hefur brugðist við þeim till. sem fram hafa komið. Eða getur það verið, að málið standi þannig, að í ríkisstj. fáist ekkert fram, jafnvel þó að meiri hl. sé fyrir einhverri tiltekinni afstöðu.

Ég læt máli mínu lokið að sinni, en vil vænta þess, að hæstv. forsrh. verði við óskum mínum um að gefa hér upplýsingar um ástandið í þessum málum, ákvarðanir ríkisstj. og horfur, við hverju megi búast á næstunni í þessum efnum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Á fundi ríkisstj. 16. þ. m. var rædd grg. frá iðnrn. um fjármál Rafmagnsveitna ríkisins. Á þeim fundi þótti rétt að fela n. manna að gera till. um lausn fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, eins og honum var lýst í grg. iðnrn. Til þessa starfs voru nefndir Helgi Bergs, fyrrv. form. stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins, Gísli Blöndal hagsýslustjóri, og Páll Flygenring ráðuneytisstjóri iðnrn. Þeir skiluðu síðan hugmyndum um lausn fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins til ríkisstj. sem hún tók til umr. á fundi sínum 21. mars og aftur nú í morgun, og skal ég í eins stuttu máli og mér er kleift fara yfir þær tillögur.

Það er e. t. v. rétt fyrst að greina frá í hverju fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins er fólginn. Til þess að einfalda það mál má segja að hann sé fólginn í fyrsta lagi í rekstrarhalla 1977, 140 millj. kr., í öðru lagi áætluðum rekstrarhalla 1978, 285 millj. kr., eða samtals í rekstrarhalla þessara tveggja ára 425 millj. kr. Þá er enn fremur um það að ræða, að framkvæmdakostnaður s. l. árs, 1977, fór umfram áætlanir að upphæð 446 millj. kr., og sundurliðaðist það þannig, að framkvæmdakostnaður Norðurlínu, til þess að unnt væri að taka hana í notkun fyrir þennan vetur, varð 100 millj. kr., framkvæmdakostnaður vegna skemmda, sem urðu á Vestmannaeyjastreng, 100 millj. kr., kostnaður við aðveitustöðvar 140 millj. kr., kostnaður við dísilstöðvar 40 millj. kr., og umframkostnaður við sveitarafvæðingu 66 millj. eða samtals þessar 446 millj. kr. Þá liggur nú ljóst fyrir, að framkvæmdakostnaður á þessu ári, annars vegar við Norðurlínu og hins vegar við Austurlínu, mun fara fram úr áætlun um 325 millj. kr., og er sú grein gerð fyrir því, að upphaflegar áætlanir hafi verið byggðar á kostnaðartölum frá maí 1977. Samtals er því framkvæmdakostnaður umfram fyrri áætlanir 771 millj. kr. og fjárhagsvandinn þannig í heild 1196 millj. kr.

Þær hugmyndir, sem þremenningarnir báru fram og ríkisstj. hefur rætt á tveimur fundum, eru í fyrsta lagi að hækka hitunartaxta frá 1. maí n. k. um 25%, og sú skýring er gefin á því, að lengst af hafi taxtinn verið látinn fylgja olíuverði, en nokkur vanhöld hafa verið á því að undanförnu, þannig að hitunartaxtinn hefur nú dregist aftur úr sem nemur þessum 25%. Hækkun þessi gæfi 110 millj. kr. tekjuauka á þessu ári og 220 millj. kr. á heilu ári. Það skal fram tekið, að ríkisstj. féllst á þessa till. þremenninganna á fundi sínum í morgun.

Í öðru lagi er lagt til að verðjöfnunargjald raforku verði hækkað úr 13% í 20% frá 1. maí n. k. Tekjuauki yrði 235 millj. kr. á þessu ári og 470 millj. kr. á heilu ári. Ríkisstj. féllst ekki á þessa hugmynd á fundi sínum í morgun, og ég vil láta það koma fram, að ég tel ekki unnt að hækka verðjöfnunargjald raforku úr þeim 13% sem það nú stendur í. Hins vegar taldi ríkisstj. rétt að taka alla taxta Rafmagnsveitna ríkisins til endurskoðunar og kanna með hvaða hætti unnt væri að endurskoða þá þannig að tekjuöflun Rafmagnsveitna ríkisins yrði meiri en að óbreyttum töxtum. Hér hefur verið nefnt m. a. af hv. 2. þm. Austurl., að dæmi væru til þess, að raforkutaxtar RARIK væru 80% hærri en Raforkutaxtar Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ég skal ekki draga það í efa, að unnt sé að finna þessari staðhæfingu stað að svo komnu máli, en vara þó við því að taka einstaka taxta til samanburðar milli þessara rafveitna. Það gefur ekki heildarmynd af raforkukostnaði annars vegar viðskiptavina RARIK og hins vegar viðskiptavina t. d. Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Annars er rétt að það komi fram, svo að skýrt sé, að hér er ekki fyrst og fremst um að ræða samanburð á raforkutöxtum Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og töxtum á raforkuverði Rafmagnsveitna ríkisins hins vegar. Margar rafmagnsveitur í landsbyggðinni, þ. á m. margra kaupstaða hvarvetna um landið og kauptúna hafa sambærilega rafmagnstaxta og Reykjavík og jafnvel lægri. En það, sem í mínum huga útilokar það að hækka að svo stöddu verðjöfnunargjald rafmagns, er það, að ef við tökum meðalverð seldrar raforku Rafmagnsveitna ríkisins miðað við kwst. annars vegar og meðalverð raforku á selda kwst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins hins vegar, þá kemur fram, að meðalverðið er lægra hjá Rafmagnsveitum ríkisins heldur en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Hér er um flókið mál að ræða, sem ég treysti mér ekki til, hreinskilnislega sagt, að skýra í stuttu máli. En þó er skýringin m. a. fólgin í því, að svokallaðir marktaxtar, þ. á m. hitunartaxtar, vega langtum þyngra í raforkusölu Rafmagnsveitna ríkisins en t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og það ber auðvitað að hafa í huga, að þarna kemur inn vandamál þeirra sem búa við rafhitun og eru á svæði Rafmagnsveitna ríkisins. Sú stefna var löngum að auka mjög rafmagnshitun með beinni tengingu notenda við rafmagnskerfið. Þetta hefur reynst mjög óhagkvæmt fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, og hefur ekki, því miður, verið snúið frá þeirri stefnu nægilega snemma. Hins vegar hafa Rafmagnsveitur ríkisins nú uppi áætlanir um það í samráði við ýmis sveitarfélög, m. a. á Austurlandi, að kanna möguleika á fjarvarmaveitum sem geta stuðst við raforku þegar svo býður við að horfa, en þegar mest álag er á raforkukerfinu, þá notast við svartolíu, t. d. að svo miklu leyti sem jarðhiti er ekki fyrir hendi. Þessi stefna, að auka rafhitun með þessum hætti, sem hefur verið uppi hér áður og fyrr meir, hefur sem sagt leitt til þess ásamt öðru, hvernig komið er fjárhagsmálum Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég tók eftir því, að hv. 2. þm. Austurl. sagðist vera andvígur hækkun á tekjum Rafmagnsveitna ríkisins með hækkun rafmagnstaxta og hann sagðist enn fremur vera andvígur því að hækka verðjöfnunargjaldið. Hvorugt vildi hann gera. En hvert var hans ráð? Það getur ekki verið annað en að auka lántökur og skuldabyrði og vaxtabyrði Rafmagnsveitna ríkisins og stefna í enn meira óefni. Að vísu sagði hann að ríkissjóður sem eigandi Rafmagnsveitna ríkisins yrði að taka að sér skuldir Rafmagnsveitnanna og fjármagnskostnað. En ef ríkissjóður á að taka þessa byrði á sínar herðar, þá er óhjákvæmilegt að sjá ríkissjóði fyrir auknum tekjum, og það verður ekki gert nema með því að hækka skatta á alla landsmenn. Það hlýtur því að vera úrræði hv. 2. þm. Austurl. að krefjast tafarlausrar skattahækkunar á alla landsmenn til þess að afla Rafmagnsveitum ríkisins fjár og leysa þennan fjárhagsvanda.

Vissulega er um þessar þrjár leiðir að ræða. Við getum ekki skotið þessum vanda frá okkur með neinum hætti og við getum ekki leyst hann með öðru móti. Við hv. 2. þm. Austurl. erum sammála um það, að hækkun á verðjöfnunargjaldi sé ekki réttlætanleg. Hann telur hækkun á raforkutöxtum ekki réttlætanlega. Ég tel aftur á móti réttlætanlegt að hækka hitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins að því marki sem hugmyndir þremenninganna benda til og ríkisstj. hefur samþ., þ. e. a. s. að hitunarkostnaður fari ekki fram úr kostnaði olíukyndingar. Þessu til viðbótar vil ég að fari fram og ríkisstj. hefur talið eðlilegt að fari fram könnun á taxtauppbyggingu Rafmagnsveitna ríkisins og með hvaða hætti unnt er á rökréttan hátt að afla fyrirtækinu tekna á þann hátt. Ákvörðun hefur engin verið tekin um það, hvort eða að hve miklu leyti hækkanir muni leiða í kjölfar þeirrar athugunar. En á þessu ári vil ég alveg sérstaklega taka fram, að ég tel eðlilegt að athugun fari fram, um leið og ákvörðun verði tekin, hvernig háttað verði rekstri byggðalína og hvernig fjármagnskostnaður byggðalína verði uppi borinn á þessu ári.

Við munum það öll, að mörg orð hafa verið um það höfð, hvílíkt hagræði það væri fjárhagslega fyrir rafmagnsnotendur og þjóðarbúið í heild að koma byggðalínum í notkun, hvort heldur er Norðurlínu eða Austurlínu. Norðurlína hefur gert sitt gagn að vissu marki á liðnum vetri og sparað áreiðanlega stórfé í olínotkun. Mig minnir að á sínum tíma hafi verið talað um að hver kwst., ef framleidd væri með olíu, kostaði um eða yfir 20 kr. kwst. Nú fram að áramótum hafa þær kwst., sem fluttar hafa verið norður í land, verið seldar á 5 kr. kwst., þ. e. a. s. 4 kr. heildsöluverð til Landsvirkjunar, 1 kr. í flutningsgjald. Af þessari 1 kr. fara 70 aurar í orkutap, viðhalds- og rekstrarkostnað línunnar, en aðeins 30 aurar eru upp í fjármagnskostnað, vexti og afborganir af línunni eða til þess, meðan Rafmagnsveitur ríkisins sjá um þennan rekstur, að bæta fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins. Ég tel eðlilegt að það sé mörkuð stefna í þeim efnum, hver skuli bera uppi fjármagnskostnað byggðalínunnar norður í tengslum við vanda þann sem við erum nú að ræða sérstaklega hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Við höfum hér líka, alþm., heyrt um hagræði það sem hlytist af Austurlínu. Háar tölur hafa einnig verið nefndar um þann sparnað í olíueyðslu og kostnaði sem sú tenging hefur í för með sér. Ég tel eðlilegt að við gerum okkur um leið grein fyrir því, að hve miklu leyti notendur eiga að njóta góðs af þessum sparnaði og að hve miklu leyti þessi sparnaður á að ganga upp í fjármagnskostnað, afborganir og vexti af kostnaði við byggðalínurnar. Og brátt kemur að því einnig, að sömu ákvörðun verður að taka í tengslum við Vesturlínu. Með þessu er ég ekki að segja að það verði lagt á notendurna að greiða fjármagnskostnaðinn að fullu. Ég er ekki einu sinni að slá því föstu, að hve miklu leyti notendur eiga að borga eða að hve miklu leyti sagt verður að hér sé um einhvers konar vegakostnað í rafmagnsmálum að ræða sem greiða verði að hluta til úr ríkissjóði. En ég legg áherslu á það, að við verðum að marka stefnu og taka ákvörðun í þessum efnum sem sanngjörn sé. Ég vek aðeins athygli á því, að fyrir fjármagnskostnaði vegna Norðurlínu og Austurlínu á þessu ári er séð í lánsfjáráætlun með því að taka lán að fullu og öllu leyti bæði fyrir afborgunum og vöxtum. Ég tel eðlilegt að til bráðabirgða verði að einhverju leyti um meira gjald og hærra raforkuverð að ræða fyrir þá raforku sem fer um þessar byggðalínur, þannig að með þeim hætti ætti á þessu ári, ásamt endurskoðun taxta Rafmagnsveitna ríkisins, að vera unnt að bæta nokkuð þann vanda sem við blasir.

Í þriðja lagi var það hugmynd þeirra þremenninganna, að það, sem þá vantaði á að rekstrarhalla væri mætt, en það voru 80 millj. kr. ef tekjuaukinn af fyrirhugaðri hækkun verðjöfnunargjalds kæmi til á árinu, væri framlengt eða réttara sagt rekstrarlán fengið til þess að standa undir þeirri fjárvöntun og gert ráð fyrir greiðslu þeirrar upphæðar á árinu 1979. Og það er ljóst mál, að að svo miklu leyti sem auknar tekjur

Rafmagnsveitna ríkisins í einu eða öðru formi koma ekki til greina, þá verður að skjóta þeim vanda fram á árið 1979 eða þar til fyrir auknum tekjum er séð.

Í fjórða lagi var það till. þeirra þremenninga, að framlengt verði rekstrarlán sem átti að koma til greiðslu í sept. 1978, að upphæð 250 millj. kr., og mundi lækka samsvarandi þann rekstrarvanda í heild sem við er að glíma, að upphæð tæpar 1200 millj. kr.

Þá voru eftir rúmlega 500 millj. kr. og þá voru tvær hugmyndir uppi hjá þremenningunum: annaðhvort að fresta Vesturlínu og nokkrum öðrum framkvæmdum samtals að þeirri upphæð eða að afla lánsfjár til þessara framkvæmda. Ríkisstj. taldi ekki unnt að fresta að byrja á Vesturlínu og telur auðvitað æskilegt, ef unnt er, að draga úr framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins að einhverju leyti, en telur þó rétt að líta raunsæjum augum á það mál, þannig að gera verður ráð fyrir því, að þarna verði að afla lánsfjár á innlendum markaði eða með vörukaupalánum að upphæð milli 450 og 520 millj. kr.

Ég hygg að ég hafi með þessum orðum mínum í höfuðatriðum svarað hv. 2. þm. Austurl., en vil þó til öryggis draga það saman, sem hann spurði um, á þann hátt, að ríkisstj. hefur að hluta til samþykkt tillögur um aukna tekjuöflun Rafmagnsveina ríkisins og hefur í athugun frekari tekjuöflun fyrirtækinu til handa. Ríkisstj. telur nauðsynlegt að nú á þessu ári séu teknar ákvarðanir um fjármálalega uppbyggingu, ekki eingöngu Rafmagnsveitna ríkisins, heldur og rafmagnskerfisins í heild í landinu. Í þriðja lagi mun verða lokið Austurlínu. Í fjórða lagi munu vera hafnar framkvæmdir við Vesturlínu. Í fimmta lagi var spurt um, hvort ráðstafanir yrðu gerðar til að jafna raforkuverð. Það er ekki unnt að gera, ef menn vilja ekki hækka verðjöfnunargjald, eins og mér skildist vera skoðun hv. 2. þm. Austurl. jafnt og mín, með öðru en hækkuðum sköttum og ríkissjóður tæki á sig þessar byrðar. Af því tilefni er rétt að það komi hér fram, að frá ríkissjóði eru lagðir töluverðir fjármunir til orkumála. Núverandi verðjöfnunargjald, 13%, gefur samkv. fjárlagatölum 875 millj. kr., sem skiptast á milli Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en jafnframt er kostnaði Orkubús Vestfjarða létt af Rafmagnveitum ríkisins. Þessi upphæð mun samkv. nýjustu áætlunum væntanlega verða í heild yfir milljarð kr. Þessi upphæð er auðvitað til þess fallin að jafna orkuverð í landinu og einmitt réttlætt með því. Þá er og í fjárl. nú á þessu ári annars vegar um að ræða um 1200 millj. kr. framlag til Orkusjóðs umfram jöfnunargjaldið og hins vegar milli 800 og 900 millj. kr. framlag til jöfnunar á kyndingarkostnaði í landinu eða um 2 milljarðar kr. Þetta er einnig til jöfnunar á orkukostnaði landsmanna. Það verður auðvitað að vera ákvörðun Alþingis og fjárveitingavaldsins, hve langt er unnt að ganga í þessu efni, hvort unnt er með almennum sköttum eða jöfnunargjaldi að jafna metin meira en þessar tölur segja til um. Ég tel nauðsynlegt að hv. Alþ. geri sér grein fyrir því og um leið fyrir fjármálum Rafmagnsveitna ríkisins til nokkurra ára, þannig að fjármagnskostnaður þess fyrirtækis og kröfur til þess fyrirtækis, m. a. af hálfu hv. alþm., miðist við fjárhagsgetu þess á hverjum tíma. Ég vil þó segja það sem mína skoðun, að æskilegt tel ég að í þessu efni settu menn sér þau mörk, að 13% verðjöfnunargjald á selda raforku og framlag úr ríkissjóði, er miðist við allt að einu prósentustigi söluskatts — en við það hefur nú síðustu árin verið miðað — verði látið nægja sem heildarframlag í þessu efni. Ef sú fjárhæð leysir ekki vandann og óeðlilegt misræmi eða misvægi er á milli landsmanna hvað orkukostnað snertir, þá mætti benda á að það sýnist ekki óeðlilegt hlutverk Byggðasjóðs að fjármagna að einhverju leyti félagslegar framkvæmdir á sviði orkumála. Rafmagnsveitustjóri hefur tjáð mér, að hann hefði hug á því við gerð fjárhagsáætlana og framkvæmdaáætlana fyrirtækisins að greina á milli félagslegra framkvæmda annars vegar og arðbærra framkvæmda hins vegar. Ég tel það mjög mikið spor í rétta átt og þá geta alþm. — fjárveitingavaldið — gert það upp við sig, hvernig leysa eigi vandamálin og hvaða framkvæmdir eigi að hafa forgang fyrir öðrum og menn horfast þá í augu við þau félagslegu vandamál sem bundin eru strjálbýli í okkar landi. En hver rekstrareining verður auðvitað að bera ábyrgð á sjálfri sér. Stjórnendur hennar verða að vita það, að þeir starfa innan ákveðinna marka og hafa ekki óútfyllt ávísanahefti undir höndum. Eftirlitsaðili hlýtur fjárveitingavaldið að vera, og því er auðvitað ekki óeðlilegt að þessi mál séu tekin hér til meðferðar. Ég get því sagt það, að það er stefna ríkisstj. að þjónusta á þessu sviði, orkusviðinu, sé sem öruggust öllum landsmönnum til handa, um leið og við verðum þó að gera okkur grein fyrir því, hvað sú þjónusta kostar og hvernig hún skuli fjármögnuð á hverjum tíma.

Ég verð svo að segja það eins og er, að ég hef ekki orðið var við neina misklíð innan ríkisstj. varðandi lausn þess vanda sem fyrir hendi er. Ég vil láta það koma hér fram, að þessi vandamál hafa fyrr og frekar komið fram í fjölmiðlum, vegna þess að fjmrn. hefur nú mun meira og strangara eftirlit með útborgunum heldur en nokkru sinni áður, til þess að skapa hverri rekstrareiningu nauðsynlegt aðhald og til þess að menn horfist í augu við vandann nægilega snemma. Það verður þó að segjast eins og er, að verðbreytingar og verðbólgan skapa hér út af fyrir sig vanda á þessu sviði sem öðrum, og þetta er eitt dæmi um það, að nauðsynlegast af öllu er að ráða niðurlögum hennar.

Greiðslur til Rafmagnsveitna ríkisins hafa farið fram — eins og greiðslur til annarra ríkisstofnana og ráðuneyta — samkv. greiðsluáætlun sem gerð er í tengslum við fjárlagagerð, eftir því sem talið er að greiðslur muni til falla. Nú hefur með tilfærslum innan þessarar greiðsluáætlunar verið gengið frá greiðslum til olíufélaganna er vildu ekki una því að eiga inni hjá Rafmagnsveitum ríkisins svo háa upphæð sem 55 millj. kr. námu og birtu þá tilkynningu sem kom í Ríkisútvarpinu í gær um lokun á afgreiðslu til dísilstöðva á Austurlandi. Sömuleiðis hefur með tilfærslum innan greiðsluáætlunar verið séð fyrir því, að efni til Austurlínu er leyst út. Og loks var ákveðið á fundi ríkisstj. í morgun

að fela fulltrúum fjárlaga- og hagsýslustofnunar eða fjmrn. annars vegar og iðnrn. hins vegar að endurskoða greiðsluáætlanir varðandi Rafmagnsveitur ríkisins með tilliti til þess, að rekstur þeirra gæti gengið með eðlilegum hætti. En það er enn fremur rétt, að hér sé skýrt frá því, að greiðsluvandræði Rafmagnsveitna ríkisins eru meiri en ella einnig af þeim sökum, að Rafmagnsveiturnar tóku upp nýtt innheimtufyrirkomulag sem átti að horfa til bóta. En því miður hafa byrjunarörðugleikar við framkvæmd þess orðið til þess, að tekjur stofnunarinnar hafa komið inn seinna en ætlað var, og nemur fjárþörfin eða fjárvöntunin af þeim sökum um það bil 300 millj. kr. En vonir standa til að þeir fjármunir komi inn á næstu vikum og mánuðum.

Ég þykist með þessu hafa gert grein fyrir því, hvernig mál þessi standa og hver afstaða og stefna ríkisstj. er, og hef í leiðinni látið í ljós eigin skoðanir á ýmsum höfuðþáttum þessara mála.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstvirtur forseti. Á engu sviði hafa á mörgum undanförnum árum átt sér stað meiri og alvarlegri mistök en á sviði orkumála. Hér hefur verið um að ræða ranga og arðlausa fjárfestingu í stórum stíl, óumdeilanlega. Þessi ranga og arðlausa fjárfesting hefur í reynd orðið að stórkostlegri byrði á lífskjörum almennings sem nú lifir í landinu og verður baggi á komandi kynslóðum um langa framtíð. Á það skortir ekki, að hæstv. ríkisstj. hafi verið vöruð við því, hvert stefndi í þessum efnum. Ég leyfi mér t. d. að minna á ummæli mín haustið 1975 í umr. um stefnuræðu hæstv. forsrh. Þá vakti ég athygli á því, að á því ári, 1975, væri gert ráð fyrir 30% minnkun fjármunamyndunar í fiskveiðum og vinnslu sjávarafurða miðað við óbreytt verðlag frá fyrra ári, en samtímis var á því ári gert ráð fyrir 80% aukningu á sviði rafvirkjana og rafveitna. Þessi fjárfesting var þá stjórnlaus. Hún er enn í dag stjórnlaus, kannske enn þá stjórnlausari en hún var þá. Sannleikurinn er sá, að það er fyrir löngu orðið tímabært að hér á landi yrði myndað sérstakt orkumálaráðuneyti. Orkuframleiðsla og orkunotkun eru orðnar svo mikilvægur þáttur í þjóðarbúskap Íslendinga af mörgum ástæðum, að það er orðið verkefni ráðuneytis, heils rn., að fjalla um það, enda hefur sú þróun átt sér stað í nálægum löndum. Ég minni t. d. á Noreg í þeim efnum, að þessi mikilvægu verkefni eru í höndum sérstaks rn. Og hér á landi er vandinn í þessum efnum orðinn svo stórkostlegur, að í raun og veru ætti aðeins einn ráðh. að fjalla um orkumálin, og hann hefði nóg að gera við að leysa þann stórkostlega vanda, þann torleysanlega hnút sem þau mál öll eru komin í.

Alvarlegustu mistökin á sviði orkumála á undanförnum árum eru að sjálfsögðu Kröfluævintýrið. Ég skal ekki gera það að umtalsefni í einstökum atriðum, það hefur verið þrautrætt hér á Alþ. og annars staðar. En á það vil ég minna, að það er enn óupplýst mál, hver ber í raun og veru ábyrgðina á því ævintýri, þar sem 10—11 milljarðar eru bundnir í fjárfestingu sem ber næstum engan arð. Er nauðsynlegt að á því fari fram gagnger, ítarleg og nákvæm rannsókn, hver ber í raun og veru ábyrgð á þessu mesta fjármálahneyksli þessarar aldar, en það er Kröfluvirkjun eins og að henni hefur verið staðið, eins og framkvæmdir allar þar eru og eins og ástand mála er þar nú. Sagan verður að fá að vita það. Þeir, sem nú lifa í landinu, verða að fá að vita það, hvaða aðilar það eru sem bera ábyrgð á þessu fjármálahneyksli, þ. e. a. s. hvort það er núv. ríkisstj. eða hvort það er fyrrv. ríkisstj. Um það skal ég engan dóm fella, það er ekki hægt nema ítarleg rannsókn á málinu fari fram, sem ég tel nauðsynlega. Þetta mál skal ég annars ekki ræða frekar í þessu sambandi, heldur vikja að nokkrum öðrum nýlegum ákvörðunum í þessu efni, — ákvörðunum sem hv. fyrirspyrjandi gerði ekki sérstaklega að umtalsefni.

Út á við tekur hæstv. iðnrh. að sjálfsögðu þær ákvarðanir sem ég mun hér á eftir gera að umtalsefni. Út á við hefur hann tekið þær ákvarðanir. Blöð hafa hins vegar talað um deilur hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. í sambandi við sumar þessara ákvarðana a. m. k. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort fjölmiðlar fara hér rétt með eða hvort um getgátur einar er þar að ræða. En ég tel — og legg á það þunga áherslu — að þingheimur á heimtingu á því að fá að vita hvernig slíkar ákvarðanir eins og þær, sem ég mun nefna hér á eftir, hafa verið teknar, hver ber raunverulega ábyrgð á þeim, hvernig að þeim hefur verið staðið.

Hér er samsteypustjórn tveggja stærstu flokka þings og þjóðar. Iðnrh. er, eins og allir vita, úr hópi Sjálfstfl. Það vekur hins vegar athygli, að þegar málið hefur borið á góma hefur engin rödd heyrst úr herbúðum Framsfl. varðandi þessi mál. Það er kominn tími til þess, að það heyrist frá ráðh. eða öðrum fulltrúum Framsfl., hver afstaða hans hefur verið í þeirri stefnumótun sem átt hefur sér stað undanfarið og í þeim helstu mistökum sem gerð hafa verið í þessum efnum og ég skal nú á eftir nefna dæmi um.

Í þeim ríkisstj., sem ég átti sæti á sínum tíma, hefðu slík mál sem hér er um að ræða og ég mun nefna hér á eftir dæmi um, verið rædd í ríkisstj. í heild og ákvörðun tekin í ríkisstj. í heild og síðan mundu flokkar ríkisstj. hafa talið sig ábyrga fyrir ákvörðununum, m. ö. o. talið sig bera ábyrgð á þeim. En hvað hefur gerst hér? Þegar raforkumál hefur borið á góma og mistök í þeim, óstjórnina í þeim, sukkið á því sviði, þá heyrum við aðeins í öðrum stjórnarflokknum, en ekkert frá hinum. Það er þessi gáta, það er leyndarmál á bak við þessa þögn sem tími er kominn til að ljóstrað verði upp um. Þess ber að vísu að geta í þessu sambandi, að meðan vinstri stjórnin sat bárust fregnir til fjölmiðla um atkvgr. ráðh. í ríkisstj. og vissar ráðstafanir voru réttlættar með því, að atkvgr. hafi leitt í ljós, að meiri hl. ráðh. hafi lýst sig fylgjandi slíkri ákvörðun og bæri því ábyrgð á henni, en minni hl. í ríkisstj. ekki. Ég minnist þess, að þegar um slíkt fréttist vakti ég einu sinni hér í umr. athygli á því, að hér væri algert nýmæli í íslensku stjórnarfari, að greidd væru atkv. í ríkisstj. um einstök mál, meiri hl. réði, en einhver minni hl. í ríkisstj. teldi sig enga ábyrgð bera á þeim ráðstöfunum sem um var að ræða. Þetta hefur aldrei gerst í þau 15 ár sem ég hef

áður setið í ríkisstj., og ég spurði mér eldri menn um það, hvort þetta hefði gerst t. d. í ríkisstj. fyrir 1956, og enginn vissi dæmi um að mikilvægar ákvarðanir væru teknar með þessum hætti af ríkisstj. Þetta var nýmæli sem komst á eftir 1971. Það hefur að vísu ekki heyrst um það á starfstíma þessarar ríkisstj. Þó kynni að vera, þó leynt hafi farið, að þannig sé stjórnað, að sumar þessara ákvarðana byggist á meirihluta ákvörðun innan ríkisstj. Ég skal auðvitað ekkert um þetta fullyrða. En það er nauðsynlegt, vegna þess að þing og þjóð á að vita við hvers konar stjórnarfar hún býr, að það sé upplýst hvort þetta á sér stað eða ekki, hvort þetta hefur átt sér stað í þeim dæmum sem ég nú skal leyfa mér að nefna, þrem dæmum, þar sem ég tel í öllum tilfellum hafa verið um rangar ákvarðanir að ræða, *alvarleg mistök*.

Fyrsta dæmið um ákvörðun, sem ég tel hafa verið tekna með mjög hæpnum hætti, vægast sagt, er það, að Orkubú Vestfjarða tók að sér 500 millj. kr. í skuldum, — 500 millj., sem nú hafa hækkað vegna verðhækkana og gengisbreytingar í rúmar 700 millj. — Orkubú Vestfjarða tók að sér skuldir, sem nú nema um 700 millj. kr., en milli 2 og 3 milljarðar kr. vou skildir eftir hjá RARIK, hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Rafmagnsveitum ríkisins var ætlað að greiða vexti og afborganir af þessum skuldum án þess að eiga að fá nokkrar tekjur af Vestfjörðum, ekki krónu, á móti þessum 2—3 milljörðum, sem RARIK var skikkað til að taka að sér vaxta- og afborganagreiðslur af. Auðvitað var þetta fráleit ákvörðun. Og þá var henni breytt, en með þeim vísdómslega hætti, að iðnrh. hæstv. skrifaði Orkusjóði bréf um að hann skuli greiða af þessum skuldum vexti og afborganir. Sú upphæð nemur í ár 350 millj. kr. Það var engin tilraun gerð til þess að kanna hvort Orkusjóður hefði fé til að geta greitt þessar 350 millj. kr. í vexti og afborganir af þessari upphæð sem Orkubú Vestfjarða var ekki látið taka að sér. Hvernig var þessi ákvörðun tekin? Hvað er að baki þessa bréfs hæstv. iðnrh. til Orkusjóðs um að ætla honum að greiða í ár upphæð, sem er 350 millj., án þess að nokkur könnun sé gerð á því, hvort hann getur eða getur það ekki? Og á hverju stendur, eftir að allir vita, eftir að guð og menn vita að Orkusjóður getur það ekki? Er það hæstv. iðnrh. einn sem skrifar slíkt bréf án þess að bera það upp í hæstv. ríkisstj.? Þetta er nauðsynlegt að fá að vita. Þing og þjóð á heimtingu á að fá að vita hvernig slík ákvörðun er tekin í hæstv. núv. ríkisstj., hver ber ábyrgð á þessu bréfi. Og það, sem skiptir ekki minnstu máli að fá að vita, er: Var Framsfl. samþykkur þessari ráðstöfun eða var hann ekki spurður? Það skiptir meginmáli varðandi vitneskju um það, hvers konar stjórnarhættir ríki í landinu, að þetta sé upplýst. Ég endurtek: Skrifaði hæstv. iðnrh. þetta bréf á eigin ábyrgð, án samráðs við ríkisstj., eða hafði hann lagt málið fyrir hæstv. ríkisstj., sem ég vona og treysti hans vegna að hann hafi gert, og hver var þá afstaða Framsfl. til þessara ráðstafana?

Ég skal nefna annað dæmi. Eftir að fjárlög og lánsfjáráætlun voru afgreidd ákveður hæstv. iðnrh. að leggja nýjan rafstreng til Vestmannaeyja til þess að auka öryggi þeirra varðandi raforkuöflun og raforkunotkun. Kostnaður við þessa ráðstöfun nemur 250 millj. kr. Ég endurtek og vek athygli á að þessi ákvörðun er tekin eftir að Alþ. hefur gengið frá fjárl. og lánsfjáráætlun. M. ö. o.: Alþ. er sniðgengið. Og hvernig er kostnaðurinn greiddur? Hann er greiddur með því að taka lán, bæði innanlands og erlendis, og skuldabyrðin er auðvitað lögð á Rafmagnsveitur ríkisins, þó að vitað sé að þessi 250 millj. kr. framkvæmd færir Rafmagnsveitum ríkisins ekki eyri í tekjuaukningu. M. ö. o.: án vitundar Alþingis, óbeint má segja, gegn vilja Alþingis er tekin ákvörðun um 250 millj. kr. framkvæmd, stofnað til 250 millj. kr. skuldar og skuldabyrðin lögð á opinbert fyrirtæki sem raunverulega er gjaldþrota, því að sannleikurinn er sá um Rafmagnsveitur ríkisins, að *vera þær einkafyrirtæki væru þær fyrir löngu orðnar gjaldþrota*. Það var 1200 millj. kr. halli á s. l. ári, og skuldirnar eru komnar upp í tæpa 14 milljarða kr. Á fyrirtæki með slíkan fjárhag er lögð byrði upp á 250 millj. kr. á bak við Alþ. Ekki bara ég, heldur tel ég þingið í heild eiga heimtingu á að fá að vita hvernig slíka ákvörðun ber að? Hver tekur hana í raun og veru? Hver ber ábyrgð á henni? Er það hæstv. iðnrh. einn, sem ég trúi ekki? Er það ríkisstj. í heild? Ber öll ríkisstj. ábyrgð á slíku atferli? Eða hefur verið ágreiningur í hæstv. *ríkisstj., og hver er þá slíkur ágreiningur*?

Þriðja og síðasta dæmið, sem ég skal nefna, er það, að fyrir tveim árum var þannig komið á Austurlandi, að ásókn í húsahitun með rafmagni var orðin óviðráðanleg, m. a. vegna rangrar verðlagningar. Rafmagn var selt 30% undir því verði sem það kostar að kynda með olíu. Þetta olli auðvitað óviðráðanlegri eftirspurn eftir rafmagni miðað við olíukyndingu. Vatnsaflsvirkjanir á Austurlandi gátu ekki og geta ekki annað þessari þörf, og þess vegna varð að framleiða þetta *rafmagn í disilvélum*. Kostnaðurinn við þá rafmagnsframleiðslu í disilvélum var þrefalt til fjórfalt meiri en neytendur greiddu fyrir rafmagnið. Auðvitað var þetta fjársóun, þetta var olíusóun og orkusóun, sóun á einu mikilvægasta hráefni sem nú er um að ræða og skortur er á um víða veröld, olíunni. Þessa sóun ætlaði RARIK að stöðva. Það ætlaði og tók ákvörðun um stöðvun rafhitunar á Austurlandi. Hæstv. iðnrh. ógilti þá ákvörðun, og *ef* ég man rétt, *þá* tilkynnti hann um þá ákvörðun á fundi á Egilsstöðum. *Hér ber ég enn fram sömu spurninguna*: Var það hæstv. iðnrh. einn sem tók þessa ákvörðun? Tók hann hana upp á eigin spýtur? Tók hann hana kannske bara á staðnum, á fundinum á Egilsstöðum? Þeir, sem þekkja hæstv. iðnrh., trúa því ekki. Hann hlýtur að hafa vitað hvað hann var að segja, ef ég man það rétt, að hann hafi tilkynnt þetta á fundi á Egilsstöðum. Hann hlýtur að hafa haft bakhjarla í hæstv. ríkisstj. En hverjir voru þeir bakhjarlar? Var það ríkisstj. í heild, eða var það hluti ríkisstj. gegn andstöðu einhvers *annars hluta í ríkisstj.*? Það þarf að upplýsa. Þessi ákvörðun, sem er búin að kosta Rafmagnsveitur ríkisins ómældar fjárhæðir, veldur því auðvitað, að það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni í fyrstu ræðu hans, að Austurlínan þarf að hafa á þessu ári algeran forgang. Það þarf að koma byggða-

línunni austur til þess að komast hjá þeirri gegndarlausu sóun sem þarna hefur átt sér stað á undanförnum árum og á sér enn stað. Efnið er búið að liggja í höfn á Reyðarfirði í marga mánuði, í langan tíma a. m. k. Peningar fengust í gær, eftir að búið var að þrautræða þessi hneykslismál öll í fjölmiðlum og vikið hefur verið að þeim hér á Alþ. í margar undanfarnar vikur. Og nú er komið að síðasta degi til þess að hægt sé að ljúka þeim framkvæmdum sem nauðsynlegar eru til þess að byggðalínan austur komist í gagnið á þessu ári.

Hér er þriðja dæmið um mjög alvarleg mistök á undanförnum árum í orkumálum. Hvar liggur ábyrgðin á þessum mistökum? Liggur hún hjá hæstv. iðnrh. einum, sem ég segi einu sinni enn að ég trúi ekki, eða liggur hún hjá hæstv. ríkisstj. í heild, sem mér þykir sennilegra. Og þá á það að koma skýrt fram, ef svo er.

Síðustu orð mín um þetta efni skulu vera þau, að Alþ. og alþjóð verður að fá að vita hver í raun og veru ber ábyrgð á öllum þessum hörmulegu og dýru mistökum. Er það hæstv. iðnrh.? Er það hæstv. ríkisstj. í heild? Er ágreiningur milli stjórnarflokkanna? Eða er ágreiningur milli einstakra ráðh. í báðum flokkum? Ég veitti því athygli, að hæstv. forsrh. sagði áðan, að hann hefði ekki orðið var við ágreining í þessum efnum innan ríkisstj. Að sjálfsögðu trúi ég orðum hæstv. forsrh. Ég veitti því hins vegar athygli, að hann tók mjög varlega til orða í þessu sambandi, hann hagaði orðum sínum mjög varlega. Ég vek athygli á því, að sé svo og verði þessi fullyrðing endurtekin skýrt og ótvírætt, þá felur hún í sér að öll ríkisstj. og þar með ráðh. Framsfl. bera ábyrgð m. a. á þessum þremur stórkostlegu mistökum, sem ég hef nú nefnt dæmi um. Þá ber Framsfl. ábyrgð á þeim, þó að hann hafi aldrei sagt hálft orð til að verja þessi mistök, heldur þvert á móti hagað málflutningi sínum öllum þannig, að hér sé um að ræða sök hæstv. iðnrh. eins. Ef hann á sökina, þá á hann að bera ábyrgð á henni. Ef hann á hana ekki, þá eiga þeir, sem að ákvörðununum standa, að hafa kjark og drengskap til þess að játa það og skýra frá því, að þeir hafi í raun og veru staðið að þessum ráðstöfunum og eigi þess vegna að bera sína ábyrgð á þeim. Ég vona sem sagt að það fáist að fullu upplýst, hvernig þær þrjár ákvarðanir, sem ég hef nefnt sérstaklega, hafa verið teknar og hverjir bera í raun og veru ábyrgð á þeim.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er rétt að víkja fyrst nokkrum orðum að ræðu hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar. Það skorti ekki fullyrðingar og stóryrði í ræðu hans um að á engu sviði þjóðmála hefðu orðið meiri mistök hin síðari ár en á sviði orkumála. Ræða hans einkenndist öll af neikvæðri gagnrýni, en það voru engin úrræði, engar ábendingar, ekkert jákvætt í ræðunni. Ég skal hins vegar minnast á einstök atriði sem hann nefndi.

Hann spurði í fyrsta lagi hvort hægt væri að fá það upplýst, hver bæri ábyrgð á Kröfluvirkjun, hvort það væri núv. ríkisstj. eða fyrrv. ríkisstj. Ég held að því sé fljótsvarað, að það séu þær báðar. Það má bæta við: Skyldi hv. alþm. Gylfi Þ. Gíslason bera ábyrgð á því líka, vegna þess að hann samþykkti lögin um að ráðast í þessa virkjun? Annars fer ég ekki út í það mál frekar, því að ítarleg skýrsla um Kröfluvirkjun verður lögð fyrir Alþingi nú skjótlega.

Hv. þm. spurðist fyrir um Orkubú Vestfjarða og hvort ég einn hefði tekið ákvörðun um að Orkusjóður skyldi standa undir vöxtum og afborgunum af þeim lánum sem eftir standa hjá Rafmagnsveitum ríkisins eftir að nokkur hluti skuldanna hefur verið yfirfærður til Orkubús Vestfjarða. Það var á sínum tíma nokkurt álitamál, hvort þau lán eða þær skuldir, sem útilokað var að Orkubúið tæki að sér, ættu að verða á vegum ríkissjóðs eða Orkusjóðs. Niðurstaðan varð sú, að eðlilegt væri að þessar skuldir yfirfærðust þannig á Orkusjóð að hann stæði undir þeim. Þetta var samþykkt af ríkisstj. allri.

Í öðru lagi spurðist hann fyrir um Vestmannaeyjastreng, sem nauðsynlegt er að leggja til öryggis eftir að sá eini strengur, sem nú er, hefur bilað hvað eftir annað og skapar ekki nægilegt öryggi fyrir þetta byggðarlag með því blómlega atvinnulífi sem þar er. Þessi ákvörðun um að ráðast í lagningu Vestmannaeyjastrengs var samþykkt af ríkisstj.

Hv. þm. spurðist fyrir um yfirlýsingu sem eitthvert blað hafi sagt að ég hafi gefið á Egilsstöðum í sambandi við Bessastaðaárvirkjun. Ég vil endurtaka það, sem ég hef raunar sagt áður, að ég hef aldrei gefið neinar yfirlýsingar um það, að ákvörðun um Bessastaðaárvirkjun yrði tekin á ákveðnu tímamarki. Ég hef alltaf lagt áherslu á að undirbúningi yrði hagað þannig, að endanleg ákvörðun yrði tekin, þegar allar upplýsingar og rannsóknir lægju fyrir. Fyrir rösku ári töldu sumir að undirbúningi væri það langt komið, að unnt væri að taka ákvörðun um Bessastaðaárvirkjun. En þá gerðist það, að rafmagnsveitustjóri ríkisins og orkumálastjóri óskuðu báðir eftir því, að frekari samanburðaráætlanir yrðu gerðar, og var að sjálfsögðu orðið við því. Það gerði það að verkum, að tillögur Rafmagnsveitna ríkisins eða rafmagnsveitustjóra lágu ekki fyrir um þá virkjun fyrr en um miðjan des. s. l. Þá var málið lagt fyrir ríkisstj.

Ég vil víkja sérstaklega að einum ummælum hv. þm., sem ég harma mjög að hann skyldi viðhafa og vil fremur telja til fljótfærni heldur en það hafi verið hugsað. Hann leyfir sér að fullyrða hér á Alþingi Íslendinga, að Rafmagnsveitur ríkisins séu gjaldþrota fyrirtæki sem hefði þurft að gera upp ef þær væru einkafyrirtæki. Þetta eru staðlausir stafir. Rafmagnsveitur ríkisins eru að ýmsu leyti vel stætt fyrirtæki eignalega séð, þannig að eignir þess eru auðvitað miklu meiri en skuldir. Það er líka eintómur misskilningur, að halli á rekstri RARIK sé 1200 millj., það er sú tala sem hv. þm. nefndi. Það liggur fyrir, hver hefur verið rekstrarhalli RARIK. Hv. þm. blandar hér saman annars vegar rekstrarhallanum og hins vegar þörf á framlögum eða lánsfé til ýmissa einstakra framkvæmda sem margar hverjar eru ekki einu sinni eign RARIK, því að t. d. stofnlínurnar eða byggðalínurnar eru ekki eign Rafmagnsveitna ríkisins, heldur ríkissjóðs. En ég vil andmæla því hér eindregið, að

þetta fyrirtæki sé gjaldþrota, það eru algerlega staðlausir stafir og ég harma að hv. þm. skuli viðhafa slík ummæli.

Ég skal minnast hér á nokkur atriði í tilefni af fsp. hv. 2. þm. Austurl., Lúðvíks Jósepssonar.

Ég vil þá í fyrsta lagi minnast á það atriði, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa átt og eiga í verulegum fjárhagsvandræðum, en hin svokölluðu fjárhagsvandræði Rafmagnsveitnanna eru ekki nema að sumu leyti fjárhagsvandamál fyrirtækisins sem slíks. Að verulegu leyti er hér um að ræða fjárvöntun vegna framkvæmda sem ríkið hefur falið Rafmagnsveitunum, eins og t. d. byggðalínanna, sem eru ekki eign eða fyrirtæki Rafmagnsveitnanna. En hinu er ekki að neita, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa átt við verulegt fjárhagsvandræði að etja. En þetta er ekki nýtt fyrirbæri. Raunar má segja, að þetta sé krónískur sjúkdómur á Rafmagnsveitum ríkisins frá upphafi vega. Ég minnist þess frá þeim árum, þegar við hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vorum saman í ríkisstj., að þá var það oft, jafnvel á hverju ári, sem þurfti í lok árs að leysa viss fjárhagsvandamál fyrir Rafmagnsveitur ríkisins. Þegar vinstri stjórnin lét af störfum var fjárhagsvandi Rafmagnsveitnanna með þeim hætti, að það þurfti að leysa um það bil 1000 millj. kr. vanda. Er því sá vandi sem nú er á höndum, miðað við verðgildi peninga, ekki ýkjastór í samanburði við það. En hvers vegna hafa Rafmagnsveitur ríkisins átt við þennan vanda að etja hvað eftir annað á sínum ferli? Það stafar einfaldlega af því, að Rafmagnsveitur ríkisins eru ekki eingöngu eða fyrst og fremst viðskiptalegt fyrirtæki sem hefur möguleika til þess að standa undir sér að sínu leyti eins og t. d. Sogsvirkjunin áður, Landsvirkjun nú, Laxárvirkjun, Andakílsvirkjun. Rafmagnsveitur ríkisins eru öðrum þræði og ekki síður félagsleg stofnun. Þeim hafa verið falin ýmiss konar félagsleg verkefni óarðbær, óarðbærar félagslegar framkvæmdir, sem hafa svo verið fjármagnaðar með lántökum, oft dýrum lánum, ýmist dýrum innlendum lánum eða erlendum lántökum. En það er mála sannast, að ríkið hefur aldrei í sögu RARIK tekið afleiðingunum af því, að þetta fyrirtæki er öðrum þræði félagslegt fyrirtæki. Það hefði þurft frá upphafi vega — og sú þröf er enn brýn — að afla Rafmagnsveitum ríkisins beinna tekjustofna og óafturkræfra framlaga vegna margvíslegra verkefna sem þessu fyrirtæki eru falin á hendur. Þetta er vandamál sem alla stund hefur loðað við Rafmagnsveitur ríkisins.

Annað atriði, sem hér er rétt að drepa á líka og hefur nokkuð komið fram í umr., eru hitunarmálin. Nú er það þannig, að af framleiðslu- eða orkusölu Rafmagnsveitna ríkisins fara um 50% til hitunar húsa, tekjurnar af þeirri sölu eru ekki nema um 25% af heildartekjum Rafmagnsveitnanna. Þetta stafar af því, að sala á rafmagni til hitunar skilar raforkufyrirtæki miklu minni tekjum fyrir hverja selda kwst. heldur en flest önnur notkun. Nú er það ljóst, að í sumum tilvikum er nauðsynlegt að nota rafmagn til upphitunar. En rafmagn til hitunar húsa er að mörgu leyti dýr aðferð og æskilegra að nota aðrar aðferðir. Við skulum gera okkur þess grein, að þegar við berum saman meðalrafmagnsverð hjá RARIK annars vegar og ýmsum rafmagnsveitum, t. d. hér í Reykjavík, hins vegar, þá er þetta að því leyti ekki sambærilegt, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa hlutfallslega miklu meiri orkusölu til hitunar á sinni könnu heldur en aðrar rafveitur. Sumar þeirra, t. d. Rafmagnsveita Reykjavíkur, hafa tiltölulega litla orkusölu til hitunar, vegna þess að hér er hitaveita sem nær til flestra húsa. Þetta meginatriði skiptir auðvitað verulegu máli, að þessi mikla rafmagnssala til hitunar skilar fyrirtækinu tiltölulega litlum tekjum miðað við aðra raforkusölu.

Því er ekki að neita, að það var varhugaverð stefna, sem fyrirrennari minn sem iðnrh. beitti sér fyrir, að hvetja sem allra mest til rafhitunar húsa. Það var varhugaverð stefna, bæði af þessari ástæðu, sem ég nú hef rakið, hver áhrif það hefur haft á afkomu Rafmagnsveitna ríkisins, en það var einnig varhugavert af öðrum ástæðum og m. a. þeirri, að vegna þess, hve rafhitun jókst verulega um hríð, hafa flutningskerfin víðs vegar úti um land, úti um sveitir og annars staðar, orðið of veik of snemma. Þetta kallar á geysimikla fjármuni til að styrkja dreifikerfin og veldur því, að spennufall og orkutap er víða miklu meira en þyrfti að vera af eðlilegum ástæðum.

Á þessari stefnu fyrirrennara míns um að auka sem allra mest rafhitun, varð gerbreyting haustið 1974 með stjórnarskiptunum. Í stað þess að auka og örva sem mest rafhitun í landinu var snúið sér að öðru. Það var snúið sér að því að reyna að nýta jarðvarmann sem allra mest. Það var gert með því m. a. að afla nýrra tækja, keyptir mikilvirkir borar, m. a. stærsti og mikilvirkasti bor landsins, Jötunn, sem kom til landsins snemma á árinu 1975. Hann og fleiri tæki, sem hafa verið keypt, og auknar rannsóknir á jarðvarma og nýtingu hans hafa valdið gerbyltingu í þessum efnum. Ég skal nefna aðeins eitt dæmi.

Vorið 1974 kom það fram í skýrslu, sem Magnús Kjartansson iðnrh. lagði fyrir Alþ., að höfuðstaður Norðurlands, Akureyri, yrði að vera á rafhitunarsvæði, því að ekki væru líkur til þess að nægilegur eða nýtanlegur jarðhiti eða jarðvarmi fyndist þar. Eftir að þessi nýju tæki og fyrst og fremst þessi nýi, stóri bor kom var eitt af fyrstu verkefnum hans, að það var ákveðið að hann skyldi kanna möguleika í Eyjafirði, með þeim árangri sem öllum er kunnugt um, að nú er byrjað að leggja hitaveitu á Akureyri. Þetta sama hefur gerst víðs vegar um land, þannig að í nýtingu jarðvarma til upphitunar húsa hefur orðið bylting á þessum 3—4 árum.

En það er ekki aðeins þetta, það er annað sem einnig þarf að gera, og það eru svokallaðar fjarvarmaveitur. Í byggðarlögum, þar sem einhver jarðhiti er, þarf að byggja fjarvarmaveitur sem geti nýtt að nokkru leyti þann jarðvarma sem fyrir hendi er. E. t. v. er vatnið ekki nægilegt að magni til eða ekki nógu heitt, en þá þarf fjarvarmaveitan að geta nýtt bæði vatnið, sem kann að fyrirfinnast, og afgangsorku og orku frá atvinnufyrirtækjum, eins og bræðsluverksmiðjum, eða öðrum verksmiðjum á staðnum,

sem oft er hægt að hafa mjög mikið gagn af í þessu efni, og loks, ef á þarf að halda, verður að nýta dísilolíu á topptímum.

Á s. l. sumri ritaði ég Rafmagnsveitum ríkisins bréf og fól þeim að hefja undirbúning að áætlunum um slíkar fjarvarmaveitur sem víðast og að hefja slíka starfsemi á Austurlandi, og hefur þegar verið unnið mjög gagnlegt starf í samráði við sveitarstjórnir á hverjum stað. Einnig hafa farið fram slíkar athuganir í Bolungarvík og víðar. Ég er í engum vafa um að með þessum hætti má vinna hér mjög mikilvægt verk í orkumálum, með þessari stefnu, að nýta jarðhitann til hitunar húsa sem allra mest og byggja fjarvarmaveitur, en nota raforkuna því aðeins til hitunar húsa, að önnur hagkvæmari úrræði séu ekki fyrir hendi. Þessi stefna held ég að hafi þegar valdið og muni enn fremur valda straumhvörfum í þessum efnum.

Aðrar ástæður til þess, að Rafmagnsveitur ríkisins hefur skort fé nú og lent í verulegum vandræðum nú að undanförnu, eru m. a. þær, að kostnaður við framkvæmdir, sem Rafmagnsveitunum er falið að ráðast í, er yfirleitt áætlaður löngu fyrir fram. Tökum dæmi: Í fjárl. fyrir 1978 eru um framkvæmdir, sem RARIK er falið að vinna að á þessu ári, á þessu sumri og hausti, kostnaðaráætlanir frá því í maímánuði 1977. Þetta lá allt saman ljóst fyrir bæði í fjmrn. og fjvn. þegar fjárlög voru afgreidd, og rafmagnsveitustjóri gerði ítarlega grein fyrir þessum vandamálum. Það má því segja, að við afgreiðslu fjárl. hafi vandamálum Rafmagnsveitna ríkisins að ýmsu leyti ekki verið gerð viðhlítandi skil. Það kom því að sjálfsögðu strax upp um áramót eða í desemberlok, að hér voru veruleg vandamál á ferðum, bæði vegna rekstararhalla RARIK og skorts á fé til framkvæmda, bæði 1977 og 1978. Fulltrúar frá iðnrn., frá Rafmagnsveitum ríkisins, frá fjmrn. og ríkisendurskoðun hafa síðan um áramót unnið að því að gera sér nákvæma grein fyrir í hverju þessi vandamál eru fólgin og reyna að finna leiðir til lausnar á þeim.

Eitt vandamál, sem hér kom upp, var Austfjarðalína. Mér finnst sannast sagna alveg furðulegt að hlusta hér á hörkuádeilur frá hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, út af málefnum Austurlands, vegna þess að það er einmitt í tíð núv. ríkisstj. sem hvort tveggja hefur gerst, að byrjað er á Austurlínu til að tengja Austurland við raforkukerfi landsins og þeim framkvæmdum verður lokið fyrir næsta vetur, og í annan stað hefur verið unnið að mjög rækilegum undirbúningi að virkjun Bessastaðaár, sem nú liggja fyrir ákveðnar till. um frá Rafmagnsveitunum. Ég veit ekki til þess, að í annan tíma hafi verið á jafnskömmum tíma gerð önnur sambærileg átök til umbóta í raforkumálum Austfirðinga.

Varðandi Austurlínu var ákveðið í fyrra, að hún skyldi framkvæmd á árunum 1977 og 1978 og lokið á þessu ári. Í fjárlög og lánsfjáráætlun var sett ákveðin upphæð, rúmur milljarður, til framkvæmda við Austurlínu. Þessi áætlun var miðuð, eins og kannske flestar kostnaðaráætlanir sem undirbúnar voru vegna fjárlagafrv., við kostnað í maímánuði 1977. Við þær verðlags- og kaupgjaldsbreytingar, sem orðið hafa, telja Rafmagnsveitur ríkisins að hér vanti 180 millj. til viðbótar, til þess að hægt sé að ljúka línunni. Þetta fé þarf því að útvega til viðbótar. Og það er rétt mönnum til fróðleiks að upplýsa það, hvað mundi gerast í þessum efnum ef ekki væri séð fyrir auknu fjármagni til þess að ljúka þessari línu. Ég bað rafmagnsveitustjóra ríkisins um að gera um það skýrslu og áætlun. Það lítur þannig út, að ef Austurlínunni yrði ekki lokið á þessu ári, þá mundi kostnaður við orkuvinnslu í dísilstöðvum og kaup á nýjum dísilstöðvum vegna Austurlands nema um 740 millj. og þar af er erlendur gjaldeyrir 492 millj. kr. Nú er það auðvitað sameiginleg stefna okkar — ég vænti okkar allra — að forðast að hækka erlendar skuldir. Hins vegar verður öll slík stefnumörkun auðvitað einnig að hafa mið af því, ef heilbrigð skynsemi bendir á að þjóðinni sé óhagkvæmara að bæta ekki við lántökur. Nú má vel vera og við vonumst til þess, að hægt verði að leysa þetta mál án þess að taka erlend lán. En jafnvel þótt þyrfti að taka til viðbótar 180 millj. kr. erlend lán, þá er það auðvitað stórkostlegur hagur fyrir þjóðina í heild, í stað þess að hafna slíkri leið og fleygja nærri 500 millj. kr. í gjaldeyri í olíueyðslu.

Ég vil undirstrika það hér út af fsp. hv. 2. þm. Austurl., sem forsrh. var raunar búinn að gera, að það er ætlun og ákvörðun ríkisstj. að Austurlínunni verði lokið á þessu ári.

Varðandi Vestfjarðalínu, sem mjög hefur borið á góma og verið skrifað um, t. d. í gær í leiðurum tveggja blaða af miklu óviti og vanþekkingu, þá liggur það mál þannig fyrir, eins og kunnugt er, að tenging Vestfjarða við orkukerfi landsins er brýn nauðsyn og ætlunin var og till. iðnrn. að það yrði gert á þessu og næsta ári, að á þessu ári yrði varið til þess upphæð sem mun hafa numið um 800 millj. kr. Var síðan samkomulag um að taka heldur minni áfanga að þessu sinni, í ár, án þess að áætlun um að ljúka línunni á næsta ári breyttist, þannig að inn í fjárlög og lánsfjáráætlun var sett upphæðin 408 millj. kr. til Vestfjarðalínu. Meginhluti fjárins átti að fara í að leggja línu frá Hrútatungu í Glerárskóga og að hefja undirbúning að vissum köflum öðrum. Þetta er brýnt nauðsynjamál og það var ákvörðun Alþ. og ríkisstj. að þetta yrði gert. Í samræmi við þetta ritaði iðnrn. Rafmagnsveitum ríkisins 23. des. s. l. bréf um Vesturlínu, þar sem það rakti sundurliðað þessa samþykkt og fól Rafmagnsveitunum að undirbúa og haga framkvæmdum við línulögnina á árinu 1978 í samræmi við þetta. Síðan gerist það, að um síðustu mánaðamót fregnar iðnrn. að ekki sé enn búið að panta efni eða staura í þessa línu, hins vegar hafi verið aflað verðupplýsinga og fengnar upplýsingar um afgreiðslufrest. Þegar þetta vitnaðist var auðvitað ljóst, að ef pöntun á þessu efni drægist lengur, nokkuð að ráði, þá mundi vera mjög hæpið eða útilokað að framkvæma þetta verk, sem Alþ. og ríkisstj. höfðu ákveðið, á þessu ári. Afgreiðslufrestur var nokkrir mánuðir. Þegar ég vissi um þetta, fól ég Rafmagnsveitunum að panta þetta efni. Stjórn Rafmagnsveitnanna vildi ekki verða við því, og þá skrifaði ég bréf, dags. 21. mars, til rafmagnsveitustjóra ríkisins, á þessa leið:

„Hér með er yður falið, herra rafmagnsveitustjóri, að láta nú þegar í dag panta allt nauð-

synlegt efni í Vesturlínu, þannig að framkvæmdir á þessu ári verði í samræmi við lánsfjáráætlun og fjárlög fyrir árið 1978."

Þetta var gert. Einnig tókst að fá styttan nokkuð afgreiðslufrestinn, eða um röskan mánuð frá því sem upphaflega hafði verið ráðgert, þannig að nú horfir það mál þannig, að þetta efni verði tilbúið hjá framleiðanda eða seljanda, sem er í Bandaríkjunum, upp úr miðjum maímánuði n. k.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál. En þrír stjórnarmenn Rafmagnsveitnanna töldu sig ekki geta unað við þetta og sögðu af sér. Ég hef litið á það sem skyldu mína að framkvæma þær ákvarðanir sem Alþ. hefur tekið og beinlínis mælt fyrir um í fjárl. Hér var um að ræða bæði bráðnauðsynlega framkvæmd vegna orkumála á Vestfjörðum og samþykkt og ákvörðun Alþingis og ríkisstj.

Ég skal, hæstv. forseti, ekki fara frekar út í þessi mál. Hæstv. forsrh. gerði hér ítarlega grein fyrir því, hvernig þessi mál stæðu nú, og eftir ríkisstjórnarfund í morgun má telja að meginfjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins sé leystur.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Mér finnst heldur andkannalegt að halda hér áfram umr. utan dagskrár um málefni sem heyra undir hæstv. ríkisstj. alla, eða a. m. k. var sá hv. þm., sem umr. hóf um málið, þeirrar skoðunar og beindi máli sínu til ríkisstj. í heild, tveir af hæstv. ráðh. hafa tekið þátt í umr. um þetta mál, en hvorugur þeirra er hér í d. eins og stendur og ekki heldur þeir fulltrúar Alþb. og Alþfl. sem hér hafa tekið þátt í umr. Vissulega væri æskilegra að þeir væru viðstaddir áframhald umr. um málið. — En kannske rætist úr. Menn tínast einn og einn af þeim sem gjarnan ættu í salnum að vera undir áframhaldandi umr., og fyrst tveir af hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað í dag, þ. e. hæstv. iðnrh. og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, eru komnir í salinn og vonandi von á fleiri, þá ætla ég að halda örlítið lengra með mitt mál.

Það er ekki ætlun mín að ræða hér almennt um stefnuna í orkumálum eða ákvarðanir um einstakar framkvæmdir varðandi orkumál. Ég tel að það málefni, sem hér er fyrst og fremst til umr. og fyrst var vakið máls á, sé þess eðlis, að það sé ærið umræðuefni eitt sér og ekki ástæða til þess á þessu stigi að fara almennt í umr. um stefnuna eða framkvæmdir í orkumálum í heild tekið.

Það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða og hv. þm. Lúðvík Jósepsson hóf hér umr. um, er sá fjárhagsvandi, sem nú er fyrir hendi hjá Rafmagnsveitum ríkisins, — fjárhagsvandi sem ekki er að koma nú á hinum síðustu tímum, heldur fjárhagsvandi sem að meira eða minna leyti hefur verið viðloðandi í allnokkurn tíma a. m. k. Það er auðvitað stórt mál þegar svo er komið, að í heilum landshlutum voru líkur á að öll orkuframleiðsla yrði stöðvuð vegna skulda sem Rafmagnsveitur ríkisins gátu ekki staðið skil á til þess að halda uppi orkuöflun á þessum stöðum. Þetta er ekki vandamál, sem er að koma upp núna. Það var ljóst um þær mundir sem fjárl. voru afgreidd hér í desembermánuði og raunar fyrr, að við allnokkurn vanda var að etja að því er varðaði fjárhagsmál Rafmagnsveitna ríkisins. Svo hefur verið um nokkurn tíma og því augljóst að í verulegt vandræðaástand stefndi þegar fjárl. voru hér afgreidd í desembermánuði. Það verður því að skrifast á kostnað hæstv. ríkisstj. að hafa ekki ráðið fram úr þessum vanda, og á hennar kostnað verða að skrifast þau vandkvæði öll sem þegar hafa af þessu hlotist og kunna af því að hljótast, ef ekki verður undinn bráður bugur að því að leysa þetta vandamál.

Það hefur ýmislegt komið fram í þessum umr. sem lýtur bæði að þessu máli einu sér svo og öðrum sem eru tengd því. Mig langar aðeins til að vekja athygli á því, að líklega er sú ástæðan mest fyrir því, að þetta mál kemur nú svo snögglega og almennt til umr. bæði hér á Alþ. og ekki síður í fjölmiðlum undanfarna daga, að þrír af stjórnarmönnum í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins sögðu af sér, þ. á m. formaður stjórnarinnar. Það vekur a. m. k. athygli mína, og ég hygg að það muni vekja athygli Vestfirðinga almennt, hverja þessir menn telja höfuðástæðuna fyrir því, að þeir telja sig **knúna til að segja af sér** störfum í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins. Það liggur fyrir skv. yfirlýsingum þeirra, að þá fyrst hafi mælirinn verið fullur að þeirra áliti að því er þetta mál varðar þegar taka átti ákvörðun um að hefja framkvæmdir við svokallaða Vesturlínu til Vestfjarða, og mér skilst að stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hafi neitað að verða við þeirri beiðni hæstv. iðnrh. að panta efni til þessara framkvæmda. Það vekur a. m. k. athygli mína að fulltrúi Framsfl. í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skuli telja sig knúinn til þess að segja af sér störfum þar þegar að því kom að átti að ákvarða framkvæmdir á Vestfjörðum. Það vekur líka athygli mína og ég hygg Vestfirðinga almennt, að fulltrúi Alþb. í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skuli telja sig til þess knúinn að segja af sér störfum þar þegar að því kom að ákvarða framkvæmdir á Vestfjörðum. Það vekur líka athygli mína og Vestfirðinga almennt, að ég hygg, að fulltrúi Alþfl., að því er ég best veit, skuli einnig telja sig knúinn til þess að segja af sér störfum í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins þegar að því kom að ákvarða um framkvæmdir í raforkumálum á Vestfjörðum við hina svokölluðu Vesturlínu. Þegar hæstv. iðnrh. tók að framkvæma þá skyldu, sem Alþ. hefur á herðar ríkisstj. lagt með afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978, að því er tekur til framkvæmda við Vestfjarðalínu, — þegar hæstv. iðnrh. tók á því að framkvæma þá skyldu sína og ríkisstj. skv. umboði Alþ., þá töldu þessir einstaklingar sem fulltrúar þessara pólitísku flokka sig knúna til þess að láta af störfum í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég vil lýsa því yfir strax og hér, að ég tel að það hafi verið sjálfsagt af hæstv. iðnrh. að fara þannig að eins og hann gerði. Honum bar skylda til að sjá um að pantað væri efni til þessarar framkvæmdar þannig að hægt væri í hana að ráðast eins og fjárlög og lánsfjáráætlun gerðu ráð fyrir og Alþ. hafði ákvarðað við afgreiðslu þessara mála í desember.

Það var ljóst, að ekki varð undan því vikist, ef framkvæma átti þetta verk, að fara að panta efni til þessara framkvæmda. En því miður hefur það

allt of oft gerst, ekki bara hjá Rafmagnsveitum ríkisins, heldur og í öðrum ríkisfyrirtækjum og stofnunum, að þannig hefur verið á málum haldið, að dregið hefur verið von úr viti að panta efni til framkvæmda þangað til svo hefur verið orðið áliðið þess árs, sem verkið átti að framkvæma, að útilokað hefur verið að það yrði gert, — efni til framkvæmda pantað það seint, að gjörsamlega var útilokað að hægt væri þess vegna að framkvæma það sem átti að framkvæma skv. samþykkt Alþ. Skilst mér að stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hafi ætlað að leika sama leikinn varðandi þetta, draga von úr viti að panta efni til þessarar framkvæmdar, þar til útséð væri orðið um það, að nokkur von væri til þess að hægt væri að ráðast í framkvæmdina, vegna þess að svo langt var á árið liðið að nær ógerningur var að ætla að framkvæmdin yrði af hendi leyst.

Það má því hæstv. iðnrh. vita, að hann á þakkir mínar fyrir að taka af skarið í þessum efnum. En ég hygg að enginn Vestfirðingur muni segja hið sama um þá fulltrúa hinna þriggja pólitísku flokka í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins sem töldu ástæðu til að segja af sér störfum vegna þess að þetta var gert.

Hitt gefur auðvitað auga leið, eins og ég aðeins vék að áðan, að það er auðvitað í syndarregistri hæstv. ríkisstj. að vera ekki búin að greiða úr þeim fjárhagsvanda sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa staðið frammi fyrir og standa frammi fyrir enn, á því ber auðvitað hæstv. ríkisstj. fulla ábyrgð.

Áður en ég skil við þetta vil ég aðeins varpa því fram til hæstv. iðnrh. sem spurningu, hvort ekki sé alveg tryggt að það verði unnin sú framkvæmd sem gert er ráð fyrir að því er varðar Vestfjarðalínu, sem fjárlög og lánsfjáráætlun gera ráð fyrir. Ég spyr um þetta vegna þess, að oftar en einu sinni orðaði hæstv. forsrh. það svo, að það yrðu hafnar framkvæmdir við Vesturlínu. Vel má vera að hæstv. forsrh. hafi átt þar við, að þessi hluti, sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun og á fjárl., verði framkvæmdur. En ég vil spyrja hæstv. iðnrh. um það, hvort ekki sé tryggt að það verði unninn sá áfangi af þessu verki sem ætlaður er á fjárl. og lánsfjáráætlun fyrir árið 1978.

Ég vil lýsa vonbrigðum mínum með það, — það kom raunar fram við umr. í desembermánuði varðandi afgreiðslu fjárl., — að ekki skyldi í það ráðist að vinna á þessu ári að því er varðar þessa framkvæmd fyrir 800 millj., eins og í raun og veru var gert ráð fyrir í till. þar um. Ég vil þó treysta því í lengstu lög, að við það verði staðið, að þessu verki, Vestfjarðalínunni, verði lokið á þessu og næsta ári, þó að ekki verði unnið fyrir meira fjármagn en nú er gert ráð fyrir. Ég treysti á það, að þannig verði á þessu máli haldið, að þessu verki verði endanlega lokið á þessu ári og á árinu 1979, eins og í raun og veru loforð hafa verið gefin um.

Ég sagði hér áðan, að ég ætlaði ekki almennt að fara að ræða um stefnuna í orkumálum. Ég get þó ekki stillt mig um að fara örfáum orðum um eitt atriði, þó kannske væri ástæða til að ræða fleira af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. En það voru þau hin mörgu og stóru orð sem hann hafði um hina svokölluðu húsahitun með rafmagni. Nú er það svo, og það ættu allir að vita, að það er mjög mismunandi hversu mikið fé einstaklingar, eftir því hvar þeir hafa búsetu á landinu, þurfa að inna af hendi til upphitunar á sínum híbýlum. Að verulegu leyti er það svo í heilum landshlutum, að í meðalíbúðarhúsnæði er milli 25 og 30 þús. kr. kostnaður mánaðarlega við að standa undir því að kynda upp íbúðarhúsnæði, — 25—30 þús. á hverjum einasta mánuði í meðalhúsnæði. (Gripið fram í.) Ekki minna, nei. Það er ekki ofsagt um þessar tölur. Þetta er verulega minni upphæð ef um er að ræða að hægt sé að nýta raforku til þessarar hitunar. Það er því ekki nema eðlilegt, að fólk á svona stöðum leiti á um það að fá raforku til að hita upp sín híbýli, því að þessar drápsklyfjar, sem ég vil kalla, sem olíukyndingin er á þessum stöðum, eru orðnar slíkar, að það er í raun og veru orðið nú þegar hverjum meðalmanni að því er varðar tekjuspursmál ofviða að standa undir kostnaði sem leiðir af upphitun með olíu. (Gripið fram í.) Ég heyrði ekki betur en að hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, gagnrýndi harðlega að upphitun íbúðarhúsnæðis með rafmagni skyldi vera eins og raun ber vitni. Ég hygg að hv. þm. hefði ekki talað á þennan hátt, ef hann hefði búið t. d. á Vestfjörðum, Austurlandi eða Norðurlandi og þurft að snara út á hverjum einasta mánuði 25—30 þús. kr. tékka til þess að borga kyndinguna á sínu íbúðarhúsnæði. Það er nefnilega æðimikill munur á því, hvað þessi hv. þm. og aðrir íbúar hér á þessu svæði þurfa að borga í þennan kostnaðarlið eða við hinir, sem búum á þeim svæðum þar sem verður að kynda með olíu. (Gripið fram í.) Án þess að ég vilji neitt fullyrða það eða hafi um það alveg óyggjandi tölur, þá hygg ég t. d. að kostnaður á venjulega íbúð hér í Reykjavík, að því er varðar upphitun, geti hugsanlega verið einhvers staðar á bilinu frá líklega 5—8 þús. kr. á mánuði. Ég hygg að það sé ekki meira. En ég hugsa að gagnrýni á borð við þá, sem fram kom hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni á þetta, hefði ekki heyrst hjá honum hefðum við snúið þessu dæmi við og hann þyrfti að borga 30 þús. kr. á mánuði í staðinn fyrir 6—8 þús. til að hita upp sína íbúð. (Gripið fram í.) Sannleikurinn er sá, að þetta stórkostlega vandamál fólks á landsbyggðinni er eitt af þeim stóru vandamálum sem þetta fólk hefur haft við að glíma og hefur enn, vegna þess að það býr á þessum stöðum á landinu, en ekki hér á Reykjavíkursvæðinu. Og það verður að teljast furðulegt, að flokksforingi á borð við Gylfa Þ. Gíslason skuli ekki skynja hversu það er þungbær baggi á launafólki úti á landsbyggðinni að þurfa að borga sem svarar þriðjungnum eða rúmlega það af sínum mánaðartekjum bara til þess að hita upp sitt íbúðarhúsnæði. Það væri ekkert lítil kjarabót fyrir þetta fólk, ef hægt væri að koma þessum kostnaði hjá því niður í það að vera í námunda við það sem t. d. Reykvíkingar þurfa að borga til þessa. Það væri stórkostleg kjarabót, ef slíkt væri hægt, og að því verður auðvitað að vinna.

Ég tek ekki undir þær gagnrýnisraddir, sem uppi hafa verið að því er varðar það, að óeðlilega mikið hafi verið að því gert að leyfa rafhitun á íbúðarhúsnæði hér að undanförnu.

Ég sagði, herra forseti, að ég skyldi ekki verða langorður hér um. Ég ætla því að þessu sinni a. m. k. að ljúka minu máli, en ég taldi rétt að nota tækifærið til þess með örfáum orðum að gera grein fyrir viðhorfum mínum til þessara mála. Það er auðvitað margt sem er gagnrýnisvert að því er varðar stefnuna í orkumálum, en ég sé ekki ástæðu til að gera það að umtalsefni hér. Það, sem hér er fyrst og fremst til umr., er nægilegt tilefni til þess að ræða án þess að verulega sé farið út fyrir þau mörk.

Ég ítreka það svo, að það hlýtur í raun og veru að verða svo innan örfárra daga, að hæstv. ríkisstj. ráði fram úr þessum vanda. Það getur ekki og má ekki koma fyrir, að heilir landshlutar standi frammi fyrir því, að öll atvinnufyrirtæki og þar af leiðandi allur grundvöllur að atvinnulífi verði stöðvaður vegna þess að ekki sé ráðið fram úr þessum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Hér hefur verið rætt um nokkrar leiðir eða ábendingar sem gerðar hafa verið af nefnd sem hæstv. ríkisstj. mun hafa tilnefnt til þessara hluta. Ég tók ummæli hæstv. forsrh. svo hér fyrr í dag, að að langsamlega mestu leyti væru hugmyndir eða leiðir þessarar n. til skoðunar hjá hæstv. ríkisstj. enn, og sé því ekki ástæðu til að gera þær að umræðuefni að öðru leyti en því, að ég fyrir mitt leyti er andvígur því, sem hæstv. ríkisstj. virðist nú hafa samþ., að hækka um 25% — hafi ég tekið rétt eftir — þann taxta sem nú er varðandi húshitun til íbúðarhúsnæðis. Eins og ég hef áður sagt hér, þá á að stefna að því, að sem flestir, helst allir íbúar í landinu búi við sama raforkuverð, hvar svo sem þeir eru í sveit settir. Og það er óeðlilegt, þegar hefur opnast möguleiki fyrir landshluta að hita upp með rafmagni, að þyngja enn þeirra byrðar með 25% hækkun á þessum taxta. Stefnan hlýtur að vera sú, eða ætti a. m. k. að vera, að létta byrðar þessa fólks sem hefur um árabil þurft að standa undir stórkostlega miklu meiri útgjöldum þessara hluta vegna heldur en stór hluti annarra landsmanna, þ. e. a. s. þeirra sem búa hér á suðvesturhorni landsins.

Ég vil svo ítreka það, að ég vænti þess fastlega eftir þá ákvörðun, sem hefur verið tekin um að panta efni til Vesturlínu, að allt það verk, sem átti að vinna samkv. fjárveitingu, fyrir 408 millj., það verði unnið á þessu ári, eins og þegar er búið að ákveða og lofað hefur verið.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hér hafa þegar orðið miklar umr. um málefni Rafmagnsveitna ríkisins, og ég get lýst því strax, að það er mín skoðun að oft hafi verið vaktar umr. utan dagskrár hér á hv. Alþ. af minna tilefni en nú.

Þegar meiri hl. stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins sagði af sér störfum var ég staddur heima hjá mér úti á landi og því ekki viðstaddur þær ákvarðanir sem þeir stjórnarmenn tóku þá. Ég tók þó strax þá ákvörðun, eftir að ég hafði heyrt um þessa viðburði, að segja ekki af mér störfum í stjórn RARIK að svo komnu máli. Ég taldi rétt að vinna að því áfram ásamt rafmagnsveitustjóra ríkisins að knýja á það að fá fram lausn á fjárhagsvanda RARIK hjá ríkisstj. í trausti þess, að ákvörðun um hana yrði tekin á allra næstu dögum.

Vandamál RARIK, sem lýst hefur verið hér í dag, hafa legið fyrir hjá ríkisstj. í langan tíma og lausn þeirra dregist til verulegs tjóns fyrir stofnunina og viðskiptaaðila hennar. Ég tel að ekki sé efamál, að þetta ástand hafi verið meginorsök þess, að félagar mínir í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins kusu að segja af sér, þó að í grg. þeirra hafi áhersla verið lögð á eitt atriði er snertir framkvæmdir, þ. e. byggingu Vesturlínu.

Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. áðan hafa á ríkisstjórnarfundi í morgun verið teknar ákvarðanir er miða að lausn þessa vanda að verulegum hluta, þótt endanleg lausn liggi ekki enn fyrir. Eftir er að taka ákvörðun um hvernig mæta skuli þeim þætti málsins sem till. voru uppi um að leysa með hækkun verðjöfnunargjalds eða sem svarar 235 millj. kr. Ég treysti því, að teknar verði ákvarðanir um að leysa þennan þátt málsins einnig áður en margir dagar líða eða þegar upp úr næstu helgi. Þegar þær ákvarðanir lægju fyrir ásamt því að greiðsluáætlun fyrirtækisins hefði verið lagfærð í samræmi við það, sem skuldbindingar og framkvæmdir krefjast á þessu ári, má segja að þau vandamál hafi verið leyst að fullu er snerta rekstur og framkvæmdir á vegum þessa fyrirtækis á þessu ári. Þrátt fyrir það eru auðvitað mörg fleiri efni er snerta framkvæmdir sem æskilegt hefði verið að geta ráðist í og æskilegt hefði verið að geta komist lengra áfram með á árinu. En stjórn stofnunarinnar og iðnrn. svo og sú n., sem ríkisstj. skipaði til þess að gera till. um lausn þessa vanda, höfðu takmarkað sig við þá fjárhæð sem hér hefur verið rætt um, eða 1196 millj. kr. Ég vænti þess fastlega og ítreka það, að slík heildarlausn liggi fyrir áður en margir dagar líða. Og með tilliti til þeirra vona minna, að sú yrði raunin, tók ég ákvörðun að segja ekki af mér í stjórn þessa fyrirtækis.

Þrátt fyrir það að slík lausn væri fengin er það vitað mál, að vandamál Rafmagnsveitna ríkisins eru ekki leyst til frambúðar. Þessi vandamál hafa verið skýrð hér ítarlega í dag, ekki síst af hæstv. iðnrh., og tel ég ekki ástæðu til að fara um þau fleiri orðum að öðru leyti en að ítreka það, að þau eru einkum í því fólgin að framkvæmdir, sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa tekið að sér eða þurft að vinna til þess að halda uppi eðlilegri þjónustu við íbúa í landinu, hafa verið fjármagnaðar með lánsfé, oft og tíðum óhagstæðu lánsfé og erlendum lánum, og fjármagnskostnaðurinn af þessum lánum er orðinn það mikill að hann verður ekki borinn uppi einvörðungu af rekstri stofnunarinnar.

Þessi atriði voru skýrð, eins og ég sagði, ítarlega af hæstv. iðnrh. og ég skal ekki lengja það. Ég tel að til þess að leysa fjárhagsvandræði Rafmagnsveitna ríkisins til frambúðar sé nauðsynlegt að byrja á því að létta af þessari stofnun hluta af þeim fjármagnskostnaði sem á henni hvílir. Hvort þetta er gert eins og hæstv. forsrh. drap á að kæmi til athugunar, að það væri hvað snertir byggðalínur, eða á annan hátt, skal ég ekki um deila. En það virðist ljóst, að þessi fjármagnskostnaður er svo þungur baggi á stofnuninni, að hann verður ekki borinn uppi af orkusölu og til frambúðar verður því ekki um lausn

á fjárhagsvanda þessarar stofnunar að ræða nema slíkt gerist.

Enn fremur tel ég koma mjög til athugunar að breyta um stefnu í sambandi við fjárfestingar á vegum fyrirtækisins í þá átt, að greina á milli þess, sem kalla má fjárfestingu til félagslegra þarfa, og annarrar fjárfestingar, sem ætla má að rekstur og orkusala geti staðið undir. Þegar er hafinn undirbúningur að því innan stofnunarinnar að gera slíka sundurgreiningu á framkvæmdatillögum Rafmagnsveitna ríkisins fyrir næsta ár, og vænti ég að þeim verði skilað í því horfi, að þar komi fram útreiknuð arðsemi tiltekinna framkvæmda.

Þá þyrfti að hverfa að því að mínum dómi, eða a. m. k. væri það til fullrar athugunar, að framlög fengjust úr ríkissjóði eða á annan hátt af opinberu fé til þess að standa undir þeim þáttum framkvæmdanna, sem kallaðar væru í „félagslegu skyni“ og ekki væri unnt að meta það arðbærar að venjulegur rekstur gæti undir þeim risið. Þessi efni verða ekki leyst á þessu ári og hljóta að koma til athugunar við fjárlagatill. og afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar fyrir næsta ár eða næstu ár, ef sú stefna kynni að verða ofan á sem hér hefur verið vikið að að þörf væri á að taka upp.

Það er svo, að það kann að vera nokkur vandi að meta arðsemi tiltekinna framkvæmda og hvort framkvæmd sé með þeim hætti, að hún geti skilað þeim arði að venjuleg orkusala á því svæði geti borið hana uppi. Það vill nefnilega oft svo til, að það telst hyggilegt og fjárhagslega hagkvæmt að ráðast í framkvæmd enda þótt hún kosti mikla fjármuni og jafnvel þó að eðlilegur rekstur geti ekki borið þann kostnað uppi, vegna þess að sé það ekki framkvæmt þannig kostar miklu meira að leysa málin eftir öðrum leiðum. Svo er t. d. samkv. þeim útreikningum sem gerðir hafa verið um Vesturlínu, að verði hún ekki byggð á næstu 2—3 árum, þá kostar miklu meira að framleiða raforku með öðrum hætti til þess að mæta orkuþörf þess landshluta. Það er því ekki alltaf einfalt mál að meta arðsemi og hvort rekstur getur borið uppi fjármagnskostnað og meta það einvörðungu eftir því í þessu tilviki, heldur þarf á fleiri þætti að líta.

Sem dæmi um félagslegar framkvæmdir vil ég t. d. nefna nýjan streng til Vestmannaeyja, sem tekin hefur verið ákvörðun um af ríkisstj. á þessu ári eftir að fjárlög og lánfjáráætlun hefur verið afgreidd. Sá strengur er mikilvægt öryggisatriði fyrir Vestmanneyinga og allt atvinnulíf þar, en hann mun ekki skila neinum arði til Rafmagnsveitna ríkisins á næstu árum eða a. m. k. ekki fyrr en eftir 1980 samkv. útreikningum stofnunarinnar, en samt munu fjármagnsbaggarnir af þessari framkvæmd leggjast á rekstur Rafmagnsveitna ríkisins, svo fremi að ekki verði teknar upp fjárveitingar eða fjármagn útvegað eftir öðrum leiðum til að létta þeim böggum af. Þetta er dæmigerð framkvæmd um félagslega aðgerð, e. t. v. pólitíska aðgerð, til þess að tryggja öryggi íbúa í tilteknu byggðarlagi, enda þótt sú framkvæmd skili ekki arði á allra næstu árum og jafnvel engum tekjum fyrstu árin til þess að mæta þeim fjármagnskostnaði sem af henni hlýst.

Slík dæmi sem þetta varpa e. t. v. nokkuð skýru ljósi á það, hvernig á því stendur að rekstur stofnunar eins og Rafmagnsveitna ríkisins verður erfiður, og verði svo haldið fram, þá tel ég að tæplega verði undir slíkum fjármagnskostnaði risið til langframa, heldur verði að taka upp nýja stefnu og mæta þessu með því að létta böggum af og taka upp fjárveitingar í þessu skyni meira en gert hefur verið til þessa.

Ég skal ekki fara út í þessa sálma öllu meira. Ég vildi þó aðeins láta þessi orð koma hér fram um það sem ég tel að nauðsynlegt sé að huga að, svo að komist verði hjá því að þessi stofnun eigi í sífelldum fjárhagserfiðleikum. Það er svo, eins og hér hefur verið áður sagt, að fjárhagserfiðleikar í þessari stofnun eru ekki nein ný bóla. Þeir hafa verið viðloðandi í fjölda ára og stundum raunar miklu meiri en nú. Ég hef t. d. í höndum upplýsingar um það, að á árunum 1972 og 1973 var rekstrarhalli Rafmagnsveitna ríkisins samtals 294 millj. kr. og samkv. áætlun stofnunarinnar 17. jan. 1974 var gert ráð fyrir að rekstrarhalli RARIK á því ári, 1974, yrði 272 millj. kr., eða á þessum þremur árum, 1972—1974, 566 millj. kr. Þessar krónur höfðu allt annað gildi en sama fjárhæð hefur í dag, það vita allir. Það er þess vegna nokkuð kaldhæðnislegt þegar þeir, sem voru við stjórnvölinn og höfðu afskipti af málefnum Rafmagnsveitna ríkisins á þeim árum, tala um þessi mál af slíkri vandlætingu sem þeir láta henda sig nú í dag.

Á síðasta ári var, eins og fram hefur komið, halli á rekstri Rafmagnsveitna ríkisins 140 millj. kr. eða um helmingi lægri í krónutölu heldur en gert var ráð fyrir samkv. áætlun stofnunarinnar sjálfrar 1974. Hins vegar er gert ráð fyrir nokkru meiri halla á rekstri fyrirtækisins á þessu ári, og er þetta hvort tveggja einn þátturinn í þeim vandamálum sem við bíðum eftir heildarlausn á í dag.

Ég vil aðeins segja það út af því sem hæstv. forsrh. sagði hér um meðaltalstölur á töxtum frá Rafmagnsveitum ríkisins annars vegar og ýmsum rafveitum hins vegar, þ. e. fyrst og fremst Rafmagnsveitu Reykjavíkur, að það er rétt, að á síðasta ári var meðaltalstaxti RARIK lægri en meðaltalstaxti Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Meðalsmásöluverð hjá RARIK var á síðasta ári 11.47 kr. á kwst., en 12.92 kr. á kwst. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þessu er ekki að dreifa lengur, því 1. febr. s. l. var smásölugjaldskrá RARIK hækkuð um 20%, en hækkanir hafa ekki orðið á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur á sama tíma. Nú hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um að hækka hitunartaxta RARIK um 25% til viðbótar, og eru þá allir taxtar RARIK og hafa raunar alltaf verið hærri en sambærilegir taxtar hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og flestum sveitarfélagarafveitum. Eftir þessa hækkun verða taxtar RARIK yfirleitt 85—86% hærri en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ég tel að þarna sé gengið eins langt og frekast er hægt að sætta sig við, og er þó ekki hægt að sætta sig við slíkt ástand að mínum dómi til langframa. Ég hef þó ekki séð mér fært að gera ágreining um þessa ráðstöfun, vegna þess að þetta var einn liðurinn í þeim tillögum sem stjórnskipuð n. gerði til lausnar á vandamálum Rafmagnsveitna ríkisins í heild og ég treysti mér ekki til annars en styðja þær till. En það er

fráleitt að hugsa sér að um frekari gjaldskrárhækkanir verði að ræða umfram það sem gerist a. m. k. hjá öðrum rafveitum. Það tel ég fráleitt.

Ég sagði áðan að þessi vandamál Rafmagnsveitna ríkisins í heild hafi án efa verið höfuðorsök þess, að þrír fulltrúar í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins sögðu sig úr stjórninni og kusu ekki að starfa að þessum málum áfram. Það hefur hins vegar verið gert mikið úr því í fjölmiðlum, sem félagar mínir gáfu vissulega nokkurt tilefni til að gert væri, að þeir hafi sagt sig úr þessari stjórn vegna þess, að hæstv. iðnrh. gaf fyrirmæli um það til rafmagnsveitustjóra ríkisins að panta efni til Vesturlínu á tilteknum degi, eftir að stjórn Rafmagnsveitna ríkisins hafði þverskallast við tilmælum rn. um slíkt. Stjórn Rafmagnsveitnanna taldi í sjálfu sér að eðlilegt væri að fresta því að panta þetta efni þangað til heildarlausn lægi fyrir í málefnum stofnunarinnar og það var gert með þeirri vissu, að í ríkisstj. væri ekki vilji fyrir því að draga til baka þessa framkvæmd og mætti þannig nota þetta sem ráð til þess að þrýsta á að lausn fengist á heildarfjárhagsvanda fyrirtækisins. Hæstv. ráðh. kaus hins vegar að gefa fyrirmæli um að þetta efni væri pantað þegar í stað, og hann hafði tvímælalaust rétt til þess.

Ég tel því að þetta atvik sé ekki efni til þess, að menn segi sig úr stjórn stofnunar eins og hér um ræðir, og hafi verið gert miklu meira úr þessu efni í fjölmiðlum heldur en nokkur rök liggja fyrir um.

Ég skal aðeins skýra þessa skoðun mína með því að segja að það hefur oft gerst og það í ýmsum stofnunum ríkisins, að fjármagn, sem ætlað er til ákveðins verkefnis samkv. fjárlögum, er fært til annarra verka á vegum sömu stofnunar, venjulega sem lán til eins árs. Forsendur fyrir því, að þetta sé mögulegt, eru einkum þær, að sá ráðh., sem hlutaðeigandi stofnun heyrir undir, sé slíkri tilfærslu samþykkur og í sumum tilvikum jafnvel ríkisstj. í heild. Enn fremur eru slíkar tilfærslur á fjárfestingarliðum oftast bornar undir fjvn. eða undirnefnd hennar til endanlegrar ákvörðunar, og ætti það að vera algjör regla.

Hvað varðar þetta tiltekna mál, þ. e. fyrsta áfanga Vesturlínu, þá liggur það ljóst fyrir, að sá ráðh., sem þetta mál heyrir undir, var því andvígur og er því andvígur að þessu máli sé frestað, jafnvel ríkisstj. í heild, þó það hafi ekki komið fram, og þar með var fyrsta forsendan fyrir því, að þetta gæti gerst, að engu orðin. Og það er að mínum dómi rökleysa að halda því fram, eins og gert hefur verið í fjölmiðlum, að stjórnarmenn Rafmagnsveitna ríkisins hafi sagt af sér störfum vegna ágreinings um þetta atriði.

Ég skal ekki lengja þessar umr., herra forseti. Þó að ég sé ekki samþykkur öllu því, sem hér hefur verið sagt, og sumt hafi verið sagt af ekki nægilega mikilli þekkingu og sumpart sem sleggjudómar og fullyrðingar, þá tel ég að þessar umr. hafi orðið til góðs. Ég tel að upplýst hafi verið margt af því sem eðlilegt sé að upplýst sé á Alþingi um þessa stofnun, sem og væri um hverja þá stofnun sem erfiðleikar steðja að og sérstaklega þarf að grípa til ráðstafana svo að eðlilegur rekstur geti haldist í horfi.

Grunnskóli, frv. (þskj. 68). — 3. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Mér þótti rétt að láta koma fram afstöðu mína til þessa máls áður en það fer út úr deildinni.

Hér er fjallað um breytingu á skipun fræðsluskrifstofa og fræðslustjóra. Þegar fræðsluhéruðin voru ákveðin samkv. grunnskólalögunum voru þau í raun miðuð við kjördæmin. Hins vegar eru í 10. gr. grunnskólalaganna, þar sem ákvæði er að finna um fræðsluhéruð, þar eru ekki kjördæmin nefnd, heldur eru tiltekin lögsagnarumdæmi tilgreind sem svið hvers fræðsluhéraðs. Á öðrum stað í grunnskólalögunum er svo rætt um aðild landshlutasamtaka að fræðsluskrifstofunum, fræðsluráðum o. s. frv.

Það er óþarfi að rekja það hér, það er öllum hv. þdm. kunnugt, að á þeim tíma þegar grunnskólalögin voru afgreidd var hér til síðustu umr. á Alþingi frv. til l. um landshlutasamtök. Þess vegna er það, að í grunnskólalögunum eru nokkur ákvæði þar sem stílað er á landshlutasamtökin. En svo gerist það við síðustu umr. um frv. um landshlutasamtökin, að það mætir andbyr sem nægir til þess að stöðva afgreiðslu þess, og það var aldrei tekið upp síðan og hefur aldrei verið afgreitt frá Alþingi.

Nú haldast þessi landssvæði, þau eru auðvitað söm þótt landshlutasamtökin kunni að leggjast niður eða ekki verði lengur þátttaka frá sérhverju sveitarfélagi. Þá kemur auðvitað upp sá flötur, að skipan fræðsluráðanna verður hæpin er landshlutasamtök leggjast niður ellegar ef þau riðlast, því þá er ekki ákvæði lengur í grunnskólalögunum um hvernig með þau mál skuli fara. Þetta frv. leysir ekki þennan hnút. Hann er í sjálfu sér ekki torleystur, og er þá eðlilegt að vísa til lögsagnarumdæmanna, sem eru hin lagalega undirstaða fræðsluhéraðanna, og taka upp ákvæði um það, ef svo tekst til með landshlutasamtök, að þá komi sýslunefndir og bæjarstjórnir í þeirra stað og tilnefna menn í fræðsluráðin. Þetta er atriði sem er nauðsynlegt að taka til athugunar. Það má segja að það bráðliggi ekki á því á þessari stundu, en þetta þarf þó að taka til athugunar fyrr en seinna og koma þessu í horf.

Nú er það svo, að fræðsluhéruðin eru ákaflega misjöfn bæði að mannfjölda og að stærð landfræðilega séð. Aðstaða er ákaflega misjöfn. Hér í Reykjavík er vitanlega langstærsta fræðsluhéraðið sem hefur margfalda íbúatölu á við sum önnur. Aftur eru sum fræðsluhéruð, við skulum segja á Austfjörðum og Vestfjörðum, þar sem samgöngur eru erfiðar og mjög miklar vegalengdir, sbr. það að þjóðvegurinn eftir endilöngu Austurlandskjördæmi er jafnlangur og leiðin frá Reykjavík til Egilsstaða, hvor leiðin sem farin er. En þrátt fyrir þessar misjöfnu aðstæður veit ég ekki annað en allvel gangi, vel vil ég segja, með framkvæmd þessara ákvæða grunnskólalaganna. Menn hafa komið sér á sérhverju svæði allvel saman um þessa framkvæmd, um samstarfið um fræðsluskrifstofurnar. T. d. er mér ekki kunnugt um það, að nokkrum manni hafi komið til hugar að skipta Reykjavík í fræðsluhéruð, þó að hún sé langsamlega fjölmennust fræðsluhéraðanna. Og mér er ekki heldur kunn-

ugt um það, að upp hafi komið slíkar hugmyndir í þeim landshlutum, sem ég nefndi áðan sem dæmi um mjög mikið langræði til sameiginlegra funda, eins og á Vestfjörðum og Austfjörðum. Mér er ekki kunnugt um, að þar hafi komið upp neinar hugmyndir um að nauðsynlegt væri að skipta fræðsluhéraðinu í fleiri fræðsluhéruð. Ég veit sem sagt ekki annað en tekist hafi hið ágætasta samstarf hvarvetna með skólafólki og fræðsluráðum, fræðsluskrifstofunum og fræðslustjórunum, einnig í því fræðsluhéraði sem þetta frv. er komið frá. Það er kannske ekki rétt að segja að það fjalli um mál sérstaks fræðsluhéraðs, því frv. gerir ráð fyrir að heimila kaupstöðum með 10 þúsund íbúa eða fleiri að stofna sérstakt fræðsluhérað. Það er hins vegar flutt fyrir beiðni úr Reykjaneskjördæmi. En einnig þar tel ég mér sé óhætt að fullyrða að hafi tekist ágætt samstarf með skólafólki hvarvetna á svæðinu og fræðsluskrifstofu og fræðslustjóra.

Ég tel að það væri óráð að samþykkja þær breytingar, sem þetta frv. felur í sér, og tel að með því móti væri á vissan hátt verið að brjóta niður skipulag sem ég held að sé skynsamlegt og ég, eins og ég hef þegar tekið fram, tel að hafi gefist vel í fyrstu lotu, það eru ekki nema 4 ár síðan grunnskólalög voru sett. Ég sé ekki að það reki nein nauður til að gera þessa breytingu nú. Og þó að hún yrði nú gerð á þennan afmarkaða hátt sem frv. gerir ráð fyrir, þá þykir mér mjög líklegt að fleiri muni á eftir koma og sæki fast að fá fram breytingar og þá kannske af öðrum ástæðum, t. d. af landfræðilegum ástæðum. Ég tek t. d. aðstæður í Reykjaneskjördæmi. Þar eru tveir kaupstaðir sem eru með yfir 10 þúsund íbúa. En þar er líka afmarkað byggðahverfi, þar sem eru Suðurnesin, sem eru með álíka marga íbúa, og væntanlega mundi fólkið þar telja sér það hagstætt, ef farið væri að skipta upp fræðsluhéruðum á annað borð, að stofna sérstakt fræðsluhérað þar vegna þeirrar afmörkunar landfræðilega sem þar er um að ræða. Og svipað gæti komið upp víða.

Ég hygg að þessi skipting öll kæmi fremur til með að verða til að sundra því, sem í raun og veru saman ætti að vera, og rugla því kerfi sem er komið á og lög nú ákveða. Það má benda á það í þessu sambandi, að kjördæmin eru þegar orðin umgerð ýmiss konar sameiginlegrar starfsemi á fleiri sviðum heldur en fræðslumála. En á þeim vettvangi má benda á að kennarasamtök, nokkuð öflug, eru stofnuð í þessum landshlutum. Þau halda vel saman, ekki síst t. d. í þessu kjördæmi. Mér er persónulega kunnugt um það, að þau hafa nokkuð öfluga starfsemi og hafa haft samskipti við önnur kennarasamtök í öðrum fræðsluhéruðum. Eins er það, að það er ekki nokkur vafi á því, að æskilegt er og hagkvæmt að ýmis sameiginleg þjónusta, sem fræðsluskrifstofurnar ætla að annast og sums staðar er komin á nú þegar og annars staðar kemur síðar, t. d. í sambandi við sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf, er betur komin í stærri heildum og færri heldur en mörgum smærri. En það, sem ég tel nú raunar þýðingarmestu rökin gegn því að gera slíkar breytingar sem þessar, er að fræðsluskrifstofunum er ætlað að vinna hluta af því verki sem unnið er nú eða hefur verið unnið í rn. Og það er gífurlegt atriði að samræma störf fræðslustjóranna þannig að allir vinni og úrskurði á sama veg. Eftir því sem fjölgar þessum skrifstofum, eftir því verður þetta samræmingarstarf örðugra. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt. Ég vil leggja áherslu á það hér, að það hefur verið lögð mikil vinna í það af hálfu rn. og af hálfu fræðslustjóranna að koma á slíkri samræmingu. Það hafa verið haldnir margir fundir og menn hafa reynt að bera sem allra best saman bækur sínar um það, þannig að ekki sé hætta á því, að framkvæmdin sé misjöfn í hinum ýmsu fræðsluhéruðum.

Það er mikið talað um það nú, að það þurfi að draga úr opinberum rekstri, og virðast allir vera sammála um það eða flestir a. m. k. Þá finnst mér skjóta ákaflega skökku við að taka nú inn í lög algerlega að tilefnislausu og þarflausu ákvæði sem í fyrsta lagi heimila nú þegar fjölgun embætta og fjölgun skrifstofa og í öðru lagi eru, eins og ég hef drepið á, mjög líkleg til að draga þann dilk á eftir sér, að um enn frekari fjölgun verði að ræða.

Ég ætla ekki út af fyrir sig að tefja þetta mál neitt hér í hv. d. sem afgreiðir það að sjálfsögðu í samræmi við vilja hv. dm. En mér fannst rétt að láta þessa afstöðu mína koma hér fram við umr. um málið áður en það fer frá deildinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 60. fundur.

Föstudaginn 31. mars, kl. 2 miðdegis.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 308). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 4. landsk. þm. leyft mér að endurflytja till. til þál. um orkusparnað. Till. fluttum við á síðasta þingi, og í umr., sem þá urðu, kom það fram að hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, hafði einnig hreyft þessu máli á þingi áður, og tel ég rétt að geta þess. Till. hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta gera úttekt á orkubúskap Íslendinga og hefja markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar og draga úr henni þar sem þess er kostur.“

Það er mikið rætt um orkumálin á þessu þingi, og á þeim eru margar hliðar. Ég ætla ekki að blanda mér í neitt annað en það sem felst í þessari till., sem er að benda á þörfina fyrir beinar aðgerðir til að spara orku. Beinn orkusparnaður er veigamikill þáttur í framkvæmdum í orkumálum hjá öllum nágrannaþjóðum okkar og nálega öllum þjóðum sem ekki eru sjálfar útflytjendur á olíu eða kolum eða einhverjum öðrum orkugjöfum.

Enda þótt Íslendingar séu svo gæfusamir að eiga í landinu miklar ónotaðar orkulindir mun það taka langan tíma og kosta mikið fé að hagnýta þær á þann hátt, að þjóðin hafi af þeim eins mikið gagn og hugsanlegt er. Jafnvel þegar því marki verður náð, ef nokkurn tíma er hægt

að ná því alveg, mun enn verða rík þörf til að flytja inn feiknamikið af orku, sérstaklega olíu og olíuvörum, því að vafalaust verður nokkur bið á því, að tæknin geri okkur kleift að hagnýta vatnsorku eða jarðhitaorku til að knýja báta, flugvélar og bifreiðar.

Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikinn sparnað, sem vissulega felst í hverju húsi sem við getum tengt við hitaveitu í landinu, og hafa verið gerð veruleg átök á því sviði nú undanfarið, þá var í hittiðfyrra flutt inn eldsneyti að verðmæti yfir 10 milljarða króna. Þetta er mikið fé. En þeir, sem búa hér í Reykjavík og leggja það í vana sinn að horfa út á sjóinn, hljóta að undrast hvílíka fjármuni það hljóti að kosta sem öll þessi olíuskip flytja hingað, en það má heita nálega stöðugur straumur af þeim, þannig að eitt komi þegar annað fer árið um kring.

Nú mætti spyrja hvar og hvernig sé hægt að spara eldsneyti eða eldsneytisnotkun. Ég mun ekki flytja um það langt mál, en nefna aðeins nokkra málaflokka.

Það er í fyrsta lagi hægt með því að gera auknar kröfur til orkunýtingar í sambandi við húsahitun og heimilishald. Þar geta bæði komið til kröfur varðandi einangrun húsa, gluggastæði, sjálfvirk stjórntæki og annað, ýmist með reglum um þau hús, sem verið er að byggja eða byggð verða, eða með aðstoð við að breyta húsum í þá átt að þau þurfi minni orku til hitunar. Slík aðstoð við húseigendur er nú þegar í framkvæmd í nokkrum löndum. Hér er um að ræða töluvert mikið svið, því safnast þegar saman kemur, þó ekki sé um stórupphæðir að ræða í hverju húsi. Þó er reynslan víða sú, að á þessu sviði eru menn reiðubúnir til að leggja í nokkurn kostnað við byggingu og breytingar húsa til að reyna að draga úr hitunarkostnaði, sérstaklega þar sem hitað er með olíu hér á landi.

Í öðru lagi vil ég nefna orkunýtingu í atvinnurekstri. Það er hægt að koma við verulegum orkusparnaði í ýmiss konar iðnaði og öðrum atvinnurekstri ef sérfróðir menn einbeita sér að því viðfangsefni. Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að hér á landi hafi menn ekki hugsað nógu mikið um þá hlið málanna þegar byggt hefur verið eða komið upp ýmiss konar atvinnutækjum. Það eru t. d. komin á markað einföld tæki sem geta unnið varma úr útblástursloftí loftræstingar og nýtt það aftur við upphitun, svo að eitthvað sé nefnt. Með strangari reglum eða kröfum og í sumum tilfellum með beinni aðstoð í lánum eða á annan hátt ætti að vera hægt að greiða fyrir því, að atvinnurekstur landsmanna spari verulega aðkeypta orku.

Þriðja sviðið, sem ég nefni, eru sjálfar samgöngurnar. Nú er það svo, að við erum land einkabifreiðarinnar og bifreiðafloti landsmanna allur er orðinn tiltölulega stór og þarf á miklu eldsneyti að halda. Það er rík ástæða til þess, þegar eldsneytið er orðið svo dýrt sem raun ber vitni, að gera alvarlegar og nýjar samanburðarathuganir á orkunotkun sem mundi vera við vöruflutninga með bifreiðum annars vegar og með skipum hins vegar, ekki síst þegar ríkisskipin sigla meira eða minna tóm umhverfis landið árið um kring. Þau gætu flutt miklu meira magn en þau gera.

Þá vil ég benda á að Íslendingar eru ein af sárafáum þjóðum, a. m. k. á okkar hluta jarðarinnar, sem hefur engar ráðstafanir gert í sambandi við notkun einkabifreiða sem eru eldsneytisfrekar. Jafnvel Bandaríkin, sem eru mesta framleiðsluland og notkunarland bifreiða og þar að auki auðugasta land veraldar, hafa sett mjög strangar reglur til að takmarka framleiðslu og sölu á bifreiðum sem nota mikið eldsneyti og knýja það fram, að framleiddar verði og seldar bifreiðar, sem sérstaklega eru sparneytnar á bensín. Hér á landi hefur ekkert slíkt verið gert, og líður ekki svo vika að menn sjái ekki streyma inn í landið tryllitæki sem eru að verulegu leyti leikföng og gleypa olíu á við fjöldamarga atvinnubíla. Nú kann að vera, að þrátt fyrir allt væru þetta ekki upphæðir, sem munaði mikið um á þessu sviði einu. En við skulum minnast þess, að eingöngu aðhaldið, að knýja menn til að hugsa meira um þessa hlið málanna, mundi hafa verulegt áróðursgildi og hjálpa til að auka árvekni þjóðarinnar hvað snertir sparnað á hinum verðmætu orkuefnum sem við þurfum að flytja inn fyrir dýrmætan gjaldeyri og raunar gjaldeyri sem við oft og tíðum eigum ekki til.

Það mætti nefna margt fleira, en ég vil að lokum ítreka, að mér hefur fundist þennan lið vanta algerlega í alla viðleitni okkar í orkumálum undanfarið, og ég hygg að það væri án verulegs kostnaðar hægt að undirbúa aðgerðir á þessu sviði sem mundu á fáum árum skila þjóðinni verulegum sparnaði.

Herra forseti. Ég legg til að till. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta þetta tækifæri ónotað til að lýsa þeirri skoðun minni, að það mál, sem hér er hreyft, er hið mikilvægasta og mjög tímabært að hreyfa því.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að ég fari að endurtaka neitt af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði um mikilvægi þess, að notkun orkugjafanna sé sem hagkvæmust, né leggja frekari áherslu á það en hann gerði, hversu tímabært er að sinna þessum málum frekar en gert hefur verið. Það er rétt, sem hv. ræðumaður sagði, að þessi hluti orkumálanna hefur legið eftir, svo mjög sem um þau mál hefur verið rætt. Ég skal ekki hér orðlengja um mikilvægi málsins, en ég vil aðeins víkja að tveimur formsatriðum sem varða till. sjálfa.

Þar er gert ráð fyrir að ríkisstj. sé falið að láta gera úttekt á orkubúskap Íslendinga. Í fyrsta lagi felur till. þetta í sér og í öðru lagi að hafnar verði markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar.

Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. iðnrh. hefur falið Framkvæmdastofnun ríkisins eða óskað eftir því, að sú stofnun gerði úttekt á orkubúskap Íslendinga, og það er verið að vinna að þessum málum á þeim vettvangi. Hygg ég, að hv. síðasta ræðumanni sé kunnugt um þetta, enda á hann sæti í stjórn þessarar stofnunar. Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram.

En þá er varðandi hitt atriðið, að ríkisstj. sé falið að hefja markvissar aðgerðir. Það vill nú þannig til, að við höfum stofnun sem þetta mál

heyrir undir og væri eðlilegt að ynni að þessu gagngert, og þar á ég við Orkustofnun. Orkustofnun hefur mjög víðtæku hlutverki að gegna og m. a. því hlutverki sem þessi till. fjallar um. En það verður að segja það eins og er, að Orkustofnun hefur ekki látið þessi mál til sín taka, a. m. k. ekki svo sem vert er og mikil þörf er fyrir. Mér virðist að það sé spurning, hvort það ætti ekki, ef Alþ. gerir samþykkt í þessu máli, að fela þá beinlínis þeirri stofnun, sem er eðlilegast og best hæf til að vinna að þessu, að vinna þetta verk.

Ég bendi aðeins á þetta. Það er ekki gert til þess að gera lítið úr þessari till., þvert á móti. En það gæti verið að till. gæti verið markvissari ef tekið væri tillit til þessara aðstæðna, sem fyrir hendi eru, og þess, sem verið er að gera í þessu efni. En með þessum fáu orðum vildi ég fyrst og fremst leggja áherslu á það, að till. er hin þarfasta og fjallar um hið mikilvægasta mál.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vestf., fyrir jákvæðar undirtektir hans. Ég veit, eins og hann segir, hvað er að gerast varðandi úttekt á orkubúskap, og lít ekki á það að ákvörðun um svo stórt mál yrði beinlínis tekin með svona till., heldur er þetta haft með vegna þess, að úttektin eða efni hennar þarf auðvitað að vera forsenda fyrir því, að hægt sé að taka til starfa á sviði orkusparnaðar, svo að þetta getur vel fallið saman, fallið inn í það starf sem hefur verið falið Framkvæmdastofnun.

Það er líka rétt hjá hv. ræðumanni, að þetta mál heyrir undir Orkustofnun og mundi falla henni í skaut. En segja má að það sé algengara, ef ekki venja, að Alþ. beini máli sínu til ríkisstj., jafnvel þó að það sé í raun og veru að tala við einhverjar stofnanir sem heyra undir ráðh. Það var að sjálfsögðu ekki hugmynd flm., að t. d. orkumálaráðuneytið sjálft ætti að standa í þessu, heldur mundi það fela öðrum, og þá er rétt hjá hv. ræðumanni, að Orkustofnun er auðvitað augljósasti aðilinn.

En ég vil hvetja til þess, að sú n., sem lítur á þessa till., íhugi þessar aths. hv. þm. Ég legg ekki áherslu á orðalag eða formsatriði, ef sjálft meginefnið, sem við virðumst sammála um, kæmist til skila.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið til þess að lýsa ánægju minni yfir flutningi þessa máls, sem fjallar um að gerð verði úttekt á orkubúskap þjóðarinnar og hafnar markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun og draga úr henni eftir því sem kostur er á. Það var ekki mín ætlun að setja á langa eða eða undirbúna ræðu um þetta mál, svo sem að vísu vert væri. En það eru nokkrir þættir í þessu máli sem eru að mínum dómi mjög veigamiklir, eins og t. d. það sem kom greinilega fram í umr. í gær á Alþ., hversu misjöfn kjör fólks í landinu eru í sambandi við greiðslur eða kostnað af orku, sérstaklega þó rafmagni. Það þarf ekki að fletta neinum blöðum um að það er verulegur munur á í þessum efnum. Þetta er mjög mismunandi eftir ýmsum stöðum og eftir því hvaða fyrirtæki það eru sem þjóna þeim. Ég hygg að það sé verið að taka þetta saman og gera yfirlit um það. Ég álít að það sé mjög nauðsynlegt, vegna þess að þessi kostnaður skiptir tugum þúsunda á hvert heimili í landinu á ári og þarflegt og nauðsynlegt að vita hvernig menn búa í þessum efnum víðs vegar um landið. Ég er ekki svo fróður að geta gefið tæmandi upplýsingar um það, en það þurfa að koma fram tæmandi upplýsingar um þetta vegna þess að það eru verulegar fjárhæðir sem um er að tefla þegar hafður er í huga venjulegur búskapur meðalfjölskyldu.

Ég held að það væri ákaflega æskilegt, ef það gæti tekist um það samstaða þings og þjóðar, að breyta til um skipulag orkumála, en það er auðvitað einn þáttur þessa máls. Þau mál eru í athugun hjá n. sem ég hygg að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, sem hér var seinast að tala, er formaður í. Það er ekkert launungarmál, hvaða stefnu við í Framsfl. höfum í þessum málum. Hún er einfaldlega á þá leið, að við teljum eðlilegast að eitt fyrirtæki, sem gæti heitið Landsvirkjun, byggði og ræki raforkuverin í landinu, legði hringtengingu um landið og seldi raforku í heildsölu. Síðan væri hægt að stofna fyrirtæki í einstökum landshlutum sem tækju við orkunni og þjónuðu sínum svæðum.

Ég held að þessi þáltill. sé þarft og gott mál og innlegg í þessi mál sem sífellt eru að verða í raun og veru þýðingarmeiri og þýðingarmeiri, vegna þess að orkan verður sífellt dýrari og dýrari og það er að verða minna um hana. Það kann að vera að menn séu nokkuð svartsýnir í spádómum um ástand veraldarinnar í orkumálum. Menn hafa stundum spáð því, að ýmsar þýðingarmiklar orkulindir væru á þrotum, eins og t. d. kol og olía og ýmislegt fleira. En ég hygg þó að reyndin sé sú, að orkumálin verði e. t. v. eitt erfiðasta vandamál mannkynsins áður en langt um líður. Þess vegna er þýðingarmikið fyrir okkur að reyna að mynda um þessi mál samstöðu. Þetta er í sjálfu sér ekki kannske flokkspólitískt mál, í raun og veru ekki. Mynda þyrfti um þessi mál samstöðu og þjappa mönnum saman til stærri átaka til þess í senn að spara orku og nýta þá framleiðslu, sem fyrir hendi er, sem allra, allra best.

Ég vil aðeins með þessum fáu orðum lýsa stuðningi við þá stefnu sem kemur fram í þessari þáltill.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Í þáltill. þeirri, sem hér er til umr., er vissulega hreyft mikilsverðu máli. Mig langar til að nota þetta tækifæri til að minnast á einn þátt þessara orkumála sem mér finnst við þurfa að gefa aukinn gaum, og það er jöfnun orkuverðs í landinu. Við vitum vel að orka, hvort sem hún er notuð til húsahitunar, matseldar, lýsingar eða til atvinnurekstrar, er verulega misdýr í landinu. Það er ekki einungis að raforkan, sem allir nota, sé mjög misdýr eftir því hverjir selja hana í smásölu, heldur er það mjög misjafnt hvaða kjörum menn verða að sæta, einstaklingarnir, um orkukostnað til annars heimilishalds en matseldar og lýsingar, svo sem upphitunar.

Ég ætla ekki að fara að gera neinn tæmandi samanburð á þessum hlutum, en mig langar að

segja hér frá því, að ég hef fengið nýlega í hendur samanburð á raforkunotkun tveggja heimila. Annað býr við orkusölu Rafmagnsveitna ríkisins, en hitt við orkusölu í kaupstað þar sem er sérstök rafveita fyrir kaupstaðinn. Samanburðurinn er um heimilisnot, svokallaðan taxta D1 hjá rafmagnsveitu í viðkomandi kaupstað og taxta 21 hjá Rafmagnsveitum ríkisins, en þessir taxtar eru taldir hliðstæðir. Miðað er við 100 m² íbúð með þremur svefnherbergjum, stofu og eldhúsi og 300 kwst. notkun á mánuði eða um 3600 kwst. notkun á ári, og verðið er miðað við það verð sem var í febrúar s. l. Þá verður niðurstaðan sú, að annar þessi aðili þarf að greiða að meðtöldum söluskatti 56 776 kr. yfir árið, en hinn aðilinn 109 780 kr. Það er tæplega helmingsmunur á verðinu hjá þessum tveimur heimilum, eftir því hvort þau njóta orkusölu frá rafveitu kaupstaðar eða í hinu tilfellinu, sem er að vísu tekið úr kaupstað líka, þar sem orka er seld frá Rafmagnsveitum ríkisins. Þetta er aðeins einn hluti af þeim verðmun sem er á orkunotkun í landinu, þeirri sem seld er almenningi, og þó að þetta séu ekki mjög háar tölur kannske, frá tæpum 57 þús. og í nærri 110 þús., þá er þarna um mjög mikilsverðan aðstöðumun að ræða. Það er rétt að geta þess, sem er athyglisvert í þessu sambandi, að sá aðili, sem býr við lægra orkuverð, borgar til ríkisins í skatt og verðjöfnunargjald 14 088 kr., en hinn aðilinn, sem verður að borga orkuna dýrara verði, borgar til ríkisins og í verðjöfnunargjald 27 239 kr. Þarna er um verulega skattheimtu að ræða á því heimilinu sem býr við dýrari orkuna. En ég vil endurtaka það, að þessar tölur eru með í verðinu sem ég nefndi áðan.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé alls ekki vansalaust að færa þetta ekki til sæmilegs samræmis, og ég er þeirrar skoðunar raunar líka, að það sé ekki hægt að nema staðar við raforkuna eina. Það eru aðeins venjuleg heimilisnot í frekar lítilli íbúð hjá fjölskyldum af svipaðri stærð sem þarna eru tekin til meðferðar. Ég hef nú ekki nákvæmlega fjölskyldustærðina, en þarna er ekki um að ræða stórar fjölskyldur.

Það er ekki síður munur á upphitunarkostnaðinum. Hann er kannske í raun og veru miklu stærra mál, en um það hef ég nú ekki núna handbærar tölur. (**Gripið fram í:** Ég held að það séu 4 manna fjölskyldur.) Þetta sé 4 manna fjölskylda. Þetta var reyndar gert alveg sérstaklega og höfð alveg sérstök dæmi í huga. Þessar upplýsingar eru ekki frá yfirvöldum í þessu efni, heldur tekið raunhæft dæmi úr daglegu lífi og af manni sem hefur á þessu þekkingu.

Við eigum að vísu langt í land að jafna laun í landinu, og ég get gjarnan sagt það hér, að ég er þeirrar skoðunar, að tekjumismunur í þessu þjóðfélagi sé alltof mikill. En við höfum þó í aðalatriðum jafnað launin á þann hátt, að það er lítill munur á kauptöxtum eftir landshlutum. En það er mikill munur á ýmsum þáttum framfærslukostnaðar eftir landshlutum, og ég tel að það eigi að vera í raun og veru miklu auðveldara mál að jafna framfærslukostnað eftir landshlutum heldur en nokkurn tíma að jafna kaupgjald milli hinna ýmsu starfshópa. Þar tel ég að vísu að hljóti að vera hægt að komast miklu lengra og miklu nær heilbrigðri skynsemi heldur en mér finnst að nú ríki í þessum málum. En hinu er ekki að leyna, að eftir því sem ég best veit hafa verið háðar á undanförnum árum margar orrustur til þess að jafna kjör manna, a. m. k. eftir því sem yfirlýst hefur verið í upphafi hverrar slíkrar orrustu. Ég held að þessi þáttur orrustunnar, sá að jafna kjörin, hafi yfirleitt tapast og því miður jafnvel stundum farið svo, að manni hefur sýnst að í stað þess að jafna kjör, þá hafi stundum komið út úr launabaráttunni þveröfug niðurstaða. En ég ætla ekki að fara að gera þessi mál hér að umræðuefni. Ég vil koma því hér á framfæri, að ég tel það einn mikilvægasta þáttinn í sambandi við orkumálin, hvort sem það er sá þátturinn, sem hér er sérstaklega að vikið, að spara orkuna og gera úttekt á því, hvernig við getum nýtt hana best, eða aðrir þættir þessara mála, að það sé sjálfsagt jafnréttismál, að orka sú, sem við verðum að nota til heimilishalds og til almenns atvinnurekstrar, sé seld á sama verði um allt land og eftir því sem frekast verður við komið samræmt verð á þeim orkutegundum sem við verðum að nota, misjafnar eftir því hvar við erum staðsett í landinu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það með öðrum þeim, sem hér hafa talað um þessa till., að mæla með henni. Ég tel að hún sé um mál, sem rétt er að veita meiri athygli en gert hefur verið. Við Íslendingar notum býsna mikla orku. Við þurfum á því að halda, okkar þjóðarbúskapur er þannig gerður. Innfluttir orkugjafar kosta okkur mikinn erlendan gjaldeyri á hverju ári, og innlendir orkugjafar kosta vissulega mikið líka. Það er því ekki alveg þýðingarlaust, hvernig farið er með orkuna. Ég held að við gætum sparað allmikið, ef hafinn væri verulegur áróður í þeim efnum og leiðbeiningar. Þá væri það hægt, og það er sem sagt góðra gjalda vert. En hins vegar er nú ekki hlaupið að því á öllum sviðum.

Ég ætla nú ekki, þó ég taki á þennan hátt undir þessa till., að hefja hér miklar almennar umr. um orkumálin eða það, hvernig við förum með okkar orku, en hlýt þó að minna aðeins á það, að það verður ekki um þessi mál þannig talað að ekki sé vakin athygli á því, hvað við látum mikið af orku frá okkur, Íslendingar, fyrir lítið verð, á sama tíma sem við verðum aftur að leggja okkur til orku fyrir mikið verð eftir öðrum leiðum. Það er auðvitað ómögulegt annað en að hafa þetta einnig í huga, að við nýtum þá vel okkur til handa og skynsamlega þá orku sem við eigum yfir að ráða.

En það voru alveg sérstaklega nokkur ummæli sem komu fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., Inga Tryggvasyni, sem gerðu það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs. Hann minntist á það sanngirnismál, að unnið yrði að því að tryggja landsmönnum öllum orku á sem sambærilegustu verði eða helst jöfnu verði. Ég vil taka undir þetta sjónarmið. En þó að æðioft sé um þetta talað og yfirlýsingar um þetta gefnar, þá miðar lítið í þessa átt, og það er óhjákvæmilegt að minna menn á þá staðreynd.

Það er ekki lengra síðan en í gærdag, að ég

gaf hér upplýsingar, sem ég hygg að mörgum hér í Alþ. hafi þótt býsna athyglisverðar, um mismun á raforkuverði frá ríkisfyrirtækinu Rafmagnsveitum ríkisins og hins vegar frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem tekin var til viðmiðunar. Ég gat þess í minu máli, að ég hefði fengið þessar upplýsingar frá fjármálalegum rekstrarstjóra Rafmagnsveitna ríkisins einmitt þá um morguninn. Upplýsingar hans voru þær, að svonefndur heimilistaxti, sem allir þekkja í sambandi við rafmagn, var nú hvorki meira né minna en 86% hærri hjá Rafmagnsveitum ríkisins heldur en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Stærri iðnfyrirtæki, eins og frystihús og verksmiðjur og mörg önnur iðnfyrirtæki, verða að greiða taxta sem er 86% hærri en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og fjöldamörgum öðrum rafveitum. Húsahitunartaxtinn hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur var 84% hærri og svonefndur ljósataxti var yfir 100% hærri. Það vakti líka athygli mína, að á þann hátt sem ég sagði frá þessu hér á þingi og kom síðan með ákveðna fyrirspurn til hæstv. forsrh. um það, hvort ríkisstj. sæi ekki ástæðu til þess eða hugsaði sér ekki að gera einhverjar ráðstafanir til þess að jafna þennan herfilega mismun sem þarna væri orðinn, þá þótti fréttamönnum, þeim sem hér hlusta á, m. a. frá ríkisfréttamiðlum, ekki fréttnæmt að segja frá því, hver væri verðmunurinn á rafmagni frá Rafmagnsveitum ríkisins og t. d. Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Íslenska Ríkisútvarpið, sem sagði frá þessum umr., steinþagði um þessar nýju upplýsingar, sem voru gefnar, eins og þetta væri engin frétt. Hins vegar þótti fréttnæmt að segja mönnum frá því, að ríkisstj. hefði ákveðið að hækka einn af þessum töxtum um 25%, húsahitunartaxtann. Það fengu menn að vita, að hann hefði verið hækkaður um 25%, en það mátti ekki segja frá því, að verðið, áður en þessi hækkun kom til, hefði þegar verið 84% hærri hjá þeim, sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins. Frá því var ekki skýrt. Nú á þessi taxti, húsahitunartaxtinn, að verða 130% hærri. Það verður gaman að sjá, hvort fréttamenn hér frá Ríkisútvarpinu sjá ástæðu til að segja frá því, að svona sé komið, eða hvort þeir heyra þetta ekki eða sjá ekki eða þetta er ekki fréttnæmt.

Það er nefnilega svo, að það hefur ekki þótt ýkjafréttnæmt eða það virðist ekki komast mjög langt áfram, þó að mismunurinn sé svona hroðalegur eins og þessi dæmi eru um. Og því miður hefur einnig farið svo hér á hv. Alþ., að þó að einstakir stjórnmálaflokkar og margir þm. hafi haft orð um þetta misrétti æ ofan í æ, þá gerist ekkert annað en það, að það dregur í sundur, misréttið eykst. Ég vil t. d. minna á það, að legið hefur fyrir þessu þingi og lá fyrir síðasta þingi líka till. frá okkur Alþb.-mönnum um að afnema söluskattinn af rafmagni. Sú till. hefur auðvitað lengst komist í n., og svo er það búið. Síðan er auðvitað talað um það við ýmis tækifæri, að þetta séu herfileg rangindi, að vera að leggja þennan söluskatt á og láta þá aðila í landinu borga enn þá meiri skatt til ríkisins sem verða að borga hærra rafmagn. Vissulega er þarna um óréttlæti að ræða. En það verður hver og einn að spyrja sig um það, hvernig stendur á þessu. Þetta er ekki eitt af því sem kemur bara einhvers staðar af himnum ofan, þetta er ákveðið af mönnum.

Þegar sú ákvörðun var gerð hér á Alþ. fyrir nokkrum árum að ákveða sama verð á olíu og bensíni um allt land gekk það ekki hljóðalaust hér á Alþ. Ég vil aðeins minna á það: það gekk ekki hljóðalaust. Lög, sem þá voru sett um þetta, þýddu auðvitað að grunnverð á olíum hækkaði hér á Reykjavíkursvæðinu, eins og innflutningsskipulagið var þá. Það hækkaði á sama tíma sem verðið lækkaði auðvitað annars staðar á landinu við þetta jöfnunarfyrirkomulag. Hér urðu hörkuumræður um þetta mál dag eftir dag og viku eftir viku í þinginu, og það varð að takast samkomulag á milli manna úr öllum flokkum til að knýja málið í gegn. Ég er á þeirri skoðun, að það sama verði að gerast nú, að það sé engin leið að koma á jöfnuði í þessum efnum, — eflaust tekur það okkur nokkuð langan tíma að koma hér á fullum jöfnuði, — en það er engin leið að koma á jöfnuði nema einstakir þm., sem hafa komið auga á þetta misrétti, sameinist, hvernig svo sem þeir hafa skipað sér í flokka, og knýi þessa breytingu fram.

Það óréttlæti var verið að tilkynna um í gær af hæstv. ríkisstj., að hún ákveður að hækka húsahitunartaxta hjá nokkrum hluta landsmanna, þá sem voru þegar fyrir 84% hærri en víðast annars staðar á landinu, að gleðja þá, sem þannig stóð á fyrir, með því að hækka þennan taxta enn um 25% og gera hann þar með 130% hærri en hliðstæðir húsahitunartaxtar eru annars staðar. Auðvitað hefðu menn ekki átt að taka þessu þegjandi, og enn þá síður þegar það fylgdi að ríkisstj. ætlaði að setja sérstaka n. til að rannsaka alla taxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins með tilliti til fjárhagserfiðleika stofnunarinnar og auðvitað þá með það í huga að hækka þá líka.

Í þeim umr., sem hér fóru fram í gær, lagði ég á það áherslu, að ég teldi að það yrði a. m. k. að draga úr þeim mikla mismun sem þarna væri kominn upp, það yrði að vera fyrsta skrefið. En það er auðvitað alveg rétt, að það geta verið einhverjar deilur um það, hvernig eigi að koma slíkri breytingu á. Ég er á þeirri skoðun, að það sé ekki rétta leiðin, eins og sakir standa, að hækka verðjöfnunargjaldið sem í gildi er og er þegar orðið 13% og sýndi sig að vera nægilegt miðað við þá taxta sem þá voru í gildi, bæði á árinu 1975 og 1976, en var það ekki á árinu 1977. Ég mundi þó hiklaust frekar samþ. að hækka verðjöfnunargjaldið frá því sem það er núna, ef ekki tekst samkomulag um annað til þess að ná fram þessum jöfnuði. En ég álít að það séu til aðrar leiðir til að ná þessu marki um jöfnun sem séu miklu réttlátari og eðlilegri.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að það er rétt, sem kom fram í umr. í gær hjá hæstv. iðnrh., að Rafmagnsveitur ríkisins eru ekkert venjulegt rekstrarfyrirtæki sem er rekið algjörlega út frá peningalegu sjónarmiði viðskiptaaðilanna sjálfra. Þetta er þjónustufyrirtæki sem ríkið á, og það hefur verið látið taka á sig ýmis útgjöld sem vitanlega flokkast undir allt annað en venjulegan rekstur sem á að borga sig. Því er vitanlega ekki sanngjarnt á neinn hátt að þeir, sem eftir sitja sem viðskiptamenn Raf-

magnsveitna ríkisins, eigi að standa undir öllum þeim kostnaði sem þegar er búið að setja á þessa stofnun, og enn ósanngjarnara væri það í sjálfu sér eftir að t. d. búið er að skipta Orkubúi Vestfjarða út úr með þeim hætti sem það var gert. Ég deili ekki um það á neinn hátt, en þar var vitanlega um það að ræða að skilja eftir allverulegan hluta af hinum mikla stofnkostnaði Rafmagnsveitna ríkisins og létta þeim stofnkostnaði af Orkubúi Vestfjarða. En er þá nokkur sanngirni í því, að þá sé sagt við hina, sem áfram skipta við Rafmagnsveitur ríkisins: Nú takið þið þennan hluta af hinum mikla stofnkostnaði og standið undir honum líka með ykkar raforkukaupum? — Auðvitað leiðir svona stefna aðeins til þess, að þeir, sem enn þá skipta við Rafmagnsveitur ríkisins, brjótast út úr, þeir neita að skipta við þetta fyrirtæki ef á að mismuna mönnum á þann hátt sem gert hefur verið.

Það er auðvitað enginn vafi á því, að það var sanngjarnt og eðlilegt að ráðast í viðgerðirnar á strengnum til Vestmannaeyja og þær umbætur sem þar voru gerðar. En það var eðlilegt að það hefði verið gert ekki aðeins á kostnað Rafmagnsveitna ríkisins og þeirra, sem skipta við þá stofnun, heldur á kostnað þjóðarheildarinnar. Hví skyldu þá Landsvirkjunarmenn ekki eiga alveg eins að standa undir því, eins og út af fyrir sig fólk á Vestfjörðum og á Austfjörðum og Norðurlandi sem skiptir við Rafmagnsveitur ríkisins? Og þannig er auðvitað hægt að telja mörg fleiri dæmi, að það er ekki hægt, eins og hæstv. iðnrh. sagði, að líta á Rafmagnsveitur ríkisins þannig, að þær séu reknar eingöngu sem rekstrarfyrirtæki þar sem viðskiptaaðilar verði að standa undir öllum útgjöldum stofnunarinnar.

Ég vildi aðeins koma þessu að gefnu tilefni inn í þessar umr. Um leið og ég tek undir þá stefnu sem kemur fram í till., og ég tel að sú stefna sé réttmæt, þá vil ég segja það, að það er líka rétt þegar rætt er um þann hluta þessa máls að reyna að tryggja öllum landsmönnum nægilega orku og við sanngjörnu verði og við sem jöfnustu verði til alls fólks í landinu, þá verða menn að veita því athygli, hvernig þessi mál yfirleitt standa. Þó að komi fram fréttir sem segja frá þessu misrétti, þá þykir það yfirleitt ekki fréttnæmt og ekki sagt frá því. Fréttamiðlar liggja á því, neita að segja frá því. Það er furðulegt. Auðvitað er hins vegar sagt frá því, hverju forsrh. hafi svarað spurningu sem ekki var greint frá. Það er mál út af fyrir sig. En þetta er ekkert nýtt í frásögn um þessi mál. Ég vek athygli á því, að það ber mjög á þessu, að það þyki ekki stórfrétt að segja frá þessum herfilega mismun. Ég vek einnig athygli á því, að hv. þm., sem hafa komið auga á þetta misrétti og vilja leiðrétta það, það stendur á þeim að taka á málinu frekar en aðeins að orða það endrum og sinnum.

Þetta misrétti er orðið svo mikið, að það verður ekki þolað lengur, og allra síst að menn þoli að láta rétta sér slíkt ofan á misréttið, að þá skuli ríkisstj. taka ákvörðun um að auka misréttið frá því sem áður var. Slíkt er auðvitað hneyksli. Það er ekki í miklu samræmi við það sem hér var gert á sínum tíma, eins og ég minntist á, þegar ákveðið var jöfnunarverð á bensíni og olíu. Þeir, sem vilja halda sér að einhverju leyti við þá stefnu, ættu að þora að taka á því máli að vinna að því að jafna þennan aðstöðumun fólksins í landinu í sambandi við raforkuverð. Og ég endurtek það, að þó að ég telji aðrar leiðir vera miklu réttlátari og eðlilegri til að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins en að hækka hið svonefnda verðjöfnunargjald, þá mundi ég þó standa með slíku frekar en að þola það misrétti áfram sem þarna er. Það verður þó frekar að taka þann kostinn sem er nr. 2, ef ekki getur fengist samkomulag um að gera það sem ég tel nr. 1 og er réttlátara, en það er auðvitað að ríkið sem heild verður að taka á sig hluta af byrðinni af þeim stofnskuldum sem Rafmagnsveitur ríkisins eru komnar í. Ekkert annað en að ríkisheildin öll standi undir þeim kostnaði, engin önnur leið er eðlileg eins og komið er.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hefði ekki kvatt mér hljóðs við þessar umr. nema vegna nokkurra atriða sem fram komu í ræðu hv. þm. Inga Tryggvasonar. En áður en ég vík að því vil ég aðeins lýsa fylgi mínu við þessa þáltill. Það er ekkert vafamál, að það er full þörf og nauðsyn á að vinna markvisst að því að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar, og ég get því fyllilega lýst samþykki mínu við þessa þáltill. En eins og ég sagði áðan, ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, voru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Inga Tryggvasonar, þar sem hann fjallaði miklum mun almennara um orkumálin heldur en þessi þáltill. kannske gæfi tilefni til.

Hv. þm. Ingi Tryggvason gerði nokkurn samanburð á orkuverði á hinum ýmsu svæðum og sagði réttilega að það væri brýn þörf á því og nauðsyn að vinna að því, að sem fyllstur jöfnuður næðist í orkuverði í landinu. Ég efast ekki um að hv. þm. er þessarar skoðunar og kannske fleiri hv. þm. Framsfl. En það hlýtur að vekja athygli, að strax daginn eftir að ráðh. Framsfl. samþ. í ríkisstj. að auka þennan mismun, sem fyrir var, og gera hann meiri með því að hækka um 25% þann taxta á húshitun, sem fyrir var, þá skuli þm. Framsfl. koma hér upp daginn eftir á Alþ. og fara að tala um þann herfilega mismun sem fyrir hendi sé og þurfi nauðsynlega að laga. Þetta gefur tilefni til þess að spyrja þennan hv. þm. og þm. Framsfl., aðra en hæstv. ráðh. — þeir hafa svarað: Eru þeir andvígir þessari hækkun, 25% hækkun á húsahitunartaxtanum sem ríkisstj. ákvað í gær? Eru þeir á móti henni eða hafa þeir samþ. hana? Ég held að það hljóti að vera, að hv. þm. Ingi Tryggvason, eftir því sem hann talaði hér áðan, hljóti að vera á móti þessari hækkun ella er ekkert samræmi í málflutningi hans.

En það er ekki bara þetta sem kemur spánskt fyrir, þegar sumir hverjir hv. þm. Framsfl. tala í þessum efnum. Hv. þm. Ingi Tryggvason gerði hér samanburð einungis á raforkuverði. Nú er auðvitað sú orka, sem hvað tilfinnanlegust er varðandi fjárútlát, það er sá kyndingarkostnaður sem er á þeim landssvæðum sem þurfa að búa við olíuupphitun á sínum híbýlum. Hann kom

að vísu aðeins inn á það hér áðan, en það er þó miklu, miklu meira ranglæti, sem þar er á ferðinni, að ætla þessum íbúum, sem búa víðs vegar á Vestfjörðum, Austurlandi, Norðurlandi, að standa undir þessum drápsklyfjum vegna þess orkuverðs, sem þar er um að ræða, heldur en þó er í samanburði við annars vegar taxta frá Rafmagnsveitum ríkisins og hins vegar taxta frá t. d. Rafmagnsveitum Reykjavíkur, eins og dæmi hafa verið tekin um. En hvað hafa þá fulltrúar Framsfl. gert í þessum efnum til að minnka þennan mun sem er annars vegar milli þeirra, sem þurfa að borga olíukyndinguna, og hins vegar þeirra, sem hafa aðra hitagjafa?

Ég held ég muni það rétt, að það var 1973 sem olíustyrkurinn var upp tekinn, — það sé rétt munað hjá mér, að það væri árið 1973. Sá styrkur var til þess ætlaður eingöngu að minnka þann gífurlega mun sem var milli þeirra aðila, sem þurftu að hita hús sín með olíu, og hinna, sem gátu hagnýtt sér aðra orku. En eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, allt frá árinu 1974 hefur þessi styrkur til þessara aðila, sem fyrst og fremst áttu hans að njóta og á honum þurftu að halda, sífellt farið minnkandi þrátt fyrir stórkostlega hækkun á olíuverði. Þetta gerist allt, að því er virðist, með blessun Framsfl. og kannske ætti frekar að segja undir forustu Framsfl. Það hlýtur því að vekja furðu þegar einstakir þm. Framsfl., sem ekki hefur verið vitað til að hafi ætmt eða skrætmt á einu eða neinu stigi þegar svona ákvarðanir hafa verið teknar, skuli koma hér upp daginn eftir að hæstv. ríkisstj. ákveður og ráðh. Framsfl. standa að því að gera þennan mismun miklu meiri en hann var fyrir. Þessi 25% hækkun á hitataxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins er samþ. af framsóknarráðh. án þess að nokkur hækkun hafi átt sér stað t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem menn eru að bera sig saman við. Framsóknarráðh. standa að þessari hækkun, þrátt fyrir það að engin hækkun hafi orðið hjá öðrum rafveitum, og auka þannig muninn. Það gefur tilefni til þess að spyrja a. m. k. þennan hv. þm. og raunar fleiri þm. Framsfl. og hæstv. ráðh. hans, sem að vísu er enginn nú viðstaddur, hvort þeir hafi verið algjörlega andvígir því að fara þó fremur í hækkun á verðjöfnunargjaldinu heldur en að auka svona muninn á milli þeirra aðila, sem hér um ræðir, með þessari sérstöku hækkun á hitataxta íbúðarhúsnæðis. Vildu þeir heldur skattleggja enn frekar þessa einstaklinga, sem þurfa að nota rafmagn til húshitunar, heldur en að hækka eitthvað verðjöfnunargjaldið í heild, sem kæmi þá á fleiri aðila? Ég tala nú ekki um það, sem er auðvitað réttast og sanngjarnast, ef menn á annað borð hafa einhverja tilfinningu fyrir sanngirni nú orðið, sumir hverjir a. m. k., þá er auðvitað sanngjarnast að það verði þjóðarheildin sem beri þessar byrðar sem hér um ræðir, en ekki fyrst og fremst haldið áfram að leggja auknar byrðar á þá sem borga mest fyrir. En það er engu líkara en a. m. k. ráðh. Framsfl. hafi kosið fremur að auka byrðarnar á þeim einstaklingum, sem nota rafmagn til húshitunar, heldur en að láta alla þjóðfélagsþegna standa undir því.

Hvað sem einstökum þm. Framsfl. líður, hvort sem þeir koma hér upp fleiri en hv. þm. Ingi Tryggvason og mæla á svipaðan hátt og hann gerði, þá verður Framsfl. og hans þinglið ekki undanskilið því, að það hefur staðið að því sem hefur verið að gerast í þessum málum á undanförnum árum. Hann hefur staðið að því að minnka stórlega þann styrk, sem upphaflega var ætlaður til þeirra sem nota olíu til kyndingar sinna híbýla, og hann stendur að því nú síðast í gær að auka stórlega þann mismun og þann ójöfnuð, sem var fyrir að því er varðar orkuverð milli hinna ýmsu þegna í landinu. Þessu geta framsóknarmenn ekki af sér vikið, þessu hafa þeir staðið að.

Ég hef áður tekið það fram, og það verður aldrei of oft tekið fram, hversu gífurlegar byrðar það eru sem lagðar eru á herðar þess fólks víðs vegar um landið, sem verður að nýta olíu til upphitunar á íbúðum sínum. Hér er um svo stórkostlegan útgjaldalið að ræða, að það má furðulegt teljast að stjórnvöld, ég tala nú ekki um stjórnarþm. af þessum svæðum sem hér um ræðir, skuli bókstaflega ekkert gera annað en að láta orð um það falla einstaka sinnum að hér þurfi bót á að ráða. Það fer alltaf á verri veginn. En á sama tíma geta þessir hv. þm. Framsfl. flestir hverjir, sem betur fer ekki allir, staðið á því að selja útlendingum orku á miklu minna en kostnaðarverði, á sama tíma og á henni er í sumum tilvikum okrað á Íslendingum sjálfum. Þetta eru þeirra verk.

Eg skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð öllu fleiri. En aðeins út af því, sem fram kom hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni út af ríkisfjölmiðlunum, þá dreg ég ekkert í efa að það sé rétt, sem hann sagði hér áðan. En guð hjálpi okkur hinum, ef hv. 2. þm. Austurl. þarf að kvarta yfir því að hafa ekki fengið inni í fjölmiðlum það sem hann hefur látið frá sér fara hér á hv. Alþingi! Hvað þá með okkur hina? Það er auðvitað staðreynd og það er ekki að gerast fyrst núna, það gerðist ekki bara í gær, það er alltaf að gerast, að það er mismunandi sem fulltrúar ríkisfjölmiðlanna láta frá sér fara eftir því hver einstaklingur á í hlut eða flokkur. Það er ekki að gerast bara núna. Þetta hefur líklega gerst svo árum skiptir, eða a. m. k. hefur það gerst síðan ég fór að fylgjast með fréttaflutningi héðan frá Alþ. og getað borið hann saman við það sem fram fer hér í raun og veru. Ég segi þetta ekki til að réttlæta það, að ekki skyldi vera meira sagt frá því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér í gær, því vissulega var margt af því athyglisvert. En sé svo komið, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson þurfi að kvarta undan fréttaflutningi af ummælum hans hér á Alþ., hvað þá með okkur hina, sem alltaf höfum verið að verulegu leyti settir hjá. (Gripið fram í.) Ég efast um að þó að sessunautur hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar hlaupi undir bagga með honum, að það verði finnanlegt sem röksemdir, að í þessum tilfellum hafi ég talað hér meira en hv. þm. Lúðvík Jósepsson, þannig að það eru ekki rök í málinu þó að hv. þm. Lárus Jónsson vilji hlaupa undir bagga með sessunaut sínum í þessum efnum.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er nú svo, að ég var búinn að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirrar þáltill. sem hér er til umr. En inn

í þessar umr. hafa fléttast ýmis önnur málefni, þó skyld, þannig að ég vonast til að hæstv. forseti leyfi stuttar aths. af minni hálfu. Ég skal stytta mál mitt að því leyti sem ekki kemur beint við þeirri tillögu, sem hér er til umr.

Ég vil fyrst víkja örfáum orðum að mismuninum á raforkuverðinu og taka undir það sem hér hefur komið fram. Það er í raun og veru engin nýjung af hálfu okkar framsóknarmanna, að við erum fylgjandi jöfnu raforkuverði um allt land. Það er yfirlýst stefna Framsfl., þó að mér detti ekki í hug að það sé hægt að koma þeirri stefnu á í einni svipan. Það er annað mál. En það er sú langtímastefna sem Framsfl. hefur lýst yfir um árabil að hann sé fylgjandi.

Ég held að það sé erfitt að koma þessu við nema annaðhvort á þann hátt að beita verðjöfnun á raforku, eins og hefur komið fram hjá ýmsum öðrum þm., eða skattlagningu sem verði síðan notuð til þess að jafna verðið. Hins vegar held ég að sú stefna sé miklu líklegri til árangurs að breyta um skipulag þessara mála. Í staðinn fyrir að það eru mörg fyrirtæki sem standa að því að byggja orkuver víðs vegar um landið, þá sé það fyrst og fremst eitt fyrirtæki sem standi að því að byggja og reka orkuverin. Það gefur auga leið, að það fyrirtæki, Landsvirkjun, sem hefur það verkefni að byggja orkuver og þjóna þéttbýlissvæðunum hér á Suðvesturlandi, býr að sjálfsögðu við svo margfalt betri rekstrarskilyrði en önnur fyrirtæki, að það hlýtur að verða auðvelt að selja raforku til notenda á miklu lægra verði en nokkur tök eru á frá tiltölulega litlum fyrirtækjum sem eiga að þjóna stórum landssvæðum. Þess vegna held ég að það sé raunhæfasta leiðin í þessum efnum að stuðla að því að gera Landsvirkjunina að landsvirkjun sem byggi orkuverin, selji orkuna í heildsölu, leggi línurnar hringinn í kringum landið og síðan geti menn eftir atvikum í landshlutunum stofnað fyrirtæki sem kaupa orkuna í heildsölu og dreifa henni til notenda.

Ég get vel sagt frá því, að ég var ekkert kátur yfir því sem lýst var yfir hér í gær um að hækka raforkuverðið, þegar af þeirri ástæðu að ég er þm. fyrir Austurland, sem er, eins og kunnugt er, þjónað af Rafmagnsveitum ríkisins. Hins vegar er alveg ljóst, að það verður auðvitað að leysa þann fjárhagsvanda sem þar er um að tefla, til þess að þetta fyrirtæki geti haldið áfram þeirri þjónustu sem því tilheyrir. En mér skilst að sú stefna, sem kemur fram í þessari verðlagningu, sé þannig, að t. d. á Austurlandi eigi menn að búa við sama upphitunarverð, þeir sem hita hús sín með raforku og olíu. Mér skilst að þannig hafi stefnan verið mörkuð. Og ég vonast til þess, að sá skilningur minn sé réttur, að þá sé tekið tillit til olíustyrksins. Þetta hef ég ekki haft aðstöðu til að kanna, en vona að svo sé.

Það kom fram hjá hv. þm. Vestf., að olíustyrkurinn væri notaður minna til þess að jafna á milli heldur en gert var áður. Ég vil geta þess í því sambandi, að það fé, sem kemur inn vegna álagningar eins söluskattsstigs í því skyni að jafna hitunarkostnað, hefur verið notað aðallega í tvennum tilgangi: annars vegar til þess að jafna hitunarkostnaðinn beint og hins vegar til þess að flýta lagningu hitaveitna í þeim tilgangi að sem flestir fái sem fyrst hitaveitur, þess vegna fækki þeim sem þurfa að hita híbýli sín upp annaðhvort með rafmagni eða olíu og þess vegna verði styrkurinn hærri í hlut hvers og eins fyrr en ella. Um þetta má auðvitað deila. Ég get t. d. sagt frá því, að ég var fylgjandi því sjónarmiði að jafna styrknum. Aðrir höfðu önnur sjónarmið og þau eiga rétt á sér. Það er auðvitað mikið hagsmunamál að flýta lagningu hitaveitna svo sem unnt er til að komast hjá því að nota alla þá olíu til upphitunar eða rafmagns sem nauðsyn ber nú til.

Ég verð að segja það, að ég hef orðið fyrir dálitlum vonbrigðum með þá staðreynd, að upphitun með raforku virðist vera miklu dýrari en menn töldu um sinn, sérstaklega þegar um er að ræða beina raforkuupphitun. Ég held að leiðin til hagsbóta í þessu efni sé fólgin í því að koma upp fjarvarmaveitum sem nota bæði rafmagn og olíu og þá sérstaklega svartolíu til þess að hita upp heil bæjarhverfi eða jafnvel heil kauptún eða kaupstaði, það sé sú stefna sem beri að marka þar sem menn sjái ekki horfur á að möguleikar verði á að hagnýta heitt vatn til upphitunar.

En ég vil gjarnan láta koma fram það sjónarmið, að ég er frekar fylgjandi því að leggja á verðjöfnunargjald til þess að leysa vandamál Rafmagnsveitna ríkisins nú heldur en að hækka taxtana eins og gert hefur verið.

Varðandi það að afla tekna úr ríkissjóði í þessu skyni, þá þýðir það auðvitað að menn verða að vera viðbúnir því að afla tekna. Og ég skil t. d. hv. 2. þm. Austurl. þannig, að hann sé reiðubúinn til að afla tekna í ríkissjóð til að leysa svona vandamál. Ég skil hann þannig, og það er vissulega leið sem kemur til álita.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áður, að ég álít að það sé mjög brýnt að auka á samstöðu þings og þjóðar um þessi málefni. Hér er um að ræða hagnýtingu á e. t. v. annarri þýðingarmestu auðlind þjóðarinnar. Annars vegar er landhelgin og fiskstofnarnir og hins vegar er orkan sem er í landinu, og er ákaflega þýðingarmikið að efla samstöðu í þessum málum og marka langtímastefnu sem á og þarf að tryggja í senn ódýra orku og með jafnvirði hvar sem er á landinu. Ég held að ef ekki er hægt að koma við nokkurn veginn svipuðu raforkuverði um allt land, þá hljóti það að hafa þau áhrif, þegar tímar líða, að það hvetji til fólksflutninga. Menn vilja ekki búa á landssvæðum þar sem er miklu dýrara að hita upp hús sín, vegna þess að þetta er þýsna stór þáttur í framfærslukostnaði fólks hér á Íslandi. Það þarf að marka skynsamlega stefnu í þessum efnum. Ég geri mér fyllilega ljóst og er sammála því sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að þetta tekur sinn tíma, þetta verður ekki gert í einni svipan. En þeim mun þýðingarmeira er að marka skynsamlega stefnu í þessum efnum og sem fyrst. Og ég vil ítreka það, að ég álít langlíklegustu stefnuna vera þá að stofna eitt stórt fyrirtæki sem framleiði raforku til allra landsmanna.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Um þessa till. til þál. um orkusparnað, sem aðrar till. sem

hafa verið ræddar um orkumál hér á Alþ. í vetur, hafa orðið miklar umr. og er ekki að undra.

Það er fróðlegt að heyra það hjá talsmönnum Framsfl. nú, að þeir lýsa sama áhuga og kemur fram í till. þeirra á þskj. 30 og var rætt hér í haust um betra og hagkvæmara fyrirkomulag í orkumálum. Ég vil gjarnan forvitnast um hvað þessari till. líður í n. Við töluðum með þessari till. og lýstum stuðningi við hana. Ég talaði þá fyrir hönd Alþfl. einn hér, og það var einnig talað fyrir hönd Alþb. Við lýstum allir áköfum og eindregnum stuðningi við till., og að verulegu leyti var tekið undir till. af hv. 3. þm. Vestf., þó að hann gerði eðlilega ýmsar aths. við hana. En ég fullyrði að ég muni það rétt, að hann lýsti skoðun sinni eða samstöðu um sumt í þessari till., sem eðlilegt var. En hvað dvelur þá ályktun um málið og atkvgr. á Alþ.? Það er engin afsökun, að hér sé alltaf verið að athuga málin og það sé n. að athuga málin. Við viljum fá það í ljós nú innan skamms, hve mikill meiri hluti er fyrir stefnumörkun í þessum málum og að hætta að jagast um þetta svona ár eftir ár, því það er búið að taka allt of langan tíma að marka hér ákveðna stefnu.

Þessi till. er einn þáttur í því að fá fram eðlilegan orkusparnað, og það er það sem nauðsynlegt er að fá. Maður getur ekki tekið það alvarlega þegar menn tala um að þeir séu með verðjöfnunarstefnunni og ákafir talsmenn hennar, þegar þeir láta viðgangast að umbjóðendur þeirra í ráðherrastól, vil ég segja, samþ. allt annað, gjörbreytta og öfuga stefnu. Ég marka ekki slíkar yfirlýsingar. Ég vil fá að reyna á það núna alveg á næstunni, hver afstaða manna er þegar allir þm. Framsfl. fyrir utan ráðh. standa að þessari till. á þskj. 30. Ég óskaði eftir þessu strax í októberlok eða nóvemberbyrjun, þegar till. var til umr. í haust, og vil fá þessa till. úr n., þetta er það mikið stórmál.

Till., sem hér er til umr., er um orkusparnað fyrst og fremst, og ég hef saknað þess, þó að það hafi komið fram í grg. og nokkuð í framsögu, að einn stór þáttur í orkusparnaði er skipulag á innkaupum og dreifingu á aðkeyptri orku erlendis frá. Það er olían og allt sem henni fylgir. Hvað skyldum við geta fengið olíudropann á miklu hagkvæmara verði ef hér væri eitt sterkt félag sem væri rekið á vegum ríkisins? Ríkið sér nú um öll kaupin. Ríkið ábyrgist allt. Það var fjöldi manns núna að semja um fyrstu viðskiptin við Portúgal, heil sendinefnd, jafnvel á annan tug manna. Hví þennan stóra hóp? Hví ekki tveir eða þrír valinkunnir menn? Varð ríkið að ábyrgjast allt og standa í öllu fyrir hópinn? Þetta kostar eitthvað, og einhver borgar flutninginn fram og aftur og þrefalda dreifikerfið og allt sem því fylgir.

Það má spara víða. Þessi till. gengur út á það. Að vísu er lögð áhersla á þrjú meginatriði, en þetta er eitt af þeim stóru málum. Það má spara mjög víða, svo sem að hafa flutningakerfi hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu með hagkvæmara móti. Það kostar mikið t. d. fyrir alþm. að koma hér daglega einn í bifreið til funda eða geta farið hringferð í almenningsvögnum, sem gengju hér hratt á milli. Þetta kostar allt eitthvað. Það kostar að vera „flott“. En við höfum ekki efni á því fremur en margar aðrar þjóðir að eyða orku að gamni okkar, eins og útlitið er í þeim málum, bæði hér í nágrannalöndum og um allan heim. Þess vegna er efni þessarar till. tímabært. Menn hafa lýst ánægju sinni yfir að fá tækifæri til að ræða þessi mál og fjalla um þessi mál hér á hv. Alþ., en menn verða að gera eitthvað.

Það er vitnað í till. framsóknarmanna hér í miðstjórnarfund þeirra vorið 1976. Nú er nýafstaðinn fundur hjá þeim og raunverulega hefur ekkert skeð nema jafnvel í öfuga átt, sbr. dæmi sem skeði hjá hæstv. ríkisstj. nú fyrir örstuttu um þveröfuga verðstefnu. Það þarf eitthvað meira en ályktanir og umr. Það verður að fylgja því einhver athöfn sem er jákvæð og í rétta átt.

Við getum fagnað einum áfanga í dag hér á Alþ. og sent í huganum kveðju norður til Akureyringa, sem eru formlega að taka hitaveitu sína í notkun í dag. Það er ánægjulegt að það var hægt að ná stórum og merkum áfanga með fjárhagslegri fyrirgreiðslu til þessa stóra héraðs. Þetta er víða að gerast. Þar er orkusparnaður í verki og innlend orka í stað erlendrar orku.

Svo vildi til að rétt áður en ég kom inn í þingsalina greiddi ég orkureikning minn fyrir s. l. 101 dag, og ég má til að segja frá því, hvernig hann skiptist, til að sýna fram á að það er allmikið skattgjald lagt á beina orkusölu. Orkusalan sjálf var í 101 dag á mínu heimili 24 728 kr., verðjöfnunargjald 3 215 kr., söluskattur 4 946 kr., eða samtals 8 161 kr. á móti beinum orkukaupum á 24 728 kr., rétt um þriðjung. Vitanlega tekur þéttbýlið þarna á sig mikið gjald og þessi stofnun, hitaveita Reykjavíkur eða Rafmagnsveita Reykjavíkur, býr á gömlum og góðum grunni. Hún verðleggur þarna jöfnunargjald sem rennur til ríkissjóðs og fer í réttmæta — ég segi það þó ég sé hér í þéttbýlinu — réttmæta dreifingu og aðstoð úti um allt landið. Þetta er sú stefna sem mikill meiri hl. alþm. talar fyrir að þeir séu fylgjandi. En það vantar að fá atkvgr. um það svo menn hafi tækifæri til að sanna það, og ég óska eftir því sem allra fyrst. Þá kemur í ljós hverjir vilja standa við orð sín og tillöguflutning. Seinasta verðbreyting eykur sem sé á mismuninn, gengur alveg í þveröfuga átt við það sem mikill meiri hl. hv. alþm. hefur lýst yfir í orði og verki með tillöguflutningi.

Það hefur einnig vakið athygli mína, að á sínum tíma við samþykkt á lögum um Hitaveitu Suðurnesja kom ég inn grein þar sem heimilað var að fella niður aðflutningsgjöld á öllum stofnkostnaði. Þetta hefur ekki verið framkvæmt í raun, og hitaveiturnar úti um landið eru að berjast við það nú að fá þessum tollum frestað og sérstök lán á þetta. Þegar um önnur orkuver er að ræða, þá þykir þetta sjálfsagt mál. Hví að vera að hafa þetta svona? Hví að vera að innheimta háa tolla af stofnkostnaði af þessum orkugjafa? Ég tel þetta fjarstæðu og ekki sæmandi, jafnvel þó að ríkissjóður sé í peningaþröng. Hitaveita er eitthvert mesta happ sem við getum fengið, hvar sem hún kemur og á hvaða heimili sem vera skal á landinu. Það á að stuðla að því með fjárhagslega hagkvæmum lánum, eins og raunar hefur verið gert í stórum stíl, að fá sem víðast hitaveitu. En það er jafnfáránlegt að ríkissjóður tek-

ur há atvinnugjöld af þeim vörum sem þarf til að koma hitaveitunni á.

Það segir hér í grg.: „Þjóðir heims leggja nú sívaxandi áherslu á orkusparnað sem ein af þeim leiðum, sem fara verður til þess að mæta áhrifum orkukreppunnar.“ Og eitt af stærstu málum í Bandaríkjunum í dag, og varðar hvorki meira né minna en heiður sjálfs forseta þess lands, er að gera sérstakt átak í orkusparnaðarmálum. Hann leggur heiður sinn að veði til að ná því fram. Efni þessarar till. er svo mikilvægt, eins og menn hafa viðurkennt, að það verður að reyna á það, að hugur fylgi máli í því efni, en þetta er í annað sinn, sem till. er flutt. Það er merkileg staðreynd. Raunverulegur áhugi hjá sumum er ekki meiri en svo. Það er eitthvað annað sem er þarna á bak við.

Nú vænti ég þess, að hv. þm. fái áður en langt um líður að taka raunhæfa afstöðu til þeirra mála, hvort við viljum sýna ákveðna stefnu í orkumálum og breytingu frá því sem verið hefur í mörg ár eða ekki, með atkvgr. okkar hér á hv. Alþingi.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hér hafa orðið allmiklar umr. undir þeim dagskrárlið sem ætlað er að fjalla um till. til þál. um orkusparnað á þskj. 308. Umr. hafa dreifst nokkuð frá dagskrárefninu, og er það tilefni þess að ég kem hingað til að segja örfá orð.

Um till. sjálfa vil ég segja eins og aðrir sem um hana hafa rætt, að tilgangur hennar er þarfur og gagnlegur og Íslendingar mættu huga meira en gert hefur verið að sparnaði í meðferð orku sem og sparnaði yfirleitt, því að hann er ekki, svo áberandi sé, í tísku í okkar þjóðfélagi.

Ég skal ekki segja neitt frekar um það, annað en að lýsa stuðningi við þann tilgang till., að athugað verði á hvern hátt komið verði við meiri sparnaði í meðferð orku en hingað til hefur verið gætt, og á ég þá bæði við erlenda og innlenda orku.

Út af þeim umr., sem hér hafa orðið um gjaldskrármál, held ég að sé rétt að rifja það upp, hvernig sú hækkun á hitatöxtum Rafmagnsveitna ríkisins, sem ákveðin var á ríkisstjórnarfundi í gær, hefur í rauninni orðið til. Hér var ekki um að ræða till. frá Rafmagnsveitum ríkisins. Hér var um að ræða till. frá n. sem skipuð var af ríkisstj. og í áttu sæti að vísu fyrrv. form. stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins, Helgi Bergs, Gísli Blöndal hagsýslustjóri og Páll Flygenring ráðuneytisstjóri iðnrn. Þær till., sem n. lagði til, voru í nokkrum liðum og að mínum dómi var a. m. k. réttlætanlegt, ef ekki sjálfsagt að líta á þær sem heildstæðar till. Þar var gert ráð fyrir í fyrsta lið 25% hækkun á hitatöxtum Rafmagnsveitna ríkisins, í öðrum lið hækkun á verðjöfnunargjaldi raforku úr 13% upp í 20%, hvort tveggja frá 1. maí n. k. Síðan voru till. um framlengingu lána og öflun nýrra lána, svo sem kunnugt er frá umr. um þessi mál hér í gærdag.

Það varð hins vegar niðurstaða í ríkisstj., og hlýtur hún að bera fulla ábyrgð á því, að samþ. var að hækka hitunartaxta RARIK um þau 25% sem till. voru um, en synjað um hækkun verðjöfnunargjaldsins, og má þó að mínum dómi líta svo á, að þetta hafi í till. n. tengst nokkuð saman. Hér er þetta sagt einungis til þess að rifja upp hvernig þessa hluti bar að og hvernig þeir voru ákveðnir, og má líta svo á að ég segi þessi orð í tilefni af því að hér hafa orðið nokkur orðaskipti um þessi efni.

Ég lít svo til, að sú hækkun, sem hér er ákveðin á hluta af gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, sé það mikil og feli í sér að verð á þessum þætti af orkusölu RARIK verði það miklu hærra en er frá ýmsum öðrum orkusölufyrirtækjum í landinu, að ekki muni unnt að láta það standa til frambúðar. Ég lít svo á, að hér sé um tímabundna lausn að ræða til þess að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins til loka þessa árs, og skortir verulega á að það hafi verið gert til fulls eða sem svarar 235 millj. kr. Hins vegar vil ég ítreka það sem ég sagði hér í gær, að í sambandi við þá miklu fjármagnsbagga, sem á herðum Rafmagnsveitna ríkisins hvíla, þá verður ekki undir þeim staðið með gjaldskrárhækkunum til frambúðar og jafnvel ekki heldur með hækkun verðjöfnunargjalds. Þar þarf annað að koma til. Ég ræddi það örlítið í gær og var nokkuð í samræmi við það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan. Það verður að koma til að létta hluta af þessum gífurlega fjármagnskostnaði af rekstri RARIK, þannig að hægt sé að láta venjulega orkusölu standa undir því sem eftir er. Um þetta eru raunar þegar fordæmi í okkar landi í nýlegri löggjöf, og á ég þar við lög um Orkubú Vestfjarða, þar sem verulegum meiri hluta af þeim fjármagnskostnaði, sem ella hefði fallið á Orkubúið, er létt af og fært yfir á herðar ríkissjóðs, eða, eins og það var að forminu til gert, á herðar Orkusjóðs. Þar er því fordæmi, og ég tel að þurfi að huga gaumgæfilega að því, hvort ekki finnast möguleikar þegar gengið verður næst til afgreiðslu fjárl. að taka einhvern hluta, ég skal ekki segja hve mikinn, en nokkurn hluta af þeim skuldabagga, sem á Rafmagnsveitum ríkisins hvílir, yfir á herðar þjóðfélagsins í heild til þess að unnt sé að reka fyrirtækið með venjulegri orkusölu og þeim tekjum, sem það getur þannig aflað sér.

Þetta taldi ég rétt að láta koma hér fram, vegna þess að ég legg á það áherslu, að ekki er unnt við það að búa, að svo mjög vaxi mismunur á orkuverði og gerst hefur að undanförnu á milli einstakra orkusölusvæða.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú sem aðrir hv. þm. lýsa yfir stuðningi mínum og ánægju með þá þáltill., sem hér er til umr., og taka undir margt af því sem hv. frsm., Benedikt Gröndal, sagði í framsöguræðu sinni. Það er efalaust, að við getum sparað orku í stórum stíl á landi hér og sá sparnaður kemur, eins og að líkum lætur, ekki aðeins til hagsbóta fyrir þá einstaka borgara, sem nota hina dýrustu orku, þar sem olían er, til þess að kynda upp einkahíbýli sín, heldur einnig til góða fyrir þjóðfélagið í heild. Það er raunar nokkuð undarlegt, að ekki skuli hafa verið lagt fé og vinnuafl í það fyrir löngu að framkvæma ítarlega rannsókn af þessu tagi, ekki síst vegna þess að ýmsir af sérfræðingum okkar hafa þegar bent á stórkostlega ónotaða möguleika í nýtingu á hitaork-

unni okkar. Fyrir liggja áætlanir um útflutning á heitu vatni til Skandinavíu með tankskipum sem nú liggja ónotuð í norsku fjörðunum, — útflutning á heitu vatni, sem eftir því sem sérfræðingar segja mér nú mundu borga sig, til þess að hita upp stórborgir Skandinavíu og Vestur-Evrópu. Það mundi borga sig miðað við olíuverð nú að flytja út heitt vatn með stórum tankskipum frá Íslandi til Gautaborgar. Það mundi borga sig, miðað við olíunotkun. Þá vaknar þessi spurning: Kynni þá ekki e. t. v. að borga sig að flytja heitt vatn í tankskipum til sjávarplássanna okkar fyrir austan og vestan, þar sem ekki er tiltækt heitt vatn? Mundi þá ekki enn þá fremur borga sig að flytja þetta vatn um skamman veg til upphitunar húsa?

Spurningarnar, sem vakna í þessu máli, eru ákaflega margar, og herra forseti, það ætla ég að til sanns vegar megi færa, að umr. um orkusparnaðinn snerti mjög einmitt það mál sem hér hefur nú verið mest rætt í dag, þ. e. a. s. orkuverðið í landinu sjálfu, og að þeir hv. þm., sem að vísu orðlengdu miklu meira um raforkuverðið á landi hér, hafi verið harla nærri anda þessarar till., þó ég fallist e. t. v. ekki á það með öllu, að aths. hv. þm. Karvels Pálmasonar um að hann hefði að öllum líkindum talað oftar og lengur hér úr ræðustól í vetur en hv. þm. Lúðvík Jósepsson, heyri beinlínis undir umr. um hugsanlegan orkusparnað.

Ég hlýt að taka undir það sem hv. þm. Karvel Pálmason og hv. þm. Lúðvík Jósepsson sögðu um dálítið hæpna stöðu hv. þm. Framsfl. sem hér hafa tekið til máls við umr. nú, þeirra Inga Tryggvasonar og Tómasar Árnasonar. Mér er það að vísu fulljóst og ég dreg það ekki í efa, að hv. þm. Ingi Tryggvason mæli af fullkomnum heilindum þegar hann lýsir yfir stuðningi sínum við þá stefnu, að raforka verði seld á sama verði um allt land. En þessi yfirlýsing hans er að gefnu hálfneikvæðu tilefni, þegar hún kemur daginn eftir að flokkur hans og sú ríkisstj., sem hann styður, hefur hækkað raforkuverð til húsahitunar á Norðausturlandi um upphæð sem munu nema í kringum 80 þús. kr. á meðalfjölskyldu á ári. Þá þegar daginn eftir lýsir hv. þm. yfir eindregnum stuðningi sínum við það, að raforka verði seld á sama verði um land allt. Þetta er að vísu gömul „taktík“ af hálfu þeirra framsóknarþm., og hvarflar nú að manni, minnugum þess þegar forustumaður Framsfl. vitnaði í Pál postula upp á það, að hin pólitíska afstaða skyldi vera já, já og nei, nei, hvort enn muni leiðarljósið sótt til Páls og þá e. t. v. í þann kapítulann þar sem hann vitnar í hinn klofna siðferðilega persónuleika og sagði: „Hið góða, sem ég vil gera, það geri ég ekki, en hið illa, sem ég ekki vil gera, það geri ég.“

Afstaða af þessu tagi í kjölfar ráðstafana eins og þeirra, sem gerðar voru í gær af hálfu hæstv. ríkisstj. með stuðningi hv. þm. Inga Tryggvasonar og Tómasar Árnasonar, þegar verðlag á raforku til húsahitunar er hækkað um upphæð sem samsvarar um 80 þús. kr. fyrir meðalfjölskyldu, birtist í því, að þeir skuli þá koma upp og lýsa yfir hryggð sinni einni saman, þó einlæg kunni að vera, yfir því sem þeir gerðu í gær og einlægum vilja til að gera hið gagnstæða þegar færi gefst. Hvenær gefst slíkt færi, ef hv. þm. halda áfram að þjóna hinu geðklofapólitíska hlutverki sem þeir virðast nú gera? Eigum við að skilja þetta svo, að slíka stefnu muni þeir styðja þegar næst verður mynduð vinstri stjórn, eða hver er raunveruleg stefna Framsfl. í þessum málum? Jú, því hefur áður verið svarað til af hálfu forustumanna flokksins almennt, þegar rætt er um pólitíska stefnu, að vitaskuld hafi Framsfl. sína pólitísku stefnu, þegar hún hlýtur meðbyr meðal kjósenda, þá fylgi hann henni, — þetta er rétt, — en þegar einhver önnur stefna verður ofan á og hlýtur byr, þá fylgi Framsfl. þeirri stefnu.

Við megum vænta þess, eins og fram hefur komið, að enn meir verði hert að því fólki, sem býr á orkusölusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, á næstu mánuðum til þess að rétta við fjárhag þeirrar stofnunar. Þetta hefur verið boðað. Og nú skora ég á þm. Framsfl. að láta það ekki koma eins flatt upp á sig og vera búna fyrir fram að taka ákvörðun um að standa gegn því, að álögur á þetta fólk verði auknar.

Og svo aðeins þetta í lokin: Ég hygg að andi þáltill. þeirrar, sem hér er um að ræða, hnígi mjög í þá átt að gera okkur kleift að lækka orkuverð í landinu og að jafna það.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki leyfa mér að fara að gerast langorður um atriði sem varða ekki beint þá till. sem hér er til umr., en að margítrekuðu tilefni þykir mér rétt aðeins að víkja að örfáum atriðum.

Ég vil aðeins segja það, að hv. fyrri flm. þessarar till. og ég erum sammála um efni og meðferð till. sem hér liggur frammi. En hér hafa upphafist almennar umr. um orkumál, að vissu leyti á hefðbundinn hátt hér á hv. Alþ. Það hefur verið talað um þetta mál vítt og breitt og hin óskyldustu atriði komið hér til umr.

En það er kannske rétt aðeins að hafa í huga hvert er markmið okkar allra, þegar við vilium gott gera í þessum málum, þ. e. a. s. að hagnýta innlenda orkugjafa þannig að fullnægt verði svo sem verða má orkuþörf landsmanna á þann hátt. Það, sem skiptir höfuðmáli í þessu sambandi, er að hagnýta innlenda orkugjafa til upphitunar húsa. Það er ekki einungis, að það þarf miklu meiri orku til þessa heldur en til almennrar notkunar í landinu. Það hefur á þessum vettvangi skapast sá vandi sem sérstaklega hefur verið rætt um hér, mismunurinn á orkuverði til upphitunar húsa eftir því hvar er á landinu. Þetta þarf ekki að rifja upp í löngu máli. Við höfum öll í huga mismuninn á orkuverði þar sem um er að ræða hagnýtingu jarðvarma annars vegar og olíu hins vegar.

Það er rétt, sem hv. þm. Tómas Árnason sagði áðan, ég efast ekki um að það er rétt, að hann hefði orðið undrandi á því, hve lítill munur væri á kostnaði við upphitun húsa með olíu og rafmagni. Ég varð líka undrandi á þessu, og þá hef ég að sjálfsögðu í huga beina rafmagnsupphitun. Það er ekki mikill munur þarna á. Við skulum segja að rafmagnið, sem fengið er með *vatnsvirkjunum, sé nokkru ódýrara* þegar best

gegnir, en rafmagn til upphitunar, sem fengið er með keyrslu dísilvéla, er dýrasta upphitun húsa sem hægt er að fá miðað við þær orkutegundir sem við notum. Og það er einmitt ólán, liggur mér við að segja, að á síðari árum hefur skapast það ástand, að við höfum í æ ríkara mæli búið við slíka upphitun húsa. Þetta hefur verið hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og það hefur ekki síst og raunar fyrst og fremst valdið þeim erfiðleikum sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa komist í.

Það er ákaflega hægur vandi fyrir mig og aðra að fara hér fjálglegum orðum um það, hvernig eigi að bæta úr þessu, t. d. með því að greiða niður þessa orkunotkun með hækkuðu verðjöfnunargjaldi eða beinum framlögum úr ríkissjóði. En það er eitt, sem við eigum að hafa í huga þegar við ræðum um þessi mál, að það er ekki aðalatriðið að greiða niður þá óhagkvæmustu orku sem við getum notað. Það er aðalatriðið að beina orkunotkuninni í aðrar áttir, og það er það sem er höfuðviðfangsefnið.

Það var ákaflega ánægjulegt að heyra hér áhuga hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar á því að gera gott í þessum efnum. Ég hefði gjarnan viljað, ef hann hefði verið nú hér viðstaddur, segja nokkur orð við hann í því tilefni. En ég verð að neita mér um það. Síðan hann hætti að vera ráðh. hafa gerst umtalsverð straumhvörf í þessum efnum sem mestu máli skipta. Við munum það, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var því lýst yfir í þskj., að það mundi ekki vera möguleiki, að nema um það bil 50% landsmanna gætu notið upphitunar húsa sinna frá jarðvarma, og því yrði að hverfa að annarri lausn í þessu efni. En nú er svo komið, vegna þess að það hefur verið lögð höfuðáhersla á að kanna svo sem verða má hvar er hægt að hagnýta jarðvarma til upphitunar húsa, að það eru 70—80% af landsmönnum sem hafa í dag möguleika á upphitun húsa sinna með jarðvarma. Þetta er stórkostlegasta framfaraspor sem hefur verið stigið á síðustu árum. En auk þess er lagning byggðalínanna nauðsynlegt skref til þess að gera að möguleika hagnýtingu rafmagns frá vatnsvirkjunum, hagkvæmum vatnsvirkjunum, þar í landinu sem ekki er hægt að hagnýta jarðvarmann. Og á þessu sviði eru að ske einmitt núna og hafa verið að ske undanfarin ár stórir hlutir. Þetta þurfum við að hafa í huga. Með þessum aðgerðum er markvisst unnið að því að minnka vandamálin, þannig að það verða alltaf færri og færri sem þurfa að búa við upphitun húsa sinna með olíu, og það þýðir jafnframt það, að hægt er fyrir bragðið að gera meira fyrir þá hina fáu, sem verða háðir olíunni í formi þess að greiða niður olíuverðið. Þetta er raunhæf stefna og raunhæfar aðgerðir í þessum málum, og ummæli hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar komu mér til þess að minna á þetta. En ég hefði helst viljað og talið mesta þörf á að minna hann sjálfan á þetta.

Það hefur verið rætt hér um vandamál Rafmagnsveitna ríkisins, og ég skal ekki fara út í þá sálma. En ég er sammála þeim, sem hafa sagt að það er ekki nægilegt í því efni annaðhvort að hækka verðjöfnunargjaldið eða taxtana, verð orkunnar, til þess að leysa vanda Rafmagnsveitna ríkisins. Það er mín skoðun. Ég er að sjálfsögðu sammála þeim hv. þm. sem hér hafa minnst á það fordæmi í þessu sambandi sem er að finna í stofnun Orkubús Vestfjarða. Því hefur verið haldið fram, bæði af mér og öðrum, í öllum málflutningi fyrir stofnun Orkubús Vestfjarða, að auðvitað kæmi ekki annað til greina en að aðrir landshlutar hljóti hliðstæða fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera og Vestfirðingar hafa fengið, — ég segi hliðstæða. Þá verður líka að hafa það í huga, að Vestfirðingar hafa lagt fram sínar héraðsveitur og eru eignaraðilar að nýju félagi og taka á sig skuldbindingar og ábyrgðir í samræmi við það. — Þetta vildi ég sagt hafa í sambandi við Rafmagnsveitur ríkisins.

Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi koma inn á, sem hv. þm. Stefán Jónsson vék að. Hann var að gera því skóna, að það væri möguleiki að flytja út heitt vatn, flytja til útlanda og selja þar á markaði til upphitunar húsa. Hann fullyrti að það væri fjárhagslegur grundvöllur fyrir þessu. Ég þori ekki að taka undir það. Ég hélt að það væri ekki fullkannað. En hann kom með þá hugmynd, hvort hægt væri að fara þá leið að flytja vatn innanlands, t. d. til staða á Austfjörðum. Ég skal láta þess getið í þessu sambandi, að það var gerð áætlun um flutning á vatni innanlands, sem svo kölluð orkunefnd Vestfjarða lét gera þegar hún vann að undirbúningi að stofnun Orkubús Vestfjarða. Það voru gerðar kostnaðaráætlanir um flutning á vatni úr Reykjanesi við Ísafjarðardjúp til Ísafjarðar. Það voru sjö sérfræðingar sem unnu að þessu af miklum lærdómi og kostgæfni. Þeir komust að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki fjárhagslegur grundvöllur fyrir þessu. Ég læt þetta hér koma fram að gefnu tilefni.

Ég skal svo að lokum algerlega leiða hjá mér að fara að ræða um skipulag orkumála. Menn hafa lítillega komið inn á þau mál í þessum umr. og sumir hverjir lagt mikla áherslu á að það þurfi að breyta um skipulag. Það er unnið að endurskoðun þessara mála, og auðvitað er þá gert ráð fyrir breytingum. Hér hafa sumir talað eins og það væri allra meina bót að stofna eitt fyrirtæki sem næði til alls landsins varðandi orkuframleiðsluna, þá yrði orkan ódýrust. Ég mundi orða þetta öðruvísi. Orkan er þeim mun ódýrari sem virkjanirnar sjálfar eru hagkvæmari, hvar sem þær eru á landinu og hvaða aðili sem byggir þær.

Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson vék að till. framsóknarmanna, sem hér liggur fyrir þinginu og hefur verið rædd, og lét orð falla eitthvað á þá leið, að ég væri a. m. k. að einhverju leyti samþykkur þeirri till. Ég vil af þessu tilefni láta þess getið, að sömu ummæli hafði hér áður vinur minn, hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson. En ég svaraði honum þá á þann veg, að ég liti á það sem sérstakan velvilja í minn garð, að hann vildi halda því fram að ég væri áhangandi hinnar einu réttu stefnu í þessum málum. En hins vegar mætti skilja minn málflutning á þann veg, að þeir, sem væru andvígir þessu, gætu ekki með minni rétti sagt að ég væri andvígur þessari till. framsóknarmanna. Sannleikurinn er sá, að ég hef sagt hér áður, að allar hugmyndir eigi að koma til athugunar

og engu að kasta fyrir fram þegar skipulag orkumálanna er endurskoðað og gerðar till. um það.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Varðandi hug og óskir hæstv. forseta um að menn haldi sig að þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, verð ég að biðja um leyfi herra forseta að fara út fyrir till. að gefnu tilefni. Varðandi þáltill. sjálfa sé ég ekki að hún sem slík kalli á allar þær umr. sem hér hafa átt sér stað, en þar segir orðrétt með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera úttekt á orkubúskap Íslendinga og að hefja markvissar aðgerðir í því skyni að auka hagkvæmni í orkunotkun þjóðarinnar og draga úr henni, þar sem þess er kostur."

Það hlýtur hver einasti þm. og hver einasti maður utan þings líka að vera sammála því að fela ríkisstj. að gera þá úttekt sem hér er farið fram á að samþykkt verði.

Hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, gat þess, að þessi till. væri í anda þeirrar hugsunar sem komið hefði fram hjá Bandaríkjaforseta, að forsetinn legði heiður sinn að veði um að stefna hans skyldi ná fram að ganga. Ég held að það væri þá tvímælalaust okkur í hag, hafandi í huga hvað bandaríska þjóðfélagið er tækniþróað, að fela ríkisstj. að láta þessa könnun fara fram og fela ríkisstj. jafnframt — eða það þarf ekki að fela henni það, hún gerir það að sjálfsögðu óumbeðin — að fylgjast með hvaða till. koma fram í Bandaríkjunum sem miða að því að spara orku. Og ég held að það, sem þarf að gera eftir á, verði þá eitthvað annað en það sem komið hefur fram hér hjá flestum þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls — og ég vil taka alveg sérstaklega fram: hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. og 2. þm. Austurl., en það er að hækka taxta, hækka gjöld á þjóðinni til þess að standa undir því, sem verið er að gera, og þá væntanlega því, sem er eftir að gera á þeirri sömu braut sem hún hefur verið á. Ef aftur á móti þessi till. nær tilgangi sínum og um sparnað gæti verið að ræða að verulegu leyti, þá ætti að vera hægt að lækka gjöld og lækka þannig rafmagnstaxta.

Það er margt sem kemur fram í þessari till. og í grg. sem ég get verið sammála. Þar koma t. d. fram hugmyndir um að auka kröfur um einangrun húsa. Hins vegar er ég ekki sammála um að gluggastærðir eigi að minnka til þess að spara hita. En annað, eins og sjálfvirk stjórntæki og ýmsir aðrir þættir sem talað er um hér, gæti verið orkusparandi, um það er ég sammála.

Á 2. síðu er talað um að við notkun heimilistækja væri með fræðslu um notkun tækjanna og fræðslu í hvaða ástandi tækin eiga að vera hverju sinni, umhugsun og eftirliti hægt að spara 25% af þeirri orku sem þau nú taka. Þetta er stórmerkileg fullyrðing, og ég efast ekki um að flm. hafi kynnt sér málið nægilega til að geta fullyrt að hægt sé að spara þessa prósentutölu í orkunotkun.

Þá kemur 3. liður gr., þar sem talað er um aukningu á notkun almenningsbifreiða og að draga úr einkabifreiðanotkun. Það verður ekki gert nema með einhvers konar Sovéthugsunarhætti að fara að ráðstafa hvaða flutningatæki menn velja sér til og frá þeim stöðum sem þeir ætla að ferðast milli. Hitt er annað mál, að ég flutti á síðasta borgarráðsfundi till. um að fela stjórn Strætisvagnanna að kynna sér þá þróun sem orðið hefur í Bandaríkjunum í notkun rafmagnsvagna. Í Bandaríkjunum er nú verið að gera tilraun, sem virðist ætla að takast, með notkun almenningsvagna sem knúnir eru með rafmagni. Þar er hleðslustöðvum dreift á sama hátt og bensínstöðvum er dreift í dag. Strætisvagnar geta haft hleðslutæki og hleðslustöðvar á endastöðvum og skipt um rafgeyma, sem eru í skúffu sem dregin er út úr vögnunum, og sett nýjar skúffur fullhlaðnar í staðinn. Þetta gæti vel komið að gagni hér.

Ég vil líka taka undir það sem segir í 3. lið grg., að almenningsvagnar eiga að njóta ákveðinna friðinda við innflutning, þannig að þeir verði ódýrari farkostur en þeir eru nú. Það gerði bæjarfélögunum, og á ég þá sérstaklega við Reykjavíkurborg og þann byggðakjarna sem er hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, því að þar er notkun almenningsvagna meiri en annars staðar á landinu, — það gerði þessum bæjarfélögum og öðrum að sjálfsögðu kleift að veita þessa þjónustu í æ ríkara mæli, ef hinum þungu tollum og aðflutningsgjöldum og opinberum gjöldum almennt væri létt af þessum þjóðþrifafyrirtækjum.

Þetta er það helsta sem ég vil segja um frv.

Ég vil upplýsa hv. 5. þm. Norðurl. e. um það, að Reykjavíkurborg hafði gert samning við sænskt fyrirtæki um útflutning á heitu vatni sem var þegar undirskrifaður. Allt virtist til reiðu frá okkar hálfu, og Reykjavíkurborg hafði þegar hafið könnun á því, hvar best væri að skipa út þessu heita vatni hér innan borgarmarkanna. En Svíarnir, sem þóttust vera komnir það vel á veg að geta notað heitt vatn héðan, töldu það ekki hagkvæmt á þessu stigi, flutningskostnaður væri að þeirra mati of hár. En þetta er eitt af því sem hefur verið kannað og komið lengra áleiðis en hv. þm. virðist vita um.

Ég get ekki látið hjá líða, herra forseti, að svíkjast svolítið undan þeim merkjum, sem ræðumenn voru beðnir um að virða, og fara út í aðra sálma og þá almennt um þær umr. sem hér hafa átt sér stað.

Ég vil taka þátt í grini þeirra hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og Karvels Pálmasonar, á sama tíma sem ég vil taka upp hanskann fyrir þá þingfréttaritara sem hér eru. Ég held að það sé mikil tillitssemi sem í því felst, að þingfréttaritarar segi sem allra minnst frá málflutningi þessara tveggja félaga hverju sinni. Ég sé ekki að þjóðin verði af neinu sérstöku við það. Og þó að meira sé talað í fjölmiðlum um Lúðvík heldur en Karvel, eftir því sem Karvel segir sjálfur, þá þætti mér afskaplega gott að það yrði jafnt á báða bóga og þá miðað við minnkandi umr. opinberlega um þá. Ég sé ekki að nokkur skapaður hluti hafi komið málefnalega frá þeim í þessum umr.

Ég held að ég verði að snúa mér enn þá einu sinni að hv. 6. þm. Norðurl. e., þar sem hann talar ekki í fyrsta skipti um að það þurfi að dreifa meiri kostnaði á þéttbýliskjarna, og ég geri ráð fyrir að hann eigi þá fyrst og fremst við þann þéttbýliskjarna sem er hér á suðvesturhorni landsins og er nú að verða eins konar

vinnudýr fyrir landsbyggðina á margan hátt. Kröfur utan af landsbyggðinni aukast í réttu hlutfalli við framkvæmdir til hagsbóta hér á höfuðborgarsvæðinu. En ég vil leyfa mér að hafa þá skoðun, að þjóðfélagið verði aldrei fært um að skapa sömu skilyrði til handa íbúum upp til fjalla eins og þeirra sem búa í þéttbýli, þar sem samtakamátturinn fær að njóta sín. Að halda öðru fram er að gefa fólkinu úti á landsbyggðinni falskar vonir.

Rafmagnsveita Reykjavíkur kaupir kwst. af raforku á 4 kr. frá Landsvirkjun og Rafmagnsveitur ríkisins kaupa líka kwst. á 4 kr., þannig að hér er sama heildsöluverð eins og um fyrirtæki væri að ræða sem dreifði um landsbyggðina alla. En ég vil bæta því við, að þátttaka Reykjavíkurborgar í rafvæðingu er langt umfram þær þarfir sem Rafmagnsveita Reykjavíkur þarf að nota fyrir Reykjavíkursvæðið, því að Reykjavíkurborg er helmingsaðili að Landsvirkjun og þeir milljarðar, sem verið er að fjárfesta nú, eru ekki fyrir Reykjavíkurborg sem slíka. Hún er þáttur í rafvæðingu landsins og landsbyggðarinnar, og ég veit ekki til þess að Reykjavíkurborg hafi enn fengið útgreiddan arð af þeim ábyrgðum og þeim fjármunum, sem hún hefur lagt í Landsvirkjun. En væri krafa Reykjavíkurborgar sú hin sama um stofnun Orkubús Reykjavíkurborgar og fram hefur komið við stofnun t. d. Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjun væri skipt upp og Reykjavíkurborg fengi sinn eignarhluta út úr Landsvirkjun, þá er ég ekki í nokkrum vafa um að Reykjavíkurborg fengi raforkuver til þess að fullnægja sinni raforkuþörf og ætti inni hjá Landsvirkjun þar fyrir utan. En Reykjavíkurborg er ekki með þau Reykjavíkursjónarmið eða Reykjavíkurpólitík, sem margir landsbyggðarþm. hafa haldið hér fram hvað eftir annað og ég kalla útkjálkasjónarmið, og þess vegna er Reykjavíkurborg þátttakandi í uppbyggingu og rafvæðingu í þeim ríka mæli sem raun ber vitni með þátttöku sinni í Landsvirkjun.

Varðandi þær hugsanir og þær hugmyndir, sem hér hafa komið fram og er jafnað við jöfnunarverð á bensíni og olíu og úr því að á að fara niður í þetta þó miklu minni lið en raforkuna, af hverju voru ekki tryggingarnar teknar með, nema af því að tryggingarnar eru helmingi lægri úti á landi heldur en á höfuðborgarsvæðinu? Þá er það barið niður. Ég held að Reykvíkingar séu orðnir langþreyttir á verðjöfnun. Ég skal ekki mæla sérstaklega bót þeirri verðhækkun sem hefur orðið á rafmagni undanfarna daga, nema síður sé. En í þessari stöðu sé ég ekki að ríkisstj. hafi margar leiðir að fara, svo að ég get ekki og vil ekki á þessu augnabliki segja um það, hvort þessi leið var rétt eða röng, enda hef ég ekki tekið neinn þátt í umr. innan þingflokksins um þessa hækkun. Því segi ég: Ég vona að þm. almennt finni aðrar leiðir og aðrar till. til úrbóta fyrir landsbyggðarfólk en að hlaða sífellt á herðar Reykvíkinga aukinni skattgreiðslu. Fólk hér á höfuðborgarkjarnanum verður að fá að njóta hugvits síns og samtakamáttar við að búa þétt. Það er líka viss ókostur í því, sem aðrir landsbyggðakjarnar þurfa ekki að sinna.

Hitt er svo annað mál, hvort það er ekki staðreynd, að kapphlaupið á milli þess, sem samtakamáttur fólks á þéttbýlissvæðunum kemur til leiðar, og hins, að jafna milli þeirra, sem búa fjærst og ekki eru í þéttbýliskjörnum, sé orðið svo ofsalegt að þjóðfélagið hafi ekki efni á að fjárfesta í því eins og er. Ég ítreka það, að aldrei verður hægt að veita fólki, sem býr upp til fjalla, sömu þjónustu og þeim sem búa hér á þéttbýliskjarnanum, það er ekki hægt. Það er að gefa fólkinu — ég ítreka það — alrangar vonir því til handa, og það er illa gert af þeim sem þykjast tala máli þessa fólks. Það á að láta það vita nákvæmlega hverju það getur átt von á og hverju það getur ekki átt von á. Það er enginn hér á þéttbýliskjarnanum sem neitar að taka á sig eðlilegar byrðar við uppbyggingu landsins alls. En það eru fjölmargir hér sem eru farnir að tala um það, að duttlungar, sem komast hér inn á þing, séu orðnir baggi á þjóðfélaginu öllu, ekki bara á þéttbýliskjörnum. Það er kominn tími til að þm. fari að athuga sinn gang hvað það snertir.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það hafa nú orðið meiri umr. um þá þáltill., sem hér átti um að fjalla, og þau orð, sem út af henni spunnust, heldur en ég hafði gert mér grein fyrir þegar ég tók hér til máls fyrr í dag. Það hefur ýmsu verið beint að mér í þessum umr. og hafði ég raunar hugsað mér að láta það sem mest fram hjá mér fara. Ég veit að hv. þm. Karvel Pálmason skilur það vel, að þar sem margir menn eru í einum flokki geta ekki allir náð því fram sem þeir helst vildu. Hann kannske skilur það jafnvel, að þegar tveir flokkar standa að sömu ríkisstj. hljóta að verða einhverjir einstaklingar í þessum flokkum sem verða að horfa á það, að það sé ekki allt nákvæmlega eftir þeirra höfði. Ég hef grun um að það hafi viljað til í minni flokkum, að menn hafi orðið ósammála og orðið að ganga sína leið hvor. Ég ætla ekki að eyða að þessu fleiri orðum, en ég veit að hv. þm. Karvel Pálmason skilur mig miklu betur en hann vill vera láta.

Mér finnst rétt að geta þess og leggja á það nokkra áherslu, að þegar ríkisstj. ákvað hækkun á rafmagnsverði til upphitunar var þó fram tekið, að verð á rafmagni til upphitunar skyldi ekki vera hærra en sem svaraði verði á olíu til upphitunar. Ég er ekki með þessu móti að lýsa yfir ánægju með að rafmagnsverðið skyldi vera hækkað. En þarna er þó ekki verið að fara yfir þau mörk sem ýmsir verða að búa við úti á landsbyggðinni. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar, að það þurfi að vinna að því að jafna framfærslukostnað fólksins í landinu yfirleitt eftir því sem frekast er unnt og þetta sé einn sá þáttur, orkuþátturinn, sem nauðsynlegastur sé og sjálfsagðastur. Og ég trúi því, að eftir því sem við stöndum betur að vígi með að nota eigin orku til upphitunar — alveg sérstaklega til upphitunar — þá munum við komast nær því að allir búi þarna við sama kost fjárhagslega.

Ég get ekki stillt mig um vegna orða hv. 12. þm. Reykv. áðan að segja örfá orð. Mér finnst gæta allt of mikillar viðkvæmni í orðum hans gagnvart Reykvíkingum. Ég var alls ekki með þeim orðum, sem ég lét falla hér, að höfða sérstaklega til Reykvíkinga. Ég vil t. d. geta þess, ef það mætti vera hv. þm. nokkur huggun, að í

minu kjördæmi búa menn við mjög misjafnt orkuverð og ég er alls ekki að draga taum einhvers sérstaks landshluta. Ég hygg að það sé meiri munur á almennu orkuverði — og þá á ég við raforkuverði — til heimilisnota á Akureyri og t. d. Dalvík heldur en Reykjavík og Dalvík. Það er einfaldlega skoðun mín, að þarna eigi landsmenn allir að búa við sama rétt, hvort sem þeir búa í Reykjavík, á Akureyri eða t. d. Dalvík, svo að dæmi séu nefnd. En ég nefni Dalvík vegna þess að þar selja Rafmagnsveitur ríkisins orkuna.

Hitt er svo alveg rétt, að þetta gerist ekki allt á svipstundu og það geta verið ýmsir örðugleikar á þeirri leið að jafna þessi réttindi. Ég get gjarnan sagt það, að ég er einn þeirra manna sem hafa ekki haft áhuga á að þeir, sem eru skráðir eigendur þess lands sem liggur að fallvötnum, seldu réttinn yfir fallvötnunum dýrum dómum þeim sem taka fallvötnin til orkuvinnslu. En hugsunarháttur sá, sem kom fram hjá hv. 12. þm. Reykv., hlýtur að leiða hugann að því, hvort einmitt Reykjavíkurborg hefur ekki fengið aðstöðuna til virkjunar allt of lágu verði keypta. Það hefur því miður mjög oft gerst hér á landi, að fjarlægir staðir hafa nýtt sér orkulindir dreifbýlisins og þeir, sem næstir hafa þar staðið, hafa ekki einu sinni fengið að njóta hennar í hinum minnsta mæli. Þess vegna er það, að málflutningur eins og sá, sem hér var hafður um hönd áðan, er í mesta máta óheppilegur og til þess líklegastur að vekja sundrung, en ekki til þess að vekja samstöðu og skilning. Það má endalaust um það deila t. d., hverjir eiga mestan hlut að þeirri raforku sem notuð er á þéttbýlissvæðunum, svo að dæmi séu tekin af Reykjavík og Akureyri t. d., hvort þeir, sem búa í næsta nágrenni fallvatnanna, kynnu ekki að hafa rétt á að segja nokkuð um þessa hluti, ef þessi hugsunarháttur á að ríkja, sem ég er þó andstæður, því að ég tel að þetta séu auðæfi sem öll þjóðin á, og við eigum líka að nýta þau á þann hátt, að allir fái jafnan rétt til þeirra, fjárhagslegan rétt til að njóta þeirra.

Ég tel ekki að Reykvíkingar séu vinnudýr fyrir landsbyggðina. Ég held að það sé misskilningur hjá hv. þm. að taka svo til orða, að Reykvíkingar séu vinnudýr fyrir landsbyggðina. Ég held að við séum yfirleitt alls ekki vinnudýr hver fyrir annan, heldur sé þar býsna mikill jöfnuður á milli landshluta. Ég tel ekki heldur að ég sé að vekja neinar falskar vonir þó að ég ræði um það, að réttlæti og jöfnuður þurfi að komast á í orkumálum. Ég mótmæli því algerlega. Ég mótmæli því líka, að það sé skynsamlegur hugsunarháttur að ræða aldrei um neitt annað en það sem eru kaldar staðreyndir á borðinu. Orðin eru til alls fyrst, og ef við viljum byggja þetta land og byggja það allt, þá verðum við að búa þegnum landsins, þegnum þjóðarinnar sem jafnastan rétt: fjárhagslegan rétt, félagslegan rétt til þess að búa í landinu.

Maður hnýtur örlítið um einstakt orðaval hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, eins og t. d. að talað sé um að það fólk, sem búi upp til fjalla, geti aldrei öðlast sambærileg kjör við þá sem búa á þéttbýlisstöðunum. Ég geri ráð fyrir að þetta orðalag sé notað til þess að undirstrika þann feikilega mun sem hlýtur að dómi þm. að vera á þeim, sem eru svo hamingjusamir að búa í þéttbýli höfuðborgarinnar, og hinum, sem búa uppi í sveit. Og raunar er það svo, að fáir Íslendingar búa upp til fjalla. Þó er hægt að finna um það nokkur dæmi, eins og íbúar Hólsfjalla og jafnvel kannske íbúar Mývatnssveitar, því að þeir búa í yfir 200 m hæð yfir sjó. Ég tel einmitt að það eigi að vera okkur metnaðarmál og sjálfsögð skylda að búa þessu fólki, sem af einhverjum ástæðum, sem yfirleitt eru félagslegs eðlis og yfirleitt eru ákaflega rökrétt afleiðing af byggð okkar í þessu landi í 1100 ár, — það eigi að vera okkur sjálfsögð skylda að búa þessu fólki sambærileg kjör og sambærilegar aðstæður við aðra þegna þjóðfélagsins, eftir því sem framast er unnt. Það verður aldrei á öllum sviðum, en það er hægt að jafna þar metin mjög frá því sem nú er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta. Mér er ljóst að það gerast engin stórvirki í þessu máli á skömmum tíma. En ég endurtek það, að ég er mjög ákveðið þeirrar skoðunar og það er yfirlýst stefna Framsfl., að það beri að vinna að jöfnun orkuverðs og jöfnun lífsaðstöðu fólksins í landinu yfirleitt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, líklega í lokin á þessum umr.

Í fyrsta lagi er það út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, Ingi Tryggvason. Mér er það alveg ljóst, að bæði í samstarfi við aðra flokka og innan flokka fær enginn einn einstaklingur allt sem hann vill. Það var ekki það sem ég var að spyrja um í þessum efnum. Ég var að spyrja hv. þm. um það, hvort hann væri með eða móti því að hækka hitunartaxta íbúðarhúsnæðis um 25%, eins og ráðh. Framsfl. samþykktu í ríkisstj. í gær. Þessu svaraði hv. þm. ekki. Mín spurning var bara um það: Var hv. þm. Ingi Tryggvason samþykkur því, sem ráðh. Framsfl. samþykktu í ríkisstj. í gær, að hækka hitunartaxta íbúðarhúsnæðis um 25%, eða er hann á móti því? Það var spurningin og henni hefði verið auðvelt að svara, en við henni fékkst ekkert svar, þannig að enn vita menn ekkert um afstöðu þessa hv. þm. til þessarar ákvörðunar. (Gripið fram í.) Ef það á að vera svo framvegis, að menn verði að ráða í afstöðu þm. Framsfl. án þess að þeir geti sagt til um það sjálfir hver hún er, þá getur sú ráðning orðið æðimisjafnt mat manna, ef þeir geta ekki sagt um það sjálfir, hvaða afstöðu þeir hafa til hinna ýmsu mála sem uppi eru. En ef ég á að ráða í þessa afstöðu, þá ræð ég í hana á þann veg, að hann sé samþykkur þessari hækkun sem ríkisstj. samþykkti í gær. Meðan annað kemur ekki fram lít ég svo á. Ég skal upplýsa hv. þm. um það, að ég skil ósköp vel öll þau orð sem hann lætur frá sér fara. En ég skil ekki gerðirnar, þær eru ekki í samræmi við orðin. Þar er hængurinn á. Og það er svo um fleiri hv. þm. Framsfl. en þennan eina. Gerðir þeirra eru ekki alltaf í samræmi við orðin. Ég skal svo láta útrætt um þetta að sinni a. m. k.

Mig langar til að víkja örfáum orðum að því, sem fram kom í ræðu hv. 12. þm. Reykv., Alberts Guðmundssonar. Ég sakna þess, ef hann er farinn úr salnum, því að að mínu viti hefur aldrei verið jafnómaklega að fólki úti á landsbyggð-

inni vegið eins og fram kom í ræðu þessa hv. þm. áðan.

Það sem hann sagði um grín milli hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og mín varðandi fjölmiðla, þá ætla ég ekki að ræða mikið um það. En ég vænti þess, að allir fulltrúar fjölmiðlanna séu hér viðstaddir enn, og mig langar til að koma því á framfæri, að þeir skýri nú skilmerkilega frá öllu því sem fram kom í ræðu hv. 12. þm. Reykv. varðandi þær fullyrðingar hans, að Reykvíkingar væru að verða vinnudýr fyrir landsbyggðina. Væri vissulega ástæða til að fá skilmerkilega greint frá því, bæði í ríkisfjölmiðlunum, því að þetta hygg ég að fólk úti á landsbyggðinni eigi fullkomlega rétt á að fá vitneskju um, hvernig hinir einstöku hv. þm. tjá sig í garð þess hverju sinni.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessi ummæli þessa hv. þm. Þeim verður ábyggilega svarað af hálfu þess fólks sem þeim er fyrst og fremst beint til, þ. e. a. s. fólksins víðs vegar um landið fyrir utan Reykjavíkurhringinn. En sem mína skoðun á þessu vil ég þó að segja það, að ég vísa þessum fullyrðingum gersamlega á bug og tel hér ómaklega, vægast sagt, að fólki ráðist, því fólki sem hér á í hlut, þ. e. a. s. íbúum þessa lands utan þess svæðis sem tilheyrir Reykjavík og þessi hv. þm. takmarkaði sig við. Ég vil þó minna hann á það, þegar hann er að tala um að Reykvíkingar séu að verða vinnudýr fyrir landsbyggðina, að það er á óteljandi mörgum sviðum sem landsbyggðarfólk í óteljandi mörgum málaflokkum á vegum hins opinbera er sett hjá og það herfilega, ef borið er saman við þá aðstöðu sem Reykvíkingar þó búa við. Ég vil aðeins minna þennan hv. þm. á það, að allur símakostnaður er margfalt meiri úti á landsbyggðinni heldur en er hér á Reykjavíkursvæðinu. Þar er líka margfalt meiri allur kostnaður í sambandi við rafmagn. Vöruverð er mun hærra hjá fólki úti á landsbyggðinni heldur en hér á Reykjavíkursvæðinu. Og öll þjónusta, sem landsbyggðarfólk þarf að kaupa, er í verulegum mæli dýrari en sæmbærileg þjónusta og sams konar er hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er því í fyllsta máta ómaklegt hjá þessum hv. þm. að vega með þessum hætti — þó í orðum sé, en líklega fylgja gerðir á eftir — að þessu fólki sem hefur búið við miklum mun verri aðstöðu af hálfu hins opinbera og þjóðfélagsins heldur en það fólk sem býr á þéttbýlissvæðinu hér, Reykjavíkurhringnum.

Ég vísa algerlega heim til föðurhúsanna þeim fullyrðingum þessa hv. þm., að þjóðfélagið hafi ekki efni á því að búa eins að þeim, sem búa úti á landi, og þeim, sem búa hér í Reykjavík. Ég vona að fjölmiðlar komi einnig þessum ummælum þessa hv. þm. vel til skila. Hann sagði áðan: Þjóðfélagið hefur ekki efni á því að búa eins að þeim, sem búa úti á landi, og þeim, sem búa hér í Reykjavík.

Ég hygg að ummæli af þessu tagi, komist þau til skila fólks, verði dæmd að verðleikum. Ekki síst vegna hinna fyrri ummæla þessa hv. þm. um að það væri ekki svo ýkjamerkilegt sem kæmi frá a. m. k. tveimur tilteknum þm., hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og mér, að það sakaði þó að ekki væri frá því greint, þá hlýtur að vera þeim mun meiri ástæða til þess að fjölmiðlar spari nú ekki að greina skilmerkilega frá ummælum hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem hann viðhafði hér áðan og ég hef gert í nokkrum orðum að umtalsefni. Ég vænti þess, að það komist vel til skila, og svo veit ég að þeir, sem það heyra eða lesa, eru til þess fyllilega dómbærir að fella dóm sinn um réttmæti slíkra ummæla í garð þess fólks sem hér átti og á hlut að máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Raforkusala á kostnaðarverði til stóriðju, þáltill. (þskj. 95). — Frh. fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 73. fundur.

Mánudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 435). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til nýrra heildarlaga um stimpilgjald. Samhliða frv. þessu er flutt frv. til laga um breyt. á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, og verður að skoða ákvæði þessara frv. í samfellu.

Samkvæmt gildandi lögum er gjaldtaka af skjölum þríþætt. Í fyrsta lagi er tekið af þeim stimpilgjald samkvæmt ákvæðum stimpilgjaldalaganna frá 1921, og ræðst hæð þess af fjárhæð viðkomandi skjals. Í öðru lagi er tekinn 140% stimpilgjaldsviðauki af flestum hinna stimpilskyldu skjala, en viðauki þessi hefur verið samþykktur til eins árs í senn undanfarna áratugi. Í þriðja lagi er við þinglýsingu tekið sérstakt þinglýsingargjald, sem eins og stimpilgjaldið er háð fjárhæð hinna þinglýstu skjala. Með frv. þessu er lagt til að öllum þessum gjöldum verði steypt saman í eitt gjald, stimpilgjald, en stimpilgjaldsaukinn verði felldur niður svo og þinglýsingargjaldið í núverandi mynd. Ekki þykir þó fært að fella þinglýsingargjaldið niður með öllu, en þess í stað er lagt til að fyrir þinglýsingu verði tekið tiltölulega lágt fast gjald óháð fjárhæð hinna þinglýstu skjala, svipað því og nú gerist um veðbókarvottorð.

Þessi breyting ætti að horfa til verulegrar einföldunar, þannig að gjaldendum ætti að geta orðið ljósara en nú, hvernig gjöldin eru reiknuð, og veruleg vinna ætti að geta sparast við útreikning gjaldanna. Þessari breytingu á gjaldtökunni er ekki ætlað að auka tekjur ríkissjóðs og má ætla að þær verði nær óbreyttar, en nákvæm áætlun um tekjubreytingu, er af frv. þessu leiðir, er örðug vegna þess hve skýrslur um fjölda og fjárhæð stimplaðra og þinglýstra skjala eru ósundurliðaðar. Gjaldtaka af einstökum skjölum breytist hins vegar nokkuð, ýmist til hækkunar eða lækkunar, og vísast til fskj. með frv. um yfirlit yfir þær breytingar. Auk fyrrgreindrar sameiningar gjalda felast í frv. allviðamiklar breytingar á ýmsum ákvæðum stimpilgjaldslaga, enda eru núgildandi lög úrelt orðin að ýmsu leyti, sem engan skyldi undra eftir 57 ára gildistíma. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þessar breytingar í smáatriðum, vísa til frv. og athugasemda við einstakar greinar, en vil þó vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir því, að stimpilgjaldið hlaupi á hærri fjárhæðum en gert er samkvæmt gildandi lögum. Þannig er t. d. stimpilgjald af víxlum 250 kr. af hverjum 100 þús. kr. af fjárhæð víxilsins samkvæmt frv. í stað 0.24% af víxilfjárhæðinni áður. Er þessari breytingu eins og mörgum öðrum, sem í frv. felast, ætlað að spara vinnu við útreikning gjaldanna. Þá er gerð tillaga um breyttan gjaldstofn við útreikning stimpilgjalds af eignarheimildum fyrir fasteignum. Fram til þessa hefur stimpil- og þinglýsingargjald af þessum skjölum verið miðað við söluverð eignarinnar ef það kemur fram á hinu þinglýsta skjali, ella hefur verið miðað við fasteignamatsverð. Þar sem fasteignamatsverðið er allajafna nokkru lægra en gangverð fasteigna hefur þessi háttur við gjaldtöku leitt til þess, að menn hafa látið hjá líða að þinglýsa kaupsamningum og þannig sparað sér hluta stimpilgjalda með því að greiða það af lægri gjaldstofni og um leið sloppið við að greiða þinglýsingargjald bæði af kaupsamningi og af afsali. Þetta hefur hins vegar leitt til verulegrar skerðingar á réttaröryggi fasteignakaupenda, þar sem þeir hafa átt á hættu að skuldheimtumenn seljanda eða grandlausir síðari viðsemjendur hans gætu útrýmt eða skert rétt kaupsamningshafa. Verður að telja mjög óæskilegt að gjaldtökuákvæði dragi á þennan hátt úr réttaröryggi við fasteignakaup, og er því lagt til í 17. gr. frv., að jafnan skuli miða gjaldstofn stimpilgjalds við fasteignamat eða áætlað fasteignamat þegar því verður við komið. Þessi breyting samhliða niðurfellingu þinglýsingargjalds í núverandi mynd ætti að leiða til þess, að opinber gjaldtaka verði mönnum ekki framvegis hindrun við að tryggja réttindi sín.

Þá má nefna að í frv. er lagt til að það breyti ekki stimpilskyldu skjals þó það sé gefið út til tryggingar á öðru skjali. Þannig gerir frv. ráð fyrir að fullt stimpilgjald sé tekið af tryggingarbréfi sem gefið er út til tryggingar á greiðslu víxils, en samkvæmt gildandi framkvæmd er tekið tillit til stimplunar víxilsins við ákvörðun stimpilgjalds af tryggingarbréfunum. Jafnframt er lagt til að stimpilgjald af tryggingarbréfum verði almennt lækkað, þannig að þessi breyting ætti ekki að verða til íþyngingar gjaldendum. Hins vegar ætti þetta að geta sparað nokkra vinnu við ákvörðun stimpilgjalds og flýtt afgreiðslu nokkuð.

Þá er lögð til nokkur breyting á stimplun hlutabréfa. Samkvæmt gildandi lögum nemur stimpilgjaldið 2.4% af verði bréfsins ef bréfið hljóðar á handhafa, en 1.6% ef bréfið hljóðar á nafn. Auk þess eru framsöl nafnbréfa stimpilskyld. Í frv. er lagt til að sama stimpilgjaldið gildi fyrir öll hlutabréf og framsöl þeirra allra verði stimpilfrjáls. Á sama hátt er lagt til að framsöl á réttindum í öðrum félögum en hlutafélögum verði stimpilfrjáls. Loks má geta þess, að viðurlagaákvæði frv. eru mun skýrari en samsvarandi ákvæði í gildandi lögum, og er gerður skýr munur á stjórnvaldsviðurlögum og eiginlegum refsingum, andstætt því sem er samkvæmt núgildandi lögum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 436). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt samhliða frv. til l. um stimpilgjald og vísast að mestu til þess sem áður sagði um það frv.

Með frv. þessu er lagt til að þinglýsingargjald verði lagt niður í núverandi mynd og sameinist stimpilgjaldinu. Í stað núverandi þinglýsingargjalds er lagt til að dómsmrh. ákveði með reglugerð fast gjald fyrir hverja þinglýsingu og yrði sú gjaldtaka óháð fjárhæð þess skjals sem þinglýst er. Þannig yrði þinglýsingargjaldið nokkurs konar þjónustugjald fyrir framkvæmd þinglýsingar, hliðstætt t. d. gjaldi fyrir veðbókarvottorð.

Með vísan til þessa leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Manneldisráð, frv. (þskj. 456). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Til manneldisráðs var upphaflega stofnað árið 1939, en þá fól dóms- og kirkjumálarn. 7 manna n. að rannsaka mataræði landsmanna. Ráðið skilaði af sér störfum árið 1944, en þá lágu fyrir niðurstöður rannsókna í sérstakri bók sem framkvæmdastjóri ráðsins, dr. Júlíus Sigurjónsson, síðar prófessor, hafði tekið saman og bar titilinn Mataræði og heilsufar á Íslandi. Kom í ljós að mataræði landsmanna var á margan hátt mjög ábótavant, sérstaklega skorti vítamín í fæðuna.

Manneldisráð gerði það að till. sinni, að sett yrði á laggirnar sérstakt ráð kunnáttumanna til þess að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um ýmis mál er vörðuðu manneldi. Var landlækni falið að semja frv. til l. um þetta efni í samráði við læknadeild Háskóla Íslands. Varð frv. þetta að lögum á öndverðu ári 1945 og eru þau lög enn í gildi.

Samkvæmt gildandi lögum eiga sæti í manneldisráði auk landlæknis, sem er lögskipaður forseti ráðsins, 4 læknar er ráðh. skipar til 5 ára í senn. Á þessum tíma voru það einkum læknar sem skiptu sér að manneldismálum, og mátti því þetta heita eðlileg ráðstöfun og réttmæt, þó að hún eigi alls ekki við í dag. Skipað var í ráðið 1945, síðan ekki fyrr en 1974, þannig að óskipað var í ráðið í nær aldarfjórðung. Hvað valdið hefur þessu er erfitt að segja um, en ekki er ólíklegt að sú þörf, sem menn álitu vera fyrir manneldisráð á stríðsárunum og í lok styrjaldarinnar, hafi ekki verið eins mikil þegar fyrna tók yfir hörmungarnar og öll framleiðsla komst í eðlilegt horf og framfarir jukust á þessu sviði.

Eins og kunnugt er fylgja oft styrjöldum hörgulsjúkdómar og herja þeir ekki eingöngu á styrjaldaraðila, heldur og á alla sem á einhvern hátt tengjast slíkum ófriði. Þetta gilti jafnt um Íslendinga sem næstu nágrannaþjóðir. Á þessum tíma var matvælaframleiðsla fremur einföld í sniðum og algengustu neyslumatvæli skiptu tugum frekar en hundruðum. Nú er þessum málum á annan hátt farið. Framleiðsluhættir á matvælasviðinu er miklu flóknari nú en þeir voru fyrir 30 árum. Skipta algengustu neyslumatvæli hundruðum og eiga þar innfluttar vörur stóran hlut að máli. Tekin hefur verið upp kennsla í ýmsum æðri skólum í manneldis- og matvælafræðum. Í landinu starfa nú þegar nokkrir sérfræðingar á sviði manneldisfræði og matvælafræði, matreiðslu o. s. frv. Á læknasviðinu hafa einnig orðið umtalsverðar breytingar með aukinni áherslu á manneldisfræði og skyld fræði innan læknadeildar Háskóla Íslands og reyndar annarra háskóla á þessu sviði í nágrannalöndum okkar.

Nú er það svo, að æ verður ljósara að milli mataræðis og heilsufars eru mikil tengsl. Góð heilsa er dýrmætasta eign hvers manns, og undirstaða hennar eru hollar lífsvenjur og þá ekki síst sú fæða sem maður velur sér. Er því nauðsynlegt að heilbrigðisyfirvöld geti tryggt að tekið sé tillit til hollustuháttasjónarmiða við ákvarðanir er geta haft áhrif á neysluvenjur fólks. Til að sinna þessu verkefni þurfa heilbrigðisyfirvöld að hafa sér til ráðuneytis fólk með sérþekkingu á matvælum, manneldi og þeim sviðum læknisfræði sem tengjast næringarfræðinni. Með hliðsjón af þessu telur heilbrigðis- og trmrn. nauðsyn á áframhaldandi starfi manneldisráðs, en að taka beri tillit til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og þess vegna þurfi að breyta lögum um manneldisráð og færa þau í raunhæfara form. Vegna þessa skipaði heilbr.- og trmrh. á öndverðu s. l. sumri n., er í áttu sæti dr. Jón Óttar Ragnarsson matvælaefnafræðingur, Ólafur Ólafsson landlæknir og Vigdís Jónsdóttir skólastjóri, til þess að endurskoða gildandi lög um manneldisráð. N. skilaði áliti í jan. s. l., og er frv. það, sem hér er flutt, að mörgu leyti byggt á till. nefndarinnar.

Ég ætla mér ekki að fjalla nánar hér um einstakar greinar þessa frv., en legg áherslu á það, að endurskipað var í manneldisráð árið 1974 og að í dag er kominn vísir að slíkri stofnun. Vinnur þar sem stendur einn starfsmaður á skrifstofu. Að öðru leyti vísa ég til frv. og allítarlegra athugasemda við það og legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trmn. með 11 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. (þskj. 457). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er annað af þremur sem ætlað er að leysa af hólmi lyfsölulög nr. 30 frá 29. apríl 1963, en ég hef áður í þessari hv. þd. mælt fyrir frv. um lyfjafræðinga sem er komið til nefndar.

Eins og fram kemur í aths. við þetta lagafrv., hefur n. á vegum rn. unnið að þessari endurskoðun nú um 5 ára skeið. Niðurstaðan hefur orðið sú að skipta hinum gildandi lyfsölulögum í þrjá lagabálka, eins og ég sagði áðan: í þetta frv. og lyfjafræðingafrv., en hið þriðja er skammt á veg komið og þar er fjallað um dreifingu lyfja almennt, þ. á m. rekstur lyfjaheildverslana og lyfjabúða. Það frv. verður ekki til framlagningar á því Alþingi sem nú situr.

Eins og áður segir, hefur n. sérfróðra manna gert drög að því frv. sem hér liggur fyrir, og skilaði hún þeim í árslok 1977. Rn. sendi drögin

til umsagnar Apótekarafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands, Læknafélags Íslands og lyfjavöruhópi Félags ísl. stórkaupmanna. Að fengnum athugasemdum þessara aðila hefur rn. gert ýmsar breytingar frá hinum fyrri drögum nefndarinnar.

Er þar fyrst og fremst að telja kafla sem n. hafði í sínum drögum og fjallaði um sölu og *dreifingu lyfja*. Rn. telur að þessi kafli eigi betur heima í væntanlegu frv. um dreifingu lyfja og geti þannig beðið að ósekju, enda voru í þeim kafla veigamikil nýmæli, svo sem um stofnun sérstakra lyfjabúða á vegum Háskóla Íslands og sérstakra sjúkrahúsalyfjabúða, sem rétt er að fjallað verði um við lagasetningu um heildarskipulag lyfjadreifingarmála hér á landi. Þá hafa verið gerðar verulegar breytingar á skipan lyfjaverðlagsnefndar, lyfjanefndar og stjórn lyfsölusjóðs frá því er greindi í upphaflegum drögum n. Eru breytingarnar helst þær, að fækkað er nefndar- og stjórnarmönnum frá því sem var í drögum n., og er það einnig í samræmi við skoðanir áðurgreindra umsagnaraðila. Engum blandast hugur um að lyf eru mjög viðkvæmur varningur og er sífellt meiri ástæða til að gæta fyllstu varúðar í allri meðferð á þeim. Hlutverk heilbrigðisyfirvalda verður að sjálfsögðu ávallt það að gæta hagsmuna almennings á þann hátt að honum verði ekki falboðin önnur lyf en þau, sem hafa notagildi við lækningar. Þó verður ætíð að gæta þess, að notagildi sé mun meira heldur en hætturnar sem af notkun gætu stafað.

Annar þáttur, sem yfirvöld þurfa að gæta, er að verð á lyfjum sé hóflegt svo sem kostur er, enda eru útgjöld vegna lyfja verulegur kostnaðarhluti í greiðslum almannatrygginga vegna sjúkrakostnaðar.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að heilbrigðisyfirvöld hlutist til um að allt dreifingarkerfi lyfja og framleiðsla þess innanlands fari fram með sem öruggustum hætti. Segja má að tveimur hinum fyrst nefndu þáttum séu gerð skil í þessu frv., en svo sem áður er tekið fram verða dreifingarþættinum gerð sérstök skil í öðru frv.

Veigamesta nýmælið í þessu frv. er án efa stofnun Lyfsölusjóðs. Helsta röksemdin fyrir stofnun slíks sjóðs er að mjög ör eigendaskipti eru á lyfjabúðum, að meðaltali um það bil á 15 ára fresti, og þar af leiðandi er lyfsöluverðinu ætlað að taka þátt í að greiða mjög ört niður stofnkostnað af lyfjabúðum. Annað mál er svo, að sá sem byrjar lyfjabúðarekstur þarf á tiltölulega stuttum tíma að festa mikið fé í húsnæði, tækjum og birgðum og verður því að stofna til skulda sem einatt verða honum þungur baggi framan af. Afleiðingar þessa hafa verið að sumir menn hafa ekki getað notfært sér lyfsöluleyfi, og ætla má einnig að hæfir menn veigri sér við að sækja um leyfi til lyfsölu. Tilgangur Lyfsölusjóðs er því að stuðla með nokkrum hætti að lausn þessa vanda og þó einkum að auðvelda eigendaskipti að lyfjabúðum. Þá er honum einnig ætlað að jafna aðstöðu þeirra sem fá lyfsöluleyfi, enda eru aðstæður til stofnunar lyfjabúða í þéttbýlli kaupstöðum á Suðvesturlandi og annars staðar mjög ólíkar því sem er í dreifðari byggðum landsins. Má því segja að stofnun Lyfsölusjóðs sé brýnt hagsmunamál bæði þeirra, sem eiga hlutdeild í rekstri lyfjabúða, þ. e. a. s. lyfsalanna, og þó má ekki síður telja þetta hagsmunamál alls almennings, með því að þrýstingur til hækkaðs lyfjaverðs vegna örrar fjárfestingar minnkar. Þess ber þó að sjálfsögðu að geta, að tekjur Lyfsölusjóðs eru samkvæmt 42. gr. áætlaðar ákveðinn hundraðshluti af innfluttum lyfjum og lyfjaefnum auk framlaga lyfjabúða og kæmu iðgjöld þannig fram í lyfjaverði.

Annað veigamikið nýmæli í þessu frv. er, að áætlað er að lyfjabúðir hafi ekki, eins og tíðkast hefur frá upphafi og fram til þessa tíma, sjálfkrafa rétt til framleiðslu lyfja, heldur lúti þær sömu kröfum og lyfjagerðir eftir árið 1985. Er þetta liður í þeirri þróun sem hefur orðið sífellt örari síðari árin í framleiðslu lyfja. Öll tækni og rannsóknakröfur hafa aukist svo, að smáir framleiðendur eiga örðugt um vik og í rauninni er óhagkvæmt að margir aðilar hér á landi fáist við sömu framleiðslu. Eftir sem áður má þó ætla að stærri lyfjabúðir haldi áfram framleiðslu eftir 1985, að fengnu starfsleyfi, en annars verði það fyrst og fremst stærri aðilar í lyfjaframleiðslu í dag sem hafi á hendi lyfjaframleiðslu eftir þann tíma. Er þar fyrst og fremst um þrjú fyrirtæki að ræða: eitt ríkisfyrirtæki og tvö fyrirtæki einkaaðila.

Ekki þykir rétt að orðlengja frekar um atriði frv. á þessu stigi, enda verður væntanlega ítarlega um það fjallað í heilbr.- og trn. Rétt er þó að vekja athygli á veigamiklu atriði sem kom fram hjá Félagi ísl. stórkaupmanna í athugasemdum þess félags, en ekki hefur verið tekið inn í frv., og það er að lyfjaheildverslunin verði tekin inn í Lyfsölusjóð. Þetta vil ég óska eftir að n. taki til ítarlegrar athugunar.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju minni með þetta frv. til lyfjalaga. Ég hef að vísu ekki kynnt mér það nægilega mikið enn þá, en ég fæ tækifæri til þess í n. að kynna mér efni þess. Ég skal hins vegar játa það, að mér hefði þótt æskilegra að við hefðum séð öll þessi þrjú frv. í einu ef mögulegt hefði verið, þannig að við gætum fengið heildarmynd af þessu og tekið afstöðu okkar út frá því, hvað í hverju þeirra felst.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að frv. um lyfjafræðingana hefur þegar verið tekið til meðferðar í heilbr.- og trn. og sent þar til umsagnar, og sama verður auðvitað upp á teningnum með þetta frv. Bæði eru þau þó það seint fram komin, að vart er hægt að reikna með því að þau fái afgreiðslu nú á þessu þingi. Því kemur það kannske ekki svo mjög að sök vegna þriðja frv., sem hæstv. ráðh. upplýsti að væri skammt á veg komið og ekki væri að vænta á þessu þingi, þó að þessi frv. komist ekki í gegn, því að þar held ég að hljóti að verða um að ræða ýmis meginatriða þeirrar skipunar þessara mála sem ég tel að þyrfti að athuga. Ég fagna að sjálfsögðu yfirlýsingu hæstv. ráðh. um að það skipti miklu og þessu frv. sé ætlað það m. a. að stuðla að hóflegu verði lyfja.

Ég held einnig að ákvæði frv. um Lyfsölusjóð

séu eftirtektarverð, og ég er sannfærður um að frv. í heild hljóti að vera til bóta. Ég sé það bara á upptalningu þeirra manna sem hafa um þetta fjallað, færir menn bæði varðandi þessi mál, lögfræðileg atriði og stéttarleg atriði varðandi það sem snertir lyfjafræðingana sjálfa. En ég sé í grg., að frá till. n. hefur einum kaflanum verið sleppt, þ. e. a. s. þeim sem fjallaði um sölu og dreifingu lyfja, og rn. telji að sá kafli geti að ósekju beðið væntanlegs frv. um rekstur lyfjabúða og dreifingu lyfja, og þetta kom reyndar fram í máli hæstv. ráðh.

Ég get ekki stillt mig um að minna á það, að nú er nokkuð um liðið síðan þessi mál í heild komnu hér til umr. á Alþingi. 1972 voru fluttir á Alþ. tveir lagabálkar, annars vegar um Lyfjastofnun ríkisins. Það frv. var ekki endurflutt. Um það var mikill ágreiningur, sem eðlilegt mátti kannske teljast, og ég man að stjórnarandstaðan þáverandi, þ. e. a. s. Sjálfstfl., lagðist eindregið gegn þessu frv. og endirinn varð sá, að það var ekki endurflutt. Hins vegar var frv. um lyfjaframleiðslu. Það er frv. sem kemur að nokkru leyti inn á það mál sem hér er til umr., en að meginatriði er það þó því óskylt. Það frv., lagt fram af þáv. heilbr.- og trmrh. Magnúsi Kjartanssyni, fór fyrst fyrir Nd. og náði þar ekki fram að ganga, en var síðan endurflutt hér í Ed. með allmiklum breytingum. Það frv. náði fram að ganga hér í Ed., eftir að vísu nokkurt þóf og nokkrar breytingar einnig sem voru eðlilegar. Um þetta var töluvert deilt hér í deildinni, hvernig með skyldi farið. Þar voru í raun og veru almenn ákvæði um lyfjaframleiðslu, en II. kaflinn, sem var kannske veigamestur, var um stofnun sameiginlegs fyrirtækis um lyfjaframleiðslu. III. kaflinn fjallaði svo um verðlagningu, og það er nú í þessu frv. nú til lyfjalaga þó að öðruvísi sé orðað. Ég skal ekki segja hvort orðalagið er betra og hvort orðalagið tryggir betur það sem hæstv. ráðh. talaði um: að tryggja hóflegt verð. En í fyrra frv., sem fór hér í gegnum Ed., sagði svo í III. kaflanum, með leyfi forseta:

„Framleiðsluverð lyfja skal vera kostnaðarverð með hæfilegu tilliti til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Söluverð innlendrar lyfjaframleiðslu fer að öðru leyti eftir reglum gildandi lyfjaverðskráa, sem staðfestar eru af heilbrrh.“ Svo er ákvæði um lyfjaverðlagsnefnd.

En hér er þetta stutt og laggott í þessu frv.: „Verð lyfja skal vera hóflegt. Það skal birta í lyfjaverðskrá, er ráðh. staðfestir.“

Ef þessu ákvæði er framfylgt rækilega, að verð lyfja skuli vera hóflegt, og þá auðvitað miðað við réttar forsendur og réttar aðstæður, þá skal ég ekki út af fyrir sig gera ágreining um þetta atriði. En hitt atriðið, sem ég vil vekja athygli á hér og ekki er enn þá ljóst hvernig rn. ætlar að standa að, það er sá kafli sem ráðh. vék sérstaklega að áðan. Og ég segi það enn, að ég harma að við skulum ekki sjá öll þessi frv. nokkurn veginn samhliða til þess að gera okkur grein fyrir því, hvað fyrirhugað er í sambandi við hið þriðja, sem ég tel kannske veigamest, þ. e. a. s. um sölu og dreifingu á lyfjum. Ég man ekki glöggt hvernig fór um þetta mál í atkvgr. hér á sínum tíma, varðandi þetta sameiginlega fyrirtæki um lyfjaframleiðslu, en þó man ég að eftir mikið þóf í heilbr.- og trn. tókst okkur að ná samkomulagi, að ég held nokkurn veginn algerlega, um hvernig það skyldi rekið. Þetta átti vitanlega að vera gert í þeim tilgangi sem um er fjallað í þessu frv., að verð lyfja skuli vera hóflegt. Þetta fyrirtæki átti sem sagt að hafa það sem sitt höfuðmarkmið.

Ég sem sagt get stutt þetta frv. En ég vildi aðeins minna á þessi frv. og þær miklu umr. sem urðu um þau á sínum tíma. Það er auðvitað bagalegt að allt þetta kjörtímabil skuli hafa liðið án þess að þessi mál væru tekin til umr. á nýjan leik fyrr en nú í lok þessa tímabils og þá á þann hátt, að litlar líkur eru á að þau fari í gegn. Nú þori ég auðvitað ekki að fullyrða hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að láta Alþ. sitja lengi og skila miklu af sér það sem eftir er vetrar. Það veitir kannske ekki af því að hressa þar svolítið upp á, því að ekki hefur verið mikið afrekað í vetur. Ef það er meiningin að hressa nú svolítið upp á þetta svona undir vorið og koma a. m. k. einhverju af þeim málum í gegn, sem hér skipta einhverju máli, þá kann að vera að við getum náð samkomulagi um þetta. En ég vil aðeins undirstrika það, að eftir er eitt veigamesta atriðið í þessu efni, eins og hæstv. ráðh. tók réttilega fram, og við getum í raun og veru ekki athugað þessi mál í fullkominni heild fyrr en við sjáum hvað þar er helst ráðgert og hvort þar er tryggð einhver sú nýskipan í sambandi við lyfjaverslunina sem a. m. k. ég get sætt mig við.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sambandi við það, að þessi frv. öll liggi ekki fyrir, þá geta þm. almennt séð að þessi n. er búin að starfa í fimm ár og ég hef átt marga fundi með ákveðnum nm. og við í rn. lögðum allan s. l. vetur mikla áherslu á að n. lyki störfum. Var talið í haust að þessi frv. mundu öll verða komin fram á fyrri hluta þings. En svo fer oft, að það tekur langan tíma að koma málum saman, og ekki síður þegar sprenglærðir menn eiga hlut að máli, eins og menn sjá að eru í þessari n. En þessi þrjú frv., sem er ætlað að leysa lyfsölulögin af hólmi, eru auðvitað mjög aðgreinileg. Lyfjafræðingafrv. er algjörlega sjálfstætt og afar einfalt frv. til afgreiðslu, og ég legg áherslu á að það fái afgreiðslu hér, þó að það sé seint fram komið. Það er í raun og veru svipaðs eðlis og er um menntun og viðurkenningu annarra stétta, og eins og ég sagði í framsögu fyrir því frv., þá er ég sammála þessari n. um að þetta eigi að vera sjálfstæður lagabálkur, vegna þess að lyfjafræðingar eru ekki allir inni í lyfjabúðum, heldur mjög víða, eins og kom fram í ræðu minni.

Þetta frv. er líka mjög aðgreint, en að verulegu leyti faglegs eðlis, sem ég tel að sé ekki hægt að leita mikið umsagnar um umfram þá sem stóðu að samningu þess faglega álits sem hér er lagt fram.

En í því frv., sem er ókomið, þá fannst okkur í rn. rétt að fella þennan hluta úr því og hann ætti að koma frá n., þar sem fjallað er um dreifingu lyfja almennt og m. a. rekstur lyfjabúða og lyfjaheildverslana. Mér finnst það líka fyrir mitt leyti vera ákaflega sjálfstætt frv., þegar þar að kemur.

Ég vonaðist til, að þessi frv. öll þrjú yrðu lögð fyrir þetta þing. En ég eða heilbr.- og trmrn. vildi ekki bíða með að leggja fram þessi tvö frv., vegna þess að það þarf þó nokkurn aðlögunartíma, og eins og menn sjá í frv., þá er ekki gert ráð fyrir að það taki gildi fyrr en 1. jan. 1979, svo það væri meira en um eins árs tími ef ætti að bíða með öll frv. til afgreiðslu eftir næsta þingi. Ég fyrir mitt leyti vil því mjög eindregið mælast til þess við n., að hún reyni eftir föngum að afgreiða þessi mál bæði. Eins og ég sagði áðan, er frv. um lyfjafræðinga ákaflega einfalt frv. og fljótafgreitt. Þetta er aftur það flókið, að ég hygg að þm. almennt geri sér ekki grein fyrir því, nema formaður n. af eðlilegum ástæðum, hann stendur betur að vígi en við hinir í þeim efnum, nema það sem lýtur að þeim breytingum sem við leggjum til, eins og um stjórn lyfsölusjóðs, sem er auðvitað ákvörðun sem hver og einn getur tekið, hvort rétt sé að fara inn á þá braut. Ég fyrir mitt leyti tel hana mjög til bóta og er mjög á því, að sú breyting nái fram að ganga. Hins vegar er ég ekki að segja að hvert orð í þessu frv. sé alveg heilagt mál og ekki megi breyta stafkróki í því. Mér dettur ekki í hug að halda því fram. Ef eitthvað kemur upp við nánari könnun og þá sérstaklega það sem ég óskaði sérstaklega eftir að yrði kannað af n., þá er n. auðvitað í sjálfsvald sett að flytja brtt. En þrátt fyrir það að frv. er mjög seint á ferðinni, sem er ekki til fyrirmyndar, ástæðurnar eru þessar og ekki er hægt að kenna rn. um það, að n. hafi verið sniðinn mjög þröngur stakkur í því máli, þá vona ég að þetta frv. fái afgreiðslu.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er vitað mál, að þau frv., sem hér um ræðir, bæði lyfjafræðingafrv. og það sem nú er til umr., eru mjög veigamikil mál og því líklegt að n., sem hefur þau til umfjöllunar, þurfi nokkurn tíma til að athuga þessi frv. bæði tvö. Hins vegar er það nú svo, að við höfum þegar tekið fyrra frv. til athugunar og gert ráð fyrir heimtum á umsögnum með það í huga að gera tilraun til þess að koma því í gegnum þetta þing. Við vitum að ef einhugur er í nefnd, þá þarf í raun og veru ekki marga daga til þess að fá mál í gegn, ef búið er að athuga það gaumgæfilega í n., svo ég vona nú, ef lögð er á það áhersla, að okkur gefist tækifæri til að ræða rækilega um þessi frv. í n., en þó með það í huga að koma þeim í gegnum þetta þing, ef engir annmarkar koma þar á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Varnir gegn kynsjúkdómum, frv. (þskj. 463 (sbr. 338)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þroskaþjálfar, frv. (þskj. 464 (sbr. 410)). — 3. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur 2. umr. þessa máls, en af vissum ástæðum taldi ég rétt að segja um það örfá orð, ekki til að tefja frv., ég hlýt að styðja þetta frv. eindregið. Það er aðeins ábending, sem ég fékk frá aðila sem er þessum málum kunnugur, sem kom mér til þess að segja hér örfá orð almennt, bæði um frv. og eins koma á framfæri þeim ábendingum sem þessi aðili kom á framfæri við mig.

Ég tek það fram, að það er mikilvægt að þessi stétt manna fái fulla viðurkenningu á sínum starfsréttindum, þó ekki séu þarna að mínum dómi e. t. v. nógu skýr mörk á milli, hvort um heilbrigðisstétt sé að ræða eða stétt sem fremur á skylt við menntun, uppeldi og tilheyri fremur menntamálum. En það er ekkert aðalatriði. Meðan Kópavogshælið er aðalmiðstöð allrar starfsemi varðandi þroskahefta, svo sem er samkvæmt núgildandi lögum, þá er hér auðvitað um heilbrigðisstétt að ræða öðru fremur samkvæmt þeirra laga hljóðan. Um heildarlöggjöfina, sem þetta byggist m. a. á, skal ég ekki fjölyrða hér. En ég held að þroskaþjálfar öðrum fremur, einmitt vegna reynslu sinnar og þekkingar, leggi á það höfuðáherslu að fá löggjöf sem geri þeim kleift að sinna hlutverki sínu enn betur til aukinnar þroskunar þeirra einstaklinga sem þeim eru faldir til umönnunar. En hér er ekki staður til umr. þar um, enda meira mál en svo.

Í öðru lagi vil ég láta í ljós mikla ánægju með þróun Þroskaþjálfaskólans og þeirrar síauknu starfsþjálfunar sem þar er nú veitt. Það er ljóst, að þar ráða ferð framsýnir vel menntir aðilar sem í hvívetna fylgjast vel með í örri framþróun þeirra mála í heild og koma nýrri vitneskju og nýjum aðferðum vel og rækilega á framfæri við nemendur sína.

Í þriðja lagi vil ég svo leggja áherslu á það, að þroskaþjálfar fái hvarvetna sem besta starfsaðstöðu til að kraftar þeirra og hæfileikar nýtist sem best. Þetta á ekki hvað síst við um aðalstöð þessara mála í dag, þ. e. a. s. Kópavogshælið. Þroskaþjálfaskortur er minnkandi, ef svo má segja. Þeir, sem nú eru í starfi, verða að eiga þess kost að hafa aukið frumkvæði í umönnunar- og uppeldisstörfum sínum og njóta sín í starfi. Er vonandi að svo sé alls staðar. Það þarf að auka mjög samband og samstarf sérkennara og þroskaþjálfa og ekki síður samstarf og samvinnu þessara aðila við aðstoðarfólkið á stofnununum, sem oft vinnur þar erfiðustu og e. t. v. vandasömustu störfin. Það fólk vill ráðgjöf og samhjálp, og vonandi er hvort tveggja í góðu lagi.

En tilefni þessara orða minna hér er í raun og veru það sem ég sagði áðan, langt og ítarlegt viðtal sem kona ein átti við mig rétt fyrir páskana. Hún hefur verið aðstoðarkona á stofnun í hálfan annan áratug og gjörþekkir þessi mál. Hún hefur af eigin rammleik og án þess vitanlega að hækka nokkuð í launum við það eða fá meiri viðurkenningu viðað að sér mikilli þekkingu um málefni þroskaheftra og gæti eflaust slegið einhverjum sérlærðum við í þeim efnum. Hún fagnaði þessu frv. Hún fagnaði því, að

þroskaþjálfar fengju aukin og sjálfstæðari verkefni í kjölfar þessarar löggildingar sinna starfsréttinda. En hún sagði ýmislegt fleira sem ekki verður allt tíundað hér. Hún ræddi sér í lagi um nauðsyn þess, að aðstoðarfólk á þessum stofnunum fengi aukna fræðslu um hlutverk sitt og þá möguleika sem það hefði til þess beinlínis að hafa þroskandi og örvandi áhrif á það fólk sem það ætti að annast. Á því væri vissulega misbrestur sem væri mjög alvarlegur þegar þess væri gætt, hve samskipti aðstoðarfólksins og vistfólksins væru mikil daglega. Hér vildi hún láta þroskaþjálfana, sérkennarana, sálfræðingana og félagsráðgjafana, sem allir starfa hér að, fá aukin verkefni sem svo skiluðu sér margfaldlega aftur í starfi þessa sérlærða fólks og þó alveg sérstaklega í þroska, framförum og vellíðan vistfólksins. Þessi kona taldi að það væri þörf á því, að það aðstoðarfólk, sem ynni á þessum stofnunum, fengi einhver námskeið eða einhverja fræðslu, þegar það væri að byrja á slíku starfi, til þess að starf þess nýttist sem allra best. Það er nefnilega svo, að á sumum þessara stofnana og ég tala nú ekki um á aðalstofnuninni, á Kópavogshæli, er yfirgnæfandi fjöldi af starfskröftunum hið svokallaða ólærða aðstoðarfólk. Og mér þóttu þessi orð allrar athygli verð.

Ég vildi sem sagt mega beina þessum orðum til hæstv. ráðh. Ég skal ekki lengja þessar umr. Það væri vissulega þarna af nógu að taka, en ég held að þessi kona hafi þarna af sinni miklu þekkingu og reynslu drepið á atriði sem er mikillar athygli vert, þó við séum að bæta við og auka menntun þess hóps sem verður þarna auðvitað í forsvari, verður með aðalleiðsögnina á hendi, þroskaþjálfanna, og einnig þeirra sérkennara sem nú eru að taka síaukinn þátt í starfsemi þessara stofnana.

Lokaorð þessarar ágætu konu voru þessi: Hjálpið okkur að virkja alla sem við stofnanir þroskaheftra starfa, bæði lærðra sem ólærðra, til þess að útrýma með öllu geymslu- og gæsluhugsuninni, en fá í staðinn þroskun og þjálfun sem allir, sem þarna vinna að, gætu unnið að í sameiningu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 7. landsk. þm. Ég tel að þessar ábendingar varðandi hið almenna starfsfólk séu mjög mikilvægar. Þó að höfuðstarfið og það vandasama, hvíli auðvitað á þeim sem hafa menntun, þá er líka hitt vandasamt starf, að vera óbreyttur starfsmaður á hælum sem þessum. Ég tel að það, sem hann sagði áðan og tilfærði eftir samtali við þessa konu sem hann ræddi við, sé mjög þýðingarmikið að athuga nánar og af fullum velvilja og áhuga á því að það megi komast á.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Áfengislög, frv. (þskj. 146, n. 424, 425). — *2. umr.*

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta frv. til l. um breyt. á áfengislögum á nokkrum fundum sínum. Frv. þetta fjallar eingöngu um breytingar á viðurlögum við brotum á áfengislögum. Í n. var nokkuð rætt um nauðsyn þess að breyta áfengislögunum að öðru leyti og koma þar ýmis atriði til umr., en frá því var horfið að gera brtt. við þetta frv. í þá átt, þar sem nm. voru raunar þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að láta fara fram heildarendurskoðun á áfengislöggjöfinni. Þess vegna varð niðurstaðan sú, að það voru gerðar að vísu smávægilegar brtt., sem hér er gerð grein fyrir á sérstöku þskj., en að öðru leyti koma ekki brtt. frá nefndinni.

Erindi bárust til n. um nauðsyn á breytingu á áfengislöggjöfinni. Sérstaklega er rætt um aldurstakmark í sambandi við sölu á áfengi og aldurstakmark í sambandi við leyfi til þess að vera í veitingahúsum og njóta þar þjónustu og raunar ýmis fleiri atriði í sambandi við áfengislöggjöfina, sem í ljós kom að ýmsir höfðu áhuga á að komið væri á framfæri. Og það er alls ekki fyrir það, að n. taldi ekki þörf á almennum breytingum á áfengislöggjöfinni, að ekki var horfið að því að vinna það verk nú.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að fjölyrða hér um þessar brtt., sem n. leggur til. Þær eru ekki stórfelldar, en miða að því, að tekið er upp aftur atriði úr gömlu lögunum, sem hafði verið fellt niður, en þótti við nánari athugun ekki rétt að niður væri fellt, og eins er nokkru skýrar tekið til orða um fáein atriði önnur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta, en endurtek það, að mér og öðrum nm. er vel ljóst að þetta er aðeins einn liður í þeim breytingum sem nauðsynlegt væri að gera á áfengislöggjöf.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til afgreiðslu hjá allshn. þessarar hv. d., sem ég á sæti í, lýsti ég þeirri afstöðu minni í sambandi við ákvæði þess frv., sem hér er til umr., að það eina, sem ég gæti út af fyrir sig fylgt í sambandi við þau ákvæði sem þetta frv. inniheldur, er sú sjálfsagða leiðrétting, að upphæð skattsekta verði leiðrétt. Það gefur auga leið, að núgildandi sektarákvæði eru fyrir löngu orðin úrelt og því ekki óeðlilegt að sú breyting verði gerð á áfengislögunum sem tilgreind er í 5. gr. þessa frv. við 2. málslið: „Við ákvörðun sektar skal hafa hliðsjón af útsöluverði sambærilegs áfengis hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.“ Þetta er eina ákvæðið í þessu frv. sem ég er samþykkur.

Ég benti á í n. að öll áfengislöggjöfin væri fyrir löngu orðin úrelt og algerlega óviðunandi, og ég hef lýst þeirri skoðun minni áður í þessari hv. d., að ég tel einmitt að til þeirra staðreynda, hversu illa hefur verið búið að áfengislöggjöf þjóðarinnar og framkvæmd þeirrar löggjafar, megi rekja margar ástæður þess hörmulega ástands sem ríkir í áfengismálum þjóðarinnar, svo að eitt af því allra nauðsynlegasta, sem liggur fyrir, er að taka núgildandi áfengislög til gagngerðrar endurskoðunar, og ég tel að ekki ætti að draga það úr hömlu.

Ég minnist þess, að á síðasta Alþ. var borinn fram allviðamikill frv.-bálkur um breytingar á

áfengislöggjöfinni. Ég flutti brtt. við frv. Örlög þessa frv. urðu þau, að frv. fór til n. En eftir að brtt. mín hafði séð dagsins ljós var eins og horfinn væri allur áhugi á því að koma fram umræddu frv., sem þó innihélt að mínu áliti mörg skynsamleg ákvæði um breytingar á núverandi áfengislöggjöf sem hefðu vissulega getað orðið til bóta, sem sagt áhugi nm. á því, að frv. fengi þinglega afgreiðslu, virtist fara veg allrar veraldar, því að frv. fékkst ekki lengur tekið fyrir í n. og var aldrei afgreitt þaðan. Þetta sýnir m. a. í hvaða óefni er komið og í hvaða sjálfheldu við erum í sambandi við þessi viðamiklu mál, sem allir viðurkenna að séu eitthvert stórkostlegasta vandamálið með þjóðinni. En það er eins og það sé ríkjandi skoðun, að ekki megi taka á þessum málum af skynsemi og sæmilegri íhygli, heldur þarf þetta að vera einhvern veginn umfjallað af einhverri skinhelgi og yfirdrepsskap, eða svo hefur mér oft fundist.

Herra forseti. Ég vil aðeins með þessum orðum undirstrika, að þó að ég hafi ekki skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og hafi ekki flutt brtt. við þetta frv., þá ber ekki að skoða það svo, að ég sé samþykkur því á neinn hátt að öðru leyti en því sem ég hef nú gert grein fyrir og mun ég greiða atkv. við meðferð frv. samkv. því sem ég hef nú rætt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Skynsemi og skinhelgi virðist kannske stundum svolitið erfitt að skilgreina og gera grein fyrir því, hvað sé skynsamlegt og hvað ekki, ekki síst í umr. um áfengismál.

Svo sem fram kom í ræðu hv. frsm. allshn., þá er sú breyting á áfengislögunum, sem hér er lögð til, ekki veigamikil, en þó er hún sjálfsögð. Vegna stöðugrar rýrnunar peninga okkar er nauðsynlegt að breyta tölulegri upphæð sekta án þess að lagabreytingar komi til hverju sinni. Hins vegar eru, eins og þegar hefur komið fram, margar aðrar veigamiklar breytingar sem gera þyrfti á áfengislöggjöfinni, og raunar hefur oft verið gerð tilraun til þess að breyta þeim verulega, en gengið illa. Það eru meira að segja veigamiklar ástæður til endurskoðunar á áfengislöggjöfinni nú.

Í fyrsta lagi eru fjölmörg ákvæði í lögunum, sem margir eru óánægðir með og líklegt er að finna mætti eðlilegri lausn á með gaumgæfilegri athugun. Í öðru lagi er þekking manna á skaðsemi áfengis stöðugt að aukast, og sú viðbótarvitneskja gefur fulkomna ástæðu til þess að endurskoða ýmis ákvæði laganna. Til dæmis um þörf á endurskoðun má geta þess bréfs sem alþm. fengu frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda um lög og reglur um vínveitingar, enda þótt það sé í nokkuð öðrum dúr en við erum vanir að ræða. En mér finnst ástæða til þess, þar sem þetta eru þeir aðilar sem hafa mikið með áfengislöggjöf að gera og framkvæmd hennar, þá finnst mér ekki óeðlilegt að við aðeins fáum að heyra um sjónarmið þeirra. Með leyfi forseta langar mig til að lesa hér glefsur úr þessu bréfi. Þar segir svo m. a.:

Eins og getið er hér að framan, er næsta ótrúlegur frumskógur af reglum tengdum rekstri veitingastaða og sér í lagi þeirra er einnig hafa vínveitingar. Er ekki úr vegi að tíunda hluta þess hér til glöggvunar fyrir þá er lítt þekkja til. Í áfengislögum frá 1969 segir:

Skilyrði fyrir vínveitingaleyfi er að veitingastaðir hafi á boðstólum mat — hvort sem eftirspurn er eftir honum eða ekki. Af þessu leiðir að ekki er hægt að selja vín án þess að á staðnum sé fullbúið eldhús og iðnlærður matreiðslumaður. Utan kaupstaða má aðeins selja áfengi á þeim tíma sem helst er von erlendra ferðamanna. Eftirlitsmenn skipaðir af ráðh. skulu fylgjast með að ákvæði áfengislaga og reglugerða séu haldin á veitingastöðum. Veitingamenn skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað vegna eftirlitsins. Mun það nánast einsdæmi þegar um löggæslu er að ræða. Áður en sett er reglugerð um vínveitingar, þ. á m. um veitingatíma, álagningu og lögreglueftirlit, skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs. Ekkert segir til um að umsagnar veitingamanna skuli leitað. Óheimilt er veitingastöðum að selja vín nema gegn staðgreiðslu. Lögreglustjóra er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma. Hefur þessu ákvæði oftsinnis verið beitt af litlu tilefni og stöðvað rekstur veitingastaðanna þeim til stórfellds tjóns. Óheimilt er að selja áfengi þeim sem gerst hafa sekir um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis. Á að krefja menn um sakavottorð áður en þeir fá afgreiðslu á bar eða hvað?

Í reglugerð um sölu og veitingar áfengis segir: „Dómsmrn. auk lögreglustjóra er heimil skyndilokun veitingastaða.“ Áfengi má aðeins veita frá 12—14.30 og 19—23.30. Er ekki tímabært að lengja daglegan vínveitingatíma? Það gefur heldur afkáralega mynd af íslensku þjóðskipulagi, að erlendur ferðamaður á hóteli getur ekki fengið afgreiddan neinn drykk um miðjan dag, en hins vegar er allt í lagi að senda bíl eftir flösku í ríkið fyrir hann.

Mér fannst ástæða til, vegna þess að málflutningur minn hér hefur gjarnan verið einhliða, að fram kæmi hér sjónarmið þessara manna sem svo mikið fjalla um og hafa hagsmuna að gæta af áfengislöggjöfinni og hvernig framkvæmd hennar sé. En þrátt fyrir alla þessa annmarka sem kunna að vera á því að koma áfengi ofan í landsfólkið, þá virðist það ganga furðulega vel. En annars staðar í bréfi sínu geta veitingahúsamenn einnig um það, að aðeins 13% af því áfengi, sem er drukkið í landinu, muni vera drukkið í veitingahúsum. En mikið er drukkið og afleiðingarnar alvarlegar. Til þess að sýna fram á slíkt langar mig til þess að lesa smágrein, er birtist í einu Reykjavíkurblaðanna nýlega, með leyfi forseta. Fyrirsögnin er „Áfengi er hættulegra konum en körlum.“ Vil ég aðeins lesa hér glefsur úr greininni:

„Það eru margir, sem eru í þessari hættu“ þ. e. hættu áfengisins. „T. d. er þriðji hver fullorðinn Þjóðverji í hópi þeirra sem drekka mikið, m. ö. o. 80 grömm af alkóhóli á dag eða meira. 2 millj. Vestur-Þjóðverja eru nú þegar í lífshættu vegna ofneyslu áfengis.“ — Ég tek það fram, að þetta er ekki bindindisblað sem ég er að lesa úr. — „Lifrarsjúkdómur er þar í landi í þriðja sæti meðal banameina á eftir hjarta- og æða-

sjúkdómum og krabbameini. Lifrin hefur verið talin geta afkastað 7 g af vínanda á klst., m. ö. o. breytt þessu magni í skaðlaus efni. Ef álagið verður meira til langframa hlaðast úrgangsefnin upp og tortíma frumum lifrarinnar.

Hitt vita menn, að sumir virðast þola álagið betur en aðrir. Læknar hafa til þessa ekki getað fundið neina skýringu á þessum mun einstaklinganna. Þeir hafa ekki getað svarað öðru til um en því, að hér sé um að ræða arfgengar hneigðir eða eitthvað þess háttar. Nýjar rannsóknir benda til þess, að kynhormónar séu forsenda fyrir mismunandi áfengisþoli manna. Lifur, sem verður fyrir árásum alkóhóls, á bersýnilega erfitt með að losna við östrogenhormóninn, og þetta efni verður ekki aðeins til í eggjastokkum kvenna, heldur er það og framleitt af kynkyrtlum karla, en magnið er mjög einstaklingsbundið. Ef allt er með felldu taka heilbrigðar frumur lifrarinnar við östrogeni að brjóta það niður. Frumur, sem alkóhól hefur skaðað, eru vart færar um það starf. Östrogenmagn er jafnan hátt í blóði ofdrykkjumannsins."

Að lokum segir að þessi rannsókn á hormónum hafi sýnt að konur þoli verr alkóhól heldur en karlmenn og það komi fram nú, að lifrarskemmdum fari jafnt og þétt fjölgandi og að lifur konunnar þoli minna alkóhól á dag heldur en lifur karlmannsins og þess vegna sé nú komið svo, að lifrarsjúkdómar hjá konum fari ört vaxandi.

Þetta er tekið úr upplýsingum í einu af þeim löndum, þar sem mikið er til af börum og alkóhóls neytt í ríkum mæli, en að mestu leyti létt alkóhól, og sýnir það, sem löngum hefur verið reyndar vitað, að það er ekkert síður hætta að drekka létt vín heldur en sterk, heldur er það fyrst og fremst heildarmagnið sem um er að ræða.

Margt fleira mætti tína til um hörmuleg félagsleg, heilsufarsleg og fjárhagsleg áhrif áfengisneyslunnar, bæði á einstaklinga, á fjölskyldur og þjóðfélagið í heild, reyndar líka um vinnutap og framleiðslutafir. Það er án efa rétt, sem haldið hefur verið fram, að við töpum fleiri vinnudögum árlega vegna áfengisneyslu en af völdum verkfalla.

Um félagslega örðugleika vegna drykkju mætti flytja langt mál. Þar þekkja þó flestir til og þarf því ekki að orðlengja. Þó má geta þess, að prestar telja það viðburð ef til þeirra er leitað vegna hjúskaparörðugleika án þess að bein eða óbein orsök sé drykkjuskapur.

Þá er það vitað, að hin hræðilegustu og hörmulegustu afbrotamál, sem hér hafa komið upp á undanförnum árum, eru öll nátengd áfengisneyslunni.

Varðandi heilsufarsleg áhrif ofneyslu áfengis á líkamann, þá eru einna þekktust áhrifin á lifrina, eins og áður er getið, en auk þess eru skaðleg áhrif á heilafrumurnar mjög áberandi og hjá drykkjumönnum er heilarýrnun algengt fyrirbrigði. Sérstakar taugabólgur í fótum eru beinlínis kenndar við alkóhólisma, og áhrif ofneyslunnar á hjarta og æðakerfi eru löngu þekkt.

Allt ber því að sama brunni: ofneysla áfengis er einstaklingum og þjóðfélagi til skaða og þess vegna ber að leita eftir leiðum til þess að draga sem mest úr áfengisneyslunni.

Þrátt fyrir þær dökku hliðar, sem við okkur blasa, er kannske ekki örgrannt um að eitthvað kunni að vera að rofa til í baráttunni gegn áfengisbölinu. Starfsemi sjúklinganna sjálfra, áfengissjúklinganna, er farin að setja svip sinn á heildarstarfið. Starfsemi AA-samtakanna er löngu landsþekkt, og nú hefur bæst við hópur er hefur hið sama markmið, en berst með nokkuð öðrum hætti.

Móttökustöð fyrir ölvaða og aðra þá, sem eru í bráðri þörf, eins konar slysavarðstofa fyrir áfengissjúklinga, er eitt mesta nauðsynjamál til þess að ná árangri. Þetta er margra ára baráttumál þeirra sem gegn áfenginu berjast, en nú fyrst er einhver von um að árangur náist í því efni. Enn fremur mun hið öfluga félagsstarf áðurnefndra félaga gefa ríkulegan árangur áður en langt um líður.

Nýlega voru norskir stjórnmálaflokkar spurðir um álit þeirra á alkóhólvandamálinu. Þeim kom öllum saman um að þarna væri eitt mesta félagslega vandamál þeirrar þjóðar sem væri ástæða til þess að berjast gegn af öllum þeim mætti sem þeir ættu til. Og ég vil sérstaklega vegna þeirra orða, sem féllu hjá hv. síðasta ræðumanni, geta þess, að það, sem veldur því að ég gat ekki greitt atkv. þeirri till. hans að lögleiða framleiðslu áfengs öls í þessu landi, er ekki síst það, að viðbótartegund veldur auknum drykkjuskap. Í öðru lagi vegna þess að um öl er að ræða og í huga okkar er öl í raun og veru ekki áfengi, þá er ákaflega líklegt, þar sem áfengt öl inniheldur ávanaefni, að það hljóti að leiða til þess, að líkaminn krefjist smám saman meira áfengis og þá sterkara heldur en áfenga ölið er. Þetta er í sjálfu sér eðli málsins samkv. mjög svo rökrétt, því að annars væri áfengi ekki ávanaefni.

Hins vegar er það svo, að þetta er hvarvetna um heim mikið vandamál En það eru að koma í ljós, eins og ég áður sagði, sífaukin vandamál og cinkum félagsleg og heilbrigðisvandamál, þannig að ætla má að farið verði að taka þetta alvarlegri tökum en hingað til hefur verið gert.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki að óþörfu lengja þessar umr. og ekki ástæða til fyrir mig að gera það með hliðsjón af frv. eða lögunum sjálfum. Ég get mjög eindregið tekið undir ræðu hv. 2. þm. Reykn. um þá reynslu sem birt hefur verið almenningi um ofnotkun áfengis. En það er ekki síst vegna þess að ýmsir alþm. hafa fengið spurningu til sín frá fjölmiðlum. hver afstaða þeirra sé til bruggunar áfengs öls og till. hv. 2. þm. Norðurl. e. um það mál á undanförnum tveim þingum, að ég hygg, a. m. k. á síðasta Alþ., að þá tel ég ástæðu til að lýsa því hér yfir, sem ég hef reyndar gert þrívegis opinberlega áður á undanförnum árum, að ég er algerlega andvígur framleiðslu áfengs öls. Ég tel að það sé síður en svo nokkur rök, sem enn hafa komið fram, er geti sannfært mig eða mín skoðanasystkini um að það sé „menningarauki" í meðferð áfengis eða að tilkoma þess geti með nokkrum hætti auðveldað fólki að umgangast þennan hættulega drykk sem áfengi er með betra móti, eftir að leyfð hefur verið slík bruggun öls, heldur en er í dag. Við

mundum samkv. reynslu annarra þjóða aðeins auka á þann vanda sem allir viðurkenna að er *ærinn fyrir hendi í landinu í dag og nefndur* hefur verið í útvarpinu á löngu tímabili mesta mein aldarinnar. Meginrökin í þeim fyrirlestrum, sem þar hafa verið fluttir, og viðtölum, sem þar hafa komið fram, komu einnig fram í ræðu hv. 2. þm. Reykn. áðan, bæði frá leikmannssjónarmiði og lærðra manna, sem lagt hafa sig fram um að komast að sannleikanum í sambandi við ofneyslu áfengis. Ég trúi því ekki þrátt fyrir tillöguflutning hv. 2. þm. Norðurl. e., að hann vilji í raun auka á þann vanda sem hér er fyrir hendi.

Ég hlýt að leggja áherslu á það, sem ég hef sagt mörg undanfarin ár opinberlega, að ég tel að þetta sé ekki leiðin til bættrar „vínmenningar", ef hægt er að tala um „menningu" í því sambandi, að leyfa bruggun áfengs sterks öls, nema síður sé, heldur aðeins viðbót við þann vanda sem við eigum við að etja í dag. En sem betur fer er skilningur almennings að aukast á þessu viðfangsefni og þörfinni fyrir að neytt sé allra bragða til þess að berjast gegn þessu böli. Ég hygg að það verði seint fundið út fjárhagslegt tjón þjóðfélagsins sem heildar af þessum vanda og seint að fullu metinn sá voði, sem þar er á ferðinni, heilsufars-, félags- og efnahagslega. Og ég trúi því ekki, að nokkur okkar vilji í raun og sannleika bæta á þann vanda. Langtum fremur vil ég enn trúa því, sem þegar er farið að brydda á með gleðilegum hætti hjá almenningi, og að alþm. verði ekki eftirbátar í að styðja þá hugarfarsbreytingu sem er að verða með þjóðinni til þessa sjúkdóms og lærðir menn viðurkenna að hér er um sjúkdóm að ræða, en afgreiði málið ekki á jafnódýran hátt og gert hefur verið undanfarin ár með þeim hörmulegu afleiðingum sem við höfum orðið vitni að eða okkar kynslóð. Það er hvorki hægt að afgreiða vandann eða slíkan sjúkdóm *með því að menn séu bara ræflar, eða eins og* viljað hefur koma fram í ræðum sumra ræðumanna í þessum efnum, að hér sé um nánast geðveikiflokk fólks að ræða. Það hefur sýnt sig, að á þeim stofnunum, sem beitt hafa nýjum aðferðum til lækningar þessum sjúkdómi, hefur orðið undraverður árangur og þeir, sem lengst hafa glímt við vandann með þessum nýju aðferðum, fullyrða að enginn sé svo illa farinn af hans völdum, að ekki geti hlotið lækningu, ef byggt verði á þeim höfuðgrundvelli að sjúklingurinn sjálfur vilji berjast við sjúkdóminn. Þá megi með hjálp og aðstoð vísindamanna og áhugafólks, en ávallt þó með því fororði fyrst og fremst að viðkomandi aðili vilji takast á við sjúkdóminn, þá megi hjálpa nánast hverjum einasta manni.

Hingað til hefur því miður of oft viljað á því bera, að menn hafa viljað afgreiða þetta á sem ódýrastan hátt, og sjúkdómurinn hefur raunverulega *allt fram undir síðustu ár ekki fengist* viðurkenndur sem sjúkdómur, heldur eitthvað allt annað, eftir mati hvers og eins, og eiga þar jafna sök á bæði lærðir og leikir. En sem betur fer, eins og hér hefur komið fram og ég skal með glöðu geði undirstrika og votta af eigin reynslu að er rétt, þá er gleðileg hugarfarsbreyting að eiga sér stað nú með þjóðinni, og ég tel að Alþ. eigi að fylgja henni eftir svo *sem kostur er, þannig að sú aðferð fái að reyna* sig til þrautar og eftir öllum þeim leiðum sem tiltækar eru.

En vegna þess að ég hef orðið var við það, að það er talið að einhver skoðanaskipti hefðu átt sér stað hjá mér á síðustu árum varðandi bruggun áfengs öls, þá taldi ég nauðsynlegt að upplýsa það hér, að engin skoðanaskipti hafa ekki átt sér stað hjá mér. Ég er sömu skoðunar nú í dag og ég var fyrir um það bil 15 árum, þegar ég var fyrst spurður þessarar spurningar. Svo mikið sem ég var andvígur bruggun áfengs öls, þá er ég enn sannfærðari í þeim efnum í dag. Áfengara öl mun ekki leiða til neinnar blessunar í umgengni við þennan vanda, þótt mér sé hins vegar ljóst að vín muni áfram fylgja manninum eins og það hefur gert svo lengi sem sögur eru skráðar og að algjört vínbann sé jafnóviturlegt, en allar rýmkanir frá gildandi lögum í því efni væru óskynsamlegar nú. Þetta vildi ég að kæmi skýrt og glögglega fram, og um þau efni hef ég að engu skipt um skoðun. Reynslan í því efni talar með miklu sterkari rökum en svo, að skoðanaskipti eins eða tveggja manna hafi þar nokkur áhrif á. Í ljósi reynslunnar tel ég að bruggun áfengs öls boði einungis, *eins og reynslan sýnir frá öðrum löndum*, meiri neyslu áfengis eða alkóhóls og meiri óhamingju og félagslegar og fjárhagslegar þrautir, sem því hafa fylgt og ofneyslu þess mun fylgja um ókomin ár. En þessi sjúkdómur hefur nú fengist viðurkenndur sem slíkur og það á að takast á við hann sem sjúkdóm, en ekki með einhverjum sleggjudómum eða fordómum frá gamalli og liðinni tíð.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara að innleiða umr. um bruggun áfengs öls í þessari hv. d., því að ég hef enn trú á því, að örlög tillögu, sem ég tel að hafi verið borin fram á fullkomlega þinglegan hátt í Sb., verði ekki á þann veg að hún verði hundsuð. Ég gerði ráð fyrir að hún fái þinglega afgreiðslu og komi til umr. á réttum stað, svo að ég skal ekki lengja umr. í sambandi við afgreiðslu þess frv., sem hér liggur fyrir, með því að fara að taka þátt í almennum umr. um bruggun áfengs öls.

Ég vil aðeins leiðrétta þau ummæli eða þá skoðun hv. 2. þm. Reykn. þar sem hann var að lýsa því yfir, að hann hefði ekki getað fylgt till. minni sem flutt var í fyrra í sambandi við frv. sem þá var í meðförum þessarar hv. d. um breytingar á áfengislögunum. Ég gat varla óskað eftir stuðningi hans við þá till. Þegar við vorum að ræða þessi mál í n. sem hafði það frv. til meðferðar var ég aðeins að reyna að fá afgreiðslu á málinu, en það virtist ekki vera vilji fyrir því, svo að frv. dagaði uppi.

Ég vil, til þess að *taka af* öll tvímæli, lýsa því hér með yfir, og ég hef marglýst því yfir, að ég tel áfengisvandamál vera mikið vandamál hjá þessari þjóð, og ég er kannske einn af þeim einstaklingum sem tala þar af dýrkeyptri reynslu. En það útilokar hins vegar ekki réttmæti þeirrar skoðunar minnar, að ég tel að um þau mál hafi

ekki verið fjallað á eðlilegan og skynsamlegan hátt. Ég vík ekki frá þeim staðhæfingum sem ég hef haft í því sambandi, að ég tel að mikið af þeim vandamálum, sem skapast hafa hjá þjóðinni í sambandi við neyslu og meðferð áfengra drykkja, megi rekja til kolvitlausra ákvarðana og framkvæmdar á núgildandi áfengislöggjöf. Og þær till., sem hér eru til umr., eru margar hverjar að innihaldi til á þann veg að mínu mati, að þær bæta ekki um.

Ég var í gærdag að hlusta á þátt í útvarpinu um íslenskt mál. Ég held að það hafi verið einn af ritstjórum orðabókarinnar okkar eða einhver mikill málfræðingur sem var þar á ferðinni. Hann var að skýra okkur frá ýmsum málhugtökum eða einhverju sem hann hefði verið að leita eftir skýringum á. Þar koma fyrir orðið bótarhæft, var talað um bótarhæfni, og þá kom skýringin: að vera ekki bótarhæft væri það, að flíkin væri svo léleg að það væri ekki hægt einu sinni að setja á hana bót. Þetta kemur í huga minn núna, þegar við erum að ræða um breytingar á áfengislögunum. Ég held að núgildandi áfengislöggjöf sé svo léleg, að það sé vafasamt að hún sé bótarhæf. Þess vegna held ég að þyrfti að umsemja núgildandi áfengislöggjöf algerlega frá grunni.

Frá mínum bæjardyrum séð held ég að við komumst ekki hjá því að líta á þessi mál í sambandi við áfengið, að áfengið sé neysluvara sem er neytt af þjóðinni, — neysluvara sem á fullan rétt á sér. Það eru fleiri neysluvörur en áfengi sem geta skapað vanlíðan og skapað sjúkdóma ef neytt er í óhófi. Ég held að ein höfuðástæðan fyrir því, hversu illa hefur farið hjá okkur í sambandi við meðferð og neyslu áfengis, sé sú staðreynd, að okkur hefur verið allt of tamt að fara með þessi mál, sérstaklega fullorðna fólkinu gagnvart æskulýðnum, sem eins konar feimnismál, í staðinn fyrir að líta á þetta raunsærri augum og láta það vera einn — kannske einn af ríkulegri þáttum í uppeldi æskunnar að kynna henni, hvað áfengi er, og leiða hana í fullan sannleika um neyslu og meðferð þess. Við verðum sem skyni gæddar verur að viðurkenna þá staðreynd, að við erum í þjóðbraut. Við getum ekki tekið áfengið af þessari þjóð. Við getum ekki komið í veg fyrir að hér verði veitt áfengi. En við erum með svo kolvitlausar ákvarðanir og lagagreinar, að til þess að hægt sé á löglegan hátt að framreiða og neyta áfengis þurfa að vera í bakgrunni einhver tæki, eldunartæki og annað sem kostar tugmilljónir kr., að ég tali nú ekki um öll þau margvíslegu ákvæði um aðbúnað og aldurstakmörk og allt í þeim dúr. Ég held að við verðum að viðurkenna þá staðreynd, að áfengi er fylgifiskur okkar og við verðum að reyna að umgangast það á skynsamlegan og raunsæjan hátt, og einnig að viðurkenna þá skyldu, sem sérstaklega okkur eldri kynslóðinni ber að inna af hendi, að leiðbeina þeirri yngri og færa hana í allan sannleika um neysluvenjur og hvernig á að fara með áfengi. Fyrr komum við ekki þessum málum í viðunandi horf hjá okkur.

Því miður hef ég enga trú á því, að okkur takist nokkurn tíma að útrýma þeirri ógæfu að fullu sem ofneysla áfengis veldur. En það er alveg sjálfsagt og ekki skal ég verða letjandi þess, að þjóðfélagið sem slíkt reyni að byggja upp sem sterkasta varnargarða og sem styrkasta hjálp, að hún megi koma að sem bestum notum fyrir þá sem verða fyrir því óláni að lenda í ógæfu vegna ofneyslu áfengis. En ég legg áherslu á það, að svo best mun okkur samt sem áður takast, að við getum í rósemi og sanngirni rætt þessi mál og reynt að sameinast um það að halda svo á þessum málum, að við sköpum þann manndóm með þjóðinni sem þarf til þess að umgangast áfengi á manneskjulegan hátt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta geta verið örfá orð. — Í hvert skipti sem hv. 2. þm. Norðurl. e. ræðir hér um áfengismál, þá er hann mér ráðgáta og ekki var það minna í þetta sinn. Hann segist vera á móti höftum og bönnum. Hins vegar vill hann sem sterkasta varnargarða. Hann segir að áfengi sé óhjákvæmilegur fylgifiskur okkar. Því miður eru ýmsir bölvaldar óhjákvæmilegir fylgifiskar mannkynsins, og af því stafar ýmiss konar löggjöf. Þess vegna setjum við vitanlega áfengislöggjöf. Hún er kolvitlaus, segir hv. 2. þm. Norðurl. e., og hann hefur bent á ýmislegt í því sambandi úr ræðustól hér. Allt hefur það verið firna óljóst að mínu mati, og ég hef aldrei komist að kjarnanum í því, hverju hann vildi í raun og veru breyta. Ég hef oft verið að velta því fyrir mér eftir þessar mörgu og stóru yfirlýsingar þessa ágæta hv. þm., hvers vegna í ósköpunum hann leggur ekki fram tillögur um breytingar á þessari kolvitlausu áfengislöggjöf, svo að við vitum nokkurn veginn hvað hann er að fara. Þess í stað kemur hann fram með eina ákveðna till. sem um eru mjög deildar meiningar, vægast sagt, um það að heimila bruggun áfengs öls, án allra annarra breytinga á þessari löggjöf. (Gripið fram í.) Já, ég veit að það er skoðun hv. flm., byggð á einhverri sérvisku hans, ég veit það ósköp vel, því að það getur ekki verið byggt á neinu öðru. Eins og hér hefur verið tekið fram, er hér auðvitað um hreina viðbót að ræða, ef ekkert annað er gert samhliða. En það hefur aldrei komið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að hann vilji gera nokkuð samfara því að hann ætli að hleypa þessari viðbót þarna á okkur — aldrei nokkurn tíma. Og svo langt er gengið núna, að það vantaði ekkert annað, þegar hann var að tala um neysluvöruna áðan og fór að tala um ýmsar óhollar vörur, að hann færi að nefna brennivínið og mjólkina í sömu andránni. Það var alveg greinilega komið fram á varirnar á honum, þegar hann var að tala um hvað það gætu verið misjafnlega hollar vörur sem við létum ofan í okkur. Sem sagt, ég skil aldrei hv. 2. þm. Norðurl. e. í þessum málum. Ég held að honum sé nefnilega dálítil alvara með það, að hann vilji ráða bót á áfengisvandamáli okkar. Hins vegar held ég að till. hans um bruggun áfengs öls sé dálítið til þess að slá sér upp á henni í augum vissra aðila og hún hafi t. d. verið til þess að draga athygli frá einhverju öðru sem hv. 2. þm. Norðurl. e. stóð í á sama tímabili og þetta var. Mér hefur oft dottið þetta í hug, því að ég hef aldrei fundið neinar aðrar ástæður fyrir þessu.

En sem sagt, ég bara vona að núna fyrir þinglokin taki hv. þm. rögg á sig og sýni okkur þessa fullkomnu og skynsamlegu áfengislöggjöf sem

hann vill koma á hér á landi. (JGS: Ég skal taka hv. þm. í ferðalag með mér fyrst.) Ferðalag, já, það kann vel að vera, að við þyrftum að fara í einhverja langferð, jafnvel á þessar frægu krár sem hann gerði að umtalsefni í ágætum sjónvarpsþætti okkar á milli og taldi jafnágætar og raun bar vitni. En ég hygg að það ferðalag hefði engin áhrif á skoðanir mínar, og ég hugsa að það mundi ekki breyta þessari sérvisku hans neitt heldur. Ég vildi þess vegna fá frá honum till. hans um breytingar á okkar áfengislöggjöf. Ég vildi það mjög gjarnan.

Ég skal taka undir það, að við eigum að sinna fræðsluþættinum í sambandi við okkar áfengismál. Ég get alveg tekið undir það. En það var eins með það og annað hjá hv. þm. þegar hann fór að ræða þessi mál. Mér var ekki alveg ljóst um hvað hann var að ásaka fullorðna fólkið, sem fer nú ekki með þetta sem mikið feimnismál, því að slíkur er nú drykkjuskapur þess, hann fer ekki fram sem neitt sérstakt feimnismál. Það virðist ekki vera svo, ekki hef ég orðið var við það. En það var mjög erfitt að skilja það á hv. þm., hvort hann ætti við það, að við ættum að fræða unga fólkið um skaðsemi áfengisins eða við ættum að kenna því að drekka sem allra fyrst og allra mest.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar því, sem ég áðan sagði, og í framhaldi af umr. sem síðan hafa orðið.

Það hefur ekki verið minnst á lagalegu hliðina, þ. e. a. s. framkvæmd laganna og viðurlög sem í núverandi áfengislöggjöf eru, umfram þá framsöguræðu sem flutt var af hálfu formanns n. í upphafi þessara umr. Af þeim ástæðum vil ég undirstrika þá skoðun mína varðandi aldurslágmark, sem hér hefur verið minnst á og í gildi er nú um aldur þess fólks sem koma má inn á vínveitingastaði þar sem vín er haft um hönd, að ekki einungis þessi löggjöf, heldur og allar aðrar lagasetningar um skyldur þjóðfélagsþegnanna og réttindi þurfi endurskoðunar við, ekki aðeins umgengni við áfengi. Það eru tiltekin ákvæði í lögum um kosningaaldur og kjörgengi, hvenær menn megi stofna til hjónabands og hafa heimilisforsjá, ásamt því, hvaða aldursflokkar megi vera inni á vínveitingastöðum. Það eru ákveðin aldursmörk um það, hvenær hið opinbera geti krafist gjalda af viðkomandi persónu o. s. frv. Ég held að þessi réttindi og skyldur þurfi nokkuð að haldast í hendur. Í dag er það svo, að mér skilst, að það sé til undanþága allt ofan í 17 ára aldur til þeirra sem mega ganga í hjónaband. 18 ára er mjög almennt og einstaka undanþága er niður í 17 ára. Ekki veit ég um sönnur á þessu, en þetta er mér tjáð. Ef viðkomandi aðili, karl eða kona, er talinn geta haft heimilisforsjá með þeirri ábyrgð, sem það hlýtur að krefjast, þá finnst mér nánast sagt hlægilegt — og tek að því leyti undir rök hv. 2. þm. Norðurl. e., að þarna sé gerður sá reginmunur á, að menn verði að bíða í þrjú ár, eftir að hafa gengið í hjónaband, til að mega koma inn á vínveitingastað og fá þar afgreiðslu. Ég tel að þarna þyrfti að vera manneskjulegt samræmi á milli. Ég tel að kvaðir, sem á þjóðfélagsþegnana eru lagðar, og þau réttindi, sem þeir eiga að njóta, þurfi að vera svo skýr að eftir sé farið. Og í þessu efni legg ég þó ekki að líku þá ábyrgð, sem hvílir á viðkomandi aðilum að stofna til heimilisforsjár, með öllum þeim skyldum sem því fylgja, og það að geta ljóst og feimnislaust sagt já eða nei við áfengisglasi á vínveitingastað. Mér finnast heimilisskyldurnar vera langtum stærri og viðameiri. Þarna eru þó gerðar samkv. núgildandi lögum miklu meiri kröfur til tvímælalaust hærri aldursmarka með hliðsjón af áfenginu. Þetta finnst mér að þurfi ekki einungis að samræma í þessari löggjöf, heldur og öll önnur aldursmörk í gildandi lögum um réttindi og skyldur þjóðfélagsþegnanna, þannig að þar sé eitthvert viturlegt samræmi, en ekki gapandi ósamræmi sem gildi í þeim, þó svo skýr ákvæði og ljós, að auðveld verði í framkvæmd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 425,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 425,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 425,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 425,4 (ný gr., verður 17. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Grunnskóli, frv. (þskj. 68). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:7 atkv. og afgr. til Ed.

Ættleiðingarlög, frv. (þskj. 427 (sbr. 56)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Gjaldþrotalög, frv. (þskj. 120, 445, 446). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Frv. til gjaldþrotalaga hefur verið lagt hér fram í hv. d. og var á sínum tíma vísað til allshn. til frekari umfjöllunar. Nú hefur allshn. skilað frá sér nál. ásamt allmörgum brtt. við þetta frv. Sá háttur var hafður á við athugun á frv. að kalla saman

allshn. beggja deilda og lesa yfir frv., og tel ég að þau vinnubrögð séu til bóta þegar um það er að ræða að kanna og fara yfir svo viðamikið frv. sem hér um ræðir. Þá var haft náið samráð við höfund frv., Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómara, svo og við Stefán Má Stefánsson settan prófessor, sem hefur góða þekkingu á þessu máli og m.a. kennir það við lagadeild háskólans. Báðir þessir menn áttu þátt í samningu frv. og veittu góð ráð þegar n. fjallaði um frv., og voru höfð full samráð við þá þegar gengið var frá brtt. af hálfu nefndarinnar.

Þetta frv. er löngu tímabært, vegna þess að lög um gjaldþrotaskipti eru orðin allgömul hér á landi. Þau voru á sínum tíma sniðin eftir dönskum lögum og hafa að vísu tekið nokkrum breytingum frá því í fyrstu, en eru að stofni til hin sömu og þau voru sett hér fyrst, þ.e.a.s. 1894, og sú lagagerð var sniðin eftir dönskum lögum frá 1872. Má því augljóslega sjá að hér er þörf breytinga, enda hefur gjaldþrotamálum verið mjög illa komið í mörg ár, þar sem meðferð slíkra mála hefur verið þunglamaleg og seinvirk og búsmeðferðin í litlu samræmi við umfang málanna, kostnaður og vinna oft allmikil, en uppskera ekki alltaf í samræmi við kostnaðinn eða vinnuna, sem í er lögð. Þar að auki má segja að hagsmunir gerðarbeiðanda hafi ekki verið nægilega tryggðir í núgildandi löggjöf. Það hefur verið mat allra þeirra, sem með þessi mál fara og eru þeim kunnugir, að hér hafi þurft úrbóta við og knýjandi nauðsyn að gera róttækar breytingar á löggjöfinni, enda kemur það fram í þeim umsögnum sem n. hafa borist um þetta frv. Allir þeir, sem hafa tjáð sig um það, eru þess mjög fýsandi, að þetta frv. nái fram að ganga. Það var leitað umsagna hjá allmörgum aðilum, en eftirtaldir aðilar skiluðu hins vegar skriflegum umsögnum: Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands, lagadeild háskólans og skiptaráðandi á Akureyri. Þessir aðilar allir mæltu með því, að frv. yrði samþykkt í öllum aðalatriðum, gerðu einstakar aths., m.a. Lögmannafélag Íslands, en þó var tekið fram í umsögn þeirra, að aths. þeirra jafngiltu þó ekki því, að þeir væru andvígir frv., þó að aths. næðu ekki fram að ganga.

Í frv. felast nokkrar meginbreytingar sem rétt er að telja upp.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að meðferð búa, sem eru talin minni háttar, hverfi til sérstaks bústjóra, sem sé skipaður hverju sinni.

Í öðru lagi, að kostnaður af starfi þessara bústjóra eða annarra þeirra sem gegna slíkum störfum, svo sem skiptastjóra eða aðstoðarmanns skiptaráðanda, sé greiddur af fé þrotabúsins.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að hægt sé að ákveða greiðslustöðvun, fara fram á hana og ákveða greiðslustöðvun undir þeim kringumstæðum að það sé mat bæði lánardrottna og kröfuhafa að hagsmunum allra aðila sé fyrir bestu að slík greiðslustöðvun eigi sér stað. Þessi greiðslustöðvun orkar e.t.v. nokkurs tvímælis. Hún getur undir vissum kringumstæðum leitt til þess, að skuldarar notfæri sér þetta lagaákvæði til þess að slá því á frest að greiða kröfur og að skjóta sér undan ábyrgð, en þó hefur n. komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að gera þessa tilraun, enda er hún í samræmi við lagaákvæði, sem gilda á Norðurlöndum, og hefur reynst vel eftir atvikum. Þar að auki má benda á að í frv. er gert ráð fyrir því, að ýmsir varnaglar séu slegnir til þess að koma í veg fyrir þessa misnotkun, og þar að auki hefur n. nú enn til frekara öryggis gert brtt. um að ekki megi biðja um greiðslustöðvun, ef hún hefur átt sér stað áður innan tilskilins tíma.

Í fjórða lagi eru bústjórum eða þeim, sem annast búskiptin, gefnar mun frjálsari hendur um meðferð búsins en nú er, og ætti það að flýta fyrir afgreiðslu þeirra.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því, að riftun á ráðstöfun þrotamanns og vissar fullnustugerðir lánardrottna verði greiðari en nú er, sem jafnframt ætti að greiða fyrir afgreiðslu mála.

Og í sjötta og síðasta lagi eru í frv. mörg ákvæði sem miða að því að leysa úr vafaatriðum og einfalda alla skiptameðferð. Fyrir vikið verður þessi löggjöf, ef frv. verður samþykkt, nokkru ítarlegri en sú, sem nú er í gildi, og oft farið út í smærri atriði en nú er fjallað um í löggjöfinni. En þetta ætti þó að verða til þess að auðvelda og einfalda málarekstur og taka af vafa um það, hvernig með mál skuli fara.

A þskj. 445 eru ásamt nál. prentaðar brtt., sem n. hefur leyft sér að flytja. Ég held að það sé ástæðulaust fyrir mig að fara að tíunda þessar brtt. allar, enda eru þær fjölmargar. Þær eru margar hverjar til leiðréttingar og til enn frekari glöggvunar á ákvæðum frv. Þær eru samdar með hliðsjón af þeim umsögnum sem hafa borist, m.a. frá lagadeild háskólans, Lögmannafélaginu og Dómarafélaginu, og eru samdar í fullu samráði við höfund frv. og með samþykki hans. Hæstv. rn. á jafnframt að vera kunnugt um þessar brtt., og n. hefur ekki heyrt aths. þaðan um þær. Ég held því, hæstv. forseti, að það sé eftir atvikum ástæðulaust fyrir mig að hafa frekari orð um þetta frv. og nál. allshn., en með þessari grg. og með því að leggja fram nál. mælir n. með samþykkt frv. með þeim brtt., sem hér eru gerðar.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Hæstv. forseti. Ég vil þakka allshn. fyrir vandlega athugun á frv. Ég get fallist á þær brtt. sem hún flytur við það. Þær eru að vísu nokkuð margar að tölunni til, en þær eru, eins og frsm. gat um, ekki að því er varðar mikilvæg efnisatriði, heldur til leiðréttingar og lagfæringar og eru því til bóta. Og það er áreiðanlega ekki ofmælt sem hann sagði um nauðsyn á nýrri löggjöf um þetta efni. Það hefur sjálfsagt með réttu sitthvað verið fundið að dómsmálameðferð hér á landi. Ég hygg þó að á engu sviði dómsmálanna hafi málum í raun og veru verið eins áfátt og á sviði skiptamála.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. En ég vonast til þess, einmitt með tilliti til þess sem hv. frsm. gat um, að n. beggja d. hafa unnið saman að frv., að von sé til þess að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, þó að nokkuð sé nú liðið á þingtímann.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 446,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 446, 2 samþ. með 23 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 446,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 446,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 446,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 446,6 (ný 21. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 446,7 samþ. með 25 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 446,8 (ný 25. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
26.—29. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 446, 9 samþ. með 25 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 446,10 samþ. með 23 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
33.—40. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
41.—50. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
51.—55. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 446,11 (ný 56. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
57. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 446,12 samþ. með 24 shlj. atkv.
58. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
59.—61. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 446,13 samþ. með 24 shlj. atkv.
62. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
63.—68. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 446,14 (ný 69. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
70. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 446, 15 (2. gr. í stað 71. gr., verða 71. og 72. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
72.—74. gr. (verða 73.—75. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 446,16 (ný 75. gr., verður 76. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
76. gr. (verður 77. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
77. gr. (verður 78. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
78.—80. gr. (verða 79.—81. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 446,17 samþ. með 25 shlj. atkv.
81. gr. (verður 82. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
82.—84. gr. (verða 83.—85. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 446,18 (ný 85. gr., verður 86. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 446,19 samþ. með 24 shlj. atkv.
86. gr. (verður 87. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
87. gr. (verður 88. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 446,20 (ný 88. gr., verður 89. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
89.—90. gr. (verða 90.—91. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 446,21 samþ. með 23 shlj. atkv.
91. gr. (verður 92. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 446,22 samþ. með 21 shlj. atkv.
92. gr. (verður 93. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
93.—94. gr. (verða 94.—95. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 446,23 samþ. með 22 shlj. atkv.
95. gr. (verður 96. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 446,24 samþ. með 22 shlj. atkv.
96. gr. (verður 97. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
97.—100. gr. (verða 98.—101. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 446.25 samþ. með 24 shlj. atkv.
101. gr. (verður 102. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
102.—103. gr. (verða 103.—104. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 446,26 samþ. með 22 shlj. atkv.
104. gr. (verður 105. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
105.—108. gr. (verða 106.—109. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 446,27 samþ. með 23 shlj. atkv.
109. gr. (verður 110. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
110. gr. (verður 111. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
111.—118. gr. (verða 112.—119. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
119.—132. gr. (verða 120.—133. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
133.—135. gr. (verða 134.—136. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 446,28 samþ. með 22 shlj. atkv.
136. gr. (verður 137. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
137.—139. gr. (verða 138.—140. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 462). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Hæstv. forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið í samræmi við ákvæði stefnuyfirlýsingar ríkisstj., en í stjórnarsáttmálanum sagði svo um þetta mál:

„Undirbúin sé ný löggjöf um verðmyndun, viðskiptahætti og verðgæslu. Stefnt sé í átt til almenns eftirlits neytenda með viðskiptaháttum til að tryggja heilbrigða samkeppni og eðlilega verðmyndun verslunar- og iðnfyrirtækja til bættrar þjónustu fyrir neytendur. Haft sé samráð við hagsmunasamtök þau, sem hlut eiga að máli."

Í samræmi við þessi fyrirmæli var af hálfu viðskrn. hafist fljótlega handa um athugun á þessu máli. Sú athugun hófst með því, að Magna Guðmundssyni hagfræðingi var falið að gera könnun á þessum málum, en hann stundaði nám í þessum fræðum um þær mundir í Kanada og kom heim hingað og gerði allítarlega athugun, m. a. með spurningaskrá sem hann sendi út og vann úr. Þegar þessi athugun lá fyrir skipaði viðskrh. í mars 1976 þrjá embættismenn til þess að semja frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Að athuguðu máli

þótti sú aðferð heppilegri að fela embættismönnum að semja frv., en þeir hefðu síðan samráð við þá hagsmunaaðila sem talað var um í fyrrnefndri tilvitnun. Var það talið heppilegra að láta hagsmunaaðila tilnefna menn í nefnd til þess að semja frv., enda er þá hætt við að komið hefðu fram ýmis sérálit. Þeir embættismenn, sem skipaðir voru í þessa nefnd, eru Björgvin Guðmundsson skrifstofustjóri í viðskrn., Georg Olafsson verðlagsstjóri og Gylfi Knudsen deildarstjóri í viðskrn. Embættismennirnir skiluðu drögum að frv. í okt. 1976. Þau drög voru síðan send til umsagnar eftirfarandi aðilum: Verslunarráði Íslands, Félagi ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtökum Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda, Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Kvenfélagasambandi Íslands og Neytendasamtökunum.

Í öndverðu var gefinn ákveðinn frestur til að skila þessum umsögnum, umsögnunum átti að skila innan tiltekins tíma. Það gerðu sum þessara samtaka, en hjá öðrum dróst nokkuð að skila álitum. Umsagnir komu þó frá flestum eða öllum þessum aðilum, sem drögin voru send. Þær umsagnir, sem þannig bárust, voru með mismunandi hætti og ýmsar ábendingar, sem þar komu fram, og umsagnirnar voru misjafnlega jákvæðar. En ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í þær sérstaklega, þar sem þær eru prentaðar sem fskj. með frv. og hv. dm. geta kynnt sér þær þar og þær aths. sem þeir gerðu við þessi frv.-drög. Eftir að allar umsagnirnar höfðu borist var farið yfir þær og drögunum breytt eftir því sem unnt þótti, tillit tekið til einstakra atriða sem rétt þótti að taka tillit til. Viðskrn. fór yfir umsagnirnar og voru síðan gerðar nokkrar breytingar á frv-drögunum og einnig eftir að drögin að frv. höfðu verið rædd í ríkisstj.

Mesta breytingin, sem gerð var, á 8. gr. frv., en eftir þá breytingu er kveðið mun sterkar á um það en áður, að verðlagning skuli vera frjáls ef samkeppni er nægileg, þ. e. a. s. það stefnumark er undirstrikað enn rækilegar en í frv.-drögunum. Embættismennirnir höfðu lagt til, að lögin tækju gildi einu ári eftir að Alþ. samþykkti þau. Þessu ákvæði var að minni ósk breytt á þann veg, að nú er gert ráð fyrir gildistöku sex mánuðum eftir samþykkt Alþingis.

Við samningu frv. var höfð hliðsjón af löggjöf um verðlagsmál í Noregi og Danmörku. Ræddu höfundar frv. m. a. við fulltrúa Monopolitilsynet í Danmörku og einnig kynntu þeir sér samkeppnislöggjöf ýmissa annarra landa.

Frv. skiptist í sjö kafla, sem bera yfirskriftirnar: Markmið og gildissvið laganna, stjórnsýsla, verðákvarðanir, markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur, óréttmætir viðskiptahættir og neytendavernd, almenn ákvæði og meðferð og áfrýjun mála.

Frv. gerir ráð fyrir því, eins og áður er sagt, að verðlagning skuli vera frjáls þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Hins vegar er jafnframt bráðabirgðaákvæði um það, að öll verðlagsákvæði haldi gildi sínu við gildistöku laganna þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra. Með því að næg samkeppni er alger forsenda frjálsrar verðlagningar er ekki unnt að gefa allt verðlag frjálst þegar við gildistöku laganna. Fyrst verður að vita hvar samkeppni er nægileg til þess að tryggja sanngjarnt verðlag, áður en unnt er að taka ákvarðanir um að gefa verðlagningu frjálsa. Þess vegna er bráðabirgðaákvæðið nauðsynlegt. Með þessu ákvæði og frv. að öðru leyti er gefið tækifæri til þess að sýna fram á og sanna það í reynd, sem af mörgum hefur verið haldið fram, að það mundi gera verslunina ódýrari og verðlagið hagstæðara ef verðlagning væri gefin frjáls. En hún verður ekki gefin frjáls fyrr en fyrir liggur að svo sé.

Ef ákvæði 2. gr. frv. eru borin saman við ákvæði núgildandi laga um verðlagsmál, kemur í ljós að valdsviðið yrði svipað og áður. T. d. mun ekki verða breyting á verðlagningu landbúnaðarafurða, hún mun áfram heyra undir sexmannanefnd og framleiðsluráð landbúnaðarins að óbreyttum lögum. Verðlagning á rafmagni og heitu vatni mun t. d. áfram heyra undir sveitarfélögin og hlutaðeigandi rn. Þær raddir hafa heyrst að flytja ætti þessa verðlagningu til verðlagsnefndar eða verðlagsráðs. Ekki er þó gert ráð fyrir því í þessu frv. Hins vegar segir svo í niðurlagi 4. gr. þessa frv.:

„Verðlagsráð getur ákveðið, að aðilar, sem fara með verðákvarðanir samkv. sérstökum lögum sbr. 2. mgr. 2. gr., tilkynni því verðákvarðanir sínar.“

Talið er æskilegt að áður en ákvarðanir um verðlagningu, t. d. landbúnaðarafurða, eru tilkynntar opinberlega, séu þær kynntar verðlagsráði.

Kaflinn um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur eru svipaður kafla um sama efni, sem var í frv. til l. um verðgæslu og samkeppnishömlur, sem lagt var fyrir Alþ. 1969, en náði ekki fram að ganga. Þó eru þar nokkrar veigamiklar breytingar frá fyrri ákvæðum. T. d. eru ákvæði í þessum kafla um að samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu sé óheimilt svo og samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við útboð. Eru ákvæði þessi í samræmi við norsk lagaákvæði þar um.

V. kafli fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Þar er í raun um að ræða endurskoðuð núverandi lög um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum frá árinu 1933. Við þá endurskoðun hefur verið höfð hliðsjón af norrænni löggjöf um sama efni, en í þeirri löggjöf eru neytendasjónarmið mun ríkari en í íslenskum lögum. Tilgangur laganna frá 1933 var fyrst og fremst sá að koma í veg fyrir að kaupsýslumenn beittu óréttmætum viðskiptaháttum hver gegn öðrum. Þó að í lögunum sé líka að finna ákvæði sem eiga að veita neytendum nokkra vernd, þá var það samt ekki í svo ríkum mæli í þeim lögum frá 1933, að það veitti neytendum nægilega vernd og síst af öllu eins og framkvæmdin hefur verið. Reynt er að bæta úr þessu í hinum endurskoðuðu lagaákvæðum um óréttmæta viðskiptahætti. Gert er ráð fyrir að verðlagsstofnunin hafi eftirlit með framkvæmd lagaákvæða um óréttmæta viðskiptahætti og neyt-

endavernd og í því skyni starfi sérstök deild, neytendamáladeild, við stofnunina. Er það nýmæli, sem tekið er upp þar eð engin sérstök opinber neytendastofnun starfar hér á landi.

Ákvæði 27. gr. fela m. a. í sér, að óheimilt er að veita rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Gert er ráð fyrir að samkeppnisnefnd leggi úrskurð á það, hvort auglýsingar séu skaðlegar hagsmunum neytenda eða ekki. Telji samkeppnisnefnd auglýsingar skaðlegar mundi hún leggja bann við birtingu slíkra auglýsinga, er gilti þar til dómur hefði komist að annarri niðurstöðu. Einnig mundi verðlagsstjóri sem framkvæmdastjóri verðlagsstofnunar geta bent auglýsendum á, að auglýsingar brytu að hans áliti í bága við lagaákvæði um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd, og reynt að ná samkomulagi við auglýsendur um að draga slíkar auglýsingar til baka. Að þessu leyti til gæti verðlagsstjóri komið fram gagnvart kaupsýslumönnum og fjölmiðlum eins og umboðsmenn neytenda á Norðurlöndum.

Að vísu tíðkast ekki erlendis að steypa saman í eina löggjöf ákvæðum sem fjalla um verðlag og samkeppnishömlur annars vegar og reglum um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd hins vegar. Málefni þessi eru samt sem áður eðlisskyld og tengjast með ýmsum hætti. Því er ekkert athugavert við það að fella þau saman í einni löggjöf og láta sömu aðila annast framkvæmd allra þessara málaflokka. Þetta helgast einnig af þeirri nauðsyn að reyna að koma í veg fyrir fjölgun stofnana og helgast einnig af þeim sérstöku aðstæðum, sem hér eru, fámenni og að allt er fábrotnara en erlendis. Reynslan kennir okkur að miklu auðveldara er að koma á fót einhverri stofnun en að afnema hana. Þess vegna ætti að gæta nokkurrar varfærni við að setja á fót nýjar stofnanir, reyna heldur að koma því þannig fyrir að þær geti aðlagast með sæmilegum hætti íslenskum aðstæðum, þó að hægt sé að benda á að þær séu ekki alveg í samræmi við það sem annars staðar tíðkast. Yfirleitt held ég að við þurfum að gá að okkur að taka ekki allt ómelt upp eftir öðrum, hvorki í löggjöf né öðrum efnum, heldur reyna að laga það að íslenskum aðstæðum, sem eru auðvitað sérstakar að mörgu leyti.

Eg mun nú víkja að einstökum atriðum þessa frv.

Í I. kafla er fjallað um markmið og gildissvið laganna. Segir í 1. gr. m. a. að lögin hafi það markmið að vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum svo og gegn óréttmætum samkeppnisháttum og samkeppnishömlum.

Í 2. gr. segir að frv. fjalli um alla atvinnustarfsemi, hvort sem hún sé á vegum einkaaðila, ríkis eða sveitarfélaga. Er haft í huga að ákvæðin atvinnustarfsemi geti lotið öðrum lögum og því geti verið hagkvæmt að önnur stjórnvöld hafi með hendi eftirlit háð atvikum í hverju einstöku dæmi að hve miklu leyti hægt er að nota hinar efnislegu reglur þessa frv.

Sú hugsun að láta frv. einnig ná til atvinnurekstrar á vegum ríkis eða sveitarfélaga byggist á því, að með slíkri ákvörðun má tryggja sams konar grundvallarlöggjöf um verðákvarðanir og samræma framkvæmd hennar á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins, óháð því hvort rekstur hinna ýmsu fyrirtækja er á vegum einkaaðila eða hins opinbera.

Frv. nær hvorki til launa og starfskjara né húsaleigu. Enn fremur er útflutningur undanþeginn ákvæðum frv. Þjónusta, er opinberir aðilar veita, svo sem fræðslustarfsemi, heilbrigðisþjónusta og rekstur sjúkrahúsa, félagsmálastarfsemi o. þ. h. fellur því ekki undir ákvæði frv. Aftur á móti ná lögin til samgangna og flutningastarfsemi, hvort heldur er á vegum einkaaðila eða opinberra aðila. Ríkisstj. sker úr um það, hvort tiltekin starfsemi sé háð ákvæðum frv. eða ekki.

Segja má að 2. gr. frv. gangi nokkuð í þá átt að samræma frekar en nú er verðákvarðanir opinberra aðila. Er það í samræmi við óskir t. d. Alþýðusambands Íslands, en þó gengur frv. engan veginn eins langt í því efni og ASÍ hefði kosið.

II. kafli fjallar um stjórnsýslu. 3. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Framkvæmd þessara laga skal vera í höndum verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar.

Í verðlagsráði eru sjö menn. Viðskrh. skipar formann ráðsins án tilnefningar og auk þess fjóra menn, tvo eftir tilnefningu samtaka atvinnurekenda og tvo eftir tilnefningu samtaka launþega.

Hæstiréttur Íslands skipar tvo menn í verðlagsráð. Skulu þeir vera óháðir fyrirtækjum og samtökum þeirra, sem lög þessi taka til, og hafa þekkingu á viðskipta- og neytendamálum og kunnáttu í lögfræði eða hagfræði.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.

Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal viðskrh. þá skipa í þess stað án tilnefningar."

Í 4. gr. er ákvæði um að samkeppnisnefnd skuli skipuð þrem mönnum, formanni verðlagsráðs og þeim tveim mönnum, sem Hæstiréttur skipar í verðlagsráð. Er þessi skipan samkeppnisnefndar ákveðin til þess að reyna að tryggja óhlutdrægni hennar. Hlutverk samkeppnisnefndar er að fella úrskurð um það, hvenær samkeppnishömlur teljist skaðlegar og hvenær ekki, svo og að hafa ákvörðunarvald í öðrum málum er varða samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Má því segja að samkeppnisnefndin fari í ýmsum efnum með mikilvægt úrskurðarvald. Er því eðlilegt, að reynt sé að tryggja, að hlutlæg sjónarmið ráði þar ríkjum og nokkur kunnátta sé þar fyrir hendi.

Eins og hv. alþm. vita er verðlagsnefnd í dag skipuð níu mönnum, fjórum frá launþegasamtökunum, fjórum frá samtökum vinnuveitenda og einum fulltrúa viðskrn. Samkv. ákvæðum frv. mundi fækka um tvo fulltrúa í verðlagsráði, en af þessum sjö nm., sem eiga að sitja í verðlagsnefnd, eru það tveir fulltrúar í samkeppnisnefnd, sem Hæstiréttur skipar. Má telja líklegt að þessi breyting stuðli að því, að ráðið starfi á faglegri grundvelli en áður, ef nota má það orðalag.

Lagaákvæðin um verðlagsstofnunina sjálfa eru svipuð og í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að við verðlagsstofnunina starfi sérstök verðjöfnunardeild

er annist framkvæmd lagaákvæðanna um óréttmæta viðskiptahætti. Eins og þegar hefur verið vikið að, er hér farin önnur leið en farin hefur verið í hinum norrænu löndunum, þar sem komið hefur verið á fót sérstökum neytendamálastofnunum. Til þess að sporna við fjölgun stofnana hér er — eins og ég hef þegar getið um — lagt til að fyrsta sporið hér á landi verði að stofna neytendamáladeild við verðlagsstofnunina og sjá svo til hvernig þróunin getur orðið í því efni. Auðvitað er hugsanlegt að hún þróist upp í annað og meira síðar.

Ákvæði stjórnsýslukafla þessa frv. eru að sjálfsögðu verulega frábrugðin ákvæðum gildandi verðlagslaga um sama efni. Áður hef ég getið um breytingarnar á verðlagsnefnd, en samkeppnisnefndin er algert nýmæli og fær mikið hlutverk verði þetta frv. að lögum. Þessi nefnd er kölluð samkeppnisnefnd í þessu frv. E. t. v. geta einhverjir málhagir menn fundið betra heiti á hana, en til þessa hefur hún verið kölluð þetta.

III. kafli fjallar um verðákvarðanir. Mikilvægasta grein þess kafla er 8. gr., en hún hljóðar svo:

„Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, skal verðlagning vera frjáls. Nú hefur verðlagning verið gefin frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráðið ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getið er um í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.“

Segja má að í þessari grein komi fram eitt meginmarkmið frv., þ. e. a. s. að gefa verðlagningu frjálsa þegar samkeppni er nægileg. Ég legg sérstaka áherslu á það, að alger forsenda fyrir frjálsri álagningu og frjálsri verðlagningu yfirleitt er að samkeppni sé nægileg til þess að tryggja sanngjarnt verðlag. Í framkvæmd yrði þetta svo, að verðlagsráð mundi meta það, hvort samkeppni í ákveðinni vörugrein væri nægileg til þess að réttlæta frjálsa verðlagningu. Má því búast við, að frjálsri verðlagningu yrði komið á í áföngum.

Auðvitað er það svo, að þó að menn játi því, að frjáls verðlagning geti verið æskileg, þá verður ekki horft fram hjá því, að aðstæður hér á landi eru að ýmsu leyti aðrar en annars staðar, m. a. að markaðurinn er hér miklu minni og takmarkaðri en víðast hvar, auk þess sem ekki verður horft fram hjá því heldur, að við búum við sérstaka verðþenslu, sem væntanlega tekst að draga úr, en er samt mjög mikil eins og er. Hafi verðlagning verið gefin frjáls, getur bein íhlutun um verðlagningu og álagningu átt sér stað í tvenns konar tilvikum samkv. 3. mgr. 8. gr. Í fyrsta lagi getur íhlutun um verðákvörðun farið fram þegar um skaðlegar samkeppnishömlur er að ræða. Í öðru lagi er unnt að beita beinni íhlutun um verðlagningu, ef samkeppnin er ekki nægilega virk til þess að tryggja sanngjarna verðlagningu, enda þótt ekki sé um sannanlegar samkeppnishömlur að ræða. Bein íhlutun um verðlag getur einnig farið fram, þegar skilyrði eru fyrir ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Samkv. því, sem nú var sagt, getur verðlagsráð ávallt gripið til aðgerða ef frelsið er misnotað. Getur verðlagsráð þá, eins og segir í 3. mgr. 8. gr., ákveðið að setja vörur á ný undir hámarksverð og hámarksálagningu. Ákvæðið í 8. gr. um að heimila verðlagsráði að ákveða stutta verðstöðvun er hugsað þannig, að séu sérstakar forsendur fyrir hendi, er réttlæti verðstöðvun, sé skjótvirkara að ákveða slíka aðgerð í verðlagsráði en að lögfesta slíka aðgerð á Alþ. eins og venjan hefur verið. Langvarandi verðstöðvun er samkv. fenginni reynslu erfið í framkvæmd nema jafnframt sé um aðrar aðgerðir í efnahagsmálum að ræða. Þess vegna er talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um það, að verðstöðvun ákveðin af verðlagsráðinu megi aldrei standa lengur en sex mánuði í senn.

Í núgildandi verðlagslögum er hvergi fjallað um það, að verðlagning skuli gefin frjáls sé samkeppni nægileg. Augljóst er þó, að verðlagsnefnd hefur heimild til þess að gefa verðlag frjálst. Með því að setja skýr ákvæði um þetta efni í lög fæst ákveðin stefnumörkun. Þá er það algert nýmæli að gefa verðlagsráði heimild til þess að ákveða verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn, eins og um var talað.

Í 12. gr. eru leiðbeiningar fyrir verðlagsráð og verðlagsstofnun um það, við hvað skuli miðað þegar verðákvarðanir eru teknar. Þar segir svo:

„Verðákvarðanir samkv. 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan, hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunar við framleiðslu vörunnar og sölu.“

Í 13. gr. segir, að verðlagsstofnun skuli í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um.

Verðlagsstjóri hefur að undanförnu nokkuð farið inn á þá braut, sem hér er fjallað um, eins og menn hafa ugglaust veitt athygli. Ekki hefur verið hægt að gera meira í því efni en raun ber vitni vegna mannfæðar og skorts á húsrými. Nauðsynlegt er að auka þessa starfsemi til þess að örva verðskyn neytenda. Að því miðar þetta ákvæði.

IV. kafli frv. fjallar um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. Í 14. gr. segir m. a.:

„... hefur verðlagsstofnun eftirlit með fyrirtækjum, sem eru ráðandi á markaðnum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur.

Tilkynna skal til verðlagsstofnunar, samkv. kröfu samkeppnisnefndar, sbr. 4. gr., markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um helstu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur eða þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvarðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála og ákvarðanir um samkeppnishömlur.

Samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, er varða framleiðslu, sölu eða flutninga skal tilkynna verðlagsstofnun eftir kröfu samkeppnisnefndar. Samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu er þó óheimilt, sbr. 21.—23. gr.

Í tilkynningu skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn eða samþykktin nær til, svo og verð, afslátt, aðra viðskiptaskilmála og samkeppnishömlur, sem kveðið er á um í samningnum eða samþykktinni.

Breytingar á því, sem tilkynnt hefur verið, skal tilkynna, áður en þær ganga í gildi."

Hér er sem sé gert ráð fyrir því, að verðlagsstofnun hafi eftirlit með þeim fyrirtækjum sem eru ráðandi á markaðnum. Þá er spurning, hvað teljist markaðsráðandi fyrirtæki. Í aths. með frv. segir, að með slíku fyrirtæki sé átt við fyrirtæki, sem hafi yfir 25% veltu í viðkomandi starfsgrein. Þessa skilgreiningu þarf sjálfsagt að fastákveða nánar í reglugerð.

Í 14. gr. segir að tilkynna skuli til verðlagsstofnunarinnar samkv. kröfu samkeppnisnefndar markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir sem teknar hafa verið um samkeppnishömlur. Við undirbúning frv. var nokkuð um það fjallað, hvort skylda ætti öll markaðsráðandi fyrirtæki til þess að gefa sig fram við verðlagsstofnun, þ. e. að þeirra eigin frumkvæði. Að athuguðu máli var talið réttara, að frumkvæðið yrði hjá samkeppnisnefnd, og það talið raunhæfara, þannig að tilkynningarskyldan kæmi ekki til greina fyrr en samkv. kröfu frá samkeppnisnefnd. Mismunandi reglur gilda um tilkynningarskyldu slíkra fyrirtækja erlendis. Ljóst er að hér á landi starfa nokkur fyrirtæki sem augljóslega eru markaðsráðandi samkv. skilgreiningu frv., en önnur eru e. t. v. á mörkunum. Yrði samkeppnisnefnd þá að meta, hvort skráð væru slík fyrirtæki, og taka upp eftirlit með þeim eða ekki.

Í 18. gr. segir að samkeppnisnefnd geti ákveðið, að verð og álagning, sem ákveðin hefur verið af markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki hækka án leyfis verðlagsráðs. Þá má gera ráð fyrir því, að í framkvæmd yrði það yfirleitt svo, að markaðsráðandi fyrirtæki yrðu háð verðlagsákvæðum.

Í 19. gr. segir m. a.:

„Nú telur samkeppnisnefnd, að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif, og skal hún þá fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda enda á þau.

Nú reynist eigi unnt að taka fyrir hin skaðlegu áhrif með samningum og gefur þá samkeppnisnefnd nauðsynleg fyrirmæli. Slík fyrirmæli mega taka yfir bæði breytingar og ógildingu að nokkru eða öllu leyti á samningum, samþykktum eða ákvörðunum. Enn fremur getur samkeppnisnefnd lagt til við verðlagsráð að ákvæðum 8. gr. verði beitt."

Sem dæmi um aðgerðir samkeppnisnefndar má nefna, að sé um samtök milli fyrirtækja að ræða um að halda verði uppi mundi verðlagsstofnun væntanlega reyna með samningum að fá slík samtök leyst upp, en ella yrði lagt bann við þeim af samkeppnisnefnd.

Í 20. gr. er að finna skilgreiningu á því, hvað teljist skaðlegar samkeppnishömlur. Þar segir svo:

„Samkeppnishömlur teljast skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi eða koma í veg fyrir bestu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu.

Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun í viðskiptakjörum."

Ástæða er til þess að vekja sérstaka athygli á 21. gr. Þar segir að samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu sé óheimilt. Er ákvæði þetta sniðið eftir hliðstæðu ákvæði í norsku verðlagslögunum. Með því að taka þetta ákvæði upp verður löggjöf um samkeppnishömlur mun strangari en ella. Í 14. gr. er, sem fyrr segir, kveðið á um eftirlit með samningum og samþykktum um samkeppnishömlur. Í 19. gr. er heimild fyrir samkeppnisnefnd til þess að banna samninga og samþykktir um verð, sem hafa í för með sér skaðlegar samkeppnishömlur. Í 21. gr. er gengið lengra en í 19. gr. Þar er lagt bann við samningum, samþykktum og öðru samstarfi milli fyrirtækja um verð og álagningu án tillits til þess, hvort afleiðingar slíks samráðs teljast skaðlegar samkeppnishömlur eða ekki.

Í skjóli langvarandi tiltölulega strangra verðlagsákvæða hefur þróast hér á landi náið samráð milli viðskiptaaðila um verð og álagningu. Nauðsynlegt er að slíkt samráð sé ekki stundað á óeðlilegan hátt, ef á að koma á frjálsri samkeppni. Þess vegna er 21. gr. mjög mikilvæg. Ef bann það, sem kveðið er á um í 21. gr., væri fortakslaust, mundi það einnig ná til sölusamtaka, en í 24. gr. eru ákvæði um undanþágur frá banni þessu. Á grundvelli þess undanþáguákvæðis mætti heimila starfsemi sölusamtaka, sem uppfylla skilyrði, sem þar eru tilgreind.

Í 22. gr. segir að samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja við útboð sé óheimilt, og í 23. gr. er bannað að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð eða álagningu er gilda skuli við endursölu á næsta sölustigi. Samráð milli aðila við útboð mun vera talsvert algengt hér á landi. Er talið rétt að hamla sem mest gegn því, svo að kostur útboða fái notið sín, en í vissum tilvikum getur slíkt samstarf vitaskuld verið réttlætanlegt, t. d. þegar margir íslenskir aðilar sameinast um að bjóða í verk gegn erlendum aðilum.

Í 24. gr. segir svo:

„Samkeppnisnefnd geur veitt undanþágu frá

ákvæðum 21.—23. gr. Undanþágur má veita, ef samningar, samþykktir eða ákvarðanir, sem um ræðir í 21.—23. gr., eru taldar nauðsynlegar:

a) til að viðhalda samvinnu milli fyrirtækja, sem talin er leiða til lækkunar á kostnaði eða aukinna gæða framleiðsluvara eða stuðla að æskilegri hagræðingu,

b) til að vernda fyrirtæki gegn óæskilegum eða þjóðfélagslega skaðlegum samkeppnisháttum.

c) vegna sérstakra ástæðna, er samræmast þjóðarhagsmunum."

Eins og ég sagði áðan, mundu undanþáguákvæði þessi t. d. geta gilt fyrir sölusamtök sem starfa hér á landi og sannað hafa gildi sitt.

Í 25. gr. segir að samkeppnisnefnd geti skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu, ef synjun um sölu teljist skaðleg fyrir samkeppnishætti. Einnig segir þar, að sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildi synjun. Þá segir enn fremur svo um sölusynjun:

„Komist samkeppnisnefnd að þeirri niðurstöðu, að um sé að ræða skaðleg áhrif á samkeppnishætti, skal fyrst reyna í samráði við málsaðila að binda enda á sölusynjunina. Takist það ekki, skal samkeppnisnefnd gefa út fyrirmæli um, að innan nánar tilgreinds tíma skuli sala gegn venjulegum skilmálum fara fram. Seljandi getur þó alltaf krafist staðgreiðslu eða tryggingar fyrir greiðslu."

Dæmi eru til þess, að sölusynjun hafi verið beitt hér á landi án þess að um frambærileg rök hafi verið að ræða. Hefur þá algerlega skort lagaákvæði til þess að byggja á aðgerðir eða nauðsynlegar ráðstafanir. Rétt er þó að taka fram hér, að þetta lagaákvæði á ekki að koma í veg fyrir að t. d. samvinnusamband geti hér eftir sem hingað til útvegað kaupfélögum vörur án þess að eiga yfir höfði sér að vera skyldað til þess að selja þær vörur öðrum.

Segja má að þau ákvæði, sem ég nú hef rakið varðandi markaðsráðandi fyrirtæki, eins og þau eru kölluð í þessu frv., og samkeppnisnefnd og heimildir þær, sem henni eru gefnar, og skylduna, sem lögð er á markaðsráðandi fyrirtæki gagnvart samkeppnisnefnd um tilkynningar, séu alger nýmæli í íslenskri löggjöf. Þau ákvæði eiga sér hins vegar fyrirmyndir og hliðstæður í erlendri löggjöf. Lögð hefur verið á það áhersla af ýmsum aðilum, að nauðsynlegt væri að setja slík ákvæði í íslenska löggjöf, og hefur verið gert ráð fyrir því, að slík lagaákvæði gætu haft heillavænleg áhrif hér á landi svo sem þau eru talin hafa haft sums staðar annars staðar. Úr þessu er ekki ástæða til að draga, enda þótt rétt sé að undirstrika hér, eins og ég hef áður gert, að aðstæður á landi hér eru á margan hátt aðrar en annars staðar. Enn fremur er ekki ástæða til þess að gylla þessi ákvæði eða að menn bindi neina oftrú við þau, vegna þess að sannleikurinn er sá, að í mörgum tilfellum getur verið erfitt að hafa eftirlit með framkvæmd í þeim efnum. En þó hygg ég að ef vel tekst til um framkvæmdina í þessum efnum, þá geti þessi ákvæði orðið til góðs og jafnvel það að menn viti af því, að þessi ákvæði eru til, og hagi gerðum sínum samkv. því. Vel má vera að þar sem hér er um svo alger nýmæli að tefla þurfi menn tíma til þess að átta sig á þeim.

Ég kem þá að V. kafla frv., sem fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Allt frá árinu 1933 hafa gilt hér á landi lög um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum. Í þeim lögum eru ýmis ákvæði sem eru mikilvæg frá sjónarmiði neytenda, þó að þau séu, eins og ég sagði áður, fyrst og fremst sniðin við það, að þeim er ætlað að hvetja heiðarlega samkeppni milli þeirra, sem bjóða vörur og þjónustu. Þau ákvæði laganna, sem helst geta komið neytendum til góða, eru 1. og 3. gr., um villandi upplýsingar og reglur 14. gr. um kaupbætismiða, happdrættismiða og vörugjafir. Nokkur vernd hefur þannig verið í gildandi löggjöf fyrir neytendur. Þar með er þó ekki öll sagan sögð. Í gildandi lögum er ekki séð fyrir sérstöku eftirliti með því, að lögin séu haldin. Engum sérstökum aðila er falið að fylgjast með framkvæmdinni. Framkvæmdinni hefur því að ýmsu leyti verið áfátt. Það segir sig sjálft, að virkt eftirlit verður að vera með löggjöf sem þessari og framkvæmd hennar krefst óþrjótandi starfs, ef vel á að vera. Því varð ljóst að ekki nægði að endurskoða þessa löggjöf og færa hana til nútímalegra horfs. Hitt var ekki síður mikilvægt, að reyna að tryggja fullnægjandi framkvæmd hennar. Sýnt var að fela þurfti ákveðnum aðilum framkvæmdina, ef vel ætti að takast til. Því er það, að í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sérstök deild við verðlagsstofnun, neytendamáladeild, starfi að framkvæmd ákvæðanna um óréttmæta viðskiptahætti.

Til þess að tryggja meðferð þýðingarmestu málanna fyrir neytendur og skilvirka framkvæmd þeirra er lagt til að samkeppnisnefnd verði veitt visst úrskurðarvald um mál er varða brot á 26. og 27. gr. Menn eru að sjálfsögðu ekki sviptir rétti sínum til þess að leita úrlausnar dómstóla með þessari skipan. Hins vegar geta þeir ekki skotið sér undan úrskurðum samkeppnisnefndar með málskoti til dómstóla. Úrskurðir og ákvarðanir nefndarinnar þar gilda þar til dómstóll hefur komist að annarri niðurstöðu.

Ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á þessa breyttu framkvæmd og málsmeðferð sem fyrirhuguð er og ég tel að muni skipta mjög miklu í þessum efnum. Núna sæta mál af þessu tagi ýmist opinberri ákæru eða ákæru samkv. beiðni þess sem misgert er við. Ber ríkissaksóknara í fyrra tilfellinu að sjá um það af sjálfsdáðum, að enginn komist upp með það óhengt að brjóta lögin, en enginn sérstakur eftirlitsaðili hefur frumkvæði í þessum efnum, eins og áður hefur verið sagt. Mál þessi eru rannsökuð og dæmd af sjó- og verslunardómi. Þau dómsmál, sem risið hafa út af ákvæðum laga, hafa flest átt rætur að rekja til deilna á milli fyrirtækja. Þannig hafa samkeppnissjónarmið fremur orðið orsök málaferlanna en neytendasjónarmið.

Við endurskoðun laga um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum hefur verið höfð hliðsjón af norræum lögum um hliðstætt efni. Lög þessi eru nýleg og er í þeim, auk nýrra og endurskoðaðra efnisákvæða, kveðið á um stofnun embætta svokallaðra umboðsmanna neytenda,

markaðsdómstól og sérstaka málsmeðferð. Norrænu lögin eru nokkuð mismunandi. Reynt hefur verið að velja það, sem virðist best henta íslenskum aðstæðum, og aðlaga það þeim. Hins vegar er ekki, eins og ég hef áður vikið að, framkvæmd og eftirliti fyrir komið með þeim hætti í þessu frv. sem er á hinum Norðurlöndunum, og er það einkum, eins og ég líklega hef gert grein fyrir, vegna sparnaðar og hagkvæmnissjónarmiða, að reynt er að fella saman þá þrjá höfuðmálaflokka, sem þetta frv. fjallar um: verðlagsmál, samkeppnismál og óréttmæta viðskiptahætti, í einn lagabálk og láta framkvæmd þeirra vera í höndum sömu aðila. En varasamt er, eins og ég hef þegar minnst á, að erlendar fyrirmyndir geti alltaf átt við óbreyttar hér á landi.

Af hálfu þeirra samtaka, sem vinna að neytendamálum, hefur verið óskað eftir því, að löggjöf um neytendavernd verði sett og þá í þeim skilningi, að felld séu í einn lagabálk þau ákvæði sem stuðla að vernd neytenda. Þeir, sem hafa litið á málin frá þessum sjónarhóli, hafa talið, að ákvæði frv. séu ófullnægjandi, og óttast, að það verði látið duga sem heildarlöggjöf um vernd neytenda. Þetta er að mínu mati á misskilningi byggt, þar sem ákvæði er snerta vernd neytenda, eru í mörgum lögum og að ýmsu leyti um ólík svið að ræða. Má sem dæmi nefna annars vegar kaupalög og hins vegar matvælaeftirlit. Fjölmargt er nú flokkað undir neytendamálefni. Flest er betur komið í lagabálkum, sem fjalla um ákveðið svið, þar sem það er í sínu rétta samhengi.

Akvæði þau, sem hér liggja fyrir um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd, hafa víðast hvar verið talin sérstaklega mikilvæg fyrir neytendur. Á slíkri löggjöf byggjast m. a. eftirlits- og samræmingarkerfi neytendamálanna, neytendaumboðsmennirnir og markaðsdómstólarnir á Norðurlöndum. Þar sem í frv. er gert ráð fyrir sérstökum eftirlitsaðila og skjótvirkum úrskurðaraðila tel ég að sé um að ræða stórbætta vernd neytenda og lausn ýmissa knýjandi vandamála, þótt ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að ýmislegt fleira þurfi að koma til. Þessi mál verða ekki leyst á einum degi og ekki er alls kostar sanngjarnt að benda sífellt á fyrirmyndarskipan erlendis í þessum efnum, þar sem unnið hefur verið að þessum málum áratugum saman, en í sumum ríkjum starfa mörg hundruð opinberir starfsmenn auk öflugra neytendasamtaka að vernd neytenda.

Ég skal þá aðeins víkja stuttlega að helstu ákvæðum V. kafla.

26. gr. er mikilvægt nýmæli, sem lagt er til að lögtekið verði hér á landi. Þar er um að ræða almenna reglu um bann við óheiðarlegum viðskiptaháttum. Slík regla hefur lengi verið í löggjöf víða erlendis og mikil reynsla fengist þar við beitingu hennar. Reglunni er ætlað að ná til ýmissa tilvika, sem aðrar greinar kaflans, er einkum fjalla um sérstakar viðskiptaaðferðir, ná ekki til. Vegna stöðugra breytinga viðskiptaháttanna væri hætta á því, að sérreglurnar næðu ekki til ýmissa þeirra tilfella sem ástæða væri að koma í veg fyrir. Meginhugtakið í greininni er góðir viðskiptahættir. Það er því vísað til þess. Það ræðst af atvikum á þeim stað og tíma, þegar verknaður er unninn, hvað telja beri góða viðskiptahætti. Mikið verk verður að móta þessa grein í framkvæmd, þar sem fátt er við að styðjast hér á landi í þessum efnum. Þetta er önnur þeirra greina sem samkeppnisnefnd mun taka þátt í að framkvæma með ákvörðunum um bann. Að öðru leyti vísa ég til ítarlegra aths. við greinina, þar sem ég hygg að allt það, er máli skiptir, komi fram.

Í 27. gr. felast ýmsar breytingar frá gildandi lögum. Hér er fjallað um eina mikilvægustu meginregluna, sem löggjöf um ólögmæta viðskiptahætti hefur almennt að geyma. Um það er að ræða, að upplýsingar og önnur skírskotun til annarra, sem atvinnurekendur beita til framdráttar starfsemi sinni, mega ekki vera villandi. Þessi meginregla kemur einkum fram í tveimur greinum gildandi laga, þ. e. a. s. í 1. og 11. gr. 1 1. gr., sem 27. gr. frv. er ætlað að koma í staðinn fyrir, er fyrst og fremst stefnt að því að vernda kaupendur. Gert er ráð fyrir því, að 11. gr. gildandi laga falli niður sem sjálfstæð grein, en tekið verði tillit til þeirra hagsmuna, sem henni er ætlað að vernda, í 2. mgr. 27. gr. frv. 1 gildandi lögum er talað um villandi upplýsingar og villandi auðkenni. Þetta orðalag er of þröngt og er því lagt til, að það verði rýmkað að mun og talað verði um rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Ekki skiptir máli, í hvaða formi upplýsingarnar eru. Þær geta birst í margvíslegum myndum, sérstaklega er þó getið um auglýsingar, enda eru hin ýmsu form auglýsinganna langalgengust.

Með orðunum „öðrum viðskiptaaðferðum“ er ætlunin að ná til ýmiss konar yfirlýsinga og fullyrðinga sem ekki falla undir upplýsingagjöf.

Ólögmæti verknaður samkv. þessari grein er háð því, að þær aðferðir, sem notaðar eru, séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara eða þjónustu.

Með þessa grein að vopni er ætlunin að snúast gegn öllu því óskaplega og ég vil segja ógeðfellda skrumi sem á neytendum dynur í vöruframboði og einkum birtist í ýmiss konar auglýsingum. Til þess að tryggja sem virkasta framkvæmd ákvæða þessarar greinar er lagt til, að sami háttur verði hafður á og varðandi framkvæmd 26. gr., að samkeppnisnefnd geti lagt bann við verknaði sem telst brjóta í bág við ákvæði hennar. Hér er þó nokkur munur á. 26. gr. vísar til góðra siða og venja og því er forsenda viðurlaga algerlega háð því, að lagt hafi verið á bann samkv. ákvörðun samkeppnisnefndar og brotið hafi verið gegn slíku banni. Ef brot telst hins vegar varða við 27. gr. getur verðlagsstofnun metið hvort málið sé tækt með venjulegum hætti til meðferðar hjá dómstólum eða lagt fyrir samkeppnisnefnd til meðferðar samkv. ákvæðum þessa frv. Það mundi eflaust ráðast af því, hversu skjótra úrræða væri þörf, hvor leiðin yrði valin.

Um almenna leiðbeininga- og upplýsingaskyldu við framboð vara og þjónustu er fjallað í 28.

gr. Hér er um nýmæli að ræða sem ætti að auka verulega rétt neytenda á þessu sviði, en oft hefur verið kvartað yfir því, að ófullnægjandi upplýsingar séu gefnar um þær vörur sem eru á markaði.

Reglur 29. gr. um ábyrgðaryfirlýsingar leiða í reynd til þess, að óheimilt verður að semja um skemmri ábyrgðartíma en þann sem kveðið er á um í hinum frávíkjanlegu reglum kauplaganna. Hér er um að ræða, að kaupandi verður, innan eins árs eftir að hann fékk söluhlut í hendur, að bera fyrir sig galla á honum. Í viðskiptalífinu hefur talsvert eða jafnvel mikið borið á því, að seljendur semji sig undan þessum ábyrgðartíma og ákveði hann miklu skemmri, bæði með sjálfstæðum ábyrgðaryfirlýsingum og yfirlýsingum, sem eru þáttur í stöðluðum samningsskilmálum, sem kaupendur eru látnir samþykkja.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um 30. gr. Þar er um að ræða reglur, sem auðkenna vernd, sem er í gildandi lögum. Greinin hefur skipt máli sem viðbót við þá vernd sem firma- og vörumerkjalög veita þessum auðkennum.

Í 31. og 32. gr. er fjallað um kaupbæti. Gildandi lög hafa ákvæði um þetta efni, en nokkuð hefur borið á ólögmætum kaupbæti í viðskiptalífinu. Hafa nokkrir dómar fallið, þar sem reynt hefur á kaupbætisreglur gildandi laga. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar greinar. Þar er um nokkrar breytingar að ræða frá samsvarandi ákvæðum gildandi laga.

Nýmæli er í 33. gr., þar sem ætlunin er að koma í veg fyrir söluörvandi aðgerðir, sem fólgnar eru í úthlutun vinninga í formi verðlaunasamkeppni og á þvílíkan hátt. Ég tel rétt að sett verði ákvæði um þetta, enda þótt söluörvandi starfsemi af þessu tagi sé ekki mjög tíðkuð hérlendis. Í nágrannalöndunum er þessi aðferð algeng og er ekki ólíklegt að hennar fari að gæta meir hérlendis.

Ákvæði 34. og 35. gr. miða fyrst og fremst að því að koma í veg fyrir óhæfilega samkeppni milli fyrirtækja. Þar er annars vegar um að ræða bann við mútugjöfum og hins vegar um vernd atvinnuleyndarmála og skyldra hagsmuna. Ákvæði eru í gildandi lögum um þetta efni. Hér er þó ýmsu breytt og ítarlegri reglur settar. Eru þær sniðnar eftir nýjustu reglum um þetta efni á Norðurlöndum.

Í gildandi lögum eru ítarleg ákvæði um útsölur. Þau eru hins vegar orðin úrelt og löngu tímabært að setja ný ákvæði um útsölur sem tryggja betur rétt neytenda en gildandi ákvæði. Gildandi reglur fjalla einkum um það, hversu lengi útsölu megi halda. Ekki er ástæða til að hafa ákvæði um útsölur, sem fyrst og fremst er ætlað að vernda fyrirtækin gegn samkeppni. Keppt er að verðsamkeppni og gætu strangar útsölutakmarkanir hamlað gegn henni. Aðalatriðið er, hvort hætta sé á því, að neytendur séu beittir blekkingum í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur. 36. gr. er ætlað að koma í veg fyrir slíkt, einkum með því að leitast við að tryggja að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Útsölur má hins vegar halda eftir þörfum ef skilyrði um verðlækkun og annað eru uppfyllt.

Ákvæði 37. gr. eru tekin úr gildandi lögum með nokkrum breytingum. Þar er um að ræða vernd ýmissa alþjóðamerkja, skjaldarmerkja og hliðstæðra auðkenna. Vafasamt er að þessar reglur eigi heima í þessu frv. Eðlilegra væri að þessum auðkennum væri veitt vernd í almennum hegningarlögum. Rétt er þó, a. m. k. til bráðabirgða, að hafa þessa reglu áfram í tengslum við ólögmæta viðskiptahætti.

Um ákvæði 38.—43. gr. og um meðferð mála sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða, nema hvað rétt er að undirstrika þá heimild, sem samkeppnisnefnd var veitt í 38. gr. til að beita svokölluðu féviti.

Í 45. gr. er lagt til, að verðlagsstjóri fái viðtækari heimild en hann hefur nú til að fyrirskipa verðmerkingar. Heimild þessi nær einnig til verðupplýsinga á vörum, sem seldar eru gegn afborgunum, svo og til að setja reglur um afborgunarskilmála.

Um VII. kaflann skal ég nú ekki fjölyrða. Þar er fjallað um meðferð og áfrýjun mála. Vísa ég til þess, sem þar segir, og til aths. Ég vil aðeins vekja sérstaka athygli á ákvæðum 51. gr. um birtingu ákvarðana og athugana samkv. frv. Opinber birting, sem þar er gert ráð fyrir, ætti að skapa skilning á framkvæmd þessara mála og leiða til þess, að stjórnvöld verði stöðugt háð gagnrýni almennings og fjölmiðla.

Ef þetta frv. verður að lögum, er vissulega farið inn á nýja braut í verðlagsmálum. Stefnt er að frjálsri verðmyndun, er byggist á nægilegri samkeppni. Það er hins vegar mikill misskilningur, að ætlunin sé að leggja niður allt verðlagseftirlit. Þvert á móti yrði það aukið. En verðlagseftirlitið verður með öðrum hætti og allt öðrum hætti en áður. Það verður þá fyrst og fremst fólgið í því að fylgjast með verðlagsþróuninni í hverri grein, fylgjast með því, hvort samkeppni sé nægileg og hvort verðlag sé sanngjarnt. Slíkt eftirlit krefst margra vel menntaðra starfsmanna. Það krefst öflugrar og góðrar verðlagsstofnunar. Til þess að byggja upp slíka stofnun þarf verulegt fjármagn, og það tekur tíma að koma slíkri stofnun upp. Þess vegna þarf ákveðinn aðlögunartíma fyrir þá kerfisbreytingu sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Lagt er til í frv., eins og ég hef áður tekið fram, að sá tími sé sex mánuðir frá því að frv. er samþykkt á Alþingi.

Hér er um mikilvæg málefni að ræða, sem mikið hafa verið rædd að undanförnu. Íslendingar hafa lengi búið við verðlagsákvæði og verðlagseftirlit og misjafnar skoðanir hafa komið fram á þeim árangri sem sú starfsemi hefur borið. Ég skal ekki kveða upp neinn dóm um það, en ég hygg hins vegar að ljóst sé að löggjöf um þetta efni, sem lengi hefur í meginatriðum staðið lítt breytt, þarfnast endurskoðunar. Hún hefur, og framkvæmd hennar, tilhneigingu til þess að staðna. Þess vegna er æskilegt, að mínum dómi, hvað sem öðru líður, að koma nokkru róti á þessi mál með því að setja nýja og betri löggjöf um þetta efni. Ég er ekki í nokkrum vafa um, þó að skiptar skoðanir

geti orðið um einstök ákvæði í þessu frv., að það verði í heild sinni til bóta. Það hefur að geyma mýmörg ákvæði sem geta orðið til góðs, þá ekki síst fyrir neytendur, ef vel tekst til um framkvæmd þeirra. En ég vil enga dul draga á það, og ég vil einmitt endurtaka það sem ég sagði áðan, að hv. þm. verða að gera sér grein fyrir því, að góð framkvæmd þessara laga kostar talsvert fé og hún þarf að hafa á að skipa hæfum mönnum sem geta unnið þetta verk. Þess vegna verða menn um leið og þeir afgreiða og samþykkja þetta frv. að vera við því búnir að láta nægilegt fjármagn í té til þess að halda þessari starfsemi uppi, svo að hún geti orðið að því gagni sem til er ætlast. Auðvitað kemur svo að því, jafnvel þó að þessi löggjöf verði afgreidd nú, að hana þarf síðar að endurskoða, vegna þess að það hlýtur alltaf að verða svo með þessa löggjöf um svona efni, að hana þarf að taka til endurskoðunar annað slagið. Ég býst við því að flestir játi því, að sem mest frelsi sé æskilegt í þessum efnum. En þá verða menn líka að taka tillit til þess, sem ég hef líka undirstrikað áður, að aðstæður hér hjá okkur eru að ýmsu leyti öðruvísi en í öðrum löndum, og það þýðir ekki að ætla að horfa fram hjá því og fara eftir óskhyggjunni einni saman í þessu efni og miða við eitthvað sem þeir hafa séð annars staðar og þótt gott. Ekki er alltaf gefið, að það eigi við hjá okkur.

Ég skal ekki þreyta þdm. á lengra spjalli um þetta mál, en ég tel það svo mikils vert, að ég hef talið réttmætt að gera nokkuð ítarlega grein fyrir því, ekki hvað síst vegna þess að c. t. v. hættir mönnum og hefur hætt til þess að taka afstöðu til þess fyrir fram án þess að hafa kynnt sér það rækilega, sem í frv. stendur, og þau markmið, sem stefnt er að með frv.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég leyfi mér að mælast til þess, þar sem langt er liðið á þingtímann, að sú n. hagaði störfum sínum þannig, að hún ynni eftir því sem við verður komið í samvinnu við tilsvarandi n. hv. Ed.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Í framsöguræðu hæstv. viðskrh. fyrir því frv., sem hér er til umr., sagði hann að frv. væri flutt til þess að efna loforð, sem hæstv. ríkisstj. gaf í stjórnarsáttmálanum þegar núv. ríkisstj. var mynduð í ágústmánuði 1974. Athygli hlýtur að vekja, að efndir á þessu loforði í stjórnarsáttmálanum eru með þessum hætti, að frv. um þetta mikilvæga mál er fyrst lagt fram nú, þegar líður á seinni hluta þinghalds á síðasta þingi fyrir kosningar. Mér sýnist líka að margt bendi til þess, að hæstv. ríkisstj. geri sér ekki miklar vonir um, að þetta frv. nái fram að ganga á þinginu, og hér sé um leið við það miðað eingöngu að leggja þetta frv. fram, en ekki að í rauninni sé til þess ætlast að frv. nái fram að ganga. Kemur einnig greinilega fram í grg., sem fylgir frv., að það virðist eiga litlu fylgi að fagna hjá mörgum þeim sem málið snertir þó æðimikið. Satt að segja fannst mér líka koma fram á óbeinan hátt í ræðu hæstv. viðskrh., sem talaði fyrir frv., að margt væri óljóst hjá honum sjálfum í sambandi við innihald frv. og mikill og sterkur fyrirvari á því, hvernig framkvæmdin gæti orðið.

Ég vík þá að nokkrum meginatriðum, sem felast í þessu frv.

Það er tvímælalaust rétt, sem kom fram í framsöguræðu hæstv. viðskrh., að meginefni þessa frv. felst raunverulega í 8. gr. þess, en þar er því lýst yfir, að verðlagning skuli vera frjáls þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun. Það er enginn vafi á því, að í þessari grein felst það sem telja má verulega nýjung í sambandi við það mál sem um er að ræða. Þarna er lýst yfir ákveðinni stefnu varðandi verðlagningarmál, þar sem beinlínis er ákveðið að verðlagningin skuli vera frjáls, þó að það atriði sé skilyrðum bundið. Síðan er að vísu í þessari sömu grein gert ráð fyrir því, að verðlagsnefnd geti ákveðið hámarksverð og hámarksálagningu, fyrirskipað ákveðna gerð verðútreikninga og jafnvel fyrirskipað ákveðna verðstöðvun tiltekið tímabil. Samt sem áður er ljóst, að ekki er ætlast til þess samkv. þessari grein, að vinnubrögð í þessa átt verði nema í undantekningartilfellum. Um þetta atriði segir í 10. gr. frv., að ákvæðið í 8. gr., sem varðar það að sett sé hámarksverð á vöru og hámarksálagning ákveðin, og eins það atriði sem snertir fyrirskipun og gerð verðútreikninga, þessi atriði eigi, þegar til þeirra er gripið, aðeins að gilda stuttan tíma. Meginreglan á því að sjálfsögðu að vera sú, að verðlagning skuli vera frjáls.

Ég hygg að allir, sem lesa þessa grein og hugsa um þessi mál og vita, hvernig þessum málum hefur verið fyrir komið hjá okkur um margra ára skeið, hljóti, þegar stefnumörkun eins og þessi kemur fram, að velta því fyrir sér, hvernig ætlunin sé að standa að því að framkvæma þetta atriði. Ég tók eftir því, að hæstv. viðskrh. gaf enga skýringu á því í ræðu sinni, hvað yrði um að ræða í framkvæmd, því að auðvitað kallar skilyrði eins og þetta, að álagning skuli vera frjáls þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun, á vissa skýringu á því hvað átt sé við með orðunum „nægileg samkeppnisaðstaða". Ég vil t. d. spyrja hæstv. ráðh., sem að sjálfsögðu hefur hugsað um þetta mál, hvernig þetta yrði framkvæmt, hvernig yrði litið á þessi mál miðað við núverandi aðstæður. Mundi hann telja miðað við ástandið núna í verslun almennt — við skulum taka fyrst sem dæmi matvöruverslunina — að ríkjandi sé nægileg samkeppnisaðstaða til þess að verðlagningin eigi að vera frjáls? Nú spyr ég hæstv. ráðh. um þetta og við þessu þarf auðvitað að fá alveg ákveðin svör. Við vitum hvernig ástatt er hjá okkur nú varðandi t. d. matvöruverslun í landinu. Er þar ríkjandi nægileg samkeppnisaðstaða til þess, að samkv. þessu atriði eigi að gefa álagninguna frjálsa? Eða efast kannske hæstv. ráðh. um að svo sé? Ég spyr einnig, — því að hægt er að taka miklu fleiri greinar, sem ómögulegt er annað en hæstv. ráðh. hafi gert sér fulla grein fyrir, þó að hann víki sér undan því að gefa skýringar um þessi atriði í sinni framsöguræðu, — telur hann að sú aðstaða sem

við búum við í dag, t. d. varðandi sölu á rafmagnstækjum, vefnaðarvörum, byggingarvörum, búsáhöldum og húsgögnum, svo að nokkur dæmi séu tekin, — telur hann nægilega samkeppnisaðstöðu í þessum greinum verslunar í dag til þess að gefa eigi verðlagninguna frjálsa? Að mínum dómi hefði hæstv. ráðh. að sjálfsögðu átt að gera grein fyrir þessu í framsögu sinni fyrir málinu, því að máli skiptir að vita um þessi atriði. Hitt gat verið fyrirgefanlegt, að það fylgdi ekki svo nákvæm skýring að hún næði yfir öll svið verslunarinnar. En þetta eru aðalsviðin sem ég hef nefnt. Hægt á að vera að svara því á afgerandi hátt, hvort viðskrh. telur að í þessum greinum sé um nægilega samkeppnisaðstöðu að ræða, þannig að hægt sé að gefa verðlagninguna frjálsa. Eða kemur það inn í myndina, sem hann minntist aðeins á í sínu máli, að vegna þess að hér ríki mikil verðbólga, miklar og örar verðbreytingar, þá sé ekki um nægilega samkeppnisaðstöðu að ræða og af þeim ástæðum ekki hægt að gefa álagninguna frjálsa?

Í þessu sambandi koma að sjálfsögðu upp miklu fleiri spurningar. Við vitum að í Reykjavík og í nokkrum öðrum stórum kaupstöðum landsins, en þó einkum í Reykjavík er hægt að tala um talsverða samkeppni í allmörgum greinum verslunar, ef samkeppnin þá kemur fram í framkvæmd. Ég hygg að hægt sé að fullyrða, að í nokkrum greinum sé ríkjandi nokkur samkeppni. Þannig hefur t. d. verið skýrt frá því, að nokkrar stærstu matvöruverslanir í bænum hafi sannanlega selt sínar vörur talsvert undir lögleyfðri álagningu, ef tekið er meðaltal, ýmist gefið formlegan afslátt, eins og sum þessi verslunarfyrirtæki hafa gert, eða auglýst verulegan afslátt frá gildandi hámarksálagningarverði sem verðlagsyfirvöldin hafa tilkynnt. Það hefur því í sumum greinum átt sér stað, þrátt fyrir þær reglur sem gildandi hafa verið hjá okkur um hámarksálagningu, samkeppni sem orðið hefur til þess að verðlag hefur verið nokkuð undir því hámarki sem verðlagsyfirvöld hafa sett. Hitt vitum við auðvitað, að miklu algengara hefur verið að fulltrúar verslunarinnar í landinu hafa kvartað undan því, að hámarksálagningarreglurnar væru of þröngar, heimila þyrfti meiri álagningu, hærri álagningu. Sérstaklega hefur borið á þessu t. d. þegar gengisbreytingar hafa gengið yfir. Þá hefur venjulea verið gripið til þess, að áður gildandi hámarksálagning hefur verið lækkuð nokkuð þegar gengið lækkar. Verslunin hefur mótmælt slíkum lækkunum og því hefur mjög verið haldið fram, að hámarksálagningin væri of lág. Þess vegna verður að telja, miðað við allar upplýsingar sem fyrir liggja, að líkleg væri — a. m. k. á fyrsta spretti — talsverð hækkun á álagningu frá því sem verið hefur og þar af leiðandi verðhækkun.

Þegar rætt er um meginskilyrði fyrir frjálsri álagningu, þ. e. a. s. að samkeppnisaðstaða sé fyrir hendi, kemur líka upp sú spurning, hvernig beri að skilja þetta þar sem verulegur aðstöðumunur er á hinum ýmsu stöðum á landinu. Þessu er t. d. á þann veg háttað, eins og ég greindi frá, varðandi stórar matvöruverslanir í Reykjavík, að sannað er að þær hafa selt vörur í allríkum mæli undir lögleyfðri álagningu, vegna þess að hér hefur verið ríkjandi nokkur samkeppni. En margir aðrir staðir á landinu eru þannig settir, að þar er aðeins um eina matvöruverslun að ræða. Telst þar vera nægileg samkeppnisaðstaða? Eða getur það verið, að ætlunin sé að heimila frjálsa álagningu — t. d. á matvörum — í Reykjavík, en hins vegar yrði að gilda hámarksálagning á svipaðan hátt og nú er í gildi á fjöldamörgum öðrum stöðum, t. d. úti á landi, vegna þess að þar sé ekki sú samkeppnisaðstaða sem rætt er um í frv.? Nú spyr ég hæstv. viðskrh.: Er ætlunin að standa þannig að framkvæmd þessara mála, að um geti verið að ræða frjálsa álagningu á vissum stöðum á landinu, en álagning yrði bundin í alveg hliðstæðri verslunargrein annars staðar á landinu, þar sem ekki er um að ræða samkeppni? Hæstv. viðskrh. vék ekki að þessum atriðum á neinn hátt í ræðu sinni. Auðvitað er nauðsynlegt að þetta komi fram.

Það eru miklar deilur uppi um það, eins og hæstv. ráðh. vék nokkuð að, hvort það fyrirkomulag, sem við höfum búið við í þessum efnum nú um nokkurra ára skeið, hefur tryggt okkur það eftirlit með álagningu, sem til var ætlast, eða hvort svonefnd frjáls álagning gæti e. t. v. aukið á samkeppni á milli verslana frá því, sem nú er, og þannig haft áhrif til verðlækkunar. Ég vil taka fram, að skoðun mín er sú, að kerfið, sem við höfum búið við í þessum efnum nú um margra ára skeið, sé stórgallað og gera þurfi á því verulegar breytingar. Ég held að allir þeir, sem hafa haft með framkvæmd þessa kerfis að gera, hafi ekki notfært sér í framkvæmd þær heimildir, sem lögin raunverulega bjóða, til þess að laga þetta kerfi meira við þær aðstæður sem upp hafa verið að koma. Það er t. d. skoðun mín, að mjög lítið samræmi sé orðið hjá okkur í hámarksálagningunni milli einstakra vörugreina, eins og hún er ákveðin í reglugerðum. Ég býst við að færa megi allsterk rök fyrir því, að í einstaka greinum sé hin tilskilda hámarksálagning orðin í það knappasta, en sú er einnig mín skoðun, að í mörgum öðrum greinum sé hámarksálagningin mjög rífleg, sem m. a. hefur sannast á því, að þeir aðilar, sem búa við hana, hafa getað selt ódýrara í mörgum greinum en reglurnar segja til um.

Ég álít því að full þörf hafi verið á því að taka núgildandi lög til endurskoðunar og einnig og sérstaklega framkvæmdina. Ég legg áherslu á, að fyrst og fremst var um það að ræða að mínum dómi, að huga þurfti að framkvæmdinni og gera vissar breytingar á henni. Því fer hins vegar fjarri, að ég sé sannfærður um að það rétta sé, miðað við núverandi aðstæður, að gefa álagninguna frjálsa í verulega ríkum mæli. Ég dreg mjög í efa að slíkt væri til góðs, enda tel ég allar líkur benda til þess, af þeirri reynslu sem fyrir liggur í sambandi við þær vörugreinar sem njóta frjálsrar álagningar, að slíkt skipulag mundi beinlínis leiða til hækkandi verðlags. Og mér sýnist, ef ætlunin er — ég segi: ef, vegna þess að mér sýnist margt benda til þess að það sé réttmætt að segja ef, — ef ætlunin er að gefa

verulegum hluta verslunarinnar við núverandi aðstæður álagninguna frjálsa, þá held ég að ekki séu aðstæður til slíks, nema þá menn séu við því búnir að taka við verulega hækkandi verðlagi.

Þá galla, sem hafa komið fram á gildandi kerfi í þessum efnum, var vitanlega hægt að sníða af án þess að fara þá leið sem farin er í þessu frv. Það hefur t. d. komið í ljós, að innflutningsverð á vörum hefur reynst hærra en þörf hefur verið á. Þetta atriði er opinberlega viðurkennt af innflytjendum sjálfum. M. a. hefur sannast í upplýsingum, sem hafa verið dregnar fram á hv. Alþ., að í mörgum tilfellum hafa innflytjendur beinlínis staðið að því að velja fremur hærra innkaupsverð en það lægsta sem hefði verið hægt að fá, til þess á þann hátt að útvega sér heimild til hærri álagningar. Það er auðvitað enginn vafi á því, að hægt var eftir núverandi lögum að sníða þennan galla af. Þarna þurfti aðeins að hafa framkvæmdina með nokkuð öðrum hætti en hún hefur verið, leggja miklu meiri áherslu á að fylgjast með innflutningsverðinu sjálfu og ganga fast eftir að verð á innfluttum vörum væri rétt. En ekki virðist hafa verið ýkjamikill áhugi á því, þó að opinberlega hafi verið viðurkennt að þessu væri svona háttað. Við Alþb.-menn höfum m. a. flutt tvívegis till. um það á Alþ., að Alþ. skipaði sérstaka rannsóknarnefnd til þess að draga fram sannindi þessa máls, svo að það lægi alveg skýrt fyrir, hvernig hér væri að málum staðið. En það einkennilega var, að m. a. hæstv. viðskrh. mælti gegn slíkri till., að gerð væri sérstök rannsókn af hálfu Alþ., taldi nægilegt að verðlagsstjóri og hans skrifstofa hefði með þessi mál að gera, þó að ekki sé sjáanlegt að út úr því hafi neitt komið annað en það, að kaupsýslumenn sjálfir staðfesta að þessu sé svona háttað, þeir hafi keypt inn vörur á hærra verði en hægt hefði verið að fá þær á.

Þá kemur einnig fram í þessum sama kafla, sem felur í sér aðalefni frv., þessum III. kafla, sem er um verðákvarðanir, í 12. gr. frv., ákvæði sem þarfnast skýringar, ekki síst vegna þess að þess er getið í grg., að þeir opinberu starfsmenn, sem sömdu frv. upphaflega, höfðu þetta ákvæði, sem ég ræði um og er að finna í síðari mgr. 12. gr. frv., ekki í sínum till., en segja að þetta hafi verið sett inn í frv. að frumkvæði ríkisstj. Þessi 2. mgr. 12. gr. er orðrétt á þessa leið, með leyfi forseta:

„Verð og álagningu má ekki ákvarða lægra en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan, hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.“

Þessi ákvæði eru allmikið frábrugðin því sem er í gildandi lögum. Hér er beinlínis svo fyrir mælt, að sé gripið til hámarksverðs eða hámarksálagningar á vöru megi ekki ákveða það verð af hálfu verðlagsyfirvalda á öðrum grundvelli en þeim, sem segir í þessu, sem ég las upp. Þar er m. a. þetta ákvæði, að tryggja eigi þeim, sem með vörusölu hefur að gera, þannig verslunaraðstöðu að hann geti staðið undir endurinnkaupum á vöru. Spurningin er sú: Hvernig á að túlka þetta atriði? Hvernig á að tryggja honum að hann fái ekki aðeins verð þeirrar vöru, sem hann hafði keypt inn og greitt, þegar hann selur hana, og þann kostnað, sem hefur fylgt sölumeðferðinni, heldur einnig tryggja honum það, að hann geti keypt inn vörur á nýjan leik? Nú vitum við að þannig er ástatt í þessum efnum, eða hefur verið nú um langan tíma, að hið nýja innkaupsverð hefur gjarnan verið hærra en það eldra. Er þá með þessu verið að ákveða að beinlínis skuli í álagningunni tekið tillit til þess, að ekki sé aðeins staðið undir nauðsynlegum kostnaði við sölumeðferðina, heldur eigi einnig að vera eftir nokkur afgangur til þess að standa undir því að kaupa inn á nýjan leik dýrari vöru en áður? Ég vek athygli á því, að slík ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum, og deilur hafa einmitt verið um það við kaupsýslumenn, hvort ætti að taka tillit til þessa við ákvörðun á álagningu. Nú hefur þannig verið staðið að gerð þessa frv., að embættismennirnir, sem sömdu frv., gerðu ekki ráð fyrir þessu, en hæstv. ríkisstj. hefur hlutast til um að þetta ákvæði yrði sett inn í frv. Þetta kallar því á skýringu af hálfu hæstv. viðskrh. Ég óska eftir því, að hann geri grein fyrir því, áður en málið fer til n., hvað raunverulega felst í síðari mgr. 12. gr. frv. Hvað þýðir þetta í framkvæmd varðandi hámarksálagningu eða hámarksverð, sé það ákveðið? Er ætlunin að taka upp nýja framkvæmd þessara mála, eða á í rauninni ekkert að fara eftir þessu og hafa framkvæmdina svipaða og hún hefur verið? Ég óska eftir skýringum á þessu atriði.

Eins og fram kom hjá hæstv. viðskrh., er um að ræða mjög viðkvæmt mál — mál sem varðar marga aðila í landinu og ýmsa þá aðila sem ekki þykir sem auðveldast að leggja í bönd eða binda við eitt eða annað. Við vitum t. d. að það ráð var tekið upp fyrir nokkrum árum að skipa verðlagsnefndina, sem ákveður hámarksálagningu og hámarksverð, þannig að í nefndinni hafa verið níu menn. Einn, formaður nefndarinnar, hefur verið skipaður af viðskrh. án tilnefningar, en síðan hafa aðilar vinnumarkaðarins, eins og það hefur verið kallað, skipað hina átta í nefndina eða tilnefnt þá raunverulega, þ. e. a. s. samtök launafólks hafa tilnefnt fjóra í þessa nefnd og samtök atvinnurekenda hafa skipað aðra fjóra. Ástæðurnar til þess, að þetta skipulag var tekið upp, voru þær, að allt það, sem snertir álagningarreglur þótti tengjast svo mjög þeim miklu hagsmunamálum sem þessir aðilar fjalla um, að sjálfsagt þótti að taka upp þetta skipulag. Í rauninni var þetta ákveðið samfara samkomulagi sem gert var við aðila vinnumarkaðarins upp úr kaupdeilu. Þá var þetta skipulag tekið upp. Þó að ýmislegt sé hægt að segja um það, hvernig fulltrúar þessara aðila hafa staðið sig í verðlagsnefnd, verður því þó ekki neitað að báðir þessir aðilar, þ. e. a. s. samtök launþega og samtök atvinnurekenda, hafa lagt allmikla áherslu á að hafa þarna fulltrúa og koma sínum sjónarmiðum á framfæri í sambandi við þennan hlutann í

ákvörðun verðlagsmála. En með þessu frv. er út af þessu brugðið og ákveðið að minnka áhrifavald þessara aðila stórkostlega frá því sem nú er. Mér sýnist að sérstaklega sé verið að minnka áhrifavald fulltrúa launþeganna í þessu nýja verðlagsráði.

Þetta nýja verðlagsráð á að vera skipað sjö mönnum. Ráðh. á að skipa einn án tilnefningar, sem verður formaður ráðsins eins og áður. Síðan eiga launþegasamtökin að tilnefna tvo í stað fjögurra og atvinnurekendur tvo í stað fjögurra, en aftur á móti skipar síðan Hæstiréttur tvo fulltrúa í þetta verðlagsráð. Auðvitað, eins og vant er þegar Hæstiréttur er settur inn í mál eins og þessi, er talað um að fulltrúar séu óháðir, en reyndar um það getið, að þeir eigi að vera löglærðir eða hagfræðingar. Má því þrengja það nokkuð, hvaða óháðir menn þetta eru. Mér sýnist að þessi skipan mála dragi mjög úr áhrifavaldi þessara stóru og miklu samtaka, launþegasamtakanna og samtaka atvinnurekenda, og raunverulega blasir við, að segja má að t. d. launþegasamtökin geta treyst þarna tveimur fulltrúum af sjö, en þeir munu nú telja að hinir fulltrúarnir séu ekki sérlega líklegir til þess að fylgja fram sjónarmiðum launþega.

Ég tel fyrir mitt leyti, að þessi breyting sé röng, miðað við aðstæður nú hjá okkur, a. m. k. sé rangt að taka upp þessa breytingu eins og nú háttar, nema þá að slíkt sé gert í fullu samráði við þessa þýðingarmiklu aðila. Auðvitað er enginn vafi á því, að fulltrúar launþega í nefnd eins og þessari eiga almennt að hafa áhuga á því að gæta hófs í verðlagningu og halda kröfum þar nokkuð niðri. Reyndar ættu fulltrúar atvinnurekenda í mjög mörgum tilfellum að hafa þar hagsmuna að gæta, af því að þær reglur hafa verið í gildi hjá okkur í langan tíma, að hækki verðlag, þá leiðir af því hækkandi kaup. Ég tel því, að þessi breyting sé óheppileg og muni fremur auka á vanda í þessum málum öllum en minnka hann. En það er auðvitað mikilvægt atriði í skipan þessara mála að reyna að hafa nokkurt vald yfir verðlagsþróuninni í landinu. Það er ofurskiljanlegt, að þeir, sem selja vörur eða taka greiðslu fyrir þjónustu, leita jafnan á með það að fá aðstöðu til þess að hækka þjónustutekjur sínar. Þetta er ofureðlilegt, þótt að sjálfsögðu sé hægt að hugsa sér, að ríkjandi sé slík samkeppni að ætti að vera nægileg til þess að halda þeim í skefjum, en við höfum séð af nokkurri reynslu okkar í þessum efnum, að það virðist þurfa að búa vel um hnúta, ef samkeppnin ein á þarna að duga, a. m. k. við þær aðstæður sem við höfum búið við. Það er því skoðun mín, að eðlilegt hafi verið, eins og ástatt er hjá okkur, að þessir aðilar hefðu allmikið vald í verðlagsráði eða verðlagsnefnd.

Þessi atriði, sem ég hef gert aðallega að umtalsefni, snerta alveg sérstaklega þann hluta frv. sem fjallar um verðákvarðanir og skipulag þeirra mála. Og eins og ég sagði áður er þessi hluti frv. að mínum dómi aðalefni frv., eins og hæstv. viðskrh. viðurkenndi. Þetta er kjarni málsins. Önnur atriði, sem síðan eru sett inn í þetta frv., eiga að mínum dómi varla heima með þessum atriðum frv., sem ég hef verið að ræða.

IV. kafli frv. er um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. Vissulega mega atriði varðandi þessi mál vera í lögum. Ég gef hins vegar ekki mikið fyrir þau ákvæði, sem er að finna í frv., um þetta. Það er allt saman þokukennt og mér sýnist allt eftirlit í þessum efnum vera mjög veiklað. Gert er ráð fyrir því, að sérstök samkeppnisnefnd eigi að skera úr um það, hvenær brotnar eru reglur varðandi eðlilega samkeppni. Samkeppnisnefnd er skipuð þannig að í henni á að vera formaður verðlagsráðsins, sá fulltrúi, sem skipaður er af ráðh., og svo fulltrúarnir tveir sem Hæstiréttur skipar. Í framhaldi af því, sem ég hef þegar sagt, verð ég að segja að mér finnst þessi nefnd ekki vera mikils trausts verð, — ekki frá mínum sjónarhóli séð. Ég hef ekki ýkjamikla trú á því að þessir tveir fulltrúar, sem Hæstiréttur tilnefndi og ættu að standa að eftirliti samkv. þeim reglum sem er að finna í þessum kafla, væru mikils virði. Hér er um mjög óákveðin atriði að ræða, þ. e. a. s. hvernig fyrirtæki haga starfsemi sinni varðandi samstarf sín á milli, og mér sýnist að ganga hefði þurft öðruvísi frá eftirliti með framkvæmdum á þessu en gert er með þessari samkeppnisnefnd. Ég hefði þó talið aðeins betra að allt verðlagsráðið hefði haft þetta eftirlit með höndum heldur en þetta úrtak úr verðlagsráðinu, sem þarna er gert ráð fyrir. M. ö. o.: að mínum dómi dregur þetta alveg úr því, að nokkuð sé á því byggjandi að þarna verði um nokkra teljandi breytingu að ræða, enda er gert svo ráð fyrir í þessum kafla frv., að samkeppnisnefndin geti veitt undanþágur þegar henni sýnist ástæða vera til. Sem sagt, varðandi þennan kafla hef ég ekki mikið að segja. Ég legg ekki mikið upp úr honum og hef enga trú á því, að menn geri það yfirleitt.

Svo er blandað inn í frv. atriðum, sem í rauninni er viðurkennt að verulegu leyti að eigi ekki nema takmarkaðan rétt á sér í þessu frv. Það er t. d. sagt í grg. frv. á þessa leið:

„Ekki tíðkast erlendis að steypa saman í eina löggjöf ákvæðum, sem fjalla um verðlag og samkeppnishömlur annars vegar, og reglum um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd hins vegar.“

Auðvitað er enginn vafi á því, að við eigum eftir að gera mikið í því að setja reglur um neytendavernd og er æðivandasamt að byggja upp það kerfi þannig að það komi að einhverju gagni. En að hringla því saman við verðlagsmálalöggjöf okkar sýnist mér vera alveg fráleitt. Og í rauninni get ég ekki lesið annað út úr þessu ákvæði en það, að hæstv. viðskrh. hafi þótt ögn betra að hafa með í frv. eitthvað um neytendavernd og rétt neytenda — í því frv. sem annars felur fyrst og fremst í sér að lýst er yfir því, að hér eftir skuli tekin upp frjáls verslunarálagning. Ég held að þetta tvennt eigi ekki frekar saman hjá okkur en annars staðar. Miklu eðlilegra hefði verið að skilja þarna á milli og hafa þetta ekki í sama frv.

Svo er rétt að velta því nokkuð fyrir sér, hvernig aðstaðan er hér á landi til þess að gera meiri háttar breytingar á því fyrirkomulagi sem ríkjandi hefur verið í verðlagsmálum og verðlagningarmálum. Ég held að allar aðstæður séu

nú hinar verstu til þess að gera miklar breytingar. Ég hef þó viðurkennt, að hægt hefði verið og réttmætt hefði verið að breyta nokkuð framkvæmdinni í þessum málum samkv. gildandi lögum og reglum. En að hugsa sér þá breytingu, sem raunverulega felst í þessu frv. eða verður að ætla að felist í þessu ákveðna orðalagi um frjálsa álagningu! Ég held að aðstæður allar í þjóðfélagi okkar nú séu svo afleitar að gera ætti engar tilraunir í þessum efnum.

Við vitum að hér er ríkjandi mjög mikil verðbólga, og segja má að allt verðlag sé á fleygiferð. Hæstv. ríkisstj. hefur talið þessum málum þannig komið nú, að hún hefur neyðst til þess að grípa inn í nýlega gerða kjarasamninga og rifta undirskrifuðum samningum um launakjör, vegna þess að þessir launasamningar kynnu að leiða til of mikillar verðhækkunar í landinu. Nú hefur hæstv. ríkisstj. viðurkennt, að út af fyrir sig hafi þessi ákvörðun hennar verið neyðarráðstöfun. Hún hafi ekki í sjálfu sér gripið inn í svo sem gert var nema út úr neyð. En getur hún þá hugsað sér, þegar svona stendur á, að taka upp þá breytingu í verðlagsmálum og verðþróunarmálum í landinu að segja við þá aðila, sem annast sölu á vörum og varningi í landinu eða hafa með þjónustu að gera, að þeir megi taka það sem þeir vilji í sinn hlut, þeir þurfi ekki að vera undir neinu eftirliti, það eigi að ríkja frjáls álagning?

Ég veit að hæstv. viðskrh. svarar því til, að það sé ekki meiningin, þó að um frjálsa álagningu verði að ræða, að hætta öllu eftirliti. En auðvitað er fráleitt að tala um það, að fyrst eigi að gefa alla álagningu frjálsa við þær aðstæður, sem við búum við í dag, og svo eigi þar á eftir að stórauka eftirlit með einhverjum raunverulegum hugsuðum árangri. Það er auðvitað alveg fráleitt, jafnvel þó að hæstv. ráðh. bæti því við og undirstriki það mjög í sinni ræðu, að fjölga þurfi eftirlitsmönnum hjá verðlagsstjóra, þar þurfi að vera vel menntaðir menn og mikið fjármagn þurfi til þess að halda uppi þessu eftirliti. Ég er ansi hræddur um að hæstv. ráðh. eigi eftir að reyna það, ef út í þessa sálma er farið, að það dugir lítið þótt hann ráði heilan her af mönnum til þess að líta eftir í þessum efnum, ef hann hefur við núverandi aðstæður gefið alla álagningu frjálsa. Við skulum hafa í huga að þeir, sem með verslun fara, hafa að undanförnu lagt á það áherslu, að þeir þyrftu að fá að hækka álagninguna. Getur þá hæstv. viðskrh. búist við öðru en því, að frjáls álagning mundi leiða til þess, — þegar aðilar kvarta undan því, að álagningarheimildin sé of lág, — að álagningin mundi hækka?

Þá er ekki síður athyglisvert í þessum efnum, að einmitt hæstv. viðskrh. hefur lagt á það manna mest áherslu, að taka þurfi til endurskoðunar og í rauninni gerbreytingar ákvæðin um verðtryggingu á launum, um vísitölubætur á laun, endurskoða þessar vísitölureglur og gerbreyta þeim frá því sem verið hefur. Sýnist honum það í raun og veru líkleg leið til ávinnings í þessum efnum að grípa fyrst inn í gerða launasamninga á þann hátt, sem gert hefur verið, boða það að breyta eigi verðtryggingarreglum og þeim vísitöluákvæðum sem í gildi hafa verið, en segja á sama tíma: Þeir, sem hafa með verslun og viðskipti að gera, geta fengið að taka sér álagningu eins og þeim sýnist, eins og þeir meta nægilegt? — Ég held að allir, sem hugsa um þessi mál, hljóti að viðurkenna, að við þessar aðstæður eru vinnubrögð af þessu tagi alveg fráleit.

Svo er orðalag eins og kom fram hjá hæstv. viðskrh. varðandi þessi atriði. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þeir aðilar, sem héldu því fram, að hægt væri að koma fram lækkun á vöruverði með því að gefa álagninguna frjálsa í samkeppni, fengju með þessu tækifæri til þess að sanna að þetta væri rétt Mér fannst orðalag hæstv. ráðh. í þessum efnum vera alleinkennilegt. Það var engu líkara en hann segði: Ja, það eru ýmsir sem halda þessu fram. Best að lofa þeim að sýna hvað þeir geta. — Hæstv. ráðh. fyrirgefur, ef ég ætla honum um of skoðun í þessum efnum. Mér fannst eins og þetta lægi á bak við orð hans. Hann efaðist um þetta, en þá verður þetta bara dregið til baka aftur, því að hann hefur heimild til að draga allt til baka aftur, ef það stenst ekki.

Eru vinnubrögð af þessu tagi eðlileg eða líkleg? Ég held ekki. En allt þetta skil ég, E. t. v. er ætlunin að leggja fram frv. af því að fyrir 4 árum var lofað að leggja það fram. Svo á frv. að fá að veltast svolitið í n. og svo og svo lengi í þinginu án þess að koma úr n. Þá er þó hæstv. viðskrh. a. m. k sloppinn út úr þessu öllu saman í bili, og kannske fleiri í ríkisstj. geti kvittað fyrir, að þeir hafi þó alltaf sýnt frv.

Athygli mína vekur, að oftar en einu sinni kemur fyrir í grg. þessa frv. *setning eitthvað á þessa leið:* „ef frv. þetta verður samþykkt.“ — Það er mjög óvenjulegt að sjá í stjfrv., að verið sé að taka fram alltaf annað slagið í sambandi við skýringar: „ef frv. þetta verður samþykkt.“ Ég hafði búist við því, að frv. eins og þetta, sem er flutt í samræmi við stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna, væru ekki aðeins frv. hæstv. viðskrh. og ríkisstj., þetta væri frv. stjórnarflokkanna. Er einhver efi á því að stjórnarflokkarnir sem slíkir standi að frv.? Hafa stjórnarflokkarnir ekki hvor fyrir sig samþykkt þetta frv.? Ekki er minnst á það, ég hef ekki rekið mig á að minnst væri neins staðar á það í grg. með frv., að stjórnarflokkarnir hefðu neinn fyrirvara á um þetta stjfrv. Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh., hvort þetta frv. hafi ekki verið samþykkt af báðum stjórnarflokkunum. Er t. d. eitthvert lát á Framsfl. í sambandi við frv. — eða Sjálfstfl.? Eða er í rauninni nokkur ástæða til þess að vera að taka þetta óvenjulega oft fram í grg. með frv.: „ef frv. verður að lögum“ — ef það er öruggt, að mikill meiri hluti á Alþ., sé með frv., því hér er um stjfrv. að ræða? Auðvitað getur ríkisstj. komið frv. fram fyrir þinglok, ef hún ætlar sér það En ég leyfi mér að draga mjög í efa, að ætlun ríkisstj. sé að gera þetta frv. að lögum, hér sé miklu frekar um hitt að ræða, að ríkisstj. hafi talið óhjákvæmilegt vegna loforða að leggja frv. fram.

Þá er þess einnig að geta í sambandi við þetta frv., að frá því er skýrt í grg., að frv. hafi

verið sent mörgum aðilum til athugunar og umsagnar. Þar er um býsna þýðingarmikla aðila að ræða við skipan þessara mála allra. Og það einkennilega er, að nær allir, sem leitað hefur verið til, virðast hafa mikið við frv. að athuga og vera því andvígir að verulegu leyti. Þannig kemur t. d. fram, að Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru greinilega andvíg þessu frv. Það eitt út af fyrir sig, að þessi stóru launþegasamtök eru andvíg frv., er að mínum dómi alveg nægilegt til þess að rangt megi telja, miðað við núverandi aðstæður, að ætla að knýja frv. fram. Það hefði átt að leita eftir samkomulagi við þessa aðila um breytingar á núgildandi skipulagi, því að fram kemur m. a. í umsögn Alþýðusambandsins, að fyrir liggur viðurkenning af þess hálfu á því, að gera þurfi verulegar breytingar á núgildandi kerfi. En hér er um miklu fleiri aðila að ræða, sem spurðir hafa verið, og virðast þeir yfirleitt jafnandvígir frv. og áðurnefnd samtök. Mér sýnist t. d., að hin fjölmennu samtök kaupsýslumanna séu ekki heldur mjög hrifin af frv. Þau tala um að frv. sé stórgallað og gera þurfi á því verulegar breytingar. Það má vel vera, að t. d. samtök kaupsýslumanna vilji fá enn þá ótvíræðari ákvæði um frjálsa álagningu en er að finna í frv. En hvað um það. Höfuðatriðið er, að eitthvert samkomulag takist við þá aðila sem eiga mestra hagsmuna að gæta um þessi mál.

Undarlegt er að ætla að taka upp skipan, sem t. d. hin fjölmennu launþegasamtök eru andvíg og telja stefna í öfuga átt, ef hún uppfyllir ekki heldur kröfur hinna aðilanna. Það var auðvitað sjónarmið út af fyrir sig ef ríkisstj. tæki afstöðu með kaupsýslumönnum í þessu og miðaði till. sínar við till. þeirra, en þeir virðast hafa mikið við frv. að athuga. Þannig sé ég t. d. að samtök stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Samband málm- og skipasmiðja ljúka bréfi sínu á þessa leið: „Drög embættismannanna þriggja eru í grundvallaratriðum andstæð þessum sjónarmiðum“ — sem þeir eru búnir að gera grein fyrir að séu þeirra sjónarmið. Samtökin lýsa sig hins vegar fús til samstarfs við stjórnvöld um lagfæringar á drögunum í samræmi við umsögn þessa. Svipað er að segja um afstöðu Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Vinnuveitendasambands Íslands. Þessir aðilar gera grein fyrir afstöðu sinni og segja m. a.: „Drög þau, sem hér um ræðir, eru ófulnægjandi að því er snertir ýmis framangreind atriði“ — sem þeir hafa gert grein fyrir í sinni afstöðu. Mér sýnist því, að samlyndið sé ekki ýkjamikið.

Ég vil svo að lokum segja það, og ég vil að það komi skýrt fram, að ég er síður en svo ánægður með skipulagið sem gildir hjá okkur nú í þessum efnum. Ég tel að gera þurfi á því verulegar breytingar, sérstaklega til þess að gera allt eftirlit miklu haldbetra en það er nú, en auk þess til þess að koma fram margvíslegum leiðréttingum, einnig til handa þeim sem hafa með viðskipti að gera, því að auðvitað eiga þeir sinn rétt í þessum efnum og taka þarf tillit til hans á sanngjarnan hátt.

Ég tel að sú meginstefna, sem kemur fram í þessu frv., sé ekki á neinn hátt í samræmi við þær aðstæður sem við búum við í dag. Ég held að samþykkt þessa frv. mundi magna vandann í verðlags- og efnahagsmálum. Ég held að miklu erfiðara yrði eftir samþykkt þessa frv. að komast að eðlilegu samkomulagi við þá aðila sem óhjákvæmilegt er að taka tillit til í sambandi við verðlags- og atvinnumál. Mér sýnist satt að segja að þeta frv. stefni í þveröfuga átt, tefji fyrir samkomulagi við þessa aðila. Mér sýnist einnig að fjarri sé því, að samtök hinna, þ. e. a. s. þeirra sem hafa verslun með höndum, séu ánægð með frv., — í rauninni kalli ekkert á það, eins og mál standa nú, að knýja þetta mál í gegn og því sé rétt að gefa sér tíma til þess að taka málið til nýrrar athugunar. Þá hefði ég talið rétt að einmitt þessir aðilar, sem leitað hefur verið til umsagnar um málið, eða a. m. k. fulltrúar frá þessum stærstu samtökum ættu beina hlutdeild að því að reyna að finna lausn sem væri viðunandi í þessum málum.

Afstaða mín til þessa frv. er því sú, að ég er á móti því. Ég tel að ákvæði þess um það sem mestu máli skiptir, sem eru verðlagsmálin, séu mjög óljós og óákveðin og frv. sem heild sé með afbrigðum grautarlegt. Það er verið að grauta saman atriðum sem ekki eiga saman í löggjöf. Ég held að samþykkt frv. mundi gera illt verra.

En fróðlegt væri að heyra, hvað hæstv. viðskrh. hefur að segja í sambandi við þær fsp. sem ég hef borið fram um hvað raunverulega felist í ýmsum ákvæðum frv., því að skýringar hans á þeim atriðum geta að sjálfsögðu haft allmikið gildi. Hræddur er ég um, að ef það er ætlun hæstv. ráðh. að fylgja 8. gr. frv. og III. kaflanum öllum, um verðákvarðanir, á þann hátt að hér verði tekin upp frjáls álagning í öllum aðalatriðum, þá mundi hæstv. ríkisstj. standa frammi fyrir miklum vanda fljótlega, miklu meiri vanda en hún stendur frammi fyrir í dag í verðlags- og efnahagsmálum. — Ég bíð svo eftir því að heyra frekari útskýringar hæstv. ráðh. á þeim atriðum sem ég hef spurst fyrir um.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. viðskrh., Ólafi Jóhannessyni, og ríkisstj. fyrir að hafa lagt fram þetta frv. til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Hér er vissulega um að ræða veigamikið frv., sem felur í sér stórmerkar breytingar sem munu verða allri þjóðinni til mikilla hagsbóta, verði frv. að lögum og framkvæmt í þeim anda eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. fyrr í umr.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. er frv. hluti af stefnuskrárloforðum núv. ríkisstj. Það skal viðurkennt, að það er nokkuð síðbúið, en eins og ráðh. sagði í frumræðu sinni og benti á felur frv. í sér svo viðamiklar breytingar og víðtækar, að ýmis atriði þörfnuðust mjög nákvæmrar athugunar og könnunar áður en þau voru sett fram í því formi sem frv. felur í sér.

Í stefnuræðu forsrh., sem flutt var í upphafi núverandi stjórnarsamstarfs, haustið 1974, sagði hæstv. forsrh. m. a., með leyfi forseta:

„S. l. 35 ár hefur verið hér á landi verðlagseftirlit, sem falið hefur í sér bein afskipti af verðlagningu í verslun, iðnaði og þjónustu. Slíkt

eftirlit tíðkaðist í flestum löndum á styrjaldarárunum, en var alls staðar afnumið á árunum eftir styrjöldina nema hér á landi, þar sem því hefur verið haldið áfram í lítt breyttri mynd fram á þennan dag. Þetta verðlagseftirlit hefur alls ekki megnað að halda verðbólgunni í skefjum, sem þó átti að heita höfuðmarkmið þess. Kerfið hefur því ekki þjónað þeim tilgangi, sem til var ætlast. Það er því jafnmikið hagsmunamál launþega, neytenda, iðnaðar og verslunar að frá þessu kerfi sé horfið. Í stað þess verður að koma ný löggjöf um verðmyndun, viðskiptahætti og verðgæslu í líkingu við þá, sem tíðkast í öðrum löndum og stefnir til almenns eftirlits neytenda með viðskiptaháttum, örvunar heilbrigðrar samkeppni og eðlilegrar verðmyndunar. Slík löggjöf verður nú undirbúin í samráði við samtök launþega og neytenda annars vegar og samtök verslunar og iðnaðar hins vegar.“

Þetta sagði hæstv. forsrh. í stefnuræðu haustið 1974. Með framlögðu frv. er verið að efna fyrrgreinda stefnuyfirlýsingu.

Það var leitað umsagna fjölda aðila við undirbúning þessa frv. á fyrri stigunum. Ég leyfi mér að vísa til þess sem fram kemur með frv., að leitað var umsagna hjá m. a. Kvenfélagasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Neytendasamtökunum, Bandalagi háskólamanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga. En eins og við var að búast voru aðilar ekki sammála um ýmis atriði varðandi þetta frv. Í veittum umsögnum var ýmist í ökkla eða eyra. Skipulagshyggjumenn vilja greinilega viðhalda núverandi fyrirkomulagi og jafnvel setja enn meiri þvinganir á íslenska viðskiptahætti. Öðrum finnst ekki gengið nægilega langt í frelsisátt, bæði neytendum og íslenskum atvinnuvegum til hagsbóta. Viðskrh. og samstarfsmenn hans hafa við gerð frv. reynt að sætta þessi sjónarmið á grundvelli þess sem skiptir meginmáli fyrir íslensku þjóðina, þ. e. að hérlendis ríki sem mest frelsi í atvinnulífinu með þar af leiðandi hagkvæmari verkaskiptingu og möguleikum til aukins hagvaxtar.

Nágrannaríkin búa við hliðstæða löggjöf og framlagt frv. felur í sér. Verkalýðshreyfingin í þessum ríkjum, þ. á m. á Norðurlöndum þar sem hún er mjög sterk, hefur fylgt þeim viðskiptaháttum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og þeir viðskiptahættir hafa verið framkvæmdir á Norðurlöndunum á annan áratug. Hvers vegna skyldi það vera? Ástæðan er auðvitað sú, og hún er augljós, að reynsla þessara þjóða af frelsi og ákveðinni samkeppni er sú, að það skili betri árangri en höft og þvinganir, bæði fyrir launafólk, neytendur almennt og svo auðvitað sérstaklega atvinnuvegina og heilbrigða þróun í framleiðslu og þjónustu.

Frv. hefur þann megintilgang samkv. 1. gr. þess að vinna að hagkvæmari nýtingu framleiðsluþátta þjóðlífsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna. Það skal annars vegar gert með því að vinna gegn ósanngjörnum viðskiptaháttum og hins vegar gegn samkeppnishömlum er hafa skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild. Frv. tekur til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum. Það tekur hins vegar hvorki til launa og starfskjara né til húsaleigu. Það nær ekki heldur til útflutnings né verðlagningar sem ákveðin er með sérstökum lögum.

Meginregla frv. felst í 8. gr. þess, þar sem kveðið er á um að verðlagning skuli vera frjáls þegar samkeppni er nægileg til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Í frv. eru hins vegar fyrirvarar, sem gera ráð fyrir íhlutun um verðlagningu og álagningu í undantekningartilfellum, m. a. þegar um samkeppnishömlur er að ræða eða skilyrði myndast fyrir ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Í 12. gr. frv. segir þó um þetta efni:

„Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan, hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.“

Ákvæði þessarar frvgr. eru mikilvægt spor frá ríkjandi verðlagshöftum og að þeim viðskiptaháttum sem tíðkast hvarvetna um hinn frjálsa heim og tryggt hafa mun stöðugra verðlag, þ. e. a. s. hægari verðbreytingar en reyndin hefur verið hér á landi í haftajarðvegi. Frv. þetta tryggir íslenskri verslunarstétt, ef að lögum verður, tækifæri til að færa alþjóð heim sanninn um ágæti frjálsra verslunarhátta. Reynist sú samkeppni, sem hér er að stefnt, jafnvel við íslenskar aðstæður og hvarvetna annars staðar, sem engin ástæða er til að efast um, er séð fyrir endann á úreltum haftareglum sem fyrir löngu hefur dagað uppi annars staðar í ljósi reynslunnar.

Í IV. kafla laganna er fjallað um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. Með markaðsráðandi fyrirtækjum er átt við fyrirtæki, sem hafa yfir 25% veltu í viðkomandi starfsgreinum. Gert er ráð fyrir því, að verðlagsstofnun hafi visst eftirlit með slíkum fyrirtækjum, m. a. til þess að fyrirbyggja samkeppnisverðmyndun. Er í 19. gr. frv. rætt um samningaleið í því efni, en ella beitingu ákvæða 8. gr., sem grípa má til í undantekningartilfellum.

Í V. kafla, sem mér finnst að mörgu leyti mjög merkilegur kafli, er fjallað um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd sem að hluta til heyrir og undir samkeppnisnefnd. Er þar að finna ýmis ákvæði varðandi neytendavernd sem ekki hafa áður verið í íslenskum lögum. M. a. er þar ákvæði um almennar leiðbeiningar og upplýsingaskyldu við framboð vara, þjónustu og annars þess, er frv. tekur til. Eru ákvæði þessi yfirleitt sótt í hliðstæð neytendalög á Norðurlöndum, en þó færð að íslenskum aðstæðum.

Staðreynd er, að við Íslendingar höfum einir vestrænna þjóða búið við verslunarhöft, sem ýtt hafa undir innlenda verðbólguþróun og

skaðað okkur sem heild og einstaklinga meir en menn gera sér almennt í fljótu bragði grein fyrir. Þær leiðir verslunarhátta, sem enn haldast hér, er nú stefnt að því að afnema. Þeim var rutt úr vegi í Vestur-Evrópu fyrir áratugum, þ. á m. á Norðurlöndum, eins og ég gat um áðan. En frv. það, sem nú er lagt fram, er í aðalatriðum byggt á hliðstæðri löggjöf annarra Norðurlanda. Ég undirstrika og minni hv. alþm. á þá staðreynd, að þar hafa jafnaðarmenn ráðið miklu á löggjafarþingum um áratugi. Það var því meira en tímabært að frv. þetta kæmi fram á hv. Alþ., og er vonandi að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Ég ætla að víkja að nokkrum atriðum í ræðu hv. 2. þm. Austurl., án þess þó að fara mjög ítarlega út í ræðu hans. Sérstaklega vil ég víkja að því atriði, sem laut frjálsri álagningu.

Ég held að það sé mikill misskilningur hjá hv. 2. þm. Austurl. að halda að álagning á vöru og þjónustu, þ. e. a. s. vöru og þjónustu sem atvinnulífið lætur í té, sé bölvaldur við afkomu launamanna á Íslandi Ég minni hv. þingmenn á, og þm. yfirleitt, að heildarskattheimtan mun vera mun þyngri baggi fyrir hinn almenna launamann á Íslandi en sú álagning sem íslenskt atvinnulíf býr við. Vitað er að af heildartekjum þjóðarinnar fara 50—60% í skattheimtu, þ. e. a. s. til opinberra þarfa og uppskiptingar á þeim vettvangi. Hv. þm. sagði í ræðu sinni, að frv. virtist eiga litlu fylgi að fagna hjá ýmsum aðilum. Ég vek þó athygli á að umsagnir þær, sem með frv. fylgja, eru yfirleitt frá árunum 1976 og 1977 og hafa hugmyndir að frv. tekið þó nokkrum og ágætum breytingum í meðförum hjá starfsmönnum viðskrn., eins og sést ef þetta hvoru tveggja er borið saman. Svipað lagafrv. var lagt fram árið 1969.

Það er auðvitað rétt, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði, að frv. sem þetta er mjög vandmeðfarið. Þess vegna er ekki við því að búast, að ýmsir hagsmunahópar og ég vil segja ýmsir ráðríkir hagsmunahópar vilji láta taka ráð úr höndum sínum eða það vald sem þeir hafa haft í sambandi við ákvörðun á verðlagi og verðlagningu vöru og þjónustu hérlendis í áratugi. En það er svo allt annað mál út af fyrir sig að láta örfáa menn fjalla um verðlagningu með þeim hætti. Hérlendis getur slíkt verið böl fyrir þá, sem við það verða að búa. Á ég þá sérstaklega við þann hluta fólks í atvinnulífinu, sem hefur orðið að lúta þeim úrskurði sem meiri hluti verðlagsnefndar hefur kveðið upp á hverjum tíma. En grundvallaratriði er að gera sér grein fyrir því, að núverandi fyrirkomulag stendur eðlilegri og réttri verðmyndun og frjálsri atvinnuþróun fyrir þrifum. Þetta viðurkenndi hv. þm. raunverulega í ræðu sinni, þó að það kæmi ekki beint fram í henni. Hann viðurkenndi margsinnis, að auðvitað þyrfti að gera einhverjar breytingar á ríkjandi ástandi.

Ég minni einnig á það, að Alþ. fjallaði um hliðstæða löggjöf árið 1969. Þá var málið mikið rætt á hv. þingi og munaði litlu að ný lög yrðu samþykkt sem stefndu í sömu átt eða svipaða. Hins vegar kemur það engum á óvart, að fulltrúar svokallaðrar skipulagshyggju skuli vera á móti allri breytingu í þá átt hérlendis, að hér ríki svipaðir viðskiptahættir og hjá helstu viðskiptaþjóðum okkar Íslendinga. En ef við viljum forða þessari þjóð frá einangrun er okkur nauðsyn og ég vil segja brýn nauðsyn að búa við svipaða viðskiptahætti og þær þjóðir, sem við höfum helst viðskipti við. Það er einnig vitað að skipulagshyggja, höft og þvingunarreglur á viðskiptasviðinu eru liður í „sósíaliseringu“ þjóðarinnar. Allt slíkt færir hana nær þeirri ánauð sem gerir frjálsa menn að þrælum. Það er hægt að gera smátt og smátt hægt og sígandi. Því miður hefur stefnt of mikið í þá átt hérlendis á liðnum áratugum.

Frv. til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti er spor í frelsisátt og felur í sér veigamiklar breytingar neytendum í hag og öllum landslýð. Það er óhrekjanleg staðreynd, að frjálsir viðskiptahættir hafa stórbætt kjör alls almennings í þeim löndum sem þeir hafa fengið að njóta sín í. Flestir eru sammála um galla núverandi kerfis. Báðir hv. ræðumenn, sem talað hafa á undan mér, viðurkenna þá. Og hæstv. viðskrh. hefur lagt sitt lóð á vogarskálina til að auka frelsi í viðskiptum og í atvinnulífinu með því að leggja fram þetta frv.

Án nokkurs vafa má betrumbæta ýmislegt sem í frv. er. En eins og hæstv. viðskrh. sagði í framsöguræðu sinni er um að ræða svo viðtæka löggjöf, að ekki verður við öllu séð í fyrstu gerð. Frv. er þó spor í rétta átt. Alþingi er sú stofnun sem á að setja meginreglur um samskipti manna almennt. Þær reglur eiga að gera fólki auðveldara að taka ákvarðanir á hvaða sviði sem er. Frv. til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti stefnir í þá átt. Því ber hv. Alþ. að samþykkja það í þeirri mynd sem það liggur fyrir í.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Nú við 1. umr. um þetta frv. ætla ég í fáum orðum að víkja að nokkrum atriðum varðandi frv. sjálft og ýmislegt sem er í tengslum við það. Athygli hlýtur að vekja að jafnveigamikið frv., sem fjallar um jafnveigamikinn málaflokk og hér um ræðir, skuli lagt fram núna örfáum dögum áður en þingi lýkur. Vart getur verið ætlun hæstv. ríkisstj. eða hæstv. viðskrh. að knýja þetta mál í gegnum þingið á þeim tiltölulega stutta tíma sem eftir er af því.

Eins og komið hefur fram og ekki síst hjá hæstv. viðskrh., er þetta frv. fram lagt til þess að efna gefin loforð í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokka. Ég held að á þá staðreynd, að frv. kemur seint fram, beri að líta miklu frekar þannig, að formlega sé verið að fullnægja því loforði, að frv. skyldi lagt fram, en að sú geti verið ætlun hæstv. ráðh., að málið hljóti afgreiðslu á þessum stutta tíma sem eftir er þings.

Eins og frv. ber með sér, sem liggur fyrir, og lofað var, meginatriðið að afnema núgildandi verðlagslöggjöf. Nú er auðvitað ljóst og þarf ekki að taka fram, að margir eru þeirrar skoðunar og hafa verið nokkuð lengi, að ýmis

atriði í gildandi verðlagslöggjöf — mörg sjálfsagt — mættu fara mun betur en raun hefur á orðið, ekki síst það sem lýtur að framkvæmd löggjafarinnar. Það er a. m. k. mín skoðun, að verðlagseftirlit í þeirri mynd, sem það hefur á sig tekið á undanförnum árum, hafi verið vægast sagt mjög bágborið og í mörgum tilfellum aðeins til málamynda. En ekki er þar með sagt, að svo sé vegna þess að löggjöfin sem slík sé slæm. Hér er fyrst og fremst um að ræða framkvæmdaratriði sem hefði mátt breyta til hins betra innan ramma þeirrar löggjafar sem fyrir hendi er.

Menn hafa borið við skorti á starfskrafti, eins og nú er víst skylt að orða það, og einnig skorti á ýmiss konar aðstöðu til þess að framfylgja raunverulegu verðlagseftirliti í landinu. Það er auðvitað ekkert vafamál, að frv., eins og það nú liggur fyrir, gerir ekki ráð fyrir minni mannafla, starfsaðstöðu eða minni fjármunum til þess að framkvæma ákvæði þess en eðlilegt hefði mátt teljast að farið hefði til þess að framkvæma raunverulegt verðlagseftirlit samkv. núgildandi löggjöf.

Eins og hér hefur komið fram, kom fram í framsöguræðu hæstv. viðskrh. fyrir frv., kemur meginatriði frv. fram í 8. gr. þess, þar sem fyrst og fremst er um það að ræða, að frjáls verðlagning eigi sér stað, þ. e. a. s. þar sem samkeppni — eins og það er orðað — er nægileg. Nú er það í mínum huga mjög mikið vafamál, hvar og þá í hvaða vöruflokkum slík samkeppnisaðstaða, eins og frv. gerir ráð fyrir, er fyrir hendi við þær aðstæður sem við búum við í dag. Mér þykir ekki ólíklegt, að hægt sé að finna hér á þessu þéttbýlissvæði samkeppnisaðstöðu eins og frv. gerir ráð fyrir, sem kynni að leiða af sér frjálsa verðlagningu, miðað við þær forsendur sem menn gefa sér í frv. En það er aldeilis útilokað, að ég held, að skilyrði til slíkrar samkeppni séu fyrir hendi nema á tiltölulega örfáum stöðum annars staðar á landinu. Því hlýtur að vakna sú spurning, hvort í raun og veru sé ætlunin að sums staðar á landinu gildi hin svokallaða frjálsa verðlagning með tilheyrandi samkeppni, en á öðrum stöðum sé hámarksálagning í gildi, sem í raun og veru þýddi að enn væri verið að auka á þann ójöfnuð og mismunun sem fólk nú býr við eftir því, hvar það er búsett á landinu. Þeir, sem halda því fram að frjáls verðlagning sé til hins betra og gæti haft í för með sér lækkun á vöruverði miðað við þessar forsendur, væru með framkvæmd eins og hér er verið að tala um að auka enn á mismunun með tilliti til búsetu. Því er ástæða til þess að spyrja hæstv. viðskrh. Ef við göngum út frá þeim kringumstæðum, sem við búum við í dag, hvar á landinu eru þau skilyrði fyrir hendi varðandi frjálsa álagningu að samkeppni geti orðið og í hvaða vöruflokkum eða greinum er að hans áliti þessi margumtalaða samkeppnisaðstaða fyrir hendi? Telur hann t. d. að þær kringumstæður séu, við skulum segja, fyrir hendi á landssvæðum eins og Vestfjörðum, Austurlandi eða Norðurlandi? Á flestum a. m. k. þessara smærri staða er einungis um að ræða eina verslun, á langsamlega flestum stöðum. Og það getur engin samkeppnisaðstaða verið fyrir hendi á stað þar sem slíkt ástand ríkir. Nauðsynlegt er því að fá um það upplýsingar, hvernig þessum málum yrði háttað miðað við þær kringumstæður sem við búum nú við og hljótum að búa við að þessu leyti í nokkurn tíma enn, hvað sem síðar kann að verða. En alla vega mundum við búa við þessar kringumstæður þann reynslutíma sem þessu frv., ef að lögum verður, er skammtaður. Ég get ekki ímyndað mér, að þær kringumstæður séu fyrir hendi nema á tiltölulega mjög afmörkuðum og fáum stöðum, slík aðstaða til samkeppni og það, sem henni tilheyrir. Allir aðrir staðir hlytu því að búa við annars konar fyrirkomulag en það sem sumir hverjir, sem að þessu frv. standa, telja hið æskilegasta.

Ég get tekið undir það, sem hér hefur komið fram og er raunar á margra vitorði og ekki hefur hvað síst verið ítrekað af hálfu launþegasamtakanna, að núverandi ástand verðlagsmála í landinu þarf talsverðra breytinga við. En það er mikill vafi í mínum huga á því, að frjáls verðlagning sé það æskilegasta og að henni eigi að stefna. A. m. k. þarf að upplýsa ýmis atriði áður en ég sannfærist um að hún sé æskilegasta leiðin til úrbóta. Og okkur sem erum a. m. k. í vafa, ef ekki andvígir því að fara þá leið og teljum að hún sé ekki til hins betra, hlýtur að vera ætíð mikið íhugunarefni, að hæstv. ríkisstj. leggur til að sú leið verði nú farin í kjölfar kauplækkunar og ógildingar á kjarasamningum sem nýverið hefur verið framkvæmd. Frjáls álagning og þar með að verulegu leyti hentisemi verslunaraðila til þess að ákvarða vöruverð í kjölfar kjaraskerðingar hjá launafólki hljóta að þykja íhugunarverðir atburðir, a. m. k. hjá þeim sem eru þeirrar skoðunar, að breytt stefna í þessa átt þýði hækkað vöruverð og auki á vandann sem fyrir hendi er.

Það er auðvitað ástæða til að ræða ýmislegt í þessu frv., en ég skal ekki gera það, a. m. k. ekki að sinni. En nú strax við 1. umr. finnst mér nauðsynlegt, áður en málið fer til n., að fá um það einhverjar upplýsingar hjá hæstv. ráðh., hvernig hann hefur hugsað sér framkvæmd þessarar hliðar málsins, verðákvarðana, sem er þó meginefni frv.

Þá get ég ekki stillt mig um að víkja aðeins að þeim þættinum sem snýr að launþegasamtökunum, auk þess sem ég tel að sú hlið mála, sem ég hef gert að umræðuefni, snúi verulega að þeim. Ég á við það ákvæði frv., sem gerir ráð fyrir að minnka þau áhrif sem launþegasamtökin í landinu gætu haft á þennan mikilvæga málaflokk, sem er verðlagning vöru og þjónustu. Ég skil ekki hvaða rök liggja að baki því, að nauðsynlegt er talið að draga úr áhrifum þessara fjölmennu samtaka launafólks í landinu á þessi mál.

Augljóst er á umsögnum launþegasamtakanna, að þau eru að verulegu leyti andsnúin meginefni frv., og engu er líkara en það sé stefnumál hæstv. ríkisstj. að ganga í berhögg við launþegahreyfinguna í landinu. Þetta frv., sem er að verulegu leyti andstætt sjónarmiðum launþegahreyfingarinnar, í kjölfar kauplækkunarstríðs ríkisstj. við

verkalýðshreyfinguna, hlýtur að vekja ugg í brjósti margra þeirra sem um þessi mál hafa hugsað og hugsa. Það hlýtur að þykja timanna tákn, að það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir ætli sér í flestum greinum að troða illsakir við launþegasamtökin, sem má þó furðulegt teljast. Eg held að full ástæða sé til þess fyrir hæstv. ríkisstj. að íhuga þetta mál frekar. Eg trúi því vart, að sú sé ætlun hæstv. ráðh., viðskrh. eða ríkisstj. sem heildar, að knýja þetta mál í gegnum þingið í svo mikilli andstöðu, ekki bara við launþegasamtökin í landinu, heldur og ýmsa aðra fjölmenna hagsmunahópa. Ég hygg að beinlínis sé nauðsynlegt, að hún slái af og fari ekki fram með slíku offorsi eins og ætla mætti að hugsunin sé, þó að ég, eins og ég hef áður sagt, trúi því vart að sú sé í raun og veru ætlun hæstv. ríkisstj.

Það kom fram í framsöguræðu hæstv. viðskrh. fyrir frv., að nú gætu þeir aðilar, sem hefðu haldið því fram, að það skipulag, sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. frjáls verslunarálagning, væri hið eina rétta, sýnt hvað í þeim byggi, því þeir fengju tækifæri til að framkvæma þetta og sanna réttmæti fullyrðinga sinna. Mér finnst að orðalag sem þetta hjá hæstv. viðskrh. verði að skilja þannig að a. m. k. hann sjálfur sé ekki ýkjasannfærður um að þetta sé sú hin eina rétta leið til þess að bæta fyrirkomulag í þessum efnum frá því sem nú er.

Aðalerindi mitt í ræðustól nú við þessa umr. var fyrst og fremst að biðja hæstv. viðskrh. að láta okkur í té álit sitt á því, hvernig framkvæma eigi t. d. við ríkjandi aðstæður það meginefni frv., að verslunarálagning sé gefin frjáls miðað við að samkeppnisaðstaða sé fyrir hendi, á hvaða svæðum hann telur að þetta sé hægt og þá í hvaða helstu tilteknu vöruflokkum þetta kæmi til greina, eins og ástandið er nú. Eg ítreka það, að eins og þetta kemur mér fyrir sjónir mundi framkvæmdin þýða í raun og veru að enn væri verið að auka á það ranglæti og þann ójöfnuð sem landsmenn búa við með tilliti til þess hvar þeir eru búsettir í landinu. Og út frá því sjónarmiði mínu tel ég slíkt auðvitað hreina fjarstæðu. Nógur er samt ójöfnuðurinn eftir búsetu, þó að ekki sé enn frekar en nú er með verð á vöru og þjónustu farið að auka hann. Staðreynd sú er öllum ljós, að landsbyggðarfólk býr við mun óhagstæðara verð á vöru og þjónustu, verulega hærra verð í flestum, ef ekki öllum greinum, en það fólk, sem býr hér syðra. Ég held að áður en sá munur verður gerður meiri ættu menn að staldra við og íhuga, hvort ekki sé nóg komið af slíku þótt ekki sé enn frekar að gert.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel að hv. stjórnarandstæðingar hafi tekið þessu frv. af eins mikilli sanngirni og ætlast mátti til. Þeir viðurkenndu báðir, hv. 2. þm. Austurl og hv. 5. þm. Vestf., að í raun og veru væri þörf á endurbótum á þessari löggjöf. Það er ekki neitt óeðlilegt, þó að þeir þurfi að gera ýmsar aths. við þetta frv. eins og það liggur fyrir. Bæði er það, að sjálfsagt þykir að stjórnarandstæðingar láti í sér heyra eitthvað á þá lund, og eins hitt, að frv. þetta er um mjög viðkvæmt málefni og í því eru auðvitað mörg álitaefni. Ég skal fúslega viðurkenna það. Þess vegna er á engan hátt óeðlilegt þó að geti verið skiptar skoðanir um frv.

Ég skal ekki fjölyrða um málið í heild, en hins vegar hafði ég ætlað mér að reyna að svara þeim fsp. sem beinlínis var beint til mín. Ég sé að hv. 2. þm. Austurl. er ekki í salnum. Ég veit ekki hvort ég á að biðja hæstv. forseta að kveðja hann til, ef það gæti orðið honum til einhverrar huggunar fyrir nóttina að fá að heyra svör mín við þeim spurningum sem hann bar hér fram, eða hvort ég á að koma með svörin án þess að hann sé viðstaddur. Þau geta þá væntanlega borist honum. Og kannske er þeim mun meiri ástæða til þess að vera ekki að bíða eftir komu hans, að þær féllu nokkuð saman, fsp. sem hann bar fram, og hv. 5. þm. Vestf.

Það er í sjálfu sér rétt hjá þeim, sem þeir tóku báðir fram, að höfuðstefnuyfirlýsing frv. er í 8. gr. En það má ekki lesa hana þannig, lesa bara að álagning skuli vera frjáls. Lesa verður í heild það sem þar stendur: „Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls.“ Þetta er auðvitað höfuðstefnumarkmið sem er á bak við frv., að tryggja sanngjarnt verðlag. Hins vegar eru mismunandi skoðanir á því, með hverjum hætti slíkt sanngjarnt verðlag verði tryggt, og ekkert er við því að segja og ekkert óeðlilegt við það, þó að menn hafi mismunandi skoðanir á því. Sumir telja að það sé best tryggt með því að hafa þetta sem frjálsast, aðrir telja aftur á móti að því marki muni betur verða náð með því að hafa ákvarðanir um verðlag og verðlagseftirlit svo sem verið hefur eða eitthvað í þeim stíl.

Ég lít ekki svo á, að með verðlagslöggjöf sé hægt að ráða við verðbólgu. Það held ég að aldrei hafi verið hægt, og það held ég, að verði aldrei hægt. Ég lít á verðlagslöggjöf fyrst og fremst setta vegna sjónarmiðs neytenda, að reyna að tryggja neytandanum sem sanngjarnast verðlag, vitaskuld þó með opin augun fyrir því, að verslun er atvinna, atvinnustarfsemi, þó að hún sé þjónustustarfsemi, og þess vegna verði líka að tryggja þeim sanngjarna afkomu sem þessa þjónustu inna af hendi.

En spurning sú, sem hv. 2 þm. Austurl. beindi til mín og reyndar líka hv. 5. þm. Vestf., var þessi: Hvað þýðir þetta nánar: nægileg samkeppnisaðstaða? Er nægileg samkeppnisaðstaða nú, t. d. varðandi almenna matvöru eða t. d. í rafmagnsvörum, búsáhöldum, húsgögnum, vefnaðarvörum o. s. frv.? Ég held að fram hafi komið í framsöguræðu minni, að þetta væri hugtak sem þyrfti skilgreiningar við. Hvenær er nægileg samkeppni til þess að gefa megi verðlag frjálst og sanngjarnt verðlag verði tryggt? Þegar um slík hugtök er að tefla, sem þurfa skýringa við, þá er auðvitað hugsanlegt að setja fram einhverjar almennar leiðbeiningar um það efni í sjálfum lögunum. Það er að nokkru leyti gert í þessu frv. En hitt er þó og verður alltaf höfuð-

atriðið, hvaða aðili á að skýra þetta hugtak og þar með ákveða efni þess. Ég fyrir mitt leyti get svarað því strax, að ég álít að það liggi a. m. k. mjög nærri, þó að ekki sé meira sagt, að nægileg samkeppni sé í matvöruverslun eins og stendur. En annars eru auðvitað ýmis atriði sem þarf að meta og athuga, þegar úrskurðað er um það, hvort nægileg samkeppni sé fyrir hendi. Þá er auðvitað fyrsta atriðið, að vöruframboð sé nægilegt. Og það held ég að sé nú í mörgum greinum, þar sem við búum við innflutningsfrelsi svo að segja á langflestum sviðum. En annað atriði kemur líka mjög til athugunar: efnahagsástandið, verðbólgan. Það er atriði sem hlýtur mjög að koma til álita í þessu efni, og sá aðili, sem á að úrskurða um þetta atriði, verður að meta. Og svo er líka atriði, sem þarna kemur mjög til greina og ég drap á í minni framsöguræðu og er nokkuð sérstakt fyrir okkur Íslendinga, en það er hversu markaðurinn er smár. Þess vegna getur verið miklu erfiðara hér um nægilega samkeppni en annars staðar. En sem sagt, meginatriðið er þetta: Hvaða aðili á að ákveða hvort skilyrði séu fyrir hendi til þess að gefa verðlagningu frjálsa? Þessari spurningu er svarað í ákvæðum til bráðabirgða í þessu frv.

Í fyrsta lagi má náttúrlega geta þess, að það á ekki að hrapa að því, að þessi lög taki gildi, þar sem þau taka fyrst gildi sex mánuðum eftir að þau hafa verið staðfest. Í annan stað er kveðið skýrt á um þetta atriði í ákvæðum til bráðabirgða, þar sem segir:

„Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi," þ. e. a. s. að 6 mánuðum liðnum frá staðfestingu, „skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra."

Það er sagt m. ö. o. svo skýrt sem verða má, að verðlagsráð hefur úrskurðarvaldið um það, hvort nægileg samkeppni sé fyrir hendi til þess að gefa álagningu frjálsa. Þetta held ég að sé alveg skýrt og geti ekki verið neitt vafamál.

Önnur spurning, sem þeir voru reyndar báðir með, en ég er í vafa um hvort eigi að taka alvarlega, var sú, hvort þetta yrði staðbundið, bundið við einhver ákveðin svæði, hvort það gæti verið hugsanlegt að verðlagning yrði gefin frjáls á einhverju svæði, en væri bundin á öðru. Nú vita þeir báðir ákaflega vel, að öll lög, sem ekki geyma nein sérstök ákvæði um staðbundið gildi sitt, gilda fyrir allt Ísland. Þess vegna er ekki að ræða um neitt annað en að þetta verði almenn ákvæði sem gildi fyrir landið allt.

Hvað því viðvíkur, að erfiðara geti verið um samkeppni á ýmsum fámennari stöðum, þar sem kannske er ein verslun, þá er það rétt og er atriði sem verðlagsráð verður að taka með í mat sitt og hafa hliðsjón af, þegar það kveður upp úrskurð sinn. Vitaskuld getur verið að fyrir hendi sé nægileg samkeppni, þó að það sé ein verslun á stað. Svo er fyrir að þakka, að samgöngur eru víða a. m. k. þannig, að menn eiga tiltölulega auðvelt með að fara annað og sækja verslun annað, ef verðlag á staðnum þar sem þeir búa, er þannig að það sker sig eitthvað frá því sem þekkist annars staðar. Ég held því að verslun, þó aum sé, á einhverjum stað mundi nú ekki geta til lengdar haldið uppi þar allt öðru verðlagi en væri í nágrenninu. Það mundi fljótt spyrjast. En spurningunni svara ég að sjálfsögðu þannig, að þetta hljóta að vera almennar reglur sem gilda fyrir landið allt.

Þá viku þeir að því báðir, að það væri svo sem ekki aðeins það, að kannske hefði löggjöfinni verið eitthvað ábótavant, heldur hefði framkvæmdin í þessum efnum ekki verið eins góð og skyldi og jafnvel bágborin eins og hv. 5. þm. Vestf. orðaði það. Ég held að þetta sé of mikið sagt, að verðlagseftirlitið hafi verið bágborið. Ég held hins vegar að það sé út af fyrir sig rétt, að sitthvað megi að því finna. Það hefur verið vanbúið að ýmsu leyti. Ég veit að hv. 2. þm. Austurl. kannast við það, þar sem hann fór lengi með þessi mál og veit hverjir erfiðleikar hafa verið á því að hafa nægan mannafla til þess að hafa svo virkt eftirlit sem æskilegt hefði verið. En þó að það hafi ekki verið alveg eins og best verður á kosið, þá held ég samt að þetta eftirlit hafi gert nokkurt gagn og ekki sé sanngjarnt að vera með aðfinnslur í garð þeirra manna, enda geri ég ekki ráð fyrir að þannig hafi átt að skilja hv. 5. þm. Vesf. Frekar álít ég að þeir hafi ekki verið í stakk búnir til þess að sinna málum eins og þurft hefði. Það er alveg rétt, að mátt hefði breyta framkvæmdinni í þessum efnum og bæta hana. Ég held að sannleikurinn sé sá, að nokkuð hafi verið gert að því nú í seinni tíð. Ég ætla ekki að fara að tíunda neina afrekaskrá í því efni, en það er þó sannleikurinn að upp á ýmsu hefur verið fitjað sem áður var ekki átt við í verðlagsskrifstofunni. Ég held að það hafi að sumu leyti verið góðar nýjungar og gefist vel. Sjálfsagt hefði mát gera meira af þessu, ef nægilegt fé hefði verið fyrir hendi og hægt að fá fleiri menn til að sinna þessu starfi.

Ég held að það væri alveg sama og yrði alveg sama hversu margir og góðir menn yrðu fengnir til eftirlits í verðlagsmálum, það gæti aldrei orðið fullkomið eða náð fullkomlega tilgangi sínum nema það tækist samvinna við neytendur. Það er það sem hefur skort á. Að vísu er ekki óþekkt að neytendur snúi sér til verðlagsskrifstofunnar með fyrirspurnir og kvartanir o. s. frv., en það er allt of lítið um það, að neytendur sjálfir fylgist með verði á vörum og leiti aðstoðar verðlagsskrifstofunnar, þegar svo hefur borið undir. Og það er af því, að verðskyn neytenda hér hefur því miður ekki verið nægilega vakandi. Það er það sem þarf að breytast. Og það er það sem menn vona að geti breyst einmitt með frjálsari verslunarháttum, ef maður má segja svo, að þessu leyti til. Þegar þeir vita að álagning hér hefur verið gefin frjáls á einhverri vöru, þá verði þeir meira vakandi en ella fyrir því hvað verðið er.

Oft hefur verið látið að því liggja og er oft látið að því liggja að þær álagningareglur, sem fylgt er og fylgt hefur verið, að leggja ákveðna prósentu á verð vöru reiknað út með tilteknum hætti, séu til þess fallnar að innflytjendur geri lakari innkaup en ella, þeir velja máske þann kost að kaupa dýrara en þeir annars hefðu gert

til þess að geta lagt meira á. Ég ætla alls ekki vera með neinar fullyrðingar um þetta efni. Ég læt öðrum það eftir. En sé þetta rétt skoðun er vissulega ástæða til þess að ætla, að ef álagningin væri frjáls mundu þeir fyrst og fremst, eins og eðlilegt er og ég ætla að yfir höfuð allur obbinn af þeim geri, reyna að gera sem hagkvæmustu innkaup. Og ég hygg að við getum verið sammála um, hv. 2. þm. Austurl., 5. þm. Vestf. og ég, að aðalatriðið sé verðlagið, verðið, en ekki álagningin. Ef verðlagið er lægra, þá er ekki meginatriðið fyrir kaupandann hvort seljandinn ber eitthvað meira úr býtum með því að taka eitthvað hærri álagningu en annars. Hagsmunum kaupandans, neytandans, er best borgið með því að hann fái sem lægst verð. Ég vænti að við getum verið sammála um að þetta sé meginatriðið. Og þetta er meginatriðið, sem stefnt er að með þessu frv. Að vísu má hafa það íhaldssjónarmið, að maður veit alltaf hverju maður sleppir, en ekki hvað maður hreppir. En er nú ekki samt þetta mál þannig vaxið og svo mikilvægt, að vert sé að gera tilraun? Og segja má með sanni, að með þessu frv., ef að lögum verður, svo að ég bæti því enn við, er fyrst og fremst verið að gera tilraun. Það á að sýna sig, hvort þessi breytta skipan, sem þarna er gert ráð fyrir, leiðir til hagkvæmari stöðu fyrir neytandann, leiðir til lægra vöruverðs. Það er höfuðatriðið.

Þeir ræddu báðir um það, þessir hv. þm., að um væri að ræða breytta skipan verðlagsnefndar og verðlagsráðs og að sú breytta skipan væri til óhags fyrir launþegasamtökin. Afsakanlegt er þó að þeim virðist þetta fljótt á litið. En ætli svo sé í reyndinni? Ég held að réttara sé að gera sér grein fyrir því, hvernig þessum málum er háttað í raun og veru. Nefndin er skipuð níu mönnum: fjórum fulltrúum launþega, fjórum frá atvinnurekendum eða verksmiðjunni og svo er oddamaðurinn frá viðskrh. Þetta veit ég að hv. 2. þm. Austurl. þekkir. Og sem betur fer er það langoftast, að öll verðlagsnefndin er sammála. En auðvitað er það ekki alltaf, og ef verðlagsnefndin er ekki sammála er það langoftast að atkv. eru 4:4 og þá sker atkvæði oddamanns úr. Þá geta menn sagt, ef þeir vilja segja það, að viðskrh. fari með úrskurðarvaldið. Náttúrlega er ánægjulegt að heyra það og hrós fyrir mig, að menn telja það allt betur komið í minni hendi en þó í höndum ráðs sem á að vera skipað með þessum hætti, að það eru tveir frá atvinnurekendum, tveir frá launþegum og ég vil segja tveir óháðir menn, sem tilnefndir eru af Hæstarétti, og svo formaður, eins og verið hefur Ég get ekki fallist á það, þegar að er gáð og málið athugað rólega, að hallað sé á launþega eða atvinnurekendur með þeirri skipan ráðsins sem gert er þarna ráð fyrir.

Annars er það auðvitað, og það játa ég fúslega, að skipan verðlagsnefndar er algert álitamál. Skipan hennar hefur verið með margvíslegum hætti. Þegar hún kom fyrst til sögunnar, 1937, að ég hygg, var hún beinlínis skipuð af ráðh. Þessu var eins háttað t. d. þegar viðskiptaráð var sett á fót 1943, en þá var þó tekið fram, að þegar viðskiptaráð fjallaði um verðlagsmál skyldu tveir sérstakir menn taka sæti í ráðinu og tveir aðrir víkja í staðinn. Þessir tveir menn, sem þannig voru sérstaklega kvaddir til að taka þátt í verðlagsákvörðunum, voru einmitt hagfræðingar. Það voru dr. Gylfi Þ. Gíslason, sem sat þar að ég hygg allan tímann, Klemenz Tryggvason og svo seinna Ólafur Björnsson. Það voru þessir menn sem sérstaklega unnu að verðlagsákvæðunum og undirbjuggu þau fyrir fundi viðskiptaráðs ásamt þáverandi verðlagsstjóra. En svo kom þetta seinna, — það var alveg rétt sem hv. 2. þm. Austurl. sagði — að sett var upp þessi skipan, að jafnmargir skyldu vera frá launþegasamtökunum og atvinnurekendasamtökunum. Ég held að segja megi um þessa menn, sem þar hafa starfað, að þeir hafi yfirleitt starfað vel. Þó er ekki hægt að komast hjá því, og auðvitað hefur verið svo í sumum málum, að þeir hafa tekið afstöðu eftir hagsmunalegum sjónarmiðum þeirra samtaka sem þeir voru frá.

Hvað því viðvíkur, að óviðkunnanlegt sé að setja ákvæði um verðlag og neytendavernd og óréttmæta viðskiptahætti í eitt og sama frv., það sé ekki sá háttur sem tíðkaður sé annars staðar, þá er því til að svara, að það er í raun og veru í samræmi við ákvæði í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar. Þar var tekið fram, að frv. ætti að vera um verðlag, verðmyndun og viðskiptahætti og ætti sérstaklega að miða einmitt við hagsmuni neytenda, taka sérsakt tillit til hagsmuna neytenda. Þessa er gætt í þessu frv. Hafður hefur verið sá háttur á. En auk þess bætist það við og er náttúrlega höfuðatriðið, sem ég benti á í framsöguræðu minni, að segja má að með þessu sé stigið byrjunarskref, kannske dugar það, kannske leiðir það lengra, til þess að upp verði sett sérstök neytendastofnun, sérstakur markaðsdómstóll eins og er annars staðar. Reynt er að sameina þetta í neytendamáladeildinni og samkeppnisnefndinni, sem á að fara með úrskurðarvald um þessi efni. Og ég held að það sé a. m. k. góð byrjun að sjá, hvernig tekst til í því efni. Alltaf má breyta því, ef illa gefst og ef menn vilja vera meira stórhuga og setja upp sérstakar stofnanir sem fást við þessi mál.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að Alþb.-menn hefðu flutt æ ofan í æ, a. m. k. þrisvar, till. um rannsóknarnefndir. Nú er ég með þeim annmarka, að ég man ekki allt sem ég hef sagt. En ég held að það sé alveg ómögulegt að ég hafi mælt gegn þessari rannsóknarnefnd, af því að ég er í „prinsipinu“ alltaf meðmæltur rannsóknarnefndum. Ég hef kannske látið þau orð falla í því sambandi, að ég drægi í efa að þm., sem ekki hefðu yfirleitt yfir sérkunnáttu að ráða og takmörkuðum tíma, gætu unnið þessa rannsókn betur en starfsmenn verðlagsskrifstofunnar. Það má vera, ég man það ekki. En ég held að ég hafi alls ekki mælt gegn till. Ég hef yfirleitt verið með öllum till. um rannsóknarnefndir, sem hér hafa komið fram, og þ. á m. þeirri rannsóknarnefnd sem einu sinni var gerð till. um að setja í dómsmál, þó að ég kæmist ekki hjá því að benda á, hve heimskulega hún var samin.

Það er allt annað mál. Ég vil mælast til að hv. 2. þm. Austurl. fletti upp á þessu í þingtíðindum og athugi hvað ég hef sagt um þetta efni. En í sjálfu sér skiptir það út af fyrir sig ekki máli um þetta frv.

Hv. þm. spurði, hvort frv. hefði verið samþykkt af stjórnarflokkunum, hvort þetta væri stjfrv. Þetta er stjfrv., var samþ. af ríkisstj., en það hefur ekki verið tekið til sérstakrar meðferðar í þingflokkum stjórnarinnar. Það er allt á hreinu með það.

Ég held að ekki sé hægt að leggja neitt sérstakt upp úr þessu orðalagi, „ef frv. verður að lögum", þar sem það kemur nokkuð víða fyrir í grg. Ég hygg að þetta sé varfærnislegt orðalag embættismanna, frekar en hitt, að þeir hafi haft í huga frv. um verðlagsmál sem lagt var fram á þingi 1969 og látið heita stjfrv., en þá sýndi sig í hv. Ed., að einn ráðh. var andvígur því og hafði gert fyrirvara um það í ríkisstj. Hægt er að ræða betur um það seinna, þegar hv. Alþfl.-menn eru viðstaddir. Ég geymi það þangað til.

Svo vil ég segja að lokum, að það er alveg laukrétt, sem kom fram hjá þeim báðum, að flestir þessir umsagnaraðilar, sem hafa látið í té umsagnir, hafa sitthvað við þetta frv. að athuga. Á það jafnt við í raun og veru við launþegahliðina og hina hliðina, kannske meira fortakslaust hjá launþegahliðinni. Ég skal ekki segja um það. Þeir hafa ýmsar og margar aths. við frv. að gera. Og mér dettur í hug, að það sé öllu heppilegra frv., sem þannig er úr garði gert, en ef þannig hefði verið frá því gengið, að einhver einn einstakur þeirra sem þarna eiga í hlut, hefði bara sagt já og amen við því, en hinir haft allt á hornum sér. Ég held að með þessum hætti hafi kannske tekist að finna þarna vissan meðalveg. Auðvitað fær þetta frv. sína þinglegu meðferð og þá verður tækifæri fyrir þn. til þess að hafa samband við þessa hagsmunaaðila, ef hún telur það við eiga, og getur hún þá brotið þetta allt til mergjar betur. En ég vil taka skýrt fram, án þess að ég ætli að fara að ræða neitt frekar um efnahagsmál almennt eða síðari ráðstafanir sem gerðar hafa verið í efnahagsmálum, að náttúrlega er fjarstæða að hægt sé að líta á þetta frv. á nokkurn hátt þannig, að með því sé verið að troða illsakir við launaþegasamtökin. Því fer auðvitað fjarri. Þarna er verið að leita að nýjum leiðum til þess að koma betri og bættari skipan á þessi mál. Auðvitað er æskilegt að sem best samstaða geti náðst um það, en allir vita að þegar um hagsmunaaðila er að tefla getur verið erfiðleikum bundið að fá jáyrði þeirra við slíkri skipan.

Ég held að ég hafi þá svarað spurningum sem til mín var beint.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en vil aðeins segja nokkur orð í tilefni af seinni ræðu hæstv. ráðh.

Hann svaraði spurningum, sem komið höfðu fram, um framkvæmd meginatriðis frv. um frjálsa álagningu, frjálst verðlag. Sagði hann eitthvað á þá leið, að samkeppnisaðstaða væri hugtak sem skilgreiningar þyrfti við, þá skilgreiningu ætti verðlagsráð að setja fram. Eins og mál standa nú, er því ekki hægt að fá upp gefið hjá hæstv. ráðh., hvaða skilgreiningu hann vill gefa á þessu efni frv., frjálsri álagningu eða frjálsu verðlagi sé samkeppnisaðstaða fyrir hendi. (**Dómsmrh.:** Það er ekki 100% öruggt, að ég verði í sæti viðskrh. að sex mánuðum liðnum.) Það var ekki það, sem var verið að spyrja um, hvort hæstv. núv. viðskrh. yrði í viðskrn. að sex mánuðum liðnum eða ekki. Það var verið að spyrja um viðhorf hans til þessa efnisatriðis frv. sem hann sjálfur er að leggja fram. Hvaða viðhorf hefur hann til þessarar meginstefnu frv. núna, hvort sem hann verður ráðh. eftir sex mánuði eða ekki? Það er spurningin.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi auðvitað það, sem hér hefur verið bent á, að slík samkeppnisaðstaða er þeim mun óliklegri þar sem markaðurinn er smærri. Og það svar hæstv. ráðh., að lögin giltu auðvitað um allt land, fullnægir ekki, a. m. k. ekki þeim spurningum mínum, hvort þetta hefði sömu áhrif á stöðum eða svæðum sem hefðu einvörðungu eina verslun, hvort viðskiptavinir á þeim svæðum nytu sömu aðstöðu til hins betra — eins og oddvitar frv. halda fram — í lækkuðu vöruverði og t. d. þeir sem búa á svæðum eins og Reykjavík, þar sem þessi samkeppnisaðstaða væri hugsanlega fyrir hendi. Það er auðvitað mergurinn málsins, að ef svo er ekki, þá er verið að gera upp á milli landsmanna eftir því hvar þeir búa. Það er aðalatriðið. Ef það er rétt, sem höfundar frv. og fylgismenn þess gera ráð fyrir, að frjáls álagning eða frjálst vöruverð lækki vöruverð hvort sem er, þá kemur það viðkomandi viðskiptavinum til góða á þessu svæði, þar sem samkeppnisaðstaðan verður hugsanlega fyrir hendi, en ekki á öðrum stöðum. Þar í liggur auðvitað munurinn. Hæstv. ráðh. fullyrti ekki einu sinni, að að hans mati væri nægileg samkeppnisaðstaða fyrir hendi t. d. í matvöruverslun, en þó taldi hann það líklegt.

Þá vikur að því svari hæstv. ráðh., að þó að svo háttaði á sumum stöðum að aðeins væri ein verslun, þá væri sem betur fer svo guði fyrir að þakka, — held ég að hann hafi orðað það, hæstv. ráðh., — að samgöngur væru það góðar að menn gætu keyrt á milli. Það er nú ekki einu sinni svo guði fyrir að þakka. Í heilum landshlutum eru menn þannig settir stóran hluta úr árinu, að þeir verða að gera svo vel að una á sínum stað án þess að geta farið í verslanir á öðrum stöðum. Þetta leysir því ekki vandann. Samkeppni verður ekki í þessum tilfellum, vegna þess að ekki er hægt að fara á milli staða. Að mínu viti er því ósvarað enn þeirri spurningu, hvort hér sé enn verið að auka á misræmi og ranglæti með tilkomu þessarar hugsanlegu löggjafar. Ég hygg eða a. m. k. eru í mínum huga meiri líkur fyrir því, að svo sé, en verið sé að lagfæra til meira réttlætis. (**Dómsmrh.:** Það er ekki ætlunin eins og hv. þm. veit.) Nei, ég er ekki að segja, að það sé ætlunin. Ég hef ekki sagt að ætlunin væri þessi. (**Dómsmrh.:** Það á að meta þetta með tilliti til landsins alls. Það hélt ég að ég hefði sagt nokkuð skýrt.) Ég óttast

að þó að sá aðili, sem hæstv. ráðh. segir að eigi að meta þetta, sem er verðlagsráðið, sé allur af vilja gerður til að finna jákvæðustu lausnina á málinu, þá verði eigi að síður sú reyndin að aukið verði á þann ójöfnuð sem fyrir hendi er, en hann verður ekki minnkaður.

Ég ætla að taka fram sérstaklega út af því sem ég sagði um framkvæmd á verðlagseftirliti, að ég var ekki að vega að neinum þeirra einstaklinga sem í því hafa starfað. En ég vil aðeins benda á, — ég held það sé rétt, ég bið hæstv. ráðh. að leiðrétta mig ef ég fer með rangt mál, — að það er einvörðungu einn starfsmaður verðlagseftirlitsins á Vestfjörðum, á öllum Vestfjörðum. Og allir þeir, sem til þekkja í þeim efnum, geta séð hvernig verðlagseftirlit það er í reynd, ef einn maður á að annast svæði eins og Vestfirði alla. Mér er ekki kunnugt um hvort þeir eru fleiri starfandi t. d. á Austfjörðum eða Norðurlandi, ég skal ekkert um það fullyrða, en ég held að þetta sé rétt hjá mér, að það sé aðeins einn starfsmaður verðlagseftirlitsins á Vestfjörðum, en hann á að sjá um framkvæmd verðlagseftirlits á öllu því svæði. Það mætti fyrr vera afkastamaðurinn sem gæti sinnt því verkefni svo vel væri. Þetta var það sem ég átti við, að eins og þessi mál hafa verið rekin er verðlagseftirlit í raun og veru lítið sem ekkert í reynd.

Um það sem hæstv. ráðh. sagði, að ánægjulegt væri að heyra að við teldum valdið betur komið í höndum hans sem oddaaðila en hér væri gert ráð fyrir, skal ég ekkert segja. Ég hygg að sá gæti sest í sæti viðskrh. sem hugsanlega væri andstæðari þeim sjónarmiðum, sem ég aðhyllist í þessum efnum, en núv. hæstv. viðskrh. er. En spurningin er ekki um hann persónulega sem ráðh. Ráðh. koma og fara. Ég held að ekkert fari milli mála, að áhrif launþegahreyfingarinnar eða launþegasamtakanna í hinu nýja verðlagsráði, sem frv. gerir ráð fyrir, eru skert frá því sem nú er.

Mér finnst í raun og veru merkilegt að heyra að frv. sem þetta hefur ekki verið rætt í þingflokkum stjórnarflokkanna. Einungis hæstv. ríkisstj. hefur rætt þetta mál og stendur að því. Ég er að vísu ekki þingvanur, en mér þykir ólíklegt að mörg dæmi séu þess að svo stórt, viðamikið, vandmeðfarið og viðkvæmt mál sé ekki einu sinni rætt í viðkomandi stjórnarflokkum áður en það er lagt fram sem stjfrv. Sú er þó raunin varðandi þetta.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa þessi orð fleiri en ég vil aðeins ítreka, að engin svör hafa komið við því frá hæstv. ráðh., hvaða mat hann leggur á samkeppnisaðstöðu nú með tilliti til landssvæða eða með tilliti til vöruflokka eins og ástandið er í dag. Það er að mínu viti nauðsynlegt að fá vitneskju um það, hver framkvæmd er hugsuð að þessu leyti, því að mergurinn málsins er sá, a. m. k. er það mitt sjónarmið, að fá vitneskju um það, hvort enn er verið að gera ráðstafanir eða setja löggjöf sem eykur frekar en nú er misréttið og óréttlætið að því er varðar hærra, mun hærra vöruverð úti á landsbyggðinni en er hér á þessu svæði. Mér sýnist að þetta frv. a. m. k. geti orðið til þess að svo verði En engin svör hafa fengist við því frá hæstv. ráðh., hvert hans mat á framkvæmdinni verði. Það harma ég. Kannske kemur það fram í meðförum viðkomandi n. En eins og málið blasir við mér núna og ég met það, þá er ég andvígur frv.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það eru nokkrar aths. sem ég vildi gera við ræðu hæstv. viðskrh. Mér fannst hann ekki svara þeim spurningum, sem ég lagði fyrir hann, á þann hátt sem ég hafði gert mér vonir um. Ýmsar aths. hans voru þannig, að mér sýndist lítið tilefni til þeirra út af fyrir sig.

Hæstv. ráðh. sagði, að að sjálfsögðu gæti verðlagslöggjöf ekki ráðið við verðbólguvandamálið. Ég get ekki trúað því, að hæstv. ráðh. hafi skilið mál mitt á þá lund, að ég gerði kröfu um það eða ætlaðist til þess. Auðvitað er augljóst, að engum manni dettur slíkt í hug. Hinu er hins vegar ekki að neita, að þróun verðlagsmálanna er æðimikill hluti af verðbólguvandamálinu. Það er því ekki alveg sama hvernig gengið er frá þeim málum, hvort reynt er að hafa hemil á hækkandi verðlagi, eins og ég ætla að hafi verið tilgangurinn með þeim ráðstöfunum sem í gangi hafa verið, eða hvort menn gefast upp við að hafa hemil á því og gefa verðlagsmálin frjáls. Þetta átti ég við, því að mér sýnist að miklar líkur séu til þess, ef verðlagning verður gefin frjáls við núverandi kringumstæður, að þá muni það leiða til hækkandi verðlags, til vaxandi verðbólgu, til þess að auka vandann. Hinu hafði ég aldrei haldið fram, að verðlagslöggjöfin gæti dugað til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar, það er útúrsnúningur að tala um slíkt.

Aðalatriðið í svari hæstv. viðskrh. var að sjálfsögðu að skýra nokkru nánar, eins og beðið var um, hver væri skoðun hans á samkeppnisaðstöðu þeirri sem frv. gerir ráð fyrir að þurfi að verða til staðar til þess að álagning verði gefin frjáls. Hæstv. ráðh. lagði í svari sínu megináherslu á að aðalatriðið væri, hver ætti að úrskurða um hvort þessi samkeppnisaðstaða væri til eða ekki. Um þetta atriði spurði ég ekki út af fyrir sig, því að í frv. er afar ljóst hver á að úrskurða um þetta. Vandinn liggur ekki í því. En ég geri ráð fyrir því, þegar hæstv. ráðh. leggur til að þessi skipan verði tekin upp að hann hafi gert sér grein fyrir því, hvort stefnt sé að því eða ekki að álagningin verði gefin frjáls. Því spurði ég um álit hans, hvort hann teldi að núverandi aðstæður væru þannig, að t. d. ætti að gilda samkv. þessu frv. frjáls álagning í matvöruverslun og í öðrum verslunargreinum. Ég tel að hæstv. ráðh. hafi í svari sínu í rauninni, þó að það væri ekki mjög ákveðið, sagt að hann teldi aðstæður til þess að gefa álagninguna frjálsa í matvöruverslun. En hann vék sér alveg undan því að svara nokkru til um hinar greinarnar, sem eru vissulega mjög þýðingarmiklar líka. Í rauninni er ekki frambærilegt, að hæstv. viðskrh. skuli ekki vera við því búinn að svara því, hann sem á að vera gerkunnugur þessum málum, hvort hann telur að þær aðstæður séu fyrir hendi nú að gefa álagningu í hinum verslunargreinunum frjálsa

eða ekki. Það er aðeins álit hans. Mér er alveg ljóst, að hugsanlegt er að álit hans færi ekki saman við úrskurð þessa verðlagsráðs, en það er allt annað mál. Ef álit hans kæmi skýrt fram um þetta, þá lægi þó fyrir að hverju hann stefndi með flutningi frv. miðað við núverandi aðstæður. Auðvitað á atriði eins og þetta að liggja fyrir, hvort ætlunin sé að túlka ástandið þannig, eins og það er nú, að gefa eigi álagningu frjálsa í þessum verslunargreinum sem ég minntist á. En sem sagt, hæstv. ráðh. kaus að víkja sér undan því að segja álit sitt á þessu nema aðeins varðandi matvöruverslunina.

Svo kom að því að svara því, hvort ákvæðin um frjálsa álagningu væri hægt að framkvæma þannig að um frjálsa álagningu yrði að ræða á einum stað á landinu í tiltekinni verslunargrein, þó að ekki yrði um frjálsa álagningu að ræða í sömu grein annars staðar á landinu. Hæstv. ráðh. svaraði því þannig, að öll lög næðu yfir landið allt. Þetta kalla ég að svara út úr. Auðvitað er ljóst, að lögin sem heild varða landið allt. Um það er ekki spurt. En þegar um er að ræða að ákveða, hvort gefa skuli álagningu frjálsa, og slíkt er þó bundið því skilyrði að *nægileg samkeppnisaðstaða sé fyrir hendi*, þá getur nægileg samkeppnisaðstaða t. d. verið til staðar í Reykjavík, þó að að mínum dómi sé hún ekki til staðar á landinu eða á ýmsum öðrum stöðum á landinu. Ég t. d. sætti mig ekki við þá skýringu, að nægileg samkeppnisaðstaða sé þar sem aðeins er eitt verslunarfyrirtæki í heilu byggðarlagi, jafnvel þó að hægt sé að segja að menn geti komist frá því byggðarlagi til annarra byggðarlaga og komist þar í samkeppnisaðstöðuna. Auðvitað fer verslunin ekki fram með þeim hætti, t. d. matvöruverslun, að menn fara á milli byggðarlaga sem langt er á milli. Auðvitað er alveg fráleitt að benda á það, að þannig geti þeir komist í það sem kallast samkeppnisaðstaða. Hins vegar hefði verið hægt að gera ráðstafanir til þess að tryggja sanngjarnt verðlag á þeim stöðum, sem svona er ástatt á. Ég get vel ímyndað mér að ákveðið hefði verið, t. d. í sambandi við matvöruverslun, að í Reykjavík væri til staðar nægileg samkeppnisaðstaða í þeirri grein og ákveðið hefði verið, að gildandi væri þar frjáls álagning. Þá hefði verið eðlilegt að verðlagseftirlitið, sem er til staðar, og verðlagsyfirvöld hefðu tryggt það með ákvæðum sínum, að hliðstætt verðlag og gildir á samkeppnissvæðinu Reykjavík ætti þá að gilda annars staðar þar sem samkeppnisaðstaða er ekki. En ef þeir, sem búa við það að aðeins er rekin ein verslun, eiga líka að taka því, að þar megi þeir, sem fara með verslunina, leggja á að eigin vild, er réttur þeirra neytenda orðinn æðitakmarkaður. Ég held því, að þessi skýring hæstv. ráðh. sé ekki nægileg. Fallegt er að tala um að álagning skuli gefin frjáls þar sem nægileg samkeppnisaðstaða sé til staðar. En að draga af því þá ályktun, að vegna þess að slík aðstaða er til á einum stað á landinu, þá eigi að vera frjáls álagning alls staðar á landinu, þó að þessi samkeppnisaðstaða sé þar ekki fyrir hendi, finnst mér heldur hæpið. Helst fannst mér að leggja yrði þá merkingu í orð hæstv. ráðh. varðandi þetta atriði, að ef ákveðin væri frjáls álagning í tilteknum vöruflokkum á einum stað, þá yrði sama að gilda á öllum öðrum stöðum. Mér finnst þá hefði þurft að koma eitthvert ákvæði um að verðlagsyfirvöld gætu gripið inn í, ef þeim fyndist ástæða vera til þess á einhverjum þeim stað þar sem ekki er um nægilega samkeppnisaðstöðu að ræða.

Þá var það atriðið um skipan verðlagsráðsins. Ég verð að segja, að mér sýnist sú skipan á verðlagsráði, sem hæstv. ráðh. mælti fyrir og taldi fyllilega eins góða, m. a. fyrir launþegana í landinu, og þá sem nú gildir, mér sýnist hún vera miklu, miklu lakari og reyndar heldur hæpin líka fyrir stjórnvöld landsins. Valdsvið verðlagsráðs er æðimikið samkv. frv. Það fellir endanlegan úrskurð um viss atriði. Það er t. d. létt að sjá að með þessari skipan gæti til þess komið að tveir fulltrúar atvinnurekenda í verðlagsráði og tveir fulltrúar Hæstaréttar stæðu saman og mynduðu meiri hluta. Ekki kæmi mér á óvart að slík staða gæti komið upp æðioft, af þeirri reynslu sem fengin er af slíkri tilnefningu. M. ö. o.: hæglega gæti svo farið, að *tveir fulltrúar neytenda og fulltrúi ríkisstj. væru* í minni hluta og réðu ekkert um þær ákvarðanir sem teknar yrðu af hinum aðilunum. Mér þykir miklu eðlilegra að búa við það skipulag, sem verið hefur, að fari svo, að fjórir fulltrúar launþega standi gegn fjórum fulltrúum atvinnurekenda og komi sér ekki saman, þá verði aðilar að búa við það að hlíta þeim úrskurði sem fulltrúi ríkisstj. gefur. Ofureðlilegt er að það sé fulltrúi ríkisstj., sem ber höfuðábyrgð á framkvæmd verðlagsmálanna í landinu, hafi þetta úrskurðarvald. Mér finnst það ekki óeðlilegt á neinn hátt. Hitt finnst mér ekki góður kostur, að skipa í verðlagsráðið á þennan hátt og geta átt von á því, að þessir aðilar stæðu saman, sem ég tel mjög miklar líkur á. Afleiðingin yrði sú, að framkvæmdin yrði jafnvel á talsvert annan veg en stjórnvöld kysu í mörgum tilfellum. Það var engin tilviljun, að sú gamla skipan, sem hæstv. viðskrh. minntist á, að ákveðnir hagfræðingar höfðu mikið vald í þessum efnum í hinu gamla viðskiptaráði, var lögð niður. Viðskiptaráð var einmitt lagt niður vegna þess að fulltrúar vinnumarkaðarins töldu sig hafa mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við skipan verðlagsmála, vegna þess að þeir vildu gjarnan fá þessa aðstöðu, enda áttu þeir þarna mikið undir og töldu að þetta embættismannavald væri ekki hið æskilega fyrirkomulag. Og ég er á þeirri skoðun enn þá. Ég sé enga ástæðu til þess, að Hæstiréttur sé að skipa menn til að hafa áhrif á valdsvið verðlagsráðsins — enga. Að því leyti til sem svonefnd samkeppnisnefnd á að hafa hér lagalegt úrskurðarvald um viss atriði, þá getur gilt allt annað um það, ef í slíkri stjórn væru fulltrúar Hæstaréttar. En eins og ég hef sagt áður, þá sýnist mér að sá kafli frv. sé ekki ýkjamerkilegur, og ég á ekki von á að framkvæmdin þar breyti ýkjamiklu frá því sem verið hefur.

Ég held að hæstv. viðskrh. eigi eftir að þreifa á því, að þessi skýring, sem hann bar fram

og fleiri hafa notað stundum, sé ekki meðmæli með löggjöf um þýðingarmikil málefni sem þeir, sem eiga þar mestra hagsmuna að gæta, séu allir á móti. Frv. er þannig úr garði gert, að þeir aðilar, sem sækja hér fastast á um að hafa mest frjálsræði í verðlagningarmálum, eru andvígir því eða telja það ekki nægilega gott, og hinir, sem af eðlilegum ástæðum vilja standa gegn miklum verðhækkunum, eru óánægðir. Það eru ekki merkileg rök með einu frv. að tefla því fram, að allir þessir aðilar séu sjálfsagt meira og minna óánægðir með málið. Það, sem skiptir auðvitað mestu máli í þessu sambandi er, eins og hæstv. viðskrh. sagði, að takast megi að hafa áhrif á verðlagið svo að það hækki ekki frá því sem verið hefur eða frá því sem þarf að vera. Hið endanlega verðlag skiptir máli. Og ég óttast, eins og ég hef sagt áður, að verði verðlagningin gefin frjáls við núverandi aðstæður, muni verðlag fara hækkandi. Þeir aðilar, sem þar sækja fastast á, eru óánægðir með sinn hlut. Þeir vilja fá meira í sinn hlut. Vegna þess arna er ég andvígur þessu frv. Ég hef lagt á það áherslu, að þetta gildir auðvitað alveg sérstaklega við þær aðstæður sem við búum við í dag, því að verðbólga er mikil, mikil hreyfing í verðlagsmálum og mjög vandasamt að semja við þá aðila sem eiga svo mikla hagsmuni tengda við þróun verðlagsmála. Við þessar aðstæður tel ég hið mesta óráð að fara að gera tilraunir í þessum efnum, eins og mér skildist á hæstv. ráðh. að fyrir honum vekti. Hann talaði um að þessi skipan, sem hér ætti að taka upp, gæti verið eins konar tilraun. Ég tel tilraunastarfsemi af þessu tagi mjög óheppilega við núverandi kringumstæður. Það verður ekki hlaupið að því að snúa til baka aftur.

Ég saknaði þess, að hæstv. ráðh. svaraði spurningu minni varðandi 2. mgr. 12. gr. — þessa mgr. sem ríkisstj. hefur bætt við þau ákvæði sem embættismannanefndin hafði sett í frumvarpsdrög sín. En í 2. mgr. kemur alveg ný skýring á því, við hvað eigi að miða hámarksálagningu og hámarksverð, sé þeim ákvæðum beitt. Kannske fæst svar við spurningu þessari þegar unnið verður við frv. í n. og getur því beðið, en hæstv. ráðh. vék sér alveg undan að svara spurningum um þetta. Eflaust kemur fram við afgreiðslu málsins í n., hvað er á bak við þessi ákvæði.

En ýmis önnur ákvæði hefði verið ástæða til þess að minnast á. Hér er t. d. eitt sem ég vildi gjarnan líka fá skýringu á, þó að það sé í kaflanum sem ég sagði áður að mér sýnist ekki að ég gæti tengt miklar vonir við, en það er IV. kafli frv. Í 25. gr. er ákvæði um það, að samkeppnisnefndin geti skyldað fyrirtæki til þess að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu til þess að koma í veg fyrir að þarna séu hafðir uppi óeðlilegir verslunarhættir. M. ö. o.: aðili, sem rekur almenn viðskipti, er skyldaður til þess að selja án óeðlilegra skilyrða þá vöru sem hann hefur til almennrar sölumeðferðar. Út af fyrir sig finnst mér þetta mjög eðlilegt atriði, og væri betur að samkeppnisnefndin beitti þessu ef ætti að fara að geyma vöru á þennan óeðlilega hátt. En í grg. með frv. kemur nokkuð einkennileg skýring á þessu. Þar segir varðandi þetta atriði, þegar það hefur verið skýrt að öðru leyti:

„Rétt er þó að taka fram, að þessi lagasetning á ekki að koma í veg fyrir, að t. d. samvinnusambönd geti hér eftir sem hingað til útvegað kaupfélögum vörur án þess að eiga yfir höfði sér að vera skyldað til að selja þær vörur öðrum.“

Í fyrsta lagi hafði ég skilið þessa grein þannig að hér væri fyrst og fremst um almenna sölu að ræða til neytenda, því að það skiptir máli í þessum efnum, þarna er um að tefla hagsmuni hins almenna neytenda. Ég tel að þessi regla eigi að sjálfsögðu að gilda um kaupfélög eins og önnur verslunarfyrirtæki, að reki þau opin og almenn viðskipti eigi þau líka að vera skyldug til þess að selja vöru sínar öllum þeim, sem um þær biðja, eftir hinum almennu sölureglum sem um það gilda. Mér sýnist hin skýringin, sem þarna er gefin, vera út í hött að taka sérstaklega fram að samvinnusamband megi selja vörur sínar til kaupfélaganna. Ég fæ engan veginn skilið ákvæði 25. gr. þannig, að hún gæti komið í veg fyrir neitt slíkt. En ég vil ekki heldur fyrir mitt leyti skilja þessi ákvæði í grg. þannig, að t. d. samvinnuverslun sé undanþegin þessari almennu skyldu við neytendur. Ég vona að skýringin sé ekki sú, því að það finnst mér óeðlilegt. Reki verslunarfyrirtæki, af hvaða tegund sem er, almenna sölustarfsemi, þá á neytandinn að hafa þennan rétt, að eiga kost á vörunni undir öllum venjulegum kringumstæðum án þess að hægt sé að skjóta sér á bak við það, að öðrum sé hún ætluð. En atriði eins og þetta skýrist eflaust líka í n., þegar málið verður þar til frekari athugunar.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um málið á þessu stigi. Tækifæri gefst til þess síðar. En ég ítreka það, sem ég hef sagt áður, ég tel þann tíma, sem valinn er til þess að gera breytingar af því tagi sem felast í þessu frv. um verslunarálagningu, vera mjög óheppilegan. Ég held að við núverandi aðstæður sé þessi tilraun, sem hæstv. ráðh. hefur kallað svo, dæmd til að mistakast. Hún mun leiða til hækkandi verðlags. Ég er afar hræddur um að sú mikla trú, sem einstakir menn hafa á frjálsri samkeppni, eigi eftir að dofna. Við höfum reyndar staðið frammi fyrir því áður, þegar tilraunir í þessa átt hafa verið gerðar, að þær hafa mistekist, en sérstakar eru þær aðstæður sem við búum við í dag. Þetta þýðir ekki, að ekki hefði verið hægt að gera ýmsar gagnlegar breytingar á núverandi löggjöf, einkum framkvæmd hennar. Ég er ekki með þessari afstöðu minni á neinn hátt að mæla bót úreltum ákvæðum, sem eru í gildi og mér er ljóst og hefur verið ljóst lengi að þarfnast endurskoðunar. En við þær aðstæður, sem við búum við nú í verðþróunarmálum og efnahagsmálum almennt, tel ég fráleitt að gefa verslunarálagningunna frjálsa. Það mundi leiða til stórhækkaðs verðlags og vaxandi erfiðleika, bæði í launamálum og þróun efnahagsmála yfirleitt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Hönnun nýs alþingishúss, fsp. (þskj. 303). — Ein umr.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Það er í fjarveru hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar sem ég ber fram fsp. hans um hönnun nýs alþingishúss. Hún er svo hljóðandi:

„Er hönnun nýs alþingishúss við það miðuð, að fatlað fólk, m. a. í hjólastólum, geti athafnað sig hvarvetna í húsinu og gegnt þar störfum, þ. á m. þingmennsku?“

Mun ekki þurfa útskýringar við, hvers vegna þessi fsp. er fram borin. Þm. geta sjálfir um það vitnað, að í því húsi, sem við nú erum, er ekki mögulegt fyrir fatlað fólk að athafna sig hvar sem er.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég hef aflað mér upplýsinga frá húsameistara ríkisins í tilefni af fsp. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, og tjáir yfirarkitekt húsameistara, Garðar Halldórsson, mér í sambandi við fsp. til forsrh. frá Magnúsi Kjartanssyni alþm. á þskj. 303 varðandi hönnun nýs alþingishúss eftirfarandi:

Embætti húsameitara ríkisins hefur gert athugun á byggingarmöguleikum á lóðum Alþingis svo og framtíð núverandi húsrýmis. Verður þetta nánar skýrt í grg. sem afhent verður forsetum Alþingis. Eiginleg hönnun nýbygginga hefur ekki hafist, því að málið er enn á frumathugunarstigi. Þegar til hönnunar nýbygginga kemur er sjálfsagt, að tekið verði fyllsta tillit til þess, að fatlað fólk fái athafnað sig hvarvetna innan bygginganna.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég lít svo á, að þessi fsp. sé öllu frekar áminning, vegna þess að það eigi að vera fráleitt með öllu að það þurfi lengur að spyrja hvort opinberar byggingar, sem enn eru á teiknistigi eða varla komnar á það, verði hannaðar öðruvísi heldur en svo, að faltað fólk eigi að geta haft fullan umgang og starfað í þeim byggingum. Þetta tel ég sjálfsagt.

Engu að síður gefa aðstæður í þessu húsi tilefni til að leggja fram þessa fsp. Það hefur hvarflað að mér, hvort ekki hefði átt að vera annar liður á þá lund, hvort það hefði verið kannað hvort ekki er hægt að koma fyrir lítilli lyftu í þessu húsi, því að við eigum eftir að nota það um langa hríð. Það er ekki viðunandi, að Alþingi Íslendinga búi við þau starfsskilyrði, að fólk geti ekki setið á þingi vegna þess að það er fatlað.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get í einu og öllu tekið undir það, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni varðandi þetta mál. En það, sem gefur mér tilefni til að standa hér upp, eru þau orð í svarræðu hæstv. forsrh. er hann minntist á húsameistaraembætti ríkisins og þá vinnu sem þar er nú framkvæmd til hönnunar nýs alþingishúss. Ég hef stundum hugsað til þessa embættis í vetur, þegar ég hef komið hér að bílastæði alþingishússins, en þar hefur tekið á móti mér og öðrum þm. gamall maður sem stendur þar úti í öllum veðrum, í grimmustu vetrarveðrum, við vörslu. Þrátt fyrir endurteknar óskir til Alþ. um að hann fái eitthvert húsaskjól á þessu bílastæði okkar hv. alþm. hefur ekki verið hægt að koma á móts við hann og óskir sumra okkar þm. í þessu efni vegna þess m. a. að þetta mundi óprýða lóð alþingishússins. Ég held, persónulega séð, að það mundi prýða okkur alþm. og Alþ. yfirleitt ef þetta yrði gert. Ég veit hins vegar, að það hefur verið komið á móti óskum í þessu efni að nokkru leyti. Þannig er mér kunnugt um að einn af forsetum þingsins mun hafa útvegað honum einkennishúfu sér til skjóls til höfuðsins. Annar forseti mun hafa beitt sér fyrir því, að maðurinn eignaðist og til hans embættis væri keypt mjög vönduð vetrarúlpa. Allt er þetta góðra gjalda vert. Og ef embætti húsameistara ríkisins treystir sér ekki til þess fegurðarinnar vegna að koma upp skýli fyrir næsta haust, skýli sem ég fæ ekki séð annað en mætti kippa burt yfir sumarmánuðina, þá má kannske búast við því að aðrir forsetar þingsins verði búnir að kaupa handa þessum aldraða starfsmanni okkar bæði regnhlíf og skóhlífar áður en vetur gengur aftur í garð. — Á þessu vildi ég vekja athygli í vetrarlok.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Varðandi efni þessarar fsp. vil ég geta þess, að í Ed. hefur þegar verið samþykkt frv. til byggingarlaga og það frv. liggur nú fyrir Nd. til afgreiðslu. Í þessu frv. er tekið fram, að allar opinberar byggingar skuli hannaðar með tilliti til umferðar fatlaðra og aldraðra og það ákveðið í byggingarsamþykktum. Enn fremur má geta þess, að á vegum nefndar er nú starfandi byggingaraðili sem hefur í alllangan tíma kannað umferðarmöguleika fatlaðra í ýmsum opinberum byggingum í höfuðborginni og er á leið með að gera um það skýrslu. Ekki er ég viss um að hann hafi kynnt sér aðstæður hér í alþingishúsinu, en alla vega hefur hann komist að þeirri niðurstöðu, að okkur sé mjög ábótavant í þessu efni og full ástæða til þess að leggja nokkurt fé árlega í það að lagfæra byggingar, sem þegar eru í notkun, með tilliti til þess að þær verði hæfari til umferðar fyrir fatlað fólk.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. ráðh. svörin og fagna því, að honum skuli þykja sjálfsagt að taka tillit til þessara hluta í þeim byggingum sem eftir er að reisa hér, þá vildi ég mega beina því til hæstv. ráðh. allra og annarra þeirra, sem forráð hafa, að þeir beiti sér fyrir lagfæringum í eldri opinberum byggingum sem eru þannig úr garði gerðar að ekki komist allir um þær. Og ég vil fagna því, sem kom fram í máli hv. þm. Odds Ólafssonar áðan, að hugsað skuli hafa verið fyrir þessu í nýjum byggingarlögum.

Jafnframt vil ég taka undir það með hv. þm. Benedikt Gröndal, að það má segja, að þetta sé áminning, en því miður er hún aldeilis ekki óþörf.

Gjaldtaka á fjölsóttum stöðum í umsjá ríkisins, fsp. (þskj. 405). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 405 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp.:

„1. Á hvaða staði hefur verið sett gjald samkv. 36. gr. laga um skipan ferðamála?

2. Hvað hefur innheimst mikið fyrir hvern stað og hvað hefur það kostað í innheimtu?

3. Hvernig hefur því fé verið ráðstafað, sem innheimst hefur?“

Í 36. gr. umræddra laga segir svo með leyfi forseta:

„Ráðh. er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálaráðs, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu, sem veitt er á stöðum í umsjá ríkisins, enda sé fé það, sem þannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar, og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Náttúruverndarráðs, nema samþykki þess komi til.“

Mér er kunnugt um það, að á nokkrum stöðum hefur þetta gjald verið tekið, og þess vegna er það ósk mín og ég veit fleiri manna, sem hafa greitt þetta gjald á viðkomandi stöðum, að sjá þess árangur, að féð sé notað samkv. þessari grein, það er tilefni þessarar fsp.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. á þskj. 405 vil ég taka fram í sambandi við það sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til um lagagr., að Ferðamálaráð eða samgrn. hefur ekki notað þessa heimild. Leiðir af því, að síðari fsp. er svarað með þessu, því að þar er ekki um það að ræða. Samgrn. hefur engar áætlanir uppi um slíka gjaldtöku. Hins vegar er rn. kunnugt um að Náttúruverndarráð hefur leitað á s. l. ári eftir heimild menntmrn. til gjaldtöku fyrir afnot tjaldsvæða og fékk slíka heimild. Það er aftur á móti ekki hlutverk samgrn. að svara fyrir þessa aðila um það, hvernig heimildin hefur verið notuð.

Þetta verður að nægja.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Nú er sem sagt komið í ljós, sem ég og margir fleiri höfðu grun um, að hér hefur átt sér stað gjaldtaka sem nemur á aðra millj. kr. án þess að farið sé eftir lögum. Þetta er svo alvarlegt mál að mínu mati, að það þarf rannsóknar við, hvorki meira né minna en það. Eftir bestu heimildum sem ég hef í höndunum nú, og skal taka fram að ég veit ekki annað en ég fari hér með rétt mál, það verður þá leiðrétt, þá hefur gjaldtaka á eftirfarandi stöðum átt sér stað: Landmannalaugar, Nýidalur, Herðubreiðarlindir, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Þórsmörk. Það er ekki viðunandi nema fá um þetta glögg skil.

Ég er ekki að væna hæstv. samgrh. um eitt eða neitt í þessu efni. En þegar þetta fer fram án þess að samgrh. viti og samkv. þessari grein, sem er tilnefnd í lögunum, þá þarf þetta mál að liggja ljóst fyrir, hver hefur innheimt gjaldið og hvernig fénu hefur verið ráðstafað.

Ég fullyrði hér úr ræðustól, að það er búið að borga, eftir því sem mér er sagt af ferðaskrifstofum, á aðra millj. kr. á þessum stöðum samtals. Ég hef því miður ekki handbæra nákvæma sundurliðun á viðkomandi staði, en það væri sennilega hægt að fá kvittanir ef á þarf að halda. Hér er þess vegna ekki skemmtilegt mál á ferðinni. Hæstv. ráðh. upplýsti að ekki hefði verið notuð heimild eins og lagagr. segir til um. Hverjir ákváðu þessa gjaldtöku þá og í skjóli hvaða laga? Það er fsp. mín. Ég á ekki kost á að standa hér upp aftur, en ég óska þess, að þetta mál verði rannsakað niður í kjölinn og við fáum skýrslu um það hér á Alþ. áður en því lýkur.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég endurtek það, að það liggur hvorki fyrir beiðni í samgrn. né samþykki þess um þessa gjaldtöku. Ef hún hefur átt sér stað, þá hefur hún verið ákvörðuð af öðrum en samgrn. Ég geri ráð fyrir að það gjald, sem Náttúruverndarráð hefur tekið og upplýst var um áðan, sé samkv. heimild í þeim lögum, sem það starfar eftir, og samþykki menntmrn. Ég skal láta leita eftir því hjá ferðaskrifstofum, hvort þær hafa látið innheimta þetta og fyrir hvaða aðila og á hvaða forsendum. En samþykki samgrh. eða samgrn. liggur ekki fyrir um þessa gjaldtöku og mér er að öllu leyti ókunnugt um hana.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég skildi ráðh. þannig, að ferðaskrifstofur hefðu staðið fyrir innheimtu. Það er alveg öfugt. (**Landbrh.:** Ef það hefði verið, sagði ég.) Já, ferðaskrifstofur hafa verið látnar borga eða þeir, sem hafa staðið fyrir ferðamannahópum, og fengið kvittanir, sem ég ætla ekki að segja hvernig líta út hér úr ræðustól. En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að láta athugun fara fram. Ég tók skýrt fram, að ég væri ekki að væna rn. um eitt eða neitt í þessu sambandi. En hverjir veittu sjálfum sér eða öðrum heimild til að innheimta talsverðar fjárhæðir á viðkomandi stöðum? Það vil ég fá að vita.

Risna fyrirtækja, fsp. (þskj. 342). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Við Alþb.-menn höfum margsinnis bent á það við umr. um skattamál hér á Alþ., að fyrirtæki greiddu ekki skatt af umsvifum sínum og rekstri með eðlilegum hætti. Við höfum bent á, að orsakir þessa væru margar og þá einkum fjölmargar ívilnunarreglur skattalaga. Um þetta mál hef ég flutt þáltill. sem er nú til athugunar í nefnd.

Ég hef hins vegar leyft mér að spyrja hér um einn athyglisverðasta þáttinn í reikningum fyrirtækja, einn af þeim þáttum sem veldur því, að fyrirtæki sleppa oft heldur vel við skattgreiðslur. Þar á ég við risnu fyrirtækjanna. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að risnukostnað fyrirtækja beri alfarið að afnema. En ég vek á því athygli, að á þessu sviði er mikil hætta á misnotkun og enginn vafi að heimild skattalaga um þetta efni hefur verið og er misnotuð í stórum stíl. Það hlýtur að sjálfsögðu að vera

stór spurning, hvort ekki er unnt að setja strangar hömlur við því að kostnaður af þessu tagi sé misnotaður í þeim tilgangi að létta skattgreiðslum af fyrirtækjum, og alveg ljóst, að um þetta efni verða að gilda mjög strangar reglur. En mér er nær að halda að svo sé ekki.

Ég hef leyft mér að bera fram fsp. um þetta efni, svo hljóðandi:

„1. Hvaða reglur giltu um frádrátt frá tekjum fyrirtækja vegna risnu við álagningu skatta árið 1977?

2. Hve mikilli fjárhæð nam þessi frádráttur hjá skattskyldum félögum við álagningu skatta árið 1977, upphæðin samanlögð eftir framtölum eða áætluð samkv. hæfilegu úrtaki?"

Ég held að þessar fsp. skýri sig nokkuð sjálfar. Síðari spurningin er um risnukostnað hjá skattskyldum félögum og ég vek á því athygli, að þar með er aðeins um að ræða þann hluta atvinnurekstursins, sem rekinn er í félagsformi. Mér er ljóst, að vegna þess að þetta mun ekki vera sérstakur liður í tölvuúrvinnslu skattyfirvalda, þá myndi það kosta óhæfilega fyrirhöfn að leggja þetta nákvæmlega saman miðað við hvert og eitt framtal og hef því stungið upp á því í fsp., að svarið fáist með áætlun samkv. hæfilegu úrtaki, en ég vek hins vegar á því athygli, að eðlilegast væri við úrvinnslu skattagagna, að þessi liður væri sérstaklega færður þannig að ávallt væri hægt að hafa þessa tölu nákvæmlega til reiðu þegar um hana væri spurt með líkum hætti og unnt er að svara því með tiltölulega mjög litilli fyrirhöfn, hve mikið fyrirtæki hafa lagt í varasjóð samkv. heimildum skattal. eins og hvað eftir annað hefur verið spurt um hér á Alþ.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég sendi fsp. hv. þm. til ríkisskattstjóraembættisins og óskaði eftir grg. af þess hálfu til þess að upplýsingar kæmu frá þeim yfirvöldum sem með þessi mál fara. Sem svar við fyrri fsp. segir í bréfi frá ríkisskattstjóra til fjmrn., dags. 3. apríl:

„Gjaldliður sá, er hér er til umfjöllunar, fellur undir ákvæði A-liðar 11. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt sem fjallar um rekstrarkostnað atvinnurekstrar, þ. e. þau útgjöld sem eiga að ganga til þess að afla tekna, tryggja þær og halda þeim við. Engin sérstök ákvæði er að finna í lögum um tekjuskatt og eignarskatt um risnu umfram framanrituð efnisleg ákvæði um rekstrarkostnað almennt.

Í 2. málsl. h-liðar 27. gr. reglugerðar nr. 245 frá árinu 1963, um tekjuskatt og eignarskatt, segir svo:

„Þá má og draga frá risnu vegna atvinnurekstrar eftir mati skattstjóra, enda verði hún talin sem skyldukvöð eða óhjákvæmileg til öflunar teknanna."

Framangreind efnisleg ákvæði laga og reglugerðar um tekjuskatt og eignarskatt eru þær reglur sem skattstjórar hafa sér til stuðnings við afgreiðslu á þessum gjaldalið, sem er einn af umdeildustu liðum í framtölum milli atvinnurekenda og skattstjóra.

Samkv. framangreindu svo og eðli máls þessa er hér um að ræða matsatriði sem afar erfitt er að setja reglur um. Af hendi embættis ríkisskattstjóra hafa leiðbeiningar farið fram í því formi að senda skattstjórum úrskurði ríkisskattanefndar sem gildi hafa, svo og hafa þessi mál verið rædd á fundum með skattstjórum. Þau atriði, sem lögð hefur verið áhersla á að litið sé til, eru eðli viðkomandi atvinnurekstrar, umfang, velta og hugsanleg hlunnindi eigenda, stjórnenda og starfsmanna."

Vil ég leyfa mér að vitna til kafla úr bæklingi, sem saminn var á vegum embættis ríkisskattstjóra og notaður er til leiðbeininga og kennslu, bæði fyrir þátttakendur í námskeiðum og starfsmenn almennt, en þar segir:

„Engin skilgreining er á orðinu risna í reglugerðinni, en rætt um risnu sem skyldukvöð og óhjákvæmilega til öflunar teknanna og lagt í hendur skattstjóra að leggja mat sitt á þennan þátt. Af hálfu skattyfirvalda hefur verið litið á risnu sem kostnað, sem fyrirtæki verða fyrir fyrst og fremst vegna viðskiptamanna sinna til að efla tengsl við þá og hafa áhrif á viðskipti þeirra við fyrirtækið. Ýmis form hafa verið á þessum kostnaði, þ. e. veitingar, gjafir, fríðindi eða hlunnindi margvísleg. Kostnað vegna starfsmanna fyrirtækja, t. d. árshátíð starfsmanna, veitingar til þeirra og þess háttar, hafa skattyfirvöld á liðnum árum yfirleitt synjað um að líta á sem skyldukvöð eða óhjákvæmilegan kostnað. Á síðustu árum hefur þó ríkisskattanefnd fallist á að margvíslegur kostnaður, er fyrirtæki greiðir vegna starfsmannahalds, teljist vera rekstrarkostnaður og þar af leiðandi frádráttarbært. Enda þótt það sé lagt í hendur skattstjóra að meta risnuþörf fyrirtækis má ráða af úrskurðum ríkisskattanefndar, að skattstjóri verður að byggja mat sitt og ákvörðun um niðurskurð vegna áætlaðra einkaþarfa á rökstuddan hátt. Nauðsynlegt er því, að fyrir liggi nákvæmar upplýsingar um risnukostnað og tengsl hans við starfsemi fyrirtækisins."

Þetta var tilvitnun í þann bækling, sem vikið er að í bréfi ríkisskattstjóra.

Sem svar við 2. fsp. segir í sama bréfi:

„Þar sem fsp. þessi kemur fram á þeim tíma ársins sem undirbúningur að álagningu skatta gjaldársins 1978 er í fullum gangi, treysti ég mér ekki til að leggja þá miklu viðbótarvinnu á skattstjóra sem sæmilega tæmandi svar við fsp. hv. þm. krefst. Slík vinna þyrfti að fara fram síðari hluta árs. Ég hef því valið síðari kostinn, þ. e. að gera hæfilegt úrtak. Úrtak það, sem ég lét gera, var þannig unnið, að tíunda hvert framtal skattskyldra félaga var tekið til athugunar í þremur stærstu skattumdæmum landsins, þ. e. Reykjavík, Reykjanesumdæmi og Norðurlandsumdæmi eystra. Í reynd varð þó úrtakshlutfall í Reykjavík 11.6% í stað 10%.

Niðurstaða úrtaksins sýnir tæpar 343 millj. kr. útgjöld vegna risnu hjá skattskyldum félögum á öllu landinu og hefur þá risnukostnaður í skattumdæmum utan Reykjanesumdæmis og Norðurlandsumdæmis eystra verið áætlaður með sama hlutfalli milli risnukostnaðar og hreinna tekna og fram kom í tveimur nefndum umdæmum milli risnukostnaðar og hreinna tekna þar.

Með tilliti til framanritaðs, svo og annarra atriða, sem of langt mál yrði að telja upp, en ég hef haft í huga, tel ég að heildarrisnuútgjöld skattskyldra félaga við álagningu 1977 hafi legið á milli 300 millj. kr. og 350 millj. Nákvæmari upphæðir treysti ég mér ekki til að nefna með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum, sem ég hef aðgang að og hef notað.“

Ég tel ekki ástæðu til að bæta neinu við það bréf, sem ríkisskattstjóri hefur ritað fjmrn. til svars við þessari fsp., og vonast til þess að nægar upplýsingar komi hér fram til svars við þessari fsp.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svar hans. Ég held að það fari ekkert á milli mála af svari hans, að hér er um athyglisvert mál að ræða.

Það fór eins og mig grunaði, að ríkisskattstjóraembættið valdi síðari kostinn sem á var bent, þ. e. a. s. að gert væri hæfilegt úrtak og upphæðin áætluð, og það reyndist ekki vera nein smáupphæð sem út úr þeim útreikningi kom, þ. e. a. s. 300—350 millj. kr. sem heildarrisnuútgjöld skattskyldra félaga eru talin hafa verið. Þessu til viðbótar koma svo hugsanlega risnuútgjöld annarra fyrirtækja sem rekin eru á ábyrgð einstaklinga. Ef þessi upphæð er höfð til hliðsjónar og þá miðað við upphæðina, sem niðurstaða úrtaksins sýndi, þ. e. a. s. 343 millj. kr., þá er ljóst við einfaldan útreikning, að ríkið hefur orðið af skatttekjum aðeins af þessari ástæðu sem nema 181 millj. kr. Ég vek á því athygli, að í svari hæstv. ráðh. kom skýrt fram, að um þetta efni eru ekki til neinar skýrar almennar reglur. Ríkisskattstjóri hefur valið þann kostinn að fela skattstjórum að hafa hliðsjón af úrskurðum ríkisskattanefndar, en að öðru leyti hefur það verið frjálst mat þeirra sem þarna hefur ráðið. Ég held að það geti ekki dulist neinum, að hér er mikil hætta á ferðum hvað misnotkun snertir og þörf á miklu strangari og skýrari reglum um þetta efni en nú eru í gildi. Það er alveg ljóst, að hér getur verið um talsvert hærri fjárhæðir að ræða heldur en komu fram í svari hæstv. ráðh., og ég vil mjög mælast til þess við fjmrn. að það hugaði að því að setja reglur um þetta efni með útgáfu reglugerðar.

Álafoss hf., fsp. (þskj. 362). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi fsp., sem er í 11 þáttum, skýrir sig nokkurn veginn sjálf. Tilefni hennar er það, að upplýsingar af opinberri hálfu varðandi umrætt fyrirtæki hafa verið og eru takmarkaðar og þykir því eðlilegt að stuðla að því, að Alþ. fái um það sem bestar upplýsingar.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég hef óskað eftir skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins í tilefni af fsp. hv. þm. Þórarins Þórarinssonar og tel réttast að hér komi fram sú grg. sem Framkvæmdastofnunin hefur gert í tilefni þessarar fsp.

Fyrst er spurt: „Af hverju er Álafoss hf. ríkisfyrirtæki?“

Álafoss hf. er ekki ríkisfyrirtæki samkv. þeim skilningi, sem almennt er í það orð lagður, segir Framkvæmdastofnun ríkisins. Ríkisfyrirtæki eru fyrirtæki hins opinbera sem komið er á fót samkv. sérstökum lögum. Því teljast ekki ríkisfyrirtæki þau hlutafélög sem ríkið eða opinberar stofnanir eru eigendur hlutafjárins að meira eða minna leyti. Hins vegar á Framkvæmdasjóður Íslands nú allt hlutafé í Álafossi hf. og hefur svo verið síðan árið 1971, að hlutafélagið keypti til sín hluti fyrri eigenda. Ástæða þess, að Framkvæmdasjóður á nú hlutafé félagsins, verður rakin til eftirgreindra atvika:

Á árunum 1963—1965 lánaði Framkvæmdabanki Íslands verulegt fé til uppbyggingar ullarverksmiðjunnar á Álafossi. Var byggt nýtt verksmiðjuhús og keyptar nýjar kembi- og spunavélar, en bæði húsakostur og vélar voru mjög úr sér gengin. Framleiðsla verksmiðjunnar var mestmegnis fyrir innlendan markað, en nokkuð var um sölu á teppabandi til Danmerkur. Rekstur inn gekk erfiðlega á árunum eftir endurnýjun verksmiðjunnar og lágu til þess ýmsar orsakir, bæði innan fyrirtækisins og vegna óhagstæðra ytri aðstæðna. Á árinu 1968 má segja, að félagið hafi verið komið í algert þrot og blasti ekkert annað við en stöðvun rekstrar og gjaldbrot. Að frumkvæði Framkvæmdasjóðs var skipuð sérstök framkvæmdanefnd, er starfaði í umboði stjórnar félagsins um nokkurra mánaða skeið að því að halda í horfinu með rekstur fyrirtækisins, en í aprílmánuði 1969 ákvað stjórn Framkvæmdasjóðs að breyta skuldum að fjárhæð 28 milli. kr. í hlutafé í félaginu, enda var þess farið á leit af stjórn félagsins. Árið 1971 var 30 milli. kr. skuld síðan breytt í hlutafé með sama hætti.

Það var skoðun stjórnar Framkvæmdasjóðs á árinu 1969, þegar séð var að fyrirtækið Álafoss hf. yrði að hætta rekstri og gjaldbrot var á næstu grösum, að ekki væru einvörðungu hagsmunir Framkvæmdasjóðs í hættu, heldur mundu slík afdrif fyrirtækisins verða mikið áfall fyrir iðngreinina sem slíka og fjöldi fólks mundi missa atvinnu sína.

Um þær mundir og síðar hefur mikil áhersla verið lögð á eflingu iðnaðarins í landinu, og töldu stjórn Framkvæmdasjóðs og bankastjórn Seðlabankans, sem þá hafði með rekstur Framkvæmdasjóðs að gera, að stöðvun og upplausn fyrirtækisins Álafoss væri stórt skref aftur á bak í sókn fram á við til eflingar íslenskum iðnaði.

Því var ákveðið að freista þess að koma fyrirtækinu á réttan kjöl og efla það svo sem tök væru á. Fengnir voru í byrjun erlendir sérfræðingar í tæknilegum málefnum ullariðnaðarins til að gera úttekt á verksmiðjunni og framleiðsluháttum og leggja á ráðin um úrbætur. Fyrirtækinu var fengin ný forusta og gagngerð endurskipulagning fór fram á flestum sviðum rekstrarins. Leitast var við að búa fyrirtækið bestu skilyrðum nútímalegs rekstrar, og á það jöfnum höndum við um endurskipulagningu fjármála, stjórnun alla í fyrirtækinu, bæði yfirstjórn og í framleiðslu og sölu, eftirlitskerfi, framleiðslu, kostnaðareftirlit, bókhald og skýrslugerð og skipulagningu og uppbyggingu markaðsmála.

Kostnaður þessu samfara var greiddur af fyrirtækinu sjálfu. Síðan árið 1969 hefur rekstur Álafoss hf. skilað hagnaði að undanskildum árunum 1971 og 1973. Frá árinu 1971, að endurskipulagning fyrirtækisins fór fram, hefur fyrirtækið fjármagnað frekari uppbyggingu með fé úr eigin rekstri að viðbættum stofnlánum er fengist hafa úr lánasjóðum iðnaðarins og þá fyrst og fremst Iðnþróunarsjóði.

Á árunum 1970—1976, að báðum árunum meðtöldum, námu fjárfestingar Álafoss hf. 395.1 millj. kr., og voru þær fjármagnaðar með eftirgreindum hætti: Iðnlánasjóður 15.5 millj. kr., Iðnþróunarsjóður 99.8 millj., Iðnrekstrarsjóður 19 millj., Scandinavian Bank, Englandi, 35.5 millj., Banque Lambert, Belgíu, 15.8 millj., Landsbanki Íslands 5 millj., seljendur 25.1 millj., ný lán alls 215.7 millj. ÷ afborgun eldri lána 109.8 millj. Nettóupphæð lána 105.9 millj., hlutafé 30 millj. og úr rekstri 259.2 millj., eða alls 395.1 millj. kr.

Eins og yfirlit þetta greinir hefur fjárfesting félagsins á umræddu 7 ára tímabili verið fjármögnuð að ⅔ hlutum með eigin fé fyrirtækisins, sem reksturinn hefur getað lagt af mörkum til uppbyggingar.

Í öðru lagi er spurt: „Hverjir eru í stjórn Álafoss hf., hver kýs hana og til hve langs tíma?"

Núverandi stjórn Álafoss hf. er þannig skipuð: Hafsteinn Baldvinsson, formaður, Guðmundur B. Ólafsson, Benedikt Antonsson, Heimir Hannesson, Ragnar Jónsson. Varamenn eru: Bjarni Björnsson og Björn Guðmundsson.

Stjórn félagsins er kjörin til eins árs í senn af eiganda hlutafjárins, Framkvæmdasjóði Íslands.

Í þriðja lagi er spurt: Hvert er umboð stjórnar? —Hér er átt við hvaða valdsvið stjórnin hefur. — Getur hún ákveðið án þess að bera undir aðra fjárfestingar og útflutning á lopa í stórum stíl?"

Eins og lög um hlutafélög gera ráð fyrir sem og samþykktir félagsins, hefur stjórnin æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Rétt er að taka fram, að lopi er ekki fluttur út nema í afar litlum mæli, en hins vegar flutt út ullarband af ýmsum gerðum. Hitt er annað mál, að Álafoss hf. hefur aflað sér einkaleyfis á nafninu LOPI og er ullarband selt undir því merki.

Í byrjun hvers árs eru gerðar ítarlegar áætlanir um framleiðslu, sölu og rekstrarafkomu ársins, og með hliðsjón af þeim áætlunum svo og af rekstrarárangri liðins árs og lánamöguleikum hjá lánasjóðum iðnaðarins eru teknar ákvarðanir um fjárfestingu ársins innan ramma áætlunar um fjárfestingar til lengri tíma.

Samsetning sölunnar milli tilbúins fatnaðar, ullarbands, gólfteppa, dúka, værðarvoða og annarra afurða innanlands og erlendis ræðst af markaðsaðstæðum og framleiðslukostnaði hverju sinni.

Í fjórða lagi er spurt: „Hvað er hlutafé Álafoss hf?"

Hlutafé Álafoss hf. eftir þá fjárhagslegu endurskipulagningu, er lokið var 1971, nam 60 millj. kr., en þar af voru hlutabréf í eigu fyrirtækisins sjálfs 2 millj. kr. Á árunum 1976 og 1977 voru gefin út jöfnunarhlutabréf í félaginu samkv. heimild í lögum að fjárhæð 240 millj. kr. og er hlutafé félagsins í árslok 1977 því 300 millj. kr., en fjárútlát Framkvæmdasjóðs hafa, eins og áður segir, numið 58 millj. kr.

Í fimmta lagi er spurt: „Hvaða fyrirgreiðslu hefur ríkið veitt Álafossi hf. síðan ríkið yfirtók fyrirtækið?"

Gerð hefur verið grein fyrir hvernig og hvenær Framkvæmdasjóður Íslands varð eigandi að hlutafé félagsins. Ríkið hefur ekki veitt fyrirtækinu neina fyrirgreiðslu aðra en þá sem aðrir ullarframleiðendur hafa fengið.

Fyrirtækið hefur fengið styrki frá Iðnrekstrarsjóði til markaðsöflunar með sama hætti og önnur sambærileg fyrirtæki, svo sem Hilda hf. og Gefjun, og fé til niðurgreiðslu ullar hefur farið um hendur fyrirtækisins eins og hjá öðrum fyrirtækjum.

Í sjötta lagi er spurt: „Greiðir Álafoss hf. vexti eða arð af hlutafé?"

Skuldir Álafoss hf. bera vexti samkv. venjulegum lánskjörum, og félaginu hefur tekist að standa við sínar skuldbindingar. Félagið hefur ekki greitt út arð af hlutafé, en jöfnunarhlutabréf hafa verið gefin út, eins og áður er lýst. Eigið fé úr rekstri hefur verið notað til uppbyggingar í fyrirtækinu, enda er það forsenda þess, að lánsfé fáist til nýrra framkvæmda.

Í sjöunda lagi er spurt: „Standa fyrir dyrum fjárfestingar til þess að auka lopaútflutning?"

Stjórn Álafoss hf. telur eðlilegt að vinna að áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins með fjárfestingu og öðrum aðgerðum, sem treysta stöðu þess og þeirrar iðngreinar sem fyrirtækið er hluti af. Hvað fært þykir hverju sinni fer eftir því, hver afkoman er og hverjar eru markaðsaðstæður innanlands og erlendis. Vélar verksmiðju Álafoss hf. eru enn sumar hverjar í notkun þótt orðnar séu allt að 30 ára gamlar. Að því mun stefnt að taka þær úr notkun og afla nýrra svo og að auka húsakost þannig að frekari hagkvæmni verði náð.

Í áttunda lagi er spurt: „Hver tók þá ákvörðun um að flytja út verksmiðjulopa í stórum stíl til þess að endurvinna erlendis?"

Rétt er að taka fram, að Álafoss hf. stendur ekki að endurvinnslu ullarbands á erlendum vettvangi. Hins vegar hefur félagið allt frá árinu 1964 eða í 13 ár selt ullarband til verksmiðja erlendis. Í þessu sambandi er þó rétt að taka fram, að meginhluti þess ullarbands, sem Álafoss hf. flytur út, er til smásöludreifingar í hannyrðaverslunum erlendis.

Álafoss hf. hefur stuðlað að því, að stofnaðar hafa verið prjónastofur og saumastofur víða um landið, og jafnan látið þær sitja í fyrirrúmi um afgreiðslu ullarbands og ullarefna til framleiðslunnar. Á hinn bóginn hefur Álafoss hf. flutt út band ef hagstæðir samningar hafa náðst.

Félagið hefur ekki flutt út þá tegund loðbands sem notað er af íslenskum prjónastofum. Ákvarðanir um einstakar sölur innanlands og erlendis eru í höndum forstjóra fyrirtækisins í samráði við stjórn félagsins.

Í níunda lagi er spurt: „Hver fjármagnaði kaup Álafoss hf. á húseigninni við Vesturgötu 2?

Húseignin Vesturgata 2 var í eigu Framkvæmda-

sjóðs Íslands. Á árinu 1976 keypti Álafoss hf. eignina, þar eð félagið þurfti á húsnæði að halda fyrir smásöluverslun þá er fyrirtækið hefur starfrækt um langt árabil. Kaupverðið var 40 millj. kr. og var helmingur þeirrar fjárhæðar greiddur í reiðufé af Álafoss hf., en helmingur var lánaður til 5 ára með 15% vöxtum.

Í tíunda lagi er spurt: „Hvers vegna eru reikningar Álafoss hf. ekki birtir í ársskýrslu Framkvæmdasjóðs?“

Álafoss hf. er sjálfstætt hlutafélag og starfar samkv. lögum um hlutafélög. Hlutafjáreign Framkvæmdasjóðs í Álafossi hf. og öðrum fyrirtækjum er að sjálfsögðu eignfærð í reikningum sjóðsins, eins og hún er á hverjum tíma, að jöfnunarhlutabréfum meðtöldum. Það er hins vegar ekki venja að birta reikninga sjálfstæðra hlutafélaga með reikningum þess, sem hlutaféð á, og gildir þá einu hvort sú hlutafjáreign nær til alls hlutafjár viðkomandi félags eða ekki. Hlutabréf eru í eðli sínu sú tegund viðskiptabréfa sem auðveldlega geta skipt um hendur, þótt hér á landi séu slík viðskipti að vísu ekki stunduð í miklum mæli. Sami háttur er hafður á um birtingu reikninga ýmissa sameignarfélaga sem ríkissjóður eða aðrir opinberir aðilar eiga að hluta.

Í ellefta lagi er spurt: „Er Álafoss hf. á lista yfir ríkisfyrirtæki sem komið hefur til tals að selja?“

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem jafnframt fer með stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands, tekur ákvarðanir um ráðstafanir í fjármálum sjóðsins lögum samkvæmt. Sala á hlutabréfum í Álafossi hf. hefur ekki komið til umr. í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar.

Þetta er skýrsla Framkvæmdastofnunar ríkisins í tilefni af fsp. hv. 4. þm. Reykv., og skal ég að sinni ekki bæta neinu að ráði við þessa skýrslu. Ég vil aðeins bæta því við varðandi síðustu fsp., að ríkisstj. hefur fengið tvær skýrslur frá Álafossi hf. um rekstur fyrirtækisins, annars vegar í nóv. 1975 og hins vegar í maí 1977, og þá hefur verið rætt um það, hvort ekki væri rétt að Framkvæmdasjóður seldi hlutaféð annaðhvort að öllu eða einhverju leyti, en engar ákvarðanir hafa um það verið teknar. Það er skoðun mín að það sé rétt og nauðsynlegt raunar að það mál sé kannað, og ég tel eðlilegt að sú n., sem starfar á vegum ríkisstj. og fjmrh. hefur skipað til að kanna takmörkun ríkisumsvifa, taki það mál til meðferðar, hvort rétt sé að selja hlutabréfin í Álafossi hf., um leið og ég tek fram, að ég tel að það hafi verið haldið mjög vel á rekstri þess fyrirtækis, eins og unnt er að gera sér grein fyrir af lestri reikninga þess og aðstöðu allri. Hins vegar hefur það komið fram í umr. nú undanfarið, hvaða vandamál eru bundin því, að erlendis eru á boðstólum eftirlíkingar eftir íslenskum framleiðsluvörum sem stofna kunna í hættu þeim markaði sem íslenskar framleiðsluvörur og þar á meðal Álafoss hafa unnið sér erlendis. Ég tel nauðsynlegt að það vandamál sé ítarlega kannað, og ég trúi ekki öðru, eins og á rekstri Álafoss hefur verið haldið, en að stjórnendur fyrirtækisins muni gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að um svo óeðlilega samkeppni verði að ræða.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans sem var á margan hátt mjög greinargott. Menn eru þess vegna vafalaust eftir þetta svar hans nokkru fróðari um þetta fyrirtæki eftir en áður, en yfir því hefur óneitanlega hvílt nokkuð mikil leynd, og það er kannske rétt, að það sé vegna þess fyrirkomulags sem er á rekstri þess.

Það kom fram í svari Framkvæmdastofnunarinnar, að hún vill ekki telja Álafoss ríkisfyrirtæki. Ég held að það sé samt óumdeilanlegt. Framkvæmdasjóður er opinber sjóður og hann á allt hlutaféð í fyrirtækinu, þannig að Álafoss getur ekki verið öllu greinilegra ríkisfyrirtæki heldur en þetta upplýsir.

Ég er þeirrar skoðunar, að þetta fyrirkomulag á ríkisrekstri sé ekki heppilegt. Ég tel að ef nauðsynlegt þykir að eitthvert fyrirtæki sé ríkisrekið á annað borð, þá eigi það að byggjast á sérstökum lögum frá Alþingi og Alþingi eigi að hafa aðstöðu til þess að fjalla um rekstur þess, en einstakir opinberir sjóðir, eins og Framkvæmdasjóður, eigi ekki að gegna því hlutverki að annast ríkisrekstur. Þó að það hafi kannske verið réttlætanlegt á sínum tíma, að Framkvæmdasjóður tæki að sér rekstur Álafoss, vegna þess hvernig ástatt var um afkomu fyrirtækisins, þá hygg ég að ef fyrirtæki, sem fá lán hjá Framkvæmdasjóði, lenda í fjárhagsörðugleikum, þá sé nokkuð vafasöm braut að sjóðurinn taki að sér rekstur þeirra og það geti opnað möguleika fyrir óeðlilegan ríkisrekstur. Ég er ekki með þessu að segja að ríkisrekstur geti ekki átt rétt á sér undir vissum kringumstæðum. En það á þá að gerast fyrir opnum tjöldum, með beinum ákvörðunum og lögum Alþingis og þessi ríkisrekstur að vera undir eftirliti þess.

Í sambandi við það sem forsrh. minntist á að lokum í svari sínu um útflutning á lopa og bandi, þá vil ég árétta þau ummæli hans, að þar er um mál að ræða sem þarfnast nánari íhugunar. Útflutningur á þessum vörum hefur gerst með tvennum hætti: Í fyrsta lagi í svokölluðum neytendaumbúðum. Það er þegar þessar vörur eru fluttar út í smáum stíl til þess að einstakir neytendur, sem vinna úr þessum vörum heima fyrir, geti keypt þær. Það er margt sem mælir með því, að nokkur rækt sé lögð við þennan útflutning, þar sem hann getur aldrei skapað neina samkeppni við íslenskar iðnaðarvörur. Öðru máli gegnir um útflutning á þessum vörum til verksmiðjuvinnslu, því að þar getur verið um mjög varhugaverða starfsemi að ræða. Mér skilst að það hafi komið í ljós, að Álafoss hafi flutt út lopa og band til verksmiðjuvinnslu erlendis, m. a. í Suður-Kóreu, þar sem vinnuafl er mjög ódýrt, og þessar vörur séu svo aftur seldar á Evrópumarkaði í samkeppni við íslenskar iðnaðarvörur fullunnar. Sú samkeppni er undir mörgum kringumstæðum óhagstæð fyrir okkur, vegna þess að í þeim löndum mörgum hverjum, þar sem þessi vara er unnin, er kaupgjald miklu lægra en hér, þannig að það er hægt að undirbjóða okkar vörur.

Ég tek undir það með hæstv. forsrh., að hér er um mál að ræða sem þarfnast ítarlegrar rannsóknar og aðgerða, þó að það sé ákaflega óeðlilegt, ef það kemur á daginn að það er ríkisfyrirtæki sem stendur fyrir slíkum útflutningi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. forsrh., að á sínum tíma var fyrirtækið Álafoss gjaldþrota og það var því um það að ræða á sínum tíma, að ríkisvaldið bjargaði þessu fyrirtæki. Einkaaðilarnir, sem að því stóðu, voru á sínum tíma leystir út af mikilli rausn og síðan hefur þetta fyrirtæki verið í eigu opinberra aðila og hefur stóraukið umsvif sín og um hefur verið að ræða ágæta afkomu flest árin.

Nú er það að vísu svo, að félagsskapur ungra sjálfstæðismanna hefur haldið uppi miklum áróðri undir slagorðinu „Báknið burt". Það kemur því engum á óvart, að hæstv. forsrh., sem svaraði fsp. um þetta efni, vildi hafa vaðið fyrir neðan sig af pólitískum ástæðum fáeinum mánuðum fyrir kosningar og tæki því undir kröfur um að þessu fyrirtæki sé fórnað aftur í hendur einkaaðila. En þessu atriði vil ég leyfa mér að mótmæla. Ég minni enn á það, að einkaframtakið gafst upp við rekstur þessa fyrirtækis og opinberir aðilar tóku við og hafa staðið vel að málum, og ég sé ekki að það sé nokkur ástæða fyrir opinbera aðila að fórna þessum gullkálfi sem Álafoss er nú orðinn.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, að í sjálfu sér er ekki eðlilegt að ákveðinn sjóður, Framkvæmdasjóður, reki þetta fyrirtæki. Fyrirtækið hefur verið, ef svo má segja, í fóstri hjá Framkvæmdasjóði eftir að hann hirti þetta fyrirtæki upp af götunni, þar sem það átti sér ekki lífs von, og það er nú svo með fósturbörn, að þau eiga auðvitað ekki að vera allt of lengi í fóstrinu. Það verður að skapa þeim eðlilega aðstöðu. Ég tel að eina rétta stefnan í þessu efni sé að þessu fyrirtæki verði sköpuð eðlileg staða ríkisfyrirtækis með lagasetningu, þannig að Alþ. geti átt þess kost að fjalla um málefni þess með eðlilegum hætti og rn. haft eftirlit með því eins og öðrum ríkisfyrirtækjum.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, eignaðist Framkvæmdasjóður eða Framkvæmdastofnunin þetta fyrirtæki nánast í nauðvörn. Því höfðu verið lánaðar allverulegar fjárhæðir, það var gjaldþrota, og þetta var talin helsta leiðin til að bjarga því fjármagni sem í fyrirtækið hafði verið lagt. Ég var þessu sammála á sínum tíma. Ég sá ekki aðra leið til þess að bjarga þessu fjármagni. Ég tel hins vegar ákaflega óeðlilegt, að stofnun, sem er með lánasjóði í sínum vörslum og veitir lán úr þeim til skyldra fyrirtækja, reki fyrirtæki eins og Álafoss. Í þessu tilfelli er það sem sagt Framkvæmdastofnunin með bæði Framkvæmdasjóð og Byggðasjóð. Þetta skapar óþarfa tortryggni. Ég er ekki að segja að þessi aðstaða hafi verið misnotuð, þó að Álafoss hafi verið lánað úr Framkvæmdasjóði. Það hefur verið gert, en ég tel að það hafi ekki verið óeðlilegt. En þetta skapar, eins og ég sagði, óþarfa tortryggni. Ég tel því eðlilegast að stofnunin losi sig við þetta fyrirtæki, ef hún getur á þann máta, að hún endurheimti það fjármagn, sem hún hefur lagt í það, og fari skaðlaus frá. Það kæmi vitanlega til greina að það yrði rekið áfram sem ríkisfyrirtæki, en þá sem sjálfstætt ríkisfyrirtæki, en ekki sem eign Framkvæmdastofnunarinnar. Hins vegar tel ég einnig vel koma til greina að selja fyrirtækið, ef unnt er að finna kaupanda að því, t. d. starfslið þar, ef það vildi taka sig saman og kaupa fyrirtækið, og því verði gert það kleift, eða einhverjum öðrum aðila sem hefði til þess bolmagn. Ég vil alls ekki útiloka þann möguleika heldur. Því vil ég láta það koma hér fram, að ég hef hreyft þeirri hugmynd oftar en einu sinni í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, að leitað verði eftir því, hvort unnt er að selja þetta fyrirtæki, þannig að Framkvæmdastofnunin endurheimti það sem hún hefur í það lagt.

Lausaskuldir bænda, fsp. (þskj. 440). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. *Ég hef á þskj. 440 leyft mér að beina til hæstv.* landbrh. svo hljóðandi fsp.:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 29. apríl 1977 um athugun á nauðsyn þess að útvega Veðdeild Búnaðarbankans aukafjármagn handa bændum til að breyta lausaskuldum í föst lán?"

Flm. þessarar till. var Páll Pétursson og þál., *eins og hún var samþykkt, hljóðaði þannig í* heild:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á því, hvort nauðsynlegt sé að útvega Veðdeild Búnaðarbanka Íslands aukafjármagn, þannig að Veðdeildinni verði gert kleift að veita þeim bændum, sem verst eru settir, *tækifæri til þess að breyta lausaskuldum í föst* lán. Leiði könnunin í ljós, að hagur einhverra sé það bágur að þetta komi ekki að fullum notum, þá verði kannað hvort unnt sé að gera Stofnlánadeild og Veðdeild kleift að veita þeim bændum, sem eiga í mestum erfiðleikum, frest á afborgun af lánum til deildarinnar."

Mér er kunnugt um það, að æðimargir bændur víða eru orðnir langeygðir eftir framkvæmd þessarar þáltill.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Vesturl. vil ég taka eftirfarandi fram:

Að þessu máli hefur verið unnið fyrst og fremst af Árna Jónassyni erindreka Stéttasambands bænda, sem tók það að sér fyrir mig í fyrra að vinna að þessu máli, en með honum hafa einnig unnið Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri í landbrn. og Sigurður Líndal bóndi á Lækjamóti. *Þessir menn unnu áður að sama verki á* árinu 1972, held ég að það hafi verið, og gafst sú vinna vel og hefur mér verið tjáð að yfirleitt hafi það staðist sem varð þeirra niðurstaða.

Í þessum athugunum, sem gerðar hafa verið, hefur það komið fram, að 407 bændur hafa óskað eftir að mál þeirra yrðu athuguð og reynt að útvega þeim lán til þess að greiða úr sínum lausaskuldum. Alls skulda þessir bændur föst

lán, sem eru 1951 millj. kr., en lausaskuldirnar eru 1 milljarður 84 millj. kr. Þetta er mismunandi eftir sýslum og bæði hvað fjárhæð snertir og fjölda bænda. Það er allt niður í einn mann í Kjósarsýslu, 9 menn í Mýrasýslu, 16 í Borgarfjarðarsýslu, 30 í Snæfellsnessýslu, 20 í Dalasýslu, 7 í Austur-Barðastrandarsýslu, 5 í Vestur-Barðastrandarsýslu, enginn í Vestur-Ísafjarðarsýslu, 3 í Norður-Ísafjarðarsýslu, 9 í Strandasýslu, 11 í Vestur-Húnavatnssýslu, 24 í Austur-Húnavatnssýslu, 26 í Skagafjarðarsýslu, 41 í Eyjafjarðarsýslu, 38 í Suður-Þingeyjarsýslu, 10 í Norður- Þingeyjarsýslu, 27 í Norður-Múlasýslu, 28 í Suður-Múlasýslu, 5 í Austur-Skaftafellssýslu, 10 í Vestur-Skaftafellssýslu, 50 í Rangárvallasýslu og 43 í Árnessýslu.

Það er mjög misjafnt hvað menn skulda í hinum einstöku héruðum og hvað sú fjárhæð er mikil sem þeir skulda. Á bilinu 1—2 millj. kr. eru 124 bændur á öllu landinu, 2—3 millj. 90, 3—4 millj. 48, 4—5 millj. 21, 5—6 millj. 16 og 6—7 millj. líka 16, 7—8 millj. 7 og eftir það er þetta 1, 10—15 eru 2, og svo er allt upp í 45 millj. sem einn bóndi skuldar.

Í framhaldi af þessu vinna nú þeir Árni Jónasson og Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri frekar að athugun málsins. M. a. kom í ljós hjá Árna Jónassyni, sem mest hefur unnið að þessu, að á þessu varð nokkur breyting á milli áranna 1975 og 1976, en þær tölur, sem hér hafa verið gefnar upp, eru í árslok 1976. Hins vegar vinnur Árni nú að athugun á því, hvaða breyting hefur orðið á þessu á árinu 1977, og verður reynt að hraða því eins og föng eru til. Enn fremur er þá jafnhliða verið að vinna að hugsanlegum leiðum til úrbóta í sambandi við málin. Ég hygg að á þessu hafi orðið allmikil breyting á árinu 1977, en þó kemur það í ljós þegar þessi athugun hefur verið gerð, og á hún að vera tiltölulega auðveld eftir þeim gögnum sem þeir hafa nú í höndum þar um.

Þetta eru þær upplýsingar sem ég get gefið að þessu sinni. Ég get að sjálfsögðu ekki sagt um fjárútvegunina fyrr en heildarmálið liggur fyrir. En vafalaust tekur sinn tíma að útvega þetta fé eða leita eftir ráðum til að mæta þessu, og hygg ég að þar komi fram, eins og gert var síðast, að það var farin fleiri en ein leið til þess að bæta úr því sem þá þurfti til að greiða úr þessum málum.

Þetta vona ég að nægi hv. fyrirspyrjanda í sambandi við fsp. hans.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess, úr því að þetta mál er komið hér á dagskrá, að þakka hæstv. landbrh. fyrir það sem þegar hefur verið gert í málinu, þá vinnu sem hann hefur þegar látið fara fram. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að lýsa því, að ég er langeygður eftir því að málið komist fyllilega í höfn, því að mergurinn málsins er náttúrlega sá, að sú fjárútvegun, sem fyrir hendi stendur, takist. Það er sem sagt ljóst eftir þeim tölum, sem hæstv. ráðh. var að lesa hér upp, að ályktun Alþ. frá því í fyrravor var fyllilega tímabær.

Það er rétt að menn hafi það í huga, að þessar tölur eru miðaðar við árslok 1976. Það er að sjálfsögðu rétt að endurskoða þetta eftir útkomunni frá s. l. ári, 1977, en ég hef á tilfinningunni að það hafi dregið í sundur með þessum mönnum. Þessir 407 standa flestir verr að vígi núna heldur en þeir gerðu þá. Hins vegar hefur staða sumra annarra bænda batnað á árinu 1977.

Skuldugir bændur eiga ekki góðra kosta völ. Við vitum allir hvernig vaxtakjörum er háttað orðið í þessu þjóðfélagi og ég ætla ekki að fara að eyða þessum nauma ræðutíma mínum í að geta um þau að öðru leyti en því, að sumir þessara manna hafa orðið að bægja frá sér brýnasta vandanum með því að taka vaxtaaukalán sem nú bera 33% vexti. Guð má vita hvaða vexti þau bera næsta ár um þetta leyti, og slík lán geta bændur ekki tekið, nema þá stórríkir bændur. Það er ekki nokkur lifandi leið fyrir fátæka bændur að standa undir fjármagnskostnaði sem fenginn er á þennan hátt. Ég held, að það sígi hratt á ógæfuhlið fyrir þeim sem lakast eru settir og því hraðar sem lengur líður, og bilið á milli þeirra, sem bjargast af, og hinna breikkar stöðugt.

Ég heiti nú á hæstv. landbrh., sem ég reyndar veit að er allur af vilja gerður — og ég geri það vegna þess að ég veit að hann er allur af vilja gerður, að bjarga þessu máli, að herða nú á fjárútvegun eins og hann mögulega getur. Þeir segja hjá Byggðasjóði, að þeir séu búnir að loka búðinni. Byggðasjóður hefur reyndar alltaf verið lokaður fyrir landbúnaði í flestöllum tilfellum. Þennan vanda verður að leysa, en hann má ekki leysa með því að bjóða bændum illseljanleg eða óseljanleg skuldabréf.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagnaði að sjálfsögðu mjög þeirri till. sem fram kom hér í fyrra og fór í gegn á nánast methraða, sem sýndi það, að menn höfðu fullan skilning á því, að hér væri um mikinn vanda að ræða, þar sem það var að leysa úr lausaskuldamálum bænda. Ég vissi um örðugleika nokkurra — næstum að segja tuga manna í mínu kjördæmi, og fyrir nokkra þeirra a. m. k. held ég að það gæti skipt sköpum um það, hvort þeir halda áfram búskap eða ekki, hvort á þessu fæst lausn eða ekki nú hið bráðasta. Það er hins vegar mála sannast hvað snertir hag þeirra stofnfjársjóða, sem að landbúnaðinum standa, bæði Stofnlánadeildar og Veðdeildar, að hagur þessara deilda er mjög slæmur nú. Það er ljóst, að það verður mjög erfitt að fullnægja lánsumsóknum hjá Stofnlánadeild nú, og Veðdeildin er í raun og veru gjaldþrota með því fyrirkomulagi sem þar er í dag. Því er alveg ljóst, að það þarf að fá aukafjármagn til að leysa þessi mál og þau þarf auðvitað að fá sem fyrst.

Ég átti þátt í því að semja í n. frv. til nýrra laga um Veðdeild Búnaðarbankans. Hún kemur inn í þetta. Ég heyrði það á hæstv. ráðh. á dögunum, að hann hafði ekki verið mjög hrifinn af því frv. Ég áleit þá jafnvel að óánægja hans stafaði af því, að við hefðum ekki tekið þetta mál þarna inn í, þessa nauðsyn sem er á því að veðdeild gæti sinnt verkefni eins og þessu. En

það kom glögglega í ljós í máli hæstv. ráðh. áðan, að þarna hefur önnur n. að starfað, og ég fagna því sem sagt, að við höfum ekki í því efni misskilið okkar hlutverk í þessari ágætu n. En ég vildi taka undir heitstrengingu þá, eða það, þegar hv. þm. Páll Pétursson var að heita á hæstv. ráðh. að reyna að leysa þessi mál sem allra fyrst. Ég veit að það er ekki auðvelt, og einmitt af því að ég veit að það er ekki auðvelt að fá núna viðbótarfjármagn til landbúnaðarins, þá veit ég að það þarf að hafa hér hröð handtök. Og ég treysti á hæstv. ráðh. að sjá til þess, að þau handtök verði viðhöfð.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans við fsp. minni. Ég efa það ekki, að þeir menn, sem hann hefur falið að vinna að þeirri athugun sem felst í þeirri þál. sem hér er til umr., eru hinir hæfustu menn. Ég tel, að þeim málum sé vel komið í höndum þeirrar nefndar, og læt í ljós sérstakt traust á þeim manni sem hefur forustu fyrir þessari n., Arna Jónassyni. En ljóst er að fjarri fer því, að hæstv. ráðh. hafi verið í aðstöðu til þess að boða okkur lausn þessara mála. Og þó að ég geti í sjálfu sér tekið undir með hv. þm. Páli Péturssyni, að okkur beri að þakka honum það sem hann hefur gert, þá verð ég að segja að það vantar nokkuð á að hann hafi gert nóg. Og ég tek undir hvatningu þess hv. þm. til hæstv. ráðh. að láta nú hendur standa fram úr ermum að útvega fjármagn til þess að bæta úr þeim mikla vanda sem hér um ræðir. Ég tek einnig undir með Páli Péturssyni, að vafalaust er hæstv. ráðh. allur af vilja gerður. En í þessu efni á við hið fornkveðna, að „góð meining er enga gerir stoð". Það er ekki nóg að ráðh. sé af vilja gerður. Hann verður að hafa afl þeirra hluta sem gera skal. Og ég tek undir þau hvatningarorð, að hann fari nú að reka tryppin af meiri krafti.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í þessu sem öðru hef ég kosið að skýra frá málinu eins og það stendur, en ekki að gylla það með einhverjum hæpnum vonum. Það var nú svo á síðari hluta síðasta árs, að þá var eitt af verkefnum, sem landbrn. varð að fást við, að útvega lán vegna óþurrkanna hér á Suður- og Vesturlandi. Það varð að finna þá peninga, því að þeir lágu hvergi á lausu. Þetta tókst þó að leysa eins og þá þurfti með og jafnvel svo, að það reyndust ekki eins margar umsóknir um þessi lán og gert var ráð fyrir.

Samhliða því og þó frekar í framhaldi var unnið að þessu máli af þeim manni, sem mest hefur unnið að og besta þekkingu hefur á þessu og ég heyri að allir treysta. Og ég vil nú bæta því við, að ég tel að það megi treysta öllum þremenningunum sem vinna að þessu máli. Formaður nefndarinnar hefur tjáð mér, að það hafi orðið allverulegt breyting á þessu á milli áranna 1975 og 1976, þannig að þeim fækkaði sem eftir aðstoð óskuðu. Mat hans er það, að þeim muni fækka ekki síður á milli áranna 1976 og 1977. Kemur síðar í ljós, hvort svo reynist. En hann vinnur nú af fullum krafti að þeirri athugun, og jafnhliða er svo verið að vinna að því, hvaða leiðir eru hugsanlegar til úrlausnar þessu máli.

Það hefur áður fallið í minn hlut að reyna að leysa úr slíku. Ég er enginn töframaður að finna fjármagn, en það er nú svo, að það verður gert sem hægt er að leysa úr þessu og mér er það fullkomlega ljóst, að það verða fleiri en einn að koma þar til.

Markaðsmál landbúnaðarins, fsp. (þskj. 440). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 440 svo hljóðandi fsp. til hæstv. landbrh. um markaðsmál landbúnaðarins:

„1. Hvernig er í meginatriðum háttað áformum íslenskra söluaðila um nýtt átak í markaðsleit fyrir íslenskt dilkakjöt?

2. Hvaða réttir úr íslensku dilkakjöti voru kynntir á „grænu vikunni" í Berlín?

3. Hverjir eiga sæti í markaðsnefnd landbúnaðarins, er stofnað var til af Búnaðarþingi á s. l. ári?"

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, að landbúnaðurinn á við ýmsa örðugleika að etja, ekki hvað síst að því er varðar offramleiðslu á landbúnaðarafurðum og í því sambandi markaðsmál. Maður veit með vissu, að það er að sjálfsögðu unnið af áhuga og góðum vilja að þessum málum. En ýmislegt hefur gefið mér tilefni til að ætla, að hér sé e. t. v. ekki að öllu leyti rétt að staðið.

Ég fæ ásamt öðrum þm., geri ég ráð fyrir, Fréttabréf Sambands ísl. samvinnufélaga, og þar hef ég ítrekað rekist á skrif um markaðsmál og sölu á íslensku dilkakjöti, og ég hef furðað mig á hve einhæfar þessar fréttir hafa verið. Þar hefur aldrei verið minnst á aðrar tegundir dilkakjöts eða öðruvísi framreitt heldur en hangikjöt, léttreykt kjöt, eða „London-lamb" eins og það hefur verið kallað. Síðast í janúar, þegar boðað var nýtt átak í markaðsmálum, m. a. með þátttöku í hinni miklu matvælasýningu í Vestur-Berlín, þá kemur þar upp hangikjötið, reykta kjötið, léttreykt, eða „London lamb". Þetta gefur mér tilefni til að spyrja alveg sérstaklega með tilliti til „grænu vikunnar" góðu: Voru virkilega ekki kynntir aðrir réttir úr íslensku dilkakjöti en þetta eilífa reykta kjöt? Við Íslendingar höfum mætur á hangikjötinu okkar og öðru reyktu. En mér er nær að ætla, að margar grannþjóðir okkar, ekki hvað síst í suðurhluta Evrópu, séu ekki eins hlynntar því og við erum hér norður frá. Ég hef heyrt líka og ég vil gjarnan fá um það upplýsingar frá hæstv. ráðh., hvort það sé rétt, að íslenskt dilkakjöt, sem selt er í Færeyjum, — og mér skilst, að Færeyjar séu annað stærsta viðskiptaland okkar að því er snertir útflutning á dilkakjöti, — að í Færeyjum sé íslenska dilkakjötið selt á lægra verði heldur en færeyskt og við séum á góðri leið með að drepa niður sauðfjárbúskap Færeyinga fyrir bragðið. Þetta kemur mjög einkennilega fyrir, og ég hef ekki getað fengið staðfest hvort þetta er rétt eða rangt.

Að síðustu spyr ég í fsp. minni hverjir eigi sæti í markaðsnefnd landbúnaðarins sem stofnað var til af Búnaðarþingi á s. l. ári?

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eg býst við því að verða að taka svar mitt í einhverri annarri röð heldur en fsp. eru.

Hin fyrsta er: „Hvernig er í meginatriðum háttað áformum íslenskra söluaðila um nýtt átak í markaðsleit fyrir íslenskt dilkakjöt?“ Og þá vil ég í því sambandi lesa grg. sem formaður markaðsnefndarinnar hefur samið um störf hennar.

„Með skipun markaðsnefndar landbúnaðarins, sem tók til starfa í ágústmánuði á s. l. ári, var reynt að koma á samstarfi milli fimm stofnana og fyrirtækja um stefnumótun í markaðsmálum. Aðilar að markaðsnefnd landbúnaðarins eru þessir:

1. Framleiðsluráð landbúnaðarins. Fulltrúi þess er Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri, sem er formaður nefndarinnar.

2. Landbrn. Fulltrúi þess er Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri.

3. Stéttarsamband bænda. Fulltrúi þess er Jón Helgason alþm.

4. Búnaðarfélag Íslands. Fulltrúi þess er Sveinn Hallgrímsson sauðfjárræktarráðunautur.

5. Samband ísl. samvinnufélaga. Fulltrúi þess er Agnar Tryggvason framkvæmdastjóri.

Starfsmaður n. er Jón Ragnar Björnsson. Alls hefur n. haldið 18 fundi og rætt ýmsa þætti varðandi markaðsmál.“

Þetta er skrifað 21. mars. En n. heldur yfirleitt fundi á hverjum þriðjudegi og sá síðasti var í morgun, svo að þeir eru eitthvað fleiri.

Segja má, að viðleitni n. hafi til þessa aðallega beinst að fjórum atriðum hvað varðar sölu á dilkakjöti:

1. Aukningu á sölu dilkakjöts innanlands og hagkvæmari skiptingu einstakra hluta skrokksins. 2. Hagstæðara verði á núverandi útflutningsmörkuðum. 3. Markaðsleit með þátttöku í sýningum og á annan hátt. 4. Framleiðslu nýrra vörutegunda úr dilkakjöti með útflutning í huga.

1. Markaðsnefndin beitti sér fyrir því að gera till. til sex manna n. um breytingu verðhlutfalla milli hinna ýmsu hluta dilksskrokksins. En verðmunur var orðinn mjög óverulegur milli t. d. læra og hryggja annars vegar og framparta hins vegar og olli söluerfiðleikum á framhlutum. Við síðustu verðlagningu kom Sex-mannanefnd nokkuð til móts við till. markaðsnefndar, og mun verða haldið áfram að vinna að breytingu verðhlutfallanna fyrir næstu verðlagningu búvara.

Markaðsnefndin beitir sér nú fyrir tilraunum með að pakka niðursneidda framparta í smekklegar umbúðir og væntir þess, að þær ráðstafanir stuðli að aukinni sölu á dilkakjöti innanlands. Þegar breyting á verðhlutföllum hefur náðst að fullu opnast möguleikar til að flytja dýrari hlutana út sér, en vinna ýmsa sérrétti úr frampörtunum.

2. Formaður markaðsnefndar, Sveinn Tryggvason, ferðaðist til Noregs og Svíþjóðar á s. l. hausti og átti m. a. viðræður við landbrh. beggja landanna og aðra ráðamenn á sviði markaðsmála. Var þar m. a. rætt um þann aðstöðumun sem er á milli þarlendra og íslenskra framleiðenda dilkakjöts, sem fólginn er í miklum niðurgreiðslum á sænsku og norsku dilkakjöti. Var þessu erindi Sveins tekið með skilningi af ráðamönnum, en niðurstaða liggur ekki enn þá fyrir. Hér vil ég bæta því við, að þegar ég fór á ráðstefnu FAO á s. l. hausti átti ég viðræður við alla landbrh. Norðurlandanna einmitt um þessi markaðsmál og enn fremur aðalforstjóra FAO. Þau erindi, sem við höfum sent þeim í sambandi við þessi mál, eru til athugunar hjá hverjum í sínu heimalandi, en á þeim eru ýmis vandkvæði, eins og fram kom í erindinu hér að framan, vegna þess hvað niðurgreiðslur á kjöti þeirra eru miklar heima fyrir. Þá ferðaðist starfsmaður markaðsnefndar, Jón Ragnar Björnsson, til Danmerkur og Svíþjóðar á síðasta hausti til þess að kynna sér verðmyndun og markað fyrir dilkakjöt og pörtun og pökkun á kjöti.

3. Markaðsnefndin var með í ráðum varðandi undirbúning að þátttöku Íslendinga að „grænu vikunni“ í Berlín. Þátttakan í sýningunni var undanfari markaðsfræðslu um dilkakjöt í Vestur-Berlín, en ástæða þykir til að kanna sölumöguleika þar, því að Vestur-Berlín er talin álitlegur markaður fyrir dilkakjöt. Frekari kynningar munu verða á kjötinu á ákveðnum hótelum og sérverslunum í Vestur-Berlín nú í vor, og munu þær að líkindum hefjast í þessum mánuði. Þess má geta, að á „grænu vikunni“ var notað vörumerkið DILK yfir dilkkjötsrétti sem á boðstólum voru, en ætlunin er að nota það orð fyrir íslenska dilkakjötið á erlendum mörkuðum. Þetta er íslenskt orð sem lætur vel í eyrum og er auðvelt að tengja öðrum orðum á ýmsum tungumálum.

Í annan stað hefur markaðsnefndin unnið allmikið að því að koma dilkakjöti til neyslu hjá bandarískra varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Það mál er enn á umræðustigi. Markaðsnefndin hefur óskað þess við Íslenskan markað á Keflavíkurflugvelli, að gerðar verði tilraunir í sumar með að kynna íslenskar búvörur í fríhöfninni, m. a. með því að gefa flugfarþegum kost á að bragða á íslenskum réttum og sérmeti, þar með talið reykt kjöt. Ætlunin er að reyna að gera markaðskannanir um leið. Um flugvöllinn fara hundruð þúsunda farþega á ári af fjölmörgum þjóðernum og því kjörið tækifæri að færa sér í nyt þá aðstöðu sem við höfum hér hjá okkur og gæti sparað verulegar fjárhæðir til markaðskannana. Undir þennan lið heyra annars vegar pörtun og pökkun og hins vegar framleiðsla sérmetis.

4. Markaðsnefndin hefur unnið nokkuð að undirbúningi á pörtun og pökkun dilkakjöts í neytendaumbúðir. Þessu starfi er hvergi nærri lokið, en unnið verður áfram að frágangi málsins. Flestir, sem til þekkja, telja að í framtíðinni muni útflutningur dilkakjöts byggjast á pökkun á kjöti allt frá pörtuðum stykkjum til fullgerðra sérrétta sem tilbúnir eru á borð neytenda. Flutningskostnaður er verulegt atriði í þessu sambandi, því að telja má að unnt sé að spara allt að helmingi rýmis sé kjötið flutt út partað og pakkað í stað heilla skrokka.

Markaðsnefndin hefur leitað til ýmissa aðila í kjötvinnslu og matargerð til þess að huga að framleiðslu sérmetis, sem orðið gæti útflutningsvara. Of snemmt er að segja nokkuð um þetta atriði, en nokkrar athyglisverðar hugmyndir hafa komið fram sem verið er að kanna.

Auk þeirra verkefna, sem hér eru talin, hefur markaðsnefnd unnið að framgangi ýmissa annarra mála, t. d. möguleika til heyflutnings o. fl.

Með þessu er ég búinn að svara 3. lið fsp. 2. liður er eftir. Það er matseðillinn frá „grænu vikunni" í Berlín sem ég get látið hv. þm. í té á þýskunni þegar ég fer héðan úr ræðustólnum, en því miður er ekki hægt að bjóða hv. þm. í matinn, því að hann er þegar uppétinn. En á íslensku er matseðilinn þessi: Kavíar, reyktur lax, hangið læri, hanginn hryggur, London lamb, lambahryggur, lambakótelettur, lambageiri, lambalæri, lambasmásteik með sveppum og ostar. Þetta voru 11 réttir, sem þarna voru fram boðnir, og tóku neytendur þessum réttum mjög vel.

Ég vil svo, áður en ég lýk máli mínu, segja það, að það hafa verið miklar umr. um sölu á landbúnaðarvörum, sérstaklega á þessu og jafnvel síðasta ári. Á árunum frá 1971—1973 og reyndar áður þurfti aldrei að fullu á að halda því 10% framlagi til útflutningsuppbóta sem lög mæltu fyrir um. Hins vegar hefur það verið svo síðan 1974. Þá stóð þetta í járnum og reyndar hefur það gert það einnig árin 1975, 1976 og 1977. En um árið 1975 er það að segja, að þá náðist ekki fullt grundvallarverð, en hin árin öll hefur það náðst. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að framleiðslan á s. l. ári, vegna þess hvað tíðarfar var þá hagstætt og hvað landbúnaður er orðinn vel vélvæddur, verði meiri en hægt sé að neyta hér innanlands og selja innan þessara marka.

Hins vegar er rétt að benda á það, að frá árinu 1971 hefur orðið sú verðbreyting á milli landbúnaðarvara og sjávarútvegsvara, að 1971 var verðið á fiskblokkinni í Bandaríkjunum 21 cent, en nú er það komið í einn dollar og yfir 20 cent. Á þessum fáu árum hefur þessi breyting orðið svo gífurleg sem raun ber vitni um. Samt er það svo, að þeir, sem selja á þennan markað, telja sig ekki ofhaldna. Hins vegar hefur það verið þannig með landbúnaðinn, að vegna þess að verðbólgan í okkar landi hefur verið svo mikil sem vitað er, og svo hins, að Norðmenn hafa tekið upp niðurgreiðslur á sínum vörum á heimamarkaði, hefur besti markaðurinn, sem var í Noregi og er enn þá, breyst okkur í óhag. Þetta hefur gert það að verkum, að við gátum áður selt þar fyrir 70—80% af framleiðsluverði hér heima, en nú erum við öðru hvorum megin við 50%. Þetta sýnir þá miklu breytingu sem hefur orðið í óhag fyrir landbúnaðarvörurnar. Hins vegar hefur gærumarkaðurinn verið sæmilegur á síðustu árum, sérstaklega vegna þess að vinnsla á gærum hér heima fyrir hefur farið vaxandi, og sama er að segja um ullarmarkaðinn. Þó er það svo, að okkar verðbólga segir þar til sín eins og á öðrum sviðum þar sem útflutningur á sér stað.

Mér er það fullkomlega ljóst, að nauðsynlegt er og að því er unnið að skipuleggja betur landbúnaðarframleiðsluna en áður hefur verið gert. M. a. tók Búnaðarþing undir það sem fram kom í ræðu bæði formanns Búnaðarfélagsins og landbrh. við setningu Búnaðarþings 1977, sem var ábending um markaðsnefndina, sem stofnuð hefur verið, og um heildarskipulagningu þessara mála með þeim hætti að óska eftir að skipuð yrði n. til að fjalla um þessi mál í heild. Hún verður skipuð fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda og einum úr landbrn. Það er nú þegar búið að óska eftir tilnefningu í þessa n., og þar verður unnið að þessum málum á breiðum grundvelli.

Ég vil þessu til viðbótar — og vona að hæstv. forseti fyrirgefi mér það, þó að ég fari aðeins út fyrir þær spurningar sem hér liggja fyrir — geta þess, að n. sú, sem starfað hefur nú ein 2—3 ár að því að endurskoða framleiðsluráðslögin, — en störf hennar féllu niður vegna málaferla sem af hálfu Alþýðusambands Íslands voru höfðuð á hendur Stéttarsambandi bænda, — hún tók aftur upp störf í haust og nú er unnið af verulegum krafti að því að endurskoða framleiðsluráðslögin í heild. Ég geri mér vonir um það, að næsta haust liggi fyrir frv. um breytingar á þeirri löggjöf og þeim þáttum öðrum sem ég hef hér nefnt, því að í ályktun Búnaðarþings er gert ráð fyrir að hægt verði að skila áliti þessarar n. um mitt sumar. Ég held því að segja megi, að unnið sé að landbúnaðarmálum á víðtækan hátt nú og e. t. v. víðtækari en nokkru sinni fyrr.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt aths. Mér heyrðist það, þegar ég hlustaði á hæstv. ráðh. áðan, að hann hefði það á orði, að verðábyrgð á útfluttar landbúnaðarafurðir hefði ekki náð hámarki, þ. e. a. s. 10% af samanlögðu heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu hvers verðlagsárs, nema mjög sjaldan frá 1970—1971. Mig minnir að það hafi verið eitthvað á þá leið sem hæstv. ráðh. talaði hér áðan.

Ég vil aðeins láta það koma fram í þessu sambandi, að á þskj. 117 er frv. til l. um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., en flm. þessa frv. eru ég og hv. þm. Benedikt Gröndal. Á bls. 6 í þessu þskj. koma fram einmitt um þetta upplýsingar sem unnar eru af starfsmanni í Hagstofu Íslands. Þessar upplýsingar stangast talsvert á við þær upplýsingar sem mér heyrðist að hæstv. ráðh. gæfi hér áðan. Þær ná frá verðlagsárinu 1963—1964 til verðlagsársins 1976—1977, en þó er um bráðabirgðatölur að ræða á verðlagsárunum 1975—1977. Aðeins til upplýsinga vil ég geta þess, að verðlagsárið 1963—1964 var greidd verðábyrgð 100%, verðlagsárið 1964—1965 nam greidd verðábyrgð 96% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsárið 1965—1966 100% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsárið 1966—1967 100% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsárið 1967—1968 100% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsárið 1968—1969 100% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsárið 1969—1970 100% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsár 1970—1971 99% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsár 1971—1972 7.9% af leyfilegri ábyrgð, verðlagsár 1972—1973 7% af leyfi-

legri ábyrgð, verðlagsárið 1973—1974 nam verðábyrgðin 100% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsár 1974—1975 86% af leyfilegri verðábyrgð, verðlagsár 1975—1976 90% af leyfilegri verðábyrgð og verðlagsárið 1976—1977 100% af leyfilegri verðábyrgð.

Á þessu árabili, frá verðlagsárinu 1963—1964 til verðlagsárs 1976—1977 hafa greiddar útflutningsuppbætur numið leyfilegri hámarksupphæð, 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar, alls átta sinnum.

Þetta vildi ég, herra forseti, að fram kæmi í þessum umr.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Vegna þeirra ummæla hæstv. landbrh. sem hér hafa komið fram um verðþróun á fiski annars vegar í Bandaríkjunum og á landbúnaðarvörum hins vegar, sem hefur, eins og fram kom, verið mjög ólík, langar mig að láta þess getið hér, að á s. l. hausti fékk ég upplýsingar sem a. m. k. voru taldar ábyggilegar um heimsmarkaðsverð á gærum. Nú verður það að viðurkennast, að slíkir hlutir eru dálítið misjafnir og ekki öruggt að það sé eins túlkað hjá öllum, en þetta voru samt nokkuð markverðar upplýsingar einmitt í ljósi þess, sem þó kom fram hjá hæstv. landbrh., að verðlag á gærum hefur verið tiltölulega hagkvæmt. En samkv. þessum upplýsingum hafði verð á gærum í dollurum talið lækkað úr 8 dollurum og milli 30 og 40 centa árið 1973 í 7 dollara og 40—50 cent árið 1977. Sem sagt, á sama tíma og fiskblokkin hækkar úr 20 centum, að vísu er það aðeins lengri tími, 20 centum í 120 cent eða sexfaldast, þá lækkar verð í dollurum talið á vöru eins og gærum, sem þó er tiltölulega eftirsótt landbúnaðarvara.

Mér finnst dæmi eins og þetta sýna okkur ákaflega glögglega í hverjum vanda við erum stödd með landúnaðarvörurnar. Og það sýnir okkur líka, að það er ekki síður nauðsyn á því hér en víða annars staðar, — og ég veit að það er víða framkvæmt annars staðar, — að þeir atvinnuvegir, sem af einhverjum ástæðum eiga lengri eða skemmri tíma í söluörðugleikum, njóta styrks frá þeim atvinnuvegum sem gefa mikið í aðra hönd í sölu. Og það hefur vissulega gerst á þessu árabili, að sjávarafurðir hafa hækkað gífurlega, þó að landbúnaðarvörur hafi ýmist staðið í stað, hækkað lítið eða jafnvel lækkað.

Að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér í þessar umr. Ég vil þó gjarnan þakka landbrh. fyrir þá skýrslu sem hann las hér um störf markaðsnefndar. Ég er þeirrar skoðunar, að við þurfum að vera mjög vakandi í sambandi við öll markaðsmál. Við erum fáir og ekki auðugir og eigum örðugt með að koma vörum okkar á þrönga erlenda markaði af ýmsum ástæðum. Þess vegna þurfum við að leggja mikið á okkur til þess að halda okkar hlut. Okkur hefur gengið mjög vel með framleiðsluvörur sjávarútvegsins yfirleitt, þó að þar sé að vísu misjafnlega auðvelt um vik. En það er eðlilegt að erfiðlega gangi fyrir okkur að selja landbúnaðarvörur á erlendum mörkuðum, m. a. vegna þess, að þessir markaðir eru meira og minna yfirfullir, og ekki síður vegna hins, að þau lönd, sem við skiptum við um landbúnaðarvörur, vernda eigin markaði með stórum fjárframlögum, þannig að tæpast er um það að ræða að hægt sé að tala um nokkurt eðlilegt markaðsverð á þessum vörum okkar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil fagna því, að þessi mál hefur borið hér á góma, svo mikilvæg sem þau eru, ekki aðeins fyrir bændurna í landinu, heldur fyrir þjóðina í heild.

Mér þótti athyglisvert að heyra hvað var verið að leitast við að gera til þess að vinna nýja markaði fyrir okkar framleiðsluvöru. Það er allt of skammt á veg komið til þess að hægt sé að dæma um árangur þess. Hæstv. landbrh. sagði að ýmislegt væri í athugun að gera til þess að styðja að sölumálum landbúnaðarvaranna. Hann gat þess, að í deiglunni væru framleiðsluráðslögin og endurskoðun á þeim. Ég sakna þess, að hann minntist ekki á einn þátt þessara mála, sem ég tel þó að mundi hafa mjög mikla þýðingu ekki aðeins fyrir markaðinn erlendis, heldur einnig fyrir markaðinn innanlands. Ég veit ekki betur en þær matsreglur, sem hafðar eru og eru í gildi um kindakjöt og dilkakjöt, séu gamlar, og þær er vissulega að ýmsu leyti úreltar miðað við þær kröfur og þær óskir sem neytendur hafa um þessar vörur. Og ég er ekkert í vafa um það, ef við gætum byggt upp að nýju matsreglur sem lægju nær óskum neytendanna heldur en þær gera nú, að þá væri hægt að leiðrétta töluvert í framleiðslunni, og ég þekki bændur það vel, að þeir mundu leitast við að koma til móts við þær óskir, svo framarlega sem verðlagsákvarðanirnar vinna ekki á móti því sem þarna þarf að gera.

Það er okkur öllum ljóst, að sala á erlendum mörkuðum er eins og sakir standa mjög mikilvæg. En það, sem verður þó aðalatriðið fyrir okkur og á að vera aðalatriðið, er að salan innanlands sé sem greiðust og varan sé sem líkust því sem neytendurnir óska að hafa hana. Ég segi þetta fyrir þá sök, að ég vil leggja á það áherslu, að ég held að það sé brýn nauðsyn að endurskoða matsreglurnar. Ég veit ekki betur en það hafi verið unnið eitthvað í því máli, en á hvaða stigi það er veit ég ekki, en vildi leggja á það áherslu við hæstv. ráðh., að hann leitaðist við að kippa þeim málum í lag.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans og greinargóða skýrslu um störf markaðsnefndar. Hann gaf mér líka mjög glæsilegan matseðil frá Vestur-Berlín og harmaði að þetta væri allt búið og hann gæti ekki boðið mér það. En hann þarf engar áhyggjur að hafa, það er nóg af óseldu dilkakjöti hér heima fyrir okkur sem hér búum.

Ég verð að telja það gleðilegt líka, að okkur hefur tekist að auðga þýska tungu með okkar ágæta íslenska orði dilk. Það er sannarlega sómi að því.

En mig vantaði inn í svör hæstv. ráðh. svar við spurningu minni um það, hvort það væri rétt

að íslenskt dilkakjöt í Færeyjum væri selt á lægra verði en færeyskt dilkakjöt. Þetta er atriði sem mann hefur furðað mjög á og mér hefur ekki, eins og ég sagði, tekist að fá viðhlítandi svör við, hvort er rétt eða rangt.

Það kemur fram á þessum matseðli, að hér hafa þeir ekki einskorðað sig við reyktu réttina. En hvergi nokkurs staðar í umr. um þessi markaðsmál og kynningu á íslensku dilkakjöti hef ég fyrr en á þessum matseðli séð né heyrt að um annað hafi verið rætt. Og ég vil benda á að í ágætri grein eða útdrætti úr ræðu eftir Svein Tryggvason, formann markaðsnefndar, sem birtist í Tímanum ekki alls fyrir löngu, er talað um hugmyndir um sérrétti og smekklegar neytendapakkningar. En það er auðvitað enn sem fyrr ekki annað en reykt kjöt sem þar er minnst á. Talað er um að æskilegt væri að útbúa einhvern sérrétt, líklega helst reykt kjöt, úr frampörtum. Það er reykta kjötið sem gengur alls staðar í gegn. Það er ekki minnst á nýja dilkakjötið, sem alls staðar þykir herramannsmatur, og ég hef heyrt fólk hér heima á Íslandi, sem tekur við gestum frá útlöndum, Skandinavíu og öðrum Evrópulöndum, segja að íslenska kjötið, eins og við matreiðum það gjarnan, t. d. í kótelettum, ofnsteiktum hrygg eða lærum, þyki hið mesta hnossgæti. Þetta hefur maður hvergi heyrt nefnt á nafn í umræðum um markaðsleit og kynningu á íslenska lambakjötinu. Það er náttúrlega ekki alveg nóg að leita markaðarins, heldur verðum við með skipulegum hætti að kenna erlendum þjóðum að matreiða kjötið. Og því hef ég talið sjálfsagt, að við hefðum sent út af örkinni t. d. húsmæðrakennara eða matreiðslumann sem virkilega kann að framreiða íslenska dilkakjötið svo að gómsætt sé, en einskorða okkur í öllum bænum ekki við gömlu reykhúsin og reykta kjötið.

En þá er ég komin að síðasta lið fsp. minnar, um skipun markaðsnefndar. Fimm mætir menn eiga þar sæti: frá landbrn., frá Framleiðsluráði, frá Stéttarsambandi, frá Búnaðarfélagi Íslands og frá Sambandi ísl. samvinnufélaga. Ég verð nú að segja það, að fyrir lítið höfum við íslenskar konur sýslað í búri og eldhúsi frá upphafi alda, að við skulum ekki nú á ofanverðri 20. öldinni vera virtar viðlits þegar mál eins og þetta kemur upp á teninginn. Og ég lýsi furðu minni yfir því, að þessum ágætu mönnum, sem ég veit að gengur allt hið besta til, skyldi ekki hugkvæmast að kalla til ráðuneytis og samvinnu um þetta einhverja af okkar ágætu konum. Mér dettur í hug t. d. Vigdís Jónsdóttir skólastjóri húsmæðrakennaraskólans, sem hefur margar og merkar hugmyndir um matreiðslu og manneldi. Það hefði ekki verið nein skömm að henni í þessari n., og ég held að hún hefði haft fullt eins mikið til málanna að leggja þarna eins og þessir 5 karlmenn, að þeim ólöstuðum. En þetta er gömul og ný fyrirmunun að ganga fram hjá konum, jafnvel þegar um er að ræða mál sem þær varða töluvert meira en karla. Ég get í því efni minnt á að þegar sett var n. til þess að undirbúa löggjöf um fósureyðingar var ekki ein einasta kona í þeirri n., fyrr en það var heimtað eftir á að því yrði breytt. Þegar á sinni tíð var undirbúin löggjöf um húsmæðraskóla var engin kona til kvödd í þá n. Ég hélt að við værum nú orðnir dálítið upp í tíðina að þessu leyti og gleymdum ekki að það væru til konur sem hafa vit á hlutunum til jafns við karlmenn og ekki þá hvað síst þar sem um matreiðslu og manneldi er að ræða.

Ég læt útrætt um þetta og þakka fyrir svörin. En ég vildi gjarnan fá upplýsingar og svör við spurningu minni um það, hvort það sé rétt, að íslenskt dilkakjöt í Færeyjum sé selt ódýrar en færeyskt og færeyskur landbúnaður og sauðfjárbúskapur eigi í vök að verjast af þeim sökum.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Mér finnst mjög ánægjulegt að umr. skuli fara fram um nauðsyn þess að auka kaup erlendis frá á íslenskum landbúnaðarafurðum, ekki síst þegar við horfumst í augu við þann vanda, að við þurfum nú að losa okkur við til útlanda um 40—50% af dilkakjötsframleiðslunni eins og hún hefur verið á ári. Það er sjálfsagt að leita allra ráða til þess að auka kaup útlendinga á þessari afurð okkar, en þó fyrst og fremst til að auka það verð sem við fáum fyrir þetta útflutta magn, einfaldlega vegna þess að við rísum ekki til lengdar undir því að greiða mjög háan mismun á því verði, sem fæst fyrir þessar afurðir erlendis, og því verði, sem þarf að fást fyrir þær til þess að framleiðendur geti við unað.

Það er líka mjög ánægjulegt, að leitað er til ýmissa forustumanna þjóðarinnar, þeirra sem líklegastir eru taldir til þess að geta aukið hag okkar í þessum málum á erlendum vettvangi, og mér til mikillar ánægju las ég í Morgunblaðinu þriðjudaginn 4. apríl, þ. e. a. s. í dag, frétt þess efnis, að þýsk-íslensku félögin í Köln og Hamborg hefðu snúið sér til viðkunns Íslendings með beiðni um það, að hann tæki að sér að flytja erindi til stuðnings við íslenska útflutningsframleiðslu á sviði landbúnaðar úti í Þýskalandi. Hann varð að sjálfsögðu við þessari beiðni þýsk-íslensku félaganna og sjálfsagt til mikils framdráttar og ánægju fyrir samtök framleiðenda í landbúnaði hér á Íslandi. Þessi maður er fyrrv. formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, og er gott til þess að vita, að valinkunnir menn skuli vera valdir til þess að vera áróðursmenn fyrir íslenskan landbúnað á erlendum vettvangi. Sýnir þetta þá alla vega það, að allir erum við Íslendingar af vilja gerðir til þess að gera gott úr málefnum landbúnaðarins.

En það er eitt, herra forseti, sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á í því sambandi. Það er líka í Morgunblaðinu þriðjudaginn 4. apríl 1978. Þar er skýrt frá því í frétt á 5. síðu, að verið sé að reisa fuglasláturhús í Mosfellssveit til að geta slátrað 500 fuglum á klukkustund. Þetta mun við fljótan hugarreikning þýða 20 þúsund fuglar á einni viku. Ég er ansi hræddur um að þarna sé verið að byggja fuglasláturhús fyrir miklu stærri þjóð heldur en Íslendinga, ef á að taka trúanlegt að það eigi að reisa sláturhús fyrir fugla á einu horni landsins sem með eðlilegum afköstum ætti að slátra 20 þúsund fuglum á viku. Ég leyfi mér að spyrja í þessu tilviki, — ég efast um að hæstv. landbrh. viti um það, — hvort þarna eigi að fara að stofna

til útflutningsiðnaðar sem við höfum ekki kynnst í þessari atvinnugrein áður.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 8. landsk. þm. sagði hér áðan í sambandi við það sem ég sagði um útflutningsuppbæturnar, þá mun ég hafa talað það lágt að hann heyrði ekki, að ég miðaði við árin frá 1970, en fór ekkert inn á áratuginn frá 1960—1970. En það er rétt hjá honum, að megnið af þeim árum var farið upp í hámark. Ég mundi eftir því, að á árunum 1971—1974 rak þetta sig ekki upp undir fyrr en það náði því ári, 1974. Ég var hins vegar aðeins hærri með árin 1975 og 1976 heldur en raun ber vitni um, svo að okkur ber ekkert á milli, nema ég fór ekkert inn í eldra sviðið, því að ég hafði ekkert í höndunum þar um.

Það er gaman að heyra að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sé kominn til Þýskalands til þess að tala um landbúnaðarmál. Segja má um það eins og konan sagði, þegar hún kom inn í verslun og bað um tvö pund af púðursykri. Búðarmaðurinn sagði: „Kíló er það nú kallað.“ Þá sagði gamla konan: „Alltaf heyrir maður nú eitthvað nýtt. Er það ekki lengur kallaður púðursykur.“ Mér datt þetta í hug um ferðalag hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég efast ekki um að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason mun vinna þjóð sinni gagn þar ytra, jafnvel í landbúnaðarmálum, þó ég teldi annað hæfa honum betur og annar væri betur til þess fallinn að kynna landbúnað.

Í öðru lagi vil ég svo segja það, vegna þess að það féll niður hjá mér áðan, út af kjötinu í Færeyjum, að Færeyingar telja ekki íslenska kjötið hæft til þess að gera úr því „skerpikjöt“, en það er sú kjöttegund sem þeir meta mest. Þess vegna er hærra verð á þeirra kjöti sem til þeirrar neyslu gengur, heldur en á kjötinu frá okkur. Þetta er skýringin á því.

Út af því, sem hv. 6. þm. Suðurl. sagði hér áðan um reglugerðina, þá vil ég geta þess, að hún er komin út. Það var sett ný reglugerð í des. s. l., en hún tók ekki gildi og var ekki notuð við slátrun á s. l. hausti, og þess vegna hefur þetta farið fram hjá hv. þm. Hún tók gildi 1. jan. s. l. Það hefur í raun og veru ekki reynt á hana nema þá bara vegna stórgripakjöts. En hún verður til framkvæmdar í sambandi við slátrunina á næsta hausti. Hins vegar vil ég geta þess og vona að það verði lagað, að til þess að koma þessu máli fram hefði þurft að breyta löggjöfinni á þann veg, að fjármagn hefði þurft að aukast til þess. Ég vil biðja hv. 6. þm. Suðurl. að muna það síðar.

Ég get ekki farið út í að afsaka það að konur skuli vera í þessari markaðsnefnd. Ég er hv. 9. landsk. þm. alveg sammála um það, að þær eru þess verðugar að eiga sæti í þeirri n. En þessi n. er skipuð af fulltrúum samtaka að einum undanskildum, ráðuneytisstjóranum, og þeir eru starfsmenn eða stjórnarnefndarmenn í þeim fyrirtækjum sem átti að tilnefna í þessa n., og af þeirri ástæðu mun þetta hafa orðið svona. En hitt er jafnrétt, að nauðsyn ber til að huga að þessu.

Ég vil svo að lokum segja það, að það kom fram hjá konsúl okkar í Berlín, að hann er allur af vilja gerður til þess að leggja sig fram um að kynna þessi mál í Berlín. Okkar sýningu þar var afskaplega vel tekið. Það var geysilega mikið af fólki, sem kom á sýninguna, og hennar var getið í öllum stærstu blöðum borgarinnar og sjónvarpi og útvarpi. Og það er þegar búið að tryggja stærstu og bestu hótelin og stærsta kjötmarkaðinn í Berlín, sem ég hygg að sé kjötmarkaður á heimsmælikvarða, til þess að taka inn í sína sölustarfsemi íslenska kjötið. Og það var gert ráð fyrir að hefja þessa starfsemi nú í apríl.

Fleira sé ég ekki ástæðu til að taka fram.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég var því miður ekki viðstaddur þegar þessar umr. byrjuðu, en vildi segja hér örfá orð, þar sem ég lenti í þeirri markaðsnefnd sem hér hefur orðið nokkuð til umr. Ég veit ekki hvort ég á að biðja hv. 9. landsk. þm. afsökunar á því að vera í þeirri n., þar sem ég er karlmaður, en ekki kvenmaður. En ég tel að ég eigi ekki sök á því, þá það, að ég hafi ekki afneitað því að taka sæti í n. En ég held að það skipti ekki öllu máli. Hins vegar vil ég skýra frá því, að n. hefur kallað á sinn fund m. a. húsmæðrakennara til þess að leita ráða hjá, svo að það hefur ekki að öllu leyti verið gengið fram hjá kvenfólkinu.

Þessi markaðsmál eru vitanlega mjög yfirgripsmikil og væri hægt að segja um þau miklu meira en hér er hægt á tveimur mínútum. En ég vil aðeins benda á erfiðleikana í þessu sambandi, og það eru hinar miklu sveiflur sem eru á útflutningi landbúnaðarvara. Við getum tekið sem dæmi, að fyrir 2—3 árum var svo til ekkert flutt út af mjólkurvörum. Þá var alveg hætt að flytja út osta, sem höfðu verið fluttir út um nokkurt skeið og voru búnir að vinna sér markað í Bandaríkjunum. En svo þegar útflutningurinn stöðvaðist misstum við, má segja, fótfestu á þessum markaði, og það var mjög erfitt að vinna hann upp aftur þegar við þurftum aftur á útflutningnum að halda. Þetta á við um fleiri afurðir.

Það er vitanlega sjálfsagt að reyna að leita nýrra markaða og það hefur verið gert á ýmsan hátt. Það er verið að bróa ýmsar vörutegundir í neytendapakkningum og reyna að leita að vörum sem gætu gengið til sölu á erlendum markaði. Það hefur verið minnst hér á reykt kjöt, og ég vil aðeins geta þess sem dæmis um þá annmarka sem eru á þessu, að það mun vera mjög erfitt að fá útflutningsleyfi, a. m. k. til sumra landa, á okkar reykta kjöti, vegna þeirrar framleiðsluaðferðar sem notuð er hér, þ. e. a. s. vegna þess efnis sem við erum vön að nota við reykinguna. Líklega er útilokað að fá útflutnings- eða innflutningsleyfi í mörgum löndum fyrir þessa vöru vegna þess. En þó er verið að reyna að sjóða reykt kjöt niður, því að það er vandi að geyma reykt kjöt án þess að það skemmist.

Eins og hér hefur komið skýrt fram, þá er það fyrst og fremst, að við þurfum að fá sem hæst verð fyrir okkar framleiðslu. Það er stóra atriðið fyrir okkur. Og þá þurfum við að nota þá markaði sem eru hagkvæmastir. Nú um nokkurra ára skeið hefur norski markaðurinn verið langhagkvæmastur, en þar hefur magnið verið nokkuð takmarkað, og á s. l. hausti var búist við að þarna yrði um verulega lækkun að ræða. Þá var

farið að þreifa meira fyrir sér á öðrum mörkuðum. Nú þegar liðið er á sölutímabilið á framleiðslu síðasta hausts og búið að selja töluvert magn af kjöti til annarra landa, þá kemur í ljós að Norðmennirnir munu taka við eitthvað meiru á hærra verði. Það er vafalaust til nóg kjöt til að uppfylla þetta, en það sýnir bara að þarna er vandamál við að eiga, að við megum vara okkur á því að þrýsta of mikið inn á markaði, sem ekki gefa hæsta verðið til þess að spila ekki af okkur. Sem sagt, það væri mjög annað viðhorf ef við gætum selt allt okkar dilkakjöt til Noregs. Það skilaði töluvert betra verði. En það er erfitt þegar ekki er vitað fyrir fram hve miklu þeir taka á móti. Og magnið, sem afgangs er núna, er svo lítið að það skapar líka erfiðleika að vinna stöðugan markað fyrir svo lítið magn í öðrum löndum.

Sameinað þing, 62. fundur.

Þriðjudaginn 4. apríl, að loknum 61. fundi.

Uppsögn fiskveiðiheimilda Færeyinga innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 466). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hafnaáætlun 1977—1980, þáltill. (þskj. 67). — Fyrri umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á s. l. hausti, þegar fjárlög voru til meðferðar á hv. Alþ., var lögð fram till. til þál. um hafnaáætlun fyrir árin 1977—1980. Ekki tókst að koma þessu máli af fyrir áramótin, og ýmsar breytingar áttu sér einnig stað í sambandi við hafnaáætlunina sem gerðu það að verkum, að rétt þótti að geyma það að tala fyrir henni þangað til á framhaldsþingi. Hefur það dregist til þessa, en nú mun ég gera það. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar samkv. 10. gr. hafnalaga, nr. 45 24. apríl 1973, að árin 1977—1980 skuli stefnt að því að verja til almennra hafnarframkvæmda úr ríkissjóði fjárhæðum, sem svara til ríkishluta framkvæmda þeirra, sem lýst er í áætlun Hafnamálastofnunar ríkisins um hafnarframkvæmdir á áðurgreindu tímabili og útbýtt er jafnframt þáltill. þessari."

Það var gert þá. Þáltill. þessi er því flutt samkv. því sem vitnað er til í þessum lögum, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögu að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. — Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra. — Áður. — Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar tillögur sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnastjórninni nánar tiltekinn frest til þess að koma með aths. og brtt. — Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga til umsagnar." — Þetta hefur og verið gert að sjálfsögðu. — „Hafnagerðaáætlun skal miðuð við það fjármagn, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda. — Hafnargerðaráætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir Sþ. sem þáltill. — Áætlunin öðlast gildi, þegar Alþ. hefur samþykkt hana. — Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi. — Ráðh. skal leggja árlega fyrir Alþ. skýrslu um framkvæmdaáætlun, áður en fjárveitingar eru ákveðnar."

Þetta er í annað skipti, sem þáltill. um hafnarframkvæmdir er lögð fyrir Alþ., en fyrri till. var lögð fram vorið 1975. Af ýmsum ástæðum, sem ekki skulu raktar hér nánar, varð þá samkomulag um það á Alþ., að till. skyldi ekki afgreidd formlega.

Áður en núgildandi hafnalög tóku gildi voru í eldri lögum ákvæði um gerð fjögurra ára áætlunar um hafnargerðir, en þau voru miklu óákveðnari og óljósari en nú, m. a. ekki gert ráð fyrir að áætlunin væri samþykkt sem þáltill. Alþ. Stefnt er að því með gildandi lögum að taka upp svipað áætlunarform og í vegagerð, sem reynst hefur mjög vel þar. Með því að fjalla sérstaklega um hafnaáætlunina á Alþ. og afgreiða hana sem þáltill. væri henni fengið fastara og ábyrgara form og hún markaði þannig þeim aðilum, sem að hafnarframkvæmdum vinna víðs vegar um landið, ákveðnari línu til að starfa eftir en ella.

Sú áætlun, sem hér liggur til grundvallar og útbýtt hefur verið, er að stofni til gerð haustið 1976, og allur framkvæmdakostnaður í skýrslunni er miðaður við árslok 1976. Áætlunin var notuð til viðmiðunar við skiptingu fjárlagafjár til einstakra hafna árið 1977 og fyrir yfirstandandi ár einnig. Jafnframt hefur hún verið kynnt fjvn. og þm. einstakra kjördæma.

Samkv. áætluninni er á þessu fjögurra ára tímabili gert ráð fyrir framkvæmdum við samtals 64 hafnir hringinn í kringum landið. Eru þar með taldar allar stærri hafnir sem falla undir hugtakið almennar hafnir og þar með lög nr. 45/1973, svo og fjöldi smáhafna sem falla undir sömu lög, en þessar hafnir njóta sérstaks ríkisframlags sem yfirleitt nemur 75% af framkvæmdakostnaði. Áætlunin nær hins vegar ekki til framkvæmda við landshafnirnar þrjár: Keflavík—Njarðvík, Rif og Þorlákshöfn. Hún nær ekki heldur til ferjuhafna, en framkvæmdakostnaður við landshafnir og ferjuhafnir er greiddur að fullu af ríkissjóði. Einnig er Reykjavíkurhöfn utan við áætlunina, en hún kostar sjálf allar sínar framkvæmdir. Loks nær áætlunin ekki til framkvæmda við höfn á Grundartanga. Þótt sú hafnargerð falli undir hafnalögin að öllu leyti, er hún nokkuð sérstaks eðlis og verður um sérstaka fjáröflun til hennar að ræða, bæði ríkis og heimahluta.

Heildarframkvæmdakostnaður á tímabilinu er áætlaður tæplega 5.5 milljarðar kr. Er sú tala, eins og áður segir, miðuð við verðlag árið 1976.

Þessar framkvæmdir skiptast þannig, að framkvæmdir við eina höfn eru á öllu áætlunartímabilinu yfir 400 millj. kr. Við fimm hafnir eru framkvæmdir á bilinu 200—300 millj. kr. við hverja höfn. Samtals er ríkishlutinn áætlaður 1170 millj. kr. Fer þannig tæplega þriðjungur framkvæmdafjárins í heild til þessara hafna. Framkvæmdir við 15 hafnir eru svo á bilinu 100—200 millj. kr., samtals rúmlega 2 milljarðar. Framkvæmdir við 19 hafnir eru á bilinu 50—100 millj., samtals 1340 millj. kr. Loks eru smáhafnarframkvæmdir, allt frá 4 millj. í 50 millj., við 24 hafnir samtals eða 541 millj. kr.

Ljóst er að ekki hefur verið unnt að sinna öllum óskum í þessari fjögurra ára áætlun miðað við heildarfjármagn sem hægt er að verja til hafnarframkvæmda. Hlýtur raunar svo að vera, þar sem uppbygging og endurnýjun fiskiskipaflota landsmanna hefur verið jafnhröð og raun ber vitni um undanfarin ár hér á landi. Blasa því enn við brýn verkefni í hafnargerð víðs vegar um landið. Otrúlega mikið hefur þó áunnist á síðustu árum þrátt fyrir takmarkað fjármagn. Þannig skorti mikið á, að sæmileg hafnaraðstaða væri fyrir hendi til viðlegu og afgreiðslu skuttogaranna á mörgum þeim stöðum sem þeir voru gerðir út frá. Hafnir landsins voru engan veginn viðbúnar að taka við þessum nýju skipum, enda voru þær fyrst og fremst byggðar fyrir smábátaútgerð, þó þær hafi jafnframt þjónað strandflutningum. Á þessu hefur orðið mikil breyting á síðustu árum, enda stefnir markvisst að því í hafnargerð að skapa skuttogaraflotanum sem besta aðstöðu.

Ný og betri tækni hefur einnig verið tekin upp á ýmsum sviðum hafnargerðar. Þannig er nú reynt með líkantilraunum, áður en framkvæmdir eru hafnar, að finna heppilegustu legu og gerð hafnarmannvirkja til þess að standast ágang sjávar. Hafa þessar tilraunir gefist ótrúlega vel. Hefur verið ákveðið, m. a. með nokkrum fjárveitingum á þessa árs fjárlögum, að skapa þessum rannsóknum betri aðstöðu, enda skila þær fjárveitingar sér margfalt aftur í betri og öruggari höfnum og undirbúningi framkvæmda.

Koma nýs graftækis til landsins s. l. sumar boðar einnig aldaskipti í sögu hafnargerðar. Þetta tæki, sem byggt var í Noregi og hannað þar, kemur í stað gamla Grettis sem nú hefur lagt upp laupana. Tækinu fylgja tveir prammar til jarðvegsflutnings, en þeir voru smíðaðir hjá Stál sf. á Seyðisfirði. Til kaupa á öllum þessum tækjum var myndarleg fjárveiting á fjárlögum síðasta árs.

Haldi sú jákvæða þróun áfram, sem verið hefur í hafnargerð undanfarin ár, tæknilegum undirbúningi og góðu samstarfi þeirra aðila sem að þessu vinna af hálfu ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga, verða hafnamálin áður en varir þróaðri þáttur í samgöngu- og atvinnumálum landsmanna en flestir aðrir.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu og þáltill. þessari verður vísað til hv. fjvn., ætla ég að lokum að taka fram, að við afgreiðslu áætlunarinnar ber hv. fjvn. nauðsyn til að aðlaga till. sínar þeirri afgreiðslu sem var á í sambandi við fjárlög fyrir árið 1978 og framkvæmdir næstu ára. Ég geri ráð fyrir því, að fyrir lok næstu viku eða í byrjun þar næstu viku liggi fyrir skýrsla um framkvæmdir í hafnamálum á s. l. ári, en hún er nú annaðhvort að fara í prentun eða komin þangað, og verður þá gerð grein fyrir framkvæmdum þeim sem unnið var að á árinu 1977. Þar er að sjálfsögðu að finna ýmsar upplýsingar, eins og venja er í þeirri skýrslu. Sé ég því ekki ástæðu til að fara frekar út í þau mál nú, þar sem þau verða til umr. síðar, en legg til, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. fjvn. og síðari umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta geta verið örfá orð. — Þegar hafnalög komu til umr. á Alþ. eða frv. til hafnalaga, þá lýsti ég yfir eindregnu fylgi við áætlun af því tagi, sem nú er til umr. Það fylgi var að sjálfsögðu bundið því, að við það væri miðað, sem þar var ráð fyrir gert, að hafnaáætlun yrði sem líkust í sniði og líkust í framkvæmd og vegáætlun, — áætlun sem mætti að miklu leyti byggja á til frambúðar.

Hafnaáætlun sú, sem nú hefur séð dagsins ljós, hefur að vísu komið nú þegar til umr.; blandaðist að nokkru leyti inn í fjárlagaumr. fyrr í vetur. Vissulega varð ýmsum vonbrigði sú niðurstaða sem þar kom fram, dapurleg niðurstaða varðandi t. d. einstaka staði og niðurskurð á hafnaáætluninni eins og hún liggur fyrir í þessu plaggi. En um það verða þær umr., sem þá urðu, að duga. Ég mun ekki endurtaka það.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að óskir heimamanna eru vissulega margþættar í þessum efnum og óskalisti þeirra getur oft á tíðum árciðanlega verið fullbjartsýnn. En hins er að gæta, að fjölmörg byggðarlög eiga alla afkomu sína undir því, að hafnaraðstaða þeirra sé sem allra best. Því er eðlilegt að heimamenn hafi um þetta ákveðnar óskir og reyni eftir megni að leggja sitt á móti til þess að þessar óskir geti ræst. Þegar þessi áætlun var til umsagnar bæði heimaaðila og eins til umsagnar okkar þm. þótti mér sem í raun og veru, að eftir á væri allt of lítið tillit tekið til þeirra aths. sem þar komu fram. Ég veit ekki hvað olli því. Þetta voru m. a. aths., sem við þm. Austurl. vorum allir sammála um að gera við hafnaáætlunina á sínum tíma og horfðu ekki beint til kostnaðaraukningar, en e. t. v. ýmissa breytinga. Ég varð ekki var við, að neinar þær aths. væru til greina teknar af Hafnamálastofnuninni, þegar þetta var gert. Og það er vissulega miður. Þó er ég ekki að segja, að þær hafi allar átt rétt á sér eða stofnunin hefði átt að taka þær allar til greina.

Hæstv. ráðh. vitnaði í lögin. Ég tek undir það og efast ekki um að áform hans séu þau, að áætlanagerð af því tagi, sem hér er um hafnirnar, verði sem svipuðust og varðandi vegagerðina. Að vísu hefur komið fyrir, að orðið hefur að skera niður ýmsar framkvæmdir í vegagerð að einhverju leyti og að ekki hefur allt staðist sem skyldi. En þó er vegáætlunin býsna áreiðanlegt plagg, sem menn geta byggt töluvert mikið á. Hafnaáætlunin finnst mér meira í ætt við óskalista en æskilegt er. Þessi bók er gefin út og menn fá þessa bók í hendur, mikið rit og veglegt og fallegt. Þegar menn líta í það, þá fara þeir auðvitað fyrst að kanna hvað sé áætlað á

þeirra stað þetta og þetta árið. Þegar svo kemur í ljós við fjárlagaafgreiðslu, að fjárlög ákveða annað, ákveða niðurskurð t. d. algerlega á vissum framkvæmdum þar, þá telja menn að þarna hafi þm. verið að svíkja það sem þeir hafa áður samþykkt. Fyrir þeirri gagnrýni höfum við orðið áþreifanlega núna og eins í fyrra. Ég man eftir dæmum um það úr kjördæmi mínu þá varðandi stað eins og Eskifjörð og reyndar fleiri, og núna í ár höfum við Austfjarðaþm. fengið heldur óþvegið orð í eyra bæði fyrir framkvæmdir á Djúpavogi og Seyðisfirði, sem sem voru á þessari áætlun, en ekki komust inn á fjárl. núna, að við hefðum verið búnir, eins og menn sögðu, að heita framkvæmdum og gefa uppáskrift okkar í þessari hafnaáætlun, en hefðum svo vanrækt að fylgja því nægilega eftir, eins og alltaf er um okkur sagt, að þessar upphæðir kæmu í fjárlögum. Báðar þessar framkvæmdir áttu að vera á árinu 1978, en féllu báðar út. Það verður hins vegar að segja, að við höfðum að hluta til skýringu á þessu, m. a. vegna Borgarfjarðar eystri sem við tókum þarna inn í með aukinni fjárhæð vegna þeirra sérstöku ástæðna sem þar sköpuðust. Ég hlýt að lýsa yfir ánægju minni með, að það tókst að ná því fram. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. skyldi taka eins vel á því máli og hann gerði.

En ég vil aðeins í sambandi við þetta leggja áherslu á að þær hafnaáætlanir sem í framtíðinni verða samdar, verði þannig úr garði gerðar, að hær standist sem allra best og það verði reynt af öllum mætti, nema einhverjar sérstakar ástæður hamli því, að koma þeim framkvæmdum, sem þar eru ráðgerðar og skráðar, í framkvæmd á því ári sem áætlunin segir til um. Það hefur ekki verið að ófyrirsynju, að menn hafa sagt víða við mig í kjördæmi mínu: Það vantar ekki, að Grundartangahöfnin gengur sinn gang. Þar hlýtur að vera um einhverja forgangsframkvæmd að ræða samanborið við þessar fiskihafnir. Þar gengur allt sinn gang, þó að tiltölulega sé stutt síðan hún var ákveðin, en okkar hafnir, t. d. hæði á Djúpavogi og Seyðisfirði, var hægt að skera niður. — Ég tek auðvitað undir þá gagnrýni, sem víða hefur komið fram um þá framkvæmd alla. Ég er auðvitað andvígur þeirri framkvæmd sem slíkri, og enn síður vil ég að hún sé eins konar forgangsframkvæmd í þessum efnum.

Ég sem sagt vil aðeins taka fram, að ég vona að hæstv. ráðh., hverjum sem með þessi mál fer í næstu ríkisstj. eftir næstu kosningar, takist það markmið, sem hæstv. ráðh. vék að áðan, að gera hafnaáætlunina sem næst vegáætluninni að áreiðanleika, að sem best og mest verði staðið við þau áætlunarverkefni sem sett eru þarna á blað. Hér er um að ræða verkefni sem stofnunin er búin að vinsa úr óskalista heimamanna og skera auðvitað stórlega niður frá því sem heimamenn hafa óskað eftir. Ég vona því þegar þær tölur hafa verið settar á blað, sem sjást í þessari miklu bók, og þær framkvæmdir einnig verði ákveðnar, sem þar eru settar á blað, geti menn í stórum dráttum — helst alveg — treyst því, að á hverju ári áætlunartímabilsins verði staðið sem allra best við þær framkvæmdir sem þar eru ákveðnar. Það hygg ég að sé ætlun hæstv. ráðh., þó að svona hafi tekist til, eflaust víðar en hjá okkur á Austurlandi. Það er um að gera að vekja traust manna á þessari áætlun, þannig að menn trúi því, að í þessar framkvæmdir sé hægt að ráðast á þeim árum, sem ákveðið er í áætluninni, og menn geta búið sig undir það. Heimamenn verða þá líka að standa við sinn hlut og verða reiðubúnir til þess að axla þær byrðar sem því fylgja að ráðast í framkvæmdir þessar. En þá má ekki að því reka, að þegar að framkvæmdum er komið samkv. áætluninni sé upphæðin öll skorin niður og framkvæmdinni frestað um eitt ár eða jafnvel lengur, því að slíks gætu einnig verið dæmi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Vissulega væri ástæða til þess að ræða almennt og ítarlega um hafnamál og hafnarframkvæmdir undir þessum dagskrárlið, svo mjög sem bætt hafnaaðstaða á hinum ýmsu stöðum kringum landið er í raun og veru undirstaða þess að íbúar hinna ýmsu byggðarlaga, og ekki eingöngu þeir, heldur og þjóðarheildin, geti haldið áfram að lifa sæmilega góðu lífi í landinu. Ég skal þó ekki hafa mörg orð um málið í heild, en mér finnst rétt að fara örfáum orðum um þessa áætlun sem slíka, þegar þetta mál er tekið til umr.

Eins og fram kom hjá hæstv. samgrh., var áætlunin lögð fram á Alþ., að ég held í októbermánuði s. l., í byrjun okt. eða þar um bil. Ég a. m. k. gerði ráð fyrir því, að ætlunin væri að byggja á áætlun þessari t. d. við gerð fjárl. fyrir árið 1978 og fjárveitingar til hafnarframkvæmda á þessu ári. Eigi að síður er staðreyndin sú, að þessi áætlun er núna fyrst að koma til umr. á hv. Alþ., en strax í desembermánuði s. l., áður en farið var að ræða málið á þingi, var búið að skera niður framkvæmdir frá því, sem gert er ráð fyrir í þessari áætlun, um a. m. k. 25% miðað við fjárlög. Það var búið að skera niður fjárveitingar til framkvæmda við hafnir á árinu 1978 frá því sem þessi áætlun gerir ráð fyrir til þess sem fjárlög eru afgreidd fyrir árið 1978. Og núna, þ. e. a. s. röskum þremur mánuðum eftir að búið er að skera þessar fjárveitingar niður við trog, liggur mér við að segja, þá er fyrst tekið til við að ræða áætlunina, þá fyrst er farið að ræða áætlunina þegar búið er að meðhöndla hana með þessum hætti á Alþ. Þetta eru auðvitað óeðlileg og óæskileg vinnubrögð.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan, að mikil bót væri að því að minu viti, ef hægt væri að koma áætlanagerð varðandi hafnarframkvæmdir og raunar fleiri framkvæmdir í svipað horf og gilt hefur um vegáætlun. Þar hefur stundum verið tröppugangur að vísu, en eigi að síður held ég að almennt sé treyst á þá áætlanagerð, a. m. k. að verulegu leyti, og menn geti byggt á henni nokkuð örugglega, þó að fjárupphæðir fari æðimikið úrskeiðis að sjálfsögðu á verðbólgutímum, eins og við höfum búið við nú að undanförnu. Mér finnst því mjög slæmt, ef það verður svo með gerð hafnaáætlunar, að hún komist ekki í svipað horf og vegáætlun. Ég þykist þó vita, að hæstv. samgrh. sé þess mjög fýsandi að koma þessari áætlunargerð

í svipað horf og vegáætlun, en því miður hefur það ekki tekist enn.

Svo verður að segja í tengslum við þetta, að þannig hefur verið að málum haldið varðandi fjárveitingar til hafnarframkvæmda í tíð núv. hæstv. ríkisstj., að síður en svo er hægt að hrópa húrra fyrir því eða lýsa ánægju sinni með það. Sannleikurinn er sá, að raungildi framkvæmda við hafnir á þessu tímabili hefur farið minnkandi. Raungildi hafnaframkvæmda hefur stórlega minnkað á þessum árum, og ég tala nú ekki um það mikla misræmi sem er í fjárveitingum til hinna ýmsu staða eða kjördæma, eins og frá málum hefur verið gengið á Alþ. á undanförnum a. m. k. þremur árum. En ég skal ekki fara frekar út í þá sálma. Ég hef áður lýst skoðunum mínum á því. Þær eru óbreyttar og skal ég ekki lengja umr. með því. En ég held að það verði a. m. k. að gera tilraun til þess að koma áætlun um hafnarframkvæmdir í svipað horf og vegáætlun hefur verið.

Ég hlýt að taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan, að þegar búið er að útbýta áætlun sem þessari, við skulum segja t. d. til sveitarstjórnarmanna og þeir sjá þar tölur á blað settar, líklega hugmyndir Hafnamálastofnunarinnar, þá kemur það illa við þá og ýmsa aðra, þegar staðið er upp við lok fjárlagagerðar og allt aðrar og lægri upphæðir fara til hinna ýmsu framkvæmda samkv. fjárl. en þessi áætlun gerir ráð fyrir — áætlun sem þeir hafa fengið í hendur frá ríkisstofnun, sem er Hafnamálastofnunin. Þetta kemur illa við þessa einstaklinga, en þetta kemur líka og ekki síður illa við þm. almennt, því að að sjálfsögðu er þeim kennt um að hafa skorið niður fjárveitingatillögur, sem koma frá embættismannakerfinu, til hinna ýmsu staða. Auðvitað er það ekki svo nema að sumu leyti. En nauðsynlegt er að á þessu verði breyting, a. m. k. verði áætlunin þá afgreidd nokkuð samtímis því að gerð fjárlaga fer fram og fjárlög eru afgreidd, en sé ekki tekin til umr. eða afgreiðslu löngu síðar. Nú veit ég ekki, hver er ætlun hæstv. samgrh., hvort ætlun hans er að afgreiða hafnaáætlun á þessu þingi eða hvort horfið verður að hinu sama ráði og gert var þegar hin fyrri áætlun var lögð fram og hún verði ekki formlega afgreidd. Auðvitað er alveg óviðeigandi að fara að afgreiða áætlun sem þessa eftir að búið er að gjörbylta henni eins og raun ber vitni, a. m. k. að því er varðar fjárlagaárið 1978.

Ég get ekki stillt mig um að taka undir þá gagnrýni sem hefur komið fram á hina margumtöluðu hafnarframkvæmd á Grundartanga. Ég hef áður lýst afstöðu minni til þess máls og raunar þeirra framkvæmda allra og þarf ekki að ítreka það. Það kemur illa við hina mörgu framleiðslustaði úti á landsbyggðinni — sjávarplássin sem framleiða til útflutnings og efla í raun og veru þann grunn sem við byggjum á til þess að geta lifað mannsæmandi lífi — að á sama tíma og skornar eru bókstaflega við trog fjárveitingar til hafnarframkvæmda á þessum stöðum er veitt fjármagni í hafnargerð við Grundartanga og ekki að sjá að neinn skortur sé á peningum þar. Ég vil t. d. nefna einn stað á Vestfjörðum, sem hefur orðið harkalega úti með hafnaframkvæmdir á **árinu** 1978. Það er Súðavík. Þar var byrjað á framkvæmdum á s. l. ári og höfðu verið gefin fyrirheit bæði það ár og einnig fyrir árið í ár um það, að unnið skyldi af fullum krafti að framkvæmdum þar. Því er ekki til að dreifa, að svo sé árið 1978, því miður. Svo er nú komið, að það, sem búið var að vinna á árinu 1977, liggur undir skemmdum vegna þess að ekki var fram haldið verkinu á þessu ári. Sömu sögu er að segja víðar frá Vestfjörðum en frá Súðavík. Ég tek því undir þá gagnrýni sem fram hefur komið, ítreka að það er síður en svo æskilegt að veita fjármagn til hafnargerðar við Grundartanga. Að því er virðist er veitt í hana nægu fjármagni og enginn skortur á því, á sama tíma og neitað er um fjárveitingar til hinna ýmsu fiskihafna, en þar er hvað brýnust nauðsyn á því að bæta hafnaraðstöðu, til þess að ekki liggi undir stórskemmdum þau fiskiskip sem eiga við þessa hafnaraðstöðu að búa og ekki síður til þess að styrkja, renna frekari stoðum undir þá framleiðsluatvinnugrein, sem í raun og veru stendur undir langsamlega mestum hluta allrar þeirrar tekjuöflunar sem þjóðin hefur til að framfleyta sér á.

Ég sagði, herra forseti, að ég skyldi ekki fara mikið út í að ræða almennt um hafnamálin, þó að full ástæða væri til, en ég vildi við þessar umr. koma því að sem ég hef nú sagt. Ég ítreka að breyting þarf að verða á vinnubrögðum varðandi meðferð hafnaáætlunarinnar, — breyting sem yrði í sömu átt og stefnt hefur í varðandi vegáætlunina. Ég ítreka svo það, sem líka hefur komið fram áður, að það er megn óánægja með það hvernig staðið hefur verið að fjárveitingum til hinna ýmsu staða, ekki síst þegar fjárveitingar fara til framkvæmda við fyrirtæki sem fyrst og fremst eru ætluð útlendingum, en á sama tíma er neitað um nauðsynlegar og sjálfsagðar fjárveitingar til þess að renna frekari stoðum undir okkar eigin atvinnuvegi, sem allt er svo byggt á.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara út í almennar umræður í þetta sinn, vegna þess að ég geri frekar ráð fyrir því, að það geti orðið þegar skýrsla um framkvæmdir á liðnu ári verður til meðferðar, eitthvað verði um almennar umræður í því sambandi. Ég ætla ekki einu sinni að fara að ræða um Grundartanga, þó að maður kunni öll atriði varðandi málið utanbókar og geti flutt þá ræðu fyrir viðkomandi aðila þegar það á við.

Það, sem ég ætlaði að segja, var það, að ástæðan til þess, að fyrir þessari áætlun var ekki talað í haust, var sú breyting sem raskaði samræmi fjárlagafrv. og áætlunarinnar. Þegar þessi áætlun var undirbúin í samráði við hagsýslustofnunina, var niðurstöðutala framkvæmdanna á árinu 1978 sú sem var reiknað með að yrði í fjárlagafrv. Þetta tókst því miður ekki og var því breytt í síðustu meðferð undirbúnings fjárlagafrv. Það gerði það að verkum, eins og hv. þm., sem hér hafa talað, hafa tekið fram, að þarna varð ekki samræmi á milli. Þetta er — ég tek undir það — mjög slæmt og gerði gildi áætlunarinnar rýrara en ætlast var til að það yrði. Ég vil bæta því við, að skoðun mín er sú, — ég vil staðfesta

skoðun þeirra hv. tveggja þm. sem hér hafa talað, — að afskaplega mikil nauðsyn sé að reyna að gera þessar áætlanir sem raunhæfastar. Slíkt er afskaplega erfitt í þjóðfélagi okkar, þar sem verðbólga ríkir svo mikil sem raun ber vitni og þessar framkvæmdir eru svo mjög tengdar því verðlagi, sem er á hverjum tíma, og þar kemur það allt með fullum þunga — þess vegna er það mín skoðun, að betra sé að gæta hófs við afgreiðslu áætlunarinnar í upphafi en þurfa að breyta henni mikið eftir að hún er gerð.

Nú vil ég segja það, að ég hafði vonað að hv. fjvn. gæti afgreitt þessa áætlun núna, þannig að við fjárlagagerðina fyrir næsta ár væri hægt að taka mið af henni. Ég veit að áætlunin kemur seint fyrir hv. n., en ástæða til þess er m. a. sú, að n. hefur verið í annasömum störfum í sambandi við vegáætlunina, og yrði að taka þessa áætlun í framhaldi af því. En mig langar til þess að fara fram á það við hv. formann n. og nm. að afgreiða þessa áætlun sem ályktun Alþ. Þess vegna tók ég það fram í ræðu minni áðan, að miða skyldi það, sem búið er að gera, við raunveruleikann og framhaldið í samræmi við það. Ég held að við verðum að gera okkur fulla grein fyrir því, að betra er að gæta hófs í framkvæmdaröðuninni og draga úr hraðanum við framkvæmdir núna en þurfa að gera það síðar. Ég vil minna á, og skal samt ekki fara út í það að marki, að verulega hefur áunnist á þessum síðustu árum, en það skal ég ræða þegar skýrslan kemur fram.

Ég vil aðeins segja það, að mig langar til að þingið afgreiði áætlunina, svo að komið sé frá því formsatriði. Ég tek undir það, með hv. þm., að nauðsynlegt er að reyna að gera hafnaáætlun á svipuðu stigi og vegáætlun, þó að við yrðum þar einhverju smávegis að breyta, en þó er meira áríðandi að sýna ekki of mikla bjartsýni sem yrði svo óraunhæft í framkvæmd. — Þetta langaði mig til þess að segja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, þáltill. (þskj. 199). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hefði að vísu talið æskilegra, að fleiri væru viðstaddir umr. um þessa till. og þ. á m. hæstv. iðnrh. Ég vil þó ekki sleppa því tækifæri sem hér býðst til þess að flytja framsögu mína, en vildi mælast til þess við hæstv. forseta að málið yrði ekki afgreitt til n. öðruvísi en hæstv. ráðh. eða öðrum þm. gæfist kostur á að tjá sig um það.

Við flytjum sem sagt nokkrir þm. till. til þál. um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi. Flm. eru auk mín hv. þm. Ragnar Arnalds, Stefán Valgeirsson, Stefán Jónsson, Ingvar Gíslason, Helgi F. Seljan, Ingi Tryggvason, Þórarinn Þórarinsson, Kjartan Ólafsson, Sighvatur Björgvinsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Við höfum leyft okkur að flytja á þskj. 199 svo hljóðandi till.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hraðað verði svo sem frekast er unnt undirbúningi að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og hönnun hennar, svo að þar megi reisa næsta raforkuver á Norðurl. v."

Þessi þáltill. er endurflutt frá 98. löggjafarþingi, en þá varð hún ekki útrædd. Tveir af þeim mönnum, sem þá voru flm., voru ekki á þingi þegar till. var lögð fram, þeir Steingrímur Hermannsson og Jónas Árnason, en standa að sjálfsögðu enn að tillögunni.

Orkustofnun gaf út í maí 1975 frumáætlun um 32 mw. virkjun hjá Villinganesi í Skagafirði. Skýrsla þessi er unnin á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og ber hún með sér að þarna er um mjög álitlega virkjun að ræða, sé verið að virkja vegna íslenskra notenda. Hins vegar er virkjun þessi ekki af þeirri stærð að hún geti orðið orkuöflunarfyrirtæki vegna erlendrar stóriðju. Síðan hafa verið framkvæmdar allmiklar rannsóknir á þessum slóðum, og gaf Orkustofnun út í mars 1977 hönnunaráætlun fyrir 30 mw. virkjun við Villinganes, samda af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, og aðra skýrslu eftir verkfræðinga Orkustofnunar, þá Birgi Jónsson, Davíð Egilsson og Snorra Sóphanías-son. Sú skýrsla heitir Villinganesvirkjun, Mannvirkjafræði.

Niðurstöður þessara rannsókna eru þær, að upphaflegri tilhögun var breytt nokkuð, þar sem berglög reyndust þéttari en ráð hafði verið fyrir gert, og enn þá hagkvæmara stíflustæði ákvarðað en fyrirhugað var í frumáætlun.

Í bréfi frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens til Orkustofnunar, dags. 15. mars 1977, segir m. a., með leyfi forseta:

„Raunfallhæð fyrirhugaðrar virkjunar er 58 m., sem að mestu leyti fæst með stíflu í árfarvegi. Virkjað rennsli er ráðgert um 59 kl/s og uppsett afl 30 mw. Stofnkostnaður vinnsluvirkja er áætlaður 3900 millj. kr. miðað við verðlag eins og það var í maí 1976.

Niðurstöður áætlunar staðfesta fyrri ályktanir um Villinganesvirkjun. Áætluð orkuvinnsla í samtengdu landskerfi, 180 gwst. á ári jafngildir 6000 nýtingarstundum á ári, og áætlað orkuverð við stöðvarvegg er nálægt 2.84 kr. á kwst., miðað við að árlegur kostnaður verði 13.13% stofnkostnaðar.

Nú kann að verða talið æskilegt að setja upp meira afl en 30 mw., ef ráðist verður í virkjunarframkvæmdir. Má í því sambandi benda á hugsanlegar virkjanir ofar á vatnssviðinu ásamt vatnsmiðlun, sem auka mundi afkastagetu Villinganesvirkjunar. Um þessi atriði er rætt nokkru nánar í 8. kafla grg. og m. a. gerð áætlun um 40 mw virkjun með einni vélasamstæðu. Stofnkostnaður þeirrar virkjunar er áætlaður 4245 millj. kr. Viðbótarkostnaðurinn verður því 345 millj. kr. eða 34.5 millj. kr á mw., þannig að líta má á 10 mw. aflviðbót sem hagkvæmt vara- og toppafl áður en kæmi til frekari orkunýtingar.

Virkjun við Villinganes verður því sem næst hrein rennslisvirkjun, þar sem nýtileg miðlun verður einungis nálægt 13 gígalítrum. Þrátt fyrir það teljum við eðlilegt rekstraröryggi verða fyrir hendi, þar sem vetrarrennsli er mjög jafnt. Fer það sjaldan niður fyrir 40 kílólítra á sekúndu, sem er nálægt vatnsnotkun við meðalálag.

Umrædd áætlun um virkjun Héraðsvatna við Villinganes verður að teljast fullnægjandi til ákvarðanatöku um framkvæmdir. Við teljum að óvissuþættir séu fáir og engir mikilvægir, en samhliða gerð útboðsgagna, ef til kemur, þurfa að fara fram viðbótarathuganir á jarðlagaskipan og líklegum byggingarefnum. Þá þarf að gera líkanprófanir á framhjárennslisgöngum og botnrás, bæði að því er varðar falltöp og rof neðan botnrásar.

Við viljum þakka gott samstarf við Orkustofnun við áætlanagerðina og erum reiðubúnir til frekari samvinnu þar að lútandi.

Virðingarfyllst,
Sigurjón Helgason. Loftur Þorsteinsson.

Hæstv. iðnrh. hefur talið heppilegra að leggja áherslu á virkjun Blöndu og borið þrisvar fram frv. þar að lútandi. Blanda verður hins vegar ekki virkjuð nú á næstu áratugum samkv. þeirri virkjunartilhögun sem iðnrh. þráflytur hér á Alþ. í frv.-formi, nema með því að selja mestalla orkuna til orkufreks iðnaðar.

Virkjunin er allt of stór fyrir almennan raforkumarkað á Norðurlandi og einnig of stór fyrir almennan markað á landinu öllu, nema í tengslum við sérstök stórverkefni á sviði orkufreks iðnaðar. Enn augljósara er þó, að áform um Blönduvirkjun, sem koma beint í kjölfar ákvörðunar um Hrauneyjafossvirkjun, hljóta að vera tengd stórfelldum hugmyndum um uppbyggingu erlendrar stóriðju á fyrri hluta næsta áratugs, svo sem rækilega hefur sannast í umr. á Alþ. nú í vetur. Villinganesvirkjun í Héraðsvötnum er hins vegar af þeirri stærð, að hún fellur mjög vel að þeirri aukningu raforkumarkaðarins, enda gæti hún verið fullnýtt í þágu landsmanna allra á rúmu ári. Auk þess er virkjunin talin mjög hagkvæm samkv. nýjustu útreikningum.

Þá er þess að geta, að um virkjun hjá Villinganesi er einhugur heimamanna, og vísa ég því til sönnunar í fylgiskjöl þau sem prentuð eru með till. Einhugur heimamanna ríkir hins vegar ekki hvað varðar virkjun Blöndu, enda er þar um geysilega röskun á náttúrufari að ræða.

Upprekstur á Auðkúluheiði eiga Svínavatns- og Torfalækjarhreppar og Blönduós, á Eyvindarstaðaheiði eiga upprekstur Bólstaðarhlíðarhreppur, Sveluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og einstakar jarðir í Akrahreppi og Ríputhreppi. Viðhorf íbúa beirra hreppa, er upprekstur eiga á Eyvindastaðaheiði, kemur glögglega í ljós í fskj. með þessari þáltill. Viðhorf íbúa Svínavatnshrepps er það, að í júní 1975 skrifaði meiri hluti atkvæðisbærra íbúa hreppsins undir yfirlýsingu til iðnrn. um það, að þeir teldu ekki koma til greina að sökkva landi á Auðkúluheiði. Síðan var samþykkt á almennum sveitarfundi á Húnavöllum 15. júlí 1975 með 31:16 atkv. ályktun sem tekur af öll tvímæli um vilja meiri hluta hreppsbúa. Flestir íbúar Torfalækjarhrepps og forráðamenn Blönduóshrepps hafa hins vegar tekið jákvæða afstöðu varðandi virkjun Blöndu. Það er því augljóst að samstaða næst ekki nema um virkjun Héraðsvatna, en þar er ekki heldur um verulega röskun á náttúrufari að ræða.

Ég mun nú lýsa mannvirkjunum nokkru nánar og styðst þá enn og einkum við áðurnefndar skýrslur.

Lega virkjunarstaðarins er í innanverðum Skagafirði og vatnasvið virkjunarinnar er á hálendinu norðan Hofsjökuls. Af 59 m heildarfallhæð fást um 55 m með stíflugerðinni, en um 4 m með dýpkun farvegar. Hvort tveggja hefur verið ákvarðað með hagkvæmnisreikningum. Stíflulónið verður um 1.7 km² að flatarmáli og rúmar um 33.5 kílólítra með vatnsborði í yfirfallshæð, sem yrði 151.8 m yfir sjávarmáli. Þar sem inntak virkjunarinnar verður við botn lónsins takmarkast niðurdráttur í því aðeins af hagkvæmnisástæðum, þ. e. jafnvægi milli notagildis miðlunar og fallhæðar. Ljóst er að lónið er of lítið til rennslismiðlunar að marki umfram dægursveiflur og að hagkvæmast muni því vera að halda sem hæstu vatnsborði í því að jafnaði. Möguleikinn á niðurdrætti er þó mikilvægur til að tryggja full afköst virkjunarinnar um stundarsakir í neyðartilvikum þótt aðrennsli sé í lágmarki. Þannig má t. d. halda 30 mw. afli í um það bil 5 sólarhringa með 13 gígalítra miðlun, þegar lágrennsli er í vötnunum. Svarar það til rúmlega 9 m niðurdráttar í stíflulóninu.

Rekstur virkjunarinnar sem rennslisvirkjunar byggist á lindáreinkennum Jökulsánna, sem nánar er að vikið í kaflanum um vatnasvæði. Virkjunartilhögun er annars í aðaldráttum sem hér segir:

Aðalstíflan er jarðefnastífla með þéttikjarna úr mórenu, en steypt yfirfall verður á vesturbakka, og rennur flóðvatn frá því eftir nýjum farvegi á kafla, en skilar sér aftur í farveg Héraðsvatna um 1 km neðan virkjunarinnar. Á byggingartíma verður rennslinu veitt fram hjá stíflusvæðinu um jarðgöng í vesturbakkanum. Á síðasta byggingarstigi verður lokuvirki komið fyrir við útstreymisop ganganna og stutt frá hliðargöng lögð frá þeim að stöðvarhúsinu, sem verður ofanjarðar í gljúfrinu neðan stíflu. Göngin verða þannig bæði aðrennslisgöng virkjunarinnar og botnrásargöng auk þess, að flytja framhjárennsli á byggingartíma. Um 2 km langur frárennslisskurður er ráðgerður frá stöðvarhúsinu niður eftir árfarveginum.

Þá er þess að geta, að í Jökulsánum í Skagafirði eru nokkrir aðrir álitlegir virkjunaráfangar, þannig að þarna virðist vera um að ræða álitlega staðhætti til raforkuöflunar miðað við þarfir landsmanna sjálfra. Það er skoðun flm. þessarar till., að samtenging raforkukerfis landsmanna sé hið brýnasta verkefni. Eðlilegt sé jafnframt með tilliti til öryggis- og atvinnusjónarmiða að reisa virkjanir af hæfilegri stærð í hinum ýmsu landshlutum. Því má bæta við, að þessi virkjunarstaður er ekki á eldvirku svæði.

Hvað varðar umhverfisáhrif Villinganesvirkjunar, þá eru þau, eins og ég sagði áðan, mjög lítil, en þessi helst að gljúfrið mun fyllast af vatni. Efnistaka er mjög nærtæk og raflínulögn auðveld, sárafáir km að byggðalínunni. Enn fremur er rétt að geta þess, að sá stíflugarður, sem þarna yrði reistur, kæmi í stað brúar á Héraðsvötn sem nauðsyn ber til að reist verði þarna í nágrenninu, en mundi að sjálfsögðu kosta verulegt fé.

Jökulsá eystri og Jökulsá vestari koma saman nokkru ofan við virkjunarstaðinn við Villinganes og heita þær síðan Héraðsvötn eins og menn vita. Eins og nöfn Jökulsánna benda til eru þær jökulvatn, en þó einungis að litlu leyti þar sem þær hafa mjög sterkan þátt lindáa. Staðhættir við Jökulsá eystri eru þeir, að fjalllendinu hallar frá brún Eyjafjarðar til vesturs, þar myndast margar þverár sem liggja í Jökulsá eystri og leggja Jökulsá eystri til mest af vatnsmagninu. Sömuleiðis má segja um Jökulsá vestari, að í hana fellur Hofsá, sem er með lindáavatni. Rennsli þessara áa er samkv. upplýsingum Sigurjóns Rists ótrúlega jafnt. Ýmsir virkjunarvalkostir aðrir eru álitlegir í Jökulsánum, t. d. í sambandi við miðlunarlón uppi á hálendinu, sem raunar hefði óæskileg umhverfisáhrif í för með sér, m. a. hættu á auknu krapareki niðri í héraðinu. Einnig færi þar nokkurt gróðurlendi forgörðum, þó að það sé í miklu minna mæli en á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Þá má einnig nefna virkjanir með dægurmiðlun eingöngu, sem virðast mjög æskilegir virkjunaráfangar. Ég nefni áætlun sem RARIK lét einu sinni gera um 20—30 mw. virkjun neðan Merkigils, þar sem virkjað yrði 70 m fall án landsskemmda, og virkjunaráfanga nokkru neðan Skatastaða, um 12 mw. virkjun. Ýmsir aðrir möguleikar hafa einnig komið til greina á þessu vatnasvæði. Það er eðli áfangavirkjana, að þær er hægt að taka í notkun eftir þörfum þjóðfélagsins hverju sinni og þarf þá ekki að gera vandræðasamninga um orkusölu til erlendrar stóriðju til þess að fá kaupanda að orkunni á skömmum tíma. Það er sá leikur sem leikinn hefur verið, en ég tel að hafi gefist illa.

Þessi till. er, eins og ég sagði áðan, endurflutt. Áður en ég lýk máli mínu vil ég lesa, með leyfi forseta, tvær örstuttar umsagnir sem sendar voru eftir að till. var lögð fram hið fyrra sinn. Þá fyrst les ég umsögn frá bæjarstjórn Sauðárkróks, dags. 28. apríl 1977. Hún hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Sauðárkróks ræddi stöðu virkjunarmála á fundum dagana 26. og 27. apríl s. l. Var eftirfarandi ályktun samþykkt með shlj. atkv. bæjarfulltrúa:

Bæjarstjórn Sauðárkróks lýsir stuðningi við fram komna till. til þál. um undirbúning að virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi, enda verði allur undirbúningur virkjunarinnar miðaður við það, að hér sé um að ræða áfanga stærri virkjunar í Héraðsvötnum og Jökulsá eystri. Bæjarstjórn skorar á þm. Norðurl. v. að beita sér fyrir, að fjármagn til hönnunar virkjana þessara verði tryggt og öllum rannsóknum og undirbúningi verði lokið sem fyrst, þannig að ákvörðun um framkvæmdir megi taka án verulegs fyrirvara."

Þá er ályktun frá aðalfundi sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og hljóðar svo:

„Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu lýsir fyllsta stuðningi við fram komna till. til þál. um virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi og skorar á Alþ. að samþykkja hana. Eftir öllum atvikum og með vísan til fyrri ályktana sinna lýsir sýslunefndin þeirri skoðun sinni, að þessi virkjun eigi að njóta forgangs umfram aðrar virkjanir á þessu svæði. Þar sem rannsóknum til undirbúnings virkjun þessari er að mestu lokið, væntir sýslunefndin að framgangi málsins verði hraðað sem mest má verða.

Þetta leyfi ég mér að tilkynna yður, herra alþm., hér með.

Jóhann Salberg Guðmundsson."

Þessi till. til þál. er studd ítarlegum fskj. Ég mun einungis drepa á þau í stuttu máli. Ég get ekki stillt mig um að minna á eitt, það seinasta, en það er hin sögulega ályktun hátíðarfundar á Þingvöllum 1974 um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu. Ég tel að það eigi að starfa í anda þeirrar ályktunar á virkum dögum ekki síður en á hátíðastundum. Skoplegt er að flytja fjálgar ræður á Þingvöllum og samþykkja hátíðlegar ályktanir, en vinna þvert gegn anda þeirra þegar hátíðarmóðurinn er runninn af mönnum. Villinganesvirkjun samræmist fyllilega þessari ályktun og anda hennar.

Ég læt nú máli mínu lokið, en heiti á hv. þm. að greiða götu þessarar till. Við flytjum ekki frv. til laga um þessa virkjun. Við viljum einungis að hún sé undirbúin, þannig að hægt sé að taka raunhæfa ákvörðun um hana þegar sá tími kemur og þá viti menn hvað þeir eru að samþykkja, geti gert sér grein fyrir því hvað þetta verk muni kosta og á hvern hátt það yrði framkvæmt. Ég leyfi mér svo að óska eftir því, herra forseti, að að loknum þessum hluta umr. verði málinu vísað til athugunar atvmn. Sþ. Eins og ég tók fram í upphafi sakna ég úr þingsalnum manna sem hefðu þurft að vera þar og ég veit að hefðu viljað vera þar. Óska ég því eftir, að þeim verði gefinn kostur á að tjá sig um málið ef þeim sýnist svo, áður en málið er sent til nefndar.

Umr. frestað.

Þjónustu- og úrvinnsluiðnaður í sveitum, þáltill. (þskj. 416). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 416 höfum við hv. þm. Ragnar Arnalds, Stefán Jónsson, Jónas Árnason og Garðar Sigurðsson leyft okkur að flytja svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir sérstökum stuðningi opinberra aðila við stofnun þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins skal falið að rannsaka möguleika smáiðnaðar í sveitahreppum, safna hugmyndum um hugsanlegar framleiðslugreinar, kanna viðhorf og áhuga heimamanna víðs vegar um land og gera áætlun um framkvæmdir. Við undirbúning þessa máls ber einnig að taka mið af þeirri allsherjarathugun og tillögugerð varðandi atvinnumöguleika aldraðra, sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót samkv.

þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun framleiðslusamvinnufélaga í sveitum og skal því rekstrarformi veittur sérstakur stuðningur. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar.

Þegar ár er liðið frá samþykkt þessarar till., skal ríkisstj. gefa Alþ. skýrslu um framkvæmd hennar."

Sú till., sem hér er flutt, þarfnast ekki mjög langrar framsögu umfram það sem fram kemur í grg. Þar eru höfuðástæðurnar fyrir flutningi hennar raktar, þar með talin aðalkveikjan að till., vitnað í bréf frá fólki að austan sem telur að einhvers markviss átaks sé þörf umfram það sem beint snertir búskaparhliðina, ef búsetu eigi að tryggja í sveitum. Þau bréf verða ekki rakin ítarlega, en gefa engu að síður góða hugmynd um það, hvað veldur áhyggjum þessa fólks og fjölmargra annarra þeirra sem bera velferð sveitanna og framtíð þeirra fyrir brjósti.

Fyrst langar mig að lesa kafla úr sjálfri grg. okkar flm., en bæta svo við fáeinum orðum, bæði úr bréfum þessum svo og öðrum almennum hugleiðingum. Í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Það er vart þörf á að rekja byggðaþróun á Íslandi og þann mikla fólksflótta úr sveitunum síðustu áratugi, sem hefur sett mark sitt á alla þjóðlífsþróun okkar. Þrátt fyrir allan andróður misviturra manna er öllum þorra þjóðarinnar ljós sú höfuðnauðsyn sem felst í blómlegum landbúnaði, sem geri hvort tveggja í senn, að fullnægja þörf þjóðarinnar fyrir þá hollu og góðu fæðu, sem landbúnaðarafurðir okkar eru, og leggja til mikilvægt og dýrmætt hráefni til iðnaðar, sem veitir miklum fjölda atvinnu og eykur stórum útflutningsverðmæti okkar.

En búsetu í sveitum þarf að tryggja sem best, og skapa þarf því fólki, sem þar býr, fjölbreyttari möguleika en nú er varðandi atvinnu, þó tímabundin væri eða aðeins að hluta unnin, eða beina þjónustu varðandi landbúnaðinn sjálfan eða úrvinnslu honum tengda.

Hin mikla vélanotkun í sveitum kallar á nærtæka og trygga þjónustu á annatímum og hana er víða að finna, þó hún hafi í engu verið styrkt svo sem skyldi og sé enn mjög ófullkomin og hvergi nærri slík sem hún þyrfti að vera.

Íslenska ullin og gærurnar eru að verða sífellt stærri og verðmeiri þáttur í þjóðarframleiðslu og atvinnuþróun okkar og er það vel.

En leiðir þyrfti að finna að því marki, að sveitafólkið sjálft gæti þar í auknum mæli komið inn í vinnsluna með einhverjum hætti, jafnvel svo að þeir, sem þar byggja gætu haft þar af aðalatvinnu. Ein saumastofa mun nú rekin í sveit á landi hér og ekki annað vitað en að það hafi gefið góða raun.

Flm. þessarar till. telja það eðlilegast, enda á það sér lagastoð, að Framkvæmdastofnun ríkisins sé réttur aðili jafnt til athugunar og samráðs við heimamenn sem áætlunargerðar í framhaldi af því, og yrði þar um verkefni byggðadeildar stofnunarinnar að ræða. Hins vegar væri það svo lánadeildarinnar að sjá um fjármagnshliðina, svo sem till. gerir ráð fyrir."

Ég vék hér áðan að nokkrum bréfum og skal vitna í nokkur þeirra. Í því fyrsta segir, með leyfi forseta:

„Það er ekki vansalaust, hve öll þjónusta er sótt í þéttbýlið, jafnvel nauðsynlegustu viðgerðir. Bein þjónusta við sveitirnar heim í sveitirnar mundi styrkja búsetuna og ætti að vera krafa okkar sveitafólks. En þar vantar leiðir og ráð."

Í öðru bréfi segir: „Ég hef lengi hugleitt leiðir að því marki, að við tækjum virkari þátt í úrvinnslu afurða okkar en nú er. Við björgum því á haustin, að unnt sé að slátra búfé okkar, en síðan ekki söguna meir. Hér þyrfti að verða breyting á."

Í þriðja bréfi segir: „Hvað um þá öldruðu í sveitinni? Satt er það, að þeir vinna lengi ýmis bústörf, en aukin vélanotkun breytir þar miklu. En þeirra vandamál er ekki minna í raun en annarra aldraðra, sem verða að hverfa af almennum vinnumarkaði löngu áður en hæfilegt og sæmilegt er, af því að til þeirra eru gerðar sömu kröfur og annarra. Má ekki finna einhverja leið til lausnar atvinnuvanda aldraðra í sveitum, svo að gamla fólkið megi dvelja heima sem lengst?"

Ekki efa ég að ýmsum þykir till. af þessu tagi vera léttvægt framlag, þegar litið er á vanda íslensks landbúnaðar og sveitanna okkar í heild. Eflaust þykir sumum sem hér sé öfugt að farið, að ætla að koma upp í sveitunum annars konar starfsemi en þeirri hefðbundnu sem þar á sér nú stað, starfsemi sem á í ærnum erfiðleikum, atvinnugrein sem vægast sagt stendur völtum fótum, ef ekki verður að gert og ný heildarstefna mótuð, sem tryggt geti lífvænleg kjör öllum þeim sem landbúnað stunda af alúð og kostgæfni, svo sem er um yfirgnæfandi hluta íslenskrar bændastéttar. Nokkrar leiðir út úr þeim vanda hafa flm. þessarar till. einnig reifað á Alþ. og gert grein fyrir þeim, svo að ekki skortir á það, að vandamál landbúnaðarins sérstaklega sem atvinnugreinar hafi verið til meðferðar tekin af okkur. Út í það skal ekki farið hér, því að þar er um miklu flóknara mál að ræða en svo, að hæfi í framsögu fyrir þessari afmörkuðu till. Till. lýtur að því að færa almenna þjónustu og vissa úrvinnslu afurðanna beint til þeirra sem við geta tekið og telja sig eiga að geta tekist á við viss viðbótarverkefni jafnhliða búskapnum, verkefni fyrir ungt fólk, verkefni fyrir aldraða og — eins og fram kemur í bréfi austan úr Breiðdal — viss verkefni fyrir bændakonur að vetri til, „sem áreiðanlega gætu stundað arðvænlegri störf en prjóna lopapeysur fyrir smánarverð til þess að láta aðra græða á því", svo að vitnað sé beint til orða bréfsins. Sama kona minnir mig á það í öðru yngra bréfi, að rangt sé að aðeins ein saumastofa sé nú í sveit á landi hér, þær séu tvær, önnur í Víðidal nyrðra, hin á Barðaströnd vestra. Í bréfinu segir: „Ég hef kynnt mér báðar af allgóðri afspurn og veit að þær hafa einungis haft jákvæð áhrif fyrir búskap og búsetu og þær hafa ekki gengið lakar, nema síður sé, en saumastofur í kauptúnum."

Vissulega væri ástæða til að fara nánar í það

hér, hvernig hagur saumastofanna í landinu er og hve í raun er illa að þeim búið. Inn á þau mál var nokkuð komið hér í dag varðandi vandamál eins ákveðins fyrirtækis, Álafoss hf. En ég vík alveg sérstaklega að þeim smærri og veigaminni, sem þó hafa afgerandi þýðingu fyrir atvinnumál ýmissa staða. Það hljóta að vera maðkar í mysunni þegar í ljós kemur að söluverð fullbúinnar flíkur frá saumastofu til umboðsaðila hér heima nemur innan við 40% af söluverði hennar erlendis. Ég skal ekki hætta mér út í umr. af því tagi. Þó er mér af vissum ástæðum málið skylt, þar sem við nokkrir heima á Reyðarfirði höfum einmitt barist í bökkum við að halda uppi saumastofu þar, þar sem allur tilkostnaður hefur verið í lágmarki og þar sem atvinnunnar hefur verið knýjandi þörf. Athugun á þessum málum í heild, framleiðslu og sölu, væri áreiðanlega þörf og einhverjir milliliðir, aukaaðilar, sem koma inn í þessa mynd áreiðanlega meira og minna óþarfir. Á þetta er minnst sérstaklega vegna þess, að ég sá það í enn nýrri fréttum en þegar þessi till. var samin, að erfiðleikar saumastofanna t. d. á Norðurlandi væru gífurlegir, og vegna þess að í grg. okkar er vikið að saumastofum sérstaklega. Í þrem bréfum til mín hefur þetta verið nefnt sem æskilegasta tækifærið til þess að auka atvinnumöguleika í sveitum. Er það af ofureðlilegum ástæðum, þar sem um er að ræða úrvinnslu eða fremur fullvinnslu á landbúnaðarafurð.

Sá iðnaður, sem á landbúnaðarafurðum byggist í dag og skapar hvort tveggja aukinn gjaldeyri og atvinnu mjög margra, gleymist oft í landbúnaðarumr. Því er sérstök ástæða til að minna hann á, ekki síst þegar jafnvel forustumenn í samtökum iðnverkafólks, sem byggja í verulegum mæli á þessu, hafa allt á hornum sér sem viðkemur íslenskum landbúnaði, svo sem um eru miður skemmtileg dæmi. Hins vegar er það mála sannast, að ef ekki verður betur að þessari iðngrein búið og þeim, sem hana stunda, þá þýðir lítt fyrir okkur flm. að vera að benda á þessa leið sérstaklega, en öðru skal ekki trúað en þar verði á róttæk breyting, svo mikla möguleika sem við eigum í fullnýtingu enn meiri en nú er á ullinni okkar og gærunum einnig. Það væri a. m. k. sorglegt, ef þeir möguleikar væru látnir víkja, svo sem annar innlendur iðnaður, fyrir óráðstali misviturra stóriðjuþræla, svo sem þó er vaxandi hætta á.

Um þjónustuiðnaðinn í sveitum, viðgerðir búvéla og bifreiða m. a., hef ég fengið mjög ítarlega grg. frá oddvita austur á Héraði. Væri rétt að sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, kynnti sér hana. Þar er að vísu að miklu víðara sviði vikið. Hann segir m. a., að hin eðlilega aðalþjónustumiðstöð alls Fljótsdalshéraðs sé á Egilsstöðum, en frá henni megi veita ýmiss konar þjónustu beint út í sveitirnar, til fólksins þar, í stað þess að það sæki hvað eina, smátt og stórt, til miðstöðvarinnar. Hann nefnir sem dæmi bónda einn þar í sveit sem blátt áfram bjargi bændum með búvélar sínar án allrar aðstoðar opinberra sjóða eða annarra við mjög ófullnægjandi aðstöðu, sem gæti nýst betur, orðið fullkomnari og enn fleirum til gangns, ef betur væri að staðið, en til þess þyrfti stuðning og skilning á mikilvægi þess í mikilli fjarlægð frá Egilsstöðum að hafa þar vissa lágmarksþjónustu, sem allra fullkomnasta að því marki sem þar væri unnt. Hann dregur hvergi í efa að hér væri um fullt ársstarf tveggja til þriggja manna að ræða, ef vel væri að staðið. Þar á hann auðvitað við, að um stærra svæði væri að ræða en þessa einu sveit sem hann er oddviti fyrir — þar væri um þrjár til fjórar sveitir eða sveitarfélög að ræða. Hér er aðeins dæmi tekið, en víðar mætti eflaust fleiri finna, e. t. v. enn róttækari, en allt það mundi könnun sú leiða í ljós, sem till. gerir ráð fyrir. Það skal líka undirstrikað alveg sérstaklega, að könnunarþátturinn er aðalforsenda allra athafna. Hér á ekki í neinu að rasa um ráð fram, því að nákvæm könnun á óskum og vilja heimamanna er hinn eðlilegi undanfari allra áætlana um þetta verkefni. Sú könnun leiðir í ljós hvort um óskir einstakra aðila er að ræða eða almennan og virkan vilja til athafna, ef viss aðstoð og skipulagning kæmi til. Um það fullyrðum við flm. ekkert. En eftir kynningu á þessari till. á bændafundi austur á Héraði kom í ljós meiri áhugi á þessu en ég jafnvel átti von á, og þar voru nýjar hugmyndir reifaðar, sem án alls efa eiga eftir að koma fram ef könnun þessi verður framkvæmd af fullri alúð, svo sem ráð er fyrir gert.

Hinn tiltölulega öflugi Byggðasjóður hefur ekki svo mjög komið við sögu varðandi landbúnaðarþáttinn, þó að reynt sé að nefna viss lán til vinnslustöðva landbúnaðarins og vinnuvéla ræktunarsambanda. Eflaust hefur einhver þjónustustarfsemi verið styrkt eða fengið lánsaðstoð einnig, en allt er það þó í mjög smáum stíl. Það er líka ljóst að bændur almennt eru á þeirri skoðun að Byggðasjóður eigi í ríkari mæli að koma til aðstoðar og uppbyggingar í vissum þáttum landbúnaðar, m. a. í því sem þessi till. snertir beint og óbeint. Flm. er ljóst, að ef könnunin verður unnin af þeim ágætu starfsmönnum, sem byggðadeildin hefur yfir að ráða, mun hún verða marktæk hið besta, og ekki erum við í efa um að hún leiði í ljós vilja miklu víðar en menn grunar, þó áreiðanlega muni raunsæi ráða og menn muni ekki vilja í neinar óráðsframkvæmdir ráðast. En jafnljóst er hitt, að aukaaðstoð þarf til að koma víðast hvar, ef ekki alls staðar, og okkur flm. þykir í hvívetna eðlilegt, að þar sé ráð fyrir því gert og lánadeildinni í Framkvæmdastofnuninni því falið að veita aðstoð og að því stuðlað, að allt að 15% stofnkostnaðar gæti orðið í formi óafturkræfra framlaga til þess að komast megi yfir byrjunarörðugleika sem líklegir hljóta að verða á veginum.

Varðandi eðlilegan þátt framleiðslusamvinnufélaga í þessum aðgerðum þarf vart að fjölyrða meira en gert er í grg. Það skal hins vegar undirstrikað af hálfu flm. að þeir hafa mikla trú á slíku formi á atvinnurekstri. Alþ. hefur staðfest gildi og þýðingu þessa rekstrarforms með sérstakri lagasetningu, og þar sem það hefur verið í alvöru reynt er árangurinn hinn ágætasti og hefur sannað áþreifanlega yfirburði sína, ef vel og rétt er að staðið. Ekki síst hafa flm. trú á því, að í sveitum landsins kæmi þetta rekstrarform sterklega til greina, því að samhugur, samhjálp og samvinna eru þar meir ríkjandi en víðast annars staðar.

Um lokaatriðið er það að segja, að eðlilegt hlýtur að teljast að Alþ. sé gefin um það skýrsla, hvernig til hafi tekist um framkvæmd till. sem þessarar, þar sem byggt er á lögum í veigamiklum greinum, en efndirnar, framkvæmd könnunar og aðgerðir í kjölfarið, skipta öllu, svo sem er um miklu fleiri till. á þingi, sem síðan kalla á fsp., stundum ár eftir ár, um framkvæmd og efndir á skýrum samþykktum Alþ. Stutt og greinargóð skýrsla væri um margt eðlilegri leið og gerði þá fsp. þar af leiðandi óþarfar um framkvæmd slíkra tillagna.

Þetta mál er seint fram komið og ég get vart verið bjartsýnn á afgreiðslu þess nú, þegar þess er gætt t. d., að till., sem mælt var fyrir í okt. s. l., hafa að því er virðist sofnað að fullu í n. En flm. munu áreiðanlega halda þessu máli vakandi og aflvaki till., viss vilji fólks úti í sveitunum til aukinna möguleika einnig þar til fjölbreytni í atvinnu, mun án efa verða áfram fyrir hendi. Mín trú er sú, að sú hreyfing, sem ýtt hefur þessu af stað, muni vaxandi og hana ber að virkja sem best.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, óska eftir því, að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Efri deild, 74. fundur.

Miðvikudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Áfengislög, frv. (þskj. 475). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ættleiðingarlög, frv. (þskj. 427 (sbr. 56)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. til ættleiðingarlaga hefur gengið í gegnum hv. Nd. og verið samþ. þar með lítils háttar breytingum. Frv. er samið af sérstakri nefnd, sifjalaganefnd, sem svo hefur verið kölluð, sem tekið hefur saman fleiri frv. Í henni áttu sæti dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, formaður, Auður Auðuns fyrrv. ráðh. og Baldur Möller ráðuneytisstjóri dómsmrn. Ritari n. var Guðrún Erlendsdóttir, sem er kennari við Háskólann og hefur haft með höndum kennslu í sifjarétti.

Með þessu frv. fylgir sérstaklega ítarleg grg., sem skipt er í kafla.

Í I. kafla grg. er vikið að því, hvenær ættleiðingarlög fyrst voru sett hér. Þau urðu ekki samferða ættleiðingarlögum á Norðurlöndunum, heldur voru sett hér síðar. Eru fyrstu ættleiðingarlögin frá 1953. Þangað til þau voru sett var stuðst við ýmis dreifð lagaákvæði og venjur og höfð hliðsjón af lögum um það efni á Norðurlöndunum. Norðurlandalögin hafa svo verið endurskoðuð og gefin út að nýju og verið gerðar á þeim ýmsar breytingar. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið með tilliti til þess og geymir að ýmsu leyti fyllri ákvæði en ættleiðingarlögin frá 1953, en auk þess talsvert veigamiklar breytingar frá þeim lögum. Gerð er allrækileg grein fyrir því, hverjar þær breytingar eru, í III. kafla athugasemda þeirra sem fylgja frv. Eru þar taldar upp breytingar í ekki færri en 17 liðum. Er um að ræða í sumum tilfellum allþýðingarmiklar breytingar. Ég sé ekki ástæðu til þess að ég fari að lesa þær upp og endurtaka það sem í aths. segir um þær.

Ég vil leyfa mér að benda á II. kafla athugasemdanna, þar sem er að finna tölfræðilegar upplýsingar um fjölda ættleiðinga hér á landi. Þar er skrá yfir ættleiðingar allt frá 1904 til 1975. Eins og sjá má á þeirri skrá, hefur fjöldi ættleiðinga verið talsvert mikill, fór vaxandi fram til 1960, en má segja að aðeins hafi dregið úr honum síðan.

Því er ekki að neita, að meðal fræðimanna, m. a. íslenskra, eru nokkuð skiptar skoðanir um það, hversu langt eigi að ganga í ættleiðingum. Er talið af sumum, að eðlilegra sé e. t. v. að miða við fóstur og fósturbörn en beinlínis að hafa kjörbarnafyrirkomulag. Ég skal ekki fara út í það nánar. Ég hygg, að hv. allshn. Nd. hafi fengið umsagnir um þetta efni, og vænti þess, að upplýsingar liggi fyrir um það.

Menn geta haft skiptar skoðanir á því, hvort eigi eða megi að stefnu til leyfa ættleiðingar eða ekki. Hins vegar held ég að ef menn eru á því, að það eigi að gera, þá sé þetta frv. tvímælalaust til mikilla bóta frá núgildandi löggjöf, geymi fyllri og skýrari ákvæði en þar er að finna. Ég held að varla þurfi að gera ráð fyrir því, að breytt verði til frá þeim háttum sem hér hefur verið fylgt í því efni, að ættleiðingar eigi sér stað í allríkum mæli. Það getur vissulega verið, að hér sé meiri vandi á höndum í því efni en sums staðar annars staðar, m. a. vegna fámennis sem hér er.

Með tilvísun til þess, hve ítarlegar aths. fylgja frv., sé ég ekki ástæðu til þess að vera að hafa lengri framsöguræðu um það. Hv. þm. hafa fengið ríkuleg tækifæri til að athuga þetta frv. vegna þess að það hefur legið fyrir tveimur þingum, og ég held að óhætt sé að segja, að það hafi hlotið mjög vandlega athugun hjá hv. allshn. Nd. Ég ætla því að láta þetta nægja, herra forseti, en leyfi mér að óska eftir því, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Grunnskóli, frv. (þskj. 68). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Sala notaðra lausafjármuna, frv. (þskj. 430). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 430 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um sölu notaðra lausafjármuna. Þar segir í 1. gr.:

„Hver sá, sem reka vill verslun eða umboðssölu með notaða eða gamla lausafjármuni, svo sem bifreiðar, bækur, innanstokksmuni eða annan varning, skal til þess hafa sérstakt leyfi lögreglustjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis."

Í 2. gr. er svo komið inn á leyfisveitingu. Leyfishafi skal fullnægja skilyrðum laga um verslunaratvinnu og fullnægja að öðru leyti þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum eða öðrum lögum eða reglugerðum til að mega reka starfsemina.

3. gr. fjallar um afturköllun þessa leyfis ef leyfishafi hefur brotið ákvæði laga þessara eða almennar reglur um réttmæta verslunarhætti.

Í 4. gr. er talað um, í hvers konar húsnæði eða starfsstöð megi reka verslun af þessu tagi, enda fullnægi það ákvæðum reglugerða um öryggismál og húsnæði vinnustaða.

5. gr. fjallar um það, hvernig taka skuli til geymslu slíkan varning, nema um bifreiðar sé að ræða, til þess að menn geti sannað óvefengjanlega eignarrétt sinn á þeirri vöru sem þeir eru þannig að koma með til sölu.

6. gr. fjallar um heimildarskrá sem skylt er að halda um allan varning sem veitt er viðtaka til endursölu, hvort sem hann er keyptur eða tekinn til umboðssölu. Í þessa skrá skal svo færa upplýsingar eins og móttökunúmer, móttökudag, lýsingu hlutar, nafn, stöðu og heimilisfang þess sem hlutinn afhenti, söludag hlutar, nafn, stöðu og heimili kaupanda hlutar, innkaupsverð, viðgerðarkostnað, ef einhver er, og söluverð hlutar. Sé hlutur tekinn í vöruskiptum skal skiptaverðs getið.

Í 7. gr. er fjallað um, hversu lengi skuli geyma heimildarskrána og ýmsar aðrar upplýsingar um varning, svo sem kvittanir og bréf o. fl. Lögreglustjóra skal opinn aðgangur að þessari heimildarskrá, og er lýst hvernig hann geti krafist þess að fá skráðan sem óskráðan varning til skoðunar hvenær sem hann telur þess þörf.

Í 8. gr. er fjallað um það, að sá, sem verslunina reki, skuli jafnan sýna fyllstu aðgát við kaup og sölu gamals eða notaðs varnings. Telji hann ástæðu til skal hann krefja seljanda varnings um persónuskilríki. Óheimilt er að kaupa eða veita móttöku varningi til endursölu frá þeim sem yngri er en 16 ára. Svo er í raun og veru aðalatriði þessarar greinar: Seljandi bifreiðar skal sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar.

Síðan er í 9. gr. heimild varðandi 5. gr., að lögreglustjóra sé heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 5. gr., þ. e. a. s. um geymslutímann. Er það í samræmi við önnur lög um þetta efni í nágrannalöndum okkar.

Þetta frv. skýrir sig að mestu leyti sjálft með því að lesa yfir þær athugasemdir sem því fylgja. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Að beiðni flm. frv. þessa, er það samið af Arnmundi Backman lögfræðingi. Við samningu þess var einkum stuðst við gildandi reglur í Noregi og í því sambandi stuðst við gögn og ábendingar frá landssambandi löggiltra bílasala í Noregi, „Autoriserte Bruktbilhandleres Landsforbund".

Hinn 1. jan. 1977 gekk í gildi í Noregi reglugerð um sölu notaðra eða gamalla hluta. Reglugerð þessi var sett samkv. heimild í lögum um verslunaratvinnu, lov om handelsnæring frá 8. mars 1935, 10. kafla um „antikvar- og skraphandel". Sambærilegum lagaákvæðum er ekki til að dreifa hér á landi.

Verslun og umboðssala með notaða gamla hluti, svo sem sala notaðra bifreiða, bóka, innanstokksmuna eða annars, hefur færst mjög í vöxt hér á landi á undanförnum árum, sér í lagi þó sala notaðra bifreiða. Verslun af þessu tagi er sérstaks eðlis. Hún byggir í aðalatriðum á því að endurselja ýmiss konar lausafjármuni, sem áður hafa verið í einkaeign. Af þeim sökum verður sölumaður að treysta eignarheimild þess sem hlutinn afhendir til sölu. Og sá, sem notaðan hlut kaupir, verður að treysta því að sú heimild hafi verið fyrir hendi, að hann hafi með lögmætum hætti eignast notaðan hlut.

Um eðli fornverslana eða umboðssölu notaðra bifreiða verður ekki farið fleiri orðum í grg. þessari. Sérstaða þeirra í verslunarviðskiptum er augljós. Af þeim sökum telur flm. þessa frv. brýnt að lögfest verði ákvæði sem tryggja ættu sæmilegt réttaröryggi í viðskiptum þessum. Með slíkt í huga er frv. þetta lagt fram. Í öllum aðalatriðum er ákvæðum hinnar norsku reglugerðar fylgt."

Hér er sú leið farin að festa í lögum ýmis þau ákvæði, rammaákvæði þó, sem í Noregi eru í reglugerð og reyndar einnig á hinum Norðurlöndunum. Lagaákvæði þau, sem reglugerðin þar byggist á, eru ekki finnanleg í lögum hér á landi, og því þótti okkur, sem að þessu stöndum, mér sem flm. og Arnmundi Backman lögfræðingi, sem samdi frv., nauðsyn bera til að hafa um þetta nokkru skýrari lagaákvæði en eru í norsku lögunum, m. a. af því að um sumt er það eðlilegra þegar um nýmæli er að ræða í lagasetningu.

Hér er á engan hátt verið að setja óeðlilegar hömlur á þessi um flest eðlilegu viðskipti með notaða hluti, aðeins að veita þeim ákveðið aðhald í lögum, svo sem telja verður sjálfsagt, því að viðskiptin fara sívaxandi, einkum hvað bílasölurnar snertir, aðhald sem t. d. Landssamband löggiltra bílasala í Noregi hefur beinlínis óskað eftir þar í landi. Það er eðlilegt og sjálfsagt ákvæði, að leyfisveiting til verslunar sem þessarar sé bundin því, að almennt verslunarleyfi sé fyrir hendi: Sama er að segja um húsnæðið, að það hlýtur að þurfa að vera viðunandi sem vinnustaður, bæði hvað snertir öryggismál og hollustuhætti.

Í 5. gr., um 14 daga geymslufrest, er farið eftir norsku ákvæðunum, sem þó eru mun stífari því að í 9. gr. þessa frv. er gefið leyfi til undanþágu að fengnu samþykki lögreglustjóra. Hér er komið að því, sem er meginatriði þessa frv., en það er að fyllsta réttaröryggis sé gætt. Sá, sem með vöruna verslar, og sá, sem hana kaupir, verður að vera öruggur um að engin eftirmál eigi

sér stað, að varan, sem keypt er, sé á eðlilegan og löglegan hátt komin í hendur þess sem selur nýjum aðila, þ. e. að eignarréttur þess, sem upphaflega selur fornverslun eða bílasölu hlut, sé ótvíræður eða sem allra ótvíræðastur. Þetta meginatriði varð t. d. orsök þess, að þessir aðilar í Noregi, sem eru með mikla verslun af þessu tagi, beinlínis óskuðu eftir ítarlegri ákvæðum hvað þetta snerti bæði í lögum og alveg sérstaklega í reglugerð.

Um bifreiðar gegnir alveg sérstöku máli. Bæði er það, að þar er um mjög mikla aukningu að ræða í viðskiptum, en þar er líka um mjög verðmæta hluti að ræða. Því er í stað 14 daga frestsins sett inn ákvæðið, sem ég var að lesa áðan, að seljandi bifreiðar skuli sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins að hann sé skráður eigandi hennar. Um þetta atriði var haft samráð við þá aðila hérlendis sem gleggst til þekkja, m a. þá sem hafa fengið mál til meðferðar í þessu sambandi, þ. e. þar sem eignarréttur seljanda hefur verið vafasamur og ábyrgð hans í raun engin þegar til átti að taka. Um þetta segir í athugasemdum við 8. gr :

„Í niðurlagi greinarinnar er lagt til að seljanda notaðra bifreiðar verði gert skylt að sanna með vottorði Bifreiðaeftirlits ríkisins eignarheimild sína. Í viðskiptum sem þessum hefur í seinni tíð borið talsvert á svokölluðum „raðsölum", þ. e. að bifreið fer um hendur nokkurra seljenda sem þó eru ekki skráðir eigendur hennar. Hefur þetta þótt skapa talsverða réttaróvissu. Bifreið er fyrirferðarmikið tæki í nútíma þjóðfélagi. Á eigendum og ökumönnum hvílir veruleg ábyrgð samkv. lögum. En meðan „raðsölurnar" án skráningar hvers eiganda viðgangast eru opinberar skrár ófullkomnar um skráningaskylda eigendur bifreiða."

Hér er beinlínis verið að tryggja það, að þessar óæskilegu „raðsölur" án skráningar nýs eiganda hverju sinni fari alls ekki fram, en að því eru vaxandi brögð. Fyrir því hef ég sjálfur orðið að nokkru leyti varðandi bílakaup mér náskyldra. Veit ég þess vegna, að þetta er vægast sagt vafasamt, ef ekki verða sett skýrari ákvæði þar um. Þar kom það sem sagt í ljós, að fara þurfti til þriðja aðila í raun og veru til þess að finna þann sem skráður var sem eigandi þeirrar bifreiðar sem seld var, svo undarlegt var þetta.

Um heimildarskrána kunna að vera uppi efasemdir, en grannþjóðum okkar hefur þótt nauðsyn bera til að hafa um þetta ákveðnar reglur, og því er lagt til að hún verði svo ítarleg sem segir í 6. gr. Ég legg engan dóm á það, hvort þetta er svo nauðsynlegt sem þeir telja í nágrannalöndum okkar, en ef nefnd getur tekið þetta til einhverrar umr. nú eða athugunar á þessu þingi, sem verður auðvitað að teljast frekar vafasamt að verði gert að nokkru ráði, þá auðvitað athugar n. það, hvað af þessu má vera beinlínis í lagaformi og hvað þá í reglugerðarformi. Sama er að segja um geymslu slíkrar skrár. Hér er í engu gengið lengra en grannar okkar ganga, en sjálfir vilja fornsalar og bílasalar í löndum þessum hafa sem nákvæmast og best yfirlit um viðskipti sín og geta haft það í höndum hvenær sem á væri þörf. Aukið réttaröryggi í þessum sívaxandi viðskiptum er markmiðið með frv. þessu og því ættu allir hlutaðeigandi að fagna mjög.

Ég hef aðeins heyrt örla á þeim misskilningi, að þetta frv. sé sett til höfuðs bílasölum og fornsölum. Slíkt er fjarstæða. Um leið og viðskiptavinum þeirra er tryggt betur en áður, að allt sé með felldu um kaup þeirra á hlutunum, hvort sem það er bók, þvottavél eða bíll, og engin eftirmál hljótist þar af, um leið ættu seljendurnir að tryggja sinn hlut. Annars er ekki allt eins og það á að vera. Það hlýtur að vera markmið hvers þess sem hér við fæst, að allt sé sem hreinast og ótvíræðast. Ég efast ekki um það, að þeir sem hafa beinlínis óskað eftir þessu, sjálfir aðilarnir sem hafa beinlínis óskað eftir þessu í grannlöndum okkar hafi ekki gert það að ástæðulausu. Ég efast ekki um það heldur, því að svo vaxandi viðskipti er um að ræða, að við munum þurfa einnig að setja um þetta ákvæði. Þó er ég langt í frá að segja, að þau þurfi að vera nákvæmlega eins og hér er ráð fyrir gert, því að hér er um að ræða nokkuð óljós mörk milli laga annars vegar eða reglugerðar hins vegar.

Ég hef líka aðeins fengið eina hringingu út af því, að húsnæðis- eða starfsstöðvarákvæði væru of ströng, það sé óviðkunnanlegt að hafa þau svo ströng. Ég skildi þetta að vísu ekki. Ég tel að þau eigi síst að vera lakari en sams konar ákvæði um aðra verslun yfirleitt, og gjarnan mætti líta á umhverfið líka. Ég hef ekki farið út í það í sambandi við þetta. Það yrði þá reglugerðaratriði. Það mætti t. d. gjarnan huga að því einnig, að í kringum bílasölurnar yrði sem allra snyrtilegast og öllu sem best fyrir komið.

Ég hef á því trú, að þörf sé laga sem þessara. Ég hef sjálfur rekið mig á einkennileg dæmi í sambandi við þetta, og það var í raun og veru kveikjan að þessu frv. Ég hef á því trú einnig, að allra hagur sé að einhver lög af þessu tagi verði sett, hvort sem þau verða með þessum hætti eða einhverjum öðrum. Frv. má breyta og það má eflaust bæta. En fari menn að skoða löggjöf og reglur nágranna okkar hygg ég að fremur yrði um að ræða ítarlegri og fyllri ákvæði, nema menn vildu þá setja þar um sérstaka reglugerð.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Áskorunarmál, frv. (þskj. 418, n. 468). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til l. um breyt. á lögum um áskorunarmál, og var n. sammála um að mæla með samþykkt frv. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Halldór Ásgrímsson.

Eins og hv. þdm. er kunnugt fjallar þetta frv. um áskorunarmál. Helstu atriðin, sem þar er lagt til að breytt verði, eru á þá lund, að stefnandi

á samkvæmt frv. að geta sjálfur gefið út áskorunarstefnu. Er talið að þetta muni spara nokkra vinnu og flýta fyrir afgreiðslu mála. Enn fremur er í þessu frv. lagt til, að stefnukröfur verði aðfararhæfar að liðnum sjö sólarhringum, en það á einnig að flýta fyrir afgreiðslu málanna.

Ég tel ekki ástæðu til að flytja frekari framsöguræðu með nál. hv. allshn., enda var þetta mál skýrt í framsöguræðu á sínum tíma.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn, frv. (þskj. 442). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja á þskj. 442 frv. til laga um kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn á Langanesi. Frv. er svo hljóðandi:

„1. gr.
Ríkissjóður skal leita eftir kaupum á síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvarinnar hf. á Þórshöfn á Langanesi.

2. gr.
Takist kaupin skal Síldarverksmiðjum ríkisins falin umsjá með verksmiðjunni, og þar með að hefjast þegar handa um að fullgera verksmiðjuna og búa hana nauðsynlegum tækjum til þess að hún geti hafið loðnuvinnslu þegar á næsta hausti."

Ég hygg að rétt sé að gera þegar í upphafi máls grein fyrir aðdraganda þessa frv. Svo sem hv. þm. er kunnugt hefur sameignarfyrirtæki þeirra á Þórshöfn, Hraðfrystistöðin hf., átt í verulegum fjárhagsörðugleikum síðustu ár, að mestu til komnum með þeim hætti, að fyrirtæki lenti í því óláni að kaupa notaðan og úr sér genginn togara í þann mund sem nýtt og fullkomið hraðfrystihús stöðvarinnar var að komast í gagnið, og þar svo til, að einmitt um þetta leyti varð þurrð á fiskimiðum þeirra Þistilfirðinga. Þeir höfðu orðið einna verst fyrir barðinu á niðurlagi þorskastríðsins, er bresku togurunum var hópað saman á miðin fyrir utan grunnslóð þeirra og þar gekk fiskur til þurrðar. Var þá ekki um annað að ræða fyrir þá Þórsafnarbúa en að reyna að komast yfir skuttogara, svo sem önnur byggðarlög höfðu gert til þess að tryggja sér hráefnisöflun, en einnig þetta bar upp á þann tíma þegar tekin hafði verið um það ákvörðun af hálfu núv. ríkisstj., að ekki skyldu keyptir fleiri skuttogarar til landsins en þeir sem þangað voru komnir. Má segja að þetta hafi borið upp á þann tíma þegar menn komust allt í einu að þeirri niðurstöðu að Íslendingar ættu orðið of mörg fullkomin fiskiskip. En hvað sem því líður áttu þeir Þórshafnarbúar ekki kost á því að kaupa annan togara en þetta gamla norska skip, sem rekið hafði verið með fádæma erfiðleikum hér á landi um nokkurt skeið og var raunar komið í gjaldþrot þar sem því hafði verið niður komið. Það var ljóst að þetta skip var illa farið og mörgu ábótavant þar um borð. Okkur þm. kjördæmisins má vera það minnisstætt að við inntum þá Þórshafnarbúa, sem í forsvari voru um þetta mál, eftir því, hvort þeir hefðu kynnt sér ástand þessa skips, sem væri ekki glæsilegt til kaups. Það kváðust þeir hafa gert, en töldu sig til knúna að kaupa skipið eigi að síður, þótt þeir vissu að þetta væri vonarpeningur, þar sem þeir sæju ekki fyrir aðra möguleika til að komast yfir skip sem gæti annast hráefnissöflun fyrir fyrirtæki þeirra.

Nú fór svo sem horfði, að skipið reyndist illa, bilanir voru tíðar og langt umfram það sem eðlilegt gat talist með tilliti til þess, að skipið var nýlega komið úr klössun. Hefur þetta valdið þeim Þórshafnarbúum tjóni með tvennum hætti, í fyrsta lagi náttúrlega með þeim hætti, að ekki hefur fengist hráefni til frystihússins svo sem þörf var á, þannig að atvinnuleysi hefur ríkt í plássinu mánuðum saman, og í öðru lagi hefur viðgerðarkostnaður á skipi þessu verið óskaplegur.

Á næstliðnu hausti, þegar enn kom í ljós að stórviðgerða var þörf á skipinu, leituðu þeir Þórshafnarbúar eftir því, að Síldarverksmiðjur ríkisins keyptu síldarverksmiðju, sem fyrir er þar í plássinu og í eigu Hraðfrystistöðvarinnar, — keyptu þessa verksmiðju af þeim Þórshafnarbúum þannig að andvirði verksmiðjunnar mætti renna upp í viðgerðarkostnað á skipi þeirra, sem þá hafði beðið í nausti um sinn vegna þess að ekki voru tiltækir peningar til þess að borga viðgerðina. Að vísu, svo sem eðlilegt var, leituðu Þórshafnarbúar eftir þessum kaupum með atbeina ríkisstj. Af hálfu forsjármanna ríkisstj. var leitað beint til stjórnar SR um það, hvort hún teldi æskilegt og vildi kaupa síldarverksmiðjuna á Þórshöfn. Af hálfu stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins voru undirtektir fremur daufleg ar. Í fyrsta lagi var það til fært, að Síldarverksmiðjur ríkisins væru ekki aflögufærar með fé eins og á stóð, þar eð þær hefðu þegar ákveðið umfangsmiklar og dýrar framkvæmdir annars staðar við Síldarverksmiðjur ríkisins. Í öðru lagi var á það bent, að síldarverksmiðjan á Þórshöfn væri ekki, eins og þá stóð á, í rekstrarhæfu ástandi, heldur þyrfti að gera allkostnaðarsamar breytingar á henni og endurbætur til þess að hægt væri að vinna í henni loðnu. Enn í þriðja lagi var það til fært, að Þórshöfn lægi ekki vel við loðnumiðunum, þar sem Raufarhöfn t. d. lægi mun betur að sumarloðnumiðunum en Þórshöfn, en Vopnafjörður betur að vetrarloðnumiðunum. Væri raunar, þegar sækja þyrfti norður fyrir Langanes með loðnufarm, ekki öllu lengra að sigla til Raufarhafnar en til Þórshafnar. Mætti því segja að ekki væri vinningur fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins sem slíkar að því að reka síldarverksmiðju á Þórshöfn.

Öðru sinni, þegar eftir var gengið við stjórn Síldarverksmiðja ríkisins um þetta mál, fékkst áltisgerð frá stjórn Síldarverksmiðjanna sem var efnislega á þá lund, að ef ríkisstj. ákvæði að kaupa verksmiðju þessa yrði hún, eins og að líkum léti, að sjá fjárhagshlið málsins farborða.

Þar er síðan skemmst af að segja tilkomu

málsins, að við þm. Norðurl. e. fengum undir mánaðamótin febr.—mars bréf, dags. 22. febr., undirritað af forsvarsmönnum hreppsnefndar á Þórshöfn, atvinnumálanefndar, verkalýðsfélagsins og Hraðfrystistöðvarinnar, svolátandi með leyfi forseta:

„Við undirritaðir aðilar á Þórshöfn skorum hér með á alla þm. Norðurl. e. að standa saman að flutningi frv. á Alþ. um að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. á Þórshöfn og komi henni í starfhæft ástand fyrir næstu loðnuvertíð. Ljóst er að óhæfa er að verksmiðja þessi standi í niðurníðslu, á sama tíma og leigja þarf skip frá Noregi til loðnubræðslu. Það er skýlaus krafa Þórshafnarbúa, að frv. þessa efnis verði lagt fram á Alþ. nú á næstu dögum. Ef ekki næst samstaða meðal þm. Norðurl. e. um að flytja áðurgreint frv., er það ósk okkar að þeir þm., sem hafa til þess vilja, flytji frv."

Nú er skemmst af því að segja, og vil ég að það komi ljóslega fram í ræðu minni, að það hvarflar ekki að mér að skort hafi góðan vilja af hálfu annarra þm. kjördæmisins til þess að leysa efnahagsvanda þeirra Þórshafnarbúa. En vegna forsögu málsins, vegna þess með hvaða hætti hafði verið fjallað um mál þetta innan ríkisstj. áður og sökum þess með hvaða hætti stuðningsmenn ríkisstj. í hópi meðþm. minna úr kjördæminu höfðu bundist í málið við störf sín að því að leysa efnahagsvandamál Þórshafnarbúa, töldu þeir ekki rétt og ekki vænlegt til ávinnings fyrir málið að standa að flutningi frv. þessa, en brugðu með samþykki allra þm. kjördæmisins á það ráð að búa til annars konar þingmál, þ. e. a. s. þáltill., sem flutt verður í Sþ. og lýtur að því að beina því til ríkisstj. að efnahagsástandið á Þórshöfn verði athugað í heild og þá m. a. hugað að því, hvort ekki geti verið rétt eða vænleg lausn á þessum málum að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi þessa síldarverksmiðju og hefji rekstur hennar.

Ég taldi nauðsynlegt að greina frá þessari meðferð málsins í hópi okkar þm. kjördæmisins, vegna þess að upp hefur komið sá misskilningur, að ég vildi á einhvern hátt kenna þeim meðflm. mínum um það svona privat og persónulega, ef ekki verður orðið við þessari beiðni þeirra Þórshafnarbúa um kaup á verksmiðju þeirra. Hér er um að ræða eitt hinna svonefndu byggðamála og í grg. með frv. segi ég frá því, að mér hefði verið það miklu skapfelldara, að Þórshafnarbúum eða sameignarfélagi þeirra hefði verið séð með skaplegum kjörum, fyrir því fé sem til þess þyrfti að koma verksmiðjunni í brúkhæft stand, því augljóst er að hér yrði um mjög hagkvæmt fyrirtæki að ræða. Þess háttar fyrirgreiðsla hefði verið eðlileg, en henni hefðu þó orðið að fylgja að vísu hafnarbætur, svo að hin stærri loðnuskip gætu lagst að bryggju á Þórshöfn, og einnig hefði þurft að taka um það ákvörðun að búa þannig að hráefnisöflun til fiskiðjuversins á Þórshöfn að lýtalaust mætti teljast.

Nú blæs hins vegar þannig á landi hér, að ekki er að vænta á næstu vikum a. m. k. eða mánuðum neins konar veðrabrigða í byggðamálum, og ljóst, að ríkisstj. sú, sem nú situr, hefur uppi önnur áform, — eða e. t. v. væri kannske rétt að orða það svo, að hún hefði uppi engin áform um að efla framleiðslu hinna einstöku byggðarlaga, hvað þá að hún sýni sig í því að byggja fjárhag ríkisins á grundvelli aukinnar nýtingar landsins gæða, hvort heldur í mynd náttúruauðlinda eða vinnuafls landsmanna.

Ljóst er af því, hvernig staðið hefur verið að vandamálum Þórshafnarbúa, að ekki eru á döfinni neinar fyrirætlanir um að leysa efnahagsvandamál Hraðfrystistöðvarinnar og þar með þorpsins með myndarlegu átaki, sem gæti gert þeim Þórshafnarbúum kleift að standa á eigin fótum fjárhagslega. Ætlunin mun fremur vera sú að halda áfram þessari smábótastefnu, þ. e. a. s. að halda áfram að bjarga í smáskömmtum, þessari aðferð að bæta bót ofan á bót fremur en að láta atvinnulífið gjörsamlega stöðvast, í saðinn fyrir að hjálpa þeim Þórshafnarbúum: 1) til þess að komast yfir traust skip, sem nægt gæti örugglega til þess að afla hráefnis til fiskiðjuversins nýja, sem er mjög myndarlegt og vel hefur verið til stofnað; 2) með því að koma síldarverksmiðjunni á staðnum í gang, búa hana þeim tækjum sem nauðsynleg eru til viðbótar og endurnýja það sem úr sér hefur gengið á liðnum árum; 3) með því að leggja fram fé sem þarf til þess að bæta svo höfnina að hin stærri loðnuskip geti lagst þar að bryggju.

Ég hef gengið úr skugga um að ástæðan fyrir beiðni Þórshafnarbúa, þeirri sem sett er svo einarðlega fram í fyrrnefndu bréfi sem ég las hér áðan, er sú, að þeir hafa misst trú á því, að af hálfu ríkisstj. verði gerðar neinar ráðstafanir sem dugi til þess, að þeir heimamenn geti komið verksmiðjunni í gang, svo að til gagns megi telja, fyrir næstu loðnuvertíð. Þeir sjá ekki nein teikn þess að vænta megi neinnar slíkrar aðstoðar af hálfu ríkisvaldsins. Því er það sem þeir óska þess eindregið, að ríkissjóður kaupi verksmiðjuna og feli síðan stjórn Síldarverksmiðja ríkisins rekstur hennar, svo sem rekstur annarra síldarverksmiðja ríkisins, jafnframt því sem tryggt verði að lagt verði af mörkum fé til þess að koma henni hið fyrsta í rekstrarhæft ástand.

Frv. það, sem hér er flutt að beiðni þeirra heimamanna á Þórshöfn, kemur alveg heim og saman við niðurlag bréfs stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins frá 19. des. s. l. sem stílað var upp á það, að ef Alþ. og ríkisstj. samþykktu að kaupa síldarverksmiðjuna á Þórshöfn og legðu til það fé, sem þarf til þess að koma henni í rekstrarhæft ástand, muni náttúrlega stjórn Síldarverksmiðja ríkisins taka að sér að reka þá verksmiðju eins og aðrar síldarverksmiðjur ríkisins.

Ég tel augljóst mál, að sá vandi, sem nú steðjar að þeim Þórshafnarbúum í atvinnu- og efnahagsmálum, er ábyrgðarmál ríkisstj. Íslands, en ekki stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins.

Hér í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður skuli leita eftir kaupum á síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvarinnar hf. á Þórshöfn á Langanesi. Af hálfu eigenda síldarverksmiðju þessarar hefur þegar verið gerð grein fyrir því, með hvaða kjörum þeir vildu selja þessa verksmiðju. Það er ljóst mál að þessi verksmiðja er til sölu, en í 1. gr. frv. er aðeins kveðið á um það, sem eðlilegt er eigi að síður,

að ríkissjóður leiti eftir kaupum á verksmiðjunni.

2. gr. frv. hljóðar um það, að ef kaupin takast á síldarverksmiðjunni, og er engin ástæða til að ætla annað, skuli Síldarverksmiðjum ríkisins falin umsjá með verksmiðjunni og þar með að hefjast handa um að fullgera hana og búa hana tækjum til þess að hún geti hafið loðnuvinnslu þegar á næsta hausti.

Að dómi kunnugra og þeirra, sem best eiga að þekkja til slíkra mála, færi rekstur þessarar verksmiðju á Þórshöfn við loðnubræðslu ákaflega vel með öðrum þáttum útgerðar frá Þórshöfn. Kunningja minn, siglingafróðan, sem margan túrinn hefur siglt fyrir Langanes með hlaðið skip, spurði ég hvort það væri ekki virkilega jafnlangt til Þórshafnar og Raufarhafnar þegar siglt væri með loðnufarm fyrir Langanes. Hann leyfði sér að svara til á þá lund, að þeir ætluðu þá *piltarnir að gera vel fyrir röstinni, ef þeir* ætluðu að fá út jafnlanga siglingu til Þórshafnar og Raufarhafnar.

Þeir ágallar á verksmiðjunni, sem upp eru taldir í grg. frá stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, eru vafalaust ekki ýktir. Þessir ágallar eru á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn. Úr þeim þarf að bæta til þess að hægt sé að koma verksmiðjunni í gang við loðnubræðslu. Það þarf að bæta við tækjum, og fullkomin ástæða er til þess að ætla, að kostnaður við það að koma verksmiðjunni *í rekstrarhæft stand yrði í kringum 200 millj.* kr. En hitt er vafalaust, að verksmiðja af þessu tagi á Þórshöfn, sem kostaði ríkissjóð tilbúin til þess að taka til starfa innan við 500 millj. kr., yrði arðbært fyrirtæki fyrir ríkið, og þó umfram allt hitt, að sú vinna, sem þessi verksmiðja mundi tryggja íbúum Þórshafnar, og þær framfærslutekjur, sem þeir mundu hafa af störfum í þessari verksmiðju, mundu efla byggðarlag sem vissulega stendur höllum fæti nú.

Þórshöfn er annars þannig í sveit sett með *frjótt og viðlent hérað Þistilfjarðar að baklandi*, að þar má efla útgerð og annan atvinnurekstur svo að hvort styðji annað til þroska: þorp og sveit. Svo bar til, að af öllum byggðarlögum á Norðurl. e. varð þetta pláss harðast úti við þau veðrabrigði, sem urðu við síðustu stjórnarskipti. Nú er nauðsyn að gera þá ráðstöfun er frv. þetta hnígur að, þ. e. a. s. að koma síldarverksmiðjunni þar í starfrækslu, og síðan þær ráðstafanir, sem ég drap áðan á í ræðu minni, að tryggja þeim Þórshafnarbúum skip sem til þess dugir að afla *hráefnis í frystihús staðarins. Þessar ráðstafanir* er nauðsynlegt að gera til þess að gera Þórshafnarbúum kleift að þreyja þorrann og góuna uns aftur bregður til bata fyrir hinar dreifðu sjávarbyggðir í stjórnmálum landsins.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir þessari hv. þd. til meðferðar, er að mínu mati dæmigert um það þegar ákveðnir þm. þurfa á vissu sjónarspili að halda og þurfa á því að halda að geta skapað sér tækifæri til þess að viðhafa áróður í sem víðtækustum mæli þannig að hann komist til skila. Allur tilbúningur frv. og mátinn sem hafður hefur verið í sambandi við flutning þess, svo og framsöguræða hv. 5. þm. Norðurl. e. um þetta mál, eru órækust merki um þetta.

Það er rétt, að málefni Þórshafnar hafa verið mjög til meðferðar í vetur hjá þm. kjördæmisins almennt. Hvað svo sem sagt er í frv. eða í grg., þá held ég að mjög erfitt sé halda því fram, að ekki hafi verið full samstaða meðal þingmanna kjördæmisins um að reyna að verða Þórshafnarbúum að liði í hinum erfiðu og vandasömu málum þeirra eftir því sem frekast væri kostur. Rétt er það einnig, eins og tekið er fram í grg. þessa frv., að erindi barst frá forsvarsmönnum Þórshafnarbúa, hreppsnefndinni, atvinnumálanefndinni, verkalýðsfélaginu og Hraðfrystistöðinni, í bréfi dags. 22. febr., um að þm. beittu sér fyrir því, að Síldarverksmiðjur ríkisins keyptu verksmiðjuna. En hv. flm. þessa frv. var jafnvel kunnugt um það og okkur öðrum þm. Norðurl. e., að búið var að vinna verulega mikið að því að *reyna eftir öllum færum leiðum að koma þessum* kaupum í kring, og við nutum stuðnings mikilsverðra ráðamanna í þjóðfélaginu við þetta mál. Hins vegar var málinu þannig háttað og því var tekið með þeim hætti í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, að mjög erfitt virtist vera að koma því máli þar í gegn. Mér vitanlega varð ég aldrei þess var, að fulltrúi þess flokks, sem hv. flm. þessa frv. tilheyrir, sá fulltrúi Alþb. sem á sæti í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, hefði verið neinn sérstakur stuðningsmaður þessarar hugmyndar.

Ég held að þó svo að hv. flm. þessa frv. vilji staðhæfa bæði í grg. og í umr. á hinu háa Alþ., að ekki séu á döfinni nein áform um að leysa vandamál Þórshafnar, verði hann a. m. k. að undanskilja þm. Norðurl. e., hvar í flokki sem þeir standa, því svo miklu höfum við eytt af tíma okkar, a. m. k. á þeim vetri sem nú er að líða, að leysa vanda Þórshafnar. Og ég held að kinnroðalaust megi segja það hér úr ræðustól á þingi, að eftir atvikum hafi vel til tekist, a. m. k. að útvega fjármagn.

Málsgr. í grg., sem er að finna á bls. 2, ber að mínu mati nokkurn vott um þann áróðurskeim sem er af frv. sem liggur fyrir til umr. Mig langar til — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hana upp. Orðrétt stendur svo:

„Í haust er leið, er togarinn Fontur hafði beðið lengi viðgerðar, en hvergi örlaði á marktækum vilja yfirvalda til þess að tryggja peninga til framkvæmdanna, fóru Þórshafnarbúar þess á leit, að ríkisstj. keypti af þeim fyrrgreinda síldarverksmiðju og greiddi andvirðið til togaraviðgerðanna. Málinu vék ríkisstj. einfaldlega til stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, sem komst að þeirri niðurstöðu að kaupin yrðu ekki arðbær fyrir stofnunina.“

Mig langar í sambandi við þessa málsgrein, sem ég hef verið að lesa, að beina þeirri fyrirspurn til hv. flytjanda frv., hvernig hann heldur að snúist hefði verið við þessari ósk til að mynda í vinstri stjórninni, þar sem sjávarútvegsmálin heyrðu undir einn þm. Alþb., úr því að honum finnst að hann geti komist þannig að orði: „Málinu vék ríkisstj. einfaldlega til.“ Er ekki flm. þessa frv. sammála mér um það, að ef slík beiðni hefði borist og Alþb. hefði átt sjútvrh.,

mundi hafa farið ósköp líkt um meðferð slíks erindis? Á ég þar við, að ég hygg að sú stjórnardeild, þó hún hefði notið forstöðu Alþb., hefði ekki viðstöðulaust borið upp í ríkisstj. að verða við þeim óskum sem þarna var um að ræða, um kaup á umræddri verksmiðju. Ég held að sá ráðh. mundi ekki hafa talið óeðlilegt að vísa slíkum tilmælum til stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins.

Það er rétt, sem flm. frv. tekur fram í grg., að hann leitaði eftir stuðningi annarra þm. kjördæmisins, það þá að verða meðflm. að þessu frv. Ég segi fyrir mitt leyti, að þegar þessi tilmæli bárust mér stóð þannig á að ég gat ekki tekið afstöðu til þess. Ég skýrði fyrir þeim aðila sem bar mér þessi tilmæli, að ég gæti ekki tekið afstöðu um slíkt málefni fyrr en ég væri búinn að bera ósk um þátttöku mína upp í mínum þingflokki, en þannig stóð á, þegar mér barst þessi ósk, — ég hygg að það hafi verið á fimmtudegi, — að ekki var væntanlegur fundur í þingflokknum fyrr en næsta mánudag þar á eftir. Tjáði ég hlutaðeigandi, að ég væri ekki reiðubúinn að gefa svar viðvíkjandi umræddri beiðni fyrr en að loknum þeim tíma er fundur hefði verið í þingflokknum. Þetta var það svar sem ég gaf í sambandi við þetta.

Þetta frv. var samt sem áður flutt og er búið að vera nokkrum sinnum á dagskrá í hv. Ed., hefur ekki komið til umr. fyrr en nú. Mér hefur skilist að sá dráttur, sem orðið hefur á því að taka þetta mál til umr., stafi af því, að hv. flm. hafi beinlínis óskað eftir því, að umr. ætti sér ekki stað, henni yrði frestað. Ég hef þá skýringu fram að færa, — hann leiðréttir mig þá ef það er rangt, — að við höfum verið að reyna að vinna að því, þm. Norðurl. e., undir forustu 1. þm. kjördæmisins, hv. þm. Ingvars Gíslasonar, að flytja, allir þm. kjördæmisins þáltill. um málefni Þórshafnar. Þar leggjum við áherslu á hvílík vandamál eru á höndum, og við leggjum áherslu á að þau verði tekin til gaumgæfilegrar athugunar með það sjónarmið fyrir augum að leysa þau. Sú till. hefur nú þegar verið flutt, a. m. k. er búið að semja till., það er búið að skrifa upp á hana. Ég veit ekki annað en að hún sé komin í prentun og ég verð að lýsa undrun minni, því að ég hélt ég mundi sjá þessa till. ásamt mjög ítarlegri grg. og miklum fskj. núna. Ég hélt að hún mundi liggja á borðum þm. í dag.

Hv. flm. þessa frv. er einn af meðflm. þáltill., svo að ætla mætti að úr því að hann gat beðið svo lengi eftir því að þetta frv. hans yrði tekið til umr. í deildinni, þá væri hann orðinn sáttur á þá meðferð málsins og skapast hefði því samstaða allra þm. kjördæmisins um að vera flm. að greinargóðri þáltill., þar sem lögð væri fram einlæg ósk og áskorun til ríkisstj. um að taka einbeittum og ákveðnum tökum á þeim vandamálum sem er við að etja. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm. stóðst ekki þá freistingu né lét sér það happ úr hendi sleppa að flytja hér í hinu háa Alþ. mikla áróðursræðu, sem væntanlega verður rakin mjög gaumgæfilega í þingfréttum útvarpsins, birt sjálfsagt orðrétt á síðum Þjóðviljans og útdráttur í blaði flokks hans fyrir norðan, Norðurlandi. Þetta ásamt góðri mynd af flm. er ágætis undirbúningur undir þá baráttu sem hann á fyrir hendi. Ég má kannske ekki segja það, en þetta er sjálfsagt eðlilegt og mannlegt, þó einhvern veginn finnist mér það ekki stórmannlegt. Og ég verð að segja það að þessi framkoma er ekki sú leið sem mér líkar best til þess að ná því takmarki sem ég er ekki í minnstum efa um að vakir fyrir hv. flm. þessa frv., sem er að reyna að bæta úr þeim vandamálum sem vissulega eru fyrir hendi á Þórshöfn.

Það, sem ég er með þessum orðum að átelja, er að hv. þm. skyldi ekki standast freistinguna og taka á þessu máli með okkur hinum, spara sér það að vera að gera þetta að einhverju einkaáróðursmáli fyrir sig í hv. Ed. Hann gat alveg sparað sér þau frýjunaryrði, sem hann viðhafði í framsöguræðu sinni, ekki væru á döfinni nein áform um að leysa vandamál þessa byggðarlags, því það er fjarri öllum sanni.

Hv. þm. gaf það fyllilega í skyn, að að mörgu væri að gá þarna austur frá. Í ræðu hans kom fram, að eiginlega væri enginn vandi að leysa þessi mál ef aðeins væri vilji fyrir hendi. Hv. flm. bar fram óskalista: það þyrfti einungis að leggja þessu byggðarlagi til fjármuni til þess að íbúar þess gætu fengið nýtt og betra skip en það togskip sem þeim var útvegað með ærnum stuðningi þm. kjördæmisins, — skip sem því miður, mót von okkar allra, hefur ekki reynst slík björg í bú sem við höfðum óskað. Þm. hafði einnig á óskalista sínum að tryggja þyrfti íbúum þessa byggðarlags fjármuni til þess að endurbyggja verksmiðjuna svo hún gæti komist í fullan gang, helst undir stjórn heimamanna. Og í þriðja lagi: tryggja þyrfti íbúum þessa byggðarlags nægilegt fjármagn til þess að gera nauðsynlegar umbætur á hafnaraðstöðu, svo að þær umbætur, sem nauðsynlegar eru á verksmiðjunni, kæmu að fullum notum. Allt er þetta rétt og satt. En þarna eru engar smáupphæðir á ferðinni. Þetta eru ekki nokkrir tugir milljóna. Hér er óskalisti, sem ég hygg að muni ekki vera langt frá milljarðinum ef við leggjum allt saman. Hér þyrfti beinlínis að leggja fram mjög háa upphæð.

Ég er ekki í neinum vafa um að hv. flm. þessa frv. er jafnljóst og mér, að við þau skilyrði, sem við búum við í þessu þjóðfélagi í dag, er gjörsamlega útilokað, með hversu góðum vilja og hversu góðu hugarfari sem við viljum ganga til leiks, — þá er gjörsamlega útilokað að við gætum útvegað þá fjármuni sem þarf til þess að koma aðeins þessum framangreindum þremur liðum á óskalista hv. þm. í framkvæmd.

Eins og ég skýrði frá fyrr í máli mínu höfum við allir þm. Norðurl. e. sameinast um að flytja þáltill. Ég er því miður ekki með hana, en hún er til þess ætluð að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á þeim vandamálum sem steðja að þessu byggðarlagi, Þórshöfn. Í þessari þáltill. er lögð rík áhersla á að hvetja ríkisstj. til þess að taka þessi vandamál föstum tökum. Þar er bent á sem úrræði að reyna að koma þeirri skipan á, að síldarverksmiðjan gamla á Þórshöfn verði endurbætt og henni komið í gagnið. Mín skoðun

er sú, að samþykkt slíkrar till. og samstöðu þm. um að hafa áhrif á þau mál, sem greint er frá í umræddri þáltill., verði gefinn gaumur og unnið að lausn þeirra eftir því sem hægt er hverju sinni og muni slíkt gagna Þórshöfn og íbúum þar og málefnum þeirra mun betur en sú sýndarmennska sem felst í því, að þessi hv. þm. sker sig út úr og flytur þetta frv. Min skoðun er sú, að flutningur þessa frv. og sá leikaraskapur, sem að mínum dómi felst í flutningi þess, leysi því miður ekki þann vanda sem steðjar að íbúum Þórshafnar. Vandinn verður ekki leystur með langri og ítarlegri grg. og langri og ítarlegri áróðursræðu. Til þess að leysa þennan vanda þarf samstillt átök, fleiri og ábyrgari aðila, svo að gagni megi koma.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Hér er hafin umr. um frv. til l. um kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn á Langanesi. Þau vandamál, sem skapast hafa í atvinnulífi Þórshafnar á undanförnum árum, hafa mjög verið til umræðu meðal þm. kjördæmisins, í ríkisstj., í Framkvæmdastofnun, á Alþ. og raunar víðar. Ég er þeirrar skoðunar, að innan þingmannahópsins hafi verið ágæt samstaða um að vinna að því heils hugar að styðja Þórshafnarbúa til þess að koma atvinnumálum staðarins í sem best horf. Ég tel að þm. kjördæmisins með 1. þm. þess í broddi fylkingar hafi þar unnið mikið verk, þó að enn þá sé árangur þess verks ekki að fullu kominn í ljós.

Það er öllum kunnugt, sem hér eru, að frumorsökin að þeim vandamálum, sem nú steðja að Þórshafnarbúum, er sú staðreynd, að fiskimiðin, sem Þórshafnarbúar hafa sótt á undanförnum áratugum, Þistilfjörðurinn, sem hefur verið mjög gjöful fiskislóð, hafa brugðist að verulegu leyti á undanförnum árum. Það var ekki fyrr en hafði dregið mjög verulega úr afla bátanna á Þórshöfn sem farið var að huga að því að kaupa togskip fyrir staðinn. Ekki er ástæða til þess, að ég fari að rekja þá sögu hér. Komið hefur áður fram, að því miður var það skip, sem keypt var, ekki nógu gott. Það bilaði hvað eftir annað og útgerð þess hefur ekki gengið vel. Ástæðan til þess, að ekki var fyrr af stað farið með kaup á togskipi til Þórshafnar en raun bar vitni, mun fyrst og fremst hafa verið sú, að Þórshafnarbúar höfðu gert ráð fyrir að byggja útgerð sína áfram á bátaafla af þeim gjöfulu miðum sem þeir hafa haft rétt við bæjardyrnar. Því er ekki að neita, að þær umræður og sú vinna, sem hefur verið lögð í atvinnuvandamál Þórshafnar, hefur verið mjög tengd skipi á undanförnum tveimur árum.

Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem sagt hefur verið um aðdragandann að flutningi þess frv. sem hér liggur fyrir. Ég efast um að þetta sé rétta leiðin til þess að koma fram þeim umbótum og ná þeim markmiðum sem við stefnum að í atvinnumálum Þórshafnar. Þó vil ég gjarnan taka undir það, að ég álít mjög mikilvægt að síldarverksmiðja sú, sem til er á Þórshöfn og ekki hefur verið starfrækt nema sem beinaverksmiðja á undanförnum árum, verði endurbyggð svo fljótt sem kostur er á.

Það er ekkert óeðlilegt, þar sem allmargir fjalla um eitt og sama mál, að upp komi misjöfn viðhorf til þess hvernig auðveldast sé að leysa málin, hvernig varanlegust og heppilegust lausn fáist. Ég get gjarnan látið það í ljós sem mína skoðun, að ég tel að heppilegra hefði verið að geyma flutning frv. sem þessa þangað til búið væri að tryggja framgang þess í þinginu. Eins og fram hefur komið flytja þm. Norðurl. e. þáltill. um atvinnumál og félagsleg vandamál Þórshafnar. Mun þm. fljótlega gefast kostur á að kynnast ekki aðeins þáltill., heldur grg. og umfangsmiklum fskj. sem þeirri grg. fylgja. Hefði að ýmsu leyti verið eðlilegast að umr. um þessi vandamál hefðu beðið þeirrar þáltill., því að þeir sem kæra sig um geta fengið mjög miklar upplýsingar úr þeim fskj. sem þáltill. fylgja.

Mig langar að víkja örfáum orðum að ræðu hv. flm. frv. Ætla ég þó ekki að taka mörg atriði hennar til athugunar.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. varð tíðrætt um þau veðrabrigði sem hefðu orðið við síðustu stjórnarskipti. Ekki vil ég gera lítið úr því, að myndarlega hafi verið tekið á atvinnumálum dreifbýlisins á vinstristjórnarárunum. Eins og kunnugt er tekur Framsfl. ekki aðeins þátt í þeirri ríkisstj., sem nú situr, heldur tók líka þátt í þeirri sem hvarf frá árið 1974. Ég er þeirrar skoðunar, að í öllum aðalatriðum hafi ekki síður verið vel haldið á atvinnumálum dreifbýlisins á þessum fjórum árum, eða hálfu fjórða ári, sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum, en var á vinstristjórnarárunum.

Að vísu er rétt, að erfiðleika hefur gætt á Þórshöfn. Þar hefur verið í gangi veruleg uppbygging, fyrst og fremst mjög myndarlegt hraðfrystihús og svo kaup togarans. Ég held að rétt sé að rifja það upp, hvaða fjármunir hafa farið frá Byggðasjóði til þessarar atvinnuuppbyggingar á Þórshöfn. Ég veit að vísu, að verðgildi krónanna var annað á vinstristjórnarárunum en nú er, en samt er það fyllilega athyglisvert, hversu miklum fjármunum hefur verið varið á Þórshöfn til atvinnuuppbyggingar á þessum síðustu árum, eins og víða annars staðar um land. Til frystihússins á Þórshöfn, sem er hið myndarlegasta mannvirki og þjónar nú ágætlega tilgangi sínum og er líklegt að verða áfram að verulegu leyti undirstaða atvinnulífsins á Þórshöfn, voru lánaðar á árunum 1973 og 1974 samtals 7 millj. kr. frá Framkvæmdastofnun. Á árunum 1975 og 1976 voru lánaðar til þessa sama frystihúss samtals 39 millj. kr. og árið 1978 7.6 millj. kr. Þetta finnst mér ekki bera þess vitni að hafi dregið úr fjárstreymi til Þórshafnar eftir að veðrabrigðin urðu 1974. Á árinu 1976 lánaði Framkvæmdastofnun til togarakaupanna 28.4 millj., til togaraútgerðarinnar á árinu 1977 15 millj. og það sem af er þessu ári 51.8 millj. Til viðbótar hafa svo Síldarverksmiðjur ríkisins lánað 50 millj. til þessarar útgerðar.

Raunar þarf ekki um það að deila, að enn er þessi útgerð ekki komin í það horf sem þyrfti að vera. Ég er flm. frv. algjörlega samþykkur um það, að á því er mikil þörf, að sú síldarverksmiðja, sem fjallað er um í frv., verði endurbyggð og þar hafin loðnubræðsla. En ég vil mót-

mæla því, að Þórshöfn hafi sérstaklega orðið hart úti hvað aðstoð snertir frá Byggðasjóði t. d. Ég fullyrði að málefni Þórshafnar, þó þau séu að ýmsu leyti erfið viðfangs, hafa fengið mjög rækilega athugun og úr vissum þáttum hefur verið leyst.

Þórshöfn er gamalt og virðulegt útgerðarpláss við Þistilfjörð. Þar hefur verið rekin mjög hagkvæm útgerð um langt skeið. Þar hefur eins og í öðrum sjávarplássum, ekki síst á Norðurlandi, oltið á ýmsu um aflabrögð og afkomu. Þar hafa verið örðugleikar á undanförnum árum, sem stafa að mínum dómi fyrst og fremst af því, að orðin var fiskþurrð á miðum Þórshafnarbúa á tímabili. Nú virðist nokkuð vera úr þessu að rætast, þó enn sé ekki séð að hve miklu leyti það verður. Þistilfjörðurinn, sveitarbyggðin í Þistilfirði, varð fyrir miklum áföllum á kalárunum svokölluðu, líklega meiri áföllum en nokkurt annað einstakt byggðarlag á þeim árum. Nú hefur það aftur á móti gerst, að landbúnaður stendur með blóma í Þistilfirði. Mér finnst ástæða til að ætla, að að þrátt fyrir þá örðugleika, sem hafa steðjað að atvinnulífinu á Þórshöfn, eigi þessi byggð sem er ein sú afskekktasta á landinu, a. m. k. eins örugga framtíð og við getum sagt að liðin tíð hafi verið.

Fleira hefur verið gert sem styður atvinnumál Þórshafnarbúa. Nokkuð hefur verið unnið þar að hafnargerð, þó það sé eins og víða annars staðar minna en skyldi. Það eru áætlaðar verulegar framkvæmdir við höfnina á þessu ári, m. a. er í þeim áætluðu framkvæmdum tekið mið af því, að bætt verði aðstaða til þess að taka við loðnu til löndunar ef verksmiðjan verður endurreist.

Unnið hefur verið mjög verulega að vegamálum héraðsins og ekki langt í land, þó að það sé nokkuð, að aðalvegir um héraðið séu mjög sæmilega vetrarfærir. Samgöngur við Raufarhöfn hafa verið stórbættar á undanförnum áratugum. Hitt er annað mál, að Þórshöfn er, eins og ég sagði áðan, afskekkt og samgöngur við svæðið þurfa að vera greiðar. Gera þarf enn verulegt átak í öllum þáttum samgöngumála, í bættri hafnaraðstöðu, bættri aðstöðu á flugvelli og bættri vegagerð, en þar er kannske einna stærsti þröskuldurinn, það sem enn er ógunnið í vegi á Melrakkasléttu, en um þann veg fara Þórshafnarbúar mestan hluta ársins, þegar þeir þurfa að fara út úr héraðinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að bæta að öðru leyti miklu við það sem hér hefur áður verið sagt. Ég fagna því, að samstaða hefur náðst meðal allra þm. kjördæmisins um flutning þáltill. sem er í prentun og verður væntanlega lögð fram áður en löng stund líður. Ég veit ekki hvort það verður í dag eða á morgun. Ég fagna því, að flm. þessa frv. skyldi vilja verða flm. þáltill. líka. Ég er ákveðið þeirrar skoðunar, að vandamál eins og það, sem hefur komið upp á Þórshöfn, verði því aðeins leyst að þeir, sem gerst til þekkja, vinni að því af einlægni og af alhug að kynna þau vandamál, sem uppi eru, túlka sjónarmið heimamanna um lausn vandamálanna og reyna með aðstoð allra þeirra, sem þar eiga hlut að máli, að finna sem vænlegastar leiðir til úrlausnar.

Ég vil raunar endurtaka það sem ég sagði áðan, að ég tel að frv., eins og það sem hér er til umr., hefði því aðeins átt að flytja að fullkomin samstaða væri um það meðal þm. kjördæmisins, það sé ekki sérstaklega líklegt til að gera nokkurt gagn nema það hefði verið hægt að standa að því á þann hátt. Ég tel að flm. hafi skort nokkuð þolinmæði í sambandi við þetta mál og hann hafi þess vegna unnið málinu vafasaman greiða með flutningi þessa frv.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Síst vil ég fara að eyða tíma okkar í deildinni í það í dag að gera hv. þm. Inga Tryggvasyni upp neinar sérstakar skoðanir í sambandi við það álit hans, að æ þeri að tryggja meiri hluta á þingi fyrir fram áður en mál er þar flutt. Ég er þess fullviss, að hann meinti þetta raunverulega ekki eins og hann sagði. En hann liggur mér á hálsi fyrir að flytja frv. það sem hér um ræðir, um kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn, vegna þess að ekki náðist um það samstaða meðal þm. kjördæmisins og þá væntanlega fyrir fram samstaða á Alþ. um að það yrði samþ. Og gjarnan vildi ég að hv. þm. Jón Sólnes kynnti sér áður en þessu kjörtímabili lýkur gjörsamlega þann mun sem er á lagafrv. og þáltill., sérstaklega af því að hann vék — þó lauslega — þrátt fyrir allt að bréfi því frá öllum forsvarsmönnum félagasamtaka á Þórshöfn til þm. kjördæmisins sem skrifað var 22. febr., svo látandi, ef ég les það enn einu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir aðilar á Þórshöfn skorum hér með á alla þm. Norðurl. e. að standa saman að flutningi frv. á Alþ. um að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarverksmiðju Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. á Þórshöfn og komi henni í starfhæft ástand fyrir næstu loðnuvertíð. Ljóst er, að óhæfa er að verksmiðja þessi standi í niðurníðslu á sama tíma og leigja þarf skip frá Noregi til loðnubræðslu. Það er skýlaus krafa Þórshafnarbúa að frv. þessa efnis verði lagt fram á Alþ. nú á næstu dögum. Ef ekki næst samstaða meðal þm. Norðurl. e. um að flytja áðurgreint frv., er það ósk okkar að þeir þm., sem hafa til þess vilja, flytji frv.

Virðingarfyllst.“

Þetta bréf er undirritað af 14 kjörnum forsvarsmönnum verkalýðsfélagsins á Þórshöfn, hreppsnefndarinnar, atvinnumálanefndar og svo stjórn Hraðfrystistöðvarinnar, sem er sameign þeirra á Þórshöfn.

Ég veit ekki hvort ég þarf að ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar um þá fulla vissu mína, að aðrir þm. Norðurl. e. hefðu fullan vilja á því að leysa efnahagsvanda þeirra Þórshafnarbúa. Ég gerði það í upphafi ræðu minnar. Ég get gert það enn, ef það fróar nokkuð hv. þm. Jón Sólnes. En ég bar ekki heldur hið allra minnsta brigður á þennan góða vilja þeirra þegar ég lét þau orð falla, að ekki blési byrlega fyrir því, að af hálfu þessarar ríkisstj. yrði neitt gagngert aðhafst í þessu máli.

Hv. þm. Jón Sólnes spurði hvernig ég ímyndaði mér að fjallað hefði verið um þessa nauð Þórshafnarbúa ef setið hefði vinstri stjórn, þegar að þessu máli kom, og Alþb. hefði átt sjútvrh. Ég

leyfi mér að fullyrða að þessari nauð þeirra Þórshafnarbúa hefði ekki verið skotið á vald stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og hún spurð hvort hún vildi að ríkið keypti síldarverksmiðjuna á Þórshöfn. Þetta mál hefði einfaldlega verið leyst á sama hátt t. d. og fjárhagsnauð Slippstöðvarinnar á Akureyri var leyst á sínum tíma, er fótum var skotið undir það fyrirtæki þannig að það hefur staðið síðan.

Hv. þm. Ingi Tryggvason rakti fjárframlög til Hraðfrystistöðvarinnar á Þórshöfn og útgerðar þar í plássinu síðan þessi ríkisstj. tók við og taldi að fullt eins myndarlega hefði verið staðið við bakið á þeim á Þórshöfn síðan þessi ríkisstj. tók við eins og áður. Jú, í tíð vinstri stjórnarinnar var hafin smíði á hraðfrystihúsinu, sem ekki varð lokið fyrr en þessi ríkisstj. hafði tekið við. Og fyrsti myndarskapurinn, sem þessi ríkisstj. sýndi af sér í stuðningi við þá Þórshafnarbúa, var að fá þeim Fontinn, slíkt skip eins og hann er. Hv. þm. Jóni Sólnes er jafnvel kunnugt og mér með hvaða hætti slíkt bar að. Það er alveg rétt, að Þórshafnarbúar höfðu reiknað með því að geta haldið áfram að afla hráefnis með smáum bátum á Bistilfirði með framhaldandi fiskgengd þar. Þetta brást. En að fá Hraðfrystistöðinni á Þórshöfn annað eins skip og Fontinn til þess að afla hráefnis í þetta nýtísku frystihús, sem smíðað var og hannað í tíð vinstri stjórnarinnar, það er nefnilega dæmigert um stefnu þessarar ríkisstj. í efnahagsmálum yfirleitt.

Ég vona svo sannarlega að síðasta viðgerðin á Fontinum, sú sem greiða átti með því að selja síldarverksmiðjuna frá fyrirtækinu, hún nægi og nú verði hægt að reka þetta skip stóráfallalaust um sinn til hráefnisöflunar. Ég vona það á sama hátt og hv. þm. Jón Sólnes gerir eflaust líka. En sú von okkar breytir engu um það, að ríkisstj. stendur í óbættri sök við Þórshafnarbúa fyrir að stöðva það að þeir fengju sæmilegt skip til hráefnisöflunar til frystihússins. Hefði það ekki verið stöðvað samkv. stöðvunarstefnu þessarar ríkisstj. á sínum tíma hefði fjárhagsvandi þeirra á Þórshöfn sennilega verið lítill í dag.

Vegna þess að enn var rætt um aðdraganda þessa þingmáls, sem hv. þm. Jón Sólnes leyfði sér að kalla sýndarmennsku, þá vil ég geta þess sem mér láðist í upphafi máls míns, að hinir þm. — fimm að tölu — fengu sent þetta bréf, dags. hinn 22. fyrra mánaðar, þ. e. febrúarmánaðar, með fyrrnefndri áskorun, sem einnig og þó ekki síst í niðurlaginu var beint til mín. Ég fékk þetta bréf ekki sent af einhverjum ástæðum Það hlýtur að hafa glatast í pósti eða hérna í meðförum í hólfinu mínu, þannig að mér var ekki kunnugt um þessa beiðni fyrr en á þingmannafundinum þar sem um þetta var fjallað. Ég hirði ekki að rekja hér í viðurvist félaga minna það sem þar gerðist. Það er þeim öllum kunnugt. En ég sagði þeim umbúðalaust, að frv. af þessu tagi vildi ég endilega flytja og í samráði við þá og samfylgd með þeim. En eins og ég fyrr gat töldu þeir að aðdragandi málsins hefði verið slíkur, þeir væru þannig hnýttir í þetta mál sem stjórnarþm., að á því væru litlar líkur að þeir mundu flytja frv. af þessu tagi. Og svo ég leyfi mér að ítreka enn þá við hv. þm. Jón Sólnes þessa staðhæfingu, að nokkur munur sé á þáltill. og lagafrv., samtímis því sem ég útskýrði það nánar fyrir honum, hvers vegna frv. þetta hefur ekki fyrr komið til umr., þá er ástæðan sú, að hv. þm. Ingvar Gíslason gerði sér vonir um að hann fengi þm. Sjálfstfl. með sér og með okkur öllum til flutnings lagafrv. er að þessu lyti. Ég bauð hv. þm. Ingvari Gíslasyni að afturkalla þá það frv., er hér liggur frammi með grg., með glöðu geði, af því að einnig ég taldi æskilegt að við stæðum allir að frv. En ég get undir engum kringumstæðum fallist á að eðlilegt sé að máli eins og því, sem hér um ræðir, sé skotið á vald ríkisstj. með þingssamþykkt einfaldlega vegna þess að þetta hafði áður verið gert. Það var áður leitað til ríkisstj. um það, að síldarverksmiðjan á Þórshöfn yrði keypt í þessu skyni. Ríkisstj. axlaði málið af sér yfir á stjórn Síldarverksmiðja ríkisins.

Það má vel vera að vandi sá, sem blasir við þeim Þórshafnarbúum, að því meðtöldu að við öflum þeim góðs farkosts til hráefnisöflunar, með hafnarbótum og viðgerðum á síldarverksmiðjunni, hljóði upp á milljarð. Mér mundi sannast sagna ekkert blöskra það. En mér er fyllilega ljóst, að með því að sjá þeim með sæmilegum kjörum fyrir góðu aflaskipi, með því að sjá þeim fyrir peningum með sæmilegum kjörum til þess að koma síldarverksmiðjunni sinni í gang og með því að bæta hafnarskilyrðin þar, þá þyrftu þeir ekki að fara bónleiðir til búðar, svo sem þeir hafa nú gert eftir að núv. ríkisstj. fékk þeim fleyið fríða, þeir gætu staðið á eigin fótum. Þannig hefur verið að málefnum annarra sjávarplássa staðið, þar sem líkt stendur á. Ég vil aðeins minna hv. þm. á það, að nokkru seinna en á Þórshöfn kom í gagnið samsvarandi fiskiðjuver, sem byrjað var á í tíð vinstri stjórnarinnar, austur á Fáskrúðsfirði. En það bara stóð svo á, að Fáskrúðsfirðingar voru búnir að tryggja sér rétt og aðstöðu til kaupa á nýjum skuttogara til þess að afla hráefnis, og afkoman varð slík af þeim rekstri, að þeir gátu keypt sér annan til viðbótar. Þar var ekki fylgt þessari stefnu: bót ofan á bót. Þarna skakkaði nokkrum mánuðum, að þeir voru búnir að festa sér nýtt skip. Þeir sluppu fyrir horn áður en til framkvæmda kom sú stefna, að nú skyldi ekki framkvæmt meira, nú skyldu ekki keypt fleiri fiskiskip, því það væri slæmt. Hv. þm. Jón Sólnes, sem greiddi hér að vísu ekki hnarreistur, heldur með bleika kinn, atkvæði með fjárveitingum til hafnargerðar uppi á Grundartanga og til framkvæmda við Grundartangaverksmiðjuna á þeirri forsendu að hann bæri svo takmarkalausa trú til ráðh. sem með þau mál færi, hann ætti að geta rennt grun í það, hvert við hefðum getað og hvert við gætum enn í dag sótt peninga til þess að efla atvinnulífið í byggðunum úti á landi ef fyrir því væri pólitískur vilji. Og ég ítreka það enn þá sem ég sagði fyrr: það hvarflar ekki að mér nokkur efi um það, að meðþm. mínir vilji leysa efnahagsmálavanda þeirra Þórshafnarbúa, sem að þeim steðjar núna. En ég get ekki verið að faðma þá að mér neitt sérstaklega í meðaumkun vegna þess að þeir geti það ekki, af því að sam-

tímis því sem þeir lýsa yfir vilja sínum til þess að leysa vandamál byggðanna fyrir norðan, þá styðja þeir með atkv. sínu þá ríkisstj. sem þessum vanda veldur. Þessir hv. þm. eru miklu fremur viðfangsefni fyrir þá sérfræðinga læknisfræðinnar, sem einkum hafa stúderað geðklofa, en fyrir meðaumkun mína.

Ég taldi eðlilegt að vera meðflm. að þáltill. sem hér hefur áður borið á góma. Hún er annars eðlis en þetta frv. út af fyrir sig, er viðtækari, lýtur að því að gerð verði úttekt á efnahagsmálum Þórshafnar og því beint til ríkisstj., — sem ég að vísu ber ekkert traust til, en stjórn kemur í stjórnar stað, — að gripið verði til sérstakra ráðstafana, t. d. eins og þeirra að kaupa síldarverksmiðjuna á Þórshöfn og koma henni í rekstur. Þetta taldi ég eðlilegt, samtímis því sem bráðnauðsynlegt var að mæla fram með frv. þessu um kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn á Langanesi svo að hv. meðþm. mínir úr kjördæminu gætu sýnt það í umr. hér, eins og þeir hafa þegar gert, og við afgreiðslu málsins hver heilindi þeirra eru í því að ríkið kaupi verksmiðjuna.

Hv. þm. Jón Sólnes vitnaði áðan með véfréttartón í afstöðu sem hann hefði spurt til fulltrúa Alþb. í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins til þessara kaupamála. Hv. þm. er fyllilega ljóst að fulltrúi Alþb. í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins átti fyrst og fremst aðild að því að semja bréf það frá 19. des., þar sem svo er kveðið að orði, að ef Alþ. og ríkisstj. taki ákvörðun um kaup síldarverksmiðjunnar á Þórshöfn sé það náttúrlega mál hinna æðstu stofnana, en ekki stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins. Og það liggur í augum uppi, að ef hv. þm. Jón Sólnes og aðrir meðþm. mínir hér knýja það fram með lagasetningu að síldarverksmiðjan verði keypt af ríkissjóði, þá mun stjórn Síldarverksmiðja ríkisins auðvitað taka við þeirri síldarverksmiðju til umsýslu og rekstrar eins og öðrum síldarverksmiðjum ríkisins. Mér er það að vísu ekki fyllilega kunnugt, en grun hef ég nú samt um að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hafi ekki tekið upp á eigin spýtur ákvörðun um kaup á einni einustu síldarverksmiðju á öllu landinu, heldur hafi verið þar um stjórnarathöfn að ræða.

Ég hygg að ég undanskilji ekki ábyrgð þm. kjördæmisins á þessu máli fremur en ég hef þegar gert með fyrirvörum mínum í þessari ræðu. En ég undirstrika aðeins svarið við spurningu hv. þm. Jóns Sólnes um það, með hvaða hætti ég teldi að sjútvrh. Alþb. í vinstri stjórn hefði leyst þetta mál. Ég minnti hann áðan á það, með hvaða hætti vinstri stjórnin leysti fjárhagsvanda Slippstöðvarinnar á Akureyri: með þeim hætti að síðan hefur hún staðið á eigin fótum og verið rekin af myndarskap og dugnaði og skilað hagnaði. Á sama hátt hygg ég að vandamál útvegsins og atvinnuvandamál þeirra Þórshafnarbúa hefðu verið leyst, ef sú ríkisstj. hefði setið áfram sem hjálpaði Þórshafnarbúum af stað með fiskiðjuverið sitt. Vandinn hefði verið leystur með því að hjálpa þeim til þess að fjármagna þessi fyrirtæki, til þess að komast yfir sæmilegt skip og til þess að reka þessi fyrirtæki á eigin spýtur. En það var annars konar ríkisstj.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 462). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að gera í örfáum orðum aths. við vinnubrögð, sem ég tel ámælisverð, í a. m. k. sumum þeirra nefnda sem starfa innan hv. Nd. Ástæða þessa er fyrst og fremst sú, að ég tel óforsvaranlegt að mál, sem fyrir nærri 5 mánuðum var vísað til n., hafi ekki enn fengið umfjöllun í viðkomandi nefnd. 9. nóv. s. l. var vísað til fjh.- og viðskn. frv. til l. um sjónvarpssendingar á fiskimiðin við landið. Þetta er 65. mál Nd. Mér er ekki um það kunnugt, að þetta mál hafi enn verið tekið til umr. í viðkomandi n. Finnst mér full ástæða til þess að vekja sérstaka athygli á því, hvernig vinnubrögðum er háttað í a. m. k. sumum þeim n. sem starfa á vegum þingsins.

Ég hef tekið þetta sérstaka mál vegna þess, að það virðist vera alveg ljóst, að því er ég best veit eftir að hafa athugað það, að staðan varðandi meðferð málsins er þessi. Vel má vera að svo sé um fleiri mál, sem lögð hafa verið fram á Alþ., að þau hafi ekki fengið umfjöllun í n. þrátt fyrir þann langa tíma sem liðinn er síðan þau voru fram lögð. Mér finnst algerlega óviðunandi fyrir hv. alþm., að ekki sé meira tillit tekið af hálfu þn. til starfa þeirra en raun virðist bera vitni um með tilliti til þess, hvernig fjh.- og viðskn. Nd. meðhöndlar þetta mál. Ég vil því beina því til hæstv. forseta, að hann ýti nú við nefndaformönnum, a. m. k. form. hv. n. sem þetta mál hefur til umfjöllunar, því að ég trúi því ekki að þm. almennt vilji una því, að þau mál, sem þeir leggja fram, fái ekki a. m. k. athugun í n. og þinglega meðferð. Ég vil því ítrekað beina því til hæstv. forseta, að hann a. m. k. geri tilraun til þess að fá viðkomandi nefndarformann til að sjá svo um, að um þetta mál verði fjallað í n. Það hefur að mínu viti verið nægur tími s. l. nær 5 mánuði til þess að fjalla um málið. Ef svo er ástatt um fleiri mál, sem hér hafa verið lögð fram, þá er full ástæða til þess að ýta við öðrum nefndarformönnum, ef svipað er ástatt um mál hjá þeim eins og hér.

Ég þakka svo hæstv. forseta fyrir að hafa gefið mér tækifæri til þessa og skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Vegna þessarar ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar vil ég segja aðeins örfá orð: Í fyrsta lagi það, að ekki þarf atbeina hæstv. forseta til þess að fundur verði haldinn í fjh.- og viðskn. Ég veit ekki hvort margar þn. hafa haldið fleiri fundi á þessu þingi en fjh.- og viðskn. Ég undanskil þó að sjálfsögðu fjvn. Hins vegar er rétt, að þetta mál, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, þ. e. frv. til l. um sjónvarpssendingar á fiskimiðin við landið, sem hann er fyrsti flm. að, hefur ekki fengið sérstaka umfjöllun í n. þrátt fyrir að hún hafi haldið marga fundi á þessu þingi. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson er annar flm. þessa frv. og hann á sæti í fjh.- og viðskn. Ég verð að segja, að þó hann hafi minnst á þetta mál öðru hverju, þá hefur hann ekki rekið á eftir því með miklum þunga.

Ég hef reynt að koma á fundi í n. í þessari viku, en það hefur ekki tekist. Ég mun boða fund í n. í fyrramálið og láta slag standa, hvort nm. geta komið því við að mæta. Ég mun taka þetta mál fyrir á þeim fundi, en get ekki lofað því, hvort það hlýtur afgreiðslu þá. — Þetta vildi ég láta koma fram.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil í tilefni af þeim umr., sem hér fara fram, láta þess getið, að ég hef haft samband við formenn n. í þessari hv. d., vegna þess hve áliðið er orðið þings, og óskað eftir að þau mál, sem kynnu að vera þar óafgreidd, yrðu afgreidd sem allra fyrst.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Í ummælum, sem komu fram hjá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, formanni fjh.- og viðskn., hefur verið upplýst að fundir hafa verið haldnir, hvort sem hæstv. forseti hefur talið sig þurfa sérstaklega að ýta á eftir nefndaformönnum svo að fundir yrðu haldnir og mál afgreidd. En þó að ekki þurfi að ýta á eftir hv. þm., formanni fjh.- og viðskn. til fundahalda, þá þarf eigi að síður að ýta á eftir honum svo að mál fái umfjöllun í n. Það væri kannske frekar að biðja hæstv. forseta um það í framhaldi af því sem hér hefur komið fram.

Varðandi hitt, sem og kom fram hjá Ólafi G. Einarssyni, þá er það rétt að hv. þm. Lúðvík Jósepsson er flm. ásamt mér og hv. þm. Garðari Sigurðssyni að þessu máli. Hvort sú er ástæðan, að hann hafi ekki rekið á eftir afgreiðslu málsins af miklum þunga, hvort það eru í raun og veru þau rök, sem fyrir því liggja að málið hafi ekki fengið umfjöllun í n., skal ég láta liggja á milli hluta. En sé það skilyrði, að flm. að frv. eða þáltill. þurfi að vera í n., sem málið fer til, til þess að málið fái umfjöllun, þá er nú orðið allerfitt fyrir þm. að koma á framfæri hugðarefnum sínum og flytja mál á Alþ. Ég vil hins vegar draga mjög í efa, að hv. þm. og meðflm. minn að frv., Lúðvík Jósepsson, hafi ekki ýtt á eftir þessu máli, því að ég hef nokkrum sinnum talað um það við hann. Þetta getur hann auðvitað upplýst sjálfur, en hann er því miður ekki viðstaddur nú. Ég geri ráð fyrir því, að hann hafi ýtt á eftir málinu, en þrátt fyrir það hefur það ekki fengið afgreiðslu.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að minna hv. þm., og þá sérstaklega hv. þm. Ólaf G. Einarsson, á það, að í upphafi fundar var tilkynnt að hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefði fjarvistarleyfi vegna veikinda. Ég tel því óviðurkvæmilegt af formanni fjh.- og viðskn. að kalla Lúðvík Jósepsson til meginábyrgðar á því, að þetta mál hefur ekki verið afgreitt úr n., eins og kvörtun hefur komið fram um.

Ég tek undir orð síðasta ræðumanns, að ef það á að skipta sköpum fyrir afgreiðslu mála í nefndum, að flm. eða einstakir þm. reki á eftir og beri þá meginábyrgð sem formanni ber, þá er ekki von að vel fari, — ef sá er skilningur formanns.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni nákvæmlega sama tilvik og hv. þm. Karvel Pálmason bryddi á í ræðu sinni áðan. Ég ætla að nota þetta tækifæri til þess að koma öðru máli á framfæri sem vel á heima í þessum sömu umræðum.

Eins og þm. rekur minni til lögðum við allmargir fram í desembermánuði s. l. beiðni til hæstv. iðnrh. um að flytja Alþ. skýrslu um stöðu Kröflumálsins. Við notuðum okkur í því sambandi ákvæði þingskapa, sem heimila það, beinlínis gefa um það fyrirmæli, að ef tiltekinn fjöldi þm. óskar eftir því, að skýrsla sé flutt Alþ., þá beri ráðh. að flytja þingi slíka skýrslu. Við óskuðum eftir því, þessir þm., að skýrsla þessi yrði flutt áður en fjárlög yrðu afgreidd, þ. e. a. s. áður en þing færi í jólaleyfi á árinu 1977. Við töldum að í rn. og annars staðar hlytu að *liggja fyrir flestöll* þau gögn sem við báðum um að í þessari skýrslu yrðu. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að við þessari beiðni okkar var ekki orðið og enn, þremur mánuðum síðar, hefur þessi skýrsla ekki séð dagsins ljós. Ég vildi vekja athygli á þessu. Mér er forvitni á að vita það núna, þegar fáir dagar eru eftir af þingtímanum, hvort ekki sé ætlunin að verða við beiðni okkar þm., sem báðum um þessa skýrslu, hvort ekki sé tilgangurinn að verða við þeim fyrirmælum, sem þingsköp leggja ráðh. á herðar þegar staðið er að beiðni eins og gert var, og hvort það sé ekki ætlunin, ef eigi að leggja þessa skýrslu fram, eins og tiltekinn fjöldi þm. hefur krafist, að gefa þeim kost á því að fara yfir þessa skýrslu og taka hana síðan til umr. á Alþ. eins og beðið var um.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Það eru dæmalausir útúrsnúningar hjá hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, að ég hafi verið að leggja þá ábyrgð á herðar hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að það væri hans sök að ekki væri búið að afgreiða þetta mál í n. Það gerði ég alls ekki. Ég sagði þvert á móti, að Lúðvík Jósepsson hefði rekið á eftir málinu, en ég sagði: ekki af neinum þunga. Þess vegna er óþarfi að vera með svona útúrsnúninga af þessu tilefni. Meira að segja hafði hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagt mér fyrir nokkrum dögum, að búast mætti við því, að hv. þm. Karvel Pálmason kæmi upp í ræðustól utan dagskrár og kvartaði undan því, að þetta mál hefði ekki hlotið afgreiðslu. Þetta

gerði hv. þm. Lúðvík Jósepsson. En hv. þm. Karvel Pálmason sá enga ástæðu til þess að segja mér af því, að hann mundi fara í ræðustól utan dagskrár út af þessu máli. Hann sá enga ástæðu til þess.

Ég lít ekki svo á, að skilyrði fyrir því að fá mál afgreidd séu að flm. viðkomandi máls eigi sæti í þeirri n. sem fær málið til meðferðar. Mér dettur ekki í hug að halda slíku fram. Það, sem ég held að ráði fyrst og fremst um þann hraða sem mál fá í n., er kannske fyrst og fremst mikilvægi málsins. Og ég verð að viðurkenna að ég lít ekki á þetta mál sem það mikilvægasta sem hefur komið fyrir hv. fjh.- og viðskn. á þessu þingi, þó að ég vilji alls ekki gera lítið úr málinu. En ég vil jafnframt nefna það, að fjh.- og viðskn. er ekki alls kostar ókunnug því sem hérna er fjallað um. Hún hafði til meðferðar á síðasta þingi mál sem gekk í svipaða átt og þetta frv. Það var till. um sjónvarpssendingu að vísu á tilteknum fiskimiðum. N. kynnti sér þá málið allrækilega með viðtölum við verkfræðinga frá sjónvarpinu og Landssímanum, og þær viðræður leiddu ekki til þess, að n. hætti ástæða til að mæla með samþykkt þeirrar tillögu.

Eins og ég sagði áðan, hefur þetta tiltekna frv. ekki fengið sérstaka umræðu í fjh.- og viðskn. En ég ítreka, að ég mun boða til fundar á morgun, ekki þó af þessu tilefni, alls ekki. Það bíða miklu mikilvægari mál núna meðferðar hjá fjh.- og viðskn., og þau verða tekin til meðferðar á morgun. En eins og ég sagði áðan, þá mun þetta mál einnig verða til meðferðar í n. á morgun.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Í Rómarríkinu forna var stjórnmálamaður, sem Cato hinn gamli hét. Hann gat aldrei haldið ræðu um nokkurt mál án þess að ljúka ræðu sinni með kröfu um það, að Karþagó yrði lögð í eyði. Því er svo farið með hv. 8. landsk. þm., Sighvat Björgvinsson, að hann má nú orðið ekki tala um neitt mál í þingi án þess að Krafla sé komin á heilann á honum. Þó að spurst sé fyrir utan dagskrár um sjónvarpssendingar á fiskimiðin, þá skal Krafla komast inn í umr.

Út af þeirri fsp. sem hann bar fram, eða beiðni réttara sagt, um skýrslu um Kröflu, þá veit hv. þm. ósköp vel, því að ég hef margsinnis sagt honum það utan funda, hvernig það mál stendur. Strax voru gerðar ráðstafanir til þess, að samin yrði skýrsla, og hafa Orkustofnun, Kröflunefnd og iðnrn. unnið að því. Búið er að safna saman miklu efni og langt komið að ganga frá þeirri skýrslu, sem verður allmikil bók. — Þessi skýrsla verður lögð fyrir Alþ. áður en því lýkur. Þetta var ég búinn að segja hv. þm. og ástæðulaust fyrir hann, og það í umr. um sjónvarpsmál og fiskimið, að spyrjast fyrir um þetta.

Jónas Árnason: Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér hljóðs eftir aths. þá sem hv. formaður fjh.- og viðskn. gerði varðandi hv. þm. Lúðvík Jósepsson, hvort hann hefði sýnt í verki þann vilja sinn, að það mál, sem hér er fyrst og fremst til umr., þ. e. a. s. sjónvarp fyrir fiskimenn, yrði tekið föstum tökum í n. Hv. þm gaf það vissulega í skyn með þessari aths. sinni, að Lúðvík Jósepsson hefði ekki sýnt þessu mikinn áhuga, svo að það var alls ekki að ófyrirsynju að hv. þm. Svava Jakobsdóttir kom hér upp í stólinn. En ég vil vekja athygli á mjög svo æpandi mótsögn í málflutningi hv. þm., þar sem hann segir að hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafi ekki fylgt þessu máli eftir með þunga, og hann er varla búinn að fullyrða þetta þegar hann segir að hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafi talað við hv. formann n. og sagt honum, að ef hann tæki ekki málið fyrir, þá mundi hv. þm. Karvel Pálmason koma hér upp utan dagskrár og gera málið að umtalsefni. (**ÓE:** Af hve miklum þunga?) Ég veit ekki, hvort hægt er að fylgja máli eftir með öllu meiri þunga en þessum. Svo vil ég vekja athygli á dálitið óviðurkvæmilegum hroka hæstv. iðnrh. í sambandi við aðra aths. sem hér var gerð. Það var verið að þýfga hann um skýrslu, sem honum bar skylda til að skila fyrir nýár. Hann svaraði með þótta. Þetta er reyndar ekki einsdæmi varðandi þennan hæstv. ráðh. né embættismenn yfirleitt. Við vitum það allir, að þeir hafa flestir tilhneigingu til þess að sýna hroka. En ég sé enga ástæðu til annars en að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, komi hér upp aftur og aftur og krefji ráðh. um það sem honum ber að gera. Þetta kann að virðast þráhyggja í augum hæstv. ráðh., þráhyggja eins og sú sem Cato gamli sýndi þegar hann endaði hverja ræðu — ég leyfi mér að tala latínu — með þessum orðum: „Ceterum censeo, Carthaginem esse delendam.“ Þetta bar reyndar árangur, eins og menn vita. Og ég sé enga ástæðu til að fetta fingur út í það, að þessi hv. þm. notar þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðh. hvað líði þessari skýrslu — sannarlega ekki. Hann mætti mín vegna enda hverja ræðu sína með þessum latnesku orðum: Centerum censeo, Kraflam esse disputandam, — sem útleggst: Auk þess legg ég til, að Krafla sé rædd.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég stenst að sjálfsögðu ekki þessa brýningu hv. þm. Jónasar Árnasonar. Ég verð nú að segja, að það er ekki leiðum að líkjast þegar hæstv. iðnrh. líkir mér við Cato hinn gamla. En ég vil aðeins benda hæstv. iðnrh. á að það endaði með því, að Cato hinn gamli hafði sitt fram, og e. t. v. verður endirinn sá, að hæstv. ráðh. leggur fram þessa skýrslu sína, sem ég er að kalla eftir, þremur mánuðum eftir að hana átti að leggja fram á Alþ. ef fara átti eftir því sem við óskuðum eftir sem um skýrsluna báðum. Ég tel það ekki vera mikla þráhyggju að bíða þrjá mánuði fram yfir þann tíma, sem skýrslan átti fram að vera komin ef fara átti að beiðni þeirra fjölmörgu þm. sem um skýrsluna báðu, því það er fyrst nú sem ég spyrst formlega fyrir um það, hvort ekki sé ætlunin að leggja þessa skýrslu fram, svo að megi taka hana til umr. á þessu þingi. Það er ekki fyrr en þremur mánuðum eftir að það átti að gera. Ég tel það ekki bera vott um mikla þráhyggju.

En fyrst hæstv. iðnrh. vill endilega vitna í gamla stjórnmálaskörunga frá tímum Rómarveldisins, þá get ég endað ræðu mína á að vitna í

þann atburð sem ég býst við að öllum þingheimi sé um kunnugt. Það var líka stjórnmálamaður í Róm, frægur nokkuð, sem m. a. var frægur fyrir að leika á fiðlu á meðan Róm brann. E. t. v. væri hæstv. ráðh. betur farið að hætta að leika á fiðluna, en taka heldur þátt í að slökkva eldinn.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 401, n. 431, 478). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Félmn. hv. Nd. hefur haft mál þetta til athugunar. Við 1. umr. málsins benti hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, á að nauðsynlegt væri að athuga málið með hliðsjón af þeirri lagasetningu sem fram fór á Alþ. skömmu fyrir jólahlé þm. Var að sjálfsögðu orðið við því og málið athugað. Kom í ljós, þótt sú hefði máske ekki verið hin efnislega aths. þessa hv. þm., að nauðsynlegt þótti og sjálfsagt að gera nokkra breytingu á einum tölulið í lagafrv., á þá leið, að 4. tölul. orðist eins og segir í brtt. n., sem hún er sammála um að flytja, á þskj. 478. Þetta er sams konar breyting og við í félmn. leggjum jafnframt til að verði gerð við þau hin önnur tvö málin sem fjalla um sama efni, um aðra lögbundna lífeyrissjóði sem eru á dagskrá þingsins í dag, mál nr. 20 og 21.

Ég vil fyrir hönd n. mæla með því, að þessi brtt. verði samþykkt og að málið haldi áfram. Læt ég þessi orð nægja sem framsögu fyrir þessum þrem málum á dagskránni, nr. 19, 20 og 21.

ATKVGR.

Brtt. 478 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 402, n. 432, 479). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 479 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, frv. (þskj. 403, n. 433, 480). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 480 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Gjaldþrotalög, frv. (þskj. 474). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 420, n. 470). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Hæstv. forseti. Frv., sem hér er til umr., er um breyt. á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins. Breytingin er ekki stórvægileg, og fulltrúar aðila, sem setu eiga í verðlagsráðinu, eru sammála um að mæla með þessari breytingu. En þar eiga sæti, eins og þm. er kunnugt, fulltrúar allra þeirra aðila sem hagsmuni sína sækja undir ákvarðanir þessa ráðs.

Það eru tvær breytingar sem fjallað er um í þessu frv. Sú fyrri er, að verðlagsráðið skuli í framtíðinni ákveða verð á síldarúrgangi, en það var samið um það meðan síld fékkst og veiddist hér við land. Að sjálfsögðu kom ekki slík ákvörðun eða samningar til greina meðan engin síld veiddist, en eftir að leyft var að veiða hana á ný, urðu aðilar sammála um að leggja til að þessi háttur yrði tekinn upp.

Hin breytingin er fólgin í því, að lagt er til í frv. að lífur frá veiðiskipunum verði í framtíðinni verðlögð í fiskúrgangsdeild. Máske mun mörgum þykja þetta kátlegt. En þegar málið er athugað betur geri ég ráð fyrir, að flestir muni vera þessari breytingu fylgjandi, hafandi það í huga, að gengið hefur erfiðlega að fá aðila til þess að víkja sæti í verðlagsráðinu þegar verið er að verðleggja fisk, t. d. þorsk, sem er kannske meginmál verðlagsráðs oft og tíðum, en þar undir hefur verðlagning á fisklifur heyrt til þessa. Nú eru það aðrir aðilar sem eiga í hlut af kaupenda hálfu þegar um lífur er að ræða, og m. a. vegna þess er verið að gera þessa breytingu, svo að þeir geti komist að og komið skoðunum sínum á framfæri innan ráðsins þegar verið er að verðleggja þessa fiskafurð.

Sjútvn. hefur haft til athugunar þetta frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 421, n. 471). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Hæstv. forseti. Frv., sem er til umr., um breyt. á lögum um Fiskimálasjóð, er þess efnis, að hækkuð verði sú tiltekna hámarksupphæð sem lögin kveða á um að lána megi úr sjóði þessum. Síðast þegar þessi hámarksupphæð var ákveðin var hún ákveðin 600 þús. kr., árið 1971. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um það nú, að geta sjóðsins og aðrar

aðstæður leyfi að þessi upphæð verði hækkuð í 2 millj. kr., og um það fjallar frv. Sjútvn. Nd. er sammála um að mæla með þessari breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 5. apríl, að loknum 70. fundi.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 420). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 421). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 494). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 495). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, frv. (þskj. 496). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Neðri deild, 72. fundur.

Miðvikudaginn 5. apríl, að loknum 71. fundi.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 469). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Lög um erfðafjárskatt eru frá 1921, en þeim var breytt árið 1972 vegna fasteignamats sem þá hafði nýlega tekið gildi. Síðan þær breytingar voru gerðar hafa orðið enn breytingar á fasteignamati, bæði um áramótin 1976—1977 og svo aftur nú um síðustu áramót. Verulegar hækkanir hafa orðið á fasteignamatinu, í fyrra skiptið 5½-földun að meðaltali og í síðara skiptið hækkun um 33—34%. Þeir, sem um þessi mál fjalla, borgarfógetaembættið í Reykjavík, hafa bent á að nauðsynlegt sé að breyta lögunum til samræmis við þessar breytingar á fasteignamati. Þetta frv. er flutt í samræmi við þær ábendingar.

Aðalbreytingin er sú, að í gildandi lögum er skattþrep eða skattstig miðað við 200 þús. kr., en í frv. er lagt til að það miðist við 1200 þús. kr., eða sexfalda fyrri upphæð. Ég tel að hér sé um nauðsynlega leiðréttingu að ræða til samræmis við breytt verðlag og hækkun á fasteignamati.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380, n. 460). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í nál. hefur n. fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt. Málið er þó þannig afgreitt frá n., að tveir nm. gera fyrirvara varðandi 1. gr. frv., þar sem svo er tekið til orða að almennar sveitarstjórnarkosningar skuli fara fram fyrsta laugardag júnímánaðar.

Eins og menn rekur eflaust minni til, er þarna gert ráð fyrir því, að nú verði ekki lengur um tvo kjördaga að ræða, mismunandi eftir því hvort er um að ræða þéttbýlissveitarfélög eða

strjálbýlissveitarfélög eða sveitir annars vegar. Hins vegar er gert ráð fyrir því að hverfa frá því að kjósa á sunnudegi og kjósa heldur á laugardegi. Þeir fyrirvarar, sem eru varðandi þetta ákvæði, eru fyrst og fremst varðandi það, hvort rétt sé að lögleiða laugardaginn, hvort hann sé heppilegri kosningadagur en sunnudagur, og í öðru lagi, hvort þetta sé heppilegur tími vegna þess að fyrsti laugardagur í júní muni raska hátíðarhöldum sjómanna á hátíðisdegi þeirra, sem venjulega er fyrsta sunnudag í júní.

Ég hef gert lítils háttar athuganir á því hvernig þessi röskun mundi verða, hversu oft þyrfti að færa sjómannadag til þau ár sem eftir eru af þessari öld og hversu miklar þessar tilfærslur yrðu. Mér sýnist að þær kosningar, sem mundu fara fram á þessari öld, mundi bera upp á dagana 3. júní núna í ár, 5. júní 1982, 7. júní 1986, 1990 mundi það vera 2. júní, en það er eina árið sem laugardagur fyrir fyrsta sunnudag í júní er laugardagur fyrir hvítasunnu, sem ég vil sérstaklega minnast á hér á eftir, og breytir þess vegna ekki neinu varðandi sjómannadaginn það ár. 1994 mundi kosningadag bera upp á 4. júní, 1998 mundi hann bera upp á 6. júní og 2002 mundi hann bera upp á 1. júní.

Um þetta er það að segja, að aðeins í tveimur tilvikum gæti sjómannadagurinn farið fram sama dag og nú er gert ráð fyrir samkvæmt venju. Hins vegar mundi hann færast til í ár þannig, að hann þyrfti annaðhvort að vera 28. maí eða 11. júní í stað 4. júní. Þarna yrði tilfærsla sem sagt til 28. maí, eða síðustu daga í maí. Í öðru lagi yrði aftur tilfærsla 1982, tiltölulega óhagstæð, því að hann yrði þá að vera annaðhvort 23. maí eða 13. júní. Í þriðja lagi yrði tilfærsla til 29. maí 1994, þ. e. a. s. rétt við mánaðamótin. Og 1998 yrði hann að vera 24. maí eða 14. júní. Mér sýnist að um sé að ræða einhverja verulega tilfærslu í tveimur tilvikum á þeim tæpa aldarfjórðungi sem eftir er til aldamóta. Ég vil aðeins benda á þetta atriði til þess að menn geti vegið og metið, hvort kosningar fyrsta laugardag í júní hafa veruleg áhrif í þá veru að trufla hátíðarhöld sjómanna, en ég tek undir það, að mér þykir að ýmsu leyti æskilegt að kosningadagur verði ekki um sömu helgi og þessi hátíðarhöld fara fram.

Ég gat þess, þegar ég talaði fyrir málinu við 1. umr., að einu sinni til aldamóta mundi kosningadag bera upp á laugardag fyrir hvítasunnu, þ. e. a. s. árið 1990, og væri þá hægt að taka ákvörðun um það, þegar þar að kemur, hvort æskilegt þætti að breyta kosningadegi. Nefndinni hafa borist ábendingar frá dómsmrn. varðandi lög um helgidaga, þ. e. a. s. um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar. Þar er gert ráð fyrir því, að bannaðar séu allar skemmtanir eftir kl. 6 á aðfaradögum stórhátíðanna. Ég er sjálfur ekki viss um að enda þótt frv. yrði samþykkt eins og það er nú brjóti það þessi lög beinlínis, en ég tel að þá sé nægur umþóttunartími til þess að athuga það, áður en til þess kæmi, og raunar sjálfsagt, ef sterkar ábendingar koma fram, að það verði athugað betur.

Mér virðist að tiltölulega góð samstaða sé um 2. gr. Hún er varðandi nýjar aðferðir við að vinna úr kosningum og við talningu í þeim hreppum þar sem óbundnar kosningar fara fram, þannig að ekki þurfi að boða til kjörfundar einhvern annan dag þar sem svo háttar til, að aðalmenn eru fyrst kosnir, síðan talin atkv. og varamannakosning fer svo fram síðar í ljósi þess hvernig úrslitin hafa orðið við kjör aðalmanna. Þetta er hægt að einfalda og koma því fyrir á einum kjörseðli. Um þetta hafa ekki orðið skiptar skoðanir í n., og í frv., sem fylgir þessu frv. og ég mæli fyrir síðar, sameinast nm. án fyrirvara um að mæla með þeirri breytingu.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar að svo komnu máli. N. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þau eru orðin mörg frv. og till. varðandi fyrirkomulag kosninga. Þetta þing, sem nú er að líða, verður svo sannarlega þing lýðræðisástar og áhuga á þingræði. Það hefur sem sagt komið í ljós, að talsverður fjöldi þm. sér allt ómögulegt við það kosningafyrirkomulag, sem við höfum notast við nú um alllangan tíma, og hefur jafnframt haldið því fram, að réttur kjósenda hafi fram að þessu verið mjög fyrir borð borinn og allar kosningar fram á þennan dag verið hinar ólýðræðislegustu. Menn þessir, sem þannig tala, eru með því að segja að þeir hafi sjálfir, þessar þingræðis- og lýðræðishetjur, verið kosnir með ólýðræðislegum og vafasömum hætti.

Ástæðurnar fyrir þessum tillöguflutningi eru margar. En ég tel að ein höfuðástæðan fyrir því, að menn eru að reyna að breyta þessu öllu, sé sú, að úti í bæ hafi verið hávaðasamir strákar að vekja á sér athygli og lyfta sér upp á kostnað Alþingis og reyna að ófrægja þessa stofnun á allan hátt. Meira að segja hefur svo langt gengið, að landsfrægir ritsóðar hafa verið að nudda sér upp í efstu sæti flokka sinna með því að ráðast á Alþ. og kosningalögin á allan hátt. Þessi mál eru hins vegar ekki á dagskrá að þessu sinni nema að með þessu frv. er verið að leggja til að færa til kosningadaginn — ekki einu sinni hann má vera í friði.

Það merkilega er, að þó er hægt að finna jákvætt atriði í þessu frv., þó að fáir hefðu sennilega trúað því, ef tekið er tillit til þess, hver er í fyrirsvari fyrir þessu. Það er eina hugmyndin sem er jákvæð í þessu, að sameiginlegur dagur er fyrir allar hreppsnefndar- og sveitarstjórnarkosningar í landinu. Það mætti heita jákvætt. En annað er allt neikvætt. Ég satt að segja nenni ekki að halda um það langa ræðu, en gæti talið það upp í örfáum orðum.

Í fyrsta lagi yrði þessi breyting til þess að stytta bilið enn milli sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga. Það tel ég vera til hins verra, og þarf ekki að rökstyðja það nánar.

Í öðru lagi er með þessari till. lagt til, að kosningarnar verði nú færðar yfir á laugardag, sennilega með það í huga að laugardagurinn sé orðinn almennur frídagur. Hann er kannske almennur frídagur vestur í Önundarfirði, til sveita, en hann er það ekki í sjávarplássunum úti á landi. Þar er líka unnið á laugardögum að talsvert miklu leyti einmitt á þessum tíma, og þá eiga menn þar verra með ekki aðeins að kjósa, heldur á almennt verkafólk ómögulegt með að

taka þátt í kosningabaráttunni, að leggja sitt af mörkum til þess að berjast fyrir skoðunum sínum í kosningum.

Ég get varla skilið hvernig stendur á því, að hv. 1. flm. vill leggja áherslu á að verkafólk, t. d. í fiskiðnaðinum hafi minni möguleika til þess að vinna að pólitískum hugðarefnum sínum en hingað til hefur verið. En auðvitað hefur hann ekki hugsað út í þetta frekar en annað. Hann er bara að taka þátt í þessum söng, að hrekjast undan áróðursmönnum hér úti í bæ, þessum öskrandi strákum, og gefast upp fyrir þeim. Hann hefur ekkert athugað hverjir gallarnir eru. Þessi hv. þm. vissi ekkert af því, að sjómannadagurinn var líka á laugardegi í hinum stærri sjávarplássum a. m. k., þegar ég talaði við hann um þetta. Nú segir þessi hv. þm., að hann hafi rannsakað á hvaða degi kosningarnar ættu að fara fram fram að aldamótum, og þykir mér með ólíkindum að hann skuli hafa komist í gegnum það. Hann segir að þar séu tilfærslurnar ekki ýkjamiklar, það sé aðeins í tveimur tilfellum sem þurfi að færa kosningadaginn til svo að einhverju nemi. Hann las það þó sjálfur upp áðan að færa þyrfti sjómannadaginn til í fjórum tilfellum fram að aldamótum. Það er verið að tala um tímabilið fram að aldamótum eins og það sé eitthvað voðalega langur tími. Það eru ekki nema rétt liðlega 20 ár til aldamóta. Þær kosningar, sem nefndar voru, eru þó ekki nema sex. Í fjórum tilfellum af sex þarf að færa sjómannadaginn til. Það þykir honum ekki mikið.

Hann lagði ekki til, þessi hv. þm., að færa hvítasunnuna til, en ég sé ekkert athugaverðara við það að færa hana til en að djöfla sjómannadeginum fram og til baka eins og mönnum gott þykir — hátíðisdegi þeirrar stéttar sem stendur undir lífinu í þessu landi. Það skilur þessi hv. flm. auðvitað ekki heldur. Ég tel afar óheppilegt, a. m. k. í því byggðarlagi sem ég er alinn upp í og á heima í, að fara að hafa kosningar á sjómannadaginn. Og þessi tími fyrir sjómannadag, þessi dagur er ekki valinn af handahófi. Það er miklu óhægara að halda sjómannadag um miðjan júní en strax í byrjun júní, sérstaklega þar sem bátaútgerð er töluverð. Þar er óhægara um vik. Það skiptir ekki máli, segir hv. flm., bara að við fáum að breyta kosningalögunum eitthvað. — Fyrst aðrir voru búnir að stinga upp á því að breyta þarna öllum reglum, þá vildu þeir líka fá að breyta einhverju. Þá var aðeins tíminn eftir og þess vegna var frv. flutt.

Ég er á móti frv., a. m. k. því atriði frv. sem fjallar um þessa tímabreytingu. Hafa mætti þennan sameiginlega kosningadag í sveitarstjórnum ósköp einfaldlega þann kosningadag sem nú er notaður og hefur lengi verið notaður með sæmilegum árangri í kaupstöðunum, sem er síðasti sunnudagur í maí. Sjálfsagt hefur það einhverja galla líka, en þó ekki svo mikla sem sú breyting hefur sem þessir menn leggja til. Með þessu er verið að stytta bilið milli kosninga, þ. e. a. s. sveitarstjórnar- og þingkosninga, með þessu er verið að fara inn á vinnudaga fjöldamargs fólks sem ekki hefði jafngott tækifæri til þess að sinna hinum pólitísku áhugamálum sínum og taka þátt í baráttu fyrir hugsjónum sínum á kosningadaginn. Svo er auðvitað aldeilis ófært að fara að setja þetta á frídag eða hátíðisdag sjómanna. Kosningar yrðu að mínum dómi mjög óheppilegar á þessum degi, þegar menn eru að hugsa um allt annað en fara að kjósa sér sveitarstjórnarmenn á borð við hv. flm. sem flytja þetta mál hérna.

Ég legg þess vegna til að þetta verði fellt og flyt brtt. við þetta mál, ef skynsamir menn í stjórnarflokkunum gera ekki það sem ég býst raunar við að þeir geri, að stinga þessu máli einhvers staðar á góðan og þægilegan stað, þar sem þessir órólegu menn komast ekki í það og geta ekki nuddað því áfram og í gegn áður en þingi lýkur.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er af ýmsum ástæðum erfitt að koma í ræðustólinn eftir flutning þeirrar ræðu sem hér var að ljúka, en mig langar með fáum orðum að víkja að örfáum atriðum varðandi þetta mál.

Nú skal ég taka það fram strax, að í mínum huga vakna ýmsar spurningar og efasemdir um breytingar frá því sem nú er varðandi sveitarstjórnarkosningarnar. Ég vil í fyrsta lagi segja, að mér líst miður vel á þá breytingu að kosningar eigi að fara fram á laugardegi. Ef við tökum t. d., eins og talað er um nú, fyrsta laugardaginn í júní, þá er það laugardagur fyrir sjómannadag. Eins og verið hefur á ýmsum stöðum hér á landi, að ég hygg mörg undanfarin ár og kannske í áratugi sums staðar, fara hátíðarhöld sjómannadagsins fram að nokkru, sums staðar að verulegu leyti einmitt laugardaginn fyrir sjómannadag. Það er því í mínum huga um tómt mál að tala að kjósa á laugardegi fyrir sjómannadag. Ef kosning ætti að eiga sér stað á laugardegi, eins og nú háttar til um sjómannadaginn, þá yrði að færa sjómannadaginn til.

Nú er það, að mér finnst, heldur óviðurkvæmilegt og í mörgum tilfellum ekki eðlilegt að vera á eilífu rokki með sjómannadaginn. Ég held að sá tími, sem nú hefur verið valinn honum, teljist nokkuð skaplegur. Í mínum huga t. d. er ekki æskilegt að sjómannadagurinn væri færður þannig til, að hann yrði síðasti sunnudagur í maí eða hann yrði um miðjan júní eða síðari hluta júní. Ég er því heldur andstæður því að breyta kosningunum á þann veg, að þær fari fram á laugardegi.

Auk þess, sem ég hef hér tekið fram, þá er það rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að ýmsar stéttir í landinu vinna enn þá á laugardögum. Það merkir í raun og veru, að ef kosningar ættu að fara fram á laugardegi, þá mundi annað tveggja gerast, að það fólk, sem vinnur t. d. almenna vinnu, verkamenn, fólk í fiskvinnslustöðum, verslunar- og skrifstofufólk og fleiri, yrði annaðhvort að hætta vinnu á föstudögum, ef það vildi á annað borð sinna eitthvað kosningaundirbúningi og vinna fyrir kjördag, eða að öðrum kosti yrði ekki um slíka vinnu að ræða af hálfu þessa fólks. Hins vegar má um þetta segja, að í mörgum starfsgreinum er t. d. ekki unnið nema fram að hádegi á laugardögum. Eftir hádegi gætu þessir starfshópar eða starfsstéttir, sem vildu sinna kosningaundirbúningi eða hugðarefnum sínum í tengslum við kosningar, gert það án þess að þurfa að fella niður

vinnu eftir hádegi laugardaginn, miðað við að kosningar ættu sér stað á sunnudegi. Þessu er ekki til að dreifa, ef að því verður horfið að færa kosningar fram á laugardag.

Annað í þessu, sem hér var komið inn á, finnst mér líka vera ærið íhugunarefni. Ég held að í raun og veru komi kannske frekast tvennt til: annaðhvort að hafa bæjar- og sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar sama daginn eða að það verði a. m. k. óbreyttur tími sem líður milli þessara kosninga, þ. e. a. s. einn mánuður. Ég er ekki hlynntur því að stytta tímann milli kosninga, ef á annað borð er ekki horfið að því að hafa kosningarnar á sama degi, en ég er nú heldur, án þess að hafa íhugað það til hlítar, andvígur því, að hafa sama kjördag fyrir bæjar- og sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar. Ég verð því að segja að eins og málið stendur nú er ég heldur andvígur þessari breytingu, að færa kosningarnar til svo að þær færu fram á laugardegi.

2. gr. frv. er fyrst og fremst um breytingu á kosningu varamanna. Tel ég slíka breytingu eðlilega og sjálfsagða og hef ekkert við hana að athuga. En ég er sem sagt heldur andvígur 1. gr. á þeim forsendum sem ég hef stuttlega rakið.

Fram kom í máli frsm. n., sem er jafnframt 1. flm. að frv., að ef að þessu yrði horfið með kosningadaginn, hann yrði fyrsti laugardagur í júní, þá mundi nokkuð oft þurfa að færa sjómannadaginn til. Mér finnst óheppilegt að þurfa að vera að rokka með sjómannadaginn meira og minna. Ég held að miklum mun æskilegra sé að reyna, a. m. k. eftir því sem hægt er, að hafa hann í sem föstustum skorðum og á sama sunnudegi og verið hefur. Nú er ljóst og hefur komið fyrir, ef ég man rétt, að vegna hvítasunnu hefur þurft að færa hann til, en ef að þessu yrði horfið líka væri miður farið, a. m. k. finnst mér það. Ég tel að ef á að hverfa að því að hafa kosningarnar á laugardegi, þá yrði að færa sjómannadaginn til. Ég er ekkert viss um að menn finni neitt heppilegri tíma til þess að halda sjómannadaginn hátíðlegan en einmitt þann sem nú er. Það er í mínum huga algerlega útilokað að kosningar fari fram laugardaginn fyrir sjómannadag.

Mig langaði við þessar umr. að koma þessum hugrenningum mínum að varðandi málið, frekar en ég telji mig hafa mótað afgerandi afstöðu til þess, nema að því leytinu til, að ég er heldur andvígur því að kosningarnar verði færðar til laugardags.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Sem einn af flm. þessa frv. og nm. í hv. félmn., vil ég segja örfá orð.

Fyrst vil ég mótmæla því, sem kom fram í ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að þetta frv. sé flutt vegna þess að við flm. séum að hrekjast undan áróðursmönnum úti í bæ, sem sífellt tali um það óréttlæti sem gildi í kosningaréttarmálum okkar. Ekki ætla ég að ræða neitt um ritsóðana landsfrægu, sem eru að nudda sér upp í efstu sæti á framboðslistunum, sem hv. þm. var að tala um. Ég veit ekkert við hverja hann átti, hvort það eru þeir sem skrifa að staðaldri í Þjóðviljann eða í eitthvert annað blað. Ég kann ekki að rekja það.

Þm. hafði flest á hornum sér í sambandi við þetta mál, en þó sá hann eitt jákvætt — þ. e. að sami kjördagur skyldi gilda í öllum sveitarfélögum landsins. Þykir mér út af fyrir sig vænt um að heyra að hann sér þó þessa glætu í frv. En margt fann hann að því.

Þá ræddi hann sérstaklega um 1. gr., sem fjallar um það, að almennar sveitarstjórnarkosningar skuli fara fram fyrsta laugardag júnímánaðar. Hann nefndi einkum þrennt sem hann taldi mæla gegn því, að í þessa breytingu yrði farið. Það væri í fyrsta lagi, að hann vill ekki að bilið milli sveitarstjórnarkosninga og þingkosninga styttist, sem það mundi gera í þessu tilviki að því er tekur til sveitarstjórnarkosninga í þéttbýli, en þær eru nú síðasta sunnudag í maímánuði. Ég hef heyrt þessa röksemdafærslu og þ. á m. hjá flokksbræðrum mínum, einkum í Reykjavík, að þeir eru andvígir því, að bilið milli þessara kosninga verði stytt. Það kann vel að vera, að það komi sér illa fyrir suma, en ég get ómögulega fallist á þessi rök. Mér finnst þetta ekki vera nein rök. Það hefur ekki verið rökstutt þannig í mín eyru, að ég geti fallist á að þetta sé til óhagræðis. Ég vil benda hv. þm. á, að ef hann mælir með síðasta sunnudegi í maí, þá tekur hann ekkert tillit til landbúnaðarhéraðanna, því að þar mun þetta koma sér mjög illa, og það er ástæðan fyrir því að að sveitarstjórnarkosningar eru ekki á sama tíma í öllum sveitarfélögunum. Þær eru í júní í dreifbýlinu, einmitt vegna þess að bændum hentar illa að vera í kosningum síðustu helgina í maí. Þá er sauðburði yfirleitt ekki lokið. Mér finnst að hv. þm. ætti að taka tillit til landbúnaðarhéraðanna ekkert síður en til sjávarsíðunnar, sem hann ber svo mjög fyrir brjósti. Hann er nefnilega þm. fyrir kjördæmi þar sem talsvert mikill landbúnaður er stundaður. Hann hefur kannske gleymt því þegar hann var að tala áðan.

Í öðru lagi er það laugardagurinn, sem mönnum líst ekki á. Ég skal fúslega viðurkenna að þetta hefur bæði kosti og galla. Hv. þm. Garðar Sigurðsson sá að vísu ekkert nema gallana. En ég sé kosti við það. Aðalröksemdin, sem við flm. höfum fært fram, er sú, að laugardagurinn er yfirleitt ekki vinnudagur nú orðið, sem hann var hins vegar áður, þegar þessi skipan var sett á. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það kemur til umr. á Alþ., að kosið skuli á laugardegi fremur en sunnudegi. Mér er sagt að um þetta hafi orðið töluverðar umr. þegar breyting var gerð á kjördæmaskipuninni 1959, en þá hafi tvennt ráðið úrslitum: að laugardagurinn var þá almennur vinnudagur og svo hitt, að það komu mjög ákveðin mótmæli frá aðventistum, en þeir halda heilagt á laugardögum. Menn vildu ekki, að því er mér var sagt, fara út í miklar deilur um þetta og því var horfið frá þessu ráði. Nú er laugardagurinn ekki almennur vinnudagur, eins og ég sagði áðan, en aðventistar halda að vísu heilagt enn þá á laugardegi, en ég held þó ekki lengur en til kl. 18.00, þannig að þeir gætu þess vegna neytt síns kosningaréttar. Það kann hins vegar að vera galli á laugardeginum, að

menn hafa þá ekki almennan frídag daginn fyrir til þess að vinna að undirbúningi kosninganna. Ég viðurkenni það sem galla, að hinir fjölmörgu sjálfboðaliðar stjórnmálaflokkanna eiga þá erfiðara með að láta vinnu sína í té daginn fyrir kjördag. Þetta er alveg rétt. Engu að síður finnst mér að laugardagurinn sé vel mögulegur sem kjördagur. Og hvers vegna ætti okkur að vera vandara um en sumum öðrum þjóðum sem kjósa jafnvel í miðri viku? Það er að vísu ekki algengt, en það kemur þó fyrir. M. a. man ég eftir því, að í Danmörku er oft kosið í miðri viku.

Ég vil svo aðeins láta það koma fram, að í mínum augum er meginmálið það, að sami kjördagur verði í öllum sveitarfélögum landsins. Ég legg ekki megináherslu á það, að hann verði fyrsti laugardagur í júní. Það má vera sunnudagur líka þess vegna. Ég get staðið að slíkri brtt., að fallið verði frá laugardeginum, og ég hef ekki svo fastar skoðanir á þessu, að ég geti ekki fylgt einhverri annarri till. en kemur fram í þessu frv. En meginmálið er þetta, að sami kjördagur verði í öllum sveitarfélögum landsins, og svo hitt, að 2. gr. frv. nái fram að ganga, þar sem fjallað er um aðra skipan en nú gildir um kosningu varamanna. Og ég vænti þess að menn láti ekki þennan laugardag, sem nefndur er í 1. gr., villa sér svo sýn, að þeir geti ekki stuðlað að framgangi frv., ef menn koma sér saman um eitthvert annað orðalag á 1. gr. frv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég vildi koma á framfæri örfáum aths. Í fyrsta lagi í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Suðurl.

Hann talaði um hávaðasama stráka og stelpur úti í bæ, það væri fyrst og fremst að þeirra undirlagi að ég er 1. flm. að þessu frv. Ég vil gjarnan segja honum það, að varðandi sérstaklega 2. gr. frv. hafa fyrst og fremst haft samband við mig *hógværir, hæglátir bændur* um að einfalda þessi atriði og ekki neinir strákar eða stelpur. En það getur vel verið, að í hugarheimi hans blandist þessu einhver hávaði í strákum sem eru að reyna að nudda sér upp í efstu sæti, eins og hann orðaði það, og er það kannske eitthvað sem nærri honum kemur þessa dagana.

Ég vildi segja það í öðru lagi, að ég fyrir mitt leyti gæti vel hugsað mér að kosningadagur til sveitarstjórna yrði ákveðinn síðustu helgi í júní. Það er ekki að ástæðulausu að kosningar eru ákveðnar þá til Alþingis, á sama degi um land allt. Þá rekst þetta ekki á, hvorki á hvítasunnu né hátíðarhöld sjómanna. Ég veit hins vegar að andstaða er gegn því, að kosningar til Alþingis og kosningar til sveitarstjórna fari fram sama dag. Ég geri ekki ráð fyrir því, að grundvöllur sé fyrir slíkri breytingu eins og málum er háttað nú. Ég vil þó sérstaklega benda á, ef menn líta til baka, að svo lengi sem ég man eftir hefur ekki farið saman kosningaár til sveitarstjórna og Alþingis fyrr en 1974 — eftir þingrofið þá — og svo aftur nú, vegna þess að nú hefur ekki átt sér stað þingrof, heldur er starfað að allt kjörtímabilið. Hins vegar þarf ekki nema eitt þingrof til þess að þarna sé kominn ruglingur á aftur og það fari ekki fram á sama ári kosningar til sveitarstjórna og til Alþingis. Ef síðasta helgi í júní yrði t. d. lögleidd væri alveg eins hugsanlegt, ef menn eru ekki reiðubúnir til þess að láta kosningar fara fram þá bæði til sveitarstjórnar og Alþ., sem ég sé út af fyrir sig ekkert athugavert við, þá væri alveg eins hugsanlegt að kjósa fyrst til þings, einfaldlega með því að rjúfa þing og kjósa í upphafi júní eins og fordæmi eru fyrir. Slíkar ákvarðanir væri því hægt að taka hverju sinni þegar málið bæri svo að.

Talað hefur verið um það alveg sérstaklega, að hagsmunir verkafólks væru bornir fyrir borð. Við þekkjum þennan tón. Það er varla talað hér um mál, a. m. k. af sumum mönnum, án þess að staða verkafólksins sé tekin sérstaklega fyrir. Ég vil benda hv. ræðumanni á að það er vissulega, t. d. í sveitum landsins, unnið um þetta leyti á vorin bæði laugardaga og sunnudaga. Fjölmargar starfsstéttir í þjóðfélaginu vinna líka á sunnudögum. Ég viðurkenni að fleiri vinna á laugardögum en sunnudögum, en eins og ég lét í ljós, þegar ég mælti fyrir þessu frv., þá tel ég að sá fjöldi sé ekki svo afgerandi, miklu stærri hópur, að ekki sé fyllilega stætt á því að kosið verði á laugardögum, miðað við þá kosti sem því fylgja — þá kosti að menn eru reiðubúnir og betur hvíldir til að taka til starfa í upphafi næstu vinnuviku, ef þarna er umþóttunartími á milli. Við vitum að kosningum fylgja alltaf miklar vökur. Ég held þess vegna að þróunin yrði sú, við skulum segja í útgerðarplássum þar sem oft er unnið á laugardögum, en mjög oft er líka frí á laugardögum, að atvinnurekendur í samráði við verkafólkið mundu hnika vinnunni þannig til, að það yrði ekki unnið á þeim laugardögum sem kjósa skal á, frekar helgina fyrir eða helgina eftir, því að víða er unnið aðra hverja eða þriðju hverja helgi, eftir því hve annríki er mikið. Og ég tel að það sé tryggt annars staðar í lögum og stjórnarskrá, að ekki sé á nokkurn hátt hægt að hindra fólk í að taka sér frí úr vinnu til þess að sækja kjörstað. Þetta er sem sagt matsatriði. Frv. gerir ráð fyrir fyrsta laugardegi í júní, sem er eins konar millitillaga, sem flm. gera ráð fyrir að hægt verði að sættast á.

Ef fram kynni að koma brtt. um það að flytja kosningadaginn fyrir allt landið fram á síðasta laugardag í maí mundi ég leggjast gegn slíkri breytingu. Ég leggst alveg eindregið gegn henni af þeim ástæðum sem hv. síðasti ræðumaður nefndi. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að þau vandkvæði, sem eru á því að kosningar fari fram t. d. síðasta laugardag fyrir hvítasunnu, eru miklum mun meiri síðustu daga í maí. Það er mun algengara að hvítasunna sé síðustu daga í maí en fyrstu daga í júní, t. d. ber það aðeins einu sinni við á kosningaárum fram til aldamótanna, að hún er fyrsta sunnudag í júní. Og það eru vissulega vandkvæði þarna á, bæði varðandi þau atriði, sem ég nefndi áðan, sem og úrvinnslu eftir kosningar, að hún fari fram þegar stórhátíð stendur. Ég tel þess vegna, að ýmsir kostir væru við það að miða við síðasta sunnudag í júní og er opinn fyrir hugmynd um slíkar breytingar.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að fara mörgum orðum um þetta mál, sem hér er til umr., frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum. Við höfum orðið þess vör á hinu háa Alþ., að mjög hefur vaxið áhugi allmargra þm. fyrir ýmsum breytingum í kosningalögunum, og ætla ég því síður að fara út í alla þá sálma. Nú verð ég að játa, að á ýmsum þeim breytingum, sem fitjað hefur verið upp á, hef ég áhuga, en tel stórvarhugavert að breyta miklu alveg þegar komið er að kosningum. Ég álít að bæði þingsins vegna og vegna kjósenda í landinu þurfi þetta að eiga miklu lengri aðdraganda, allar veigamiklar breytingar í þessu efni.

Ég skil vel nauðsyn þess að breyta þeim kafla laganna, sem fjallar um kosningarnar, þannig að hindra megi að til tveggja kjörfunda þurfi að boða vegna kosninga í sveitarstjórn, þ. e. vegna kosninga varamanna. Því er ég fylgjandi. En ég er andstæður því að breyta til um kjördag að þessu sinni. Ég tel vel koma til álita að gera þetta, helst þá sem fyrst í upphafi kjörtímabils, en ekki að breyta mjög til rétt áður en kemur að kjördegi sjálfum.

Það vill svo til, að fyrsti laugardagur í júní er laugardagur fyrir sjómannadag. Að mínum dómi er alveg óhæfa að gera hann að kosningadegi, hvort heldur er til Alþ. eða sveitarstjórna. Svo ber til, að víðast á landinu eru hátíðarhöld sjómanna þennan dag, laugardaginn fyrir sjómannadag, a. m. k. allt sem er auðvitað mest skemmtiatriði þó að keppni sé kölluð, kappróður, reiptog, stakkasund o. s. frv., sem menn skemmta sér við, það er allt saman — a. m. k. þar sem ég þekki til — framið á laugardeginum fyrir sjómannadag. Einnig eru gjarnan aðalskemmtanir að kvöldi dags þennan hinn sama dag, þannig að þegar af þessari ástæðu kemur ekki til nokkurra greina að ég fallist á að fyrsti laugardagurinn í júní verði gerður að kjördegi. Enn fremur er það, sem hv. þm. Gunnlaugur Finnsson hlýtur að taka tillit til, að þá stendur sauðburður víða, a. m. k. í hans sveit, sem hæst. Hann er þá farinn að fara með hrúta í byrjun desember og hefur lokið við að hleypa til fyrir nýársdag ef ekki stendur yfir sauðburður hjá honum fyrsta laugardag í júní. En það er auðvitað ekkert búskaparlag að fara þannig að ráði sínu vestur þar. Það er í hæsta lagi, að þeir í Öræfum gætu þetta, þar sem sumarið kemur mánuði fyrr en annars staðar. Þess vegna er það líka, að flestir bændur, a. m. k. þeir sem eru búandmenn góðir, fara ekki af fötum allan þann tíma sem sauðburður stendur yfir og fjarri því að þeir eigi þess kost að verja tíma sínum til kosninga, að ég nú ekki tali um til framboðs í sveitarstjórn.

Þessi dagur er því alla vega furðulega valinn og hugdetta sem mér hreint og beint skil ekki, síst af öllu að þetta skuli vera lagt til af hv. 4. þm. Vestf., af því sem honum á að vera fullkunnugt um hvernig á stendur fyrir bændum landsins. Við ýmsir aðrir getum vitnað um, hvernig ástatt er hjá sjómannastéttinni gjörvallri. Ég sé ekkert á móti því, þótt við enn einu sinni kjósum ekki á sama degi í kaupstöðum landsins og hreppum. Það er þénugt fyrir bændur og búalið að sækja kjörfund eins og nú stefnir að, hinn 25. júní, ásamt með því sem þeim gefst kostur á að kjósa til Alþingis. En ég vil beina því til flm., til þess að þetta verði ekki allt drepið fyrir þeim, hvort þeir geti ekki hugsað sér að draga einvörðungu til baka það sem að þessu lýtur um kjördaginn. Við gætum þá orðið sammála um að breyta hinu atriðinu, varðandi kjör varamanna, þannig að ekki þurfi það óheppilega upp á að koma að boða þurfi til annars kjörfundar til kosningar þeirra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381, n. 461). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. er fylgifrv. með því frv., sem umr. lauk um nú rétt áðan, og fjallar um breytingu, sem er afleiðing af þeirri breytingu sem kynni að verða gerð samkv. 2. gr. frv. um sveitarstjórnarlög. N. hefur einróma mælt með samþykkt þessa frv.

Garðar Sigurðsson: Ég hélt að ég hefði verið búinn að kveðja mér hljóðs áðan um hitt málið, en ég sá ekki ástæðu til að gera aths. vegna þess að þetta mál er eins og vaxið út úr hinni vitleysunni og óhætt að nefna það, sem ég ætlaði að gera aths. við, undir þessum dagskrárlið. Það er eiginlega um sama málið að ræða í raun. Þetta er aðeins fylgifiskur hins frv., sem ekki verður að lögum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að segja margt um þær aths. sem þessir hv. þm. og flm. gerðu við ræðu mína. Þar koma engar röksemdir að neinu haldi og fáar heyranlegar. Mér leiddist samt þegar þeir voru að vikjast undan því að þykjast skilja það, við hverja ég átti þegar ég talaði um þessa hávaðasömu gemsa úti í bæ og tók m. a. svo gróft til orða að nefna suma þeirra ritsóða. Allir landsmenn vita við hverja er átt. Það vita allir landsmenn, hverjir hafa hamast mest að Alþ. og reynt að draga virðingu þessarar stofnunar niður í skítinn. Þó að þessir hv. þm. reyni viljandi að loka augunum fyrir þessu, þá mega þeir vita að augun í fólki eru ekki aðeins til þess að loka þeim fyrir staðreyndum, heldur til þess að horfast í augu við þær, jafnvel þótt þær séu óþægilegar.

Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson talaði í hæðnistón þegar ég vék að því að ég hefði í huga hagsmuni verkafólks. Hann sagðist þekkja þennan tón, gerði grín að. Þetta grín mistókst auðvitað algerlega. Það er óviðurkvæmilegt að taka svo til orða hér í hv. þd. Það, sem ég átti við, var að úti á landi eru laugardagar að talsverðu leyti vinnudagar hjá því fólki sem vinnur við framleiðsluna. Það er staðreynd. Og ég var aðeins að hugsa um að þetta fólk hefði möguleika til þess að vinna í kosningunum, eins og hann veit að gert er, ekki síst á stærri stöðunum. Og hann treysti svona geysilega mikið á atvinnurekendur, eins og kom fram í ræðu hans áðan, að þeir mundu ekki láta þetta fólk vinna laugardaginn sem kosningarnar væru, þeir mundu sjá um að

ekki yrði látið vinna þann laugardag! Ég er ekkert viss um að atvinnurekendur í því plássi, sem ég þekki mest til, færu að gera sér sérstakt far um að gera vinstrisinnuðu verkafólki eitthvað þægilegra um vik að taka þátt í kosningaslagnum á móti sér — þeir, sem eru t. d. í framboði í væntanlegum þingkosningum. Og er ekki nóg þó að þessir atvinnurekendur væru svona liðlegir í öllu, eins og hv. þm. Gunnlaugur Finnsson álítur, að þeir mundu gefa frí til þess að fólkið flýti sér á kjörstað. Það er ekki nóg. Þetta fólk vill vinna fyrir sinn flokk og sína frambjóðendur og gera meira en bara setja krossinn á réttan stað, sem ég veit að það gerir, a. m. k. heima hjá mér. Það vill líka vinna.

Enn vefst hvítasunnan fyrir Gunnlaugi Finnssyni, hv. þm., miklu meira en sjómannadagurinn. Það er rétt, að hvítasunnan er mikill hátíðisdagur hjá þeim sértrúarflokki sem í þessu landi lifir. Vil ég ekki gera lítið úr því, að menn vilji minnast þess hátíðlega þegar heilagur andi birtist þeim ágætu mönnum fyrir nærri 2000 árum austur við botn Miðjarðarhafsins. Það er mjög gott að minnast heilags anda, ekki aðeins á þessum degi, heldur alla daga, og mætti hv. þm. Gunnlaugur Finnsson gera meira að því að leggja þar við eyru. En ég tel ekkert síður mikilvægt að minnast sjómannastéttarinnar á hátíðisdegi hennar, þó að sjómenn séu kannske ekki að hugsa um heilagan anda einmitt þann daginn. Því tel ég ósæmilegt og með öllu ófært að ætla sér að fara að kjósa á sjómannadaginn, og litlu betra þó að hv. þm. stingi upp á því að flytja sjómannadaginn til, eftir því sem honum býður við að horfa hverju sinni, ýmist fram eða aftur, aftur eða fram.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson talaði áðan, vel og skynsamlega eins og hans er vandi, og var auðvitað sammála mér í öllum atriðum. Sérstaklega vildi hann þó taka undir það, að ófært væri að vera að nudda þessu yfir á sjómannadaginn og fráleitt að fara að gera þessar breytingar fyrir væntanlegar kosningar, þegar svo stutt er til loka þingsins og stutt er til kosninga. En hann minnti einnig á, að sauðburðurinn stendur yfir ekkert síður þennan dag en síðasta laugardag í maí á stórum svæðum á landinu. Hins vegar get ég sagt hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni það, að sauðburði er víða lokið í mínu kjördæmi á þessum tíma, a. m. k. mestu annirnar í því efni, a. m. k. ef þokkalega viðrar. En það eru auðvitað erfiðleikar ef illa viðrar, og þeir erfiðleikar verða alls ekki búnir eftir viku, því að þarna er ekki nema vika á milli. Virðist útgerðarmaðurinn Sverrir Hermannsson, hv. 3. þm. Austurl., þekkja allt miklu betur varðandi sauðburð en sjálfur bóndinn vestan úr Önundarfirði, og þykir mér það firnum sæta. Ég gerði þó ráð fyrir að hann vissi þetta, en það er komið í ljós að hann veit ekki einu sinni þetta.

Ég þarf svo sem ekki að segja margt fleira um þetta. Ég er búinn að víkja lítillega að sauðburðinum sem Ólafur G. Einarsson, hv. þm., hafði í huga. Hann hélt að ég hefði gleymt bændum og sveitafólki þegar ég talaði áðan. Það er alveg af og frá. Ég mundi vel eftir þessu fólki, og það man ábyggilega líka vel eftir okkur, við þurfum ábyggilega ekki að kvarta undan því. En hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði þó að hann gæti fallist á sunnudaginn, svo ekki hefur hann verið ákveðinn í trúnni hvað þetta atriði varðar. Hann er nú þegar farinn að hrekjast á milli skotgrafanna í þessu. Tel ég þá að sjálfsögðu mjög mikið unnið, að laugardagurinn skuli ekki vera honum svo fastur í hendi. En þá, þegar laugardeginum sleppir, sýnist mér að sunnudagurinn sé enn verri, vegna þess að það er nú sjálfur sjómannadagurinn, fyrsti sunnudagur í júní.

Þeir töluðu um það báðir, að þeir væru ekki að hrekjast undan neinum áróðri með þessum tillöguflutningi. En hver var þá tilgangurinn, þegar svo margir gallar eru finnanlegir á frv.? Hver var í raun og veru tilgangurinn með þessu annar en að vera lýðræðislegur í framan, sem sjaldan skeður utan þess að þeir flytja svona mál?

Herra forseti. Ég gæti svo sem haldið áfram að ræða þetta mál ítarlegar, en þar sem tveir nm. í félmn. höfðu gert fyrirvara við afgreiðsluna, þá fyndist mér rétt gagnvart þeim hv. nm., að þessari umr. yrði ekki lokið að þessu sinni, heldur yrði frestað, þannig að þeir gætu þá gert grein fyrir fyrirvörum sínum áður en 2. umr. lýkur. (**Gripið fram í:** Ég vil leiðrétta ræðumann. Ég hafði engan fyrirvara varðandi þetta mál sem er á dagskrá.) Herra forseti. Ég get kannske sparað mér að svara þessum aths., vegna þess að ég tók fram í upphafi máls míns, sem að sjálfsögðu hefur farið fram hjá hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni eins og flest annað í máli mínu, að ég ætlaði að ræða það dagskrármál, sem var áðan á dagskrá, og vonast til að þeirri umr. verði frestað en ekki lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 426). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Hæstv. forseti. Í lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, er kveðið svo á, í 88. gr. þessara laga, að kjósandi eigi rétt á því að fá aðstoð við atkvgr. í kjörklefa ef hann skýri kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, eins og þar segir. Þessu er ekki svo varið um þá sem þurfa að kjósa utan kjörfunda. Það er orðið nokkuð langt síðan ég hreyfði því, bæði á hv. Alþ. og utan þess, að mikið óréttlæti væri fólgið í því ákvæði, að þeir, sem sjúkir eru eða ekki færir um að kjósa vegna sjúkdóms eða ellihrörleika, blindu eða af einhverjum öðrum ástæðum og þyrftu að kjósa utan kjörstaðar, gætu það ekki vegna þessa, en væri samt sem áður heimilað að kjósa samkv. þessum sömu lögum á kjördegi. Í þessu er fólgið mikið óréttlæti. Jafnframt vakti ég fyrir mörgum árum athygli á því, að ekki væri réttlátt að það fólk, sem væri á stofnunum, svo sem spítölum, dvalarheimilum aldraðra og öðrum skyldum stofnunum, og ætti ekki heimangengt á kjördegi, mætti ekki kjósa á viðkomandi stöðum. Til móts við ósk um þetta var komið með breyt-

ingu á þessum sömu lögum, kosningalögunum 1974, en þá var kjörstjóra við atkvgr. utan kjörfundar hér heima á Íslandi heimilað að leyfa sjúklingi að kjósa sem dveldist á sjúkrahúsi eða væri vistmaður á viðurkenndri stofnun. Þrátt fyrir þetta mikilsverða skref í réttlætisátt gilda enn um þessa kosningaathöfn sömu reglur og um utankjörfundaratkvgr. á skrifstofu eða heimili kjörstjóra, en þar segir, að kjósanda beri að koma á fund kjörstjóra í hentugt húsnæði innan viðkomandi stofnunar og að atkvgr. eigi að fara fram í sjúkrastofum eða herbergjum vistmanna. Við slíka kosningaathöfn, þ. e. a. s. á sjúkrahúsi eða dvalarheimili aldraðra, gilda að öllu leyti sömu ákvæði laga og um allar atkvgr. utan kjörfundar og að sjáfsögðu þ. á m. 2. mgr. 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óheimilt sé að veita kjósanda aðstoð við sjálfa kosninguna.

Ég hef ákveðið að flytja þetta frv. á þann hátt að flytja það sem sjálfstætt frv., en ekki tengja það öðrum frv., sem hér hafa verið á ferðinni og fjalla um breytingar á þessum sömu lögum, vegna þess að ég tel það, sem ég er að leggja til, hafið yfir þann ríg sem hefur komið upp og mun að sjálfsögðu koma upp í sambandi við aðra þætti þessara laga.

Ég bendi á í grg. og bendi enn á, að ótrúlega margir þegnar þjóðfélags okkar eru settir á óæðri bekk og sviptir þessum grundvallarrétti í lýðræðisþjóðfélagi — kosningarréttindum. Ég veit að flestir þm. þekkja til þess, hafandi tekið þátt í kosningavinnu, máske áratugum saman, hvað það er leiðinlegt, svo að maður fyrirverður sig fyrir það, að verða vitni þess á kjörstað, utankjörfundarstað, að fólki er vísað frá vegna þess að það er ekki líkamlega hæft til þess að greiða atkv. Ég hef orðið vitni að þó nokkuð mörgum slíkum atvikum. Þetta á auðvitað ekki að eiga sér stað í lýðræðisþjóðfélagi, þetta er okkur — íslenska löggjafanum — til vansæmdar.

Með þessu frv., eins og ég hef lagt það fram, tel ég að verið sé að bæta aðstöðumun, sem hér hefur verið drepið á, og verið sé að heimila sömu hjálp til handa þeim sem kjósa utan kjörfundar og á kjörfundi.

Ákvæðið í lagafrv. um að bóka eigi á fylgibréfið er til þess að fyrirbyggja hugsanlega tortryggni kjörstjórnar í fjarlægri heimabyggð kjósanda, sem máske er kunnugt um vanhæfni kjósanda til að neyta atkvæðisréttar síns, en ekki um það, hvernig að atkvgr. hefur verið staðið. Jafnframt er líka í 2. gr. frv. látið falla á brott refsiákvæði við því að aðstoða kjósanda við atkvgr. utan kjörfundar og einnig refsiákvæði við kjósandann ef hann þiggur slíka aðstoð, en þau ákvæði eru í gildandi lögum.

Ég vil leyfa mér enn á ný að undirstrika þessi orð mín, að það er verið að svipta ákveðinn hóp manna réttindum sem einmitt við, sem erum á hv. Alþ., eigum að sjá um að allir þegnar þjóðfélagsins fái notið. Ég leyfi mér að fullyrða, að þótt ákveðin tilefni hafi gefist til þess fyrir mörgum tugum ára að setja slík viðurlög og slík forboð inn í þessi lög, sem ég er að leggja til að verði breytt, þá sé ekki ástæða til þess að ætla að svo geti orðið í dag, ekkert frekar á þessu sviði en öðrum, því að reyndar er hægt að brjóta öll lög ef ásetningur og vilji er fyrir hendi. En ég held hvað sem ég og aðrir segja í gagnrýni okkar á ákveðna embættismenn eða hóp embættismanna — það má gjarnan koma hér fram — að allir þeir, sem ég þekki til og stjórna kosningum og sjá um þær á kjördegi eða utan kjörfundar, sjá um utankjörfundaratkvgr., séu embættismenn sem mega ekki vamm sitt vita í neinu.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 450), — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Það frv., sem ég flyt hér, er um breyt. á lögum, sem eru orðin meira en hálfrar aldar gömul, um sönnun fyrir dauða manna sem ætla má að farist hafi af slysum. Í grg. frv. kemur glögglega fram, af hverju þetta frv. er flutt, en það er flutt að gefnum tilefnum nú á allra síðustu tímum, reyndar af tilefnum sem ég hef verið að reka mig á um nokkuð langt árabil. Hef ég orðið vissari um það eftir því sem árin hafa liðið, að við þyrftum að breyta þessum ákvæðum.

Í gildandi lögum segir að 6 mánuðir þurfi að líða til þess að hægt sé að úrskurða að maður sé látinn, ef talið er að hann hafi farist af slysi eða slysförum. Ef höfð er í huga sú þróun sem hefur orðið í ýmsum tæknibúnaði og vitneskju um ferðir manna og þá kannske sérstaklega skipa, sem ég hef nokkuð haft hliðsjón af í sambandi við gerð þessa frv., þá er ljóst að vitneskjan um slíkar ferðir í dag er orðin svo mikil, að ekki virðist ástæða til að halda sig við þau ákvæði sem eru sniðin af kringumstæðum sem giltu fyrir meira en hálfri öld.

Vera má að það geti valdið nokkrum ágreiningi, hvort 4. og 5. gr. frv. séu tímabærar í þeirri mynd sem þær eru, en ég segi enn, að ef hægt hefur verið að ákveða 6 mánuði í slíkum tilfellum áður, þá er nú óhætt að miða við þann tíma sem segir í frv.

Ég tel að í grg. sé málið svo vel skýrt, að ég þurfi ekki að vera að fara yfir þau atriði frekar sem þar eru dregin fram. Ég endurtek það, sem þar kemur skýrt fram, að hér getur verið um mikið peningalegt hagsmunamál fyrir eftirlifendur að ræða. Ekki er síður um tilfinningamál að ræða fyrir þá sem hafa misst ástvini sína, að kannske eru ýfð upp þau sár sem tekin eru að gróa þegar þessi tími er liðinn, þegar augljós vitneskja er máske um hvað hafi gerst, þótt ekki sé hægt að færa beinar sönnur þar á, eins og bent er á í grg. í sambandi við að bátar hafi farist.

Ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og allshn. hv. deildar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 117). — Frh. 1. umr.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Mál það, sem hér er til umr., er á þskj. 117, 101. mál Nd.: Frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Flm. hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Benedikt Gröndal.

Frv. þetta var tekið til 1. umr. í hv. Nd. 6. mars s. l. og til framhaldsumr. 8. mars. Fyrri flm. flutti langar ræður í bæði skiptin. Enn fremur hafa tekið þátt í umr. hv. þm. Pálmi Jónsson og Páll Pétursson. Voru þeir andvígir þessu frv., höfðu ýmsar aths. fram að færa við málflutning frsm., enda hafa hv. þm. báðir reynslu og þekkingu á því málefni sem er til umr.

Frv. þetta er aðeins tvær greinar. Sú fyrri er um breytingu á 2. mgr. 12. gr. laganna. Hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Í fjárlögum hvers árs skal ráð fyrir því gert, að ríkissjóður ábyrgist að tilteknu marki greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir vegna útflutnings á sauðfjárafurðum annars vegar og nautgripaafurðum hins vegar. Verðábyrgð samkv. framansögðu skal miðuð við hvora búgrein um sig og greiðsla gerð upp sérstaklega fyrir hvora þeirra. Á hverju verðlagsári getur slík verðábyrgð mest orðið sem nemur 10% af framleiðsluverðmæti nautgripaafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar og mest 12% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á þeim afurðum."

Þessi brtt. felur það í sér, ef samþykkt verður, að verðábyrgðin breytist frá því sem hún er og hefur verið síðan 1960, úr því að vera 10% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða ár hvert, þar sem framleiðsluráð hefur haft það á valdi sínu að ráðstafa þessu fjármagni hverju sinni eftir því sem hagkvæmast hefur verið talið hverju sinni, í það, að tryggingin verði hér eftir aldrei hærri en 10% af framleiðsluverðmæti nautgripaafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar og mest 12% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða vegna útflutnings á afurðum þeirrar búgreinar. Í grg. með frv. kemur fram, að ef þessi regla hefði gilt fyrir verðlagsárið 1976—1977 hefði verðtryggingin orðið 1 milljarði kr. lægri en hún varð. Á þessari tölu vil ég enga ábyrgð bera frekar en á öðru sem í þessari grg. stendur. Hitt fer ekki á milli mála, hver óskadraumur þessara fulltrúa Dagblaðsins er, hvað fyrir þessum herrum vakir. Þó að hv. frsm. láti í veðri vaka í öðru orðinu, að hann beri hagsmuni bænda fyrir brjósti, þá þarf ekki annað en skoða innihaldið — þegar öllum orðaflaumnum er sleppt leynir sér ekki hvað fyrir honum vakir.

Hins vegar er 2. gr. frv. ákvæði til bráðabirgða, en í því felst nánast það, að á næstu 5 árum skuli aðlaga sauðfjárframleiðsluna þessum nýju markmiðum: verðlagsárið 1978—1979 megi greiða allt að 20% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða, en síðan á verðtrygging þessara afurða að lækka um 2% á ári þar til verðlagsárið 1982—1983 að þessum 12% sé náð. Sem sé, þetta á að verða seindrepandi aðferð, en þó markviss.

Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn með flutningi frv. þessa er að benda á leið út úr þeim ógöngum, sem þjóðarbúið er komið í vegna greiðslu verðábyrgðar úr ríkissjóði á útfluttar landbúnaðarafurðir (útflutningsbætur). Í þeim efnum hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina að undanförnu uns í algert óefni er nú komið þegar flytja getur þurft út yfir 30% af framleiðsluafurðum einnar búgreinar."

Þegar frsm. var kominn í lok síðari ræðu sinnar 8. mars s. l. var þessi prósenttala komin upp í eða yfir 50% af framleiðslu á lambakjöti og hefði það ástand varað um talsvert langan tíma. Þetta sagði hv. frsm.

En ég vil spyrja: Hverju þjónar svona málflutningur? Væri ekki hollt fyrir þennan hv. þm. að kynna sér betur það málefni, sem hann flytur hér í hv. Nd., en raun ber vitni, áður en hann flytur um það langar ræður? Ég hef undir höndum skýrslu frá Hagstofu Íslands er sýnir, svo að ekki verður um villst, hvernig þessi mál hafa þróast: Árið 1960 var útflutningurinn á lambakjöti 21.1% af heildarframleiðslunni, 1963 27.4%, 1966 19.1%, 1969 43.6%, 1970 23%, 1971 17.3%, 1972 22.5%, 1973 20.5%, 1974 22.2%, 1975 27.9%, 1976 35% og á árinu 1977 mun útflutningurinn hafa verið svipaður. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að þarna er um að ræða útflutning á lambakjöti eingöngu. Ef miðað væri við heildarframleiðsluverðmætið, þá kemur dálítið annað í ljós. Þá er þetta t. d. fyrir árið 1976 27.8%.

Frsm. gat um að það væru allt aðrar tölur, sem hann fengi frá Hagstofunni, en hefðu birst í blöðum. Tölurnar, sem hv. þm. fær frá Hagstofunni, eru miðaðar við almanaksárið, en þær tölur, sem birtust aftur á móti í Árbók landbúnaðarins, eru miðaðar við verðlagsgrundvallarárið. Þess vegna eru tölurnar aðrar. Miðað við t. d. verðlagsgrundvallarárið, þ. e. a. s. frá 1. sept. til 31. ágúst, þá er þessi tala, sem hann var með, um 35%, sambærileg við 24.13% sem útflutningurinn var það ár, 1976.

Eins og þessar tölur bera með sér, er ekki umtalsverð breyting á útflutningsþörf á kindakjöti, hvorki að magni til né hlutfallstölu, t. d. frá viðræsnarárunum. Allt tal um það efni er því út í hött. Tvisvar hefur þessi tala komist yfir 30%, miðað við þá skýrslu sem ég las áðan frá Hagstofu Íslands, þ. e. a. s. af heildarkjötmagninu. Það var árið 1969, eins og ég sagði áðan, 43.6% og síðan 1976 35%. Að af útflutningsþörf hafi verið flutt út 50% eða meira og það um talsvert langan tíma, eins og hv. frsm. sagði, er því eitt af hans mörgu hugarfóstrum sem á sér enga stoð í veruleikanum. Ef verðtryggingin hefði verið frá upphafi á þann veg sem nú er lagt til að hún verði samkv. þessu frv., þ. e. a. s. 10% á nautgripaafurðir og 12% á sauðfjárafurðir, þá hefði verið ríkari tilhneiging til þess að auka mjólkurframleiðsluna meira en verið hefur til að nýta verðtryggingarmöguleika á þeim afurðum, vegna þess hve stakkurinn var þröngt skorinn til framleiðslu á sauðfjárafurðum, til þess

að ná fullu framleiðslukostnaðarverði fyrir þá vöru vegna þeirra fyrirmæla, hvernig nota mætti útflutningstrygginguna. Er það skoðun hv. flm., að hagstæðara hefði verið fyrir þjóðfélagið að mjólkurframleiðslan hefði verið meiri á liðnum árum og sauðfjárframleiðslan minni með tilliti til sölumöguleika á erlendum mörkuðum? Auðvitað hefur hann ekki myndað sér skoðun um þetta frekar en annað.

Hv. þm. komst þannig að orði, að framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hefðu alltaf ráðið stefnunni í landbúnaðarmálum, þetta væri þeirra stefna. Manni skildist að þeir bæru einir ábyrgð á þróun þessara mála. Nú vil ég spyrja hv. frsm.: Hverjir stóðu fyrst og fremst að því að gefa út brbl. í desembermánuði 1959? Voru það framsóknarmenn? Ég man nefnilega ekki betur en að þá sæti að völdum minnihlutastjórn Alþfl. Ætli þm. að halda því fram, að Alþfl. hafi ekki ráðið því að umrædd brbl. voru sett 1959, er varla hægt að draga af því aðra ályktun en þá, að minnihlutastjórn Alþfl. hafi verið viljalaust verkfæri í höndum Sjálfstfl. Eða er hv. þm. að gefa í skyn að svo hafi verið? Hvað þá um öll viðreisnarárin? Er þá þm. að gefa í skyn, að Alþfl. hafi ekki ráðið neinu umtalsverðu í þeirri ríkisstj. heldur? En það breytir ekki því, að ábyrgðina hljóta báðir stjórnarflokkarnir að hafa af stjórnarstefnunni, þó að annar hafi ráðið ferðinni. Þó að hv. þm. vilji vinna það til nú að gera hlut Alþfl. sem aumkunarverðastan í samskiptum við Sjálfstfl. á viðreisnarárunum og hann telji sig geta með því skotið honum undan ábyrgð á stefnunni í landbúnaðarmálum, þá kemur það ekki að neinu haldi.

Þm. heldur því fram af miklum áhersluþunga, að þegar 10% verðtryggingarrétturinn var lögfestur hafi sumir þm. ekki gert sér ljóst hvað þeir voru að samþykkja. Þeir hafi staðið í þeirri trú, að 10% verðtryggingin gilti aðeins fyrir hverja búgrein fyrir sig, þ. e. a. s. útflutningsrétturinn til að flytja t. d. út sauðfjárafurðir væri 10% af heildarverðmæti sauðfjárafurða, og eins væri með nautgripaafurðir, en útflutningstryggingin væri ekki 10% af heildarverðmæti allrar landbúnaðarframleiðslunnar, eins og í lagagreininni felst. Þó er það svo afdráttarlaust í lögunum eins og það getur skýrast verið, að með öllu er óskiljanlegt hvernig nokkur þm. hefur getað skilið þetta atriði á annan veg en þann sem í framkvæmd hefur verið alla tíð. Ég er a. m. k. þess fullviss, að hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson fyrrv. landbrh., hefur gert sér fulla grein fyrir því, hvað í þessari lagagrein felst, og það frá upphafi. Ég hygg reyndar, að það heyri til undantekninga, ef menn hafa ekki áttað sig á því, hvað felst í þessu umrædda ákvæði. Það kann að vera að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson telji sér henta nú að reyna að koma því inn hjá þjóðinni, að þeir, þm., sem sæti áttu á Alþ. fyrir Alþfl. 1959 og 1960, hafi verið skilningsminni en aðrir þm. voru þá, og með því að þeir hafi ekki skilið hvað í lagasetningunni fólst, þá beri þeir ekki ábyrgð á lagasetningunni eða flokkurinn sem slíkur. Þó held ég að þessi söguskýring verði Alþfl. ekki til framdráttar, öðru nær. Ég a. m. k. gat ekki betur séð en hlutur hv. 1. þm. Suðurl., fyrrv. landbrh., verði ekki minni við þessa nýju söguskýringu, ef talsmenn Alþfl. ætla að halda því fram að Alþfl. hafi engu ráðið um stefnuna í landbúnaðarmálum á viðreisnarárunum, þeir hafi blátt áfram verið á móti þeirri landbúnaðarstefnu sem ríkisstj. fylgdi þá fram og þeir samþykktu og studdu. Og svona til að undirstrika það enn frekar, að þeir hafi ekki átt neinn hlut að máli, þá er það skýring Sighvats Björgvinssonar að þeir hafi ekki skilið hvað fram fór. Er hægt að gera hlut Alþfl. aumkunarverðari en hv. þm. gerir með allri þessari miklu visku sinni?

En hvernig var þetta þá með aðra málaflokka? Skildi þingflokkur Alþfl. þá betur en það sem fram fór í landbúnaðarmálum? Þeir skildu samt, að þeir höfðu á þessum árum þrjá ráðherrastóla. Það hefur e. t. v. nægt þeim, annað ekki skipt máli. Og þar er líklega komin skýringin á því, hvers vegna sjálfstæðismenn voru svona ánægðir með stjórnarsamstarfið við Alþfl. á viðreisnarárunum. Að sögn Sighvats Björgvinssonar hafa þeir síðarnefndu ekki fylgst með því sem fram fór, og því hefur verið auðvelt fyrir Sjálfstfl. að fara sínu fram. En bæði framleiðsluráðslögin sem og allt annað samþykkti Alþfl. og ber því fulla ábyrgð á því til jafns við Sjálfstfl. og aðra þá sem að því stóðu.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði um og fór fram á að þm., sem teldu sig öðrum fremur fulltrúa bænda, eins og hann komst að orði, töluðu á hinu háa Alþ. af fullri skynsemi um þessi mál. En hvað um þm. sjálfan? Því gerir hann ekki fyrst og fremst kröfu til sjálfs sín? Og ég held nú að hollast væri fyrir hann að tala sem allra minnst, a. m. k. um landbúnaðarmál. Færi hann að hætta sér út í það, þá mælist ég til þess að hann geri það a. m. k. af meiri skynsemi en hingað til.

Ég kemst ekki hjá því að ræða enn frekar nokkur atriði úr ræðu þm., til þess að færa orðum mínum stað, með leyfi forseta.

„Það er sök sér," segir þm., „þó að menn misskilji efni frv. Hitt er öllu verra, þegar menn leggja út í langar umr. um frv. eins og þetta og standa svo hér uppi í ræðustól í hv. d. berir að því, að þeir hafa ekki einu sinni lesið frv. Þetta kom fyrir hv. þm. Pálma Jónsson. Hann sagði t. d., að ef frv. yrði að lögum mundi niðurskurður á útflutningsuppbótum frá því, sem núv. kerfi gerir ráð fyrir, og yfir til þess, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, nema 1 milljarði kr., ef frv. yrði samþykkt, mundu útflutningsbætur verða lækkaðar um 1 milljarð kr., úr 3 milljörðum í um það bil 2 milljarða." — Ég endurtek: Úr 3 milljörðum í 2 milljarða. — „Þetta sýnir og sannar að hv. þm. fer hingað upp í ræðustól til þess að halda langa ræðu og leggjast gegn frv., því sem hér er flutt, án þess að hafa komist lengra í að lesa frv. en rétt um miðja fyrstu síðu, vegna þess að meginefnisatriðið í 2. gr. frv. er einmitt að koma í veg fyrir að slíkur niðurskurður verði. 2. gr. frv. gerir ráð fyrir því, að því meginkerfi verðábyrgðar, sem 1. gr. fjallar um, verði komið á í áföngum. Yrði frv. samþykkt nú á þessu þingi, mundi niðurskurður á útflutningsbótum þannig ekki nema 1000 millj. kr., eins og hv. þm. Pálmi Jónsson sagði, heldur 231

millj. kr.“ Ég endurtek: 231 millj. kr. — „vegna þess að 2. gr. frv. gerir ráð fyrir að tilgangi 1. gr. verði náð í áföngum á 4—5 árum.

Ég sagði það,“ segir þm., „í upphafi ræðu minnar, þegar ég ræddi um þetta mál, í framsöguræðu minni, að við flm. frv. værum fúsir til þess að fallast á athugun á því, hvort hægt væri að taka þessi skref eitthvað skemmri í áföngum en lagt er til að gert sé í 2. gr.“ Og síðan heldur þm. áfram: „Ég vil sem sé leiðrétta þetta: Ef frv. yrði samþykkt eins og það er úr garði gert, þá mundu útflutningsuppbæturnar ekki lækka um 1000 milj. kr., heldur um 231 millj.“

En svo fer þm. að reikna. Og hann reiknar og segir: „Greiddar útflutningsuppbætur á mjólkurafurðir yrðu 330 millj. kr., nákvæmlega eins og gert er ráð fyrir að greiða vegna útfluttra mjólkurafurða. Útflutningsuppbætur vegna útfluttra sauðfjárafurða yrðu samkv. frv. 1740 millj. í stað 2070 millj.“ En þegar hann fer að draga frá, segir hann: Heildarlækkunin er 231. — Ég hélt að þetta væri 330 en ekki 231. Ég held að það þyrfti að lengja skyldunámið áður en menn færu á þing. Svo segir hann, að eftir þessu yrðu þessar útflutningsuppbætur 2 milljarðar og 70 millj. Ég tel að ef 2 milljarðar og 70 millj. eru dregnir frá 3 milljörðum, þá séu eftir — samkv. mínum barnaskólalærdómi — 930.

Þm. segir að útflutningsuppbæturnar hafi ekki aðeins vaxið í krónutölu, heldur líka vaxið mjög stórkostlega í raunverðmætum, eins og hann kemst að orði. Og til þess að sýna þetta miðar hann við framfærsluvísitölu á hverjum tíma. Hvort sem það er að yfirlögðu ráði eða hugsunin er ekki nægilega skýr, þá yfirsést honum algerlega að taka tillit til niðurgreiðslna á vöruverði í þessu sambandi. Sé hv. þm. á annað borð að leita eftir réttum mælikvarða til þess að finna út, hvert sé raunverulegt verðmæti útflutningstryggingar landbúnaðarvara hverju sinni, þá fæst það ekki með því að miða við framfærsluvísitölu, ekki nema taka þá fullt tillit til niðurgreiðslna á vöruverði á hverjum tíma. Hann vitnar t. d. til ársins 1973—1974, þar sem hann segir að útflutningstryggingin hafi orðið 68.9% hærri í raunverulegum verðmætum en 1963—1964. Ég vil minna þm. á það, að einmitt þetta ár voru niðurgreiðslur í því hæsta sem þær hafa nokkurn tíma verið. Þær voru t. d. á smjöri yfir 70% af heildsöluverði. Það er einmitt engin tilviljun, að þm. tekur þessa viðmiðun. En það er a. m. k. ekki síður raunhæft að miða við hvað þessi verðtrygging hefur verið hátt hlutfall af ríkisútgjöldum á hverjum tíma. Það er a. m. k. raunhæfara en miða við framfærsluvísitölu á hverjum tíma. En ef það er athugað, þá kemur í ljós, og þar vitna ég í skýrslu frá Hagstofunni, að hæst hefur þetta hlutfall verið af ríkisútgjöldum árið 1966, þegar Alþfl. tók þátt í ríkisstj. og hv. 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson, var landbrh. 1966 var þetta hlutfall 6.4% af ríkisútgjöldum. 1969 var það 3.9%, 1970 3.4% og 1971 3%. En síðan hefur það aldrei náð 3%, aldrei síðan 1971. Það var 1977 talið vera 2.3%, en 1975 var það t. d. innan við 2%.

Frsm. vitnar í ræðu fyrrv. landbrh., er hann flutti 1959 þegar umr. fóru fram á Alþ. um brbl. um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Ummælin, sem hann hafði, voru þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Og nú er öllum sú staðreynd ljós, að landbúnaðarframleiðslan vex ekkert í hlutfalli við aukna notkun innanlands, ekkert í samræmi við fjölgun fólksins í landinu og þess vegna er það rétt... að það eru litlar líkur til þess, að útflutningsbæturnar verði þungur baggi á ríkissjóði...“

Ég hygg að 1. þm. Suðurl., Ingólfur Jónsson fyrrv. landbrh., hafi að því leyti til reynst sannspár, að framleiðslan hafi ekki aukist meira en hann gerði ráð fyrir. Á síðustu 10 árum hefur t. d. fólksfjölgun í landinu orðið 12.8% og heildarframleiðsla landbúnaðarins hefur ekki aukist meira. Aukningin hefur orðið á þessu tímabili tæp 16% á sauðfjárafurðir, en 7.5% á nautgripaafurðir, eða þegar á heildina er litið nokkru minni en fólksfjölgunin. Það eru aðrar ástæður sem valda því, að útflutningstryggingin mun ekki nægja þetta framleiðsluár að öllu óbreyttu, en að framleiðsluaukningin hafi orðið meiri en gera mátti ráð fyrir. Ástæðurnar fyrir því eru fyrst og fremst þær, að orðið hefur breyting á nauðsynjum þjóðarinnar. Neysla landbúnaðarvara hefur minnkað hlutfallslega síðustu árin, og hin mikla verðbólga, sem hér hefur orðið síðari ár, hefur gert það að verkum, að með hverju árinu sem líður hefur reynst óhagstæðara að flytja út búvörur. Það fæst ekki nema um eða innan við 50% af framleiðslukostnaðarverði nú á erlendum mörkuðum þar sem best lætur, en fyrir 4 árum fékkst fyrir sömu vöru yfir 80%, t. d. kindakjöt. Að útflutningsþörfin hafi verið meiri hin síðari ár en t. d. á viðreisnarárunum, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson taldi vera, hefur ekki við rök að styðjast, hvorki í hlutfalli né magni. Og þm. segir að rangt sé að þetta frv. hafi þann tilgang að minnka útflutningsuppbætur. Ætlar þm. e. t. v. að halda því fram, að frv. hafi tilgang að auka útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur? Það kann vel að vera, að sú verði túlkun hans á þessu frv. í kosningabaráttunni vestur á fjörðum. Það væri a. m. k. í samræmi við ýmsan annan vísdóm sem frá þessum þm. kemur.

En hvað segir svo hv. þm. sjálfur í ræðu sinni, þegar hann talar fyrir þessu frv. 6. mars s. l., með leyfi forseta: „...að greiðslur vegna verðábyrgðar verðlagsárið 1976—1977 mundu lækka um 1 milljarð kr. frá því sem nú er, ef þessi breyting hefði tekið til þess verðlagsárs.“

Svo kemur þessi sami hv. þm. hér upp í ræðustól tveimur dögum síðar og segir það rangt, að aðaltilgangurinn með flutningi frv. sé að minnka útflutningsuppbætur. Hvað á svona málflutningur að þýða? Svo kvartar þessi þm. yfir því, að hann sé ekki tekinn alvarlega. Ég held að þessi þm. ætti að reyna að hugsa aðeins skýrar þegar hann talar í hv. d., ef honum á annað borð er umhugað um að hann sé tekinn alvarlega.

Ein fullyrðing þessa hv. þm. var sú, að iðnaðurinn hefði ekki þörf fyrir framleiðsluna eins og nú væri, þar sem verulegt magn af ull og gærum væri nú flutt út óunnið. Það hefur legið fyrir, komið fram í blöðum, að ull er flutt út í stórum stíl vegna þess að ekki er til önnur en

sú úrgangsull sem verksmiðjurnar telja sig ekki geta notað. Það er hún ein sem flutt er út. Þetta ætti þm. að kynna sér svolítið betur.

Þm. fullyrti enn fremur, að á fundum bænda væri verið að ræða um slíkar breytingar sem felast í þessu frv. Það er æðimargt sem þessum þm. dettur í hug eða hann dreymir um. En þeir draumar hans hygg ég nú að seint rætist fremur en hann vísi mönnum af rangri leið til réttrar áttar, eins og hann margtók fram í sínum ræðum. Ég vil ráðleggja hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að hugleiða í fullri alvöru, hvernig líklegt sé að búskapur mundi þróast t. d. á Vestfjörðum, ef frv. hans yrði lögfest. Gerðar hafa verið t. d. tvær byggðaáætlanir í þeim landshluta til að efla og viðhalda búskap þar: Inn-Djúpsáætlun og áætlun um Árneshrepp á Ströndum. Slíkar framkvæmdir hljóta að leiða af sér framleiðsluaukningu. Að mati þm. Alþfl., og þó fyrst og fremst hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, hafa þessar byggðaáætlanir verið hrein vitleysa í báðum þessum tilvikum. Þó man ég ekki til þess, að nein aðvörunarorð kæmu fram af hendi Alþfl.-manna þegar þessi mál voru til umr. Eða gerðu þeir sér e. t. v. ekki grein fyrir því, að af þessum framkvæmdum hlyti að leiða aukna framleiðslu á kindakjöti? Þegar hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir var að hvetja til stuðnings við þessar byggðaáætlanir, þá varð ég ekki var við það a. m. k., að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kæmi með nein andmæli gegn því. Það hefði hann átt að gera væri hann samkvæmur sjálfum sér.

Ég hef leitt rök að því, að sá vandi, sem steðjar nú að bændastéttinni, sé ekki vegna þess að framleiðslan hafi vaxið meira en búast mátti við. Ástæðurnar fyrir því eru fyrst og fremst verðbólgan hér, hinn ört vaxandi framleiðslukostnaður, en hins vegar stendur útflutningsverðið því sem næst í stað, þar sem viðskiptakjör okkar auka sífellt niðurgreiðslur á landbúnaðarvörurframleiðslu sinni til þess að hamla gegn verðbólgu hjá sér. Við verðum svo að keppa við þetta niðurgreidda verð. Einnig hefur neysla á búvöru dregist saman hjá okkur á undanförnum árum. Útflutningsþörfin hefur ekki aukist svo að umtalsvert sé í þau 18 ár sem liðin eru síðan umrædd verðtrygging var tekin upp hvorki að magni til né hlutfallslega, hvað sem síðar verður. Útflutningsverðtryggingin hefur reynst bjóðinni vel, og koma má með sterk rök fyrir því, að hún hefði að jafnaði verið nægjanleg, ef neyslan hér innanlands hefði haldist í svipuðu hlutfalli og áður var og verðbólgan hefði ekki verið meiri hér en í aðalviðskiptalöndum okkar.

Það er mikill misskilningur, sem kemur fram í máli hv. þm., að þær ráðstafanir, sem hann lætur sig dreyma um að koma fram, að minnka framleiðslu sauðfjárafurða um allt að ⅓, komi eingöngu niður á bændastéttinni. Ef slíkur draumur yrði að veruleika, mundi það ekkert síður koma niður á ýmsum í þéttbýli og á bjóðinni allri. Ég hef ekki orðið var við það, að hv. þm. Alþfl., sem þetta frv. flytja, hafi gert grein fyrir því, hvernig þeir ætla að standa að atvinnuuppbyggingu í landinu í staðinn fyrir þann samdrátt í landbúnaði og um leið í iðnaði og úrvinnslu úr þessum vörum sem mundi auðvitað af þessu leiða. Ég hygg að þeir verði ekki margir sem sætta sig við að hafa atvinnu af fullyrðingum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. En þm. fullyrti, að þriðjungsminnkun á sauðfjárframleiðslunni mundi ekki koma neitt niður á iðnaðinum, þótt það sé staðreynd, eins og ég sagði áðan, að flytja verður inn ull í stórum stíl, — ull sem hefur aðra eiginleika en okkar ull og allt útlit er fyrir að geti spillt því góða áliti sem ullariðnaður okkar nýtur víða á erlendum mörkuðum. Eða á e. t. v. úrræðið að vera það að flytja út vinnuafl, eins og gert var á viðreisnarárunum, í stað kindakjöts og iðnaðarvöru úr ull og skinnum? Nei, ég held að hagkvæmara sé fyrir þjóðina að fara ekki eftir þessari leiðsögn.

Einnig er hollt fyrir hv. þm. Sighvat Björgvinsson að átta sig á því, að ef útflutningstrygging á landbúnaðarvörum hefði verið frá upphafi eins og hann leggur til að hún verði, hefði aldrei verið gerð nein byggðaáætlun fyrir Vestfirði og því síður gerðar neinar framkvæmdir við Inn-Djúp eða í Árneshreppi á Ströndum. Og þá er hætt við því, að íbúafækkunin hefði orðið verulega meiri í því kjördæmi en hún hefur þó orðið, því að það er staðreynd að þéttbýli og dreifbýli styður ekki svo lítið hvort annað. Og ef þm. kæmist til þeirra áhrifa að geta eytt búskap á Vestfjörðum, þá er hætt við því að sumum þéttbýlisstöðunum þar yrði einnig hætt. Hv. þm. Alþfl. ættu að gefa sér tíma til að kynna sér stefnu jafnaðarmanna í landbúnaðarmálum, t. d. á Norðurlöndum. Þeir gætu áreiðanlega mikið af þeim lært. Jafnaðarmenn á Norðurlöndum eru ekki með landeyðingaráform eins og Alþfl. hér. Þar skilur líka á milli feigs og ófeigs.

Miklar umr. hafa farið fram um málefni landbúnaðarins á undanförnum mánuðum, t. d. í fjölmiðlum. Mest hefur í þeim heyrst sem minnst skilja og minnsta þekkingu hafa á þeim málum. Bændur hafa haldið fundi og rætt þessi mál og svarað fullum hálsi þeim gegndarlausa áróðri sem haldið hefur verið uppi gegn þeim af þessum aðilum. 6. og 8. mars s. l. máttu hv. þm. hér í þessari d. svo hlusta á eina útgáfuna af þessari speki. Og til að vera samkvæmur sjálfum sér lagði frsm. til, að frv. yrði vísað til fjh.- og viðskn. í stað landbn., en til landbn. hefur öllum frv. um framleiðsluráð landbúnaðarins verið vísað frá því að þau lög voru fyrst sett. Er því við hæfi að þetta frv. komist ekki til 2. umr., eins og að því er staðið á allan hátt. Legg ég því til og skora á hv. þm. að greiða atkv. gegn því, að frv. fari til 2. umr. Með því móti mundi það fá þá afgreiðslu hér í hv. d. sem það verðskuldar.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leggja nokkur orð í belg. Miklar umr. hafa farið fram um þetta frv. sem Alþfl.-menn flytja. Ég hef hlustað á þær að nokkru leyti og verð að segja, að umr. eru á ýmsan hátt furðulegar.

Frv. er flutt til breytinga á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins og er, eins og hv. þm. sjá, á þskj. 117. Meginatriði frv. er að skerða greiðslur til landbúnaðarins vegna halla á út-

fluttum búvörum. Gert er ráð fyrir að skerðingin verði gerð í áföngum, róttækum og stórum, þar sem lækkun á tekjum bænda yrði með þessum hætti 1 milljarður kr. á fyrsta ári, ef frv. verður samþ.

Hv. 1. flm. frv., Sighvatur Björgvinsson, hefur notað langan tíma til þess að ræða frv. og sýna fram á ágæti þess. Það er gott og nauðsynlegt að taka vandamál atvinnuveganna til umr. og reyna þá að finna lausn á vandanum. Frv. það, sem hér er til umr., stefnir í öfuga átt. Það mun gera hlut landbúnaðarins miklu lakari en nú, ef að lögum verður, um leið og það mun ganga í berhögg við þjóðarhagsmuni.

Landbúnaðurinn á við ýmsa örðugleika að glíma ekki síður en aðrir atvinnuvegir þjóðarinnar. Löggjöf, sem snertir landbúnaðinn, og reglur, sem unnið hefur verið eftir, geta þarfnast endurskoðunar og breytinga vegna breyttra tíma og breyttra aðstæðna. En ef breytinga er þörf þarf að gera það með heildaryfirsýn yfir málin og hafa sannfæringu fyrir því, að það, sem gert er, muni verða til bóta.

Árið 1977 var gjöfult og gott að flestu leyti. Sjávarafli var mikill og verð á útfluttum vörum mjög hátt. Tíðarfar var yfirleitt gott um land allt og heyfengur var mikill og víðast hvar góður á s. l. sumri. Skepnuhöld voru í betra lagi og afurðir miklar á árinu. Þrátt fyrir þetta kvarta menn látlaust undan erfiðum tímum, taprekstri og fjárskorti sem atvinnuvegirnir eigi við að glíma. Fyrr á árum var afkoma atvinnuveganna og almennings talin vera góð, ef aflabrögð voru hagstæð og skepnuhöld, tíðarfar og heyskapur í betra lagi. En nú virðist þetta ekki nægilegt, vegna þess að verðbólgan með stöðugt vaxandi kostnaði grefur undan öryggi og hagsmunum atvinnuveganna og almennings í landinu. Góðæri nýtist ekki meðan verðbólgan geisar og smýgur inn í flestar greinar þjóðfélagsins.

Vegna góðæris hefur verið nokkur aukning á búvöruframleiðslunni. Aukningin er þó lítil. Kindakjötsframleiðslan hefur staðið hér um bil í stað síðustu árin og mjólkurframleiðslan aukist um ca. 6% tvö síðustu ár. Sala innanlands hefur ekki aukist eins og búast hefði mátt við, heldur orðið nokkur samdráttur í innanlandssölu, og markaður erlendis hefur versnað mikið vegna mikilla verðhækkana hér á landi og kostnaðar langt umfram það sem gerist í markaðslöndunum. Meðan verðhækkunum var haldið innan hæfilegra marka og verðbreytingar hér á landi voru ekki langt frá því, sem gerðist í nágrannalöndunum, náðu endarnir saman. Þá var tiltölulega gott verð á dilkakjöti í Noregi og Svíþjóð, þá nægðu lögleyfðar útflutningsbætur til þess að greiða að fullu þann halla sem varð á útfluttum búvörum. Í seinni tíð hefur þetta breyst. Verðbólga hefur verið hér um árabil frá 30—50%, en verðbreytingar í viðskiptalöndum okkar á sama tíma 3—8%. Auk þess hafa ýmsar þjóðir, sem kaupa íslenskar búvörur, aukið niðurgreiðslur. Hefur því söluaðstaðan á augljósan hátt stórum versnað. Eðlilegt er að menn hugleiði, á hvern hátt megi úr þessu bæta. Auðvitað ber að efna til söluherferðar og leita nýrra markaða um leið og eldri markaðir, sem fyrir eru, verða betur nýttir. **Einnig** ber að koma kjötinu á markað í neytendaumbúðum, eftir því sem auðið er, og kynna besta kindakjöt í heimi enn betur en gert hefur verið.

Árið 1960 voru sett lög til þess að bæta aðstöðu landbúnaðarins. Heimilað var að greiða 10% af heildarverðmæti búvöruframleiðslunnar til þess að bæta bændum þann halla sem yrði af útfluttum búvörum. Þetta var nýmæli í lögum og hefur síðan reynst bændum besta haldreipi. Áður höfðu bændur heimild til þess að hækka búvöruverð á innlendum markaði í því skyni að ná upp þeim halla sem mátti ætla að yrði af útfluttum búvörum, en það væri bændum lítils virði og óhugsandi, að varan seldist innanlands á því verði sem hefði þurft að setja á hana til þess að unnt væri að bæta bændum það tap sem varð á útflutningi. Frá því í ársbyrjun 1960 hafa lög um útflutningsbætur verið í gildi. Bændur gera sér fulla grein fyrir því, að lögin hafa verið þeim sá bjarghringur sem þeir mega ekki missa. Í leiðara í Tímanum snemma á þessum vetri var því haldið fram, að offramleiðslu á búvörum, sem nú er rætt um, mætti rekja til fyrrnefndra laga. Ég held að nefndur leiðari hafi verið merktur ÞÞ. Menn deila um það, hvort ástæða sé til að hafa miklar áhyggjur af því sem nú er nefnt offramleiðsla. En ályktun leiðarahöfundar Tímans er að því leyti rétt, að lög um útflutningsbætur hafa komið í veg fyrir, að búvöruframleiðslan færi stórum minnkandi. Það er mat glöggra manna, að nú væri mikill búvöruskortur ef lög um útflutningsbætur hefðu ekki verið í gildi. Bændum hefði fækkað miklu meira en raun ber vitni á þessum árum. Ekki hefði verið ráðist í umfangsmiklar ræktunarframkvæmdir eins og sérstaklega var gert á árunum 1960—1971. Þá hefði draumur þeirra, sem vilja flytja inn erlendar búvörur, ræst. Á eyju norður við Íshaf getur verið stutt á milli mikillar framleiðslu í landbúnaði og of lítillar framleiðslu.

Ekki eru mörg ár síðan hafís var við Vestfirði, fyrir öllu Norðurlandi og suður með Austfjörðum. Þá var kuldi og kal í túnum og í bithögum. Þau ár dró mikið úr framleiðslunni. En það, sem bjargaði, var sú mikla ræktun sem hafði verið gerð á flestum ábýlisjörðum í landinu. Allir vona, að landsins forni fjandi komi ekki að landi eða nærri landi. En heimskulegt væri að gera sér ekki grein fyrir hættunni. Í ár og aldir hafa skipst á góð ár og vond. Ís, kuldi og eldgos hafa reynt á þolrif fólksins í landi okkar. Fámenn þjóð og fátæk átti ekki til næsta máls og leið hungur og skort á flestum sviðum. Tímarnir hafa breyst, þannig að nú mun vera hægara að afla fanga og vinna bug á erfiðleikunum sem kunna að sækja þjóðina heim, en eigi að síður getur verið slæmt og hættulegt að gera sér á engan hátt grein fyrir því, hvar á hnettinum við erum.

Það er of mikið gert úr því sem kallað er offramleiðsla. Tíðarfar hefur reynst óstöðugt hér á landi. Þótt ekki komi ís, kal eða eldgos getur versnandi og kólnandi tíðarfar haft mikil áhrif á búvöruframleiðsluna. Þeim fækkar stöðugt, sem vinna að framleiðslu á búvörum, og eru nú aðeins 7% af þjóðinni. Talið er að yfir 40 þúsund Íslendingar í kaupstöðum og öðru þéttbýli hafi lífsframfæri við að vinna úr landbúnaðar-

vörum og við ýmis þjónustustörf tengd landbúnaði. Útflutningsverðmæti iðnaðarvara úr ull og skinnum fer vaxandi, eins og kunnugt er, og þær gefa þjóðinni drjúgar tekjur í erlendum gjaldeyri. Talið er að um 8% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar komi fyrir útfluttar búvörur, unnar og óunnar. Það er ekki þjóðhagslega rétt að draga saman seglin í landbúnaðinum. Þótt benda megi á ýmsar veilur og margt sem betur mætti fara í framkvæmd mála, má það ekki verða til þess, að menn leggi árar í bát og gefist upp. Það er bændum ekki að skapi að draga saman og minnka framleiðsluna. Bændur vilja ekki gefast upp, þótt á móti blási um sinn, þótt verðbólgan geri þeim erfitt fyrir og útflutningsbæturnar hrökkvi ekki til þess að unnt sé að greiða fullt verð fyrir framleiðsluna eins og áður frá því að lög um útflutningsbætur voru sett.

Bændur eru taldir vera lægst launaða stétt landsins. Kjör bænda eru mjög misjöfn eftir því, hvernig aðstaðan er. Þeir bændur, sem höfðu verið langt komnir með að byggja og rækta í lok viðreisnartímabilsins frá 1959—1971, eru yfirleitt vel settir. Þeir skulda lítið miðað við eignir og framleiðslu. Aðrir, sem voru komnir vel á veg 1971, komast margir sæmilega af, þótt þeir hafi lent í verðhækkunum með einhvern hluta framkvæmdanna. En þriðji hlutinn er verst settur: þeir sem hafa lent í verðbólgunni með mestan hluta framkvæmdanna og við að koma upp bústofni. Lánskjör hafa versnað og vaxtakostnaður þeirra, sem í framkvæmdum standa, er mjög þungur baggi á flestum. Tekjur bænda eru mjög misjafnar vegna aðstöðunnar og einnig fyrir það, hversu mikill munur er á afurðamagni á jafnstórum búum. Það hefur alltaf verið erfitt fyrir bændur að ná sambærilegum tekjum við miðunarstéttirnar hafa, iðnaðarmenn og verkamenn. Það er auðvitað alveg vonlaust, ef útflutningsbætur reynast of litlar og ekki næst fullt verð fyrir afurðir meðalbúsins.

Á árunum 1966—1971 voru útflutningsbætur nálægt 10% af verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar og nægðu því til þess að tryggja bændum umsamið verð sexmannanefndar. 1973—1974 nægðu útflutningsbætur ekki til þess að mæta halla af útflutningi, og báru þá bændur þann kostnað sjálfir. Verðlagsárið 1976—1977 vantaði á að fullt verð næðist, og bera bændur einnig þann halla. Útlitið er mjög slæmt á yfirstandandi verðlagsári. Er talið að vanta muni allt að 2 milljarða kr. til þess að fullt verð náist fyrir afurðirnar. Úr þessu verður að bæta á einhvern hátt. Bændur rísa ekki undir svo gífurlegu tapi. Best útkoma varð hjá bændum á árunum 1964—1965. Þá var tekjuhlutfall bænda, samanborið við þær stéttir sem tekjur þeirra miðast við, 83.1% og 86.2% síðara árið. Síðan hefur tekjuhlutfallið alltaf verið undir 80%, varð 1973 79.5% og hefur farið lækkandi síðan.

Þegar útflutningsbætur nægja ekki til greiðslu hallans á útfluttum búvörum telja margir besta ráðið vera að minnka framleiðsluna og miða hana sem mest við innanlandsnotkun. Gjöld ríkissjóðs vegna útflutningsuppbóta eru síst hærri nú en þau voru á viðreisnarárunum, sé miðað við útgjaldahlið fjárl. á þeim tíma og nú. Margir munu hafa gleymt því, að útgjöld fjárl. fyrir árið 1971, síðasta fjárlagaár viðreisnarstjórnar, voru aðeins 11 milljarðar kr., en fyrir árið 1978 140 milljarðar. Verðlagsárið 1970—1971 voru greiddar útflutningsbætur að upphæð 397 687 kr. Gert er ráð fyrir, að á yfirstandandi verðlagsári verði útflutningsbætur 3000 millj., sem er hlutfallslega talsvert lægra en 1971 miðað við útgjöld fjárl. Það er engin ástæða til þess nú að skerða kjör bænda með því að minnka útflutningsbætur á búvörum í áföngum, eins og frv. Alþfl.-manna gengur út á. En ólíklegt má telja, að lögunum verði breytt í þá átt, að útflutningsbætur verði auknar frá því sem verið hefur. Með það í huga ber að hugleiða hvað er helst til ráða til þess að tryggja bændum skráð verð fyrir alla framleiðsluna.

Athuga þarf hvaða möguleikar eru til þess að lækka framleiðslukostnað búvöru, að hve miklu leyti er mögulegt að lækka rekstrarvörur landbúnaðarins með niðurfellingu á tollum á vélum og ýmsum tækjum sem landbúnaðurinn notar. Athuga þarf, hvort ekki er mögulegt að lækka orkuverð, t. d. til heyverkunar, grasköggla gerðar og annarrar orkufrekrar notkunar í landbúnaðinum, að hve miklu leyti er mögulegt að minnka fjármagnskostnaðinn og bæta lánamálin. Finna þarf heppilegustu bústærð, sem gefur mestan arð miðað við tilkostnað. Er unnt að nýta vélakostinn betur og gera hann ódýrari á hverju meðalbúi en nú hefur reynst? Er unnt að lækka sláturkostnað, heildsölukostnað og dreifingarkostnað á kjötvörum og öðrum búvörum? Er unnt að auka fjölbreytni í landbúnaði til hagsbóta fyrir bændur til þess að þóknast neytendum enn betur en gert hefur verið og auka tekjur bænda? Er unnt að leiðbeina bændum þannig, að þeir geti fengið jafnari og betri afurðir af búum sínum en verið hefur? Er mögulegt að greiða bændum við innlegg mestan hluta afurðaverðsins, t. d. 90%, eins og oft hefur verið talað um?

Það er vitað mál, að þetta verður ekki allt gert í einu, en nauðsyn ber til að athuga hvað unnt er að gera í þessum efnum. Það er vitað mál, að afurðir af búunum er mjög misjafnar hjá bændum. Sumir bændur fá 2500 l að jafnaði eftir kúna yfir árið, en aðrir 3500 l. Margir bændur fá yfir 20 kg af kjöti eftir ána, en aðrir aðeins 14—15 kg, þótt þeir kosti jafnmiklu til í umhirðu og fóðrun fjárins. Þá er nauðsynlegt að athuga, hvort unnt er að nýta útflutningsbætur betur með því að breyta reglum og fyrirkomulagi um notkun þess fjár sem varið er í því skyni. Kunnugt er, að nú er í athugun hjá bændasamtökunum hvort heppilegt sé að greiða útflutningsbætur beint til bænda. Gæti það e. t. v. orðið til þess að lækka útsöluverð á innlendum markaði og þannig aukið sölu afurðanna innanlands. Sú hugmynd er örugglega þess virði að hún sé rannsökuð vandlega.

Nauðsynlegt er að gera allt sem unnt er til þess að auka verðmæti ullar og skinna auk innmatar, beina, horna og blóðs, sem verðmæti er unnið úr víða erlendis. Augljóst er, að kjötið gæti lækkað í verði ef bændur fengju gott verð fyrir aukaafurðir sláturdýra.

Talið er að sportbúskapur og ríkisbú leggi til um 8% af búvöruframleiðslunni. Ástæðulaust virðist vera að greiða bætur úr ríkissjóði fyrir þá framleiðslu þegar svo er komið að þeir, sem stunda alvörubúskap og lifa á landbúnaðinum, fá ekki fullar tekjur vegna þess að útflutningsbætur reynast of litlar.

Nú hefur nokkuð verið nefnt sem athuga ber til breytinga í því skyni að tryggja bændum tekjur og fullt verð fyrir framleiðsluna án þess að dregið sé úr henni. Það er ekki þjóðhagslega hagkvæmt að banna bændum eða öðrum að framleiða búvörur með því að taka upp kvótakerfi eða á annan hátt. Líklegt má telja að útflutningsbætur, sem nú eru í gildi, þ. e. a. s. 10% markið, nægi á næstu árum ef breytingar verða gerðar á framkvæmdum í þá átt sem nefnt er hér að framan. En þrátt fyrir það er nauðsynlegt til öryggis að taka jöfnunargjald af afurðunum, sem væri endurgreitt til bænda eftir því sem auðið er við endanlegt uppgjör.

Ýmsir hafa talað um að takmarka útflutningsbætur við ákveðna bústærð, t. d. 40 kúgildi eða 800 ærgildi. Til samanburðar má geta þess, að vísitölubúið er nú 440 ærgildi. Takmörk á bústærð til fullra útflutningsbóta má alls ekki setja nema brýna nauðsyn beri til. Greina þarf á milli miólkurframleiðslu og sauðfjárframleiðslu í útflutningsbótum og bústærð, ef til þessara framkvæmda kemur, þar sem útflutningsbætur með miólkurframleiðslu eru miklu minni en með kjötframleiðslunni. Ef svo fer, að takmarka verður útflutningsbætur við vissa bústærð, er rétt að hafa í huga, að betra er fyrir bóndann að fá mikinn afrakstur af búinu, þótt ekki fáist fullt verð fyrir alla framleiðsluna, en hafa minni framleiðslu sem fæst fullt verð fyrir. Ef rétt er að framleiðslunni staðið, munu síðustu miólkurlítrarnir og toppurinn í kjötframleiðslunni kosta minna en byrjunarframleiðslan. Vinnuafl, vélar og annað búinu tilheyrandi mun nýtast betur á margan hátt ef framleiðslan er mikil. Stærra búið gæti því borgað sig, þótt ekki fengist fullt verð fyrir alla framleiðsluna. En auðvitað ákveður bóndinn sjálfur hvort hann vill framleiða meira eða minna, hafa mikla framleiðslu þótt hann fái ekki fullt verð fyrir toppinn.

Í vetur hefur verið rætt um að leggja á 25% fóðurbætisskatt í því skyni að draga úr framleiðslunni. Hugmyndin er að mynda sjóð, sem ætlað er það hlutverk að greiða bændum það sem kann að vanta á verð sexmannanefndar. Með því að gera þetta yrði fjármagn flutt frá miólkurframleiðslunni yfir til sauðfjárbænda. Fóðurbætisskattur á ekki mikinn rétt á sér og síst í þessu formi. Innflutningsverð á fóðurkorni fer nú hækkandi. Ef fóðurbætisskattur yrði lögfestur, væri það aðeins réttlætanlegt með því að nota skattinn til niðurgreiðslu á áburði. Gæti það komið innlendri fóðurframleiðslu til góða.

Margs konar vandi steðjar nú að íslenskum landbúnaði um sinn. Það á einnig við um ýmsar aðrar atvinnugreinar í landinu. Landbúnaðurinn á góða framtíð fyrir sér á Íslandi. Nauðsynlegt er fyrir þjóðfélagið að hafa þróttmikinn landbúnað, sem skilar þeim, sem við hann vinna, sambærilegum tekjum og aðrar atvinnustéttir hafa. Það er skoðun mín, að það nöldur og þær úrtölur, sem nú eru allháværar um landbúnaðinn, hætti bráðlega og að almennt gildi landbúnaðarins verði að fullu viðurkennt. Það er til skammar, hvernig ýmsir tala og skrifa um landbúnaðinn. Gildi landbúnaðarins er vanmetið af mörgum. Það má ekki gleymast, að atvinnuvegirnir eru hornsteinar þjóðfélagsins. Þess vegna ber að efla þá með aukinni framleiðslu og traustum rekstrargrundvelli.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Hvort þinglega verður farið með þetta frv. eða ekki skal ég ekkert fullyrða um að sinni, en ég tel eigi að síður, þótt frv. gangi í öfuga átt, að eðlilegt sé að það fái þinglega meðferð og verði vísað til landbn. Þar er hv. síðasti ræðumaður formaður og þar á ég einnig sæti.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Í ræðu minni fyrir nokkru, þegar mál þetta var til umr., gaf ég nokkrar talnalegar upplýsingar um hver áhrif þess mundu hafa orðið og mundu vera, ef það kerfi, sem þetta frv. felur í sér, hefði verið samþykkt og væri í gildi nú. Mér finnst ákaflega leitt, ef ég hef í þessum samanburði misboðið skilningi hv. 3. þm. Norðurl. e. eða ef ég hef ofboðið reikningslist hans. Ég vil því, hæstv. forseti, fara yfir þetta aftur og gera það mjög hægt og rólega og varlega. Hver sem áhuga hefur á gæti því tekið sér penna í hönd og reiknað sjálfur eftir viðteknum venjum, sem kenndar voru í samlagningu og frádrætti, eftir þeim reikningsreglum, sem kenndar voru í barnaskóla á þeirri tíð, þegar ég átti þar setu, og væntanlega einnig á þeirri tíð, þegar hv. þm. Stefán Valgeirsson átti þar setu. Nú skulum við hv. þm. Stefán Valgeirsson hefja reikninginn.

Eins og segir á bls. 5 í þessu frv. mundi frv. þetta, ef að lögum hefði orðið á verðlagsárinu 1976—1977, lækka útflutningsuppbætur um 1 milljarð kr. frá því sem þá var, ef ekki hefðu komið til ákvæði 2. gr., sem segja m. a., þrátt fyrir ákvæði 1. gr. frv. um að ríkissjóður ábyrgist greiðslu 12% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða og 10% af verði nautgripaafurða, þá megi til bráðabirgða fyrsta gildisár frv. taka sem nemur allt að 20% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða til þess að verðábyrgjast útfluttar sauðfjárafurðir o. s. frv. Á bls. 6. í töflu I, er síðan skýrt frá því, hvað áætlað er á verðlagsárinu 1976—1977 að séu afurðir annars vegar af nautgripum og hins vegar af sauðfé. Afurðir af nautgripum eru þar áætlaðar samtals að verðmæti 10 milljarðar 490 millj. kr. Verðlagsárið 1976—1977 var greitt í útflutningsuppbætur vegna útfluttra nautgripaafurða 330 millj. kr. eða talsvert lægri upphæð en nemur 10% af samanlögðu verðmæti nautgripaafurðaframleiðslunnar. Verðlagsárið 1976—1977 var samanlagt verðmæti sauðfjárafurðaframleiðslunnar 8 milljarðar 703 millj. Það ár var greitt í útflutningsuppbætur vegna sauðfjárafurða 1971 millj. eða um það bil 22.5% af heildarverðmæti sauðfjárafurða-

framleiðslunnar það ár. Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því í þessari ræðu, eins og í hinni fyrri, að á bls. 6 hefur sá ruglingur orðið, að þar sem stendur fyrir ofan þriðja síðasta talnadálknn „vegna sauðfjárafurða“ á að standa: vegna nautgripaafurða, og öfugt í næstsíðsta talnadálkinum. Yfirskriftirnar yfir þessum tveim dálkum hafa ruglast. Og nú skulum við hv. þm. upphefja prósentureikning, samlagningu og frádrátt.

10% af 8 milljörðum 703 millj., sem afurðir af sauðfé námu á verðlagsárinu 1976—1977, eru 870.3 millj. kr. Við skulum sleppa aukastöfum eins og þeir gera í barnaskóla og segja bara 870 millj. Ef 10% af 8 milljörðum 703 millj. eru 870 millj., þá er mjög líklegt að 20% af sömu upphæð séu 1740 millj., en það er einmitt það sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir að heimilt hefði verið að greiða í útflutningsuppbætur vegna útfluttra sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1976—1977, ef frv. hefði verið samþykkt það ár. Og nú skulum við leggja saman hægt og rólega: 1740 millj. vegna útfluttra sauðfjárafurða plús 330 millj. vegna útfluttra mjólkurafurða eru samtals 2070 millj. Ef við lítum nú á fjórða síðasta dálk, sem hefur yfirskriftina: „Útflutningsuppbætur úr ríkissjóði í millj. kr.“, þá kemur í ljós að verðlagsráð 1976—1977 voru greiddar úr ríkissjóði samtals 2301 millj. kr. í útflutningsuppbætur. Eins og við voru að enda við að fá út úr hinu litla reikningsdæmi okkar, hefði, ef frv. hefði verið í gildi, átt að greiða 2070 millj. kr. þetta verðlagsár. Ef við tökum okkur nú til og setjum upphæðina 2301 millj. kr. á blað og fyrir neðan hana upphæðina 2070 millj. kr., setjum mínus fyrir framan neðri upphæðina, drögum síðan strik undir allt saman og reiknum, þá kemur í ljós að neðri upphæðin er 231 millj. kr. lægri en sú efri, þ. e. a. s. mismunur á þessum tveimur upphæðum er 231 millj. kr. Og ég fæ ekki betur séð en tiltölulega auðvelt sé að gera þennan útreikning. Skil ég ekkert í því, að hv. þm., sem er formaður í bankaráði eins stærsta og voldugasta banka með þessari þjóð og hefur þar ýmsar deildir, sem gætu orðið honum til ráðuneytis um slíkan reikning, hann skuli geta misskilið þetta eins og hann gerði. Feillinn liggur nefnilega í því, að hann tekur verðlagsárið 1976—1977, eins og effrv. hefði þá verið í gildi, og dregur niðurstöðuna, sem hann fær út úr því, frá útflutningsuppbótunum eins og þær eru áætlaðar á yfirstandandi ári í fjárlögum. Hann dregur sem sé 2070 millj. kr., eins og útflutningsuppbæturnar hefðu verið á verðlagsárinu 1976—1977, 2963 millj. kr., eins og útflutningsuppbæturnar eru á fjárlögum ársins 1978, tveimur árum síðar, og finnur það út af sinni alkunnu snilld, að barna muni hvorki meira né minna en tæpum 1000 millj. kr. — Ég mælist til þess við hv. þm., að hann fletti upp í reikningslistarbókum sínum frá barnaskólaárunum og læri svolítið betur.

Ég vil einnig vitna til þess í þessu sambandi, sem kemur m. a. mjög glöggt fram í grg. frv. þessa, að samanburðurinn milli annars vegar frv. og ákvæða þess, ef í gildi hefðu verið, og hins vegar gildandi laga er gerður á grundvelli þeirra síðustu upplýsinga sem fyrir lágu þegar frv. var samið, en það eru upplýsingar fyrir verðlagsárið 1976—1977. Ef menn vilja gera samanburð á grundvelli ársins 1978, verður að sjálfsögðu að liggja fyrir sundurliðun, skipting á áætluðu framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða á því ári, þannig að hægt sé að taka 10% af framleiðsluverðmæti nautgripaafurða annars vegar og 20% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða hins vegar og bera það saman við núgildandi kerfi, sem gerir ráð fyrir því að verðábyrgðin megi nema 10% af samanlögðu framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða. Ég vil hæstv. forseti, algerlega frábiðja mér í umr. um mál eins og þetta að þurfa að koma fram með svona einfaldar leiðréttingar, sem — eins og ég sagði áðan — væri hægt að forðast ef menn legðu á sig að lesa frv. yfir áður en þeir halda sínar löngu tölur.

Að sjálfsögðu má lengi deila um það, við hvaða vísitölu á að miða ef menn ætla að fá út samanburð með einhverjum hætti á raungildi ákveðinna upphæða, sem varið er til ákveðinna þarfa, milli ára. Í þeirri töflu, sem tekin var saman fyrir mig af starfsmanni Hagstofu Íslands til þess að sýna þróun í raunverðmætum á útflutningsuppbótum á landbúnaðarafurðum frá verðlagsárinu 1963—1964 til 1976—1977, var framfærsluvísitalan notuð sem viðmiðun. Í ljós kom, ef verðlagsárið 1963—1964 var sett sama sem 0 og framfærsluvísitalan notuð sem verðvog, að útflutningsuppbæturnar á landbúnaðarafurðir hafa farið hækkandi í raunverðmætum ár frá ári og orðið t. d. allt að 68.9% hærri í raunverðmætum á verðlagsárinu 1973—1974 en þær voru verðlagsárið 1963—1964. Auðvitað má um það deila, hvort framfærsluvísitalan sé rétt vog í þessu sambandi. Sú vog var valin af þeim starfsmanni Hagstofu Íslands sem tók saman þessar talnalegu upplýsingar, en ekki af mér. E. t. v. mætti í staðinn velja t. d. vísitölu vöru og þjónustu eða kaupgreiðsluvísitölu, ef menn vildu það heldur, eða í þriðja lagi, þar sem um útflutning er að ræða, vísitölu meðalgengis íslensku kr. gagnvart erlendum gjaldmiðlum. Einhverja af þessum vísitölum yrðu menn að velja, ef þeir ætluðu að mæla þá stærð, sem hér um ræðir, frá ári til árs í raunverðmætum. En hitt er auðvitað alveg út í hött og barnalega heimskulegt, að ætla að vega greiddar útflutningsuppbætur sem hlutfall af útgjöldum fjárl. milli ára, eins og báðir þeir hv. þm. hafa gert sem hér voru að tala áðan. Hvaða vit er í því, ef fjárlög hækka t. d. vegna eyðslustefnu ríkisstjórnar að þá eigi útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir skilyrðislaust að hækka um sömu prósentu? Hvaða vit er í því, svo að tekið sé annað dæmi, ákveðið er að gera stórátak á sviði almannatryggingamála, sem hefði í för með sér mikla hækkun á ríkisútgjöldum, að hækka þá útflutningsuppbætur að sama skapi? Ef ákveðið er að reisa stórt mannvirki eins og brú yfir Borgarfjörð, svo að dæmi sé enn tekið sem hefði áhrif til hækkunar á útgjöld fjárl., hvaða vit er í því

að útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir ættu þá skilyrðislaust að hækka að sama skapi? Þetta er auðvitað algerlega út í hött. Það er algerlega fráleitt að ætla að bera saman útflutningsuppbætur eða aðrar slíkar greiðslur frá ári til árs sem hlutfall af útgjöldum fjárlaga, vegna þess að fjárlög og útgjöld þeirra ráðast af allt öðru en eðlilegt er að miðað sé við þegar ákveðið er um útflutningsuppbætur. Auðvitað er sú viðmiðun, sem eftir er sótt, annars vegar viðmiðun um magn hvað útflutninginn snertir, hvað útflutningurinn, umframframleiðslan sem þjóðin þarf ekki á að halda, hefur aukist í magni á þessu tímabili. Það er önnur viðmiðunin sem skiptir máli í þessum samanburði. Hin viðmiðunin er sú, hvað útflutningsuppbæturnar hafa aukist á milli ára í raunverulegum verðmætum. Það skiptir líka máli í þessu sambandi. En að fjasa eitthvað um það, hvað útflutningsuppbæturnar séu hár hluti af útgjöldum fjárlaga þetta árið eða hitt árið, er algerlega út í hött, sýnir það eitt, hversu þeir menn, sem slíkum röksemdum beita, eru langt frá því að skilja hvert á að vera markmið með styrk til atvinnuvegar af því tagi sem hér um ræðir. Ég er ansi hræddur um að lítið yrði eftir af því svigrúmi, sem Alþ. og ríkisstj. þurfa að hafa við fjárlagagerð, ef ætti að binda öll framlög hliðstæð þessu framlagi við hundraðshluta af útgjöldum fjárlaga á hverju ári. Væri þá ekki miklu nær, fyrst hv. þm. nota slíkan samanburð að þeir flyttu hreinlega brtt. við framleiðsluráðslögin þess efnis, að útflutningsuppbæturnar skuli ávallt vera einhver ákveðinn hundraðshluti af útgjöldum fjárlaga hverju sinni? Það er þá meira í þeirra anda, fyrst þeir vilja endilega nota þann samanburð.

Þá er það ranglega frá sagt, að megintilgangurinn með flutningi þessa frv. sé að draga úr útflutningsuppbótunum. Ef það hefði verið megintilgangurinn — auðvitað er það tilgangur líka — þá hefði verið eðlilegast að ná því marki með því að lækka þá hundraðstölu sem notuð er sem útreikningstala fyrir hverjar þessar uppbætur eigi að vera niður úr t. d. 10% á framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða, niður í 9%, 8%, 7%, 6% eða hvað vill. Auðvitað er megintilgangurinn með þessum tillöguflutningi að reyna að finna einhverja leið, sem sameinar í fyrsta lagi nauðsynina á því að breyta um verðtryggingarkerfi og í öðru lagi nauðsynina á því að draga eitthvað úr þeim miklu greiðslum sem þurfa að fara lögum samkv. á ári hverju til slíkra verkefna. Og ég legg mikla áherslu á það, að ég geri mér alveg fyllilega ljóst að slíkt þarf að taka tíma, vegna þess að ef slíkt væri gert í einu vettvangi í þeim mælikvarða sem gera þyrfti, þá mundi það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir íslenska bændastétt, en það er ekki tilgangurinn með þessu frv.

Um annað af því, sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, get ég verið stuttorður. Ég vil aðeins benda hv. þm. á það, sem er alkunn staðreynd, að íslenskar ullarverksmiðjur flytja ekki inn erlent ullarband vegna þess, að ekki sé til nægilegt magn af ull í landinu, heldur vegna hins, að erlendu ullina fá þeir á lægra verði en þá íslensku. Ég vil aðeins benda hv. þm. Stefáni Valgeirssyni á að mjög mikið af íslensku ullinni er nú flutt út lítt unnið, bæði sem ósunnin lopi og band. Þetta er hráefni sem mætti nota til iðnaðarframleiðslu hér á landi, en ekki er notað. Og ef iðnaðurinn krefst þess, að það sé framleitt 40—50% meira af dilkakjöti á ári en þörf er fyrir innanlands vegna ullarþarfar, þá er það auðvitað íslenskur iðnaður, sem verður að greiða kostnaðinn af því og borga það verð, sem þarf að fást fyrir slíka ullarframleiðslu, en ekki ríkissjóður og íslenskir neytendur í formi hundruð millj. kr. skattbyrðar vegna niðurgreiðslu á matvælum til erlendra neytenda. Ég vil enn fremur benda hv. þm. Stefáni Valgeirssyni á að markmið Inndjúpsáætlunar var fyrst og fremst að stuðla að aukinni mjólkurframleiðslu í Ísafjarðardjúpi, vegna þess að mjólkurframleiðslan í grennd við Ísafjarðarkaupstað var langt frá að fullnægja mjólkurþörfum kaupstaðarbúa og varð því að flytja mjólk flugleiðis til Ísfirðinga og annarra nágranna þeirra yfir vetrarmánuðina með mjög miklum tilkostnaði og þannig, a. m. k. á flestum vetrum, að ekki hefur verið hægt að tryggja eðlilega og örugga mjólkurflutninga til Ísafjarðar. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir hefur nýlega flutt á Alþ. mál sem stefnir að því að bæta úr þessu ástandi ásamt með framkvæmd Inndjúpsáætlunar. Markmið Inndjúpsáætlunar var síður en svo að auka útflutning á íslenskum landbúnaðarafurðum með því að stuðla að offramleiðsla til útflutnings. Markmið Inndjúpsáætlunar var að tryggja Ísfirðingum, Bolvíkingum og öðrum íbúum þéttbýlissvæðanna á norðanverðum Vestfjörðum mjólk og mjólkurvörur allt árið um kring, sem ekki hefur verið hægt að tryggja þeim öðruvísi en með loftflutningum á mjólk yfir vetrarmánuðina með gríðarlegum tilkostnaði, miklu meiri tilkostnaði en tilkostnaðurinn mun verða af framkvæmd Inn-Djúpsáætlunar. Það voru ótrúlega háar upphæðir sem menn hafa orðið að verja í það að flytja mjólk loftleiðis frá Akureyri til þessara staða yfir vetrarmánuðina.

Hv. þm. dró einnig mjög í efa, að offramleiðsla á kindakjöti væri jafnmikil og ég gerði ráð fyrir, hún væri að magni til milli 40 og 50%, eða hefði verið undanfarin ár. Ég stend fast á því, að það sé rétt, að sú framleiðsla kindakjöts, sem við þurfum að flytja út úr landinu nú og höfum þurft að flytja út á allra síðustu árum, sé um 40—50% af heilsársframleiðslu. Ég vil aðeins benda á að fyrir um það bil 4 vikum var frétt um það í útvarpi, að áætlað væri að á árinu 1978 þyrfti að flytja til útlanda sem næst 50% af heils árs framleiðslumagni af kindakjöti. Við getum sannreynt þetta, en því miður hef ég ekki nákvæmar upplýsingar í höndunum, ég vona að hv. þm. Stefán Valgeirsson geti þá leiðrétt mig. En ef við aðeins lítum á það sem segir í töflu I, á bls. 6, um útflutning á landbúnaðarafurðum verðlagsárið 1976—1977, þá kemur í ljós að af 2301 millj., sem það ár var varið úr ríkissjóði til útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir, fóru 1971 millj. eingöngu í að verðbæta kindakjöt til útflutnings, 1971 millj.

samsvara 22.5% af samanlögðu verðmæti allrar sauðfjárafurðaframleiðslu á því verðlagsári. Útflutningsuppbæturnar, sem greiddar voru á útfluttar sauðfjárafurðir verðlagsárið 1976—1977, námu 22.5% af öllu samanlögðu verðmæti sauðfjárafurða á því ári. Sá fróði maður, hv. þm. Ingólfur Jónsson, gat upp á því áðan, að við mundum hafa fengið um það bil 50% af því verði erlendis á þessu ári sem við þurftum að fá til þess að geta skilað fullu afurðaverði hingað heim. Þetta samsvarar því, ef þessar tölur eru skoðaðar í samhengi að á verðlagsárinu 1976—1977 hafi magnútflutningur á kindakjöti alls ekki getað verið undir 35%. Hann hefur getað orðið allt að 45% það ár, en alls ekki undir 35% að magni til. Og ég held að þrátt fyrir allar hrakspár um það, að framundan geti orðið erfið hafísár og annað slíkt, þar sem ekki væri auðvelt um aðdrætti á matvælum til landsins, þá sé raunar enginn þm. þeirrar skoðunar, að það sé rétt af okkur Íslendingum að standa undir svo mikilli umframframleiðslu að magni til, sem ekki er notuð hér heima og verður að flytja til útlanda eða kasta í hafið.

Það má lengi deila um það, hvað eðlilegt sé að sveiflur megi verða í landbúnaðarframleiðslu milli ára til þess að tryggja landsmönnum örugglega þá fæðu sem þeir þurfa og landbúnaðurinn framleiðir. En ég fullyrði að hv. þm. Stefán Valgeirsson getur með engu móti sýnt fram á að eðlilegt sé að viðhalda 35—40% umframframleiðslu í því skyni, og ég tel að matarvenjur Íslendinga megi breytast mjög mikið á næstu árum, þar megi verða alger bylting frá því sem verið hefur, ef hægt er að búast við því, að innanlandsneyslan á kindakjöti eigi eftir að aukast svo mikið að sú framleiðsla, sem nú á sér stað í landinu, verði nýtt af landsmönnum sjálfum.

Ég held að ég þurfi ekki að fara öllu fleiri orðum um ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, nema hvað ég er alveg sannfærður um að hversu vel sem hann leitar í lögum annarra Norðurlanda finnur hann hvergi í framkvæmd stefnu eins og þá sem ég var að lýsa, enda veit ég ekki til þess að bræðraflokkar Alþfl. á hinum Norðurlöndunum hafi beitt pólitísku valdi sínu til þess að lögfesta svipaða framleiðslustefnu í landbúnaði þar þeirri sem ég hef gert að umræðuefni hér.

Ég vil aðeins láta í ljós þá von mína, að þm. í þessari hv. d. sýni því máli, sem hér um ræðir, þann sóma og einnig þeim aðilum, sem eiga hér hagsmuna að gæta, að gefa þeim færi á því að koma umsögnum sínum um þetta mál á framfæri við þingið og þn., sem kemur til með að fá þetta mál, með því móti að vísa frv. til meðferðar í n. Það er auðheyrt á hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að hann vill umfram allt koma í veg fyrir að unnt sé að leita til þeirra aðila, sem eiga hagsmuna að gæta, með umsagnir um þetta mál. Hann vill koma í veg fyrir að málið fái eðlilega þinglega meðferð. Það er hans mál. En ég leyfi mér að stórefa að margir þm. í þessari hv. þd., hver svo sem skoðun þeirra er á málinu, séu sama sinnis.

Herra forseti. Það var ýmislegt athyglisvert í ræðu þeirri sem hv. þm. Ingólfur Jónsson flutti áðan. Margar þær hugmyndir, þyrfti að athuga og er verið að athuga einmitt nú. Sú hugmynd, sem í þessu frv. kemur fram, er ein af þeim hugmyndum sem lagðar eru fram. Við höfum tekið það fram, þm. Alþfl., að við erum reiðubúnir til þess að ljá máls á því að gera þær breytingar eða lagfæringar á þessu frv. sem þn., er um það fjallaði, teldi rétt að gera. En okkur finnst það ekki réttlátt og ekki eðlilegt, að Alþ. eða hv. Nd. neiti að taka til athugunar eina af þeim hugmyndum sem verið er að ræða um nauðsynlegar breytingar á stefnunni í landbúnaðarmálum einmitt nú. Vil ég aðeins benda hv. þm. á, að þó að við viljum það gjarnan, þm., að Alþ. endurspegli þær umr. sem eiga sér stað með þjóðinni í hinum mikilvægustu málum, þá er það samt svo, að meginhluti umræðna um landbúnaðarmál fer fram utan sala Alþ. og flestar þær hugmyndir, sem fram hafa verið lagðar um breytingar, koma ekki frá mönnum sem eiga sæti í þessari stofnun, a. m. k. ekki á þeirra starfsvettvangi hér, heldur annars staðar í þjóðfélaginu. En þeir menn, sem þykjast eiga mestra hagsmuna að gæta og eiga sæti innan veggja þessa húss, sitja og þegja og virðast ekkert hafa til málanna að leggja annað en það, að í hvert skipti, sem ný hugmynd eða ný till. kemur fram um þessi mál innan þessara veggja, skora þeir á þingbræður sína að koma í veg fyrir að slíkt mál fái svo mikið sem þinglega meðferð. Það er von að ástandið sé ekki glæsilegt með bændastéttinni og í landbúnaðarmálunum þegar sjálfskipaðir foringjar þess atvinnuvegar og þeirrar starfsstéttar á Alþ. hafa ekki annað til málanna að leggja en t. d. það sem fram kom í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar áðan.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta áttu nú, að ég hélt, að vera aths., sem hv. þm. mátti flytja, þar sem hann var áður búinn að tala tvisvar. En undir þessari ræðu kom þetta upp í hugann:

Ekki bregst hann Björgvinsson
bjartsýnustu vonum,
taka met í maraþon
málfærin í honum,
eflaust mun samt á því bið
að svo verði hann stæður,
að heilabúið hafi við
að hugsa þessar ræður.

Í ræðu minni áðan tók ég fyrir ræðu hv. þm. og las upp úr henni. En eins og ég sagði áðan, þá er auðvitað ekki von að hann átti sig á því hvað hann talar hér. Ég las skilmerkilega upp, hvernig hann reiknar þetta sjálfur út. Það fer ekkert milli mála, ég er hérna með ræðuna. Það getur hver fengið að lesa hana sem vill. Reikningskúnstin hjá honum var þessi, og hér er ræðan. Það getur hver séð hana sem vill.

Hann talar um 3 milljarða. Hann talar um, að það hafi verið rangt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að hann leggi til, að þetta lækki um milljarð, en síðan talar hann sjálfur um 3

milljarða ofan í 2. Síðan fer hann að reikna, og ég las þetta upp áðan. Hann segir 2070 millj. — hann tekur það fram — hann dregur frá 1750. Ég er náttúrlega að verða gamall, en ég fæ ekki út úr þessu 231 — 1740 frá 2070 — ég fæ 330. Mér var kennt að reikna svona í barnaskóla. (Gripið fram í.) Það hlýtur að vera. Þetta hefur farið í tölvu og líklega hefur hv. þm. ekki matað hana rétt. Það er sagt um þessar tölvur, að þær hafi þá náttúru, að það þurfi að mata þær rétt til þess að útkoman sé rétt. En hér er ræðan, og þetta kemur alveg greinilega fram. Ef ég dreg svo þessar 2070 millj. frá 3 milljörðum, þá fæ ég 930. Ég veit ekki hvað aðrir fá. Þetta eru bara tölurnar sem ég tek upp úr ræðu þm.

Svo segir hv. þm.: *Hvaða vit er í því, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur séu miðaðar við niðurgreiðslur fjárlaga? Hver var að tala um það? Hverjum hefur dottið það í hug nema hv. þm.?* Hann var að tala um það að finna út raunverulegt verðmæti, hvernig það hefði breyst, og hann miðaði við framfærsluvísitölu. Ég sagði að það væri alveg eins hægt að miða þetta við t. d. fjárlög á hverjum tíma. Þar var ég alls ekki að segja, né hv. 1. þm. Suðurl., að miða ætti útflutningsuppbæturnar. Hverjum hefur dottið þetta í hug? En það er svona, þetta hefur farið eitthvað skakkt í tölvuna. Svo er þm. að tala um óunninn lopa, óunnið band, það sé fluttur út óunninn lopi og óunnið band. Ég veit nú ekki hvernig þessi óunni lopi eða band lítur út. Verst, af því að hann er búinn að tala sig dauðann, að hann getur sennilega ekki útskýrt þetta. Þetta fer ekki í kollinn á mér, hvernig hægt er að finna þetta út eða við hvað þm. á.

Ég ætla ekki að fara að tala *í alla nótt*. Annars væri gaman að því að ræða þessi mál, ef væri einhver til andsvara sem skildi eitthvað í þeim. En hv. þm. var að tala um Inn-djúpsáætlun og sagði að hún hefði verið miðuð við mjólkurframleiðslu. *Mér er vel kunnugt* um hvernig það var, því að Stofnlánadeildin setti það skilyrði, að ef hún ætti að hækka lánin, þá færi það til þess að auka mjólkurframleiðslu við Djúp. En hverju svöruðu þeir því? Það var alveg það sama og þeir hefðu sagt nei. Það voru yfirleitt ekki byggð fjós í sambandi við Inndjúpsáætlun. Ekkert þýðir að halda neinu slíku fram. Og ef þm. skilur ekki enn þá, að ef byggð eru stór fjárhús í heilum héruðum og þau fyllt af fé, hlýtur það að auka framleiðsluna. Geri hann það ekki veit ég ekki til hvers er verið að reyna að tala við hennan þm. Ég held það sé vonlaust. En hvernig er það með áætlunina um Árneshrepp? Ætlar þm. að halda því fram, að það hafi átt að byggja fjós þar og framleiða mjólk? Nei, sannleikurinn er sá, að það var sett upp af stjórn Stofnlánadeildarinnar til að byrja með, en strandaði alveg á þeim við Inndjúp. Þetta veit náttúrlega hv. þm. Pálmi Jónsson, því að um þetta hefur hann fjallað eins og ég.

Enn er þm. að tyggja það upp, að umframframleiðslan hafi verið 40—50%. Hann var kominn yfir 50% í ræðunni 8. mars. Nú er hann farinn að tala um 40—50%. Þó eru hér margs konar skýrslur, sem eru teknar á mismunandi hátt. Skýrslan, sem hann les upp úr, er miðuð við almanaksár, eins og ég sagði áðan en skýrslan, sem framleiðsluráð gerir, er miðuð við verðlagsgrundvallarár. Svo er hann að tala um heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar! Ég sagði áðan í fyrri ræðu minni: að flytja út 35%, eins og var gert á þessu ári, 1976, af kindakjötsframleiðslunni samsvarar 27.8% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Og ég get lofað þm. að sjá þessa skýrslu. Ef menn eru læsir, þá hljóta þeir að geta komist fram úr því, nema þá kannske hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Ég sýndi fram á það og las það upp áðan, hvernig þessi þróun hefur verið, m. a. s. á árinu 1960 var flutt út yfir 21% af kjötmagninu, og aldrei meira en 1969. Það hefur verið minna síðan.

Þm. er að tala um sjálfskipaða fulltrúa. Hverjir eru hér sjálfskipaðir? Eru ekki þm. kosnir af þjóðinni? Hvað á þetta að þýða? (**SighB:** Það eru sjálfskipaðir talsmenn ...) Þú sagðir sjálfskipaðir þm. Síðan er hann að tala um þinglega meðferð. Ef fyrri flm. og frsm. hefði ekki lagt til að vísa þessu máli til annarrar n. en nokkurn tíma hefur verið venja með slík mál og þannig í raun og veru verið að leggja til að brjóta venju sem hér er, þá hefði mér ekki dottið í hug að leggja til að þetta frv. færi ekki til 2. umr. Það var af þeirri ástæðu, en ekki út af efni frv. Mér er víst sama þó að það fari til umfjöllunar hvert sem er. En það á bara að minu mati að taka á svona málflutningi á þann veg sem til er stofnað. Ef þm. leggur til, og tekur sig á, að þessu sé vísað samkv. reglum þingsins til landbn., því þetta er landbúnaðarmál og á að fara til landbn., þá er það allt annað mál.

Náttúrlega væri, eins og ég sagði áðan, hægt að standa hér í alla nótt og ræða þessi mál. En það er ekki ástæða fyrir mig að ræða meira við hv. þm. Í þessari þriðju marabonræðu sinni endurtók hann ekki, eins og í hinum tveimur, að það væru *Sjálfstfl. og Framsfl. sem bæru alla ábyrgð* á því sem hefur gerst síðan 1960. Kannske er það einhver tilviljun, en ég a. m. k. tók eftir því. Hann hefur áttað sig á því, að erfitt yrði að halda því fram oftar.

Ég vil svo að endingu endurtaka það, að þm. yfirleitt hafa stuðlað að því með ýmsu móti, að framleiðsla landbúnaðarvara hefur aukist, þó að hún hafi ekki aukist til jafns við fólksfjölgunina í landinu á undanförnum 10 árum. Ég man ekki til þess, að nokkur þingflokkur hafi t. d. greitt atkv. á móti þeim byggðaáætlunum, sem lagðar hafa verið fram, hvorki Hólsfjallaáætlun, áætlun um Inndjúp né áætlun um Árneshrepp. Þar af leiðandi hlutu slíkar áætlanir að auka framleiðsluna, en ekki draga úr henni. Mér var þetta a. m. k. ljóst og tek ábyrgð að minum hluta. Enginn getur því skotið sér undan því að bera ekki ábyrgð á þeirri þróun sem orðið hefur. Það, sem ég vil endurtaka, er þetta: Það er verðlagsþróunin í landinu sem veldur því, *í hvaða vanda bændastéttin er nú. Engum* hefur, t. d. þó að hafi orðið verðfall á fiski, dottið í hug að hætta að veiða fisk, — er það? Ég man ekki betur en verðið á fiski hafi sexfaldast á erlendum mörkuðum, eða allt að því sexfald-

ast, á sama tíma sem verð á landbúnaðarvörum hefur ekki nálægt því tvöfaldast. Eg heyri ekki betur en það se vandi hjá þessum atvinnuvegi fyrir því. Eg held að menn verði að horfast í augu við hvernig þetta er, og lögum samkv. á bændastéttin að bera úr býtum svipað og aðrar stéttir. Í sjálfu sér ber Alþ. að leysa þessi mál. Það þýðir ekkert, hvorki fyrir hv. þm. Sighvat Björgvinsson né aðra að halda langar ræður á Alþ. og segja: Við berum ekki ábyrgðina. Ég ber ekki ábyrgðina, minn flokkur ber ekki ábyrgðina. Það er alveg þýðingarlaust. Það bera nefnilega allir flokkar ábyrgð á því, hvernig þetta er. En síst ber bændastéttin ábyrgð á þeirri verðlagsþróun sem hefur orðið í landinu — síst hún.

Ég geri ráð fyrir því, að það verði rætt á næstu vikum víða í landinu, á Alþ. og annars staðar, hvernig staðið hefur verið að þessum málum, hverjir settu brbl. 1959, hverjir samþykktu þau lög, hverjir bera ábyrgð á þeirri landbúnaðarstefnu sem hefur verið. Þar getur enginn skotið sér undan. En auðvitað er karlmannlegt að reyna að hlaupa frá og segja: Ég ber ekki neina ábyrgð.

Herra forseti. Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða þessi mál meira að sinni. Það gefst tækifæri síðar. Læt ég því máli mínu lokið.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hér hafa orðið miklar umr. um frv. þetta til l. um breyt. á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins, sem flutt er á þskj. 117. Ég mælti örfá orð um þetta frv. fyrir nokkrum vikum, þegar 1. umr. hófst, og ég leit svo á, að þær aths. mínar væru ekki fluttar í miklum áreitistón. Ég var ekki viðstaddur þegar hv. flm. þessa frv. hóf ræðu sína í annarri umferð umr., en þá mun hann hafa flutt langa ræðu sem mestmegnis var aths. við þau fáu orð mín sem ég flutti er umr. hófst.

Það hefur komið fram, að hann sagði í þeirri ræðu sinni, sem ég heyrði ekki því miður og hef aðeins lítillega séð á borði hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, að ég hafi komið upp í þennan ræðustól, flutt langa ræðu fullur vandlætingar, án þess að hafa svo mikið sem hirt um að lesa þetta frv. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson telur sig geta fært fram röksemdir þessum fullyrðingum til stuðnings í þeirri ræðu sinni, en þar skjátlast honum hrapalega. Í þeirri ræðu minni vék ég athygli á því, að megintilgangur þessa frv. sé sá fyrst og fremst að skerða útflutningsbótafé, sem nú er veitt til landbúnaðarins, og það væri fundin upp sérstök aðferð til þeirrar skerðingar, þ. e. að greina í sundur útflutningsbótaréttinn eftir búgreinum og lækka hann síðan í áföngum. Ég sagði eitthvað á þá leið, að ef frv. þetta hefði verið samþykkt fyrir fáum árum, þá mundi útflutningsbótafé lækka á þessu verðlagsári um 1 milljarð kr., eða úr 3000 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir að það verði á árinu 1978, niður í 2000 millj. kr. eða því sem næst. Þessi orð mín tók hv. þm. sem dæmi þess, að ég hefði ekki hirt um að lesa frv. áður en ég fór upp í þennan ræðustól. Mér verður á að hugsa, að hv. þm. gleymi því í öðru orðinu sem hann sjálfur setur á blað og flytur, ýmist í frv.-formi eða sem grg. með frv., eða þá að hann átti sig ekkert á því, hvað hann er að segja, því að hver sem les þetta frv. getur sannfærst um að þarna er nákvæmlega rétt með farið. Á bls. 5 í grg. þessa frv. segir hv. þm. t. d., með leyfi hæstv. forseta:

„Flm. er ljóst, að hér er um að ræða talsvert stórt skref í átt til eðlilegrar skipunar á þessum málum, sem m. a. mundi hafa haft það í för með sér að greiðslur vegna verðábyrgðar verðlagsárið 1976—1977 mundu lækka um 1 milljarð kr. frá því sem nú er ef ekkert annað kæmi til.“ (**SighB:** Ef ekkert annað kæmi til.) Ef ekkert annað kæmi til. Þetta „annað“, sem hv. þm. segir að komi til, er að þetta skuli gerast í áföngum. Það sagði ég einnig í ræðu minni um daginn, að ef þetta frv. hefði verið samþykkt fyrir fáum árum, þá væri niðurstaðan sú, að útflutningsbæturnar lækkuðu nú um 1 milljarð kr. (**SighB:** Þm. sagði: ef frv. yrði samþ.) Við skulum ekki deila um það, þetta er til allt saman vélritað og væntanlega hefur segulbandið numið það rétt. Þessu hygg ég að sé þar með fullsvarað. Þessu hefur einnig verið svarað af hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, sem hefur rakið þetta enn fremur.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson leggur enn í það að segja í þessum ræðustól, í þessari síðustu ræðu sinni, að rangt sé að megintilgangur frv. sé að lækka útflutningsbótafé. Hann leggur enn í það. Samt segir hann í hinni tilvitnuðu grein, sem ég las áðan, að með þessu sé stigið talsvert stórt skref í átt til eðlilegrar skipunar á þessum málum, með því að lækka á fáum árum útflutningsbótafé um 1 milljarð kr. Það er talsvert stórt skref. Væntanlega vill hann taka fleiri skref. Hann þarf ekki að taka nema tvö skref til viðbótar til þess að eyða útflutningsbótafénu, ef þau skref væru jafnstór. Ég hygg að ef hv. þm. fengi að ráða, þá þyrfti ekki að efa að hann tæki þau tvö skref til viðbótar, og þar með er tilgangur frv. og tilgangur hv. þm. ljós, sem sé að leggja niður þessa verðtryggingu landbúnaðarins. Þarf engum að koma það á óvart, því að það er í samræmi við allt tal þeirra forustumanna Alþfl. bæði fyrr og síðar, í garð landbúnaðarins.

Að öðru leyti held ég að ekki sé ástæða til þess að fara mörgum orðum um ræður hv. þm. um þetta mál. Það, sem ég hef heyrt af þeim, og ég hef heyrt tvær, er ærið nóg. Þessi síðasta ræða hans hér áðan var í rauninni á þann veg, að í henni voru engar röksemdir með þessu máli, heldur einungis að mínum dómi hringiða orðaflaums og bollaleggingar, sem byggðar voru á útúrsnúningum á því sem aðrir höfðu sagt, t. d. því að gera mér og öðrum ræðumönnum, sem tala um þetta mál, það upp, að við vildum binda útflutningsbótafé sem hlutfall af fjárlögum. Þetta fullyrti þessi hv. þm., þótt engum hafi þetta til hugar komið, þótt bæði ég og aðrir þm. hafi látið þess getið, að útflutningsbótafé, sem og ýmis önnur framlög til atvinnuvega í landinu, hafi farið lækkandi miðað við útgjöld ríkisins í heild á síðustu árum, og það er allt annað.

Það má einnig bæta því við að það er ekki allt bölvun sem af því hlýst að við flytjum út afurðir landbúnaðarins. Á árinu 1977 voru flutt-

ar út landbúnaðarafurðir fyrir 2398 millj., enn fremur unnar landbúnaðarvörur: loðsútuð skinn og húðir fyrir 1250 millj. og ullarvörur fyrir 3276 millj., eða tæpa 7 milljarða kr. samtals. Þetta er ekki einskis virði, þó að svo megi virðast sem hv. þm. Sighvati Björgvinssyni komi það í hug. Ef dregin væri stórlega saman framleiðsla landbúnaðarins, ekki síst sauðfjárframleiðslan, mundi draga úr þessum útflutningi. Það mundi einnig stórkostlaga draga úr vinnu margra iðnfyrirtækja og raunar kippa algerlega grundvellinum undan þeim að verulegu leyti. Og það mundi kippa burt grundvelli fyrir atvinnu fjölda fólks í þéttbýli allt í kringum landið. Þessum þætti vill þessi hv. þm. gleyma og þessum þætti gera forustumenn Alþfl. gjarnan lítið úr þegar þeir ræða landbúnaðarmálin.

Ég ætla ekki að fara út í það að telja upp þá þéttbýlisstaði hringinn í kringum landið sem að verulegu leyti byggja afkomu sína á úrvinnslu og þjónustu við landbúnaðarhéruð, en þeir þéttbýlisstaðir eru margir, eins og allir vita. En því er gleymt oft, þegar harðast er vegið að landbúnaðinum, að um leið og ætti að skerða hann og draga úr framleiðslu hans og fækka því fólki sem þann atvinnuveg stundar, þá væri kippt grundvellinum undan afkomu margra þéttbýlisstaða hringinn í kringum landið.

Ég held, að þó að nokkrir erfiðleikar fylgi mikilli framleiðslu búvara um þessar mundir ættum við ekki að mikla þá erfiðleika fyrir okkur um of. Á síðasta framleiðsluári var góðæri í landbúnaðinum og góðæri fylgir mikil framleiðsla. Það fylgir því þá kannske jafnframt, miðað við gildandi reglur, að ekki næst fullt verð fyrir alla framleiðsluna. En því kann samt að fylgja betri afkoma en ef verulegur afturkippur yrði í framleiðslunni, þó svo að fullt verð fengist fyrir þá litlu framleiðslu sem yrði. Þetta er auðvitað algerlega ofvaxið skilningi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og má nota hans eigin orð: Þetta mundi sjálfsagt ofbjóða hans heilabúi og hans reikningslist.

En það sem veldur þessum vandræðum í landbúnaðinum fyrst og fremst, og það hefur raunar þegar komið fram hér, er auðvitað verðbólguþróunin, efnahagsþróunin í þessu þjóðfélagi, því að á engri stétt hygg ég að verðbólguþróunin hafi bitnað eins harkalega og bændastéttinni. Ég tel að síst allra stétta beri bændastéttin og landbúnaðurinn ábyrgð á þeirri þróun. Við vitum að þegar að kreppir í sumum öðrum atvinnugreinum, svo sem í sjávarútvegi og fiskvinnslu, og verð á framleiðslu þeirra atvinnugreina ber ekki lengur uppi með sæmilegum hætti rekstrarkostnað fyrirtækjanna, þá er gjarnan gripið til þess ráðs að fella gengi íslensku krónunnar. Þær ráðstafanir hafa aldrei orðið landbúnaðinum til bjargar. Þær hafa jafnan orðið til þess að auka á vanda landbúnaðarins, en að því er ekki alltaf gætt sem skyldi þegar svo fer, að efnahags- og verðlagsþróun innanlands gerir nauðsynlegt að breyta gengi gjaldmiðilsins. Þá eru margir sem þurfa að blæða fyrir það og meðal þeirra er landbúnaðurinn.

Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég tel að það frv., sem hv. flm. lýsir sjálfur að sé aðeins eitt skref í átt til þess sem hann kallar eðlilegt ástand, sé flutt með hugarfari sem beri vitni litlum skilningi í garð landbúnaðarins og feli í sér tilræði við afkomu bændastéttarinnar. Ég tel í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að þetta frv. fái þinglega meðferð, sé því með þinglegum hætti vísað til réttrar þn., og mun greiða því atkv. við 1. umr., sé því vísað til réttrar áttar. En eigi að fara með það með afbrigðilegum hætti, þá væri mér ósárt um þó að það félli þegar við 1. umr. Hitt er ljóst, að þessi mál eiga erindi inn á Alþ. Við þurfum að ræða vandamál landbúnaðarins og við þurfum að móta úrræði, sem geta orðið til þess að mæta þeim vandamálum á þann hátt, að hagsmunir bændastéttarinnar og landbúnaðarins séu tryggðir, því að svo best mun farsæld þjóðfélagsins blómgast, að landbúnaðurinn og aðrar höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar fái staðist í þjóðfélagi okkar.

Umr. (atkvgr) frestað.

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 465). — 1. umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 465 frv. til l. um breyt. á lögum um Seðlabanka Íslands, ásamt þeim hv. þm. Þórarni Þórarinssyni og Þórarni Sigurjónssyni.

Sú breyting, sem við leggjum til að gerð verði á seðlabankalögunum, er að í stað orðanna í 13. gr.: „Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta“, o. s. frv., sem um getur í 10. gr., þ. e. a. s. banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, Söfnunarsjóðs Íslands og hverrar þeirrar stofnunar annarrar, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi, komi: Ríkisstj. ákveður að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands hámark og lágmark vaxta o. s. frv. — Þá er einnig lagt til að vextir af rekstrar- og afurðalánum atvinnuveganna verði háðir beinni ákvörðun ríkisstj., sökum þess hve geysimikilvægur sá lánaflokkur er fyrir þjóðarbúskapinn.

Breytingin, sem hér er lagt til að gerð verði á lögum um Seðlabanka Íslands, er fólgin í því, að ákvörðunarvald um vexti skuli fært frá Seðlabankanum til ríkisstj., þótt að sjálfsögðu verði Seðlabankinn ríkisstj. til ráðuneytis.

Það er hlutverk Alþ. og ríkisstj. í umboði þess að stjórna landinu, og er Alþ. legið á hálsi þegar stjórn landsins fer úrskeiðis. Ákvörðun vaxta er mjög mikilsverður þáttur í stjórn efnahagsmála og þróun atvinnulífs í landinu, og þess vegna er misráðið, ef Alþ. á að stjórna Íslandi á annað borð og ríkisstj. í umboði þess, að fela henni ekki ákvörðunarvald í jafnmikilvægu máli, enda beri þá ríkisstj. og stuðningsmenn hennar á Alþ. fulla ábyrgð á ákvörðunum þeim sem teknar eru.

Ríkisstj. á og verður að hafa heildaryfirsýn yfir efnahagsþróun í landinu og valdi til þess að hafa stjórn á henni. Því er að sjálfsögðu ekki til að dreifa, ef einstökum ríkisstofnunum er falin sjálfstæð ákvarðanataka um mikilsverðustu þætti efnahagsmála.

4. gr. seðlabankalaganna hljóðar að vísu svo, með leyfi forseta: „Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera

henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum."

Þessi loðnu ákvæði 4. gr. skapa augljóslega enga tryggingu og skapa ríkisstj. ekki nægilegt svigrúm að mínum dómi til þess að taka sjálfstæða ákvörðun um einn mikilverðasta þátt efnahagsmála, enda bæri þá ríkisstj. og þingmeirihluti sá, sem styður hana, fulla og óskoraða ábyrgð á þeim ákvörðunum sem teknar eru, og mundi þá súpa seyðið af mistökum sem kunna að verða gerð. Þess er raunar nýlegt dæmi, að starfandi viðskrh., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sór af sér ábyrgð á vaxtahækkun sem gerð var í ráðherratíð hans, 15. júlí 1974. Ég vil sem sagt, að það sé glögglega skilið á milli bakara og smiðs, þ. e. a. s. að smiðurinn smíði og að bakarinn baki og náttúrlega að bakarinn sé ekki hengdur fyrir smiðinn, svo framarlega sem smiðurinn hefur gert eitthvað af sér.

Ég er þeirrar skoðunar, að langt um of hafi verið gengið á vald Alþ. og brýnt verkefni sé fyrir það að endurheimta áhrif sín í þjóðfélaginu, sem því eru ætluð með stjórnarskrá og lögum. Væri brýnna verkefni fyrir alþm. að sækja aftur það vald, sem dregist hefur úr höndum kjörinna fulltrúa þjóðarinnar og í hendur ýmissa æviráðinna starfsmanna kerfisins og sérfræðinga þess, heldur en eyða tímanum á Alþ. í það að biðja fólkið í landinu afsökunar á því, að þm. skuli hafa kaup. Okkur alþm. er brýnna að reyna að vinna fyrir kaupinu okkar með því að taka skynsamlegar ákvarðanir um þjóðmál en vekja athygli fjölmiðla á fórnfýsi okkar og óeigingirni og reyna að afla okkur vinsælda með því að segjast hafa of hátt kaup. Fólkið í landinu getur gert upp við okkur ekki sjaldnar en fjórða hvert ár. Við höfum enga æviráðningu og okkur er hægt að svipta umboði, ef við bregðumst því trausti sem fólkið í landinu hefur sýnt okkur. Það er ekkert annað en lítilmennska af stjórnmálamönnum að vera að veigra sér við því að taka þær ákvarðanir sjálfir sem þeirra er að taka. Fjölmargar ákvarðanir eru pólitískar í eðli sínu og eiga líka að vera það. Menn verða ætíð að vera reiðubúnir að standa þjóðinni reikningsskap gerða sinna. Valdið er til þess að nota það, nota það á þann hátt, sem þjóðskipulag okkar útheimtir, og á þann hátt, sem við teljum að verði þjóðfélaginu fyrir bestu. Virðing Alþ. felst ekki í því að ætla mönnum úti í bæ að taka þær ákvarðanir sem Alþingis er að taka.

Hvers vegna er ég að drepa sérstaklega á ákvarðanir Seðlabankans um vaxtakjör? Eru þau mál ekki öll í stakasta lagi með því fyrirkomulagi sem verið hefur að undanförnu? Þessu verð ég því miður að svara neitandi. Breyta um vaxtastefnu og umfram allt um vaxtagerjunaraðferðina. Ég verð hér að rifja upp þróun nokkurra síðustu ára.

Ég hef verið þm. í bráðum fjögur ár og á því tímabili hafa setið tvær ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar sumarið 1974 og ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar síðan þá um haustið. Þegar ég kom fyrst í hv. d. voru forvextir af almennum víxlum 11—11¼%. Nú eru þeir 23½%. Vextir af fasteigna- og handveðslánum til lengri tíma en tveggja ára voru 13%, nú eru þeir 26%. Forvextir á afurðalánum voru 7—9%, en eru nú 18%. Dráttarvextir voru 1.5% á mánuði, en eru nú komnir upp í 3% á mánuði, þ. e. a. s. 36% á á ári. Síðan hefur einnig verið fundinn upp nýr lánaflokkur, og það er nú saga að segja frá honum.

1. maí 1976 voru opnaðir til innlána vaxtaaukareikningar, þar sem menn gátu fengið okurrentu af peningum sínum. Þetta þótti fólki gott. Urðu innlög strax mikil og dró þá að sama skapi úr innlögum á almennum sparisjóðsvöxtum. Auðvitað var bönkunum ekki kleift að lána út með víxilvöxtum, sem voru 16.75% 1. maí 1976 þegar vaxtaaukareikningarnir voru opnaðir, peninga úr vaxtaaukareikningum sem teknir voru til geymslu fyrir 22% vexti. Af sjálfu leiðir. Þetta ráðslag varð til þess að víxlafyrirkomulagið, sem hafði að ýmsu leyti gefist vel, varð lamað og sums staðar alveg eyðilagt.

Nú er svo komið, að í stað víxla með eðlilegum vöxtum verða menn að taka vaxtaaukalán á 33% vöxtum. Allt var þetta gert í þeirri von að lagfæra efnahagskerfið og til þess að draga úr hraða verðbólgunnar. En batinn er samt hægur. Batinn er neikvæður, svo að við notum orðaleppa Seðlabankamanna sjálfra.

Það gefur auðvitað auga leið, að ekkert efnahagskerfi stenst svona ráðslag, hvað traust sem það væri. Verslun, sem þarf að búa við svona vaxtakjör, verður að fá vextina einhvern veginn uppi borna. Hún hefur tækifæri til þess. Þeir fara beint út í verðlagið. Neytendur, líka vaxtaaukaneytendur, þurfa að greiða hærra verð fyrir neysluvöru sína. Svipaða sögu er að segja frá iðnaðinum. Þar kemur þó eitrunin enn þá berlegar í ljós, þar sem vextirnir velta ekki eins hratt út í verðlagið eðli málsins samkvæmt. Auk þess hækka þeir framleiðsluna og spilla samkeppnisaðstöðu við erlendan iðnað. Þetta krenkir allan atvinnuveginn og því meir sem þetta vandræðaástand varir lengur.

Hvað varðar útgerðina og fiskvinnsluna, þá liggur það alveg ljóst fyrir, að við þessi vaxtakjör er þrengt mjög kosti útgerðarinnar. Þetta getur ekki farið öðruvísi en að grundvöllurinn undir fiskvinnslunni brestur og þar með útgerðin einnig, enda haldast þessar greinar í hendur þegar til lengri tíma er litið. Þessi fyrirtæki verða að greiða rekstrar- og afurðalánavexti upp á 18% og 25% af yfirdráttarheimildum sem þau kunna að hafa, síðan 33% af vaxtaaukalánum sem þau neyðast til þess að taka og vegna þess að eðlileg víxillánafyrirgreiðsla er nú úr sögunni. Síðan kemur rúsínan í pylsuendanum: 36% dráttarvextir á ári ef ekki tekst að standa í skilum, og það er líklegt að þannig fari víða. Ég er ekki að segja að það þurfi að vera óeðlilegt að einhver fyrirtæki í útgerð eða fiskvinnslu fari á höfuðið. Raunar hefur, t. d. á Reykjanesi, fyrirtækjum verið haldið á floti sem ekki

hafa átt raunverulega lífsvon. Góðir alþm., við getum ekki látið alla útgerð á Íslandi fara á höfuðið. Þetta er undirstaðan undir þeim útflutningi sem við höfum, og þess vegna verður að fleyta útgerðinni hvað svo sem það kostar. Þá byrði vitum við að við verðum að axla. Þess vegna er óvitaskapur að gleyma þessari hlið málsins.

Loks kem ég að landbúnaðinum. Samkv. verðlagsgrundvelli 1. mars er í vísitölubúinu gert ráð fyrir eigin fé 2 112 255 kr. Það ber vexti eftir gamla stíl, 5%, eða samtals vextir af eigin fé 105 613 kr. Þá eru skuldir við Stofnlánadeild 1 065 650 kr. með vexti upp á 10.9%. Þetta gerir samtals í vísitölubúinu 116 156 kr. Síðan eru lausaskuldir áætlaðar 507 þús. og á þær eru reiknaðir rúmir víxilvextir, 23.75%, eða samtals 120 445 kr. Þetta gerir samtals vaxtakostnað upp á 385 804 kr. Það er nú allt og sumt.

Bóndi, sem á bú sitt skuldlaust og það fjármagn sem hann þarf í ársveltuna, getur bjargast vel. Að vísu fær hann enga vexti af ævitekjum sínum eða sinna sem bundnar eru í þessu búi, nema þá að verðbólgan hækkar verðmæti þess í krónutölu ár frá ári. Bóndi, sem ekki er svo ástatt um að hann eigi sjálfur allt sitt framkvæmda- eða veltufé, er miklu verr staddur. Reiknaðir vextir standa ekki undir nema litlu broti af því fjármagni sem það kostar að reka t. d. sauðfjárbú yfir árið, jafnvel þótt jörð og bú væru skuldlaus eign og einungis sé hægt að taka lán í rekstrarfé til ársrekstrar. Gjöld vísitölubúsins eru reiknuð tæplega 7.5 millj. og falla þau til allt árið. Ef við jöfnum þessa upphæð út og gefum okkur 3 millj. kr. skuld til jafnaðar allt árið, þá eru vaxtagjöld af þessum 3 millj., ef bóndinn væri svo heppinn að geta fengið að skulda þetta allt á víxilvöxtum, 712 500 kr. Þannig lítur málið út hvað viðvíkur þeim bændum sem hafa besta aðstöðuna. En hvernig fer þá fyrir þeim sem hafa lakari aðstöðuna eða þá frumbýlingunum? Þeim eru hreinlega bundnar drápsklyfjar. Skuldugir bændur hafa á undanförnum mánuðum neyðst til þess að taka vaxtaaukalán með 33% vöxtum, svo að mörgum tugum eða hundruðum millj. skiptir, til þess að fleyta áfram lausaskuldum sínum, enda hefur hæstv. ríkisstj. ekki komið því í verk að framkvæma til fulls ályktun Alþ. frá því í fyrravor um lausaskuldir bænda, en þá lagði ég til, og var það samþ. á Alþ., að fela ríkisstj. að útvega veðdeild Búnaðarbankans fjármagn til þess að breyta lausaskuldum verst settu bændanna í föst lán, að sjálfsögðu með viðráðanlegum vöxtum. Vaxtaaukalán hafa engir bændur efni á því að taka, nema þeir sem stórríkir eru.

Það er lærdómsríkt að kynna sér uppgjör fyrirtækja, bæði stórra og smárra, og bera það saman ár frá ári. Nú er víða svo komið, að fjármagnskostnaður í fyrirtækjum er orðinn hærri en vinnulaun, sem voru þó lengstum hærri fyrir nokkrum missirum. Of háir vextir skapa mjög mikið misrétti milli þeirra, sem hafa stofnað heimili og komið sér upp íbúðarhúsnæði fyrir nokkru, og þeirra, sem eru að gera það nú eða eiga það eftir. Á þann hátt er unga fólkinu í landinu að sjálfsögðu gert mjög erfitt fyrir. Sagan er ekki öll sögð enn, það er meira blóð í kúnni. Við getum ekki treyst því, að vextir séu komnir í hámark. Ekki er gert ráð fyrir því, að nú verði stansað af sjálfu sér. Ég leyfi mér að vitna til 1. heftis Fjármálatíðinda 1978 — tímarits sem Seðlabankinn getur út. Þar segir Bjarni Bragi Jónsson í grein sem heitir: „Verðtrgging fjármagns á Íslandi“, á bls. 9, með leyfi forseta:

„Reynslan af vaxtaaukaforminu gaf tilefni til upptoku almenns verðbótaþáttar vaxta, og var það nýmæli upp tekið 1. ágúst 1977 með 8% verðbótaþætti, er féll inn í vextina án aðgreiningar í sjálfum gangi lánsviðskiptanna. Féll vaxtaaukinn þar með saman við verðbótaþáttinn. Upprunaleg hæð verðbótaþáttar var tengd 26% verðbólgu á ári og skyldi þátturinn breytast sem svaraði 6/10 af breytingu verðbólgustigs að mati Seðlabankans fyrst um sinn eða þar til annað yrði ákveðið. Stigmögnun verðbólgunnar með haustinu olli svo hækkun verðbótaþáttarins upp í 11% frá 21. nóv. “ — og frá 21. febr. upp í 14%.

Þannig standa málin núna. Verðbótaþátturinn er búinn að færa vextina sjálfvirkt fram um 6% síðan 1. ágúst í sumar. Með svona aðförum hlýtur verðbólgan að magnast hröðum skrefum. Hvenær verða vextir 50—60 eða 70%? Hvar stinga menn við fótum? Þetta slævir ekki verðbólgubálið, þetta er eins og ef slökkviliðið færi að dæla bensíni á eldinn til þess að reyna að slökkva hann. Það er að vísu rétt, að sparifé hefur rýrnað á Íslandi að undanförnu, ekki í raun og veru eins mikið og hávaxtarpostular hafa viljað vera láta, vegna þess að sparifé hefur notið skattfrelsis, en rýrnað samt.

Hverjir eiga svo þetta sparifé og hverjir hafa verið rændir? Sparifjáreigendum má skipta í þrjá meginhópa. Í fyrsta flokki er fólk sem leggur inn peninga í banka um stundarsakir, ætlar sér að fjárfesta bráðlega eða flakka til sólarlanda. Örfáir vilja eiga fyrir skattinum næst. Þessi hópur er stærstur, á honum er langmest hreyfing. Þarna er ekki um verulegt óréttlæti að ræða þar sem rýrnunin dreifist á tiltölulega mjög marga aðila. Þá eru börn og unglingar með lítils háttar upphæðir. Þeirra fé rýrnar auðvitað. Þó er sú meðferð ekkert hjá meðferðinni á unglingum þeim sem leggja skyldusparnað sinn inn í húsnæðislánakerfið, en þar er um ógurlegt óréttlæti að ræða. Loks er svo hópur aldraðra, sem leggur fé fyrir til elliára. Þeirra hlut verður að tryggja. Hann mætti bæta gegnum tryggingakerfið og e. t. v. eftir fleiri leiðum. Þá er verðtrygging leið sem hugsanlega mætti fara í auknum mæli. En sá er meginkostur almennrar verðtryggingar, að þá óska flestir eftir því, að verðbólga haldist í skefjum. En það er ekki raunin með hávaxtastefnunni.

Sú skoðun, að hlut sparifjáreigenda verði að tryggja, er góðra gjalda verð. En hlut þeirra má ekki skoða sem afmarkað svið, óháð öðru efnahagsástandi í þjóðfélaginu, enda er hlutur þeirra engu bættari ef efnahagskerfið er lagt í rústir og atvinnuvegirnir lamaðir. Hér verður að breyta um stefnu. Hlutur sparifjáreigenda er eins og annarra landsmanna svo best tryggður að hér sé blómlegt atvinnulíf og gjaldþoli ein-

staklinga sé ekki ofboðið. Þess vegna tel ég að rétt sé að breyta Seðlabankalögunum og fela ríkisstj. milliliðalaust vald sem hennar er í umboði Alþingis.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið og geri að till. minni, að frv. þetta verði sent að lokinni þessari umr. hv. fjh.- og viðskn. til athugunar.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það er nú þegar orðið nokkuð áliðið þessa dags og ég er frekar kvöldsvæfur maður, og af þeirri ástæðu einni út af fyrir sig skal ég ekki vera til þess að halda langa ræðu út af því frv. sem er til umr., enda er þess öldungis engin þörf, því að staðreyndin er sú, að samþykkt þessa frv. hefði í reynd ekki minnstu breytingu í för með sér á vaxtaákvörðun í landinu. Þetta vita hv. flm. allir, því að ég hef þegar upplýst það oftar en einu sinni í þingflokki mínum, að ég veit þess ekkert dæmi, a. m. k. frá því að ég kom í bankaráð Seðlabankans skömmu eftir mitt ár 1976, að vaxtaákvörðun bankans hafi verið tekin í andstöðu við ríkisstj.

Ég hef spurt eftir því sérstaklega hjá þeim, sem starfað hafa lengur í bankanum en ég og þekkja gerla til mála, hvort það hafi yfirleitt gerst, að vaxtaákvarðanir í bankanum hafi verið teknar í andstöðu við ríkjandi ríkisstj., og hef fengið ótvírætt það svar, að svo hafi ekki verið gert. Þetta nær líka til þess, sem kom áðan fram hjá hv. 1. flm. þessa frv., þegar hann upplýsti að hæstv. bankamrh. í eina tíð, Lúðvík Jósepsson, hefði svarið af sér að hann bæri nokkra ábyrgð á vaxtaákvörðun sem þá var tekin. Ég get að vísu ekki fullyrt, hvort einhver skoðanamunur kunni að koma fram hjá einstökum ráðh. þegar vaxtamál eru rædd í ríkisstj., en hitt endurtek ég og fullyrði, að vaxtaákvarðanir hafa ekki verið teknar í Seðlabankanum í andstöðu við ríkisstj. Þegar af þessari ástæðu hefur frv. þetta í reynd engin áhrif. Auk þess sem ég hef upplýst þetta, eins og ég sagði, á þingflokksfundum, þá er það alveg ótvírætt, að lögin um Seðlabanka Íslands frá 1961 leggja þá ótvíræðu lagaskyldu á bankastjórnina, að hún í ákvörðunum sínum og starfi vinni ekki gegn þeirri stefnu sem ríkisstj. vill fylgja á hverjum tíma.

Hv. 1. flm. vék að 4. gr. laga um Seðlabanka. Ég held að ég lesi greinina alla. Hún hljóðar þannig:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining í ríkisstj. að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum."

Þessi lagagrein verður á engan hátt skilin á annan veg en þann, að um meiri háttar ákvarðanir Seðlabankans beri að taka fullt tillit til þeirrar stefnu sem viðkomandi ríkisstj. fylgir og vill framkvæma. Ég held að með þessu hafi ég sýnt ótvírætt fram á það, að samþykkt þessa frv. þó að samþykkt yrði hefði engar meiri háttar breytingar í för með sér í sambandi við vaxtaákvarðanir í landinu.

Nokkrum atriðum langar mig til þess að víkja að í framhaldi af þessu, þó að aðalerindi mitt hingað upp í ræðustólinn hafi verið að upplýsa þetta.

Í 13. gr. laga um Seðlabankann segir í upphafi, með leyfi hæstv. forseta: „Seðlabankinn hefur rétt til að ákveða hámark og lágmark vaxta, sem innlánsstofnanir, er um ræðir í 10. gr., mega reikna af innlánum og útlánum" o. s. frv. Ég les ekki meira af greininni. Ég skil þessa grein þannig, að það sé réttur Seðlabankans að ákveða þessa vexti með tilliti til þess, að ákvarðanir séu ekki teknar í andstöðu við sitjandi ríkisstj. Þetta er réttur, en það er að mínu viti ekki skylda Seðlabankans samkv. þessari grein að ákveða hámark og lágmark vaxta. Ég fullyrði, að ef bankinn ákvæði ekki vextina og markaðsöflin á lánamarkaðnum hefðu verið látin ákvarða vaxtahæðina, þ. e. a. s. framboð á því lánsfé sem til er í bankakerfinu annars vegar og eftirspurn eftir þessu lánsfé hins vegar, þá væru vextir, þrátt fyrir að þeir séu háir í dag, enn hærri en þeir eru.

Um frv. vil ég segja til viðbótar, að ég hygg að það ákvæði, sem frvgr. ákveður, að hið formlega vald í þessum efnum skuli vera hjá ríkisstj., sé einstætt að því leyti til, að ég þekki ekki eitt einasta land í heiminum þar sem ákvörðunin um vextina er hjá viðkomandi ríkisstj. Ég held jafnvel að flestar ríkisstj. óski sér þess tæpast að hafa slíkt formlegt vald, vegna þess að yfirleitt er þetta vald eða meðferð þess ekki þess eðlis að það auki á vinsældir þeirra er með það fara. Og ég dreg talsvert í efa, að okkar ágætu ráðh. væri í reynd mikill greiði gerður með samþykkt þessa frv. En það er nú annað mál. Ég nefni þetta bara til þess að hv. þm. fái a. m. k. að vita það, að ég veit ekki dæmi þess, að þetta formlega ákvörðunarvald sé hjá ríkisstj í nokkru landi.

Hitt þekki ég hins vegar, að það er í mörgum löndum talið heppilegt í sambandi við stjórn efnahagsmála að auka sjálfstæði og vald svokallaðra miðbanka, eins og Seðlabankinn óneitanlega er. Ég vil nefna til tvö lönd þar sem þetta er sérstaklega áberandi, þar sem miðbankarnir hafa geysilega mikið sjálfstæði, jafnvel gagnvart ríkisstj. og þjóðþingum. Það er sérstaklega Vestur-Þýskaland, þar sem vald Bundesbank er gífurlega mikið og sjálfstæði hans mikið, og það eru Bandaríkin. Sannleikurinn er líka sá, að gjaldmiðill þessara þjóða er dálítið þeysnari en okkar fátæklega króna sem flýtur á vatni.

Hv. flm. segja í grg. sinni m. a.:

„Seðlabankinn hefur nú um nokkurt skeið ákvarðað vexti í landinu. Sú skoðun, að hlutur sparifjáreigenda hafi verið mjög fyrir borð borinn undanfarin ár og að rétta verði hlut þeirra, hefur ráðið ákvörðun Seðlabankans á seinustu missirum.

Þetta er rétt. Það er tillitið til hagsmuna sparifjáreigenda, sem hefur verið leiðarljósið í sam-

bandi við ákvörðunartekt um vexti í landinu síðustu árin. Þrátt fyrir háa vexti er staðreynd, held ég, að raunvextir af sparifé síðustu 25 árin hafi aðeins tvö ár verið jákvæðir. Öll hin árin hefur sá, sem gegnt hefur því þjóðfélagslega þurftarverki að leggja inn fé í innlánsstofnanir svo að hægt sé að lána til atvinnulífsins, verið meira eða minna rændur hluta af því fjármagni sem hann hefur lagt inn í bankakerfið.

Ég hef — þegar rætt hefur verið um þessi vaxtamál, og ég veit — mér dettur ekki í hug að neita því — að erfitt getur verið að greiða þessa háu vexti í atvinnulífinu, a. m. k. mjög víða, þó að sums staðar sé allt of mikið gert úr því, — þá hef ég spurt þeirrar spurningar, — og ég spyr hennar nú, — og ég vona að menn komi sér ekki undan því, eins og nærri undantekningarlaust í umr. sem ég hef átt um þessi mál, að svara því, — hvernig þeir ætli, sem heimta lækkandi vexti í stórfelldri verðbólgu, jafnframt að tryggja sparifé í lánakerfi landsins svo að hægt sé að lána til atvinnuveganna og koma í veg fyrir að þeir stöðvist meira eða minna vegna þess að ekkert lánsfé er til. Ég skora á þá, sem hér kunna að tala á eftir, að svara mér ákveðið: Hvernig ætla þeir í verðbólguþjóðfélagi að tryggja að sparifé safnist upp í bankakerfinu, ef á að lækka vextina stórlega? Fyrir því er áralöng reynsla, að það er ákveðið og mikið samband á milli verðbólgu, vaxta og sparifjáraukningar. Til eru skýrslur yfir marga áratugi sem sýna ótvírætt að þarna er samband á milli. Það er svo greinilegt öllum þeim, sem lesa þessar skýrslur og vilja setja sig eitthvað inn í þær, að í vaxandi verðbólgu dregur úr sparifé, innlögum fólks sem er afskaplega eðlilegt, nema reynt sé að koma til móts við þessa sparifjáreigendur með hækkuðum vöxtum. Þetta er ekki skemmtileg staðreynd, en staðreynd er þetta engu að síður.

Þá segja hv. flm. þessa frv. m. a. í seinustu mgr. í grg. með frv.: „Þá eru of háir vextir hinn mesti verðbólguvaldur, auk þess sem þeir binda atvinnulífi í landinu byrðar, sem það fær ekki risið undir.“

Það má færa fyrir þessu nokkur rök, eftir því hvaða afstöðu menn hafa til orsaka verðbólgu. Það er enginn vafi á því, að háir vextir eru kostnaðarauki fyrir lántakendur og koma m. a. fram í hækkuðu verðlagi hjá þeim sem stunda atvinnurekstur og þurfa að selja framleiðsluvöru sína. Mér dettur ekki í hug að neita því. Það er ljóst. En ef menn líta á verðbólguna og ástæðurnar fyrir verðbólgunni frá nokkuð öðrum sjónarhól, sem ég tel ekki síður réttan, ef menn eru t. d. þeirrar skoðunar, — eins og ég er og ég held að allflest launþegafélög í landinu séu farin að aðhyllast þá skoðun, — að ein af meginástæðum verðbólgunnar á Íslandi sé sú ofsalega fjárfesting sem verið hefur í landinu marga undanfarna áratugi, þá er hægt að sýna fram á það og þá er það rökrétt, að háir vextir draga úr eftirspurn manna í lánsfé til þess að festa fé í framkvæmdum og öðlast verðbólgugróða. Háir vextir eru þá til þess fallnir að draga úr verðbólgu, en ekki auka hana. Gæti ég flutt alveg jafngóð rök fyrir þeirri kenningu eins og hinni, að vextir hljóti ætíð, hvernig sem aðstæður eru í þjóðfélaginu, að vera verðbólguaukandi. Ég held að öllum hljóti að vera ljóst, sem hafa athugað efnahagslíf Íslendinga seinustu áratugina og fylgst með þeirri verðbólgu sem oftast hefur einkennt efnahagslíf okkar á þessum síðustu árum, að fjárfestingarþátturinn og hallabúskapur ríkissjóðs á ekki hvað síst sök þarna á. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því. Þess eru ótal dæmi, að menn hafa eftir öllum leiðum leitað eftir lánsfé, hversu dýrt sem fjármagnið hefur verið, til þess að festa í framkvæmdum sem oft og tíðum eru þess eðlis að þær bæta ekkert þjóðarhag. Þær skapa ekki auknar þjóðartekjur, en þær gefa verðbólgugróða þeim sem nær í þetta fjármagn og fjárfestir það í einhverju. Þær gera fáa einstaklinga ríkari á þeirri þróun sem í gangi er, án þess að þær auki á velmegun eða þjóðartekjurnar sem heild. Það er ekki minnsti vafi á því, að þetta er ein af ástæðunum fyrir verðbólgunni hér á landi. Eins og ég sagði áðan, hygg ég að flest launþegafélög í landinu séu komin meira og minna á þessa skoðun.

Ég skal nefna ykkur aðeins eitt lítið dæmi: Eins og menn vita hafa þessi ríkisstj. og þær næstu á undan verið að gefa út svokölluð verðtryggð spariskírteini mörg undanfarin ár. Ég sá nýlega nýjasta útreikning á verðmæti spariskírteina miðað við 1. apríl s. l. Þá var seinasti útreikningur gerður. Ég sá að spariskírteini, sem gefin voru út síðari hluta árs 1965, voru í dag á 26.4-földu innlausnarverði. Krónan á þessu ári er þetta miklu minni en hún var á árinu 1965. Það er ekki óeðlilegt, þegar menn hafa svona dæmi fyrir sér, að menn skilji það og viðurkenni, ef þeir bara vilja vera hreinskilnir, að staðreynd er að menn berjast um á hæl og hnakka enn í dag og taka lán jafnvel á 32% vöxtum til þess að fjárfesta í vissum framkvæmdum.

Ég get fullvissað ykkur um það, að þó að vextir séu hér háir, — og ég ætla ekki að neita því að þeir skapi erfiðleika, — þá hefur eftirspurn eftir lánsfé verið fyllilega nóg í þjóðfélagi okkar. Það eru nógir sem vilja fá lán enn í dag, og þó eru bæði vextir háir og verðtrygging tekin upp á svo til öllum framkvæmdalánum eða lánum til fjárfestingar úr hinum ýmsu fjárfestingarlánasjóðum í landinu. Sannleikurinn er sá, að það er það eina, sem vit er í, að menn viðurkenni þá staðreynd, að verðbólgan ekki einasta orsakar háa vexti í þessu þjóðfélagi og óáran í efnahagslífi þjóðarinnar, hún orsakar líka ýmsa þá stærstu siðferðilegu bresti sem við eigum við að berjast nú og því miður fara stórvaxandi.

Það er ekkert ráð til til þess að koma vöxtunum niður á einhvern skynsamlegan hátt nema lækka verðbólguna. Að því eiga hv. alþm. og raunar allir aðrir að beita kröftum sínum, en ekki vera með sýndarmennsku eins og ég tel að því miður gæti um of í ýmsum umr. sem verða hér á hv. Alþ. um verðbólgumálin, og ekki einasta hér á hv. Alþ., heldur meira og minna alls staðar í þjóðfélaginu. Það er varla haldinn sá fundur núna, hvar sem er á landinu, að allir

séu ekki að álykta um skaðsemi verðbólgu. En samt þýtur hún áfram ár eftir ár. Við höfum ýmist vinstri stjórnir eða hægri stjórnir. Þeim virðist öllum meira eða minna mistakast í baráttunni gegn verðbólgunni. Ef menn væru heiðarlegri gagnvart sjálfum sér og öðrum og vildu viðurkenna vissar augljósar staðreyndir sem leiða til verðbólgu, m. a. þá, að þjóð, sem eyðir ár eftir ár miklu meira en hún aflar, er óhjákvæmilega að glæða verðbólguna, hvað sem hver segir, væri von um bata. Við erum alltaf að skipta fleiri krónum en til eru og þá er gripið til þess gamla ráðs, sem hér hefur verið stundað á Íslandi í nokkra áratugi, að krónunum er bara fjölgað, þær eru gerðar minni, en þær verða fleiri. Ef við finnum okkur ekki menn til þess að stöðva þennan hættulega leik, þá mun verðbólgan halda áfram eins og hún hefur gert og þá hefur einhver smálækkun vaxta engin áhrif til þess að lækka hana.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 63. fundur.

Fimmtudaginn 6. apríl, kl. 2 miðdegis.

Hafnaáætlun 1977—1980, þáltill. (þskj. 67). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Raforkusala á kostnaðarverði til stóriðju, þáltill. (þskj. 95). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Orkusparnaður, þáltill. (þskj. 308). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjónustu- og úrvinnsluiðnaður í sveitum, þáltill. (þskj. 416). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 75. fundur.

Fimmtudaginn 6. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Hlutafélög, frv. (þskj. 51, n. 476, 477). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til meðferðar frv.. til laga um hlutafélög. Hefur frv. þetta verið til meðferðar í n. síðan snemma í haust, en frv. samhljóða þessu frv. var flutt á s. l. vori.

Gildandi lög um hlutafélög eru frá árinu 1921. Litlar breytingar hafa verið gerðar á þeim á meira en hálfrar aldar gildistíma þeirra. Lögin eru því að mörgu leyti orðin úrelt, enda verður löggjöf sem þessi að fullnægja þörfum atvinnu- og viðskiptalífsins á hverjum tíma. Á þessum langa tíma, sem liðinn er síðan gildandi lög voru sett, hefur atvinnu- og viðskiptalíf tekið miklum breytingum. Reynsla hefur og fengist um lagareglur sem að hlutafélögum lúta og um kosti og galla þess forms sem hlutafélög eru. Á þessum tíma hefur hlutafélögum fjölgað ört. Er því orðið tímabært að setja ný hlutafélagalög.

Löggjöf um hlutafélög hefur verið endurskoðuð víða í nágrannalöndunum. Á síðustu árum hafa ný lög verið sett um hlutafélög á Norðurlöndum, ég held mér sé óhætt að segja á þeim öllum, þ. e. a. s. í Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, enda þótt þessi lönd hafi búið við mun yngri og fullkomnari löggjöf í þessum efnum en við. Innan Efnahagsbandalags Evrópu hefur verið unnið að samræmdum reglum um hlutafélög fyrir aðildarríki.

Frv. tekur einkum mið af norrænum lögum og tillögum samnorrænnar nefndar sem vann að þessari endurskoðun hlutafélagalöggjafar á Norðurlöndunum um margra ára skeið. Íslenskt fjárhagskerfi og þjóðfélagshættir krefjast þó margvíslegra frávika, enda hefur svo orðið annars staðar þrátt fyrir viðleitni til samræmingar á þessu sviði. En þótt ljóst sé að um algjörlega samræmda löggjöf getur ekki verið að ræða, t. d. innan Norðurlandanna, á þessu sviði, þá er mikils virði að leitast sé við að hafa löggjöfina sem mest samræmda, og má telja að það hafi tekist vel miðað við allar aðstæður.

Í frv. er m. a. leitast við að treysta hlutafélagsformið og auka lýðræði í hlutafélögum, t. a. m. með því að bæta réttarstöðu minnihlutahópa í félögunum, en réttarstaða minnihlutahópa hefur verið mjög lítil og réttur minnihluta hefur oft verið fótum troðinn og minnihluti ekki geta varist því, vegna þess að réttarstaða hans hefur verið lítil sem engin. Reynt er að leysa úr ýmsum vafaatriðum sem upp kunna að koma í hlutafélögum og í skiptum þeirra við aðra aðila.

Fjh.- og viðskn. Ed. hefur farið yfir frv. ásamt fjh.- og viðskn. Nd. fyrir hagkvæmnisakir, þar sem frv. er mjög yfirgripsmikið og athugunin hefur verið mjög tímafrek. Þetta starf var unnið á s. l. hausti, að n. fóru yfir frv. saman og sameiginlega. Á grundvelli þeirrar vinnu hefur síðan verið unnið að brtt. sem nú liggja fyrir.

Umsagna var leitað hjá ýmsum aðilum strax á s. l. vori þegar frv. var fyrst flutt. Síðan var haft samband við alla þá aðila, sem leitað var umsagnar hjá, og þeir inntir eftir því, hvort þeir hygðust senda umsögn, og hvattir til að gera það. Eftirtaldir aðilar skiluðu umsögnum: Landssamband ísl. útvegsmanna, Vinnuveitendasamband Íslands og Félag ísl. iðnrekenda sameiginlega, en því miður hefur fallið niður í grg. að geta þess, að Félag ísl. iðnrekenda sendi grg. eða umsögn um þetta mál ásamt Landssambandi ísl. útvegsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá barst umsögn frá Verslunarráði Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, lagadeild Háskóla Íslands, viðskiptadeild Háskóla Íslands, Sambandi ísl. viðskiptabanka, Seðlabanka Íslands, skattrannsóknarstjóra. Einnig var Alþýðusambandi Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga sent frv. til umsagnar en umsagnir frá þessum aðilum hafa ekki borist.

Allir þessir aðilar, sem sent hafa umsagnir, töldu að mjög væri brýnt og nauðsynlegt að setja nýja löggjöf um hlutafélög og gerðu ýmsar athugasemdir við frv. Hefur verið leitast við að taka tillit til þessara athugasemda, eftir því sem unnt hefur verið og réttlætanlegt hefur mátt telja.

Við athugun á frv. naut n. einkum aðstoðar Gylfa Knudsens deildarstjóra, og kann n. honum bestu þakkir fyrir aðstoðina. Hann hefur unnið með n. mikið starf í sambandi við þetta frv. og einnig hafði hann unnið í langan tíma að undirbúningi frv. Þá fékk n. til aðstoðar og mætti á fundi n. Benedikt Sigurjónsson, og einnig aðstoðaði Olafur Nílsson n. við nokkur atriði.

N. hefur fallist á að mæla með samþykkt frv. með þeim brtt. sem fram koma á þskj. 477. Þessar brtt. eru, eins og ég gat um áður, til komnar að miklu leyti vegna ábendinga í umsögnum og einnig vegna athugana og sjónarmiða sem fram hafa komið við yfirferð og starf n. að þessu frv. Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir helstu brtt. n., sem skipta mestu máli, en allítarleg grein er gerð fyrir þessum brtt. í nál.

Í fyrsta lagi gerði frv. ráð fyrir því að hækka lágmarksfjölda hluthafa úr fimm í tíu. N. telur að ekki sé til bóta að hækka lágmarksfjölda hluthafa úr fimm í tíu, enda er það í ósamræmi við þá leið sem víðast hvar hefur verið farin erlendis í þessum efnum. N. fær ekki séð að komið verði í veg fyrir stofnun gervihlutafélaga með þessari breytingu, en sá er tilgangurinn. N. leggur því til að sama regla gildi áfram um þetta atriði og er, þ. e. að hluthafar verði fimm hið fæsta. Þess má geta, að allvíða tíðkast að jafnvel sé leyfilegt að hluthafi sé einn, en n. hefur þótt rétt að halda þessari tölu. Það þekkja hana allir og ekki þykir ástæða til að breyta henni, og n. hefur því gert hana að till. sinni.

Þá er lagt til að lágmarksupphæð hlutafjár hækki úr 1 millj. í 2 millj., en frv. gerði ráð fyrir því, að hlutafé væri hið minnsta 1 millj. kr. Með nokkrum rétti má segja að 2 millj. sem lágmarkshlutafé sé ekki há fjárhæð, ef tillit er tekið til þess, hversu mikilvæg starfsemi getur átt sér stað innan vébanda hlutafélaga. En um það hefur orðið samkomulag í n. að binda sig við 2 millj. í þessum efnum. Hins vegar er ljóst, að vera má að fljótlega þurfi að endurskoða þetta mark. Geta má þess, að núgildandi hlutafjárupphæð, lágmarksfjárhæð í íslenskum hlutafélögum, er 2 þús. kr., og má því segja að sú upphæð sé að engu orðin.

Við 3. gr. er gerð sú brtt., að meiri hluti stofnenda félags skuli ekki aðeins hafa heimilisfestu hér á landi, heldur hafa haft heimilisfestu í minnst tvö ár, til þess að gera strangari kröfur um þessi atriði.

Við 5. gr. frv. er gerð sú brtt., að ráðh. hafi heimild til að veita undanþágu frá hámarki stofnkostnaðar, en í frv. er gert ráð fyrir að hámark stofnkostnaðar sé 5% *af hlutafé, og* í stað opinberra skráningargjalda í 5. gr., sem undanskilja má hámarki stofnkostnaðar, komi opinber gjöld, en þá er haft í huga, að stimpilgjöld, gjöld fyrir atvinnuleyfi o. þ. h. falli undir þessa undanþágureglu.

Við 6. gr. er gerð sú brtt., að lagt er til að heimilt verði að ákveða hlutafé innan tiltekinna marka, þ. e. a. s. lágmark þess og hámark. Þetta hefur í för með sér, að ekki er nauðsynlegt að tilgreina ákveðna upphæð, heldur má einnig tilgreina lágmarksupphæð og hámarksupphæð, þannig að ákveðið svigrúm sé fyrir *hendi við hlutafjárútboð*.

Við 11. gr. frv. er gerð brtt. Fram kemur í frv. að minnst helmingur hlutafjár skuli vera greiddur við skráningu, þó aldrei minna en 600 þús. N. telur þessa reglu of stranga miðað við íslenskar aðstæður og leggur til, að miðað verði við fjórðung hlutafjár í þessum efnum eins og nú gildir, þó verði aldrei minna greitt við skráningu en 1 millj., sbr. tillögu um hækkun hlutafjár í 2 millj. Enn fremur leggur n. til að sömu reglur gildi um innborgun þess hluta hlutafjár sem greiddur er umfram nafnverð, þ. e. a. s. ef um yfirverð á hlutabréfum er að ræða.

Við 15. gr. er sú brtt., að í gildandi lögum eru engin ákvæði um hvenær greiða skuli það hlutafé sem ekki er greitt við skráningu. Það er því algerlega á valdi félagsstjórnar að ákveða hvenær eftirstöðvar skuli greiddar. Þetta hefur valdið því, að ekki hefur verið nein vissa fyrir því, að hlutafé væri að fullu greitt. Í frv. er lagt til að *hlutafé verði greitt að fullu innan* árs frá því að félag var skráð. N. telur þennan frest of skamman miðað við íslenskar aðstæður og leggur til að hann verði þrjú ár. Það eru mörg tilvik þess efnis, að þegar t. d. er verið að byggja upp atvinnufyrirtæki úti um land og um allt land, þá sé reynt að safna hlutafé meðal íbúanna og þeir fengnir til að leggja sitt af mörkum til að byggja upp atvinnulíf. Fer það oft þannig fram, að mönnum er gefinn kostur á að greiða það hlutafé á nokkrum tíma, t. d. í formi víxla. N. þykir rétt að slíkir möguleikar séu fyrir hendi og telur þess vegna rétt að lengja þennan tíma miðað við okkar aðstæður.

Brtt. er einnig við 18. gr., sem er nokkuð mikilvæg. Samkvæmt frv. er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf með ákvæðum í samþykktum, enda þótt nokkuð sé dregið úr möguleikum hlutafélaga í þeim efnum frá því,

sem nú gildir. Þessar hömlur má leggja á hvort sem um er að ræða opin félög, þar sem hluthafar eru margir, eða lokuð fámenn félög. N. telur óeðlilegt að unnt verði að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf í fjölmennum félögum og álítur að viðskipti með hlutabréf í slíkum félögum eigi að vera hindrunarlaus. Er því lagt til að bannað verði að leggja hömlur á viðskipti með almenn hlutabréf milli íslenskra aðila í hlutafélögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri, þ. e. a. s. ekki verður leyfilegt að viðhafa forkaupsrétt í hlutafélögum þar sem hluthafar eru 200 eða fleiri. Þetta ákvæði gæti orðið nokkuð mikilvægt skref í þá átt, að hlutabréf gætu gengið meir kaupum og sölum, menn ættu t. d. auðveldara með að koma hlutabréfum í verð þurfi þeir á því að halda.

Þá er gert ráð fyrir því í brtt., að nýr kafli komi í frv. Á eftir V. kafla komi nýr kafli í þremur greinum, er verði VI. kafli og fjalli um lántökur með sérstökum skilmálum. Hér er um að ræða skuldabréfalán hlutafélaga sem breyta má í hluti í því. Ákvæði um þetta efni hafa verið tekin upp í löggjöf um hlutafélög m. a. á Norðurlöndum. Vegna sívaxandi fjárfestingarþarfar atvinnulífsins hefur víða verið leitað eftir öðrum leiðum til fjármögnunar en með **hlutafjárframlögum og venjulegum lánum**. Þau breytanlegu lán, sem hér um ræðir, eru eins konar millistig venjulegra lána og hlutafjár. Þessi háttur hefur tíðkast alllengi víða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Um þessi breytanlegu skuldabréf eru ákvæði í 39. og 40. gr. Þar eru settar ýmsar reglur um ákvörðun um töku slíkra skuldabréfalána, m. a. vísað til þeirra reglna sem gilda um ákvarðanir um hækkun hlutafjár. Ákvæði greinanna sýnast að öðru leyti skýra sig að flestu leyti sjálf.

Með ákvæðum í 41. gr. er veitt heimild til lántöku með skuldabréfum þar sem vextir taka mið af arði eða árságóða. Hér er um að ræða svokölluð arðgefandi skuldabréf. Opinberum vaxtaákvörðunum verður vitaskuld að hlíta. N. þykir rétt að hafa ákvæði um þessi skuldabréfalán í frv., þótt ljóst sé að knýjandi þörf kalli ekki á reglur um þetta nú. Hins vegar þykir rétt að þessi möguleiki sé fyrir hendi í íslenskri hlutafélagalöggjöf, því að búast má við því, ef frv. þetta verður að lögum, að við munum búa um alllangt skeið við þessa löggjöf. Þess vegna þykir rétt að hafa opna möguleika í þeirri löggjöf ef aðstæður breytast og ástæða þykir til m. a. að nota slíka leið til lántöku.

Við 44. gr. er gerð sú brtt., í því skyni að auka vernd minni hluta, að heimilt verði að hafa við aðrar kosningaaðferðir en venjulega meirihlutakosningu við stjórnarkjör í hlutafélögum. Er hér annars vegar um það að ræða, að hlutafélögum verði heimilt að ákveða slíkt í félagssamþykktum, og hins vegar að veita tilteknum minni hluta, eða nánar tiltekið ¼, rétt til að krefjast þess, að annarri kosningaaðferð verði beitt. Þær kosningaaðferðir, sem velja má um, eru annars vegar hlutfallskosning og hins vegar svokölluð margfeldiskosning. Margfeldiskosning er nýtt orð sem þarfnast nánari skýringa, enda er þessi kosning ekki eins kunn og hlutfallskosning. Slíkri kosningu er þannig háttað, að gildi hvers atkvæðis í félaginu er margfaldað með tölu þeirra manna sem kjósa á, en síðan má hluthafi verja öllu atkvæðamagni sínu, hvort sem er á jafnmarga menn eða færri en kjósa skal. Ef t. d. einum manni er greitt atkvæði er kjósa skal fimm manna stjórn, hefur hver hlutur fimmfalt atkvæðagildi. Þetta ákvæði gæti orðið til þess, að minnihlutahópur hefði ávallt möguleika til þess að fá mann kosinn í stjórn hlutafélags, en t. d. meiri hluti, sem ræður yfir 51% atkvæðamagns, gæti ekki ávallt ráðið því, hvaða menn væru í stjórn, heldur yrði einnig að taka tillit til minni hlutans. Það er alveg ljóst, að nauðsynlegt er að auka vernd minni hluta og minni hluti verður að eiga sinn rétt í félaginu. Hins vegar er ljóst, að meiri hluti hlýtur einnig að hafa mikinn rétt og meiri rétt og á að ráða félaginu, en minni hluti verður þó að hafa möguleika á að hafa sín áhrif þar. Þetta ákvæði er sett inn í því skyni, að ávallt sé tryggt að minnihlutahópar geti haft áhrif á stjórn félaganna.

Við 46. gr. er gerð sú brtt., að viðmiðunartölu þar verði breytt, en grein þessi fjallar um skyldu hlutafélags til þess að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Í 46. gr. frv. segir, að í félagi, þar sem hlutafé er 10 millj. eða meira, skuli ráða framkvæmdastjóra. N. álítur, að þessi viðmiðunartala sé of lág, og leggur til, að hún verði hækkuð í 30 millj.

Í 51. gr. frv. segir, að ekki megi kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann. N. telur, að þetta sé of strangt miðað við íslenskar aðstæður, og leggur því til, að þetta verði aðeins í félögum þar sem hlutafé er hærra en 30 millj. kr. Hér er því sama viðmiðun sem ég gat áður um varðandi 46. gr.

Í 54. gr. frv. eru ítarlegar reglur um vald og starfssvið fulltrúanefnda, þar sem m. a. kemur fram, að í samþykktum megi ákveða að kjör stjórnar og ákvörðun um þóknun stjórnarmanna sé á valdi fulltrúanefndanna. N. telur óheppilegt að hafa mjög ítarlegar reglur í frv. um vald og starfssvið fulltrúanefnda, þar sem engin reynsla er af slíkum nefndum hér á landi. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að þessar ítarlegu reglur falli niður, en ákveða um slíkt, ef fulltrúanefnd er kjörin, nánar í samþykktum um starfssvið fulltrúanefndar og vald hennar.

Við 64. gr. er sú brtt. að lengja fresti. En einnig kemur þar fram, að frv. gerir ráð fyrir að sú vernd, sem minni hluta er veitt í 3. mgr. 64. gr., miðist við hluthafahóp sem ræður minnst 1/10 hlutafjár. N. telur, að þarna sé um of lítinn hóp að ræða, og leggur því til, að miðað verði við 1/5. Samsvarandi breyting um vernd minni hluta á ýmsum sviðum er á öðrum stöðum í frv., úr 1/10 í 1/5. Má í því sambandi nefna 113. gr. og 121. gr.

Við 77. gr. er gerð sú brtt. að endurskoðandi þurfi aðeins að vera einn í hlutafélagi ef um löggiltan endurskoðanda er að ræða, en samkv. frv. skulu endurskoðendur ávallt vera tveir eða fleiri. N. þótti rétt að leggja ekki óþarfaskyldur á hlutafélög í þessu efni, ef um það er

að ræða að fagmaður á þessu sviði ábyrgist og annist slíka endurskoðun.

Á 79. gr. er lagt til að sú breyting verði gerð, að þau mörk, sem skylda til að kjósa löggiltan endurskoðanda í félögum, verði hækkuð og þeim breytt. Frv. gerði ráð fyrir því, að í hlutafélögum þar sem hlutafé er 5 millj. kr. eða þar yfir og þegar skuldir og bundið eigið fé nemur samtals 100 millj. kr. og þar yfir eða heildarvelta nemur 300 millj. kr. eða meira, skuli a. m. k. einn endurskoðandi, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur. Ekki hefur farið fram nein athugun á því, hvað þetta mundi þýða við okkar aðstæður, t. d. hversu mörg félög mundu falla undir þetta ákvæði. N. hefur því gert það að till. sinni, að þessum mörkum verði breytt þannig, að í stað 5 millj. kr. hlutafjár og þar yfir komi 30 millj., í stað 100 millj. í skuldir og bundið eigið fé komi 500 millj. og þar yfir, og í stað heildarveltu 300 millj. kr. eða meira komi 100 starfsmenn, þ. e. a. s ársmenn. Mætti í því sambandi miða við vinnuvikur, sem ávallt liggja fyrir upplýsingar um á framtali því sem félög senda skattyfirvöldum um laun starfsmanna sinna, og breyta þessu í 100 starfsmenn. Ef félag, sem býr við eitthvað af þessum atriðum, þ. e. a. s. 30 millj. kr. hlutafé, 100 starfsmenn eða meira eða ef skuldir og bundið eigið fé nemur samtals 500 millj. kr. eða þar yfir, þá skal a. m. k. einn endurskoðandi, sem kosinn er á aðalfundi vera löggiltur. Hins vegar hefur n. þótt rétt, að athugað verði nánar hvaða þýðingu þetta ákvæði muni hafa, bæði hversu mörg félög muni falla undir þetta ákvæði og hvort endurskoðendur eru tilbúnir að taka við slíkum skyldum og anna þeim. Þess vegna hefur n. lagt til að ákvæði þetta öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1982 til þess að kanna megi þessar aðstæður.

Stungið er upp á, að 85. og 86. gr. verði sameinaðar og þeim breytt, en þessar greinar fjalla annars vegar um áritun endurskoðanda á reikninga hlutafélaga og hins vegar um endurskoðunarskýrslu. Lagt er til að þessar greinar verði sameinaðar og þeim breytt þannig fyrst og fremst, að sú tvískipting endurskoðunaryfirlýsingar, sem frv. gerir ráð fyrir, er afnumin og áritun og endurskoðunarskýrsla eru sameinaðar í eina endurskoðunaryfirlýsingu. Með þessu er lögð ábersla á það, að ekki verði hætta á því, að t. d. í áritun endurskoðanda á ársreikninga hlutafélags verði vísað í endurskoðunarskýrslu, en endurskoðunarskýrslan sé ekki birt með ársreikningi. Þetta gæti valdið því, að nauðsynlegar upplýsingar kæmu ekki fram. Þess vegna hefur n. talið heppilegra að þessi yfirlýsing væri í einni grein, enda tíðkast það víðast hvar. Samsvarandi breyting hefur verið gerð m. a. í norsku lögunum um hlutafélög, sem einnig voru byggð á samnorrænum till. sem ég hef áður getið um.

Þá er gerð sú brtt. við 102 gr., en sú grein fjallar um samstæðureikning og samstæðuskýrslu, að ákvæði frv. um samstæðuskýrslu er fellt niður og veitt er heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar ef gerð samstæðureiknings er verulegum vandkvæðum bundin. Má í þessu sambandi nefna, að ef um mjög ólíka starfsemi er að ræða í félögunum, t. d. bankastarfsemi, tryggingastarfsemi, útgerð eða verslun, geta komið upp þær aðstæður, að gerð slíks samstæðureiknings sé verulegum vandkvæðum bundin. Hins vegar liggur ekki fyrir, hvaða áhrif slíkt ákvæði mundi hafa, hversu víðtækt það mundi verða, að félög þurfi að gera samstæðureikninga. Einnig þarf slíkt ákvæði alllangan aðlögunartíma. Það er nokkuð mikið verk að gera slíka samstæðureikninga, og menn þurfa að búa yfir nokkuð mikilli þekkingu varðandi þá tækni, sem við það er notuð, og þess vegna hefur n. þótt rétt að þetta ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1982, en tíminn notaður til að kanna betur hvaða áhrif þetta mundi hafa við okkar aðstæður og þess vegna gæti myndast svigrúm til að breyta þessu aftur, ef ástæða þætti til.

Við 143. gr. flytur n. þá brtt., að tekin verði upp heimild til handa ráðh. til að heimila opinberan aðgang að hlutafélagaskránni. Víða erlendis hefur almenningi verið veittur réttur til að kynna sér allt það, sem tekið hefur verið í hlutafélagaskrá, ásamt fylgigögnum. N. telur það vera í samræmi við kröfur tímans að veita sem víðtækastan aðgang að skránni og einnig reikningum hlutafélaga sem verða í vörslu skrárinnar. Þar sem nauðsynlegt kann að reynast að aðgangur verði gerður almennur í áföngum, telur n. hepilegast að ráðh. kveði á um þetta. Ljóst er að samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að mjög víðtæk og mikil hlutafélagaskrá verði tekin upp. Spurningin er í hvaða tilgangi á að nota þessa hlutafélagaskrá. Hún hlýtur að vera gerð í þeim tilgangi, að einhverjir hafi afnot af henni. Því þykir n. rétt að veita ráðh. slíka heimild. Hins vegar er ljóst að það krefst verulegrar vinnu að móta slíkt sem opinberan aðgang að þessari skrá, og það kann einnig að reynast nauðsynlegt að takmarka hana á einhvern hátt, en sú skoðun hefur víðast hvar verið mjög ríkjandi, að aðgangur að slíkum skrám væri sem almennastur.

Að lokum gerir n. brtt. við 154. gr., sem fjallar um gildistöku þessa frv. Frv. felur í sér miklar breytingar frá gildandi lögum. Ýmsar nýjar skyldur og kvaðir eru lagðar á hlutafélög með því. Nauðsynlegt er því, að hlutafélögum gefist nægilegur tími til að átta sig á breytingunum og aðlaga sig þeim. Frv. gerir enn fremur ráð fyrir því, að núv. hlutafélagaskrár verði sameinaðar í eina skrá, sem krefst tímafreks undirbúnings. N. telur því að gefa verði rúman tíma frá því að lögin eru samþ. og þar til þau taka gildi. N. leggur því til, að lögin taki gildi 1. janúar 1980. Er það hið skemmsta sem unnt er með góðu móti að komast af með.

N. telur þó óhætt og eðlilegt, að ákvæði 3. mgr. 1. gr. um lágmarksupphæð hlutafjár, að hlutafé skuli vera hið minnsta 2 millj. kr., taki gildi strax, enda er núgildandi lágmarksfjárhæð, 2 þús. kr., að engu orðin vegna verðlagsþróunar. Hér er einungis um það að ræða, að fjárhæðin sem slík er hækkuð. Reglur gildandi laga um innborgun við skráningu og greiðslu eftirstöðva gilda áfram, þar til ákvæði þessa frv. koma almennt til framkvæmda.

Sérstaklega verður að taka fram, hvenær ákvæðin um ársreikning koma til framkvæmda. Lagt er

til, að þau taki gildi fyrir það reikningsár sem hefst á árinu 1979, þ. e. gert skal upp á árinu 1980 eftir hinum nýju reglum.

Eins og ég hef áður tekið fram, taldi n., að þörf væri á lengri gildistökufresti varðandi skyldur hlutafélaga til að hafa löggiltan endurskoðanda sbr. 79. gr., og skyldu til að gera samstæðureikning, sbr. 102. gr. Lagt er til, að þessi ákvæði komi til framkvæmda 1. janúar 1982. Kanna þarf hversu mörg hlutafélög mundu falla undir skyldu skv. 79. gr.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir brtt. n. og starfi n. að þessu máli. N. hefur lagt verulega vinnu í þetta frv. og telur að mjög nauðsynlegt sé að þessi löggjöf verði sett. Áður hefur verið gerð tilraun til þess að breyta lögum um hlutafélög. Mig minnir að það hafi verið 1953. Það væri mjög ákjósanlegt — ég vil leggja á það ríka áherslu — ef unnt yrði að afgreiða frv. þetta sem lög frá Alþ. á þessu þingi. Hér er um mjög viðamikinn bálk að ræða, sem krefst mikillar vinnu og undirbúnings, og það, að frv. næði ekki fram að ganga á þessu þingi, mundi þýða það, að þráðurinn slitnaði, og ekki er að vita hvenær hægt væri að byrja aftur á þessu starfi.

Ég vil að lokum ítreka það, að n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem fram koma á þskj. 477. Hv. þm. Ragnar Arnalds undirritar nál. með fyrirvara.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjaldþrotalög, frv. (þskj. 474). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það til gjaldþrotalaga, sem hér liggur fyrir, hefur sætt meðferð í hv. Nd. og verið samþ. þar með talsverðum breytingum, þ. e. a. s. að breytingar voru nokkuð margar að tölunni til, en hins vegar ekki svo verulegar að þær högguðu við efni frv. að neinu ráði. Mér hefur skilist, að allshn. beggja d. hafi að einhverju leyti unnið saman við athugun á frv. Vona ég að það komi til góða við afgreiðslu þess hér.

Um alllangt skeið hefur borið brýna nauðsyn til þess að löggjöf um gjaldþrotaskipti væri endurskoðuð, og gjaldþrotameðferð hefur sætt nokkurri gagnrýni. Sú gagnrýni hefur að mínum dómi átt nokkurn rétt á sér, þar sem meðferð á einstökum þrotabúum hefur oft og tíðum dregist úr hófi fram, en það hefur aftur á móti haft í för með sér, að eignir búsins, hafi þær þá verið nokkrar, hafa að sjálfsögðu rýrnað með ári hverju. Ég hef látið kanna, hvort unnt væri að breyta framkvæmd núgildandi laga um gjaldþrotaskipti án þess að gera jafnframt breytingu á lögunum. Niðurstaða þeirrar könnunar varð í stuttu máli sú, að ekki þótti unnt að gera æskilegar breytingar á framkvæmdinni nema lögunum væri áður breytt.

Lög um gjaldþrotaskipti voru fyrst sett hér á landi 1894. Lög þessi voru byggð á dönskum lögum frá árinu 1872. Árið 1929 voru svo sett hér á landi lög um þetta efni. Þau lög byggðu í grundvallaratriðum á reglum hinna eldri laga, en þó var breytt einstökum atriðum er ágreiningi höfðu valdið í lögunum frá 1894. Það er álit ýmissa, sem til þekkja, að með því að breyta fyrstu lögunum um gjaldþrotaskipti, eins og gert var árið 1929, hafi verið stigið spor aftur á bak. Núgildandi lög hafa nefnilega frá upphafi verið haldin ýmsum ágöllum sem þó er ekki ástæða til að rekja hér.

Þessi gjaldþrotalög frá 1929 hafa staðið svo til óbreytt fram á þennan dag. Árið 1972 voru að vísu gerðar breyt. á lögunum í því skyni að greiða fyrir rannsóknum á gjaldþrotamálum. Breyt. þessar hafa þrátt fyrir góðan vilja þeirra, sem að þeim stóðu, ekki náð tilætluðum árangri. Árið 1972 var Þór Vilhjálmssyni, nú hæstaréttardómara, falið að endurskoða löggjöf um skipti, þá fyrst og fremst gjaldþrotaskipti. Þór skilaði fyrst frv. til breyt. á lögum um skuldaröð og var það frv. síðan samþ. sem lög nr. 32 frá 1974. S. l. haust skilaði hann svo því frv. sem hér liggur fyrir til umr.

Ég lét gera tvær smábreyt. á frv. eins og það kom frá hendi höfundar. Fyrri breyt. laut að því, að skiptaráðandi skyldi jafnan krefja lánardrottinn um tryggingu vegna kostnaðar eða bóta áður en gjaldþrotaúrskurður væri kveðinn upp. Þessu ákvæði var aftur breytt í hv. Nd. þannig, að nú er aðeins um að ræða heimild fyrir dómara að krefja. Síðari breyt. miðaði að því, að sá, sem krefst gjaldþrotaskipta, beri ábyrgð á greiðslu skiptakostnaðar, ef eignir búsins hrökkva ekki fyrir skiptakostnaði.

Það má segja í stuttu máli, að tveir meingallar hafi verið á framkvæmd gjaldþrotaskipta hér á landi síðustu ár. Í fyrsta lagi fá kröfuhafar sjaldnast nokkuð upp í kröfur sínar, og í öðru lagi taka skiptin of langan tíma. Þessi atriði eru að sjálfsögðu samtvinnuð þar sem dráttur á því að ljúka skiptum hefur að sjálfsögðu það í för með sér, að minni eignir koma til skipta en ella væri. Í frv. þessu er reynt að ráða bót á þessum tveimur meginágöllum, en jafnframt er leitast við að færa reglur um sjálfa skiptameðferðina í nútímalegra horf, einkanlega þannig, að horfið verði frá því, eins og nú er, að skiptaráðendur þurfi að fara með alla búsmeðferðina, og lagt er til að í stað þess verði tekinn upp sá háttur, sem tíðkast í nágrannalöndunum, að heimilt sé að fá sérstaka skiptastjóra eða bústjóra og þeir fari að mestu leyti með skiptameðferðina eftir að gjaldþrotaúrskurður hefur verið kveðinn upp. Þannig er gert ráð fyrir að meginreglan verði sú, að sérstakur skiptastjóri fari með önnur þrotabú en þau þar sem um tiltölulega lágar fjárhæðir er að tefla og meðferðin með öðrum hætti er einföld. Skiptaráðanda er líka veitt heimild til þess að ráða bústjóra til bráðabirgða þar til hinn eiginlegi skiptastjóri hefur verið útnefndur. Þetta ætti hvort tveggja í senn að greiða fyrir því, að skipti gangju hraðar en nú er, og létta störfum af skiptaráðanda og verða haganlegri meðferð á skiptunum. Þessi skipan er í samræmi við till. sem Lögmannafélag Íslands gerði á sínum tíma varðandi þetta efni.

Enn fremur er stefnt með þessu frv. að því að fækka gjaldþrotabeiðnum með vissum ráðstöfunum sem felast í frv., en segja má að krafa

um gjaldþrotameðferð hafi hér verið notuð sem eins konar innheimtuaðgerð. T. d. berast borgarfógetaembættinu í Reykjavík á hverju ári hundruð gjaldþrotabeiðna á einstaklinga sem fyrirsjáanlega eru algjörlega eignalausir. Fer þannig mikið af dýrmætum tíma skiptaráðanda í að afgreiða slíkar beiðnir, að sjálfsögðu með litlum eða engum árangri. Ákvæðin um ábyrgð á greiðslu kostnaðar og ákvæðin um heimild til þess að krefjast tryggingar fyrir greiðslu kostnaðar ásamt öðrum ákvæðum eiga að koma í veg fyrir það sem kalla má misnotkun af þessu tagi.

Í þessu frv. eru viss nýmæli tekin upp eftir erlendri fyrirmynd, eins og t. d. ákvæðin um greiðslustöðvun, sem ég skal nú ekki fara nánar út í, en vísa til frv. og aths. við það.

Mér skilst, herra forseti, að fundartíminn sé nokkuð afmarkaður. Þess vegna ætla ég ekki að lengja framsöguræðu mína um þetta mál, en vísa til ítarlegrar grg. eða aths., sem frv. fylgja, og vil endurtaka það, að ég tel mjög mikla þörf á því, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi. Í því er að finna margar breyt., sem tvímælalaust eru til bóta. Auðvitað þarf framkvæmdin að fylgja á eftir, en einmitt á þessu sviði dómsmálakerfisins er alveg sérstök þörf á endurbótum. Ég leyfi mér því að vonast til þess, og líka með hliðsjón af því að nokkur samvinna mun hafa verið um athugun á frv. við meðferð þess í Nd., að þetta frv. fái skjótan framgang.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði nú að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allsh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Áskorunarmál, frv. (þskj. 418). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 73. fundur.

Fimmtudaginn 6. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Skipulagning á fisklöndun til fiskvinnslustöðva, þáltill. (þskj. 463). — Hvernig ræði skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 426). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Sönnun fyrir dauða manna, frv. (þskj. 450). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 117). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv.

Fellt með 19:2 atkv. að vísa frv. til fjh.- og viðskn.

Frv. vísað til landbn. með 24 shlj. atkv.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 488). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þróun tækninnar á liðnum árum hefur svo að segja útrýmt svonefndum bráðafúa í skipum, og er nú svo komið að bráðafúadeild Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum hefur safnað sjóðum sem um s. l. áramót námu alls 218 millj. kr.

Gildandi lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum eru lög nr. 19/1976, en með þeim lögum voru felld saman lög nr. 47/1967, nr. 92/1975 og sérstakur kafli um bráðafúatryggingu. Upphaflega var stofnað til bráðafúatryggingar á vegum Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum með lögum nr. 24/1958. Það hafði verið mikið áhugamál meðal útvegsmanna, að stofnaður yrði sjóður sem hefði það hlutverk að greiða fyrir því með bótagreiðslum að gömul og óhentug tréskip væru tekin úr notkun og eyðilögð eða bætur greiddar, ef um minni háttar skaða var að ræða. Lögin frá 1958 voru fyrsta viðleitni löggjafarvaldsins til þess að mæta þeirri ósk. Með lögum nr. 55/1975, um ráðstöfun gengismunar, var sjónarmið Alþ. í þessum efnum staðfest, enn fremur með því að ráðstafa 50 millj. kr. til að „bæta eigendum fiskiskipa það tjón, sem þeir verða fyrir, er skip þeirra eru dæmd ónýt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti.“ Hér voru bætur sem sagt ekki miðaðar við bráðafúa, heldur við annars konar tjón, þ. e. a. s. væri ekki um aðrar bætur að ræða.

Með hliðsjón af framangreindu skipaði ég 11. nóv. 1976 nefnd til þess að endurskoða lög um bráðafúadeild Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Í nefndina voru skipaðir þeir Einar B. Ingvarsson aðstoðarmaður ráðh., og var hann jafnframt formaður hennar, Kristján Ragnarsson formaður Landssambands ísl. útvegsmanna og Páll Sigurðsson forstjóri Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum. Hlutverk nefndarinnar var að athuga og gera till. um breytingar á lögunum á þann hátt, að bráðafúadeildin yrði jafnframt gerð að almennri ellitryggingardeild fyrir allar tegundir fiskiskipa, sem eigendur þeirra væru skyldir að kaupa tryggingu hjá. Áttu bætur úr deildinni að greiðast þegar skip væru dæmd óhæf til fiskveiðaúthalds að dómi þeirra aðila, sem

skipaskoðun annast, eða ekki svaraði kostnaði að endurbæta skipin. Nefndinni var jafnframt falið að gera till. um ákvæði um lágmarksaldur skips til að fá bætur samkv. lögum.

Í byrjun mars s. l. skilaði nefndin áliti í formi frv. til laga. Lagði nefndin til, að II. kafla gildandi laga, þ. e. a. s. kaflanum um bráðafúatryggingar, svo og öðrum viðeigandi ákvæðum yrði breytt. Nefndin vann að þessu verkefni í samráði við tvo tryggingafræðinga. Frv.-drög nefndarinnar voru til umræðu í stjórnum Landssambands ísl. útvegsmanna og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og jafnframt í sjútvrn. Framangreindir þrír aðilar hafa lýst sig að öllu leyti meðmælta frv.-drögum þeim sem nefndin skilaði af sér. Á það skal bent, að í stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum eiga sæti tveir fulltrúar bátaábyrgðarfélaganna í landinu og voru þeir hlyntir áliti nefndarinnar, en í stjórn Samábyrgðarinnar eiga auk þess sæti tveir fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna og einn fulltrúi sem er skipaður af rn. án tilnefningar. Þannig er full samstaða viðkomandi aðila um þær breytingar sem fram koma í þessu frv.

Nú ber þess að geta, að við breytingar þær, sem n. leggur til að gerðar verði á lögunum, koma lögin til með að breyta mjög um svip, þar sem meira en helmingur greina gildandi laga breytist. Þess vegna ákváðum við í heilbr.- og trn. að leggja fram frv. til nýrra laga, þ. e. a. s. frv. til heildarlaga. Aðrar greinar frv. en þær, sem snerta brtt. nefndarinnar, eru óbreyttar frá gildandi lögum. Varla þarf að taka það fram, að hér er fyrst og fremst um hagkvæmnisverk að ræða til þess að lögin séu í einni heild, en slíkt er til hægðarauka þeim, sem eftir lögunum þurfa að starfa.

Með frv. þessu er lagt til, að Samábyrgð Íslands taki að sér að annast rekstur Aldurslagasjóðs fiskiskipa í stað bráðafúatryggingar. Tilgangur Aldurslagasjóðs fiskiskipa er aðallega að greiða fyrir því með bótagreiðslum, að gömul óhentug fiskiskip verði tekin úr notkun og eyðilögð. Tilgangur bráðafúatryggingar samkv. gildandi lögum var að bæta eigendum tréskipa með þilfari skemmdir af bráðafúa af völdum viss sveppagróðurs, er slíkan fúa getur orsakað að dómi gerlafræðings við rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Nú er sem sagt gert ráð fyrir því, að sérstakur Aldurslagasjóður fiskiskipa verði stofnaður, þar sem bráðafúatryggingar er ekki lengur þörf. Aldurlagasjóður fiskiskipa nær til allra fiskiskipa, sem skylda er að tryggja hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, og skiptir ekki máli hvort um er að ræða tréskip eða stálskip. Þrátt fyrir þessar breytingar yrðu bætur vegna bráðafúa með líku sniði og áður hefur verið, ef þær koma upp.

Í 11. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að ráðh. geti ákveðið, að Tryggingasjóður fiskiskipa leggi Aldurslagasjóði til fé, að fengnum till. stjórnarnefndar Tryggingasjóðs. Hér er auðvitað um að ræða, að ef afgangur verður af tekjum sjóðsins, þá sé þessi heimild fyrir hendi til þess að tryggja þennan Aldurslagasjóð.

Þá er enn fremur í 14. gr. gert ráð fyrir að fjárhæðum, sem greindar eru í II. kafla laganna, getur ráðh. breytt með reglugerð, að fengum till. stjórnar Samábyrgðarinnar. Á sama hátt getur ráðh. sett nánari reglur um starfsemi sjóðsins.

Það er helst um II. kafla að segja, auk þess sem ég hef áður sagt, að samkv. 10. gr. eru árgjöld ákveðin miðað við rúmlestatölu skipa, þ. e. a. s. 3000 kr. á rúmlest af tréskipum og 1000 kr. á rúmlest af stálskipum. Samkv. þessu verða iðgjöldin lægri en þau hafa verið til bráðafúadeildarinnar, ef um nýleg tréskip er að ræða, en aðeins hærri þegar um eldri tréskip er að ræða. Tekjur þessa sjóðs samkv. þessu yrðu um 104 millj. kr. á ári, miðað við rúmlestatölu fiskiskipa í árslok 1977, eða tæpar 42 millj. kr. af tréskipum og um 62 millj. kr. af stálskipum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla nánar um einstakar greinar þessa frv., enda tel ég að þær skýri sig að verulegu leyti sjálfar. Ég held að menn geti verið sammála um að þær breytingar, sem lagt er til með þessu frv. að gerðar verði, séu til mikilla bóta og þær séu í samræmi við raunveruleikann. Að öðru leyti vísa ég til frv. sjálfs og aths. við það.

Legg ég þá til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita ökutækja, frv. (þskj. 489). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl., er samið af réttarfarsnefnd samkv. ósk dómsmrn. Það er mikilvægt atriði í sambandi við hraðari meðferð dómsmála að hin smæstu mál íþyngi ekki óhæfilega dómstólakerfinu, en fjöldi þessara mála er geysimikill svo sem kunnugt er. Hefur verið horfið að því ráði í nágrannalöndum að hætta að fara með slík málefni sem refsimál og fjalla í þess stað um þau sem gjaldtöku. Er þar fyrst og fremst um að ræða tæknilegt umhugsunarefni um fyrirkomulag gjaldtökunnar. — Þótt áliðið sé þingtímans nú þykir rétt að kynna þetta mál á þessu þingi.

Frv. var sent Umferðarráði til umsagnar og hafa komið frá því ýmsar ábendingar um atriði sem það telur rétt að fyrir yrði komið með öðrum hætti en í frv. er gert ráð fyrir. Er það fyrst og fremst um tæknileg atriði. Ljóst var, að ekki mundi vinnast tími til að samræma þessi sjónarmið á svo skömmum tíma að unnt yrði að kynna málið á þessu þingi. Hef ég því talið rétt að leggja málið fram eins og réttarfarsnefndin gekk frá því, með það í huga að senda þn., sem málið fær til umfjöllunar, þær aths. sem gerðar hafa verið um fyrirkomulag á meðferð þessara málefna af hálfu Umferðarráðs.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en vísa til aths. með frv., til frvgr. og aths. með þeim.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 490). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í aths. við þetta frv. er um að ræða breytingu á ákvæðum söluskattslaga sem varða viðurlög. Viðurlög við að skila ekki söluskatti eru ákveðnar prósentur af þeirri upphæð sem vangreidd er. Með tilliti til þeirra miklu vaxtabreytinga, sem átt hafa sér stað að undanförnu, eru þau ákvæði, sem nú gilda, orðin óraunhæf og þeir aðilar, sem skila ekki söluskatti, fá með því lán með betri kjörum en þeim býðst í viðskiptabönkum í dag. Því er eðlilegt að þessi ákvæði laga um söluskatt breytist. Er gert ráð fyrir að í staðinn fyrir 2%, sem stendur í 21. gr., komi 4% og hámarksprósentan 10 verði 20.

Með tilvísun til þessa leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Áfengislög, frv. (þskj. 475). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta mál hefur gengið í gegnum hv. Ed. og verið samþ. þar. Það lýtur að breytingu á áfengislögunum og fjallar fyrst og fremst um breytingu á ákvæðum laganna í VIII. kafla, en sá kafli fjallar um refsingar og önnur viðurlög. Ástæðan til þess, að farið er fram á að breytingar verði gerðar á þessum ákvæðum, er sú, að refsiákvæðin í áfengislögunum eru mjög sundurliðuð og sett lágmark og hámark refsinga fyrir brot á einstökum greinum laganna. Er lágmarkið allt niður í 100 kr., en hámark hæst 200 þús. kr., auk lítragjalds, 400 kr. fyrir hvern lítra af ólögmætu, innfluttu áfengi. Þessi ákvæði öll eru að sjálfsögðu orðin úrelt vegna verðbólgu í landinu, en þessi ákvæði hafa staðið óbreytt frá árinu 1969.

Á undanförnum tveim þingum hafa legið fyrir hv. Ed. frv. flutt af þm. úr öllum flokkum, þar sem m. a. var leitast við að samræma sektarupphæðir að nokkru verðlagsþróun síðustu ára. Þau frv. fengu ekki afgreiðslu. Með þessu frv. er farið inn á nýja braut. Er lagt til að refsiákvæði laganna verði dregin saman í eina almenna grein og að refsiramminn verði almennt óbundinn. Er hætt við að refsirammi laganna verði fljótlega of þröngur ef áfram verður haldið sama hlutfalli, enda hefur komið í ljós að refsiramminn bindur um of hendur dómstóla við ákvörðun refsingar og einnig við ýmsar nauðsynlegar aðgerðir við rannsókn mála, t. d. húsleit. Með breytingu þessari verður hámarksupphæð sektar einungis bundin af almennu sektarhámarki í hegningarlögunum, en það er nú 5 millj. kr. Þetta er sem sagt meginbreytingin sem í þessu frv. felst. Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um hana. Aðrar breytingar, sem felast í frv. þessu, leiðir af brottfalli lágmarks- og hámarksrefsingar, en þar er ekki um efnisbreytingar að tefla.

Þá eru ákvæði um réttindasviptingu ekki eins bundin og í gildandi lögum.

Þá er reyndar einnig lagt til að breytt verði ákvæðum áfengislaganna, sem varða yfirstjórn áfengisvarna, til samræmis við breytingu þá sem gerð var í ársbyrjun 1970 með reglugerð fyrir Stjórnarráð Íslands, en hún var þá flutt frá dómsmrn. til heilbrrn.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. Það er mjög einfalt og skýrir sig sjálft. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Varnir gegn kynsjúkdómum, frv. (þskj. 463 (sbr. 338)). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. Þar var gerð á því mjög lítil breyting, við 5 gr., þannig að í stað orðanna: „Í öllum íslenskum skipum skal vera alþjóðleg bók um kynsjúkdóma“ stendur: Í öllum skipum skal vera upplýsingarit um kynsjúkdóma o. s. frv.

Þetta frv. er að verulegu leyti flutt að till. nefndar, sem ég skipaði í júnímánuði á s. l. ári, en hlutverk þeirrar nefndar var að endurskoða gildandi lög um varnir gegn kynsjúkdómum. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Ólafsson landlæknir, sem jafnframt var formaður, Hannes Þórarinsson yfirlæknir og Sigurður B. Þorsteinsson læknir.

Gildandi lög um varnir gegn kynsjúkdómum eru frá árinu 1932. Á þeim tíma var lítið hægt að gera til þess að lækna kynsjúkdóma. Tóku lögin því mið af því fyrst og fremst, að reynt yrði að koma í veg fyrir útbreiðslu þessara sjúkdóma. Þannig eiga mörg ákvæði laganna ekki við í dag, þegar tiltölulega auðvelt er að lækna kynsjúkdóma. Nauðsyn sérlöggjafar á þessu sviði er eigi að síður brýn, þar sem kynsjúkdómar eru enn þá töluvert heilbrigðisvandamál og þeim hefur fjölgað hér á landi hin síðari ár. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að fljótt og örugglega verði brugðist við, því að margir þessara sjúkdóma eru mjög smitnæmir. Hins vegar þarf að færa löggjöfina í raunverulegra horf og er frv. þetta fram borið vegna þess.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta frv., en vísa til þess sjálfs og aths. við það. Ekki get ég þó skilið svo við það, að ég minnist ekki á eitt þeirra nýmæla, sem fram kemur í þessu frv., og er merkilegast. Gert er

ráð fyrir að veitt verði fræðsla um kynsjúkdóma í grunnskólum. Slík fræðsla hefur verið hornreka hér á landi og er kominn tími til að úr verði bætt. Eðlilegast væri að slík fræðsla tengdist almennri kynfræðslu í skólum, en samkv. lögum nr. 25 frá 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, skal veita fræðslu um kynlíf og siðfræði þess á skyldunámsstigi og öðrum námsstigum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Þroskaþjálfar, frv. (þskj. 464 (sbr. 410. — — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um þroskaþjálfa, er komið frá Ed. Þar var gerð á því smávægileg breyting, nánar tiltekið orðalagsbreyting, sem er til hins betra. Frv. er samið af heilbr.- og trmrn. að beiðni Félags þroskaþjálfa og er að miklu leyti byggt á till. félagsins. Þetta frv. er að flestu leyti samhljóða öðrum lögum sem sett hafa verið á undanförnum árum til þess að tryggja hinum ýmsu heilbrigðisstéttum lögvernduð starfsréttindi.

Þroskaþjálfar eru eina starfsstéttin hér á landi sem sérstaklega er menntuð til þess að þjálfa, ala upp og veita þroskaheftum umönnun. Gert er ráð fyrir að þroskaþjálfar starfi með þroskaheftum einstaklingum hvar sem þeir dveljast. Þannig er starf þroskaþjálfa ekki eingöngu við það miðað, að þeir starfi inni á stofnunum þar sem slíkir einstaklingar eru vistaðir. Þroskaþjálfar eru enn fremur eina starfsstéttin sem sérstaklega er menntuð til þess að veita stofnunum fyrir þroskahefta forstöðu, þar sem Þroskaþjálfaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem veitir markvissa kennslu í uppbyggingu og starfsemi slíkra stofnana.

Þroskaþjálfaskóli Íslands hefur á undanförnum missirum tekið miklum breytingum. Í upphafi var námið að mestu leyti bundið við vangefna og störfuðu þroskaþjálfar í fyrstu nær eingöngu með vangefnum einstaklingum. Fljótlega urðu þroskaþjálfar eftirsóttir til starfa með því fólki sem víkur frá því eðlilega á einhvern hátt, andlega eða líkamlega. Þroskaþjálfaskólinn hefur fylgt þessari þróun og miðast námið nú við fleiri tegundir fötlunar en vangefna. Það skal þó skýrt undirstrikað, að starf með vangefnum er og verður aðalstarfsvettvangur þroskaþjálfa.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst, að störf þroskaþjálfa eru víðtæk og ekki á færi nema sérþjálfaðs fólks. Það er fyrst og fremst með hliðsjón af þessu sem þetta frv. er fram borið, til þess að tryggja á sem bestan hátt að störf á þessum vettvangi skili sem bestum árangri fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 455). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þegar gildandi lög um heilbrigðisþjónustu voru til umr. á Alþ. á árunum 1972 og 1973 voru engar pólitískar deilur um þau meginsjónarmið, sem í lögunum fólust, og þær aðalbreytingar sem gerðar voru á fyrri lögum um læknaskipan, heilsuverndar- og sjúkrahúsmál. Þó voru nokkur atriði sem deilum ollu við endanlegar umr. Má þar fyrst og fremst nefna deilur um stjórnunaratriði í heilbrigðiskerfinu, sem fjallað er um í II. kafla laganna, og deilur um staðarval heilsugæslustöðva í Suðurlandskjördæmi. Í raun náðist ekki samkomulag um þessi atriði og var því frestað gildistöku þessara lagaákvæða, þannig að II. kafli laganna tók alls ekki gildi, og gert var ráð fyrir því að ákvæði læknaskipunarlaga frá 1965 giltu um meginhluta Suðurlandskjördæmis.

Ástæða væri til að ræða um, hvaða áhrif þessi lagasetning um heilbrigðisþjónustu hefur haft, væri málin ekki þannig háttað að fyrir réttu ári lagði ég fram skýrslu á Alþ. um framkvæmd laganna fram að þeim tíma og þær áætlanir sem lögin gera ráð fyrir um heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstofnanir á næstu árum. Ég mun því ekki að þessu sinni rekja það sem þá var sagt um stöðu mála, og framkvæmd laganna, en vitna til þeirrar skýrslu sem þm. fengu allir á sínum tíma og til umr. var þá á Alþ. Þess í stað mun ég leggja áherslu á að gera grein fyrir þeim breytingum sem felast í því nýja frv. til laga um heilbrigðisþjónustu sem nú liggur fyrir.

Í okt. 1975 skipaði ég nefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973. Þessi nefnd starfaði undir formennsku ráðuneytisstjórans í heilbrn., en í nefndina voru skipaðir alþm. Sigurlaug Bjarnadóttir og Jón Helgason, Ólafur Ólafsson landlæknir og Tómas Árni Jónasson, formaður Læknafélags Íslands. Frá byrjun var Jón Ingimarsson ritari nefndarinnar. Nefndin kom til fyrsta fundar 28. okt. 1975, en skilaði nál. með fullunnu lagafrv. ásamt grg. í lok nóv. s. l. Í ársbyrjun 1976 óskaði læknadeild Háskóla Íslands eftir aðild að nefndinni, og tók Þorkell Jóhannesson prófessor sæti í nefndinni sem fulltrúi læknadeildar í mars 1976 og starfaði með henni til loka starfstímans.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu með tilliti til þeirrar reynslu, sem af þeim var þá fengin, en einkum var henni falið að taka til athugunar með hverju móti þau ákvæði laganna, sem ekki tóku gildi við setningu þeirra, gætu sem fyrst tekið gildi. Jafnframt var nefndinni falið að kanna þær till. sem fram höfðu komið á Alþ. og mundu koma á starfstíma hennar um breytingar á lögunum og vísað hafði verið til ríkisstj.

Þegar til kom urðu brtt. nefndarinnar svo víðtækar, að það ráð var tekið að endursemja lögin frá byrjun og leggja breytingarnar fram sem nýtt frv. til laga um heilbrigðisþjónustu. Ég mun nú rekja þær breytingar, sem felast í því frv., sem hér hefur verið lagt fyrir, en vil taka fram, að frv. í núverandi mynd er ekki algerlega samhljóða nál. eins og það var lagt fyrir á sínum tíma. Í rn. og ríkisstj. hafa verið gerðar nokkrar breytingar til samkomulags á frv. Enn fremur hefur fjárlaga- og hagsýslustofnunin ásamt fulltrúum heilbr.- og trmrn. farið yfir kostnaðarbreytingar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og komist að samkomulagi um frv. eins og það er hér lagt fram.

Í 3. gr. er gerð sú breyting, að ákveðið er að embætti aðstoðarlandlæknis skuli vera lögbundið og hann skuli ávallt vera staðgengill landlæknis og sé fylgt því fordæmi sem til er um ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra stjórnarráðsins. Ákvæði um aðstoðarlandlækni eru nú í reglugerð um embætti landlæknis og þykir eðlilegt að lögfesta þetta embætti. Fjárveiting er nú til þessa starfs, svo að hér er ekki um aukinn kostnað að ræða frá því sem áður hefur verið, en tekið upp fastara og ákveðnara form. Landlæknir þarf að sinna mörgum störfum og vera á mörgum fundum á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og fleiri samstarfsnefnda, einkum á Norðurlöndum. Því er óeðlilegt að ekki sé fastur maður sem gegni þessu starfi í hans stað. Til þessa hefur viljað svo vel til, að fyrrv. skólayfirlæknir hefur lengst af gegnt starfi landlæknis í tíðum fjarverum hans af þessum ástæðum, en ekki er hægt að byggja á því lengur.

Endurskoðunarnefndin gerði þær till. um breytingar á 4. gr., að taka skyldi upp í lögin ákvæði um lágmarksstarfsdeildaskiptingu rn. og að skólayfirlæknir skyldi vera yfirlæknir við heilsugæsludeild rn., en ekki var farið að þessari till. Er því 4. gr. óbreytt frá gildandi lögum.

Nokkrar umr. hafa verið um gildi Heilbrigðisráðs Íslands, og hafa bæði legið fyrir till. um að leggja það niður í heild og að breyta fyrirkomulagi þess. Í þessu frv. er farin sú leið að hafa ráðið óbreytt, en hins vegar auka möguleika þess til starfs með því að það fái fé til að leita álits sérfræðinga í einstökum málum og hafa ritara í þjónustu sinni. Eftir sem áður er ekki gert ráð fyrir að ráðsmenn séu launaðir.

Eins og fyrr sagði, hefur II. kafli laga um heilbrigðisþjónustu aldrei tekið gildi. Er hér um að ræða veigamestu breytingarnar sem í þessu frv. felast. Í stað þess fyrirkomulags, sem gert var ráð fyrir í gildandi lögum, er horfið að því ráði að skipa sérstaka héraðslækna. Hins vegar er lagt til að skipta landinu í læknishéruð í samræmi við kjördæmaskipun og skipun í fræðsluumdæmi. Gera því lögin ráð fyrir 8 læknishéruðum. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum embættislæknum í þessum héruðum, en gert ráð fyrir því, að ráðh. skipi einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn. Undantekning er þó gerð um Reykjavík, þar sem gert er ráð fyrir að borgarlæknir sé jafnframt héraðslæknir. Þá er gert ráð fyrir því nýmæli að í hverju héraði starfi heilbrigðismálaráð, sem sé þannig skipað að héraðslæknirinn, þ. e. a. s. sá heilsugæslulæknir sem ráðh. hefur skipað sem héraðslækni, sé formaður ráðsins, en sveitarstjórnir héraðsins kjósi aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Þessir ráðsmenn skulu kosnir úr hópi fulltrúa í stjórnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa, og skal hver slík stofnun innan héraðsins jafnan eiga einn fulltrúa í heilbrigðisráði héraðsins. Með þessu móti er gert ráð fyrir að tengja saman í sérstakan starfshóp fulltrúa allra þeirra stofnana, sem um heilbrigðismál fjalla í hverju kjördæmi, og skal vinnuhópurinn starfa undir stjórn héraðslæknisins. Upp eru talin helstu verkefni heilbrigðismálaráðs, en þau eru þessi:

1. Stjórn heilbrigðismála í héraði í umboði heilbrrn., landlæknis og sveitarstjórna.
2. Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.
3. Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði og rekstri í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.
4. Heilbrigðiseftirlit í héraði í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.
5. Skýrslugerð um heilbrigðismál í héraði í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda.

Þá er gert ráð fyrir að ráðh. setji reglugerð um starfsháttu heilbrigðismálaráða að fengnum tillögum landlæknis.

Héraðslæknir er sérstakur ráðgjafi heilbrigðisstjórnar um hvað eina, sem við kemur heilbrigðismálum héraðsins. Gert er ráð fyrir að ráðh. setji honum sérstakt erindisbréf.

Kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða mun skiptast milli ríkissjóðs og sveitarsjóða eins og nánar er fyrir mælt í lögunum. Þá er gert ráð fyrir að reglugerð sé sett, að fengnum tillögum viðkomandi heilbrigðismálaráðs og landlæknis, um starfsaðstöðu héraðslæknis og starfsliðs hans.

Með þeirri breytingu, sem hér hefur verið lýst, hefur það stjórnkerfi, sem áður var gert ráð fyrir í II. kafla laga um heilbrigðisþjónustu, verði einfaldað mjög. Ekki er gert ráð fyrir sérstökum embættislæknum, heldur reynt að sameina störf núv. heilsugæslulækna embættislækningum að eins miklu leyti og unnt er, og ákvæði gildandi laga um héraðshjúkrunarfræðinga eru algerlega felld niður. Er því ótvírætt um að ræða sparnað í sambandi við það sem margra áliti er ónauðsynleg stjórnunaryfirbygging.

Í kaflanum um heilsugæslu eru nokkrar breytingar sem ég ætla nú að rekja:

Á 13. og 15. gr. gildandi laga er sú breyting gerð, að nú eru heilsugæslustöðvar ákveðnar með þrennu móti: Það eru heilsugæslustöð (H), þar sem starfa hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur móttöku sjúklinga reglubundið, heilsugæslustöð 1 (H1), þar sem starfar einn læknir ásamt öðru starfsliði, og heilsugæslustöð 2 (H 2), þar sem starfa tveir læknar eða fleiri. Ástæðan til þess, að tekið var upp nýtt nafn á því sem áður var kallað læknamóttaka, er sú, að heilsugæslustöð er hér réttnefni, þar sem á þessum stað fer fram heilsugæsla á sama hátt

og á heilsugæslustöð 1 og 2 og aðstaða verður sköpuð í samræmi við það starf sem þar fer fram. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag mun reynast vel og að heilsugæslustöðvar (H) munu gegna mikilvægu hlutverki um landsbyggðina í framtíðinni. Þá er sú viðbót í núgildandi 13. gr., að inn er bætt heimild til ráðh. til að ákveða að lyfjabúð geti verið í heilsugæslustöð, en áður voru einungis heimildir til að lyfjaútibú eða lyfjasölur væru á heilsugæslustöðvum.

Þær breytingar, sem gerðar eru á 14. gr. í frv. eru beinar afleiðingar þeirra breytinga sem áður hefur verið lýst á 6. gr. og 13. gr., þ. e. að læknishéruð breytast til samræmis við 6. gr. og að upp eru taldar heilsugæslustöðvar (H) í hverju umdæmi fyrir sig. Heilsugæslustöðvar (H) samkv. þessu eru alls 27 á landinu. Aðrar breytingar, sem gerðar eru, eru þær, að Kópasker er flutt í Húsavíkurumdæmi og þar er sett H-stöð. Í niðurlagi 14. gr. eru lokaákvæði. Í fyrsta lagi er þar um að ræða, að þjónustuskylda heilsugæslustöðva nái nú út fyrir héraðsmörk þar sem þannig háttar til, svo sem að heilsugæslustöð í Stykkishólmi þjóni Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal sjái um læknismóttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóni Skeggjastaðahreppi. Þá er einnig það ákvæði, að ráðh. hafi heimild til að ákveða tímabundna búsetu læknis á heilsugæslustöð (H) í sama umdæmi, enda sé starfs- og húsnæðisaðstaða þar viðunandi að mati landlæknis og héraðslæknis og sérstök staðarleg rök mæli með slíkri skipan.

17. gr. er breytt til samræmis við það sem áður var sagt um héraðshjúkrunarfræðinga, en inn í greinina kemur heimild til að ráða hjúkrunarforstjóra að heilsugæslustöðvum þegar þess telst þörf að mati heilbrigðismálaráða. Nokkrar umræður urðu og skoðanaágreiningur var í nefndinni um það, hvort breyta ætti kostnaðarhlutfalli ríkis og sveitarfélaga í byggingu og búnaði heilsugæslustöðva. Einkum hefur verið rætt um að hækka hlut sveitarfélaganna. Niðurstaða nefndarinnar var sú að halda kostnaðarhlutföllum óbreyttum, þ. e. a. s. að ríkissjóður greiði 85% og sveitarfélög 15%, og er það sú afstaða sem ég hef tekið við framlagningu frv. Viss rök mæla með því, að sveitarfélög taki meiri þátt en nú er í kostnaði við uppbyggingu heilsugæslustöðva, en ég tel að breyting af því tagi verði að fylgja með víðtækari breytingu á verkefna- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga og því sé ekki tímabært að taka það upp við umr. um lög um heilbrigðisþjónustu sérstaklega.

Í 19. gr. er nokkru ítarlegar rætt um greinar heilsuverndar, en áður var, en að mestu er greinin óbreytt. Hins vegar eru sett ótvíræð ákvæði í 20. gr. um kostnaðarskiptingu ríkissjóðs og sveitarsjóða um viðhalds- og endurnýjunarkostnað fasteigna og tækja heilsugæslustöðva. Um þetta atriði hefur verið ágreiningur milli heilbr.- og trmn. og Alþingis. Rn. hefur litið svo á, að ríkissjóður ætti að taka þátt í viðhalds- og endurnýjunarkostnaði húseigna og tækja í sama hlutfalli og í byggingarkostnaði, en Alþ. hefur litið svo á, að allur rekstrarkostnaður, þ. á m. sá kostnaður sem hér um ræðir, ætti að vera þeirra sveitarfélaga, sem reka heilsugæslustöðvar. Það er skoðun mín, að hér verði að kveða ótvírætt á um skyldur ríkis og sveitarfélaga. Tel ég að ríkissjóður eigi að taka þátt í þeim kostnaði, sem hér um ræðir, og geta þannig beint haft hönd í bagga með því, hvernig að viðhaldi húseigna og endurnýjun tækja er staðið. Óhjákvæmilega leiðir þetta til nokkurs aukakostnaðar, miðað við þá framkvæmd sem verið hefur undanfarin ár. Ég tel líka eðlilegt, að ekki sé gert upp á milli heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa hvað snertir þátttöku ríkisins í viðhaldskostnaði. Til samræmis við það verður að breyta reglugerð um daggjöld til sjúkrahúsa, ef þetta frv. nær fram að ganga eins og það liggur hér fyrir.

Á 21. gr. er sú breyting gerð, að gert er ráð fyrir að stjórnir heilsugæslustöðva 1 og 2 séu kosnar með sama móti. Þá er það nýmæli, að læknaráð skuli vera við heilsugæslustöðvar, þar sem tveir læknar eða fleiri starfa, og formaður þess sé yfirlæknir stöðvarinnar, svo sem er á hinum stærri sjúkrahúsum.

Í 22. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að heimild sé til að tannlæknir sé ráðinn fyrir föst laun að heilsugæslustöð til skólatannlækninga, svo sem er um ráðningu lækna til sambærilegra starfa við stöðina.

Í kaflanum um sjúkrahús eru nokkrar breytingar, aðallega þó í sambandi við stjórnunarhætti. Þannig er í 29. gr. gert ráð fyrir ítarlegri ákvæðum yfirlækna, hjúkrunarstjóra og hjúkrunarforstjóra, og í 30. gr. er gert ráð fyrir að fella niður skyldu yfirlækna og hjúkrunarforstjóra til að sitja stjórnarfundi sjúkrahúsa. Hins vegar er bætt inn ákvæði um skyldu sjúkrahússtjórna til að gera þróunar- og rekstraráætlanir sem heilbrigðismálaráð héraðanna skuli fá til umsagnar og rn. til staðfestingar.

Í 31. gr. er gerð sú breyting, að lengdur er frestur sá er stöðunefnd hefur til að skila áliti. Er það gert af þeirri reynslu, að stöðunefnd hefur sjaldan getað skilað áliti innan tiltekins tíma vegna þess, hve langan tíma tekur að fá þau gögn er nefndin þarf á að halda. Þá er gerð sú breyting á þessari grein, að læknaráð sjúkrahúsanna er ekki lengur umsagnaraðili um yfirlæknisstöður við ríkisspítala, heldur stjórnarnefnd spítalanna. Sama máli gegnir um yfirlækna annarra sjúkrahúsa. Þá er gerð sú breyting, að sett er inn heimild til að sérfræðingar kjósi yfirlækna deilda úr sínum hópi til takmarkaðs tíma. Í sambandi við stöður hjúkrunarforstjóra er gert ráð fyrir að leitað sé umsagnar hjúkrunaráðs um umsækjendur.

Í 33. gr. er gerð sú breyting, að í stað þess að ráðh. á að láta gera tíu ára áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana er gert ráð fyrir að gerð sé fimm ára áætlun, og sú breyting er gerð, að þessi áætlun skuli unnin af heilbr.- og trmrn. í samvinnu við heilbrigðismálaráð héraðanna, landlækni og fjárlaga- og hagsýslustofnunina. Sjálfsagt er að hin nýju heilbrigðismálaráð héraðanna komi inn í þessa áætlunargerð, og á sama hátt er nauðsynlegt að hafa nána samvinnu við fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnun um þessa áætlunargerð, þannig að ekki verði tvíverknaður í rn. um þessi mál.

Í 34. gr. er gerð sú breyting, að ótvírætt sé að sveitarfélögum beri skylda til að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvarðanir Alþ. um fjárveitingar á hverjum tíma svo og að annast rekstur heilbrigðisstofnana í samræmi við ákvæði laganna. Þá er það nýmæli í þessari grein að taka viðhaldskostnað sjúkrahúsbygginga, bæði tækja og fasteigna, út úr daggjaldi sjúkrahúsa eins og er í dag, og gert ráð fyrir því, að ríki og sveitarfélög séu eigendur og rekendur stofnananna og greiði þennan kostnað að jöfnu. Hér er farið inn á nýja braut sem þykir rétt að reyna að mínum dómi. Erfitt hefur reynst fyrir sjúkrahúsin að halda við fasteignum og endurnýja tæki af daggjaldafé. Með þessu móti yrði sérstök fjárveiting á fjárlögum hvers árs til viðhalds og endurnýjunar sjúkrahúsa. Er talið að með þessu móti sé betur séð fyrir því, að viðhald verði í lagi og tækjabúnaður verði endurnýjaður í þeim mæli sem nauðsynlegt er á hverjum tíma. Með þessari breytingu er verið að auka nokkuð framlög þeirra sveitarfélaga, sem reka sjúkrahús, til sjúkrahúsrekstrarins. En það er skoðun mín, að þar komi á móti sá hagur sem sveitarfélag hefur af því að hafa sjúkrahús í sínu byggðarlagi og hafa þær beinu og óbeinu tekjur er af því skapast.

Greinarnar í V. kafla laganna eru að kalla má óbreyttar, nema 38. gr. laganna er felld niður þar sem reynslan hefur sýnt að hún er óþörf og óraunhæf miðað við núverandi aðstæður.

Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi, verði þau samþykkt, en fjögur bráðabirgðaákvæði eru með lögunum:

1. Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir því, að vegna þess að uppbygging heilsugæslustöðva tekur langan tíma geti rn. viðurkennt starfsemi heilsugæslustöðva í bráðabirgðaðstöðu og þær njóti viðurkenningar og geti fengið árleg fjárframlög úr ríkissjóði sem samsvari kaupi fastráðins sérlærðs starfsfólks.

2. Þá er gert ráð fyrir að boðnir séu fram námsstyrkir til sérmenntunar á sviði heilbrigðismála.

3. Þetta ákvæði er shlj. bráðabirgðaákvæði 3 í gildandi lögum.

4. Þetta ákvæði er einnig shlj. bráðabirgðaákvæði 4 í gildandi lögum.

Ég hef rakið allar þær breytingar, sem þetta nýja frv. gerir ráð fyrir. Ég hef ekki eytt tíma í að ræða um heilbrigðismál almennt eða hvernig til hefur tekist um framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu. Ég tel mjög brýnt að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi, þó að það komi seint fram.

Eins og ég tók fram áðan hefur fjárlaga- og hagsýslustofnun þegar gert nokkra könnun á frv.-drögunum með tilliti til kostnaðarþátta og þess, hvað breytingar á ákvæðum laganna hafa í för með sér um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í sambandi við heilbrigðisþjónustu. Þessi gögn verða að sjálfsögðu lögð fyrir þn.

Ég legg þá til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 334, n. 497). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð hefur verið til umr. í menntmn. hv. Nd. og rætt þar. N. hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Um þetta frv. urðu nokkrar umræður við 1. umr. málsins á sinni tíð. Ég sé ekki ástæðu til að bæta þar neinu við öðru en því, að menntmn. er mjög sammála um, að þetta mál nái fram að ganga og telur að miðað við aðstæður verði þetta frv., ef að lögum verður, mjög til styrktar kvikmyndagerð í landinu. En sannleikurinn er sá, að við Íslendingar höfum dregist verulega aftur úr öðrum þjóðum í sambandi við þessi mál og styrkjum okkar kvikmyndagerð miklu minna en gerist í nálægum löndum og gerist yfirleitt í öðrum löndum á svipuðu menningarstigi og þjóðfélag okkar er. Af þessum ástæðum teljum við í menntmn., að þetta frv. sé til verulegra bóta og framför frá því sem verið hefur. Leggjum við eindregið til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umferðarlög, frv. (þskj. 152, n. 493). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, 124. mál. Það gerir ráð fyrir því, að í lögin komi ný grein er verði 94. gr. og kveði á um það, að rn. geti heimilað aksturskeppni á vélknúnum ökutækjum við aðstæður og undir eftirliti sem nánar verði kveðið á um.

N. hefur tekið þetta frv. til meðferðar og gert á því breytingar, þannig að í stað þess að taka inn nýja grein, sem verði 94. gr., verði bætt við 50. gr., sem heitir þá 50. gr. a, svo hljóðandi ákvæði:

„Óheimilt er að efna til akstursíþrótta án leyfis lögreglustjóra. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Akstursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmrh. Dómsmrh. getur sett nánari reglur um akstursíþróttir.“

Þessi breyting er gerð að höfðu samráði við dómsmrn. Breytingin er meira formleg, vegna þess að segja má að efnislega sé það frv.,

sem upphaflega var flutt, samþykkt, enda þótt þessi breyting sé gerð þar á, þ. e. a. s. það inntak frv. að setja skuli reglur um slíka íþrótt eða slíka keppni og það sé háð eftirliti og samþykki viðkomandi yfirvalda.

Allshn. er sammála því að mæla með þessari breytingu, en tveir nm., hv. þm. Svava Jakobsdóttir og Páll Pétursson, skrifa undir með fyrirvara.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Svo sem kom fram í máli hv. flm. þessa frv. og frsm. n. hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara.

Þegar þetta frv. kom fram var ég andvíg því, að það yrði samþykkt. En ég tel að sú breyting, sem n. hefur gert á því, sé til mikilla bóta, þannig að ég hef treyst mér til að fylgja því með fyrirvara. Ég er eindregið á móti akturskeppni og þeirri vitleysu sem farið er að tíðka hér á Íslandi, að fólk setjist upp í bíla og þeytist um holt og móa og þjóðvegi við hvers konar kringumstæður. Síðan erum við mötuð á þessu í sjónvarpi endalaust, hvenær sem það á sér stað, og sú auglýsing er miklu fyrirferðarmeiri heldur en þegar um er að ræða íþróttir, eins og t. d. sundíþróttina, svo ég nefni eina grein. Mér finnst keppni af þessu tagi lýsa bernskuhugarfari. Við vitum að þetta getur valdið slysum og örorku, og mér er ekki nokkur leið að finna slíkri keppni nokkuð til málsbóta.

Hitt er annað mál, að ég hef fallist á þau rök, að úr því að til er fólk í landinu sem skipuleggur þetta og ekki er beinlínis bann við því, þá sé þó skömminni skárra að það sé háð eftirliti og leyfi, eins og allshn. leggur nú til. Samkv. frv. þarf leyfi lögreglustjóra og eftir aðstæðum vegamálastjóra, og akursíþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmrh. Að lokum mælir n. svo fyrir um, að dómsmrh. setji nánari reglur um þessar íþróttir. Ég vona fyrir mitt leyti, að hann hafi þær sem strangastar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. n. skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara, eins og reyndar annar nm., hv. þm. Svava Jakobsdóttir. Hv. þm. Svava Jakobsdóttir hefur gert grein fyrir sjónarmiði sínu. Vil ég gera orð hennar að miklu leyti að mínum. Ég er henni sammála og hef raunar ekki miklu að bæta við það sem hún sagði. Mín afstaða til málsins er á flesta grein samhljóða því, sem hún hefur lýst.

Ég vek nánari athygli á einum þætti þessa máls. Það er hinn samfélagslegi kostnaður sem af svona fyrirtækjum getur hlotist. Ég á þar t. d. við „rally“ eins og það sem fram fór um daginn á Suðurlandi. Ég vil leyfa mér að spyrja: Leyfðu yfirvöld vegamála að þessi akturskeppni færi fram? Tóku þau á sig ábyrgð af ökuför eins og þessari? Og þá á ég ekki við ábyrgð á eignatjóni á ökutækjum eða hugsanlegu tjóni á lífi og limum þátttakenda, heldur því tjóni sem unnið var á hinni félagslegu eign sem þarna var brúkuð, vegunum sjálfum. Við erum þessa dagana, þm. dreifbýlisins, að berja saman vegáætlun. Við erum að skipta litlu fjármagni til þurftarfrekra verka, og endar ná engan veginn saman. Þess vegna legg ég á það áherslu, að óskynsamlegt er að fara með gáleysi á þíða vegi og gera sér leik að því að efna til svona ökuferða.

Þá vil ég líka vekja athygli á því, að a. m. k. í sumum tilfellum hefur þetta orðið til þess að efna til óskemmtilegrar umgengni við landið sjálft. Og sums staðar eru orðin býsna áberandi náttúruspjöllin sem unnin hafa verið með ökutækjum. Nú er ég ekki að halda því fram, að það hafi verið allt þessum bifreiðaáhugamönnum að kenna, en þeirra starf kann að æsa menn til djarflegs aksturs um torfærur. Og ég legg áherslu á það, sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði, því það er líka mín ósk, að hæstv. dómsmrh. verði nú strangur þegar hann setur reglur þær sem er kveðið á um að hann skuli setja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efnisskrá.

Aukatekjur ríkissjóðs 3018.
Áfengislög 3027, 3135, 3227.
Álafoss hf. 3095.
Áskorunarmál 3140, 3223.
Erfðafjárskattur 3164.
Fiskimálasjóður 3162, 3163.
Framleiðsluráð landbúnaðarins 3179, 3224.
Gjaldtaka á fjölsóttum stöðum í umsjá ríkisins 3091.
Gjaldþrotalög 3038, 3162, 3221.
Grunnskóli 3038, 3136.
Hafnaáætlun 1977—1980 3117, 3213.
Heilbrigðisþjónusta 3230.
Hlutafélög 3214.
Hönnun nýs alþingishúss 3089.
Kaup ríkisins á síldarverksmiðjunni á Þórshöfn 3141.
Kosningar til Alþingis 3176, 3223.
Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður 3236.
Lausaskuldir bænda 3102.
Lífeyrissjóður barnakennara 3161, 3163.
Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna 3161, 3164.
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins 3161, 3163.
Lyfjalög 3020.
Manneldisráð 3019.
Markaðsmál landbúnaðarins 3106.
Meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita ökutækja 3226.
Orkusparnaður 3213.
Raforkusala á kostnaðarverði til stóriðju 3213.
Risna fyrirtækja 3092.
Sala notaðra lausafjármuna 3137.
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 3224.
Seðlabanki Íslands 3204.
Skipulagning á fisklöndun til fiskvinnslustöðva 3223.
Stimpilgjald 3017.
Sveitarstjórnarkosningar 3174.
Sveitarstjórnarlög 3164.
Söluskattur 3227.
Sönnun fyrir dauða manna 3178, 3224.
Umferðarlög 3236.
Umræður utan dagskrár 3156 (Afgreiðsla þingmála).
Uppsögn fiskveiðiheimilda Færeyinga innan fiskveiðilandhelgi Íslands 3117.
Varnir gegn kynsjúkdómum 3025, 3228.
Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir 3042, 3156.
Verðlagsráð sjávarútvegsins 3162, 3163.
Virkjun Héraðsvatna hjá Villinganesi 3125.
Þjónustu- og úrvinnsluiðnaður í sveitum 3130, 3213.
Þroskaþjálfar 3026, 3229.
Ættleiðingarlög 3038, 3135.

Mælendaskrá.

Forseti Nd. Ragnhildur Helgadóttir 3157.
Forsrh. Geir Hallgrímsson 3089, 3095.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 3040, 3042, 3075, 3135, 3221, 3226, 3227.
Fjmrh. Matthías Á. Mathiesen 3017, 3018, 3093, 3227.
Iðnrh. Gunnar Thoroddsen 3159, 3164.
Landbrh. Halldór E. Sigurðsson 3091, 3092, 3102, 3105, 3107, 3115, 3117, 3124.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 3019, 3020, 3024, 3027, 3224, 3228, 3229, 3230.
Benedikt Gröndal 3089.
Eggert G. Þorsteinsson 3032, 3037.
Ellert B. Schram 3038, 3236.
Garðar Sigurðsson 3166, 3174.
Guðmundur H. Garðarsson 3068.
Gunnlaugur Finnsson 3164, 3171, 3174.
Halldór Ásgrímsson 3214.
Helgi F. Seljan 3022, 3026, 3036, 3104, 3120, 3130, 3137.
Ingi Tryggvason 3027, 3111, 3140, 3149.
Ingólfur Jónsson 3186.
Ingvar Gíslason 3236.
Jón Helgason 3116.
Jón Árm. Héðinsson 3091, 3092.
Jón Skaftason 3209.
Jón G. Sólnes 3028, 3034, 3145.
Jónas Árnason 3102, 3105, 3159.
Karvel Pálmason 3072, 3081, 3122, 3156, 3157, 3168.
Lúðvík Jósepsson 3057, 3084.
Oddur Ólafsson 3025, 3029.
Ólafur G. Einarsson 3157, 3158, 3169.
Páll Pétursson 3103, 3125, 3204, 3238.
Pálmi Jónsson 3201.
Pétur Sigurðsson 3089, 3161, 3162, 3176, 3178.
Ragnar Arnalds 3092, 3095, 3101.
Sighvatur Björgvinsson 3110, 3114, 3158, 3160, 3192.
Sigurlaug Bjarnadóttir 3106, 3112.
Stefán Jónsson 3141, 3152.
Stefán Valgeirsson 3179, 3198.
Steingrímur Hermannsson 3101.
Steinþór Gestsson 3112.
Svava Jakobsdóttir 3158, 3237.
Sverrir Hermannsson 3173.
Vilborg Harðardóttir 3089, 3090.
Þórarinn Þórarinsson 3095, 3100.

Efri deild, 76. fundur.

Mánudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. apríl 1978.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþýðuflokksins, Bragi Sigurjónsson bankaútibússtjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Eggert G. Þorsteinsson,
4. landsk. þm."

Þá hefur mér og borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. apríl 1978.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þ. Þórðarson skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Steingrímur Hermannsson,
2. þm. Vestfirðinga."

Þeir hafa báðir setið hér á Alþingi á þessu kjörtímabili áður, Bragi Sigurjónsson og Ólafur Þ. Þórðarson, og býð ég þá báða velkomna til starfa.

Hlutafélög, frv. (þskj. 51, n. 476, 477). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 477,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,3 samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,4 samþ. með 17 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 477,6 samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 477,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,8 samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 477,9 samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,10 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,11 samþ. með 16 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv
Brtt. 477,12 samþ. með 17 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,13 samþ. með 17 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 477,14 samþ. með 16 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,15 samþ. með 16 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,16 samþ. með 15 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,17 samþ. með 16 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,18 samþ. með 16 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,19 samþ. með 17 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,20 samþ. með 16 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
36.—38. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,21 (3 nýjar gr., verða 39.—41. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
39.—42. gr. (verða 42.—45. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
43. gr. (verður 46. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,22 samþ. með 14 shlj. atkv.
44. gr. (verður 47. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
45. gr. (verður 48. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 477,23 samþ. með 15 shlj. atkv.
46. gr. (verður 49. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
47. gr. (verður 50. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,24 samþ. með 15 shlj. atkv.
48. gr. (verður 51. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,25 samþ. með 17 shlj. atkv.
49. gr. (verður 52. gr), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
50. gr. (verður 53. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,26 samþ. með 16 shlj. atkv.
51. gr. (verður 54. gr), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,27 samþ. með 17 shlj. atkv.
52. gr. (verður 55. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,28 samþ. með 15 shlj. atkv.
53. gr. (verður 56. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,29 samþ. með 16 shlj. atkv.
54. gr. (verður 57. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
55—58. gr. (verða 58.—61. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,30 samþ. með 16 shlj. atkv.
59. gr. (verður 62. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,31 samþ. með 16 shlj. atkv.
60. gr. (verður 63. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,32 samþ. með 14 shlj. atkv.

61. gr. (verður 64. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
62.—63. gr. (verða 65.—66. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,33 samþ. með 15 shlj. atkv.
64. gr. (verður 67. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
65.—67. gr. (verða 68.—70. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,34 samþ. með 13 shlj. atkv.
68. gr. (verður 71. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 477,35 samþ. með 16 shlj. atkv.
69. gr. (verður 72. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,36 samþ. með 16 shlj. atkv.
70. gr. (verður 73. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,37 samþ. með 16 shlj. atkv.
71. gr. (verður 74. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
72.—76. gr. (verða 75.—79. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,38 (ný 77. gr., verður 80. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
78. gr. (verður 81. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,39 samþ. með 15 shlj. atkv.
79. gr. (verður 82. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 477,40 samþ. með 14 shlj. atkv.
80. gr. (verður 83. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
81.—82. gr. (verða 84.—85. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,41 samþ. með 17 shlj. atkv.
83. gr. (verður 86. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
84. gr. (verður 87. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,42 (ein grein í stað 85. og 86. gr. verður 88. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,43 (ný 87. gr., verður 89. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,44 (ný 88. gr., verður 90. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
89.—90. gr. (verða 91.—92. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,45 samþ. með 17 shlj. atkv.
91. gr. (verður 93. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
92. gr. (verður 94. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 477,46 samþ. með 18 shlj. atkv.
93. gr. (verður 95. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
94.—95. gr. (verða 96.—97. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 477,47 samþ. með 18 shlj. atkv.
96. gr. (verður 98. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
97.—101. gr. (verða 99.—103. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 477,48 (ný 102. gr., verður 104. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
103. gr. (verður 105. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,49 samþ. með 17 shlj. atkv.
104. gr. (verður 106. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,50 samþ. með 17 shlj. atkv.
105. gr. (verður 107. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 477,51 samþ. með 18 shlj. atkv.
106. gr. (verður 108. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,52 samþ. með 17 shlj. atkv.
107. gr. (verður 109. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 477,53 samþ. með 17:1 atkv.
108. gr. (verður 110. gr), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
109. gr. (verður 111. gr.) samþ. með 17 atkv.
Brtt. 477,54 samþ. með 17 shlj. atkv.
110. gr. (verður 112. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
111. gr. (verður 113. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,55 samþ. með 16 shlj. atkv.
112. gr. (verður 114. gr.), svo breytt, samþ. með 16. shlj. atkv.
Brtt. 477,56 (ný 113. gr., verður 115. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
114.—120. gr. (verða 116.—122. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,57 samþ. með 15 shlj. atkv.
121. gr. (verður 123. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
122.—130. gr. (verða 124.—132. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,58 samþ. með 15 shlj. atkv.
131. gr. (verður 133. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 477,59 samþ. með 15 shlj. atkv.
132. gr. (verður 134. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
133.—142. gr. (verða 135.—144. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,60 samþ. með 15 shlj. atkv.
143. gr. (verður 145. gr.), svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
144.—148. gr. (verða 146.—150. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,61 samþ. með 15 shlj. atkv.
149. gr. (verður 151. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
150.—153. gr. (verða 152.—155. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 477,62 (ný 154. gr., verður 156. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
155.—160. gr. (verða 157.—162. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 420). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir tveimur breytingum á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Önnur þessi breyting er að Verðlagsráðið skuli framvegis ákveða verð á síldarúrgangi, en ákvörðun verðs á honum hefur ekki heyrt undir Verðlagsráð til þessa. Um verð á síldarúrgangi hefur verið samið milli síldarsaltenda og þeirra aðila sem kaupa þennan úrgang. Meðan síld var veidd

til bræðslu var það samkomulag á milli aðila, að verð á síldarúrgangi skyldi vera ákveðið hlutfall af verði síldar til bræðslu, en eftir að veiðar á síld voru leyfðar að nýju til manneldis fyrir þremur árum hafa veiðar til bræðslu hins vegar verið bannaðar og verða það vafalaust enn í mörg ár. Af þeim sökum hefur verð á síld til bræðslu ekki verið ákveðið undanfarin ár og framangreind hlutfallsregla um verð á síldarúrgangi því verið ónothæf.

Komið hefur í ljós að töluvert misræmi hefur verið á því verði sem greitt er fyrir þennan síldarúrgang á ýmsum stöðum. Síldarsaltendur hafa sérstaklega óskað eftir því, að Verðlagsráð ákveði verð á síldarúrgangi framvegis, og hefur Verðlagsráðið fallist á það fyrir sitt leyti, en með þessu frv. er leitað heimildar fyrir Verðlagsráð til þess að verða við þessari beiðni. Ekki þykir ástæða til að breyta skipulagi ráðsins að öðru leyti en því, að í stað fulltrúa fisksöluaðila í fiskúrgangsdeild komi fulltrúi síldarsaltenda við verðlagningu á síldarúrgangi.

Hin breytingin, sem frv. fjallar um, er að lífur frá veiðiskipum verði framvegis verðlögð í fiskúrgangsdeild. Fulltrúar í fiskdeild Verðlagsráðsins eru fyrst og fremst fulltrúar söluaðila að því er varðar lífur, en lífrarkaupendur hafa þar enga fulltrúa. Þeir hafa lýst því yfir, að þeir eigi erfitt með að sætta sig við þetta fyrirkomulag, en ekki þykir ástæða til að setja á stofn sérstaka deild við Verðlagsráðið vegna þessarar verðlagningar einnar, enda munu kaupendur að lífur sætta sig við að fulltrúar kaupenda í fiskúrgangsdeild gæti hagsmuna þeirra.

Það er m. ö. o. um þessi tvö atriði sem þetta frv. fjallar. Því fylgja meðmæli allra aðila Verðlagsráðsins, að þessar breytingar verði gerðar á lögunum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 421). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um Fiskimálasjóð gerir ráð fyrir því, að hámarkslán úr Fiskimálasjóði megi hækka úr 600 þús. kr. hvert lán í 2 millj. kr. Lögin hafa bundið hverja lánveitingu við tiltekna hámarksupphæð og þar hefur ekki orðið á breyting frá árinu 1971, en lögum um Fiskimálasjóð var þá breytt. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um, að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi að þessi upphæð verði hækkuð í 2 millj., og mælir því með, að þessi breyting verði gerð.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 494). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 495). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, frv. (þskj. 496). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Fiskimálaráð, frv. (þskj. 331, n. 501). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. til laga um afnám Fiskimálaráðs. Hún leggur einróma til að frv. verði samþ. óbreytt.

Lengi hefur verið í undirbúningi að sameina Fiskifélag Íslands og Fiskimálaráð. Mönnum hefur verið ljóst, að verkefni þessara stofnana væru mjög svipuð og oft þau sömu, en í framkvæmd hefur ekki orðið nein ákveðin verkaskipting á milli þessara stofnana. Þessar stofnanir eru samkv. eðli sínu tæki hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þær eru ráðgefandi um mótun heildarstefnu í sjávarútvegi í krafti þessara sömu aðila, og starfslið þessara stofnana ásamt forstöðumönnum þeirra er ábyrgt gagnvart hagsmunaaðilum fyrst og fremst. Þess vegna er álitið, að hagkvæmt sé að sameina þessar stofnanir í eina, og þótt breyta þurfi fleiri lögum og reglugerðum til þess að svo verði, þá er þetta fyrsti liðurinn í þeirri áætlun að sameina Fiskimálaráð og Fiskifélag Íslands.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Bókhald, frv. (þskj. 434, n. 485). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 2. maí 1968, um bókhald. Til fundar við nefndina komu Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri og Árni Kolbeinsson deildarstjóri og skýrðu efni frv.

Hér er um að ræða breytingar sem eru fyrst og fremst í þá átt og mótast af því, að miklar breytingar hafa orðið á sviði bókhalds og reikningsskila. Miklar tækniframfarir hafa orðið og tölvur eru mun meira notaðar við bókhald nú en áður var. Þessar breytingar, sem hér eiga sér stað, eru fyrst og fremst til þess að mæta kröfum tímans varðandi nokkur atriði.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þessi atriði frekar. Glöggt kemur fram í grg. með frv. um hvað er að ræða. Ég ítreka aðeins að n. leggur til að frv. verði samþ., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 435, n. 486). — 2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hv. Ed. hefur fjallað um frv. það um stimpilgjald sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Eins og kemur fram í grg. frv. er um allviðamikinn lagabálk að ræða, sem er kominn til ára sinna, því að núgildandi lög um stimpilgjöld eru orðin 57 ára gömul og má segja að það sé vonum seinna sem breytingar á þessum lögum séu á ferðinni.

Fjh.- og viðskn. Ed. varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþ. með þeirri breyt., að þar sem stendur í 38. gr. „1. apríl" komi: 1. júlí. Fjarverandi afgreiðslu þessa máls voru þeir hv. þm. Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

Herra forseti. Mér þykir hlýða við þessa umr. málsins að geta þess, að síðan þetta nál. var gefið út af hv. fjh.- og viðskn. Ed., hafa okkur borist allmikilvægar upplýsingar frá aðilum, sem við viljum ekki sniðganga, um að þörf sé breytinga á því frv. sem hér liggur fyrir til umr. Höfum við ákveðið að kanna það mál nánar. Þannig má búast við að þegar málið kemur til 3. umr. í þessari hv. d. liggi fyrir brtt. við frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
16.—31. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
32.—37. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 486 samþ. með 12 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 436, n. 487). — 2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hv. Ed. hefur haft þetta frv. til athugunar og leggur til að frv. verði samþ. með svofelldri breytingu: „Við 3. gr. Í stað „1. apríl" komi: 1. júlí." — Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 487 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 334, n. 497). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 152, n. 493). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 493 (ný 1. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 380, n. 460). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. felld með 20:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MÓ, ÓE, PP, PS, SV, TÁ, VH, ÞÞ, GF, RH.
nei: JSk, KP, LJós, MB, MÁM, PJ, SighB, SvJ, SvH, BGr, EÓS, EBS, EKJ, FÞ, GilsG, GuðlG, GHG, HES, IngJ, IG.
LárJ greiddi ekki atkv.
9. þm. (JónasÁ, VilbH, ÓlJ, SigurlB, ÞS, GS, GTh, GÞG, GHB) fjarstaddir.
2. gr. (verður 1. gr.) samþ. með 26:1 atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381, n. 461). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi Selfosskauptúns, frv. (þskj. 323, n. 481 og 504). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Félmn. hefur haft þetta frv. til athugunar og ég mæli fyrir nál. meiri hl. n., en n. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Álit meiri hl. er á þskj. 481, en þar kemur fram, að 6 nm. mæla með því að frv. verði samþykkt óbreytt, en sjöundi nm., hv. þm. Gunnlaugur Finnsson, skilar séráliti, þar sem hann leggur til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Tvær umsagnir bárust um frv.: Frá samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, en í þeirri umsögn segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn samtaka sunnlenskra sveitarfélaga telur, að samtökunum sem samvinnuaðila og sameiginlegri þjónustustofnun sveitarfélaga beri ekki að taka beina afstöðu til erindis þessa, en bendir á þá grundvallarstefnu allra sveitarfélaga, að þau hafi sem mest sjálfræði í eigin málum."

Þetta er umsögn sveitarfélagasamtakanna. Má segja, að þau taki ekki beina afstöðu til frv.

Þá barst umsögn frá sýslunefnd Árnessýslu, en sýslunefndin hélt sérstakan aukafund um þetta mál. Í bréfi til félmn., sem dags. er 25. mars, segir svo, þar sem samþykkt er í einu hljóði eftirfarandi yfirlýsing frá sýslunefndinni:

„Sýslunefndin er gersamlega andvíg því að rjúfa með öllu félagslega einingu Árnessýslu og ákveður að kjósa þriggja manna nefnd til þess að semja þar að lútandi grg. af hennar hálfu í ljósi þeirra umr., sem fram hafa farið í sýslunefndinni í dag."

Þá barst félmn. annað bréf frá sýslunefnd, dags. 3. apríl, og með því bréfi fylgir raunverulega nýtt frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni. Ég ætla ekki að rekja það frv. sérstaklega, enda liggur ekki fyrir nein till. um að það frv. verði flutt á þinginu, en það felur í sér, í sem stystu máli sagt, að Selfosskauptún skuli vera kaupstaður, en ekki sérstakt lögsagnarumdæmi eins og allir aðrir kaupstaðir á landinu eru. Tilgangurinn á bak við þessa tillögu sýslunefndarinnar er sá, að halda Selfossi sem sveitarfélagi í ákveðnum, en þó að minni hyggju mjög óljósum tengslum við sýslunefnd Árnessýslu. Ef farið yrði að þessari tillögu yrði komin þriðja tegund sveitarfélaganna í landinu, en á það getur enginn nm. í félmn. fallist, enda held ég að ekki sé hægt að segja að slíkt sé skynsamlegt. Á sama tíma og menn eru að tala um að réttarstaða allra sveitarfélaga í landinu verði hin sama er lítið samræmi í því að vera að koma með þriðju tegundina. Sveitarfélög skiptast núna annars vegar í hreppa og hins vegar í kaupstaði. Síðan hafa sýslufélögin í landinu ákveðna umsjón með hreppunum, en kaupstaðir heyra beint undir félmrn. eins og kunnugt er.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða neitt frekar um þetta mál. Eins og ég sagði, liggur engin till. fyrir þinginu um að taka upp þessa tillögu sýslunefndarinnar, og því er ekki ástæða til að ræða hana neitt frekar. Þetta frv., sem hér um ræðir, er algerlega samhljóða þeim frv. sem hafa verið samþykkt hér á undanförnum árum um kaupstaðarréttindi til handa fjölmörgum hreppum. Einkennilegt væri ef Alþ. ætlaði núna að fara að taka einhverja aðra afstöðu en það hefur tekið til alveg hliðstæðra mála.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. frsm. meiri hl. varð ekki algjör samstaða í n. um það, hvernig með málið skyldi farið. Þó má vissulega segja, að á margan hátt eru mín sjónarmið þau sömu og meiri hl., en ég tel hins vegar að málið sé þannig vaxið og þessi mál hafi þróast þannig á undanförnum árum, að ástæða sé til þess að staldra dálítið við, ekki síst með tilliti til þess, að ýmsum félagslegum forsendum er á annan veg farið í þessu efni en verið hefur þegar hreppum hafa á undanförnum árum verið veitt kaupstaðarréttindi.

Það er rétt hjá hv. frsm. meiri hl., að það bárust tvær umsagnir. Samband sveitarfélaga á Suðurlandi tók ekki afstöðu til málsins, en sýslunefnd Árnessýslu lagði fram mjög gagngerar breytingar, þ. e. a. s. nánast breytingar í formi nýs frv. Sýslunefndin fjallaði um þetta ítarlega, hélt tvo aukafundi um málið og skilaði síðan áliti í formi raunar nýs frv. Ég treysti mér ekki til þess að svo komnu máli að gera þetta frv. að mínum tillögum. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., að Selfoss og Árnessýsla skuli vera eitt lögsagnarumdæmi. Ég leitaði mér upplýsinga um hvernig á þetta yrði litið. Þær upplýsingar, sem bárust, voru á þann veg, að það orkar tvímælis hvort annað stenst að óbreyttum lögum en að hver kaupstaður verði sjálfstætt lögsagnarumdæmi. Ég segi að það orki tvímælis, vegna þess að ekkert liggur fyrir um það út af fyrir sig, að slíkt fyrirkomulag brjóti nein lög.

Eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, búum við við tvenns konar sveitarfélög í landinu. Ekki er til nein heildarlöggjöf fyrir kaupstaði, en það hefur verið tekið fram í öllum lögum þegar sveitarfélög hafa fengið kaupstaðarréttindi, að þau skuli vera sjálfstæð lögsagnarumdæmi. Þó er það svo, að í lögum mun ekki vera til nein skilgreining á því, hvað lögsagnarumdæmi er. Hinn almenni skilningur hefur verið sá, að lögsagnarumdæmi væri sýsla eða kaupstaður. Ef nánar er að hugað er ekki til skilgreining á þessu hugtaki, en ef reynt er að túlka þetta hugtak þröngt, þá er nánast eini staðurinn, sem mér er kunnugt um, þar sem hana er að finna í lögum um meðferð einkamála í héraði, þar sem talað er um að hvert sveitarfélag sé sérstök dómþinghá. Þannig mætti skilgreina það, að hvert sveitarfélag í landinu væri í þeim skilningi sjálfstætt lögsagnarumdæmi. Það er vissulega líka gert ráð fyrir því í þeim lögum, að hægt

sé að leggja tvo hreppa saman í eina þinghá eða hrepp eða hluta úr hreppi að kaupstað sem eina dómþinghá. Alla vega virðist ekki að betur rannsökuðu máli hægt að fullyrða að tillögur sýslunefndar Árnessýslu gangi í berhögg við ríkjandi lög í landinu, en ég tel að þarna þyrfti betri skilgreiningar við.

Í öðru lagi — það olli því að ég treysti mér ekki til þess að standa að þessum brtt. — vil ég benda á að ef Selfosshreppur verður gerður að kaupstað heyra fjárreiður hans beint undir félmrn., en eigi að síður ætti kaupstaðurinn aðild að sýslusjóði Árnessýslu og sýslunefnd. Þá vaknar spurningin um fjármálatengslin og um lögsögu sýslunefndar, þar með talið fulltrúa kaupstaðarins, yfir fjárreiðum hreppanna í sýslunni. Ég tel að þessi hugmynd sé út af fyrir sig framkvæmanleg, en nánari útfærslu þyrfti á því, hvort hugsanlegur sýslunefndarmaður, kosinn af hálfu kaupstaðar, ætti þá að hafa sömu réttindi og aðrir sýslunefndarmenn til þess að úrskurða sveitarsjóðsreikninga hreppa. Þá væri eðlilegt, að hann hefði ekki atkvæðisrétt til þess, þó að hann hefði jafnan atkvæðisrétt að öðru leyti. Þess vegna tel ég að vert sé að íhuga þessa hugmynd betur.

Hvað frv. snertir eins og það liggur fyrir tel ég ekki tímabært að gera það að lögum eins og nú er komið. Ég skal þó viðurkenna, að miðað við þá þróun, sem hefur átt sér stað á undanförnum árum, þar sem fjöldi hreppa hefur hlotið kaupstaðarréttindi, má líta svo á, að fjölmennasti hreppur landsins, sem nú er Selfosshreppur, eigi á því nokkurn rétt að hljóta kaupstaðarréttindi. Ég tel þó, eins og ég sagði áðan, að sú þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, sé mjög varhugaverð. Hún hefur í raun brotið niður það stjórnsýslukerfi sem við höfum búið við í þessum efnum í rúm 100 ár, þar sem ýmsar sýslur sem félagslegar einingar hafa orðið allt of litlar til þess að gegna því hlutverki sem þeim í raun og veru ber að gegna eða bæri að gegna sem stjórnsýslueiningu. Ég tel að ef óhindrað yrði haldið áfram á þessari braut mundi þeim sýslum fjölga sem þannig yrði ástatt um. Þó geri ég mér grein fyrir því að Árnessýsla yrði eftir sem áður ein stærsta eða stærsta sýsla landsins og þess vegna ekki of lítil út frá því sjónarmiði. Hins vegar lít ég svo á, að félagslega séð gegni þarna töluvert öðru máli en varðandi veitingu annarra kaupstaðaréttinda. Ég bendi t. d. á veitingu kaupstaðarréttinda til Seltjarnarneshrepps, Garðahrepps, Njarðvíkurhrepps eða Grindavíkurhrepps, sem allir eru kaupstaðir núna. Þessi sveitarfélög hafa ekki sama eða svipuðu hlutverki að gegna í félagslegu tilliti og Selfoss hefur gegnt í Árnessýslu.

Ekki er hægt að líta fram hjá því, að Selfosshreppur sem slíkur hefur dafnað sem sameiginlegur þjónustuhreppur fyrir alla aðra hreppa Árnessýslu. Sýslan sjálf hefur byggt upp þennan stað. Jafnframt má líta á það, að þrátt fyrir þessa breytingu flyst þangað engin ný þjónusta sem nú er ekki fyrir hendi. Ég tel að það orki nokkuð tvímælis, hvort ástæða sé til þess að rjúfa þessi tengsl með samþykkt frv. En ég tek undir það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði áðan, að ef við gerðum tillögur sýslunefndar Árnessýslu að okkar till, þá gerðum við ráð fyrir því, að þar myndaðist sveitarfélag með þriðju réttarstöðuna. Ég tel það út af fyrir sig vera óæskilegt.

En ég lít líka svo á, að ekki verði undan því vikist lengur að taka þessi mál til rækilegrar og alvarlegrar athugunar. Í afstöðu minni felst ekki að ég vilji endilega bregða fæti fyrir að Selfosshreppur njóti sömu réttinda og sveitarfélög af sambærilegri stærð. Hins vegar mótast afstaða mín af því, að ég tel málið ekki vera svo aðkallandi að þörf sé á því að samþykkja það nú, gefist frestur til þess að athuga þessi mál í nokkru samhengi. Ég veit líka að komið hefur upp nokkur önnur staða heima fyrir en áður var, þegar hreppsnefnd eindregið óskaði eftir því að þetta frv. yrði flutt. Ýmsir aðilar í hreppsnefnd vilja gjarnan huga betur að þeim hugmyndum sem sýslunefndin hefur sett fram.

Mér bárust í morgun bréf frá varaoddvita og frá tveimur hreppsnefndarmönnum í Selfosshreppi. Lét ég ljósrita þau og óskaði eftir, að þeim yrði dreift til nm. í félmn., þannig að þeir hefðu þessar upplýsingar í höndum, þegar frv. kæmi til 2. umr. Bréfritarar vænta þess, eins og orðrétt segir í öðru bréfinu, með leyfi hæstv. forseta. „að frekari meðferð frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni verði látin bíða uns hreppsnefndin hefur fjallað um tillögur sýslunefndar og tekið afstöðu til þeirra.“

Tveir hreppsnefndarmenn skrifa undir þetta, Brynleifur Steingrímsson varaoddviti og Eggert Jóhannesson, og þeir, ásamt þriðja hreppsnefndarmanninum, Hafsteini Þorvaldssyni, hafa óskað eftir því að fundur verði haldinn um þetta mál í hreppsnefnd Selfosshrepps. Það virðist því ljóst, að hreppsnefndin sjálf, eða a. m. k. hluti hreppsnefndarinnar, vill athuga þetta svolítið betur í tengslum við þær umr. sem hafa átt sér stað á þessum tveimur sýslunefndarfundum, og leggur ekki áherslu á að málinu verði hraðað. Mér finnst satt að segja að hér sé um það litlar breytingar að ræða út af fyrir sig, miðað við þá þjónustu sem þarna er fyrir hendi og mun ekki breytast, eins og ég gat um að það verði ekki nein vá fyrir dyrum né vandræði hljótist af, þó að málinu verði vísað til ríkisstj., svo sem ég legg til, og til viðbótar komi: „enda stefni hún að því að leggja fyrir næsta Alþ. frv. til laga, þar sem gert verði ráð fyrir samræmdri réttarstöðu allra sveitarfélaga í landinu.“ Ég tel nefnilega, vegna stjórnsýsluháttanna, að okkur sé orðin brýn nauðsyn að fá kaupstaðina alls staðar um landið til þess að vera virka þátttakendur í héraðsmálunum heima fyrir, hvern á sínum stað. Það er fyrst og fremst þetta sem liggur að baki þeirri afstöðu sem ég hef tekið til málsins.

Ég vil svo beina því að lokum til hæstv. forseta, að ég hygg að æskilegt sé nú að verða við þeim óskum, sem hafa komið heiman úr héraði frá þessum aðilum úr hreppsnefnd Selfosshrepps, og við fáum að heyra, hvert verði álit hreppsnefndarinnar á afgreiðslu sýslunefndar, áður en málið verður afgreitt hjá okkur við þessa umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðskiptabankar, frv. (þskj. 306). — Frh. 1. umr.

Þórarinn Þórarinsson: Hæstv. forseti. Liðinn er nokkuð langur tími síðan þetta mál var síðast til umr. Frsm. þess flutti þá allítarlega ræðu og kom víða við í máli sínu. Ýmislegt af því, sem hann sagði, gaf ástæðu til frekari umr. um þetta mál, en ég verð nú að játa að ég skrifaði það ekki svo nákvæmlega hjá mér, að sennilega mun ég minnast á fá atriði af þeim sem ég hefði gert að umtalsefni ef ég hefði flutt mál mitt strax að ræðu hans lokinni.

Á því frv., sem hér liggur fyrir, er skoðun mín óbreytt frá þeim tíma þegar það var fyrst flutt. Ég tel hyggilegt að stuðlað sé að því að fækka lánastofnunum frá því sem nú er, m. a. á þann veg að sameina viðskiptabanka ríkisins — þeir eru þrír núna, — en þar getur verið um ýmsar leiðir að ræða. Komið getur til greina að sameina þá í tvo, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., og jafnvel gæti komið til greina að ríkið hefði ekki nema einn viðskiptabanka, ef einkabankarnir tækju við því hlutverki, sem hinir ríkisbankarnir hafa gegnt til þessa.

Ástæðan til þess, að ríkisbankarnir eru þrír, mun vera sú, að ekki þótti heppilegt að hafa einn eða tvo banka á vegum ríkisins, en einkabankar voru þá ekki starfræktir hér. Þeir komu ekki til sögunnar fyrr en seinna. Það var mjög mikið álitamál, þegar Íslandsbanki varð gjaldþrota, hvort ekki ætti að leggja hann niður og láta Landsbankann vera einan aðalviðskiptabanka þjóðarinnar. Að vísu var þá búið að efna til Búnaðarbankans, en honum var þá ætlað algert sérverkefni og allt annað en hefur orðið í reynd. Heppilegt þótti að halda Íslandsbanka áfram til þess að tryggja að Landsbankinn hefði nokkra samkeppni, m. a. af þeirri ástæðu, þó að fleiri ástæður kæmu þar til. En þessi þörf fyrir tvo eða þrjá viðskiptabanka ríkisins er orðin miklu minni eftir að einkabankarnir komu til sögunnar.

Það er mikið álitamál og hefur oft borið á góma í umr. á Alþ., hvort einkabankarnir séu ekki líka orðnir of margir og þar gæti með eðlilegum hætti átt sér stað nokkur sameining, t. d. með þeim hætti, að Verslunarbankinn og Iðnaðarbankinn væru sameinaðir og Samvinnubankinn og Alþýðubankinn. Mér finnst þess vegna að þessi mál séu öll komin á það stig, að ekki sé aðeins nauðsynlegt að taka þau til athugunar, löggjöfina um viðskiptabanka ríkisins, heldur eigi að taka til athugunar alla bankastarfsemi í heild, viðskiptabanka ríkisins, einkabankana og líka aðalbanka landsins, Seðlabankann. Seðlabankalögin eru nú orðin að stofni til um 20 ára gömul eða jafnvel eldri. Ég hygg að þessi stofnun hafi þróast að ýmsu leyti á annan veg en menn bjuggust við í upphafi og þess vegna sé fullkomin ástæða til þess að athuga þá löggjöf, sem um hann hefur verið sett, samhliða athugun á öðru bankakerfi landsins, þ. e. athugun á starfsemi viðskiptabankanna. Inn í þá athugun ætti líka að koma athugun á ýmsum stofnlánasjóðum sem nú eru starfræktir. Ég held að sameining viðskiptabanka ríkisins í tvo banka, eins og hér er talað um, sé ekki nema einn þáttur af þessu máli og nauðsynlegt sé að íhuga þetta allt í heild, alla bankastarfsemina.

Út af fyrir sig virtist mér sú vera aðalröksemd hv. flm., að því mundi geta fylgt nokkur sparnaður, ef bankarnir yrðu sameinaðir, þ. e. Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég er ekki svo sannfærður um að því mundi fylgja verulegur sparnaður. Eins og hefur verið upplýst á Alþ. er starfsmannafjöldi þessara tveggja banka mun minni en Landsbankans, og gefur það ekki til kynna að sameiningu bankanna fylgi sérstakur sparnaður. Hins vegar er það nokkurn veginn augljóst, að bankakerfið verður styrkara ef viðskiptabankar ríkisins verða tveir, eins og hér er gert ráð fyrir, en ekki þrír, því að þá er alltaf minni hætta á því, að einn bankinn eða jafnvel tveir bankarnir verði of veikir eða kannske allir. Það er meiri von um styrkara bankakerfi með því að hafa bankana fáa en marga. Sú finnst mér vera aðalröksemdin fyrir því sem gert er ráð fyrir í þessu frv. En það mál, að spara í bankastarfseminni, koma við sparnaði í bankastarfseminni held ég að þurfi að taka fyrir í miklu víðara samhengi en kemur fram í þessu frv. Starfsmannafjöldinn hjá Seðlabankanum er orðinn ótrúlega mikill. Mér er sagt, að fyrir nokkrum árum hafi verið eins margir starfsmenn hjá Seðlabankanum og voru í öllu Stjórnarráðinu á þeim tíma. Þetta hefur haldist síðan, að þó að fjölgað hafi í Stjórnarráðinu hefur fjölgað tilsvarandi í Seðlabankanum. Þetta finnst manni dálítið furðulegt, ef litið er svo sem 30 ár aftur í tímann. Þá var Seðlabankinn ekki kominn til sögunnar. Þá var seðlaútgáfan lítil deild í Landsbankanum með tiltölulega fáa starfsmenn, og stjórnin á peningamálunum virtist samt nokkuð örugg og traust, áreiðanlega ekki síðri en hún er í dag. Svo hefur það gerst eftir að Seðlabankinn var stofnaður, að hér hefur með alls konar skrifstofuaðgerðum vaxið upp risastofnun, sem er orðin álíka stór og stjórnarráðið, eða var það a. m. k. fyrir nokkrum árum. Ég hygg að það hafi haldist óbreytt. Það er áreiðanlega ástæða til þess að athuga starfsemi Seðlabankans frá þessu sjónarmiði, hvort ekki sé hægt að koma við verulegum sparnaði, kannske ekki minni sparnaði en með því fengist að sameina þá tvo banka sem rætt er um að sameina í þessu frv.

Það er líka ástæða til þess að gefa því gaum, hvernig starfsmannahaldi Landsbankans er háttað, þar sem það liggur fyrir, eins og ég áðan sagði, að Landsbankinn hefur talsvert fleiri starfsmenn en Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn samanlagt. Hann hefur kannske eitthvað meiri starfrækslu en þessir tveir bankar samanlagt, en ekki svo mikla að hún gefi tilefni til þess að sá munur sé á starfsmannahaldi hans annars vegar og hinna bankanna hins vegar sem raun ber vitni um og tölur hafa verið birtar um fyrir nokkru. Þetta hygg ég að gefi fulla ástæðu til þess, að öll þessi mál séu athuguð í heild, að allt bankakerfið sé tekið til gaumgæfilegrar athugunar og rannsóknar og þess vegna eigi sér stað miklu víðtækari aðgerðir í þessum efnum en sú sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Ég aðhyllist þess vegna þá till., sem tveir hv. þm. lögðu fram fyrr í vetur, þó hún væri að ýmsu leyti óheppilega orðuð — ég á þar við þá hv. 4. þm. Norðurl. v. og hv. 8. þm. Reykv. Till. þeirra var á þá leið, að allt bankakerfið og lánakerfið yrði tekið til athugunar með það fyrir augum að koma við verulegum sparnaði. Ég held að fara ætti fram heildarathugun á þessum málum og hafa ætti róttækar ráðstafanir í huga. Þess vegna dreg ég í efa hvort tímabært sé að afgreiða þau frv. um viðskiptabankana, sem hafa verið lögð fram, þetta frv. í Nd. og frv. ríkisstj. í Ed. Ég held að mjög komi til greina að láta bæði þessi frv. bíða, en taka bankakerfið til athugunar í heild.

Eitt er það í báðum þessum frv., sem mér finnst að ekki sé nægilega tryggilega frá gengið, hvernig á að hátta eftirliti Alþingis. Fyrirkomulagið, sem nú er á eftirliti Alþ., er orðið mjög gamalt og löngu úrelt. Það er frá þeim tíma þegar Landsbankinn var settur á stofn, en þá var hann tiltölulega lítil stofnun og þeir endurskoðendur, sem Alþ. kaus, gátu nokkurn veginn gert sér grein fyrir störfum þessarar stofnunar og fylgst með þeim. Nú er þetta fyrirkomulag allt orðið löngu úrelt og ekkert gagn að þessu eftirliti lengur. Ég held að Alþ. þurfi að taka þetta mál til rækilegrar athugunar og sá atburður, sem gerðist í Landsbankanum nú í vetur og öllum þm. er kunnugt um, sé áminning um að koma þurfi við traustara eftirliti, en það eftirlit þurfi að vera í höndum aðila utan bankans, ætti að vera þess vegna í höndum Alþingis.

Nú liggur fyrir frv. í hv. Ed., þar sem gert er ráð fyrir því að ríkisendurskoðunin verði lögð undir Alþ. og hún annist m. a. eftirlit og endurskoðun hjá ríkisbönkunum. Ég held að með þessu frv. sé stefnt í rétta átt og þetta sé eitt af því sem þarf að koma ef á að vera nægilega traust eftirlit með þessum stofnunum. Það eftirlit af hálfu Alþ., sem gert er ráð fyrir í þessum tveimur frv., er allt of veikt að mínum dómi. Þarf að athuga alveg sérstaklega, hvernig þeim málum er fyrir komið, og eins og ég áðan sagði kemur mjög til athugunar að fara þá leið sem er gert ráð fyrir í því frv., sem Halldór Ásgrímsson hefur flutt í Ed. um ríkisendurskoðunina.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni. Niðurstaða mín er sú, að þörf sé á að endurskoða allt bankakerfið, endurskoða þurfi lögin um Seðlabankann og breyta þeim verulega með tilliti til þeirrar reynslu sem þar hefur fengist. Ég álít að mjög komi til athugunar að taka upp fyrirkomulag eins og er t. d. í Bandaríkjunum, þó að seðlaútgáfunni sé að ýmsu leyti öðruvísi háttað þar en hér, þ. e. að þeir menn, sem hafa hana með höndum, eru ekki valdir til þess lengur en til 4—6 ára í senn. Það er ekki heppilegt fyrirkomulag, að í stöðu bankastjóra Seðlabankans veljist menn kannske rétt tvítugir eða þrítugir og sitji svo þar í 40 ár, þar sé um æviráðningu að ræða. Án þess að ég sé nokkuð að gagnrýna þá menn sem skipa þessi embætti nú — ég tel að þeir hafi gegnt sínum störfum sæmilega — held ég samt að sú reynsla sé þegar fengin, að heppilegt sé að þarna geti átt sér stað mannaskipti a. m. k. öðru hverju og því sé það fyrirkomulag, sem er á þessum málum í Bandaríkjunum, að ýmsu leyti til eftirbreytni eða vert að athuga, hvort það muni ekki líka eiga við hér á landi. Vinna þarf að sparnaði í bankakerfinu, ekki aðeins með því að sameina banka, heldur með því að athuga allan rekstur þeirra og gera sér grein fyrir því, hvort þar sé ekki hægt að koma við auknum sparnaði og draga úr því gífurlega mannahaldi sem hefur þróast í þeim, sérstaklega síðustu árin. Inn í þessa athugun á að sjálfsögðu að taka ýmsar sérstofnanir ríkisins og sérsjóði, stofnlánasjóði, Framkvæmdastofnun o. fl. aðila. Mér sýnist að ýmsar ríkisstofnanir séu nú að vinna nokkurn veginn sama verkefnið. Við fáum mjög svipaða skýrslu t. d. frá Seðlabankanum og frá Efnahagsstofnuninni og jafnvel Framkvæmdastofnuninni. Á ýmsum sviðum virðast því þessar stofnanir, sérstaklega í sambandi við rannsóknir og skýrslugerð, vera að vinna að sömu verkefnunum. Þetta held ég að mætti gera einfaldara og koma við þó nokkrum sparnaði með þeim hætti.

Ég held sem sagt að meginatriðið í þessu máli sé að láta fara fram ákveðna endurskoðun á öllu banka- og lánakerfinu með það fyrir augum að gera það einfaldara, og ódýrara og virkara en það er nú.

Jón Skaftason: Herra forseti. Fyrir þessu þingi liggja nú tvö frv. um viðskiptabanka í eigu ríkisins. Annað frv. — það sem hér er til umr. — er flutt af hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Er það í öllum atriðum, að ég held, nákvæmlega eins og það frv. sem hér var flutt, að mig minnir, árið 1974 af þáv. stjórn. Hitt frv. er svo frv. ríkisstj., sem nú liggur fyrir hv. Ed. og er þar til meðferðar.

Hv. síðasti ræðumaður sagði áðan, að hann teldi að taka þyrfti öll þessi bankamál til endurskoðunar, og er ég honum sammála um það. Vissulega er þörf á því að taka þau mál öll til endurskoðunar, jafnveigamikil og þau eru í okkar þjóðfélagi og snerta margra hag. En æskilegt væri að ekki þyrfti að vera að gefa síendurteknar yfirlýsingar í lok hvers kjörtímabils um að þetta sé æskilegt. Æskilegra væri að eitthvað yrði framkvæmt í þessum efnum.

Ég vil þá leyfa mér að benda á að fyrir frumkvæði núv. hæstv. bankamálarh. hefur mjög mikið starf verið unnið á þessu kjörtímabili í sambandi við athugun á bankamálum almennt í þjóðfélaginu. Ég gat um frv. um viðskiptabanka í eigu ríkisins sem nú er til meðferðar í hv. Ed. Í grg. með því frv. eru boðuð frv. um viðskiptabanka í eigu annarra en ríkisins, hlutafélagsbankanna svokölluðu, og enn fremur er, ef ég man það rétt, ýjað að því, að frv. um sparisjóði muni vera í vændum. Ég fagna sérstaklega allri þeirri vinnu, sem lögð hefur verið í athugun og undirbúning þessara frv., og þó að ég verði — því miður — að segja það, að ég örvænti um framgang þessara frv. allra á þessu þingi, þá hygg ég að sú undirbúningsvinna, sem unnin hefur verið, geti komið að fullu gagni í framtíðinni, þó að ekki takist að afgreiða þessi frv. öll og e. t. v. ekkert þeirra á yfirstandandi þingi.

Talað hefur verið um það í þessum umr., að

æskilegt væri að einhver heildarstefna yrði mörkuð í bankamálum í landinu, horfið yrði frá því, að Alþ. ynni áfram að mörkun slíkrar stefnu á þeirri braut sem það hefur gert á undanförnum árum, með því að stofna banka fyrst og fremst fyrir einstaka atvinnuvegi eða hagsmunasamtök. Við þekkjum það allir, hv. alþm., að stefnan hefur verið sú á undangengnum áratugum, að stofnað hefur verið til banka sem eru kenndir við einstakar atvinnugreinar í landinu, eins og t. d. Útvegsbankans og Búnaðarbankans, eða við hagsmunasamtök í þjóðfélaginu, eins og Samvinnubankinn, Alþýðubankinn, Verslunarbankinn og Iðnaðarbankinn eru. Ég held að það sé skoðun æ fleiri manna, sem athuga þessi mál, að af þessari braut eigi að hverfa að verulegu leyti, rekstrargrundvöllur bankanna sé tryggari ef þeir eru ekki fyrst og fremst bundir sérstökum atvinnuvegum í landinu, heldur eru nokkuð alhliða bankar. Staða Útvegsbankans í dag er e. t. v. ljósasta dæmið um þetta, að það kunni að vera vafasamt og leiða til erfiðleika hjá einstökum bankastofnunum ef viðskipti þeirra eru bundin að of miklu leyti við einstakar atvinnugreinar. Þess vegna er ég alveg sammála þeirri stefnu, sem vikið hefur verið að í umr. um þetta frv., að höfuðstefnan skuli vera að vinna að samræmingu eða sameiningu banka, bæði í eigu ríkisins og eins banka sem starfa í hlutafélagaformi. Kosturinn við það er ekki fyrst og fremst sá, að með því sé hægt að spara mjög verulega í rekstri bankanna frá því sem er. Það er hægt að spara eitthvað með þessari sameiningu, en ég hygg að það sé talsvert miklu minna en menn fyrir fram gera sér vonir um. Hitt er meira atriði í mínum huga, að á þann hátt er hægt að byggja upp sterkari banka — banka sem geta hver um sig í dag gert. Það veitir meira rekstraröryggi um afkomu bankanna sjálfra. Þau atriði eru í mínum huga fyrst og fremst mikilvæg í sambandi við mótun nýrrar stefnu í bankamálum á Íslandi.

Við hljótum allir, hv. alþm., að geta orðið sammála um það, að Alþ. beri með lögum að setja skynsamlega heildarbankalöggjöf sem tryggi bætta bankaþjónustu, sem verði framkvæmd með sem minnstum kostnaði fyrir viðskiptamenn bankanna. Þetta er það markmið sem ég tel að stefna beri að og Alþ. eigi að taka föstum og alvarlegum tökum og láta úr því verða að setja nýja löggjöf um viðskiptabankastarfsemi í landinu.

Það eru nokkur atriði, sem hafa komið fram í umr. um þetta frv., sem mig langar til að víkja lítillega að.

Eins og ég gat um áðan er það frv., sem hér er um að ræða, óbreytt frá því frv. sem vinstri stjórnin síðasta lagði fram. Það frv. var unnið af svokallaðri bankamálanefnd, sem sama stjórn skipaði 29. maí 1972. Það, sem mér finnst vera galli við þetta frv., er að ég fé ekki séð að í grg. með því sé nokkuð vikið að þeirri þróun, sem hefur orðið á þessum fjórum árum, t. d. um afkomu viðskiptabanka í eigu ríkisins á þessu fjögurra ára tímabili. Hafi verið ástæða til þess árið 1974 að reyna að vinna að sameiningu viðskiptabanka í eigu ríkisins, þá er ástæðan til þess enn þá brýnni núna en hún var þá. Ég tel að því hefðu átt að fylgja meiri upplýsingar í grg. með frv. um það, sem hefur verið að gerast í þessum málum á þessu tímabili, frá því að frv. var lagt fram 1974 þar til það frv., sem nú liggur fyrir til umr., var lagt fram.

Mikið er um það talað, að mikill ofvöxtur sé í íslenska bankakerfinu. Skal ég ekki verða til þess að draga það í efa. Það er vafalaust rétt, að í bankastarfsemi í landinu hafi verið nokkuð mikill vöxtur á velflestum sviðum, eins og raunar almennt má telja að hafi gerst í þjónustugreinum í landinu á undanförnum árum. Þjónusta hér er að mínu viti allt of dýr í mjög mörgum greinum. Hún er of dýr vegna þess, að of margir starfsmenn starfa nú í þjónustugreinum margs konar, sem m. a. er komið til af því, að ég tel, að í mörgum greinum þjónustu í landinu gætir ekki eðlilegrar samkeppni sem gæti gert þessa þjónustu ódýrari en hún er.

Í sambandi við bankana nefndi hv. flm. þessa frv. tölur sem mér fundust bera vott um nokkuð glannalegan vöxt í bankastarfseminni. Hann nefndi, að ég held, að árið 1971 hefðu 1600 manns unnið í þessari þjónustugrein, árið 1975 2200 manns og nú — held ég að hann hafi sagt — væru um 2700—2800 starfsmenn í þessari þjónustugrein. Ég fór að athuga þessar tölur, af því að mér fundust þessi risaskref, sem tölurnar gefa til kynna að hafi átt sér stað á þessum tíma um fjölgun starfsmanna í bankakerfinu, vera nokkuð stór. Þá komst ég m. a. í upplýsingar sem gefnar voru — ég held að það hafi verið á þinginu í nóv. s. l. — þegar verið var að svara nokkrum fsp. um hve margir starfsmenn ynnu á vegum bankakerfisins og 10 stærstu sparisjóðanna, hve starfsmenn sjóðanna væru margir 1970 og hverjar væru bókfærðar tekjur bankanna umfram gjöld 1976, þar með taldar tekjur af eigin fé. Ég tók upp þær upplýsingar, sem þá voru gefnar um tölu starfsmanna í bankakerfinu, og virðast mér þær ekki koma heim og saman við þær tölur sem hv. flm. gaf upp um fjölda starfsfólks í bönkunum í framsögu með þessu frv., en eins og ég sagði áðan, hefur hann talið að 1971 væru 1600 menn starfandi þar. Ég hef upplýsingar um það, að í bönkunum öllum og 10 stærstu sparisjóðunum — þ. e. a. s. í Seðlabanka, viðskiptabönkunum öllum og 10 stærstu sparisjóðunum — hafi í árslok 1970 starfað 1186 menn. Og ég hef tölur frá október 1977 sem sýna að í þessum stofnunum hafi þá starfað 1721 starfsmaður. Ef ég bæti við Reiknistofu bankanna, sem tók til starfa í ársbyrjun 1974, bæti þeim 30 starfsmönnum, sem þar vinna, við ásamt starfsmönnum annarra sparisjóða en 10 þeirra stærstu, þá fæ ég út, að í okt. 1977 hafi starfað í þessum stofnunum 1791 starfsmaður. Ég vil taka fram í sambandi við þessar tölur, að ekki eru innifaldir í þeim starfsmenn fjárfestingarlánasjóða, eins og veðdeildar Landsbankans. Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Iðnþróunarsjóðs. Þeir eru ekki meðtaldir — ég hef það hér á blaði. En jafnvel þó að ég tæki þessa starfsmenn með er langt frá því að í árslok 1977 hafi starfað á milli 2700 og 2800 starfsmenn í þessum þjónustu-

greinum, eins og ég tel mig hafa heyrt hv. flm. segja. Þar munar talsvert miklu. En hv. flm. hefur kannske einhverja skýringu, sem ég kem ekki auga á, sem skýrir þennan mikla mun. Kemur það þá fram hér á eftir.

Í sambandi við fjölgun starfsmanna í bönkunum, langar mig til þess jafnframt að geta þess og að gefnu tilefni, að frá því í janúarbyrjun 1975 og til loka okt. 1977, þegar ég fékk nýjustu upplýsingar mínar, hefur ekki orðið nein starfsmannafjölgun í Seðlabankanum. Þar er alveg nákvæmlega sama tala starfsmanna í ársbyrjun 1975, 114.5 starfsmenn, og okt. 1977, 114.5 starfsmenn, þannig að fjölgunina á starfsmönnum í bankakerfinu er ekki hægt að rekja þangað.

Mikið hefur verið talað um útibúafjölda bankanna víða um land. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að útibúin eru of mörg, og ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að fækka mætti þessum útibúum nokkuð án þess að það kæmi á nokkurn hátt við þá nauðsynlegu bankaþjónustu sem landsbyggðin þarf á að halda. Að mínu viti er ein aðalskýringin á því, að útibúunum víða um landið hefur fjölgað svo mikið sem raun ber vitni um einmitt sú, að aðalbankarnir hafa verið of margir. Þeir hafa verið að efna til óeðlilegrar samkeppni í höfuðstaðnum og víðar um landið með stofnun útibúa, sem hefur fyrst og fremst verið ætlað að reyna að ná í sparifé á viðkomandi stöðum til þess að bæta heildarstöðu bankans að því er tekur til sparifjár. Mig langar til þess að nefna nokkrar tölur um þá þróun sem hefur orðið í fjölgun útibúa hér á landi nokkur síðustu árin.

Árið 1973 voru 105 útibú starfandi, þar af í Reykjavík 17. Árið 1974 voru útibúin orðin 106, þar af í Reykjavík 17. Árið 1975 voru útibúin 109, í Reykjavík 17. Árið 1976 voru útibúin 109, í Reykjavík voru þau 19. 1977 voru útibúin orðin 113 og í Reykjavík 20. Það var fyrst og fremst á árunum 1961—1964 sem útibúakapphlaup bankanna byrjaði fyrir alvöru. Á þeim árum fjölgaði útibúum mjög mikið. Því var það, að þeir, sem þá fóru með málefni landsins í ríkisstjórn, urðu sammála um að breyta nokkuð lögum um Seðlabanka Íslands til þess að reyna að hafa hönd í bagga með fjölgun útibúanna. Með lögum nr. 10 frá 13. maí 1964 var tekið inn það ákvæði í seðlabankalögin, að leyfi ráðh. þyrfti til þess að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu frá viðskiptabönkunum og Seðlabankinn ætti að veita umsögn sína um umsóknir um útibú, áður en ráðh. kvæði endanlega upp úr um málið.

Ég vil endurtaka það, að ég álít að aðalástæðan fyrir fjölgun útibúa — eða ég ætti að segja: ein af veigameiri ástæðunum fyrir fjölgun útibúanna — hafi verið fjöldi aðalviðskiptabanka í landinu, sem efndu til kapphlaups um sparifé á hinum ýmsu stöðum í landinu og reyndu því að efla útibúastarfsemi sína. Eitt jákvætt, sem mundi leiða af sameiningu viðskiptabanka í eigu ríkisins, væri m. a. það, að þá skapaðist grundvöllur til þess að sameina sum þessara útibúa og gera rekstur þeirra nokkru ódýrari án þess að það kæmi á nokkurn hátt niður á þeirri bankaþjónustu sem nauðsynlegt er að veita víða um landið.

Af því, sem ég hef nú sagt um þetta, má ráða í það, að ég er fylgjandi því atriði, sem fram kemur í frv. Lúðvíks Jósepssonar, að gert er ráð fyrir sameiningu tveggja viðskiptabanka eða að sameina viðskiptabanka, sem nú eru þrír, þannig að út úr því komi tveir. Ýmsar leiðir er hægt að fara til þess að ná þessu marki og ekki er endilega nauðsynlegt að fara þá leið sem oftast er nefnd, að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann, og líta ekki til fleiri þátta í því heildarmáli. Ég held einmitt, að e. t. v. sé heppilegasta leiðin sú að stokka upp viðskiptabankana þrjá, taka starfsemi þeirra allra með þegar þessi endurskipulagning kemur fram. Ég get vel ímyndað mér, og ég get sagt það hér, að ef meiri hluti væri fyrir því á hv. Alþ. að vinna að þessu sameiningarmáli þannig, að fyrst og fremst Búnaðarbanki og Útvegsbanki sameinuðust, þá gætu að mínu viti komið fram ýmsar undantekningar frá þeirri meginreglu. Ég gæti vel hugsað mér t. d., að Útvegsbankinn á Suðurnesjum fylgdi ekki með í þeirri sameiningu, heldur yrði lagður undir Landsbankann, og ég gæti vel hugsað mér að útibú eins og Útvegsbankaútibúið á Seyðisfirði yrði lagt undir Landsbankann. Fleiri atriði kæmu þarna til greina.

Mér er kunnugt um, að búið er að setja upp a. m. k. þrjá valkosti um hvernig sameining þriggja viðskiptabanka ríkisins gæti farið fram þannig að út úr því kæmu tveir bankar. Er vafalaust hægt að finna fleiri valkosti í þeim efnum, ef mönnum sýndist enginn þessara vera við hæfi.

Ég sagði í upphafi máls míns, að þó að ná mætti fram einhverjum sparnaði í rekstri hjá viðskiptabönkum ríkisins með því að sameina þá, væri sá sparnaður sennilega minni en margir vilja vera láta í ræðu og riti, og það eitt út af fyrir sig ræður ekki úrslitum að mínu mati. Önnur atriði vega miklu þyngra í mínum huga og gera það eðlilegt, að leitað sé eftir að sameina ríkisbankana í tvo banka. Um þær röksemdir langar mig til að fara örfáum orðum. Þær eru aðallega af þrennum toga spunnar: Í fyrsta lagi væri hægt að auka á rekstrarhagkvæmnina á þann hátt, í öðru lagi væri hægt að bæta þjónustuna og í þriðja lagi, sem ekki er síst ástæðan, hægt væri að auka á rekstraröryggi bankanna.

Í umr. um þessi mál hefur aðaláherslan verið lögð á fyrrnefndu atriðin tvö, þ. e. a. s. áhrif sameiningar lánastofnana á rekstrarkostnað og þjónustu. Skiptar skoðanir hafa verið um þessi efni og hafa ýmsir bent á að óvíst væri að nokkur sparnaður né aukin þjónusta mundi fást við sameiningu lánastofnana. Á þessu hafa ekki farið fram nákvæmar athuganir, enda mundi það taka langan tíma og óvíst hvort niðurstöður, sem fengjust, þættu óyggjandi. Engu að síður má í fljótu bragði koma fram með ýmsar almennar ábendingar, sem sýna að með sameiningu banka og lánastofnana hlýtur að mega ná töluverðum sparnaði í rekstri, jafnframt því sem möguleikar gefast á bættri þjónustu við viðskiptaaðila.

Varðandi rekstrarkostnaðinn skal bent á, að

í lítilli stofnun eða stofnunum af meðalstærð hlýtur óhjákvæmilega að verða einhver tómagangur í hinum ýmsu afgreiðsludeildum, þar sem fjöldi starfsfólks og afgreiðslugeta er miðuð við það að geta annað mesta álagi sem til fellur. Í öðru lagi má benda á, að með sameiningu hlýtur að sparast töluvert í lífeyrissjóð viðkomandi stofnana. Einnig má nefna, að sparnaður hlýtur að gæta í öðrum rekstrarkostnaði en launum, svo sem húsnæðiskostnaði og að því er varðar innkaup á ýmsum rekstrarvörum. Í því sambandi er einnig mikilvægt að hafa í huga, að með sameiningu t. d. tveggja viðskiptabanka hlýtur að mega ná fram einhverjum sparnaði í útibúarekstri og jafnvel í ýmsum tilvikum mætti sameina útibú. Einnig er mikilvægt að hafa í huga, að samkeppni er mikil um fjölgun útibúa, sem erfitt hefur reynst að standa gegn þegar til lengdar hefur látið, en með fækkun lánastofnana mundi viðhorf gerbreytast á þessu sviði.

Að því er varðar þjónustuna mætti nefna ýmis atriði, en hér skal látið nægja að benda á, að með aukinni stærð banka geta þeir að sjálfsögðu veitt stórum viðskiptaaðilum alhliða og betri þjónustu en áður, en slíkt er mjög mikilvægt í nútímaþjóðfélagi, auk þess sem stór stofnun getur hagnýtt sé ýmsar nýjungar í rekstri, sem við — því miður — höfum í ýmsu tilliti ekki getað tileinkað okkur sem skyldi hér á landi enn þá.

Að því er varðar síðasta atriðið sem áður var nefnt, þ. e. a. s. rekstraröryggi innlánsstofnana, verður hins vegar að telja að ekki hafi nóg verið hugsað um það að í umr. um skipulagsmál viðskiptabanka og annarra innlánsstofnana. Hér er um mjög mikilvæg atriði að ræða. Ýmsir þættir þeirra mála hafa komið fram hér á landi á síðustu árum. Rekstraröryggi innlánsstofnana, eins og reyndar flestra annarra fyrirtækja, fer að sjálfsögðu fyrst og fremst eftir fjárhagslegri uppbyggingu þeirra. Nauðsynlegt er að þær hafi yfir að ráða nægu eigin fé og einnig nægu lausafé til þess að starfsemi geti gengið eðlilega á hverjum tíma. Hér er sem sagt um að ræða eiginfjárstöðu og lausafjárstöðu bankanna. Fjárhagsstaða getur í þessu tilliti vissulega orðið það veik, að einstakar innlánsstofnanir verði meira eða minna óstarfhæfar. Með sameiningu stofnana má stundum bæta úr að þessu leyti, þannig að ef sameinaðar eru tvær stofnanir bætir góð fjárhagsstaða annarra upp veika fjárhagsstöðu hinnar og út kemur starfhæf og sterk stofnun, auk þess sem við slíka sameiningu má nota tækifærið til að fá inn eigið fé eða fá aðstoð með lánum hæfilegs tíma frá öðrum aðilum.

Annað, sem varðar rekstraröryggi, er hvernig viðskipti innlánsstofnana dreifast á einstakar atvinnugreinar og einstaka lánþega. Vissulega getur það verið svo, að viðskiptadreifing innlánsstofnunar sé svo einhæf að smám saman leiði til vaxandi rekstrarerfiðleika og áfalla fyrir stofnunina. Úr slíku má bæta með sameiningu stofnana.

Í þriðja lagi skal svo nefnt varðandi rekstraröryggi, að í stórum stofnunum verður miklu fremur komið við eðlilegu skipulagi á daglegum störfum, þannig að um verði að ræða nauðsynlegt innra eftirlit sem hindrar að alvarleg mistök eða misferli eigi sér stað. Einnig er stór stofnun betur í stakk búin til að tryggja sér hæfilega utan að komandi endurskoðun á fjárreiðum sínum og rekstri.

Því miður er nú það mikið liðið á þetta þinghald, að fullkomlega er í tvísýnu hvort nokkur ný lagasetning verður á þessu þingi í sambandi við endurskipulagningu á bankakerfinu í landinu. Út af fyrir sig harma ég, að ekki hefur betur tekist til í þessum efnum.

Ég held svo, herra forseti, að ég fari ekki að lengja tíma hv. d. með því að víkja ítarlegar að þessu efni. Ég endurtek, að æskilegt stefnumark er að unnið sé að fækkun í bankakerfinu, og það er hægt að fækka ríkisbönkunum með einfaldri lagasetningu. Hitt er aftur á móti erfiðara að sætta sig við, að hægt sé að lögbjóða viðskiptabönkum í eigu hlutafélaga að þeir skuli sameinast, en á ýmsan hátt geta handhafar almannavaldsins — Alþ. og ríkisstj. haft áhrif á að mál þróist líka til þeirrar áttar á sviði viðskiptabanka í eigu hlutafélaga. Ég hygg að ef ríkið gengi á undan með því að sameina ríkisbankana, fækka þeim úr þremur í tvo, þá mundi það hafa veruleg áhrif á það, hvað gerðist á vettvangi hlutafélagabankanna í þessum efnum.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er nokkuð langt síðan frsm. og flm. þessa frv. flutti ræðu sína, en málið hefur nú rifjast upp við ræður tveggja síðustu hv. ræðumanna. Ég mun nota tækifærið og fara nokkrum orðum um þetta frv. almennt og gera síðan nokkrar aths. við ræður þeirra hv. alþm., sem látið hafa til sín heyra í málinu, og sjá hver niðurstaðan verður.

Þetta frv. mun vera alveg shlj. frv. sem flutt var á Alþ. vorið 1974, en þá var frv. flutt sem stjfrv. Nú er frv. flutt af hv. 2. þm. Austurl. Meginatriðin í þessu frv. eru þau, að í fyrsta lagi er rætt um það og raunar ákveðið í frv. að fækka viðskiptabönkum ríkisins úr þremur í tvo með sameiningu Búnaðar- og Útvegsbankans í einn banka. Þessi ráðstöfun er hugsuð sem fyrsta skrefið í áttina til fækkunar á bönkum og bankaútibúum og gerð til þess að hamla gegn óeðlilegri og kostnaðarsamri útþenslu í bankakerfinu, eins og það er orðað. Í öðru lagi beinist frv. að því að semja og setja eina samræmda heildarlöggjöf um viðskiptabanka í stað margra og ósamræmdra laga sem nú gilda, og í þriðja lagi er gert ráð fyrir formlegu samstarfi á milli viðskiptabankanna, m. a. í þeim tilgangi að tryggja eðlilega verkaskiptingu þeirra í milli og koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni.

Að sjálfsögðu er ýmislegt í slíku frv., sem hefur svo langan aðdraganda og byggir á svo ítarlegri rannsókn, sem hægt er að fallast á, m. a. það, að peninga- og lánastofnanir hérlendis séu nú orðnar fleiri en hagkvæmt geti talist, enda varð sú niðurstaða þeirrar bankamálanefndar sem athugaði þetta frv. og frá því gekk.

Hv. flm. ræddi um þetta frv. og þessi mál eins og þar gilti ekkert skipulag, þau þróuðust

áfram eða héldu sína leið í algeru skipulagsleysi. Á þetta verður ekki fallist, a. m. k. ekki til fulls. Hv. alþm. vita að Alþ. ræður og ákveður hvort bönkum er fjölgað og Seðlabanki Íslands og ríkisstj. hafa það í hendi sér, hvar og hvenær bönkum er leyfilegt að stofna útibú eða afgreiðslustaði.

Ef vikið er sérstaklega að ræðu hv. 2. þm. Austurl., þó langt sé nú liðið síðan hún var flutt, þá vil ég nefna þessi atriði:

Hann komst að þeirri niðurstöðu, að allstór landssvæði væru greinilega afskipt og byggju við lélega bankaþjónustu. Á þetta verður fallist. Það er tvímælalaust, að bankaþjónustu er miskipt milli landsmanna. Nú er það svo t. d., að Búnaðarbankinn rekur 12 útibú utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur og að sjálfsögðu hinir tveir viðskiptabankar ríkisins mörg víða um land. Þó er það svo, að ýmis landssvæði hafa ekki eðlilega þjónustu að þessu leyti. Hv. 2. þm. Austurl. taldi, að viðskiptabankarnir hefðu lagt mikla áherslu á að fjölga útibúum sínum og afgreiðslum, sérstaklega þar sem allmargir bankar væru fyrir. Þessu vil ég algerlega mótmæla hvað Búnaðarbankanum við kemur. Útibú Búnaðarbankans úti um land eru yfirleitt reist í samvinnu við heimamenn með sameiningu sparisjóða á viðkomandi stöðum við bankann. Hægt er að nefna fjöldamörg dæmi um þetta. Og oft hefur þróunin orðið sú, að sparisjóðsstjóri á viðkomandi stað hefur orðið útibússtjóri í því útibúi sem stofnað var með sameiningu eða samvinnu Búnaðarbankans og þess sparisjóðs, sem þar var fyrir. Það hefur verið stefna Búnaðarbankans að reisa alls ekki útibú til þess að keppa við aðra peningastofnun úti á landsbyggðinni. Ég get nefnt t. d. Borgarnes. Það er alveg víst, að hver ríkisbankinn sem væri mundi vera fús til þess að setja á stofn bankaútibú í Borgarnesi í samvinnu við sparisjóðinn. Þetta kom mjög til tals fyrir nokkrum árum og búið var að undirbúa það talsvert mikið, að Búnaðarbankinn reisti útibú í Borgarnesi til þess að þjóna þessu ágæta og stóra landbúnaðarhéraði. En þegar það kom jafnframt í ljós, að heimamenn vildu reka áfram eigin sparisjóð, þá hurfu ráðamenn Búnaðarbankans frá þessu algerlega, enda er það svo, að Sparisjóður Mýrasýslu er nú eina lánastofnunin sem aðsetur hefur í Borgarnesi og dafnar þar og blómgast með ágætum. Hins vegar hygg ég að ekki verði hið sama sagt um alla hina bankana að þessu leyti. Ég vil nefna eitt dæmi. Ég held að það sé rétt með farið, að á Norðfirði hafi starfað allgóður og blómlegur sparisjóður. En fyrir nokkrum árum reisti Landsbankinn útibú við hliðina á þeim sjóði og mér er ekki kunnugt um annað en þessar lánastofnanir starfi þarna báðar á sama stað.

Það er svo eitt, að ræðumenn hafa vikið að því, að það sé mikið skipulagsleysi í bankakerfinu og fyrir nokkrum árum hafi hafist mikið kapphlaup um stofnun útibúa. Ýmislegt er rétt í því, sem sagt hefur verið um það mál. En ég hygg þó, að ein skýring á því máli sé veigamikil. Hún er sú, að þegar byggðir landsins fóru að kenna máttar síns og þar fór að gæta framþróunar á síðustu áratugum fundu forráðamenn byggðarlaganna að þeir urðu að hafa aðgang að peningastofnun sem greitt gæti úr flestum málum þeirra. Það er eðlilegt. Nú á tímum er viðskiptabúskapur svokallaður rekinn um allt land. Við getum sagt að hver einasti bóndi, hver einasti útgerðarmaður, smár og stór, sé aðili sem þarf að hafa góð sambönd og þjónustu við einhverja bankastofnun. Á fyrri tímum — við skulum segja fyrir tveim áratugum — voru yfirleitt ekki til úti um landið, nema sparisjóðir, sem reistir voru margir hverjir á síðustu áratugum 19. aldar eða um svipað leyti og Landsbankinn hóf göngu sína. Það er hafið yfir allan vafa, að þessir sparisjóðir hafa víða um land unnið mjög þarft og þjóðnýtt starf. En þeir voru margir hverjir það smáir, að þeir fundu til vanmáttar síns og töldu sig ekki vera færa um að veita viðskiptamönnum sínum nægа þjónustu, — þjónustu sem nútíminn útheimtir. Ég hygg að þetta sé veigamikil skýring á því, hvernig ýmis af bankaútibúunum hafa orðið til. Og ég þekki það frá ýmsum útibúum Búnaðarbankans, að gerður hefur verið stofnsamningur milli bankans og heimamanna. Víða í þeim stofnsamningum er það tilskilið, að ef samvinna við Búnaðarbankann reynist ekki vel, þá geti sparisjóðurinn aftur hafið göngu sína. Þetta sýnir, að menn úti um land hurfu margir með hálfgerðum trega frá fyrirkomulagi sparisjóðanna. En það var krafa tímanna sem knúði þá til þess að einbeita sér að nægilega sterkum lánastofnunum, svo að þeir þyrftu ekki að sækja hverja krónu til Reykjavíkur. Hitt er svo annað mál, sem ég hef stundum hugleitt, að það hefði getað orðið skemmtileg lausn á þessum málum, ef sparisjóðirnir hefðu fyrir mörgum árum fundið til samstöðu sinnar og stofnað öflugt sparisjóðasamband, myndað sterka sjóði, sem hefðu orðið nægilega stórir og færir um að veita hinum einstöku sjóðum það mikla fyrirgreiðslu, að þeir hefðu á þann hátt orðið megnugir þess að starfa áfram í heimahéruðum, nægilega sterkir til þess að veita íbúum héraðanna fullkomna þjónustu. En þessi hefur þróunin ekki orðið, því miður ef til vill.

Hv. 2. þm. Austurl. gat þess að vísu í ræðu sinni, að það væri ekki aðalatriðið í sínum augum, að nákvæmlega væri farið inn á þá braut að sameina Útvegsbankann og Búnaðarbankann. Þessi stefna eða þessi stefnumörkun mun þó vera a. m. k. tvítekin í frv. eða grg. þess. Þá gat hann þess að það sérstaka hlutverk, að Búnaðarbankinn sé fyrst og fremst banki landbúnaðarins, sé nú löngu liðið hjá, hann sé þegar orðinn almennur viðskiptabanki. Þetta er alveg rétt. Búnaðarbankinn var upphaflega stofnaður fyrst og fremst til þess að styrkja landbúnaðinn og byggðir landsins, en hann er fyrir löngu orðinn það sterkur, að hann er farinn að veita almenna bankaþjónustu, ekki eingöngu hér í Reykjavík, heldur er það svo, þar sem útibú Búnaðarbankans hafa verið reist og rekin úti um land, að þar sinna þau öllum greinum atvinnulífsins, jafnt sjávarútvegi sem öðrum málefnum.

Ég get alveg fallist á að það sé röng stefna að efna til margra banka eða bankaútibúa á sama svæði. Hv. flm. nefndi Höfn í Hornafirði sem dæmi. Ég get verið honum fyllilega sam-

mála að það er hóflaus stefna og vitleysa jafnvel að reisa mörg bankaútibú á sama stað. En það er einmitt í samræmi við það, sem ég hef sagt hér að framan, og í samræmi við stefnu Búnaðarbankans að gæta fyllstu hófsemi í þessum efnum. Landsbyggðin krefst þess á hinn bóginn og nútímaviðskiptahættir, að í hverri byggð sé hæfilega sterk þjónustustofnun á þessu sviði sem veiti heimamönnum það góða fyrirgreiðslu að þeir þurfi ekki að vera í stöðugum ferðum til höfuðstaðarins til þess að gera reka að málum sínum.

Þá gat flm. þess, að hann vildi hvergi minnka eðlilega bankaþjónustu, og er það að sjálfsögðu rétt. Þegar hann leit yfir landið og ræddi um þau svæði sem þyrftu á aukinni þjónustu að halda, þá nefndi hann sem dæmi atvinnurekstrinn á Snæfellsnesi, það væri óeðlilegt að hann hefði alla bankaþjónustu sína eða mestmegnis suður í Reykjavík. Ég hygg að þetta sé mælt af nokkurri vanþekkingu, verð ég að segja. Þetta hefur breyst mikið á síðustu árum. Í fyrsta lagi hefur Búnaðarbanki Íslands rekið útibú í Stykkishólmi síðan 1964 og það útibú sinnir sjávarútveginum, iðnaðinum, landbúnaðinum og öðrum atvinnugreinum sem þar eru reknar á staðnum. Á útnesinu var stofnað útibú frá Landsbanka Íslands 30. apríl 1976. Það útibú er í raun og veru tvískipt. Það er bæði í Ólafsvík og á Hellissandi. Ég hygg að þetta útibú veiti alla almenna þjónustu á sínu starfssvæði. A. m. k. vona ég það.

Þá vék hv. flm. að því, að Búnaðarbankinn hafi skotið sér undan að leysa mál á sviði landbúnaðar og á sviði annarra atvinnugreina sem landbúnaðurinn á allt sitt samtengt við, eins og mig minnir að hann orðaði það. Ég veit ekki, hvert hv. 2. þm. Austurl. hefur verið að fara í þessu tali, og ræði því ekki meira um það.

Ég mun svo víkja að næsta atriði, sem var það, að hann taldi að stofnlánadeild landbúnaðarins væri ekki og ætti ekki að vera neinn sérstakur hluti af Búnaðarbankanum. Ég held að forráðamenn Búnaðarbankans hafi alla tíð litið svo á, að stofnlánadeild landbúnaðarins sé og hafi verið ein megindeild bankans, það sé því eðlilegt og nauðsynlegt og byggt á sögulegum forsendum, að hún sé áfram í fullum tengslum við Búnaðarbankann, enda er það svo með deildina og bankann, að þessir aðilar hafa styrkt hvor annan, eins og nefna mætti mörg dæmi um. Ég segi fyrir mig, að ég er eindregið þeirrar skoðunar, að stofnlánadeild landbúnaðarins eigi ekki að rjúfa úr tengslum við Búnaðarbankann.

Þá nefndi hann, að starfsfólk Búnaðarbankans væri andvígt þessari breytingu, og taldi ekkert sérstakt við það. Mér skildist á honum, að mótmæli frá starfsfólki væru tiltölulega léttvæg. En ég er þar á nokkuð annarri skoðun. Þar sem um er að ræða fjölmennan hóp af góðu starfsfólki, sem unnið hefur stofnuninni mjög vel á undanförnum árum, raunverulega byggt hana upp, þá tel ég síður en svo engu máli skipta hvað starfsfólkið segir. Þvert á móti tel ég að starfsfólk Búnaðarbankans sé yfirleitt það vel af guði gert, að stórkostlegur ávinningur sé að leita til þess um ýmis úrlausnarefni sem bankann varða og jafnvel heildarþróun í bankamálum landsmanna. Hitt er svo rétt, að allir geta auðvitað verið sammála um að draga úr yfirbyggingu bankakerfisins með fækkun banka, ef unnt er, og fækkun starfsmanna. Ég hygg að Búnaðarbankinn þoli mjög vel samanburð við aðra sambærilega banka hvað starfsmannafjölda áhrærir.

Loks vék ræðumaður að því, að ýmislegt annað þyrfti að athuga og skipuleggja betur, og nefndi sem dæmi vátryggingarstarfsemina, olíusöluna og dreifinguna, lífeyrissjóðina o. s. frv. Ég get verið honum fyllilega sammála um þetta, en get þó ekki stillt mig um að nefna eitt dæmi. Það er úr hinu svokallaða Ólafskveri, sem nefnt var á þeirri tíð, en er nú kannske farið að gulna — ég veit það ekki. En þar var tekið svo til orða, að eitt af hlutverkum þeirrar stjórnar skyldi verða að taka skipulag olíusölunnar til endurskoðunar með það fyrir augum sérstaklega, að sjávarútveginum væri tryggt hagstætt olíuverð. Ég hygg að þetta sé ein af fyrstu yfirlýsingunum úr þeirri stefnuskrá sem fleygt var fyrir borð á öndverðum ferli þess stjórnarsamstarfs — var harla lítið rætt um hana þegar á stjórnartímann leið.

Ég ætla að láta þessi orð nægja til hv. 2. þm. Austurl. Síðan ræddu tveir hv. alþm. um þetta mál áðan. Ég mun minnast aðeins lauslega á mál þeirra. Það voru hv. 4. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykn.

Hv. 4. þm. Reykv. vék að því, að hyggilegt væri að stuðla að fækkun viðskiptabanka ríkisins, og lagði talsvert mikla áherslu á, að stuðlað yrði að sameiningu Búnaðar- og Útvegsbankans. Ekki kvaðst hann þó viss um, að það mundi horfa til sparnaðar, en til betra skipulags, að því er mér skildist. Ég tel nú ekki ástæðu til að rekja mál hans mjög mikið. Hann virtist leggja áherslu á aukið eftirlit og endurskoðun. Við vitum að það er nauðsynlegt í löggjöf af þessu tagi. En þó eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að láta slíkt eftirlit ganga langt, því að endalaust er ekki hægt að ráða eftirlitsmenn til að hafa eftirlit með störfum annarra eftirlitsmanna o. s. frv. Einhvers staðar verður að nema staðar.

Hv. 4. þm. Reykn. ræddi hér í töluverðu máli um þetta efni, og minntist þar m. a. á, að mörkun heildarstefnu skorti. Hann talaði um að bankar ættu ekki að tengjast einstökum atvinnugreinum. Ég held nú satt að segja, að ég þurfi ekki að fara langt út í að gera aths. við mál hans, því að ég hef þegar í raun og veru svarað því, a. m. k. að nokkru leyti, í máli mínu hér á undan.

Það má nefna að því er varðar annan liðinn í stefnu þessa frv., að komið hefur fram frv. í hv. Ed. um viðskiptabanka í eigu ríkisins. Mætti margt um það segja. En það er ekki sérstaklega á dagskrá nú og mun því ekki verða vikið að því með mörgum orðum. Að sjálfsögðu er fjölmargt í áliti bankamálanefndarinnar svokölluðu, sem menn eru almennt sammála um. Ekki má láta þessi mál þróast óskipulega. Ég er sammála mönnum um það. Það verður að gæta hagkvæmni og sparnaðar. Viðskiptabank-

arnir þrír í eigu ríkisins verða að gæta hófs í samkeppni hver við annan. Ég tel t. d. alveg fráleitt, eins og ég hef áður vikið að, að þeim sé leyft að setja upp útibú svo að segja hlið við hlið um allt land. En ráðh., ríkisstj. og Seðlabanki Íslands hafa alveg nægar heimildir í núgildandi lögum til að koma í veg fyrir slíkt og hafa heilbrigt skipulag í huga, þegar leyfi eru veitt fyrir nýjum bankaútibúum eða afgreiðslum. Ég er viss um að flestir hv. alþm. geta á sama veg tekið undir fjöldamargt, sem segir í þessari ítarlegu skýrslu, m. a. það sem vikið er að á bls. 16, með leyfi forseta, en þar segir:

„Í nútímaatvinnurekstri er góð bankaþjónusta frumskilyrði. Fyrirtækin verða sífellt stærri og stærri og til þess að hægt sé að veita stórum fyrirtækjum góða þjónustu þarf stærri banka. Sá tími er liðinn að hægt sé að miða rekstur banka við aðeins eina starfsgrein. Landbúnaður verður ekki rekinn nema í nánum tengslum við verslun og viðskipti, og viðast hvar hér á landi er sjávarútvegur eða iðnaður einnig nátengdur öðrum rekstri. Góður viðskiptabanki þarf því að sinna á alhliða hátt öllum atvinnurekstri sem nauðsynlegur er á því starfssvæði sem bankinn vinnur á.“

Það er svo, þó að hv. flm. þessa frv. vildi skýra álit bankamálanefndarinnar svokölluðu mjög á þann veg, að hún mælti svo til alfarið með sameiningu bankanna, þá verð ég þó að segja að þessi skýring er ekki einhlít. Segja má að þessi bankamálanefnd, sem að sjálfsögðu var skipuð hæfustu mönnum á þessu sviði, geri mikið að því að velta vöngum og bera saman valkosti án þess að kveða upp úr með alhliða og endanlegan dóm. Ég vil leyfa mér hér undir lok máls míns að benda á eitt atriði úr skýrslu hennar, með leyfi forseta. Þar segir svo:

„Þótt nefndin sé þeirrar skoðunar, að stefna beri að verulegum samruna innan bankakerfisins og fækkun stofnana, vill hún eindregið vara við því, að þeirri stefnu verði framfylgt án tillits til þeirra sögulegu og félagslegu sjónarmiða, sem mótað hafa þróun þessara mála hingað til. Það kerfi fjármálastofnana, sem Íslendingar eiga nú við að búa, á að vísu að nokkru rætur að rekja til þjóðfélagshátta sem nú eru að hverfa, en að mestu er það þó mótað af félagslegum og stjórnmálalegum viðhorfum sem enn eru rík með þjóðinni. Má t. d. nefna, að þrír nýir hlutafélagsbankar voru stofnaðir á undanförnum áratugum með samþykki allra flokka á Alþingi.“

Ég ætla að stofnun þessara nýju hlutafélagsbanka hafi verið gerð með samþykki allra flokka og mótatkvæðalaust, ef ég man rétt, á hv. Alþingi.

Tvímælalaust kemur því fram í áliti bankamálanefndarinnar, að nefndinni var ljóst að samruni bankastofnana og einföldun fjármálakerfisins er stefna sem framkvæma verður með fullri gát og á hæfilega löngum tíma. Hins vegar getur náttúrlega ekki nokkur maður amast við því, að þessi mál séu skoðuð mjög rækilega og reynt að vinna þar allt sem horfir til sparnaðar og bættra skipulagshátta. Sú stefna er rétt að mínum dómi að reyna að bæta bankaþjónustuna og gera hana virkari um allt land, og góðu skipulagi þarf að koma á þessi mál. Það á ekki að stefna ríkisbönkunum til höfuðs sparisjóðunum, sem mjög víða hafa leyst merkilegt hlutverk af hendi með ágætum og gera enn, eins og ég vék að áðan. En þar sem óskað er eftir samvinnu af hálfu heimamanna er sjálfsagt að athuga þessi mál af hálfu bankanna.

Um þessi efni mætti að sjálfsögðu ræða miklu meira og miklu nánar. En ég mun láta þessar aths. nægja að sinni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 11. apríl, kl. 2 miðdegis.

Útflutningur tilbúinna fiskrétta, fsp. (þskj. 429). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 429 fsp. til hæstv. sjútvrh., sem fjallar um útflutning tilbúinna fiskrétta. Fsp. er í fjórum liðum og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hefur verið athugað nýlega, hvort unnt er að framleiða tilbúna fiskrétti fyrir Bandaríkjamarkað í verksmiðjum hérlendis í stað þess að gera það vestanhafs? Ef svo er, hver er niðurstaðan?

2. Hve miklum gjaldeyri tapa Íslendingar á því, að þessi framleiðsla er ekki í landinu sjálfu?

3. Hve margt fólk starfar í fiskverksmiðjum, sem Íslendingar eiga erlendis?

4. Hverjar eru horfur í þessum málum á Evrópumarkaði?“

Ég vil til skýringar þessum fsp. minna á það, sem þingheimi er kunnugt, að Íslendingar eiga í Bandaríkjunum tvö blómleg fyrirtæki, sem reka þar verksmiðjur og framleiða tilbúna fiskrétti úr frystum fiski sem fluttur er héðan frá landi. Þegar þessum fyrirtækjum var komið upp voru gefnar á því ýmsar sennilegar og vafalaust réttar skýringar, þ. á m. hin mikla fjarlægð, sem um er að ræða, og vankantar á að flytja tilbúna frysta fiskrétti svo langa leið, í öðru lagi ýmsar tolla- og viðskiptaaðstæður, sem gerðu það óhjákvæmilegt, að verksmiðjurnar, sem ynnu hina endanlegu söluvöru, yrðu staðsettar í Bandaríkjunum á markaðnum sjálfum, en ekki hér á landi.

Nú eru liðin ærið mörg ár síðan, þessi fyrirtæki hafa blómgast og stækkað, og enginn vafi er á því, að þau hafa gert feiknamikið gagn við að koma íslenskum fiskafurðum á markað fyrir hátt og hagstætt verð. Þrátt fyrir þetta finnst mér að við þurfum að endurtaka öðru hverju spurninguna um það, hvort ástæður til þess, að þessar verksmiðjur eru staðsettar í Bandaríkjunum, en ekki hér á Íslandi, séu óbreyttar. Hefur tæknin ekki haft áhrif á þessi mál? Hefur hún haft svo mikil áhrif, að hún standi ekki í vegi fyrir því, að við gætum flutt tilbúna fiskrétti héðan og vestur um haf? M. ö. o. verðum við, þrátt fyrir það hve blómleg þessi fyrirtæki eru og að mörgu leyti ánægjulegt að eiga þau, stöðugt að vera á verði, stöðugt að halda uppi árvekni um það, hvort unnt

sé að halda uppi þessari starfsemi á Íslandi. A ég þá í sjálfu sér ekki við að leggja eigi verksmiðjurnar niður, a. m. k. ekki fyrst um sinn, heldur að áframhaldandi uppbygging gæti orðið hér á landi, en ekki vestra.

Spurning númer tvö hljóðar svo: „Hve miklum gjaldeyri tapa Íslendingar á því, að þessi framleiðsla er ekki í landinu sjálfu?“ Ég skal játa, og vænti að hæstv. ráðh. hafi séð það í hendi sinni, að þessi spurning er dálítið klaufalega orðuð. Þegar á málið er litið í heild höfum við að sjálfsögðu haft gífurlegan hagnað af því að koma upp þessu markaðskerfi. En það, sem fyrir mér vakti þegar ég samdi þessa spurningu, var miðað við þær aðstæður að verksmiðjurnar hefðu getað verið hér á Íslandi. Nú kann að vera að sú viðmiðun hafi ekki verið raunhæf. En meginefni fsp. er að fá enn endurskoðaða þá spurningu, hvort þessar aðstæður séu raunhæfar eða ekki.

Þriðja og fjórða spurning skýra sig sjálfar: Hve margt fólk starfar í þessum verksmiðjum, sem Íslendingar eiga erlendis, og hverjar horfur eru í þessum málum á Evrópumarkaði? Nú má búast við, að aðstæður þar muni kalla á meira af tilbúnum frystum fiskréttum. Kemur þá til álita, hvort við getum komist inn á þann markað, hvort við neyðumst til að fara sömu leið og í Bandaríkjunum að byggja verksmiðjur t. d. í Hollandi, eins og einu sinni var ætlað, eða hvort við getum ekki varðandi Evrópu, sem er töluvert nær okkur en Norður-Ameríka, byggt upp slíkan markað á þann hátt, að verksmiðjurnar, sem framleiða hina endanlegu neytendavöru, verði hér á landi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Um svar við þessum fsp. hv. 2. landsk. þm. var haft samráð við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Samband ísl. samvinnufélaga og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Tæknilega er lítið því til fyrirstöðu að framleiða fiskskammta og fleira þess háttar í neytendapakningar hér á landi. Mikla þekkingu á mörkuðum erlendis þarf til að framleiða tilbúna rétti fyrir fólk með ólíkan smekk. Fiskstautar og annað, sem framleitt er í verksmiðjum okkar fyrir vestan, er í háum tollaflokki í Bandaríkjunum og er yfirleitt mjög dýrt að selja mikið unna vöru þar. Geymsluþol á þessum forsteiktu eða hálfmatreiddu réttum er tiltölulega lítið, og einn farmur, sem þránar vegna of langrar geymslu eða ófullnægjandi skilyrða, getur þurrkað út margra ára ávinning. Verksmiðjurnar íslensku í Bandaríkjunum hafa gert okkur kleift að selja mun meira en ella og reynslan hefur sýnt, að þær greiða yfirleitt hæsta fáanlegt verð fyrir afurðir okkar. Atvinnulega og þjóðhagslega séð er þó e. t. v. athugandi, hvort meiri fullvinnsla er möguleg, t. d. mætti móta fiskinn í ákveðna lögun og ákveðna þyngd áður en hann er frystur og auka vinnsluvirðið á þann hátt. E. t. v. gæti borgað sig að vinna einstakar, en þó ekki forsteiktar afurðir í neytendapakkningar, en þetta hefur verið reynt hér.

Samband ísl. samvinnufélaga stofnaði Fiskrétti hf. á árunum eftir 1970 og flutti fiskrétti til Evrópu. Það fyrirtæki hætti störfum eftir tveggja ára starf og mikinn taprekstur.

Hinn 5. maí 1966 var samþ. á Alþ. þáltill. um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla. Samkv. þeirri samþykkt átti ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til að gera þessa athugun. Það var gert, og nefndin afhenti sjútvrn. skýrslu í ágúst 1968. Er í henni margar upplýsingar að finna um þessi mál öll.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða frystihús innan vébanda hennar hafa ekki til þessa framleitt tilreiddar fiskafurðir eða blokkskornar vörur á Íslandi til útflutnings, en hins vegar hefur dótturfyrirtæki SH í Bandaríkjunum, Coldwater Seafood Corporation, starfrækt verksmiðju þar í landi í tvo og hálfan áratug, og annað dótturfyrirtæki SH starfrækti litla verksmiðju í Englandi á árunum 1958—1963. Og þá er ný verksmiðja í Bandaríkjunum að hefja vinnslu um þessar mundir, í Everett. Um tíma var unnið að undirbúningi stofnunar verksmiðju í Hollandi með tilliti til sölu í löndum Efnahagsbandalagsins, en af framkvæmdum varð ekki.

Ekkert frystihús hér á landi leggur sérstaka áherslu á blokkavinnslu, heldur er í nær öllum tilfellum um að ræða vinnslu úr hráefni sem ekki hentar í vandaðri flakapakningar. Þróun undanfarinna ára hefur verið frá flakapakningum og er öfugt við það, sem spáð var fyrir 15—20 árum, þegar vinnsla úr blokk var á bernskuskeiði sem iðnaður. Verksmiðja á Íslandi yrði því að safna blokk víða að, kosta síðan flutning afurða á erlenda markaði. Flutningskostnaður mundi því aukast, auk þess sem afurðirnar eru fyrirferðarmeiri en blokkirnar og vandasamari í flutningi vegna brothættu. Hráefni við þessa framleiðslu yrði um 25—50% innflutt, og mundi um leið vera mikill flutningskostnaður á því.

Þegar þetta allt er athugað er að dómi þeirra manna, sem gerst þekkja þessi mál, ekki talið þjóðhagslega hagstætt að stofna til slíkrar verksmiðju hér á landi. Þar koma auðvitað til mörg önnur atriði en ég hef þegar nefnt, þ. á m. óhagstæð skipun tollamála, sem gerir að verkum að þessi framleiðsla verður okkur hagstæðari í öðru landi, fyrir utan þann mikla kostnað, sem yrði af flutningi á þessari vöru, fyrst innanlands og síðan til útlanda, og innflutningi á hráefni til þessarar vinnslu. Hitt er annað mál og er þörf spurning að leggja fram, að hér þarf auðvitað að taka tillit til þess, hvort ekki sé hægt að gera þessa framleiðslu verðmætari heima, þó að ekki komi til greina að byggja slíka verksmiðju og selja þessa vöru fullunna úr landi.

2. lið fsp. er mjög erfitt að svara, eins og hv. flm. tók fram. Útreikningur sem þessi yrði mjög flókinn og yrði við hann að ganga út frá forsendum sem ekki eru fyrir hendi. Enn fremur skal þess getið, að gjaldeyristap Íslendinga vegna útflutnings á blokk hefur ekki verið reiknað út nýlega. Treysti ég mér því ekki til þess að svara nánar þessari fsp. Á bak við það er svo mikil vinna og enn fremur erfitt að ákveða út frá hvaða forsendum eigi að finna tapið.

Um fjölda starfsfólks í fiskverksmiðjum, sem Íslendingar eiga erlendis, er það að segja, að hjá verksmiðjum Coldwater í Bandaríkjunum starfa milli 300 og 400 manns og hjá Icelandic Products er fjöldi starfsmanna nú liðlega 200 manns.

Um 4. spurninguna, viðvíkjandi horfum á Evrópumarkaði, skal þess getið, að á síðustu missirum hefur sala á frystum fiski til Evrópumarkaðslanda aukist verulega. Þar kemur til lækkun tolla og aukin eftirspurn eftir freðfiski, sem aftur á móti á rót sína að rekja til þeirra breytinga sem orðið hafa á fiskveiðilögsögu hinna ýmsu ríkja. Í Evrópulöndum er hins vegar mikil samkeppni ríkjandi milli vel þekktra vörumerkja og verðið hefur allt fram á síðustu tíma verið lægra en í Bandaríkjunum. Enn mun því nokkuð langt í land að upp komi í Evrópu markaður fyrir fiskrétti er keppt gæti í verði við hliðstæðan markað í Bandaríkjunum.

Við þessar fsp. allar vil ég bæta því, að við verslum aðallega með freðfisk við tvö lönd: í fyrsta lagi Bandaríkin og í öðru lagi Sovétríkin. Bandaríkin, eins og flest önnur lönd, hafa nú fært fiskveiðilögsögu sína út í 200 mílur. Þar eru víða auðug fiskimið og er sjáanleg stórfelld aukning á fiskveiðum innan bandarískrar fiskveiðilögsögu, en sömuleiðis fer vaxandi áhugi nokkurra þjóða, sem fiskveiðar stunda, að fá fiskveiðiheimildir innan þeirrar fiskveiðilögsögu. Allt þetta getur skapað og kemur til með að skapa vaxandi samkeppni um veiðar og sölu á fiski í þessu fjölmenna ríki. Hitt aðalviðskiptaríkið, Sovétríkin, hefur verið með annan stærsta úthafsveiðiflota heims og við útfærslu í 200 mílur, jafnvíðtækt og það er, hafa þeir brugðist við sínum vanda á þann hátt, að þeir hafa samið við fjölmargar þjóðir, t. d. við þjóðir sem liggja að Indlandshafi, þjóðir víða í Afríku og nú fyrir skömmu við Marokkó, um að sovéski flotinn fái að fiska innan fiskveiðilögsögu þessara ríkja og landa afla hjá þeim til vinnslu. Síðan kaupa þjóðirnar þessar afurðir af þeim. Allt getur þetta haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir okkur Íslendinga innan ekki langs tíma. Er engum vafa undirorpið, að við Íslendingar eigum að leggja í vaxandi mæli mikla áherslu á það að koma afurðum okkar inn á markaði hjá fleiri þjóðum, þá ekki síst hjá þjóðum Vestur-Evrópu, sem eru iðnaðarþjóðir þar sem lífsafkoma almennings er einna best. Þær þjóðir geta keypt afurðir okkar á því verði sem við þurfum að fá fyrir þær. Orðið hefur mikil breyting með tollasamningnum, sem tók gildi fyrir hálfu öðru ári, til þess að auka þessi viðskipti í Vestur-Evrópu. Tel ég mjög athugandi, að verksmiðjum líkum og í Bandaríkjunum eða með þeim hætti, sem hæfir smekk þessara þjóða, verði komið upp í Vestur-Evrópu, þó of snemmt sé að fullyrða um þau efni nú á þessari stundu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans, sem voru eins ítarleg og við var að búast, svo og fyrir þær vangaveltur sem hann endaði ræðu sína á. Ég heyri á honum, að það muni vera skoðun þeirra manna, sem gerst þekkja, að aðstæður hafi ekki breyst svo að mögulegt sé að flytja fullvinnslu á fiski fyrir Ameríkumarkað hingað heim. Mér þykir þó ánægjulegt að heyra hann segja, að við verðum að stefna að því eftir föngum að gera fiskinn verðmætari áður en hann er fluttur úr landi, ef finnanleg eru millistig á því sviði.

Augljóst er, þegar lesnar eru tölur um að 500—600 manns hafi atvinnu í tveimur íslenskum verksmiðjum vestan hafs, að hér er um að ræða mikið atvinnumál, sem Íslendingar verða að reyna, ef þess gefst kostur í framtíðinni, að flytja sem mest hingað heim. Þetta er fiskiðnaður á allra fullkomnasta stigi — iðnaður sem þarf töluvert mikið vinnuafl og því meira sem við getum í framtíðinni flutt af slíkri starfsemi hingað til lands í stað þess að hún fari fram erlendis, því betra.

Það var mjög athyglisvert sem hæstv. ráðh. sagði í lokin, að útfærslan í 200 mílur hefði á ýmsan hátt gert okkur vandasamari sölu á afurðum okkar og skapað ný viðhorf í samkeppni. Það hefur verið þekkt um nokkra áratugi, að bandarísk stjórnvöld hafa rekið stefnu í innflutningsmálum á fiski sem hefur haft í för með sér að þeirra eigin fiskiðnaður, sérstaklega í Nýja-Englandi, hefur nálega lagst niður, eða a. m. k. orðið langt á eftir tímanum hvað tæknilega þróun snertir. Á þessu getur orðið mikil breyting nú eftir að Bandaríkin fá 200 mílna landhelgi. Á það hefur verið minnst áður, að við þurfum að fylgjast vel með þeirri þróun, sérstaklega ef aðrar þjóðir taka upp á því að setja upp útgerðarfyrirtæki í Bandaríkjunum, sem mun vera tiltölulega auðvelt samkv. bandarískum lögum, og leppa þar verulegar fiskveiðar sem gætu orðið samkeppnisaðilar við okkur.

Það er einnig athyglisvert, hvernig Sovétríkin hafa leyst sitt vandamál. Það kom snemma fram á hafréttarráðstefnunni, að áhugi vanþróaðra ríkja á því að fá 200 mílur, sem vitað var að viðkomandi þjóðir höfðu engar aðstæður til þess að nýta, byggðust á því að selja fiskveiðiréttindi. Sú þróun er þegar í gangi og getur haft áhrif á markaðstöðu okkar.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að Vestur-Evrópa er það svæði sem við þurfum nú að beina athygli okkar mjög að varðandi framtíðarmarkaði. Á s. l. sumri fóru þm.-nefndir bæði til Bretlands og Vestur-Þýskalands og áttu viðtöl við fólk bæði í Bremerhaven í Þýskalandi og í Grimsby í Englandi. Á báðum stöðum var auðheyrt að áhugi manna var að fá hráefni frá okkur. Þeir hafa aðstöðu til dreifingar og vinnslu og vilja fá hráefni.

Spurningin er, hvort sjónarmið okkar hlýtur ekki til frambúðar að vera að reyna að hafa sem mest af vinnslunni hér á landi, eins og hæstv. ráðh. sagði í svari sínu, reyna að hafa fiskinn sem allra verðmætastan þegar hann er fluttur út. Með þessu er ég þó engan veginn að andmæla því, að á vissum árstímum og við vissar aðstæður geti verið hagkvæmt fyrir fiskiskip okkar að selja ísaðan fisk erlendis.

Ég ítreka þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir svörin og þær upplýsingar sem hann veitti.

Votheysverkun, fsp. (þskj. 405). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Fyrir tæpu ári, eða 29. apríl 1977, samþykkti Alþingi þál. um votheysverkun. Þessi þál. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er með því að:

1) kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun,

2) veita hærri stofnlán til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna og

3) veita sérstök stofnlán til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður."

Það er, eins og ég sagði, nær ár komið frá því að Alþ. lýsti þeim vilja sínum sem fram kemur í þessari þál. Þótti mér því tímabært í svo mikilvægu máli að grennslast fyrir um það, hvað liði framkvæmd á þessari þáltill. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv. landbrh., svo hljóðandi:

„Hvaða ráðstafanir, til að stuðla að almennari votheysverkun en verið hefur, hefur ríkisstj. gert samkv. þál. um votheysverkun, sem Alþ. samþykkti 29. apríl 1973?"

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við fsp. hv. 3. þm. Vestf. á þskj. 405 vil ég gefa eftirfarandi svar. — Hann hefur áður greint frá þál., svo að ég þarf ekki að minna á hana.

Á fjárlögum s. l. árs voru veittar 3 millj. til rannsókna á hvaða heyverkunaraðferðir gæfu best fóður. Rannsóknastofnun landbúnaðarins sendi aðallega ráðunautum landbúnaðarins spurninga- og leiðbeiningalista snertandi fóðursýnistökur. Þegar hafa verið rannsökuð yfir 250 votheyssýni. Meira en 90% þessara sýna hafa borist frá ráðunautum. Ráðunautar hafa svo að sjálfsögðu fengið niðurstöður þessara rannsókna og þeir nota þær í leiðbeiningastarfsemi sinni.

Bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Hvanneyri vinnur að umfangsmiklum tilraunum í votheysgerð. Hefur deildin aflað sér ýmissa tækja til afnota við þessar tilraunir. Á fjárlögum þessa árs eru 3.9 millj. kr. í þessu skyni. Verða þær notaðar til framhaldsrannsókna á þessu sviði og nýjum tilraunum bætt við, t. d. í votheysverkun á Hvanneyri og hjá bændum í nágrenninu. Þá verða gerðar samanburðartilraunir á þurrheysverkun og votheysverkun, einnig samanburður á fóðurgildi heys eftir því hver verkunin hefur verið.

Með þessu tel ég svarað 1. lið í þáltill. þeirri sem hér var greind að framan.

Um 2. lið þáltill. er þetta að segja: Til þess að auka stofnlán til votheysgryfja hefði lagabreyting orðið að eiga sér stað. Sú breyting hefur hins vegar ekki verið gerð. Reyndar verður að telja ástandið í þeim málum gott, því að lán og framlag til votheyshlaðna geta numið 75% af byggingarkostnaði flatgryfja. Aukning hefur orðið mikil í byggingu votheysgryfja, einkum á s. l. sumri. Eftirfarandi tafla sýnir þetta: Árið 1975 voru votheyshlöður 33 og lán til þeirra 33 millj. kr., árið 1976 voru þær 27 og lán 41 millj. kr., 1977 voru þær 58 og 135 millj. kr. veitt í þessu skyni.

Um þriðja atriði þáltill., að veita sérstök stofnlán til breytinga á eldri þurrheyshlöðum í votheyshlöður, er þetta að segja: Hér gildir hið sama og um 2. lið þáltill., að breyta yrði lögum ef það ætti að gera, en hér kemur fleira til:

1. Flestar gömlu hlöðurnar eru of grunnar til þess að þær geti talist eins góðar og votheyshlöður. Hæð samanþjappaðra heystæða má varla vera minni en 2.5 m, en það þýðir að vegghæð þyrfti að vera minnst 4.5—5 m.

2. Fæstar hinar eldri hlaðna eru nægilega traustbyggðar til að þola aukið álag sem því fylgir að þeim yrði breytt í votheyshlöður.

3. Aðstaða til innkeyrslu votheys í gömlu hlöðurnar, sem breyta mætti, er víða svo erfið og kostnaðarsöm að það félli um sjálft sig.

Þessar þrjár ástæður valda því, að oftast reynist hagkvæmara að byggja frekar nýjar votheyshlöður en að breyta þeim gömlu.

Ég tel að með þessu hafi ég svarað spurningunni og ljóst megi vera að þáltill. hefur þegar borið árangur og mun gera það enn þá betur, því að áfram er unnið að framgangi málsins. Ég taldi að með grg., sem ég gaf fyrr í vetur, hefði ég að þessu vikið að nokkru — í þeirri grg. sem ég útbýtti þá á borð hv. þm. Ég vona að hún skýri þetta betur, ef þetta nægir ekki.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans en mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um þau.

Ég er ekki nægilega ánægður með þau viðbrögð, sem hafa orðið í þessu máli frá því að Alþ. lýsti vilja sínum um þessi efni.

Hæstv. ráðh. fór út í hina einstöku töluliði þáltill. Í 1. tölul. er talað um að kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun. Ég heyrði ekki að ráðh. gæti neitt um það, að gerðar hefðu verið beinar ráðstafanir til þess að kynna íslenskum bændum reynslu þeirra sem mest hafa búið við votheysverkunina. Það hefði mátt hugsa sér að það hefði verið gert með því að halda t. d. námskeið eða senda menn um landið gagngert í þessu skyni. Auðvitað geri ég mér ljóst að unnið er merkilegt starf í þessu efni eins og öðrum á vegum Búnaðarfélags Íslands, en þessi þáltill. er samþykkt til þess að hnykkja á í þessum efnum, en láta ekki sitja í sama farinu.

Hæstv. ráðh. vék svo að 2. lið þáltill., varðandi hærri stofnlán til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna. Með þessu er lögð áhersla á að breyta um útlánastefnu í þessum efnum frá því sem verið hefur, þ. e. a. s. að láta votheysgerðina hafa forgang.

Það sama er að segja um 3. liðinn, sem er um að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður. Hæstv. ráðh. gat um ýmsa meinbugi á þessu. Svo er vafalaust ekki í öllum tilfellum, enda lá það ekki í orðum ráðh. En auðvitað verður að meta hverju sinni, hvað hagkvæmt er að gera í þessu. Aðalatriðið er þó, að í þessari þáltill. Alþ.

er mótuð sú stefna að leggja áherslu á votheysgerðina.

Það er góðra gjalda vert, eins og ráðh. greindi frá, að unnið sé að rannsóknum á mismunandi heyverkunaraðferðum. Það verður lengst af, ef ekki alltaf, unnið að slíku í stofnunum landbúnaðarins. En þáltill., sem hér um ræðir, byggist á þeirri forsendu, að ekki þurfi að bíða eftir neinum rannsóknum í þessu efni til þess að hefja aðgerðir, sem breyta stefnunni, vegna þess að það er litið svo á að votheysgerðin hafi sannað ágæti sitt. Menn verða að hafa í huga, að með votheysverkun fá bændur öryggi svo sem frekast er unnt gegn duttlungum tíðarfarsins. Votheysverkun tryggir fóðuröflun í óþurrkatíð. Með votheysverkun afstýra bændur áföllum og fjárhagstjóni sem þeir verða fyrir í óþurrkasumrum sem ekki hagnýta þessa aðferð.

En votheysverkun er ekkert neyðarúrræði til að mæta óþurrkum, þvert á móti. Auk öryggisins, sem þessi heyverkun veitir um fóðuröflun, fylgja aðrir hinir mikilvægustu kostir. Votheysverkun tryggir fóðurgildi heyfengsins hvað sem líður tíðarfarinu. Votheysverkun krefst miklu minni vélakosts en þurrheysverkun og votheysverkun krefst minni vinnu.

Það er á grundvelli þessara staðreynda, sem í ljós hafa komið hjá þeim sem hafa beitt þessari heyverkunaraðferð og búið við hana, sem tímabært er að breyta um stefnu í þessum málum, ekki einungis að samþykkja ályktun um það á hv. Alþ., heldur að breyta um stefnu í verki.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég er ekki sammála hv. 3. þm. Vestf., að ekki hafi orðið allmikil breyting frá því að þessi þáltill. var samþykkt. Hún var ekki afgreidd fyrr en 29. apríl 1977, en framkvæmdir á því sama ári voru þannig, að samanborið við 27 gryfjur, sem voru byggðar árið 1976, voru byggðar 58 á árinu 1977. Ég hygg að ef mörg mál, sem á hv. Alþ. eru samþ., fengju svo skjótan frama, væri framkvæmdahraðinn meiri en almennt gerist. Ég vil líka segja það, að þeim upplýsingum, sem hefur verið safnað hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Bútæknideildinni á Hvanneyri, hefur verið komið til bænda í gegnum leiðbeiningaþjónustuna sem ráðunautar annast. Í þriðja lagi vil ég svo geta þess, að eftir því sem ég best veit er það stefna stofnlánadeildar landbúnaðarins nú að láta votheyshlöður ganga fyrir þurrheyshlöðum í sambandi við lánveitingu. Mér finnst því allt hniga í sömu átt: verulegt átak hafi verið gert í þessa átt. En auðvitað eiga rannsóknir á heyverkunaraðferðum að halda áfram hér eftir sem hingað til, því að engin sannindi eru í þeim sem ekki eru breytanleg eða eiga ekki eftir að breytast frá því sem nú er.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram, að auðvitað er ég ekki að vanmeta það, að byggðar voru fleiri votheysgryfjur árið 1977 en 1976. En þó að ég vilji ekki vanmeta þá till., sem ég bar fram á sínum tíma og samþykkt var þá þál. sem hér hefur verið rætt um, þá leyfi ég mér að efast um að þetta séu bein áhrif frá þeim tillöguflutningi. Þetta er fyrst og fremst vaxandi vottur þess, hversu nauðsynlegt er að grípa til þeirra ráða að auka votheysgerðina. Það höfðu tvö undanfarin votviðrasumur lagt mikla áherslu á.

Ég stóð upp til þess að lýsa ánægju minni yfir því, sem ráðh. lét getið í sinni síðari ræðu, en ekki í sinni fyrri, að nú væri gert ráð fyrir að votheysgryfjur yrðu látnar ganga fyrir þurrheyshlöðum. Ég fagna því. En ég legg áherslu á það, sem ég tel að allir þurfi að gera sér grein fyrir, að við eigum ekki að bíða eftir frekari rannsóknum á mismunandi heyverkunaraðferðum til þess að framkvæma þá stefnu sem Alþ. hefur samþykkt, þó að sjálfsagt sé að halda áfram almennum rannsóknum um þessi efni.

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 11. apríl, að loknum 64. fundi.

Úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og uppsögn varnarsamnings, þáltill. (þskj. 459). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnu- og félagsmál á Þórshöfn, þáltill. (þskj. 483). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ráðstafanir gegn útflutningsbanni, þáltill. (þskj. 503). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lagning aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar, þáltill. (þskj. 508). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Nú er kominn sá tími árs er ég samkv. venju gef Alþ. skýrslu um utanríkismál, þ. e. þróun alþjóðamála og samskipti Íslands við önnur ríki og alþjóðastofnanir. Mun þetta vera tíunda árið síðan sá háttur var tekinn upp að flytja Alþingi árlega yfirlitsskýrslu af þessu tagi og leyfi ég mér að ætla, að þingheimi og þeim, sem fylgjast með störfum þingsins þyki það góður siður, sem halda beri.

Skýrslunni fylgir skýrsla fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um 32. Allsherjarþingið. Var báðum skýrslunum dreift nokkru fyrir þessa umr. svo að þm. hefur væntanlega gefist tími til að kynna sér þær. Ég er að sjálfsögðu fús til að ræða nánar að loknum flutningi skýrslu minnar einstök atriði hennar eftir því sem óskað kann að verða. — Þá vil ég geta þess, að

fulltrúar í utanrmn., bæði aðalmenn og varamenn, fá einnig ársskýrslu sendiráðanna. Ég hef gert örfáar leiðréttingar á ritvillum og því, sem breyst hefur örlítið síðan skýrslan var gerð. Ég vona, að þm. lesi það í máli með mér þegar þar að kemur. Það er svo smávægilegt, að ég held að það taki tæpast að vera að benda á það hverju sinni.

Að því er varðar framvindu í því utanríkismáli sem okkur Íslendinga varðar mest, landhelgismálinu, álítum við nú allir, að algjör efnahagslögsaga njóti trausts stuðnings samkv. alþjóðarétti. Auðæfin í efnahagslögsögu okkar höfum við til eigin nýtingar og veitum þar öðrum réttindi einungis eins og við teljum ástand fiskstofna heimila og í samræmi við þau ákvæði, sem við höfum barist fyrir að tekin væru upp í þann viðræðutexta sem nú liggur fyrir fundi Hafréttarráðstefnunnar, sem stendur yfir og hófst í Genf hinn 27. fyrra mánaðar. Ég mun víkja nokkrum orðum að þeim fundi og verkefnum hans síðar í skýrslunni.

Í þessu sambandi vil ég rifja upp einu sinni enn, að árið 1971, þegar ég fór fyrst til samninga við Breta og Vestur-Þjóðverja, voru aflatölur þessara þjóða sem hér segir: Bretland 210 þús. tonn, Vestur-Þýskaland 125 þús. tonn. Auk þessa höfðu fiskað á Íslandsmiðum aðrar erlendar þjóðir og mun afli þeirra hafa numið samtals 56 þús. tonnum. Er þarna því alls um að ræða 391 þús. tonn.

Þessi afli hefur farið minnkandi stig af stigi á þessum tæpu 7 árum eftir því sem sigrarnir hafa unnist og nú eru aðeins í gildi þrír samningar við útlendinga: Belga, Norðmenn og Færeyinga, og nam afli þeirra á s.l. ári samtals 27 þús. tonnum auk samnings við Færeyinga um gagnkvæm réttindi til veiða annars vegar á loðnu og hins vegar kolmunna.

Þegar þessar tölur eru athugaðar hljóta allir að sjá hversu gífurlegum árangri hefur verið náð á umgetnu tímabili. Árið 1971 var fiskveiðilögsagan 12 sjómílur, nú er hún 200 sjómílur. Árið 1971 var afli útlendinga 391 þús. tonn, nú er hann um 27 þús. tonn. Auk þess hafa ýmis önnur réttindi áunnist í hafréttarmálum, sem ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér.

Þrátt fyrir þetta er þó ýmislegt enn ógert á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, og er auðvitað nauðsynlegt nú sem fyrr að Íslendingar taki virkan þátt í þeim störfum undir öflugri forustu Hans G. Andersens sendiherra í góðri samvinnu við fulltrúa þingflokkanna og embættismenn viðkomandi ráðuneyta.

Ástæður þess, að svo vel hefur til tekist, tel ég vera margar. Landgrunnslögin eru nú 30 ára gömul og þeirra var minnst á Hafréttarráðstefnu nú fyrir nokkrum dögum. Stjórnarforusta hefur allt tímabilið verið ákveðin, þróun alþjóðamála hefur verið hagstæð, Alþ. hefur verið einhuga og það sem þó e. t. v. skiptir mestu er samstaða allrar þjóðarinnar.

Nú er það okkar að gæta fengins fjár, og það hefur á stundum reynst býsna erfitt. Ég vona að íslenska þjóðin beri gæfu til þess að standa vörð um auðæfi hafsins, því að hvort tveggja er, að undirstaða íslensks efnahagslífs hygg ég að um langan aldur verði fiskveiðar og fiskvinnsla, þótt sjálfsagt sé að reyna fleiri leiðir til að auka fjölbreytni atvinnuveganna, og svo hitt, að friðun fiskimiðanna á ekki að vera eingöngu fyrir okkur Íslendinga, heldur jafnframt til sköpunar fæðuforðabúrs fyrir aðra.

Þegar hafa verið gerðir nokkrir samningar við aðrar þjóðir um sameiginlegar ráðstafanir til verndunar og friðunar fiskistofnanna og má vænta árangurs af þeirri samvinnu í framtíðinni.

Ég tel það hafa verið mér bæði lífsreynslu og gæfu að hafa fengið aðstöðu til að starfa að landhelgismálinu undanfarin rúm 6 ár, og ég er þakklátur öllum þeim góðu mönnum sem ég hef átt kost á að starfa með, hvar í flokki sem þeir standa. Stundum hefur okkur greint á um leiðir, en aldrei um markmið.

Telja verður, að á árinu hafi heldur stirðnað samskipti risaveldanna. Lítið sem ekkert hefur miðað í átt til samkomulags í afvopnunarmálum, þ. á m. hvorki samningsumleitunum um takmörkun á langdrægum gereyðingarvopnum, svokölluðum SALT-viðræðum, né í viðræðunum í Vín um niðurskurð herbúnaðar í Mið-Evrópu, MBFR. Vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram. Áætlað er, að árleg hernaðarútgjöld ríkja heims nemi nú um 350 milljörðum dala og að nálægt 60 millj. manna stundi störf, sem tengd eru vígbúnaði. ¾ hlutar hernaðarútgjaldanna eru á vegum 6 ríkja. En útgjöld á þessu sviði eru ekki bundin við þau ein, fátækustu ríki veraldar, þar sem árstekjur á einstakling eru yfirleitt innan við 200 dali, verja svipuðu fjármagni til herbúnaðar og til fjárfestingar í landbúnaði.

Ég hef sagt það áður, bæði hér og á erlendum vettvangi, að samkomulag risaveldanna um afvopnun, einkum þó bann við framleiðslu, geymslu og dreifingu gereyðingarvopna hvers eðlis sem þau eru, sé óhjákvæmileg forsenda fyrir framhaldi þeirrar slökunarstefnu, sem svo mikið hefur verið rætt um undanfarin ár og við viljum efla eftir mætti. Og það fjármagn, sem sparaðist við allsherjarsamdrátt vígbúnaðarins gæti að sjálfsögðu gerbreytt stöðu mála í viðureigninni við hungur og sjúkdóma sem nú herja í mörgum heimshlutum.

Hér vaknar sú spurning, hvað smáþjóðir eins og sú, sem byggir Ísland, geti gert til að stuðla að bættum skilyrðum til afvopnunar og almennt bættri sambúð og samvinnu í heiminum.

Þróun sögunnar og tæknin breyttu þessari landfræðilega einangruðu eyju okkar á nærri svipstundu í mikilvæga stöð frá hernaðarlegu sjónarmiði. Ísland valdi að gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu og varð þannig hlekkur í varnarkeðju sem að mínu áliti er enn í dag nauðsynleg til að viðhalda valdajafnvæginu í Evrópu og reyndar í heiminum öllum og stuðla þannig að varðveislu friðarins. Ég hef margoft áður hér í þingsölum sagt, að ég teldi það ekki eðlilegt né æskilegt, að Ísland skyldi þurfa að gerast meðlimur í varnarbandalagi. En meta ber jafnan allar aðstæður af raunsæi og gera það, sem heillavænlegast er fyrir land og þjóð. Það er mín skoðun, að íslensk ríkisstj. eigi að styðja allar tilraunir á hvaða vettvangi sem er, sem stuðlað

geta að afvopnun og banni við dreifingu vopna í heiminum.

Smærri ríkin í samfélagi þjóðanna eru oft þess megnug að greiða fyrir lausn milliríkjadeilumála. Þau eiga sjaldnar beinna hagsmuna að gæta og njóta því oft meira trúnaðartrausts en stærri ríki, sem með réttu eða röngu eru grunuð um að blanda sér í málin vegna sérhagsmuna.

Við tölum gjarnan um Ísland sem þann smæsta af öllum smáum. Þetta lætur nærri, en er þó ekki alveg rétt og til upplýsinga mætti kannske geta þess, að þegar Maldiveeyjar fengu aðild að Sameinuðu þjóðunum 1965, var Ísland ekki lengur minnsta aðildarríkið að fólksfjölda og á síðustu 7 árum eða frá árinu 1971 hafa bæst við 8 önnur ríki, sem öll telja færri íbúa en Ísland. Ísland er því 10. minnsta ríkið núna samkv. þessum mælikvarða. Síðan koma enn fimm ríki, sem eru heldur fólksfleiri en þó um og undir 300 þús. Má þá fyrst nefna 16. og 17. ríkið í röðinni sem eru Lúxemburg og Malta, en 25 aðildarríki Sameinuðu þjóðanna telja færri íbúa en hálfa millj. manns og eru því í þessu sambandi alger smáríki eins og við.

Fulltrúum Íslands í alþjóðastofnunum er ætlað það hlutverk að efla samvinnu við allar þjóðir og þjóðasambönd, sem vilja vinna að vernd friðar og raunverulegri afvopnun. Alger afvopnun er, eins og ég sagði áðan, eina undirstaðan, sem varanlegur og tryggur friður í heiminum getur byggst á. Mönnum getur e. t. v. fundist ólíklegt að von mín um frið, sem gerir varnarbandalag óþörf, muni rætast í náinni framtíð, en það er sannfæring mín, að þeim mun betur beri þá að vinna að því takmarki.

Almenningur hefur nú miklu meiri möguleika á að fylgjast með alþjóðamálum vegna framfara í fjölmiðlum, þýðing svæðasamvinnu hefur aukist, samvinna milli smáríkja hefur eflst, m. a. þar eð þróunarlöndin kjósa oft minni iðnþróunarlönd til samstarfs og skipulag alþjóðastofnana er á þann veg, að smáríkin geta haft þar tiltölulega mikil áhrif. Flestum, ef ekki öllum, ber saman um að smáríkin í Evrópu hafi haft þýðingarmikil áhrif á Öryggismálaráðstefnu Evrópu, sem stóð yfir á árunum 1973—1975, og er talið að ekki hefði náðst sá árangur á ráðstefnunni, sem raun ber vitni, án framlags þeirra. Stórveldin hafa ekki alltaf möguleika á að notfæra sér það vald sem þau hafa yfir að ráða.

Þróun í þjóðarétti er í sömu átt. Aldrei hefur alþjóðlegt samstarf verið jafnlýðræðislegt og eftir síðari heimsstyrjöld. Eðlilegt er, að minni ríki styðji slíka þróun, ekki síst vegna þess að hún er þeim í hag. Afleiðing þessarar þróunar gæti orðið sú, að Norðurlöndin fengju forustuhlutverk á vissum sviðum, svo sem í afvopnunarmálum, slökun, þróunarmálum, umhverfismálum og á fleiri sviðum.

Á síðustu utanríkisráðherrafundum Norðurlanda og einkum þeim síðasta í Osló fyrir nokkrum vikum hefur verið rætt mikið um hlutverk smærri ríkja í dag í alþjóðlegu samstarfi. Álit margra er, að þau hafi stærra hlutverki að gegna nú heldur en áður hefur verið.

Viðræður og samvinna Norðurlandanna um mál Sameinuðu þjóðanna, bæði á fundum í höfuðborgunum og í New York, hafa yfirleitt gefist vel. Norræn samstaða í alþjóðamálum er nauðsynleg. Með samstöðu fæst yfirleitt meiri árangur. Sá, sem stendur einn, stendur veikt.

Sú staðreynd, að þrjú Norðurlandanna eru meðlimir Atlantshafsbandalagsins, en tvö þeirra sjá um landvarnir sínar sjálf, hefur ekki spillt samkomulaginu. Sama má segja hvað viðvíkur Efnahagsbandalaginu og EFTA.

Rætt hefur verið um starfsskiptingu innan Norðurlandanna í þýðingarmiklum alþjóðamálum. Með starfsskiptingunni mælir sú staðreynd, að löndin eru öll fremur lítil og hafa takmarkað fjármagn og starfslið. Með því að hjálpast að í stað þess að keppa hvert við annað verður meiri árangri náð. Í aðstoð sinni við þróunarlöndin hafa Norðurlöndin komið á bæði samstarfi og eins konar starfsskiptingu. Á móti starfsskiptingu mælir stundum það, að Norðurlöndin eru öll fullvalda ríki og af ýmsum ástæðum getur verið óhentugt að láta annað land annast þýðingarmikil utanríkismál fyrir sig.

Þeir, sem kunnugir eru, telja að ýmis ríki þriðja heimsins vilji taka Norðurlöndin til fyrirmyndar hvað snertir umbætur þjóðfélaga sinna. Eðlilegt væri, að Norðurlöndin hefðu samvinnu um að koma til móts við þessi lönd.

Búist er við að haldið verði áfram umr. um hlutverk smáþjóðanna í alþjóðamálum á næsta utanrrh.-fundi, sem haldinn verður í Stokkhólmi í haust.

Ég mun að öðru leyti ekki gera samstarfið í Norðurlandaráði að umtalsefni, þar sem ég veit ekki betur en sendinefnd Alþingis á því þingi muni gefa þinginu um það sérstaka skýrslu, svo sem gert var á s. l. þingi.

Friður hefur að mestu haldist í Miðausturlöndum og í deilumálum Ísraels og Egyptalands hefur skeð sá merki atburður, auðvitað að undanskildum hernaðinum í Suður-Líbanon, en sá merki atburður hefur skeð, að Anvar Sadat, forseti Egyptalands, lýsti sig fúsan til að taka upp beinar tvíhliða viðræður við leiðtoga Ísraels og fór til Jerúsalems til að reyna að opna einhverja samningsleið í þessum langvarandi og margslungnu vandamálum. Sadat hefur að mínu mati sýnt aðdáunarvert hugrekki með þessu frumkvæði sínu og á miklar þakkir skilið. Höfuðatriðið í þróuninni, sem þarna hefur átt sér stað er, að fram skuli hafa komið vilji til að leita í einlægni að leiðum til lausnar. Engan þarf að undra þótt vandleystur ágreiningur rísi þegar byrjað var að ræða einstök atriði. En við verðum að vona að framtak Sadats renni ekki út í sandinn og báðir aðilar sýni sáttfýsi og hógværð í kröfum sínum. Hermdarverk og vopnuð átök, sem brutust út í kjölfar þeirra nú fyrir skemmstu varpa skugga á málið, en vona ber að þau verði ekki til að spilla lausn til langframa.

Það er og hefur verið stefna ríkisstj., að lausnin á vandanum í Miðausturlöndum verði að byggjast á samþykktum Öryggisráðsins, sem kveða á um, að landvinningar með valdi séu óþolandi, að Ísrael verði að hverfa á brott frá þeim svæðum, sem það tók herskildi árið 1967, svo og að virða beri fullveldi og sjálfstæði allra ríkja á svæðinu og rétt þeirra til að lifa í friði

innan tryggra og viðurkenndra landamæra. Einnig vil ég taka það fram, að lausnin, hver sem hún verður, hlýtur að fela í sér viðurkenningu á rétti Palestínumanna til heimalands, og Palestínumenn verða að sínu leyti að viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis. Ég tel einnig að Palestínumenn eigi að taka fullan þátt í samningsviðræðum um friðsamlega lausn á þann hátt, sem samkomulag verður um milli málsaðila.

Mig langar að skjóta því hér inn í, að það kom ljóst fram er Sadat fór til Jerúsalem, að sjónvarpið er nú og á eftir að verða enn meiri áhrifavaldur í samskiptum þjóða. Ræðum þeirra Sadats og Begins var sjónvarpað yfir gervihnetti og hundruð milljóna manna fylgdust með atburðunum, þegar þeir voru að gerast. Þannig skapaðist almenningsálit á svipstundu í hinum frjálsa heimi þar sem móttaka á sjónvarpsmyndinni var heimiluð. Ég leyfi mér að fullyrða, að í framtíðinni þegar tæknin eykst verða ráðamenn þeirra landa, sem stjórna vilja miðlun upplýsinga í stöðugt meiri vanda að leyna fólkið staðreyndum og túlka atburðina sér í hag. Þannig mun fjölmiðlun og þá sérstaklega beinar sjónvarpsútsendingar um allan heim eiga eftir að verða snar þáttur í meðferð utanríkismála í heiminum.

Miklar samningsviðræður eiga sér nú stað varðandi framtíð suðurhluta Afríku. Í Zimbabwe hefur orðið samkomulag um stjórnarkerfi sem í gildi á að vera þar til kosningar hafa farið fram og meirihlutastjórn komin til valda. Bretar reyna nú að samræma þetta samkomulag og kröfur hinna herskáu aðila, sem bækistöðvar hafa utan Zimbabwe og vilja beita hervaldi. Vonandi tekst að afstýra blóðbaði þegar landið öðlast sjálfstæði sitt, en það hefur því miður hent þegar ríki öðlast sjálfstæði sitt í þessari heimsálfu.

Viðræðum um framkvæmd samþykktar Sameinuðu þjóðanna um sjálfstæði Namibíu virðist miða í rétta átt. Norðurlöndin hafa boðið aðstoð sína meðan á umþóttunartíma stendur og eins fjárhags- og tækniaðstoð, þegar landið öðlast sjálfstæði. Munum við taka þátt í þeirri aðstoð eftir megni. Miklum þrýstingi er nú beitt frá öllum hliðum til að hafa áhrif á stjórnina í Suður-Afríku til að láta af hinni illræmdu apartheid-stefnu sinni. Fjöldi ályktana og áskorana hefur verið samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, og Öryggisráðið hefur samþykkt bindandi bann á vopnasölu og sölu á öllu því er stuðlað gæti að framleiðslu kjarnorkuvopna í Suður-Afríku. Utanrrh. Norðurlanda settu á stofn n. á fundi sínum í Helsinki s. l. haust til að rannsaka möguleikana á að beita Suður-Afríku enn meiri þrýstingi á efnahagssviðinu. Á fundi sínum í Osló hinn 9.—10. mars s. l. samþykktu utanrrh. stefnuyfirlýsingu um ýmsar aðgerðir í framtíðinni — eða sem hér segir:

1. Bann eða aðgerðir til að hamla gegn nýjum fjárfestingum í Suður-Afríku.

2. Viðræður við norræn fyrirtæki um að draga úr framleiðslu í Suður-Afríku.

3. Tilmæli um að íþrótta- og menningarskiptum við kynþáttaaðskilnaðarstjórnina í Suður-Afríku verði hætt.

4. Norrænn stuðningur við flóttafólk, frelsishreyfingar, fórnarlömb kynþáttaskilnaðarstjórnarinnar o. fl. verði aukinn.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna munu Norðurlöndin í samræmi við stefnu sína aðallega:

1. Vinna að því að Öryggisráðið láti frá sér fara samþykktir er beinist gegn nýjum fjárfestingum í Suður-Afríku.

2. Stuðla að tillöguflutningi í Öryggisráðinu sem leitt gæti til bindandi samþykkta gegn viðskiptum við Suður-Afríku.

3. Vinna að því, að samþykkt Öryggisráðsins um vopnabann í Suður-Afríku verði haldin í hvívetna.

Ákveðið var að norræna embættismannanefndin um þessi mál skuli halda áfram störfum og taka til athugunar hugsanlegar frekari aðgerðir.

Við höfum því að öllu leyti verið samstíga hinum Norðurlöndunum í aðgerðum gegn Suður-Afríku og fregnir um annað eru á misskilningi byggðar.

Enn eiga sér stað vopnuð átök í Afríku, þar sem harðir bardagar hafa geisað í austurhorni álfunnar, nánar tiltekið í Eþíopíu og Sómalíu. Stórveldin hafa sent gífurlegt magn af hergögnum á svæðið og kúbanskir og sovéskir hermenn eru sagðir berjast með Eþíopíumönnum í þessum átökum eða hafa gert. Svo virðist sem enginn hafi ljósa hugmynd um hvernig leysa eigi málið nema sagt er, að lausnin verði að koma frá Afríkuríkjum en ekki utan frá. Ekki verður hjá því komist að álíta, að hér sé um að ræða átök um áhrifasvæði í álfunni og ber að fordæma slíkar aðferðir.

Kýpurdeilan hefur dregist á langinn meira en menn höfðu vonað. Þau góðu tíðindi gerðust þó fyrir skömmu, að forsrh. Grikklands og Tyrklands hittust og áttu beinar viðræður um Kýpurvandamálin ásamt fleiri málum, sem valdið hafa erfiðleikum í samskiptum þessara ríkja. Vonandi mun þetta ásamt viðleitni Kurts Waldheim framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hafa þau áhrif, að nú þokist verulega í átt til samkomulags.

Meðal þess jákvæða í þróun alþjóðamála upp á síðkastið má telja það, að síðasta Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna gaf vísbendingu um enn aukinn samstarfsvilja innan þessarar heimsstofnunar og að því er virtist aukinn skilning á því, að orðaflaumur og óraunhæfar samþykktir einar þjóna litlum tilgangi. Þingið var mjög athafnasamt og voru samþykktar 262 ályktanir og nú enn fleiri en á fyrri þingum samhljóða án þess að til atkvgr. þyrfti að koma, eða alls 161, þ. e. a. s. 3 af hverjum 5. Vonandi bregðast ekki þær vonir, sem við þessa þróun eru bundnar.

Fulltrúar þingflokkanna mættu á þessu Allsherjarþingi eins og venja er til og tóku þátt í nefndar- og þingstörfum. Ég flutti svo ræðu eins og undanfarin ár í almennum umr. á þinginu í septemberlok.

Eins og ég sagði áðan hafa þm. í höndum allítarlega skýrslu frá fastanefndinni um störf allsherjarþingsins. Ég mun því ekki ræða það frekar, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til umr. um þau, ef ástæða þykir til hér síðar á fundinum.

Það verður vissulega að teljast hliðarspor í

öryggis- og samstarfsmálum Evrópu, og sambúð austurs og vesturs yfirleitt, að ekki skyldi takast að ná samkomulagi um ítarlegt lokaskjal á Belgrad-fundinum. Sú staðreynd veldur óhjákvæmilega vonbrigðum. Þess hafði verið vænst, að nægur samstarfsandi ríkti á fundinum til þess að takast mætti að ganga frá nánari áætlun um samstarf ríkjanna innan ramma Helsinki-samþykktarinnar frá 1. ágúst 1975, þar sem teknir væru til meðferðar á hlutlægan hátt allir helstu efnisþættir samþykktarinnar. Í umr. á fundinum þá u. þ. b. 5 mánuði sem hann stóð tókst að fjalla mjög gaumgæfilega um framkvæmd samþykktarinnar á hinum ýmsu sviðum á því rúmlega tveggja ára tímabili sem liðið er frá undirritun hennar. Að vísu sló í brýnu nokkrum sinnum, einkum þegar fjallað var um mannréttindaákvæði samþykktarinnar en þær öldur lægði jafnharðan. Þegar að því kom að semja lokaskjal ráðstefnunnar upp úr þeim nálega 100 tillögum, sem fram höfðu komið, rak hins vegar störf fundarins fljótlega í strand. Ítrekaðar tilraunir til þess að koma málum á skrið á ný báru ekki tilætlaðan árangur.

Þrátt fyrir þetta var fundurinn alls ekki gagnslaus. Ber að vona að þróunin haldi áfram að þokast í rétta átt og sífellt fleiri ákvæði Helsinki-samþykktarinnar komist í framkvæmd. Þær opinskáu umr., sem áttu sér stað á fundinum eiga að geta haft þar örvandi áhrif. Ákveðið var, að fulltrúar aðildarríkjanna hittist á ný haustið 1980 í Madrid á Spáni og verður að vona að aðstæður til samkomulags reynist þá betri en í þetta sinn. En ég endurtek það, að það hefur ekki slitnað upp úr, ákveðin var ný ráðstefna, og er það út af fyrir sig árangur, sem ekki má vanmeta. Allir vissu að Róm var ekki byggð á einum degi og heldur mátti tæpast búast við því, að sambúð þessara ríkja batnaði svo á tveimur árum að ekki þyrfti um það að fjalla frekar.

Mannréttindamál hafa verið töluvert ofarlega á baugi að undanförnu og munu áreiðanlega verða næstu árin. Samkvæmt nýjustu skýrslu Amnesty International samtakanna er talið, að mannréttindi séu nú brotin í 116 löndum. Þarna er að sjálfsögðu um mjög misjafnlega gróf brot að ræða, en engu að síður fullljóst að mikilla umbóta er þörf.

Stefnan í málum þessum var mörkuð þegar í inngangi stofnskrár Sameinuðu þjóðanna 1945 og með Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var árið 1948, fyrir réttum þremur áratugum. En nú eru einnig komnir til sögunnar tveir mikilsverðir alþjóðasamningar, annar um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem ekki aðeins fela í sér fögur fyrirheit, heldur lagalegar skuldbindingar aðildarríkja. Samningar þessir voru gerðir á árinu 1966, en gengu í gildi árið 1976. Í samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi er kveðið á um stofnun 18 manna mannréttindanefndar til þess að fylgjast með og stuðla að efndum á ákvæðum samningsins — og er nefnd þessi tekin til starfa. Sérstök valfrjáls bókun með samningum veitir einstaklingum í ríkjum, sem fullgilt hafa bókunina, rétt til þess að bera meint mannréttindabrot undir nefndina, þegar úrræði innanlands hafa verið reynd til þrautar. Að því er samninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi snertir, þá er, að undanskildum kærurétti einstaklinga, um svipað eftirlit með efndum að ræða. Er það aðallega á vegum Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna.

Helsinki-samþykktin, sem undirrituð var af leiðtogum 35 ríkja Evrópu og Norður-Ameríku hinn 1. ágúst 1975 í lok ráðstefnunnar um öryggi og samstarf í Evrópu, felur einnig m. a. í sér veigamiklar skuldbindingar um að virða mannréttindi, enda þótt sú samþykkt sé ekki í formi lagalega bindandi milliríkjasamnings. Henni svipar einnig til áðurnefndra samninga að því leyti, að gert var ráð fyrir að fulltrúar ríkjanna kæmu saman síðar til þess að kanna framkvæmd samþykktarinnar á öllum sviðum. Hef ég þegar getið fyrsta fundarins af þessu tagi, sem raunar var ekki eins árangursríkur og björtustu vonir stóðu til.

Samningar og samþykktir eins og þær, sem ég hef nú nefnt, auka líkurnar á hagstæðri þróun mannréttindamála næstu árin. Raunar verður ekki annað sagt en töluvert hafi áunnist í málum þessum á liðnum árum. Það kemur m. a. fram í því, að auk samninganna tveggja og bókunarinnar, sem ég nefndi, eru nú í gildi á vegum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana, þ. e. UNESCO og ILO, 25 samningar og 14 yfirlýsingar. Í sumum samninganna er þó um að ræða aðeins takmarkaða vernd á þröngum sviðum mannréttinda. Þess vegna er nauðsynlegt, að haldið verði áfram á braut slíkra samningsgerða, og hefur m. a. verið lögð áhersla á það í ályktunum norrænu utanrrh., sem ég hef að sjálfsögðu staðið að, og hefur þar einnig verið hvatt til þess, að Sameinuðu þjóðirnar láti framkvæmd þessara mála meira til sín taka.

Vaxandi umr. um mál þessi á alþjóðavettvangi hafa tvímælalaust orðið til nokkurs gagns, þó að betur megi. Eftir að ríki hafa í samningum við önnur ríki skuldbundið sig til þess að virða mannréttindi, er ekki hægt að halda því fram, að þau mál séu eingöngu innanríkismál hlutaðeigandi ríkja. Það er því eðlilegt, að nú skuli vera meira um mannréttindi talað á alþjóðafundum en áður. Hinu er þó ekki að leyna, að þessar umr. eru ekki alltaf eins hlutlægar og æskilegt væri. Stundum er talað hátt um mannrétindabrot hjá einum aðila meðan þagað er yfir sams konar brotum hjá öðrum, stundum gagnrýnd ein tegund brota þegar jafnmikil eða meiri ástæða væri til að geta annarra, og loks er það ekki ótítt að steinum sé kastað úr glerhúsum.

Ísland og önnur Norðurlönd geta óhikað látið í sér heyra um þessi mál, hafa gert það og munu gera. En dæmi um þann andbyr, sem mannréttindamál geta átt að mæta, fengust hins vegar á síðasta Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna við meðferð tillagna, sem Ísland var meðflytjandi að, um að stofna embætti sérstaks mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og um ástand mannréttinda í Uganda, sbr. nánar skýrsluna um þingið.

Að því er okkar aðgerðir frekar varðar, þá

höfum við til þess að sýna samstöðu og stuðning m. a. gerst aðilar að ýmsum samningum á sviði mannréttinda, jafnvel þótt virðing fyrir þeim réttindum, sem sumum þeirra er ætlað að vernda — svo sem andúð á þrælahaldi og morðum — sé Íslendingum svo í blóð borin að óþarft sé að binda í samningum. Þannig höfum við einnig ráðgert aðild að samningunum frá 1966 um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, ásamt bókun, og um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem ég gerði að sérstöku umtalsefni áðan, þótt réttindi, sem þeir fjalla um, hafi lengi verið haldin í heiðri hér á landi. Á grundvelli ítarlegra álitsgerða prófessors Jónatans Þórmundssonar er um þessar mundir til lokaathugunar í utanrrn. og öðrum hlutaðeigandi rn., hvort og þá hvaða formsatriðum varðandi löggjöf eða lagaframkvæmd þurfi að breyta til þess að í algeru samræmi séu við samningana. Ég tel rétt að upplýsa þetta sérstaklega, þar sem að samningum þessum hefur verið vikið í fyrri umr. um utanríkismál hér á hv. Alþingi.

Þátttaka Íslands í samstarfinu innan Evrópuráðsins var á umliðnu ári svipuð og áður, þ. e. í ráðherranefnd, á Ráðgjafarþingi, Viðreisnarsjóði og í ýmsum sérfræðinganefndum Evrópuráðsins. Ísland á auk þess fulltrúa í mannréttindanefnd og mannréttindadómstóli. Ein af nefndum Ráðgjafarþings Evrópuráðsins, efnahags- og þróunarmálanefndin, hélt fund í Reykjavík 2.—4. júní s. l. Voru erlendir þátttakendur um það bil 30 og voru þeim sérstaklega kynnt íslensk efnahagsmál.

Svo til öllum málum Evrópuráðsins er vísað til ráðherranefndarinnar til umfjöllunar og samþykkis, en það eru málefni er varða félagsmál, menningar- og fræðslumál, æskulýðsmál, heilbrigðismál, umhverfis- og byggðaáætlanir, sveitarstjórnamál, löggjafarsamstarf og mannréttindi.

Eitt þýðingarmikið mál, sem einkum hefur komið til kasta ráðherranefndarinnar, er kæra Kýpur á hendur Tyrklandi fyrir mannréttindanefndinni. Mannréttindanefndin komst að þeirri niðurstöðu, að Tyrkir hefðu brotið ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu með framkomu sinni í garð Kýpur-Grikkja eftir innrásina á Kýpur. Málinu var vísað til ráðherranefndarinnar, sem reyndi að láta fara frá sér texta með nokkurs konar málamiðlun, en það tókst ekki vegna hörku málsaðila og var málinu frestað.

Ráðherranefndin er vettvangur, þar sem aðildarríkin bera saman bækur sínar og skiptast á skoðunum. Hafa sérfræðingar frá utanrrn. margra aðildarríkjanna komið á fundi í n. með fastanefndunum. Er skoðun margra háttsettra embættismanna og ráðamanna Evrópuríkjanna sú, að Evrópuráðið, þ. e. ráðherranefndin, sé kjörinn vettvangur til slíkra viðræðna, og hefur góður árangur náðst af þessu fyrirkomulagi. Einkum er bent á þá þýðingu sem slíkir fundir hafa tengsl EFTA- og Efnahagsbandalagsríkjanna og annarra aðildarríkja ráðsins, þannig að stjórnmálalegu hlutverki Evrópuráðsins hefur vaxið nokkur fiskur um hrygg.

Einn merkasti viðburður ársins, að því er til Evrópuráðsins tekur, er sá, að Spánn gerðist formlega aðili og eru aðildarríkin þar með orðin 20 talsins. Er búist við því, að Spánn eigi eftir að láta töluvert að sér kveða innan Evrópuráðsins, enda sjötta stærsta aðildarríkið.

Að venju sóttu íslenskir fulltrúar vor- og haustfundi Ráðgjafarþings Evrópuráðsins. Að tilstuðlan þingsins var efnt til ráðstefnu á Möltu á s. l. sumri um fiskverndunar- og hafréttarmál. Sóttu ráðstefnuna tveir íslenskir fulltrúar.

Á s. l. sumri kom forseti Evrópuráðsþingsins, Austurríkismaðurinn Karl Czernetz, í opinbera heimsókn til Íslands. Átti hann viðræður við ráðh., ráðuneytisstjóra utanrrn. og ýmsa fleiri embættismenn.

Sjötti fundur Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var haldinn í New York frá 23. maí til 15. júlí 1977. Í lok fundarins var lagður fram óformlegur heildarviðræðutexti, sem unninn var af forseta ráðstefnunnar og formönnum aðalnefndanna á grundvelli umræðnanna á fundinum. Ákveðið var að textinn skyldi liggja fyrir á næsta fundi ráðstefnunnar, sem hófst í Genf 27. mars 1978 og mun standa í 8 vikur. Nýlega fóru fram í New York óformlegar viðræður um helstu deilumálin til frekari undirbúnings þessum fundi.

Textinn, sem nú liggur fyrir, styrkir stöðu efnahagslögsögunnar. Samkv. ákvæðum í kaflanum um efnahagslögsögu er það strandríkis að ákveða leyfilegan afla og eigin veiðigetu. Gert er ráð fyrir vissum réttindum landluktra og annarra ríkja, en samkv. nýrri grein gilda slík réttindi ekki gagnvart ríkjum sem eru sérstaklega háð fiskveiðum. Enn fremur er í kaflanum um lausn deilumála kveðið á um að ekki beri að vísa deilum varðandi ákvarðanir strandríkis, um leyfilegan afla og veiðigetu til úrskurðar þriðja aðila. Nýi textinn er því mjög hagstæður strandríkjum, en þau hafa átt umfangsmikla samvinnu á ráðstefnunni.

Í nýja textanum breytast einnig greinarnar, sem fjalla um mengun og vísindarannsóknir og ekki er búist við að þær valdi verulegum erfiðleikum.

Á hinn bóginn ríkir enn mikill ágreiningur um vandamál varðandi alþjóðahafsbotnssvæðið, en iðnþróuðu ríkin telja, að ekki hafi verið nægilega komið til móts við hagsmuni þeirra. Vegna þessa mikla árangurs er ekki fyrirsjáanlegt, að næsti fundur verði sá síðasti fyrir undirskrift sáttmálans og ekki hefur byrjun hans heldur aukið líkur á því að svo verði.

Í ræðu, sem ég hélt á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nú síðast, drap ég stuttlega á hafréttarmál. Ég lagði þar áherslu á þá skoðun íslensku ríkisstj., að alger efnahagslögsaga njóti trausts stuðnings samkv. þjóðarrétti. Ég benti jafnframt á, að vitaskuld væri fengur í því ef það yrði tekið upp í formlegan hafréttarsáttmála. Ég ítrekaði, að öllu afli þyrfti að beita til að ganga endanlega frá þeim efnisatriðum í heildarsamkomulaginu sem eftir eru, einkum og sér í lagi á sviði alþjóðahafsbotnssvæðisins. Samt fannst mér ástæða til að benda á þá augljósu staðreynd, að ekki væri hægt að búast við því að þjóðir noti til þess ótakmarkaðan tíma og fjármuni.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna hefur nú starfað í um það bil 1½ ár. Höfuðstöðvar hans eru í Tókió, en ætlunin er að háskólinn dreifi starfsemi sinni um allan heim í tengslum við rann-

sókna- og menntastofnanir í ýmsum löndum. Þau svið, sem skólinn mun nú í fyrstu einbeita sér að, eru þrjú:

1. Matvælaskorturinn í heiminum og mannfjölgunarvandamál.
2. Nýting náttúruauðlinda.
3. Félagslegar framfarir.

Standa vonir til að fyrir árslok verði búið að leggja nokkurn grundvöll að starfsemi í 35 löndum.

Ísland hefur frá upphafi stutt hugmyndina um Háskóla Sameinuðu þjóðanna og er markvíst stefnt að því, að hér verði komið á fót þjálfun og kennslu varðandi nýtingu jarðhita, er fram fari hjá Orkustofnun með þátttöku Háskóla Íslands. Heimsóttu þeir dr. Walter Manshard, aðstoðarrektor Háskóla Sameinuðu þjóðanna fyrir náttúruauðlindasvæðið, og dr Jim Harrison, ráðunautur Háskólans, Ísland í júní 1977 til viðræðna um það mál, og kom sá síðar nefndi hingað aftur fyrir skemmstu.

Liggur nú fyrir áætlun sem miðast við að starfsemi hér á landi hefjist á næsta ári og að hingað komi þá fimm ársdvalarstyrkþegar, eða fleiri ef dvalartími verður skemmri, og svo sem svarar 10 árið 1980. Stofnkostnaður er áætlaður um 15.2 millj. kr., þar af 8.3 millj. 1979, en árlegur rekstrarkostnaður um 24.3 millj. kr. 1979 og 33.5 millj. kr. árið 1980. Háskóli Sameinuðu þjóðanna mun taka þátt í innlendum kostnaði, auk þess sem skólinn mun kosta ferðir styrkþega hingað til lands og uppihald, þannig að áætlað er, að leggja þurfi til starfseminnar af íslenskri hálfu á árinu 1979 u. þ. b. 27.5 millj. kr. og á árinu 1980 þurfi fjárveiting hér að nema 33 millj. kr. Málið mun væntanlega koma fyrir fund háskólaráðs í júní n. k., og ef undirtektir þar verða jákvæðar er trúlegt að forráðamenn Háskólans hafi meðferðis drög að formlegum samningi ef þeir koma hingað til lands á fyrirhugaða vinnuráðstefnu Háskóla Sameinuðu þjóðanna um jarðhitamál í júlíbyrjun í sumar.

Vinnuráðstefnu þessa, sem verður á Laugarvatni dagana 4.—8. júlí n. k., er gert ráð fyrir að sæki allt að 17 erlendir sérfræðingar ásamt íslenskum sérfræðingum. Þar verður fjallað nánar um hvers konar fræðslu mest þörf sé fyrir á þessu sviði og hvaða tilhögun á henni sé æskilegust. M. a. hefur komið til tals að ákjósanlegt gæti verið að stofna samstarfsmiðstöð á Íslandi fyrir alþjóðlega fræðslu og þjálfun, er beinist að nýtingu jarðhita, en nokkur lönd halda þegar uppi starfsemi á því sviði.

Það væri vissulega ánægjulegt, ef af þessum áformum gæti orðið og við fáum þannig tækifæri til að leggja okkar skerf af mörkum til þessara mála.

Síðan lögin um aðstoð Íslands við þróunarlöndin voru sett árið 1971 hefur átt sér stað nokkur skipuleg starfsemi á því sviði. Ísland gerðist frá og með 1. júlí 1973 að telja aðili að samningi Norðurlandanna fjögurra um stjórn sameiginlegra aðstoðarverkefna í þróunarlöndum, sem þau höfðu gert með sér hinn 18. júlí 1968, en sá samningur er helsti grundvöllur norræns samstarfs á sviði þróunaraðstoðar. Hafa undanfarin tvö ár í gangi verið þrjú norræn aðstoðarverkefni í Afríku, þ. e. tvö í Tanzaníu, uppbygging samvinnurekstrar og efling landbúnaðar, og eitt í Kenýu, samvinnurekstur. Nýlega bættist við fjórða verkefnið og er það í Mozambique, þ. e. a. s. uppbygging landbúnaðar. — Ísland hefur verið aðili að öllum þessum verkefnum og leggur nú fram um 0.74% heildarkostnaðar — eða á árinu 1978 jafnvirði u. þ. b. 25 millj. ísl. kr. Um síðustu áramót voru 6 Íslendingar starfandi að umræddum verkefnum, 5 í Kenya og 1 í Tanzaníu.

Hér er þó ekki um að ræða nema hluta af aðstoð Íslands til þróunarlandanna, því að mest af þeirri aðstoð felst í framlögum til alþjóðastofnana sem starfa í þeirra þágu. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti, sem tekið var saman á s. l. ári, námu áætluð framlög hins opinbera til aðstoðar þróunarlandanna á árinu 1977 samtals 205.2 millj. kr. eða tæplega 0.07 af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Þetta er því miður ekki nema u. þ. b. 1/10 hluti af því hlutfalli þjóðarframleiðslu, sem ætlast er til að iðnvædd ríki leggi fram. Þarf því að huga vandlega að möguleikum á að gera hér á umtalsverða bragarbót á allra næstu árum, ekki síst þar sem grannríki okkar, er búa við svipaða vesæld og við, leggja mun meira af mörkum.

Raunar má sem betur fer segja að stefnt hafi í rétta átt upp á síðkastið, því að framlögin á fjárl. til stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin hafa aukist verulega undanfarin 3 ár eða úr 12.5 millj. kr. 1976 í 25 millj. kr. 1977 og 40 millj. kr. á þessu ári Þetta hefur gert stofnuninni kleift að huga að frekari útfærslu starfseminnar. Þykir nú æskilegt að nýta þá reynslu, sem fengist hefur í samstarfinu við hin Norðurlöndin, og taka líka upp beina aðstoð t. d. á sviði fiskveiða við þróunarríki sem þess þarfnast. Er nú í undirbúningi í samráði við utanrrn. og fleiri aðila slík aðstoð við Kenýu og Grænhöfðaeyjar eða Cap Verde. Upphafið voru óskir frá báðum þessum ríkjum, en síðan var ákveðið að senda þá skipstjórana Guðjón Illugason til Kenýu og Baldvin Gíslason til Grænhöfðaeyja til þess að kanna aðstæður. Þeir hafa báðir öðlast reynslu í störfum fyrir FAO. Standa málin nú svo, að Kenýa hefur gert tilboð um að kosta íslenskan skipstjóra í eitt ár til að annast tilraunaveiðar og jafnframt að leggja til veiðarfæri. Svar Kenýumanna hefur nú borist, eftir að þessi skýrsla hefur verið birt, barst rétt eftir að skýrslan var samin, og þiggja þeir boðið með þökkum og liggur nú næst fyrir að ráða reyndan skipstjóra til fararinnar. Er unnið að því máli hjá stofnuninni Aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Þannig mun þetta standa á þessari stundu. Næsta skref til undirbúnings hugsanlegri aðstoð við Grænhöfðaeyjar er heimsókn fiskimálastjóra þeirra og sendiherra landsins hingað nú undir vertíðarlokin, seint í þessum mánuði. Munu þeir kynna sér útvegsmál hér með það sérstaklega í huga, hvað komið gæti að gagni heima fyrir hjá þeim. Grænhöfðaeyjar fengu sjálfstæði fyrir aðeins fáum árum og hefur komið fram af hálfu æðstu ráðamanna þeirra áhugi á að leita hér fyrirmynda á fleiri sviðum, enda er m. a. íbúafjöldi þar svipaður og hér.

Í sambandi við þróunaraðstoðina er loks vert að rifja upp, að Ísland hætti frá og með næstsíðustu áramótum að þiggja framlög frá þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), en þau höfðu um árabil numið töluverðri fjárhæð. Nokkrum verkefnum, sem ekki var að fullu lokið hefur verið haldið áfram fyrir íslenskt fé. Framlag Íslands til þessarar stofnunar er á þessu ári 17.6 millj. kr. Enginn vafi leikur á að Ísland á betur heima í hópi veitenda en þiggjenda þeirrar stofnunar, þótt alltaf megi finna hér í þessu framtíðarlandi þörf verkefni til að fjármagna.

Þegar til þess kemur að auka þróunaraðstoðina má hafa í huga, að mörg þeirra ríkja, sem mest leggja nú fram, gera það að hluta í formi eigin iðnaðarvara og þjónustustarfsemi, svo sem verkfræði- og annarri sérfræðiþjónustu. Slík aðstoð er þróunarríkjum oft hagkvæm — og getur stuðlað að góðri og öruggri nýtingu framlaga. E. t. v. gætum við þannig án þess að nokkur skaðist um leið hlynnt að einhverjum útflutningsgreina okkar.

Þátttaka okkar í störfum Atlantshafsbandalagsins hefur verið með venjulegum hætti. Í maímánuði s. l. var haldinn fundur þjóðarleiðtoga í London. Ákveðið var samkv. till. frá hinum nýja forseta Bandaríkjanna, Carter, að sérstök athugun yrði gerð á samskiptum austurs og vesturs með það fyrir augum, að fundnar verði leiðir til að bæta sambúðina og auka samskiptin og þannig vinna að áframhaldandi slökunarstefnu. Annar þjóðarleiðtogafundar verður haldinn í Washington dagana 30. og 31. næsta mánaðar.

Að því er varðar framkvæmd samkomulagsins milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmálin frá 22. okt. 1974 gengur allt samkvæmt áætlun. Þegar hefur verið fækkað um 420 varnarliðsmenn eins og gert var ráð fyrir. Bygging flugturns er langt á veg komin. Þjálfun hefur þegar farið fram á flugumferðarstjórum í Bandaríkjunum vegna nýrra lendingarkerfa. Þjálfunin tók mun skemmri tíma en almennt gerist vegna hæfni þessara manna og góðrar undirstöðukunnáttu.

Viðræður hafa átt sér stað milli fulltrúa strandgæslu Bandaríkjanna og Landhelgisgæslunnar um möguleika á þjálfun Íslendinga í hinum ýmsu skólum vestanhafs, sérstaklega að því er varðar björgun mannslífa.

Varnarliðið er um þessar mundir að fá nýjar orrustuþotur í stað hinna eldri, og síðar á árinu koma til landsins nýjustu og fullkomnustu ratsjárflugvélar sem völ er á. Í báðum tilfellum er um að ræða eðlilegar breytingar, bæði vegna þess að eldri tækin voru orðin úr sér gengin og eins vegna tæknilegra framfara. Að öðru leyti mun ég ekki endurtaka þær árlegu umr., sem um þessi mál hafa farið fram hér á hv. Alþ. nema tilefni gefist til.

Í fyrra gætti nokkurs óróa og óvissu í alþjóðaviðskiptum vegna hins hægfara bata efnahagslífsins eftir kreppuárin 1974—1975. Í ýmsum Evrópulöndum voru gerðar sérstakar ráðstafanir til aðstoðar þeim atvinnugreinum, sem verst voru settar, svo sem skipasmíði, vefnaðarvöruiðnaði og stáliðnaði. Ný innflutningshöft hafa samt ekki verið lögð á nema í undantekningartilfellum, en aukin vernd hefur verið veitt með styrkveitingum, hagstæðum lánum og öðrum ráðstöfunum. Þessar aðgerðir hafa því torveldað milliríkjaviðskipti á ákveðnum sviðum, og hefur skrifstofa GATT í Genf áætlað að þær hafi náð 3—5% af umsetningu alþjóðaviðskipta síðan 1974. Því má segja, að þrátt fyrir vissa erfiðleika hafi tekist vel að komast hjá nýjum hömlum á alþjóðaviðskipti. Er það tvímælalaust árangur af hinni víðtæku alþjóðasamvinnu um efnahags- og viðskiptamál sem á sér stað á vegum GATT, OECD, EFTA, EBE og IMF. En jafnframt skal bent á, að öflugra samstarf er nauðsynlegt til að blása nýju lífi í atvinnulíf margra landa.

Vegna efnahagserfiðleikanna, sem hófust með margföldun á olíuverði 1973, hafa samningaviðræður við GATT um lækkun tolla og afnám viðskiptahafta dregist mjög á langinn. Viðræður þessar hófust í Tokíó í sept. 1973 og eru oft við þann stað kenndar. Á fundi leiðtoga stórveldanna í London í maí 1977 var tekin ákvörðun um að stefna að því að ljúka þessum samningum sem fyrst. Um haustið komst svo skriður á málið eftir að Bandaríkin og Efnahagsbandalagið komu sér saman um ákveðin vinnubrögð og forsendur frekari samninga, þ. á m. um að tillaga Sviss um tollalækkanir á iðnaðarvörum yrði lögð til grundvallar, þó með vissum undantekningum. Talið er, að hin svokallaða svissneska formúla hafi í för með sér um 40% meðaltollalækkun á 8 ára tímabili.

Um landbúnaðarafurðir skyldi samið sérstaklega á grundvelli óska og tilboða samningsaðilanna.

Enn fremur er í Tokíó-viðræðunum stefnt að því að draga úr ýmsum öðrum viðskiptahömlum og verði settar ítarlegri reglur en eru í hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, þ. e. a. s. GATT, um tollverð vara, opinber innkaup, niðurgreiðslur og jöfnunartolla o. fl. Þá er einnig mikið rætt um skýrari ákvæði um verndunarráðstafanir heldur en nú felast í XIX. gr. GATT-samkomulagsins. Loksins er það yfirlýstur tilgangur viðræðnanna að bæta aðstöðu þróunarlandanna og veita þeim viðskiptafríðindi án þess að ætlast sé til að þau greiði í sömu mynt.

Auk Bandaríkjanna, Efnahagsbandalagsins og Sviss hafa m. a. Japan, Finnland, Noregur og Svíþjóð lýst yfir stuðningi við hugmyndina um almenna tollalækkun. Samt eru horfur á því, að meiri hluti GATT-landa, þ. á m. Ísland, geti ekki fallist á ákveðna „formúlu“ fyrir tollalækkunum, heldur muni þau stefna að því að ná jafnvægi milli tollalækkana og þeirra tollfríðinda, sem þau fá í staðinn. Framan af viðræðunum hafði Ísland nána samstöðu með Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en mun hafa aðra afstöðu í samningunum en þau lönd. Náin samvinna meðal Norðurlandanna um upplýsingaskipti og ýmis tæknileg atriði í þessum flóknu og langdregnu samningum er Íslandi mjög til gagns. En það sem hefur einkum mótað afstöðu Íslands er sú staðreynd, að langflestar útflutningsvörur okkar njóta nú tollfrelsis í Efnahagsbandalaginu og EFTA-löndum og í stærsta markaðslandi okkar, Banda-

ríkjunum, er innflutningur á frystri þorskblokk tollfrjáls og aðeins óverulegur tollur á freðfiskflökum. Því er þess ekki að vænta, að niðurstöður Tokíó-viðræðnanna verði til þess að greiða fyrir útflutningi okkar neitt verulega, og þar af leiðandi er ekki ástæða til að bjóða neinar tollalækkanir umfram þær, sem þegar hafa verið ákveðnar. Tokíó-viðræðurnar í GATT hafa engu að síður mikla þýðingu fyrir Ísland, svo sem önnur lönd, smá og stór, sem mjög eru háð utanríkisviðskiptum um alla afkomu sína. Með slíkum samningum þokar í rétta átt um frjáls viðskipti almennt, en í því efnahagsástandi, sem verið hefur frá því að olíukreppan hófst, er einmitt mikil hætta á að gripið verði til stórfelldra verndaraðgerða. Á því mundu smáríkin tapa mest.

Síðan 1970, er Ísland gekk í EFTA, hafa viðtækar lækkanir átt sér stað bæði á verndartollum og fjáröflunartollum, svo sem á vélum og iðnaðarhráefnum. Hefur verið reiknað út, að miðað við tolla og innflutning ársins 1973, þegar Tokíóviðræðurnar hófust, mundu heildartolltekjur verða árið 1980 um 40% lægri en 1973, og er þá reiknað með þeim tollum sem ákveðnir hafa verið í gildandi tollskrá. Þessar tollalækkanir verða að teljast aðalframlag okkar í Tokíóviðræðunum, en reyndar verður lækkunarhlutfallið miklu lægra, ef reiknað er aðeins með lækkun á almennum tollum á innflutningi frá öllum löndum, eins og gert er í GATT.

Einn merkasti viðburður ársins á viðskiptasviðinu var afnám eftirstöðva af tollum og iðnaðarvörum í viðskiptum EBE- og EFTA-landa frá 1. júlí 1977. Hafði þannig myndast friverslunarsvæði 16 Evrópuríkja, 9 EBE-landa og 7 EFTA-landa. Hér á landi verða þó ekki verndartollar að fullu felldir niður fyrr en 1980, en á árinu 1977 var á innflutning frá EBE og EFTA-löndum lagður tollur sem samsvaraði 30% af grunntollinum eins og hann var í ársbyrjun 1970. Þessi innflutningur nam um 16% af heildarinnflutningi árið 1976.

Árið 1977 var fyrsta árið sem tollfríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir í Efnahagsbandalagi Evrópu, skv. bókun nr. 6, voru í gildi. Gildistaka bókunarinnar hefur átt þátt í að auka útflutninginn til EBE og hækka verðið, einkum á freðfiskflökum og frystri rækju.

Á síðasta ári hófust samningar milli EFTA og Spánar, sem miða að því að jafna viðskiptaaðstöðu EFTA-landanna og EBE á Spáni, en EBE hefur notið þar forréttinda á grundvelli viðskiptasamnings sem gerður var 1970. Þess er vænst, að Spánn lækki yfirleitt tolla á iðnaðarvörum frá EFTA-löndum um 60% og 25% skv. sérstökum vörulistum, en þar á móti komi svo lækkun EFTA-landanna á spánskum vörum 60%, þ. e. a. s. að tollurinn samsvari 40% af ytri tolli, sem gildir um innflutning frá löndum utan þessara bandalaga, Friverslunarbandalagsins og Efnahagsbandalags Evrópu.

Búist er við að tollalækkun Spánverja taki einnig til saltfisks, freðfisks og kavíars og að vilyrði fáist um greiðari aðgang að spánska markaðinum fyrir saltfisk heldur en verið hefur. Má því ætla, að samningurinn geti haft nokkurt gildi fyrir okkur.

Þótt aðstaðan fyrir íslenskar útflutningsvörur sé yfirleitt hagstæð á erlendum mörkuðum sker þó eitt land og ein afurð sig algjörlega úr í þeim efnum. Það er Nígería og skreiðin, en enn þá hafa ekki fengist innflutningsleyfi í Nígeríu fyrir skreiðarframleiðslu síðasta árs, þótt gerðir hafi verið sölusamningar við opinbert innflutningsfyrirtæki. Af hálfu skreiðarútflytjenda og ríkisstj. hefur allt verið gert sem hægt er til að leysa þetta vandamál, en enn þá án árangurs. Þó standa vonir til að rýmkað verði um innflutning á skreið þegar Nígeríustjórn leggur fram ný fjárlög í kringum 1. apríl n. k. segir hér í skýrslunni, en nú er 1. apríl því miður liðinn án þess að nokkuð slíkt hafi gerst.

Í stærsta markaðslandi okkar fyrir saltfisk, Portúgal, hafa undanfarin ár verið miklir efnahagserfiðleikar, svo að hætta hefur verið talin á að portúgölsk stjórnvöld mundu verða að draga úr saltfiskinnflutningi. Til að koma í veg fyrir að svo yrði hefur af okkar hálfu verið lögð mikil áhersla á að auka vörukaupin frá Portúgal, en árangurinn hefur enn sem komið er verið of lítill. Verður þessi viðleitni því aukin.

Engir nýir viðskiptasamningar voru gerðir á síðasta ári. Viðskiptin við Austur-Evrópulöndin héldu áfram á grundvelli gildandi samninga og gengu þau yfirleitt vel. Í þessari skýrslu er ekki ástæða til að rekja gang þeirra viðskipta né gera almennt grein fyrir þróun utanríkisviðskiptanna. Eins og undanfarin ár er henni fyrst og fremst ætlað að fjalla um helstu viðskiptamál sem íslensk stjórnvöld hafa haft sérstök afskipti af.

Á viðskiptasviðinu hefur utanrrn. haldið áfram fyrri viðleitni til að dreifa upplýsingum um íslenskar útflutningsvörur erlendis. Meðal þeirra verkefna, sem nú er unnið að, er stofnun viðskiptafulltrúaembættis við eitt af sendiráðum Íslands í Evrópu. Málið hefur verið í undirbúningi hjá utanrrn. og viðskrn., en á fjárl. þessa árs hefur rn. fengið fjárveitingu til markaðsmála sem það hyggst nota í þessu skyni. Verður væntanlega hægt að skýra frekar frá þessum ráðagerðum alveg á næstunni. Rn. hefur jafnframt haldið áfram útgáfu upplýsinga um íslensk útflutningsfyrirtæki. Í samvinnu við viðskrn. hefur komið út síðustu daga endurbætt og vönduð upplýsingaskrá um öll íslensk útflutningsfyrirtæki: Directory of Icelandic Exporters. Verður skrá þessari dreift til sendiráða og ræðisskrifstofa Íslands erlendis.

Hlutverk íslensku utanríkisþjónustunnar á þessu sviði er að mínu mati ekki alltaf metið sem skyldi. En þegar grannt er skoðað og litið á þá fjölbættu starfsemi, sem fram fer í sendiráðum Íslands, kemur í ljós, að ekki lítill hluti starfseminnar beinist að viðskiptamálum. Sendiráðið í Moskvu hefur það t. d. sem aðalverkefni að greiða fyrir viðskiptum Íslands við Sovétríkin. Önnur sendiráð hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna varðandi viðskipti, sem háð eru ákvörðunum stjórnvalda í viðkomandi landi. Á ég þar ekki síst við saltfisksviðskipti okkar við Spán og Portúgal, sem sendiráðið í París fylgist með, og skreiðarsöluna til Nígeríu, sem sendiráðið í London leitast við að fylgja eftir. Í New York starfar sérstakur viðskiptafulltrúi sem heyrir

undir sendiráðið í Washington, og eins og fyrr segir stendur til að koma upp viðskiptafulltrúa við eitt af sendiráðum Íslands í Evrópu. Væntanlega verður það í París. Öll íslensk sendiráð svara á hverjum einasta degi fjölda fyrirspurna um íslenskar útflutningsvörur, og sama hlutverki gegna ræðismenn Íslands. Frumkvæðið að sölu vara hlýtur þó yfirleitt að vera hjá framleiðendum, en utanríkisþjónustan bæði hér heima og erlendis er ávallt reiðubúin að veita alla mögulega fyrirgreiðslu við að aðstoða útflytjendur, ekki síst á nýjum mörkuðum. Einn mikilvægur hlekkur í þessari aðstoð er hið góða samstarf milli utanríkisþjónustunnar og viðskrn.

Eitt umfangsmesta, en jafnframt ánægjulegasta verkefni utanrrn. á s. l. ári var ráðstefnuhald með ræðismönnum Íslands í ágústmánuði. Þetta var önnur ræðismannaráðstefnan sem rn. bauð til, sú fyrri var árið 1971. Alls tóku nú 98 ræðismenn þátt í ráðstefnunni, flestir með maka, en heildarfjöldi ræðismanna í dag er 171. Sérstaka athygli vakti hve langt að ýmsir ræðismenn voru komnir, en meðal þátttakenda voru ræðismenn frá Indlandi, Pakistan, Japan, Suður-Kóreu, Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Uruguay. Þessi upptalning er e. t. v. táknræn fyrir hve langt íslenska utanríkisþjónustan hefur teygt starfsemi sína síðustu árin.

Megintilgangur með ráðstefnunni var að kynna fyrir ræðismönnum íslensk málefni og aðstæður, eins og þær blasa við í dag. Í því skyni voru fluttir fyrirlestrar um utanríkisstefnu Íslands, efnahagsþróun og viðskiptahorfur. Jafnframt fóru fram ítarlegar umr. um störf ræðismanna og leiðbeiningar um lausn þeirra margvíslegu mála sem ræðismenn fá í hendur. Farnar voru skoðunarferðir í útflutningsfyrirtæki bæði sunnanlands og norðan. Það er álit rn., að ráðstefnan hafi heppnast í alla staði mjög vel.

Náið samstarf um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar var haft við útflytjendur og útflutningssamtök, svo og borgaryfirvöld í Reykjavík og bæjaryfirvöld á Akureyri. Útflutningssamtök og fyrirtæki, sem starfa á erlendri grund, tóku að sér verulegan hlut af kostnaði við vissa hætti ráðstefnunnar ásamt ofangreindum sveitarfélögum. Kann ég þessum aðilum bestu þakkir fyrir framlag þeirra.

Á s. l. ári voru stofnaðar þrjár ræðisskrifstofur Íslands erlendis. Voru það ræðisskrifstofur í Islamabat í Pakistan, Singapore og í Nassau á Bahamaeyjum. Í undirbúningi er enn fremur að koma á fót ræðisskrifstofum í Bangkok, Hong Kong og Bahrein.

Stofnað var til stjórnmálasambands við tvö ný ríki á árinu. Bæði eru þau ríki í Afríku. Það eru Ghana og Grænhöfðaeyjar. Ísland hefur í dag stjórnmálasamband við 62 ríki.

Ég vil ekki láta hjá líða að minnast á veigamikinn þátt í hinu almenna starfi utanríkisþjónustunnar, en það eru landkynningarmál. Utanríkisþjónustan hefur gegnum árin aukið starf sitt jafnt og þétt á þessu sviði, bæði með prentun og kaupum á upplýsingaefni til dreifingar erlendis, almennri fyrirgreiðslu við erlenda ferðamenn sem hafa haft samband við sendiráðin svo og kaup og útvegun kvikmynda til dreifingar meðal áhugasamra aðila og samtaka. Segja má að samanlögð þjónusta á þessu sviði sé mjög mikil, þegar tekið er tillit til þess, að á einum degi geta borist í eitt sendiráð ýmist bréflega eða símleiðis tugir fyrirspurna um Ísland.

Á s. l. ári var haldið áfram að kanna möguleika til kaupa íbúðarhúsnæðis til afnota fyrir varamenn sendiherra erlendis á þeim stöðum þar sem hagstætt þótti. Var íbúðarhúsnæði keypt í Stokkhólmi í þessu skyni. Jafnframt er nú verið að ganga frá útvegun á nýju húsnæði fyrir sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum inni í New York, en heimild til skipta á sendiherrabústað er fyrir hendi í fjárl. Fullt samráð hefur verið haft við fjvn. Alþingis um þessi mál.

Í þessu sambandi er rétt að minnast einnig á þá stefnu rn. að búa skrifstofuhúsnæði sendiráðanna íslenskum húsgögnum eftir því sem aðstæður leyfa. Nýlega er lokið við að endurnýja húsgögn sendiráðsskrifstofurnar í París, en leitað var til húsgagnaframleiðenda á Íslandi um kaup á húsgögnum. Þetta er þriðja sendiráðið þar sem skrifstofur eru nú algjörlega búnar íslenskum húsgögnum. Þetta er viðleitni utanríkisþjónustunnar til að auglýsa íslenska húsgagnaframleiðslu á erlendum vettvangi, og er ástæða til að þakka fjvn. hv. Alþingis góða samvinnu í því efni.

Norðurlöndin hin skiptast á um setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og Norðmenn fá þar nú væntanlega inni næsta ár. Íslendingar hafa lengi sleppt því tækifæri að taka sæti þegar röðin hefur komið að okkur. Þannig er um fleiri stofnanir innan Sameinuðu þjóðanna. Til að breyting megi á verða, sem ég tel mjög æskilegt, þarf þjóðin að átta sig á gildi þess fyrir Ísland, og algjör forsenda er að efla utanríkisþjónustuna og auka fjárveitingar til hennar.

Ég vil segja hér, að íslenska utanríkisþjónustan hefur á að skipa mörgum mjög hæfum starfsmönnum, sem njóta viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi og mundu áreiðanlega fullfærir um að gegna svipuðum trúnaðarstörfum og þeim sem ég var nú að nefna. Þegar þess er gætt, að í íslensku utanríkisþjónustunni starfa nú aðeins 39 menn og sú tala hefur verið óbreytt s. l. 10—12 ár, má reyndar að mínu mati furðu gegna hversu vel hefur tekist til um framkvæmd þeirrar utanríkisstefnu sem ríkisstjórnir móta á hverjum tíma.

Ég tel að tími sé kominn til þess, að við áttum okkur á því, að það kostar nokkuð að vera sjálfstæð þjóð og halda uppi sjálfstæðri utanríkisþjónustu. Sú skoðun er allt of útbreidd, að slík störf séu mest fólgin í samkvæmislífi og fánýtum hlutum. Eftir allöng kynni mín af störfum þjónustunnar vil ég fullyrða að fáir, ef nokkrir, vinna landi og þjóð meira gagn en einmitt þetta fólk. Þess vegna er það áskorun mín til Alþ., að þrátt fyrir erfiða tíma verði veitt það fjármagn sem að bestu manna yfirsýn er nauðsynlegt til þess að íslenska utanríkisþjónustan geti eigi aðeins haldið áfram, heldur aukið sitt þýðingarmikla starf.

Ég vil svo að lokum, eins og venja er til, færa utanrmn. Alþingis sérstakar þakkir fyrir mjög

ánægjulegt samstarf á liðnu ári, eins og raunar öll þau ár, sem ég hef starfað með þeirri hv. n. Í þessu sambandi mætti kannske geta þess svona í lokin, að í þessum mánuði á utanrmn. Alþingis hálfrar aldar afmæli, en hún var stofnuð 16. apríl 1928. Margir þjóðkunnir menn hafa gegnt formennsku og átt sæti í þessari n., og ég vil að lokum sérstaklega geta þess, að núv. form., hv. 4. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, hefur gegnt formannsstarfi í þessari n. óslitið s. l. 7 ár og stjórnað á annað hundrað þeirra 500 funda sem n. hefur haldið. — Svo þakka ég fyrir.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja mál mitt á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur lagt fram fyrir alllöngu og hefur nú flutt, skýrslu um utanríkismál. Það er óneitanlega mikil bót að því frá því sem áður var að fá slíka skýrslu árvissa. Vona ég að þar sem slík skýrslugerð hefur nú átt sér stað í 10 ár sé komin sú hefð á, að enginn utanrrh. í framtíðinni láti sér til hugar koma að fella þessa venju niður. Það má að vísu vel staðfesta þessa reglu með ákvæði í þingsköpum, t. a. m. þegar þau verða endurskoðuð næst. Ég hef áður flutt um það till., sem að vísu hafa ekki náð fram að ganga. En það er e. t. v. ekki aðalatriðið að festa slíkt í þingsköpum, þegar hefðin er komin á, og ég vona að engum detti í hug að rifta því sem nú er á komið, því það er vissulega full ástæða til að gefa sér a. m. k. einn dag eða svo á hverju þingi til þess að ræða þessi mikilvægu mál sem utanríkismálin óneitanlega eru.

Á síðasta ári var tekin upp sú nýbreytni, að auk skýrslu hæstv. utanrrh. um utanríkismálin almennt var lögð fram og flutt skýrsla af hálfu þingfulltrúa eða sendinefndar okkar í Norðurlandaráði og í tengslum við það. Það var hv. 5. þm. Reykv., þáv. form. nefndar okkar í Norðurlandaráði, sem flutti þá skýrslu. Það var gert þá í fyrsta sinn. Ég tel einnig að það sé góð regla að slík skýrsla sé flutt árlega, og ég vænti þess, að þó að hún sé ekki enn komin fram, þá komi slík skýrsla fram fyrir þinglok og fáist rædd, því ég tel að full ástæða sé til þess einnig að gefa sér nokkurt tóm til þess að fjalla um málefni Norðurlandaráðs og hina margvíslegu Norðurlandasamvinnu sem um er að ræða í tengslum við það.

Áður en ég vík að einstökum atriðum þeirrar skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur nú flutt vil ég segja það, að samstarf hans við utanrmn. hefur nú eins og jafnan áður verið hið besta. Tel ég þetta einkar lofsvert og það hversu mikið far hæstv. ráðh. hefur gert sér um að hafa samráð við n. Lög gera að vísu ráð fyrir því, að utanrrh. hafi slíkt samráð, en það var nú svo, að löngum vildi verða misbrestur á þessu, að því ákvæði væri framfylgt. En ég tel að ekkert hafi upp á hæstv. utanrrh. staðið í sambandi við þetta.

Skýrsla hæstv. ráðh., sú sem er nú til umr., er mjög greinargóð um flesta eða alla þá þætti utanríkismála sem segja má að snerti bein samskipti Íslands við önnur ríki og þátttöku okkar í starfi alþjóðastofnana ýmiss konar. Þar er og í fæstum tilvikum um bein ágreiningsefni að ræða hér innanlands, að ég hygg. En að meginundantekningunni frá því mun ég víkja síðar í máli mínu.

Ég tel á hinn bóginn að í slíkri skýrslu um utanríkismál, eins og þeirri sem hér um ræðir, þurfi það að vera veigamikill þáttur að fjalla um og leggja helst sem sjálfstæðast mat á þróunina í alþjóðamálum, leitast við af hálfu utanrrh. að meta það, hvert stefni í þeim efnum. Alveg sérstaklega á þetta við um öll þau atriði sem varða það valdatafl sem stöðugt á sér stað milli stórvelda og ríkjahópa, þar eð þau mál öll hafa eða geta haft bein áhrif á viðhorf manna hér á landi til mikilvægra þátta utanríkismála, svo sem til dvalar herliðs og tilvistar herstöðva í landinu, svo sem til kröfugerðar um aukin umsvif hersins hér á landi og gjaldtöku fyrir aðstöðu herliðsins á íslensku landssvæði, svo að nokkuð sé nefnt. En það hlýtur einnig að teljast næsta mikilsvert, að við Íslendingar ræðum um og reynum að átta okkur frá degi til dags, eða a. m. k. frá ári til árs, á þeim meginbreytingum sem orðið hafa eða eru að verða í samskiptum ríkja, enda þótt þær breytingar hafi e. t. v. ekki í svip bein áhrif hér eða auðsæja þýðingu að svo komnu máli. Sem dæmi má taka, að full ástæða er að minni hyggju fyrir okkur Íslendinga að reyna að gera okkur grein fyrir þeirri stórfelldu breytingu sem í því felst nú þegar, og kann þó að gæta enn meir á komandi árum, að í stað valdatafls tveggja risavelda, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, er þriðja nútímastórveldið stöðugt að auka áhrifamátt sinn, Kína. Ég sakna þess, að um þessar meginlínur alþjóðastjórnmála er næsta lítið fjallað beinlínis í skýrslunni. Þar er ekki gerð veruleg tilraun til að brjóta þessi mál til mergjar, eins og ég tel þó að mjög æskilegt hefði verið að gera. Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir þann stjórnarflokkinn, Framsfl., sem hefur það á stefnuskrá sinni að hér eigi ekki að vera her á friðartímum, að lagt sé mat á það t. a. m. hvort nú megi frá sjónarmiði vopnlauss ríkis í Norður-Evrópu teljast friðartímar eða ekki.

Fyrir fáeinum kvöldum heyrði ég ritara Framsfl., hv. 2. þm. Vestf., Steingrím Hermannsson, svara þeirri spurningu í útvarpsviðtali býsna afdráttarlaust á þá lund, að hann teldi að nú væru friðartímar og sem betur færi ekki yfirvofandi háski af stórveldastyrjöld. Hæstv. utanrrh. fjallar ekki um þetta atriði sérstaklega eða með berum orðum í skýrslu sinni. Hins vegar hefur margt bent til þess, að hann væri svipaðrar skoðunar og ritari Framsfl. í þessu efni, ekki síst það, að hann hefur við ýmis tækifæri sagt, að sú skoðun sín og flokks síns frá tímum vinstri stjórnarinnar, að herinn eigi að fara héðan í áföngum, væri í rauninni algjörlega óbreytt, það sé einungis vegna þess að Framsfl. er í stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl., sem hefur aðra stefnu í þessum málum, það sé einungis þess vegna, hefur manni skilist, að þessi stefna Framsfl., sem hann fylgdi á vinstristjórnarárunum og segist fylgja enn, er ekki framkvæmd. Það er þess vegna sem hæstv. utanrrh. hefur því miður og lætur enn hafa sig til þess að framkvæma öfuga stefnu, stefnu sem ég sé ekki betur en að miði

að því að festa þennan her í sessi, gera honum fært að búa um sig hér til frambúðar.

Ég sé ástæðu til að fjalla nokkru nánar um þessa stefnu hæstv. ríkisstj., stefnuna í sambandi við herstöðina, eins og hún hefur sýnt sig í framkvæmd síðustu 4 ár. Ber margt til að ég sé ástæðu til að segja eitt og annað um þetta efni, þ. á m. sú staðreynd að vaxandi umsvif hersins og aukin vinna á hans vegum ógnar nú öllu því sem ég kalla eðlilegt atvinnulíf á Suðurnesjum, þ. e. a. s. hinu innlenda atvinnulífi þar, og gerir fólkið, sem þar býr, með hverju ári háðara þeirri atvinnu sem til fellur hjá hernum eða í tengslum við herinn. Þetta er óneitanlega ískyggileg þróun og er vert að veita henni fulla athygli.

Allt frá því að Keflavíkurflugvöllur var gerður á styrjaldarárunum síðari hafa margir Íslendingar starfað þar, ýmist á vellinum sjálfum eða í tengslum við þann her sem þar hefur dvalið lengst af þennan tíma. Einna fæstir Íslendingar voru þar að störfum árin 1947—1951. Í árslok 1950, áður en herinn kom öðru sinni, unnu um 370 Íslendingar störf á vellinum og munu þá hafa orðið einna fæstir. Eftir að bandarískur her tók hér land vorið 1951 voru framkvæmdir fyrst í stað í höndum bandarískra fyrirtækja, en strax þá um sumarið var stofnað íslenskt fyrirtæki, Sameinaðir verktakar, og þessu fyrirtæki að nokkru þá þegar, en þó einkum á næstu árum, tryggð framkvæmd flestra þeirra verka á vegum hersins sem fyrirtækið hafði bolmagn til að annast. Fleiri en þeir, sem að þessu fyrirtæki stóðu í upphafi, vildu brátt fá hlutdeild í hinni nýju gróðalind, sem þarna spratt fram, svo tær sem hún var. Það varð til þess, að á samstjórnartíma Sjálfstfl. og Framsfl. árið 1954 var stofnað nýtt fyrirtæki, Íslenskir aðalverktakar, með 50% eignaraðild Sameinaðra verktaka, 25% eignaraðild hlutafélagsins Regins og 25% eignaraðild íslenska ríkisins. Þetta félag fékk síðan svipaða einokunaraðstöðu og Sameinaðir verktakar höfðu haft. Nokkru síðar varð að vísu til fyrirtækið Keflavíkurverktakar og hefur það alla stund síðan haft nokkur umsvif á vellinum, svo sem fimmtung eða sjöttung á við stóra bróður, Íslenska aðalverktaka. Til mun einnig fyrirtæki, sem heitir Suðurnesjaverktakar. Ekki mun það mjög umsvifamikið.

Á árabilinu 1951—1974 unnu að meðaltali um 1200 manns á ári á vegum hersins, að því er skýrslur herma. Lengi var hlutdeild Suðurnesjamanna í þeim störfum um og innan við 50%.

Í ágústmánuði 1951 voru, eins og ég sagði áður, aðeins rúmlega 300 Íslendingar við störf á Keflavíkurflugvelli. Síðan fór þeim fjölgandi og hámarki mun hafa verið náð í septembermánuði 1953, en þá unnu þar 3060 Íslendingar. Árið 1954 hafði þeim fækkað niður í 2330, voru tæplega 1900 árið 1955, um 1500 árið 1956, en árið 1957 var talan komin niður fyrir 1000, niður í milli 900 og 1000. Á árunum 1958—1974 mun þessi tala Íslendinga, sem unnu á vellinum eða í tengslum við herinn, hafa verið nokkuð jöfn, á bilinu frá 1000 til 1200 manns. En með samkomulagi því, sem gert var af núv. hæstv. ríkisstj. haustið 1974 vestur í Washington, einu af fyrstu verkum hæstv. núv. utanrrh. í þjónustu þeirrar ríkisstj. sem nú situr, verður hér á allmikil breyting og að líkindum meiri breyting en menn hafa almennt gert sér grein fyrir. Samið var um nokkra fækkun bandarískra starfsmanna eða hermanna á Keflavíkurflugvelli og skyldu Íslendingar koma í þeirra stað og vinna þau störf sem þeir höfðu áður leyst af hendi. Það var og í þessu samkomulagi gert ráð fyrir því, að reistar yrðu innan flugvallargirðingar íbúðir fyrir flesta eða alla þá Bandaríkjamenn og fjölskyldur þeirra sem þá voru í leiguhúsnæði í kaupstöðum og byggðum utan vallarins. Loks var gert ráð fyrir verulegum breytingum og umbótum á vellinum sjálfum, bæði til aukins öryggis og meiri nothæfni, en einnig og ekki síður í því skyni að aðskilja sem mest almenna flugstarfsemi frá starfsemi Bandaríkjahers.

Enda þótt segja mætti og segja megi að sumar þessara ráðstafana horfi til bóta frá því sem áður var, fylgdu þeim óneitanlega ýmsar neikvæðar hliðar. Lakast var að öll þessi umsvif horfa í þá átt, að hinn erlendi her virðist vera að búa um sig á Keflavíkurflugvelli til frambúðar með ljúfu samþykki íslenskra ráðamanna. Jafnframt hlutu hin nýju verkefni, sem Íslendingum voru ætluð, svo og stórauknar framkvæmdir innan vallarins, að hafa í för með sér ákveðna hættu fyrir hið almenna atvinnulíf á Suðurnesjum. Þar var ekki einungis um það að ræða, að samkeppni um vinnuaflið hlaut að verða erfið sjávarútvegi og öðrum hefðbundnum atvinnurekstri á svæðinu. Hitt hlaut að verða og hlýtur að verða hugsandi mönnum áhyggjuefni, að svo framandi og óstöðugur atvinnurekstur, sem vinna í þágu erlends herliðs hlýtur að teljast, skyldi í sívaxandi mæli verða hlutskipti Suðurnesjamanna. Þegar slíkt gerist jafnhliða því að stórlega hallar undan fæti hjá aðalatvinnuvegi Suðurnesjamanna um aldir og fram á þennan dag, sjávarútvegi, þá er augljóst hvert stefnir. Byggðirnar á þessu svæði verða æ háðari þeirri atvinnu, sem fáanleg er á Keflavíkurflugvelli. Þetta er óæskileg þróun, þetta er háskaleg þróun, og ég hygg að hún hljóti að teljast það jafnt frá sjónarmiði okkar, sem teljum, eins og ég og mínir samflokksmenn, að erlendur her eigi að hverfa héðan með umsvif sín hið fyrsta, sem og hinna, sem telja að nauðsynlegt sé eða eðlilegt að hann verði hér enn um sinn.

Ég hef aflað mér nokkurra upplýsinga hjá varnarmáladeild utanrrn. sem sýna atvinnuþróunina á Keflavíkurflugvelli þessi allra síðustu ár. Tölur þær, sem ég nefni hér á eftir, eru annars vegar meðaltöl síðustu tveggja ára og hins vegar meðaltöl áranna 1970—1974.

Hjá Bandaríkjaher beint vinna nú 1000—1100 Íslendingar í stað um 700 áður. Hjá Íslenskum aðalverktökum og Keflavíkurverktökum vinna að jafnaði 600—700 manns, en voru 350—400 áður. Hjá ýmsum öðrum þjónustufyrirtækjum vinna þarna um 300 manns, en voru áður um 200. Alls vinna því um 2000 Íslendingar í þjónustu hersins og hefur fjölgað um 700 manns eða þar um bil eftir að samkomulagið var gert haustið 1974. Hér eru ekki taldir með þeir Íslendingar sem inna af höndum ýmis afgreiðslu- og þjónustustörf utan og innan vallar jöfnum höndum í

þágu herliðsins og íslenskra aðila, aðallega þó utan vallar.

Auk þessarar miklu fjölgunar íslensks starfsliðs á vellinum hefur smám saman orðið sú breyting, að Suðurnesjamönnum hefur fjölgað þar hlutfallslega, en starfsmönnum af Reykjavíkursvæði og annars staðar að fækkað að sama skapi. Er talið að um 70% þeirra Íslendinga, sem nú vinna á vegum hersins og í þágu hans, séu Suðurnesjamenn, en um 30% annars staðar að, aðallega af Reykjavíkursvæðinu. Samkv. upplýsingum, sem ég hef fengið frá varnarmáladeild, eru miklar framkvæmdir fyrirhugaðar á Keflavíkurflugvelli á þessu og næsta ári. Íbúðabyggingar á vellinum munu halda áfram í ár, en gert er ráð fyrir að þeim ljúki að mestu undir árslok. Þá eru fyrirhugaðar á þessu og næsta ári miklar og mannfrekar breytingar og endurbætur á flugvellinum sjálfum og búnaði hans. Til fróðleiks spurðist ég fyrir um fjölda Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli og í nágrenni hans nú. Mér var tjáð að þar væru nú tæplega 3000 hermenn og bandarískir starfsmenn hersins og að auki konur ýmissa þeirra og börn, um 2000 manns. Alls eru það því um 5000 Bandaríkjamenn sem dveljast á Suðurnesjum um þessar mundir.

Það er vissulega dapurleg staðreynd, eins og ég sagði áðan, að á sama tíma og sjávarútvegur á Suðurnesjum og allur atvinnurekstur í tengslum við hann er í lamasessi og þar er ýmist þegar komin stöðvun hjá ákveðnum fyrirtækjum eða liggur við stöðvun, þá eru það Íslenskir aðalverktakar sem græða svo að um munar og auka veltu sína stórlega. En því miður er það segin saga, að í hvert skipti sem á bjátar í íslensku atvinnulífi hvort sem þar er heimafenginni óstjórn um að kenna eða utan að komandi ástæðum eða hvort tveggja, þá fjölgar þeim röddum og þær gerast næsta háværar sem krefjast auðveldra lausna, sem heimta t. a. m. aukna peninga frá hernum, heimta ný stóriðjufyrirtæki eða annað af því tagi. Það er alkunna, að sú krafa hefur átt miklu og vaxandi fylgi að fagna innan stjórnarflokkanna, og þá alveg sérstaklega innan Sjálfstfl., að heimta beri ríflegt gjald af Bandaríkjastjórn fyrir afnot lands undir herstöðina á Miðnesheiði Þessi kenning fékk mikinn byr undir vængi þegar Josep Luns, framkvæmdastjóri NATO, nefndi svimháar upphæðir sem þeim félagsskap spöruðust vegna aðstöðunnar sem hann hafði hér, miðað við að skipa málum á aðra lund. Í stað beinharðra peninga hafa hinir sléttmálli menn, t. a. m. í röðum Sjálfstfl., rætt um framlag Bandaríkjamanna til lagningar varanlegs vegakerfis og fleiri slíkra framkvæmda, jafnvel flugvalla og hafnarmannvirkja.

Fram hefur komið, að hæstv. ríkisstj. muni klofin í afstöðu til hugmynda eins og þeirra sem ég hef nú rakið stuttlega. Ljóst er þó, að innan stærri stjórnarflokksins á þessi gjaldtökustefna, aronskan svonefnda, sem þannig er köllud, aronskan í einhverri mynd, miklu fylgi að fagna. Í skoðanakönnun í sambandi við prófkjör flokksins til alþingiskosninga í Reykjavík varð sú afstaða að krefjast aukins fjár af herliðinu afar sigursæl, eins og alkunnugt er. Undirrót þess, að þessi gjaldtökustefna á óskyggilega miklu fylgi að fagna innan Sjálfstfl. og því miður að því er virðist víðar, er án efa m. a. aukinn skilningur á gildisleysi hersins og gildisleysi NATO-aðildar fyrir Ísland og okkur Íslendinga. Síðasta þorskastríð ekki síst opnaði augu margra fyrir þeirri staðreynd, að Bandaríkjaher er hér ekki í okkar þágu, heldur í þágu Bandaríkjanna sjálfra. Þessi síðbúni skilningur ýmissa ágætra borgara á því, að um þetta mikilvæga atriði hefðum við Alþb.-menn og aðrir herstöðvaandstæðingar í rauninni frá upphafi haft lög að mæla, hefur síðan komið fram í ýmsum myndum, sumum að vísu óneitanlega dálítið kyndugum. Þeir menn eru allt of fáir því miður, sem draga af þessum staðreyndum þá algerlega rökréttu ályktun, að úr því að her sé ekki hér í okkar þágu, þá eigi hann að fara. Að vísu hygg ég að þeim mönnum fari fjölgandi sem þetta sjá. En viðbrögð allt of margra hafa orðið þau, að þeir segja: Úr því að herinn er hér í þágu annarra en okkar, þá skulum við láta þá aðila borga fyrir sig og það svo að um munar. — Þegar þessar kenningar eru fluttar á tímum vaxandi óvissu og jafnvel háskaástands í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar er sérstök hætta á að þær fái hljómgrunn, eins og dæmin sanna.

Hér er vissulega mikið alvörumál á ferð og ber nauðsyn til að snúast gegn öllum kenningum af þessu tagi af mikilli alvöru og mikilli hörku. Hvað sem líður mismunandi mati á gildi eða gildisleysi NATO-aðildar, gildi eða gildisleysi hersetu í landinu, þurfa allir ábyrgir menn að gera sér ljósan háskann af þessum gjaldtökukenningum, í hvaða mynd sem þær eru. Það liggur í augum uppi, að stórauknar tekjur af dvöl erlends herliðs í landinu frá því sem nú er verða til þess að gera okkur æ háðari þeirri göróttu auðsuppsprettu sem þar um ræðir. Það er þess vegna alvörumál þegar það samkomulag, sem hæstv. núv. ríkisstj. gerði haustið 1974 um verulega fjölgun Íslendinga sem starfa hjá herliðinu og í þágu verktaka í þjónustu þess, hefur það í för með sér að Suðurnesjamenn verða æ háðari þessari atvinnu. Er það út af fyrir sig nógu alvarlegt mál, þó að ekki bætist við að aronskunni vaxi sá fiskur um hrygg að tekin verði stóraukin gjöld fyrir þessa aðstöðu, eins og margir krefjast.

Þeir menn eru — sem betur fer — til í öllum flokkum, einnig innan Sjálfstfl., sem sjá hver háski þjóðinni er búinn ef þessi landsölustefna hrósar verulegum og varanlegum sigri. Ég tel að þetta mál sé svo stórt, að hver rödd úr herbúðum stjórnarflokkanna, sem af alvöru og í einlægni andmælir þessari stefnu, sé sérstakt fagnaðarefni. Einn af fulltrúum Sjálfstfl. í utanrmn. Alþ., hv. 6. landsk. þm., Guðmundur H. Garðarsson, skrifaði um síðustu áramót athyglisverða grein í Morgunblaðið, þar sem hann varaði mjög alvarlega við þeirri hættu sem búin er hverri þjóð sem sækist eftir að lifa á fjármunum af borði stórvelda fyrir landleigu eða aðstöðu af svipuðu tagi. Þessi grein þótti mér sýna að til eru þó örfáir menn innan Sjálfstfl. sem hafa áhyggjur af háværri kröfugerð þess efnis að taka beri í einu eða öðru formi stórar fjárfúlgur

fyrir aðstöðu Bandaríkjahers hér á landi. Komst hv. þm. að þeirri niðurstöðu, að tímabært færi að verða að vega það og meta, hvort hættan af landsölustefnunni væri ekki meiri en sá háski sem okkur kynni að stafa af útþenslustefnu rússneskra ráðamanna. Þetta eru athyglisverð orð af munni stjórnmálamanns sem hefur verið og er einlægur talsmaður NATO-aðildar okkar Íslendinga og hefur jafnan lagt á það áherslu, að bandarískur her þurfi að vera hér enn um sinn a. m. k., e. t. v. af illri nauðsyn. Og svo mikið er víst, að síst verður þessi hv. þm. vændur um að hann sé eitthvert handbendi Rússa eða fylgifiskur þeirra. Hann hefur þvert á móti verið flestum þm. ötulli við að benda á hættu sem hann hefur talið stafa af rússneskum valdhöfum og hugmyndafræði þeirra. Þeim mun athyglisverðari eru varnaðarorð hans um þann háska, sem einna mestur getur steðjað að smáþjóð — þann að láta sjálfstæði sitt og sæmd falt fyrir fjármuni. Ályktunarorð hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar í þessari athyglisverðu grein voru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það stendur yfirleitt ekki á stórveldunum að kaupa sér aðstöðu sé hún föl. Vandinn fyrir smáríki í samskiptum við hina stóru er fólginn í því að halda reisn sinni og sjálfstæði og selja ekki frumburðarréttinn, land sitt og sjálfsforræði."

Þetta er vel mælt. Hér eru mikilvæg sannindi sögð umbúðalaust. Þau sannindi þurfa sem allra flestir Íslendingar að festa sér í minni og lifa samkv. þeim.

Ég vék að því áðan, að í skýrslu um utanríkismál og umr. um hana væri æskilegt og raunar nauðsynlegt að fjalla um meginlínur alþjóðastjórnmála, gefa gaum að þeirri þróun, sem þar á sér stað, og endurskoða fyrri afstöðu ef tilefni þykir til. Ég held að við Íslendingar séum e. t. v. hræddari við slíkt endurmat en ástæða er til. Einkum þykja mér kenningar áhrifamanna í Sjálfstfl. og Alþfl. vera vottur þess, að þær kenningar, sem enn er haldið fram í sambandi við dvöl hers í landinu, séu orðnar til á tímum kalda stríðsins og þær hafa breyst ákaflega lítið alla stund síðan. Það kveður jafnvel svo rammt að þessu, að í afstöðunni til utanríkisstefnu Bandaríkjanna eru íslenskir menn oft og tíðum kaþólskari en páfinn. Skal ég nefna dæmi.

Það hefur naumast farið fram hjá neinum, að Carter Bandaríkjaforseti hefur við ýmis tækifæri gagnrýnt fyrri stefnu Bandaríkjamanna í utanríkismálum, oft að vísu — og skiljanleg — með varkáru orðalagi, en stöku sinnum þó á býsna opinskáan hátt. E. t. v. má segja, að enn sem komið er sitji að töluverðu leyti við orðin ein hjá forsetanum, og þó er það ekki alfarið. En hvort sem utanríkismálastefna Bandaríkjanna verður í reynd lítið breytt næstu árin undir forustu Carters forseta eða tekur nokkrum stakkaskiptum, þá eru margvísleg ummæli forsetans vottur þess, að hann gerir sér a. m. k. grein fyrir óvinsældum þeirrar stefnu sem fyrirrennarar hans hafa fylgt — óvinsældum jafnt meðal Bandaríkjamanna sjálfra sem víða erlendis.

Carter Bandaríkjaforseti hefur lýst yfir stuðningi við Atlantshafsbandalagið, en jafnhliða hefur hann lagt áherslu á tvennt: alþjóðlegt samstarf utan Atlantshafsbandalagsins og nauðsyn þess að breyta ásýnd þess bandalags og áróðursaðferðum þess. Hann sagði m. a. í ræðu s. l. sumar, og talaði þá að sjálfsögðu til sinnar þjóðar, Bandaríkjamanna: „Við erum nú lausir við hinn óhóflega ótta við heimskommúnismann, sem kom okkur til að faðma hvern þann einræðisherra sem deildi þessum ótta með okkur." Nefndi forsetinn Víetnamstyrjöldina sem gleggsta dæmi þess, hversu fráleit utanríkisstefna Bandaríkjanna hefði verið á undanförnum áratugum.

Þessi og önnur hliðstæð ummæli Carters Bandaríkjaforseta eru ekki aðeins hörð gagnrýni á þá stefnu sem fyrri forsetar og fyrri ríkisstjórnir þar í landi hafa fylgt. Þau eru ekki síður alvarleg áminning og umhugsunarefni öllum þeim í öðrum löndum og öðrum heimsálfum sem mænt hafa á Bandaríkjastjórn — bæði fyrr og síðar — sem átrúnaðargoð og fylgt henni í blindni. Þessi gagnrýni hittir m. a. þá menn íslenska sem ákafast hafa barist fyrir því, að Íslendingar styddu hina bandarísku utanríkisstefnu og hlýddu skilyrðislítið öllum kröfum sem þaðan hafa komið um aðstöðu og áhrif. Nú er ljóst að þeir Íslendingar, sem enn í dag verja jafnt gamlar sem nýjar skyssur bandarískrar utanríkisstefnu og prédika hvað mest undirlægjuhátt gagnvart þessari voldugu þjóð, eru kaþólskari en sjálfur páfinn, eins og ég áðan sagði. Hvenær hafa þeir menn talað um úrelt traust á NATO, eins og Carter gerði? Hvenær hafa þeir gagnrýnt Atlantshafsbandalagið fyrir einstrengingslegan andkommúnisma? Hafa þeir nokkru sinni gagnrýnt Bandaríkjastjórn fyrir að faðma einræðisherra? Ég held að það sé tími til kominn fyrir fleiri en Bandaríkjaforseta að endurskoða stefnu og starfsaðferðir. Það á í ríkum mæli við um þá menn sem bera ábyrgð á íslenskri utanríkisstefnu. Vonandi treysta þeir sér til að taka Jimmy Carter Bandaríkjaforseta að þessu leyti til fyrirmyndar.

Ég mun þessu næst víkja stuttlega að þeim kafla í skýrslu hæstv. utanrrh., sem fjallar um aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Þar er réttilega frá því greint, að um næstsíðustu áramót hætti Ísland að þiggja framlög frá Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, eins og viðgengist hafði um hríð okkur til mikillar vansæmdar. Var það vissulega þarft verk og lofsvert, að við skyldum loksins sjá sóma okkar í því að hætta að ásælast fé úr þessum sjóði.

Hæstv. utanrrh. greindi frá því í ræðu sinni og skýrslu, að framlög íslenska ríkisins í heild til aðstoðar við þróunarlönd hafi numið rúmum 200 millj. kr. eða nokkuð innan við 0.07% af þjóðarframleiðslu á síðasta ári, þ. e. a. s. þau hafi verið tæplega 7 af 1000. Hér er þó að langmestum hluta um að ræða skyldaframlög til þeirra sjóða og þeirra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem Ísland er aðili að. En heildarfjárveitingin til hinnar frjálsu eða beinu þróunaraðstoðar var aðeins 25 millj. íslenskra kr. á síðasta ári, en er 40 millj. á fjárlögum þessa árs. Enda þótt hér sé um hækkun að ræða í íslenskum krónum talið er hún sáralítil að raungildi — því miður. Hér þarf því vissulega að gera stórum betur en gert hefur verið, og okkur Íslendingum er alveg vorkunnarlaust að gera það. Með-

an framlag okkar til allrar þróunaraðstoðar er innan við 7 af 1000 í þjóðarframleiðslu er það ekki 1/10 hluti þess sem að er stefnt, bæði samkv. samþykktum Sameinuðu þjóðanna og einnig samkv. þeirri íslenskri löggjöf sem sett var fyrir nokkrum árum um þróunaraðstoð. Tvær Norðurlandaþjóðir, Svíar og Norðmenn, munu þegar hafa náð þessu marki, þ. e. a. s. að verja 0.7% þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar. Framlag Norðmanna á þessu ári mun vera hvorki meira né minna en um 70 milljarða ísl. kr. Fleiri þjóðir nálgast þetta mark með ári hverju. Ég held að segja megi að það sé siðferðileg skylda okkar Íslendinga, hvernig sem á málið er litið, að gera hér verulega bragarbót á næstu árum. Ég er ekki að vanmeta það sem þegar hefur verið gert — síðustu tvö árin — og bætir örlítið úr skák. En það vil ég segja og leggja á það áherslu, að þrátt fyrir ýmiss konar barlóm erum við svo vel efnum búin þjóð að við höfum vissulega efni á að leggja nokkuð af mörkum til að draga úr hungurdauða meðal fátækra þjóða og styðja þær til sjálfshjálpar. Það er okkur til mikillar niðurlægingar að hafa verið jafnkærulausir og raun ber vitni í þessu máli.

Við Íslendingar erum um þessar mundir að reyna að selja íslenskar landbúnaðarafurðir til ríkra þjóða — þjóða sem hvergi nærri torga þeim kynstrum af matvælum sem þar eru á boðstólum. Og til þess að fá ríku þjóðirnar til að kaupa þessar afurðir okkar verðum við að greiða þær niður svo að stórfé nemur. Er ekki vert að kanna það, hvort ekki sé hægt — í sumum tilvikum a. m. k. — að hætta þessum niðurgreiðslum til auðugra þjóða, en nota fjármagnið, sem þannig sparaðist, til þess að afla sveltandi fólki hollrar, íslenskrar fæðu? Mér þykir líklegt, að varðandi landbúnaðarvörur komi þetta einkum til greina að því er tekur til mjólkurvara, þ. e. að framleitt verði nýmjólkurduft sem hægt er að flytja hvert á land sem er. Er í rauninni nokkuð því til fyrirstöðu, að í stað þess að framleiða osta til útflutnings og greiða ríku og feitu fólki í Evrópu og Ameríku stórfé fyrir að éta þessa osta, kaupi ríkið þá umframframleiðslu mjólkur og mjólkurafurða og komi síðan mjólkurduftinu til þeirra þjóða sem raunverulega þurfa slíkra matvæla með? Með þessum hætti hyrfi af fjárlögum styrkur eða einhver hluti af styrk til handa hinum efnuðu og söddu, en í staðinn kæmi samsvarandi upphæð til handa fátækum og sveltandi þjóðum — og helst hærri. Fleiri næringarrík íslensk matvæli koma vissulega til greina í þessu sambandi og þá ekki síst fiskmeti. Út í þá sálma skal ég þó ekki fara nánar að þessu sinni, en hitt er vafalaust, þó að á þetta sé bent sem möguleika, að mest er um það vert, þegar til lengdar lætur, að fólkið í þróunarlöndunum fái aðstoð til sjálfsbjargar, að því verði gert fært að nýta auðlindir landa sinna og sjávarins í eigin þágu. Að því beinist sú umfangsmikla starfsemi sem Norðurlandaþjóðir hafa haft með höndum og hafa enn, ýmist hver um sig eða í góðri samvinnu sín í milli. Sú stofnun íslensk, sem lögum samkv. á að fjalla um og beita sér fyrir þróunaraðstoð af okkar hálfu, hefur, eftir því sem fjárhagsgetan hefur leyft, tekið þátt í þessari samnorrænu aðstoð. Ég held að undirbúningur allur að þeim verkefnum, sem Norðurlöndin vinna að sameiginlega, einkum í Afríkulöndum, hafi verið góður og að árangur sé þegar umtalsverður. Ég hygg því að þeir fjármunir, sem við Íslendingar leggjum fram í þessu skyni, komi að raunverulegu gagni. Okkur ber þess vegna að auka stórlega þann skilning sem við veitum til þróunaraðstoðar. Við getum það auðveldlega. Látum af því verða, bæði í þágu þess fólks, sem þarfnast hjálpar, og sjálfra okkar vegna.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa þessi orð mín öllu lengri. Aðrir munu af hálfu Alþb. ræða síðar í umr. um aðra þætti þessara mála. Ég hef aðeins tekið fyrir fáeina þætti og hvergi nærri gert þeim fullnægjandi skil. En ég tel eðlilegt að í umr. eins og þessum komist talsmenn allra flokka að nokkurn veginn á jafnréttisgrundvelli að því er tíma snertir. M. a. þess vegna hef ég kosið að takmarka mál mitt við ákveðin atriði, hef ekki farið út í fleiri atriði en ég hef þegar gert, og lýk máli mínu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu þá sem hann hefur gefið þinginu um utanríkismál. Ég tek af heilum hug undir orð síðasta ræðumanns, er hann lýsti þeirri von sinni, að þessi skýrslugerð væri nú orðin að hefð og hvað það snerti verði ekki aftur snúið.

Mér virtist strax við lestur þessarar skýrslu að hún væri að mörgu leyti ein heilsteyptasta skýrslan sem hæstv. ráðh. hefur gefið þau mörgu ár sem hann hefur nú verið í embætti. Má raunar vera að mér hafi fundist svo vegna þess, að það er færra sem ég hef við hann að deila nú en stundum á undanförnum árum. Þó vil ég geta þess í upphafi, að það kjörtímabil, sem nú er að líða, hefur verið miklu meiri festa í stjórn utanríkismála Íslendinga en var í tíð vinstri stjórnarinnar á undan, þegar staða þjóðarinnar var óneitanlega veik, mun veikari en hún þurfti að vera, vegna óvissu og átaka innan þeirrar ríkisstj.

Ég mun nú fara örfáum orðum um einstök atriði úr skýrslunni, en engan veginn leitast við að fjalla um alla kafla hennar, enda eru fjölmargir þeirra þess eðlis, að þeir gefa ekki ýkjamikið tilefni til langrar umr. þótt í þem séu fróðlegar upplýsingar. — Það er raunar frekar í þessari skýrslu en flestum hinum fyrri, að þar sé að finna ýmsar fréttir, fyrir leikmenn, og tel ég það mjög til bóta.

Mér finnst það í fyrsta lagi eðlilegt, að hæstv. ráðh. nefni landhelgismálið á undan öðrum utanríkismálum. Það er fullkomin ástæða til þess að hann láti í ljós ánægju yfir þróun þess. Ég tek undir þau orð hans, að þjóðin getur öll glaðst, og ég er sammála þeirri lýsingu hans, að árangurinn hafi, þegar á allt er litið, fyrst og fremst náðst vegna þess að í landinu ríkti alla tíð efnisleg samstaða, að heita má, þótt deilt væri um leiðir. Það var að sjálfsögðu hlutverk stjórnarandstöðu í þessu máli að reyna að draga eftir megni úr samningsgerð við aðrar þjóðir á þessu þróunarskeiði og reyna að takmarka það, að veiðihlunnindi væru veitt á því tímabili sem

á fyrri stigum landhelgismálsins var kallað „umþóttunartímabil" fyrir þá sem hér höfðu áður stundað veiðar. Lokastefnan varð auðvitað sú, að allir voru sammála um að fara nálega algerlega inn á þá stefnu að hætta samningsgerð og veita öðrum fiskveiðiþjóðum eins litlar veiðiheimildir og nú er komið.

Þá vík ég að kafla þeim sem fjallar um afvopnunarmál. Finnst mér ánægjulegt, að hæstv. ráðh. hefur jákvæð viðhorf til þeirra í heild og að hann skuli veita þeim þann sess sem þau skipa í skýrslunni. Þó sakna ég þess í kaflanum, að hæstv. ráðh. skyldi ekki nefna á nafn nevtrónusprengjuna, sem mjög er nú til umr. í fréttum. Tel ég að eðlilegt hefði verið, að í þessari skýrslu hefði komið fram yfirlýsing um að Íslendingar hefðu ekki í hyggju að leyfa staðsetningu á slíkum sprengjum hér, en ég hygg að tvær Atlantshafsbandalagsþjóðir hafi þegar gefið slíka yfirlýsingu. Þó vil ég vona að um þessa sprengju, jafnsérstæð og hryllileg og hún raunverulega er, gildi það sem hefur verið ríkjandi stefna í íslenskum utanríkismálum síðan við gengum í Atlantshafsbandalagið, að hvorki hún né önnur kjarnorkuvopn séu hér né megi hér vera með okkar leyfi.

Að vísu er rétt að gera sér grein fyrir því, að deilur þær, sem nú standa um nevtrónusprengjuna og hugsanlega framleiðslu hennar, bera vott um að jafnvægi gereyðingarvopnanna, sem hefur verið undirstaða friðar, a. m. k. á Evrópu- og Norður-Ameríkusvæðinu síðustu áratugi, er engan veginn traust. Sýnist lítill vafi á því, að fréttirnar af þessari sprengju og umtalið um hana séu amerískur leikur gegn ótta við það, að Sovétríkin hafi farið fram úr Bandaríkjamönnum í framleiðslu gereyðingarvopna. Ég nefni þetta aðeins sem einn vott þess, að varhugavert er að draga ályktanir eins og þær, að nú sé svo öruggt friðarástand að við getum hegðað okkur eftir því. Það er sorglegt, hversu hægt afvopnunarmálunum hefur miðað áfram, og það er sorglegt, hversu hægt þróunin til jákvæðari sambúðar austurs og vesturs hefur gengið undanfarin ár.

Hæstv. ráðh. minnti á að nú væru komin í samtök Sameinuðu þjóðanna 10 ríki, sem hefðu færri íbúa en við, og önnur 5, sem hefðu litlu fleiri. Þar eru því 15 eða 16 ríki, sem oft eru köluð „mini-ríki", örsmá ríki. Við skulum gera okkur það ljóst að margir líta á þetta sem mjög óeðlilegt fyrirbrigði, vegna þess að þessi örsmáu ríki hafa jafnmikinn atkvæðastyrk á Allsherjarþinginu og stórveldin og t. d. hið fjölmenna Kínaveldi. Það spretta alltaf öðru hverju upp umr. um það, hvort þetta eigi svo að vera, og það er hollt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því, hvað menn hugsa í þeim málum. Nú hefur það að vísu heyrst viðurkennt í erlendum skrifum um þessi mál, að Ísland væri dæmi um smáþjóð sem hefði staðið sig vel sem þátttakandi í Sameinuðu þjóðunum og sinnt þátttöku sinni á viðunandi hátt. Þeir, sem betur þekkja til, kunna e. t. v. að draga þetta í efa. En að svo miklu leyti sem það er rétt, er það að minni hyggju eingöngu að þakka samstöðu Norðurlandaríkjanna. Þau koma fram sem einn aðili innan Sameinuðu þjóðanna og hafa mjög náið samstarf í daglegri vinnu. Íslenska sendinefndin, jafnvel þó að í henni séu 10—12 manns á Allsherjarþingi, getur varla sótt alla fundi sem standa yfir samtímis, og það er gott að eiga hina norrænu vini, sem jafnan geta látið okkur vita hvað er að gerast og varað okkur við ef til atkvgr. á að koma einhvers staðar þar sem við vildum láta í okkur heyra.

Hæstv. ráðh. skýrði frá málefnum sunnanverðrar Afríku, sem ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af. Það kemur fram í skýrslunni, að hann og félagar hans, utanrrh. hinna Norðurlandanna, hafa á hinum tíðu fundum sínum fjallað um þessi mál. Á bls. 8 í skýrslunni er 2. liður upptalningar um það sem Norðurlöndin ætla í samræmi við stefnu sína að beita sér fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þessi 2. liður er um það, að Norðurlöndin ætli að stuðla að tillöguflutningi í öryggisráðinu, sem leitt geti til bindandi samþykkta gegn viskiptum við Suður-Afríku. En á sama tíma og hæstv. utanrrh. okkar tekur væntanlega einlægan þátt í þessari norrænu stefnumótun hafa viðskipti okkar við Suður-Afríku farið ört vaxandi. Samkvæmt Hagtíðindum keyptum við frá Suður-Afríku á s. l. ári fyrir 263.5 millj. kr., sem er helmingi meira í krónum talið en útflutningur þangað. Ég hygg að aðallega sé um að ræða kaup á ávöxtum og hin frjálsa verslun sé að verki, þó að það virðist vera næsta furðulegt, að við skulum kaupa svo mikið af ávöxtum af Apartheid-kúgurum í Suður-Afríku, á sama tíma sem við erum að velta fyrir okkur hvað í ósköpunum við getum keypt til viðbótar af Spáni og og Portúgal til að tryggja saltfisksmarkaðinn. Ég bendi á þessa þróun. Mér er fullkomlega ljóst, að enn þá eru ekki í gildi neinar bindandi samþykktir, sem ná til almennra viðskipta, þó að slíkar samþykktir séu þegar fyrir hendi varðandi vopnasölu og jafnvel fjárfestingu. En þar sem stefnan hefur verið mótuð í þessum 2. lið og lýst, hverju Norðurlöndin ætla að vinna að, held ég að þrátt fyrir allt viðskiptafrelsi og alla okkar samninga um að skipta okkur ekki um of af innflutningi og útflutningi, ættum við að reyna að breyta þessu og beina þessum viðskiptum til annarra ávaxtaframleiðenda, sem við höfum hag af að auka skipti okkar við.

Það er enn fremur mjög jákvætt, hversu hæstv. ráðh. eyðir miklu máli í kaflann um mannréttindamál. Hann sýnir þar áhuga, og það er vel að við reynum að efla þau mál sem allra mest á alþjóðlegum vettvangi og mætti gjarnan tengja það við Suður-Afríku og að kaup okkar á vörum frá því landi hafa farið ört vaxandi, þó að e. t. v. kunni einhverjir að segja að fjórðungur úr milljarði sé ekki mikið fé í alþjóðaviðskiptum nú á dögum.

Hafréttarráðstefnan er enn á dagskrá og virðist því miður ganga hægt að ljúka henni. Við verðum að vona að það muni þó takast áður en stórveldin missa þolinmæðina og nota tækni og fjármagn til að hefja vinnslu á auðæfum hafsins, sem mest hefur verið deilt um nú á síðustu fundum. Það var skemmtilegur viðburður fyrir okkur Íslendinga, þegar aðalfulltrúi okkar, Hans G. Andersen, gat minnst þess á fundi þar að 30 ár væru liðin síðan við settum landgrunnslögin,

sem barátta okkar í landhelgismálum hefur að miklu leyti byggst á alla tíð síðan, enda þótt við séum nú í síðustu útfærslu komnir út fyrir landgrunnið á ýmsum stöðum.

Kaflinn um Háskóla Sameinuðu þjóðanna er að ýmsu leyti athyglisverður, en við skulum gera okkur grein fyrir því, að hann sýnir okkur að við fáum ekkert ókeypis. Ef við höldum fram hugmyndum um að æskilegt væri að fá hingað svo sem eina deild úr þessum háskóla, þá er eins gott að vera við því búinn að við verðum látnir borga meginhlutann af kostnaðinum. Raunin ætlar að verða sú. En ég tel að þrátt fyrir það sé rétt að halda áfram þessari viðleitni og reyna að draga hingað með þessari deild, ef við fáum hana, eitthvað af þekkingu annarra varðandi jarðhita, því að við höfum frétt af því nú undanfarið, að þurft hafi að senda borunarmenn okkar kringum hálfa jörðina til þess að reyna að átta sig á verkefnunum — og hver veit nema einhvers staðar í húsakynnum Kröflu-virkjunar sé hægt að koma fyrir ágætri deild um þessi mál.

En önnur þróunaraðstoð hefur á síðustu 2—3 árum fallið í skaplegri farveg en hún áður gerði, sérstaklega við það að við hættum að þiggja slíka aðstoð sjálfir. Mér líst mjög vel á það sem gerst hefur í samskiptum okkar við Kenýa og Cap Verdeeyjar. Ég hef alltaf haldið að við myndum geta gert mest gagn með því að senda duglega sjómenn og láta þá kenna öðrum, því að menn geta gefið soltnum manni fisk og mettað hann til eins dags, en við getum kennt honum að fiska og þar með að sjá sér farborða alla ævi.

Andstætt þeim köflum, sem ég hef nú rætt, er kaflinn um varnarliðið og öryggismál okkar Íslendinga mjög stuttur, þó að hann sé kjarnyrtur og nefni meginatriðin í framkvæmd þess samkomulags sem hæstv. ráðh. gerði grein fyrir. Ég vil leggja áherslu á að þarna er mörg vandamál við að etja, mörg fleiri en grundvallaratriðin sem hv. síðasti ræðumaður fjallaði um. Mér finnst ganga allt of hægt að komast að niðurstöðu um þau mál, hvernig unnt verður á skaplegum tíma að skilja að athafnasvæði varnarliðsins og hinna alþjóðlegu flugstöð. Það er að verða erfiðara með hverju ári sem líður að þola þetta samkrull, eins og það er nú þarna suður frá. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, að það er versnandi sambúð við Keflavíkurflugvöll, það er meira umtal og fullyrðingar um spillingu og smygl og annað slíkt nú en ég hef heyrt um langt árabil. Kann að vera að ástæðan fyrir þessu sé að einhverju leyti sú, að atvinnuástand á Suðurnesjum er mjög slæmt og við slíkar aðstæður gerist fólk öllu gagnrýnna en það er þegar betur árar. Engu að síður er augljóst að hafa þarf vakandi auga með framkvæmd á svo til hverjum lið varnarsáttmálans, og ég vil taka undir það, sem hér kom fram, að kominn er tími til að endurskoða algjörlega frá grunni verktakasviðið allt saman.

Það kom ekki til af góðu, sem hér var nefnt, að á fyrstu árunum eftir stríðið var lægst tala íslenskra starfsmanna á vellinum. Það var vegna þess að þá voru þar erlendir verktakar sem fluttu inn verkafólk, og sambúðin við það fólk var einhver hins versta sem við höfum átt við að stríða. Þess vegna var farið inn á þá braut að reyna að koma framkvæmdunum á íslenskar hendur, en þá var ekki unnt að gera það, nema með því að mynda allstóra samsteypu. Nú eru mörg ár liðin og ég hygg að íslenskt atvinnulíf geti boðið miklu fleiri kosti og ráðið miklu betur við þau verkefni, sem þarna eru, en áður var og ástæðulaust sé að halda áfram því einokunarástandi sem þarna er. Það verður að íhuga og endurskoða stöðu varnarliðsins, þýðingu þess, frá ári til árs og gera sér grein fyrir því. Það verður líka að endurskoða stöðugt og fylgjast vandlega með því, hvernig framkvæmd á varnarsamningnum, meðan hann er í gildi og þarf að vera, farnast.

Að lokum vil ég koma að síðasta kafla skýrslunnar, sem er að vanda um utanríkisþjónustuna sjálfa. Ég vil láta í ljós viðurkenningu á því, hversu vel hefur til tekist að halda kostnaði í hófi og hversu vel hefur tekist að leysa verkefni utanríkisþjónustunnar með 39 manna starfsliði, sem hefur verið óbreytt um langt árabil. Að vísu verður að standa á hemlum hvað snertir kostnað í utanríkisþjónustu, eins og í allri yfirbyggingu á svona litlu þjóðfélagi sem lýðveldi okkar er. En það verður að vega og meta hverju sinni, hvað nauðsynlegt er að gera. Við þurfum að sjálfsögðu að gæta okkar ef talað er um að setja upp nýtt sendiráð, vegna þess að það er ekki kostnaður einu sinni, heldur væntanlega til frambúðar. En við þurfum að íhuga af raunsæi önnur vandamál, sem koma upp, t. d. það sem hæstv. ráðh. nefndi: Eigum við að taka sæti í öryggisráðinu eða ekki? — Það er ljóst, að við verðum í fyrsta lagi að hafa mjög hæfa menn til þess að geta gert það. Ég dreg ekki í efa, að við eigum þá menn til. Í öðru lagi verðum við að gera okkur það ljóst, að þessu fylgir töluvert mikill kostnaður, því sá maður, sem situr í öryggisráðinu, jafnvel þó það kæmi ekki fyrir að hann fengi að vera þar í forsæti, sem getur þó alltaf gerst, þarf jafnvel að hafa frá okkar eigin sendiráði einn eða tvo starfsmenn með sér, en þeir gera ekki mikið annað á meðan. Þetta mundi verða hrein viðbót, og auðvitað er það ástæðan fyrir því, að við höfum hliðrað okkur hjá þessu verkefni og ýmsum sem segja má að séu sambærileg. En af því að hæstv. ráðh. talaði um landkynningu, sem vissulega er nauðsynleg og þarf að sinna, þá er rétt að gera sér grein fyrir því, að sæti í öryggisráðinu — ég tala nú ekki um forsæti ef það kæmi í okkar hlut einhvern tíma — getur orðið landkynning sem er svo stórbrotin að margra ára fjárveitingar til beinnar landkynningar komast þar hvergi nærri.

Mér er minnistætt þegar Danir sátu fyrir nokkrum árum í öryggisráðinu og Hans Tabor, sem síðar varð utanrrh. og mun nú vera sendiherra, var fulltrúi þeirra. Hann var svo heppinn, ef svo má komast að orði, að vera í forsæti þegar einhver alþjóðleg deila, sem ég man ekki í svipinn hver var, barst til öryggisráðsins og þótti svo fréttnæm, að sjónvarpsvélarnar voru þar inni dag eftir dag. Maðurinn varð þekktur og land hans víða um heim fyrir þetta eitt. Ég held að við eigum að meta þessa hluti. Við eig-

um ekki að rjúka í öll verkefni, en gera okkur grein fyrir, hver þeirra eru líklegri en önnur til þess að verða okkur að gagni, bæði til að þroska sjálfa okkur og okkar eigin menn og einnig til þess að sýna að við séum menn til þess að standa fyrir okkar þætti í alþjóðlegum viðskiptum.

Ég mun nú ekki hafa þessi orð fleiri, en vil ítreka það, að ég þakka hæstv. ráðh. skýrsluna og það, að hún skuli bera vott um meiri festu í utanríkismálum en við höfum átt að fagna fyrr á þessum áratug allt fram undir þetta kjörtímabil.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Jafnframt því, sem ég þakka hæstv. utanrrh. — að dæmi annarra þátttakenda í umr. — skýrslu hans um utanríkismál, vil ég árna hæstv. ráðh. heilla, að honum skuli hafa borið að höndum sú gæfa að fara með utanríkismál Íslands á því tímabili sem landhelgismálið hefur verið borið fram til sigurs. Þar hefur farið saman sókn án afláts, frá því ákvörðunin var tekin 1971 um útfærslu fiskveiðilögsögu í 50 mílur, og ótrúlega ör og hagstæð þróun á alþjóðavettvangi. Og þess skyldu menn ekki dyljast, að stefna og aðgerðir okkar Íslendinga hafa á þessu tímabili verið eitt þeirra afla sem knúið hafa áfram þróunina á heimsmælikvarða á þessu þýðingarmikla sviði.

Það var sannarlega fullt tilefni fyrir Hans G. Andersen sendiherra að kveðja sér hljóðs á fundi hafréttarráðstefnu fyrir fáum dögum til að minna á hvílík tímamót það voru, þegar Alþingi Íslendinga markaði í þessum málum stefnu með setningu laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins fyrir réttum þremur áratugum. Sú lagasetning og frumkvæði Íslendinga, bæði um aukin yfirráð landsmanna yfir fiskimiðunum fyrir ströndum landsins og um að koma hreyfingu á hafréttarmál hjá alþjóðastofnunum, hafa orkað flestu öðru meira að mínum dómi til að skapa Íslandi virðingu og álit meðal þjóða heims og sannfæra okkur sjálfa um það, hverju hlutverki við getum átt að gegna í samfélagi þjóðanna ef við veljum okkur verkefni við hæfi og höldum á þeim af þeirri þekkingu og af þeirri markvísi sem slíkt frumkvæði krefst. Þessi þróun í hafréttarmálum og hlutdeild Íslendinga í henni er óræk sönnun fyrir því, hverju smáríki fær um þokað þegar það byggir stefnumótun á traustum grunni og fylgir henni eftir af þolgæði.

Annað helsta atriði íslenskra utanríkismála, sem einnig var upp tekið á nýjum grundvelli 1971, hefur ekki komist jafnfarsællega í höfn. Þar á ég við setu erlends herliðs í landinu. Endurskoðun varnarsamningsins við Bandaríkin í því skyni að hið erlenda herlið yfirgæfi landið í áföngum varð ekki að veruleika. Nokkur fækkun hefur átt sér stað í hernum, en jafnframt fer fram endurnýjun vopnabúnaðar með þeim hætti, að greinilegt er að Bandaríkjamenn telja sig vera að búast um til nokkurrar frambúðar. Því þykir mér það aldrei of oft endurtekið, að þrátt fyrir allt sem á milli ber íslenskra stjórnmálaflokka um setu erlends hers í landinu, þá er það þó yfirlýst stefna þeirra allra, bæði fyrr og síðar, að hersetan eigi ekki að vera varanlegt ástand. Þessi afstaða fólst þegar í einróma afsvari allra flokka við beiðninni í stríðslok um herstöðvar með extraterritorial réttindum til langrar frambúðar, og þeir, sem síðar gerðu varnarsamninginn við Bandaríkin, sýndu það í verki, að þeir héldu fast við hana, að þeir teldu varanlega hersetu óeðlilega og óæskilega, með því að ganga svo frá ákvæðum um endurskoðun og uppsögn samningsins, að það er á færi íslenskra stjórnvalda á hverjum tíma að binda einhliða enda á hersetuna.

Ég tel að það væri heillavænleg þróun í íslenskum stjórnmálum í meðferð þessa vandmeðfarna og viðkvæma utanríkismáls, ef stjórnmálaflokkarnir litu — einstöku sinnum a. m. k. — til þessa atriðis, sem þeir eru sammála um, ekkert síður en til þess sem á milli ber. Þessu atriði eru gerð skil í nýsettri stefnuskrá SF á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hernaðarþýðing hafsvæðisins umhverfis Ísland er mikil eins og hernaðartækni stórveldanna er nú háttað. Rótgróinn ágreiningur er með þjóðinni um hversu hún fái best séð öryggi sínu borgið við ríkjandi aðstæður. Eitt er þó sameiginlegt stefnu allra stjórnmálaflokka í því máli: Þeir hafa allir lýst sig andvíga því, að erlend herseta í landinu verði varanlegt ástand. Ætti því að geta náðst samstaða um að undirbúningur hefjist að því, að landsmenn efli öryggiseftirlit á landinu og umhverfis það með aukinni land- og lofthelgisgæslu. Ekki má lengur dragast að hefja stefnumótun á því sviði.“

Þetta mál er svo umfangsmikið og vandasamt, að menn ættu að geta staðið saman um að skoða það til hlítar, hvort sem þeir telja ráðlegt að losa sig við erlendu hersetuna fyrr eða síðar. En það er að mínum dómi sjálfsblekking að ætla að Íslendingar geti í því máli beðið þess með hendur í skauti, að Fróðafriður renni upp og stórveldin láti af allri tortryggni hvert í annars garð. Ef Ísland vill láta á sjá, að það ætli að halda fast við sjálfstæði sitt og ætlast til að aðrir virði þetta sjálfstæði á tilhlýðilegan hátt, er óhjákvæmilegt að Íslendingar séu við því búnir að halda uppi viðhlítandi gæslu á yfirráðasvæði sínu á sjó og í lofti, fylgjast með því, sem þar fer fram, og sjá um að aðrir tefli ekki íslenskum hagsmunum í voða með því að notfæra sér íslenskt yfirráðasvæði á laun í skjóli eftirlitsleysis.

Ástæða er til þess í þessu sambandi að athuga, hvort ekki sé kominn tími til að færa út landhelgi Íslands, hina eiginlegu landhelgi, það svæði þar sem Ísland fer með algjört fullveldi, í þær 12 mílur frá grunnlínu sem nú er viðurkennd alþjóðleg regla um víðáttu fullrar landhelgi og lögsögu strandríkja. Viljum við halda sem fjærst frá ströndum okkar þeim farkostum undirdjúpanna, yfirborðs sjávar og loftsins, sem gera sér tíðförult um norðanvert Atlantshaf í hernaðarlegum erindum, væri útfærsla landhelginnar eðlilegur grundvöllur fyrir framkvæmd þeirrar stefnu aukins íslensks öryggiseftirlits sem ég hef gert hér að umtalsefni í stuttu máli.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju yfir því, að hæstv. utanrrh. gat skýrt frá því, að komið sé á rekspöl mál sem vikið var að í þessum umr. fyrir

ári. Þar á ég við undirbúning að aðild Íslands að alþjóðasamningum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi ásamt bókun sem öðrum samningum fylgir. Ég vil láta þá von í ljós, að athugun málsins verði lokið sem fyrst með þeim hætti, að aðild Íslands að samningunum verði að veruleika án þess að verulegur dráttur verði á.

Mjög tel ég æskilegt að unnið sé að því, að Ísland taki þátt í starfi Háskóla Sameinuðu þjóðanna *með þeim hætti sem í ráði er* samkv. skýrslunni um utanríkismál. Hagnýting jarðhita er þar tilvalið verkefni að mínum dómi, ekki fyrst og fremst fyrir þá sök sem hv. síðasti ræðumaður lýsti, að við höfum máske ýmislegt að læra á því sviði af öðrum þjóðum, án þess að ég vilji þó gera lítið úr því sem við eigum þar ólært. En það eiga margir fleiri ýmislegt ólært í þeim efnum en við og eru mun lakar á vegi staddir. Ég tel ekki horfandi í þann kostnað sem íslenskur ríkissjóður þarf að greiða fyrir stofnun deildar í Háskóla Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði, því að slík stofnun hér á landi *mundi tvímælalaust enn efla þá starfsemi* sem þegar er hafin, að íslensk vísindaþekking og tæknileikni við hagnýtingu jarðhita verði útflutningsafurð til annarra landa til gagnkvæmra hagsbóta fyrir þá Íslendinga og íslensk fyrirtæki, sem að því standa, og jarðhitalönd í fjarlægum heimsálfum. Við getum tvímælalaust gert vísinda- og tækniþekkingu að arðsuppsprettu og þannig farið að svipað og við vitum að aðrar Norðurlandaþjóðir hafa gert á ýmsum tæknisviðum. Vísir að þessum útflutningi íslenskrar vísinda- og tækniþekkingar er þegar hafinn með verkefnum, sem íslenskir menn hafa áður unnið í *Mið-Ameríku eða eru nú að taka að sér í Afríku* sunnan Sahara.

Enn má klappa sama steininn, þar sem er framlag Íslands til þróunaraðstoðar við örbirgðarþjóðfélögin í þriðja heiminum. Þar vantar enn grátlega mikið á, að svo ríflega sé af hendi látið að Ísland þurfi ekki að bera kinnroða fyrir sinn hlut gagnvart flestum öðrum velsældarþjóðfélögum. Þó hefur þokast í áttina á þessu sviði, það ber að viðurkenna. Bæði hafa verið lögð drög að beinni íslenskri aðstoð við þróunarlöndin á sviði fiskveiða, og ekki ber síður að fagna niðurfellingu á þeim hvimleiða sið íslenskra stjórnvalda að *ganga eftir í eigin þágu* framlögum úr þeim sjóðum Sameinuðu þjóðanna sem ætlaðir eru sérstaklega aðstoð við snauðustu þjóðir heims. Ég hika ekki við að þakka utanrrh. sérstaklega fyrir það sem áunnist hefur á þessu sviði, þótt miklu megi enn um þoka til þess að ástandið geti talist viðunandi að mínum dómi.

Það fer ekki á milli mála að þrengingarnar í heimsviðskiptum, sem hófust fyrir 4 árum með olíukreppunni, vara enn. Við höfum orðið óþægilega við það varir og orðið að taka það upp, Íslendingar, í Fríverslunarsamtökunum, hversu útflutningsstyrkir eru farnir að raska þar samkeppnisgrundvelli *úr jafnri stöðu sem átti* að vera grundvöllur þeirrar stofnunar. Rannsókn er hafin í því efni samkv. íslenskum tillögum. Iðnríkin stóru, sem mestu ráða á heimsmarkaði, hafa enn ekki náð að komast í takt í viðleitni sinni við að ráða við þau vandamál sem upp hafa komið við samdráttinn í heimsviðskiptum og heimsframleiðslu. Bandaríkin, Japan og Efnahagsbandalagslöndin fara að verulegu leyti hvert sína leið, eins og nógsamlega hefur komið í ljós í heimsfréttum síðustu mánaða. Nú síðast um síðustu helgi ákváðu æðstu menn Efnahagsbandalagslandanna á fundi í Kaupmannahöfn að fara sína leið að verulegu leyti án þess að bera saman ráð sín við Bandaríkin sérstaklega, eins og leitast hefur verið við hingað til. Ákvörðun þeirra felur það í rauninni í sér, að Efnahagsbandalagslöndin taka upp ákveðna stefnu, hver svo sem niðurstaðan verður á fundi þeirra, Bandaríkjanna og Japans um mitt sumar.

Þegar þannig stendur á er ekki um að villast, að vaxandi vandi er að gæta íslenskra viðskiptahagsmuna. Ég minni á það, sem fram kom í svari hæstv. sjútvrh. við fsp. á fundi Sþ., sem var strax á undan þessum fundi sem nú stendur. Þar kom fram að sú þróun í tveimur helstu löndum sem kaupa af okkur Íslendingum frystar fiskafurðir, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, sem vakin var athygli á í umr. um utanríkismál *í fyrra að átt gæti sér stað í náinni framtíð og* haft gæti áhrif á útflutning fiskafurða okkar, sé nú greinilega að verða að veruleika. Slíkt augljóst samhengi milli efnisatriða í þessum umr. frá ári til árs, þar sem sjónarmið, sem sett voru fram sem ábending fyrir ári, reynast bláköld staðreynd ári síðar, sýnir að mínum dómi mjög ljóslega, hversu þarfar og gagnlegar þessar umr. um utanríkismál geta verið.

Ég vil sérstaklega taka undir ummæli ráðh. um frammistöðu fámennrar utanríkisþjónustu okkar, bæði hvað varðar almenn samskipti við önnur ríki og einnig hvað varðar að gæta íslenskra *hagsmuna á viðskiptasviði*.

Herra forseti. Ég vil ljúka þessum orðum með því að færa þakkir formanni utanrmn. og utanrmn.-mönnum öllum fyrir að þeir hafa á liðnu kjörtímabili gert mér fært að fylgjast með störfum þessarar þýðingarmiklu n., þótt flokk minn skorti þingstyrk til að koma manni í þá nefnd.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa skýrslu, sem í ýmsum greinum er ítarleg, vil ég gjarnan bera fram eitt málefni sem mætti e. t. v. teljast umkvörtun, en það varðar samstarf okkar við hin Norðurlöndin. Í skýrslu þessari er vikið allnákvæmlega að samstarfi Norðurlanda að því er varðar áhrif þeirra til hjálpar ýmsum fjarlægum þjóðum eða þá á hvern hátt Norðurlönd vilja sameinast um ýmsar aðgerðir sem hafa eiga áhrif á málefni fjarlægra þjóða. Ég get ekki látið hjá líða að benda á, að mér þykir ekki á fullnægjandi hátt fjallað um íslensk utanríkismál í skýrslu utanrrh. okkar nema einnig sé að því vikið, á hvern hátt Norðurlönd vinna að því að bæta eigin málefni sameiginlega og gagnkvæmt. M. ö. o.: það, sem virðist skorta í þessa annars ágætu skýrslu, er að menn líti sér e. t. v. nær.

Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því í framsöguræðu sinni, að ástæðan til þess, að ekki væri í þessari skýrslu fjallað sérstaklega um Norðurlandaráð eða þess málefni, væri að búast mætti við skýrslu frá þn., sem í Norðurlandaráði starf-

ar, eða Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Slík skýrsla var gefin í fyrra. En það breytir hins vegar ekki þeim hluta málsins sem ríkisstj. varðar. Það fer fram margháttað samstarf á ráðherragrundvelli milli Norðurlanda. Frumkvæði ráðh. í störfum Norðurlandaráðs fer vaxandi og fyllsta ástæða er til þess, að fyrir því sé gerð grein á Alþ., eins og gert er í þjóðþingum hinna Norðurlandanna. Á ári hverju er af hálfu ráðh. lögð fyrir norska Stórþingið mjög ítarleg skýrsla um norrænt samstarf. Henni fylgir miklu styttri skýrsla Noregsdeildar Norðurlandaráðs og auk þess grg. um helstu stofnanir á sviði norrænnar samvinnu. Ég held að mjög æskilegt væri, að við tækjum upp sið þessum líkan, því að það er að sjálfsögðu svo bæði með starf Alþ. eða hlutdeild þess í starfinu innan Norðurlandaráðs og starf þm. í ýmsum öðrum samtökum þm., að alþm. eiga á því fyllsta rétt að fá að fylgjast með því, hvað í þessum samkundum fer fram og einnig hvað fer fram á ráðherrafundum sem starfa í sambandi við þessar alþjóðlegu samkundur. Hér er fjallað allítarlega um Evrópuráðið og ráðherrafundi þess, en að því er Norðurlönd varðar einungis um utanrrh.-fundi.

Ég óttast að skortur á upplýsingum um það, sem fram fer í samstarfi Norðurlandanna, geti smátt og smátt orðið til þess, að menn geri sér minni grein fyrir því en vert væri, hvaða þýðingu þetta samstarf hefur fyrir Ísland. Á hverju einasta ári er afgreiddur fjöldi mála og undirbúinn fjöldi mála sem hefur mikla þýðingu fyrir hversdagslegt líf og starf þessara þjóða allra. Ef ég aðeins vík að stærstu málunum, sem unnið var að á sviði ráðh. á síðasta ári, þá var þar um að ræða verulega mikilvæg stefnumál á nokkrum svium. Þeirri starfsaðferð hefur verið beitt æ meir á undanförnum árum og slíkar stórar stefnuyfirlýsingar voru samþykktar bæði í Helsingfors 1977 og nú í Osló á þessu ári. Í Helsingfors voru samþykktar stefnuyfirlýsingar á sviði byggingarmála, á heilbrigðis- og félagsmálasviði og stefnumörkun var gerð um umhverfismál á vinnustað. Í því efni eru ýmis nýmæli sem menn eru að taka upp í löggjöf þessara landa. Það hefur aðeins verið lítils háttar fjallað um þetta enn þá hér á landi. Á Norðurlandaráðsþinginu í Osló var samþykkt stefnumörkun ráðherranefndar um samgöngumál, um umhverfismál og jafnrétti karla og kvenna. Þetta nefndi ég aðeins til þess að minna á það, á hversu mörgum sviðum unnið er. Það segir sig sjálft, ef skýrsla væri um þetta gefin, að þarna væri af mjög mörgu að taka og margar hugmyndir sem nýtilegar væru á þingi okkar. Ég mun hins vegar ekki fara nákvæmlega út í þessi mál, því að ég geri ráð fyrir að formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, sem er hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, gefi þinginu skýrslu um starf Norðurlandaráðs síðasta ár, en hv. 4. þm. Reykn. er einmitt nú í dag erlendis á fundi í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og getur þess vegna ekki tekið þátt í þessari umr.

Ef ég mætti nefna eitt málefni, sem mér virðist að gæti orðið til þess að auka mjög og bæta samstarf okkar við hinar Norðurlandaþjóðirnar, þá er það fréttaþjónustan. Ég tel og ég veit, að flestir hv. þm. eru sammála um að verulega þýðingu hefur fyrir Íslendinga að halda áfram að styrkja þann þátt í stjórnmálum okkar og menningu okkar sem er norrænn. Aðstaðan til þessa er e. t. v. ekki að öllu leyti eins góð og vera þyrfti. Ef litið er til þess, að nú um nokkurra ára skeið hefur Ísland ekki haft beint samband við neina norræna fréttastofu, þá sést að þarna er um töluvert takmarkaðar leiðir að ræða til þess að sýna okkur Íslendingum í fjölmiðlum okkar hvað er að gerast í heiminum í kringum okkur. Ég vanmet vissulega ekki það samband sem við höfum við fréttastofur hins engilsaxneska heims, en vissulega eru einnig á Norðurlöndum stórar og miklar fréttastofur, sem ég tel í raun og veru alveg fráleitt að við skulum ekki hafa beint samband við. Þarna er að vísu um nokkurt kostnaðaratriði að ræða, en ég held hins vegar að þetta atriði sé svo mikilvægt, að þarna sé vissulega ástæða til að reyna að leysa vandann og það jafnvel á grundvelli utanrrn. Leysa þarf þetta mál til þess að upplýsa betur almenning á Íslandi og létta undir með íslenskum fjölmiðlum með því að norrænir utanrrh. legðu þessu máli sitt lið.

Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól var einungis að hreyfa við þessum eina þætti máls í þessari viðamiklu skýrslu. Hún fjallar um margvísleg málefni. Ég vildi aðeins leggja á það áherslu, eins og ég hef raunar áður gert, að samstarfi Norðurlanda verði gerð ítarlegri skil í skýrslu utanrrh. Óneitanlega er þarna um að ræða eitthvert mikilvægasta svið í íslenskum utanríkismálum og svo hefur verið um langt skeið. Í þessum efnum höfum við tekið mikinn þátt, og það skýtur nokkuð skökku við og lítur næstum því einkennilega út, að ekki sé á slíkt minnst í svo viðamikilli skýrslu.

Áður en ég hverf úr ræðustóli, herra forseti, get ég ekki látið hjá líða að víkja örfáum orðum að þeim aths., sem hv. 3. þm. Reykn., sem nú situr í forsetastóli, lét falla hér í sinni ræðu, er hann fjallaði um utanríkismál og Sjálfstfl. Hv. 3. þm. Reykn. gerði mikið úr því, að mismunandi skoðanir væru uppi í Sjálfstfl. að því er varðaði framkvæmd varnarmálanna. Hv. þm. taldi að þessar skoðanir byggðust á því, að sjálfstæðismenn hefðu í grundvallaratriðum mismunandi afstöðu til mikilvægis varnanna á Íslandi. Ég held að hv. þm. fari þarna villur vegar, því að það er löngu ljóst og margkomið fram opinberlega, að stefna Sjálfstfl. í utanríkismálum hefur í engu breyst. Hún er mörkuð af landsfundi Sjálfstfl., hún er staðfest af flokksráði Sjálfstfl., og grundvallaratriðið er þetta: Afstaða Sjálfstfl. til varna Íslands markast einungis af íslenskum öryggishagsmunum. Tilraunir fólks til þess að láta svo líta út, að þar séu aðrir hagsmunir í fyrirrúmi, eru á sandi reistar. Það er óskhyggja andstæðinga Sjálfstfl., að töluverður hluti sjálfstæðismanna sé nú í raun og veru búinn að tjá sig um það, að stefna Alþb., að mér skildist, gagnvart vörnum á Íslandi hafi verið sú rétta stefna, eins og hv. þm. ræddi um, menn gerðu lítið úr gildi varnarliðsins á Íslandi. Að því leyti virtist hv. 3. þm. Reykn. fagna því, sem

kallað hefur verið „aronskusjónarmið“ í varnarmálum. Ég held þó, að þegar vel er að gáð sé niðurstaða hv. þm. ekki rétt. Margsinnis hefur verið sýnt fram á það, að niðurstaða skoðanakönnunar, sem framkvæmd var í sambandi við prófkjör sjálfstæðismanna hér í Reykjavík, gaf í raun og veru alls ekki upplýsingar um það, að stefna Sjálfstfl. í varnarmálum hefði breyst. Hún benti ekki heldur til þess, að nú vildi Sjálfstfl. taka gjald fyrir veru varnarliðs í landinu. Það var ljóst að hér var um að ræða málefni sem var á þann veg lagt fyrir, að svarið mátti túlka á margan veg og gaf því í raun og veru alls ekki heimild til þess að draga þá ályktun, að Sjálfstfl. setji í fyrirrúm aðra hagsmuni en alíslenska öryggishagsmuni og öryggishagsmuni eina, að því er varðar veru varnarliðs í landinu. Ég mun ekki ræða þessi mál frekar vítt og breitt. Mér fannst aðeins ástæða til að undirstrika þetta.

Að því er varðar fullyrðingu 3. þm. Reykn. um það, að skoðanaágreiningur væri innan hæstv. ríkisstj. um þetta efni, þá er það auðvitað ljóst og hefur komið fram hér á Alþ., að uppi eru skoðanir um að ýmislegt mætti endurskoða í framkvæmd varnanna hér á landi, en þær till., sem settar hafa verið fram af sjálfstæðismönnum á Alþ. um þetta efni, rúmast, að ég held, allar saman innan varnarsamningsins eins og hann er. Ég get ekki séð, að til þess að athuga þau atriði, sem aðrir sjálfstæðismenn hafa bent á hér á Alþ. í vetur, þurfi til að koma nein breyting á sjálfum varnarsamningnum. Á þetta vil ég benda til þess að undirstrika, að að þessu leyti til er stefna Sjálfstfl. á sviði varnarmála og öryggismála óbreytt, sem og aðalatriðið sem ég áður hafði nefnt. Stefna Sjálfstfl. í varnarmálum og öryggismálum markast af íslenskum **öryggishagsmunum.**

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir, sem hér hafa talað, þakka hæstv. utanrrh. skýrslu þá, er hann hefur flutt þingheimi um utanríkismál. Jafnframt þakka ég honum gott og vinsamlegt samstarf við utanrmn. á liðnum tíma og þakka honum enn fremur fyrir að minna á 50 ára afmæli n. í þessum mánuði. Vil ég gjarnan taka það sem hamingjuósk frá hans hendi og endurgjalda þá ósk í nafni nefndarinnar.

Ráðh. gat þess, að þetta væri tíunda árið sem yfirlitsskýrsla af þessu tagi væri flutt á Alþ. Hygg ég að hv. þm. þyki þetta góður siður, sem þeir kunni vel að meta og þakka. Ég mun nú fara nokkrum orðum um þessa skýrslu.

Ég ætla ekki að ræða mikið mál annarra hv. þm. sem hér hafa talað. Mér hefur heyrst á ræðum þeirra, að þeir væru allir meira og minna ánægðir með skýrsluna, nema þá helst hv. 3. þm. Revkn. Hv. síðasti ræðumaður, sem talaði á undan mér, svaraði nokkrum atriðum úr ræðu hv. þm. Mér heyrðist hv. 3. þm. Reykn. aðallega halda sig í máli sínu í eigin kjördæmi, og er honum vart láandi þó að hann kunni vel við sig á þeim slóðum.

En hv. 2. landsk. þm. gat þess í ræðu sinni um þetta mál, að hann teldi að miklu meiri festa hefði ríkt í tíð núv. ríkisstj. en þeirrar fyrrv. Er ég honum sammála um það. Skýrsla sem þessi hlýtur jafnan að bera „keim og eim síns aldarfars“. Þegar stormar geisa og stríð á alþjóðavettvangi eða stórátök eiga sér stað milli þjóðlanda, er oft frá mörgum og miklum viðburðum að segja. En þegar heldur friðvænlegra er um að litast í heiminum og allt gengur sinn vanagang víðast hvar verður slík yfirlitsskýrsla daufari aflestrar og líkari þeirri næstu á undan, umr. líður áfram með lygnum straumi eins og á þessum síðdegisfundi. Þetta er ofur skiljanlegt, en um leið æskilegt, því að hvað er ákjósanlegra en það, að mál nái að þróast friðsamlega í samskiptum þjóða og milli þeirra fari bróðurlegt orð.

Því fer þó fjarri, að skýrsla sú, sem hér um ræðir, sé með öllu tíðindalaus. Þvert á móti greinir hún frá ýmsum mikilvægum málum. Þá er og til viðbótar að nefna fylgiritið, sem er skýrsla fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um 32. allsherjarþingið. Loks er þess að geta, að fulltrúar í utanrmn. fá einnig ársskýrslur sendiráða Íslands erlendis. Í öllum þessum skýrslum og grg. er mikinn fróðleik að finna. Naumast er því hægt með nokkrum rökum að kvarta yfir skorti á upplýsingum né nægum gögnum til umhugsunar og úrvinnslu.

Ég mun víkja að einstökum þáttum skýrslunnar. Ekki munu þeir þó allir verða teknir til meðferðar, heldur stiklað á stóru og farið fljótt yfir sögu.

Það mál sem flestir telja mestu varða — landhelgismálið — er nú komið í örugga höfn. Efnahagslögsagan er orðin staðreynd að alþjóðarétti. Nú er það okkar Íslendinga að gæta fengins fjár. Á síðustu árum hefur þróunin í þessum málum óneitanlega orðið okkur Íslendingum einkar hagstæð og síðasti áfanginn líkastur ævintýri. Það er fróðlegt og vert upprifjunar að geta þess, að árið 1971 nam samanlagður afli útlendinga á Íslandsmiðum 391 þús. tonnum, en á s. l. ári aðeins 27 þús. tonnum, auk samnings við Færeyinga um gagnkvæm veiðiréttindi. Árið 1971 var fiskveiðilögsagan 12 sjómílur, nú 200 sjómílur.

Saga þessa máls er þó miklu lengri. Baráttan var oft hörð og tvísýn, þótt sigur ynnist í einum áfanga af öðrum. Um þessar mundir er þess minnst, að 30 ár eru liðin frá setningu laga um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Þau voru samþykkt 5. apríl 1948. Ákvæði þeirra laga urðu stefnumarkandi í grundvallaratriðum. Með þeim hófst ný og öflug sókn sem leiddi til sigurs. Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur og formaður íslensku sendinefndarinnar á 7. fundi hafréttarráðstefnunnar í Genf minntist þessa atburðar og afmælis sérstaklega á ráðstefnunni svo að hann yrði skráður í annála hennar, og var það vel til fundið.

Það má geta þess, að Hans G. Andersen hefur marga hildi háð í þessu máli á liðnum árum og oft orðið að beita hyggindum og lagni auk afburða lagaþekkingar og lærdóms á sviði alþjóðaréttar. Ég get greint frá einu atviki til gamans, sem hefur orðið mér minnisstætt og er hér að sjálfsögðu tilfært eftir minni, því að mörg ár eru liðin síðan það bar við.

Haustið 1949 urðum við Hans G. Andersen sam-

ferða til Sameinuðu þjóðanna, sem þá höfðu aðsetur í Lake Success á Long Island í New York. Ég var þá að fara utan í fyrsta sinn á kynningarnámskeið hjá Sameinuðu þjóðunum, en Hans G. Andersen til að starfa í íslensku sendinefndinni hjá Sameinuðu þjóðunum, m. a. til að undirbúa sókn í landhelgismálinu, og varð mér það enn ljósara síðar meir. Í laganefnd Allsherjarþingsins kom þá fram till. af Íslands hálfu, að hinni nýstofnuðu þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna yrði falið að rannsaka reglur hafréttarins í heild. Spunnust miklar deilur út af þessu atriði, því að ýmsir aðrir höfðu ætlað þessari nefnd miklu þrengra og minna verkefni. Síðast valt á einu atkv. Kvaðst Hans þá hafa getað talið fulltrúa Kúbu á að standa með sér og málstað Íslands og bætti við: „Hann er skólabróðir minn frá Harvard.“ En þessi samþykkt, sem var gerð þarna í Lake Success haustið 1949, er mjög merkileg fyrir þá sök, að til hennar má rekja þær hafréttarráðstefnur í raun og veru, sem haldnar hafa verið á alþjóðavettvangi og skilað hafa hafréttarmálum lengra áleiðis en nokkuð annað sem aðhafst hefur verið í þessum efnum.

Hæstv. utanrrh. getur þess í skýrslu sinni, að í landhelgismálinu hafi stundum verið ágreiningur um leiðir en aldrei um markmið. Þróun alþjóðamála hafi að vísu verið hagstæð, en alþm. einhuga. Þó hafi e. t. v. skipt mestu samstaða allrar þjóðarinnar.

Í kaflanum um þróun alþjóðamála og hlutverk smærri ríkja í því sambandi telur hæstv. utanrrh., að á árinu hafi heldur stirðnað samskipti risaveldanna, lítið hafi miðað áfram í átt til samkomulags. Þrátt fyrir Saltviðræður, Vínarviðræður o. fl. heldur vígbúnaðarkapphlaupið áfram. Slökunarstefnan á erfitt uppdráttar. Smáþjóðir eru nánast áhorfendur, en geta þó lagt lóð á vogarskálar til varðveislu friðar og öryggis í heiminum.

Norðurlönd hafa lengi haft samvinnu um málefni Sameinuðu þjóðanna og er það vel. Flestir Íslendingar vilja áreiðanlega efla norrænt samstarf eftir föngum, og núv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að við framkvæmd utanríkisstefnunnar vilji hún leggja áherslu á þátttöku Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna, samstarf Norðurlanda, varnarsamstarf vestrænna ríkja, samstarf þjóða Evrópu og þátttöku Íslands í þeim aðgerðum sem ætlað er að bæta sambúð austurs og vesturs. Þá kveðst ríkisstj. styðja eindregið alla viðleitni til að vernda mannréttindi, auðlindir og umhverfi með alþjóðlegri samstöðu.

Rétt er það, að Apartheidstefna Suður-Afríkustjórnar er illræmd. Fjölmargar ályktanir og áskoranir hafa verið samþykktar af Allsherjarþingi og Öryggisráði gegn henni og út af henni. Ég hef þá stundum hugleitt, hvort þessi mikli þrýstingur á stjórn Suður-Afríku sé alveg í réttu hlutfalli við það sem viðgengst og gert er annars staðar. Hvað segja menn t. d. um þá samþykkt utanrrh. Norðurlanda, að leggja til að öllum íþrótta- og menningarskiptum við kynþáttaaðskilnaðarstjórnina í Suður-Afríku verði hætt, eins og samþykktin hljóðar? Er æskilegt eða nauðsynlegt að láta slíkar samþykktir og aðgerðir bitna á saklausu íþrótta- og æskufólki í leikjum og frjálsu samstarfi til aukinna kynna? Í framhaldi af þessum hugleiðingum mætti e. t. v. fletta upp í skýrslu hæstv. utanrrh. nokkru aftar, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stundum er talað hátt um mannréttindabrot hjá einum aðila, meðan þagað er yfir sams konar brotum hjá öðrum, stundum gagnrýnd ein tegund brota, þegar jafnmikil eða meiri ástæða væri til að geta annarra, og loks er það ekki ótitt, að steinum sé kastað úr glerhúsum.“

Ég hygg einmitt að þessi orð hæstv. ráðh. hafi mikið almennt gildi og víðtækt, enda segir á öðrum stað í skýrslunni, að samkv. nýjustu skýrslu Amnesty International samtakanna sé talið, að mannréttindi séu nú brotin í 116 löndum. Á hinn bóginn skal að sjálfsögðu skýrt tekið fram, að Norðurlönd geta vafalaust trútt um talað, þegar þessi mál ber á góma, og eðlilegt og sjálfsagt að þau láti mannréttindamál jafnan til sín taka þegar þörf krefur og unnt er að þoka einhverju til betri vegar. Í skýrslu hæstv. utanrrh. er rætt um Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur nú starfað í um það bil eitt og hálft ár og eru höfuðstöðvar hans í Tokió. Þau svið, sem skólinn mun nú í fyrstu einbeita sér að, eru þrjú: 1. matvælaskorturinn í heiminum og mannfjölgunarvandamál, 2. nýting náttúruauðlinda og 3. félagslegar framfarir. Það ber að fagna því, að Ísland og fulltrúar Íslands hafa frá því fyrsta stutt hugmyndina að Háskóla Sameinuðu þjóðanna. En það er ánægjulegt, að stefnt skuli að því, að komið verði á fót hér á landi þjálfun og kennslu varðandi nýtingu jarðhita er fari fram hjá Orkustofnun með þátttöku Háskóla Íslands, eins og segir í skýrslunni. Einnig er vert að minnast á það, að komið hefur til tals, að ákjósanlegt gæti verið að stofna samstarfsmiðstöð á Íslandi fyrir alþjóðlega fræðslu og þjálfun, er beinist að nýtingu jarðhita, en nokkur lönd halda þegar uppi starfsemi á því sviði. Væri ástæða til þess að ræða þessi mál nánar, þó að það skuli ekki gert að sinni.

Hér er alllangur kafli um þróunaraðstoð og er þar fjallað um aðstoð Íslands við þróunarlöndin síðan lög voru sett um þá starfsemi árið 1971. Það er sérstaklega tekið fram, að Ísland sé nú farið að leggja sér á minni eða taka tillit til hins forna spakmælis í þessum efnum, að „sælla er að gefa en þiggja“, og er nefnt í skýrslunni að enginn vafi geti leikið á því, að Ísland eigi betur heima í hópi veitenda en þiggjenda þeirrar stofnunar. Er þetta að sjálfsögðu rétt, þó að sannarlega beri að meta þá aðstoð sem Ísland hefur þegið úr þessari átt og ég vil alls ekki telja að ófyrirsynju.

Þá er hér kafli um öryggismál. Er að því vikið þar, að þátttaka okkar í störfum Atlantshafsbandalagsins hafi verið með venjulegum hætti og að því er varði framkvæmd samkomulagsins milli Íslands og Bandaríkjanna um varnarmálin frá 22. okt. 1974 gangi allt samkvæmt áætlun. Allt er þetta góðra gjalda vert.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er og langur kafli um utanríkisviðskiptin 1977. Skal ekki farið út í þau mál með mörgum orðum. Það er rætt um að samningar standi nú yfir um lækkaða tolla og annað slíkt. Tokióviðræðurnar í GATT hafa sömu þýðingu fyrir Ísland og önnur lönd, sem

svo mjög eru háð utanríkisviðskiptum um alla afkomu sína, en það hefur löngum verið talin sérstaða Íslands, að það þyrfti mjög mikið á góðu sambandi og viðskiptum að halda við sem flestar þjóðir.

Þá er minnst á að búist sé við að tollalækkun verði á Spáni, sem taki einnig til saltfisks, freðfisks og kavíars, og að vonir standi til, að vilyrði fáist um greiðari aðgang að spánska markaðinum fyrir saltfisk en verið hefur. Ber sannarlega að fagna þessum tíðindum. Einnig ber að vona að Nígeríumarkaðurinn opnist fyrir skreiðina, þó að löng bið hafi nú orðið á því, að lausn hafi fengist á því máli.

Þá er fjallað um utanríkisþjónustuna almennt í síðasta kafla skýrslunnar og m. a. minnst á að eitt umfangsmesta, en jafnframt ánægjulegasta verkefni utanrrn. á s. l. ári hafi verið ráðstefnuhald með ræðismönnum Íslands í ágústmánuði. Það er sannarlega rétt hjá hæstv. utanrrh., að forvitnilegt er að virða fyrir sér, hvað íslensk utanríkisþjónusta teygir orðið arma sína víða um hnöttinn. Þá er þess getið, að stofnað hafi verið til stjórnmálasambands við tvö ný ríki á árinu og að Ísland hafi nú í dag stjórnmálasamband við 62 ríki. Einnig er minnst á hinn veigamikla þátt, sem utanríkisþjónustan á í landkynningarmálum, sem eru okkur mjög þörf og mikilvæg. Það er sennilega hafið yfir allan vafa, að hinn tiltölulega fámenni hópur manna, sem starfar í íslensku utanríkisþjónustunni erlendis, leysi af hendi mjög mikilvæg og góð störf, enda er tekið fram í lok skýrslunnar, að e. t. v. megi segja að fáir eða engir vinni landi og þjóð meira gagn en einmitt þessi fámenni hópur sem starfar að utanríkismálum Íslendinga erlendis.

Ég held að flestir séu núorðið sammála um að Íslendingum er brýn nauðsyn að taka þátt í margháttuðum alþjóðasamskiptum. Sumir hafa þó á orði, að við eyðum of miklu fé og fyrirhöfn í þessi mál, en fáum of lítið í aðra hönd. En ég held að formælendum slíkra skoðana fari fækkandi. Það er að vísu rétt, að margur fundurinn og mörg ráðstefnan endar þannig, að ekki verður um uppfyllingu björtustu vona að ræða. Ýmsar samþykktir ná ekki lengra en á pappírinn. Erfitt er að knýja fram fullnustu samninga á alþjóðavettvangi. En það eitt að ræða saman, skiptast á skoðunum og bera saman bækur sínar er mikils virði og getur eytt mörgum misskilningi og stuðlað að vinsamlegum samskiptum og jafnvel varanlegum friði. Ég er þess fullviss, að mikill meiri hluti Íslendinga styður utanríkisstefnu, sem miðar að því að framfylgja þeim meginmarkmiðum sem núv. ríkisstj. setti sér í öndverðu og ég minntist á hér að framan. Íslendingar munu áfram reyna að vinna að bættri og friðsamlegri sambúð allra þjóða og sjá fótum sínum forráð í viðsjálum heimi.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir þm., sem hér hafa talað, þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu hans. Ég ætla ekki að gera skýrsluna í heild að umræðuefni, það hefur fulltrúi Alþb. í utanrmn. gert, en mig langar að víkja að einu afmörkuðu atriði, kaflanum í skýrslunni sem heitir: „Þróun alþjóðamála, hlutverk smærri ríkja.“

Í þeim kafla spyr hæstv. utanrrh. hvað smáþjóðir, eins og sú sem byggir Ísland, geti gert til að stuðla að bættum skilyrðum til afvopnunar og almennt bættri sambúð og samvinnu í heiminum. Þetta er mikilvæg spurning, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið, og hlýtur að hvíla á okkur öllum. Því miður er ég ekki nógu ánægð með svarið sem hæstv. ráðh. setur fram, því að mér virðist að hann telji að það nægi Íslendingum að vinna í alþjóðastofnunum að því að reyna að hafa áhrif á risaveldin, efla samvinnu, sem að vísu er góðra gjalda vert, og það er ekki meining mín með þessum orðum að gera lítið úr þeim þætti málsins, en ég er þeirrar skoðunar að þetta sé ekki nóg.

Þegar ég las þennan kafla hugsaði ég eftir mjög svipuðum brautum og hv. 3. landsk. þm. gerði áðan í ræðustól. Ég þóttist finna þarna hliðstæðu við landhelgismálið, þróun þess og baráttu okkar Íslendinga eftir endanlegum árangri þar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lengi vel, meðan afturhaldsöfl réðu landinu, var látið nægja að vinna að viðurkenningu á útfærslu fiskveiðilögsögu á alþjóðavettvangi, reynt að hafa áhrif á aðrar þjóðir og láta svo slag standa með það, hvað stórveldin létu hafa mikil áhrif á sig og hvenær væri hægt að láta til skarar skríða.

Það má velta því fyrir sér, hvernig farið hefði fyrir fiskstofnum okkar, ef við hefðum ekki tekið frumkvæði í þessu máli heima fyrir og stækkað fiskveiðilandhelgina, enda þótt það kostaði baráttu, svo sem öllum er kunnugt. Ég hygg, að það frumkvæði, sem við sýndum þá, hafi ráðið úrslitum, og ég hygg að við verðum að vinna eftir mjög svipuðum brautum í afvopnunarmálum, ef við meinum eitthvað með þessum fögru orðum. Það er nú einu sinni svo, að Ísland er NATO-ríki og hér er erlendur her, og því verðum við að taka afstöðu og sýna hana í verki, en láta okkur ekki nægja góðar og gegnar yfirlýsingar um að við séum friðsöm þjóð.

Það er ekkert leyndarmál, að Bandaríkjamenn hafa forskot í vígbúnaði og í gangi er eilíf hringrás vígbúnaðarkapphlaups. Þetta vígbúnaðarkapphlaup er löngu hætt að styrkja svonefnt „jafnvægi óttans“, heldur eykur það líkurnar á styrjöld í okkar heimshluta með hverju ári. Það er líka viðurkennt í skýrslu utanrrh., að sambúðin milli risaveldanna tveggja fari versnandi að þessu leyti. Ein sönnun þessa er ferill í framleiðslu kjarnorkusprengja. Nú er svo komið, að hernaðarsérfræðingar hafa lagað kjarnorkusprengjuna að samvisku sinni, gert hana litla og hættulausa eignum og mannvirkjum. Hún grandar aðeins mannslífum. Hér á ég vitaskuld við nevtrónusprengjuna, sem mjög hefur verið til umræðu að undanförnu.

Það er kaldhæðni, í ljósi yfirlýsinga okkar á alþjóðavettvangi um að við séum friðsöm þjóð, að sá boðskapur skyldi ganga út yfir heimsbyggðina einmitt héðan af Íslandi, að það hernaðarbandalag, sem Ísland er í, skyldi fagna þessu vopni. Það gerðist í ágústmánuði á síðasta ári að Luns, þessi mikli landsfaðir íslenskra NATO-sinna, var á fundi samtaka um vestræna

samvinnu og lét það boð út ganga til fjölmiðla, að hann fagnaði framleiðslu sprengjunnar og með þeim rökum, að framleiðsla hennar mundi koma í veg fyrir stríð og hún mundi enn minnka líkurnar á því, að kjarnorkuvopnum yrði beitt. Skilji þeir sem skynsemi hafa. Luns lagði einnig áherslu á, að kerfi NATOs til að koma í veg fyrir stríð byggðist á kjarnorkuvopnum engu síður en venjulegum vopnum. NATO og amerískir hernaðarsérfræðingar gerðu sér miklar vonir um, að bandamenn þeirra í Evrópu tækju þessari sprengju fegins hendi. Nú hefur það hins vegar gerst, að Bandaríkjaforseti hefur fallist á að fresta ákvörðun um framleiðslu hennar. Það gerir hann vegna þrýstings bæði heima fyrir og ríkisstjórna sumra hverra í Evrópu. Þannig hefur t. d. hollenska ríkisstjórnin hafnað sprengjunni, Norðmenn hafa gert það einnig. Í Hollandi gerðist það, að varnarmálaráðherra landsins sagði af sér, og bendir það til þess, að ákvörðun hollensku ríkisstjórnarinnar muni ekki hafa verið tekin átakalaust. Í Hollandi er sterk andófshreyfing í gangi til þess að koma í veg fyrir framleiðslu þessarar sprengju. Þá fögnuðu breska ríkisstjórnin og sú belgíska ákvörðun Carters Bandaríkjaforseta um að fresta ákvörðun á framleiðslu hennar. Vestur-Þjóðverjar hafa hins vegar verið ákveðnastir í stuðningi við framleiðslu sprengjunnar, og er kannske trúlegt, að ríkisstjórnin hafi þar hrakist undan stjórnarandstöðunni, þeirri stjórnarandstöðu þar í landi sem kennir sig við Krist, en hún taldi að Carter hefði lagst hundflatur fyrir rússneska „keisaranum“ með því að taka þessa ákvörðun.

Nú ætla ég að víkja máli mínu að íslensku ríkisstj. Það kom í fréttum, að hæstv. ríkisstj. á Íslandi fékk bréf frá Brésneff og hún hefur svarað því bréfi. Það er auðvitað ágætt að svara sendibréfum og telst kurteisi. En það væri fróðlegt samt, ef íslenska ríkisstj. upplýsti hina íslensku þjóð um afstöðu sína og þá ekki síður afstöðu til framleiðslu þessarar sprengju. Hefur íslenska ríkisstj. reynt að hafa áhrif á Bandaríkjamenn í þessu sambandi? Ég spyr þessa vegna þess, að Bandaríkjaforseti hefur aðeins frestað ákvörðun um framleiðslu, sem þýðir að hann geti breytt þeirri ákvörðun hvenær sem veður skipast í lofti. Færi svo, þá verður íslenska ríkisstj. að mínu viti að taka hressilega á móti og hafa ákveðna afstöðu í þessu máli og í samræmi við þann vilja sem kemur fram hjá hæstv. utanrrh. um að Íslandi beri að vinna að afvopnun.

Ég spyr hæstv. utanrrh., hvort ríkisstj. hafi hugsað sér að mótmæla opinberlega framleiðslu þessarar sprengju. Mér er ekki kunnugt um að hún hafi gert það. En hafi hún látið uppi álit sitt við einhverja aðila vil ég spyrja hvernig það álit hafi verið. Ég vil í þessu sambandi minna á till. til þál., sem ég flutti fyrir tveim árum ásamt hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni, um að Alþ. ályktaði að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf er bannaði geymslu hvers konar kjarnorkuvopna á íslensku yfirráðasvæði, og nefndi einkum flugvélar sem flyttu kjarnorkuvopn. Þessi till. fékk aldrei neina afgreiðslu í utanrmn. Ég er þeirrar skoðunar, að enn sé þörf á slíkum lögum og þróunin að undanförnu ýti undir að slík lög verði sett.

Í skýrslu hæstv. ráðh. stendur orðrétt:

„Ég hef sagt það áður, bæði hér og á erlendum vettvangi, að samkomulag risaveldanna um afvopnun, einkum þó bann við framleiðslu, geymslu og dreifingu gereyðingarvopna, hvers eðlis sem þau eru, sé óhjákvæmileg forsenda fyrir framhaldi þeirrar slökunarstefnu sem svo mikið hefur verið rætt um undanfarin ár og við viljum efla eftir mætti.“

Ég get tekið undir þetta að vissu marki. En ég vil þó brýna hæstv. ráðh. á því, að ég tel það enn mikilvægara að taka frumkvæði hér heima, að við byrjum hér heima hjá okkur að hreinsa til, að banna kjarnorkuvopn, hvers eðlis sem þau eru, og reka þann her úr landi, sem hér er, og segja okkur úr hernaðarbandalaginu NATO.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni umtalsefni skýrslu utanrrh. alla, það hefur þegar verið gert rækilega af hálfu Alþb., en mig langar að minnast á einstök atriði í henni eða kannske öllu heldur atriði sem eru ekki í henni.

Af því að hæstv. utanrrh. minntist í skýrslu sinni á mannréttindamál, langar mig að nota tækifærið og minna á að Ísland er aðili að yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem gerð var samkv. ályktun alþjóðaráðstefnu þeirrar á kvennaárinu 1975, sem haldin var í Mexíkó, um svokallaðan kvennaáratug til 1985. Í þessari yfirlýsingu er gert ráð fyrir að áfram sé unnið á þeirri braut, sem mörkuð var með alþjóðakvennaárinu, sem sé að jöfnuði og jafnrétti kynjanna í raun á hvers konar vettvangi aðildarlanda Sameinuðu þjóðanna. M. a. var gert ráð fyrir hnitmiðuðu starfi í þessa átt í samvinnu heimshlutasvæða og í hverju landi, á heimsmælikvarða sem og svæðisbundið, t. d. með starfi jafnréttisnefnda og annarra skipulagðra hópa.

Nú eru starfandi hér á landi sex jafnréttisnefndir á vegum sveitarfélaga, en þær eru allar til komnar fyrir tilstilli áhugafólks á stöðunum, og ber síður en svo að lasta það. En spyrja verður um starf af hálfu ríkisstj. og Alþ. Hefur verið reynt að örva slíka starfsemi eða hefur henni yfirleitt verið sýndur áhugi eða skilningur af hálfu stjórnvalda?

Hæstv. utanrrh. minnist ekki á þetta mál í skýrslu sinni, þrátt fyrir aðild Íslands að samkomulaginu um kvennaáratuginn, og hvergi er getið samstarfs við annarra þjóða fulltrúa í þessu sambandi, enda mun mála sannast að ríkisstj. hefur sýnt máli þessu sáralítinn áhuga og engan veginn greitt fyrir né hvatt til starfs á þessum vettvangi.

Í kafla skýrslunnar um þróun alþjóðamála lét hæstv. utanrrh. þess réttilega getið, að lítið sem ekkert hefði miðað í átt til samkomulags í afvopnunarmálum, og virðist hafa af því nokkrar áhyggjur sem von er. Jafnframt kastar hann fram þeirri spurningu, hvað smáþjóðir eins og Íslendingar geti gert til að stuðla að bættum skilyrðum til afvopnunar og almennt bættri sambúð og samvinnu í heiminum. Er ekki von að maðurinn spyrji? A. m. k. sér þess lítil merki

í stefnu og starfi núv. ríkisstj., að hún hafi gert sér nokkra grein fyrir hugsanlegu lóði smáþjóðar á þær vogarskálar, eða yfirleitt hugsað, hvað þá rætt, hversu mikils lóð það mætti sín, væri það fram lagt af sjálfstæðum vilja og stefnu. Vissulega er nokkurs vert að vilja styðja tilraunir á ýmsum vettvangi, sem stuðlað gætu að afvopnun og banni við dreifingu vopna í heiminum, eins og utanrrh. getur um. Raunin er hins vegar sú, því miður, að þessi vilji kemur lítt fram í verki nema þá helst að því leyti sem Íslendingar hafa samstarf og stöðu með hinum Norðurlandaþjóðunum, sem er svo á margan hátt góðra gjalda vert. En á þeim vettvangi er þó æðilangt frá því, að Íslendingar hafi nokkurt frumkvæði, frekar að við séum dregin með af hinum. Eða hvar heyrðist t. d. rödd Íslands þegar rætt var um nifteindasprengjuna hjá Atlantshafsbandalaginu, þetta hroðalegasta vopn allra tíma, sem ætlað er að gereyða lífi, en skilja eftir mannvirki? Af afstöðu eða afstöðuleysi ríkisstj. gagnvart þessari nýjustu ógn hergagnaframleiðenda má helst ráða, að hún telji þetta ekki koma Íslendingum við. En það get ég fullvissað hæstv. ríkisstj. um, að þjóðin er þar ekki sammála. Slík morðstefna er fordæmd af allri alþýðu. Það er meira en lítið andkannalegt, að á sama tíma og lýst er yfir vilja til að stuðla að afvopnun skuli ekkert heyrast af Íslands hálfu á þeim vettvangi, sem þó var gefinn hjá Atlantshafsbandalaginu. Raunar er sjálf aðildin að NATO og hersetan á Íslandi eitt skýrasta dæmið um skilningsleysið á því, hvers megnug smáþjóð getur verið ef hún lætur ekki aðra stjórna sér. En þetta er að sjálfsögðu í samræmi við annað hjá þeirri sótsvörtu afturhaldsstjórn Framsóknar og íhalds, sem búið hefur verið við í bráðum fjögur ár, þar sem skriðdýrsháttur inn gagnvart erlendu stórveldi er allsráðandi, ekki aðeins í utanríkismálum, heldur og í efnahags- og atvinnumálum, eins og sést best á því, hvernig allt er gert til að búa í haginn fyrir erlenda stóriðju á kostnað sjálfstæðrar íslenskrar atvinnustefnu.

Sama viðhorf kemur fram í því sem utanrrh. kallar öryggismál, en flestir aðrir Íslendingar herstöðvamál, ef ekki hreinlega hernámsmál. Hann segir með augsýnilegri gleði frá auknum framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli og gott er ef ekki með nokkru stolti frá nýjum orrustuflugvélum af fullkomnustu gerð, sem við erum að fá okkur til varnar — eða hvað — af því að eldri tækin voru orðin úr sér gengin. Skyldi nokkur Íslendingur trúa því lengur, svo oft sem hið gagnstæða hefur komið fram, að þessi bandaríski her sé hér til varnar íslenskri þjóð? Þeir fáu, sem það gerðu enn, hafa áreiðanlega gengið af trúnni í landhelgisdeilunni, þegar bresk herskip fengu að aðhafast sem þeim sýndist á miðunum kringum landið án nokkurra afskipta verndaranna. Trúi utanrrh. því virkilega enn, að öryggi íslensku þjóðarinnar sé undir herstöðinni komið, leyfi ég mér að álíta að hann sé þar aleinn á báti.

Hitt er svo annað mál, og þess getur ráðh. í engu, að ýmsir sjá sér hag í veru hersins hérna og er þá beinlínis um gróðahagsmuni að ræða. Áhrifamiklir aðilar í öðrum stjórnarflokknum, Sjálfstfl., vilja nú fara að fá borgað í beinhörðum peningum fyrir aðstöðuna sem Bandaríkjamönnum er látin í té á Keflavíkurflugvelli, en aðrir fara í kringum málin og tala um lagningu varanlegs vegakerfis, smíði hafnarmannvirkja og flugvalla sem endurgjald. Og svo langt er nú komið það hernám hugarfarsins, sem leitt hefur af áratuga hersetu í landinu, að undir þetta heyrist tekið hér og þar um landið, þar sem sífellt skortir fé til viðhalds vega og nýlagningar. Sá byr, sem þessi hugmynd hefur fengið meðal stjórnarsinna, er án efa fyrrnefndur skilningur á gagns- og gildisleysi hersins og NATO fyrir varnir Íslands sjálfs, sem menn öðluðust í þorskastríðinu síðasta.

Nú hefur að vísu komið fram, að forsrh. landsins sé leiguhugmyndinni mótfallinn. Sú afstaða mun þó tæplega til komin fyrir einhvern meiri siðferðilegan þroska hans en annarra flokksbræðra hans, þótt fagurlega sé orðað, að ekki þyki rétt að taka fé fyrir aðstöðu til sameiginlegra varna. Forsrh., sem og ríkisstj. hans mestöll, er málsvari og fulltrúi auðvaldsstéttarinnar og tekur afstöðu sem slíkur. Hagsmunir ýmissa aðila innan þessarar stéttar geta hins vegar stangast á og gera oft, og svo er einnig í þessu tilviki. Hér standa að baki áhrifamiklir aðilar eins og Íslenskir aðalverktakar, sem fjölskylda forsrh. er m. a. hluthafi í, og fleiri sem miklar tekjur hafa af hernum og sterk ítök hafa í Sjálfstfl. Á sama hátt eru t. d. Olíufélagið hf. og Reginn, dótturfyrirtæki SÍS, bæði meðal stærstu viðskiptaaðila hersins og voldugir aðilar innan forustu Framsfl. Þessir aðilar kæra sig hreinlega ekkert um að önnur fyrirtæki fái svipaða gróðaaðstöðu og þar með fjárhagslegan styrk og pólitísk völd í hernámsflokkunum. En hætt er við, að fleiri kæmust á jötuna ef herinn færi að standa fyrir framkvæmdum víða úti um land.

Herra forseti. Ég hef gert þátt þessara hernámsfyrirtækja að umtalsefni vegna þess, að um stöðu þeirra og tekjur er ekki eitt einasta orð í skýrslu hæstv. utanrrh. Hermangið er þó ósmár þáttur í raunverulegri afstöðu stjórnarflokkanna til dvalar bandarískra hersins og veru Íslands í NATO, eins og best kom í ljós hjá Framsókn í tíð vinstri stjórnarinnar. M. a. þess vegna á þjóðin heimtingu á að fá að fylgjast með hversu hermanginu er háttað. Það er ekki vansalaust, að hæstv. utanrrh. skuli ár eftir ár gefa skýrslu sína um utanríkismál á Alþ. og þar með um öryggismálin, sem hann nefnir svo, án þess að þessum þætti séu gerð skil. Vil ég ljúka máli mínu með að beina til hans þeirri eindregnu áskorun, að gefin verði skýrsla um viðskipti íslenskra aðila við setuliðið á Keflavíkurflugvelli og þar sé ekkert dregið undan.

Það kostar nokkuð að vera sjálfstæð þjóð, sagði ráðh. undir lok ræðu sinnar, og á þar við aukin umsvif utanríkisþjónustunnar erlendis. Vissulega kostar talsvert að vera sjálfstæð þjóð. Það kostar það m. a., að menn afsali sér gróða, sem fenginn er á kostnað sjálfs sjálfstæðisins, og að ríkisstjórn þjóðarinnar treysti sér til að taka afstöðu til mála á alþjóðavettvangi án tillits til hagsmuna erlends stórveldis.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu til viðbótar þeirri skýrslu sem ég hef nú flutt samkv. hefð. Ég vil þó þakka þeim hv. þm., sem talað hafa, fyrir þátt þeirra í umr. Vissulega hefur ýmislegt komið fram sem ástæða væri kannske til að gera að umtalsefni, en ég mun þó reyna að stytta mál mitt mjög.

Ég held að það sé viðurkennd staðreynd, sem ekki verði út af breytt og ekki þurfi að lögfesta, að slík skýrsla um utanríkismál verði jafnan gefin á hv. Alþ. Auðvitað má endalaust finna að því, hvernig slík skýrsla er úr garði gerð, hvað í henni stendur og kannske hvað í henni stendur ekki. Ég hef fengið hér nokkrar ábendingar um það, hvað ætti að standa í næstu skýrslu. Mun ég koma því áleiðis til næsta ráðh., á sama hátt og ég hef fengið á undanförnum árum nokkrar ábendingar um það, hvað gott væri að hafa í þessari skýrslu, og tekið hefur verið inn í hana.

Ég held að tvö ár séu síðan fyrst var byrjað að fjalla um alþjóðlegt ástand í skýrslu sem þessari. Ég minnist þess ekki, að það hafi verið fyrr. Mér heyrist núna að það sé kannske það sem okkur er helst legið á hálsi fyrir, sem höfum samið þessa skýrslu, að þetta sé ekki nóg. En ég vil bara benda á að þetta er þó allmikið meira en áður tíðkaðist í sams konar skýrslum og vaxandi. Hefur þetta raunar verið viðurkennt hér og ber að þakka.

Kannske er ekki ýkjaauðvelt að láta frá sér fara spádóma eða staðhæfingar um það, hvað sé að gerast í alþjóðamálum hjá hinum stóru þjóðum. Þetta er auðvitað meira og minna matsatriði, hvað maður heldur að sé í vændum, og mér deitur ekki í hug að halda því fram, að það, sem stendur í þessari skýrslu, og það, sem stóð í skýrslunni í fyrra, sé nákvæmlega það sem muni koma eða sýni sig að verði ofan á og niðurstaða sambúðar stórvelda og smærri ríkja þá líka. Það er t. d. áreiðanlega mjög forvitnilegt að bæta því við, hvað Kína er að hugsa, hvaða hlutverk það stórveldi kemur til með að hafa í framþróun alþjóðamála. En ég verð að játa að ég veit það ekki, og allar slíkar bollaleggingar mundu verða meira og minna út í hött. Á að trúa Bandaríkjamönnum, eða á að trúa Rússum? Eða hverjum á að trúa? Og hvað ætla Kínverjar sér að gera og hvernig ætla þeir að láta til sín taka í sambúð stórveldanna þegar þeim vex þannig fiskur um hrygg að þeir geta farið að láta verulega til sín taka? Ég spái því, að þá verði miklar breytingar í valdahlutföllum í veröldinni. En hvernig þær verða get ég ekki með nokkru lifandi móti giskað á.

Það er eins með svo margt, sem vafalaust mætti vera í þessari skýrslu, t. d. það sem síðasti hv. ræðumaður minntist á, um jafnréttismál karla og kvenna og ályktun fundar sem haldinn var í Mexíkó og konur áttu aðild að, þó ekki frá utanrrn. Ég hef talið að hér væri fyrst og fremst orðið um innanríkismál að ræða, hvernig framfylgt er þeim ályktunum sem vissir hópar í þjóðfélaginu gerast aðilar að. Það er ekki nema velkomið að afla upplýsinga um það, hvernig þessari ályktun hefur verið framfylgt, en ég tel ekki að þetta heyri lengur undir það rn. sem ég starfa í.

Þannig er um margt fleira, sem talað er um að ég hafi ekki minnst á, og það skal viðurkennt, að auðvitað vantar eitt og annað.

Ég minnist þess líka t. d., að ræða hv. 5. þm. Reykv. gekk öll út á það að kvarta undan því, að það væri enginn stafur um samstarf Norðurlandanna í þeirri skýrslu sem ég flutti í upphafi þessarar viðræðna, eða ákaflega lítið.

Nú er það svo í fyrsta lagi, að miklu meira um samstarf Norðurlandanna er í þeirri skýrslu, sem útbýtt var í sérstakri bók og samin var af sendinefnd okkar hjá Sameinuðu þjóðunum. Í öðru lagi er svo Norðurlandaráð, sem ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni að mundi vafalaust, eins og á s. l. ári, skila grg. um starfsemi sína. Svo er að lokum ekki síst samstarfsnefnd ráðh. starfandi, en ég á enga aðild að henni og enginn maður úr utanrrn. Ef það er ósk hv. 5. þm. Reykv. að fá skýrslu um hvað ráðherranefndin hafi afrekað á s. l. ári, þá eru hæg heimatökin að spyrja fomann Sjálfstfl. að því, því að hann er í samstarfsnefnd ráðh. Ég mundi telja mig fara algerlega út fyrir minn verkahring, ef ég færi að gera grein fyrir þessu hvoru tveggja. Annað er á vegum Alþ., hitt er á vegum forsrn. og heyrir ekki að mínu mati undir það sem ég á að flytja hér.

Öðru máli gegnir að nokkru leyti um Evrópuráðið, vegna þess að samstarfsráðh. þar, ef svo má segja, er utanrrh. Þess vegna heyrir það raunar beint undir utanrrn., þó að alþm. taki þátt í starfi Evrópuþingsins.

Ég ætla ekki að eyða tíma ykkar í að vera að tala meira um það sem ekki stendur í skýrslunni, að undanskildu því, að í sambandi við hlutverk smáþjóða er það vafalaust mikið rétt, sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði, að sjálfsagt mætti hugsa sér að smáríki hefðu meiri áhrif í fleiri málum en t. d. landhelgismáli. Það má vel vera. En ég hef sagt áður og skal endurtaka það, að ég hef ekki trú á því, að það verði til framdráttar því að varnarbandalög verði lögð niður þó að Ísland segi sig úr NATO. Ég held að þar þurfi miklu meira til að koma. Ég hef áður reynt að leiða rök að því og mun ekki endurtaka þau, heldur vísa til þess sem ég hef sagt áður.

Það er auðvitað alveg rétt, að hringrás víghúnaðarkapphlaupsins heldur áfram. Rússar hafa búið til öflugar sprengjur, sem heita — ef ég man rétt — SS-20. Ég held að þeir séu búnir að framleiða þær. Svar Bandaríkjamanna átti víst að vera að framleiða það sem nú er kallað nevtrónusprengja, sem þeir hafa þó hætt við. Hér var spurt: Hvar hefur svar Íslands við nevtrónusprengju komið fram? Það skal ég upplýsa. Svarið hefur verið birt. Það gerðist í Brüssel 9. des. 1977, þegar ég, sem þá var þar fulltrúi okkar, skýrði frá því, að Íslendingar mundu ekki sætta sig við að geymd yrði slík sprengja á Íslandi. Hitt mun vera rétt, að ég hef ekki komist nær því að segja að hvorki eigi að framleiða SS-20 sprengju né nevtrónusprengju en það sem stendur í þessari skýrslu og hv. þm. var svo vinsamlegur að lesa upp. Ég tel að það sé út af fyrir sig svar sem vel megi taka mark á.

Ég neita því algerlega, að ég hafi í starfi

minu fylgt stefnu Bandaríkjanna í einu og öllu, eins og hv. 3. þm. Reykn. sagði að gert væri. Ekki veit ég hvort ég átti það, en það var a. m. k. rækilega ítrekað í síðari ræðu að ég muni hafa átt það. Ég neita því alveg. Ég hef í starfi minu hvorki lagt boð né bönn Bandaríkjamanna, hvorki í núv. stjórn né fyrrv., til grundvallar þeirri afstöðu sem Íslendingar hafa tekið á erlendum vettvangi. Ef við hefðum gert það, þá hefðum við aldrei þorað t. d. að berjast fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu, aldrei nokkurn tíma, því að við vorum á undan þeim og við vorum í andstöðu við þá, þegar við byrjuðum að færa landhelgina út í 50 sjómílur. Sú utanríkismálaákvörðun var a. m. k. ekki þaðan, og þær eru margar fleiri sem ég gæti tínt til, sem ekki heldur eru þaðan.

Hv. 2. landsk. þm. tjáði mér, að hann þyrfti að fara af fundi, og ég mun þá ekki eyða neinu sérstöku púðri í að svara því sem hann setti fram til gagnrýni á þessa skýrslu. Hann talaði um að ósamræmi og viss hræsni væri í því að samþykkja á utanrrh.-fundum vissar viðskiptahömlur á Suður-Afríku, en kaupa svo appelsínur fyrir 240 millj. kr. Það má vel vera að eitthvert ósamræmi sé í þessu. En ég er ansi hræddur um að ósamræmið hjá hinum Norðurlöndunum sé æðimiklu meira, ef farið væri að bera það saman, því að allir hinir liðirnir eiga við þá: fjárfestingar norrænna fyrirtækja í landinu, viðskipti og erlent fjármagn sem þar er notað í stórum stíl, sem hvorugt er til hjá okkur. Ég veit ekki hvern það hittir ef þessi appelsínukaup féllu niður, aðra en þá fátækustu og vesælustu, sem eru að tína appelsínur sér til lífsframfæris. En auðvitað má benda á að hér sé visst ósamræmi og vafalaust meinum við það, að við ætlum ekki að kaupa neitt af Suður-Afríkumönnum, enda ber okkur engin skylda til þess, m. a. vegna þess að þeir kaupa ekki fyrir eina einustu krónu af okkur, svo að það væri þá kannske goldið líku líkt.

Ég þakka svo fyrir það sem sagt var hér um Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Ég held að það sé til mikilla bóta fyrir okkur að fá þessa jarðhitadeild. Ég fyrirgef 2. landsk. þm. auðvitað fúslega að geta ekki látið fyrirtæki eins og Kröflu, sem liggur svona vel við höggi, alveg í friði þegar verið er að ræða um jarðhitarannsóknir á Íslandi. Mér finnst ósköp eðlilegt að hann þyrfti að bæta því við, og ætla ég ekki að hafa fleiri orð um það.

Það er rétt, að illa gengur að aðskilja einkaflug og herflug á Keflavíkurflugvelli, sem var þó tilgangurinn með samningunum sem gerðir voru 1974. En ég satt að segja taldi óþarfa að vera að staglast á því einu sinni enn, að ég væri á móti þessum her. Ég get auðvitað vel gert það — kannske er vissara að gera það svona upp á sálarheillina í framtíðinni. Ég tel að við ættum að geta búið ein í þessu landi eins og nú standa sakir. Ég vona að sá dagur komi, að þingstyrkur Alþ. verði þá til þess, en hann er það ekki núna, enginn þarf að halda það.

Svo vil ég lýsa því yfir í lok þessarar ræðu minnar, að ég hef frá fyrstu tíð verið á móti því sem kallað hefur verið aronska. Það hefur engin hugarfarsbreyting orðið hjá mér í því. Ég hef til athugunar að breyta tilhögun á útboðum framkvæmda á Keflavíkurflugvelli. Ég hef oft heyrt þau rök, sem hv. þm. Gils Guðmundsson flutti fyrir því, að herliðs- eða varnarliðsvinnan hefði óheillavænleg áhrif á Suðurnesjum. Stundum hef ég líka heyrt að gott væri að hafa hana. Það hefur mér virst dálítið fara eftir atvinnuástandi á Suðurnesjum. Hv. þm. taldi það til óþæginda, að Suðurnesjamenn sætu fyrir þessari vinnu. Það gera verkalýðsfélögin á Suðurnesjum ekki. Þau standast ekki reiðari en þegar ráðinn er maður sem ekki á heima á svæðinu — telja sig algerlega eiga þetta. Þetta er kannske þessi mengun hugarfarsins sem verið er að berjast á móti, en svona er þetta nú. Þegar lítið er að gera, þegar illa árar í fiskvinnslu og annarri starfsemi á Suðurnesjum, þá er komið í utanrrn., varnarmáladeildina og sagt: Það þarf að auka vinnuna og láta Suðurnesjamenn sitja fyrir þeim störfum, sem hér falla til. — Svo gengur vel að fiska og vantar fólk í þau störf. Þá er komið og sagt við okkur: Þið takið allt fólkið frá okkur og nú höfum við engan mann til þess að verka fiskinn. — Svona hefur mér virst þetta horfa við í þau ár sem ég hef starfað í utanrrn. Má vera að það sé misskilningur.

Ég ætlaði að reyna að halda þessa svarræðu þannig, að hún þyrfti ekki að verða eldsneyti fyrir mjög harðskeyttar umr., því að mér finnst alveg ástæðulaust að vera að kveikja ófriðarbál. Þær ræður, sem hér hafa verið haldnar, hafa síður en svo gefið tilefni til þess. En ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar til þeirra þm., sem tóku þátt í umr., og þá ekki síst fyrir það, að mér virðist að skilningur á vaxandi mikilvægi íslenskrar utanríkisþjónustu sé að verða meiri og meiri.

Efri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 12. apríl, kl. 2 miðdegis.

Upplýsingaskylda banka og annarra lánastofnana, frv. (þskj. 443). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 443 hef ég leyft mér að flytja frv. til laga um upplýsingaskyldu banka og annarra lánastofnana. Það er skoðun mín, og raunar skoðun okkar Alþb.-manna almennt, að nauðsyn sé á því að fjármálakerfi landsmanna sé sett undir nánara eftirlit almennings með því að gera það opnara og gagnsærra. 1. gr. frv. kveður einmitt á um þennan tilgang þess, þ. e. a. s. að tryggja að almenningur eigi þess kost að kynna sér og hafa eftirlit með útlánum lánastofnana.

Það er víst kunnara en frá þurfi að segja, að veiting lána er mjög mikilsverð þjónusta og harla eftirsótt fyrirgreiðsla, þá ekki síst á verðbólgutímum. Það er skoðun mín, að opinber birting lánveitinga mundi opna almenning sjálfsagða leið til að hafa eftirlit með ráðstöfun fjár úr opinberum sjóðum. Þá væri minni hætta á mismunun og á geðþóttaákvörðunum þeirra sem slíkum stofnunum stjórna. Auk þess er það ótvírætt kostur við þessa nýskipan, að ókunnugir geta þá kynnt sér milliliðalaust, hvers konar lán

eru veitt úr lánastofnunum landsins og í hvaða tilgangi þau eru veitt.

Mér þykir hlýða að rifja upp, að þegar lög um Framkvæmdastofnun ríkisins voru samþykkt á Alþ. í tíð vinstri stjórnarinnar — það var í árslok 1971 — var ákveðið að árlega skyldi birt skrá yfir lánveitingar stofnunarinnar, og á það við bæði Framkvæmdasjóð, Byggðasjóð og aðra þá sjóði sem settir kynnu að verða undir stjórn stofnunarinnar. Þetta var ljóst af þáv. 15. gr. laganna og hefur ekki verið breytt eftir að lögin voru endurskoðuð, heldur kemur skýrt fram í 16. gr. þeirra laga.

Þetta ákvæði í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins var algert nýmæli í íslenskum lögum á sínum tíma og ég veit ekki betur en það hafi gefist vel. Þetta hefur sem sagt gilt um allar lánveitingar Framkvæmdasjóðs og Byggðasjóðs og hefur birst í því formi, að í skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar, sem gefin er út á hverju ári og m. a. dreift til hv. þm., hefur verið birt skrá yfir allar lánveitingar á liðnu ári. Mér virðist langeðlilegast að þessi sami háttur sé lögbundinn um allar lánveitingar úr viðurkenndum opinberum lánastofnunum. Leyndin skapar tortryggni. Ekki verður séð að nokkur lánveiting úr opinberri lánastofnun geti átt rétt á sér, ef hún þolir ekki dagsins ljós.

Í 2. gr. frv. er kveðið nánar á um framkvæmd þessa fyrirkomulags, en þar segir, með leyfi forseta:

„Bankar, sparisjóðir, fjárfestingarlánasjóðir og aðrar lánastofnanir skulu birta opinberlega lista yfir öll veðlán, sem veitt hafa verið á liðnu ári, einnig hvers konar útlán, sem nema hærri fjárhæð en 3 millj. kr. og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára, ásamt upplýsingum um nöfn lántakenda, lánskjör og yfirlýstan tilgang lánanna. Þá skal einnig birta lista yfir einstaklinga, félög og stofnanir, sem skulda við áramót meira en 5 millj. kr. í viðkomandi stofnun.

Þar sem nefndar eru 1. og 2. mgr. á að sjálfsögðu aðeins að vera 1. mgr., því að það eru aðeins tvær mgr. í þessari frvgr., en í 2. mgr. segir sem sagt: „Upphæðir þær, sem nefndar eru í 1. mgr., skulu breytast árlega í réttu hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar 1. jan. 1978."

Hér eru því sett nokkur takmörk, hvaða lánveitingar skuli birtar, þar sem ástæðulaust virðist að bankar og sparisjóðir þurfi að tína til sérhvert smálán. Því er í fyrsta lagi miðað við öll veðlán og í öðru lagi við öll útlán, sem nema hærri fjárhæð en 3 millj. kr. og veitt eru til lengri tíma en tveggja ára.

Ljóst er, að það er til hægðarauka fyrir þá, sem vilja kynna sér slíka lista, að saman sé dregið í árslok hve skuld sé orðin há hjá ákveðnum aðila, hjá einstaklingum eða stofnunum, og kemur þá til athugunar einnig, hve mikil lán viðkomandi hefur fengið á liðnum árum. Hér er gert ráð fyrir því, að aðeins sé birtur skuldalisti yfir þá sem skulda meira en 5 millj. kr. í viðkomandi stofnun, svo að ekki sé nú farið út í allt of mikinn sparðatíning, því að það eru að sjálfsögðu stóru lánin sem máli skipta í þessu sambandi.

Um nánari framkvæmdaatriði er svo kveðið á í 3. gr. þar sem segir: „Utlánalistinn skal lagður fram í afgreiðslu stofnunarinnar áður en liðinn er fyrsti mánuður næsta árs og afhentur hverjum sem vill gegn hæfilegri þóknun, sem svarar til kostnaðar við prentun."

Hér er ekki gert ráð fyrir því, að viðkomandi lánastofnun sé endilega skyldug að gefa út skýrslu um allar lánveitingarnar, prentaða skýrslu eins og Framkvæmdastofnunin hefur gert varðandi lán Byggðasjóðs og Framkvæmdasjóðs, heldur ætti að duga að lagður væri fram listi, fjölfaldaður listi, væntanlega fjölritaður listi, sem lægi frammi í afgreiðslu stofnunarinnar og væri heimill hverjum sem hafa vildi.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um efni þessa frv. Ég vil aðeins ítreka, að frv. þetta er flutt í þeim tilgangi að stuðla að opnara og réttlátara stjórnkerfi, stuðla að því, að fjármálakerfið sé sett undir eftirlit almennings. Á því er brýn þörf og sé ég ekki ástæðu til að rökstyðja það frekar.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 509). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur til 1. umr. á þskj. 509, er unnið af fjmrn., en vegna ákvæða laga um Stjórnarráð Íslands kemur í hlut utanrrn. að leggja það fyrir hv. Alþ. Þess vegna mæli ég fyrir þessu frv. Því fylgja svofelldar aths.:

Frv. þetta er lagt fyrir Alþ. til þess að afla heimildar fyrir ríkisstj. til fullgildingar á samningi milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum svo og að veita ákvæðum samningsins lagagildi hér á landi.

Í júní 1976 hófust viðræður milli vestur-þýskra og íslenskra stjórnvalda um gerð tvíhliða samnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Viðræðunum lauk í ágúst 1977 með því að gengið var frá samningi sem undirritaður var í Bonn 11. okt. 1977. Er þess vænst að samningurinn verði fullgiltur af aðildarríkjunum hið allra fyrsta.

Aðstoð sú, sem í samningnum felst, er tvenns konar: annars vegar aðstoð við framkvæmd tollalaga almennt, þ. e. álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda svo og að haldnar séu reglur um inn- og útflutning, og hins vegar aðstoð til að koma í veg fyrir, rannsaka og upplýsa brot á tollalöggjöfinni. Samningurinn tekur til tolla og annarra opinberra gjalda, sem ákvörðuð eru af tollyfirvöldum.

Vegna aukinna viðskipta milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands svo og samskipta þjóðanna telja tollyfirvöld landanna æskilegt að samvinna þeirra á milli verði bundin í tvíhliða samningi um gagnkvæma aðstoð á sviði tollamála, þar sem slíkur samningur muni leggja

grundvöll að virkari aðgerðum tollyfirvalda á því sviði. Samvinnu þessa verður að telja eðlilegt framhald þess samstarfs, sem stofnað hefur verið til með ályktun Tollasamvinnuráðsins í Brüssel frá 5. des. 1953 um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda til að koma í veg fyrir smygl. Ísland gerðist, eins og kunnugt er, aðili að tollasamvinnuráðinu á árinu 1971 og aðili að fyrrnefndri ályktun frá 1. maí 1973.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands er byggður á hliðstæðum tvíhliða samningum milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og hinna Norðurlandanna að Danmörku undanskilinni, með vissum breytingum vegna íslenskra aðstæðna. Er samningur þessi fyrsti tvíhliða samningurinn um tollamál, sem Ísland gerir. Samningurinn fylgir með sem fskj. og hafa þm. væntanlega kynnt sér hann.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Fiskimálaráð, frv. (þskj. 331). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bókhald, frv. (þskj. 434). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 529). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 420, n. 535). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um það frv., sem hér er til umr., og mælir eindregið með því einróma, að frv. verði samþykkt. Frv. gerir ráð fyrir því, að samsetningu Verðlagsráðs sé breytt þegar fjallað er um síldarúrgang. Sú ánægjulega þróun hefur orðið, að síldveiði hefur nú aukist það mikið á ný að ástæða þykir til að sömu aðilar fjalli um verð síldarúrgangs til verksmiðja og fjalla um verðlagningu á öðrum fiskafurðum. Til þess að slíkt sé mögulegt þarf að breyta samsetningu ráðsins og til þess er þetta frv. lagt fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 421, n. 536). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um 220. mál, frv. til laga um Fiskimálasjóð, þar sem lagt er til að hámark lána úr sjóðnum færist úr 600 þús. upp í 2 millj. N. leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Hlutafélög, frv. (þskj. 526, 527). — 3. umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. var sammála um að leggja fram brtt., sem eru á þskj. 527. Þetta eru að nokkru leyti leiðréttingar á þá leið að 17. gr. frv. breytist þannig, að í stað þess að þar segir að í hlutafélagi skuli jafnan vera fimm hluthafar hið fæsta, þá standi: Í hlutafélagi skulu vera fimm hluthafar hið fæsta, sbr. 114. gr.

Við 39. gr. eru aðeins örlitlar breytingar, þ. e. a. s. það stendur í 2. mgr. síðast 27.—28. gr., en á að vera 27.—29. gr. Og síðast í 3. mgr. komi í staðinn fyrir 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr.: 1., 2. og 3. mgr.

Þá er breyt. við 47. gr., þar sem kveðið er á um, að heimilt skuli að viðhafa hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu ef þeir, sem ráða ¼ hluta hlutafjárins, óska eftir því. Tekið er fram í þeirri breytingu, sem lögð er til, að margfeldiskosning skuli ganga fyrir, ef óskað er eftir henni, og enn fremur er skilgreining á því, hvað átt er við með margfeldiskosningu.

Þá er að lokum við 65. gr. lagt til, að inn komi ný mgr. á þá leið, að í félagssamþykktum megi ákveða að enginn geti farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra nema takmarkaðan hluta samanlagðra atkv. í félaginu.

ATKVGR.

Brtt. 527,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 527,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 527,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 527,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 499). — 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 499 um breytingu á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Frv. er ekki langt og mun ég lesa frvgr. eins og þær hljóða:

„119. gr. laganna orðist svo“ — segir í 1. gr. frv.

„Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja þá framboðslista, er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utanflokka.

Við úthlutun uppbótarþingsæta koma þeir stjórnmálaflokkar til greina, sem hlotið hafa kjördæmakjörinn mann eða 5% eða meira af samanlögðum gildum atkv. í öllum kjördæmum.

Atkv., sem utanflokkalisti fær, gefur ekki möguleika á úthlutun uppbótarsæta.

Þingflokkur telst hver sá stjórnmálaflokkur, er hlýtur þingsæti samkv. reglum þessara laga.“

Í 2. gr. er aðeins um orðalagsbreytingu að ræða, þ. e. a. s. að í stað orðsins „þingflokks“ komi: flokks o. s. frv., sem annars er nauðsynlegt að gera vegna orðalagsbreytingar.

„3. gr. 1. málsgr. 121. gr. laganna orðist svo: Uppbótarþingsætum skal úthlutað samkv. hlutfallstölum, sem eru þannig fundnar, að deilt er í heildaratkvæðatölu hvers flokks, sem rétt á til uppbótarþingsætis, með 1, 2, 3, o. s. frv., að viðbættum fjölda þm., sem flokkurinn kann að hafa fengið kosna í kjördæmum. Fellur þá fyrsta uppbótarþingsætið til þess flokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, uns 11 uppbótarþingsætum hefur verið úthlutað.

4. gr. Síðari málsl. 2. mgr. 127. gr. laganna falli niður.

5. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ég hef látið fylgja frv. alllanga grg., sem ég ætla að fara yfir, svo að fram komi hvers vegna þetta mál er flutt.

Í 31. gr. stjórnarskrárinnar er talið upp hverjir eigi sæti á Alþ. Þar segir í d-lið: „11 landskjörnir þm. til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.“

Í stjórnarskránni er hvergi skýring á því, hvað „þingflokkur“ er. Þá skýringu er að finna í kosningalögum, og getur Alþ. breytt henni að vild með því að breyta því ákvæði.

Um þetta segir Einar Arnórsson í Réttarsögu Alþingis (bsl. 603): „Stjórnskipulög láta ekki um það mælt í einstökum atriðum, hvernig fara skuli um skipun uppbótarþingsæta. Þau fela almenna löggjafanum að setja fyrirmæli um það í lögum um alþingiskosningar. Almenna löggjafanum er því frjálst að skipa þeim málum svo sem honum þykir heppilegast innan þeirra markalína, sem sett eru í stjórnskipulögunum.“

Ólafur Jóhannesson, núv. hæstv. dómsmrh., segir um sama atriði í Stjórnskipun Íslands (bls. 217): „Ennfremur úrskurðar landskjörstjórn hverjir stjórnmálaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppbótarþingsæta (119. gr. kosnl.). Þessa skýrgreiningu á þingflokki er aðeins að finna í kosningalögum. Stjórnarskrárgjafinn hefur ekki skýrt það, við hvað sé átt með þingflokki, heldur eftirlátið það almenna löggjafanum. Þessari skilgreiningu getur því almenni löggjafinn vafalaust breytt innan skynsamlegra takmarka. Almenni löggjafinn gæti því sennilega ákveðið að þingflokkur væri sá flokkur, sem annaðhvort hefði átt þm. á síðasta þingi fyrir kosningar eða fengið mann kjörinn í kosningum.“

Í umr. um kosningalögin er jafnan bent á þann galla, að samkv. skýrgreiningu laganna á þingflokki geti komið fyrir, að flokkur fái 10—15% greiddra atkv. án þess að fá kjördæmakjörinn þm. og falli því út af þingi. Væri það í mesta ósamræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um að flokkar skuli hafa „þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína,“ eins og áður segir.

Tvívegis hefur Alþfl. komist í þessa hættu. Í kosningunum 1953 fékk flokkurinn aðeins einn kjördæmiskjörinn þm. Ef það hefði ekki tekist, hefðu 15.6% allra greiddra atkv. fallið dauð og áhrifalaus. Árið 1974 fékk flokkurinn aftur einn kjördæmiskjörinn þm., og var þá hætta á að 9.1% atkv. yrðu áhrifalaus.

Segja má að Einar Arnórsson bendi á þessa hættu er hann segir í áðurnefndu riti (bls. 605): „Sá flokkur, sem hefur að vísu verið talinn stjórnmálaflokkur í kosningunum samkv. 28. gr. kosningalaganna, en hefur ekkert þingsæti fengið í kjördæmi, getur því ekki heldur fengið uppbótarþingsæti, jafnvel þótt samanlögð atkvæðatala hans út af fyrir sig gæti veitt honum rétt til þess. Í sjálfu sér sýnist það ekki hugsunarrangt, að slíkur flokkur gæti fengið uppbótarsæti. Hann er fulltrúi tiltekinnar landsmálastefnu, og kosningarnar hafa leitt í ljós, að stefnan hefur nægilegt kjósendafylgi til eins eða fleiri fulltrúa á þinginu. Ef landið allt væri eitt kjördæmi, þá mundi slíkur flokkur hafa fengið þingfulltrúa.“

Efni frv. þessa er að fella niður það ákvæði kosningal., að flokkur verði að fá kjördæmiskjörinn þm. til að teljast „þingflokkur“ og koma til greina við úthlutun uppbótarsæta. Í stað þess er sett markið 5% og flokkum veittur réttur til uppbótarsæta ef þeir ná því, hvort sem þeir hafa kjördæmiskjörinn þm. eða ekki.

Í mörgum nágrannalöndum gilda þær reglur, að flokkar fá alls enga fulltrúa á þing ef þeir ná ekki tilteknu hlutfalli atkv. Hér er ekki gengið svo langt. Samkv. þessu frv. mundu flokkar auðvitað halda þeim þm. sem ná kjöri í kjördæmum, enda þótt hlutfallstala þeirra af atkv. sé innan við 5%. Uppbótarsæti fá þeir hins vegar ekki nema þeir nái því marki. Á sama hátt er flokkum tryggður réttur til uppbótarsæta, ef þeir fá 5% eða meira, þótt þeir hafi ekki fengið kjördæmiskjörinn mann.

Þetta segir í grg., og hef ég svo tekið upp sem fskj. úrslit úr síðustu alþingiskosningum.

Þetta mál er ekki nýtt í umr. manna á meðal, fyrst og fremst utan þings, og hefur lengi verið rætt í Alþfl. og víðar, með hvaða hætti ætti að taka sérstaklega uppbótarþingsætin til meðferðar. Hafa menn haft mismunandi sjónarmið, en því miður hafa sjónarmiðin oftast einkennst af því, að þegar línan er dregin yfir þröskuld hjá viðkomandi manni, þá nær hún ekki lengra, þótt allir tali í þá veru, að nauðsynlegt sé að auka lýðræði í landinu.

Ég vil minna á að allir formenn stjórnmála-

flokkanna komu í sjónvarpið rétt í þann mund er Alþ. kom saman í haust, og lýstu þá allir, undantekningarlaust allir mjög ást sinni á því að auka lýðræði í landinu. Ég gæti lesið upp þennan þátt til að sanna mál mitt, því að ég á hann vélritaðan — ég tók hann upp, en ekki er ástæða til þess því að það yrði lestur í rúman klukkutíma. Hins vegar las ég í dag í blöðunum sem styðja ríkisstj., Morgunblaðinu og Tímanum, að þessi vaxandi lýðræðisást sefur enn eins og rósin sem sennilega mun spretta eftir kosningar upp úr hinum freðna jarðvegi. Það eru sem sagt orðin ein, sem gilda í þessu tilfelli, og mun almenningur örugglega fylgjast með því. Morgunblaðið segir — með leyfi forseta — um þetta ákvæði, hvort eigi að tryggja 5% eða eitthvað annað:

„Þetta eru vissulega rök. En á hitt er einnig að líta, að regla af þessu tagi mundi stuðla mjög að tilveru alls kyns smáflokka og flokksbrota, sem víða hafa valdið miklum erfiðleikum og dregið úr festu í stjórnmálum."

Alls kyns smáflokka aðhyllast núna á Íslandi á sjötta þúsund manns, ef notuð er þessi skilgreining: alls kyns smáflokkar. Ekki eru menn bjartsýnir á, að þetta gamla flokkakerfi haldi öllum í skefjum, þegar svona er sett fram. Það getur vel farið svo, að fleiri en einn flokkur detti út og nái ekki kjördæmakjörnum manni. Ég man eftir bollaleggingum eins ónefnds forustumanns Sjálfstfl., þegar hann lagði saman atkvæðatölur og komst að þeirri niðurstöðu, ef ég man rétt, að 456 atkv. vantaði til þess að Sjálfstfl. fengi hreinan meiri hluta — þetta var fyrir allmörgum árum, en það skilyrði fylgdi að sérstök dreifing á þessum 456 atkv. hefði orðið að eiga sér stað til þess að tryggja kjördæmiskjörna menn út úr einmenningskjördæma- og tvímenningskjördæmafyrirkomulaginu. Heildaratkvæðafjöldi flokksins var, að því er mig minnir, rétt rúmlega 41—42%. En með æskilegri og viðráðanlegri dreifingu á 456 atkv. — ég tek fram að þarna getur skakkað nokkrum atkv., en þetta voru tæplega 500 atkv. — þá hefði flokkurinn náð meiri hluta á Alþ. með 42% atkvæðafylgi í heild á landinu. Þessi óskhyggja varð aldrei að veruleika. Við búum við aðra kjördæmaskipun í dag, sem hefur tryggt aukið lýðræði, en samt sem áður hefur þróunin orðið svo ör — menn geta kallað það öfuga þróun og það munu sumir gera — fólkið hefur flust svo mikið til á landinu, að einkum tvö kjördæmi hafa nú það margt kjósenda innan vébanda sinna, að atkvæðisréttur í þessum kjördæmum, þ. e. a. s. í Reykjavík og á Reykjanesi, er verulega minni og margfalt minni en í öðrum kjördæmum, sem minnst atkvæðamagn hafa. Flestir menn tjá sig fúsa til að leiðrétta þetta, en ná ekki samstöðu.

Nú liggja fyrir Alþingi þrjú frv. um þessi mál sem verða rædd hér, tvö í Ed. og eitt í Nd. Því miður virðist vera svo, að menn líta í eigin barm eingöngu um það eðlilega sjónarmið að tryggja hinum almenna kjósenda aukin réttindi í þjóðfélaginu og meiri áhrif á stjórnskipun landsins. Það veldur mér vonbrigðum að lesa þessar greinar í Morgunblaðinu og Tímanum í dag um að ekkert megi gera í þessu máli nú, þar sem allir formenn stjórnmálaflokka í landinu lýstu því yfir í haust, að þeir væru reiðubúnir til að auka á rétt kjósandans í landinu. Hvort þetta er rétta leiðin, sem ég bendi á, eða leiðir hinna þm., mun koma í ljós í umr. í n. Ég held ekki svo fast í þetta frv., að ekki megi breyta stafkrók, alls ekki. En ég vil vekja athygli á því, að allstór hópur manna getur farið þannig út úr þessum kosningum að hann hafi engin áhrif á Alþ., jafnvel þótt hann væri 10—15 þús. manns, sem yrði þá 10—12% af kjósendum. Og það sýnist réttmætt að þessi hópur geti átt fulltrúa, — hvort þeir eru einn eða fleiri, 4—5, læt ég ósagt, niðurstöður kosninganna munu segja til um það..

Herra forseti. Ég gæti talað lengi um þetta efni og tekið upp ýmsar tilvitnanir til að sanna að hér er farið í átt að því sem margir hafa lýst stuðningi við, bæði utan þings og innan. En ég sé ekki ástæðu til þess. Aðalatriðið er að þessi mál verði rædd af einurð í n., sem fær þetta frv., og menn sýni og sanni með því að láta málið aftur koma úr n., að þeir meini eitthvað með þeim orðum sem þeir hafa sagt á undanförnum mánuðum um aukið lýðræði í landinu. Og það mun verða fylgst með því af mér og mörgum öðrum, hvort þetta sé bara orðaleikur einn eða eitthvað meira. Ég mun geyma vel það vélritaða eintak sem ég á af ræðum formannanna frá í haust, þar sem það liggur alveg ljóst fyrir — og ég á segulbandið líka ef á þarf að halda — að þeir lofa almenningi auknu lýðræði í þessu landi. Og menn munu fylgjast vel með því, hvort þeir ætla að standa við þessi orð eða ekki.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að þessu frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Leigumálar og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, frv. (þskj. 513). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja á þskj. 513 frv. til l. um breyt. á lögum nr. 86 frá 16. des. 1943, um ákvörðum leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, svo hljóðandi:

„2. gr. laganna orðist svo:

Ársleiga eftir lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 5 ára, skal ákveðin samkv. reglugerð, er borgarstjórn setur og rn. staðfestir. Leiga eftir þessar lóðir skal tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum, sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga og með forgangsrétti fyrir öðrum veðskuldum. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 95 24. des. 1971."

Fasteignaskattur samkv. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga er tryggður með lögveði í eign. Í mörgum sveitarfélögum landsins er skatturinn innheimtur sameiginlega með öðrum fast-

eignagjöldum. Svo er því einnig varið í Reykjavík. En með fasteignaskatti er innheimtur vatnsskattur og brunabótagjald, lóðarleiga, tunnuleiga og viðlagatryggingargjald. Í Reykjavík hefur fram til þessa verið talið nauðsynlegt að gera lögtak fyrir fasteignagjöldum, sem ekki hafa verið greidd á réttum gjalddögum, og biðja síðan um uppboð á eign. Eftir að breyting hefur verið gerð á álagningu fasteignagjalda og hver einstakur íbúðareigandi fær sendan sérstakan reikning fyrir sínum hluta gjaldanna verður mögulegt að beita nauðungarinnheimtuákvæðum laga nr. 49 frá 1951, um sölu lögveða án undangengis lögtaks.

Dregið hefur verið í efa, að innheimtuákvæði gildandi laga um þetta efni séu nógu skýr að þessu leyti, en vegna hinnar sameiginlegu innheimtu er nauðsynlegt að samræma innheimtureglur og setja ótvíræð ákvæði um lögveðsrétt. Frv. þetta er flutt til þess að taka af allan vafa í því efni. En gjöld þau, sem innheimt eru sameiginlega með fasteignagjaldaseðli í Reykjavík, eru öll tryggð með lögveði í eign nema lóðarleiga. Nái frv. fram að ganga mun sparast mikil vinna á skrifstofu Gjaldheimtunnar og hjá lögtaksfulltrúum og innheimtuaðgerðin mun taka mun styttri tíma en nú er.

Rétt er að taka fram, að í flestum ef ekki öllum leigusamningum um íbúðarhúsalóðir í Reykjavík eru ákvæði þess efnis, að leigutaki og veðhafi séu skyldaðir til að hlíta því, að í lög verði sett ákvæði um að leigan gangi á undan veðskuldum sem á eigninni hvíla. Leiga eftir íbúðarhúsalóð í Reykjavík er 0.145% af fasteignamati lóðarinnar. Einnig er rétt að taka fram, að mörg sveitarfélög hafa árum saman notfært sér ákvæði laga um uppboðssölu án undangengins lögtaks, m. a. öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu önnur en Reykjavík.

Þá vil ég taka fram að lokum, að frv. þetta er flutt að beiðni borgarstjórnar og borgarstjórans í Reykjavík með ósk um að það nái fram að ganga á þessu þingi ef nokkur tök eru á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. (þskj. 512). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 512 frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Aftan við 17. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Heimilt er að taka leigu eftir sorpílát, sem sveitarstjórn leggur húseigendum til. Leigugjald skal ákveða í reglugerð og er gjaldið tryggt með lögveðsrétti í húseign leigutaka í tvö ár eftir gjalddaga."

Herra forseti. Frv. þetta er eins og frv. um breyt. á lögum um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, flutt að beiðni Reykjavíkurborgar eða borgarstjórnar Reykjavíkur. Tilgangur þess er að tryggja lögveð fyrir leigu eftir sorptunnur, en leigan er innheimt sameiginlega með öðrum gjöldum á fasteignagjaldaseðli. Um efnisrök að öðru leyti vil ég vísa til framsögu minnar fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, en vil aðeins nefna til upplýsingar, að leigugjald fyrir sorptunnur er á þessu ári 1200 kr. Er því um að ræða mjög óverulegan hluta fasteignagjaldainnheimtunnar, en vegna sameiginlegrar innheimtu er nauðsynlegt að samræma innheimtureglur og endurbæta innheimtumeðferð. Á sama hátt og um frv. um leigumála og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar er það ósk borgarstjórnar og borgarstjóra, að frv. þetta fái fljóta afgreiðslu, á þessu þingi ef mögulegt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15. shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 75. fundur.

Miðvikudaginn 12. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kaupstaðarréttindi Selfosskauptúns, frv. (þskj. 323, n. 481 og 504). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 504 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 18:9 atkv.

1. gr. samþ. með 19:3 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 531). — 3. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Mér finnst ástæða til að segja örfá orð um þetta mál við 3. umr., sérstaklega í ljósi þeirrar afgreiðslu sem málið fékk við 2. umr. þar sem niður var felld 1. gr. frv.

Efnislega séð voru tvær breytingar í 1. gr. Önnur breytingin var sú að hverfa frá sunnudegi og kjósa á laugardegi. Um þetta voru skiptar skoðanir sem og hitt atriðið, hvenær kosið skyldi, ef fara átti þá leið að samræma kjördaga í þéttbýlissveitarfélögum og strjálbýlissveitarfélögum, þar sem nú er gert ráð ráð fyrir í þéttbýli að kjósa síðasta sunnudag í maí og hins vegar í sveitum síðasta sunnudag í júní. Ég lýsti þeirri skoðun minni við 2. umr., að ég teldi út af fyrir sig eðlilegast að horfið yrði að því að hafa einn kjördag fyrir landið allt og hann yrði síðasta laugardag eða sunnudag í júní. Ég geri mér grein fyrir því, að enda þótt við vildum flytja brtt. til þess að ná þessu marki, að fá einn samræmdan kjördag um land allt þá er það hæpið miðað við að gildistakan verði á þessu vori þegar svo skammur tími er til kosninga. Vitað er að skiptar skoðanir eru um það, hvort sveitarstjórnarkosningar eiga að fara fram sama kjördag og þingkosningarnar.

Ég minnist á þessi atriði hér vegna þess að ekki er á ferðinni af okkar flm. hálfu brtt. að

svo stöddu, þar sem þá, ef hún hefði komið, hefði verið gert ráð fyrir gildistöku síðar, en þá tel ég að málinu þurfi ekki að hraða á þessu þingi. En ég vildi lýsa því yfir, að ég tel að þetta atriði sé eitt af þeim atriðum sem beri að taka til athugunar samhliða öllum þeim fjölda frv. sem liggja nú fyrir Alþ. varðandi kosningalög almennt. Þess vegna er ekki á ferðinni nein brtt. nú af okkar hálfu, en ég vil hins vegar nota tækifærið til að þakka fyrir þær undirtektir sem 2. gr. fékk. Og skoðun mín er sú, að það eigi áfram að stefna að því að hafa einn kjördag en við þurfum að finna lausn á því máli í tengslum við þessi mál í heild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 334). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Umferðarlög, frv. (þskj. 530). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 515). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Megininntak þessa frv. er endurskipulagning, sameining og stórefling þeirra stofnana, sem starfa í þágu iðnaðarins að rannsóknum, ráðgjöf, fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga, stöðlun og ýmsum fleiri nauðsynjamálum. Þessar stofnanir eru Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Rannsóknastofnun iðnaðarins.

Þetta mál á sér langan aðdraganda, hefur verið í undirbúningi í mörg ár. Nokkrar nefndir hafa fjallað um það á þeirri göngu. Á þingi 1973—1974 flutti iðnn. þessarar hv. d. að beiðni þáv. iðnrh. frv. til laga um Iðntæknistofnun Íslands. Tekið var fram, að einstakir nm. hefðu óbundnar hendur um frekari afgreiðslu frv. Það frv. komst ekki áleiðis og dagaði uppi.

Eftir síðustu stjórnarskipti hóf iðnrn. athugun á þessu máli. Til álita kom hvort bera ætti fram hið fyrra frv. í óbreyttri mynd, en að athuguðu máli var ekki talið rétt að hafa þá málsmeðferð. Eldra frv. fól í sér m. a. fjölda ákvæða, sem talið var að betur ættu heima í reglugerð en í lögum, væri óþarflega ítarlegt. Þetta átti m. a. við greinar um starfsfólk, skorir, skorafundi skorarformenn, einstakar deildir, hlutverk stjórnar, ákvæði um starfsmannahald, stjórn- og starfsskipulag í einstökum atriðum. Þótti sem sagt réttara að ýmis slík ákvæði yrðu felld inn í reglugerð, en meginatriði málsins tekin fram í lögunum. Það verður líka að vera eitt meginhlutverk stjórnar Tæknistofnunar Íslands að móta henni stefnu og starfsskipulag. Því var ákveðið að láta fram fara gagngera endurskoðun á áðurgreindu frv. og birtist það hér í sinni nýju mynd.

Rétt er að það komi skýrt fram, að með frv. þessu er ekki einvörðungu stefnt að því að sameina stofnanir sem fyrir eru í landinu. Höfuðmarkmiðið er þjónusta við iðnað landsmanna, þjónusta um framleiðslu- og rekstrartæknileg vandamál á faglegum grundvelli. Á þessu sviði er þörfin brýnust. Að svo miklu leyti sem eiginlegra rannsókna er þörf hlýtur sú starfsemi fyrst og fremst að beinast að hagnýtingu innlendra hráefna og að staðbundnum vandamálum byggingariðnaðar, enda er svo ráð fyrir gert að slík starfsemi rúmist innan verkefnavettvangs stofnunarinnar.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á, að á vegum Háskóla Íslands, Raunvísindastofnunar og verkfræði- og raunvísindadeildar, er kominn vísir að undirstöðurannsóknum. Stefnt er að því að slík rannsóknarstarfsemi þróist í tengslum við meginnámsbrautir. Þess er að vænta, að ámóta verkaskipting muni komast á hér og í grannlöndum í framtíðinni, þ. e. að eiginlegar rannsóknir — þ. á m. vegna iðnaðar — fari fram á vegum Háskólans, en tilraunir og prófanir í þágu iðnaðar ásamt þjónustu- og leiðbeiningarstarfsemi á vegum Tæknistofnunar Íslands.

Það er að sjálfsögðu ljóst, að huga þarf að tengslum þarna á milli þegar tímabært þykir, og er þess að vænta, að eðlileg vinnubrögð og samstarf takist í þeim efnum.

Samráð hefur verið haft við heildarsamtök iðnaðarins, Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, um gerð þessa frv. Í fyrstu gerð þess var ekki gert ráð fyrir að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins yrði hluti af Tæknistofnun Íslands, en fyrir eindregin tilmæli þessara samtaka nær skipulagsbreytingin, sem í frv. felst, einnig til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Þótt þær tímamótaákvarðanir, sem teknar voru með inngöngu Íslands í Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA og með samningi við Efnahagsbandalag Evrópu, hafi ótvírætt sannað gildi sitt kalla breyttar markaðsaðstæður á markvissar aðgerðir. Er flutningur þessa frv. einn liður í þeim. Það er álit flestra, að einn meginundirstöðuatvinnuvegur okkar, sjávarútvegur, geti ekki á næstu árum verið áfram sá hinn sami burðarás efnahagslegra framfara á Íslandi sem verið hefur hingað til, þar sem draga þurfi úr sókn mikilvægra fiskstofna. Þegar svo horfir er nauðsynlegt að beina auknu fjármagni til eflingar iðnaði í frekari sókn til bættra lífskjara, til að tryggja vaxandi fólksfjölda næga atvinnu, til að taka

við þeim mikla mannfjölda sem bætist á vinnumarkaðinn.

Á undanförnum árum hafa verið unnin margháttuð störf sem miða að aukinni hagræðingu og bættu skipulagi í framleiðslu. Þessi starfsemi hefur ýmist verið að eigin frumkvæði fyrirtækja eða á samstarfsgrundvelli fyrirtækja með stuðningi ýmissa aðila svo sem iðnrn., Iðnþróunarsjóðs, iðnþróunarnefndar, Iðnþróunarstofnunar Íslands og rannsóknastofnana á vegum iðnaðarins. Þótt á þessum sviðum hafi víða verið unnið gagnlegt og árangursríkt starf þarf áfram að halda og efla þann stuðning sem veittur er iðnfyrirtækjum um hagræðingu, hvers konar tækniþjónustu og rannsóknir.

Flest íslensk iðnfyrirtæki eru fáliðuð og hafa ekki bolmagn til að hafa í þjónustu sinni sérfræðilega starfskrafta á sviði framleiðslu og rekstrartækni. Því verður að teljast eðlilegt að ríkisvaldið komi í þessu efni til móts við fyrirtækin og stuðli að því, að þau fái aðgang að sérmenntuðu fólki, sem hið sama ríkisvald hefur að meira eða minna leyti séð fyrir skólagöngu.

Höfuðmáli skiptir að iðnaðurinn, sem er fjölmennasti atvinnuvegur landsmanna, fái í þjónustu sína sem fyrst þá tæknistofnun sem stefnt er að með frv. Aðlögun íslensks iðnaðar að nýjum markaðsaðstæðum á að mörgu leyti enn langt í land. En eitt veigamesta atriðið er aðgangur að fjölþættri tækniþjónustu eins og hér er gert ráð fyrir að koma upp.

Í grg. þess frv., sem hér liggur fyrir, er ítarlega rakið hver tilgangur þess er og hverjar breytingar það hefur í för með sér á stjórn og skipulagi rannsókna og tækniþjónustu fyrir iðnaðinn. Ég skal því aðeins rekja efni þess stuttlega, en vísa að öðru leyti til hinnar ítarlegu grg.

Þeirri stofnun, sem frv. þetta gerir ráð fyrir að komið verði á fót, er hér valið heitið Tæknistofnun Íslands. Þótt ráð sé fyrir því gert, að stofnunin inni fyrst og fremst af hendi þjónustu við iðnaðinn í landinu, annan en fiskiðnað, kjöt-, og mjólkuriðnað, þykir ljóst að sú faglega þekking og aðstaða, sem byggð verður upp innan stofnunarinnar, mun geta komið öðrum framleiðslugreinum einnig að gagni. Þar sem mikill hluti íslenskra fyrirtækja er í Reykjavík og nágrenni þykir rétt að stofnunin hafi aðalaðsetur þar. Á hinn bóginn er eðlilegt að gera ráð fyrir útibúum úti á landi samkv. aðstæðum og bolmagni stofnunarinnar á hverjum tíma. Telst því rétt, að heimild sé fyrir hendi í frv. til stofnunar útibúa utan Reykjavíkur.

Miðað við núgildandi löggjöf er með frv. þessu lögð verulega aukin áhersla á beina ráðgjöf við iðnaðinn um framleiðslu- og rekstrartækni og stjórnun, fræðslu- og upplýsingastarfsemi, tilraunir og prófanir. Með orðinu „iðnaður“ er átt við allan framleiðslu- og þjónustuiðnað að undanskildum fiskiðnaði, slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaði, en þörfum þessara atvinnugreina er öðrum stofnum ætlað að sinna. Einnig er með talin byggingarstarfsemi, bæði á vegum einkaaðila og opinberra aðila, þ. e. húsbyggingar, vega- og brúagerð, hafnarframkvæmdir og önnur mannvirkjagerð.

Eins og ég gat um í upphafi þykir eigi rétt að setja ítarleg ákvæði í frv. um vægi hlutverka og verksviða stofnunarinnar, heldur verður talið eðlilegt að ákvörðun í þeim efnum sé innan meginramma á valdi stjórnar hennar, innan þess ramma sem frv. sjálft setur og gerir ráð fyrir.

Þótt núgildandi iðnfræðslulöggjöf geri ráð fyrir þjálfun og fræðslu iðnverkafólks hafa iðnskólar hingað til ekki haft bolmagn til að sinna því hlutverki. Þá hefur hin síðari ár myndast vaxandi þörf fyrir eftirmenntun iðnaðarmanna og annars starfsfólks á ýmsum sviðum í iðnaði, fyrst og fremst vegna mikilla og örra tækniframfara. Æskilegt er að stofnunin sinni, svo sem kostur er, þessu hlutverki, þ. e. a. s. þjálfun og fræðslu ófaglærðs iðnverkafólks og eftirmenntun iðnaðarmanna. En nauðsynlegt er að koma í veg fyrir tvíverknað á þann veg, að náið samstarf verði haft við iðnskólana í landinu og aðra þá sem vinna að svipuðum verkefnum. Til greina kemur að hluti kostnaðar vegna þessarar fræðslustarfsemi greiðist af skólakostnaði.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að stofnunin taki við starfsemi þeirra þriggja stofnana sem nefndar voru hér áður. Starfsemi þessara þriggja stofnana mun því í meginatriðum marka deildaskiptingu aðaldeilda Tæknistofnunar Íslands í fyrstu, þ. e. byggingadeild og mannvirkjadeild, iðntæknideild og rekstrartæknideild. Með hliðsjón af því, hve stöðlunarmál hafa veigamikla þýðingu í almennri iðnaðar- og atvinnuþróun, verður að teljast eðlilegt að gera ráð fyrir sérstakri stöðlunardeild þegar í upphafi. Einnig kæmi til greina að stofna í upphafi aðaldeild, sem helguð yrði nýiðnaði eða nýiðnaðarverkefnum.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um skipun stjórnar stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að takmarka stjórn hennar við fulltrúa þeirra heildarsamtaka, sem fyrst og fremst eiga hagsmuna að gæta varðandi starfsemi stofnunarinnar, og að einn sé skipaður af iðnrh. án tilnefningar.

Í 8. gr. frv. er fjallað um sérstaka framkvæmdanefnd, en henni er ætlað að vinna að hvers konar samstarfi innan stofnunarinnar og tryggja samstarf við útflutningsmiðstöð iðnaðarins og Rannsóknaráð ríkisins. Starfsemi þeirrar stofnunar, sem sinnir sölu- og markaðsmálefnum iðnaðarins, tengist á margan hátt væntanlegri starfsemi Tæknistofnunar Íslands. Það getur verið hagkvæmt að sérfróðir menn um markaðsmál og rannsóknastarfsemi taki þátt í verkefnahópum, sem framkvæmdanefnd er ætlað að gangast fyrir að myndaðir verði. Því er eðlilegt, að framkvæmdastjórar Útflutningsmiðstöðvarinnar og Rannsóknaráðs ríkisins eigi sæti í framkvæmdanefnd stofnunarinnar.

Í 9. gr. frv. er fjallað um tekjur stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að Tæknistofnunin njóti beinna framlaga úr ríkissjóði á sama hátt og stofnanir þær, sem nú er ætlunin að sameina, hafa notið til þessa. Enn fremur er gert ráð fyrir að til stofnunarinnar renni hluti af jöfnunargjaldi, sem lagt er á innfluttar iðnaðarvörur, sem tollar hafa verið felldir niður af og tollfrjálsar verða 1. jan. 1980 samkv. ákvæðum samnings um aðild Íslands að EFTA og samnings milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Framlög til stofnunarinnar, eins og talin eru í a- og b-lið 9. gr., ráða úrslitum um það hvort tekst

að láta þessa væntanlegu löggjöf ná tilgangi sínum.

Framleiðsluverðmæti sjávarútvegs og fiskiðnaðar á árinu 1977 er áætlað 84 milljarðar kr., en ríkisframlög til tæknistofnana þessara atvinnuvega, þ. e. a. s. Fiskifélags Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, nema 1 milljarði 95.7 millj. kr. í fjárl. fyrir 1978. Áætlað framleiðsluverðmæti landbúnaðar árið 1977 var 28 milljarðar kr. Ríkisframlag til hliðstæðra stofnana landbúnaðarins, þ. e. Búnaðarfélags Íslands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, nemur 506 millj. kr. Heildarframlög til núverandi stofnana og s'arfsemi, sem væntanlega sameinast í Tæknistofnun Íslands, nema á árinu 1978 274.7 millj. kr., en verðmæti heildarframleiðslu iðnaðar á árinu 1977 er áætlað um 175 milljarðar kr. Ég nefni þessar tölur til nokkurrar skýringar. En ef tekin eru hlutföll, þá eru framlög til rannsóknastofnana sjávarútvegs og fiskiðnaðar í fjárlögum nú um 1.3% af framleiðsluverðmæti ársins 1977. Varðandi landbúnaðinn eru framlög til stofnana hans um 1.8% af heildarframleiðsluverðmæti landbúnaðarins á s. l. ári. Að því er iðnaðinn snertir eru framlög nú um 0.2% af heildarverðmæti iðnaðar á árinu 1977. Er því ljóst að verulega þarf, til þess að meira jafnræðis verði gætt en verið hefur, að auka framlög til tækni- og rannsóknastofnana á vegum iðnaðarins.

Ég gat þess áður, að heildarsamtök iðnaðarins, Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, hefðu lýst yfir eindregnum stuðningi við frv. þetta, og ég vil um leið og ég vísa nánar til grg. með frv., leggja áherslu á að frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Ég legg svo til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Vilborg Harðardóttir: Forseti. Ég ætla ekki að fjalla um þetta framlagða frv. í smáatriðum, en vil leyfa mér að benda á að fyrr í vetur lagði hv. þm. Magnús Kjartansson fram frv. sama efnis, um Iðntæknistofnun Íslands, sem var reyndar endurflutningur frá fyrri tíma, eins og kemur fram í því frv. sem fyrir liggur. Ég vil eindregið mælast til þess, að iðnn. fjalli jafnframt um frv. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, sem er 12. mál.

Það eru að vísu ekki miklar breytingar, en þó nokkrar í þessu nýja frv. ráðh., sem mér finnst að þurfi að fjalla nánar um með tilliti til þess sem Magnús Kjartansson hefur lagt fram. Ég get bent á tvö dæmi, sem eru nokkuð veigamikil, um þessar breytingar. Það er t. d. það, að í sambandi við tekjur stofnunarinnar er í frv. hæstv. ráðh. gert ráð fyrir framlagi í fjárl. ótilgreindu. Í frv. Magnúsar Kjartanssonar eru hins vegar tilgreind prósent í sambandi við tekjurnar. Sömuleiðis sleppir ráðh. því í sambandi við skipun stjórnar sem kemur fram í till. Magnúsar, að í hana sé skipaður fulltrúi starfsfólks stofnunarinnar. Ég nefni þessi dæmi og beini því til þingheims, að þetta verði tekið fyrir hjá iðnn. jafnframt hinu nýja frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 514). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt á vegum þm. Reykn. að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og bæjarstjórnar Garðabæjar og fjallar um breytingu á lögsagnarumdæmismörkum milli þessara tveggja sveitarfélaga. Hér er um að ræða ágreiningslaust mál, eins og fram kemur á fskj., samkv. samþykktum bæjarstjórna þessara tveggja kaupstaða. Breyting lögsagnarumdæmismarka samkv. þessu frv. kemur til með að eiga sér stað í landi Setbergs, sem liggur við Hafnarfjörð, og má sjá á fskj. IV með hvaða hætti mörkin breytast.

Með tilvísun til þessa leyfi ég mér, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 534). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 534 er frv. til l. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Árið 1973 var síðast gerð breyting á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Miðaðist sú breyting við það, að markaðir tekjustofnar deildarinnar yrðu auknir verulega frá því sem var þannig að deildin gæti orðið sjálfstæð í útlánum sínum. Það skiptir verulegu máli, að deildin geti orðið fjárhagslega sjálfstæð um lánveitingar sínar, óháð lánsfé að mestu. Kjör deildarinnar geta ekki batnað fyrr en hún er orðin fjárhagslega sjálfstæð og þarf ekki að styðjast við erlend eða innlend verðtryggð lán.

Lögin frá 1973 voru stefnumarkandi um möguleika og stjórnun lánveitinga til landbúnaðarins. Tveir fulltrúar frá félagssamtökum bænda komu inn í stjórnina. Heimilt var að lána með mismunandi kjörum eftir bústærð bænda. Þessi ákvæði voru svo hjóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Lánareglur deildarinnar skulu miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma“ sem þýðir nú 660 ærgildi. Segir svo í framhaldi af þessu: „Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eða sækir um lán til framkvæmda sem svara til stærra bús, og er þá heimilt að skipta lánum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundraðshluti verði veittur út á framkvæmdirnar.“ Þetta ákvæði í lögunum hefur ekki komið til framkvæmda fyrr en á síðasta ári að farið var að beita því.

Eins og kunnugt er býr íslenskur landbúnað-

ur ekki að fornum fjárfestingum í sama mæli og við þekkjum í grannlöndum okkar. Á s. l. hálfri öld hefur verið unnið að því að byggja á sviði landbúnaðar með fjárfestingu hjá bændum og mjólkurbúum og sláturhúsum. Mikið hefur áunnist í fjárfestingu í landbúnaði á allra síðustu árum eins og kunnugt er.

Raungildi útlána frá Stofnlánadeildinni varð hæst 1974 og hefur aldrei orðið meira en þá. Þar næst er raungildi útlána s. l. ár, 1977. Framkvæmdir í landbúnaði urðu líka mestar 1974 og þar næst á s. l. ári. Árið 1977 lánaði deildin 2 milljarða 181 millj. kr., sem skiptist á hina einstöku lánaflokka, og fjárfestingar til bændanna sjálfra voru 83% af heildarlánunum. Mikið hefur hins vegar verið unnið að vinnslustöðvum landbúnaðarins á síðustu árum.

Vegna vaxandi framkvæmda og meiri verðhækkana en svo, að vaxtakjör deildarinnar á útlánum hennar hafi nægt, hefur geta deildarinnar til þess að sinna eftirspurn eftir lánum með eigin fjármagni farið þverrandi. Lánakjör deildarinnar á útlánum hafa verið hert nokkuð á s. l. árum, en þó hefur halli á deildinni farið vaxandi. Lántökur deildarinnar hafa í vaxandi mæli verið með óhagstæðari kjörum hvað snertir lánstíma og vexti, gengis- og verðtryggingu en útlán deildarinnar hafa verið.

Hinn 12. maí 1976 skipaði landbrh. nefnd til að endurskoða lög Stofnlánadeildarinnar. Í nefndina voru skipaðir Stefán Pálsson framkvæmdastjóri deildarinnar, sem var formaður nefndarinnar, Jón Helgason alþm., Pálmi Jónsson alþm., Stefán Valgeirsson alþm., Friðjón Þórðarson alþm., Helgi Seljan alþm. og Eiríkur Guðnason deildarstjóri í Seðlabankanum. Nefnd þessi hefur unnið mikið verk og skilaði áliti til ríkisstj. í fyrravor, en það álit hefur nokkuð verið til athugunar hjá ríkisstj. Ríkisstj. var ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins, eins og það kom frá nefndinni, en við framhaldsathugun á málinu hefur hún orðið það og þess vegna er það lagt fram sem frv. ríkisstj. nú.

Aðalatriði þessa máls eru þau, að lagt er á 1% jöfnunargjald, sem leggst við heildsöluverð búvaranna samkv. áliti nefndarinnar, og er það til þess að jafna halla deildarinnar. Gjald þetta gæti skilað deildinni um 250 millj. kr. á ári miðað við núgildandi verðlag. Ástæðan til þess, að þessi leið var farin, var sú, að talið var réttlátara gagnvart bændum að taka þetta jöfnunargjald en að verðtryggja lánin hærra, auka við vextina, eins og að öðrum kosti hefði þurft að gera. Vaxtahækkun eða verðtrygging á lánum til bænda veldur sömu hækkun á verði búvara til neytenda og þetta jöfnunargjald. Stofnlánadeildin getur ekki lengur borið þann halla, sem á lántökum hennar er, miðað við útlánareglurnar. Það, sem því er verið að gera nú með þessu, er að jafna þann halla, auk þess sem útlánakjör deildarinnar eru samræmd þessari ráðstöfun til þess að halli verði ekki á útlánum. Þetta gjald kemur betur við bændur en vaxtahækkun og verðtrygging umfram það sem nú hefur verið ákveðið að gera. Sérstaklega kæmi vaxtahækkun hart niður á hinum ungu bændum, sem að sjálfsögðu eiga erfiðast með að stofna til búskapar á því verðlagi, sem nú gildir. Þetta mundi auka mismuninn á milli bændanna innbyrðis, en í veg fyrir það er reynt að koma með þessu frv.

Þá er ráðgert með frv. þessu að flytja lán til íbúðabygginga í sveitum frá deildinni til Húsnæðismálastofnunar ríkisins, enda eru þau íbúðalán einu lánin sem stofnlánadeild atvinnuvega verður að inna af hendi. Er óeðlilegt að slíkt sé gert, þar sem þessi stétt á sama rétt til íbúðarlána og aðrar, eins og augljóst er. Gert er ráð fyrir því, að þetta ákvæði komi þó ekki til framkvæmda fyrr en um næstu áramót, þannig að tekið verði tillit til þess í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að jarðakaupalán flytjist til Stofnlánadeildarinnar frá veðdeildinni. Er slíkt ákvæði að vísu til í lögum um Stofnlánadeildina, en hefur ekki verið notað.

Þetta eru meginatriðin í þessu frv. Þó að fleiri smærri atriði séu í frv., þá sé ég ekki ástæðu til þess að gera frekar grein fyrir þeim, því að frv. fylgja mjög greinargóðar aths., sem skýra það sem hér hefur ekki sérstaklega verið tekið fram.

Ég vil leyfa mér að þakka nefnd þeirri, sem að þessu máli hefur unnið, störf hennar. Þó að ekki hafi verið hægt að taka í frv. að þessu sinni öll þau atriði sem þar komu fram, þá verður áfram unnið að því að leysa þá þætti sem þar um ræðir, svo að deildin geti sinnt jarðakaupalánum sem öðrum lánum eins og eðlilegt er.

Eins og kunnugt er, er fyrst og fremst verið að tryggja fjárhag Stofnlánadeildar landbúnaðarins með þessu frv., svo að lánastarfsemi deildarinnar geti orðið með eðlilegri hætti en hún hefur verið vegna hinnar auknu dýrtíðar í landinu og vegna þess að þrátt fyrir að stofntekjur hennar hafi átt að duga henni, þá hefur verðbólgan breytt því svo að ekki hefur farið sem skyldi.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum að þessu frv. að þessu sinni, en legg á það ríka áherslu við hv. landbn., sem fær málið til meðferðar, að hún hraði störfum sínum, því að stefnt er að því að afgreiða frv. á þessu þingi.

Ég legg svo til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. landbn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þess að frv. á þskj. 534, 272. mál hv. Alþ., er tekið til 1. umr. nú örfáum dögum áður en þinglausnir eiga að fara fram samkv. því sem okkur er tjáð. Obreyttum þm. eins og mér hefur ekki gefist tími til þess að athuga þetta mál eins rækilega og ástæða hefði verið til. Ég vil aðeins taka það fram að við fljótlega yfirsýn tel ég ekki ástæðu til þess að gera aths. við 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8. og 9. gr. þessa frv., að öðru leyti en því, að ég vil lýsa mig fylgjandi þeirri breytingu sem gera á í 2. gr., þess efnis að Húsnæðismálastofnun ríkisins og Byggingarsjóður ríkisins taki við því hlutverki af Stofnlánadeild landbúnaðarins að veita lán til íbúðarbygginga í sveitum.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er nauðsynlegt að nokkru rýmri reglur gildi hjá Byggingasjóði ríkisins og Húsnæðismálastofnun um íbúðahúsbyggingar í sveitum en gilda í þéttbýli,

en ég held að allir séu sammála um að á sveitabæjum þurfi íbúðarhús af ýmsum ástæðum að vera nokkru stærri en í kaupstöðum og þorpum. Hins vegar eru, að því er segir í aths. við lagafrv., engar reglur um leyfilega hámarksstærð íbúðarhúsnæðis í sveitum hvað varðar lánshæfni þessa hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og virðist ekki af frv. að setja eigi slíkar reglur þegar skipt er um lánveitanda. Enda þótt ég sé sammála því, að stærðarreglur þurfi að vera rýmri um íbúðarhúsnæði í sveitum en gilda um íbúðarhúsnæði í bæjum og kaupstöðum, þá tel ég engu að síður nauðsynlegt að Byggingarsjóður ríkisins og húsnæðismálastjórn setti reglur um hámarksstærðarmörk íbúðarhúsnæðis í sveitum.

Þetta er nú útúrdúr, sem ekki skiptir neinu meginmáli í þessu sambandi. En ég vildi aðeins vekja athygli á því, að í 1. gr. þessa frv. er verið að leggja til að leggja nýtt gjald á meginþorra launþega í þessu landi, neytendur landbúnaðarafurða, sem samkv. aths. við lagafrv. á bls. 3 nemur hvorki meira né minna en 250 millj. kr. á einu ári. Hvað er þetta nýja gjald, sem verið er að leggja á launþega í þessu landi skömmu eftir að hæstv. ríkisstj. hefur með lagaboði ógilt kjarasamninga launastéttanna og þ. á m. fólksins sem minnst ber úr býtum í landinu? Til hvers er nú, örfáum dögum síðar, verið að leggja byrðar á þetta fólk sem nema 250 millj. kr. á ári að því er segir í aths. við lagafrv. þetta? Ástæðan er sú, að Stofnlánadeild landbúnaðarins þarf að greiða hærri vexti og kostnað af lánum, sem Stofnlánadeildin tekur til þess að veita bændum stofnlán, en bændurnir greiða sjálfir, þannig að hagsmunir Stofnlánadeildarinnar verða ekki tryggðir, eins og auðsætt er af þessu, og hún mun þurfa að bera meiri byrðar vegna lánveitinganna en lántakendurnir þurfa á sig að taka. Þessi mismunur er áætlaður 250 millj. kr. á ári og talið er rétt að leggja þann mismun á herðar neytenda íslensks landbúnaðarvarnings.

Ég tel að um þessa niðurstöðu megi vissulega deila. Ég segi fyrir mig, að ég er ekki ánægður með hana og tel að sú n., sem þetta frv. fær til meðferðar, ætti að athuga vel, hvort ætti ekki að velja einhverja aðra í þessu skyni en þá sem þetta frv. leggur til, miðað við þær kringumstæður sem nú eru í þjóðfélagi okkar. Ég held að ekki væri hentugt og heppilegt, ef sú stefna yrði upp tekin að neytendur, hvort heldur í landbúnaði, í iðnaði eða í öðrum slíkum greinum, væru látnir greiða með sérstöku jöfnunargjaldi þann mun sem er á útlánsvaxtakjörum annars vegar hjá stofnlánasjóðunum og þeim vaxtakjörum sem stofnlánasjóðirnir verða að sæta á fjármagni sem þeir fá til ráðstöfunar. Ég held að þetta sé röng og varhugaverð stefna. Ég tel það mjög hættulega þróun, þessi fjölmörgu smáu gjöld og álögur, sem verið er að leggja á einstakar stéttir og landslýð í heild með lögum eins og þessum, eins og t. d. verið er að gera með 1. gr. þessa frv., bæði hið nýja gjald, sem verið er að leggja á, og enn fremur það ákvæði 1. gr. þessa frv. að fella niður tímamörk á 1% álagi á söluvörur landbúnaðarins og 1% gjaldi á útsöluverð landbúnaðarafurða, sem átti að taka enda við árslok 1980.

Þó að fáir dagar séu eftir af þingi nú, þá tel ég ástæðu til þess að Alþ. og sú n., sem um þetta mál fjallar, skoði þetta mjög vandlega ekki síst þegar slíkri gjaldtöku fylgir eins og hér um ræðir, að þarna er verið að leggja 1% gjald á heildsöluverð landbúnaðarvarnings til þess að jafna mun á vaxtagreiðslum og kjörum, sem Stofnlánasjóður landbúnaðarins verður að greiða af teknum lánum, og vaxtakjörum, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins býður af veittum lánum, með þeim afleiðingum að þeir, sem selja landbúnaðarafurðir í smásölu og leggja álagningu sína ofan á heildsöluverðið, ættu væntanlega að hafa hag af þessari gjaldtöku, vegna þess að ekki hefur komið fram — og ég óska þá eftir að það komi fram ef ég skil það rangt — að ekki sé heimilt að leggja smásöluálagningu ofan á þetta jöfnunargjald, sem á að leggjast ofan á heildsöluverð eins og fram er tekið. Ég mundi a. m. k. vilja að sú n., sem um þetta mál fjallar, gerði þá breytingu á frv., að skýrt yrði tekið fram að ekki væri heimilt að leggja smásöluálagningu ofan á þann þátt heildsöluverðs landbúnaðarafurða sem hlýst af gjaldtöku eins og þessari, því að nauðsynlegt kann að vera að slík gjöld séu á lögð til skamms tíma, en engan veginn er nauðsynlegt að smásöluaðilar — þeir sem versla í smásölu með landbúnaðarafurðir — hafi hag af slíkri gjaldtöku. Ef það ákvæði kynni að vera í lögum, að slíkt mætti ekki gera, það mætti ekki leggja smásöluálagninguna ofan á slíka gjaldtöku, þá fagna ég því að sjálfsögðu. Ef slíkt ákvæði er ekki í lögum, þá tel ég nauðsynlegt að það verði sett.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í tilefni af þessu, sem fram kom hjá hv. 3. landsk. þm., vil ég segja um fyrra atriðið, um lánin, að alltaf hafa verið veitt sömu lán til íbúðarhúsa í sveitum og í kaupstöðum, svo að ekki er um neinn mismun á lánsfjárhæðum að ræða þar. Hins vegar þyrfti að skoða betur reglur um rými. Hægt er að hugsa sér að ákveða það í reglugerð, enda yrði miðað við þá reynslu sem þar er fyrir.

Um gjaldið, sem er meginmálið, er það að segja, að það er nákvæmlega sama hvort vextir af stofnlánum til landbúnaðarins eru hækkaðir um 4% eða þetta gjald er tekið. Vextir af stofnlánum eru teknir inn í verðlagið hverju sinni, svo að hér er miklu fremur um að ræða jöfnun á milli bændanna innbyrðis en það, að þetta kæmi út í verðlagið, þó að í vaxtaformi væri. Það er þetta sem gerði þessa leið æskilegri. Að öðrum kosti hefðu það eingöngu verið þeir, sem taka lánin núna og hér eftir, sem yrðu að greiða þetta, en kunnugt er að bændur eins og aðrir eru farnir að kaupa kjöt í verslunum sínum, en slátra ekki heima fyrir eins og áður var. Þess vegna jafnast þetta og nákvæmlega sama upphæð hefði komið út við 4% hækkun á vöxtum, sem hefði orðið að eiga sér stað ef þessi leið hefði ekki verið valin. Þess vegna varð samkomulag í nefndinni um þessa leið. — Þessa skýringu vil ég gefa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það munu vera liðnir 10 eða 11 dagar síðan talsvert miklar umr. urðu utan dagskrár í þessari hv. d. um fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins og að nokkru leyti um raforkumál almennt í því sambandi. Það tókst svo til við þær umr. fyrir nokkurn misskilning, að umr. var slitið þó að nokkrir væru á mælendaskrá. Ég tel fyrir mitt leyti óhjákvæmilegt, að nokkurt framhald verði á þeim umr. sem enduðu með þessum hætti, auk þess sem ég tel fulla ástæðu til þess að fá frekari upplýsingar um þetta stórmál en gefnar hafa verið til þessa.

Eins og hv. þm. minnast, lagði ég m. a. nokkrar fsp. fyrir hæstv. forsrh. í sambandi við þetta mál. Hann veitti þau svör sem þá voru í rauninni tiltæk í sambandi við þetta vandamál af því að þá hafði ríkisstj. nýlega fjallað um málið og gert nokkrar bráðabirgðaráðstafanir til þess að leysa úr fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. M. a. hafði hæstv. ríkisstj. tekið þá ákvörðun, að hækkaður yrði verðtaxti á húsahitunarrafmagni. Það lá þó fyrir í þessu tilfelli, að þessi verðtaxti hjá Rafmagnsveitum ríkisins var þegar 84% hærri en sams konar taxti er hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. 25% hækkun á þessum taxta þýðir því, að húsahitunarrafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins verður hér eftir, eða eins og mál standa nú, 130% hærra en er t. d. á Reykjavíkursvæðinu og hjá flestum rafmagnsveitum sem eru tengdar Landsvirkjun. Ég ætla að flestir hv. alþm. viðurkenni að hér er um slíkan verðmun að ræða að ekki verður við unað. Þetta er vitanlega alveg ótækt, að ætla sér að leysa fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins á þessum grundvelli, enda þótti hæstv. ríkisstj. nauðsynlegt að hafa þann vara á, að þó skyldi upphitun húsa samkv. þessum verðtaxta aldrei verða hærri en sem samsvaraði kostnaði við að hita upp hús með olíukyndingu. Það átti sem sagt að tryggja það, að þeir aðilar, sem hita upp hús sín annaðhvort með því að nota olíukyndingu eða þá á vissum stöðum á landinu að þeir höfðu hitað upp hús sín með rafmagni, yrðu allir að vera í hæsta flokki í þessum efnum, þó að vitað væri að fjöldi landsmanna byggi við miklu, miklu hagstæðari kjör. Ég vil segja það, að þetta eru kaldar kveðjur frá hæstv. ríkisstj. til allra þeirra í landinu sem verða að skipta við Rafmagnsveitur ríkisins og búa við þá aðstöðu að þurfa á slíku rafmagni að halda til að hita upp hús sín. En um það er víst ekkert að villast, að öll hæstv. ríkisstj. stendur að þessari samþykkt. Hæstv. forsrh. bætti því við upplýsingar sínar um þetta mál, að ríkisstj. hefði enn fremur ákveðið að aðrir verðtaxtar Rafmagnsveitna ríkisins yrðu einnig teknir til endurskoðunar í sambandi við fjárhagsvandamál fyrirtækisins. M. ö. o.: Nú er selt rafmagn til almennrar heimilisnotkunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins eftir taxta sem nú þegar er 86% hærri en t. d. í Reykjavík, og verðtaxti á rafmagni til ljósa á þessum svæðum Rafmagnsveitna ríkisins er þegar yfir 100% hærri en t. d. í Reykjavík, en hugmynd ríkisstj. er að athuga hvort ekki séu tiltök að leysa fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins með því að hækka þessa taxta enn meir. Þetta er í rauninni alveg furðuleg tilkynning frá hæstv. ríkisstj. og verður að koma skýrt fram, að ég fyrir mitt leyti mótmæli þessu harðlega. Hér er verið að auka herfilega á misrétti sem fyrir er, misrétti sem er þess eðlis að eðlilegt var að ég spyrði um það í þessum umr., hvort hæstv. ríkisstj. hefði ekki í huga að gera ráðstafanir til að draga úr því. En svarið er sem sagt þetta. Ríkisstj. er með það í athugun, hvort hún geti ekki aukið misréttið, hvort hún geti ekki aukið það enn frá því sem það er nú. Ég veitti því einnig athygli, að hæstv. forsrh. svaraði þessu þannig, að ákveðið væri að ekki yrði um meiri verðjöfnun að ræða á raforku en þegar væri ákveðið, en sem sagt, hitt gat staðið opið, að það yrði látið draga enn meira í sundur en orðið er.

Þetta kemur býsna einkennilega saman við yfirlýsingar hv. alþm., sem m. a. styðja ríkisstj., um að þeir vilji vinna að jöfnun á raforkuverði í landinu, að þá skuli ríkisstj. þeirra tilkynna að hún hafi í huga að auka misréttið frá því sem nú liggur fyrir. Ég sagði í þessum umr., að augljóst væri að fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins yrðu ekki leyst með því að hækka verð á raforku frá þessu fyrirtæki. Og ég benti á að ekki væri í rauninni önnur leið í aðalatriðum færari til þess að fást við fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins, eins og þau liggja nú fyrir, en sú að taka nokkurn hluta af þeim mikla stofnkostnaði, sem Rafmagnsveitur ríkisins verða að bera nú, og færa hluta af honum yfir á ríkisheildina. Í rauninni tel ég að á óbeinan hátt sé fengin viðurkenning á þessu sjónarmiði, m. a. hjá hæstv. raforkumálaráðh., iðnrh. Hann undirstrikaði í ræðu sinni í sambandi við þessi mál, að menn yrðu að hafa það í huga, að Rafmagnsveitur ríkisins væru líka félagsleg stofnun, sem væri ætlað að leysa af hendi ýmis almenn félagsleg verkefni, sem ekki gætu flokkast undir það að tilheyra beinhörðum rekstrarsjónarmiðum þar sem viðskiptaaðilinn yrði að borga allan rekstrarkostnað. Í umr. kom m. a. fram, að þegar t. d. Orkubú Vestfjarða var stofnað þótti ekki fært að láta Orkubú Vestfjarða standa undir öllum sínum hluta að stofnkostnaði Rafmagnsveitna ríkisins. Ákveðinn verulegur hluti af heildarstofnkostnaði Rafmagnsveitna ríkisins, sem hefði út af fyrir sig átt að tilheyra Orkubúi Vestfjarða, var færður til og látinn enn tilheyra Rafmagnsveitum ríkisins. Auðvitað nær engri átt að segja síðan við aðra viðskiptamenn Rafmagnsveitna ríkisins, að þeir eigi að standa einir landsmanna undir þessum stofnkostnaði. Það var líka alveg augljóst mál, þegar Rafmagnsveitum ríkisins var falið það verkefni að tryggja betur en áður hafði verið rafmagnsflutning til Vestmannaeyja með því að leggja þar viðbótarstreng til frekara öryggis, að þar var um verulega útgjöld að ræða sem voru í rauninni félagslegs eðlis, og þjóðfélagið sem heild átti að

standa undir þeim, en ekki aðeins þeir sem keyptu raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins. Og auðvitað vita allir, að ýmsar línur, sem eru lagðar á vegum Rafmagnsveitna ríkisins um dreifbýli landsins, eru þannig, að alveg er vonlaust að ætla að segja að einstaka byggðarlög í landinu, sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins, eigi ein að standa undir þeim fjárhagslega vanda sem leiðir af þessum línum úti í dreifbýlinu. Allir sjá hversu fjarstætt þetta er, þegar meiri hluti landsmanna í aðalþéttbýlinu hefur verið skilinn þarna frá og tilheyrir öðru raforkusvæði og tekur ekki á sig neinn hluta af þessum fjárhagsvanda.

Við vitum að farin hefur verið sú leið að leggja á ákveðið verðjöfnunargjald, sem nú nemur 13%. Það var á sínum tíma stungið upp á af hálfu vinstri stjórnarinnar að taka upp þetta verðjöfnunargjald, en síðan kom í hlut núv. ríkisstj., rétt eftir að hún tók við völdum, að lögleiða það. Þarna lá fyrir viðurkenning allra á því, að ástandið væri þá þegar á árinu 1974 orðið þannig, að óhjákvæmilegt væri að verðjafna nokkuð á milli rafmagnssvæðanna í landinu með því að leggja á þetta verðjöfnunargjald. Auðvitað er hugsanleg leið að hækka þetta verðjöfnunargjald enn, eins og till. hafa komið fram um, úr 13% upp í 20%. Ég sagði í þessum umr., að mín skoðun væri að þetta væri ekki æskilegasta leiðin eins og nú stæðu sakir, m. a. af því að það sýndi sig, að á árinu 1975 og árinu 1976 stóð fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins nokkurn veginn í járnum miðað við það verðjöfnunargjald sem þá var í gildi. Það er allt annað, sem hefur komið til síðar í sambandi við þær sveiflur sem orðið hafa í öllu verðlagi og peningamálum og valdið hafa Rafmagnsveitum ríkisins ómældum útgjöldum. Ég hefði því talið, að aðrar leiðir hefðu verið æskilegri og benti á þá leið að taka nokkurn hluta af stofnkostnaði þeim, sem Rafmagnsveitur ríkisins bera nú, og færa yfir á ríkisheildina. Það verður þá að vera vandamál þjóðfélagsins sem heildar að rísa undir vöxtum og afborgunum af þessum fjármunum. Hitt hef ég líka tekið fram í umr., að ég tel þó að fáist ekki samkomulag um slíkt, þá verði að fara í það að hækka verðjöfnunargjaldið, það sé betra en una við það ástand sem er í dag, því að það er svo fráleitt að við það verður ekki unað.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. bar það einkum fyrir sig, að ef sú leið yrði farin, sem ég taldi eðlilegasta og reyndar fleiri, sem tekið hafa þátt í þessum umr., hafa einnig fallist á, — ef sú leið yrði farin að nokkur hluti af þessum mikla stofnkostnaði Rafmagnsveitna ríkisins yrði lagður á ríkisheildina, þá þýddi það að ég væri að fara fram á nýja skattheimtu. Hæstv. forsrh. getur auðvitað orðað þetta á þennan hátt ef hann vill. Ég get líka sagt það, að hann ætli að leysa allan þennan vanda Rafmagnsveitna ríkisins með því að leggja sérstakan aukaskatt á tiltekna menn í landinu, eins og yrði gert ef innheimta ætti viðbótartekjur handa Rafmagnsveitum ríkisins í gegnum orkusöluna. Auðvitað er enginn vafi á því, að ríkisheildin verður að standa undir þeim umframútgjöldum sem þarna er um að ræða, allir landsmenn. Ef það verður ekki gert á annan hátt en þann að afla þurfi nýrra tekna til þess, þá er að gera það. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að slíkt væri framkvæmanlegt án þess, en það er aftur annað mál, getur verið ágreiningur manna á milli um það. Um hitt er eiginlega ótrúlegt að skuli vera ágreiningur, en hann sýnist vera á milli mín annars vegar og hæstv. forsrh. hins vegar, að það geti verið réttlæti í því, að þessi vandi verði lagður á þá fáu landsmenn sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins, sem mér sýnist vera sjónarmið hæstv. forsrh., en ég tel alveg fráleita aðferð. Þetta getur í rauninni aldrei endað með öðru en því, að viðskiptamenn Rafmagnsveitna ríkisins gefast upp og neita að taka þetta á sig til lengdar.

Í sambandi við þennan ágreining, sem mér sýnist að væri alveg augljós milli mín og hæstv. forsrh. varðandi lausn á þessum vanda, þá hlýt ég að spyrjast fyrir um það, hver sé afstaða Framsfl. í þessu máli. Hver er afstaða Framsfl.? Ég veit það eitt, að hann er með því að hækka húsahitunarrafmagnstaxtann hjá Rafmagnsveitum ríkisins og gera hann 130% hærri en nákvæmlega hliðstæðan húsahitunartaxta t. d. á Reykjavíkursvæðinu. Þetta liggur fyrir. Og það er einnig upplýst, að Framsfl. standi að þeirri samþykkt ríkisstj. að endurskoða alla þessa rafmagnstaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins með það fyrir augum að reyna að finna lausn á fjárhagsvandamálum fyrirtækisins. En getur verið að það sé stefna Framsfl., að viðskiptaaðilar Rafmagnsveitna ríkisins eigi í gegnum raforkukaup að standa einir sér undir öllum fjárhagsvanda þessarar stofnunar? Er það svo, að Framsfl. sé á þessari skoðun? (**Iðnrh.**: Það getur sannarlega verið.) Já, það getur svo sannarlega verið. Kannske er það. En ég segi: þetta er ekki í samræmi við það sem áður hefur komið fram hjá talsmönnum flokksins.

Ég hef veitt því athygli, að talsmenn Framsfl., sem tekið hafa þátt í umr. um þessi mál, hafa lagt á það áherslu, sem ég tel út af fyrir sig mjög réttmætt, að erfitt verði að finna viðunandi lausn á þessum málum til frambúðar án þess að taka afstöðu til þess, hvernig skipulag rafmagnsmálanna eigi að vera í landinu. Ég er þeim algerlega samþykkur í þessum efnum. Ég tel í rauninni að ekkert vit sé í því að skilja raforkumálin í landinu í sundur á þann hátt sem nú er gert, annars vegar sé Landsvirkjunarsvæði og hins vegar Rafmagnsveitur ríkisins og þar að auki nokkur minni raforkuveitusvæði. Eina rétta leiðin að mínum dómi er að tekin verði upp sú stefna, að einn aðili, sem fyrst og fremst sé á vegum ríkisins, standi að því að afla orkunnar og koma henni eftir aðalflutningslínum út á notendasvæðin og í beinu framhaldi af þessu verði síðan ákveðið sama raforkuverð um allt land.

Þegar búið verður að tengja Austurland við Suðurlandsveitukerfið með byggðalínunni héðan frá Suðurlandi til Norðurlands og síðan með austurlínunni frá Laxársvæðinu til Austurlands og þegar við á Austurlandi förum að kaupa rafmagn eða verðum að byggja rekstur okkar í þessum efnum að verulegu leyti á raforku frá Lands-

virkjunarsvæðinu á meðan ekki er ráðist í nýja virkjun fyrir austan, þá er auðvitað alveg fráleitt að ganga út frá því, að þeir, sem þar eru, eigi að kaupa raforkuna á allt öðru verði en hinir, sem kaupa hana á þessu svæði. Samtengingin hlýtur eðlilega að kalla á eitt og sama verð yfir allt svæðið. Ég get tekið undir þetta sjónarmið, að marka þurfi stefnu í þessum málum. Satt að segja er mjög furðulegt, að ekki skuli takast að fá fram samþykkt á Alþ. um að marka þessa stefnu, vegna þess að það hefur verið tilkynnt á Alþ., að Framsfl. sem slíkur hafi mótað stefnu sína á þessa lund. Við í Alþb. höfum tilkynnt hið sama og flutt till. sem fer í sömu átt. Ég hef ekki heyrt betur en æðimargir þm. til viðbótar við þessa tvo flokka séu á alveg sömu skoðun og því sé greinilegur meiri hl. á Alþ. fyrir því að slá þessari stefnu fastri, jafnvel þó að allur Sjálfstfl. væri þarna á móti, sem ég hef þó enga ástæðu til að búast við að sé mótfallinn þessu. Hvernig stendur þá á því, að ekki er hægt að fá fram samþykkt á Alþ. fyrir því að móta þessa stefnu? Ég álít að Framsfl. verði fyrst og fremst að svara því. Er hann reiðubúinn að sameina atkv. sín atkv. annarra þm. á Alþ. til þess að mynda meiri hl. til þess að samþykkja þá meginstefnu sem kemur fram í tillöguflutningi framsóknarmanna? Hér er um svo mikilvæg mál og alvarleg að ræða, að ekki verður við það unað, að spurningum um þetta mál sé svarað á þann hátt sem hæstv. forsrh. gerði í umr. fyrir 10 eða 11 dögum. Ekki verður unað við að það svar eitt sé gefið, að ríkisstj. hafi aukið á verðmuninn á milli þessara raforkusvæða með því að hækka einn taxtann og sé að hugsa um að hækka aðra og hún neitar frekari verðjöfnun og þar við sitji. Í rauninni er að því látið liggja, að þeir, sem skipta við Rafmagnsveitur ríkisins, verði í gegnum viðskipti sín við fyrirtækið að standa undir öllum kostnaði þess fyrirtækis. Ég vil því alveg sérstaklega kalla eftir því, að hæstv. dómsmrh., formaður Framsfl., sem jafnframt situr í ríkisstj., svari því, hver sé afstaða Framsfl. til þessara mála. Hvernig hugsar hann sér að standa að því að leysa fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins? Er hann hlynntur því, sem ég hef talað fyrir, að taka beri ákveðinn hluta af stofnkostnaði fyrirtækisins og færa hann yfir á ríkisheildina? Ef hann hallast að því að hækka aðeins verðjöfnunargjaldið á raforku, þá er sjálfsagt að það komi fram. Það er e. t. v. möguleiki að fá fram meiri hlutaafstöðu fyrir slíku, ef ekki virðist vera um annað að ræða.

Ég verð að segja, að mér fannst málflutningur hæstv. forsrh. hinn furðulegasti þegar kom að samanburði á þessu raforkuverði. Auðvitað gat hæstv. forsrh. ekki borið á móti því, að þær upplýsingar voru réttar sem ég flutti um raforkuverðið og samanburð í rafmagnstöxtum og komnar voru beint frá æðstu mönnum Rafmagnsveitna ríkisins. Hann veit að þarna er nákvæmlega rétt skýrt frá. Alveg hliðstæðir rafmagnstaxtar liggja fyrir, og þessi samanburður er viðurkenndur sem réttur. En þá kom hæstv. forsrh. með þá einkennilegu kenningu að segja: Ég vara menn við því að gera samanburð á einstökum rafmagnstöxtum, eins og t. d. rafmagnstaxta til heimilisnotkunar, rafmagnstaxta til stórra iðnfyrirtækja, rafmagnstaxta til lýsingar. — Þó er þetta hinn algildi samanburður hjg þeim sem um þessi mál skrifa og birta skýrslur og hefur aldrei verið deilt um. Hann varar við þessu, en kemur svo með þá fráleitu kenningu að segja: Ef hins vegar litið er á verð á hverri notaðri kwst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, þá kemur í ljós, að verðið á hverri kwst. hjá Rafmagnsveitum ríkisins er selt á eins lágu eða lægra verði en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. — Þá er hann farinn að gera samanburð á því, að auðvitað er raforka til húsahitunar seld í allríkum mæli hjá Rafmagnsveitum ríkisins, þar sem er um landsvæði að ræða þar sem engar hitaveitur eru, en hins vegar er hitaveita í Reykjavík og því tiltölulega mjög lítið selt af raforku til beinnar húsahitunar í Reykjavík. Hann blandar saman öllum þessum ólíku og óskyldu töxtum og segir: Meðaltalsverðið er orðið svipað. — Auðvitað vita allir, sem eitthvað þekkja til þessara mála, og ég efast ekki um að hæstv. forsrh. veit það sjálfur, að samanburður á þessum grundvelli er fráleit grautargerð sem segir ekki neitt. Það er mál út af fyrir sig, hvort Rafmagnsveitur ríkisins telja sér hagkvæmt að selja raforku til húsahitunar eða ekki. En það kemur t. d. í ljós, ef maður ber saman raforku til húsahitunar á Austurlandi, þar sem ekki er um neinar hitaveitur að ræða, og raforku til húsahitunar á raforkusvæði Reykjavíkur eða Suðvesturlands, að þá eru margir staðir á raforkusvæði Suðvesturlands sem nota rafmagn til húsahitunar, margir einstakir staðir, í ríkari mæli að meðaltali en staðir á Austurlandi. Þetta á vitanlega ekki við um Reykjavík sjálfa, sem nýtur hitaveitu, en um leið og komið er að öðrum byggðarlögum á þessu svæði, þá nota þau rafmagn til húsahitunar — eftir skýrslum sem liggja fyrir — í eins ríkum mæli og ríkari mæli en á sér stað t. d. á Austurlandi. Vitanlega væri hægt að telja upp þessa staði fyrir hæstv. forsrh., ef hann efast að þetta sé rétt, því að alveg nýlega er komin út skýrsla frá orkumálastjóra um þessi atriði. Hann mun sjá, ef hann athugar þessa skýrslu, að t. d. eru mjög margir staðir á Suðvesturlandi sem svona er ástatt um, en vitanlega er ekki um hitaveitur að ræða í þeim byggðarlögum á þessu svæði, svo að ástandið hjá Rafmagnsveitum ríkisins er ekkert sérstakt í þessum efnum. Rafmagnsveitur ríkisins hafa selt fólki á sínu svæði rafmagn til húsahitunar, þó með mikilli tregðu og eftirgangsmunum. Fólk þar, sem skiptir við Rafmagnsveitur ríkisins, hefur því átt kost á því að hita upp hús sín með raforku á nokkuð svipaðan hátt og fólk í byggðarlögum t. d. suðvestanlands, þar sem ekki er um hitaveitur að ræða. Eini réttmæti samanburðurinn á raforkuverði er að líta á sambærilega verðtaxta, eins og heimilistaxtann, iðnaðartaxtann og húsahitunartaxtann. Vitanlega verður að gera samanburð á sambærilegri notkun, þegar menn ætla að átta sig á þessum verðum. En þessi fráleiti málflutningur, sem fram kom hjá hæstv. forsrh., að mínu mati, byggðist í rauninni allur á því, að hann var að reyna að réttlæta þá leið

út úr fjárhagserfiðleikum Rafmagnsveitna ríkisins að ætla að velta þessum vanda yfir á raforkukaupendur hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

En í beinu samhengi við þetta mál — og skal ég nú stytta mál mitt — tel ég óhjákvæmilegt, að inn í þessar umr. komi einnig það sem snertir alveg sérstaklega Austurland, af því að það er einn stærsti notandinn hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Heita má að allt Austurland fái alla sína raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins. Þannig er ekki ástatt með neinn annan landshluta. En nú vita allir, því að ástandið þar er óöruggt og miklir erfiðleikar, þar sem hefur skort á raforku oft og tíðum og þurft að skammta orku og framleiða mjög mikið af raforkunni með notkun dísilvéla, að að því hefur verið stefnt að koma upp orkuflutningslínu frá Norðurlandi til Austurlands á þessu ári. Ég skildi svör hæstv. forsrh. um það atriði, hvort þeirri línu yrði komið á á árinu, þannig, að að því væri stefnt af hálfu ríkisstj., að svo gæti orðið. Þetta er út af fyrir sig þýðingarmikið. En hitt er öllum ljóst, sem þekkja til þessara mála á Austurlandi, að algerlega er nauðsynlegt í sambandi við raforkumálin á Austurlandi að fá úr því skorið, hvort hæstv. ríkisstj. vill fallast á að ráðast í nýja vatnsvirkjun á svæðinu, sem er undirbúin að öllu leyti og tillögur liggja fyrir um, þar sem eingöngu stendur á því, að hæstv. ríkisstj. tali og segi til um það, hvort hún vill fallast á að ráðist skuli í þessa virkjun. Hæstv. iðnrh. hefur gefið þær upplýsingar í umr. um þessi mál á Alþ. nýlega, að hann hafi í desembermánuði lagt tillögu fyrir ríkisstj. um að taka ákvörðun í málinu, en nú er komið fram undir miðjan apríl og nú stendur á ákvörðun ríkisstj. um það, hvort ráðist verði í þessa virkjun eða ekki. Rafmagnsveitur ríkisins hafa auðvitað gert sínar tillögur um það líka, að ákvörðun verði tekin í málinu, það stendur á ríkisstj. Af því vil ég spyrja í beinu samhengi við þessi mál sem heild: Á hverju stendur hjá ríkisstj. að taka ákvörðun í þessu máli? Getur hún ekki, getur ekki hæstv. forsrh. lofað því á Alþ., að ríkisstj. taki nú innan tíðar ákvörðun um að ráðist skuli í þessa virkjun, sem er svo aðkallandi á þessu svæði? Ég vil einnig beina því til formanns Framsfl.: Stendur á Framsfl. í þessum efnum, fyrst iðnrh. hefur lagt þetta til og leggur kapp á að ná þessu fram? A. m. k. sýnist vera orðinn meiri hl. í ríkisstj., ef Framsfl. vill styðja málið, og þekkt höfum við þau vinnubrögð að myndaður hafi verið meiri hl. í ríkisstj. til að koma fram ákveðnum ákvörðunum. Ég vil því spyrja hann, hvort eitthvað slíkt sé í veginum í þessu tilfelli. Vill Framsfl. styðja það, að ákvörðun sé tekin í þessu máli? Fyrst iðnrh. hefur reifað málið og gert tillögu, þá sleppur Framsfl. ekki undan því að segja til um afstöðu sína. Það er alveg útilokað að hann sleppi á þann einfalda hátt, sem helst kemur í blöðum framsóknarmanna á Austurlandi, að segja að þetta sé allt iðnrh. eða raforkuráðh. að kenna, eða þá að segja sem svo, að það sé forsrh. sem stöðvar allt saman. Ég vil fá svar við þessu. Hefur Framsfl. tekið afstöðu til þessarar till. iðnrh.? Styður hann það, að tekin verði ákvörðun um þessa virkjun, eða ekki? Það liggur þá alveg skýrt fyrir, hver þarna heldur í endann og stöðvar þessa nauðsynlegu ákvörðun.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. Ég hef gert mínar aths. við málflutning hæstv. forsrh., sem mér þótti í þessum efnum ófullnægjandi og benda mjög í ranga átt miðað við það sem ég hefði talið eðlilegt. Ýmsar upplýsingar vantaði varðandi málið, og af því vildi ég gjarnan að umr. yrðu áfram um þetta þýðingarmikla mál. Nú vænti ég þess, að ég heyri einnig í fulltrúum Framsfl., hver sé afstaða þeirra.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil taka það fram, að þessar umr. utan dagskrár fóru fram fyrir nokkrum dögum og það mun hafa komið í minn hlut sem varaforseta að slíta þessum umr. þá, enda held ég að ég muni það rétt, að þá hafi enginn verið — mér vitanlega — á mælendaskrá. (Gripið fram í.) Ég vil taka það fram, að mér vitanlega var þá enginn á mælendaskrá, og því var þeim umr. slitið fyrir mínn tilverknað. En nú hef ég verið sannfærður um það — enda er starf varaforseta að sumu leyti svolítið örðugt — að bæði hv. 2. þm. Austurl. og hæstv. viðskrh. hafi verið búnir að biðja um orðið og hafi þetta verið fyrir mína yfirsjón.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Samkv. samkomulagi okkar hæstv. viðskrh. vildi ég segja hér nokkur orð. Ég hélt að ég hefði talað nógu skýrt og skilmerkilega í umr. um þetta mál á dögunum svo að hv. 2. þm. Austurl. mætti skilja, svo skýr og greinargóður sem hann almennt er.

Ég vil taka það fram, að ákvörðun ríkisstj., þegar hún fjallaði um fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, var byggð á till. þriggja manna nefndar, sem ríkisstj. skipaði til þess að fjalla um þetta vandamál, og ríkisstj. féllst á fyrstu till. þessara þremenninga, sem iðnrh. hafði einnig gert að sinni og ég gat um í minni ræðu um daginn og hljóðar svo: „Hitunartaxti verður hækkaður frá 1. maí n. k. um 25%.“ Skýring þriggja manna nefndarinnar er síðan eftirfarandi: „Lengst af var taxtinn látinn fylgja olíuverði, en nokkur vanhöld hafa verið á því að undanförnu, þannig að hitunartaxtinn hefur nú dregist aftur úr sem nemur þessum 25%“.

Ég sagði enn fremur orðrétt í ræðu minni um daginn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel aftur á móti réttlætanlegt að hækka hitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins að því marki sem hugmyndir þremenninganna benda til og ríkisstj. hefur samþykkt, þ. e. a. s. að hitunarkostnaður fari ekki fram úr kostnaði olíukyndingar.“

Síðan kemur í ljós, að till. þremenninganna hafði verið byggð á óniðurgreiddu olíuverði, en eins og kunnugt er er olíuverð til húsahitunar niðurgreitt. Það er rétt að fram komi, að þegar ríkisstj. fékk vitneskju um það, þá óskaði hún eftir nákvæmari samanburði á þessum töxtum Rafmagnsveitna ríkisins vegna rafmagnshitunar og olíukyndingarkostnaði. Við höfum fengið

bráðabirgðagrg. eða skýringu á einu blaði, en töldum þá skýringu ekki fullnægjandi af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins og óskuðum einnig eftir nákvæmum samanburði á öllum töxtum Rafmagnsveitna ríkisins og helstu rafmagnsveitna í landinu, sem ekki er kominn. Sá samanburður liggur fyrir að nokkru leyti fyrir liðin ár í opinberum skýrslum Orkustofnunar, en það, sem máli skiptir, er samanburðurinn eins og er í dag. En sé miðað við þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir hendi, sýnist ljóst vera, að með 25% hækkun hitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins muni hitunarkostnaður þeirra, sem nota rafmagn frá Rafmagnsveitum ríkisins til upphitunar húsakynna sinna, vera hærri en hitunarkostnaður þeirra landsmanna, sem verða að búa við olíunotkun, vegna þess að þeir fá olíustyrk. Ég tel rökrétt að hitunarkostnaður þeirra, sem nota rafmagnshitun frá Rafmagnsveitum ríkisins og verða að þessu leyti að borga meira fyrir hitun hibýla sinna en þeir, sem búa við olíukyndingu, verði greiddur niður að sama marki, að þeir njóti niðurgreiðslu eins og olíunotendur. Ég rökstyð þetta bæði með jafnréttisviðmiðun og sömuleiðis með því að rétt sé að hafa sama greinarmun á niðurgreiðslu olíu til húsahitunar eftir því hvort um íbúðir er að ræða eða annað húsnæði, bæði hvað snertir þau hús, sem tengd eru rafmagnshitun hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og þau hús, sem kynt eru með olíu. En ég vildi bæta því við, að þessi mál eru til frekari meðferðar hjá ríkisstj. og upplýsinga er aflað til þess að ákvarðanir séu teknar á traustum grundvelli.

Ég vil líka taka fram, að ég taldi alveg nauðsynlegt að við tækjum ekki eingöngu til samanburðar einstaka taxta, annars vegar hjá Rafmagnsveitum ríkisins og hins vegar hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur eða ýmsum öðrum þéttbýlisrafmagnsveitum þar sem orkuverð hvað einstaka taxta snertir er töluvert lægra en hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Ég taldi rétt að vekja athygli á því, að á síðasta ári var meðalsöluverð raforku miðað við hverja kwst. lægra frá Rafmagnsveitum ríkisins en frá þéttbýlisrafmagnsveitum. Skýringin er, eins og hér hefur komið fram, að miklu leyti fólgin í því, að hitun er meiri hluti af raforkusölu frá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá ýmsum öðrum rafmagnsveitum. Einkum á þessi mismunur við þegar Rafmagnsveita Reykjavíkur er tekin til samanburðar, en þó eru hitunartaxtar hjá ýmsum rafmagnsveitum í þéttbýlinu töluverður hluti orkusölu, eins og t. d. til skamms tíma á Akureyri.

Það er vert að menn hugleiði hvernig á þessu stendur, að meðalverð á kwst. frá Rafmagnsveitum ríkisins er lægra á síðasta ári en frá þéttbýlisrafmagnsveitum víðs vegar um landið, þótt í augum uppi liggi að dreifing raforku hlýtur að vera dýrari hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá þéttbýlisrafmagnsveitum. Skýringin er sem sagt að miklu leyti fólgin í svokölluðum marktöxtum, en meðal þeirra vegur hitunartaxtinn einna þyngst. En þá er spurningin: Hefur rétt stefna verið tekin af Rafmagnsveitum ríkisins hvað snertir tengingu húsa til upphitunar með rafmagni? Ég er þeirrar skoðunar, að sú stefna, sem löngum hefur ráðið í þeim efnum, sé röng. Þetta er of dýr háttur að hita upp hibýli manna að tengja hvert hús fyrir sig við rafmagnsveitukerfið. Ábyrgð á þessari stefnumörkun ber umfram aðra Alþb. eða fulltrúi þess í ríkisstj., sem fór með yfirstjórn Rafmagnsveitna ríkisins, og því kemur það úr hörðustu átt þegar formaður Alþb. gagnrýnir hækkun á hitunartöxtum raforku, en það eru einmitt flokksbræður hans sem hafa umfram aðra markað þessa stefnu. Það er sannast best að segja, að skynsamlegra er að haga þessu með öðrum hætti að áliti sérfróðra manna, að nýta raforkuna, fyrst og fremst afgangsraforku til þess að hita upp í fjarvarmaveitum, hvort sem þær fjarvarmaveitur byggjast á heitu vatni, sem þó kann ekki að vera nægjanlega mikið eftir aðstæðum, eða á olíukyndingu þegar toppálag eða mesta álag er á raforkunotkun. Með þessum hætti er unnt að gera hitunarkostnað húsa mun lægri en ella, en ekki með þeirri stefnu að tengja hvert einstakt hús við raforkukerfi landsmanna, eins og stefna Alþb. hefur verið og er e. t. v. meginástæðan fyrir þeim fjárhagsvanda sem Rafmagnsveitur ríkisins nú standa í, — meginástæðan fyrir þeirri kröfu hv. 2. þm. Austurl., að skattar séu hækkaðir á landsmenn til þess að greiða fyrir þessa vitleysu sem hann ber ábyrgð á.

Ég vil einnig láta það koma fram, að ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til frekari breytinga á töxtum Rafmagnsveitna ríkisins. En þetta sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessu til viðbótar vil ég að fari fram og ríkisstj. hefur talið eðlilegt að fari fram könnun á taxtauppbyggingu Rafmagnsveitna ríkisins og með hvaða hætti unnt er á rökréttan hátt að afla fyrirtækinu tekna á þann hátt. Ákvörðun hefur engin verið tekin um það, hvort eða að hve miklu leyti hækkanir muni leiða í kjölfar þeirrar athugunar."

Þessu til viðbótar taldi ég líka rétt, að fram færi könnun á rekstri byggðalína og hvernig tekjur af flutningi raforku um byggðalínur væru nýttar, a. m. k. á þessu ári, til þess að leysa fjárhagsvandræði Rafmagnsveitna ríkisins, vegna þess að fjármagnskostnaður byggðalínanna, sem nú eru þegar komnar í notkun að hluta, t. d. norðurlínurnar, er greiddur með lánsfjáröflun samkv. lánsfjáráætlun 1978.

Þá vil ég láta koma fram, að það verður vitaskuld ákvörðun Alþ., að hve miklu leyti skattleggja skuli alla landsmenn til þess að ná jöfnunarverði á orku. En þegar er til staðar 11% verðjöfnunargjald, sem var líklega fimmfaldað fyrir tæpum 4 árum, þegar Rafmagnsveitur ríkisins voru fjárþrota síðla sumars 1974. Þetta nýja raforkuverðjöfnunargjald var arftaki annars verðjöfnunargjalds, sem var föst krónutala, að því er mig minnir, og átti í raun og veru að hverfa smám saman. Það þótti ófullnægjandi. Önnur till. þremenninganna var um hækkun á þessu verðjöfnunargjaldi. Ég sagði það sem mína skoðun í umr. um daginn, að ég teldi útilokað að hækka þetta verðjöfnunargjald á þessu stigi málsins, og hv. 2. þm. Austurl. tók undir það með mér. Ef hann hvorki vill hækka raforkutaxta né verðjöfnunargjald, þá er ekki nema það þriðja eftir, sem hann tók fram í ræðu sinni

hér áðan, og það er að hækka skatta á landsmenn til að afla fjár til þess í fyrsta lagi að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og í öðru lagi, að því er mér skildist, að koma á frekari jöfnun raforkuverðs í landinu. En við skulum athuga, að hér er um töluverða skattlagningu á landsmenn almennt að ræða í þessu skyni. Það er ekki eingöngu um að ræða 13% verðjöfnunargjald á raforku, sem allir rafmagnsnotendur greiða og rennur óskipt til Rafmagnsveitna ríkisins eða nú í ár einnig til Orkubús Vestfjarða. Þessu til viðbótar er sem svarar einu prósentustigi af söluskatti eða um eða yfir 2 milljörðum kr. varið í þessu skyni á fjárlögum, annars vegar til niðurgreiðslu á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis og hins vegar beinlínis til þess að standa undir ýmsum orkuframkvæmdum sem til þess eru fallnar að lækka hitunar- eða annan orkukostnað landsmanna. Ég dró mjög í efa, að við hefðum efni á því eða tök væru á því að auka almenna skattlagningu á landsmenn í því skyni að koma á meiri jöfnuði í orkuverði en sem næmi þessu tvennu: 13% verðjöfnunargjaldi á raforku annars vegar og hins vegar framlagi úr ríkissjóði, er svaraði til tekna af einu prósentustigi af söluskatti. Innan þessa tekjuramma verðum við að haga orkuframkvæmdum okkar og þ. á m. greina á milli, eins og ég sagði að rafmagnsveitustjóri hefði hug á að gera, arðbærra framkvæmda á orkusviðinu og svokallaðra félagslegra framkvæmda. Fjárveitingavaldið og Rafmagnsveitur ríkisins hafa gert nægilegan greinarmun að þessu leyti, en komi á daginn, að með slíkri aðgreiningu sé ekki unnt að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins innan þessa tekjuramma, sem ég gat um áðan að nú væri eftir farið, þá verður Alþ. auðvitað að taka málið til endurskoðunar og endurnýjaðrar meðferðar.

Varðandi virkjun Bessastaðaár vil ég segja, að það liggur fyrst og fremst fyrir að fullhanna þá virkjun, fyrsta virkjunaráfangann eða Fljótsdalsheiðarvirkjun, ef ég nefni áfangann rétt. Til þess skortir á þessu ári 110 millj. kr., að því er mér skilst. Til eiga að vera samkv. lánsfjár- og framkvæmdaáætlun milli 50 og 60 millj. kr. og annað eins þarf því að útvega til þess að fullnaðarhönnun virkjunarinnar verði lokið á þessu ári. Ef svo er, þá á það ekki að tefja framkvæmdir. Ég lít svo á, að ekki liggi fyrir hjá ríkisstj. till. um tímasetningu þessarar virkjunar, þar sem á skortir niðurröðun almennt í tímaáætlun virkjunarframkvæmda sem nú eru í undirbúningi. Þegar við erum búnir að byggja bæði norðurlínu og austurlínu, þá eru tök á að nýta virkjanir á þessum svæðum og á Suðvesturlandi með samvirkum hætti, og þar sem tæknilegir erfiðleikar kunna að vera, ef misvægi er á orkuframleiðslu, ef hún er aðeins öðrum megin þessara stofnlína, verður auðvitað að taka tillit til þess við niðurröðun einstakra virkjunarframkvæmda. Okkur er nauðsyn að gera okkur heildstæða mynd af tímaáætlun virkjunarframkvæmda töluvert mörg ár fram í tímann, og það er þessi heildstæða áætlun sem þarf að liggja fyrir áður en endanleg ákvörðun er tekin um tímasetningu einstakra virkjana. Ég held að við alþm. getum allir verið sammála um að slíkt eru skynsamleg og sjálfsögð vinnubrögð í orkumálum.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal reyna að stilla máli mínu í hóf, enda er nú hvort tveggja, að fundartími er liðinn, og svo hitt, að ég er nú að mestu búinn að gleyma því sem ég mun hafa ætlað að segja þegar þessi mál voru síðast til umr.

Ég vil þó aðeins rifja það upp, að ekki var í sjálfu sér neitt gleðiefni að þurfa að gera þá samþykkt, sem gerð var á ríkisstjórnarfundi, að hækka taxta á hitunarkostnaði um 25%. Ég vil aðeins minna menn á hvernig mál stóðu þá. Þá voru málefni Rafmagnsveitna ríkisins í algerri sjálfheldu, bæði hvað rekstur snerti og framkvæmdir. Því þurfti að taka ákvörðun til að koma málunum úr þessari sjálfheldu. Ég veit að hv. 2. þm. Austurl. veit það og man, að á Reyðarfirði hafði legið efni í raforkustreng til Norðurlands og hafði ekki fengist útleyst vegna fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Segja má að þegar ég tala þannig, þá sé blandað saman rekstrarvanda og stofnfjárvanda, en í raun og veru blandast þetta saman að meira eða minna leyti og hefur gert, og þá var gerð þessi samþykkt að hækka hitunartaxtann um 25%. Eins og hæstv. forsrh. hefur gert grein fyrir, þá var sú ákvörðun byggð á till. nefndar sem hafði verið skipuð til þess að gera till. um úrræði í málum Rafmagnsveitna ríkisins. Tekið var fram í till. þeirrar nefndar, að eftir þá hækkun yrði samt hitunarkostnaðurinn ekki hærri en olíukyndingarkostnaður. Þessi samþykkt ríkisstj. var því byggð á alveg ákveðinni forsendu. Síðan komu svo fram og maður fór að heyra aðrar upplýsingar. Segja má að það hafi verið vanræksla af okkar hálfu að ganga ekki betur úr skugga um að það væri allt rétt og nákvæmt, sem fyrir okkur var lagt. En satt að segja fannst mér persónulega að búið væri að bíða nógu lengi eftir ákvörðun í þessum málum þó að hún væri ekki dregin öllu lengur. Eftir að það fór að heyrast, að þetta mundi ekki vera rétt, þá var einmitt af ríkisstj. hálfu óskað eftir nákvæmum upplýsingum um þessa sundurliðun, bæði frá Rafmagnsveitum ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Eitt minnisblað er komið í mínar hendur um þetta efni. Það er ekki sú nákvæma sundurliðun sem ég óskaði eftir og ríkisstj. samþykkti að fengin skyldi. Það verða að koma nákvæmari upplýsingar um þetta efni til þess að menn geti vitað hvað rétt er í því efni. Ég segi: Mitt atkv. með þessari hækkun var byggt á þessari forsendu. Ef hún reynist ekki rétt, þá tel ég ekki mitt samþykki fyrir þeim fölsku forsendum og áskil mér allan rétt til þess að taka þá ákvörðun til endurskoðunar.

Þessi ákvörðun varð þó til þess að málið losnaði úr þeirri sjálfheldu, sem það var í, og efnið fékkst leyst út á Reyðarfirði og fleira. Vona ég að hv. 2. þm. Austurl. meti það nokkurs. Hitt er svo annað mál, að fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins var ekki leystur með þessari samþykkt ríkisstj. þá, hvorki raunar rekstrarvandinn né heldur stofnfjárvandinn. Þessi hækk-

un á hitunartaxta, sem vitaskuld á bæði við íbúðarhúsnæði og eins náttúrlega atvinnuhúsnæði, var ekki talin gefa meira á árinu en 110 millj. kr., þannig að menn sjá að vandinn er ekki leystur, jafnvel þó að þetta komi til framkvæmda 1. maí.

En nefndin, sem um þetta fjallaði, hafði aðrar till. fram að færa, m. a. hækkun á verðjöfnunargjaldi úr 13% í 20%. Það átti að gefa nokkuð yfir 200 millj. Þetta er miðað við það sem eftir er ársins. Ríkisstj. taldi ekki fært á þessu stigi, eins og líka hæstv. forsrh. orðaði það áðan og í ræðu sinni um daginn, að fallast á þetta verðjöfnunargjald. Ég undirstrika það, að þar er ekki um neina endanlega ákvörðun að tefla. Verið getur að taka verði þá ákvörðun til athugunar aftur. En eins og málin stóðu þá þótti ekki fært að leggja í að setja þessa verðjöfnun á. En ég tel að það mál sé áfram til athugunar.

Að öðru leyti var fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins ekki leystur nema á þann hátt að framlengja eða fá lán til þess að standa undir þeim skuldbindingum sem á þeim hvíldu, bæði vegna rekstrarhalla og eins vegna stofnfjárframkvæmda, sem sumpart voru skuldir sem höfðu komið til vegna þess að framkvæmdir höfðu farið fram úr áætlun, sumpart vegna þess að talið var óhjákvæmilegt — og var óhjákvæmilegt — að stofna til vissra framkvæmda, eins og t. d. rafstrengsins til Vestmannaeyja, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Ég lít því svo á, að eftir sem áður sé höfuðfjárhagsvandi þessa fyrirtækis óleystur. Það má segja, að honum sé skotið á frest með lántökum. Eftir síðar ákvörðun um það, hvernig þessar lántökur verði greiddar.

Það er engin ný bóla, að Rafmagnsveitur ríkisins séu í fjárhagsvanda, og til þess liggja sjálfsagt skiljanlegar ástæður. Svo er og svo hefur verið á undanförnum árum. Í þeirri stjórn, sem við sátum saman í ég og hv. 2. þm. Austurl., kom það, að ég best man, fyrir æ ofan í æ, að glíma varð eftir á við nokkurn fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Hann var greiddur. Ég man ekki betur en ríkið tæki á sig oftar en einu sinni vissan hala í þeim efnum.

Ég held að hv. 2. þm. Austurl. hafi lagt óleyfilega mikið í orð hæstv. forsrh., þegar hann vildi túlka þau svo, að þau hefðu verið tilkynning til landsmanna um að aðrir taxtar yrðu hækkaðir. Það, sem forsrh. sagði og hann endurtók áðan, var það, sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi og ekki er óeðlileg samþykkt að mínum dómi þegar menn standa andspænis svona vanda, að teknir skyldu til skoðunar allir taxtar og rekstur þessa fyrirtækis. Þetta verð ég að telja eðlilegt þegar svona stendur á, og það má hver lá mér sem vill að ég telji slíkt eðlilegt. En að það hafi verið gert í því skyni eða með það sérstaklega fyrir augum að hækka taxta og auka þar með á mismunun er alröng túlkun.

Það er reyndar mín skoðun, sem ég get vel sagt hér, að ekki verði hægt að bæta þennan halla, sem er þarna um að ræða, með hækkun taxta, það verði ekki gert nema af almannafé, þjóðfélagið taki það á sig. En það detta engir peningar til þess ofan af himnum. Þetta verður ekki gert nema með því að jafna niður, afla tekna eða þá að spara einhvers staðar á móti sem því svarar. Þetta veit hv. 2. þm. Austurl. allra manna best. Það er ekki um neitt annað að ræða í því efni en að horfast í augu við staðreyndir. Ég hef ekki trú á því, að hægt sé að rétta þennan halla á annan hátt. Hitt er annað mál, hvort menn vilja afskrifa þetta á þessu ári, næsta ári eða dreifa því á eitthvað fleiri ár. Það er annað mál. En spá mín er sú, að svo muni fara, hvaða orðalag sem menn vilja nota um það, hvort sem þeir vilja nota það orðalag, að menn neyðist til þess, eða eitthvert annað orðalag, að ekki verði hjá því komist að ríkissjóður taki þetta á sig. Það er meira fé, sem þar er um að ræða, en því verði jafnað niður með taxtabreytingu. Skal ég þá ekkert fara út í alla þessa taxta og meðaltaxta, því að búið er að gera það svo flókið mál, að fyrir mig sem leikmann er aldeilis óskiljanlegt og ógerlegt að bera það saman.

Hv. 2. þm. Austurl. var að leita mjög eftir því, hver væri stefna Framsfl. í þessum efnum. Það liggur nú ljóst fyrir, að stefna Framsfl. er að reyna að stefna að sem mestum jöfnuði í rafmagnsverði. Líklegustu leiðina til þess telur hann þá, að það verði einn framleiðsluaðili rafmagns, hvort sem menn vilja kalla það Landsvirkjun eða eitthvað annað, sem síðan selji dreifingaraðilum, héraðsveitum, landshlutaveitum — eða hvað sem menn vilja kalla það. Ég held að þetta sé líklegasta leiðin til þess að stefna að jöfnuði. Þar með er alls ekki tryggt að sama rafmagnsverð verði alls staðar vegna þess að það liggur í hlutarins eðli, að dreifingarkostnaðurinn á hinum ýmsu svæðum verður ólíkur. Því getur vel verið, að við hliðina á þessu þyrfti til að koma einhver verðjöfnun, og kannske verður aldrei fullum jöfnuði náð. Þetta er sú stefna sem við teljum líklegasta til þess að koma á jöfnuði. Þessa stefnu okkar höfum við markað í þáltill.

Það er ekkert launungarmál, að samstarfsflokkur okkar hefur nokkuð önnur sjónarmið í þessu máli, — ekki að því leyti til, að hann vill að sjálfsögðu stefna að sem mestum jöfnuði í raforkuverðinu, en hann telur, þó að ég eigi nú ekki að vera að túlka hans sjónarmið, að hægt sé að ná því — skulum við segja — eftir öðrum leiðum, og leggur þá áherslu á landshlutaframleiðslufyrirtæki, væntanlega út frá því sjónarmiði að sjálfs sé höndin hollust og að heimamönnum sé best trúandi til þess að fara með þau fyrirtæki og þann rekstur. Annars eru þeir réttir aðilar til þess að skýra sína stefnu í þessum efnum. En ég er ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli í þessu efni, vegna þess að það er vitað mál að sjónarmið eru skipt að þessu leyti. Og það er ekkert undarlegt, þó að ágreiningur sé um efni sem þessi á milli samstarfsflokka.

Sett hefur verið stjórnskipuð nefnd til þess að fjalla um þessi málefni, um stjórn og skipulag þessara mála. Sú nefnd er að starfi. Og ég veit að hv. 2. þm. Austurl. hlýtur að vera mér sammála um það, jafnþaulvanur stjórnmálamaður og með allra manna lengstan þingsetualdur að baki, að þegar þannig er í pottinn búið reyna auð-

vitað samstarfsflokkarnir í þeirri stjórnskipuðu nefnd að athuga, hvort þeir geti fundið samnefnara fyrir hinar tvær ólíku stefnur sínar. Þess vegna getur hann varla talið eðlilegt, að við látum reyna á það í þinginu núna, hvort þáltill. okkar hefur fylgi, fyrr en séð er hvort í þessari stjórnskipuðu nefnd fæst niðurstaða.

Herra forseti. Ég sé að ég gæti talað miklu lengur um þetta, en ég held ég láti hér staðar numið. Ég vona að ég hafi undirstrikað það, hver stefna Framsfl. er í þessum efnum, og hv. 2. þm. Austurl., sé ekki í vafa um það, en enn fremur sjónarmið Framsfl. til ákvörðunartöku í sambandi við þessi vandamál Rafmagnsveitnanna, sem hafa verið til meðferðar að undanförnu og helst til langan tíma hefur tekið að mínum dómi að taka ákvörðun um.

Efri deild, 78. fundur.

Fimmtudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að ræða um kosningalög og kjördæmaskipun að gefnu tilefni vegna frétta í dagblöðum undanfarna daga um þau mál og eins vegna fram kominna till. um þessi efni, einnig til að beina spurningu til hæstv. forsrh. um sama efni og til að lesa að lokum samþykkt, sem þingflokkur Alþb. gerði í gær um þetta mál.

Í Dagblaðinu, sem út kom í gær, er stutt grein um þessi efni á forsíðu. Þar er vitnað í viðtal sem blaðið átti við Benedikt Gröndal, formann Alþfl. Segir í upphafi þessarar fréttar: „Í viðtali við Benedikt Gröndal, formann Alþfl., í morgun kom fram, að stjórnarandstöðuflokkarnir telja orðið of seint að breyta lögunum. Þar sem samstaða verður ekki, þá tel ég að engar breytingar verði gerðar.“ Það leynir sér ekki á skrifum blaðamannsins, að hann er að koma því inn hjá lesandanum, að vegna afstöðu stjórnarandstöðuflokkanna til þessa máls sé ekki samstaða fyrir hendi.

Í Tímanum 11. apríl s. l., þ. e. í fyrradag, er stutt grein um sama efni. Þar er fyrirsögnin, með leyfi forseta: „Stjórnarandstæðingar andvígir breytingum á kosningalögum.“ Í upphafi greinarinnar segir: „Stjórnarandstöðuflokkarnir eru andvígir því, að breytingar verði gerðar nú á kosningalögunum. Þetta mun hafa komið fram á fundum þingnefndar þeirrar, sem sett var til þess að ræða þær till. og hugmyndir sem fram hafa komið í þessum efnum að undanförnu. Var nefndinni ætlað að reyna að fá fram samræmda afstöðu þingflokka til málsins.“ Og í niðurlagi greinarinnar segir: „Nú er talið ósennilegt, að nokkrar breytingar verði að sinni gerðar á kosningalögunum, þar sem ætlunin mun hafa verið að gera þær breytingar einar, sem alger samstaða yrði um, á þeim skamma tíma sem er til kosninga.“

Það leynir sér auðvitað enn síður á þessari klausu að tilgangurinn með henni er sá, að koma því inn hjá lesandanum, að stjórnarandstæðingar hafi komið í veg fyrir þá samstöðu sem nauðsynleg sé til þess að breytingar geti átt sér stað.

Um þetta efni er einnig fjallað í stuttum pistli á útsíðu í Morgunblaðinu í morgun, enda þótt það sé með nokkuð öðrum hætti gert. Þar er þessi sama tilhneiging ekki jafnopinská, en sagt — og haft eftir Geir Hallgrímssyni hæstv. forsrh. — að mál þetta verði tekið til meðferðar á ríkisstjórnarfundi í dag, á fimmtudegi, og muni ríkisstj. þá átta sig á því hvernig staðan er. Hér er sem sagt verið að gefa til kynna, að nú fyrst sé ríkisstj. að láta deigan síga hvað snertir frumkvæði í þessu máli. Í raun og veru er verið að undirstrika það sama sem fram kom í þeim fréttaklausum sem ég vitnaði í áðan, að einhverjir aðrir komi í veg fyrir að eitthvað gerist í þessum málum.

En er þetta sannleikanum samkvæmt? Hefur stjórnarandstaðan komið í veg fyrir að einhver hreyfing kæmist á þessi mál á Alþ? Ég held að við ættum að líta á staðreyndir í þessum efnum. Ég vil rifja upp, að strax fyrsta dag þingsins var lagt fram þskj., sem varð þskj. nr. 4. Fól það í sér till. til þál. um breyt. á kosningalögum. Flm. voru 5 þm. Alþb. Í þessari till. var gert ráð fyrir því, að Alþ. kysi fimm manna nefnd, skipaða einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, til þess að fjalla um breytingu á kosningalögunum, er miði að því, eins og sagði í till., að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa. Þessari till. var vísað til n. fljótlega eftir að hún var flutt og rædd hér í þinginu og þar hefur hún legið óhreyfð allan veturinn.

Í öðru lagi urðu umr. utan dagskrár á öðrum degi þingsins að frumkvæði form. Alþfl., hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Þessar umræður fóru fram í Nd. Alþ. áður en nokkurt mál hafði verið tekið á dagskrá, sama dag og þingmenn Nd. kusu sér þingnefndir. Við þær umr. gaf hæstv. forsrh. hátíðlega yfirlýsingu um að ríkisstj. mundi beita sér fyrir viðræðum stjórnmálaflokkanna um hugsanlegar breytingar á kosningalögunum.

Síðan eru liðnar vikur og mánuðir. Frumkvæði forsrh. hefur orðið harla lítið í þessum efnum. Menn hafa beðið eftir því að hann efndi þetta fyrirheit. Það var ekki fyrr en s. l. föstudag, hinn 7. apríl, þegar aðeins voru eftir 3 vikur til þingloka, að við forustumenn stjórnarandstöðuflokka vorum kvaddir á fund til viðræðna um þetta mál. Á þeim fundi urðu stuttar umr. um þessi mál. Ég lýsti því m. a. yfir af hálfu okkar Alþb.-manna, að við hefðum ekki fengið neinar upplýsingar um það, hvernig þessum viðræðum yrði hagað, hvort áætlað væri að einn, tveir eða þrír menn tækju þátt í þeim viðræðum frá hverjum flokki, og þar af leiddi að við hefðum ekki veitt einum eða neinum umboð til að taka þátt í viðræðum, við litum aðeins á þennan fund sem í mesta lagi formlegan undirbúningsfund að slíkum viðræðum þar sem við ættum eftir að kjósa okkur fulltrúa til að taka þátt í þeim. Á þessum fundi skiptust menn hins vegar

á skoðunum um það, hvort tíminn væri forhlaupinn í þessum efnum. Ég heyrði ekki betur en að allir viðstaddir fundarmenn, sem tjáðu sig um þetta efni, að undanskildum hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni, væru þeirrar skoðunar, að um seinan væri að gera breytingar á kosningalögunum, þar sem framboðsundirbúningur væri það langt á veg kominn sem raun bæri vitni og hefði miðast við óbreytta löggjöf.

Er það þá sjórnarandstaðan sem ber ábyrgð á því, að þannig hefur farið? Við Alþb.-menn fluttum till. í upphafi þings um annan þátt þessa máls. Hún hefur ekki fengist afgreidd allan veturinn. Forustumaður Alþfl. vekur umr. um málið og fær fram ákveðið loforð af hálfu forsrh. Að sjálfsögðu er það ríkisstj. og hæstv. forsrh. alveg sérstaklega sem ber ábyrgð á því, að þannig hefur farið, að þessar viðræður hafa aldrei komist í gang. Ég held að atburðarás þessa máls í vetur beri þess ljósan vott, að þingmeirihluti stjórnarflokkanna og forustumenn ríkisstj. hafa beinlínis drepið þessum málum á dreif og komið í veg fyrir að nokkuð gerðist á þessum vetri, með því annars vegar að liggja á afgreiðslu þingmála og hins vegar að taka opinberlega að sér forustu í þessum málum — forustu sem síðan hefur engin orðið. Mér þykir harla óviðfelldið, að málgögn þessara sömu flokka reyni svo undir þinglok að varpa ábyrgðinni á stjórnarandstöðuflokkana vegna þess dráttar sem orðið hefur á því, að þessi mál væru tekin til umr. Það er algjör fölsun á þróun þessa máls í vetur og sögulegum staðreyndum.

Ég er hins vegar ekkert undrandi á því, að nú undir þinglokin skuli menn fara að keppast við að flytja till. um þessi efni í þinginu. Það er alveg ljóst, að stjskrn. hefur brugðist. Enginn fundur hefur verið haldinn í þeirri nefnd um mjög langt skeið og er ekkert útlit fyrir að hún hafi eina eða neina forustu um að breytingar verði gerðar.

Yfirlýsingar hæstv. forsrh. vöktu að sjálfsögðu vonir, m. a. hjá sumum þingmönnum stjórnarflokkanna, og þegar þessar vonir eru að engu orðnar kemur svo sannarlega ekkert að óvörum að menn vaði fram með ýmsar hugmyndir í frv.-formi, enda skammt orðið til kosninga og þá gott að veifa röngu tré frekar en engu. Hitt er vonandi öllum ljóst, að flutningur þessara till. er aðeins gárur á yfirborði málsins. Þær munu engu breyta. Þær munu engu breyta vegna þess að löngu er orðið vonlaust um afgreiðslu málsins. Mál af þessu tagi verður að undirbúa vandlega með viðræðum stjórnmálaflokkanna. Það eina, sem hægt er að gera nú, er að stjórnmálaflokkarnir fallist á að skipa nefnd nú í þinglokin til þess að fjalla um breytingu á kosningalöggjöfinni, svo að annað kjörtímabil líði ekki án þess að tekið sé á þessum málum á raunhæfan hátt.

Ég vil í framhaldi af þessum orðum mínum leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., hver hafi verið niðurstaðan á fundi ríkisstj. í morgun, ef þaðan er þá yfirleitt eitthvað að frétta, en þó alveg sér í lagi hvort hann og flokkur hans geti fallist á þá málsmeðferð sem ég drap á. Þó að vísu sé of seint að fara að undirbúa till. fyrir þessar kosningar, væri ekki úr vegi að nú yrði skipuð nefnd sem færi að undirbúa þessi mál, þannig að hægt væri að fjalla um þau á næsta kjörtímabili.

Þá get ég ekki látið hjá líða, úr því að ég hef lítillega vikið að frv. um breytingar á kjördæmaskipun og kosningalögum, að benda á frv. sem komið hafa fram seinustu dagana, að flm. þessara till. og frv. hafa bersýnilega verið að flýta sér æðimikið að kasta þeim inn í þingsali. Þeir hafa mjög kastað til þeirra höndum. Verður að segja eins og er, að breytingar, sem felast í þeim till., eru líklegri til að skapa vandamál en að leysa þau.

Hv. þm. Ellert B. Schram, Jón Skaftason, Guðmundur H. Garðarsson og Ólafur G. Einarsson hafa borið fram till. þess efnis, að við úthlutun uppbótarsæta verði afnumin sú regla að veitt séu uppbótarsæti út á hæstu hlutföll í kjördæmum. Um leið gera þeir ráð fyrir því, að hægt sé að veita fleiri en eitt uppbótarsæti til sama flokks í sama kjördæmi. Ég er ansi hræddur um að þessi breyting kæmi ekki að ýkjamiklu gagni fyrir það kjördæmi sem bersýnilega er laklegast sett í þessum efnum, þ. e. a. s. Reykjaneskjördæmi. Ég álít að Reykjaneskjördæmi sé langverst sett hvað snertir vægi atkv., fjölda atkv. á bak við hvern þm. Mér sýnist á öllu, að þessi breyting yrði frekar til hins verra fyrir Reykjanes en hins betra. Ég get t. d. upplýst það, ef mönnum er það ekki ljóst, að ef þessi regla hefði gilt við seinustu kosningar og ef henni hefði verið beitt við úthlutun uppbótarþingsæta til Alþb., sem fékk þrjá landsk. þm. í seinustu kosningum, þá hefðu þeir allir komið í hlut Reykjavíkur og enginn í annað kjördæmi. En í dag er þessu svo varið, að einn okkar landsk. þm. kemur úr Reykjaneskjördæmi. Þm. fyrir Reykjaneskjördæmi úr okkar flokki mundi þannig fækka um einn. Ég get upplýst að þetta hefði að vísu jafnast þannig, að Alþfl. hefði væntanlega fengið í þessum kosningum tvö uppbótarsæti úr Reykjaneskjördæmi, þannig að Reykjanes hefði væntanlega í þessum kosningum fengið jafnmarga uppbótarmenn kjörna og það fékk samkv. núgildandi reglum. En því má bæta við, að ef reglu þm. Jóns Skaftasonar, Ellerts B. Schram, Guðmundar H. Garðarssonar og Ólafs G. Einarssonar, sem þeir hafa gert till. um á þskj. 510, hefði verið beitt í kosningunum 1971, hefðu þm. úr Reykjaneskjördæmi orðið einum færri. Hefði slíkt hið sama verið gert í kosningunum 1967, hefðu þm. Reykjaness orðið tveimur færri en þeir urðu. Þannig leynir sér ekki, að till., sem m. a. er flutt af tveimur þm. þessa kjördæmis, er bersýnilega mjög óhagstæð kjördæmi þeirra og mundi undir ýmsum kringumstæðum verða til þess, að þm. kjördæmisins fækkaði frekar en fjölgaði.

Um till. hv. þm. Odds Ólafssonar ætla ég ekki að fara mörgum orðum, enda verður hún til umr. í þessari hv. d. við síðara tækifæri. Ég minni á það eitt, að hún gengur m. a. út á það, að landsk. þm. verði fækkað úr 11 í 4. Ég verð að segja alveg eins og er, og áreiðanlega eru fleiri á sömu skoðun og ég, að þó að vægi atkv. eftir búsetu sé mikilvægt mál og illt að allt of

mikið misvægi myndist í þeim efnum, þá væri hitt hálfu verra að mikil mismunun yrði milli flokka hvað snertir atkv. á bak við hvern þm. Mér sýnist að till. hv. þm. mundi hafa þær afleiðingar, að stjórnmálaflokkunum yrði verulega mismunað. Mér sýnist að með samþykkt hennar mundu menn fara úr öskunni í eldinn, kalla yfir sig enn stærra vandamál en þeir væru að leysa.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. En ég vil að lokum skýra frá því, að þingflokkur Alþb. hefur rætt þessi mál ítarlega á fundum sínum. Á fundi þingflokksins 12. apríl s. l. var gerð svofelld samþykkt einróma:

„Nú, þegar aðeins tvær til þrjár vikur eru eftir til þingslita, virðist kapphlaup hafið í þingsölum um flutning frv. til breytinga á kosningalögum í því skyni að rétta hlut Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Því miður virðist hér um sýndarmennsku að ræða, því að bersýnilega er vonlaust um afgreiðslu þessara mála fyrir þinglok. Mál þessi verður að undirbúa með viðræðum stjórnmálaflokkanna, en þau verða ekki leyst með tillöguflutningi einstakra þm. Auk þess eru frv. þessi með augljósum ágöllum, því að annað þeirra réttir ekki hlut Reykjaneskjördæmis, sem augljóslega er þó verst sett hvað þingmannafjölda varðar, og gæti fremur orðið til að fækka þm. úr þessu kjördæmi, en hitt frv. mundi hins vegar valda vaxandi mismunun milli stjórnmálaflokka hvað varðar atkv. á bak við hvern þm.

Þingflokkur Alþb. minnir á, að á öðrum degi þings á s. l. hausti gaf forsrh. yfirlýsingu þess efnis, að ríkisstj. mundi í vetur beita sér fyrir viðræðum flokkanna um hugsanlegar breytingar á kosningalögum. Við þetta fyrirheit var þó ekki staðið og það var ekki fyrr en 7. apríl s. l., að forustumenn stjórnarandstöðuflokkanna voru boðaðir á stuttan fund um þessi mál til að staðfesta það, sem þá þegar blasti við öllum, að orðið væri um seinan að hyggja að verulegum breytingum á kosningalögum á þessu þingi, þar sem framboðsundirbúningur væri nú of langt á veg kominn og hefði miðast við óbreytta löggjöf.

Þingflokkur Alþb. minnir einnig á, að eitt fyrsta þingmál á þessum vetri var till. nokkurra þm. flokksins um skipun nefndar til að undirbúa frv. um aukinn rétt kjósenda til að hafa áhrif á hvaða frambjóðendur ná kosningu af þeim lista sem þeir kjósa. En till. þessi hefur legið óhreyfð í n. allan veturinn. Eins og nú er komið málum vill þingflokkur Alþb. skora á aðra stjórnmálaflokka á Alþ. að fallast á **skipun nefndar** nú í þinglok til að fjalla um breytingar á kosningalöggjöfinni, svo að annað kjörtímabil líði ekki án þess að tekið sé á þessum málum á raunhæfan hátt, þar sem sýnt virðist að stjórnarskrárnefnd er ekki líkleg til að hafa þar um forustu.“

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. og fsp., er hann flutti í þeirri ræðu, vildi ég gjarnan taka fram það sem hér fer á eftir:

Í haust, þegar umr. utan dagskrár um möguleika á breytingu á kosningalögum og/eða stjórnarskrá, gaf ég þá yfirlýsingu, að ríkisstj. vildi efna til viðræðna milli stjórnmálaflokka til að kanna hvaða úrræði væru fyrir hendi til endurbóta á kosningalöggjöf og stjórnarskrá, enn fremur að óskað mundi verða eftir að stjórnarskrárnefnd væri innt eftir grg. um störf nefndarinnar að þeim málum er lytu að breytingum á kosningalögum og stjórnarskrá. Hvort tveggja þetta hefur verið efnt. Mér er kunnugt um að formenn þingflokkanna ræddu það sín á milli á s. l. hausti, hvernig viðræðum þessum skyldi hagað í ríkisstj. var talið eðlilegt að flokkarnir útnefndu fulltrúa til þessara viðræðna og í kjölfar þess útnefndi Sjálfstfl. fulltrúa sína í stjórnarskrárnefnd, þá Gunnar Thoroddsen, hæstv. iðnrh., og Ingólf Jónsson, hv. 1. þm. Suðurl. Ég hygg að hinn stjórnarflokkurinn hafi einnig útnefnt sína fulltrúa, og ég hef gengið út frá því sem vísu um aðra flokka, vissi raunar ekki fyrr en í dag, að þingflokkur Alþb. hefði ekki útnefnt fulltrúa til slíkra viðræðna. Ég minnist þess, að fyrir nokkrum vikum — ég held nær tveimur mánuðum — bar þetta mál á góma á milli okkar hv. 5. þm. Norðurl. v. Þá tjáði ég honum einmitt efnislega, að mál þetta væri af hálfu Sjálfstfl. í höndum fulltrúa hans í stjskrn., og benti honum á, en þá var hv. 5. þm. Norðurl. v. orðinn form. þingflokks Alþb., að hafa samband við hæstv. félmrh. varðandi þetta mál og lofaði að gera það sömuleiðis, sem ég og gerði.

Ég held að það komi e. t. v. fram af þessu, að Alþb. hefur ekki haft neinn sérstakan áhuga á breytingum á kosningalögunum, þótt Alþb.-menn hafi flutt till. um það í upphafi þings, en formælandi þingflokks Alþfl. hafði vakið máls á því í upphafi þinghalds. Það var í lófa lagið af hálfu þessara flokka að óska eftir því á hvaða stigi málsins sem var, að þessar viðræður gengju hraðar fyrir sig eða hæfust alla vega en það hefur ekki verið gert, svo að mér sé kunnugt um, nema hvað snertir það samtal, sem ég vitnaði í, á milli okkar hv. 5. þm. Norðurl. v.

Það er líka vitnisburður um lítinn áhuga þeirra Alþb.-manna á breytingum á kosningalögum að þessu leyti, að þeir hafa látið till. frá sér liggja í n. allan þingtímann og ekki hefur mér borist til eyrna, þótt vera kunni að svo hafi verið, að fulltrúar Alþb. í þeirri n. hafi rekið á eftir meðferð þeirrar till. innan n. Þannig held ég að ekki fari milli mála, að fulltrúar Alþb. hafi ekki sýnt neinn áhuga á breytingum á kosningalögum eða raunar stjskr. hvað snertir fyrirkomulag kosninga til Alþ. Það getur vel verið að gagnrýna megi einnig og samhliða áhugaleysi eða skort á áhuga fulltrúa annarra þingflokka að þessu leyti. En ljóst er, að fulltrúar Alþb. hafa sýnt algert áhugaleysi í þessum efnum.

Við skulum aðeins rifja það upp, að einkum er þrennt sem kom til greina að breyta með löggjöf á þessu þingi, án þess að til stjórnarskrárbreytinga kæmi. Það er í fyrsta lagi reglum þeim sem gilda um úthlutun uppbótarþingsæta, og þá hafa einkum og sér í lagi verið nefndar þær leiðir sem fjallað er um í frv. því sem flutt er í Nd. af hv. þm. Ellert B. Schram o. fl., þ. e. a. s. að fella niður úthlutun uppbótarþingsæta til þeirra sem hæstar hlutfallstölur atkv. hafa í

kjördæmi, en ná ekki kosningu, og fella niður bann við því, að sami flokkur geti fengið fleiri en einn uppbótarþm. úr hverju kjördæmi.

Í öðru lagi hefur verið rætt um þá breytingu sem till. hv. 1. landsk. þm., Jóns Árm. Héðinssonar, fjallar um, þ. e. a. s. að flokkur, sem fái a. m. k. 5% atkv., fái úthlutað uppbótarþingsæti. Leikið getur vafi á því, hvort unnt er að breyta kosningalögum með þeim hætti án breytinga á stjskr.

Í þriðja lagi hefur svo verið rætt um möguleika á því að breyta vægi útstrikana og breytinga á kjörseðli eða setja aðrar reglur varðandi listaframboð, þannig að hver kjósandi hefði meiri áhrif á hvaða frambjóðandi yrði kosinn sem þm. í kjördæmi hans.

Í raun og veru eru þetta þau atriði, sem unnt hefði verið að taka til meðferðar og breyta með breytingum á kosningalögum, og er, eins og ég gat um áðan, mjótt á mununum í sumum tilvikum, hvort löglegt sé, tvímælalaust, án breytingar á stjskr. Ég hefði auðvitað talið eðlilegt, að samhliða hefði verið kannað ítarlega innan stjskrn., hvort samstaða næðist þar um breytingar á stjskr., sem þetta þing hefði getað fallist á, og síðan yrðu þær breytingar staðfestar á næsta þingi og ekki kosið samkv. þeim breytingum fyrr en í öðrum kosningum héðan frá, eins og tiðkað er þegar um stjórnarskrárbreytingar er að ræða. Þá á ég ekki nauðsynlega við það, að þurft hefði að rjúfa næsta þing þegar í stað eða fljótlega eftir að það kæmi saman og efna til tveggja kosninga á einu ári. Það gat allt eins verið að menn lykju fullu kjörtímabili að afloknum fyrri kosningum eftir stjórnarskrárbreytingu.

Nú er öllum ljóst, að sú stjskrn., sem kosin var á Alþ. 1972, hefur ekki verið athafnasöm. Ég tel eðlilegt, að það sé gert upp við sig, hvort sú stjskrn. á að halda áfram störfum yfir höfuð eða kjósa skuli nýja, a. m. k. sé nauðsynlegt að endurskipuleggja núverandi stjskrn. til þess að hún skili áliti. Það er kominn tími til þess. Ég er ekki þeirrar skoðunar nauðsynlega vegna þess að ég álíti núverandi stjskr. svo ófullkomna sem starfsgrundvöll lýðræðislegra vinnubragða að öðru leyti en lýtur að kosningafyrirkomulagi. En það er ljóst, að einmitt endurbætur á kosningafyrirkomulagi eru nauðsynlegar, og þegar af þeirri ástæðu ber að leggja áherslu á að stjskn. ljúki störfum.

Ljóst er af því, sem ég hef sagt hér, að það hefur e. t. v. verið lítil von til þess að koma á breytingum á kosningalögum nema víðtæk samstaða takist um það meðal þm., og eins og fram kemur í fyrsta hluta yfirlýsingar eða samþykktar þingflokks Alþb., er hv. 5. þm. Norðurl. v. greindi frá áðan, þá telja þeir ekki unnt að beita reglum um úthlutun uppbótarþingsæta þannig, að það nái þeim tilgangi er þeir vilja að stefna. Ég skal málefnalega ekki fara að ræða þetta í einstaka atriðum, en þeir benda ekki heldur á aðra leið sem betur tryggi þann tilgang, sem þeir viðurkenna í öðru orðinu þó, að nauðsynlegt sé að ná.

Ég tel rétt, að að svo miklu leyti sem þeir fulltrúar flokka, sem þegar hafa verið tilnefndir til viðræðna um breytingar á kosningalöggjöf og kosningafyrirkomulagi, hafa ekki náð saman, sé þeim eða öðrum falið að halda áfram viðleitni sinni til þess án þess að um formlega nefndarskipun sé að ræða, en ég teldi þó eðlilegast að stjskrn. væri endurskipulögð. Að öðru leyti er ég ekki reiðubúinn á þessu stigi til þess að taka endanlega afstöðu til nýrrar nefndarskipunar til að fjalla um breytingar á kosningalögum og stjskr., þótt ég sé sammála hv. 5. þm. Norðurl. v. að nauðsynlegt sé að koma á breytingum og láta ekki annað kjörtímabil líða án þess að breytingar séu gerðar í þessum efnum.

Varðandi niðurstöðu ríkisstj. er það að segja, að ljóst er að ríkisstj. mun ekki beita sér fyrir breytingum á kosningalögum, sem taka gildi við þær kosningar sem verða í vor. Það, sem kæmi til greina, væri að slíkar breytingar yrðu e. t. v. samþykktar með gildistöku eftir kosningar í vor, þannig að eftir þeim yrði ekki kosið fyrr en í öðrum kosningum hér frá. Spyrja má þá, hvaða þýðingu það hafi, vegna þess að eðlilegt mætti þá telja að næsta þing fjallaði um málið. Ég teldi að mörgu leyti æskilegt að ná slíkri breytingu fram, þótt með gildistöku væri eftir næstu kosningar, þar sem það væri þó trygging fyrir því, að eftir þeim breytingum væri kosið í öðrum kosningum héðan í frá, ef stjórnarskrárbreyting hefði ekki verið gerð innan þess tíma. En ég hlýt að viðurkenna að nauðsynlegt sé um svo viðamikið mál sem breytingar á kosningalögum, hvað þá heldur breytingar á stjskr., að annað tveggja og helst hvort tveggja skilyrðið sé fyrir hendi, að sem víðtækust samstaða hafi tekist um breytingarnar og hins vegar hafi þær verið skoðaðar og kannaðar ofan í kjölinn.

Ríkisstj. telur eðlilegt að hafa, áður en síðasta orð af hennar hálfu á þessu þingi er sagt um þetta mál, samráð við þingflokka sína í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir. Bið ég með að greina frá þeim endanlegu niðurstöðum þar til slíkt samráð hefur átt sér stað.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður, en vil þó nota tækifærið, meðan hæstv. forsrh. er staddur í d. og hæstv. dómsmrh., og vitna örstutt í þátt sem ég sagði frá í gær að ég hefði tekið upp og ætti vélritað handrit af. Í þeim þætti segir m. a. svo, með leyfi forseta, Magnús T. Ólafsson talar:

„Það er orðið mjög aðkallandi að breyta sjálfu kosningafyrirkomulaginu, svo að allir kjósendur fái aukinn rétt til þess að velja sína þm., og ég vildi að þessi einhugur, sem er við þetta borð, yrði til þess að þetta mál kæmist á rekspöl þegar á næsta Alþ., svo að við gætum kosið eftir nýjum kosningalögum, sem gefi hverjum kjósanda aukinn rétt, þegar kjörtímabilið rennur út næsta vor."

Spyrjandi: „Já, í framhaldi af þessu ætla ég að spyrja að því, hvort þessi einhugur, sem hér er, muni leiða til aðgerða."

Hæstv. forsrh., Geir Hallgrímsson, svarar svo: „Ég tel alveg sjálfsagt að taka þetta mál til meðferðar og hef raunar litið svo á, að þetta mál væri til meðferðar í stjskrn. Þó sú breyting, sem við erum að tala um hérna, sé í byrjun aðeins breyting á kosningalögum, og við erum að reyna að ná þessu markmiði, sem við erum sam-

mála um, að efla tengsl milli kjósenda og umbjóðanda hans á Alþ., þá eru það einnig ýmsar leiðir, sem liggja í þá átt, en kosta þá og þarfnast breytinga á stjskr. Við þurfum að vega og meta hinar ýmsu leiðir, og ég tel ekki unnt að slá því föstu, hvort við náum fram breytingum á kosningalögunum á þessu þingi, fyrr en við lítum á málið í heild. Ég fyrir mitt leyti vil stuðla að því, að ítrekaðar umr. fari fram um það, hvort unnt er að breyta kosningalögunum í þessa átt sem við allir viljum."

Síðan tekur fyrirspyrjandi til máls og fleira blandast inn í, en hæstv. dómsmrh. svarar svo: „Það er hugsanlegt að gera ýmsar breytingar á kosningalögunum án þess að stjskr. sé breytt, og þ. á m. hef ég gert ráð fyrir því, að það yrði tekið til athugunar í vetur, hvort hægt væri að koma fram breytingum í þessa átt, sem menn hafa verið að koma fram með hugmyndir um, að reyna að gera kjör persónulegra. Það er það sem menn sakna, eftir að stofnað var til þessara fjölmennu kjördæma og horfið frá einmenningskjördæmunum, að samband milli þm. og kjósenda sé ekki eins persónulegt og áður. Og ég álít að það sé mjög æskilegt að reyna að gera þetta persónulegra. Til þess eru vissulega ýmsar leiðir."

Svo er rætt um fleira og fyrirspyrjandi spyr ýmissa spurninga á milli, en Benedikt Gröndal fær orðið og segir: „Vill ríkisstj. hafa frumkvæði um viðræður milli flokkanna um þetta?" þ. e. a. s. að breyta kosningalögunum og auka lýðræði í landinu.

Hæstv. dómsmrh. svarar: „Ja, ætlast menn ekki alltaf til þess, að ríkisstj. hafi frumkvæði um alla hluti?"

Og Benedikt þakkar fyrir það, en hæstv. forsrh. svarar: „Mér sýnist mjög eðlilegt, að viðræður fari fram milli flokkanna og að svo miklu leyti sem stjskrn. fjallar ekki um þetta, þá sé einnig fjallað um það utan stjskrn."

Það kom fram núna í svari hæstv. forsrh., að rólega hefur gengið í þessu máli, en hann er sama sinnis og hann sagðist vera í haust. Hann er hlynntur þessum breytingum, hæstv. forsrh., að mínu mati. Það, sem hefur komið þessu máli af stað aftur af hálfu þm., er að það hefur — skilst mér og fleirum — eiginlega ekkert gerst og menn eru óþolinmóðir og vilja hreyfa við málinu. En samkv. því, sem sagt var utan dagskrár í ræðu sem ég þarf ekki að rekja, því að hún er í 1. hefti Alþt., þá var gefið fyrirheit í framhaldi af þessum ágæta þætti, sem var í sjónvarpinu rétt áður en þing kom saman, um að eitthvað mundi ske.

Allir eru sammála um að það þurfi ítarlegar umr., og það megi ekki rasa um ráð fram, og hæstv. forsrh. nefndi ein þrjú atriði, sem veigamest eru og mikilvægast að menn nái samstöðu um. Ég tel og margir fleiri, að ekki þurfi annað en breytingu á kosningalögunum. Í frv. mínu eru tveir þættir, en hann nefndi aðeins fyrri þáttinn, þ. e. a. s. 5%-töluna, til að tryggja ákveðnum hóp manna, sem nú getur orðið 6—7 þúsund manns, fulltrúa á Alþ. Ef það er ekki áhugi á auknu lýðræði í þá átt, þá má segja að lýðræðið stansi við túnfótinn hjá ýmsum. Það er ekkert við því að segja, þeir eru frjálsir að hafa þá skoðun, en miðað við allt tal um aukið lýðræði og aukin áhrif í þessu landi, þá er eðlilegt að menn geri meira en tala og gefa yfirlýsingar — það er þess vegna sem umr. hefjast um þessi mál nú, þó að seint sé. Menn hafa hugleitt þessi mál lengi, svo að þeir ættu að vita hvað þeir vilja í þessu efni. Ef það er bundið við einstakar persónur sem eiga að fara inn á Alþ. — það þarf ekki að vera bundið við einstakar persónur sem kjósendur, þá er lýðræðið ekki mikils virði. Það er þess vegna, sem við viljum ýta á eftir þessu nokkrir þm., raunar úr öllum flokkum. Ég harma hve seint hefur gengið að aðhafast eitthvað í málinu.

Ég legg til í frv. mínu, að tölur ráði úrslitum í samræmi við það sem allir telja rétt, að aukin áhrif í lýðræðisátt skipi mönnum inn á Alþ. Hins vegar skal ég fúslega fallast á, að það er engan veginn mögulegt að veita þéttbýlisstöðunum — tökum t. d. þrjú kjördæmi: Reykjavík, Reykjaneskjördæmi og Norðurl. e. — það mikinn rétt, að hann verði einn á móti einum, ef svo má segja, á móti hinum svæðunum. Mér dettur það ekki í hug. Hann mætti vera einn á móti tveimur, jafnvel aðeins rýrari að mínu mati. Ég er alveg til viðræðu um það. En að hann þurfi að vera þrisvar, fjórum og jafnvel fimm sinnum meiri en í tveimur eða þremur kjördæmum annars staðar nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það eru lýðræðisréttindi í landinu, sem við viljum í heiðri hafa, og hæstv. forsrh. sagði áðan: Ljóst er að endurbætur á kosningafyrirkomulagi eru nauðsynlegar. — Undir þetta taka landsmenn. Ég leyfi mér að vitna í grg. í frv. mínu, í orð hæstv. núv. dómsmrh. um það, hvað sé eðlilegt að laga í þessu efni. Ég efast ekki um að sá ágæti maður er á þessari skoðun, þó hann skipi ráðherraembætti í dag í þessum málum. Það verður eitthvað að aðhafast. Það er engin afsökun að mínu mati, þegar menn eru búnir að hugleiða þessi mál svona lengi, að ekki sé hægt að gera eitthvað á tveimur eða þremur vikum, þó að það séu síðustu vikur þingsins. Það er eitthvað annað, sem stöðvar lýðræðið í landinu. Það er þá persónuleg afstaða til einstakra manna sem ræður úrslitum, en ekki til fólksins í landinu. Og það er ömurlegt, ef slíkt á að ríkja á hv. Alþ. á því herrans ári 1978.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þar sem ég vonast til að mæla fyrir frv. mínu nú á eftir, þá ætla ég ekki að segja mikið núna, en ég vildi í tilefni af þeim orðum, sem féllu áðan, taka það fram, að mér finnst í sjálfu sér, að frv. mitt sé ekki illa undirbúið og það sé í raun og veru eina málið af þessum, sem hægt sé að samþykkja núna. Við skulum gera okkur það ljóst, að þó frv. yrði samþ. á þessu þingi hefur það ekki lagagildi fyrr en það hefur verið samþ. á öðru þingi, og í millitíðinni gefst ríkulegur tími til að rannsaka kosti þess og galla. Með samþykkt þess frv. mundi vera komið mjög til móts við lausnina á vægi atkv. á þann veg, að bæði kjördæmin, Reykjaneskjördæmi og Suðvesturlandskjördæmi, mundu hafa fleiri íbúa en nokkurt annað fimm manna kjördæmi í landinu eftir sem áður. Þetta út af fyrir sig sýnir, hve gífurlegt misrétti er þarna orðið og hversu mikil þörf

er á að lagfæra það. Með því að fjölga kjördæmakjörnum þm. í Reykjavík um tvo, þá er tekið tillit til þeirrar hættu sem litlir flokkar geta verið í, þ. e. a. s. að falla út af þingi, og þeim skapað mun meira öryggi en nú er. Hins vegar geri ég mér alveg ljóst, að svona mikil fækkun á uppbótarþm. hefur sínar afleiðingar. En það mundi án efa þýða, að hópar með kannske svipuð endanleg stefnumið mundu ekki bjóða fram í fjórum flokkum eða sex flokkum, eins og vel gæti komið fyrir og víða hefur komið fyrir. Þetta mundi vafalaust verða til þess að þjappa þeim saman og skapa þeim öflugra fylgi á þann hátt. Þess vegna lít ég svo á, að hreint ekki sé ástæðulaust að samþykkja þetta frv. Ég þarf reyndar að mæla fyrir því fyrst, en það mundi ekki vera annað. Nóg tækifæri yrðu til þess að rannsaka kosti þess og galla á milli þinga, því að sýnilegt er að ekkert kemur frá þeim nefndum, sem að þessu hafa unnið í 8 ár eða meira, og er það miður farið.

Ragnar Arnalds: Herra forseti: Ég verð að segja alveg eins og er, að harla lítið var að græða á svörum hæstv. forsrh. við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann áðan. Mér fannst satt að segja, að ræða hans áðan beindist fyrst og fremst að því að drepa kjarna þessa máls sem mest á dreif. Hann eyddi t. d. lögnum tíma í það í upphafi máls síns að reyna að telja þm. trú um að við Alþb.-menn hefðum engan áhuga á framgangi þessara mála, viðurkenndi að vísu að við hefðum flutt till. í þingbyrjun um skipun nefndar, en við hefðum ekki fengið hana afgreidda og væri það okkar sök, — við hefðum ekki fengið hana afgreidda úr n. Það þurfti ekki frekar vitnanna við um áhugaleysi okkar.

Að sjálfsögðu er það staðreynd málsins, að við höfum ýtt á eftir því, að þessi till. yrði tekin til afgreiðslu og samþykkt í þinginu. En það gildir hið sama um þetta mál okkar og svo fjöldamörg önnur mál, sem við höfum flutt í þinginu, og reyndar flestöll, að stjórnarþm. leggjast á þau og svæfa eftir gamalkunnum aðferðum, þannig að þau eru ekki teknir til afgreiðslu og n. skila ekki áliti sínu um þau, hvorki jákvæðu né neikvæðu. Við erum því hvað snertir þessa till. í nákvæmlega sömu klemmunni og í mörgum öðrum málum, að núv. þingmeirihluti virðist hafa einsett sér að afgreiða helst alls enga till., hvorki góða né vonda, sem frá núv. stjórnarandstöðuþm. kemur.

Hæstv. forsrh. gaf í skyn í ræðu sinni áðan, að þingfl. Alþb. hefði fengið tilmæli um að skipað yrði í viðræðunefnd flokkanna og því hefði raunverulega staðið á þingfl. Alþb. í þessum efnum í allan vetur. Ég get upplýst, að ég var kosinn formaður þingfl. Alþb. 25. nóv. s. l. og ég kannast ekki við að þingfl. hafi fengið ein eða nein tilmæli um að skipa menn í þessa nefnd. Við ræddum þetta mál einmitt í vetur á fundi, og þar sem ekkert lá fyrir um það, hvort heldur í þessari nefnd ættu að vera einn eða tveir fulltrúar, þá töldu við að ógerningur væri fyrir okkur að taka ákvörðun um það, hverjir yrðu í þessari nefnd af okkar hálfu. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh., úr því að hann er með fullyrðingar af þessu tagi, hvort hann geti upplýst mig um það, hversu margir nm. hafi átt að vera í þessari nefnd sem hann er að ræða um að samkomulag hafi verið um að skipa. Átti að vera einn maður frá hverjum flokki eða tveir menn frá hverjum flokki, eða áttu kannske að vera þrír menn frá sumum flokkum og tveir frá öðrum og einn frá þeim minnsta, eins og er í mörgum tilvikum? Mér þætti vænt um að hann upplýsti mig um það, hvernig fyrirkomulag þessara mála átti að vera. Hvaða ákvarðanir voru teknar um þetta efni, ef einhverjar voru, og hvenær þær voru teknar? Ég kannast ekki við að neinar slíkar ákvarðanir hafi verið teknar milli flokkanna. Það er einmitt af þeirri ástæðu sem við mættum, hv. þm. Lúðvík Jósepsson og ég, til viðræðna um þessi mál s. l. föstudag án þess að þingfl. hefði skipað nokkurn fulltrúa af sinni hálfu til viðræðna um þetta mál.

Í máli hæstv. forsrh. kom fram, að það virtist vera álit þingfl. Alþb., að ekki væri unnt að gera neinar breytingar, sem að gagni mættu koma, á reglum um úthlutun uppbótarþingsæta. Var að sjá að hann læsi þetta út úr þeirri samþykkt sem við höfum gert og ég gerði grein fyrir í upphafi þessara umr. Ég vil leiðrétta þennan misskilning. Það er ekkert í samþykkt þingfl. Alþb. sem bendir til þess, að við teljum með öllu útilokað að gera breytingu á úthlutun uppbótarsæta, svo að gagni megi koma. Það kemur hvergi fram. Það eitt hefur komið fram, að þær till. og frv., sem fram hafa komið um þessi efni, séu ófullnægjandi og raunar út í hött, geri ekki það gagn sem þeim er ætlað. Það er það eina sem liggur fyrir, en hvort einhverjar aðrar breytingar á ákvæðum laga um úthlutun uppbótarþingsæta gætu komið að gagni er mál sem við höfum ekki tekið afstöðu til og gerum væntanlega ekki fyrr en það mál hefur verið rætt meira og athugað betur.

Ég hef lýst skoðun minni á því við umr. um hliðstæð mál í þinginu í vetur, hvernig hyggilegast sé að leysa þessi mál, en ég viðurkenni að margar aðrar leiðir koma til greina og ég sé enga ástæðu til að fjölyrða um þessa persónulegu skoðun mína fyrr en þessi mál hafa verið rædd betur og menn hafa raunverulega skipst á skoðunum um það efni í viðræðum á milli flokkanna. Það er aðalatriði málsins, að skapaður sé einhver vettvangur til umr. og viðræðna milli flokkanna um þetta mál, því sá vettvangur er ekki til í dag. Stjskrn. var ætlað að vera sá vettvangur öðrum þræði, þó að ljóst væri að hún hefði um margt annað að fjalla og gæti því ekki einbeitt sér alveg sérstaklega að úrlausn þessara mála, en það er löngu orðið sýnt, að stjskrn. gegnir ekki því hlutverki sem henni var ætlað. Hún heldur svo sjaldan fundi, að ekkert útlit er fyrir að hún muni skila af sér í náinni framtíð. Ég get upplýst að það mun meira en ár liðið síðan seinasti fundur nefndarinnar var haldinn, og samtals hefur þessi nefnd ekki haldið nema 8 eða 9 fundi síðan hún var kosin árið 1972. Menn geta þá rétt ímyndað sér af þessum upplýsingum, að þess muni nokkuð langt að bíða, að hún skili endanlegum till. um þetta efni. Ef eitthvað á að þokast í þessum efnum

verður annaðhvort að endurnýja stjskrn. og gefa henni nýtt umboð og nýjan kraft eða setja sérstaka nefnd til að ræða þessi mál. Miðað við allar aðsttæður, þá er það till. okkar Alþb.-manna, sem fólgin er í samþykkt þingfl. sem ég gerði grein fyrir í upphafi þessara umr., að þetta verði gert, flokkarnir komi sér saman um að setja sérstaka nefnd til að ræða þessa hlið hugsanlegra stjórnarskrárbreytinga, því að ég lít svo á að engin nefnd sé enn starfandi um þessi mál. Eg lít ekki svo á, að sá hópur, sem kom saman til að skiptast á skoðunum í 40 mín. um þessi efni s. l. föstudag, sé formleg nefnd af hálfu stjórnmálaflokkanna, því ég veit ekki til þess að nokkurn tíma hafi verið ákveðið hversu margir ættu að sitja í þessari nefnd, hve margir af hálfu hvers flokks.

Ég verð svo að láta í ljós óánægju mína með það, hve lítið var að græða á svörum hæstv. forsrh. I ljós kom í máli hans, að ríkisstj. hefur eftir fund sinn í morgun ekkert til málanna að leggja og því miður var ekki hægt að greina neina sérstaka afstöðu hæstv. forsrh. til þeirrar till. sem við höfum lagt fram, á þessu stigi málsins. Hann mælti ekki beinlínis á móti þessari till. okkar, en ekki heldur með henni. Það kann að vera ástæðan, að hann vilji ræða það mál betur við þingflokk sinn, og er þá hugsanlega von á því að skýrari afstaða liggi fyrir innan tíðar. Ef hins vegar ekki tekst neitt samkomulag milli flokkanna um skipun nefndar af þessu tagi, þá getur vel komið til mála að við Alþb.-menn flytjum um það sérstaka till. í þinginu, svo að á það reyni.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning sem kom fram í máli hv. 5. þm. Norðurl. v. þegar hann ræddi áðan um afgreiðslu á till. til þál. sem hann ásamt fleiri þm. Alþb. flutti í haust. Hann sagði að hún hefði ekki fengist afgreidd úr n., þrátt fyrir að Alþb. hefði rekið þar á eftir. Þessari till. var vísað til allshn. Sþ., ég man nú ekki hvenær það var. (Gripið fram í.) Já, það getur vel verið rétt, en ég minnist þess ekki að fulltrúi Alþb. í allshn. hafi rekið á eftir því, að hún væri afgreidd þar. Haldinn var fundur síðast í morgun í allshn. og hann minntist ekki á till. þá. Og ég held að segja megi að þar séu afgreiddar till. ef menn óska eftir því. Ef n. fellst ekki á þær, þá eru þær afgreiddar annaðhvort með rökstuddri dagskrá eða þeim vísað til ríkisstj. Ég held því, að þarna sé um misskilning að ræða.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins að láta það koma fram, að vera má að réttara hafi verið að skrifa þingflokkunum formlegt bréf og óska eftir útnefningu fulltrúa til þess samráðs sem ætlunin var að stofna til. Ég taldi eðlilegt, að við hér innan þingsala værum ekki með neina sérstaka skriffinnsku og þetta gæti gengið frá nm. til nm. Það kom skýrt fram í viðtali við hv. 5. þm. Vesturl. fyrir allmörgum vikum um þessi nefndarstörf, að ætlunin væri að tveir fulltrúar frá hverjum flokki störfuðu að þessum viðræðum, og ég taldi mig þá hafa bent honum á leið til þess að þær viðræður ættu sér stað.

Varðandi það, hvernig á að standa að þessum málum í framtíðinni, þá er ég eindregið þeirrar skoðunar að endurnýja beri stjskrn. og ganga á eftir því, að hún skili áliti, fyrst og fremst að því er snertir kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag og varðandi þær aðrar breytingar sem brýna nauðsyn ber til að gera á stjskr. Ég vil endurtaka og ítreka, að ég tel að slíkum breytingum verði að vera mjög í hóf stillt og þær verði að vera mjög vandaðar. Við eigum ekki að setja nýja stjórnarskrá, sem segir fyrir um öll möguleg og ómöguleg tilvik mannlegra samskipta, enda hefur sú stjórnarskrá sem við búum nú við, dugað okkur að mörgu leyti merkilega vel, ef undan eru skilin ákvæði hennar um kosningafyrirkomulag, sem eðli málsins samkv. hlýtur að verða að endurskoða með ákveðnum hætti og vissu millibili.

Hitt vil ég líka segja sem mína skoðun, að samhliða starfi stjskrn. er eðlilegt og sjálfsagt að viðræðunefnd flokkanna með tveimur fulltrúum frá hverjum flokki ræði málin. Úr því það hefur ekki tekist að koma þeim viðræðum af stað er ekkert á móti því af minni hálfu að það sé gert og því haldið áfram og það sé undirbúningur m. a. að því, að stjskrn. skili till. í þessum efnum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Vegna þess að hæstv. forsrh. komst svo að orði áðan, að hann teldi rétt að endurnýja stjskrn., þá vil ég leyfa mér að spyrja hann fyrir forvitni sakir, hvort hann eigi við að hún verði endurkjörin eða hvort hann eigi við að henni verði gefinn endurnýjaður lífsþróttur, þessari sömu nefnd. Mér finnst nauðsynlegt að þetta komi skýrt fram, við hvort hann átti, en hitt er augljóst mál að annað hvort þarf að koma til, ef eitthvað á að koma út úr þessum nefndarstörfum. Að öðru leyti hef ég ekki miklu við að bæta, en vildi eindregið mælast til þess við hæstv. forsrh., án þess að við förum að eyða enn frekari tíma í orðaskak um liðna tíð, að hann hugi vel að því í þingflokki sínum, hvort ekki er vilji fyrir því, að viðræðunefnd flokkanna verði komið á laggirnar með formlegum hætti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef hlýtt á mál manna um réttlæti, og það leiðir hugann að því, hvort það eina réttlæti, sem sé að slást um, sé atkvæðisréttur á Íslandi eða hvort lýðræðisleg réttindi beri að skoða í víðara samhengi. Eg persónulega tel, að lýðræðisleg réttindi beri að skoða í víðara samhengi, skoða beri allt kerfið, samskipti þings og þjóðar og stjórnar og þjóðar.

Mér virðist að sú þróun, sem átt hefur sér stað hér á Íslandi, að við þróumst mjög ört frá landi hinna dreifðu byggða til borgríkis, leiði hugann að því, hvort á undanförnum árum hafi verið gætt fulls réttlætis á öðrum sviðum. Ég held líka að hinar tíðu umr. um það, hvort veita beri þessu sveitarfélaginu eða hinu kaupstaðarréttindi, leiði hugann að því, hvort ekki sé sanngjarnt og kannske með stærri réttlætismálum að öll sveitarfélög á Íslandi sitji við sama borð lagalega séð, en sumum sé ekki ætlað að vera forgangssveitarfélög — sveitarfélög sem eigi að

ráða sínum eigin málum að miklu leyti sjálf, en svo séu önnur sem eigi að eiga það undir þinginu, hvernig mál þróast að mörgu leyti.

Ég tel að þær umr., sem hér eru hafnar, verði trúlega vegvísir á þeirri leið, að farið verði út í að breyta þeirri kjördæmaskipan, sem nú er, eða þeirri skipan uppbótarþingsæta. En mér fannst það athyglisvert, sem kom fram í ræðu 1. landsk. þm., að það er kannske þungamiðjan í því, þegar sú breyting verður framkvæmd, að þá verði ekki hugsað um hagsmuni einstakra manna eða einstakra flokka, eins og málin standa þá. Og mér þætti vænt um ef hliðsjón yrði höfð af þeirri þróun, sem átt hefur sér stað á Íslandi á því tímabili sem við höfum haft sjálfstæði, horft yrði á hana í heild og metið af félagsráðgjöfum eða öðrum þjóðfélagsfræðingum, hvort hlutur þéttbýlisins hefur verið fyrir borð borinn í stjórnunaraðstöðu á þessu landi.

Þinglýsingalög, frv. (þskj. 313, n. 538, 539). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur á nokkrum fundum sínum fjallað um frv. til laga um þinglýsingar. N. varð sammála um afgreiðslu málsins, en við lokaafgreiðslu voru raunar tveir af nm. ekki viðstaddir, en höfðu þó áður látið í ljós samþykki sitt við frv.

N. flytur á sérstöku þskj. 539, brtt. Þessar brtt. varða einungis bifreiðar. Í aths. við VI. kafla frv. til þinglýsingarlaga kemur fram, að ekki hafi þótt tímabært að ákveða tilhögun á þinglýsingu eignarréttinda yfir bifreiðum meðan óséð væri, hvernig till. um breytingu á skipan bifreiðaskráningar reiddi af. Hins vegar séu gildar ástæður til að láta sömu reglur gilda um bifreiðar og um skráningarskyld skip minni en 5 rúmlestir, sem fjallað er um í VI. kafla, eins og einnig hafði verið gert ráð fyrir í fyrri frv. Till. um breytingar á skipan bifreiðaskráningar hafa ekki verið lagðar fram á yfirstandandi þingi og er þess vegna óhjákvæmilegt að miða við óbreytt ástand, ef afgreiða á þinglýsingarfrv. Brtt. þær, sem hér eru fluttar, eru í samræmi við þá skipan sem gert var ráð fyrir í fyrri frv. Er þannig gert ráð fyrir því, að þinglýsingu á eignarhafti á bifreiðum fari með sama hætti og eignarhaft á skráðum skráningarskyldum skipum minni en 5 rúmlesta. Um önnur ökutæki, þ. á m. óskráðar bifreiðar og bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól, dráttarvélar og tengi- og festivagna gilda þá reglur VII. kafla laga um lausafé almennt.

Samkv. þessu verður eignarhafti á bifreið þinglýst hjá dómara þar sem bifreiðin er skráð. Við umskráningu milli umdæma ber þinglýsingardómara að senda skjöl til dómara í hinu nýja umdæmi. Þinglýsingardómari fær þá vitneskju um skráningu annaðhvort frá skráningarstjóra, getur verið sama embættið, þ. e. bæjarfógetar og sýslumenn, eða með tilkynningu bifreiðareigenda, svo sem nú er algengast, t. d. í Reykjavík. Um þetta mætti ákveða nánar í reglugerð.

Mér þótti rétt að gera þessa grein fyrir brtt., sem er eins og ég áður gat um — einungis um þinglýsingar bifreiða.

Þeir Gaukur Jörundsson prófessor og Þorleifur Pálsson deildarstjóri í dómsmrn., sem unnu að samningu frv., komu báðir á fund n., skýrðu efni frv. og svöruðu ýmsum spurningum sem nm. lögðu fyrir þá.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, er — eins og áður hefur verið getið um — samið af Gauki Jörundssyni prófessor og Þorleifi Pálssyni og er að miklu leyti samið eftir frv., sem þeir dr. Ármann Snævarr og Ólafur A. Pálsson sömdu og fyrst var lagt fyrir á 78. löggjafarþingi, árið 1958—1959, og síðar tvisvar með nokkru millibili án þess að frv. næði fram að ganga. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. dómsmrh. á sínum tíma, miðar þetta frv. að því fyrst og fremst, að greiðar og öruggar upplýsingar megi fá um réttindi yfir fasteignum og að reglur um réttaráhrif þinglýsinga séu sem skýrastar. Frv. miðar fyrst og fremst að því að koma í veg fyrir að mistök af einu eða öðru tagi komi fyrir í sambandi við þinglýsingar og enn fremur að því að gera framkvæmd þinglýsinga nútímalegri en nú er, færa þá vinnu, sem er í kringum þinglýsingar, í nútímalegra horf.

Þessu frv. fylgja svo níu frv. til breyt. á jafnmörgum lögum. Eru þessi frv. og þessar breyt. í beinum tengslum við frv. um þinglýsingar.

Ég tel ekki ástæðu til. að ég hafi fleiri orð um þetta frv., og ekki ástæðu til þess að kynna sérstaklega eða í löngu máli breytingar á þeim öðrum lögum sem er lagt til að breytt sé.

Ég tel þá ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
14.—19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
20.—39. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
40.—42. gr. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 539,1 (ný fyrirsögn VI. kafla) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 539,2 (ný 43. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 539,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

44. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 539,4 (ný 45. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

46. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 539,5 (ný fyrirsögn VII. kafla) samþ. með 12 shlj. atkv.

47.—48. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
49.—50. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 539,6 samþ. með 12 shlj atkv.

51. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
52.—55. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 314, n. 540). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til laga um breyt. á jarðalögum nr. 65 31. maí 1976 og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Ástæðulaust er að hafa fleiri orð um þetta, en þessi breyting er í beinu framhaldi af breytingu á lögum um þinglýsingar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 315, n. 541). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum og varð sammála um að mæla með að frv. yrði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu þess voru Halldór Ásgrímsson og Eggert G. Þorsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Bæjanöfn, frv. (þskj. 316, n. 542). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Um þetta frv. er það sama að segja og þau sem hafa komið hér á undan. Allshn. hefur rætt frv. og mælir með að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Kyrrsetning og lögbann, frv. (þskj. 317, n. 543). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. mælir með því, að frv. til l. um breyt. á lögum um kyrrsetningu og lögbann verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Landskipti, frv. (þskj. 318, n. 544). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Nauðasamningar, frv. (þskj. 319, n. 545). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. það sama er að segja um þetta frv., að ekki varð ágreiningur um það í allshn. Leggur n. til að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Landamerki, frv. (þskj. 320, n. 546). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra foseti. Allshn. ræddi frv. þetta. Ekki kom fram ágreiningur í n. um afgreiðslu þess og leggur n. til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Aðför, frv. (þskj. 321, n. 547). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. mælir með því, að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 322, n. 548). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. ræddi þetta frv. eins og þau önnur sem hér hafa gengið á undan. Ekki varð ágreiningur um afgreiðslu þess og mælir n. með að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Verðlagsráð sjávarútvegsins, frv. (þskj. 420). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 571).

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 421). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 572).

Umferðarlög, frv. (þskj. 530). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 531). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 511). — 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 511 leyfi ég mér að bera fram frv. til laga um breytingu á stjórnarskipunarlögum. Um er að ræða breytingu á 31. gr. stjórnarskrárinnar, sem mundi hljóða svo að breytingunni samþykktri:

„Á Alþingi eiga sæti 60 þjóðkjörnir þm., kosnir leynilegum kosningum, þar af:

a) 30 þm. kosnir hlutbundinni kosningu í 6 fimm manna kjördæmum:

Suðvesturlandskjördæmi: Garðakaupst., Kópavogskaupstaður, Seltjarnarneskaupstaður, Kjósarsýsla.

Vesturlandskjördæmi: Borgarfj.sýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.

Vestfjarðakjördæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafj.sýsla, Strandasýsla.

Norðurlandskjördæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

Austurlandskjördæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Eskifjarðarkaupstaður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

Reykjaneskjördæmi: Hafnarfjörður, Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður, Njarðvíkurkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður.

b) 12 þm. kosnir hlutbundinni kosningu í tveim 6 manna kjördæmum:

Norðurlandskjördæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.

Suðurlandskjördæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

c) 14 þm. kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík.

d) 4 landskjörnir þm. til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu við almennar kosningar.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára. Á hverjum framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri menn en kjósa á í því kjördæmi, og skulu varamenn, bæði fyrir kjördæmakosna þm. og landsk., vera svo margir sem til endist á listanum."

Breytingarnar fela það í sér, að kjördæmum yrði fjölgað úr átta í níu.

Reykjaneskjördæmi yrði skipt í tvö kjördæmi: Reykjaneskjördæmi, þ. e. Hafnarfjörð og byggðarlögin þar fyrir sunnan, og Suðvesturlandskjördæmi, þ. e. Garðabæ, Kópavog, Seltjarnarnes og Kjósarsýslu. Þessi kjördæmi eiga að hafa 5 þm. hvort, þannig að kjördæmin með 5 kjörnum þm. yrðu 6 í stað 5. Þrátt fyrir þessa skiptingu Reykjaneskjördæmis yrðu nýju kjördæmin fjölmennustu 5 þingmannakjördæmin í landinu. Íbúafjöldinn eftir breytinguna í 5 þingmannakjördæmunum yrði þá þessi: Reykjaneskjördæmi með 24 350 íbúa. Suðvesturlandskjördæmi með 23 052 íbúa, Vesturlandskjördæmi með 14 077 íbúa, Vestfjarðakjördæmi með 10 187 íbúa, Norðurland vestra með 10 304 og Austurland með 12 083.

Þriðja breytingin yrði sú, að kjörnum þm. Reykjavíkur yrði fjölgað úr 12 í 14.

Fjórða breytingin er sú, að uppbótarþm. verða 4 í stað 11.

Með þessum breytingum næst mjög aukinn jöfnuður í vægi atkv. á milli landshluta, þannig að á eftir úthlutun uppbótarþingsæta verður munurinn minni en 1:2 á vægi atkv. Íbúar á bak við hvern þm. verða svipaðir að fjölda í Reykjavík, Reykjanesi, Suðvesturlandi og Norðurl. e. Mjög þolanlegur mismunur verður á milli Reykjavíkur og Suðurlands, svo að aðeins verða þrjú fámennustu kjördæmin þar sem munurinn er verulegur.

Annmarki þessarar breytingar er sá að erfiðara verður að fá jöfnuð á milli flokka þar eð uppbótarsætum fækkar svo mjög. En tvennt ber að hafa í huga þegar um þetta atriði er rætt. Í fyrsta lagi, að sú óánægja, sem hefur verið undanfarin ár í vaxandi mæli, hefur verið einkum varðandi fjölda þm. í hverju kjördæmi og það, hve mismunur á fjölda íbúa á bak við hvern þm. er gífurlegur. Svo kemur það einnig til, að þessi till. tryggir betur en áður var þingsæti smæstu flokkanna, þar eð þm. í Reykjavík fjölgar úr 12 í 14, en það gefur nokkuð sterkari líkur til þess að fá mann á þing en áður var.

Yrðu þessar breytingar lögfestar mundu þær vafalaust hamla gegn klofningi flokka og framboðum í mörgu lagi, hópa sem hafa áþekkar grundvallarskoðanir í stjórnmálum. Annars er þörfin fyrir jöfnuð svo misjöfn frá kosningum til kosninga, að mjög erfitt er að segja fyrir um framtíðarþörfina.

Skipting Reykjaneskjördæmis í tvö kjördæmi er að ýmsu leyti æskileg, þótt horft sé fram hjá þeirri nauðsyn að jafna vægi atkv. Atvinnu- og félagsmál eru með nokkuð öðrum hætti í Hafnarfirði og þar fyrir sunnan en í byggðarlögunum umhverfis Reykjavík. Þetta hefur greinilega komið fram á sviði sveitarstjórnarmála. Nokkru eftir að Reykjaneskjördæmi var stofnað voru mynduð Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi SASÍR. Þau störfuðu allmikið lengi

vel og gera það reyndar enn. En nokkru síðar voru samt mynduð Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum í þeim tilgangi að vinna sérstaklega að málefnum sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrir nokkrum árum hætti svo Hafnarfjörður að taka þátt í samstarfi sveitarfélaganna. Þetta sýnir ljóslega, að þarfir og hagsmunir sveitarfélaga á Reykjanesi eru mjög breytileg.

Ég vil svo leggja áherslu á það, sem við vitum allir að sjálfsögðu, að þó að þetta frv., sem hér er til umr., yrði samþykkt á þessu þingi, þá hefði það ekkert lagagildi fyrr en það hefði verið samþykkt á þingi eftir næstu kosningar. Samþykkt þess nú mundi því engu breyta fyrirkomulagi og framkvæmd kosninganna í vor, en samþykkt þess mundi tryggja Reykjavík og Reykjanesi bætta stöðu á þessu sviði í kosningum sem fram færu eftir mitt ár 1978.

Að sjálfsögðu er þetta frv. og önnur þau um svipað efni, sem fram hafa verið lögð nú síðustu dagana, fram komið svona seint vegna þess að þm. biðu eftir umbótatill. frá stjskrn. Af ræðum forustumanna stjórnmálaflokkanna í haust og vetur varð ekki annað ráðið en allir hefðu hug á því að leiðrétta þann óhóflega mun á vægi atkv., sem nú er og hefur farið vaxandi undanfarið. Vonir okkar brugðust og þrátt fyrir áralangt starf hinna mætustu manna í stjskrn. bólar ekki á árangri af störfum þeirra.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta geta verið fá orð. Þessi mál hafa verið til umr. í dag í hv. Ed. og þarf ég því litlu að bæta við það sem þar hefur komið fram af hálfu okkar Alþb.-manna. Það er eflaust rétt hjá hv. flm., að menn hafa reiknað með því, einhverjir a. m. k., að eitthvað yrði gert í þessum efnum nú fyrir þinglok, en varla þó af hálfu stjskrn., heldur í fyrsta lagi af hálfu þeirrar ríkisstj., sem hv. þm. styður og raunar allir þeir þm., sem eru á frv. til l., sem liggur frammi í Nd., einnig um breytingar á lögum um kosningar til Alþ. Virðist vera að þeim hafi sóst illa róðurinn og þunglega að koma sinni ágætu ríkisstj. af stað í þeim efnum.

En hvað sem um það má segja, þá er mér auðvitað ljóst að nauðsynlegt er, eins og fram kom í áliti okkar, að endurskoðun fari fram á þessum málum, og að visst misvægi þarf að leiðrétta, t. d. misvægi sem skapast hefur frá því að síðasta kjördæmabreyting var gerð. Það misvægi, sem skapast hefur í þessu efni, sem ég tel nauðsynlegast að leiðrétta, ef farið er út í almenna endurskoðun, hlýtur að vera það misvægi sem skapast hefur síðan síðasta kjördæmabreyting náði fram að ganga, síðan 1959. Og þá er auðvitað ljóst, að aðalvandamálið í því efni er varðandi Reykjanes. Þetta frv. er ólíkt geðfelldara hvað það snertir en frv. í Nd., að það gerir þó beinlínis ráð fyrir því, að misvægið gagnvart Reykjanesi verði leiðrétt. Það er hins vegar ljóst af því, sem kom fram í umr. í dag, að frv. í Nd. getur haft gagnstæð áhrif og getur í mörgum tilfellum verið alveg í gagnstæða átt, og ég efast ekki um að frv.-flutningur af hálfu hv. þm. Odds Ólafssonar stafar einmitt af því, að honum hefur verið ljóst að frv. flokksbræðra hans og kjördæmismanns eins úr Reykjaneskjördæmi í Nd. gat leitt til þess, að enn væri aukinn hlutur Reykjavíkur einnar en Reykjaneskjördæmi bæri jafnvel skarðari hlut frá borði en það gerir í dag. Þess vegna hefur hv. þm. farið þessa leið. Ég efast ekki um að sú sé aðalástæðan, því að hann hefur áreiðanlega reiknað sitt dæmi til enda. En greinilegt er að svo mikið hefur þeim kumpánum legið á í kapphlaupinu þarna í Nd., að þeir hafa alls ekki reiknað neitt dæmi áður en þeir lögðu frv. sitt fram, þrátt fyrir það sem þeir eru svo aftur að benda á í lok grg. sinnar, kjósendafjölda að baki hverjum þm. Þeir hefðu þá átt að skoða dæmið svolítið nánar og líta lengra til baka. Þó viðurkenni ég að ekki er einhlítt að líta til baka í þessum efnum, vegna þess að því lengra sem við förum til baka, því minni verður vitanlega hluti Reykjaness, af þeirri ástæðu, að þá var þar lægri prósenttala landsmanna en er þar nú. Ég geri þess vegna ráð fyrir því, að sá samanburður, sem við höfum stundum verið að gera í þessu efni, gæti að öllu óbreyttu orðið jafnhagstæður Reykjanesi og Reykjavík í framtíðinni. Svo kann vel að fara, ef þróunin verður sú, að Reykjavík stendur í stað, en aftur í Reykjaneskjördæmi fjölgar svo sem hefur gert.

Ég held að það fari ekki milli mála, að þetta sé það sem er nauðsynlegast að leiðrétta, þarna hafi orðið mest misræmi frá því sem var þegar síðasta kjördæmabreyting var gerð 1959. Ég get hins vegar tekið fyllilega undir það með hv. þm. Ólafi Þórðarsyni, sem kom mjög glögglega inn á það áðan, að taka þyrfti fleira inn í þessa mynd en kosningarréttinn einan. Ég held að inni í þessa athugun þurfi að koma, eins og hann benti á athugun á réttlæti í miklu víðari skilningi og aðstöðu allri.

Það fer auðvitað ekki milli mála, að Reykjavík hlýtur að njóta ótvíræðs hagræðis af aðstöðu allri til áhrifa á stjórnsýsluna, að Alþ. situr þar, að ríkisstj. situr þar, að helstu stjórnarstofnanir eru þar. Ég held að mönnum detti yfirleitt ekki í hug að Reykjavík eða Stór-Reykjavíkursvæðið í heild hafi verið afskipt, það hafi verið farið svo illa með íbúa þar sem er að dómi sumra manna sem um þetta tala mest, þegar við lítum á búsetuþróunina á s. l. árum. Hvað í ósköpunum hefur blessað fólkið verið að sækja í, ef það hefur verið að sækja stöðugt í óréttlæti, verri aðstöðu eða að verða eins konar vinnudýr fyrir landsbyggðina, eins og heyrðist í umr. á Alþ. ekki fyrir löngu? Það er slæmt að sá hv. þm. skuli ekki vera viðstaddur sem hafði þessi ummæli.

Það er ólíkt okkur Íslendingum að sækjast eftir þessu, sækjast eftir því að búa við órétttæti og sækjast eftir því að verða vinnudýr fyrir aðra. Ég held að það fari ekki milli mála, að þessi búsetuþróun sýni að einmitt hér hafa menn haft í mjög mörgu og flestu besta aðstöðu í hvívetna, ekki síst hvað það snertir, sem við úti á landsbyggðinni teljum oft mestu máli skipta í öllu, félagslega, menningarlega og heilbrigðislega þjónustu.

Það er svo rétt, að Suðurnesjasvæðið hefur verið nokkuð afskipt. Það er sumpart stjórnmálaflokkunum að kenna, vegna þess að Suður-

nesjamönnum virðist hafa gengið illa að komast hátt á framboðslistum stjórnmálaflokkanna í þessu kjördæmi. En hitt er annað mál, að Suðurnesin búa við sérstöðu sem ég vildi gjarnan taka tillit til. Að því leyti til væri engin fjarstæða að þau hefðu þarna vissa sérstöðu gagnvart því að vera sérstakt kjördæmi. Þó vil ég ekki blanda mér í það, hvort Hafnarfjörður á að vera þar eða ekki. Það þykir mér óeðlilegt, en ég get ekki og vil ekki blanda mér í það.

Aðalatriði þessa máls, sem hér er komið inn á, er auðvitað það, sem hv. þm. Ragnar Arnalds kom reyndar inn á fyrr í dag, hvers eðlis uppbótarþingsætin eru. Til hvers eru uppbótarþingsætin? Þau eru til þess að auka jafnrétti milli stjórnmálaflokkanna, og það skiptir auðvitað miklu meiru í þessu máli en hitt, hvað t. d. Reykjavík með alla sína góðu aðstöðu hefur marga þm. Ég hefði t. d. verið miklu ánægðari ef hv. þm. Oddur Ólafsson hefði látið Reykjavík sitja uppi með sína þm. Þó að hann hafi gert grein fyrir því af hverju það hafi verið, að reikna þá með því að smærri flokkar hefðu meiri möguleika til að koma manni þar að, þá er ég — ef á að fara út í það að tryggja rétt þeirra — auðvitað ekki í neinum vafa um að ég mundi styðja frv. sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson hefur komið fram með. Það er bæði miklu meira öryggi í því fólgið, og það er í raun og veru sjálfsagt sanngirnismál, að við einhverja lágmarksprósentu sé miðað, að ekki geti dottið dauð atkv., eins og hann benti réttilega á, jafnvel á milli 10 og 15 þús. atkv., án þess að hafa nokkurn fulltrúa á löggjafarþingi. Það er náttúrlega nokkuð sem er alveg útilokað og verður auðvitað ekki tryggt með þessu frv., en yrði þó tryggt með þeirri skipan sem hann lagði til. Ég held, að það atriði eigi að koma verulega vel inn í þessa endurskoðun, og vona, að svo verði. En hvað uppbótarþingsætin snertir, þá er auðvitað staðreynd að þau eru gerð til þess að skapa aukið jafnrétti milli stjórnmálaflokkanna. Og ég er ekki sáttur við það að fækka þeim úr 11 í 4, því að sannleikurinn er sá, að til þess að fullkomnum jöfnuði hefði átt að vera náð í síðustu kosningum milli flokka, sem þá náðu því að fá mann kjörinn, þá hygg ég, að þurft hefði að úthluta — ég reiknaði þá ekki nákvæmlega — 17 uppbótarþingsætum. Hefur þó oft verið meira, sem hefur þar þurft til. Ég held, að þurft hafi að úthluta 17 uppbótarsætum til að ná fullkomnum jöfnuði við þann flokk sem hafði fæsta kjósendur á bak við hvern sinn þm., þar sem var Framsfl. Að því leyti til hlýt ég auðvitað að lýsa andstöðu minni við þá hugmynd að minnka þetta jafnvægi milli stjórnmálaflokkanna. Það verður þá, ef þetta ætti að gerast, að finna einhverja aðra leið en þá sem þarna er farin, enda er eðli uppbótarþingsætanna eða eðli þeirrar skipunar einmitt að reyna að tryggja, þó að það hafi aldrei tekist, að stjórnmálaflokkarnir hafi fulltrúa á Alþ. í sem bestu samræmi við atkvæðafylgi sitt. En í því efni teldi ég líka, eins og ég tók fram áðan, að sú prósentutala, sem nefnd var, hvort sem það yrði hún eða einhver önnur, sem var komið inn á í frv. hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar, hún eigi hiklaust að koma þar inn í og það sé ekki sæmandi fyrir okkur, ef endurskoðun færi fram, að á eftir stæðum við áfram uppi með það ófremdarfyrirkomulag sem nú er, að 10—15 þús. manns í landinu með ákveðna stefnu, stefnumið og stefnumál hafi ekki aðstöðu til þess að koma fulltrúa inn á þing og þar með sjónarmiðum sínum á framfæri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 334). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð var lagt fram í Nd. Alþ. fyrr á þessu þingi og hefur hlotið afgreiðslu þar. Ég trúi, að frv. hafi verið samþ. óbreytt og afgr. þannig til þessarar hv. deildar.

Það er vissulega langt síðan áhugamenn um kvikmyndagerð tóku að hugleiða sérstakar aðgerðir til að greiða fyrir íslenskri kvikmyndagerð sérstaklega og jafnframt aðgerðir til að stuðla að söfnun og varðveislu íslenskra kvikmynda. Það hefur komið fram frv. í þessa stefnu á Alþ. og sérstök stjórnskipuð nefnd vann svo að undirbúningi þessa frv.

Ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir frv. í hv. Nd. og því fylgja einnig allítarlegar aths. Ég vil því stytta þessa framsögu nokkuð og leyfi mér að vísa til aths. og svo til þeirrar ræðu sem ég flutti í Nd. og þegar hefur verið prentuð í þingtíðindum. Ég vil þó víkja örfáum orðum að tveimur meginþáttum frv.

I. kaflinn fjallar um Kvikmyndasafnið og segir þar, að stofna skuli Kvikmynddasafn Íslands og það hafa aðsetur í Fræðslumyndadsafni ríkisins og starfa í tengslum við það, a. m. k. fyrst um sinn. Það þótti rétt að hafa þennan hátt á. Fræðslumyndasafn ríkisins hefur starfað í allmörg ár og hefur í raun og veru átt, eftir því sem það hefur getað komið við, að halda til haga íslenskum kvikmyndum. Það hefur verið svo um hríð og vaxandi, að húsnæði það, sem Fræðslumyndasafnið hefur yfir að ráða, er mjög af skornum skammti og aðstaða þess hefur verið mjög erfið. En mér þykir líklegt að úr því verði bætt innan tíðar, enda er það nánast óhjákvæmilegt satt að segja, aðstaðan er slík.

Höfuðviðfangsefni Kvikmyndasafnsins verður að safna íslenskum kvikmyndum og varðveita þær, en einnig kemur til greina að safna eftirgerðum af vönduðum erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi, eins og segir í frv. Þá eru ákvæði um að ríkissjóður kosti húsnæði og geymslurými fyrir kvikmyndirnar og veita skuli til þess sérstakt fjárframlag á fjárlögum. Þá er svo fyrir mælt, að Fræðslumyndasafn annist rekstur Kvikmyndasafnsins gegn hæfilegri borgun, og er gert ráð fyrir, að heimilt sé að ráða a. m. k. í hálfa stöðu einn sérhæfðan starfsmann vegna Kvikmyndasafnsins og yrðu honum greidd laun beint úr ríkissjóði. Þá er ákvæði um að greiða skuli til Kvikmyndasafnsins árið 1979 5 millj. kr. og svo árlegt framlag eftir því sem ákveðið verður á fjárl. Síðan er ákvæði um sérstaka stjórn Kvikmyndasafns-

ins, hvernig hún skuli mynduð, og ég fer ekki nánar út í það.

Mig langar hins vegar til þess að geta um það, rifja það upp, að á kvikmyndahátíð, sem haldin var í vetur, hafði ég þá ánægju að skýra frá því að börn Lofts Guðmundssonar ljósmyndara ætluðu að afhenda Kvikmyndasafni Íslands, þegar það yrði stofnað, tvær merkar myndir sem þessi ágæti ljósmyndari og kvikmyndatökumaður líka gerði á sínum tíma. Og ég vil einnig vekja athygli á mjög eftirtektarverðu framtaki áhugamanna, Sigurðar Sverris Pálssonar og fleiri raunar, í þá veru að safna og halda til haga íslenskum kvikmyndum. Þeir hófu þetta starf fyrir alvöru, vil ég segja, í fyrra, þó það væri raunar aðeins í hjáverkum. Þeir fengu lítils háttar styrk fram menntmrn. vegna þessara starfa og lögðu þá áherslu á að finna þessar gömlu myndir, skrásetja þær og komast í samband við fólk sem hefur þær með höndum. Nú hafa þeir haldið þessu starfi áfram. T. d. hefur verið fluttur sjónvarpsþáttur þar sem reynt hefur verið að vekja áhuga á þessu efni. En sannleikurinn er sá, að þarna er um mjög þýðingarmikið menningarsögulegt efni að ræða og er ákaflega lofsvert framtak að ganga í að halda því til haga sem enn er finnanlegt af gömlum myndum. Sigurður Sverrir hefur nýlega verið á ferð í Danmörku og var hann að grúska í þessu þar einnig, um leið og hann rak önnur erindi. Hann komst í samband við yfirmann kvikmyndasafnsins danska, sem var honum mjög vinsamlegur. Og þá komst hann á snoðir um að þar eru t. d. til tvær myndir gerðar af leikritum Guðmundar Kambans og þar er að finna mynd, frá 1906 trúi ég, af íslenskri þingmannanefnd sem fór þá miklu ferð til Kaupinhafnar. Og eins sagði hann honum, þessi safnstjóri, að í þessu safni væri töluvert af efni sem ekki hefði verið skýrgreint og flokkað, og hann vissi til að þar væri eitthvað af gömlum íslenskum heimildum. Og enn er eitt, sem Sigurður Sverrir heyrði þarna ytra, sem maður veit ekki sönnur á enn og þykir næsta ótrúlegt, en sýnir þó, hvað margt er til af eldri myndum, sem er náttúrlega feiknalegur fengur í að ná saman. Hann frétti að í Frakklandi væru til, mér liggur við að segja: fornar kvikmyndir frá Íslandi, jafnvel frá því fyrir aldamót. Og hann skýrði það þannig, að þá — á allra fyrstu dögum kvikmyndanna — hefði áhuginn verið svo mikill að menn hefðu farið út um allar jarðir til þess að taka myndir. Og náttúrlega liggur skýringin líka í því, að þá var mjög mikil starfsemi Fransmanna hér á Íslandi, heilar „nýlendur" sums staðar, bæði vestur á fjörðum og austur á fjörðum. Á einum stað á Austfjörðum var t. d. rekið sjúkrahús á vegum þeirra. Mér þykir þetta út af fyrir sig ekki ótrúlegt, en þetta er mjög merkilegt. Mig langar til að láta þetta koma fram við þessa umr. um þetta mál, einmitt um Kvikmyndasafnið, um leið og ég læt í ljós mikla ánægju yfir því, að menn skuli hafa sýnt þessu svona mikinn áhuga og séu þegar byrjaðir á því starfi sem Kvikmyndasafninu er síðan ætlað að taka við og vinna.

Hinn meginþáttur frv. er svo í II. kafla þess, þar sem fjallað er um Kvikmyndasjóð, en þar segir að hann skuli stofna með 30 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði árið 1979, en síðan skal greiða árlegt framlag til sjóðsins eftir því sem ákveðið verður í fjárlögum. Það er skemmst af að segja, að Kvikmyndasjóðnum er ætlað að styrkja íslenska kvikmyndagerð jöfnum höndum með beinum framlögum og svo með lánum til kvikmyndagerðar. Og þar er svo að sjálfsögðu að finna ákvæði um stjórn Kvikmyndasjóðsins og tengingu hans við Kvikmyndasafnið.

Ég skal svo ekki hafa öllu fleiri orð um þetta frv., herra forseti. Frv. sjálft er fremur fáort og ef að lögum verður, sem ég vona fastlega að geti orðið á þessu þingi, þá yrði þarna um rammalög að ræða, einföld í gerð, sem svo yrðu útfærð nánar í reglugerð. Í reglugerð yrði þá t. d. kveðið nánar á um samstarf Kvikmyndasafns og Fræðslumyndasafns, um úthlutun úr Kvikmyndasjóði, reikningshald o. fl.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til menntmn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna þessu frv. Ég vil vera svo bjartsýnn að óska hæstv. menntmrh. til hamingju með það að koma þessu máli í gegn og tek eindregið undir síðustu orð hans, að þetta verði að lögum nú á þessu þingi.

Það er ekki nýtt, að rætt sé um sjóð til að efla kvikmyndagerð á Íslandi og að koma upp vísi að kvikmyndasafni. Um þetta efni hafa komið fram frv. á fleiri en einu þingum. Við höfum nokkrir haft áhuga á því, að þetta mál kæmist í höfn, en jafnan hefur staðið á fé í þetta þarfa fyrirtæki.

Eins og hæstv. ráðh. greindi frá er þetta flókið mál, en það er jafnnauðsynlegt fyrir því. Þeir, sem hafa fylgst með kvikmyndagerð og þróun kvikmynda, hafa gert sér grein fyrir því, hversu mikið gildi það hefur að varðveita ýmsa atburði og geta sýnt þá ljóslifandi áratugum síðar. Ekki er minna um vert að varðveita filmur eins og gamlar bækur og gera þær aðgengilegar hverjum manni í geymslu, varðveislu og endurprentun.

Það er með ólíkindum hvað kvikmyndin getur sýnt og hvernig hún sýnir þjóðlifið breytast. Þar er kannske oflof að fara að segja frá því og varla viðeigandi, en ég byrjaði á þessu sem tómstundagrein 1960 og hef tekið margar myndir á litla vél og einnig á 16 mm vél — á litfilmur nú síðustu árin — við sjávarsíðuna. Á þessu stutta tímabili hefur orðið slík verkbylting, að menn mundu reka upp stór augu, eins og sumt var unnið t. d. við síldarvinnslu og alla móttöku og aðstöðu, þó að ekki væri farið nema 10—15 ár aftur í tímann. Þó að glögg bókarlýsing væri til af slíku, þá væri hún ekkert á móti því að sjá þetta ljóslifandi á filmunni og í litum. Sama má segja um það sem hefur verið gert á vegum vissra sveitarfélaga eða samtaka úti um landið. Stofnað hefur verið til kvikmyndatöku, sumt er leikið og sumt ekki, og menn fengnir til að sýna gamla búskaparhætti sem eru að hverfa meðal bjóðarinnar. Það er ómetanlegt að festa þetta á filmu og sjá hvernig fólkið starfaði, hvernig það klæddist og hvaða tæki það hafði í höndunum. Unga kynslóðin, sem nú er að vaxa

úr grasi, gerir sér bókstaflega ekki grein fyrir því hvað var að gerast fyrir tveimur til þremur áratugum. Hverjum hefði dottið í hug t. d., að fyrir 3—4 áratugum tíðkaðist mjög víða um landið að hver fiskur væri borinn á land úr bátum á sumum litlu stöðunum þar sem ekki voru hafnarskilyrði? Síðan bar fólkið þennan sama fisk á herðum sér til baka — saltaðan eða þurrkaðan — um borð í útskipunarbáta. Þetta stendur mér fyrir hugskotssjónum úr mínu plássi. Vissulega hefði verið lærdómsríkt og mikilvægt ef einhverjir hefðu verið svo framsýnir að festa slíka vinnutilhögun á filmu.

Nú er tæknin orðin svo mikil, að þó að margir hafi tekið á svokallaðar mjófilmur, 8 mm filmur og super-8 filmur, þá er hægt að endurgera það. Það mun kosta mikið fé og þrátt fyrir að við byrjum með 30 millj. kr. framlag vænti ég þess, að menn geri sér grein fyrir því, að til varðveislu þarf mun meira fé. Þetta er ekki stór upphæð núna og varðveislan mun kalla á mun stærri upphæð. Ég vænti þess, að í framtíðinni verði hægt að endurútgefa eða taka á ný með nútímatækni á betri geymslufilmur margt sem menn eiga í fórum sínum víða um land. Ég get t. d. sagt, að ég á 16 mm filmu bæði í svörtu og lit, af þeim einstæða atburði er Íslendingar reyndu að veiða og salta síld norður við Spitzbergen, fyrir 10 árum nákvæmlega. Slík tilraun mun sennilega aldrei verða endurtekin, en nokkrir bátar reyndu þetta, þá með misjöfnum og lélegum árangri. Svona má lengi telja. Ef menn aðeins vita að hægt er að gera og varðveita filmuna eins og bókina, þá held ég að margt muni koma í leitirnar. En það mun kosta nokkurt fé að gera það myndefni geymsluhæft og sýningarhæft.

Ég veit að mjög margir úti um allt land, sem hafa áhuga á að varðveita íslenska menningu, fagna þessu frv. Ég er viss um að hæstv. menntmrh. mun fá þakkir frá öllu þessu fólki úr öllum stéttum fyrir að koma þessu máli í höfn. Ég er mjög ánægður með að sjá framgang þessa máls nú á þessu þingi og vona að það eigi skiótan framgang í hv. Ed., því að hvað sem má segja um Nd.-menn í þessu efni, þá höfum við, held ég, verið heldur röskari að róa í þessu máli en Ed.-menn. Ég vænti þess, að menntmn. Ed. muni nú ekki láta skutinn eftir liggja, fylgi hæstv. menntmrh. vel og komi þessu ágæta frv. í höfn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um það fremur en 1. landsk. þm. að standa upp og lýsa yfir sérstakri ánægju með þetta frv. Að mínu viti er með því stigið spor, stórt spor til að tryggja að Íslendingar styrki grundvöll menningar sinnar. Eins og allir vita, höfum við löngum hælt okkur af því að eiga sögu — sögu frá þeim atburðum þegar land byggðist og sögu til okkar daga. Það er nú einu sinni svo, að hið ritaða orð hefur átt þó nokkuð mikið í vök að verjast, og fyrst og fremst eru það kvikmyndirnar, sem hafa tekið yfir. Ég vænti þess, að þetta verði til þess að menning Íslendinga standi fastari fótum og sú æska, sem er að vaxa upp í dag, muni komast í miklu nánari tengsl við það líf, sem lifað hefur verið í þessu landi. Eins og kom vissulega fram í ræðu hv. 1. landsk. þm., að það eru tímamót á svo mörgum sviðum í þjóðháttum okkar í dag, að þung ábyrgð er lögð á herðar þeirrar kynslóðar, sem lifir þetta tímamótaskeið, að sjá til þess að tengslin milli nútíðar og fortíðar í sögu þjóðarinnar rofni ekki.

Ég vil jafnframt geta þess, að þó að mér hafi fundist, eins og fleirum, að íslensk kvikmyndaframleiðsla væri misjöfn að gæðum þegar farið væri að setja á svið atburði, þá trúi ég því, að okkur muni vaxa fiskur um hrygg í þeim efnum og að þetta sé eitt af því sem e. t. v. geti í framtíðinni styrkt fjárhagsstöðu þessarar þjóðar. Við eigum ósnortið land með mikla möguleika til þess að stunda þar kvikmyndagerð, og ástæðulaust er að útlendingar plægi þann akur.

Ég vil svo að lokum óska menntmrh. til hamingju með að hafa lagt þetta frv. fram og vona að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 76. fundur.

Fimmtudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kaupstaðarréttindi Selfosskauptúns, frv. (þskj. 323). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LárJ, LJós, VilbH, MÓ, MB, ÓE, PJ, PS, SigurlB, SvH, TÁ, ÞS, BGr, EKJ, GilsG, GHG, GTh, IngJ, GHB, RH.

KP, SighB, StV, FÞ, GF, HES greiddu ekki atkvæði.

14 þm. (JSk, JónasÁ, MÁM, ÓlJ, PP, SvJ, VH, ÞÞ, EðS, EBS, GS, GuðlG, GÞG, IG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Búnaðarfræðsla, frv. (þskj. 367, n. 507). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Frv. til laga um búnaðarfræðslu, sem er á þskj. 367 og er til 2. umr. í hv. Nd., hefur verið í mörg ár til umfjöllunar hjá ýmsum aðilum, er sýnir að reynt hefur verið að vanda allan undirbúning að þessari lagasetningu eftir því sem tök eru á.

Það mun hafa verið á Búnaðarþingi 1971 sem kjörin var milliþinganefnd til þess að gera till. um, hvernig að því megi stuðla, að sem flestir, er hefja búskap í lok næsta áratugs, eins og þar segir, hafi fengið vissa lágmarksbúfræðimenntun. Mþn. skilaði ítarlegu áliti til Búnaðarþings 1972 og var það álit samþ. á því þingi shlj. Í febrúarmánuði 1971 skipaði hæstv. landbrh. 5 manna nefnd til að endurskoða lög og reglur um búnaðarmenntun í landinu og gera till. um tilhögun búnaðarmenntunar í framtíðinni. Till. skyldu miða að því, að í náinni framtíð hafi sem allra

flestir bændur landsins hlotið búnaðarmenntun, og í öðru lagi að háskólamenntun í búfræði verði efld og gerð svo fullkomin sem tök eru á. Í nefndina voru skipaðir skólastjórarnir Haraldur Árnason og Magnús B. Jónsson, en auk þeirra Hjörtur E. Þórarinsson bóndi á Tjörn, eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Jón Helgason bóndi í Seglbúðum, eftir tilnefningu Stéttarsambands bænda, Jónas Jónsson, þá aðstoðarmaður landbrh., var skipaður form. nefndarinnar.

Lög um bændaskóla eru frá 1963 og eru ekki stór í sniðum, t. d. segir svo í 17. gr., með leyfi forseta: „Við bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækja framhaldsdeild í búfræði. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð, sem ráðh. setur.“ Þetta er það eina í lögunum sem lýtur að framhaldsdeildinni á Hvanneyri, sem þó hefur nú starfað um 30 ára skeið. Í þessu frv. er III. kaflinn um þessa deild, sem nefnist búvísindadeild og útskrifar kandidata eftir þriggja ára nám. Auk þess gefst þessum kandidötum kostur á fjórða námsárinu og er það í sérhæfðu námi og rannsóknarþjálfun. Búvísindadeildinni er ákveðinn staður á Hvanneyri og á að reka hana í tengslum við bændaskólann. Þarna er um að ræða einu háskóladeildina sem starfar utan Reykjavíkur, en við skulum vona að í náinni framtíð komi fleiri háskóladeildir utan höfuðborgarinnar.

Nefndin, sem samdi frv., aflaði sér gagna um tilhögun landbúnaðarnáms á öllum Norðurlöndum og mun hafa sniðið þetta frv. eftir löggjöf þar að einhverju leyti. Frv. þetta er í fimm köflum.

I. kafli er um hlutverk, skipulag og stjórn. Í fyrsta lagi er ákveðið samkv. 3. gr., að landbrh. skipi búfræðslunefnd, sem skal marka stefnu í búfræðslumálum og samræma störf þeirra sem við þau fást. Er þetta nýmæli.

II. kaflinn er um búnaðarnám, bútæknanám og námskeiðahald. Í 6. gr. er sagt að starfrækja skuli a. m. k. þrjá búnaðarskóla. Er það óbreytt frá því sem er í lögum að öðru leyti en því, að sagt er þar að einn skólinn skuli vera á Suðurlandi, þ. e. a. s. í lögunum, en í þessu frv. er staðurinn tilgreindur: Oddi á Rangárvöllum. Bændaskólanefnd Suðurlands, sem starfað hefur um margra ára skeið, hefur verið með í ráðum við þessa frumvarpsgerð og mun staðarvalið á skólanum á Suðurlandi vera fyrst og fremst verk hennar. Þegar landbn. hv. Nd. fjallaði um þetta mál, kom fram það sjónarmið, hvort ekki væri varhugavert að ákveða þessum skóla stað nú, þar sem ekki væri ljóst orðið hvaða framtíð t. d. héraðsskólarnir mundu hafa eftir að grunnskólalögin komast alveg til framkvæmda og þar sem farið væri að sýna sig, að úr aðsókn að þeim hefur dregið þegar. Ef t. d. Skógaskóli fengi ekki verkefni við sitt hæfi í hinu nýja fræðslukerfi, þá kæmi fyllilega til greina að setja bændaskólann þar niður til að nýta þær byggingar, sem þar eru fyrir hendi, og e. t. v. gæti þróunin orðið sú í þessum málum að fleiri staðir kæmu fyllilega til greina.

Oddi á Rangárvöllum er einn af sögufrægustu stöðum á Suðurlandi. Þar var fyrsti íslenski skólinn stofnaður. Ekkert hefur verið gert til þess að hefja þennan stað til þess vegs sem áður var. Mun það hafa ráðið m. a. staðarvalinu. Í umr. um þetta mál kom fram, að ekki væri líklegt að byggingarframkvæmdir mundu hefjast á næstunni í Odda, þar sem verið er að byggja upp á Hvanneyri og mjög brýnt er að fara í verulegar framkvæmdir á Hólum, sem eðlilega mundu sitja fyrir með framkvæmdafé. Ef málin færu á þann veg, að húsnæði yrði fyrir hendi fyrir bændaskóla á Suðurlandi á hentugum stað fyrir slíkan skóla, væri alltaf hægt að breyta lögunum, ef menn yrðu þá þess sinnis.

Bútækninám er einnig nýmæli. Gert er ráð fyrir eins vetrar framhaldsnámi í búfræði eftir búfræðipróf, en þetta er í heimildarformi í frv. Í grg. með frv. kemur fram að nefndin, sem samdi það, telur eðlilegt að ef af slíkri kennslu verður verði hún fyrst tekin upp á Hólum, enda er mikilvægt að efla þann skóla, sem er að dómi nefndarinnar of lítill. Landbn. ræddi einnig þetta atriði og var sammála því sjónarmiði, að ef úr slíku námi yrði, sem eflaust væri nauðsynlegt, ættu Hólar að verða fyrst fyrir valinu.

8. gr. er um það, að við hvern skóla starfi ráðgefandi skólanefnd, tilnefnd af stjórnum búnaðarsambanda viðkomandi landshluta til fjögurra ára í senn. Skólanefnd þessi á að efla tengsl skóla við bændurna og búnaðarsamböndin á svæðinu og vera skólastjórninni til fulltingis við uppbyggingu skólasetursins. Ég held að þetta nýmæli sé mjög mikilvægt til þess að koma á sem nánustu sambandi við skólann og það umhverfi, þau héruð sem þessir skólar fyrst og fremst þjóna hver á sínum stað.

12. gr. fjallar um lengd námsins og er lagt til að nám til búfræðiprófs verði tveir vetur. Frá þessu verður þó undantekning, að þeir, sem stundað hafa nám við aðra framhaldsskóla, geta fengið metið til eininga það af því námi sem nýtist til búfræðiprófs. Samkv. ákvæði til bráðabirgða skal þetta ákvæði koma til framkvæmda ekki síðar en að fjórum árum liðnum eftir gildistöku þessara laga, en frv. miðar við það að lögin taki gildi 1. sept. 1978.

III. kafli frv. er, eins og áður segir, um búvísindanám. Hann er allur nýr. IV. kaflinn er um embættisbústaði og V. kaflinn ýmis ákvæði.

Landbn. sendi Búnaðarþingi þetta frv. til umsagnar og mælti Búnaðarþing með samþ. frv. óbreytts. Landbn. stendur öll að því, að frv. verði samþykkt óbreytt, sbr. þskj. 507. Hv. þm. Benedikt Gröndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Skrifstofa Alþ. er beðin að leiðrétta eitt orð í lok 8. gr. Þar stendur „skólanefndir séu ólaunaðir“, en á auðvitað að vera: ólaunaðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
11.—15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
19.—29. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
30.—31. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
32.—36. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Fiskveiðar í landhelgi, frv. (þskj. 359, n. 516, 517). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Sjútvn. Nd. hefur haft þetta frv. til athugunar og er sammála um að mæla með samþykkt þess, með einni breytingu þó, en þá brtt. flytur n. á sérstöku þskj.

Efni þessa frv. er það, að sjútvrh. er heimilað, ef frv. verður samþ., að leyfa íslenskum aðilum, sem útveg stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi, ef íslenskt fiskiskip verður fyrir verulegum áföllum vegna bilana eða skip verður dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað, eins og í frvgr. segir.

Frv. þetta er flutt að gefnu tilefnum á s. l. vetri. Það er skemmst að minnast tveggja mjög þekktra veiðiskipa úr loðnuflota okkar, þ. e. m/s Sigurður og einnig Jóns Sveinssonar, sem lentu í því óhappi, að vélar þeirra brotnuðu í byrjun loðnuvertíðar og eigendur þessara skipa stóðu uppi með ágætar skipshafnir sínar og mjög dýr veiðarfæri og gátu ekki fengið skip með neinu móti í staðinn til þess að nýta á þessari vertíð. Við minnumst þess mikla óhapps fyrir nokkrum mánuðum þegar þrjá báta úr flota Stokkseyringa rak á land og þeir brotnuðu í vetrarveðri miklu á Stokkseyri. Fleiri dæmi má nefna og að sjálfsögðu það síðasta, sem okkur er ferskast í minni, þegar togari frá einum útgerðarbænum á Norðurlandi strandaði og verður frá veiðum um ófyrirséðan tíma. Þetta atvinnutæki er meginuppistaða atvinnulífsins á þeim stað. Röksemdir til þess að samþykkja þetta frv. eru því ærnar.

N. er sammála um, að sá hugsunarháttur, sem að baki býr þessum frumvarpsflutningi, sé góðra gjalda verður, og vill stuðla að því, að þetta frv. nái fram, en þó með þeirri breytingu sem ég hef getið um. Hún er á þá leið, að á eftir þeirri setningu eða málsgr., sem ég las áðan, bætist ný setning sem kveði svo á, að á leiguskipinu verði íslensk áhöfn og skipið verði búið slíkum búnaði og með sambærilegri veiðigetu og hitt, sem skipið er fengið fyrir. Við teljum sjálfsagt, vegna þess að á það er drepið í grg., að þetta sé m. a. gert vegna áhafna skipanna, og það er af skiljanlegum ástæðum að hugsað er til þeirra. Líka er það að fenginni fyrirmynd með samþykkt Alþ. á lögum um takmarkaða heimild til veiða fyrir m/s Ísafold á sínum tíma. Ein af röksemdum þess var m. a. sú, að á því skipi var íslensk áhöfn. En við teljum sjálfsagt í þessu tilfelli, að ákvæði séu þess efnis, að á slíku leiguskipi verði íslensk áhöfn. Við teljum líka er við minnumst á líkan búnað og sambærilega veiðigetu, að þá séum við að koma á móti þeim áætlunum sem uppi eru um að halda sókn í ákveðna stofna innan hæfilegra marka. Við skulum hugsa okkur skip, sem er gert út frá einhverjum ákveðnum stað, en veiðigeta þess hafi verið tekin með í ákvörðun í byrjun árs eða byrjun veiðitímabils. Svo fellur skipið út og hugsanlega væri fengið miklu stórvirkara skip í staðinn. Það getur haft ýmsar afleiðingar, bæði frá því sjónarhorni sem ég var að lýsa, veiðigetunni, og líka gæti skapast togstreita á milli staða vegna þessa.

Það, sem felst í frv. og þeirri breytingu sem við leggjum til að verði gerð á frv., þessari viðbót sem við leggjum til er í fáum orðum það, að verið er að mæta áföllum sem einstakar útgerðir og útgerðarstaðir geta orðið fyrir undir þeim kringumstæðum að skip falla frá af einni eða annarri ástæðu. Við leggjum því til, að frv. verði samþ. með þeirri breyt. sem við höfum lagt fram á þskj. 517.

Lúðvík Jósepsson: Háttvirtur forseti. Hér er lagt til að gera breyt. á lögum sem lengi hafa verið í gildi, eða frá árinu 1922. Að sjálfsögðu hefur oft reynt á þessi lög og oft komið til tals, hvort slaka ætti á þeim ákvæðum sem lögin fjalla um, en yfirleitt hefur verið staðið fast á því, með örfáum undantekningum, að víkja ekki frá meginstefnu þeirra laga. Þar er mjög rammlega um hnúta búið gegn því að hægt sé að koma inn í íslenska fiskveiðilandhelgi útlendum skipum, íslenska fiskveiðilandhelgin sé eingöngu fyrir Íslendinga samkv. íslenskum lögum, fyrir íslenskan rekstur og það bundið við skip sem teljast íslensk, sem eru skráð hér og í eigu innlendra aðila.

Nú er ljóst að sú breyting, sem gerð er till. um. verður að teljast mjög takmörkuð. En það skiptir líka miklu máli, að mínum dómi, hvernig verður haldið á framkvæmd málsins. Það, sem ég vil fyrst og fremst leggja áherslu á sem mína skoðun, er að sú heimild, sem um er að ræða að veitt verði sjútvrh., verði framkvæmd mjög þröngt. Ef þessi heimild yrði framkvæmd þannig, að í öllum þeim tilvikum, sem líkur vandi kemur upp, yrði útlendum skipum hleypt inn á fiskimið okkar og rökstutt aðeins með því, að það hefði orðið áfall eins og getið er hér um og kom fram hjá hv. frsm. sjútvn., þá er ekkert um það að villast, að á hverju einasta ári kæmu slík atvik fyrir, jafnvel í tugatali. En ég vil líta þannig á, að ekki sé ætlast til þess, að þetta heimildarákvæði verði notað nema þegar ekki verður hægt að leysa málið með öðrum hætti þannig að viðunandi verði talið fyrir þá sem hafa orðið fyrir áföllunum.

Þetta þýðir t. d. það, að brotni eða bili venjulegur fiskibátur af þeirri tegund sem við eigum hér í landinu jafnvel nokkur hundruð af, þá sé yfirleitt ekki gripið til þess að veita þessa heimild. Þá verður að sjálfsögðu að ganga úr skugga um, að reynt verði að fá íslensk skip í þetta og ekki sé hægt að bera við einu eða neinu, að skipin fáist ekki með þeim kjörum sem viðkomandi óskar eftir. Eins er það líka, að þegar um önnur skip er að ræða sé búið að ganga vel úr skugga um að ekki sé hægt að leysa málið með því að færa til okkar eigin fiskiskipaflota.

Ég vil ekki fyrir mitt leyti standa gegn þessu frv., í fullu trausti þess, að þeir, sem með framkvæmdina fari, framkvæmi þessa heimild á þann þrengsta hátt sem í rauninni er hægt að gera. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að þannig hefur verið um langan tíma að útlendingar sækja fast á að komast með einhverjum hætti inn í fiskveiðilandhelgi okkar með skip sín. Það er ekkert nýtt, því að í landi okkar eru alltaf til

aðilar sem sækja á í þessum efnum fyrir útlendingana eða í samvinnu við útlendinga. Um það höfum við fjöldamörg dæmi. Vitanlega verður að standa gegn því, að þeir komist inn í fiskveiðilandhelgi okkar eftir einhverjum krókaleiðum þar sem hægt sé að nota afsakanir eða fyrirslátt, í rauninni málamyndaafsakanir eða fyrirslátt.

Þessi heimild í frv. er miðuð við að veita megi undantekningar frá aðalstefnu laganna um takmarkaðan tíma eða, eins og nánar segir í grg., til skamms tíma. Ég lít svo á, að þetta mundi þýða það, að hér gæti verið um að ræða heimild til þess að taka inn í fiskveiðilögsögu okkar útlent skip um tveggja til þriggja mánaða skeið, eða eins og vertíðir geta verið, þar til hægt er að skipa þessu á annan veg, en hér eigi ekki að vera um lengri tíma að ræða, ekki t. d. hálft ár eða heilt ár, svo langur tími geti ekki fallið undir þessa heimild. Mér sýnist líka að hv. sjútvn. hafi gert sér alveg grein fyrir þessu, því hún herðir í rauninni með brtt. sinni nokkuð á þessum ákvæðum til þess að gera heimild þannig úr garði að ekki ætti að þurfa að verða nein hætta í sambandi við að veita hana. Ég viðurkenni að ég hef reyndar staðið frammi fyrir því nokkrum sinnum áður — m. a. sem sjútvrh. — að vera bundinn af þessu ákvæði í tilvikum þar sem mjög reyndi á það, að íslenskir útgerðarmenn og sjómenn komust í vanda vegna áfalla sem þeir urðu fyrir og vildu geta tekið erlent skip á leigu um skamman tíma, en þá var því neitað.

Ég vildi aðeins að þetta sjónarmið kæmi fram einmitt í sambandi við framhald þessara mála, þannig að mönnum sé alveg ljóst, að a. m. k. frá minni hálfu, og ég hygg að þeir séu miklu fleiri sem eru á þeirri skoðun, þýðir þessi heimild aðeins leyfi til að gera undantekningu þegar alveg sérstaklega stendur á. Menn geta ekki búist við því, að þetta heimildarákvæði verði notað í öllum tilfellum, þar sem sótt kann að verða um leyfi af þessu tagi, því það er alveg augljóst, að til eru rök sem hægt er að færa fram, og þau mörg á hverju ári, ef menn leggja sig fram um að finna einhver rök fyrir því að erlent skip henti til rekstrar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

Ég hef sagt að ég stend ekki gegn þessu frv., en það er í fullu trausti þess, að heimildin verði notuð þröngt.

Tómas Árnason: Hæstvirti forseti. Þetta mál hefur verið til meðferðar í sjútvn. Nd. Ég á sæti í þeirri n. Ég var ekki viðstaddur þegar frv. var afgreitt þaðan, en ég vildi samt — og þá kannske þess vegna — gera grein fyrir skoðun minni í þessu máli. Vil ég gjarnan taka undir það, sem komið hefur fram hjá öðrum, að framkvæmd málsins, ef þetta frv. verður samþ., er ákaflega þýðingarmikil og nauðsynlegt að búa þannig um hnúta, að um verði að ræða algjör undantekningartilvik, en ekki viðbót við eða aukna sókn í fiskveiðar frá því sem verið hefur.

Fram kemur í frv., að þegar eru varnaglar við notkun heimildarinnar og sett eru skilyrði. Eitt af þýðingarmestu skilyrðunum er að leigutaka skips í samræmi við þetta lagafrv. er háð því, að hún vari um takmarkaðan tíma. Þetta þýðir að ekki er unnt að taka á leigu skip og framlengja síðan leigutímann eftir að það skip, sem hefur bilað, er komið í lag og hefur hafið veiðar að nýju. Það er alveg ljóst mál, að hér er um að ræða fyrst og fremst þau tilvik þar sem áföll verða sem ekki er hægt að bæta úr skyndilega og með öðrum ráðum en þeim að taka á leigu skip *eða fá skip utan hins íslenska markaðar.* M. ö. o.: heimildin er strangt tekið mjög tímabundin og verður að vera það.

Ég álít að e. t. v. sé mest þörf á því að setja slíka lagaheimild, eins og hér er lagt til, í þeim tilvikum þar sem um er að ræða verulega hagsmuni heilla byggðarlaga, þar sem atvinnulíf heils byggðarlags bókstaflega stendur og fellur með því, að hægt sé að afla hráefnis til staðarins, ella verði skyndilegt atvinnuleysi á staðnum og væri meðan verið er að gera við skipið. Við höfum mörg dæmi um þetta, sérstaklega þó varðandi skuttogarana — mörg dæmi um að skuttogarar hafa bilað, vélar brotnað eða orðið hafi alvarlegar bilanir sem leiða til þess að það verður hráefnisskortur á staðnum, atvinnuleysi o. s. frv.

Ég vil því leggja á það áherslu, að í slíkum tilvikum sé sérstaklega brýn þörf á að hafa einhver tiltæk úrræði. Eins og er eru í raun og veru fá tiltæk úrræði. Oft er talað um að fiskiskipaflotinn sé stór. Sumir segja að hann sé of stór. *Ég er ekki einn af þeim.* Ástandið er þannig, að það er yfirleitt enga fleytu að fá á íslenska markaðnum til þess að bæta úr ef menn verða skyndilega fyrir áföllum með fiskiskip af því tagi sem þetta frv. fjallar um.

Ég mun fylgja þessu máli en ég vil leggja áherslu á að frv., ef að lögum verður, verði túlkað þröngt og heimildin aðeins notuð ef brýna nauðsyn ber til og þá alveg sérstaklega þegar um er að ræða *hagsmuni heilla byggðarlaga.* Jafnframt verði þess stranglega gætt, að ekki verði um að ræða viðbótarsókn vegna tilvika sem kunna að falla undir þetta lagafrv., ef að lögum verður. Þar álít ég að skilin liggi í þessu máli; liggi á mörkum þess að skip, sem tekið er á leigu vegna þess að annað hefur dottið úr leik í bili, verði að hverfa á brott þegar það skip er komið í lag aftur og farið að nota það. M. ö. o.: ekki verði um viðbótarsókn að ræða, heldur sé um að ræða undantekningartilfelli, sem sé túlkað þröngt um takmarkaðan tíma, til þess að hlaupa í skarðið þegar um er að ræða áföll sem menn hafa ekki tiltæk úrræði til að mæta.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Sjútvn. flytur hér brtt. við þetta frv. þess efnis, að enda verði leiguskipið með íslenskri áhöfn, búið líkum útbúnaði og með sambærilegri veiðigetu. Eins og fram kemur í aths. við frv., var auðvitað aldrei og er ekki ætlunin önnur en að skip sé með íslenskri áhöfn. Ég hef þó síðar en svo á móti því, að þetta komi inn í frvgr., og ég fagna einnig því, sem segir til viðbótar í brtt.: „búið líkum útbúnaði og með sambærilegri veiðigetu“, sem auðvitað tryggir að ef bátur bilar, krefjist viðkomandi þess ekki að fá á leigu skuttogara. Auðvitað vakti ekki annað fyrir okkur í sjútvrn. en að fengið yrði sambærilegt

skip, en þetta er betur tryggt með þessu orðalagi.

Eins og fram kemur í aths. við þetta frv., er ekki ætlunin að hætta neitt á að hleypa útlendum aðilum eða fjármagni inn í íslenska fiskveiðilandhelgi, heldur aðeins verið að gera tilraun til að bæta úr tímabundnum vandræðum í einstökum byggðarlögum. Rn. mun í hverju einstöku tilviki rannsaka hvort um brýna nauðsyn sé að ræða, athuga hvort leigusamningur og leigukjör séu eðlileg, og með því fyrirbyggja að um dulbúna útgerð erlendra aðila í íslenskri landhelgi sé að ræða. Það er kjarni málsins, en ekki að þessi heimild verði almennt notuð, nema síður sé.

Komið hefur í ljós að undanförnu, þegar skip hefur bilað, að erlendir aðilar og umboðsmenn þeirra hafa verið fljótir að bjóða viðkomandi útgerðarmönnum erlend skip, en þeir aftur farið af stað til þess að fá leyfi til kaupa á erlendu skipi vegna þessara óhappa. Þetta er skiljanlegt frá sjónarmiði þessara erlendu aðila, sem hafa nóg af skipum, og þeir hafa svo aftur sagt, að ekki sé hægt, og vita, að ekki er hægt að leigja skip um stuttan tíma í einu. Þess vegna hefur pressan á skipakaup aukist við flest þau óhöpp sem átt hafa sér stað. Þess vegna fannst mér eðlilegt að flytja þetta frv. um takmarkaða heimild, þó að ég sé þeirrar skoðunar, að kominn sé tími til þess að endurskoða lögin frá 1922, en það er miklu meira verk og verður ekki hrist fram úr erminni á nokkrum vikum, er mjög vandasamt verk sem þarf að vanda mjög vel, því að við Íslendingar erum mjög íhaldssamir í þessum efnum og þurfum sannarlega að vera það.

Ég fagna því, að þessu frv. hefur verið vel tekið, og er mjög ásáttur með afstöðu sjútvn. til þess.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Það er aðeins til þess að árétta það sem komið hefur fram frá hv. þm., 2. þm. Austurl. sérstaklega. Ég vil þá einnig árétta enn einu sinni og það í nafni okkar í sjútvn., sem vorum viðstaddir afgreiðslu málsins og afgreiddum málið þegar það fór frá n., og ég geri það á þann hátt, að ég tek í nær öllu undir það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði. Hann orðaði nákvæmlega þá hugsun, sem var ríkjandi hjá okkur í sjútvn., að að sjálfsögðu ætti að túlka þetta mjög þröngt, þessa heimild sem ráðh. fengi, og þessu ætti aðeins að beita í undantekningartilvikum og m. a. til þess að koma í veg fyrir að slík heimild, ef veitt yrði, mundi leiða af sér viðbótarsókn. Þess vegna orðuðum við þá brtt., sem við flytjum, á þann veg sem við gerum.

Hv. 2. þm. Austurl. minntist nokkuð á tímatakmörkin. Við ræddum þetta atriði fram og aftur í n. og treystum okkur ekki til þess að lögleiða ákveðinn viku- eða mánaðarfjölda, vegna þess að þeir, sem til þekkja, vita að sjálfsögðu að viðgerðir skipa geta dregist og eru jafnbreytilegar og skipin sjálf geta verið. En breytingarákvæðið, sem við setjum inn, vil ég enn benda á, því að ég held að það tryggi enn betur en áður að leitað verði fyrst og fremst á hinum innlenda markaði áður en farið verður út fyrir landssteinana til þess að leita að skipum í stað þeirra, sem ónýtast eða falla úr leik um sinn, til þess að koma á móti hreinu neyðarástandi, sem getur skapast á vissum stöðum, eins og hér hefur komið fram. Svo er reyndar það líka að halda saman og utan um góðar útgerðir, sem byggja sitt á því að góðar áhafnir eru til staðar og liggja með mjög dýrmætan búnað, sem þær geta ekki fengið nýttan öðruvísi en að hafa skip til þess að koma búnaðinum fyrir á. Þetta er ein og önnur meginástæðan fyrir því, að við höfum tekið jafnvel undir það, sem við í sjálfu sér viljum halda í eins og hæstv. ráðh. sagði en það er um breytingu á lögunum frá 1922.

En vegna þess að ég kom ekki inn á það í framsögu minni fyrir hönd n. vil ég taka það fram núna, að ekki voru efnislega ræddar í n. þær hugleiðingar, sem komu fram í aths. við frv. um endurskoðun á þessum lögum. Í sjálfu sér er hægt að taka undir þau orð, sem hæstv. ráðh. sagði, að full nauðsyn er á því að fara með hægð að líta að því, að endurskoða þau, en ég held — og tek undir orð hans — að að því verði ekki hlaupið á einn eða annan hátt. Hins vegar verðum við að horfast í augu við þá staðreynd, að auðvitað eru allt önnur viðhorf í þessum málum nú árið 1978 en voru þegar lögin voru sett árið 1922.

ATKVGR.

Brtt. 517 samþ. með 28 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 437, n. 522, 523). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hv. Nd. hefur haft til athugunar frv. til laga um breyt. á lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins. N. leggur einróma til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 523.

Þessar breytingar eru þrjár: Sú fyrsta er orðalagsbreyting, um stjórn á Þróunarsjóði og er í rauninni til fyllri skýringar á því ákvæði. Önnur breytingin felst að meginmáli í því, að ⅓ hluti af fullvinnslugjaldi, sem leggist á grásleppuhrogn, gangi til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda. Að öðru leyti eru þarna dagsetningarbreytingar til samræmis. Þriðja breytingin er um gildistöku, sem er samræmisbreyting einnig.

N. hefur athugað umsagnir frá Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, Sjávarafurðadeild SÍS og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Umsagnir þessar eru fremur neikvæðar um álagningu 3% fullvinnslugjalds á útflutt ósunnin grásleppuhrogn og önnur fryst eða söltuð hrogn. Til samkomulags við grásleppuhrognaframleiðendur féllst n. á að greiða skyldi til þeirra ⅓ hluta þess gjalds sem lagt yrði á grásleppuhrognaframleiðendur, eins og ég sagði áðan, og fallast þá Samtök grásleppuhrognaframleiðenda á frv. með þeirri breytingu. Var það staðfest á fundi n. af framkvæmdastjóra þeirra, Guðmundi Lýðssyni.

Þessi breyting þótti sanngjörn með tilliti til þess að grásleppuhrognaframleiðendur hafa einir hrognaframleiðenda greitt 6% útflutningsgjald í 5 ár til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins, en hafa ekki notið fríðinda úr sjóðum sjávarútvegsins eins og aðrir sem útgerð stunda og sjómennsku.

Með þessari lagabreytingu mundu þessir framleiðendur einungis greiða 3% fullvinnslugjald, en ekki önnur útflutningsgjöld, og þar af rennur ⅓ hluti til þeirra eigin samtaka. Geta má þess í þessu sambandi, að aðrir framleiðendur sjávarafurða greiða 6% útflutningsgjöld í sjóði sjávarútvegsins, eins og kunnugt er.

Það er svo mál út af fyrir sig, sem ég ræði ekki nánar í þessu sambandi, að athuga þarf hvort ekki sé eðlilegt að grásleppusjómenn greiði 2—3% útflutningsgjald samkv. almennum lögum um slík gjöld, en nytu þá a. m. k. hluta þeirra fríðinda sem sjóðir sjávarútvegsins veita. Þetta er algert sérmál sem bera verður að með breytingum á almennum lögum um útflutningsgjöld. Því ræði ég það ekki frekar að sinni í þessu sambandi.

Hugmyndin um fullvinnslugjald er rökstudd þannig, að álagning þess geri íslenskt hráefni dýrara fyrir erlenda framleiðendur en íslenska. Séu tekjur af gjaldinu notaðar til að örva sölu á fullunnum íslenskum vörum úr hliðstæðu hráefni, þá stuðlar þetta gjald á tvennan hátt að meiri fullvinnslu innlendra hráefna í landinu. Nefnd, sem skipuð var af iðnrh., setti fram þessa fullvinnslugjaldshugmynd í mjög ítarlegu nál. Í þessari nefnd voru Árni Þ. Árnason, form. nefndarinnar, frá iðnrn., Jón B. Jónasson frá sjútvrn. og Gylfi Magnússon framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins.

Iðnn. þessarar hv. d. fellst á að fullvinnslugjald sé hentugt stjórntæki til þess að hvetja á tvennan hátt til aukinnar fullvinnslu íslenskra hráefna í landinu. Hún hefur einnig kynnt sér þá miklu þörf sem er á því að hvetja til stóraukins útflutnings á íslensku lagmeti. Því leggur n. til, að frv. verði samþ. með fyrrgreindum breytingum, eins og áður segir.

Sölustofnun lagmetis var sett á laggirnar með lögum frá 16. maí 1972. Með þeim lögum var einnig komið á fót Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins. Samkv. lögum þessum skyldi Sölustofnun lagmetis hljóta 25 millj. kr. ríkisstyrk í 5 ár. Jafnframt voru Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins tryggðar tekjur, m. a. með 6% útflutningsgjaldi á grásleppuhrognum. Stjórn Sölustofnunar lagmetis telur að þrátt fyrir ýmsa erfiðleika eigi að stefna að því, að almenn dagleg sölustarfsemi þessarar stofnunar verði að standa undir sér fjárhagslega með eðlilegum umboðslaunatekjum. Þess vegna hefur ekki verið farið fram á áframhaldandi fjárstyrk úr ríkissjóði í þessu skyni. Þessi stefna kann að reynast erfið í framkvæmd, einkum vegna þess að umboðslaunatekjur stafa, eins og sakir standa nú, að miklu leyti af fáum stórum sölusamningum. Á þetta verður þó að reyna á næstunni.

Á hinn bóginn verður ekki lögð of rík áhersla á mikla þörf þess að tryggja Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins hliðstæðar tekjur og áður. Þetta er ætlunin að gera með álagningu umræddra fullvinnslugjalds og 1% útflutningsgjalds á lagmeti, en það er veruleg iþynging fyrir íslenska lagmetisframleiðendur. Það sýnir að þeir hafa fullan skilning á nauðsyn málsins. Raunar má á það benda, að 1% gjald á fullunnið lagmeti samsvarar 3% gjaldi á hráefni þar sem hráefni þrefaldast yfirleitt að meðaltali í verði í lagmetisiðnaði.

Hlutverk Þróunarsjóðs, eins og það hefur verið skilgreint síðustu ár, er fyrst og fremst að fjármagna sérstök tímabundin markaðsátök, stuðla að vöruþróun, hönnun nýrra umbúða og hagræðingu í langmetisiðnaði. Fjárfrekust af þessum verkefnum eru sérstök markaðsátök. Á þessu sviði hefur Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins þegar lagt fram mikið fé, t. d. til greiðslu á halla af rekstri söluskrifstofu í Bandaríkjunum, en búist er við því, að hún standi ekki undir sér, a. m. k. ekki fyrstu þrjú árin.

Stjórn Sölustofnunarinnar hefur gert áætlun um þörf Þróunarsjóðs fyrir fjármagn næstu ár til þess að sinna verkefnum sem nú eru hafin og æskilegt er að geta unnið að næstu þrjú ár. Iðnrh. gerði grein fyrir þessari áætlun í framsögu fyrir þessu frv. Ég skal því ekki fjölyrða um þessa áætlun, aðeins geta þess, að lágmark er að mati Sölustofnunar lagmetis að verja þurfi 300 millj. kr. í þessu skyni á þremur árum. Þetta ætti að takast ef þetta frv. verður samþ., og er þá miðað við að tekjur af fullvinnslugjaldi hrogna nemi um 40—50 millj. kr. árlega, þ. e. a. s. bæði af grásleppuhrognum og þorskhrognum, og útfluttu lagmeti um 15 millj. kr., en afgangurinn verði greiddur af þeim höfuðstól sem Þróunarsjóður á nú. Á hinn bóginn er ljóst að rifa yrði seglin og hætta sérstökum þróunarverkefnum og markaðsátökum ef þessar nýju tekjur kæmu ekki til.

Rétt er að taka fram, að í áðurnefndri áætlun Þróunarsjóðs er gert ráð fyrir því að verja verulegri fjárupphæð til þess að auka sölu á fullunnum grásleppukavíar. Langmikilvægustu markaðir fyrir þessa vöru eru í Efnahagsbandalagslöndunum. Á meðan landhelgisdeilan stóð tók „bókun 6“ ekki gildi eins og kunnugt er. Tollar Efnahagsbandalagslandanna gagnvart Íslandi á lagmeti urðu þá, þ. á m. á grásleppukavíar, um 30%. Þetta tók að sjálfsögðu fyrir sölu á þessari vöru á þessa markaði. Á miðju ári 1977 féllu þessir tollar á hinn bóginn niður. Þar sem hér er um merkjavöru að ræða er þó mikið og fjárfrekt verkefni eftir, ef takast á að koma íslenska merkinu á markað á nýjan leik svo um muni.

Þá er einnig áætlað að verja verulegu fé úr Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins til stuðnings framleiðslu og sölu á þorskhrognum. Eini umtalsverði markaður niðursoðinna þorskhrogna er í Bretlandi. Þar njóta Danir, sem kaupa íslensk þorskhrogn og sjóða niður í Danmörku, algerra tollfríðinda. Þeir greiða engan toll, en íslensku framleiðendurnir greiða 10% toll. Fullvinnslugjald á þorskhrogn jafnar þarna að nokkru metin, en meira þarf til að koma ef ekki á að veita Dönum nánast einkarétt á að fullvinna íslensk þorskhrogn fyrir þennan markað.

Þótt hér sé sérstaklega minnst á framangreind

brýn verkefni Þróunarsjóðs næstu ár, eru þó að sjálfsögðu mörg önnur á prjónunum, sem of langt mál yrði upp að telja.

Það tímabil, sem sölustofnun lagmetis hefur starfað, hefur verið mikið umbrotaskeið. Í kjölfar olíukreppunnar skall á viðskiptakreppa í heiminum með tilheyrandi minnkandi eftirspurn lagmetis, sem er tiltölulega dýr matvara og því viðkvæm í sölu fyrir slíkum sveiflum. Tollar í nágrannalöndunum hafa gert ókleift árum saman að selja þessa vöru á þeim mörkuðum. Nú er á hinn bóginn að rofa til. Tollar eru nú ýmist engir eða lágir í nágrannalöndunum. Í Bandaríkjunum er verið að byggja upp sölustarf sem miklar vonir eru bundnar við.

Það kom áþreifanlega í ljós á s. l. ári, að ástæða er til aukinnar bjartsýni á að auka megi sölu á fullunnu íslensku lagmeti og margfalda með því verðmæti hráefnis. Þá rúmlega tvöfaldaðist verðmæti útflutts lagmetis. Það var meiri aukning útflutnings en í nokkurri annarri iðngrein. Samtals var útflutningsverðmætið rúmlega 1200 millj. kr. Við eigum að halda áfram á sömu braut. Við þurfum að fullvinna meira af íslensku hráefni með hverju ári og auka þannig útflutningsverðmætið. Að þessu er stefnt með þessu frv. Því leggur iðnn. einróma til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem hún hefur flutt tillögur um.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég get tekið undir þau orð hv. þm. Lárusar Jónssonar, að þörf sé á því að fullvinna meira hráefni úr sjávarafla, þannig að sem mest sé flutt fullunnið úr landi. Segja má að fullvinnslugjald eigi nokkurn rétt á sér, en ég vil þó vekja athygli á því í sambandi við þetta mál, að fleiri leiðir koma til greina en þær sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel, þrátt fyrir að allir nm. í iðnn. Nd. hafi verið sammála um að svo skuli gert sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að leggja fullvinnslugjaldið á söltuð grásleppuhrogn, söltuð matarhrogn og fryst hrogn, þá leið ekki rétta með hliðsjón af því sem hér mun verða sagt á eftir.

Það, sem vakti sérstaklega athygli mína í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar, var að hann talaði um grásleppu- og þorskhrogn. En frv. gengur mun lengra en að um sé að ræða fullvinnslugjald á aðeins grásleppu- og þorskhrogn, því í 3. gr. og einnig endurtekið í brtt. á þskj. 523 er tekið fram að greiða skuli til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins á tímabilinu frá 1. apríl 1978 til 1. apríl 1981 fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu lagmeti. Þarna er því gert ráð fyrir álagningu á öll fryst hrogn og matarhrogn. Mun ég víkja nánar að því á eftir, að slík álagning stríðir raunverulega gegn megintilgangi frv.

Það, sem verið er að gera með þessu frv. í sambandi við tekjuöflun vegna Sölustofnunar lagmetis, er raunverulega að álagningarstefnan á atvinnuvegina er í fullum gangi. Sem sagt báknið mikla eða báknið burt, sem ýmsir vilja, það skal vera, en þeir, sem úti í atvinnulífinu eiga að standa á eigin fótum, skulu greiða gjöld til þess að viðhalda bákninu. Ekkert má draga saman eða minnka annars staðar vegna þeirra þarfa sem ég tel að séu fyrir hendi í sambandi við Sölustofnunina, ekkert má draga saman hjá ríkinu til þess að fullnægja því.

Það, sem raunverulega er verið að gera með þeirri fjáröflunarleið, sem frv. gerir ráð fyrir, er að verið er að leysa ríkissjóð undan fjárhagsskuldbindingum vegna þessara mála og velta þeim yfir á aðra og þá einkum hraðfrystiiðnaðinn. Á sama tíma sem þetta gerist er engum pinklum létt af hraðfrystiiðnaðinum. Vil ég þar sérstaklega minnast á aðflutningsgjöld af hvers konar vélum og tækjum til frystiiðnaðar og fiskvinnslu. Á sama tíma sem verið er að leggja ákveðið prósentugjald á ákveðinn hluta þeirra sjávarafurða sem frystiiðnaðurinn framleiðir og flytur úr landi, býr hraðfrystiiðnaðurinn við þau ókjör samanborið við annan iðnað, þ. á m. þann iðnað sem hér er til umr., að hann nýtur ekki þeirra kjara í sambandi við aðflutningsgjöld, sem svonefndur samkeppnisiðnaður hefur, þ. e. a. s. hraðfrystiiðnaðurinn verður að greiða full gjöld af vélum og tækjum til sinna starfa. Ég minni á það t. d., að ef hraðfrystihús kaupir lyftara, þá nema aðflutningsgjöld vegna slíkra kaupa hvorki meira né minna en 67% af innkaupsverði. Af flökunarvélum verður hraðfrystiiðnaðurinn að greiða u. þ. b. 22% af andvirði, en eins og allir vita eru flökunarvélar ómissandi tæki í nútímaiðnaði eins og hraðfrystiiðnaðurinn er. Einhvern tíma hefði verið sagt að 67% álagning á jafnómissandi tæki og lyftarar eru flokkaðist undir lúxustolla, þ. e. a. s. væru sambærilegir tollar og voru á lúxusvörum áður fyrr.

Ég vek athygli á þessu vegna þess, að við höfum nokkrir barist fyrir því í mörg ár að reyna að fá þessum aðflutningsgjöldum aflétt af fiskiðnaðinum og þá alveg sérstaklega þessum 22% sem ég gat um í sambandi við flökunarvélarnar, en þau eiga einnig við lyftara og eru 67% á þeim og yfirleitt öllum öðrum tækjum, sem þessi iðnaður þarf að kaupa erlendis frá. Sú ósk okkar, að þessi gjöld verði færð í sama horf og í öðrum samkeppnisiðnaði, hefur ekki fengið náð fyrir eyrum þeirra sem ráða þessum málum. En ég vek athygli á þessu nú og því, að við þetta er ekki lengur hægt að una og allra síst um svipað leyti og verið er að tala um að leggja á hraðfrystiiðnaðinn ákveðið gjald.

Samkv. þessu frv. er verið að leggja á þær afurðir, sem eru tilgreindar í 3. gr. frv., hærra prósentuálag, vegna þess sem ég vil kalla óskyldra afurða en sjálfir útflytjendur — þ. e. a. s. útflutningssamtökin sem selja þessar vörur — taka fyrir að hafa þessar afurðir í sölumeðferð, en það eru aðeins 2%. Ég tel þess vegna, eins og málum er háttað, bæði varðandi aðflutningsgjöldin og einnig það, að hraðfrystiiðnaðurinn hefur átt í erfiðleikum, að óeðlilegt sé að leggja umrætt gjald á fryst hrogn. Ef fara átti þessa leið hefði átt að taka fleiri afurðir inn í dæmið. Ég nefni sem dæmi að ekki hefði verið óeðlilegt að leggja t. d. þessa prósentu á lýsi eða saltaða og frysta síld eða það sem auðvitað hefði verið réttast að mínu viti, það hefði átt að hafa hinn fyrri hátt á, sem var í upphafi Sölustofnunar lagmetisins, þ. e. að ríkissjóður legði fram

ákveðna upphæð árlega úr ríkissjóði vegna þessarar stofnunar.

Ég tel einnig rétt vegna allra málsatvika, að fram komi a. m. k. umsögn eins aðilans sem veitti umsögn um þetta frv. Ég vil — með leyfi forseta — lesa upp kafla úr umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, vegna þess að í þeirri umsögn koma fram atriði sem lúta sérstaklega að frystum loðnuhrognum og matarhrognum, en í umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem dags. er 22. mars 1978, segir m. a.:

„Meginefni þessa frv. er breyting á gjaldtöku á útflutningi sem tekjuöflun fyrir Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Þetta skeður með þeim hætti, að horfið er frá 6% útflutningsgjaldi á grásleppuhrogn, en í þess stað er fyrirhugað að leggja svokallað fullvinnslugjald sem nemur 3% af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna, saltaðra matarhrogna og frystra hrogna, enn fremur 1% af fob-verði lagmetis. Tvímælalaust verður að telja eðlilegt að stutt sé við bakið á nýrri iðngrein til úrvinnslu á sjávarafla í byrjun eða þangað til séð verður hvort slík úrvinnsla skilar betri árangri en hefðbundnar vinnsluaðferðir. Í því sambandi má minna á störf fiskábyrgðarnefndar árin 1947—1949, þegar verið var að vinna markað fyrir hraðfrystan fisk í Bandaríkjunum. Nefndin var skipuð af ríkisstj. og hafði til umráða fjárveitingu á fjárlögum í þessu skyni, en hafði engin afskipti af framleiðslu- eða markaðsmálum. Þau mál voru algjörlega í höndum framleiðenda.

Við tekjuöflun til markaðsleitar og stuðning við framleiðslu á meðan söluandvirði nægir ekki fyrir framleiðslukostnaði koma ýmsar leiðir til greina. Í fyrsta lagi má nefna fjárveitingu á fjárlögum og í öðru lagi markaða tekjustofna með skattheimtu. Ef síðari leiðin er farin, kemur til álita hvaða vörutegundir skuli skattleggja. Þar sem lagmetið mun nú flokkað undir iðnaðarframleiðslu, virðist í fljótu bragði ekki óeðlilegt að annar iðnaður legði þarna nokkuð af mörkum, eins og t. d. stóriðja, en ekki mun hafa verið gert ráð fyrir að með þeim hætti væri stutt við bakið á nýgræðingi í smáiðnaði til útflutnings. Þar eð fullunnin vara er unnin úr sjávarafla virðist talið sjálfsagt að sjávarútvegurinn sé skattlagður. Að því gefnu má telja að um tvo valkosti sé að ræða: annars vegar almennan útflutningsskatt, annaðhvort sem hluta af núverandi útflutningsgjöldum eða með nokkurri hækkun þeirra, og svo hins vegar útflutningsgjald af tilteknum sjávarafurðum. Samkv. frv. er það síðasta leiðin sem valin er, en val vörutegunda virðist vægast sagt tilviljanakennt. Ætla mætti að hér kæmi helst til greina þær vörutegundir, sem fluttar eru út óunnar, en væru jafnframt líklegast hráefni fyrir lagmetisiðnaðinn, bæði nú og í framtíðinni. Auðvelt ætti að vera að rökstyðja slíka gjaldtöku frá því sjónarmiði, að um jöfnunargjald væri að ræða til að jafna aðstöðu og markaðsmun, auk þess sem von væri til að innlend framleiðsla gæti í framtíðinni greitt hærra verð fyrir hráefnið en óunnin útflutt vara.

Glöggt dæmi um tilviljun í þessu efni er sú fyrirætlan að skattleggja fryst matarhrogn með sama hætti og fryst iðnaðarhrogn. Fryst matarhrogn hafa ekki verið og verða ekki hráefni fyrir lagmetisiðnað með sama hætti og iðnaðarhrogn. Enn þá gleggra dæmi og mikilvægara frá fjárhagslegu sjónarmiði eru þó frystu loðnuhrognin sem seld eru til Japans. Samkv. 3. gr. frv. verður að telja að þessi hrogn falli undir gjaldið, þótt ekki sé samræmi milli frv. og aths. við það, en í 7 málsgr. er aðeins talað um fryst þorskhrogn“ eins og kom fram í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar. „Loðnuhrogn hafa ekki verið notuð í lagmetisiðnaði hvorki hér á landi né annars staðar.

Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir gjaldi af saltaðri eða frystri síld, sem þó virðist meginuppistaðan í framleiðslu lagmetis hér á landi, og þá ekki heldur á þorskalýsi, en lifur virðist vera næststærsta vörutegundin, og kemur það fram í aths. með frv.“

Í umsögn segir enn fremur:

„Ekki skal frekar fjölyrt um þessi atriði, svo augljós sem þau eru. Athygli vekur, að aths. frv. bera ekki með sér að nein tilraun hafi verið gerð til þess að áætla fjárþörf í þessu skyni við gildistöku laganna. Þá er ekki heldur sýnd nein áætlun um tekjur samkv. lögunum fyrir þetta tímabil. Í því sambandi skal bent á, að fyrir þessa vertíð“ þ. e. a. s. fyrir s. l. vetrarvertíð — „var samið um sölu á ca. 3 þús. tonnum af loðnuhrognum. Ef allt hefði gengið skaplega með veiðar og löndun loðnunnar hefði ekki verið óeðlilegt að gera ráð fyrir þessu magni, en þá mundi það skila ca. 1250 millj. í fob.-verðmæti eða 37.5 millj. í Þróunarsjóð lagmetis. Eftir tvö ár væri ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að við gætum framleitt og markaðurinn tekið við allt að 5 þús. tonnum að útflutningsverðmæti 2000—2500 millj. kr. eða sem svaraði 60—75 millj. í útflutningsskatt. Þetta er nokkru hærri upphæð en allur kostnaður við lagmetið er áætlaður fyrir árið 1977. Það má vera, að hér gæti of mikillar bjartsýni og þá sérstaklega vegna þess að ekki er vist, að við sitjum einir þjóða að þessari framleiðslu sem hingað til fyrir japanska markaðinn.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að fullvinnslugjald samkv. frv. verði ekki lagt á vöru ef sölusamningur hefur verið gerður fyrir 1. mars 1978 og seljandi sótt um útflutningsleyfi fyrir 1. apríl 1978. Hér virðist gæta ákveðins misskilnings í sambandi við frv. þess efnis, að seljandi getur velt þessu gjaldi á kaupendur. Fullvinnslugjaldið hefur að sjálfsögðu engin áhrif á söluverð vörunnar, en það, sem skiptir máli, er verðlagning hráefnis þar sem gjaldið kemur annars eingöngu sem skattur á vinnsluaðila vörunnar.

Af framansögðu má vera ljóst, að ekki er annars kostur en að mæla gegn samþykkt þessa frv. í sinni núverandi mynd“ segir að lokum í umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

Ég vil síðan undirstrika það og bæta því við, að sá megingjaldstofn, sem þarna er um að ræða, er fryst loðnuhrogn fyrir japanska markaðinn, en þau eru þess eðlis að þau koma aldrei til með að verða fullunnin á Íslandi. Það er eðli máls-

ins samkv. vegna þess, að varan er þannig seld á japanska markaðnum. Ég ítreka það sjónarmið, sem fram kemur í umræddri umsögn og einnig í upphafi máls míns, að ef sú leið er valin, sem frv. gerir ráð fyrir, að eyrnamerkja og leggja ákveðið gjald á ákveðnar tilteknar útflutningsvörur, þá hefði verið eðlilegra að þar hefðu fleiri vörutegundir komið til skjalanna, og einnig hefði komið til greina að leggja ákveðið gjald á aðrar iðnaðarvörur, þannig að það væri í samræmi við það að þetta flokkast undir iðnað. Ég hefði talið eðlilegt, þar sem allir hljóta að vera sammála um að styrkja beri þá starfsemi sem sölustofnunin innir af hendi, að halda áfram enn um skeið samkv. þeirri upphaflegu leið, sem farin var á sínum tíma, þ. e. að ákveðið framlag kæmi til stofnunarinnar úr ríkissjóði á ári hverju.

Með vísan til þess, sem ég hef sagt um þetta mál mun ég ekki geta greitt frv. atkv. mitt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hæstv. frsm. lýsti því, hvað þetta frv. fæli í sér. Ég get að vissu leyti tekið undir með honum þegar hann segir að íslenskur lagmetisiðnaður verði að keppa við lagmetisiðnað annarra landa sem flytja m. a. inn íslenskt hráefni. Með þessu fullvinnslugjaldi er verið að styrkja eða renna stoðum undir lagmetisiðnaðinn, sem því miður er ekki sterkari en raun ber vitni þrátt fyrir viðleitni á undanförnum árum.

Það er líka hárrétt hjá hv. 6. landsk. þm., að alveg eins hefði mátt leggja gjald á ýmsar útflutningsvörur iðnaðar, því að samkv. skilgreiningu í lögum heyrir lagmetisiðnaður ekki undir sjávarútveg eftir samþykkt þeirra laga, heldur undir iðnað. Þá má e. t. v. segja að það sé dálítið skrýtin stefna, að ekki sé meira sagt, að fyrst og fremst og eingöngu séu lögð gjöld á sjávarafurðir til þess að halda uppi iðnaði. Þetta er kapituli út af fyrir sig, sem ég ætla ekkert að fara frekar út í hér, en það er margt skrýtið í stjórnkerfi okkar.

Það er aðeins eitt, sem ég hef sérstaklega að athuga við þetta frv., því þegar frv. var til meðferðar og var fyrst samið var sagt í sjálfri lagagr., að fullvinnslugjald væri lagt m. a. á fryst hrogn, sem flutt væru til útlanda en í aths. með frv. var talað um fryst þorskhrogn. Þessa aths. 6. landsk. þm. ætlaði ég eiginlega að koma inn á, en hann kom inn á þetta á undan mér á sama hátt. Ég tel ekki koma til greina að taka fullvinnslugjald af loðnuhrognum, og því fer ég fram á það við hv. n., sem hefur haft þetta frv. til meðferðar, að hún athugi þetta mál á milli 2. og 3. umr. Ég mælist eindregið til þess, að í staðinn fyrir orðin „frystum hrognum“ í 3. gr. komi: frystum þorskhrognum, og svo aftur til samræmis í aths. við frv. Það var aldrei ætlunin og var aldrei viðurkennt að leggja þennan skatt á önnur hrogn en þorskhrogn, og þykir mörgum það ærið nóg, en ég ætla ekki að setja mig upp á móti því. Ég hef áður fallist á það fyrir mitt leyti. En ég vil ekki vera að flytja brtt. um þetta. Ég mælist eindregið til þess, að n. taki þetta til ahugunar á milli umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af því sem fram hefur komið hjá hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni.

Ég vil fyrst víkja að því, sem hæstv. ráðh. talaði um í sambandi við lagmetið að það væri hér flokkað undir iðnað. Ég er honum sammála um að það orkar e. t. v. tvímælis að flokka þessa iðngrein undir iðnað. Alveg eins mætti flokka hana undir svipaðan iðnað úr sjávarafla, t. d. frystiiðnaðinn, sem jafnan er talinn vera grein af sjávarútvegi því að með sárafáum undantekningum er þarna um sjávarafla að ræða sem er fullunninn á þennan hátt, þ. e. a. s. þó sérstaklega til útflutnings. Og það er nú svo að með langflestum þjóðum er lagmetisiðnaðurinn talinn til sjávarútvegs. Þetta eru eins konar innanhúsmál hjá okkur. Þetta hefur verið ákveðið svona og verður sjálfsagt að vera þannig þangað til öðruvísi verður ákveðið. En ég er ráh. sammála um að kannske væri öllu eðlilegra að flokka þetta undir sjávarútveg. Þess vegna tel ég m. a. rök til þess að leggja á slíkt fullvinnslugjald, sem stuðlar að því, að ísenskt hráefni meira en þrefaldast í verði í þessari fullvinnslu sem lagmetisiðnaðurinn er.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Hann benti réttilega á að talað sé um fryst og söltuð hrogn í frvgr., en í grg. er talað um þorskhrogn, og allar áætlanir um það, hvað þessi tekjustofn gefi, eru miðaðar við þorskhrogn. Þessi frvgr. kom í hendur okkar í iðnn. eins og hún er orðuð nú. Örlítið var um þetta rætt í n., hvort eðlilegra væri að taka fram, að þarna væri átt við þorskhrogn, eða hvort hafa ætti greinina svona opna eins og hún er. Ég er reiðubúinn til þess að fara að tilmælum beggja þessara hv. þm., bæði hæstv. ráðh. og Guðmundar H. Garðarssonar, og taka af öll tvímæli. Mun ég fyrir mitt leyti beita mér fyrir því við form. hv. iðnn., að athuguð verði sú breyting sem hæstv. sjútvrh. lagði til, þannig að ekki sé þá ágreiningur um það. Við þetta er þó því að bæta, að eftir því sem mér er sagt eru loðnuhrogn unnin áfram, sem flutt eru út fryst, en ég fyrir mitt leyti fellst alveg á að undanþiggja þau þangað til nánar verður séð hvernig þau verða unnin. Ég er ekki að segja með þessu, að þá verði reynt að seilast til þeirra síðar meir. Vonandi þarf engin slík fullvinnslugjöld. Vonandi verður lagmetisiðnaður svo öflugur hér á landi, að hann geti unnið þau. Ég felst algjörlega á að ryðja þessu ágreiningsefni úr vegi, því að ég fyrir mitt leyti vil vinna að því, að þetta mál komist í gegnum þingið, eins sanngjarnt og það er að minni hyggju, með a. m. k. ekki mjög miklum ágreiningi.

Að lokum vil ég svo aðeins benda á að nokkurs misskilnings gætir á ýmsum stöðum í umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. T. d. stendur þar, að engin tilraun til áætlunar á fjárþörf hafi verið gerð. Það kom fram mjög greinilega í máli mínu, að þetta kom fram í framsögu hjá hæstv. iðnrh., en ekki í grg. með frv., eins og oft er gert og er vinnutilhögun í þinginu. Þetta er misskilningur hjá þeim sem hafa

samið þessa umsögn, eðlilegur misskilningur að því leyti til, að þeir hafa að sjálfsögðu ekki fylgst með umr. hér, en þar komu fram áætlanir um fjárþörf Þróunarsjóðs og eins í grófum dráttum hvernig hugmyndin væri að verja þeim tekjum og þá teknir til ákveðnir þættir sem sérstaklega þyrfti að styðja.

Að lokum þetta: Ég tel þessa leið, álagningu fullvinnslugjalds, miklu heilbrigðari en þá, að Sölustofnun lagmetis fari að fá beinan stuðning úr ríkissjóði. Í fyrsta lagi er það svo, að Sölustofnun lagmetis á eins og aðrar stofnanir að standa undir sér með eðlilegri starfsemi, með eðlilegum umboðslaunatekjum. Það er ætlun núv. stjórnar Sölustofnunarinnar, að svo verði. Hér er hins vegar um að ræða fjáröflun til alveg sérstakra verkefna, tímabundinna markaðsátaka og alveg sérstakra þróunarverkefna. Tel ég að þarna sé bryddað upp á leið til þess að afla fjár til þeirra sem hafi tvíþættan tilgang: í fyrsta lagi verði hráefnið eilítið dýrara fyrir keppinautana, og einnig að því fé, sem aflað er, sé því varið til þessara sérstöku verkefna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 523,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24. shlj. atkv.
Brtt. 523,2 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 523,3 (ný 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Varnir gegn kynsjúkdómum, frv. (þskj. 463 (sbr. 338), n. 518). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi voru við afgreiðslu málsins Sigurlaug Bjarnadóttir og Þórarinn Sigurjónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Þroskaþjálfar, frv. (þskj. 464 (sbr. 410), n. 519). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita Jón Skaftason, formaður, Guðmundur H. Garðarsson, Ragnhildur Helgadóttir, Vilborg Harðardóttir og Karvel Pálmason, en fjarverandi voru þau Sigurlaug Bjarnadóttir og Þórarinn Sigurjónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2—10. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Fiskimálaráð, frv. (þskj. 331). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í lögum um Fiskimálaráð segir, að það eigi að vera ráðgefandi um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og markaðsmálum og skuli beita sér fyrir góðri samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli, með gagnasöfnun, umræðufundum o. s. frv. sem líklegast er talið til þess hverju sinni að tilgangi með stofnun ráðsins verði náð. Jafnframt segir síðan um uppbyggingu fiskiskipastólsins: „... skal fiskimálaráð við það miða, að jafnan sé sem mest fjölbreytni í útgerðinni og eðlilegt jafnvægi milli einstakra greina hennar."

Þessi lög voru samþykkt á Alþ. 1968 og var tilgangur þeirra að móta heildarstefnu. En fljótlega eftir að þetta ráð hafði tekið til starfa mætti stofnun þess nokkurri andstöðu, einkum þótti hlutverk ráðsins of skylt hlutverki Fiskifélags Íslands, auk þess sem ýmsum þótti sem verið væri að fela Fiskimálaráði verkefni sem betur ætti heima í sjútvrn. Það varð því úr, að framkvæmdanefnd fiskimálaráðs ritaði sjútvrh. í marsmánuði 1970 bréf þess efnis, að gerð yrði könnun á heildarstjórn sjávarútvegsmála hér á landi. Í framhaldi af því skipaði sjútvrh. þriggja manna nefnd sem skilaði áliti í árslok 1971. Í því nál. var lagt til, að Fiskimálaráð yrði sameinað Fiskifélagi Íslands og að skipulagi Fiskifélagsins yrð breytt á þann veg, að hagsmunasamtök, sem áður áttu aðild að Fiskimálaráði, fengju eftir breytinguna aðild að Fiskifélagi Íslands. Að baki þessari till. um sameiningu Fiskifélags og fiskimálaráðs lá hugmynd um gleggri verkaskiptingu sjútvrn. og Fiskifélags. Grundvallarmunur yrði gerður á þessum tveimur stofnunum með tillit til ábyrgðar og með hliðsjón af hagkvæmni við einföldun á stjórnkerfi almennt í sjávarútvegi. Þessi grundvallarbreyting var svo gerð á lögum Fiskifélags Íslands í des. 1972, en þá fengu áhuga- og hagsmunasamtök í sjávarútvegi beina aðild að Fiskiþingi og fiskifélagsstjórn, þannig að úr því varð Fiskifélagið fyllilega málsvari ekki aðeins fiskideilda og fjórðungssambanda, heldur og annarra hagsmunasamtaka sjávarútvegsins. Einnig var gerð skipulagsbreyting varðandi starfsemi félagsins og deildaskiptingu. Fyrsta Fiskiþing, sem háð var eftir þessa nýju skipan, kom saman í nóv. 1973. Eftir þessa breytingu minnkuðu umsvif Fiskimálaráðs mjög verulega en það kom því þó á, að þessi breyting var gerð á Fiskifélaginu.

Eftir að þessar breytingar hafa verið gerðar sé ég ekki ástæðu til þess að fiskimálaráð starfi áfram sjálfstætt eins og verið hefur vegna minnkandi umsvifa. Kostnaður af starfsemi ráðsins hefur verið greiddur úr Fiskimálasjóði og hefur hann farið minnkandi á síðustu árum. Þrátt fyrir að ég hafi verið á sínum tíma 1. flm. þessa máls, tel ég það best komið undir einni stofnun þar sem allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi eiga sæti og auk þess fulltrúar hinna stærstu stofnlánasjóða sjávarútvegsins til að móta heildarstefnu, en slíkt samkomulag náðist aldrei. Hefði margt verið betra nú í þessum greinum ef menn hefðu borið gæfu til þess að móta heildarstefnu, en úr því varð ekki. Eftir

þessa breytingu á Fiskifélagi Íslands tel ég ekki ástæðu til þess að halda starfsemi fiskimálaráðs áfram og því er þetta frv. flutt, að lög um Fiskimálaráð verði felld úr gildi.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Áskorunarmál, frv. (þskj. 418). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., felur í sér breytingu á lögum um svonefnd áskorunarmál. Lög um það efni voru afgreidd frá Alþ. árið 1968 sem viðauki við lög um meðferð einkamála í héraði.

Lögum um áskorunarmál var ætlað að flýta fyrir meðferð minni háttar einkamála, svo sem víxil- og tékkamála og einfaldra skuldamála. Þeir, sem að lagasetningu þessari stóðu, hafa eflaust gert sér vonir um að hið nýja stefnuform, áskorunarstefnan, mundi smátt og smátt útrýma gamla stefnuforminu í fyrrgreindum málum. Reyndin hefur hins vegar orðið önnur. Á undanförnum árum hefur tæplega helmingur af dæmdum útivistarmálum, þ. e. málum þar sem stefndi hefur ekki mætt á bæjarþingi Reykjavíkur, verið áskorunarmál. Utan Reykjavíkur hefur hlutfall áskorunarmála verið víðast hvar enn lægra. Að óbreyttri löggjöf er jafnvel ástæða til að ætla að áskorunarmálum fari hlutfallslega fækkandi á næstu árum.

Ástæðan fyrir því, að áskorunarmál hafa ekki orðið eins algeng og vonir stóðu til í upphafi, er ekki sú, eins og e. t. v. mætti ætla í fljótu bragði, að lög um áskorunarmál hafi reynst illa í framkvæmd. Þvert á móti hafa lagareglurnar um áskorunarmál tvímælalaust verið til þess fallnar að flýta meðferð mála, spara dómurum tíma og draga úr kostnaði. Hins vegar mun ástæðan einkum vera sú, að lögmenn vilji spara sér ferð á fund dómara til að fá útgefna áskorunarstefnu, en samkvæmt gildandi lögum er óheimilt að gefa slíka stefnu út utan réttar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er samið af réttarfarsnefnd. Frv. stefnir, eins og önnur frv. er nefndin hefur sent frá sér, að því að hraða meðferð dómsmála. Frv. gerir ráð fyrir því, að meginreglurnar um meðferð svonefndra áskorunarmála haldist óbreyttar. Byggist það, eins og fyrr segir, á reynslu sem hefur fengist af áskorunarmeðferðinni. Í frv. er því aðeins gert ráð fyrir minni háttar breytingum á reglunum um meðferð áskorunarmála.

Í fyrsta lagi er lagt til að stefnandi geti sjálfur gefið út áskorunarstefnu utan réttar. Slík breyting ætti að stuðla að því, að lögmenn notfæri sér í ríkari mæli en hingað til það hagræði að geta gefið út áskorunarstefnu. Enn fremur er lagt til að stefnukröfur verði aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá áritun dómara um aðfararhæfi, án þess að sérstök birting þurfi að fara fram. Þessi breyting ætti að spara stefnanda bæði tíma og fyrirhöfn og eins og fyrri breytingin að stuðla að því, að áskorunarmálum fjölgi. Þótt birting fari ekki fram á þessu stigi máls, þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því eftir sem áður, að stefnda sé birt áskorunarstefna. Breyting þessi ætti því ekki að vera varhugaverð út frá réttaröryggissjónarmiði, enda er ástæðan fyrir hinum mikla fjölda víxilmála og einfaldari skuldamála hér á landi sú, að skuldarar annaðhvort vilja ekki eða geta ekki greitt. Það heyrir hins vegar til undantekninga, að slíkar kröfur séu umdeildar.

Ég vil svo að öðru leyti vísa til aths. réttarfarsnefndar með frv. Þetta frv. var lagt fram í Ed. Það hefur farið í gegnum 3. umr. þar og verið samþ. óbreytt. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Hlutafélög, frv. (þskj. 555 (sbr. 526)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er mjög viðamikið. Það er samið af Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara og Gylfa Knudsen í viðskrn. Það var aðeins lagt fram til kynningar á síðasta þingi, en var svo endurflutt nú óbreytt.

Lengi hefur verið ljóst, að þörf hefur verið á því að setja nýja löggjöf um hlutafélög. Hlutafélagalögin eru frá árinu 1921. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa orðið miklar þjóðfélagslegar breytingar hér á landi og þess vegna nauðsynlegt að setja ný lög um þetta rekstrarform, sem hefur orðið æ algengara hér. Einnig hafa nýlega verið sett ný lög um þetta efni á Norðurlöndum sem eru svipuð í meginatriðum, en þó ber nokkuð á milli, t. d. hafa Danir með setningu sinnar löggjafar orðið að taka mið af þátttöku sinni í Efnahagsbandalaginu. Áður hafa verið gerðar tilraunir til þess að setja hér ný hlutafélagalög. A. m. k. tvisvar sinnum áður hefur verið stofnað til endurskoðunar á hlutafélagalögunum og frv. um það efni lögð fyrir Alþ., en þau hafa þó ekki náð fram að ganga.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur verið til meðferðar í hv. Ed. og verið tekið þar til vandlegrar athugunar, og að ég hygg hefur einnig verið fjallað um það samtímis af þeirri n. sem væntanlega mun fá frv. hér til meðferðar. Gerðar voru allmargar breytingar á frv. við meðferð þess í hv. Ed. Flestar voru þær þó lagfæringar og minni háttar breytingar, en sumar nokkru þýðingarmeiri. Flestar þeirra eru sjálfsagt til bóta, aðrar geta verið álitaefni. Um einstakar þeirra verð ég að segja, að samkvæmt mínu persónulega mati eru þær ekki til bóta. Það haggar því þó ekki, að ég tel mikla réttarbót að því að fá þetta frv. afgreitt frá Alþ. eins og það hefur verið afgreitt frá hv. Ed.

Að sjálfsögðu er um mjög mörg nýmæli að ræða í þessu frv. frá gildandi löggjöf. Ég gerði allítarlega grein fyrir þeim í framsöguræðu minni í hv. Ed., bæði nú í vetur og reyndar

líka í fyrra þegar ég lagði frv. fram. Ég tel að samþykkt þess sé brýn og það muni geta leitt til mikilla réttarbóta. Þó að það sé e. t. v. ekki alveg réttilega að farið, þá vil ég leyfa mér, vegna þess hve tíminn er naumur, að vísa til þess, sem ég sagði um frv. í hv. Ed., og jafnframt til þeirra aths., sem fylgja frv., sem eru mjög ítarlegar, og vil því ekki vera að þreyta hv. dm. á lengri framsöguræðu um málið. Ég get þá eins vikið að því nánar við 2. umr. ef mér þykir ástæða til.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það frv., sem nú er til 1. umr. í þessari hv. d., einfaldlega vegna þess, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, að við þm. höfðum fengið rúman tíma til þess að athuga það. Málið er vel unnið og grg. vel og ítarlega samin og við höfum fengið nægan tíma til þess að yfirfara frv. Ég vil fúslega lýsa því yfir, að flestöll atriði þess eru mjög til bóta, og get ég því að sjálfsögðu fallist á að afgreiða frv. með þeim hraða sem þarf á þeirri afgreiðslu að vera svo að meðferð málsins verði lokið áður en þing fer heim að þessu sinni og frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

Eitt merkilegt atriði í frv. er nýmæli, að tryggja réttindi minni hluta í hlutafélögum. Ég sakna hins vegar þess í frv., að ekki aðeins sé tryggður réttur minni hluta eigenda hlutafélags, heldur sé tryggður réttur þeirra sem eiga ekki síður þátt í að skapa verðmætin en þeir sem teljast eiga hlutafélagið, og það eru starfsmennirnir. Þetta frv. breytir því ekki, þó að lögum verði, að í atvinnu- og efnahagsmálum á Íslandi fá menn ekki atkvæðisrétt nema þeir séu nógu efnaðir til að kaupa sér hann.

Fyrir mörgum áratugum var sú venja á Íslandi, að almennur borgari hlaut ekki kosningarrétt og kjörgengi ef hann uppfyllti ekki ákveðin efnahagsleg skilyrði. Hann varð að eiga tilteknar eignir eða hafa ekki notið tiltekinnar félagslegrar aðstoðar til þess að geta beitt rétti sínum, þeim mannréttindum að greiða atkvæði og bjóða sig fram. Í stjórnmálum var ástandið þá þannig, að menn öðluðust ekki atkvæðisrétt til áhrifa í stjórnmálum nema kaupa hann gegn gjaldi. Aðeins þeir, sem þjóðfélagið samþykkti að væru nægilega efnaðir, máttu kjósa. Það er langt síðan þessi ákvæði voru numin úr gildi hvað varðar afskipti af stjórnmálum, en þetta er enn skipulagið sem ríkir í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Þar er meginþorri þjóðfélagsþegnanna atkvæðislaus. Þeir, sem ekki teljast eiga hlutafélög eða fyrirtæki, en eru starfsmenn við hlutafélög eða fyrirtæki, eru atkvæðislausir í efnahags- og atvinnumálum — þeim bætti efnahags- og atvinnumála sem lýtur að þeim ákvörðunum sem teknar eru varðandi vinnustaði og atvinnumál fyrirtækja. Með sama hætti og réttlátt er, að allir þjóðfélagsþegnar, sem komnir eru til þroska, hafi jafnan atkvæðisrétt í stjórnmálum og félagsmálum og taki á sig ábyrgð til þess að stjórna þjóðinni og þjóðarbúskapnum í heild, er það sanngirnis- og réttlætismál, að allir þegnar þjóðfélagsins, sem komnir eru til þroska, hljóti atkvæðisrétt í málefnum atvinnulífsins, fái rétt til þess að ráða sér sjálfir og vinnu sinni, vinnukjörum sínum og þeim ákvörðunum sem teknar eru á vinnustað. Ég sakna þess mjög, að þetta frv. felur ekki slíka réttindaveitingu í sér.

Við þm. Alþfl. í þessari hv. d. fluttum við upphaf þings í haust ýmis frv. þessu aðlútandi, m. a. á þskj. 7 frv. til l. um breyt. á lögum um hlutafélög, nr. 77 frá 27. júní 1921, með það að markmiði að fá starfsfólki hlutafélaga þennan atkvæðisrétt sem það hefur ekki nú. Þetta mál hefur legið hjá allshn. allar götur síðan það var flutt og ekki hlotið afgreiðslu. Nú mun sú n. væntanlega fá það stjfrv. til athugunar sem hér um ræðir en ég legg áherslu á að það er mjög til þurftar og ég mun styðja það. Ég mun leitast við að fá allshn. til þess að taka inn í frv. ákvæði um réttindi til handa starfsmönnum hlutafélaga, eins og ég hef lýst, og ég vona fastlega að hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson vilji styðja þá málaleitan mína. Að vísu verð ég að segja eins og er, að það kom mér á óvart, þegar við fjölluðum um umrætt frv. um atvinnulýðræði, ef ég má nefna það svo, þegar við fengum umsögn frá Vinnumálasambandi Sambands ísl. samvinnufélaga við það mál. Ég stórefa að þeir menn, sem sitja í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga og telja sig félagshyggjumenn, mundu hafa samþykkt þá umsögn ef þeir hefðu um hana vitað. En ef það er stefna Sambands ísl. samvinnufélaga sem í þeirri umsögn kemur fram — og ég hvet áhugamenn um samvinnumál að kynna sér efni þeirrar umsagnar — þá er samvinnuhreyfingin komin alllangt frá upphafi sínu, því bæði að efni og orðfæri var umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna við hugmyndinni um atvinnulýðræði og slíkri réttindaveitingu til handa launþegum með þeim hætti, að engum hefði dottið annað í hug en hún kæmi úr herbúðum harðasta afturhalds og atvinnurekendavalds í þessu landi.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hreyfði mikilsverðu máli, þ. e. a. s. hinu svokallaða atvinnulýðræði eða spurningunni um það, hvort starfsmenn eigi að hafa rétt til þátttöku í ákvarðanatöku og stjórn fyrirtækis þess sem þeir vinna við. Þetta er vissulega mjög umhugsunarvert málefni og kom til athugunar í sambandi við samningu frv. um hlutafélög. Niðurstaðan varð sú, að eftir atvikum þótti ekki rétt að taka ákvæði um það inn í hlutafélagalög. Þetta mál, atvinnulýðræðið, er víðtækara og var talið að það ætti frekar heima í almennum lögum um það efni, vegna þess að slíkt atvinnulýðræði á ekki eingöngu að koma til og eiga við í hlutafélögum, heldur á það að eiga við líka í ýmiss konar annarri starfsemi eða atvinnurekstri sem rekinn er í öðru formi en hlutafélagsformi.

Ég lét þess getið í framsöguræðu minni í Ed. á sínum tíma, — að ég teldi að eðlilegt væri að þetta væri eitt þeirra atriða sem sú n., sem fékk málið þar til meðferðar, tæki til athugunar og umfjöllunar. En auðvitað er það svo, að í sambandi við setningu jafnviðamikils lagabálks

og hlutafélagalög eru eru fjölmörg álitaefni. Og þetta er m. a. eitt af þeim. Það má auðvitað segja, að hafa megi þann hátt á, ef á að lögleiða þetta svokallaða atvinnlýðræði, sem þarf náttúrlega nánari skilgreiningar við, að byrja einhvers staðar og ekki sé endilega skilyrði að því sé komið á alls staðar í einu. Þess vegna mætti auðvitað hugsa sér þessa leið, sem hv. síðasti ræðumaður benti á, að sett væru ákvæði um þetta inn í hlutafélagalög. Ég hygg þó, eins og hann raunar vék að, að margir munu telja þá að sama ætti að eiga við t. d. í samvinnufélögum. Þó eru þau öðruvísi upp byggð. Þar eru félagsmennirnir fleiri og hafa þess vegna viðara svið að byggja á ákvarðanatöku sína, en þar eru þó margir starfsmenn og margir mundu sennilega telja eðlilegt að þeir hefðu eitthvað að segja um það.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en vildi bara láta þetta koma fram, að þetta hefur ekki fallið alveg niður án þess að það hafi verið íhugað.

Um það svar, sem sent hefur verið af Vinnumálasambandi samvinnumanna, get ég náttúrlega ekkert sagt, vegna þess að ég hef einfaldlega ekki séð það. Hins vegar veit ég, að einmitt í Sambandi ísl. samvinnufélaga hefur verið tekið upp fyrirkomulag sem er vísir í þessa átt, má segja, þar sem starfsmenn eiga fulltrúa á stjórnarfundum, að ég best veit. Ég veit að vísu ekki, hvernig þátttöku þeirra nánar er háttað.

Ég skal svo ekki tefja tímann með því að ræða frekar um þetta mál.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Mér er að sjálfsögðu kunnugt að stjórn Sambandsins hefur heimilað tveimur fulltrúum starfsmanna Sambandsins að sitja stjórnarfundi Sambandsins með málfrelsi og tillögurétti. Einmitt þess vegna sagði ég áðan, að ég byggist við að stjórn Sambandsins mundi koma það harla mikið á óvart, ef hún læsi það svar frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, sem allshn. þessarar hv. d. barst í vetur í umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna um þá hugmynd að veita starfsmönnum fyrirtækja aukna hlutdeild í stjórn þeirra. Svar Vinnumálasambands samvinnufélaganna er alls ekki í samræmi við þá stefnu sem komið hefur fram hjá stjórn Sambandsins, m. a. í þeirri afgreiðslu sem ég lýsti áðan. Ég held að fróðlegt væri, bæði fyrir stjórnarmenn í Sambandinu og áhugamenn um samvinnumál sem telja sig vera félagshyggjumenn, að kynna sér hvernig hugsað er í þeirri stofnun er nefnist Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Það er e. t. v. talsvert langan veg frá þeim hugsanagangi sem ég vona að sé ríkjandi í stjórnarfundaherbergi Sambands ísl. samvinnufélaga.

Þau lög, sem að mínu áliti hafa verið notuð sem fyrirmynd við samningu þess frv., sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. lög um hlutafélög í nágrannalöndum okkar, gera flestöll ráð fyrir því, að starfsmenn hlutafélaga hafi aðild að stjórnum þeirra. Hér er því ekki um nýmæli að ræða, heldur atriði sem þeir, sem sömdu þetta frv., hefðu, ef þeir hefðu kært sig um, getað tekið inn í frv.-samninguna, einfaldlega vegna þess að þeir höfðu það fyrir augunum í þeim lögum sem þeir höfðu sem fyrirmynd. T. d. er mér kunnugt um að í norsku hlutafélögunum er sérstakur kafli um aðild starfsmanna að stjórn fyrirtækja. Mér er kunnugt um að í sænsku hlutafélagalögunum er svo líka. Og mér er kunnugt um að stjórnskipuð nefnd, sem lauk störfum í Bretlandi fyrir rúmlega ári og fjallaði einmitt um atvinnulýðræðismál, gerði það að till. sinni, að þeim málum yrði til lykta ráðið hvað varðaði hlutafélög með sérstökum kafla í hlutafélagalöggjöf. Þannig er um að ræða mál sem allar nágrannaþjóðir okkar hafa leyst með einum og sama hætti, þ. e. a. s. með lagasetningu á þjóðþingum, en ekki samningum milli aðila vinnumarkaðarins, enda er ekki um að ræða kaup- og kjaramál heldur mannréttindamál. Allar þessar nágrannaþjóðir hafa komist að þeirri niðurstöðu, að þetta bæri að gera með löggjöf af löggjafarstofnun.

Ég held að við nánari umhugsun hljótum við Íslendingar að komast að sömu niðurstöðu, ef við viljum ná þessum hugmyndum fram, m. a. vegna þeirrar reynslu sem við höfum haft af öðrum vinnubrögðum, sem m. a. hafa komið fram í því, að nefndin sem skipuð var fyrir mörgum árum til þess að fjalla um þessi mál og skipuð var fulltrúum annars vegar Alþýðusambands Íslands og hins vegar Vinnuveitendasambands Íslands, hefur ekki haldið fundi um þetta mál árum saman, er nánast ekki lengur til. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að leysa málið á grundvelli samninga aðila vinnumarkaðarins, hafa hér eins og alls staðar erlendis ekki reynst þess eðlis að geta leyst málið, heldur erum við eins og allar okkar nágrannaþjóðir, sem svipað hafa gert, að leita fanga hjá löggjafarstofnun þjóðarinnar, hinu háa Alþingi. Spurningin er bara sú: Vilja Alþ. og alþm. veita launþegum í landinu þessi réttindi, sem í mínum huga eru ekki kjaraatriði, heldur mannréttindi: atkvæðisrétt í efnahagsmálum sambærilegan við þann atkvæðisrétt í félags- og stjórnmálum, sem íslenskir launþegar hafa haft blessunarlega um nokkurra áratuga skeið?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Fasteignaþjónusta ríkisins, frv. (þskj. 414). — 1. umr.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Í fjarveru fyrsta flm. þessa frv. mun ég lesa stutta framsöguræðu, sem flm. skildi eftir þegar hún hvarf af þingi, en hún hefur þess vegna ekki tækifæri til þess að mæla fyrir frv. Ræðan er svo hljóðandi:

Eins og fram kemur í grg. þessa frv. er markmiðið með Fasteignaþjónustu ríkisins, að þar ráði ekki önnur sjónarmið en að viðskiptavinir fái sem öruggasta, ódýrasta og auðveldasta þjónustu á kostnaðarverði. Flestir Íslendingar búa í eigin húsnæði. Fjölskyldur byrja venjulega smátt og stækka síðan við sig, er þeim vex fiskur um hrygg. Má gera ráð fyrir að fjölskyldur skipti um íbúð á 5—10 ára fresti fyrstu 50 ár búskap-

arins. Milliliðakostnaðurinn nemur 2% af söluverði eignar, en það eru 300 þús. kr. fyrir hverja 15 millj. kr. sölu. Þegar hugleitt er, að greiða verður ríflega mánaðarlaun hátekjumanns fyrir hverja slíka sölu, hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki megi spara.

Í Reykjavík og nágrenni eru skráðar samkv. símaskrá a. m. k. 50—60 fasteignasölur og hefur þeim farið fjölgandi. Fjöldi þeirra bendir til að atvinnuvegurinn þyki gróðavænlegur. Eitthvað hlýtur allt þetta skrifstofuhald að kosta. En hverjir standa undir því? Í Reykjavíkurborg einni hefur undanfarin 3 ár verið þinglýst að meðaltali rúmlega 2500 afsölum. Ef gert er ráð fyrir að meðalverð sé 15 millj. fyrir hverja selda eign, þá er um að ræða sölu fyrir 37.5 milljarða kr. Af þessari upphæð nemur söluþóknun 750 millj. kr. Samkeppni á þessu sviði er hörð og stuðlar beint eða óbeint að hækkun fasteignaverðs, án þess þó að hún leiði til lækkunar á milliliðaþóknun, og eykur þannig á verðbólguna. Mikilsvert væri ef Fasteignaþjónusta ríkisins gæti haft áhrif í þá átt að halda verðhækkunum fasteigna í skefjum.

Meginhluti þess fólks, sem selur fasteignir, kaupir aðrar í staðinn. Verðbólga á fasteignamarkaði kemur því báðum til fjárhagslegs ávinnings, en hefur ómæld áhrif til örvunar almennrar þenslu í þjóðfélaginu. Má í framhaldi af þessu benda á, að verðhækkanir koma fasteignaeigendum lítt til góða, en það fólk, sem kaupir sínar fyrstu fasteignir, þarf að greiða fyrir þær verð sem er umfram kostnaðarverð. Markmiðið er að viðskiptavinir eigi kost á lögfræðilegum upplýsingum, aðstoð varðandi viðskiptin, sem þeir ákveða þó sjálfir, og viti hver sé réttur þeirra, kaupendur eigi aðgang að fasteignamati, teikningum og öðrum upplýsingum varðandi viðkomandi fasteign. Ef vel tekst til öðlast menn meiri vernd og hagkvæmari viðskipti en mögulegt virðist í hinni hörðu samkeppni og nánast óheilbrigðu viðskiptaháttum sem nú ríkja á þessum vettvangi.

Hér lýkur framsögu hv. 1. flm. þessa frv., Guðrúnar Benediktsdóttur, og ég hef raunar litlu við þessi orð hennar að bæta. Ég bendi á að ekki er hugmyndin með þessum tillöguflutningi, að lagðar verði hömlur á slíka starfsemi almennt. Það er ekki heldur meiningin að setja niður íbúðarverð beinlínis með því að ætlast til að þeir, sem selja hjá Fasteignamiðlun ríkisins, fái lægra verð fyrir eignir sínar en aðrir. Hins vegar mætti með skipulagðri fasteignasölu af hálfu ríkisins ætla að seljendur þyrftu að greiða minna fyrir þá þjónustu en ella, miðað við ríkjandi form.

Ég vil svo, hæstv. forseti, leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og til félmn.

ATKVGR.

Frv. til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Dómvextir, frv. (þskj. 502). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja þetta mál, sem er á þskj. 502 og er frv. til laga um dómvexti, sem mundi þá vera viðauki við lög nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði. Þetta mál er tiltölulega einfalt í sniðum og auðskiljanlegt. Það gengur út á að dómkröfur haldi sem mest verðgildi sínu þegar dómar eru kveðnir upp. Sá háttur hefur verið valinn til þess að tryggja verðgildi krafna að leggja til að vextir af dómkröfu geti orðið jafnháir innlánsvöxtum af vaxtaaukalánum eða öðrum sambærilegum vaxtakjörum og þá sé það ákvæði, sem um það mundi fjalla, gert að viðauka við meðferð einkamála.

Eins og öllum er kunnugt og óþarfi er að vera að fara mörgum orðum um, hefur verðbólgan komið víða við og alls staðar til hins verra. Meðan ekki fæst skjót lausn á verðbólgumálum og hún geisar áfram meira en góðu hófi gegnir, þá hefur það verið mat manna, að eitthvað þurfi til bragðs að taka í peningamálum. Það hefur m. a. valdið því, að upp hafa verið tekin verðtryggð lán, bæði rekstrarlán og fjárfestingarlán, og bankar hafa boðið viðskiptavinum sínum lán sem eru með vaxtaauka. Allt er þetta sem sagt gert til þess að halda í við verðbólguna.

Varðandi fjárhagslegar kröfur, sem fyrir dómstóla koma, hefur þróun mála verið á þann veg, að í vaxandi mæli er þess vart að fólk, sem á slíkar kröfur, telur vafasamt fyrir sig að höfða mál vegna krafna sinna, vegna þess hversu langan tíma málarekstur tekur og loks þegar dómar eru kveðnir upp hafa kröfurnar rýrnað svo að verðmæti að þær hafa margfalt minna gildi en þegar til þeirra var stofnað. Þess eru dæmi, að dómsmál geta dregist allt upp í heilan áratug, og með hliðsjón af þeirri verðbólgu, sem hér hefur geisað undanfarinn áratug og jafnvel undanfarna áratugi, má augljóst sjá hversu verulega þessar kröfur hafa rýrnað á svo löngum tíma. Sem betur fer er þetta ekki hin almenna regla, en það má segja þó, að mjög algegnt sé að eðlilegt skuldamál, einföld mál geti staðið 2, 3, 4 og allt upp í 5 ár. Afleiðingin hefur verið sú, að málafjöldi hefur mjög aukist af þessum ástæðum, sem ég hef nú nefnt. Verðbólgan hefur í för með sér meiri glundroða í peningamálum en æskilegt er og heppilegt er, þannig að málum fjölgar vegna vanskila og vegna brenglaðs verðmætamats fólks á skuldum og peningum. Þetta veldur aftur því, að málafjöldinn er svo mikill að afgreiðsla þeirra dregst úr hófi og kröfurnar rýrna, eins og fyrr segir.

Það er mitt mat, að með því að samþykkja frv. í þá átt, sem hér er lagt til, megi mjög draga úr málarekstri. Það má tryggja að kröfur haldi nokkurn veginn verðgildi sínu, og fullvíst má telja, að traust almennings á dómstólum styrkist að mun við það að þetta yrði niðurstaðan. Sannleikurinn er sá að verðbólgan hefur ýtt svo undir alla spákaupmennsku, að hún hefur brenglað svo verðskyn fólks, að mikill fjöldi alls almennings hagar fjármálum og fjárhagslegum ákvörðunum sínum með hliðsjón af verðbólguþróun. Það er jafnvel komið svo, að menn draga vísivitandi að greiða réttmætar kröfur, standa ekki í skilum, vegna þess að þeir sjá sér augljósan hag í því að láta stefna sér og láta mál þæfast fyrir dómstólum. Kröfurnar rýrna því á þeim tíma sem

málarekstur stendur yfir og sá sem skuldar hagnast á þessum töfum, en kröfuhafinn glatar nánast fjármunum sínum og kröfu. Þetta er auðvitað ákaflega háskalegt viðhorf og verður nauðsynlega að reyna að stemma stigu við þessu og bregðast við. Ég tel allsendis óeðlilegt og ranglátt að menn hagnist á því að greiða ekki réttmætar kröfur. Þessar kröfur mega ekki rýrna svo í meðförum lögmætra dómstóla eða stjórnvalda að kröfuhafar tapi rétti og verðmætum. Þar af leiðandi tel ég að þetta frv. sé spor í rétta átt, það sé eðlileg viðbrögð við þeirri þróun og því ástandi sem nú ríkir. Það er mat manna, sem fylgjast vel með þessum málum, mat lögfræðinga og dómara, að hér sé góð leið farin og þetta megi hjálpa til þess að auka traust manna á dómstólunum og draga úr málarekstri, sem því miður er orðinn ískyggilega mikill hér á landi. Ég tel því, hæstv. forseti, að hér sé athyglisvert mál á ferðinni og brýnt að þetta frv. fái einhverja afgreiðslu og þinginu auðnist að samþykkja það.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til meðferðar allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjónvarpssendingar á fiskimiðin, frv. (þskj. 71, n. 505 og 520). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um sjónvarpssendingar á fiskimiðin við landið. Eins og fram kom í umr. utan dagskrár fyrir nokkrum dögum, hefur þetta frv. legið nokkuð lengi hjá fjh.- og viðskn., eða frá 9. nóv. s. l. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar en þá var gert um það atriði eða fjölyrða um þetta frv.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n. telur skynsamlegra að ríkisstj. fái tækifæri til að láta kanna þetta mál allt frá rótum og þá einnig aðra möguleika en frv. gerir ráð fyrir um sjónvarpsefni á fiskimiðin umhverfis landið. Þess vegna leggur meiri hl. til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Ég skipa minni hl. þeirrar n. sem fjallar um þetta mál, fjh.- og viðskn., og hef gefið út sérstakt nál. á þskj. 505, þar sem ég legg til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ég þarf ekki að fara um þetta mál mörgum orðum. Málið hefur verið rætt hér nokkrum sinnum áður. Það var flutt á síðasta þingi efnislega í sama búningi og það frv. sem hér liggur fyrir, og þá þótti rétt að fara þá leið að vísa málinu til ríkisstj. Ég er andvígur því og tel að taka eigi ákvörðun um málið.

Hér er um að ræða að gerð verði áætlun fyrir næstu 4 ár um hvernig hægt sé að koma sjónvarpssendingum til fiskiskipa okkar á fiskimiðunum hér við land. Það er enginn vafi á því, að nú þegar eru nokkur skilyrði fyrir hendi hjá þeim, sem eru á fiskimiðunum, að njóta sjónvarpssendinga, en þau skilyrði eru ekki nægilega góð. Hægt væri að bæta þau mjög verulega með minni háttar sendistöðvum, og er að sjálfsögðu alveg óþarfi að setja málið upp á þann veg, að annaðhvort þurfi að tryggja öllum, sem eru á hafinu hér í kringum landið, góð móttökuskilyrði eða þá að búa við það ástand óbreytt sem er í dag. Sú er skoðun okkar, sem stöndum að flutningi þessa frv., að hægt sé með mjög viðráðanlegum kostnaði að stórbæta móttökuskilyrðin á aðalfiskimiðunum við landið. Við teljum að réttmætt sé að ráðast í þá framkvæmd. En allt bendir hins vegar til þess, að stjórnvöld hafi ekki mikinn áhuga á málinu. Því álítum við þá ráðstöfun að vísa þessu máli til ríkisstj. eins og ástatt er jafngilda því, að synjað sé þeirri beiðni sem felst í þessu frv.

Till. mín er sú, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég er því andvígur till. meiri hl. um að vísa málinu til ríkisstj., sem ég tel sama og að fella málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Söluskattur, frv. (þskj. 79, n. 506 og 521). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hv. d. hefur haft frv. til laga um breyt. á lögum um söluskatt til athugunar, frv. á þskj. 79. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði vísað til ríkisstj. Minni hl., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Í nál., sem er á þskj. 506, legg ég til að þetta frv. verði samþ. óbreytt og er því andvígur þeirri afgreiðslu sem meiri hl. fjh.- og viðskn. stendur að á þskj. 521.

Í þessu frv. felst að lagt er til að gera tvær efnisbreytingar á lögum um innheimtu á söluskatti: annars vegar að fella niður söluskattsinnheimtu á kjöti og kjötvörum og hins vegar að fella niður söluskattsinnheimtu á rafmagnssölu. Ég hygg að söluskattur á kjöti og kjötvörum muni vera eitthvað nærri því að vera 1,5 milljarðar kr. á ári og söluskattur á rafmagnssölu er eitthvað yfir 1 milljarð á ári, því að þar var um að ræða 1 milljarð árið 1976.

Öllum hv. alþm. er kunnugt um að bændur landsins og bændasamtökin í landinu hafa lagt ríka áherslu á það að undanförnu, að söluskattur yrði felldur niður á kjöti og kjötvörum eins og söluskatturinn hefur verið felldur niður á mjólk og mjólkurvörum. Ég tel að brýn þörf sé á því að verða við þessum óskum og fella þennan söluskatt niður. Ef það yrði gert, væri hægt að lækka útsöluverðið á kjöti og kjötvörum um nærfellt 20%, sem mundi tvímælalaust hafa þau áhrif að salan á þessum vörum mundi aukast allverulega og þar með yrði dregið úr útflutningsþörfinni á þessum vörum, sem skapar aukin útgjöld og vandamál, en auk þess mundi verðlækkun á kjöti og kjötvörum hafa sín áhrif til lækkunar á framfærsluvísitölu og þar með á kaupgjaldi, sem fylgir að verulegu leyti öðrum verðlagshækkunum. Ég álít því, að sjálfsagt sé að verða við þessu, og vil að þetta ákvæði frv. nái fram að ganga.

Varðandi hinn liðinn, sem snertir söluskatt á raforku, vil ég benda á, að það er verulegt réttlætismál að fella niður þessa söluskattsinnheimtu, m. a. af þeim ástæðum, sem mjög hefur komið fram í umr. á Alþ. síðustu daga, að landsmenn borga fyrir rafmagn mjög mishátt verð og þeir landsmanna, sem búa við þau kjör að þeir verða að borga 86% hærra raforkuverð en aðrir, svo að dæmi séu nefnd um ljósar staðreyndir í þessum málum, eru á þennan hátt látnir borga enn þá hærri skatt til ríkisins en hinir, sem búa við hagstæðari kjör. Í þessu tilfelli eru því hinir óréttlátu rafmagnstaxtar notaðir sem sérstakur gjaldstofn til ríkisins og þeir, sem standa þarna hallari fæti en hinir, eru látnir borga hærri skatta til ríkisins en þeir, sem búa við hagstæðara verð. Það gefur auðvitað auga leið, að þetta er mikið óréttlæti og nauðsynlegt er að fella niður þennan söluskatt. Ég geri mér grein fyrir því, að það hefur sitt að segja fyrir hag ríkissjóðs að fella niður söluskatt sem nemur eitthvað yfir 1 milljarð kr. á raforkusölu. En ég tel þó að enginn vandi sé að gera þær tilfærslur í útgjöldum ríkisins sem gætu jafnað þennan skakka miðað við þau miklu útgjöld sem þar eru nú ákveðin. Að mínum dómi væri lítill vandi að færa þannig til, að þetta væri hægt, enda komu m. a. fram hjá forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, í till. þeim sem hann gerði varðandi ráðstafanir í efnahagsmálum, ábendingar um að færa niður aðallega rekstrarútgjöld hjá ríkinu, sem námu 1.5 milljörðum.

Ég þarf ekki að fara um þetta mál mörgum orðum. Hér er um stórmál að ræða að mínum dómi, mál sem þarf að fá afgreiðslu á Alþ., þannig að það komi alveg skýrt í ljós, hver afstaða hv. þm. er til þessara mála, hverjir það eru, sem vilja fallast á að fella söluskattinn niður af kjöti og kjötvörum og af raforkusölu, og hverjir það eru, sem telja eðlilegt að halda þessari skattheimtu áfram, svo óréttlát og óeðlileg sem hún er.

Hæstv. forseti. Till. mín kemur fram í nál. á þskj. 506. Þar legg ég til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðskiptabankar, frv. (þskj. 306). — Frh. 1. umr.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Það hefði verið mjög æskilegt að flm., hv. 2. þm. Austurl., væri viðstaddur, af því að ég ætlaði að beina til hans spurningum og ræða dálítið við hann um þetta mál. E. t. v. er flm. ekki hér í húsinu og það verður þá að hafa það. **(Forseti:** Sagt er að flm. málsins, hv. 2. þm. Austurl., sé á fundi úti í Þórshamri.) Þá verður að hafa það.

Frv. það, sem hér er til umr., um viðskiptabanka í eigu ríkisins, sem er á þskj. 306, kom til 1. umr. 27. febr. s. l. og var málinu frestað eftir að hv. flm., 2 þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson hafði lokið framsöguræðu sinni. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að gera nokkrar aths. við þann furðulega málflutning sem hv. þm. hafði í frammi í umræddri framsöguræðu. Umr. var fram haldið 9. þ. m., en var þá ekki lokið.

Tilgangur þessa frv. er sá, að stuðla að því að sameina Búnaðarbanka og Útvegsbanka. Allur málflutningur hv. þm. var á þann veg, að flutningur þessa frv. af hans hendi væri sprottinn af sérstakri umhyggju sem hann teldi sig hafa fyrir landbúnaði og þeim sem í dreifbýli búa. Tilgangur hans með þessari sameiningu, eftir máli hans að dæma, væri fyrst og fremst að efla með því Búnaðarbankann til að hann gæti betur hér eftir en hingað til gegnt hlutverki sínu við landbúnaðinn. Hv. alþm. hafa heyrt það oft upp á síðkastið í sölum Alþ., að hv. Alþb.-menn og ekki síst formaður þeirra, hv. 2. þm. Austurl., segjast bera mikla umhyggju fyrir bændum ásamt öðrum þeim sem höllum fæti standa í þjóðfélaginu. Og svona í leiðinni eru aðrir hv. þm. minntir á að ekki fari mikið fyrir umhyggju hjá þeim fyrir þessum aðilum. Sérstaklega höfum við framsóknarmenn verið minntir á þetta við ýmis tækifæri, ekki síst þegar bændur eiga í hlut. En í hverju felst þessi umhyggja hv. Alþb.-manna og af hvaða toga er hún spunnin, t. d. fyrir bændum? Að sögn hv. flm. á að sameina Búnaðarbankann og Útvegsbankann í þeim tilgangi að styrkja stöðu Búnaðarbankans. Umhyggjan fyrir landbúnaðinum er í því fólgin hvað þetta frv. varðar, að hans sögn. Fyrir stuttu stóð þessi sami hv. þm. að tillögugerð ásamt fleirum um hvernig ætti að mæta þeim efnahagsvanda sem steðjaði að þjóðinni og til umfjöllunar hefur verið að undanförnu í sölum Alþ. Þá talaði hann mikið um réttlæti og taldi sig sem endranær vera sérstakan málsvara þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Hv. þm., ásamt hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, og 5. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni, lagði fram till., sem fól í sér það réttlæti, sem hann öðrum fremur er merkisberi fyrir.

Þó að ég geri ráð fyrir því, að hv. 9. þm. Reykv. telji sig eiga höfundarrétt að þessum till., þá fer ekki milli mála hvers konar umhyggja það er, sem þessir hv. þm. hafa fyrir bændastéttinni. Það sést best á þeim till. sem stjórnarandstaðan stóð að í verðbólgunefnd. Sú umhyggja er af svipuðum toga og markmiðið með flutningi þess frv. sem hér er til umr. Það er ekki nóg að mæla fagurt, hugur þarf að fylgja máli svo að það sé nokkurs virði.

Þær fregnir, sem ég hef fengið af hinum svokölluðum bændafundum, sem Alþb. hefur boðað víða um land nú að undanförnu, gefa til kynna að hinn mikli „bændavinur", hv. þm. Lúðvík Jósepsson, segi þar annað en hann undirskrifaði, — og e. t. v. lagði einnig til að gert yrði — í verðbólgunefnd. Á bændafundunum er sagt, að hv. þm. hafi ekki talið vandamál að hækka útflutningsuppbætur á útflutta landbúnaðarframleiðslu um 2 milljarða umfram þá útflutningstryggingu sem bændur nú hafa lögum samkv., svo að þeir næðu verðlagsgrundvallarverði á þessu ári. Haft er eftir, að þm. hafi sagt að þetta væri raunar ekkert vandamál og hann væri fús til þess að standa að því, að svo yrði gert. En í verðbólgunefnd stóð hv. þm. Lúðvík Jósepsson að till. um það, að útflutningstryggingin á út-

flutta landbúnaðarframleiðslu yrði lækkuð um 1 milljarð og það fjármagn notað til að auka niðurgreiðslur á búvöruverði. Að vísu var hann þá að tala við neytendur, en í hinu tilfellinu við bændur. Þetta kallast að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri.

Í verðbólgunefnd lagði hv. þm. til, að lagður yrði veltuskattur á aðstöðugjaldstofn, sem gefa átti 4300 millj. í ríkiskassann. Þessi gjaldtaka, ef af henni hefði orðið, hefði þýtt að verðlagsgrundvallarbúið hefði orðið að greiða upp í þennan nýja skatt um 104 þús. á ári — eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir og einn af þeim, sem stóðu að þessum till., hefur tjáð mér. En þegar hv. þm. Lúðvík Jósepsson talar á bændafundunum, þá segir hann að auðvitað nái það engri átt að þannig skuli vera staðið að málefnum bænda, að vanta skuli 20—35% á að þeir nái kaupi viðmiðunarstéttanna ár eftir ár. Þannig talar hv. þm. á bændafundunum, þannig talar hann við bændur. En í verðbólgunefnd stendur hann að till. sem mundi auka þennan mun um 214 þús. á viðmiðunarbúið. Og ef ég þekki hv. þm. rétt, þá kæmi hann upp í ræðustól, ef hann væri við, og segði þetta allt saman misskilning hjá mér, till. stjórnarandstöðunnar að þessu leyti hefðu ekki átt að koma neitt við bændur, og svo reyndi hann að sveipa einhverjum þokuhjúp yfir málflutning sinn, ef að vanda lætur. En slíkt er alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. Hann getur með engu móti skotið sér undan því að hafa staðið að því í verðbólgunefnd að leggja til að lækka útflutningstryggingu á búvörum um 1 milljarð og leggja veltuskatt á aðstöðugjaldstofn. Í þeim till. var enginn undanskilinn og er því enginn vafi á að hann átti að ná til bænda á sama hátt og aðstöðugjald gerir. Þetta er skjalfast og undirskrifað. Og í fullu samræmi við þetta leggur hv. þm. til með þessu frv., að Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn séu sameinaðir til að efla Búnaðarbankann. Það á að styrkja lausafjárstöðu Búnaðarbankans með þessari fyrirhuguðu smeiningu við Útvegsbankann — eða var það ekki það sem hv. þm. átti við þegar hann talaði um að þessi till. hans væri fyrst og fremst til þess að styrkja Búnaðarbankann?

Þetta frv. var flutt í marsmánuði 1974 af viðskrh., sem þá var hv. 2. þm. Austurl. Í ársbyrjun 1972 skipaði hann nefnd til þess að gera nokkurs konar úttekt á öllum bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum í landinu og gera till. til úrbóta. Í erindisbréfi, sem nm. fengu frá ráðh., var beinlínis svo fyrir mælt, að unnið skyldi að og athugaðir þeir möguleikar, sem fyrir hendi kynnu að vera til þess að sameina banka, eða m. ö. o. að stefna ætti að einföldun og samruna innan bankakerfisins. Þetta var það verkefni sem bankamálanefndinni var sérstaklega falið af ráðh. að athuga og gera till. um, hvernig best væri að framkvæma. Þótt nál. bankamálanefndarinnar fjalli um þessi atriði, þá segir það ekkert um hvaða skoðanir einstakir nm. höfðu á því máli. Hins vegar fer ekki milli mála, að í nefndinni voru mjög skiptar skoðanir um hvernig ætti að standa að þessum málum. Vegna ýmissa ummæla hv. flm. vil ég lesa upp nokkur atriði úr þessari skýrslu. Þar koma fram allt aðrar skoðanir en hv. flm. vildi vera láta, með leyfi forseta:

„Eigi að stefna að einföldun og samruna innan bankakerfisins er nefndin þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að taka alla þætti þess til endurskoðunar. Fækkun ríkisbankanna einna mundi ná aðeins takmörkuðum árangri, ef ekki fylgdi á eftir fækkun hlutafélagsbankanna og samruni sparisjóða og innlánsdeilda í stærri og starfhæfari heildir.“ Og annars staðar segir: „Þótt nefndin sé þeirrar skoðunar, að stefna beri að verulegum samruna bankakerfisins og fækkun stofnana, vill hún eindregið vara við því, að þeirri stefnu verði framfylgt án tillits til þeirra sögulegu og félagslegu sjónarmiða sem mótað hafa þróun þessara mála hingað til. Það kerfi fjármálastofnana, sem Íslendingar eiga nú við að búa, á að vísu að nokkru rætur að rekja til þjóðfélagshátta sem nú eru að hverfa, en að mestu er það þó mótað af félagslegum og stjórnmálalegum viðhorfum sem enn eru rík með þjóðinni. Má t. d. nefna að þrír nýir hlutafélagsbankar voru stofnaðir á undanförnum áratug með samþykki allra flokka á Alþ. Sú dreifing fjármálavaldsins, sem fjölgun banka á undanförnum árum hefur haft í för með sér, á því væntanlega enn í dag miklu fylgi að fagna, þótt mörgum sé farið að ofbjóða sú fjölgun stofnana sem af þessu hefur leitt. Sömu sjónarmið hafa komið greinilega í ljós í viðræðum nefndarinnar við fulltrúa sparisjóða og innlánsdeilda, en hjá þeim hefur komð veruleg andstaða gegn því sjónarmiði nefndarinnar, að æskilegt væri að draga minnstu innlánsstofnanirnar saman í stærri heildir.“

Það væri freistandi að lesa langtum meira upp úr þessari skýrslu og ég ætla að bæta við tveimur mjög stuttum köflum, einmitt til að sýna hvaða viðhorf nefndin hafði í raun og veru til þessara mála. Hér segir:

„Ákveði ríkisvaldið að beita áhrifum sínum til fækkunar á viðskiptabönkunum, er sameining ríkisbanka samkv. eðli málsins mun einfaldari í framkvæmd en sameining hlutafélagsbanka. Nefndin hefur því gefið sérstakan gaum að leiðum til sameiningar á ríkisbönkum, og er þeim lýst í næsta undirkafla hér á eftir.

Leggja verður ríka áherslu á að enn sterkari rök eru fyrir sameiningu hlutafélagsbanka en ríkisbanka af þeirri ástæðu, að hlutafélagsbankarnir eru verulega minni rekstrareiningar en ríkisbankarnir. En auk lögformlegra vandkvæða, sem gera aðgerðir ríkisvaldsins erfiðar á þessu sviði, ber að hafa í huga, að vegna sérstakra aðstæðna eru forsendur fyrir sameiningu hlutafélagsbanka aðrar hér á landi en í nágrannalöndunum, þar sem spurningin um arðsemi hlutafjárins hefur fyrst og fremst ráðið afstöðu hlutafjáreigenda til breytinga á viðskiptabankakerfinu.“ Enn segir hér: „Ljóst er, að ýmis vandamál munu fylgja jafnviðamikilli breytingu á skipulagi bankamála og sameining Búnaðarbankans og Útvegsbankans yrði. Telur nefndin sérstaka ástæðu til að vekja athygli á þeim vanda, sem fylgja mundi yfirtöku sameinaða bankans á starfsfólki frá bönkunum

tveimur. Einnig vill nefndin vekja athygli á því, að hún hefur ekki haft aðstöðu til að kanna viðhorf þeirra viðskiptaaðila, sem bönkum þessum er einkum ætlað að þjóna, né athuga nægilega hinn rekstrarlega ávinning."

Ég hef lesið nokkra kafla upp úr nál. bankamálanefndar og ég get ekki betur séð en nefndin sem slík leggi blátt áfram ekkert til í þessum málum, heldur bendi á hvað helst kæmi til greina ef ríkisstj. og Alþ. kæmist að þeirri niðurstöðu að sameina ætti eitthvað af þessum stofnunum. Og það kemur meira að segja glöggt fram í þessu áliti, að nefndin telur á því ýmis tormerki að sameina t. d. ríkisbankana og segir, að ekkert liggi fyrir um það, að slíkur rekstur yrði hagkvæmari í tveimur ríkisbönkum en þremur.

Hv. 2. þm. Austurl. segir að bankakostnaður sé óeðlilega mikill, nefnir í því sambandi Noreg, Svíþjóð og Finnland, en hann nefnir ekki Danmörku. Af hvaða ástæðu? Vegna þess að bankakostnaður í Danmörku, þrátt fyrir þéttbýli þar og að það er lítið land, er meiri en á hinum Norðurlöndunum.

Hv. 2. þm. Austurl. segir í framsöguræðu sinni, að á árinu 1971 hafi 1600 manns starfað við bankastörf miðað við fullt starf, árið 1975 hafi þessi tala verið komin upp í 2300 manns og að hliðstæður starfsmannafjöldi sé nú 2700—2800 heils árs menn. Árið 1971 voru starfsmenn í Búnaðarbanka 186 að tölu að meðtöldu starfsfólki í Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þá voru t. d. í Landsbankanum 477 manns. Í Búnaðarbankanum vinna nú 239, en í Landsbankanum 749. Á þessu tímabili hefur því fjölgað um 53 í Búnaðarbankanum, en í Landsbankanum um 272. Í Búnaðarbanka og Útvegsbanka starfa nú, og þar með í Fiskveiðasjóði og Stofnlánadeild, 521 eða 1269 í öllum viðskiptabönkunum, en eins og ég sagði áðan eru í Landsbankanum 749 eða 247 manns fleira en í Búnaðarbanka og Útvegsbanka samanlagt. Starfsmannafjöldinn í Landsbankanum er sem sé eins og tveir Búnaðarbankar og Útvegsbankinn. Launakostnaður í bönkunum er um 70% af heildarrekstrarkostnaði, og er því vandséður hinn rekstrarlegi ávinningur að sameiningu fyrir ríkisbankana. Í ríkisbönkunum ásamt Seðlabankanum starfa 1383 menn. Ef það er rétt, sem hv. flm. hélt fram, að starfsmannafjöldi í öllu bankakerfinu sé 2700—2800 manns, þá vinna í öðrum peningastofnunum álíka margir eða 1316—1416 manns. Ég held nú að þarna hafi hv. þm. farið frjálslega með tölur, en e. t. v. skýrir hann þetta á eftir.

Ein af mörgum fullyrðingum hv. flm. var að hann sagði að Búnaðarbankinn væri ekki banki landbúnaðarins og Landsbankinn lánaði hærri heildarlán til landbúnaðarins en Búnaðarbankinn. Lán til landbúnaðar um síðustu áramót stóðu þannig, 31. des. 1977, að heildarlán Búnaðarbankans til landbúnaðar voru 6 milljarðar 585 millj., sem eru 40.7% af útlánum hans. Landsbankinn var á sama tíma með 6 milljarða 624 millj., sem er 15.6% af heildarútlánum hans. Lán til landbúnaðar árið áður eða um áramótin 1976—1977 voru í Búnaðarbanka 4 milljarðar 340 millj. eða 38.8% af heildarútlánum, en hjá Landsbanka á sama tíma 4 milljarðar 109 millj. eða 13.8% af heildarútlánum hans. Menn geta borið þessar tölur saman. Ég held að hlutur Búnaðarbankans í lánum til landbúnaðar sé töluverður a. m. k. að þessu leyti.

Hv. þm. taldi að hægt væri að fækka mjög útibúum með því að sameina Búnaðarbanka, — en hvað sagði bankamálanefndin í þessu tilviki? Hún taldi, að hugsanlegt væri að fækka um tvö útibú, þ. e. a. s. á Akureyri og í Austurbæ.

Í allri þeirri umr., sem hefur farið fram um þessi mál, er dálítið einkennandi, að annars vegar er talað um bankana, en í raun og veru ekki um aðrar peningastofnanir, sem þó starfa alveg eins og bankarnir. T. d. er talað um sjö banka. Alþýðubankinn er t. d. minni peningastofnun en ýmsir sparisjóðir, sem bæði starfa í Reykjavík og í grennd. Málið er ekki það einfalt. Það verður að sjá yfir þetta allt saman ef menn eiga að hafa aðstöðu til að meta og dæma, hvernig að þessum málum eigi að standa.

En ekkert fer milli mála, hvað felst í raun og veru í þessu frv. sem hér er til umr. Það er engin tilviljun, að bændur eru á móti sameiningu Búnaðarbankans og Útvegsbankans og fer ekkert milli mála, þó að hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafi sagt að þetta væri til að styrkja Búnaðarbankann. Þetta verður ekki til þess, vegna þess að staða Útvegsbankans hefur verið erfið og það hlyti auðvitað að koma niður á Búnaðarbankanum, ef um slíka sameiningu væri að tefla. Þess vegna eru bændur andvígir þessari sameiningu, enda liggur ekkert fyrir um það, að hún yrði hagkvæm að neinu leyti. Það liggur ekkert fyrir um það, og m. a. s. bendir allt í gagnstæða átt. Ég mundi síst af öllu mæla gegn því, að reynt væri að spara að þessu leyti sem öðru, en það þýðir ekki að bera fyrir mig fullyrðingar að þessu leyti þegar allt bendir til hins gagnstæða. Eða hvernig stendur á því t. d., að starfsmannafjöldinn í Landsbankanum skuli vera eins og í tveimur Búnaðarbönkum og Útvegsbankanum? Bendir það til þess, að hin stærri eining þurfi minni mannafla? Að vísu má segja að Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn séu aðeins minni en Landsbankinn, en mjög lítið.

Hv. flm. Lúðvík Jósepsson talar um, að Búnaðarbankinn sé almennur viðskiptabanki. Hverjum dettur annað í hug? Auðvitað er hann almennur viðskiptabanki. Þm. gaf til kynna — sagði það að vísu ekki berum orðum, en gaf það til kynna — að Útvegsbankinn væri þannig staddur, að eitthvað yrði að gera í þessum málum. Þannig var nú komið í síðari hluta ræðu hans. Ég hef svolítið athugað þessi mál. Ég hef t. d. svolítið athugað, hvernig þessi mál stóðu í Útvegsbankanum 1974 og hvernig hann stendur nú. Og ef menn reiknuðu út skuldir hans erlendis 1974 og breyttu í íslenskar kr., eins og gengið er í dag — og ég sé ekki neina aðra leið en gera það þannig — þá stendur Útvegsbankinn síður en svo verr að vígi en hann gerði 1974. Er best að það komi fram.

Hv. flm. var að tala um að auðvitað væri ekkert vit að standa í því, að í Austur-Skaftafellssýslu væru margir bankar eða í Vopnafirði, eins og hann komst að orði, það væri

hóflaus vitleysa að ætla sér að setja upp útibú frá kannske öllum bönkunum á Vopnafirði og Höfn í Hornafirði. Hverjum hefur dottið þetta í hug? Ég held að taka þyrfti upp það skipulag í þessum málum, að alls ekki væri leyft að stofna nema eitt útibú á þeim stöðum. Það ætti að miða við einhvern íbúafjölda. Hv. þm. talaði um, að ætlun sín væri ekki að minnka þjónustuna, þvert á móti að setja upp bankaútibú þar sem þau væru ekki fyrir o. s. frv. Alltaf er aukin krafa um að auka þjónustu að þessu leyti, og þess vegna hefur starfsmannafjöldinn vaxið, þó að ég haldi — enda kom það fram í ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar um daginn — að þær tölur, sem þm. fór með í þessu efni, séu ekki raunverulegar. Þm. sagði seinna í ræðu sinni, að það kynni að vera, að sameiningin yrði eitthvað á kostnað bændanna, og bætti orðrétt við: „En ég trúi því ekki, að þessir aðilar hafi hugsað þessi mál langt, ef þeir hafa ekki þegar áttað sig á því, hvers konar banki Búnaðarbankinn er. Það getur því orðið tilefni til þess kannske að lesa þann lestur nokkru lengra en hingað til hefur verið gert.“ Við hvað á hv. þm.? Ég hefði viljað fá svör við því. Ég er **ekkert feiminn að ræða það á Alþ.**, hvernig Búnaðarbankinn hefur staðið að sínum málum, og ég vil ekki taka svona aðdróttunum þegjandi.

Hann bætir því við, að Búnaðarbankinn hafi reynt að skjóta sér undan þeim verkefnum, sem eru tengd landbúnaði, hafi reynt að skjóta sér undan verkefnum. Við vitum hvernig þetta er í sambandi við bankana. Þeir hafa sín starfssvæði og það er ætlast til þess, að hvert útibú í þeim landshluta, sem hver banki hefur sett upp, þjóni landshlutanum. Tökum útibú Landsbankans á Höfn sem dæmi. Ætlast er til þess, að útibúið þar þjóni Austur-Skaftafellssýslu alveg eins og útibú Búnaðarbankans þjóna að öllu leyti Sauðárkróki og Skagafirði, Blönduósi eða Húnavatnssýslu o. s. frv. Auðvitað er þetta skynsamleg skipting og ekki eðlilegt, að Landsbankinn sinni verkefnum á Sauðárkróki eða í Skagafirði. Það er ekki heldur eðlilegt, að Búnaðarbankinn geri það þar sem Landsbankinn hefur fjármagnið frá fólkinu og er með bækistöð á staðnum. Ef þm. á við þetta, þá finnst mér slík vinnubrögð eðlileg en ég vil fá að vita við hvað hann átti í þessu tilviki.

Hv. þm. sagði: Ég hef heyrt suma þá, sem halda mjög með Búnaðarbankanum, segja: Við skulum bara leggja Útvegsbankann niður og þá verða eftir tveir bankar. — Ég tek ekki þátt í slíku. Ég hef ekki heyrt Búnaðarbankamenn leggja til að leggja skuli Útvegsbankann niður. Ég hef þá trú, að Útvegsbankinn geti komist alveg á réttan kjöl rekstrarfjárlega séð. Ég veit að hann er sæmilega staddur að öðru leyti, en hann á í erfiðleikum með rekstrarfé. Það er sjálfsagt ekkert undarlegt. Eftir þeim skýrslum, sem mér hafa borist — og ég held ég brjóti engan trúnað og held að þetta séu skýrslur sem hver og einn getur lesið, sem nennir því — þá hefur það komið fram, að á síðasta ári hafi orðið að auka útlánin í Vestmannaeyjum á annan milljarð. Er hann ekki eini bankinn sem er þar og skyldugur til að þjóna í raun og veru því byggðarlagi? Vestmannaeyjar einar eru alveg full skýring á því, hvers vegna Útvegsbankinn hefur verið í örðugleikum, t. d. nú um síðustu áramót. En í tísku er og menn halda að vinsælt sé að ræða um bankana og tala um sameiningu þeirra og eitthvað í þá áttina, en athuga ekki að kannske er — eftir því sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði — við eins margt fólk bundið hjá öðrum peningastofnunum en bankakerfinu, þ. e. viðskiptabönkunum og Seðlabankanum. Ég held að athuga þyrfti það eitthvað nánar.

Hann segir: Stofnlánadeild landbúnaðarins er ekki og á ekki að vera neinn sérstakur hluti af Búnaðarbankanum. — En það vill nú svo til, að 1. gr. stofnlánadeildarlaganna hefst þannig, með leyfi forseta: „Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband stofnlánadeildar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands og ákvæðum þessara laga.“ Svo segir hv. þm., að Stofnlánadeild landbúnaðarins sé ekki hluti af bankanum. Í 5. gr. þessa frv., sem hv. þm. flytur og er nú hér til umr., segir, með leyfi forseta: „Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðar- og Útvegsbankanum“, en síðan heldur hann því fram, að Stofnlánadeildin sé ekki hluti af Búnaðarbankanum. Þetta er nú málflutningur í lagi.

Hv. þm. sagði, að mikill sparnaður yrði með sameiningunni, t. d. væri þá hægt að leysa um nokkurn tíma húsnæðisvandamál Seðlabankans, eins og þm. komst að orði: „Ætli hann gæti þá ekki rúmast í bankahúsnæði annars hvors þessara banka? — Ekki dettur mér í hug að fyrrv. viðskrh. komi til hugar að þetta sé í raun og veru hægt, en hann heldur kannske, að einhverjir verði hrifnir af að heyra að hann hafi sagt þetta. Það er nefnilega ekki svo einfalt, ef ætti að sameina þessa banka, að hægt væri að bera út úr öðrum bankanum og það væri allt og sumt.

Þá vil ég spyrja hv. þm. hvernig stendur á því, ef honum dettur þetta í hug, að starfsmannafjöldinn í Landsbankanum er eins og í tveimur Búnaðarbönkum og einum Útvegsbanka. Fjöldinn í Landsbankanum er þetta mikill. Hann er eins og tvöfaldur starfsmannafjöldinn í Búnaðarbanka plús Útvegsbanka. Nei, ég held að þessi fullyrðing sé ekki vegna þess að hv. þm. trúi þessu sjálfur, heldur telur hann sér henta þetta.

Ég held að það mál, sem kannske væri mest aðkallandi af þessu öllu, að athuga, sé bankaeftirlitið. Ég held það þurfi að breyta því. Ég held það sé ákaflega óeðlilegt, að bankaeftirlitið sé í höndum Seðlabankans. Ég veit ekki betur en víða annars staðar sé þetta sjálfstæð stofnun eða í tengslum við viðskrn. eða bankamálarn. Og auðvitað þarf bankaeftirlitið að líta eftir Seðlabankanum og starfsemi hans eins og öðrum bönkum. Ég tel það galla á báðum þeim frv., sem hafa verið lögð hér fram, að þessi þáttur hefur ekki verið athugaður, og ég tel óeðlilegt að hafa þetta ástand áfram.

Eins og ég sagði áðan mundi ekki standa á mér að endurskoða öll þessi mál, en ég held að þau séu lítið könnuð, eins og ég tel mig hafa sýnt fram á, bæði með því að lesa upp úr þess-

ari skýrslu, sem bankamálanefndin frá 1973—1974 vann að og lagði fram, og enn fremur með ýmsum tölum, sem ég hef komið með. Ég held að það sé mjög eðlileg afstaða hjá bændum núna, eins og öll umr. hefur farið fram í þjóðfélaginu, að þeir séu á verði. Þetta frv. er einn liður í því að þrengja að þeim. Ekki er hægt að bæta stöðu Útvegsbankans með öðru eða sameina þessa banka öðruvísi en þannig, að það hlýtur að þrengja að hinum. Það má heita útilokað, þó að hv. þm. hristi höfuðið. Það breytir engu um staðreyndir. Hann er vanur því að hrista höfuðið og bera á móti rökum ef það hentar honum. Sannleikurinn hjá honum er yfirleitt það sem honum hentar.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að ég taki aftur til máls, nema þá af sérstöku tilefni. Ég geri ekki heldur ráð fyrir því, að þetta mál fari öllu lengra. Mig langaði aðeins að fá tækifæri til þess að svara ýmsu sem kom fram í máli hv. flm., en mér þótti miður, að hann gat ekki verið við. Í upphafi óskaði ég eftir því, að athugað væri, hvort hann gæti ekki verið viðstaddur, því að mér er það ekki að skapi að ræða við menn að þeim fjarstöddum þegar ég tel mig hafa ástæðu til að taka málflutning þeirra til athugunar.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég hafði tilkynnt forseta fyrr í dag, að ég þyrfti að vera á fundi í næsta húsi, milli kl. 5 og 6, en ég sé að þannig hefur tekist til, að einmitt þessa stuttu stund, sem ég var í burtu úr salnum, þó að ég hafi verið viðstaddur í allan dag annars og setið gjarnan fastar en aðrir í sæti mínu, þá hefur verið staðið þannig að málum, að tekið er til umr. mál, sem ég hef flutt, og haldinn yfir mér fjarstöddum alveg sérstakur eldhúsdagur. Ég kom inn í lok þessa málflutnings hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Hann sagði, að hann hefði farið sérstaklega fram á það, að ég gæti verið viðstaddur á meðan hann flytti mál sitt, svo að það gerir málið enn þá alvarlegra, að mér skyldi ekki gert aðvart á þessum *fáu mínútum sem ég þurfti* að vera í burtu. Og svo er málflutningurinn á þessa lund á meðan ég er í burtu. Ég hefði gjarnan viljað hlýða á hv. þm. og ég tala nú ekki um að eiga kost á því að ræða við hann efnislega um þau atriði, sem hann þóttist gera aths. við í málflutningi mínum, ef þar hefur þá verið um einhver efnisleg atriði að ræða. Ég tel mig nú reyndar hafa talsverða ástæðu til að draga slíkt í efa í tilefni af því sem ég heyrði í lok ræðu hans.

Ég heyrði t. d., að hann lagði út af því, að það frv., sem ég flyt um skipan viðskiptabanka ríkisins, þrengdi alveg sérstaklega að bændum. Auðvitað reyndi hv. þm. ekki að færa nein rök fyrir þessu. Ég hafði hins vegar í máli mínu áður rætt allítarlega, hvernig væri statt með þann banka, sem ber nafn bændanna eða tengist starfsgrein þeirra, Búnaðarbankann, *og hlut bændanna í* sambandi við starfsemi hans. Fróðlegt hefði verið að heyra hvernig hv. þm. Stefán Valgeirsson heyndi að hnekkja því, sem ég sagði þá um starfsemi bankans og viðhorf hans til bænda, þar sem ég m. a. benti á, að ljóst lægi fyrir að Búnaðarbankinn væri ekki meiri banki bændanna en svo, að um langan tíma hefði það verið þannig og væri enn í dag, að einn af þremur viðskiptabönkum ríkisins, Landsbankinn, lánar bændastéttinni meira fé en Búnaðarbankinn hefur gert og gerir. Og þar skiptir einu máli hvort litið er á almenn afurðalán til landbúnaðarins eða önnur viðaukalán, allan tímann hefur það verið þannig, að Landsbankinn hefur veitt bændastéttinni meiri heildarlán en Búnaðarbankinn.

Það kemur einnig í ljós, þegar litið er á heildarútlán Búnaðarbankans, að milli 30 og 40% af heildarútlánum bankans eru tengd við landbúnað og bændur, en mikill meiri hluti af útlánum bankans fer til annarra. Þessar staðreyndir, sem ég hef áður nefnt í tölum og er auðvelt að koma með hvenær sem er, sýna að auðvitað er fjarstæða að halda því fram, að Búnaðarbankinn sé, eins og nú er komið, sérstakur banki bænda eða landbúnaðarins, enda er það svo, eins og ég benti einnig á í fyrri ræðu minni, að auðvelt er að taka heila landshluta *sem dæmi, t. d. þann landshluta sem ég* kem úr, Austurland. Þar er aðeins um eitt tiltölulega lítið útibú að ræða frá Búnaðarbankanum og heildarlán hans, bæði til bænda og annarra á því svæði, eru hverfandi borið saman við lán annarra banka. Nei, hið rétta er, eins og ég sagði og forustumenn bankans hafa líka við önnur tækifæri viðurkennt, að Búnaðarbankinn er fyrir löngu orðinn almennur viðskiptabanki, sem lánar í ríkum mæli til allt annarra aðila en bænda. Þar hefur gjarnan borið sérstaklega á lánum til verslunar og ýmissa viðskiptaaðila, stórra verktaka og ýmissa þeirra sem framsóknarmönnum dettur í hug að kalla braskara við viss tækifæri. Og auðvelt er að sýna fram á það í tölum, hvernig þessu er háttað. Þannig er auðvitað víðs fjarri, að hægt sé að segja að þessi ríkisbanki sé sérstaklega banki bændanna frekar en t. d. Landsbankinn. Hann er, eins og ég sagði, almennur viðskiptabanki sem á sín viðskipti við bændur eins og Landsbankinn, en ekki er hægt að segja að hér sé eingöngu um banka bændanna að ræða.

En hv. þm. hélt því fram, að það frv., sem hér er til umr., beindist sérstaklega að því að þrengja kosti bænda. Að hvaða leyti skyldi það vera? Hvort skyldi hann finna í þessu frv., að eitthvað það kæmi fram, sem gæti táknað að dregið yrði úr viðskiptunum við bændur? *Ég hafði hins* vegar í máli mínu haldið því fram, að þvert á móti væru allar líkur til þess, að hægt yrði að styðja við bakið á landbúnaðinum eins og öðrum atvinnugreinum í ríkari mæli en áður hefur verið, einmitt með því að til kæmi stærri og öflugri banki. Búnaðarbankinn er eins og aðrir bankar, sem eru af takmarkaðri stærð, orðinn býsna bundinn af útlánum sínum og getur ekki hreyft sig nema takmarkað, enda ber hann því óspart við, þegar bændur þurfa á auknum fjármunum að halda, að hann *geti* ekki betur en hann hefur gert. Af því að hv. þm. Stefán Valgeirsson talar um, hverjir séu að þrengja kosti bænda, þá mætti kannske tala við hann svolítið um þau mál alveg sérstaklega og þátt hans í þeim efnum og flokks hans. Skyldi hv. þm. Stefán Valgeirsson eitthvað kannast við það, að fyrir

2—3 dögum hafi vextir á lánum landbúnaðarins verið stórkostlega hækkaðir? Skyldi hann kannast við, að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafi hækkað grunnvexti á landbúnaðarlánum úr 10% upp í 13%, þar að auki hækkað verðtryggingu á almennum lánum bankans úr 25% upp í 33% og einnig tekið ákvörðun um að öll lán, sem bankinn hafði veitt til landbúnaðar á tímabilinu frá 1973 og fram til þessa árs, skyldu hækkuð samkv. heimildum í lánsbréfum, vextirnir skyldu þar einnig hækkaðir um 3%? Skyldi hv. þm. telja þessa aðgerð eitthvað í ætt við það að þrengja kosti bænda? Hver skyldi standa að þessu? Ætli þessi hv. þm. eigi ekki sinn skammt af því? Hins vegar er það, að þeir, sem standa að flutningi þessa frv. og styðja það með mér, höfðu þó kraft í sér til þess að greiða atkv. gegn þessari hækkun.

En þetta er auðvitað aðeins lítilræði í samanburði og sambandi við annað sem bændur hafa mátt þola að undanförnu frá þeim, sem nú fara með völd í landinu, og þar með af hálfu Framsfl. Ég veit að þeir framsóknarmenn hafa fundið svolítið til undan því sem ég og ýmsir fleiri höfum sagt um stefnu þeirra í landbúnaðarmálum að undanförnu. Og þeim hefur ekki liðið rétt vel þegar ég hef gefið mér tíma til þess að víkja nokkuð að því, hver stefna þeirra hafi verið í landbúnaðarmálum nú undanfarin ár og til hvers sú stefna hefur leitt. Við Alþb.-menn höfum flutt till. á Alþ. um það að verða við óskum bændastéttarinnar um að bankakerfið lánaði bændum meira en gert hefur verið í rekstrarlán. Það hefur ekki heyrst mikið úr ræðustóli frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni í sambandi við þetta mál. Hann hefur sennilega látið sér nægja að vera á einhverjum bændafundum og samþykkja að þessi lán skyldu hækkuð. En þegar komið er á Alþ. hefur ekki borið mikið á áhuga hans á að hækka lánin.

Hv. þm. hefur auðvitað, eins og aðrir flokksbræður hans, haft áhuga á því að líka á bændafundum að samþykkja að nauðsynlegt væri að fella niður söluskattinn á kjöti og kjötvörum. En þegar hefur komið til þess að greiða atkv. um það mál á Alþ., þá fer orðið lítið fyrir hv. þm., þá hefur flokkur hans allur raðað sér upp og fellt þá sömu till. sem þeir höfðu verið að samþykkja á bændafundum. Það er auðvitað von, að þeir, sem standa sig þannig, geti talað um að aðrir, — með því m. a. að leggja til nokkra breytingu á skipun bankamála — séu að þrengja kosti bænda.

Nei, þessi atriði eru auðvitað gersamlega út í hött hjá hv. þm. Þetta er svipað og það sem mér var sagt að hefði komið fram í ræðu hans á meðan ég var fjarstaddur, að ég hefði lagt til á bændafundum, sem ég hefði mætt á, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir yrðu hækkaðar um 2 milljarða kr. Auðvitað er þessi frásögn hv. þm. eintómt slúður. Þetta hef ég aldrei sagt og aldrei lagt til. Hins vegar get ég sagt honum, að í umr. um þetta mál hef ég sagt — og segi það enn — að ef málin standa þannig, að bændur landsins skortir á sem nemur 2 milljörðum kr., eins og forustumenn í landbúnaði hafa haldið fram í sambandi við útflutning á landbúnaðarafurðum, til þess að þeir gætu haldið sínum hlut, þá segi ég: þá ber að leita að ráðum til þess að hlutur þeirra versni ekki frá því sem hafði verið gert ráð fyrir. Ég er tilbúinn fyrir mitt leyti að leita að ráðum til þess að hagur bænda þurfi ekki að versna. Ég hef gert minn hlut í þeim efnum m. a. með því að styðja till. um að fella niður söluskatt á kjöti og kjötvörum eins og bændur hafa farið fram á. Það gæti komið þeim til góða ef þannig yrði haldið á málinu. Líka eru til fleiri leiðir.

Ég hef hins vegar haldið því fram, að óþarfi væri að halda þannig á stjórn landbúnaðarmála að gera þyrfti ráð fyrir 2 milljarða kr. hærri fjárhæð í útflutningsuppbætur. Sú endemisstefna, sem Framsfl. ber fyrst og fremst ábyrgð á í sambandi við stjórn landbúnaðarmála, getur auðvitað leitt til þess, að ef bændur eigi að halda sínum hlut, þá þurfi að hækka útflutningsuppbætur um 2 milljarða á ári í nokkur ár. En ég hef sagt það og segi, að það er alveg óþarfi að halda þannig á stefnunni. Ef hv. þm. Stefán Valgeirsson og aðrir með honum úr liði Framsóknar standa í því af öllu sínu kappi dag eftir dag að hækka vextina á landbúnaðarlánum og íþyngja bændum á annan hátt, kemur auðvitað að því, að auka verður við útflutningsuppbæturnar, nema þá að kjör bændanna eigi að fara niður á við. Á þetta hef ég bent og á þetta á ég eftir að benda enn þá betur og enn þá fleiri bændum. Það er spurning, hvort ég legg það ekki á mig að fara norður í kjördæmi hv. þm. til að ræða um þetta mál og gef honum kannske kost á því að koma þar á fund með mér. (**Gripið fram í:** Vertu velkominn.)

En ég tók líka eftir því, eða mér skildist að hv. þm. hefði sagt að ég hefði aftur á móti í till. frá verðbólgunefnd lagt til að lækka útflutningsbætur á landbúnaðarafurðum um 1 milljarð. Auðvitað fer hv. þm. í þessum efnum einnig með rangt mál. Í till. þeim, sem ég stóð að, var alveg skýrt tekið fram, að þar átti ekki að breyta á neinn hátt gildandi lögum og reglum um 10% regluna svonefndu. Hins vegar var gert ráð fyrir því, að með því að stórauka niðurgreiðslur á innlendum markaði, með því að auka niðurgreiðslurnar upp í 3.2 milljarða, þá mætti áætla að minna yrði flutt út af kjöti en ella. Það er alveg ótrúlegt trúleysi, sem kemur fram hjá þessum hv. þm., ef hann vill halda því fram, að með því að lækka verð á landbúnaðarafurðum hér innanlands verulega með stórauknum niðurgreiðslum megi ekki gera ráð fyrir því, að innlendi markaðurinn taki eitthvað meira til sín. En ef innlendi markaðurinn tekur meira til sín, þá þarf vitanlega að flytja minna út. Hér var því alveg skýrt fram tekið, að um var að ræða áætlun, óhætt væri að áætla minni útflutningsuppbætur án þess að taka á nokkurn hátt af bændum þann lagalega rétt sem þeir höfðu varðandi 10% regluna.

Hv. þm. skýtur því alveg yfir mark þegar hann heldur því fram, að ég hafi lagt til að skerða útflutningsuppbótarétt bænda um 1 milljarð. Það er auðvitað alveg rangt, ekki um eina krónu, ekki um neitt heldur aðeins að setja þarna upp líkindareikning um það, hvað væri líklegt

að yrði um útflutning ef yrði horfið að því ráði, eins og okkar till. stefndu að, að stórauka niðurgreiðslurnar á innlendum markaði. Þarna er því um mjög ómerkilegan útúrsnúning að ræða hjá hv. þm., sem auðvitað stenst ekki þegar málið er krufið.

En þetta er svipað og gerðist áður hjá þessum hv. þm. einmitt varðandi till. okkar sem urðum í minni hl. í verðbólgunefnd, þegar við lögðum til að lagt yrði á sérstakt gjald til tekjuöflunar, m. a. til þess að standa undir þessum auknu niðurgreiðslum og til þess að fella niður tiltekinn gjaldstofn hjá ríkinu, — þegar við lögðum til, að lagt yrði á sérstakt gjald í meginatriðum á grundvelli þess sem aðstöðugjald er lagt á nú.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson flutti alllanga ræðu um þetta atriði og reiknaði út hina herfilegustu vitleysu. Ég fékk tækifæri til þess að koma upp síðar og leiðrétta allar þær fjarstæður sem þá komu fram hjá hv. þm., þar sem hann vildi halda því fram, að þessar till. okkar þýddu stóraukin útgjöld á meðalbú í landinu. Þá fletti þessu öllu í sundur hjá hv. þm., en hann kaus auðvitað að hafa þann hátt á að láta ekki sjá sig í þingsalnum og vera þar hvergi nærstaddur. Ég tel því næstum að segja óþarfa að fara að endurtaka það sem ég sagði þá, en vísa hv. þm. á þingræðu mína um þetta efni. Ég hef sem sagt rakið þetta áður og sýnt fram á að þessar till. okkar stefndu að hagsbótum fyrir meðalbúið, en ekki að aukinni skattlagningu eins og hv. þm. hélt. Hann hafði þar auðvitað reiknað rangt eins og fyrri daginn og haldið fram staðlausum stöfum.

En ég vil nú víkja nokkru nánar að því frv., sem hér er raunverulega til umr., vegna þess að það, sem ég hef verið að ræða um, er fyrst að svara fullyrðingum hv. þm. Stefáns Valgeirssonar varðandi skoðanir mínar, sem hann reyndi að tengja við þetta frv., en eiga auðvitað ekkert skylt við efni frv. út af fyrir sig. Hann vildi reyna að leggja út af því, að með þessu frv. sýndi ég sérstakan fjandskap í garð bænda. Það frv., sem hér er um að ræða, miðar að því að fækka viðskiptabönkum ríkisins úr þremur í tvo og gera einn myndarlegan banka úr Búnaðarbankanum og Útvegsbankanum með aukafjárframlagi, sem gæti stutt þennan nýja banka verulega frá því sem fjárhagur þessara beggja banka leyfir nú í bili. Ég benti á það og bendi á það enn, að ef þessi skipan yrði gerð á bankamálunum væri hægt að spara verulega fjármuni, en þó koma bankamálastarfsemi í landinu þannig fyrir, að allt benti til þess að hún styddi betur við atvinnulífið, jafnt landbúnað sem annað atvinnulíf í landinu.

Ég hafði bent á að þannig er nú komið, t. d. varðandi rekstur landbúnaðar, að hann er í slíkum tengslum við annan atvinnurekstur í landinu og annað framkvæmdalíf í landinu, að landbúnaðurinn verður ekki skilinn þarna einhliða frá. Ég hafði t. d. bent á í framsöguræðu minni til skýringar máli mínu, að ef tekið væri sem dæmi framleiðslusvæði eins og Vopnafjörður, sem ég taldi mjög skýrt dæmi um þetta efni, væri sá landbúnaður, sem þar í sveit væri rekinn, í svo nánum tengslum við útgerð í Vopnafjarðarhreppi og annan atvinnurekstur þar um slóðir að þarna stæði þetta í rauninni allt saman, engin leið væri að ætla að sinna vel einum þætti atvinnulífsins í þessu héraði án þess að taka ákveðið tillit til annarra þátta atvinnulífsins á sama stað. Þetta hefur að mínum dómi komið mjög greinilega fram hjá því fólki sem byggir þetta svæði. Þar er um að ræða t. d. landbúnaðarhrepp mikinn, Vopnafjarðarhrepp, en þar hafa menn verið sammála um að það væri landbúnaðinum í þessum hreppi nauðsynlegt, að rekin væri við sjávarsíðuna í hreppnum myndarleg útgerð og fiskvinnsla, og hreppurinn, jafnt bændurnir í hreppsnefndinni sem aðrir hafa staðið að því að koma upp slíkum fyrirtækjum og lagt sig fram um að fjármagna þau einnig til stuðnings landbúnaðarframleiðslunni á þessu svæði. Hins vegar er þessum málum þannig háttað á þessu tiltekna svæði, að vegna þeirrar starfsgreinabankapólitíkur, sem hér hefur gilt, deildist þetta litla svæði upp á milli margra banka til mikilla óþæginda. Ég er ekki í neinum vafa um að hægt væri að þjóna þessu svæði miklu betur af einum sameinuðum banka, öflugum banka sem teldi það skyldu sína að þjóna jafnt landbúnaði á þessu svæði sem sjávarútvegi, iðnaði og öðrum rekstri.

Ég nefndi einnig sem dæmi um þetta atriði það sem gerst hefur t. d. í Austur-Skaftafellssýslu. Það fer ekkert á milli mála, að bændurnir og forustumenn bænda í þeirri sveit hafa þegar talað í þessu máli. Þeir lögðu alveg hiklaust til að fá á sitt svæði banka sem gæti þjónað atvinnulífinu í Austur-Skaftafellssýslu alhliða. Þeir voru ekki á þeirri skoðun, að þeim hentaði best að hafa þrjá eða fjóra banka á Höfn í Hornafirði: einn til þess að þjóna sjávarútvegi, annan til þess að þjóna landbúnaði og hinn þriðja til þess að þjóna iðnaði eða verslun. Á þetta hef ég bent. Þarna er um það að ræða, að menn átti sig á því, hvernig atvinnulífið á Íslandi er orðið í dag. En ég þykist sjá á öllum málflutningi hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, að hann hefur ekki enn áttað sig á þessu. Hann heldur enn þá að hagstæðast sé fyrir landbúnaðinn að skera sig út úr og vera aðallega bundinn sérstökum banka og slitinn þá frá bankastarfsemi á sínu athafnasvæði, eins og nú á sér stað í ríkum mæli. Það er að því gagnstæða sem frv. mitt miðar.

En svo fullyrðir hv. þm., eins og kom fram hjá honum í ræðulok, sem ég hlýddi á, að hann hafi nú sýnt fram á að kanna þyrfti þessi mál öll miklu betur en gert hefur verið, og fullyrti reyndar að þessi mál hefðu verið lítið könnuð. Þó að fyrir alþm. liggi ítarlegar skýrslur nefndar, sem hefur unnið mikið verk í þessum málum og orðið sammála um meginatriðin í stefnunni, kemur hv. þm. Stefán Valgeirsson og heldur því fram, að þessi mál hafi verið lítið könnuð. Svona málflutning geta þeir auðvitað haft uppi sem í rauninni vilja engu breyta, vilja hafa ástandið eins og það er. Þeir geta auðvitað alltaf haldið því fram, að athuga þurfi málið betur: Við skulum bíða enn, við skulum skipa enn nýja nefnd til að fara ofan í störf hinnar fyrri.

Ég álít að búið sé að vinna þau rannsóknarstörf í sambandi við bankamálin, að óþarfi sé að draga að taka ákvarðanir um viss meginatriði. Og þessi meginatriði voru þau og eru þau að mínu viti, að fækka eigi viðskiptabönkum frá því sem nú er, eins og kemur fram í áliti bankamálanefndar, fækka viðskiptabönkunum úr þremur í tvo og fækka einkabönkunum, hlutafélagsbönkunum, einnig niður í tvo. Það munaði verulega um að stíga það skerf eins og þessum málum er nú fyrir komið.

Einnig þarf auðvitað á eftir að fylgja, að tekið verði til við að skipuleggja sparisjóðakerfið á ný, því það er ekkert um að villast, að það kerfi allt er afar sundurlaust og of óvirkt eins og það er og veitir engan veginn það öryggi í peningamálum sem það þyrfti að gera. Auk þess þyrfti svo einnig, eins og kemur fram í áliti bankamálanefndar, að taka fyrir stofnlánakerfið og gera á því allverulegar breytingar og einfalda það. Ég er ekki talsmaður þess að leggja niður marga stofnlánasjóði, en tel þó að það megi og það sé rétt að sameina nokkra þeirra sem vinna mjög í sömu grein, þar sem þeir vinna núna margir í sömu grein.

Ég hafði sagt það í ræðu minni — sem ég heyrði ekki annað betur en hv. þm. Stefán Valgeirsson flytti ranglega eftir mér — að ég teldi eðlilegt að Stofnlánadeild landbúnaðarins yrði alveg sjálfstæð deild, sjálfstæð stofnlánadeild á hliðstæðan hátt og Fiskveiðasjóður er sjálfstæð stofnlánadeild hjá sjávarútveginum. Ég hef aldrei verið að deila um það, hvort kalla eigi Stofnlánadeild landbúnaðarins hluta af Búnaðarbankanum eða ekki hluta. Hitt er skoðun mín, að stofnlánasjóðina eigi að skilja frá rekstrarlánabönkunum svo sem frekast er unnt. Það er óeðlileg skipan að hengja svona stofnlánadeild, eins og t. d. Stofnlánadeild landbúnaðarins, aftan í einn af viðskiptabönkunum sérstaklega. Menn voru á það sáttir á sínum tíma að skilja t. d. á þennan hátt á milli Útvegsbankans og Fiskveiðasjóðs og gera hann að sjálfstæðum stofnlánasjóði sem viðskiptabankarnir hefðu í rauninni sem jafnasta aðstöðu gagnvart. Ég er á sömu skoðun gagnvart Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég teldi eðlilegast að hún starfaði sem sjálfstæð stofnun, hvort sem hún er í þeim tengslum við hinn sameinaða banka, sem ég geri ráð fyrir, að hann hafi með að gera fjárreiður stofnunarinnar eða ekki. Slíkt væri ekkert höfuðatriði í mínum huga. En ég tel að miklu eðlilegra sé að stofnlánin séu í þessum efnum skilin frá, en ekki blandað á einn eða neinn hátt saman við hin almennu rekstrarlán eða hin almennu viðskiptalán.

Það er þetta, sem ég sagði og vil segja varðandi Stofnlánadeildina, að ég tek ekki þátt í neinni deilu um hvort skýra beri hana lagalega sem hluta af Búnaðarbankanum eða ekki, heldur fyrst og fremst um hitt, að ég tel að eðlilegt væri að hafa þessa skipan á.

Það kom upp á sínum tíma í sambandi við Fiskveiðasjóð, að t. d. Landsbankinn, sem hafði talsvert mikil viðskipti við sjávarútveginn, fann mjög að því, að Fiskveiðasjóður væri í beinum skipulagslegum tengslum við Útvegsbankann. Hann taldi að í sumum tilfellum væri tekin afstaða til stofnlánaveitinga til sjávarútvegs með nokkurri hliðsjón af hagsmunum viðskiptabankans sem sjóðurinn var tengdur. Landsbankamenn héldu því þá mjög fram, að sá banki færi nokkuð halloka, eða þau fyrirtæki sem hann hafði aðallega viðskipti við í sjávarútvegi, varðandi afgreiðslu stofnlána frá Fiskveiðasjóði. Mér þætti ekki óeðlilegt að slíkt gæti komið upp í sambandi við Stofnlánadeild landbúnaðarins, — enda hefur maður heyrt á það minnst, að svipað kæmi upp þar, — að ef hinn sameinaði banki hefði bein skipulagstengsl við Stofnlánadeild landbúnaðarins, þá kynni hinn ríkisviðskiptabankinn, Landsbankinn, að telja að hans hlutur yrði ekki jafn og sameinaða bankans. Af því er ég á þeirri skoðun, að eðlilegt sé að skilja þarna á milli, því þarna er um tvenns konar peningamálaþætti að ræða, annars vegar stofnlán og hins vegar rekstrar- eða viðskiptalán.

Ég hafði í framsöguræðu minni fyrir þessu frv. nokkuð bent á að spara mætti allverulega með sameiningu þessara banka, hafði m. a. haft orð á því, að t. d. væri auðvelt að komast hjá því núna í byrjun, að Seðlabankinn þyrfti að fara í það að byggja yfir sig nýja höll, eins og rætt hefur verið um, ef framkvæmd yrði sameining Útvegsbankans og Búnaðarbankans á Reykjavíkursvæðinu, vegna þess að þá gæti aðalbankahús Útvegsbankans losnað. Ég efast ekkert um það fyrir mitt leyti, að þetta er hægt. Þessir bankar hafa nægilegt húsrými. En hv. þm. Stefán Valgeirsson hristir höfuðið, því hann vill láta þá hafa enn þá meira húsrými en þeir hafa og virðist því ekki vera á neinum sparnaðarbuxum í þeim efnum. (Gripið fram í.) Já, það er raunsæi, að bankarnir þurfi að sætta sig við hóflegt húsnæði ekki síður en aðrir. Ég efast ekkert um að þessir tveir bankar eiga á Reykjavíkursvæðinu slíkar húseignir sem þeir nota nú fyrir bankastarfsemi sína, að tiltölulega auðvelt væri að koma þessu fyrir á þann hátt að hægt væri að spara nú í fyrstunni húsnæði sem væri þá alveg fullnægjandi handa Seðlabankanum. Um talsverðan sparnað gæti verið að ræða á þessu sviði, sem þó kæmi aðallega fram í því við sameiningu bankanna, að fljótlega væri hægt að komast af með færra starfsfólk en nú er og þó einkum og sérstaklega væri hægt að koma í veg fyrir þá fjölgun sem virðist vera þarna á ferðinni og hefur verið þarna á ferðinni.

Það skiptir auðvitað mestu máli að taka fyrir starfsmannafjölgunina í bankakerfinu, sem auðvitað leiðir af því, að þessir bankar eru í harðri samkeppni innbyrðis. En þessar sparnaðarröksemdir hafa þó aldrei verið höfuðröksemdir mínar í þessu máli, ég hef ekki lagt á þær áherslu, en tekið skýrt fram að þær væru þó höfuðatriði. Hitt skiptir að mínum dómi langsamlega mestu máli, að með þessum hætti væri hægt að tryggja miklu sterkari og betri bankaviðskipti fyrir atvinnulífið í landinu. Það er það þýðingarmesta. Það, sem kemur þar næst á eftir, er að með þessu er hægt að koma í veg fyrir áframhaldandi ofvöxt í bankakerfinu.

Ég tók eftir því í umr. um þetta mál, að hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, taldi að þær upp-

lýsingar, sem ég hefði gefið um starfsmannafjölda í bankakerfinu, væru ekki fullkomlega í samræmi við þær upplýsingar sem hann hefði fengið varðandi þessi mál. Hann óskaði í rauninni eftir því, að ég gæti gefið frekari skýringar á þessu. Og það skal ég gera. Þær tölur, sem ég nefndi í þessum efnum, liggja fyrir í opinberum upplýsingum varðandi þessi atriði. I bankamálaskýrslunni segir að árið 1971 hafi starfsmenn í bankakerfinu verið taldir um 1600 ársmenn, en skýrt kemur fram, að þar er um að ræða bankakerfið allt, ekki aðeins viðskiptabanka og seðlabanka, heldur einnig sparisjóðskerfi landsins og stofnlánasjóði sem starfa sem hreinar peningastofnanir. Er þá talið í skýrslu bankamálanefndar, að sem ársmenn hafi á árinu 1971 verið starfandi í bankakerfinu um 1600 manna, heils árs menn. Síðan hefur komið út skýrsla, sem tekin hefur verið saman á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins, um starfsmannahald í hinum ýmsu starfsgreinum. Í þeirri skýrslu er þessi tala bankamálanefndar staðfest. Þó að þar séu nefndir aðeins fleiri menn en bankamálaskýrslan tilnefnir, þá skiptir það ekki máli. *Talan er staðfest í þessari skýrslu*, að árið 1971 hafi verið rétt rúmlega 1600 heils árs menn í þessum störfum. Í þessari sömu skýrslu kemur fram, að árið 1975 hafi verið í þessum sömu störfum rétt rúmlega 2200 ársmenn. Ég nefndi í ræðu minni 2200, en eins og ég gat um eru þetta nýjustu tölurnar, sem liggja fyrir taldar á þessum grundvelli, en miðað við þær upplýsingar, sem fram hafa komið um áframhaldandi starfsmannafjölgun í bankakerfinu sem heild, þá sagði ég að samkv. þessu væri ekki ótrúlegt að þessi starfsmannafjöldi væri nú á árinu 1978 orðinn 2700—2800 manns, en var 2200 árið 1975. Ég gat að sjálfsögðu ekki fullyrt um það, hvað þessi mannfjöldi væri mikill, en ég ætla að allir sjái, sem á þessar tölur líta, að hér virðist vera um eðlilega ágiskun að ræða á breytingu sem orðið hefur síðan 1975. Mér þótti hins vegar einsýnt að þær tölur, sem hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, var með, væru á allt öðrum grundvelli upp byggðar. Þar er líklega um að ræða, eftir því sem ég get helst getið mér til um, starfsmenn annaðhvort í viðskiptabönkunum einum eða þá bankakerfinu eins og um það er rætt í þrengstu merkingu, en hins vegar ekki í sparisjóðum og stofnlánadeildum, eins og hinn útreikningurinn er miðaður við.

Sá vöxtur á mannafla í bankakerfinu, sem þarna er um að ræða, er auðvitað geysilega mikill og hefur verið alveg óumdeildur. Ég segi að mikil þörf er á því að gera þá skipulagsbreytingu í bankamálum okkar, sem gæti komið í veg fyrir áframhaldandi vöxt á mannafla í þessum starfsgreinum. Ég held að það sé mikil skammsýni þeirra, sem vilja búa við óbreytt fyrirkomulag í þessum efnum, að ætla að neita þeim staðreyndum að í bankakerfinu hefur verið um gífurlega aukningu á mannafla að ræða á undanförnum árum, og það kostar þjóðarheildina mikið, að eyða vinnuafli sínu á þennan hátt, ef þarna er hægt að komast af með minna.

Ég benti líka í þessu sambandi á að í bankamálaskýrslunni kæmi fram samanburður á kostnaði við rekstur banka í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Þegar bankamálanefndin gerði þennan samanburð á árinu 1973, þá var talið að kostnaður við rekstur banka hér á landi væri 38—56% hærri en í þessum löndum. Þetta kemur allt fram í áliti bankamálanefndar. Auðvitað ættu þessar tölur að vera nægilegar til þess, að hv. alþm. skildu þá miklu og knýjandi nauðsyn, að numið verði staðar og dregið úr þessum ofvexti.

Kannske mætti spyrja um það einnig, hvort verið gæti að það væri til þess að þrengja kosti landbúnaðarins og bændastéttarinnar að koma í veg fyrir þennan ofvöxt. Skyldi það einnig vera til bölvunar íslenskum landbúnaði að koma í veg fyrir að þarna hópist saman starfslið jafnt og þétt umfram þarfir? Ég held að það sé íslenskri bændastétt til góða að koma í veg fyrir þennan ofvöxt, ekki síður en að það sé til góða fyrir aðrar vinnustéttir. Einnig er að þessu leyti til um að ræða frv., sem miðar ekki aðeins til umbóta fyrir bændastéttina, heldur fyrir landsmenn alla, þar sem svo stendur á að við þurfum á fleiri höndum að halda við bein undirstöðu*framleiðslustörf í landinu, en* við þurfum frekar að draga úr mannafla í greinum þar sem ekki er um undirstöðuframleiðslu að ræða. Þar sem þjónustuverk þarf að vinna þurfum við að reyna að gæta vel að því að haga vinnuafli okkar á réttan hátt.

Ég veitti því athygli, að hv. 4. þm. Reykn., Jón Skaftason, virtist í meginatriðum að öðru leyti vera sammála stefnu þessa frv. míns um skipan bankamála. Hann vildi byggja á niðurstöðum þeim, sem fram koma hjá bankamálanefndinni, og hann taldi orðið mjög aðkallandi að unnið yrði að því að fækka viðskiptabönkum í þá átt sem þessi nefnd leggur til. Þessi hv. þm. Framsfl. virðist því vera á allt annarri skoðun en hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem vill halda í það gamla, úrelta skipulag, sem nú ríkir í þessum málum, svo dýrt og kostnaðarsamt sem það er fyrir þjóðarheildina.

Samanburður sá, sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, á mannfjölda sem nú væri starfandi í Landsbankanum annars vegar og í Búnaðarbankanum og Útvegsbankanum hins vegar, er algjörlega út í hött. Ég benti á þetta strax í framsöguræðu minni því ég þekkti fyrir fram þessar yfirborðskenndu röksemdir. Auðvitað byggist þetta, að Landsbankinn er þarna með tiltölulega fleira starfslið, á því að þar er um að ræða allt önnur störf og miklu meiri störf. Auðvitað vitum við að t. d. gjaldeyrisþjónusta Landsbankans kallar til sín geysilega fjölmennt starfslið, sem ekki er til að dreifa í Búnaðarbankanum sem ekki hefur haft þessa þjónustu með höndum. Hægt er að nefna þarna miklu fleiri greinar, svo að ekki er um sambærilega hluti að ræða hér, enda er það svo, að ef um umframlið væri að ræða í Landsbankanum, í stærri bankanum, þá ætti vitanlega að taka á því verkefni út af fyrir sig. En það sjá allir menn, að hægt er að spara eitthvað á því, við skulum segja t. d. í byggðarlagi eins og á Akureyri, að hafa þar aðeins eitt útibú á vegum Búnaðar- og Útvegsbanka í staðinn fyrir að hafa þar tvö

útibú eins og nú er. Það vita allir, að rekstur á tveimur útibúum frá bönkum af þeirri gerð, sem Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn eru, á stað eins og Akureyri er eyðsla, er óhagkvæm. Og kapphlaup þessara tveggja ríkisbanka um rétt til þess að koma upp útibúum, þar sem bankarnir eru að keppa um sömu krónurnar, er auðvitað bein eyðsla sem ber að reyna að koma í veg fyrir.

En að því leyti til sem t. d. bændur og forsvarsmenn bænda kynnu að vera hræddir um að þeir fengju lakari þjónustu hjá hinum sameinaða banka en þeir fá nú hjá bankakerfinu eins og það er í dag, þá eru allt aðrar leiðir til þess að tryggja að viðskiptahagsmunir þeirra verði ekki fyrir borð bornir en að búa við skipulagið eins og það er í dag. Það er auðvitað alveg fráleitt að skipulagið tryggi mönnum nokkuð í þessum efnum.

Ég vil einnig segja það, vegna þess að nú hefur verið allmikið rætt um fjárhagsvandamál Útvegsbankans, að það er algjör misskilningur að sá fjárhagsvandi, sem þar hefur verið rætt um, eigi eitthvað skylt við það, að staða bankans eignalega séð sé slæm. Sannleikurinn er sá, að eignalega séð er staða Útvegsbankans betri en Búnaðarbankans enn í dag. Hitt er aftur annað mál, að útlán þess banka hafa verið með þeim hætti, — án þess að ég sé að gera grein fyrir þeim að öðru leyti, því ég hef ekki aðstöðu til þess, — útlánin hafa verið með þeim hætti nú um tíma, vegna þess hvernig starfssvæði bankanna skiptast, að hann hefur lánað meira út en hann hefur getað ráðið við með góðu móti miðað við það starfsfé sem hann hefur úr að spila.

Sumir hafa talað um að ekki væri ástæða til þess að sameina þessa tvo ríkisbanka, Búnaðarbankann og Utvegsbankann, á þann hátt sem lagt er til í frv. mínu og á þann hátt sem bankamálanefndin lagði til á sínum tíma, heldur væri eðlilegra að leggja Útvegsbankann niður eða skipta honum upp á milli hinna tveggja bankanna. Ég vék nokkuð að þessu í hinni upphaflegu framsöguræðu minni um málið. Auðvitað er hægt að hugsa sér þessa leið. Skyldi það þá ekki líka verða til þess að þrengja kosti bænda í landinu ef t. d. Búnaðarbankinn tæki við verulegum hluta af rekstri Útvegsbankans? Aðalatriðið í mínum huga er að fækka þessum bönkum og koma á fót við hliðina á Landsbankanum álíka öflugum banka, alhliða viðskiptabanka. Þá yrði miklu auðveldara að skipta landinu á milli þessara tveggja höfuðbanka, þannig að atvinnureksturinn sem heild ætti tilkall til þess að geta fengið eðlilega bankaþjónustu. Ég hef hins vegar sagt það sem mína skoðun, að ég tel þann hátt miklu eðlilegri, miðað við allar aðstæður í dag, að gengið sé á eðlilegan hátt til þess að sameina þessa tvo banka heldur en að annar yrði lagður niður og hinir bankarnir svo látnir á þann hátt taka við eignum hans og skuldbindingum og þeim verkefnum sem hann hefur haft með að gera. En sé engin önnur leið verður að fara þá leið frekar en að una ástandinu, sem ég álít að sé í rauninni óalandi eins og það er nú.

Einnig hefur komið fram sú hugmynd að búa áfram um langan tíma við það skipulag í bankamálunum, sem við búum í dag, en að eigandi þessara banka, þ. e. a. s. ríkið, legði þá Útvegsbankanum í þessu tilfelli fram stóraukið stofnfé. Auðvitað getur ríkið lagt þessum banka til stóraukið stofnfé með ýmsum hætti og þá ekki síst með beinni lántöku. Auðvitað er þetta hægt. Ríkið getur farið þessa leið og gert Útvegsbankann miklu öflugri fjárhagslega en hann er í dag. Ég álít að sú leið væri röng, af því að hún heldur áfram við því kostnaðarsama skipulagi sem við búum við í dag, þ. e. a. s. að viðskiptabankarnir, sem starfa orðið í meginatriðum á svipuðu sviði, séu þrír þegar engin þörf er á að hafa þá nema tvo.

Ég veitti því líka athygli, að formaður þingflokks framsóknarmanna, hv. 4. þm. Reykv. Þórarinn Þórarinsson, varpaði fram þeirri hugmynd, að e. t. v. væri nóg að hafa einn ríkisviðskiptabanka og rétt væri að steypa öllum þessum bönkum saman í einn. Vissulega er þetta möguleiki, og ýmsum hefur komið þetta til hugar fleirum en honum og þá gjarnan látið það fylgja með, að síðan yrðu hlutafélagabankarnir eða privatbankarnir allir sameinaðir líka í annan viðskiptabanka, annan viðskiptabanka, annan stóran hlutafélagsbanka — alhliða banka sem starfaði þá í samkeppni við hinn stóra og öfluga ríkisviðskiptabanka.

Ég er á þeirri skoðun, að miklu erfiðara sé að koma þessari skipan á miðað við núverandi aðstæður en að fara þá leið sem ég geri ráð fyrir í mínu frv., og ég efast líka stórlega um að þetta væri hagkvæm leið fyrir okkur eins og þessum málum er háttað í dag. Ég geri fyrir mitt leyti lítið úr hlutverki hlutafélagsbankanna, einkabankanna. Það er skoðun mín, að þeir hefðu betur aldrei orðið til og það er skoðun mín, að ekki sé nein ástæða til þess að gera hlut þeirra meiri en nú er. Það mun ekki auðvelda stjórn peningamála og efnahagsmála í þessu landi að gera hlut þeirra enn þá þýðingarmeiri í efnahagskerfinu en nú er. Sumir þeirra starfa í dag nánast eins og stórir sparisjóðir. Ég hallast því að þeirri skoðun, að rétt sé að fækka þeim bönkum, sameina þá, sem þar eru skyldastir, á fyrsta stigi. Ég dreg mjög í efa að kringumstæður leyfi að þeir bankar séu lagðir niður úr því sem komið er, en hitt tel ég, að litlar líkur séu til þess, að tekið verði á málefnum hlutafélagsbankanna nema ríkið geri fyrst hreint fyrir sínum dyrum með því að skipa málum banka sinna á eðlilegan hátt.

Það gladdi mig líka að heyra að formaður þingflokks Framsfl., Þórarinn Þórarinsson, var einnig í öllum aðalatriðum sammála mér um að fækka ætti ríkisviðskiptabönkunum og vinna að sameiningu banka. Hann lagði hins vegar áherslu á það í máli sínu, að hann teldi rétt vera að taka þessi bankamál öll til nýrrar endurskoðunar og lagði þá sérstaka áherslu á að taka þyrfti einnig fyrir skipulag Seðlabankans. Það er rétt, að í till. bankamálanefndarinnar er gengið út frá því, að þar sem lögin um Seðlabankann séu nýjustu allra þessara laga sé ekki

aðkallandi að breyta þeim. Því gerði bankamálanefndin engar till. um skipulagsbreytingar á Seðlabankanum. Ég tel að þetta atriði út af fyrir sig sé nokkuð sjálfstætt mál, hvort ástæða þykir til þess að huga nánar að skipulagi Seðlabankans og þætti hans í skipan bankamálanna. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að blanda þessu saman við það mál sem nú er mest aðkallandi í þessu, en það er að stíga þetta fyrsta skref sem snertir skipulag ríkisviðskiptabankanna. Ég álít að það sé alveg sérstakur þáttur út af fyrir sig sem beri að leysa fyrst, hvað svo sem gert verður frekar í þessum málum.

Mér þykir þá einnig ástæða til þess að vekja athygli á því, með sérstöku tilliti til þeirrar andstöðu sem komið hefur fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni gegn þessu frv., að fyrir lá skriflega, þegar tilraun var gerð í lok síðustu alþingiskosninga til þess að mynda nýja vinstri stjórn, að Framsfl. samþykkti þessa till. okkar um skipan bankamála. Hann féllst á þetta, sem var ein af till. okkar í sambandi við myndun nýrrar stjórnar. Formaður flokksins lýsti því yfir, og það liggur fyrir skriflega, að hann féllst á þetta sem stefnumarkandi mál, að vinna ætti að þessari sameiningu sem hér er um að ræða. Mér þykir því alveg einsýnt af því, sem ég hef sagt hér, að afstaða hv. þm. Jóns Skaftasonar, afstaða hv. þm. Þórarins Þórarinssonar og afstaða formanns flokksins fyrir hönd flokksins í sambandi við tilraun til myndunar ríkisstjórnar sýna að hv. þm. Stefán Valgeirsson er í andstöðu við flokk sinn í þessu. Hann túlkar skoðanir sínar og kemur með þá sleggjudóma, að þetta frv. þrengi kosti bænda. Hann vill því bera það á flokksmenn sína og flokk sinn, að þeir stefni að því að þrengja kosti bænda með því að styðja þær till. sem hér liggja fyrir. Auðvitað voru líka fullgildir framsóknarmenn í þeirri bankamálanefnd sem gerði till. sem þetta frv. er byggt á. Hv. þm. Stefán Valgeirsson er því í andstöðu við þá sem þar voru, ekki síður en þm. sem ég hef minnst á.

Ég vissi um það, að hv. þm. Stefán Valgeirsson var andstæður þessu frv. Ég hafði þó gert mér vonir um að hann mundi átta sig betur á þessum málum en mér skilst að hann hafi gert, að hann mundi sjá að hér er síður en svo verið að gera hlut landbúnaðarins verri en hann hefur verið. Það er hreinlega verið að vinna að því, að landbúnaðurinn, jafnt sem aðrar atvinnugreinar, fái betri bankaþjónustu, um leið og reynt er að spara í bankakerfinu sem heild.

Ég vil síðan leggja á ný áherslu á það, að sá beini sparnaður, sem fram kæmi nú á stundinni í sambandi við sameiningu þessara banka, er ekki höfuðatriðið. Hitt er miklu meira um vert, að spara á þann hátt að koma í veg fyrir þá útþenslu sem þarna hefur verið og ég held að við mættum allir viðurkenna.

Í umr. um þetta mál hafa fleiri tekið til máls, m. a. ræddi hv. þm. Friðjón Þórðarson allmikið um frv. og vék í ræðu sinni að ýmsu því sem ég hafði rætt um í framsöguræðu minni. Ég get ekki séð að aths., sem hann gerði við mál mitt, skipti neinu teljandi máli. Ég skildi mál hans þannig, að hann væri einn í hópi efasemdarmanna um það, að rétt væri að að vinna að sameiningu þessara banka á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. En þó fannst mér ekki koma fram hjá honum nein þau andmæli gegn stefnu frv., sem í rauninni væri hægt að leggja mikið upp úr. Hann lagði í rauninni aðallega, að mínu mati, áherslu á að það bæri að fara með gát í sambandi við þá sameiningu bankanna, sem hér væri rætt um, og vitnaði til ákvæðinna orða í nál. bankamálanefndar. Ég get verið honum sammála í þessum efnum. Ég tel að fara beri með gát. Ég álít líka að það hafi verið gert. Þessar till. voru vandlega unnar á árinu 1973, þær voru mjög ræddar í öllum þeim bönkum sem eiga hlut að máli. Ég mætti m. a. á fundi starfsmannafélaga bankanna og ræddi þar málið á löngum fundi. Auðvitað komu ýmiss konar athugasemdir frá hálfu bankafólksins í sambandi við það, hvað hér væri á ferðinni, eins og skiljanlegt er. Ég álít að bæði stjórnmálaflokkar og þeir, sem þarna eiga nánast samband við bankanna, hafi fengið að hugsa um þessa skipulagsbreytingu nægilega lengi, hér hafi ekki verið flanað að neinu. Það kann að vera að enn þurfi að draga þetta nauðsynjamál, að gera breytingu í bankakerfinu. Það kann vel að vera að svo fari, en ég er sannfærður um að það er engum til góðs að beðið verði í þessum efnum. Ég er sannfærður um að þarna er orðið um knýjandi mál að ræða.

Í þessum efnum hefur verið að því vikið að taka beri tillit til sjónarmiða starfsfólks bankanna, sem hér á hlut að máli, m. a. starfsfólks Búnaðarbankans sem láti koma fram að það sé andvígt sameiningu eins og hún hefur legið fyrir. Um þetta hef ég sagt það og vil ítreka enn, að þó að ég telji sjálfsagt að hlýða á mál starfsmanna bankanna og taka tillit til þeirra sjónarmiða sem koma fram hjá starfsfólkinu varðandi starfssvið þeirra þá viðurkenni ég ekki það sjónarmið, að starfsfólkið í bönkunum eigi að ráða bankapólitíkinni. Ég viðurkenni ekki það sjónarmið, að Alþ. og þeir, sem eiga að ráða skipan bankamála í landinu, eigi að fara eftir því sem starfsfólkið í bönkunum ákveður í þessum efnum. Ég tel að það sé skylda þeirra, sem fara með yfirstjórn bankamálanna, bankamálaráðh. og ríkisstj. sem heildar og síðan Alþ., að taka afstöðu þegar þessir aðilar hafa hlýtt á mál manna og gert upp við sig eða mótað afstöðu sína til þeirra hugmynda sem fram hafa komið. Þeir eiga að kveða upp dóm sinn. Það er einmitt það, sem við reyndum að gera á sínum tíma í vinstri stjórninni. Í vinstri stjórninni var þetta stefnumál flokkanna, að taka ætti til endurskoðunar bankakerfið. Það var að þessu unnið í fullu samráði við ríkisstj. í heild, till. lágu fyrir og samþykkt var af vinstri stjórninni að leggja fram stjfrv. um þetta mál. Hins vegar skal tekið fram, að rétt þótti að það kæmi skýrt fram, að þeir flokkar, sem studdu stjórnina, hefðu ekki tekið endanlega afstöðu til málsins, þannig að þeir hefðu óbundnar hendur um ýmsar breytingar sem þarna gætu komið til greina. Það fór líka svo, að frv. kom svo seint fram

að ekki vannst tími til þess að afgreiða málið í valdatíð hennar. Síðan eru líka liðin nærri fjögur ár og málið hefur legið fyrir allan þennan tíma. Það er síst minni þörf á því að stokka upp þessi mál nú en var á sínum tíma í vinstri stjórninni.

Það var sem sagt álit allra þeirra flokka sem stóðu að vinstri stjórninni, strax á árinu 1971 þegar stjórnin var mynduð, að nauðsynlegt væri orðið að taka fyrir skipulag bankakerfisins. Af þessum ástæðum tel ég að farið hafi verið eftir þeim ábendingum, sem komu fram í áliti bankamálanefndar, að fara bæri að öllu með gát í þessum efnum og hraða þessum málum ekki svo mikið að aðilar heltust þarna úr lestinni. Ég álít að það hafi verið gert, en hitt er svo aftur ljóst, að eftir standa alltaf nokkrir aðilar. Nú sýnist mér að hv. þm. Stefán Valgeirsson sé sérstakur fulltrúi þeirra sem eftir standa og sjá allt illt við þessa skipan og vilja halda dauðahaldi í þetta gamla úrelta fyrirkomulag sem við búum við í dag. Frá honum hafa ekki komið neinar till. um það, hvernig hann vill leysa þessi mál. Hann hreytir aðeins úr sér illyrðum í minn garð og reynir að halda því fram, að ég sé að gera þetta til að reyna að vinna bændum ógagn, algjörlega órökstutt, út í bláinn, en frá honum koma engar till. um það, hvernig hann vill leysa þetta mikla vandamál sem við stöndum frammi fyrir varðandi skipulag bankamála.

Fram hjá svona skerjum verður auðvitað ekki siglt. Auðvitað verður alltaf að reikna með því, að einn standi eftir og fylgist ekki með tímanum, átti sig ekki á þörfinni og verði á móti. Mér sýnist þetta ætla að verða hlutskipti hv. þm. Stefáns Valgeirssonar í þessum málum, og við því er þá ekkert að segja þó að svo fari.

Ég er sannfærður um það eftir þær umr. sem fram hafa farið um þetta mál, að sú skoðun, sem mótuð var af bankamálanefndinni á sínum tíma og það frv. er byggt á sem er til umr., sé rétt. Ég hef sannfærst um það enn betur en áður, að þetta er hagkvæmasta leiðin, sú leið sem okkur ber að fara. Einhverjir sleggjudómar um að þessar breytingar, sem hér er um að ræða, verði einhverri einni stétt til óþurftar, slíkir sleggjudómar falla dauðir og ómerkir. Þeir hafa líka verið settir þannig fram, að þeim hafa ekki fylgt nein þau rök sem ber að fylgja tillögugerð um jafnalvarlegt mál og hér er á ferðinni.

Stefán Valgeirsson: Virðulegi forseti. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson endurflutti ræðu sína eiginlega alla, þá sem hann flutti fyrir frv. Að vísu kom hann inn á nokkur fleiri atriði sem ég hefði haft mikla löngun til þess að geta tekið til athugunar, en þess gefst enginn kostur. Ég er svartsýnn á, þó að umr. yrði frestað, að þetta frv. mundi koma aftur til umr. nema þá einhvern tíma á kvöldfundi. Ég sé því ekki ástæðu til þess að ræða þetta mikið. Ég vísa einungis til þess, sem ég sagði áðan og hv. þm. gat því miður ekki hlustað á. Þar eru svör við flestu, sem hann var að ræða um, þar sem þetta var endurflutt ræða, eins og ég sagði. En ég vil bara í lokin segja þetta:

Loðið reyndist Lúðvíks svar,
leynd er yfir honum.
Sannleiksástin aldrei var
ofar hagsmunonum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 66. fundur.

Föstudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismál, þáltill. (þskj. 525). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla dómsmálaráðherra um meðferð dómsmála (þskj. 325).

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Skýrsla þessi um meðferð dómsmála var lögð fram fyrr í vetur á Alþ. Það hefur orðið nokkur dráttur á því að fylgja henni úr hlaði með fáeinum orðum. Ég vil þó taka fram, að þar er ekki við forseta að sakast, heldur má rekja þann drátt, sem á því hefur orðið, til ástæðna sem mig varða. En auk þess vil ég geta þess, að raunar var talið æskilegt að nokkur tími liði frá útbýtingu skýrslunnar og þangað til umr. færi fram um hana til þess að gefa hv. þm. tækifæri til þess að kynna sér efni hennar og kynna sér einstök mál, sem þar er að vikið, ef þeir hefðu áhuga á því.

Þessi skýrsla, sem hér liggur fyrir, tekur aðeins til dómsmála í þrengri merkingu, ef svo má segja, einkamála og sakamála, sem svo eru kölluð. Hins vegar tekur hún ekki til skipta, fógetagerða eða uppboða. Skýrslan er byggð á upplýsingum frá viðkomandi embættum. Ekki er ástæða til þess út af fyrir sig að rengja þær upplýsingar, en þó hefur verið síðar nokkuð kannað, hvort það væri ekki rétt, sem í þessari skýrslu segir, svo og reynt að fylgjast með því, hverjar breytingar hefðu á orðið eftir að svör bárust frá viðkomandi embættum. Þau atriði, sem óskað var upplýsinga um og þessi skýrsla fjallar um, eru í fyrsta lagi, hvort hægt væri að sjá, hvort ætti sér stað óhæfilegur dráttur í meðferð einkamála eftir að þau hefðu verið tekin til dóms, eins og það er kallað, og þangað til dómur er kveðinn upp. Í öðru lagi, hvort það ætti sér óeðlilegur dráttur stað um meðferð einkamála frá því að þau eru þingfest og þangað til þau eru dæmd. Um sakamál var leitað upplýsinga um, hvaða sakamál væru ódæmd 1. okt. s. l., þar sem ákæra hefur verið gefin út fyrir 1. jan. 1977. Með því átti sem sagt að fá fram upplýsingar um það, hvort óhæfilegur dráttur ætti sér stað hjá dómstólum eftir að ákæra hefði verið gefin út í máli. Og í fjórða lagi er leitað upplýsinga um, hvort það mundi eiga sér stað óhæfilegur dráttur í meðferð sakamála eftir að þau hefðu verið kærð og þangað til ákvörðun hefði verið tekin um nánari fram-

vindu þeirra. Í þessu tilfelli var athugunin takmörkuð við þau brot sem gætu hugsanlega varðað fangelsi.

Ég ætla að gera með örfáum orðum grein fyrir fyrir því sem fram kemur í þessari skýrslu. Efninu þar er glögglega niður skipað, þannig að fyrst eru tekin til meðferðar einkamálin og þá eftir lögsagnarumdæmum, en við hvert mál er getið þingfrestingardags og númers málsins og aðila, þannig að auðvelt á að vera fyrir hv. þm. að átta sig á þessu. Um einkamálin fjallar skýrslan frá bls. 1 þar til á bls. 6. Á bls. 6 eru svo teknar upp upplýsingar um sakamálin undir staflið e, þau mál sem ákært hefur verið í fyrir 1. jan. 1977 og eru enn til meðferðar. Og þar eru enn málin tekin í röð eftir umdæmum og sett með dagsetning ákæru, einkenni málsins og tegund brots. Upplýsingar um öll þessi atriði er að finna í skýrslunni. Að lokum er svo undir staflið d fjallað um sakamál, sem kærð höfðu verið fyrir 1. apríl 1976, en var ólokið 1. okt. s. l. Og þar er hliðstæð flokkun og áður, þannig að þar er getið dagsetningar ákæru, þar sem því er að skipta, einkennis málsins, dagsetningar elstu kæru og loks tegundar brotsins. En það var með bréfi 21. sept. s. l. sem dómsmrn. óskaði eftir upplýsingum hjá dómstólum um dómsmál, sem einhverra hluta vegna hafa dregist á langinn. Ekki þótti rétt að leita til Rannsóknarlögreglu ríkisins í því sambandi, þar sem stofnunin var þá nýlega tekin til starfa og þar af leiðandi erfitt fyrir starfsmenn hennar að gefa umbeðnar upplýsingar.

Eins og ég hegar hef drepið á þótti rétt að skipta dómsmálunum í tvo aðalflokka og verður það gert einnig í því, sem ég segi hér á eftir, og fiallað fyrst um einkamálin, en síðan vikið að sakamálunum.

Í fyrrgreindu bréfi dómsmrn. var í fyrsta lagi spurst fyrir um einkamál sem dómtekin höfðu verið fyrir 1. júní s. l. án þess að dómur hefði fallið í þeim 1. okt. s. l. Ekkert slíkt mál reyndist vera til meðferðar hiá dómstólunum og virðist af því mega draga þá ályktun, að ekki eigi sér stað yfirleitt óhæfilegur dráttur frá því að mál hefur verið tekið til dóms og þangað til dómur hefur verið kveðinn upp í því.

Í öðru lagi var spurst fyrir um mál sem þingfest höfðu verið fyrir 1. okt. 1975 og væri enn ólokið 1. okt. s. l. Þessi mál reyndust vera alls 113, þar af 67 sem voru til meðferðar hiá Borgardómi Revkiavíkur eða hjá embætti yfirborgardómara í Revkjavík. Af þessum 113 málum voru 45 þingfest á árunum 1966—1973, en það er augljóst mál, að það er algerlega óeðlilegur og óhæfilegur dráttur á dómsmálum. Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir því, hvers vegna þessi 45 mál, sem þingfest voru á árunum 1966—1973, hafa dregist svo á langinn sem raun ber vitni, ef frambærilegar ástæður hefur verið hægt að fá fyrir slíkum drætti eða hær hafa komið fram við nánari athugun á málunum, og verða þá málin talin upp í beirri röð sem gert er í skýrslunni. Er að sjálfsögðu erfitt fyrir hv. þm. að fylgiast með því, sem ég segi þar um, nema beir hafi skýrsluna í höndum.

1. Mál nr. 368/1966. Tveir lögmenn höfðu frá upphafi farið með málið fyrir hönd stefnanda, en þeir höfðu báðir forfallast. Þegar skýrslan var gerð var talið að mál þetta væri á lokastigi samkv. upplýsingum frá yfirborgardómara. Þessu máli er nú lokið.

2. Mál nr. 3096/1967. Tveir dómarar hjá embætti yfirborgardómara hafa farið með mál þetta. Sá, sem nú fer með málið, tók við málinu 1. okt. 1976. Það, sem orsakað hefur drátt á málsmeðferðinni, er að einn aðili þess er búsettur í fjarlægri heimsálfu.

3. Mál nr. 7/1969. Fullnægjandi ástæður fyrir drætti þessa máls hafa ekki komið fram aðrar en þær, að um sé að kenna veikindum dómara og lögmanna.

4. Mál nr. 24/1969. Það mál var það langt komið, að gert var ráð fyrir því, að það yrði fljótlega tekið til munnlegs flutnings eftir að skýrsla var gerð. Samkv. upplýsingum, sem nú liggja fyrir, er máli þessu lokið.

5. Mál nr. 2649/1969. Úrskurðir um réttarfarsatriði, sem skotið var til Hæstaréttar, hafa valdið töfum á meðferð málsins, sömuleiðis veikindi og síðar andlát lögmanns stefnanda. Horfur eru nú taldar á því, að þessu máli ljúki á næstunni.

6. Mál nr. 3203/1969. Máli þessu er nú lokið.

7. Mál nr. 1919/1969. Dómur í þessu máli gekk upphaflega 13. des. 1971, en honum var áfrýjað. Með dómi Hæstaréttar 12. nóv. 1973 var málið ómerkt og vísað til meðferðar héraðsdómara að nýju. Úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta gekk á árinu 1976, en enn stendur yfir gagnaöflun í málinu.

8. Mál nr. 7640/1970. Veikindi og síðar andlát lögmanns eiga sinn þátt í drætti þessa máls. Nú síðast hefur verið beðið eftir að dómur í hliðstæðu máli félli í Hæstarétti. Sá dómur er nú nýfallinn, þannig að búast má við að skriður komist á málið og því ljúki innan skamms.

9. Mál nr. 2793/1970. Veikindi beggja aðila hafa tafið meðferð málsins.

10. Mál nr. 5499/1970. Lögmaður stefnanda lést fyrir nokkru og var því ekki ljóst þegar skýrslan var gefin, hvaða lögmaður mundi taka við hlutverki hans. Samkv. þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, er máli þessu lokið.

11.—12. Mál 8031/1970 og 40/1970. Engar haldbærar skýringar hafa komið fram á drætti þessara mála.

13.—14. Mál nr. 152/1970 og 2542/1971. Málum þessum er nú lokið.

15. Mál nr. 5771/1971. Engar haldbærar skýringar hafa komið fram á drætti þessa máls.

16. Mál nr. 5204/1972. Munnlegur málflutningur í málinu hefur verið ákveðin 16. þ. m., segir þegar þessi skýrsla var tekin saman. Er búist við að dómur muni falla innan skamms í því máli.

17. Mál nr. 2715/1972. Veikindi og síðar andlát lögmanns hafa valdið drætti á málinu. S. l. sumar varð fyrst ljóst hvaða lögmaður tæki við rekstri málsins fyrir stefnanda, og samkv. þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, er máli þessu nú lokið.

18. Mál nr. 7846/1972. Veikindi hafa einnig tafið meðferð þessa máls. Boðað var til munn-

legs málflutnings 10. nóv. s. l., en honum var frestað vegna veikinda lögmanns annars aðila.

19.—21. Mál nr. 8329/1972, 8337/1972 og 8332/1972. Beðið hefur verið eftir að dómur í hliðstæðu máli félli í Hæstarétti. Sá dómur er nú nýlega fallinn, þannig að búast má við að skriður komist á þessi mál.

22. Mál nr. 154/1972. Það, sem tafið hefur meðferð þessa máls, er að þeir lögmenn, sem upphaflega héldu uppi sókn og vörn í málinu, hafa forfallast og aðrir tekið við.

23. Mál nr. 790/1973. Máli þessu hefur verið frestað alls 16 sinnum að beiðni lögmanna. Málið er nú talið vera á lokastigi.

24.—25. Mál nr. 1029/1975 og 1030/1975. Þó að númerin á málunum séu frá árinu 1975, þá voru þau upphaflega þingfest 1973 og eru því talin með þessum málum, sem ég er að gefa yfirlit yfir. Úrskurðir um réttarfarsatriði, sem skotið var til Hæstaréttar, hafa tafið meðferð þessara mála. Horfur eru nú taldar á að málum þessum ljúki á næstunni. Og eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk nú áðan, þá er málum þessum nú lokið.

26. Mál nr. 1349/1973. Máli er nú lokið.

27. Mál nr. 6659/1973. Mál þetta hefur verið tekið fyrir alls 11 sinnum, en er þó enn ólokið.

28. Mál nr. 6693/1973. Máli þess er nú lokið.

29. Mál nr. 124/1973. Mál þetta hefur verið tekið fyrir alls 10 sinnum og bíður nú munnlegs málflutnings. Má því búast við að dómur falli í málinu innan skamms.

Þetta var yfirlit yfir þau mál, sem þingfest voru á árunum 1966—1973, að báðum árum meðtöldum, hjá Borgardómi Reykjavíkur og ekki var lokið þegar yfirborgardómari gaf sín svör. Við þessar upplýsingar varðandi Borgardóminn er aðeins rétt að bæta fáeinum orðum.

Samkv. upplýsingum yfirborgardómarans í Reykjavík var 359 málum úthlutað til dómara á árinu 1974, en til svonefndrar úthlutunar fara einkum vandasamari mál, þar sem tekið er til varna. Af þessum 359 málum voru 20 óafgreidd 1. okt. s. l., þ. e. a. s. 5.6%. Fram til 1. okt. 1975 var 271 máli úthlutað til dómara. Af þeim voru 18 óafgreidd 1. okt. s. l., þ. e. a. s. 6.6%. Ætla má á grundvelli þessara upplýsinga, að af þeim einkamálum, þar sem tekið er til varna, séu 9 af hverjum 10 afgreidd innan árs frá því að þau voru þingfest. Þetta á við um Reykjavík, en úti á landi eru einkamálin, eins og skýrslan ber með sér, mun færri. Rétt er þó að gera grein fyrir þeim málum, sem þingfest voru þar á árinu 1973 eða fyrr og talin eru upp í skýrslunni, þannig að það komi fram með hliðstæðum hætti um þau og málin í Reykjavík.

Hjá embætti bæjarfógeta á Akranesi er um að ræða eitt slíkt mál. Það er mál nr. 44/1973. Samkv. upplýsingum bæjarfógeta hafa aðilar málsins ekki sýnt áhuga á því að hraða málsmeðferð. Hjá embætti bæjarfógeta á Ísafirði er sömuleiðis um að ræða eitt mál, sem þingfest var á árinu 1973. Það, sem einkum virðist hafa valdið drætti á þessu máli, er að þeir lögmenn, sem upphaflega komu fram fyrir hönd málsaðila, hafa forfallast og aðrir tekið við. Frekari skýringar hafa ekki komið fram.

Hjá embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum er um að ræða 6 mál sem þingfest voru á árinu 1973 eða fyrr. Í stuttu máli hafa engar handbærar skýringar komið fram á drætti þessara mála en þær, að mikil röskun varð á allri starfsemi embættisins í kjölfar eldgossins á Heimaey 1973. Sum þessara mála munu þó nú vera á lokastigi.

Hjá embætti sýslumannsins í Árnessýslu er um að ræða 5 mál, sem þingfest voru á árinu 1973 eða fyrr. Engar haldbærar skýringar á drætti þeirra mála hafa komið fram aðrar en þær, að málsaðilar hafi litinn áhuga á því að hraða meðferð málanna.

Hjá embætti bæjarfógetans í Keflavík eru til meðferðar 2 mál, sem þingfest voru á árinu 1973. Þessi mál voru upphaflega þingfest í Hafnarfirði, en flutt til Keflavíkur þegar Gullbringusýsla var felld undir embætti bæjarfógetans í Keflavík. Aðilar þessara mála eru taldir hafa sýnt litinn áhuga á því, að meðferð þeirra væri hraðað.

Loks er til meðferðar eitt mál hjá embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði, sem þingfest var á árinu 1972. Mál þetta er talið óvenjulega flókið landamerkjamál. Má sem dæmi nefna, að alls hefur verið þingað 35 sinnum í málinu. Málið er nú talið vera á lokastigi.

Ég hef þá gert grein fyrir þessum 45 einkamálum, sem áður eru talin og dregist hafa frá því á árunum 1966—1973. Í sumum tilvikum hafa komið fram haldbærar skýringar á þessum drætti, en í öðrum ekki. Gerð hefur verið gangskör að því að ýta á að þessum málum væri hraðað og þeim væri lokið, og eins og upplestur minn áðan ber vitni um hefur mörgum af þessum málum verið lokið nú alveg nýlega. Og reynt mun verða að ýta á og hraða þeim málum sem enn eru óafgreidd. En hitt er ljóst, að málsaðilar ráða að nokkru leyti — og má reyndar segja að miklu leyti og að of miklu leyti — gangi mála þegar um er að ræða einkamál. Sama á við um lögmenn, að þeir ráða æðimiklu um það, hver gangur er á meðferð þessara mála. Dráttur á gangi málanna er því ekki ætíð að kenna dómurum, heldur eiga lögmenn og málsaðilar þar nokkra sök. Þetta er rétt að hafa í huga þegar lagður er dómur á gang einkamála hjá dómstólum landsins.

Þá er rétt að víkja stuttlega að sakamálunum og verður þá í þeim skýringum, sem gefnar verða, með hliðstæðum hætti stuðst við það sem fyrir liggur í skýrslunni.

Með fyrrgreindu bréfi dómsmrn. var spurst fyrir um sakamál þar sem ákæra hefði verið gefin út fyrir 1. jan. 1977 án þess að dómur hefði fallið fyrir 1. okt. s. l. Þetta reyndust alls 239 mál. Langflest þessara mála varða áfengis- og/eða umferðarlagabrot, en einnig ber nokkuð á málum, þar sem sakarefnið er fjársvik, líkamsárás, bjófnaður, nytjataka og skjalafals. Um þetta er upplýsingar að fá í hinni prentuðu skýrslu. Þær ástæður, sem færðar hafa verið fram fyrir drætti á þessum málum, eru einkum tvær: annars vegar of mikið vinnuálag dómara og hins vegar það, að oft og tíðum gengur erfiðlega að ná til sakborninga. Þetta eru þó að mínum dómi ekki viðhlítandi skýringar í öllum tilfellum. Nær helmingur þessara mála er til meðferðar hjá embætti

yfirsakadómara í Reykjavík eða hjá Sakadómi Reykjavíkur.

Við breytingar þær á löggjöf um meðferð opinberra mála, er tóku gildi á síðasta ári, færðust svo til öll önnur verkefni en dómsýsla frá embætti yfirsakadómara til annarra embætta. Starfsmönnum embættisins fækkaði hins vegar ekki að sama skapi, svo að nú ætti þegar af þeirri ástæðu að ganga greiðar en fyrr að afgreiða sakamál í höfuðborginni. Sama á að nokkru leyti við úti á landi, einkum hjá embættum bæjarfógeta í Kópavogi og Hafnarfirði, en af þessu, sem ég sagði, má síst af öllu draga þá ályktun, að ekki sé unnið vel hjá Sakadómi Reykjavíkur. Sakadómur Reykjavíkur hefur látið frá sér fara skýrslu um sakadómsmál sem afgreidd hafa verið á árunum 1971—1975. Er rétt að rifja þá skýrslu upp, þannig að menn sjái að æðimörg mál hafa verið afgreidd frá þessari stofnun á þessum árum. Dómar hafa verið felldir í sakamálum á þessum tíma sem hér segir: 1971 voru þeir 544, 1972 526, 1973 697, 1974 653 og 1975 957. Mál, sem afgreidd hafa verið með dómssáttum, sektum eða áminningum, eru 1971 1252, 1972 1546, 1973 1370, 1974 1873 og 1975 1708. Auk þess hafa svo verið dæmd og afgreidd á þessum tíma barnsfaðernismál og vefengingarmál. Ég tel rétt að láta koma fram í sambandi við að litið er á þau mál, sem enn eru óafgreidd hjá þessum dómi, að þetta hefur þó verið afgreitt af málum og það er hreint ekki lítið.

En hitt er samt ekki nógu gott, að of mörg mál eru enn óafgreidd að mínu mati. En á því eru að vísu ýmsar og margvíslegar skýringar. Til viðbótar þeim, sem ég drap á áðan, má nefna of mikið vinnuálag og erfiðleika á því að ná til sakborninga.

Elsta málið af þeim, sem tilgreind eru í skýrslunni um meðferð dómsmála, og það, sem hvað mest umtal hefur vakið, er mál Friðriks Jörgensens. Ég ætla ekki að rekja hér einstök mál, en ég ætla þó í stuttu máli að rekja sögu þessa máls, vegna þess að það er að minni hyggju alveg dæmlaus raunasaga eða hrakfallasaga í íslenskri dómsmálasögu.

Hinn 22. des. 1966 sendi Seðlabanki Íslands bréf til Sakadóms, þar sem farið var fram á rannsókn vegna meintra gjaldeyrisbrota sakbornings. Í jan. 1967 var svo fyrst þingað í málinu og hinn 13. febr. 1967 var endrskoðanda falið að rannsaka bókhald sakbornings með tilliti til gjaldeyrisskila. Hinn 21. nóv. 1967 sendi svo skiptaráðandi Sakadómi bréf, þar sem beiðst var rannsóknar á meintu refsiverðu atferli sakbornings viðvíkjandi gjaldþroti hans. Hinn 10. des. 1967 skilaði endurskoðandi skýrslu um gjaldeyrisskil sakbornings. Nokkru síðar, eða hinn 23. febr. 1968, var endurskoðanda falin rannsókn á bókhaldi sakbornings að því er tók til gjaldþrots hans. Hinn 27. ágúst 1968 skilaði endurskoðandi svo skýrslu um þá rannsókn. Á árunum 1968 og 1969 var málið svo rannsakað fyrir dómi, bæði að því er tók til kærunnar um vanskil á gjaldeyri og kærunnar um ólögmætt atferli viðvíkjandi gjaldþroti. Hinn 9. maí 1969 sendi Sakadómur saksóknara niðurstöður rannsóknar um gjaldeyrisskilin og hinn 23. des. sama ár niðurstöður rannsóknar um gjaldþrotið. Tæpu ári síðar, eða hinn 21. okt. 1970, bað saksóknari um frekari rannsókn og lauk henni hinn 3. mars 1971. Hinn 15. mars 1971 var svo gefin út ákæra á hendur sakborningi og var málið þingfest þrem dögum síðar. Næsta ár stóðu svo yfir þinghöld í málinu, en hinn 22. febr. 1972 tilkynnti saksóknari Sakadómi, að hann hefði fallið frá II. kafla ákærunnar, þ. e. þeim hluta hennar er tók til hins meinta gjaldeyrisbrots. Í sept. 1972 lét svo dómari sá, er sat í forsæti dómsins, af störfum við Sakadóm. Nýr dómsformaður var skipaður í apríl 1973, en meðferð málsins dróst vegna veikinda og síðar andláts verjanda sakbornings.

Hinn 13. mars 1975 var sakborningi skipaður nýr verjandi og um haustið 1975 fól saksóknari Hallvarði Einvarðssyni, þá vararíkissaksóknara, að sækja málið af sinni hálfu. Stuttu síðar hófst rannsókn í hinum svonefndu og raunar rangnefndu Guðmundar- og Geirfinnsmálum, vegna þess að það er nú yfirleitt ekki venja að kenna mál við þá sem hafa orðið fyrir brotunum. (**Gripið fram í:** Njálsbrenna.) Já, hún er að vísu gott fordæmi til að nefna, en ég vil þó ekki líkja henni við þessi tvö mál sem ég nefndi áðan. Hallvarður Einvarðsson annaðist sókn í þeim málum. Í byrjun síðasta árs var svo Hallvarður Einvarðsson skipaður rannsóknarlögreglustjóri, svo sem kunnugt er. Þetta varð til þess, að saksóknari þurfti að skipa nýjan mann til að annast sókn í málinu. Það hefur nú verið gert. Er, held ég, ekki of mikið sagt, að vonir standi til þess, að þessu einstæða máli muni ljúka á þessu ári, ef þá koma ekki upp einhver atvik sem enginn getur séð fyrir nú. En yfirsakadómari er ákaflega varkár orðinn að því er varðar yfirlýsingar í þessu máli og vill ekki segja meira um það en að hann vonist til þess, að málinu verði lokið síðar á þessu ári.

Ég hygg að í íslenskri lögfræði- og dómsmálasögu muni oft verða vitnað til þessa máls, sem ég held að sé í rauninni mjög einstætt hvað alla meðferð snertir og hvað hafa komið óvenjulega mörg einkennileg atvik fyrir í sambandi við það, sem hafa frestað því eða haft í för með sér að málið hefur tafist. Þetta mál var nefnt hér sérstaklega, en eins og ég sagði áðan ætla ég annars ekki að fara að telja upp eða rekja þessi sakamál sem hér er um að tefla og ólokið er, eins og skýrslan ber með sér.

Þá var í bréfi dómsmrn. spurst fyrir um sakamál sem kærð voru fyrir 1. apríl 1976 og enn var ólokið 1. okt. s. l. Þessi spurning tók þó, eins og áður er sagt, eingöngu til þeirra mála þar sem brot gat hugsanlega varðað fangelsi. Mál af þessu tagi reyndust alls 141 á öllu landinu. Þar af hafði verið gefin út ákæra í 61 máli á árinu 1977. Flest málin varða sakarefni á borð við líkamsárás, þjófnað, fjársvik og skjalafals. Fátt er um þessi mál að segja umfram það sem sagt var um fyrri málaflokkinn. Tilkoma Rannsóknarlögreglu ríkisins svo og sérstakrar rannsóknardeildar við embætti lögreglustjóra hvar sem er á landinu á að tryggja að kærur séu framvegis afgreiddar fyrr en tíðkast hefur til þessa. Því er þess að vænta, að síðast nefndum málum fækki á komandi árum, þ. e. a. s. óafgreiddum málum af þessu tagi.

Ég hef þá í stuttu máli gert grein fyrir þeim

málum sem talin eru upp í skýrslu þeirri um meðferð dómsmála, sem ég hef lagt fyrir Alþ. Ég vona að það verði framvegis árviss atburður, að slík skýrsla verði lögð fyrir Alþ. Ekki leikur neinn vafi á því, að skýrslan hefur, ef ég svo má segja, rekið á eftir ýmsum aðilum í dómskerfinu, og ég er ekki í nokkrum vafa um að ef slík skýrslugjöf verður árviss atburður á Alþ., þá muni hún veita dómstólum og rannsóknaraðilum aðhald. Jafnframt er auðvitað eðlilegt að mínum dómi, að Alþ. láti sig mál þessi varða og vilji gjarnan fá skýrslu um þau og hvernig gangur þeirra er, þó að með því sé auðvitað ekki á neinn hátt haggað við þeirri staðreynd, að dómstólarnir eru sjálfstæðir aðilar og dómsvaldið er þriðji þáttur ríkisvaldsins og það hlýtur að sjálfsögðu að setja afskiptum Alþ. af þessari starfsemi jafnan nokkur takmörk. En mér finnst eðlilegt að hv. alþm. vilji fylgjast með í þessum málum, hvernig þau eru af hendi leyst, hvernig þeim fjármunum, sem fara til þessara mála, er varið o. s. frv. og að þeir fái þá í því sambandi tækifæri til þess að koma fram með fsp. varðandi einstök mál eða almenn atriði. Jafnvel væri heppilegt að mínum dómi að slík skýrsla gæti farið til meðferðar hjá nefnd í þinginu. Þá væri eðlilegt að þingsköpum væri breytt í þá átt, að á Alþ. væri starfandi sérstök dómsmálanefnd, alveg eins og t. d. sérstök menntamálanefnd o. s. frv.

Það er auðvitað ekki nægilegt til þess að hraða meðferð þessara mála að safna saman svona upplýsingum og gefa skýrslu um þau á Alþ., heldur verður líka að gera viðeigandi ráðstafanir og gripa til viðeigandi ráðstafana til þess að hraða meðferð þeirra mála sem áfátt þykir að þessu leyti. Þetta hefur auðvitað alltaf verið gert af hálfu dómsmrn., en slík regluleg skýrslusöfnun auðveldar eftirlitsstarf á þessu sviði.

Það má segja að þessi skýrsla sé að ýmsu leyti frumsmíð. Hún þarf í framtíðinni, ef hún verður gefin, eins og ég vona að verði, að verða fullkomnari og ítarlegri á ýmsan hátt. T. d. er ekki rétt að hún sé aðeins bundin við þessi almennu dómsmál, sem venjulega eru nefnd svo, einkamál og sakamál, heldur þarf hún auðvitað að taka til skiptamála, fógetagerða og uppboða. Að vísu hefur verið safnað og farið fram mikil könnun á t. d. skiptamálum í Reykjavík og víðar, þó að þær upplýsingar, sem þar komu fram, séu ekki teknar með í þessa skýrslu. En ég vil segja það og hef sagt það áður, að þó að mörgu sé áfátt í meðferð dómsmála almennt, þá hygg ég að ekki megi síður og jafnvel fremur benda á sitthvað sem betur mætti fara einmitt á sviði skipta-, fógeta- og uppboðsmála. Verði það frv. til gjaldþrotalega afgreitt frá Alþ., sem lagt hefur verið fram, þá skapast að mínu mati betri aðstaða en áður í þeim málum. Þar er potturinn ekki hvað síst brotinn að mínum dómi.

Ég skal, herra forseti, ekki þreyta hv. alþm. með öllu lengri ræðu. Þessi skýrsla og þessi málefni, sem ég hef hér rakið, eru ekkert sérstaklega spennandi. Það fylgir þeim ekki nein æsispenna eins og í frá frásögn blaða af ýmsum dómsmálum. En þetta gefur, að ég held, réttari mynd af daglegum störfum dómstóla en einstakar blaðafregnir um einstök mál, sem einhverja sérstaka athygli hafa vakið af einhverjum ástæðum. Ég ætla því ekki að fyrra bragði að fara að telja upp þau sakamál sem helst hafa komið til umr. í fjölmiðlum og eru á ýmsu stigi. Ég vil aðeins segja, að ég tel gang þeirra vera yfirleitt með eðlilegum hætti. Ef eftir er spurt og ef einhverjir hafa áhuga á því að heyra, hvað þessum málum líður, þá hef ég við höndina upplýsingar um það og er reiðubúinn að gefa þær. En ég sé ekki að fyrra bragði ástæðu til að rifja upp þau mál og fjölyrða um málefni ýmissa ógæfumanna sem þar eiga í hlut. Það er nú svo, að enginn veit fyrir fram hvenær hann ratar í slíka ógæfu sem ýmsir rata í þegar þeim verður fótaskortur á brautinni að þræða og fara eftir leikreglum þjóðfélagsins. Þeir eiga þá og fá sína refsingu fyrir það, en ég held að hér á Íslandi verði betra þjóðfélag þegar menn hafa ekki ógæfu slíkra manna sér að féþúfu.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég missti af fyrri hluta ræðu hæstv. dómsmrh., en ég hef lesið þessa skýrslu og hlýddi á mál hans að nokkru leyti. Ég vildi ekki láta þetta mál fram hjá Sþ. fara öðruvísi en láta þess getið, að ég tel vera mikinn feng í því, að þessi skýrsla sé lögð fram, og þakka hæstv. ráðh. fyrir að leggja hana fyrir hið hv. Alþ. og gera grein fyrir henni. Ég vil taka það fram, að þessi skýrsla kemur mér að ýmsu leyti nokkuð á óvart, vegna þess að hún upplýsir, að færri mál eru óútkljáð hjá dómstólunum en a. m. k. ég átti von á. Það má kannske vera að einhverju leyti skýring á þessu, að einmitt þessi skýrsla var í uppsiglingu og hún hafi, eins og hæstv. ráðh. gat um, rekið á eftir því, að mörg mál hlutu afgreiðslu.

Það er enginn vafi á því, að á undanförnum árum hafa verið gerðar mjög virðingarverðar tilraunir til þess að lagfæra ýmislegt í réttarfari okkar og til þess að einfalda málsmeðferð. Nú í vetur eru mörg mál af þessu tagi til afgreiðslu á hinu háa Alþ., hafa ýmist nú þegar verið afgreidd eða eru á lokastigi. Dómstólar eru í eðli sínu sjálfstæðar stofnanir og engu lítilvægari en aðrir þættir ríkisvaldsins, og Alþ. sem löggjafarsamkunda á að reyna að efla dómsvaldið, ekki með því að hafa bein afskipti af því, heldur að stuðla að skynsamlegri löggjöf og skapa dómstólum viðunandi starfsaðstöðu. Það er stundum kallað eftir því, að Alþ. hafi afskipti af einstökum dómsmálum, jafnvel að Alþ. taki slík mál til sérstakrar rannsóknar og kveði upp úrskurði um þau. Ég vil taka það fram, sem ég hef reyndar gert áður á öðrum vettvangi, að ég er andvígur slíkum vinnubrögðum, tel að Alþ. eigi ekki að fara inn á verksvið dómstóla og þeir eigi að fá að starfa mjög sjálfstætt áfram, óháðir afskiptum stjórnmálaflokka og þeirra, sem starfa á þingi, að öðru leyti en því sem ég gat um áðan varðandi löggjöfina sjálfa.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að enda þótt málin séu færri en ég gerði ráð fyrir sem enn eru óútkljáð hjá dómstólum, þá kemur fram í þessari skýrslu að enn leggja óafgreidd mál, sem voru þingfest á síðasta áratug, og fjölmörg mál, sem hafa dregist allt of langan tíma, og í því sambandi held ég að rétt sé að ég komi aftur inn á það sem ég ræddi í Nd. í gær, að allt of algengt er að mál séu rekin fyrir dómstólum og

til þeirra sé stofnað af ástæðum, sem ekki séu vegna þess að kröfur séu vefengdar út í hörgul, heldur vegna þess að skuldunautar eða þeir, sem kröfum er beint að, sjá sér beinan hag í því að draga mál á langinn.

Hæstv. ráðh. kom aðeins inn á það, að oft væri það lögmönnum sjálfum að kenna að mál drægjust. Að vissu leyti er nokkuð til í því og á sér þá m. a. skýringar í því, að dráttur á málum veldur því að kröfur rýrna mjög verulega á meðan í málaferlum er staðið, og í þeirri verðbólgu, sem nú ríkir á Íslandi, hefur þetta leitt til þess, að kröfuhafar hafa glatað mjög verulega verðgildi þeirra krafna sem þeir áttu í upphafi. Þetta ástand er ákaflega óeðlilegt og nauðsynlegt að bregðast með einhverju móti við því. Í því sambandi hef ég leyft mér að leggja fram frv. til laga um viðauka við lög um meðferð einkamála, um dómvexti, sem er í því fólgið, að dæma megi vexti til samræmis við vaxtaaukakjör sem nú tíðkast, þannig að kröfur haldi sem mestu verðgildi sínu þegar þær eru endanlega dæmdar.

Annað atriði varðandi þessa skýrslu er líka það, að hvergi er minnst á Hæstarétt, en öllum er kunnugt, sem með þessum málum fylgjast, að þar er mikill flöskuháls. Gefur auga leið, að enda þótt mál gangi eitthvað hraðar hjá hinum almennu dómstólum, þá er lítið fengið með því ef mál hrannast upp hjá Hæstarétti. Nú skilst mér að svo sé komið að mál geti dregist í Hæstarétti, þau séu beinlínis ekki tekin fyrir í jafnvel 2—3 og allt upp í 4 ár. Þetta segi ég þó með fyrirvara, en þetta er mér tjáð. Alla vega liggur fyrir gífurlegur fjöldi mála hjá Hæstarétti sem óafgreiddur er og ekki fyrirsjáanlegt að fáist afgreiddur innan mjög skamms tíma. Það hefði verið fróðlegt að fá umsögn hæstv. ráðh. um þennan þátt dómsmálanna og hvort einhverjar hugmyndir eru uppi um lagfæringu í þeim efnum.

Ég held að ástæðulaust sé fyrir mig að fara frekari orðum um þessa skýrslu á þessu stigi málsins. Eins og ég sagði í upphafi, kvaddi ég mér hljóðs til þess að þakka fyrir hana og láta það koma fram, að hér yrðu þó a. m. k. einhverjar umr. um hana, og til staðfestingar á því, að þetta er mál sem okkur varðar og þm. eru ekki skeytingarlausir um hvernig meðferð dómsmála er í þessu landi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að færa hæstv. dómsmrh. þakkir fyrir þessa skýrslugerð. Það kemur margt fram í skýrslunni og kom einnig fram í þeirri ítarlegu ræðu sem hæstv. ráðh. flutti fyrir skýrslunni. Það komu þar mörg atriði fram sem menn sjá betur í heillegu ljósi þegar þau eru sett fram á þann hátt sem hér hefur verið gert. T. d. liggur alveg ljóst fyrir og tæmandi, hvernig málum vindur fram í dómskerfinu. Það eru tiltölulega fá mál af þeim mikla aragrúa mála sem mikil seinkun hefur orðið á í málsmeðferð. Hins vegar er ástæða til þess að gefa því gaum, að margháttuð atvik geta valdið seinkun mála, t. d. þau, sem eru þó nokkuð algeng, að eins og þm. er kunnugt leita dómstólar og sáttanefndir sátta í málum og oft á tíðum er það svo, að aðilar freista þess að semja um mál sín. Slíkar samningaumleitanir og vonir um að sætta mál og semja um mál geta valdið verulega miklum drætti á einstökum málum. Þetta þekki ég af eigin reynd frá því að ég var málaflutningsmaður fyrir mörgum árum. Ég man t. d. eftir því, að í einu máli, sem ég rak fyrir aðila, einkamáli gegn ríkinu, var um langan tíma freistað að ná samkomulagi um málið og voru gefnar vissar vonir í því efni, sem ekki rættust svo síðar meir og ekki varð af samningum, en þetta varð til þess að fresta þessu máli um að því er mig minnir allt að tveimur árum. Þetta segi ég nú aðeins og nefni sem dæmi um það, hversu margháttuð atvik það eru sem geta valdið seinkun á meðferð mála. Eigi að síður er enginn vafi á því, að það hefur gildi að mínu mati að ræða opinberlega um dómsmálin og meðferð þeirra. En vandasamt er að ræða af skynsemi og skilningi um dómsmál, sérstaklega þó sakamálin. Mál eru flókin, þau liggja ekki alltaf í augum uppi. Mörg atriði mála eru þannig, að menn verða að setja sig mjög vel inn í þau til þess að vera í raun og veru umræðuhæfir um þau. Þess vegna er vandasamt að ræða um dómsmál og mýmörg dæmi þess, að um þau er rætt af litlum skilningi, lítilli þekkingu og lítilli tillitssemi.

Ástæða er til þess að víkja aðeins að því, að hæstv. dómsmrh. hefur í ráðherratíð sinni beitt sér fyrir óvenjulegum umbótum á sviði dóms- og sakamála. Það má segja, að hver bálkurinn hafi rekið annan í þessum efnum. Lagðir hafa verið fyrir þing og afgreiddir frá þingi stórir bálkar um dómsmál á sviði réttarfars og sakamála og dómsmálaskipunar, sem ég er ekki í nokkrum vafa um að muni valda verulegum framförum í þessum málaflokkum.

Að sjálfsögðu er það undirstöðuatriði í stjórnskipun okkar og forsenda fyrir lýðræði og frelsi í landinu, að dómstólar starfi óháðir. Það er grundvallaratriði í stjórnskipun okkar að skipta ríkisvaldinu í þrjá þætti, eins og kunnugt er: löggjafarvaldið, framkvæmdavaldið og dómsvaldið, og mjög áríðandi, að dómstólarnir séu óháðir, og raunar forsenda fyrir frelsi og lýðræði í landinu. En það þarf ekki að þýða, að þeir séu undanþegnir gagnrýni. Það er annað mál. Réttmæt gagnrýni á störfum dómstóla á fullan rétt á sér, en hún verður að vera rökstudd. Órökstudd gagnrýni og allt að því aðdróttanir um störf dómstóla grafa undan trausti þjóðarinnar á þeim stofnunum sem eru forsenda fyrir lýðræði og frelsi.

Ég held að það sé alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að gagnlegt sé að ræða þessi málefni á Alþ. og Alþ. fylgist með störfum dómstóla, án þess þó að það sé á neinn hátt að hlutast til um eða ganga inn á verksvið dómstólanna sjálfra. En það, sem hefur fyrst og fremst valdið gagnrýni á störf dómstóla, er að málum hafi ekki miðað áfram í meðferð sem æskilegt væri. Sumt af þeirri gagnrýni er réttmæt, en ég hef áður sagt það á Alþ. og vil gjarnan endurtaka það, að þau kynni, sem ég hef af íslenskum dómurum og dómstörfum eru þannig, að íslenskir dómstólar séu yfirleitt réttlátir dómstólar, nokkuð frjálslyndir og að dómarar vinni störf sín yfirleitt af kostgæfni og af hinni mestu prýði, þó að undantekningar finnist í þessum efnum eins og dæmin sanna. Ég fyrir mitt leyti get lýst

yfir trausti á íslenskum dómstólum, þó að ég sé á engan hátt að segja, að ekki megi sitthvað finna að dómarastörfum einstakra dómara. En það er nú svo með dómsmál, þau eru yfirleitt deilumál, þau eru úrskurðarmál og orkar margt tvímælis. Það er því engan veginn eitt einsýnt í mörgum tilfellum, hvernig á að dæma í málum.

Ég vil ítreka þakkir til hæstv. dómsmrh. fyrir þessa skýrslugjöf og hina ítarlegu ræðu hans um þessi málefni, sem vissulega sýnir í tiltölulega stuttu máli og skýru, hvernig raunverulega er ástatt í þeim efnum sem skýrslan tekur til.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að bætast í hóp þeirra alþm. sem færa hæstv. dómsmrh. þakkir fyrir þessa skýrslu. Þetta er mikil skýrsla. Það er mikið verk að safna föngum til hennar og ganga frá henni, þó segja megi e. t. v. að þar hafi ekki öll kurl komið til grafar, enda er það svo, að við þessi mál öll, jafnvel hin smæstu mál, er iðulega mikil vinna og margt sem ekki er beinlínis skráð á blað. En ég fagna því, að þetta liggur fyrir í greinilegu yfirliti ásamt útskýringum hæstv. ráðh.

Það fer ekki hjá því, að manni virðist áhugi þm. á þessum málum vaxandi, og er það vel. Auðvitað er það alltaf svo, að hinir almennu borgarar, þm. jafnt sem aðrir, eru áhugasamir um viss mál, sem eru þannig vaxin, að þau eru spennandi eða eitthvað slíkt. En venjuleg dómsmál eru ekki þess eðlis, að þeim fylgi öllum mikil spenna, heldur er það fyrst og fremst vinna og aftur vinna að koma dómsmálum leiðar sinnar, allt frá því að þau eru kærð og þangað til endanlegur dómur er genginn. Og það eru líka mörg mál sem ekki komast á blað af því að sættir hafa tekist á einhverju stigi mála, og það er e. t. v. það allra ákjósanlegasta, ef hægt er að ljúka málum á þann hátt. En einnig þau mál eiga sér oft langa sögu og oft tekur langan tíma að bera sáttarorð á milli manna og ljúka málum á þann veg.

Það er svo, að dómur er og á að vera endir allrar þrætu. Þess vegna ber að sjálfsögðu að stefna að því, að málum geti lokið á sem skemmstum tíma. En þetta er oft löng og erfið leið, en margt má gera til að auðvelda hana og treysta og mér sýnist miða í þá átt nú eftir því sem aðstæður leyfa.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. alþm., sem tekið hafa til máls og látið falla viðurkenningarorð varðandi þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram.

Út af fsp. hv. þm. Ellerts Schram um Hæstarétt vil ég segja nokkur orð.

Það er alveg rétt, að þessi skýrsla fjallar ekki um mál fyrir Hæstarétti. Lengst af hefur verið svo, að ekki hefur verið umtalsverður dráttur á málum fyrir Hæstarétti. Enn er það svo, að opinber mál eða sakamál eru tekin fyrir og afgreidd hjá Hæstarétti nokkurn veginn eftir því sem þau berast. Hins vegar hefur það gerst á síðustu árum, að einkamálum, sem skotið er til Hæstaréttar, hefur mjög fjölgað og það orðið þannig, eins og hv. þm. vék að, að átt getur sér stað verulegur dráttur á meðferð einkamála hjá Hæstarétti. Þetta gerist þrátt fyrir það að fyrir fáum árum var fjölgað í Hæstarétti um einn hæstaréttardómara, þannig að þeir eru nú 6, og jafnframt var tekin upp sú regla, að Hæstarétti væri heimilt að skipta sér í deildir, þegar um minni háttar mál væri að tefla, og þeir gætu dæmt þrír í hverju máli. Ég held að e. t. v. hafi í framkvæmdinni kveðið minna að þessari deildaskiptingu en ætlast var til. Mér er hins vegar óhætt að segja það og hafa það eftir núverandi forseta Hæstaréttar, að lagt muni verða kapp á að nota þessa deildaskiptingu þar sem við verði komið. Þannig mun það t. d. vera svo, að í kærumálum, sem kölluð eru, dæma yfirleitt alls ekki nema þrír dómarar nú. Þetta á auðvitað að verða til þess að geta nokkuð greitt fyrir því, að einkamál fáist afgreidd í Hæstarétti með þeim hætti sem vera þarf, því að auðvitað er nauðsynlegt að menn þurfi ekki lengi að bíða eftir dómi Hæstaréttar.

En þrátt fyrir að fjölgun dómara ætti sér stað á sínum tíma með þessum hætti og heimild sé til deildaskiptingar telur Hæstiréttur sig horfa fram á það, að í óefni stefni í þessu efni. Þess vegna hefur hann óskað eftir því fyrir ekki alls löngu og reyndar látið þeirri ósk sinni fylgja tilbúið frv., að gerðar væru nokkrar breytingar á hæstaréttarlögunum og þá fyrst og fremst sú, að dómurum væri fjölgað um einn, þannig að hæstaréttardómarar yrðu sjö. Með þeim hætti telur hann þægilegra að koma við deildaskiptingu og það sé frekar þá einn til vara, og jafnframt að Hæstarétti sé veitt heimild til þess að ráða sér aðstoðarmenn eða sérfræðinga sem gætu létt undir eitthvað með störfum dómara.

Þá er einnig í þessu uppkasti ákvæði um verulega hækkun áfrýjunarfjárhæðar, en í því efni eru nú ekki að mínum dómi sett nægilega ströng skilyrði. Það er vegna þess líka hve krónurnar hafa breytt um gildi, þannig að það er alveg réttmæt ástæða að hækka áfrýjunarupphæð. Líka er það haft í huga, að vera kann að áhuginn byggist stundum að einhverju leyti á þessu sjónarmiði, sem hv. þm. minntist á, að menn væru kennske að reyna að tefja eitthvað afgreiðslu máls og greiðslu í þeirri von, að þeir gætu greitt með eitthvað verðminni krónum þegar til kæmi.

Þessi ósk og þetta mál liggur sem sagt fyrir af hendi Hæstaréttar. Hins vegar hefur ekki verið talið rétt að flytja þetta mál inn í þingið á þessum síðustu dögum þessa þings. Það er líka sumpart vegna þess, að til meðferðar er á Alþ. og hefur verið á Alþ. frv. til lögréttulaga sem liggur nú fyrir hv. Ed. Verði það frv. afgreitt og verði það að lögum er gert ráð fyrir því, að lögrétta svokölluð dæmi sem efra og síðasta dómstig í ýmsum málum og mundu því þar af leiðandi létta mjög verulega af Hæstarétti. Þess vegna hefur verið talið rétt að reyna til þrautar, hver afstaða þm. væri til þess máls. En mér er alveg ljóst, að ef ekki verður sjáanlegt að frv. um lögréttu verði afgreitt á þessu þingi, — ég geri nú ekki endilega þá kröfu, en svona í næstu framtíð, — þá verður ekki komist hjá því að taka til greina að mínu áliti þá ósk, sem Hæstiréttur hefur sett fram um þetta efni, og bæta starfsaðstöðu hans og starfskilyrði með þeim hætti sem hann hefur farið fram á.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram. Afstaða mín til þess máls er jákvæð og ég mun styðja það þegar þar að kemur, þó að annar kunni að sitja þá í sæti dómsmrh., að tekin verði afstaða til þess máls, þó að ekki hafi þótt fært að verða við þessum tilmælum nú á þessum vordögum.

Ég býst við því, að það sé talsvert þýðingarmikið og gæti horft til hagræðingar í störfum Hæstaréttar að hann fengi fleira aðstoðarfólk, ef svo mætti segja, því þó að dómarar vilji auðvitað sjálfir og verði sjálfir að skoða málin og athuga allt, þá getur verið ýmis vinna sem þeir geta falið öðrum að inna af hendi og getur létt störf þeirra eitthvað.

Ég enurtek svo þakklæti mitt til þeirra hv. þm., sem tekið hafa til máls, og leyfi mér aftur að láta í ljós þá von, að það verði árviss atburður á Alþ. að lögð verði fram og rædd skýrsla um dómsmál.

Suðurnesjaáætlun, þáltill. (þskj. 343). — Ein umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú, sem nú er tekin til umr. um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum, var flutt og er flutt vegna þess alvarlega ástands sem nú um sinn hefur blasað við á þessu fjölmenna landssvæði og segja má að ógni þar allri byggð og mannlífi. Enda þótt við tillögugerðina sé höfð hliðsjón af hinum tímabundnu erfiðleikum atvinnuveganna á Suðurnesjum er megintilgangurinn með tillöguflutningnum þó að benda á nauðsyn markvissra aðgerða og skipulagningar með frambúðarlausn í huga. Er nauðsynlegt að leggja á það ríka áherslu, að sérhver bráðabirgðalausn þeirra rekstrarvandamála, sem þarna er um að ræða, mun reynast næsta haldlítil, ef hún er ekki við það miðuð að verða fyrsti áfangi heildaráætlunar með framtíðina í huga. Hér er því mikið í húfi. Ljóst er að skjótar aðgerðir eru óhjákvæmilegar. En því aðeins koma þær að verulegu gagni, að þær stuðli að aukinni hagræðingu og bættu skipulagi atvinnurekstrar á þessu landssvæði til frambúðar, en þar er mikilla breytinga þörf, eins og ég mun koma nánar að hér á eftir.

Þegar rætt er um Suðurnes í till. þessari táknar það öll sveitarfélögin í Reykjaneskjördæmi sunnan Hafnarfjarðar. Eru meðal þessara byggðarlaga þrír af stærstu útgerðarstöðum landsins undanfarna áratugi: Grindavík, Keflavík og Sandgerði. Alls eru íbúar sveitarfélaga þessara yfir 12 þús. að tölu. Þar hefur sjávarútvegur jafnan verið höfuðatvinnuvegurinn og svo er vissulega enn. Eru það málefni þeirrar atvinnugreinar, sem fyrst og fremst hljóta að verða viðfangsefni Suðurnesjaáætlunar, þótt ýmislegt fleira hljóti þar til að koma. Svo stór er hlutur sjávarútvegs á þessu svæði, að hann er hvergi hlutfallslega meiri á landinu öllu. Hluti mannafla, sem starfar við sjávarútveg á landinu öllu, er talinn um 12.5%, en er um 40% á Suðurnesjum. Það eru eingöngu Snæfellsnesbyggðir og Vestfirðir sem hafa að þessu leyti svipað hlutfall og Suðurnes.

Hin erfiða staða útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum er ekki ýkjagamalt fyrirbæri. Það má heita einkenni allra síðustu ára, að ástandið sé lakara í þessum byggðarlögum en víðast hvar annars staðar á landinu. Þessu var löngum öfugt farið. Þó hefur nú hina síðustu mánuði og missiri mátt heyra í fjölmiðlum hvað eftir annað, að orsök hinnar slæmu afkomu sjávarútvegs á Suðurnesjum hljóti að vera einhver sérstök óráðsía sjávarútvegsmanna á þessum slóðum, allt frá útgerðarmönnum, skipstjórum og öðrum sjómönnum og yfir til fiskverkunarfólksins. Þegar tillit er tekið til þess, að allt fram til síðustu ára stóð útvegur betur á Suðurnesjum en víðast hvar annars staðar á landinu og það er að langmestu leyti sama fólkið sem við útveginn vinnur nú eins og á hagsældartímunum, er fráleitt að staðhæfa að Suðurnesjamenn séu eitthvert 2. eða 3. flokks fólk sem ekki kunni til verka við útgerð, sjósókn og fiskvinnslu. Skýringarnar á þeim breytingum, sem orðið hafa, eru líka allt aðrar. Þær eru bæði nærtækar og augljósar þegar að er gáð. Hitt er svo annað mál, að m. a. vegna lítils skipulags og gamaldags útgerðarforms, þar sem of lítils samræmis gætir milli fiskveiðanna annars vegar og fiskvinnslunnar hins vegar, hafa Suðurnesjamenn orðið helst til seinir til að mæta hinum nýja og aðsteðjandi vanda með nægilega markvissum aðgerðum. En þar er þó á það að líta, að svo mikil röskun hefur hér orðið á skömmum tíma, að þess hlaut að sjá verulegan stað í versnandi afkomu. Er mér fyllilega til efs, að önnur byggðarlög, sem orðið hefðu fyrir hliðstæðum skakkaföllum, hefðu átt miklu auðveldara með að ná sér upp úr slíkum öldudal á skömmum tíma. En nú er sýnt að hér verður að bregðast við af skynsemi og fullri ábyrgðartilfinningu. Hér er ekki um að ræða vandamál Suðurnesjamanna einna, heldur snertir það þjóðfélagið allt. Þegar afli á mikilvægu útgerðarsvæði minnkar á skömmum tíma um fullan helming þrátt fyrir svipaða sókn, sama tækjakost og svipaðan mannafla hlýtur þess að sjá verulegan stað. Á sama tíma vex sókn og afli annars staðar við landið. Þarf þá væntanlega ekki að leita annarlegra skýringa á hinum mikla aðstöðumun, enda þótt það hafi verið gert einatt af lítilli sanngirni.

Hér er hvorki tími né ástæða til að rekja útgerðarsögu Suðurnesja, en þess eins skal getið, að verstöðvarnar á þessum slóðum báðum megin á Reykjanesskaga hafa verið einhverjar hinar aflasælustu hér á landi og sjómennirnir þar í fremstu röð. Ástæðan er vitanlega sú, að á öllum venjulegum tímum, þegar fiskigöngur geta talist eðlilegar og hrygningarstofn þorskins er sæmilega sterkur, liggja útgerðarstaðirnir á Suðurnesjum sérlega vel við til veiða, enda munu aflabrögð löngum hafa verið árvissari þar en víða annars staðar við landið. En nú á allra síðustu árum hafa orðið þær stórfelldu breytingar, að magn vertíðarfisks á hrygingargöngu er einungis brot af því sem áður var, jafnframt því sem sókn okkar sjálfra, okkar Íslendinga, í ókynþroska fisk á öðrum hafsvæðum við landið hefur stóraukist. Afleiðingarnar eru þær, að á síðustu 4 árum hefur bolfiskafli bátaflota Suðurnesjamanna minnkað um meira en helming þrátt fyrir svipaðan skipastól og síst minni sókn en áður. Þetta er að sjálfsögðu langstærsta orsök stórversnandi afkomu fiskveiða og fiskiðnaðar á svæðinu, þótt þar komi að vísu fleira til. Eitt af

því er breytt samsetning aflans, hlutfallslega minni þroskur og meiri ufsi en áður var. Gefur auga leið, að þess hlýtur að sjá víða stað þegar svo gífurleg og skyndileg breyting til hins verra verður á aflabrögðum eins og hér hefur orðið. Þá verða fiskvinnslustöðvarnar á svæðinu allt of margar miðað við fiskmagnið sem fáanlegt er til vinnslu. Augljós er aðstöðumunurinn þegar svo er komið, að í tveim jafnstórum og álíka dýrum frystihúsum, öðru á Suðurnesjum, hinu til að mynda á Vestfjörðum eða Norðurlandi, fást 2—3 fiskar til vinnslu í Vestfjarða- eða Norðurlandshúsinu á móti hverjum einum á Suðurnesjum. Er þetta nokkurn veginn sú mynd sem við blasir nú.

Því er ekki að leyna, að útgerðarstaðirnir á Suðurnesjum voru engan veginn nægilega vel undir það búnir að mæta verulegum skakkaföllum. Þegar sú atvinnuuppbygging hófst, sem vinstri stjórnin beitti sér fyrir og gerbreytt hefur til bóta afkomu og öllu mannlífi víðs vegar um land, voru Suðurnesjamenn óneitanlega helst til seinir til og gripu ekki sem skyldi tækifærið til að endurnýja skipakost sinn og hraðfrystiiðnað. Þessu olli margt, m. a. aðstöðumunur að því er tók til lánafyrirgreiðslu, en þó öðru fremur hitt, að á sama tíma og atvinnuuppbyggingin í sjávarútvegi átti sér stað hraðminnkaði aflinn á miðum Suðurnesjamanna og rekstur allur gerðist stórum erfiðari en áður var. Afleiðingin hefur orðið sú, að nú sitja Suðurnesjamenn uppi með mörg en tiltölulega illa búin frystihús og aðrar fiskverkunarstöðvar svo og með flota, sem hefur hvergi nærri reynst fær um að afla þess hráefnis sem til þarf ef sjávarútvegur á að verða rekinn á þessu svæði í eitthvað svipuðum mæli og áður var.

Ég tel ástæðulaust að rekja í löngu máli, hvernig langvarandi erfiðleikar svo veigamikils atvinnuvegar sem sjávarútvegur hefur einatt verið á Suðurnesjum veldur kyrkingi á öllum sviðum og byggðarlögin lenda í vítahring sem torvelt er úr að komast. Aldrei hefur ástandið í þessum efnum þó verið jafnillt og nú í vetur, þegar mörg frystihús og aðrar verkunarstöðvar á þessu svæði voru lokaðar þegar í upphafi vetrarvertíðar og lokun hefur vofað yfir og vofir enn yfir hjá ýmsum öðrum.

Sú er meginhugsun þeirrar till., sem hér er flutt um rannsókn þessara mála með framtíðina í huga, að kleift sé og nauðsynlegt að skipuleggja sjávarútveg og fiskiðnað á Suðurnesjasvæðinu í heild með tilliti til atvinnuþarfa fólks og þjóðhagslegrar hagkvæmni við fjárfestingu og rekstur. Á þessu svæði eiga að vera að ýmsu leyti góðir möguleikar á margvíslegri samvinnu og verkaskiptingu, bæði við hráefnisöflun, löndun og vinnslu sjávarafurða. Fjarlægðir milli útgerðarstaða eru þarna tiltölulega litlar, en vegir flestir orðnir góðir og öruggir allan ársins hring. Eftir að fiskmagn það, sem kom til vinnslu á Suðurnesjum, stórminnkaði hafa menn þar um slóðir rætt margt um þá staðreynd, að ekkert vit væri í því, að reka öll hin mörgu hraðfrystihús og fiskverkunarstöðvar með hálfum afköstum eða minna en það. Menn hafa ekki verið á einu máli um hvað til bragðs skyldi taka í þessum efnum. Talað hefur verið aðallega um tvær leiðir: aðra þá að fækka fiskverkunarstöðvunum og þá jafnvel stórlega og að auka jafnframt hagræðingu þeirra sem eftir yrðu, hina að leggja allt kapp á að auka togaraútgerð frá svæðinu og reyna að tryggja þannig meiri fisk til vinnslu en þar er um að ræða nú. Það er þó augljóslega erfitt með hliðsjón af ástandi fiskstofnanna. En í hugum okkar flm. þessarar till. er það þó vafalaust, að fara verður báðar þessar leiðir að ákveðnu marki. Tvímælalaust væri þjóðfélagslega rangt að eyða þarna stórfé í skipulagslausa fjárfestingu í fiskiðnaði. Á hinn bóginn er brýnt að auka þar hagræðingu og framleiðni með markvissri uppbyggingu. En jafnhliða þarf að reyna með öllum tiltækum ráðum að tryggja stöðugri og fjölbreyttari öflun hráefnis til fiskiðnaðar en nú er um að ræða á þessu svæði.

Við, sem þessa till. flytjum, leggjum á það áherslu, að kannað verði sérstaklega með hverjum hætti best verði tryggð útgerð hæfilegra margra togara sem þjónuðu Suðurnesjasvæðinu öllu. Varðandi eignaraðild og rekstrarform slíkrar togaraútgerðar á Suðurnesjum virðist einstætt að sækja fyrirmyndir þangað sem útgerð á félagslegum grundvelli hefur gefið hvað besta raun. Telja verður æskilegt að aðild sveitarfélaga á svæðinu komi þarna til og þau verði e. t. v. burðarás slíkrar útgerðar, hugsanlega með þátttöku fiskvinnslustöðva og fleiri aðila. Kanna þarf ennfremur með hverjum hætti fulltrúar sjómanna og landverkafólks geta öðlast raunverulegt áhrifavald um rekstur slíks fyrirtækis, sem fyrst og fremst væri ætlað það hlutverk að tryggja sem öruggasta og jafnasta atvinnu allt árið. Veigamikill þáttur þeirrar áætlunar, sem gera þarf um framtíðarskipan útgerðar og fiskvinnslu á Suðurnesjum, er vitanlega till. um fjármögnun nauðsynlegra framkvæmda. Lánastefnu fjárfestingarsjóða þarf að samræma sem mest þeim fyrirætlunum um atvinnuuppbyggingu á svæðinu sem till. verða gerðar um.

Enda þótt við flm. leggjum mjög ríka áherslu á endurskipulagningu og uppbyggingu fiskveiða og fiskiðnaðar með framtíðina í huga, er okkur ljóst að fleira þarf að koma til ef treysta á afkomu fólks á Suðurnesjum til langrar frambúðar. Því bendum við í grg. með till. einnig á ýmsar aðrar leiðir til að ná settu marki, en markið er að sjálfsögðu fjölþætt og þróttmikið atvinnulíf á þessu landsvæði. Að okkar dómi verður einnig við áætlunargerð af þessu tagi, sem miðast við nokkra framtíð, að taka mið af þeim sérstöku aðstæðum sem eru þarna syðra og vonandi reynast tímabundin, en ekki varanlegt ástand. Þar er um að ræða dvöl erlends hers og margvíslega atvinnu í beinum og óbeinum tengslum við herinn. Fáir munu þeir, sem telja sig vilja hafa hér útlendan her um aldur og ævi. Ætti því að geta orðið samstaða um að reikna þurfi með öðrum atvinnurekstri sem í framtíðinni gæti tryggt öllu verkfæru fólki á Suðurnesjum örugga atvinnu.

Ég efast um að menn hafi almennt gert sér fulla grein fyrir því, hve mjög þeim Suðurnesjamönnum hefur fjölgað allra síðustu árin sem hafa atvinnu á Keflavíkurflugvelli eða í tengslum við dvöl hersins á vellinum. Er hvort tveggja, að hinu íslenska starfsliði þar hefur fjölgað í heild, en einnig hefur Suðurnesjamönnum fjölgað hlut-

fallslega svo að segja með hverju ári. Ég hef fengið um þetta upplýsingar hjá varnarmáladeild utanrrn. og eru þær í meginatriðum þessar: Á árunum 1951—1974 unnu að meðaltali um 1200 Íslendingar á vegum hersins eða í tengslum við hann. Frá 1958 til 1974 var talan nokkuð jöfn, á bilinu 1000—1200 manns, en síðustu árin hefur á ný fjölgað þeim mönnum innlendum, sem vinna í þágu hersins, og eru þar nú, að því er mér er tjáð, um 2 þús. Íslendingar að störfum, ýmist hjá herliðinu beint eða verktökum sem vinna í þágu þess. Þá hefur og smám saman orðið sú breyting, eins og ég áðan sagði, að Suðurnesjamönnum hefur fjölgað hlutfallslega, en starfsmönnum af Reykjavíkursvæðinu fækkað að sama skapi. Er talið að um 70% þeirra, sem nú starfa hjá hernum, séu Suðurnesjamenn, en um 30% annars staðar að.

Þegar hvort tveggja er haft í huga, bein fjölgun íslenskra starfsmanna í tengslum við herinn og hlutfallsleg fjölgun Suðurnesjamanna við þau störf, kemur í ljós að á undanförnum árum hefur Suðurnesjamönnum við herstöðvarvinnu fjölgað úr 600—700 manns í 1200—1300 manns, eða nær því um helming. Þegar þessi þróun verður samfara mjög alvarlegum samdrætti fiskveiða og fiskvinnslu á svæðinu er vissulega um alvarlegt mál að ræða sem gefa verður gaum að. Háskinn, sem þessu er samfara, þegar til lengdar er litið a. m. k., ætti að vera hverjum hugsandi manni ljós, hver sem afstaða hans til erlendrar herstöðvar í landinu er að öðru leyti. Eins og ég sagði áðan hlýtur það að verða meginstefnan við atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum þegar til frambúðarinnar er litið, að þar verði hægt að tryggja öllu verkfæru fólki örugga atvinnu við íslenskan atvinnurekstur af ýmsu tagi. Við flm. þessarar till. teljum einsætt að miða verði áætlunargerð Framkvæmdastofnunar, eins og lagt er til í till., við það, að því annarlega ástandi, sem erlend herstöð í landinu óneitanlega er, ljúki og að fjölþættur innlendur atvinnurekstur komi þar í staðinn.

Til viðbótar því, sem áður er sagt um sjávarútveginn, skal að lokum stuttlega drepið á nokkra möguleika sem virðast vera fyrir hendi til að auka fjölbreytni atvinnulífs á Suðurnesjum ef kappsamlega verður að því unnið.

Ljóst er að Suðurlandssíld á með hóflegri veiði og skynsamlegri nýtingu að geta orðið mikil búbót og góður atvinnuauki á komandi árum. Telja verður hagkvæmt að nota aðstöðuna á Suðurnesjum til að fullvinna margháttaða vöru úr þessu góða og dýrmæta hráefni. Þarf að kanna hagkvæmni þess að koma upp a. m. k. einni niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju síldar og fleiri fiskafurða á svæðinu.

Bent skal á þá möguleika sem í því kunna að felast að stunda í stórum stíl fiskrækt í hæfilega heitum jarðsjó. Til þess eru talin sérlega góð skilyrði á Suðurnesjum, þar sem er annars vegar jarðsjórinn og hins vegar hráefni frá fiskvinnslustöðvunum, en slík starfsemi byggist á nýtingu fisks og fiskúrgangs. Þegar er verið að hefja lokatilraunir með slíka ræktun svonefnds laxbirtings í Grindavík og einnig er þar verið að hefja framleiðslu í smáum stíl. Sé það rétt, sem ýmsir telja, að fiskrækt með þessum hætti eigi framtíð fyrir sér, hlýtur að fylgja í kjölfarið niðursuðuiðnaður og önnur fullvinnsla á þeim fiski, þá einkum laxi og silungi, sem ræktaður yrði.

Þá yrði nauðsynlegt að kanna hugmyndir um framleiðslu rafmagns á Suðurnesjum þar sem jarðgufa yrði notuð til framleiðslunnar. Er talið að slík rafmagnsframleiðsla geti auðveldað ýmsa þá iðnaðarframleiðslu sem háð er raforku á hóflegu verði.

Aðeins skal hér drepið á væntanlega saltvinnslu eða saltverksmiðju á þessu svæði. Stofnað hefur verið fyrirtæki til að reisa tilraunaverksmiðju til vinnslu salts úr heitri jarðgufu og verður verksmiðjan byggð við jarðhitasvæðið á Reykjanesi. Gert er ráð fyrir að þessi litla tilraunaverksmiðja geti tekið til starfa síðar á þessu ári. Hér er að sjálfsögðu um tilraun að ræða, en við hana eru óneitanlega bundnar töluverðar vonir um fjölbreyttan iðnað.

Naumast verður því lengi skotið á frest að reisa, og þá ekki síst hér við Faxaflóa, a. m. k. eina fullkomna fiskmjölsverksmiðju, en verksmiðjukostur okkar á því sviði er því miður orðinn býsna úreltur og á engan hátt sambærilegur við það sem nú gerist best hjá nálægum þjóðum. Verksmiðjur okkar eru allar eldþurrkunarverksmiðjur, gagnstætt því sem gerist hjá keppinautum okkar, sem yfirleitt reka verksmiðjur búnar til gufuþurrkunar. Talið er að fullkomin verksmiðja með gufuþurrkun sé jafnvel hreinlega forsenda þess, að fiskmjölsiðnaður geti tekið hér eðlilegri og æskilegri þróun. Skal í því sambandi bent á þá merku tilraunastarfsemi sem fram fer í því skyni að reyna að hagnýta fiskmjöl til manneldis. Líklegt má telja að beislun jarðgufu til þessara nota muni reynast hagkvæm. Telja flm. till. a. m. k. einsætt að rannsakað verði, hvort ekki sé skynsamlegt og hagkvæmt að gera ráð fyrir því, að reist verði slík fyrsta flokks verksmiðja með gufuþurrkun og að hún komi upp á Suðurnesjum.

Enda þótt hér hafi fyrst og fremst verið bent á ýmsa möguleika í sambandi við bætt skipulag sjávarútvegs og aukna fjölbreytni fiskiðnaðar, þarf jafnframt að rannsaka skilyrði til að reka á Suðurnesjum margvíslegan iðnað af öðru tagi. Verður að telja mjög sennilegt að slíkt sé tiltölulega hagkvæmt, einkum ef um ódýra raforku yrði að ræða. Ber í þessu sambandi að hafa í huga þörfina á því að koma upp margs konar léttum iðnaði fyrir aldraða og öryrkja, og kynni oft að vera hægt að tengja slíkan iðnað öðrum rekstri.

Herra forseti. Margt hefur verið rætt og ritað um jafnvægi í byggð landsins og á síðari tímum hefur ýmislegt verið gert til að efla það jafnvægi. Sú kenning virðist hafa átt töluverðu fylgi að fagna, að útilokað væri að jafnvægisröskun gæti átt sér stað í nokkurri byggð við sunnanverðan Faxaflóa, í nágrenni Reykjavíkur eða höfuðborgarsvæðisins. En ég vil leyfa mér að spyrja: Hvað á að nefna það þegar afli á tilteknu landssvæði minnkar um helming eða jafnvel meira en helming á skömmum tíma, þrátt fyrir a. m. k. jafnmikla ef ekki aukna sókn, svipaðan mannafla og að sjálfsögðu stóraukinn tilkostnað? Þegar slíkt gerist á sama tíma og afli

vex þó nokkuð, að vísu allvíða með aukinni sókn í öðrum landshlutum, þ. e. a. s. afli Íslendinga, er a. m. k. óhætt að fullyrða að einhvern tíma hefði slíkt verið talin röskun á byggðajafnvægi eins og það sem orðið hefur á Suðurnesjum og það jafnvel stórfelld röskun.

Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég þykist mega fullyrða að sú dökka mynd, sem ég hef dregið upp af stöðu sjávarútvegs á Suðurnesjum um þessar mundir sé síst of svört. Ástandið er vissulega alvarlegt og á þessu máli þarf að taka með þeim hætti, að jafnframt því sem sjálfsagt þarf að grípa til óhjákvæmilegra skammtímaúrræða, og þau hafa því miður látið helst til lengi á sér standa, þá verði sem allra flestar, jafnvel skammtímaaðgerðir að miðast við að þar væri verið að stíga fyrstu sporin að framtíðarlausn þessa mikla vanda. Hér er óneitanlega mikið og erfitt verkefni fyrir höndum. Alhliða uppbygging fjölþætts atvinnurekstrar á Suðurnesjum gerist að sjálfsögðu ekki á mjög skömmum tíma. Það gerum við flm. okkur alveg ljóst. En fyrstu sporin þarf að stíga og það strax. Þá skiptir að sjálfsögðu miklu máli, að bráðabirgðaaðgerðirnar verði fyrsti liður þeirrar frambúðarlausnar sem þarf að verða takmarkið, en takmarkið hlýtur að vera að tryggja öllum íbúum á Suðurnesjum örugga atvinnu við þjóðnýt störf.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til atvmn.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það eru tvær þáltill., sem liggja fyrir Sþ. sem varða sérstaklega Suðurnes og þó alveg sér í lagi atvinnuástand á Suðurnesjum. Það er þessi till., sem hér er til umr. um Suðurnesjaáætlun, og einnig till. hv. þm. Odds Ólafssonar um könnun á atvinnulegri og félagslegri aðstöðu byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Ég vil gera að umræðuefni þann þátt þessa máls sem snertir sérstaklega sjávarútveginn og fiskvinnslu á þessu svæði.

Ég vil fyrst víkja að því, að á undanförnum mörgum árum hefur verið unnið geysimikið starf í því efni að byggja upp hraðfrystiiðnaðinn í landinu. Í upphafi starfs Framkvæmdastofnunar ríkisins, þegar í febrúarmánuði 1972, var tekin um það ákvörðun að gera svonefnda hraðfrystihúsaáætlun. Þessi áætlun var undirbúin í samráði við mjög marga aðila sjávarútvegsins og í sjávarvöruiðnaðinum. Það voru höfð samráð við félagssamtök útvegsmanna og sjómanna. Það voru höfð samráð við tæknimenn og kunnáttu menn á þeim vettvangi. Það voru höfð samráð við sölusamtök hraðfrystiiðnaðarins og síðan varðandi fjármögnunarþáttinn samráð við viðskiptabanka og fjárfestingarlánastofnanir.

Ljóst var í upphafi, að þrátt fyrir þessi samráð þurfti að afla mjög mikilla gagna til þess að byggja slíka áætlunargerð á. Fór því fram mjög víðtæk gagnaöflun um ástand í þessum málum, könnun á viðhorfum og áformum eigenda frystihúsanna sjálfra. Afstaða sveitarfélaganna og aðila vinnumarkaðarins á hverjum stað og margt fleira kom inn í þessa mynd. Eftir að öll gögn höfðu borist og verið athuguð var gerð skýrsla eða fyrstu drög að hraðfrystihúsaáætlun, sem var kölluð: „Áform hraðfrystihúsanna um framkvæmdir og fjármögnun". Rétt er að undirstrika að þessi áætlun var byggð í öllum aðalatriðum á frjálsu mati og áformum eigenda frystihúsanna. Hins vegar var svo næsta stig, eftir að gögnum hafði verið safnað og málin höfðu verið rækilega athuguð með heimsóknum, viðræðum og skoðunum á hverju einstöku fyrirtæki, að reyna að meta og gagnrýna framkvæmdaáform í samráði við framkvæmdaaðilana. Í mörgum tilfellum voru áformin endurskoðuð og síðan ákveðin forgangsröð, tímasetning o. s. frv.

Í allmörgum tilfellum voru gerðar breytingar á fyrirtækjunum að því leyti til, að fyrirtæki voru sameinuð eða nýir aðilar komu til sögu. Varð samruni fyrirtækja til þess að tryggja rekstraraf komuna. Voru sameinuð fyrirtæki í útgerð og fiskvinnslu einmitt í þeim tilgangi að tryggja að slíkar einingar gætu borið sig í rekstri. Í mörgum tilfellum komu nýir aðilar til viðbótar og hlutafé var stórhækkað. Þessar framkvæmdir voru ýmiss konar. Fyrst ber að nefna ný hraðfrystihús eða fiskiðjuver, sem eru allmörg og hafa risið víðs vegar um landið, í öðru lagi stækkanir og viðbætur mannvirkja sem fyrir voru. T. d. hafa verið byggðar svokallaðar fiskmóttökur víðs vegar um landið, sem er alveg nýr liður í því að tryggja afkomu og rekstur þessara fyrirtækja svo og meiri og betri hagnýtingu þess hráefnis sem að berst á hverjum tíma. Í þriðja lagi var svo stóraukin vélvæðing og hagræðing í ýmsum efnum, sem ekki var hægt að koma við nema með meira húsrými og nýju fyrirkomulagi. Í fjórða lagi voru síðan athugaðir möguleikar til hráefnisöflunar og tengsla útgerðarinnar við fiskiðjuverin og svo sameining fyrirtækja í því sambandi. Reynt var að koma í veg fyrir að of mörg fiskiðjuver risu á sama stað, til þess að tryggja að þau, sem áhersla var lögð á að efla, hefðu nægilegt hráefni og þess vegna möguleika á sæmilega góðri afkomu.

Segja mætti að markmið hraðfrystihúsaáætlunarinnar hafi verið að byggja upp traust og rúmgóð mannvirki, þar sem hægt er að koma við hvers konar hagræðingu og vélvæðingu sem gerir rekstur inn ódýrari og afkastameiri. Það sjónarmið, sem látið var sitja í fyrirrúmi í þessum málum, var fyrst og fremst hagræðing og aftur hagræðing. Það hefur borið talsvert á því, að rætt hafi verið um að við sumar þessar framkvæmdir hafi verið beint fjármagni á þann hátt, að ekki væri gætt rekstrarsjónarmiða. Þessi gagnrýni hefur verið talsvert háværð og hún hefur heyrst úr ýmsum áttum, en ég hef sjaldnar heyrt röksemdir þessu til stuðnings. Benda má á einstök dæmi í þessu efni, en í öllum aðalatriðum hefur þessi uppbygging einmitt verið fólgin í því að skapa rekstrareiningar sem hafa möguleika til þess að bera sig í rekstri.

Ekki má heldur gleyma því, að talsvert verulegur þáttur í þessari uppbyggingu og þessu starfi var fólginn í því að skapa í fiskvinnslunni sæmilega aðlaðandi vinnuaðstöðu fyrir fólkið, sem þar vinnur, og aðstöðu til tómstundaiðju og í heildinni að gera þessa vinnustaði þannig, að þeir geti kallast sómasamlegir, en það er langt frá því, að svo hafi löngum verið. Í sambandi við þetta var einnig rík áhersla lögð á bætt hreinlæti og bætta hollustuaðstöðu.

Það er mjög þýðingarmikið í þessum efnum, að tengsl útgerðar og fiskiðjuveranna séu traust. Í þessum efnum hafa mjög komið inn í myndina skuttogararnir, sem eru tengdir fiskiðjuverunum í langflestum tilfellum þannig að þeir afla og tryggja þeim stöðugt hráefni. Í raun og veru hafa orðið ótrúlegar framfarir í þessari grein á undanförnum árum, framfarir í þá átt að tryggja samfelldan rekstur fiskiðjuveranna og miklu meiri og betri nýtingu hráefnis en tíðkast hefur hér alla tíð, vildi ég segja. Það er t. d. orðið svo víðast, að skuttogararnir fiska sinn fisk í kassa, sem kallað er. Fiskurinn er ísaður í kössum og geymdur þannig um borð í skipunum. Honum er skipað upp í kössum inn í kældar móttökur og þar er fiskurinn unninn eftir hendinni. Kassarnir eru merktir og fiskurinn er svo tekinn eftir því hvað hann er gamall. Á þann hátt er hægt að koma við samfelldri starfsemi, samfelldri vinnslu sem tryggir stöðuga atvinnu og einnig það að nýting hráefnisins sé viðunandi.

Það er býsna mikill munur á þessu eða því fyrirkomulagi, sem langa tíð hefur tíðkast og tíðkast raunar enn á stöku stað, að fiskurinn er ekki kassaður í bátnum eða skipunum. Honum er ekið á vörubílum langar leiðir. Það eru ekki lokaðar geymslur á þessum bílum. Þær eru yfirleitt opnar. Ryk og alls konar óhreinindi berast að hráefninu. Síðan er þessu sturtað niður á gólf í þykkar kasir í fiskvinnslustöðvunum. Niðurstaðan verður auðvitað sú, að þetta er orðið ákaflega lélegt hráefni, svo ekki sé meira sagt, þegar kemur að því að vinna úr því framleiðsluvörur. Hér hefur orðið — ég vil segja hrein bylting í meðferð og vinnslu sjávarafla og e. t. v. meiri bylting en margir hafa gert sér grein fyrir. Og hún er býsna viðtæk og nær nokkurn veginn hringinn í kringum landið. En því er ekki að leyna og því nefni ég þetta hér sérstaklega, að Suðurnesin og jafnvel Reykjavík hafa orðið á eftir í þessum efnum. Þess vegna hefur það m. a. gerst, að afkoma þessarar atvinnugreinar á þessu svæði á í vök að verjast þegar af þessum ástæðum um þessar mundir.

Ég vil geta þess hér, að til uppfyllingar hraðfrystihúsaáætlunarinnar hefur verið varið miklu fjármagni á undanförnum árum. Á árunum 1971—1977 var t. d. varið rúmlega 10 milljörðum og 500 millj. kr. á verðlagi hvers árs til framkvæmda við hraðfrystihúsaáætlunina, og ef miðað er við verðlag í lok ársins 1976 hefur verið varið til þessarar áætlunar rúmlega 18 milljörðum kr. samtals. Þetta fjármagn hefur komið aðallega úr þremur áttum. Í fyrsta lagi úr Fiskveiðasjóði Íslands, í öðru lagi úr Byggðasjóði og í þriðja lagi frá eigendunum sjálfum, sem hafa lagt eigið fjármagn í þessar framkvæmdir og endurbætur. En því er ekki að leyna, að Reykjanesið og jafnvel Reykjavík hafa dregist aftur úr í frystiiðnaðinum. Fyrir því eru ýmsar ástæður.

Þjóðhagsstofnun gerði á síðasta hausti sérstaka athugun á afkomu frystihúsanna í landinu. Þar var gerð allítarleg grein fyrir stöðu og afkomu frystihúsanna og gerður nokkur samanburður á því eftir landshlutum. Kemur greinilega fram í þessari úttekt Þjóðhagsstofnunarinnar, að Suðurnesin sérstaklega hafa dregist aftur úr í sambandi við hagnýtingu sjávaraflans og þá alveg sérstaklega í hraðfrystiiðnaðinum. Það kemur fram í þessari skýrslu, að nýtingin úr hráefninu virðist lökust á Reykjanesi, en aftur best á Vestfjörðum. Ein af ástæðunum fyrir stöðu sjávarútvegsins og þá sérstaklega fiskvinnslunnar og þá sér í lagi frystiiðnaðarins á Suðurnesjum er einmitt að ekki hefur farið fram sú uppbygging á þessum vettvangi, sú samræming, vélvæðing og hagræðing, ásamt tengslum við útgerðina, sem gerst hefur annars staðar í landinu. Það er þess vegna vissulega tímabært að ráðast í það verkefni að vinna skipulega að því að byggja upp þessa atvinnugrein á þessu svæði, en raunar er **þegar byrjað starf í þessum efnum.**

Á seinasta ári var hafið starf í Framkvæmdastofnun ríkisins við að gera úttekt á stöðu hraðfrystiiðnaðarins á Reykjanesi og í Reykjavík. Það var gerð á þessu allrækileg úttekt. Í framhaldi af því kom svo athugun Þjóðhagsstofnunar á afkomu frystihúsanna, m. a. á þessu svæði, og í fyrra var í fyrsta sinn gert nokkurt átak, þó ekki væri stórt á því ári, til að beina umframfjármagni til uppbyggingar hraðfrystihúsanna á Reykjanessvæðinu. Lánaðar voru 100 millj. kr. **úr Framkvæmdasjóði Íslands** í þessu skyni til viðbótar við lánastarfsemi Fiskveiðasjóðs, sem alla tíð hefur að sjálfsögðu náð til Reykjanessvæðisins og Reykjavíkur eins og til annarra landshluta.

Nokkuð hefur verið gagnrýnt að Byggðasjóður hefur lánað minna til þessa landssvæðis eða þessa landshluta en til annarra landshluta. Fyrir því liggja auðvitað augljósar ástæður, sem gerð hefur verið grein fyrir á Alþ. áður. Þær eru í stuttu máli á þá leið, að á undanförnum áratugum — ég tek sem dæmi áratugina frá 1930—1970, fjóra áratugi — fjölgaði landsfólkinu um 95 þús. manns. Af þessari fjölgun, 95 þús. manns, settust 82 þús. að í Reykjavík og á Reykjanesi, en aðeins 13 þús. að annars staðar á landinu. Þessi byggðaröskun undanfarinna áratuga var svo stórfelld, að hún stofnaði í hættu tilveru og framtíð fjölmargra byggðarlaga víðs vegar um landið. Þess vegna var eðlilegt að Byggðasjóður, í samræmi við þau lög sem hann starfar eftir, beindi fjármagni til þess að styrkja atvinnulíf úti um landsbyggðina umfram það sem gert hefur verið á Reykjanesi.

Nú er það svo, að það er ekkert lögmál með Byggðasjóð að hann eigi ekki að lána til uppbyggingar á Reykjanesi ef þess er þörf. Þess vegna er það, að tekin hefur verið sú ákvörðun í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að hefja lánveitingar til uppbyggingar í hraðfrystiiðnaðinum einmitt á þessu svæði. Nauðsynlegt þykir að greiða fyrir uppbyggingu í þessari atvinnugrein á þessu svæði eins og sakir standa.

Auðvitað eru margar ástæður fyrir því, hvernig þessi mál hafa þróast. Ein af ástæðunum er sú, að verið hefur minni afli við Faxaflóa og Reykjanes en áður var. Önnur ástæðan er m. a. breyting á því, sem var í raun og veru kjarninn í þessari starfsemi á þessu svæði um áratugi, en það var vertíðin. Hún var undirstaðan undir afkomunni meira og minna allt árið um kring. Þessi karftmikla vertíð, sem tíðkaðist við Reykjanesið um áratugi og menn lifðu meira og minna

á allt árið, byggðist m.a. á því, að fólk viðs vegar að af landinu, sem bjó við tímabundið atvinnuleysi, flykktist til Suðurnesja og til Vestmannaeyja til starfa á vertíðinni. Þegar vertíðinni var lokið fór þetta fólk heim til sín aftur. Á þennan hátt var hægt að koma við á Suðvesturlandi þessu fyrirkomulagi, vertíðarfyrirkomulagi sem ég kalla svo. Nú er þetta breytt. Nú er það svo, að atvinna er orðin tiltölulega stöðug viðs vegar um landið, m.a. vegna þess að sú uppbygging, sem ég hef verið að rekja, hefur farið fram og fólk býr við tiltölulega stöðuga atvinnu um allt land og þess vegna engin tök á því fyrir Suðurnesin eða Suðvesturlandið að treysta á vinnukraft eins og gert var áður um áratugi. Það er hins vegar öllum ljóst og má vera öllum ljóst, að þetta svæði er mjög þýðingarmikið svæði í sambandi við sjávarútveginn og gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í íslenskum sjávarútvegi. Þess vegna er að sjálfsögðu engin ástæða til þess að vanrækja eðlilega uppbyggingu og þróun í þessum efnum á Suðurnesjum.

Eg er því eindregið fylgjandi, að því verki, sem þegar er hafið eins og ég hef getið um, áætlun um uppbyggingu fiskvinnslunnar á Reykjanesi eða Suðvesturlandi, verði haldið áfram. Farið hefur fram rækileg athugun á stöðu fyrirtækjanna. Einn mesti vandinn í þessum efnum er sá, að á þessu svæði starfa mjög mörg fiskvinnslufyrirtæki og mörg þeirra skortir stöðugt hráefni, en það leiðir að sjálfsögðu til lélegrar afkomu. Eitt af þeim verkefnum, sem fram undan eru, er því fólgið í því að tengja hráefnisöflunina við fiskvinnsluna þannig að hægt verði að tryggja stöðuga vinnslu, en það er ein af meginforsendum fyrir sæmilegri afkomu. Auðvitað eru allmörg fyrirtæki í hraðfrystiiðnaðinum á Suðvesturlandi, sem eru vel vélvædd og hafa góða hagræðingu, en allt of mörg eru illa á vegi stödd í þessum efnum.

Ég sá ástæðu til þess að flytja nokkurt mál um stöðu þessara mála og hvað hefur verið að gerast í þessari grein — sérstaklega hraðfrystiiðnaðinum — á undanförnum árum, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, að mest aðkallandi þátturinn í skipulagsbundnu starfi til uppbyggingar á Suðurnesjum og raunar á Suðvesturlandi sé einmitt fiskvinnslan, uppbygging hennar og tengsl við hráefnisöflunina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Reiðskóli, þáltill. (þskj. 147). — Ein umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að mæla fyrir þáltill., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir stofnun og rekstri reiðskóla."

Með þessari þáltill. fylgir grg.:

„Markmiðið með stofnun reiðskóla er þríþætt:

1) Að annast hvers konar rannsóknir á íslenska hestinum.

2) Þjálfa Íslendinga í reiðmennsku og tamningu á íslenska hestinum.

3) Hafa sýningar í reiðlist fyrir Íslendinga og erlenda ferðamenn.

Forustuhlutverk í málefnum íslenska hestsins glatast úr höndum Íslendinga innan fárra ára verði ekki stofnaður reiðskóli hér á landi. Það væri menningarlegur hnekkir og efnahagslegur skaði. Margir íslenskir hestamenn búa yfir mikilli þekkingu á íslenska hestinum. Ef þeirri þekkingu er blandað saman við þær leiðbeiningar, sem erlendir reiðskólar veita, ættum við að geta starfrækt reiðskóla hér á landi sem veitti meiri þekkingu á tamningu íslenska hestsins en nokkur annar reiðskóli í heimi."

III. lið grg. þessarar skipti ég niður í flokka og kemur þar fyrst:

„a) Vaxandi fjárhæðum í hverju landi hins vestræna heims er varið til tómstundastarfsemi. Hestamennska var einkasport aðalsins fyrr á öldum, en millistéttarfólk í Evrópu getur í dag veitt sér það að eiga hesta með tilkomu notkunar smærri hestakynja.

Íslenski hesturinn er í fyrsta sæti hvað hæfileika snertir, og stærð þess markaðar fer eftir því fjármagni, sem varið er til auglýsinga, og því magni, sem við höfum til sölu á vel tömdum, góðum hestum. Íslenski hesturinn sameinar fjölskylduna, þ.e. öll fjölskyldan getur farið í útreiðartúr saman, en hinir stóru erlendu hestar eru ekki barnaæðfæri. Þessi markaður er í samræmi við tamningamarkmið númer 1.

b) Tamning hesta sem iþrótt til keppni og sýninga er ómetanlegt auglýsingaratriði og getur haft stór áhrif bæði á sölumöguleika á hestum og ferðamannastraum til landsins. Frægð íslenska hestsins á þessu sviði er nú þegar orðin mikil. Í því sambandi má minna á frábæran árangur íslenska hestsins í reiðinni miklu yfir þver Bandaríkin. Á Grüne Woche (grænu vikunni) í Vestur-Berlín, annarri stærstu landbúnaðarsýningu í Þýskalandi, sem var í vetur um mánaðamót janúar og febrúar, bauð framkvæmdastjórn sýningarinnar eigendum íslenska hestsins í Þýskalandi að senda sýningarflokk á þessa landbúnaðarsýningu. Allur kostnaður við þátttöku þeirra var greiddur af sýningunni. Það sýnir þá frægð sem íslenski hesturinn hefur aflað sér í Þýskalandi.

c) Tamning á hestum fyrir bæklaða, sem væri liður í endurhæfingu þessa fólks, er þáttur sem við höfum gefið lítinn gaum. Þó höfum við sent 20 hesta til Bandaríkjanna í þessu skyni og árangurinn varð góður. Í Bandaríkjunum er óhemjufjöldi af endurhæfingarstöðvum fyrir bæklaða. Bandarísk stúlka, sem er lömuð í fótum og hefur lengst af verið í hjólastól, skrifaði eftir að hafa farið á bak íslenskum hesti: „Mér finnst ég geta gengið. Hesturinn var fætur mínir. Fólk leit upp til mín." Þetta var henni sem sagt nýtt líf.

Svisslendingar hafa um aldir reynslu á þessu sviði. Á alþjóðlegri ráðstefnu í Basel í Sviss árið 1975 um endurhæfingu með aðstoð hesta skýrði Jürg Baumann, sem er doktor að menntun, frá tilraun sem hann hafði framkvæmt í þeirri stofnun sem hann starfar við í Basel. Tilraunin var gerð til að fá úr því skorið, hvort hin ýmsu hestakyn hefðu misjafna hæfileika til að vekja traust fatlaðs fólks á sér. Niðurstaðan varð sú, að íslenski hesturinn hafði algera yfirburði bæði hvað viðkom geðslagi og gangi. Íslenski hestur-

inn er kaldblóðshestur og þar af leiðandi taugasterkur. Hann hefur persónuleika og er greindur miðað við önnur hestakyn. Þetta bæklaða fólk fékk traust á honum sem vini sínum.

Til er kvikmynd frá þessari tilraun. Í þeirri tegund endurhæfingar, þar sem notast er við hesta sem hjálpartæki, eru Svisslendingar í fararbroddi."

IV. liður grg. og jafnframt sá síðasti er á þessa leið:

„Góðir gæðingar, þ.e. toppurinn, seljast í dag á hálfa til heila milljón kr. Á þessu ári hafa verið seldir úr landi um 450 hestar fyrir ca. 120 millj., þ.e. verðið er miðað við að hesturinn sé kominn á flugvöll úti. Flugfraktin til Evrópu er um 45 þús. kr. á hest. Það er ódýrasti flutningsmátinn í reynd. Tollur af innflutningi hesta til Efnahagsbandalags Evrópu er 18% og þar að auki virðisaukaskattur. Hér á landi eru um 52 þús. hestar. Í Evrópu eru nú um 20 þús. hestar og þar fæðast 1000—1500 folöld á ári. Útflutningur á hestum nýtur í engu stuðnings ríkisvaldsins. Hann er þó sú grein landbúnaðar sem stendur best að vígi hvað útflutning snertir, og efling þess útflutnings er ein af þeim leiðum sem fara ber í dag í þeirri stöðu sem markaðsmál landbúnaðarins eru í. Þetta er þó ekkert einkamál landbúnaðarins, heldur þjóðarinnar allrar. Mikill ferðamannastraumur er til landsins af áhugamönnum um íslenska hestinn og verður meðan þeir álíta að hans aðalríki sé hér.

Í uppvexti þeirrar æsku, sem nú er að vaxa úr grasi hér á landi, er mikilvægt að tengsl hennar við landið séu til staðar. Hesturinn er betri tengiliður í því sambandi en nokkuð annað.

Æskilegt teldi ég að jarðirnar Vífilsstaðir og Oddi á Rangárvöllum yrðu teknar undir þessa starfsemi og færi starfsemin fram á báðum þessum stöðum. Deilur um staðsetningu á skólanum vil ég samt leiða hjá mér.

Það vekur e.t.v. undrun, að þm. frá Vestfjörðum skuli innleiða þetta mál. Svo er þó ekki ef betur er að gáð. Núverandi ástand í markaðsmálum landbúnaðarins er svo alvarlegt, að það þrengir að hlut bænda. Á Vestfjörðum er hann svo þröngur fyrir, að skerðing á tekjum þeirra getur auðveldlega leitt til þess, að fleiri sveitir þar fari í eyði. Verði holdanautaframleiðsla ríkjandi í þeim sveitum, sem í dag eru hestmargar, og stóðið skorið niður skapast það ástand í framleiðslumálum landbúnaðarins, að fráleitt væri að tala um vanda í dag, miðað við það öngþveiti sem þá yrði. Það er skynsamlegra að selja mönnum það sem sumir kalla e.t.v. óþarfa, ef þeir vilja greiða fyrir það, en reyna að selja mönnum mat, sem þeir vilja ekki kaupa.

Þessi grg. inniheldur aðeins örlítið brot af þeim fróðleik sem til er um þetta mál, en ég vænti þess, að alvara málsins sé mönnum ljós við lestur hennar."

Ég get ekki stillt mig um að bæta við örfáum orðum og vitna í hið gagnmerka rit um íslenska hestinn, Faxa, eftir dr. Brodda Jóhannesson. Þar er rakin saga samskipta Íslendinga við íslenska hestinn og m.a. getið þess, að fyrsta gáfnapróf, sem útbúið hefur verið á Íslandi svo vitað sé og var í Grágásarlögum og átti að nota til að úrskurða hvort menn ættu að taka arf eða ekki, byggðist á þekkingu á meðferð á hestinum. Það þurfti að vera hægt að láta mann leggja reiðtygi á hestinn, og ef hann stóðst það próf að láta þau snúa rétt, var hann arfborinn, annars ekki.

Nú er það svo, að við höfum hlotið í arf reiðhestakyn Evrópu, þ.e. ganghestinn. Sennilega hefur riddaratímabilið með sínum þungu hertygjum átt mestan þáttinn í því á sínum tíma að útrýma þessu hestakyni á meginlandi Evrópu. Það er spurning dagsins, hvort það reynist svo, að við séum í reynd ekki færir um að varðveita þennan arf. Það er líka verðugt umhugsunarefni, að sennilega hefur það aldrei hvarflað að þeim, sem samdi Grágásarlög, að nokkurn tíma kæmi að því, að e.t.v. féllu flestir á því gáfnaprófi sem hann taldi þó svo létt að það mætti nota sem prófstein á það, hvort þar færu afglapar eða ekki.

Ég vænti þess, að Íslendingar beri gæfu til þess að varðveita íslenska hestinn og þá menningu, sem honum fylgir, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir í þessum efnum.

Að svo mæltu óska ég þess, að þessi till. verði látin fara til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Uppsögn fiskveiðiheimilda Færeyinga innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 466). — Ein umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 466 flyt ég till. til þál. um uppsögn fiskveiðiheimilda Færeyinga innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Tillgr. er þannig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að segja upp nú þegar með umsömdum 6 mánaða fyrirvara heimildum Færeyinga til fiskveiða með línu- og togveiðarfærum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, samkv. niðurstöðu viðræðna, sem undirrituð var hinn 20. mars 1976 og staðfest með samþykkt Alþ. hinn 18. maí 1976."

Í grg. segir svo:

„Eins og alþjóð er kunnugt um var sett á með reglugerð þorskveiðibann dagana 21. mars til 28. mars miðað við hádegi báða daga. Þetta er algjört einsdæmi í fiskveiðilögsögu íslensku þjóðarinnar. Afstaða manna til þessa fyrsta algjöra þorskveiðibanns var þegar á heildina er litið mjög jákvæð og bannið vel virt. Þetta staðfestir það, er vel var vitað, að allir hugsandi menn gera sér fulla grein fyrir hversu alvarlegt ástand er með þorskstofninn við landið. Einnig er það öllum vel kunnugt, er um fiskveiðar hugsa og fjalla, að sóknargeta veiðiflota landsmanna er miklu meiri en svo, að núverandi þorskstofn þoli fulla og eðlilega sókn. Þegar svo er komið má öllum vera það ljóst, að ekki er lengur nein forsenda þess að veita öðrum þjóðum réttindi til þorskveiða hér við land. Þótt hér sé aðeins rætt um heimild, er Færeyingar njóta nú, mun hið sama gilda gagnvart öllum öðrum þjóðum hvað varðar veiðimöguleika á bolfiski innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Við getum einfaldlega alls ekki veitt okkur þann munað að hafa opnar heimildir fyrir útlendinga til veiða á þorski hér við land

um ófyrirsjáanlegan tíma. Takist hins vegar vel til með skipulegar friðunaraðgerðir og fáist fullvissa um örugga stofnstærð hrygningarfisks munum við í framtíðinni geta boðið frændum vorum Færeyingum veiðimöguleika innan fiskveiðilögsögunnar.

Óþarfi er að rekja með tölum ófugþróun á aflamagni þorsks hér við land. Það er alþjóð svo vel kunnugt um."

Ástæðan til þess, að ég flyt þetta mál og tek það upp er sú, að í vetur, þegar rætt var um veiðiheimildir fyrir Færeyinga með loðnu, kom fram í máli mínu að ég taldi eðlilegt, að þetta mál yrði skoðað rækilega vegna breyttra forsendna og að eitthvað yrði gert í málinu. Hæstv. utanrrh. sagði þá, að ekkert lægi fyrir í því efni nema þá munnleg ósk mín. Síðan hefur ekkert gerst í málinu. Ég dokaði við og átti von á því, að eitthvað yrði athugað eða gert. En það skeði ekkert. Svo var sett á veiðibann. Ollum var ljóst, að það er auðvitað algjört neyðarúrræði. Færeyingar hafa nú heimild til að veiða af þroski um 7 þús. tonn. Alls mega þeir taka með þessum veiðarfærum, ef ég man rétt, um 17 þús. tonn.

Fullyrt er af kunnugum sjómönnum, að eftirlit með veiðunum og einkum afla sé í ólestri, alls ekki sé hægt að treysta því, að þeir taki ekki meiri afla hér við land með þessum veiðarfærum. Skipin eru mörg og víða dreifð og geta lagt þessi veiðarfæri í sjó víða. Það er raunar ómögulegt að vera öruggur með, að þeir freistist ekki til þess að taka meiri afla en þeir hafa heimild til. Ég hef heyrt sjómenn fullyrða að svo muni vera, en legg ekki neinn dóm á það sjálfur, hvort svo er eða ekki. Ég aðeins viðurkenni það, að eftirlitið er ekki í lagi og kannske ekki mögulegt að hafa það í lagi.

Áðan var rædd ágæt till. til þál. um Suðurnesjaáætlun. Einmitt í grg. með till. segir að sjávarútvegur hafi löngum verið höfuðatvinnuvegur á Suðurnesjum og sé það enn. Þar eru um 40% af mannafla bundin við sjávarútveginn. Hin síðustu missiri hefur útgerð og fiskvinnsla á Suðurnesjasvæðinu öllu átt við mikla og vaxandi rekstrarerfiðleika að stríða. Er nú svo komið, að margar fiskvinnslustöðvar þar eru ýmist alls ekki reknar eða reknar með hálfum afköstum, jafnvel á hávertíðinni. Þetta ástand er auðvitað mjög alvarlegt. Kom glögglega fram hjá báðum ræðumönnum, sem hér töluðu, flm. og 4. þm. Austurl., að alger forsenda fyrir enduruppbyggingu og skipulagningu atvinnulífs á þessu svæði væri að tryggja jafnt og gott hráefni. Þótt menn segi að 7 þús. tonn af þorski og 10 þús. tonn af öðrum bolfiski séu kannske ekki mikill afli, þá mundi það samt vega mikið ef við gætum haft 17 þús. tonn til dreifingar á þessu svæði einu sér. Auðvitað mun afli ekki skiptast svo jafnt, þó að við gætum losnað við þann hluta er Færeyingar fá úr fiskveiðilögsögu okkar. En engu að síður er það þó áfangi að rétta við fiskstofna okkar í þeirri skipulögðu, góðu og árangursríku baráttu sem verið hefur undanfarin ár og öll þjóðin hefur verið einhuga um að takast á við.

Ég vil undirstrika, að þegar stofnstærð hrygningarfisks er orðin stór aftur og við höfum náð fullu valdi á því að láta þorskinn vaxa það mikið upp að nýju, þá er ekkert sjálfsagðara en að Færeyingar hafi möguleika til veiða hér aftur, — ekkert sjálfsagðara. Þeir hafa reynst okkur vel í gegnum árin og hér var fjöldi manna, á annað þús. manns, oft, við fiskverkun og sjávarsókn um nokkurra ára skeið. Það skal síst standa á mér að viðurkenna, að þeir eiga alveg sérstaklega gott af okkur skilið. En ég tel það ofrausn að þora ekki að viðurkenna, að við höfum ekki efni á því að veita þeim þessa heimild núna um nokkurra ára bil.

Það vantar tilfinnanlega hráefni á Suðurnesin og raunar víðar og við verðum allir að þora að horfast í augu við þá staðreynd, að skipulagt og gott átak þarf til að tryggja það. Við erum hér nokkrir alþm., sem höfum jafnan talið skynsamlegt og réttlætanlegt að leggja flotvörpuna til hliðar og fara þess vegna með gát í aukna sókn, sem hefur verið fyrir hendi undanfarin ár, sérstaklega tvö ár, til þess að tryggja að þorskstofninn næði sér upp aftur. Nú er það staðreynd, að á þessari vertíð hefur engin páskahrota komið og enginn afli er finnanlegur, svo heitið geti, á stóru svæði. Það sagði mér skipstjóri í gær í samtali — hann hefur verið með veiðarfæri sín á Selvogsbanka og er Vestmanneyingur — að ekki væri nokkurs staðar að hafa bein úr sjó, eins og hann orðaði það, og hann tók upp net sín og fór austur í bugt. Margir fleiri Suðurnesjabátar hafa tekið ís um borð og haldið á þetta takmarkaða svæði, þar sem meginhluti vertíðarflotans er að berjast um þorskinn núna. Ástandið er svo alvarlegt, að jafnvel Selvogsbanki og miðin hér í Miðnessjó og vestur um gefa núna sama og engan afla miðað við mörg undanfarin ár. Þetta er mjög alvarlegt. Á sama tíma berast fregnir um að togarar fái í flotvörpu allgóðan afla af fjögurra og fimm ára fiski. Það þýðir, að fiskurinn er drepinn einu ári áður en hann verður fullþroska og getur hrygnt. Þetta tel ég alvarlegt mál. Þetta snýr að okkur sjálfum fyrst og fremst, en þetta er einn þátturinn í heildarskipulagningu á því að flýta fyrir að þorskstofnarnir komist upp í eðlilega stærð, svo við getum notið fullrar veiðigetu flota okkar og einnig þá gefið frændum vorum og vinum Færeyingum möguleika á því að veiða áfram hér.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda lengri ræðu um þessa till., en vandlaust væri að rekja þetta mál í löngu máli. Þess gerist þó alls ekki þörf. Alþjóð er vel kunnugt um, hvað við höfum getað áorkað í þessu efni. En ég vil ekki láta hjá líða að fá þetta á hreint. Ég tel þetta enga illkvittni í garð Færeyinga, síður en svo. Ég vil aðeins horfast í augu við þá staðreynd, að við verðum að fara eins varlega í sókn í fiskistofna okkar og frekast er unnt. Ég segi það alveg hreinskilnislega, að eins og nú er háttað getum við ekki séð af einum ugga til annarra þjóða þegar um þorsk eða bolfisk er að ræða. Það er alls ekki nein forsenda fyrir slíku.

Að svo mæltu legg ég til, að þessari till. verði vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lagning aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjar og Hornafjarðar, þáltill. (þskj. 508). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 508 hef ég leyft mér að flytja till. til þál., svohljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj., að á árinu 1979 verði hafist handa um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar og tryggt verði nægilegt fjármagn til framkvæmdanna."

Vorið 1975 sat Þorsteinn L. Þorsteinsson, formaður verkalýðsfélagsins Jökuls á Hornafirði, um tíma á Alþ. í fjarveru hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Sakir kunnugleika síns á raforkumálum sérstaklega flutti hann einmitt till. sem þar að laut, þ. e. um lagningu aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar. Síðan eru liðin þrjú ár og flm. till. 1975 hefur talið sérstaklega þörf á því að endurvekja þessa till. nú, enda þörfin enn ótvíræðari en hún var þegar hún fyrst var flutt.

Það kom glöggt fram í framsögu Þorsteins á sínum tíma, sem fjallaði mjög almennt um orkumál Austurlands, að þá væru verkefni þau, sem þyrfti að leysa úr á Austurlandi, vissulega mörg, ekki síst á samtengisviðinu. Þorsteinn benti þá á nauðsynina á tengingu við Vopnafjörð, sem ekki fremur en sú, sem hér um ræðir, er komin inn á áætlun eða hefur hlotið fjárveitingu nú, þó hún hafi gert það áður. Þar er um algera dísilkeyrslu að ræða og mikinn árlegan rekstrarkostnað. En lína frá samtengisvæði Austurlandsveitu er dýr framkvæmd. Samkv. nýlegum upplýsingum í svari hæstv. iðnrh. er áætlunin upp á 632 millj. kr. með aðveitustöðvum, og á meðan austurlínan er á döfinni, svo sem nú er, þá hafa menn lítið annað getað aðhafst en að halda málinu vakandi og minna á nauðsynina.

Ljúki austurlínu hlýtur að verða að leggja höfuðáherslu á tafarlausar fjárveitingar og framkvæmdir við báðar þessar tengingar. Eflaust verða þm. að velja þar um ákveðna röðun og eftir þann seinagang, sem hefur verið á þessu, er engin ástæða til sérstakrar bjartsýni um neinn einstakan hraða þeirra framkvæmda.

Sú tenging á Austurlandi, sem nú er inni í áætlun um framkvæmdir og fjárveiting er til á þessu ári, Bakkafjarðarlína frá Þórshöfn til Bakkafjarðar, hefur áður verið á áætlun, tvisvar ef ekki þrisvar, en verið frestað æ ofan í æ. Í lengstu lög skal vonað að hið sama verði ekki upp á teningnum nú, þó illa horfi um fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins.

Öll orkumál Austurlands eru nú mjög í deiglunni. Svo sem í grg. er að vikið hefur austurlínunni verið teflt í tvísýnu vegna þeirra fjárhagsörðugleika sem áður er á minnst, og hefur þeirri framkvæmd seinkað svo mjög, þó nú hafi verið úr leyst mesta fjárhagsvandanum, að enn er engan veginn tryggt að hún komist í gagnið á þessu hausti, svo sem áætlað var. Það besta skal þó enn vonað í þessum efnum, því að dýr yrði sú seinkun Austfirðingum sem og þjóðarheildinni allri í raun. En jafnhliða þessu nú og brýnasta framtíðarverkefni Austfirðinga er fyrsti áfangi Bessastaðaárvirkjunar eða Fljótsdalsvirkjunar, sem enn er í óvissu. Í þessari till. er gengið út frá þeim forsendum, að austurlína komist í gagnið á þessu ári og að ákvörðun verði tekin um upphaf framkvæmda við Fljótsdalsvirkjun á næsta ári. Það er sú aðalspurning sem nú brennur á vörum Austfirðinga, hvernig þar er að staðið, og verður á næstu mánuðum.

Nýlega komu forustumenn sveitarstjórna á Austurlandi, allt frá Vopnafirði til Hafnar í Hornafirði, hingað suður til þess að knýja á stjórnvöld um ákvarðanatöku svo óvissuástandinu mætti ljúka. Upplýst var í svari hæstv. iðnrh. á Alþ. fyrir nokkru við fsp. um virkjunina, að hann hefði þá fyrir allnokkru lagt til að ákvörðun yrði tekin í ríkisstj. um virkjun fyrsta áfanga Fljótsdalsvirkjunar á grundvelli þeirra rannsókna og hannana, sem lágu þá fyrir, svo og umsagnar Rafmagnsveitna ríkisins, sem í hvívetna var jákvæð. Síðan hefði ekkert gerst og heim fóru þeir forsvarsmenn Austfirðinga með lítil og léttvæg svör um það, hvenær ákvörðun yrði tekin. Nú var enn einu sinni skýlt sér á bak við það, að ekki væri í einu og öllu lokið fullnaðarhönnun, en það yrði þó reynt á þessu ári, að manni skildist, en svo ætti eftir að raða öllum þeim virkjunarmöguleikum sem í gangi væru, og ekki voru heldur um það gefin nein vilyrði, að Fljótsdalsvirkjun hefði þar þann forgang sem Austfirðingar höfðu þó lengi vænst og þörf er á. Þó var á það lögð höfuðáhersla af hálfu forsvarsmannanna, að ákvörðun væri tekin og einhver tímasetning ákveðin um upphaf framkvæmda. Þeir lögðu auðvitað ekki síður áherslu á það, sem vonlegt var, að takast mætti að ljúka þeirri fullnaðarhönnun sem nú er talað um að á standi til þess að ákvörðun sé hægt að taka.

En í þessum viðtölum við hæstv. forsrh. komu fram þær ástæður, sem ég tel ekki fullnægjandi fyrir því, að ekki sé hægt að taka þessa ákvörðun. Menn fer þá að gruna það, að áhuginn á virkjuninni sé ekki eins mikill innan hæstv. ríkisstj. og við höfum vænst. Vera má að einhverjir hugsi sem svo, að engin stóriðjuplön útlendinga liggi á bak við þessa stærð virkjunar, þennan áfanga, heldur aðeins hagur og velferð íbúanna sem um er að ræða. Við héldum að það væri kannske meira atriði en þau stóriðjuplön, sem fólust á sínum tíma í raun og veru bak við virkjunina sem þarna var ætlað að koma, þ. e. a. s. þá stórvirkjun, sem almennt var kennd við LSD: langstærsta drauminn.

Miðað við þessa stöðu, sem enn einu sinni er rétt minnt á, en skal ekki nánar tíundað, ætti e. t. v. ekki að flytja till. af þessu tagi, þar sem reiknað er með að upphaf framkvæmda miðist við næsta ár. En flm. hinnar upphaflegu till., Þorsteinn L. Þorsteinsson, sem flutti framsögu fyrir sama máli fyrir þremur árum, taldi vissulega þörf á að endurvekja hana áður en þessu kjörtímabili lyki, minna þannig enn betur á aðstæður og ástæður og leggja aukna áherslu á nauðsyn málsins með því. Ég hygg, að hann sé þar hvergi nærri einn á báti. Þvert á móti vona Austfirðingar allir, að þannig verði að málum staðið, að þessi framkvæmd dragist ekki um t. d. 3 ár í viðbót, en þrjú ár eru nú liðin frá flutningi till., svo nauðsynleg sem þessi lína er og hagkvæm í hvívetna.

Ég skal ekki lengja þessa framsögu umfram það sem segir í grg. Þorsteins, sem vitnað er til með till., en hann bendir þar á, að á veitusvæði Austur-Skaftafellssýslu sé aðeins ein vatnsaflsvirkjun, Smyrlabjargaárvirkjun, sem sé nú þegar fullnýtt og orkuframleiðsla með dísilvélum sé nú töluverð.

Þegar hann flutti till. hafði meðalaukning á notkun raforku í Austur-Skaftafellssýslu verið um 26% á s.l. fjórum árum. Síðan segir Þorsteinn í nýlegu bréfi, að meðalaukningin hafi hægt á sér frá því að till. var flutt, rafvæðingu sveitanna sé lokið og aukning milli áranna 1976 og 1977 hafi verið 13.6%, en hlutur dísilvéla í heildarframleiðslunni aukist hröðum skrefum þar sem Smyrlabjargaárvirkjun sé löngu fullnýtt. Aukningunni sé því aðeins mætt með vaxandi dísilvélanotkun að óbreyttum aðstæðum og þar sem vélarafl í dísilstöðinni á Hornafirði sé senn á þrotum þurfi nú þegar á þessu ári að bæta þar við vélakosti til að koma í veg fyrir að vandræðaástand skapist á næsta vetri.

Á árinu 1976 var heildarframleiðsla orku í Austur-Skaftafellssýslu 14.5 gwst. og framleiðsla með dísilvélum 28% af því. En á árinu 1977 var heildarframleiðslan 16.4% gwst. og hlutur dísilvélaframleiðslunnar var þá orðinn 43%. Líka má geta þess, að olíunotkun í dísilstöðina á s.l. ári var rúmar tvær millj. lítra og með núverandi verðlagi á olíu er þarna um 70—80 millj. kr. kostnað að ræða.

Enn segir Þorsteinn, að ef aukningin verði svipuð og hún var á milli ára síðast, um 13%, þá séu fyrirsjáanlegar stórframkvæmdir vegna stækkunar dísilstöðvar á Hornafirði, ef ekki á að koma til ófremdarástands í sýslunni. Einnig er nú ríkjandi nokkur óvissa um framtíðarlausn á upphitun íbúðarhúsnæðis á staðnum, einkum á Höfn, og ljóst að stöðugt vaxandi notkun á rándýru innfluttu eldsneyti, hvort heldur er til húsakyndinga eða framleiðslu á raforku, er þjóðhagslega óhagkvæm. Takist að ljúka línubyggingunni milli Kröflu og Fljótsdalshéraðs á næsta ári, er ljóst að taka verður ákvörðun um þessa línubyggingu sem fyrst og tryggja fjármagn til framkvæmdanna.

Ég skal aðeins minna á það til viðbótar, að í svari hæstv. iðnrh. við fsp. hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar hinn 14. mars s.l. kom fram, að þessi línuleið fyrir 132 kw. háspennulínu frá Eyrarteigi í Skriðdal um Djúpavog til Hafnar í Hornafirði hefur verið könnuð. Rafmagnsveitur ríkisins gerðu till. um 30 millj. kr. fjárveitingu í fjárlögum 1978 til mælingar á línuleiðinni, en till. var ekki tekin í fjárlög. Ákvörðun um tímasetningu línulagnarinnar hefur ekki verið tekin, segir hæstv. iðnrh. Hann bendir hins vegar á, af því að ég hef minnst á Vopnafjarðarlínuna, að Rafmagnsveiturnar hafi einnig gert till. til fjárlaga 1978 um lagninguna frá Lagarfossi til Vopnafjarðar með heildarkostnaði með aðveitustöð upp á 632 millj. kr., en sú till. var ekki heldur tekin í fjárlög ársins 1978.

Ég vil að lokum vænta þess, að þessi till. komi upp við næstu fjárlagaafgreiðslu á þann veg, að þá verði lokið við austurlínu, þannig að sú tenging hafi komið að fullum notum fyrir miðsvæði Austurlands. Og þá ríður auðvitað á að huga að samtengingunni, bæði til Vopnafjarðar og ekki síður suður á bóginn til Hornafjarðar. Línan til Vopnafjarðar var, eins og ég sagði áðan, á áætlun þegar fyrir nokkrum árum. Reiknað var með að taka mundi tvö ár að leggja þessa línu, en ekki tókst að koma henni inn aftur. Síðan hefur hún beðið af þeim ástæðum kannske fyrstum, sem ég greindi áðan, að á austurlínuna hefur verið lögð höfuðáhersla.

En ég vil að lokum ítreka, að nauðsyn á samtengingu við þetta dísilkeyrslusvæði, sem er að verða svo afgerandi sem raun ber vitni, þó Austurland sé reyndar allt saman dísilkeyrslusvæði meira og minna, er ótvíræð til þess að austurlínan geri fullkomlega sitt gagn. Fyrst og fremst verður þetta að vera þannig, að þarna vinni saman sú orka, sem kemur frá austurlínu, og væntanleg orka frá Fljótsdalsvirkjun, sem menn bíða nú með mikilli óþreyju og vona að hafist verði handa um á næsta ári, þá grunnaflsvirkjun í fjórðungnum sem allir Austfirðingar gera nú kröfu um að verði þar byggð, en jafnhliða því sé tryggð samtenging á allt orkuveitusvæðið. Þar með er þessi lína, hvort sem hún er sett númer 1 eða númer 2, svo nauðsynleg, bæði vegna dísilkeyrslunnar í Skaftafellssýslum og einnig vegna þeirrar orku, sem við Austfirðingar vonum að verði tiltæk á Austurlandi, ekki sem dísilorka, heldur orka úr okkar eigin fallvatni.

Ég vil svo, herra forseti, að lokum leyfa mér að leggja til að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 79. fundur.

Mánudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 531). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 334). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 530). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 511). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni, frv. (þskj. 323). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, frv. (þskj. 569 (sbr. 313)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Jarðalög, frv. (þskj. 314). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 315). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bæjanöfn, frv. (þskj. 316). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kyrrsetning og lögbann, frv. (þskj. 317). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Landskipti, frv. (þskj. 318). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Nauðasamningar, frv. (þskj. 319). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Landamerki, frv. (þskj. 320). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aðför, frv. (þskj. 321). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 322). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sparisjóðir, frv. (þskj. 537). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv. til laga um sparisjóði, sem hér liggur fyrir, hefur verið samið á vegum viðskrn. Árið 1975 skipaði ég sérstaka nefnd til þess að taka til endurskoðunar gildandi lög um sparisjóði og er greint frá þeirri nefndarskipun í aths. með frv. Nefndin lauk störfum fyrir nokkru og hefur lagt fram till. sínar í formi frv. til nýrra laga um sparisjóði.

Í framsögu minni fyrr í vetur fyrir frv. til l. um viðskiptabanka í eigu ríkisins gat ég þess, að á þessu þingi yrði einnig lagt fram frv. til l. um sparisjóði og viðskiptabanka, sem reknir eru í hlutafélagsformi. Ég geri ráð fyrir, að frv. til l. um hlutafélagsbanka verði lagt fram einhvern næstu daga, en þó er það ekki alveg öruggt. Þótt þessi frv. taki ekki til allra starfandi innlánsstofnana, þar sem auk viðskiptabanka og sparisjóða teljast innlánsdeildir samvinnufélaga, Póstgíróstofan og Söfnunarsjóður Íslands til innlánsstofnana, taka þau til þeirra innlánsstofnana sem mestu máli skipta. Þær innlánsstofnanir, sem frv. tekur til, hafa haft um og yfir 95% af heildarinnlánum undanfarið. Það má því segja, ef frv. um þessi efni yrðu samþykkt og afgreidd, að hér væri um að ræða nýja heildarlöggjöf um innlánsstofnanir.

Almenna löggjöf um bankastofnanir hefur vantað hér á landi. Tel ég að það hafi að ýmsu leyti skapað þeim stofnunum óheppileg starfs- og þróunarskilyrði. Viðskiptabankarnir starfa hver um sig samkv. sérstökum lögum, sem eru að sumu leyti ósamstæð og ófullkomin. Um sparisjóðina er það hins vegar að segja, að um þá gildir almenn löggjöf frá árinu 1941. Þau lög voru vel undirbúin og fullnægjandi á sínum tíma, en eru nú orðin mjög úrelt, jafnvel svo að þau standa rekstri sparisjóðanna að sumu leyti fyrir þrifum. Var því orðið nauðsynlegt að taka þessi lög til endurskoðunar.

Í grg. nefndarinnar kemur fram, að hún hefur í starfi sínu haft náið samráð við Samband ísl. sparisjóða, stjórn þess, og einstaka sparisjóðsstjóra. Við samningu frv. hefur verið tekið tillit til fjölda aths. og ábendinga frá þessum aðilum. Ég vil þó geta þess hér, að ekki hefur verið tekið tillit til aths. sem komið hafa frá Sambandi ísl. sparisjóða og snerta allmikilvægt atriði varðandi stofnfé sparisjóðs. Hér er um að ræða að samkv. frv. er ekki gert ráð fyrir því, að unnt verði að stofna sparisjóði með ábyrgðum, eins og nú gildir, heldur einungis með innborguðu stofnfé. Samband ísl. sparisjóða er hins vegar þeirrar skoðunar, að ekki beri að leggja gamla ábyrgðarfyrirkomulagið alveg fyrir róða, og leggur því til, að heimilt verði að stofna sparisjóðinn með stofnfé að viðbættu ábyrgðarfé, þannig að samanlagt stofnfé og ábyrgðarfé í sparisjóð nemi minnst lágmarksfjárhæðinni 10 millj. kr., en innborgað stofnfé verði þó aldrei minna en 3 millj. kr. Nefndin, sem samdi þetta frv., taldi hins vegar, að þetta ábyrgðarmannakerfi hefði gengið sér til húðar, og treystist því ekki til að leggja til að því yrði haldið áfram þótt það yrði í eitthvað breyttri mynd. Rétt er að taka fram til þess að koma í veg fyrir misskilning, að hér er eingöngu átt við sparisjóði sem kunna að verða stofnaðir eftir ákvæðum frv., ef að lögum verður, þar sem gert er ráð fyrir að þeim sparisjóðum, sem nú starfa á grundvelli ábyrgðar, verði leyft að starfa áfram í því formi. Þetta er að sjálfsögðu atriði sem sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, tekur til íhugunar.

Gildandi lög um sparisjóði eru samin af mþn. þeirri, sem starfaði að endurskoðun bankamála á árunum 1937—1940. Sú nefnd vann mikið starf og gerði till. um þetta málefnasvið allt. Till. nefndarinnar að nýjum lögum um sparisjóði byggðust á fyrstu lögum um sparisjóði, frá árinu 1915, en nokkru var þó breytt og allmiklu aukið við. Þar áður, eða árið 1874, hafði verið gefin út tilskipun um hlunnindi fyrir sparisjóði. Þessi tilskipun var fyrsti vísirinn að löggjöf um bankastarfsemi. Við þennan löggjafarvísi bjuggu sparisjóðirnir til ársins 1915.

Þetta minnir á að sparisjóðirnir eigi sér alllanga sögu hér á landi. Þeir voru fyrstu innlánsstofnanirnar hér á landi. Eftir nýjustu rannsóknum má rekja upphaf þeirra allt aftur til ársins 1858, þegar sparisjóður var stofnaður í Mývatnssveit. Nokkrir sparisjóðir höfðu verið stofnaðir þegar fyrsti viðskiptabankinn, Landsbanki Íslands, hóf starfsemi sína árið 1886. Einn þeirra var Sparisjóður Siglufjarðar, sem stofnaður var árið 1873. Hann starfar enn og er elsta starfandi innlánsstofnun í landinu. Alls hafa verið stofnaðir 93 sparisjóðir hér á landi. Í árslok 1977 voru starfandi sparisjóðir 43 að tölu. Margir þeirra hafa þannig hætt starfsemi sinni. Örlög þeirra hafa oftast orðið þau, að þeir hafa verið yfirteknir, ef svo má segja, af útibúum viðskiptabanka. Sumir hafa þó verið lagðir niður án þess að banki eða annar sparisjóður hafi haldið áfram starfsemi þeirra.

Í grg. með frv. eru töflur sem sýna fjölda sparisjóða með nokkurra ára millibili frá 1870—1975, skiptingu sparisjóða eftir kjördæmum í árslok 1977 og hlutdeild sparisjóðanna í heildarinnstæðufé banka og sparisjóða á mismunandi tímum. Úr töflum þessum má lesa ýmsan fróðleik. Þar kemur fram að sparisjóðunum hefur farið heldur fækkandi undanfarna tvo áratugi, einkum vegna stofnunar nýrra útibúa viðskiptabankanna sem hafa, eins og ég áðan sagði, tekið yfir starfsemi sparisjóðanna. Ljóst er að sparisjóðirnir hafa staðið heldur höllum fæti í samkeppni sinni við viðskiptabanka og þessi þróun endurspeglast í töflunni um hlutdeild sparisjóðanna í heildarinnlánum. Hún fer stöðugt minnkandi eftir tilkomu banka. Þó eru til tímabil, eins og taflan ber með sér, þar sem hlutdeild þeirra eykst aðeins. Frá árinu 1960 hefur hún þó farið sífellt minnkandi. Vert er að gefa gaum að skiptingu sparisjóða eftir kjördæmum. Það vekur t. d. athygli, að af 43 sparisjóðum eru 28 á Vestfjörðum og Norðurlandi eystra og eru flestir þeirra smáir.

Þegar fyrstu sparisjóðirnir voru stofnaðir hér á landi var komin töluverð reynsla á þetta form

innlánsstofnana í nálægum löndum. Þessar stofnanir hafa flestar verið smáar í sniðum, en hafa engu að síður gegnt mjög mikilvægu hlutverki í lánsfjármiðlun innan sinna byggðarlaga. Það má raunar telja merkilegt, hversu víða hefur verið unnt að koma þessum stofnunum á fót og reka þær síðan áfallalítið. Tímarnir hafa hins vegar breyst og ýmis vandamál komið upp varðandi rekstur sparisjóða og samkeppnisstöðu þeirra. Það þarf að auka aðhald og öryggi í rekstri þeirra. Einnig þarf að gera þeim kleift að veita meiri og betri þjónustu viðskiptamönnum sínum. Það er alveg ljóst, að margir sparisjóðanna hafa ekki getað gegnt nægilega alhliða hlutverki í sínum byggðarlögum í lánsfjárgreiðslumiðlun og annarri þjónustu við viðskiptaaðila sína. Og sjálfsagt er það og ekki hvað síst af þessum sökum sem þeir hafa allvíða lotið í lægra haldi fyrir viðskiptabönkunum, sem hafa með stofnun útibúa tekið við hlutverki þeirra. Með því að finna lausnir á þessum vandamálum sparisjóðanna er unnt að treysta stöðu þeirra almennt meðal innlánsstofnana, en sá er aðaltilgangur frv.

Þegar rætt er um sparisjóði sem þjónustustofnanir við ákveðin byggðarlög má ekki gleyma því, að sparisjóðirnir eru alveg undir stjórn heimamanna. Þeir eru sjálfstæðar stofnanir hver í sínu byggðarlagi. Yfirstjórn bankaútibúanna allra er eins og er í Reykjavík og lýtur þannig að vissu marki a. m. k. miðstjórnarvaldi þaðan. Þótt bankaútibú veiti alhliða og góða þjónustu um einhvern tíma, þá er það samkvæmt ákvörðunum, sem teknar eru utan byggðarlagsins, og alveg háð þeim. Heimamenn hafa lítil eða engin ráð yfir því. Sparisjóðirnir eru hins vegar stofnanir héraðanna sjálfra og þáttur í sjálfsforræði þeirra. Með því að hlúa að þeim er stuðlað að dreifingu valds yfir fjármagni og að því ber að keppa.

En hver er þá raunverulegur munur á banka og sparisjóði, að slepptu því mikilvæga atriði sem ég var að minnast á? Aðalmunurinn á þessum tveim flokkum innlánsstofnana felst í mismunandi rekstrarformi þeirra, þar sem sparisjóðirnir eru nálægt því að vera sjálfseignarstofnanir, en viðskiptabankarnir annaðhvort ríkisfyrirtæki eða hlutafélög. Starfshættir sparisjóðanna hafa á seinni árum færst mjög í átt til starfshátta bankanna, bæði hér á landi og í öðrum löndum, en sums staðar hefur gildandi löggjöf þó sett slíkri þróun nokkrar skorður.

Upphaflegur tilgangur með rekstri sparisjóða var að taka við sparifé almennings, en ekki veltiinnlánum til ávöxtunar í útlánum sem ekki gætu talist áhættuútlán. Þetta kemur fram í gildandi lögum. Þar eru og skorður settar við veitingu tiltekinna áhættulána og ýmis takmarkandi ákvæði önnur eru þar sett við starfsemi sparisjóðanna, t. d. bann við því, að sparisjóður gangi í ábyrgð fyrir viðskiptamenn sína. Þrátt fyrir þennan mun á löggjöf banka og sparisjóða er starfsemi sumra stærstu sparisjóðanna í svipuðu formi og starfsemi minnstu viðskiptabankanna þegar á heildina er litið. Hins vegar er auðvitað verulegur munur á útlánum og innlánum banka og sparisjóða, þ. e. a. s. hvernig þau greinast eftir tegundum og hvernig útlán skiptast á atvinnufyrirtæki og einstaklinga, og hinir minni sparisjóðir hafa að sjálfsögðu ýmsa sérstöðu, þó að þar hafi verið og geti verið um að ræða mjög nytsamar stofnanir í viðkomandi byggðarlagi.

Við samningu þessa frv. og einnig frv. til l. um viðskiptabanka hefur verið leitast við að samræma sem mest allar reglur um almenn atriði. Það er stefnt að því, að sem allra líkastar reglur gildi um starfsemi þessara innlánsstofnana. Það ætti að vera sparisjóðunum til hagsbóta.

Ég mun nú aðeins með örfáum orðum drepa á helstu breytingar, sem frv. felur í sér frá gildandi lögum, skal fyrst gefa stutt yfirlit yfir efni þess.

Frv. er í 69 greinum og skiptist í 16 kafla. Hér er því um allviðamikinn lagabálk að ræða. Í I. kafla eru almenn ákvæði. Í II. kafla eru ítarleg ákvæði um stofnun sparisjóða. Um stofnfjárhluti er fjallað í III. kafla. IV. kafli fjallar um aukningu stofnfjár. Í V. kafla er ákvæði um svonefndan séreignarsjóð stofnfjáreigenda. Ítarleg ákvæði eru um stjórn sparisjóða í VI. kafla. VII. kafli fjallar um starfsemi sparisjóða. Sérstök ákvæði um lausafjár- og eiginfjárstöðu eru í VIII. kafla. Í IX. kafla eru ákvæði um reikningsskil. Um endurskoðun eru sett ítarleg ákvæði í X. kafla. XI. kafli hefur að geyma reglur um tryggingarsjóð sparisjóða. Í XII. kafla er mælt fyrir um hver fari með eftirlit með starfsemi sparisjóða. Í XIII. og XIV. kafla er fjallað um slit sparisjóða og um sameiningu. Refsiákvæði eru í XV. kafla. Í XVI. kafla eru ýmis ákvæði og gildistaka. Enn fremur er í frv. bráðabirgðaákvæði varðandi endurmat stofnfjár og samræmingu samþykkta.

Í I. kafla er rétt að vekja athygli á nokkurri breytingu frá gildandi lögum, sem að vísu tengist öðrum ákvæðum frv. Hér er um að ræða eignaraðild að sparisjóðum. Samkv. gildandi lögum svipar sparisjóðum mjög, eins og áður er sagt, til sjálfseignarstofnana, eins og þær eru almennt skilgreindar. Í frv. eru heldur rýmri ákvæði um eignaraðild að sparisjóði en eru í gildandi lögum. Þeir, sem leggja fram stofnfé, verða samkv. ákvæðum frv. eins og áður eigendur að því fé, en geta samkv. frv. að vissu marki ráðstafað því verðmæti sem felst í þeirri eign. Ráðstöfunarréttur er þó háður miklum takmörkunum samkv. frv. Er innan vissra marka heimilt að verja hluta tekjuafgangs til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði. Er hér um nýmæli að ræða. Þessar breytingar varðandi eignarrétt og ágóðamöguleika eru gerðar í þeim tilgangi einum að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverðari og styrkja þannig stöðu sparisjóðanna almennt meðal innlánsstofnana.

Sparisjóðunum er í þessu frv. valið það form sem telst best henta þeim með tilliti til þeirrar sérstöku starfsemi, sem þeir reka, og með hliðsjón af sögulegum og félagslegum forsendum.

Sett eru allnákvæm ákvæði um stofnun sparisjóðs í II. kafla frv. Þar er gert ráð fyrir ýmsum breytingum varðandi þá aðila, sem geta verið stofnendur að sparisjóði. Greint er á milli aðila þannig, að annars vegar eru þeir taldir upp svo að tæmandi sé, sem geta verið stofnendur, og úr þeim hópi verða ákveðnir aðilar ávallt að vera

meðal stofnenda, einn þeirra eða fleiri. Þeir aðilar sem þannig eru teknir sérstaklega út úr, eru sveitarfélög, sýslufélög, samvinnufélög eða starfandi innlánsdeild og hópur 20 aðila, sem uppfylla skilyrði til að vera stofnendur. Hver um sig þessara aðila getur verið einn stofnandi sparisjóðs og einhver þeirra verður ávallt, eins og áður er sagt, að vera meðal stofnenda. Ástæðan fyrir því, að þessir aðilar eru sérstaklega teknir fram fyrir aðra í þessum efnum, er að sýslu- og sveitarfélög hafa lögum samkv. sérstök afskipti af sparisjóðum, sem haldast í frv., og varðandi samvinnufélögin er talið æskilegt að innlánsdeildum þeirra sé breytt í sparisjóði og er því greitt fyrir því með þessum hætti.

Eins og ég hef minnst á, er ekki gert ráð fyrir því, að unnt verði að stofna sparisjóð með ábyrgðarfyrirkomulagi samkv. þessu frv., heldur einungis með innborguðu stofnfé. Starfandi sparisjóði verður þó heimilt að vera áfram í ábyrgðarformi. Lágmarksfjárhæð stofnfjár er ákveðin 10 millj. kr. Skal minnst helmingur stofnfjárins vera greiddur þegar starfsemi hefst og eftirstöðvar greiðast innan eins árs. Ráðh. er veitt heimild til að áskilja hærra stofnfé. Er einnig veitt undanþága frá lágmarksfjárhæðinni þegar sérstaklega stendur á.

III. kafli fjallar um stofnfjárhluti og er ákvæði kaflans nýmæli. Þar er gert ráð fyrir að gefin verði út stofnfjárbréf fyrir stofnfjárhlutum, eins og áður hefur verið minnst á, og eru eigendaskipti á bréfum heimil innan mjög þröngra marka. Verður sparisjóðsstjórn ávallt að veita samþykki sitt til sölu eða annars framsals. Um það er fjallað í 8. gr. Um innlausn sparisjóðs á stofnfjárhlut er fjallað í 9. og 10. gr. Þar er annars vegar um að ræða skyldu sparisjóðs til innlausnar í vissum tilfellum og hins vegar heimild. Í þeim sérstöku tilfellum, sem hér um ræðir, þykir rétt að sparisjóði sé skylt eða heimilt að grípa inn í með innlausn. Möguleikar sparisjóðs til innlausnar takmarkast af ákvæðum 12. gr., sem leyfa ekki hærri stofnfjáreign en 10% af stofnfé nema með sérstöku leyfi ráðh. í tiltekinn tíma, lengst eitt ár.

Sérstaklega er fjallað um aukningu stofnfjár í IV. kafla. Er þar m. a. gert ráð fyrir því, að aðalfundir starfandi sparisjóða, sem byggðir eru upp sem ábyrgðarmannasjóðir, geti ákveðið að í stað ábyrgðar komi innborgað stofnfé. Settar eru reglur um slíkar ákvarðanir, þ. á m. um mjög aukinn meirihluta ábyrgðaraðila, sem verða að greiða atkv. með ákvörðun til þess að hún öðlist gildi.

Sérstaka athygli vil ég vekja á ákvæðum V. kafla, þar sem gert er ráð fyrir svonefndum séreignarsjóði stofnfjáreigenda. Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða. Þessi sjóður verður aðallega myndaður með hluta þeirra vaxta sem aðalfundur ákveður að greiða stofnfjáreigendum af árlegum tekjuafgangi. Eins og áður hefur komið fram, er hugmyndin með þessum séreignasjóðum sú, að gera stofnfjáreign í sparisjóði eftirsóknarverða með því að heimila ávöxtun hennar. Þessari ávöxtun verður þó óhjákvæmilega að setja töluverðar skorður, bæði með tilliti til fjárhagsgetu viðkomandi sparisjóðs og einnig vegna sérstaks eðlis sparisjóðanna, sem ekki er unnt að jafna við venjuleg fyrirtæki rekin í hreinu ágóðaskyni. Um tillög í sjóðinn fer eftir ákvæðum 13. og 39. gr.

Ítarleg ákvæði og ýmis nýmæli eru í VI. kafla, sem fjallar um stjórn sparisjóða. Almennt má segja um þessi ákvæði, að þeirri skipan stjórnunar, sem nú gildir, sé í megindráttum haldið, en þó er reynt í frv. að treysta stjórnkerfi það, sem fyrir er, með því að setja ítarlegri og skýrari reglur um ýmislegt það, sem skort hefur, lögfesta sumt, sem í framkvæmd hefur tíðkast, og almennt færa stjórnunarákvæði í nútímalegra horf.

Einnig er vert að vekja athygli á því, að í gildandi lögum eru engin ákvæði um sparisjóðsstjóra, hlutverk hans, skyldur, starfsskiptingu milli hans og sparisjóðsstjórnar og annað sem snertir framkvæmdastjórn sparisjóðs. Úr þessu er reynt að bæta með ákvæðum 22. og 23. gr. Í 24. gr. er skilgreining á sparisjóðsstarfsemi. Þessi skilgreining er alveg hliðstæð skilgreiningunum á hugtakinu bankastarfsemi í frv. til laga um viðskiptabanka í eigu ríkisins sem hér hefur verið lagt fram. Almennt má segja um VII. kafla, að ákvæði hans og samsvarandi ákvæði í frv. til l. um ríkisviðskiptabanka eru samræmd sem allra mest og í nokkrum mikilvægum atriðum eru þeir alveg eins. Ég sé ekki ástæðu til að rekja einstakar greinar þessa kafla ítarlega, en vil benda á frv.-ákvæðin, aths. þær, sem þeim fylgja, og skýringar í aths.

Sérstök ákvæði eru um lausafjár- og eiginfjárstöðu í VIII. kafla. Ákvæði frv. um lausafjárstöðuna eru alveg eins og lausafjárákvæðin í frv. um viðskiptabanka. Eiginfjárákvæði frv. eru einnig samhljóða því, sem gert er ráð fyrir að verði í frumdrögum til laga um hlutafélagsbanka. Lágmarkskröfur um eigið fé eru einn mikilvægasti þáttur löggjafar um innlánsstofnanir. Eiginfjárákvæði frv. eru frábrugðin ákvæðum gildandi laga. Í meginatriðum er hér um að ræða að eigið fé skal nema ákveðnu hlutfalli af vissum efnahagsliðum á hverjum tíma, enda eru eiginfjárkröfur yfirleitt settar fram á þann veg. Þetta mál gæti út af fyrir sig gefið tilefni til útskýringa. Ég fer þó ekki út í það nánar, en vísa til greinarinnar og ítarlegra aths. við hana.

Í kaflanum um reikningsskil, í IX. kafla, eru ýmis nýmæli, einkum í 39. gr. um ráðstöfun tekjuafgangs. M. a. eru þar heimildir til að verja tekjuafgangi að vissu marki til greiðslu vaxta af stofnfé og séreignarsjóði stofnfjáreigenda, sem ég hef fyrr drepið á.

Mikilsverð nýmæli er að finna í kaflanum um endurskoðun. Reynslan hefur sýnt að mikið vantar á, að með núverandi skipulagi á endurskoðun hjá sparisjóðunum sé unnt að uppfylla þær kröfur sem gera verður í þessum efnum. Helstu nýmælin eru þau, að annar endurskoðendanna skuli vera löggiltur endurskoðandi og kosning endurskoðenda skuli fara fram á aðalfundi. Taka verður þó tillit til minnstu sparisjóðanna að því er varðar kosningu löggilts endurskoðanda. Er stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða veitt heimild til að undanþiggja þá kosningu löggilts endurskoðanda. Í slíkum tilfellum tilnefnir stjórn Tryggingarsjóðsins annan endurskoðandann.

Ég skal ekki fjölyrða um ákvæði XI. kafla, en þar er gert ráð fyrir að stofnaður verði nýr tryggingarsjóður sparisjóða. Er svo um hnútana búið, að hann ætti að vera sparisjóðunum mun styrkari bakhjarl en núverandi sjóður, sem ekki hefur dafnað sem skyldi.

Um sameiningu sparisjóða og slit eru settar ítarlegar reglur í XIII. og XIV. kafla. Þar er um ýmsar breytingar að ræða og er ákvæðunum um sameiningu ætlað að koma í veg fyrir óyfirvegaðar ákvarðanir í þeim efnum.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa lengra mál um þetta frv., en leyfi mér að vísa til aths. til nánari skýringar. Ég legg til að því verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 551). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt að ósk stjórnar Sambands ísl. berklasjúklinga. Er efni þess að framlengja heimild sambandsins til rekstrar vöruhappdrættis S.Í.B.S. um 10 ár, eða til ársloka 1989.

Vöruhappdrætti S.Í.B.S. var komið á fót með lögum á árinu 1949. Var heimild til rekstrar happdrættisins fyrst í 10 ár, til ársloka 1959, en hefur síðan tvívegis verið framlengd um 10 ár í senn og er því nú til ársloka 1979. Vegna framtíðaráætlana S.Í.B.S. er nú farið fram á framlengingu um 10 ár, þótt enn sé ár eftir af heimildinni. Samkv. lögum fyrir vöruhappdrætti S.Í.B.S. skal ágóða af happdrættinu varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi til byggingar og rekstrar á vinnustofum fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi S.Í.B.S. sem viðurkennd er af ríkisstj.

Hér er ekki þörf á því að rekja sögu eða starf Sambands ísl. berklasjúklinga á undanförnum 40 árum, en sambandið var stofnað árið 1938. Þjóðin þekkir það og þakkar hið frábæra starf sem þar hefur verið unnið í baráttunni við berklaveikina í landinu, þann mikla vágest sem lagði fjölmarga samborgara okkar að velli og marga hverja á besta aldri, en nú má heita að sá vágestur sé horfinn.

Meginstofnanir S.Í.B.S eru tvær, þ. e. a. s. Vinnuheimilið að Reykjalundi, sem starfað hefur frá árinu 1945, og Múlalundur, öryrkjavinnustofur í Reykjavík sem tók til starfa árið 1959. Tilvera þessarar stofnunar byggist að mjög verulegu leyti á tekjum þeim sem fást af vöruhappdrættinu, en ágóði þess varð 63.2 millj. kr. á árinu 1976 og 55 millj. kr. á síðasta ári.

Að því er varðar framtíðarverkefni stofnana S.Í.B.S. hafa borist allítarlegar grg., sem jafnframt eru þá rökstuðningur fyrir framlengingu happdrættisins, um framtíðaráform í sambandi við starfsemi Vinnuheimilisins að Reykjalundi, þar sem bæði er fjallað um byggingarframkvæmdir, um iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun, vinnu- og starfsþjálfun og um það að vernda vinnuaðstöðu og annað sem í þessari grg. segir. Þessi grg. er undirrituð af Birni Ástmundssyni framkvæmdastjóra og Hauki Þórðarsyni yfirlækni. Samsvarandi að nokkru og þó e. t. v. ekki eins ítarleg grg. er varðandi stofnunina Múlalund.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að tefja tímann með því að lesa þessar grg. upp, en leyfi mér að fullyrða, að í þeim eru rök færð fyrir þessari beiðni, en grg. mun ég afhenda þeirri n. sem málið fær til meðferðar. Ég vænti þess, að fallist verði á ósk um framlengingu þessa happdrættis, og vil leyfa mér að óska þess, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Ef hv. þn., sem fær málið til meðferðar, þætti ástæða til að fá frekari upplýsingar, þá mun stjórn S.Í.B.S. án alls efa veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

Ég leyfi mér með tilliti til þess, að ég tel að mál þetta sé í sjálfu sér einfalt og mjög er liðið á þingtímann, að mælast til þess, að málinu verði veitt skjót meðferð. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Það kann þó að orka tvímælis, til hvaða n. eigi að vísa því. Það hefur víst verið venja, held ég, stundum að vísa því til fjh.- og viðskn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að hafa lagt þetta frv. fram og fyrir þau vinsamlegu ummæli er hann lét falla í garð Sambands ísl. berklasjúklinga. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þá starfsemi, sem liggur að baki þessari beiðni, en ég vil aðeins láta þess getið, að nú um nærri 20 ára skeið hafa þær tekjur, sem S.Í.B.S. hafa áskotnast, fyrst og fremst af vöruhappdrættinu og reyndar eftir öðrum leiðum einnig, ekki eingöngu runnið til berklasjúklinga, heldur kannske fyrst og fremst til annarra öryrkjahópa í þessu landi og sjúklinga. Eftir því sem berklaveikin hefur rénað hefur þetta snúist þannig við, að mikill meiri hluti af þeim, sem njóta nú tekna S.Í.B.S., eru fatlaðir og lamaðir, geðveilir og í minna mæli aðrir hópar af öryrkjum. Endurhæfingarstofnanir eru taldar dýrar í rekstri, en ég held að ég megi fullyrða, að Reykjalundur hefur jafnan, borið saman við þá þjónustu sem hann veitir, verið hagkvæmt rekinn og á að hafa aðstöðu til að geta rekið mjög fullkomna endurhæfingu og fullkomlega á borð við nágrannaþjóðir okkar. Það er ekki víða, að svo mörg endurhæfingarrúm eru til á hverja 1000 íbúa. Þess vegna hefur um langan tíma verið þarna góð aðstaða að ýmsu leyti til þess að stunda þessa mjög mikilvægu meðferð sem endurhæfingin er, og enn fremur er það, að þetta félag hefur um 10—20 ára skeið einnig rekið stærsta verndaða vinnustað í landinu. Grundvöllurinn undir þessu hvoru tveggja er það happdrætti, sem hér er óskað framlengingar á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 577). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., fjallar um breytingu á umferðarlögum. Er það mjög einfalt í sniðum og að efni til. Í því er lagt til að vátryggingarfjárhæðir vegna hinnar lögboðnu ábyrgðartryggingar ökutækja verði tvöfaldaðar vegna verðlagsþróunar þeirrar sem orðið hefur frá því að fjárhæðirnar voru síðast hækkaðar með lögum í maímánuði 1976. Er þannig lagt til að vátryggingarfjárhæðin verði 24 millj. kr. fyrir bifreiðar almennt, en 12 millj. kr. fyrir önnur vátryggingarskyld ökutæki. Þá er lagt til að vátryggingarfjárhæð vegna bifreiða, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, hækki um 1200 þús. kr. fyrir hvern farþega umfram 10.

Vátryggingu þessari er ætlað að tryggja, að því leyti sem hrekkur, greiðslu bóta vegna tjóna af völdum ökutækja í notkun. Nauðsynlegt er að vátryggingarfjárhæðir þessar fylgi verðlagsþróun í landinu, svo að tryggt verði öryggi þeirra, sem fyrir tjóni kunna að verða, og einnig eigenda ökutækjanna. Eru vátryggingarfjárhæðir þær, sem frv. felur í sér, eftir atvikum taldar í samræmi við það sem verið hefur.

Samkv. umferðarlögum skal sá, sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðar, endurgreiða vátryggingarfélaginu fyrstu 15 þús. kr., en fyrstu 7500 kr. af hverju tjóni af völdum annarra ökutækja. Eigi hefur þótt rétt að láta eigin áhættu hækka að sama skapi og vátryggingarfjárhæðirnar. Með brtt. þeirri, sem felst í 2. gr. frv., verður eigin áhætta 24 þús. kr. fyrir bifreið, en 12 þús. kr. fyrir önnur ökutæki.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að breytingar þær, sem í því felast, komi til framkvæmda 1. maí n. k. Rétt er að fram komi, að till. þær, sem í frv. þessu felast, eru að nokkru tengdar ákvörðun vátryggingariðgjalda fyrir vátryggingartímabil það sem hófst hinn 1. mars s. l., en með hækkun eigin áhættu og krónutölu miðað við það sem verið hefur reynist ekki þörf eins mikillar hækkunar iðgjalda og ef krónutalan hefði verið óbreytt. Hækkun vátryggingarfjárhæðarinnar sjálfrar hefur hins vegar í för með sér mjög óverulega hækkun iðgjalda.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 528 (sbr. 435), 561). — 3. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Þegar þetta mál var til 2. umr. í þessari hv. d. hinn 10. apríl skýrði ég frá því í ræðu, sem ég flutti við framsögu fyrir nál. fjh.- og viðskn., að n. hefðu borist allmikilvægar upplýsingar í sambandi við þetta frv., — upplýsingar sem komu frá aðilum, sem ekki þótti ástæða að sniðganga, og upplýsingar, sem voru **þess eðlis** að ástæða þótti til að athuga **þær nánar. Í** framhaldi af þessu hefur n. athugað frv. betur. Eftir að hafa athugað nánar þær ábendingar og till., sem n. höfðu borist, svo og að höfðu samráði við fjmrn. varð fjh.- og viðskn. sammála um að bera fram á þskj. 561 brtt. eins og þar eru greindar.

N. mælir einróma með því, að þessar till. verði samþykktar, svo og með samþykkt frv. að þessum brtt. samþykktum.

ATKVGR.

Brtt. 561,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 561,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samningur milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 509, n. 560). — 2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., og leggur n. einróma til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru þm. Axel Jónsson og Halldór Ásgrímsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Innkaupastofnun ríkisins, frv. (þskj. 69, n. 484). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 frá 5. júní 1947, um Innkaupastofnun ríkisins. N. sendi frv. þetta til umsagnar nokkurra aðila. Frv. gengur út á það, að stjórn Innkaupastofnunar skuli skipa 5 menn sem Alþ. kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Þessi stjórn á að hafa yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar, taka lokaákvarðanir um öll innkaup og framkvæmdir og ákveða starfshætti. Umsögn barst frá aðeins einum aðila, þar sem komu fram upplýsingar um starfsemi Innkaupastofnunarinnar, eða frá fjmrn. Vil ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa upp þessa stuttu umsögn:

„Starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins skiptist í tvo næsta sjálfstæða þætti. Hér er um að ræða framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar og það sem kalla mætti innkaupadeild og er í reynd hin upprunalega mynd Innkaupastofnunarinnar. Framkvæmdadeildin er A-hlutastofnun og lýtur forstöðumaður hennar í reynd einnig yfirstjórn fjmrn. Deild þessi var stofnuð með lögum nr. 63 frá 1970 og er hlutverk hennar að hafa yfirumsjón með verklegum framkvæmdum á vegum ríkisins. Innkaupastofnunin, innkaupadeild, annast fjárreiður framkvæmdadeildar ásamt auglýsingum og ýmsum útboðum á hennar vegum. Að öðru leyti eru tengsl þessara deilda lítil.

Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er undir forustu formanns fjvn. Alþ. Nefnd þessi fylgist með fjármálalegri hlið opinberra framkvæmda og er ekki í neinar framkvæmdir ráðist fyrr en ljóst er að Alþ. hefur veitt fé til þeirra og þær taldar nægilega undirbúnar.

Innkaupastofnun ríkisins, innkaupadeild, er B-hlutastofnun. Fjmrh. skipar stofnuninni forstjóra. Stofnunin annast lögum samkv. kaup á hvers konar vörum sem ríkisstofnanir þurfa á að halda til starfsemi sinnar. Hér er um innkaup á ljósaperum og jarðbornum Jötni að ræða, svo að dæmi séu nefnd. Á árinu 1976 voru afgreiddar 5997 pantanir hjá Innkaupastofnuninni. Rn. telur mjög vafasamt að stjórn, sem kjörin væri til fjögurra ára, mundi bæta til muna við þá vöruþekkingu sem nú er fyrir hendi hjá stofnuninni.

Sá háttur er hafður á með öll meiri háttar innkaup, að þau fara fram að undangengnu útboði. Tilboð, sem berast, eru vandlega yfirfarin með þeim aðilum sem keypt er fyrir. Teljist allir bjóðendur hæfir er lægsta tilboðið tekið að öðru jöfnu. Komi upp ágreiningur milli Innkaupastofnunarinnar og þeirrar stofnunar, sem keypt er fyrir, um hvaða tilboði skuli tekið, er málinu vísað til ákvörðunar fjmrn. Rn. telur að ekkert hafi fram komið er bendir til annars en innkaup Innkaupastofnunarinnar séu í samræmi við góðar og gildar verslunarvenjur. Sveitarfélög og opinberar stofnanir, sem ekki er að lögum skylt að skipta við Innkaupastofnunina, leita þangað í vaxandi mæli og ætti það að vera nokkur viðurkenning á gildi þeirrar þjónustu sem stofnunin veitir. Rn. telur að fimm manna stjórn yfir stofnuninni, sem taki lokaákvarðanir um öll innkaup, yrði líkleg til að gera starfsemina seinvirkari og um leið dýrari.“

Meiri hl. n. komst að þeirri niðurstöðu og leggur til að frv. verði fellt. Albert Guðmundsson skilar séráliti. Jón G. Sólnes tók ekki afstöðu við afgreiðslu málsins í n. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ragnar Arnalds.

Ég vil aðeins geta þess, að það má vel vera að að mörgu megi finna hjá hinum ýmsu stofnunum á vegum ríkisins og sjálfsagt er svo einnig hjá Innkaupastofnuninni. Ég tel hins vegar ekki rétta leið að Alþ. kjósi stjórnir allra stofnana sem starfa á vegum ríkisins, hvort sem það er Innkaupastofnun eða aðrar stofnanir. Ég tel að Alþ. eigi að auka eftirlit sitt með þessum stofnunum, en ekki að skipa þeim stjórnir. Mikilvægt er að Alþ. sé sem mest óháð þessum stofnunum, fái nákvæmar skýrslur um það, sem er að gerast í stofnunum ríkisins, og stækki aðhalds- og eftirlitshlutverk sitt. Ég tel að hér sé um að ræða leið, þ. e. a. s. að Alþ. kjósi stjórn yfir Innkaupastofnun ríkisins, sem ekki muni leiða til neinna bóta í þessum efnum. Með því eru ekki tryggð nein tengsl á milli þingsins og þessarar stofnunar frekar en annarra stofnana á vegum ríkisins. Ég get því sagt fyrir mitt leyti, að ég er andvígur slíkri skipan. Hins vegar var nokkuð rætt um það í n., að fara mætti þarna einhverja millileið, þ. e. a. s. að þessi stjórn hefði ekki eins viðamikið hlutverk og kemur fram í frv., þ. e. a. s. taki lokaákvarðanir um öll innkaup og framkvæmdir. Flm. taldi að þetta væri það sem skipti meginmáli og vildi ekki breyta þessu atriði. Ýmsir nm. töldu koma til greina að skipa þessari stofnun stjórn, en að hlutverk stjórnarinnar yrði eins viðamikið og gert er ráð fyrir í frv. áttu þeir erfitt með að sætta sig við, þ. e. a. s., svo að dæmi sé tekið um árið 1976, að taka lokaákvarðanir um nær 6000 pantanir hjá þessari stofnun.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vísa aðeins til þess sem ég hef áður sagt, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði fellt.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál., þá tók ég ekki afstöðu til afgreiðslu málsins í n. Því þykir mér hlýða við 2. umr. um þetta mál að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þess. Hún er í stuttu máli sú, að ég styð heils hugar þá stefnu sem mörkuð er í þessu frv. Ég tel ekki óeðlilegt, að jafnumfangsmikil stofnun og Innkaupastofnun ríkisins er orðin, sem nú, eins og upplýst hefur verið í þessum umr., starfar í tveimur sjálfstæðum umfangsmiklum deildum, slíkri starfsemi yrði sett einhver yfirstjórn af hendi Alþ. Ég tel slíkt enga óhæfu. Og mitt álit er að vöxtur Innkaupastofnunarinnar hafi orðið allt of mikill, of hraður. Ég held að þessi stofnun sé orðin miklu viðameiri og umfangsmeiri en upphaflega var ætlast til.

Ég veit um dæmi þess, að það hefur beinlínis verið til óþurftar fyrir sumar framkvæmdir, t. d. í bæjarfélagi þar sem ég þekki til, að erfitt hefur verið að fá að hafa framkvæmdastjórn ákveðinna verka á vegum bæjarstjórnarinnar sjálfrar — verka sem vinna hefur átt og eru byggð upp þannig, að þau eru fjármögnuð að hluta af ríkisvaldinu og að hluta af bæjarfélaginu. Hefur þannig verið háttað um framkvæmd slíkra mála, að þau lúta eingöngu forsjá Innkaupastofnunarinnar. Í lögum mun víst vera ákvæði um það, að í vissum tilvikum sé heimilt að færa slíkar framkvæmdir undir forustu heimamanna, en reynslan hefur sýnt að þetta hefur verið mjög erfitt. Þarna held ég að sé komið út á braut sem getur í mörgum tilfellum verið háskaleg. Ég er þeirrar skoðunar, að heimamenn hafi í veigamiklum atriðum betri möguleika á því að hafa glögga heildaryfirsýn yfir slíkar framkvæmdir sem þarna er um að ræða og þeim sé oft betur treystandi til þess að sjá haganlega um framkvæmdirnar en einhverjum aðilum fyrir sunnan, og í mörgum tilfellum er ég ekki í nokkrum vafa um að við slíka tilhögun mundu sparast miklir fjármunir. Þess vegna held ég að sú stefna, sem kemur fram í því frv. sem hér er til umr., sé góðra gjalda verð.

Hins vegar er mér engin launung á því, að mér finnst ákvæði 1. gr. frv. að sumu leyti of afdráttarlaus, of þröng. Ég vildi hafa samráð við flm. frv. um það, að þessu yrði breytt. Á ég þar við það sem stendur í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar, tekur lokaákvarðanir um öll innkaup og framkvæmdir og ákveður starfshætti.“

Þetta orðalag finnst mér persónulega vera of þröngt. Ég tel eðlilegt að þarna yrði nokkuð slakað á. En með tilliti til þess, að ég er eindregið fylgjandi þeirri meginstefnu sem frv. kveður á um, og þar sem ég er ekki í vafa um að við síðari meðferð málsins mundi áreiðanlega vera hægt að fá samkomulag um orðalagsbreytingu á greininni, þá mun ég styðja frv. og greiða atkv. á móti tillögu meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Með frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 frá 5. júní 1947, um Innkaupastofnun ríkisins, er lagt til að Innkaupastofnuninni sé sett stjórn sem Alþ. kjósi hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram borið, er að leita til þeirrar staðreyndar, að umsvif stofnunarinnar hafa aukist með hverju árinu og margfaldast frá því að hún tók til starfa og eru nú allt önnur og meiri en höfð voru í huga þegar lögin um hana voru sett á sínum tíma. Upphaflega var hlutverk stofnunarinnar það eitt að annast innkaup vegna ríkisstofnana og sérstakra framkvæmda ríkisins. Er það verkefni skýrt afmarkað í lögunum. Með lögum nr. 63 frá 12. maí 1970, um skipan opinberra framkvæmda, eru stofnuninni fengin ný verkefni og starfssvið hennar aukið og fært að nokkru leyti yfir á nýjan vettvang. Í 23. gr. laganna eru fyrirmæli um að koma skuli á fót framkvæmdadeild við Innkaupastofnun ríkisins. Framkvæmdadeildin fer með yfirstjórn verklegra framkvæmda, sbr. IV. kafla, nema til komi ákvæði 2. og 3. mgr. 21. gr., og hefur auk þess frumkvæði um stöðlun mannvirkja, eftir því sem við getur átt. Framkvæmdadeildin tekur við starfsemi byggingadeildar menntmrn. og byggingaeftirlits við embætti húsameistara ríkisins.

Í 14. gr. sömu laga segir: „Innkaupastofnun ríkisins annast útboð verka. Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, sbr. 3. gr., undirbýr samningsgerð við verktaka.“ Því ætti að liggja ljóst fyrir, að það eru engin smáverkefni sem lögin um skipan opinberra framkvæmda hafa falið Innkaupastofnuninni að annast. Með ákvæðum þessara laga gerbreytist hlutverk og starfsemi stofnunarinnar frá því sem haft var í huga og stefnt var að með setningu laganna um Innkaupastofnun ríkisins árið 1947 og með setningu núgildandi reglugerðar nr. 164 frá 1959, sem sett var samkv. heimild í sömu lögum. Með auknum umsvifum og nýjum verkefnum fer ekki hjá því, að margháttuð vandamál komi upp sem eðlilegt væri að kjörin stjórn stofnunarinnar tæki afstöðu til og leysti, enda er oft um að ræða veigamiklar ákvarðanir sem bæði beint og óbeint snerta hagsmuni almennings og bjóðarbúsins í heild. Það er því mesti misskilningur, sem fram kemur í áliti fjmrn. á frv. þessu og dags. er 31. jan. s.l., að tilgangur þessara laga sé að troða aukinni vörubekkingu inn á stofnunina. Ekki skal dregið í efa, að hún sé ærin fyrir hendi nú þegar. Hins vegar voru fyrst og fremst höfð í huga ákvæði 21. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, þar sem segir að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins fari með yfirstjórn verklegra framkvæmda, sbr. IV. kafla laganna. Þetta er aðalatriðið sem liggur að baki flutningi þessa frv. um Innkaupastofnunina, að Innkaupastofnuninni sé sett stjórn, þar sem hún hefur svo veigamiklu hlutverki að gegna sem framangreind lagafyrirmæli bera vott um. Með þessu frv. er lagt til, að Alþ. kjósi sjálft stjórn stofnunarinnar og tryggi með því að stefnu þess sé fylgt í öllum meiri háttar málum, sem stofnunin á ákvörðunarvald í. Að öðru leyti vil ég vísa til grg. sem fylgir frv.

Ég vil líka harma það, sem kom fram hjá hv. frsm. fjh.- og viðskn. Ed., 5. þm. Austurl., að n. sendi, eftir því sem fram kom á fundi fjh.- og viðskn. Ed., þremur aðilum þetta frv. til umsagnar. Það eru Verslunarráð Íslands, Samband ísl. samvinnufélaga og fjmrn. Þar sem ekki bárust umsagnir gerði ég mér far um að kanna hvort Verslunarráð Íslands hefði gleymt að svara. Verslunarráðið kannaðist ekki við að hafa fengið sérstaka ósk frá nefndinni um álit á þessu frv., en lýsti því munnlega við mig, að Verslunarráðið væri fyrir sitt leyti samþykkt frv. og mundi styðja það, ef um það væri beðið.

Það kom fram hjá hv. frsm. fjh.- og viðskn. Ed., að þetta væri ekki rétta leiðin, að Alþ. kysi stjórnir til að hafa eftirlitshlutverk, og ætti ekki að auka vald Alþ á því sviði. En það kom líka fram svolítið seinna í ræðu hans, að uppi hefðu verið hugmyndir um millileið, þar sem slíkri stjórn á stofnuninni væri gefið minna vald. Mér finnst stangast þarna á annars vegar alger afneitun á stjórn og hins vegar að það kæmi til greina að hafa einhvers konar stjórn á stofnuninni. Fagna ég því út af fyrir sig, vegna þess að ég finn þá að forustumaður fjh.- og viðskn. Ed. er ekki alveg ákveðinn í þeirri skoðun sinni, að alfarið sé rangt að hafa þarna einhvers konar stjórn á, enda hljóta allir að sjá við nánari umhugsun, að stjórn á þessari stofnun er nauðsynleg.

Hvað varðar fjölda pantana og erfiðleika á því, að stjórnin taki ákvarðanir um samtals 6000 pantanir á ári, hef ég sjálfur þá reynslu af setu minni í borgarstjórn Reykjavíkurborgar, að slíkt skapar ekki nokkur vandamál. Ýmislegt hefur lagast hjá Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar við það, að stofnuninni var sett stjórn. Svo að við tökum eitt dæmi þá þarf að gæta að því — ekki af því að það sé raunhæft, heldur er þetta dæmi, — að oft vill það bregða við þegar ákveðnar vélar eða vélasamstæður eru keyptar, að ákveðinn hluti af varahlutum er tekinn með, sem er hrein sölumennska frá fyrirtækinu sjálfu. Fjárfesting er þá e.t.v. langt umfram þörf viðkomandi vélasamstæðu á líftíma hennar, þannig að stofnunin situr uppi með mikið fjármagn í erlendum gjaldeyri í varahlutum á lager, sem eru ekki notaðir þegar allt kemur til alls. Fróðlegt væri að láta fara fram birgðatalningu hjá Innkaupastofnun ríkisins og vita, hvort nokkuð af vörum liggur þar fyrir eða hvort stærri pantanir hafa e.t.v. verið gerðar en eðlilegt er miðað við þarfir stofnana ríkisins.

Á því ári, sem vitnað var til, var velta stofnunarinnar um 3 milljarðar. Hvort nákvæmlega rétt er farið með töluna 2.7 milljarðar í grg. má gagnrýna. Sú tala, eftir því sem mér var sagt á seinna stigi, er hærri og sýnir þá að það eru

engar smáupphæðir af fjárlögum, sem fara í gegnum þessa stofnun.

Ég fagna því, að 2. þm. Norðurl. e. styður þessa till. mína eða alla vega hugmyndina sem í henni býr, þó að hann leggist gegn ákveðnu orðalagi. Ég hef orðið var við þá ádeilu, sem hann benti á, á samskipti bæjarfélaga úti á landsbyggðinni við Innkaupastofnun ríkisins. Hefur verið fullyrt að framkvæmdir á vegum stofnunarinnar, eins og að þeim er staðið, væru mörgum sinnum dýrari en þær þyrftu að vera, vegna þess að heimamenn á hverjum stað komi þar oft ekki nálægt.

Ef við komum að því ákvæði, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. minntist á, en það er sú setning í 1. gr. sem tekur afdráttarlaust af um það, hverjum ber að ákveða um kaup, bæði innkaup og framkvæmdir, og ákveða starfshætti, þá er þetta nákvæmlega tekið upp úr ákvæðunum sem snerta Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar og ég hef fundið að hafa reynst mjög vel. Alger samstaða var hjá öllum stjórnmálaflokkum, sem standa að borgarstjórninni, um þetta fyrirkomulag, enda væri erfitt í mínum huga að koma á öðru fyrirkomulagi en að stjórn þessarar stofnunar taki ákvarðanir og verði þá ábyrg fyrir því sem gerist í stofnuninni, en starfsmenn að sjálfsögðu bara starfsmenn sem framkvæma ákvarðanir stjórnarinnar.

Ég vil taka sem dæmi, að frá því að stjórn Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar var sett á laggirnar og þar til slík setning kom inn í reglugerð um hana hafa útboð gersamlega breyst hjá Reykjavíkurborg. Það er löngu hætt að taka sérstaklega til um nafn vöruheita í útboðslýsingu og allt að því í hvaða fyrirtæki þær vörur fáist. Útboðslýsingarnar eru nú hlutlausar að því leyti til, að nú er bannað að taka til vöruheiti eða velja frá hvaða erlendum framleiðendum vörur skuli keyptar. Þar er talað um gæðin og þá staðla sem tilheyra viðkomandi vörum og fyrirtækjum. Innkaupastofnuninni er gert að skyldu að hafa gæðaflokkinn ákveðinn, en ekki að vörumerkin séu tiltekin. Svona má lengi telja. Ég held að það hafi verið mjög mikill sparnaður fyrir Reykjavíkurborg að hafa það eftirlit sem nú er þar á. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að það reynist verr hjá ríkinu eða ríkisstofnunum en það hefur reynst hjá Reykjavíkurborg.

Ég endurtek, að ég harma að ekki skuli hafa borist umsagnir frá nema einum aðila af þrem sem mér skilst að umsagnar hafi verið leitað hjá, en það er fjmrn. Þessu máli er að sjálfsögðu ekkert öðruvísi farið en mörgum öðrum, að þegar embættismenn eru beðnir um álit á frv. til laga, sem snerta að einhverju leyti rekstur sem þeir sjálfir eiga að sjá um og hafa eftirlit með, þá er afskaplega erfitt að ná þeim stofnunum eða valdi undan embættismönnum. Með leyfi forseta vitna ég í umsögn fjmrn. Þar segir:

„Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir er undir forustu formanns fjvn. Alþ. Nefnd þessi fylgist með fjármálalegri hlið opinberra framkvæmda og er ekki í neinar framkvæmdir ráðist fyrr en ljóst er að Alþ. hefur veitt fé til þeirra og þær taldar nægilega undirbúnar."

Þetta er allt ágætt og barna er heimild til þess að ráðast í framkvæmdir, en ekki er sagt til um það, hvernig að útboðunum er staðið, hvort það er rétt eða rangt frá viðskiptalegu sjónarmiði, enda væri það allt of mikið verk fyrir formann fjvn. eða þá n., sem hann veitir forustu, að fara að fylgjast með svo umfangsmikilli vinnu. Þarna eru þó tengsl við Alþ., en frsm. fjh.- og viðskn. Ed. taldi að óeðlilegt væri að hafa of mikil tengsl á milli framkvæmdaaðilanna úti í kerfinu og Alþingis beint.

En það segir á bls. 2 í þessari einu umsögn, sem barst, að rn. telur mjög vafasamt að stjórn, sem kjörin væri til fjögurra ára, mundi bæta til muna við þá vöruþekkingu sem nú er fyrir hendi hjá stofnuninni. Ég er afskaplega ánægður með að rn. skuli ekki vera alveg visst um að það sé til hins verra að hafa stjórn. En þeir eru þó ekki vissir um að það sé rangt heldur. Sem sagt, þeir hafa ekkert álit á málinu. Það hefur aldrei staðið til í mínum huga að bæta við þá vöruþekkingu sem nú er fyrir hendi hjá stofnuninni. Ég hugsa að hún sé út af fyrir sig alveg nóg, vöruþekkingin. Það fer náttúrlega eftir vali manna í stjórnina, hvort þarna kæmi einhver viðbótarvöruþekking eða ekki. En hlutverk stjórnar á stofnun sem þessari hlýtur að vera að gæta hlutleysis í gerð útboðslýsinga og í mati á tilboðum. Ég held að það kæmi miklu meira af tilboðum en er núna, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Og með þeim vinnubrögðum væri að sjálfsögðu miklu betra eftirlit með ráðstöfun á því fjármagni sem ætlað er í hverja framkvæmd fyrir sig.

Talað er um, að sá háttur sé hafður á um öll meiri háttar innkaup, að þau fari fram að undangengnu útboði. Þetta eru engar nýjar upplýsingar, þetta vita allir. En það er útboðsgerðin sjálf, sem skiptir miklu máli, sem ég rakti hér áðan.

Rn. undirstrikar þarna eina mgr., að komi upp ágreiningur milli Innkaupastofnunarinnar og þeirrar stofnunar, sem keypt er fyrir, um hvaða tilboði skuli tekið, er málinu vísað til ákvörðunar fjmrn. Það breytist ekkert. Ef upp kemur ágreiningur milli stofnunar, sem verslað er fyrir, keypt er inn fyrir, og stjórnarinnar, þá verður rn. að sjálfsögðu að skera úr um ágreininginn sem slíkan. Það gerir borgarráð líka. Ef svo er ágreiningur áfram í borgarráði, þá verður borgarstjórn að taka málið til meðferðar og þar kemur það á dagskrá.

Það segir hér í bréfinu líka, að rn. telji að ekkert hafi komið fram er bendi til annars en innkaup stofnunarinnar séu í samræmi við góðar og gildar verslunarvenjur. Þetta draga allir í efa eða a. m. k. flestir sem hafa skipt við stofnunina. Þeir hafa árum saman talið sig gera stofnuninni mjög góð tilboð og ekki fengið samþykkt. Það kom fram líka hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Full ástæða er til þess að draga í efa að alltaf hafi verið farið eftir góðum og gildum verslunarvenjum.

Í síðustu mgr. í bréfinu segir rn., að það telji fimm manna stjórn, sem taki lokaákvörðun um öll innkaup, líklega gera starfsemina seinvirkari og um leið dýrari. Þessu vil ég mótmæla. Ég held að starfsemin mundi verða miklu fljótvirkari ef fyrirkomulagið væri líkt og hjá Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar. Sú stjórn hittist einu sinni í viku á föstum fundum og tekur þá fyrir þau

mál, sem forstjórinn leggur fyrir hana, og afgreiðir, þannig að ég held að það yrði til þess að hraða málum. Ég hef sjálfur orðið fyrir þessum seinagangi og ekki fyrir löngu. Það var kvartað undan því, að lægstbjóðandi fékk ekki pöntun, sem hann átti von á, fyrr en eftir að tilboðstíminn var runninn út, og pöntunin var þegar orðin 20% hærri en hún þurfti að vera hefði verið pantað á réttum tíma. Ég vil því draga þetta mjög í efa, og ég vil mótmæla því, að 5 manna stjórn kosin af Alþ. hafi ekki miklu betri stjórn á fyrirtækinu, miklu meira eftirlit og aukinn hraða á afgreiðslum en nú er fyrir hendi.

Ég vona að það verði fleiri til þess að styðja þetta frv., greiða atkv. á móti nál., en hv. 2. þm. Norðurl. e., þó að við höfum ekki náð samkomulagi á nefndarfundunum um að taka út úr 1. gr. frv. það sem hann las upp og ég ætla að leyfa mér að endurtaka. Í 1. gr. segir:

„Stjórn Innkaupastofnunar ríkisins skipa 5 menn, sem Alþ. kýs hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn, ásamt jafnmörgum til vara. Stjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi stofnunarinnar.“ Hv. þm. vildi sleppa því, sem á eftir kemur: „tekur lokaákvarðanir um öll innkaup og framkvæmdir og ákveður starfshætti.“

Ég gat ekki sætt mig við að þessi setning yrði tekin úr, en ég var reiðubúinn til þess að umorða hana, ef till. kæmu fram um það. Hvorki hv. 2. þm. Norðurl. e. né 1. landsk. þm. sáu ástæðu til þess að koma með orðalagsbreytingu, svo að ég stóð að því að láta þessa setningu halda sér, enda er hún mergurinn málsins í frv.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs var hv. þm. Ragnar Arnalds fjarverandi úr salnum, fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. Ed., ella hefði ég sennilega ekki gert það, að kveðja mér hljóðs. En úr því sem komið er, þá vil ég nota tækifærið til þess að lýsa yfir eindregnum stuðningi við frv. þetta til laga á þskj. 69 um breytingu á lögum um Innkaupastofnun ríkisins og undanskil þar alls ekki ákvæðið um starfssvið stjórnarinnar, sem hér er ráðgert að Alþ. kjósi til handa Innkaupastofnuninni. Ég tel fullkomna ástæðu til þess að kveða svo að orði sem gert er í 1. gr. frv. um starfssvið stjórnarinnar.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson, formaður fjh.- og viðskn. Ed., hefur áður gert hér í Ed. grein fyrir hugmyndum sínum um það, með hvaða hætti Alþ. eigi að láta til sín taka um stjórn hinna ýmsu stofnana, þ. e. a. s. að fá aukið vald til eftirlits, til endurskoðunar og beita síðan valdi sínu meira í formi gagnrýni en með því, að Alþ. gerist beinn stjórnunaraðili að þessum fyrirtækjum. Hefur hv. þm. áður gert grein fyrir þeirri skoðun sinni, að með þeim hætti bindist Alþ. of mikið í stjórnir fyrirtækjanna og skerði þar með möguleika sinn til gagnrýni og óbeins eftirlits. Hér er um að ræða hugmyndir hv. þm. um grundvallaratriði í sambandi við stjórn þessara fyrirtækja — hugmyndir sem ég hygg að hljóti að teljast góðra gjalda verðar og vel þess virði að athugaðar séu. Hér er um „prinsip“-mál að ræða. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að Alþ. kjósi stjórnir þessara stofnana og fyrirtækja og beri beina ábyrgð á stjórninni.

Hvað Innkaupastofnun ríkisins varðar, þá tel ég mig ekki hafa í höndum gögn eða upplýsingar, sem heimili mér að bera brigður á heiðarlega starfsemi þeirrar stofnunar. Það hef ég ekki. Aftur á móti er mér fullkunnugt um það, með hvaða hætti Innkaupastofnun ríkisins, hinar ýmsu deildir hennar og þá aðallega framkvæmdadeildin, hefur gripið fram fyrir hendur Alþ. í ýmsum málum, tafið framkvæmdir, sem samþykktar hafa verið á fjárlögum, jafnvel ár frá ári, og tekið í sínar hendur vald sem Alþ. er ætlað. Þess eru dæmi, að smíði nauðsynlegra þjónustuhúsa úti um land hefur dregist árum saman vegna þess að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins var þar til trafala.

Ég hlýt að líta á svar rn. við beiðni um álitsgerð og tóninn í því sem nánast útúrsnúning og allt að því dónaskap, þar sem kveðið er svo að orði, að ekki muni aukast vöruþekking, ekki tryggð aukin vöruþekking með því að Alþ. kjósi stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára. Í frv. því, sem hér um ræðir, er alls ekki verið að bjóða aukna vöruþekkingu, heldur allt annað. Lýsingin á því, með hvaða hætti er leitað útboða í meiri háttar verk, dregur kannske hugann að því, með hvaða hætti virðist vera leitað útboða eða tilboða í minni háttar verk. Mér er kunnugt um að tafist hefur í heilt ár smíði læknisbústaðar úti á landi, vegna þess að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar leitaði tilboða í glugga á húsinu hér syðra. Trésmíðaverkstæði í byggðarlaginu fyrir norðan vantaði verkefni, en fékk ekki að smíða þessa glugga, þótt fyrir lægju upplýsingar um að tilboðsaðilinn syðra, sem átti að smíða gluggana, ætlaði að smíða þá fyrir mun hærra verð en heimamenn gátu smíðað þá fyrir, og þá var eftir að bæta ofan á flutningskostnaði og svo náttúrlega 20% söluskattinum ofan á flutningskostnaðinn.

Ég er alveg efalaus um að þörf er á því, að Alþ. kjósi stjórn Innkaupastofnunar ríkisins með svipuðum hætti og ráðgert er í þessu frv. Ég tek fyllilega gildar lýsingar hv. flm. Alberts Guðmundssonar á störfum Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar og með hvaða hætti það varð þeirri stofnun til styrktar og ábata, að stofnuninni var sett stjórn. Það liggur í augum uppi, að Alþ. á að kjósa stjórn Innkaupastofnunar ríkisins og heimta með þeim hætti á einfaldan, en kannske ekki með öllu vinsælan hátt, úr höndum embættismanna vald sem Alþ. ber. Alþ. á með þessum hætti að tryggja að þessi undirstofnun, sem nú fjallar um ráðstöfun milljarða af því fé sem Alþ. samþykkir til úthlutunar, hagi notkun þessa fjár með fullkomnu tilliti til vilja Alþ. og það komi þannig að þeim notum sem hv. Alþ. ætlast til.

Ég mun greiða atkv. með þessu lagafrv. óbreyttu.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég sé, að flm. frv. er ekki hér staddur, svo að ég get verið mjög stuttorður. Hann gat um að ég hefði viljað fara þarna einhverja millileið. Það er einhver misskilningur hjá hv. 12. þm.

Reykv. Ég gat um að það hefðu verið aðrir í n., sem hefðu viljað fara millileið, en ég vona að afstaða mín hafi verið alveg skýr. Ég vil ekki halda áfram á þeirri braut að kjósa stjórnir yfir hinum ýmsu stofnunum ríkisins. Ég hef gert ljóslega grein fyrir afstöðu minni í frv. til laga um ríkisendurskoðun, um þá leið sem ég vil fara í þessum efnum. Ég er ekki þeirrar trúar, að það sé eina leiðin, sem fær er til þess að lagfæra eitthvað í einhverri stofnun ef þar fer eitthvað úrskeiðis, að setja henni stjórn. Innkaupastofnunin lýtur stjórn fjmrn. og lýtur stjórn framkvæmdavaldsins og ef því er öllu illa stjórnað, þá er hægt að skipta þar um stjórnendur og er gert, en að fara að skipa hinum ýmsu stofnunum ríkisins nýjar stjórnir er alger breyting á allri uppbyggingu framkvæmdavaldsins. Að Alþ. fari að kjósa stjórn hjá Pósti og síma, Rafmagnsveitum ríkisins, Vita- og hafnamálastofnuninni og hinum ýmsu stofnunum er alger breyting. Það eru ráðh. og rn. sem ráða yfir þessum stofnunum og stjórna þeim. Hins vegar mun það hafa gerst í nokkrum tilfellum, að ráðh. hafi sett ýmsa menn í stjórnir slíkra stofnana sér til aðstoðar. Að mínum dómi er ekki kominn tími til að breyta því. Ef þessum stofnunum er hins vegar ekki nægilega vel stjórnað, þá er kominn tími til að skipta þar um stjórnendur og þá jafnvel ráðh. líka. Ef menn vilja fara þá leið að bæta þessi mál með því að skipta um menn, þá er ekki eina leiðin að kjósa nýjar og nýjar stjórnir og byggja ofan á „apparatið“ og gera það þunglamalegra og losa tengslin sem þarna eru. Það verður til þess, að ekki verða eðlileg tengsl á milli rn. og hinna ýmsu ríkisstofnana, ef þær verða algerlega leystar undan þeim og færðar beint undir stjórnir sem kosnar eru af Alþ., og því miður er það nú svo, að ekki er alger vissa fyrir því, að þessum stofnunum verði mjög vel stjórnað, jafnvel þótt Alþ. kjósi þar ákveðna menn til að stjórna.

Nokkuð hefur verið rætt hér um lög um skipan opinberra framkvæmda, sem ég tel að séu á margan hátt gölluð og þurfi að lagfæra. En það er annað mál. Jafnvel þótt sett verði stjórn yfir Innkaupastofnunina höfum við ekki tryggingu fyrir því, að framkvæmd verði önnur, því að sú stjórn þyrfti væntanlega að fara að lögum og sú stjórn þyrfti að stýra Innkaupastofnuninni í samræmi við þau lög sem henni hafa verið sett. Ég hef því ekki trú á að þar yrði breyting. En til þess að lagfæra það, sem þar hefur verið minnst á, þarf að breyta lögum um skipan opinberra framkvæmda. Ég hygg að slík endurskoðun sé í gangi. Á þeim vettvangi þarf að vinna vel að málum og endurskoða þau lög, því að þau eru á margan hátt misheppnuð að minni skoðun. En ég vil sem sagt leggja á það áherslu, að ég er andvígur því, að þetta frv. verði samþykkt, hvort sem þar er farin einhver millileið eða eftir því, sem hv. flm. hefur lagt til.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að vera langorður um þetta frv., sem hér liggur fyrir, en mér þótti rétt að láta koma skýrar fram en enn hefur orðið í þessum umr., að fjmrh. hefur falið fjvn. að endurskoða lög um skipan opinberra framkvæmda og er það gert í samræmi við þál. sem var samþykkt hér á hinu háa Alþ. Þessi endurskoðun, sem stendur yfir, á nokkuð í land að henni verði lokið, en n. hefur fram að þessum tíma safnað að sér miklum gögnum. Enn er að sjálfsögðu allmikil vinna að vinna úr þeim og ljúka þeirri endurskoðun, sem í gangi er. Ég veit að mönnum skilst það, að orðið hafa nokkrar tafir á þessari endurskoðun, einkum vegna mannaskipta, sem hafa orðið í fjvn., og sjúkleika fyrrv. formanns. En það kemur vonandi einhvern tíma að því, að hægt verði að ljúka þeirri endurskoðun sem ráðgert er að koma á.

Öðrum þræði stóð ég upp til þess að benda á það, að ég hygg að ákvæði í 1. gr. þessa frv. stangist á við ákvæði laga um skipan opinberra framkvæmda, þar sem gert er ráð fyrir því, að stjórn stofnunarinnar taki lokaákvarðanir um ýmislegt, eins og innkaup og framkvæmdir, en það eru einmitt framkvæmdir, sem framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar gerir áætlun um og leggur fyrir samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sem er skipuð þremur mönnum: hagsýslustjóra, sem er formaður nefndarinnar, formanni fjvn. og forstjóra framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Eftir þeirri venju, sem skapast hefur í vinnubrögðum í sambandi við opinberar framkvæmdir, hefur samstarfsnefndin tekið lokaákvarðanir um framkvæmdir. Ég held að það þyrfti þá að athuga enn betur, hvort þetta stangast ekki á. Það var ekki annað erindi mitt hingað upp í ræðustólinn.

Ég verð að segja það, að ég er ekki sannfærður um það fyrirfram, að sú skipan mála, sem hér er lagt til, að Alþ. kjósi sérstaka stjórn fyrir þessa stofnun, leiði til neinnar sérstakrar farsældar í starfi stofnunarinnar. Ég hallast miklu fremur að því, að ekki sé rétt að Alþ. sé ofan í hverju máli og hverri stofnun sem ríkið hefur með höndum. Ég mun þess vegna ekki, af þessum tveimur ástæðum sem ég hef hér bent á, greiða þessu frv. atkv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta frv. lýsti ég yfir fylgi við það. Ég taldi að þarna væri farið inn á braut sem ég gæti hæglega sætt mig við. Ég gerði það kannske fyrst og fremst að fenginni reynslu af þessari annars ágætu stofnun, sem e.t.v. hæfir ekki á þingi nú, að vera að tala mikið um því enginn er til andsvara fyrir hana beinlínis. Ég skal hins vegar viðurkenna, að mér hefur ekki dottið í hug að allt yrði í himnalagi hjá þessum aðila frekar en öðrum, þó að þingkjörin stjórn yrði kosin, og skal taka undir það með hv. 5. þm. Austurl., að ekki mun allt lagast við að slík stjórn kæmist á. En hitt fullyrði ég, að hvort sem um er að kenna rangri lagasetningu varðandi skipan opinberra framkvæmda eða einhverju öðru, þá er hér um að ræða stofnun sem vinnur á margan hátt ákaflega einkennilega. Og af þeirri ástæðu einni og að marggefnu tilefni varðandi þessa ágætu stofnun hefði ég talið fljótlegasta og vænlegasta leið til þess að breyta þar einhverju um til bóta að skipa henni einhverja slíka stjórn.

Ég viðurkenni auðvitað manna fúsastur, að lögin um skipan opinberra framkvæmda eru stórgölluð. Ég ætla ekki að fara að rekja framsögu mína fyrir þáltill., sem ég flutti um endurskoðun

á þessari löggjöf, en þáltill. þessi, sem hv. þm. Steinþór Gestsson gat um áðan, var einmitt samþykkt og ég fagnaði því, að þessi endurskoðun væri hafin.

Innkaupastofnunin er áreiðanlega oft í nokkrum vanda gagnvart þessum lögum og þeim ákvæðum sem þar eru, og ég ætla þess vegna alls ekki að fara að kenna stofnuninni alfarið um það sem þar er misgert. Ég verð líka að segja, að oft kemur fyrir að aðilar vilji ráðast í framkvæmdir af fyrirhyggjuleysi og að ekki nægilega athuguðu máli, og áreiðanlega hefur Innkaupastofnun ríkisins oft haft rétt fyrir sér er hún hefur stöðvað aðila sem þannig hefur verið ástatt um. En ég veit einnig um það, að ekki er miklu betra ástandið oft hjá þessari ágætu stofnun, þó að allt virðist vera í lagi og allt sé tilbúið. Ég ætla aðeins á eftir að rekja eitt dæmi í sambandi við þetta. Hv. þm. Steinþór Gestsson nefndi samstarfsnefndina, hún væri oft kölluð saman, en það hefur verið neyðarúrræði sumra aðila til þess að koma einhverjum tökum á Innkaupastofnunina að fá þessa samstarfsnefnd saman til að fjalla um mál sem hafa dregist úr hömlu. Þessi samstarfsnefnd er áreiðanlega ekki kölluð saman í hverju slíku vandatilfelli. Ég veit ekki hvernig þessu máli er háttað, en oft virðist mér að þessir ágætu aðilar, sem þarna eiga að vera einhvers konar yfirstjórn, hagsýslustjóri, forstjóri Innkaupastofnunarinnar og síðast en ekki síst formaður fjvn. á hverjum tíma, kæmu seint saman og flýttu sér hægt í þessum efnum og það væri fyrst og fremst stofnuninni sjálfri um að kenna. Hún reyndi í lengstu lög að vera með alla þræði í eigin höndum þar inn frá, en þyrfti sem allra minnst til samstarfsnefndarinnar að leita.

Ég ætla ekki að fara að rekja dæmi, sem hv. 5. þm. Austurl. þekkir jafnvel og ég af viðskiptum okkar í sambandi við ákveðna framkvæmd austur á landi. En það væri svo sem nógu fróðlegt að rifja það upp, að þegar búið var að samþykkja ákveðna fjárveitingu á Alþ. til ákveðinnar framkvæmdar urðum við, þeir alþm. sem höfðum að þessu staðið, eiginlega að krjúpa á kné fyrir framan þessa góðu aðila til þess að biðja þá nú um að leyfa okkur að gera þetta. Og þegar auðmýkt okkar var orðin nógu mikil, þá sögðu þeir já. Þannig leit ég á málið a.m.k., því að á meðan við rákum á eftir því af miklum krafti og öflugheitum, þá gekk hvorki né rak.

En annað dæmi ætlaði ég að rekja hér, sem ég varð var við á s. l. sumri og mér þótti vægast sagt átakanlegt. Við ætluðum að fara að reisa okkur heimili fyrir broskahefta austur á landi. Það var ekkert að vanbúnaði að hefja byggingu þessa húss, viðurkennt af öllum í þessari ágætu stofnun, að okkur væri ekkert að vanbúnaði að hefja byggingúna hvað allan undirbúning snerti og hvað fjárveitingu þess árs snerti einnig, hún væri einnig fullnægjandi. En, sögðu þeir, þið megið ekki bjóða út fyrr en þið hafið tryggingu fyrir fjárveitingu næsta árs einnig. Það er nú þannig háttað með Styrktarsjóð vangefinna, sem þessir peningar fást úr, að hann er ákveðinn frá ári til árs og þessa yfirlýsingu var auðvitað ómögulegt að fá. Þetta vissu þeir innkaupastofnunarmenn mætavel að var útilokað að fá. Og það var ekki fyrr en við höfðum farið í ráðh., ég vil segja ráðh. eftir ráðh., sem Innkaupastofnunin gaf sig með þetta fáránlega skilyrði, sem hún vissi frá upphafi að var ekki til neins að fara fram á við okkur og breytti auðvitað engu um þann áfanga, sem átti að byggja á s. l. ári, jafnframt því sem hún fékk nægilega góðar yfirlýsingar um það frá hæstv. félmrh., að vissulega mundum við fá allan þann skerf til þessa heimilis sem við þyrftum á þessu ári. Þó væri ekki hægt að segja til um, hver sú upphæð yrði, þá yrði áfanginn á þessu ári að fara eftir því.

Ég ætla ekki að fara að deila meira á þessa stofnun. Það er, eins og ég sagði, óviðkunnanlegt, vegna þess að hér er enginn forsvarsmaður stofnunarinnar sem slíkur. En þarna er nú forstjóraveldið í algleymingi, og ég held að ekki veiti af að setja ofurlítið ofan í við það forstjóraveldi, sem þarna er, og það gæti þingkjörin stjórn, sýnist mér.

Ég veit að svo glöggur maður sem hv. þm. Steinþór Gestsson hefur áreiðanlega rétt fyrir sér, þegar hann segir að þetta muni geta stangast á við lög um skipan opinberra framkvæmda og þess vegna sé vafasamt að samþykkja frv. af þeim ástæðum. En af því að ég hef nú flutt þáltill. um það einmitt, að lög um skipan opinberra framkvæmda verði endurskoðuð og sú endurskoðun er í gangi, þá er ég ekkert hræddur út af fyrir sig við að styðja þetta frv. frekar en ég var í haust. Ég skal sem sagt ekki orðlengja þetta frekar. Ég styð þessa stjórnarskipan þótt ég taki undir það með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að ég treysti ekki á það fullkomlega, að á þessu verði miklu betri stjórn fyrir bragðið. En þetta er tilraun sem ég álít að mjög sé vert að gera. Ég vildi gjarnan mega ganga til fleiri manna en form. fjvn. til þess að reyna að koma málum í gegn sem dvalist hafa óeðlilega hjá þessari stofnun. Ég þykist vita að oft sé farið til form. fjvn. í sambandi við svona framkvæmdir og veit af þeim dæmi — hv. núv. form. fjvn. á áreiðanlega eftir að finna fyrir því, sérstaklega þegar fer að líða að hinum mikla framkvæmdatíma — til þess að reyna að knýja í gegn atriði sem standa þarna föst, svo óskiljanlega föst og á svo óeðlilegan máta að ekki verður við unað.

Hitt tek ég undir og ég er sammála því, að vanda eigi allan undirbúning verka sem allra best, menn eigi þar ekki að flana að neinu og verkefni Innkaupastofnunar ríkisins sé m.a. að sjá um að ekki sé flanað að neinu eða menn fari út í einhverjar óforsjálar framkvæmdir. En þegar allt er í lagi, eins og rakin hafa verið dæmi um, eru tafir hvimleiðar. Ekkert dæmi hefur verið tekið átakanlegra í þingum um það en hæstv. núv. menntmrh. gerði, sem lýsti einu sinni átakanlega dæmi um byggingu eina úti á landi, sem Innkaupastofnunin þvældist fyrir, svo skemmtilega, að alveg er með ólíkindum hvernig þar tókst til. Ég held, að í þessu tilfelli hefði getað verið til bóta, að við alþm. hefðum getað leitað til einhverrar slíkrar stjórnar, sem hefði þó a.m.k. ekki látið slíkan atburð, eins og þar var rakinn, gerast eða a.m.k. verða slíka framhaldssögu sem varð. Ég man ekki, hvort það

var fjögurra eða fimm ára framhaldssaga, sem hæstv. menntmrh. lýsti, áður en loksins var komist að niðurstöðu í þessum málum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Umr. um þetta mál hafa orðið mjög langar og raunverulega farið yfir á annað svið en efni frv. og snúist miklu meira um lög um skipan opinberra framkvæmda sem voru samþ. á Alþ. 30. apríl 1970. Í fjh.- og viðskn. Ed. kom fram, að það gæti verið hljómgrunnur fyrir því, ef flm. vildi fallast á það, að breyting yrði gerð á orðalagi í frvgr. M. a. sagði ég, að hugsanlegt væri að taka fram í erindisbréfi til stjórnarinnar, ef samkomulag næðist um að koma málum svo fyrir í frv., taka skýrt fram í erindisbréfi, hvert hlutverk stjórnin ætti að hafa. En flm. var ekki til umræðu um eitt eða neitt í orðalagsbreytingarátt, og við gátum þess vegna ekki, hinir nefnirnir í n., sem þá vorum viðstaddir, samþykkt framgang málsins eins og það lá fyrir. En flm. frv. kom inn á fleiri atriði og einn nm. einnig, 2. þm. Norðurl. e. Hann fullyrti úr ræðustól, og ég vil fá dæmi, þegar fullyrðingar koma svona fram, að vegna seinagangs þessarar stofnunar og mér skildist jafnvel þvermóðsku hefðu framkvæmdir orðið margsinnis dýrari. Margsinnis þýðir að minum skilningi a. m. k. þrisvar sinnum eða meira. Um þetta verða menn að fá dæmi. Þegar slíkt er fullyrt er ekki nóg að segja það í ræðustól og nefna svo ekkert dæmi.

Ég hef í höndunum skjal frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem ég hef skrifað inn á og móttekið 2. júlí 1976 fyrir hádegi. Efnið er yfirlit yfir hagsýsluverkefni sem unnið var á árinu 1975 og fyrri helmingi ársins 1976. Á bls. 6 er liður 2.6, sem heitir framkvæmdadeild Innkaupastofnunarinnar:

„Forstöðumaður framkvæmdadeildar óskaði í febrúar 1976 eftir aðstoð hagsýslunnar við athugun á skipulagi og rekstri framkvæmdadeildar. Samkv. úttekt var um þrjú meginvandamál að ræða:

1. Lög um skipan opinberra framkvæmda.
2. Eftirlit með framkvæmdum.
3. Skipulag og stjórnun deildarinnar.

Samin hefur verið grg. um lög um skipan opinberra framkvæmda og er hún hugsuð sem bakhjallur vegna frekari athugunar á stofnuninni. Verið er að vinna að því að koma á tölvubókhaldi hjá framkvæmdadeild, þannig að upplýsingastreymi verði skjótt og virkt. Í síðasta lagi verða innra skipulag og stjórnun deildarinnar tekin fyrir í heild sinni, enda þótt sum þeirra atriða komi fyrr fyrir, á fyrri stigum athugunarinnar."

lög um

Þetta eru aths., sem fjárlagastofnunin gefur um lög um skipan opinberra framkvæmda, og er ákveðin athugun í gangi út af ýmsum kvörtunum sem fram hafa komið í sambandi við þessi lög. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa niðurlag 22. gr. í þessum lagabálki, en þar segir svo:

„Nefndin" — þ. e. a. s. samstarfsnefndin — „hefur það hlutverk að leiða saman sjónarmið eignaraðila opinberrar framkvæmdar á undirbúnings- og framkvæmdastigi og rannsaka frumathugun og áætlunargerð, sem er undanfari verklegrar framkvæmdar. Nefndin fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberrar framkvæmdar.

Ef nefndin telur, að óþarfa dráttur sé á afgreiðslu máls, sem sameignaraðili sendir hlutaðeigandi rn., skal hún hlutast til um, að úr sé bætt."

Það vantar ekki lög í landinu. Það vantar framkvæmd á lögunum. Nú kann vel að vera að ný stjórn yfir Innkaupastofnun ríkisins væri miklu betri framkvæmdaaðili en rn. og okkar ágæti og virðulegi fulltrúi úr Ed. Alþ., sem er form. fjvn. Það kann vel að vera. Ég vil engu spá um það. En ég álít ekki að þetta frv., sem hér er til umr. og ég lagði til að yrði fellt í núverandi formi, bæti hér úr. Þess vegna taldi ég of einstrengingslegt að vera ekki til umr. um að breyta orðalagi og fá það fram, að aðalatriðið væri efling þessarar stofnunar til þæginda fyrir bæði ríkisvaldið, sveitarfélögin og hugsanlega einhverja aðra. Þess vegna varð niðurstaðan í n. sú, eins og þskj. bera vitni um og umr. hafa gefið til kynna, að í fjh.- og viðskn. Ed. varð ekki hljómgrunnur fyrir því að styðja frv. eins og það lá fyrir. En mjög athyglisvert er að umr. manna hafa einkum runnið í þann farveg að snúast um önnur lög en sjálfa Innkaupastofnunina. Kann það að ýta á eftir þeirri nauðsyn, sem mér skilst að flestir séu sammála um, að lög um skipan opinberra framkvæmda verði endurskoðuð og nýtt frv. komi um þessar framkvæmdir. Fullyrt hefur verið úr ræðustóli á þingi, að þessi lög hafi reynst mjög illa. Ég skal ekki dæma það ákveðið. Hitt kann að hafa verið stór þáttur í framkvæmd laganna, að fjármagnið lá ekki alltaf á lausu, hvort sem um er að ræða fjármagn frá hendi sveitarfélaga eða ríkisvaldsins. Á meðan maður heyrir ekki nánar um þann þátt, sem fjármagnsskortur hefur átt í framkvæmdunum, þá get ég ekki dæmt um það ákveðið, að lögin sem slík séu óhafandi, en sjálfsagt er að endurskoða þennan lagabálk og leysa úr margvíslegum vandamálum sem koma upp við skipan opinberra framkvæmda.

Við höfum allir heyrt margvíslegar sögur um mikinn drátt á framkvæmdum og menn hafa verið mjög harðir, jafnvel alþm. — utan Alþ. — og ýmsir forsvarsmenn sveitarfélaga, að skella allri skuldinni á svokallaða samstarfsnefnd. Nú höfum við formanninn, eins og ég sagði, í þessari ágætu nefnd hér á meðal vor. Ég veit ekki hvort hann hefur verið mjög aðþrengdur af starfi sínu í þessari nefnd, en ég held að oft sé þægilegt að hafa einhvern sem óánægjunni er beint að, jafnvel þó að hann eigi engan þátt í óánægjunni. Það þarf alltaf að kenna einhverjum um ef eitthvað gengur ekki eðlilega.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég þarf ekki að lengja þessar umr. að neinu ráði, en vegna þeirra ummæla, sem komu fram hjá hv. 7. landsk. þm., langar mig einungis að benda á að lög um skipan opinberra framkvæmda eru sett af hinu háa Alþ., og þau kynni, sem ég hafði af þessari svokölluðu samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, voru fyrst og fremst á þá lund, að nefndin taldi sér skylt að fara eftir lögum. Ég er ekki nógu kunnugur því einstaka atriði, sem

hv. þm. nefndi áðan, til þess að ég geti á nokkurn hátt dæmt um það, en ég er einn af þeim, sem eru þeirrar skoðunar, að þessi lög þurfi endurskoðunar við, og ég vil leyfa mér að harma, að það verk, sem vissulega hefur verið unnið í sambandi við endurskoðun þessara laga, skuli ekki enn þá hafa borið meiri árangur en raun ber vitni. En vegna þess að hér var í umr. verulega deilt á aðila, sem ekki eru hér staddir til þess að svara fyrir sig, þá finnst mér að við þurfum a. m. k. að minnast þess rækilega, að þetta eru lög sem Alþ. hefur sett og á meðan þeim er ekki breytt verður að gera ráð fyrir að reynt sé að fara eftir þeim. Hvort sú framkvæmd hefur ævinlega orðið eins og við hefðum helst kosið er annað mál. Auðvitað hljóta í framkvæmd þessara laga, eins og ég reyndar hygg flestra laga, einhvern tíma að koma fyrir mistök. Það er alveg rétt, að menn hafa ákaflega oft beint spjótum sínum að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Ég hygg að það hafi oft verið gert að meira eða minna leyti á réttum eða eðlilegum forsendum af hálfu þeirra sem vopnunum beittu, en hins vegar hygg ég líka, að þessi nefnd hafi talið sig hafa mjög ákveðnar skyldur við þau lög sem hér um ræðir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa fundið sig knúna til þess að taka þátt í þessum umr. um Innkaupastofnun ríkisins. Ég leyfi mér að túlka það á þann hátt, að þetta sé stofnun sem Alþ. þurfi að beina athygli sinni frekar að og af þeim ástæðum og þeim hvötum sem urðu til þess að ég flutti það frv. sem er til umr.

Ég vil leiðrétta þann misskilning og bið hv. 5. þm. Austurl. afsökunar, ef ég hef misskilið málflutning hans, að hann hafi verið með í huga að fara einhvern milliveg um skipan stjórnar Innkaupastofnunar. Hann vill alls ekki stjórn, hvorki á Innkaupastofnun ríkisins né aðrar stofnanir, og hann tiltók þar tvær stofnanir sérstaklega sem dæmi, Póst og síma og Rafmagnsveitur ríkisins. Ég held að Rafmagnsveitur ríkisins hafi stjórn. (**HÁ:** Hún er ekki kosin af Alþ.) Ekki kosin af Alþ., en Rafmagnsveitur ríkisins hafa stjórn, hvort sem hún er kosin af Alþ. eða ekki. Ég held að það sé alveg rétt ráðstöfun, að Rafmagnsveitur ríkisins hafi stjórn. Ég tel líka, þrátt fyrir að hv. 5. þm. Austurl. er mér ekki sammála, að það væri mjög þörf ráðstöfun að setja góða stjórn á Póst og síma. Ég tel það allt að því nauðsynlegt. Ég er ekki þar með að gefa í skyn að þeir, sem stjórna Pósti og síma nú, séu slæmir menn, en það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að leggja á einstakling, því Póstur og sími er gríðarlega stór og umfangsmikil stofnun.

Talað er um, að þó stjórn komi á Innkaupastofnun ríkisins verði fyrir fram séð að stjórnin á fyrirtækinu mundi ekki batna. Það getur út af fyrir sig verið rétt, en þó er líklegt að hún mundi batna. Ég er aðallega með það í huga, að t. d. mundi stjórn gæta betur að því en nú er gert, að útboðslýsingar á frumstigi yrðu athugaðar eins og gert er í Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar og ég gat um áðan, strika út þar sem ekki væri af einhverjum ástæðum algert hlutleysi í útboðslýsingu og svo aftur stjórna innkaupum stofnunarinnar. Þarna skiptir það milljörðum af almannafé sem fer í gegnum stofnunina. Engum er greiði gerður með því að hlaða svo ábyrgð á einstaklinga eins og þarna á sér stað.

Síðan hafði ég hugsað mér að nákvæmlega það sama gerðist og í Innkaupastofnun Reykjavíkurborgar, að þessi stjórn mundi fylgjast með áfangakostnaði framkvæmda og hefði þá alltaf nokkuð gott yfirlit yfir það, hvort verklegar framkvæmdir væru á einhverju stigi að fara fram úr áætlun. En það er vitað mál, að framkvæmdir á vegum Innkaupastofnunar ríkisins hafa oft farið mjög mikið fram úr áætlun. Það er þetta sem ég hafði helst í huga. Að sjálfsögðu yrðu þeir starfsmenn, sem á vegum stofnunarinnar er falið að hafa eftirlit með þeim framkvæmdum, að gefa skýrslu til stjórnarinnar nokkuð reglulega, eftir því sem framkvæmdum miðar áfram og eftir því sem áföngum er lokið.

Hv. þm. er andvígur stjórn á Innkaupastofnun ríkisins og andvígur stjórnum yfirleitt við þessar stofnanir. Ég virði skoðun hans. Hún er eflaust byggð á reynslu. Ég þykist flytja þetta frv. byggt á þeirri reynslu sem ég hef sjálfur. Aðalatriðið er að við virðum hver annars skoðanir, ef þær eru á rökum reistar.

Hv. 6. þm. Suðurl., Steinþór Gestsson, sagði — ég krotaði það orðrétt — að ekki væri rétt að Alþ. væri ofan í hverri stofnun. Ég álít aftur á móti nauðsynlegt að Alþ. fylgist mjög vel með stofnunum sem fara með eins mikla fjármuni og Innkaupastofnun ríkisins gerir. Þegar fé er farið að skipta milljörðum, þá er hvorki hægt að gera lítið úr stofnuninni með því að tala um ljósaperuinnkaup né heldur að magna upp umfang hennar með því að tala um jarðbora, sem eru kannske keyptir einu sinni á áratug eða svo. Umsögn fjmrn. er því, ef maður les hana vel og hugsar um það, frekar neikvæð fyrir rn. að láta svona fara frá sér, ekki af því sem stendur þarna, heldur því sem maður les á milli línanna. Og ég harma afstöðu 6. þm. Suðurl., því að ég hefði metið jákvæða afstöðu hans mikils. Eins og kom fram áðan, þá er hann einn af þeim þm. d. sem vega mikið í málflutningi.

Á sama tíma þakka ég þeim Stefáni Jónssyni og Helga Seljan fyrir góðar undirtektir þeirra og sérstaklega þau dæmi sem hv. 7. landsk. þm. kom með og eru þekkt. Þarf ekki að gera því skóna, að hér sé verið að fara með eitthvert fleipur sem ekki megi tala um vegna þess að viðkomandi starfsmenn stofnunarinnar séu ekki hér til að verja hendur sínar. Fleiri en einn þm. hafa komið með dæmi um slík vinnubrögð. Það ætti að nægja til þess að sanna að hér er farið með sannleikann, hvort sem viðkomandi starfsmaður stofnana er viðstaddur til þess að mótmæla honum, gefa einhverjar skýringar á honum eða ekki. Það er óþarfa innskot og gert eingöngu til þess að gera lítið úr þeim málflutningi sem á sér stað við þessar umr.

Ég ætla ekki að vitna mikið í ræðu hv. 1. landsk. þm. annað en það, að hann virðist ekki skilja að stjórnunarlegt eftirlit með stofnunum eða fyrirtækjum er enginn leikaraskapur, sérstaklega í stórum fyrirtækjum eins og Innkaupastofnunin er. Og við verðum líka að vera

viss um að slíkar stofnanir séu ekki reknar eins og einkafyrirtæki. Sá er alls ekki tilgangurinn með stofnunum. Þær á að reka á allt annan hátt en einkafyrirtæki og miklu betra eftirlit þarf að vera með þeim og kannske miklu meira stjórnunarlegt eftirlit vegna þess að þær eru ekki fyrirtæki og ekki venjuleg hlutafélög. Það getur vel verið, að lög um opinberar framkvæmdir séu einhver þrándur í götu hér, en ég held ekki.

Það er talað um samstarfsnefnd við Innkaupastofnun ríkisins. Samstarfsnefnd við stjórn Innkaupastofnunarinnar gæti alveg jafnt verið áfram og starfsfólk stofnunarinnar. Hún er bara samstarfsnefnd við Innkaupastofnun ríkisins eins og hún er hverju sinni.

Ég vil leiðrétta þann misskilning hjá hv. 1. landsk. þm., að einstrengingslega hafi verið tekið á móti hugmynd hans um orðalagsbreytingu á till. minni. Það er alls ekki rétt. Hv. þm. bað um að orðalaginu yrði breytt, en það er rétt að ég féllst ekki á það. Aftur á móti bað ég um till. að orðalagsbreytingu, en svarið, sem ég fékk frá hv. þm., var að ég skyldi koma með hana. Það þýðir ekki að hrista höfuðið, form. n. fer þá með rangt mál, því að þetta eru þau orðaskipti sem fram fóru yfir borðið milli hv. 1. landsk. þm. og mín og svo aftur hv. 2. þm. Norðurl. e. Ég sem flm. treysti mér ekki til að finna annað orðalag, sem næði betur því hugtaki og því stjórnunarfyrirkomulagi, sem ég vil koma á, en það sem ég hef sjálfur búið til. En að sjálfsögðu var ég reiðubúinn til þess að athuga hvaða orðalagsbreytingu sem fram hefði komið, ef hún hefði ekki brenglað of mikið þann þankagang sem ég hafði hugsað mér að hafa í till. minni. Ég vil því leiðrétta það, að þarna hafi verið um einhverja einstrengingslega skoðun að ræða á hugmyndum sem hann hafi komið fram með. Ég veit ekki, hvort hv. þm. tekur þessa till. alvarlega, því að mér skildist helst á ræðu hans í lokin, að eiginlega þyrfti að ráða saklausan mann til stofnunarinnar til að taka á sig ásakanir og ádeilur á stofnunina. Það finnst mér þó að ætti að vera undirstrikun þess, að hann veit þá sjálfur, hv. þm., að það eru uppi ásakanir og ádeilur á stofnunina. Það þýðir þá um leið, að hann hlýtur að vera sammála mér um að stjórnunarlegra breytinga er þörf. Þá er ég sammála.

Umr. frestað.

Neðri deild, 77. fundur.

Mánudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13 apríl 1978.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjaneskjördæmi Karl G. Sigurbergsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Gils Guðmundsson,
3. þm. Reykn.

Til forseta neðri deildar."

Karl Sigurbergsson hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa í deildinni.

Mér hefur borist annað bréf:

„Reykjavík, 14. apríl 1978.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sverrir Bergmann læknir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þórarinn Þórarinsson,
4. þm. Reykv."

Sverrir Bergmann hefur einnig setið áður á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hann velkominn til starfa í deildinni.

Og enn hefur mér borist bréf:

„Reykjavík, 14. apríl 1978.

Samkv. beiðni Eyjólfs K. Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður hans, Ólafur Óskarsson bóndi, á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst.
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Þá hefur mér borist svo hljóðandi skeyti frá Sauðárkróki:

„Forseti neðri deildar,
Alþingi,
Reykjavík.

Ég undirrituð get ekki vegna anna tekið sæti Eyjólfs K. Jónssonar á Alþingi.

Sigríður Guðvarðardóttir
Smáragrund 4
Sauðárkróki."

Undirskrift staðfestir Margrét Halldórsdóttir talsímavörður.

Ólafur Óskarsson hefur áður setið á þingi á kjörtímabilinu og ég býð hann velkominn til starfa í deildinni.

Söluskattur, frv. (þskj. 79, n. 506 og 521). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 521 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 19:8 atkv.

Viðskiptabankar, frv. (þskj. 306). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Dómvextir, frv. (þskj. 502). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 458). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Virðulegi forseti. Fyrir tveimur árum voru gerðar allviðtækar breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Mér ásamt fleiri þm. lék þá hugur á að koma fram þeirri breytingu, sem nú er gerð till. um í þessu frv. Það tókst þá ekki, en nú er þess enn freistað að fá inn í lögin þessa breytingu í trausti þess, að fyrir hendi sé á Alþ. nú aukinn skilningur á nauðsyn breyttrar stefnu á ýmsum sviðum landbúnaðarmála, m. a. því sem hér er um að ræða.

Sú breyting frá gildandi lögum, sem þetta frv. á þskj. 458 felur í sér, miðar að auknu jafnvægi milli mjólkurframleiðslu á hinum ýmsu landbúnaðarsvæðum annars vegar og markaðsþarfa hins vegar. Í gildandi lögum, 30. gr. framleiðsluráðslaganna, er heimild til að styrkja kostnaðarsama mjólkurflutninga milli sölusvæða. Í þessu frv. er lagt til að sú heimild nái jafnframt til að örva mjólkurframleiðslu með sérstökum verðbótum á mjólk á þeim svæðum sem í dag fullnægja ekki þörfum aðliggjandi markaðssvæða, en hafa þó möguleika til aukinnar mjólkurframleiðslu.

Árlega greiðir Framleiðsluráð upphæðir er nema tugum millj. í flutningsgjöld á mjólk milli landshluta. Þessir flutningar fara fram fugleiðis að stórum hluta og nemur þá flutningsgjaldið 40—50 kr. á hvern mjólkurlítra. Óhagkvæmni þessa fyrirkomulags liggur í augum uppi og auðvelt er að færa fyrir því gild rök, að stefna beri að því, að hver landshluti verði eftir því sem unnt er sjálfum sér nógur að því er varðar framleiðslu þessarar mikilvægu neysluvöru. Fjárfúlgum þeim, sem nú er varið til þessara ránýru flutninga, væri ólíkt betur varið til að ná því framtíðarmarkmiði, m. a. með þeirri aðferð sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en til þess skortir lagaheimild nú. Mjólkurframleiðslunni þarf að jafna meira um landið frá því sem nú er. Stóru kúabúin sunnanlands og norðan gætu gjarnan snúið sér að framleiðslu nautakjöts í auknum mæli jafnframt því sem reynt væri að auka mjólkurframleiðslu á þeim svæðum sem búa *við mjólkurskort. Ég hygg að sá landshluti, sem* þarna kemur fyrst og fremst við sögu, sé Vestfirðir og aðrir strjálbýlir landshlutar, en norðanverðir Vestfirðir hygg ég að séu það landssvæði sem þarna er helst um að ræða.

Í umr. hér í Nd. á dögunum var Inndjúpsáætlun gerð að umtali í umr. um landbúnaðarmál. Mér heyrðist á hv. þm. Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni, að hann teldi þar mikil mistök hafa orðið að því leyti, að áætlunin hefði fyrst og fremst beinst að sauðfjárbúskap fremur en mjólkurframleiðslu. Fleiri hafa orðið til að gagnrýna þetta, að nokkru leyti með réttu, en ég ætla ekki að fara út í það frekar hér. Á þessu eru til eðlilegar skýringar, og vist er um það, að enda þótt Inndjúpið sé betur fallið til sauðfjárbúskapar, þá hafa Djúpbændur í auknum mæli farið út í mjólkurframleiðslu og mjólkuraukning hjá Mjólkursamlagi Ísfirðinga hefur aukist um 15% á einu ári, sem er meira en helmingi meira en meðalaukning yfir landið. Ég tel að þessi viðleitni til að örva mjólkurframleiðslu á slíkum svæðum sé hin rétta stefna og við hljótum að gera það heimilt að lögum.

Í umr. um landbúnaðarmál að undanförnu, þ. á m. á fjölmennum bændafundum víða um land, hafa komið fram ákveðnar ábendingar og kröfur um að tekin verði upp markviss stjórnun og skipulagning á framleiðslumálum landbúnaðarins er tryggi í senn aukna hagkvæmni í búrekstri og jafnvægi í markaðsmálum. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að hin stóru tæknivæddu bú, sem útheimta feikimikla fjárfestingu og launakostnað, skila töluvert minni hagnaði tiltölulega en meðalstóru búin, sem eru viðráðanlegri í stofnun og rekstri. Hagkvæmasta bústærðin er nú talin vera 350—400 ærgildi eða 25—30 kúa bú, og erlendis frá heyrum við fregnir í þá átt, að horfið sé í vaxandi mæli aftur til fjölskyldubúskapar. Þetta á jafnvel við um Bandaríki Norður-Ameríku, þar sem hlutirnir eru þó allajafna stórir í sniðum.

Það er staðreynd, að hinn aukni fjármagnskostnaður og aukin vinnulaun á stórbúum hirða tekjurnar af aukinni framleiðslu. Það er sem sagt margt sem bendir til þess, að ráðlegt sé og heillavænlegt okkar þjóðarbúskap, að við stefnum að auknu jafnvægi í þessum málum. Og mér sýnist rétt og eðlileg sú hugmynd, sem komið hefur fram innan íslenskra bændasamtaka í umræðum um verðlagsmál landbúnaðarins, að greitt verði fullt verð fyrir afurðir upp að vissu marki, en lægra verð fyrir umframframleiðslu. Slík ráðstöfun mundi vafalaust gera sitt til að draga nokkuð úr greiðslu útflutningsuppbóta á landbúnaðarafurðir, sem er vissulega eitt af okkar vandræðamálum í dag. Það virðist einnig eðlilegt og réttmætt, að engar útflutningsbæur væru greiddar á framleiðslu áhugamanna er stunda búskap sem tómstundastarf, en talið er að slík búvöruframleiðsla nemi nú allt að 8% af heildarframleiðslunni. Við erum hreinlega neydd til að grípa til einhverra ráða til bóta á því skipulagi eða öllu réttara skipulagsleysi sem ríkt hefur hingað til í þessum málum til skaða fyrir þjóðarheildina.

Byggð á Íslandi er víðast hvar þannig háttað, að helstu þéttbýlissvæðin eru útvegsbæir og þorp við ströndina, en landbúnaðarsvæðin, misjafnlega þéttbýl og gróskumikil, inn til fjarða og dala. Það hlýtur að vera affarasælast, að byggðirnar til sjávar og sveita þróist samhliða og uppfylli hvor annarra þarfir. Í því er hið raunverulega byggðajafnvægi fólgið. Það er því mikilvægt að nýta af skynsemi og framsýni þá landkosti sem fyrir hendi eru á hverjum stað, enda þótt það kosti misjafnlega mikla fyrirhöfn. Í ýmsum nágrannalöndum okkar, m. a. í Noregi, eru styrkir og lán til landbúnaðar mismunandi eftir landssvæðum. T. d. eru ræktunarlán í Norður-Noregi 50% hærri en annars staðar í landinu. Verð-

bótum á landbúnaðarafurðir er þar einnig beitt til að jafna aðstöðumun og örva framleiðslu, hliðstætt því sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Það er oft og réttilega á það minnt í umr. um íslensk efnahagsmál, hve mikilvægt það er að gætt sé fyllstu aðgæslu við úthlutun fjármagns til atvinnulífs landsmanna. Ekki vil ég gera lítið úr þessu sjónarmiði, en minni jafnframt á, að öll okkar þjóðlífsgerð er með þeim hætti, í senn sérstæð og viðkvæm vegna fámennis okkar í stóru og erfiðu landi, að við hljótum að gæta þess vel og jafnvel að kosta nokkru til þess, að ýmis félagsleg og menningarleg verðmæti fari ekki forgörðum í hringiðu sviptikenndra þjóðfélagsbreytinga. Við tölum gjarnan enn í dag með nokkru stolti um okkar fornu bændamenningu, sem sprottin var úr jarðvegi íslenskra sveita. Að þeirri menningararfleifð búum við enn og það er skylda okkar að sýna henni þá ræktarsemi, sem hún á skilið, og búa þannig að íslenskri bændastétt, að hún fái haldið reisn sinni. Það er óhjákvæmilegt, að í verðlags- og lánamálum landbúnaðarins sé tekið aukið tillit frá því sem nú er til ólíkra aðstæðna, bæði að því er snertir landshætti og markaðsþarfir.

Það, sem farið er fram á í þessu frv., virðist e. t. v. fljótt á litið ekki mjög stórvægilegt. Samt sem áður markar það ákveðna stefnu, sem ég hef lengi talið æskilegt og rökrétt að við gæfum meiri gaum en hingað til — stefnu sem tryggi betur en nú er nauðsynlegt jafnvægi og traustari tengsl milli okkar höfuðatvinnuvega til lands og sjávar. Ég hef hér að framan reynt að færa fram nokkur rök fyrir þeirri skoðun minni, og ég vona að hv. landbn., sem ég fel málið hér með til umfjöllunar, geti fallist á að hér sé bent á rétta leið. Mér skilst að lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins séu enn í heildarendurskoðun. Fari svo, að þetta frv. mitt nái ekki fram að ganga nú á þessu þingi, m. a. vegna þess hve stutt er til þingloka, þá gæti sú hugmynd, sem í því felst, komið til athugunar og vonandi í lög við þá endurskoðun.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. landbn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Virðulegi forseti. Það eru örfá orð sem ég vildi segja í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi það, að þau atriði, sem hér eru til meðferðar, voru í frv. því um breytingar á framleiðsluráðslögunum, sem lagt var fram á hv. Alþingi 1972. Í öðru lagi vil ég segja það, að eins og hv. flm. tók fram er nú unnið að endurskoðun framleiðsluráðslaga og á þessum vetri hefur því verki skilað verulega áfram. M. a. fóru fulltrúar úr nefndinni til Norðurlanda nú um þessa helgi til að kynna sér þessi mál á Norðurlöndunum. Ég geri mér því vonir um að kannske náist samkomulag um þessa heildarendurskoðun á framleiðsluráðslögunum, sem brýna nauðsyn ber til að gera. Með tilliti til þess er það ósk mín, að ekki verði gerðar á lögunum neinar breytingar á þessu þingi, enda tel ég það ekki framkvæmanlegt tímans vegna, en þó einnig vegna þess að ég hef sjálfur beitt mér gegn því, þar sem ég hef komið því við, að það væri gert vegna þessarar heildarendurskoðunar, því að öll frávik eða smáatriði í þeirri breytingu á lögunum gætu haft áhrif í sambandi við það mál. Hins vegar tel ég mig mega fullyrða, að þetta verður eitt af þeim atriðum, sem kæmu inn í nýtt frv. að framleiðsluráðslögum þegar það sér dagsins ljós, sem ég vona að geti orðið í byrjun næsta þings, ef þessi nefnd ber gæfu til þess að ná saman. Í viðræðum, sem ég átti við nm. nú fyrir stuttu, fullyrtu þeir allir við mig, að það væri þeirra einlægi vilji að vinna að þessum málum eins vel og rækilega og þeir gætu með það fyrir augum, að þeir freistuðu þess að ná samkomulagi. Með tilliti til þessa er ósk mín fram borin um að engar breytingar verði gerðar á lögunum á þessu þingi, því að ég vænti þess, sem ég hef nú þegar lýst.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Ég fagna því út af fyrir sig, að þessu máli skuli hafa verið hreyft af hv. flm. Það hefur mjög komið fram á undanförnum mánuðum, að landbúnaðarstefnan hefur verið gagnrýnd þannig, að rekin væri röng landbúnaðarstefna í landinu. Ég vil í því sambandi fyrst og fremst benda á, að þeir, sem hafa farið með málefni landbúnaðarins, hafa haft takmarkaða möguleika til þess að móta landbúnaðarstefnu vegna þess að þá hefur skort lagaheimildir frá Alþ. Ég vil líka fagna þeirri yfirlýsingu, sem kom frá hæstv. ráðh. áðan, og mér finnst ástæða til þess að minna á, að í frv. 1972 var gert ráð fyrir slíkum ákvæðum. Má spyrja um það líka eða velta því fyrir sér, hvernig á því stóð, að þau ákvæði eða það frv. náði þá ekki fram að ganga. Þegar framleiðsluráðslögin voru til endurskoðunar og samþykkt á þeim breyting, ég hygg vorið 1975, þá lagði ég mikla áherslu á það fyrir mitt leyti í þann tíð, að slíkar stjórnunarlegar heimildir kæmu þá inn í lögin fyrir Framleiðsluráð og Stéttarsamband bænda úr að vinna. Þá voru aðrir flokkar við völd en 1972, en eigi að síður náðist ekki samkomulag um þessi atriði þá. Ég vil minna á þessi atriði tvö, vegna þess að ég tel mjög þýðingarmikið varðandi alla stjórnun að slík aukin heimild fáist inn í lögin.

Landbúnaðarmálin hafa verið viðkvæm mál fyrr en nú, þó staðan sé nokkuð önnur nú en stundum áður, þegar tekist hefur verið á um vissa þætti og þá fyrst og fremst innan bændastéttarinnar sjálfrar, tekist á um verðhlutfall milli sauðfjárafurða annars vegar og afurða nautpenings eða mjólkurframleiðslunnar hins vegar. Þess hefur stundum gætt, að orðið hafa miklar sveiflur í einstökum búgreinum. Á tilteknu tímabili hafa sauðfjárafurðir verið allt of miklar og skortur á mjólk. Síðan hefur myndast smjörfjall, en skortur á kjöti og þurft að slátra snemma hausts eða svokallaða sumarslátrun. Á síðari árum hefur tekist betur til að mínu mati um þetta hlutfall og kemur það fram nú í því, að raunar í báðum búgreinum er of mikil framleiðsla miðað við innanlandsþarfir.

En það er fleira, sem kann að vera ágreiningsmál, en þetta hlutfall eitt. Það kann líka að vera ágreiningsmál, hvernig að framleiðslunni er búið í hinum einstöku landshlutum. Ég hef oft og tíðum bent á það, að á sama tíma og löggjafinn gerir ráð fyrir sama verði um land allt, þá eru engin ákvæði til í þá átt, að líka sé gert ráð fyrir

því, að aðstaða sé svipuð, að bændur kaupi sínar framleiðsluvörur á svipuðu verði. Það nær að vísu til áburðarins, sem er nokkurn veginn á sama verði um land allt. Það nær til fleiri þátta, en það nær t. d. ekki á nokkurn hátt til fóðurbætis, sem er einn stærsti kostnaðarliðurinn í búrekstrinum, sem og til mjög misjafnrar aðstöðu vegna flutninga.

Þessar umr. hafa m. a. farið fram í ljósi þess, að á norðanverðum Vestfjörðum, á Ísafjarðarsvæðinu, *hefur oft verið skortur á mjólk og* fengist hefur heimild til þess að greiða flutningskostnað á milli sölusvæða og verið sagt, að það væri eins gott að gera það eins og að auka framleiðsluna á viðkomandi stað. Nokkur reynsla hefur fengist af þessu undanfarin ár. Og hver er sú reynsla? Hún er sú, að mjög oft að vetrinum er alvarlegur skortur ekki aðeins á nýmjólk, heldur á vinnsluvörunum sjálfum, svo sem skyri, mjólk, súrmjólk og öðru slíku á þessum stöðum. Reynslan er sú, að við búum við það veðurfar, að það tekst ekki að tryggja íbúum í þessum þorpum nýjar neysluvörur á þessu sviði. Þess vegna tel ég, að það sé ekki áhorfsmál, að við eigum að veita Framleiðsluráði og samtökum bænda rétt eða a. m. k. möguleika til þess að gera svipaðar ráðstafanir og t. d. í Noregi, þar sem ákveðið er misjafnt verð eftir landshlutum, hvort tveggja að þarna sé heimild til hækkaðs verðs sem og að heimild sé til þess að jafna aðstöðu. Ég tek þess vegna heils hugar undir þá hugmynd sem þarna er sett fram. Ég fagna enn fremur því, sem ráðh. sagði áðan, og vil endurtaka og leggja áherslu á það, að ég vænti þess, að þegar þeirri endurskoðun lýkur, sem nú stendur yfir, þá verði hægt að tryggja þessum hugmyndum framgang þegar lögunum verður breytt.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. og hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni fyrir undirtektir þeirra. Eins og kom fram í framsöguræðu minni, þá var mér kunnugt um að framleiðsluráðslögin væru í endurskoðun, þó ekki nógu örugglega kunnugt um það til þess að ég léti það aftra mér frá að hreyfa þessari hugmynd nú. En fram kom hjá hæstv. ráðh., að nýs lagafrv. væri að vænta á næsta hausti, og ég hygg að með því að hreyfa málinu nú þegar á þessu þingi mætti tryggja enn betur að þessi hugmynd um verðbætur á mjólk í landshlutum, þar sem er mjólkurskortur, kæmist inn í lögin.

Mér er kunnugt um, að framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins er mjög hlynntur þessari hugmynd og það hefur verið honum til baga, beinlínis til baga í starfi hans að hafa ekki heimild til þess að veita þær verðuppbætur sem hér er talað um.

Það kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf., sem ég veit fullvel um og þeir sem kunnugir eru fyrir vestan, að þar er mikill mjólkurskortur alveg árviss, sérstaklega á vissum tímum ársins. Mér dettur í hug í því sambandi nokkuð sláandi saga frá höfuðstað Vestfjarða, Ísafirði, en þá stóð til að fresta yrði fermingu vegna þess að ekki var rjómadropi til í bænum. Framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs í Reykjavík brá við vel og drengilega og sendi flugvél með rjóma vestur, svo að þarna leystist úr stórum vanda fyrir þær fjölskyldur sem áttu hlut að máli. En svona er þetta oft og tíðum um stórhátíðir og þegar verst gegnir, þá er kannske ekki til dropi af rjóma eða spónn af skyri vegna þess að treysta þarf á aðfluttar vörur í þessu tilliti. Og það liggur auðvitað í augum uppi, það mæla öll rök með því, að þarna verði stefnt að því, að aðliggjandi landbúnaðarhéruð geti séð þéttbýlissvæðunum, — þá hef ég sérstaklega í huga Ísafjörð og Bolungarvík, sem *mynda mesta þéttbýlissvæði* Vestfjarða, — að aðliggjandi landbúnaðarsvæði geti séð þeim fyrir þessum nauðþurftum. Ég geri ráð fyrir að þessar aðstæður séu víðar fyrir hendi á landinu, en ég hygg að þó muni hvergi jafnbrýnt að bæta um og í þessum landshluta.

Ég vil taka það fram, að einmitt þegar verið var að endurskoða framleiðsluráðslögin fyrir 2 til 3 árum, þá minnist ég þess, að hv. 4. þm. Vestf., Gunnlaugur Finnsson, gerði hvað hann gat, vissi ég, ásamt mér og fleirum til að fá þessa breytingu fram, en tókst ekki. En ég vona að við getum leyft okkur að vera bjartsýn í þessum efnum nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Fiskveiðar í landhelgi, frv. (þskj. 575). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Búnaðarfræðsla, frv. (þskj. 367). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 573, 574). — 3. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Við 2. umr. um þetta mál tók hv. iðnn. til baka brtt. sína við 3. gr. og flytur nú við 3. umr. þessa brtt. örlítið breytta samkv. ábendingum sem komu fram við 2. umr. Það er skýrt kveðið á um í þessari brtt., að fullvinnslugjald, sem þar er um rætt, skuli ná til frystra þorskhrogna einvörðungu, og er þá skýrt, að ekki er um að ræða að þetta gjald leggist á loðnuhrogn. N. flytur þessa brtt. öll.

ATKVGR.

Brtt. 574 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Varnir gegn kynsjúkdómum, frv. (þskj. 463 (sbr. 338). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 598).

Þroskaþjálfar, frv. (þskj. 464 (sbr. 410)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 599).

Seðlabanki Íslands, frv. (þskj. 465). — Frh. 1. umr.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Ég tel mjög eðlilegt að frv. eins og hér liggur fyrir sé flutt hér á Alþ. og einnig að um það verði nokkrar umr., sérstaklega miðað við þá þróun sem orðið hefur í vaxtamálum að undanförnu undir handleiðslu Seðlabanka Íslands. Formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, hv. 4. þm. Reykn., fullyrti við umr., þegar þetta frv. var síðast rætt, að Seðlabankinn tæki aldrei svona ákvarðanir um vexti, eins og ég tel að hann hafi gert að undanförnu, án beins samráðs við ríkisstj. á hverjum tíma. Ég vil benda hv. formanni bankaráðs á að kynna sér umr. sem urðu á sumarþinginu 1974, þegar til umr. var frv. til laga um viðnám gegn verðbólgu. Þá komu þessi mál mjög til umræðu. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, að sú vaxtastefna, sem nú ríkir, er einvörðungu og einhliða tekin af stjórn Seðlabanka Íslands. Ég benti á það við þessar umr., að ég óttaðist mjög að sú vaxtabreyting og vaxtahækkun, sem gerð var um miðjan júlí 1974, mundi leiða til þess, að vextir á atvinnuvegina mundu vera orðnir mjög þungbærir þegar fram í sækti ef þeirri stefnu, sem þá var mörkuð, yrði framfylgt. Því miður hef ég orðið sannspár og kannske allt of sannspár um þetta efni, því að ég tel að þeir vextir, sem nú gilda hjá atvinnuvegunum og þá ekki síður hjá aðalútflutningsatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, séu á þá lund, að þannig verði ekki áfram haldið. Vextir eru nú, hinir almennustu vextir sem hjá mörgum fyrirtækjum eru yfirdráttarvextir af bankareikningum, komnir um og yfir 30%. Stofnvextirnir munu vera ákveðnir 25% af Seðlabanka, en þeir eru reiknaðir út í bankakerfinu miðað við hæsta flokk, eins og hann er í hverjum mánuði, og mun það yfirleitt vera um eða yfir 30%, sem sjávarútvegurinn og aðrir, sem á yfirdrætti þurfa að halda í bankakerfinu, verða að greiða fyrir það fjármagn. Ég held að það fari ekkert á milli mála, að slík vaxtabyrði hlýtur að kalla óhjákvæmilega á aukna verðbólgu vegna kannske nauðsynlegra gengisbreytinga, sem orðið hefur að gera, og einnig vegna þess að allur tilkostnaður við atvinnureksturinn er orðinn það hár, að með slíkri vaxtabyrði hlýtur það að auka mjög á verðbólguna. Ég held að um það þurfi ekki að deila og það fari ekkert á milli mála, að slíkir vextir hjá atvinnuvegunum hljóta að verka á þessa lund. Er þá sannarlega ekki náð þeim tilgangi, sem formaður bankaráðs var að ræða um þegar þetta frv. var síðast til umr., að höfuðnauðsyn væri að lækka verðbólguna. Ég tel að ákvörðun Seðlabankans í sambandi við vexti til atvinnuveganna verki alveg í þveröfuga átt og verki mjög til þess að auka á verðbólguhraðann. Nú eru allir sammála um að eðlilegt sé, miðað við þá verðbólgu sem hér hefur verið og enn þá ríkir hér, að tryggja sparifjáreigendum eftir einhverri leið sparifé þeirra. En stefnan í vaxtamálum er að mínum dómi, eins og ég hef sagt áður, langt frá því að gera það og verkar í alveg öfuga átt.

Hv. 4. þm. Reykn. spurði, sem verður að telja eðlilegt, hvaða hugmyndir þm. hefðu þá um aðrar leiðir í sambandi við að tryggja sparifé almennings, ef það væri ekki gert með því að hækka vaxtina. Ég vil benda formanni bankaráðs á lög nr. 78 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þar er heimild til handa Seðlabankanum að verðtryggja fjárskuldbindingar, vissa flokka fjálskuldbindinga, sem þá gætu komið sparifjáreigendum til góða í auknu verðgildi þess fjár sem inni stendur í sparisjóðum og bankakerfinu á hverjum tíma. Ég er sannfærður um, ef þessi leið hefði verið farin 1974 þegar vextirnir voru hækkaðir meira en áður hafði þekkst, að vera mundi allt annað og betra ástand hjá atvinnuvegunum en nú er í sambandi við vaxtamálin. Ég tel að vextir til atvinnuveganna þurfi að vera eitthvað í samræmi við það sem þeir eru hjá öðrum viðskiptaþjóðum okkar og þeim aðilum sem við erum í samkeppni við, t. d. með útflutning sjávarafurða, og það hljóti að vera nær því að ná því marki að tryggja sparifé þeirra, sem það eiga í bankakerfinu, eftir annarri leið en vaxtahækkun, því að ekkert þarf að vera um það að ræða, að þegar verðbólgan er 30—40% er útilokað að setja vextina þannig á sparifé að sparifjáreigendur hafi tryggingu fyrir því, að sparifé þeirra rýrni ekki. Það hlýtur að verða að gerast eftir einhverjum öðrum leiðum, og í lögunum er heimild, eins og ég hef bent á, til þess að fara aðra leið. Á ég þar við að verðtryggja vissan hluta útlána, eins og lögin gera ráð fyrir að heimilt sé að gera, og mæta þannig rýrnun á því sparifé sem í bankakerfinu er.

Það er svo komið núna, eftir þeim upplýsingum sem ég hef og tel vera örugglega réttar, að frystiiðnaðurinn, ef maður tekur hann fyrir sérstaklega, greiddi á árinu 1977 frá 7.15% til 11% af framleiðsluverðmæti sínu í vexti. Í áætlun Þjóðhagsstofnunar í byrjun ársins 1977 var gengið út frá að vextir mundu það ár verða 3.98% af framleiðsluverðmæti, en reynslan varð sú, að þeir urðu frá 7.15% upp í 11%, og hafa þeir þó hækkað verulega síðan. Var mér tjáð af þeim aðila, sem ég fékk þessar upplýsingar hjá, að þetta mundi þó vera heldur í lægri skalanum af því sem almennt væri, a. m. k. hér á Suður- og Suðvesturlandi. Ef svo fer sem allt virðist benda til, að vextir hjá frystiiðnaðinum verði kannske allt upp í 10—15—16% á árinu 1978, þá held ég að ekki þurfi langar umr. um það, að gersamlega

útilokað er að frystiiðnaðurinn geti staðið undir slíku. Ég tel því að þarna verði að verða á breyting, kerfisbreyting að því leyti, að fundin verði önnur leið til að mæta rýrnun á verðgildi sparifjár en sú að hækka vextina stöðugt, eins og gert hefur verið undanfarið. Ég held að sú leið hafi gengið sér alveg til húðar og þurfi ekki að reikna með að þannig verði haldið áfram, þegar við nú í dag sjáum fram á kannske milli 30 og 40% verðbólgu.

Bankamál hafa verið nokkuð mikið til umr. að undanförnu í sambandi við það frv. sem hv. 2. þm. Austurl. flutti og hefur verið rætt á nokkrum fundum. Hefur þar að sjálfsögðu verið rædd hugmynd sem áður hefur komið fram, hvort ekki mætti spara í bankakerfinu með því að sameina einhverjar bankastofnanir. Stjórn Seðlabankans hefur látið fjhn. Ed. Alþ. í té álit sitt í sambandi við frv. sem þar liggur og er stjfrv. og hæstv. viðskrh. flutti í sambandi við bankamálin. Ég verð að segja um þá skýrslu sem fjhn. Ed. fékk og síðan var birtur útdráttur úr í einu dagblaðanna í Reykjavík, Tímanum 21. mars, að sumar þær hugmyndir, sem þar koma fram, koma manni ákaflega einkennilega fyrir sjónir og virðast síður en svo stefna í þá átt, að þær séu nokkuð til bóta eða lagfæringar í sambandi við bankakerfið og rekstur bankanna. Það má vel vera að sameining tveggja banka — það hefur aðallega verið rætt um sameiningu Búnaðarbanka og Útvegsbanka — gæti haft einhvern sparnað í för með sér, en ég hygg að þegar til kastanna kemur yrði hann minni en menn gera sér í hugarlund. Það liggur alveg ljóst fyrir, að afgreiðslum mundi sameiginlega ekkert fækka. Viðskiptamönnum mundi ekkert fækka og fyrirgreiðsla til þess hóps viðskiptamanna, sem nú skiptir við þessa banka sitt í hvoru lagi, mundi lítið spara þótt hún færi fram í einum banka, og hvorugur þessara banka er þess umkominn að yfirtaka reksturinn alveg. Báðar stofnanirnar eiga að vera í rekstri, hér í höfuðstaðnum a. m. k., í þeim byggingum sem þær nú eru starfandi í. Vel má vera að hægt væri að sameina útibú þessara tveggja stofnana einhvers staðar um landið, ef í slíka heildarsameiningu væri farið, og gæti það e. t. v. haft einhvern sparnað í för með sér, en þó ekki þannig, að það skipti í sjálfu sér neinu máli.

En ef rætt er um sparnað í bankakerfinu, þá held ég að einnig sé hægt að staldra við þá hugmynd, hvort ekki sé mestur sparnaður í því að leggja Seðlabankann niður í því formi, sem hann er nú í, og fela þau störf, sem honum voru á sínum tíma falin með lögum, Landsbankanum annars vegar að því er vissan þátt í starfi Seðlabankans áhrærir og hins vegar þá e. t. v. Þjóðhagsstofnun eða einhverri annarri stofnun sem nú fer með áætlanagerðir fyrir stjórnvöld. Ég verð að segja, að í 3. gr. laga um Seðlabankann sé ég ekkert það ákvæði um hlutverk hans, sem ekki mætti fela annars vegar Landsbankanum og hins vegar þá Þjóðhagsstofnun og e. t. v. einhverjum fleiri ríkisstofnunum. Ég segi þetta þegar ég tala um sparnað, vegna þess að svo virðist að rekstrarkostnaður Seðlabankans sé kominn það hátt, að það gæti verið um verulegan sparnað í þessu sambandi að ræða ef inn á slíkt yrði farið. Ég vil benda á að samkv. skýrslu Seðlabankans nam rekstrarkostnaður hans 263 millj. árið 1975 og 383 millj. árið 1976 — upplýsingar um reksturinn 1977 eru ekki fyrir hendi — og á sama tíma tók bankinn til sín hagnað til ráðstöfunar, eins og segir í skýrslu hans, sem þessi tvö ár nam tæpum 700 millj. kr. Það vill svo einkennilega til, og samkv. skýrslum Seðlabankans kemur það fram, að eftir að vaxtabreytingin var gerð 1974 verður stökkbreyting í afkomu Seðlabankans. Hann hefur í hagnað til ráðstöfunar 36 millj. 1973, en er kominn upp í 378 millj. 1975, þannig að hagnaður hans hefur á þessum tveimur árum tífaldast. Ég skal ekki um það dæma, hvort þetta er eðlileg þróun mála, en þetta gefur nokkra innsýn í það, að e. t. v. er eðlilegt að ráðamenn Seðlabankans vilji halda sig að þeirri vaxtastefnu, sem nú er, af því að alveg er ljóst af reikningum og skýrslum bankans, að sú stofnun hefur hagnast mjög mikið og þá auðvitað á kostnað þeirra, sem vextina greiða, og greiða þar atvinnuvegirnir sennilega langmest.

Það er annað einnig í sambandi við þá vaxtastefnu, sem nú ríkir hér og Seðlabankinn ber að mínum dómi fyrst og fremst ábyrgð á, því að þetta er hans ákvörðun sem auðvitað hefur mjög mikil áhrif á verðbólguna, en það er vaxtastefnan gagnvart þeim aðilum sem í húsbyggingum standa. Mér er tjáð og það liggur nokkurn veginn ljóst fyrir, að aðili, sem er að kaupa íbúð nú eða byggja íbúð, sé kannske kominn upp í 80—100 þús. kr. vaxtagreiðslur á mánuði. Það fer að nálgast að þær nemi orðið kaupi þeirra sem eignast nýja íbúð eða nýlegar íbúðir og í lægri kauptöxtum eru, bæði innan Alþýðusambandsins og hjá því opinbera. Ég hygg að öllum hljóti að vera ljóst, að þannig er ekki hægt að fara að. Þetta hlýtur að kalla fram óeðlilegar kröfur um kauphækkanir, því að auðvitað vill fólk halda sínu þegar það er búið að komast í það að festa sér íbúð, hvort sem það er með nýbyggingu eða kaupum.

Eins og ég sagði áðan, sýnist mér að hlutverk Seðlabankans sé þess eðlis, að ef í fullri alvöru á að fara að ræða sparnað í bankakerfinu komi sá banki einnig mjög til álita, hvort ekki sé hægt að breyta þar um og fela öðrum það hlutverk, sem hann nú fer með í efnahagsmálunum, og spara þannig stórfé. Samkv. skýrslum bankans og reikningum eru eignir hans umfram skuldbindingar í árslok 1976 orðnar 1267 millj. kr. og hefur þessi eignaaukning orðið langsamlega mest á síðustu 2—3 árum. Þegar skýrslan kemur fyrir árið 1977, þá hygg ég að eignir fari að verða nokkuð yfir 1.5 milljarð. Með tilliti til þess, að þetta hefur auðvitað dregið fé til sín, bæði frá atvinnuvegunum og almenningi, auk þess sem á þessum þremur árum mun rekstrarkostnaður bankans nálgast 1 milljarð, þá held ég hljóti að mega skoða, hvort ekki er þarna breytinga þörf. Og kannske er þetta sú breyting sem mest gæti sparað þegar rætt er um sparnað í bankakerfinu.

Ég vil endurtaka, að ég tel að hér verði að verða stefnubreyting á, við séum að sigla þá leið, sem hljóti að leiða til ófarnaðar ef áfram á að halda þeirri stefnu sem verið hefur hjá Seðlabankanum, að mæta verðbólgunni með

hækkun vaxta, bæði hjá sparifjáreigendum og þeim sem þurfa að fá lánsfé í sambandi við atvinnurekstur eða annað. Og ég sé ekki betur, eins og ég hef sagt, en það sé heimild í gildandi lögum til þess að fara aðrar leiðir, þar sem hægt væri að mæta rýrnun sparifjár með því að yfirfæra það þá frekar á þá, sem fjárfestingarlán fá og óneitanlega hljóta að hagnast á því að taka lán án vísitölubindingar eins og nú er. Jafnvel þó þeir þurfi að borga háa vexti, þá hljóta þeir að hagnast á því miðað við þá verðbólgu sem við höfum búið við og búum við enn í dag, en eðlilegt er að mínum dómi að þeir, sem í þá aðstöðu komast og í þeirri aðstöðu eru, greiði eða verði látnir endurgreiða lán sín að hluta til a. m. k. með vísitölubótum, þannig að þeir standi að sínum hluta undir því sem bæta þarf sparifjáreigendum fyrir sparifé þeirra í bankakerfinu.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Þær umr., sem orðið hafa um þetta frv. til laga gleðja mig að ýmsu leyti. Sérstaklega vil ég leyfa mér að þakka hv. formanni bankaráðs Seðlabankans, hv. þm. Jóni Skaftasyni, fyrir skilmerkilega ræðu sem hann flutti þegar málið var til umr. fyrir nokkrum dögum. Bankaráðsformaður kom að sjálfsögðu skilmerkilega til skila viðhorfi Seðlabankans og þeim röksemdum, sem bera uppi þá vaxtastefnu sem fylgt hefur verið nú um skeið og viðhorfi þeirra manna, sem eiga sparifé, eiga sparisjóðsbók, en standa ekki í atvinnurekstri. Og ég held að það sé ekki að ófyrirsynju, að þessi mál séu krufin til mergjar.

Hv. þm. Jón Skaftason lýsti því í mjög sterkum orðum, að þetta frv. hefði ekki stefnubreytingu í för með sér, vegna þess að allar þær ákvarðanir, sem teknar hefðu verið um vexti undanfarið, hafi raunverulega verið teknar af ríkisstj. Nú stendur fullyrðing gegn fullyrðingu. Hv. þm. vitnaði í sjálfan sig þann tíma, sem hann hefur verið í bankaráði, og trúverðuga menn innan bankans um liðna tíð, áður en hann kom í bankaráðið. En svo vill til að aðrar staðhæfingar eru á lofti í málinu. Ég vil — með leyfi forseta — fá að vitna til ummæla þáv. viðskrh., hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, sem sagði í Þjóðviljanum laugardaginn 13. júní 1974: „Vaxtahækkunin er einhliða ákvörðun Seðlabankans". Þessi vaxtahækkun, sem þá var framkvæmd, var sem sagt gerð með þeim hætti, að þáv. viðskrh., þáv. starfandi viðskrh., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sá sér fært að fría sig ábyrgð á þessari vaxtahækkun. Nú fór ekkert milli mála að hv. þm. var þá hæstv. ráðh. og það var náttúrlega lýðum ljóst, að vel gat svo farið að hann yrði ráðh. áfram. Þá stóðu fyrir dyrum viðræður um áframhaldandi vinstri stjórn í landinu og hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefði að sjálfsögðu komið sterklega til greina sem viðskrh. í þeirri ríkisstj. og einn af burðarásum hennar og máttarstólpi. Annað var ekki vitað á þeim tíma en svo gæti orðið. Að vísu hafði þá hv. þm. ráðstafað tíma sínum við laxveiðar austur á landi fremur en standa í stjórnarmyndunarviðræðum í Reykjavík. Það sló mig afar illa þegar ég frétti um þennan laxveiðitúr, og kann að vera að einhverjir fleiri hafi skilið það þannig, að hann hugsaði sér ekki að verða ráðh. áfram eða bera ábyrgð á stjórn landsins á yfirstandandi kjörtímabili. En þrátt fyrir það var hann þó þessa dagana ráðh. viðskiptamála og yfirmaður banka.

Ég vil taka það fram vegna ummæla í ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar, að mér vitanlega hafa ákvarðanir um vaxtahækkanir ekki verið teknar í þingflokki framsóknarmanna. Það kann að vera að ráðh. komi hér og lýsi sök á hendur sér af þessari vaxtahækkun, en meðan svo er ekki ætla ég að halda mig við fyrri skoðun mína.

Meginatriði þessa frv. er að færa ákvörðunarvaldið um vexti í fyrra horf. Hv. þm. vitnaði til þess, að í útlöndum væru hafðar reglur svipaðar og hér eru, en ég hygg þó, að þjóðfélagsaðstæður í þeim þjóðlöndum, sem hv. þm. vitnaði til, séu að sumu leyti ekki sambærilegar við það sem er hér á Íslandi. Þess vegna er ekki endilega víst, að okkur henti nákvæmlega sama skipulag og þar er tíðkað. Fyrir mér er það meginatriðið, að ríkisstj. á hverjum tíma, hið pólitíska vald standi ábyrgt fyrir þeim ákvörðunum, sem það tekur, og hafi ekki barn til blóra, til að kenna því klækina, eins og mér fannst á hv. þm. Jóni Skaftasyni að bankastjórn Seðlabankans væri höfð, enda viðurkenndi hann það þegar hann var búinn að lýsa því nákvæmlega í ræðu sinni, að ákvarðanir um vaxtahækkanir hafi verið teknar nánast af ríkisstj. Þá segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég held jafnvel að flestar ríkisstj. óski sér þess tæpast að hafa slíkt formlegt vald beint hjá sér, vegna þess að yfirleitt er þetta vald eða meðferð þess ekki þess eðlis, að það auki á vinsældir þeirra er með það fara. Og ég dreg það talsvert í efa, að okkar ágætu ráðh. væri í reynd mikill greiði gerður með samþykkt þessa frv."

Það getur vel verið, að þetta standist allt saman. En nú skilja leiðir okkar hv. þm. Jóns Skaftasonar, vegna þess að ég held að ríkisstj. verði, hvort sem ráðh. er greiði gerður með því eða ekki, að standa ábyrg fyrir þeim ákvörðunum, sem hún tekur, og þeim stjórnarmeirihluta, sem hún styðst við á hverjum tíma. Ég er sannfærður um að hápólitískar ákvarðanir eins og ákvarðanir um vaxtastefnu í landinu er rétt að réttkjörnir fulltrúar fólksins taki fremur en nokkrir aðrir menn. Ég vil ekki að þetta sé neinn feluleikur með það, hver tekur ákvörðun um vaxtahækkun. Ríkisstj. eins og aðrir stjórnmálamenn á að standa og falla með gerðum sínum.

Hv. þm. Jón Skaftason færði ýmis rök fyrir því, að það hefði verið heppilegt að taka upp þá vaxtastefnu sem nú er fylgt. En ég vil spyrja hv. þm.: Hefur þessi vaxtahækkunarstefna lagfært efnahagskerfi okkar? Hefur hækkun vaxta hægt á verðbólgunni? Ég er ekki sammála þessu. Ég held að svo hafi ekki verið. Hér er kannske ekki eingöngu vegna hárra vaxta við efnahagsörðugleika og sjúkt efnahagskerfi að etja, en þeir eiga hluta sakarinnar, og þetta var ekki lækning. Það var skref í öfuga átt sem tekið var.

Hv. þm. talaði illa um þensluna í þjóðfélaginu og hina miklu fjárfestingu. Mér finnst ekki öll þensla þurfa að vera af hinu illa. Ég held að þrátt fyrir þessa þenslu og að hluta til vegna

þessarar þenslu eigum við nú lífvænlegra þjóðfélag. Við búum í betri íbúðum en ella hefði verið. Við eigum atvinnutæki sem við mundum ekki hafa eignast ef ekki hefði verið um öra fjárfestingu að ræða. Það er rétt, að eftirspurn hefur verið mikil eftir lánsfé. En lánsfjárþörfin þarf ekki endilega að minnka við það, að vextir séu hækkaðir. Menn reyna meðan mögulegt er að klóra í bakkann og reyna að fleyta fyrirtækjum sínum frekar en hleypa þeim á höfuðið, sem betur fer. Og lánsfjárþörfin eykst náttúrlega þegar vaxtaupphæðinni verður í mörgum tilfellum að bæta við skuldirnar. Ég stend í þeirri trú, að verðbólgan orsaki ekki háa vexti, heldur séu háir vextir þáttur í því að orsaka verðbólgu. Það er enginn vafi á því, að þegar svo er komið, að hlutdeild vaxta í rekstrarkostnaði fyrirtækja er orðin jafngífurleg eins og hér, þá finnur atvinnureksturinn í landinu fyrir þessu öllu. Þegar t. d. fjórðungur af rekstrarkostnaði frystihúss er orðinn fjármagnskostnaður, þá gefur auga leið að þetta er alvörumál. Það hefur orðið mismunur á fjármagnskostnaði og vinnulaunakostnaði. Fjármagnið hefur verið hærra skrifað nú um sinn á kostnað vinnu. Alveg eins mætti setja dæmið þannig upp, að ef fyrirtækin þyrftu ekki að greiða svona háa vexti, þá gætu þau e. t. v. greitt hærri laun. Svona er hægt að velta þessu fyrir sér og með alveg jafngildum rökum og fram komu í ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar.

Ég hef ekki mikla trú á því, að verulegur fjárflótti yrði úr bönkum þó vextir væru lægri en nú er. Mikill hluti af þessu fé, sem í bönkunum er geymt, er skammtímainnstæður og jafnvel þó að vextir af því séu í einhverjum tilfellum neikvæðir eða a. m. k. tekin áhætta af því að þeir séu neikvæðir eða geti orðið neikvæðir, þá má skoða það jafnvel sem skattlagningu. Og ef það dreifist á nógu marga þegna þjóðfélagsins, þá sé ég ekki verulegan háska búinn af því. Hitt vil ég árétta, eins og ég sagði í framsöguræðu minni, að hvað viðkemur gamla fólkinu þarf að setja undir þennan leka, en slíkt væri hugsanlega unnt að gera með breytingum á tryggingalöggjöf og e. t. v. með öðrum ráðum. Það er vel hægt að hugsa sér að hafa tvöfalda vexti eða tvöfalt verðtryggingarkerfi. Við búum nú við það að sumu leyti, að hægt er að þróa þá leiðina allt eins vel til að geyma fé. Sumir geta tekið verðtryggt eða dýrt fjármagn, þó atvinnulífið þoli það ekki. Ég held líka að hlutur bankanna sem slíkra sé yfrið nógu góður. Mér finnst útþensla bankakerfisins bera vott um að það sé ekkert skorið við nögl sem bönkunum er skammtað fyrir að geyma og ávaxta fyrir mann fé. Það er nú svo komið, að bændur á Íslandi eru einungis helmingi fleiri en bankamenn, og guð veit hvernig þetta endar.

Ég tel sem sagt, að með samþykkt þessa frv. sé stigið spor í rétta átt og spor, sem við nauðsynlega þurfum að stíga, vegna þess að ég horfi til framtíðar með verulegum ótta, ef svo á að fara að þriðja eða fjórða hvern mánuð hækki vextirnir um svo og svo mörg prósent. Þeir hljóta óhjákvæmilega að gera það eðli málsins samkvæmt, vegna þess að kerfið vindur sig áfram og það er engin hætta á því, að það fari að snúast ofan af vitleysunni nema höggvið sé á þennan hnút.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú nokkuð um liðið síðan umr. um þetta mál fóru fram. Þá stóðu svo mál að einungis stjórnarliðar gerðu grein fyrir afstöðu sinni til þessa. En mig langar til þess að leggja örfá orð í belg út af þessu máli.

Ég skal segja það strax um mína skoðun, að ég tel þetta mál sjálfsagt. Ég tel sjálfsagt að breyta í þessu tilviki til á þann veg, að viðkomandi ríkisstj. hafi þetta ákvörðunarvald og beri ábyrgð á því. Ég tók eftir því, að hv. þm. Jón Skaftason, sem nú gegnir formennsku í bankaráði Seðlabankans, sagði við umr. síðast þegar þetta mál var á dagskrá, að þetta frv. mundi í engu breyta þeirri skipan eða framkvæmd mála, sem á þessu hefur verið, það mundi verða nákvæmlega sama framkvæmd eftir breytingu í þessa átt eins og verið hefur. Hann sagði jafnframt, að engin ákvörðun hefði verið tekin um vaxtahækkun í andstöðu við ríkisstj. Þó svo að engin breyting yrði í reynd varðandi framkvæmd málsins, þá tel ég eigi að síður að nauðsynlegt sé að menn viti almennt, hver það er sem ber ábyrgð á ákvörðun eins og vaxtabreytingum. Nú hefur þessu verið vísað, má segja, frá manni til manns. Annars vegar hefur verið sagt, að um væri að ræða ákvörðun Seðlabankans og aðrir hafa sagt Seðlabankans að fengnu samþykki hæstv. ríkisstj. Og nú hefði ég gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðh. — ekki síst hæstv. bankamálaráðh. — um það, reyndar alla hæstv. ráðh., hver túlkun þeirra sé á málinu eins og það er í dag. Er það einvörðungu á valdi Seðlabankans eða seðlabankastjórnar að ákvarða vaxtabreytingar, eða telja hæstv. ráðh. sig hafa borið ábyrgð á þeim vaxtabreytingum sem gerðar hafa verið? Nauðsynlegt er að menn viti almennt, hver í raun og veru hefur ákvörðunarvaldið um breytingu á vöxtum. Og ég vildi gjarnan óska eftir því við hæstv. bankamálaráðh., að hann gerði grein fyrir afstöðu sinni til þess hér, hvort það er bankastjórn Seðlabankans, sem hefur hið endanlega ákvörðunarvald, eða hvort það er í höndum einhverra annarra aðila. Ef það er bankastjóri Seðlabankans, sem hefur það ákvörðunarvald, sýnist mér að það hlyti að breyta málunum ef viðkomandi ríkisstj. væri gerð ábyrg fyrir ákvörðun af þessu tagi.

Nú er mér það — að ég held — ljóst, að þegar, vaxtabreytingar hafa átt sér stað, hafa ákvarðanir um þessi atriði að sjálfsögðu verið ræddar og kannske í flestum tilfellum fengist samþykki fyrir þeim hjá viðkomandi ríkisstjórn. Þó er þess dæmi, að vaxtabreyting hefur átt sér stað í andstöðu við ríkisstjórn. A. m. k. upplýsti núv. hæstv. bankamálaráðh., sem var forsrh. í tíð fyrrv. ríkisstj., að sú vaxtabreyting, sem gerð var á sumarþingi 1974, hefði verið gerð í andstöðu við ríkisstj. Og þó ekkert væri annað, en að fá þetta á hreint, þá tel ég að frv. eigi fyllilega rétt á sér og er þeirrar skoðunar, að það eigi að ná fram að ganga.

Hv. þm. Jón Skaftason kom líka inn á það, að hann reiknaði varla með að ríkisstjórnir mundu óska sér þess að hafa þetta vald í hendi. Það

breytir í engu viðhorfi mínu til málsins, hvort viðkomandi ríkisstj. óskar eftir að hafa valdið eða ekki. Ég tel, að valdið eigi að vera í hennar höndum og hún eigi að bera ábyrgð á þeim ákvörðunum, sem hún tekur í sambandi við það en ekki að geta, eins og mál hafa verið á undanförnum árum, vísað á víxl ábyrgðinni frá ríkisstj. til seðlabankastjórnar eða öfugt, þannig að í raun og veru viti enginn hver raunverulega ábyrgð bar á ákvörðuninni.

Hitt verður að teljast athyglisvert, og raunar kom hv. þm. Jón Skaftason, formaður bankaráðs Seðlabankans, inn á það í umr. fyrr, að þeir, sem að þessu máli standa og það flytja, eru þrír hv. þm. Framsfl. — þess flokks sem á bankamálaráðh. Mig minnir að hv. þm. Jón Skaftason nefndi þetta **sýndarmennskufrv.**, sem borið væri fram af hreinni sýndarmennsku. Óneitanlega kemur það nokkuð einkennilega fyrir sjónir, að slíkt frv. sé borið fram af flokksbræðrum hæstv. bankamálaráðh. Ég vil ekki á nokkurn hátt stimpla flm. þessa frv. sýndarmennskuflm., en þetta kemur óneitanlega spánskt fyrir sjónir. Eigi að síður tel ég að þetta eigi fullan rétt á sér, að þessi breyting verði gerð. Það má vel vera að breytingin, sem hér er gert ráð fyrir, hefði ekki í för með sér að vextir lækkuðu, eins og komið hefur fram hjá a. m. k. hv. frsm. frv. að full ástæða væri til að gerðist. En ég held samt, að nauðsynlegt sé, að skipa málum með þeim hætti, að almennt sé vitað um, hver ábyrgð ber á þessum hlutum eins og öðrum.

Ég vil sem sagt ítrekað óska eftir því við hæstv. viðskrh. eða bankamálaráðh., að hann segi skoðun sína á því, ekki síst með tilliti til þeirra ummæla sem hann viðhafði sumarið 1974 — þá sem hæstv. forsrh. — hver í raun og veru hefur þetta ákvörðunarvald og hvort breyting sem þessi yrði að hans mati eða hefði að hans mati enga breytingu í för með sér frá því fyrirkomulagi sem nú er og hefur tíðkast um nokkurt skeið. Telur hann, eins og hv. þm. Jón Skaftason fyrr við umr., að hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma sé líka ábyrgðaraðili þegar vaxtabreytingar eru gerðar af hálfu Seðlabankans og að slíkt hafi ekki verið og verði ekki gert nema með því aðeins að búið sé að fá stimpil ríkisstj.? Ef þetta er svona, held ég að tími sé kominn til að taka af öll tvímæli og að þetta ákvörðunarvald verði í höndum ríkisstj. sem síðan ber á því ábyrgð eins og ég tel sjálfsagt og eðlilegt.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég gat ekki verið viðstaddur, þegar þetta mál var rætt síðast á fundi, og fylgdist því ekki nákvæmlega með því sem þar var sagt, en hef þó séð nokkuð greint frá því í blöðum og styðst nokkuð við þá frásögn þegar ég vitna til þess sem hefur komið fram í umr. áður.

Þetta frv. gerir að **mínum dómi ráð fyrir** tiltekinni formbreytingu á **mikilvægu** valdi, sem er það, hver eigi að ákveða að **formi til hámark og lágmark** vaxta í útlánum. **Með þessu frv. er** gert ráð fyrir því, að það **verði ríkisstj. sem** formlega tekur þessa ákvörðun, en ekki Seðlabankinn eins og gert er ráð **fyrir nú í lögum.** Ég heyrði að á það **hefði verið bent, m. a. af** hv. þm. Jóni Skaftasyni, að hér væri ekki um mikla efnisbreytingu að ræða, vegna þess að raunverulega væri þetta vald í höndum ríkisstj. á hverjum tíma. Ég tek undir þetta sjónarmið hans. Þetta er rétt. En þrátt fyrir það, þó að það sé að formi til, þá mundi ég styðja þetta frv. og hallast að því að gera þá breytingu, sem felst í þessu frv., til þess að gera þessi mál nokkru skýrari fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, en nú virðist vera. Það er rétt, að það mun í lögum um Seðlabanka ákveðið að Seðlabanki ákveði hámark og lágmark vaxta, eftir að hann hefur borið sig saman við ríkisstj. um málið, því það er áskilið að hann verði að gera það áður en hann ákveður vextina. Á öðrum stað í lögunum segir hins vegar, að það sé skylda Seðlabankans að standa að því að framkvæma stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum á hverjum tíma. Nú fer auðvitað ekkert á milli mála, að ákvörðun vaxta og þar með meginstefnan í peningamálum á hverjum tíma er hluti af þeirri efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. ákveður, en Seðlabankinn er skyldugur samkv. lögunum að vinna að framkvæmd á. Því er það líka rétt hjá hv. þm. Jóni Skaftasyni, að í öllum aðalatriðum er það svo, að þó að það sé að formi til Seðlabankinn sem ákveður vexti, þá á hann ekki að gera það nema að fengnu samþykki ríkisstj. og á ekki að geta gert það lögum samkvæmt í andstöðu við ríkisstj.

Ég sé líka, að minnst hefur verið á það, þegar málið var rætt fyrr í þinginu, og vitnað hefur verið til þess, að ég hefði sagt í umr. á Alþ. að þetta hefði þó orðið með nokkuð öðrum hætti sumarið 1974, nánar tiltekið í júnímánuði 1974, vegna þess að sú ríkisstj., sem þá sat enn — vinstri stjórnin — þó að kosningar væru um garð gengnar, samþykkti ekki þá vaxtabreytingu, sem þá var ákveðin, þá vaxtahækkun, heldur var hún gerð eingöngu á ábyrgð Seðlabankans. Þetta er rétt. En sagan er bara ekki sögð öll. Seðlabankinn *hafði gert ítrekaðar tilraunir til* þess að fá samþykki ríkisstj. fyrir ákvörðun um hækkun á vöxtum í apríl og maímánuði á árinu 1974 eða nokkru fyrir kosningar. Þá var þessari beiðni Seðlabankans hafnað. Ég lýsti mig algjörlega andvígan þessum till. Seðlabankans, og á þeim tíma tókst að koma í veg fyrir þessa hækkun. En þegar ríkisstj. hafði sagt af sér, kosningar höfðu farið fram og hún sat aðeins sem óvirk stjórn og beið nýrrar stjórnarmyndunar, þá lýsti forsrh. því yfir, að hann teldi ekki að ríkisstj. hefði aðstöðu til þess, eins og komið væri, að stöðva Seðlabankann í þessum efnum. Og í krafti þess lýsti Seðlabankinn einhliða yfir vaxtahækkun í júlímánuði 1974. Lögum samkvæmt hefur bankinn þetta formlega vald, og ef maður á að gera ráð fyrir því, að svona tilfelli komi upp, er að sjálfsögðu betra að hafa þetta með ákveðnu orðalagi, þannig að þetta mikla vald til stjórnunar í efnahagsmálum sé beint hjá ríkisstj. Að því leyti til er ég samþykkur þessu frv., að breyta þarna um formið.

Það er einnig annað sem gerir það að verkum að **ég** er samþykkur þessari formbreytingu. Ég verð líka var við, að a. m. k. einstakir ráðh. **hafa sterka tilhneigingu** til þess — og jafnvel **ríkisstj. sem heild** — að skjóta sér undan ábyrgð

sinni í sambandi við þessi mál. Ég hef t. d. veitt því athygli nú að undanförnu, að annað aðalstuðningsblað ríkisstj., Tíminn, birtir hvern leiðarann af öðrum þar sem hann fordæmir vaxtahækkun og telur hina háu vexti til bölvunar. Þetta er nokkuð einkennilegt á sama tíma sem Framsfl. á fjóra af átta ráðh. í ríkisstj. og Framsfl. á sjálfan bankamálaráðh., og formann flokksins, í ríkisstj. Ég tel engan minnsta vafa vera á því, að ríkisstj. sem heild beri ábyrgð á öllum þeim vaxtahækkunum, sem Seðlabankinn að forminu til hefur ákveðið á undanförnum árum. Núv. ríkisstj. sem heild ber öll ábyrgð á þessum vaxtahækkunum og þessari vaxtapólitík sem rekin hefur verið. Ég efast ekkert um að Seðlabankinn hefur ákveðið sínar vaxtabreytingar á hverjum tíma eftir að hann hefur borið sig saman við ríkisstj. Það er því rétt að það komi alveg skýrt fram, að allar vaxtahækkanir, sem ákveðnar hafa verið nú að undanförnu, eru á ábyrgð hæstv. ríkisstj. Þó að frumtillagan um þessar vaxtahækkanir komi frá Seðlabankanum, það er hugsanlegt, þá er það ríkisstj. sem hlýtur að hafa samþ. þær. Annars er verið að brjóta lög og reglur — þau lög og þær reglur sem er að finna í lögum um Seðlabanka Íslands.

Það undantekningartilvik, sem ég minntist á að átti sér stað á árinu 1974, er alveg auðskilið, hvernig á því stendur. Seðlabankinn, sem sótti þá fast á, eins og ég sagði, og hafði gert í langan tíma um að koma fram vaxtahækkun, hafði verið stöðvaður á meðan ríkisstj. var við völd. Um hitt mátti eflaust deila eða það gat verið ágreiningur um það, hvort stjórnin, sem sat til bráðabirgða að kosningum loknum, hefði vald til þess að halda aftur af Seðlabankanum í þessum efnum lengur eða ekki. En það var mat forsrh. þá, að við þessar aðstæður gæti ríkisstj. ekki út af fyrir sig sagt neitt við því, þó að Seðlabankinn notaði hið formlega vald sitt og ákvæði þessa vaxtahækkun. Þannig stóð á þeirri vaxtahækkun. Hún var aldrei samþykkt í ríkisstj.

Ég deildi ekki á neinn hátt við fyrrv. hæstv. forsrh. og núv. hæstv. dómsmrh. um þetta álit hans. Það mátti eflaust deila um, hvort svona ætti á þessu að halda eða ekki. Hitt er aðalatriði málsins, að núgildandi vaxtapólitík er á ábyrgð ríkisstj. samkvæmt lögum. En ég skal segja það, að ég er ekki aðeins mjög andvígur þessari vaxtastefnupólitík, sem ákveðin hefur verið með þeim skelfingum sem eru nú að fylgja í kjölfar hennar og menn fara að reka sig á svona smátt og smátt, — ég er ekki aðeins andvígur þeirri stefnu, heldur er ég mjög andvígur því, að jafnþýðingarmiklu máli og þessu geti menn kastað á milli sín þannig og látist hvergi nærri koma. Þeir eiga vitanlega að standa við sína ábyrgð, sem ábyrgðina hafa, og vegna þess er ég samþykkur þessu frv.

Ég skal að vísu ekki nú við þetta tækifæri fara að ræða mjög almennt um vaxtapólitíkina. Þó vil ég, þegar þetta mál ber á góma, ef það mætti verða til þess að stugga við einhverjum hv. alþm., sem eiga vitanlega sína ábyrgð einnig í þessum tilfellum, minna aðeins á örfá atriði varðandi það sem er verið að gera með núverandi vaxtapólitík. Hafa menn t. d. áttað sig á því, að nú er svo komið, að þó að aðili sem er að eignast íbúð yfir kollinn á sér, þurfi ekki að ganga lengra en svo til þess að komast inn í íbúð að taka 5 millj. kr. að láni, — margir verða eðlilega að taka miklu meira ef þeir eiga að komast inn, — þá má, miðað við þau vaxtakjör sem menn verða nú að búa við frá lífeyrissjóðum, sem hjálpa þarna eitthvað til, frá bönkunum að nokkru marki, sem bjóða vaxtaaukalán sín, og frá öðrum aðilum og jafnvel þó að hér væri um eitthvert lán að ræða frá húsnæðismálastjórn, — þá má reikna með því, að vextirnir af 5 millj. kr. láni séu nú orðnir í kringum 120 þús. kr. á mánuði? Ég veit að mönnum hnykkir við og þeir ætla ekki að trúa þessu. Svo eru menn eitthvað hissa á því, að þeir menn, sem vinna allan daginn baki brotnu, t. d. við fiskframleiðslu og eru ráðnir upp á 116 þús. kr. í laun á mánuði ef þeir vinna réttan dagvinnutíma, skuli vera óánægðir með launin sín. Auðvitað sjá allir og viða, að þetta dæmi gengur ekki upp. Ekki er hægt að halda þessari vitleysu áfram. Áframhald á þessu þýðir einfaldlega að eftir stuttan tíma verður mönnum ljóst að þessi stefna segir blátt áfram, að venjulegur launamaður í landinu skuli ekki búa í húsi. Það er ekki hægt að láta hann búa í húsi. Lánakjörin eru orðin þannig, að það er með öllu útilokað. Auðvitað sjá menn að vextir, sem leiða af sér aðrar eins skrípamyndir og þessa, fá ekki staðist. Það breytir engu þó að menn segi: Ja, vextirnir eru enn þá ekki svo háir að þeir þýði raunvexti. Menn fá enn þá fyrir peningana sína með því að geyma þá í bönkum nokkra nettóvexti umfram verðbólgu. — Þrátt fyrir alla þessa vaxtahæð, standa sparifjáreigendur nú með sparifé sitt verr en þeir stóðu fyrir nokkrum árum. Þeir standa verr af því að þessi vaxtastefna hefur sín sterku áhrif á þróun verðlagsmálanna í landinu, kemur út í mynd verðbólgu og kallar á gengislækkun sem sker niður verðgildi sparifjárins. Þessi vaxtastefna er vitanlega engin leið út úr þeim vanda. Það er hægt að viðurkenna, að það er viss vandi, að sparifé landsmanna skuli vera að rýrna í verði í gegnum verðbólgu, en vandinn verður ekki leystur á þennan hátt. Þar þarf annað til að koma.

Ég vil einnig nefna það sem menn hugsa mikið um þessa daga, að uppi eru hörð átök um launakjörin í landinu og liggur við að hér geti skollið á annaðhvort allsherjarverkfall út af því, að áður gerðir launasamningar fá ekki að standa, menn fá ekki fullar verðlagsbætur á laun sín, eins og þeir höfðu samið um, eða þá að gripið verði til annarra ráðstafana en allsherjar vinnustöðvunar eins og t. d. útflutningsbannsins, sem nú er rætt um, með tilheyrandi afleiðingum fyrir atvinnureksturinn í landinu og kannske bjóðarbúið sem heild. Það kom fram í útvarps- eða sjónvarpsþætti um þetta mál fyrir nokkrum dögum, að einn af framkvæmdastjórum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna játaði að ef menn lækkuðu vextina, sem framleiðslan býr við nú í dag, um það sem menn hafa verið að hækka vextina á framleiðslunni að undanförnu, þá nemur það fyllilega þeirri upphæð sem menn eru að deila um á launamarkaðinum, þá nemur það fyllilega 10% af öllu kaupi. Þeir sögðu: Framleiðslan getur

ekki borið alveg svona hátt kaup, það verður að skera svolítið af kaupinu. — En þeir segja nú: Þessi sama framleiðsla getur borgað jafnháa fjárhæð í aukna vexti. — Og þeir stefna á það að hækka vextina enn þá meira. Auðvitað eru þetta einnig sönnunardæmi um það, að þessi vaxtapólitík fær ekki staðist.

Það eru furðulega skammsýnir menn, sem tala um að þeir séu að styðja íslenskan iðnað og vilji láta hann standa í samkeppni við erlendan iðnað, en hleypa hingað erlendum iðnaðarvörum inn til samkeppni án allrar tollunar á hinum erlendu iðnaðarvörum, og svo ætla þeir að búa þannig að íslenskum iðnaði, að hann verði að borga 25—35% vexti af því fjármagni, sem hann verður að hafa til meðferðar, á sama tíma sem erlendi iðnaðurinn, sem framleiðir samkeppnisvörurnar sem hingað eru sendar, býr við 6—8% vexti. Dettur nokkrum manni í hug, að þetta sé framkvæmanlegt? Kannske er það framkvæmanlegt með því að menn standi látlaust við hjólið og haldi áfram að snúa því og segja: Gengislækkun, gengislækkun, gengislækkun. — Með því að standa þannig við gengislækkunarhjólið getur þetta gengið, en öðruvísi ekki.

Ég hef nokkrum sinnum vakið athygli á því á Alþ., hve skammsýn pólitík hér er á ferðinni í vaxtamálum. Mér er alveg ljóst að fleiri og fleiri eru að átta sig á þessu nú, — einnig nokkrir þeirra sem börðu höfðinu við steininn lengi. En auðvitað þarf að liggja ljóst fyrir mönnum, að það eru ekki bara einhverjir bankastjórar í Seðlabankanum, sem hafa ákveðið þessa stefnu, þó að þeir hafi verið hrifnir af henni. Það er ríkisstj. í landinu, sem hefur samþykkt þessa stefnu, og hún er framkvæmd á hennar ábyrgð.

Eins og ég sagði fyrr í umr. um þetta mál, þá er ég á því, að þetta frv. ætti að samþykkja til þess að taka af allan vafa um það, að ríkisstj. á hverjum tíma ákveði þetta þýðingarmikla stefnuákvörðunaratriði í efnahagsmálum, ákveði vextina, en ríkisstj. geti ekki skotið sér á bak við Seðlabanka eins og mjög ber á að hún geri nú. En þrátt fyrir þetta get ég vel viðurkennt að það sjónarmið, sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Skaftasyni varðandi þetta formlega atriði, er rétt, því að eins og lögin eru nú getur Seðlabankinn ekki ákveðið vexti nema að höfðu samráði við ríkisstj. Hann á að framkvæma stefnu hennar í efnahagsmálum samkvæmt því sem segir í lögum um Seðlabankann. Ég held því, að ekki þurfi að spyrja neitt frekar varðandi þetta mál, hver beri ábyrgðina á vaxtastefnunni og vaxtahækkununum. Á því leikur enginn vafi að mínum dómi. Það er ríkisstj. sem ber þessa ábyrgð. Þetta er gert að hennar vilja. Hún hefur verið svo glámskyggn að halda að þetta væri ráðlegt í baráttunni við verðbólguna.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til þess að víkja að örfáum atriðum, sem komið hafa fram í umr. um það frv. sem er nú til umr.

Síðast þegar þetta frv. var til umr., 5. apríl s.l., hélt ég nokkuð langa ræðu sem nokkrir ræðumenn í dag hafa vitnað til. Það er aðallega í tilefni þeirra tilvitnana að ég kveð mér aftur hljóðs til þess að undirstrika nokkrar meginstaðreyndir í sambandi við vaxtamálin í landinu.

Ég vil, áður en ég vík að því sérstaklega, undirstrika að í mínum huga er ótvírætt samband á milli verðbólgu og vaxtahæðar. Fari verðbólga vaxandi leiðir það óhjákvæmilega til hækkandi vaxta. Fari hins vegar verðbólga lækkandi, þá á það að geta leitt til lækkandi vaxta að vissu marki. Menn geta að sjálfsögðu — og ég ætla að koma að því lítillega hér á eftir — haft mismunandi skoðanir um það, hvað sé orsök og hvað sé afleiðing í þessari þróun sem ég var að lýsa. En enginn skynsamur maður, sem vill viðurkenna staðreyndir, getur mælt í móti því, að ótvírætt samband er á milli verðbólgu og vaxtaákvörðunar. Ég fylgi þeirri stefnu almennt talað í sambandi við vaxtamál að hafa vextina eins lága og frekast er hægt, og þá miða ég m.a. við það verðbólgustig sem er ríkjandi í landinu á hverjum tíma.

Í umr. á Alþ. 5. apríl s.l. skoraði ég á hv. þm., sem töluðu á eftir mér um þetta frv., að þeir svöruðu því ótvírætt og á óyggjandi hátt, hvernig mætti tryggja það í verðbólguþjóðfélagi eins og okkar að nægilegt sparifé safnaðist í bankakerfinu, það mikið að hægt væri að sinna þörfum atvinnuveganna eins vel og föng eru á á hverjum tíma. Það hefur farið svo í þessum umr., eins og oft áður þegar ég hef spurt þessarar spurningar, að enginn ræðumanna hefur svarað henni. Enginn af þeim hv. þm., sem hér hafa talað á eftir mér í umr. um þetta frv., hefur gefið mér svar við því, hvernig þetta megi gerast. Ég er fús og er leitandi eftir leiðum til þess að ná þeim tvöfalda árangri, að upp geti safnast í bankakerfinu nægilega mikið sparifé á verðbólgutímum og að vextir séu eins lágir og hægt er. En ég hef ekki fengið neitt óyggjandi svar við því, hvernig þetta mætti best gerast, þó eftir því hafi verið spurt.

Einn hv. ræðumanna í dag, Guðlaugur Gíslason, reyndi þó að gefa svar við þessu, sem mér fannst í hæsta máta lítils virði og bera vott um lítinn skilning á þessum málum hjá manni sem setið hefur í bankaráði eins af stærri viðskiptabönkum þjóðarinnar í mörg ár. Hann sagði efnislega, að eðlilegt væri að tryggja hagsmuni sparifjáreigenda eftir einhverri annarri leið en þeirri að hækka vexti þegar verðbólga eykst, og skildi ég hann þannig, að það bæri að gera með því að verðtryggja lánsfé í landinu og þá fyrst og fremst lánsfé til lengri tíma, til fjárfestingar og slíkra framkvæmda. Mér vekur það mikla furðu, ef hv. þm. Guðlaugur Gíslason bankaráðsmaður veit það ekki, að nærri því allt lánsfé í landinu, sem lánað er til fjárfestingar, er lánað og hefur verið lánað um nokkuð langan tíma með einhvers konar verðtryggingarkjörum. Allt lánsfé í landinu til fjárfestnigar, að ég held, hefur um lengri tíma verið lánað með verðtryggingarkjörum, svo þetta er ekki nein ný leið sem ekki hefur verið reynd.

En hvað má þá segja um styttri lánin í þjóðfélaginu, t.d. víxillánin, sem eru verulegur hluti af lánum úr bankakerfinu? Styttri lánin hafa líka um nokkurt skeið verið verðtryggð. Þau hafa ekki verið verðtryggð á sama hátt og lengri lánin, vegna þess að eðli þeirra er um margt annað. Þetta eru yfirleitt lán til stutts tíma eins og víxl-

arnir og því er dálítið erfitt í framkvæmd að koma við verðtryggingarákvæðum svipuðum og þeim er gilda um hin lengri lán í landinu. En reynt hefur verið að ná svipuðu marki, þ. e. a. s. að verðtryggja styttri lánin eftir öðrum leiðum, og þar vil ég nýjast tilnefna vaxtaaukalánin, sem verður að skoða á sinn hátt sem verðtryggð lán. Ekki verður því sagt af nokkrum manni, sem ber nokkurt skynbragð á þessi mál, að ekki hafi verið leitast við að verðtryggja löng lán og stutt lán eftir einhverjum leiðum nú um nokkurt skeið. En þetta tal, ekki síst stjórnmálamanna sem leggja mikið upp úr því að einhver ógurlegur munur sé á því fyrir skuldara hvort hann tekur lán með verðtryggingarkjörum eða styttri lán, t. d. eins og vaxtaaukalánin eru, finnst mér allt vera nánast skoplegt. Er svo mikill munur á því fyrir skuldara, ef hann verður að borga þóknun fyrir fjármagnið, hvort hann gerir það eftir verðtryggingarleið eða vaxtaleið? Ég veit að nokkur munur er þarna á, en ekki er ýkjamikill munur á þessu. Þess vegna finnst mér stundum spaugilegt að heyra hv. alþm. og raunar fleiri segja: Vextirnir eru allt að drepa í þessu landi og þá á tvímælalaust að lækka strax á morgun, en það á bara að verðtryggja öll lán. Það bjargar öllu. Það bjargar því, að ekki verður farið illa með sparifjáreigendurna, og það bjargar líka slæmri stöðu þeirra sem í atvinnurekstrinum standa og verða að taka þessi lán. — Ég hygg að flestir sæmilega greindir menn, sem meta vilja þessi mál fordómalaust, hljóti að komast að þeirri niðurstöðu, að fyrir skuldarana er ekki ýkjamikill munur á því, hvort þeir verða að borga leigu eftir það fjármagn, sem þeir fá lánað úr bankastofnunum þjóðfélagsins, sem vexti eða sem verðtryggingu. Það eru útgjöld fyrir skuldarann, hvor leiðin sem valin er. Þess vegna er allt þetta tal um þennan mikla mun á verðtryggingu og vöxtum fyrir skuldarana að mínu viti fráleitt.

Annað atriði, sem mig langar til að víkja að og ég lagði mikla áherslu á í þeirri ræðu sem ég hélt 5. apríl þegar þetta mál var fyrst til umr., var að ég sagði ákveðið að vaxtaákvörðun í Seðlabankanum hefði ekki verið tekin í andstöðu við ríkisstj. Og það gleður mig mjög, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson tók undir þessa staðhæfingu mína í öllum meginatriðum, að ég tel. Hann var mér sammála um að samþykkt þessa frv. þýddi í reynd enga breytingu frá þeirri starfsaðferð, sem viðhöfð hefði verið á undanförnum árum, þó að hún kynni að hafa einhverja formlega breytingu í för með sér og þá kannske helst þá, að mönnum væri væntanlega ljósara, að ríkisstj., hver sem er á hverjum tíma, hlýtur að hafa mest um það að segja, hvaða vaxtastefnu er fylgt í landinu á hverjum tíma.

Hv. þm. Guðlaugur Gíslason vildi fullyrða að hann vissi betur um þetta, það væri ekki rétt, sem ég sagði, að vaxtaákvarðanir væru ekki teknar í andstöðu við ríkisstj., því að hann sagðist vita að vaxtahækkunin 1974 hafi einvörðungu og eingöngu verið tekin af stjórn Seðlabankans. Nú þyrfti ég ekki að fara mörgum orðum um þetta, því að hv. þm. Lúðvík Jósepsson lýsti því greinilega, hvernig þessa vaxtaákvörðun bar að á árinu 1974, og það, sem hann sagði um það, var í öllum aðalatriðum rétt. En ég útvegaði mér í því hléi, sem varð á umr. eftir klukkan fjögur, Alþt. með umr. um þessi mál. Það eru Alþt. frá tímabilinu 18. júlí til 5. sept. 1974. Og þar eru umr. 8. ágúst um viðnám gegn verðbólgu. Og þá segir m. a. þáv. forsrh. Ólafur Jóhannesson þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðvíkjandi spurningu hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar varðandi vaxtalánin vil ég segja það, að það er alveg rétt tilvitnun, sem hann fór með í 4. gr. seðlabankalaganna, að Seðlabankinn á að fylgja þeirri efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. mótar. Það lágu fyrir í maí, síðari hluta maí, ef ég man rétt, tilmæli eða ósk frá Seðlabankanum til ríkisstj. um það, að ríkisstj. samþykkti vaxtahækkun. Þá var samkvæmt till. frá mér, sem ég flutti í ríkisstj., samþ. að ríkisstj. gæti ekki fallist á þessi tilmæli Seðlabankans um vaxtahækkun, og samkvæmt því, framkvæmdi Seðlabankinn ekki þessa vaxtahækkun þá, enda þótt það væri skoðun stjórnar hans, að hún væri nauðsynleg."

Hér kemur alveg ljóst fram, að vegna andstöðu þáv. ríkisstj. við till. Seðlabankans í þessum málum fellur bankinn frá því að ákvarða nýja vexti. En svo gerist það síðar á árinu, eins og Lúðvík Jósepsson gat réttilega um, að vextir voru hækkaðir. Og um þetta segir Ólafur Jóhannesson í sömu umr.:

„Eftir að ríkisstj. hafði sagt af sér, er auðvitað ekki hægt að gera kröfu til hennar um að hún móti neina efnahagsmálastefnu. Það er ekki hægt að gera kröfu til ríkisstj., sem hefur sagt af sér og er aðeins „fungerandi", um það, að hún móti neina pólitíska stefnu. Þegar þannig stóð á, að ríkisstj. hafði sagt af sér og gegnir aðeins störfum samkvæmt beiðni forseta, þá taldi Seðlabankinn sig ekki þurfa að bíða og ekki þurfa að taka tillit til fyrri samþykktar ríkisstj. um það, að vaxtahækkunin væri ekki framkvæmd, og ákvað vaxtahækkunina, að ég best til veit, með öllum atkvæðum seðlabankastjóranna og atkvæðum bankaráðsins, nema hvað einn fulltrúi í bankaráði sat hjá við þá ákvörðun."

Það er undir þessum kringumstæðum og þetta er eina dæmið sem ég hef fundið frá síðustu árum, mörgum árum, að vaxtaákvörðun hafi verið tekin í Seðlabanka í andstöðu við vilja ríkisstj. Það er við þessar óeðlilegu aðstæður, þegar nánast engin ríkisstj. er til í landinu og fráfarandi stjórn situr til bráðabirgða samkvæmt beiðni forseta Íslands. Það fordæmi, sem hv. þm. Guðlaugur Gíslason var að vitna til, breytir því í engu þeirri staðhæfingu minni, að Seðlabankinn ákvarðar ekki vaxtahækkanir í andstöðu við komandi ríkisstj. Ég vil svo til viðbótar þessu geta þess, af því að hæstv. forsrh. Ólafur Jóhannesson segir að þessi vaxtahækkun hafi verið samþykkt með öllum atkvæðum seðlabankastjóranna, að síðan ég kom í Seðlabankann skömmu eftir mitt ár 1976 hefur hver einasta vaxtaákvörðun þar verið samþykkt með atkvæðum allra bankastjóranna.

Hér hefur nokkuð verið um það deilt, hvort vextir séu verðbólguhvetjandi eða þurfi ekki alltaf að vera verðbólguhvetjandi. Ég vék lítillega að þessu í ræðu minni um daginn og skal ekki fara langt út í að rekja það mál. Mér finnst sannast sagna þetta tal stundum minna mig dálítið á deiluna um hvort varð á undan til, eggið

eða hænan. Það er ekki vafi á því, að við vissar kringumstæður geta háir vextir verið verðbólguhvetjandi. Það er ekki spurning um það, að háir vextir verða til þess að auka framleiðslukostnað framleiðslufyrirtækja og leiða því til nokkurrar aukningar á verðbólgu, þó að ég telji hins vegar að tölur, sem sumir eru að nefna í þessu sambandi núna, séu færðar úr öllu sönnu lagi og vaxtaþátturinn sé miklaður um of í þessu dæmi. En þetta er sem sagt rétt. Vextir eru tvímælalaust kostnaðarauki fyrir atvinnustarfsemina í landinu. En nú hefur það verið svo hér á Íslandi um nokkuð langt árabil, að það er fleira en háir vextir, sem hefur leitt til hækkunar á verðlagi á Íslandi og aukið þannig verðbólguna. Ég hef fengið æ meiri tilfinningu fyrir því, að t. d. fjárfestingarstefnan, sem fylgt hefur verið hér á Íslandi um nokkurra ára skeið, og sú opinbera lánapólitík, sem henni hefur fylgt, og sífelldur hallabúskapur hjá ríkissjóði ár eftir ár, sem er jafnaður upp með því að sækja peninga út í Seðlabanka, þessir tveir þættir eigi mjög stóran þátt í því, hvað okkur hefur gengið illa að ráða við verðbólguna á Íslandi. Það er enginn vafi á því, að mikill hluti af fjárfestingu á Íslandi hin síðari ár flokkast undir hreina pólitíska fjárfestingu, sem gefur þjóðfélaginu lítinn sem engan arð, en bætir hag þeirra sem lánin fá og geta fest í framkvæmdum sem skapa viðkomandi verðbólgugróða. Og þetta er stærri hluti af heildarfjárfestingunni í þjóðfélaginu en margir vilja viðurkenna. Ég hef tekið eftir því, t. d. frá samþykktum seinasta ASÍ-þings og frá samþykktum fleiri launþegasamtaka, eins og t. d. BSRB, að þessum fjölmennu almannasamtökum er að verða þessi meginstaðreynd æ ljósari. Og það er farið að krefjast þess að hinu takmarkaða fjármagni í þjóðfélaginu, sem hægt er að lána út til framkvæmda, sé betur og skynsamlegar varið en gert hefur verið. Undir þessum kringumstæðum tel ég að háir vextir séu til þess fallnir að draga úr ásókn í lán úr bankakerfinu og minnki þá óhagkvæmu fjárfestingu sem á Íslandi hefur verið allt of mikið af. Og við þessar aðstæður get ég ekki fallist á að vextir leiði til aukinnar verðbólgu.

Það hefur komið fram í umr., að nauðsyn bæri til að draga úr kostnaði við bankakerfið í landinu. Ég er því alveg fyllilega sammála og hef reynt, eftir því sem ég hef besta aðstöðu til, að nota hana til þess að hafa áhrif í þá áttina. Ég tel það mikinn galla á stjfrv. um viðskiptabanka ríkisins, sem nú er verið að ræða í Ed., að úr því skuli hafa verið fellt ákvæðið um sameiningu ríkisbankanna. Ég vil vinna að því, að þeim verði fækkað, og ég vil einnig vinna að því, eftir því sem fært er, að hlutafélagsbönkunum verði fækkað. Það er búið að tala um þetta í mörg ár, en lítið hefur áunnist í þeim efnum, nema síður væri. Ég hygg að þetta kerfi hafi frekar vaxið og stækkað hin síðari árin heldur en hitt, svo að mér er fyllilega ljóst að hér er ekki um auðvelt verk að ræða.

Það verkar dálítið hlálega þegar hv. þm. Guðlaugur Gíslason telur að það mundi vera eitt allsherjarbjargráð í þessum efnum að leggja Seðlabankann niður. Út af fyrir sig get ég vel fallist á að athuga þyrfti ýmislegt í þeim rekstri og reyna að finna leiðir til þess að gera hann ódýrari. En upp úr stendur þó sú staðreynd, sem kom fram í umr. um daginn, að á meðan starfsmannafjöldi í bankakerfinu almennt hefur stórvaxið undanfarin 3—4 ár, þá hefur starfsmannafjöldi í Seðlabankanum þrjú síðustu árin staðið í stað. Þar hefur um enga fjölgun orðið að ræða. Að þessu leytinu held ég því að hv. þm. þurfi að athuga þennan málflutning sinn dálítið betur. Og það verkar hlálega í umr. þegar því er haldið fram, eins og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson gerði um daginn, — og ég minnist þess, að hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði það einu sinni einnig á þessu stigi, — að starfsmannafjöldi Seðlabankans væri orðinn meiri en í Stjórnarráðinu, þegar fyrir liggja tölulegar upplýsingar um að í Stjórnarráðinu starfa þrefalt fleiri starfsmenn en í Seðlabankanum. Þegar slíkt liggur fyrir, að menn leyfa sér að staðhæfa það sem gengur þvert á allan sannleika, þá eru mikil vandræði að halda uppi málefnalegri umr. yfirleitt.

Ég sé nú ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira en ég hef gert. Það er, eins og ég sagði í upphafi, e. t. v. alveg ástæðulaust að vera að efna til allra þessara umr. um frv. sem í reyndinni hefur ekki meira innihald en það frv. sem við erum að ræða. En ég taldi þó nauðsynlegt að koma fram í þessari umr. upplýsingum um hvernig að vaxtaákvörðun hefur verið staðið á undanförnum árum. Þar hygg ég að í opinberri umr. hafi menn notað staðreyndir nokkuð frjálslega og gjarnan viljað kenna einhverjum öðrum aðila um að bera meginábyrgð á vaxtastefnunni en sanngjarnt er. Þetta var ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs um þetta frv. á sínum tíma. Ég er ekki með þessu að fría bankaráð eða bankastjóra Seðlabankans undan þeirri ábyrgð sem þeir að sjálfsögðu eiga nokkra í sambandi við þetta mál. En hitt stendur sem staðreynd eftir þessa umr., að vaxtaákvörðun í þessu landi hefur ekki verið tekin í Seðlabankanum í andstöðu við ríkisstj.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það, sem gaf mér ástæðu til að koma upp í ræðustólinn aftur, var það, að þegar hv. 4. þm. Reykn., formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, var að lesa upp úr ræðu forsrh. 1974, sem hann flutti í sambandi við frv. um verðstöðvunina, þá sleppti hann einmitt þeirri málsgrein úr ræðunni sem ég tel að gildi í sambandi við það frv. sem við erum að ræða um, en það er vald Seðlabankans til þess að ákveða vextina. Ég skal halda áfram, þar sem hv. þm. hætti, og lesa þessa síðustu málsgrein, en hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta.

„En þó að þetta standi svona, eins og það stendur í 4. gr., þá stendur hins vegar skýrum stöfum í annarri grein í seðlabankalögunum, í 13. gr., að Seðlabankinn ákveði vexti, það er alveg skýrt tekið fram. Út af fyrir sig skilur stjórn Seðlabankans það ákvæði svo, að hún geti gert þetta án þess að fá til þess samþykki ríkisstj.“

Þetta er einmitt það sem þetta frv., sem hér er til umr., gengur út á, að taka þetta vald sem seðlabankastjórnin telur sig hafa til að ákveða einhliða vextina, jafnvel gegn vilja ríkisstj. (**Gripið fram í:** Hvenær hefur hún gert það?)

Hún gerði það 1974. Þá var fellt í ríkisstj. að hækka vextina, en það var gert samt. Og hæstv. þáv. forsrh., núv. viðskrh., telur að stjórn Seðlabankans skilji 13. gr. þannig, að hún hafi til þess einhliða vald að ákveða vextina, hvort sem ríkisstj. er því samþykk eða ekki. Þess vegna tel ég að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé alveg rökrétt ef Alþ. vill ekki afhenda seðlabankastjórninni slíkt vald. Ég fyrir mitt leyti tel þetta alveg rétt. Ég er alveg samþykkur því, þar sem þetta er það mikið atriði í efnahagsmálum þjóðarinnar, að það *eigi* að *vera í höndum* stjórnvalda og Alþingis. Stjórnin á þannig að vera ábyrg fyrir því sem í þessum málum gerist.

Það, sem ég hélt fram áðan, var að með óbreyttri vaxtastefnu hlyti þetta að lenda í sjálfheldu fyrr en varir. Við erum þegar komnir í 30% vexti til atvinnuveganna. Miðað við yfirdráttarlán á hlaupareikningi eru þeir yfir 30%. Með hækkandi verðbólgu og hækkandi vaxtapólitík hjá Seðlabankanum, eins og virðist vera þegar ákveðið, sjáum við að útilokað er að útflutningsatvinnuvegirnir geti staðið undir þessu þegar þeir eru komnir með upp undir 40% vexti af yfirdráttarlánunum. Þannig held ég að það þurfi að endurskoða þetta kerfi. Ég benti á lögin frá 1966, þar sem Seðlabankinn hefur heimild til verðtryggingar. Ef sú heimild er ekki nægileg *tel ég* að stjórn Seðlabankans eigi að athuga þetta mál og leita þá eftir frekari heimildum í lengri lánum. Þannig hlýtur að vera hægt að koma því við, að hin lengri lán, sem skoða má sem fjárfestingarlán, skuli verðtryggð, enda gera lögin frá 1966 ráð fyrir að þar sé um lengri lán að ræða og þá lán til fasteigna eða annarra fjármuna, eins og þar segir, sem hækka í verði með almennum verðlagsbreytingum. Það er einmitt þetta sem ég tel að bæði stjórnvöld og stjórn Seðlabankans hljóti að verða að íhuga, hvort ekki er komið á það stig í vaxtamálum, að þar verði að verða á breyting. Ég held því alveg hiklaust *fram*, að *áfram* verði ekki haldið á þeirri braut að tryggja sparifé landsmanna með því að hækka útlánsvexti til atvinnuveganna. Ég held að það hljóti að vera komið á það stig þegar, að við séum komnir þar alveg á fremsta hlunn, ekki verði haldið áfram á sömu braut og Seðlabankinn gerir nú, að ætla sér að halda vaxtahækkun áfram bæði á útlánum og innlánum og tryggja þannig hag sparifjáreigenda. Ég held að það hljóti að verða að leita að öðrum leiðum en nú er farið og stjórn Seðlabankans virðist ætla sér að halda áfram að fara.

Ég undirstrika, að það er álit núv. viðskrh. að seðlabankastjórnin hafi til þess heimild að fara sínu fram í þessum málum án tillits til aðstöðu ríkisstj. og að hún telji sig hafa þessa heimild, líti þannig á lögin að hún telji sig hafa þarna alveg óskoraða heimild til þess að haga þessum málum eins og henni finnst réttast á hverjum tíma.

Ég benti á þann kostnað sem væri við Seðlabankann. Ef á að fara að endurskoða bankakerfið og draga eitthvað úr kostnaði við það, þá kemur Seðlabankinn að mínum dómi þar til greina alveg eins og aðrar bankastofnanir. Ég benti á að örugglega er hægt að koma þessu þannig fyrir, að hluta af starfi Seðlabankans geti Landsbankinn tekið að sér og hluta af skýrslugerðinni geti aðrar stofnanir, sem nú eru í gangi, bæði Þjóðhagsstofnun og fleiri, tekið að sér fyrir minni kostnað en er nú hjá Seðlabankanum.

Hv. þm., form. stjórnar Seðlabankans, endurtók það hér, sem hann sagði í fyrri ræðu sinni, síðast þegar mál þetta var til umr., að óþarfi væri að athuga rekstur Seðlabankans vegna þess að þar hafi ekki orðið nein fjölgun á starfsmönnum. En einhvern veginn kemur það ákaflega *einkennilega fyrir ef maður lítur á niðurstöðu* kostnaðarreiknings Seðlabankans. 1973 er það samkv. reikningunum 106 millj., en árið 1975 hrekkur það upp í 263 millj. og árið 1976 upp í 333 millj. Þetta er langt umfram þær kauphækkanir sem hafa orðið á þessu tímabili, þannig að það hlýtur þá að liggja í einhverju öðru, sem það hefur hækkað, en launum starfsfólksins.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. En ég vil aðeins undirstrika, að ég tel að þá stefnu, sem nú er rekin og ég tel alveg hiklaust að Seðlabankinn hafi einhliða ákveðið 1974, en ekki verið breytt, hvorki af fyrrv. né núv. ríkisstj., þurfi að endurskoða og finna þurfi nýjar leiðir til þess að tryggja sparifé almennings, þá frekast með því að verðtryggja hluta af útlánum bankakerfisins, ekki sjóðakerfisins, það kemur auðvitað ekki sparifjáreigendum til góða, en að verðtryggja hluta af útlánum bankakerfisins, þannig að eftir þeirri leið yrði sparifjáreigendum bætt það tjón sem þeir verða fyrir í sambandi við vaxandi verðbólgu.

Umr. frestað.

Embættisgengi kennara og skólastjóra, frv. (þskj. 397, n. 562, 563). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta frv. um embættisgengi kennara og skólastjóra. N. varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt. Þó með þeirri breyt. sem segir um á þskj. 563. Sú breyt. er við 14. gr. frv., um það að breyta skuli þannig að cand. mag.-próf hafi vissan forgang fram yfir B.A.-próf. Okkur virtist í n., að þessi próf, cand. mag.- og B.A.-próf, verði ekki ævinlega lögð að jöfnu, a. m. k. ekki í öllum greinum og sérstaklega hvað varðar þekkingarkröfur í íslenskum fræðum. Þess vegna varð n. sammála um að rétt væri að breyta frv. að þessu leyti eins og segir á þskj. 563. Að öðru leyti leggur n. til að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Réttur til fiskveiða í landhelgi, frv. (þskj. 498). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 frá 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, en þar er gert ráð fyrir því, að inn komi ný grein, sem feli það í sér, að íslenskum aðilum verði heimilað að festa kaup á stóru verk-

smiðjuskipi til vinnslu á kolmunna og öðrum sjávarafla og þau kaup verði í formi leigukaupa.

Tildrög þessa máls eru þau, að kunnur athafnamaður hér á landi og fyrirtæki hans hafa haft áhuga á því að kaupa stórt bræðsluskip hingað til landsins til þess að vinna úr ýmsum sjávarafla, fyrst og fremst loðnu og kolmunna. Eins og fram kemur í grg., þá er hugmyndin sú, að þetta skip verði 36—40 þús. tonn að stærð og í því verði ný og fullkomin fiskimjölsverksmiðja með 2 þús. tonna afköstum á sólarhring og jafnframt aðstaða til frystingar á loðnuhrognum o. fl. Er gert ráð fyrir því af hálfu þeirra, sem hyggjast ráðast í þessi kaup, að skipið fari ásamt flotvörpuskipum á vorin og fyrri hluta sumars austur fyrir land til kolmunnavinnslu í íslenskri eða færeyskri fiskveiðilögsögu, eftir því sem heimildir leyfa. Síðan er gert ráð fyrir því, að seinni hluta sumars haldi skipið til kolmunnamiða vestur af landinu og haldi sig þar fram eftir hausti. Samkvæmt áætlunum þeirra, sem að þessu máli standa, mundi skipið fá a. m. k. 150 þús. tonn af kolmunna til vinnslu á hverju ári. Þá er gert ráð fyrir að skipið fylgi loðnuflotanum á vetrarvertíð og taki þar til vinnslu a. m. k. 60 þús. tonn á ári þegar veiðiþol loðnustofnsins leyfir. Auk þess er hugmyndin að senda skipið á fjarlæg mið í samvinnu við útgerðaraðila og yfirvöld hér á landi til þess að nota það til bræðslu á þessum sjávarafla, sem ég hef nefnt, og ýmsum öðrum. Þannig er hugmyndin með því að staðsetja skipið á kolmunnamiðum fjarri landi, að unnt sé að gera kolmunnaveiðar arðbærar fyrir íslenska skuttogaraflotann, þannig að veiðar stæðust fjárhagslega samanburð við veiðar á öðrum fiski. Síðan er bent á það í grg., að með flutningi á úrvalskolmunna til vinnslustöðva í landi megi skapa þar verkefni og vinna upp það hugsanlega tjón sem vinnslustöðvar yrðu fyrir ef togaraflotinn sækti á þessi mið.

Það, sem styður þetta mál að mínu mati, er einkum þrennt: Í fyrsta lagi er þarna bent á leið sem gæti stuðlað að frekari verndun þorskstofnsins, en það er allra mál, að leita þurfi ýmissa leiða til þess að svo megi verða, og þarf ég ekki að fara mörgum orðum um það. Í öðru lagi er þarna ráðgerð aðferð til þess að nýta betur aðra fiskstofna, sem sannanlega eru fyrir hendi á nálægum miðum og fjarlægum miðum, þannig að auðlindir hafsins séu nýttar af þeim glæsilega skipakosti, sem við Íslendingar eigum. Í þriðja lagi er hér fyrir hendi áhugi á að kaupa til landsins skip af þessari stærð, sem er nýmæli og mundi gjörbreyta fiskveiðum okkar Íslendinga, auka fjölbreytni í þeim og skapa verulegar tekjur, ef þær áætlanir standast sem gerðar hafa verið.

Þeir aðilar, sem að þessum hugmyndum hafa staðið og hafa kynnt þær, hafa nú um nokkurt skeið kannað möguleika á því, að úr slíkum kaupum gæti orðið. Það hefur verið gert með því að leita til hæstv. ríkisstj. um heimildir til þess að kaupa skipið með venjulegum hætti, en ríkisstj. hefur af ástæðum, sem hér skulu ekki raktar, sett þá reglu, að þegar um slík skipakaup er að ræða skuli kaupandinn leggja fram 50% af kaupverði skipsins.

Með hliðsjón af því, hversu hér er um dýrt fyrirtæki að ræða, þegar áætlað er að skipið muni kosta 6—7 milljarða, er augljóst að íslenskir aðilar hafa ekki bolmagn til þess að reiða það fé fram. Þá hafa verið kannaðir þeir möguleikar að fá heimild til þess að skipið yrði keypt með allt að 100% lánum. Það liggur fyrir, að slík kaup eru möguleg, en heimildir hafa ekki fengist til þess að sú leið yrði farin. Það skal skýrt tekið fram í þessu sambandi, að væntanlegir eigendur að slíku skipi hafa ekki óskað eftir neinum ríkisábyrgðum eða baktryggingum. Þeir vilja taka þessa áhættu algjörlega sjálfir og þurfa ekki á slíkum ábyrgðum að halda gagnvart seljendum, þannig að það atriði hefur ekki ráðið úrslitum í afstöðu stjórnvalda til þeirrar málaleitunar sem ég hef hér gert grein fyrir. En að þessum svörum fengnum og með hliðsjón af þeirri stöðu, sem upp hefur komið, hefur verið horfið að því að leita lagaheimildar til þess að kaupa mætti þetta skip til landsins með svokölluðum leigukaupakjörum, en þau kaup eru algeng og hafa verið notuð í sambandi við kaup á farþegaþotum hingað til landsins og eftir atvikum er leið sem er þekkt í slíkum viðskiptum. Hún er í því fólgin, að gerður er leigusamningur, leiga greidd eftir því sem samningur segir til um og með ákveðnum eignarréttarfyrirvara verður síðan skipið að fullu eign þeirra aðila sem leigja það, þegar ákveðinn hluti leigunnar hefur verið greiddur.

Til þess að þessi leigukaup geti átt sér stað þarf á lagabreytingu að halda. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að þessi heimild sé veitt með því að bæta inn þeirri grein sem frv. felur í sér. Og í frv. er gert ráð fyrir því, að heimild fáist til þess að kaupa þetta eina skip, enda hafa stjórnvöld það algjörlega í sinni hendi, hvort þetta mundi skapa fordæmi eða ekki. Eins og frv. er orðað, þá mundi þurfa nýrra heimilda og lagaákvæða við ef fleiri hyggðust fylgja á eftir. Ég held þó að lítil ástæða sé til að óttast það, ef hægt er að nota það orð, vegna þess að hér er um svo stórhuga fyrirætlanir að ræða og svo óvenjulegar tilraunir, að afar ólíklegt er að margir Íslendingar hefðu tök á því að ráðast í slík kaup og slíkan atvinnurekstur. Það er líka ákaflega ólíklegt að þörf væri fyrir fleiri slík skip af þessari stærð.

Upplýsingar hafa legið fyrir af hálfu væntanlegra leigjenda um að hægt sé að leigja nú á þessum tíma skip af þessari gerð og breyta þeim í bræðsluskip og hægt sé að leigja þau með mjög hagkvæmum kjörum. Kannaður hefur verið markaður og framboð á slíkum skipum og í ljós kemur, að þau eru fyrir hendi með afar góðum kjörum í fleiri en einu landi.

Í þessu sambandi og þegar rætt er um að heimila leigukaup á slíku bræðsluskipi, sem gæfi möguleika til þeirra fiskveiða sem ég hef nú gert grein fyrir, þá vildi ég leyfa mér að minna á að útgerð og fiskiðnaður við Norður-Atlantshaf stendur nú á tímamótum. Hin nýja 200 mílna fiskveiðilögsaga og ýmsar takmarkanir á fiskveiðum vegna ofveiði verðmætra fiskstofna munu hafa í för með sér víðtæka endurskipulagningu í þessum greinum. Þetta mun að sjálfsögðu ekki síst hafa áhrif fyrir

okkur Íslendinga, sem byggjum mjög á fiskveiðum og útgerð.

Um leið og gengið hefur verið á stofna þorsks og síldar, sem áður báru uppi íslenskan sjávarútveg, hefur athyglin beinst að öðrum fisktegundum, sem eru mikilvæg fæða fyrir þorskinn, en minnkandi síldarstofnar hafa skilið eftir ónotaða. Þessar fisktegundir eru loðna, kolmunni og spærlingur. Bæði loðnu og kolmunna er hægt að nota sem hráefni fyrir frystihúsin að nokkru leyti, en magnið, sem veiða má, fer það langt fram úr vinnslu og sölugetu frystihúsanna, að ljóst er að a. m. k. á næsta áratug verður mest af veiðinni notað sem hráefni fyrir fiskmjölsverksmiðjur.

Veiðar loðnu fyrir fiskmjölsiðnaðinn hófust fyrst árið 1964, en þá veiddust um 8 þús. tonn. Það hefur lengi verið vitað, að þessi skammlífa fisktegund fer í hrygningargöngu upp að suður- og vesturströnd Íslands á tímabilinu janúar til mars ár hvert, en að lokinni hrygningargöngunni deyr meginið af þeim fiski sem kynþroska er. Þorskveiðar á þessum sömu mánuðum hafa lengi verið bundnar hegðun loðnugangnanna. Loðnan hefur almennt verið notuð sem beita fyrir þorsk og aðrar verðmætar fisktegundir. Menn hafa veitt því athygli, að seiði frá þessum hrygningargöngum loðnunnar út af suður- og suðvesturströndinni rekur með straumum á hafsvæði út af Norðvestur- og Norðurlandi, þar sem þau vaxa upp. Þegar loðnan er kynþroska, um það bil 4 ára gömul, fer meginhluti hennar í göngu djúpt út af Norðurlandi til austurs og beygir síðan suður með austurströndinni upp að hrygningarstöðvunum. E. t. v. fara aðrar göngur vestur á bóginn og snúa síðan í suður út af Vestfjörðum.

Veiðar á loðnu fyrir fiskmjölsiðnaðinn voru upprunalega bundnar hrygningarsvæðunum, en á síðari árum hefur loðnuveiðiflotinn mætt loðnugöngunum út af Norðausturlandi og síðan fylgt þeim eftir þar til loðnugöngunum er lokið.

Kolmunnastofninn hefur haft vaxandi þýðingu fyrir fiskveiðar í Norður-Atlantshafi. Kolmunnanum hefur fjölgað ört á síðustu árum, en fiskveiðitilraunir eru nýlega hafnar. Kolmunninn er smávaxinn fiskur og er erfitt að nýta hann sem hráefni fyrir frystihúsin, þó hann að öðru leyti sé ágætlega hæfur til manneldis. Þróun vinnsluvéla og vinnsluaðferða ásamt gæðamati fer nú fram í nokkrum löndum þ. á m. í Skotlandi, Noregi, Danmörku og svo hér á Íslandi. Fiskurinn hefur verið frystur, þurrkaður og settur í súr og einnig hakkaður sem hráefni, m. a. fyrir japanska rétti. Mun vera talsverður markaður fyrir þetta fiskhakk í Japan. Veiðitilraunir eru talsvert langt á veg komnar, en kolmunninn er miðsjávartegund, og mun vænlegast til árangurs að nota flotvörpu við veiðarnar. Magn kolmunna í Norður-Atlantshafi er talið mjög mikið, sennilega a. m. k. 15 millj. tonna. Fiskurinn er farfiskur og virðist einn stofn hans hrygna vestur af Bretlandseyjum og síðan ganga í fæðugöngu um landhelgi Færeyja, Íslands og Noregs. Annar stofn er sennilega í hafinu milli Íslands og Grænlands og myndar hann svo stóra torfu á Dornbanka á vissum tímum árs, að talið er að kolmunnastofninn geti gefið af sér 1—2 millj. tonna á ári a. m. k., en þessi veiði mundi skiptast á milli nokkurra þjóða. Ísland mundi væntanlega fá allstóran hluta, þar sem tegundin heldur sig á vissum árstímum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, bæði austur og vestur af landinu.

Ísland hefur nokkurn veiðikvóta fyrir kolmunna í færeyskri fiskveiðilögsögu samkv. samningi milli Íslands og Færeyja. Kolmunninn heldur sig langt frá landi og veiðar á honum hafa verið miklum erfiðleikum háðar, áður en nútíma flotvörpunót hafði verið fullkomnuð með bergmálsleitartækjum og hitamælum, sem tengdir eru vörpunni. Veiðitilraunir, sem gerðar voru árið 1976 og 1977 af íslenskum skipum, sýna, að nýtísku skuttogarar geta búist við góðri veiði, þar sem kolmunnatorfurnar hittast. Er meira að segja þörf á sérstökum búnaði til að varna vörpunum frá því að springa sökum of mikils magns af fiski. Nokkur af stærri loðnuveiðiskipunum eru útbúin fyrir flotvörpuveiðar, og má geta þess sérstaklega, að Börkur frá Neskaupstað veiddi á s. l. sumri á skömmum tíma á milli 3 og 4 þús. tonn af kolmunna fyrir austan land. Færeyingar og Norðmenn hafa náð nokkrum árangri við veiðitilraunir, þar sem tvö minni veiðiskip hafa dregið sameiginlega eina vörpu.

Vegna vaxandi takmarkana á veiði þorsks og skyldra tegunda í íslenskri fiskveiðilögsögu, þá gæti kolmunnaveiði í stórum stíl gefið togaraflotanum tækifæri til þess að komast úr þeirri kreppu, sem hann nú er í, þ. e. að ofveiða þá fiskstofna, sem hann verður þó að byggja framtíð sína á. En það eru ýmsir fjárhagslegir örðugleikar: fjarlægð kolmunnatorfanna frá landi, tiltölulega lítil burðargeta togaranna, takmörkuð vinnslugeta í frystihúsunum, söluerfiðleikar á kolmunnaframleiðslu, og þannig mætti lengi telja. Eina raunverulega leiðin til að vinna kolmunna í stórum stíl virðist vera að bræða hann, en togararnir eru ekki eins vel búnir til þess að veiða bræðslufisk og hin stærri nótaveiðiskip. Sérstök flutningaskip þyrfti til að flytja fiskinn frá veiðislóðunum til fiskmjölsverksmiðja í landi, og slíkir flutningar eru dýrir og mundu lækka verð á ferskum fiski. Heppilegasta leiðin er því tvímælalaust verksmiðjuskip, sem væri á miðunum hjá flotanum og veitti honum alla þjónustu. Verksmiðjuskipin auka veiðitíma togaranna og auka þar með afla þeirra og það mundi spara þeim flutningskostnað. Skipið yrði aðallega fljótandi fiskmjölsverksmiðja, en einnig er möguleiki að setja aðrar fiskvinnsluvélar í það, t. d. í því skyni að framleiða fryst loðnuhrogn og frystar afurðir úr kolmunna eða kolmunnahakki fyrir Japansmarkað. Einnig mætti heilfrysta kolmunnann og flytja hann síðan í land til frekari vinnslu þar. Það er ekki talin of mikil bjartsýni, að verksmiðjuskip geti fengið 150—250 þús. tonn af kolmunna til vinnslu á ári miðað við 40 daga dvöl á miðunum austur af landi fyrri hluta sumars og 110 daga dvöl síðari hluta sumars og á haustin út af vesturströndinni. Hlutur Íslendinga í veiði kolmunnans yrði varla minni en um 400 þús. tonn á ári.

Spærlingurinn er sennilega vaxandi fiskstofn

innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, sem kemur heim við minnkandi stofna af þorski og öðrum stærri fisktegundum. Þannig verður spærlingur sennilega notaður í vaxandi mæli sem hráefni fyrir fiskmjölsverksmiðjur á Suður- og Suðvesturlandi á sumrin, en þar sem hann hefur haldið sig nálægt landi þarf ekki verksmiðjuskip til að nýta þessa hráefnalind.

Niðurstaða þessara upplýsinga, sem ég hef viðað að mér, bæði frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og frá þeim aðilum, sem hér hafa sýnt áhuga á þessum veiðum, er sú, að íslensk fiskimið geti gefið af sér um 1 millj. tonna af loðnu eins og nú standa sakir og a. m. k. 400 þús. tonn af kolmunna. Veiðigeta íslenskra fiskiskipa er nægileg til að ná megi þessari veiði árlega, og ekki er talið ómögulegt að íslensk bræðsluskip gætu fengið 100 þús. tonn af loðnu og 250 þús. tonn af kolmunna á ári, en varfærnari áætlun er um 60 þús. tonn af loðnu og um 150 þús. tonn af kolmunna. Ýmsir möguleikar eru einnig á því að leigja skipið annað á vissum tíma árs, og má þá nefna bæði miðin út af Nýfundnalandi og Vestur-Afríku, en slíkt yrði gert í samvinnu við þarlend fyrirtæki og yfirvöld.

Loks má nefna, að nýting stærsta lífverustofns á jörðinni, ljósátunnar í Suður-Íshafi, sem talin er nema 500—600 millj. tonna, mun væntanlega hefjast innan nokkurra ára. Verksmiðjuskipið, ef keypt yrði, gæti unnið ljósátu með minni háttar breytingum. Margar þjóðir hafa sýnt mikinn áhuga á veiðum á ljósátu, og ljóst er að að því stefnir, hvort sem við Íslendingar verðum með í því eða ekki, og er augljóst hagsmunamál fyrir okkur að missa ekki af þeim veiðum og taka þátt í þeim tilraunum og þeim veiðum sem nú eru fyrirhugaðar.

Ég held að hafið sé yfir allan vafa, að það sé stórt hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga að greiða fyrir því, að kolmunninn sé veiddur hér og þessi stofn sé nýttur miklu meir en nú er. Þeir menn, sem hafa þekkingu á þessum málum, hafa ekki bent á aðrar leiðir, hagkvæmari en einmitt þá, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að bræðsluskip sé keypt, sem geti fylgt flotanum á miðin og unnið úr fiskaflanum, sem skipin veiða.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að íslenskir aðilar geti keypt þetta skip. Það er auðvitað algjört frumskilyrði, að skipið og þessi atvinna sé í höndum íslenskra aðila. Nú má halda því fram, að vegna þessara formlegu leiða, sem hér er gerð tilraun til að fá samþ., sé skipið í fyrstu að nafninu til í eigu útlendra aðila. Þetta á þó ekki að mínu mati að verða til þess, að brugðið verði fæti fyrir þetta mál, vegna þess að það liggur fyrir, að íslenskir aðilar mundu standa að þessum leigukaupum, skipið mundi sigla undir íslenskum fána, hafa íslenska áhöfn og greiða sína skatta og skyldur hér á landi, og innan viss tíma, þegar eignarréttarfyrirvaranum hefur verið fullnægt, verður skipið að sjálfsögðu komið að fullu í hendur Íslendinga. Það kemur jafnvel til greina í þessu sambandi, til þess að forðast allan misskilning og ótta um að verið sé að hleypa útlendingum inn í íslenska fiskveiðilögsögu, að skipið sé í eigu Íslendinga erlendis, sem aftur leigi það hingað með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Mundi þá vera girt fyrir það, að menn teldu útlendinga vera að seilast til fanga í íslenskri lögsögu.

Ég vil vekja athygli á því, að hér er á ferðinni stórkostlega merkilegt mál, — mál sem tengist mikilvægasta atvinnuvegi okkar, — og þetta er mál sem mundi þá vera stofnað til að okkar eigin frumkvæði og vera í höndum Íslendinga, vera nýjung á þessu sviði og stuðla að framtaki manna, sem vilja taka áhættu og kosta nokkru til. Við erum öll sammála um að treysta þurfi frekar efnahags- og atvinnulíf okkar Íslendinga í mjög stórum mæli. Í því sambandi hafa stjórnvöld á undanförnum árum leitað samstarfs við erlenda aðila um uppbyggingu stóriðju hér á landi. Þær leiðir hafa verið umdeildar, svo ekki sé meira sagt, og ýmsir hafa áhyggjur af því, að erlent stórkapítal væri í óeðlilegum mæli hér, hreiðraði um sig á Íslandi og gæti raskað yfirráðum okkar yfir atvinnurekstrinum og haft, þegar til lengdar lætur, áhrif til hins verra á íslenskt atvinnulíf í heild.

Sjávarútvegurinn er hefðbundinn og rótgróinn atvinnuvegur á Íslandi. Þetta land hefur byggst upp og komist í álnir vegna dugnaðar íslenskra sjómanna og útvegsmanna. Á þessum vettvangi eigum við bæði þekkingu og búum að margvíslegum möguleikum og framtaki. Ég held að ekki sé hægt að hugsa sér betri leið til þess að skjóta stoðum undir íslenskt atvinnulíf en að gefa athafnamönnum á þessum vettvangi svigrúm til þess að leita nýrra leiða og til þess að setja á fót íslenska stóriðju.

Ég treysti því, herra forseti, að þetta mál fái yfirvegaða athugun og að menn líti á þetta mál fordómalaust, skilji hvaða þýðingu það hefur, að möguleikar séu veittir til kaupa á þessu bræðsluskipi. Ég vonast til þess, að þetta mál geti hlotið jákvæða afgreiðslu áður en þingi lýkur. Ég leyfi mér svo, virðulegi forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 18. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kostnaður vegna ráðgjafarstarfa um rekstur ríkisfyrirtækja eða stofnana, fsp. (þskj. 327). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 327 leyfi ég mér að bera upp svo hljóðandi fsp. við hæstv. fjmrh. um kostnað vegna ráðgjafarstarfa um rekstur ríkisfyrirtækja eða stofnana:

„1. Hvaða ríkisstofnanir hafa verið athugaðar í þeim tilgangi að koma á hagkvæmni og auknum sparnaði í rekstri á árunum 1974, 1975, 1976 og 1977?

2. Hverjir hafa annast þessar rannsóknir og hvað hefur hver aðili fengið í greiðslu fyrir þær?

3. Hvað hefur verið gert hjá viðkomandi stofnunum til þess að skipuleggja reksturinn í samræmi við tillögugerð, og hvað hefur það kostað?"

Það er kunnugt þeim hv. þm. sem setið hafa í fjvn., að oft hefur verið fjallað um ýmis rekstrarvandamál ákveðinna ríkisstofnana. Eru ríkisstofnanir orðnar allmargar, sem hafa verið teknar til meðferðar, ef svo má segja, og frá fjárlaga- og hagsýsludeildinni hafa komið gögn í hendur fjvn.-manna um ýmsar athuganir, er fram hafa farið, og sagt, hvað til hafi staðið. Hefur mikið verið um þessi mál rætt. En alþm. kannast líka við kjörorðið: „Báknið burt". Það hefur heyrst undanfarið. Því leikur mér nokkur hugur á að vita, hvað hægt sé að gera í því að minnka þetta bákn, gera það hagkvæmara og þægilegra í rekstri og kostnaðarminna fyrir heildina.

Ég get ekki látið hjá líða að geta þess, að ein ákveðin saga, sem ég heyrði af tilviljun í vetur, vakti undrun mína. Hún er á þá leið, að Ríkisútvarpið lét kalla á leigubifreið til að sækja aflaskýrslu í næsta hús og er þó vegalengdin á milli ekki meira en seilingarfjarlægð. Ef starfshættir margra stofnana eru með þessum hætti varðandi kostnaðarþátt, þá vil ég gjarnan að það sé tekið til umræðu af hagsýslu- og fjárlagastofnun eða nánari athugun sé gerð á ýmsum rekstri ríkisfyrirtækjanna. Maður hefur ýmislegt heyrt, og þess vegna er ekki úr vegi að fá nokkurt yfirlit yfir hvað hefur verið gert á þeim vettvangi undanfarin 4 ár.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég óskaði eftir því við fjárlaga- og hagsýslustofnun, þegar þessi fsp. var lögð fram, að hún gerði könnun á þeim atriðum, sem þar er spurst fyrir um. Svör mín nú eru byggð á niðurstöðum þeirrar könnunar. Það hefur að sjálfsögðu tekið lengri tíma en ég hefði kosið að fá þessi gögn til þess að geta svarað hv. þm., en hér liggja þau fyrir eins og þau hafa birst:

Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ríkisstofnanir sem athugaðar hafa verið árið 1974: Ríkisútvarp. Póstur og sími. Flugmálastjórn. Landhelgisgæslan, fríhöfn á Keflavíkurflugvelli. Vegagerð ríkisins. Tryggingastofnun ríkisins.

1975: Prentsmiðjan Gutenberg. Háskóli Íslands. Raunvísindastofnun háskólans. Rafmagnseftirlit ríkisins. Skrifstofa ríkisspítalanna.

1976: Dómsmrn., úttekt á dómskerfinu. Heilbrrn., starfsmannahald sjúkrahúsa. Innkaupastofnun ríkisins. Sameiginlegt húsnæði fyrir eftirlitsstofnanir.

1977: Bifreiðaeftirlit ríkisins. Hjúkrunarskóli Íslands. Menntmrn., verkmenntun á framhaldsskólastigi. Keflavíkurflugvöllur, tekjustofnar og rekstur fríhafnar. Skipaútgerð ríkisins, áætlun um endurskipulagningu á vörugeymslu. Gjaldheimtan í Reykjavík. Húsnæðismálastofnun ríkisins. Menntaskólinn á Ísafirði. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Svar við 2. spurningu um ráðgjafa og greiðslur til þeirra:

Ríkisútvarpið: Verkfræðistofa dr. Kjartans Jóhannssonar, kaupgreiðsla, 1 875 990 kr. Guðmundur Erlendsson endurskoðandi 80 þús. kr.

Póstur og sími: A. Haberstad, norskt ráðgjafarfyrirtæki, 6 865 000 kr. Verkfræðistofa dr. Kjartans Jóhannssonar 1 454 000 kr.

Flugmálastjórn: Hagvangur hf. 890 260 kr., Halldór Friðgeirsson verkfræðingur 802 700 kr.

Landhelgisgæslan: Hannar sf. 785 913 kr.

Fríhöfn: Starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar, enginn kostnaður.

Vegagerðin: Starfsmenn Vegagerðarinnar, enginn kostnaður.

Gutenberg: Starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar, enginn kostnaður.

Háskólinn: Starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar, enginn kostnaður. Raunvísindastofnunin: Verkfræðistofa Helga G. Þórðarsonar 87 750 kr.

Rafmagnseftirlit ríkisins: Hannar sf. 4 900 000 kr.

Dómsmrn. — úttekt á dómskerfinu: Ingimar Hansson verkfræðingur 1 342 609 kr.

Heilbrrn. — starfsmannahald sjúkrahúsa: Þórir Ólafsson hagfræðingur 1 392 642 kr.

Innkaupastofnun ríkisins; Ingimar Hansson verkfræðingur 100 000 kr., ásamt Gunnari Ingibergssyni arkitekt.

Sameiginlegt húsnæði — eftirlitsstofnanir ríkisins: Starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar, enginn kostnaður.

Bifreiðaeftirlitið: Hannar sf. 5 755 935 kr.

Hjúkrunarskóli Íslands: Halldór Friðgeirsson 538 350 kr.

Menntmrn.: Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur 39 000 kr. og Ingimar Hansson verkfræðingur 1 154 130 kr.

Keflavíkurflugvöllur: Samstarfshópar innan rn., kostnaðarlaust.

Skipaútgerð ríkisins: Starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Ríkisskip, kostnaðarlaust.

Gjaldheimtan: Samstarfsmenn SKÝRR og Reykjavíkurborgar, þaðan hafa ekki borist reikningar.

Húsnæðismálastofnun: Starfsfólk stofnunar.

Menntaskólinn á Ísafirði: Verkfræðistofa Helga G. Þórðarsonar, reikningar hafa þar ekki borist.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins: Verkfræðistofa dr. Kjartans Jóhannssonar 1 913 100 kr.

Tryggingastofnun ríkisins: IBM á Íslandi 6 000 000 kr.

Skrifstofa ríkisspítalanna: Helgi G. Þórðarson 346 869 kr. Verkfræðistofa dr. Kjartans Jóhannssonar 1 607 730 kr. SPRI, fyrirtæki frá Stokkhólmi, 1 719 110 kr.

Lyfjaverslun ríkisins: Skýrsluvélar, reikningar hafa þar ekki borist.

Ferðaskrifstofa ríkisins: Starfsfólk stofnunar.

Dregið saman í ráðgjafa og greiðslur til þeirra eftir árum:

A. Haberstad, norskt ráðgjafarfyrirtæki: 1975 6 865 000 kr. Samtals 6 865 000 kr. — Guðmundur Erlendsson endurskoðandi: 1977 80 000 kr. Samtals 80 000 kr. — Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur: 39 þús. kr. 1977. Samtals 39 000 kr. — Hagvangur: 1974 400 000 kr., 1975 490 260 kr. Samtals 890 260 kr. — Halldór Friðgeirsson verkfræðingur: 1976 501 000 kr., 1977 840 050 kr.

Samtals 1 341 050 kr. — Hannar sf.: 1974 300 þús. kr., 1975 3 404 558 kr., 1976 4 418 645 kr., 1977 3 318 645 kr. Alls 11 441 848 kr. — Helgi G. Þórðarson verkfræðingur: 1975 425 539 kr., 1976 9 080 kr. Samtals 434 619 kr. — IBM á Íslandi: 1975 3 millj. kr., 1976 3 millj. kr. Samtals 6 millj. kr. — Ingimar Hansson verkfræðingur: 1976 1 442 609 kr., 1977 1 154 130 kr. Samtals 2 596 739 kr. — Verkfræðistofa dr. Kjartans Jóhannssonar: 1974 1 801 750 kr., 1975 1 528 420 kr., 1976 803 865 kr., 1977 2 716 965 kr. Samtals 6 850 820 kr. — SPRI-Konsult frá Stokkhólmi: 1977 1 719 110 kr. Samtals 1 719 110 kr. — Þórir Ólafsson hagfræðingur: 1976 1 392 642 kr. Samtals 1 392 642 kr. — Samtals eru þetta 39 651 088 kr.: 2 501 570 kr. 1974, 15 713 777 kr. 1975, 11 567 841 kr. 1976 og 9 867 900 kr. 1977.

Framkvæmd tillagna:

Ríkisútvarpið: Skipulagsbreytingar gerðar og ýmsar till. varðandi rekstur stofnunarinnar. Unnið hefur verið að því að framkvæma tillögur nefndar sem skipuð var til þess að gera tillögur um breytt skipulag. Veigamesta till., um að leggja niður innheimtudeild og skráningu viðtækja, hefur enn ekki verið framkvæmd.

2. Póstur og sími: Stofnunin endurskipulögð, sbr aths. með frv. til laga, 165. máli, á 98. löggjafarþingi. Í meginatriðum var um að ræða aðskilnað á stefnumörkun og rekstri, aukningu á valdreifingu og áætlanagerð. Nýting húsnæðis bætt, póstnúmerakerfi tekið upp, sem þýðir bætt vinnubrögð og aukna framleiðni. Tölvuvæðing upplýsinga í símaskrá, sala á auglýsingaplássi í símaskrá. Afgreiðsla skeyta sett í tölvuvinnslu. Opnunartími póst- og símastöðva styttur, símstöðvar sameinaðar. Viðgerða- og viðhaldsþjónusta flutt til staða utan Reykjavíkursvæðisins. Samstarf við rafveitur vegna jarðsímaframkvæmda og við Ríkisútvarpið vegna byggingar á sameiginlegri aðstöðu varðandi aðflutningskerfi sjónvarps og radíólínukerfis Pósts og síma.

3. Flugmálastjórn: Komið hefur verið á deildaskiptingu og fjármálalegu eftirliti innan stofnunarinnar, jafnframt því að bókhaldið var sett í tölvuvinnslu. Unnt er að fylgjast með fjármálum einstakra flugvalla mánaðarlega samkv. fyrir fram ákveðinni viðfangsefnaskiptingu.

4. Landhelgisgæslan: Landhelgisdeilan tafði fyrir og breytti forsendum, þannig að úrvinnsla hefur ekki átt sér stað.

5. Fríhöfn Keflavíkurflugvelli: Birgðabókhald var endurbætt, tegundafjöldi lækkaður og daglegu uppgjöri komið á í samvinnu við útibú Landsbanka Íslands.

6. Vegagerð ríkisins: Bókhaldsvinnsla endurskipulögð ásamt pappírsstreymi og vinnubrögðum þar að lútandi. Eftirlit með yfirvinnu og akstri starfsmanna. Þetta hefur leitt til fækkunar starfsfólks og bættrar áætlanagerðar varðandi rekstur og framkvæmdir stofnunarinnar.

7. Tryggingastofnun ríkisins: Tölvuvinnsla tryggingabóta upp tekin. Vinnsla hófst 1. jan. 1976.

8. Gutenberg: Skipulagsbreyting var gerð og áætlun um þróun offsetprenttækni, jafnframt því að dregið yrði úr prentun með hefðbundinni aðferð, þ. e. a. s. blýsetningu.

9. Háskóli Íslands: Lækkun prófkostnaðar með því að hætta að hafa prófdómara við skrifleg próf.

10. Raunvísindastofnun háskólans: Verkaskipting við ákvæðisvinnu ræstingakvenna.

11. Rafmagnseftirlit ríkisins: Tillögur um skipulag Rafmagnseftirlits ríkisins og skipan eftirlits. Úttekt á raffangaprófun. Skipulagsbreytingar hafa komið til framkvæmda að hluta, en áfram er unnið að þeim.

12. Skrifstofa ríkisspítalanna: Endurskipulagning á þjónustu vaktmanna á Landspítala. Vinnutilhögun hefur að mestu verið breytt í þá átt sem lagt var til. Athugun á vinnuskipulagi við hjúkrun á legudeildum Landspítala og Vífilsstaðaspítala. Endurskipulagning á þjónustukerfi sótthreinsunardeildar Landspítalans. Unnið er samkv. þessum till. að endurskipulagningu. Athugun á sjúklingabókhaldi með tilliti til endurskipulagningar, niðurstöður liggja þar ekki fyrir.

13. Dómsmrn.: Úttekt á dómskerfinu frá sjónarmiði skipulagningar og stjórnunar. Niðurstöður sendar réttarfarsnefnd, og má vísa til skýrslu dómsmrh. hér á þingi fyrir skömmu.

14. Heilbrrn.: Úrtakskönnun á starfsmannahaldi 10 sjúkrahúsa úti um land gerð í þeim tilgangi að kanna breytingar á fjölda starfsmanna, breytingar á hlutfalli yfirvinnu og launahækkanir starfsfólks. Unnið fyrir daggjaldanefnd.

15. Innkaupastofnun ríkisins: Athugun á skipulagi og starfsháttum.

16. Eftirlitsstofnanir: Rafmagnseftirlitið, Öryggiseftirlitið, Heilbrigðiseftirlitið og Löggildingaskrifstofan — skipulagning á starfsemi þessara stofnana.

17. Bifreiðaeftirlit ríkisins: Almenn athugun á einstökum verkþáttum, aðallega vegna fyrirhugaðra flutninga.

18. Hjúkrunarskóli Íslands: Skipulagsbreytingar sem fela í sér kennsluáætlun 4 ár fram í tímann.

19. Menntmrn.: Verkmenntun á framhaldsskólastigi frá sjónarmiði fjárhagslegrar hagkvæmni.

20. Keflavíkurflugvöllur — tekjustofnar og rekstur Fríhafnar: Unnið er að athugun á tekjustofnum Keflavíkurflugvallar og rekstri Fríhafnar.

21. Skipaútgerð ríkisins: Gerð var áætlun um endurskipulagningu á vörugeymslu fyrir Skipaútgerð ríkisins. Enn fremur tengist hagræðing við uppskipun og útskipun þessu verkefni.

22. Gjaldheimtan í Reykjavík: Athugun var gerð á starfs- og vinnuháttum Gjaldheimtunnar og liggja fyrir tillögur til endurbóta á því.

23. Húsnæðismálastofnun ríkisins: Unnið er að því að koma á launahvetjandi kerfi og verkbókhaldi.

24. Menntaskólinn á Ísafirði: Unnið er að því að koma á tímamældum ákvæðum við ræstingastörf.

25. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins: Unnið er að athugun á vinnuskipulagi og verðlagningu.

26. Lyfjaverslun ríkisins: Unnið er að gagngerðum endurbótum á húsnæði og tækjakosti.

27. Ferðaskrifstofa ríkisins: Hagræðing í rekstri Edduhótela og breytingar á uppsetningu bókhalds.

Ég hef lokið lestri mínum, herra forseti. Ég biðst velvirðingar á því, að ég hef tekið meiri tíma en þingsköp gera ráð fyrir, en ég vildi um leið nota tækifærið til þess að benda á, að þegar slíkar fsp. koma eins og hér eru, enda þótt ekki sé óskað eftir skriflegu svari, þá teldi ég rétt að forseti tæki til athugunar, hvort ekki væri ástæða til, þó ekki sé beðið um skriflegt svar, einmitt í slíku tilfelli sem þessu að hafa það skriflegt.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér er ljúft að verða við ábendingu hæstv. fjmrh. þann tíma sem ég á eftir að stjórna þingfundum.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ekki er langt síðan hér var rætt um sparnað á orku. Ég held að þó að við eyðum fáeinum mínútum fram yfir tiltekinn ræðutíma í þetta mál, þá sé það ekki óþarfa orkueyðsla. Hér hefur verið gerð grein fyrir veigamiklum athugunum á ríkisgeiranum. Hann er þýðingarmikill. Þetta eru stofnanir sem velta tugum milljarða. Það er ekki óeðlilegt, að Alþ. fjalli um þessar stofnanir og athuganir á rekstri þeirra lengur en 5 mínútur.

Ég vil þakka hæstv. fjmrh. Mig langar jafnvel til að segja: Þetta var stórkostlegt svar, að fá þetta fram, og athyglisvert í hvívetna. Það var alveg nauðsynlegt að fá lesið upp lið fyrir lið, hvað stendur til og hvað hefur verið gert til þess að draga úr bákninu. Ég held að við verðum að búa til nýtt kjörorð í staðinn fyrir: „Báknið burt“ og segja: „Aðhald að bákninu“. Það liggur í augum uppi, að brýn nauðsyn er að hafa aðhald.

Ég ætla ekki að tíunda allt sem kom fram í svarinu, það er ekki nokkurt svigrúm til þess, en ég ítreka þakkir mínar til hæstv. fjmrh. og einnig forseta að gefa okkur tóm til þess að hlýða á þetta mikilvæga og athyglisverða svar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins í tilefni af því, sem komið hefur fram í sambandi við þær upplýsingar, sem hér voru gefnar, óska eftir því að þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. gaf, verði dreift prentuðum til allra þm. Hér var um svo mikilvægar upplýsingar að ræða, að ég býst við að allir þm. vilji gjarnan fá að kanna þær betur. Mér sýndist t. d., að svonefnd ráðgjafarþjónusta væri þegar farin að vaxa hvað kostnað snertir yfir höfuð þeim kostnaði sem er á embættunum sjálfum sumum hverjum. En hvað um það, hér var um slíkar upplýsingar að ræða, að ég óska eftir því, að þeim verði dreift prentuðum meðal þm. Ég tek því undir það, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. Hann fann sjálfur, að á slíku þurfti að halda. Í þessu tilfelli liggur alveg augljóslega fyrir, að eðlilegt er að þetta sé gert. Ég fer fram á það verði gert í þessu tilfelli.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við beiðni hv. 2. þm. Austurl. Lokaorð mín áðan voru einmitt sögð til þess að vekja athygli á því, að slík svör sem ég gaf áðan eru eðlilegri skrifleg en þau séu gefin í þeim hefðbundna fsp.-tíma sem þingsköp gera ráð fyrir. Það var að sjálfsögðu von og vísa hæstv. forseta að taka slíkar ábendingar strax til greina, og veit ég að þingheimur er sammála um að þau svör, sem gefin eru undir slíkum kringumstæðum, séu betri skrifleg en eytt sé tíma til upplestrar á slíku.

Hönnun þjóðarbókhlöðu, fsp. (þskj. 339). — Ein umr.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég ber fram fsp. í fjarveru Magnúsar Kjartanssonar til menntmrh. Hún er svo hljóðandi:

„Er væntanleg þjóðarbókhlaða þannig hönnuð að fatlað fólk, m. a. í hjólastólum, eigi greiða leið um húsið allt og geti gegnt þar störfum?“

Ég tel ekki þörf á að útskýra þessa fsp.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. hefur rn. beðið arkitekta þjóðarbókhlöðuhússins að gera grein fyrir aðstöðu þeirri sem fötluðu fólki er þar búin. Fer frásögn þeirra hér á eftir:

Aðalinngangur í bókhlöðuna verður að sunnan og er gert ráð fyrir að gengið verði inn á 2. hæð. Eru annars vegar til hægri fyrst nokkrar tröppur, þá pallur og nokkrar tröppur til viðbótar, uns komið er upp á skörina. Þeir, sem aftur á móti eiga erfitt með að ganga tröppur eða eru t. a. m. í hjólastól, fara til vinstri upp aflíðandi brú, fyrst góðan spöl til vesturs og síðan til austurs og eru þá komnir með hægu móti upp á inngönguhæðina.

Þegar inn í safnið kemur er gert ráð fyrir að þeir, sem geta ekki gengið stigana, hvort heldur er niður á jarðhæðina eða upp á efri hæðirnar tvær, noti lyftur safnsins, sem ætlaðar eru þeim og starfsliði safnsins, einkum vegna bókaflutninga milli hæða. En öllum þorra gesta er ætlað að ganga stigana. Í tveim af þremur lyftum safnsins verður gott hjólastólsrými.

Loks skal þess getið, að sérstök snyrtiaðstaða er í safninu fyrir fatlað fólk.

Leiðbeiningar verða látnar í té þegar við komuna inn í safnið, þannig að engin hætta verður á að ekki verði í hvívetna greidd gata þeirra, er örðugt eiga um gang.

Á vesturhlið hússins og jarðhæð er enn fremur inngangur ætlaður starfsliði safnsins og er þaðan vitaskuld greiður aðgangur að lyftum hússins.

Vegna hins tvíþætta hlutverks hússins, að vera í senn landsbókasafn og háskólabókasafn, þótti langhentugast að gengið yrði inn í bókhlöðuna á 2. hæð, þar sem verður eins konar miðstöð bókhlöðunnar. Með þessari lausn sparast enn fremur að hafa lyfturnar til annarra þarfa en áður hafa verið greindar.

Þetta er frásögn hönnuða.

Þessu til viðbótar þykir mér rétt að geta þess, að á fundi menntmrh. Norðurlanda í Reykjavík 14. júní 1974 voru ráðh. sammála um að leggja áherslu á að í menningarsamstarfi beri að taka sérstakt tillit til fatlaðra og búa þannig í haginn fyrir þá, að þeir geti í sem ríkustum mæli tekið þátt í og notið þess sem um er að ræða

á sviði menningarmála. Að því er menntmrn. Íslands varðar, þá sendi það orðsendingu um þetta efni til fjölmiðla 15. júlí 1974 og var þar beint þeim tilmælum til allra, sem hanna byggingar er varða starfssvið menntmrn. að einhverju leyti, svo sem skólahús, félagsheimili, safnahús o. s. frv., að þess sé vandlega gætt að gera fötluðu fólki sem auðveldast að komast inn í húsin og fara um þau. Í bréfi til Arkitektafélags Íslands og Sambands ísl. sveitarfélaga 11. mars 1975 minnti rn. á þetta mál og æskti góðrar og árangursríkrar samvinnu allra, er um þessi mál fjalla. Einnig var þá minnt á málið í fréttabréfi rn. I auglýsingu 9. febr. 1978 hefur rn. enn minnt á þessi viðhorf sín og tekið fram í auglýsingunni, að það muni ekki fallast á teikningar að byggingum nema framangreindra atriða sé gætt. Með þessari auglýsingu vildi menntmrn. árétta þann skilning sinn í eitt skipti fyrir öll, að hér sé um grundvallaratriði að ræða sem ekki megi sniðganga þegar opinberar byggingar eru hannaðar.

Þetta vildi ég láta koma fram um leið og ég svaraði þeim beinu spurningum sem til rn. var beint.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin. Það gleður mig, að a. m. k. menntmrn. skuli ætla að ganga á undan með góðu fordæmi og ekki láta hanna fleiri opinberar byggingar þar sem fatlaðir geta ekki farið ferða sinna. En ég vil minna á það enn, að það er ekki að ófyrirsynju sem minnt er á, að tekið skuli tillit til þessara hluta við hönnun opinberra bygginga sem ætlaðar eru allri alþýðu manna til afnota og starfa í. Og ég vil ítreka það, sem ég hef áður lagt áherslu á í þessu sambandi, að ekki sé aðeins tekið tillit til fatlaðra í hönnun nýrra bygginga, heldur sé einnig unnið að lagfæringu eldri bygginga með þetta sjónarmið fyrir augum.

Hátíðabrigði vegna stórafmælis Snorra Sturlusonar, fsp. (þskj. 413). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Á þskj. 413 er svo hljóðandi fsp., sem ég hef leyft mér að beina til hæstv. menntmrh.:

„Hvað hyggst menntmrn. gera til hátíðabrigða í tilefni af því, að á þessu ári eru liðnar átta aldir frá fæðingu Snorra Sturlusonar?“

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Já, það er eðlilegt að um þetta sé spurt, en hins vegar verð ég að segja eins og er, að þetta hefur að vísu verið rætt, en endanleg ákvörðun hefur ekki verið um það tekin. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að minnast þessa afmælis, en gera eigi það á látlausan, en auðvitað virðulegan hátt, sem talist gæti samboðinn minningunni um afrek Snorra í þágu íslensks máls og íslenskrar menningar. Ég tel t. d. ekki ástæðu til þess, ef svo mætti segja, að endurtaka stóra Snorrahátíð í Reykholti nú á þessu ári, heldur eigi fremur að fara aðrar leiðir. En því miður get ég ekki skýrt frá endanlegum niðurstöðum menntmrn. um þetta efni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Fyrirsögn þessarar fsp. er um hátíðabrigði vegna stórafmælis Snorra Sturlusonar. Það er alls ekki með ólíkindum að hv. alþm. beri af því nokkrar áhyggjur, hvort þetta merkisár frá fæðingu Snorra Sturlusonar verði látið hjá líða án þess að hans sé í nokkru getið, ekki síst með tilliti til þess, að á engu þingi eða engu kjörtímabili munu alþm. hafa látið svo mjög í ljós elsku sína á tungu þeirra Egils og Snorra eins og því sem nú er að líða.

Meginástæðan fyrir því, að ég kveð mér nú hljóðs, er aftur á móti sú, að ég hef grun um eða mér hefur verið sagt af fróðum mönnum, að það sé nú málvenja að orðið „afmæli“ sé aðeins haft um fæðingardag lifandi manna. Snorri hefði átt 800 ára afmæli í ár ef hann hefði lifað og væri þá, eins og að líkum lætur, fjörgamall maður. Ég veit ekki sönnur á því, að nokkur maður hafi átt 800 ára afmæli. Fjöldi fólks hefði hins vegar átt 800 ára afmæli ef það hefði lifað svo lengi. En það er sannarlega vel þess virði að minnast þess, að 800 ár eru liðin frá fæðingu orðsnillingsins og skáldsins Snorra Sturlusonar og þess þá með, að hann hefði átt 800 ára afmæli ef hann hefði lifað. Þessa má minnast með ýmsum hætti. T. d. væri ekkert óviðeigandi að beina því til almennings, ef ekki beinlínis að skylda fólk með lögum til þess að taka sér fyrir fyrirmyndar framsögn og málfar þeirra 13 alþm., sem best eru máli farnir. Þar væru ráðh. 6 náttúrlega sjálfkjörnir, en það mætti fela hv. þm. Sverri Hermannssyni að tilnefna hina 7 og haldi þeir þá út þessu málfari sínu árið á enda.

Sá er þó annmarki á, að fæðingarár Snorra er víst ekki alveg á hreinu. Sumir segja að það hafi verið 1179, en aðrir 1178. Ef við eigum að vera viss, þá mundi fæðingarhátíðin sem sagt hlaupa á tveimur árum og svo lengi má ekki skylda neinn Borgfirðing t. d. til að stæla málfar hæstv. ráðh. Halldórs E. Sigurðssonar, þó í minningu Snorra Sturlusonar sé, þó ég vilji hreint ekki setja neitt út á það. En um ártíð Snorra Sturlusonar virðast fræðimenn hins vegar vera nokkurn veginn sammála, að það hafi verið árið 1241 sem þeir Árni beiskur stungu hann undir kamrinum í Reykholti.

Till. mín er sú, að við bíðum með hátíðahöldin til ártíðarinnar 2041, þegar efalítið má telja að 800 ár séu liðin frá dauða Snorra, en ákvörðun má náttúrlega taka um hátíðahöldin nú þegar. Að vísu má til sanns vegar færa, að þeim Íslendingum, sem þá verða uppi, verði ekki í jafnfersku minni málfar hinna snjöllustu alþm., eins og þeirra sem nú eru hér. En við getum fundið einhverja aðra merkilega leið til þess að halda minningu Snorra Sturlusonar á lofti, hvort heldur verður nú í tilefni af fæðingu hans fyrir 800—900 árum eða dauðadaga hans, sem fólki er að vísu ekki eins kært að minnast og þar að með dálítið vandræðalegum hætti fyrir 746 árum, sem verða 800 ár árið 2041. Á þetta vil ég sem sagt leggja áherslu, að hvort heldur sem það verður

nú ártíðin, sem við minnumst, eða fæðingarárið, þá er ekki ráð nema í tíma sé tekið að upphugsa ráð til þess að minnast þess arna með verðugum hætti.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Mér er „nokk“ sama hvað hv. þm. Stefán Jónsson segir um merkingu orðsins „afmæli“. Það getur verið vafamál, hvort þetta stórafmæli, sem ég nefni, er þetta árið eða næsta, en það er afmæli. Vegna þess, að ég er varkár maður að því er varðar móðurmálið, þá ráðgaðist ég — áður en ég lagði fram fsp. — við einn flokksbróður okkar Stefáns Jónssonar, þann sem ég lít á sem nokkurs konar móðurmálsakademíu í þingflokki okkar, Gils Guðmundsson, og hann lagði blessun sína yfir þetta. Sama gerði Jóhannes Halldórsson, sem er, trúi ég, ekki minni íslenskumaður en Gils Guðmundsson. Og hér frammi á skrifstofunni er orðabók Blöndals, eintak það, sem ég held hér á. Það er ekki víst að allir hv. þm. viti að þessi bók er þarna. En kannske mættum við fletta oftar upp í henni. Reyndar bið ég menn að fara varlega með þetta eintak. Án efa er þetta eitt hið verðmætasta eintak, sem til er af þessari bók. Fyrrv. skrifstofustjóri Alþingis, Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, bætti á spássíu mörgum og dýrmætum skýringum, þannig að við getum fræðst hér um móðurmálið ekki aðeins af Sigfúsi Blöndal, heldur einnig af þeim mikla íslenskumanni Jóni Sigurðssyni. Nú vill svo til, að ég hef gleymt gleraugunum á borði mínu, þannig að ég get ekki lesið þetta smáletur. (**Landbrh.:** Þú getur fengið mín lánuð.) Þökk fyrir. Það fer vel á því, að það séu borgfirsk gleraugu sem ég nú nota. *Mér finnst nú reyndar, að maður sjái betur í* gegnum hægra heldur en vinstra auga. En í þessari ágætu bók stendur þetta: „afmæli, Fødselsdag; (minningarhátíð),“ — svo kemur aftur danska: „Aarsdag, Mindedag“, — og svo til nánari skýringar: „afmæli þess, að þá voru 1000 ár liðin, síðan kristni var lögleidd.“ Ég held að það fari ekkert á milli mála að hér nota ég rétt orð.

Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans við fsp. minni. Mér urðu það hins vegar vonbrigði að heyra, að þeir séu ekki búnir að gera það upp við sig í menntmrn., hvort eða hvernig þeir ætla að minnast þessa 800 ára afmælis. Ærinn hefur nú verið tími til að undirbúa það. En ég tek undir það með ráðh., að það er síður en svo viðeigandi að fara að hefja eitthvert fýrverkerí í tilefni af þessu. Kannske væri þessa afmælis best minnst með því að menn læsu hin miklu og góðu verk Snorra Sturlusonar.

Að lokum skal þess getið, með tilliti til afstöðu hv. þm. Stefáns Jónssonar, að það er kannske meiri ástæða til þess fyrir mig að flytja þessa fsp. heldur en hann. Kannske er Snorri Sturluson töluvert miklu meira lifandi fyrir mér en honum. Þá á ég ekki við það, að hann hafi síður en ég lesið verk Snorra Sturlusonar. En Snorri hefur verið nágranni minn, stytta hans hefur verið fyrir augum mér núna undanfarin ár *næstum daglega, og lái mér hver sem vill* þó að ég vilji hvetja til þess, að menn minnist þess, þegar 800 ár eru liðin frá fæðingu hans.

Stytta sú, sem Norðmenn gáfu okkur á Snorrahátíðinni 1947, er eins og menn vita gerð af Vigeland hinum norska, nokkuð góð stytta. Þó hef ég orðið var við það, þegar menn koma í Reykholt, að þá undrast þeir nokkuð stærð þeirrar bókar, sem Snorri hefur undir handleggnum og er að fara, aðþví er virðist, í göngutúr með. Hún er tvisvar til þrisvar sinnum stærri en þessi bók. Og ég svara því þá til, að þessi bók sé kannske ekki eingöngu þarna fyrir bókmenntaáhuga Snorra, heldur sé hún í og með þáttur í líkamsæfingum hjá þeim gamla — þ. e. a. s. „trimmi“.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég fer ekki fram á það, að móðurmálskunnátta mín sé borin saman við kunnáttu Snorra Sturlusonar, hvað þá að ég fari fram á að menn setji mig upp að hliðinni á þeim snillingunum Stefáni Jónssyni og Jónasi Árnasyni. En ég geri ráð fyrir því, að við séum frekar að tala um þessa till. eða þessa fsp., sem hér er borin fram, en rekja fyrir þingheimi hversu fróðir menn séu í móðurmálinu. Þess vegna leyfi ég mér að standa hér upp, bæði til gamans og fróðleiks fyrir þingheim, til þess að upplýsa að Ríkisútvarpið hefur tekið þá ákvörðun að láta gera kvikmynd um Snorra, ævi hans og störf. Þessi kvikmynd mun verða gerð í samvinnu við norrænar sjónvarpsstöðvar og þá sérstaklega við hina norsku sjónvarpsstöð, en Norðmenn sýndu þessari hugmynd mjög mikinn áhuga strax þegar hún var færð í tal við þá og þeir munu taka að verulegu leyti þátt í kostnaðinum af gerð þessarar kvikmyndar.

Ég skal taka það fram, að þessi ákvörðun var tekin áður en Stefán Jónsson setti fram hug*mynd sína um að vert væri frekar að halda upp á* ártíð Snorra en afmæli hans, en hingað til hefur verið venja hér á landi að halda frekar upp á það, þegar menn hafa fæðst en þegar þeir hafa dáið. Við skulum láta liggja á milli hluta, hvort Snorri fæddist árinu fyrr eða síðar, en það hefur verið almennt viðurkennt og er miðað við að hann hafi fæðst á árinu 1178, og við látum við það standa að svo stöddu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eg ætla mér ekki að fara út í umr. um móðurmálið, en mér datt hins vegar í hug og ætla að segja frá því, að komið hefur fyrir á hv. Alþ. að 800 ára afmæli eða ártíð hafi komið nokkuð til umtals. Eg minnist þess, að þegar Skálholtsstóll átti slíkt afmæli fékk þáverandi fjvn. bréf frá þeirri nefnd, sem stóð fyrir hátíðahöldum þeim sem þar fóru fram, og í því bréfi sagði, að hátíð þessa hefði borið að með bráðum hætti. Það þótti fjárveitinganefndarmönnum þess tíma nokkuð kynlegt, að slíkt hefði gerst.

Hins vegar vil ég segja það í sambandi við að minnast þessa atburðar, — ég vil halda mig við töluna 8 í þessu sambandi og ekki fara að breyta því, — að þá tel ég, og reyndar verða þeir fleiri sem um það verða að fjalla, en mér finnst að Reykholtsstaður eigi fyrst og fremst að njóta *þessa atburðar eða þessarar ártíðar eða afmælis*, það sé fyrst og fremst staðurinn sjálfur og það sem mætti verða honum til prýðis og fegrunar,

sem njóta skyldi. Það mætti vel hugsa sér, að Skógrækt ríkisins legði í Snorragarð meira en gert hefur verið, því að því verki hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Það er fyrst og fremst það, sem mér fyndist að þyrfti að gera.

Hitt vitum við hv. 5. þm. Vesturl. báðir, að ef sá gamli væri nú uppi, þá væri hann á kjörskrá í kjördæmi okkar, og ég hef haldið því fram, að hann mundi vera kjósandi minn, þ. e. a. s. ef hann væri ekki keppinautur. Um það þori ég nú ekki að dæma, en mér þykir líklegra að Snorri væri keppinautur en venjulegur kjósandi.

Fyrirspyrjandi Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir það að leyfa mér að segja enn örfá orð.

Ég fagna þeirri frétt, að sjónvarpið ætlar að gera kvikmynd í tilefni af 800 ára afmæli Snorra Sturlusonar. Það er gott. En þá um leið hlýtur maður að harma það, að sá maður, sem mest og best hefði getað lagt sjónvarpinu lið í því efni, séra Einar Guðnason, skuli nú látinn. En það vill svo vel til reyndar, að til er kvikmynd þar sem rætt er við séra Einar um Reykholt og fleira því viðkomandi.

En sannleikurinn er sá, að besta aðferðin til að minnast þess stórafmælis væri náttúrlega sú að taka ákvörðun um einhverjar þær framkvæmdir í Reykholti sem væru minningu Snorra Sturlusonar til sóma. Það er satt að segja kominn tími til þess, að við förum að gera eitthvað í sambandi við það mál. Ég held ég muni það rétt, að hv. þm. Benedikt Gröndal sé einn af þeim sem sitja í svokallaðri Reykholtsnefnd, og væri fróðlegt að heyra frá honum, ef eitthvað stendur til, t. d. það að efnt verði til einhverra þeirra mannvirkja í Reykholti sem mættu verða minningu gamla mannsins til sóma.

Svo í lokin í sambandi við það sem hæstv. samgrh. sagði hér áðan: Það er rétt, að sjálfsagt væri að hátíðahöldin væru fyrst og fremst í Reykholti. Ég segi þetta þó ekki eingöngu fyrir það, að þetta er í kjördæmi okkar beggja, hæstv. samgrh. Ég vil þó bæta því við, að maðurinn fæddist vestur í Dölum, í Hvammi, og þar mætti gjarnan efna til einhverrar hátíðar. Enda vill svo vel til, að Hvammur er líka í kjördæmi okkar hæstv. samgrh.

Forseti (Friðjón Þórðarson): Ég vil minna hv. alþm. á að vera stuttorða og gagnorða. Snorri var sjálfur stuttorður og gagnorður og orðhagasti maður Sturlungaaldar. Það er talið, að ekki séu eftir honum hafðar í Íslendingasögu nema tvær setningar orðréttar: „Út vil ek“ og „Eigi skal höggva.“

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Um leið og ég fagna því, að þetta er komið til umr. opinberlega, vil ég svara hv. síðasta ræðumanni með því að minna á, að á haustinu 1956, þegar bæði hæstv. samgrh. og ég vorum nýir þm., minnir mig að við höfum báðir flutt till. um að sett yrði Reykholtsnefnd, sem átti að gera eitthvað fyrir Reykholt sem sögustað. Nefndin kom nokkrum sinnum saman á næstu árum og meginverkefni hennar var að hindra að nýbyggingar skólans og annað, sem þarna hefur verið reist, yrði byggt á miðju svæðinu, þar sem talið er að bestu manna yfirsýn að Snorrabær hafi verið, þannig að nýbyggingar gætu ekki eyðilagt þann hluta staðarins, sem e. t. v. kynni að geyma minjar sem við þekkjum ekki enn þá, því að ekki er enn búið að grafa út Snorragöng. Það hefur ekki enn verið aðstaða til þess vegna eldri bygginga. Þegar að því kemur að grafið verði inn í sjálfan gamla hólinn veit enginn hvað kann að finnast. Þessi verndarstarfsemi frá sögulegu sjónarmiði, jafnframt því sem bæði Alþ. og aðrir gerðu það sem þeir gátu fyrir skólann á þessum stað, hefur verið meginverkefni nefndarinnar ásamt ýmsum smærri verkefnum sem ég hirði ekki að nefna hér, en snerta viðhald á Snoralaug og önnur stærri framkvæmdamál.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 18. apríl, að loknum 67. fundi.

Flugöryggismál, þáltill. (þskj. 533). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna, þáltill. (þskj. 565). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun meiðyrðalöggjafar, þáltill. (þskj. 570). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Reiðskóli, þáltill. (þskj. 147). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Suðurnesjaáætlun, þáltill. (þskj. 342). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Uppsögn fiskveiðiheimilda Færeyinga innan fiskveiðilandhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 466). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lagning aðalflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar, þáltill. (þskj. 508). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skýrsla menntamálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaga (þskj. 554).

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Skýrsla um framkvæmd grunnskólalaga og undirbúning undir níu ára skólaskyldu hefur nú verið lögð fyrir Alþ. Þessi skýrsla er gerð samkv. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63 frá 21. maí 1974, um grunnskóla. Þessi skýrsla er mikil að vöxtum, en talið var rétt að láta koma fram sem ítarlegastar upplýsingar um framkvæmd grunnskóla fyrstu 4 árin. Það komu vissulega mörg álitamál upp við gerð þessarar skýrslu. Það var ekki hægt að styðjast við ákveðna hefð eða venju við slíka skýrslugerð, og má því ætla að missmíði finnist í þessu verki. Það er ætlan mín, að sú ræða, sem ég flyt hér, verði í öfugu hlutfalli við fyrirferð skýrslunnar.

Vorið 1974 voru sett á Alþ. annars vegar lög um skólakerfi, þar sem gert er ráð fyrir þremur skólastigum: grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi, hins vegar lög um grunnskóla, en þau tóku við af eða komu í staðinn fyrir löggjöf um fræðslu barna og unglinga. Í þessum nýju lögum er að finna ýmsar veigamiklar breytingar. Í 8. gr. grunnskólalaganna segir:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntmrn., þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku."

Ég tel þetta ákvæði skynsamlegt, m. a. með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hafði við framkvæmd fyrri fræðslulaga frá 1946. En burt séð frá því má öllum vera ljóst, sem lesa grunnskólalögin frá 1974 með athygli, að alllangur tími hlýtur að líða frá setningu þeirrar löggjafar og þar til hún er að fullu komin í framkvæmd í einstökum atriðum. Þar kemur hvort tveggja til, að mikið skortir á í dag að aðstaða, svo sem byggingar og búnaður skóla, sé fyrir hendi til þess að framkvæma lögin út í æsar og svo hitt, að enn skortir á að á sé að skipa fullmenntuðu starfsliði fyrir grunnskólastigið allt, alla þætti þess. Ég hygg að ákvæðið um 10 ára aðlögunartíma sé sett í lögin með hliðsjón af þessu hvoru tveggja, fyrri reynslu og svo því sem augljóslega beið fram undan við lagasetninguna.

Í grunnskólalögunum er að finna svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða: „Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntmrh. gera Alþ. grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að níu ára skólaskyldu, þannig að Alþ. gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði."

Og þá segir í niðurlagi 88. gr.: „Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna."

Nú hefur menntmrn. fullnægt þeirri lagaskyldu að gefa téða skýrslu og leggja hana fyrir Alþ. á tilsettum tíma. Í formála skýrslunnar er m. a. fjallað um 9. skólaárið. Á Alþ. 1974, þegar rætt var um grunnskólafrv., komu fram allskarpar andstæður varðandi skólaskyldu á 9. námsári. Þá var svo ástatt, að um 15% nemenda hurfu frá námi við lok 8. og síðasta skyldunámsársins. Nú hefur hins vegar sú breyting á orðið að þessu leyti að einungis um 5% ungmenna hætta námi við lok 8. ársins. Mér sýnist nokkuð augljóst, að þessi breyting hljóti fremur að draga úr eða sljóvga þær skörpu andstæður sem upp komu við umr. 1974. Ég mun ekki fjölyrða um þetta, en það er nokkuð ítarlega rætt í formálanum, eins og ég sagði áðan.

Nú er spurningin, hvenær Alþ. kýs að fjalla um 9. skylduárið, sbr. áður tilvitnað bráðabirgðaákvæði. Í niðurlagi formálans fyrir skýrslunni segir svo:

„Það eru enn tvö ár þangað til nemendur verða skólaskyld 9. skólaárið. Að því er undirbúning varðar, þá er ekkert því til hindrunar að 9. skólaárið verði skyldunámsár. Unnið er að endurskoðun skipulags framhaldsskólastigsins. Meginatriðið er að lok skyldunámsins og nám á framhaldsskólastigi tengist með eðlilegum hætti.

Færi því vel á að Alþ. fjallaði samtímis um 9. ár grunnskólans — sbr. ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum — og framhaldsskólastigið."

Nú vil ég í þessu sambandi minna á, að frv. til laga um framhaldsskólastigið var kynnt í þinglokin í fyrra. Menntmrn. sendi frv. fjölmörgum aðilum til athugunar í fyrravor og óskaði umsagnar þeirra. Mjög margar umsagnir bárust, og leyndi sér ekki að ýmsar þeirra höfðu verið undirbúnar mjög vandlega og mikil vinna í þær lögð af hálfu sumra umsagnaraðilanna. Framhaldsskólanefndin fjallaði um þessar umsagnir og ræddi ítarlega við umsagnaraðila, mjög marga. Var þar um að ræða sveitarstjórnir eða sveitarstjórnarmenn, samtök skólafólks, þ. e. a. s. skólastjóra og kennara, fulltrúa atvinnugreina og starfsstétta o. s. frv. Síðan voru gerðar ýmsar breytingar á þessu frv. um framhaldsskóla í framhaldi af þessari vinnu allri, en þær breytingar tel ég a. m. k. að raski ekki meginstefnu þess frv.

Nú vil ég geta þess, að ætlunin er að kynna þetta frv. svo breytt í lok þessa þings. Ég vil geta þess hér, að fjármálakafli frv. mun verða óbreyttur frá fyrri gerð og er þetta hugsað af minni hálfu sem eins konar bíðleikur. Stjórnskipuð nefnd hefur fjallað um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur nefnd skipuð af menntmrn. hefur fjallað sérstaklega um fjármálakaflann í framhaldsskólafrv. Það hefur verið samstarf með þessum nefndum. Þær höfðu hins vegar ekki lokið störfum að fullu þegar frv. fór í prentun, og a. m. k. sú nefnd, sem rn. skipaði, hefur ekki gert það enn. Mér virðist alveg óhjákvæmilegt, að fullt samræmi verði með þeim nýju ákvæðum, sem sett kunna að verða um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og þeim ákvæðum um fjármál framhaldsskólastigsins, sem sett verða í væntanlega löggjöf. Þess vegna er það, að mér virðist eðlilegt og nauðsynlegt að kynna framhaldsskólafrv. í nýrri mynd, en ætla sér sumarið til þess að komast að sam-

eiginlegri niðurstöðu um fjárlagaþáttinn, og þess vegna hef ég í hyggju að bregða á þetta ráð um kynningu þessa máls.

Ég vænti þess fastlega og ég held að það sé nánast óhjákvæmilegt að framhaldsskólamálið verði til meðferðar á næsta Alþ. Og þegar þing kemur saman í haust hafa alþm. og raunar aðrir haft tækifæri til þess að kynna sér skýrsluna um framkvæmd grunnskólalaganna ítarlega og þá hafa væntanlega farið fram einhverjar umr. um það mál, bæði innan þings og utan. Virðist þá mjög eðlilegt, að fengnum upplýsingum um framkvæmd grunnskólalaganna, og í tengslum við ákvarðanir um skipun mála á framhaldsskólastigi, að fjallað verði um 9. skólaárið og endanlega úr því skorið, hvort haldast skuli ákvæði grunnskólalaganna um skólaskyldu á 9. skólaárinu, sem þá kæmi til framkvæmda 6 árum eftir að lögin voru sett, eins og þar segir. — Eðlilegt er að tengja þetta saman.

Til þess nú að lengja ekki mál mitt úr hófi, þá læt ég hjá líða að rekja efni þessarar skýrslu í heild. En ég vil vekja athygli á nokkrum þáttum í framkvæmd grunnskólalaganna, hvar þeir eru á vegi staddir, og þá jafnframt láta falla nokkrar aths. um framhaldið, eftir því sem ég sé ástæðu til.

Í inngangskafla skýrslunnar, sem fjallar um undirbúning lagasetningarinnar og ýmsar nýjungar, er að finna allítarlegt yfirlit um meginatriði þessara laga. Það verður þegar ljóst við að renna augunum yfir þá upptalningu, hversu yfirgripsmikil löggjöfin um grunnskóla er. Það leiðir af sjálfu sér, að mjög mikil vinna hefur farið í að undirbúa og setja reglugerð um framkvæmd hinna einstöku þátta. Í yfirliti um reglugerðir þær, sem settar hafa verið, erindisbréf og auglýsingar varðandi framkvæmd laganna eru 30 atriði. Þó er enn eftir að setja einar 5 reglugerðir, en sumar þeirra eru raunar þegar á skrifborðinu í uppkasti.

Ákvæði grunnskólalaganna um heildarskipan og um stjórnun þessa skólastigs eru yfirgripsmikil og í þeim eru mörg og að mínum dómi þýðingarmikil nýmæli. Ég held að þar fari mest fyrir skiptingu landsins í fræðsluhéruð eftir kjördæmum, stofnun fræðsluskrifstofa og embætta fræðslustjóra. Þessi ákvæði eru komin til framkvæmda í grundvallaratriðum, þ. e. a. s. fræðsluráð hafa verið kosin, fræðslustjórar settir eða skipaðir og fræðsluskrifstofur eru nú starfandi í öllum 8 fræðsluhéruðum landsins. Hitt er svo annað mál, að mjög mikið skortir á það enn þá, að þessum nýju embættum hafi verið fengin frambúðaraðstaða til starfa. Ég tel að þar hafi miðað hægar en æskilegt var. En þess er hins vegar ekki að vænta, að þetta komi allt í einni svipan, mér er það ljóst, því að hér er um nýmæli að ræða og hlýtur að kosta bæði allmikinn undirbúning að framfylgja því til fullnustu og allmikla fjármuni einnig.

Þessari skipan hefur alveg tvímælalaust verið vel tekið af skólafólki og sveitarstjórnarmönnum um land allt. Skólarnir fá aukna þjónustu, og fræðsluskrifstofurnar og fræðslustjórarnir vinna nú hver á sínum stað nokkur þau verk, sum mjög þýðingarmikil, sem áður voru unnin á einum stað, þ. e. a. s. í menntmrn. Ég fullyrði að mikil alúð hefur verið lögð við að samræma störf fræðslustjóranna um allt land.

Í samræmi við það, sem ég áðan sagði um viðbrögð gagnvart þessu nýja skipulagi, þá tel ég að megi vænta þess, að mjög mikil áhersla verði á það lögð, bæði af hálfu rn. og svo af hálfu skólafólks og raunar sveitarstjórnarmanna að búa svo í haginn fyrir fræðsluskrifstofur og fræðslustjóra, að starfsemi þessara aðila nýtist sem allra best.

Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta í skólum hefur þegar verið rekin um nokkurt skeið á fjölmennustu stöðunum, fyrst og fremst í Reykjavík, en einnig í Reykjanesfræðsluhéraði og t. d. norðanlands. Það er mjög mikill áhugi fyrir því um allt land að efla þessa starfsemi og koma henni í fast form í öllum fræðsluhéruðum landsins, en hún tengist fræðsluskrifstofunum.

Menntmrn., skólarannsóknadeildin, hefur unnið markvisst að endurskoðun námsefnis á grunnskólastigi, stuðlað að útgáfu nýrra námsbóka og haft umsjón með tilraunakennslu hins nýja námsefnis og síðan leiðbeint um almenna notkun þess. Þá er einnig unnið að breytingum á námsmati og hafa ýmsar þeirra þegar komið til framkvæmda. Um þetta mjög svo veigamikla atriði, sem varðar innra starf skólanna, vísa ég annars til kafla í skýrslunni, sem um það fjallar. En ég legg áherslu á það, að þetta starf er að mínum dómi mjög nauðsynlegur þáttur í framkvæmd grunnskólalaganna og tvímælalaust mjög umfangsmikill og hlýtur að verða það.

Ég hlýt einnig fyrst og fremst að vísa til skýrslunnar um þann þátt sem varðar sérkennslumálin. Það, sem fram fer á því sviði, er miklu yfirgripsmeira en svo, að það verði rakið hér í þessum orðum. Ég vil aðeins láta þess getið, að á sérkennslusviðinu hefur mjög mikið starf verið unnið nú þegar frá setningu grunnskólalaganna. Reglugerð hefur verið sett um sérkennslumálin. Það var mikið verk og var reynt að vanda til hennar og ná sem allra víðtækustu samkomulagi um þá reglugerðarsetningu. Hefur verið ráðinn sérstakur sérkennslufulltrúi að rn., eftir að Alþ. hafði beinlínis lýst vilja sínum að ráða slíkan mann, og síðan veitt fé til þess embættis nokkru síðar. Og það er óhætt að segja, að stórauknu fjármagni er nú varið til sérkennslunnar. Þá er og vert að taka fram að mjög margir kennarar og kennaraefni hafa lagt stund á þessi fræði síðustu missirin.

Þrátt fyrir þetta, sem ég nú hef sagt, þá fer ekki á milli mála, að gífurleg þörf er fyrir áframhaldandi eflingu þessa þáttar. Nýir möguleikar hafa opnast á þessu sviði með vaxandi þekkingu og tækni og þá ber að nota til hins ítrasta til hjálpar einstaklingunum og til hagsbóta fyrir samfélagið. Ef nokkurt starf á þessum sviðum borgar sig, þá er það einmitt á þessu sviði, bókstaflega í fjármunum.

Það hefur verið sett reglugerð um framkvæmd orlofs og verið komið nokkru fastari skipan þar með á þá framkvæmd. Sérstök nefnd hefur verið skipuð og undirbýr hún tillögur um orlofsveitingar í hendur menntmrh. Hefur verið leitast við að flýta nokkuð frá því sem áður var afgreiðslu þessara mála og eins að auka eftirlit með því, að orlofin séu nýtt á þann hátt sem

lög gera ráð fyrir, þ. e. til endurmenntunar kennaranna, því það er algert skilyrði fyrir veitingu orlofs. Mikil áhersla hefur verið lögð á lengri og styttri námskeið fyrir starfandi kennara, svo og ýmiss konar fræðslufundi. Hefur þar komið til bæði frumkvæði rn. og Kennaraháskóla og svo raunar einnig frumkvæði fjölmargra kennarasamtaka víðs vegar um landið, sem mörg og raunar flest eru öflug og láta mikið að sér kveða.

Að öðrum ákvæðum grunnskólalaganna, sem til nýmæla mega teljast og komin eru til framkvæmda að nokkru eða öllu leyti, vil ég nefna örfá dæmi: Fjárhagslegur stuðningur við skyldunámsnemendur, sem ekki geta stundað skyldunám sakir fjárskorts. Fjárhagslegur stuðningur við stórar fjölskyldur, systkinastyrkirnir svonefndu. Yfirkennarar verði ríkisstarfsmenn, — þetta er að miklu leyti komið til framkvæmda. Skipulegt eða formlegt samstarf skólasafna og almenningsbókasafna er að byrja og búið að gera fyrstu samningana. Leitast er við að bæta skipulag skólaaksturs, og endurgreiðslum til sveitarfélaga hefur verið komið í betra horf en áður var.

Af nýmælum grunnskólalaganna, sem ekki hafa enn komið til framkvæmda að neinu leyti, má nefna t. d.: Almenna samkeppni um gerð skólamannvirkja, en til þess hefur ekki fengist fjárveiting. Ráðningu skólabryta sem fastráðinna ríkisstarfsmanna. Sérstaka rannsókn á áhrifum mismunandi langrar skólaskyldu og aðra rannsóknastarfsemi á sviði skóla og uppeldismála sem áformuð er í lögunum. Sérstakt fjárframlag til þess að lána þeim sveitarfélögum, sem eiga í erfiðleikum með að byggja upp skóla sína. Gerð 10 ára framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar, sem raunar er þó í undirbúningi. En það má þó segja, að ekkert af þessum atriðum, sem ég nefndi núna síðast, sé komið til framkvæmda. Mér virðist þó að segja megi, að þau atriði séu ekki fjarskamörg, sem ekki eru að einhverju leyti komin til framkvæmda. Hin eru miklu fleiri, þar sem framkvæmdir eru hafnar. En í mjög mörgum tilvikum er langt í land með fulla framkvæmd, og ég tel að það gildi raunar um flestöll nýmæli í grunnskólalögunum, að þau eru ekki komin til fullra framkvæmda eftir þessi 4 ár. Um mörg þeirra gildir raunar, að ekki er grundvöllur til þess nema með lengri undirbúningstíma. Sumt er kannske út af fyrir sig hægt, ef nægir fjármunir væru til þess veittir.

Umfangsmest þeirra atriða, sem ekki eru komin til framkvæmda nema að litlu leyti, er svo sjálf skólaskipanin, þ. e. skipan landsins í skólahverfi. Rn. hefur samkv. fyrirmælum laganna sent út til fræðsluskrifstofanna till. um þetta efni, en þær till. ber einungis að skoða sem umræðugrundvöll. Þar fer saman skilningur rn. á því og auðvitað ákvæði laganna einnig. Nú hafa hvarvetna farið fram umr. um þessi mál og er mismunandi langt á veg komið. Þó held ég að sé óhætt að segja, að bersýnilega er hér langt til verksloka. Þetta veldur auðvitað vissum erfiðleikum og óþægindum, en eins og ég hef áður tekið fram í umr. um þetta efni, þá er alveg ljóst að hugmyndir um það hafa verið mjög í mótun að undanförnu og eru enn. Skipan framhaldsskólastigsins kemur svo til með að hafa veruleg áhrif á skólaskipanina, skipan skólahverfa, a. m. k. á ýmsum stöðum á landinu. Það hefur því eigi þótt rétt að reka mjög á eftir um frágang þessa þáttar og raunar mætti segja mér, að ástæðulaust væri að herða þar meira á en svo, að skólaskipanin yrði ákveðin á sama tíma fyrir bæði stigin í senn, grunnskóla- og framhaldsskólastigið, og þá að settri nýrri löggjöf um hið síðarnefnda.

Ég mun ekki ræða frekar einstök atriði skýrslunnar nema sérstakt tilefni gefist til. Ég vænti þess hins vegar, að hún upplýsi margt varðandi framkvæmd þessarar umfangsmiklu löggjafar. Ég vænti þess einnig, að hún beri vott um að ekki hafi verið setið auðum höndum að þessu leyti, heldur þvert á móti sé mjög mikið starf af hendi leyst nú þegar, fjórum árum eftir setningu grunnskólalaganna. En þó, eins og ég raunar sagði áðan, er nánast hvergi komið á leiðarenda, hvorki að byggja upp hina ytri aðstöðu né heldur við skipulagningu á vinnu að starfi skólanna. Sama gildir raunar varðandi stjórnunarþáttinn og þjónustu ýmiss konar við skólana, varðandi t. d. námsgögn, leiðbeiningar o. s. frv. Auðvitað verður þetta aldrei leyst til fullnustu þannig að ekki sé þörf fyrir áframhaldandi þróun.

Á ýmsum sviðum þessa málaflokks er vissulega fjár vant. En það má að minni hyggju leiða að því rök nokkuð sterk, að aukið fjármagn til margra þátta þessara mála skili sér bókstaflega í þjóðarbúið í minni tilkostnaði á öðrum sviðum, aukinni heilbrigði og vellíðan, auknum afköstum í framleiðslu og almennt talað stuðli að bættu uppeldi komandi kynslóða. Þá hef ég m. a. í huga og alveg sérstaklega atriði eins og sérkennslumálin, eins og eflingu íþrótta og líkamsræktar innan skólanna, verklegt nám og náms- og starfskynningu, félagsmálakennslu eða þjálfun, þróun skólasafna og notkun þeirra og fleira af þessu tagi.

Nú er hætt við að naumur tími gefist til þess að ræða þessa skýrslu hér á Alþ. nú. Þó skal ég ekkert um það segja, það er m. a. á valdi hæstv. forseta. Ég tel það út af fyrir sig skaða ef tími yrði mjög naumur, því þrátt fyrir stærð þessarar skýrslu er þar sjálfsagt mörgu ósvarað af því sem þm. fýsir að vita og æskilegt er að upplýsa. Er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að veita þær upplýsingar, sem um verður beðið, eftir því sem mögulegt reynist.

Ég heyri stundum talað um grunnskólalögin og framkvæmd þeirra sem alveg sérstakt starfssvið, sem auðveldlega megi aðgreina frá öðrum skólasviðum og jafnvel frá fyrri athöfnum á sviði barna- og unglingafræðslu. Þetta eru að mínum dómi alveg fráleitar hugmyndir. Fjölmörg atriði grunnskólalaganna frá 1974 eiga sér að sjálfsögðu hliðstæðu í fræðslulögunum frá 1946, og af þessu leiðir svo, að ógerlegt er að greina sérstaklega kostnað við framkvæmd þeirra nýmæla sem felast í nýju lögunum. Þetta fléttast allt meira og minna saman. Í sumum tilvikum leiðir hin nýrri skipan mála líka til hagræðingar í rekstri. Á því held ég að sé enginn vafi. Í þessari skýrslu, sem ég hef gert að umtalsefni, er m. a. að finna nokkrar töflur, saman-

burð milli ára á einstökum kostnaðarliðum og þá m. a. á föstu verðlagi. Nú er það sannfæring mín að vísu, að gæta þurfi allrar varúðar í meðferð slíkra upplýsinga. Tölfræðileg skýrslugerð okkar Íslendinga er ekki byggð á gamalgrónum undirstöðum almennt talað. En hvað um það, töflur þær, sem ég áðan nefndi, benda ekki til þess að bruðlað hafi verið með fjármuni við framkvæmd fræðslumála síðustu missirin eða frá þeim tíma sem grunnskólalöggjöfin var sett. — Þær benda ekki til þess.

Ég vil að lokum láta þá von í ljós, að umrædd skýrsla komi þm. og öðrum, sem láta sig nokkru varða skólamálin, að verulegu gagni, að hún geti orðið umræðugrundvöllur og þá um leið hvatning til fólks til að hugleiða og láta sig varða þau viðurhlutamiklu mál, sem þar um ræðir.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hinn 28. febr. s. l. var útbýtt á hv. Alþ. fsp. frá mér, sem ég flutti á þskj. 405, 208. máli Sþ., til hæstv. menntmrh. um framkvæmd grunnskólalaga. Fsp. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvenær verður Alþ. gerð grein fyrir framkvæmd grunnskólalaga, ásamt því að ályktað verði á ný um níu ára skólaskyldu, samkv. ákvæðum til bráðabirgða í grunnskólalögum nr. 63/1974.“

Það hefur dregist nokkuð að svara þessari fsp. eða þangað til skýrsla sú, sem hér hefur verið mælt fyrir af hæstv. menntmrh., var lögð fram. Ég taldi einsýnt, úr því að svo var komið, að draga þessa fsp. til baka á dagskránni til þess að ræða þá þessi mál frekar undir þeim dagskrárlið sem nú er á dagskrá.

Ég hafði talið, er ég flutti þessa fsp., eðlilegt að fá úr því skorið, hvort hæstv. menntmrh. hygðist leggja fram skýrslu um þetta efni nú fyrir þinglok, og ekki síður hitt, hvort á þessu þingi yrði að nýju ályktað um níu ára skólaskyldu eins og hið tilvitnaða bráðabirgðaákvæði gefur tilefni til að gert verði. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram og hann hefur skýrt að nokkru leyti. Ég tel að mikill fengur sé að því, að hún skuli komin, og með þeirri skýrslu er auðvitað að fullu staðið við þau ákvæði grunnskólalaganna frá 1974, sem hér hefur verið vitnað til. Í máli hæstv. ráðh. komu hins vegar ekki fram nein skýlaus svör við því, hvenær yrði að nýju ályktað á hv. Alþ. um níu ára skólaskyldu, hvort staðið skyldi við þá fyrirætlan eða frá þeirri hugmynd horfið. Hæstv. ráðh. taldi hins vegar eðlilegt, að það færi fram nokkuð samtímis því sem umr. yrðu um nýja framhaldsskólalöggjöf hér á hv. Alþ. Skal ég ekki um það deila. Ég hefði hins vegar talið æskilegt, að áður en þessu kjörtímabili yrði lokið væri að nýju tekin ákvörðun um þetta mál, svo sem ráð er í rauninni fyrir gert í lögunum, og þess freistað af þeim ríkisstjórnarflokkum, sem nú starfa saman að stjórn landsins, að komast þar að niðurstöðu sem takast mætti samkomulag um.

Það verður að segja að sú skýrsla, sem hér er lögð fram, er viðamikið plagg, sem mér hefur ekki unnist tóm til að kynna mér nema að mjög óverulegu leyti. Hún er enda mikið á annað hundrað blaðsíður, að verulegu leyti í töfluformi og ekki fljótlesin, en það hefði auðvitað verið æskilegt að mér hefði unnist tími til að kynna mér hana meira en raun er á áður en ég færi í umr. sem þessa. Ég mun því aðeins segja örfá orð og ekki fjalla um þetta í löngu máli.

Í formála þessarar skýrslu er að finna margar athyglisverðar upplýsingar um þróun þessara mála frá því að grunnskólalögin voru sett. Þar kemur fram og einnig í máli hæstv. ráðh. áðan, að mjög hefur dregið úr því hlutfalli nemenda, sem ekki sækir 9. bekk grunnskóla, sem ekki er skólaskyldur miðað við núverandi skipan, þannig að einungis 5% nemenda hverfa frá námi að loknum 8. bekk grunnskóla í stað 15%, eins og var fyrir 4 árum. Hér hefur orðið á mikil breyting. Sannast sagna kemur mér sú breyting ekki á óvart, vegna þess að verulega hefur áunnist í uppbyggingu skólamannvirkja, aðstöðu fyrir nemendur að sækja sér nám sem næst heimabyggð sinni og oft í sinni heimabyggð og til viðbótar að þróun þjóðfélagsins færist í þá átt, að skilningur bæði æskufólks og foreldra vex á því, hver nauðsyn er að fólk sæki nám og afli sér menntunar. Þess vegna vil ég taka undir það, sem segir í þessari skýrslu, að sú spurning hljóti að vakna, hvort jafnknýjandi sé nú og var fyrir 4 árum að lögfesta níu ára skólaskyldu.

Naumast þarf að rifja það upp hér á hv. Alþ., að þegar grunnskólalögin voru til meðferðar fyrir 4 árum voru þau mjög svo umdeild, þ. e. a. s. nokkur ákvæði þeirra. Var ég í hópi þeirra sem gagnrýndu vissa þætti þeirrar löggjafar. Ég taldi að níu ára skólaskylda mundi ekki horfa til heilla, fremur hið gagnstæða, og leiddi til þess mörg rök, m. a. þau rök, að það hefði óheppileg uppeldisáhrif á skólafólkið að það skyldi sitja í skóla að lagaboði, hvort sem það vildi eða vildi ekki, í stað þess að sækja skóla af frjálsum vilja, sem því væri gefinn fullur kostur á með svokallaðri fræðsluskyldu. Á þessu er mikill munur og ég hef ekki dregið til baka þær röksemdir mínar, sem ég flutti þá og skal ekki tíunda hér. Ég er enn þeirrar skoðunar, að það væri skref til óþurftar að lengja skólaskyldu, og ég tel að við ættum fremur að hverfa að því ráði að stytta skólaskyldu um eitt ár, þannig að hún næði eigi nema til og með 7. bekk grunnskóla.

Í formála skýrslu hæstv. menntmrh. er fjallað um þetta efni í nokkrum liðum, eftir að þó hafa komið fram efasemdir, hvort nú sé lengur jafnrík þörf og áður fyrir langa skólaskyldu. Ég verð að segja að allir þeir liðir, sem þar eru taldir fram, eru nokkuð svo einhliða í þá átt að telja fram röksemdir með skólaskyldunni, þrátt fyrir það, sem í upphafi kemur fram, að tvímæli séu á. Ef tvímæli eru, þá hefði að mínum dómi verið réttmætt í slíkri skýrslu að telja einnig fram þær röksemdir sem mæltu gegn því.

Ég skal ekki ræða þessi atriði, sem hér eru talin, mörgum orðum. Þó má aðeins drepa á örfá þeirra. T. d. er talið, að með því að koma á níu ára skólaskyldu sé tryggt jafnrétti til náms og lögð nokkur áhersla á, að það sé skilyrði til þess að jafnrétti verði náð. Þetta vil ég draga stórlega í efa. Ég tel vafasamt að í því sé fólgið

sérstakt jafnrétti að þau 2, 3, 4 eða 5% skólanemenda, sem ekki kjósa eða geta ekki af einhverjum ástæðum setið í 9. bekk grunnskóla, skuli vera þar að lagaboði. Ég tel hins vegar að fræðsluskylda, þar sem hið opinbera sér um að æskufólki gefist fullnægjandi aðstaða til þess að afla sér menntunar, ætti að tryggja þetta jafnrétti. Lagaboð um að allir nemendur á 9. bekkjar aldursskeiði skuli sækja skóla á ekkert skylt við jafnrétti.

Þá er því haldið fram, að verði horfið aftur, eins og það er orðað, að átta ára skólaskyldu, þá rofni samhengi grunnskólanáms á unglingastigi við framhaldsskólanámið. Þetta leyfi ég mér einnig að draga mjög í efa, vegna þess að þó svo að skólaskylda væri stytt og væri einungis sjö ár, sem ég tel hæfilegt, þá mætti eigi að síður reka grunnskóla í sama formi þau tvö ár sem eftir eru, eða 8. og 9. bekk, með fræðsluskyldu. Og ef menn kjósa að hafa þá skipan, sem nú er á um námsmat að loknum grunnskóla, og þau réttindi, sem það námsmat gefur til inngöngu í framhaldsskóla, þá er það alveg jafngilt nám þótt um fræðsluskyldu sé að ræða eins og um nám eftir skólaskyldu. Þessar hugleiðingar í formála skýrslunnar um þessi efni orka því að mínum dómi mjög svo tvímælis.

Í þriðja lagi segir undir lok formála skýrslunnar, að talið sé mjög óheppilegt að synjað skyldi um fjárveitingu, sem menntmrn. hafi farið fram á við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1977 til vísindalegra rannsóknar á áhrifum lengri eða skemmri skólaskyldu á nemendur og þjóðfélagið. Það má vel vera að þetta hafi verið óheppilegt, en ég verð að segja að ég dreg það nokkuð í efa, að vísindastofnun og jafnvel rn. sjálft sé nokkru hæfara til þess að meta hvort heppilegt sé að hafa langa eða stutta skólaskyldu en skólamennirnir sjálfir, sem eru starfandi í skólakerfinu. Ég hygg að þeir séu betur færir um það en nokkrir menn aðrir, og þeir eru a. m. k. mjög margir andvígir langri skólaskyldu enn í dag og voru það einnig við setningu grunnskólalaga. Ég dreg það sem sagt mjög í efa, að einhver vísindaleg rannsókn, úttekt vísindalegrar stofnunar um þetta efni, jafnvel menntmrn. sjálfs, sé nokkru hæfari til þess að meta slíkt en þeir menn sem gerst kynnast þessum málum í skólastarfinu sjálfu.

Ýmsar fleiri aths. gæti ég látið falla um það, sem segir í þeim bollaleggingum, sem fram koma í þessum inngangi, en ég skal ekki gera það. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að í margtilvitnuðum ákvæðum til bráðabirgða í grunnskólalögunum segir svo, með leyfi forseta:

„Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntmrh. gera Alþ. grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að níu ára skólaskyldu, þannig að Alþ. gefist kostur á að ályktа á ný um það ákvæði.“

Þar er nokkur blæmunur á þessu og því, sem kom fram í máli hæstv. ráðh. um það, hvort ætti að ályktа um að bæta við 9. ári skólaskyldunnar eða taka ákvörðun um það, hvort skyldi vera níu ára skólaskylda eða eitthvað annað. Ég fæ sem sé ekki séð, að í þessu bráðabirgðaákvæði laganna felist annað en það, að að nýju skuli ályktað um það á hv. Alþ., hvort hér skuli vera níu ára skólaskylda eða eitthvað annað. Þess vegna getur það allt eins vel orðið sjö ára skólaskylda eins og átta ára skólaskylda, ef frá níu ára skólaskyldu væri horfið, en ekki einungis ályktað um það, hvort bæta skuli við 9. skólaskylduárinu eða ekki.

Ég tel að það séu ýmsir fleiri annmarkar á grunnskólalögunum, sem ekki er ástæða til þess að fara mörgum orðum um hér. Ég gagnrýndi á þeirri tíð, þegar þessi mál voru til meðferðar á Alþ., allharkalega lengd skólaársins, sem gert er ráð fyrir að sé níu mánuðir á ári með nokkrum heimildum til frávika. Þær heimildir komu inn í lögin við meðferð málsins og er það að mínum dómi mjög til bóta og var þakkarvert á þeirri tíð er þau lög voru afgreidd. Þrátt fyrir það fylgir mjög löngu skólaári að nemendur missa tengslin við atvinnulífið í landinu, og þess verður kannske ekki síst vart til sveita, en einnig í sjávarplássum þar sem fiskverkun er og útgerð, að skólafólkið missir tengslin við þessar undirstöður þjóðfélagsins í miklu ríkari mæli en æskilegt er. Það er, að ég hygg, flestum ljóst, að hér er um alvarlegt mál að tefla. Þess vegna var tekið inn í grunnskólalögin ákvæði þess efnis, að störf að atvinnuvegum eða í atvinnulífinu mætti meta til jafns við nám. Ég hef ekki séð neitt um það, en kannske er það í þessari skýrslu, hvernig þetta hefur tekist og hvernig það er t. d. metið til jafns við nám í grunnskóla, að unglingur á 7., 8. eða 9. ári grunnskóla starfi að búi foreldra sinna við sauðburð, við réttarag eða smalamennsku eða annað slíkt að haustinu eða úr sjávarþorpinu fari unglingur t. d. frá sumarmálum og vinni í fiski og kynnist þannig af eigin raun þeim lífæðum þjóðfélagsins sem þessir undirstöðuatvinnuvegir eru. Það væri fróðlegt, ef hæstv. ráðh. gæti gefið einhverjar upplýsingar um, hvernig slík störf að atvinnulífinu, eins og gefið er undir fótinn með í grunnskólalögunum, séu metin til jafns við nám og hvernig þau verka á rétt nemenda til inngöngu í framhaldsskóla.

Frá og með skólaárinu 1977—1978 eru felld niður svokölluð samræmd próf í grunnskóla, og í grunnskólanum gildir sú regla, að þar færast nemendur upp um einn bekk á ári, að því er virðist án árangurs sem þeir ná í námi. Jafnframt er kveðið svo á í grunnskólalögunum sjálfum, að bannað er að greina frá einkunnum nemenda — séu einkunnir gefnar — a. m. k. opinberlega. Þessi ákvæði og ýmis önnur í meðferð þessara mála sýnast mér til þess löguð að slæva metnað nemenda og draga úr krafti þeirra til þess að afla sér menntunar. Þetta tel ég ákaflega óheppilegt og get ekki annað en látið það í ljós. Enn fremur er svo háttað námsmati að loknum grunnskóla, að þar eiga allir eða nær allir nemendur rétt til inngöngu í framhaldsskóla — t. d. menntaskóla — án tillits til þess hvaða árangri þeir hafa náð. Má vera þó, að 5 eða 10% nemenda, án tillits til þess í sjálfu sér hvaða árangri þeir hafa náð, nái því ekki að fá inngöngu í menntaskóla t. d. Þetta veldur því, að miklu meiri fjöldi nemenda fer inn í framhaldsskólana en ella væri. Út af fyrir sig er gott um það að segja að gefa öllum kost á

því að afla sér menntunar svo sem geta þeirra leyfir. En það er vitað mál að sumt af því fólki, sem þannig fer inn í framhaldsskólana, hefur hvorki vilja né getu til þess að afla sér þeirrar menntunar, sem þar fer fram, og að standast það nám, sem þar fer fram. En það kemur ekki í ljós fyrr en að loknu 1. eða 2. ári framhaldsskóla. Það má segja, að ekki væri aðfinnsluvert um þetta efni ef þjóðfélag okkar hefði úr nógum fjármunum að spila, en svo er bara ekki. Þetta hlýtur því að verða til þess að stórauka kostnað við skólakerfið.

Ég skal ekki lengja þetta mál mitt. Það eru væntanlega ýmsum kunnar þær aths. sem ég lét falla í umr. um grunnskólafrv. á sinni tíð. A. m. k. að flestu leyti tel ég að þær standi enn í fullu gildi. Þessi lög hafa þó í mörgum öðrum tilvikum orðið til verulegra bóta, og er sjálfsagt og rétt og skylt að geta þess. En sú var skoðun mín þá, að gallana hefði mátt sníða af, en halda kostunum. Ég hefði talið ástæðu til að þess væri freistað af þeim flokkum, sem myndað hafa og stutt núv. hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir því, hverjir gallarnir hafa orðið í raun og ef þeir hefðu sýnst vera einhverjir og kannske eins veigamiklir og haldið var fram undir umr. um þetta mál fyrir 4 árum, þá að sníða þá af áður en þessu kjörtímabili lyki. Það hefði verið myndarlegt að gera slíka tilraun. Því miður verður hún ekki gerð. Það verður að bíða næsta kjörtímabils.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýrslu hans. Hún er um margt fróðleg og mikill fengur er að henni, en það er vitanlega langt í frá á þessum síðustu og verstu dögum hér á Alþ., að þm. hafi getað kynnt sér hana sem skyldi og farið ofan í þau atriði sem kannske skipta mestu máli. Það er hins vegar staðreynd, að hin nýja grunnskólalöggjöf kom á mikilli hreyfingu í menntamálum okkar á grunnskólastigi, nýrri og um margt frjórri skipan á ýmis mál þar og hrevfingu sem ég hygg að hafi verið vfirgnæfandi til bóta. Ég efast ekki um að löggjöf sem slíkri fylgi vissir annmarkar, en þeir annmarkar, sem ég hef þó af veikum mætti reynt að finna vegna þess hve ég var ákafur fylgismaður þessarar löggjafar á sínum tíma, eru ekki slíkir að ég telji þá óeðlilega þegar um nýja og viðamikla löggjöf er að ræða. Það er að vísu rétt, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., að margt er enn ógert af því sem þarf að gera til að grunnskólalöggjöfin komist í rétt horf og þar verði allt framkvæmt svo sem vera skal. Einnig er rétt að mörgu hefur þar hægt miðað, og valda því ýmsar ástæður, m. a. fjárhagslegar.

Ég fór aldrei dult með eindregið fylgi við grunnskólafrv. á sínum tíma, þegar það var til umr. á Alþ., og þá fyrst og fremst við meginmarkmið grunnskólalaganna og þær mörgu og merku nýjungar, sem þar voru, en margar af þeim hafa þegar sannað gildi sitt. Ég get ekki farið að telja upp þau mörgu merku nýmæli, sem grunnskólalögin fólu í sér, en ég hygg þó, af því að það hefur komið nú þegar til umr., að aukið jafnrétti til náms hvar sem var, sem var eiginlega rauður þráður í þessum grunnskólalögum, hafi kannske verið það merkasta við þau, þó við höfum reyndar haft löggjöf sem átti að tryggja það, en ekki hafði komist í fulla framkvæmd þó á mörgum árum hefði verið. Það er hins vegar gleðiefni, að gert hefur verið miklu meira nú á þessum þó stutta tíma til þess að koma þessum lögum í framkvæmd en var á sínum tíma um fræðslulöggjöfina frá 1946, enda var það kannske eðlilegt því að sú löggjöf var sett af menntmrh. og komið í gegn af menntmrh. sem var áreiðanlega mjög á undan sínum tíma í þessum efnum og framsýnni en a. m. k. þeir sem tóku við af honum í stjórn menntamála og fóru með menntamál og fjármál þar á eftir.

Ég get aðeins nefnt það, hve geysimikilvægt er fyrir skólana að hafa fengið inn þau nýju ákvæði sem grunnskólalögin fela í sér og reglugerð hefur síðan verið sett um varðandi seinfæra nemendur, að ekki sé nú talað um alla þroskahefta nemendur. Með þessari löggjöf var þetta fyrst tryggt, tryggt það vel að hægt væri að framkvæma það. Það höfðu staðið áður í lögunum ákvæði þetta varðandi, en þau voru þokukennd og alls ekki nógu markviss og gátu þess vegna eðlilega ekki náð þeim tilgangi, sem þau hafa eflaust átt að gera, og þá á ég við þau reglugerðarákvæði sem voru sett með þessari lagasetningu. Ég held að það fari ekki heldur milli mála, að það hafi verið ómetanlegt fyrir skólana að fá það aukna rými inn í skólastarf sitt fyrir félagsstarfsemi hvers konar, sem fólst í grunnskólalögunum og einnig er nú komið inn í reglugerð að hluta. Og ég nefni síðast en ekki síst fræðsluskrifstofurnar úti á landi, sem hafa sannað gildi sitt. A. m. k. veit ég það ótvírætt, að fræðsluskrifstofan eystra hefur sannað gildi sitt svo sannarlega, bætt stórkostlega aðstöðu skólamanna á öllu svæðinu til þess að hafa samband við höfuðstöðvar menntamála hér syðra og létt þeim margt starfið. Hitt er svo annað mál, að mér hefur þótt allt of hægt miða í því að koma á frambúðaraðstöðu fyrir þessar fræðsluskrifstofur og búa í haginn fyrir starf þeirra sem þeim eiga að veita forstöðu, — þessu miði allt of hægt og því að veita þeim þá aðstöðu sem þeir þurfa. Þar á hefur orðið mikill misbrestur og þó alveg sérstaklega í fjárveitingum eða í því að tryggja fræðsluskrifstofunum eðlilegan starfsgrundvöll fjárhagslega.

Ég ætla ekki að fara að deila um það mál, sem hefur kannske helst komið hér til umr. enn einu sinni, lengd skólaársins eða skólaskylduna. Sú umr. átti á sínum tíma svo mikinn áhuga manna, að ýmislegt annað týndist gersamlega. Mér liggur við að segja: sumir ærðust í þessum ræðustól út af þessum atriðum og dæmdu grunnskólalögin öll út frá því einu, hvernig þeir litu á þetta tvennt: lengd skólaársins og hver lengd skólaskyldunnar ætti að vera. En öll þau jákvæðu atriði, sem í grunnskólalögunum fólust, fóru algerlega fram hjá þessum mönnum eða þeir vildu hreinlega ekki sjá þau. Ég hlustaði á nokkrar slíkar ræður. En guði sé lof að við losnuðum að mestu leyti við svona ræður í Ed., þó að slíkar væru þar einnig fluttar, og lenti jafnvel í því málþófi, að spurningin um mismunandi fiskverkunaraðferðir yrði að uppistöðu í ræðum manna. En greinilegt var að andstaðan við

grunnskólalögin var byggð á annaðhvort vanþekkingu manna eða gífurlegri þröngsýni, sem mér var illskiljanleg sem skólamanni, — skólamanni sem þekkti til þeirra aðstæðna, sem alltaf var verið að vitna til sí og æ af þessum sömu mönnum, þ. e. a. s. aðstæðnanna úti á landsbyggðinni, sem áttu að valda því, að þar þyrfti að hafa sérstaka fyrirvara, einhverjar sérstakar undanþágur og gæta þess vandlega að það fólk væri ekki skyldað til þess að hafa sama rétt og fólk á þéttbýlissvæðum. Ég ætla enn síður að fara að deila um einkunnagjöf, þó að ég sé þar mjög á sama máli í ýmsu því sem skólamenn halda fram um námsmat, en ég er jafnframt á því, að þar þurfi að finna heppilega millileið milli prófanna og milli námsmatsins. Hvorugt verður einhlítt. Það væri mjög heppilegt ef hægt væri að finna þá millileið sem fær væri.

En varðandi skólaskylduna, sem kom til umr. áðan, get ég ekki stillt mig um að segja örfá orð. Ég þekki mjög vel erfiðleikana, sem voru á því áður en grunnskólalögin tóku gildi, á litlum skólastað að koma á fyrst 8. skólaárinu og síðan því 9. þrátt fyrir eindreginn vilja þeirra, sem að stóðu, foreldra og nemenda. Tvívegis var neitað um leyfi til þess að halda áfram með 9. skólaárið í mínum skóla, þó að allir nemendur þess árgangs hefðu skrifað upp á beiðni um að fá þessa kennslu heim í hérað. Og það var gert einfaldlega vegna þess að ákveðin lagastoð var vitanlega ekki fyrir hendi og nemendurnir voru fáir. Það breytti engu þó að við kennarar byðumst til þess að leggja fram kennslu *í þessum bekkjum að 1/3 án endurgjalds.* Hvers vegna hefur prósentan lækkað sem hæstv. ráðh. kom inn á áðan? Hún hefur lækkað t. d. vegna þess, hve miklu betur hefur gengið fyrir hin smærri skólahverfi að koma 9. bekknum á nú en áður var. Ég ansa nú ekki slíku og held að hv. þm. Pálmi Jónsson hafi verið að tala í einhverju óráði áðan þegar hann var að tala um að hverfa til baka, meira að segja frá fræðslulöggjöfinni 1946, og fara bara í skóla í sjö ár. Ég eiginlega trúi ekki slíkri afturhaldskenningu frá svo ágætum manni. En einnig hefur prósentan lækkað, það er ekki vert að draga neina fjöður yfir það, vegna þess að fólk hefur almennt litið svo á, að með grunnskólalögunum hafi komist á níu ára skólaskylda strax og var byrjað að framkvæma þau. Nemendur hafa þess vegna farið inn í þetta níu ára nám, að því er ég best veit, og af því svæði, sem ég þekki til, af fúsum og frjálsum vilja, enda man ég ekki einu sinni eftir þessum 5%, nema bara í þeim tilfellum þar sem við neyddumst til þess að láta þetta fólk hætta vegna þess að við höfðum enga aðstöðu til þess að láta það halda áfram framhaldsnámi, vegna þess hve það var seinfært og jafnvel enn verra og við höfðum ekki aðstæður til þess að láta það halda áfram.

Ég held þess vegna að ég sé enn sannfærðari en áður um það, að við eigum að halda okkur við níu ára skólaskylduna. Og upplýsingar hæstv. ráðh. áðan sönnuðu mál mitt, sem ég hélt fram í umr. á Alþ. á sínum tíma, hvað hér væri um lága prósentu að ræða, sem hætti námi, og sem betur fer enn lækkandi varðandi þá sem eru seinfærir og ég tala nú ekki um þá sem eru þroskaheftir, vegna þess að nú er svo fyrir séð að einmitt þeir eiga kost á þessu framhaldsnámi sem betur fer, og það eiga þessir sömu nemendur fyrst og fremst grunnskólalöggjöfinni að þakka. Það er hins vegar rétt, að enn vantar nokkuð á að nám þessara aðila sé komið í þann farveg, sem það þyrfti að falla í, því að auðvitað þurfa þessir aðilar miklu lengra nám en þau níu ár. Þó að heimildarákvæði sé til í reglugerð varðandi lengingu náms fyrir þetta fólk, þá hygg ég að fullkomlega sé tímabært, þar sem svo stendur á, að það heimildarákvæði verði enn rýmkað. Ansi margt af þessu fólki þarf mörg ár í viðbót, sem við eigum að viðurkenna og eigum beinlínis að taka inn í löggjöf okkar að þetta fólk eigi rétt á.

Hv. þm. Pálmi Jónsson fór yfir þau atriði, sem hér var komið inn á varðandi skólaskylduna, og þær röksemdir, sem í skýrslunni eru tíndar til, jákvæðar þar með. Hann dró þær í efa. Ég ætla ekki að fara að deila við hann um það. Það hefur oft áður á þingi verið deilt um þetta. En ég vildi — með leyfi hæstv. forseta — lesa rökstuðninginn, sem hér er fyrir, og gera þann sama rökstuðning að mínum rökstuðningi fyrir níu ára skólaskyldunni. Þar segir svo:

„Verði aftur horfið að átta ára skólaskyldu rofnar samhengi grunnskólanáms á unglingastigi og er þar með horfið til hliðstæðs fyrirkomulags og þess sem ríkti samkv. lögum nr. 48 1946, um gagnfræðanám. Samkv. þeim lögum voru 3. og 4. bekkur gagnfræðastigs valfrjálsir, en nemendur 1. og 2. bekkjar skólaskyldir. Þetta fyrirkomulag leiddi til tvenns konar misréttis eða stéttaskiptingar innan skólans: annars vegar milli þeirra sem hættu við unglingapróf og hinna sem héldu áfram, hins vegar innbyrðis milli þeirra sem héldu áfram, en fóru í mismunandi „finar“ eða álitlegar deildir. Verði grunnskólalögum breytt hannig að grunnskóli verði níu ára skóli, en þó aðeins átta fyrstu ár hans skólaskyld, er víst að fyrri stéttaskipting kemur upp aftur og það, sem þegar hefur náðst í jafnréttisátt á fjögurra ára framkvæmdatíma grunnskólalaga, tapast.

Með því að hverfa aftur til átta ára skólaskyldu rofna þau tengsl milli grunnskólastigsins og framhaldsskólastigsins sem nú er verið að koma á með framkvæmd grunnskólalaga — þar sem verið er að undirbúa fulla níu ára skólaskyldu — og breyttum og opnari inntökureglum framhaldsskóla sem miða starf sitt nú þegar í æ ríkara mæli við að taka við megninu af hinum fjölbreytta nemendahópi grunnskólans. Það að riúfa þessi tengsl gengur hvert á sjálfan grundvöll fjölbrautaskólanna, þ. e. þá hugsjón og stefnu sem þeir eru reistir á.“

Ég vona að ég þurfi ekki að fara að tíunda fyrir mönnum hér, hvað í þessu er fólgið. En þar er kannske fyrst og fremst að því vikið að reyna að hefja verknámið til aukins vegs og virðingar, svo sem það á skilið, og tengja einnig framhaldsnámið atvinnulífi okkar meira en orðið hefur. Þó veit ég að á því er sá misbrestur núna, að við höfum ekki þá framhaldsskólalöggjöf, sem eftir þarf að fara til þess að tryggja að hér fari

ekki allt úr skorðum þegar að framkvæmdinni kemur.

Hæstv. ráðh. minntist á framhaldsskólafrv. sem mundi verða kynnt í lok þessa þings. Ég hef lýst því áður, að ég teldi miður að ekki skyldi þegar vera komin þar nokkuð föst skipan á. Það stafar auðvitað af því, og þar skilur auðvitað á milli okkar hv. þm. Pálma Jónssonar, sem vill fara í þessu varlega og kanna þetta enn betur, að ég er það ákafur fylgismaður grunnskólalaganna, að ég taldi engan vanda að halda beint áfram og setja framhaldsskólalöggjöf sem tryggði þetta tvennt, þó fyrst og fremst aukið og bætt verknám og aukið og bætt nám í tengslum við höfuðatvinnuvegi okkar. Ég vona að framhaldsskólafrv., þegar það kemur fram, og þau lög, sem verða sett í framhaldi af því, beri þessi höfuðeinkenni. Að því ber að stefna og á það skal treyst. Ég treysti því a. m. k., að ekki dragist lengur en til næsta vors að Alþ. afgreiði lög sem feli í sér þessi meginmarkmið sem ég tel að eigi að vera í framhaldsskólalöggjöfinni.

Ég skal ekki lengja þetta mál miklu meira. Ég vil aðeins harma það, eins og ég hef gert reyndar áður, hve endurskoðun námsefnisins, sem er grundvöllur námsins á grunnskólastiginu, hefur dregist eða dregist saman og þeirri endurskoðun hefur seinkað vegna ónógra fjárveitinga og því gengið þar svo hægt að nú er fyrirsjáanlegt að þar getur orðið í sumum námsgreinum stöðvun á, sem hefur slæmar afleiðingar. En við skulum vona, að á því verði breyting til batnaðar. Ég tek hins vegar undir það með hæstv. ráðh., að það þarf að fara með allri gát að skipan í skólahverfi og engin ástæða er til þess að herða sérstaklega á því, nema þar sem nauðsyn kallar á vegna t. d. sérstaks fámennis í einhverju því skólahverfi sem nú er haldið uppi sem sjálfstæðu og hefur í raun og veru enga möguleika til þess að starfa sem slíkt.

Ég held að ekki hafi verið rétt af menntmrn. að láta frá sér fara þá bók sem almennt var kölluð „Litla gula hænan“ á sínum tíma, um skipun í skólahverfi. Þessi bók vakti mikinn úlfaþyt. Menn töldu að þarna væri um það að ræða, þrátt fyrir það sem stóð í skýringum þarna með, sem menntmrn. ætlaði að þrengja upp á íbúana með góðu eða illu. Þó sá misskilningur, sem í þessu fólst, hafi nú verið leiðréttur nokkuð, þá held ég að það hefði nú verið heppilegra að fara örlítið hægar í sakirnar og ekki senda svona róttækar till. út til manna, þó að sú skýring kunni kannske að vera tiltæk og kannske réttlætanleg, sem maður hefur heyrt frá þeim ráðuneytismönnum, að það væri um að gera að gera fólk nógu dauðhrætt fyrst og vekja það til nógu mikilla andsvara við svona fráleitum till. eins og þeir höfðu þarna sett fram til þess að geta svo komist að einhverju skynsamlegu samkomulagi við fólkið á eftir.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð, sem hér hafa áður verið sögð úr þessum ræðustól nú í þessum umr., að það er þakklætisvert að fá þessa skýrslu. Þetta er viðamikil bók og ærið mikið verk að kynna sér hana til hlítar.

Endurskoðun skólamála hlýtur alltaf að vera í gangi og hún er mjög nauðsynleg. Það er mjög nauðsynlegt að hún fari fram. Undanfarin ár hafa verið gerðar mjög veigamiklar breytingar á skólakerfinu, og fyrir dyrum standa áframhaldandi breytingar á þessu skólakerfi. Ég nefni grunnskólalögin, sem nú eru svona í og með til umr. Ég nefni frv. um framhaldsskóla, sem okkur hefur verið sýnt á Alþ. Ég nefni frv. til laga um búnaðarfræðslu, kennaramenntun o. fl., o. fl. Ég er þeirrar skoðunar, að í þessum efnum sé heppilegra að sækjast frekar eftir þróun en byltingu. Sannast sagna eru sumar hugmyndir, sem settar hafa verið fram um skólamál, helst til byltingarkenndar fyrir minn smekk. Ég hygg að með grunnskólalögum hafi margt verið gert til bóta og með framkvæmd þeirra.

Ég er ekki sérstakur andstæðingur níu ára skólaskyldu. Ég tel að það sé ákaflega mikilvægt, að óráðinn nemandi eigi færa leið til framhaldsnáms, og jafnvel að forsvaranlegt geti verið að hvetja hann á þeirri braut, ef hann skyldi vera eitthvað tvíátta í því efni, því að það kann að hefna sín síðar í lífinu ef hann lætur þráðinn niður falla og hyggst kannske taka sér hvíld um tíma og taka svo til við nám síðar eða fara einhverjar krókaleiðir að framhaldsmenntun. En ég er hins vegar ákaflega andvígur hinum langa árlega kennslutíma, þessum níu mánaða kennslutíma sem nú er víða tíðkaður. Ég held að hann sé alveg afleitur. Þessi þjóð á enga framtíð fyrir sér í landinu nema með því að vinna. Og þjóðin þarf að læra að vinna. Það á að vera nauðsynlegur þáttur í uppeldi barna okkar og unglinga að kenna þeim að vinna. Og meira en það, það þarf að kenna þeim sem fjölbreyttasta vinnu, og nemendum er fyrir mjög miklu að kynnast atvinnuvegunum. Við finnum það á okkur sjálfir, alþm., hversu nauðsynlegt er að hafa einhverja nasasjón af atvinnulífinu í landinu. Ég stend í þeirri trú, að einhverjir voðalegustu menn með hverri þjóð séu menn sem kalla mætti „fagidjóta“, menn sem hafa aflað sér mikillar þekkingar um ákveðið svið þjóðmála, ákveðið svið þjóðlífsins, en vanrækt alveg að afla sér þekkingar á öðrum atriðum. Eins er þetta með menntunina. Ég held að það sé æðimikið atriði og verði ekki nægilega undirstrikað, hvað almenn menntun er mikilvæg. Í minum augum er almenn menntun mikilvægari en langt sérnám. Þess vegna held ég að mikilvægt sé að vanda undirstöðuna ekki einasta innan skólans, heldur að skapa nemendunum tækifæri til þess að kynnast því lífi, sem hér er lifað, og því lífi sem hér þarf að lifa. Ég held að nemendum sé mikilvægt að fá að starfa septembermánuð við þjóðnýt störf — ekki mikilvægt að vera suður á Spáni að hlýja sér þar, heldur að vinna. Skólarnir eiga einnig að vera vinnustaðir og menntastofnanir fremur en tómstundaheimili.

Þessari skýrslu fylgja till. um skólaskipan og taka þær raunar nokkuð mikið rúm í skýrslunni. Ég mun nú ekki gera þessa till. í verulegum mæli að umræðuefni. Það hefur komið fram, m. a. hjá síðasta ræðumanni, að taka ber þessar till. með mikilli varúð. Sannast sagna er ég

hálfhissa á því, hvernig menn geta fengið sig til að prenta þetta eins og það er lagt hér fyrir, sumt af því. Athugun á skyldunámi hlýtur náttúrlega að fara saman við athugun á framhaldsnámi. Við höfum, eins og ég sagði áðan, starfað nokkuð byltingarkennt að þessum málum. Við höfum gleymt í hita bardagans því, sem fyrir hefur verið, eða sést yfir vissa gildustu þættina, sem fyrir eru í fræðslukerfi okkar. Héraðsskólarnir hafa t. d. orðið með nokkrum hætti utan við þessa mynd. Það er illa farið, því að þeir hafa gegnt geysilega miklu hlutverki í menntun þjóðarinnar. Mér sýnist að stefnan sé sú að rýra hlut þeirra. Það er ákaflega óskynsamlegt að mínum dómi. Þeir standa á gömlum merg. Þar hefur skapast hefð sem er dýrmæt. Við sum þeirra er frábært starfslið. Og svona mætti lengi telja. Þá verður að aðlaga breyttum tímum. Það er eitt af hinum brýnni verkefnum í skólamálum okkar. Það má t. d. hugsa sér að færa til kennslu, að þeir starfi meira á framhaldsskólastigi en þeir hafa gert, en ég legg ríka áherslu á að þeim sé ekki gleymt.

Það er eðlilegt, að foreldrar óski eftir því að hafa börn sín sem lengst heima. Við því er ekkert að segja. En allt verður þetta að vera innan skynsamlegra marka og raunhæfra marka. Ekki má byggja á óframkvæmanlegri skrifborðsvinnu eða fráleitri skrifborðsvinnu, eins og mér virðist sums staðar að hafi verið gert í þeim till. til skólaskipunar sem hér eru prentaðar. Ég nefni sem dæmi till. um skólaskipun á 14. skólasvæði þ. e. a. s. þar sem ég er kunnugastur, í Austur-Húnavatnssýslu. Það vill svo til, að Austur-Húnvetningar hafa verið að reyna að leysa þessi mál sjálfir heima fyrir. Það hefur tekist þar víðtækt samstarf með hreppum um að byggja skóla á Húnavöllum. Ég ætla ekki að ræða þá framkvæmd í einstökum atriðum, en þeir heimamanna, sem þar hafa um fjallað, hafa verið fullir samstarfsvilja og lagt á sig mikið starf og vandaðan undirbúning til þess að samræma sjónarmið sín. Eftir því hefur verið unnið. Eftir því hefur verið byggður þarna stór heimavistarskóli. Að vísu orka sumir þættir þess byggingarlags, sem þar hefur verið notað, nokkuð tvímælis, en það er ekki mergurinn málsins. Nú sýnist mér að þessar till. geri ráð fyrir að taka þaðan 8. bekk, sem þar starfar núna, og kenna þeim börnum á Blönduósi, aka síðan þeim börnum á kvöldin fram í Húnavelli til þess að geyma þau þar um nætur. Þetta finnst mér ekki skynsamlegar hugmyndir. Mannvirki, sem við erum búnir að reisa, eigum við að nota meðan þess er kostur, og við verðum að gæta hagsýni í notkun þeirra. Sveiflukenndar ákvarðanir um að ætla að bylta því í dag, sem gert var í gær, hef ég ekki trú á að séu farsælar.

Hugmyndir um fjölbrautaskóla eru uppi víða um land og hafa komið mjög í tísku á síðustu árum. Sums staðar eru þær í nokkuð lausu lofti og hvergi nærri fullmótaðar, og reynsla af þeim nemendum, sem þannig eru menntaðir, er það an af síður fengin í þjóðfélaginu. En ég vil fyrir mitt leyti alls ekki að menntaskólarnir hverfi í skuggann fyrir fjölbrautaskólunum, samkv. því sem ég sagði áður um gildi hinnar almennu menntunar og að ég set hana hærra en sérnám eða fagnám. Ég held að það, sem við þurfum að hafa í huga við öll þessi mál, sé hagsýni og þó fyrst og fremst að við byggjum góða skóla, að við starfrækjum góða skóla og miklu fremur góða skóla en mjög marga skóla.

Umr. frestað.

Neðri deild, 78. fundur.

Þriðjudaginn 18. apríl, kl. 5 síðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 417, n. 557 og 588, 451, 558, 589). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til laga um breyt. á lögum um tollskrá o. fl. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. n., en álit meiri hl. er á þskj. 557.

Þetta frv. er eingöngu flutt til samræmingar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins. Meri hl. n. er því þeirrar skoðunar, að ekki sé ástæða til að fara nú af þessu tilefni út í meiri endurskoðun á gildandi tollskrá en sem af þessu leiðir, og þess vegna flytur meiri hl. ekki brtt., sem varða lækkun tolla, og styður ekki heldur fram komnar brtt. Það má segja að þar hafi skilið á milli meiri hl., fulltrúa stjórnarflokkanna, og minni hl., hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, en fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason.

Í samráði við fjmrn., en ekki sérstaklega að ósk þess, flytur meiri hl. nokkrar brtt. á þskj. 558. Þessar brtt. horfa allar til leiðréttingar og til lausnar á vafamálum og ágreiningsmálum sem upp hafa komið. Ég skal nú rekja þessar brtt. með örfáum orðum.

Það er þá fyrst brtt. við 1. gr. frv., en þar er bætt við nokkrum orðum. Þetta er tollskrárnúmer 39.07.81 Skúffuskápar. Bætt er við orðunum: og hlutar til þeirra. En þessir hlutar til skápanna hafa verið í 70% tolli á móti 34%, sem þetta tollnúmer segir til um.

2. brtt. gengur út á það að lækka tolltaxta úr 7% og niður í 0.

Í 3. brtt. er skotið inn orðum, en það tollskrárnúmer á við vélaþéttingar úr asbesti og asbestblöndum. Þar er skotið inn orðunum: og efni í þær. Átt er við efni í vélþéttingar.

Í 4. brtt. er bætt við nýjum undirlið: færibönd — og þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Í 5. brtt. er einnig bætt við orðum í d-lið og e-lið. Við tollskrárnúmer 85.01.31 er bætt orðunum: og minni. Í stað orðanna „600 volt“ komi: 660 volt. Þetta eru líka beinar leiðréttingar.

6. brtt. er nýr liður í tollskránni. 17. undirliður. Ökutæki með burðarþol 3 tonn og þar yfir til flutnings bæði á mönnum og vörum ótalið annars staðar, þar skuli tolltaxti vera 30%, en þessi tæki hafa verið tolluð með 90% tolli og hefur svo verið gert fyrir hrein mistök eða gleymsku við setningu síðustu tollskrárlaga.

Í b-lið þessara brtt. er eingöngu verið að hækka krónutölu, það á við gjafir sem hafa verið tollfrjálsar allt að 5 þús. kr., en það er hækkað í 10 þús. kr.

Eins og ég sagði áðan treystir meiri hl. n. sér ekki til að fylgja brtt. sem fluttar hafa verið. Í sambandi við brtt., sem fluttar voru á þskj. 451 af hv. þm. Pálma Jónssyni, Ingólfi Jónssyni og Páli Péturssyni, vil ég aðeins segja örfá orð. Þær styður meiri hl. n. ekki vegna þess að þar er um að ræða beina lækkun tolla úr 7% í 4% og 2% eftir árum, en auk þess er í 2. lið brtt. komið með till. um nýjan undirlið við tollflokk 87.01, undir lið 32, almennar hjóladráttarvélar með drifi á öllum hjólum. Ég vil upplýsa að fyrir liggur nú bréf frá fjmrn. sem tekur af allan vafa um að hjóladráttarvélar með drifi á öllum hjólum verða flokkaðar í þennan tollfokk, 87.01.31, og þarf því ekki að gera þarna nýjan undirlið eins og till. gerir ráð fyrir. Þessar vélar fara því í sama tollflokk og aðrar, þ. e. a. s. í 7%. Þetta bréf liggur nú fyrir og fjmrn. hefur sent það til tollstjóra, sýslumanna og bæjarfógeta. Að öðru leyti ætla ég ekki að gera þessar brtt. eða aðrar að umræðuefni, enda hefur ekki verið talað fyrir þeim.

Þá vil ég aðeins geta um eina leiðréttingu, sem þarf að gera, en ekki þótti ástæða til að vera að flytja sérstaka brtt. um, vegna þess að þar er um augljósa ritvillu að ræða. Það er í 30. till. í frv. Í 30. till., 44. kafla, 44.09.22, þar sem talið er upp: trjáviður í göngustafi, regnhlífar, handföng. Þetta á að færast í eitt orð og vera regnhlífahandföng. Þetta vildi ég láta koma hér fram, vegna þess að fyrir liggur bréf frá fjmrn., þar sem bent er sérstaklega á þetta, en engin ástæða er til að flytja um það sérstaka brtt.

Meira þarf ég í sjálfu sér ekki að segja um þetta mál. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem ég hef hér greint frá og eru á þskj. 558.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Eins og þegar hefur komið fram varð fjh.- og viðskn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. vill afgreiða málið með mjög litlum breytingum og í rauninni án þess að hreyfa að nokkru við einstökum tolltöxtum, en eins og sagt hefur verið er þetta frv. fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Það miðar að því að skýra út ýmis atriði og samræma þau svonefndri tollasamvinnuskrá, sem við miðum tollareglur okkar við, en í rauninni fjallar þetta frv. ekki um breytingar á tolltekjum ríkissjóðs.

Ég tel fyrir mitt leyti, að eðlilegt sé eins og nú er ástatt að gera nokkrar efnisbreytingar á tollskránni fyrst málið liggur hér fyrir. Ég tel það orðið tímabært.

Ég hef áður vakið athygli á því, að svo er nú komið, að þeir tollstigar, sem við er miðað í tollalöggjöf okkar, tollskrá okkar, eru svo úr lagi gengnir að í rauninni er ekki viðunandi að hafa þá öllu lengur í því formi, sem þeir eru nú í. Ég hef nokkrum sinnum bent á að þetta væri afleiðing af þátttöku okkar í EFTA og eins með þeim sérsamningi sem við gerðum síðar við Efnahagsbandalagið, að stefnt var að því að lækka tolla á innfluttum vörum hingað í allríkum mæli í þrepum. Í mörgum greinum leiddi þetta til þess, að þær vörur, sem áður voru í nokkuð háum tollflokkum í tollskrá okkar, eru nú komnar niður í 0 eða niður undir 0, mjög lágan tollflokk samkv. þessu samkomulagi, séu vörurnar fluttar inn frá svonefndum EFTA-löndum eða frá löndum Efnahagsbandalagsins. En þetta gildir eingöngu um svonefndar EFTA-vörur eða samkeppnisvörur, þ. e. a. s. iðnaðarvörur sem eru þess eðlis, að þær eru framleiddar hér í landinu jafnframt. Hins vegar hefur þessi tollabreyting aldrei náð til þeirra vara sem ekki teljast samkeppnisvörur, ekki teljast EFTA-vörur, eru sem sagt ekki framleiddar hér í landinu. Þær vörur hafa ekki fallið undir þessa tollalækkun og standa því eftir margar hverjar í hinum háu gömlu tollflokkunum. Af þessu hefur leitt hið mesta ósamræmi í tollheimtunni.

Ég álít að ekki verði unað við það til lengdar að búa við þetta misræmi. Hvort tveggja kemur til, að vörur, sem fluttar eru inn frá löndum Efnahagsbandalagsins og EFTA-landsvæðanna, eru í mörgum tilfellum fluttar inn í landið án þess að af þeim þurfi að greiða tolla, en ef sams konar vörur eru fluttar inn í landið frá löndum utan EFTA-svæðisins og Efnahagsbandalagssvæðisins bera þessar vörur allháa tolla. Þessi mismunur getur í sumum tilfellum valdið okkur beinum skaða þjóðhagslega séð. Menn eru blátt áfram fyrir tollamismun knúnir til þess að kaupa inn þær vörur, sem eru í eðli sínu dýrari eða verri en þeir gætu fengið annars staðar, en það er sams konar vara í hærri tollflokki. Þetta misræmi verður að leiðrétta og er ekki hægt að horfa fram hjá þessu endalaust.

Svo er hitt misræmið, að þar sem vörur voru áður saman í tollflokki, oft og tíðum í háum tollflokki, skuli vissar vörur vera eftir í gamla háa tollflokknum, t. d. er greiddur af þeim 80% tollur, en aðrar vörur, sem voru með í þeim tollflokki lengst af áður, eru hins vegar komnar niður undir 0 í tollflokki. Út úr þessu kemur hið mesta afskræmi þegar menn líta á tollskrána. Menn fá það t. d. út úr þessu, að hvers konar heimilisvörur, eins og t. d. búsáhöld, eru í einna hæsta tollflokknum hjá okkur. Öll búsáhöld svo að segja eru í 80% tollflokki á sama tíma sem margskonar aðrar vörur, sem engum manni dettur í hug að jafna að notagildi og þörfum saman við búsáhöld, eru hins vegar komnar niður í 0 tollflokk eða mjög lágan tollflokk. Ég tel að óhjákvæmilegt sé að taka á þessu vandamáli, sem allir viðurkenna, og fikra sig áfram í þá áttina að lækka þessa gífurlega háu tolla sem hvíla á ýmsum nauðsynjavörum sem hafa ekki hlotið neina tollalækkun vegna þess að þessar vörur flokkuðust ekki undir svonefndar samkeppnisvörur, eru ekki framleiddar hér í landinu. Þetta gildir einnig að verulegu leyti um hvers konar rafmagnstæki, áhöld sem nú eru talin alveg óhjákvæmileg á nútímaheimili, og áhöld, sem jafnvel hafa fengið aukið gildi vegna þess að heimilisstörfin eru nú unnin með nokkuð öðrum hætti en áður var. Þegar t. d. eiginkonan sækir meira út á hinn almenna vinnumarkað og er farin að vinna þar fyrir beinum tekjum og það í allríkum mæli, eins og við vitum að hefur verið þróunin nú um skeið, þá kallar það af sjálfu sér á, að á heimilinu þurfa að vera ýmiss konar vinnutæki sem eru orðin alveg ómissandi. Þar

skulum við t. d. nefna tæki eins og þvottavél og hvers konar rafmagnsheimilistæki. Þessi tæki eru í gifurlega háum tollflokkum hjá okkur, á sama tíma sem ýmsar aðrar iðnaðarvörur, sem ekki verður líkt saman á nokkurn hátt við notagildi þessara vara, hafa þegar verið lækkaðar í tollflokki mjög verulega

Af þessum ástæðum flyt ég nokkrar brtt. við gildandi tollskrá, sem fara í þá átt að þar er miðað við að lækka tollstigann á innflutningi, eins og t. d. á búsáhöldum og heimilisrafmagnstækjum, ýmsum slíkum heimilistækjum. Ég hef þó talið rétt, af því að þessar vörur eru í háum tollflokki enn þá, að stíga þetta í nokkrum skrefum. Ég geri því yfirleitt ráð fyrir því, að við næstu áramót verði búsáhöld í 40% tollflokki, en þau eru nú í 80% tollflokki, og lækkuðu svo aftur í ársbyrjun 1980 í 20% tollflokk. Mér er ljóst, að í samanburði við margar aðrar vörutegundir er 40% tollflokkur á búsáhöldum allt of hár. En menn verða að hafa í huga, að þarna er verið að leggja til að lækka þennan toll um helming. Á sama hátt styð ég till. um að rafmagnsheimilistæki, eins og t. d. þvottavélar og frystiskápar, hrærivélar og ryksugur, svo að dæmi séu tekin, lækki líka í tollflokki úr 80% í 40% frá næstu áramótum og síðan í 20%.

Þarna er að mínum dómi um „prinsip"-ákvörðun að ræða, hvort hv. alþm. vilji fallast á þetta sjónarmið, að stíga eigi fyrsta skrefið í þá átt að lækka þá háu tolltaxta sem eru á nauðsynjavörum, eins og búsáhöldum og heimilistækjum ýmsum, eða hvort menn segja enn einu sinni, — og þá vil ég minna á að þeir hafa sagt það áður þegar fjallað hefur verið hér um breytingar á tollskránni, — að þeir séu ekki viðbúnir að taka afstöðu til þessa máls og vilja geyma málið. En menn eru búnir að hafa þetta fyrir framan sig svo lengi, að ég tel að nú eigi á það að reyna, hvaða hv. alþm. vilja fallast á að stíga þarna fyrsta skrefið og lækka þessa tolltaxta. Það er alveg ósæmilegt að innheimta af hvers konar búsáhöldum 80% toll, á sama tíma sem ýmiss konar glysvarningur er kominn niður í 20—30% tollflokk. En svona er þessu sem sagt varið nú.

Brtt. mínar ná einnig til annars en þessa sem ég nú hef nefnt. Allmikið hefur verið um það rætt að undanförnu, að ýmsar vélar og ýmis tæki, sem landbúnaðurinn notar, eru í nokkru hærri tollflokki en hliðstæðar vélar og tæki, sem iðnaðurinn notar til starfsemi sinnar. Bændasamtökin í landinu hafa gert kröfur í þá átt, að þessir tollar verði lækkaðir. Ég tel að þarna sé um réttlætismál að ræða og sé réttmætt, ekki síst eins og sakir standa nú hjá íslenskum landbúnaði, að verða við því að lækka þessa tolla til samræmis við það sem þegar hefur verið gert hjá iðnaðinum. Ég flyt allmargar till. í þessa átt, um það að færa tolla á vélum og áhöldum og ýmsum tækjum, sem landbúnaðurinn notar, hreinlega niður í 0, eins og algengast er nú orðið um iðnaðarvélar og tæki. Ég vil gjarnan láta á það reyna, hver er afstaða manna til þessa, hvort það er eins og með söluskattinn á kjöti og kjötvörum, að menn geti aðeins samþykkt þetta á almennum fundum, þar sem þeir mæta með bændum, og gera þar kröfur um þetta, en þeir felli svo hliðstæðar till. á Alþ. þegar þær eru bornar upp. Það er að mínum dómi lærdómsríkt að heyra slíkt og sjá. En þá verður það líka að koma fram.

Út frá þessu sjónarmiði lýsi ég því yfir, að ég styð þær brtt., sem fluttar eru af þremur hv. þm., Pálma Jónssyni, Ingólfi Jónssyni og Páli Péturssyni og er að finna á þskj. 451, en þær till. miða allar að því að lækka nokkuð tolla á landbúnaðarvélum og áhöldum. Þó að ég telji að í rauninni hefði átt að lækka þessa tolla alveg niður í 0, þá er þarna um verulega tollalækkun að ræða og stefnt í rétta átt. Mun ég styðja þessar till. auk þeirra sem ég flyt um sama efni og er að finna á þskj. 589.

Í þriðja lagi eru svo till. sem ég flyt um lækkun á tolltöxtum af vélum og tækjum til fiskiðnaðar. Ég álít að það sama eigi að gilda um vélar og tæki til fiskiðnaðar og vélar og tæki til landbúnaðar og um það, sem nú gildir á slíkum tækjum hjá iðnaði, fella eigi þessa tolla niður. Till. mínar eru miðaðar við þetta. Ég vil á það benda að þessir tollar, sem hér er um að ræða af vél- og tækjum, sérstaklega til landbúnaðarins, skipta ríkissjóð engu afgerandi máli, þó að þeir skipti bændur í einstökum tilfellum talsverðu máli. Hér er ekki um slíkar fjárhæðir að ræða, að þurfi að setja fjárhag ríkissjóðs í neina hættu ef þær væru niður felldar. Svipað má auðvitað segja um tolla af vélum og tækjum til fiskiðnaðar. Þó að þar sé um talsvert stærri fjárhæð að ræða þegar á heildina er litið, þá er ekki heldur um svo mikla tekjuröskun að ræða að neinum úrslitum valdi fyrir ríkissjóð. En þarna er um réttlætismál að ræða, og miðað við stöðu þessara atvinnuvega tel ég alveg sjálfsagt að þetta verði leiðrétt nú við meðferð þessa máls.

Afstaða mín er sem sagt þessi til málsins, að ég flyt brtt. um lækkun á tolltöxtum sem hægt er að flokka í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi legg ég til að lækka nokkuð allra hæstu tollataxta á nauðsynjavörum, eins og heimilistækjum og búsáhöldum, í öðru lagi að lækka tolla á vélum og tækjum til landbúnaðar og í þriðja lagi að lækka tolla á vélum og tækjum til fiskvinnslu. Um þetta fjalla till. mínar. Mér er ljóst að gera hefði þurft miklu meiri breytingar á tollskránni en till. mínar ná til. Ég tel að það sé í rauninni búið að dragast allt of lengi að taka til endurskoðunar þennan þýðingarmikla tekjustofn ríkisins og það eigi einmitt að gerast nú. Þegar tekjustofnalöggjöfin sem heild er til endurskoðunar ber að sjálfsögðu að taka á þessu máli, vegna þess m. a. að ég held að allir viðurkenni það, að eins og þessum málum er nú fyrir komið verði þetta að teljast óeðlilegt, ósanngjarnt, og það sé því orðið aðkallandi að gera þessar breytingar.

Ég hef þá gert grein fyrir brtt. mínum. og aðalágreiningi mínum við meiri hl. n., sem vill fallast á að afgreiða frv. sem snertir lítið sem ekkert við tolltöxtum, en er aðeins í rauninni tolltæknilegs eðlis, útskýringar á ýmsum ákvæðum í sambandi við einstaka tollliði, án þess að hreyft sé við meginatriðum málsins, sem eru tolltaxtarnir. Ég vænti þess, að till. mínar og þau sjónarmið, sem ég hef gert grein fyrir, nái

fram að ganga og verði fyrsta skref til þessarar leiðréttingar á tollskránni.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 451 hef ég ásamt hv. þm. Ingólfi Jónssyni og Páli Péturssyni leyft mér að flytja litlar brtt. við það frv. sem hér liggur fyrir. Þessar brtt. taka til örfárra tækja, sem notuð eru í landbúnaðinum, og eru fluttar til samræmingar við tolla af öðrum slíkum tækjum sem landbúnaðurinn notar.

Þegar lögum um tollskrá var breytt á síðasta Alþ. voru lækkaðir tollar á allmörgum tækjum til atvinnuvega í landinu, þ. á m. á ýmsum tækjum til landbúnaðar og raunar meiri hluta þeirra tækja sem notuð eru við landbúnaðarstörf. Hins vegar vildi svo einkennilega til, að nokkur landbúnaðartæki voru skilin eftir við þessar breytingar og voru áfram í hærri tollflokki. Þarna lít ég svo á að hafi verið um mistök að ræða fremur en að af ásetningi væri gert.

Það frv., sem hér er flutt, er, eins og fram hefur komið, mjög svo tæknilegs eðlis. Þrátt fyrir það eru í frv. breytingar sem fela einnig í sér lækkun á tollum einstakra vörutegunda, sem gert er vegna samræmingar á tollskrárnúmerum og öðrum þáttum tollskrárinnar. Enn fremur heyrðum við það í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., að n. flytur örfáar brtt. sem sumar hverjar fela einnig í sér lækkun á tollum einstakra vörutegunda til samræmis við önnur ákvæði frv. Þetta er í sjálfu sér eðlileg málsmeðferð og ekki nema gott um að segja. En þá er einnig að mínum dómi eðlilegt að fram komi og verði samþykktar um leið till. sem fela í sér algerlega sambærilega leiðréttingu og samhæfingu tollskrárnúmera eins og meiri hl. n. hefur rætt um.

Ég skal í örfáum orðum rekja þær till. sem ég mæli fyrir og fluttar eru, eins og ég hef þegar sagt, af hv. þm. Ingólfi Jónssyni og Páli Péturssyni með mér. Það er í fyrsta lagi um ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar í öðru lagi um almennar dráttavélar til landbúnaðar, þ. á m. fjórhjóladrifsdráttarvélar, en þær voru í mun hærri tollflokki en dráttarvélar með drifi á tveimur hjólum. Komið hefur fram, að hæstv. fjmrh. hefur með reglugerðarbreytingu flutt þessa tegund dráttarvéla í sama tollflokk og hinar venjulegu hjóladráttarvélar til landbúnaðar, og get ég þá sagt það strax, að tollskrárnúmer 87.01.32, sem er að finna í brtt. okkar félaga, er óþarft og sá tölul. verður dreginn til baka. Þá er einnig um að ræða lækkun á tolli húsa fyrir dráttarvélar og í fjórða lagi lækkun á tolli vagna, sem notaðir eru við heyvinnu eða áburðardreifingu. Þessi tæki flest eru nú í 7% tollflokki, en færast miðað við till. okkar til samræmis við nálega öll önnur vinnutæki í landbúnaði, í 4% tollflokk á árinu 1978 miðað við almenna reglu og í 2% á árinu 1979, en verða tollfrjáls frá EFTA-löndum.

Þessi atriði, sem ég hef rakið og eru, eins og ég hef þegar sagt, einungis til samræmingar, eru takmörkuð við þessa fáu liði. Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Austurl., að eðlilegt hefði verið, miðað við ýmsar vélar til iðnaðar, að þessi tæki færðust niður í 0 í tollskránni. En við, sem flytjum þessar till., vildum ekki hverfa að því ráði, vegna þess að þá hefðum við brotið það, sem er höfuðtilgangur okkar, að færa þessi tæki til samræmis við önnur sambærileg og líta á þessar till. einvörðungu sem leiðréttingu á tollskránni, vegna þess sem ég ætla að hafi verið mistök við setningu laganna um tollskrá á síðasta Alþingi.

Ég er nokkuð undrandi á, að hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. skyldi eigi sjá sér fært að taka þessar litlu brtt. upp í sínar og gera þær að sínum till., m. a. vegna þessara orða, sem ég hef þegar mælt, en einnig vegna þess að þessar till. eru það smáar í sniðum að þær kosta ríkissjóð nauðalitið fé, sem ég hef nú ekki fengið nákvæmlega upp, en mun þó vera örfáir tugir millj. kr. á ári. Sum þessara tækja munu raunar kannske fremur, eins og fjórhjóladrifstraktorarnir, skila tekjum í ríkissjóð eftir breytingar en fyrir, vegna þess að tollskrárákvæði og vörugjaldið gerðu ókleift að kaupa þau tæki til landbúnaðar, þótt það væri að öðru leyti hagkvæmara, bæði að því er snertir orkunotkun og meðferð lands.

Ég vil taka dæmi úr þessum fáu brtt.: Hvaða skynsemi getur verið í því, að heyvinnutæki eins og t. d. heybindivélar séu í 4% tollflokki, eins og er hin almenna regla og verður 2% frá 1. jan. n. k., en heyhleðsluvagnar, sem eru gersamlega sambærileg tæki til heyvinnu, skuli vera í 7% tolli? Ef það ætti að ganga svo, að þarna fengist ekki leiðrétting á, þá er um ranglæti að ræða sem ekki er hægt að skýra.

Ég vil svo aðeins geta þess, að till. þessar eru fluttar með fullri vitund og samþykki hæstv. fjmrh. Enda þótt hann hafi ekki um leið lýst því yfir, að hann mundi styðja þær og samþykkja, þá eru þær, eins og ég sagði fluttar með fullri vitund og samþykki hæstv. ráðh. Ég mun því treysta því, að þessar till. fáist samþykktar, og skal ekki að sinni hafa um það fleiri orð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 600) — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Í ræðu minni, er ég flutti við 1. umr. fjárl. fyrir árið 1978, gerði ég ráð fyrir framlagningu nýs frv. til laga um tekju- og eignarskatt. Það frv. liggur nú fyrir til umr. og verður að líta á það ásamt frv. því til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem flutt er samhliða því, sem þátt í heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Að þessu verkefni hefur verið unnið á mörgum undanförnum árum, eða allt frá lokum síðasta áratugs. Sögu þessarar endurskoðunar mun ég ekki rekja hér, en vísa til framsöguræðu minnar við 1. umr. um tekjuskattsfrv. það sem flutt var á síðasta þingi.

Í framhaldi af flutningi þess frv. urðu víðtækar umr. um skattamál, bæði innan þings og utan. Fjh.- og viðskn. beggja þd. unnu saman að yfirferð yfir frv. þetta og var í því skyni leitað umsagnar fjölmargra aðila um málið. Á grundvelli þessara umsagna og umr. hefur það frv.,

er hér liggur fyrir til umr., verið samið. Það er að uppsetningu og efnisskipan að mestu byggt á frv. frá fyrra ári og ýmis efnisatriði eru óbreytt frá því sem þá var. Öðrum atriðum, sumum mikilvægum, hefur verið breytt vegna fram kominna aths. og umræðna.

Almennur tekjuskattur var leiddur í lög á Íslandi með lögum nr. 74 frá 1921. Frá þeim tíma hafa að vísu verið gerðar ótal breytingar á tekjuskattslögunum, en jafnan hefur verið byggt á þeim grunni sem lagður var með lögum frá 1921. Hafa allar breytingar verið felldar inn í ramma þeirra laga.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur eins og frv. í fyrra í sér till. til nýrrar heildarlöggjafar um tekjuskatt og eignarskatt. Er hún ný frá rótum að því leyti, að vikið er frá uppsetningu fyrri laga um þetta efni og reynt að haga niðurröðun efnis þannig, að það sé sem aðgengilegast.

Frv. er skipt í 13 kafla. I. kafli frv. fjallar um skattaðila, þ. e. a. s. hvaða aðilar eru skattskyldir hér á landi. II. kafli frv. fjallar um skattskyldar tekjur. Í honum er skilgreining á tekjuhugtakinu í víðustu merkingu, þ. e. a. s. brúttótekjum, og er hún að mörgu leyti víðtækari en sú skilgreining sem gilt hefur hingað til. III. kafli frv. fjallar um þann frádrátt sem heimilaður er frá tekjum samkv. II. kafla, en þar er gerður munur á því sem einstaklingi, sem stundar rekstur, er heimilt að draga frá tekjum sínum annars vegar og hins vegar frádrætti sem er heimilaður frá tekjum af atvinnurekstri. IV. kafli frv. hefur að geyma ýmis ákvæði um tekjur. Hér er safnað saman ýmsum ákvæðum sem varða tekjur og eigi þóttu beinlínis eiga heima í II. eða III. kafla frv. Þegar frá tekjum hefur verið dreginn heimilaður frádráttur kemur út sá stofn, sem skattur er reiknaður af, eða svonefndur tekjuskattsstofn, en um hann fjallar V. kafli frv. VI. kafli þess fjallar síðan um hvernig tekjuskattur er reiknaður af þeim stofni, sem skilgreindur er í fyrri köflum frv., svo og um persónuafslátt og barnabætur frá reiknuðum skatti. VII. kafli fjallar um eignarskatt. Í VIII.—XIII. kafla eru ákvæði er varða skattyfirvöld, álagningu, úrskurði, kærur, viðurlög og önnur atriði, en ákvæði um innheimtu skattsins eru í frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Breytingar frv. eru ekki bundnar við formið eitt, heldur eru í því margvíslegar efnisbreytingar. Ég tel rétt að geta fyrst meginbreytinganna sem í frv. felast, áður en ég fjalla um einstök atriði þeirra.

Heimildum til frádráttar frá tekjum einstaklinga er hér komið fyrir með hliðstæðum hætti og í gildandi lögum, nema hvað frádráttarliðum er nokkuð fækkað. Hins vegar er ekki gengið eins langt í því efni og gert var í frv. því er lá fyrir síðasta þingi. Þannig verður áfram heimilt að draga frá tekjum til skatts lífeyrissjóðsgjöld, stéttarfélagsgjöld, gjafir til líknar- og menningarmála og námsfrádrátt svo að dæmi séu nefnd. Í frv. er það nýmæli, að mönnum gefst kostur á að nota fastan frádrátt, sem er ákveðinn hundraðshluti af launum í stað frádráttar iðgjalda af lífeyri, stéttarfélagsgjalda, vaxtagjalda og gjafa til menningarmála. Með þessu móti ætti framtalsgerð að geta orðið einfaldari hjá allmörgum skattaðilum og einnig ætti að nást meiri nákvæmni í staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í öðru lagi er reglunum um skattlagningu hjóna gerbreytt. Í stað þess að samkv. nugildandi lögum er skattur reiknaður sameiginlega af tekjum hjóna, eftir að helmingur af launatekjum konunnar eða ákveðið hámark af atvinnurekstrartekjum hennar hefur verið dregið frá, er lagt til í frv. að tekin verði upp sérsköttun hjóna, með nokkurri takmörkun þó. Hér er einnig um verulegt frávik að ræða frá ákvæðum tekjuskattsfrv. þess sem flutt var á fyrra þingi, þar sem gert var ráð fyrir því, að tekjur hjóna væru lagðar saman og þeim skipt í tvo jafna hluta til skattlagningar. Í sérsköttun hjóna samkv. frv. felst það, að launatekjur og atvinnurekstrartekjur á að telja fram og skattleggja hjá hvoru hjóna um sig, en eignatekjur beggja eru lagðar saman og skattlagðar hjá því hjóna sem hærri hefur launatekjurnar. Hvort hjóna um sig nýtur sama skattstiga og persónuafsláttar og einhleypingur. Þann hluta persónuafsláttar, sem öðru hjónanna nýtist ekki til greiðslu skatts eða útsvars, skal færa til makans við skattlagningu og gengur til frádráttar skatti hans eða útsvari meðan til endist.

Í þriðja lagi eru með frv. þessu gerðar till. um breytingu á skattmeðferð einstaklinga sem fást við atvinnurekstur á eigin ábyrgð. Akvæði frv. eru að þessu leyti hliðstæð ákvæðum frv. þess er flutt var á síðasta þingi. Er lagt til að tap, sem verður á atvinnurekstri einstaklings, verði ekki frádráttarbært frá öðrum tekjum sem einstaklingurinn kann að hafa. Hins vegar má færa þetta tap milli ára við skattskil eins og önnur rekstrartöp og kemur á móti hagnaði sem síðar kann að verða á atvinnurekstrinum. Jafnframt er einstaklingum, sem atvinnurekstur stunda, gert að reikna sér laun af vinnu sinni við þann rekstur eins og sú vinna hefði verið innt af hendi hjá óskyldum aðila. Þessi laun teljast þeim persónulega til tekna, en aftur á móti til gjalda í rekstrinum, og verður tap, sem kann af því að hljótast, færanlegt milli ára eins og annað rekstrartap.

Í fjórða lagi er fyrirhuguð breyting á reglum um fyrningu og söluhagnað. Er lagt til, að fyrningar verði framvegis reiknaðar af endurmetnu stofnverði einstakra fyrnanlegra eigna. Kemur ein fyrning af þannig framreiknuðum fyrningarstofni í stað þrenns konar fyrninga samkv. gildandi lögum. Fyrningarhlutföll eru lækkuð frá því sem nú er, sem eðlilegt er þegar fyrningar eru leyfðar af endurmetnum stofni. Lagt er til að fengnar fyrningar verði endurmetnar á sama hátt og stofnverðið. Þá er í frv. það nýmæli, að gert er ráð fyrir að fyrningar verði takmarkaðar nokkuð hjá þeim aðilum sem fjármagnað hafa fyrnanlegar eignir með lánsfé og notið hafa vaxtafrádráttar frá tekjum.

Í fimmta lagi er reglunum um söluhagnað einnig breytt verulega. Er lagt til að söluhagnaður af öllum eignum innan og utan atvinnurekstrar, öðrum en íbúðarhúsnæði, verði skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Söluhagnaðurinn reikn-

ast sem mismunur söluverðs annars vegar og kaupverðs, sem framreiknað hefur verið eftir verðbreytingarstuðli, hins vegar, að teknu tilliti til framreiknaðra fyrninga, ef um sölu á fyrnanlegri eign er að ræða. Í þessu felst að söluhagnaður er því aðeins skattskyldur að viðkomandi eign hafi hækkað meira í verði í eigu seljanda en nemur almennum verðbreytingum í þjóðfélaginu á eignarhaldstíma hans.

Í sjötta lagi er þess að geta, að í þeim köflum laganna, er varða framkvæmd skattlagningar og viðurlög, eru yfirleitt fluttar sömu till. um breytingar og gerðar voru í fyrra frv. Gert er ráð fyrir að skattskrá birtist síðar en venja hefur verið, þannig að þær upplýsingar, sem hún hefur að geyma, verði réttari en nú er kleift tímans vegna. Þá er skipan ríkisskattanefndar breytt. Í stað þess að í nefndinni eiga sæti þrír aðalmenn og þrír varamenn, sem allir taka meiri eða minni þátt í störfum nefndarinnar, er lagt til, að nefndin verði skipuð 3 mönnum sem allir hafi nefndarstörfin að aðalstarfi, jafnframt verði skattsektir í höndum ríkisskattanefndar, en hin sérstaka skattsektanefnd, sem starfar samkv. gildandi lögum, verði lögð niður. Viðurlög við skattsvikum verði þyngd. Veigamesta breytingin er sú, að gert er ráð fyrir því, að ítrekuð brot eða miklar sakir geti leitt til sambærilegra fangelsisdóma og ef um væri að ræða fjárdrátt, fjársvik eða önnur auðgunarbrot samkv. almennum hegningarlögum.

Í frv. því, sem flutt var á síðasta þingi, var lagt til að fella niður flesta frádráttarliði einstaklinga, þannig, að skattgrunnur tekjuskatts yrði nær hinn sami og skattgrunur útsvars. Þeim liðum, sem rétt þótti að halda, var breytt úr frádráttarliðum í afsláttarliði frá reiknuðum skatti. Með þessu frv. er hins vegar horfið á ný til svipaðs kerfis og nú gildir. Er flestum mikilvægustu frádráttarliðum gildandi laga haldið lítt breyttum. Nokkrir liðir, sem frádráttarbærir eru samkv. gildandi lögum falla þó úr tölu frádráttarliða. Má þar nefna m. a. kostnað af öflun bóka o. fl., verkfærakostnað, iðgjöld af lífsábyrgð, sjúkra- og slysadagpeninga, frádrátt að námi loknu vegna námskostnaðar sem stofnað var til eftir 20 ára aldur o. fl. Mikilvægasta nýmælið í þessu efni er þó, að lagt er til að skattaðilum sé heimilt að reikna sér til frádráttar 10% af launatekjum í stað þess að tíunda lífeyrissjóðsiðgjöld, iðgjöld stéttarfélaga, sjúkra- og styrktarsjóða, vaxtagjöld og gjafir til menningarmála. Með þessu ákvæði má áætla, að ¾ hlutar gjaldenda velji þennan fasta frádrátt. Með þessu ákvæði er tvennt unnið. Annars vegar horfir þessi skipan til verulegrar einföldunar á framtölum og þar með minni vinnu, bæði hjá gjaldendum við framtalsgerð og skattyfirvöldum við endurskoðun framtala. Hins vegar jafnar þetta að nokkru aðstöðu þjóðfélagsþegnanna, og má segja að með þessu sé að vissu marki komið til móts við þá er í leiguhúsnæði búa og hafa engan vaxtagjaldafrádrátt, en eins og kunnugt er er greidd húsaleiga eigi frádráttarbær frá skatti. Með þessu fyrirkomulagi ætti einnig að nást meiri nákvæmni í staðgreiðslu opinberra gjalda og minna að verða um eftirkröfur og endurgreiðslur að tekjuárinu liðnu.

Nokkrir þeir frádráttarliðir, sem frv. hefur að geyma, eru breyttir nokkuð frá gildandi lögum. Þ. á m. má nefna nokkuð breyttar reglur um skattfrelsi sparifjár, en ákvæði frv. um þetta efni eru hliðstæð ákvæðum fyrra frv. Samkv. gildandi lögum eru innistæður í bönkum, sparisjóðum og lögmæltum innlánsdeildum félaga undanþegnar framtalsskyldu, tekjuskatti og eignarskatti, ef tilteknum skilyrðum er fullnægt, og varða þau skilyrði skuldastöðu gjaldanna í árslok. Með frv. er gert ráð fyrir að sparifé þetta verði ávallt framtalsskylt, en hins vegar verði það skattfrjálst eftir svipuðum reglum og áður, þó þannig að skilyrði fyrir skattfrelsi miðast nú við vaxtagreiðslu á árinu, en ekki skuldastöðu í árslok.

Þá er í frv. ákvæði um frádráttarbærni móttekins arðs úr hlutafélögum að vissu marki. Er frádráttarheimild þessi bæði takmörkuð við að arðurinn fari ekki fram úr 10% af nafnverði hvers hluta og jafnframt bundinn vissu hámarki, sem er 250 þús. kr. hjá einstaklingi, en 500 þús. kr. hjá hjónum. Jafnframt er lagt til að heimild félaga þessara til að draga úthlutaðan arð frá tekjum sínum verði skert frá því sem nú er, þannig að frádráttarheimild félaganna verði framvegis bundin við helming úthlutaðs arðs og takmarkist við 5% af nafnverði hlutafjár.

Þá er lagt til, að hlífðarfatafrádráttur sjómanna, sem miðast hefur við vikufjölda á sjó, og hinn sérstaki sjómannafrádráttur, sem er ákveðin upphæð fyrir hvern mánuð á sjó, verði sameinaðir í einn frádráttarlið, sem miðast við tiltekna upphæð fyrir hvern dag sem lögskráður maður telst stunda sjómannastörf.

Þá er námsfrádrætti breytt þannig, að í stað frádráttar samkv. matsreglum ríkisskattstjóra, sem er mishár fyrir einstaka skóla, er helmingur af launatekjum námsmanna frádráttarbær. Þessi frádráttur sætir þó hámarki, sem er 260 þús. kr.

Þá gerir frv. ráð fyrir því, að bæði tekjur og gjöld af íbúðarhúsnæði, sem skattaðili á og notar til eigin þarfa, verði felld niður af framtali, þannig að eigin húsaleiga verði ekki talin til tekna, en á móti falli niður frádráttarliðir tengdir húsnæðinu, þ. á m. viðhaldskostnaður og fasteignagjöld.

Skattlagning hjóna hefur síðustu þrjá áratugina verið meðal þeirra þátta tekjuskattsálagningar sem mestum umr. hafa sætt. Í framsöguræðu minni við 1. umr. tekjuskattsfrv. á fyrra ári rakti ég að nokkru þróun þessara mála og gat helstu till. til breytinga á núverandi samsköttunarfyrirkomulagi sem fram hafa komið á Alþ. á síðustu áratugum. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það allt hér, en vísa að mestu til þess sem þá var sagt.

Allt frá því að almennur tekjuskattur var leiddur í lög hér á landi á árinu 1921 hefur meginreglan verið samsköttun hjóna. Á árunum 1950—1957 var á Alþ. fluttur fjöldi till. til breytinga á þessu atriði. Má segja að frv. þessi falli í tvo meginflokka. Annars vegar voru frv. sem gerðu ráð fyrir helmingaskiptum tekna milli hjóna, hliðstætt því sem lagt var til í tekjuskattsfrv. því sem lagt var fyrir Alþ. í fyrra, en hins vegar var um að ræða frv. þar sem lögð var til sérsköttun tekna hvors maka í einhverri

mynd. Eftir að núgildandi heimild til helmingsfrádráttar af launatekjum giftra kvenna var lögleidd árið 1958 dró um hríð mjög úr umr. um þetta atriði. Er það fyrst nú á allra síðustu árum að samsköttun hjóna hefur aftur verið almennt til umræðu. Veldur því bæði ör þróun í jafnréttismálum á öðrum sviðum löggjafarinnar og eins hitt, að með vaxandi atvinnuþátttöku giftra kvenna og auknum tekjum þeirra koma gallar 50% frádráttarheimildarinnar skýrar í ljós, en einn meginókostur hennar er sá, að hlunnindi, sem af henni leiðir, vaxa í réttu hlutfalli við hækkandi tekjur útivinnandi kvenna án þess að kostnaðurinn, sem útivinnan hefur í för með sér, hafi nokkur áhrif á fjárhæð frádráttarins.

Till. fyrra frv. um helmingaskipti á tekjum og eignum milli hjóna voru meðal þeirra atriða í því frv., er mestum deilum ollu. I mörgum umsögnum um það kom fram sú skoðun, að æskilegasta lausnin á skattlagningu hjóna væri að sérskatta hvort hjóna um sig.

Í ljósi þeirra umr., sem um þetta mál urðu í fyrra, og með hliðsjón af því, að sérsköttun hjóna fellur mjög vel að staðgreiðslukerfi skatta, er í frv. þessu lagt til að upp verði tekin takmörkuð sérsköttun hjóna. Í frv. er gert ráð fyrir að tekjum hjóna sé skipt í þrennt. Þær tekjur, sem falla undir a-lið 7. gr., en þar vega launatekjur þyngst, skal hvort hjóna um sig telja fram og frá þeim draga þá frádráttarliði, sem tengjast þessum tekjum, þ. e. þá liði sem um ræðir í A-, C- og D-liðum 30. gr., eða fastan frádrátt, velji hjónin bæði þá aðferð. Þær tekjur hjóna, sem um ræðir í C-lið 7. gr., en hér er fyrst og fremst um að ræða eignatekjur, skal leggja saman og telja til tekna hjá því hjóna sem hærri hefur hreinar launatekjur eða skyldar tekjur. Frá þessum tekjum má draga heimilaða frádráttarliði samkv. B- og E-lið 30. gr. Loks skulu tekjur af atvinnurekstri teljast hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum. Hvort hjóna um sig skal síðan skattlagt eftir sama skattstiga og einhleypingur, og persónuafsláttur hvors hjóna er hinn sami og persónuafsláttur einhleypings. Sá hluti persónuafsláttar, sem öðru hjóna nýtist ekki á móti reiknuðum skatti eða útsvari, færist til hins hjóna og gengur til frádráttar skatti þess, meðan hann endist, og síðan til frádráttar á útsvari þess. Eignir hjóna eru lagðar saman og þeim síðan skipt í tvo jafna hluta sem skattlagðir eru hjá hvoru hjóna um sig. Sá greinarmunur, sem gerður er á hjónum eftir kyni í gildandi lögum, er afnuminn svo og heimild til 50% frádráttar frá launatekjum eiginkonu.

Með þessum reglum er gengið eins langt til sérsköttunar hjóna og fært þykir eins og nú er ástatt. Ekki þykir gerlegt að skipta eignum og tekjum milli hjóna eftir því hvort hjóna telst eigandi þeirra. Kemur þar bæði til, að í flestum hjónaböndum er töluverður vafi á til hjúskapareignar hvors hjóna á að telja verulegan hluta eignarheildarinnar og eins hitt, að alger sérsköttun eigna og eignatekna opnar hjónum möguleika á að skipta þessum tekjum og eignum á milli sín til skattlagningar á þann hátt sem þeim er hagkvæmastur án þess að skattyfirvöld hafi möguleika til vefengingar á þeim skiptum. Heimildin til millifærslu ónýtts persónuafsláttar hefur þann ótvíræða kost umfram algera sérsköttun, að með henni er við skattlagningu tekið tillit til þess, að tveir einstaklingar eiga að lifa af tekjum þess hjóna, sem vinnur utan heimilis, í þeim fjölmörgu hjónaböndum þar sem aðeins annar makinn aflar heimilinu tekna í peningum.

Sérsköttun tekna og niðurfelling 50% frádráttar af launatekjum eiginkvenna hefur í för með sér nokkra endurdreifingu á skattbyrði hjóna innbyrðis, þar sem miklu minna máli skiptir samkv. frv. en samkv. gildandi lögum, hvernig hjónin skipta tekjuöflun utan heimilis á milli sín. Má í stórum dráttum segja, að hjón, þar sem eiginkonan aflar engra tekna, hagnist á breytingu allt þar til eiginmaðurinn hefur um það bil 6 millj. kr. í tekjur, og er þá miðað við árið 1978, en afli konan á hinn bóginn tekna umfram 2 millj. kr. skerðist hlutur hjóna strax við 2 millj. kr. tekjur hjá eiginmanninum.

Með 7. gr. frv. er gerð till. um breytingu á reglum um skattlagningu tekna barna. Samkv. gildandi lögum er meginreglan sú, að börnin eru skattlögð með foreldrum sínum. Ef þau hafa hins vegar tekjur umfram visst mark, er heimilt að taka til greina umsókn þeirra um sérsköttun. Núgildandi kerfi veldur því, að fyrstu krónurnar eru skattlagðar með tekjum foreldra og lenda því í tiltölulega háu skattþrepi. Afli barnið meiri tekna er það oftast skattfrjálst af þeim tekjum. Skattur af tekjum barna lækkar því samkv. gildandi lögum við hækkandi tekjur. Frv. gerir ráð fyrir því, að launatekjur barna innan 16 ára aldurs verði skattlagðar hjá barninu sjálfu með föstu 5% skatthlutfalli, en barnið njóti ekki persónuafsláttar. Aðrar tekjur barns skulu teljast með tekjum foreldris þess sem hærri hefur launatekjur og skyldar tekjur. Eignir barns skulu skattlagðar með eignum foreldra eða eignum manns, sem nýtur barnabóta vegna barnsins.

Auk þess, sem þegar er vikið að, eru með frv. gerðar fjöldamargar aðrar breytingar á skattlagningu einstaklinga, sem of langt mál yrði að rekja hér. Áður en ég skilst við þennan þátt vil ég þó geta þeirra breyttu reglna um barnabætur, er frv. hefur að geyma. Eru með frv. lagðar til tvenns konar breytingar á barnabótum frá því sem nú er. Annars vegar er lagt til að barnabætur með börnum undir skólaskyldualdri verði hærri en með öðrum börnum og hins vegar að barnabætur með börnum einstæðra foreldra verði 40% hærri en barnabætur til annarra.

Í 2. mgr. 1. tölul. A-hluta 7. gr. frv. er eitt af þeim nýmælum sem fyrra frv. hafði að geyma og tekið er nær óbreytt upp í frv. þetta. Þó ákvæði þetta hafi verið meðal þeirra sem hvað mestum umr. sættu af ákvæðum fyrra frv., vil ég ekki láta hjá líða að fara um það nokkrum orðum hér. Samkv. þessari mgr. ber þeim, er vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi að telja sér til tekna endurgjald fyrir starfið eins og það hefði verið innt af hendi fyrir óskyldan aðila. Samkv. 59. gr. er svo skattstjóra heimilt að ákveða þessum aðilum slíkar tekjur, ef fram talið endurgjald fyrir eigin vinnu er lægra en eðlileg laun til launþega hefðu verið fyrir sama

starf. Skulu þessar ákvarðanir skattstjóra byggðar annars vegar á viðmiðunarreglum er ríkisskattstjóri setur, en hins vegar á mati skattstjóra á aðstöðu hluaðeigandi gjaldenda, og skal þá taka tillit til aldurs, heilsu, starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Í frv. er síðan skýrt nánar, hvernig ákveða skuli viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda, en hliðstætt ákvæði var ekki í fyrra frv. Þetta reiknaða endurgjald er síðan frádráttarbært frá tekjum af rekstrinum eða hinni sjálfstæðu starfsemi eins og hver annar launakostnaður. Í framhaldi af þessu er svo ákvæði 62. gr. frv. þess efnis, að tap á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sé aldrei heimilt að draga frá tekjum sem ekki eru tengdar slíkri starfsemi. Þessi ákvæði eru að vissu leyti svar við þeirri miklu gagnrýni sem tekjuskattslöggjöfin hefur sætt á undanförnum árum að því er varðar skattlagningu þeirra er við eigin rekstur vinna.

Tekjuskatturinn hefur af ýmsum verið nefndur launþegaskattur. Að mínu mati er þetta ekki réttnefni. En hinu er ekki að neita, að einstaklingar með sjálfstæðan atvinnurekstur hafa átt fleiri kosta völ en launþegar, t. d. með fjárfestingum og fyrningum, til að firra sig skattgreiðslum með fullkomlega löglegum hætti. Hér er lagt til að við þessum vanda verði snúist með reiknuðum launum fyrir þessa aðila. Þessi lausn á vandanum er engan veginn gallalaus. En vandamálið er erfitt viðfangs og þær aðgerðir, sem grannar okkar — t. d. Danir — hafa beitt, hafa ekki gefið góða raun. Reglur sem svipuðum tilgangi þjóna í Danmörku lúta að því, að heimild atvinnurekenda til fyrninga er takmörkuð ef lifeyrir þeirra fer niður fyrir eðlilegt mark. Hvort sú aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, gefur góða raun, fer að sjálfsögðu mikið eftir því, hvernig til tekst um framkvæmd hennar ef að lögum verður. Í mörg ár hefur svipað kerfi og þetta gilt um launaskatt af eigin vinnu atvinnurekenda án þess að verulegum deilum hafi valdið. Þar sem launaskattshlutfallið er hins vegar mun lægra en jafnaðarskattur samkv. tekjuskattslögunum, er hætt við að sú reynsla, sem fengist hefur af launaskattinum, sé ekki að fullu marktæk að því er þetta atriði varðar.

Frv. hefur að geyma ýmis nýmæli um skattlagningu atvinnurekstrar og eru hinar breyttu reglur um fyrningar og söluhagnað hinar veigamestu þeirra. Frv. gerir ráð fyrir að allar fyrnanlegar eignir séu fyrndar á upphaflegu kostnaðarverði, þegar því hefur verið breytt samkv. verðbreytingarstuðli sem miðast við breytingar á meðaltali vísitölu byggingarkostnaðar milli ára. Fengnar fyrningar skulu á sama hátt árlega hækkaðar með verðbreytingarstuðli fyrningarársins. Með þessari aðferð hækkar fyrningarstofn í samræmi við hækkanir á vísitölu byggingarkostnaðar. Til mótvægis er gert ráð fyrir lægri árlegum fyrningarhlutföllum en gilda um hinar almennu fyrningar samkv. ákvæðum gildandi laga. Þessari fyrningu af endurmatsverði er auk þess ætlað að koma í stað flýtifyrninga og verðstuðulsfyrninga gildandi laga.

Andstætt því, sem er í gildandi lögum, er engin lágmarksfyrning tiltekin í frv. og heimilt er að nota árlega leyfða fyrningu til fulls á kaupári, en enga á söluári eignar. Þá er gert ráð fyrir 10% niðurlagsverði lausafjár og mannvirkja eins og verið hefur.

Í ákvæði til bráðabirgða er heimilt endurmat á þeim fyrnanlegum eignum skattaðila, sem eru í eigu hans við gildistöku laganna. Er lagt til að þetta endurmat í eitt skipti miðist við breytingu á meðaltali vísitölu byggingarkostnaðar frá kaupári eða árinu 1964, ef eignin er keypt fyrir þann tíma, til ársins 1979. Ólíkt því, sem gildir um endurmat fenginna fyrninga eftir gildistöku laganna, er lagt til að allar fengnar fyrningar vegna þessara eigna fram til ársins 1979 séu hækkaðar með stuðli kaupársins eignarinnar, en ekki með stuðli fyrningar ársins.

Þá er í ákvæði til bráðabirgða heimild til að nota fasteigamatsverð mannvirkis að frádreginni framreiknaðri flýtifyrningu og söluhagnaðarfyrningu í stað framreiknaðs stofnverðs mannvirkisins og framreiknaðra heildarfyrninga, óski gjaldandi þess heldur.

Tilgangurinn með endurmatsfyrningum er að viðhalda eigninni, eigin fé í atvinnurekstri. Því hefur ekki þótt rétt að heimila fulla fyrningu af endurmetnu stofnverði í þeim tilvikum sem fyrnanlegar eignir eru fjármagnaðar að einhverju eða öllu leyti með lánsfé. En frv. gerir ráð fyrir því, að fjármagnskostnaður, þar með taldar verðbætur og gengistap af lánum sé gjaldfært óháð fyrningum. Ótakmarkaðar endurmatsfyrningar samhliða gjaldfærslu alls fjármagnskostnaðar mundu í reynd auka mismun milli þess atvinnurekstrar, sem fjármagnar fyrnanlegar eignir með eigin fé, og hins sem fjármagnar þær með lausafé. Í 44. og 45. gr. frv. eru því sett fram skerðingarákvæði til að rétta hlut þeirra sem fjármagna fyrirtæki sín með eigin fé.

Í þeim tilvikum, sem skuldir skattaðila í heild fara fram úr eignum hans, að undanskildum fyrnanlegum eignum, er gert ráð fyrir því, að fyrnanlegar eignir séu að hluta til fjármagnaðar með lánsfé. Skerðing á fyrningum er síðan reiknuð út frá þessum mismun eigna og skulda. Reiknað er árlega tillag í sérstakan reikning, mótreikning fyrninga, sem er ákveðið hlutfall af þeirri fjárhæð sem eru skuldir umfram þessar eignir, þ. e. eignir í atvinnurekstri, aðrar en fyrnanlegar eignir. Hlutfallið miðast við sama verðstuðul og endurmat eigna, og er mótreikningur og eftirstöðvar hans síðan framreiknuð með árlegum verðbreytingarstuðli. Í lok hvers árs er síðan reiknuð fyrning af mótreikningum, nokkurs konar neikvæð fyrning, sem tekjufærð er á móti almennum fyrningum. Þessi ákvæði um fyrningar eru öll nýmæli og gæti því reynst nauðsynlegt að breyta þeim síðar, en hér er mörkuð meginstefnan.

Hagnaður af sölu fyrnanlegra eigna verður samkv. ákvæðum frv. að fullu skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Hagnaðurinn telst mismunur á söluverði annars vegar og stofnverði (kostnaðarverði) þeirra, að frátöldum áður fengnum fyrningum, hins vegar, þegar stofnverð og fyrningar hafa verið framreiknaðar með verðbreytingarstuðli. Sá munur, sem þá stendur eftir sem sölu-

hagnaður, ætti að svara til hagnaðar sem myndast hefur, t. d. vegna þjóðfélagslegra aðgerða eða breytinga, svo sem fenginna fyrninga umfram slit eignar við öflun tekna. Heimild er til þess, að því er fasteignir varðar, að nota gildandi fasteignamat í ársbyrjun 1979 í stað stofnverðs, hafi skattaðili eignast hið selda fyrir þann tíma. Heimild er til frestunar skattgreiðslu, enda sé söluhagnaðurinn notaður til fyrninga annarra fyrnanlegra eigna. Með þessu ákvæði er leitast við að tálma ekki flutningi eigna milli atvinnugreina.

Svipað ákvæði gildir um söluhagnað á ófyrnanlegum eignum og um söluhagnað á fyrnanlegum fasteignum. Þó er skattaðila jafnan heimilt að telja helming söluverðs ófyrnanlegrar fasteignar til tekna sem söluhagnað, enda getur viðmiðun við fasteignamat 1979 eða framreikningur á gömlu stofnverði reynst erfiður í sumum tilvikum. Þetta þýðir í reynd að heildar söluskattur af hagnaðinum verður innan við 25% hið mesta, í stað skattfrelsis eftir 6 ár eða lengri eignarhaldstíma samkv. gildandi lögum. Flutningur söluhagnaðar til lækkunar stofnverðs annarra eigna er einungis heimilaður vegna sölu á landi bújarða, og er sú heimild bundin allströngum skilyrðum.

Hagnaður af sölu ófyrnanlegs lausafjár, svo sem einkabíla, telst að fullu skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma, en við ákvörðun söluhagnaðar skal hækka eða lækka stofnverð lausafjárins með tilliti til verðbreytinga frá kaupári.

Hagnaður af sölu íbúðarhúsnæðis telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári hafi maður átt það skemur en í 5 ár, en er skattfrjáls eftir 5 ára eða lengri eignarhaldstíma. Um söluhagnað af íbúðarhúsnæði í eigu lögaðila svo og beirra manna, sem eiga íbúðir yfir tilteknum stærðarmörkum, fer eins og um söluhagnað af öðrum ófyrnanlegum mannvirkjum. Þá eru í frv. ákvæði um flutning söluhagnaðar af seldu íbúðarhúsnæði yfir á það sem aflað er í staðinn.

Samkv. gildandi lögum telst ágóði af sölu hlutabréfa og eignarhluta í sameignarfélögum og samlögum að fullu til skattskyldra tekna á söluárinu, hafi aðili átt hið selda skemur en 2 ár, að hálfu ef eignarhaldstími er milli 2 og 4 ár, en eftir 4 ár telst ágóðinn ekki til skattskyldra tekna. Samkv. frv. er full skattskylda söluhagnaðar af þessum eignum án tillits til eignarhaldstíma.

Fjölmargar aðrar breytingar varðandi skattlagningu atvinnurekstrar felast í frv. Þannig er gert ráð fyrir að heimilt verði að flytja rekstrartöp milli ára án tímamörkunar, eins og gert var í fyrra frv. Nýtt ákvæði er í frv. um heimild til sérstakrar 5% niðurfærslu á útistandandi viðskiptaskuldum. Skylt er að nota varasjóð til að mæta yfirfæranlegu rekstrartapi og lögboðið að mæta skuli tapi áður en fé er lagt í varasjóð. Þá er í frv. opnuð heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa miðað við raunverulegt verðmæti hreinnar eignar hlutafélags í árslok 1978, en útgáfa jöfnunarhlutabréfa eftir það er bundin almennum verðhækkunum. Er þetta hliðstæð heimild og veitt var með lögum nr. 68/1971, en þó er sá munur á, að samkv. frv. er ekki áskilið að útgáfan fari fram innan tiltekinna tímamarka, en margir aðilar notuðu sér ekki hliðstæða heimild fyrri laga í tíma og misstu því af útgáfuréttinum.

Vaxtatekjur af innistæðum í innlendum lánastofnunum eru gerðar skattfrjálsar hjá lögaðilum að vissum skilyrðum fullnægðum, en þær voru ávallt skattskyldar hjá þessum aðilum samkv. fyrra frv. Þá var ákvæðum um frádráttarbærni þeirrar fjárhæðar, sem samvinnufélög greiða félagsmönnum sínum eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, breytt frá fyrra frv. Eru þau nú líkari ákvæðum gildandi laga um þetta efni.

Óþarft er að fara mörgum orðum um ákvæði frv. um eignarskatt. Ákvæði frv. um endurmat eigna leiða til þess, að eignarskattstofn hækkar nokkuð. Að því er hjón varðar hækka skattfrelsismörk eignarskatts verulega samkv. gildandi lögum og njóta hjón sameiginlegs skattfrelsis af 50% hærri upphæð en einhleypingur, en frv. gerir ráð fyrir að eignum verði skipt jafnt milli hjóna til eignarskattsálagningar og hvort hjóna um sig njóti sömu skattfrjálsrar eignar og einstaklingur.

Ákvæði VIII.—XII. kafla frv. eru að mestu leyti óbreytt frá fyrra frv., ef frá er talin grundvallarbreyting sem felst í upptöku staðgreiðslukerfis skatta. Eru innheimtuákvæðin felld niður úr tekjuskattsfrv., en kveðið á um alla innheimtu, jafnt innheimtu á tekjuárinu sem eftiráinnheimtu, á grundvelli álagningar frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem hefur einnig verið útbýtt á Alþingi.

Framkvæmdakaflar frv. fela í sér mikilsverðar breytingar frá ákvæðum gildandi laga. Um þessar breytingar tel ég óþarft að fjölyrða þar sem þær eru þm. kunnar frá fyrra frv. og gerð var ítarleg grein fyrir þeim í framsöguræðu við 1. umr. þess. Þó vil ég geta meginatriða þessarar till. svo og breytinga á þeim köflum frá ákvæðum fyrra frv.

Gert er ráð fyrir breyttri skipan ríkisskattanefndar þannig að nefndin verði framvegis skipuð þremur mönnum er hafi nefndarstörfin að aðalstarfi, en nú vinna 6 menn — 3 aðalmenn og 3 varamenn — að nefndarstörfum í hjáverkum. Niður eru felld ákvæði fyrra frv. um heimild til að leita fyrir fram úrskurðar ríkisskattanefndar um tiltekin atriði.

Ákvæðum fyrra frv. um framkvæmd álagningar og útkomutíma skattskrár er að mestu haldið óbreyttum í frv. þessu, en þó er hér lagt til að frumálagning á grundvelli lítt endurskoðaðra framtala nái til allra einstaklinga, en í fyrra frv. var lagt til að hún næði til þeirra einstaklinga einna sem ekki stunduðu atvinnurekstur. Kærufrestir til skattstjóra og ríkisskattanefndar eru lengdir. Ákvæðum fyrra frv. um beitingu álags, ef framtali er ekki skilað eða ef tekjur eru vantaldar, er breytt á þá lund að skattstjórum er ekki lengur skilyrðislaust skylt að beita álagningu. Viðurlög við skattalagabrotum eru verulega hert.

Gert er ráð fyrir að ákvæði frv. komi til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna

tekna á árinu 1979 og eigna í lok þess árs. Ýmsar tölur þær sem frv. hefur að geyma eru hins vegar miðaðar við verðlag á árinu 1978, til þess að kleift sé að bera það saman við gildandi lög á skynsamlegan hátt. Hins vegar er ráðgert, að ýmsar fjárhæðir í frv. verði hækkaðar eftir skattvísitölu, sem ákveðin yrði í fjárlögum fyrir árið 1980 áður en þær kæmu til framkvæmda í fyrsta skipti. Ákvæðum frv. er því ekki ætlað að koma til framkvæmda við álagningu í ár. Fyrirhugað er að flytja í haust sérstakt frv. um skattlagningu tekna ársins 1978, en ljóst er að vegna staðgreiðslukerfisins verða tekjur síðasta árs fyrir gildistöku þessa skattfrjálsar að formi til í meginatriðum.

Vegna fyrirhugaðrar upptöku staðgreiðslukerfis skatta eru tillögur frv. um skattstiga, persónuafslátt og fleiri atriði miðaðar við þá tilhögun. Þar sem gjaldendur munu framvegis að langmestu leyti staðgreiða tekjuskatt sinn á verðlagi tekjuárs, hafa skatthlutföll verið lækkuð, þrep í skattstigum lengd og persónuafsláttur hækkaður til að koma í veg fyrir að upptaka staðgreiðslukerfis valdi almennt séð aukningu á skattbyrði gjaldenda. Er reyndar við það miðað, að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti á árinu 1978 hefðu orðið tæpum 1 milljarð kr. lægri, ef frv. hefði verið komið til framkvæmda, en samkv. gildandi lögum. Er þá miðað við 35% meðalhækkun tekna á milli áranna 1977 og 1978.

Að því er varðar breytingar á skattbyrði einstakra hópa þjóðfélagsþegnanna má segja að einhleypingur njóti heldur meiri skattalækkunar en aðrir hópar, ef frv. þetta verður að lögum. Dreifist þessi lækkun nokkuð, þó ekki til hinna allra tekjuhæstu í þeirra hópi. Skattskyldumark einstaklinga, sem einskis frádráttar nýtur annars en fasts launafrádráttar, er samkv. frv. um það bil 1 millj. 550 þús. kr. miðað við tekjur á árinu 1978.

Töluverð endurdreifing á sér stað á skattbyrði innan hjónahópsins. Veldur þar mestu sérsköttun hjóna og þar með niðurfelling 50% frádráttarins. Enn fleiri atriði hafa hér áhrif. Yfirleitt er breytingin barnmörgum hjónum í vil. Breytingin er hins vegar yfirleitt nokkuð í óhag þeim hjónum, þar sem konan aflar mikilla tekna utan heimilis. Þessi breyting fer vitaskuld eftir öðrum högum hjóna á ýmsan hátt. En hversu háar tekjur útivinnandi eiginkonu mega vera áður en óhagræðisins fer að gæta ræðst af tekjum heimilisins í heild. Ef hjónin skipta peningatekjuöfluninni jafnt á milli sín, eru þau samkv. frv. skattfrjáls að tekjum allt að 3.1 millj. kr. miðað við árið 1978 og er þá reiknað með að þau séu barnlaus og njóti einskis frádráttar umfram 10% launafrádráttar. Meginstefna frv. er í þessu efni að jafna nokkuð metin milli þeirra hjóna, sem skipta með sér verkum þannig að annað starfar alveg við heimilið, og hinna, þar sem bæði vinna úti. Hlutur hinna síðarnefndu hefur hingað til verið mun betri.

Einstæðir foreldrar njóta sem heild heldur meira hagræðis en hjón af breytingunni. Hins vegar á sér stað endurdreifing innan hópsins barnmörgum og tekjulágum einstæðum foreldrum í hag, en tekjuháum einstæðum foreldrum með eitt barn fremur í óhag.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir því frv. sem hér er til umr. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vildi mega vonast til þess og óska eftir því, að fjhn. beggja þd. starfi saman að athugun á frv., og að sjálfsögðu munu þeir aðilar, sem unnið hafa að samningu þess, vera reiðubúnir til að veita allar upplýsingar og fyrirgreiðslu við nefndarstörfin. Ég vil mega mælast til þess, að fulltrúar SF hefðu aðstöðu til þess að sitja þessa nefndarfundi til þess að þeim verði jafnframt gerð grein fyrir þeim upplýsingum sem nm. kunna að óska eftir.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég býst við að flestum hv. alþm. þyki þetta frv. nokkuð seint á ferðinni, að það skuli lagt fram nú þegar þinglok nálgast. Þó virðist svo vera, að hæstv. ríkisstj. geri ráð fyrir að frv. nái fram að ganga og verði gert að lögum á þessu þingi.

Þegar haft er í huga að hæstv. ríkisstj. hefur haft næstum heilt kjörtímabil til þess að undirbúa þetta mál, þá sjá menn að þetta hefur reynst ríkisstj. allerfitt. Þessu var lofað strax í stjórnarsáttmála, og alltaf hefur verið von á því að hæstv. ríkisstj. legði fram frv. til l. um breytingar á tekju- og eignarskattslögum og reyndar miklu fleiri lögum sem snerta tekjustofna ríkisins. Það er rétt rúmlega ár síðan hæstv. ríkisstj. gerði eina verulega tilraun í þessa átt og lagði þá fram frv. til endurskoðunar á tekjuskattslögunum. Það mál var rætt á Alþ. í nokkurn tíma og síðan unnið að afgreiðslu þess í n., en þá kom fljótlega í ljós, að þó að þar væri um stjfrv. að ræða stóð ríkisstj. ekki öll að frv. og í stjórnarflokkunum var mikill ágreiningur uppi um ýmis efnisatriði þess frv. Eins og hv. alþm. minnast fór þetta á þá lund, að eftir að málið hafði verið rætt og allmikið um það fjallað í n. dagaði frv. uppi og náði ekki fram að ganga. Nú hefur sem sagt hæstv. ríkisstj. haft sig í það rétt í þinglokin að koma saman öðru frv. og gera annað áhlaup í þessum efnum og leggur fram það sem liggur fyrir nú.

Frv. er í hvorki meira né minna en 118 frvgr. og þar að auki koma svo ákvæði til bráðabirgða í 6 köflum, talsvert mál. Af þessu má auðvitað sjá, að hér er ekki um neitt smáræðismál að ræða. Allir hv. alþm. þekkja það, að jafnan hefur farið svo á Alþ. að meðferð skattamála hefur tekið alllangan tíma, umr. hafa gjarnan orðið nokkuð langar, margar brtt. hafa komið fram og þeir aðilar eru margir í þjóðfélaginu sem láta sig þessi mál skipta, leita gjarnan til Alþ. þegar breytingar eru á ferðinni varðandi skattamál, vilja hafa sitt að segja, gera sínar aths., koma fram með till. Ég get varla trúað því, að hæstv. ríkisstj. búist við því að hægt verði að afgreiða þetta mál á þessu þingi án þess að ýmsum aðilum, sem gjarnan hafa komið með till. sínar varðandi skattalög, verði gefinn kostur á að setja fram sjónarmið sín í sambandi við þetta frv. og þannig verði veittur talsverður tími í það að starfa að málinu í n. Að sjálfsögðu er hægt að spara einhvern tíma með vinnubrögðum

eins og hæstv. fjmrh. lagði til að höfð yrðu, á þann hátt að fjhn. beggja d. vinni saman að málinu, a. m. k. á frumstigi, eins og oft er gert í slíkum tilfellum. En þrátt fyrir það er alveg ljóst, að ekki getur verið um að ræða eðlilega afgreiðslu á málaflokki sem þessum, ef gerð er tilraun til þess að koma málinu í gegn á 2—3 vikum, það er alveg útilokað. Því sýnist mér alveg augljóst, að sé stefnt að því í fullri alvöru að gera frv. að lögum á þessu þingi verði að reikna með því, að þing standi a. m. k. fram undir miðjan maí, því að auðvitað er málum þannig varið, að þetta frv. er ekki eitt á ferðinni hér í þinginu. Hæstv. ríkisstj. hefur þegar gert grein fyrir á milli 50 og 60 málum, sem liggja fyrir þinginu til afgreiðslu, og leggur hún áherslu á að þau verði afgreidd áður en þingi lýkur. Til viðbótar koma svo margar till. og frv. frá einstökum alþm. í mörgum tilfellum er þarna um að ræða heila lagabálka, langa og mikla, sem talsverður ágreiningur er uppi um, svo að það má vera augljóst, að ekki er hægt að afgreiða mál eins og þetta nema þá þing standi allmiklu lengur en talað hefur verið um.

Ég vildi fyrir mitt leyti undirstrika þetta, þegar þetta mál er fram lagt, því að fari svo, að ekki takist að afgreiða málið á þessu þingi, er auðvitað ekki við neinn um að sakast annan en hæstv. ríkisstj. sjálfa. Hún er svona seint á ferðinni með málið. Þótt hún hafi verið að baksa við þetta mál í nærfellt 4 ár, þá vinnur hún hannig að því nú, að hún kemur með það á síðustu stundu. Hún getur ekki ætlast til þess, að mál af þessari tegund fari fram athugunarlítið á Alþingi.

En um þetta mál vildi ég segja að öðru leyti við 1. umr. málsins, að mér sýnist að það sé eins með þetta frv. og hitt, sem ríkisstj. lagði fram fyrir rétt rúmlega ári, að frv. fjalli að litlu leyti um það, sem ég tel að fyrst og fremst hefði þurft að fjalla um varðandi allsherjarendurskoðun á tekjuskattslögum okkar. Þegar menn hugsa til þess, hvað það er í raun og veru sem mest hefur verið gallað í tekjuskattslögum okkar, þá er það að mínum dómi, svo að ég minnist á nokkur aðalatriðin, í fyrsta lagi sú staðreynd, sem ég hygg að flestir viðurkenni, að atvinnurekstur og hvers konar fyrirtæki í landi okkar hafa á undanförnum árum greitt miög lítið af sínum hlut af tekjuskattinum og sömuleiðis af eignarskattinum. Þetta stafar einfaldlega af því, að hvers konar rekstur hefur haft þá sérstöðu í skattalögum okkar, að byggt hefur verið á eigin framtölum atvinnurekstrarins, þar sem skattayfirvöld hafa ekki getað komið við nema minni háttar aðhaldi eða aths. Eigendur fyrirtækjanna eða þeir, sem hafa stjórnað þeim, hafa svo að segja haft sjálfdæmi um framtal sitt. Þetta hefur auðvitað verið á allt annan veg gagnvart almennum launþegum. Við vitum að þó að launafólk hafi gert sínar eigin skattaskýrslur, sent sitt framtal, þá hefur launafólk verið bundið af allríku eftirliti, þar sem aðrir hafa verið látnir segja til um hvaða laun hafa verið greidd hverjum og einum manni í hverju einstöku tilfelli. Það eru því, held ég, flestir á því máli, að launatekjur manna hafi komið miög sæmilega vel fram til skattlagningar. Skatturinn hefur af þessum ástæðum að langsamlega mestu leyti hvílt á launafólki. Atvinnureksturinn hefur hins vegar haft þessa sérstöðu, sem ég sagði, og það hefur raunverulega ekki verið aðstaða til þess að líta eftir því, að ýmiss konar útgjöld, sem færð hafa verið á reikning fyrirtækja, væru nákvæmlega rétt. Einnig hefur atvinnurekstrinum verið veitt heimild til þess að draga frá tekjum sínum allháar fjárhæðir í formi fyrninga sem gert hafa fjöldamörg fyrirtæki skattlaus. Eins hafa fyrirtækin haft aðstöðu til þess að leggja talsvert af beinum hagnaði sínum, þegar öll útgjöld hafa verið talin, í varasjóð sem ekki hefur heldur verið skattlagður. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú, eins og ég sagði, að þó að um hafi verið að ræða umfangsmikinn rekstur af ýmsu tagi, rekstur sem hlaupið hefur jafnvel á hundruðum millj. kr. hjá fyrirtækjum, þá hafa þessi fyrirtæki mörg hver ekki borgað eina einustu krónu í tekjuskatt. Og þó að fyrirtæki hafi sloppið á þennan hátt um langan tíma, þá hefur þeim tekist, þó þau hafi aldrei borgað neinn tekjuskatt, að komast yfir all myndarlegar eignir á rekstrartíma sínum. Ég tel þetta atriði, hvað atvinnurekstur af ýmsu tagi og alls konar milliliðastarfsemi fyrirtækja hefur sloppið vel undan tekjuskattsgreiðslu, einn mesta gallann á skattalögum okkar. Við þennan galla er ekki fengist á neinn hátt í þessu frv. Það eru ekki gerðar neinar efnisbreytingar varðandi þetta atriði. Það eru engar líkur til þess, að þau fyrirtæki, sem sloppið hafa við tekjuskattsgreiðslu á undanförnum árum, greiði meira þó að þetta frv. verði gert að lögum. Það er sem sagt gengið fram hjá þessu.

Svo að annað dæmi sé nefnt um ágallana á skattalöggjöf okkar, þá kannast allir við það, að ýmsir aðilar hafa haft aðstöðu í kerfinu til þess að skjóta tekjum sínum — raunverulegum tekjum sínum — undan skattlagningu. Þetta eru aðilar sem ekki teljast hreinir launþegar þannig að litið verði eftir tekjum þeirra eða gerður verði samanburður á því, sem þessir aðilar telja fram sem launatekjur sínar, og því, sem aðrir hafa greitt heim. Um það hefur sem sagt verið að ræða, að ýmsir slíkir aðilar, sem borist hafa allmikið á og vitanlega hafa haft allmiklar tekjur vegna ýmiss konar umsvifa og starfsemi í bjóðfélaginu, hafa sloppið að verulegu leyti við tekjuskattsgreiðslu. Oft er bent á þessa aðila. Heilar stéttir eru nefndar í þessum efnum. Ég skal ekki fara út í það, en ég veit að allir hv. alþm. þekkja þess dæmi, þeir vita um þetta, þetta er svo mikið umrætt mál. Þarna er um stórfelldan galla að ræða á tekjuskattslöggjöf okkar og framkvæmdinni á innheimtu tekjuskatts. Það er ekki heldur vikið að því á neinn hátt í þessu frv. að setja undir þennan leka, að reyna að tryggja að þessir aðilar borgi réttlátan hluta í tekjuskatt af raunverulegum tekjum sínum. Við þessu er ekki brevft í þessu frv.

Hins vegar er fengist í þessu frv. við ýmis önnur atriði sem snerta tekjuskattsmál okkar, og sum stefna þar að mínum dómi, þau atriði sem hér er fjallað um, í rétta átt og eru til bóta, þó að þar þurfi að gera á vissar breytingar. Það er t. d. í þessu frv., eins og reyndar var í því frv. sem ríkisstj. lagði fram fyrir rétt rúmu

ári, farið nokkuð inn á þá braut að reyna að skilja á milli tekna þeirra einstaklinga, sem hafa með höndum minni háttar eða sérstakan rekstur, einstaklingsrekstur, skilja á milli þeirra persónutekna og þeirrar starfsemi sem þeir hafa með höndum. Alkunna er að ýmsir þeir einstaklingar, sem hafa haft með höndum minni háttar rekstur, koma út í rekstrarbókhaldi sínu sem gersamlega tekjulausir aðilar og borga engan tekjuskatt, en nú er gert ráð fyrir því, að þessum aðilum verði áætlaðar ákveðnar persónutekjur. Þó verð ég að segja, að ákvæði frv. um þetta atriði eru afar óljós. Það er mjög erfitt að átta sig á því, hvernig hugsað er að framkvæma þetta atriði. Bent var á það í umr. um fyrra frv. ríkisstj., sem fjallaði um þetta atriði, að setja þyrfti þarna nokkru nákvæmari reglur, svo að menn vissu að hverju væri stefnt. Ég sé ekki við fyrsta yfirlestur, að gerð hafi verið í þessum efnum nein veruleg breyting frá fyrra frv., og sama óvissan ríkir um það, hvernig ætlað er að standa að þessu. Þarna tel ég þó að stefnt sé í rétta átt. Það ber að skilja þarna á milli hreinna persónutekna þessara aðila og þess atvinnurekstrar sem þeir hafa með höndum.

Þá er einnig í þessu frv. tekist á við það margumrædda mál, hvernig skattleggja skuli hjón, sem allajafna hafa verið samsköttuð til þessa. Nú er gert ráð fyrir sérsköttun að verulegu leyti, þó ekki að öllu leyti. Ég tel að þarna sé stefnt í rétta átt. En eins og áður er þó augljóst, að menn reka sig í þessu tilfelli á nokkuð erfitt þrep vegna þeirra reglna sem í gildi hafa verið. Það er enginn vafi á því varðandi regluna sem hefur gilt í þessum efnum, þar sem var um 50% frádráttarregluna að ræða varðandi tekjur eiginkonu sem hafði sjálfstæðar tekjur, að þeir aðilar, sem svo var ástatt um, nutu nokkurra skatthlunninda, eins og oft hefur verið talað um. Ég býst við því, að þessi skatthlunnindi hafi haft eitthvað að segja í sambandi við þá þróun sem yfir hefur gengið, að konur hafa sótt miklu meira út á vinnumarkaðinn nú í seinni tíð en áður. Tel ég að þar hafi verið stefnt í rétta átt, það hafi verið eðlilegt og því beri að fara varlega í að gera hlut þeirra, sem þarna eiga hlut að máli, verri en hann var. Ég býst við því, að hv. alþm. hafi tekið eftir því, að hæstv. fjmrh. greindi þannig frá þessum málum varðandi ákvæði þessa frv., að segja mætti að ef annað hjóna — eða sem sagt eiginmaðurinn — hefði allar tekjur heimilisins, en eiginkonan hefði ekki sjálfstæðar tekjur, þýddi þetta frv. nokkra skattalækkun hjá þeim, allt upp í það að eiginmaðurinn hefði um 6 milli. kr. tekjur miðað við árið 1978. Að því marki væri — taldi ráðh. — um nokkra skattalækkun að ræða hjá þessum aðilum. Ef eiginkonan hefur hins vegar sjálfstæðar tekjur, þá mættu tekjur hennar ekki fara yfir 2 milli. kr. miðað við árið 1978 — og gert væri þá ráð fyrir því að eiginmaðurinn hefði svipaðar tekjur — án þess að slík hjón lentu í skattaþyngingum frá því sem verið hefur. Auðvitað kemur engum á óvart að þetta kemur upp, en ég hygg að eins og tölur eru orðnar nú muni þetta verða í æðimörgum tilfellum, þar sem konan vinnur úti og a. m. k. gegnir eðlilega launuðu starfi, að hún fari upp í þessa tekjuhæð, í sambandi við þá sérsköttun, sem hér á að taka upp, verði því algengt að sérsköttunin þýði í þessu tilfelli skattaþyngingu.

Ég hef bent á það áður í umr. um þessi mál, að ekki er auðvelt að komast hjá 50% reglunni án þess að vandamál sem þetta komi upp. Ég hafði því bent á að vel væri hægt að hugsa sér að 50% reglan gengi út á nokkrum árum, hér yrði breytingin ekki tekin í einu stökki, heldur í nokkrum þrepum, þá kæmust menn miklu auðveldar út úr þeim vanda, sem þarna er fyrir hendi. Ég tel fyrir mitt leyti ekki mikla ástæðu til þess að gera skatthlut þeirra, þar sem eiginmaðurinn telst fyrir öllum tekjunum, miklu betri en hann hefur verið, en skatthlut hinna miklu lakari, þó að mér sé ljóst að 50% reglan eigi ekki rétt á sér, geti ekki staðist til langframa og undan henni þurfi að komast. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann búist við að geta lokið máli fyrir matarhlé eða hvort hann kýs að hlé verði gert á ræðu hans.) Ég get ekki lokið henni núna fyrir kl. 7. Það er útilokað. Ég er rétt að byrja. (**Forseti:** Er þá þannig statt í ræðunni, að hér verði hægt að gera kaflaskil?) Jú, það er auðvelt að setja punkt hvar sem er. — [Fundarhlé.]

Hæstv. forseti. Þegar hlé var gert á fundinum hafði ég vikið að nokkrum efnisatriðum frv., en átti eftir að ræða ýmsa aðra þýsna mikilvæga þætti sem felast í þessu frv., þ. á m. þann þáttinn sem snertir skattlagningu á söluhagnaði sem til fellur af sölu eigna. Ég tel að sá þáttur í frv. sé einn af þeim veigameiri. Hins vegar er þar um að ræða að mínu mati mjög vandasamt mál og flókið. Ég er hræddur um að huga þurfi að þeim reglum, sem þar eru settar upp, því þó að enginn vafi leiki á því, að réttmætt geti verið að skattleggja þann hagnað, sem fram kemur við sölu á eignum í vissum tilvikum, þá er enginn vafi á því, að þar er um svo breytilegar aðstæður að ræða, að nokkuð getur orkað tvímælis að ætla að skattleggja einhvern útreiknaðan hagnað, sem til fellur í vissum tilvikum.

Vegna þess að ekki eru aðstæður eins og sakir standa, þar sem fáir alþm. eru mættir í kvöld, þá mun ég geyma til síðari umr. um þetta mál að ræða ítarlega þennan kafla, sem ég beini nokkuð athygli að, og ýmis önnur atriði frv. mun ég geyma til síðari umr. að ræða um. Ég mun því stytta mál mitt. En ég vil vekja athygli á því, að fram kemur í þessu frv., að sú endurskoðun, sem hér er um að ræða á tekjuskattslögunum, er aðeins hluti af þeirri allsherjarendurskoðun sem fram á að fara á tekjuöflunarkerfi ríkisins í heild. Ber þá að sjálfsögðu að huga að því, að tekjuskatturinn og eignarskatturinn eru aðeins lítill hluti af heildartekjuöflun ríkisins, svo að endurskoðun á þeim hluta tekjustofnanna verður að vera í einhverju samræmi við mótaða heildarstefnu varðandi tekjuöflun. Hins vegar kemur ekki fram í þessu frv. og hefur ekki komið fram frá hæstv. ríkisstj. neitt um það, hver þessi stefna er varðandi tekjuöflun ríkisins almennt séð. Ég geymi mér líka að ræða þann þátt þar til síðar. En ég tel að í rauninni sé erfitt að taka afstöðu til þessa máls eða þessarar endurskoðunar án þess að

upplýsingar liggi fyrir um ýmsa aðra mikilvæga þætti í sambandi við endurskoðun þessara tekjuöflunarmála í heild.

Ég vil taka það strax fram í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir um tekjuskatt og eignarskatt, að fylgifrv., sem snertir staðgreiðslu opinberra gjalda, sé ekki búið að fá nægilegan undirbúning, það þurfi að hafa samráð við ýmsa þá aðila, sem eiga hlut að máli, frekar en gert hefur verið. Ég efast að vísu ekki um að horfið verður að því að taka upp staðgreiðslu á opinberum gjöldum, og ég held að það sé rétt stefna sem í því felst. Hins vegar sýnist mér að það mál eigi of langt í land enn til þess að hægt sé að móta þar ákveðna framkvæmd, hvernig hugsað sé að standa að þeim málum. Það frv., sem liggur fyrir um þetta atriði, er eflaust gagnlegt, en mér sýnist það samt við fyrsta yfirlestur vera þannig, að varla sé við því að búast að það verði gert að lögum á þessu þingi og því sé eðlilegra að frv. verði geymt og þeir, sem þarna eiga mikilla hagsmuna að gæta, eins og bæjar- og sveitarfélög, fái að segja álit sitt á þessu máli.

Að þessu mæltu mun ég ekki eyða frekari tíma í þessar umr., en geymi mér að ræða nánar um þau efnisatriði, sem ég hef hér minnst á, þar til málið kemur hér til 2. umr. síðar.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Þar eð ég á sæti í þeirri n., sem mun fá þetta mál til meðferðar, ásamt hv. síðasta ræðumanni, mun ég ekki gera þessi frv. að umtalsefni efnislega þegar við þessa 1. umr. Ég tel hins vegar að ekki verði hjá því komist að láta í ljós skoðun á þeim vinnubrögðum sem hér er um að ræða.

Þegar fyrrv. ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, vinstri stjórnin svonefnda, kom til valda eftir kosningarnar 1971 var það eitt af fyrstu verkum hennar, eitt af helstu áhugamálum hennar að gera gagngerar breytingar á skattalögunum, sem stjórnin, sem áður hafði setið, viðreisnarstjórnin svokallaða, var þá nýbúin að setja að undangengnum rækilegum athugunum og mjög víðtækum undirbúningi að þeim breytingum sem þá höfðu verið gerðar. Við hæstv. núv. fjmrh. vorum þá í stjórnarandstöðu og áttum einmitt sæti í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., sem fjallaði ítarlega um þær breytingar sem þáv. ríkisstj. — þegar á fyrsta starfsári sínu — beitti sér fyrir. Og það er nægilegt að vísa í þær ítarlegu umr., sem fóru fram um skattalagabreytingar vinstri stjórnarinnar, til þess að leiða í ljós að flokkar okkar, flokkur minn, Alþfl., og flokkur hans, Sjálfstfl., voru mjög andvígir ýmsum þeim breytingum sem þá voru gerðar á skattalögunum að frumkvæði þáv. ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, enda töldum við þá báðir, að sú lagabreyting væri illa undirbúin, það væri kastað til hennar höndunum, þau lög, sem þá voru sett, væru bæði gölluð og ranglát. Og þau lög eru enn í gildi á því herrans ári 1978. Öll reynsla af þeirri löggjöf sýnir að skoðun okkar núv. hæstv. fjmrh. og þáv. meðnm. míns í hv. fjh.- og viðskn. þessarar d., þau rök, sem við þá fluttum fram sumpart sameiginlega og sumpart hvor í sínu lagi gegn þeirri lagasetningu, hafa reynst rétt. Reynslan hefur staðfest gagnrýni okkar í þeim efnum í einu og öllu.

Ég skal ekki lengja þessa 1. umr. um þetta mál með því að rekja í einstökum atriðum í hverju þessi rangindi voru fólgin. Ég skal aðeins leyfa mér að benda á þá almennu staðreynd, að í reynd hafa skattalög vinstri stjórnarinnar frá fyrsta starfsári hennar reynst lög um skatt á launafólk. Almennur launþegi hefur þurft að greiða tiltölulega mjög hátt hlutfall af tekjum sínum í tekjuskatt til ríkissjóðs, og skattlagning á tekjum hjóna hefur verið allar götur síðan í hæsta máta ranglát. Hins vegar var þannig gengið frá ákvæðum þeirra laga, sem þá voru sett og enn gilda, að fyrir fram mátti vita að mjög auðvelt væri fyrir félög og þá sem stunda atvinnurekstur, þó einstaklingar séu, að koma sér undan réttmætri skattgreiðslu, enda hefur komið í ljós að félög og atvinnurekstur greiða aðeins lítinn hluta þess tekjuskatts sem ríkissjóður innheimtir af borgurum sínum. Langsamlega mestur hluti tekjuskattsins er sóttur í vasa launþeganna, jafnvel þeirra sem tiltölulega lágar launatekjur hafa. Og ekki nóg með það, að atvinnureksturinn greiði — ég vil segja hlægilega lítinn tekjuskatt af gífurlega mikilli veltu, heldur greiðir verulegur hluti alls atvinnurekstrar í landinu bókstaflega engan tekjuskatt til ríkissjóðs. Ég hirði ekki að rekja þessar tölur, það mundi lengja mál mitt að ástæðulausu á þessu stigi málsins. Síðar verður kannske ástæða til þess að rifja upp um þetta tölur sem tiltækar eru og ég hef raunar rakið áður á undanförnum 3—4 þingum mjög ítarlega.

Með hliðsjón af því, hversu sammála við hæstv. núv. fjmrh. vorum á þinginu 1971—1972 um það, að sú lagasetning, sem þá var knúin fram með nokkru offorsi af hálfu þáv. ríkisstj., — með hliðsjón af því, hversu sammála við vorum um galla þessarar löggjafar, kom mér það síður en svo á óvart, að það skyldi vera eitt meginatriði í stjórnarsamningi núv. stjórnarflokka, Sjálfstfl. og Framsfl., ekki hvað síst þegar minn gamli og góði félagi úr fjh.- og viðskn., Matthías Á. Mathiesen, var orðinn fjmrh., hafði sjálfur tekið við embætti fjmrh., — þeim mun minna hissa varð ég á því, kannske ætti ég heldur að segja ánægðari var ég með að lesa í stjórnarsamningi núv. ríkisstj., að eitt helsta verkefni hennar skyldi vera að setja þjóðinni ný og réttlátari skattalög, ný skattalög sem væru réttlátari en þau sem þá voru búin að gilda í 3 ár. (Gripið fram í: Það hefur allt staðist.) Ja, það er nú það. Bara það hefði staðist. Þess vegna varð ég satt að segja mjög undrandi þegar fyrsta starfsár núv. stjórnar leið og ekki bólaði á neinu skattalagafrv.. Og ég var ekki einn um þá undrun, það voru margir undrandi, bæði innan þings og ekki síður utan þings. Enn þá meira undrandi varð ég þegar annað þingið leið án þess að nokkurt skattalagafrv. sæi dagsins ljós. Ég fór að láta mér detta í hug, hvort það gæti verið, að hinn ágæti og skeleggi gagnrýnandi lagasetningarinnar á þinginu 1971—1972 væri búinn að gleyma allri gagnrýni sinni á það frv. Hitt var náttúrlega líka hugsanlegt, að hann væri allur af góðum vilja gerður til þess að setja ný skattalög, en samstarfsflokkurinn, sem átti fyrrv. fjmrh., sem hefði knúið þessi skattalög fram á þinginu 1971—1972, vildi ekki gera breytingu á þessu afsprengi

sínu. Það gat líka verið hugsanleg skýring. En engin skýring fékkst á þessu. Ég fékk hvorki að vita, hvort það væri fastheldni fyrrv. fjmrh. og núv. landbrh. í sína fyrri villu, né hvort það kynni að vera gleymska fyrrv. meðnm. mins í fjh.- og viðskn. og núv. fjmrh. sem væri orsök til þess, að ekkert gerðist á sviði skattamálanna.

Staðreyndin er sú, að tvö heil þing liðu og þess var ekki getið í stefnuskrárræðu forsrh., að það mundu verða sett skattalög einhvern tíma. Tvö heil þing liðu og ekkert gerðist. Svo kom þriðja þing þessa stjórnarsamstarfs, þingið, í fyrra. Þegar langt var liðið á það sá frv. loksins dagsins ljós, og þá hýrnuðu brúnir á okkur ýmsum sem höfðum verið mörg ár mjög óánægðir með skattalög vinstri stjórnarinnar. En hvað skyldi þá hafa komið í ljós? Þá gerðist allra undarlegasti atburðurinn. Látum það nú vera þó að núv. landbrh. hafi ekki viljað láta gera sig alveg ómerkan orða sinna frá vinstristjórnarárunum, og það getur alla góða menn hent að gleyma fyrri ummælum sínum og fyrri skoðunum sínum, eins og sumir voru farnir að halda að hent hefði hæstv. núv. fjmrh. En það, sem kom í ljós á þinginu í fyrra, var að útbýtt var miklu frv., sem frá embættislegu sjónarmiði séð var að mörgu leyti mjög vel undirbúið. Það er alveg ástæðulaust að hafa þann heiður af embættismönnum sem þeir eiga skilið. Þeir höfðu lagt mikla vinnu og margháttaða útreikninga í að gera allt málið skiljanlegra en ella mundi vera. Það var ekkert að finna að tæknilegum undirbúningi frv. Hann var hinn prýðilegasti að öllu leyti. En það, sem í ljós kom og undarlegt var, var að varla voru liðnar tvær vikur frá því að frv. var útbútt er í ljós kom, að engin samstaða var um það hjá ríkisstj. Ráðh. greindi á. Og eftir svo sem eina viku til viðbótar kom í ljós, að ekki var aðeins ágreiningur í þingflokkum ríkisstj., heldur bókstaflega allt upp í loft, hver höndin upp á móti annarri, ekki bara tvær skoðanir ríkjandi í Sjálfstfl. og Framsfl., heldur margar skoðanir ríkjandi. Það var deilt um 3. og 4. hverja grein í skattalagafrv. Auðvitað endaði það þannig, að þó að fjh.- og viðskn. væri öll af vilja gerð til þess að afgreiða málið með ágætri aðstoð embættismanna úr fjmrn., ríkisskattstjóra og margra fleiri góðra sérfræðinga, þótt n. væri öll af vilja gerð til þess að afgreiða málið í fyrra, þá var það ekki afgreitt. Af hverju? Var það af því að það væru vondir menn í stjórnarandstöðunni, við hv. þm. Lúðvík Jósepsson? Var það af því? Nei, það var ekki af því. Málið var ekki afgreitt af því að stjórnarflokkarnir komu sér ekki saman um það, ráðh. komu sér ekki saman um það. Þetta vissu menn vel og fengu staðfest á fundum í n. og létu þess getið í ummælum hér, og það var ekki borið á móti því, hvorki af hálfu ráðh. né forustumanna stjórnarflokkanna, því að það mega þeir eiga, að þeir segja ekki blákalt ósatt. (**Gripið fram í:** Er þm. viss um það?) Já, ég sagði að ég vildi láta þá njóta þess sannmælis í þessu efni, að þeir þrættu ekki fyrir það að logandi ósamkomulag væri um málið í stjórnarflokkunum. Þeir þrættu ekki fyrir það, og fyrir það mega þeir eiga þakkir enn í dag, að þeir skyldu ekki reyna að skrökva að fólki um þetta, a. m. k. ekki vera að kenna okkur Lúðvík Jósepssyni um að málið skyldi ekki vera afgreitt. Það hefði verið algerlega þýðingarlaust. Við gátum sannað að það væri ekki okkur að kenna. Það var þeirra eigin ósamkomulagi að kenna, að ekkert varð úr afgreiðslu málsins í fyrra. (**Gripið fram í:** En er það ekki svo enn?) Ja, nú kemur að því.

Þegar málið hafði verið rætt svona ítarlega undir þinglok í fyrra og var tæknilega svona vel undirbúið, málið þrautrætt, þá bjóst ég auðvitað við því, að eitt fyrsta málið sem ég sæi á borðinu mínu, þegar ég kom hér 10. okt. s. l., væri frv. að nýjum tekjuskattslögum. Og hvað var eðlilegra en ég byggist við því? Málið hafði verið lagt fyrir okkur rækilega undirbúið, þrautrætt í n., harkalega rifist um það í ríkisstj. og deilt um það illdeilum í báðum stjórnarflokkunum. Maður skyldi halda að sumarið hefði dugað til þess að ráðh. sættust loksins um svona mikilvægt mál og formönnum þingflokkanna, jafndugmiklir menn og það eru, hæstv. iðnrh. og hv. þm. Þórarni Þórarinssyni tækist að bera friðarorð á milli hinna fjandsamlegu arma í þingflokkum stjórnarflokkanna. Nei, nei, ekkert frv. var sjáanlegt fyrstu vikuna sem við sátum hér — ekki aldeilis. Tíminn leið fram að jólum og ekkert tekjuskattsfrv. sást. Svo er gefið mánaðar þinghlé. Eitt af því, sem mönnum var sagt að þetta þinghlé væri alveg nauðsynlegt til, var að hægt væri þá að koma sér saman um frv. um tekju- og eignarskatt og jafnvel helst líka að koma saman frv. um staðgreiðslu skatta. M. ö. o.: það átti að nota það jólaskap, sem menn kæmust í og komast eðlilega í á jólunum, láta jólaskapið endast út janúarmánuð og bera friðarorð á milli manna um skattamál innan stjórnarflokkanna. Þess vegna var það sem við margir — ég heyri á hv. þm. Karvel Pálmasyni að hann er mér alveg sammála um þetta eins og margt fleira — (**KP:** Þó það nú væri.) — bjuggumst við því, að þegar þing kæmi aftur saman, líklega 20. jan. eða eitthvað um það leyti, þá yrði meðal fyrstu mála frv. að nýjum lögum um tekju- og eignarskatt og helst af öllu staðgreiðslufrv. líka. Nei, nei, þessir 10 dagar af janúramánuði liðu. Ekkert sást. Svo kom febrúar með sína 28 daga. Ekkert tekjuskattsfrv. sást. Svo kom þriðji mánuður ársins, marsmánuður. Hann er 31 dagur skilst mér. Það dugði ekki heldur til þess að honum tækist að koma frá sér frv. um tekju- og eignarskatt eða staðgreiðslukerfi skatta. Nei, það þurfti hálfan aprílmánuð, það þurfti tímann allt fram til dagsins 17. apríl. til þess að stjórnin gæti komið sér saman um að leggja fram frv. um tekju- og eignarskatt. Og hvernig skyldi þá vera háttað störfum þingsins? Einmitt á þessum sama degi, hálfum öðrum klukkutíma áður en frv. er lagt fram, heldur hæstv. forsrh. fund með forsvarsmönnum þingflokkanna til þess að ræða um þinghaldið. Og á þeim fundi, — ég segi það aftur, — hálfum öðrum klukkutíma áður en frv. var lagt fram, — var ákveðið að þinghaldið skuli halda áfram þangað til fyrstu viku maímánaðar lýkur, eða m. ö. o. þingið skyldi halda árfam í tæpar þrjár vikur frá því ákvörðunin var tekin, í tæpar þrjár vikur frá því að frv. um tekju- og eignarskatt var lagt fram. Fyrir utan sunnudaga, sem eru alltaf einn í hverri viku, eru þrír frí-

dagar á þessu tímabili: sumardagurinn fyrsti, 1. maí og uppstigningardagur, sem auðvitað styttir raunverulegan vinnutíma þingsins, þannig að það eru engar ýkjur að sá raunverulegi vinnutími, sem Alþ. er ætlaður til að fjalla um þetta mál, er tvær vikur, tvær vinnuvikur. Auðvitað eru þetta algerlega óverjandi vinnubrögð, að þannig skuli vera haldið á einu veigamesta málinu sem hæstv. ríkisstj. hét að beita sér fyrir þegar hún tók við fyrir tæpum 4 árum.

Auðvitað verður ekki hjá því komist að gagnrýna það harðlega og láta í ljós mikla óánægju með það, að þannig skuli haldið á einu mesta og stærsta viðfangsefni þessa kjörtímabils, sem var endurbót á þeim ranglátu og óskynsamlegu og illa undirbúnu skattalögum sem sett höfðu verið af fyrrv. hæstv. ríkisstj. En því miður hefur ekki betur tekist til en það, að þegar tvær vikur eru eftir af raunverulegum starfstíma síðasta þings kjörtímabilsins, þá fá þm. lagðar fyrir sig till. um nýja skattalög. En þrátt fyrir þetta allt saman, þrátt fyrir þessa gersamlega óviðunandi málsmeðferð, þá er engu að síður um svo mikið nauðsynjamál að ræða að ég tel það skyldu þingsins að taka þetta mál fram yfir önnur mál sem enn eru því miður óafgreidd.

Rétt er að það komi alveg skýrt fram, að á fundinum í gær fengum við fulltrúar þingflokkanna skrá yfir þau stjfrv. sem enn eru óafgreidd á þessu þingi. Þau eru nær 60 en 50, stjfrv. sem eru óafgreidd Ég hef ekki talið saman þau þmfrv., sem eru óafgreidd. Þetta sýnir auðvitað mjög lélega forustu af hálfu hæstv. ríkisstj. fyrir liði sínu á þessu þingi, þar sem þó er um að ræða mjög sterkan meiri hl. Það er auðvitað gersamlega útilokað að afgreiða öll stjfrv., enda mun ekki vera til þess ætlast, og enn fremur afgreiða stórmál eins og skattalögin. En eigi að velja á milli tvenns, leggja áherslu á að afgreiða óafgreidd stjfrv. og einhver óafgreidd þmfrv. eða afgreiða skattalögin, þá segi ég eins og er, að ég tel heldur nauðsyn á því að skattalögin verði afgreidd, því að slíkt er ranglætið sem ekki hvað síst íslenskir launþegar eiga við að búa í þessum efnum, að á það ber að leggja megináherslu að þessu þingi ljúki ekki án þess að ný skattalög verði sett og nauðsynlegar endurbætur gerðar.

Ég vil hins vegar segja alveg eins og er, og tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að ég tel enga von til þess að hægt sé að afgreiða frv. um staðgreiðslu skatta á þeim tíma sem nú er til ráðstöfunar, enda er það ókynnt mál. Það frv. kom í fyrsta skipti í gær fram í þeim búningi sem það er í núna. Hitt er rétt hjá hæstv. fjmrh., að að stofni til er frv. um tekju- og eignarskatt sama frv. og í fyrra, jafnvel að því er mér sýnist í fljótu bragði með ýmsum endurbótum frá því í fyrra. Það er því þm. ekki nýtt mál. Hitt málið er algerlega nýtt. Og ég endurtek, að það er borin von að nokkurt vit væri í að reyna að afgreiða frv. um staðgreiðslu skatta. En það var meginerindi mitt í ræðustólinn, að ég vil taka fram fyrir hönd míns þingflokks að við erum reiðubúnir til þess að stuðla að því, að þetta frv. um tekju- og eignarskatt geti hlotið afgreiðslu á þessu þingi. Það skal ekki standa á starfi okkar, á vinnu okkar eða velvilja okkar til þess að nauðsynlegar endurbætur á skattamálum þjóðarinnar nái fram að ganga, þó illa hafi verið að málinu staðið og þó að seint sé fram komið og vinnubrögð, sem ekki eru æskileg, hljóti að fylgja í kjölfar svo slælegs undirbúnings sem þess sem hér hefur verið um að ræða, nema það komi nú í ljós, að enn sé um að ræða ágreining í stjórnarflokkunum um málið. Ég verð að segja það, að um það er ekkert komið fram enn þá. Ég veit ekki hvað kann að koma fram á fundum hjá hv. fjh.- og viðskn. á næstu dögum, þegar n. fara að fjalla um málið. Þegar við fengum málið í fyrra var ekkert um það sagt, að nokkur ágreiningur væri, en á fyrstu tveim, þrem fundunum fundu menn ágreining í nefndinni.

Ég vona af einlægni, að það komi í ljós, að þessi fjögur ár hafi nú dugað til þess að menn kæmu sér saman um að leiðrétta helstu vitleysur sem fyrrv. fjmrh. beitti sér fyrir á fyrsta starfsári vinstri stjórnarinnar. Ég vona að fjögur árin hafi dugað til þess. Það mundi hryggja mig mjög mikið, ef raunin yrði önnur. Þess vegna vona ég að þetta frv. sé nú orðið í grundvallaratriðum samkomulagsfrv. stjórnarflokkanna um málið. Sé svo, þá mun ég fyrir mitt leyti og minn flokkur stuðla að því, að það geti hlotið afgreiðslu. Ég er auðvitað ekki með þessu að lýsa yfir fylgi við frv. óbreytt. Mál sem þessi þurfa miklu nánari skoðunar við en hægt er að ætlast til að menn hafi getað komið við á einum sólarhring frá því að þeir sáu frv. á hinu háa Alþ. En jafnvel fljótleg skoðun bendir til þess, að í frv. standi fjölmargt til bóta frá því, sem nú er, og það náttúrlega styður enn frekar réttmæti þeirrar yfirlýsingar minnar, að þingflokkur Alþfl. sé reiðubúinn til þess að stuðla að því, að breytingar verði gerðar á skattalögunum í grundvallaratriðum í þeim anda sem í þessu frv. felst, þó að ég endurtaki að ég áskil mér fyllsta rétt, fyllsta fyrirvara um að flytja eða standa að eða fylgja brtt. um einstök atriði málsins.

Við þessa 1. umr. málsins skal ég láta mér nægja þessar aths. Ég vildi að það kæmi fram strax, að minn flokkur og ég teljum mjög ámælisvert hvernig að málinu hefur verið staðið, hversu lengi hefur dregist að koma á framfæri till. um breytingar á mjög ranglátu og mjög gölluðu kerfi tekju- og eignarskatts, að það skuli hafa dregist hangað til aðeins tvær starfsvikur eru eftir af starfstíma síðasta þings kjörtímabilsins. En þrátt fyrir þennan slælega undirbúning, þrátt fyrir að hér sé í raun og veru um að ræða vinnubrögð, sem stjórnarandstaða á í sjálfu sér ekki að láta bjóða sér, því stjórnarandstaða í lýðræðisríki á í sjálfu sér ekki að láta bjóða sér þau vinnubrögð sem hér er um að ræða, er ég fyrir mitt leyti vegna mikilvægis málsins tilbúinn til að stuðla að því, að nauðsynlegar endurbætur verði gerðar á því stórgallaða kerfi sem við höfum búið við undanfarin ár að því er varðar álagningu tekju- og eignarskatts.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég tek undir hvert orð, sem síðasti ræðumaður sagði um nauðsynina á að breyta þeim skattalögum, sem Íslendingar búa nú við. En það kom í ljós

í ræðu hv. 9. þm. Reykv., að minni hans er mjög farið að förla. Kjarni þessa máls er sá, að það óviðunandi skattakerfi, sem þjóðin hefur búið við síðan í upphafi þessa áratugs, er að meginstofni sett á síðasta stjórnarári viðreisnarstjórnarinnar, þar sem þessi hv. þm. gegndi ráðherrastörfum 12 ár samfleytt í stjórn sömu flokka. Þau skattalög, lög nr. 68 frá 15. júní 1971, skyldi maður ætla að ekki hefðu verið sett að rasanda ráði. Ríkisstj., sem hv. 9. þm. Reykv. sat í sleitulaust í þrjú kjörtímabil, hafði 12 ár til að undirbúa þau skattalög. Þau voru sett á síðasta stjórnarári hennar, og þær breytingar, sem gerðar voru á næsta ári með lögum nr. 7 frá 23. mars 1972, röskuðu því miður allt of litlu í þeim skattalögum, sem viðreisnarstjórnin setti með mikilli þátttöku og vafalaust að verulegum hluta undir forustu hv. 9. þm. Reykv. Skattalögin frá 1971 eru samtals 57 greinar og 7 bráðabirgðaákvæði eða 64 tölusett atriði alls. Lögin frá 1972, sem sett voru til að breyta þeim lögum eru samtals 23 greinar eða rétt um þriðjungur að greinatölu á við fyrri lögin, og þó nokkrar þessar breytingar eru ekki efnislegar, heldur stafa af því, að breytingar verða á öðrum greinum, svo að þar er ekki um sjálfstæðar efnisbreytingar að ræða. Og meginbreytingarnar voru að draga úr þeim ívilnunum sem fyrri lög frá 1971 höfðu veitt atvinnurekstri til að slepppa hæglega frá skattlagningu. En nóg um þetta efni. Ég vildi aðeins taka þetta fram í upphafi, að þó að ég sé málefnalega sammála hv. þm. um hversu mál standa nú, þá get ég ekki tekið undir hversu minni hans villir honum nú sjónir um forsögu þessa máls.

Þá er ekki síður ástæða til að taka undir það sem fyrri ræðumenn, hv. 9. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Austurl., hafa sagt um þau einstöku handarbakavinnubrögð sem átt hafa sér stað í núverandi stjórnarliði við undirbúning þess máls sem hér er lagt fram. Þar gerðist það, eins og ég ætla ekki að rekja, að frv., sem undirbúið hafði verið á þriðja ár, dagaði uppi á síðasta þingi vegna ósamkomulags innan stjórnarflokkanna. Og í stað þess að vinda sér að því af einurð að finna botn í því máli innan stjórnarliðsins, þá hefur það dregist nú í hartnær tvö missiri að brúa það bil sem þar var milli stjórnarflokkanna og milli manna innbyrðis í stjórnarflokkunum hvorum um sig. Síðan kemur niðurstaðan af því starfi, sem unnið hefur verið í hartnær ár, fyrir Alþ. og ætlast er til að Alþ. taki afstöðu til þessa máls og afgreiði það á jafnmörgum vikum og það hefur tekið stjórnarflokkana mörg missiri að undirbúa þetta afbrigði af skattalögunum.

Þess er að sjálfsögðu enginn kostur að gera einstökum atriðum frv. skil eftir að það hefur verið sólarhring á borðum þm. En þó vil ég fullyrða það, að eins og reyndar í fyrra frv. má finna við skjóta yfirsýn allmörg atriði sem virðast horfa til bóta. En sér í lagi vegna þess að þetta frv. er tengt frv. um að taka upp staðgreiðslu skatta er sérstök ástæða til að skoða ákvæði frv. vandlega og gera sér grein fyrir hver áhrif þess verða, því að þarna kemur það saman, að efnisbreytingar verða á sjálfum skattalögunum og kerfisbreyting verður á inntheimtunni, svo málið er mun flóknara en ef aðeins væri um að ræða breytingu á skattakerfinu einu. Því gefur auga leið að það er að misbjóða Alþ. að krefjast þess, að það afgreiði slíkt mál ásamt fjölda annarra mála, sem ráðh. vilja að afgreidd verði, á rúmum tveim vikum.

Ég get ekki, eins og ég vék að áður, fjallað að neinu gagni um efnisatriði þessa máls eftir skamma skoðun á frv. og mun því ekki teíja tímann með því að hafa hér uppi lauslegar aths. sem ekki byggjast á vandaðri skoðun að neinu leyti. En þó vil ég ekki fara úr ræðustólnum án þess að finna að því sérstaklega, að ekki skuli fylgja frv., á sama hátt og tafla, um hversu breytingarnar muni koma við skattbyrði einstaklinga, önnur hliðstæð tafla um það, hver áhrif breytingarnar hafa á skattbyrði fyrirtækja, því að það er ljóst að þar eru breytingarnar afar miklar og sömuleiðis að eitt helsta gagnrýnisatriði á gildandi skattalög hefur verið hve auðveldlega fyrirtæki geta sloppið hjá skattgreiðslum samkv. ákvæðum þeirra, þótt þau væru nokkuð hert frá því sem upphaflega var í lögum frá 1971. Mér hefði fundist mjög nauðsynlegt að strax á fyrsta stigi þessa máls hefði verið hægt að líta yfir einhverja úrtakstöflu, hliðstæða þeirri sem sett er upp um skattbyrði hjóna og einstaklinga á bls. 67 í frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þó að vissulega væri til þess full ástæða að eyða löngum tíma í að ræða jafnstórt og mikilvægt mál og hér er um að ræða, þá er augljóst af þeim vinnubrögðum, sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir, með því að það er einungis sólarhringur síðan málið var lagt fram á Alþ. og þess vegna á þeim tíma gersamlega útilokað að neinu marki að kynna sér efnislega innihald þessa frv. ásamt öðrum þeim störfum sem hæstv. ríkisstj. leggur nú á Alþ., að í raun og veru er um tómt mál að tala að hægt sé að tala efnislega um þetta mál á þessu stigi. En full ástæða er til þess að benda á — og verður aldrei of oft á það bent eða ítrekað — með hversu miklum endemum hér er staðið að málum og er ekki að gerast fyrst nú, þó að nú kasti fyrst tólfum varðandi þetta mál. Í raun og veru væri hið eina rétta svar við vinnubrögðum af þessu tagi það, að stjórnarandstaðan, sem á að halda uppi aðhaldi og gagnrýni á hæstv. ríkisstj., léti ekki bjóða sér vinnubrögð eins og þau sem hér eru viðhöfð. Það dettur engum heilvita manni í hug að afgreiða mál eins og þetta á einungis tveimur eða tæplega tveimur vikum, eins og nú eru eftir af þinghaldi. Eða er það virkilega ætlun hæstv. ríkisstj., að þetta mál fari í gegnum þingið án þess að t. d. launþegasamtökin og ótalmargir fleiri aðilar fái til þess tækifæri að tjá sig um málið? Og það er auðvitað út í hött og verður að gagnrýna, að til þess skuli ætlast og þm. boðið að ræða þetta mál nú í lok þings á kvöldfundi eða fundum þar sem einungis tiltölulega lítill hluti hv. þm. er mættur.

Nú má vel vera, að hv. stjórnarliðum á Alþ. sé það vel kunnugt um innihald þessa máls, að þeir þurfi ekki að vera hér til þess að taka þátt í umr. eða þingstörfum um málið, en eigi að

síður eiga þeir hér að vera ekki síður en aðrir. Ég vil a. m. k. fyrir mitt leyti taka mjög undir *aths. við þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð.* Það getur ekki verið að hæstv. ríkisstj. sé full alvara að bæði þessi mál, þ. e. a. s. frv. um tekju- og eignarskatt og síðan um staðgreiðslukerfi skatta, eigi að afgreiða nú á þessu þingi ásamt 50—60 öðrum frv., sem eftir er að afgreiða og hæstv. ríkisstj. leggur áherslu á að verði afgreidd. Eitthvað af þessu verður að víkja, og þá er það auðvitað hæstv. ríkisstjórnar að gera upp við sig, hvað hún lætur liggja af þessum málum. En öll þessi mál verða ekki afgreidd, það er augljóst mál, nema því aðeins að hæstv. ríkisstj. stefni að því að þinghald verði fram að kosningum. Það má vera að sú sé ætlun hæstv. ríkisstj., en það er líka eina leiðin til þess að framkvæmanlegt sé að afgreiða þessi mál, að þinghald verði þá fram í lok júní.

Ég held að full ástæða sé fyrir hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkana að gera sér fulla grein fyrir því, þó að stjórnarandstaðan væri öll af vilja gerð til þess að afgreiða málið sem ég efast ekkert um, því að stjórnarandstaðan er full ábyrgðartilfinningar, en gagnstætt má segja um hinn aðilann, þá er það tímans vegna nær vonlaust, miðað við það að afgreiða öll önnur frv. sem liggja nú fyrir til afgreiðslu.

Eins og ég sagði áðan er ekki til þess ástæða, a. m. k. ekki fyrir mig, að gera hinar einstöku greinar eða einstöku efnisatriði frv. að umræðuefni nú, vegna þess að tími hefur ekki gefist til þess að íhuga málið.

Út af því, sem kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasyni, þá er að vísu búið að leiðrétta það að verulegu leyti, en ég held að það sé mesta misminni hjá hv. þm., að þá fyrst hafi ranglæti byrjað varðandi skattalöggjöf launþegum til handa þegar fyrrv. ríkisstj. tók við völdum. Þetta er auðvitað bara misminni, hv. þm. hefur ekkert meint með þessu. Þetta er bara eins og hvert annað misminni og leiðréttist auðvitað hér með. Og það er alveg óruggt mál, að fyrst hv. þm. er ekki búinn að biðja um orðið aftur, en búið er að gera þessa aths. og leiðréttingu, þá er hann samþykkur henni og því ástæðulaust að ræða þetta frekar. Sannleikurinn er auðvitað sá, að sú skattalöggjöf, sem var í gildi eftir 12 ára setu hv. 9. þm. Reykv. í ríkisstj., var verulega óhagstæð launþegum í landinu. (GÞG: Miklu betri en þessi löggjöf.) Miklu betri en þessi, já. Ég held að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason ætti að kynna sér þetta betur áður en hann lætur fullyrðingu frá sér fara, því að það er vitað — og það veit hv. þm. — að breytingin, sem gerð var á þinginu 1972, var til bóta. Þó að vissulega væri ekki nógu langt gengið — það skal viðurkennt — í átt til þess að leiðrétta það rangláta skattalagakerfi, sem viðreisnarstjórnin kom á, þá var vissulega gengið verulega í átt til þess að leiðrétta það einmitt gagnvart launþegum. En það voru aðrir hópar í þjóðfélaginu, sem höfðu betri aðstöðu undir þeim skattalögum, sem giltu í tíð viðreisnarstjórnarinnar, heldur en þeim, sem giltu eftir að fyrrv. ríkisstj. tók við völdum. Og þar er fyrst og fremst átt við hin fjölmörgu fyrirtæki í landinu sem verið hafa og eru enn að verulegu leyti — það skal undirstrikað — skattlaus.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, því að mér heyrðist að núv. hæstv. samgrh., fyrrv. fjmrh., sem stóð að breytingunni á skattalögunum frá 1972, ætli sér að gera aths. við ummæli hv. 9. þm. Reykv. Efast ég ekki um að hann skýri satt og rétt frá því sem þar hefur gerst, og ég skal því ljúka máli mínu. En ég ítreka það sjónarmið mitt, að ekki á að bjóða Alþ. það né ætlast til þess, að það afgreiði lagabálk sem þennan á svo stuttum tíma sem fyrirsjáanlegur er — ég tala nú ekki um ef einnig á að afgreiða frv. um staðgreiðslukerfi skatta samtímis. Slík vinnubrögð eru ekki bjóðandi Alþ. á þeim stutta tíma sem nú er fyrirhugað að eftir sé af þinghaldinu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er fjarri mér að halda því fram, að þau lög, sem voru sett um tekju- og eignarskatt á árunum 1972—1974, hafi verið svo fullkomin að þar hafi ekki verið breytinga þörf. Það væri afskaplega fráleitt ef ég héldi því fram, vegna þess m. a. að þegar ég hætti sem fjmrh. var ég búinn að láta vinna mikið verk í því að endurskoða og breyta heildarlöggjöf skattamála. Þess vegna vil ég segja það í upphafi máls míns nú, að ég tel, að því leyti sem ég hef kynnt mér þetta mál, að hér sé um breytingar til batnaðar að ræða. Ég teldi það mjög illa farið, ef þetta frv. að lögum um tekju- og eignarskatt yrði ekki afgreitt nú á þessu hv. Alþ., þó ég skuli viðurkenna að seint er að staðið. Það væri mjög illa farið ef á þriðja kjörtímabili og þrem ríkisstj. tækist ekki að breyta þessari heildarlöggjöf.

Það var nú svo, að þrátt fyrir að hv. 9. þm. Reykv. hefði setið í ríkisstj. samfleytt í 15 ár, lengur en nokkur annar Íslendingur hefur setið í ríkisstj. samfleytt, þá var þannig ástatt í þjóðmálunum á eftir, að ýmislegt þurfti að bæta. M. a. voru skattalögin, sem sú ríkisstj., sem hann sat í, setti með þeim hætti að á þeim þurfti að gera endurbætur og þær verulegar. Og það er nú svo enn í dag, að stofni til búum við nú við þau lög.

Þær breytingar, sem voru gerðar á skattalögunum 1972, voru ekki hugsaðar til frambúðar nema að mjög takmörkuðu leyti. Hins vegar er ég jafnsannfærður um það nú og ég var þá, að þær voru til bóta. M. a. voru þær nauðsynlegar vegna þess að þá höfðu verið gerðar breytingar á ellilaunum og öryrkja. Þær breytingar gerðu það að verkum, að lækka varð meira skatta á eldra fólkinu en lögin höfðu upphaflega gert ráð fyrir, vegna þess að þessar breytingar skiluðu þessum þegnum meiri tekjum en áður hafði verið.

Ég ætla ekki að fara út í langar umr., en ég vil líka minna á að það voru mín síðustu verk í skattamálum, sem fram komu á Alþ., að breyta lögunum frá 1972 með samkomulagi við stéttarfélögin í landinu, ASÍ, og einmitt um lækkun á tekjuskatti. Þá var svo komið fyrir þeirri ríkisstj., sem ég var þá fjmrh. í, að hún hafði ekki þingmeirihluta til þess að koma þessari breytingu fram. Hún hafði ekki heldur möguleika til þess að lækka tekjuskattinn nema fá aftur á móti

hækkun á söluskatti. M. a. var það af því að þessi ríkisstj. hefði orðið að lækka tolltekjurnar til þess að standa við EFTA-samninginn. Það féll í minn hlut sem fjmrh. að ákveða að við samninginn yrði staðið, jafnvel þó að þáv. stjórnarandstaða hefði meinað mér að koma í gegn breytingum á hv. Alþ. í tekjuöflun í söluskatti til þess að mæta þessum tekjumissi. Hins vegar var það svo, að til þess að hægt væri að koma í gegn hækkun á söluskattinum til þess að verða við ósk félaga í ASÍ, þá varð að gera samkomulag við aðra en þá sem ríkisstj. studdu. Og þeir, sem ég gerði samkomulag við, voru Alþfl.-mennirnir undir forustu hv. núv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, og hv. þáv. 5. þm. Vesturl., Benedikts Gröndals. Við báða þessa aðila samdi ég til þess að tryggja að hægt væri að lækka tekjuskattinn að ósk þessara aðila, en þá að ná tekjum aftur af söluskatti. Ég hafði fyrir því fyrirheit, m. a. og fyrst og fremst hv. 9. þm. Reykv. núv., að það samkomulag, sem ég næði við ASÍ-mennina, skyldu þeir samþykkja. Þetta fyrirheit hafði ég. Og áður en ég fór á fund ASÍ-manna til þess að ræða þessi mál, þá talaði ég við þáv. hv. 5. þm. Vesturl., Benedikt Gröndal, vegna þess að hv. 9. þm. Reykv. var þá erlendis — aldrei þessu vant og var hann ekki þá farinn að halda fyrirlestra um landbúnaðarmál eins og hann er farinn að gera nú, en það sýnir að framför hefur orðið mikil hjá þessum hv. þm. þó að mikilhæfur væri fyrir. Ég talaði þá við varaformanninn og hann endurtók að þetta hefði verið samþykkt af þingflokki Alþfl., Karl Steinar Guðnason færi með umboð fyrir þá á ASÍ-þinginu og það sem hann féllist á mætti ég treysta að fengi staðist.

Nú skal ég ekki fara að rekja þessa sögu lengur, því að samkomulag náðist á ASÍ-þinginu. En það var á málinu brotalöm þegar það kom á hv. Alþ. Það veit ég að hv. 9. þm. Reykv. man. Og það urðu mér vonbrigði, að samkomulagið, sem ég hafði náð við forustumenn og þingheim á ASÍ-þinginu, skyldi ekki standa þegar ég kom með það á hv. Alþ. Hins vegar til þess að bjarga því sem bjargað varð komst ég einu skrefi skemmra en ég hafði náð samkomulagi um í tekjuáætluninni þar.

Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram að skattalög, sem ég hafði staðið að, hafi ekki haft sína vankanta. Mér hefur aldrei dottið annað í hug en þau væru á þeim tíma gerð til bráðabirgða. Síðan hafa verið gerðar á þeim breytingar og um þessa síðustu breytingu, sem ég hafði forustu um, — ég man nú ekki hvort hv. 9. þm. Reykv. notaði orðið „svívirðilega“, en það var allt að því, — segi ég eins og er, að ég mun ekki telja mér það neitt til vansæmdar að hafa náð samkomulagi við ASÍ-menn um slíka breytingu. Og ég held að hv. þm. muni yfirleitt ekki gera það og telja mig fullsæmdan af því, að það skuli verða minn síðasti þáttur í skattamálum á hv. Alþ. sem fjmrh. sem ég þá stóð að. Hins hefði ég óskað, að þá hefði verið hægt að ljúka við endurskoðun á þessari skattalöggjöf í heild, því að til þess bar brýna nauðsyn. En það fór sem fór, að ekki var þingfylgi fyrir því. Þess vegna hef ég sagt það oft í ríkisstj. og endurtek það hér, að ég mun leggja áherslu á að þetta skattafrv. nái fram að ganga á þessu hv. Alþ. áður en því er lokið. Ég óttast, ef það dagaði uppi nú, að þá geti sagan kannske endurtekið sig, því að það er svo, þó að ekkert sé annað, að hraðinn í þjóðlífi okkar er það mikill að það sem er gott í dag er ekki orðið jafngott á morgun. Þess vegna er ekki nema eðlilegt, að þegar mannaskipti verða í embætti eins veigamikils og fjmrh.-embætti, þá breytist viðhorf til þeirra mála, sem um er fjallað.

Mér er fullkomlega ljóst að hæstv. núv. fjmrh. hefur lagt mikla vinnu í að vinna að þessari skattalöggjöf sem nú er til meðferðar. Og það er ekkert undarlegt, þótt það hafi tekið sinn tíma fyrir hann eins og mig, eins og er þegar menn koma í nýtt starf slíkt sem þetta, að meðhöndla þessi mál. Ekki síst er ástæða til að líta á það, að jafnhliða því sem ég hætti sem fjmrh. hætti þáv. ráðuneytisstjóri um skeið og kom raunverulega ekki til starfa nema um stuttan tíma á þessu kjörtímabili. Hann var sá maður í fjmrn. sem var þessum málum best kunnugur og hefði auðvitað, ef hann hefði verið þar áfram að störfum, getað hraðað því að koma þessum málum áfram. Þetta er m. a. ein ástæðan fyrir því, að svo seint hefur gengið, en auðvitað einnig margvísleg sjónarmið sem hafa komið upp á þessum árum.

Nú skal ég ekki orðlengja þetta. Ég vil aðeins endurtaka að þær breytingar, sem voru gerðar á skattalögunum þau ár sem ég var fjmrh., voru til bóta, ekki síst fyrir þá sem lægstar tekjur höfðu. M. a. sé ég í ræðu, sem ég hélt að rætt er sérstaklega um lækkanir á sköttum hjá öldruðum og öryrkjum sem voru þá gerðar. En hitt er ljóst, að þessi mál eru eins og annar þáttur efnahagsmála, þar er engin eilífðarlausn á ferðinni. Mér er alveg ljóst einnig, að þetta frv. er að stofni til það gott og það mikil bót frá því sem núv. skattalög eru, með öllum þeim breytingum sem á þeim hafa verið gerðar, að það ber brýna nauðsyn til þess að frv. nái fram að ganga. Það mun þó koma á daginn, að þessu skattafrv. þarf að breyta eins og öðrum þáttum skattamála fyrr en seinna, þegar reynslan sýnir, hvernig til hefur tekist, en það er ekkert nýtt.

Ég lít svo á í sambandi við staðgreiðslukerfið, að enn þá lengri tími sé síðan farið var að vinna að því máli. Ég minnist þess frá sveitarstjóraárum mínum, þá sat ég í nefnd sem fjallaði um þann þátt mála, og það hefur verið svo, að hik hefur verið á mörgum að gera þessa breytingu. M. a. hika menn vegna þess, hvernig til tókst hjá frændum okkar Dönum þegar þeir breyttu yfir í þetta kerfi, en á Norðurlöndunum hefur það gefist misjafnlega vel. Nú mun þó hafa tekist að komast yfir ég held veigamestu þættina í þeim veilum sem þar fundust. Hins vegar sýnist mér að það mundi ekki saka þó að afgreiðsla þess máls biði haustsins, þar sem gildistakan er svo rúm sem gert er ráð fyrir.

Nú skal ég ekki hafa þessi orð fleiri, nema endurtaka það, að ég varð að gera samkomulag við hv. 9. þm. Reykv. og hans flokk til þess að koma fram síðustu breytingum á tekjuskattslögunum. Og þó að þær yrðu ekki á þann

veg sem ég hafði vonast til, þá voru þær samt til bóta. Það skal tekið fram. Og ég endurtek líka, að brýn nauðsyn er að koma þessu skattalagafrv. í gegnum hv. Alþ., vegna þess að það hefur margt gott inni að halda. Ég er alveg sannfærður um að kostirnir eru langt umfram veilurnar, þótt einhverjar kynnu að leynast þar.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki vikjast undan því, að frv. það, sem hér er til umr., kemur seint fram á þessu þingi. En ég á von á að þeir, sem eru nokkuð vel að sér í skattamálum og hafa unnið að þeim á undanförnum áratugum, geri sér grein fyrir hversu mikið og erfitt verk hér er um að ræða og þá sér í lagi þegar gerð er till. um kerfisbreytingu eins og er í sambandi við þessi tvö frv. sem eru til umr. á þessum fundi. Ég vildi gjarnan þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað þrátt fyrir þá annmarka, hversu seint frv. koma fram, þeirra skilning á því, að nauðsynlegt er að skattalög verði sett áður en þessu þingi lýkur. Jafnframt þakka ég undirtektir hæstv. landbrh. sem ég reyndar vissi um. Ég vonast til þess að nefndarstörfin hjá fjh.- og viðskn. geti gengið með þeim hætti, að þessu takmarki verði náð, sem við erum allir þrátt fyrir skiptar skoðanir á vinnubrögðum og e. t. v. einhverjum efnisatriðum sammála um: að skattalöggjöfin verði sett.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 462, n. 564 og 568, 559). — 2. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Ég geri þetta í fjarveru hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar, sem átti að vera frsm. meiri hl. nefndarinnar. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, skilar séráliti þar sem hann lýsir andstöðu sinni við frv. En hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem getur á þskj. 559.

Á fund n. komu fulltrúar frá Verslunarráði Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga og gerðu þar grein fyrir viðhorfum sínum til frv. og brtt. sem þeir óskuðu eftir að fluttar yrðu. Meiri hl. n. hefur tekið sumar þessara till. upp og flytur þær sem sínar till. á þskj. 559. Á aðrar gat meiri hl. hins vegar ekki fallist.

Hér er á ferðinni hið merkasta mál, sem ég vona að nái fram að ganga á þessu þingi. Ég mun ekki ræða frv. sérstaklega við þessa umr., enda var það gert við 1. umr. í þessari hv. d., bæði af hæstv. viðskrh. og öðrum hv. þm. Ég mun hins vegar nú rekja í sem stystu máli þær brtt., sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur.

1. brtt. á þskj. 559 er við 3. gr. frv. og varðar skipan verðlagsráðs. Meiri hl. n. telur ekki ástæðu til að fækka verðlagsráðsmönnum úr 9 í 7, eins og gert er ráð fyrir í frv. Fækkun fulltrúa samtaka atvinnurekenda og launþega verður hvort eð er við það, að tveir verðlagsráðsmanna eru skipaðir af Hæstarétti. Rétt er einnig að taka fram, hvaða samtök skuli eiga rétt til tilnefningar í verðlagsráði, og svo er gert með brtt.

2. brtt. er við 4. gr., 4. málsl. 1. mgr. Hann er svo hljóðandi: „Verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt“, en síðan er bætt við: eftir afmörkuðum reglum, sem ráðið setur. — Það er ekki eðlilegt, að verðlagsráð geti framselt verðlagsstofnun vald sitt án takmarkana. Þess vegna er lagt til að verðlagsráð skuli setja afmarkaðar reglur við slíkt framsal ákvörðunarvalds síns.

3. brtt. er svo við 6. gr. og felur það í sér, að 2. málsliður 2. mgr. falli niður.

4. brtt. er við 8. gr. Þar er um lítils háttar orðalagsbreytingu að ræða, en skiptir þó nokkru máli. Í stað orðanna „Nú hefur verðlagning verið gefin frjáls“ í 2. málsl. komi: Nú er verðlagning frjáls.

5. brtt. er svo við 9. gr., en þar þykir rétt til skýringarauka að taka fram, að ákvæði greinarinnar gildi því aðeins að verðlagsákvörðunum hafi verið beitt, enda hefur hugsunin verið sú.

6. brtt. er við 10. gr. frv. Í 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. er verðlagsráði veitt heimild til að setja reglur um verðlagningu og viðskiptakjör sem það telur nauðsynlegar hverju sinni þegar skilyrði greinarinnar eru fyrir hendi. Þykir rétt að þessar reglur skuli gilda takmarkað tímabil í senn, eftir því sem kostur er, eins og önnur þau úrræði sem um getur í 2. mgr. 8. gr.

Þá er 7. brtt. við 18. gr. Hún er ekki mikilvæg, en hefur þó gildi, þar sem í stað orðsins „hækka“ komi orðið: breyta.

Þá er 8. brtt. við 19. gr. Þar er orðalagi breytt og gert skýrara án þess að stefnt sé að efnisbreytingu.

9. brtt. er við 20. gr., en þar er bætt við nýrri mgr. sem verður 3. mgr. og er svo hljóðandi: „Mat á því, hvort verð og álagning sé ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 12. gr.“ Í greinar frv. vantar ákvæði um það, við hvað á að miða þegar metið er hvort verð og álagning sé ósanngjörn. Þess vegna er þessari mgr. bætt við.

10. brtt. er við 21. gr. Þar er lagt til að bannregla greinarinnar gildi því aðeins að verðlagningin sé frjáls, enda hefur verið til þess ætlast.

11. brtt. er við 22. gr. Þar er breytt einu orði. Í stað orðsins „útboð“ komi orðin: gerð tilboða. Það er gleggra og réttara.

12. brtt. er svo við 25. gr. Meiri hl. n. telur vanta í greinina leiðbeiningar við mat á því, hvenær beri að telja sölusynjun óréttmæta. Hér er þess vegna lagt til að skilgreining verði tekin upp um þetta efni.

13. brtt. er við 38. gr. og þar er bætt við: „Févíti má innheimta með lögtaki.“

14. brtt. er við 42. gr. Þar bætist við: „Endanlega ákvörðun verður að taka innan sex vikna frá því að bann til bráðabirgða var lagt á.“ Það er nauðsynlegt að setja bráðabirgðabanni því, sem greinin fjallar um, einhver tímatakmörk. Þessi brtt. miðar að því.

15. brtt. er svo við 45. gr., en þar eru felld

niður orðin: „svo og um afborgunarskilmála". Það er eðlilegt, að ákvæðin um afborgunarskilmála séu sett í sérstaka löggjöf um afborgunarviðskipti almennt. Þess vegna eiga ákvæði um afborgunarskilmála tæpast heima í frv.

16. brtt. er svo við 48. gr. Eðlilegt er að allar ákvarðanir samkeppnisnefndar megi bera undir dómstóla, einnig ákvarðanir samkv. 18. gr. frv. Þess vegna er felldur niður síðasti málsl. í 48. gr. sem hljóðaði svona: „Ákvarðanir samkeppnisnefndar samkv. 18. gr. er ekki unnt að bera undir dómstóla." Það er hæpið að ákvæði sem þetta standist, og því er lagt til að það verði fellt brott.

17. brtt. er svo við 49. gr. Þar er um tvær breytingar að ræða: annars vegar að fjárhæðum dagsekta séu sett ákveðin mörk, og er miðað við 5000—20000 kr., og hins vegar að verðlagsráð ákveði dagsektir í stað þess að verðlagsnefnd geri það.

18. brtt. er svo við 50. gr. Þar er orðalag gert skýrara, en engin efnisbreyting er þar á ferðum.

19. brtt. er svo við 54. gr. og er umorðun hennar, þar sem talið er upp í skýru máli, hvaða lög falli úr gildi við lögfestingu þessa frv. Þar er ýmsu bætt við það sem áður var í greininni eða það sem er í upphaflega frv., svo sem lögum um launajöfnunarbætur o. fl., lögum um einkasöluheimild landsstjórnarinnar á steinolíu, lögum um heimild til handa ríkisstj. til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., lögum um heimild fyrir ríkisstj. til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda o. fl., lögum um heimild fyrir ríkisstj. til þess að veita einkaleyfi til að flytja út mó og vörur unnar úr mó og selja á erlendum markaði. og lögum um heimild fyrir ríkisstj. til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, þetta eru lög frá 1939, og svo önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög. Kannske sjá einhverjir eftir þessum lögum úr lagasafninu, en við leggjum til, að þau verði afnumin við þetta tækifæri.

Ég hef þá rakið, hæstv. forseti, brtt. meiri hl. n. og hef ekki meira um þetta mál að segja.

Umr. frestað.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 601). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er annað af tveimur, eins og fram hefur komið, sem liður í endurskoðun á skattalögum. frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Upp úr lokum síðari heimsstyrjaldarinnar eða í ársbyrjun 1947 byrjaði að brydda á tali og till. um að stefna bæri að upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi. Í yfirlýsingu ríkisstj. á Alþ. 13. okt. 1965 var tekið fram, að eitt af þeim verkefnum, sem ríkisstj. mundi beita sér fyrir, væri að koma á staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi. Í framhaldi af þessari yfirlýsingu var ríkisskattstjóra, Sigurbirni Þorbjörnssyni, falið að sjá um undirbúning málsins og voru ráðnir honum til aðstoðar þeir Helgi V. Jónsson hrl. og löggiltur endurskoðandi og dr. Gísli Blöndal hagsýslustjóri. Undirbúningsrannsóknir fóru fram á árinu 1966 og hinn 11. okt. 1966 skilaði ríkisskattstjóri skýrslu og grg. til þáv. fjmrh. Magnúsar Jónssonar um þetta mál. Hinn 25. okt. 1966 skipaði fjmrh. 7 manna nefnd embættismanna, fulltrúa sveitarfélaga og þáv. stjórnarflokka. Framkvæmdastjóri nefndarinnar var ríkiskattstjóri og ritari dr. Gísli Blöndal. Nefndin skilaði skýrslu sinni til fjmrh. 14. mars 1967.

Hinn 18. apríl 1967 var á Alþ. samþ. þáltill. þess efnis, að Alþ. kysi 7 manna nefnd er héldi áfram athugun þessa máls og skyldi hún leita álits samtaka sveitarfélaga og helstu samtaka vinnumarkaðarins. Nefndin hélt fyrsta fund sinn hinn 10. maí 1967 og var formaður hennar Ólafur Björnsson prófessor. Guttormur Sigurbjörnsson gegndi störfum ritara. Viðræðunefndir voru skipaðar af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga, launþegasamtaka og vinnuveitenda. Ríkisskattstjóri starfaði með þessari nefnd. Í nál. mþn., sem útbýtt var á Alþ. í jan. 1970, kemur fram að nm. svo og allir aðilar viðræðunefnda, þ. e. fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúar launþegasamtaka og fulltrúar vinnuveitenda, voru fylgjandi upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi í svipuðu formi og fram kom í nál. um skipan staðgreiðslukerfis, en sá hluti nál. var saminn af ríkisskattstjóra með hliðsjón af viðræðum nefndarinnar við greinda viðræðuhópa.

Áður en lengra er haldið þykir mér rétt að ræða örlítið um þá kosti og galla sem talið hefur verið að séu á staðgreiðslu opinberra gjalda, og tel þá upp kostina fyrst:

1. Öryggi gjaldenda, þar sem staðgreiðsla stuðlar að jafnvægi milli skattheimtu eða endurgreiðslu og greiðslugetu gjaldenda á teknaárinu.

2. Innheimta hins opinbera yrði öruggari og janari en nú er.

3. Staðgreiðslan mundi hafa jafnvægisáhrif á efnahagslífið. Unnt yrði að búa þannig um hnútana, að hið opinbera gæti beitt obinberum gjöldum meir í hagstjórnarskyni en hingað til.

4. Álag á launagreiðendur við innheimtu opinberra gjalda mundi minnka verulega frá því sem nú er. Þessi staðhæfing er vitanlega byggð á samanburði við gildandi kerfi hjá þeim launagreiðendum sem framfylgja í einu og öllu gildandi ákvæðum og fyrirmælum um innheimtu opinberra gjalda, um skyldusparnað svo og greiðslu orlofsfjár.

5. Möguleikar á einföldun skattframtala almennra launþega með hliðsjón af þeirri einföldun sem jafnframt er ráðgerð á skattalöggjöfinni, sem segja má að sé nauðsynleg hvort sem er.

Þá komum við að þeim atriðum sem talin hafa verið gallar.

1. Að framkvæmd staðgreiðslu mundi, a. m. k. fyrst í stað, krefjast aukins átaks og kostnaðar hins opinbera. Að vissu marki mundu skattyfirvöld yfirtaka vissar skyldur atvinnurekenda varðandi dreifingu á skilum á innheimtu opinberra gjalda til margra innheimtuaðila.

2. Að gjaldendur töpuðu því hagræði, sem gildir í dag, að geta dregið greiðslur opinberra gjalda

sem lengst, þ. e. allt að hálfu til einu og hálfu ári eftir teknamyndun, eins og nú er. En eins og fram hefur komið hjá launþegasamtökunum telja flestir launþegar mikilvægara að vita, hvar þeir standa á hverjum tíma, og þurfa ekki að reikna með bakkröfum frá hinu opinbera í ríkari mæli en staðgreiðsla gæfi tilefni til.

3. Að staðgreiðsla mundi ýta undir meiri kaupkröfur en ella, þar sem hluti þeirra kauphækkana, sem felast í nýjum kjarasamningum, yrði þegar í stað tekinn af launþegum í hækkuðum sköttum í stað greiðslufrests í gildandi innheimtufyrirkomulagi. Miðað við það horf, sem gerð kjarasamninga virðist hafa færst í að undanförnu í auknum mæli, virðist ekki mikið hald í þessum galla.

4. Að gjaldendur yrðu óþúsari að leggja á sig viðbótarvinnu og heildarframboð vinnuafls mundi því minnka af þeim sökum, þar sem launþegar yrðu strax varir við opinber gjöld í stað gjaldfrests þeirra að öllu óbreyttu.

5. Að gjaldþegnar færu að líta á laun að frádregnum opinberum gjöldum og taka mið af þessum nettólaunum við launakröfur sínar. Þetta mun aðallega geta átt við fámenna starfshópa sem geta að meira eða minna leyti ákveðið kjör sín sjálfir, en getur ekki átt við hinn almenna launamarkað.

6. Afstaða sumra gegn staðgreiðslu hefur mótast af því, að erfiðara sé að koma henni á hér á landi en víða annars staðar vegna atvinnuhátta okkar. Því er til að svara að sömu vandamál og ekki síðri blasa alls staðar við í gildandi innheimtu vegna atvinnuhátta okkar.

7. Afstaða sumra gegn staðgreiðslu hefur mótast af því, að betra sé að endurbæta gildandi kerfi en að taka upp staðgreiðslu. Gildandi kerfi verður aldrei endurbætt að neinu marki. Það byggir nú á og verður ávallt að byggjast á teknamyndun og fjölskylduaðstæðum sem voru fyrir hendi fullu einu eða tæpum tveimur árum áður en fyrirframgreiðsla hófst, en einu og hálfu og allt að tveimur og hálfu ári áður en henni lýkur, enn fremur að innheimta eftirstöðva álagðra gjalda á gjaldárinu byggist á sömu aðstæðum, sem eru þegar orðnar 7—19 mánaða gamlar við upphaf og ein til tveggja ára gamlar þegar lýkur. Sömu vandkvæðin verða nú uppi á teningnum varðandi endurgreiðslu barnabóta að hluta eða að fullu og þátttöku ríkissjóðs í útsvörum.

Í ársbyrjun 1975 fól ég ríkisskattstjóra að gera till. um með hvaða hætti og á hvaða grundvelli framkvæma megi staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi. Till. sínum skilaði ríkisskattstjóri mér í maí 1975. Í samræmi við það verkefni, sem honum var falið, gerði hann beinar till. um þetta efni, án beins eða nánari rökstuðnings. Till. voru því nokkurs konar beinagrind að staðgreiðslukerfi sem ætti eftir að fylla út í og fullkomna við upptöku staðgreiðslu hér á landi.

Till. og grg. ríkisskattstjóra sendi ég 19 aðilum til umsagnar. 4 aðilar svöruðu ekki beiðni um umsögn, einn aðili var andvígur málinu, tveir aðilar blönduðu málinu saman við önnur skattaleg efni og svöruðu því efnislega óljóst, tveir aðilar töldu að ákveðnari hugmyndir um einföldun skattkerfis þyrftu að liggja fyrir, en studdu þó hugmyndina. Af þeim 15 aðilum, sem svöruðu, voru 10 aðilar fylgjandi málinu.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. á Alþ. 3. nóv. s. l. var boðað, að frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda yrði lagt fyrir Alþ., og í ræðu minni við 1. umr. um fjárlög þessa árs á Alþ. 8. nóv. s. l. vísaði ég til þess um þetta mál og taldi ljóst að stefna bæri að upptöku staðgreiðslu skatta í megindráttum með sama sniði og lýst er í skýrslu ríkisskattstjóra sem út kom í maí 1975. Í framhaldi af þessu hefur verið unnið að undirbúningi og samningu þessa frv., sem hér er til umr.

Frv. þetta er samið með hliðsjón af ákvæðum frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem lagt er fram samhliða frv. þessu, af frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sem lagt hefur verið fram, svo og væntanlega frv. til l. um atvinnuleysistryggingar. Þá er við það miðað, að lög nr. 36/1948, um sóknargjöld, verði breytt á þann veg, að sóknargjald reiknist sem hundraðshluti af álögðum útsvörum.

Í sambandi við gildissvið staðgreiðslu samkv. frv. vil ég vekja athygli á því, að innan þess fellur ekki söluskattur sem er í reynd skil innheimtufjár og staðgreitt. Með hliðsjón af væntanlegri athugun á breytingu söluskatts yfir í virðisaukaskatt þótti rétt að halda söluskatti utan við gildissvið staðgreiðslu samkv. þessu frv. þar til ljósari línur kæmu fram um framgang virðisaukaskatts eða breytingu á lögum um söluskatt. Ljóst er að meiri og minni breytingu verður að gera á ákvæðum allra þeirra laga, sem gilda í dag um þá skatta og gjöld sem upp eru talin í 1. gr. frv., að undanskildum tekjuskatti og álagi á hann og því er varðar ákvæði um innheimtu þeirra og í sumum tilfellum um ákvörðun stofns og gjaldstigs.

Gildissvið staðgreiðslu samkv. 1. gr. frv. nær til 13 skatta og gjalda, auk greiðslu orlofsfjár og skyldusparnaðar. Skattar og gjöld samkv. 1.—5. tölulið yrðu allir tengdir tekjum eða gjöldum sem eru álag á þá skatta sem eru tengdir tekjum, og má því gefa þeim samnefnið „tekjuskattar". Ákvörðun fjárhæða orlofsfjár og skyldusparnaðar er nátengd launatekjum. Telja verður að hagræði sé að því fyrir alla aðila, að skil þess fjár tengist staðgreiðslu af launatekjum. Tekjuskattur, orlofsfé og skyldusparnaður eru þeir skattar og innheimtur sem snúa að launþegum og launagreiðendum, en auk launþega í þjónustu launagreiðenda teljast til þessa hóps þeir menn sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi að því marki sem þeim ber að gjalda tekjuskatta og standa skil á skyldusparnaði af því endurgjaldi sem þeir telja sér til tekna og myndar í raun launagrundvöll hjá þeim.

Sköttum og gjöldum samkv. 6.—9. tölul. má gefa samnefnið „launatengd gjöld", þar sem grunnur þeirra er byggður á launagreiðslum launagreiðenda. Ákvörðun greiðslufjárhæðar þessara launatengdu gjalda verður mjög einföld, þegar litið er til frv. um breyt. á l. um almannatryggingar og væntanlegs frv. um breytingar á atvinnuleysistryggingargjöldum.

Gjöldum samkv. 10.—12. tölul. má gefa samnefnið „gjöld tengd rekstrargjöldum", þar sem grunnur þeirra er byggður á rekstrargjöldum

þeirra sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Tekjuskatta þessara aðila og umrædd gjöld verður að áætla fyrir fram og innheimta á staðgreiðsluári með hliðsjón af slíkum áætlunum.

Meginreglur staðgreiðslu eru þær, að um er að ræða bráðabirgðagreiðslu allra gjalda eða greiðsluskyldu allra aðila á opinberum gjöldum, orlofsfé og skyldusparnaði á staðgreiðsluárinu.

Staðgreiðsla opinberra gjalda launþega í víðtækustu merkingu þess orðs byggist á svonefndri „einföldu reglu“ staðgreiðslu, í meginatriðum með notkun skattkorta launþega og skatttaflna fyrir launagreiðendur, á sama eða svipaðan hátt og tíðkast í Bandaríkjunum og Vestur-Þýskalandi.

Í A-hluta III. kafla frv. koma greinilega fram reglur um tilhögun staðgreiðslu launþega sem launagreiðendur sjá um fyrir hönd þeirra. Mun ég í örstuttu máli gera grein fyrir því.

Gerð skattkorta og útsending þeirra til launþega þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs, svo að launþegi hafi skattkort sitt handbært til afhendingar hjá launagreiðanda sínum strax við upphaf þess. Til þess að unnt sé að ná þessu tímamarki verður að byggja á frumgerð þjóðskrár 1. des. þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Frá gerð þjóðskrár til loka ársins má vænta ýmissa breytinga á fjölskyldum sumra launþega vegna giftingar, skilnaðar, barnsfæðinga eða dauðsfalla. Þessar breytingar þurfa að koma fram þannig að leiðrétt skattkort beri með sér réttar upplýsingar um fjölskyldu launþegans í lok þess almanaksárs sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Á sjálfu staðgreiðsluárinu verður hins vegar engin breyting gerð á skattkorti launþega vegna breytinga á fjölskyldustærð hans á því ári. Fæðing barns á staðgreiðsluárinu mundi því ekki veita launþega rétt til barnabóta vegna barns fædds á staðgreiðsluárinu sjálfu. Aftur á móti mun hann fá barnabætur greiddar fyrir barnið á því ári sem það verður 16 ára.

Gerð skatttaflna og útsendingu þeirra til launagreiðenda þarf að vera lokið fyrir upphaf staðgreiðsluárs, svo að þær séu handbærar fyrir lok fyrsta greiðslutímabils á staðgreiðsluári. Skattatöflurnar mundu byggjast á ákvæðum þeirra laga, sem um ræðir í 1.—5. tölul. 1. gr. frv., þ. e. um tekjuskatta, þó með ákveðnum frávikum að því er varðar útsvar, kirkjugarðsgjald og sóknargjald Við athugun á álagningu útsvars 1977 kemur í ljós, að 164 sveitarfélög af 224, eða 73.21%, notuðu álagningarhundraðshluta 10%, 10.5% eða 11%. Þessir álagningarhundraðshlutar útsvars náðu til 95.77% af fjölda útsvarsgjaldenda og til 97.68% af fjárhæð álagðra útsvara á gjaldárinu 1977, sem nemur samtals 13 789 millj. kr. Til þess að unnt sé að komast af með eina skatttöflu fyrir hvern einstakan fjölskyldukjarna og hvert einstakt greiðslutímabil er ráðgert að í skatttöflum verði ávallt reiknað með hámarkshundraðshluta af útsvarsskyldum tekjum samkv. ákvæðum 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Til þess að ná því markmiði að nota sem fæstar skatttöflur og haga staðgreiðslu launþega á sem einfaldastan hátt er gert ráð fyrir að í skatttöflum verði notað sama álag á útsvör við ákvörðun á staðgreiðslu kirkjugarðsgjalda og sóknargjalda og beitt er við álagningu þessara gjalda í Reykjavík á því álagningarári sem næst fer á undan staðgreiðsluári. Skatttöflur þyrftu að vera tvær fyrir hvert einstakt greiðslutímabil, annars vegar tafla fyrir einstaklinga með eða án barna, en til einstaklinga í þessu sambandi telst hvort hjóna um sig, og hins vegar tafla fyrir einstaklinga með eða án barna sem leggja skattkort maka síns inn til launagreiðanda sinna.

Þegar ákvörðun launþega fyrir ákveðið greiðslutímabil er lokið, er orlofsfé ákvarðað eftir því sem við á. Launagrundvöllur er hækkaður eða lækkaður með hliðsjón þar af svo og að teknu tilliti til skattskyldra hlunninda og launatengdra frádrátta. Af þannig leiðréttum launagrundvelli markast staðgreiðsla launþegans á opinberum gjöldum eða réttur hans til endurgreiðslu barnabóta, annars vegar með hliðsjón af skatttöflum greiðslutímabils launanna og hins vegar með hliðsjón af skattkorti launþegans. Á skatttöflum ákveðins greiðslutímabils kæmu fram ákveðnar fjárhæðir launa annars vegar og út frá þeirri launaupphæð í sömu línu skatttöflunnar kæmi fjárhæð þeirra opinberu gjalda, sem halda bæri eftir, eða barnabóta, sem bæri að endurgreiða miðað við þessa launaupphæð annars vegar og fjölskyldukjarnamerkingu á skattkorti launþegans hins vegar.

Í þessum hluta III. kafla frv. koma einnig fram skýrar reglur um hvernig með skuli fara ýmis afbrigði, svo sem ef aðstæður breytast hjá launþega að því er varðar skyldu til sparnaðar eða telji launþegi sig eiga rétt til hærri frádrátta frá tekjum en fastafrádrætti nemur, t. d. vegna vaxtabyrði, sbr. 14. gr. Þá er hægt að fá breytingu á skattkorti til að ná sem mestri nákvæmni milli staðgreiðslu og álagðra tekjuskatta að staðgreiðsluárinu loknu, enn fremur hvernig með skattkort skal fara ef einungis annað hjónanna er launþegi, en hitt hefur engar launatekjur á sama tíma, svo og hvernig ákvarða skuli staðgreiðslu hjá þeim aðilum sem ekki afhenda skattkort sitt til launagreiðandans.

Staðgreiðsla atvinnurekenda og manna, sem hefðu sjálfstæða starfsemi með höndum, byggðist á fyrir fram gerðri áætlun að því er varðaði alla tekjuskatta lögaðila og á þeim hluta tekjuskattamanna sem ekki yrði greiddur af þeim sem launþegum, auk fyrir fram gerðrar áætlunar um greiðsluskyldu gjalda sem tengd eru rekstrargjöldum hjá öllum þessum aðilum. Staðgreiðsla launagreiðenda á launatengdum gjöldum yrði byggð á launagreiðslum, eins og áður getur.

Í B-hluta III. kafla frv. koma greinilega fram þær reglur sem mundu gilda um staðgreiðslu opinberra gjalda atvinnurekenda og eigi þykir ástæða til að rekja hér lið fyrir lið.

Í IV. kafla frv. er fjallað um skil á staðgreiðslu sem byggist fyrst og fremst á ótilkvöddum greiðslum launagreiðenda og atvinnurekenda á því fé sem þeim ber að standa skil á sem skilafé og sem greiðsluskyldri fjárhæð eigin gjalda. Enn fremur er þar fjallað um skilagreinar sem þessum aðilum ber að skila ásamt greiðslu. Þessum aðilum verður gefið val á því að annast greiðslu sína til innheimtumanna ríkissjóðs, þar með

taldar gjaldheimtur, eða inna greiðsluna af hendi í banka, sparisjóði eða á póststöð. Enn fremur er þeim gefið val á því, hvort þeir skili skilagreinum sínum til þessara aðila ásamt greiðslunni eða sendi skilagreinar sínar beint til skattstjóra.

Í V. kafla frv. er fjallað um stjórnun staðgreiðslu, sem alfarið er lagt til að verði undir yfirstjórn ríkisskattstjóra. Þar er ítarlega fjallað um skyldur ríkisskattstjóra, m. a. útgáfu reglna og leiðbeininga fyrir launþega, launagreiðendur og atvinnurekendur um notkun gagna og eyðublaða, en eitt mikilvægasta atriðið í allri framkvæmd er að þessum aðilum sé ljóst hver sé réttur þeirra og skyldur. Enn fremur er þar fjallað um skyldur skattstjóra. Svo og er þar að finna ákvæði um eftirlits- og rannsóknarheimildir skattyfirvalda, sem fela fyllilega í sér kvöð á skattyfirvöldum um að veita upplýsingar og ráðgjöf og gera fyrirbyggjandi ráðstafanir engu síður en eftirlits- og rannsóknarheimildir vegna gruns um brot á reglum þeim sem launagreiðendum og atvinnurekendum ber að fara eftir. Áríðandi er gott samstarf milli launagreiðenda og atvinnurekenda annars vegar og skattyfirvalda hins vegar um farsæla og örugga framkvæmd staðgreiðslunnar.

Í VI. kafla frv. er fjallað um viðurlög og innheimtu þeirra ásamt vanskilafé hjá launagreiðendum og atvinnurekendum. Þá innheimtu mundu innheimtumenn ríkissjóðs, þar með taldar gjaldheimtur, annast. Enn fremur er hér um að ræða viðurlög vegna vanrækslu á tilkynningarskyldu launagreiðenda og atvinnurekenda svo og viðurlög vegna vanrækslu greiðsluskila og skila skilagreina sem innheimtumenn ríkissjóðs, bankar, sparisjóðir og póststöðvar hafa móttekið frá launagreiðendum og atvinnurekendum eða innheimt hjá þeim. Viðurlög eru stíf, sérstaklega hjá þeim aðilum sem eigi standa í skilum á skilafé, þ. e. hjá launagreiðendum á því fé sem þeir hafa haldið eftir af launum launþega.

Í VII. kafla frv. er fjallað um skiptingu á innheimtufé staðgreiðslu sem bráðabirgðagreiðslu til rétthafa þeirra skatta og gjalda sem falla innan gildissviðs staðgreiðslunnar.

Í VIII. kafla er fjallað um álagningu þeirra skatta og gjalda sem falla innan gildissviðs staðgreiðslunnar, en álagningu þeirra skulu skattstjórar annast ásamt álagningu eignarskatts með álagi til Byggingarsjóðs ríkisins. Enn fremur er fjallað um uppgjör staðgreiðslu, þ. e. a. s. ákvörðun greiðslustöðu hvers og eins gjaldanda með hliðsjón af álagningu samkv. skattskrá annars vegar og staðgreiðslu hans á staðgreiðsluárinu hins vegar, en hún skal gerð af ríkisskattstjóra.

Að loknu uppgjöri á greiðslustöðu gerir ríkisskattstjóri innheimtuskrá fyrir þær gjaldheimtur, sem reynast skulda skatta og gjöld, og sendir þær til innheimtu hjá innheimtumönnum ríkissjóðs að því er varðar þinggjöld, en til innheimtumanna sveitarsjóðs að því er varðar sveitarsjóðsgjöld (útsvör og aðstöðugjöld).

Reynist gjaldandi eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu sinni ganga þær fyrst upp í vangoldin þinggjöld hans eða maka hans frá fyrri árum, ef fyrir hendi eru, síðan upp í vangoldin sveitasjóðsgjöld hans eða maka frá fyrri árum, ef fyrir hendi eru, og að lokum til beinnar endurgreiðslu til gjaldandans sjálfs ef einhverjar eftirstöðvar eru enn fyrir hendi. Við slíka skuldajöfnun reiknast ekki dráttarvextir á ógoldin gjöld nema til loka næsta árs á undan endurgreiðslu. Skuldi gjaldandinn engin þinggjöld eða sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum fær hann endurgreiðsluna greidda að fullu ásamt 1.5% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 1. jan. á endurgreiðsluári.

Í IX. kafla frv. er fjallað um innheimtu og ábyrgð þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda, sem innheimta skal samkv. áðurgreindum innheimtuskrám. Enn fremur er fjallað um innheimtu og ábyrgð þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda vegna breytinga skatta og gjalda samkv. upphaflegri skattskrá. Þessi ákvæði eru í meginatriðum þau sömu og í gildi eru varðandi innheimtu þinggjalda og sveitarsjóðsgjalda í dag.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir því frv. sem hér er til umr. Ég leyfi mér að vonast til þess að þetta frv. eins og um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, að fjh.- og viðskn. beggja þd. starfi saman og til þeirra verði kallaðir þeir aðilar sem gerst þekkja þau mál, sem hér er um fjallað, og að þeim hafa unnið.

Ég leyfi mér svo að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 80. fundur.

Miðvikudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Sáttastörf í vinnudeilum, frv. (þskj. 604. — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Tilgangur þessa frv. er að stuðla að friðsamlegri lausn á vinnudeilum með auknu sáttastarfi. Árið 1925 voru sett lög um sáttatilraunir í vinnudeilum. 1938 voru þau lög felld inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur með nokkrum breytingum. Það mun hafa verið árið 1926 sem sáttasemjari ríkisins var fyrst skipaður. Það var dr. Björn Þórðarson, síðar forsrh., og hann gegndi því starfi frá 1926—1942. Jónatan Hallvarðsson, síðar hæstaréttardómari, gegndi starfinu frá 1942-1945 og Torfi Hjartarson tollstjóri frá 1945 og gegnir því starfi enn. Allir þessir sáttasemjarar hafa notið óskoraðs trausts, jafnt launamanna sem vinnuveitenda, fyrir samviskusemi, þrautseigju og réttsýni.

Núv. sáttasemjari ríkisins, sem þannig hefur gegnt því starfi í meira en þrjá áratugi, hefur sinnt því með sérstökum sóma og við allra traust. En sáttasemjarastarfið hefur alla tíð verið aukastarf við hliðina á annasömu embætti. Það er nú vissulega orðið tímabært að gera starf ríkissáttasemjara að fullu starfi. Kjaramálin eru svo umfangsmikill og mikilvægur þáttur í þjóðlífinu, að æskilegt er að ríkissáttasemjari geti

helgað sig þeim alfarið. Starf ríkissáttasemjara þarf því að gera að föstu starfi, aðalstarfi. Það er nauðsynlegt að sáttasemjari sé sjálfstæður og óháður embættismaður og hafi aðstöðu til að haga störfum sínum svo, að hann njóti fulls trúnaðar hjá báðum aðilum vinnumarkaðsins. Það þarf að búa svo að starfinu, að þessum tilgangi verði náð.

Sáttasemjari þarf að vera að verki árið um kring, fylgjast að staðaldri með ástandi atvinnumála og þróun í launamálum. Aðilar eiga að geta leitað aðstoðar hans og fyrirgreiðslu á hvaða stigi mála sem er, þótt ekki hafi enn slitnað upp úr samningaumleitunum eða vinnustöðvun verði boðuð. Eins er æskilegt að sáttasemjari geti boðið fram aðstoð sína og milligöngu hvenær sem er, þótt ekki sé í hnút komið.

Meginefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er því þetta, að starf sáttasemjara verði aðalstarf, að á hann verði lögð ríkari skylda en nú er til að hefjast handa um sáttastörf og enn fremur að honum verði fengið starfslið.

Þetta frv. mundi koma í staðinn fyrir III. kafla vinnulöggjafarinnar frá 1938, og eins og skýrt er í grg., bæði almennum aths. og sérstaklega aths. við hverja einstaka grein þá eru flest ákvæði þess efnislega óbreytt frá því sem er í núgildandi lögum.

Þetta frv. snertir ekki nein þau réttindi, sem núgildandi lög veita stéttarfélögunum. Gert er ráð fyrir því, að ríkissáttasemjari verði skipaður til fjögurra ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Þess skal gætt, að afstaða hans sé slík, að telja megi hann óvilhallan í málum launþega og vinnuveitenda, eins og segir í 1. gr. frv.

Þá er einnig gert ráð fyrir að skipa varasáttasemjara til fjögurra ára í senn. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum, en starf hanns verður að sjálfsögðu aukastarf. Hann fer aðeins með störf ríkissáttasemjara, þegar hann er forfallaður, og verður honum einnig til aðstoðar þegar þörf krefur. Þá er gert ráð fyrir að ríkissáttasemjari geti skipað aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér slík störf.

Það hefur oft komið fram á undanförnum árum, að bæði fulltrúar verkalýðssamtakanna og fulltrúar atvinnurekenda hafa lýst áhuga sínum á því, að slík breyting yrði gerð sem þetta frv. felur í sér. Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir og takist að afgreiða það með fullu samkomulagi, enda um það fullt samstarf við aðila vinnumarkaðarins.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur lagt fram frv. um breytingu á lögum um sáttastörf í vinnudeilum, þ. e. a. s. sett verði sérstök lög, sem snerta þann kafla gildandi laga um stéttarfélög og vinnudeilur, er sérstaklega snerta störf sáttasemjara. Ég á ekki von á því, að af hálfu verkalýðshreyfingarinnar verði gerðar aths. við það eða haft á móti því, að starf sáttasemjara sé gert að aðalstarfi og honum sköpuð betri aðstaða til að rækja störf sín. Ég vek hins vegar athygli á því, að efni frv. er viðtækara en þetta, þar sem sáttasemjara er veittur viðtækari réttur til afskipta af vinnudeilum en er í gildandi lögum, eins og berlega er viðurkennt í grg. Er því ljóst að hér er hreyft mjög viðkvæmu máli, sem athuga verður vandlega áður en það kemur til afgreiðslu.

Það kom ekki skýrt fram í ræðu hæstv. ráðh., *a. m. k. ekki í því af henni sem ég heyrði,* — ég missti að vísu af upphafsorðum ræðunnar, — að haft hefði verið samráð við miðstjórn Alþýðusambands Íslands eða aðra aðila vinnumarkaðarins um efni frv., enda þótt ég efist ekki um að einhverjir fulltrúar þessara aðila hafi verið látnir vita um að frv. þetta væri á döfinni. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla efnislega frekar um þetta mál, en vildi leggja ríka áherslu á það, vegna þess að ég á ekki sæti í þeirri hv. n. sem fær málið til meðferðar, að málið verði að sjálfsögðu sent til umsagnar aðilum vinnumarkaðarins og þá sérstaklega verkalýðshreyfingunni og það verði ekki afgreitt, þrátt fyrir þann skamma tíma sem nú er til ráðstöfunar til þingloka, öðruvísi en álit þessara aðila liggi fyrir.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með þessu frv. eru engin réttindi verkalýðsfélaga á nokkurn hátt skert, eins og ég tók fram áðan. Þegar sagt er í grg. frv., að aukinn sé réttur sáttasemjara til afskipta af vinnudeilum, þá *felst í því í rauninni eingöngu það sem leiðir af* því, að hann verður starfandi að staðaldri og mun þess vegna fylgjast betur með aðdraganda vinnudeilna og hefur rétt til þess að óska upplýsinga, kynna sér mál og beita áhrifum sínum til sátta fyrr en hingað til hefur gerst.

Ég vil líka taka fram, að það hefur ekki verið ætlunin að afgreiða slíkt frv. sem þetta nema í fullu samráði við og með samþykki verkalýðshreyfingarinnar. Hins vegar teldi ég ákaflega mikilvægt, þar sem ég ætla að viðtæk samstaða sé um frv. við aðila vinnumarkaðarins, að tækist að afgreiða það og lögfesta á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til félmn. með 17 shlj. atkv.

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 597 (sbr. 573)). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Árið 1972 voru sett lög um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og nokkur breyting gerð á þeim á árinu 1974. Sum ákvæði þessara laga, svo sem um *fjáröflun og fjárstyrk úr ríkissjóði, voru ákveðin* til 5 ára og er því nauðsynlegt að gera nýjar ákvarðanir af Alþ. hálfu um nokkur þau atriði sem þannig voru tímabundin í lögunum.

Þetta frv. fer fyrst og fremst fram á það, að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins sé áfram tryggt fé til sinnar mikilvægu starfsemi. Er gert ráð fyrir að það sé fyrst og fremst gert með fullvinnslugjaldi af söltuðum grásleppuhrognum, söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum, sem flutt eru til útlanda, svo og útfluttu

lagmeti. Þetta fullvinnslugjald skal vera 3% af fob-verði áðurnefndra hrogna, en 1% af fob-verði lagmetis, eins og segir í 3. gr. frv.

Þetta frv. var lagt fyrir hv. Nd. og var samþ. þar með nokkrum breytingum, eins og fram kemur á þskj. 523, 573, 574 og 597.

Frv. fylgir það ítarleg grg., að ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, en ég vil aðeins taka það fram í sambandi við 3. gr. og vildi beina því sérstaklega til hv. iðnn. sem málinu verður væntanlega vísað til, að við prentun á þskj. 574, þ. e. upprentun á brtt. frá hv. iðnn., hefur fallið niður setning sem þar átti að vera og var flutt af iðnn.: „Af fullvinnslugjaldi á grásleppuhrogn skal Þróunarsjóður lagmetis greiða ⅓ hluta til samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.“ Þannig hafði þetta verið flutt af hálfu iðnn., sbr. þskj. 523, en af einhverjum ástæðum hefur þessi setning fallið niður í síðari prentun. Vil ég beina því til n., að hún taki upp þessa leiðréttingu. En við meðferð málsins varð það að samkomulagi við þessi umræddu Samtök grásleppuhrognaframleiðenda, að þau fengju þriðjung af þessu fullvinnslugjaldi.

Ég vænti þess, að frv. þetta hljóti góðar undirtektir í þessari hv. d., og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. iðnrh., að þessu frv. fylgir löng og glögg grg. um ýmislegt er snertir framkvæmd laganna s. l. 5 ár og nokkra áætlun fram í tímann, einkum þrjú næstu árin. Einnig atvikaðist það svo, að hann svaraði mjög glögglega fyrir nokkru fsp. í Sþ. frá mér varðandi þessi mál. Vakti ég þar sérstaka athygli á því, að framlag þeirra manna hringinn í kringum landið, er framleiða grásleppuhrogn, var orðið mun meira en úr ríkissjóði og frá lagmetisiðnaðinum sjálfum. Það er því sérstök ánægja að sjá að það vandamál, sem upp er komið, skuli vera hugleitt, að leggja þetta ekki að mestum hluta til á ákveðinn hóp manna sem samtímis hefur þannig verið settur í þjóðfélaginu að næstum hver einasti þeirra hefur engra réttinda, skulum við orða það, eða möguleika notið til að fá stofnlán út á sínar litlu fleytur.

Mér er kunnugt um að margir þessara manna hafa sótt um lán úr Fiskveiðasjóði og fengið synjun. Mér er einnig kunnugt um að nokkrir hafa með aðstoð hæstv. sjútvrh. fengið lítils háttar fyrirgreiðslu og ber að þakka það. Hins vegar vil ég jafnframt að athugað sé og það sé á hreinu hér á þingi, að þessir menn eigi kost á einhverri fyrirgreiðslu og einhverjum stofnlánum sem fást hér á landi, því að þegar framleiðsla þessara manna fer að nema mikið á annan milljarð og þeir eru taldir hafa svo breið bök að þeir geti greitt milljónatugi í uppbyggingu á öðrum iðnaði, sumir mundu segja óskyldum, aðrir mundu segja tengdum, þá tel ég fulla ástæðu til þess, að þessir menn eigi kost á bæði rekstrarlánum og stofnfjárlánum. En ég fullyrði að almennt séð er ekki um það að ræða — alls ekki. Það er orðið nokkuð dýrt að koma upp einu grásleppuneti, það mun kosta allt að 8 þús. kr. Og menn verða að koma upp veiðarfærum, þó að þetta sé ekki stórt úthald, sem kosta frá 500 þús. upp í rúma millj. kr. Þetta leggja menn ekki til úr eigin vasa fyrirhafnarlaust. Ég vil að gaumgæfilega sé athugað, að þessir aðilar eigi möguleika á að fjármagna rekstur sinn eins og aðrir þeir er leggja þjóðarbúinu mikið til, gegn eðlilegum tryggingum auðvitað, í víxilformi eða einhverju öðru.

Ég sakna þess í þessu frv., að engin kvöð er lögð á ríkissjóð. Hann er undanþeginn öllu. Ég tel það alveg einstakt. Ég man ekki í augnablikinu að nokkur önnur stór iðngrein hafi ekkert að sækja í ríkissjóð. Ég held að Fiskveiðasjóður, Iðnlánasjóður, Byggðasjóður og ýmsir aðrir sjóðir fái allir meira og minna frá ríkissjóði. Það er auðvitað ánægjulegt, ef fyrst og fremst hrognakarlar hafa svo breið bök að þeir geti lyft þessu öllu saman og borið það með sóma. En ég tel að það sé ekki óeðlilegt, ef niðursuðuiðnaðurinn á að vera í slíku gildi sem áætlunin gerir ráð fyrir í framtíðinni, að ríkissjóður a. m. k. liðsinni þessari uppbyggingu, svo að ekki sé meira sagt. Það væri aðeins vottur um almennan skilning að efla þessa iðngrein, sem jafnan á marga formælendur í munni, en fáa í verki, að sýna nú lit á því, að eitthvað kæmi frá almenningi í landinu. Ef þessi iðngrein er svona mikilvæg, sem ég dreg ekki í efa að hún á að vera og muni verða, þá er eðlilegt að ríkissjóður veiti þessari grein iðnaðar styrk til uppbyggingar alveg eins og öðrum.

Það eru hér miklar áætlanir á döfinni. Farið hafa fram gífurleg húsakaup og fínt skrifstofuhúsnæði er til reiðu, mjög stórt og myndarlegt, og má koma þar mörgum mönnum inn í viðbót til að efla sölustarfsemi. Þess er því að vænta, að stofnunin, sem hefur nú á annað hundrað millj. í eigin fé til ráðstöfunar, þar með talið húsnæði, geti sýnt að aukning í kílóatölu verði á þeim vörum er hún leggur niður. Ég tek varlega það sem sagt hefur verið um krónutöluaukningu, að hún hafi tvöfaldast, því að gengið er svo breytilegt. Þó að það sé óskylt dæmi, vil ég nefna frétt sem fyrir allmörgum árum kom frá fyrirtæki einu. Það hafði aukið útflutning sinn um 100% — við nánari athugun var það úr 4 millj. í 8 millj. Talan var auðvitað 100%, — alveg eins og þegar þekktur íþróttamaður jók stöðu sína um 100%, frá neðsta sæti í næstefsta sæti, á ákveðnu íþróttamóti. Svona tölur segja ekki alla söguna. Við þurfum að fá aðeins meiri innsýn í hvað tölurnar tákna.

Ég skal ekki tefja þessar umr. þar sem dagskráin er mjög löng. Aðeins, þar sem ég á ekki sæti í iðnn., legg ég á það áherslu, að því verði slegið föstu með bréfum frá viðkomandi rn., að þessir menn muni ekki greiða 6% útflutningsgjöld af sínum vörum — alls ekki, og þetta verði hið eina stofngjald sem verði lagt á þessa menn, þ. e. fullvinnslugjaldið á vörur þeirra. Einnig legg ég á það áherslu að eitthvað verði bætt úr, svo að þessir menn eigi möguleika á að fá einhver stofnlán, segjum ákveðna krónutölu á hverja smálest, þessir bátar eru yfirleitt undir 8 tonnum svo að það er ekki um stóra upphæð í hverju tilfelli að ræða, og gegn hóflegum eða réttmæt-

um tryggingum eigi þeir möguleika á að fá smávíxla til að kaupa veiðarfæri og jafnvel umbúðir, því að nú kostar gráslepputunnan um 4000 kr. og síldarútvegsnefnd selur ekkert nema gegn staðgreiðslu. Þurfi menn að kaupa 10-20 tunnur, jafnvel allt að 50 tunnum, þá þarf allmiklu fé að snara út fyrir það. Það er þess vegna í æðimörg horn að líta. En svo á að leggja allt þetta á þessa menn, sem eru dreifðir um landið og ekki allir komnir í samtök. Þó að þau séu fyrir hendi í dag og aukning innan þeirra vébanda, þá er það sama. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða, og fyrst þessir menn eru metnir gildir sem greiðendur að stórum álögum, þá tel ég að það sé siðferðileg skylda að sýna þessum mönnum ákveðinn trúnað á móti.

Það mætti fjalla mun meira um þessa grg., sem hér er, og allar áætlanir sem þar eru settar fram. Það mætti óska glöggra upplýsinga um starfsemina í New York, sem á að kosta tugi millj. og hefur kostað stórfé, og það mætti spyrja um ýmislegt annað. En það er með þetta frv. eins og mörg önnur, þetta er keyrt í gegn á síðustu dögum þingsins og allar svona upplýsingar tefja fyrir málinu. Þess vegna beini ég því til nm., að þeir forvitnist nú nokkuð um það sem er að gerast, kalli forsvarsmenn þessara samtaka á sinn fund og fái glögga yfirsýn yfir þá áætlun sem hér er nokkuð gerð grein fyrir í grg., hvert stefna eigi með nýskipan þessara mála samkv. þessu frv. og nýjum lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

Herra forseti. Ég læt þetta nægja að sinni, en fáist ekki nægilegar upplýsingar hjá n. seinna kann ég að grafast betur fyrir um málið og biðja um viðbótarupplýsingar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir aths. hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar varðandi tímasetningu þessa frv. Ég hefði talið ákaflega æskilegt, að frv. hefði komið fyrr fram, og hafði raunar vænst þess, að okkur yrði sparaður tími, því að von var á þessu frv., vitað var að það mundi koma fram núna, — okkur yrði sparaður tími í iðnn. með sameiginlegum fundum þar sem við ættum þess kost að ræða við forsvarsmenn þeirra úr hrognkelsasamtökunum og hlýða á álit þeirra á þessu máli. Nú þykist ég hafa sannfrétt að forsvarsmenn hrognaframleiðenda hafi tekið allvel undir þetta frv., þeir telji að hér sé hlutur þeirra bættur frá því sem áður var, þegar tekin voru af þeim 6% til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins, eins og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði, án þess að hrognaframleiðendur fengju neitt í staðinn. Þeim þykir sá kostur betri sem nú verður upp tekinn, að þetta gjald verði lækkað í 3% og samtök þeirra í einni eða annarri mynd fái 1% til sinna þarfa.

Ég hygg að meiri hl. hv. dm. sé þeirrar skoðunar, að upp á Alþ. standi nú að tryggja áframhaldandi starfsemi Sölustofnunarinnar með einhverjum hætti. Oráðlegt væri að bregða fæti fyrir stofnunina nú, því að ljóst er af þeim upplýsingum, sem frv. fylgja, og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja, að nú er þó þrátt fyrir allt að rofa dálitið til fyrir þessari stofnun og að hún er líkleg til þess, ef gifta vill, að gera okkur býsna mikið gagn þegar til lengdar lætur.

Ýmislegt mætti segja um útflutninginn á grásleppuhrognum frá Íslandi. Þó ég taki undir það, sem Jón Árm. Héðinsson sagði um stopulleika prósentunnar sem upplýsingamiðils, þá leyfi ég mér að geta þess, að haft er fyrir satt að Íslendingar ráði yfir allt að 90% af grásleppuhrognaframleiðslu heimsins. Við höfum flutt verulegan hluta, langmestan hluta af grásleppuhrognunum út söltuð, þar sem keppinautar okkar um markaðinn hafa síðan lagt hrognin niður í neysluumbúðir og selt. Hið allra æskilegasta væri náttúrlega að við flyttum ekkert af þessum hrognum út öðruvísi en í neytendaumbúðum. Bráðnauðsynlegt er fyrir okkur að haga útflutningi hráefnisins, á meðan við enn flytjum hráefnið út, á þann veg, að síst verði til tjóns fyrir Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og þar af leiðandi alveg bráðnauðsynlegt að sem best samstarf verði á milli samtaka þeirra hrognkelsaveiðimanna og Sölustofnunarinnar. Mikið vantar á að fyrir hendi sé efnahagslegur grundvöllur og viðskiptalegur fyrir því að leggja öll þessi grásleppuhrogn niður í dósir nú þegar hér heima. En hugsanlegt væri að hemja framboðið á grásleppuhrognunum héðan með tilliti til heildarhagsmunanna, hemja framboðið t. d. með þeim hætti að tryggja lán út á söltuð grásleppuhrogn þannig að hægt væri að geyma þau óseld á landi hér og auðvelda með þeim hætti að komast hjá offramboði á markaðnum og stuðla að því að farið verði að leggja grásleppuhrognin niður í þeim mæli hérlendis að við getum haft raunveruleg áhrif á heimsmarkaðsverðið. Ef í ljós skyldi koma að við gætum náð sömu heildartekjum til grásleppuveiðimanna okkar með því að skera aflamagnið niður um helming og spara þannig bæði net og tíma og aðra kostnaðarliði við útgerðina, þá væri ekki til einskis unnið, sérstaklega með tilliti til þess, að við höfum ástæðu til þess að ætla að hrognkelsin séu ofveidd nú með þeirri stundun, sem tíðkast hefur upp á síðkastið, og með þeirri stundun, sem blasir við að verði með hækkandi verði á grásleppuhrognunum.

Ég styð frv. að svo komnu máli með fyrirvara og óska þess, að við fáum þrátt fyrir nauman tíma, tækifæri til þess að afla okkur upplýsinga í n. í líkingu við þær sem Jón Árm. Héðinsson drap á áðan. Ég mun að öðru leyti láta atfylgi mitt við frv. ráðast af þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil taka undir þann hluta í málflutningi hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar, að grásleppuveiðimenn hafa verið afskiptir á marga vegu í þessu landi. Og að mínu viti er rétt núna, þegar aftur er hreyft við lögum um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, að vekja athygli á vissum þáttum í því sambandi. Ég hefði t. d. talið eðlilegt, að Samtök grásleppuhrognaframleiðenda fengju fulltrúa í stjórn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins. Það er mjög óeðlilegt að þeir séu látnir bera þarna uppi stóran kostnað öðrum fremur, án þess að eiga stjórnar-

aðild. Ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. líti á það með velvild, því að ég hygg að ástæðan, að þeir voru ekki inni í dæminu upphaflega, sé fyrst og fremst sú, að þá höfðu þeir engin samtök sín á milli.

Jafnframt virðist mér að ekki sé óeðlilegt að allir hrognaframleiðendur á Íslandi sitji við sama borð, því að tvímælalaust er Sölustofnun lagmetisiðnaðarins ætlað meira hlutverk en að glíma við niðursuðu á grásleppuhrognum einum. Það væri t. d. eðlilegt að tekinn væri skattur af loðnuhrognum og hann væri sá sami og af söltuðum grásleppuhrognum. Með því móti mætti lækka þann heildarskatt sem hér er um að ræða, reikna þetta einfaldlega út, til þess að niðurstöðuupphæðin yrði sú sama og gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel, að hér sé um réttlætismál að ræða, og vænti einnig að tekið verði á því með fullum skilningi.

Við eitt atriði í 2. gr. þessa frv. vil ég líka gera vissa aths. Þar er lagt til, að iðnrh. sé heimilt að fela Iðnaðarbanka Íslands hf. daglegan rekstur sjóðsins samkv. sérstökum samningi. Að mínu viti finnst mér eðlilegra að opinberir sjóðir séu ávaxtaðir í bönkum sem íslenska þjóðin á öll sem heild. Í þessu sambandi get ég ekki varist þeirri hugsun, að þar sem þetta er sjávarútvegsiðnaður væri eðlilegra að sjóðurinn yrði ávaxtaður í Útvegsbankanum og bendi hér með á það.

Ég vil svo í lok máls míns geta þess, að ég tel að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins sé að sinna mjög þörfu og merku verkefni í þessu landi, þ. e. a. s. að við hættum að flytja úr landi óunna vöru og náum því stigi sem þróaðar iðnaðarþjóðir eru komnar á, en það er að flytja fyrst og fremst fullunna vöru úr landi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frv. (þskj. 605). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 605 er frv. til laga um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur. Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, er sú að komið hefur fram á Búnaðarþingi og hjá bændasamtökum og fleiri aðilum, að eftirlit með þessari framleiðslu og sölu á þessum vörum væri ekki sem skyldi. Til eru eldri lög um sum af þessum atriðum, en þau eru ekki talin fullnægjandi svo að fullkomið eftirlit væri með þessu í heild. Sérstaklega er það að því er varðar áburð.

Frv. þetta, sem hér liggur fyrir, hefur verið samið af Hauki Jörundssyni skrifstofustjóra í landbrn. ásamt Óttari Geirssyni ráðunaut og Rögnvaldi Friðjónssyni eftirlitsmanni.

Ekki er gert ráð fyrir að þetta frv. hafi í för með sér kostnað, því gert er ráð fyrir að þeir framleiðsluaðilar, sem eftirlit er haft með, annist þann kostnað sem af því leiðir, en ríkissjóður ekki.

Ég hef ekki sett þetta mál á skrá með þeim frv. sem ég óskaði eftir að afgreidd yrðu á þessu þingi. Hins vegar er málið með þeim hætti, að ég tel að það muni ekki valda neinum deilum og æskilegt væri að það gæti orðið afgreitt, en tíminn verður að ráða því. Það fjallar sérstaklega um eftirlit með áburði sem hefur verið talin brýn nauðsyn að koma á, en hefur ekki verið, og svo að fá í eina löggjöf þessa þætti sem framleiðslu og sölu varða. Það er hin mesta nauðsyn og þess vegna er frv. flutt.

Ég sé ekki ástæðu til að halda um frv. langa ræðu, því það skýrir sig sjálft ásamt þeirri grg. sem fylgir. Legg ég til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn. Væri ég að sjálfsögðu þakklátur ef n. sæi sér fært að hraða afgreiðslu þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Búnaðarfræðsla, frv. (þskj. 367). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 367 er frv. til laga um búnaðarfræðslu í landinu. Þegar þetta frv. var lagt fram í hv. Nd. gerði ég ítarlega grein fyrir málinu og enn fremur fylgir frv. mjög ítarleg grg. Þetta mál hefur verið alllengi á leiðinni og farið í gegnum margfaldar endurskoðanir frá því að farið var að vinna að því á árinu 1973. Nú er það hins vegar von mín og ósk, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Aðalatriði frv. eru þau, að bætt er úr þeim göllum, sem eru á gildandi lögum um búnaðarfræðslu, og við þau aukið svo sem reynslan og kröfur þar að lútandi segja til um. Gert er ráð fyrir að lengja hið almenna bændaskólanám, og enn fremur er gert ráð fyrir því, að átt geti sér stað námskeið sem bændur njóta eftir að þeir hafa áður notið náms á búnaðarskólum eða vegna starfs síns. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að sérhæfing geti átt sér stað við þessa skóla meiri en nú er. Þá er þar ákvæði sem mundi styrkja stöðu Hólaskóla, en nauðsyn ber til að styrkja stöðu hans.

Í þessu frv. er svo ákvæði um að búvísindadeildin á Hvanneyri, sem hét upphaflega framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, á að halda nafni en við hann starfi búvísindadeild og allar kröfur um kennslu, bæði er varðar inntöku inn í deildina og eins kennara er starfa við deildina, séu gerðar þær sömu og til Háskóla Íslands. Það var ekki álit þeirra, sem um hafa fjallað, að rétt væri að fara að fella þessa starfsemi inn í starfsemi Háskóla Íslands. Ég átti viðræður við núv. rektor Háskóla Íslands um þann þátt mála og taldi hann að væri fjarri lagi að gera það, heldur að halda starfseminni áfram við Bændaskólann á Hvanneyri eins og verið hefði. Ekki síst bæri að gera það þar sem erlendir háskólar væru farnir að virða námið frá búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri á sama hátt og háskólanám væri. Þannig hafa Íslendingar, sem hafa komið úr búvísindadeildinni á Hvanneyri,

farið í framhaldsnám í erlendum háskólum, náð þar góðum árangri og notið þar fullra réttinda.

Það ber brýna nauðsyn til að setja þessi lög núna og festa þau ákvæði, sem hafa verið laus í reipunum í þessari starfsemi, og enn fremur að breyta nokkuð til um búfræðinámið sjálft, eins og gert er með þessu lagafrv.

Kostnaður af lagafrv. þessu er ekki neitt sem máli skiptir. Hann fer eftir ákvörðunum á hverjum tíma um kennaratölu og þær framkvæmdir sem kynnu að verða á staðnum, en þar hefur átt sér stað mikil uppbygging á síðustu árum og hún mun halda áfram hvernig sem þessari starfsemi verður hagað. Ég vil endurtaka það, að hér er um að ræða að Bændaskólinn á Hvanneyri verði áfram sú stofnun sem hann hefur verið í tveim deildum, þ. e. búfræðideild og búvísindadeild, en hún jafngildir háskólanámi.

Í sambandi við frv. þetta vil ég geta þess, að skýrara þykir í sambandi við 3. gr. frv., þegar talað er um búfræðslunefnd þá sem skipa á, að kveða á um það, hver skuli bera kostnað af starfsemi nefndarinnar. Þó að frv. færi óbreytt í gegnum hv. Nd. tel ég rétt að þetta verði gert skýrt, að þeir, sem tilnefna í þessa nefnd, hafi kostnað hver af sínum fulltrúa. Enn fremur tel ég réttara að festa í 21. gr. frv. að skipa skuli aðalkennara, eins og talað er um, auk þess aðstoðarkennara eftir ákvörðun landbrn., en þar komi til viðbótar: að fengnum till. skólastjóra og deildarstjórnar og samkv. lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, er þar vitnað í lög nr. 97/1974. Skólastjórinn ræður svo stundakennara. Þetta mundi ég biðja hv. landbn. að taka inn í frv. nú, því að ég tel að það muni ekki breyta neinu um afgreiðslu þess þó að það þyrfti að fara til einnar umr. í hv. Nd. — Þar var alger samstaða um frv. En það er rétt að skýr ákvæði séu um þetta í frv. og þess vegna mun ég óska eftir þessari breytingu.

Eins og ég sagði áðan, flutti ég um þetta mál ræðu í hv. Nd. og grg. með því er skýr. Þess vegna mun ég ekki hafa fleiri orð um frv. í hv. Ed., en fer fram á það, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn. Ég endurtek, að ég treysti n. að vinna það fljótt að málinu að það nái afgreiðslu á þessu hv. Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Samningur milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 509). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 415, n. 581, 582). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Flmn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð sjómanna, sem er á þskj. 189. Eins og fram kemur í grg. frv. er efni þess fólgið í því að veita heimild til þess að mega lána úr lífeyrissjóðnum til félagsmanna án þess að um 1. veðrétt sé að ræða. N. mælir með því, að þetta frv. verði samþykkt, en leggur fram á þskj. 582 brtt. við 4. tölul. 1. gr., en eins og frv. kom frá Nd. er komist þannig að orði: „Í vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans.“ Félmn. leggur til, að 4. tölul. hljóði svo: „Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða, sem starfa samkv. lögum, þ. á m. veðdeild banka.“

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

ATKVGR.

Brtt. 582 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 494, n. 583). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Efni þess er hið sama og í hinu síðasta frv., þ. e. a. s. að breyta ákvæðum um veðrétt. Leggur n. einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 495, n. 584). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Efni frv. til l. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð barnakennara er hið sama og hinna tveggja fyrri. Félmn. hefur fjallað um þetta mál eins og hin og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Sömu nm. voru fjarverandi við afgreiðslu þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, frv. (þskj. 496, n. 585). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Hera forseti. Frv. til laga um breyt. á lögum nr. 16 1965, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, var fjórða frv. um lífeyrissjóði sem félmn. fjallaði um. Hún mælir með því, að

frv. verði samþ. eins og hin fyrri. Fjarverandi afgreiðslu þess voru þeir **Axel Jónsson og Helgi** F. Seljan.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 531, n. 607). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961. Eins og það frv. var afgreitt frá Nd., þá er efni þess um þá breytingu á kosningu sveitarstjórnarmanna, ef kosning er óhlutbundin, að kosning aðal- og varamanna skuli fara fram samtímis, en kjörseðli skuli skipt í tvennt þannig að fái menn atkvæði í sæti varamanns skuli þau ekki gilda við kosningu í sæti aðalmanns, en hins vegar njóta varamenn þeirra atkvæða sem þeir fá í sæti aðalmanna.

Félmn. fékk á sinn fund ráðuneytisstjóra í félmrn. og að lokinni athugun málsins leggur hún eindregið til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381, n. 608). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962. Efni þessa frv. er í samræmi við þá breytingu sem síðasta frv. fjallaði um, um breyt. á sveitarstjórnarlögum. Leggur félmn. til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni, frv. (þskj. 323, n. 606). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. til l. um kaupstaðarréttindi handa Selfosskauptúni er komið hingað frá Nd. Frv. er flutt að beiðni hreppsnefndar Selfosshrepps sem hafði gert um það samþykkt með samhljóða atkv. allra hreppsnefndarmanna að æskja þess, að þm. Suðurlandskjördæmis beittu sér fyrir flutningi frv. um þetta efni og framgangi þess á þingi.

Félmn. fékk ráðuneytisstjórann í félmrn. til fundar við sig og fékk hjá honum upplýsingar varðandi efni frv., sem hann taldi vera í samræmi við venjulega afgreiðslu hliðstæðra mála eins og þau hafa þróast hin síðari ár.

Umsagnir höfðu borist til félmn. Nd. frá sambandi sunnlenskra sveitarfélaga, sem ekki tók afstöðu til frv., svo og frá sýslunefnd Árnessýslu sem mælir gegn frv. eins og það er og leggur til að því verði breytt. Að athuguðu máli töldu nm. í hv. félmn. Ed. ekki fært að taka till. sýslunefndar upp, enda þótt ýmsir nm. lýstu áhyggjum sínum yfir þeirri þróun mála sem virtist vera afleiðing af því, að sveitarfélög skuli ekki öll hafa sömu réttarstöðu. Sú staða hefur leitt til skipulagslausra breytinga á samvinnu sveitarfélaga víða og breitt um landið. Það er mál sem vissulega þarf að taka til endurskoðunar í heild og það heldur fyrr en seinna, en varðar ekki þetta frv. sérstaklega. Hins vegar voru allir nm. sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og það liggur hér fyrir. Selfosshreppur er með rúmlega 3 þús. íbúa og er áttunda stærsta sveitarfélag utan Reykjavíkur. Það má því segja að kaupstaðarrétt hafi ýmis sveitarfélög fengið á undanförnum árum sem stóðu fjær því en Selfosshreppur þegar litið er til stærðarmarka hans.

Eins og segir í nál. á þskj. 606, þá leggur félmn. til að frv. verði samþykkt óbreytt. Voru allir nm. á fundi þegar sú ákvörðun var tekin.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að leggjast gegn því frv. sem hér er til meðferðar, um kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni. Aðeins vildi ég nota tækifærið til að koma þeirri skoðun minni á framfæri, að ég hef nokkrar áhyggjur af því, hvernig þróun mála hefur verið í sambandi við hina hraðvaxandi tilhneigingu til þess að veita þéttbýliskjörnum víðs vegar um landið kaupstaðarréttindi. Ég held að hér sé á ferðinni þróun sem væri rétt að gefa nánari gaum áður en lengra er haldið. Mér finnst að í okkar fámenna þjóðfélagi geti það leitt til óþurftar ef við gerum of mikið að því að skilja sundur sýslufélögin og stjórn þeirra með því að veita kaupstaðarréttindi hverjum þéttbýliskjarna sem nær svo og svo hárri íbúatölu og nær þannig að vissu leyti sérstöðu í sambandi við ýmis atvinnuskilyrði, þjónustustarfsemi og annað. Þá hef ég í huga einnig þegar verið er að framkvæma lagasetningu eins og hér til umr., hvort ekki beri einnig að gefa því gaum, að lögsagnarumdæmi væntanlegs kaupstaðar sé stækkað — eða réttara sagt að fleiri sveitarfélög verði þá sameinuð um leið, þannig að lögsagnarumdæmi væntanlegs kaupstaðar verði nokkru stærra en þess hreppsfélags sem í það og það skiptið er verið að ræða um að veita kaupstaðarréttindi. Ég nefni sem dæmi þessu máli mínu til stuðnings, að ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að þegar lög voru á sínum tíma afgreidd um kaupstaðarréttindi fyrir Dalvík, þá hefði að mörgu leyti verið miklu meiri hagkvæmni í því að láta lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupstaðar ná einnig yfir núverandi Svarfaðardalshrepp.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, herra

forseti, þá ætla ég ekki að standa gegn þessu frv. og mun ekki gera neina tilraun til þess að tefja framgang þess, aðeins þótti mér rétt að láta þessa skoðun mína og sjónarmið koma fram við þessa umr. málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 612). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og flestum er kunnugt hefur þróun heilbrigðismálaþjónustu orðið mjög ör á Íslandi á síðustu áratugum, en þó hefur ýmsum þáttum heilbrigðisþjónustunnar ekki verið sinnt sem skyldi. Þar kemur margt til, bæði aðstöðuleysi og enn fremur skortur á sérhæfðu fólki til starfa. Þannig held ég að fróðir menn séu almennt sammála um að of lítið hafi verið gert fyrir þann hóp sem liðið hefur vegna heyrnarmeina, svo ekki sé talað um þann hóp sem liðið hefur vegna talmeina. Hvað snertir heyrnarmein sérstaklega hafa þó verið starfandi hér á landi ýmsir aðilar sem sinnt hafa þessu verkefni. Má þar nefna háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans, heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og starfsemi félagsins Heyrnarhjálpar, en það félag hefur verið rekið af sjálfboðaliðum og hefur félagið unnið ómetanlegt starf sem sannarlega ber að þakka. Þannig má segja hvað snertir heyrnarmeinin að hafi verið um töluverða þjónustu að ræða. Hefur almannatryggingakerfið tekið þátt í þessari þjónustu eins og annarri þjónustu sem hefur verið um að ræða og undir þau lög fellur. En hvað snertir talmein sérstaklega er ekki hægt að segja hið sama. Þar hefur ekki verið um auðugan garð að gresja hvað snertir samfélagslega hjálp. Er mjög brýnt að úr verði bætt og það sem fyrst.

Með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, skipaði ég 4. mars 1977 nefnd sem hafði það hlutverk að gera tillögur um skipulagt samstarf háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og félagsins Heyrnarhjálpar. Enn fremur var nefndinni falið að gera heildartillögur um framtíðarfyrirkomulag talmeina- og heyrnarþjónustu og skipulag heyrnarmálefna hér á landi. Í nefndinni áttu sæti Björn Önundarson tryggingayfirlæknir, sem jafnframt var formaður, Hallgrímur Sæmundsson yfirkennari, Stefán Skaftason yfirlæknir, Erlingur Þorsteinsson yfirlæknir og Birgir Ás Guðmundsson heyrnarfræðingur.

Nefndin tók þegar til starfa og viðaði að sér gögnum. Innan um það bil þriggja mánaða hafði hún skilað af sér störfum í formi heildartill. um framtíðarfyrirkomulag talmeina- og heyrnarþjónustu og skipulag heyrnarmálefna á landinu. Að þessum tillögum fengnum ákváðum við í heilbr.- og trmrn. að útbúa frv. til l. um heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Var frv. að miklu leyti byggt á till. þessarar nefndar. Áður en að fullu var gengið frá frv. þessu, sem hér liggur fyrir, var það sent til umsagnar landlæknis og lýsti hann sig fyllilega sammála frv. og svo hafa reyndar allir þeir aðilar gert sem starfað hafa að þessum málum á undanförnum árum.

Það var álit heilbr.- og trmrn., að ekki væri annað fært en að skipa fyrir um þessi mál með lögum, bæði vegna þeirrar samræmingar, sem þeim er ætlað að hafa í för með sér, og þess kostnaðar, sem af þeim mun leiða, jafnvel þótt hann sé í dag að langmestu leyti greiddur úr ríkissjóði.

Frv. gerir ráð fyrir því, að ríkið starfræki stofnun með þessu nafni. Gert er ráð fyrir því, að við stofnunina starfi yfirlæknir, sérmenntaður í heyrnarfræði og sé hann í fullu starfi og annist faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar á að vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunar skulu vera heyrnar- og uppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki. Til þess að stofnunin þjóni þegar frá öndverðu þeim tilgangi, sem henni er ætlað, þarf að vera tryggt, að það starfslið, sem ég nefndi áðan, starfi við stöðina. Með hliðsjón af því er valin sú óvenjulega leið að tíunda næstum allt starfsfólk stöðvarinnar.

Gert er ráð fyrir að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði 90% af rekstrarkostnaði og sveitarfélögin 10%, en það er sama hlutfall og lengst af hefur verið. Endalust má deila um hvort þetta sé heppilegri rekstrarleið, en benda má á að allur kostnaður vegna heyrnartækja er greiddur og hefur verið greiddur til þessa af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Gert er ráð fyrir því hér, að þessu verði haldið áfram hvað snertir allan þennan rekstur í samræmi við þær reglur sem sjúkratryggingadeildin greiðir eftir til sjúkrahúsanna. Skipting greiðslna milli sveitarfélaga færi þá eftir nánara samkomulagi þeirra á milli.

Með stofnun slíkrar heyrnar- og talmeinastöðvar er gert ráð fyrir því, að starfsemi félagsins Heyrnarhjálpar og heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur verði sameinuð, en rekstur háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans haldi áfram. Enn fremur er gert ráð fyrir að þessi nýja stofnun taki yfir öll þau tæki sem félagið Heyrnarhjálp og heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur hafa undir höndum, eftir nánara samkomulagi við þá aðila um kaup og kjör.

Eitt af aðalmarkmiðum þessarar stofnunar hlýtur að vera að tryggja að á boðstólum séu ávallt fullkomnustu tegundir heyrnartækja og annarra hjálpartækja. Einnig þarf að tryggja að viðgerðarþjónustu verði sem best háttað.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um efnisatriði þessa frv., en vísa til frv. sjálfs og þeirrar grg. sem fylgir með því og skýrir frv. að öllu leyti.

Herra forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi, frv. (þskj. 575). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um breytingu á lögum 33 frá 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, en þrátt fyrir ákvæði þeirra laga gerir þetta frv. ráð fyrir því, að sjútvrh. sé heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi ef íslenskt skip verður fyrir verulegum áföllum vegna bilana eða skip verður dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað. Um heimild til veiða og löndunar á þó að fara eftir sömu reglum og gilda um íslensk skip, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í sérstökum reglum sem ráðh. er heimilt að setja við veitingu leyfis um veiði og landanir hins erlenda skips.

Þessi breyting á lögum frá 1922 er ákaflega þröng, eins og orðalagið gefur til kynna. Frv. er flutt með það fyrir augum, að þegar skip verður fyrir áfalli, áhöfn tvístrast og ekki er hægt að fá skip í þess stað, þá *megi* sjútvrh. veita slíkt leyfi um takmarkaðan tíma, eins og t. d. út vertíð eða ef vélaskipti eða önnur viðgerð á að fara fram á viðkomandi skipi, þá á meðan sú viðgerð fer fram.

Ég mundi, þegar ég fylgdi þessu frv. úr hlaði í Nd., tvö dæmi. Loðnuveiðiskipið Sigurður hilaði alvarlega fyrir loðnuvertíðina í vetur, eitt af afkastamestu loðnuveiðiskipum íslenska flotans. Ef slík heimild hefði verið fyrir hendi hefði verið hægt að leyfa útgerð þess skips og áhöfn að taka erlent skip á leigu á meðan vélaskipti fara fram á Sigurði. Annað óhapp kom fyrir íslenskt skip, Jón Finnsson. Vélin hrundi rétt í byrjun vertíðar. Sama hefði verið gert undir þeim kringumstæðum. Sama getur einnig komið fyrir þar sem jafnvel eitt skip er svo að segja grundvöllur atvinnulífs, hvort sem það er á minni eða stærri stöðum. Þá er eðlilegt að slík heimild sé fyrir hendi. En þessi heimild á auðvitað aldrei að vera notuð á þann veg, að það eigi að fjölga skipum og auka sókn í fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

Í Nd. var gerð breyting á upprunalegri grein frv., sem varð til þess að taka af öll tvímæli. Bætt var við: „enda verði leiguskipið með íslenskri áhöfn", en fram kom í grg. að til þess var ætlast. Hafði ég síst á móti því, að slík breyting yrði gerð. Jafnframt var bætt við: „búið líkum útbúnaði og með sambærilegri veiðigetu".

Þessi þröngu ákvæði, sem verið hafa og verða auðvitað áfram, gera það að verkum, að útlendingar hafa mjög hvatt menn til þess að sækja á um að fá skip flutt inn. Þegar hefur verið reynt að draga verulega úr innflutningi skipa, og má segja að nú hafi ekki, sennilega í 10 mánuði, verið veitt leyfi til innflutnings á skipum erlendis frá og aðeins örfá skip ókomin sem leyfi hafa, þá verður þessi heimild auðvitað til þess einnig að draga úr því, því að víða er hægt að fá skip á leigu ef slík óhöpp eiga sér stað eins og ég hef hér nefnt. Það getur jafnvel kostað heil byggðarlög eða stóra hópa af verkafólki atvinnumissi ef hvergi er hægt að fylla í skarðið með skipum þeim sem fyrir eru innanlands. Þess vegna er þetta frv. flutt, til þess að þessi heimild sé í lögum.

Í Nd. var fullkomin samstaða um þetta mál með fulltrúum allra flokka, enda var leitað til allra þingflokka, áður en frv. var flutt, til að samstaða gæti náðst um málið. En ég endurtek að ég tel að þessari heimild verði að beita með mikilli varkárni og gefa aldrei erlendum aðilum neitt undir fótinn með það, að hægt sé að komast á bak við þessa heimild. Þess vegna er hún orðuð eins þröngt og þm. sjá í þessu frv.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. (þskj. 512, n. 586). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Félmn. hefur rætt frv. þetta, sem er um breyt. á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og mælir með því samhljóða að það verði samþykkt. Þegar frv. var afgreitt voru þeir fjarverandi Axel Jónsson og Helgi F. Seljan.

Ég tel ekki þörf á því að ræða efnisatriði frv., en tel rétt að geta þess, að n. ræddi efni þess við Hallgrím Dalberg ráðuneytisstjóra sem mælti með frv. og taldi rétt að ákvæði þess fengju lögfestingu þar sem öll önnur gjöld en lóðaleiga og tunnuleiga, sem innheimt er sameiginlega með fasteignaskattsseðli, eru tryggð með lögveði í eign.

Félmn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Leigumálar og söluverð landa Reykjavíkurkaupstaðar, frv. (þskj. 513, n. 587). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. Til fundar við n. kom Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri og taldi hann rétt að lögfesta ákvæði þess, taldi þau hvergi stangast á við önnur lög.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um efnisatriði frv. Flm. þess, hv. 12. þm. Reykv., lýsti greinilega ákvæðum þess og nauðsyn þess að gera þá breytingu á gildandi lögum um ákvörð-

un leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Þegar frv. var afgreitt í félmn. voru fjarverandi þeir Axel Jónsson og Helgi F. Seljan, en n. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, frv. (þskj. 603). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. og ég leyfum okkur að flytja frv. til laga um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarness.

Frv. til l. um breyt. á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar og til fullnustu ákvæði í 8. gr. samnings þessara aðila frá 20. febr. 1976 sem lagður er fram sem fskj. með frv.

Aðalatriði samningsins eru að Reykjavíkurborg afsalar til Seltjarnarneskaupstaðar 40 þús. fermetrum lands við vesturmörk borgarinnar og jafnframt fær Seltjarnarneskaupstaður lögsögu yfir því landi. Um þetta eru nánari ákvæði í 1. og 2. gr. samningsins á fskj. I, en auk þess hafa aðilar síðar komið sér saman um nánari mörk hins tiltekna landssvæðis, svo sem gert er ráð fyrir í 1. gr. samningsins, þannig að til viðbótar áður greindum 40 þús. fermetrum lands falla um 4550 fermetra úr landi borgarinnar við Nesveg undir lögsögumörk Seltjarnarneskaupstaðar, en jafnmargir fermetrar bætast hins vegar við lögsögu borgarinnar í landræmu á Eiðsgranda. Auk þeirra húsa, sem talin eru upp í 3. gr. samningsins og falla samkv. honum undir lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar, fellur íbúðarhúsið Sindri því undir lögsögu kaupstaðarins.

Með 3. gr. samningsins tekur Seltjarnarneskaupstaður að sér allar kvaðir um uppgjör við eigendur húseigna sem flytjast úr lögsögu borgarinnar ef fjarlægja þarf mannvirki af skipulagsástæðum.

Samkv. 4. gr. samningsins tekur kaupstaðurinn við öllum skuldbindingum sveitarfélags, þ. á m. framfærsluskyldum, við þá íbúa Reykjavíkur sem flytjast milli lögsagnarumdæma. Um þetta atriði fjallar 3. gr. frv.

Eyjarnar Viðey, Engey og Akurey, sem verið hafa innan lögsögumarka Seltjarnarness, verða samkv. ákvæðum samningsins og 2. gr. frv. hér eftir í lögsögu Reykjavíkur.

Herra forseti. Aðdragandi samningsins frá 20. febr. 1976, sem með frv. þessu er leitað staðfestingar Alþ. á því er tekur til breytinga á lögsögumörkum, var alllangur. Samningaviðræður stóðu yfir í tæp 5 ár, en að vísu með hléum. Að vel athuguðu máli hafa samningsaðilar báðir orðið ásáttir um breytingar þær á lögsögumörkum sem frv. fjallar um og til viðmiðunar voru hafðar forsendur að skipulagsvinnu beggja vegna lögsögumarkanna á Eiðsgrandasvæðinu svo og landfræðileg lega eyjanna þriggja. Ég sé því ekki ástæðu til að orðlengja um ákvæði frv., en legg áherslu á, að það verði afgreitt frá hinu virðulega Alþ. fyrir þinglok. Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég hef sent til félmn. kort sem skýrir betur þá hnitpunkta sem getið er um í 1. gr. frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 81. fundur.

Miðvikudaginn 19. apríl, að loknum 80. fundi.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 640). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 494). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 646).

Lífeyrissjóður barnakennara, frv. (þskj. 495). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 647).

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, frv. (þskj. 496). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 648).

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 531). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 649).

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 381). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 650).

Kaupstaðarréttindi til handa Selfosskauptúni, frv. (þskj. 323). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 651).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. (þskj. 512). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Leigumálar og söluverð landa Reykjavíkurkaupstaðar, frv. (þskj. 513). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samkeppni, verðmyndun og samruni fyrirtækja, frv. (þskj. 312, n. 524). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Til fjh.- og viðskn. var vísað frv. til l. um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja á þskj. 312.

Fjh.- og viðskn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. vildi að svo stöddu ekki taka efnislega afstöðu til málsins þar sem nú liggur fyrir Nd. frv. um verðlag og samkeppnishömlur o. fl. Það er 245. mál á þskj. 462, flutt af ríkisstj. Það frv. fjallar að nokkru leyti um sama efni. Meiri hl. fjh.- og viðskn. þótti óeðlilegt að afgreiða þetta mál fyrr en því frv. hefði verið vísað til n. og leggur því til að þessu máli verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, þar sem flm. frv. og einn nm., Albert Guðmundsson, óskaði eindregið eftir því að það væri afgreitt nú þegar frá n. Rökstudda dagskráin er á þskj. 524 og hljóðar þannig:

„Þar sem fyrir Alþ. liggur frv. frá ríkisstj. um sama efni, á þskj. 462, telur deildin ekki rétt að afgreiða frv. á þskj. 312 efnislega að sinni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds skrifa ekki undir þessa rökstuddu dagskrá og munu gera grein fyrir afstöðu sinni við umr. málsins.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég finn mig tilneyddan til þess að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með það nál. sem liggur frammi á þskj. 524 frá meiri hl. fjh.- og viðskn., en eins og kom fram hjá frsm. n. afgreiðist þetta frv., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 312, til laga um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja, með rökstuddri dagskrá á þeim forsendum, eins og þar kemur fram, að fyrir Alþ. liggi frv. frá ríkisstj. um sama efni á þskj. 462. Það frv., sem nú er til umr. í Nd., til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti ráðgerir breytingu á gildandi verðmyndunarreglum og innleiðir einnig ný ákvæði um samkeppni milli fyrirtækja. Jafnframt er breytt lögum um óréttmæta verslunarhætti frá 1933 og sett inn nokkur ákvæði sem varða viðskipti neytenda við fyrirtæki. Frv. þetta fjallar því að mörgu leyti um svipað efni og þetta frv. sem ég flyt að tilhlutan Verslunarráðs Íslands um samkeppni, verðmyndun og samruna fyrirtækja. Sé hins vegar grannt skoðað kemur í ljós að munurinn á þessum tveimur frv. er mikill. Ég vil í fáum orðum gera grein fyrir því, í hverju munurinn er aðallega fólginn.

Í því frv., sem ég flyt, er aðalreglan sú, að verðmyndun skuli vera frjáls ákvörðun einstakra fyrirtækja. Þó er gerð sú undantekning, að markaðsráðandi fyrirtæki þurfa að bera verðákvarðanir sínar undir viðkomandi yfirvöld sem geta hafnað verðbreytingunni. Ef verðbreytingu er hafnað þarf markaðsráðandi fyrirtæki að verðleggja vöru sína að nýju og bera þá ákvörðun undir réttmæt yfirvöld. Í því frv., sem er til umr. í Nd. nú, er þessu öðruvísi farið. Aðalreglan er að vísu sú, eins og segir í 8. gr., að verðlagning skuli vera frjáls þegar samkeppni er nægileg til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verð. Sá galli er hins vegar á þessu

stefnuatriði, að nægilegar skilgreiningar vantar á því, hvað sé nægileg samkeppni, og einnig hvað sé takmörkuð samkeppni og hvað teljist vera markaðsráðandi fyrirtæki. Á þessu stefnuatriði er einnig annar galli, sem er sá, að því tengist ákvæði til bráðabirgða þar sem verðlagsráði er fengið það vald að taka afstöðu til gildandi verðlagsákvæða án stefnumörkunar frá Alþ. Í þessu efni eru verðlagsráði ekki sett nein tímamörk innan hve langs tíma ráðið þarf að taka afstöðu til gildandi ákvæða. Verði þetta samþ. þannig óbreytt er mönnum, sem enginn veit hverjir verða, gefið vald til þess að taka ákvarðanir sem ættu að vera stefnumörkunaratriði Alþingis. Það, sem ég óttast, er að framkvæmd þessa ákvæðis gæti orðið með svipuðum hætti og var á haftaárunum þegar stefnuatriðið var að innflutningur til landsins skyldi vera frjáls nema öðruvísi væri ákveðið, en eins og við munum var öðruvísi ákveðið á þeim árum og gildir enn.

Ef við víkjum þá að samkeppnislöggjöfinni má margt svipað segja. Í því frv., sem ég flyt, er ákvæði sem gerir viðtækt eftirlit með markaðsráðandi fyrirtækjum og samkeppnisháttum þeirra mögulegt. Sömuleiðis eru þar ákvæði til að koma í veg fyrir fjölmargar aðferðir til þvingunar og beitingu samkeppnishamlandi viðskiptahátta. Skilgreiningar á nauðsynlegum atriðum eru í frv. sjálfu sem ættu að auðvelda framkvæmd laganna og gera þau skýrari til eftirbreytni fyrirtækjum og stjórnvöldum. Ákvæði um samkeppni fyrirtækja eru hins vegar mun fátækari að innihaldi og allóljós og illa skilgreind í frv. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem nú er verið að ræða í Nd. Í það frv. vantar t. d. algjörlega mikilvægasta atriðið sem er í allri samkeppnislöggjöf, þ. e. að markaðsráðandi fyrirtæki geti selt vörur langt undir kostnaðarverði til þess að knésetja keppinauta, hvað teljast markaðsráðandi fyrirtæki er ekki skilgreint og þannig mætti lengi telja.

Um þau stjórnvöld, sem annast eiga framkvæmd laganna, vildi ég fátt segja. Þó vildi ég taka fram að valdsvið, embættistakmörk og skyldur í því frv., sem ég flyt, eru mun skýrar afmörkuð en í því frv. sem nú er til umr. í Nd. Alþ. Í þessu frv., sem ég flyt, eru einungis þau atriði um óréttmæta viðskiptahætti sem tengjast samkeppnishamlandi viðskiptaháttum, enda til um þau sérstök löggjöf. Samtökum fyrirtækja er hins vegar heimilað að koma á fót samkeppnisreglum til þess að skilgreina betur góða viðskiptahætti í landinu.

Um sérstaka neytendavernd er ekki ákvæði, enda tel ég það annað og óskylt mál sem ætti að koma fyrir í sérstakri löggjöf. Á slíkri löggjöf er fyllilega þörf og þykir mér miður að slík löggjöf skuli ekki undirbúin í heild sinni, heldur tínd til örfá atriði, sem ekki skipta verulegu máli, og sett inn í það frv. sem nú liggur fyrir og er verið að ræða í Nd.

Að lokum vil ég hvetja þm. til þess að samþ. þetta frv. og stuðla að því, að það hljóti endanlega afgreiðslu fyrir þingslit í vor. Á slíkri löggjöf hefur lengi verið þörf, og við vitum allir að nú er það knýjandi þörf. Ef við höfnum því frv. sem ég flyt, en veljum í stað þess það frv. óbreytt sem nú liggur fyrir Nd., er Alþ. að mínu mati að samþ. rammalöggjöf sem enginn veit hvernig framkvæmd verður eða hvort í nokkru bætir það ófremdarástand sem nú er á þessu sviði og verður að ráða bót á.

Ég veit ekki hvort menn hafa gefið sér tíma til þess að ganga úr skugga um hvort frv. gengur lengra í frelsisátt, en við erum allir sammála um að í þá átt þurfum við að stefna í þessum málum.

Ég get ekki annað en lagt til að rökstudda dagskráin, sem liggur fyrir á þskj. 524, verði ekki samþ., og ítreka, að hv. þdm. veiti þessu frv. minu brautargengi. Þetta er ósk mín til þm. En mér er líka ljóst að afskaplega lítið er eflaust á mig hlustað í þessu máli, þannig að ég geri ekki ráð fyrir að mér verði að óskum minum. Það breytir ekki þeirri staðreynd, að þetta frv., sem ég hef hér lagt fram, gengur lengra í frelsisátt um verðlagningu og verðmyndun og í átt til eðlilegri viðskiptahátta en það frv. sem ríkisstj. hefur lagt fram. Staðreyndin er því miður sú, að aukið frelsi á sér líklega ekki nógu marga talsmenn á hv. Alþingi Íslendinga.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir til meðferðar, var til 1. umr. í þessari hv. d., þá atvikaðist það þannig að ég kom örfáum augnablikum of seint inn í fundarsalinn til þess að geta kvatt mér hljóðs. Umr. hafði verið slitið. Ég eyddi allmiklum tíma í að kynna mér innihald þessa frv., og um leið og ég viðurkenni, að stefna þessa frv. felur í meginatriðum í sér ýmsar nauðsynlegar lagfæringar á því að minu áliti slæma ástandi sem þjóðin hefur búið við undanfarna áratugi í sambandi við verðlagsmálin, þá er hitt og þetta sem ég hef við þetta frv. að athuga og innihald þess. En sú staðreynd liggur fyrir, að samkomulag hefur náðst milli núverandi stjórnarflokka um að flytja frv. sem gerir ráð fyrir verulegum breytingum á núverandi verðlagslöggjöf. Frv. fullnægir að vísu ekki út í æsar óskum minum um þær breytingar sem mér væri helst að skapi að gera, en ég viðurkenni þó að það er til mikilla bóta. Með tilliti til þeirrar staðreyndar, að um þetta mál hefur náðst samkomulag og líkur eru á að það frv. verði að lögum, tel ég ekki ástæðu til þess nú, herra forseti, við þessa umr. að fara að eyða tíma d. í að láta þm. hlusta á þær aths. sem ég kynni að hafa fram að bera við ákvæði þess frv. sem hér liggur fyrir til umr. Það mundi vera alllangt mál og taka nokkurn tíma. Ég hef því kosið að vera aðili að því nál. sem hér liggur fyrir frá meiri hl. fjh.- og viðskn. og leggur til að frv. verði afgr. með rökstuddri dagskrá, og mun styðja þá tillögu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þegar mál þetta var til endanlegrar afgreiðslu í hv. fjh.- og viðskn. var uppi till. um að frv. yrði fellt. Var ég samþykkur þeirri málsmeðferð, en fór síðan af fundi. Eftir á kom í ljós, að meiri hl. n. taldi eftir atvikum eðlilegast frá sínu sjónarmiði að afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá og með tilvísun til frv. ríkisstj. um verðlagsmál sem nú er til afgreiðslu hér í þinginu.

Þótt ég væri innilega sammála þeirri niðurstöðu, að frv. yrð fellt við meðferð málsins hér

í d., get ég alls ekki fallist á þessa afgreiðslu, vegna þess að ég er næstum jafnmikið á móti því frv. sem rökstudda dagskrán vísar til. Ég tel að sú hugsun, að neytandinn hafi aðstöðu til að hafa nægilegt aðhald að versluninni til þess að um heilbrigða samkeppni sé að ræða og vöruverð í lágmarki, sé óraunhæf og í engu samræmi við aðstæður líðandi stundar. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort hugsanlegt er við fyllstu samkeppni og óbreytt vöruverð frá ári til árs að skapa það aðhald af hálfu neytenda sem gerir frjálsa álagningu eðlilega, en á verðbólgutímum er þetta óhugsandi með öllu. Neytandinn hefur enga möguleika til þess að fylgjast með því, hvar vöruverð er lægst á hverjum tíma, þegar vörurnar eru að hækka í hverjum mánuði og hverri viku, stundum jafnvel dag eftir dag, það er alger fásinna að ætla að treysta á það, að neytendur geti gegnt því hlutverki að halda niðri vöruverði eftir þessari leið.

Auk þess er á það að líta, að það er almenn regla í þjóðfélagi okkar, að stéttir manna semji um kjör sín ellegar lúti úrskurðum um kjör sín, eins og er í einstaka tilviki og er út af fyrir sig alls ekki til fyrirmyndar, en hitt er óþekkt með öllu, að stéttir fái aðstöðu til að skammta sér sjálfar laun. Ég tel því eðlilegast að verslunarstéttin verði að lúta úrskurðum um kjör sín, svo fremi að hún fái því ekki framgengt að hún hafi samningsrétt um kjör sín, sem vel gæti komið til greina. Þá væri sá samningsréttur við ríkisvaldið.

Ég minni á að skammt er um liðið síðan launastéttirnar sömdu um kjör sín í almennum kjarasamningum, bæði hin almennu verkalýðsfélög og starfsmenn ríkis og bæja, en nokkrum mánuðum síðar beitti flokkur flm., Sjálfstfl., sá flokkur sem hv. flm., Albert Guðmundsson, hefur forustu fyrir í stærsta kjördæmi landsins, sér fyrir því, að þau kjör, sem launastéttirnar höfðu samið um, voru rýrð verulega með löggjöf. Og ég tel það satt að segja ótrúlega hugmynd — ekki aðeins fáránlega hugmynd, heldur óvenjulega ótrúlega hugdettu, að bera það á borð, að í kjölfar þess, sem gerst hefur, eigi verslunarstéttin að skammta sér sjálf laun að eigin geðþótta. Þess vegna styð ég þá hugmynd eindregið, sem áður var fram komin, að frv. verði fellt, og mun greiða atkv. gegn því við atkvgr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt eins og hv. síðasti ræðumaður, Ragnar Arnalds, að lýsa yfir andstöðu minni við þetta frv. og vil að það verði fellt, en uni hreint ekki þeirri afgreiðslu sem er fyrirhuguð samkv. áliti meiri hl. fjh.- og viðskn., að afgreiða það með rökstuddri dagskrá á þessa lund, vegna þess að það er rétt, sem hv. flm. frv. sagði, þessi frv. tvö eru ekki sambærileg. Frv. Alberts Guðmundssonar gengur mun lengra og er í ýmsum greinum ekki sambærilegt við frv. það sem meiri hl. n. vísar til.

Ég skildi orð hv. þm. Jóns G. Sólness á þá lund, að honum félli allvel ýmislegt í frv. því sem hér er um að ræða nú. Hann tilgreindi ekki þau atriði sem hann hefði út á að setja, heldur aðeins gat þess, að þau væru nokkur. Hann gaf einnig í skyn að ástæðan fyrir því, að hann kysi nú að vísa þessu frv. frá, væri sú, að náðst hefði samkomulag innan stjórnarflokkanna um frv. sem væri að hans dómi til nokkurra bóta. Tónninn var hins vegar sá, að maður gat ráðið það af honum að hann teldi það frv. e. t. v. ekki jafngott frv. því sem hann vill nú vísa frá.

Ég hygg að hv. þm. gerist þarna sekur um að taka hinn praktíska þanka fram yfir það sem hann hafði þó lofað að ráða afstöðu mála sinna á hv. Alþ. þar sem samviskan er. Ég vil vekja athygli hans á því, að vel væri honum unnt að greiða atkv. með frv. ríkisstj. til vara. Hann mundi aðeins með því móti gera það sem hann hefur fyrr gert á hv. Alþ., að bæta gráu ofan á svart.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að harma málflutning 2. þm. Norðurl. e., á sama tíma og ég verð að þakka honum fyrir þó hlý orð í garð frv. sem ég flyt hér. Þetta kann að hljóða þannig, að ég haldi kverkataki um háls hv. þm. með annarri hendinni og klappi honum með hinni, en ég er ekki að því. Mér fannst ég mega skilja á málflutningi hans, að hann hafi lesið frv. mitt þótt það nokkuð gott, en ákveðið að styðja það ekki vegna þess að ríkisstj. væri búin a leggja fram frv. um líkt efni. Ég var ekki viss um að ég skildi hann þannig, að hann hafi lesið það líka. Það getur verið. Þetta eru viss meðmæli með þessu frv., sem ég legg nú fram. Hugarfarið er mér nóg í þessu tilfelli.

En hvað varðar hv. 5. þm. Norðurl. v., þá var ekki margt í ræðu hans sem ég þarf að svara. Hann sagði þó að það væri óraunhæft, að neytandinn veitti það aðhald sem þarf til þess að verðlag geti verið frjálst á verðbólgutímum. Ég vona að ég fari rétt með. Þarna stangast á hugsjónir okkar sem treystum á dómgreind almennings, trúum á samtakamátt neytendanna sjálfra til að halda verðlagi niðri. Hans sjónarmið stangast á við lífsskoðanir þeirra sem vilja hafa allt sem frjálsast, treysta því að einstaklingarnir og þá samtakamáttur þeirra, ef þeim finnst þeir misréttir beittir, geti haft nokkur áhrif á og ráðið málum. Ég segi: þarna stangast á hugsjónir. En ég virði pólitískar skoðanir hv. 5. þm. Norðurl. v., þó að ég álíti að hann sé á villigötum hvað þetta snertir.

Hv. þm. minntist á að Sjálfstfl. hafi beitt sér fyrir þvingunarlöggjöf, löggjöf sem rýrði tekjur manna. Ég vil minna hv. þm. á, að ég greiddi atkv. gegn þeim lögum, ef hann var að vitna í þær ráðstafanir sem nýlega voru gerðar í efnahagsmálum, og áttum við nokkrum sinnum samtal um þau mál. (Gripið fram í.) Ég kom ekki fram fyrir flokkinn. Það er ekki komið að því, að ég sé efsti maður á lista Sjálfstfl. í Reykjavík. Ég ætla því að biðja hv. þm. að halda sig að því sem er í dag, en ekki því sem kann að verða á næstunni.

Hv. þm. talar um að verslunarstéttin skammti sér laun, ef álagning verður gefin frjáls. Við skulum sjá hvað vegur á móti því, að verslunarstéttin skammti sér laun. Tökum sem dæmi þá staðreynd að Alþb.-menn eru núna ráðandi í Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis er eflaust mjög vel rekið fyrirtæki. Það hefur þann sess í hugum Reykvíkinga, að

mér er óhætt að fullyrða það án þess að ég þekki mikið til þess. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hefur 12 útsölustaði í Reykjavík, þannig að það eitt ætti að nægja til þess að halda niðri græðgi þess vonda kaupmanns sem ætlar að skammta sér háar tekjur með því að selja neytendum á háu verði. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis ætti að vera nog til þess að halda verðlaginu niðri í Reykjavík. En ég vil benda á að til viðbótar við þetta er samvinnufélag hér með, ég veit ekki hvað margar verslanir, ég gæti trúað að það væri með áttka margar verslanir, ef ekki fleiri, en alla vega með fleiri stórmarkaði, þ. e. Sláturfélag Suðurlands. Það er samvinnuverslun. Mætti því ætla að þær verslanir til viðbótar við KRON-verslunina gætu veitt þessum vonda kaupmanni talsverða samkeppni.

Ef við höldum áfram með þetta dæmi, hvað það er erfitt fyrir hinn vonda kaupmann að skammta sér laun sjálfur, þá er það staðreynd, að Samband ísl. samvinnufélaga er stærsta innflutnings- og heildverslun og auðvitað útflutningsverslun landsins með aðsetur í Reykjavík. Það flytur inn á eigin skipum það sem það kaupir í samvinnu við önnur samvinnufélög á Norðurlöndum og fær magnafslætti langt undir því sem nokkur kaupmaður hefur efni á að fá, vegna þess að magnið, sem kaupmennirnir kaupa þó þeir keyptu allir inn saman, er ekki nógu mikið á við magn það sem Sambandið flytur inn á eigin skipum. Það tryggir hjá eigin vátryggingafélagi, hefur eigin banka. Alla þessa milliliði og alla þá þjónustu, sem þar er falin, þurfa kaupmennirnir að reikna inn í sína verðmyndun. Þeir kaupa hver af öðrum í þjónustugreinunum. En samt sem áður og þrátt fyrir allt þetta er verðið ekkert lægra hjá samvinnufélögunum, hjá verslununum í KRON, hjá Sláturfélaginu, en hjá þessum vonda kaupmanni sem verið er að tala um að geti skammtað sér sjálfur laun. (**Gripið fram í:** Hann jafnar þetta með söluskattinum.) Ég skal ekki segja um það. Ég vil hvorki bera á Sambandið né kaupmenn, að þau séu að stela undan söluskatti, eins og hér er skotið inn í. Ég skal ekki segja, en það væri ágætt að fá þá staðfestingu á því, — eitthvað meira en það sem kastað er fram utan úr sal hingað upp í ræðustólinn til mín. Ef það á sér stað, að almennt sé dreginn undan söluskattur frekar hjá einum aðila en öðrum, þá væri mjög gott að fá það fram. Alþ. yrði þá að rannsaka það. (Gripið fram í.) Ég get ekki fullyrt um hvað þeir geta og hvað þeir geta ekki.

Með allri þessari samkeppni í þjónustu, sem verðmyndunin hefur frá fyrirtækjum fólksins, eins og Alþb.-menn á þingi hafa kallað bæði samvinnuhreyfinguna og ekki síst KRON, þá er mér óskiljanlegt að þeir skuli óttast að kaupmaðurinn hafi ekki nóga samkeppni í verðmyndun til þess að verðmyndunin geti verið frjáls. Þar fyrir utan er það staðreynd, að á mörgum stöðum í kringum allt land er aðeins ein verslun og eitt fyrirtæki, þar er enginn kaupmaður til að halda uppi verði, en verðið er samt sem áður það sama og í Reykjavík að viðbættum uppsöfnuðum kostnaði. Þannig verður dýrara fyrir fólkið á stöðunum að kaupa inn úti á landi en í Reykjavík. Og þetta er fyrirtæki fólksins, sem þarf ekki að borga út fyrir sinn hring milliliðum á neinu stigi verðmyndunar.

Þetta er svar mitt við þeirri fullyrðingu hv. 5. þm. Norðurl. v., að kaupmaðurinn hafi frjálsar hendur til þess að skammta sér laun með okurálagningu. Ég mótmæli slíkum fullyrðingum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að hefja umr. um þetta mál, en þar sem þær snerust út í það, að KRON og Sambandið hefðu fulla möguleika til að veita þá samkeppni í Reykjavík, að þessir aðiiar ættu þess vegna að geta haldið uppi því aðhaldi, sem nauðsynlegt væri og eðlilegt, get ég ekki látið hjá líða að minna hv. flm. á þá staðreynd, að inn í þetta dæmi kemur hverjir ráða Reykjavíkurborg. Uthlutun lóða er eitt af því sem hefur úrslitaáhrif í þessu sambandi. Ég vil minna á að leitað var eftir því á vegum Sambandsins að hafa stórmarkað við Sundahöfn. Því var hafnað. Og ég held að á meðan ástandið í þessum málum er þannig, að óeðlileg afgreiðsla er á lóðum til KRON og Sambandsins undir stórverslanir á Reykjavíkursvæðinu, þá sé ekki réttlátt að tala um að samkeppni geti haldið þessu í því horfi sem æskilegt væri.

Ég vil líka taka undir það sem kom fram hjá 5. þm. Norðurl. v., að á verðbólgutímum eru verðbreytingar svo örar, að það ruglar mjög almennt verðskyn manna. Ef þú ferð inn í verslun og spyrð eftir vöru er þér sagt að hún sé á þessu verði og jafnframt tjáð, ef þú gerir athugasemd við það verð, að hún sé nýkomin til verslunarinnar. Það er nú einu sinni svo, að tvö grundvallaratriði verða að vera til staðar ef samkeppnin á að halda vöruverði niðri. Annars vegar verður að vera nokkuð mikil kyrrstaða á verði í landinu, þannig að fólk læri verð á mjög mörgum vörutegundum, og svo hitt, að jöfn aðstaða sé varðandi það að fá lóðir undir verslunarhúsnæði.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, því satt er það, að óviðkunnanlegt er að kasta aðeins fram spurningum til ræðumanns í ræðustól og hafa svo ekkert annað að segja en trufla hann í annars skörulegri ræðu. Því vildi ég segja fáein orð um þetta.

Þetta frv. út af fyrir sig er aukaatriði í þessu máli í heild, því að í Nd. er nú frv. — við höfum heyrt af því óminn núna undanfarna tíma, óminn af þeim umr. sem þar hafa farið fram um það mál, — sem skiptir auðvitað öllu í þessu, þ. e. a. s. frv. sem ríkisstj. er núna að leggja fram af fáheyrðri ósvífni, vil ég segja, því það snýst um að afnema verðlagshömlur sem allra mest, á sama tíma og nýbúið er að setja hömlur á laun manna, eins og gert hefur verið. En búið er að ræða um það mál meira en svo að ég þurfi þar nokkru við að bæta.

Rætt var um Samband ísl. samvinnufélaga. Ég er því ekki svo kunnugur að ég geti dæmt um hvort allt það sé rétt sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði. En þó er ég hræddur um að

kannske kunni að leynast í því meiri sannleikur en við, sem fylgjum samvinnustefnunni að málum vildum að væri. Ég er ósköp hræddur um að þar sé ekki nægilega vel á málum haldið. En það kemur ýmislegt fleira inn í þetta, og af því að minnst var á kaupfélögin almennt og kaupfélögin úti á landi, þá er rétt að geta þess, að kaupfélögin úti á landi þurfa mjög víða að sinna ákaflega veigamiklu hlutverki í sambandi við verslunarsvíðið. Þau geta ekki leyft sér einhverja ákveðna sérstaka gróðavöru til þess að byggja á verslun sína og umsetning þar öll fer auðvitað miklu hægar fram en hér á þessu svæði. Þar fyrir utan eru kaupfélögin úti á landi ekki bara verslunarfélög. Þau gegna miklu stærra hlutverki og þýðingarmeira fyrir íbúana en því að vera með verslunina eina. Og áskotnist þeim eitthvað í verslunargróða, ef hann er þar fyrir hendi, þá fullyrði ég að sá verslunargróði fer sem betur fer til þeirra sem við kaupfélagið versla. Á þessu er auðvitað grundvallarmunur og hinu með kaupmanninn. Þar skilur á milli hugsjóna sem hv. þm. Albert Guðmundsson var að tala um áðan. Kaupfélögin hafa t. d. notað fjármuni sína til þess að byggja upp atvinnulíf heilla staða. Það vitum við best, sem búum úti á landi, að er ómetanlegt í mörgum tilfellum og við sjáum ekki eftir þeim peningum sem í það fara hjá kaupfélögunum.

Hv. þm. talaði um að KRON gæti ekki eða virtist ekki geta veitt þá samkeppni sem nauðsynleg væri gagnvart kaupmönnum hér. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði um það efni. Þar er komið inn á mjög veigamikið atriði án efa. En ég held að félagsmenn í KRON geti yfirleitt verið allþokkalega ánægðir með viðskipti sín hjá því fyrirtæki. Ég veit ekki betur en þeir fái vissan afslátt. Ég veit ekki hver hann er í prósentum. Sessunautur minn segir að menn fái 10% afslátt af vöruviðskiptum þar. Ég tel það ekki svo lítið, af þeim vöruviðskiptum sem menn geta haft við það ágæta kaupfélag.

En mér leiddist það, þegar hv. þm. var að tala um að hann treysti dómgreind fólks, en við Alþb.-menn gerðum það ekki, því þar er komið inn á það sem bæði hv. þm. Ragnar Arnalds og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson komu inn á: Hverjum dettur í hug og allra síst svo verslunarglöggum manni sem hv. þm. Albert Guðmundssyni, að menn geti haft í sambandi við verðlag almennt óbrjálaða dómgreind í því kapphlaupi, sem hefur ríkt undanfarið, og þeirri óðaverðbólgu, sem ríkt hefur? Það er gjörsamlega útilokað.

Ég kom í verslun til þess að kaupa mér ákveðna vörutegund rétt fyrir gengisfellinguna. Þar var mér sagt hvað varan kostaði þá, hvað hún mundi kosta eftir gengisfellinguna og hvað ég mundi græða á því ef ég keypti hana þarna strax. Ég gat ekki valið þessa vöru alveg á stundinni og hún var horfin úr búðinni daginn eftir, annaðhvort seld eða kannske horfin inn á lager — ég veit ekki hvort hefur verið, en alla vega var hún horfin. En þegar ég svo keypti þessa vöru, vegna þess að ég þurfti að kaupa hana, þá var hvorki það verð uppi, sem mér hafði verið sagt að hefði verið á áður en gengisfellingin varð, né það verð, sem mér hafði verið sagt í versluninni að yrði eftir að gengisfellingin skylli á. Það voru komin 15% ofan á það verð sem hefði eðlilegt getað talist. Ég kannaði hvort þessi vara heyrði undir verðlagsyfirvöld, því ég ætlaði hreinlega að kæra þetta, vegna þess að mér var fullljóst að þarna hafði verið farið, eins og svo oft er gert af verslunum í sambandi við gengisfellingar, út fyrir hinn lagalega ramma og einhverju bætt ofan á. Því miður var þessi vara ekki undir neinu verðlagseftirliti svo að ég varð að láta málið niður falla.

Auðvitað veit hv. þm. Albert Guðmundsson að í þessu máli þýðir ekki að tala fagurlega um dómgreind fólks. Ef hann, sem vera kann, verður í forustu sjálfstæðismanna í Reykjavík, sem allir trúa nú á og sjálfstæðismenn vona einnig eftir þeim úrslitum sem þar hafa orðið þá hlýtur hann að beita sér fyrir því, að þessi dómgreind komist í lag, með þeim hætti að hann stöðvi óðaverðbólguna. Þá getum við aftur farið að spjalla um þessa dómgreind almennings sem hann var að ræða um áðan, og þá skulum við vita hvort við getum ekki orðið tiltölulega sammála um hana. En þá verður hann búinn að vinna það afrek, sem engum öðrum hefur tekist, að stöðva óðaverðbólguna, og það er sannarlega kominn tími til. Þegar nýr maður kemur í forustu flokks, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson í þessu stærsta kjördæmi, þá er von að menn voni fyrst og fremst að hann ráðist að þeirri meinsemd sem hrjáir okkur hvað mest.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um það mál sem hér er á dagskrá. Mér finnst þó skylt að drepa á ummæli hv. 5. þm. Norðurl. e., þar sem hann var að minna mig á hvað ég hefði einu sinni skrifað undir þegar ég tók sæti á þessu háa Alþ., að gæta þess að misstíga mig ekki á því. Þakka ég honum vinsamlega ábendingu í því efni.

Ég tók fram í máli mínu áðan, að ég hefði á sínum tíma kynnt mér þetta frv., sem hér er til umr., og ég hélt að ég hefði tekið mjög skýrt fram að það væri ýmislegt í því, sem ég hefði talið að ég þyrfti að fá breytt áður en ég gæti sætt mig við það, og æðimargt, sem ég þyrfti að gera athugasemdir við. En það verður svo hver sem vill að lá mér það, að þegar mál hafa skipast þannig, að til umr. er í þinginu mál sem fjallar eiginlega um lausn sama vandans og er um að ræða í frv., sem hér er til umr., og um leið er þannig staðið að að öll líkindi eru til þess að það mál fái afgreiðslu, en hins vegar engin líkindi til að þetta frv., sem við erum að fjalla um nú í dag, geti fengið afgreiðslu, þá finnst mér sá kosturinn skárri að láta þetta frv., sem hér er til umr., eiga sig í bili, ekki síst þar sem ég veit að umr. og athugasemdir minar hefðu engu breytt um gang málsins, og taka þá heldur þann kostinn, hvað sem hv. 5. þm. Norðurl. e. segir um það, að bæta gráu ofan á svart og láta þetta frv., sem hér er til umr., víkja og styðja frv. sem samkomulag er um milli flokka, sem mynda núv. ríkisstj., — ríkisstj. sem ég styð og frv. sem, eins og ég gaf yfirlýsingu um áðan, að vissu leyti a. m. k. inniheldur verulegar úrbætur frá

því ófremdarfyrirkomulagi sem er á verðlagsmálunum hjá okkur og hefur verið síðustu áratugi. Herra forseti. Ég lofaði því að lengja ekki þessar umr., en ég vil þó, áður en ég vík úr ræðustól, segja það, að ekki ætla ég að vera málsvari verðbólgunnar hér á hinu háa Alþ. og ekki vil ég gera lítið úr hlut verðbólgunnar í því ófremdarástandi sem ríkir í sambandi við verðmyndun og verðlag. Sjálfsagt á verðbólgan þátt í því að rugla verðskyn almennings. En skoðun mín er sú, að þar hafi átt meiri þátt í að skapa þann rugling, sem orðinn er á verðskyni almennings, það kolbrjálaða, úrelta og vitlausa fyrirkomulag sem hefur gilt um verðlagsákvæði hér í þessu landi — verðlagsákvæði sem byggjast að stofni til á því, að því óhagstæðari innkaup sem seljandi vörunnar gerir, því meiri hagnað fær hann. Er nema von að í þjóðfélagi, þar sem verðlagsákvæði — ströng verðlagsákvæði — eru búin að vera í gildi um ára tuga skeið, sé almenningur kominn að þeirri niðurstöðu, að það sé alveg útilokað annað en að verðlag í verslunum og annars staðar hljóti að vera innan þess ramma sem opinberir aðilar ákveða? Það er þetta sem ég held að hafi átt veigamesta þáttinn í því að deyfa skyn almennings fyrir því að vera vakandi fyrir almennu verðlagi yfirleitt.

Ég ætla að ljúka máli mínu í þetta sinn með því að endurtaka það, sem ég einu sinni sagði við ágætan vin minn, sem er framarlega sem foringi í verkalýðsstéttinni, að kannske yrðu það umtalsverðustu kjarabæturnar, sem hægt væri að veita almennu launafólki í þessu landi, að afnema með öllu lög sem setja hömlur á verðlag og verðmyndun.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Það er e. t. v. ekki ástæða til að lengja þessar umr. mikið, þar sem í þeirri rökstuddu dagskrá, sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur, er ekki tekin nein efnisleg afstaða til þessa frv. Ég held að augljóst sé að ekki geta verið í gildi tvenn lög um sama efni, um verðlag og verðmyndun og samkeppnishömlur og annað slíkt. Ef við hefðum mælt með og samþ. frv. hv. 12. þm. Reykv., þá hefðum við ekki getað samþ. einnig það frv. sem nú liggur fyrir hv. Nd. Fjh.- og viðskn. taldi nauðsynlegt að athuga þessi mál bæði saman, og þegar það frv. kemur til fjh.- og viðskn. Ed. er hægt að taka efnislega afstöðu einnig til þess sem er í frv. hv. 12. þm. Reykv.

Það er vitanlega alveg rétt, að fyrirmælin, sem felast í þessum frv., eru nokkuð mismunandi. Ég vil vegna þess, sem hefur komið fram hjá nokkrum hv. þm. Alþb., geta þess, að í því frv., sem nú liggur fyrir Nd., er alls ekki lagt til að afnema allar hömlur. Það mun koma í ljós þegar það frv. verður hér efnislega til umr.

Það hefur einnig komið hér til umr. af hverju samvinnufélögin væru ekki með lægra verðlag en raun ber vitni, og þá m. a. talað um Samband ísl. samvinnufélaga. Ég þekki það mikið til viðskipta við það í gegnum kaupfélag úti á landi, að ég veit að það er ómetanlegur stuðningur fyrir kaupfélögin að hafa viðskipti við Samband ísl. samvinnufélaga. Hins vegar þjónar það kaupfélögunum úti um allt land, og það ætti ekki að þurfa að segja mönnum, a. m. k. utan af landi, að sú þjónusta hlýtur að vera miklu dýrari en er í Reykjavík. Sambandið reynir, eftir því sem það getur, að jafna þessu út og létta undir, en þrátt fyrir það er óhjákvæmilegt að sá kostnaðarauki, sem er hjá verslun úti á landi vegna flutninga, miklu hægari vöruumsetningar og margra annarra atriða, veldur hærra vöruverði. En ég þori að fullyrða að sá munur yrði enn þá meiri ef samvinnufélögin nytu þar ekki aðstoðar Sambandsins. E. t. v. er það skýrasta dæmið um það eða sönnunin fyrir því, að víða eru kaupfélögin orðin eini aðilinn sem þó treystir sér til þess að halda uppi þessari bráðnauðsynlegu þjónustu fyrir byggðarlögin úti á landi, og án kaupfélaganna og þjónustu þeirra væri erfitt að hugsa sér að fólkið hreinlega gæti búið á þessum stöðum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki halda langa ræðu, en vil í upphafi máls míns leiðrétta smámisskilning, sem fram kom hjá hv. þm. Jóni G. Sólnes á orðum mínum úr hinni fyrri ræðu. Ég taldi ekki að hv. þm. bætti gráu ofan á svart með því að víkja frv. hv. þm. Alberts Guðmundssonar, 12. þm. Reykv., til hliðar og greiða síðan atkv. með frv. ríkisstj. Ég var að vekja athygli hans á því gullna tækifæri sem hann átti á því að bæta enn einu sinni gráu ofan á svart, þar sem hann gat greitt atkv. með frv. hv. þm. Alberts Guðmundssonar um þessi mál og síðan, ef svo færi — sem líklegt væri — að það félli eigi að síður, þá átti hann enn þá skot í hinu hlaupinu til þess að vinna sér til sæmdar með því að greiða síðara frv. atkv. er það hingað kemur.

Ég ætla að það hafi eigi farið fram hjá hv. dm., hversu hljómað hefur hinn hvelli og hreini rómur hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar inn um gættina hjá okkur, þar sem hann hefur einmitt verið að ræða frv. ríkisstj. á þessari sömu stundu. Það er nú væntanlegt — ef það má nota sögnina „að vænta“ í svo umhverfðri merkingu — hingað inn í d. innan skamms. Þá hefði enn verið fyrir hendi þriðji kosturinn, að doka nú við með að afgreiða úr n. frv. hv. þm. Alberts Guðmundssonar til þess að geta athugað þessi frv. saman og tekið þá úr frv. hv. þm. Alberts Guðmundssonar í formi brt. inn í frv. ríkisstj. það sem hv. þm. Jóni G. Sólnes líkaði betur í hinu frv., ef hann vildi raunverulega vel gjöra.

Það fór ekki neitt á milli mála í síðari ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar, að honum er enn í fersku minni ýmislegt af því sem hann lærði í Samvinnuskólanum á sínum tíma, þegar Jónas Jónsson stýrði þeim skóla sællar minningar. Enn þá er hann kunnugur markmiðum samvinnuhreyfingarinnar og kaupfélaganna og gerir sér fulla grein fyrir því, hvílíkum stórvirkjum samvinnuhreyfingin má fram koma á landi hér í versluninni ef rétt er á haldið.

Ég er þeirrar skoðunar, sömu skoðunar og hv. þm. Albert Guðmundsson, að æskilegt sé að kaupfélögin hafi það afl, að þeim sé fengið það afl — og það afl getur enginn fengið kaupfélögunum nema fólkið sjálft — sem til þess þarf að þau annist hið virka verðlagseftirlit í landinu við gefnar hagstæðar aðstæður. Ég er sömu skoðunar. Ég get einnig tekið undir þau orð hv. þm. Jóns

G. Sólness, að gildandi verðlagslöggjöf er síður en svo í hvívetna lýtalaus. Hann orðaði það nú svo, að löggjöf þessi væri kolvitlaus. Hún er á margan hátt röng. Ég lái honum ekkert þó hann kveði svo sterkt að orði. Á henni hafa ekki verið gerðar nauðsynlegar breytingar til þess að halda henni í takt við ástandið í verðlagsmálunum og í verslunarmálunum á landi hér. Þetta viðurkenni ég alveg fúslega. En þar með er ekki sagt að úr verði bætt með því einu að fella þá löggjöf úr gildi — með því er ekki sagt að aðrir kostir kunni ekki að vera verri.

Ég er mjög svo til viðræðu um að gera breytingar á verðlagslöggjöfinni, en ég er því algjörlega mótfallinn, að samtímis því sem Alþ. undir stjórnarforustu Sjálfstfl. og Framsóknar bannar með lögum að alþýðusamtökin ákvarði verð á vinnustundum síns fólks, þá sé kaupsýslustéttinni heimilað að ráða algjörlega upp á eigin spýtur verði á nauðsynjavörum þessa sama alþýðufólks. Það er ekki bara kolvitlaus aðferð, ekki bara það, auk þess er þetta siðlaus aðferð.

Ég neita því algjörlega, að ég eða hv. þm. Ragnar Arnalds í ræðu sinni áðan, við hefðum talað um hina vondu kaupmenn. Mér væri ákaflega fjarri skapi að nota slíka nafngift um kaupmenn. Enda þótt ég leyfði mér að kalla fram í fyrir hv. þm. Albert Guðmundssyni áðan og minnast á svik undan söluskatti í sambandi við samkeppni kaupmanna og samvinnufélaga um verðlag, þá vil ég alls ekki væna kaupmannastéttina í heild um söluskattssvik. Því fer víðs fjarri. Kaupmenn eru jafnmisjafnir þegnar eins og þeir eru margir. Enn í dag hygg ég að varla verði á móti því mælt, að þeir sinni þýðingarmiklu hlutverki í þjóðlífi okkar, ýmsir þeirra með ágætum. Ef við athugum söguna frá upphafi íslenskrar verslunar, þá mun koma í ljós, ef grannt er skoðað og af heiðarleika, að margir þeir einstaklingar, sem stundað hafa kaupmennsku á landi hér, hafa reynst hinum máttarminni hjálparhellur.

En svo ég rifji aðeins upp fyrir hv. þm. Albert Guðmundssyni hin fornu fræði er hann áður nam við kné Jónasar Jónssonar, þá hygg ég að færa megi að því gild rök, að það hafi einmitt verið tilkoma samvinnuhreyfingarinnar á landi hér sem fyrst og fremst eflti verslunina í þágu alþýðu manna og einmitt á þeim árum þegar verslunarhættir voru þess háttar og verðlagsmálin lutu skynsamlegum lögmálum, þá hafi það einmitt verið samkeppni kaupfélaganna sem hélt niðri verðlaginu á landi hér. Ég dreg ekki í efa að Samband ísl. samvinnufélaga gegni enn þýðingarmiklu hlutverki fyrir kaupfélögin úti á landi. Aftur á móti er ég þeirrar skoðunar, að í yfirstjórn Sambandsins gæti nú, — ef ég má leyfa mér að nota orðið, talsvert algengt orð, sem mér finnst nú enn þá hafa framandi bragð, — að það gæti nokkurrar firringar á milli yfirstjórnar Sambandsins og hins almenna kaupfélagsmanns sem æskilegt væri að ráða bót á. Ég leyfi mér að draga í efa að Samband ísl. samvinnufélaga hafi í hvívetna gert lækkað vöruverð að meginmarkmiði í rekstri sínum hin síðari árin, þó e. t. v. megi til sanns vegar færa að þar hafi Samband ísl. samvinnufélaga eða að einhverju leyti gengið nauðugt til leiks.

Ég vil minna á í sambandi við ummæli hv. þm. Jóns Helgasonar um eðlilegan kostnaðarauka af því að dreifa varningi frá Reykjavík til kaupfélaganna úti á landi, að stöku heildsalar í Reykjavík hafa boðið kaupfélögunum úti á landi ýmsan varning við lægra verði en Sambandið hefur gert. Það er ástæðan fyrir því, að ýmis kaupfélög úti á landi versla við heildsalana fremur við Samband ísl. samvinnufélaga. Loks minni ég enn einu sinni á það, að við Alþb-menn bárum á þessu kjörtímabili fram till. um að niður yrði felldur söluskattur af flutningskostnaði á vörum út á land, sem nemur nú 20% ofan á flutningskostnaðinn sem er ýkjahár annars, en þeir hv. stjórnarþm., þ. á m. þm. Framsfl., börðust gegn því.

Aðeins svo þetta í lokin: Ég hefði gjarnan viljað að meiri hl. fjh.- og viðskn. hefði ekki tekið þann kostinn að svipta mig möguleika á því að greiða atkv. gegn frv. hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem hér er um að ræða. Ég skal að vísu játa að ég hygg að þetta hafi hv. fjh.- og viðskn. ekki gert af útspekúleruðum hrekk við mig. Kannske hefur hún gert það af þrauthugsaðri tillitssemi við hv. þm. Jón G. Sólnes, af ótta við að honum yrði þarna valdið óhæfilegu hugarstríði eða innri lemstrun af baráttu við samvisku sína.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 524 samþ. með 11:2 atkv.

Neðri deild, 79. fundur.

Miðvikudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 19. apríl 1978

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Kristján Ármannsson framkvæmdastjóri, Kópaskeri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ingvar Gíslason,
1. þm. Norðurl. e."

Kristján Ármannsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa í deildinni.

Embættisgengi kennara og skólastjóra, frv. (þskj. 497, n. 562, 563). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 563 samþ. með 21 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

15.—18. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 600). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 601). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv

Sjónvarpssendingar á fiskimiðin, frv. (þskj. 71, n. 505, 520). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 520 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓlJ, PP, PJ, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, SvB, EBS, FÞ, GuðlG, GÞG, HES, IngJ, KÁ, GHB, RH.

nei: JónasÁ, KP, LJós, VilbH, SighB, BGr, EðS, GS, KGS.

MÓ greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÓE, SvJ, ÓÓsk, GHG, GTh, GF) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Þar sem ég gat því miður ekki verið viðstaddur 2. umr. þessa máls og umr. var þá lokið og þar sem ég er 1. flm. að málinu vil ég leyfa mér að gera eftirfarandi grein fyrir atkv. mínu:

Það frv., sem hér um ræðir, um sjónvarpssendingar á fiskimiðin er sjálfsagt réttlætismál sjómönnum til handa. Framkvæmd þess mundi hafa í för með sér að hundruð íslenskra sjómanna fengju notið þeirrar sjálfsögðu þjónustu, sem þeir eiga rétt á, að sjá útsendingar sjónvarps. Furðu gegnir því sú afstaða fulltrúa stjórnarflokkanna á Alþ., að þeir skuli þing eftir þing gera ítrekaðar tilraunir til að svæfa málið og koma í veg fyrir að það nái fram að ganga. Vegur Alþ. og alþm. mundi vissulega vaxa, sæju þeir sóma sinn í því að samþykkja frv. og láta það þar með verða að lögum fyrir þinglok. Íslenskir sjómenn eiga það vissulega inni hjá þjóðfélaginu, að þeim séu veitt svipuð skilyrði og öðrum landsmönnum til að njóta þessa sjálfsagða nútímafjölmiðils. Það, sem að baki býr till. meiri hl. fjh.- og viðskn. um að vísa frv. til ríkisstj., er að svæfa málið. Fram hefur komið till. minni hl. n. um að frv. verði samþykkt. Það er hin eina rétta og sjálfsagða afgreiðsla málinu til handa. Ég segi því nei við þessari tillögu.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það sem felst í frv. því, sem nú er lagt til að við greiðum atkv. um og lagt er til að verði vísað til ríkisstj., sýnist mér vera óframkvæmanlegt á næstu árum fyrir íslenska þjóð vegna þess mikla kostnaðar sem því fylgir. Ég hef hins vegar margoft og um langt árabil bent á hagkvæma og ódýra lausn til þess að koma íslensku og erlendu sjónvarpsefni um borð í skipin, með því að aðstoða áhafnir eða útgerðir til þess að eignast myndsegulbönd. Till. hafa og komið fram nú í vetur um skynsamlega dagskrá til handa slíkum tækjum um borð í skipunum. Í ljósi þessa segi ég já.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Þar sem áætlun sú, sem gerð er till. um í þessu lagafrv., hefur að mínu viti að nokkru leyti verið gerð og það hefur komið í ljós, eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns, að það, sem lagafrv. fer fram á, hefur feikilegan kostnað í för með sér, þannig að ekki er raunhæft að ímynda sér að þetta frv. til laga gæti náð fram að ganga, með því líka að nú er mikil hreyfing á endurbótum á dreifikerfi sjónvarpsins og fyrir liggja upplýsingar um að á næsta sumri verður stækkuð endurvarpsstöðin á Arnarnesi við Ísafjarðardjúp, sem mun tryggja sjómönnum, sem liggja í vari við Grænuhlíð, sem talin er eitt það skipalægi í óveðrum sem flest fiskiskip safnast í, þá tel ég ekki ástæðu — af þeim tilgreindu ástæðum sem ég hef hér frammi haft — að samþykkja þetta frv. Ég segi því já við till. um að vísa málinu til ríkisstj., sem ég veit að muni hafa þessi mál til áframhaldandi umfjöllunar.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Það er nú unnið að því fullum fetum að koma sjónvarpi inn á heimili allra landsmanna, eftir því sem unnt reynist af tæknilegum ástæðum. Það lítur út fyrir sæmilega aðstöðu til að fjármagna þessar framkvæmdir. Það hefur ekki verið farið út á þá braut enn að byggja sjónvarpsstöðvar fyrir fiskimiðin af ástæðum sem öllum hv. dm. eru kunnar. Það hefur hins vegar verið ákveðið að reisa stöð í Arnarnesi við Ísafjarðardjúp. Hún er fyrst og fremst fyrir þær sérstöku aðstæður sem eru við djúpið, þar sem skip liggja tugum saman oft og einatt í óveðrum, en auðvitað nær hún út á miðin líka. Ég hlýt þó að vara við því að taka ákvörðun um þessa stöð sem byrjun á því að koma sjónvarpi beint frá stöðvum til allra fiskimiða við Ísland.

Ég vil jafnframt skýra frá því, að á vegum menntmrn. hefur starfað nefnd nú um nokkurra mánaða skeið sem fjallar um að koma efni sjónvarps og útvarps til sjómanna með segulbanda- og myndsegulbandatækni. Þetta hefur verið gert í nálægum löndum, t. d. hjá Norðmönnum og Dönum, sem hvorugir hafa treyst sér til þess að koma sjónvarpsefni út á miðin í gegnum beina útsendingu. Ég á von á að þessi nefnd ljúki bráðlega störfum og skili áliti sínu, og ég mun beita mér fyrir því að ræða það þá þegar í víðari hring og reyna að hrinda áleiðis framkvæmdum í þessu efni. — Ég segi já.

Bókhald, frv. (þskj. 434). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Á síðustu árum hafa orðið miklar og örar breytingar á sviði bókhalds og reikningsskila. Tækniframfarir í gerð bókhalds- og skýrsluvéla og á sviði filmugerðar gera það kleift að beita í æ ríkara mæli vélum, sjálfvirkni og myndtækni við færslu, úrvinnslu og geymslu bókhalds og bókhaldsgagna. Því frv., sem hér er til umr., er fyrst og fremst ætlað að færa löggjöfina um bókhald frá 1968 til samræmis við þær starfsaðferðir, sem nú er beitt, og gera þannig þá sjálfvirkni mögulega og lögum samkvæmt sem notuð er við bókhald og bókhaldsgerð í dag. Með frv. er grg. sem ég vísa til.

Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 602 (sbr. 435)). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir til umr. frv. til nýrra heildarlaga um stipilgjald. Samhliða frv. þessu er flutt frv. til l. um breyt. á lögum um aukatekjur ríkissjóðs og verður að skoða ákvæði þessara frv. í samfellu.

Samkv. gildandi lögum er gjaldtaka af skjölum þríþætt. Í fyrsta lagi er tekið af þeim stimpilgjald samkv. ákvæðum stimpilgjaldslaganna frá 1921, sem ræðst af hæð þeirrar fjárhæðar sem á skjalinu stendur. Í öðru lagi er tekinn 140% stimpilgjaldsviðauki af flestum hinna stimpilskyldu skjala, en viðauki þessi hefur verið samþykktur til eins árs í senn undanfarna áratugi. Í þriðja lagi er við þinglýsingu tekið sérstakt þinglýsingargjald, sem eins og stimpilgjaldið er háð fjárhæð hinna þinglýstu skjala. Með frv. þessu er lagt til, að öllum þessum gjöldum verði steypt saman í eitt gjald, stimpilgjald, en stimpilgjaldsaukinn verði felldur niður svo og þinglýsingargjald í núverandi mynd. Ekki þykir þó fært að fella þinglýsingargjaldið með öllu niður, en þess í stað er lagt til að fyrir þinglýsingu verði tekið tiltölulega lágt fast gjald, óháð fjárhæð hinna þinglýstu skjala, svipað og nú gerist um veðbókarvottorð. Þessi breyting ætti að horfa til verulegrar einföldunar, þannig að gjaldendum ætti að geta orðið ljósara en nú hvernig gjöldin eru reiknuð og veruleg vinna ætti að geta sparast við útreikning gjaldanna.

Þessari breytingu á gjaldtökunni er ekki ætlað að auka tekjur ríkissjóðs og má ætla að þær verði nær óbreyttar, en nákvæm áætlun um tekjubreytingar þær, er af frv. þessu leiðir, er örðug vegna þess að skýrslur um fjölda og fjárhæð stimplaðra og þinglýstra skjala eru ósundurliðaðar. Gjaldtaka af einstökum skjölum breytist hins vegar nokkuð, ýmist til hækkunar eða lækkunar, og vísast til fskj. með frv. um yfirlit yfir þær breytingar.

Auk fyrrgreindra sameiningargjalda felast í frv. allviðamiklar breytingar á ýmsum ákvæðum stimpillaga, enda eru núgildandi lög úrelt orðin að ýmsu leyti, sem engan skyldi undra eftir 57 ára gildistíma. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þessar breytingar í smáatriðum, en vil þó vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Samkv. frv. er gert ráð fyrir að stimpilgjaldið hlaupi á hærri fjárhæðum en er samkv. gildandi lögum. Þannig er t. d. stimpilgjald af víxlum 250 kr. af hverjum 100 þús. af fjárhæð víxils samkv. frv. í stað 0.24% af víxilfjárhæðinni áður. Er þessari breytingu, eins og svo mörgum öðrum sem í frv. felast, ætlað að spara vinnu við útreikning gjaldanna.

Þá er gerð till. um breyttan gjaldstofn við útreikning stimpilgjalds af eignarheimildum fyrir fasteignum. Fram til þessa hefur stimpil- og þinglýsingargjald af þessum skjölum verið miðað við söluverð eignarinnar ef það hefur komið fram á hinu þinglýsta skjali, ella hefur verið miðað við fasteignamatsverð. Þar sem fasteignamatsverð er alla jafna nokkru lægra en gangverð fasteigna hefur þessi háttur við gjaldtöku leitt til þess, að menn hafa látið hjá líða að þinglýsa kaupsamningum. Þannig hafa þeir sparað sér hluta af stimpilgjaldi með því að greiða það af lægri gjaldstofni og um leið sloppið við að greiða þinglýsingargjald bæði af kaupsamningi og afsali. Þetta hefur hins vegar leitt til verulegrar skerðingar á réttaröryggi fasteignakaupenda, þar sem þeir hafa átt á hættu að skuldheimtumenn seljanda eða grandlausir síðari viðsemjendur hans gætu útrýmt eða skert rétt kaupsamningshafa. Verður að telja mjög óæskilegt að gjaldtökuákvæði dragi á þennan hátt úr réttaröryggi við fasteignakaup, og er því lagt til í 17. gr. frv. að jafnan skuli miða gjaldstofn stimpilgjalds við fasteignamat eða áætlað fasteignamat þegar því verður við komið. Þessi breyting, samhliða niðurfellingu þinglýsingargjalds í núverandi mynd, ætti að leiða til þess að opinber gjaldtaka verði mönnum ekki framvegis hindrun við að tryggja rétt sinn.

Nefna má að í frv. er lagt til að það breyti ekki stimpilskyldu skjals þótt það sé gefið út til tryggingar öðru skjali. Þannig gerir frv. ráð fyrir að fullt stimpilgjald sé tekið af tryggingarbréfi sem gefið er út til tryggingar á greiðslu víxils, en samkv. gildandi lögum er við ákvörðun stimpilgjalds af tryggingarbréfum tekið tillit til stimplunar víxilsins. Jafnframt er lagt til að stimpilgjald af tryggingarbréfum verði almennt lækkað, þannig að þessi breyting ætti ekki að vera til íþyngingar gjaldendum. Hins vegar ætti hún að geta sparað nokkuð vinnu við ákvörðun stimpilgjalds og geta flýtt afgreiðslu nokkuð.

Þá er lögð til nokkur breying á stimplun hlutabréfa frá gildandi lögum. Nemur stimpilgjaldið 2.4% af verði bréfsins ef bréfið hljóðar á handhafa, en 1.6% ef bréfið hljóðar á nafn. Auk þess eru framsöl nafnbréfa stimpilskyld. Í frv. er lagt til að sama stimpilgjaldið gildi fyrir öll hlutabréf og framsal þeirra allra verði stimpilfrjálst. Á sama hátt er lagt til að framsal á réttindum í öðrum félögum en hlutafélögum verði stimpilfrjálst. Loks má geta þess, að niður-

lagsákvæði þessa frv. eru mun skýrari en samsvarandi ákvæði í gildandi lögum og gerður er skýrari munur á stjórnvaldsviðurlögum og eiginlegum refsingum, andstætt því sem er í gildandi lögum.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 529). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt samhliða frv. til laga um stimpilgjald, er ég gerði grein fyrir hér fyrr, og vísast því að mestu til þess sem ég sagði þá. Með frv. þessu er lagt til, að þinglýsingargjaldið verði lagt niður í núverandi mynd og sameinað stimpilgjaldinu. Í stað núverandi þinglýsingargjalds er lagt til að dómsmrh. ákveði með reglugerð fast gjald fyrir hverja þinglýsingu og yrði sú gjaldtaka óháð fjárhæð þess skjals sem þinglýst er, eins og áður sagði. Þannig yrði þinglýsingargjaldið nokkurs konar þjónustugjald fyrir framkvæmd þinglýsingar, hliðstætt t. d. gjaldi fyrir veðbókarvottorð.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, frv. (þskj. 569 (sbr. 313)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Þetta frv., sem hér er lagt fram um þinglýsingar, varðar mjög mikilvægt mál. Það er allumfangsmikill lagabálkur og hefur að geyma mörg nýmæli. Frv. hefur þegar verið til meðferðar í hv. Ed. og hefur verið samþykkt þar með þeirri breytingu einni, að inn í það hafa verið tekin ákvæði um þinglýsingar á bifreiðum, en þau ákvæði voru ekki í frv. þegar það var lagt fram, vegna þess að rétt þótti að láta reyna á það til þrautar, áður en þau ákvæði væru sett, hvort fengjust settar nýjar reglur um skráningu bifreiða. Virðist ekki vera þingvilji til slíks, og þess vegna voru í hv. Ed. felld inn í frv.-bálkinn ákvæði um þinglýsingu bifreiða. Að öðru leyti var frv. afgreitt í hv. Ed. óbreytt.

Sjálfsagt væri viðeigandi að halda alllanga ræðu um þetta mál, því að eins og ég sagði er hér um mjög mikilvægt mál að ræða, en ég skal reyna að hafa þessi orð ekki mjög mörg, en vísa þess í stað til þeirra rækilegu aths. sem frv. fylgja.

Að sjálfsögðu hefur mönnum verið lengi ljóst að þörf væri á lagasetningu um þinglýsingar. Gildandi löggjöf um það efni hefur alltaf verið ófullkomin að því leyti til, að hún hefur fyrst og fremst aðeins varðað framkvæmd þinglýsingar, en hins vegar hefur hún ekki geymt að kalla má nein ákvæði um réttaráhrif þinglýsingar. En þau ákvæði um framkvæmd þinglýsingar, sem finna má í lögum, eru fyrir löngu orðin úrelt og ófullkomin. Það var þess vegna fyrir u. þ. b. 20 árum efnt til athugunar á þessari löggjöf og samið frv. um það efni. Það var lagt fyrir Alþ. einum þrisvar sinnum, síðast að ég ætla árið 1964, en það frv. hlaut ekki byr og munu ýmsar ástæður hafa legið til þess. Við samningu þess frv., sem nú liggur fyrir, hefur að sjálfsögðu verið stuðst að ýmsu leyti við gamla frv., en þó er þetta nýja frv. mjög frábrugðið að ýmsu leyti. Frv. hefur samið dr. Gaukur Jörundsson prófessor og notið aðstoðar tveggja starfsmanna í dómsmrn., þeirra Þorleifs Pálssonar deildarstjóra og Þorsteins A. Jónssonar fulltrúa. Þetta frv., ef að lögum verður, felur í sér gagngera breytingu á framkvæmd þinglýsingar. Enn fremur er í frv. að finna ákvæði um réttaráhrif þinglýsingar, en slík ákvæði hefur hingað til að mestu vantað í íslenska löggjöf, eins og ég gat um áður.

Þetta nýja frv. til þinglýsingalaga miðar að því, eins og fram kemur í aths., að á hverjum tíma sé unnt að fá sem greiðastar og öruggastar upplýsingar um réttindi yfir fasteignum og öðrum eignum sem jafna má til fasteigna, svo og að reglur um réttaráhrif séu sem skýrastar. Eins og ég gat um í upphafi hefur alllengi verið ljóst að fyrirkomulag það á skráningu réttinda yfir fasteignum, sem gert er ráð fyrir í núgildandi löggjöf, svarar hvergi nærri kröfum tímans. Í fyrsta lagi skiptir það nú mun meira máli en áður, að þinglýst réttindi séu nægilega afmörkuð og skýr og styðjist að auki við réttarheimildir að lögum. Samkv. núgildandi þinglýsingalögum lýtur athugun þinglýsingardómara á skjali nær einvörðungu að því að kanna hvort á því séu einhverjir formgallar. Þetta getur aftur á móti leitt til mikillar réttaróvissu. Því er að finna í frv. ákvæði sem leggja þinglýsingardómara þær skyldur á herðar að kanna betur en nú er gert efni skjals áður en því er þinglýst.

Að því er varðar framkvæmd þinglýsingar, þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að tekin sé upp ný skipun í því efni, því að framkvæmdin er í rauninni löngu orðin úrelt, eins og ég drap á, og má raunar telja það mikið happ, að ekki skuli hafa átt sér stað mikil og alvarleg mistök í sambandi við framkvæmd þeirra mála.

Ég skal þá aðeins víkja örfáum orðum að einstökum atriðum í frv.:

I. kafli frv. fjallar um þinglýsingardómara. Þar með er staðfest sú niðurstaða hæstaréttar, að þinglýsing sé dómsathöfn, en engin ákvæði um það efni er að finna í núgildandi þinglýsingalögum og í sjálfu sér er engan veginn sjálfgefið samkv. eðli málsins að þinglýsingarathöfn eigi að vera dómsathöfn. En hér er alveg úr því skorið og því slegið föstu í samræmi við téðan hæstaréttardóm að svo skuli vera.

Í II. kafla frv. er vikið að framkvæmd þinglýsinga. Þar er gert ráð fyrir að teknar verði upp breyttar aðferðir bæði við skráningu og vörslu skjala. Í fyrsta lagi er lagt til að skjöl,

sem afhent eru til þinglýsingar, séu færð í sérstaka dagbók. Réttaráhrif þinglýsingar eru tengd afhendingu skjals til þinglýsingar og er því þýðingarmikið að sem öruggust sönnun liggi fyrir um það, hvort skjal hafi yfirleitt verið afhent til þinglýsingar og þá hvenær það hafi gerst. Við móttöku skjals í upphafi er gert ráð fyrir því, að dómari þurfi aðeins að kanna hvort tilteknir augljósir gallar séu á skjali. Þegar skjöl hafa verið færð í dagbók gefst svo ráðrúm til nánari athugunar áður en þau eru færð í þinglýsingabók. Þessi tilhögun eykur mun meira öryggi við þinglýsingu en sú sem nú tíðkast.

Dagbókarfærsla hefur lengi tíðkast í nágrannalöndum okkar, en aftur á móti ekki hér á landi. Hætt er við því, að þinglýsing verði nokkru tímafrekari með því móti að færa dagbók, en á móti kemur að ætlast er til þess, að dagbók geti jafnframt gegn hlutverki auka'ekjubókar og komið í stað skrár yfir þinglýst skjöl, sem leggja á nú fram í hverri viku hjá þeim embættum sem þinglýsingu annast. Þegar á þetta er litið ætti dagbókarfærsla ekki að leiða til aukinnar vinnu.

Í öðru lagi er lagt til að þinglýsingabækur skuli vera lausblaðabækur eða í spjaldskrárformi. Með þessu móti ættu bækurnar að vera handhægari í notkun en nú er og færsla upplýsinga gleggri. Stefnt er að því, að ljósrit úr slíkri bók eða spjaldskrá verði fullnægjandi veðbókarvottorð. Þar með yrði komist hjá því að rita veðbókarvottorð hverju sinni, en það verk er mjög tímafrekt og auk þess hætta á að misritun geti átt sér stað. En auðvitað er mjög mikilvægt í þessu sambandi, að þar skeiki engu.

Nái frv. það, sem hér er lagt fram, fram að ganga er óhjákvæmilegt að færa upplýsingar úr núverandi fasteignaregistri inn á laus blöð eða spjöld, eftir því hvor kosturinn yrði fyrir valinu. Slíkt útheimtir að sönnu bæði fé og fyrirhöfn, en á aftur á móti að leiða til meira réttaröryggis. Það verður að viðurkenna, eins og áður er sagt, að núverandi framkvæmd á skráningu þinglýstra réttinda er löngu orðin úrelt og felur í sér hættu á réttaróvissu á þessu sviði. Möguleiki er á því, að skráning skjala, sem afhent eru til þinglýsingar, dragist — má vera, að einhverjir þekki það — eða það farist hreinlega fyrir, þannig að gefin séu út hrein veðbókarvottorð. Mistök af því tagi geta bakað ríkissjóði skyldu til greiðslu skaðabóta er hugsanlega geta skipt milljónum króna hverju sinni. Þó úrbætur á núverandi skráningarkerfi kosti nokkurt fé geta þær því sparað mun hærri fjárhæðir þegar til lengdar lætur.

Rétt er að geta þess, að sérstaklega hefur verið athugað við samningu þessa frv., hvort leyft sé að taka upp tölvuskráningu á upplýsingum úr þinglýsingabókum. Sú athugun hefur leitt í ljós að ekki séu skilyrði til þess að taka upp slíka skráningu í tölvu, en hins vegar er veitt heimild til þess í frv. Sú endurskráning, sem ég vék að hér á undan, er óhjákvæmilegur undanfari þess, að tekin verði upp tölvuskráning. Það er því ekki um neinn tvíverknað að ræða, þótt upplýsingar úr fasteignaregistri séu fyrst skráðar inn á laus blöð eða spjöld og þær síðan lesnar inn í tölvu.

Núverandi fasteignaregistur eru þess eðlis, að upplýsingar úr þeim eru alls ekki tölvutækar. Fella þarf burt ýmis eldri réttindi sem fallin eru niður einhverra hluta vegna svo og er nauðsynlegt að skera úr fjölda ágreiningsefna sem núgildandi þinglýsingalög hafa ekki gert ráð fyrir að gert sé. Nútíma tölvutækni gerir kleift að safna saman á einn stað öllum upplýsingum sem máli skipta um fasteignir. Mætti með því móti fá með skjótum og öruggum hætti upplýsingar um einstakar fasteignir úr slíkum upplýsingabanka. Vísi að tölvuskráðum upplýsingum um fasteignir er að finna hjá Fasteignamati ríkisins, þótt í takmörkuðum mæli sé. Álitamál er hins vegar hvernig slíkri skráningu skuli háttað. Meðal þess, sem kanna þarf í því sambandi, eru tengsl þinglýsingar við aðra gagna- og upplýsingaöflun um fasteignir. Er gert ráð fyrir því í þessu frv., að dómsmrh. geti ákveðið að hafa þennan hátt á ef afráðið verður að taka upp tölvuskráningu þinglýstra réttinda.

Þá er í þriðja lagi lagt til að horfið sé frá því skipulagi á geymslu þinglýstra skjala sem nú tíðkast. Það er, eins og kunnugt er, fólgið í því, að skjölin eru bundin inn í sérstakar bækur sem eru allfyrirferðarmiklar og því heldur óhandhægar í notkun, eins og e. t. v. einhverjir hv. dm. hafa séð. Í stað þessara bóka er gert ráð fyrir að tekin verði upp sérstök skjalahylki svo búin að nema megi skjöl úr hylkinu þegar þeim er aflýst eða þau missa þinglýsingargildi sitt að öðru leyti. Í tengslum við þessa breytingu er veitt heimild til þess í frv., að sérstakri tækni verði beitt við vörslu skjala, t. d. með því að taka myndir af þinglýstum skjölum á svonefndar mikrofilmur.

Samkv. núgildandi lögum er nauðsynlegt að vélrita upp afsal og öll skjöl varðandi skip 5 rúmlestir eða stærri sem flytjast á milli umdæma. Samkv. 42. gr. frv. er horfið frá þessu þar sem lagt er til að skjöl, sem skip varða, skuli fylgja skipinu, ef svo má að orði komast. Þessi eina breyting ætti að hafa í för með sér umtalsverðan vinnusparnað í þeim umdæmum þar sem eitthvað kveður að flutningum á skipum til annarra umdæma. Það má segja að í þessu sambandi skipti nokkru máli það frv. sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir áðan — að ég ætla — varðandi stimpilgjald, þar sem af þeim hætti, sem þar er gert ráð fyrir að verði tekinn upp varðandi stimpilgjöld, leiðir líka nokkra hagræðingu varðandi þinglýsingu.

Þó að ég hafi nú minnst nokkuð á framkvæmd þinglýsingar, þá er það auðvitað svo, að meginefni þessa frv. er um réttaráhrif þinglýsingar og önnur atriði sem þar að lúta.

III. kafli frv. hefur að geyma reglur um forgangsáhrif þinglýsingar og gildi grandleysis. Lagt er til að forgangsáhrif þinglýsingar séu áfram talin frá því þegar skjal er afhent dómara til þinglýsingar. Aftur á móti er ekki gerður munur á forgangsrétti skjala sem afhent eru sama dag, eins og gert er í núgildandi þinglýsingalögum. Svo nákvæm regla getur leitt til óeðlilegrar niðurstöðu þar sem oft og einatt er ekki gengið frá þinglýsingunni fyrr en í lok hvers afgreiðsludags.

Í frv. er tekin afstaða til þess, hvernig fari um rétt skjalsins gagnvart öðrum skjölum, sem afhent eru síðar til þinglýsingar, og hvernig

fari um bótakröfu þess, sem hallað er á, sbr. 49. gr. frv. Samkv. því ákvæði getur ríkissjóður orðið bótaskyldur þegar um er að ræða mistök í þinglýsingu, þótt ekki sé við hlutaðeigandi þinglýsingardómara að sakast. Slík hlutlæg bótaregla ætti að efla traust manna á þinglýstum skjölum.

Í IV.—VII. kafla frv. er svo fjallað um þinglýsingaréttindi yfir fasteignum, skipum og lausafé almennt. Frv. nær hins vegar ekki til loftfara þar sem um skrásetningu réttinda í loftförum gilda tiltölulega nýleg lög sem ekki hefur þótt ástæða til að hrófla við. Á hinn bóginn tekur þetta frv. eftir þá breytingu, sem á því var gerð í hv. Ed., til bifreiða einnig.

Í 20.—26. gr. frv. er að finna nokkur nýmæli að því er varðar skilyrði þess, að skjali verði þinglýst. Ekki er ástæða til að lýsa þeim hér, heldur vísast í því efni sem og öðrum til grg. þeirrar eða aths. sem frv. fylgja. Þó má benda á ákvæði 2. mgr. 20. gr. frv. þar sem þinglýsingardómara er veitt heimild til þess að gera það að skilyrði fyrir þinglýsingu, að gildur uppdráttur af lóð eða landi fylgi skjali. Tilgangurinn með þessu ákvæði er sá, að jafnan sé ljóst hver og hvar sú fasteign er sem þinglýsingu varðar, eða með heldur andkannalegu orðalagi má segja: hver sé staðsetning fasteigna, sem hin þinglýstu réttindi varða.

Í 29.—32. gr. frv. er skorið úr um það, hvaða réttindi yfir fasteign séu háð þinglýsingu og hverra aðgerða sé þörf svo að eldri þinglýstum rétti sé rutt úr vegi. Þessi ákvæði staðfesta að meginstefnu til þær reglur sem talið er að gilt hafi þótt óskráðar hafi verið. Þó er áskilið í 32. gr. frv. að réttindi, sem styðjast við eignarnámsgerð eða hefð, séu háð þinglýsingu, en þess hefur ekki verið krafist til þessa.

Í 33. og 34. gr. frv. er að finna ákvæði um réttaráhrif þinglýsingar. Ákvæði 33. gr. eru algert nýmæli. Samkv. því á sá maður, sem hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimild fyrri eiganda sé ógild, ef hann — þ. e. a. s. síðari eigandinn — er algerlega grandlaus um ógildistilvikið. Þetta gildir þó ekki ef ógildingarástæðan er lögræðisskortur útgefanda, fölsun eða meiri háttar nauðung.

Samkv. eðli málsins veitir þinglýsing sumra skjala aðeins tímabundin réttindi. Æskilegt er að hafa ákvæði um það efni í þinglýsingalögunum, svo að ekki þurfi að setja sérstök lög hverju sinni um útstrikun þeirra skjala — eða aflýsingu væri réttara að segja — sem lokið hafa hlutverki sínu, svo sem nokkrum sinnum hefur verið gert á undanförnum áratugum. Í 35.—38. gr. frv. er ákvæði að finna er að þessu atriði lúta.

Um frekari skýringar á þessu frv. vísast svo að öðru leyti, eins og ég hef áður sagt, til aths., sem fylgja frv. og eru mjög ítarlegar.

Ég leyfi mér að vonast til þess, að þetta frv. og fylgifrv. þess fái afgreiðslu á þessu þingi. Það hefur þegar hlotið rækilega athugun í hv. Ed. Enginn vafi er á því, að samþykkt þess horfir til aukins réttaröryggis í þessum efnum og miðar að því að eyða ýmissi réttaróvissu sem upp getur komið. Í annan stað miðar sú nýja framkvæmd, sem gert er ráð fyrir að upp verði tekin í sambandi við þinglýsingar, að því að minnka vinnuálag á þeim mönnum sem þessum störfum sinna nú.

Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Með þessu frv. fylgja nokkur fylgifrv., þ. e. a. s. frv. um breytingu á jarðalögum, í öðru lagi frv. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, í þriðja lagi frv. um bæjanöfn, í fjórða lagi frv. um kyrrsetningu og lögbann, í fimmta lagi um landskipti, í sjötta lagi um nauðasamninga, í sjöunda lagi um landamerki og loks um aðför og að allra síðustu um lögtak og fjárnám. Þetta eru 9 frv. alls. Í þeim eru engin ákvæði önnur en þau sem leiðir beinlínis og óhjákvæmilega af samþykkt þessa þinglýsingalagafrv. Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, ef það telst leyfileg málsmeðferð, að ég standi upp við hvert af þessum málum hér á eftir, heldur óska þess í eitt skipti fyrir öll, ef það er leyfilegt, að sami háttur verði hafður á um þau eins og um aðalfrv., að þeim verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og síðan til hv. allshn. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti telur þetta þinglegt, en ég legg það á hans vald.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 314). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 315). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Bæjanöfn, frv. (þskj. 316). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Kyrrsetning og lögbann, frv. (þskj. 317). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Landskipti, frv. (þskj. 318). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Nauðasamningar, frv. (þskj. 319). — 1 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Landamerki, frv. (þskj. 320). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Aðför, frv. (þskj. 321). — 1 umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 322). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 462, n. 564 og 568, 559). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Eins og þegar hefur komið fram í umr. um þetta mál, þá varð fjh.- og viðskn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., sem er skipaður fulltrúum ríkisstj.-flokkanna, leggur til að frv. verði samþ. með nokkrum minni háttar breytingum. Ég er hins vegar andvígur frv. og legg til að það verði fellt. Nál. mitt er á þskj. 568, en fulltrúi Alþfl. í n. var ekki mættur við afgreiðslu málsins.

Ágreiningur sá, sem kom upp í n. um þetta mál, er í rauninni um þá stefnumörkun sem felst í þessu frv., en eins og kunnugt er, miðar þetta frv. að því að gerbreyta skipulagi á verðlagningar- og verðlagseftirlitsmálum okkar. Í frv. felst að það á að hverfa frá núverandi skipulagi þar sem byggt hefur verið á því, að sérstök verðlagsnefnd hefur haft vald til þess að ákveða hámarksálagningu eða hámarksverð á vörum og þjónustu og síðan hefur verið ætlast til þess, að sérstök stofnun liti eftir framkvæmd á þessum málum. En með þessu frv. er gert ráð fyrir að að því verði stefnt að gefa verðlagninguna frjálsa, þ. e. a. s. að þeir, sem hafa með að gera sölu á vörum og varningi og selja af hendi þjónustu, geti ákveðið verðlagninguna sjálfir. Að vísu er það bundið ákveðnum skilyrðum, þar sem miðað er við að *nægileg samkeppni sé til staðar*. En meginstefnan er sem sagt sú, að að því er stefnt að verslunarálagning verði gefin frjáls. Þar með er horfið frá verðlagseftirliti í þeirri merkingu sem verið hefur.

Ég hef bent á það í umr. um þetta mál, að þó að sitthvað megi finna að því skipulagi sem við höfum búið við varðandi þessi mál og það sé að mínum dómi fyllileg ástæða til að gera breytingar á því, þá séu ekki aðstæður til þess, eins og nú horfir í verðlags- og efnahagsmálum okkar, að hverfa frá þeirri meginstefnu, sem gilt hefur í þessum efnum, og gefa álagninguna frjálsa. Ég tel að aðstæður séu þannig nú, að miklu fremur hefði þurft að herða á þessu eftirliti, það hefði þurft að gera verðlagseftirlitið virkara en það hefur verið, vinna að því að fá almenning í landinu til þess að taka meiri þátt í almennu verðlagseftirliti en verið hefur nú um skeið og ganga miklu einarðara til verks en gert hefur verið til að halda niðri verðlagi, koma í veg fyrir verðlagshækkanir sem fastlega er sótt á um að fá fram í fjölmörgum tilvikum.

Við vitum að að undanförnu hafa samtök verslunarinnar gert miklar kröfur um að fá álagningu hækkaða. Forsvarsmenn þeirrar stéttar hafa talið að hlutur verslunarinnar væri of lítill og hann þyrfti að verða meiri. Ég held því að enginn vafi sé á því, að um leið og þessi mál verða gefin frjáls, þ. e. a. s. ákvörðun á verðlagningu við núverandi aðstæður, mundi það tvímælalaust leiða til hækkandi verslunarálagningar og til hækkandi verðlags.

Fínt þykir nú á tímum að tala um frelsi, að sjálfsagt sé að hafa frjálsa verðlagningu og þeir sem hafa með þessi mál að gera, verði að búa við fullkomið frelsi, þeir eigi að ákveða þetta sjálfir og frjálsræði muni vera best í þessum efnum eins og öðrum, eins og menn segja svo hátíðlega. En þá er ekki úr vegi að menn líti á það um leið, hvernig þetta frelsi er veitt í öðrum tilfellum, þar sem í rauninni er um sama mál að ræða að meira eða minna leyti.

Við vitum að núverandi hæstv. ríkisstj. hefur t. d. talið að við núverandi aðstæður væri ekki hægt að virða frjálsan samningsrétt launþega, þó gengið hafi verið út frá því í lögum að samningsréttur um launakjör væri frjáls og aðilar vinnumarkaðarins gætu gert með sér bindandi samning um launakjör. Ríkisstj. hefur talið nauðsynlegt að grípa þarna inn í og hefta frelsið á þessu sviði, neita því að í gildi megi vera samningar sem gerðir voru þó samkv. réttum eða gildandi lögum. Ef frelsið ætti að vera jafnmikið til handa launþegum í landinu og þarna er gert ráð fyrir að eigi að verða handa þeim sem hafa með höndum sölu á varningi og þjónustu, þá ættu launþegar í landinu að hafa fulkomið frelsi til

þess að ákveða kaup sitt sjálfir án allra samninga, því að auðvitað er álagningin, sem verslunin fær í sambandi við sölu á vörum, að verulegu leyti ákvörðun um launakjör þeirra sem með verslunina hafa að gera.

Ég tel að við þær aðstæður, sem við búum nú við í verðlagsmálum, sé hrein fjarstæða að ætla að gefa verðlagið frjálst hér á landi. Ég trúi því ekki, að það fái staðist til lengdar að gefa alla verslunarálagningu frjálsa, en ætla á sama tíma að standa gegn því að frjálsræði gildi á vinnumarkaði um gerð launasamninga. Og þó trúi ég því enn síður, að það fái staðist þegar ríkisstj. er búin að koma því í gegn að verslunin í landinu geti ákveðið álagninguna að eigin vild, að þá skuli rífa upp það kerfi, sem í gildi hefur verið hér um langan tíma varðandi verðtryggingu á launum, þannig að þau laun, sem ákveðin hafa verið í kaupgjaldssamningum, skuli breytast í hlutfalli við verðlagið í landinu. En það virðist vera að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að koma þessu öllu í gegn. Verðlagningin á að vera frjáls, verðlag má hækka eftir því sem þeir ákveða, sem með vörusöluna hafa að gera. Launþegar mega ekki semja bindandi um launakjör sín við vinnuveitendur, og það má ekki vera í gildi, að þeir verðtryggi laun sín gegn hækkandi verðlagi. Mér sýnist að eins og þessi mál liggja fyrir ætlist ríkisstj. til þess, að frelsið sé aðeins á aðra höndina, en á hina höndina megi frelsið ekki gilda.

Það þykir auðvitað alveg óhjákvæmilegt líka að ákveða í lögum að bændur geti ekki heldur ákveðið launakjör sín. Þeir verða að fylgja ákveðnum reglum í sambandi við verðlagningu á framleiðslu sinni og söluvöru sinni. Þeir eiga ekki að fá sjálfdæmi í þeim efnum. En verslunarstéttin á að fá sjálfdæmi og ákveða sjálf hverju sinni hvað hún leggur mikið á þá vöru sem hún selur.

Að sjálfsögðu á einnig að vera í gildi að þessi sama verslunarstétt hafi fullt frjálsræði til þess að fá gjaldeyri til að flytja inn þær vörur til landsins sem hún biður um á hverjum tíma. Það þykir einnig sjálfsagt núna, að eini aðilinn í þjóðfélagi okkar, sem hafi alveg óbundnar hendur um að taka erlend lán umfram þann almenna lánaramma sem settur hefur verið, sé verslunarstéttin. Hún má halda áfram að taka svonefnd vörukaupalán og bæta þar við milljarða lántöku á ári, eins og verið hefur að undanförnu. Hún má halda áfram að taka slík lán til innflutnings á vörum. Þessi svonefndu vörukaupalán hafa farið ört hækkandi. Slíkar erlendar lántökur þykja sjálfsagðar af því að innflutningurinn á í hlut, verslunin á í hlut. En ef hins vegar er um að ræða aðra aðila í þjóðfélaginu, t. d. þá sem ætla sér að flytja inn framleiðslutæki eða annað slíkt fyrir atvinnuvegina, þá er sagt við þá: Það kemur ekki til mála að þið fáið leyfi til að taka lán til að flytja inn slíka hluti umfram það sem gert er ráð fyrir með hinum almenna lánaramma varðandi töku á erlendum lánum. — Það er orðinn æðimikill munur á þeim rétti sem ríkisvaldið býr þarna hinni almennu verslun í landinu og kaupsýslustéttinni og t. d. launþegum og hinu almenna atvinnulífi landsmanna.

Ég veit að talsmenn þessa frv. halda því fram, að nokkrar hömlur eigi að vera á því, hvað verslunarstéttin geti tekið í sinn hlut í gegnum frjálsa álagningu, þar sem miðað sé við að álagningin verði gefin frjáls þar sem nægileg samkeppnisaðstaða er fyrir hendi. Það hefur hins vegar verið upplýst, að talið er að við núverandi aðstæður sé nægileg samkeppnisaðstaða fyrir hendi í þýðingarmiklum greinum verslunarinnar, enda held ég að það megi öllum vera alveg ljóst mál, að ef ekki telst vera samkeppnisaðstaða nú, t. d. varðandi hina almennu matvörusölu í landinu, miðað við það frelsi sem er til þess að flytja inn þessar vörur, þá verður þessi samkeppnisaðstaða aldrei til. Það er líka fyllilega ætlun þeirra, sem standa að þessari löggjöf, að gefa verslunarálagninguna í þessum greinum frjálsa, þó að þetta sé vafið í þann búning að nú eigi að athuga um samkeppnisaðstöðu.

Ég hef áður í umr. um þetta mál bent á, að þó að hægt sé að benda á að t. d. í Reykjavík geti verið nokkur samkeppni á milli verslana í ýmsum greinum verslunarinnar, þá er ekki um neina teljandi samkeppni að ræða í hlíðstæðri vörusölu víða annars staðar á landinu. Við höfum allstór byggðarlög á okkar mælikvarða víða á landinu — byggðarlög sem hafa 500 til jafnvel 1500 íbúa. Þar er svo að segja aðeins um eina verslun að ræða. Auðvitað er ekki hægt að tala um neina teljandi samkeppni á slíkum stöðum. En verði verslunarálagning gefin frjáls, t. d. í matvörusölu, svo að við tökum hana sem dæmi vegna samkeppnisaðstöðunnar í Reykjavík, þá verður verslunarálagningin í þessari grein gefin frjáls um allt land. M. ö. o.: þar sem svo stendur á að aðeins ein verslun er eða þó að þær væru tvær, þá telst samkeppnin ekki ýkjamikil, þá hafa verslunaraðilar á slíkum stöðum fengið býsna þægilega aðstöðu til þess að taka þá álagningu sem þeim hentar að taka hverju sinni. En öryggi hinna, sem teljast neytendur og þurfa að skipta við þessar verslanir, er ekki mikið.

Vissulega hefði mátt segja að við aðrar aðstæður í verðlagsmálum okkar og efnahagsmálum en þær, sem við búum við í dag, hefði mátt gera tilraun í þessa átt og sjá hvernig henni hefði reitt af. Ef hér hefði verið tiltölulega stöðugt verðlag og tiltölulega auðvelt fyrir þá, sem kaupa þurfa vöruna, að átta sig á réttu og röngu verðlagi og ef kaupgjaldsmálin hefðu einnig verið tiltölulega frjáls, þannig að það hefði verið nokkuð auðvelt fyrir launþega að svara þeim verðlagshækkunum, sem orðið hefðu, með því að gera nýja kaupgjaldssamninga eða ákveða laun sín sjálfir til hækkunar, hefði mátt reyna þetta. En ekkert af þessu er til. Málin liggja fyrir á allt annan veg. Hér sveiflast verðlag í ríkum mæli frá degi til dags, verðhækkanir eru mjög miklar, erfitt er fyrir menn að átta sig á hinu rétta verði, og kaupgjaldsmálin eru þannig, að þar eru uppi harðar deilur nú einmitt um verðtryggingarþáttinn í launamálunum. Ríkisstj. hugsar sér að ganga enn þá lengra á þeirri braut og vill breyta vísitölugrundvellinum í sambandi við verðtrygginguna.

Undir þessum kringumstæðum hugsar hún sér að gefa verslunarálagningu frjálsa, segja við þá sem með þau mál hafa að gera: Gerið svo vel. Takið þá álagningu, sem ykkur sýnist. Við nenn-

um ekki að eltast við þetta. Það er sjálfsagt að þið ákveðið álagninguna sjálfir eftir því sem þið teljið ykkur henta.

Satt að segja finnst mér ótrúlegt að ríkisstj. skuli þora að taka svona ákvarðanir og það rétt fyrir kosningar. Það er satt að segja að storka almenningi í þessu landi. Og þó að talsmenn ríkisstj. séu nú liprir í því að segja: Já, þetta á nú að verða frjálst, en þó eru hér á ýmsir skildagar, þá getur það samt ekki farið fram hjá neinum manni, að við það er miðað í þessu frv. að þessi álagning verði gefin frjáls. Til þess er leikurinn gerður, enda hefur það að mínum dómi komið greinilega fram, bæði í umr. hér á Alþ. og þá ekki síður í þeirri n. sem hefur fjallað um málið.

Varðandi þetta frv. er því að mínum dómi fyrst og fremst tekist á um stefnumarkandi atriði. Spurningin er: Á að breyta um grundvallarstefnu í þessum verðlagsmálum og verðlagningarmálum frá því sem verið hefur? Á að taka upp þessa nýju frjálsræðisstefnu í verðlagsmálum eða ekki? Ég er algerlega andvígur því, að þessi nýja stefna verði tekin upp, einkum og sérstaklega við núverandi aðstæður. Af því legg ég til að frv. verði felld, en flyt ekki neinar brtt. við það. Hér er fyrst og fremst tekist á um stefnumarkandi atriði. Spurningin er um það, hvort menn vilji taka upp þessa nýju stefnu eða ekki. Minni háttar breytingar fram og til baka um einstakar undirgreinar, sem er að finna í þessu frv., út frá þessu meginatriði skipta mig ekki máli. Og það hefur líka lítið að segja varðandi þetta höfuðatriði, þótt búið sé að blanda inn í þetta frv. liðum gersamlega óskyldum þessu aðalatriði, eins og því sem er verið að kenna við neytendavernd og eftirlit með óréttmætum verslunarháttum og öðru slíku. Ég álít að öllum þeim atriðum, eins og komur líka fram í grg. frv. frá þeim sérfræðingum sem unnu að málinu, þegar litið er á hvernig þessum málum er skipað hjá öðrum þjóðum, hyki yfirleitt ekki hæfa að blanda saman á þann hátt sem gert er í þessu frv. Þau atriði frv., sem fjalla því um þessa þætti, skipta sáralitlu máli varðandi meginatriðið sem er að finna í frv.

Þá vil ég einnig minna á að nú um nokkurt skeið hefur þótt eðlilegt að hafa ákveðið samkomulag við aðila vinnumarkaðarins varðandi skipan þessara verðlagsmála. Það var tekið upp það kerfi til samkomulags við aðila vinnumarkaðarins, að í verðlagsnefndinni skyldu vera 4 fulltrúar frá hálfu launþega, aðrir 4 fulltrúar frá hálfu vinnuveitenda og oddamaðurinn, formaður nefndarinnar, skyldi síðan skipaður af viðskrh. Við þetta skipulag höfum við búið í allmörg ár. Þetta samkomulag tókst upp úr allhörðum vinnudeilum og því hefur verið haldið síðan og ekki hefur þótt rétt að raska þessu samkomulagi. Auðvitað hafa þessir aðilar, aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar launþega og fulltrúar vinnuveitenda, einna mestra hagsmuna að gæta varðandi það, hvernig á þessum málum er haldið, hvernig fer með þróun verðlagsmála í landinu, því að vitanlega er alveg augljóst að fari svo, af hvaða ástæðu sem það er, að verðlag fari ört hækkandi, sem leiðir þá venjulega af sér tilheyrandi launahækkanir og hækkanir á almennum rekstrarkostnaði, þá umturnar það fljótlega öðru skipulagi í efnahagsmálum þjóðarinnar, kallar t. d. á gengislækkanir og aðrar slíkar ráðstafanir eða leiðir til annarra meiri háttar deilna. Því er ofureðlilegt, að einmitt fulltrúar vinnumarkaðarins fái að hafa mikið að segja um gang þessara mála. Og séu þeir skyldugir til þess að miða hömlur sínar í sambandi við verðákvarðanir, eins og t. d. reglur um það að setja hámarksverð eða hámarksálagningu, við það að hægt sé þó að reka vel skipulagða verslun eða fyrirtæki á þann hátt að reksturinn fái borið sig, séu þeir bundnir af þessu með lögum, þá er ekki hægt að halda því fram, að þeir hafi fengið vald til þess að hafa áhrif á þróun þessara mála umfram það sem eðlilegt er. Ég held líka að reynslan hafi sýnt á undanförnum árum, að þó að nokkuð hafi verið reynt að standa gegn verðhækkunum með því kerfi sem hér hefur verið í gildi, þá hafi síst verið gengið of langt. Ég held að það teljist til undantekninga, að verðlagsyfirvöld hafi ákveðið svo lága þóknun fyrir það að selja vöru að ekki hafi átt að vera hægt að halda þeirri starfsemi í gangi með eðlilegum hætti. Miklu fremur væri hægt að finna dæmi um að verðlagsyfirvöld okkar hafi gefið um of eftir fyrir þeim þrýstingi sem jafnan er á um það að koma fram meiri verðlagshækkunum.

Stundum eru færðar fram röksemdir fyrir því, að við eigum að hverfa alveg frá því kerfi sem við höfum búið við, því að við höfum búið við meiri verðhækkanir og meiri verðbólgu á Íslandi en flestar aðrar þjóðir hafa búið við, a. m. k. í nágrenni við okkur, þrátt fyrir verðlagseftirlit okkar. Þetta segir vitanlega ekki nokkurn skapaðan hlut um að þessar verðhækkanir séu því skipulagi að kenna. Auðvitað vitum við að hvorki frjáls álagning, sem yrði tekin upp, né verðlagsákvæði af þeirri tegund, sem við höfum búið við, geta ráðið verðlaginu að fullu og öllu. Þar koma önnur atriði inn í, sem vitanlega ráða miklu. Verður t. d. ekki undan því vikist, að þegar verðfall verður á gjaldeyri okkar hækkar í íslenskum krónum verðlag á innfluttum vörum. Hafi stjórnvöld gripið til þess að fella gengi krónunnar leiðir af því ákveðna verðhækkun. Verðlagsyfirvöld geta ekkert í slíkum tilfellum annað en reynt að hamla gegn óeðlilegri verðhækkun í kjölfar gengislækkunar. Og við vitum að þau hafa að undanförnu, hvað sem um þeirra starf má að öðru leyti segja, beitt slíkum hömlum í sambandi við verðhækkanir í kjölfar gengislækkana, að verslunarstéttin hefur almennt deilt harðlega á þessar hömlur og talið að hún hefði átt að fá að hækka vörurnar meira í verði en henni var heimilað. Því er vitanlega alger fjarstæða að fordæma verðlagseftirlitskerfi okkar með því, að hér hafi verið mikil verðbólga. Það er allt annað, sem þar hefur ráðið ferðinni, og hefur oft verið minnst á það hér í umr. Ég held hins vegar að enginn vafi sé á því, að þetta kerfi okkar hefur þó gert nokkurt gagn og hægt væri að bæta þetta kerfi þannig að það gerði meira gagn. En að gefast upp með öllu og gefa álagninguna frjálsa við núverandi aðstæður tel ég að jafngildi því að ganga beint út í fenið.

En þetta er að mínum dómi allt í samræmi við

stefnu þá sem fram kemur hjá núv. hæstv. ríkisstj. Afstaða hennar virðist vera sú, að halda þurfi launum niðri, það verði að banna frjálsa samninga og koma í veg fyrir að verðtryggingarreglur gildi. Henni þykir hins vegar sjálfsagt að ýmiss konar milliliðir, sem hafa með höndum margvíslega starfsemi, bæði gagnlega og vafasama eða starfsemi sem ekki verður talin verulega nauðsynleg, megi hafa sem mest frjálsræði. Í þessu sambandi skal ég taka það fram, að mér dettur vitanlega ekki í hug að halda því fram, að verslunin sem heild sé ekki nauðsynleg atvinnugrein í landi okkar og það verði ekki að ætla versluninni almennt séð þá þóknun sem þarf til þess að hægt sé að halda uppi vel reknum fyrirtækjum á því sviði. Ég viðurkenni algerlega þennan grundvöll. En hitt viðurkenni ég ekki, að vænlegt sé við núverandi aðstæður að gefa þarna tauminn gersamlega frjálsan, á sama tíma sem að hinu leytinu á að halda fast í við þá sem þarna eiga líka hagsmuna að gæta.

Ég hef gert grein fyrir því í aðalatriðum, hver er skoðun mín á þessu máli, og ég endurtek það, að eigi að gera tilraunir í þessa átt þurfa skilyrði að vera fyrir hendi önnur en þau sem eru til staðar í efnahagsmálum okkar nú og búa þarf á allt annan hátt um hnútana en gert er í þessu frv.

Um þær breytingar, sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur við frv. og er að finna á þskj. 559, hef ég lítið að segja. Þær miða í rauninni allar í þá átt að gefa eftir, slaka á öllu eftirliti og við skulum segja tryggja það enn betur, að verslunarálagningin verði gefin frjáls og það sem allra fyrst. Till. miða yfirleitt að þessu.

Það atriði, sem er býsna sérkennilegt í þeim till. sem hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur, er að leggja jafnframt til að fella úr gildi allmörg lög sem ekkert koma við þessum atriðum. Það er afar einkennilegt að fara að pota þeim inn í þessa löggjöf. Þar er fjallað um að fella niður ýmiss konar lagasetningu sem er sumpart orðin óvirk og í annan stað þannig, að ekki er sjáanlegt að þau lög verði notuð, a. m. k. í bráð, þó að til þess gæti komið. Mér finnst till. þessar vera furðulegar og eigi þarna í rauninni ekki heima.

Ég skal svo ljúka máli mínu. Ég sem sagt hef gert grein fyrir því, vegna hvers ég er á móti þessu frv. Ég vara við afleiðingum þess að fara inn á þá braut sem þarna er verið að fara inn á, því að þarna er verið að hleypa af stað að mínum dómi verðhækkunarskriðu með sínum miklu afleiðingum í efnahagskerfi okkar.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar mál þetta var til 1. umr. hér í hv. d. hafði ég fjarvistarleyfi og gat af sömu ástæðu ekki tekið þátt í afgreiðslu fjh.- og viðskn., sem ég á sæti í, á málinu. Þess vegna leyfi ég mér að ræða málið almennt nú við þessa umr. Þar sem hér er um mjög merkilegt mál að ræða, algert nýmæli í íslenskri löggjöf á mjög mikilvægu sviði íslensks efnahagslífs, hlýt ég að ræða málið mjög ítarlega, og húast má því við því, að ég hafi talsvert um málið að segja sem muni taka talsverðan tíma. (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á að gert er ráð fyrir fundarhléi milli kl. 4 og 5 og ef hv. ræðumaður kýs heldur að fresta ræðunni þangað til kl. 5, þá verður við því orðið til þess að mál hans verði ekki rofið í miðjum klíðum.) Ég þakka það. Það er engin hætta, að það verði rofið í miðjum klíðum eftir fimm mínútur, ekki minnsta hætta á því. En það er rétt að ég noti þessar 5 mínútur, sem eftir eru, til þess að skýra hvers vegna ég tel nauðsynlegt að ræða þetta mál mjög ítarlega. Ég skal svo gera hlé á máli mínu um fjögurleytið.

Í fyrsta lagi er ástæðan sú, eins og ég sagði áðan og var búinn að segja, að hér er um mjög merkilegt mál að ræða og algert nýmæli á sviði íslenskrar viðskiptalöggjafar. Að hinu leytinu er forsaga þessa frv. með alveg einstökum hætti. Hér er ekki um að ræða nýtt frv. á Alþingi Íslendinga. Hér er um að ræða frv., sem er svo að segja alveg samhljóða frv. sem flutt var í Ed. um miðjan des. 1969 og kom þar til 1. umr. 17. des. 1969. Ég segi að um allt það, sem skiptir verulegu máli í frv. er þetta frv. algerlega samhljóða efnislega séð því frv. sem þá var lagt fram og ítarleg umr. fór fram um 17. des. 1969. Í þetta frv. hefur hins vegar verið bætt nýjum kafla sem ekki var í fyrra frv., um ólögmæta viðskiptahætti og neytendavernd. En um ákvæðin um ólögmæta viðskiptahætti er það að segja, að þau ákvæði eru endursamning á lögum frá 1938 um sama efni, endurbætur eins og við er að búast eftir jafnlangan gildistíma laganna, en ákvæði laga um neytendavernd eru sótt í frv. sem viðreisnarstjórnin svokallaða lét semja á þeim tímum sem ég gegndi starfi viðskrh., en var ekki flutt af þeirri ríkisstj. vegna ágreinings innan ríkisstj. um málið og hefur síðan legið í skúffu í viðskrn. allar götur síðan og ekki séð dagsins ljós enn, fyrr en örfá ákvæði úr þessu frv. eru tekin inn sem hluti af nýjum kafla í þessu frv. En þetta er aukaatriði. Kaflinn um ólögmæta viðskiptahætti og neytendavernd er aukaatriði í þessu máli, þótt hvort tveggja sé til bóta. Kjarninn er sú kerfisbreyting, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á íslenskri verðlagslöggjöf, og að því leyti er þetta frv. efnislega séð bókstaflega alveg eins og frv. sem lagt var fram í miðjum des. 1969. Það eru hér eflaust ýmsir yngri þm. sem ekki er kunnugt um hver örlög þess frv. urðu. Sagan er orðin 8—9 ára gömul og því er von, að það séu margir hér á þingi og með þjóðinni sem ekki er kunnugt um þá sögu. En ég tel alveg nauðsynlegt, ég tel brýna nauðsyn bera til þess, að hún sé rifjuð rækilega upp. Það er ástæðan til þess, að ég tel rétt að gera þessu máli ítarleg skil.

Það féll í minn hlut 17. des. 1969 að mæla fyrir frv. sem þá hét: Frv. um verðgæslu og samkeppnishömlur. Örlög þessa frv. urðu þau, að það féll við 2. umr. með jöfnum atkv. Það féll vegna þess að núv. viðskrh., sem flytur þetta frv., beitti sér fyrir því þegar við 1. umr. málsins, 17. des. 1969, eins og ég mun sýna fram á á eftir, að frv. yrði fellt, beitti sér gegn frv. og hélt þar langa og ítarlega ræðu sem búið er að prenta í Alþingistíðindum og ég tel nauðsynlegt að vitna til. M. ö. o.: það, sem hér er að gerast, er að frv. var fellt í mars eftir þinghlé, að

þegar í des. 1969 beitir þáv. form. þingflokks Framsfl. sér fyrir því, að frv. um verðgæslu og samkeppnishömlur verði fellt og það tókst að fella það með jöfnum atkv. Nú 8—9 árum síðar flytur þessi sami þáv. form. þingflokks Framsfl. frv. sem er svo að segja nákvæmlega eins, og heldur, að því er lausleg skoðun á framsöguræðu hans — ég var fjarverandi eins og ég sagði áðan — sýnir, efnislega séð nákvæmlega sams konar ræðu og ég hélt 17. des. 1969. Efnislega séð alveg sams konar ræðu. (Gripið fram í.) Já, hún var ágæt, svo að þess vegna get ég afskaplega vel unnað núv. hæstv. viðskrh. að hafa notað þá ræðu efnislega séð sem uppistöðu í ræðu sína um daginn. Ég er ekki að telja það eftir, þvert á móti, ég tel honum það til lofs, að hann skuli nota þá ræðu, og þetta mun ég sýna fram á nánar með tilvitnunum hér á eftir. M. ö. o.: hér er um að ræða svo einstæðan atburð, að það er ástæða til þess að hann geymist í þskj. og í þingsögunni. Með þessum orðum tel ég rétt — með tilliti til tilmæla hæstv. forseta, — að láta ræðu minni lokið að sinni, en í því, sem eftir er af ræðunni, mun ég sýna fram á að bókstaflega allt það, sem hæstv. núv. viðskrh. hafði fram að færa 17. des. 1969, voru röng rök, ef hann í dag er tekinn alvarlega. M. ö. o.: það er bókstaflega ekkert, sem máli skiptir, sem samræmi er í milli skoðunar hæstv. ráðh. 17. des. 1969 og framsöguræðu hans núna. Það rekur sig bókstaflega allt á annars horn. Sem betur fer hafði hann rangt fyrir sér 1969, en hefur rétt fyrir sér núna. Og þess vegna skal ég strax láta þess getið, að það verður niðurstaða ræðu minnar á eftir, að ég ætla að hafa sömu skoðun á þessum málum núna og ég hafði 1969. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég lét þess getið í upphafi ræðu minnar, sem ég flutti fyrir kaffihlé, að þetta frv., sem hér væri til umr. væri merkt mál og í því fælust alger nýmæli í íslenskri viðskiptalöggjöf, en jafnframt að forsaga þess væri með alveg sérstökum og alveg einstæðum hætti, þar sem frv. efnislega séð alveg eins og þetta um öll aðalatriði málsins hefði verið flutt veturinn 1969, en fellt vorið 1970 fyrir frumkvæði þess stjórnmálaforingja á Alþ. sem nú flytur frv. og mælir með því — nákvæmlega sams konar frv. í öllum meginatriðum og hann beitti sér harkalega gegn á þinginu 1969—1970. Ég ætla að leyfa mér að lesa nokkrar setningar úr framsöguræðu minni fluttri 17. des. 1969, — með leyfi hæstv. forseta — nokkrar setningar sem taka af tvímæli um það, hver voru aðalatriði þessa frv. sem ég flutti þá fyrir hönd þáv. hæstv. ríkisstj. Ég segi m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. greinist í tvo þætti. Annars vegar er um að ræða ákvörðun um heimild til handa verðgæsluráði til þess að ákveða hámarksverð og/eða hámarksálagningu, til þess að kveða á um hvernig verðútreikningar skuli gerðir, til þess að mæla fyrir um verðstöðvun á vissum sviðum í allt að 6 mánuði í senn og til að setja reglur um flokkun, um söludreifingu og þess háttar á vörum eftir því sem nauðsynlegt þykir vegna ákvörðunar verðs og álagningar. Gert er ráð fyrir því, að til slíkra ráðstafana sé því aðeins gripið," — nú undirstrika ég. — „að til slíkra ráðstafana sé því aðeins gripið, að samkeppni sé takmörkuð eða ekki nægilega virk til þess að tryggja sanngjarnt verðlag eða þegar horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og hringamyndunum."

Kannast hv. þm., sem hlustuðu á framsöguræðu hæstv. núv. viðskrh., nokkuð við þennan hugsanagang? Síðari tilvitnunin í ræðu mína er svo, þetta var fyrra aðalatriðið:

„Hins vegar er hitt aðalatriði frv. ákvæði þess um samkeppnishömlur, algert nýmæli í íslenskri löggjöf. Í frv. er verðgæsluskrifstofunni" — það er gert ráð fyrir öðru nafni en nú er gert, það er eina breytingin. — „Í frv. er verðgæsluskrifstofunni gert skylt að hafa eftirlit með einokunarfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum, sem eru mikils ráðandi á markaðinum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Með þetta eftirlit eiga að fara þrír menn í verðgæsluráði, formaðurinn og þeir tveir fulltrúar sem skipaðir eru af Hæstarétti. Þessir þremenningar geta krafizt þess, að til verðgæsluskrifstofunnar sé tilkynnt um einokunarfyrirtæki, markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Skal í tilkynningunni greina, hverjir séu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur eða þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvarðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála og ákvarðanir um samkeppnishömlur. Einnig skal tilkynna verðgæzluskrifstofunni, ef þremenningarnir krefjast þess, alla samninga og samþykktir um samkeppnishömlur er varða verð, framleiðslu, sölu eða flutninga á öllu landinu og í einstökum landshlutum. Í tilkynningunni skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn eða samþykktin nær til, svo og verðafslátt af viðskiptaskilmálum um samkeppnishömlur sem ákveðið er í samningnum eða samþykktinni.

Í frv. eru einnig ákvæði um að samningar og samþykktir, sem séu tilkynningarskyldar, en hafa ekki verið tilkynntar, séu ógildar og njóti ekki verndar fyrir dómstólum. Þremenningarnir geta ákveðið að verð og álagning, sem ákveðin hafa verið af einokunarfyrirtækjum eða markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki hækka án leyfis verðgæsluráðsins. Í frv. er kveðið svo á, að samkeppnishömlur teljist skaðlegar þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi frá þjóðhagslegu sjónarmiði eða koma í veg fyrir beztu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu. Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun á viðskiptakjörum. Skýr ákvæði eru um að óheimilt sé að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð eða álagningu er gilda skuli við endursölu á næsta sölustað. Þá eru í frv. skýlaus ákvæði um að þremenningarnir geti skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu til annars fyrirtækis, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti. Sala gegn óvenjulegum skilmálum

jafngildir sölusynjun. Slík ákvæði hefur skort í gildandi lög og hefur það haft óheppileg áhrif."

Eins og allir þeir hv. þm., sem hafa kynnt sér þetta frv., sjá gætu þessi orð verið framsöguorð fyrir þessu frv., því að þau ákvæði, sem lýst var í þessum tveimur tilvitnunum, eru bókstaflega öll í því frv. sem hér liggur fyrir. M. ö. o.: þessi 7—8 ára gamla framsöguræða mín hefði eins getað verið flutt fyrir nokkrum dögum sem framsöguræða fyrir þessu frv. hér.

En hvað gerðist 17. des. 1969 í hv. Ed.? Annar höfuðleiðtogi þáv. stjórnarandstöðu, þáv. form. þingflokks Framsfl., núv. hæstv. viðskrh., hélt langa ræðu sem tekur nokkrar blaðsíður í þingtíðindum þess árs. Hún er margir dálkar í þingtíðindunum. Ég mun að sjálfsögðu ekki lesa þá ræðu alla, enda væri það óþarflega leiðinlegur lestur satt að segja, en mig langar til þess að drepa á nokkur aðalatriði úr ræðunni, þar sem fram kemur andstaða, eindregin andstaða og sumpart háð um þau sömu ákvæði sem sami ræðumaður nú flytur og óskar eftir því að Alþ. afgreiði á síðustu starfsdögum sínum. En hv. þáv. formaður þingflokks Framsfl. sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„En einn aðalgallinn á þessu máli, sem hér er lagt fram, og það, sem gerir það ógeðfellt, er það, að það siglir í raun og veru undir fölsku flaggi. Það er verið að láta líta svo út að það eigi að halda hér áfram verðlagseftirliti og verðgæzlu, en meiningin er sú, og raunveruleikinn er sá, að með þessu frv. er verið að afnema verðlagseftirlit, og þess vegna hefði verið skemmtilegra og meiri manndómur að því, að menn hefðu í því efni komið til dyranna eins og þeir eru klæddir og sagt það hreint út en ekki verið að klæða málið í það dulargervi sem hér er gert." — Og þetta er frv., sem hann flytur nú! (**Gripið fram í: Hver segir þetta?**) Ég er búinn að taka það fram. Ég held tilvitnuninni áfram: „En þó að þetta mál sé vafið í talsverðar umbúðir og frv. sjálft sé flókið, óskýrt og teygjanlegt," — þá er þetta frv., sem nú er flutt, kallað flókið, óskýrt og teygjanlegt, — „þá er það þó ekki vafamál, þegar það er skoðað niður í kjölinn, að það, sem vakir fyrir höfundum þessa máls, er það að afnema verðlagseftirlit í raun og veru." — Það er innskot hér til hæstv. núv. ráðh., sem sagði þessi orð 1969: Er það, sem vakir fyrir honum, að afnema allt verðlagseftirlit í raun og veru? Ég held tilvitnuninni áfram: „En þetta er látið líta svo út, að í stað verðlagseftirlits eigi að taka hér upp varnir gegn samkeppnishömlum," — hér er enn notað sama orðið og við fundum upp á sínum tíma: samkeppnishömlur. Ég held áfram: „og um þær er sérstakur kafli í frv. En áður en ég kem að þeim kafla, vil ég finna þessum orðum mínum stað með því að vitna í 7. gr. þessa frv. en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar samkeppni er takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægilega virk til að tryggja sanngjarnt verðlag, eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðgæsluráð ákveðið" o. s. frv.

M. ö. o.: það á aðeins að koma til aðgerða í sambandi við ákvarðanir á verðlagi þegar þannig stendur á sem í þessari grein segir, að samkeppni sé ekki nægilega virk." — Nú skýt ég hér enn inn: Kannast menn nokkuð við ummæli í ætt við þetta úr framsöguræðu hæstv. viðskrh. núna? Tilvitnunin heldur áfram: „Nú verður ekki farið í grafgötur með það, að það er yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj., að hér skuli vera það sem kallað er frjáls verzlun, þ. e. a. s. hér eigi að vera frjáls samkeppni ráðandi og ríkjandi. Og sú stefna er vissulega í samræmi við þann anda, sem býr að baki þess bandalags sem ætlunin er að tengjast innan skamms." — Hérna er átt við EFTA eflaust. Ég held áfram: „Það er því augljóst, að hæstv. ríkisstj. hlýtur að gera ráð fyrir því, og hún hlýtur að ætla sér að stefna að því, að hér verði samkeppni og að hér verði ótakmörkuð samkeppni og hér verði ekki settar samkeppnishömlur. Þetta er sú stefna sem ríkisstj. ætlar að stefna að, og þar af leiðandi hlýtur hún að gera sér það ljóst, að samkv. þeirri stefnu eiga ekki að vera fyrir hendi þau skilyrði sem hún ætlast til að þurfi að vera til þess að til raunverulegrar verðgæzlu geti komið. Það er því enginn vafi á því, að ætlunin er að hafa aðeins verðlagseftirlit eða verðgæzlu, eins og þeir kalla, hér framvegis til að sýnast, en ekki til þess að hennar gæti í reyndinni.

Þegar litið er á IV. kaflann og þau ákvæði, sem hann hefur að geyma, verður þetta, sem áður var sagt, enn ljósara, — þ. e. þegar litið er á þær reglur, sem eiga að gilda því til varnar, að hér verði settar samkeppnishömlur. Ég verð satt að segja að taka það fram," — og nú bið ég hv. þm. að taka vel eftir: „Ég verð satt að segja að taka það fram, að mér finnst sá kafli ákaflega einkennilegur og nánast sagt barnalegur, því að hann hefst á því, að þau fyrirtæki, sem kynnu að gera með sér samkomulag um einhverjar sameiginlegar verðákvarðanir, eða, eins og hér segir, samninga eða samþykktir um samkeppnishömlur — þau fyrirtæki eiga að vera svo elskuleg að senda verðgæzluskrifstofunni eftirrit af þessum samningi." — M. ö. o.: ákvæði í gamla frv. frá 1969 um þetta eru einkennileg, nánast sagt barnaleg, en nákvæmlega sömu ákvæðin eru í þessu frv. M. ö. o.: hæstv. núv. viðskrh. gerir sig sekan um það að flytja frv. með setningum, með greinum sem hann fyrir 7—8 árum kallaði einkennilegar, nánast barnalegar. Þau orð, sem þarna er vitnað til, er að finna óbreytt í þessu frv. Ég held tilvitnuninni áfram: „Já, það þarf víst ekki að efast um það, að þau eru ekki að fara neitt leynt með það, þó að þau geri svona samkomulag sín í milli. Það þarf ekki að efast um það, að þau sendi verðgæzluskrifstofunni slíka samninga. Það liggur svo sem auðvitað í augum uppi. Ég hef satt að segja sjaldan séð barnalegri lagaákvæði heldur en þetta." — Hér stansa ég aftur og ætla að gera ofboð lítið hlé til að menn geti hugsað um hvað hæstv. ráðh. sagði þá. Hann hefur sjaldan séð barnalegri lagaákvæði heldur en þetta. Þessu er hann auðsjáanlega búinn að gleyma nú, því að hann hefur lagt fyrir okkur þessi barnalegu lagaákvæði til samþykktar á hinu háa Alþingi. Þarna hefur verið gripið fram í

ræðuna. Ég veit ekki hver það hefur gert, hvort það hef verið ég eða einhver annar. Framigripið er svona: „Það verður ekkert smáræði sem þeir fá sent inn.“ — Þetta hefur örugglega ekki verið ég. Ég held tilvitnuninni áfram. Hæstv. núv. ráðh. svarar: „Nei, það verður ekki mikið. Þetta minnir svona einna helst á þá hugsjónastefnu sem einu sinni var ríkjandi í þjóðaréttinum, að það ætti að afnema allt leynilegt diplómatí, en það lifir víst svona dálítið enn þá þrátt fyrir slíkar yfirlýsingar.“ — Þarna verður formaður þingflokksins bara fyndinn. En engu að síður, þrátt fyrir skopið að þessu á sínum tíma, er þessar setningar að finna óbreyttar í frv. núna. Svo heldur þáverandi formaður þingflokksins áfram:

„Nei, ég er hræddur um það, að fyrirtækin kunni nú að gera — (**Menntmrh.**: Hefur þm. lesið greinina rétt?) Ég sagði það nú, hæstv. ráðh., áðan, að mér hefði nú ekki unnizt nægur tími til þess að lesa þetta og ég veit að hæstv. ráðh. tekur það til greina þó að mér verði það þá á að fara ekki nægilega rækilega með það. En hins vegar er þetta rétt sem ég var að segja. Að vísu getur sjálfsagt nefndin haft frumkvæði um það að ganga eftir þessum samningum, ef henni þykir ástæða til þess. En ég held að það sé ákaflega vægilega — svo að ég taki nú vægilega til orða — kveðið á í þessu frv. um skyldur nefndarinnar til þess að hafa eftirlit með og kynna sér hvort gerðir hafi verið einhverjir samningar eða samtök um samkeppnishömlur.“ — Þrátt fyrir þennan fyrirvara er engin breyting gerð á þessu í frv. eins og það liggur fyrir núna. Enn heldur þingflokksformaðurinn áfram:

„Nei, aðalreglan er sem sagt sú, að verðgæzluskrifstofan á að vera róleg og verðgæzlunefndin á að bíða eftir því, að þau samtök, sem kynnu að gera með sér samninga eða samkomulag um verðsamkeppnishömlur, sendi það til skrifstofunnar. Og ef nú fyrirtækin skyldu vera svo væn að gera þetta,“ — menn heyra hæðnina í ummælunum. — „Og ef nú fyrirtækin skyldu vera svo væn að gera þetta, þá á ekki að fara neitt hart í sakirnar, og bið ég þá hæstv. viðskrh. aftur afsökunar, ef ég hef kannske ekki lesið þetta nægilega vel, en það, sem ég hef komizt að við mjög fljótlegan yfirlestur, er þetta: Ef þetta kemur nú fyrir, þá á verðgæzlan ekki að skerast í það af neinni hörku. Nei, hún á að taka upp samninga við þessi fyrirtæki og reyna að fá þau með góðu til að láta af þessari fyrirætlan sinni að vera að beita svona samkeppnishömlum. Eg held að ég hafi lesið þetta rétt. Það stendur hérna í 16. gr., hæstv. ráðh.: „Skal hún þá fela verðgæzluskrifstofunni að reyna með samningum að binda enda á þau“. — Og þetta er sérstakt tilefni, þetta er aðaltilefnið til hæðniyrða og andmæla hæstv. ráðh. við ákvæðunum um þetta efni. En nú flettum við upp á bls. 4 í frv. hæstv. ráðh. núna. Þar stendur í 19. gr.: „Nú telur samkeppnisnefnd, að samkeppnishömlur hafi skaðleg áhrif, og skal hún þá fela verðlagsstofnun að reyna með samningum að binda enda á þau.“ Sama setningin, nákvæmlega sama orðalagið. M. ö. o.: það, sem var ástæða til ekki aðeins að andmæla, heldur hreinna hæðniyrða 1969, er núna tilmæli hæstv. núv. viðskrh. Hann heldur áfram: „Og ef fyrirtækin vilja nú ekki sinna þessum tilmælum gæzlunefndarinnar um að láta af fyrirætlunum sínum og það tekst ekki að koma á samningum á milli þessara aðila um það efni, hvað á þá að gera? Ja, það veit náttúrlega hæstv. viðskrh., því að hann hefur lesið frv. vel. Mér sýnist það standa hér, að þá á að senda viðskmrh. skýrslu um málið. Það segir ekkert, hvað hæstv. viðskmrh. á að gera af því tilefni. Mér sýnist þess vegna þetta frv. vera talsvert óljóst og óákveðið, og efa ég þó ekki, að í því sé margt annað, sem ég hef ekki komið auga á við fljótlegan yfirlestur, sem athuga þyrfti betur heldur en gert hefur verið.“

Hér lýkur þessari tilvitnun. Nú hleyp ég yfir langan kafla, en tel rétt að það, sem hv. þáv. form. þingflokks Framsfl. taldi vera meginatriði í sínu máli, komi fram, þ. e. undir lok ræðunnar, en þá segir hann með leyfi hæstv. forseta:

„En svo að ég haldi mig við þetta mál, sem hér liggur fyrir þá er spurningin þessi, — hvort það er rétt að afnema verðlagseftirlit eða draga úr því, ef menn vilja heldur hafa það, eins og hér er gert ráð fyrir. Það er að vísu svo, að það má sitthvað segja um verðlagseftirlitið, og ég get ekki sagt það, að ég sé sérstakur talsmaður verðlagseftirlits. Ég hef takmarkaða trú á gildi þess á venjulegum tímum, En það er samt enginn vafi á því, að þegar sérstaklega stendur á á verðlagseftirlit fullan rétt á sér, og það hefur verið viðurkennt hér á landi.“ — Ég les þetta til þess að sýna hæstv. núv. ráðh. fyllstu sanngirni varðandi málflutning hans á sínum tíma. „Það hefur verið hér verðlagseftirlit, ja, allar götur a. m. k. frá því í heimsstyrjöldinni síðari og reyndar fyrr, og það hefur verið talið eðlilegt og sjálfsagt. Auðvitað er það eðlilegt og sjálfsagt að halda uppi verðlagseftirliti þegar takmarkað framboð er á vörunni. Hins vegar má segja það, að þegar nægilegt framboð er á vörum geti verið minni ástæða til verðlagseftirlits af því að samkeppnin muni þá halda verðlaginu nokkuð í skefjum — og þá muni ekki vera þörf á verðlagseftirliti. Og það má segja það, að það sé stefnt að því nú með þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið og boðuð hefur verið að hér verði nægilegt framboð á vörum, svo að af þeim ástæðum mætti að vísu orða það, hvort það væri þá ekki skilyrði nú fyrir afnámi á verðlagseftirliti. Að vísu er það rétt, eins og hæstv. viðskrh. hefur einhvern tíma sagt í einni ágætri ræðu sem hann flutti, að fólkinu hérna yrði ekki mikið gagn að því að sjá stássleg vörur í búðargluggum, ef það hefði enga peninga til þess að kaupa þær vörur fyrir. En það er einmitt þannig ástatt nú, að lífskjör fólksins, lífskjör alls almennings hér á landi eru einmitt háð um þessar mundir. Ég býst við því, að það stæði í okkur báðum, hæstv. viðskmrh. og mér, að reikna það út, hvernig fjölskylda, sem hefur venjulegar daglaunatekjur, fari að því að láta enda ná saman. Ég treysti mér ekki til þess að reikna það út. Ég veit ekki hvernig hún fer að því að komast af. Ég segi það alveg eins og það er. Og það eru æðimargir, sem búa við þau lífskjör nú hér á landi. Kaupgeta almennings er vissulega mjög takmörkuð nú um þessar mundir, og þess vegna er það lífsatriði fyrir almenn-

ing, að honum sé tryggt og það séu gerðar allar þær ráðstafanir sem hægt er að gera til þess að hann fái lífsnauðsynjar sínar með því lægsta verði sem hugsanlegt er, og að því á verðlagseftirlit þó að miða."

Skyldi ekki vera hægt að segja nokkuð svipað um ástandið nú í dag, og skyldi það ekki eiga enn frekar við ástandið í dag en það átti við 1969 þegar þessi orð voru mælt?

Niðurstaða hv. form. þingflokks Framsfl. þann 17. des. 1969 felst því í þessari einu setningu undir lok ræðunnar: „Eins og ég hef sagt, þá er ég, eins og á stendur, persónulega andvígur þessu frv." Hann er persónulega andvígur þessu frv.

Menn heyra væntanlega á þessum tilvitnunum hver er kjarninn í röksemdum hæstv. núv. viðskrh. þá gegn frv. Þær eru mjög svipaðar þeim röksemdum sem hv. 2. þm. Austurl. Lúðvík Jósepsson flutti áðan. Ræða hans þá var í raun og veru mjög svipuð þeirri ræðu sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson flutti áðan. Með líkum hætti var framsöguræða hans nú mjög svipuð þeirri ræðu sem ég flutti fyrir þessu frv. fyrir 8—9 árum. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson má eiga það, að hann hefur ekki skipt um skoðun síðan. Hann heldi getað haldið þá ræðu, sem hann flutti áðan, nákvæmlega eins fyrir 7—8 árum. Ég lét þess getið áðan og mun koma nánar að því hér á eftir, að ég hef ekki skipt um skoðun á þessum tíma, og þess vegna mun ég styðja þetta frv. eins og ég flutti það þá. (**Gripið fram í:** En Alþfl.?) Ég kem að því síðar. En það furðulega hefur gerst, sem er nær einsdæmi um mikils háttar stjórnmálamenn, nær einsdæmi í þingsögunni um mikils háttar stjórnmálamann, að hann skuli á einum tíma, eins og átti sér stað 1969—1970, beita sér fyrir því með alveg sérstökum hætti, sem ég vík nánar að á eftir, að tiltekið frv., sem tvímælalaust hefði þá verið til bóta og er enn til bóta, sé felit, en það skuli síðan falla í hlut hans að flytja frv. svo að segja alveg óbreytt 8—9 árum síðar og mæla þá með því og halda þá sömu ræðuna sem hann ekki aðeins andmælti, heldur fór hæðniyrðum um fyrir 8—9 árum. Það er þetta sem er einstakt varðandi þetta mál og er þess virði að sú saga gleymist ekki, heldur geymist.

Það var á síðasta starfsdegi þingsins fyrir jól sem þessar umr. fóru fram. Málinu var vísað til n. og kom til umr. aftur 19. mars 1970. Frsm. meiri hl. fjhn. var Jón Þorsteinsson. Og hann segir í byrjun framsöguræðu sinnar, með leyfi hæstv. forseta, þessi orð:

„Herra forseti. Frv. til l. um verðgæzlu og samkeppnishömlur, sem hér er til 2. umr., hefur legið fyrir allshn. til meðferðar. N. hélt marga fundi um þetta mál og ræddi það við ýmsa aðila sem hlut eiga að máli. N. varð ekki sammála um afstöðu til frv. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt í aðalatriðum, en þó verði gerðar á því nokkrar breytingar. Við, sem skipum meiri hl. allshn., höfum lagt þessar brtt. fram á þskj. nr. 435. Skömmu áður en þetta frv. var lagt fyrir Alþ. var efni þess rætt í þingflokki Alþfl. Þar komu fram skiptar skoðanir. Niðurstaða þingflokksins varð sú að gera ekki samþykkt um sameiginlega afstöðu til málsins, þannig að þm. flokksins gætu hver um sig án flokksfyrirmæla greitt atkv. með eða móti frv. í samræmi við persónulegar skoðanir sínar. Af þessu leiðir, að sú afstaða, sem ég hef tekið hér til þessa frv., er persónuleg afstaða mín, þó að ég að sjálfsögðu vænti þess, að sem flestir Alþfl.-menn verði mér sammála eftir að hafa kynnt sér efni frv. vel og þá kosti sem það hefur að bjóða. Það styrkir mig svo í þeirri skoðun að styðja þetta mál, að frv. miðar að því að koma upp svipuðu verðlagskerfi og jafnaðarmannaflokkarnir á Norðurlöndum hafa beitt sér fyrir."

Hér lýkur tilvitnun í framsöguræðu frsm. meiri hl. fjhn. 19. mars 1970. Lokaatkvgr. um málið fer þannig, segir hér í þskj., með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr., svo breytt, felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: Jón A, JAH, JÞ, MJ, OB, StG, SvG, AuA, AJ, JR.

nei: AB, BGuðbj, BFB, BJ, EggÞ, EÁ, GilsG, KGuðj., ÓlJ, TA."

1. gr. frv., þ. e. a. s. frv. sjálft, var felld við 2. umr. með jöfnum atkv.

Það er augljóst hvernig atkv. falla. Allir þm. Sjálfstfl. greiða atkv. með því. Tveir af þm. Alþfl. greiða atkv. með því. Samtals 10. Allir þm. Framsfl. greiða atkv. á móti því, allir þm. Alþb. og einn þm. Alþfl. af þremur í deildinni. Ég vil skjóta því hér inn í alveg sérstaklega, að sú afstaða, sem Jón Þorsteinsson frsm. lýsti í upphafi framsöguræðu sinnar, hafði áður verið gerð kunn í ríkisstj. Ég hafði skýrt ríkisstj. frá því, að ágreiningur væri um málið í Alþfl. og ekki yrði tekin flokksafstaða, heldur greiddi hver þm. atkv. eftir samvisku sinni eins og hann teldi vera rétt. Ég tók það sérstaklega fram að Eggert G. Þorsteinsson, sem átti sæti í Ed., væri andvígur frv. og myndi greiða atkv. gegn því. Það fór ekkert á milli mála, það var allt á hreinu hvað því viðvék og sérstök nauðsyn til þess að þetta lægi ljóst fyrir þar sem hann var, einn af þremur ráðh. Alþfl. En jafnframt tók ég fram — eins og ég vissi — á ráðherrafundi, að bæði Jón Þorsteinsson og Jón Árm. Héðinsson væru frv. fylgjandi. Það skyldi heldur ekkert fara milli mála um það. Og þetta var tilkynnt öllum þeim sem höfðu áhuga á vitneskju um hugsanleg örlög frv. Hér var engu leynt og atkvgr. að þessu leyti, að því er okkur snerti, Alþfl.-mennina þrjá, kom engum á óvart. Það vissu allir fyrir fram, að tveir þm., Jón Ármann og Jón Þorsteinsson, mundu vera með því, og það vissu allir fyrir fram, að Eggert G. Þorsteinsson mundi vera á móti því. Og það var einmitt þessi vitneskja sem var upphaf að einu lúalegasta atferli sem ég minnist frá því að ég kom á þing.

Þegar þessi vitneskja lá fyrir, þá hófust um það umr. í þingflokki Framsfl. og fleiri stofnunum hans, hvernig afstaðan skyldi vera til málsins. Ég hafði áður, meðan málið var í undirbúningi, rætt þetta við ýmsa forustumenn Framsfl. og skal þar engin nöfn nefna, nema ég kannske nefni eitt nafn á eftir, og hafði verið tjáð það og frá því skýrði ég í ríkisstj., að ágreiningur væri í þingflokki Framsfl. og flokkn-

um yfirleitt um afstöðu til málsins, eins og var í Alþfl. Það var einhugur í Sjálfstfl. með, einhugur í Alþb. á móti, en ágreiningur í Alþfl. og Framsfl. En ég vildi auðvitað vita þetta og taldi mig eiga rétt á því og var svarað þar af fullri kurteisi þegar ég spurði: Hvar er meiri hl.? Og mér var tjáð að meiri hl. væri með frv., meiri hl. þm. mundi greiða atkv. með því. Það hafði verið haldinn fundur í fulltrúaráði Framsfl. í Glaumbæ á sínum tíma, þar sem þetta mál var m. a. rætt, og sá fundur var jákvæður fyrir frv. Það var eðlilegt, að deila væri um stórmál eins og þetta þá eins og nú — ekkert eðlilegra. En ég hygg mér sé óhætt að segja það, skal þó hafa fyrirvara ef ég kynni að hafa rangt fyrir mér í því, því að það er ekki opinbert mál, að sá fundur hafi gert ályktun til stuðnings frv. Þegar svo var komið þótti mér vissast að grennslast fyrir um það hjá öðrum en þm., hver afstaða til frv. væri, og átti í því sambandi samtal við einn af mestu valdamönnum Framsfl., einn af mestu valdamönnum í íslensku viðskiptalífi, sem ég vissi að mundi láta málið áreiðanlega til sín taka, þ. e. a. s. forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, Erlend Einarsson, og bað hann ráða um það, hvernig ég og þar með ríkisstj. ætti að meta þá stöðu sem þarna væri komin upp. Og hann fullvissaði mig um það, sagðist hafa fulla vitneskju um það, að ágreiningur væri um málið í flokknum og í þingflokknum, en ég gæti treyst því, að meiri hl. þm. Framsfl. mundi styðja málið, a. m. k. svo margir að frv. væri tryggð framganga. Á þessi orð vil ég leggja alveg sérstaka áherslu og tel mig ekki rjúfa neinn trúnað eftir þennan tíma, þó að ég skýri frá þessu eins og öllum málavöxtum var háttað og er háttað. Ég hef ekki skýrt frá þessu áður.

Frá þessu skýrði ég ríkisstj., að ég væri í góðri trú um að annaðhvort meiri hl. eða a. m. k. nógu margir þm. Framsfl. mundu styðja frv., ef það yrði lagt fram. Þess vegna var ákvörðun tekin um að leggja það fram. Ef mér hefði verið sagt það áður, að Framsfl. mundi sem heild snúast gegn því, þá hefði ég lagt til í ríkisstj. að frv. yrði ekki lagt fram. Það var beinlínis lagt fram, auðvitað með fullri vitneskju um afstöðuna innan annars stjórnarflokksins, í góðri trú samkv. bestu hugsanlegum upplýsingum um, og ég skal haga orðum mínum varlega, að a. m. k. nægilega margir þm. Framsfl. mundu styðja málið þannig að því yrði tryggður framgangur. Þess vegna kom mér satt að segja mjög á óvart þegar mér barst sú vitneskja tveim dögum áður en þessi umr. fór fram, þ. e. a. s. 15. des. 1969, að líklegt væri að allur Framsfl. mundi snúast gegn þessu máli. Þá vildi ég ekki setja form. Framsfl. í neinn vanda og spyrja, hvað væri að gerast innan þingflokks hans, en sneri mér til þess sama manns sem ég hafði fullkomið traust á að kynni að meta stöðuna rétt, þ. e. a. s. Erlends Einarssonar forstjóra Sambandsins, til þess að tjá honum þessi tíðindi. Hann var þá í Bandaríkjunum. Ég hringdi til Bandaríkjanna til hans til að segja honum frá því, að mér hefði borist til eyrna og vildi bara að hann vissi það, að Framsfl. mundi snúast gegn frv. allur. Hann ætlaði ekki að trúa eigin eyrum og sagði: Þetta getur ekki verið rétt. En ég skal kanna málið. — Og hann kannaði málið — og nú geri ég langa sögu stutta — og reyndi að hafa áhrif, en án árangurs. Því fór sem fór, að allur Framsfl. í Ed. — og það sama hefði eflaust gerst í Nd. — snerist gegn málinu, eflaust samkv. flokkssamþykkt. M. ö. o.: einhver í þingflokki Framsfl., ég veit ekkert hver það er og vil ekki vita hver það er, því að það er ljótt verk sem þar var unnið, hefur beitt sér fyrir því, að gerð yrði flokkssamþykkt um að snúast gegn málinu og þar með að fella það. Og það er þetta sem ég kalla eitt skýrasta dæmið um stjórnmálalegt siðleysi sem ég minnist á undanförnum áratugum að gerst hafi við meðferð máls á hinu háa Alþingi. M. ö. o.: hlutaðeigandi ráðh. er sagt það vikum saman, málið hafði verið í undirbúningi í mörg ár, hann er látinn standa í þeirri trú í langan tíma og ríkisstj. í heild, að það sé fyrir hendi viss stuðningur við málið. Þau orð reynast svo ómerk, þau eru ósönn, þau reynast ósannindi. Það mætti kannske segja að þetta væri ekki mikilvægt ef hér væri um eitthvert smámál að ræða. En hér var um stórmál að ræða og hér er enn um stórmál að ræða, og þegar um stórmál er að ræða á slíkt ekki að geta gerst. Ég er ekkert hissa á því þótt Framsfl. þá snerist gegn málinu, en þá átti hann að segja það, þegar hann var spurður, hver afstaða hans væri, þá átti hann að segja heiðarlega: Við munum ekki samþykkja málið. — En það var sagt annað. Það var sagt eitt og gert annað. Og það er það sem er það alvarlega í meðferð málsins. Það er þessi saga sem þarf að geymast.

Þegar þetta frv. var lagt fram, var það að sjálfsögðu rætt í þingflokki Alþfl. þegar ég var við. Og ég lagði þá til að sami háttur yrði hafður á núna og hafði verið hafður á veturinn 1969, að flokkurinn tæki ekki flokkslega afstöðu til málsins, heldur skyldi hverjum þm. vera frjálst að taka afstöðu til þess eins og honum sýndist. Ég lýsti yfir strax að ég mundi að sjálfsögðu, ef það væri ákveðið að þm. hefðu frjálsar hendur, styðja þetta frv., af þeirri einföldu ástæðu að ég tel það rétt, ég tel stefnu þess vera rétta og frv. væri til mikilla bóta. Hins vegar er sjálfsagt að það komi alveg skýrt fram, að í þingflokknum komu fram andmæli gegn frv. byggð á mjög svipuðum rökum og hv. þm. Lúðvík Jósepsson flutti áðan. Var alveg sérstaklega lögð áhersla á í því í sambandi, að þótt menn væru allir sammála, eins og þingflokkurinn reyndist vera, sem virtist allur vera sammála um að hafa litla trú á verðlagseftirliti í hinu áratugagamla formi, það væri gagnslaust, væri hætt að gera neytendum það gagn sem það í upphafi átti að gera — þó við værum allir sammála um það, þá vildu sumir þm. láta koma skýrt fram, að þeir teldu tímann núna vera næstum því hinn versta hugsanlega til þess að gera slíka breytingu, vegna þess að hætta væri á því, að frelsi til þess að ákveða álagningu yrði misnotað, vegna þess að hér væri núna óðaverðbólga.

Nú er verðbólgan á Íslandi 30—40%, og vissulega er rétt, að slíkir tímar eru ekki vel til þess fallnir að slaka á verðlagshömlum, enda geri ég ekki ráð fyrir að það verði gert í neinum veru-

legum mæli meðan ástandið í verðlagsmálum er eins og það er núna. En meginreglan í frv. er jafnrétt fyrir því, og við skulum vona að við þurfum ekki til lengdar að búa við 30—40% verðbólgu. 1969—1970, þegar þáv. ríkisstj. flutti sams konar frv., var verðbólgan milli 10 og 15%. Það kalla allir núna viðráðanlega verðbólgu, svo að það má segja að þessi rök hafi ekki átt við þá, þessi andmæli hafi ekki átt við þá. Á árunum 1969—1970 var ekki um að ræða þess konar ólgu á verðlagsmarkaðinum, þess konar tilhneigingu til verðhækkunar, að það gæti talist varhugavert að fá stjórnvöldum eðlilegar heimildir til þess að slaka á gamaldags og skaðlegu verðlagseftirliti, ef menn treysta því, að um nægilega og heilbrigða og eðlilega samkeppni væri að ræða. En sem sagt, þó að verðbólgan núna sé þrisvar sinnum meiri en hún var þegar fyrra frv. var flutt, þá var þetta frv. samt sem áður lagt fram. En engu að síður — ég segi það aftur — tel ég meginregluna svo mikilvæga, að ég fyrir mitt leyti mun styðja frv.

Annað atriði á hins vegar líka við núna sem þeir þm. míns flokks, sem eru andvígir frv., lögðu alveg sérstaka áherslu á í umr. innan þingflokksins, og það er sama atriði og hv. þm. Lúðvík Jósepsson gerði að umræðuefni í ræðu sinni áðan. Það kom fram strax í umr. í þingflokki okkar, að segja má að það skjóti skökku við, þegar Alþ. er nýbúið að samþykkja takmarkanir á launahækkanir, að þá skuli því um leið vera ætlað að fjalla um lagafrv. sem geri a. m. k. mögulegt, þó að ég geri því ekki skóna að því verði beitt á stundinni, að breyta álagningarreglum, að losa um álagningarhöft. Þessi skoðun kom fram innan þingflokks Alþfl. Ég get vel skilið þá skoðun út af fyrir sig, þó að ég telji hana ekki svo mikilvæga að ég vilji láta hana ráða úrslitum um afstöðu mína til málsins.

Með þessum orðum fer ég að geta látið máli mínu lokið. Ég er búinn að gera það sem ég hefði gert við 1. umr. ef ég hefði ekki verið fjarverandi með leyfi þá, láta það koma fram, að ég tel hér um merkilegt frv. að ræða og mun styðja það, að ég hef óbreyttar skoðanir á grundvallaratriðunum í þessu máli og ég hafði veturinn 1969—1970 og mun vera þeim skoðunum trúr, mun standa við þær. En jafnframt taldi ég óhjákvæmilegt að vekja athygli á þeim leik sem af hálfu Framsfl. hefur verið leikinn í sambandi við þetta mál. Hann beitir sér fyrir því fyrir 8 árum, að frv. sé fellt, eftir að hafa flutt þáv. ríkisstj. þau boð, að hann — a. m. k. sumir þm. hans — muni styðja frv. Og svo gerist það 7—8 árum síðar, að sá forustumaður Framsfl., sem hafði forustuna um að fella frv., flytur það svo að segja alveg óbreytt. Þetta hefur auðvitað svolítið grátbroslegan blæ allt saman. Sagan verður að dæma um það, hve gráturinn í sambandi við það þarf að vera sár og hvað brosið í sambandi við það má vera glannalegt, en staðreyndirnar eru þessar, sem ég tel nauðsynlegt að bæði þing og þjóð fái fyllstu vitneskju um.

Ég skal gjarnan ljúka þessum orðum mínum með vinsamlegum ummælum í garð hæstv. núv. viðskrh., eins og hann raunar lauk ræðu sinni með vinsamlegum orðum í minn garð 17. des. 1969, með því bara að segja að auðvitað harmaði ég þá mjög afstöðu hans og hafði satt að segja alltaf á tilfinningunni að hann talaði þar gegn betri vitund. Þessar umr. voru þannig, bæði í des. og mars, að mér fannst eins og hann talaði gegn betri vitund. Auðvitað eiga menn ekki að gera það. Þó kann að vera fyrirgefanlegt að menn geri það ef þeir eru að framfylgja flokkssamþykkt. Hvort hann hefur staðið að flokkssamþykktinni eða ekki, það veit ég ekki. En ég segi: mér fannst enginn þungi í málinu, rökin ólík honum, ósannfærandi, sumpart röng, sumpart kjánaleg. Ég fékk það sem sagt á tilfinninguna, að andmælin þá væru reist á mjög veikum grunni. Og sem betur fer hefur þetta komið í ljós núna. A. m. k. má segja, og það skulu vera síðustu orð mín, að batnandi manni er best að lifa. Það er þó alltaf gott, að svo skuli fara á síðustu dögum þessa þings að hann flytji frv., þó að hann hafi talið það óalandi og óferjandi fyrir 7—8 árum.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil fyrst taka fram, að ég fellst alveg á þær brtt. sem lagðar eru fram af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn. Ég tel að þar sé ekki um neinar meiri háttar breytingar að tefla, heldur minni háttar, sem ekki skipti verulegu máli. Það er að vísu svo, að breyting er gerð á skipun verðlagsráðsins, en eins og ég hygg að ég hafi tekið fram í framsöguræðu minni er það einmitt eitt þeirra atriða sem hlýtur alltaf að verða mikið álitaefni, hvernig verðlagsráð eigi að vera skipað á meðan það er. Það hafa vissulega gilt um það mismunandi reglur.

Eins og ég drap þá á, sátu, held ég, í fyrsta verðlagsráðinu tveir ágætir hagfræðingar, dr. Gylfi Þ. Gíslason og Klemens Tryggvason fyrst, en Ólafur Björnsson síðan. Það stóð nú þannig á, að þá kynntist ég dálítið vinnubrögðum verðlagsnefndarinnar og þessara verðlagsnefndarmanna einmitt sérstaklega, og mér er mjög ljúft að taka það fram, að ég held að þau vinnubrögð þeirra, sem þeir þá viðhöfðu og á vissan hátt lögðu grundvöll að síðari störfum verðlagsnefndar, voru með ágætum. Og ég held að hv. 9. þm. Reykv. hafi þá verið talsverður áhugamaður um verðlagseftirlit og verðlagsmál og gekk fram mjög skelegglega í þeim málum. En svo var auðvitað breytt um skipun verðlagsráðs og t. d. var það í einn tíma kosið af Alþ. Ég er nú ekkert frá því, að það hafi verið einna besta skipunin. Þetta má maður náttúrlega ekki segja þegar það er talin goðgá að Alþ. kjósi nokkra nefnd. Ég er nú helst á því, að það hafi verið einna heppilegasta skipunin. Og svo er það alveg rétt, eins og hv. 2. þm. Austurl. sagði, að breytt var um þessa skipan, sjálfsagt líka rétt, sem hann sagði, að það var að nokkru leyti í sambandi við samninga, að aðilum vinnumarkaðarins, sem svo eru kallaðir og mikið er um talað, var veitt þarna aðild að með þessum hætti, og sú skipan hefur staðið síðan.

Ég held að verðlagsnefnd hafi á þeim tíma margt gott gert og gert ýmislegt gagn, en ég get ekki sagt að ég telji þá skipan verðlagsnefndar með ágætum. Ég held þvert á móti að hún sé gölluð. Og það hefur sýnt sig oftar en einu

sinni, að þessir aðilar, sem komnir eru í verðlagsnefnd með þessum hætti, þó ágætir séu, eru bundnir eða telja sig kannske bundna af hagsmunum eða ímynduðum hagsmunum sinna umbjóðenda. Og það er aldrei gott þegar menn líta þannig á eða eru þannig bundnir. En hvað um það, þetta hefur verið svona og vissulega gengið stórslysalaust, það skal ég játa.

Lögð var áhersla á það við 1. umr. þessa máls, að það væri verið að draga úr áhrifum aðila vinnumarkaðarins með þeirri skipan nefndar sem gert var ráð fyrir í upphaflega frv. Ég fellst að vísu alls ekki á þá skoðun og held að hún sé ekki rétt. En það hefur samt sem áður af hálfu fjh.- og viðskn. verið gengið til móts við þessa skoðun, verið fjölgað þeim fulltrúum sem þessir aðilar eiga að tilnefna. Ég fellst alveg á það og tel að sjálfsögðu mikilvægt að reynt sé að hafa sem besta samvinnu við þá aðila um þessi mál.

Hv. 2. þm. Austurl. lét þess getið, að hann væri á móti frv. Það er sjálfsagt allt í lagi með það og ekkert við því að segja. Hins vegar fannst mér rökin sum, sem hann færði fram, dálítið umdeilanleg, svo að ekki sé of sterkt að orði kveðið. Hann sagði að þessi mál væru ákaflega mikilvæg fyrir atvinnurekendur og launþega og þess vegna væri eðlilegt að þeir hefðu æðimikið að segja um skipun nefndarinnar. Ég hélt nú satt að segja að menn skiptust nokkurn veginn upp í atvinnurekendur og launþega. Hvaða flokkur er á milli þeirra? Þannig held ég að þá hafi allir þessara hagsmuna að gæta við skipun nefndarinnar.

En hvað sem því líður og hvort það eru einhverjir fyrir utan þessa hópa, þá er þó víst að allir eru neytendur. Það er alveg óþarfi af hv. 2. þm. Austurl. og reyndar, þó í litlum mæli, af hv. 9. þm. Reykv. að gera lítið úr neytendum í þessu sambandi. Ef einhverjir eiga réttmæta hagsmuni í sambandi við þessi mál, þá eru það neytendur og þeirra sjónarmið sem eiga ekki hvað síst að koma fram. Það er einmitt nýmæli í þessu frv. um neytendaverndina. Menn geta gert það að gamni sínu að gera lítið úr henni, en það hefur vafist fyrir báðum hv. síðustu ræðumönnum, sem hafa verið viðskrh. á undan mér, að koma fram nokkrum ákvæðum, sem snerta neytendavernd, og gefa þeim nokkra slíka vernd. En frv. — ég vil nú ekki segja frv. góða — var jarðað og er jarðað að vísu enn í viðskrn., enda þarf það sjálfsagt athugunar við. Ég vil undirstrika það, að ég álít að ákvæðin um neytendur og neytendavernd og neytendadeild við verðlagsstofnunina séu mjög þýðingarmikil í þessu frv. Það er með þeim lagður grundvöllur, ef vel tekst til, að meiru sem getur risið á þeim grunni. Þar er um að ræða vísi, sem getur orðið stór ef vel tekst til. Og ég tel enga nauðsyn að apa allt algerlega eftir öðrum löndum og þjóðum, þó að þær setji upp sérstakar neytendastofnanir. Það er auðvitað ágætt ef þær eru þess megnugar. Þá held ég að við getum vel farið ofurlítið hægar af stað og prófað okkur áfram með þeim starfsháttum sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Og þetta er náttúrlega alveg nýtt í þessu frv. Og það er alveg sama, hvað þeir gera lítið úr því, þessir hv. síðustu tveir ræðumenn sem ég hélt að mundu vilja telja sig fulltrúa fyrir neytendur. Ég held að við séum allir fulltrúar fyrir neytendur, því það eru allir neytendur, þannig að þá er þetta mikils virði, og það skal reynslan sýna. Og það að segja að þetta eigi ekki heima í þessu frv., það eigi að vera í sérstöku frv., er náttúrlega algert öfugmæli. Þó að sá háttur tíðkist einhvers staðar annars staðar, hvers vegna skyldum við ekki geta haft þetta í einu og sama frv? Þetta eru samofin mál. Og þetta er einmitt eitt meginatriðið með verðlagslöggjöf, þ. e. að tryggja neytendum sanngjarnt verð. Það hefur engum dottið í hug, að verðlagseftirlit, verðlagsnefnd og verðlagsákvæði ein út af fyrir sig gætu verkað á móti verðbólgu. Þau geta haldið eitthvað aftur af henni, það skal viðurkennt. En það er ekki það fyrst og fremst, sem liggur til grundvallar verðlagslöggjöf, heldur að vernda neytandann þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að vísu fyrst og fremst eins og voru þegar fyrsta verðlagslöggjöfin var sett hér, að það þótti hætta einmitt á sérstökum verðhækkunum sem komu til vegna styrjaldarinnar, og þó fyrst og fremst vegna þess að innflutningur á vörum var algerlega takmarkaður. Vöruúrvalið var lítið á þeim árum, eins og ég veit að hv. 9. þm. Reykv. kannast við að var eitt af þeim vandamálum, sem við var að glíma í viðskiptamálunum þá. Þess vegna er það, að þegar menn bera þetta frv. saman við frv. frá 1969, sem menn mega gjarnan gera fyrir mér, þá verða menn að taka með í reikninginn að þetta er nýtt, alveg nýtt og þýðingarmikið, sem þarna er um að ræða.

Annað er auðvitað nýtt líka. Það eru ákvæðin um óréttmæta verslunarhætti. Að vísu er alveg rétt að til eru gömul lög frá 1933 um þetta efni. Þau eru löngu orðin úrelt og því miður mikið til hætt að fara eftir þeim. Það verður að játa, að menn hafa gefist upp við að reyna að halda þeim uppi í framkvæmd af því að sum ákvæðin þykja orðin svo fjarlæg og óeðlileg. Sá stofn, sem er þó í þeim lögum, er tekinn upp í þetta frv. endurbættur og gerður þannig úr garði að ég vona að hægt verði að framkvæma hann. Og það er einmitt eitt höfuðatriðið í sambandi við lagabálka eins og lögin um óréttmæta viðskiptahætti frá 1933, að það sé einhver til sem á að halda þeim uppi, en með þau lög var það þannig, að það var enginn aðili til sem átti sérstaklega að gæta þess að þeim væri haldið uppi. Þetta vildi ég taka fram.

Það er hins vegar ekki ástæða til þess fyrir mig að fara mörgum orðum um ræðu hv. 9. þm. Reykv. af því að hann var samþykkur frv. Það er auðvitað aðalatriðið. Ég er honum þakklátur fyrir að reyna að styðja þetta frv. Ef honum hefur verið einhver fróun í því að rifja upp söguna frá 1969, þá tel ég það honum síst of gott og sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þá sögu. Hann sagði eitthvað á þá leið, að mikils háttar stjórnmálamenn færu ekki þannig að, að vera á móti máli 1969, en flytja það svo nú. Nú tel ég mig ekki mikils háttar stjórnmálamann, svo að ég get ekki tekið þetta til mín. En það er hins vegar skoðun mín á mikils háttar stjórnmálamönnum, að það sé eitt af einkennunum á þeim, að þeir séu alltaf tilbúnir til þess að læra af reynslunni og skipta um skoð-

un samkv. því. Það eru ekkert annað en hreinir bergþursar sem eru eintrjáningslegir, þeir eru steinrunnir, þeir geta ekki fylgst með tímanum, ef þeir hafa alltaf sömu skoðun. Þeir hafa sömu skoðun í dag og þeir höfðu fyrir 20 árum. Slíkt er auðvitað ekki hægt. Það er útilokað ef menn fylgjast nokkuð með. Breyttar aðstæður, breyttar þarfir kalla auðvitað á nýja afstöðu. Ég held að einn þýðingarmesti eiginleiki mikilhæfs stjórnmálamanns sé að geta skilið straum tímans og lagað sig eftir aðstæðum.

Ég hygg að ég og hv. 9. þm. Reykv. getum báðir státað af því einmitt í þessu efni, að við höfum lært af reynslunni. Ég hygg að það hafi áður fyrr á árunum verið nokkuð eindregin stefna Alþfl. að halda uppi verðlagseftirliti og hafa mikla trú á því, ég held oftrú. Ég er ekki fjarri því, að á fyrstu stjórnmálamannsárunum hafi þetta einmitt einkennt nokkuð hv. 9. þm. Reykv., að hann hafði talsverða trú á verðlagseftirliti og verðlagshöftum. Svo varð hann viðskrh. og þá öðlaðist hann reynslu í sambandi við framkvæmd þessara mála, og þá komst hann á þá skoðun sem leiddi til þess, að hann flutti frv. 1969 og beitti sér fyrir framgangi þess.

Ég skammast mín síður en svo fyrir að skipta um skoðun. Ef ég sé að eitthvað hefur verið athugavert við það sem ég hélt fram fyrir nokkrum árum, þá tek ég hiklaust það sem réttara er í dag eða mér sýnist vera réttara. Allt er afstætt og alltaf getur verið álitamál hvað er alveg 100% rétt. En það er kannske engin tilviljun. Nú tók ég það fram og það kom reyndar fram í ívitnunum hv. þm. — þó að litlu leyti væri — í ræðu mína frá 1969, að ég var þá ekkert sérstaklega trúaður á verðlagseftirlit. En nú hefur það gerst, að ég hef um tíma gegnt embætti viðskrh. og kynnst þessum málum persónulega og þá hef ég líklega alveg sömu sögu að segja og hv. 9. þm. Reykv. Ég hef lært af reynslunni það, að ástæða sé til að breyta þessari löggjöf og gera — hv. þm. talaði um tilraun og ég skal líka gera það — gera þessa tilraun.

Um þetta held ég að við þurfum ekki mikið að deila. Hins vegar fannst mér heldur ósmekklegt það sem hann var að segja um sögu málsins 1969, hún hefði verið með einstæðum hætti. Það er alveg rétt, að hún var með einstæðum hætti. En ég held að hv. þm. hefði átt að sleppa því að segja frá því. Ég veit eiginlega ekki hvað hann hefur ætlað sér að vinna á því að vera að rifja upp þá raunasögu.

Það fór náttúrlega aldrei á milli mála, að ég var þá andvígur frv. og mundi ekki greiða því atkv. Það kom fram í fyrstu ræðu sem ég hélt og hv. þm. vitnaði til, enda talaði hv. þm. aldrei við mig um þetta mál. Það getur þó verið hyggginna manna háttur stundum að leita til þeirra, sem eru í fyrirsvari fyrir flokk, en ekki annarra sem jafnvel eru ekki í þingflokki. En það er hans starfsaðferð. Hann gat sem sagt ekki verið í neinum vafa um það, hver afstaða mín væri, þannig að ég er þá ekki einn á meðal þessara framsóknarmanna sem hann telur að hafi þá skipt um skoðun. Það hljóta að vera einhverjir aðrir sem hann hefur þá rætt við og hann telur að hafi skipt um skoðun. Reyndin sýnir að hv. 9. þm. Reykv. hefur ekki haft nægilega traustar heimildir fyrir því, að þingmeirihluti með aðild framsóknarmanna mundi fylgja þessu máli. Það er staðreyndin. Við skulum svo ekkert vera að karpa um það, hvað hver hefur sagt hvorum og hvernig þetta hefur verið. Það heyrir sögunni til og þeirri sögu sem ég held að muni ekki geymast. Ég held að hvorugur okkar, ég eða hv. 9. þm. Reykv., komist í söguna í sambandi við þessi mál.

Það var engin flokkssamþykkt gerð í Framsfl. varðandi þetta mál og ég talaði ekki í sjálfu sér fyrir hönd flokksins þegar ég mælti við 1. umr., enda var málið tekið strax til umr., rétt eftir að því hafði verið útbýtt. Ég tók einmitt fram að það væri mín persónulega skoðun sem ég lýsti þar. En ég gat ekki heldur haft áhrif á afstöðu manna á lokastigi þess, því að það vildi svo einkennilega til, að ég var norður í kjördæmi mínu og komst í bæinn, við illan leik að vísu, nóttina áður en atkv. voru greidd um þetta í Ed. Að vísu hefðu úrslitin e. t. v. orðið á annan veg ef ég hefði ekki komist. (Gripið fram í.) Já, en æðri máttarvöld hafa þarna verið á annarri línu en þáv. hæstv. viðskrh.

Nei, það er ekki ástæða til þess að vera að tala um forsöguna að þessu leyti til. Ég tel ekkert óeðlilegt þó að við fylgjum nú þessu frv., sem er náttúrlega ekki aðeins allt öðruvísi að þessu leyti, sem ég hef minnst á, að það eru í því efniskaflar, sem alls ekki voru í hinu gamla frv., heldur er hinum raunverulegu ákvæðum um verðlagseftirlit og verðlagsákvæði snúið, alveg snúið við. Samkv. gamla frv. átti að gefa frjálst og svo grípa inn í ef samkeppnin væri ekki nægileg o. s. frv., eins og reyndar kom skýrt fram í þeirri ræðu, þeim upplestri sem hv. þm. fór með. Nú er þessu alveg öfugt farið. Nú á sem sagt að vera biðtími, 6 mánuðir samkv. bráðabirgðaákvæðinu. Það á í annan stað ekki að afnema verðlagsákvarðanir nema að undangenginni rannsókn á því, hvort samkeppni sé nægileg til þess að tryggja heilbrigða verðmyndun og sanngjarnt verðlag, það er skilyrðið. Og hver á að meta það? Verðlagsráð. Þetta er þess vegna gerólíkt frv. frá 1969 og verður náttúrlega ekki á neinn hátt borið saman.

Nei, það átti sér ekkert siðleysi stað af hálfu Framsfl. í sambandi við frv. 1969. En ef menn vilja nota orðið siðleysi, þá getur það átt við annað. Þetta frv. var flutt sem stjfrv., og það gefur auga leið, að þegar frv. er flutt sem stjfrv., — allt í lagi að þingflokkur Alþfl. væri eitthvað með skiptar skoðanir, það skipti engu máli, — en þegar frv. er flutt sem stjfrv., þá ganga menn út frá því sem gefnu og það er viðtekin og sjálfsögð regla að ráðh. allir séu fylgjandi frv. Það var ekki sagt hér á þingi né neins staðar annars staðar. Það má vera að einn ráðh. Alþfl.-manna, Eggert G. Þorsteinsson, sé andvígur frv. — Það kann að vera að hv. 9. þm. Reykv. hafi hvíslað því að einhverjum mönnum, en ekki hvíslaði hann því að mér. Það var ekki sagt frá því opinberlega, og sannleikurinn er sá, að það átti að þegja um þetta. Hann átti að fá að vera stikkfrí í málinu og það átti að koma frv. þannig í gegn að láta engan af því vita áður, — ja, það var vitað af stjórninni, það má vel vera — að einn af ráðh. væri andvígur frv. Það átti

sem sagt að svína í þessu tilfelli, það er ekki hægt að hafa um það annað orðalag. Og ég veit að jafnágætur maður og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson hefur ekki viljað fara í felur með afstöðu sína í þessu efni, en hún kom samt ekki fram á þinginu fyrr en við atkvgr. Það var auðvitað skylda þáv. viðskrh., þegar hann mælti fyrir frv., að taka fram að einn af ráðh. væri andvígur frv., því að þetta var slíkt meginatriði. Ég vil ekki vera að gefa þessu neitt sérsakt heiti, en ég held að svona starfshættir séu algert einsdæmi í íslenskri stjórnmálasögu. Það er þess vegna oflof, sem hv. 9. þm. Reykv. bar á mig, að ég hefði — að mér skildist — með frumræðu minni við 1. umr. málsins spillt svo fyrir því, að ég hefði komið í veg fyrir framgang þess. Mér dettur ekki í hug að halda að sú ræða hafi haft þau áhrif á hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, hæstv. sjútvrh. þá, að hann hafi skipt um skoðun vegna ræðu minnar. Nei, hann var fyrir fram ákveðinn. Þess vegna verður það nú aldrei afmáð, hversu margar ágætar ræður sem hv. 9. þm. Reykv. heldur, að það voru Alþfl.-mennirnir sjálfir, sem veittu frv. 1969 banahöggið. Og svo skal ég nú láta útrætt um það af minni hálfu. Ég hef enga ánægju af því að vera að rifja þetta upp í sjálfu sér, því þetta er liðin tíð. Ég held að upprifjun á því verði mér ekki á neinn hátt til miska, en hún er leiðinleg fyrir aðra. Ég held þess vegna að hv. 9. þm. Reykv. ætti ekki að vera að rifja söguna upp. Að öðru leyti og að lokum vil ég þakka honum fyrir undirtektir hans við frv. og met það, að hann vill fylgja því nú. Ég hefði hins vegar ekki getað neitt álasað honum í sjálfu sér fyrir það þó að hann hefði skipt um skoðun síðan síðast, ef hann hefði nú öðlast nýja reynslu sem hefði fært honum heim sanninn um að hin fyrri afstaða hans hefði ekki verið rétt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Áður en ég vík að því efni, sem á að vera meginefni máls míns, vil ég upplýsa eftirfarandi í sambandi við það sem fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. áðan.

Þau lög eru í Alþfl., að sá, sem er stjórnmálaritstjóri Alþýðublaðsins hverju sinni, á jafnframt sæti í þingflokki Alþfl. Eg var stjórnmálaritstjóri Alþýðublaðsins árið 1969, þegar frv. það var til meðferðar sem þeir hafa rætt nokkuð um, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og hæstv. viðskrh. Ég get fúslega upplýst það hér, að á þingflokksfundi Alþfl. kom það fram og var m. a. bókað, að ekki væri samstaða meðal þm. flokksins um afstöðu til frv. um verðlagsmál. Í þingflokknum kom m. a. fram, að einn af þeim þm., sem greiða mundi atkv. gegn frv., væri þáv. hæstv. sjútvrh. Eggert G. Þorsteinsson. Í þingflokki Alþfl. var einnig bókað að þm. tækju ekki flokkslega afstöðu til málsins. Á þessum þingflokksfundum, sem haldnir voru um þetta mál, kom einnig fram að þáv. ríkisstj. hefði verið gerð grein fyrir þessari afstöðu, m. a. afstöðu hæstv. þáv. sjútvrh. Það var svo að sjálfsögðu forráðamanna Sjálfstfl. í þeirri ríkisstj. að geta um þá afstöðu við sinn flokk, en ekki forráðamanna Alþfl. Það er því mikill misskilningur og beinlínis rangherми, að einhver leynd hafi hvílt yfir afstöðu þm. Alþfl. til málsins á þingi 1969.

Ég vil einnig taka það fram, að ég man mjög vel eftir þeim umr., sem urðu í þingflokki Alþfl. um þetta mál veturinn 1969. Ég man einnig ákaflega vel, að þá kom fram fram undir síðustu stund að tilteknir þm. Framsfl. væru málinu samþykkir og líklegt væri að þeir hygðust greiða því atkv. við umr. og afgreiðslu málsins á þingi. Og ég get enn fremur upplýst að það er rétt, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði áðan, að það kom þm. Alþfl., bæði þeim, sem voru með frv., og hinum, sem voru á móti, mjög á óvart þegar sú fregn barst rétt áður en umr. hófst um þetta frv. í Ed., að Framsfl. hefði tekið flokkslega afstöðu til málsins, hvort hann gerði það formlega eða óformlega var mér ekki kunnugt, en á þá lund að allir þm. hans skuldbundu sig til þess að greiða atkv. gegn frv. — Þetta vildi ég taka fram.

Eins og ég hef þegar sagt, var tekin sú ákvörðun í þingflokki Alþfl. 1969 að taka ekki flokkslega afstöðu til þess frv. sem þá var lagt fram um sambærilegt efni og frv. það fjallar um, sem hér er til umr. Nú hefur þingflokkur Alþfl. einnig tekið sömu afstöðu. Hann tekur ekki flokkslega afstöðu til þess frv. sem hér er um að ræða. Hins vegar átti ég þess kost, bæði í þingflokki Alþfl. og í flokksstjórn Alþfl. árið 1969, að fjalla nokkuð um það frv. sem þá var lagt fram. Afstaða mín þá, bæði í þingflokknum og í flokksstjórninni, var sú, að ég var ekki samþykkur því frv. Við þá afstöðu mína stend ég nú þegar frv. það, sem hér er um að ræða, er lagt fram. Ég mun því ekki greiða því atkv. mitt, heldur þvert á móti greiða atkv. gegn frv. við afgreiðslu þess í þessari deild. Afstaða mín mótast fyrst og fremst af því, að ég tel að þær ráðstafanir, sem gerðar eru í verðlagsmálum, eigi fyrst og fremst að taka mið af því að tryggja fólki réttlátt vöruverð á nauðsynjavörum og þjónustu með eðlilegum viðskiptaháttum. Ég vil nota þennan mælikvarða sem mælikvarða á það, hvort ég fellst á að samþykkja mál sem lögð eru fyrir Alþ. í þessum dúr. Eftir þeim sama mælikvarða vil ég meta þetta mál, og ég tel að eins og sakir standa geri það hvorugt, að tryggja eðlilega viðskiptahætti né að tryggja fólki réttlátt vöruverð á nauðsynjavörum og þjónustu.

Eins og á stendur á Íslandi um þessar mundir stöndum við frammi fyrir því, að verðlag á ýmsum nauðsynjavörum er ákaflega hátt. Verðlag á matvælum og ýmissi nauðsynjaþjónustu er t. d. allt að tvisvar sinnum hærra á Íslandi en í ýmsum þeim löndum sem greiða tvisvar sinnum hærra kaupgjald en greitt er hér á landi. Þetta hefur gerst og þetta á sér stað þrátt fyrir það að lög um opinbert verðlagseftirlit hafi verið í gildi um langt árabil og þrátt fyrir að sett hafi verið lög um verðstöðvun — lög um að engar hækkanir á vörum og þjónustu megi leyfa nema með leyfi ríkisstj. Það er því ljóst, að þrátt fyrir verðlagseftirlit og þrátt fyrir lögin um verðstöðvun hefur ekki auðnast að tryggja hvort heldur eðlilega viðskiptahætti eða réttlátt vöruverð á nauðsynjavörum. Eins og verðlagslöggjöfinni á Íslandi er háttað er það beinlínis í hag versluninni, að um dýr innkaup sé að ræða, þar sem verðlagseftirlitið er ekki eftirlit með hámarksverði, heldur eftirlit með því að álagning

fari ekki fram úr ákveðnum reglum miðað við innkaupsverð á vörunni. Þeim mun hærra verði sem varan er keypt við, þeim mun hærri verður því álagning í krónum, þeim mun meira bera seljendur úr býtum. Enn fremur hefur það verið venja, að þegar ríkisstj. eða ríkisvaldið telur sig knúið til þess að taka með sérstakri tímabundinni skattlagningu einhverjar upphæðir í formi vörugjalds eða jöfnunargjalds, þá hefur þessum aðilum verið heimilað að nota það sem tekjustofn. Þetta er gert með vörugjaldi sem átti að vera sérstaklega tímabundið gjald til þess að afla Viðlagasjóði tekna til þess að standa undir kostnaði vegna náttúruhamfara í Vestmannaeyjum. Þetta á að gera t. d. núna með jöfnunargjaldi sem leggja á á landbúnaðarafurðir til þess að mæta óhagstæðum lánakjörum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Í báðum þessum tilvikum hefur heildsölum og smásölum, í síðara tilvikinu smásölum aðeins, í fyrra tilvikinu bæði heildsölum og smásölum, verið leyft að nota þessa skatta til þess að hækka álagningu sína og álagningartekjur og hafa samt sem áður ekki gerst brotlegir við verðlagsreglur. M. ö. o.: þrátt fyrir þá tilburði, sem uppi hafa verið hafðir af stjórnvöldum, hefur ekki verið unnt að tryggja fólki réttlátt vöruverð.

Sumar aðgerðir stjórnvalda hafa beinlínis stuðlað að því að hækka vöruverð að óþörfu, eins og þegar heildsölum og smásölum í landinu hefur verið leyft að hagnast á því, að ríkisvald telur sig tilknúið að leggja sérstaka tímabundna skatta á vörur og þjónustu, m. a. til þess að afla tekna til þess að standa undir kostnaði af tjóni vegna náttúruhamfara sem orðið hafa. Það hefur einnig komið í ljós, að eftirlitið, sem verðlagseftirlitið annast, er ekki nægilegt. Það er t. d. alkunna, að á vörum í verslunum eru oft 2, 3 og 4 verðmiðar með mismunandi verði. Áður fyrr var viðtekin venja í flestum verslunum, að þegar verðhækkun varð og þegar menn með ólöglegum hætti ákváðu að nota þær verðhækkanir til þess að hækka birgðir sem þeir höfðu þegar keypt inn og greitt fyrir, þá lögðu þeir þó á sig þá vinnu að taka gömlu verðmiðana af vörunni áður en þeir nýju voru límdir á. Nú telst slíkt ekki einu sinni nauðsynlegt lengur. Þannig er mjög algengt að fólk, sem kaupir lífsnauðsynjar, t. d. í matvöruverslunum, kaupi vöru sem á eru límdir tveir, þrír, fjórir eða jafnvel fimm verðmiðar hver ofan á annan, sem er óræk sönnun þess, að um verðlagsbrot sé að ræða. Engu að síður hefur verðlagseftirlitið ekki af einhverjum ástæðum getað spornað við þessum verðlagsbrotum sem eru þó opinber.

Þá hefur einnig komið í ljós að nær engin áhersla hefur verið á það lögð af verðlagseftirlitinu að veita almenningi upplýsingar um vöruverð, leyfilegt vöruverð, hámarksverð og lágmarksverð. Nýr verðlagsstjóri, sem tók til starfa fyrir nokkru, hóf að vísu starfsferil sinn á því að láta verðlagsskrifstofuna gera slíkt og upplýsa almenning bæði um ólíkt vöruverð í verslunum innanlands og enn fremur vöruverð á innfluttum varningi miðað við smásöluverð á sama varningi í næstu nágrannalöndum. Þessu nýmæli verðlagsstjóra var strax ákaflega illa tekið af versluninni í landinu. Verslunarmenn höfðu ekki mikinn áhuga á þeim upplýsingum, sem verðlagsskrifstofan gaf með þessum hætti, og mótmæltu eindregið. Af einhverjum ástæðum hefur niðurstaðan orðið sú, að nú um nokkuð langt skeið hafa engar slíkar upplýsingar komið frá verðlagsstjóra eða verðlagsskrifstofunni, og virðist þar um að ræða að þessir aðilar, sem eiga að gæta hagsmuna neytandans fyrst og fremst, hafi tekið mótmæli verslunarinnar til greina. En ég vil aðeins benda á eina alkunna staðreynd, sem sé þá, að núverandi reglur um hámarksverð og verðlagseftirlit, núverandi verðlagslöggjöf kemur alls ekki í veg fyrir samkeppni. Hún kemur alls ekki í veg fyrir samkeppni um þjónustu og hún kemur alls ekki í veg fyrir samkeppni um lágt verðlag. Þær reglur, sem settar eru og verðlagseftirlitinu er ætlað að framfylgja, eru reglur um hámarksálagningu á vöru og þjónustu. Eftir því sem formælendur frjálsrar verslunar tala mætti þó allténts ætla að hugmyndir þeirra um frjálsa samkeppni séu hugmyndir um samkeppni um lægra vöruverð og aukna þjónustu. Það er að sjálfsögðu ekkert í núverandi verðlagslöggjöf sem stendur í vegi fyrir því, að slíka samkeppni sé hægt að viðhafa. Það er enginn, hvorki verðlagseftirlit né neinn annar opinber aðili né heldur lög sem sett hafa verið, sem banna t. d. matvöruverslun að selja vöru sína á lægra verði en næsta verslun í hverfinu, enda hefur þetta verið gert. Þeir stórmarkaðir á sviði matvöruverslunar, sem risið hafa upp í Reykjavík nú á síðustu árum, hafa risið á legg þrátt fyrir þessi ákvæði og þeir hafa boðið vörur sínar á lægra verði en matvörukaupmenn áður gerðu, með þeim afleiðingum að fjöldinn allur af Reykvíkingum, sennilega mikill meiri hluti, verslar nú í þessum stóru matvörumörkuðum. Því er mesta firra að halda því fram, að ákvæði um hámarksálagningu komi í veg fyrir að hægt sé að ástunda frjálsa samkeppni um bætta þjónustu og lægra vöruverð. Hins vegar koma ákvæðin um hámarksverð að sjálfsögðu í veg fyrir að hægt sé að stunda frjásla samkeppni um hærra vöruverð en lög leyfa. Ef sá er tilgangur manna með talinu um frjálsa samkeppni, þá er auðsætt hvers vegna menn leggja svo mikla áherslu á að þessi lög um leyfilega hámarksálagningu séu afnumin. Eins og ég sagði áðan standa þær reglur ekki í vegi fyrir samkeppni um bætta þjónustu eða lægra vöruverð, þær standa aðeins í vegi fyrir samkeppni um hækkun á vöruverði.

Engu að síður er ljóst, eins og ég sagði áðan, að verðlagseftirlitskerfið er stórgallað, a. m. k. eins og það er framkvæmt. Það er ekki til þess fallið að ýta undir lægra vöruverð, því að það er beinlínis hagkvæmt fyrir verslunina að kaupa dýru verði þá vöru, sem hún selur, vegna þess að þeim mun dýrara sem keypt er, þeim mun meiri verða tekjur verslunarinnar í álagningu. Þetta kerfi, eins og það hefur verið framkvæmt, hefur ekki heldur ýtt undir vitund neytenda um vöruverð og hagkvæmni í innkaupum, heldur þvert á móti, því að fólk hefur nánast treyst á að verðlagseftirlitið sinnti eftirliti, sem lög gera því ekki að skyldu að sinna, þ. e. a. s. fólkið hefur búist við því, að með verðlagseftirliti væri tryggt að verð væri ávallt eins lágt og hægt væri að hafa það. En þó svo að verðlagseftir-

litið hafi reynst gallað að þessu leytinu til, merkir það ekki að þá hljóti að vera sú niðurstaða fengin af slíku, að verðlagseftirlit í öllum myndum eigi að afnema. Við skulum taka dæmi: Það er á allra vitorði, að skattsvik eru mikið stunduð í þjóðfélagi okkar. Skattaeftirlitið er sem sé stórlega gallað. En finnst mönnum rökrétt, að ef á þetta er bent og allir viðurkenna að um galla sé að ræða í eftirliti með skattskilum, þá beri að afnema skatteftirlit og gefa mönnum frjáls skattskil? Ég efast um að menn séu almennt á þeirri skoðun, en það eru sambærileg rök við það, að vegna þess að framkvæmd verðlagseftirlits sé gölluð eigi að afnema allt eftirlit með vöruverði og þjónustuverði og taka í staðinn upp frjálsa samkeppnishætti. Ég tel að frekar hefði verið rétt, fyrst þm. eru yfirleitt allir sammála um að verðlagseftirlitið í núverandi mynd sé gallað, að breyta þeim reglum sem verðlagseftirlitið starfar eftir, fremur en að afnema eftirlitið eins og till. er nú gerð um.

Þá komum við að annarri spurningu, en hún er: Hvers vegna að gera þá kerfisbreytingu, sem hér er stefnt að? Hverjir hafa óskað eftir því og hvers vegna hafa þeir óskað eftir því? Eins og þeir vita, sem lesa blöðin, líður vart sú vika að ýmsir aðilar, bæði opinberir aðilar og einkaaðilar í þjónustu og verslun, krefjist ekki stöðugra álagningarhækkana. Fjöldamörg mál af slíku tagi liggja nú á skrifstofu hæstv. viðskrh. með beiðni um ákvörðun. Og nú nýverið hafa dunið yfir talsvert mörg dómsmál og ákærumál, sem einmitt færa okkur heim sanninn um það, hvers vegna verið er að krefjast þessara álagningarhækkana. Fyrirtæki í Reykjavík hefur verið ákært fyrir að bríóta verðlagslöggjöfina og taka sér í ólöglegan hagnað margar millj. kr. á stuttum tíma. Fjöldamörg fyrirtæki sæta nú ákærum um söluskattssvik. Hvers vegna skyldi þetta vera svo? Hvers vegna skyldi heildsölufyrirtæki í landinu hafa sætt ákæru fyrir margra millj. kr. ólevfilega fjártöku? Hvernig skyldi á því standa, að fjölmörg stór innflutningsfyrirtæki skuli nú sæta ákæru fyrir söluskattsbrot, þar sem sagt er í blöðum að eitt þeirra hafi stungið undan söluskatti fyrir tugi millj. kr.? Skyldi það vera vegna þess að þessi fyrirtæki hafi sérstakan áhuga á að taka upp samkeppni sín á milli eða við sambærileg fyrirtæki til að tryggja neytendum lægra vöruverð, eða skyldu þessi brot hafa verið framin m.a. vegna þess að hæstv. viðskrh. hefur ekki fallist á þær beiðnir sem komið hafa fram um hækkun á álagningu hjá þessum og öðrum aðilum? Auðvitað getur hver svarað því sem hann vill við spurningum eins og þessum. En ég vil aðeins vekja athygli manna á því, að þeir, sem eindregnast óska nú eftir að samkeppni verði gefin frjáls undir því yfirskini að verið sé að tryggja hag neytenda og lægra vöruverð og bætta þjónustu, eru sömu aðilar og sitja nær daglega á biðstofu hæstv. viðskrh. með beiðnir og kröfur um það, að hæstv. ráðh. levfi heim ekki að auka samkeppnina sín á milli, heldur að auka álagninguna, auka tekjurnar sem þessir aðilar hafa af álagningu. Og trúi því svo hver sem trúa vill, að þegar búið er að afnema öll ákvæði um hámarksálagningu gagnvart þessum fyrirtækjum, þá muni þau nota tækifærið og lækka verðið á vöru sinni og þjónustu í anda frjálsrar samkeppni. A.m.k. fellst ég ekki á þá niðurstöðu, ekki er ég trúaður á hana og ekki eru heldur samtök launafólksins í landinu eða neytenda trúuð á að þetta sé hin rétta og eðlilega niðurstaða.

Almennt um þá kerfisbreytingu, sem hér er að stefnt, vildi ég segja eftirfarandi:

Við höfum nú þegar talsverða reynslu af frjálsri samkeppni, af samkeppni þar sem hámarksálagning hefur verið felld niður, af samkeppni þar sem menn eru frjálsir að því hvað þeir taka í formi álagningar eða þjónustugjalda. Til dæmis um þjónustu, sem ekki er háð verðlagsákvæðum, er þjónusta tannlækna. Telja menn að sú þjónusta hafi verið rekin með mikilli frjálsri samkeppni til hagsbóta fyrir launþega í þessu landi? Við skulum taka verslun þar sem álagning var gefin frjáls en var áður undir ákvæði um hámarksálagningu, þ.e. verslun með bifreiðavarahluti. Skyldi reynslan af því hafa fært mönnum heim sanninn um að líklegt væri að verslun, sem losnaði undan ákvæðum um hámarksálagningu, mundi nota tækifærið til að auka samkeppni sína og afleiðingarnar mundu verða lækkað vöruverð og bætt þjónusta? Nei, einfaldlega vegna þess að um leið og ákvæðin um hámarksálagningu á bifreiðavarahluti voru afnumin snarhækkuðu bifreiðavarahlutir í verði og eru nú einhver dýrasta vara sem íslenskur neytandi kaupir. Þarna er um að ræða ákveðin, áþreifanleg dæmi um verslun, þar sem hámarksálagningarákvæðum var aflétt. Og hver er reynslan sem almenningur hlýtur að horfast í augu við?

Einn snarasti þáttur í viðgerðarkostnaði á bifreiðum, sem nú eru orðnar almenningseign, er einmitt varahlutakostnaðurinn. Það er ekki orðið óalgengt, að ef farið er með bifreið á verkstæði, þá komi eftir daginn reikningur fyrir viðgerðarþjónustu, kannske milli 70 og 80 þús. kr. Mjög stór hluti af þessum viðgerðarkostnaði er kostnaður vegna keyptra varahluta. Það væri full ástæða fyrir Alþ., áður en það afgreiðir mál eins og þetta, að kanna hvaða áhrif það hafði á verð á bifreiðavarahlutum þegar hámarksálagningin var afnumin og upp teknir þeir frjálsu viðskiptahættir sem svo mjög er af gumað að muni færa landslýð mikla hagsæld eftir því sem ætla má af tali þeirra sem mæla fyrir og mæla með þessu frv.

Þetta er fyrsta ástæðan fyrir því, að ég er almennt andvígur kerfisbreytingu eins og þeirri sem hér um ræðir. Við höfum reynsluna af slíku. Við höfum gert þetta gagnvart einstökum vörutegundum og það hefur komið í ljós, að ekki er áhugi hjá þeim aðilum, sem fengið hafa undanþágu, á því að fara í frjálsa samkeppni um verðlag og þjónustu til hagsbóta fyrir neytendur. Þvert á móti virðist vera talsverður áhugi fyrir samstarfi, beinu eða óbeinu, um miklar og allverulegar hækkanir á álagningu, eins og virðist t.d. hafa verið reynslan í bifreiðavarahlutaversluninni. Það leiðir okkur beint að þeirri einföldu staðreynd, að eftir að hafa búið við gallaða verðlagslöggjöf, eins og við höfum gert og eins og ég lýsti hér áðan, jafnlengi og við höfum gert, þá held ég að óhætt sé að fullyrða að meginhluti þeirra manna, sem stunda verslunar- og þjónustu-

störf, skilji ekki enn hvað felist í orðunum frjáls samkeppni. A. m. k. þurfa menn ekki að kynna sér lengi umsagnir neytenda og neytendafélaga til þess að komast að raun um þetta eða lesa lesendadálka blaðanna ýkjalengi, en þar kemur mjög greinilega í ljós, að flestallir verslunareigendur t. d. í Reykjavík, sem almenningur á mikil skipti við, virðist ekki skilja hvað liggur í orðunum frjáls samkeppni, því að margir þeirra virðast halda því fram að rétturinn sé allur þeirra, en ekki neinn réttur sem neytandinn geti gert tilkall til. Ég er ekki að segja þetta til þess að ásaka þessa menn á einn eða annan veg fyrir að þeir séu eitthvað verr innrættir en verslunarmenn meðal annarra þjóða. En þetta er allténd sú reynsla sem við höfum á borðinu fyrir framan okkur, og hún hlýst að mínu viti m. a. af því, að við — bæði neytendur og seljendur — höfum í svo langan tíma búið við gallaða verðlagslöggjöf, að hún hefur haft þessi áhrif, bæði á neytendahópinn og seljendahópinn, að ekki er hægt að líkja ástandinu — hvorki hjá neytendum né seljendum — við það sem gengur og gerist í nálægum löndum.

Í þriðja lagi tel ég mjög vafasamt að á Íslandi séu aðstæður til frjálsrar samkeppni með svipuðum hætti og í nágrannalöndunum nema á mjög takmörkuðu sviði. Ég get orðið mjög stuttorður um þetta, því að það hefur komið fram, m. a. hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, hvað hér er við átt, en það er einfaldlega að a. m. k. utan Reykjavíkursvæðisins eru fyrirtæki, matvöruverslanir, bifreiðaverkstæði og önnur fyrirtæki svo fá og svo dreifð, að nánast er ógerningur að búast við því, að um neina frjálsa samkeppni geti verið að ræða á milli þessara aðila. Ég er sjálfur ættaður og uppalinn í talsvert stóru bæjarfélagi úti á landi, en samt veit ég og hafði sannar fregnir af að þar voru samtök, óformleg að vísu, á milli verslana, bæði félagsverslana og einstaklingsverslana, um vöruverð, þar sem segja mátti að vörulisti gengi á milli verslanna þannig að það verð, sem var á einni vörunni í einni versluninni, var það sama í öllum öðrum. Undir slíkum kringumstæðum, þegar verslanir eru fáar er að sjálfsögðu ekki hægt að búast við þeirri frjálsu samkeppni sem menn hafa t. d. í fjölmennari löndum.

Í fjórða lagi verðum við að gera okkur grein fyrir því, að í öllum þeim löndum, þar sem frjáls samkeppni á sér stað, hafa neytendamál lengi verið í mótun. Neytendur eru sér mjög vel vitandi um þjónustu og vöruverð og sækja ósjálfrátt þangað sem þjónustan er best og verðið lægst. Hér á landi hefur almenningur ekki verið alinn upp við þessi viðhorf. Hann er ekki undir það búinn að taka á sig sama blutverk og þeir neytendur í nálægum löndum sem eru aldir upp í því kerfi frjálsrar samkeppni, sem þar hefur reynst vel til þess að tryggja lágt vöruverð og góða þjónustu. Þannig tekur talsvert langan tíma hér á Íslandi, bæði fyrir neytendur og seljendur, að venja sig við þá kerfisbreytingu, sem hér er stefnt að að gerð verði. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að hægt sé að gera slíka breytingu í einni svipan. Ég er sannfærður um, að ef það verður gert eins og stefnt er að þá verður reynslan af því mjög slæm. Þá verður reynslan þveröfug við það sem að er stefnt.

Þetta vil ég almennt segja um þá kerfisbreytingu sem hér er stefnt að að gera. Þar til viðbótar koma svo aðstæðurnar eins og þær eru nú. Aðeins þær einar út af fyrir sig gera það að verkum, að jafnvel þeir, sem annars væru almennt fylgjandi þeirri kerfisbreytingu sem frv. felur í sér, hlytu að taka afstöðu gegn því, að þær breytingar yrðu gerðar nú.

Í fyrsta lagi er nýbúið að ógilda frjálsan samningsrétt verkalýðsfélaga með lögum frá Alþingi. Er þá réttlátt að fá verslunarstéttinni, heildsölum, kaupmönnum og þeim, sem selja þjónustu, sambærilegan rétt og jafnvel mun meiri rétt en verkalýðshreyfingin hefur verið svipt? Ég tel að það sé mjög varasamt og vafasamt að gera slíka ráðstöfun svo skömmu eftir að verkalýðshreyfingin hefur verið svipt frjálsum samningsrétti um kaup sitt og kjör og þegar það er mikið atriði í augum verkalýðshreyfingarinnar að hægt sé að halda vöruverði og verði á þjónustu niðri.

Í annan stað hafa neytendur ekkert verðskyn í verðbólgu af því tagi sem verið hefur undanfarin ár og er enn, þegar verðlag hækkar á ári frá 35% og allt upp í 55%. Það hefur m. a. komið í ljós í því, sem ég nefndi hér áðan, að verslunareigendur gera sér ekki einu sinni lengur það ómak, þegar þeir hækka verð í leyfisleysi á þeirri vöru sem þeir liggja með, að taka gamla verðmiðann af til þess að líma þann nýja á, heldur líma hvern verðmiðann ofan á annan þangað til loks, þegar neytandinn kaupir vöruna, eru kannske komnir fimm eða sex verðmiðar hver ofan á annan með mismunadi háu verði. Undir slíkum kringumstæðum er að sjálfsögðu ekki hægt að sleppa verðlagi lausu og þá síst þegar jafnmikill þrýstingur er af seljendum vöru og þjónustu á að fá hækkun á vöruverði og álagningu eins og nú á sér stað. Jafnvel blindur maður hlýtur að sjá til hvers leikurinn er gerður. Það er verið að krefjast þess nær daglega af ríkisstj., að hún heimili hækkanir á vöruverði og þjónustu. Ef þeim hemli, sem ríkisstj. og verðlagseftirlitið hafa haft til þessa dags, verður aflétt, þá hlýtur jafnvel blindur maður að sjá hvað gerist.

Í þriðja lagi er ég andvígur þessu við núverandi aðstæður vegna þess að neytendahreyfing er raunar ekki til í landinu og Alþ. hefur svikist um — m. a. við afgreiðslu fjárl. — að styrkja þau vanmáttugu neytendasamtök sem af veikum burðum hafa verið að reyna að gæta hagsmuna neytenda í þessu landi.

Í fjórða lagi er ég á móti þessari breytingu nú vegna þess m. a. að allir aðilar á Alþ., allir stjórnmálaflokkar, þ. á m. ríkisstj. sjálf, hafa lagt á það höfuðáherslu að nú sé rík nauðsyn til þess að takast á við verðbólguvandann með hörðum aðgerðum og af stjórnsemi, þar sem þátt hins opinbera í stjórnun á fjárfestingar- og verðlagsmálum beri að efla. Ég tel að það sé ekki verið að því með því að sleppa verðlaginu lausu með þeim hætti, sem hér er gerð till. um, og það sé því ábyrgðarleysi að vera í öðru orðinu að segja að nú beri brýna nauðsyn til að takast á við

verðbólguna með aukinni opinberri stjórnun og í hinu orðinu að fá samþykkt frv. eins og þetta, sem þýðir að ríkisstj. beinlínis afsalar sér stjórnun á *einum þýðingarmesta þætti efnahagsmála* og efnahagslífs í þessu landi, þ. e. a. s. vöruverði. Ég tel þvert á móti að nú hafi átt að gera ákveðna breytingu á verðlagseftirliti og verðlagsreglum innan ramma þess kerfis sem við búum nú við. Ég tel að í áföngum eigi að efla samtök neytenda og tryggja hag þeirra, m. a. með neytendavernd og með því að þroska verðskyn neytendans, t. d. í þá átt, að í stað þess að verðlagseftirlitið ástundi það takmarkaða og misheppnaða eftirlit sem það stundar nú, þá ýti það undir verðskyn neytenda með því að birta örar en það hefur gert og betur upplýsingar um verðlag, leyfilegt hámarksverð, og jafnframt að starfsmenn verðlagseftirlitsins gangi í verslanir og birti kynningarauglýsingar um lægsta og hæsta vöruverð, t. d. á stærstu stöðunum. Í þessum anda tel ég að hefði átt að gera þær breytingar, sem nú er verið að gera, og stefna síðan að því smátt og smátt að taka upp kerfi frjálsrar samkeppni, þegar bæði neytendur og seljendur eru undir það búnir.

Að lokum langar mig til þess að víkja að fimm atriðum. Ég tek undir það sem komið hefur fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að þau ákvæði um neytendavernd, sem eru fólgin í þessu frv., eru ákaflega lítilvæg og skipta raunar engu máli. Svo nefnt sé eitt atriði sem að sjálfsögðu er ekki stórvægilegt, þá er t. d. í einni greininni kveðið á um að leiðbeiningar skuli vera veittar um vöru og þjónustu eða annað slíkt sem í té er látið. Þar er t. d. ekki sagt að þær leiðbeiningar skuli vera á íslensku eða skriflegar, en með mörgum dýrum heimilistækjum, sem fólk þarfnast í daglegu lífi og seld eru í verslunum, eru engar leiðbeiningar til. Í besta falli eru leiðbeiningar á erlendum málum. Ég hef jafnvel séð mjög dýr tæki, sem kostað hafa hundruð þúsunda, sem seld eru íslenskum verslunum, sem hafa haft leiðbeiningar, að því er ég ætla, einna helst á *kóreönsku eða einhverju slíku máli*. Getur hver sagt sér sjálfur hvaða gagn slík upplýsingastarfsemi hefur. Ég tel þetta að vísu smáatriði. Ég tel að inn í þessa grein frv. ætti tvímælalaust að koma ákvæði um að þær leiðbeiningar, sem veittar væru við sölu á meiri háttar varningi, t. d. heimilistækjum og öðru slíku, ættu að vera skriflegar og **á íslensku.**

Í annan stað — það er stærra atriði — gerir frv. t. d. engin skil nauðsyn þess að veita neytendum lögfræðihjálp eða hjálpa þeim í sambandi við kvartanaþjónustu, en þetta er eitt af meginverkefnum neytendasamtakanna sem hefur reynst þessum samtökum bæði dýrast og erfiðast. Frv. hefur ekkert um þessi atriði að segja.

Í þriðja lagi gerir frv. ekki ráð fyrir því, að neytendum verði veittar neinar verðupplýsingar eins og ég gat um áðan, en það hlýtur þó að teljast mjög stórvægilegt atriði í sambandi við neytendamál.

Í fjórða lagi gerir frv. ekki heldur ráð fyrir því, að neins konar mat, vörumat eða gæðamat, verði lagt á vöru eða þjónustu, eins og gert er í neytendastofnunum í öllum nálægum löndum og síðan gefið út og kynnt almenningi, hverjar niðurstöður eru.

Í fimmta lagi eru engin ákvæði í þessu frv. *um afborgunarkaup, en einmitt þau kaup*, afborgunarkaup, eru hvað víðast stunduð um þessar mundir hér í voru landi. Er mjög oft gengið svo freklega á rétt neytenda, sem kaupa vöru með afborgunarkjörum, að það nær engri átt.

Þetta eru aðeins nokkur atriði, sem ég tel upp af handahófi, sem vantar algerlega inn í ákvæði frv. um neytendavernd, en eru það stórvægileg, að ég tel að án ákvæða um slík atriði sé neytendavernd ekki borgið og raunar langt í frá. Ég tel að þau ákvæði, sem fram koma í þessu frv. um neytendavernd, séu raunar litlu betri en þau takmörkuðu ákvæði sem nú eru í gildi í lögum þar að lútandi.

Að lokum þetta: Í 54. gr. þessa frv. eru talin upp þau lög, sem eiga að falla úr gildi, ef frv. þetta verður samþ. Ég veitti því athygli, að þar er ekki gert ráð fyrir að úr gildi falli 10. gr. í lögum um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl., sem eru nr. 13 frá 23. maí 1975. Þessi 10. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frá 1. okt. 1974 til 31. maí 1975 og þar til öðruvísi verður ákveðið má ekki hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 23. sept. 1974 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstj."

Síðan heldur 10. gr. áfram og ræðir um hundraðshluta álagningar á vöru í heildsölu, smásölu eða öðrum viðskiptum sem ekki verði leyft að hækka nema til komi samþykki ríkisstj. og sama máli gegni um vöru og þjónustu sem ríki, sveitarfélög og stofnanir láti í té. Þessi lagagrein segir sem sé að þessi atriði, sem ég hef hér talið upp, megi alls ekki undir neinum kringumstæðum hækka í verði nema með leyfi hæstv. ríkisstj. *Þetta eru þau lagaákvæði sem yfirleitt hafa verið kölluð „verðstöðvunarákvæðin"* og eru enn í gildi að því er ég best veit. Ef þessum ákvæðum verður ekki breytt, sem ég fæ ekki séð að frv. geri ráð fyrir, þá er raunar ekki um neina kerfisbreytingu að ræða, vegna þess að þá hljóta allar hækkanir, af hvaða toga sem þær eru spunnar að vera háðar því að ríkisstj. heimili þær. Þá er ekki um þá frjálsu samkeppni að ræða sem hér er um fjallað, heldur raunar um tiltölulega litla breytingu, að vísu nokkra breytingu á yfirborðinu, en ekki neina raunverulega breytingu, því að ég held að það hljóti svo að vera, að eftir sem áður verði að leita til viðkomandi ríkisstj. um leyfi til hækkunar og það er þá á hennar valdi, en ekki á valdi hinnar frjálsu samkeppni, hvort þessi hækkun verði veitt. Ef hins vegar ákvæðið í 54. gr., — að önnur ákvæði, sem fari í bága við þessi lög, falli niður, — ef það ákvæði — á að taka til þessarar 10. gr., þá þýðir það að fella á niður ekki aðeins að leyfi ríkisstj. þurfi til þess að hækka álagningu eða verð á vöru og þjónustu einkaaðila, heldur jafnframt að leyfi falli niður frá ríkisstj., sem

til þurfi til þess að hækka megi endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé, umboðslaun eða verð á hvers konar vöru eða þjónustu sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra láta í té. Ég tel nauðsynlegt til þess að komast hjá misskilningi að á milli 2. og 3. umr. fjalli sú n., sem um þetta mál hefur höndum farið, um þessa ábendingu og geri þær breytingar á 54. gr. frv. sem taki af öll tvímæli um það, hvaða atriði í 10. gr. laga nr. 13 frá 1975 eigi að standa, ef frv. þetta verður samþ., og hvaða atriði í þessari grein eigi að falla úr gildi.

Umr. frestað.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 488, n. 609). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts. Nál. liggur frammi á þskj. 609. Heilbr.- og trn. mælir sem sagt með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
7.—14. gr samþ. með 25 shlj. atkv.
15.—19. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Geymslufé, frv. (þskj. 404, n. 590). — 2. umr.

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um geymslufé og leggur til samhljóða að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var einn nm., hv. 9. þm. Reykv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða mikið um þetta mál. Það fylgir frv. mjög greinargóð grg., sem gerir grein fyrir því hvers vegna verið er að festa í lög nánari ákvæði um geymslufé. Þetta frv. er að meginstofni sniðið eftir norrænum lögum í þessum efnum og er flutt til þess að eyða réttaróvissu sem fylgir því að ekki skuli vera nánari ákvæði um geymslufé í lögum en nú er.

Það kemur fram í grg. fyrir frv., að ekki hafi verið talin ástæða til þess að taka í lögin ákvæði um þóknun til banka fyrir geymslu fjár eða um vexti af því, þar sem Seðlabanka Íslands beri að setja reglur um þau atriði samkv. lögum. N. kallaði á sinn fund lögfræðing hjá Landsbanka Íslands, Reinhold Kristjánsson, til þess að fá frekari upplýsingar um hvernig með þessi mál væri farið. Hann upplýsti n. um það, að greiddir væru vextir af geymslufé í ríkisviðskiptabönkunum, en það eru eingöngu ríkisviðskiptabankarnir sem lögum samkvæmt hafa heimild til þess að taka við geymslufé. Með tilliti til þess, að það er orðin föst venja að greiða vexti af geymslufé, sem sjálfsagt er, þá þótti n. ekki ástæða til þess að gera um það sérstaka brtt., að það væri fest í lög.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að lengja mál mitt um þetta efni, þar sem nm. voru allir einróma samþykkir því að leggja til, að frv. yrði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Áskorunarmál, frv. (þskj. 418, n. 618). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Páll Pétursson: Herra forseti. Allshn. hefur rætt þetta frv. og mælir með samþykkt þess eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed. Það var skoðun okkar allra, að þessi breyting á lögunum mundi einfalda og greiða fyrir málsmeðferð, spara vinnu hjá dómurum og auka afköst dómstóla án þess að réttaröryggi borgaranna væri í nokkru skert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Fiskimálaráð, frv. (þskj. 331, n. 614). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þetta frv. kemur frá Ed. og fjallar um það, að hrófatildur, sem nefnt hefur verið Fiskimálaráð, verði rifið að grunni. Sjútvn. d. hefur fjallað um málið og er sammála um að taka undir þessa afgreiðslu hv. Ed. Fjarri góðu gamni voru hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Pétur Sigurðsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 69. fundur.

Föstudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 19. apríl 1978.

Þorv. Garðar Kristjánsson, framkvæmdastjóri þingflokks sjálfstæðismanna, hefur ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Péturs Sigurðssonar, 8. þm. Reykv., sem nú er á förum til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosninga til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður hans, Gunnar J. Friðriksson, iðnrekandi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti neðri deildar.“

Gunnar J. Friðriksson hefur áður setið á þingi og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Sjóður til stuðnings ullar- og skinnaiðnaði, þáltill. (þskj. 610). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla samgönguráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1977. (þskj. 592).

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 592 er skýrsla samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1977. Mun ég nú gera grein fyrir skýrslu þessari í örstuttri grg.

Að vanda gerir skýrslan grein fyrir tekjum og útgjöldum Vegasjóðs. Ber hún það með sér, að Vegasjóður fékk á árinu 1977 það fjármagn til ráðstöfunar sem gert var ráð fyrir í vegáætlun, enda bótt tilfærslur yrðu þar á milli einstakra liða. Þrátt fyrir mikinn innflutning bifreiða og 9.5% aukningu á bensínsölu frá fyrra ári urðu raunteknir af bensíngjaldi 2 350 millj. kr. í stað 2 410 millj. kr., sem gert hafði verið ráð fyrir. Var ástæðan sú, að ekki var notuð heimild laganna til hækkunar gjaldsins í samræmi við hækkun byggingarvisitölu. Sama er að segja um þungaskatt. Hann reyndist 79 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir af sömu ástæðum. Gúmmígjaldið reyndist meira en áætlað hafði verið, en hlutur þess er mjög lítill í heildarupphæð markaðra tekna. Það, sem vantaði á að markaðar tekjur heimtust inn, var bætt með auknu ríkisframlagi, sem nam alls 904 millj. kr. í stað 779 millj. sem áætlað hafði verið. Lánsfé var 1.6 milljarðar, eins og reiknað hafði verið með. Í því er hlutur spariskírteina 1350 millj. kr., en happdrættisskuldabréfa 250 millj. Af þessu lánsfé var hlutur áætlunar um Norður- og Austurveg 850 millj. kr.

Eins og á síðasta ári er í þessari skýrslu gerð ítarleg grein fyrir notkun þess fjár sem ætlað var til viðhalds. Sumarviðhaldi var haldið innan ramma áætlunarinnar, en vetrarviðhald fór fram úr áætlun, en það fer fram eftir sérstakri áætlun um snjómokstur, svokölluðum snjómoksturs reglum. Nýjar reglur gengu í gildi í byrjun árs 1977 sem hnigu í þá átt að auka snjómokstur frá því sem áður hefur verið, og niðurskurður á fjárveitingum til vetrarviðhalds reyndist ekki raunhæfur.

Sérstök athygli skal vakin á uppdrætti í skýrslunni sem sýnir þær umferðartakmarkanir sem setja varð á vegi meðan frost fór úr þeim. Ber hann með sér að aðalvegakerfi Vestur-, Norður- og Austurlands er lamað vikum saman eftir að snjóa leysir og það á þeim tíma árs sem áburðar- og fóðurbætisflutningar þurfa að fara fram. Bendir það til að ekki beri síður að hyggja að burðarþoli veganna en að leggja á bundið slitlag eða byggja þá upp úr snjó.

Hér má einnig geta þess, að á undanförnum árum hefur Vegagerðin unnið markvisst að skráningu umferðarslysa með það fyrir augum að endurbæta þá vegarkafla, sem hættulegir eru, og þá staði á vegunum, sem reynst hafa slysagildrur.

Eins og undanfarin ár var verulegum hluta fjárveitinga til vegamála varið til nýbyggingar og endurbyggingar vega. Á því sviði náðust merkir áfangar og má þar fyrst nefna að á s. l. hausti var umferð hleypt um jarðgöngin undir Oddsskarði sem unnið hefur verið við undanfarandi ár. Hefur þegar komið fram hversu þýðingarmikil samgöngubót þetta er fyrir Neskaupstað og reyndar alla byggð á Austurlandi.

Önnur vegagerð á Austurlandi olli þáttaskilum í samgöngum í þeim landsfjórðungi, enda þótt henni sé langt frá því að vera lokið, en það er vegurinn fyrir Hvalnes og um Þvottárskriður sem leysir af hólmi veginn um Lónsheiði. Margar fleiri nýbyggingar má nefna af þeim, sem skýrslan greinir frá, svo sem áframhaldandi framkvæmdir við Suðurlandsveg austan Þjórsár, Eyrarbakkaveg og fleiri vegi á Suðurlandi, Vesturlandsveg á Kjalarnesi og Þingvallaveg í Reykjaneskjördæmi, brúargerðina í Borgarfirði og Akranesveg á Vesturlandi, Vestfjarðaveg um Hörgsnes og Djúpveg á Vestfjörðum, Norðurlandsveg um Holtavörðuheiði, á Hrútafjarðarhálsi, á Öxnadalsheiði, norðan Akureyrar og um Víkurskarð á Norðurlandi svo dæmi séu nefnd.

Ekki reyndist fjármagn það, sem Alþ. hafði ætlað til þessara framkvæmda, nægilegt og urðu margir til að leggja því lið, að vegagerð varð meiri en til stóð. Lánað var til nýbygginga verulegt fé, um 67 millj. sem bráðabirgðalán heimamanna ýmissa byggðarlaga, 231 millj. sem vinnulán bifreiða- og vélaeigenda, 15 millj. kr. lán verktaka til slitlagsgerðar, um 51 millj. frá Viðlagatryggingu og ríkissjóði o. fl. til vegagerðar í Mývatnssveit vegna hættu á eldsumbrotum á þeim slóðum og á milli 5 og 6 millj. til viðhalds þjóðvega. Auk þessara lána fékk svo Vegagerðin heimild til að taka lán hjá Seðlabankanum að upphæð 350 millj. kr., sem hún notaði að mestu til að fjármagna brúargerðina í Borgarfirði, jarðgöngin undir Oddsskarði, vegagerðina á Holtavörðuheiði, framkvæmdir á Þingvallavegi, Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli og Heydalsvegi.

Af brúargerðum á árinu 1977 má nefna Urriðaárbrú á Mýrum, Gljúfurá í Húnavatnssýslu, Mjóadalsá á Sprengisandsvegi, Hvaldalsá og Kolgrímu, auk margra annarra sem skýrslan greinir.

Vegna breytinga þeirra, sem gerðar voru á vegalögum vorið 1977, jukust tekjur sýsluvegasjóða frá því sem ella hefði verið vegna heimildar um aukið framlag hreppsfélaga og mótframlag ríkisins. Áhrifa þessara lagabreytinga mun þó gæta meira á yfirstandandi ári. Við sömu

lagabreytingar var og gerð sú breyting, að þéttbýlisfé skyldu þau kauptún fá sem höfðu 200 íbúa í stað 300 áður. Af þessum sökum fengu nú Búðardalur, Tálknafjörður, Súðavík, Hofsós, Hrísey, Grenivík og Breiðdalsvík úthlutað þéttbýlisfé. 25 kaupstaðir og kauptún fengu á árinu fé úr 25% sjóði til gatnagerðar. Í árslok töldust þjóðvegir í þéttbýli 135.6 km.

Til vélakaupa á árinu var varið 133.4 millj. kr., fyrst og fremst til að endurnýja bifreiðar Vegagerðarinnar og til kaupa á smærri tækjum til brúa- og vegagerðar. Kaflar eru í skýrslunni sem sýna hvar unnið var að smíðum áhaldahúsa og skrifstofuhúsnæðis og að hvaða rannsóknarverkefnum var unnið fyrir það fé sem lögum samkvæmt var varið til tilrauna.

Nokkur halli varð á vegáætlun 1977, sem stafar fyrst og fremst af umframeyðslu við snjómokstur, en eins og fram hefur komið áður var fjárveiting til hans skorin niður í meðförum þingsins án þess að snjómokstursreglum væri breytt um leið.

Eftirfarandi árangur náðist í framkvæmdum á árinu 1977: Fullnaðarfrágangur undirbygginga var 121.4 km í stofnbrautum, lagning malarslitlaga 141.5 km, lagning bundins slitlags 9 km, brýr 10 m og lengri sjö brýr, 190 m og smábrýr á landsbrautum, sex, 48 m. Á þjóðbrautum var undirbyggður vegur 89.1 km, lagning burðarlags og malarslitlags 71.9 km, lagning bundins slitlags 3.8 km, brýr 10 m og lengri, ein brú, 10 m og tvær smábrýr sem voru 12 m. Á sýsluvegunum voru brýr 10 m og lengri, ein brú, 23 m og smábrýr, ein brú, 4 m á lengd. Á fjallvegum voru brýr 10 m og lengri, ein brú, 45 m.

Þar sem þetta er síðasta skýrsla um framkvæmd vegáætlunar sem lögð verður fram á yfirstandandi kjörtímabili vil ég gefa stutt yfirlit um framkvæmdir í vegakerfinu á árunum 1974—1977.

Alls hafa verið lagðir 50 km af bundnu slitlagi, þar af 46 km á stofnbrautum. Malarvegir, sem lokið hefur verið við og teknir til umferðar, eru alls 828 km þ. e. 506 km á stofnbrautum og 322 km á þjóðbrautum. Byggðar hafa verið 57 brýr 10 m og lengri og er heildarlengd þeirra 1815 m. Loks hafa verið byggðar 45 smábrýr og er lengd þeirra 282 m. Í tölum um brýr eru einnig taldar með brýr á sýsluvegum og fjallvegum.

Af einstökum verkum, sem framkvæmd hafa verið á þessu tímabili, verða hér talin nokkur þau helstu:

Lokið var við framkvæmd á Skeiðarársandi og hringvegurinn þar með opnaður. Suðurlandsvegur frá Selfossi austur í Holt hefur verið endurbyggður með bundnu slitlagi. Garðskagavegur frá Keflavík að Gerðum hefur verið byggður með bundnu slitlagi. Framkvæmdir hófust í Borgarfirði og á Holtavörðuheiði og munu þær verða mikil samgöngubót þegar lokið verður. Djúpvegur var opnaður á tímabilinu og gerbreyttust samgöngur á Vestfjörðum við það. Þá var einnig opnaður Vestfjarðavegur um Hörgsnes. Af framkvæmdum á Norðurlandi vestra má nefna vegagerð í Hrútafirði og einnig um Hrútafjarðarháls, en þeirri vegagerð er þó ekki lokið enn. Enn fremur náðist mikilsverður áfangi í byggingu nýrrar brúar á austurós Héraðsvatna og tengingu hennar. Á Norðurlandi eystra hefur verið unnið að framkvæmdum á Oxnadalsheiði og hefur þegar verið náð umtalsverðum áföngum þar. Enn fremur hefur verið unnið að vegagerð norðan Akureyrar og á Svalbarðsströnd. Opnun jarðganga í Oddskarði ber hæst af framkvæmdum á Austurlandi, en þar má einnig nefna þýðingarmikinn áfanga á Fjarðarheiði sem þegar hefur sannað gildi sitt fyrir vetrarsamgöngur. Enn fremur er hin nýja leið um Hvalnesskriður, sem opnuð var s. l. haust, þýðingarmikil fyrir samgöngur á Austurlandi, þó að þær framkvæmdir séu enn aðeins á byrjunarstigi.

Í þessu yfirliti er einungis drepið á helstu atriði, en af því er séð, að nokkuð hefur miðað áfram í vegaframkvæmdum, þó að ekki sé því að leyna að það sé mun hægar en æskilegt hefði verið og ég hefði kosið. Á kjörtímabilinu hefur vegalögum verið breytt tvisvar sinnum, þ. e. árið 1975 og 1976. Þessar breytingar snerta einkum þrjú svið vegamála. Í fyrsta lagi hefur ákvæðum um þéttbýlisvegi verið breytt. Samkvæmt þeim breytingum falla nú undir ákvæði laganna öll kauptún með 200 íbúa og fleiri, í stað 300 íbúa áður. Enn fremur var sú breyting gerð, að nú eru tekin 25% af heildarframlagi til þjóðvega í þéttbýli í stað 10% áður og skiptir fjvn. því fé sérstaklega til þess að ná stærri áföngum og gera þannig vinnubrögðin hagkvæmari. Reynslan af þessu síðara atriði hefur þegar sýnt að sú breyting er til bóta. Um fyrra atriðið er hins vegar það að segja, að nokkuð er misjafnt enn þá hvernig sú breyting kemur út fyrir einstaka staði sem fengu þjóðvegi í þéttbýli samkv. breytingunni. Það er ljóst, að hlutur þeirra mun vænkast mjög þegar þeir fá úthlutunina úr 25% sjóðnum.

Í öðru lagi hafa ákvæði um sýsluvegi tekið verulegum breytingum. Með hinum nýju ákvæðum fjölgaði sýsluvegum mjög, þannig að vegir að velflestum bæjum eru nú sýsluvegir. Jafnframt hefur framlag til sýsluvega verið stóraukið bæði frá heimamönnum og úr Vegasjóði. Hafa þessar breytingar í heild valdið gerbreytingu til bóta að því er varðar hag sýsluvega og horfur um framkvæmdir á þeim.

Þriðja meginatriðið, sem gert hefur verið á vegalögunum, snertir flokkun þjóðvega og ýmis þau atriði sem tengd eru flokkuninni. Með hinum nýju ákvæðum var horfið frá fyrri skiptingu þjóðvega í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir. Rök fyrir þessari breytingu voru mörg, en þar ber hæst tvö atriði. Hið fyrra er sú nauðsyn að líta á þýðingarmestu vegi landsins sem eina heild, þ. e. hringveginn og helstu tengivegi út frá honum. Með því móti mætti meta þarfir fyrir uppbyggingu einstakra vega og vegarkafla án tillits til þess, í hvaða kjördæmi þeir eru. Síðara atriðið, sem leggja ber áherslu á, er að með hinni nýju skiptingu í stofnbrautir og þjóðbrautir opnuðust möguleikar á því að ráðast í stærri verkefni víðs vegar á landinu en áður hafði verið hægt, þar sem mörg kjördæmi

höfðu engar hraðbrautir innan sinna marka, en verulegur hluti fjárveitinga hins vegar bundinn við framkvæmdir á hraðbrautum. Reynslan af þessum breytingum er ekki löng enn sem komið er og því ekki mikið um hana að segja. Telja verður þó breytinguna skref í rétta átt, en hún skilar þó vart fullum árangri nema með breyttu vinnufyrirkomulagi við meðferð og afgreiðslu vegáætlunar. Verður vikið nokkru nánar að þeim málum hér á eftir.

Í nefnd þeirri, sem samdi frv. til laga um ofangreindar breytingar, á flokkun vegakerfisins, sátu fulltrúar allra þingflokka auk ráðuneytisstjórans í samgrn. og vegamálastjóra. Í aths. nefndarinnar með frv. segir svo með leyfi hæstv. forseta: „að hún hafi með till. um breytingar á flokkuninni gengið út frá því, að við meðferð vegáætlunarinnar á Alþ. fjalli fjvn. Alþ. í heild um skiptingu fjárveitinga til einstakra stofnbrauta og að ekki verði um þann vegaflokk beitt hundraðshlutaskiptingu þeirri milli kjördæma sem gilt hefur um þjóðbrautir og landsbrautir um nokkurt árabil.“ Að baki þessari hugmynd nefndarinnar um meðferð málsins á Alþ. mun hafa legið sú skoðun, að með þessu móti mætti fá betri yfirsýn yfir heildarþarfir stofnbrautakerfisins og um leið meiri hreyfanleika í fjárveitingu milli kjördæma, þar sem ykjust möguleikar á að ráðast í stærri verkefni, þar sem þeirra væri þörf hverju sinni, og þeim lokið á hæfilegum tíma án tillits til þess, í hvaða kjördæmi þau eru. Reyndin hefur hins vegar orðið sú, að fjvn. hefur ekki fjallað sem slík um fjárveitingar til einstakra stofnbrauta, heldur hefur stofnbrautafé í aðalatriðum verið skipt á milli kjördæma í ákveðnum hlutföllum. Breyting á þessum hlutföllum á milli ára hefur átt mjög erfitt uppdráttar, þannig að sá hreyfanleiki fjárveitinga, sem stefnt var að, hefur ekki náðst og þar með er lítið svigrúm til að ráðast í stærri verkefni.

Ljóst er að breytingar á vegaflokkuninni ná ekki tilgangi sínum fyrr en breytt verður um málsmeðferð og vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar. Er e. t. v. nauðsynlegt að setja ákvæði þar að lútandi í vegalög til þess að tryggja að úr þessu verði bætt. Í því sambandi kemur til álita að setja í vegalög ákvæði um gerð sérstakrar áætlunar um stærri verkefni sem næði yfir 2—3 kjörtímabil. Í þeirri áætlun yrði kveðið á um einstök verkefni, í hvaða röð þau skyldu framkvæmd, áfangaskiptingu og annað sem mestu máli skiptir. Þessi áætlun yrði síðan felld inn í vegáætlunina hverju sinni, en þó þannig að tryggt væri að umtalsverður hluti þess fjármagns, sem ætlaður væri til nýrra framkvæmda, rynni til þessara sérstöku verkefna og þá í þeirri röð sem langtímaáætlunin segir til um. Eðlilegt væri að lánsfé, sem aflað er til vegaframkvæmda hverju sinni, gengi fyrst og fremst til þessara sérstöku verkefna. Fjárveitingum til annarra vegaframkvæmda en hinna sérstöku verkefna mætti þá skipta á milli kjördæma eftir hlutfallsreglunni, sem tæki tillit til ástands, notkunar og lengdar vega í hinum ýmsu kjördæmum, og væru þar fyrst og fremst um að ræða hina mörkuðu tekjustofna.

Ég hef nýlega falið samgrn. og Vegagerðinni að athuga möguleika á slíkri áætlunargerð sem hér hefur verið drepið á, en slík athugun er nauðsynlegur undanfari nánari ákvarðana í þessu máli. Þegar niðurstöður athugunar liggja fyrir þyrfti að taka þessi atriði til meðferðar og breyta þá vegalögum eins og þurfa þætti með það fyrir augum að tryggja að stór og brýn verkefni í vega- og brúagerð komi til framkvæmda, í stað þess að þeim er ýtt til hliðar við núverandi aðstæður.

Í sambandi við vegagerð í stærri stíl vil ég minna á yfirlýsingu ríkisstj. á s. l. ári um ákvörðun sem mörkuð var um að lögin um Norður- og Austurveg nái tilgangi sínum, þó á lengri tíma verði en gert var ráð fyrir í lögunum. Til þeirra fyrirheita, er í yfirlýsingunni fólust, verður að taka tillit við endurskoðun vegáætlunar í haust og láta það svæði í vegagerð hafa forgang við endurskoðunina og gerð nýrrar áætlunar, ef takmarkinu hefur ekki þá þegar verið náð er happdrættislögin um Norður- og Austurveg ætlast til. Til þess að friður fáist um framkvæmd slíkrar áætlunar er mér ljóst að nauðsyn ber til að taka tillit til vegagerðar á öðrum landssvæðum.

Í samræmi við þessa skoðun mína og það, sem ég sagði áðan um endurskoðun vegalaga og ákvörðun um skiptingu vegafjár, tel ég brýna nauðsyn að koma þeirri stefnu fram sem ég lýsti hér áðan um langtímaáætlun um stærri verkefni og sérstaka fjárútvegun til þeirra. Enda þótt mér sé ljóst að engin slík ákvörðun verði tekin á þessu þingi um þá stefnumörkun mun ég láta undirbúa framkvæmd að þessari athugun og haga henni á þann veg, að allir geti haft áhrif á hana.

Herra forseti. Með þessum orðum tel ég mig hafa gert fullkomna grein fyrir skýrslu þeirri um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1977 og læt máli mínu lokið.

Vegáætlun 1977—80, þáltill. (þskj. 281, n. 579, 576). — Síðari umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Þáltill. um breytingu á vegáætlun var vísað til fjvn. að venju og hefur hún haft áætlunina til umfjöllunar um nokkurt skeið. Hún hefur notið aðstoðar Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra, Helga Hallgrímssonar forstjóra tæknideildar og annarra starfsmanna vegagerðarinnar eftir því sem þörf hefur verið fyrir upplýsingar um ákveðin verkefni. Sú aðstoð hefur verið fljótt og vel af hendi leyst, jafnt við fjvn. í heild sem einstaka þm. og þingmannahópa kjördæmanna. Ég vil þakka þeim öllum þátt þeirra í gerð vegáætlunarinnar um leið og ég tjái samnm. öllum bestu þakkir fyrir samstarfið við gerð till. um endurskoðun vegáætlunar. Samkomulag varð í n. um skiptingu fjár milli kjördæma, en að venju hafa þm. einstakra kjördæma skipt ráðstöfunarfé á sérstaka verkþætti. Að sjálfsögðu hefur fjvn. farið yfir þær till. og stendur að þeim og ber þær fram.

Sú endurskoðun, sem nú hefur verið gerð á

vegáætlun, er aðeins bundin framkvæmdum á árinu 1978 og er það í samræmi við yfirlýsingar hæstv. samgrh. á Alþ. 28. mars 1977 og eftir ákvörðun Alþ. við gerð fjárl. fyrir árið 1978, þar sem ráðstöfunarfé Vegagerðar ríkisins var ákveðið 9 300 millj. kr. á árinu 1978 í stað 7 þús. millj. kr. sem gildandi vegáætlun fól í sér. Ráðstöfunarfé er því 2 300 millj. kr. umfram gildandi vegáætlun. Verkefni fjvn. var að skipta því viðbótarfjármagni, en þess var aflað eins og hér segir:

1. Markaðir tekjustofnar eru nú áætlaðir 1500 millj. kr. hærri en vegáætlun gerði ráð fyrir. Sú hækkun er að hluta til vegna sérstakrar hækkunar á bensíngjaldi sem ákveðin var með lögum fyrir áramótin síðustu ásamt tilsvarandi hækkun þungaskatts. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að nýta heimild í lögum um hækkun gjaldstofna í samræmi við hækkun vísitölu byggingarkostnaðar eftir því sem þörf verður á til þess að ná á árinu 1978 ofangreindum tekjuauka af mörkuðum tekjum.

2. Ríkisframlag hækkar um 400 millj. kr. Sú ákvörðun var tekin við fjárlagagerðina fyrir árið 1978, enda er gert ráð fyrir að sú hækkun svari til þess tekjuauka af söluskatti sem leiðir af hækkun bensíngjalds á tímabilinu.

3. Lánsfjáröflun til vegagerðar er með tvennum hætti. Annars vegar er hin sérstaka fjáröflun til Norður- og Austurvegar aukin um 300 millj. kr. og hins vegar er almenn lántaka til vegamála aukin um 100 millj. kr. Eru þessar lántökur í samræmi við lánsfjáráætlun fyrir árið 1978.

Fjvn. leggur til, að þessu aukna ráðstöfunarfé verði varið þannig í stórum dráttum, sbr. einnig brtt. á þskj. 576:

Til stjórnar og undirbúnings framkvæmdum er gert ráð fyrir að framlag hækki um 138 millj. kr. Er það áætlað að svari til launa- og verðlagshækkunar á þeim grunni sem er í gildandi vegáætlun, en ekki reiknað með auknu starfsliði frá því sem þar var ákveðið.

Til viðhalds vegum á sumri og vetri er till. um hækkun um 537 millj. kr. Eftir áætlun Vegagerðar ríkisins mun sú fjárhæð hvergi nærri svara til þess sem áætluð heildarfjárþörf vegaviðhaldsins er, en mun þó verða nokkru nær raunverulegri áætlaðri fjárþörf en var á árinu 1977.

Til nýrra þjóðvega er till. um að ráðstöfunarfé hækki úr 2 560 millj. kr. í 3 721 millj. kr. eða um 1 161 millj. kr. Fjvn. gerði till. um að því skyldi skipt milli kjördæma í sömu hlutföllum og skipt er í gildandi vegáætlun. Unnu þm.-hópar hinna einstöku kjördæma eftir því við ákvörðun um framlög til einstakra verka í nýbyggingu vega, og vísast til þskj. 576 um þær skiptingar.

Till. er gerð um að framlög til brúagerða hækki úr 337 millj. kr. í 563 millj. kr. eða hækkun frá gildandi vegáætlun um 226 millj. kr. Þegar tillit hafði verið tekið til áætlaðra kostnaðarhækkana við þær brúabyggingar sem eru á gildandi áætlun, þá taldist fært að byggja að auki brú á Víðidalsá í Húnavatnssýslu, brú á Heydalsá á Ströndum og á Markarfljót við Emstrur. Er till. gerð um það á þskj. 576.

Til fjallvega er áætluð hækkun um 7 millj. kr. og er það til samræmis við verðlagshækkanir.

Framlög til sýsluvega hækka um 31 millj. kr. Að nokkru er hækkunin afleiðing kjarasamninga og annarra hækkana til 1. des. 1977. Einnig hefur heimild til að auka framlag sveitarfélaga leitt til hærra ríkisframlags en gert hafði verið ráð fyrir.

Til vega í kaupstöðum og kauptúnum verður hækkun um 168 millj. kr., sem verður í samræmi við lögákveðinn hluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar.

Til vélakaupa og áhaldahúsa er till. um lækkað framlag um 6 millj. kr. Má segja að þar sé um þann eina niðurskurð að ræða sem fjvn. sá sér fært að gera frá því sem er í gildandi vegáætlun.

Fjárveiting til tilrauna er ákveðin í lögum ákveðinn hundraðshluti af mörkuðum tekjum Vegasjóðs og hækkar um 8 millj. kr.

Til greiðslu á halla fyrri ára var á gildandi vegáætlun gert ráð fyrir 30 millj. kr. sem gengju upp í hann, en sú upphæð er aukin um aðrar 30 millj. kr., svo að til ráðstöfunar í þessu skyni verða 60 millj. kr. á árinu 1978. Eigi að síður standa eftir 176 millj. kr., eins og sjá má á þskj. 576. Það er álit fjvn., stutt upplýsingum frá Vegagerð ríkisins, að áætlanir um framkvæmdakostnað séu svo traustar að ekki komi til óvænts halla á þessu ári af þeim sökum.

Eins og fram kom í upphafi máls míns er að þessu sinni einungis fjallað um skiptingu á því aukna ráðstöfunarfé, sem kemur til nota á árinu 1978 umfram gildandi vegáætlun fyrir það ár. Regluleg endurskoðun vegáætlunar kemur ekki til fyrr en á næsta þingi og verður að sjálfsögðu viðameiri en sú endurskoðun sem verið er að ljúka með þessari umr.

Fjvn. gerði till. um skiptingu fjárins milli kjördæma, eins og ég gat um áðan, en að auki lagði hún til að ákveðnum fjárhæðum skyldi varið til nokkurra sérstakra verkefna, en þau eru Borgarfjarðarbrú, Holtavörðuheiði, Vesturlandsvegur á Kjalarnesi og Þingvallavegur. Allt eru þetta verkefni sem þannig eru sett, að þau geta tæplega verið áhugaverð fyrir eitt kjördæmi öðru fremur og eru auk þess kostnaðarsöm. Mér þykir líklegt að til álita komi að framvegis þurfi að hafa sama hátt á um stór verk sem ráðast þarf í og annað tveggja teljast tæpast til eins kjördæmis eða eru þá svo stór að þau rúmast ekki innan þeirrar hefðbundnu skiptingar milli kjördæma sem að mestu leyti er farið eftir við gerð vegáætlunarinnar núna.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að rekja hér úr ræðustóli skiptingu framkvæmdafjárins í smáatriðum eða til einstakra verka. Skýrsla um það atriði er greinilega sett upp á þskj. 576 og vísa ég til hennar. Ég get því látið máli mínu lokið um störf fjvn. að þessu sinni. Eins og fram kemur í nál. hennar á þskj. 579 stendur hún öll að og ber fram brtt. á þskj. 576 og leggur til að þær verði samþykktar. Fulltrúar Alþb. og Alþfl. í n. hafa þó þann fyrirvara á, að þeir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þegar mér hefur þótt sérstök ástæða til hef ég deilt óvægilega á meiri hl. fjvn. fyrir óviðunandi vinnubrögð gagnvart minni hl. n., bæði þegar veittur hefur verið of naumur tími til afgreiðslu mála og ekki síður þegar meiri hl. n. hefur haldið öllum störfum innan síns hóps og síðan lagt ákvarðanir sínar sem endanlegar niðurstöður fyrir alla n. En vegna þess að ég hef ekki látið slík vinnubrögð liggja í þagnargildi þegar um þau hefur verið að ræða vil ég á hliðstæðan hátt ekki láta hjá líða nú að færa formanni n., hv. 6. þm. Suðurl., Steinþóri Gestssyni, þakkir mínar, og ég veit að þar mæli ég fyrir hönd allra stjórnarandstæðinga í n., fyrir að vinnubrögðin í n. hafa við þessa endurskoðun vegáætlunar verið til sérstakrar fyrirmyndar. Á öllum stigum málsins hefur verið litið á n. alla sem eina heild og minni hl. átti aðild að öllum störfum í undirnefnd að athugunum og umr. með hæstv. samgrh. og starfsmönnum vegagerðar, en af hálfu Vegagerðar ríkisins, forstöðumanns og annarra starfsmanna, hefur eins og jafnan fyrr verið staðið að verki svo að til fyrirmyndar er fyrir aðrar stofnanir ríkisins. Ég vil því leggja sérstaka áherslu á þakkir mínar til hins ágæta formanns í n. fyrir það, hvernig hann hefur staðið að málum við störf n., og vænti þess, hvaða einstaklingar sem n. skipa á næstunni, að störfum verði hagað á hliðstæðan hátt og nú hefur verið gert. Það mun, eins og ég hef oft minnst á, verða farsælast, hverjir sem skipa meiri hl. eða minni hl. hverju sinni. Að sjálfsögðu ræður meiri hl. n. jafnan niðurstöðu, ef úr þarf að skera með atkvgr. en slík vinnubrögð hafa það í för með sér, að miklu sjaldnar en ella þarf að beita meirihlutavaldi, hverjir sem fara með það.

Við afgreiðslu vegáætlunar nú er um að ræða endurskoðun áætlunar fyrir árið í ár, sérstaka aukaendurskoðun, sem er nokkurs konar lokastaðfesting á því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekist á öllu kjörtímabilinu að afgreiða vegáætlun með eðlilegum hætti í eitt einasta skipti, samimis því að ákvarðanir hennar í vegamálum hafa fyrst og fremst verið ákvarðanir um stórýrðar vegaframkvæmdir frá því sem um var að ræða á fyrra kjörtímabili. Fjárveitingar til vegamála hafa rýrnað, en með stórhækkun söluskatts, álagningu vörugjalds, gengislækkunum og öðrum ráðstöfunum hefur ríkissjóður hins vegar á sama tíma aukið mjög tekjur sínar af rekstrarútgjöldum ökutækja. Sú litils háttar hækkun á framlögum til framkvæmda á þessu ári miðað við gildandi vegáætlun, sem byggð er á hækkun bensíngjalds og þungaskatts, dugar að sjálfsögðu nánast ekkert til að bæta fyrir þann stórfellda samdrátt sem orðið hefur í vegamálum á þessu kjörtímabili. En sá mikli samdráttur er enn alvarlegri en tölurnar einar segja til um, vegna þess að ökutækjum hefur fjölgað mjög á þessu tímabili þegar raungildi fjárveitinga til vegamála hefur minnkað svo mjög.

Í þáltill. um breytingu á þingsályktun um veg áætlun fyrir árin 1977—1980 á þskj. 280 er á bls. 4 gerð grein fyrir því, að í till. um endurskoðun fjárveitinga á árinu 1978 felist 930 millj. kr. aukning á raungildi fjárveitinga til nýrra framkvæmda í ár frá gildandi vegáætlun. Síðan þessi grg. var samin hefur áætlun um kostnaðarhækkanir milli áranna 1977 og 1978 verið endurskoðuð og er nú talið að verðhækkun geti orðið um 40% í stað 30% eins og reiknað er með í grg. Þetta hefur í för með sér að þessar upplýsingar á bls. 4 eru úreltar. Viðbótin til nýrra framkvæmda, 930 millj. kr., er nú að öllum líkindum komin niður í 500 millj. Í þessu sambandi ber að minnast þess, að hér er um að ræða aukningu frá gildandi áætlun um framkvæmdir 1978, en sé raungildi áætlaðra framkvæmda nú borið saman við framkvæmdir í vegáætlun 1977 er hækkunin einungis um ríflega 400 millj. kr. á verðlagi ársins 1978 eða um 290 millj. kr. á verðlagi ársins 1977, en 1977 var um lækkun að ræða frá 1976, 1976 var um lækkun að ræða frá 1975 og 1975 var um stórlækkun að ræða frá 1974. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. haldið á vegamálum. Á verðlagi ársins 1977 námu fjárveitingar til nýbyggingar vega og brúa þannig á því ári, 1977, 2720 millj. kr., en í jafngildum kr. var framlagið 1974 5098 millj. kr. Þannig hefur þróunin verið. Ef borin eru saman árin 1978, 1977 og 1976 annars vegar og þrjú stjórnarár vinstri stjórnarinnar hins vegar á verðlagi ársins 1977 hafa verið veittar til nýbyggingar vega og brúa annars vegar árin 1976, 1977 og 1978 8604 millj. kr. miðað við 40% verðhækkun milli ára 1977 og 1978, en árin 1972, 1973 og 1974 15003 millj. kr. Í þessu sambandi kemur í ljós að mismunurinn er um 6.4 milljarðar kr., þ. e. a. s. það vantar á þriggja ára tímabili hæstv. núv. ríkisstj. sem svarar ríflega tveggja ára framlagi miðað við það ársframlag til nýrra framkvæmda í vegamálum sem hér er verið að samþykkja fyrir árið 1978. Og ekki hefur þessi stórkostlegi niðurskurður þó orðið til þess að draga úr verðbólgu. Hún er meiri en nokkru sinni fyrr. Ekki hefur 43% niðurskurður að meðaltali allt þetta tímabil heldur orðið til þess að bæta hag ríkissjóðs. Skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann hafa tífaldast í krónutölu frá miðju ári 1974. Og ekki hafa álögur á eigendur ökutækja minnkað. En þetta er einn árangurinn af stjórnleysinu í efnahagsmálum í tíð núv. ríkisstj.

Um einstakar framkvæmdir í vegamálum er þess að geta, að upphaflegum till., sem lagðar voru fyrir fjvn., var breytt á þann veg, að dregið var nokkuð úr till. um fjárveitingar til Borgarfjarðarbrúar og framkvæmdir þar minnkaðar frá fyrstu till., en mismuninum var bætt við hlut þeirra einstöku kjördæma sem lækkað höfðu í prósentum vegna þeirrar upphaflegu till. að halda áfram byggingu Borgarfjarðarbrúar í samræmi við eðlilegan tæknilegan hraða. Við val á milli þessara tveggja till. fogaðist á annars vegar þörfin á að nýta sem fyrst það mikla fjármagn, sem þegar hefur verið lagt í Borgarfjarðarbrúna, með því að standa að lokaframkvæmd verksins í samræmi við eðlileg tæknileg vinnubrögð með sem bestri nýtingu fjármagns og vinnuafls, og hins vegar það sjónarmið að láta þann framkvæmdahraða ekki draga svo úr framlagi til annarra framkvæmda sem raun hefði á orðið og grípa þá heldur til þess að hægja þess vegna ferðina. Ég fyrir mitt leyti hefði getað stutt fyrri till. um hraðari framkvæmdir við

þetta stórvirki með tilliti til nýtingar á því mikla fjármagni sem komið er í verkið og ælunin er eftir sem áður að verja til þess á þessu ári. Niðurstaðan varð samt sú að fara heldur hægar í framkvæmdir við Borgarfjarðarbrúna en gert var ráð fyrir í fyrstu till. og láta önnur verk gjalda þessarar framkvæmdar þeim mun minna í fjárveitingum. Jafnframt er þess að geta, að það er yfirlýst af hálfu fjvn., að í till. hennar um ráðstöfun vegafjár á þessu ári felist ekki heimild til að hefja neina nýja stórframkvæmd, sem geti haft umtalsverð áhrif á það fjármagn sem kemur til skipta til annarra almennra framkvæmda á næstunni.

Varðandi vegaframkvæmdir í Reykjaneskjördæmi sérstaklega blasir það við, að þær hafa dregist mjög verulega saman hin síðustu árin, miklu meir en vegaframkvæmdir almennt. Fjárveitingar 1976, 1977 og 1978 nema samanlagt innan við ⅙ hluta af raungildi fjárveitinga til kjördæmisins árin 1972, 1973 og 1974 samanlagt. Er þó í þessu kjördæmi um að ræða óleyst vandamál umferðar þar sem umferðarþunginn er líklega um 20 þús. bifreiðar á sólarhring og um er að ræða einu umferðaræðina til Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Bessastaðahrepps og Suðurnesja. Það ber sérstaklega að harma, að leyst skipulagsmál hafa átt nokkurn þátt í að þessum vandamálum hefur svo lítt verið sinnt við afgreiðslu vegáætlunar hin síðustu ár, auk þess sem hér kemur til stórfelldur almennur samdráttur í fjárveitingum til vegamála. Á þessari umferðarleið, sem ekki hefur tekist að koma í viðunandi horf á svo löngum tíma sem liðinn er síðan vegamannvirkin við Kópavog komu í gagnið, er meiri slysatíðni en á nokkurri annarri umferðarleið og slysahættan fer sívaxandi með fjölgun ökutækja þegar fullnægjandi úrbætur í vegamálum fást ekki fram. Ef menn halda að öll umferðarvandamál í Reykjaneskjördæmi hafi verið leyst, þá er það mikill misskilningur. Umferðarvandinn, þar sem Hafnarfjarðarvegur liggur um Garðabæ, er óleystur, en sívaxandi. Óhjákvæmilegt er að framkvæmdir við vegamannvirki frá Elliðaám að Reykjanesbraut hefjist í síðasta lagi strax í kjölfar framkvæmda við Hafnarfjarðarveg í Garðabæ. Þá má einnig á það benda, að í töflu á bls. 10 í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1977 kemur fram, að af alls 75 km vega, sem eru með óbundnu slitlagi og þar sem umferð bifreiða er á bilinu 1000-10000 bifreiðar á dag, eru 46 km eða 63% í Reykjaneskjördæmi. Það er að sjálfsögðu ljóst, að þegar um svo mikla umferð er að ræða kemur engin lausn á umferðarvandanum til greina önnur en lagning bundins slitlags.

Ég tel svo rétt, áður en ég lýk máli mínu, að geta um bókun sem við fulltrúar minni hl. í fjvn., þ. e. a. s. hv. 7. landsk. þm., Helgi Seljan, og hv. 8. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, ásamt mér, stöndum að í tilefni af því, að í des. sl. var Áhaldahús Vegagerðarinnar látið taka 350 millj. kr. lán í Seðlabanka Íslands. Þetta lán er gengistryggt með 7.5% vöxtum og 0.75% árlegri álagsgreiðslu og var framlánað til nokkurra vegaframkvæmda, eins og fram kemur í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1977. Nú er það ekki skoðun okkar minnihlutamanna, að fjáröflun til þessara framkvæmda hafi ekki verið nauðsynleg, en að henni bar að standa með öðrum hætti. Engin heimild var til slíkrar lántöku í vegáætlun eða fjárl. og ekkert samráð var haft við Alþ. eða fjvn. sem vann á þessum tíma að afgreiðslu fjárl. og sat daglega á fundum. Jafnvel mun form. n. ekki hafa haft hugmynd um lántökuna fyrr en byrjað var að vinna í fjvn. að afgreiðslu vegáætlunar í febr. s. l. Allar tilvísanir til þess, að heimilt sé að B-hlutafyrirtæki taki lán, ef fyrir hendi er samþykki viðkomandi ráðh., eru út í hött í sambandi við þessa heimildarlausu lántöku, vegna þess að að sjálfsögðu tók Áhaldahús Vegagerðarinnar, sem er B-hlutafyrirtæki, í rauninni ekki lánið, heldur Vegagerðin sjálf. Hvernig sem á er litið tók Vegagerðin lánið hjá Áhaldahúsinu og til þess þarf óumdeilanlega heimild í fjárl. eða öðrum lögum. Það er nauðsynlegt að halda aðskildum í þessu sambandi skilningi hv. alþm. og okkar minnihlutamanna í fjvn. ekki síður en annarra á fjárþörf Vegasjóðs og nauðsyn þeirra framkvæmda, sem fé var notað til, og hins vegar eðlilegum og sjálfsögðum aðfinnslum okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjvn. vegna þess að hér er um að ræða heimildarlausa lántöku og ekkert samráð við Alþ., ekki einu sinni fjvn. var gert kunnugt um málið. Alþ. og fjvn. sérstaklega ber að hafa þann metnað að sæta því ekki án aðfinnslna að vera hundsað með þessum hætti.

Við, sem skipum minni hl. n., gerðum ítrekaðar tilraunir til að fá fram samstöðu í n. um það, að fundið yrði að þessari lántöku í sameiginlegu nál., og lögðum okkur í framkróka um að finna svo vægilegt orðalag að jafnvel þeir, sem viðkvæmastir eru og með inngrónasta varfærni gagnvart ráðh. sínum, gætu á það fallist. Við töldum nauðsyn á að n. stæði öll að einhverri slíkri aths., vegna þess m. a. að með slíkum óheimilum ráðstöfunum er verið að binda hendur n. fyrir fram um till. um ráðstöfun vegafjár án nokkurs samráðs við n. Reisn n. þyrfti að vera slík, að hún gæti sem heild staðið að slíkri aths. a. m. k., og skipti þá ekki máli hver á í hlut á hverjum tíma. En allt kom fyrir ekki. Enda þótt samkomlag hefði getað tekist með flestöllum nm. náðist ekki full og alger samstaða og því varð niðurstaðan sú, að ekki er á málið minnst í sameiginlegu nál. En minni hl. n. lét bóka sérstaka grg. vegna þessa máls. Þótt ég telji ávallt rétt að greina einungis frá leikslokum, en ekki vopnaviðskiptum í nefndarstörfum, vil ég geta þess, að eftirfarandi, sem við létum bóka, er að sjálfsögðu ekki það orðalag sem borið var fram sem till. okkar að aths. í sameiginlegu nál. ef til hefði komið. Bókunin er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjvn. fékk á fundi hinn 9. febr. s. l. upplýsingar um, að í des. s. l. hafi Vegagerð ríkisins verið látin taka 350 millj. kr. gengistryggt lán hjá Seðlabanka Íslands til 5 ára með 7.5% ársvöxtum auk 0.75% árlegs framlags. Lán þetta mun að langmestu leyti hafa verið notað til nokkurra verkefna í vegagerð, aðallega í Borgarfirði og á Holtavörðuheiði. Engin heimild frá Alþ. var fyrir þessari lántöku, hvorki í vegáætlun né í fjárlögum, og ekkert samráð var haft

við fjvn. um lántökuna né ráðstöfun fjárins, ekki einu sinni við form. n., og enginn nm. mun hafa haft vitneskju um lántökuna fyrr en í febr. Við fulltrúar Alþb. og Alþfl. í fjvn. áteljum eindregið þessi vinnubrögð og leggjum áherslu á að einstakir ráðh. taki sér ekki vald sem á að vera í höndum Alþ. Við teljum ótækt að óheimilar lántökur bindi hendur Alþ. varðandi fjárveitingar til einstakra framkvæmda í vegáætlun í ár og næstu ár og því beri að ætla ríkissjóði að endurgreiða umrætt lán eins og gert hefur verið um alllangt skeið varðandi föst lán til vegaframkvæmda."

Þótt Áhaldahús Vegagerðarinnar hafi verið látið taka þetta lán að nafninu til, var það nánast allt framlánað til einstakra verkefna í vegagerð, eins og fram hefur komið. Ég er á þeirri skoðun, að kanna beri hvort ekki væri skynsamlegt að veita Áhaldahúsinu heimild til að taka lán til eigin nota í því skyni að Vegagerð ríkisins eignist fullkomin tæki til að leggja varanlegt slitlag á vegi. Ég tel óviðunandi að Vegagerðin sé algerlega háð samningum við verktaka í þessu efni, ekki síst þegar ljóst er að samkeppnin í tilboðum í þessi verk er naumast sem skyldi, þegar verktakar standa sameiginlega að tilboðum til Vegagerðarinnar um framkvæmdir. Þróunin er sú, að sífellt stærri hluta vegafjár mun verða varið til varanlegs slitlags og jafnhliða meiri og meiri lögn þess eykst þörfin í sambandi við viðhald og endurnýjun. Því tel ég tímabært að gerð verði könnun á hagkvæmni þess, að Vegagerðin eigi sjálf slík tæki, miðað við það ástand sem nú ríkir, að stofnunin er í þessu efni öðrum háð að öllu leyti. Ég vænti þess, að hver sem fer með málefni Vegagerðarinnar á næstunni láti slíka athugun fara fram, svo að við afgreiðslu fjárl. geti Alþ. tekið ákvörðun um slíka fjárfestingu ef hún yrði talin hagkvæm.

Ég lýk svo máli mínu, herra forseti, með því að endurtaka þakkir mínar til form. fjvn. fyrir mjög lýðræðisleg vinnubrögð við endurskoðun vegáætlunar og drengilega afstöðu í hvívetna til okkar sem skipum minni hl. nefndarinnar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hafa á yfirstandandi þingi, eins og raunar oftast áður, orðið allmiklar umr. um samgöngumál og fjárframlög til þess mikilvæga þáttar í þjóðfélagi okkar. Það hafa verið fluttar margar till., bæði af stjórnarandstæðingum og ekkert síður af stjórnarþm., en a. m. k. okkur, sem í stjórnarandstöðunni höfum verið og erum, finnst, að minna fari fyrir verkunum eða framkvæmdum þeirra till., sem hv. stjórnarþm. hafa flutt og talað um í mörgum fjálglegum ræðum á Alþ. að undanförnu.

Það er augljóst mál og þarf ekki að hafa mörg orð um það, að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hafa fjárveitingar til vegamála mjög svo dregist aftur úr að raungildi miðað við þann tilkostnað, sem við höfum orðið við að búa, þ. e. a. s. vegna hækkandi verðlags, mikillar verðbólgu. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta. Þetta er öllum hv. þm. ljóst og hefur raunar verið rifjað upp af og til að undanförnu og nú síðast af hv. þm. Geir Gunnarssyni. Það er sem sagt alveg ljóst, að fjárveitingar til vegaframkvæmda á s. l. þremur árum og þær, sem gert er ráð fyrir nú í ár, eru mjög svo skornar niður miðað við það sem þær hefðu átt að vera hefðu þær fylgt hækkun á tilkostnaði.

Á s. l. vori var afgreidd hér vegáætlun fyrir 4 ár, en áður en sú vegáætlun var afgreidd hafði verið gerð breyting á vegalögum og ný vegalög verið sett og afgreidd á Alþ. Af talsmönnum þessara breytinga var því haldið fram, að þær breytingar, sem gerðar voru á vegalögunum, kæmu til með að verka mjög til hins betra fyrir þá landshluta, sem verst eru settir að því er varðar samgöngumál, þá landshluta sem eru einangraðir stóran hluta úr árinu, ekki aðeins vegna samgangna á landi, en einnig vegna annarra samgönguþátta. Ég var einn af þeim sem héldu því fram, að þessi breyting mundi ekki verka á þennan hátt í framkvæmdinni. En vegáætlunin, sem afgreidd var á s. l. vori samkv. þessum nýju lögum, hefði átt að sýna, svo að ekki yrði um villst, hvort hér var um að ræða breytingu í þá átt að auðvelda framkvæmdir í samgöngumálum í þessum landshlutum sem verst eru settir.

Það var vissulega orðin mikil óánægja með hvernig framkvæmd var samkv. eldri lögunum, þ. e. a. s. með skiptinguna, þegar 50% eða ríflega 50% af öllu framkvæmdafé fór til framkvæmda í svokölluðum hraðbrautum — hraðbrautum sem ekki fundust nema á tiltölulega afmörkuðu og litlu svæði hér í þéttbýlinu. Margir héldu því fram, að sú breyting, sem gerð var á vegalögunum, mundi breyta þessu til hins betra, þannig að meiri fjárveitingar færu til þeirra kjördæma eða byggðarlaga og landshluta, sem áður höfðu talið sig út undan með skiptingunni eins og hún var eftir gömlu vegalögunum. En reynslan varð samt sú við þessa breytingu að því er varðar t. d. Vestfjarðakjördæmi, að frá árinu 1976, þegar bráðabirgðavegáætlunin var í gildi, og til ársins 1977, þ. e. a. s. fyrsta árs vegáætlunar samkv. nýju vegalögunum, lækkuðu fjárveitingar í krónutölu til Vestfjarða — í krónutölu milli ára 1976 og 1977 — um 24 millj. þrátt fyrir um eða yfir 40% verðbólgu og kostnaðarauka. Og staðreyndir sýna að hlutfallstala Vestfjarðakjördæmis, hvort sem um er nú að kenna þessari breytingu á vegalögunum eða einhverju öðru, lækkar milli áranna 1976 og 1977 frá því að vera 11.6% 1976 í það að verða einungis 10.2% 1977. Hér er um stórkostlega lækkun, hlutfallslega lækkun í fjárveitingum að ræða til þessa kjördæmis sem er langsamlega verst sett samgöngulega séð, en að mati þeirra, sem fyrst og fremst börðu hér í gegn og beittu sér fyrir breytingum á vegalögunum, áttu þær breytingar að verða til hagsbóta fyrir þetta kjördæmi og önnur þau sem illa hafa staðið.

Ég held það sé alveg ótvírætt, að a. m. k. þessi breyting hefur ekki orðið til bóta. Hún hefur ekki haft í för með sér að þau kjördæmi, sem þurfa fyrst og fremst á auknum fjárveitingum til samgöngumála að halda, hafa orðið þarna aðnjótandi við þessi breyttu vegalög. Það þarf því ekki að mínu viti lengur um það að deila, að þessi breyting, sem var gerð á vegalögunum,

hefur ekki, a. m. k. ekki enn sem komið er, orðið að því gagni, sem fram var haldið af þeim sem fyrst og fremst höfðu áhuga á henni og komu henni í framkvæmd.

Ég skal ekki ræða mikið um vegáætlunina almennt eða vegamálin. Hér er um að ræða eins árs endurskoðun — endurskoðun sem fyrst og fremst er framkvæmd vegna mikillar óánægju meðal alþm., ekki síður óánægju hv. stjórnarþm., með afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori, þar sem í raun og veru var knúin fram yfirlýsing frá hæstv. samgrh. og ríkisstj. um að endurskoðun skyldi eiga sér stað á árinu 1977 og þá með það fyrir augum, að fjármagn yrði aukið til vegaframkvæmda. Ég hélt því fram, þegar verið var að ræða um vegáætlun á s. l. vori samkv. þá nýsamþykktum vegalögum, að sú skipting fjárveitinga milli kjördæma væri líkleg til þess að festast nokkuð í sessi og hún yrði a. m. k. í nokkurri framtíð til þess að ákvarða hvernig hlutfallstala fjárveitinga milli hinna ýmsu kjördæma mundi verða á næstu árum. Þessi skipting sem þá var ákveðin, var vægast sagt mjög óhagstæð fyrir kjördæmi eins og Vestfjarðakjördæmi. Ég benti á það áðan, að hlutfallstala þess kjördæmis eða prósentan, sem Vestfirðir fengu af fjárveitingum til vegaframkvæmda á árinu 1976, hefði verið 11.6% af heildarfjárveitingunum, en samkv. þessari nýju skiptingu aðeins 10.2%. Nú held ég að ekki þurfi um það að deila, ekki a. m. k. meðal þeirra sem til þekkja, að Vestfjarðakjördæmi er langsamlega verst setta kjördæmið í samgöngulegu tilliti og það væri því full ástæða til þess að rétta hlut þess. Raunar hefði það þurft að gerast miklu fyrr. Ég hygg að allir hljóti að vera orðnir um það sammála nú, þeir sem til þekkja, að hér verði að verða breyting á og gera þurfi sérstakt átak til að koma betra skipulagi á samgöngumál á landi og raunar einnig á öðrum sviðum innan Vestfjarðanna sjálfra og varðandi tengsl þeirra við aðra landshluta eða þjóðvegakerfið.

Ég hélt því fram við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori, að fjárveitingar til Vestfjarðakjördæmis væru í algeru lágmarki miðað við prósentuskipti milli kjördæma og ég óttaðist það, og því héldu raunar fleiri fram, að verið væri að binda þessa skiptingu þannig að henni yrði tiltölulega lítið breytt þó að til endurskoðunar kæmi, hvort sem það yrði nú á árinu í ár eða árinu 1977, eða hinnar reglulegu endurskoðunar sem á að fara fram á komandi hausti eða komandi vetri. Miðað við það, sem nú liggur fyrir varðandi skiptingu milli hinna einstöku kjördæma, þá sýnist mér þessi fullyrðing mín einnig ætla að reynast rétt, því miður. Hefði engin endurskoðun átti sér stað á árinu 1977 fyrir árið 1978, þá átti Vestfjarðakjördæmi samkv. gildandi vegáætlun að fá í sinn hlut 10.6% af heildarfjárveitingum til vegaframkvæmda. Sú skipting, sem hér er lögð til, er ekki upp á 10.6%, eins og vegáætlunin í raun og veru segir til um að við eigum að hafa. Í þessari skiptingu er gert ráð fyrir að Vestfjarðakjördæmi fái í sinn hlut 10.3%, þ. e. a. s. 0.1% hærra en á s. l. ári. Þessi endurskoðun þýðir því í raun og veru hlutfallslega lækkun á því, sem fer til fjárveitinga og framkvæmda í vegamálum á Vestfjörðum á árinu 1978, miðað við það sem gildandi vegáætlun gerði ráð fyrir. Að vísu er útvegað viðbótarfjármagn, en hlutfallslega fara Vestfirðir verr út úr þessari skiptingu, sem hér er lagt til að verði, heldur en þeirri skiptingu, sem þó var afgreidd á s. l. vori og átti að gilda fyrir árið 1978. Hér er lagt til að lækka hlutfallslega þessa tölu sem Vestfjarðakjördæmi átti að hafa og var þó ærið nógu lág fyrir.

Ég held að það verði að vekja sérstaklega athygli alþm. á þessari staðreynd. Það er alveg út í hött og getur ekki verið ætlun ráðandi manna, að Vestfirðir og Vestfirðingar verði ár og síð og alla tíð kannske svona einangraðir, ekki einungis frá aðalþjóðvegakerfi landsins, heldur verði svo mikil einangrun innan byggða á Vestfjörðum að það sé réttlætanlegt að halda þeim í þessari lágmarksprósentu ár eftir ár og kannske áratug eftir áratug. Hér verður að verða á breyting og má furðulegt teljast að ráðandi menn um þessi mál skuli ekki koma auga á að hér er stefnt í hreinan voða ef ekki verður breytt um stefnu.

Margoft hefur verið vakin á því athygli á Alþ., hversu mörg og brýn verkefni bíða úrlausnar í vegaframkvæmdum á Vestfjörðum, stórverkefni á okkar mælikvarða, verkefni sem ekki þola neina bið úr því sem komið er. Það hafa orðið framkvæmdir, stórframkvæmdir í öðrum kjördæmum í vegamálum, framkvæmdir upp á hundruð millj., sem kunna að losa nokkra milljarða áður en lýkur. Á sama tíma hefur Vestfirðingum verið neitað um að fá að hefja eina einustu stórframkvæmd í vegamálum í kjördæmi sínu. Nú gæti þetta sjónarmið verið skiljanlegt, ef svo væri ástatt að Vestfirðir væru komnir eitthvað fram úr varðandi samgöngumál á landi, en því er ekki til að dreifa, síður en svo. Ég vil aðeins minna á það hér, að við Vestfjarðaþm. höfum bent á það sérstaklega, og ég veit ekki annað en fullt samkomulag hafi verið um það milli Vestfjarðaþm., að framkvæmdir á borð við þá að koma í veg fyrir stórkostlega slysahættu á veginum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur þyldu enga bið, bókstaflega enga bið. Má segja að mannslíf séu í hættu í hvert einasta skipti sem um veginn er farið. Þetta hefur verið af okkar hálfu nefnt verkefni nr. eitt, forgangsverkefni. Þetta hefur engar undirtektir fengið enn. Á þetta hefur ekki verið hlustað þrátt fyrir það að árið 1972 hafi fengist af rannsóknafé fé til þess að rannsaka með hvaða hætti skyldi úr bætt á þessum vegi. Ég minni á að Vestfirðir eru enn úr tengslum við aðalþjóðvegakerfi landsins 7—9 mánuði á hverju einasta ári. Þar er um stórverkefni að ræða á okkar mælikvarða að fá það afgert og fá í það fjármagn, hvaða leið skuli valin til þess að tengja Vestfirði við alþjóðavegakerfið og með hvaða hætti það skuli gert. Og ég minni einnig á að brýn nauðsyn er og það fyrir löngu orðin á að bæta þann veg sem liggur frá Ísafirði vestur og veginn um Breiðadalsheiði. Það verður ekki gert nema með stóru átaki og samsvarandi miklu fjármagni, ef það á að gerast. Ég minni einnig á, að það er orðin brýn nauðsyn og raunar orðið óþolandi, að ekki skuli vera búið að tengja Strandasýslu með vegi við Vestfirðina að öðru leyti.

Hér eru aðeins nefnd nokkur verkefni sem bíða úrlausnar, en eru svo knýjandi að ekki verður við unað að ekki fáist fjárveitingar til þeirra og með þeim hætti verði þeim hrundið í framkvæmd og framkvæmdunum lokið á tiltölulega stuttum tíma. Ekkert þessara verkefna hefur enn sem komið er hlotið náð fyrir augum meiri hl. Alþ., og engar líkur eru á því, að þessi verkefni, neitt þeirra, fái fjárveitingu á þessu ári, þrátt fyrir að aukin er þó nokkuð fjárveiting til vegaframkvæmda almennt. Það er vissulega full ástæða til þess að mótmæla þessu harðlega og vekja sérstaka athygli þm. á því, sem ég held þó að ætti ekki að þurfa, hversu Vestfjarðakjördæmi býr við sérstakar einangraðar aðstæður í samgöngumálum. En hver sem ástæðan er, þá virðist engin breyting fást á þessu. Ég hefði talið það ekki einungis eðlilegt, heldur og sjálfsagt með tilkomu þess aukna fjármagns, sem nú er gert ráð fyrir að leggja í vegaframkvæmdir umfram það sem gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir, að rétta nú hlut Vestfjarðakjördæmis og það yrði a. m. k. byrjunin á því, að það kjördæmi kæmist í námunda við önnur kjördæmi að því er varðar bættar samgöngur. Það hefði því verið full ástæða til þess að breyta skiptaprósentunni milli kjördæma í þá veru að hækka verulega hlutfall Vestfjarðakjördæmis frá því sem það var í gildandi vegáætlun, en ekki lækka það, eins og gert er ráð fyrir í þessum till. Ég vil því segja fyrir mitt leyti, og gerði grein fyrir því í fjvn., að ég tel þessi skipti, þessi hlutfallsskipti milli kjördæma, á engan hátt eðlileg. Um þetta hafa menn skiptar skoðanir, en ég held þó, hver sem kann að verða endanleg niðurstaða á Alþ., að allir þm. Vestfjarða séu sammála um þetta. Eigi að síður virðist ekki vera hægt að knýja fram breytingu.

Það er athyglisvert, ef við skoðum fjárveitingar til vegaframkvæmda frá árinu 1970 og til og með árinu 1977, þ. e. a. s. í 8 ár, að s. l. 8 ár hefur Vestfjarðakjördæmi fengið 8.5% af því fjármagni sem varið hefur verið til framkvæmda í vegamálum á þessu tímabili. Vestfjarðakjördæmi hefur fengið langsamlega lægstar fjárveitingar hlutfallslega allt þetta tímabil. Það hefði vissulega verið ástæða fyrir þann meiri hl., sem hér ræður ríkjum, að hugleiða þessi mál frekar, eins og ég hef margoft sagt, ekki síst með tilliti til þess, hvernig ástandið er. Það er alveg sérstakt ástand í þessum landshluta, eins og er á Vestfjörðum, að það skuli líða vikur og mánuðir svo að ekki sé komist milli byggða eða milli landshluta. Vestfirðir eru eina kjördæmið, sem einungis getur nýtt eina samgönguleið stóran hluta úr árinu, samgönguleið sem þó er á margan hátt stórlega gölluð, þ. e. a. s. flugsamgöngur, sem ekki er hægt þó að sinna nema að tiltölulega litlu leyti. Aðrir landshlutar hafa þó aðrar leiðir til að hlaupa upp á, en því er ekki til að dreifa að því er varðar Vestfirði.

Ég er ábyggilega ekki einn Vestfirðinga um að þykja það alleinkennilegt hjá ráðandi mönnum þjóðarinnar, að þeir skuli áfram ætla að halda á þeirri braut að láta Vestfirði skera sig úr með minnstar fjárveitingar, lægsta hlutfallstölu í fjárveitingum ár eftir ár. Ég á ekki von á að breyting verði á þessu ári. Mér sýnist að nokkuð ljóst sé, að sú till., sem hér liggur fyrir um skiptingu fjármagns til vegaframkvæmda á árinu 1978, verði endanlega afgreidd eins og hún liggur fyrir. Ég á því ekki von á breytingu að þessu sinni. En ég vil mjög vara við því að áfram verði haldið á þeirri braut að halda Vestfjarðakjördæmi alltaf við lágmarkið, þrátt fyrir að það hafi mesta þörfina fyrir fjárveitingar til framkvæmda. Hin raunverulega endurskoðun vegáætlunar á að fara fram á komandi hausti, og þá gefst þeim, sem þá kunna með mál að fara tækifæri til þess að gera leiðréttingu á þessu. Ég vænti þess fastlega, að svo verði um séð og það verði gert.

Það var aðeins vikið að því áðan, hversu stór hluti af fjárveitingum til vegaframkvæmda færi í eitt tiltekið verkefni, sem er Borgarfjarðarbrúin. Og það er vissulega rétt, að á okkar mælikvarða er um stórar fjárhæðir að ræða til eins verkefnis. Það er talið að Borgarfjarðarbrúin kunni að kosta langt á 5. milljarð, þegar upp verður staðið. Og nú er það yfirlýst stefna hæstv. samgrh., og líklega margyfirlýst, að næsta stórverkefni í vegagerð eigi að vera brú yfir Ölfusárósa. Í náinni framtíð virðist það fyrst og fremst eiga að vera um það að ræða að byggt sé sem mest af brúm og þá helst brúm sem kosta nógu mikið. Ekki sýnist eiga að hugsa um að landshlutar, sem ekki þurfa tiltölulega stórar brýr, en eru eigi að síður innan héraðs og frá öðrum landsvæðum algerlega einangraðir, fái réttan hlut sinn í fjárveitingum til vegaframkvæmda. Ég held að það sé alveg augljóst, að þó að nauðsyn hafi verið talin á því að ráðast í framkvæmd eins og Borgarfjarðarbrúna og smíði brúar yfir Ölfusárósa, þá megi menn ekki einblína á verkefni sem þessi. Það er vissulega víðar þörf á framkvæmdum, sjálfsagt miklu kostnaðarminni, en eigi að síður mjög nauðsynlegum og ekkert síður nauðsynlegum en þessar tilteknu framkvæmdir eru. Það má ekki gleyma þeim. Það þarf líka að sinna þeim verkefnum þó að minni séu í sniðum, því þau eru jafnnauðsynleg þeim, sem þau eiga að þjóna, eins og brú yfir Borgarfjörð eða brú yfir Ölfusárósa er hér syðra. Ég vil sem sagt eindregið vara við því, að haldið verði áfram á þeirri braut að Vestfirðir verði áfram einangraðir sem mest, eins og gert hefur verið. Ég a. m. k. hef ekki trú á því, að hv. þm. sé ekki ljóst hvernig ástandið er í þessum efnum. Ég held að þeim hljóti að vera það ljóst og því ætti að vera nægilegur vilji til að breyta um stefnu og þoka framkvæmdum vegamála í þessu verst setta kjördæmi betur á veg en raun hefur á orðið að undanförnu og er greinilegt að verða á samkv. þessari þáltill. um vegaframkvæmdir 1978.

Ég vil, herra forseti, taka undir og lýsa fyllsta stuðningi mínum við það, sem fram kom hjá hv. þm. Geir Gunnarssyni varðandi þá bókun sem gerð var í fjvn. út af tiltekinni lántöku Seðlabanka Íslands upp á 350 millj. kr. Ég hef áður haldið því fram, að fjvn., hvernig sem hún er saman sett pólitískt séð, eigi ekki með neinu móti að lýsa blessun sinni yfir framkvæmd eins og þessari varðandi lántöku hjá Seðlabanka Íslands. Þetta hefur oft verið rætt í fjvn. og yfirleitt verið góð samstaða um að mótmæla vinnubrögðum sem þessum, hvaða ráðh. sem í hlut á, það á ekki að skipta máli. Og það er miður,

að ekki skyldi takast um það alger samstaða í n. að mótmæla þessu, vara við því og koma í veg fyrir að svona vinnubrögðum verði haldið áfram. Þetta er ekki gagnrýni á það, að fjármagn skyldi fengið til aukinna framkvæmda, heldur er verið að gagnrýna þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í sambandi við að fá fé. Þarna er í raun og veru gengið fram hjá þeim aðila, sem á lögum samkv. um þetta að fjalla, og til hans komið eftir á, þegar allt er búið og gert.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta að þessu sinni. Eins og fram hefur komið er hér einungis um að ræða endurskoðun til eins árs. Samkv. lögum á að endurskoða vegáætlun að hausti. Það er hin raunverulega endurskoðun, og ég vona fastlega að betur takist til þá en nú að reyna að bæta hlut Vestfirðinga frá því sem hann hefur verið. Það er vissulega full þörf á því.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, með örfáum orðum gera grein fyrir brtt. sem ég flyt á þskj. 652 ásamt þeim hv. þm. Helga F. Seljan, Sighvati Björgvinssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Sigurlaugu Bjarnadóttur. Brtt. er um það, að aftan við tillgr. í vegáætlun bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

„Alþ. felur samgrh. að láta framkvæma á komandi sumri athugun á því, hvaða leiðir sé heppilegast að fara til innheimtu veggjalds.

Vegagerðinni skal falið að framkvæma athugun þessa, og skulu niðurstöður athugunarinnar svo og till. Vegagerðarinnar um leiðir liggja fyrir Alþ. við næstu endurskoðun vegáætlunar."

Veggjald hefur oft verið til umr. á Alþ. Illu heilli var þessi tekjustofn Vegagerðinni til handa afnuminn á sínum tíma, tekjustofn sem ég ásamt mörgum fleiri alþm. tel að sé réttlætanlegur í fyllsta máta, tekjustofn sem alls ekki eigi að sleppa að nota og nýta, ekki síst þegar haft er í huga hversu brýn þörf er á auknu fjármagni til vegaframkvæmda í landinu. Það hafa verið fluttar till. um það æ ofan í æ að taka þetta veggjald upp aftur í þeirri mynd sem það var í. Þær till. hafa ekki náð fram að ganga. Við höfum valið þann kostinn nú að flytja brtt. í þá átt, að gerð verði athugun á því, hvaða leið sé heppilegust til þess að innheimta slíkt veggjald, og að niðurstöður af þeirri athugun og till. Vegagerðarinnar liggi fyrir við endurskoðun á vegáætlun sem væntanlega fer fram á hausti komanda eða í síðasta lagi á fyrri hluta næsta árs. Það er ekkert vafamál, að það má ná inn talsvert miklu fjármagni með þeim hætti að innheimta veggjald, í hvaða mynd sem það kann að vera, og a. m. k. er það mín skoðun að það sé sannarlega réttlátur skattur.

Ég skal ekki hafa um brtt. fleiri orð. Ég hef margoft lýst skoðun minni á þessu, en farið er inn á nýja braut að þessu sinni og lagt til að málin verði athuguð og Vegagerðin leggi till. sínar fram fyrir Alþ. við næstu endurskoðun vegáætlunar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í umr. þeim, sem urðu fyrir um það bil ári hér á hinu háa Alþ. um vegáætlun sem þá var afgreidd, benti ég á nauðsyn þess að endurskoða tekjuöflun Vegasjóðs. Þá lá ljóst fyrir, að Vegasjóður var þorrinn getu til þess að sinna þeim þætti hlutverks síns að sjá um nýframkvæmdir. Ég taldi þá og tel enn að nauðsynlegt hafi verið að taka málefni Vegasjóðs til algerrar endurskoðunar, m. a. í þá veru að finna sjóðnum nýja tekjustofna í stað þeirra tekjustofna sem sjóðurinn hefur nú og auðsætt er að ekki duga lengur. Sú breyting sem gerð hefur verið við endurskoðun vegáætlunarinnar nú, er aðeins sú, að bensíngjald, einn tekjustofn Vegasjóðs, hefur verið hækkað. Þessi hækkun gerir ekki annað en að koma í veg fyrir algert upplausnar- og ófremdarástand í vegamálum. Þær tekjur, sem þessi hækkun skilar, er aðeins til þess að koma á móti þeim verðhækkunum á framkvæmdum sem orðið hafa fyrir tilverknað þeirrar stefnu í efnahags- og verðlagsmálum sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir.

Fyrst þegar til álita kom að hækka bensíngjald og auka þar með tekjur Vegasjóðs, hugsuðu ýmsir þm. sér gott til glóðarinnar í þeirri von að e. t. v. gætu þessar viðbótartekjur orðið til þess að opna leiðir fyrir þá til þess að auka fjárframlög til einstakra stærri verkefna í kjördæmunum, sem ekki hafði unnist tími eða tækifæri til að vinna áður. Við nánari athugun kom í ljós, að svo varð ekki. Til dæmis að taka um framkvæmdir, sem unnar eru á Vestfjörðum eftir endurskoðaðri vegáætlun, reyndist við gaumgæfilega athugun okkar þm. Vestfirðinga ekki vera mögulegt að taka til framkvæmda eina einustu af þeim fimm stóru framkvæmdum sem við höfum sérstakan áhuga á. Ekki eina einustu framkvæmd gátum við ráðist í, ekki einu sinni í byrjunarframkvæmd, einfaldlega vegna þess að í ljós kom að meginhlutinn af þessu viðbótarfé, sem fékkst við hækkun bensíngjaldsins, var aðeins til þess að jafna upp fyrirhugaðar verðhækkanir á árinu sem verða mundu vegna þeirrar stefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt í efnahags- og verðlagsmálum. Það er því ljóst, þrátt fyrir þá breytingu sem gerð hefur verið í vetur með hækkun á bensíngjaldi, að Vegasjóður er í alvarlegum erfiðleikum. Það hefur komið í ljós, eins og ég benti á í fyrra að mundi koma í ljós, að það var ekki nægilegt eingöngu að hækka þá tekjustofna, sem fyrir voru, og útvega Vegasjóði fé. Nú er gleggra en nokkru sinni fyrr, að það er ekki eina úrræðið að hækka bensíngjald. Það er þegar orðið svo hátt, að öllu hærra má ekki fara. Það er ekki heldur úrræði að hækka aðra tekjustofna Vegasjóðs, svo sem eins og þungaskatt og gúmmígjald, því að þessar álögur valda því m. a. að bifreiðar á Íslandi eru til mikilla muna dýrari en í flestum nágrannalöndum. Nauðsynlegt er, ef Vegasjóður á að geta gegnt hlutverki sínu, að taka tekjuöflunarmál sjóðsins til algerrar endurskoðunar og fá sjóðnum nýja tekjustofna.

Eins og ég sagði í fyrra, þá munum við þm. Alþfl. taka þátt í því, ef áhugi er hjá ríkisstj. fyrir að vinna slíka endurskoðun. Sá áhugi reyndist ekki vera fyrir hendi á yfirstandandi þingi. E. t. v. verður sá áhugi fyrir hendi nú, þegar ljóst er orðið að við svo búið verður ekki staðið.

Þeir tekjustofnar, sem Vegasjóður hefur, nægja sjóðnum ekki til þess að gegna því hlutverki

sem honum er lögboðið að gera. Til dæmis að taka er það orðið ljóst, að því nær engar nýjar vegaframkvæmdir verða unnar í landinu við þær aðstæður, sem Vegasjóður býr við, nema í fyrsta lagi ef gengið er á viðhaldsfé Vegasjóðs, í öðru lagi ef aflað er fjár til framkvæmdanna með erlendri lántöku eða í þriðja lagi ef aflað er fjár til framkvæmda með sérstökum lántökum innanlands.

Áður en sú endurskoðun vegáætlunar fór fram, sem nú er lokið, var t. d. ljóst að það stóðst nokkurn veginn á endum, að allt framkvæmdafé, allt fé til nýrra framkvæmda í stofnbrautum og þjóðbrautum í landinu, var sem svaraði því fé sem fékkst úr sölu happdrættisskuldabréfa fyrir Norður- og Austurveg.

Ef við lítum aðeins nokkur ár til baka til þess að gera okkur grein fyrir því, hvernig nýframkvæmdir í vegamálum hafa í raun og veru verið fjármagnaðar, þá sjáum við það t. d., að árið 1968 nam viðhaldsfé á hvern ekinn km 6.8 kr., árið 1977 var viðhaldsfé á hvern ekinn km komið niður í 3.20 kr., hafði lækkað um meira en helming. Þetta hefur verið gert vegna þess, að jafnhliða því sem nýframkvæmdir hafa verið unnar hafa menn neyðst til þess að grípa það ráð að skera meira og meira niður af viðhaldsfénu, uns svo er nú komið að ef vegaviðhaldi ætti að halda uppi með svipuðum hætti og var árið 1968, þá þyrfti að tvöfalda viðhaldsféð frá því sem það er nú, en þá stendur á endum, að þá mundi ekkert vera eftir til nýrra framkvæmda við stofnbrautir. Vegasjóður er þannig staddur, að til þess að geta kostað nýjar framkvæmdir við stofnbrautir hefur orðið að skera sem því nemur niður viðhald á vegum, þannig að Vegasjóður með óbreyttum tekjustofnum gerir ekki miklu meira en standa undir vegaviðhaldi í landinu. Ef á að ráðast í einhverjar nýjar framkvæmdir, svo maður tali nú ekki um ný stórvirki eins og Borgarfjarðarbrú, þá verður að afla fjár til allra slíkra framkvæmda, smárra og stórra, annaðhvort með lántöku erlendis, lántöku innanlands eða með því að ganga á viðhaldsfé. Eins og nú standa sakir nægja tekjustofnar Vegasjóðs ekki lengur nema fyrir viðhaldi og rekstrarkostnaði. Þeir nægja ekki lengur til þess að greiða kostnað af neinum nýjum framkvæmdum sem eitthvað um munar.

Það kemur glögglega fram í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar, sem hæstv. ráðh. flutti hér áðan, hvílík öfugþróun hefur átt sér stað í viðhaldi vega á Íslandi á undanförnum árum. T. d. kemur þar fram að árið 1977 var alls varið 652 millj. kr. til viðhalds á malarvegum, en til viðhalds á vegum með bundnu slitlagi um 100 millj. kr. eða tæplega ⅙ af heildarviðhaldsfénu. Samt sem áður eru vegir með bundnu slitlagi ekki nema 190 km, en malarvegir 8146 km. Það er því ekki furða þó að segi í skýrslunni á einum stað að reynt hafi verið að draga úr heflun vega eins og hægt var. Það er sem sé búið að skera niður viðhald veganna á nokkrum árum, frá t. d. árinu 1967, úr 6.8 kr. á ekinn km niður í 3.2 kr. 1977. Hér er um að ræða sambærilegar tölur, tölur á föstu verðlagi. Þetta hafa menn neyðst til þess að gera vegna þess að ástandið er orðið þannig í vegamálum og málefnum Vegasjóðs, að það er engar nýjar framkvæmdir í vegamálum hægt að vinna lengur, nema með því annaðhvort að fá það fé með því að skera niður viðhald og draga eins mikið úr heflun vega og unnt er eða með því að taka þetta fé til láns, annaðhvort hjá innlendum aðilum eða erlendum.

Og það er mjög athyglisvert t. d., hversu mikið viðhald á vegum hefur verið skorið niður á þeim stöðum þar sem mest á ríður að viðhald sé með skikkanlegum hætti, t. d. á þeim stöðum þar sem vegir eru á kafi í snjó hálft árið og koma meira og minna skemmdir undan snjó á vorin þegar umferð hefst. Vestfirðir eru einn slíkur landshluti. Á árinu 1977 var aðeins varið 59600 rúmmetrum af möl til ofaníburðar á 147.5 km vegakafla á þessu svæði eða um 0.40 rúmmetra á hvern lengdarmetra, og er það mun lægri hlutfallstala, miklu lægri en í öðrum kjördæmum landsins. Þetta er um það bil þrisvar til fjórum sinnum lægri tala heldur en t. d. á Suðurlandi, þar sem vegir eru þó færir allt árið um kring, enda leynir sér ekki hvert þessi stefna hefur leitt. Sérhver sá maður, sem ekur um landið á sumar- eða vetrardegi, kemst fljótlega að því, að jafnvel nýlega byggðir vegir eru meira og minna skemmdir, sumir nánast ófærir, vegna þess að viðhald hefur verið vanrækt um margra ára skeið.

Ég vil aðeins fara nokkrum orðum — örfáum — um þær aðstæður sem við Vestfirðingar þurfum sérstaklega við að búa.

Það er ekki aðeins, að úr vegaviðhaldi hafi verið stórlega dregið á Vestfjörðum, eins og ég sagði áðan, og vegaviðhald sé nú mun minna þar en í öðrum landshlutum, heldur búa menn einnig við þær aðstæður á Vestfjörðum, að um 6 mánuði á ári og jafnvel lengur er ástandið á Vestfjörðum einna líkast því sem sá landshluti væri eyja sem ekki væri í sambandi við sjálft meginlandið. Það kemur t. d. fram í skýrslu samgrh., sem hann flutti hér áðan, að vegurinn frá Ísafjarðardjúpi til aðalakvegakerfis landsmanna var tepptur alls í 194 dga á árinu 1977 eða 53% af dögum ársins. Yfir rúmlega 6 mánaða timabil eru þeir, sem eftir Djúpvegi aka, þ. á m. Ísfirðingar og Bolvíkingar, ekki í vegasambandi við landið. Sama máli gegnir um þá vegi sem liggja frá suðurhlutum Vestfjarða. Vegir í Austur-Barðastrandarsýslu voru tepptir í 138 daga á ári eða 38% af dögum ársins. U. þ. b. hálft árið, tæplega það á suðurhluta Vestfjarða, rúmlega það á norðurhluta Vestfjarða, eru Vestfirðingar ekki í sambandi við aðalakvegakerfi landsins og geta engrar þjónustu notið á vegum landsins. Þessu til viðbótar eru vegir á milli byggðarlaga á Vestfjörðum tepptir allt upp í 146 daga á ári eða 40% af dögum ársins. Þetta hefur að sjálfsögðu í för með sér m. a. að þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum og grundvallast á því að tveir byggðakjarnar veiti næstu byggðarlögum þjónustu, hefur ekki verið hægt að framkvæma, í fyrsta lagi vegna þess, að það er ekki hægt að veita landshlutanum í heild þá þjónustu eftir akvegakerfi landsins sem allir aðrir

landshlutar búa við, og í öðru lagi vegna þess að vegir eru lokaðir frá þjónustumiðstöðvum á Vestfjörðum til þeirra staða sem þessar þjónustumiðstöðvar eiga að þjóna.

Ég sagði áðan, að Vestfirðingar byggju einna helst líkt og þeir væru ekki í tengslum við sjálft meginlandið, líkt og þeir væru á eyju. E. t. v. er það ofsagt, vegna þess að sennilegt væri, ef Vestfirðir væru eyja álíka og t. d. Vestmannaeyjar, að þá mætti ganga út frá því, að Vestfirðingar byggju við svipaðar aðstæður og Vestmanneyingar varðandi fólksflutninga, þ. e. a. s. að þeir hefðu sérstakt skip til þess að halda uppi samgöngum við landshlutann. Það gerist að sjálfsögðu ekki, eins og menn vita, þannig að að því leyti til eru Vestfirðingar jafnvel verr settir en þó að þeir byggju á eylandi.

Þetta eru aðeins örfá orð um þær sérstöku aðstæður sem eru ríkjandi á Vestfjörðum. Þar er ekki málið, eins og víða annars staðar, hvort eigi að gera þessa eða aðra ökuleiðina betri eða fjölga þeim ökuleiðum sem fyrir eru, heldur hefur spurningin fram til vorra daga verið sú á Vestfjörðum, hvort unnt sé að leggja veg þar sem enginn vegur er fyrir.

Það hefur tekist á umliðnum árum að vinna stórvirki í vegamálum á Vestfjörðum, nú síðast með gerð Djúpvegar og með gerð vega í Austur-Barðastrandarsýslu. Samt sem áður er því verki langt í frá lokið að tengja Vestfirði við aðalakvegakerfi landsins, né heldur að tengja byggðarlögin á Vestfjörðum innbyrðis, þannig að þær áætlanir, sem gerðar hafa verið af opinberri hálfu um uppbyggingu atvinnulífs í landshlutanum, gætu náð fram að ganga.

Við þm. Vestf. höfum á því kjörtímabili sem nú er senn liðið lagt aðaláherslu á fimm framkvæmdir í vegamálum:

Í fyrsta lagi, að byggðar verði vegsvalir á Óshlíð, veginn milli Ísafjarðarkaupstaðar og Bolungarvíkurkaupstaðar, til þess að koma í veg fyrir þá miklu slysahættu sem þar er bæði sumar og vetur. Hvað eftir annað hefur það gerst á þessari leið, að það má segja, að það sé næstum því yfirnáttúrlegt hvernig fólk hefur komist frá því að verða fyrir stórvægilegum slysum. Ýmis slys hafa orðið þar, dauðaslys eins og menn vita. Hér er um að ræða mikilvægt öryggisatriði. Ekki er um það að ræða endilega að bæta samgöngur — samgöngurnar eru ágætar þarna á milli — en að tryggja að fólk geti farið þarna um án þess að stofna lífi sínu í hættu. Okkur hefur ekki tekist á kjörtímabilinu, á þessum 4 árum sem nú eru senn liðin, að þoka þessu máli neitt áfram.

Í annan stað er eitt af þeim meginverkefnum, sem við leggjum áherslu á, að tengja Djúpveg aðalakvegakerfi landsins með þeim hætti að ætla megi að fólk við Djúp geti komist á aðalakvegakerfi landsins lengur en tæpa 6 mánuði á ári. Okkur hefur ekki heldur orðið að þeirri ósk okkar og von í þessi 4 ár að geta fengið fé til þess.

Þriðja stórverkefnið er innanhéraðsverkefni, þ. e. a. s. gerð varanlegs vegar yfir Breiðadalsheiði sem geti tryggt vetrarsamgöngur þar. Það er einnig kostnaðarsamt verkefni sem við höfum ekki getað á þessum 4 árum gert neitt til þess að sjá fyrir endann á.

Önnur tvö stórverkefni eru vegagerð í Dýrafirði og vegagerð í Önundarfirði. Sama má segja um þessi tvö verkefni og hin þrjú, að þrátt fyrir góðan vilja þm. kjördæmisins og þrátt fyrir skilning, sem ríkt hefur á málefnum þeirra hjá ýmsum öðrum þm., hafa mál Vegasjóðs verið slík, Vegasjóður verið svo vanræktur, að okkur hefur ekki gefist nokkur kostur á því að fá þó ekki væri nema brot af því fé sem við þyrftum að fá til þess að geta gengið að einhverjum af þessum stóru verkum. Má því segja að kjörtímabilið, sem nú er að líða, hafi verið gersamlega án nokkurra meiri háttar viðburða í samgöngumálum Vestfirðinga.

Við látum hér staðar numið um málefni Vestfjarða. Hv. þm. Karvel Pálmason gerði mjög glögga grein fyrir þeim í ræðu sinni áðan og á ég fastlega von á því, að annar hv. þm. bæti þar um betur.

En svo að maður víki aftur að vegáætluninni sjálfri, þá vil ég vekja athygli á því, sem ég benti á áðan í ræðu minni, að einn snar þáttur þess, að hægt hefur verið að ráðast í einhverjar nýjar vegaframkvæmdir á liðnum árum, þáttur við hliðina á atriði eins og því að skera hefur þurft niður fé til vegaviðhalds um helming, er lántaka erlendis og innanlands. Eins og sakir stóðu í árslok 1977 er greiðslubyrði ríkissjóðs af erlendum lánum vegna framkvæmda í vegamálum sem hér segir: Greiðslur vaxta og verðbóta námu á því ári, árinu 1977, 877.6 millj. kr. Afborganir af slíkum lánum voru 429.3 millj. kr. Greiðslubyrðin í heild á árinu 1977 af lánum, sem ríkissjóður hefur tekið vegna vegamála, nam 1306.9 millj. kr. En þetta fé er tæplega tvöfalt fastaframlag ríkissjóðs til vegamála á árinu 1977. Fyrir þetta fé, sem ríkissjóður þarf að verja í afborganir, vaxtagreiðslur og verðbótagreiðslur af erlendum lánum, hefði verið hægt næstum því að tvöfalda allar verklegar framkvæmdir á árinu 1977, ef það fé hefði verið laust til framkvæmda, en ekki bundið til greiðslu á afborgunum af lánum, vöxtum og verðbótum til erlendra bankastofnana. Og það kemur einnig í ljós, að afleiðingar af efnahagsstefnu ríkisstj. og stefnu hennar í gengismálum urðu þær á árinu 1977, að þá hækkuðu erlend lán vegna vegagerðar — bara af því einu — um 629 millj. kr. Gengisstefna hæstv. ríkisstj. á árinu 1977 ein út af fyrir sig jók þannig greiðslubyrðina á ríkissjóði vegna vegamála um 629 millj. kr. Á síðasta ári var að sjálfsögðu áfram haldið að taka erlend og innlend lán til vegagerðar, eins og hæstv. samgrh. drap á áðan, enda hefði ekki verið hægt að vinna nein umtalsverð verk í vegamálum ef slík lántaka hefði ekki komið til. Á því ári hækkuðu skuldir ríkissjóðs vegna lántöku til vegaframkvæmda úr 6706 millj. kr. við upphaf árs í 8506 millj. kr. við árslok, eða um 1800 millj. kr. samtals. Þar að auki bætti Vegasjóður ofan á þessa lánabyrði 369.3 millj. kr. bráðabirgðalántöku og sérstöku láni frá Seðlabankanum að upphæð 350 millj. kr. Nettóhækkun lána vegna vegagerðar á s. l. ári er því alls 2519 millj. kr. Þetta litla dæmi sýnir aðeins hversu

Vegasjóður er nú háður lántökum til þess að vinna einhverjar framkvæmdir í vegamálum.

Allar þær framkvæmdir, sem unnar eru nú og unnar hafa verið á allra síðustu árum í vegamálum á Íslandi, hafa verið fjármagnaðar annaðhvort með lántöku, eins og hér hefur verið vikið að, eða með því að niðurskurður hefur verið gerður á fé til vegaviðhalds, eins og áður var lýst. Seðlabankalánið er að sjálfsögðu kapítuli alveg út af fyrir sig, eins og hv. þm. Geir Gunnarsson lýsti hér áðan. Ég vil láta það koma fram til þess að sýna betur fram á þau vinnubrögð, sem munu hafa verið höfð í sambandi við töku þeirra lána, að þegar í sept. á s. l. ári munu menn hafa gert hæstv. samgrh. viðvart um að vegna verðhækkana og af öðrum orsökum, sem enginn beri meiri ábyrgð á en hæstv. ríkisstj., mundi ekki vera hægt að standa við áætlanir um ýmsa áfanga í vegagerð, sérstaklega hvað varðar veg yfir Holtavörðuheiði og Borgarfjarðarbrú. Þannig lá fyrir í septembermánuði á s. l. ári að ekki væri hægt að standa við þessi framkvæmdaáform nema með því móti að aukið fé kæmi til. Í októbermánuði tók þing til starfa og fjvn. hóf störf sín. Allt frá þeim tíma, frá því í byrjun okt. og þangað til rétt fyrir jól, sat fjvn. að störfum daglega og hélt stundum tvo eða jafnvel þrjá fundi á dag. En allan þennan tíma hafði fjvn. ekki hugmynd um þau tíðindi, sem hæstv. samgrh. höfðu verið tjáð í septembermánuði, að útvega þyrfti viðbótarfé svo að hægt væri að standa við framkvæmdaáform við Borgarfjarðarbrú og víðar. Í desembermánuði var síðan tekið lán hjá Seðlabanka Íslands að upphæð 350 millj. kr. Lán þetta er gengistryggt og með vöxtum, en eina heimildin, sem Alþ. veitti hæstv. ríkisstj. til lántöku við afgreiðslu vegáætlunar, var bráðabirgðalántaka hjá verktökum, sem var bæði óverðtryggð og án þess að vextir væru afgreiddir, þannig að hér var um lántöku að ræða hjá Seðlabanka sem engin heimild hafði verið veitt fyrir. En látum það nú vera. Víkjum betur að því síðar. Þetta lán að upphæð 350 millj. kr. var tekið í lok desembermánaðar, eftir því sem ég kemst næst, u. þ. b. sem fjvn. lauk störfum og þing fór í jólaleyfi. En ekki heldur þá, þegar frá þessu máli var gengið, var talin ástæða til þess að skýra frá því, ekki á Alþ. sjálfu, ekki í fjvn., ekki einu sinni formanni fjvn., sem er þó nánasti samverkamaður hæstv. fjmrh. í sambandi við ríkisfjármálin, og ekki heldur, að því er mér er um kunnugt, í sjálfri ríkissti. Mál þetta var aldrei rætt og tekið fyrir og formlega afgreitt af ríkissti., eftir því sem mér er tjáð, heldur aðeins af tveimur ráðh., hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. Og mér er kunnugt um að aðrir ráðh. í ríkissti. vissu ekki frekar en við fjvn.-menn, stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar, hvað gert hafði verið fyrr en mörgum mánuðum síðar.

Sú viðbára er uppi höfð, að þetta lán hafi ekki verið framkvæmdalán, heldur hafi verið tekið til Áhaldahúss Vegagerðar ríkisins, sem sé það hafi verið talið í desembermánuði bráðnauðsynlegt fyrir Áhaldahús Vegagerðar ríkisins að taka lán upp á 350 millj. til framkvæmda, byggingarframkvæmda eða kaupa á vélum. Síðar, eftir jólin, hafi allt í einu komið í ljós að Áhaldahúsið hafi ekkert haft við þetta fé að gera, og þá var það framlánað Vegasjóði til ákveðinna framkvæmda. Þetta er að sjálfsögðu ákaflega ámátlegt yfirklór og raunar afsökun sem er svo brosleg að það tekur því vart að mótmæla henni.

Í fyrsta lagi vil ég benda á að lán þetta að upphæð 350 millj. kr. var tekið vegna þess, að hæstv. ráðh. hafði verið tjáð í septembermánuði að þeim framkvæmdaáföngum, sem átti að vinna, væri ekki hægt að ljúka nema með aukafjárveitingu. Í annan stað liggur fyrir, m. a. í skýrslu hæstv. ráðh., hvað gert var við þetta fé. Féð var tekið til þess að kosta ákveðnar vegagerðarframkvæmdir og var þannig notað. Áhaldahús Vegagerðar ríkisins var aðeins milliliður til þess að búa til afsökun fyrir því sem gert var. Nú spyr ég í ljósi þessara staðreynda: Má þá kannske ætlast til þess, að svo geti farið, — það eru ýmsir ráðh. í ríkisstj., sem sjálfsagt gætu lært sitthvað hjá hæstv. samgrh., m. a. í þessum málum, — má þá gera ráð fyrir því, að t. d. hæstv. orkuráðh. komi einhvern tíma, þegar þing hefur farið í sumarfrí til þess að undirbúa kosningar, að máli við hæstv. fjmrh. og óski eftir því t. d., að Áhaldahús Vegagerðar ríkisins verði látið taka svo sem 1000 millj. kr. til þess að lána Orkustofnun eða einhverjum slíkum aðila til þess að hægt verði að bora svona eins og 3-4 holur til viðbótar við Kröflu? Má búast við því, að einstakir ráðh. geti borið slík erindi upp við hæstv. fjmrh. og vitnað til þess, að það væri fordæmi fyrir slíkri afgreiðslu vegna þess að Áhaldahús Vegagerðar ríkisins hefði samkv. frumkvæði hæstv. samgrh. tekið á s. l. ári 350 millj. kr. lán til að kosta vegagerð í tveimur til þremur stöðum, aðallega við Borgarfjarðarbrú og á Holtavörðuheiði? Þessi orð mín má ekki misskilja á þann veg, að ég sé út af fyrir sig andvígur þeim framkvæmdum, sem þarna eru unnar, eða dragi í efa að nauðsynlegt og rétt hafi verið að útvega lánsfé til þess að hægt væri að standa við framkvæmdaáform. En þessi orð mín ber að skilja þannig, að þegar málum var komið eins og komið var í sept. 1977 átti samgrh. að sjálfsögðu að gera Alþ. og fjvn. viðvart. Það er fyrir neðan allar hellur þegar hann síðan tekur þá ákvörðun ásamt hæstv. fjmrh. að ráða málum í desembermánuði 1977 með þeim hætti sem þau voru ráðin, án þess að gera svo mikið sem tilraun til þess að hafa um það samráð við fjvn., sem sat á daglegum fundum hér í næsta húsi.

Ýmsir þeir, sem talað hafa um vegamál hér á undan mér, hafa gagnrýnt framkvæmdirnar við Borgarfjörð og Borgarfjarðarbrú. Ég er ekki sammála þeirri niðurstöðu þeirra, að þessi brú hafi ekki átt að vera byggð. Ég tel rétt og nauðsynlegt fyrir Íslendinga að ráðast í stórverkefni í vegamálum, og mér er ljóst að Borgarfjarðarbrúin er vissulega eitt þeirra nauðsynjaverka sem þurfti að leysa. Auðvitað má lengi um það deila, hvort átt hafi að taka það stórverkefni frekar en eitthvað annað. En ef þeim deilum er haldið lengi áfram, þá er hætt við að lítið verði úr verki. En ég vil aðeins benda á eitt í því sambandi, að þegar slík stórverkefni eru tekin til framkvæmda, sérstaklega við aðstæður eins og

ríkt hafa undanfarin ár, þegar tekjur Vegasjóðs hafa ekki nægt til þess að standa undir almennum vegaframkvæmdum í landinu, þá á að sjálfsögðu aldrei að ráðast í framkvæmd eins og framkvæmdina við gerð Borgarfjarðarbrúar nema jafnframt sé gerð og samþykkt á Alþ. áætlun um framkvæmdahraða, áætlun um fjármögnun og greiðslur. Þannig á að sjálfsögðu að standa að framkvæmd eins og þessari, en ekki að hefja slíkt stórverk án þess að menn geri sér frá upphafi fulla grein fyrir því, í hvað er verið að ráðast, hvernig á að greiða kostnaðinn af því og hvenær.

Í sambandi við þau orð, sem hér hafa verið látin falla um gerð brúar yfir Ölfusárósa, vil ég taka það fram, að sem stendur og á þessu þingi hefur engin ákvörðun verið tekin um hvenær það verk verði hafið. Að sjálfsögðu hafa ýmsir þm. áhuga á því, að það verk verði næsta stórverkefni sem ráðist verði í vegamálum. Ég er ekki einn þeirra. Ég tel að önnur verk gætu komið fyrr og þyrftu að koma fyrr. En ég legg áherslu á að engin ákvörðun hefur enn verið tekin og verður ekki tekin á þessu þingi, að því er mér er kunnugt um, um að hefja brúarbyggingu yfir Ölfusárósa. Þetta hefur komið fram m. a. í fjvn., og ég vil undirstrika að þetta er skoðun fjvn.-manna. En ég vil aðeins láta koma fram, að hvert svo sem næsta stórverkefni í vegamálum verður, hvort sem það verður brú yfir Ölfusárósa eða eitthvað allt annað, þá finnst mér fráleitt að ákvörðun um slíka framkvæmd verði tekin öðruvísi en lögð verði fyrir Alþ. áætlun um framkvæmdir og framkvæmdahraða við slíkt stórverkefni, um fjármögnun, um greiðslu, um hvenær greiðslur skuli inntar af hendi og hver beri kostnaðinn, hvort heldur það er Vegasjóður af almennu framkvæmdafé sínu eða hvort sértekna þarf að afla til, eins og mér sýnist eðlilegt og nauðsynlegt að gera.

Að lokum aðeins þetta, herra forseti: Ég tel að reynslan hafi leitt í ljós, bæði nú í vetur og allra síðustu ár, að Vegasjóður geti alls ekki lengur staðið undir skyldum sínum miðað við óbreytta tekjustofna. Ég tel nauðsynlegt að taka málefni Vegasjóðs til algerrar endurskoðunar, m. a. í því skyni að færa Vegasjóði nýja tekjustofna. Við þm. Alþfl. erum nú eins og í fyrra reiðubúnir til þess að taka þátt í slíkri endurskoðun, og ég vænti þess fastlega, að hæstv. samgrh. og raunar ríkisstj. öll vilji eiga hlut að því, að sú endurskoðun geti farið fram. Að svo mæltu vil ég þakka samstarfsmönnum mínum í fjvn. fyrir gott samstarf og þó sérstaklega formanni nefndarinnar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er víst engin nýlunda, að við Vestfjarðaþm. kveðjum okkur hljóðs öðrum þm. fremur þegar samgöngumál og vegáætlun eru á dagskrá. Ég hygg að það sé ekki samkv. beinni bjóðsögu, sem myndast hefur hér á þingi, að ef einn Vestfjarðaþm. talar, þá þurfi hinir að koma á eftir, heldur er það frekar hitt, að þessi mál eru kannske meira stórmál og brýnna mál fyrir þá, sem Vestfirði byggja, en aðra Íslendinga.

Ég vil í upphafi endurtaka þakkir mínar, sem ég hef látið í ljós áður, til hæstv. samgrh. og ríkisstj., því að teknar voru til greina mjög ákveðnar umkvartanir á s. l. ári og gagnrýni á það á hvern veg var staðið að vegáætlun þá. Það ber sannarlega vott um skilning á þessum málum, að vegáætlunin var endurskoðuð og fjármagn verulega aukið til vega á þessu ári.

Ég vil hverfa aðeins aftur að heildarsvip áætlunarinnar nú. Við höfum 930 millj. kr. meira úr að spila, og að því er hæstv. samgrh. upplýsir, þá verður magnhækkunin til nýrra þjóðvega í fjármagni um 26% frá áætluninni eins og hún var áður. Hitt er svo annað mál, sem ég hlýt að taka undir með þeim Vestfjarðaþm. sem hér hafa talað, að enda þótt við getum unað betur við okkar hlut nú en á s. l. ári, þá er auðvitað víðs fjarri að við séum ánægðir. Ég veit að það er raunar svo með þm. allra kjördæma, að allir telja að þeir hefðu þurft magrfalt meira í sinn hlut til að sinna með viðunandi hætti þörfum í vegamálum hver í sínu kjördæmi. En mig langar til að leggja beinlínis þá spurningu fyrir hæstv. samgrh. sem æðsta vald í samgöngumálum okkar, hvort til sé viðhlítandi skýring á því, að Vestfjarðakjördæmi kemur þetta miklu lægra út í hlutfalli af vegafé á undanförnum árum, eins og raun ber vitni. Ég hef í höndum töflu frá Vegagerð ríkisins sem tilgreinir fjármagn og hlutfall til allra kjördæma landsins s. l. 12 ár eða nánar tiltekið frá árinu 1965 til 1976 að báðum árum meðtöldum. Þar stendur svart á hvítu: Vestfirðir koma þar út með hlutfallið og meðaltalið 10.2, sem er þó aðeins hærra en í Vesturlandskjördæmi, sem er með 9.5. — Mér hefur alltaf þótt eðlilegt, þegar ég hugsa um íslensk vegamál og þarfir í vegamálum, að Vestfirðir og Austfirðir væru settir undir sama hatt. Við, sem þekkjum landafræði Íslands og höfum ferðast um landið, vitum að þessir tveir landshlutar eru um margt svipaðir í þessu tilliti: há fjöll og erfiðir fjallvegir sem útheimta mjög dýrar vegaframkvæmdir. Þetta sama heildarhlutfall fyrir Austfirði er á þessum sama tíma 16.2 í staðinn fyrir 10.2 hjá Vestfjörðum. Og ég spyr: Er hægt að færa viðhlítandi og gild rök fyrir því, að Vestfirðir eru þetta miklu lægri en Austfirðir? Nú hef ég orð vegamálastjóra fyrir því, að lengd bjóðvega í hinum ýmsu kjördæmum sé nokkuð svipuð, það sé ekki ýkjamikill munur, þannig að ekki getur það skýrt þennan mismun. Ég vildi gjarnan fá svör um þetta frá hæstv. ráðh. Hver er skýring hans á þessum mun, sem mér finnst óeðlilega mikill?

Ég vil taka eindregið undir það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 8. landsk. þm., og raunar öllum sem hér tala um vegamál, að þetta er það stór og mikilvægur málaflokkur, að tvímælalaust og augljóst þurfum við að huga betur að föstum tekjustofnum til Vegasjóðs. Þetta hefur verið eitt af megingagnrýnisatriðum okkar þm. sem finnst að hægt miði í þessum málum. Við töluðum um það í fyrra og bentum á það, að hlutfall tekna ríkissjóðs af umferðinni, þá á ég við tolla og aðflutningsgjöld af bifreiðum, bensíni og öðru sem umferðinni tilheyrir, þetta hlutfall, sem rennur til Vegasjóðs, hafi lækkað á nokkrum árum úr 50% niður í 25%, um helming. Og mér tjá fróðir menn, að á þessu

ári muni ríkissjóður fá í sinn hlut af þessum tekjum um 14 milljarða, á meðan tekjustofnar til Vegasjóðs eru 5.8 milljarðar samkv. vegáætluninni eins og hún liggur fyrir nú. Það liggur auðvitað beint við, að þarna verði að breyta til og láta Vegasjóð njóta í stórauknum mæli þeirra tekna sem ríkissjóður fær með þessu móti.

Ég hef sjálf oftar en einu sinni íhugað að freista þess að koma fram með þingmál af þessu tagi, sem lögbindi, tryggði með lögum bætt ástand í þessu tilliti. En ég hef vitað að það þýddi ekki, svo að ekki hefur af minni hálfu verið í það lagt. En ég vil taka undir það, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að endurskoðun á tekjuöflun Vegasjóðs er verkefni sem ekki getur beðið lengur.

Ég vil svo aðeins víkja að máli einstakra þm., sem hér hafa talað á undan mér, og þá sérstaklega máli hv. 5. þm. Vestf. sem því miður hefur farið af fundi þannig að hann heyrir ekki mál mitt. Ég vil taka það strax fram, að ég var honum sammála um mjög margt. Hins vegar fannst mér miður farið — og ég veit ekki hvað fyrir honum vakir í því sambandi — að hann reyndi að gera hlut kjördæmis okkar enn þá verri og miklu verri en ástæða var til. Og orðaskak af því tagi, sem hann viðhafði hér, ásamt með beinum rangfærslum, þjónar auðvitað engum tilgangi, hvorki fyrir okkur Vestfirðinga né aðra. Hann staðhæfði að nú lækkaði hlutfall Vestfjarða úr 10.6% s.l. ár niður í 10.2 Þetta er rangt samkv. upplýsingum sem ég hef bæði frá formanni fjvn. og frá Vegagerð ríkisins. Hlutfall Vestfjarðakjördæmis í ár er 10.6, eftir þeim tölum sem ég veit réttastar, sem er þó 0.4% hærra en heildarhlutfall þau 12 ár sem ég gat um áðan. Þá er og þess að geta, að auk þessa hlutfalls, 10.2%, koma 90 millj. sem verða utan við þetta hlutfall. Eru þær ætlaðar til að kosta vegagerð á Holtavörðuheiði, sem mér er tjáð af þeim mönnum, sem um þetta hafa fjallað, kemur í hlut Vestfjarða. Þessi vegur er allur í Strandasýslu. Þessar 90 millj. eiga m.a. að fara til að fullgera vegarkafla, sem byrjað var á í fyrrasumar, og í öðru lagi að gera vetrarfæran veg frá þeim nýja kafla með tengingu á gamla veginn fyrir neðan svokallað mæðiveikihlið, sem þeir, sem þekkja þarna til, vita hvar er. Þetta mun því auka allverulega hlut okkar að því er hlutfallið varðar.

Ég vil líka vekja athygli á, — og nú vildi ég, að hv. 5. þm. Vestf. væri viðstaddur, — að hann kvartaði með mjög sterkum orðum yfir því, hve illa væri að Vestfjörðum búið í þessum efnum, lét þess m.a. getið, að s.l. 8 ár hefði hlutfall Vestfjarða verið 8.5% af vegafé. Það er fróðlegt til upplýsinga að þau ár, sem flokksmaður hv. 5. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar, var samgrh., á meðan vinstri stjórn sat að völdum, þá var hlutur Vestfjarða það ömurlegastur sem hann hefur orðið. Á þremur árum, á árunum 1972, 1973 og 1974, var þetta hlutfall 6.7, 6.6 og 10.5, þ.e. þau ár sem vinstri stjórn og vinstri ráðh. fór með samgöngumál. Vilji hann koma sökinni á einhvern um það, að okkar hlutur hafi verið síðri en skyldi, þá skyldi hann líta í eigin barm, því að hann hefði átt að hafa haft það góðan aðgang að hæstv. samgrh., Hannibal Valdimarssyni, eitilhörðum Vestfirðingi, að þetta hefði ekki átt að þurfa að koma svona lélega út þá. Þessi harða og árásargjarna ádeila á núv. ríkisstj. í þessum málum er þannig út í hött hjá hv. þm., þegar tekið er tillit til hvernig staðið var að málum þegar ætla hefði mátt að hans góði vilji, sem ég veit að er fyrir hendi, hefði átt að hafa meiri áhrif.

Hann benti einnig á og tók fram, sem er auðvitað út í hött einnig, að Vestfirðingar séu þeir einu sem hafa ekki nema um eina samgönguleið að velja að vetrinum til og það sé flugið. Ég skil varla í að hægt sé að slá slíku fram, því að sjórinn hefur löngum verið náinn okkur Vestfirðingum og samgöngur hafa löngum farið mikið fram á sjó. Að sjálfsögðu höfum við Vestfirðingar notið sjósamgangna sambærilegra við aðra landshluta, en þó vil ég taka fram, að þar hefur ekki verið staðið að málum sem skyldi. Við vitum öll að Skipaútgerð ríkisins hefur átt í þrengingum að undanförnu, fjárhagslegum þrengingum, og strandferðir hafa verið margfalt stopulli en þurft hefði. Við vonum að nú sjáum við fram á betri tíð með endurskipulagningu strandferða á vegum Skipaútgerðar ríkisins, þó að þessi endurskipulagning hafi varla enn borið þann árangur sem við vonuðumst eftir.

Það var minnst hér á vegaviðhaldið, sem er eitt af okkar stóru vandamálum í vegamálum. Hv. 8. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, hefði getað farið réttar með þar. Það er rétt, að fé til vegaviðhalds hefur minnkað svo mjög að til vandræða horfir. Á s.l. ári var talið að fjármagn, sem fór til þessa liðar samgöngumála, hafi numið 58% af áætlaðri þörf, sem er auðvitað ömurlega lítið. Þetta hlutfall hækkar þó í ár samkv. till. í vegáætlun nú í 72% af áætlaðri þörf Vegagerðar ríkisins til vegaviðhalds, þannig að greinilega er þó reynt að koma til móts við hinar brýnu þarfir sem þarna eru annars vegar.

Það er svo með Vestfirði eins og aðra landshluta, að þar eru ótal verkefni sett á oddinn, og það er alveg rétt, sem bent hefur verið á hér, að s.l. kjörtímabil höfum við ekki fengið fjármagn til neins þeirra stóru og brýnustu verkefna að við teljum. Þau hafa öll orðið að bíða. Bíða þangað til hvenær? Og auðvitað er þetta lága heildarhlutfall okkar komið til vegna þess að ekki hefur verið ráðist í neitt af þessum stóru fjárfreku verkefnum sem hér hefur verið bent á. Og ég vil sérstaklega í því sambandi minnast á, eins og hér hefur komið fram, verkefni eins og Óshlíðina milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, sem er stórhættulegur vegur, Breiðadalsheiðina, sem teppir suðurhluta Vestfjarða frá norðurhlutanum helming ársins, tengingu Strandasýslunnar um Steingrímsfjarðarheiði og miklar vegabætur í Önundarfirði og Dýrafirði, að ógleymdu einu litlu verkefni sem ég held að ég verði að minnast á, af því að manni finnst allt að því hlægilegt að ekki skuli það vera lagfært, það er vegarkafli í Barðastrandarsýslu, sem liggur um Vattarfjörð og er, að ég hygg, landsfrægur fyrir það, hve ómögulegur og hve hættulegur hann er. Það hefur ekki fengist fjármagn til þess að laga þennan litla kafla sem liggur inn við botn í Vattarfirði, en árlega liggur við að fjöldi bíla hljóti þarna slæma veltu eða brotni í tvennt að öðrum kosti.

Það er í rauninni furðulegt að svona lítið verkefni skuli þurfa að bíða jafnlengi. Að vísu er þetta stórverkefni, ef það á að bæta um varanlega og svo að vel sé, en lagfæring til þess að afstýra vandræðum og slysahættu nemur varla meira en 10—20 millj.

Ég vil með tilliti til þess, sem ég sagði um stóru verkefnin okkar sem ekki hafa fengið áheyrn, mótmæla því sem hv. 5. þm. Vestf. talaði um, að ekki hefði verið á okkur hlustað. Hann hlýtur að muna eftir því, að ekki alls fyrir löngu áttum við Vestfjarðaþm. fund með vegamálastjóra. Upplýsingar hans á þeim fundi um, að hann biði nýrra upplýsinga erlendis frá um gerð og möguleika á lagfæringum á Óshlíðarveginum, hljóta að veita okkur nokkurt fyrirheit um að athugun á þessu verkefni sé á næsta leyti. Raunar liggur fyrir staðhæfing vegamálastjóra um það, að rannsókn á þessu verkefni fari fram í sumar, þannig að ég lít svo á að þar með sé tryggt að við gerð næstu vegáætlunar, sem verður á n. k. hausti, að ég hygg, muni þetta verkefni koma þar inn. Á sama hátt vil ég vænta þess, að ekki verði löng bið í það, að lokaákvörðun verði tekin um tengingu Djúpvegar og tengingu Vestfjarðakjálkans við aðalvegakerfi landsins um Þorskafjarðarheiði eða Kollafjarðarheiði, eftir því sem rannsóknir benda til að hagkvæmara sé. Það er að sjálfsögðu eitt af þeim aðkallandi verkefnum sem ekki er hægt að bíða með ákvörðun um öllu lengur.

Að lokum skal ég aðeins drepa á brtt. þá sem hér liggur fyrir og ég er meðflm. að, um athugun á því, á hvern hátt væri skynsamlegast staðið að veggjaldi. Ég hef alltaf verið dálítið hikandi í að fara fram á ákveðið veggjald á vissum vegarköflum. Ég veit að þetta er vandasamt í framkvæmd og hefur kostnað í för með sér að því er snertir innheimtu á slíku gjaldi, en ég hygg þó, að í vissum tilfellum sé það fyllilega réttlætanlegt.

Það fer ekki hjá því, að mér detti í hug ákveðin framkvæmd eins og Borgarfjarðarbrúin í þessu sambandi. Ég er ekki í hópi þeirra sem hafa fordæmt Borgarfjarðarbrú. Þetta er nauðsynlegt verkefni sem kemur öllum landsmönnum til góða, þó að ég telji hins vegar að hún hafi verið rangt tímasett og við höfum hreint ekki efni á því að ráðast í þetta risavaxna verkefni upp á 4—5 milljarða á meðan við höfum svo litlu fé úr að spila til vegamála. En ef þessi framkvæmd er það mikil samgöngubót og það mikið hagkvæmnisatriði sem forsvarsmenn hennar frá upphafi hafa viljað vera láta, þá tel ég að það væri aðeins eðlilegt að þeir, sem þessa mannvirkis njóta, láti eitthvað lítilræði af hendi rakna í sameiginlegan sjóð landsmanna til að sinna hinum mörgu brýnu verkefnum annars staðar sem eru í hrópandi þörf fyrir meira fjármagn. Það er alveg rétt, sem hér hefur verið bent á, að það er auðvitað óhagkvæmt, úr því að byrjað er á þessari stóru framkvæmd, að draga hana von úr viti. Öll rök mæla með því, að við reynum að koma henni af sem fyrst þannig að hún komist í gagnið og fari að sýna arðsemi.

Eg skal ekki orðlengja þetta frekar. En ég hlýt að taka undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram á hæstv. landbrh. fyrir það, hvernig staðið var að 350 millj. kr. lánsfjáröflun úr Seðlabanka Íslands án þess að tala við kóng eða prest. Það hefur verið reifað hér vegna hvers þetta þykja óeðlileg vinnubrögð. Eg tek undir það og hlýt að vænta þess, að hæstv. samgrh. gefi okkur haldbæra skýringu á þessu máli hér á eftir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég mun taka þetta mál í annarri röð en kom fram í umræðunum. En áður en ég vík að því vil ég byrja á því að þakka formanni hv. fjvn. og nm. öllum fyrir störf þeirra að vegáætlun þessari. Ég þekki það af 15 ára reynslu úr fjvn., að ekki er létt verk að skipta fjármunum sem allir hafa alltaf verið sammála um að væru of litlir í hvert sinn sem skipt hefur verið, og er það ekki ný bóla nú. Löngunin til að gera meira í vegamálum hefur alltaf verið meiri en fjármagnið til framkvæmdanna og stundum kannske líka ekki fullkomlega innan þeirra skynsamlegu marka sem þjóðin hefur efni á að fara eftir hverju sinni vegna annarra áhrifa. Svo hefur einnig verið á því kjörtímabili sem nú er að líða. Hins vegar er mikils um vert, ekki síst vegna þess hvað erfitt það er, að hv. fjvn.-menn skuli standa allir að vegatill. Ég hef auðvitað ekkert við það að athuga þó að þeir hafi aðrar skoðanir á vissum atriðum en ég, því að það er ekki nema eðlilegt um skoðanir okkar. Ég þakka því enn á ný formanni og öllum nm., bæði stjórnarsinnum og stjórnarandstöðu, fyrir störf þeirra og samstöðu um brtt. vegaáætlunar.

Út af því, sem hv. 9. landsk. þm. var að segja og reyndar var komið fram hjá tveim hv. þm. áður, út af vegamálum á Vestfjörðum, vil ég segja þetta: Ég býst við því, að nokkurn veginn sé sama í hvaða kjördæmi hv. þm. væru staddir hér á landi, að Reykjavík einni undanskilinni, allir væru sammála um að þeir byggju við verstu vegina. Og ég minnist þess, að þegar ég á s. l. hausti ásamt samherjum mínum ferðaðist um kjördæmi mitt og við ræddum þessi mál vegna framboðs við prófkjör eða skoðanakönnun, þá var það eitt af því sem þeir fimmmenningarnir, sem með mér voru, héldu fram, að illa hefði verið staðið að vegamálum á Vesturlandi, og lásu það upp úr skýrslunni sem hv. 9. landsk. þm. var að lesa áðan. Þess vegna er þetta ekki ný bóla. Allir eru öruggir um að þeir búi við verstu vegina, en það verður ekki leitt til lykta þótt við ræðum það nokkru frekar.

Hvaða rök séu fyrir því, að Vestfirðir séu útundan, eins og hv. 9. landsk. þm. ræddi áðan, ætla ég ekki að fara að skýra eða halda fram að Vestfirðir hafi verið hafðir útundan. Vestfirðir fengu sína sérvegáætlun, Vestfjarðaáætlun, sem var geysilegt átak í vegamálum. Hitt er rétt, að þar var þó við stórverkefni að fást vegna þess hvernig á stóð um þessi mál, því að Vestfirðir eru þannig settir á landinu, að ekki þýðir að hefja framkvæmdir þar í vegamálum svo nokkru nemi fyrr en stórvirkar vinnuvélar eru komnar til. Alveg nákvæmlega var þetta eins t. d. með hluta af gamla Mýrasýslukjördæminu, að það var ekki að tala um vegagerð á Mýrunum fyrr en skurðgröfurnar komu til. Ekki var hægt að vinna

það verk, því Mýrarnar voru tæplega mannheldar, hvað þá að hestar eða tæki gætu um þær farið til vegagerðar. Þetta er nú gömul saga. Ég mun ekki fara út í það að ræða um einstök kjördæmi og vegamál þeirra, það tel ég ekki hæfa við þessar umr., enda hafa þær farið fram með hinni mestu rósemi.

Ég vil líka segja það samkvæmt því sem við höfum reynt, að kjördæmasjónarmið er látið ráða um prósentu, að þrátt fyrir það sem gert hefur verið í Vesturlandskjördæmi á síðustu árum með Borgarfjarðarbrúna í broddi fylkingar, þá er Vesturland með riflegri prósentu en Vestfirðir, en þó eru bæði þessi kjördæmi með það lægsta. Hinu verðum við að gera okkur grein fyrir, að þetta er ekki svona einfalt, vegna þess að hvert kjördæmi nýtur annars. Auðvitað er okkur jafnmikils virði og e.t.v. ekki síður Vestlendingum, að fá veginn hjá Kiðafelli og upp í Kollafjörð en Reyknesingum, og svo er einnig með Vestfirðinga og Norðlendinga. Allir njótum við þess arna og við njótum þess í ríkari mæli en Reykjanes, sem þessi vegur er lagður um, því þetta er þjóðvegurinn heim til okkar og frá er á Vestur- og Norðurlandi búum. Þannig er þetta í mörgum tilfellum. Ég minnist þess, þegar ég fór æðimargar ferðirnar bæði í sumar og vetur milli Borgarness og Reykjavíkur, að það var mér ekki minna virði að fá veginn í Mosfellssveit í það horf, sem hann er í núna, því að ég minnist þess eitt sinn að þegar ég var að keyra eftir þeim vegi að vetrarlagi urðu hljóðkúturinn og önnur tæki undan bílnum eftir í forinni í Mosfellssveitinni. Þannig er þetta. Og það, sem mestu máli skiptir, er að við höldum endurbótum vegakerfis okkar áfram og það um allt land. Að því stefnum við og það er mergur málsins.

Út af því, sem fram kom hjá hv. 9. landsk. þm. og hv. 8. landsk. þm. um tekjur Vegasjóðs er þetta að segja: Það, sem um var að ræða í prósentum þeim sem hv. 9. landsk. þm. nefndi áðan, var prósentan af bensínskattinum af heildarverði bensínsins. Skatturinn var allt fram til 1973 um 50% af heildarverðinu. En við olíukreppuna og þá stórstígu hækkun, sem varð á olíu og þar af leiðandi á bensíni, breyttist þetta hlutfall svo gjörsamlega, að það fór niður í 25% og það hefur auðvitað gert okkur mjög erfitt fyrir. Auk þess hefur notagildi fjárins orðið miklu minna en áður var, eins og raun ber vitni um, minna en það var í upphafi, vegna þeirra breytinga sem hafa orðið.

Ég vil líka segja það út af því sem hv. 8. landsk. þm. sagði, að það er svo með stórframkvæmdir okkar, og ég skal koma betur að því á eftir, að það hefur engin af þeim verið unnin nema fyrir lánsfé, — engin: Keflavíkurvegurinn, Austurvegurinn, Skeiðarársandurinn. Og ég vil nú segja, þar sem það orkar kannske mest tvímælis, um Borgarfjarðarbrúna, af því að það hafa verið smáskammtar, að ef við hefðum fellt niður lánsféð, þá hefðum við ekki komið því verki áfram. Þetta er staðreynd sem við verðum að gera okkur grein fyrir.

Eitt af því, sem er annaðhvort mín synd eða þá ekki synd, var að breyta því, að greiðslur á afborgunum, verðtryggingu og vöxtum af lánum til vega væru greiddar beint úr ríkissjóði. Áður fyrr var þetta gert með því að taka fé úr Vegasjóði og þá rýrðum við það fé sem við höfðum til skipta. Þetta var gert árið 1972 í minni fjármálaráðherratíð og að því búum við, en auðvitað verður það nokkur fjárhæð sem ríkissjóður þarf að greiða. Ég hef viljað láta taka tillit til þessa þegar hefur verið rætt um fjárframlag til vegamála, að þarna er um að ræða einkafjármuni sem ríkissjóður leggur til vegagerðar, þó að það komi út með öðrum hætti og sé mildara en að taka stórar fjárhæðir á hverju ári. Þetta vil ég að við höfum í huga í sambandi við fjárframlög til vegagerðar.

Hv. 5. þm. Vestf. er því miður farinn héðan, svo ég ætla ekki að fara að ræða við hann um brúarmál, þó hann vilji gera mig að allsherjarbrúarsmið. Ég hefði haldið að aldrei mundi slíkt verða gert. Smiður er ég ekki talinn. Hitt verð ég að segja í sambandi við brúna á Ölfusárósum og um verðmætin, sem eru til núna uppi á Seleyri vegna Borgarfjarðarbrúarinnar, að það væri illa farið og það væri léleg ráðsmennska ef þau ættu að verða að engu og notast ekkert meira en orðið er. En það fer svo ef ekki verður neitt átak gert í stærri brúarbyggingum á næstunni. Auk þess er það svo, að framkvæmdamenn okkar í brúargerð — ég hef kannske sagt það áður á hv. Alþ. — hafa fengið hrós hjá mönnum sem eru *fullkomlega dómbærir, t.d. konsúl okkar í Vín*, sem er forstjóri fyrir geysistóru byggingarfyrirtæki í Mið-Evrópu og hefur m.a. staðið að byggingu brúar á Dóná, sem er 1 km að lengd. Hann hefur sagt það við mig, bæði eftir að hann hafði skoðað teikningar og kynnt sér vinnuaðferðir, sem þeir skýrðu fyrir honum er að framkvæmdum stóðu, að eins vel væri að verkinu staðið og auðið væri. Hann endurtók þetta við komuna hingað í sumar. Þetta finnst mér að við verðum að hafa í huga og við megum ekki láta fara forgörðum svo mikla þekkingu, sem þarna hefur áunnist og mikla hæfileika.

Ég vík næst að þeim þætti, sem fram kom í ræðu hv. 11. landsk. þm. og hjá fleirum í sambandi við lántöku þá sem átt hefur sér stað hjá Seðlabanka Íslands á s.l. ári.

Að því er varðar lántöku til vegagerðar og þær venjur, sem skapast hafa um tilhögun lánamála, er rétt að taka fram eftirfarandi atriði: Þeirri reglu hefur jafnan verið fylgt af Vegagerðinni og samgrn., þegar um sérstakar lántökur hefur verið að ræða, að nægi fjárveiting næsta árs til endurgreiðslu lánsins hefur verið litið á það sem jafngildi lánsheimildar, enda er þá endurgreiðslan tryggð. Hafi hins vegar ekki verið fyrir hendi fjárveiting til þeirra framkvæmda, sem lána þarf til, hefur verið leitað eftir skriflegri yfirlýsingu frá þm. viðkomandi kjördæmis um að þeir mundu beita sér fyrir fjárveitingu til greiðslu lánsins. Það var t.d. gert á s.l. ári vegna beiðni þm. Reykjaneskjördæmis um að aukafjárveiting til Þingvallavegar skyldi lánuð til bráðabirgða til framkvæmda í Vesturlandsvegi um Kiðafell. Það sama var gert þegar lánsheimild var gefin út af samgrn. um veg vegna Hafna sem ekki var þá til nein fjárveiting fyrir á vegáætlun. Þá var leitað eftir

undirskrift þeirra um það, að þeir mundu beita sér fyrir endurgreiðslunni.

Á s. l. ári voru tekin lán til framkvæmda í vegagerð sem hér segir:

Vinnulán samkvæmt heimild í vegáætluninni voru 252 millj. kr. af 400 millj. kr. heimild. Bráðabirðalán voru tekin að ósk ýmissa sveitarstjórna og byggðarlaga, sem námu 67 millj. kr. Ég minnist þess ekki, að nokkurri einustu beiðni hafi verið neitað. Lán til vegagerðar í Mývatnssveit vegna hættu á eldsumbrotum að upphæð 51 millj. kr. var tekið frá Viðlagatryggingu og ríkissjóði. Loks fékk Vegagerðin heimild til að taka lán hjá Seðlabanka Islands að upphæð 350 millj. kr. til fimm ára. Verður nú vikið nokkru nánar að síðast talda láninu, þ. e. láninu frá Seðlabanka Islands.

Lánsféð var að mestu notað til að fjármagna framkvæmdir á Þingvallavegi, í Heydal, á Holtavörðuheiði, í Oddsskarði og loks í Borgarfirði, en þangað fór stærsti hlutinn eða um 190 millj. kr. Þegar heimild var veitt til lántökunnar lá ljóst fyrir að ríkissjóður gæti ekki leyft Vegagerðinni að fara fram úr vegáætlun með framkvæmdir, enda hafði ríkissjóður þegar gefið fyrirheit um að greiða það sem á vantaði að tekjur Vegagerðarinnar stæðust áætlun. Þetta var umfram fjárlög, en sú fjárhæð var 125 millj. kr. Var því ljóst að ekki yrði náð þeim áföngum, sem stefnt var að, svo sem opnun jarðganganna í Oddsskarði, vetrarfærum áfanga á Holtavörðuheiði o. s. frv., nema aukið fjármagn umfram fjárveitingar kæmi til. Borgarfjörður hefur sérstöðu meðal þeirra framkvæmda, sem nutu Seðlabankalánsins, hvað varðar stærð. Heildarkostnaðurinn við framkvæmdir í Borgarfirði er áætlaður 4.2 milljarðar kr. á væntanlegu verðlagi 1978. Sé þetta borið saman við aðrar stórframkvæmdir reiknaðar á sama verðlagi kemur í ljós að Keflavíkurvegurinn, Suðurlandsvegur milli Reykjavíkur og Selfoss og Skeiðarársandur eru hver um sig framkvæmdir af sömu stærð og Borgarfjörður. Kostnaðurinn er 4.1 eða 4.2 milljarðar kr. Allar þessar framkvæmdir hafa verið fjármagnaðar að miklu eða öllu leyti með lánsfé og þess aflað að verulegu leyti eftir þörfum framkvæmdanna hverju sinni og þá millifært á vegáætlun á milli ára, enda útilokað að reka slíkar stórframkvæmdir af skynsemi ef fjárveitingar eru ákveðnar frá ári til árs, oft án þess að hafa hliðsjón af þörfum verksins og niðurskipan þess í verkáfanga: Sem dæmi um fjárútvegun af þessu tagi má nefna árið 1973. Var þá útvegað fjármagn til framkvæmda á Skeiðarársandi umfram vegáætlun að upphæð 135 millj. kr. á verðlagi þess árs, en það jafnglidir 750 millj. kr. á verðlagi ársins 1978. Þegar seðlabankalánið var tekið lá fyrir grg. Vegagerðarinnar þar sem fram kom að beinn aukakostnaður við framkvæmdir í Borgarfirði yrði 50—100 millj. kr. og verkið tefðist fyrirsjáanlega um eitt ár með tilheyrandi óbeinum aukakostnaði ef hætta þyrfti framkvæmdum um miðjan sept., en þá var fjárveiting í vegáætlun tæmd. Bar því brýna nauðsyn til að útvega viðbótarfjármagn til að þetta stóra verkefni gæti haldið áfram.

Þar sem eðlilegar fjárveitingar til þessa verks hafa sætt andstöðu á stundum, en það gleður mig nú stórum að sú andstaða er nú þegar að falla niður, þykir mér rétt að ræða um þetta verk nokkru nánar og skýra frá stöðu þess. Millistólpar brúarinnar, 12 alls, voru steyptir sumurin 1976 og 1977. Burðarbitar eru framleiddir á landi og hófst sú vinna veturinn 1977 og lauk steypu bitanna nú í mars. Mót og verkpallar fyrir gólf og þverbita hefur verið smíðað í vetur. Aðstæður á þessum vinnustað eru með þeim hætti, að ekki verður unnið að framkvæmdum í firðinum sjálfum nema yfir sumartímann og því nauðsynlegt að forvinna eins mikið á landi yfir vetrartímann og frekast er unnt. Veldur þetta enn þvingaðri röðun verkhátta en ella væri og um leið brýnni nauðsyn á að fjárveitingar taki mið af ákveðnum verkþáttum. Í heild hafa þessar framkvæmdir gengið samkv. áætlun frá því um vorið 1976, að hafist var handa í firðinum fyrir alvöru. Auk ofangreindra verkþátta hefur verið byggður eða styrktur vegur sunnan fjarðar, allt að 5.5 km, hafin vinnsla malar- og grjótnáms og gerður fyrsti hluti vegfyllingar út í fjörðinn.

Upphaf fjárveitingar til Borgarfjarðarbrúar má rekja til vegáætlunar fyrir árin 1972—1975 sem samþ. var á Alþ. vorið 1972. Samkv. þeirri vegáætlun skyldi verja 90 millj. kr. 1974 og 197 millj. kr. 1975 til vega- og brúargerðar yfir Borgarfjörð. Séu þessar tölur reiknaðar til verðlags 1978 jafngilda þær um 1900 millj. kr., og rétt er að undirstrika, að þetta fjármagn átti að koma á tveim árum, árunum 1974 og 1975. Við endurskoðun þessarar vegaáætlunar voru fjárveitingar til Borgarfjarðarbrúar skornar niður og hafa þær síðan verið í algjöru lágmarki, miðað við það sem vera þyrfti. Til samanburðar við upphaflega áætlun fjárveitingarinnar 1974—1975 má geta þess, að fjárveiting til ársloka 1977, reiknuð á verðlagi ársins 1978, nemur alls 1880 millj. kr. og eru þá þessar 200 millj., sem um getur, taldar með. Er því í rauninni ekki náð enn, í árslok 1977, þeirri fjárveitingu sem átti að nást á árinu 1975 samkv. þeirri vegáætlun sem samþ. var á Alþ. vorið 1972. Þess skal getið að þær fjárveitingar, sem áttu að ganga til Borgarfjarðarbrúar, gengu til vegaframkvæmda á öðrum stöðum, m. a. til austurvegarins og fleiri staða, af þeirri einföldu ástæðu að það var skynsamleg ráðstöfun eins og þá stóð á.

Til að undirstrika nauðsyn fjárveitingar til lúkningar framkvæmda í Borgarfirði á sem skemmstum tíma er rétt að benda á nokkur atriði:

Vegagerðin hefur áætlað sparnað við tengingu yfir fjörðinn um 400 millj. kr. á ári, og þar með er um að ræða sparnað í viðhaldi og rekstri núverandi vega svo og sparnað umferðarinnar við styttingu leiða og betri veg. Fjárfesting sú, sem þegar er orðin í þessum framkvæmdum, kemur að engum notum fyrr en við tengingu. Nemur því óbeinn kostnaður af þessum sökum hundruðum millj. kr. á ári. Síðast en ekki síst er þess að geta, að brýrnar á Hvítá og Ferjukotssíki eiga í vaxandi mæli í erfiðleikum gagnvart þeim umferðarþunga sem um þær fer. Hefur viðhaldsþörf þeirra aukist jafnt og þétt. Kostnaður við það viðhald er þó lítilræði borið saman við þann kostnað og óhagræði fyrir umferðina ef loka þyrfti þessum brúm um lengri eða skemmri tíma

vegna áfalla. Sú hætta fer sífellt vaxandi með hverju árinu sem líður.

Úr því að minnst er á Hvítárbrú er fróðlegt að bera saman kostnaðinn við hana á sínum tíma og kostnaðinn við Borgarfjarðarbrúna nú. Hvítárbrú var smíðuð 1928 og er því 50 ára gömul, en vegurinn hafði verið lagður að brúnni árið áður. Kostnaður við framkvæmdina varð 190 þús. Fjárlög ríkisins 1928 voru 10.4 millj. kr. Var heildarkostnaðurinn við veg og brú 1.8% af fjárlögum og féll langstærsti hluti hans til á einu ári. Til samanburðar er heildarkostnaðurinn við Borgarfjarðarbrúna áætlaður 4.2 milljarðar, eins og ég gat um áðan, það eru 3% af fjárlögum 1978, en dreifist á 4—5 ár.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að Seðlabankalánið jafngilti í raun auknu framlagi til vegaframkvæmda á s.l. ári. Hefur það að hluta til þegar skilað árangri með opnun jarðganga í Oddskarði, vetrarfærum áfanga á Holtavörðuheiði, skiptingu Heydalsvegar, — sem varð að gera þar sem umferð yfir Bröttubrekku er raunverulega í banni og ef Heydalsvegur hefði bilað, eins og hann gerði í fyrravor, þá var samband við Dali og Vestfirði lokað, enginn hefði viljað horfast í augu við það, — og framkvæmdum á Þingvallavegi. Að hluta til mun árangurinn koma fram við tengingu vegar yfir Borgarfjörð, en lánsfé stuðlar að því, að sú tenging náist fyrr en ella hefði orðið.

Þetta vil ég taka fram. Ég veit að deila má um þann skilning minn, að með vegáætlun sé fengin heimild til þess að taka lán eða flýta framkvæmd. En ég veit mörg dæmi þess, að þannig hefur verið að staðið og sem þm. leitaði ég eingöngu hér áður fyrr til vegamálastjóra eða ráðh. um slíkar lánafyrirgreiðslur. En þær voru ekki, svo ég muni eftir, meðan ég var í fjvn. bornar undir n. eftir að vegáætlun var upp tekin, enda lít ég svo á að gildi vegáætlunar sé m.a. fólgið í því, að þá sé búið að marka stefnuna um framkvæmdir á næstu árum, þ.e. þeim árum sem hún gildir og þess vegna auðveldara að færa til eftir hagkvæmni ef möguleikar eru fyrir hendi í sambandi við fjárútvegun.

Þetta mun ég láta nægja og að öðru leyti segja um þessar umr., reyndar um ofangreind atriði líka: Hér koma eðlilega fram mismunandi skoðanir á þessu og ég tel að ekkert sé við því að segja, en finn ekki hjá mér neina sök fyrir að hafa tekið þátt í að framkvæma þessa lánsútvegun, heldur tel mig hafa gert það með þeim hætti að það raunverulega, eins og ég sagði áðan, eykur framkvæmdirnar í heild. Eftir að ég var nú píndur í ríkisstj. til þess að lækka fjárframlag á vegáætlun um 300 millj. kr., sem mér var ekki léttbært, þá bætti þarna nokkuð um að fá lánstímann lengdan á þessu láni og fá það heldur aukið frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir, því að þar var komið til móts við það sem áður var ætlað í sambandi við framlög til vegamála 1978.

Að lokum vil ég svo segja um till. á þskj. 652, að ég eins og fleiri get haft mismunandi skoðanir á því, hvernig afla eigi fjár til vegagerðar. Ég hef út af fyrir sig áður lýst því yfir, að ég vildi halda í skattinn, sem var lagður á varanlega vegi, en ég tel eðlilegt að það verði þeir, sem fara með málefni á næsta þingi, sem um þetta fjalla, en ekki farið að því að vinna í lok þessa kjörtímabils að taka skattinn upp aftur.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja þessar umr., en tek að lokum fram að ég þakka hv. fjvn. störf hennar í þessum málum.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vildi segja það aðeins, að ef það skoðast sem frekja eða lítilmótlegur kjördæmakrytur okkar Vestfjarðaþm. að benda á ákveðin dæmi í sambandi við hlutfall okkar í gegnum árin af vegafé, þá verður að hafa það. En ég vil segja, að því miður fékk ég enga viðhlítandi skýringu á þessu atriði, hvernig á því stendur. Ekki hafa verið færð fyrir því fjárhagsleg, atvinnuleg eða félagsleg rök, að eðlilegt sé, að það kjördæmi landsins, sem býr við landfræðilega erfiðust skilyrði, skuli þurfa þetta *minna fé til vegamála en önnur kjördæmi* landsins.

Það er auðvitað hárrétt, sem hæstv. samgrh. segir, að við njótum öll góðs af hverri þarfri vegarframkvæmd hvar sem er á landinu: Borgarfjarðarbrú, Kiðafellsvegi, hvar sem er. Það, sem við erum að benda á að því er Vestfirðina varðar, er ekki einungis það að komast til og frá Reykjavík eða um landið, heldur einfaldlega það, að fólk einangrist ekki hvert frá öðru og þá sérstaklega yfir vetrarmánuðina, að byggðarlög séu ekki einangruð mánuðum saman hvert frá öðru. Það segir sig sjálft, ekki hvað síst atvinnulega, hvað þetta er mikið óhagræði og mikið tjón fyrir það fólk sem á við slíkar aðstæður að búa.

Ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir það sem vel hefur verið gert nú á þessari vegáætlun. Það er auðvitað svo, að við fáum aldrei fé til alls þess sem við þurfum fé til að gera. Við gerum ekki allt í einu og við erum sannarlega búin að fara okkur nógu hratt í framkvæmdum, þó við gættum ítrustu varkárni í því nú. En þetta vil ég láta koma fram, að við Vestfjarðaþm. teljum ekki að við séum að ota okkar tota öðrum fremur. Ég held jafnvel að við höfum nú goldið blessaðrar Vestfjarðaáætlunarinnar okkar, sem stóð yfir í 2 ár, óþarflega mikið. Það er vitnað stöðugt í það stóra átak, sem var mikið átak og við erum þakklát fyrir, en það má auðvitað ekki verða til þess, að við gleymumst síðar meir. Það voru 2 ár, árið 1968 og 1969, sem hlutfall Vestfirðinga af vegafé komst upp í 28.5% annað árið og hitt árið 21%. Síðan hefur það verið allt frá 5.8% upp í 11.6% hæst. Og það verður að fyrirgefa mér nú sem fyrr, að ég hef engan haldbærari eða skárri mælikvarða til að miða við en þetta prósentuhlutfall varðandi skiptingu vegafjárins í heild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla menntamálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaga (þskj. 554). — Frh. umr.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs um þetta mál af tveim ástæðum sérstaklega. Annars vegar taldi ég mér skylt að tjá hæstv. menntmrh. þakkir fyrir þessa skýrslu

og þá grein sem hann gerði fyrir henni. Ég tel að með þessari skýrslu sé uppfyllt á algerlega fullnægjandi hátt það ákvæði grunnskólalaga, sem um skýrslugerðina fjallar, og það sé mikill fengur, ekki aðeins fyrir alþm., heldur einnig alla sem starfa að fræðslumálum, hvort heldur við kennslu eða í hinum mörgu opinberu stofnunum, séstaklega skólanefndunum, að hafa aðgang að þeirri vitneskju sem þessi skýrsla geymir. Einnig kvaddi ég mér hljóðs vegna þess að ég vildi ekki láta ómótmælt skoðunum sem fram komu hjá hv. 2. þm. Norðurl. v., sem því miður er ekki staddur á þessum fundi. En í ljós kom í ræðu, sem hv. 7. landsk. þm. flutti, að fleiri óskuðu andsvara við sumum sjónarmiðum hv. 2. þm. Norðurl. v. en ég, svo að ég get af þeim ástæðum verið öllu stuttorðari um þetta efni en ég hefði kannske ella verið.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. er þrautseigur maður og er það vissulega góður eiginleiki. En þess vildi ég óska að þrautseigja hans og einnig kappsemi í málflutningi kæmi betra málefni til góða en því sem hann hefur sérstaklega tekið upp á arma sína varðandi skólamálin, en þar hefur komið í ljós að hann er nákvæmlega sömu skoðunar og í hinum löngu umr. um grunnskólafrv. á sínum tíma, að það sé mjög illa farið að gert skuli ráð fyrir 9 ára skólaskyldu, og nú komst hann svo að orði í máli sínu hér á dögunum, að hann teldi affarasælast að nema ekki aðeins úr gildi ákvæði grunnskólalaga um 9 ára skólaskyldu, heldur vildi hann taka enn lengra skref til baka og skera annað ár af skólaskyldunni og takmarka hana við 7 ár. Ég get nú naumast ætlað að hv. þm. sé alvara með þessari uppástungu, en hvað um það, hún sýnir mjög skýrt viðhorf hans til þessa máls. En úr því að hv. þm. vill takmarka svona skólaskylduna, hvers vegna vill hann þá ekki afnema hana með öllu? Mér fyndist það eitt vera rökrétt niðurstaða af afstöðu hans til þessa máls. Sömuleiðis talaði hv. þm. þannig, eða ég skildi mál hans svo, að hann teldi Alþ. skylt að álykta á ný um 9. skólaskylduárið, áður en það geti komið til framkvæmda. Þar er ég ekki á sama máli og ég tel orðalag grunnskólalaganna styðja afstöðu mína. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í ákvæði til bráðabirgða:

„Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntmrh. gera Alþ. grein fyrir framkvæmd laganna og þó einkum undirbúningi að 9 ára skólaskyldu, þannig að Alþ. gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði.“

Ég tel alveg ljóst af þessu, að ákvæðið felur ekki í sér skyldu fyrir nokkurn aðila, hvorki ráðh. né aðra, að bera fram till. á Alþ. til nýrrar ákvörðunar á annan hvorn veg, heldur það eina, sem í þessu felst, að hverjum alþm., sem þess óskar, sé gefið tækifæri til þess að bera fram till. um fráhvarf frá 9. skólaárinu ef hann telur það rétt. En slík till. hefur engin komið fram enn þá, hvað sem í ljós kemur þann skamma tíma sem þingið á eftir að starfa.

Ég held að það sé alveg ljóst af því, sem fram kemur í þessari skýrslu, að 9. skólaskylduárið stefni óðfluga að því að verða að veruleika, m. a. s. áður en gert er ráð fyrir að það gangi í gildi samkv. lagasetningunni. Það kemur í ljós í þessari skýrslu, að einungis 5% nemenda stunda nú nám í 8 ár og þeim, sem fara á mis við 9. skólaárið, hefur fækkað stórlega þann skamma tíma sem grunnskólalögin hafa verið í gildi. Ég tek því eindregið undir þá skoðun, sem fram kemur í skýrslunni og í framsöguræðu hæstv. ráðh., að mjög er æskilegt að það fari saman, að Alþ. fjalli um löggjöf þá um framhaldsskóla, sem frá öndverðu var ljóst að hlyti að fylgja á eftir setningu grunnskólalaganna, og að staðfest verði ákvæðið um 9. skólaskylduárið. Eg tel reynsluna þessi fjögur ár, sem liðin eru frá því að lögin voru sett, eindregið sýna að bæði nemendur, forráðamenn þeirra og starfsmenn skólakerfisins hafi gengið að þessu verki þannig að engin minnsta ástæða sé til að hverfa frá þeirri ákvörðun sem tekin var um 9 ára skólaskyldu við setningu grunnskólalaganna. Og þessi niðurstaða mín byggist ekki síst á því, að þar sem 15% nemenda stunduðu skóla skemur en 9 ár áður en lögin komu til framkvæmda er þessi tala nú komin niður í aðeins 5%. Það liggur í hlutarins eðli, að af ýmsum ástæðum verður alltaf nokkur tala nemenda, sem heltist úr lestinni af óviðráðanlegum ástæðum, svo að talan getur aldrei komist upp í 100%. Hún er að mínum dómi nú komin svo nærri því sem hægt er að búast við að yrði við 9 ára skólaskyldu í fullu gildi. Þróun málsins, þróun skólastarfsins og þróun vitneskju nemenda og foreldra um þörfina á að ljúka skólanámi, sem gerir þeim fært að hefja framhaldsskólanám þá þegar eða síðar, þetta allt vinnur saman að því, að brátt verði svo komið að allir, jafnvel kannske hv. 2. þm. Norðurl. v., viðurkenni að þarna sé um sjálfsagða ráðstöfun að ræða.

Ég mun, úr því að ég hef tekið til máls, einnig víkja að örfáum atriðum öðrum varðandi þá skýrslu sem fyrir liggur.

Þá vil ég fyrst harma að ekki skuli hafa tekist betur til en raun ber vitni um framkvæmd ákvæðanna um kostnað við fræðsluskrifstofurnar úti á landsbyggðinni. Starf þeirra fram til þessa hefur tvímælalaust sýnt hversu gagnlegar þær eru og hversu mjög tilvera þeirra auðveldar skólastarfið. Ég held að það sé allra manna mál, sem sinna skólastörfum, að fræðsluskrifstofurnar hafi alveg sér í lagi auðveldað og létt störf þeirra, sem í skólunum vinna úti á landsbyggðinni. Þeim mun lakara er að ákvæðin um, hversu kostnaður af fræðsluskrifstofunum skuli greiddur, hafa ekki orðið virk enn sem komið er, vegna þess að lagasetning um hlutverk og þá væntanlega tekjustofna landshlutasamtaka hefur ekki orðið að veruleika. Af þessu stafar að fræðslustjórarnir starfa við langtum lakari skilyrði en ráð var fyrir gert og hafa þó, eins og ég sagði áður, unnið hið þarfasta starf. Þeir eru nær starfsliðslausir nema hér í Reykjavík, þar sem þessi starfsemi stendur á gömlum merg. Við svo búið má alls ekki lengur standa. Því lengra sem framkvæmd grunnskólalaga miðar, því nauðsynlegra er að fræðsluskrifstofurnar verði færar um að sinna því hlutverki að fullu sem þeim er ætlað. Ég læt því í ljós þá von, að það starf, sem nú er unnið að því að undirbúa ný ákvæði og nýja lagasetningu um tekjustofna sveitarfélaga og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitar-

félaga, sjái sem fyrst dagsins ljós, svo að sú staðreynd að landshlutasamtökin hafa ekki fengið þá löggildingu sem við var búist og að var stefnt, bitni ekki lengur á fræðsluskrifstofunum með þeim hætti sem þetta gerir og hefur gert allt síðan þær tóku til starfa.

Sömuleiðis tel ég rétt að víkja að því, að þessi misbrestur á því, að fjármunir séu til umráða fyrir fræðsluskrifstofurnar eins og til var ætlast, á að sjálfsögðu þátt í því, að þýðingarmikið starf eins og námsráðgjöf og sálfræðiþjónusta er veitt í miklu minna mæli en ráð var fyrir gert, og sjá þó allir þörfina, sem fyrir hendi er, sem kynna sér kafla skýrslunnar um úttektina á því, hver hluti nemenda í landshlutunum þarfnast sérstakrar aðstoðar í skólunum. Sem betur fer hefur verulega á unnist, eins og fram kemur í þessari skýrslu. Aðstoð er veitt í skólunum í mun ríkari mæli en áður var, en betur má ef duga skal, og reynslan hefur einnig sýnt hversu miklu þarna er hægt að áorka hvað flesta nemendur snertir með tiltölulega takmörkuðum kostnaði og fyrirhöfn. Hér er, eins og skýrslan ber með sér, fyrst og fremst um það að ræða, að til taks séu kennarar og annað starfslið sem geti sinnt þörfum nemenda, sem í erfiðleigum eiga, einmitt á þeirri stundu sem erfiðleikarnir gera vart við sig. Þá er hægt að leysa slík mál með tiltölulega skjótum hætti og afstýra því, að vandkvæði verði að torleystum hnútum fyrir nemendur, sem í hlut eiga, og fyrir skólana, sem þeir sækja.

Sömuleiðis er það tvímælalaust, að vel verður að halda á málum ef ekki á að koma til vandræða, vegna þess að svo er að sjá sem skerðingar á fjárveitingum verði til þess að hægja á endurskoðun og endurnýjun námsefnis. Slíkt getur haft mjög alvarlegar afleiðingar, ef mikið kveður að því, því að aðeins getur skólinn gegnt því hlutverki, sem honum er ætlað með grunnskólalögunum, að námsefnið sé endurnýjað og kennsluháttum breytt í samræmi við það með þeim hraða sem gert er ráð fyrir að framkvæmd laganna í heild geri kröfur til. Dráttur á þessu verki getur því hefnt sín mjög óþægilega, bæði gert skólakerfið óskilvirkara en það ella væri og gert nemendum erfiðara um vik en væri hefðu þeir notið námsefnis og kennslu eftir þeim kröfum og í samræmi við þau markmið sem grunnskólanum eru sett.

Ég vil að lokum víkja aðeins enn að hv. 2. þm. Norðurl. v. og röksemdum hans, þótt ég hefði, eins og áður sagði, heldur kosið að hann væri hér viðstaddur, en við því verður ekki gert. Hv. þm. sagði að það væri að sínum dómi álit margra, kannske flestra reyndra skólamanna, að lenging skólaskyldunnar í 9 ár væri varhugaverð jafnvel beinlínis skaðleg. Ég tel satt að segja að þessari röksemd hv. þm. hafi best verið svarað af því, hver til þess varð fyrstur að taka til máls í umr. að máli hans loknu, þar sem í hlut átti hv. 7. landsk. þm. Ég efast um að öllu reyndari skólamaður skipi nú þingbekk heldur en hv. 7. landsk. þm., þó ekki sé hann roskinn að árum. Þessi hv. þm. benti einmitt úr sinni reynslu á það, hversu þörfin á 9. námsárinu til þess að gera nemendurna færa um að fara rakleitt í framhaldsnám væri mikil, hversu erfitt hefði verið að fá slíku framgengt í skólahverfum eins og þar sem hann starfaði áður en grunnskólalögin komu til sögunnar, hversu munurinn væri þarna mikill á því hvort lögin viðurkenndu þessa þörf eða ekki. Þörfina taldi hann alveg ótvíræða. Og ég verð í þessu efni að taka margfalt meira mark á orðum hv. 7. landsk. þm. en þeirra ótilgreindu skólamanna, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. vitnaði til.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. góðar undirtektir við flutning þessarar skýrslu. Það liggur töluverð vinna að baki þegar svona skýrslur eru gerðar og settar fram. Og eins og ég gat um, þegar ég gerði grein fyrir skýrslunni, má náttúrlega vænta þess, þegar svona skýrslur eru unnar í fyrsta sinn, — það hefur ekki áður verið gerð hliðstæð skýrsla í menntmrn., — að henni sé í einhverju áfátt. En verulegar upplýsingar ætti hún þó að geta gefið. Mig langar svo til að víkja örfáum orðum að atriðum sem fram hafa komið við þessar umr., án þess þó að fara langt út í einstök þeirra.

Það var dálítið rætt um það í framhaldi af því sem ég sagði, hvenær eðlilegt væri að Alþ. ályktaði að nýju um 9 ára skólaskylduna, eins og segir í lögunum. Ég vil árétta það, sem ég held að hafi komið fram í fyrstu ræðu minni, að ég tel eðlilegt, áður en ákvörðun er tekin um þetta hér á Alþ., að hv. alþm. og auðvitað öðrum gefist tóm til þess að íhuga vel þær upplýsingar, sem nú eru lagðar fram og aðrar, sem þeir kynnu að óska eftir eða afla sé, og svo að ræða um þessi mál, brjóta þau til mergjar rækilega. Og ég tel að það væri óráð að ætla sér að álykta um þetta efni nú án þess að hafa kynnt sér fram komnar upplýsingar betur en tóm gefst til á þessum tiltölulega fáu dögum sem væntanlega eru eftir af þinghaldinu.

Ég árétta einnig, að ég tel eðlilegt og blátt áfram nauðsynlegt að ákvörðun um þetta sé tekin um leið og fjallað er um framhaldsskólastigið, vegna þess að það er eitt þýðingarmesta atriðið í sambandi við 9. skylduárið, hversu grunnskólastigið tengist framhaldsskólastiginu. Í grunnskólalögunum 1974 er sagt, að gert sé ráð fyrir að full skólaskylda, þ. e. 9. árið, taki gildi 6 árum eftir setningu laganna, þ. e. a. s. árið 1980. Mér sýnist þess vegna ekkert liggja á að fjalla um þetta atriði nú, það sé nógur tími að gera það á næsta þingi. En þá, ef breyta ætti frá ákvæðum laganna, er nauðsynlegt að gera það, þá má það ekki dragast lengur. Og ég verð nú að segja það, að ég álít nánast óhjákvæmilegt einnig að vinda sér í það á næsta þingi að afgreiða löggjöf um framhaldsskólastigið. Það er búið að vinna það lengi að því máli og það „opið" vil ég segja, a. m. k. allt síðasta ár eða nú um eins árs skeið, að það ætti ekki að vera neitt í veginum fyrir Alþ. að taka það mál til umfjöllunar, þegar þing kemur saman að nýju eftir kosningar, og afgreiða það þá.

Ég vil láta það koma fram, að ég er þeirrar skoðunar að ákvæði grunnskólalaganna frá 1974 um að gefa Alþ. kost á að fjalla að nýju um 9 ára skylduna leggi engar sérstakar skyldur á herðar menntmrn. eða menntmrh. né ríkisstj. í

heild um að leggja fyrir Alþ. í einu eða öðru formi till. til ályktunar um þetta efni. Hins vegar getur auðvitað hver alþm. sem vill breyta frá ákvæðum laganna, sem nú gera ráð fyrir 9 ára skólaskyldu, tekið það mál upp. Ég er ekki viss um að þetta hafi komið nægilega glöggt fram þegar ég gerði grein fyrir skýrslunni, en ég vil að þetta komi fram nú, og að þessu leyti er ég alveg sammála hv. þm., fyrrv. menntmrh. Magnúsi T Olafssyni, í því sem hann sagði um þetta efni áðan.

Ég þarf nú kannske ekki að víkja að mörgum atriðum sem fram hafa komið í máli hv. þm., þeirra sem tekið hafa til máls um skýrsluna, en mig langar þó aðeins til þess að drepa á fleiri.

Í sambandi við 9. skylduárið varð nokkur umr. um þá breytingu sem orðið hefur á skólasókn á þessu tiltekna ári, þ. e. a. s. að þeim, sem hverfa frá námi eftir 8. skylduárið, hefur fækkað frá því að vera um 15%, þegar grunnskólalögin voru sett, og niður í um 5% nú. Hv. þm. ræddu nokkuð um ástæður, og mér virtist það allt eðlilegt og skynsamlegt, sem fram kom um það, í raun og veru. Það var tekið undir það, sem ég hef áður sagt, að almennur skilningur á þörf fræðslu á þessu ári hefði valdið miklu um. Einnig benti a. m. k. einn hv. þm. á það, og ég held að fleiri hafi tekið undir, að auk þessa almenna skilnings kæmi þarna einnig til nokkuð útbreiddur misskilningur um að 9. árið væri skylduár. Það má vel vera að þetta sé rétt, en ekki kannast ég þó við það. Ég þekki ekki persónulega dæmi um það. En hitt held ég svo líka að valdi mjög miklu um þessa þróun, að það hefur fjölgað mjög þeim stöðum, þeim skólum sem veitt gátu kennslu á 9. árinu, og það hefur verið unnt að bjóða nokkru fjölbreyttara nám á þessu skólaári en áður. Allt þetta og vafalaust eitthvað fleira held ég að hafi hjálpað til að beina þróuninni í þessa átt sem hún nú hefur orðið. Ég árétta það, sem ég sagði þegar ég talaði fyrir skýrslunni, að ég tel að þessi þróun hljóti að slæva þær skörpu andstæður sem komu fram á Alþ. þegar rætt var um grunnskólalögin og þetta atriði þeirra sérstaklega. En ég vil líka árétta það, að ég tel mjög eðlilegt að skiptin á milli grunnskóla- og framhaldsskólastigsins séu nokkuð afmörkuð og m. a. að því leyti, að skólaskylda fylgi grunnskólastigi, en falli þá niður þegar framhaldsskólastigið tekur við.

Ég sagði áðan að ég teldi að þessi þróun hlyti að slæva þær skörpu andstæður sem upp komu 1974, og þá tel ég að bæði þessi breyting á hundraðshlutanum og svo sú sveigja, sem grunnskólalögin gera ráð fyrir varðandi þetta efni, ætti hvort tveggja að koma nokkuð langt til móts við þá sem stytta vilja skólaskylduna.

Þegar fjallað er um þessi mál, þá er jafnan nokkuð rætt um árlegan námstíma, lengd hans. Það er eins með hann, að þar er um verulega sveigju að ræða samkv. grunnskólalögunum og ég tel eðlilegt að sú sveigja sé notuð innan skynsamlegra marka. Aðstaða í landinu er mjög misjöfn eftir héruðum og landshlutum, eftir atvinnuháttum á þessum eða hinum staðnum o. s. frv. Í þessu efni tel ég að það sé í raun og veru meginatriðið að halda við þeirri virku þátttöku skólafólks í atvinnulífi landsmanna sem auðkennt hefur íslenskt skólastarf að þessu leyti frá skólastarfi og skólaskipan a. m. k. ýmissa nálægra landa, þar sem þessi þátttaka er að mestu og sums staðar að öllu leyti niður fallin. Ég held að þetta sé meginatriðið. Ég tel að ákvörðunin um lengd skyldunnar í árum sé að vísu markverð og eðlilegt að menn velti vöngum yfir henni, þó mér sýnist að þær athuganir hljóti, eins og nú er komið, að leiða að einni ákveðinni niðurstöðu. Ég tel enn fremur mjög eðlilegt að menn velti vöngum yfir því og hugleiði mjög hinn árlega tíma skólanna. En ég árétta það, að þarna er um vandasamt viðfangsefni að ræða, m. a. út af hinni mjög svo misjöfnu aðstöðu sem fyrir hendi er hér hjá okkur. En þó að þetta sé vandasamt og mikilvægt, þá held ég að innri gerð og starf skólanna sé enn þá mikilvægara.

Hv. þm. Pálmi Jónsson minntist á að breytingar þær, sem nú væri verið að gera, t. d. í námsmati og raunar tilhögun náms þá um leið, kynnu að verka í þá átt að slæva metnað nemendanna. Þetta er á vissan hátt rétt. Með þessum breytingum er gert ráð fyrir að draga úr prófunum, og það er ekki ætlast til þess blátt áfram, að það sé aðalhvati nemandans til þess að duga í námi sínu eða skólastarfi að hafa yfir sér ströng próf. Á hitt er lögð megináhersla og að því lúta þær breytingar, sem leitast er við að gera á námsefni og innra starfi skólanna, megináherslan er lögð á að glæða starfslöngun og efla starfsgetu einstaklinganna. Eg fer ekki lengra út í þetta, en ég vil segja að ég fyrir mína parta styð heils hugar þær tilraunir sem nú er verið að gera í þessa átt. Og ég held að það væri alveg fráleitt að hverfa frá þeim í miðjum klíðum. En árangur af viðleitni sem þessari kemur ekki í ljós í fljótu bragði, nema þá að nokkru leyti. Þarna hlýtur að vera um langtímamál að ræða.

Það var rætt nokkuð um skólaskipanina, skólahverfin. Það eru miklir erfiðleikar í sambandi við þau mál og það bæði í dreifbýli og þéttbýli. Það hefur hægt á mannfjölguninni, og þeir reiknimeistarar okkar, sem vinna að áætlanagerð, hafa ekki séð það fyrir og sjálfsagt sjá það ekki frekar fyrir nú hvað fram undan er á næstunni í því efni. Tilfærslurnar, sem orðið hafa á þéttbýlisstöðunum á milli bæjarhverfa og borgarhverfa hér í Reykjavík, eru kunnari en svo, að ég þurfi að eyða orðum að því, og hafa valdið miklum erfiðleikum á þeim stöðum þar sem þær eiga sér stað. Og enn er eitt, sem gerir þetta mál viðurhlutameira en ella, þ. e. skólaskipanina, skipan í skólahverfi og skóladeildir. Gífurlega miklar viðhorfsbreytingar hafa átt sér stað á undanförnum árum. Hugmyndir manna um skólagerðir og tilhögun náms á hinum ýmsu skólastigum hafa tekið ótrúlega örum stakkaskiptum. Um tíma var lögð gífurleg áhersla á sérhæfða kennslu og toppaðstöðu fyrir hana á hverjum stað. Síðar fara menn aftur að huga að öðrum þáttum og sýnist þá að samkennsla komi til greina í meiri mæli en menn höfðu talið um hríð. Og eins er það, að það verða töluverðar breytingar á hugmyndum manna

og viðhorfum til þátta eins og aksturs skólabarna. Ég álít að þar hafi menn lent nokkuð langt í því að aka nemendum langar leiðir. Eins er það varðandi heimavistir, að þar hafa viðhorf mjög verið að breytast. Og t. d. á þessum síðustu árum kemur það inn í og færist enn í vöxt, að ekki er kennt á laugardögum, helgarnar lengjast. Einnig þetta veldur breytingum og gerir uppgjör þessa dæmis, um skólahverfin og skólaskipanina, flóknari en ella.

Ég held að menn hafi ekki alltaf gert sér næga grein fyrir þörfum skólans, hvers einstaks skóla, stöðu hans sem stofnunar. Það hlýtur að veikja hvern skóla sem stofnun, ef hann byggir að miklu leyti á t. d. eins árs nemendum eða nemendum sem dvelja mjög stutt í stofnuninni. Og einnig held ég að stundum hafi verið litið fram hjá því félagslega atriði, að ekki er unnt að skipta upp einu sveitarfélagi, sem er félagsleg heild með tilliti til skólasóknar í grunnskóla, fyrr en sú skipting kemur eðlilega vegna þess að menn leita í breytilegar skólagerðir.

Það var aðeins vikið að héraðsskólunum. Ég held að það hafi verið hv. þm. Páll Pétursson sem sagði að sér virtist það væri stefnt að því beinlínis að rýra hlut héraðsskólanna. Hann er nú ekki við, enda ástæðulaust að við förum að karpa um þetta. En ég vil í tilefni af þessum orðum minna á það annars vegar, að héraðsskólarnir voru byggðir fyrir stór svæði og upphaflega áttu þeir að starfa með eins konar lýðháskólasniði að hætti nágranna okkar á Norðurlöndum. Síðan féllu þeir inn í almenna skólakerfið. Svo gerist það, að barnaskólarnir, grunnskólinn sem nú er kallaður, byggjast upp lengra og lengra í hinum einstöku skólahverfum. Þar er bæði um að ræða stóra og öfluga heimavistarskóla eða heimanaksturssskóla í sveitunum og einnig þar sem þorp hafa stækkað og skólar vaxið upp við þær aðstæður. Þetta hlaut að valda erfiðleikum fyrir héraðsskólana gömlu sem voru byggðir upp og þeim valinn staður við allt aðrar kringumstæður. Hitt er svo, að engum kemur til hugar að stefna að því visvitandi að gera hlut þessara skóla litinn, að gera þessum skólum, sem sumir eru allvel búnir og sumir vel, illmögulegt að starfa, að stefna að því að nýta ekki þá aðstöðu sem þarna hefur verið byggð upp og er fyrir hendi. Það er auðvitað alveg fráleitt. Þvert á móti fara nú fram athuganir á því á hinum ýmsu stöðum, hver verkefni skuli fá þessum stofnunum í framtíðinni. Þetta getur verið breytilegt eftir staðháttum. En ég hygg að í langflestum tilvikum reynist það létt verk, þó það verði ekki unnið alveg í skjótu bragði, að fá þessum stofnunum eðlileg verkefni að vinna innan íslenska skólakerfisins. Það er stundum vitnað í það, að þessir skólar séu ekki nefndir t.d. í frv. um framhaldsskólana, en það frv., eins og það var lagt hér fyrir, fjallar ekki um skólastaðina. Því er ekki eðlilegt að nefna fremur þessa skólastaði heldur en aðra.

Þegar ég flutti kynningu mína á þessari skýrslu, þá hlaut ég að stytta hana nokkuð, því það er auðvitað ástæðulaust undir þeim kringumstæðum að endurtaka það sem fyrir liggur í prentuðum heimildum. Ég vakti athygli á nokkrum þáttum sem mér þóttu sérstaklega eftirtektarverðir við framkvæmd grunnskólalaganna síðan þau tóku gildi fyrir 4 árum. Kannske hef ég látið ógert að nefna ýmsa þætti sem ekki eru síður eftirtektarverðir en þeir sem ég nefndi. Mér kemur til hugar þáttur eins og félagsstörf í skólum. Um þetta atriði er fjallað í skýrslunni á þremur bls. En þessi þáttur er vissulega mjög merkur og mjög tímabært einmitt nú að leggja aukna rækt við þennan þátt, félags- og tómstundastörfin. Á bls. 40 í skýrslunni er dregið saman nokkuð um þennan þátt og segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í grunnskólalögunum er lögð áhersla á breytta kennsluhætti og viðara verksvið skólans sem uppeldisstofnunar, og er þar m. a. gert ráð fyrir að með skólastarfinu sé leitast við að þjálfa nemendur þannig að þeir geti með eðlilegum hætti tjáð skoðanir sínar og unnið í samstarfi við aðra að þroskandi viðfangsefnum í tómstundunum. Með þessu er að því stefnt að nemendur öðlist félagslegan þroska og verði hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi.

Þegar framansögð atriði eru höfð í huga, er eðlilegt að grunnskólalög kveði á um að nemendur skuli eiga þess kost að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfsemi á vegum skólans, og að úr rikissjóði skuli greidd ákveðin fjárhæð vegna starfa að umsjón og leiðbeiningum við skipulegt félagslíf nemenda.“

Ég legg ríka áherslu á að þessi þáttur í starfi skólanna, sem reynt er að efla nú á síðustu missirum, er mjög merkur, stuðlar að því að tengja skólana betur en áður umhverfi sínu og því lífi sem lifað er allt um kring.

Það er annað atriði sem þarna kemur til greina og er gífurlega þýðingarmikið, auk þess sem drepið var á í tilfærðum ummælum. Það eru þær ákaflega miklu og snöggu breytingar sem orðið hafa á tómstundum með því að taka upp tveggja daga helgi. Það er ekki litið atriði að reyna að stuðla að því strax í skyldunámi á grunnskólaaldrinum að búa nemendur undir það sérstaklega að nýta sér til gagns hinar löngu tómstundir sem gert er ráð fyrir í lögum, í kjarasamningum o. s. frv., enda þótt mér sé auðvitað ljóst að margir nýta þær til lífsbjargar einnig meira og minna. En hinir eru margir sem taka þessar tómstundir, og öll þurfum við auðvitað á því að halda að geta þá nýtt okkur þær til lífsfyllingar á skynsamlegan og jákvæðan hátt.

Það gildir vitanlega sama um annan þátt í skólastarfi, umferðarfræðsluna, að honum er beint að því að tengja skólann sem allra best umhverfinu og því lífi sem fram fer utan við skólalóðina.

Það hefur verið reynt á síðustu árum að auka skipulag og bæta á þessu sviði og auka þetta starf og er vikið að því í skýrslunni. Og ég vil enn sérstaklega vekja athygli á örstuttu yfirliti um skólaíþróttir, um íþróttastarf í skólum, sem er að finna í þessari skýrslu. Við höfum þar nokkra sérstöðu, Íslendingar. Við höfum almenna sundskyldu. Okkur hefur tekist að framkvæma hana svo til út í æsar, vil ég segja, og höfum þar náð forskoti fram yfir ýmsar aðrar þjóðir. Því er nú síður haldið á lofti heldur en hinu,

þar sem við erum sögð 20—30 árum á eftir öðrum. En það hefur mér nú raunar heyrst í viðtölum, að við munum vera nánast á öllum sviðum, þegar sá gállinn er á mönnum.

En þessir þættir, sem ég minnti á núna, þegar þetta allt ber á góma, gefa mér tilefni til þess rétt að nefna það gífurlega vandamál sem við er að etja í námsskrárgerð og uppbyggingu og innra starfi skólanna, að finna rúm fyrir allt það sem við viljum taka til meðferðar á vegum skólans, greinar eins og íþróttir, félagsstörf, heimilisfræðakennslu, aðra verklega kennslu, tónmenntakennslu o. s. frv., o. s. frv., sem misjafnlega mikið og í mörgum tilvikum of lítið hefur verið sinnt á undanförnum árum. Auðvitað útheimta þær allar sitt rúm í stundaskrá skólans. Við stöndum þarna í raun og veru frammi fyrir miklum vandamálum, og ég held að það fari ekki hjá því, áður en langir tímar líða, að við þurfum að draga nokkuð úr ýmsum þeim hefðbundnu og í sjálfu sér ágætu námsgreinum, sem kenndar hafa verið í skólanum, til þess að rýma fyrir þessum þáttum.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég tel að þessi skýrsla, sem hér er til umr., bendi til þess fremur en hitt, að ekki sé bruðlað með fé almennt í skólakerfi okkar Íslendinga. Hún bendir einnig til þess, að á þeim 4 árum, sem liðin eru frá því að lögin um grunnskóla voru sett, hafi tekist að efla verulega ýmsa þætti í skólastarfinu, t. d. þann þátt sem ég ræddi um núna rétt áðan, félagslega þáttinn, t. d. sérkennslumálin, og fleira mætti nefna. En þó skyldu menn gera sér ljóst, að hvergi er komið á leiðarenda að þessu leyti, þó að nokkuð hafi áunnist. Ég tel líka að þessi skýrsla bendi til þess, að við eigum mjög mikið ógert í uppbyggingu grunnskóla okkar. Ég nefni fyrst menntun kennaranna. Aðstaða hennar hefur verið ákaflega örðug mörg undanfarin ár, bæði hvað snertir húsnæðið sjálft og svo búnað og skipulag. Við höfum vissulega hug á því að bæta úr þessu, og má minna á að nú er fjárveiting til framkvæmda við Kennaraháskólann og til hönnunar við annan kennaraskóla og fyrir Alþ. liggur frv. til endurskoðaðra laga um Kennaraháskóla Íslands. Við eigum einnig mikið ógert í gerð skólamannvirkja fyrir grunnskóla almennt, en þó alveg sérstaklega við gerð mannvirkja sem þjóna eiga einstökum þáttum skólastarfsins, einkum sérgreinakennslu ýmiss konar og þá ekki síst t. d. íþróttum og verklegri mennt. Þar eigum við ákaflega mikið ógert í að byggja upp aðstöðu. Okkur þýðir ekkert að horfa fram hjá því, t. d. varðandi íþróttirnar, að við búum við slíkt loftslag, að okkur er mikil nauðsyn á að geta stundað íþróttir innanhúss að vetrinum þegar af þeirri ástæðu. Og sama er auðvitað að segja um það, að við búum ekki verkmenntun þann sess í grunnskólunum sem við viljum að hún skipi nema með því að byggja upp aðstöðu fyrir hana.

Svo að ég nefni þá aðeins þriðja atriðið þar sem við eigum gífurlega mikið ógert, þá er það innri gerð skólanna og starf þeirra inn á við. Það er mikill vilji til þess að breyta þar til, og það er unnið að því. Og ég held að þó að menn ræði nokkuð um þetta til og frá og gagnrýni stundum, ef þeir þykjast finna snögga bletti á því starfi sem verið er að vinna, þá séu menn almennt nokkuð sammála um að viðleitnin stefni í rétta átt. Ég held það. Og menn eru nokkuð óþolinmóðir yfir því að hægt gangi með þetta eða hitt og þá ekki síður í sambandi við kennsluna sjálfa og námsefnið, en ég held að hvort tveggja sé, að það sé kannske ekki æskilegt að taka þetta allt í heljarstökkum, heldur verði þetta að fá að þróast og í raun og veru sé þarna um mál að ræða sem alltaf hljóti að taka sinn tíma.

En þó ég ekki nefni nema þessa þrjá þætti, þá held ég að það fari ekki á milli mála, að við eigum þarna gífurlega mikið verk óunnið. Við þurfum mikla fjármuni til þess arna og við eigum mikið undir því, að þeim fjármunum, sem við eigum kost á að fá, sem auðvitað eru alltaf takmarkaðir, því fé verði skynsamlega varið. Ég held að það fari ekki á milli mála, að svo best tökum við á viðfangsefni þessu með öðrum, að við höfum um það nokkuð góðar upplýsingar. Ég vona að þessi skýrslugjöf geti skoðast nokkurt innlegg í nauðsynlega upplýsingamiðlun að þessu leyti og hún geti orðið til þess að vekja menn til umhugsunar og umræðu og eftir því sem við á athafna á þessu sviði.

Umr. frestað.

Fjáraukalög 1976, frv. (þskj. 623). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1976, sem hér liggur fyrir á þskj. 623, er samið af fjmrn. samkv. till. yfirskoðunarmanna Alþ. eins og fram kemur í ríkisreikningi fyrir það ár, en sá reikningur hefur verið lagður á borð þm. Leitað er heimilda fyrir öllum umframgjöldum að undanskildum alþingiskostnaði, skipt eftir rn. Hér er sami háttur hafður á og verið hefur á liðnum árum.

Heildarfjárhæð frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1976 nemur 11 milljörðum 615 millj. 284 þús. kr. Skiptist fjárhæðin á öll rn. að undanskildu iðnrn., en gjöld þess rn. urðu 122 millj. 849 þús. kr. lægri samkv. ríkisreikningi en samkv. fjárl. Skýring þessi er fyrst og fremst sú, að tekjur af verðjöfnunargjaldi raforku, sem renna til Orkusjóðs sem gjaldaframlag úr ríkissjóði, urðu 69 millj. 862 þús. kr. lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir og aðrir liðir reyndust nettó tæpum 53 millj. kr. lægri í útgjöldum reiknings en fjárlögum. Við samanburð reiknings og fjárlaga einstakra rn. ber þess einnig að gæta, að á fjárl. var sérstök fjárveiting til fjmrn., að fjárhæð 275 millj. kr., til greiðslu á launum vegna óheimilla staða og ýmissa óvissra útgjalda. Á þennan fjárlagalið eru ekki bókuð gjöld við reikningsgerð, heldur koma gjöldin fram hjá viðeigandi stofnun hverri fyrir sig. Er þessi uppgjörsmáti í samræmi við túlkun laganna um gerð ríkisreiknings.

Samhliða því að leggja fram þetta frv. til fjáraukalaga hef ég lagt fram frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1976. Í framsöguræðu með því frv. er gerð grein fyrir stærstu liðum reikningsins, en með þessu frv. verða helstu frávik á gjöldum reiknings og fjárl. skýrð.

Af heildarfjárhæð frv. má rekja 3 milljarða 410 millj. 909 þús. kr. til áhrifa breytinga markaðra tekna, hækkunar skylduframlaga samkv. sérstökum lögum og notkunar heimilda til gjaldfærslu á grundvelli lántöku. Sundurliðun þessarar fjárhæðar er að finna á bls. 192 í ríkisreikningnum fyrir það ár. Í þessu yfirliti eru ekki rakin áhrif ýmissa almennra lagaákvæða um fjárhagslegar skuldbindingar ríkissjóðs sem leiddu til hækkunar gjalda frá áætlun fjárl., eins og til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs, að fjárhæð 2 milljarðar 539 millj. 283 þús. kr., og til niðurgreiðslna á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, samtals 844 millj. 752 þús. kr. umfram fjárlög. Framangreindir þrír þættir skýra 6.8 milljarða af heildartölu frv.

Ég mun nú rekja stærstu efnisþætti fjáraukalagafrv. eftir rn.:

1. Til æðstu stjórnar ríkisins, að undanskildu Alþ., nemur fjárhæðin 34 millj. 381 þús. kr. og til forsrn. 25 millj. 686 þús. kr.

2. Til menntmrn. eru veittir 2 milljarðar 109 millj. 378 þús. kr., þar af 919 millj. kr. til héraðsskóla og grunnskóla, 286 millj. kr. til menntaskóla og kennaraskóla, 218 millj. kr. til sérskóla og 406 millj. til lánasjóðs námsmanna.

3. Til utanrrn. fara 184 millj. 390 þús. kr. og dreifist sú fjárhæð á sendiráð og önnur verkefni rn.

4. Til landbrn. eru í frv. ætlaðar 857 millj. 577 þús. kr. og er það að meginhluta til, eða 656 millj. kr., vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, til jarðræktarframlaga 165 millj. kr. og til Bændaskólans á Hvanneyri 51 millj. kr.

5. Af 690 millj. 795 þús. kr. fjárhæð til sjútvrn. eru 207 millj. vegna Hafrannsóknastofnunar, 66 millj. til Framleiðslueftirlits sjávarafurða, 152 millj. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og 144 millj.. vegna rekstrarhalla stóru skuttogaranna á árinu 1975.

6. Til dóms- og kirkjumrn. er fjárhæðin 1 milljarður 403 millj. 987 þús. kr. Er fjárhæðin nær eingöngu vegna dómgæslu og lögreglumála, þar af 455 millj. vegna landhelgisgæslu.

7. Til félmrn. er fjárhæðin 590 millj. 886 þús. kr. Af þeirri fjárhæð eru 560 millj. til Byggingarsjóðs ríkisins vegna hærri markaðra tekna til sjóðsins en fjárlög gerðu ráð fyrir.

8. Til heilbr.- og trmrn. er fjárhæðin 3 milljarðar 88 millj. 672 þús. kr. Af þeirri fjárhæð eru 2 milljarðar 821 millj. til Tryggingastofnunarinnar og Atvinnuleysistryggingasjóðs og afgangurinn einkum til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðismála.

9. Til fjmrn. er fjárhæðin 132 millj. 494 þús. kr. og er þá fjárveiting til launa og óvissra útgjalda, 275 millj. kr. af fjárhæðinni, talin með fjárveitingu til rn., eins og ég gat um í upphafi máls míns. Gjöld vegna tolla og skattheimtu urðu 184 millj. umfram fjárlög og uppbætur á lífeyri og eftirlaun námu 157 millj. kr. umfram fjárlög.

10. Til samgrn. er fjárhæðin 1 milljarður 577 millj. 634 þús., þar af 1 milljarður 122 millj. kr. vegna vegagerðar og 271 millj. vegna vita- og hafnamála.

11. Til viðskrn. er fjárhæðin 200 millj. 503 þús. kr. og fer nær öll til niðurgreiðslna á vöruverði.

12. Til Hagstofu er fjárhæðin 2 millj. 362 þús. kr., Ríkisendurskoðunar 2 millj. 670 þús. og fjárlaga- og hagsýslustofnunar 713 millj. 869 þús. kr. nær eingöngu vegna greiðslna vaxta og verðbóta af lánum ríkissjóðs.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja nánar gjöld ríkisreiknings fyrir 1976 umfram fjárlög sem leitað er aukafjárveitingar fyrir með frv. þessu til fjáraukalaga. Ég vildi mega vænta þess, að unnt væri að hraða afgreiðslu þessa frv. þannig að það fái fullnaðarargreiðslu á þessu þingi. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því, að frv. þetta fái þá afgreiðslu sem hæstv. ráðh. óskar eftir. En það er þó eitt atriði sem ég get ekki komist hjá nú við þessa 1. umr. að beina til hæstv. ráðh. fsp. um.

Á ríkisreikningi fyrir árið 1976, sem dreift hefur verið á borð þm., bls. 397, er aths. frá yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings. Þar kemur fram að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa talið sig knúða til þess að senda Orkustofnun og fleiri fyrirtækjum á sviði orkuöflunar sérstaka fsp. í tilefni af bílaleigum. M. a. kemur þar fram á bls. 397, að dæmi eru til þess að einstakir starfsmenn hafi greitt yfir 1.5 millj. kr. fyrir bílaleigubíla árið 1976. Þessa upphæð mætti að sjálfsögðu margfalda með tveimur ef ætti að fá út verðlag ársins 1978.

Í öðru lagi segir þar: „Verður ekki betur séð en einstakir starfsmenn hafi stundum haft tvo bílaleigubíla til afnota samtímis, hvernig svo sem menn koma því við að skipta sér svo.“

Læt ég þessar tilvitnanir í aths. yfirskoðunarmanna ríkisreiknings nægja. En á bls. 428 kemur fram, að á árinu 1976 hafði bílakostnaður Kröflunefndar, Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins skipst sem hér segir — ég vek athygli á því aftur, að þetta er árið 1976, þannig að til þess að fá þessar upphæðir á verðlag ársins 1978 væri óhætt að margfalda þær með tveimur:

Kröflunefnd hefur á árinu 1976 greitt fyrir aðkeypta bílaleigubíla 9 069 270 kr. og fyrir leigu á bílum starfsmanna 1 830 329 kr., eða samtals tæpar 11 millj. kr.

Á árinu 1976 hefur Orkustofnun greitt vegna bílaleigubíla 27 363 620 kr., vegna leigu á bílum starfsmanna Orkustofnunar 14 489 000 kr. og vegna leigu á öðrum bifreiðum, þ. e. a. s. bifreiðum sem hvorki eru teknar til leigu á bílaleigum né af starfsmönnum, heldur leigðar af þriðja aðila, 11 606 000 kr., eða á árinu 1976 í bílaleigukostnað alls 53 458 620 kr.

Þriðja stofnunin á þessu sviði, Rafmagnsveitur ríkisins, hefur á árinu 1976 greitt vegna bílaleigubíla 35 911 688 kr., vegna leigu á bifreiðum starfsmanna 30 653 734 kr., vegna daggjaldabíla, þ. e. a. s. leigubíla frá þriðja aðila, 12 065 830 kr. og í bensínkostnað af slíkum bifreiðum væntanlega 15 millj. 600 þús. kr., eða alls 94 231 252 kr.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, að sérstaklega þessar tvær stofnanir, Orkustofnun, sem á árinu

1976 greiðir 53.5 millj. í bílaleigukostnað, og Rafmagnsveitur ríkisins, sem á árinu 1976 greiddu 94.2 millj. í bílaleigukostnað, eru þær tvær stofnanir á sviði orkumála sem okkur alþm. er tjáð að eigi nú við mikla greiðsluörðugleika að etja, m. a. svo mikla örðugleika að 3 af 5 stjórnarmönnum Rafmagnsveitna ríkisins hafa nýlega fundið hjá sér þörf til þess að segja starfi sínu lausu vegna fjárhagserfiðleika stofnunarinnar. En á árinu 1976 greiddu einungis þessar þrjár stofnanir samtals 158 589 037 kr. fyrir bílaleigu.

Ég vildi gjarnan beina í þessu sambandi fsp. til hæstv. fjmrh.: Í fyrsta lagi, hvort hann treystir sér fyrir 2. umr. fjáraukalaga til þess að gefa mér og öðrum þm., þá væntanlega þm. í fjvn. fyrst, upplýsingar um greiðslur fyrir leigða bíla, bæði bifreiðaleigubíla og bifreiðar starfsmanna, sem aðrar ríkisstofnanir hafa greitt á árinu 1976. Á ég þá fyrst og fremst við stærri ríkisstofnanir, Framkvæmdastofnunina og þjónustustofnanir, svo sem Póst og síma, útvarp og sjónvarp og fleiri slíkar.

Í annan stað vildi ég gjarnan fá upplýst frá hæstv. ráðh., hvort einhverjar almennar reglur hafi verið settar um greiðslur ríkisins og ríkisstofnana vegna leigu á bílaleigubílum eða bifreiðum starfsmanna, ef svo er, að slíkar almennar reglur hafi verið settar, hvernig eftirliti sé háttað með slíkum reglum og hvort líklegt sé talið að stofnanirnar fylgi þeim reglum almennt. Ég fæ ekki betur séð en yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins telji að svo sé alls ekki.

Og í þriðja lagi leikur mér forvitni á að fá að vita hver sé meðalrekstrarkostnaður fólksbifreiðar á ári hjá ríkinu, svo að hægt sé að sjá af þessum samanburði hvað ætla megi að ríkisstofnanir standi undir rekstri margra bifreiða á ári frá einkaaðilum.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 8. landsk. þm., þá er sjálfsagt að útvega þær upplýsingar sem hér er spurt um. Ég held að það væri hið skynsamlegasta í því, að þeir embættismenn, sem með ríkisbókhaldið fara, geri fjvn. grein fyrir þessum atriðum um leið og hún fjallar um fjáraukalögin þannig að fjvn.-menn fái tækifæri til þess að íhuga þessi atriði. Ég hef ekki svör við þessum spurningum á reiðum höndum nú, og ég veit að hv. þm. ætlast ekki heldur til svara hér og nú. En ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því, að hann, fjvn. svo og aðrir þm. geti fengið þessar upplýsingar og þær legið fyrir við 2. umr. um fjáraukalögin.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. undirtektirnar. Hann hefur heitið því að beita sér fyrir því, að þessar upplýsingar liggi fyrir. Ég þakka honum fyrir það, enda er það alger forsenda fyrir því, að samvinna geti tekist milli fjvn. og fjmrn. og stofnana þess um aðgæslu í ríkisfjármálunum, eins og hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir, að upplýsingar eins og þessar liggi fyrir hjá fjvn., svo að n. viti að hverju hún gengur þegar forstöðumenn ríkisstofnana ganga á hennar fund, bæði þegar fjárlagagerð er undirbúin og eins utan þess tíma. Nauðsynlegt er fyrir fjvn. að hafa þær upplýsingar á reiðum höndum, sem t. d. er spurt um hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LárJ, VilbH, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, RH, SighB, SigurlB, StJ, SV, ÓÞÞ, StG, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞK, SvB, AG, AJ, BGr, ÓÖsk, FÞ, GS, GeirG, GHG, HÁ, HES, GHB, JSk, ÁB.

27 þm. (KP, LJós, ÓlJ, PP, PJ, GFr, RA, ÞS, EðS, BrS, EÁ, EBS, GH, KGS, GuðlG, GTh, GF, GÞG, HFS, IT, IH, IngJ, KÁ, JHelg, JÁH, JGS, JónasÁ) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Skýrsla samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir (þskj. 593).

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Skýrsla sú, sem hér liggur fyrir um hafnarframkvæmdir fyrir árið 1977, er lögð fram í samræmi við ákvæði í 10. gr. hafnalaga. Í skýrslunni er yfirlit um fjárveitingar og framkvæmdir í höfnum, sem falla beint undir hafnalögin, og enn fremur yfirlit um framkvæmdir í landshöfnum, ferjuhöfnum og Reykjavíkurhöfn.

Samkv. skýrslunni urðu heildarframkvæmdir í hafnargerðum á landinu á s. l. ári alls 2 milljarðar 178 millj. kr., sem er 296 millj. kr. hærra en árið áður, hækkaði um 15.7%. Af þessum 2 milljörðum 178 millj. kr. voru samtals 1278.8 millj. kr. til framkvæmda í almennum höfnum eða 58.7%. Á Grundartanga var framkvæmt fyrir 391 millj. kr. Þótt sú framkvæmd heyri undir almenn hafnalög, er hún nokkuð sérstaks eðlis. Hlutfallslega námu framkvæmdir þar 18% af heildarframkvæmdum. Að Grundartanga viðbættum eru fjárframlög til hafna samtals 76.7 millj. kr. Í landshöfnunum þremur, í Keflavík — Njarðvík, Rifi og Þorlákshöfn, námu framkvæmdir 174 millj. kr. eða 8%. Í Reykjavíkurhöfn, sem heyrir undir almennu hafnalögin, en nýtur ekki fjárveitinga úr ríkissjóði, voru framkvæmdir upp á 328 millj. kr. eða 15.1%. Loks urðu framkvæmdir í ferjuhöfnum 6 millj. kr.

Sé litið á almennu hafnirnar sérstaklega, en eins og ég sagði áðan urðu framkvæmdir við þær tæplega 1279 millj. kr., kemur í ljós að framkvæmdir þar eru jafnari en oft áður og minna ber á sérstökum stórframkvæmdum. Þó höfðu Akranes og Vopnafjörður þar nokkra sérstöðu, á Akranesi kostuðu framkvæmdir 151 millj. kr. og á Vopnafirði 125 millj. kr. Síðan kemur stórt stökk niður í þriðju stærstu framkvæmdirnar sem eru á Þingeyri 72.3 millj. kr. og Akureyri 72 millj. kr. Síðan er fimmta stærsta framkvæmdin í Sandgerði réttar 52 millj. kr. Á 6 stöðum urðu framkvæmdir á bilinu 40—50 millj. kr. eða samtals 264 millj. Til þeirra 11 staða, sem hér hafa verið nefndir og eru með framkvæmdir ofan við 40 millj. markið, fór rétt tæplega helmingur framkvæmdafjárins. Hinn helmingurinn skiptist svo á 44 staði. Þar eru 12 staðir á bilinu 20—40 millj. kr., 15 staðir með

framkvæmdir á milli 2 og 20 millj. kr. og loks 17 staðir sem eru með framkvæmdir innan við 2 millj. En þar er undantekningarlaust um að ræða verklok eða kostnað við mælingar eða aðrar rannsóknir.

Til þeirra framkvæmda, sem hér greinir, voru á fjárl. síðasta árs veittar 931 millj. kr. til framkvæmda í almennum höfnum auk 150 millj. kr. til Grundartangahafnar, til landshafna voru veittar 195 millj. kr. og til ferjuhafna 17 millj. Fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnargerða voru þannig í heild 1293.6 millj. kr.

Er þá rétt að fara næst nokkrum orðum um Hafnabótasjóð, en auk þess sem ríkissjóður veitir bein óafturkræf framlög til hafnargerða er um að ræða beinar fjárveitingar til Hafnabótasjóðs sem námu á síðasta ári 112 millj. kr. Sjóðurinn veitir síðan lán eða styrki til almennra hafnargerða til að fjármagna hluta úr heimaframlagi viðkomandi hafnarsjóða. Samkv. 19. gr. hafnalaga veitir sjóðurinn í fyrsta lagi hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð. Í öðru lagi er honum heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum sem skemmst hafa af völdum náttúruhamfara eða öðrum óviðráðanlegum orsökum. Í þriðja lagi er heimild til að veita styrk til nýrra hafnarframkvæmda sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði til staða, sem eiga við fjárhagslega örðugleika að etja vegna nýrra hafnarmannvirkja, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka. Loks er honum í fjórða lagi heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög. Á síðasta ári voru veitt úr sjóðnum föst lán samtals að fjárhæð 202 millj. kr. til 31 hafnar. Styrkir til framkvæmda samkv. áðurgreindri heimild í hafnalögum voru 45 millj. kr. til 9 staða. Hefur nú undanfarin tvö ár verið farið meira inn á þá braut að nota þessa heimild, og er það von mín að á þann hátt megi koma í veg fyrir eða a. m. k. minnka þá erfiðleika sem ýmsir hafnarsjóðir hafa átt við að etja með endurgreiðslu lána. Önnur meginregla, sem höfð var í huga við úthlutun fjár úr Hafnabótasjóði, var að lán til einstakra hafnarsjóða færu ekki yfir 15% framkvæmdakostnaðar, þannig að sjóðirnir stæðu sjálfir að fjáröflun að 10%. Útkoman hefur líka orðið sú, að lán og styrkir nema samtals 267 millj. kr. eða tæplega 350 millj. Þegar heimahluti, sem hér er nokkur, er talinn með í fjármögnuninni. Bráðabirgðalán úr Hafnabótasjóði eru á árinu 90 millj. kr. til fjögurra staða og var þar yfirleitt um að ræða lán sem urðu til vegna óhjákvæmilegra framkvæmda umfram fjárlög og verða greidd að verulegu leyti til Hafnabótasjóðs aftur á þessu ári þar sem yfirleitt er um að ræða hrein ríkisframlög. Til þess að geta staðið undir lánveitingum sínum tók Hafnabótasjóður eins og stundum áður bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði síðari hluta ársins að upphæð 120 millj. kr. Þetta lán hefur þegar verið endurgreitt.

Unnið var að því með góðum árangri á síðasta ári að bæta tækjakost Hafnamálastofnunarinnar til dýpkunar hafna, en Gretti, hinu gamla grafskipi stofnunarinnar, var lagt á árinu 1976, enda ekki hagkvæmt að gera hann út lengur. Í því skyni að aflað yrði nýs graftækis voru á fjárl. ársins 1977 veittar 30 millj. kr. til kaupa á nýjum tækjum. Varð niðurstaðan sú eftir rækilega könnun, að keyptur var hingað gröfuprammi, sem norskur aðili hefur þróað. Var gerður samningur við hann um smíði slíks pramma strax í ársbyrjun 1977 og jafnframt var boðin út smíði tveggja efnisflutningapramma og samið um smíði þeirra við lægstbjóðanda, vélsmiðjuna Stál á Seyðisfirði. Hinn nýi gröfuprammi, sem einnig hlaut nafnið Grettir, kom til landsins seinni hluta júnímánaðar og var settur í hann sérstakur gröfubúnaður. Nýi Grettir reyndist mjög vel við þau störf sem honum voru ætluð, og má segja að tilkoma hans þýði nánast byltingu í dýpkunarmálum hafna hér á landi. Hann var við gröft í 5 höfnum á landinu, en mest verk innti hann af hendi á Skagaströnd. Hákur, dæluprammi Hafnamálastofnunarinnar, var á árinu við dælingar í 5 höfnum og reyndist sem fyrr ágætlega. Líkantilraunir Hafnamálastofnunarinnar sem hún hóf, eru í leiguhúsnæði við Funahöfða í Reykjavík og hófust þær í apríl 1977 með því að byggt var líkan af Vopnafjarðarhöfn. Lokið var við þessar líkantilraunir í lok júlímánaðar. Er stefna og lega nýja hafnargarðsins á Vopnafirði ákveðin á grundvelli þeirra niðurstaðna sem líkan af tilrauninni gaf. Síðar á árinu var byggt líkan af Akraneshöfn og er enn unnið að þeirri líkantilraun um áramót.

Nú þegar komið er að lokum yfirstandandi kjörtímabils þykir mér hlýða að gefa í stórum dráttum yfirlit yfir það fjármagn, sem varið hefur verið til hafnargerðar á undanförnum 4 árum, þ. e. árunum 1974—1977. Miðað við verðlag hvers árs hefur á þessu tímabili verið varið 4 milljörðum 222 millj. kr. til almennra hafnargerða, 1856 millj. kr. til landshafna og 564 millj. kr. til hinna sérstöku hafnargerða á Grundartanga og í Karlsey. Framkvæmdir í almennum höfnum skiptast þannig í grófum dráttum, og er þá reiknað út frá verðlagi hvers árs, að um 20% framkvæmdafjárins hefur farið í Reykjaneskjördæmi og munar þar auðvitað mest um framkvæmdir í Grindavík, til Austurlands fer örlítið minna eða rúm 19%, tæp 18% til Norðurlands eystra, 15% til Vesturlandskjördæmis, 13% í Vestfjarðakjördæmi, 10% í Norðurland vestra og 5% í Suðurlandskjördæmi. Sé framkvæmdum við landshafnir bætt við almennar framkvæmdir, sem er eðlilegt að gera, verða þessi hlutföll nokkuð önnur. Heildarframkvæmdakostnaður verður þá 6 milljarðar 78 millj. kr., þar af í Suðurlandskjördæmi 28.7%, í Reykjaneskjördæmi 17.8%, Austurlandskjördæmi tæp 14%, Norðurland eystra 12%, í Vesturlandskjördæmi 12%, Vestfjarðakjördæmi 9% og loks Norðurland vestra 8%.

Sé litið á framkvæmdir undanfarinna fjögurra ára í ljósi verðlags eins og það er orðið í dag, breytast framkvæmdatölurnar að sjálfsögðu verulega. Þeir 6.1 milljarður, sem framkvæmdir ná í almennum höfnum og landshöfnum á tímabilinu, yrðu þá 13.5 milljarðar kr. og um 14 milljarðar kr. ef Karlsey og Grundartangi eru tekin með. Það hefur því þegar, ef á heildina er litið, verið varið verulegu fjármagni til hafnargerðar á Íslandi á þessum 4 árum og verulegur árangur náðst í framkvæmdum, og nægir þar að

benda á hinar stórfelldu framkvæmdir í Grindavík og Þorlákshöfn.

Hafnirnar voru í upphafi þessa tímabils á margan hátt vanbúnar að taka á móti þeirri endurnýjun skipaflotans sem þá var að eiga sér stað með fleiri og stærri skipum sem kröfðust betri aðstöðu í höfnum. Ég tel að á þessum 4 árum hafi tekist að allverulegu leyti að laga hafnirnar að þessum nýju aðstæðum. Það er þó ekki fyrir að synja, að ýmislegt er ógert þar, enda eru hafnirnar ekki aðeins grundvöllur undir atvinnulífi margra, en fámennra byggðarlaga í kringum landið, heldur einnig þýðingarmikil samgöngutæki. Þær eru frumskilyrði þess, að hægt sé að halda uppi búsetu á fjölmörgum stöðum hér á landi. Því er áhugamál hvers og eins á þessum stöðum að staðið sé sem best að þessum málum.

Þar sem hafnirnar eru, að landhöfnum undanskildum, eign viðkomandi sveitarfélaga og ríkisframlagið er óafturkræft, er ljóst að það verður um leið bæði hagsmunamál og áhugamál íbúanna í viðkomandi sveitarfélögum hvernig höfnin er rekin og hvernig staðið er þar að nýjum framkvæmdum. Það er því mikils virði að sem mest og best samstarf sé á milli hafnarsjóðanna annars vegar og Hafnamálastofnunarinnar og samgrn. hins vegar. Hafnirnar mynduðu fyrir nokkrum árum Hafnasamband sveitarfélaga til þess að koma fram fyrir þeirra hönd og starfa að sameiginlegum áhugamálum þeirra í þessum efnum. Hefur árangur af starfi sambandsins orðið eins og best verður á kosið. Til þess að auka og bæta þetta samstarf eins og unnt væri skipaði samgrh. í ársbyrjun 1975 nefnd, meðfram fyrir ósk frá Hafnasambandinu, sérstaka samstarfsnefnd í hafnarmálum, sem í eiga sæti fulltrúar frá Hafnasambandinu, einn fulltrúi frá samgrn. og fulltrúi skipaður af ráðh., auk tveggja varamanna, sem mæta skulu á fundum undirnefndarinnar við og við. Hafnamálastjóri situr auk þess alla fundi nefndarinnar. Ég tel ótvírætt, að störf nefndarinnar hafi stuðlað að bættu samstarfi og skilningi á milli þeirra ólíku aðila sem að hafnargerðum standa. Ég vil því í lokin þakka samstarfið sem samgrn. og ég sem samgrh. hef átt við forustumenn í hafnamálum á því kjörtímabili sem nú er senn á enda.

Flugöryggismál, þáltill. (þskj. 533). — Ein umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 533 er till. um markmið og leiðir í öryggismálum á sviði flugmála. Tillgr. er þannig orðuð, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því við skiptingu þess fjár, sem árlega er veitt til framkvæmda í flugmálum, að hliðsjón verði höfð í öllum meginatriðum af till. flugvallanefndar frá nóv. 1976, og að við mat á forgangsröð slíkra framkvæmda verði eftirfarandi einkum haft í huga:

a) Öryggisbúnaður flugvallarins.
b) Aðbúnaður flugfarþega.
c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga.
d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaður.
e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag.
f) Þarfir millilandaflugs."

Nefnd sú, sem vísað er til í þáltill., flugvallanefnd, var skipuð 23. jan. 1976 til þess að gera úttekt á íslenskum flugvalla- og flugöryggismálum í heild auk till. um nauðsynlegar úrbætur svo og áætlunum á hve löngum tíma væri raunhæft að stefna að því að ljúka slíkum úrbótum og í hvaða röð. Í upphafi starfsins óskaði nefndin eftir nánari skilgreiningu á verki sínu og voru þá m.a. eftirfarandi atriði staðfest:

Meginverkefni nefndarinnar væri úttekt og tillögugerð varðandi þá flugvelli sem þjóna áætlunarflugi og reglubundnu póstflugi. Málefni varðandi Keflavíkurflugvöll væru ekki á verksviði nefndarinnar. Nefndin veitti einnig umsögn um þörf fyrir varaflugvelli norðan- eða austanlands sem ætlaðir séu til afnota fyrir stórar millilandaflugvélar.

Nefndin lauk störfum sínum í nóv. 1976 og skilaði þá skýrslu þeirri sem er fskj. þessarar þáltill. Enn fremur hafði nefndin látið vinna sérstakt myndskreytt yfirlit í nokkrum eintökum, þar sem fjallað var um hvern einstakan flugvöll sérstaklega. Skýrslu nefndarinnar var þá strax dreift til hv. alþm. og skrifstofu þingsins falin umsjá eins einstaks af áminnstu yfirlitsriti.

Hinn 4. maí 1977 var skýrslan síðan á dagskrá í hv. Sþ. sem þskj. 594, en umr. var ekki lokið um hana. Áminnst skýrsla hefur verið höfð til hliðsjónar hjá flugráði og samgrn. við gerð fjárlagatillagna fyrir árin 1977 og 1978.

Nú er það svo, að hvað flugmál varðar eru ekki til lagaákvæði um áætlanagerð líkt og gildir t.d. um vegi og hafnir, en í starfsreglum fyrir flugið nr. 235/1976 segir m.a., að flugráð geri heildaráætlun um nauðsynlegar framkvæmdir flugmála í 4 ár í senn og síðar, en ráðh. hefur fallist á slíkt sem eðlilega stefnu, sérlegar till. um framkvæmdir í samræmi við heildaráætlunina, svo og aðrar fjárlagatillögur flugmála innan þess frests sem rn. setur. Með ákvæði þessu er reynt að færa flugmálaframkvæmdir nær þeim áætlunarbúskap sem gefist hefur vel á öðrum sviðum samgöngumála, en þá er sá meginmunur á áætluninni, að vega- og hafnargerðir eru ræddar hér í þinginu og afgreiddar í formi þingsályktunar.

Tilgangurinn með skipun flugvallanefndarinnar var að afla sem víðtækastrar og jafnframt sem traustastrar undirstöðu undir framtíðaruppbyggingu flugmála landsmanna. Þegar hún var fengin, sem ég tel vera með téðri skýrslu, þá taldi ég rétt og skylt með hliðsjón af því, sem sagt var um vegi og hafnaáætlanir, að leita með till. þeirri, sem hér er til umr., eftir vilja Alþ. um alhliða stefnumörkun innan málaflokks þessa.

Því miður er þess ekki að vænta, að unnt reynist að lyfta því Grettistaki, sem úrbætur í flugmálum eru, á skömmum tíma. Í þeim efnum setja ýmsar ytri aðstæður okkur stólinn fyrir dyrnar. En þótt það takist ekki, þá getum við

markað stefnuna og varðað leiðina að því takmarki sem að hlýtur að vera stefnt.

Um skýrslu flugvallanefndar get ég í sjálfu sér verið stuttorður, því að hún skýrir sig að flestu leyti sjálf, en þó skulu eftirtalin aðalatriði tekin fram:

Við ákvörðun á búnaði einstakra flugvalla er lagt til að ráðast í sérstaka flokkun vallanna sem skýrð er í 5. kafla skýrslunnar, þ. e. í aðalflugvelli og „STOL"-flugvelli, sem fer eftir flugbrautarlengd og flutningum, en með því er átt við heildarþyngd flutninga um flugvöllinn, þ. á m. farþega, frakt og póst. Hugmyndir nefndarinnar um búnað flugvalla í hinum ýmsu atriðum eru síðar settar fram í formi framkvæmdastaðla í 7. kafla skýrslunnar, þar sem einkum eru höfð í huga tilmæli og staðlar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í þessu efni.

Þegar ákveðinn hefur verið búnaður flugvallar er komið að hinu erfiða og oft matskennda vali, þ. e. röðun framkvæmda. Eru í þáltill. og í skýrslunni sett fram sem slík ýmis þau atriði sem áhrif geta haft á þessa röðun, en auk þess gerir nefndin till. um forgangsröð tiltekinna verkefna og skulu þessi atriði rædd nokkru nánar.

Öryggisbúnaður flugvalla: Framkvæmdir, sem tengdar eru kröfum um lágmarksöryggisbúnað flugvallar, t. d. girðing um athafnasvæðin, símasamband, veðurmælitæki, fjarskiptatæki svo og slökkvibúnaður, hljóta að njóta forgangs umfram allar aðrar framkvæmdir. Sama gildir um tilskilda og nauðsynlega lágmarkslengd flugbrauta, þar sem hún er enn ófullnægjandi. Verkefnum af þessu tagi ætti að ljúka áður en ráðist er í aðrar framkvæmdir.

Aðbúnaður flugfarþega: Er fullnægt hefur verið lágmarkskröfum um öryggi flugsins, þarf einnig að sinna lágmarkskröfum í sambandi við aðbúnað flugfarþega á flugvelli, svo sem með upphituðu farþegaskýli með salernisaðstöðu. Á flestum áætlunarflugvöllum er ástand á þessu sviði bágborið og þarfnast úrbóta.

Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga flugvalla eru veigamikill þáttur í mati á forgangsröð framkvæmda og var á það drepið hér áðan. Augljóst er að þurfi t. d. að velja á milli tveggja flugvalla varðandi uppsetningu tækjabúnaðar sem lækkað gæti blindaðflugsmörk um helming mundi sá flugvöllur að öðru jöfnu ganga fyrir er hefði meiri flugflutninga. Þá mundu tekjumöguleikar slíks flugvallar vera meiri og því eðlilegt að þar yrði fyrst ráðist í framkvæmdir er kalla á umtalsverða fjárfestingu.

Ástand núverandi flugbrauta eða aðbúnaður: Ófullnægjandi flugbrautarlengd veldur því víða að takmarka verður hleðslu þeirra véla sem nota brautirnar. Á þeim flugvöllum, þar sem nauðsynleg lenging yrði tiltölulega ódýr í framkvæmd, ætti að setja slíkt verkefni ofarlega í forgangsröðina. Sama máli gegnir um ljósabúnað tiltekinna flugvalla sem nú eru eingöngu notaðir af minni flugfélögum. Eins og nú er háttað er aðeins heimaflugvöllur þessara flugfélaga búinn ljósum, en það veldur því, að flugfloti þeirra nýtist ekki nægilega vel, einkum að vetrarlagi.

Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag: Sum byggðarlög eru sérstaklega háð flugsamgöngum, einkum að vetrarlagi þegar fjallvegir lokast. Á sumum þessara flugvalla eru aðflugsaðstæður þröngar og rými fyrir flugvöllinn takmarkað. Þrátt fyrir þessa annmarka verður að leggja sérstaka áherslu á að íbúar þessara og svipaðra byggðarlaga njóti reglubundinna og öruggra flugsamgangna, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.

Þarfir millilandaflugs: Þeir flugvellir, sem auk hlutverks síns fyrir innanlandsflugið hafa sérstaka þýðingu fyrir millilandaflug, þurfa að fullnægja vissum kröfum sem það flug gerir ráð fyrir. Á Íslandi eru nú skráðir millilandaflugvellir í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, Hornafirði og Sauðárkróki.

Hvað varðar hina eiginlegu forgangsröðun koma einkum tvær aðalleiðir til greina, þ. e. að taka fyrst fyrir tiltekna flokka brýnna verkefna, t. d. slökkvibúnað eða fjarskiptatæki, og koma þeim í tilætlað horf á öllum flugvöllunum, eða megináherslan verði lögð á að fullgera ákveðna flugvelli þannig að þeir fullnægi öllum settum kröfum varðandi gerð og búnað. Í framkvæmd er þó sennilega raunhæfast að beita aðferð, sem væri sambland af þessu tvennu, og hafa við forgangsröðunina hliðsjón af þeim atriðum sem ég drap á hér að framan. Fyrst og fremst þarf að fullnægja tilteknum kröfum um lágmarksöryggisbúnað, og verða þau verkefni óhjákvæmilega að ganga fyrir öllum öðrum.

Í 8. kafla skýrslunnar, á bls. 44—52 í þáltill., setur nefndin fram hugmyndir sínar í samræmi við þau meginsjónarmið sem hér að framan hafa verið rakin, framkvæmdaáætlun ásamt áætlun um framkvæmdakostnað. Nú er það auðvitað svo, að breytingar á verðlagi hafa að verulegu marki sett allar kostnaðartölur úr jafnvægi, en það ætti ekki að riðla hinum almennu meginlínum sem þar koma fram, Nefndin bendir réttilega á að hér sé aðeins um tiltölulega grófa rammaáætlun að ræða sem ætluð er til hliðsjónar. Þó má segja að hún gefi allgóða vísbendingu um hverrar niðurstöðu má vænta þegar þessum till. nefndarinnar er beitt í raun.

Hér að framan hef ég einkum tekið mið af þörfum áætlunarflugvalla, en vert er að benda á að auk þeirra eru á opinberri skrá 59 aðrir flugvellir, svonefndir sjúkraflugvellir. Þótt þeir heyrðu ekki almennt undir verksvið nefndarinnar, þá gerði hún þá að umtalsefni í grein 5.5 og bendir réttilega á nauðsyn eðlilegs fjárstreymis til endurbóta á þessum flugvöllum og/eða nýbyggingar, eftir því sem við á, auk þess sem þar er getið helstu úrbótatillagna nefndarinnar í þeim efnum. Tekið skal undir með nefndinni, að sérstaka áherslu þarf leggja á trausta gerð og búnað flugvalla sem þýðingu hefðu á hugsanlegum hamfarasvæðum eða við flugflutninga af þeim.

Ég hef hér að framan drepið á nokkra meginþætti skýrslu flugvallanefndarinnar og læt þetta nægja að sinni, þó að brotakennt sé, og vísa að öðru leyti til hinnar ítarlegu skýrslu. En þó verður þessum málflutningi ekki lokið án nokkurra hugleiðinga um fjármögnun.

Fé til flugmála kemur í eðli sínu aðeins eftir tveimur leiðum, þ. e. frá skattgreiðendum almennt í formi framlags ríkissjóðs eða frá flug-

farþegum og öðrum notendum loftrýmis: farþegaskattar eða lendingargjöld o. fl. Á undanförnum árum hefur sú þróun orðið víðast hvar í heiminum, að tekna til að standa straum af útgjöldum við rekstur flugvalla og þjónustu fyrir flugið er í vaxandi mæli aflað í formi afnotagjalda. Hefur Alþjóðaflugmálastofnunin gert viðamikla úttekt á þessum málum og beinast till. hennar einmitt í þá átt. Í sumum löndum, t. d. Sviþjóð, hefur sú stefna verið mörkuð, að afnotagjöld í einu eða öðru formi standi undir öllum kostnaði hins opinbera við flugmál og því verði ekki um nein framlög úr ríkissjóði að ræða til þessa málaflokks. Til þess að unnt sé að ná þessu markmiði þurfa flugflutningar að vera töluvert miklir, þannig að nýting hlutaðeigandi mannvirkja verði góð. Hér á landi er þjóðhagslegt gildi flugsamgangnanna það mikið, að eðlilegt er að hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði við flugvelli og þjónustu sé tiltölulega mikil. Víða um land eru tryggar flugsamgöngur forsenda fyrir búsetu, auk þess sem t. d. mætti takmarka kostnaðarsama þjónustu, svo sem við sjúkrahús, við tiltölulega fáa staði, en efla þess í stað samgönguþættina, t. d. flugið.

Í till. sínum um þetta atriði bendir nefndin á að rétt sé að stefna að auknu hlutfalli afnotagjalda og annarra beinna tekna af flugumferð, þannig að það verði 100% af útgjöldunum í sambandi við millilandaflug, en ekki hærra en 50% af útgjöldum í sambandi við innanlandsflug. Vangaveltur um þetta atriði koma fram í 9. kafla skýrslunnar, og hlýt ég að telja að um rétta stefnu sé að ræða, þó auðvitað verði að gæta ákveðinnar varfærni með tilliti til eðlis íslenskrar flugumferðar og þess, að flugrekstrinum gefist nægilegur aðlögunartími vegna þessara hugsanlegu breytinga. Hér er einnig vert að benda á til umhugsunar leiðir þær, sem farnar hafa verið í Noregi, en þar er hluti ríkisins í fjárfestingarkostnaði flugvalla 90%, en hlutaðeigandi sveitarfélaga 10%. Sveitarfélagið annast síðan rekstur flugvallarins, þ. e. athafnasvæða, bygginga, ljósabúnaðar, slökkviþjónustu og snjóruðningatækja samkv. leyfi flugmálastjórnarinnar, en fær þess í stað lendingargjöldin. Flugmálastjórnin norska annast hins vegar flugumferðarþjónustuna og starfrækslu blindflugs- og fjarskiptakerfa.

Að lokum skal undir það tekið með nefndinni, að til lítils er að byggja upp gott kerfi flugvalla og annan aðbúnað ef ekki er jafnframt reynt að tryggja og treysta starfslið flugmálastjórnar þannig að sem best eftirlit fáist með öllum flugrekstri, t. d. gerð og búnaði flugvéla og menntun þeirra sem með þær eiga að fara, enda hefur verulegt átak í þessum efnum verið gert af rn. hálfu og má segja að þegar hafi verið tekið mið af öllum till. nefndarinnar hvað þetta atriði snertir.

Herra forseti. Ég tel, að ég hafi hér að framan gert þá grein fyrir þáltill. sem eðlilegt er á þessu stigi, og mun því láta máli mínu lokið. En þar sem hér er um tillögu að ræða að forminu til þá legg ég til að henni verði vísað til hv. fjvn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Um þetta mál er ekki út af fyrir sig mikið að segja, því að þótt plaggið sé þykkt, þá er till. að sama skapi þunn, aðeins tæplega 4 línur með 6 undirliðum, textalausum að öðru leyti, plús fskj. sem þegar er fyrir löngu út komið. Efni þáltill. — það er betra að skoða vel — er um að stefnt skuli að því að skipta því litla fé, sem árlega fer til flugmálaframkvæmda í landinu, með hliðsjón af till. flugvallanefndar, þ. e. a. s. fskj. og eftirfarandi atriðum, sem höfð eru í huga þegar ráðað verður verkefnum eftir forgangsröð, og þessi atriði eru: öryggisbúnaður flugvallarins, aðbúnaður farþega, fjöldi flughreyfinga, ástand flugbrauta og búnaðar, mikilvægi flugs — þar á ég við millilandaflug.

Þegar ég sá fyrst þetta plagg, — það er nú stutt síðan, — þá hélt ég að í þessu væri eitthvað merkilegt, a. m. k. eitthvað nýtt, en eins og menn heyra er það auðvitað alls ekki, — því að hvað heldur hæstv. ráðh. að flugráð hafi í huga þegar það er að skipta þessum fjárveitingum? Auðvitað þessi atriði. Þannig getur auðvitað verið allt í lagi að samþykkja þessa till., að flugráð haldi uppteknum hætti og skipti þessum peningum, sem allt of litlir eru til þessara mála, og ráði verkefnum í forgangsröð með tilliti til þarfarinnar á hverjum stað og á landinu öllu.

Það, sem fékk mig í rauninni til þess að standa hér upp, var hversu mikla áherslu hæstv. ráðh. lagði á skýrslu flugvallanefndar, ekki síst þegar hæstv. ráðh. fór að tala um fjármálin og hvernig afla ætti tekna til framkvæmda í flugmálum á Íslandi, en þá sagði hann m. a., að það ætti að reyna að stefna að því, að tekna yrði aflað í vaxandi mæli í formi afnotagjalda, eins og þeir gera í útlöndum. Við Íslendingar fljúgum ákaflega mikið. Innanlands fljúgum við meira en einu sinni með alla þjóðina á ári hverju miðað við tölur síðustu ára. (StJ: Hvert?) Innanlands. Ég vona að hv. þm. Stefán Jónsson viti hvað það er. En í útlöndum vill nú svo til, að þar er fólk, sem flýgur líka talsvert mikið, þó ekki sé í sama mæli og við með tilliti til fólksfjölda. Þar er flugumferðin að sjálfsögðu í heild miklu, miklu meiri og margfalt meiri á hverjum flugvelli, þannig að þessi gjöld, afnotagjöld af flugvöllunum, geta staðið undir stærri hluta af framkvæmdakostnaði en nokkurn tíma verður hægt hér. Og manni hefur sýnst að flugrekstur í landinu hafi ekki borið sig betur en svo hér innanlands, að á þau fyrirtæki, sem standa í þessu, sé varla hægt að leggja mjög miklar byrðar í viðbót, það er staðreyndin. Tekjur af afnotagjöldum af flugvöllum renna því aldrei til þess að standa undir framkvæmdum sem ættu að vera eitthvað í takt við þann hraða sem er að finna í till. flugvallanefndar. Hún lagði til á sínum tíma að á 5 árum yrðu framkvæmdir upp á 5 milljarða miðað við verðlag á Íslandi 1976 eða 1975. Það var sem sagt 1 milljarður á ári miðað við þágildandi verðlag, sem hefur a. m. k. tvöfaldast síðan. En fjárveitingar á síðasta ári, nýjar fjárveitingar, voru 530 millj. og það er kannske fjórði til fimmti parturinn af því sem hefði þurft ef tekið er mið af till. flugvallanefndarinnar.

Hæstv. ráðh. vísaði í 9. kafla skýrslu flugvallanefndar, þar sem segir um fjármálin m. a. í kafla sem merktur er með þremur tölustöfum, 9.3.5. Nefndin leggur til, að „flugvallagjöld“ —

nú fara vonandi allir að kannast við hvað við er átt — og tekjur af fríhöfn Keflavíkurflugvallar, sem nú renna í ríkissjóð, verði markaðir tekjustofnar, er renni til flugmálastjórnar, enda yrði slík ráðstöfun í samræmi við alþjóðavenjur á þessu sviði. — Það var út af þessu atriði m. a. sem ég vildi taka hér aðeins til máls.

Það er nú svo, að því miður er allt of sjaldan minnst á þessi flugmál hér nema náttúrlega við fjárlagaafgreiðsluna og eins þegar hv. þm. Vestf. þurfa að koma einhverjum góðum málum í sviðsljósið, og þeim sé þökk fyrir það, því að þá tala a. m. k. 5, og veitir ekki af að þjóðin fái að heyra minnst á að þessi mál séu líka nauðsynleg og þörf í þjóðfélaginu. En fyrst hæstv. ráðh. vísaði í þennan kafla, þá vil ég segja, að í haust lagði ég fram till. um að sú hækkun, sem lögð var til og gerð var á flugvallagjaldi, rynni til flugmála, til ákveðinna þátta í flugmálum, ekki allt flugvallagjaldið og ekki var minnst á fríhafnarpeningana, heldur aðeins hækkunina. Það var ekki verið með nema frekju, heldur aðeins tekinn hluti til þess að byrja á því að fá einhverja markaða tekjustofna í þennan málaflokk sem hefur því miður verið sveltur allt of lengi. Þessa till. felldi hæstv. flugmáaráðh. Halldór E. Sigurðsson eins og aðrir í stjórnarliðinu. En nú sýnist hæstv. ráðh. þessi leið vera orðin býsna góð og í stuttri ræðu sinni notar hann tækifærið til að vitna einmitt í þennan kafla, þar sem þetta er að mínum dómi eitt meginatriðið í fjármögnunartillögum flugvallanefndar. Ég vildi þess vegna minna á þetta, að þarna er möguleiki til þess að fá verulegar tekjur af fluginu sjálfu án þess að þurfa að leggja mjög miklar byrðar á reksturinn, þótt að sjálfsögðu sé rétt að taka þau lendingargjöld sem tekin hafa verið. Þær upphæðir eru þó ekki nægilega miklar, en mér skilst að flugvallagjaldið sé núna á ári 600 millj., allt flugvallagjaldið, þ. e. a. s. sama og fékkst samtals með þeim peningum sem komu út úr flugskýlinu, sem brann, til allra framkvæmda í flugmálum á Íslandi.

Ég er ósköp ánægður yfir því, að þessi þáltill. hefur verið lögð hér fram. Það sýnir þó að þessi mál eru ekki gleymd, þau koma aðeins til umr., og sýnir að menn vilja reyna að leita einhverra raunhæfra leiða til þess að fjármagna þessa hluti. Innihald till. er þó auðvitað ekkert annað en það sem „praktiserað" hefur verið í mörg ár, þar sem valdalitið flugráð og allt of peningalitið hefur einmitt skipt peningunum eftir því hvar þörfin hefur verið mest og á undanförnum árum lagt langmesta áherslu á öryggið í fluginu, þá ekki aðeins öryggi á flugvellinum sjálfum, heldur á flugleiðsögutæki, þannig að flugvélarnar geti komist niður á flugvallarsvæðið og síðan tekið þar lendingu, ef hún er yfir höfuð möguleg. Þess vegna mun ég að sjálfsögðu samþykkja þessa till. sem staðfestir það í raun inni sem flugráð hefur verið að gera og það sem flugráð hefur verið að leggja til í mörg ár, þ. e. það sem flugvallanefndin hafði sett saman í eina skýrslu. Ýmsir höfðu ýmislegt við það að athuga, að þessi nefnd væri skipuð, og töldu að flugráð hefði getað gert þetta eitt út af fyrir sig. Það kann að vera nokkuð til í því, en með því voru þó alla vega sett á blað þau atriði, sem fram þurftu að koma og finnanleg þurftu að vera í samanþjöppuðu og vel skiljanlegu formi. Ég legg sem sagt til, að að umr. lokinni verði þessi till. til þál. frá hæstv. samgrh. samþykkt.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þó það væri nú ekki til annars en valda ekki hv. síðasta ræðumanni vonbrigðum, þá ætla ég að segja hér örfá orð. Ég skal vera stuttorð.

Í fyrsta lagi finnst mér tillgr. einkennileg að því leyti, hvernig forgangsröðinni er háttað. Það eru 6 stafliðir, a, b, c, d, e, f. Undir a) kemur öryggisbúnaður flugvallarins, b) aðbúnaður flugfarþega, c) fjöldi flughreyfinga og magn flutninga, d) ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaður, e) mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag og f) þarfir millilandaflugs. Ef ég hefði átt því láni að fagna að fá að leggja orð í belg um þessa forgangsröð, þá hefði mér ekki þótt orka tvímælis, að í fyrsta lið hefði að sjálfsögðu átt að koma, eins og nú er, öryggisbúnaður flugvallarins. Það hlýtur að vera aðalatriði þar sem flugvöllurinn er. Næstsíðasta liðinn hefði ég viljað færa næstan, þ. e. a. s. mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag. Mér sýnist þetta liggja í augum uppi. Ég vil vitna til, um leið og ég bendi á þetta, greinar á bls. 41, þ. e. tölul. 7.5.7. Ég vil leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa upp þá grein:

„Sum byggðarlög eru sérstaklega háð flugsamgöngum, einkum að vetrarlagi þegar fjallvegir lokast. Má í þessu sambandi nefna t. d. Patreksfjörð, Suðureyri, Ísafjörð, Þórshöfn og Vopnafjörð. Á sumum þessara flugvalla eru aðflugsaðstæður þröngar og rými fyrir flugvöllinn takmarkað. Þrátt fyrir þessa annmarka verður að leggja sérstaka áherslu á að íbúar þessara og svipaðra byggðarlaga njóti reglubundinna og öruggra flugsamgangna, sérstaklega yfir vetrarmánuðina."

Þarna er lagt til, og auðvitað liggur það beint við, að sérstaklega verði að leggja áherslu á að bæta flugsamgöngur þar sem þær eru ófullkomnastar og þar sem þeirra er helst þörf. Þess vegna tel ég þessa ábendingu mína og þessa grein í beinu samhengi við aths. um forgangsröðunina í sjálfri tillgr. eðlilega. Ég vil enn, til þess að ofbjóða nú og ganga fram af hv. þm., benda á að á Vestfjörðum er enginn næturlýstur flugvöllur og í till. um forgangsröð á næturlýsingu er sá einasti flugvöllur sem vegna landfræðilegra ástæðna kemur til greina á Vestfjörðum, Patreksfjörður. Hann er settur þriðji síðasti í röðinni. Þessa röðun og þessa niðurstöðu á ég bágt með að skilja. Ég hef enda í samtali við flugmálastjóra fengið upplýst að þessi röðun kemur honum algerlega á óvart. Hann segir að hún muni ekki runnin undan rótum flugráðs eða flugmálastjórnar. Því hygg ég að mér sé óhætt að gera ráð fyrir því, að þetta verði endurskoðað.

Ég skal ekki láta fleiri orð falla um þetta, en ég vil enn einu sinni hér á hv. Alþ. benda á það, sem við raunar vitum öll, að flugmál eru sam-

göngumál og það eru til tvær samgn. í hv. Alþ., í Ed. og Nd. Þessar n. eru svo til verkefnalausar og væri í rauninni við hæfi að leggja þær niður eins og búið er að rýja þær öllum verkefnum, nema okkur er af náð gefið leyfi til að úthluta styrkjum til flóabáta og vetrarflutninga. Ég vek athygli á, að það er að sjálfsögðu mikilvægt verkefni, en verkefni samgn. eiga eðli sínu samkv. að vera margfalt meiri. Ég spyr: Þurfum við að hlaða meiru á fjvn. sem þegar er ásetnasta n. þingsins og er að mínu viti ofhlaðin verkefnum? Og ég spyr enn: Væri ekki eðlilegt, að sami háttur væri hafður á um flugmál eins og um styrkina til flóabáta og vetrarsamgangna, að samgn. d. væri steypt saman í samvn. samgm. og hún, samvn. samgm., fengi þessi mál til umfjöllunar í stað fjvn.? Ég vildi gjarnan heyra hæstv. ráðh. tjá sig um þetta og um það, hvort í rauninni er tímabært að leggja samgn. Alþ. niður.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir margt af því sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði, enda höfum við verið sammála um öll meginatriði af því, sem hér liggur fyrir, á fundum flugráðs. Þó að þessi skýrsla sé ekki annað en staðfesting á því sem flugráð hefur fjallað um og gert að till. sínum ár eftir ár til fjvn., þá vil ég fagna því, að þessi skýrsla er fram komin, og tel að nefnd sú, sem hæstv. samgrh. skipaði 23. jan. 1976, hafi unnið mjög gott starf og þarft. Ég minnist þess ekki, að flugráð hafi verið ósammála um nokkurn skapaðan hlut í þessari skýrslu. Allt, sem hún segir að þurfi að gera — kannske í annarri röð en fram kemur í skýrslunni — telur flugráð nauðsynlegt að gert verði sem allra fyrst. Nefndin er skipuð í jan. 1976, eins og ég gat um, en flugráð, eins og kemur fram á bls. 17, gerði till. sínar 14. jan. 1975 um skipan íslenskra flugvalla í flokka. Í aths. við þáltill. þessa segir, með leyfi hæstv. forseta, ef ég grip niður í 3. mgr.:

„Ljóst er að ekki er unnt að mæta till. flugvallanefndar um fjármagn og framkvæmdahraða, en þar sem í skýrslu hennar eru á glöggan hátt dregnar saman upplýsingar um núverandi ástand íslenskra flugvalla og gerðar till. um sem skipulegastar úrbætur í þeim efnum, þá hefur verið talið rétt að leita með till. þessari eftir vilja Alþ. um alhliðastefnumörkun þess í uppbyggingu flugvalla og annars þess búnaðar sem nauðsynlegur er til sem öruggastra flugsamgangna hér á landi."

Þetta er einmitt það sem flugráð hefur verið að benda á í langan tíma. Þm. muna eflaust eftir sjónvarpsviðtali, sem rætt var á Alþ., við flugmálastjóra, þar sem hann talaði um að loka þyrfti mörgum flugvöllum hér á landi vegna skorts á nauðsynlegustu öryggistækjum, svo að við förum nú ekki út í dýran búnað, einmitt því sem tekið er fram hér í skýrslunni. Það eru girðingar í kringum velli, slökkvitæki, lágmarkslengd brautanna og síðan ljósaútbúnaður, miðunarstöðvar o. s. frv. Ég held því að það sé mjög þarft að Alþ. lýsi yfir vilja sínum og marki stefnu sem flugráð getur þá unnið eftir, því að ég vil taka það fram, að þó að fjárveiting hafi orðið okkur flugráðsmönnum mikil vonbrigði á hverju ári, þá hefur hún sjaldan verið eins lág og eins mikil vonbrigði fyrir okkur og í ár. Það er þó hvorki hæstv. ráðh. að kenna né samgrn., því að samgrn. stóð eins og það gat að því, að við fengjum þá upphæð sem við fórum fram á, sem var 900 millj. kr., en niðurstöðutalan var, eins og kom fram hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, 600 millj., sem nægir ekki fyrir nauðsynlegasta öryggisbúnaði hvað þá meira. En ég fagna því, að þessi skýrsla skuli koma fram, og vona að þm. styðji það sem þar er beðið um. Það er beðið um stefnumörkun í flugmálum, uppbyggingu flugvalla og flugmála á landinu öllu.

Það er ekki bara, að flugvallanefnd hafi gert till. um svo til sömu atriði og flugráð hafði gert nokkuð oft áður, heldur eru niðurstöðutölur, kostnaðartölur frá flugvallanefnd og hjá flugráði þær sömu í öllum aðalatriðum. Ég vil síðan taka undir það með hv. 5. þm. Suðurl., sem hann sagði um kafla 9.3.5 á bls. 57, að nefndin leggur til að flugvallagjald og tekjur af fríhöfn Keflavíkurflugvallar, sem nú renna í ríkissjóð, verði markaður tekjustofn sem renni til flugmálastjórnar til uppbyggingar á flugmálum í landinu. Ég hef heyrt því fleygt fram, áður en þessi flugvallaskattur var settur á, sem er þvingun fyrir flugfarþega, að ríkissjóður hefði meira upp úr flugmálum en hann léti til þeirra renna. Ef það er rétt og flugvallaskatturinn bætist þá ofan á tekjur ríkissjóðs af flugmálum, þá er ríkissjóður farinn að gera flugmálin að tekjulind, tekur ekki þátt í uppbyggingu flugmála á landinu. Þetta er verðugt verkefni að athuga og væri gott að fá það fram, hvort ég fer hér með rétt mál eða ekki. Hæstv. samgrh. hlýtur að hafa upplýsingar á takteinum hvað þetta snertir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið síðan ég talaði áðan, vil ég taka það fram, að mér er auðvitað ljóst að hv. flugráðsmenn, sem hér eru einnig alþm., eru þessum málum best kunnugir af þeim mönnum sem setið hafa á þingi. Það er ekki nema eðlilegt, því að þetta er eitt af þeim störfum sem þeir sinna sérstaklega. Hins vegar vil ég segja, að það var í samráði við ályktun flugráðs að þessi nefnd var skipuð. Ég tel að það muni sannast, að starf þessarar nefndar hafi verið happadrjúgt, og það er tilgangurinn með þessari till., eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Suðurl. og 12. þm. Reykv., að marka stefnu um framkvæmd í flugmálum. Þetta var verkefni, sem nefndin átti að leggja grundvöll að og þarf að staðfesta.

Það, sem einnig kemur fram í grg. þessarar till., er um fjármálin. En þá er rétt að hafa í huga að flugvallaskatturinn var ekki tekinn upp fyrr en á þessu kjörtímabili. Eins og hann var, þá var hann lægri en það sem veitt var til uppbyggingu á flugvöllum, og þrátt fyrir hækkunina, sem gerð var í lok afgreiðslu fjárl. að þessu sinni, þá er þetta þó lægra miðað við áætlun og ekki alveg öruggt að sú áætlun standist. Þó getur auðvitað verið að áætlunin geri það og vel það. Ástæðan til þess að bent er á þetta í grg. þáltill., sem hér er til umr., er einmitt sú, að þarna getur verið að skapast möguleiki sem hyggilegra væri að nota til uppbyggingar á flugvöllunum heldur en ákvörðun í fjvn. hverju sinni.

Þess vegna er bent á þessa leið og er það í samræmi við þá viljayfirlýsingu, sem kom fram hjá þessum tveim hv. þm. og rétt er að athuga.

Ég skal geta þess, að ég hugleiddi mjög, þegar var verið að taka ákvörðun um að hækka skattinn, hvort ekki ætti að breyta yfir á þetta svið, en taldi að það væri ekki rétt fyrr en séð væri hvernig þessu reiddi af. Ég benti á þetta út frá því sem einmitt kom fram hjá þessum hv. þm. tveim.

Um röðun verkefna í þáltill. er það að segja, að þetta er eins og hvert annað þingmál, sem hv. alþm. geta breytt ef þeim sýnist annað hentugra í röðuninni. En ég held að við verðum allir sammála um að öryggismálin eigi að koma í fyrstu línu, vera nr. eitt, og því verði ekki breytt. Þess vegna fagna ég því sem þeir tveir hv. þm., sem töluðu um þetta, sögðu, því það var byggt á skilningi á þessum málum.

Út af því, sem hv. 9. landsk. þm. sagði og vitnaði í samtal við flugmálastjóra, þá vil ég taka fram, að ég hef ekki vanið mig á, hvorki í þingræðum né öðrum pólitískum málflutningi, að vitna í samtöl við einstaka menn, því að mér finnst það ekki viðeigandi og allra síst á hv. Alþ. Enda segir ekki um það, sem fram kom í þessu tali hv. 9. landsk. þm., að flugráð geti ekki gert till. um aðra meðferð á einstökum flugvöllum en kemur fram í áliti flugmálanefndarinnar. Það dettur engum annað í hug en hér sé um ábendingu að ræða, en ekki ákvörðun, því að endanleg ákvörðun hlýtur að verða á hv. Alþingi.

Á því að vísa máli úr Sþ. til n., sem ekki er til í Sþ., kann ég ekki skil. Það er engin n. í Sþ., sem heitir samgn. Það er vinnulag, m. a. fjvn., að láta samgn. beggja d. fjalla um einn þátt í fjárlagaafgreiðslunni, sem er úthlutun á stuðningi við flóabáta og ferjur. En mál slíkt sem þetta, sem varðar alla þjóðina, verður að sjálfsögðu að meðhöndla eins og þingsköp gera ráð fyrir, og þess vegna er till. mín miðuð við það, að fjvn., sem um þetta mál fjallar þangað til annað kann að verða ákveðið í þingsköpum, eigi um till. að fjalla. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta mál frekar, en þakka undirtektir þær sem till. sjálf hefur fengið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég vil taka það fram, ef það hefur ekki komið nógu skýrt fram í máli mínu áðan, að ég vildi ekkert vont segja um skýrslu flugvallanefndar — alls ekki. Það er einmitt mjög gott að hafa allt þetta efni hér saman komið á einum stað með þeim ágætu skýringum og vandlega unnu töflum og öðru efni sem þar fylgir til þess að hafa til hliðsjónar og til þess að miða stefnuna við. Í skýrslunni eru samandregin flest þau atriði sem menn gátu séð á þeim tíma þegar hún er samin, og nær hún sjálfsagt yfir langflest þau atriði sem einhverju máli skipta enn í dag og sennilega um allmargra ára skeið fram í tímann, því að það er nokkuð ljóst, hvað þarf að gera í þessum efnum á komandi árum og þá kannske ekki síst í því að endurnýja flugleiðsögukerfið. Sumt af því er að verða mjög gamalt og vantar slík tæki til þess að ná góðu sambandi milli ýmissa landshluta. Og það má kannske geta þess hér, að einmitt á Vestfjörðum er verið að gera gagngerar endurbætur í þessu efni með því að setja upp fjölstefnuvita í Ísafjarðardjúpi til þess að tryggja betur flug á þennan erfiða stað, þar sem landslagi er þann veg háttað, að blindflug er svo gott sem útilokað á flestalla staðina á Vestfjörðum, en meðan svo er þýðir afar lítið að lýsa upp flugvellina, ef menn komast ekki niður á þá.

Ég undrast það, þegar hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir vitnar hér í flugmálastjóra, að honum hafi ekki litist á þessa forgangsröðun. Það er ósköp einfaldlega vegna þess, að þessa upptalningu í þáltill. skil ég ekki þannig, að fyrst skuli taka a, síðan b og svo c, heldur verður að taka mið af þessum liðum eftir aðstæðum á hverjum stað, en kannske þarf fyrst og fremst að hafa þá alla í sjónmáli í senn, vegna þess að þeir verða ekki slitnir hver úr tengslum við annan. Það er nokkuð augljóst fyrir þá, sem þekkja til þessara mála. Og t. d. eru síðasti eða næstsíðasti liðurinn, mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag, kannske alltaf nr. eitt þegar öryggismálum hefur verið sinnt nægilega, því að það þýðir ekki að stefna áætlunarflugi á staði sem bjóða upp á hættulegar aðstæður. Fyrst þarf að leysa vandann varðandi öryggismálin, en síðan koma auðvitað staðasjónarmiðin næst. Það er einmitt það sem er brýnast, fyrir utan nauðsynlegar endurbætur á flugleiðsögukerfi og aðflugsskilyrðum, að taka þá landshluta, sem hafa vegna aðstæðna orðið út undan, vegna fjárskorts m. a. þá vil ég sérstaklega nefna Vestfirðina. Og ég tel að flestir hafi litið svo á, þegar þetta birtist hér, þessir 6 liðir, að það skuli ekki endilega taka þá í þessari röð, heldur séu þetta atriði sem öll verði að hafa í huga í senn og ekkert þeirra sé í rauninni mikilvægara en annað, eins og auðsjáanlegt er ef menn fara að athuga málin betur.

Mig minnir að ég hafi sagt eitthvað á þá leið í ræðu í haust eða í vetur, þegar þessi mál voru til umr., að auðvitað hefði verið útilokað að leysa fyrst vanda þeirra staða sem erfiðasta afstöðu höfðu, því að það eru í mörgum tilfellum sömu staðirnir og búa við tiltölulega litla flugumferð. Ef við hefðum byrjað á því í fluginu hjá okkur að leysa þennan vanda, þá hefði flugumferðin aldrei orðið nægileg til þess að standa undir fluginu í landinu, þá hefði ekkert flug upphafist í landinu. Fyrst var að ganga frá þeim stöðum, sem gátu skapað þá umferð sem nauðsynleg var til þess að standa undir flugrekstrinum. En nú er komið að því og að vísu fyrir alllöngu byrjað að reyna að leysa með viðunandi hætti, eftir því sem mögulegt er, vanda þeirra sem hafa búið við erfiðust skilyrði.

Herra forseti. Ég þarf þá ekki að segja meira um þetta. En ég vil endurtaka, að ég fagna því, að þessi þáltill. hefur verið lögð fram. Hún sýnir þó a. m. k. að það er verið að hugsa um þessi mál og það ber að leiða þau fram í ljósið og sýna að menn vilji hafa þau með hinum. Þessi mál eru ákaflega mikilvæg fyrir okkur Íslendinga, vegna þess að ýmsar aðrar samgöngur eru ekki nándar nærri því í nægilega góðu lagi, eins og menn hafa séð af reynslunni. Samgöngur eru

eitt af því nauðsynlegasta til þess að halda landinu öllu í byggð og þurfa svo sannarlega að vera aðaláhugamál allra hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Réttindi bænda, sem eiga land að sjó, þáltill. (þskj. 384). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 384 hef ég flutt till. til þál. um athugun á veiðiréttindum bænda, sem eiga land að sjó. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að láta endurskoða nokkur ákvæði laga um lax- og silungsveiði, sem orka kunna tvímælis. Í þessu sambandi ber einkum að kanna réttindi og skyldur bænda, sem eiga land að sjó, og athuga, hvort ekki sé ástæða til að rétta þeirra hlut. M. a. ber sérstaklega að kanna:

hvort veiðiréttur á silungi í sjó, sbr. 15. gr. laganna, er ekki bundinn óþarflega ströngum takmörkunum til viðbótar þeim veiðihömlum, sem stafa af óblíu veðurfari hér við land;

hvort ákvæði 23. gr. laganna um skyldu manna til að sanna sakleysi sitt, ef grunur um lögbrot fellur á þá, gangi ekki þvert á meginreglur íslenskra laga um sönnunarbyrði í refsimálum;

hvort ákvæði 6. tölul. 89. gr., sem heimila eftirlitsmönnum húsleit að eigin geðþótta án undangengis úrskurðar, gangi ekki langt úr hófi fram.

Jafnframt ber að stefna að því, að bændum, sem eiga land að sjó og hafa verið sviptir hlunnindum bótalaust, eigi í framtíðinni rétt á sérstakri fyrirgreiðslu til að koma upp fiskrækt sem aukabúgrein, þar sem góðar aðstæður eru fyrir hendi."

Till. þessi skýrir sig nokkuð sjálf. Ég vil þó fara um hana nokkrum orðum, en að öðru leyti vísa til grg. Ég vil taka það fram, að hér er ekki verið að mæla með því að farið sé að veiða lax í sjó á nýjan leik eða að það sé lögleyft.

Laxabúskapur Íslendinga lofar góðu og fiskrækt í ám og vötnum á vafalaust glæsilega framtíð fyrir sér hér á landi, bæði sem veiðiskapur eins og nú er og svo hugsanlega í framtíðinni sem aukabúgrein og sjálfstæður atvinnurekstur. Og ég vil raunar láta í ljós þá skoðun mína, að það sé furðulegt, hve Íslendingar eru langt á eftir nálægum þjóðum í þeim efnum að byggja upp lax- og silungsrækt sem búgrein. Mér er kunnugt um að í nálægum löndum er um að ræða framleiðslu í stórum stíl nú orðið, enda hefur þessi búskapur aukist mjög hröðum skrefum á undanförnum árum, en hér á landi hefur verið um meira eða minna algjöra stöðnun að ræða. Lax- og silungsrækt í lokuðum hólfum við og í sjó á eftir að stóraukast hér á landi og þá ekki síst þar sem einhvern jarðhita er að fá.

Þótt viðurkennt sé að laxveiðar í ám og vötnum séu mjög mikilvægur þáttur í búskap landsmanna og sist ástæða til þess að draga þar neitt úr, þá má þó ekki gleyma hinu, að sú þróun, sem orðið hefur í veiðimálum á undanförnum árum, hefur að nokkru leyti orðið á kostnað bænda sem eiga land að sjó. Þeir hafa verið sviptir hlunnindum sem forfeður þeirra hafa notið um aldur. Þeir hafa að öllu leyti misst rétt til laxveiða í sjó og fá engan arð af aukinni laxagengd í veiðiám, en auk þess eru veiðar á silungi í net háðar miklum takmörkunum og raunar bannaðar hálfa vikuna. Þetta er gert til samræmis við reglur sem gilda um veiði í ám og vötnum, en er ekki að öllu leyti sambærilegt hvað aðstæður snertir, því ef eitthvað er að veðri er veiði í sjó vonlaus, en það þarf alls ekki að vera í ám og vötnum. Veiðidagar verða því af náttúrlegum ástæðum miklu færri í sjó en í ám og vötnum.

Um leið og ég vil undirstrika að ekki er rétt að leyfa laxveiðar í sjó að nýju, þá tel ég þó að ástæðulaust sé að herða svo að silungsveiði í sjó að bændur, sem búa við sjávarsíðuna, verði nær réttindalausir. Á seinustu árum hefur eftirlit með veiði í sjó verið mjög aukið. Eðlilegt eftirlit er sjálfsagt að allra dómi, en ýmsar heimildir eftirlitsmanna lögum samkv. og aðfarir þeirra með stoð í lögum sæta ámæli svo að illindi hafa af hlotist.

Ég hef leyft mér í grg. að vitna í nokkur ákvæði veiðilaga sem mér þykja óeðlilega ströng og í litlu samræmi við íslenskar réttarvenjur. Í 3. tölul. 23. gr. segir: „Sá, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, sem felst í þessari grein, er sýkn, ef hann sannar, að fiskur sé veiddur erlendis eða á löglegum tíma." Hér er sönnunarbyrðinni algjörlega snúið við. Maðurinn telst sekur nema því aðeins að honum takist sjálfum að sanna hið gagnstæða. Þetta tel ég að sé allt of langt gengið, sérstaklega þar sem ekki eru stórkostlegri hagsmunir í veði en raun ber vitni, og að þetta hljóti að hafa flotið einhvern veginn með í gegnum Alþ. án þess að það hlyti eðlilega skoðun..

Í öðru lagi segir í 6. tölul. 89. gr.: „Nú leikur grunur á, að ólöglegt veiðifang sé geymt í verslun, reykhúsi, frystihúsi eða öðru geymsluhúsi, og er eftirlitsmanni heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit að slíku veiðifangi og taka það í sína vörslu, ef þurfa þykir, en gera skal hann dómara þeim, er í hlut á, þegar viðvart, en hann skal þegar taka málið til meðferðar."

Að eftirlitsmanni sé heimilt án undangengins úrskurðar dómara að gera leit í húsum manna er heimild sem lögreglumönnum er ekki veitt. Það verður ævinlega að fá úrskurð dómara til þess að leit sé leyfileg. Jafnvel þótt morðingi eigi í hlut er ekki heimilt að gera húsrannsókn í húsi hans nema að undangengnum úrskurði dómara. Þess vegna þykir mér lítt skiljanlegt og ekki við hæfi að þessi lög skuli veita ólöglærðum veiðieftirlitsmönnum vald sem dómurum einum er ætlað samkv. almennum reglum íslenskra réttarfarslaga. Hér eru áreiðanlega ekki þeir hagsmunir í veði, að eðlilegt sé að veita ólöglærðum mönnum, sem oft eru ráðnir til skamms tíma, kannske fárra vikna, og þekkja kannske ekki ýkjamikið til þess starfa, sem þeir eru ráðnir til að gegna, slíkt vald.

Ég vil undirstrika það hér, að till. þessi er ekki flutt að tilefnislausu. Till. er flutt vegna eindreginnar áskorunar mikils fjölda bænda, sem eiga land að sjó og telja, m. a. með tilvísun til þeirra sérkennilegu lagagreina sem ég vitnaði til, að vakin hafi verið upp illindi og úlfúð að

óþörfu. Þeir hafa sent okkur þm. á Norðurl. v. áskoranir, m. a. úr báðum Húnavatnssýslum og úr Skagafjarðarsýslu, þar sem þess er mjög eindregið farið á leit, að hlutur bænda, sem eiga land að sjó, verði réttur. Inngangur að þessu undirskriftaskjali, sem áritað var af miklum fjölda bænda í þessum sýslum og var sent þm. kjördæmisins, birtist sem fskj. með þessari till. ásamt bréfi sem henni fylgdi.

Það er skemmst af að segja, að nú er orðið nokkuð um liðið síðan bændur hófu þessa málsumleitan við okkur þm., og það hefur því miður ekki borið neinn árangur fyrr en ég taldi rétt að kynna alþm. þessa beiðni með flutningi þessarar tillögu. Ég vil láta þess getið, þó að það sé algjörlega áreitnislaust gagnvart þeim ráðh. sem í hlut á og er nú hér einmitt viðstaddur, að ég hef orðið fyrir nokkru ámæli fyrir að orða till. á þá leið, að Alþ. skuli fela landbrh. að láta endurskoða þessi ákvæði án þess að honum séu gefin frekari fyrirmæli um það, hvernig sú endurskoðun fari fram og hverjir hafi hana með höndum. Það er einfaldlega vegna þess, að menn hafa það svo sterklega á tilfinningunni að yfirmenn landbúnaðarmála og veiðimála hér í landi séu svo eindregið á bandi þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta hvað veiði snertir í ám og vötnum, að þeim finnst að gefa þyrfti ströng fyrirmæli um það, að landbrh. gætti hagsmuna þeirra bænda, sem land eiga að sjó, þegar hann skipaði nefnd þá sem hér um ræðir. Ég vil hins vegar segja það, alveg sér í lagi þar sem hæstv. ráðh. er hér viðstaddur, að ég treysti honum til þessa ef till. af þessu tagi yrði samþ. eða önnur till. um endurskoðun á lax- og silungsveiðilögunum. — Ég vek á því athygli í framhjáhlaupi, að fleiri till. hafa komið fram hér í þinginu þar sem skorað er á ráðh. að beita sér fyrir endurskoðun laganna um lax- og silungsveiði. — En ég sem sagt segi það eitt að lokum, að ég treysti hæstv. ráðh. til þess að sjá til þess, að við endurskoðun laganna verði tekið fullt tillit til þeirra bænda, sem hér eiga í hlut, og að þeir eigi fulltrúa í þessari nefnd.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni þessarar till., en legg til að að lokinni þessari umr. verði henni vísað til hv. allshn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér er reifað mál sem ég veit með vissu að þarfnast athugunar. Ég geri mér grein fyrir því, að vandamál það, sem hér um ræðir, hefur orðið brýnna með árunum og er í þann veginn að taka á sig hættulega mynd. Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar, eins og laxarækt er nú háttað á landi hér og laxveiðimálunum komið, að við megum undir engum kringumstæðum bregða fæti fyrir ráðstafanir yfirstjórnar veiðimála til þess að koma í veg fyrir veiðiþjófnað í sjó á laxi, þó ég sé hins vegar þeirrar skoðunar, að við verðum að haga eftirliti og allri meðferð þessara mála af mikilli nærfærni og kurteisi.

Ég hef lesið seinni árin margar fróðlegar og sumar skemmtilegar ritgerðir um það, með hvaða hætti fólk hefur frá örófi alda helgað sér þá jarðarskika þar sem auðsóttast er til matfanga, en það eru svonefndar hlunnindajarðir. Inn í þær sögur blandast náttúrlega frásagnir af því, með hvaða hætti þeir, sem urðu að sætta sig við það næstbesta eða jafnvel næstnæstbesta og jafnvel það versta, hafa orðið að beita klókindum sínum til þess að næla einnig í nokkuð af þessum gæðum. Hérlendis átti það við um reka, sel, fugl og fisk og hefur þá löngum verið aðhafst utan ramma laganna misjafnlega langt utan ramma laganna. Hv. alþm. verða að bera það í minni, ef þeir líta á þessi hlunnindamál í sögulegu samhengi, að sennilegt má telja að einmitt þessi hæfileiki til öflunar matfanga og eldiviðar án tillits til landamerkja og lagabálka hafi átt ríkan þátt í því að forða þessari vesalings þjóð frá algjörri útrýmingu á harðindaárunum, og er það raunar aðdáunarvert þegar hugleitt er að hábjargræðistímann í veiðimálum ber einmitt upp á þann tíma þegar björtust er nótt. En það var á þeirri tíð þegar neyðin knúði dugandi menn til að brjóta lög og reglur til þess að bjarga lífi sínu og sinna. Nú er önnur tíð, þegar enginn þarf að seilast um hurðarbak til lokunnar í þessu efni og fráleitt að telja ásælni í veiðirétt náungans nú til dags eða í eggver hans eða reka til nauðsynlegrar lífsbjargarstarfsemi á þjóðlegum grundvelli, og það sem enn þá meira er, að sjálftaka á þessu sviði getur ekki heldur fallið undir það sem kallast mætti meiri háttar auðgunarstarfsemi. Möguleikarnir til þess háttar umsvifa hafa nú verið fluttir inn fyrir veggi peningastofnana og viðskiptafyrirtækja.

Hér gefst að vísu ekki tími til þess að ræða ítarlega um þá breytingu sem orðið hefur á bjargræðisvegum þessarar þjóðar á síðustu 50 árum eða svo og þar með á viðhorfinu til eignarhalds á hlunnindum og þá fyrst og fremst veiðiréttar. En það er nauðsynlegt, þegar við fjöllum um veiðiréttarmálin, hvort heldur í ánum eða í sjónum, þar sem um laxfiska eða fiska af svokölluðum laxfiskastofni er að ræða, að geta þess, að laxagengdin í árnar okkar núna byggist að mjög verulegu leyti nú orðið á ræktunarstarfsemi. Laxinn, sem gengur í árnar, er afrakstur af kostnaðarsamri ræktun af hálfu veiðiréttareigenda. Seiðunum er klakið út í klakhúsum og þau eru alin upp með ærnum kostnaði, eru síðan í ánum í verulegan tíma eða yfirleitt þrefalt lengur en þau dveljast síðan í sjó, en ganga að svo búnu til sjávar og nærast þar og alast upp og stækka á þessum almenningi sem grunnslóðin er í kringum landið.

Hv. flm. þáltill., Ragnar Arnalds, gagnrýndi hér réttilega nokkur ákvæði í gildandi löggjöf og segir um framkvæmd þessara lagaákvæða, með leyfi forseta: „Á seinustu árum hefur eftirlit með veiði í sjó verið aukið. Eðlilegt eftirlit er sjálfsagt að allra dómi, en ýmsar heimildir eftirlitsmanna og aðfarir þeirra með stoð í lögum sæta ámæli, svo að illindi hafa af hlotist.“ Illindi í sambandi við veiðiréttarmál eiga sér langa sögu á landi hér og víðar. Ég var fræddur um það fyrir 3 árum, sem ég vissi ekki áður, að Brjánsbardagi sá, sem frá segir í Njálu, var háður út af laxanetalögnum í Dyflinnará, og ef mig minnir rétt, þá féllu um 20 þús. manns í þeim bardaga á sínum tíma. Hér á landi hafa

veiðiréttarmálin lengi verið hitamál og þá einkanlega í Húnavatnssýslum, sem hv. flm. vitnaði nú til að orðið hefðu kveikjan í þetta þingmál. Eftir því sem fróðir menn hafa sagt mér, þá var fyrsta morð á Íslandi framið út af veiðiþrætu — það var í Vatnsdal í Húnavatnssýslu og deilt um Hofshyl — og sá, sem myrtur var, var sá sem til var settur að miðla málum í þeirri deilu, miðla málum með sama hætti og hv. flm. þessarar þáltill. ætlast til að hæstv. landbrh. geri nú. Síðan hafa staðið þrotlausar deilur á milli Húnvetninga innbyrðis um veiðiréttarmál og ýmsum veitt betur eins og gengur, þó þetta sé náttúrlega ekki einkamál Húnvetninga, síður en svo.

Hvarvetna hefur veiðiréttur til þess tilhneigingu að valda ágreiningi, þótt ekki hafi skorist svo mjög í odda yfirleitt sem norður í Húnavatnssýslum. Nú skal enginn herma það upp á mig, að ég segi þetta Húnvetningum til hnjóðs. Fólkið er stórbrotið í gáfum sínum og hver hefur til síns ágætis nakkvat, eins og frægur Húnvetningur sagði fyrir á að giska 1000 árum og orðið hefur síðan að orðtaki. En hvað sem því líður, þá er það nú ætlun mín að seint verði veiðilöggjöf komin í það horf, að Húnvetningar verði með öllu ásáttir um réttmæti hennar. Ég er ekki einu sinni viss um að Húnvetninga fýsi sérstaklega að verða ánægðir, og raunar hrýs mér hugur við þeirri tilhugsun, með tilliti til vina minna t. d. á Ströndum og í Skagafirði, ef slíkt yrði samlyndi þeirra Húnvetninganna.

Ég hygg að veiðilöggjöfinni þurfi ekki að breyta verulega í því skyni að afnema verstu annmarkana. Það, sem ábótavant er, kann að leynast í framkvæmd hennar og kunna þá náttúrlega ýmsir að segja sem svo, að það sé minni vandi að semja skynsamlega löggjöf en að sjá um framkvæmd hennar. Ég viðurkenni það fúslega, að í þeim tilvitnunum, sem hv. þm. Ragnar Arnalds las hér áðan úr löggjöfinni, gætir nokkurs ofstopa, en vil aðeins geta mér þess til, að ástæðan fyrir því, að sótt var á um það að fá þess háttar ákvæði um rétt eftirlitsmanna inn í löggjöfina, hafi verið af svipuðum rótum runnin og hin ströngu ákvæði, hin ströngu viðurlög sem forðum giltu við sauðaþjófnaði á landi hér, þegar það varðaði líf manns að taka lamb á fjalli þótt svo hann væri að verða hungurmorða. Ástæðan var sú, hversu auðvelt var að fremja þess háttar afbrot hversu auðvelt var að stela lambi á fjalli, og það er raunar auðvelt að ná laxi úr sjó.

Nú vil ég alls ekki fortaka það, að sjávarbændurnir, sem hv. þm. Ragnar Arnalds ræddi um áðan, eigi þrátt fyrir allt dálítinn rétt til þessara laxfiska, þó að aldir séu upp sem seiði í ánum með ærnum kostnaði. Þeir eru eignaraðilar að hinum stóra afrétti, sem þessi seiði ganga á, þar sem þau éta allt að því tvöfalda þyngd sína á dag, jafnvel þrefalda og hundraðfalda þyngd sína með þessum hætti á sameiginlegri afrétt okkar allra á 1—2 árum. Þetta finnst mér ekki fráleitt. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi sannarlega að endurskoða veiðilöggjöfina og vil, af því að það er minnst á Húnvetninga sérstaklega, minna á till. sem Björn Pálsson fyrrv. alþm. á Löngumýri gerði grein fyrir, að því er ég hygg þó ekki úr ræðustól á Alþ., hugmyndum sem hann gerði grein fyrir á þá lund, að allir íbúar hvers vatnasvæðis ættu að hafa nokkra eignaraðild að laxveiðiánum og öllu því svæði sem vatn rennur af til þessara áa, og kemur þá einnig til álita hlutur þeirra manna sem land eiga að sjó. Um hitt verður ekki deilt, að auk hins forna réttar, sem helgaðist af eignarhaldi á landi, þá bætist nú við sá réttur sem veiðibændur hafa fengið með þeim hætti að leggja fé í laxarækt og gera þessi mál að ræktunaratriði.

Ég játa að ég ber einnig umhyggju fyrir mönnunum sem land eiga að sjó, þar sem fylgt hefur réttur til þess að veiða silung í net, og óþolandi þætti mér, ef ég byggi á slíkri jörð við sjó, að eiga það á hættu að menn ráðnir til eftirlitsstarfa við laxveiðiá kæmu og færu að snuðra í bátnum mínum og skafa upp úr honum hreistur til að senda suður til Reykjavíkur og láta kanna það, af hvers konar fiski þetta hreistur væri. Það getur verið að það sé vegna þess að ég var alinn upp við það ungur að eiga bát, að ég hef sams konar tilfinningu gagnvart bát eins og heimili mínu að vissu leyti. Ekki vildi ég láta þá heldur hafa heimild til þess að vera að skyggna netið mitt, þar sem það lægi í sjó, að huga að því, hvaða fiskar væru í það gengnir. Enn þá síður vildi ég láta þá hafa heimild til þess að draga þetta net á land. Ég hygg að ekki verði hjá því komist, ef menn leggja silunganet í sjó þar sem lax á göngu um, að stöku lax slæðist í silunganet, ef þetta er sæmilega sterkt net. Lögum samkv. á eigandi netsins, sá sem rétt hefur til þess að veiða silung í sjó, að losa þennan lax úr neti sínu, ef hann kemur að laxinum með lífi, og sleppa honum, en henda ella.

Við skulum ekki fara í neinar grafgötur um það, að lax, sem gengur í silunganet, flækir þannig um sig netið að það mun ekki fanga silung það sinni að neinu gagni, og má raunar segja að sá lax gjaldi fyrir veiðispjöll með lífi sínu og holdi, og mér finnst ekkert óeðlilegt að eigandi silungsnetsins fái að borða laxinn. En þetta er ekki aðalvandamálið í þessu sambandi, heldur hitt, að í blóra við þennan rétt sjávarbænda til að leggja silunganet í sjó er stundum stórkostleg laxveiði í sjó, þar sem lögð eru ýsunet fyrir laxatorfurnar. Það er á almannavitorði, að lax, sem er fangaður með þeim hætti og eins með ádrætti í sjó, hefur verið til sölu í verslunum hér á landi og fluttur út svo tonnum skiptir. Þetta er vandamálið.

Ég vil ekki setja út á eftirlit með því, að veiðilögin séu haldin. En ég mótmæli því aftur á móti sterklega, að gengið sé fram með ofstopa í þessu eftirliti, eins og mér virðist verið hafa. Það er á vitorði alþýðu manna, að lax hefur verið veiddur í stórum stíl í sjó í miklu stórfenglegri veiðigildrur en silunganet, og ástæðan fyrir því, að það er sótt nokkuð fast að herða þetta eftirlit, sé sú, að önnur leið sé raunar ekki til þess fær.

Ég held að við þurfum að finna til þess leiðir að stemma stigu við ólöglegri laxveiði í sjó sem framin er að yfirlögðu ráði og heitið getur veiði-

þjófnaður. Til þess kunna að vera ýmsar leiðir, m. a. man ég eftir því fyrir einum 10 árum að fram kom uppástunga, sem mér þá þótti nokkuð góð og trúi enn að gæti verið góð, á þá lund, að allur lax, sem seldur væri í verslunum hérna, yrði merktur, þ. e. a. s. að sett yrðu merki frá Veiðimálastofnuninni í kinn fisks, á þessum laxi, og ekki mætti versla með annan lax heldur en þannig væri skráður til sölu, ef fá mætti nokkurt aðhald með þeim hætti að löggilda lax til sölu. En ég er sem sagt viss um að með því að skeröa möguleika Veiðimálastofnunarinnar til þess að hafa eftirlit með veiðimálum mundum við ekki auka sátt þeirra Húnvetninga. Eg er næstum því viss um að með þeim hætti mundum við fremur en hitt nálgast það ástand sem ríkti við Vatnsdalsá á dögum Ingimundar gamla.

En enginn má túlka orð mín á nokkurn hátt á þá lund, að ég vilji gera hlut Húnvetninga í þessu viðkvæma máli lítinn eða skoplegan. Sagan ber sannarlega vott um dýrð þeirra, og enn í dag eru þeir slíkir að mannkostum og atgjörvi, svo sem þjóð veit, að innbyrðis erjur þeirra eða deilur út af veiðiskap, fjárkláða eða hryssum verka aðeins eins og undirstrikun á stórkostlegri skaphöfn, enda mála sannast að þar eru náttúrlega vígaferli aflögð fyrir þó nokkru, að því er best verður vitað.

Enda þótt ég telji mjög tímabært að vekja mál sem þetta, umr, um það hér á þingi, þ. e. a. s. um rétt strandbænda til netaveiða í sjó, — rétt sem ég vil svo sannarlega virða, og enda þótt hv. frsm. legði áherslu á þann vilja sinn að gæta réttar þeirra aðila, sem rækta upp árnar, laxveiðina í ánum, þá fannst mér eigi að síður með einhverjum hætti að ekki kæmi alveg nógu skýrt fram hjá honum og ekki, þrátt fyrir varnagla í þáltill. og gr., nógu næm tilfinning fyrir rétti þeirra manna, sem rækta nú laxinn í ánum, sem er með dálítið svipuðum hætti og sauðfjárbændur koma upp landbúnaði sínum með sauðfé sem þeir reka svo upp á afréttinn og eiga þá rétt á að fá af fjalli, og þá ekki heldur kannske nógu næm tilfinning eða kannske engin tilfinning fyrir rétti þeirra manna og þörfum sem skemmta sér svo við að veiða þennan lax á stöng þegar hann er kominn upp í árnar. Því miður er það svo, að nokkuð vantar á það, að löggjafarsamkundan, stjórnendur landsins, geri sér grein fyrir því, að hér er um að ræða þörf fólks til að stunda þetta útivistaryndi sem er að veiða fisk á stöng að sumrinu til.

Hér kunna að valda að nokkru leyti gamlir fordómar frá þeim tímum, þegar ekki var alþýðuiþrótt eða alþýðuskemmtun að veiða á stöng, eða einhverjar leifar frá þeim árum, þegar það voru eingöngu breskir „lordar“ sem stunduðu þessa veiði hér á landi og fólkið fékk aldrei neina sérstaka tilfinningu fyrir, sem því er tæpast láandi, og þetta mun hafa verið svo í fleiri löndum. Það segja mér þeir menn, sem fróðastir eru um ævi Knut Hamsuns, að þegar hann var ungur piltur norður á Hálogalandi og hét ennþá Knut Petersen, þá hafi hann unnið fyrir sér eitt sumar með því að vera leiðsögumaður og aðstoðarmaður með breskum stórhöfðingja, sem þar stundaði laxveiðar, og framkoma hans við þennan unga viðkvæma norska pilt var með þeim hætti, að í brjósti hans kviknaði upp óslökkvandi hatur í garð Breta, sem gekk svo langt að áður en lauk gerðist hann nasisti á stríðsárunum og stuðningsmaður Hitlers, jafnvel gegn allri þjóð sinni, bara til þess að geta klekkt á Bretum. Svo langt leiddi andúð á stangarveiðimanni Knut Hamsun. Hið sama gilti hér á landi. Mér er kunnugt um mörg dæmi þess fram til skamms tíma, að höfðingjarnir, sem laxveiðina stunduðu á stöng og skáru sig úr frá alþýðunni að því leyti, urðu ekki beinlínis vinsælir af alþýðu manna í sveitunum, ekki allir a. m. k., og enn þá síður af aðstoðarmönnum sínum. Dæmi veit ég ofan úr Þverá í Borgarfirði. — Það mun hafa skeð fyrir nær aldarfjórðungi — um það, að tveim piltum, sem voru hestastrákar fyrir tvo höfðingja úr Reykjavík, mislíkaði drembilát framkoma annars þeirra og tóku upp á því að fóðra hross hans sérstaklega á rúgbrauði. Þegar hesturinn gaf frá sér þau hljóðmerki, sem til var ætlast með þessum hætti, þá hrópuðu piltarnir „salut“. Og svona lengi mega menn ekki erfa ónotalega framkomu drembilátra höfðingja við laxveiði, að þeir taki sig síðan til og flytji sérstök þingmál inn á Alþ. til þess að klekkja enn þá meira á þeim.

Ég er alveg viss um að við gerum rétt í því að styðja veiðimálastjóra og starfsmenn hans með ráðum og dáð í viðleitni hans til þess að tryggja árangur af ræktunarstarfi í íslenskum laxveiðiánum. Við megum á engan hátt bregða fæti fyrir þá viðleitni, því hér er um að ræða þjóðnytjastarf sem á eftir að koma öllum landsmönnum til góða. En undir það get ég tekið með hv. flm., að það nær ekki nokkurri átt að veita eftirlitsmönnum með laxveiðiánum einhvers konar yfirskilvitlegan rétt til þess að ganga um lönd og lendur annarra manna og skyggnast í híbýli þeirra og fara þar fram með eins konar dólgshætti. Við þurfum þó að gera okkur grein fyrir því, hvernig á þessu stendur, að sumir eftirlitsmannanna hafa e. t. v. leyft sér að framfylgja lagabókstafnum þannig að við ruddaskap jaðrar.

Eg hygg að við eigum að taka það til athugunar, með hvaða öðrum hætti við getum auðveldað eftirlitið með framkvæmd veiðilaganna og komið í veg fyrir þjófnað á þessu sviði án þess að svipta bændur, sem land eiga að sjó, þeim hlunnindum að veiða silung í netstubb í sjónum og krakkana þeirra þeirri ólýsanlegu gleði og þeim hollu uppeldisáhrifum sem því fylgja að fá að vera aðilar að þess háttar veiði.

Ég er því fylgjandi að því verði beint til hæstv. ráðh., að hann láti endurskoða þessi ákvæði. En vil þá endilega biðja hann að stuðla að því, að hugleiddar verði þá aðrar leiðir sem að gagni mættu verða til þess að tryggja þá menn sem leggja vinnu og fé í það að rækta upp árnar, að tryggja þá gegn áföllum af því tagi sem þeir verða nú fyrir af völdum manna sem stunda raunverulega ólöglegar veiðar í stórum stíl í sjónum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lax- og silungsveiði, þáltill. (þskj. 422). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um endurskoðun á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970, en meðflm. með mér eru hv. þm. Stefán Jónsson, Jón Árm. Héðinsson, Gunnlaugur Finnsson, Eyjólfur K. Jónsson og Albert Guðmundsson.

Í þáltill. segir svo:

„Alþ. ályktar að fram skuli fara endurskoðun á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með það hófuðsjónarmið fyrir augum að greiða í sundur veiðimálin og fiskræktarmálin.

Felur Alþ. landbrh. að skipa nú þegar nefnd manna til að framkvæma umrædda endurskoðun og sé nefndin skipuð eftirtöldum aðilum:

1. Formanni, skipuðum af ráðherra.
2. Fulltrúa Búnaðarfélags Íslands.
3. Fulltrúa Landssambands veiðifélaga.
4. Fulltrúa Landssambands stangaveiðifélaga.
5. Fulltrúa Veiði- og fiskiræktarráðs Reykjavíkurborgar.
6. Formanni veiðimálanefndar.
7. Veiðimálastjóra.
8. Fiskimálastjóra.

Nefndin ljúki störfum eigi síðar en í september 1978.“

Í grg. með þessari þáltill. segir m. a.:

„Í júnímánuði s. l. sendi Veiði- og fiskiræktarráð Reykjavíkurborgar öllum þm. Reykjavíkur svo hljóðandi ályktun:

„Veiði- og fiskiræktarráð Reykjavíkurborgar samþykkir að beina þeirri eindregnu áskorun til allra alþm. borgarinnar, að þeir beiti sér fyrir því á Alþ. á hausti komanda, að gerðar verði grundvallarbreytingar á núgildandi lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76 frá 1970, á þann veg, fyrst og fremst, að í nýrri löggjöf verði sundurskilin veiðimálin annars vegar og fiskræktar- og fisksjúkdómamálin hins vegar, og traust og örugg stjórn þessara mála tryggð.“

Þessi ályktun var einróma samþ. í Veiði- og fiskiræktarráði. Það virðist því liggja ljóst fyrir, að hér er ekki um að ræða pólitískt mál, heldur málefni, sem Veiði- og fiskiræktarráð hefur, að fenginni reynslu og þekkingu, talið nauðsynlegt að koma á framfæri á Alþ. með þjóðarhag fyrir augum. Málið er því að þessu leyti sérstætt, og þess vegna má væntanlega ætlast til að Alþ. sjái sér fært að gefa því góðan meðbyr.

Ekki fer á milli mála, að fiskræktarmálin í vötnum og ám landsins hafa vakið sívaxandi eftirtekt og áhuga landsmanna. Um suma þætti fiskræktarmálanna hafa staðið alvarlegar deilur í fjölmiðlum um áraraðir, einkum á milli áhugamanna um fiskræktarmál og fiskræktaryfirvalda. Á fyrra ári, þ. e. a. s. árinu 1977, tóku deilur þessar á sig nýja mynd í sambandi við sjúkdóma er upp komu í laxaseiðum í Laxalónsstöðinni og klak- og eldisstöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Elliðaárnar. Þessar deilur verða ekki frekar gerðar að umtalsefni hér, en á þær drepið til áminningar um það, hvað mál þessi virðast í eðli sínu alvarleg og viðkvæm, og vísa ég til þess sem um þetta hefur verið ritað í dagblöðum og einnig rætt í útvarpi.

Hins vegar virðist augljóst að líta svo á, að nánar athuguðu máli, að löggjafinn hafi sýnt þessu þýðingarmikla máli of mikið sinnuleysi og að við svo búið sé ekki lengur hægt að una. Það er því í sjálfu sér tilefni til þess að lýsa ánægju sinni yfir því, að Veiði- og fiskiræktarráð Reykjavíkurborgar skuli hafa einróma staðið að þeirri ályktun, sem er forsenduan fyrir þessari þáltill. Og um leið má gjarnan vekja athygli á því, að borgarstjórn Reykjavíkur hefur sýnt fiskræktarmálum mikinn og veruskilnaðan áhuga og skilning, m. a. með stofnun Veiði- og fiskiræktarráðs í nóv. 1974, en það var gert með 15 shlj. atkv. allra borgarstjórnarmanna. Óhætt að á að visu ekki langan starfsferil að baki, en það hefur ekki að mati okkar flm. brugðist skyldu sinni, heldur tekið fiskræktar- og fisksjúkdómamálin alvarlegum og ákveðnum tökum á hlutlausan hátt, m. a. með því að beita sér fyrir rannsókn fisksjúkdómamála á vísindalegum grundvelli, eins og skýrsla, sem fylgir þessari þáltill., ber með sér. Skýrsla þessi er grg. úr enskri skýrslu, sem kunnur kanadískur vísindamaður gerði í sambandi við fisksjúkdómamálin, en það er dr. Trevor P. T. Evelyn, sem er frá Pacific Biological Station í Kanada.

Þegar leikmaður les og kynnir sér þessa rannsóknarskýrslu eftir þennan umrædda vísindamann á hlutlausan hátt um þá fisksjúkdóma sem hafa herjað í fiskræktunarstöðvum í nágrenni Reykjavíkur á s. l. ári, þá hlýtur manni að verða ljóst að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og alvörumál. Í þessum efnum hefur ríkt að undanförnu og ríkir enn frekar dagsdrið ástand, í fiskræktar- og fisksjúkdómamálum. Það er því augljóst, að Veiði- og fiskiræktarráð hefur lagt fram merkan skerf til fiskræktar- og fiskeldismálanna á Íslandi með því að láta umrædd fisksjúkdómamál til sín taka á grundvelli vísindalegra rannsókna. Þetta sýnir hvað slíkur aðili getur raunverulega verið áhrifaríkur aðhaldsþáttur gagnvart fiskræktaryfirvöldum landsins þegar rétt er að málum staðið, og einnig er með þessum hætti hægt að vekja upp ákveðið almenningsálit til stuðnings jafnmikilu þjóðþrifamáli og hér er á ferðinni. Ég vil því segja það, að Veiði- og fiskiræktarráð hefur í máli þessu sýnt ákveðna viðsýni og það hefur einnig sýnt ákveðinn samvinnuvilja við fiskræktaryfirvöld um þýðingarmikil grundvallaratriði í fiskræktar- og fiskeldismálum landsins með því beinlínis að óska eftir og þjóða nána samvinnu við umrædd fiskræktaryfirvöld. En ég mun ekki ræða það neitt nánar hér.

Á sama tíma hefur Veiði- og fiskiræktarráð Reykjavíkur lagt á það mikla áherslu í samþykktum sínum, að stjórnvöld bættu til stórra muna skilyrði til rannsókna og þekkingar á fisksjúkdómum og meðferð þeirra mála samkv. heimild í lögum um lax- og silungsveiði. En þrátt fyrir það er augljóst af því, sem fram hefur komið í þessum málum á undangengnum árum, að úrbóta er þörf. Einsýnt er að Alþ. verður að skerast í leikinn og beita sér fyrir leiðréttingu í fiskræktarmálum á breiðum grundvelli með sérstakri löggjöf er tryggi öryggi og sterka stjórn fiskræktarmála með framtíðarheill og þjóðar-

hag að grundvallarsjónarmiðum. Til þess þarf og aðstoð færustu manna, er bæði hafa reynslu og þekkingu á þessum málum. Þess vegna er í þessari þáltill. bent á þá aðila og hagsmunasamtök, er hlut eiga að málunum, og þeim gert að vinna að undirbúningi þeirrar löggjafar, er þáltill. gerir ráð fyrir. Sú upptalning, hverjir skuli vera í umræddri nefnd, er auðvitað ekki tæmandi og er hægt að nefna t. d. í því sambandi tvo aðila, sem kæmu til greina til viðbótar, þ. e. Hafrannsóknastofnunina og samtök fiskeldisstöðva, sem verið er að stofna, og má í því sambandi vekja athygli á þeirri merkilegu starfsemi, sem nú er hafin á nokkrum stöðum á landinu, sem er laxeldi í sjó á vegum aðila sem standa að þeim samtökum er ég nefndi áðan, samtökum fiskeldisstöðva. Möguleikar á þessu sviði virðast vera mjög miklir og því nauðsynlegt að þessum þætti fiskræktarmálanna verði gerð glögg og góð skil í nýrri löggjöf um fiskræktarmálin.

Við síðustu endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna, á árunum 1968—1970, kom fram till. er beindist í svipaða átt og felst í þáltill. þessari. Þá náðist ekki samstaða í endurskoðunarnefndinni um svo gagngerðar breytingar á lax- og silungsveiðilögunum, þrátt fyrir að fyrir lægi vitneskja um slíka löggjöf margra forustuþjóða í fiskræktarmálum, fiskasjúkdóma-, fiskeldis- og fiskakynbótamálum.

Nú eru senn liðin 8—9 ár síðan endurskoðun á lax- og silungsveiðilöggjöfinni fór fram. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar, erfiðleikar orðið á vegi fiskræktar vegna ýmissa áður óþekktra fisksjúkdóma og vaxandi umhverfismengunar í heiminum, en samtímis orðið stórmiklar og merkar framfarir vegna aukinnar þekkingar og rannsókna á vísindalegum grundvelli. Þetta allt kallar á ítarlega endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna, ef við Íslendingar eigum ekki að standa í stað og verða eftirbátar annarra og daga að lokum uppi eins og nátttröll.

Hér er því ekki um neitt smámál að ræða, heldur þjóðhagslegt stórmál, sem án efa á í sér fólgið milljarða kr. þjóðartekna, ef rétt er að staðið og framfarasjónarmið höfð að leiðarljósi. Mætti nefna ótalmörg dæmi þessu til sönnunar um útflutningstekjur nágrannaþjóða okkar af fiskrækt og fiskeldi, einkum regnbogasilungs og núna síðustu árin af laxeldi í sjó. Til fróðleiks í þessu sambandi má geta þess, að frændur okkar Færeyingar rækta nú og selja úr landi fyrir hundruð millj. kr. regnbogasilung, en stofnfiskinn keyptu þeir á sínum tíma frá Laxalónsstöðinni, samkvæmt því sem upplýst hefur verið í fjölmiðlum.

Kunnáttumenn eru yfirleitt þeirrar skoðunar, að veiðimálin og fiskræktarmálin fari ekki vel saman undir einni og sömu stjórn. Í eðli sínu eru þetta næsta ólík mál, sem á stundum geta beinlínis stangast á, þótt í grundvallaratriðum séu fiskræktarmálin undirstaðan undir því að tryggja veiði í ám og vötnum og auka hana. En fiskræktar- og fiskeldismálin spanna langt út fyrir þau mörk. Og einmitt þessi staðreynd staðfestir nauðsyn þess að slíta sundur þessa tvo þætti í löggjöf okkar. Það er því deginum ljósara, að við Íslendingar erum orðnir á eftir öðrum þjóðum í þessum miklu hagsmunamálum. Við eigum yfir að ráða glæsilega fögru og víðfeðmu vatnasvæði, ómenguðu, með úrvals fiskstofnum, en þar að auki jarðhita til hjálpar, svo að segja í hverri sveit. Með réttlátri og viðsýnni fiskræktarlöggjöf mun löggjafinn leggja hornstein að yfirgripsmiklum fiskeldisatvinnuvegi í landinu sem færa mun þjóðinni og ótal einstaklingum björg í bú. Að því ber að stefna að leiða þannig þessi mál til farsælla lykta og setja niður deilur.

Ég mun ekki tala fyrir þessari þáltill., en vísa að öðru leyti til þess, sem kemur fram í skýrslu um rannsókn á fisksjúkdómum, því til staðfestingar hvað hér er um mikilsvert og þýðingarmikið mál að ræða. Ég treysti því, að þetta mál fái skilning hér á þingi og að það verði samþ. þannig að hægt verði að skipa þá nefnd, sem þáltill. gerir ráð fyrir, hið fyrsta. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að að lokinni umr. verði þessari till. vísað til allsh.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ræðuhöld mín á þessum degi hér á hv. Alþ. eru nú orðin alllöng og um ólík efni, en það er mér til málsbóta að ég hef ekki tafið þingið með mörgum ræðum á þessu þingi. Hins vegar tel ég mér skylt að víkja nokkrum orðum að þeim tveim till., sem fjalla um sama efni. Þó að efninu sé komið með ólíkum hætti verður það sem ég segi raunar um báðar till., en þó fyrst og fremst um þá sem nú er hér til umr., vegna þess að hún er víðtækari og tekur yfir málið í heild.

Á mínu fyrsta þingi hér, 1956—1957, var frv. um lax- og silungsveiðar til meðferðar og það var eitt af mestu eða alvarlegustu málum sem ég tel mig hafa fjallað um sem þm., því það var að sjálfsögðu mjög viðkvæmt mál í heimahéraði mínu og var langt frá því, að bændur þess héraðs væru á eitt sáttir um hvernig með skyldi fara. Lögin um lax- og silungsveiðar frá 1957 eru að minni hyggju merkileg lög. Það sem réð afstöðu minni til málsins, þegar þar að kom að ég gerði það endanlega upp við mig, var að ég trúði því og taldi mig vera búinn að athuga málið það vel, að þetta stefndi að ræktun og aukinni lax- og silungsveiði, það að auka lax- og silungsveiði væri svo mikils virði, að þó að ég ætti á hættu að missa af einhverjum atkv., þá mætti það ekki ráða afstöðu minni, þó að ég hefði upp á lítið að hlaupa þar sem ég var kosinn með tveggja atkv. mun.

Ég efast ekki um að ég ákvað rétt. Það hefur afskaplega mikið áunnist á þeim rúmu 20 árum sem liðin eru síðan þau lög voru sett. Þeir ræktunarmenn, sem hafa haft forustu um þessi mál hér á landi, hafa unnið mikið og gott starf. Og ég er sannfærður um að við höfum hér í forustu þessara mála mjög færa vísindamenn, kannske er veiðimálastjóri þeirra allra fremstur í þessum efnum, en hann er án efa mjög fær vísindamaður. Hitt er svo annað mál, að um aðgerðir hans sem fleiri manna geta verið skiptar skoðanir, og það er aldrei hægt að gera ráð fyrir öðru ef menn aðhafast eitthvað.

Ég hafði hugsað mér að láta endurskoða lögin

um lax- og silungsveiði á þessu kjörtímabili, þrátt fyrir að lögin hafi verið vel sett. Það kom fram áðan gagnrýni á ýmis ákvæði laganna, sem voru lagalegs eðlis, en ég hygg að þar hafi verið mjög færir menn að verki, því ég man ekki betur en fyrrv. hæstaréttardómari Gizur Bergsteinsson hafi verið einn af þeim sem sömdu lögin eða frv. á sínum tíma ásamt Gunnlaugi Briem. Þessir menn eru báðir mjög færir menn í lögum og meðferð þeirra.

Ástæðan m. a. til þess, að ég hef ekki horfið að því ráði að láta endurskoða þessa löggjöf nú, hún var síðast sett 1970, er sú, að það hafa ekki verið uppi hér á hv. Alþ. till. um það á þessu kjörtímabili. Það var á vissan hátt fleira en þetta sem kom þar til, en það eru nokkur atriði, og mér er fullkomlega ljóst að út í endurskoðun á löggjöfinni verður ekki farið nema hún verði nokkuð víðtæk. Ég er hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni sammála um að það ber auðvitað að endurskoða löggjöfina út frá þeirri reynslu sem fengist hefur af henni síðan hún var síðast endurskoðuð, og þó að lögin hafi á þeim tíma verði góð, þá hefur á þeim 8 árum, sem nú eru senn liðin, komið ýmislegt fram sem gerir það að verkum að nauðsyn ber til að skoða þetta mál áður en langur tími líður. Ég tel t. d. að raunverulega hafi verið farið til verri vegar í löggjöfinni 1970, um bætur til þeirra sem urðu fyrir tekjutjóni vegna verndurnar fiskstofnsins og einnig hverjir greiða skulu. Ég álít að þarna sé veruleg veila í löggjöfinni, eins og hún er framkvæmd núna, og þurfi að athuga það.

Annar þáttur einnig, sem ég tel að geri það að verkum að þessi endurskoðun eigi að eiga sér stað, er aukin ræktun í eldisstöðvum. Á því er enginn vafi, að slíkri starfsemi fylgir viss áhætta og þessi áhætta er fólgin í sjúkdómum. Það hafa komið upp sjúkdómar í eldisstöðvum hér á landi, og þó að menn hafi verið að deila um það, þá hefur það ekki bætt neitt úr eða breytt neinu. Aðalatriðið er að það er alltaf hætta á sjúkdómum í ræktun, því að náttúran slátrar hinum sem veikgerðir eru þegar hún fjallar um uppeldið, eins og hún gerir í ám og vötnum. Og það, sem mestu máli skiptir, er að missa ekki þessa sjúkdóma út í árnar og vötnin og um það hefur á vissan hátt orðið deila.

Hitt vil ég taka fram, að í raun og veru er alveg óhugsandi að slík ræktun geti átt sér stað nema sá, sem að henni stendur, hafi tryggingu fyrir áhættu sem af sjúkdómum leiðir. Hér getur verið um stórfellt eignatjón og tekjutjón að ræða og það mikið að það getur algjörlega kollvarpað fjárhagslegri getu þess sem fyrir verður. Þetta finnst mér að reynslan hafi sýnt og sannað mér á s. l. sumri þegar þurfti að fjalla um eitt slíkt mál. Og ég beitti mér fyrir því í ríkisstj., að tekið yrði tillit til þess arna, þó ekki væru lagafyrirmæli þar um.

Nú veit ég að það verður deilt um hvort þessu sé sinnt sem skyldi, en um það þýðir ekki að fást. En ef fiskeldi á að eiga sér stað í eldisstöðvum, þá verður að vera trygging fyrir þessu atriði. Annað er óframkvæmanlegt. Þess vegna tel ég að brýna nauðsyn beri til að taka þetta mál til athugunar.

Ég vil segja það út af því, sem sagt hefur verið um eftirlit með þessu máli, að hér eru mjög færir menn, og nefni ég þar t. d. mann eins og dr. Guðmund Pétursson á Keldum. Ég vil líka segja frá því, að nú hefur verið ráðinn til starfa hjá ríkinu fyrsti sjúkdómafræðingurinn í lax- og silungssjúkdómum, sem er doktor í þeirri fræðigrein og tók til starfa á s. l. hausti. Þetta sýnir að áhugi er á því að reyna að taka á þessum málum. Ég hafði áður unnið að því og landbrn. að taka sýni og senda til Danmerkur og gera samninga við þekkta vísindastöð til þess að rannsaka m. a. regnbogasilunginn. En betur er fyrir málinu séð með því að færa þessa þekkingu hingað heim, eins og nú hefur verið gert.

Mér er fullkomlega ljóst að löggjöf eins og lax- og silungsveiðilöggjöf, hvort sem við skiljum að ræktunina og veiðina, verður hér alltaf deilumál og ýmsum þykir að sér þrengt í meira lagi, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. að þeim fyndist norður þar. En ég vil einnig segja það, að Landssamband veiðifélaga, formaður þess, hefur leitað til mín út af því, að laxveiði í sjó væri að verða geysilega mikil og það svo, að þeir bátar sumir, sem væru á venjulegum fiskveiðum með nót, næðu laxinum, fyrir því væru, að hann taldi, nokkuð trygg sannindi bæði sunnanlands og norðan. Það hefur verið nokkuð unnið að því að rannsaka þetta mál og reyna að finna sannindin í því, að því leyti sem slíkt er hægt. Og ég held að það fari nú svo með eftirlit með veiðum, að það verði aldrei hægt að koma því við nema að ónáða þá sem grunaðir eru um að hafa brotið löggjöfina. Það sé ég ekki að sé framkvæmanlegt öðruvísi, og þarf engum orðum að því að eyða, að þeir, sem það gera vegna starfs síns, verða ekki vel séðir af þeim sem verða fyrir slíkum heimsóknum. En þrátt fyrir það er það svo, að eftirlitið verðum við að efla, eins og við verðum að efla ræktunina, því aðalatriðið er að við erum að efla ræktun á laxi og silungi til þess að skapa þjóð okkar auknar tekjur og það stórauknar tekjur, sem ég trúi að hægt sé.

Ég vil nú segja það, að veiðimennskan hefur ekki verið mitt fag og ég hef því enga sérstaka andúð á eða samúð með veiðimönnum. Það, sem mér hefur fundist aðalatriðið, er að greiðsla hefur farið fram og það hefur verið veruleg tekjusköpun í sambandi við þetta. Ef á að afgreiða þetta mál á Alþ. nú, þá verður það náttúrlega með því að endurskoða laxveiðilögin í heild, því ég hef ekki trú á því að fara að tína út einn þátt og það kannske hæpinn þátt til þess að endurskoða hann einan. Um það má deila, þó ég hafi ekki gert mér grein fyrir því fullkomlega, sem bent er á í þessari þáltill. á þskj. 422, hvort þeir ættu þar allir að vera eða aðrir að koma til. Þetta er orðin átta manna nefnd, svo það er nokkuð stór hópur. Hitt sýnist mér, að nefndin mætti vera allafkastamikil ef hún ætti að ljúka störfum fyrir haustið, og ég hef ekki trú á því.

Ég skal ekki orðlengja þetta, en ég vil að lokum segja það, þó að það sé endurtekning, að hér hefur mikið áunnist í þessum málum á s. l. 20 árum. Ég vona að ef farið verði út í þessa endurskoðun, sem ég tel um margt vera þess efnis að nauðsyn beri til að gera hana, þá takist

svo vel til að ekki verði minni árangur á næstu tveim áratugum frá því að þau lög öðlast gildi sem út úr því kynnu að koma. En þessi atriði sem ég hef hér drepið á, eru meðal þeirra sem ég tel að verði að endurskoða eða taka inn í þessa endurskoðun og einnig það, hvort við erum komnir á það stig að aðskilja ræktunina og vísindastarfsemina og veiðina. Það er mál sem ég get nú ekki tjáð mig um, enda tel ég mig ekki dómbæran um það á þessu stigi málsins nema gera mér ljósa grein fyrir því. En það er ekki heldur það sem skiptir máli, því það verður þeirra sem um fjalla, ef til þess kemur að þetta mál verður afgreitt og í endurskoðunina verður farið. Hér er um stórt mál að ræða og það er stórmál fyrir íslensku þjóðina að halda vel á möguleikum sínum til að auka lax- og silungsveiði í ám og vötnum. Hún má ekki sofna á verðinum í sambandi við þau mál.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þau jákvæðu ummæli sem fram komu í ræðu hans áðan í sambandi við þessa þáltill. Án þess að hann tæki beina afstöðu með till. voru efnisatriði ræðu hans með þeim hætti, að greinilega kom fram að hann er því hlynntur, að þessi mál séu athuguð með tilliti til þess, að sú löggjöf, sem við búum við, á sér nokkurn aldur.

Ég vil taka undir þau orð hæstv. ráðh., að sú löggjöf, sem við höfum búið við, hefur að mörgu leyti reynst vel. Ég tek einnig undir þau ummæli hans, að þeir menn, sem hafa unnið að fiskræktarmálum, hafa unnið ágætt starf. Það er einnig rétt, að mikið hefur áunnist. En það er nú einu sinni svo, að framþróun á þessu sviði eins og mörgum öðrum hefur verið geysilega mikil, og er það skoðun okkar flm., að þrátt fyrir að sú löggjöf, sem við höfum búið við, hafi reynst vel þurfi að gera á henni ákveðnar breytingar, eins og þáltill. gerir ráð fyrir.

Það er staðreynd, að á þeim áratugum, sem núgildandi löggjöf hefur gilt, hefur orðið mikil umhverfisbreyting, svo dæmi sé nefnt. Sú umhverfisbreyting hefur skapað ný vandamál sem ekki þekktust hér áður fyrr. Nefni ég sem dæmi, að hin mikla umferð um landið, sem bifreiðaeign landsmanna hefur framkallað nú á síðustu árum, svo ekki sé farið lengra aftur í tímann en síðustu 5 eða 10 ár, skapar auknar og nýjar hættur í sambandi við umgengni landsmanna við ár og vötn. Það er ekki nokkur vafi á því, að mengunarhætta eykst gífurlega mikið við þetta eitt út af fyrir sig.

Ráðh. kom inn á annað atriði sem ekki hefur verið mikill gaumur gefinn, sem er í sambandi við það, að ný og breytt veiðitækni kemur einnig til skjalanna við strendur landsins. Við höfum eignast fjölbreytilegan fiskiskipaflota og breytt fiskveiðilögsögunni þannig, að gera má ráð fyrir að íslenski veiðiflotinn í framtíðinni muni stunda veiðar nær landi og nýta þau mið, sem við nú einir ráðum yfir, með öðrum og skipulögðum hætti. Það þýðir það einnig, að hin nýja veiðitækni og hinn mikilvirki floti skapa ákveðnar hættur í sambandi við veiðarnar og einnig í sambandi við það, hvernig við umgöngumst stofninn þegar hann er að færast nær landinu og inn í árnar, en ráðh. minntist þar sérstaklega á laxinn. Þetta gerir það auðvitað að verkum, að sjúkdómahættan eykst í stofninum, sérstaklega í hinum frjálsa stofni, þar sem eru þessir förufiskar sem laxinn er sérstaklega.

Ráðh. minntist á að fiskeldið hefur stóraukist hérlendis á síðustu árum, en samfara því eykst einnig hættan á því, að sjúkdómar komi fram í stofnunum þegar í eldisstöðvunum. Ég efast ekki um að þeir sérfræðingar okkar, sem nú fást við þessi mál, geri sitt besta með fyrirbyggjandi aðgerðum. Hins vegar er það skoðun mín, að það beri að gera enn betur, og það segi ég án þess að vera með gagnrýni á störf þeirra ágætu manna sem við þessi mál fást. En ráðh. benti réttilega á að þáltill. gerði ráð fyrir mjög skömmum tíma, að sú nefnd, sem hún gerir ráð fyrir, skuli skila áliti fyrir september í ár. Því er auðvitað hægt að breyta. Hins vegar reyndum við að gera till. um fulltrúa frá þeim helstu stofnunum eða áhugamannasamtök um sem hér eiga hlut að máli, og er sjálfsagt í meðferð þessa máls í n. að bæta við fleiri nefndarmönnum ef mönnum þykir þess þurfa við. Ég held að með því að hafa nefndina vel skipaða, og ég tala nú ekki um ef jafnágætur maður og hæstv. landbrh. kemur þar síðar við sögu, sem ekki er nú að vita, kosningar fara nú í hönd í sumar, og ef hæstv. ráðh. fjallar um þessi mál að kosningum loknum, þá muni sú nefnd, sem þáltill. gerir ráð fyrir að verði skipuð, fá öruggt aðhald og forustu frá hæstv. núv. landbrh.

Ég segi fyrir mitt leyti og segi það nú ekki til þess að mæla neitt fagurlega í eyra hæstv. ráðh., að ég treysti honum manna best til þess að hafa forustu um að sú nefnd, sem hér er gert ráð fyrir að verði skipuð, fjalli um þessi mál með þeim hætti, að það verði þjóð vorri til sóma og ég tala nú ekki um þjóð vorri til mikils framdráttar í stórauknu fiskeldi á heilbrigðum stofnum. Fiskeldi nær auðvitað ekki aðeins til lax og silungs, heldur er það mun víðtækara. Í nágrannalöndum er farið að rækta ýmsa nytjafiska, sjávarfiska, og ég efast ekki um að sú nefnd, sem mundi fjalla um þetta, mundi koma inn á þau mál einnig, þótt það sé ekki beinlínis ætlast til þess í þáltill.

En ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir hin mjög jákvæðu orð hans, sem hér féllu áðan, og vænti þess, að þau styðji þetta mál og það fái braut argengi í n. og hér á þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 82. fundur.

Laugardaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tannsmiðir, frv. (þskj. 580). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um tannsmiði var samið af stjórnskipaðri nefnd og er lagt fram til kynningar nú, þegar væntanlega er stutt til þingloka. Ég vil benda á að það getur verið álitamál um

fyrirsögn þessa frv., að réttara væri að kalla þetta mál frv. um kennslu tannsmiða. Hvort tveggja er, að þetta frv. er einvörðungu lagt hér fram til kynningar og að með frv. fylgja nokkuð ítarlegar aths., þá sé ég ekki ástæðu til að hafa um það langa framsögu, en læt nægja að vísa til aths. og svo frv. sjálfs sem að mínum dómi er einfalt að gerð.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Umhverfismál, frv. (þskj. 620). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Vorið 1975 skipaði ríkisstj. nefnd til að endurskoða og samræma ákvæði laga um umhverfis- og mengunarmál í því skyni að sett yrði heildarlöggjöf um þau efni og kveðið á um hvernig stjórnarfyrirkomulagi skuli háttað á þessu sviði. Nm. voru Gunnar G. Schram prófessor, sem var formaður nefndarinnar, Knútur Hallsson skrifstofustjóri, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Edgar Guðmundsson verkfræðingur, Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri, Páll Lindal borgarlögmaður, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri og Þórður Ásgeirsson skrifstofustjóri.

Nefndin lauk samningu frv. og gerði till. um stjórnsýsluþátt umhverfismála í aprílmánuði 1976. Frv. var sent allmörgum stofnunum og félagasamtökum og bárust umsagnir frá 15 þeirra. Eru þær stofnanir og félagasamtök talin í grg. bls. 6. Nefndin fjallaði svo að nýju um frv. og endurskoðaði það í ljósi þeirra umsagna, sem borist höfðu, og er það nú lagt fram í lokagerð frá nefndarinnar hálfu.

Tildrög þess, að til frv. þessa var stofnað, voru að heildarákvæði skorti í íslenskri löggjöf á þessu mikilvæga sviði. Einu lögin, sem alfarið lúta að þessum málum í dag, eru lög um náttúruvernd frá 1971, en önnur lög, sem taka að nokkru til þeirra vandkvæða og hættu, sem umhverfinu stafar af mengun og hættulegum efnum, eru m. a. lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit frá 1969 og lög um eiturefni og önnur hættuleg efni frá 1968. Hér var við brýnt verkefni að fást, að semja frv. um almenna umhverfisvernd sem tæki til vettvangsins alls og fyllti upp í þær eyður sem nú eru í löggjöf hér á landi í þessum efnum. Á grundvelli slíkra heildarlaga er síðan unnt að setja reglugerðir um einstök framkvæmdaatriði. Það er slíkt frv. að heildarlögum um umhverfið og varnir gegn mengun sem hér liggur fyrir.

Frv. er fyrst og fremst ætlað að reisa skorður við skaðlegum áhrifum á hið svonefnda ytra umhverfi, þ. e. náttúru landsins og þá starfsemi sem að henni lýtur. Frv. nær hins vegar ekki nema að litlu leyti til matvælaeftirlits og öryggis á vinnustöðum, svo að dæmi séu nefnd.

Meginverkefni frv. er tvíþætt. Í fyrsta lagi er þar að finna ýmis ákvæði um umhverfis- og mengunarvarnir. Í öðru lagi er yfirstjórn umhverfismála sameinuð í höndum eins stjórnsýsluaðila. Í frv. eru samræmdar þær reglur íslenskra laga um umhverfis- og mengunarvernd, sem fyrir eru, og settar fram nýjar þar sem á hefur þótt skorta.

Í 1. gr. frv. er tilgangur laganna markaður á þá lund, að hann sé að efla alhliða umhverfisvernd, varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að varðveislu náttúrugæða landsins. Lögunum er ætlað að stuðla að sem bestri sambúð lands og þjóðar með því að vernda þau lífsgæði, sem felast í óspilltri náttúru landsins, hreinu lofti og tæru vatni.

Hér er um að ræða málefni, sem verður æ þýðingarmeira eftir því sem iðnþróun vex og þéttbýli eykst. Markmið frv. er að stemma á að ósi í þessum efnum, efla alhliða umhverfisvernd og koma á virkum vörnum gegn mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum. Með ákvæðum frv. er leitast við að tryggja sem besta sambúð lands og þjóðar, sem fólgin er m. a. í varðveislu og viðgangi náttúrugæða landsins. Í iðnríkjum heims nær og fjær hafa víða orðið veruleg spjöll á náttúru og umhverfi, vegna þess að umhverfissjónarmiðum hefur ekki verið nægur gaumur gefinn á liðnum árum. Af reynslu þessara þjóða má sannreyna mikilvægi þess, að brýn nauðsyn er að festa nú þegar með íslenskum lögum réttarreglur, er vernda þau lífsgæði, sem fólgin eru í óspilltri náttúru landsins, og hindra mengun og önnur umhverfisspjöll eftir því sem föng eru á. Íslensk náttúra og lífríki hennar eru mjög viðkvæm fyrir umhverfisáhrifum sökum landfræðilegrar legu landsins og loftslags. Hér er því sérstök nauðsyn að haga búsetu og atvinnustarfsemi á hann veg, að fullt tillit sé tekið til umhverfisverndar.

Nefnd sú, sem frv. samdi, lagði til að komið yrði á sameiginlegri yfirstjórn umhverfismála í sérstöku nýju rn. Jafnframt benti nefndin þó á að vista mætti umhverfismálin í einhverju þeirra rn. sem fyrir eru, sem yrði þá ráðuneyti umhverfismála jafnframt núverandi verkefnum. Þessi síðarnefnda leið var valin og hefur ríkisstj. samþykkt að félmrn. verði falið þetta verkefni. Meginatriði málsins er að yfirstjórn umhverfismála verði á einum stað í stjórnarkerfinu. Í samræmi við það er síðan lagt til, að einstakir þættir umhverfismála, sem nú eru dreifðir um mörg rn., verði fluttir að því er yfirstjórn varðar til þessara nýju heimkynna. Þess er að vænta, að með slíkri samræmdri yfirstjórn og þeim nýju réttarheimildum á sviði umhverfismála, sem frv. geymir, verði kleift að koma fram þeim markmiðum sem liggja til grundvallar virkri umhverfismálastefnu á komandi árum.

Þar sem svo áliðið er þings er þetta frv. lagt fram fyrst og fremst til kynningar og umr. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. félmrh. fyrir þetta frv. og tel mikilvægt að það skuli koma hér fram og mönnum gefist kostur á að skoða efni þess.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt ljóst að þetta er frv. sem mun snerta í framtíðinni meira og minna hag og velferð hvers þegns í þjóðfélaginu. Eins og hæstv. ráðh. drap á eru þetta vandamál, sem eru tiltölulega ný hér hjá okkur, og þess vegna er mikilvægt að málið sé vel undirbúið. Það hefur hann haft forgöngu um og er það mjög þakkarvert.

Eg ætla ekki að fara í einstakar greinar frv., þar sem augljóst er að það mun ekki fá framgang á yfirstandandi þingi, heldur lagt fram svo að menn kynnist efni þess og ræði það. Í grg. kemur fram, að 15 mikilvægar stofnanir í landinu hafa sent umsagnir um þetta mál og frv. er nokkuð mótað, eins og segir á bls. 6, vegna umsagna frá þessum mikilvægu stofnunum. Þetta eru ríkisstofnanir sem fjalla um mikilvæga þætti í efnahagskerfi þjóðarinnar, og má þar nefna rafmagnsveitumál, hafrannsóknamál, iðnþróunarmál, ferðamál, heilbrigðismál og náttúruverndarmál, en einnig senda umsagnir rannsóknastofnanir ýmiss konar og einnig stórverksmiðjur, svo að við sjáum af þessu hversu mikilvægt er að setja um þetta heildarlöggjöf.

Núverandi lög um þennan mikilvæga þátt, þ. e. a. s. náttúruvernd, eru aðeins ein heilleg lög, náttúruverndarlögin frá 1971. Sumir hafa haft horn í síðu þeirrar löggjafar og talið að Alþ. hafi verið nokkuð fljótt á sér að samþykkja mjög víðtæka heimild handa Náttúruverndarráði til að fjalla um ýmsar framkvæmdir í landinu. Það kann vel að vera, að það hafi verið fljótfærni hjá okkur að fallast á sumt sem hefur sýnt sig erfitt í framkvæmd í því efni. En hér eru tekin af öll tvímæli um að þessi mál falla í einn farveg í framtíðinni, undir eina yfirstjórn, sem er afar mikilvægt. Í þessu efni geta átt sér stað mjög miklir hagsmunaárekstrar, og þarf ekki að rekja dæmi um það og vissar framkvæmdir í landinu áttu beinlínis rót sína að rekja til átaka í þessum efnum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að við skulum sjá löggjöf er beinir okkur í ákveðinn farveg í þessu efni. Ég tel mjög þakkar vert, að við skyldum fá þetta frv. hér á Alþ., þó að seint sé, svo að alþjóð gefist svigrúm til að athuga efni þessa mikilvæga frv.

Erindi mitt hingað í ræðustól var aðeins að vekja athygli á því, hvað þetta málefni er mikilvægt. Ég hef staðið að því ásamt fleiri Alþfl.-mönnum að telja nauðsynlegt að setja löggjöf um óbyggðir landsins og eignaraðild og meðferð á öllu landinu. Löggjöf um óbyggðir, nýtingu lands og umhverfismál ætti að vera mjög undir sömu stjórn og falla í sama farveg í framtíðinni, því að það verður öllum þegnum landsins til blessunar, að við berum þroska til þess að móta löggjöf í tæka tíð, en þó að vel athuguðu máli, eins og mér virðist hér hafa verið staðið að verki.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þakklæti hv. síðasta ræðumanns í garð hæstv. ráðh. fyrir að hafa lagt þetta frv. til laga fram nú til athugunar. Ég tel þetta góð vinnubrögð, að ætla einmitt nægan tíma til þess að athuga frv. Ég tel raunar æskilegra að leggja frv. fram núna í þinglok heldur en hitt **hefði verið**, að leggja það fram á haustdögum **og ætlast til** að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Hér er um að ræða mál sem ákaflega æskilegt er að alþýða manna ræði sín í milli og við fáum sem mestar umr. um meðal almennings áður en Alþ. fjallar endanlega um það, þannig að félög áhugamanna, náttúruverndarfélögin um landið og heildarsamtök þeirra geti fjallað um frv.

Nú er mér það kunnugt, að vel hefur verið vandað til undirbúnings þessa lagafrv., þar sem réttir aðilar hafa um það fjallað nú þegar. Ég er næstum viss um það, að hefðum við haft lög í þessa átt áður og sérstaka ráðuneytisdeild, er um þessi mál hefði fjallað, þá hefði okkur auðnast að sneiða hjá hættulegum ágreiningsmálum sem upp hafa komið.

Ég mun ekki fremur en síðasti ræðumaður, hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, fara út í það að ræða einstakar greinar frv. **Alitamál í frv. sjálfu eru** mörg og margar greinar þarfnast skýringa umfram það sem er að finna í aths. við frv. En ég vil aðeins í lokin segja það, að fyrir þá forsjón, sem kemur fram í þessu frv., **og fyrir frumkvæði** hæstv. ráðh. í þessu máli **er ég reiðubúinn** að fyrirgefa ýmislegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Ónæmisaðgerðir, frv. (þskj. 448, n. 626, 627). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til laga um ónæmisaðgerðir. N. leggur einróma til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur á sérstöku þskj. Sú breyting er við 7. gr. frv. Greinin hljóðar upphaflega svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki má ráða starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum, þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki og öðrum alvarlegum smitnæmum sjúkdómum, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun, ellegar gangist undir sérstaka ofnæmisbólusetningu, áður en það hefur störf."

Sú breyting, sem við leggjum til, er þannig. Við leggjum til, að 7. gr. frv. orðist svo:

„Stefnt skal að því að ráða ekki starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun ellegar gangist undir sérstaka ónæmisbólusetningu áður en það hefur störf."

Ástæðan til þess, að við töldum nauðsynlegt að breyta þessari grein, er sú, að sumt fólk vill ógjarnan gangast undir ónæmisaðgerðir. Í raun og veru er engin leið til að þvinga það til þess. Þannig getur verið erfitt að neita fólki um starf á þeim grundvelli einum, þar sem svo er komið með þann sjúkdóm, sem hér er aðallega fjallað um, þ. e. a. s. berklaveiki, að tiltölulega auðvelt er að ráða við hana, enda þótt fólk sýkist, með lyfjum sem til eru nú. Þess vegna var það sameiginlegt álit ráðamanna í heilbrigðisstjórninni og okkar, að það væri ástæðulaust að hafa þessa grein svona þrönga, heldur skyldi þetta að öllum jafnaði gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 624 (ný 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
8.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1976, frv. (þskj. 622). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1976 liggur hér fyrir á þskj. 622. Þá hefur verið lagt fram í Sþ. frv. til fjáraukalaga vegna sama árs, en fyrir því var mælt í gær.

Eins og fram kemur í aths. með frv. er það samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1976. Reikningurinn, A-hluti hans, var afhentur yfirskoðunarmönnum til meðferðar og lagður óendurskoðaður fyrir Alþ. í maímánuði 1977, en B-hlutinn í nóv. Nú er hann lagður fyrir Alþ. endurskoðaður með aths. og till. yfirskoðunarmanna og svörum ráðh.

Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir þetta ár gerði ég nokkra grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1976 og ríkisreikningi. Í maímánuði 1977 lagði ég einnig fram skýrslu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1976 og hinn 11. jan. það ár gaf fjmrn. út fréttatilkynningu um afkomu ríkissjóðs samkv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds. Skýrsla mín til Alþ. var síðan nánari grg. um afkomuna. Enda þótt niðurstöðutölur reikningsins séu aðrar en bráðabirgðatölur skýrslunnar, m.a. vegna þess að hún var fyrst og fremst byggð á niðurstöðum greiðsluhreyfinga, en reikningurinn er gerður upp af rekstrargrunni, eru efnislegar breytingar óverulegar og mun ég því ekki gera nema örstutta grein fyrir ríkisreikningi nú, enda hafa þm. haft hann til athugunar, eins og ég sagði, frá vori 1977.

Yfirskoðunarmenn gerðu fsp. í 14 liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti innheimtuembætta við ríkissjóð samkv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1976 með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert. Svör við fyrirspurnum sínum telja yfirskoðunarmenn ýmist fullnægjandi eða rétt að viðkomandi atriði verði til athugunar. Till. sínum skiluðu yfirskoðunarmenn í þessum mánuði, og leyfi ég mér að vísa í ríkisreikninginn varðandi þær svo og sjálfar fyrirspurnir þeirra og svör við þeim. Tel ég ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir þeim að svo stöddu.

Með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1976 gerði ég stutta grein fyrir helstu frávikum reiknings og fjárlaga þess árs, en hér mun ég rekja stærstu liði í gjöldum og tekjum A-hluta ríkisreikningsins.

Ég vil eins og áður vekja athygli á tveimur meginreglum við uppgjör A-hluta ríkisrekiningsins samkv. núgildandi lögum, nr. 52 frá 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Önnur er sú, að álagðar tekjur og áfallin gjöld eru lögð til grundvallar við uppgjör rekstrarreiknings, en ekki greiðslufjárhreyfing þessara liða, þ.e. innheimta tekna og útgreiðsla gjalda. Af því leiðir, að í efnahagsyfirliti eru óinnheimtar tekjur meðal eignaliða og ógreiddar gjaldskuldbindingar meðal skuldaliða. Hin meginreglan er sú, að fjárfestingarútgjöld A-hlutans eru talin með gjöldum þess árs þegar til þeirra er stofnað, en þeim ekki dreift með afskriftum á þann árafjölda, sem gert er ráð fyrir að fjárfestingin endist, eins og gildir um uppgjör fyrirtækja og sjóða ríkisins í B-hluta reikningsins.

Heildarniðurstaða rekstrarreiknings A-hluta ríkirreikningsins fyrir árið 1976 var sú, að gjöld námu 70 milljörðum 507 millj. 766 þús. kr. Tekjur námu 71 milljarði 323 millj. 851 þús. kr. Afgangur á rekstrarreikningi var því 816 millj. 85 þús. kr. Greiðsluafkoma ríkissjóðs á árinu 1976 samkv. breytingum sjóðseignar, innistæðu og skulda á ávísunar- og hlaupareikningi við Seðlabanka Íslands og innlánsstofnanir ásamt breytingum reiknings við Seðlabankann var hins vegar óhagstæð á árinu 1976 um 518 millj. Lausafjárstaða við aðra en Seðlabankann og innlánsstofnanir batnaði hins vegar um 2 milljarða 739 millj. kr.

Gjöld ríkisreiknings fyrir árið 1976 skiptast í stórum dráttum þannig: Gjöld menntmrn. námu 11 milljörðum 392 millj. 165 þús. kr., þar af vegna héraðsskóla og grunnskóla 5 milljarðar 318 millj. 692 þús. kr. — Gjöld landbrn. námu 3 milljörðum 725 millj. 84 þús. kr., þar af var eytt 1545 millj. 979 þús. vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. — Gjöld sjútvrn. námu 2 milljörðum 57 millj. 318 þús., þar af 594 millj. 585 þús. vegna Hafrannsóknastofnunar. — Gjöld dóms- og kirkjumrn. námu 4 milljörðum 535 millj. 108 þús. kr., þar af vegna landhelgisgæslu 1 milljarður 358 millj. 419 þús. og dómgæslu og lögreglumála 2 milljarðar 802 millj. 134 þús. kr. Af þeirri fjárhæð eru tæpar 1500 millj. vegna beins löggæslukostnaðar. — Gjöld félmrn. námu 3 milljörðum 227 millj. 321 þús., þar af 2 milljarðar 568 millj. 10 þús. kr. til Byggingarsjóðs ríkisins eða Húsnæðismálastofnunar. Gjöld heilbr.- og trmrn. námu 22 milljörðum 632 millj. 976 þús., þar af 19 milljarðar 905 millj. 183 þús. til Tryggingastofnunar ríkisins. — Gjöld fjmrn. námu 2 milljörðum 901 millj. 382 þús. Gjöld vegna tolla og skattheimtu námu 773 millj. 636 þús. og til uppbóta á lífeyri og eftirlaun 728 millj. 790 þús. kr. Framlag til ríkisábyrgðasjóðs, m. a. til lánagreiðslna vegna togara, nam 612 millj. 496 þús. kr. — Gjöld samgrn. námu 7 milljörðum 945 millj. 139 þús., þar af vegna vegagerðar 4 milljarðar 852 millj. 613 þús., til samgangna á sjó 2 milljarðar 155 millj. 422 þús. og til flugmála 648 millj. 523 þús. kr. — Gjöld iðnrn. námu 1 milljarði 638 millj. 46 þús., þar af til orkumála 1 milljarður 186 millj. 730 þús. Krófluvirkjun er þar ekki meðtalin frekar en aðrar virkjanir sem gerð er grein fyrir í B-hluta ríkisreiknings. — Gjöld viðskrn. námu 5 milljörðum 241 millj. 558 þús. kr., þar af vegna niðurgreiðslna á vöruverði 5 milljarðar 156 millj. 773 þús. kr. Gjöld vegna greiðslna á vöxtum og verðbótum lána, sem ríkissjóður hefur tekið, ásamt vöxtum af viðskiptaskuld við Seðlabankann, námu alls 2 milljörðum 371 millj. 604 þús.

Stærstu einstakir gjaldaliðir A-hluta ríkisreiknings voru eins og áður vegna Tryggingastofnunar, niðurgreiðslna og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir og vegagerðar, nema samtals 31 milljarði 460 millj. 548 þús. kr., sem var um 45% gjalda A-hlutans í heild á árinu 1976. Á árinu 1975 var þessi hlutfallstala 46% og á árinu 1974 48%.

Tekjurnar í heild námu, eins og áður sagði, 71 milljarði 323 millj. 851 þús. kr. samkv. tekjufærslu, þ. e. a. s. álagningu tekna. Innheimtan á árinu nam hins vegar, eins og gerð er grein fyrir á bls. 61—63 í ríkisreikningi, 68 milljörðum 312 millj. 115 þús. kr. Stærstu teknaliðir A-hluta ríkisreiknings voru eins og áður söluskattur, almenn aðflutningsgjöld, tekju- og eignarskattur og hagnaður af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Söluskatturinn nam í tekjufærslu 24 milljörðum 851 millj. 219 þús. og í innheimtu 23 milljörðum 593 millj. 602 þús. Almenn aðflutningsgjöld námu 11 milljörðum 907 millj. 341 þús. í tekjufærslu og svo til sömu fjárhæð í innheimtu. Tekju- og eignarskattur, þar með erfðafjárskattur, nam í álagningu 9 milliörðum 186 millj. 370 þús. og í innheimtu 8 milljörðum 193 millj. 442 þús. Barnabætur og persónuafsláttur að fjárhæð 3 milliarðar 933 millj. 689 þús. hefur þá verið dregið frá. Hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins nam 6 milljörðum 144 millj. 616 þús. Þessir fjórir liðir námu í tekjufærslu alls 52 milljörðum 89 millj. 546 þús. kr. eða 73% af heildartekjum A-hluta ríkisreiknings árið 1976. Þessi hlutfallstala var um 76% árið 1975 og 80% árið 1974. Fimmti stærsti tekjuliðurinn var launaskattur, er nam 4 milljörðum 39 milli. 133 þús. kr. í álagningu. Innheimta nam 3 milliörðum 720 milli. 862 þús. Að launaskatti meðtöldum námu bessir fimm tekjuliðir um 79% heildartekna A-hlutans árið 1976, um 82% árið 1975 og um 84% árið 1974. Ég mun ekki gera nánari grein fyrir niðurstöðum ríkisreiknings fyrir árið 1976. Um frávik reiknings og fjárlaga fjallaði ég, eins og áður sagði, í framsögn fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1976.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og bv. fjh.- og viðskn. Jafnframt vænti ég þess, að unnt verði að afgreiða frv. sem lög á þessu þingi ásamt frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1976 og þar með verði stefnt að því að afgreiða þessi frv. ávallt eigi síðar en á öðru vori eftir lok reikningsárs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Lufiafræðingar, frv. (þskj. 449, n. 628). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. til laga um lyfjafræðinga hefur verið til umfjöllunar í heilbr.- og trn. í nokkra daga. N. hefur rætt frv. á nokkrum fundum og leggur einróma til að það verði samb. óbrevtt.

Hér er um allmikinn lagabálk að ræða sem fjallar um starf lyfjafræðinga og stöðu þeirra innan heilbrigðiskerfisins. Því er ekki að neita, að starf lyfjafræðinga hefur tekið nokkrum stakkaskiptum nú á síðustu árum og áratugum og orðið ábyrgðarmeira og flóknara en áður. Hefðum við því mjög gjarnan viljað hafa svolítið meiri tíma til þess að rannsaka þetta frv. Hins vegar gátum við ekki séð neina þá stóra annmarka á því, sem yrðu þess valdandi að við sæjum ástæðu til að fresta afgreiðslu málsins, og teljum að hér sé um ótvíræðar umbætur að ræða frá því sem var. Það er þess vegna sem við leggjum til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Manneldisráð, frv. (þskj. 456, n. 638, 639). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. til laga um manneldisráð hefur verið í heilbr.- og trn. í nokkra daga til umfjöllunar. N. leggur einróma til, að frv. verði samb. með þeirri breyt. sem flutt er till. um á sérstöku þskj. Breyt., sem heilbr.- og trn. leggur til að gerð verði, er við 3. gr. frv. 3. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í manneldisráði eiga sæti fimm menn, sem ráðh. skipar til fjögurra ára í senn, og fimm til vara.

Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu á manneldismálum."

Sú breyting, sem við leggjum til, er á þann veg, að 3. gr. orðist svo:

„Í manneldisráði eiga sæti fimm menn er ráðh. skipar til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn ráðsmanna samkv. tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, annan samkv. tilnefningu verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en hina þrjá án tilnefningar. Skipa skal fimm varamenn með sama hætti.

Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu í manneldismálum.

Ráðh. skipar einn ráðsmanna formann manneldisráðs."

Eins og fram kom, er hæstv. heilbrh. talaði fyrir máli þessu, þá hefur manneldisráð verið til um alllangan tíma. Núgildandi lög um manneldisráð voru samþ. árið 1945, en um lengri tíma hefur ráðið verið lítt starfhæft. Það var í raun og veru fyrst nú á allra síðustu árum sem því var aflað nokkurs fjármagns til þess að það gæti starfað. Nú er svo komið, að fram fara á vegum ráðsins allmiklar rannsóknir, sem í raun og veru væri eðlilegt og æskilegt að gætu farið fram undir sömu stjórn. Við höfum þá trú eftir viðtal við ráðunevtisstjóra og þá menn, sem um þessi mál fialla í Stjórnarráðinu, að breyting á þessum lögum verði ekki látin koma niður á þeirri starfsemi sem nú fer fram.

Það sem gerir nauðsynlegt nú, að breyting verði gerð á starfsemi manneldisráðs, er m. a.

það, að á síðustu árum og áratugum hefur orðið mikil breyting á þekkingu manna á fæðurannsóknum og lifnaðarháttum manna yfirleitt og fleiri starfsaðilar en læknar fjalla nú um þessi mál. Áður voru í ráðinu og eru reyndar núna fimm læknar og hefur verið svo frá upphafi, en hins vegar var svo ákveðið, er frv. þetta kom í n., að í manneldisráði skyldu eiga sæti fimm menn, sem ráðh. skipaði til fjögurra ára. Það var tekið fram, að þeir skyldu hafa sérþekkingu í manneldismálum, en í raun og veru var engin trygging fyrir því, að þarna væri nokkur læknir. Hins vegar er þetta svo samtengt að varla er hægt að hugsa sér manneldisráð án þess að þar komi læknar við til umfjöllunar. Þess vegna var þessi breyting gerð til þess að tryggja það, að ráðið yrði skipað í framtíðinni eins og við teljum æskilegast.

Það er ekki vafi á því, að nú þegar við höfum ráðið bót á hinum hættulegustu sjúkdómum heilsufari okkar, þá er manneldi einn af hinum þýðingarmestu þáttum í heilbrigði okkar á komandi tímum og þess vegna er þetta frv. mjög merkilegt fyrir alla okkar heilbrigðisstarfsemi. Ég vona að samþykkt þessa frv. megi leiða til umbóta í þessum málum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég á ekki sæti í n. þeirri, er fjallað hefur um frv. um manneldisráð, en ég hef lesið það og þykir það horfa til bóta. En þegar nú er kveðið á um það samkv. till. n., hverjir skipa skuli að nokkru fulltrúa í manneldisráð, þá þykir mér nokkurs í vant þar sem ekki er gert ráð fyrir því, að þar verði fulltrúi matreiðslumanna á landi hér. Það er sannast sagna, að enda bótt hollusta hinna ýmsu matvælategunda skipti miklu máli í grundvallaratriðum, þá er hitt einnig nokkurs um vert, að menn hafi lyst á þeim. Og fyrir utan það, að þekking matreiðslumanna, sérþekking þeirra, kemur þarna mjög til greina, þá hygg ég að ýmsir menn úr þeirra hópi hafi til að bera þá þekkingu sem nauðsynleg getur verið til þess að leita skynsamlegra ráða til þess að beina neyslu landsmanna inn á hollustubrautir. Þeir kunna að segja fyrir um það, með hvaða hætti sé hægt að gera hin hollustusamlegu matvæli fýsileg fyrir landsmenn. Og ég vildi giarnan að þau atriði, sem lúta að smekk, sem er ákaflega þýðingarmikið í sambandi við matvæli, verði ekki þarna algjörlega fyrir borð borin. Það er kveðið á um það, að þarna sitji læknir og fulltrúi háskólans, Verkfræðideildar háskólans, en mér finnst alveg bráðnauðsynlegt að kveðið verði á um það, líka, að þarna sitji fulltrúi samtaka matreiðslumanna.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Víst er ég samþykkur því áliti hv. síðasta ræðumanns, að smekkur sé mikils virði. Um það er ekki að efast. Hins vegar mætti kannske segja að það sé ekki eins nauðsynlegt og áður var að smekkurinn sé alls ráðandi. Núna er kannske eins oft þörf á því, að maturinn sé ekki allt of aðgengilegur og fýsilegur, því að meiri hluti bjóðarinnar virðist frekar þurfa að draga við sig neyslu heldur en hitt. Hins vegar veit ég ekki hversu vel hv. þm. hefur lesið frv., vegna þess að hér stendur í aths. við 3. gr.: „Hins vegar verður að tryggja að í ráðinu sitji þeir aðilar sem besta þekkingu hafa í þessum málum, hvort sem hún er fræðileg eða fengin af langri reynslu.“ Þarna er einmitt um að ræða það, að pláss er fyrir matreiðslumennina og aðra þá sem hafa fengið ýmist fræðilega þekkingu eða langa reynslu. Þetta mátum við mjög mikils og þess vegna er meiri hl. ráðsins enn þá skipaður samkv. þessu áliti. Það eru aðeins tveir aðilar sem við höfum gert till. um að væru skipaðir samkv. ákvörðun stofnana, sem sagt læknadeildar háskólans og verkfræði- og raunvísindadeildar. Ég held því, að vel sé fyrir þessu séð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 639 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 551, n. 621). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga og mælir einróma með samþykkt þess.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla hér um starfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga. Allir hv. þm. þekkja þá starfsemi og alla þá félagsmálastarfsemi sem fram hefur farið á vegum Sambands ísl. berklasjúklinga, bæði vegna byggingar og rekstrar á vinnustofum fyrir öryrkja, starfsemi á vinnuheimilinu á Reykjalundi og fleira sem þessi samtök hafa komið til leiðar í þjóðfélagi okkar.

Frv. gerir ráð fyrir að framlengja heimild Sambands ísl. berklasjúklinga til rekstrar vöruhappdrættis í 10 ár, þ. e. til ársloka 1989, en happdrætti þetta stendur að langmestu leyti undir þeirri starfsemi sem fer fram á vegum þessara samtaka. Ég vil að lokum ítreka að n. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ættleiðingarlög, frv. (þskj. 427 (sbr. 56), n. 613, 629). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til ættleiðingarlaga og leggur einróma til að það verði samþ. með þeirri breytingu einni sem fram kemur á sérstakri brtt. sem n. leggur til að samþykkt verði. Brtt. n. er við 12. gr. um að 1. mgr. orðist svo:

„Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi

samþykki samkv. 7. gr., sbr. 10. gr., aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefur verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök."

Þetta er eingöngu til þess að taka af öll tvímæli um hvað greinin þýði. Ég endurtek svo að n. leggur til að frv. verði samþ. með þessari breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 629 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—27. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Gjaldþrotalög, frv. (þskj. 474, n. 637). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til gjaldþrotalaga. Mál þetta hefur verið til meðferðar á Alþ. í allan vetur og nefndarstarf var einkum unnið sameiginlega með allshn. Nd. Í Nd. voru samþ. allmargar brtt. og má segja að báðar n. hafi staðið að þeim breytingum þar sem málið var unnið sameiginlega.

Lög um gjaldþrotaskipti voru fyrst sett hér á landi fyrir aldamót og að vísu hafa nokkrar breytingar verið gerðar á þeim lögum, en að stofni til eru lögin frá 1894 — þau lög sem nú eru í gildi. Þessi lög voru samin við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru og eru þess vegna orðin löngu úrelt. Meðferð gjaldþrotamála hefur verið mjög þunglamaleg og seinvirk og kostnaður oft mikill. Er langt síðan orðið var nauðsynlegt að setja ný lög um gjaldþrotaskipti.

Það hefur farið fram mikið starf og endurskoðun á norrænni gjaldþrotalöggjöf. Er þeirri endurskoðun að vísu ekki að fullu lokið, en ákveðnar meginlínur hafa þó verið markaðar í því starfi. Mun þetta frv. taka að allmiklu leyti mið af því.

Í þessu frv. er leitast við að koma á nokkrum meginbreytingum sem eru þessar helstar: 1) Að meðferð búa annarra en smábúa hverfi frá skiptaráðanda til sérstaks bústjóra. 2) Að kostnaður af starfi bústjóra, skiptastjóra og aðstoðarmanns skiptaráðanda skal greiddur af fé þrotabúsins. 3) Einn kafli frv. fjallar um greiðslustöðvun, sem er nýmæli, sem á að hamla gegn því, að einstakir lánardrottnar fái óeðlilega mikið í sinn hlut. 4) Bústjóra eða þeim, sem annast búskiptin, eru gefnar mun frjálsari hendur um meðferð búsins. 5) Riftun á ráðstöfun þrotamanns og vissar fullnustuaðgerðir lánardrottna verði greiðari en nú er. 6) Mörg ákvæði eru í frv. sem miða að því að leysa úr vafaatriðum og einfalda skiptameðferð.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni þessa frv. Það var gert ítarlega við framsögu málsins og einnig hefur allshn. Nd. skilað ítarlegu nál., þar sem brtt. þeirrar n. voru mjög greinilega skýrðar. Ég vil aðeins að lokum ítreka að allshn. Ed. leggur einróma til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—40. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
41.—85. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
86.—105. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
106.—133. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
134.—140. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 83. fundur.

Laugarlaginn 22. apríl, að loknum 82. fundi.

Ónæmisaðgerðir, frv. (þskj. 661 (sbr. 448)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lyfjafræðingar, frv. (þskj. 449). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Manneldisráð, frv. (þskj. 662 (sbr. 456)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 551). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ættleiðingarlög, frv. (þskj. 663 (sbr. 56)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Gjaldþrotalög, frv. (þskj. 474). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 664).

Efri deild, 84. fundur.

Laugardaginn 22. apríl, að loknum 83. fundi.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 488). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í þessu frv. um Samábyrgð Íslands eru þau nýmæli, að niður er lögð svonefnd bráðafúadeild Samábyrgðarinnar, en hún var sett á fót með lögum sem tóku gildi 1. maí 1958. Þessi bráðafúadeild á töluverðan sjóð nú, vegna þess að tjón hafa farið minnkandi af völdum bráðafúa. Eignir bráðafúadeildarinnar eru, ef ég man rétt, liðlega 200 millj. eða um 206 millj. kr. Er ætlað við gildistöku þessa frv., ef að lögum verður, að Aldurslagasjóður fiskiskipa taki við öllum eignum og skuldbindingum bráðafúadeildarinnar. Því verður komið á með þessu frv. að greiða fyrir því með bótagreiðslum, að gömul og óhentug fiskiskip verði tekin úr notkun og eyðilögð.

Landssamband ísl. útvegsmanna hefur átt aðild að samningu þessa frv. eða fulltrúi frá því, enn fremur forstjóri Samábyrgðar Íslands og fulltrúi í rn. Hefur orðið að samkomulagi að allir eigendur fiskiskipa, sem eru stærri en 12 rúmlestir, bæði stálfiskiskipa og tréfiskiskipa með þilfari, annarra en súðbyrtra skipa, samþykki og séu aðilar að því og styðji að því, að skylt verði að greiða árleg iðgjöld til Aldurslagasjóðs með þeim hætti sem segir í 10. gr. frv.

Stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum hefur einróma fallist á þessa breytingu og því er þetta frv. flutt. Um frv. var full samstaða í Nd., bæði í þeirri n., sem hafði með frv. að gera, og eins meðal dm. almennt.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Embættisgengi kennara og skólastjóra, frv. (þskj. 625 (sbr. 397)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um embættisgengi kennara var flutt í Nd. og hefur nú verið afgreitt þaðan með einni smávægilegri breytingu. Ég hef fyrir mína parta ekkert við þá breytingu að athuga og veit ekki betur en um hana sé fullt samkomulag.

Þegar ég mælti fyrir þessu frv. í Nd. gerði ég það með nokkuð ítarlegri ræðu. Hún liggur nú fyrir prentuð í Alþingistíðindum og vil ég að mestu leyti láta nægja að vísa til hennar og svo þeirra athugasemda sem þessu frv. fylgja. Ég vil aðeins geta þess, að það er langt síðan farið var að huga að því að setja lög um þetta efni. Strax 9. des. 1970 skipaði þáv. menntmrh. nefnd til þess að semja, eins og stendur í því bréfi, tillögur í frumvarpsformi um ákvæði varðandi skilyrði sem fullnægja þarf til þess að vera settur eða skipaður kennari við skyldunámsskóla og framhaldsskóla, þ. á m. menntaskóla og sérskóla.“ Þetta var sem sagt 1970. En á þessu árabili hafa orðið miklar breytingar, bæði á sviði löggjafar um grunnskóla og í sambandi við framhaldsskóla, og raunar hefur þar ýmsu verið breytt á þessu tímabili. Einnig hafa orðið breytingar á lögum um kennaramenntun. Allt þetta hefur valdið því, að menn hafa tekið sér góðan tíma til þess að vinna þetta mál og ekki flanað þar að neinu.

Ég vil enn fremur geta þess, að þegar komið var undir þinglok í fyrravor, þá lá á borði hjá okkur í rn. fullbúið frv. um þetta efni. Var þó horfið frá því að sýna frv. þá, því að við urðum vör við að um tiltekið atriði í frv. var uppi ágreiningur. Kennarasamtökin voru ekki ásátt með það. Þótti því rétt að taka þetta sérstaka atriði og þá um leið frv. í heild til nánari athugunar og hafa enn frekar samráð við kennarasamtökin en gert hafði verið fram að þeim tíma. Sumarið var svo notað í þetta, og ég tel að náðst hafi algjör samstaða um þetta frv. með menntmrn. og landssamtökum þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli.

En sem sagt, ég vil leyfa mér að láta nægja að vísa til ræðu minnar, sem liggur fyrir prentuð, og athugasemda með frv. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmrn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Ríkisendurskoðun, frv. (þskj. 409). — Frh. 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir til umr., frv. til laga um ríkisendurskoðun, flutt af hv. 5. þm. Austurl., er að mínum dómi mjög þess virði að því sé gaumur gefinn. Þau lög, sem nú gilda um starfsemi ríkisendurskoðunar, eru lög um Stjórnarráð Íslands frá 31. des. 1969. Í reglugerð, sem byggð er á þeim lögum, er kveðið á um viðfangsefni þau sem ríkisendurskoðunin fjallar um, en þau eru: 1) Endurskoðun reikningsskila embætta ríkisstofnana og sjóða í vörslu ríkissjóðs. 2) Umsjón og eftirlit með endurskoðun á reikningsskilum ríkisstofnana, en endurskoðendur þeirra eru skipaðir eða kosnir samkv. sérstökum lögum. 3) Eftirlit með opinberum sjóðum. 4) Eftirlit með rekstri ríkisstofnana lögum samkv., sbr. II. kafla laga nr. 61 frá 1931 og 82. gr. laga nr. 52 1966.

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands er ríkisendurskoðunin sjálfstæð stjórnardeild sem fjmrh. fer með. Veigamesta breytingin, sem lögð er til í þessu frv., er að ríkisendurskoðunin heyri ekki undir fjmrh., heldur verði aðskilin frá framkvæmdavaldinu og heyri undir Alþ. sjálft. Það er tvímælalaust megintilgangur með þessu frv., ef að lögum yrði, að gera ríkisendurskoðunina óháðari en nú framkvæmdavaldinu og öðrum stofnunum sem háðar eru eftirliti hennar samkv. lögum. Um þetta eru sjálfsagt skiptar skoðanir, hvort rétt sé að gera þessa skipulagsbreytingu, þ. e. a. s. að ríkisendurskoðunin sé sjálfstæð stofnun löggjafarvaldsins, eða ekki. Á það má benda, að í Danmörku fóru fram fyrir nokkrum árum allmiklar umr. einmitt um þetta atriði, en niðurstaðan varð sú þar, að ekki væri talið heppilegt að færa ríkisendurskoðunina til þingsins. Í Noregi heyrir ríkisendurskoðunin hins vegar undir Stórþingið, og hefur komið þar fram að aðilar eru ánægðir með þá skipan.

Frá því að ég tók við starfi fjmrh. hefur starfsemi ríkisendurskoðunarinnar sem virkast. Í því sambandi vil ég benda á, að fyrir fram og samtíma endurskoðun er orðin miklu meiri þar en áður. Enn fremur hef ég í mörgum tilfellum falið ríkisendurskoðun að gera sérstaka úttekt á rekstri og efnahag ýmissa stofnana ríkisins til þess að tryggja, stofnanir og fyrirtæki ríkisins fari eftir þeim fjárlögum sem þeim hafa verið sett, og ég er þeirrar skoðunar, að með virkari ríkisendurskoðun megi ná betra aðhaldi hjá þessum stofnunum í sambandi við útgjöld og að þær fari að þeim fjárlögum sem — eins og ég sagði áðan — þeim hafa verið sett.

Varðandi það atriði, hvort ríkisendurskoðun eigi að vera stofnun Alþingis eða ekki, þá er rétt að benda á atriði sem eru því samfara. Af sumum er talið heppilegra, þó að aðrir hafi þar andstæða skoðun, að ríkisendurskoðunin verði óháðari eða með öllu óháð framkvæmdavaldinu og Alþ. og fulltrúar þess fari með stjórn endurskoðunarinnar. Í öðru lagi fær Alþ. þá sér við hlið stofnun sem hefur eftirlit með því, að fjármálalegum ákvörðunum Alþingis sé framfylgt. Í þriðja lagi er ætlað að koma á betra og virkara upplýsingastreymi um fjármál og rekstur ríkisins og ríkisstofnana til Alþ., en með bættri tækni hefur á undanförnum árum tekist að koma töluvert til móts við það sjónarmið, að upplýsingastreymi um fjármál og rekstur ríkisins og ríkisstofnana til Alþ. verði bætt. Held ég að þar hafi tekist að ná verulegum árangri. Í síðasta lagi gefur þessi skipan, ef að lögum yrði, Alþ. möguleika á að efla hlutverk sitt í sambandi við, eins og ég vék að áðan, aðhald og bættan rekstur ríkiskerfisins.

Í frv. er m. a. fjallað um að færa eigi alla endurskoðun á vegum ríkissjóðs og ríkisstofnana á eina hendi og jafnframt að leggja þær skyldur á ríkisendurskoðun, að mat sé á það lagt, hvort fjárhagslegt og rekstrarhagfræðilegt markmið sé ráðandi við ráðstöfun fjármuna. Sú þróun hefur átt sér stað hin síðari ár, að starfssvið endurskoðunar hefur í sífauknum mæli færst í það horf að fjalla um, hvort ráðstöfun fjármuna sé sem hagkvæmust. Ég tel mjög mikilvægt að þessi þróun nái einnig hingað til okkar, og ég tel enn fremur eðlilegt að öll endurskoðun ríkisins sé færð undir eina stofnun. Það mundi skapa samræmi innan ríkiskerfisins við alla endurskoðunarvinnuna.

Það ákvæði í frv., er fjallar um að ríkisendurskoðun skuli leggja fyrir Alþ. endurskoðunarskýrslu um ríkisreikning, tel ég vera mjög mikilvægt, þar sem það ætti þá að gefa gleggra yfirlit yfir ríkisfjármálin og skapa grundvöll að virkari umr. um þau á Alþ. Ég vek athygli á því, að ég hef reynt að koma þessum hugmyndum í framkvæmd, m. a. með því að leggja fyrir Alþ. eftir hver áramót bráðabirgðaskýrslu um stöðu ríkissjóðs og fjármál ríkissjóðs til þess að Alþ. hafi eins fljótt og auðið er tækifæri til þess að tjá sig um þau mál, eftir því sem efni og ástæða er til.

Annað veigamesta atriðið í þessu frv. er að efla skuli til muna hlutdeild ríkisendurskoðunar í skipulagningu á starfsemi stofnana ríkisins. Í núverandi skipulagi er gert ráð fyrir að fjárlaga- og hagsýslustofnun hafi þetta viðfangsefni með höndum. Að mínum dómi hefur fjárlaga- og hagsýslustofnun komið með margar góðar og raunhæfar tillögur til úrbóta á starfsemi ríkisstofnana á undanförnum árum. Hins vegar er því ekki að leyna, að oft hafa þær till. ekki komist í framkvæmd. Ég er þeirrar skoðunar, að til þess að hagsýsla verði enn virkari þurfi að efla fjárlaga- og hagsýslustofnunina. Að mínum dómi væri mögulegt að ná fram meiri hagræðingu með því að efla þá stofnun sem fyrir er. Það er hins vegar spurning um það, hvort sú till., sem er gerð í þessu frv. um starf ríkisendurskoðunar með þessum hætti, væri virkari í þessari hagræðingu, þannig að till., sem kæmu frá stofnun Alþingis, næðu frekar fram að ganga. Mér er það ekki fullkomlega ljóst. Þetta fer að sjálfsögðu mjög eftir því, hvernig viðkomandi stofnanir eru búnar að mannafla til vinnslu, og svo því, hvernig þeir, sem eru ráðamenn viðkomandi stofnana, taka á málunum. Ég held að með því að gera ríkisendurskoðunina virkari í samtíma og fyrir fram endurskoðun og ríkisendurskoðunin sé notuð til þess að gera úttekt á framkvæmd fjár-

laga viðkomandi stofnunar, þá megi ná fram töluvert miklum bótum í þessum efnum. Ég held að á síðari árum hafi það sýnt sig með þeirri breytingu sem á ríkisendurskoðun hefur verið gerð.

Ég tel enn fremur að þær hugmyndir, sem settar eru fram í þessu frv. um stjórn ríkisendurskoðunar, séu þess eðlis að þær, ef frv. yrði að lögum, þyrftu nánari athugunar við. Í því sambandi vil ég vekja athygli á því, hvort rétt sé að forustumaður stofnunarinnar eigi sæti í stjórn hennar. Svo er að sjálfsögðu íhugunaratriði, hver fjöldi stjórnarmanna eigi að vera. Ég held líka að það væri til athugunar, hvernig stjórn ríkisendurskoðunar tengist fjárveitingarnefndarstörfum, en í þessu frv. er fjallað um hvernig kosið skuli til stjórnar og hvaða þm. verði þar að öllum jafnaði valdir til starfa. Ég held að það væri mun skynsamlegra að tengja saman fjvn. sem slíka heldur en binda í frv. hverjir eða hvaða þm. skuli að jafnaði vera kosnir í stjórn þessarar stofnunar. Hér er að sjálfsögðu um minni háttar atriði að ræða.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég vildi aðeins með orðum mínum vekja athygli á þessari hugmynd, sem hér er fram sett, tel hana þess virði, að hún verði athuguð, og það, sem við getum gert best í því að fá virkt aðhald í stjórnun hins opinbera og best eftirlit með því, að ákvörðunum fjárveitingavaldsins sé framfylgt, eigi að framkvæma. Menn eiga ekki að vera með fordild um það, hvort ein eða önnur stofnun eigi að heyra undir rn. eða Alþ. Það, sem okkur finnst skynsamlegast og best og öruggast, eigum við að gera. Frá mínum bæjardyrum séð kemur þessi hugmynd, sem sett er fram í þessu frv., mjög til álita í þeim efnum.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. fjmrh. fyrir góðar undirtektir varðandi þetta frv. Mér er ljóst að hér er um svo mikla breytingu að ræða og svo stórt mál í mínum huga að ekki er hægt að búast við því, að slíku máli verði lokið á þessu þingi. Hins vegar legg ég á það áherslu, að haldið verði áfram því starfi sem ég veit að hefur verið unnið á vegum rn. í þessum efnum, og eins því starfi, sem ég hef unnið í sambandi við athugun á þessum málum.

Það er mikil hreyfing á öllu eftirliti alls staðar, bæði hér á landi og annars staðar, og við þurfum að fylgjast vel með í þeim efnum. Það er væntanlegt nýtt lagafrv. í Noregi um þessi efni, þar sem er komin löng og góð reynsla á skipan þessara mála á þennan hátt. Það er einnig alveg rétt, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, að fram fór mjög ítarleg athugun á þessu atriði og skipulagi ríkisendurskoðunar í Danmörku fyrir stuttu. Niðurstaða þeirrar athugunar og endurskoðunar leiddi til lagasetningar árið 1975, þar sem gert var ráð fyrir því, að ríkisendurskoðun heyrði áfram undir ráðh. Það voru að vísu uppi ýmsar skoðanir um það, undir hvaða ráðh. þessi stofnun skyldi heyra. Mig minnir að sú hafi verið niðurstaðan, að stofnunin var ekki sett undir fjmrh., heldur það sem er kallað „konom"-rn. Það voru líka uppi hugmyndir um að setja stofnunina undir forsrh. Hins vegar taldi minni hl. þeirrar nefndar, sem vann að endurskoðun þessara mála, að ríkisendurskoðun skyldi heyra undir þing Dana, en það náði ekki fram að ganga, þar sem það var aðeins minnihlutaálit. Einnig má geta þess, að nú alveg nýlega var samþ. í kanadíska þinginu að ríkisendurskoðun Kanada heyrði undir þjóðþing Kanadamanna.

Mér er alveg ljóst, að það er athugunarefni hvernig stjórn þessarar stofnunar skuli komið fyrir. Í mínum huga var nokkurt vandamál, á hvern hátt skyldi skipað í stjórn ríkisendurskoðunar. Mín vegna má breyta því í frv. Ég komst að þessari niðurstöðu eftir nokkra athugun, en satt að segja var það allmikið vandamál í mínum huga, hvernig þessu væri best fyrir komið. Það er ekki nauðsynlegt, að í þessari stjórn sitji þm. Ég taldi þó að það mundi verða til þess að tengja þessa stofnun betur við Alþ. Hins vegar var í mínum huga svo mikið starf að gegna formennsku í svo mikilvægri stofnun, að ekki var hægt að hugsa sér að gegna slíku starfi ásamt þingmannsstarfi.

Mér er einnig ljóst, að fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur unnið að skipulagsmálum á vegum ríkisins. Það er að sjálfsögðu rannsóknarefni, hvort slík skipulagsstarfsemi skuli heyra áfram eingöngu undir fjárlaga- og hagsýslustofnun eða hvort ríkisendurskoðun skuli í einhverjum mæli yfirtaka þá starfsemi. Ég býst við því, að ljóst sé að ríkisendurskoðun er í mjög nánum tengslum við viðkomandi stofnanir, þekki þær stofnanir e.t.v. betur en nokkur annar. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að ríkisendurskoðun hafi að einhverju leyti með slík skipulagsmál að gera. En allt slíkt er að sjálfsögðu til nánari athugunar. Jafnvel þótt ríkisendurskoðunin yfirtaki slíka starfsemi í nokkrum mæli, eins og hefur verið þróunin víða, t.d. í Svíþjóð og Bandaríkjunum og víðar, þá er ekki þar með sagt að fjárlaga- og hagsýslustofnun gæti ekki unnið að þeim málum í einhverjum mæli áfram.

Ég legg einnig mikið upp úr því, að það verði unnið að því, að reikningsskilakerfi á vegum ríkisins veiti nánari upplýsingar annars vegar um þann kostnað, sem af útgjöldum leiðir, og hins vegar þau afköst og árangur, sem þessum sömu útgjöldum tengjast. Mér er ljóst að þetta er gert í nokkrum mæli, og sú stofnun, sem e.t.v. er komin lengst í þessu efni, er Vegagerð ríkisins. Þar eru beinlínis haldnar skýrslur um það á hverjum degi, hvað viðkomandi vinnuflokkur vinnur yfir daginn, og það borið saman við þá áætlun sem var gerð í sambandi við ákveðinn vegarkafla. Á þennan hátt er hægt að fylgjast miklu betur en ella með notkun fjármuna og með þessu er komið á mjög virku kostnaðareftirliti. Ég held að það sé mikil þörf á slíku sem víðast í ríkisrekstrinum. Ekki er hægt að koma því við alls staðar í einu ríkum mæli, en ég legg á það áherslu, að ef ríkisendurskoðun undir stjórn Alþ. yrði að veruleika einhvern tíma, þá yrði lögð rík áhersla á skýrslugerð um þetta atriði og Alþ. fengi sem gleggstar upplýsingar um þau afköst og þann árangur sem hefur orðið af fjárframlögum til hinna ýmsu verka í þjóðfélaginu.

Ég vil aðeins að lokum, herra forseti, þakka hæstv. fjmrh. góðar undirtektir í sambandi við þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 80. fundur.

Laugardaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Embættisgengi kennara og skólastjóra, frv. (þskj. 625 (sbr. 397)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 488). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Áskorunarmál, frv. (þskj. 418). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 657).

Fiskimálaráð, frv. (þskj. 331). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 658).

Geymslufé, frv. (þskj. 404 (sbr. 303)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 659).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 636). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Skömmu fyrir síðustu jól lagði ég fram frv. til breytinga á lögum nr. 67 frá 20. apríl 1971 um almannatryggingar. Það frv. fjallaði aðallega um sameiningu slysatrygginga og annarra greina almannatrygginga. Þetta frv. er enn þá í meðförum Alþ. eða fyrir hv. heilbr.- og trn.

Frv. það, sem ég mæli hér fyrir, er ávöxtur framhaldandi starfsnefndar þeirrar sem ég skipaði á árinu 1975 til þess að endurskoða lög um almannatryggingar. Hefur nefndin haldið áfram í vetur að endurskoða gildandi ákvæði almannatryggingalaga um bætur sjúkratrygginga. Í nefnd þessari eiga sæti aðilar tilnefndir af þingflokkunum, auk nokkurra annarra aðila. Með þessu lagafrv., sem hér er lagt fram, má segja að lokið sé öðrum þætti starfs nefndarinnar en þessi þáttur hefur, eins og áður segir, fyrst og fremst snúist um ýmis bótaákvæði sjúkratryggingakafla almannatryggingalaga. Við þetta starf sérstaklega hefur nefndin verið þannig skipuð: Bragi Guðmundsson læknir, tilnefndur af Alþfl., Guðrún Helgadóttir deildarstjóri, tilnefnd af Alþb., Jón A. Ólafsson sakadómari, tilnefndur af Framsfl., Ragnhildur Helgadóttir alþm., tilnefnd af Sjálfstfl., Steinunn Finnbogadóttir ljósmóðir, tilnefnd af SF. Auk þess áttu sæti í nefndinni án tilnefningar Oddur Ólafsson alþm. og læknir, Sigurður Ingimundarson forstjóri, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri og Gunnar J. Möller framkvæmdastjóri, sem jafnframt var formaður téðrar nefndar. Jón Ingimarsson skrifstofustjóri í heilbr.- og trn. hefur verið ritari nefndarinnar frá upphafi. Enn fremur hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur verið henni til aðstoðar.

Helstu breytingar, sem í frv. þessu felast, eru:

1. Gert er ráð fyrir, að tekin verði upp greiðsla ferðakostnaðar sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar á sjúkrahúsi vegna tiltekinna sjúkdóma.

2. Ákvæðum um greiðslur vegna tannlækninga er að ýmsu leyti breytt, m. a. með tilliti til fenginnar reynslu.

3. Gert er ráð fyrir breyttum ákvæðum um sjúkradagpeninga. Þess skal getið, að að nokkru leyti miðast þessar breytingar við þá forsendu, að áðurnefndar breytingar á slysatryggingum verði samþykktar, en auk þess má nefna breytt ákvæði um dagpeninga húsmæðra og dagpeninga til manna sem taka upp vinnu að hluta eftir veikindaforföll.

4. Lagt er til að fæðingarstyrkur falli niður, sjúkrasamlög greiði vist á fæðingarstofnunum og konur, sem fæða í heimahúsum, fái greiddan ljósmóðurkostnað ásamt dagpeningum.

5. Sett verði ákvæði um upphaf og lok sjúkratryggingar í sambandi við búferlaflutning til og frá landinu.

6. Gert er ráð fyrir að sett verði reglugerð um sjúkrahjálp er veitt verði umfram það sem lögboðin er, í stað þess að slík ákvæði séu í samþykktum einstakra samlaga.

7. Nokkur ákvæði núgildandi laga eru gerð skýrari og færð til samræmis við núverandi framkvæmdir.

Eins og fyrr eru breytingar nefndarinnar, sem hér voru tíundaðar, byggðar á umfjöllun hennar á grg. Guðjóns Hansen tryggingafræðings, en honum var falið snemma á árinu 1975 að vinna að athugun á tilteknum þáttum löggjafar um almannatryggingar og skyld málefni.

Áður en vikið verður að hverjum einstökum þætti þeirra breytinga, sem hér hafa verið taldar

upp, þykir mér tilhlýðilegt að fara nokkrum orðum um sjúkratryggingar almennt, sérstaklega hvað snertir þróun þessara mála á undanförnum áratugum.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar margar og veigamiklar breytingar á nær öllum greinum almannatrygginga. Ef við lítum á sjúkratryggingar sérstaklega, þá hafa þær algera sérstöðu þegar litið er á þróun útgjalda. Reiknað sem hundraðshluti af vergri þjóðarframleiðslu hafa útgjöld sjúkratrygginga meira en fjórfaldast á tímabilinu frá 1950—1974, þ. e. a. s. aukist úr 1.1% í 4.7%. Til samanburðar má nefna, að á þessu tímabili jukust útgjöld lífeyristrygginga vegna elli, örorku og dauða úr 1.9% í 3% af vergri þjóðarframleiðslu eða um því sem næst 60%.

Á þessum aldarfjórðungi hefur fjárhagsgrundvöllur sjúkratrygginga gerbreyst. Árið 1950 stóðu iðgjöld hinna tryggðu undir 60% útgjalda, ríki og sveitarsjóðir lögðu hvort um sig fram 20%, þó aldrei yfir tiltekna fjárhæð á hvern iðgjaldsgreiðanda. Árið 1971 var svo komið, að hluti iðgjalda nam 23%, framlag ríkissjóðs 57% og framlag sveitarfélaga 20%. Ástæðurnar fyrir þessu breytta hlutfalli milli iðgjalda og framlags ríkissjóðs voru fyrst og fremst tvær. Í fyrsta lagi, að ekki þótti rétt að láta afnám ríkisframfærslunnar hafa í för með sér hækkun iðgjalda. Í öðru lagi var niðurgreiðsla sjúkrasamlagsiðgjalda sem á tímabili þótti hentug aðferð til að halda verðlagsvísitölu í skefjum. Niðurgreiðslunum var síðan breytt í hækkaðan hundraðshluta ríkissjóðsframlagsins.

Árið 1972 voru iðgjöld felld niður og útgjöldum var síðan skipt þannig milli ríkis og sveitarfélaga, að framlag ríkis nemur nú tæpum 93%, þ. e. a. s. 90% af útgjöldum sjúkrasamlaga ásamt öllum útgjöldum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, en framlag sveitarfélaga nemur rúmum 7% af heildarútgjöldum. Þess skal getið hér, að ekki er tekið tillit til hins sérstaka sjúkratryggingagjalds sem komið var á frá og með 1. jan. 1976 til að lækka útgjöld ríkissjóðs og er allt annars eðlis heldur en hin gömlu sjúkrasamlagsiðgjöld.

Frá árinu 1951 var starfandi sjúkrasamlag í hverju sveitarfélagi og voru samlögin alls yfir 220 talsins. Árið 1956 var svonefndum félagssamlögum komið á fót og skyldu þau vera tengiliður hreppasamlaga innan hverrar sýslu, en síðan tóku þau jafnframt við verkefnum sem hreppasamlögin þóttu of fámenn til að geta sinnt. Tryggingastofnunin hafði umsjón með sjúkra- og héraðssamlögum. Með stórauknum kostnaði sjúkratrygginga, er ríkisframfærslan var afnumin, þóttu mörg héraðs- og kaupstaðarsamlög of fámenn til að taka á sig aukna áhættu. Var því komið á samtryggingu samlaganna vegna langlegu og annaðist sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar það verkefni. Frá og með árinu 1972 hefur ekki verið um slíka samtryggingu samlaganna að ræða, heldur hefur ríkissjóður einn staðið undir útgjöldum sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.

Árið 1973 var sjúkrasamlögum fækkað svo, að sjúkrasamlag skyldi vera í hverjum kaupstað og hverri sýslu. Almannatryggingalögin veita heimild til frekari sameiningar samlaga. Héraðssamlögin hurfu þá úr sögunni og eru sjúkratryggingar nú í höndum 40 sjúkrasamlaga og sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar. Þrátt fyrir þau stakkaskipti sem sjúkrasamlögin hafa tekið, bæði með hliðsjón af verkefnum og fjárhagsgrundvelli, hefur engin breyting orðið á stjórn þeirra. Þannig skipar ráðh. stjórnarformann, en bæjarstjórn eða sýslunefnd — í hreppasamlögum var það sveitarstjórn — kýs 4 stjórnarmenn.

Bætur sjúkratrygginga eru að mestu leyti lögákveðnar, en í samþykktum fyrir hvert einstakt samlag er heimilt að kveða á um viðtækari hjálp vegna veikinda. Samþykktir hafa ekki verið endurskoðaðar með tilliti til hinna breyttu viðhorfa í fjármálum samlaganna og ekki mun hafa verið gengið frá samþykktum fyrir hin nýju sjúkrasamlög utan kaupstaða. Auk mismunandi bótaréttar vegna samþykktar ákvæðanna kemur það í mörgum tilvikum í hlut sjúkrasamlagsstjórna að úrskurða um greiðslur samkv. almennum ákvæðum laganna.

Í framhaldi af athugun, sem heilbr.- og trmrn. og fjmrn. létu gera á hugsanlegum leiðum til lækkunar útgjalda ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1976, fór fram könnun á því sama ári á vegum Tryggingastofnunar ríkisins á starfsemi sjúkrasamlaga, einkum með tilliti til afgreiðslu á læknareikningum og eftirlits með þeim. Niðurstöður þeirrar könnunar benda til þess, að mörg samlög telja sig vanbúin til nauðsynlegs aðhalds án frumkvæðis Tryggingastofnunarinnar. Með breyttum fjárhagsgrundvelli virðast sjónarmið hafa breyst mjög í þá átt, að hér sé um að ræða vandamál ríkisins. Hjá Tryggingastofnun ríkisins og ríkisendurskoðun kemur jafnframt fram sú skoðun, að treg innheimta framlaga sveitarfélaga til sjúkratrygginga eigi að nokkru leyti rót sína að rekja til svipaðra sjónarmiða.

Samkv. 40. gr. almannatryggingalaga eru allir landsmenn sjúkratryggðir í sjúkrasamlagi þar sem þeir eiga lögheimili. Þau biðtímaákvæði, sem giltu við búferlaflutning til landsins, féllu niður með afnámi iðgjaldagreiðslna, og sama gilti að sjálfsögðu um þá vísbendingu um raunverulegt búsetuland sem fólst í iðgjaldagreiðslum þeirra sem erlendis dvöldu. Þess munu jafnvel dæmi, að synjað hafi verið um greiðslu sjúkrahjálpar til handa íslenskum ríkisborgurum sem lögheimili eiga erlendis, en hafa komið hingað til dvalar um stundarsakir, e. t. v. í því skyni að njóta hér læknishjálpar. Til synjunar hefði hins vegar sennilega ekki komið ef hlutaðeigandi sjúklingur hefði gætt þess að skrá sér lögheimili við komu til landsins. Lög um lögheimili voru ekki samin með tilliti til núverandi aðstæðna í þessu efni og er því vandalítið fyrir íslenska ríkisborgara svo og erlenda ríkisborgara, sem einhver tengsl hafa við landið, að skrá sig hér, þó hvorki komi til raunverulegrar búsetu né skattgreiðslna. Misnotkun af þessu tagi getur í einstökum tilvikum skipt verulegum fjárhæðum, en góðar sjúkratryggingar í nágrannalöndum okkar og ákvæði í sjúkratryggingasamningum við Norðurlönd og ókunnugleiki á þeim lagaákvæðum, sem hér gilda, draga úr þeirri hættu sem af þessu stafar.

Samkv. almannatryggingalögum skal ákveða

daggjöld og gjaldskrá sjúkrahúsa þannig, að samanlagðar tekjur stofnunar standi undir eðlilegum rekstrarkostnaði á hverjum tíma miðað við þá þjónustu sem heilbr.- og trmrn. hefur ákveðið að viðkomandi stofnun veiti. Samanburður milli Norðurlanda sýnir, að tilhögun þessara mála er þar með mjög ólíkum hætti. Þar eru útgjöld sjúkratrygginga vegna sjúkrahúsavistar, miðað við hundraðshluta af heildarútgjöldum sjúkratrygginga í hverju landi, mismunandi. Í Danmörku er talan 4%, Noregi 52%, í Svíþjóð 4% og í Finnlandi er hún ekki, meðan sama tala á Íslandi er 73%. Þess skal getið hér, að eingöngu á Íslandi og í Noregi taka sjúkratryggingar verulegan þátt í greiðslu kostnaðar við sjúkrahúsvist. Það er engan veginn að ástæðulausu, að aðlögun þessara mála er með öðrum hætti hér á landi en í nágrannalöndunum. Í nágrannalöndunum er sjúkrahúsreksturinn að mestu í höndum sveitarfélaga og í langflestum tilvikum njóta menn sjúkrahúsvistar á því svæði, sem þeir eiga heima á. Utansveitarmenn eru sendir til heimasjúkrahúsa um leið og einhver tök eru á eða greiðslu krafist á útreiknuðum kostnaði við vist þeirra. Vegna fámennis þjóðar okkar og smæðar sveitarfélaga er slík tilhögun ekki hugsanleg hér á landi.

Hér á landi rekur ríkið 48% af sjúkrahúsum, sveitarfélög 37% og aðrir aðilar 15%, og er þá miðað við skiptingu heildarkostnaðar við sjúkrahúsakerfið. Á árinu 1975 námu útgjöld sjúkratrygginga tæpum 10 milljörðum kr. Aðeins 5% þeirrar fjárhæðar var varið til greiðslu dagpeninga, skrifstofukostnaðar og varasjóðstillags, en 95% voru greiðslur fyrir læknishjálp og ýmiss konar vörur og þjónustu. Þegar enn fremur er litið á hinn öra vöxt þessara útgjalda á undanförnum árum og önnur atriði, sem hér hafa mörg verið rakin að framan, þá er ekki ólíklegt að margur kunni að draga í efa að núverandi kerfi valdi því verkefni að halda útgjöldum í skefjum og tryggja góða nýtingu þess fjármagns sem til þessara mála er varið. Telja verður þátttöku sveitarfélags í útgjöldum sjúkratrygginga, þ. e. a. s. 7% af heildarútgjöldum, gagnslitla. Mæti eins stíga skrefið til fulls og láta ríkissjóð einan standa undir útgjöldum, en flytja í þess stað tekjustofn, sem svarar til útgjaldaaukningarinnar, frá sveitarfélögum til ríkisins. Virðist þetta vera á stefnuskrá samtaka sveitarfélaga. Með tilliti til þess, að rekstur og fjárhagsleg ábyrgð þurfa að fara saman, væri rökrétt afleiðing að ríkið stefndi síðan að því að taka við rekstri sem flestra sjúkrahúsa og að sjúkrasamlög yrðu þá lögð niður, en við tæki umboðsskrifstofa Tryggingastofnunar ríkisins. Annað mál er, hvort þetta þykir fýsileg lausn. Að þessu máli verður að vinna miklu betur áður en hægt verður að taka afstöðu til þess, hvað þá að leggja fram frv. Ekki er ætlunin með þessum breytingum, sem hér liggja frammi, að hrófla neitt við því kerfi, sem þegar er til, heldur er hér aðeins um ábendingar um hugsanlega lausn að ræða.

Margt af því, sem ég hef þegar tíundað hér, hefur nefndin fjallað um og lagt til að sumu verði breytt með þessu lagafrv. Skal nú leitast við að gera grein fyrir þeim breytingum, sem frv. þessu er ætlað að hafa í för með sér, á lögum um almannatryggingar.

Eins og þjóðfélagsháttum er nú komið fara fæðingar, með örfáum undantekningum, fram á fæðingarstofnunum, en núgildandi reglur eru miðaðar við að heimafæðingar séu allmargar. Er löngu orðið tímabært að aðhæfa reglurnar breyttum tímum. Því er lagt til að greitt verði fyrir fæðingarvist á stofnunum eftir sömu reglum og sjúkrahúsvist, en fæðingarstyrkur verði þá ekki greiddur. Hins vegar er gert ráð fyrir, að greidd verði ljósmóðurhjálp við heimafæðingar og að auki styrkur, er nemi fjárhæð sjúkradagpeninga í 10 daga, með hliðsjón af þörf fyrir aukna heimilisaðstoð þann tíma. Vísast nánar um þetta til 5. gr. frv., sbr. f-lið 43. gr. gildandi laga.

Í 39. gr. gildandi laga er kveðið á um hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar. Lagt er til að lögfestar verði þær reglur, sem myndast hafa hjá tryggingaráði um framkvæmd b-liðar 39. gr., þannig að styrkir nái ekki eingöngu til greiðslna vegna hjálpartækja og æfingameðferðar, heldur einnig til styrkja til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa. Jafnframt skal veita styrk til aðgerða hjá tannlækni umfram það sem 43. gr. nær til þegar um er að ræða meðfædda galla, svo sem klofinn góm eða meiri háttar tannvöntun. Gert er ráð fyrir að tryggingaráð geti sem áður sett reglur um greiðslu þessara styrkja. Hér er raunverulega ekki um annað að ræða en að lögfesta venju, sem tryggingaráð hefur mótað og farið eftir á undanförnum árum.

Lagt er til að stuttur biðtími, 6 vikur, fyrir réttlindi hjá sjúkrasamlögum verði upp tekinn við flutning til landsins. Þessi biðtími á ekki að ná til þjónustu í skyndilegum veikindatilfellum. Eins og áður hefur verið rakið hér að framan, veita núgildandi reglur allt of auðveldan aðgang til misnotkunar. Hins vegar er lagt til að maður, sem flytur af landi brott eftir a. m. k. tveggja ára dvöl, haldi sjúkratryggingu sinni í 6 mánuði. Er þetta gert til þess að umþóttunartími gefist til að kynnast reglum og afla sér tryggingar á nýjum búsetustað. Hvað snertir flutninga til Norðurlanda og frá þeim, þá hafa þessar breytingar engin áhrif vegna þeirra samninga sem um þessi mál gilda milli Norðurlandanna allra.

Einhver veigamesta breyting, sem lagt er til að gerð verði með frv. þessu, er breyting á 43. gr. gildandi almannatryggingalaga. Um breytingu á f-lið 43. gr. skírskotast til þess sem ég hef áður sagt. Gert er ráð fyrir viðbót er fjalli um ferðakostnað sjúklinga. Til þessa hefur verið óheimilt að greiða annan ferðakostnað sjúklinga en sjúkraflutninga til innlagningar í sjúkrahús í nánar afmörkuðum, bráðum tilfellum. Ætlast er til að þetta verði áfram aðalregla, fyrst og fremst vegna augljósra erfiðleika á að halda skýrum mörkum milli ferða, sem eru nauðsynlegar vegna þarfa fyrir sjúkrahjálp, og annarra, sem farnar eru meðfram og jafnvel aðallega í öðrum erindum. Einn hópur sjúklinga hefur þó sérstöðu að því leyti, að þörf fyrir ferð til lækninga verður hvað eftir annað og jafnvel óumdeilanlega brýn, svo að vart er undanfæri, hver sem kostnaður-

inn er. Er þá yfirleitt um að ræða langvinna, stundum alvarlega sjúkdóma.

Ef taka ætti upp greiðslu ferðakostnaðar í slíkum tilvikum, er nauðsynlegt að afmarka þau skýrt. Því er valin sú aðferð að hafa hér opna leið sem hægt er að tryggja frekar með reglugerðarákvæði. Að öðru leyti er ekki lagt til að hróflað verði við núgildandi reglum að því leyti, þó að tekinn sé af vafi, sem valdið hefur mismunandi framkvæmd, og ákveðið að sjúkraflutningur innanbæjar skuli ekki greiddur. Ágreiningur hefur verið uppi um það, hvort greiddur skuli flutningur frá einu sjúkrahúsi í annað. Talið er eðlilegt að ákvörðun um slíkan flutning og kostnað af honum verði á einum og sama stað. Þess skal getið, að oftast mun það vera sjúkrahúsið sjálft, sem sendir sjúkling frá sér — eftir atvikum í samráði við sjúklinginn — sem ákvörðun tekur. Ekki er talið æskilegt að almannatryggingalög kveði á um skyldur sjúkrahúsa og er því látið nægja að vísa í greininni til þess, sem ákveðið kunni að verða í lögum um heilbrigðisþjónustu, en eins og þm. mun kunnugt hefur þegar verið mælt fyrir nýju frv. til l. um heilbrigðisþjónustu á þessu þingi.

Að lokum er lagt til í 5. gr. frv., um breytingar á 43. gr. gildandi laga, að ákvæði um frekari bætur en hinar lögákveðnu megi setja með reglugerð í stað samþykktar samlaga. Þetta hlýtur að teljast eðlilegt á meðan fjármögnun sjúkratrygginga er ekki gerbreytt í átt við það sem áður var, sbr. það sem ég áður greindi frá hér fyrr í ræðu minni. Jafnframt er sleppt ákvæði sem undanþiggur samlög greiðslu sjúkrakostnaðar er greiða beri samkv. sóttvarnalögum, og er það gert þar sem slíkt hefur enga þýðingu lengur.

Á árinu 1972 voru gerðar viðamiklar breytingar á lögum um almannatryggingar í þá átt, að teknaar voru inn í almannatryggingalög greiðslur fyrir tannlæknaþjónustu miðað við viss skilyrði. Það er álit nefndarinnar, að þegar hafi myndast nokkur reynsla á þessu sviði, og leggur nefndin til, að 44. gr., sem fjallar um greiðslu fyrir tannlæknaþjónustu, verði breytt með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur á undanförnum árum. Helstu breytingarnar eru þessar:

Lagt er til að neðra aldursmark barna, sem nú er 3 ár, verði fellt niður, en það hefur reynst óheppilegt. Enn fremur er gert ráð fyrir að þátttaka í tannlækningum barna 5 ára og yngri verði hækkuð úr 50% í 75%. Er þetta gert til þess að reyna að koma í veg fyrir að hinn mikli munur á greiðslum vegna 6 ára barna og yngri valdi skaða með hliðsjón af drætti á tannlækningum yngstu barna. Að mati tannlækna er hér um brýnt hollustumál að ræða.

Fyrir börn og unglinga á aldrinum 6—15 ára hafa hvers konar tannlækningar verið greiddar að fullu, þ. e. a. s. að hálfu af sjúkrasamlögum, en að hálfu af sveitarfélögum. Er þetta eini hópurinn sem rétt hefur átt til nokkurrar þátttöku í hinum dýrustu tannaðgerðum, svo sem krónum, brúm og gullfyllingum. Þetta hefur í mörgum tilvikum leitt til geysilegs kostnaðar og er dæmi um kostnað allt upp í 2 millj. fyrir einstakling. Þykir ástæðulaust og reyndar óviðunandi að ákvarðanir um slíka fjárfestingu séu teknar án nokkurrar íhlutunar greiðsluaðila. Í þessu tilviki er um tvo valkosti að ræða, annaðhvort að áskilja samþykki tryggingarinnar, þ. e. a. s. trúnaðartannlæknis, áður en til aðgerða kemur, eða láta hina tryggðu sjálfa taka þátt í kostnaðinum. Nefndin mælir með síðari kostinum, enda eru augljósir erfiðleikar á framkvæmd þess fyrri. Verður þátttaka hinna tryggðu samkv. frvgr. 25% kostnaðarins. Hvað snertir almennar tannlækningar fyrir þennan hóp er ekki ætlunin að breyta neinu.

Tannréttingar skal eftir gildandi lögum greiða að fullu að 16 ára aldri, en að hálfu fyrir 16 ára aldurshópinn og ekki fyrir eldra fólk. Þessi ákvæði hafa verið óvirk að mestu, þar sem sérfræðingar í tannréttingum hafa verið ófáanlegir til að starfa á samningi. Sú ástæða hefur verið tilfærð, að kostnaðarþátttaka sjúklings sé mikilvæg til þess að hann fáist til nægilega góðrar samvinnu um meðferð. Sömuleiðis hafa sérfræðingar bent á að það hafi óheppileg áhrif, að greiðslur breytist eða falli niður á tilteknum afmælisdögum án tillits til þess hvað meðferð líður, en hún stendur oft í meira en eitt og jafnvel upp í tvö ár. Með hliðsjón af þessu er lagt til að tannréttingar greiðist að ¾ hlutum og það í lok meðferðarinnar, enda hafi hún hafist áður en sjúklingurinn varð 17 ára. Með þessu er talið að gengið sé til móts við röksemdir tannréttingasérfræðinga með von um að þá verði ákvæðin virk.

Enn fremur er gert ráð fyrir því hvað snertir breytingar á 44. gr., að heimila megi þátttöku í tannlæknakostnaði 17—18 ára unglinga samkv. fyrir fram gefnu samþykki, þegar rétt er talið að fresta nauðsynlegri aðgerð, m. a. til þess að fullum vexti verði náð.

Einnig er gert ráð fyrir því, að heimilt verði samkv. reglum, settum af tryggingaráði, að hækka greiðslur vegna elli- og örorkulífeyrisþega svo og fyrir vangefna. Er þetta fyrst og fremst gert með það fyrir augum, að það fólk geti haft fjárhagslegt bolmagn til þess að gangast undir slíkar aðgerðir.

Að lokum er lagt til að felldar verði niður greiðslur tannlækninga fyrir vanfærar konur. Það er að heita ágreiningslítið álit tannlækna, að ekki séu nægjanleg rök til slíkra greiðslna og að þær geti jafnvel haft óæskilegar verkanir, auk þess sem vissar grunsemdir hafa vaknað um að þær séu misnotaðar.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði í sambandi við tannlæknaþjónustuna, eiga ekki að valda neinum kostnaðarauka svo að heitið geti, þar sem bæði verður um hækkanir greiðslna að ræða og lækkanir. Er ekki ólíklegt að þær jafnist nokkuð upp, nema hvað tannréttingar munu valda kostnaðarauka ef breytingar verða þess valdandi að sérfræðingar í tannréttingum fari að starfa samkv. samningi og samlögin greiði þær eins og gildandi lög gera reyndar ráð fyrir.

Lagt er til, að 45. gr. laganna, sem fjallar um sjúkradagpeninga, verði breytt allverulega. Núgildandi reglur hafa reynst erfiðar í framkvæmd og hefur þar miklu valdið að fjárhæð dagpeninga hefur verið jafnhá, hvort sem hinn sjúki hefur misst tekjur af fullu starfi, af minna starfi eða

ekki orðið fyrir neinum beinum tekjumissi af því að niðurfellt starf var ólaunað, t. d. störf að heimilishaldi. Það hefur svo verið afleiðing af þessum reglum, að þau störf, sem eru grundvöllur fulls dagpeningaréttar, útiloka dagpeningarétt ef þau eru unnin. Hvað þetta snertir er lögð til sú aðalbreyting, að meira samband en áður verði milli þess vinnumagns, sem niður er fellt, sem og þess, hvort niðurfellingin hefur bein áhrif á tekjur eða gjöld annars vegar og dagpeningarétt hins vegar. Hvað þetta snertir vísast nánar til aths. með 7. gr. frv.

Lagt er til það nýmæli, að heimilt verði að greiða sjúklingi í afturbata hluta af dagpeningum um tíma þótt hann taki upp allt að hálfu starfi.

Felldar hafa verið inn í greinina bætur á dagpeningaákvæðum, sem felast í slysatryggingafrv. sem lagt var fram hér fyrir áramót. Hinar tilgreindu dagpeningafjárhæðir eru jafnar slysadagpeningum eins og þeir eru í marsmánuði á þessu ári. Í aths. við slysatryggingafrv. var gerð grein fyrir áætlaðri aukningu útgjalda til sjúkradagpeninga vegna þeirra breytinga er í því frv. fólust. Hið nýja ákvæði meðfylgjandi frv. um greiðslu ferðakostnaðar sjúklinga mun að sjálfsögðu hafa í för með sér aukin útgjöld sem á þessari stundu er erfitt að reikna nákvæmlega. Fullyrða má að útgjaldaaukning samkv. frv. verði mjög lítil í hlutfalli við heildarútgjöld sjúkratrygginga. Um er að ræða nokkrar tilfærslur útgjalda frá lífeyristryggingum til sjúkratrygginga er fæðingarstyrkur fellur niður sem sjálfstæð bótategund.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um efnisatriði frv., en ég vil geta þess, að fulltrúar Alþfl., Alþb. og SF hafa sett fram nokkrar brtt. umfram þær till. sem nefndin í heild lagði til. Þær brtt. þessara flokka verða að sjálfsögðu sendar n. sem fær frv. til meðferðar.

Hæstv. forseti. Ég legg mikla áherslu á það við hv. n., að hún sameini þessi tvö frv. um almannatryggingar í eitt frv., sem er mjög til hægðarauka fyrir okkur. En hins vegar er því ekki að leyna, að hér er ekki gerð till. um neinar breytingar á lífeyristryggingum, enda er það varla hægt vegna þeirrar miklu endurskoðunar sem þar á sér stað. Verður sennilega nokkuð enn að bíða, að liggi fyrir grg. frá þeirri stóru og mannmörgu nefnd, sem fjallar um endurskoðun lífeyrissjóða og lífeyrisreglna.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Hæstv. ráðh. mælti fyrir frv. um almannatryggingar og er nú ekki seinna vænna að frv. komi fram, ef ætlast er til að það verði afgreitt á þeim dögum sem eftir eru þingsins. En mig langaði að vekja athygli á því í sambandi við þetta frv., að þar var minni hl. n. sem undirbjó það, með sérálit. Það kemur ekki fram í frv. og ég vildi vekja athygli á þeim atriðum, sem komu fram hjá þessum minni hl., eða nokkrum þeim atriðum.

Í fyrsta lagi er það í sambandi við 5. gr., í 2. mgr., þar sem er um í j-lið að borga beri óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns. Þar gerir minni hl. nefndarinnar till. um að líka verði bætt við: eða konu í barnsnauð í sjúkrahús. Gerir minni hl. þá grein fyrir því, að þessi breyting sé nauðsynleg, þar sem orðin „sjúks manns“ hafi ætíð staðið í vegi fyrir því, að fæðandi konur nytu þessarar greiðslu, sem verður að teljast með öllu óviðunandi og bitnar harðast á fólki utan Reykjavíkur.

Í 6. gr., þar sem fjallað er um elli- og örorkulífeyrisþega í 5. lið, gerir minni hl. till. um að í staðinn fyrir 50% kostnaðar verði greidd 75% kostnaðar við allar tannviðgerðir fyrir þetta fólk og að sömuleiðis verði heimilt að hækka greiðslu fyrir langsjúkt fólk á stofnunum í 100%, en ekki í 75%, og í 100% verði með sama hætti heimilt að hækka greiðslur fyrir vangefna, sem metnir eru 75% öryrkjar og njóta fullrar tekjutryggingar, einnig vangefin börn er njóta örorkustyrks. Fyrir þessu gerir minni hl. grein svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Við teljum 44. gr. laga um almannatryggingar bera það með sér, að framtíðarmarkmið laganna sé að allir njóti ókeypis tannlæknisþjónustu. Þeir hópar, sem njóta hennar nú þegar, séu þeir hópar, sem mesta þörf hafi fyrir þátttöku sjúkratrygginga. Við teljum það því aðeins verjandi, að vanfærar konur séu nú teknar út úr lögunum, að annað beinna komi í staðinn. Við teljum okkur geta samþykkt að vanfærar konur falli brott að sinni, með þeim rökum fyrst og fremst, að nú á dögum telja sérfræðingar þeim ekki hættara við tannskemmdum en öðrum í þeirra aldurshópi. Við getum því sætt okkur við þessa breytingu, ef ellilífeyrisþegar, öryrkjar og vangefnir njóta þess fjár sem þarna sparast.

Við höfum fengið yfirlit um kostnað vegna tannlækninga á árinu 1976 og 1977 í einu sjúkrasamlagi, Sjúkrasamlagi Hafnarfjarðar, og þar kemur í ljós að kostnaðarliður vegna vanfærra kvenna er mun hærri en vegna þjónustu við ellilífeyrisþega og öryrkja. Við teljum með öllu óeðlilegt að draga úr fjárveitingu vegna tannlæknakostnaðar í heild og gerum þess vegna áðurnefnda brtt.“

Þeir, sem standa að þessu áliti minni hl., eru Bragi Guðmundsson tryggingalæknir, Guðrún Helgadóttir deildarstjóri og Steinunn Finnbogadóttir deildarstjóri. Vegna þess, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. hér áðan, að þessar greiðslur til vanfærra kvenna mundu hafa verið misnotaðar þá vildi ég gera þá aths. og benda á að þetta hefur staðið svo stuttan tíma að af því hefur engan veginn fengist reynsla, hvort það hafi verið misnotað eða ekki, og í raun og veru er með öllu óeðlilegt að draga úr því sem þegar er komið.

Fyrst þetta frv. er nú loks komið fram, þá langar mig að geta þess varðandi annað frv., sem lagt var fram fyrr í vetur og ráðh. hefur sennilega gert grein fyrir þá, þ. e. a. s. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 frá 1971, sem er 141. mál, að farið hefur verið fram á það við heilbr.- og trn. Nd., að hún fjallaði um bæði frv. saman. Þar er í raun og veru gert ráð fyrir miklu, miklu meiri breytingum en í því frv. sem liggur fyrir okkur núna, og að því er virðist mun þetta þýða það, að það tryggir fólk ekki sem áður að

verulegu leyti. Þar er gert ráð fyrir að sjúkra- og slysatryggingar falli saman, og að því er virðist mun það ekki koma til með að tryggja fólk að verulegu leyti eins og slysatryggingarnar gera nú. Og ég vil gagnrýna að það skuli vera ætlast til þess að fjallað verði um jafnviðamikið mál á nokkrum dögum sem eftir eru af þinginu, því að það er alveg áreiðanlegt, að í sambandi við þetta eiga launþegasamtökin eftir að segja sín orð, ekki síst í sambandi við slys á vinnustað, sem hingað til hefur verið tryggt.

Eins vil ég benda á það í sambandi við örorkulífeyri og örorkustyrki, að samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að felldur verði niður réttur til örorkulífeyris á bilinu 50—75% örorku vegna slysa, en í stað þess verði greiddur örorkustyrkur í slíkum tilfellum. Ég vil benda á að það er mikill munur á því, hvort viðkomandi eigi lögákveðinn rétt á örorkulífeyri, án tillits til þess hvernig tekjum er háttað, eða hvort Tryggingastofnuninni er heimilt að veita örorkustyrk miðað við tekjur og aðstæður hverju sinni. Það er ljóst, að staða hins tryggða er mun lakari þegar ekki er um beinan lögvarinn rétt að ræða, heldur aðeins heimild almannatrygginga til greiðslu.

Ég vona að n. fái meiri tíma en þessa örfáu daga, sem eftir eru þings, til þess að fjalla um þessi frv. sem hér liggja bæði fyrir og hún á að fjalla um saman, að henni verði gefið ráðrúm til að leita umsagna launþegasamtakanna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 462, n. 564 og 568, 559). — Frh. 2. umr.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Það hefur nógsamlega komið fram í umr. um þetta mál, að það er flestra manna mál, sem láta þær til sín taka, að hér ríki nánast ófremdarástand eða a. m. k. mjög bágborið ástand í verðlagsmálum og ástæða sé til að láta þau mál sérstaklega til sín taka. Menn hafa lýst því mjög átakanlega og þá alveg sér í lagi hv. 8. landsk. þm., sem hélt því fram, að verðlagsmál á Íslandi væru í einna verstu lagi af þeim löndum sem hann hafði spurnir af hér nærlendis, og komst að mig minnir, svo að orði, að verðlag hér á algengri neysluvöru væri tvöfalt hærra en í þeim löndum sem byggju við tvöfalt hærra kaupgjald heldur en ríkti á Íslandi. Má nú segja með sanni að ljótt er, ef satt er að ástandið sé svona slæmt.

Ég held þó að þessar lýsingar séu smávegis orðum auknar, en þótt svo sé, þá er ábyggilegt að verðlagslöggjöf í landinu þarfnast mjög endurskoðunar og breytinga til bóta, ekki endilega vegna þess að ekki sé ákvæði að finna í lögum um verðlagseftirlit sem frá hendi löggjafans höfðu þann tilgang að hafa áhrif í þá átt að verðlag héldist svo lágt sem unnt væri að ætlast til með þeim ráðum sem þar var beitt. En hafi nú þróunin gengið æðimikið á mis við tilgang löggjafans, þá held ég að eðlilegt sé að til þess sé litið, hvort ástæðuna sé ekki að einhverju leyti og kannske aðallega að finna í því, að ekki hafi verið beitt réttum ráðum. Það er skoðun mín, að þessi sé fyrst og fremst ástæðan til þess sem úr lagi hefur farið. Menn hafa gert sér í hugarlund að með álagningareftirliti svokölluðu, reglum um hámarksálagningu og ráðstöfunum í sambandi við hana, væri hægt að halda verðlagi niðri að einhverju marki. En reynsla annarra þjóða, einmitt þjóðanna sem hv. 8. landsk. þm. var að vitna til, sýnir að í þessum efnum dugar verðlagseftirlit og verðlagshömlur af þessu tagi ekki nema við alveg sérstakar aðstæður. Þær eiga við og geta dugað um takmarkaðan tíma, þegar um vöruskort er að ræða, þegar um það er að ræða að framboð á vörum nægir ekki til að fullnægja eftirspurninni. Þegar hins vegar um það er að ræða, að vöruframboðið er nóg, verður að líta til þess, að framleiðendur og seljendur vörunnar búi við þau skilyrði að þeim sé beinlínis hvati að halda verðlagi í hófi og sér í lagi að reistar séu skorður við því, að þeir taki sig til, bindist samtökum, myndi hringi og taki á sig sameiginlegar skuldbindingar um að halda verði uppi á ákveðnum sviðum, ákveðnum vöruflokkum eða í ákveðinni hráefnisframleiðslu. Því er það skoðun mín að sú breyting, sem lögð er til í þessu frv., sé tímabær og sé þörf. Þar er ekki gert ráð fyrir fráhvarfi frá verðlagseftirliti, en það er fellt í nýjar skorður, þar sem gert er ráð fyrir að á þeim sviðum, þar sem skilyrði, samkeppni um vöruverð, vörugæði og viðskiptakjör, eru fyrir hendi, þá sé gengið svo frá málum að sú samkeppni fái að njóta sín til að tryggja neytandanum sanngjarnt og réttlátt vöruverð. Þessu mega menn alls ekki gleyma þegar þeir ræða um þá breytingu sem hér er gert ráð fyrir. Það er engin von til þess, að á tiltölulega takmörkuðum markaði eins og þeim íslenska geti þrifist eðlileg samkeppni ef söluaðilar eru frjálsir að því að taka hana úr sambandi með einhverjum gerningum sín í milli. Það hafa þeir í rauninni verið fram til þessa. Við þessu verður gert ef þetta frv. verður að lögum. Þar er sérstök áhersla á það lögð að greina á milli þeirra sviða, þar sem skilyrði ríkja til raunverulegrar samkeppni um framboð og verðlag á varningi og þjónustu, og þeirra sviða, þar sem ríkir annaðhvort einokun eða takmörkuð samkeppni. Og auk þess sem um þessi mál er fjallað í frv. er þar einnig gert ráð fyrir ákveðnum ráðstöfunum til þess að tryggja stöðu neytandans almennt betur en hingað til hefur verið gert.

Ég tel að það fyrirkomulag, sem ríkt hefur um álagningarreglur einar út af fyrir sig, hafi algerlega gengið sér til húðar. Það hefur sýnt sig, að það ýtir síður en svo undir samkeppni eða verður nokkur hvati til hagstæðra innkaupa, en þau verða að sjálfsögðu að vera undirstaðan undir hagstæðu útsöluverði. Ég er þó ekki frá því, að í þessu frv. eins og það liggur fyrir sé fullskammt gengið að verja neytendahagsmunina. En ráðið til þess að bæta úr því er þá að ganga lengra á sömu braut, eins og reynslan krefst þegar þar að kemur.

Menn skulu virða það fyrir sér, sem kunnugir eru viðskiptakjörum og verðlagi í öðrum lönd-

um en hér, hvar verðlagið er hagstæðast neytendunum og hvar það er óhagstæðast. Er verðlag og vöruframboð hagstætt neytendum í ríkjum þar sem opinberir aðilar ákveða vöruframboð og vöruverð? Mér kemur ekki til hugar að nokkur maður, sem þekkir ástandið í þeim löndum, svari því játandi. Þvert á móti ríkir þar vöruskortur, verðlagið er hátt og neysluvörurnar oft og tíðum lélegar. Fyrsta flokks varningur er þar ekki fáanlegur oft og tíðum nema á svörtum markaði. Verðlagið er hagstæðast neytendum þar sem samkeppni fær að njóta sín, þar sem haldið er uppi ströngu eftirliti af stjórnvalda hálfu til að hindra einokun og samkeppnishömlur og þar sem neytendur beita þungum þrýstingi á stjórnvöldin til að koma þessu til leiðar. Þessi almennu skilyrði, sem skapa raunverulegan hag eða óhag neytenda, eru svo augljós, að ég fæ ekki skilið hvernig nokkrum manni getur dottið í hug að Ísland sé þarna einhver alger undantekning, þó hér ríki að sumu leyti sérstæð skilyrði vegna markaðssmæðarinnar, eins og ég vék að áðan.

Í málflutningi hv. 8. landsk. þm., sem því miður er ekki staddur hér í dag, gætti að sumu leyti slíkra öfga, að ég get ekki látið þeim ómótmælt. Hv. þm. hélt því fram, að algengt væri að í verslunum í Reykjavík væru vörur verðmerktar þannig, að hver verðmiðinn væri ofan á öðrum í heilli hrúgu, þar sem eldri vörubirgðir væru hækkaðar í verði jafnóðum og önnur vara kæmi sem hækkaði verð á nýrri sendingu. Ég veit ekki hvar þessi hv. þm. verslar. En ég veit að í verslunum þar sem ég hef mín viðskipti tíðkast þetta ekki. Þvert á móti. Þar getur athugull neytandi, ef hann lítur aftarlega í hillurnar eða neðarlega í netin, oft og tíðum fundið leifar af eldri vörusendingum á lægra verði, stundum mun lægra verði en nýju sendingarnar eru á, sem hætt hefur verið ofan á í söluinnréttingar verslananna. Það varð því að mínum dómi afskaplega mikið öfugmæli þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson staðhæfði það úr þessum ræðustól, að hér í borginni væri það í rauninni regla, að kaupmenn teldu sig eiga allan rétt gagnvart neytendum, en neytandinn ætti engan rétt. Vafalaust eru í þessari starfsgrein eins og öðrum undantekningar. En þetta eru ekki kynni mín eða þeirra, sem ég umgengst, af þeim aðilum sem stunda verslun fyrir almenna neytendur hér í borg. Því vil ég hafna þeim ályktunum sem hv. þm. dró af þessum lýsingum sem hann gaf. Ég held því þvert á móti fram, að að svo miklu leyti sem lýsing hans á verðlagsmálum hér er samkvæm staðreyndum, þá sýni hún, svo að ekki verði um villst, að ástæða sé að leita nýrra leiða í verðlagsmálum til að tryggja hagsmuni neytandans, að við svo búið megi ekki standa ef við ætlum að standa þannig að þessum málum að skammlaust sé og í samræmi við eðlilegar kröfur neytandans um þjónustu.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að þeirri lýsingu hv. þm. sem hann gaf á hugsunarhætti neytenda hér á landi. Ekki varð annað á honum skilið en neytendur væru hér hinir vanþróuðustu í heimi og þeim væri alls ekki treystandi á nokkurn hátt til þess að líta eftir hagsmunum sínum og þörfum. Svona tal er að mínum dómi algerlega tilefnislaust. Ég held að Íslendingar séu ekki vanþróaðri þjóð á þessu sviði en öðrum. Fólk hér þekkir sinn hag og kann að sjá honum borgið, jafnt sem neytendur sem í öðrum hlutverkum sem fólk þarf að gegna í þjóðfélaginu. Það er skoðun mín að fólk sé reiðubúið að taka á sig ábyrgð og gegna eftirlitshlutverki í þessu efni, það sé aftur á móti þreytt á því barnfóstruviðhorfi sem lýsir sér í orðum eins og hér voru viðhöfð fyrst í þessum umr., að fólk flest sé hálfósjálfbjarga nema einhver forsjá að ofan sjái fótum þess forráð við hvert fótmál.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Það hafa orðið talsverðar umr. um þetta mál og er það fyllilega að vonum, svo stórt og þýðingarmikið mál sem hér er á ferðinni. Að mínum dómi hafa þessar umr. að mörgu leyti verið fróðlegar, en þær hafa ekki að sama skapi verðið merkilegar. Auðvitað var fróðlegt að hlusta á hv. 9. þm. Reykv. Gylfa Þ. Gíslason, segja sögu sína um það er hann reyndi að koma fram á Alþ. svipuðu máli eða næstum sama máli og hér liggur fyrir. Það var fróðlegt. En satt að segja fannst mér það ekki mjög mikið innlegg varðandi það sem ég tel vera aðalatriði þessa máls, þ. e. hina stóru spurningu, hvort hér er verið að hverfa að réttu ráði eða röngu, því að ég tel að hér sé verið að takast á við mikilvægt mál. Og á sama hátt vil ég segja að viðbrögð hæstv. viðskrh., formanns Framsfl., voru líka að mínum dómi býsna fróðleg. En þau bættu ekki miklum röksemdum heldur við það sem áður var fram komið varðandi málið sjálft. Fróðlegt er líka að heyra að hv. þm. Magnús T. Ólafsson hefur frelsast jafnrækilega í þessum efnum og kom fram í máli hans. En það eru eflaust til skýringar á því með tilliti til tímans og allra aðstæðna. Ekki heyrði ég heldur mikið af rökum fyrir því, að hér væri um mál að ræða sem ætti að verða hinum almenna neytanda til góðs. Það er að vísu tekið fram, að það þurfi að hugsa um hag neytendanna, en þá átti að gera það með þeim hætti að hafa ekkert eftirlit á í þessum efnum og gefa þeim, sem hafa með þessi mál að gera, fullkomið frelsi til þess að verðleggja vöru og þjónustu. Það var allt. En þó að ég geti ekki neitað mér um það að víkja örlítið að máli hv. 9. þm. Reykv., Gylfa Þ. Gíslasonar, og svörum hæstv. viðskrh., þá ætla ég samt að eyða aðalmáli mínum í það að ræða svolítið nánar um þetta yfirgripsmikla og alvarlega efni sem frv. fjallar um.

Það var virkilega fróðlegt að heyra hvernig hv. 9. þm. Reykv. Gylfi Gíslason, hefur hlaupið á milli manna og stofnana á sínum tíma árin 1969 og 1970 til að reyna að skáskjóta þessu frv. í gegnum þingið með einhverjum bellibrögðum. Hann vissi að hann gat ekki fengið eigin flokk til þess að styðja stjfrv., og þá tók hann að sér þetta sérkennilega ljósmóðurhlutverk, að reyna að útvega Sjálfstfl. það sem upp á vantaði fylgið til þess að hægt væri að koma frv. í gegn. Og þá varð hann fyrir þessum sáru vonbrigðum, búinn að fá loforð ýmissa framsóknarmanna, búinn að hlusta á þá og skilja hvað þeir

hefðu góðan skilning á málinu, að þeir sviku hann í öllu. Og auðvitað varð hv. 9. þm. Reykv. þarna fyrir sárum vonbrigðum. Kom áberandi í ljós, að hann hefur virkilega orðið reiður við því að verða svikinn á þennan hátt af þeim framsóknarmönnum sem ætluðu þó að svíkja sinn eigin flokk, en hættu við á seinustu stundu (Gripið fram í.) Að lúta því? (**Gripið fram í:** Ég er framsóknarmaður.) Ég kem nú kannske að því síðar.

Ég held að ég skilji þetta hugarfar hv. 9. þm. Reykv. mætavel. Ég skil líka allvel þau viðbrögð sem fram koma hjá hv. formanni Framsfl. núna. af því að mér finnst hann vera í nokkuð svipaðri stöðu nú og hv. 9. þm. Reykv. var í þessa hörmungardaga 1969—1970. Sannleikurinn er auðvitað sá, að báðir eru þarna í spreng að vinna fyrir sæti sínu hjá íhaldinu í ríkisstj. Íhaldið hafði barist fyrir því að koma þessu máli fram. Það hefur ekkert verið að fara í launkofa með það í langan tíma, að þetta hefur verið stefnumál þess. Það hefur barist fyrir þessu. Það hefur ekki haft fylgi. Þegar hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, þjónaði íhaldinu tók hann auðvitað að sér að reyna að koma málinu í gegn með öllum mögulegum ráðum, jafnvel þó að Alþfl. vildi ekki samþykkja það. En sem sagt, hann hefur eflaust fengið takmarkað lof hjá Sjálfstfl. fyrir að geta ekki unnið verkið. Nú kemur svo Framsfl., þrátt fyrir alla fyrri afstöðu til þessara mála, allt sem framsóknarmenn hafa sagt og gert, og ætlar að þjóna íhaldinu þannig að íhaldið skilji og geti metið þá á réttan hátt. Auðvitað vita allir að það er ekki stefna Framsfl. sem hér liggur fyrir. Þetta er öfugt við það sem Framsfl. hefur haldið fram um langan tíma. En þjónustuhlutverk Framsfl. leynir sér ekki í þessu máli. Nú er verið að reyna að búa í haginn til þess að geta fengið að vera áfram í samstarfinu við íhaldið. Menn verða að leggja eitthvað inn í búið. Og þá koma sárindin hjá form. Alþfl. upp: Ætlar Framsókn virkilega að kaupa sér sæti í næstu ríkisstj. hjá íhaldinu með því að koma þessu máli í gegn, sem Alþfl. gat ekki? Þá kemur fyrst gremjan upp í Alþfl. sem annars er tilbúinn til þess, a. m. k. hv. 9. þm. Reykv., að taka að sér að fara aðra leið til þess að reyna að koma þessu máli í gegn fyrir Sjálfstfl., ef hann mætti sitja í ríkisstj. fyrir.

Viðbrögð hæstv. viðskrh. Ólafs Jóhannessonar, formanns Framsfl., við þessari ádrepu 9. þm. Reykv. voru líka alveg eftir öllum þessum málavöxtum. Satt að segja hef ég ekki séð hann úrræðalausari nokkurn tíma áður hér í ræðustól heldur en begar hann kom upp til þess að svara því sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hafði sagt. Ég hef aldrei séð formann Framsfl. jafnúrvinda og uppgefinn við að reyna að verja sinn málstað. Hann lagði auðvitað ekki í að neita því sem hann hafði sagt um þetta mál 1969 og 1970, það lá allt saman skriflegt fyrir, hvernig hann hafði þá metið málið og dæmt það. En hæstv. viðskrh. sagði að vísu, og það var leið út af fyrir sig út úr vandanum, að nú hefði hann bara skipt um skoðun, nú væri hann búinn að fá nýja skoðun, hann væri búinn að fá reynslu af því að vera viðskrh. og hann hefði lært af þeirri reynslu. Þó komu ekki mikil rök fram fyrir því, í hverju þessi reynsla hefði birst.

Hæstv. ráðh. reyndi þó að halda því fram, að þetta frv. hans væri svolitið á annan veg en það frv. sem hann hafði hin þungu orð um 1969 og 1970, þetta væri breytt. Ég tók eftir því, að hann lagði alveg sérstaka áherslu á það, að menn yrðu að taka tillit til þess, að nú væri þó við það miðað, að þetta nýja skipulag ætti ekki að taka gildi fyrr en eftir 6 mánuði, þetta væri breyting. Hver er breytingin í þessum efnum? Í fyrra frv. var nefnilega ákveðið að það skyldi ekki taka gildi fyrr en eftir 12 mánuði. Það stóð í því frv. Það átti ekki að taka gildi fyrr en eftir 12 mánuði. Nú er það eftir 6 mánuði. Sér er nú hver breytingin. Það var eðlilegt að hæstv. ráðh. legði á þetta mikla og þunga áherslu.

Hann sagði líka að nú væri ekki ætlunin að gefa verðlagninguna frjálsa nema að undangenginni rannsókn. Það stóð í gamla frv. Það stendur þar skýrum stöfum. Það má lesa það í því. Fara átti fram gaumgæfileg athugun á þessu alveg eins og nú. Enginn munur. Já, og svo sagði hæstv. ráðh. að tryggja ætti mönnum sanngjarnt verðlag. Það stendur líka í þessu frv., alveg nákvæmlega eins orðað í því gamla og því nýja. Það á að tryggja mönnum sanngjarnt verðlag. (**Gripið fram í:** Er nokkur á móti því?) Nei, það er enginn á móti því. En það er ekkert hald í gerviyfirlýsingum eins og þessum. Þær breyta engu.

Þessi dæmi, sem ég hef nefnt hér úr málflutningi hæstv. viðskrh., sýna glögglega að hann var gersamlega uppgefinn að reyna að verja málstað sinn í þessum efnum. Hann verður sem sagt að játa að nú hafi hann í þessum efnum allt aðra skoðun en hann hefur haldið fram áður og Framsfl. hefur lengst af stutt. Og auðvitað er skýringin einfaldlega þessi sem ég var að nefna. Þetta var eitt af kröfuatriðum Sjálfstfl. Hann hefur ýtt á eftir allan tímann. Framsfl. er búinn, þrátt fyrir yfirlýsingar í þessa átt, að þvælast fyrir þessu allt kjörtímabilið. Hann ætlaði að koma sér hjá þessu og gera ekkert í málinu, af því að hann var hræddur við að taka upp þessa stefnu, en hann var bara á síðustu stundu rekinn til þess. Eflaust var látið skína greinilega í það, að nú væri síðasta tækifærið að vinna fyrir því að eiga kannske einhvern kost á því að komast í ríkisstj. með íhaldinu eftir kosningar og hann yrði a. m. k. að leggja þetta inn. Þetta er hin einfalda skýring sem er á því að Framsfl. lætur kengbeygja sig í þessu máli á þann hátt sem raun ber vitni um.

Það er rétt, sem hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sagði hér, það er í rauninni alveg ömurlegt fyrir formann Framsfl. að þurfa að ganga þessa göngu sem hann gengur nú með tilliti til þess sem á undan er gengið. Það er alveg ömurlegt. En ég hef gefið mínar skýringar á því, hvernig á þessari uppgjöf stendur, því að mér dettur satt að segja ekki í hug að trúa því, að hæstv. viðskrh. eða Framsfl. hafi yfirleitt skipt um skoðun í þessu máli. Ég held að ef eitthvað annað kæmi upp á teningnum, þannig að það væri einhver annar, sem gæti gefið þeim kost á því að vera með sér í ríkisstj. upp á þverröfuga pólitík, þá gætu þeir líka tekið hann að sér

alveg hiklaust. Það er ekki skoðunin sem þvælist fyrir framsóknarmönnum í þessum efnum, heldur hitt, að þeir gera ákveðinn kaupskap sem er í fullkominni andstöðu við yfirlýsta stefnu þeirra.

Það skyldi þó ekki vera, að hv. þm. Magnús T. Ólafsson væri eitthvað að reyna að klóra sig áfram á sömu braut þegar hann skiptir nú um skoðun á þennan hátt, hann haldi að það sé kannske helst einhverra atkv. von á þessum kantinum? Auðvitað kemur upp sú hugsun hjá mönnum þegar þeir hafa misst frá sér fylgi á hinum kantinum, að það kunni þá eitthvað að vera á öndverðum kanti. (**Dómsmrh.**: Kannske það sé bara afbrýðisemi hjá hv. þm.?) Ég veit ekki hvaða skýringar eru á þessu, en ég kem nú fram með þetta. Mér þykja þetta afskaplega líklegar skýringar á því, hvernig menn skipta um skoðun í jafnstóru og alvarlegu máli og þessu.

Í framhaldi af þessu langar mig nú samt til þess, þó að hér hafi ekki gefist mikið tækifæri til þess, að fá umr. um efni frv. sjálfs. Ég hafði þó gefið hér fullt tilefni til þess að það yrði rætt. Ég hafði sagt að afstaða mín og flokks míns til frv. miðaðist fyrst og fremst við það að taka stefnumarkandi afstöðu til málsins. Við flytjum ekki brtt. við einstakar greinar, vegna þess að hér er um það að ræða að hverfa frá tilteknu skipulagi í verðlagsmálum og taka upp annað skipulag. Og þetta annað skipulag miðar að því, eins og nú standa sakir, að gefa verslunarálagninguna frjálsa, en eldra skipulagið, þó að það hafi ekki að öllu leyti verið gott, miðaði að því að reyna að halda verðhækkunum í skefjum, reyna að komast af með eins litlar verðhækkanir og tök væru á. Til þess var starfandi ákveðin verðlagsnefnd og ákveðin stofnun. Auðvitað vita allir, að það er hrein fjarstæða að halda því fram, að þrátt fyrir það skipulag, sem við höfum búið við, þrátt fyrir þær lagareglur, sem þar hefur verið unnið eftir, gæti samkeppni ekki notið sín eigi að síður. Hér hefur fyrst og fremst verið um hámarksverð að ræða. Þeir, sem vilja draga til sín verslunina með því að reka hana á hagkvæman hátt, geta vitanlega selt á lægra verði og hafa gert það í vissum tilfellum. Það eru mörg dæmi um að slík samkeppni hefur sagt til sín. Samkeppni getur því þrifist þrátt fyrir það kerfi sem við höfum búið við.

Sumir hafa sagt að það kerfi, sem við höfum búið við, hafi leitt til þess, að innflytjendur hafi horfið að því ráði að kaupa vöruna fremur inn á háu verði til þess að geta fengið þeim mun hærri prósentuálagningu. En því hefur verið yfir lýst af verðlagsstjóra og verðlagsyfirvöldum, að þeir aðilar, sem keyptu vöru inn á hagstæðu verði, gætu einnig fengið að leggja á hærri álagningu en hin almenna gildandi prósenta. Þessar yfirlýsingar hafa legið fyrir. Þetta hefur verið hægt og þetta hefur verið notað í mörgum tilfellum, sagði verðlagsstjóri. Auðvitað truflar það ekki almenna samkeppni, þó að við búum við eftirlitskerfi sem lokar fyrir það að verðlag fái að rjúka upp á óeðlilegan hátt. Mönnum hefur hins vegar þótt þægilegt að nota þá blekkingu að halda því fram, að samkeppni mundi blómstra ef ekkert eftirlit væri, og þá kæmi út lægri álagning og lægra vöruverð. Og það er rétt, sem hér hefur komið fram í þessum umr. hjá fleirum en mér, að til eru nokkur dæmi um stóra vöruflokka sem á hefur verið fullkomið álagningarfrelsi um lengri eða skemmri tíma, og reynslan hefur þá sýnt, að álagningin hefur þotið upp frá því sem áður var og verðið hækkað, þrátt fyrir samkeppni. Þessum staðreyndum þýðir ekki að neita, þær liggja fyrir. Það er því síður en svo að það sé einhver trygging fyrir því, að með því að hverfa frá þessu eftirliti komi einhver dýrleg samkeppni sem tryggi lækkandi vöruverð. Auðvitað hefur íslenska verslunin nú að undanförnu ekki krafist þess út í bláinn jafnalmennt og menn vita, að hún yrði að fá og ætti að fá meira í sinn hlut en hún hefur fengið. Það væri alveg furðulegt, ef hún tæki ekki eitthvað meira fyrir sitt starf og þóknun í samræmi við kröfur sínar að undanförnu ef taumurinn yrði gefinn alveg laus. Hvernig var t. d. í sambandi við síðustu gengislækkun, þegar beitt var á nýjan leik 30%-reglunni? Hin almenna verslunarálagning var skorin niður með tilliti til verðbreytinganna sem fylgdu í kjölfar gengislækkunar. Verslunin mótmælti þessu harðlega. Dettur einhverjum í hug að þegar eftirlitið hefur verið gefið laust í þessum efnum, þá taki verslunin sér ekki hærri álagningu í þessu tilviki? Ég held að það detti engum manni í hug í alvöru, að afleiðingarnar af því að afnema það eftirlit, sem er í þessum efnum núna varðandi hámarksálagningu, leiði ekki til hækkandi álagningar og hækkandi vöruverðs, a. m. k. um einhvern tiltekinn tíma. Það getur vel verið að við eðlilegar kringumstæður jafnist þetta eitthvað út, þar sem samkeppnin virkilega segi til sín, en það hefur þá gert núna, þrátt fyrir það skipulag sem við höfum búið við í þeim greinum, þar sem þetta á virkilega við. Það er t. d. mín skoðun, að hér á Reykjavíkursvæðinu hafi það verið þannig nú um tíma varðandi hið almenna verð á matvörum í búðum í Reykjavík, að hámarksregluákvæðin, sem í gildi hafa verið, hafi aðeins verið eins og til öryggis, en að meginhluta til hafi sérstaklega þrír sterkir aðilar á matvörusviði, þ. e. a. s. Hagkaup, Sláturfélag Suðurlands og KRON, verslað með þessar vörur á þeim grundvelli. Samkeppnin hefur verið þannig, að verðið hefur í allmörgum tilvikum legið undir hinu leyfða hámarki. Þetta sýnir að núverandi reglur hamla engu í þessum efnum. En þær eru hafðar til öryggis og ráða ferðinni í þýðingarmiklum greinum, þar sem þessi samkeppni getur ekki við aðstæður okkar núna sagt til sín nema að litlu leyti. Þegar verðsveiflur eru miklar og tíðar, eins og er núna hjá okkur, þá gildir þessi samkeppni ekki nema takmarkað, þá er tiltölulega auðvelt að smeygja sér fram hjá henni. Einnig er okkar litli markaður þess eðlis, að við gætum tekið út allmarga vöruflokka þannig að þar yrði ekki um fullnægjandi samkeppni að ræða.

Ég hef einnig bent á, að landið er ekki aðeins Reykjavík. Til viðbótar koma fjöldamargir aðrir staðir víðs vegar um landið, þar sem er aðeins ein verslun svo að segja eða tiltölulega fáar verslanir. Þar er ekki til staðar það öryggi sem felst í harðri samkeppni. En eigi að síður er ætlunin, samkv. því sem hefur komið fram, að verði t. d. allt eftirlit með hámarksálagningu á

matvörum gefið frjálst vegna þess að það eigi að vera samkeppni á Reykjavíkursvæðinu, þá eigi það einnig að vera frjálst úti um allt land — ekkert eftirlit.

Það er auðvitað ekkert annað en aumlegt yfirklór í þessum efnum að tala um að samkv. þessu frv. eigi að vera eitthvert öryggi fyrir neytendur í þeirri neytendavernd sem minnst er á í þessu frv. Þeir menn gera sig blátt áfram hlægilega sem reyna að tefla því fram, að það sé eitthvert öryggi fyrir hinn almenna neytanda að finna í þessu frv. Slíku er vitanlega ekki til að dreifa.

Ég hafði lagt á það nokkra áherslu í máli mínu að benda á hversu fráleitt það væri í sjálfu sér fyrir stjórnvöld að ætla að hverfa frá verðlagsákvörðunum og verðlagseftirliti við aðstæður eins og þær sem við búum við nú, á sama tíma og stjórnvöld telja að þau geti ekki einu sinni þolað frjálsa launasamninga. Hvaða samkvæmni er í því að halda því fram, að ástandið í verðlagsþróunarmálum og verðlagsmálum sé þannig, að ekki megi einu sinni þola það, að í gildi skuli vera frjálsir launasamningar, en það sé hins vegar möguleiki á því að gefa alla verslunarálagningu frjálsa? Það sjá auðvitað allir, að hér er um andstæður að ræða. Sannleikurinn er sá, að ef hér hefði átt að gilda það sem sambærilegt mætti kalla, þá hefði í rauninni átt að segja: Það er best að samningar um laun séu alveg frjálsir og seljendur vinnuafls séu þá alveg frjálsir að því, eins og þeir sem selja vörur og þjónustu, að ákveða þóknunina fyrir störf sín. — En ríkisstj. hefur talið að ástandið í verðlags- og verðþróunarmálum okkar væri þannig, að þarna þyrfti að grípa inn í. Ég sé ekki heldur hvaða rök eiga að vera fyrir því að gefa alla verslunarálagningu frjálsa, en neita t. d. bændum landsins um að ákveða einhliða verð á búvöru sinni. Hvers vegna ekki það? Af hverju eiga þeir að vera háðir einhverjum sérstökum dómi og þeim bannað að selja vöruna yfir tilteknu hámarki? Af hverju mega þeir þá ekki ákveða sitt sjálfir? Hví þá ekki að hafa í þessum efnum fullkomið frelsi án þess að stjórnvöld séu að grípa þarna inn í? Hví að vera með þetta barnapíusjónarmið sem hv. þm. Magnús Torfi talaði hér um? Hví er yfirleitt verið að líta eftir nokkru? Hví er verið með alla þessa stjórn að ofan? Hví ekki að gefa þetta allt saman laust?

Ég held að það sé enginn vafi á því, að við aðstæður eins og þær sem við búum við núna í verðlagsmálum okkar, þar sem hér er yfirleitt ríkjandi dýrtíð á hverju ári sem nemur í kringum 40%, þá sé algert lágmark að við höfum í gildi allstrangt verðlagseftirlit og reyndum með skynsamlegum reglum að setja hömlur á það, að þeir, sem hafa með vörur og þjónustu að gera, geti tekið óeðlilegan hlut sér til handa. Það er verulega mikil hætta á því, að ef slíkt yrði gert, þá yrði það til þess að verðlag hækkaði hér enn þá meir, það yki enn þá meira á vandann. En vissulega geta menn sagt í málum eins og þessum: Ég trúi á þetta og það er sjálfsagt að prófa sig þannig áfram. — Ég held líka að það sé enginn vafi á því, að þannig hefur verið ástatt hjá okkur í sambandi við framleiðslu á margvíslegum vörum, m. a. á innlendum iðnvarningi, að það hefur verið eðlilegt að þarna væri haft nokkurt eftirlit með hvernig verðlagningu yrði hagað. Þetta er ekki á nokkurn hátt sambærilegt við það sem er í ýmsum löndum í kringum okkur, sem menn eru að vitna til, þar sem eru ótalmargir framleiðendur í sömu greininni og einhver samkeppni getur verið þar til staðar sem er ekki til staðar hjá okkur. Og auðvitað sjá menn líka, að þegar búið er að taka stefnumarkandi ákvörðun um það að taka upp álagningarfrelsi, þá verða menn að fara út í flestar greinar. Þeim má ekki haldast það uppi að ætla að halda uppi einhverju verðákvörðunarkerfi í örfáum verslunargreinum, en sleppa öðrum frjálsum. Þetta gengur yfir allt, jafnvel þó að menn séu að afsaka sig í byrjun og segja að það eigi að hafa með þessu eftirlit.

Ég tók eftir því, að hæstv. viðskrh. fannst vera óeðlilega að því vikið af mér og fleirum, að breytt væri samkv. þessu frv. um skipulag verðlagsnefndar, þar sem hafði verið tekið áður verulegt tillit til aðila vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. launþegasamtakanna annars vegar og atvinnurekendasamtaka hins vegar. Hæstv. viðskrh. komst að orði eitthvað á þá leið, að hann héldi að ekki þyrfti síður að taka tillit til hagsmuna neytenda en launþega. Þetta fannst mér afskaplega einkennilegur samanburður hjá honum, rétt eins og neytendurnir væru allt annar hópur en launþegarnir í landinu. Ætli leiki mikill vafi á því, að yfirgnæfandi meiri hluti neytendanna í landinu sé einmitt þessir sömu launþegar, sem hefur hingað til þótt sjálfsagt að taka talsvert mikið tillit til varðandi þessi mál? Auðvitað er það svo, að neytendur eru allir landsmenn. En það er reyndar enginn vafi á því, að eins og þetta kerfi er allt uppbyggt í sambandi við kaupmátt launa og verðlagsþróun, þá eru það einmitt þeir, þessir svonefndu aðilar vinnumarkaðarins, sem eiga mestra hagsmuna að gæta í því að reynt sé að hamla gegn öllum óeðlilegum verðhækkunum, neytendurnir eða launþegarnir sem neytendur, af því að þeir vita mætavel að fari þetta verðlag upp, þó að launin þeirra eigi að fylgja á eftir, þá verða af því alvarlegar efnahagslegar afleiðingar. Atvinnurekendurnir vita líka hvaða gildi þetta hefur. Því er fullkomlega eðlilegt að taka allmikið tillit til þessara aðila þegar unnið er á því sviði að hafa uppi eftirlit og verðlagshömlur. Ef menn eru á þeirri skoðun að hverfa frá þessu, þá geta þeir tekið upp kerfi sem byggist á því að Hæstiréttur tilnefni svo og svo marga menn, vegna þess að það er alltaf þægilegt að halda því fram að menn, sem Hæstiréttur tilnefnir, séu hlutlausir og sanngjarnir og hafnir yfir öll átök í þjóðfélaginu, þótt þeir séu það auðvitað aldrei. Þeir hafa sínar föstu skoðanir, slíkir fulltrúar, það sést alls staðar í gegn í kerfinu. Og ég er ansi hræddur um að dómur einhverra slíkra aðila í þessu tilviki þyki ekki mjög merkilegur einmitt fyrir fulltrúa vinnumarkaðarins og þá sérstaklega fyrir fulltrúa launastéttanna.

Mín afstaða til þessa máls er sú, að ég tel, eins og ég hef sagt hér áður, að aðalefni frv. sé það sama og var efni gamla frv. frá 1969—1970, aðalefni þessa frv. sé að finna í III. kafla frv., um verðlagsákvarðanir. Þar er verið að móta nýja stefnu. Þó að menn hafi verið að hræra saman

við þetta frv. nokkrum mjög ómerkilegum greinum varðandi neytendavernd og eftirlit í sambandi við samkeppnishömlur, þá segir það ekki nokkurn skapaðan hlut miðað við okkar aðstæður. Þetta breytir engu um megininntak málsins. Mér sýnist hins vegar að þetta frv., sú stefnuákvörðun, sem felst í þessu frv., sé á ýmsan hátt í samræmi við þá stefnu sem hefur verið að koma betur og betur í ljós hjá núv. hæstv. ríkisstj. Stefnumörkunin miðar að því að segja: Það skulu gilda allt aðrar reglur gagnvart kaupsýslumönnum og þeim aðilum, sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi t. d. við verslunarálagningu, þar skulu gilda allt önnur lögmál en eiga að gilda gagnvart launamönnum almennt í landinu. Þar þurfa að gilda allt önnur lögmál. Það á að taka á þeirra málum með öðrum hætti. — En ég er hræddur um, að afleiðingarnar af þeirri stefnu verði ekki heillavænlegar fyrir okkur. Þær munu hreinlega leiða til þess, að hin mikla verðbólga okkar verði enn þá óviðráðanlegri en hún hefur verið og átökin á vinnumarkaði, sem munu sækja í kjölfarið, verði tíðari og alvarlegri en þau hafa verið. Og það er vegna þessa, sem ég er á móti þessu frv.

Ég hef leyft mér að koma með skýringar mínar á því, hvernig stendur á þeim mikla áhuga, sem var og enn þá eimir eftir af hjá hv. 9. þm. Reykv., og hvernig stendur á þessum nýja áhuga þeirra framsóknarmanna, hvaða ástæður liggi til þess arna. Þeir geta átt sínar skýringar. Við höfum heyrt skýringar frá formanni flokksins, en þær voru að mínum dómi ekki upp á marga fiska. Þær voru ekkert annað en að játa það, að þetta frv., sem Ólafur Jóhannesson flytur nú, er gamla frv. hans Gylfa Þ. Gíslasonar og viðreisnarstjórnarinnar. Það er enginn munur á þeim, nema ómerkilegur á yfirborðinu varðandi nokkrar smágreinar.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég verð að gera nokkrar mjög eindregnar aths. við ræðu hæstv. viðskrh. um daginn. Eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson vakti raunar rækilega athygli á hér áðan, þá voru andmæli hans með því aumasta sem ég minnist frá síðari árum í þessum þingsölum. Málflutningur hans og frammistaða öll efnislega séð var klaufaleg, enda kannske ekki við öðru að búast. Mun ég nú víkja nokkru nánar að nokkrum atriðum í því sem hann sagði.

Hann lét svo sem ég hefði verið að finna að því, að hann hefði aðra skoðun en hann hefði haft veturinn 1969—1970. Ég sagði ekki eitt orð í þá veru. Hann lagði á það mikla áherslu, að það væri einkenni mikilla stjórnmálamanna að geta skipt um skoðun, og því er ég algerlega sammála. Ég lái honum það alls ekki, hafi hann raunverulega skipt um skoðun síðan 1969—1970. Hitt mundi ég frekar vilja segja, að ég vildi óska þess, að hann skipti um næstum allar skoðanir sem hann hafði þá, og fyrir það mundi ég meta hann verulega. En því er nú því miður ekki að heilsa. Sem sagt, ég endurtek: ég sagði ekki eitt orð í þá átt, að það væri ámælisvert að skipta um skoðun eða læra af reynslunni.

Það, sem ég deildi á, var hitt, hvernig að málinu var staðið veturinn 1969—1970 af hálfu Framsfl. Það var gert ljóst áður en málið var lagt fram og tekið skýrt fram af hálfu frsm. fjh.- og viðskn. Ed. í frumræðu hans þá, löngu áður en nokkur atkvgr. fór fram, að í Alþfl. væri ekki einhugur um þetta mál, að tveir af þrem þm. Alþfl. í Ed. væru málinu fylgjandi, en einn væri því andvígur, eins og einnig kom fram í atkvgr. Þetta þurfti engum að koma á óvart þegar til atkvgr. kom. Hæstv. viðskrh. fann mjög að því, að ég skyldi hafa rifjað upp þessa sögu, söguna um það, hvernig afstaða einstakra þm. Framsfl. breyttist frá því að nefndin, sem samdi frv., lauk störfum og þangað til að endanlegri afgreiðslu kom. Ef skilja ber ummæli hæstv. viðskrh. um þetta efni ræðunnar þannig, að afstaða þm. Framsfl. hafi frá því að nefndin, sem samdi frv., lauk störfum verið eins og hún reyndist við atkvgr. í Ed., að allir þm. Framsfl. hafi frá upphafi verið andvígir frv., þá segir hann vísvitandi ósatt. Ég segi það aftur: Ef skilja ber ummæli hans þannig, að afstaða allra þm. Framsfl. hafi frá því að nefndin sendi frv. frá sér og það varð opinbert plagg verið eins og reyndist við atkvgr., þá er um vísvitandi ósannindi að ræða. Hann vissi það og veit enn í dag nákvæmlega eins vel og ég, að ýmsir þm. Framsfl. voru málinu fylgjandi veturinn 1969—1970, en greiddu samt atkv. gegn því af ástæðum sem ég skal engum getum að leiða hverjar voru. En þess vegna sagði ég þessa sögu, að ég tel hér hafa verið um að ræða mjög ógeðfellda pólitíska refskák og skýrt dæmi, skóladæmi um ódrengilega taflmennsku í stjórnmálum. Þess vegna sagði ég söguna.

Hæstv. ráh. sagði að það væri einsdæmi, að frv. væri flutt sem stjfrv. og hefði ekki stuðning eins ráðh. Það er fjarri því, að slíkt sé einsdæmi. Í því sambandi skal ég láta mér nægja að vitna til hans og hv. síðasta ræðumanns, sem voru samráðh. í síðustu ríkisstj. Það þarf væntanlega ekki að minna þing eða þjóð á það, þegar hæstv. núv. viðskrh. og fyrrv. forsrh. gerði samning í landhelgismálinu í Lundúnum um vissa lausn á landhelgismálinu, og það þarf ekki að minna á það, að samráðh. hans, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, lýsti því yfir meðan forsrh. var enn í Lundúnum, að hann væri ósammála samkomulaginu, hann væri algerlega andvígur samkomulaginu, þó að mál skipuðust hins vegar þannig að hann greiddi atkv. með því þegar það kom til endanlegrar atkvgr. hér á þingi, með vissum fyrirvörum þó, ef ég man rétt. En það er ekki lengra síðan en þetta, að ráðh. í ríkisstj. reyndust vera algerlega ósammála um mál sem er margfalt mikilvægara, margfalt þýðingarmeira en það sem hér er um að ræða eða var um að ræða fyrir 7—8 árum.

Að það sé einhver ný bóla, að þingflokkar séu ekki innbyrðis sammála um mál, er sama fjarstæðan. Í því sambandi skal ég aðeins minna á hans eigin flokk og vitna þar aftur til utanríkismála, miklu, miklu mikilvægari heldur en það sem hér er um að ræða. Ég minni á afstöðuna til Keflavíkursamningsins 1946, þar sem þm. Framsfl. voru á öndverðum meiði, þar sem flokkurinn var klofinn. Ég minni á afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins 1949, þar sem þingflokkur Framsfl. var klofinn. Og hverjum dettur í

hug að bera mikilvægi þessa máls þá og nú saman við stærstu sporin sem stigin hafa verið í utanríkismálum þjóðarinnar síðan við fengum sjálfsforræði, sem var Keflavíkursamningurinn annars vegar og aðild að Atlantshafsbandalaginu hins vegar? Í þessum stórmálum var þingflokkur Framsfl. klofinn, svo að ekki þýðir að benda á það sem eitthvað alveg sérstakt þó þingflokkur Alþfl. hafi ekki verið á einu máli um afstöðuna til þessa máls á þinginu 1969—1970 og sé það ekki heldur í dag.

Þá gerði hv. þm. talsvert úr því, að þetta frv. væri ekki eins og frv. frá 1969—1970. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur gert skýra grein fyrir því, að frv. eru nákvæmlega eins að því er snertir verðlagsákvæði og samkeppnishömlur. Ég tók það fram, að þessi ákvæði um verðlag og samkeppnishömlur væru eins og ákvæði gamla frv. Ég lét þess getið þegar í minni ræðu, að það væri nýr kafli í frv. sem ekki hefði verið í hinu, um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd, sem ég út af fyrir sig tel til bóta, það tók ég skýrt fram. Hitt stendur auðvitað algerlega óhaggað, að öll meginatriði frv. um verðlag og samkeppnishömlur eru nákvæmlega hin sömu. Hæstv. ráðh. var meira að segja svo óheppinn eða réttara sagt seinheppinn að benda á það sem sérstakt við þetta frv., að það ætti ekki að taka gildi fyrr en eftir 6 mánuði. Hann var búinn að gleyma því, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson mundi, að hitt frv. átti ekki að taka gildi fyrr en eftir 12 mánuði. Sér er nú hver munurinn! En til að taka af öll tvímæli um þetta þarf ekki að lengja málið mjög mikið. Er best að það fari ekkert á milli mála og ég lesi örfáar setningar úr báðum frv. til þess að menn sjái svart á hvítu hvorir hafi rétt fyrir sér, ég og hv. þm. Lúðvík Jósepsson annars vegar eða hæstv. viðskrh. hins vegar, með leyfi hæstv. forseta.

Í 1. gr. er venjulega fjallað um meginmarkmið frv. hún hljóðar svona í nýja frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að

a. vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum,
b. vinna gegn óréttmætum viðskipta- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild."

Hvernig skyldi 1. gr. gamla frv. hafa hljóðað?

„Lög þessi hafa það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að

a. stuðla að þjóðfélagslega heppilegri verðlagsþróun og vinna gegn ósanngjörnu verði, hagnaði og viðskiptaháttum,
b. vinna gegn óbilgjörnum verslunar- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild."

1. gr. í nýja frv. er upprentun á 1. gr. í fyrra frv.. Hvað skyldi vera það fyrsta sem sagt er um verðákvarðanirnar í III. kafla í nýja frv.? Munurinn er sá einn, að í nýja frv. er bætt við einni setningu. Að öðru leyti er greinin upprentun á því gamla, eins og sést á því sem ég nú leyfi mér að lesa. Hún er örstutt. Greinin byrjar svona:

„Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls." Þetta stóð ekki í gamla frv. — „Nú hefur verðlagning verið gefin frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir."

Svo heldur áfram bein upprentun úr gamla frv.: „Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því marki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni."

Hvernig var gamla greinin?

„Þegar samkeppni er takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægilega virk til að tryggja sanngjarnt verðlag, eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðgæsluráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því marki, er greinir í 1. gr.:

1. Hámarksverð og/eða hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun á vissum sviðum, allt að sex mánuði í senn.
4. Reglur um flokkun, sundurgreiningu o. þ. h. á vörum, sem nauðsynlegar þykja vegna ákvörðunar verðs og álagningar."

Nákvæmlega sama orðalagið meira að segja. Ekki aðeins efnið eins, heldur nákvæmlega sama orðalag.

Og þriðja greinin, sem ég vil nefna, er upphaf kaflans um samkeppnishömlur — upphaf þess kafla sem hæstv. ráðh. fór sem háðulegustum orðum um fyrir 7—8 árum í ræðu sinni á þinginu þá. Þar segir núna, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því skyni að stuðla að þeim markmiðum, sem greinir í 1. gr., hefur verðlagsstofnun eftirlit með fyrirtækjum, sem eru ráðandi á markaðnum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur og til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur."

Í gamla frv. segir, — nákvæmlega sama orðalagið:

„Í því skyni að stuðla að þeim markmiðum, sem greinir í 1. gr., hefur verðgæsluskrifstofan eftirlit með einokunarfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum, sem eru mikilsráðandi á markaðnum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Eftirlitið tekur og til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur."

Ég hirði ekki um að lesa meira. Ég hef lesið úr þremur mikilvægustu greinum frv. og þar með

tekið af öll tvímæli um það, að hér er efnislega séð um nákvæmlega sama frv. að ræða að því er snertir verðlagseftirlit og samkeppnishömlur og það, sem hæstv. núv. viðskrh. hafði forustu um fyrir 7—8 árum að var fellt. Það er þetta sem ég leyfði mér í ræðu minni um daginn að kalla einsdæmi, að það skyldi gerast að heill flokkur, látum vera að slíkt eigi við um einn mann eða einhvern hóp af mönnum, en að heill stjórnmálaflokkur, aðalflokkur stjórnarandstöðu, skyldi á einum tíma beita sér gegn því, að tiltekið frv. næði fram að ganga, með mjög sérkennilegum hætti, þegar allir, sem vildu vita það, vissu að ýmsir þm. frv. vildu styðja frv. Samt sem áður er knúið fram að flokkurinn sem heild beitir sér gegn því og kemur því til leiðar að það fellur. En það gerist síðan 7—8 árum síðar að sami forustumaður sama flokks flytur þetta sama frv. Þetta er einsdæmi í þingsögunni. Þess vegna þótti mér og þykir enn full ástæða til þess, að þessi saga varðveitist vel í þskj.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vildi fyrst gera að umtalsefni nokkuð það ástand sem ríkir í verðlagsmálum og hefur raunar ríkt hjá okkur í verðlagsmálum um langan tíma, án þess að fara mjög langt út í það mál.

Það er alveg augljóst mál, að Íslendingar eru þannig á vegi staddir í þessum efnum sem þjóð eftir langvarandi ástand, að almennt verðskyn almennings er nánast ekki til, mundi ég vilja segja, það er nánast ekki til. Menn treysta á það, að hin opinbera álagningarprósenta, sem heimiluð er, sé virt og menn þurfi þess vegna ekki að íhuga svo mjög samanburð á verði í hinum ýmsu verslunum.

Ég minnist þess vel, að vinkona mín, sem var búsett í Danmörku um nokkurra ára skeið, kom hér heim og fór að versla eins og húsmæður gera. Þegar hún kom í verslunina fór hún að spyrja verslunarfólkið: Hvað kostar þetta? Hvað kostar þessi vara, og hvað kostar hin? — Og hún varð mjög átakanlega vör við það, að verslunarfólki fannst í raun og veru ónæðisamt að þurfa að svara slíkum spurningum, einfaldlega vegna þess að það er ekki vant því. Menn spyrja yfirleitt ekki mikið um það, hvað vörurnar kosti, heldur treysta menn á þessa svonefndu opinberu álagningarprósentu og verðskyn almennings slævist svo mjög, að samkeppni fær ekki notið sín í versluninni. Þetta er eitt af því sem núverandi fyrirkomulag í þessum málum veldur og er kannske hvað mestur ágalli á stöðu okkar í þessum málum eins og þau eru og hafa verið um langan tíma.

Annað atriði, sem oft hefur verið minnt á, er í sambandi við innkaup til landsins, að það borgi sig ekki fyrir verslunina að stuðla að ódýrum innkaupum vegna þess að hún búi við óumbreytanlega opinbera álagningarprósentu. Þessi tvö atriði og mörg fleiri eru lýsandi dæmi um ástandið í þessum efnum. Ég hygg að flestallir, jafnvel einnig hv. 2. þm. Austurl., muni viðurkenna að ástandið í þessum málum er langt frá því að vera viðunandi hjá okkur og það þarf breytingar.

Það hefur verið rætt nokkuð í þessum umr. um skipan verðlagsráðsins eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er ljóst nú eins og áður, að í verðlagsráðinu eru raddir og fulltrúar flestra stærstu samtaka meðal þjóðarinnar, eins og Alþýðusambandsins, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fleiri, þannig að þar er tækifæri til þess að láta í sér heyra í þessum efnum, heyra túlkun þeirra sjónarmiða sem þar eru mest ríkjandi.

Aðalstefnan, sem kemur fram í þessu frv., felst í 8. gr., eins og hefur verið margtekið fram. Gert er ráð fyrir því, að verðlagning verði frjáls ef tiltekin skilyrði eru til staðar. Í ákvæði til bráðabirgða segir svo, með leyfi forseta:

„Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra.“

M. ö. o.: þó að lögin taki gildi, þá heldur núverandi skipan áfram þar til verðlagsráð hefur breytt til, og það breytir ekki til nema að undangenginni mjög náinni athugun og rannsókn á ástandi markaðsins sem á að tryggja samkeppni. Það er rétt að taka fram, að komið hefur fram og kom fram í meðferð málsins hjá fjh.- og viðskn., að verslunin er ekki fyllilega ánægð með þetta fyrirkomulag. Hún er það ekki. Ég hygg, að samvinnuhreyfingin sé það, en verslunin að öðru leyti er ekki fyllilega ánægð, þó að öllum beri saman um að hér miði mjög í rétta átt.

Það er að sjálfsögðu ljóst samkv. frv., að verðlagsstofnunin verður sterk stofnun áfram og hún hefur mikið vald. Þó að miðað sé að því, að verðlagning geti orðið frjáls þegar tiltekin skilyrði eru, þá er eigi að síður verðlagsskrifstofan sterk samkv. frv. og mjög svo sjálfstæð. Einnig er rétt að taka það fram, að samkv. frv. mun ríkja sterkt verðlagseftirlit í landinu eftir sem áður, þó að verðlagning verði gefin frjáls. Það tryggir að sjálfsögðu neytendur í því efni, að ekki verði gengið á lagið og verðlag hækkað umfram það sem efni standa til.

Það, sem nýtt er í þessu frv. og ekki var í því frv., sem hér hefur verið mjög gert að umræðuefni, eru fyrst og fremst ákvæðin um neytendavernd og óréttmæta viðskiptahætti. Að öðru leyti eru frv. svipuð í öllum meginatriðum og þarf ekki að hafa um það í raun og veru mörg orð. En ég vildi aðeins gera að umræðuefni atkvgr., sem fór fram 1969, vegna þess að ég var einn af þeim þm. Framsfl. sem greiddu þá atkv. gegn frv. sem þá lá fyrir. Ég var að vísu varaþm. og kom inn í þingið sem slíkur. Ég man vel eftir því, og það var ekkert launungarmál, að Alþfl. var klofinn í málinu á þeim tíma. Hins vegar töldu menn ástæðu til að ætla að frv. yrði samþykkt, en fengu þó pata af því, að vafasamt væri að það yrði samþ. Og ég segi fyrir mína parta: Ég álít að þessi atkvgr., sem fram fór, hafi í raun og veru ekkert síður verið vantraust á þáv. ríkisstj., vegna þess að hv. 9. þm. Reykv., sem þá var viðskrh., hafði lýst því yfir að þetta væri mjög þýðingarmikið mál, og hann hefur lýst því yfir aftur í umr. hér, að þetta væri mjög þýðingarmikið mál. Þess vegna var því

ekki að neita, að hann komst í nokkurn vanda er hann stóð frammi fyrir því, að þýðingarmikið mál, sem hann hafði sjálfur flutt, var fellt í þinginu.

Hv. 9. þm. Reykv. rakti nokkur dæmi um stórmál sem hefðu verið samþykkt hér á Alþ. og flokkar hefðu klofnað um, eins og t. d. um aðildina að Norður- Atlantshafsbandalaginu, Framsfl. hefði verið klofinn, en málið hefði eigi að síður gengið fram. Munurinn á meðferð þess máls og meðferð frv. frá 1969 var sá, að þá gengu málin fram, þá voru þau samþ. í þinginu, þannig að ráðh., sem þá voru í stjórninni, gátu með góðri samvisku sagt: Við höfðum þingmeirihl. á bak við þessi mál og þurfum þess vegna ekki að íhuga að segja af okkur ráðherradómi. — Aftur á móti hagaði svo til 1969, að þá féll frv., þá féll málið. Ég segi fyrir mig, að ég áleit þá og álít enn þá, — ég tala nú fyrir mig, — að sú atkvgr. hafi ekkert síður verið vantraust á ríkisstj., að fella þýðingarmikið mál sem ríkisstj. taldi vera og sérstaklega þáv. hæstv. viðskrh. Þess vegna var það, að ekki var óeðlilegt að hugsa sem svo, að viðskrh. íhugaði að segja af sér eftir að svona þýðingarmikill málaflokkur, sem hann fór sjálfur með, og þýðingarmikið mál hafði fallið, af því að hann hefði ekki lengur þingmeirihl. á bak við sig í þýðingarmiklu máli, sem hann hefði flutt í þinginu. Ég man ekki hvort hæstv. ráðh. hefur sagt það, þegar hann flutti málið, að það mundi varða afsögn. Ég geri ekki ráð fyrir því. Ég hugsa að það hafi ekki verið um það rætt þá. En það er spurning, hvort það er ekki einmitt það sem vantar í þingræði okkar og þingræðisreglur okkar, að þegar ráðh. fær ekki fram þýðingarmikið mál, sem hann flytur í þinginu, og það er fellt, — hvort hann á ekki hreinlega að segja af sér. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé slæmt ef þingræðisheðir eins og þessi eru ekki lengur virtar hjá okkur. Þess vegna álít ég að það, sem einkenndi kannske hvað mest meðferð þessa máls á sínum tíma, hafi einmitt verið þetta: Þáv. viðskrh. flutti málið sem þýðingarmikið mál. Það var felld í þinginu, en hann sat eftir sem áður. — Það er kannske það lærdómsríkasta við þetta mál, þegar það er rifjað upp.

Ég sé að hv. 2. þm. Austurl. er ekki hérna, en það skiptir ekki miklu máli. Ég tók eftir því, að hann var í essinu sínu þegar hann fór að velta fyrir sér stjórnarmyndunarmöguleikum eftir kosningarnar og sambandinu á milli stjórnarmyndunar eftir kosningar og þessa máls. Hann bókaði það alfarið, að Framsfl. væri að tryggja sér þátttöku í ríkisstj. eftir kosningar með því að standa að flutningi þessa máls. Mér fannst honum skjöplast dálítið í röksemdafærslunni, vegna þess að ef Framsfl. ætlaði virkilega að nota þetta mál í sambandi við stjórnarmyndun eftir kosningar, hefði þá ekki verið miklu eðlilegra fyrir hann að bíða með afgreiðslu málsins, segja við Sjálfstfl.: Ja, við skulum fallast á það eftir kosningar að þetta mál gangi fram. — Ég man eftir því, að þegar við vorum að fjalla um þetta mál í fjh.- og viðskn., þá virtist hv. 2. þm. Austurl. hafa áhuga á því að ljúka þessu máli af. Mér varð þá að orði: Þú vilt ekki að þetta mál verði neitt að þvælast fyrir mönnum eftir kosningar. — Það kom dálítið á hv. þm. þegar ég sagði þetta. En þarna kemur einmitt fram þráðurinn í þessu, að hann er enn að hugsa um sambandið á milli stjórnarmyndunar eftir kosningar og þessa máls. Ég hygg að það sé mála sannast, að þegar þetta mál er afgreitt hér í þinginu, þá komi það ekki til álita í sambandi við hugsanlega stjórnarmyndun eftir kosningar.

En það er dálítið athyglisvert, að það gægjast fram öðru hvoru núna upp á síðkastið hugrenningar og hugleiðingar þeirra Alþb.-manna um stjórnarmyndun eftir kosningar. Saklaus maður eins og t. d. Þröstur Ólafsson hagfræðingur skrifar grein um að það sé tímabært og eðlilegt að mynda svokallaða nýsköpunarstjórn eftir kosningar. Þá hleypur hv. 2. þm. Austurl., eins og móður smalahundur hefði nú einhver sagt, í veg fyrir hagfræðinginn til þess að leiðrétta hann. Hvers vegna skyldi hagfræðingurinn hafa sagt þetta? Auðvitað vegna þess að hann er ekki eins snar í snúningum og t. d. hv. 2. þm. Austurl. og gerði sér ekki grein fyrir því, að það var dálítið hættulegt að tala svona með tilliti til þess, hvernig menn ætluðu að haga áróðri í baráttunni fyrir kosningarnar.

Öllum hugleiðingum hv. þm. um stjórnarmyndun og annað slíkt vísa ég heim til föðurhúsanna. En vil ítreka það, að ég álít að þetta mál sé fyrst og fremst flutt vegna þess að það er gott mál, vegna þess að ástandið í verðlagsmálum er óviðunandi eins og ástatt er. Það þarf að bæta það. Það þarf að koma á svipuðu ástandi í þessum efnum hér í landinu og t. d. jafnaðarmenn á Norðurlöndum hafa komið á hjá sér. Þess vegna er ég ekki hissa á því þó hv. 9. þm. Reykv. lýsi yfir ítrekuðum stuðningi sínum við þetta mál. Það er algerlega í samræmi við stefnu og stefnuframkvæmd jafnaðarmanna á Norðurlöndum.

Hitt er annað, að ég býst við að allir séu sammála um að það er dálítið vandmeðfarið að breyta til. Þess vegna er það, að ýmsir varnaglar eru settir í þetta frv., og þær stofnanir, sem eiga að framkvæma þessi mál, hafa talsvert mikið vald og aðhald eins og frv. er úr garði gert.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. — Ég hefði gjarnan óskað þess, að hv. síðasti ræðumaður hefði ekki flutt þessa ræðu sem hann flutti, og mæli þar af sérstakri velvild til hans. Hann segir að atkvgr. 1970 hafi verið vantraust á þáv. ríkisstj. eða mig sem viðskrh. Það var aldrei orðað einu orði. Ég hef farið yfir allar umr. af þessu tilefni. Slíkt var aldrei orðað einu orði á þeim árum. Það er fyrst nú sem hv. þm. Tómasi Árnasyni dettur í hug að túlka atkvgr. vorið 1970 sem hugsanlegt vantraust á þáv. ríkisstj. eða á mig. En þá orðaði hann það ekki. Hins vegar er rétt að það komi fram, fyrst hv. þm. kvaddi sér hljóðs, hann átti sæti í nefndinni, sem samdi frv., sem fulltrúi Framsfl., þannig vildi til, að hann var staddur erlendis þegar nál. var gefið út. Ég tel mér ekki heimilt og teldi það ekki

vera drengilegt að skýra frá því, hver störf Tómasar Árnasonar voru í þessari nefnd, en þau voru með miklum ágætum. Er best að hver skilji það eins og honum sýnist, og skal ég ekki orðlengja um það.

En mergurinn málsins er þessi, og það skulu vera síðustu orð mín: Ef þetta frv. núna er gott mál, þá var frv. 1969 líka gott mál. Og það er mergurinn málsins, að heill stjórnmálaflokkur, næststærsti stjórnmálaflokkur þingsins, skuli af í hæsta máta annarlegum ástæðum hafa beitt sér þá gegn máli sem hann nú telur vera gott mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ríkisendurskoðun, frv. (þskj. 409). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 335, n. 631). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 631 hefur menntmn. þessarar hv. deildar fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum sínum. Raunar er frv. ekki nýtt hér í deildinni. Það hefur legið fyrir hv. Alþ. nú undanfarin ár. Eins og fram kemur í nál. fékk n. á sinn fund nokkra aðila: Þjóðleikhússtjóra, fulltrúa frá stjórn Starfsmannafélags Þjóðleikhússins og fulltrúa frá Félagi einsöngvara sem óskuðu eftir fundi með nefndinni.

Það er rétt að það komi fram, að fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðleikhússins lögðu áherslu á að starfsmannafélagið fengi aukin áhrif á stjórn Þjóðleikhússins. Þjóðleikhússtjóri tók og undir þetta álit þeirra, en lagði samt áherslu á að þjóðleikhússtjóri hefði þar allveigamikið úrskurðarvald. Fulltrúar frá Félagi einsöngvara lögðu áherslu á að inn í frv. kæmu breytingar sem gætu stuðlað að frekari starfsemi Þjóðleikhússins sem miðaði að því að íslenskir einsöngvarar hefðu þar meiri atvinnumöguleika.

Herra forseti. Ég vísa til framsöguræðu menntmrh. sem hann hélt fyrir þessu frv. 9. febr. s. l. Þar kom fram að frv. er fyrst og fremst lögð áhersla á það annars vegar að viðurkenna þá þróun, sem átt hefur sér stað á undangengnum árum, og í annan stað að opna möguleika til þess að starfsemi Þjóðleikhússins megi enn færast út. Gert er ráð fyrir í frv. að um nokkrar nýjar stöðuveitingar verði að ræða. Sumar eru þegar orðnar að veruleika, en aðrar eru nýjar. En eins og fram kemur er það allt háð samþykki fjvn. á hverjum tíma, eins og eðlilegt er.

Menntmn. sá sér ekki fært að gera breytingar á frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Þ. Þórðarson, en einn nm., Ragnar Arnalds, skrifar undir með fyrirvara og hefur flutt brtt., sem hann mun gera grein fyrir. Menntmn. mælir að öðru leyti með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 666, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. til l. um Þjóðleikhús hefur verið til meðferðar hér á Alþ. um margra ára skeið, en aldrei hlotið afgreiðslu. Ástæðan er sú, að ágreiningur hefur verið uppi um nokkur atriði þessa máls og aldrei hefur verið gengið í það að fá botn í það, hvernig helst mætti skapa samstöðu um eðlilega lausn málsins. Ég minnist þess, að á þinginu 1971—1972 var frv. um Þjóðleikhús til meðferðar og undir vorið afgreiddi menntmn. frv., en það náði þá ekki að komast í gegnum Nd. Síðan þetta var hefur málið verið til endurskoðunar þar til nú, að það kemur til 2. umr. í Ed.

Eitt af þeim atriðum, sem ávallt hafa valdið deilum, er skipan Þjóðleikhúsráðs. Eins og kunnugt er, er núverandi Þjóðleikhúsráð skipað 5 mönnum. Þar af eru 4 tilnefndir af 4 stærstu þingflokkunum. Þetta skipulag hefur verið gagnrýnt verulega, og upphaflega ástæðan til þess, að farið var út í að endurskoða lögin, er m. a. sú, að rétt þótti að endurskoða skipan Þjóðleikhúsráðs.

Í fyrstu útgáfunni, sem alþm. fengu af frv. til l. um Þjóðleikhús á árinu 1971, var gert ráð fyrir því, að Þjóðleikhúsráð væri mjög fjölmennt. Mig minnir að gert væri ráð fyrir að í því sætu 12 eða 14 alþm., sem fór að vísu nokkuð eftir skipan Alþ. hverju sinni, talan var ekki endanlega ákveðin. Þetta þótti þá fráleitt með öllu, að fara að hrúga alþm. í stórum stíl inn í Þjóðleikhúsráð. Síðan hafa menn verið að reyna að finna einhverja heppilega lausn á þessu vandamáli þangað til þetta frv. kemur, þar sem gert er ráð fyrir nákvæmlega sömu skipan og nú er, þ. e. a. s. ráðið sé tilnefnt af 4 stærstu þingflokkunum, þó þannig að ráðsmenn séu aðeins skipaðir til fjögurra ára í senn. En eins og kunnugt er, eru meðlimir í Þjóðleikhúsráði nú skipaðir eins lengi og líf þeirra og heilsa endist til starfa í þeirri stofnun.

Meðan við stjórnmálamennirnir höfum verið að velta vöngum yfir því, hvernig finna ætti lausn á þessum vanda, hafa leikarar fjallað mjög um þetta sjálfir. Þeir hafa gert kröfu til þess, að Þjóðleikhúsráð verði fyrst og fremst skipað fólki sem fæst við leikhússtörf. Þeir gera sem sagt einfaldlega kröfu til þess, að um verði að ræða atvinnulýðræði í Þjóðleikhúsinu. Við höfum fengið till. þeirra sendar oftar en einu sinni. Í þeim er gert ráð fyrir því, að í Þjóðleikhúsráði eigi sæti 5 menn auk Þjóðleikhússtjóra og 4 ráðsmenn skulu kosnir af Starfsmannafélagi Þjóðleikhússins. Þessar till. hafa hlotið eindreginn stuðning Félags ísl. leikara. Um leið benda leikarar á að í stofnskrá Borgarleikhúss er gert ráð fyrir að starfsemi þess verði undir yfirstjórn leikhúsráðs sem skipað sé starfsmönnum Leikfélags Reykjavíkur. Jafnframt benda þeir á að nú á seinni áratugum hafi það orðið æ algengara í nálægum löndum að leikhúsráð sé fyrst og fremst skipað þeim starfsmönnum, sem við leikhúsin starfa, eða fulltrúum þeirra og að í öllum nálægum löndum sé sú skipan mála orðin algengust.

Við meðferð þessa máls í hv. menntmn. hefur ekki að einu eða neinu leyti verið gengið til móts við þessi sjónarmið, heldur er frv. borið fram til 2. umr. algerlega óbreytt og án þess að flutt sé ein einasta brtt. við það. Þetta þykir mér fullmikil fljótaskrift á afgreiðslu málsins, þar sem ég tel að ýmislegt mætti betur fara í frv. Ég tel að ábendingar, sem fram hafa komið, hafi verið rökstuddar og eðlilegt sé að taka

tillit til þeirra, þó að ég hafi hins vegar skrifað undir nál. og þannig vottað að ég vildi í öllu falli afgreiðslu málsins, hvernig sem brtt. lyktaði.

Ég tel að í fyrsta lagi sé sjálfsagt að ganga að einhverju leyti til móts við þær hugmyndir sem leikarar og starfsmenn Þjóðleikhússins hafa fram sett um aukna aðild að stjórn Þjóðleikhússins. Það má vel vera, að það þyki nokkuð stórt skref í einu lagi að ætla leikurum að fá meirihlutaaðild að þjóðleikhúsráði og hyggilegra sé að stíga það skref fremur í áföngum eða að aðild þeirra verði eitthvað minni en þeir gera sjálfir ráð fyrir. Mér finnst hins vegar mjög óeðlilegt og óviðfelldið að ganga ekki á nokkurn hátt til móts við óskir þeirra og ábendingar. Ég hef því leyft mér að flytja á þskj. 666 brtt. við þá grein frv. sem fjallar um þjóðleikhúsráð. Brtt. mín er ekki nákvæmlega eins að efni og orðun og tillaga Starfsmannafélags Þjóðleikhússins. Geri ég ráð fyrir nokkru einfaldara fyrirkomulagi en þeir höfðu gert tillögu um. Þeir höfðu gert ráð fyrir því, að starfandi yrði hvort tveggja; annars vegar þjóðleikhúsráð og hins vegar þjóðleikhúsnefnd sem m. a. væri skipuð fulltrúum löggjjafarvaldsins. Mér þykir hins vegar langeðlilegast að þarna verði bara um eina stofnun að ræða, 6 manna stofnun, eins og þeir reyndar gera einnig ráð fyrir, 5 menn skipaða af ráðh., en þjóðleikhússtjóri eigi sæti í þjóðleikhúsráði með atkvæðisrétti, þannig að samanlagt fari 6 menn þar með atkvæðisrétt. Ég geri ráð fyrir því, að 3 séu tilnefndir af Starfsmannafélagi Þjóðleikhússins, þar af 2 úr hópi fastráðinna leikara og leikstjóra. Falli jöfn atkv. við atkvgr. í ráðinu ræður atkv. þjóðleikhússtjóra. Er því ljóst að starfsmennirnir eru ekki í meirihlutaaðstöðu í ráðinu. Þeir hafa 3 fulltrúa af 6 og verði um að ræða tvísýna atkvgr., þá ræður atkv. þjóðleikhússtjóra endanlega. Þetta tel ég vera sanngjarna lausn málsins. Starfsmenn Þjóðleikhússins fengju þarna allmikil áhrif á starfsemi hússins, en hefðu hins vegar ekki þá meirihlutaaðstöðu sem ég þykist vita að meiri hl. Alþ. sé ekki reiðubúinn að veita þeim.

Ég minni enn á að í stofnskrá Borgarleikhússins er einmitt gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi, að yfirstjórn leikhúsráðsins sé skipuð starfsmönnum Leikfélags Reykjavíkur. Hér er því fyrst og fremst verið að fara þá braut, sem Reykjavíkurborg hefur þegar troðið, og verið að fylgja fordæmi, sem þar er verið að skapa. (**Gripið fram í:** Er það rétt fordæmi?) Ég er ekki í neinum vafa um að það er rétt fordæmi að atvinnulýðræði sé komið á í mjög mörgum tilvikum. Ég viðurkenni að vísu að í því tilviki þegar um er að ræða stofnanir eins og t. d. rn. eða einhverjar aðrar stofnanir, þar sem atvinnulýðræði getur einfaldlega ekki átt við, kemur slíkt ekki til greina. En við stofnun eins og Þjóðleikhús, þar sem ekki er um neina valdastofnun þjóðfélagsins að ræða, tel ég alveg sjálfsagt að starfsmenn hafi ákveðinn íhlutunarrétt. Mér virðist á öllu að það, að þeir eigi helmingsaðild að þjóðleikhúsráði og síðan hafi þjóðleikhússtjóri tvöfalt atkv. ef svo ber undir, sé skipulag sem feli ekki í sér of mikinn rétt til handa starfsmönnum. Ég geri ráð fyrir því, að þessi grein um þjóðleikhúsráð verði þá þannig orðuð:

„Menntmrh. skipar 5 menn í þjóðleikhúsráð til tveggja ára í senn, þar af 3 samkv. tilnefningu Starfsmannafélags Þjóðleikhússins, og skulu 2 þeirra vera úr hópi fastráðinna leikara og leikstjóra. Þjóðleikhússtjóri á ávallt sæti í þjóðleikhúsráði með atkvæðisrétti. Falli atkv. jöfn við atkvgr. í ráðinu ræður atkv. þjóðleikhússtjóra."

Síðan kemur önnur mgr.: „Ráðh. skipar einnig 3 varamenn í þjóðleikhúsráð til tveggja ára í senn og skulu 2 þeirra tilnefndir af Starfsmannafélagi Þjóðleikhússins, þar af annar úr hópi fastráðinna leikara og leikstjóra."

Ekki er gert ráð fyrir því í frv., að um neina varamenn sé að ræða, en það er óeðlilegt. Í þriðja lagi geri ég ráð fyrir, að um hlutverk þjóðleikhúsráðsins sé orðalagið á þennan veg:

„Þjóðleikhúsráð ber ábyrgð á rekstri leikhússins ásamt þjóðleikhússtjóra. Ráðið fjallar um starfs- og fjárlagaáætlun leikhússins og tekur allar meiri háttar ákvarðanir er stofnunina varða. Fjármálafulltrúi leikhússins á sæti á fundum ráðsins án atkvæðisréttar."

Þessar till. held ég að skýri sig nokkuð sjálfar að öðru leyti. Ég gæti lesið upp langar grg., sem okkur hafa borist frá Starfsmannafélagi Þjóðleikhússins og frá Félagi ísl. leikara, þar sem þessar kröfur um aukinn rétt starfsmanna til áhrifa í leikhúsinu eru rökstuddar og vitnað til alþjóðlegra samþykkta um það efni meðal leikhúsmanna og til þess fyrirkomulags sem nú er farið að tíðkast á Norðurlöndum.

Ég flyt í öðru lagi till. sem upphaflega er komin frá Félagi ísl. einsöngvara, en þeim þykir hlutur einsöngvara allt of smátt skorinn í þessu frv. og vilja, að hnikað sé til orðalagi til þess að hlutur sönglistarinnar verði meiri. Þeir óska eftir því, að 2. mgr. 3. gr. verði þannig orðuð: „Auk þess skal það árlega flytja óperur og söngleiki og sýna listdans", í staðinn fyrir að í frv. segir: „Auk þess skal það árlega flytja óperu og sýna listdans."

Þeir benda á að vel sé hugsanlegt fyrir Þjóðleikhúsið að standa fyrir söngleikjum og óperuflutningi, jafnvel þó að það sé ekki gert á aðalsviði Þjóðleikhússins, og færa skýr rök fyrir því, að söngvarar hér á landi séu mjög illa settir og þeim hafi lítil starfsaðstaða verið sköpuð, eins og ráða megi af því, að enginn félagsmanna í Félagi ísl. einsöngvara hafi fast starf sem söngvari. Þetta er ekki stór breyting og ég tel að eðlilegt sé að ganga til móts við þetta sjónarmið söngvaranna.

Í þriðja lagi flyt ég brtt. við 12. gr. frv., þar sem segir: „Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem ástæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda til þriggja eða sex mánaða." Þetta þykir mér afskaplega dauflegur skammtur og þröngt orðalag, að ekki megi ráða leikritahöfunda til lengri tíma en 6 mánaða í einu. Ég vildi að þetta væri þannig orðað:

„Þjóðleikhúsinu er heimilt að ráða til starfa leikritahöfund, tónskáld eða aðra höfunda til allt

að eins árs í senn. Skal að því stefnt, að a. m. k. einn höfundur sé starfandi við leikhúsið á hverjum tíma.“

Mér finnst það satt að segja alveg fráleitt, að við séum að reka leikhús með stórum hópi túlkenda, fastráðinna túlkenda, en við treystum okkur ekki til þess að hafa að staðaldri einn höfund ráðinn við Þjóðleikhúsið. Mér finnst að það sé engin ofrausn þó að við sláum því föstu og það eigi þá að liggja ljóst fyrir, að um geti verið að ræða hvort heldur sem er leikritahöfund eða tónskáld og það sé þá stöðugt einn höfundur starfandi við leikhúsið á hverjum tíma. Þetta er ábending sem fram hefur komið frá mörgum aðilum, og upphaflega var þetta þannig í frv., — það var reyndar þannig þegar Ed. Alþ. sendi frv. frá sér til Nd. árið 1972, — að það var gert ráð fyrir því, að heimild væri til þess að ráða einn leikritahöfund og eitt tónskáld. En svo er búið að skera þetta svo niður undir forustu núverandi ráðamanna menntamála, að einungis er leyfilegt að ráða til starfa leikritahöfunda eða aðra höfunda til þriggja eða sex mánaða. Mér finnst þetta heldur nánasarlegt fyrirkomulag. Eg held að ef við á annað borð viljum heita menningarþjóð og viljum halda uppi sæmilega blómlegu menntа- og menningarlífi, þá hljóti að teljast sjálfsagt og eðlilegt að Þjóðleikhúsið, sem við rekum, geti á hverjum tíma haft einn höfund í fullu starfi.

Ég hef einnig flutt brtt. við 12. gr. sem skýrir enn frekar réttindi starfsmanna Þjóðleikhússins. Þar segir:

„Starfsmenn Þjóðleikhússins skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þeir starfsmenn Þjóðleikhússins, sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenskrar leiklistar, skulu einnig eiga kost á að njóta eftirlaunaréttar fyrir þann starfstíma samkv. ákvörðun stjórnar lífeyrissjóðsins og að fenginni umsögn viðkomandi stéttarfélags.“

Þetta ákvæði, sem ég flyt hér brtt. um, er orðrétt tekið úr till. þeim, sem Starfsmannafélag Þjóðleikhússins sendi okkur, og ég held að greinin skýri sig nokkuð sjálf. Það er ekkert í frv. um lífeyrisréttindi starfsmannanna. Það er sjálfsagt að taka það berum orðum fram í frv. og einnig að tryggja rétt starfsmanna sem hafa áður unnið hliðstæð störf í þágu íslenskrar leiklistar. Ég held að þessi krafa, sem borin er upp af starfsmönnum Þjóðleikhússins og lögð er mikil áhersla á, sé þess eðlis, að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu, að orðið sé við henni.

Ég sé svo, herra forseti, ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessum till. Ég harma það satt best að segja, að menntmn. Ed. skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að athuga brtt. þær og ábendingar, sem bárust n., betur en raun ber vitni, að hún skuli á engan hátt, ekki á hinn minnsta hátt vilja taka tillit til þeirra. Þetta tel ég ekki vera eðlilega afgreiðslu. Og til þess að það verði nú alveg skýrt, að hér á Alþ. eru áreiðanlega margir sem vilja taka visst tillit til þessara óska sem fram hafa verið settar, þá eru þessar till. bornar fram í þeirri von að þær nái samþykki.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er sú, að hv. 5. þm. Norðurl. v. gat um fyrirkomulag það sem Reykjavíkurborg hefði samþykkt á stjórn væntanlegs borgarleikhúss, það væri til fyrirmyndar og eftir því ætti að fara í ráðstöfun á stjórnunarþættinum í Þjóðleikhúsinu. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að ekki eru allir borgarfulltrúar sammála um ágæti þess fyrirkomulags sem þar var samþykkt, og ætla að leyfa mér að vona að sömu mistök eigi sér ekki stað á Alþ. hvað skipan stjórnar á Þjóðleikhúsinu snertir. Ég vil upplýsa hv. þm. um að Leikfélag Reykjavíkur er nú að segja má alfarið á launaskrá Reykjavíkurborgar og leikurum þess greitt eftir launasamningum starfsmanna Reykjavíkurborgar og skipt á sama hátt í launaflokka. Borgin útvegar Leikfélaginu peninga til að standa undir þeim launum án þess þó að leikararnir séu taldir til borgarstarfsmanna.

Á sama hátt vil ég upplýsa að það er rétt, að leikarar og stjórnendur Leikfélags Reykjavíkur hafa alfarið öll ráð í sínum höndum um væntanlegt borgarleikhús. Þrátt fyrir allan kostnað — ég segi: allan kostnað, þó að Leikfélagið geti skrapað saman nokkra milljónatugi til þátttöku í kostnaði við að koma upp borgarleikhúsi, þá er það lítill dropi í hafið þegar hugsað er í þúsundum milljóna — má segja að Reykjavíkurborg hafi afskaplega lítil áhrif á stjórn borgarleikhússins þegar þar að kemur.

En ef við lítum á Leikfélag Reykjavíkur og hvað við erum að gera, hvar hafa þá mistökin verið gerð? Leikfélag Reykjavíkur er sjálfseignarstofnun sem ákveður sjálf hverjir stjórna og hverjir eiga Leikfélag Reykjavíkur hverju sinni. Síðast þegar ég vissi var búið að þrengja þann hóp og var hann rúmlega 100, ef ég man rétt, en var áður um 200. Þetta er sjálfseignarstofnun þeirra sem starfa hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Reykjavíkurborg er að afhenda mannvirki upp á þúsundir milljóna sem fyrirsjáanlegt er að verður mikill baggi á borgarbúum þegar reksturinn bætist ofan á byggingarkostnaðinn. Ég held því að það hafi verið mikil mistök, þegar Reykjavík afhenti Leikfélagi Reykjavíkur þetta væntanlega borgarleikhús til rekstrar. Ég álít það líka mikil mistök, að borgarleikhúsið skyldi byggt svo stórt sem það væntanlega verður, en það verður ekki minna en Þjóðleikhúsið. Þar með má búast við að álíka mikill kostnaður falli á Reykjavíkurborg og nú fellur á ríkið varðandi rekstur Þjóðleikhússins, og tvö slík leikhús í Reykjavík eru að mínu mati of mikið. En sem sagt, það er allt annað rekstrarfyrirkomulag á borgarleikhúsi. Það má segja að Reykjavíkurborg hafi verið að afhenda þarna tiltölulega fámennum hópi 1000 millj. kr. verðmæti til rekstrar og afnota að eigin vild.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það kom fram hjá 5. þm. Norðurl. v., að honum fannst fullmikil fljótaskrift á afgreiðslu n. á þessu mikilvæga máli. Ég get varla verið sammála honum um þetta. Menntmn. undir forustu formanns okkar hefur haldið marga fundi, fengið á fundina marga aðila og margar umsagnir hafa borist. Svo er málið alls ekki nýtt af nálinni.

En eitt sameiginlegt kom fram í þessum viðtölum við ýmsa fulltrúa en það var ósk um að málið héldi áfram á Alþ., þótt ekki væri hægt að verða við hinum einstöku beiðnum, þá væri samt slíkur fengur að því að fá frv. samþ. á Alþ. eins og það væri. Það var ósk allra — eða a. m. k. tók ég það þannig og hafði skrifað það mér til minnis — að málið *héldi* áfram. Hitt er rétt, að um vissa þætti í frv. eru skiptar skoðanir og jafnvel verulega skiptar skoðanir. Þess vegna hefði þurft með meiri yfirvegun að reyna að ná samræmdri afstöðu, ef við á annað borð ætluðum að seilast svo langt. En það var mat okkar á seinasta fundi, að í það færi mun meiri tími en við höfðum efni á að eyða. Þess vegna varð um það samstaða að afgreiða málið og leggja það fyrir eins og nú hefur komið fram. Engu að síður er ég persónulega hlynntur 1. brtt. á þskj. 566, vegna þess að ég er einn þeirra manna sem telja að hlutur söngfólks hér á Íslandi hafi verið fyrir borð borinn undanfarið. Ég tel, þar sem ríkið annast rekstur á Þjóðleikhúsinu, að við sýnum söngfólkinu eðlilega virðingu og ábyrgð með því að setja orðið „ópera“ í fleirtölu. Og það var mjög eindregin ósk fulltrúa þessarar ágætu listgreinar, að við gerðum þetta. Það kann að vera að sumum þyki þetta ofrausn. Ég held ekki að svo sé. Við rekum hér Sinfóníuhljómsveit. Við styrkjum margar aðrar listgreinar. Það kom fram í ágætum sjónvarpsþætti í gærkvöld, sem margir hv. þm. hafa örugglega séð, að nú er góður stofn söngfólks hér á landi. Þetta væri verðug viðurkenning handa þessu listafólki. Þeim finnst of lítið að sýna eina óperu. Það er vel skiljanlegt. Ópera er að vísu dýr í uppsetningu og dýr í flutningi og það geta verið átök um það að koma henni fyrir á dagskrá leikhússins, vegna þess að leikarar kunna að segja að óperaýti til hliðar einhverjum hluta af eðlilegri leikstarfsemi. Ef svo er, þá er ekkert við því að segja, ef fólk vill fá meira af söng. Ég sé ekkert athugavert við það persónulega. Þess vegna styð ég eindregið að við höfum óperurnar fleiri en eina og við leggjum blessun okkar yfir 1. brtt.:

„Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika. Auk þess skal það árlega flytja óperur og söngleiki og sýna listdans.“

Um aðra þætti er meiri ágreiningur, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. Þó að till. hans mæti að verulegu leyti óskum ýmissa aðila, þá er samt sem áður ekki nægileg samstaða um efni hennar, þannig að *ég treysti mér ekki til* að fylgja henni. Þó viðurkenni ég að margt gott er í till. Einnig tel ég eðlilegt að þm. líti á b-lið 3. till. hv. þm., því að mér finnst sanngirnismál að þeir, sem hafa starfað lengi við Þjóðleikhúsið, eigi kost á aðild að lífeyrissjóði eftir langan starfsdag.

Sem sagt, ég stóð að því að veita frv. brautargengi, þó að óbreytt væri, heldur en láta það daga uppi, því það var meginósk allra þeirra, er töluðu við okkur í menntmn., og þeir töldu allir feng að því, að þetta frv. yrði að lögum. Þetta mál er búið að vera mjög lengi hér á dagskrá, í mörg ár, og það væri öllum til sóma nú ef það fengi eðlilegan framgang og yrði að lögum í þinglokin.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Vegna fjarveru minnar af þingi síðustu tvær vikurnar gat ég ekki tekið þátt í endanlegri afgreiðslu menntmn. á þessu frv. til l. um Þjóðleikhús. Ég sat hins vegar fyrstu fundi n. um þetta mál, m. a. fund sem fulltrúar starfsmanna Þjóðleikhússins mættu á og einnig þjóðleikhússtjóri. Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel að ýmsar þær brtt., sem starfsliðið flutti n. á þeim fundi hafði gert skriflega áður og gerði grein fyrir munnlega á fundinum — eigi mikinn rétt á sér. Ég lít sérstaklega svo á, að það sé eðlilegt og *þýðingarmikið*, að starfsliðið *fái aukna* aðild a. m. k. að vissum þáttum í stjórn Þjóðleikhússins, og á ég þar sérstaklega við efnisval og aðra þá þætti sem koma beint við starfi þess. Því vildi ég freista þess, hvort ekki mætti samræma þau sjónarmið, sem fram koma í frv., og þau, sem starfsliðið hefur gert grein fyrir. Því miður hefur n. ekki treyst sér til að gera það, talið tímann of stuttan til þess að það mætti takast.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að mikilvægt er að koma þessu máli fram. Það er að mínu mati áreiðanlega til bóta þótt það verði samþykkt óbreytt, enda varla skammlaust lengur að láta svona mál koma aftur og aftur fyrir þingið ár eftir ár og hljóta ekki afgreiðslu.

Ég vil segja um þær brtt., sem hér liggja fyrir frá hv. þm. Ragnari Arnalds að þær eru mjög í anda þeirra brtt. sem starfsfólkið flutti okkur. Hins vegar hefur mér ekki gefist tækifæri til að athuga þær og frv. eins og ég hefði viljað vegna fjarveru minnar af þingi. Ég treysti mér því ekki til að taka afstöðu með þessum brtt.

Ég vil taka það fram, að sérstaklega tel ég æskilegt, eins og ég sagði áðan, að starfsliðið fái aukna aðild að þjóðleikhúsráði eins og gert er ráð fyrir í 2. brtt. hv. þm. Hins vegar hygg ég að vissir þættir í stjórn Þjóðleikhússins séu þannig, að eðlilegt sé að alþingiskosnir fulltrúar hafi þar lokaorðið, en mér sýnist það ekki tryggt með brtt. eins og hún er orðuð. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu á 2. brtt. hv. þm., en vildi sem sagt láta þetta koma fram, að það stafar, eins og ég sagði, af því að ég hef ekki getað tekið þátt í störfum n. síðustu tvær vikurnar og geri mér ekki fyllilega grein fyrir því, á hvern máta þessi mál þyrfti að afgreiða. Hins vegar tek ég undir það, sem komið hefur fram, að málið þarf að afgreiða á þessu þingi.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hef fáu við þau orð að bæta sem ég lét falla fyrr á þessum fundi. Ég vil taka undir með 1. landsk. þm., að *menntmn. þessarar hv. d. hefur eins og* hann tók fram, haft allmikinn tíma til þess að hugleiða þetta mál. Það er því alls ekki um það að ræða, að nein fljótaskrift sé á afgreiðslu þess.

Eins og ég tók fram og komið hefur fram hjá fleirum, þá komu ákveðnar óskir um breytingar sem n. sá sér ekki fært að verða við. Ég tek undir það, að það hlýtur að gilda nokkuð annað um Þjóðleikhús heldur en leikhús sem er sjálfseignarstofnun. Ég tel, að við séum að feta okkur

áfram á þessari braut, og tek undir það, sem sagt hefur verið, að mikil nauðsyn væri á að lög um Þjóðleikhús yrðu afgreidd nú þrátt fyrir það að ýmsum þyki að þau mættu vera betur úr garði gerð, þá er þó margt í eldri lögum sem nauðsynlegt er að verði breytt og fært til samræmis við breytta tíma.

Varðandi áhrif starfsmanna á fyrirkomulag og rekstur vil ég aðeins bæta því við það sem ég sagði áður, herra forseti, að í 20. gr. frv. er gert ráð fyrir að menntmrn. setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hæstv. menntmrh. hefur lýst því yfir í umr. á hv. Alþ., að vilji hans sé að nota einmitt þetta ákvæði til þess að gera Starfsmannafélagið virkara að innanhússtjórn — ef svo mætti segja — í þessari stofnun.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fara um þetta fleiri orðum, en tek undir það sem hér hefur verið sagt, að það er þó einróma álit allra, að mikil nauðsyn sé að fá fram þessa lagabreytingu, þó að ýmsir vildu gjarnan hafa hana í öðru formi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það eru tvö atriði, sem ég vil fjalla aftur um.

Í fyrsta lagi vil ég taka það skýrt fram, að þó að í till. minni sé gert ráð fyrir því, að ørðalag 3. gr. sé á þann veg að árlega skuli flytja óperur, þá felst ekki í því að óhjákvæmilegt sé að setja upp með venjulegum hætti og flytja sem leikhúsverk fleiri en eina óperu á hverju leikári. Eins og á var bent við umr. um þetta mál í menntmn. af fulltrúum söngvara, þá er vel hægt að flytja óperur án þess að um sé að ræða heina sviðsetningu. Og það er einmitt það sem hér er verið að leggja áherslu á. Því er að sjálfsögðu haldið opnu, hvernig fyrirkomulag yrði á þessu, en áhersla lögð á að Þjóðleikhúsið beiti sér fyrir flutningi með einum eða öðrum hætti á fleiri en einu söngverki, einkum með hliðsjón af því, að meðal listflytjenda eru söngvarar bersýnilega mjög afskiptir í dag og ekki hægt að benda á neinn sambærilegan hóp listflytjenda sem í reynd er jafnafskiptur í menntalífi okkar og söngvarar eru. Það er sýnt að engin stofnun er fær um að bæta úr þessu önnur en Þjóðleikhúsið, a. m. k. meðan ekki hefur verið komið hér á fót sérstakri óperu, sem sjálfsagt á langt í land. Því sýnist óhjákvæmilegt að leggja auknar skyldur á Þjóðleikhúsið að þessu leyti. Ég held hins vegar að með þessu væri ekki verið að stofna til óhæfilegs kostnaðar, vegna þess, eins og ég var áðan að segja, að unnt er að flytja óperur á tiltölulega kostnaðarlítinn hátt án þess að um heina sviðsetningu sé að ræða.

Varðandi hitt atriðið, sem hér hefur dálítið verið til umr., um skipan Þjóðleikhúsráðsins, þá vil ég þakka hv. þm. Albert Guðmundssyni fyrir þær upplýsingar sem hann gaf um væntanlega starfsemi borgarleikhússins. Mér fannst satt best að segja að hann gerði ekki annað en staðfesta það sem ég hafði þegar sagt um það efni, að í væntanlegu borgarleikhúsi verður um það að ræða, að starfsmennirnir hafa stjórn leikhússins á hendi. Þó að það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. þm., að skipulag þessara tveggja stofnana er ekki með nákvæmlega sama hætti — annað byggist á margra áratuga hefð Leikfélags Reykjavíkur meðan hitt er ríkisleikhús þá breytir það ekki því, að óhjákvæmilegt og eðlilegt er að ganga til móts við auknar kröfur um aukinn íhlutunarrétt starfsmanna, alveg sérstaklega á sviði eins og þessu. Og ef þetta verður ekki gert í sambandi við rekstur Þjóðleikhússins, þá fer ekkert milli mála að rekstur þess verður langt á eftir tímanum miðað við fyrirkomulag þessara mála í öllum nálægum löndum.

Satt best að segja skil ég ekki hvers vegna menn telja að ekki geti komið til greina að leikarar eða starfsmenn eigi nema einn mann af 5 í Þjóðleikhúsráði. Það getur vel verið, að auðveldara væri að ná samkomulagi um till. sem gengi eitthvað skemmra en mín till. gerir, sem þó gengur enn skemmra en till. starfsmanna Þjóðleikhússins. En mér er ógerningur að skilja hvers vegna ekki er unnt að ganga að neinu leyti til móts við þessar sjálfsögðu kröfur og hvers vegna mönnum finnst óhjákvæmilegt og sjálfsagt að stærstu þingflokkarnir eigi fulltrúa í Þjóðleikhúsráði. Ekki veit ég til þess, að þingflokkarnir eigi fulltrúa í stjórn Listasafns ríkisins. Ekki veit ég til þess, að þingflokkarnir eigi fulltrúa í stjórn Sinfóníuhljómsveitar. Það eru fjöldamargar menntastofnanir þar sem alþm. eiga ekki sæti. Ég sé ekki að Þjóðleikhús sé á einn eða neinn hátt þess eðlis, að óhjákvæmilegt sé að fulltrúar þingflokkanna eigi þar sæti. Ég held að þeir eigi einfaldlega þaðan að víkja, það sé tímaskekkja — anakrónismi — að halda þeim þar inni, þó að mönnum hafi kannske fundist þetta eðlilegt og sjálfsagt fyrir 30 árum. Ég vil biðja menn að íhuga það vandlega, hvort þeir geta ekki fylgt brtt. minni eða eru reiðubúnir að styðja einhverja aðra brtt. um þetta efni sem samkomulag gæti tekist um.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það er orðið æðilangt síðan ég hef átt sæti í menntmn. þessarar hv. d., en sú var þó einu sinni tíðin, og m. a. vegna þess hef ég ekki átt kost á því að kynna mér, sjá eða heyra — fyrr en þá núna — þær brtt. sem félag leikara og annarra starfsmanna Þjóðleikhúss hefur komið á framfæri, að mér skilst við menntmn. þessarar hv. deildar, við það frv. sem hér greinir. Og sumpart vegna fáfræði er ég kominn hér í þennan ræðustól til að biðja þá, sem betur vita, um leiðbeiningar áður en gengið er til atkv. um þetta mál, sem vissulega er þýðingarmikið.

Ég held að mér sé alveg óhætt að segja, að ég sé mjög mikill unnandi og aðdáandi óperutónlistar, og vonandi eru það fleiri hér. Þess vegna er það alls ekki ætlun mín að mæla gegn því, að slíkt verði flutt. Þvert á móti vil ég mjög gjarnan stuðla að því, að svo geti orðið. En það fyrsta, og þá þær brtt. sem hér eru fluttar, er það, að í aths. við lagafrv. segir að óperuflutningur og listdans sé þegar að lögum meðal verkefna Þjóðleikhússins. Svo segir: „og hefur verið meira og minna sinnt eftir því sem ástæður hafa leyft.“

Nú hef ég lesið lög um Þjóðleikhús og er með þau hér fyrir framan mig. Ég get ekki fundið í

þeim að það sé skylda að flytja óperu, ekki eina, hvað þá heldur fleiri. Ef þetta er misskilningur hjá mér, þá vænti ég þess, að þeir, sem um þessi mál hafa fjallað nú síðustu daga og raunar síðustu ár, því að þetta er ekki nýtt frv., þetta er víst í fjórða skipti sem það er flutt, upplýsi það áður en til atkv. verður gengið. Ég tel það nefnilega stórkostlegan ávinning frá núgildandi lögum, að það skuli vera lögbundið að ein óperа verði flutt árlega í Þjóðleikhúsinu. Það hefur mikið skort á það undanfarin ár, það vitum við best sem þess höfum saknað. Og ef hægt er að lögbjóða það, þó ekki væri nema að ein einasta óperа yrði sýnd á hverjum vetri, þá teldi ég það, miðað við lögin eins og ég þekki þau og miðað við það ástand, sem verið hefur mörg undanfarin ár, stórkostlegan ávinning, því að það er viðburður hér og sætir tíðindum ef færð er upp óperа. Núna er þó flutt óperetta og er stór bót í máli, en ekki jafnast það þó á við óperuflutning, það get ég a. m. k. ekki fallist á. Ég er nefnilega dálítið hræddur um það, miðað við það sem hér hefur gerst undanfarin ár, að erfitt verði að standa við það ákvæði laganna, að það skuli fluttar óperur, að það sé undantekningarlaust lögbrot ef ekki verða fluttar a. m. k. tvær óperur á hverjum vetri. Og lög, sem að mínu mati er svona erfitt að standa við, vil ég ógjarnan samþykkja. Hins vegar vil ég mjög gjarnan lögfesta að það verði flutt a. m. k. ein óperа á hverjum vetri, og samkv. mínum skilningi er engan veginn útilokað að flytja 5 óperur eða 10 óperur á ári þó að lagagreinin verði höfð eins og frv. gerir ráð fyrir.

Mér leikur forvitni á að vita hvernig þessum málum er nú fyrir komið, hvort óperuflutningur er þegar að lögum meðal verkefna Þjóðleikhússins, því að þá hafa þau lög nefnilega verið þverbrotin mörg undanfarin ár. Væri þá ekki kominn tími til þess fyrir hv. Alþ. að sjá til þess — svona til að byrja með — að gildandi lög væru virt. Áður en frekari byrðar eða skyldur væru lagðar á Þjóðleikhúsið í þessum efnum, sem það hefur ekki reynst megnugt að rísa undir?

Hér er svo líka brtt. við 5. gr. Ég er alveg samþykkur því sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði, að vitanlega á að hafa atvinnulýðræði í stofnun sem Þjóðleikhúsi. Ég hendi á að það er líka gert eins og sakir standa, þó að kosið sé til Þjóðleikhúsráðs samkv. gildandi lögum þ. e. a. s. Alþ. kjósi 4 menn samkv. tilnefningu fjögurra stærstu þingflokkanna. Það eru tveir leikarar, ef ég man rétt, nú þegar í Þjóðleikhúsráði, en aðeins einn alþm., sem þar að auki er nú að láta af störfum sem slíkur. Og að lögbinda það, að starfsfólk Þjóðleikhússins eða hvaða stofnunar sem vera skal hafi skilyrðislaust alræðisvald, ég get ekki fellt mig við það. Ég tel það alræðisvald þeirra, sem starfa í Þjóðleikhúsinu, ef brtt. hv. 5. þm. Norðurl. v. verður samþykkt, þar að Þjóðleikhússtjóri hlýtur að álítast starfsmaður leikhússins þau ár sem hann starfar þar. Þess vegna vil ég mjög mælast til þess, að þeir sem hafa bekkingu á þessum málum og hafa hugleitt þessi mál núna, reyni að taka sér einhvern frest til þess að samræma þessi sjónarmið, því það er illt að þurfa að greiða atkv. gegn því, að starfsfólk Þjóðleikhússins fái aðild að stjórn þess, en það er líka að mínu mati tæpast gerlegt að afhenda því alræðisvald í leikhúsinu.

Ég veit ekki hvaða skoðun stjórnvöld hafa á brtt. a við 12. gr. — það er þriðja brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds, — en mér finnst hún eiga mikinn rétt á sér. Ég held að þriggja mánaða starf höfundar við leikhús geti tæpast komið að verulegum notum. Ég hef aldrei samið neitt hugverk sem því nafni getur nefnst, en að ætla manni þrjá mánuði til þess að semja slíkt verk hygg ég að sé algerlega úr lausu lofti gripið og fái ekki staðist. Það er sjálfsagt hægt að rubba einhverju upp en ef menn eru að leita að vönduðu efni, eins og hlýtur að vera tilgangurinn með þessu, þá duga áreiðanlega ekki þrír mánuðir til þess. Hér stendur raunar „til allt að eins árs“, þannig að það þarf ekki að breyta því. Ég get því fyrir mitt leyti vel verið með þessari till. Annars datt mér í hug að þarna gæti staðið „6—12 mánuði“, en þarna stendur reyndar „til allt að eins árs í senn“, þannig að það er engin skylda. Ég nenni því ekki að vera að gera neinn ágreining út af því.

Um b-liðinn þarna, aðild að lífeyrissjóði, segi ég, að ég verð að játa að ég er ekki reiðubúinn til að tjá mig um ólíka aðild á þessu stigi málsins, því að ég er ekki alveg viss um að ég hafi áttað mig til fulls á því, hvað hér er um að tefla. En sem sagt, ég vonast til þess, að hv. menntmn. gefist aðeins tóm til þess að kanna tillögur starfsmanna Þjóðleikhússins betur, að átta sig enn betur á því, hvaða skyldur Þjóðleikhúsið hefur núna og hvaða skyldur því er ætlað að hafa eftir þessum lögum, ef til koma, áður en gengið er til atkv. um brtt. og frv. sjálft. Það þarf ekki að koma í veg fyrir samþykkt þess hér á þessu hv. þingi þótt svo verði gert.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. utanrrh., að ég held að það væri fyllsta ástæða til þess að við fengjum tóm til þess að hugleiða þetta mál svolítið betur. Ég verð að játa að það kom mér nokkuð á óvart er hv. menntmn. afgreiddi frv., og það hefur verið ákaflega lítill tími til samráðs við aðra aðila um þessar brtt. Ég skrifaði þær núna um helgina og er alls ekki beinrar skoðunar, að þær breytingar, sem gera þarf á frv., þurfi að vera nákvæmlega svona og alls ekki öðruvísi. Það má t. d. vel velta þessu orðalagi í sambandi við óperurnar örlítið betur fyrir sér. Og ef menn geta fundið eitthvert annað fyrirkomulag í sambandi við hjóðleikhúsráð sem veitir starfsmönnum aukinn íhlutunarrétt og áhrif, þá gæti ég verið til viðræðu um einhverja aðra tilhögun málsins. Ég held að það ætti að athuga vandlega, hvort ekki væri hægt að skapa betri samstöðu um þetta mál en nú er fyrir hendi áður en atkv. ganga um málið. Ég vil því leggja til að annaðhvort verði umr. frestað og menntmn. fái tækifæri til að skoða málið ögn betur, en ef það verður ekki gert, þá vil ég lýsa því yfir að till. mínar verða dregnar aftur til 3. umr.

Umr. frestað.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 334, n. 630, 665). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um Kvikmyndasafn og Kvikmyndasjóð. Málið kemur frá Nd. og var afgreitt þar samhljóða.

Ég vísa til framsögu menntmrh., sem hann flutti í hv. deild 16. febr. varðandi þetta mál. Hér er um nýmæli að ræða — tilraun sem er vonast til að verði til þess að styðja við þá nýju og merku atvinnugrein, sem er kvikmyndagerð á Íslandi. Í annan stað á frv. að stuðla að því, að komið verði upp kvikmyndasafni. Eins og segir í frv., er gert ráð fyrir því, að árlega verði samþ. á fjárl. ákveðið framlag til þessarar starfsemi, þ. e. a. s. 30 millj. kr til Kvikmyndasjóðs og 5 millj. kr. til Kvikmyndasafns. Síðan er ákvörðunarefni Alþ. hverju sinni hve mikið verður veitt til þessara mála í framtíðinni.

Eins og ég gat um, herra forseti, leggur menntmn. til að frv. verði samþ. óbreytt. Við afgreiðslu málsins voru þeir fjarverandi Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Þ. Þórðarson, en Ragnar Arnalds skrifar undir með fyrirvara og hefur flutt brtt. sem hann mun gera grein fyrir. Ég legg svo til, herra forseti að frv. verði samþ. óbreytt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil byrja á því að rifja upp, að upphaflega fluttum við nokkrir hv. þm. frv. til l. um Kvikmyndasjóð. Ég var 1. flm. frv. Það var flutt ásamt mér af Jóni Árm. Héðinssyni og Steingrími Hermannssyni. Í þessu frv. var gert ráð fyrir stofnun Kvikmyndasjóðs og stofnun Kvikmyndasafns, eins og er í því frv. sem hér er til umr. Einnig var gert ráð fyrir tekjuöflun til Kvikmyndasjóðs, þannig að um yrði að ræða ört vaxandi sjóðsmyndun í þessu skyni. Þetta frv. var flutt þrisvar sinnum áður en það var tekið til afgreiðslu á Alþ., en afgreiðslan varð að lokum með þeim hætti, að því var vísað til ríkisstj. með þeirri ósk, að hún legði fram nýtt frv. um sama efni hið allra fyrsta. Það tók menntmrn. hins vegar alllangan tíma að semja nýtt frv. Ég held að ég megi fullyrða að það hafi verið vorið 1975 sem frv. okkar um Kvikmyndasjóð var vísað til ríkisstj. Það hefur sem sagt tekið þrjú ár að endurskoða það frv. sem við á sínum tíma lögðum fram.

Ég verð að segja það alveg hreint út og umbúðalaust, að ég tel að sú endurskoðun, sem fram fór á frv. okkar, hafi að litlu leyti verið til hins betra og nær að öllu leyti til hins verra. Ég held í fyrsta lagi að það sé óskynsamlegt, að Kvikmyndasafn Íslands hafi aðsetur í Fræðslumyndasafni ríkisins. Við gerðum ráð fyrir því á sínum tíma, að Kvikmyndasafnið yrði undir yfirstjórn menntamálaráðs og reyndar báðar stofnanirnar: Kvikmyndasjóður og Kvikmyndasafnið. Og það má færa mörg rök fyrir því, að betta safn eigi tæpast heima með Fræðslumyndasafni ríkisins sem starfar á mjög ólíkum grundvelli. Þetta er hins vegar minni háttar atriði sem engin ástæða er til að gera of mikið úr. Úr því að niðurstaðan varð sú í endurskoðuninni, að Kvikmyndasafnið skyldi sameinst Fræðslumyndasafninu, þá verður víst svo að vera. Sé ég ekki ástæðu til að gera neina brtt. við það atriði.

Hins vegar verð ég að vekja athygli á því, að ríkisstj. er ákaflega spör á fjármuni til Kvikmyndasjóðs og bersýnilegt að hann verður frá upphafi svo lítill og smár, að hann getur aldrei gegnt því hlutverki sem honum er ætlað. Í aths. með frv. segir berum orðum, aths. við 7. gr.:

„Um byrjunarfjárframlagið sjálft má deila og vafalaust er það fjárveitingavalds að meta þetta *menningarframtak*, en *nefndin telur að minni* fjárhæð en 30 millj. kr. miðað við verðgildi ársins 1976 komi ekki til greina.“ Ég endurtek: „minni fjárhæð en 30 millj. kr. miðað við verðgildi ársins 1976 komi ekki til greina.“

Svo leggur hæstv. ráðh. fram frv. þar sem gert er ráð fyrir því, að framlag til Kvikmyndasjóðs sé 30 millj. kr. á árinu 1979. 30 millj. kr. á árinu 1976 eru sennilega nærri 90 millj. á árinu 1979, a. m. k. ekki minni upphæð en 75—80 millj. Það er því greinilegt, að hérna á að skammta aðeins innan við helming af því sem nefndin telur algert lágmark. Þar að auki er enginn fastur tekjustofn ætlaður Kvikmyndasjóði, og það tel ég satt að segja vera það versta í þessu máli öllu.

Í frv. því, sem var hér til meðferðar á árunum 1973, 1974 og 1975 og var flutt upphaflega af okkur þremur hv. dm. og síðar líklega af einum 4 eða 5 dm., þ. á m. núv. formanni hv. menntmn., var gert ráð fyrir föstum tekjustofni til handa Kvikmyndasjóði. Var þar gert ráð fyrir að Kvikmyndasjóður fengi gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum samkv. lögum um skemmtanaskatt sem yrði 10%. En þar sem vitað er að með því mundu tekjustofnar annarra mikilvægra aðila skerðast, í þessu tilviki tekjustofnar Félagsheimilasjóðs og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þá gerðum við ráð fyrir því, að tekjustofnar skemmtanaskatts yrðu nokkuð stokkaðir upp og þeim breytt á þann veg, að rúm yrði fyrir skattlagningu í þágu Kvikmyndasjóðs, en framlög til Félagsheimilasjóðs og Sinfóníuhljómsveitar skertust ekki. Í till. okkar var þetta fyrst og fremst þannig hugsað, að gjald við aðgang að vínveitingahúsum var hækkað lítillega, þ. e. a. s. úr 10 kr. í 30 kr. á sínum tíma, og þessi breyting á tekjustofnum Félagsheimilasjóðs og Sinfóníuhljómsveitar nægði til þess að fylla það skarð sem hér var um að ræða. Ég býst við að flestir hljóti að geta verið sammála mér um það, að auðvitað er eðlilegt að gjald af kvikmyndasýningum renni fyrst og fremst til að efla kvikmyndagerð í landinu til að efla íslenska kvikmyndalist, og það sé fullkomlega óeðlilegt, eins og nú er, að þetta fé renni fyrst og fremst til *uppbyggingar félagsheimila og til* þess að styrkja Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég held að það verði alls ekki fram hjá því gengið, að það verði að stokka upp þessa tekjuliði alla. Það var einmitt gullið tækifæri sem menntmrn. fékk til þess að gera slíkt þegar frv. um Kvikmyndasjóð var vísað til menntmrn. Mér datt satt að segja ekki annað í hug en frv., þó það yrði

kannske ekki nákvæmlega eins og frv. sem við lögðum fram á sínum tíma, fæli í sér einhverja uppstokkun á þeim tekjuliðum sem fyrst og fremst byggjast á aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Þar er um að ræða dálitinn frumskóg gjalda af ýmsu tagi sem mörg hver eiga litinn rétt á sér eins og nú er komið, og hefði verið fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að stokka þetta upp um leið, hvort sem meira eða minna af þessum gjöldum hefði síðan verið látið renna í Kvikmyndasjóð.

En það er eins og þeir menn, sem stóðu að endurskoðun frv. af hálfu menntmrn., hafi viljað spara sér verkin sem allra mest með því að fara eins yfirborðslega í þetta mál og hugsast getur. Þeirra lausn var einfaldlega sú að nefna til ákveðna upphæð, sem ætti að vera framlag úr ríkissjóði, og láta þar við sitja. Og svo fór það auðvitað eins og ævinlega fer í slíku tilviki, að í þeirri ógnarverðbólgu, sem yfir okkur dynur nú um stundir, varð þessi tala ákaflega smá frá þeim tíma er nefndin skilaði frv. og þangað til frv. komst hingað inn í Alþ. og á að vera til leiðbeiningar við úthlutun til Kvikmyndasjóðs á næsta ári. Það er stór munur, eins og ég nefndi hér áðan, á því, hvort 30 millj. koma til greiðslu á árinu 1976 eða hvort þær koma til greiðslu á árinu 1979.

Ég hafði vænst þess, að menntmn. Alþ. kæmu sér saman um breytingu hvað þetta atriði snertir, því að hér er augljóslega um ákveðin mistök að ræða. Það hefur greinilega verið ætlunin, þegar þetta frv. var samið á sínum tíma, að þarna yrði um að ræða 30 millj. á verðgildi ársins 1976. Það er bersýnilegt af grg. En frv. hefur bara legið einum of lengi í salti í menntmrn. og kemur ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1979, svo að þessi upphæð er orðin æðirýr. Auðvitað hefði ég helst kosið að n. hefðu tekið tekjuöflunina til verulegrar endurskoðunar og umbreytingar, en kannske var ekki þess að vænta. Ég hefði talið að það hefði verið mikils virði, að upphæðin hefði verið hækkuð verulega, að hún hefði t. d. farið upp í 90 eða 100 millj. Sú lausn væri út af fyrir sig vel hugsanleg, þó að ég hins vegar óttist að þessi upphæð muni rýrna með tíð og tíma. Það er tilhneiging hjá fjárveitingavaldinu til að láta slíkar upphæðir hækka hægar en nemur breytingum á verðgildi íslensku krónunnar. Það er því mjög óhyggilegt, ef menn vilja slíkum sjóði vel, að miða tekjustofn hans við einhverjar ákveðnar upphæðir og einnig að fivn. skuli algerlega ráða því, hvað í slíka sjóði fer. Sjóðir eins og þessir þurfa að hafa einhverja fasta tekjustofna til þess að styðjast við, og húast má við að aðeins með þeim hætti haldi sjóðirnir verðgildi sínu. Ég hef því levft mér að flytja till. á þskj. 665 þar sem segir, með leyfi forseta, en brtt. er við 7. gr.:

„Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndahúsum. Nemur gjald þetta 10% af brúttóverði og rennur í Kvikmyndasjóð."

Ég veit að það er dálitið vandasamt að koma með brtt. af þessu tagi á seinustu stundu, sem hefur þær afleiðingar að annaðhvort er verið að hækka verð á aðgöngumiðum að Kvikmyndahúsum um 10% ellegar verið að skerða tekjur annarra stofnana. Ég hef því talið óhjákvæmilegt að þessari brtt. fylgdi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

„Þrátt fyrir ákvæði laga um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970, er fjmrh. heimilt að lækka gjöld af kvikmyndasýningum samkv. 2. og 7. gr. þessara laga úr 16.5% í 6.5%, en hækka aðgöngugjald að vínveitingahúsum samkv. 5. flokki 2. gr. sömu laga að því marki, að tekjur Félagsheimilasjóðs og Sinfóníuhljómsveitar Íslands skerðist ekki."

Þetta er reyndar alveg sama till. og ég var með á sínum tíma og hefur ekki hlotið náð fyrir augum menntmrn. En ég tel óhjákvæmilegt að koma með þetta ákvæði til bráðabirgða, enda þótt hugsanlegt væri að einhver önnur lausn yrði fundin á þessu tekjuöflunarvandamáli. Ég er svo sem ekkert allt of bjartsýnn um það, að hv. d. fáist til þess að samþykkja þessa breytingu sem ég hef gert hér till. um, en ég hef talið alveg óhjákvæmilegt að koma fram með þessa till., þannig að ljóst megi vera að það fyrirkomulag á Kvikmyndasjóði, sem hér er gerð till. um, er engan veginn fullnægjandi. Ég áskil mér a. m. k. fullan rétt til að vinna að breytingum á þessu fyrirkomulagi ef frv. verður að lögum nú á þessu þingi. Ég tel að þetta sé alls óviðunandi og að unnendur kvikmyndalistar og kvikmyndagerðarmenn verði áfram að herja á að þessi sjóður fái fastan tekjustofn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 665,1 felld með 10:3 atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 665,2 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Endurnýjun í stöðum forstöðumanna ríkisstofnana, frv. (þskj. 473). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 473 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um endurnýjun í stöðum forstöðumanna ríkisstofnana. 2. gr. frv. er aðalefni þess og er hún svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Forstöðumenn ríkisstofnana skulu þrátt fyrir ákvæði annarra laga skipaðir, settir eða ráðnir til 6 ára í senn. Að þeim tíma liðnum skulu stöður þeirra auglýstar að nýju. Heimilt er að endurráða þá til starfa, en stuðla ber að hæfilegri endurnýjun í þessum stöðum, einkum þegar sami maður hefur verið í starfinu í 12 ár eða lengur."

Í 3. gr. er tiltekið til hverra þessi lög ná, þ. e. a. s. þar er um að ræða nánari skilgreiningu á hverjir eru forstöðumenn ríkisstofnana. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til ráðuneytisstjóra, bankastjóra, sendiherra, rektora og skólastjóra, sýslumanna, bæjarfógeta og annarra yfirmanna dómsmálaembætta, forstjóra atvinnufyrirtækja í eigu ríkisins og annarra forstöðumanna ríkisstofnana.

Lögin taka ekki til starfa, sem skipað er í að

undangenginni kosningu, ekki til hæstaréttardómara, sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar, og ekki til forstöðumanna skóla, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, þar sem starfa færri en 10 fastráðnir starfsmenn.“

Eins og hér kemur fram, ná ákvæði frv. aðeins til eins manns í hverri ríkisstofnun, þ. e. a. s. til yfirmannsins. En með því er alls ekki verið að segja að ekki sé víðar þörf á eðlilegri endurnýjun í störfum ríkisstarfsmanna. Hins vegar er ljóst að hvergi er jafnbrýnt að forðast stöðnun og kyrrstöðu og einmitt í starfi forstöðumanns stofnunar. Ég tel því að það sé alveg sérstök ástæða til þess að opna leið til að endurmeta skipan þessara embætta með skömmu eða ekki allt of löngu millibili.

Frv. þetta breytir að sjálfsögðu ákvæðum fjölmargra laga, og þar má auðvitað sérstaklega nefna lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en hins vegar haggar frv. ekki ákvæðum 20. gr. stjórnarskrárinnar sem einnig fjallar um réttindi embættismanna. Í 20. gr. stjórnarskrárinnar kemur skýrt fram, að það er heimilt að skipta um menn í embættum. En þar segir einnig:

„Forseti getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, enda missi þeir einskis í af embættistekjum sínum, og sé þeim veittur kostur á að kjósa um embættaskiptin eða lausn frá embætti með lögmætum eftirlaunum eða lögmætum ellistyrk.“ Þar segir einnig: „Með lögum má undanskilja ákvæðna embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem taldir eru upp í 61. gr.“ En í 61. gr. er fjallað um hæstaréttardómara. Þó að þar sé að vísu ekki talað um þá berum orðum, þá er ljóst af öllu samhengi málsins að ákvæðið á við þá eina.

Þessi ákvæði, sem ég hef hér rakið, fela að sjálfsögðu í sér einstæð friðindi í þágu embættismanna. En það er ekki víst að þau séu eðlileg og sjálfsögð að sama skapi í augum nútímamanna, enda eru þau samin af embættismönnum fyrir rúmum 100 árum. Hins vegar er ljóst að þessi friðindi verða ekki sniðgengin nema gerð sé breyting á stjórnarskránni, og ég hef því að sjálfsögðu tekið tillit til þess við samningu þessa frv.

Ég tel að réttur embættismanna til æviráðninga sé óeðlilegur og enn óeðlilegra sé þó að ekki megi skerða laun þeirra hið minnsta þegar þeir hverfa til annarra starfa. Eðlilegra væri að samhliða rétti til áframhaldandi starfa í þágu ríkisins ættu þeir rétt til ákveðinna hámarkslauna, sem t. d. gætu verið tveim, þrem eða fjórum launaflokkum neðar en það starf sem þeir áður gegndu. Ég tel líka alveg fráleitt að embættismaður geti komist á eftirlaun kannske 35 ára gamall vegna þess eins að nauðsynlegt er að láta hann breyta um starf innan ríkiskerfisins. Þetta eru ákvæði sem eru ekki í nokkru samræmi við skilning nútímamanna á því, hvað er eðlilegt og sjálfsagt. En fram hjá þessu verður ekki gengið. Ég geri því ráð fyrir að forstöðumaður ríkisstofnunar, sem hættir starfi sínu að 12 árum liðnum, geti tekið við einhverjum öðrum störfum og fái þá sömu laun og hann hefur áður fengið. Eins getur hann auðvitað kosið að komast á eftirlaun, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, en ég vek á því athygli að eftirlaunin eru mjög lág. Eftir 12 ára starf eru eftirlaun hjá ríkinu aðeins 15.5% og eftir 20 ára starf eru þau aðeins 30.5% af fullum launum. Því má nú gera ráð fyrir að menn, sem hafa fulla starfsorku, muni veigra sér við að hverfa úr störfum hjá ríkinu, a. m. k. er óhugsandi að þeir lifi á eftirlaunum einum saman, þannig að í langflestum tilvikum mundu þeir kjósa önnur störf innan ríkiskerfisins. Þar sem hér er venjulega um vel hæfa menn að ræða, þá er fullkomlega raunhæft að gera ráð fyrir því, að hægt væri að finna störf við þeirra hæfi.

Það leiðir nokkuð af eðli máls, að með hugtakinu forstöðumaður ríkisstofnunar er ekki átt við forseta- eða ráðherraembætti. Í 3. gr. er sérstaklega tekið fram, að lögin taki ekki til embættismanna sem hafa fengið starf sitt að undangenginni kosningu. Þau taka því ekki til presta eða biskups.

Ég vil taka það fram, að ég tel eðlilegt að í ýmsum tilvikum sé forstöðumaður ríkisstofnunar kosinn af starfsmönnum stofnunar og þá til ákveðins tíma, en skipun ráðh. sé fyrst og fremst formsatriði. Ég hefði t. d. vel getað hugsað mér að koma með till. um það, að starfsmenn Þjóðleikhússins kysu þjóðleikhússtjórann, — um það mál vorum við einmitt að fjalla hér rétt áðan, — en hef þó ekki gert um það till. hér. Um þá hugmynd verður að fjalla alveg sérstaklega. Hún er það sérstaks eðlis, að ástæðulaust er að blanda henni saman við þá meginhugmynd sem felst í þessu frv.

Í frv. þessu er gerð undantekning um forstöðumenn ríkisstofnana, þar sem starfa færri en 10 fastráðnir starfsmenn, þ. e. a. s. forstöðumenn skóla, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Ástæðan er sú, að svo fámennar stofnanir eru flestar staðbundnar. Það gæti verið hætta á því, að erfitt reyndist að finna heim hæfa forstöðumenn, ef mannaskipti væru lögbundin, að tiltölulega skömmum tíma liðnum.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir því, að sú nýskipan, sem í þessu frv. felst, komi til framkvæmda í áföngum á næstu þremur árum og yrði við það miðað, að nýtt 6 ára ráðningartímabil í briðjung þessara embætta hefjist á síðari hluta þessa árs og ráðið verði í annan briðjung starfanna á árinu 1979. Ákvæði þetta skýrir sig nokkuð sjálft. Hugsunin er sú, að ekki verði um það að ræða að skipt sé um forstöðumenn ríkisstofnana alla í einu, heldur dreifist þessi umskipti þannig að um verði að ræða ákveðinn hóp forstöðumanna á hverju ári sem skipt er um.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni þessa frv. Það er flutt í þeim tilgangi að stuðla að hæfilegri endurnýjun og mannaskiptum í ríkiskerfinu. Það felur það í sér í fyrsta lagi, að forstöðumenn ríkisstofnana eru aðeins ráðnir til takmarkaðs tíma, þ. e. a. s. til 6 ára í senn, og ráðning þeirra er því tekin til endurskoðunar á 6 ára fresti. Í öðru lagi er beinlínis ætlast til þess, að þegar þeir hafa gegnt starfi sínu tvívegis í 6 ár, þ. e. a. s. í 12 ár, þá sé að öðru jöfnu stuðlað að umskiptum. En ég tek það skýrt fram og bendi á að lögin skylda ekki ráðh. til að skipta um eftir 12 ára tímabil. Einungis segir í lagaákvæðinu að stuðla beri að hæfilegri endurnýjun í þessum stöðum, eink-

um þegar sami maður hefur verið í starfinu 12 ár eða lengur. Ef ráðh. þykir óhjákvæmilegt og eðlilegt að sami maður gegni starfinu áfram, þá hefur hann fulla heimild til þess, en lagaákvæðið er hins vegar til þess fallið að gera ráðh. auðveldara að skipta um og gera þeim manni, sem vikið er úr starfinu eftir 12 ára tímabil, sjálfum auðveldara að sætta sig við að hann verði að hverfa úr starfinu, þar sem hér er um almenna stefnu laganna að ræða sem ráðh. beri að taka ákveðið tillit til.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni þessa frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. allshn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, að ég er í öllum meginatriðum sammála því sem kom fram hjá hv. frsm. Ég er sammála flestum atriðum, ef ekki öllum, í frv. til laga, sem hann leggur fram um endurnýjun í stöðum forstöðumanna ríkisstofnana. Ég tel mig tala þar af nokkurri reynslu. Ég hef sjálfur verið í 20 ár forstöðumaður ríkisstofnunar. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að í flestum, ef ekki öllum tilfellum sé æskilegt að hreyfa til forstöðumenn ríkisstofnana, eins og reyndar kann að vera í mörgum öðrum embættum. Ég held að gott sé að fá inn, ef ég má kalla það svo, nýtt blóð og vissa hreyfingu í slíkar stöður. Ég hef reyndar hreyft þessu áður í umr. á hinu háa Alþ. Voru þá til umr. lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Ég þekki þar einna best til. Þegar ég segi, að ég tel að oft hafi komið fram að gott geti verið að fá endurnýjun í stöður, t. d. við slíkar stofnanir, þá er ég ekki á nokkurn máta að gagnrýna þá ágætu menn sem eru í stöðum forstöðumanna rannsóknastofnana. Hins vegar er það staðreynd, að á þeim sviðum eru ákaflega örar framfarir í heiminum og getur verið gott, jafnvel nauðsynlegt fyrir eðlilega þróun slíkrar starfsemi að fá inn nýtt blóð.

Hins vegar má vel vera að reynsla þeirra manna, sem veitt hafa slíkum stofnunum og öðrum stofnunum í stjórnkerfinu forustu, geti komið að fullt eins góðum notum við aðrar stofnanir. Mér finnst því að flutningur ætti ekki eingöngu að vera frá forstjórastöðu við eina ríkisstofnun í aðra stöðu innan þeirrar ríkisstofnunar, heldur mætti hann jafnvel vera meiri en nú er milli ríkisstofnana. Vitað er að hjá ýmsum þeim fyrirtækjum, sem þykja hafa tekið þessi mál föstustum tökum erlendis, eru slíkir flutningar föst regla.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð. Ég vildi aðeins láta stuðning minn við þetta mál koma hér fram. Mér sýnist að skoða þurfi e. t. v. að einhverju levti þær undanþágur sem eru gerðar í 3. gr. frv. Það er spurning í huga mér, hvort þetta megi ekki einnig ná til forstöðumanna skóla og hvers vegna eigi að undanþiggja 10 fastráðna starfsmenn eða færri, þannig að ekki verði flutt til þegar um færri en 10 fastráðna starfsmenn er að ræða. Fleira getur einnig komið til athugunar, eins og t. d. ráðningartímabilið. En í öllum meginatriðum vil ég lýsa samþykki mínu við þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 81. fundur.

Mánudaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 636). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Ættleiðingarlög, frv. (þskj. 663 (sbr. 56)). — Ein umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 676).

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 415). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 677).

Samningur milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 509). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 509 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Frv. þetta var lagt fyrir Ed. fyrir nokkru og hefur nú hlotið samhljóða jákvæða afgreiðslu þar. Þetta frv. er unnið af fjmrn., en vegna ákvæða í lögum um Stjórnarráð Íslands kemur það í hlut utanrrn. að leita staðfestingar Alþingis á því.

Frv. fylgja þessar athugasemdir:

Frv. þetta er lagt fyrir Alþ. til þess að afla heimildar fyrir ríkisstj. til fullgildingar á samningi milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum svo og að veita ákvæðum samningsins lagagildi hér á landi.

Í júní 1976 hófust viðræður milli vestur-þýskra og íslenskra stjórnvalda um gerð tvíhliða samnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Við-

ræðunum lauk í ágúst 1977 með því að gengið var frá samningi, sem undirritaður var í Bonn 11. okt. 1977. Er þess vænst, að samningurinn verði fullgiltur af aðildarríkjunum hið allra fyrsta.

Aðstoð sú, sem í samningnum felst, er tvenns konar, annars vegar aðstoð við framkvæmd tollalaganna almennt, þ. e. álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda svo og að haldnar séu reglur um innflutning og útflutning, og hins vegar aðstoð til að koma í veg fyrir, rannsaka og upplýsa brot á tollalöggjöfinni. Samningurinn tekur til tolla og annarra opinberra gjalda, sem ákvörðuð eru af tollyfirvöldum.

Vegna aukinna viðskipta milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands svo og samskipta þjóðanna, telja tollyfirvöld landanna æskilegt að samvinna þeirra á milli verði bundin í tvíhliða samningi um gagnkvæma aðstoð á sviði tollamála, þar sem slíkur samningur muni leggja grundvöll að virkari aðgerðum tollyfirvalda á því sviði.

Samvinnu þessa verður að telja eðlilegt framhald þess samstarfs, sem stofnað hefur verið til með ályktun Tollasamvinnuráðsins í Brüssel frá 5. des. 1953 um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda til að koma í veg fyrir smygl. Ísland gerðist eins og kunnugt er aðili að Tollasamvinnuráðinu á árinu 1971 og aðili að fyrrnefndri ályktun frá 1. maí 1973.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands er byggður á hliðstæðum tvíhliða samningum milli Sambandslýðveldisins Þýskalands og hinna Norðurlandanna, að Danmörku undanskilinni, með vissum breytingum vegna íslenskra aðstæðna. Er samningur þessi fyrsti tvíhliða samningurinn um tollamál sem Ísland gerir.

Samningurinn fylgir frv. sem fskj. og hv. þm. til athugunar.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að óska þess, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég mælist til þess við hv. n., að hún hraði störfum svo sem unnt er þannig að frv. þetta nái lagagildi á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. (þskj. 512). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Leigumálar og söluverð landa Reykjavíkurkaupstaðar, frv. (þskj. 513). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Ónæmisaðgerðir, frv. (þskj. 661 (sbr. 448)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Landlæknir óskaði þess, að felld yrðu úr gildi þau ákvæði núgildandi laga um ónæmisaðgerðir sem fjalla um skyldubólusetningu gegn bólusótt, og jafnframt, að í staðinn yrðu sett í lögin ákvæði er heimiluðu slíkar bólusetningar ákveðinna starfshópa samkvæmt ósk viðkomandi, enn fremur að felld yrðu niður þau ákvæði laganna er sérstaklega snerta kúabólusetningu.

Ástæðan fyrir þessari beiðni landlæknis er sú, að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur náð mjög góðum árangri í baráttunni gegn bólusótt á s. l. áratug og er svo komið að veikinni hefur verið að mestu útrýmt, þannig að í dag hefur hennar eingöngu orðið vart í einstökum tilvikum og þá í afskekktum fjallaþorpum Afríku. Bretar, Svíar og Bandaríkjamenn hafa fyrir nokkrum árum fellt þessi ákvæði niður, og fyrir tveimur árum felldu flest nágrannalönd okkar þau einnig niður.

Samkvæmt íslenskum lögum er bólusetning gegn bólusótt sú eina sem skylda ber til að framkvæma, og það er almenn skoðun þeirra lækna, sem fást við slíkar bólusetningar, að fella beri þær niður sem skyldubólusetningar, en í stað þess skuli vera heimild til bólusetningar.

Lögin um ónæmisaðgerðir eru frá árinu 1950 og eru nú á margan hátt orðin óraunhæf. Á þeim tíma, sem lögin voru sett, voru ekki þekkt mótefni gegn eins mörgum ónæmissjúkdómum og nú er og bera lögin þess glögg merki. Lögin fyrirskipa kúabólusetningu eða svokallaða frumbólusetningu á hverju barni milli hálfs árs og eins árs aldurs. Það má reyndar segja með hliðsjón af bróun þessara mála á undanförnum árum, að óæskilegt sé að skylda slíkar bólusetningar þar sem hættan á bólusótt er nánast engin nú, en eftirköst vegna bólusetningar geta verið mjög slæm.

Margar greinar laganna frá 1950 eru til komnar eingöngu vegna kúabólusetningar. Með hliðsjón af því, að lögin styttast verulega og breytast við brottfall skyldubólusetningar, ákvað rn. að endurskoða lögin í heild og leggja fram frv. til nýrra laga um ónæmisaðgerðir í stað þess að breyta gildandi lögum. Þess vegna var gripið til þess ráðs að reyna að telja upp á tæmandi hátt þær sóttir sem þekktar eru í dag og þekkt er mótefni gegn. Enn fremur hefur frv. að geyma ákvæði þar sem heimilt er að bólusetja gegn öðrum sóttum þegar sérstaklega stendur á. Þar sem frv. þetta gerir ráð fyrir að skyldubólusetning verði nú alfarið felld niður er nauðsynlegt að heilbrrh. geti fyrirskipað almenna bólusetningu, komi upp mikil sótthætta.

Í meðferð þessa frv. í Ed. var gerð breyting á 7. gr. frv. á þann veg, að í stað þess að ekki

má ráða starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum o. s. frv., eins og þar stendur, hljóðar greinin þannig eftir breytinguna í Ed.:

„Stefnt skal að því að ráða ekki starfsfólk að hælum eða öðrum stofnunum þar sem vistaðir eru sjúklingar, sem þjást af berklaveiki, nema það svari jákvætt við ónæmisprófun ellegar gangist undir sérstaka ónæmisbólusetningu áður en það hefur störf."

Um þessa breytingu og frv. í heild var full samstaða í hv. Ed.

Frv. gerir ráð fyrir því, að Lyfjaverslun ríkisins annist útvegun bóluefnis til ónæmisaðgerða samkvæmt þessari löggjöf og er það í hæsta máta eðlilegt þegar þess er gætt, að frv. gerir ráð fyrir því, að ríkissjóður standi undir kostnaði við nær allar ónæmisaðgerðir samkvæmt þessum lögum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Lyfjafræðingar, frv. (þskj. 449). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er samið af nefnd sem skipuð var fyrir nálega 5 árum til að endurskoða lyfsölulögin. Nefnd þessi hefur talið rétt að skipta núgildandi lyfsölulögum í sjálfstæða lagabálka og er þetta frv. einn þeirra.

Í þessu frv. er leitast við að lögfesta reglur um allt það sem að starfsréttindum og skyldum lyfjafræðinga lýtur. Að vísu kemur til greina að ákvæði um starf lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga verði í lögum um lyfjabúðir og dreifingu lyfja almennt, en hins vegar þer þess að geta, að þróun mála hefur orðið sú, að allt að því þriðjungur lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga starfar annars staðar en í lyfjabúðum, svo sem í lyfjagerðum, lyfjaheildverslunum, rannsóknastofnunum, sjúkrahúsum, iðnaðarfyrirtækjum og hjá hinu opinbera. Viðbúið er að þessi þróun haldi áfram, og er því full ástæða talin til að setja lög sérstaklega um starfsstéttir lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga, án þess að ákvæði slíkra laga sé einungis miðað við eitt tiltekið starfssvið. Þetta er einnig í samræmi við þá stefnu að setja sérstaka löggjöf um einstakar heilbrigðisstéttir.

Nýmæli er í frv. um sérfræðingaleyfi, sbr. VI. kafla þessa frv., og er í samræmi við reglur sem gilda um sérfræðingaleyfi lækna og hjúkrunarfræðinga. Þess skal getið, að Lyfjafræðingafélag Íslands hefur í samvinnu við Háskóla Íslands gefið út slík sérfræðingaleyfi um tveggja ára skeið, og þykir því rétt eftir atvikum að þeir, sem hlotið hafa slík sérfræðingaleyfi, haldi þeim þrátt fyrir þessa lagasetningu.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta frv. Um það var full samstaða í hv. Ed. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Manneldisráð, frv. (þskj. 662 (sbr. 456)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Til manneldisráðs var upphaflega stofnað á árinu 1939, en þá fól dóms- og kirkjumrn. 7 manna nefnd, að rannsaka mataræði landsmanna. Ráðið skilaði af sér störfum árið 1944, en þá lágu fyrir niðurstöður rannsókna í sérstakri bók sem framkvæmdastjóri ráðsins, dr. Júlíus Sigurjónsson, síðar prófessor, hafði tekið saman. Kom í ljós að mataræði landsmanna var á margan hátt mjög ábótavant, sérstaklega skorti vítamín í fæðuna.

Manneldisráð gerði það að till. sinni, að sett yrði á laggirnar sérstakt ráð kunnáttumanna til þess að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um ýmis mál er vörðuðu manneldi. Var landlækni falið að semja frv. til laga um þetta efni í samráði við læknadeild Háskóla Íslands. Það frv. varð að lögum snemma árs 1945 og hafa þau lög verið í gildi síðan.

Samkvæmt þessum lögum eiga sæti í manneldisráði auk landlæknis, sem er lögskipaður forseti ráðsins, 4 læknar er ráðh. skipar til 5 ára í senn. En samkvæmt þessu frv. er gerð sú breyting á manneldisráði, að í því eigi sæti 5 menn, sem ráðh. skipar til fjögurra ára í senn, og 5 til vara. Þessari grein breytti Ed. á þann veg, að í manneldisráði eigi sæti 5 menn, er ráðh. skipar til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn ráðsmanna samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, annan samkvæmt tilnefningu verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands, en hina þrjá án tilnefningar. Skipa skal 5 varamenn með sama hætti. Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu í manneldismálum. Þessi breyting var gerð með samhljóða atkvæðum í Ed. Ég fyrir mitt leyti féllst á þessa breytingu og legg til eindregið að við henni verði orðið hér í þessari hv. þd.

Á þeim tíma sem lög um manneldisráð voru sett var matvælaframleiðsla fremur einföld í sniðum og algengustu neyslumatvæli skiptu tugum frekar en hundruðum. Nú er þessum málum á annan hátt farið. Framleiðsluhættir á matvælasviðinu eru miklu flóknari nú en þeir voru fyrir 30 árum. Skipta algengustu neyslumatvæli hundruðum og eiga þar innfluttar vörur stóran hlut að máli. Tekin hefur verið upp kennsla í ýmsum æðri skólum í manneldis- og matvælafræðum. Í landinu starfa nú þegar nokkrir sérfræðingar á sviði manneldisfræði, matvælafræði, matreiðslu o. s. frv. Á læknasviðinu hafa einnig orðið umtalsverðar breytingar með aukinni áherslu á manneldisfræði og skyld fræði innan læknadeildar Háskóla Íslands og reyndar annarra háskóla á þessu sviði í nágrannalöndunum.

Nú er það svo, að æ verður ljósara að milli mataræðis og heilsufars eru mikil tengsl. Með hliðsjón af þessu telur heilbr.- og trmrn. nauð-

syn á áframhaldandi starfi manneldisráðs, en að taka beri tillit til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og þess vegna þurfi að breyta lögum um manneldisráð og færa þau í raunhæfara form. Þess vegna skipaði heilbr.- og trmrn. snemma á s. l. sumri nefnd, sem áttu sæti í dr. Jón Óttar Ragnarsson matvælaefnafræðingur, Ólafur Ólafsson landlæknir og Vigdis Jónsdóttir skólastjóri, til þess að endurskoða gildandi lög um manneldisráð. Nefndin skilaði áliti snemma, í lok fyrsta mánaðar þessa árs, og frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er að verulegu leyti byggt á till. þeirrar nefndar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 29 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 551). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í þessu frv. felst heimild til þess að framlengja megi vöruhappdrættisleyfi Sambands ísl. berklasjúklinga um 10 ár, þ. e. a. s. til ársloka 1989.

Þetta leyfi var fyrst veitt 1949 og hefur svo verið framlengt á 10 ára fresti. Hagnaður af þessu happdrætti fer til þess að standa undir byggingarframkvæmdum og starfrækslu Reykjalundar og Múlalundar og auk þess annarri starfsemi á vegum þessara samtaka sem ríkisstj. samþykkir. Það þarf ekki að fjölyrða um þessa starfsemi og hversu mikilvæg hún hefur verið, en það fylgdi með nokkuð ítarleg grg. frá stjórn sambandsins um fyrirhugaðar framkvæmdir og lýsing á starfseminni. Þá grg. afhenti ég formanni viðkomandi n. Ed., og ég geri ráð fyrir því, að viðkomandi n. hér í d. geti fengið það til meðferðar. Þetta frv. fór athugasemdalaust í gegnum Ed.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 462, n. 564 og 568, 559). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHG, GTh, GF, GÞG, IngJ, KÁ, GHB, JSk, LárJ, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, GFr, SigurlB, SV, SvH, ÞS, SvB, ÓÓsk, GuðlG, RH.

nei: KP, LJós VilbH, SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, KGS.

6 þm. (HES, JónasÁ, TÁ, VH, EBS, FÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Þingflokkur Alþfl. hefur nú eins og haustið 1969 samþykkt að taka ekki flokkslega afstöðu til þessa máls, heldur greiði hver þm. flokksins atkv. í samræmi við persónulega skoðun sína. Þar eð hér er að því er varðar ákvæði frv. um verðákvarðanir og samkeppnishömlur um sama frv. að ræða og ég flutti 1969 af hálfu þáv. ríkisstj. mun ég greiða atkv. með frv. Ég vek hins vegar athygli á því, að flm. þessa frv., hæstv. viðskrh., var aðalandstæðingur frv. 1969 og flokkur hans tók þá flokkslega afstöðu gegn því, þ. e. allir þm. flokksins í Ed. greiddu atkv. á móti því, enda féll það við 2. umr. í fyrri deild. Ég segi já.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Ég tel að þessi grein um markmið sé í engu samræmi við efni frv. í heild, en meginbreytingin, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er að gefa verslunarálagningu frjálsa og verðlagningu á ýmiss konar þjónustu. Ég tel að fögur orð og fyrirheit í 1. gr. frv. séu blekking ein. Ég segi nei.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 559,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 559,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 559,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 559,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: OÖsk, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, IngJ, KÁ, GHB, LárJ, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, GFr, SV, SvH, ÞS, SvB, RH.

nei: BGr, EðS, GS, KGS, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, SighB.

SigurlB greiddi ekki atkv.
6 þm. (EBS, HES, JSk, SvJ, TÁ, VH) fjarstaddir.
Brtt. 559,5 samþ. (ný 9. gr.) með 24 shlj. atkv.
— 559,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
14.—17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,9 samþ. með 24 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,10 samþ. með 24 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,11 samþ. með 24 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 24 shlj atkv.
Brtt. 559,12 samþ. með 24 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
26.—37. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,13 samþ. með 23 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

39.—41. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 559,14 samþ. með 24 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
43.—44. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,15 samþ. með 25 shlj. atkv.
45. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
46. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
47. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,16 samþ. með 24 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,17 (ný 49. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 559,18 samþ. með 24 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
51 gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
52.—53. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 559,19 (ný 54. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:6 atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 24. apríl, að loknum 81. fundi.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 675 (sbr. 462)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls vék ég í örfáum orðum að nokkrum efnisatriðum þess frv. sem hér er nú til lokaafgreiðslu í d., en svo bar þó til þá, að ekki var með öllu vitað um afstöðu allra þingflokka á hv. Alþ. Við 2. umr. kom í ræðustól hv. 9. þm. Reykv., hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, einn þeirra þm. sem hvað lengst hafa gegnt embætti ráðh. í landi voru og manna lengst hefur líklega gegnt embætti viðskrh., og gerði grein fyrir viðhorfum sínum til þessa máls. Hann upplýsti í þeim umr., að hér væri um að ræða hans eigið frv. frá árinu 1969, þ. e. a. s. viðreisnartímafrv.

Það hefur ýmislegt komið fram í umr. um þetta mál hér í deildinni.

Að sjálfsögðu ætla ég ekki að eyða löngum tíma við þessa umr. Ég hafði kvatt mér hljóðs við 2. umr., en gat því miður ekki verið viðstaddur hana, og ég vil því nota tækifærið til þess nú, þegar komið er að lokum málsins í hv. d., að því er virðist, og segja örfá orð um það.

Það er ekkert vafamál, að meginstefna þessa frv. er að gefa verðlag frjálst. Það er í raun og veru sá boðskapur, sem þetta frv. fyrst og fremst hefur fram að færa, að gefa verðlag frjálst og afnema verðlagseftirlit á sama tíma sem bannaðir eru frjálsir samningar launafólks í landinu, ríkisstj. heldur þannig á málum með löggjöf að ógiltir eru löglega gerðir kjarasamningar launafólks í landinu. Nú má vel vera, um það skal ég ekki fulyrða, þó að ég sé ekki á það trúaður, að við eðlilegar þjóðfélagsaðstæður væri hugsanlegt með nægilegri samkeppnisaðstöðu á hinum ýmsu sviðum að öðlast reynslu á einhverju hliðstæðu því sem hér er um að ræða varðandi þetta frv. En ég held að menn hljóti að vera um það nokkuð sammála, a. m. k. þeir sem einhverja umhyggju bera fyrir launafólki í landinu, að þær kringumstæður, sem núna eru í þjóðfélaginu, eru ekki líklegar til þess, að löggjöf af því tagi, sem hér er gert ráð fyrir að sett verði, verði til þess að lækka vöruverð í landinu. Hún verði þar af leiðandi ekki til hagsbóta fyrir launafólkið, en mörgum virðist vera tamt í munni að tala um að nauðsyn sé á breytingu í þá átt.

Það hlýtur að vekja furðu fólks, að á sama tíma og ríkisstj. stendur að löggjöf um að skerða samningsrétt og skerða kjör launafólks, skerða samninga þess, sem það hefur gert á löglegan og eðlilegan hátt, skuli hæstv. ríkisstj. leggja fram frv. sem gerir ráð fyrir því, að ein stétt í landinu, kaupsýslumenn, geti sjálfir að verulegu leyti ákvarðað eigin launakjör með frjálsri álagningu. Það hefur þó aldrei farið leynt, að þetta hefur verið stefna Sjálfstfl., og það er nú komið í ljós, sem margir töldu raunar fyrir vitað, að hér er einnig um að ræða stefnu Framsfl. og þá Sambandsins fyrst og fremst. Hér er einnig, að því er virðist, um að ræða stefnu eins af helstu foringjum Alþfl. mörg undanfarin ár. Mér finnst, þegar litið er yfir liðna tíð, ekki ýkjaeinkennilegt né það hafi þurft að koma manni á óvart þó að Sjálfstfl. hefði þá afstöðu, sem um ræðir, og reyndar ekki Framsfl. heldur. En mér finnst alleinkennilegt að forustumaður eða forustumenn í þeim flokkum, sem kalla sig verkalýðsflokka og kenna sig við verkalýðsbaráttu, telji rétt og raunar nauðsynlegt sumir hverjir á slíkum tímum sem við nú lifum á að halda á málum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, — að á sama tíma og skorður eru settar við frjálsum kjarasamningum verkafólks og launþega, þá telji þeir sjálfsagt og nauðsynlegt að heimila kaupsýslumönnum í landinu að ákvarða sjálfir eigin launakjör með frjálsri álagningu. Þetta finnst mér mjög undarlegt. En ég hlýt raunar að trúa því, að hv. 9. þm. Reykv. fari með algerlega rétt mál þegar hann fullyrðir að hér sé í raun og veru um að ræða sitt eigið frv. frá 1969.

Ég held að það geti ekki verið, að neinn sá þingfulltrúi, sem ber hag verkalýðshreyfingarinnar og launþega fyrir brjósti, geti verið dyggur stuðningsmaður þess frv., sem hér er nú til umr. og er á lokastigi í þessari hv. d. Það getur ekki verið að neinn, sem fylgst hefur með því sem gerst hefur í þessum málum á undanförnum árum, telji líklegt að löggjöf af því tagi, sem er stungið upp á með þessu frv., verði til þess að bæta hag launafólks í landinu, bæta hag þess á þann veg að framkvæmd þessa frv. verði til þess að lækka vöruverð í landinu. Bent hefur verið á ótal dæmi hins gagnstæða, að þar sem verðlagsákvæði hafa verið afnumin á tilteknum vöruflokkum, þá hefur farið í þá átt, að þessar vörur hafa hækkað mun meira en eðlilegt má teljast. Allar líkur benda því til þess, að sama verði upp á teningnum ef við fáum löggjöf á borð við

þá sem hér er stungið upp á og allt bendir til að verði samþykkt á Alþ. nú.

Við 1. umr. þessa máls gerði ég að umræðuefni þær hugleiðingar mínar, sem ég er nær viss um að verða staðreynd, að með ákvæðum þessa frv. verður stefnt að enn frekari ójöfnuði, annars vegar milli Reykjavíkursvæðisins og hins vegar milli hinna ýmsu landshluta og byggðarlaga víðs vegar á landinu. Það hefur komið fram í þessum umr., að taldar eru nokkrar líkur á því, að hin margumtalaða samkeppnisaðstaða geti verið fyrir hendi á Reykjavíkursvæðinu, þó í tiltölulega fáum vöruflokkum, en um tómt mál sé að tala að slík samkeppnisaðstaða sé fyrir hendi víðs vegar annars staðar í hinum fjöldamörgu byggðarlögum þar sem í raun og veru er algerlega víst að aðstaða verður ekki fyrir hendi. Ég vék að þessu við 1. umr. málsins og beindi þá þeirri spurningu til hæstv. viðskrh., hvernig hann teldi að þessi mál yrðu í framkvæmd eftir að frv. sem þetta væri orðið að lögum. Mér fannst hæstv. viðskrh. ósköp lítið hafa um það að segja, hvernig hann teldi að framkvæmd þessara mála yrði, hvort yrði um það að ræða, að úti á landsbyggðinni, í hinum ýmsu sjávarþorpum og litlu byggðarlögum víðs vegar í kringum landið, yrði enn aukið á misrétti fólksins miðað við höfuðborgarsvæðið. Mér sýnist allt benda til þess, að sú verði raunin á í framkvæmdinni verði þetta frv. að lögum. Ég hef enga trú á því, þar sem ég þekki til hvað best, að þar sé um neina samkeppnisaðstöðu til frjálsrar álagningar að ræða. Það hlýtur því að vakna spurning í hugum manna, þegar það liggur fyrir hvernig með þessi mál verður farið á þeim stöðum þar sem slík samkeppnisaðstaða er ekki fyrir hendi. Verði það svo, sem ég raunar hlýt að telja líklegt, að þeir, sem að frv. standa, telji að samkeppnisaðstaða með þessum hætti leiði af sér lækkað vöruverð á þeim stöðum þar sem hún er fyrir hendi, þá hlýtur það að verða svo, að á hinum stöðunum, þar sem slík aðstaða er ekki til staðar, þurfi fólk að búa við óhagstæðara vöruverð en á þeim landsvæðum, eða því landsvæði, kannske réttara sagt, sem e. t. v. getur boðið þá samkeppnisaðstöðu sem hér er um að ræða. Afleiðingin er sú, að enn eykst sá ójöfnuður sem er annars vegar milli Reykjavíkursvæðisins og hins vegar milli landsbyggðarinnar.

Það þarf ekki að ítreka, að almennt er vöruverð talsvert hærra úti á landsbyggðinni en hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég óttast að framkvæmd þessarar löggjafar, sem hér er gert ráð fyrir að sett verði, verði til þess að auka enn frekar á þetta ósamræmi og þennan ójöfnuð, fyrir utan hitt, sem hér hefur verið margtekið fram, að það er afar einkennilegt og það verður ekki annað séð, eins og hæstv. ríkisstj. heldur á þessu máli, en að hér sé verið að storka launafólki, þegar til þess er litið að fyrir tæpum tveimur mánuðum var afgreitt hér á hv. Alþ. löggjöf um ráðstafanir í efnahagsmálum sem fyrst og fremst hafði að innihaldi að skerða launakjör sem launafólk hafði um samið í frjálsum samningum við sína viðsemjendur — skerða þau kjör allverulega. Í kjölfar slíkrar kjaraskerðingar er síðan lagt fram á Alþ. í nafni hæstv. ríkisstj. þetta frv. sem óneitanlega verður að skoða sem ögrun við verkalýðshreyfinguna og að það sé verið beinlínis að storka hreyfingunni og launafólki með framlagningu þessa frv. og þeirri ákvörðun hæstv. ríkisstj. að láta það verða að lögum áður en Alþ. lýkur nú störfum.

Það er greinilegt, að hæstv. ríkisstj. ætlar sér að afgreiða þetta mál fyrir þinglok. Raunar var það fyrirheit af hennar hálfu og ekkert sýnilegt sem getur komið í veg fyrir að af því verði. En aldrei verður nógsamlega vakin athygli á því, hvernig að þessum málum hefur verið staðið, að í kjölfar kjaraskerðingar er nú lagt til að ákveðnum hópi þjóðfélagsþegna sé boðið sjálfdæmi að verulegu leyti um að ákvarða laun sín, á sama tíma og verkalýðshreyfingunni í landinu er bannað með lögum að hafa frjálsan samningsrétt nema að því marki sem hæstv. ríkisstj. telur að eðlilegt eða æskilegt sé hverju sinni. Hér ætti því að vera augljóst öllu launafólki að hverju er stefnt. Vonandi gerir launafólk í landinu sér það ljóst, þegar það hefur dómsvaldið í sinni hendi innan ekki langs tíma við almennar kosningar, hvað hér er á ferðinni í raun og veru. Verði fram haldið sem hér hefur verið stofnað til og eins og mál nú blasa við, þá er ekkert vafamál að hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar, fái það til þess tækifæri að kosningum loknum, mun halda áfram á þeirri braut, sem hér hefur verið mörkuð, og ekki láta staðar numið fyrr en verulega lengra hefur verið gengið til að skerða kjör launafólksins í landinu, en haldið þannig á málum að þeir hópar, sem kannske hvað mestu hafa haft úr að spila, fái enn meira til umráða.

Ég beindi spurningu til hæstv. viðskrh., sem ég taldi — kannske í barnaskap mínum við 1. umr. málsins frumkvöðulinn að þessari lagasmíð.

En komið hefur í ljós við frekari umr., að annar hv. þm. eignar sér frumkvæðið að þessu. Það er hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sem eignar sér það. Ég hefði þess vegna gjarnan kosið að beina sömu spurningum til þess hv. þm., um hugsanlega framkvæmd að hans mati á tilteknum ákvæðum frv., og ég beindi til hæstv. viðskrh., en hv. 9. þm. Reykv. er ekki í salnum. Ég verð því að sjálfsögðu að sleppa því að beina þessum spurningum til hans, þ. e. a. s. hvaða framkvæmd hann kynni að telja að yrði á þessari frumsmíð sinni í tíð viðreisnarstjórnarinnar sálugu.

En þó að það þurfi e. t. v. ekki að vekja mikla athygli eða undrun, að mál sem þetta sé flutt af hæstv. ráðh. Sjálfstfl. og Framsfl., þá held ég að það hljóti að vekja nokkra furðu, að sumir hverjir fulltrúar hinna svokölluðu verkalýðsflokka hér á Alþ. skuli leggja sig í líma við að stuðla sérstaklega að framgangi þessa máls á Alþ. Það hygg ég að sé ærið umhugsunarefni launafólki í landinu að hugleiða hvaða orsakir eða hvatir liggja að baki slíkra tilfinninga hjá forustumönnum þeirra flokka, sem kalla sig verkalýðsflokka og hafa talið sér skylt að heyja baráttu fyrir bættum kjörum launafólks. Ég held það hljóti að vera ærið umhugsunarefni, hvað liggur að baki hugrenningum og yfirlýsingum eins og hér hafa komið fram frá sumum — og

þó líklega aðeins tveimur hv. þm. hinna svokölluðu verkalýðsflokka, þ. e. a. s. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, 9. þm. Reykv., og hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni. En mér er tjáð, án þess að ég hafi heyrt það sjálfur vegna þess að ég var því miður ekki viðstaddur umr., að Magnús Torfi hafi tekið mjög í sama streng og hv. 9. þm. Reykv. Þar eru komnir tveir af forustumönnum tveggja verkalýðsflokka í landinu og leggja nú hönd á plóginn með hæstv. ríkisstj. og fulltrúum stjórnarflokkanna á Alþ. til að koma þessu máli í gegn, þrátt fyrir þær staðreyndir sem við blasa í þjóðfélaginu og hæstv. ríkisstj. hefur sjálf stuðlað að að kæmu upp með þeim ráðstöfunum sem hún hefur beitt í efnahagsmálum, nú síðast með þeim ráðstöfunum sem hún hefur gert til þess að skerða kjör alls launafólks í landinu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:8 atkv. og afgr. til Ed.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 469, n. 591). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Félmn. fjallaði um þetta frv. og gerir ekki við það neinar aths. Þetta eru nánast leiðréttingar miðað við verðlag í dag. Leggur n. einróma til að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395, n. 552). — 2. umr.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi, á þskj. 395. Alit n. er prentað á þskj. 552, en þar leggur n. einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt. 3 nm. skrifa þó undir með fyrirvara og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Með frv. eru prentuð fskj. Í fyrsta lagi frá hreppsnefnd Mosvallahrepps, sem hefur samþykkt með meiri hl. atkv. að mæla með þessari ráðstöfun jarðanna, og er það undirritað af Guðmundi Inga Kristjánssyni oddvita Mosvallahrepps. Í öðru lagi fskj. II frá jarðanefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, en meiri hl. jarðanefndar mælir með því, að þessi lagaheimild fáist. Það fskj. er undirritað af Valdimar Gíslasyni fyrir hönd jarðanefndar.

Með þetta frv. er farið eins og önnur slík af hálfu landbn. þessarar hv. d., að frv. var vísað til umsagnar í fyrsta lagi jarðeignadeildar landbrn. og í öðru lagi Landnáms ríkisins. Umsagnir þessara aðila bera með sér að ekki er um bein meðmæli að ræða frá þeirra hálfu með sölu jarðanna, en í umsögn jarðadeildar segir þó m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem báðar þessar jarðir eru samliggjandi Kirkjubóli er ótvírætt hagur að því fyrir Kirkjubólsbónda að hafa nytjar af jörðunum. Kirkjuból var alllengi í eyði. Á þeim tíma voru Kroppsstaðir og Efstaból leigðar tímabundinni leigu. Þar sem Kirkjuból er komið aftur í byggð virðist ástæða til að leigja jarðir þessar Bjarna, ef hann óskar þess, þegar þær losna úr leigu.

Um sölu jarðanna til Bjarna Kristinssonar er hins vegar það að segja, að þar sem hann er ekki eigandi Kirkjubóls er engin trygging fyrir sameiginlegri nýtingu þessara þriggja jarða nema meðan Bjarni býr á Kirkjubóli, og eru því vart rök fyrir að selja honum nefndar jarðir nema hann öðlist jafnframt eignarhald á Kirkjubóli."

Undir þetta ritar fyrir hönd ráðh. Gísli Brynjólfsson.

Í umsókn Landnáms ríkisins kemur fram að Landnám ríkisins viðurkennir hagræðingu í því að sameina Kroppsstaði og Efstaból Kirkjubóli, eins og vænta má að yrði ef umrætt frv. verður samþykkt. En Landnámið lítur eigi að síður svo á, að æskilegra væri að gera svokallaða landbúnaðarúttekt á jörðum í hreppnum og taka ákvarðanir um skipulagningu byggðarinnar út frá slíkri landbúnaðarúttekt. Niðurstaða Landnáms ríkisins er á þá lund, að það hvorki mælir með frv. né gegn samþykkt þess.

Eins og fram hefur komið í þeim gögnum, sem ég hef hér vitnað til, eru þessar tvær eyðijarðir nú bundnar tímabundinni leigu til annarra aðila, en það virðist koma fram bæði frá þeim stofnunum, sem frv. hefur verið vísað til, svo og frá heimaaðilum, að ótvírætt hagræðing væri í því fólgin að þessar jarðir yrðu nytjaðar saman, og væntanlega, þegar sá tími væri kominn að leigutíma liðnum, er eðlilegt að þá kæmust þessar jarðir á eina hönd.

Í ljósi þessara upplýsinga svo og þeirra fskj., sem ég vitnaði til og fylgja frv. sjálfu, mælir landbn. með því, að frv. verði samþ. óbreytt, og reiknar þá með því, að landbrn. mundi nota þá heimild, sem fælist í slíkum lögum til þess að selja þessar jarðir Bjarna Kristinssyni, þegar það færi gæfist, sem yrði þá til þess að koma betra skipulagi á byggð í þessum sveitarhluta.

Ég tel mig ekki þurfa að lengja þetta mál. Eins og ég sagði leggur n. einróma til að frv. verði samþ. óbreytt. 3 nm. hafa skrifað undir með fyrirvara.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð vegna þess frv. sem hér er til umr. Ég held að nauðsynlegt sé að víkja örfáum orðum að málinu eins og það blasir við mér a. m. k. og ég hygg að það blasi almennt við heimamönnum á þessu svæði.

Hér er um það að ræða, að ríkisstj. verði heimilað — frv. gengur út á það — að selja Bjarna Kristinssyni eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi. Nú er það svo, eins og fram kom í framsögu hv. þm. Pálma Jónssonar fyrir nál. landbn., að ekki er um það að ræða að Bjarni Kristinsson eigi Kirkjuból. Í öðru lagi er það svo, að bóndinn á Veðrará í Önundarfirði, Jón Guðjónsson, hefur á leigu hluta af landi Kroppsstaða og er með leigusamning til ársins 1981. Ég held að nauðsynlegt sé að hugleiða aðeins frekar hvernig þessu er varið. Nú er það upplýst að bestu manna vitund, að býlið Veðrará, sem Jón Guðjónsson hefur búið á og býr á, mun ekki bera að búgildi nema um tæp-

lega hálft vísitölubú eða í kringum hálft vísitölubú, — ég skal ekki fara nákvæmlega með það. En land Kirkjubóls, landið sem því búi fylgir nú án þess að það yrði nokkuð vikkað út, er nær því að geta borið tvöfalt vísitölubú. Ef þetta frv. verður samþ. og hæstv. ríkisstj. fer eftir þeirri samþykkt, þá tel ég alveg fullvíst að þetta yrði til þess, ef þessi jörð, t. d. Kroppsstaðajörð, yrði seld núverandi bónda á Kirkjubóli og lögð þar með undir Kirkjuból, þá yrði það til þess að hrekja frá búskap bóndann á Veðrará, Jón Guðjónsson, a. m. k. mundi hann hætta mjólkurbúskap sem hann nú hefur nokkurn. Og slíkt væri neikvætt ef gerð yrði þessi ráðstöfun. Það þarf miklu fremur að stuðla að auknum kúabúskap og mjólkurframleiðslu á þessu svæði en beinlínis gera ráðstafanir til að draga úr slíku, þ. e. a. s. að ríkisvaldið gerði beinlínis ráðstafanir til þess að draga úr kúabúskap og mjólkurframleiðslu á þessu svæði.

Nú er það einnig ljóst, að fengnum upplýsingum hjá bóndanum Jóni Guðjónssyni á Veðrará, að hann hefur í hyggju að festa kaup á bæði Kroppsstaðalandi og Efstabóli. Ég held því, a. m. k. er það að mínu viti þess eðlis, að ekki sé ástæða til þess síður en svo — að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi.

Ég held einnig, án þess að ég vilji um það fullyrða, að ýmislegt hafi komið upp heima fyrir, eftir að jarðanefnd og hreppsnefnd Mosvallahrepps veittu umsagnir sínar, sem gæfi tilefni til þess að endurskoða þetta mál. Það er greinilegt á fskj., sem prentuð eru með frv., þ. e. a. s. fskj. I og fskj. II, að um þetta er ágreiningur heima fyrir. Að vísu verð ég að viðurkenna að ég skil ekki fullkomlega það orðalag sem er í fskj. I, þar sem segir: „Hreppsnefnd Mosvallahrepps hefur samþykkt með samhljóða meiri hl.“ Ef ekkert mótatkvæði hefur verið gegn þessari ákvörðun, þá er einungis um að ræða að málið hafi verið samþykkt samhljóða, en ekki með samhljóða meiri hl. Þetta orðalag gefur því til kynna að ágreiningur hafi verið um málið í hreppsnefndinni, eða ég skil það a. m. k. svo. En auðvitað leiðrétta mér snjallari menn í fundarsköpum og orðavali þetta hér á eftir ef ég misskil þetta orðalag.

Sama er að segja um fskj. II. Þar stendur að meiri hl. jarðanefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu hafi samþykkt kaup Bjarna Kristinssonar á jörðunum Efstahóli og Kroppsstöðum í Mosvallahreppi. Þannig er engin samstaða um þetta mál heima fyrir.

Þó að ég vilji á engan hátt leggja stein í götu þess, að umræddur bóndi á Kirkjubóli geti byggt upp aðstöðu sína og búskap sinn með þeim hætti sem hann telur skynsamlegastan, þá fullyrði ég að það er síður en svo, að nokkur samstaða sé um þetta mál í heimabyggðinni. Og meðan málin eru þannig vaxin, að bóndinn á Kirkjubóli hefur til umráða nú þegar það land sem fylgir Kirkjubóli og nægir til að framfleyta allt að tveimur vísitölubúum, þá sé ég ekki ástæðu til að gera til þess sérstakar ráðstafanir að landsvæði hans verði sérstaklega stækkað með það fyrir augum að taka hluta af því jarðnæði sem bóndinn á Veðrará hefur nýtt á undanförnum árum. Ég held að ef farið yrði eftir þessari ákvörðun, sem mér skildist á frsm. n. að hann teldi sjálfsagt, og hæstv. ríkisstj. framkvæmdi þessa samþykkt og söluheimild, ef að lögum yrði, þá yrði það til þess að hrekja annan bóndann frá búi. En það er ekkert sem bendir til annars en að miðað við óbreytt ástand geti báðir þessir einstaklingar haldið áfram búskap eins og mál horfa nú.

Ég held að það sé full ástæða til þess að flana ekki að neinu í þessu máli. Full ástæða er til þess að athuga það betur, því að það er ekkert sem kallar sérstaklega á nú að af þessu verði, nema þá það verði til þess, sem allt bendir til, að bóndinn á Veðrará verði a. m. k. að verulegu leyti að bregða búi.

Það kom fram í máli frsm. landbn., hv. þm. Pálma Jónssyni, að rn. er andvígt þessari sölu, a. m. k. eins og málum er nú háttað — það er neikvætt. Og mér skildist að Landnámið segði hvorki já né nei. Mér sýnist því allt benda til þess, að til þess sé full ástæða, þar sem ekkert knýr á um samþykkt þessa máls á þessu þingi, að lesa þetta ofan í kjölinn með tilliti til þess, að ýmislegt hefur komið fram og komið upp, eftir að umsagnir fengust um málið, sem gefur tilefni til þess að það væri athugað betur. Og það kæmi mér ekki á óvart þó að einhverjir nm. í landbn. væru frekar á því og frekast kannske, að þetta mál bæri að íhuga betur en gert hefur verið. En fari svo að þetta mál komi hér til afgreiðslu, þá vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég mun greiða atkv. gegn þessu frv. og byggja á því sem ég hef hér sagt, sem sagt því, að það er ekkert sem knýr á um að gera út um þetta nú. Verði það gert, eins og málum er nú háttað, þá bendir allt til þess að framkvæmdin stuðli að því, að mjólkurframleiðsla á þessu svæði minnki, en að mínu viti þarf að stefna að því, að hún vaxi. Það stefnir líka að því, að bóndi, sem haft hefur með höndum búskap í Önundarfirði um a. m. k. nokkurt árabil, verði að bregða búi vegna þessarar ráðstöfunar, en báðir þessir bændur gætu haldið með eðlilegum hætti áfram búskap að óbreyttum aðstæðum.

Ég endurtek það því, að ég tel fullkomlega eðlilegt, miðað við það sem fram hefur komið, eins og málinu er nú háttað, að það yrði ekki afgreitt á þessu þingi. En verði svo, að það verði knúið í gegnum þingið á síðustu dögum þingsins, þá mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Mér þótti hlýða að ég gerði grein fyrir viðhorfi mínu til þessa máls nú við 2. umr. Að vísu kom það fram hjá hv. frsm. n., hvernig þessum málum er háttað og hver niðurstaða landbn. og Landnáms ríkisins varð. Hv. síðasti ræðumaður í þessu máli, hv. 5. þm. Vestf., bætti þar nokkru við, en þó gætti þar eins mjög veigamikils misskilnings, þar sem það kom fram í ræðu hans, að Kirkjuból bæri u. þ. b. tvöfalt vísitölubú. Hér er mjög ranglega með farið. Hins vegar hef ég heyrt talað um að ef þessar jarðir þrjár yrðu sameinaðar, þá kynni svo að fara að þær allar sameinaðar með ræktunarmöguleikum á svokölluðum eyrum eða engjum kynnu að gefa

möguleika til þess. Þetta vil ég leiðrétta, því það er rétt að það komi fram sem réttast er.

Ég vil þá segja að það er ýmislegt sem kann að mæla með því, að þessar jarðir verði sameinaðar. Það er skoðun mín. En ég tel hins vegar að málið hafi enn ekki fengið þann undirbúning og þá vinnu skipulagslega séð sem það hefði þurft að fá áður en endanleg ákvörðun var tekin.

Ég tek undir það, sem kemur fram í umsögn Landnáms ríkisins, sem raunar komst ekki að endanlegri niðurstöðu, að hér er verið að breyta því búskaparmynstri sem fyrir er í sveitinni. Hér er dýrmætt að halda í hvern ábúanda, þar sem um mörg ár hefur verið um fólksflótta að ræða. *En þróun hefur snúið nú á hinn betri veg.* Þess vegna er það einmitt ábyrgðarhluti fyrir sveitarstjórn og jarðanefnd, að hún athugi alla þætti þessa máls, svo að vel megi fara og einn þurfi ekki að hrekjast í burt fyrir það að annar kemur og e. t. v. hyrfu svo báðir af vettvangi.

Af þessum ástæðum, sem ég hér nefni, — ég sé ýmislegt jákvætt og eðlilegt við það og nauðsynlegt raunar að aukið sé við jarðnæði Kirkjubóls, — þá tel ég mig að svo komnu ekki reiðubúinn til þess að standa að samþykkt þessa frv. En ég vil ekki heldur leggjast gegn því með því að greiða atkv. á móti því, ef það mætti skilja svo að andstaða væri við þessa hugmynd þegar til framtíðar horfir. Ég vil aðeins leyfa mér að láta það í ljós, að ég lít svo á, ef Alþ. samþ. þessa heimild til ríkisstj., að ég tel vera eðlilegt, áður en hún notar þessa heimild, að rn. beiti sér fyrir því, að lausn verði fengin á þessu máli í heild.

Það hefur verið rakið hér af öðrum ræðumönnum, hvernig eignarhaldi er háttað. Það kann að koma upp önnur staða ef Bjarni Kristinsson, sem ábúandi er á Kirkjubóli nú, verður eigandi þeirrar jarðar, en ég verð að segja það eins og er, að mér þætti að ýmsu leyti eðlilegt að á *meðan svo er ekki yrði um ábúð að ræða*, að sjálfsögðu með ákveðnum tryggingum, þannig að búskaparáætlanir hans þurfi ekki að raskast vegna þess að hann verði sviptur jarðnæði, svo sem nú blasir við að hinu leytinu í títt umræddum búskap á Veðrará.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, láta koma fram, ástæðuna fyrir því af minni hálfu, að ég mun sitja hjá þegar frv. þetta verður borið undir atkv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég er 1. flm. að þessu frv. ásamt hv. þm. Gils Guðmundssyni og Sighvati Björgvinssyni. Ég vil byrja á því að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu á þessu máli sem var jákvæð, enda þótt nokkrir nm. gerðu fyrirvara. Ég vil líka í upphafi undirstrika þá leiðréttingu sem kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf. á staðhæfingu hv. 5. þm. Vestf. Karvels Pálmasonar, sem fór í mjög veigamiklu atriði með alrangt mál. Ég vona að það stafi af vanþekkingu hans, en ekki ásetningi. En jörðin Kirkjuból í Korpudal hefur aldrei verið yfirlýst það landmikil að hún ein bæri allt að tvö vísitölubú, heldur jarðirnar þrjár, sem um er að ræða, samanlagðar. Það skiptir auðvitað meginmáli, hvor staðreyndin er þarna rétt. Það rétta er, að Kirkjuból ásamt eyðijörðunum tveimur kynni að geta borið tvö vísitölubú.

Ég vil aðeins í meginatriðum gera grein fyrir eðli þessa máls. Kirkjuból í Korpudal hafði verið, þegar Bjarni Kristinsson núverandi ábúandi tók þar bólsetu árið 1976, þá hafði þessi jörð verið í eyði og í óvenjulegri niðurniðslu er óhætt að segja. Það var því ákaflega mikill fengur fyrir sveitarfélagið að fá þarna ungan og dugmikinn ábúanda, sem gefur vonir um framtíðarbúsetu á jörðinni verði honum ekki gert það ókleift. Ég vil benda á þá staðreynd, að áður en Bjarni Kristinsson settist að á Kirkjubóli, þá hafði hann, *að því er mér er tjáð og ég hef ekki ástæðu til* að rengja, fengið í landbrn. jákvæð svör um að eyðijarðirnar Kroppsstaðir og Efstaból mundu honum til ráðstöfunar þegar hann væri fluttur þarna vestur. Þessi ungi bóndi hafði frá upphafi ætlað sér að reka þarna ekki einungis fjárbú, heldur og kúabú, með tilliti til þess, að á þessu svæði er tilfinnanlegur mjólkurskortur. Það er því ekki aðeins bóndinn á Veðrará, Jón Guðjónsson, sem hefur mjólkurframleiðslu og hyggur jafnvel á meiri mjólkurframleiðslu, heldur ekki síður þessi ungi bóndi á Kirkjubóli.

Ég hygg að þeir, sem þekkja til í strjálbýlum landbúnaðarhéruðum, viti nokkuð hve mikið vonleysi gripur fólk þegar byggðin þynnist og grisjast frá ári til árs. Ég býst líka við að þeir, sem til landbúnaðar þekkja, geti sett sig inn í það, hve mikils virði það er fyrir fámenna sveit þegar eyðibýli byggist upp. Þess vegna er óhætt að segja að jafnmikill fengur og þessu fámenna sveitarfélagi var að því að fá þennan unga bónda á Kirkjubóli, þá yrði það sveitarfélaginu jafnmikill hnekkir að missa hann aftur. Og ég hygg að ég fari með rétt mál þegar ég staðhæfi, að það er alveg tvísýnt um búsetu bóndans á Kirkjubóli fái hann ekki þessar jarðir til viðbótar við það jarðnæði sem fyrir er á Kirkjubóli.

Varðandi bóndann á Veðrará, þá er að sjálfsögðu rétt og skylt að taka tillit til þarfa hans. Ég get lýst yfir því hér, að þegar ég var beðin að flytja þetta mál og ég kynnti mér það lauslega, þá fannst mér e. t. v. að þarna kynnu að rekast á hagsmunir bóndans á Kirkjubóli og bóndans á Veðrará og til beggja þyrfti að taka tillit. En í þessu máli hefur mér þótt eðlilegt og sjálfsagt, *að byggja niðurstöðu mína á áliti heimamanna.* Hv. 5. þm. Vestf. Karvel Pálmason sló því fram, að engin samstaða væri heima fyrir og ýmislegt hefði komið upp heima fyrir sem gæfi til kynna ágreining um þetta mál heima í héraði. Ég held að hv. þm. hafi ekki kannað nógu vel réttmæti þess sem hann var að slá þarna fram. Ég hef persónulega ráðfært mig við oddvita Mosvallahrepps, Guðmund Inga Kristjánsson, sem ég tel öllu dómbærari um ásamt fjórum öðrum hreppsnefndarmönnum, hvað þessu sveitarfélagi er fyrir bestu, en hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason. Ég hef líka og við öll staðfest á þskj. umsögn jarðanefndar, sem mælti með sölu þessara jarða enda þótt ýmis rök mæltu gegn því. En ég vil leyfa mér að lesa úr umsögn meiri hl. jarðanefndar niðurstöðuna eða niðurlag bréfsins,

sem hljóðar á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Það varð niðurstaða meiri hl. jarðanefndar, að eðlilegt væri að sameina umræddar þrjár jarðir í eina og í samræmi við það að mæla með kaupum Bjarna Kristinssonar á jörðunum Efstaboli og Kroppsstöðum. Rökin fyrir þessu áliti komu fram í umr. um málið og voru þau m. a. að ræktanlegt land og beitiland þessara jarða bæri ekki tvö vísitölubú."

Þá á hann við jarðirnar þrjár. Og ég vil ítreka í þessu sambandi, að þegar talað er um tvö vísitölubú, þá á það við Kirkjuból að viðbættum eyðijörðunum, en ekki Kirkjuból eitt.

Að ég vitni aftur, með leyfi forseta, í þetta bréf jarðanefndar, þá stendur þar í lokin:

„Einn nm., Birkir Friðbertsson, taldi sig vanbúinn að ákveða umsögn um sölu nefndra jarða í skyndingu, sumpart vegna lítillar staðþekkingar og sumpart vegna umsagna ráðunautanna, sem áður er á minnst."

En í stuttu máli er þetta mál vaxið þannig, að því meira sem menn vita um það, því sannfærðari eru þeir um að þarna sé um eðlilega ráðstöfun að ræða, sem sé viðkomandi byggð til góðs, og á því hef ég byggt afstöðu mína. Hreppsnefndin mælti með þessu samhljóða, og ég vil upplýsa hv. 5. þm. Vestf. um það, að fjórir nm. af fimm mæltu samhljóða með þessu, en einn þeirra sat hjá.

Ég tel engan vafa á því, að þessum litla hreppi, Mosvallahreppi, væri það ómetanlegur fengur að fá að njóta áfram búsetu þessa góða bónda þarna. Það má geta þess, að þetta er aðkomumaður sem seldi allar eigur sínar hér syðra af því að hann var staðráðinn í að hann vildi búa og ekki aðra atvinnu stunda. Þetta er fjölskyldumaður með unga konu og fjögur, ef ekki fimm börn, sem er mikil lyftistöng þessari fámennu sveitabyggð í Mosvallahreppi.

Rök landbrn., sem hér hafa verið tilfærð, að það sé engin trygging fyrir sameiginlegri nýtingu þessara þriggja jarða meðan Bjarni á ekki Kirkjuból, eru í sjálfu sér eðlileg. En ég vil benda á það, að Bjarni bóndi stefnir að því að eignast Kirkjuból, og samþykkt Alþ., sem lægi fyrir um að hann fengi þessar eyðijarðir keyptar nú, mundi stórlega treysta möguleika hans á að ná eignarhaldi á Kirkjubóli. Nú er það svo, eins og hér hefur komið fram, að þessar tvær jarðir eru í leigu, þannig að Bjarni bóndi á Kirkjubóli mundi ekki fá þær umsvifalaust. Það verður að ganga sinn gang samkv. gerðum samningum. En engu að síður væri það til framtíðar mikil trygging fyrir hann að hafa samþykki Alþingis fyrir kaupum hans á þessum jörðum.

Ég legg áherslu á það, að Bjarni hyggst stunda mjólkurframleiðslu þegar hann fær jarðnæði til þess. Aukin mjólkurframleiðsla í Önundarfirði hefur verið þessum hluta Vestfjarða mikið kappsmál.

Ég held að ég þurfi ekki að fara um þetta öllu fleiri orðum. Ég tel að þetta mál sé að fullu rannsakað frá hálfu heimamanna og það sé óþarfi og það væri til óþurftar ef málið yrði ekki afgreitt frá Alþ. nú. Ég vænti þess eindregið að það nái fram að ganga. Það segi ég í trausti þess, að það verði ekki til þess að hrekja annan bónda úr sveitinni, og þá á ég við Jón Guðjónsson á Veðrará. Að sjálfsögðu á hann fulla heimtingu á því, að tillit sé tekið til þarfa hans. Þá vil ég benda í því sambandi á að við hliðina á jörð Jóns á Veðrará eru tvær aðrar eyðijarðir sem ekki væri óeðlilegt að leitað væri til langa á með nytjar fyrir Jón fremur en að flytja sig innar í fjörðinn, 5 km vegalengd, til þess að hindra að bóndinn á Kirkjuboli fengi notið þessara eyðibýla sem liggja að hans jörð. Mér er kunnugt um að hreppsnefnd Mosvallahrepps er öll af vilja gerð til þess að greiða fyrir Jóni og bauð honum raunar s. l. sumar að hafa milligöngu um að útvega honum slægjur, en af einhverjum ástæðum var því tilboði hafnað.

Ég held sem sagt að þetta mál liggi nokkuð ljóst fyrir. Ég ítreka enn þá niðurstöðu mína sem er byggð á áliti heimamanna. Heimamenn vita gerst um hverjar þarfir viðkomandi hreppsfélags eru, og ég verð að lýsa yfir sérstöku trausti í því efni á oddvitann Guðmund Inga Kristjánsson, sem ég veit að rasar ekki um ráð fram þarna og hefur enga löngun til þess að gera ábúanda í hreppi sínum eitt eða neitt til miska. Því lít ég svo á, að enda þótt Bjarni á Kirkjubóli fengi þessar tvær eyðijarðir keyptar og heimild til handa ríkisstj. lægi fyrir frá Alþ., þá yrði það tvímælalaust til þess að treysta byggð í þessum hreppi, en ekki til að hrekja einn eða neinn frá búi sínu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og nál. á þskj. 552 ber með sér, þá skrifaði ég undir það með fyrirvara. Ég hef haft þann sið í sambandi við mál svipuð þessu, þar sem ég þekki ekki nógu vel til, að ég hef farið eftir umsögn jarðanefnda og hreppsnefnda í slíkum málum. En fyrirvari minn byggðist á því, að Bjarni Kristinsson á ekki ábýlisjörð sína, Kirkjuból, og sala á þessum jörðum til hans mundi ekki tryggja að mínu mati að sameinaðar yrðu þessar þrjár jarðir, nema hann geti fengið eignarhald á Kirkjubóli.

Annað hefur líka komið fram í málinu sem ég vissi ekki, og það er að Kroppsstaðir hafa verið leigðir Jóni Guðjónssyni Veðrará síðan 1969. Ég verð að segja, að þó að ég eigi að vera kunnugur jarðalögunum, þá átta ég mig ekki fyllilega á því, hvort hann öðlast rétt til kaupa. Ef þetta væri ábýlisjörð, þá mundi hann öðlast hann á 10 árum, en hún er það ekki, heldur til nytja. Það er atriði sem rn. verður auðvitað að athuga, enda felst í frv. aðeins heimild fyrir rn. til að selja jörðina, og verður það að meta þá heimild þegar búið er að kanna þetta mál frekar.

Ég tel því að athuga þurfi um búskap þarna á fleiri jörðum og meta, þrátt fyrir að þessi heimild er gefin, hver réttur Jóns Guðjónssonar kann að vera, þar sem hann hefur haft jörðina síðan 1969 og hefur hana í næstu 4 ár.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að skipta mér af þeim umr., sem hér fara fram, eða láta í ljós neina skoðun á þessu máli. En vegna þess að hv. 9. landsk. þm. sagði áðan að Bjarni bóndi, ef ég hef skilið rétt, hefði fengið loforð um það í

landbrn., að af sameiningu yrði ef hann yrði ábúandi, þá vil ég taka það fram, að hann hefur ekki fengið það frá mér. Hvort einhver annar ráðuneytismaður hefur lofað því veit ég ekki, en mér hefur ekki verið skýrt frá því, að svo hafi verið. Það hlýtur þá að vera fyrir mína tíð í rn., ef slíkt hefur átt sér stað og þessi ummæli farið fram. Þetta vildi ég segja í sambandi við málið og annað ekki.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Eins og fram kemur í grg. með þessu frv., fylgja því meðmæli frá þeim aðilum heima í héraði, sem um slík mál eiga að fjalla. Í fyrsta lagi er samþykkt frá hreppsnefnd Mosvallahrepps, undirrituð af Guðmundi Inga Kristjánssyni oddvita, og ég vil taka það fram, sem ég vænti að fram hafi komið, að hreppsnefndin gerði þessa samþykkt ekki aðeins með samhljóða meiri hl. atkv., heldur einnig án mótatkv., þannig að meðmæli hreppsnefndarinnar eru án mótatkvæða. Í fskj. II kemur einnig fram að hinn umsagnaraðilinn heima fyrir sem um málið á að fjalla, jarðanefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu, hefur mælt með samþykkt þessa frv. Ég vil láta það koma fram, að sá meiri hl. samþ. það mótatkvæðalaust, þannig að þeir tveir aðilar heima í héraði, sem um þessi mál eiga að fjalla lögum samkv., hafa báðir mælt með því, að frv. þetta næði fram að ganga, og þeir minni hl., sem í báðum n. hafa verið, jarðanefnd og hreppsnefnd, sátu hjá þegar um málið var fjallað, en greiddu ekki atkv. gegn því.

Í annan stað vil ég einnig láta það koma fram, að mjög vafasamt er að leigusamningur sá á jörðunum Efstabóli og Kroppsstöðum, sem heimilað hefur nytjar á þeim, sé í gildi einfaldlega vegna þess að neðst í þeim leigusamningi segir, að hann öðlist ekki gildi fyrr en hreppsstjórn Mosvallahrepps hafi áritað samninginn. Af einhverjum ástæðum hefur hreppsstjórn Mosvallahrepps aldrei áritað þennan samning, þannig að því atriði til þess að hann hljóti gildi hefur ekki verið framfylgt. Ég vil ekkert um það fullyrða, hvort það stendur í vegi fyrir gildistöku þess leigumála sem gerður var um leigu á jörðunum Efstaból og Kroppsstöðum, en hins vegar liggur ljóst fyrir, að af einhverjum ástæðum hefur sá heimaaðili, sem átti að fullgilda samninginn, aldrei gert það, hvort sem það hefur verið vegna þess, að sá aðili vildi ekki fullgilda samninginn, eða vegna þess, að ekki var eftir því leitað.

Í þriðja lagi vil ég taka fram, að hreppsnefnd Mosvallahrepps gerði fyrir ári tilraun til þess að útvega þeim bónda, sem ætlað er að svipta jarðnytjum, ef frv. þetta verður samþ., slægjuland nær jörð hans. Því tilboði, sem gert var af hreppsnefnd Mosvallahrepps í því skyni, var hafnað, að því er okkur þm. er tjáð.

Í fjórða lagi vil ég taka fram, að hér er um að ræða heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja þessar eyðijarðir tvær. Það er að sjálfsögðu á valdi ráðh., hvenær þessi heimild verður notuð. Með því að samþ. þetta frv. er Alþ. aðeins að lýsa yfir vilja sínum um að þetta verði gert, þ. e. a. s. það er að lýsa því yfir, að stefna beri að því að selja bóndanum Bjarna Kristinssyni eyðijarðirnar sem um er að ræða, þannig að bóndi þessi geti gengið út frá því að fá þessar jarðir keyptar. Hins vegar eru mér fyllilega ljós og okkur, sem að þessu frv. stöndum, vandkvæði þess bónda sem þar mundi missa jarðnytjar. Við teljum að það eigi að leitast við heima fyrir og væntanlega ekki síður fyrir forgöngu hæstv. ráðh. að ná samkomulagi við bóndann sem hann gæti við unað. Við teljum að það sé vilji fyrir því hjá hreppsnefnd að beita sér fyrir slíku samkomulagi og ekki síður hjá hæstv. ráðh. og því sé rétt að samþ. þetta frv., samþ. þá stefnu, sem í því felst, að Bjarna Kristinssyni verði seldar þessar eyðijarðir tvær, jafnframt því sem við leggjum áherslu á það, að heimaaðilar, sem hafa ríkan áhuga á því, og hæstv. ráðh., sem hefur áhuga á því einnig, beiti sér fyrir því að leita samkomulags við þann bónda, sem þarna missir jarðnytjar, um að fá honum jarðnæði annars staðar, sem vissulega er unnt. Og ég þarf ekki að taka fram, að að sjálfsögðu erum við flm. þessa frv. reiðubúnir til þess að leggja fram okkar skerf til að auðvelda og greiða fyrir að slíkt samkomulag geti tekist.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hefur komið fram í framhaldi þessara umr., þá vil ég segja nokkur orð.

Ég vil segja það strax, að mér er ekkert ljúfara en að hafa alltaf það sem sannara reynist og tel það síður en svo neinn blett á mér. Ég mun hafa sagt áðan, að Kirkjubólsland væri talið bera nánast tvö vísitölubú. Það hefur verið upplýst, að hér hafi verið átt við Kirkjubólsland og þær jarðir sem lagt er til að lagðar verði undir það. Ég hef þetta ekki skriflegt. Ég hafði af þessu fregnir frá öðrum aðila, en ég mun að sjálfsögðu trúa því sem hér hefur verið fullyrt, að hér sé átt við Kirkjubólsland og þessar tvær jarðir, þ. e. a. s. Kroppsstaði og Efstaból. Er mér ljúft að leiðrétta þessi ummæli mín og vil að það komi fram. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að Veðrará, sem Jón Guðjónsson nú býr á og hefur búið á um nokkurra ára skeið, er einungis talin bera um hálft vísitölubú.

Hv. 1. flm. þessa frv. sagði áðan, sem rétt er að sjálfsögðu, að Kirkjuból hefði verið í eyði og niðurníðslu í mörg ár þegar Bjarni Kristinsson kom þangað og tók að búa þar. Þetta er allt saman rétt. Ég dreg það ekki heldur í efa, að vissulega er fengur fyrir þetta sveitarfélag að fá ungan og efnilegan bónda til þess að taka upp búskap. En það hlýtur líka að vera mikils virði fyrir þetta sama sveitarfélag að reyna að halda á búum sínum þeim bændum sem enn búa, en gera ekki ráðstafanir til þess, að þeir verði með einhverjum hætti að hrökklast frá búi vegna aðgerða ríkisvalds eða stjórnvalda. Ég er ekki á nokkurn hátt að lasta þann mann sem þarna er um að ræða, bóndann á Kirkjubóli. Ég tek undir það, að það hlýtur að vera fengur fyrir sveitarfélagið að fá slíkan aðila til starfa. En jafnframt hlýtur að vera áhugamál sveitarstjórnarmanna heima fyrir og héraðsmanna í heild að halda þannig á málum, að á þeim jörðum sem nú eru í ábúð, verði haldið áfram að búa, en

ekki gerðar ráðstafanir sem verða til þess að viðkomandi bændur verði að hætta búskap. Allt bendir til þess, að svo fari, verði þetta gert sem hér er lagt til að hæstv. ríkisstj. fái heimild til.

Hv. 1. flm. frv. sagði áðan að mjög væri tvísýnt um búsetu bóndans á Kirkjubóli fengi hann ekki þessar jarðir tvær til afnota sem frv. gerir ráð fyrir. Ég held að þarna sé heldur stórt til orða tekið, djúpt í árinni tekið. Ég held að ekkert liggi fyrir um það af hans hálfu, að fái hann ekki þessa afgreiðslu mála nú, þá sé nokkuð ljóst að hann hætti búskap á Kirkjubóli. Ég held að það sé miklu meiri hætta á því, að bóndinn á Veðrará verði að hætta búskap verði þetta gert. Ég held að það sé augljóst mál. Og ég vil í því sambandi leyfa mér með leyfi hæstv. forseta, að lesa umsögn ráðunauta Búnaðarsambands Vestfjarða, sem ég hef í höndum. Hún er svo hljóðandi:

„Okkur undirrituðum hefur borist beiðni frá Jóni Guðjónssyni bónda á Ytra-Veðrará, Mosvallahreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu, þess efnis að gefa umsögn um búskaparhæfni jarðar hans, bæði með tilliti til hugsanlegs missis nytja af jörðinni Kroppsstöðum í sömu sveit og mikilla framkvæmda opinberra aðila á eignarjörð hans. Einnig hefur Jón sent okkur ljósrit af bréfi sínu til landbrh. og þm. Vestfjarðakjördæmis, dags. 9. des. 1977. Viljum við staðfesta það, er kemur fram í bréfi Jóns, að jörðin Ytri-Veðrará ber ekki vísitölubú, og mun þó aðstaða Jóns enn versna vegna mikilla framkvæmda opinberra aðila í landi hans. Gróft áætlað ber jörðin um hálft vísitölubú. Kemur þar bæði til lítið beitiland og takmarkað ræktunarland. Samkvæmt skýrslum er ræktun á Ytri-Veðrará 12 hektarar, en af því eru 1—2 hektarar tæpast nýtanlegir vegna grjóts og bleytu. Ræktunarmöguleikar eru 4—6 hektarar, en það land er mjög grýtt og illa fallið til ræktunar.

Jón hefur sótt heyskap á fjórar jarðir í Mosvallahreppi, alls um það bil 16 hektara, þar af eru í landi Kroppsstaða 6 hektarar, nokkuð samfellt og sæmilegt tún. Auk þess lét Jón grafa á Kroppsstöðum s. l. sumar 5435 rúmmetra til að bæta túnin til þurrkunar ræktunarlands og til bættrar nýtingar á engjum í Kroppsstaðalandi. Þó að Kroppsstaðir liggi 4—5 km frá Ytri-Veðrará er þetta stærsta og samfelldasta túnið, sem Jón hefur haft á leigu. Telja verður ólíklegt, ef Jón missir ítök sín í Kroppsstöðum, að hann geti fengið annað heppilegt land í þess stað, og mundu því afleiðingarnar verða mjög skertir afkomumöguleikar á Ytri-Veðrará."

Undir þetta skrifa ráðunautar Búnaðarsambands Vestfjarða, Sigurður Karlsson og Þórarinn Sveinsson.

Það er ótvírætt mat þessara ráðunauta, að verði þetta gert og þar með missi Jón Guðjónsson bóndi á Veðrará ítök sín eða afnot af Kroppsstaðalandi, þá sé um að ræða mjög skerta afkomumöguleika hans til að stunda búskap áfram. Ég held að þetta segi svo ljóst sem verða má, hvert álit þeirra manna, sem kannske gleggst til þekkja, er á þessu að því er varðar þessa hlið málsins.

Þá sagði hv. 1. flm. þessa frv., að enginn ágreiningur væri heima fyrir um málið og að hv. þm. hefði ráðfært sig við Guðmund Inga Kristjánsson oddvita í Mosvallahreppi og að hann vissi manna best hvað væri sveitarfélaginu fyrir bestu í þessum efnum. Það dreg ég ekki í efa, að Guðmundur Ingi veit mætavel hvað hann telur sveitarfélaginu vera fyrir bestu í þessum efnum. En það breytir ekki þeirri staðreynd, að eftir þeim fskj. að dæma, sem prentuð eru með frv., *hefur verið ágreiningur um málið.*

Ég hef aldrei heyrt og hef enga trú á því, að Guðmundur Ingi Kristjánsson léti frá sér fara orðalag eins og hér er um að ræða ef ákvörðun eða umsögn um þetta mál hefði verið algjörlega samhljóða í hreppsnefndinni. Ég hef aldrei heyrt tekið til orða á þann hátt, að ályktun hafi verið samþ. með samhljóða meiri hl. atkv. Hafi enginn ágreiningur verið um málið, ekkert mótatkv., hefur málið verið samþ. shlj., en ekki með samhljóða meiri hl. Ég kann þá illa fundarsköp ef hér er rétt með farið. En ég verð að trúa því sem prentað er með þskj. þangað til annað kemur þá fram. Sama má segja um fskj. II. Þar er talað um meiri hl. jarðanefndar: Meiri hl. hefur samþ. — (Gripið fram í.) Það hefur ekkert komið fram. Það kemur ekki fram í þeim fskj. sem hv. flm. frv. hafa talið ástæðu til þess að láta prenta með frv., væntanlega til þess að sanna að ekki sé um neitt ágreiningsmál að ræða. Ég hygg að það hafi verið ætlun hv. flm. með prentun þessara fskj., að þeir væru með því að leggja þær sannanir á borðið sem sýndu að ekki væri um neinn ágreining að ræða, en ekki eitthvað allt annað.

Varðandi afstöðu eins nm. í jarðanefnd, þ. e. a. s. Birkis Friðbertssonar í Botni, þá held ég, án þess að ég vilji fullyrða neitt um það, að frir liggi hrein afstaða hans í málinu nú og liggi fyrir grg. um afstöðu hans í málinu. Það er eitt af því sem ég tel vera ástæðu til að málið verði athugað betur, að sumir hverjir, a. m. k. þeir sem um þetta mál hafa fjallað, hafa væntanlega komið auga á hluti, sem geta orkað tvímælis um að þetta mál sé endilega knúið í gegn á þessu þingi.

Ég held, eða a. m. k. er það mitt mat, að þau gögn, sem fyrir liggja með frv., beri með sér að ágreiningur er um málið heima fyrir. Og það eru einnig sterk rök í máli sem þessu, eins og rn. heldur raunar fram, að það er ekkert sjálfsagt mál að selja þessum einstaklingi, núverandi bónda á Kirkjubóli, sem er leiguliði þar, þessar tvær jarðir, væntanlega — skulum við segja — í því skyni að hann verði einhvern tíma eigandi að Kirkjubóli, þannig að þá sé hægt að sameina þessar jarðir. Ekkert slíkt liggur fyrir. Hæstv. landbrh. greindi frá því sjálfur áðan, þrátt fyrir það sem fram kom í máli hv. 1. flm. frv. um að vilyrði hefðu verið gefin rn. um að Bjarni fengi Kirkjuból, að engin slík vilyrði hefðu verið gefin í hans nafni né að hann hafi gefið þau. Ég skildi hæstv. ráðh. svo, að gefið hefði verið í skyn að það væri um eitthvað slíkt að ræða, ef ekki, þá hefur hæstv. ráðh. misskilið líka. Er þá kannske skiljanlegt að ég misskilji, ef hæstv. ráðh. er ekki betur inni í málinu en þetta.

Ég held sem sagt að ekki sé hægt að afgreiða

þetta mál á jafneinfaldan hátt og mér virðist hv. flm. halda: Hér er einungis um heimild að ræða, við samþykkjum bara málið, það verður ráðh. sem verður hengdur fyrir ef hann framkvæmir heimildina. — Hv. flm. hljóta að flytja málið í þeim tilgangi, að þeir vilji að það nái fram að ganga eins og það er lagt fram. Það hlýtur að vera vilji þeirra, að málið komist í gegn og verði framkvæmt eins og þeir leggja til.

Ég hef sagt það hér áður, að ég er ekki með þessari afstöðu minni til þessa á nokkurn hátt að leggja stein í götu þess, að þessi ungi bóndi á Kirkjubóli geti athafnað sig þar eins og hann telur sig þurfa til þess að geta búið blómlegu búi. En ég held að frv., eins og það er núna á þessari stundu, verði ekki til þess að leysa þau vandamál sem um er að ræða heima fyrir.

Þá hefur það verið fullyrt, bæði af hv. 1. flm. frv. og hv. meðflm. Sighvati Björgvinssyni hér áðan, að hreppsnefnd hafi boðið Jóni Guðjónssyni bónda á Veðrará að útvega honum slægjur annars staðar, en hann hafi hafnað því. Þessi fullyrðing barst í tal á fundi Vestfjarðaþm. með Jóni Guðjónssyni. Ég vænti þess, að hv. 1. flm. frv. muni svör hans við þessari spurningu, hvort hér væri rétt eftir haft. Hann neitaði þessu alfarið. Og ég hef ekki ástæðu til þess eða a. m. k. vil ekki, án þess þá að fá frekari upplýsingar um málið, ætla að hann hafi vísvitandi farið með ósannindi, en mér heyrist hv. 1. flm. og raunar 3. flm. frv. líka láta að því liggja, vegna þess að báðir þessir þm. heyrðu svar Jóns Guðjónssonar þar sem hann neitaði þessu, að hann hafi ekki farið með rétt mál En hann hefur sem sagt borið þessi ummæli til baka.

Það væri býsna athyglisvert, ef hægt væri að fá upplýsingar um það sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni áðan, hvort með því að Jón Guðjónsson bóndi á Veðrará hafi — að því er ég held — ótvíræðan leigusamning í gildi og hafi nýtt landið á undanförnum árum hafi hann áunnið sér einhvern rétt gagnvart landinu, þó að hann hafi notað það sem leiguliði. Ég veit ekkert um það og er ekki svo fróður að ég geti neitt um það fjallað, en mér þætti vænt um að heyra, ef einhver hv. þm. hér inni er svo fróður um þessa hluti, að hann gæti upplýst það. Það verður ekki um deilt, að Jón Guðjónsson á Veðrará hefur leigusamning á þessu landi til ársins 1981, og þó að hér sé sagt að heimaaðilar — að mér skilst hreppsnefndarfulltrúar heima fyrir — hefðu ekki undirritað samning, þá held ég að slíkt gæti ekki breytt gildi hans. Þar skiptir fyrst og fremst máli hvort sá aðili — þ. e. a. s. ríkið — sem á jörðina, hefur að fullu gengið frá samningi við leigutaka. Ég a. m. k. lít svo á að þessi leigusamningur sé í gildi. Ég heyri á hv. flm., a. m. k. sumum hverjum, að þeir draga það í efa. Ég skal ekki deila við þá um það.

Ég vil sem sagt ítreka það sem ég hef áður sagt, að ég sé ekki neitt sem knýr á um að þetta frv. verði afgreitt hér og nú. Ég held að bóndanum á Kirkjubóli, þeim sem nú er, séu nánast allir vegir færir, a. m. k. í náinni framtíð, þó að skipan mála verði óbreytt. En ég undirstrika alveg sérstaklega, að að bóndanum á Veðrará er mjög þrengt verði það gert sem hér er lagt til, og eins og umsögn ráðunauta Búnaðarsambands Vestfjarða ber vitni, þá telja þeir að með framkvæmd á þessu verði afkomumöguleikar hans mjög svo skertir frá því sem nú er. Ég held því að menn ættu að fara sér hægt í þessu. Ég held að það væri affarasælast. Ég hef meira að segja grun um það, án þess að ég vilji neitt fullyrða, að orðið sé annað viðhorf sumra manna í jarðanefnd þar vestra en var í upphafi, menn hafi kannske við nánari athugun á málinu sannfærst um að þetta var ekki jafnsjálfsagt og þeir kannske í fljótu bragði töldu að væri. Ég ítreka því, að ég vænti þess, að þd. geti fallist á það, og þá kannske fyrst og fremst hv. flm. frv., að athuga þetta mál ögn betur áður en látið verður á það reyna að hert sé á þennan hátt að þeim einstaklingi sem hér er fyrst og fremst að veist, ef nota má það orð — kannske er of mikið sagt. Alla vega verður þessi ráðstöfun til þess að þrengja mjög svo möguleika hans til þess að búa áfram og þá fyrst og fremst með það í huga að hafa kúabúskap og auka mjólkurframleiðslu. Hún mundi fyrst og fremst skerðast.

En menn segja að vísu, og ég heyrði báða hv. flm. segja það, að hér sé aðeins um heimild að ræða. Og hv. flm., einn þeirra þriggja, Sighvatur Björgvinsson, sagði áðan: Það verður á valdi ráðh., hvenær þetta verður notað, ef slík heimild verður samþ. — Ég vil skilja það svo, að verði frv. samþ., heimild um sölu þessara jarða, þá sé það á valdi viðkomandi ráðh., hvort og þá hvenær slík heimild verður notuð. En ég undirstrika að ekki er bara um það að ræða, eins og hv. flm. vilja vera láta, að þeir geri þetta fyrir sterkar beiðnir annars staðar frá, en það sé síðan ráðh. sem verði að koma til og skera úr. Þetta hlýtur að vera flutt með það fyrir augum af þeirra hálfu, að þeir vilji að málið nái fram að ganga eins og það er flutt. Og ég ítreka það, að ég er andvígur málinu og mun greiða atkv. gegn því komi það til atkv. hér.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það, að ég kvað mér hljóðs aftur við þessa umr., sem ég hafði ekki hugsað mér að gera, stafar af því, að mér þótti rétt að gera tvær aths. við ræður tveggja flm. frv. sem hér hafa talað.

Annars vegar er aths. varðandi vefengingu á gildi þess samnings, sem Jón Guðjónsson á Veðrará hefur við rn., sem kom fram í ræðu hv. 8. landsk. þm. Mér er ekki fullkunnugt um það, hvort sömu ákvæði gilda, þegar jörð er byggð einhverjum ákveðnum manni, um uppáritun hreppsnefndar og e. t. v. jarðanefndar, hvort sömu ákvæða er krafist þegar jarðir eru leigðar til skemmri tíma. En allt um það hefur rn. viðurkennt samninginn í reynd með því að taka á móti árlegum greiðslum vegna afnota af jörðinni samkv. samningi. Þá kemur það líka fram sérstaklega í umsögn landbrn., þar sem segir — hún er undirrituð af Gísla Brynjólfssyni: „þar sem Kirkjuból er komið aftur í byggð virðist ástæða til að leigja jarðir þessar Bjarna ef hann óskar þess þegar þær losna úr leigu.“ Þannig staðfestir rn. í þessari umsögn sinni að þær eru í leigu. Þetta atriði er því skýrt.

Annað var það sem mér fannst vera ástæða til að gera aths. við og hv. síðasti ræðumaður vék aðeins að. Það var nokkurn veginn nákvæmlega eins orðað hjá báðum ræðumönnum, að hreppsnefnd hefði boðið jarðnæði til leigu, en því hefði verið hafnað. Er varla hægt að skilja það öðruvísi en því hafi verið hafnað af bóndanum á Veðrará. Ég vil taka sérstaklega fram, að mér er kunnugt um að hann hefur ekki hafnað neinu slíku. En úr því að farið er að ræða þetta mál svo ítarlega, þá er rétt að geta þess, að hreppsnefnd gerði á s. l. ári tilraun til að sameina tvær nálægar jarðir Ytri-Veðrará. Þær eru báðar litlar. Þær voru ekki setnar allt árið, þær voru sem sagt ekki í ábúð. En eigendur þessara jarða voru þá báðir búsettir á Flateyri, sátu þar um það bil hálft árið, nytjuðu þar hlunnindi, en fluttu báðir lögheimili á jarðir sínar og teljast þess vegna nú ábúendur. Þess vegna er ekki grundvöllur fyrir því, að þarna sé um að ræða sameiningu.

Það er hér verið að spyrja beinlínis um það, hvort hægt sé að fj jarðnæði frá ári til árs. Það, sem gerir vandamálið fyrst og fremst flókið, er það sem ég drap á áðan, að ég vildi ekki að Bjarni Kristinsson kæmist í þá aðstöðu t. d. að verða að breyta búskaparáformum sínum. Bóndinn á Veðrará stendur frammi fyrir nákvæmlega því sama, að verða að breyta búskaparáformum sínum vegna þess að hann hefur ekki jarðnæði til frambúðar.

Í sambandi við þær deilur, sem hér hafa komið upp um það, hvort menn séu einhuga í þeirri afstöðu sem hreppsnefnd og jarðanefnd mótuðu hlýtur að sjálfsögðu að verða að viðurkenna að meiri hl. ræður. Sú umsögn segir til um það, hver vilji nefndarinnar er sem heildar. Hitt er líka rétt, að ekki eru menn alveg á sama máli um þessa hluti. Ég hygg að rétt sé að segja, að menn eru á sama máli um það, að þeir vildu margt til vinna að menn stæðu ekki upp af búum sínum vegna þess að þarna rekast á hagsmunir manna. Ég hygg að menn séu allir sammála um það. En hins vegar eru menn ekki sammála um það, hvort það hafi verið unnið að lausn þessa máls eftir réttum leiðum og teknar ákvarðanir á réttum tíma, hvort ekki hefði verið hægt að ná vænlegri árangri með því að taka málin skipulega fyrir í heild. Um það eru skiptar skoðanir, en ekki um hitt, að menn vilji allir á eitt leggjast um að viðhalda þessari búsetu. Þess vegna er afstaða mín eins og hún var áðan. Ég tel að þegar til lengri tíma er litið þurfi tvímælalaust að stækka það land sem bóndi á Kirkjubóli hefur til nytja. Ég tel líka að leysa þurfi hitt vandamálið í leiðinni. Ég vænti þess sem sagt, að rn. gangist fyrir því, að þetta mál verði leyst í heild áður en það notar heimild sem það e. t. v. kynni að fá hér á þinginu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Löggæslurumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 514, n. 635). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. N. fjallaði um þetta frv. og bar það saman við kort og fskj., sem frv. fylgdu, og samninga á milli hlutaðeigandi sveitarfélaga. Á þeim fskj. byggði n. niðurstöðu sína. Hún er sú, að n. mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sala jarðarinnar Staðar í Súgandafirði, frv. (þskj. 611). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Ég flyt hér frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Stað í Súgandafirði. Það fylgir með tillgr., að söluverði jarðarinnar verði varið til þess að kaupa embættisbústað fyrir prest á Suðureyri. Nú er það að vísu svo, að Staður í Súgandafirði hefur verið þekkt prestssetur um aldir. Þar hafa margir merkir prestar setið. Þó hafa þær breytingar orðið á búsetu, að eðlilegra þykir að prestur í þessu prestakalli sitji á Suðureyri.

S. l. 5—6 ár hefur prestur ekki setið á Stað. Hann hefur setið á Suðureyri, þegar prestakallinu hefur ekki verið þjónað frá aðliggjandi sóknum. Jörðin hefur um langan aldur ekki verið nytjuð af presti allar götur síðan 1940, nema að mjög litlu leyti. Allan þennan tíma hefur Þórður Ágúst Ólafsson búið á jörðinni og nytjað hana og hefur þó aldrei notið þar neinna réttinda, hefur mátt búast við því eiginlega hvenær sem er að verða að standa upp af henni. Það þótti fyrir rúmum áratug, eða 1965, bera brýna nauðsyn til að byggja embættisbústað á þessari jörð vegna þess að bæði var sá bústaður, sem var fyrir, orðinn gamall og tiltölulega lélegur sem og að bóndi á jörðinni og prestur þurftu að deila því húsi á milli sín. Svo gerðist það 1975, að íbúðarhús bónda brann og átti hann þá í ekkert hús að venda. Þá vildi svo til að húseignin eða embættisbústaðurinn var ekki nýttur af presti, og leystist þetta mál þess vegna á þann veg, að ábúandi flutti í embættisbústaðinn.

Það er langt síðan tilmæli komu frá Suðureyrarhreppi eða íbúum þar um að flytja prestssetrið að Suðureyri. Það mun og vera vilji heirra, sem hug hafa haft á að gegna prestsþjónustu þar og hafa gegnt þar prestsþjónustu, að sitja í þorpinu sjálfu. Þar fer saman ósk heimamanna og skoðun kirkjuyfirvalda. Hins vegar hefur ekki tekist að fá fjárveitingar til þess að reisa embættisbústað á Suðureyri vegna þess að embættisbústaður er fyrir á Stað. Ég vil skjóta því inn hér, að mér hefði þótt koma til greina að leggja niður embættisbústaðinn og gera hann að hverju öðru íbúðarhúsi á ríkisjörð. Mér virðist að samkomulag hafi ekki náðst um það og verið sett það skilyrði, að embættisbústaðurinn yrði seldur eða honum komið í verð. En það hefur ekki verið fyrir hendi vilji ábúanda jarðarinnar Þórðar Ágústs, að kaupa húsið eitt út af fyrir sig, nema þá fylgdi í kaupunum jörðin sjálf. Þess vegna er þetta frv. flutt, til þess fyrst og fremst að geta komið til móts við þær óskir, sem uppi hafa verið um að prestssetrið sjálft verði formlega flutt að Suðureyri, sem og hitt: að tryggja áframhaldandi búsetu á jörðinni með því að ríkisstj. fái heimild til þess að selja þetta fornfræga setur.

Ég vil taka það fram, og tel ástæðu til þess að minnast á það sérstaklega, að Þórður Ágúst á að sjálfsögðu orðið nokkuð mikil verðmæti í þessari jörð, vegna þess að hann hefur sjálfur á eigin kostnað betrumbætt hana á marga vegu. Ég legg því til, hæstv. forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til landbn. Mér þætti vænt um ef landbn. gæti hraðað störfum með tilliti til þess, hve skammur tími er eftir af þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 534 n. 660 og 668) — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Allt frá þeim tíma sem Stofnlánadeild landbúnaðarins varð fyrst að taka við verðtryggðu lánsfjármagni, en það mun hafa verið 1970, hefur stjórn deildarinnar barist fyrir því, að þessum aukna kostnaði yrði mætt að verulegu leyti með verðjöfnunargjaldi, þar sem svo mikill kostnaður á þá aðila, sem í framkvæmdir hafa farið síðan, hefði orðið þeim svo þungur baggi að fáir mundu hafa staðið undir honum, en hins vegar hefðu þeir, sem búnir voru að framkvæma áður, grætt á þessum aukna kostnaði framkvæmdaaðilanna. Ástæðan fyrir þessu er að vaxtaliður verðlagsgrundvallarins er meðaltalstala sem hækka mundi tiltölulega lítið og yrði aðeins brot af vaxtakostnaði þeirra bænda, sem í framkvæmdum standa, en aftur á móti nytu þeir bændur hækkunarinnar sem búa við eldri uppbyggingu. Hefði sú leið verið farin hefði hún skapað gífurlegt misræmi innan bændastéttarinnar sem ekki er hægt að búa við.

Þetta frv., ef að lögum verður, mun leysa að nokkru leyti þetta vandamál. Þó geri ég ráð fyrir að brátt fyrir 1% verðjöfnunargjald, sem í frv. felst, verði samt mikill mismunur á lánskjörum og kostnaði hinna einstöku bænda sem leiðir til mikils tekjumunar sem ekki er hægt að þoka. Er því líklegt að hækka þurfi verðjöfnunargjaldið síðar. Ástæðan fyrir þessu er stóraukin verðtrygging og hærri vextir af öllu því fé sem Stofnlánadeildin á kost á að fá, og þegar við þetta bætist 35% hækkun á byggingarkostnaði á milli ára, þá þarf engum að koma á óvart það misræmi sem af öllu þessu leiðir. Harma ber að ekki náðist um það samkomulag að flytja frv. eins og n. gekk frá því.

Vaxtaokrið í bjóðfélaginu er orðið slíkt að það stenst ekki til lengdar. Það lamar atvinnureksturinn í landinu að meira eða minna leyti, dregur stórlega úr framleiðslugetu á mörgum sviðum, en er verulegur verðbólguvaldur, verkar því gagnstætt þeim börfum bjóðarinnar að auka framleiðslu og verðmætasköpun í landinu og draga úr verðbólgu. Þó efast ég um að þetta vaxtaokur komi eins illa við nokkurn atvinnuveg og landbúnað þegar á heildina er litið, en það er of langt mál til þess að ræða um það hér.

Fyrir nevtendur skiptir það ekki neinu máli, hvort hluti af kostnaðinum er tekinn sem verðjöfnunargjald, eins og lagt er til í þessu frv., eða lánskjörin væru þyngd einvörðungu með aukinni verðtryggingu og hækkuðum vöxtum. Það hefur sömu hækkunaráhrif og vöruverð, hvor leiðin sem farin er eða hvort þær eru farnar allar að hluta til, eins og stefnt er að með þessu frv.

Stofnlánadeildin getur ekki tekið á sig neitt af kostnaði af lánum sem hér eftir eru tekin. Hún á nóg með að standa undir þeim mismun sem þegar er orðin. Þó lánskjör útlána Stofnlánadeildar hafi verið þyngd á undanförnum árum er það ekki þó í samræmi við þann kostnað sem deildin býr við. Er svo komið að vextir og verðbætur af teknum lánum nema hærri upphæð en deildin fær af útlánum. Fer munurinn vaxandi ár frá ári, svo engin leið er að bæta meiru á Stofnlánadeildina.

Aðrar umtalsverðar breytingar en verðjöfnunargjaldið, sem þetta frv. hefur í för með sér, er að gert er ráð fyrir að Stofnlánadeildin hætti að veita lán til íbúðarhúsabygginga í sveitum og að slík lán verði veitt eftir næstu áramót úr Byggingarsjóði ríkisins, sem eftir þessa breytingu mun lána til allra íbúðarbygginga í landinu, enn fremur að jarðakaupalán verði framvegis veitt úr Stofnlánadeild landbúnaðarins. Fram að þessu hefur þetta verið veitt úr veðdeild Búnaðarbankans, en Stofnlánadeildina vantar allt fjármagn til þess að taka við þessum lánaflokki og verður að bæta úr því.

Landbn. hv. d. ræddi frv. á fundum sínum. Hún boðaði framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins á sinn fund, þá Sigurð E. Guðmundsson og Skúla Sigurðsson. Einnig voru boðaðir á fund n. framkvæmdastjóri Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Stefán Pálsson, og ráðunevtisstjórinn í landbrn., Sveinbjörn Dagfinnsson.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt með einni breytingu sem er á þskj. 660 og er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Á eftir 10. gr. komi ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir samþærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingasjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda.“

Þessi till. er flutt vegna þess að húsnæðismálastjórn ríkisins lánar ekki til að lagfæra og endurbæta gamlar íbúðir, en það hefur Stofnlánadeildin gert og við telium að það hafi gefist mjög vel í flestum tilfellum. N. telur það spor aftur á bak ef slíkum lánveitingum verði nú hætt, og því er þessi till. flutt.

Benedikt Gröndal, hv. þm., skilar séráliti og Eðvarð Sigurðsson skrifaði undir með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Ég er í minni hl. í landbn. og get ekki stutt þetta frv., eins og fram kemur í nál. á þskj. 668.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er nú rekin með halla, þar sem fjármagnskostnaður hennar er meiri en tekjur, eins og fram kom í máli frsm. n. Þetta verður að sjálfsögðu að leiðrétta og tryggja framtíð deildarinnar áður en í óefni er komið.

Sams konar og svipuð vandamál eru til viðar í þjóðfélagi okkar, og í öðrum atvinnugreinum og almennum viðskiptum hafa þau nú undanfarið samkv. stefnu núv. ríkisstj. verið leyst með vaxtahækkunum. Hefur óðaverðbólga síðustu ára leitt til hinna háu vaxta sem nú tíðkast. Hlutverk þeirra er eða á að vera að draga úr óarðbærri fjárfestingu og verðbólgugróða, en óneitanlega leggst vaxtabyrðin mjög þungt á allan rekstur svo og á íbúðabyggjendur.

Það er hýsna fróðlegt þegar áhrifamenn í stjórnarliðinu, eins og hv. frsm. landbn., tala í ræðu á Alþ. um vaxtaskrið sem þeir telja réttilega vera algerlega óþolandi, og lýsa með ljótum orðum áhrifum þess. En það er ekki hægt að gera annað en vísa þeim til félaga sinna sem styðja núv. ríkisstj. og stefnu hennar, því að þeirra væri að bæta úr eða sjá svo um að þjóðin losnaði við þetta vaxtaokur.

Frv. gerir ráð fyrir að vextir á útlánum Stofnlánadeildarinnar, sem nýlega hafa verið hækkaðir, verði ekki hækkaðir á ný eins og efni standa til, heldur verði lagt 1% gjald á heildsöluverð allrar búvöru og komi það í staðinn fyrir vaxtahækkanirnar. Sagt er að þetta komi í einn stað fyrir neytendur, þar sem hærri vextir mundu hafa hækkunaráhrif á verðgrundvöll búvöru, og hef ég ekki ástæðu til að vefengja þá fullyrðingu.

En þessi aðgerð er að ýmsu leyti sérstæð og mun valda því, að atvinnuvegir sitji ekki við sama borð í vaxtamálum. Mætti ekki eins leggja gjald á allar íslenskar iðnaðarvörur til þess að greiða niður vexti Iðnlánasjóðs? Kæmi þá ekki til greina að leggja fast gjald ofan á fasteignaskatt til að lækka vexti Húsnæðismálastofnunar ríkisins? Þannig mætti lengi telja, ef aðrir ættu að fara inn á þá sömu braut sem hér er haldið. Raunar mismunar þetta 1% gjald bændum sjálfum, því að það styður þá, sem eru skuldugir, á kostnað hinna, sem lítið skulda.

Hv. frsm. meiri hl. landbn. og formaður hennar sagði að vegna byrðarinnar, sem þeir verða að bera er standa í framkvæmdum væri óþolandi misræmi fyrir hendi í landbúnaðinum, og skal ég svo sannarlega ekki mótmæla því. Mér er fullkomlega ljóst, að sérstaklega ungir menn, sem hyggja á stofnun býla, eiga mjög erfitt. En misræmi af þessu tagi er fyrir hendi í öllum stéttum og öllum starfsgreinum þjóðfélagsins. Því má hv. meiri hl. ekki gleyma. Þetta misræmi er á milli þeirra, sem standa nú í framkvæmdum og verða að taka lán, hvort sem er í atvinnuvegum eða til einkanota, t. d. húsbygginga, gagnvart öðrum sem hafa lokið slíkum framkvæmdum fyrir nokkrum árum.

Jöfnunargjaldið leggur þunga hárra vaxta á neytendur, en dregur að sama skapi úr þeim áhrifum sem hljóta að vera tilgangur hávaxtastefnunnar, ef hún hefur þá nokkurn tilgang, að draga úr framkvæmdum og þar með hugsanlega aukinni framleiðslu á sama tíma sem offramleiðsla í landbúnaði er viðurkennt vandamál. Með því að leggja þetta jöfnunargjald á heildsöluverð búvöru hækkar að krónutölu álagning smásöluaðila á þessar vörur. Við það hækkar verðið til neytenda meira en sem gjaldinu nemur.

Annað meginatriði þessa frv. er að flytja allar lánveitingar til íbúðarhúsa í sveitum til Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Það tel ég vera skipulagslega skynsamlegt, enda þótt um ýmislegt, t. d. stærð íbúða, þurfi að gilda aðrar reglur varðandi húsnæði í sveitum en í þéttbýli. Hins vegar er ekki eitt orð um það í frv. eða grg. Þess, hvar Húsnæðismálastofnunin á að fá fé til að standa undir þessum lánveitingum. Er gert ráð fyrir, miðað við meðaltal nokkurra síðustu ára, að reistar séu um 100 íbúðir á ári í sveitum, en lán til þeirra mundu við núverandi aðstæður nema um 360 millj. kr.

Fram kom á nefndarfundum að Húsnæðismálastofnun ríkisins er hlynnt því, að allar lánveitingar til íbúðarbygginga séu á einum stað, og er því reiðubúin til að taka að sér umrætt verkefni, en með því skilyrði, að henni verði séð fyrir fé til að geta veitt bændum jafngóða þjónustu í þessum efnum og Stofnlánadeildin hefur gert til þessa. Ég tel það vera mikinn ábyrgðarhluta að afgreiða þetta mál þannig að í raun og veru sé ekkert gert til þess að tryggja fjármuni svo að Húsnæðismálastofnunin geti staðið undir þessu nýja verkefni.

Einn af tekjustofnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins er skyldusparnaður, nema hvað í sveitum rennur skyldusparnaðurinn til Stofnlánadeildarinnar. Ekki er gert ráð fyrir að breyta þessu þótt lánveitingar til íbúðarhúsa í sveitum verði fluttar. Um þetta eru ákvæði í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Allt þetta stuðlar að því, að ég hef ekki treyst mér til þess að styðja frv.

Ég vil að lokum minna hv. stjórnarsinna á, að þeir eru, að því er við í stjórnarandstöðunni best fáum séð, orðnir býsna léttúðugir er þeir leggja sífellt á ný gjöld. Það er hvert gjaldið á fætur öðru að birtast og öll þessi gjöld, sem e. t. v. eru ekki veigamikil í þjóðarbúskapnum hvert fyrir sig, hlaðast á herðar neytenda og þau lyfta vísitölunni og verðbólgunni upp. Í dag er jöfnunargjald í sambandi við Stofnlánadeild landbúnaðarins, og hv. frsm. meiri hl. var svo heiðarlegur að boða það, að honum virtist að fljótlega mundi verða þörf á því að hækka það. Samkv. öðru frv., sem var hér á dagskrá fyrr í dag, en kom ekki til umr., á að leggja nýtt gjald á iðnaðarvörur sem ekki liggja neinar upplýsingar fyrir um. Og ég vil benda á að þessi eilífa gjaldlagning er veigamikill háttur í stöðugri verðbólgu og að menn ættu að hugsa um það, þegar verið er að leggja gjöld á, hvort sem er þetta gjald eða önnur, hve mikil tilhneiging er til þess að halda gjöldunum áfram og afnema þau aldrei þegar einu sinni er búið að leggja þau á. Það er hætta sem menn skyldu hafa í huga. Því hefði ég talið skynsamlegt að fara ekki inn á þá braut að leggja á ný gjöld í þeim tilgangi sem hér er um að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ljósmæðralög, fsp. (þskj. 444). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef á þskj. 444 leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp. til heilbr.- og trmrh.:

„Hvað líður framkvæmd lagaákvæða um kjör ljósmæðra, sbr. lög nr. 39 25. maí 1976?"

Lagafrv. um breytingu á ljósmæðralögum var flutt fyrst á Alþ. 1972 af hv. þm. Páli Þorsteinssyni og fyrirspyrjanda. Síðar varð hv. þm. Halldór Ásgrímsson fyrri flm. þessa frv. óbreytts.

Aðaltilgangurinn var sá að afnema hin gömlu og alls úreltu ákvæði um ákvörðun á launakjörum ljósmæðra með því að færa ákvörðunina yfir á svið kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Þetta var gert með þessari lagabreytingu, sem var samþ. á Alþ. 14. maí 1976.

Í öðru lagi var tilgangurinn sá að tryggja ljósmæðrum eðlilegt orlof eins og öðrum opinberum starfsmönnum. 2. gr. laganna fjallar einmitt um það atriði. Þar segir að ljósmóðir eigi rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn. Áður voru engin ákvæði um þetta varðandi kjör ljósmæðra. Á orlofsframkvæmdinni hafði einnig orðið mikill misbrestur og ljósmæður voru þar í raun réttri réttindalausar.

Nú hefur það víða gerst, að við hinar nýju heilsugæslustöðvar hafa ljósmæður gengið inn í flest störf eða verið ráðnar sem héraðshjúkrunarkonur þar sem á hjúkrunarkonum hefur ekki verið völ, en nauðsyn verið brýn, en hinar, sem sitja uppi með skyldur og ærna ábyrgð, hafa litla sem enga leiðréttingu fengið. Mér er næst að halda, þó að ég viti það ekki, að við kjarasamninga á s. l. hausti hafi einmitt þessu atriði um ljósmæðurnar verið frestað, og mér er tjáð að sú frestun standi enn. Ef svo er, þá væri gott að fá skýringu á því, hvernig á því standi. En vonandi er að þetta séu rangar upplýsingar og málið sé komið á rekspöl. Við það yrði ekki unað ef málið stæði enn fast þrátt fyrir þessi lög um að kjörin skuli ákveðin með kjarasamningum eða af Kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna, því að ábyrgð og skyldur eru miklar. Ríkir og snarir þættir í starfi þessara ljósmæðra er skoðun og leiðsögn ýmiss konar. Það er leitað mikið til margra þeirra þó svo viðkomandi konur fæði á fæðingarstofnun.

Það verður að fá úr því skorið, hvers vegna ekki fæst ákvörðun samkv. þessum lögum. Það er engin launung á því, að sumar ljósmæður telja, að ekki sé nógu fast á eftir ýtt af eigin stéttarfélagi, og aðrar telja, að barna muni eitthvað vera að hjá rn., en ákvörðun þarf að fást sem fyrst. Mér eru nærtækust dæmi á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Mikil spurning er um það, hvort ljósmæðurnar þar vilja vinna lengur í þessari algeru óvissu og við þau ósæmandi kjör sem hær búa þar við. Þess vegna hef ég leyft mér að bera þessa fsp. fram til hæstv. ráðh. um það, hvers sé að vænta eða hvort lausn málsins sé kannske nú á lokastigi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Lög nr. 39 1976 voru staðfest 25. maí það ár og tóku þá þegar gildi. Daginn eftir, hinn 26. maí 1976, voru staðfest lög nr. 29 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og tóku þau lög gildi 1. júlí 1976. Í samræmi við þau lög kvað kjaranefnd upp úrskurð 16. júlí það ár um sérkjarasamning fjmrh. og Ljósmæðrafélags Íslands tímabilið 1. júlí 1976 til 30. júní 1978. Er störfum ljósmæðra raðað þar í 4 launaflokka, þ. e. a. s. B 9, B 11, B 13 og B 15. Nýtt ákvæði er um 15% álag á laun þeirra ljósmæðra sem starfa á læknislausum starfsstöðum eða umdæmum. Þá er í úrskurðinum ákvæði um nefnd, sem ákveða skuli hvaða hluti úr fullu starfi teljist fylgja hverju ljósmóðurumdæmi samkv. ljósmæðralögunum frá 1933, sbr. lög nr. 39 1976.

Í lögum þeim, sem hér er spurt um, er enn fremur ákvæði til bráðabirgða. Þar segir að á árinu 1976 skuli hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í umdæmi, gera tillögur um breytingar og leita samþykkis ráðh. á þeim. Rn. skrifaði öllum sýslumönnum landsins og kallaði eftir endurskoðun þessari og till. til breytinga, ef einhverjar væru. Svör bárust seint og illa. Eftir ítrekaðar fsp. rn. er þó svo komið nú, að af 18 sýslumönnum, sem skrifað var, hafa 14 svarað og yfirleitt viðrað till. til breytinga í þá átt, að störf ljósmæðra flyttust inn á heilsugæslustöðvar í viðkomandi sýslu. Þar til svo gæti orðið er yfirleitt lagt til að umdæmi stækki, enda vantar mikið á að öll umdæmi séu nú setin.

Eins og stendur er verið að vinna úr þessum svörum í rn. og þá að sjálfsögðu með það í huga, að störf þessi verði í framtíðinni fyrst og fremst tengd fæðingarstofnunum og heilsugæslustöðvum. Meðan við búum enn við kerfi umdæmisljósmæðra að einhverju leyti er nauðsynlegt að hafa reglur um ákveðið starfshlutfall til launa í hverju umdæmi, eins og ákveðið er í 8. gr. fyrrnefnds úrskurðar kjaranefndar.

Nefnd sú, sem skipuð var samkv. úrskurðinum, hefur skilað áliti. Hlutverk þeirrar nefndar var tvíþætt: Í fyrsta lagi að ákveða, hvaða hluti úr fullu starfi teljist fylgja hverju ljósmóðurumdæmi. Í síðara lagi að ákveða, hvaða umdæmi eða starfsstaðir ljósmæðra teljist læknislausir í skilningi 7. gr. ofangreinds úrskurðar kjaranefndar. Og nm. voru allir sammála um eftirfarandi:

Að viðhalda gildandi grundvelli fyrir útreikningi á launum ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða. Þrátt fyrir ýmsa galla á núverandi fyrirkomulagi fann nefndin ekki aðra heppilegri valkosti. Laun ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða verða því þannig frá 1. jan. á þessu ári, að miðað við að fjöldi íbúa í umdæmi sé allt að 300 er hlutfall starfs 9.51. Dæmi um annan fjölda íbúa: Séu 451—500 íbúar er hlutfallið 10.72 og séu 1101—1150 íbúar er það 14.66. Fyrir hverja 50 íbúa fram yfir 1150 fá þær 0.30%. Er ljósmóðir í umdæmi hefur gegnt starfi í 3 ár skal hún fá að auki greitt 1.61% mánaðarlauna, en 3.22% hafi hún starfað 6 ár.

7. gr. í úrskurði kjaranefndar hljóðar þannig:

„Ljósmæður, sem starfa á læknislausum starfsstöðum eða umdæmum, skulu fá greitt 15% álag

á föst laun meðan læknisleysið varir. Umdæmi eða starfsstaður telst læknislaus sé ekki séð fyrir daglegum aðgangi að læknisþjónustu við venjulegar aðstæður."

Nefndin telur ekki ástæðu til að breyta þessari túlkun á læknislausum stöðum þar eð kjaranefnd hefur tjáð sig í því máli. Þessar niðurstöður nefndarinnar hafa nú væntanlega verið lagðar til grundvallar launagreiðslum til ljósmæðra í samræmi við úrskurð kjaranefndar. Nefndin starfar áfram og endurskoðar launagrundvöll árlega eða oftar, eins og í úrskurðinum er ákveðið.

Í nefndinni eiga sæti formaður frá heilbrrn., Ingibjörg R. Magnúsdóttir deildarstjóri, frá landlækni Ingimar Einarsson fulltrúi, frá launadeild fjmrn. Brynjólfur Jónsson launaskrárritari og frá Ljósmæðrafélagi Íslands Ása Marinósdóttir ljósmóðir, Árskógsströnd, og Vilborg Einarsdóttir ljósmóðir, Höfn, Hornafirði. Eftir því sem formaður nefndarinnar tjáði mér var ekki ágreiningur í nefndinni um þessar till.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég fagna því, að *nefndin skuli hafa skilað þessu áliti.* Ég get nú ekki í fljótu bragði áttað mig á því, hvað þetta þýðir, þessar tölur sem hæstv. ráðh. nefndi varðandi hluta úr starfi, sem var það atriði sem aðallega var spurt eftir, því að ég vissi að búið var að raða þessu í launaflokka áður. En ég fagna því sem sagt, ef komnar eru í framkvæmd þessar launagreiðslur til kvennanna, — eða þá koma núna í framkvæmd og verka aftur fyrir sig frá og með 1. jan. þessa árs — því að það er full ástæða til þess.

Ýmsir vankantar hafa orðið á framkvæmdinni í þessum efnum þar sem ljósmæður eru í umdæmum þar sem svo háttar til að héraðshjúkrunarkonur eru. Það er mér kunnugt úr mínu nágrenni, þar sem kaupstaður t. d. í heilsugæsluhéraði reynir að komast hjá því að greiða sinn hluta af ljósmæðralaunum, en hinn hluti umdæmisins, sem er aftur hreppur sem er í sýslufélagi, sér auðvitað um sitt áfram í gegnum sýslusjóð. Þannig þarf margt fleira að athuga í þessu, sem er auðvitað hlutverk þessarar stéttar að reyna að fá lagfæringu á og verður ekki við rn. sakast í þeim efnum. Ég er hins vegar alveg sammála því, að það eigi að færa þessi störf sem allra mest inn í heilsugæslustöðvarnar og koma þeim þar fyrir, þó að það sé ekki nema að hluta til. Sums staðar hefur þetta verið að öllu leyti. En aðalatriðið er það, eins og ég tók fram í fsp., að þetta sé komið á hreint með þessu.

Ég get ekki dæmt um það hversu réttlátt þetta launahlutfall er sem ljósmæður hljóta nú í þessum umdæmum, því að hér er auðvitað um mis*stór umdæmi að ræða þrátt fyrir allt og íbúafjöldinn einn segir þar auðvitað ekki allt af eðlilegum ástæðum. En aðalatriðið er að þetta komi nú á hreint og ljósmæður geti þá gengið að launum sínum á hennan hátt, en séu ekki lengur í óvissu.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör og fyrir frumkvæði rn. í þessum efnum. Það er ljóst, að ekki hefur á því staðið. Þá eiga ljósmæður það góða aðild að þeirri nefnd, sem endurskoðar þetta, að ég efast ekki um að þær hafi staðið þannig að málum að viðunandi hljóti að vera þegar komið er í framkvæmd.

Símamál, fsp. (þskj. 440). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 440 hef ég leyft mér að bera fram tvær fsp. til hæstv. samgrh. um símamál. Svo sem kunnugt er hafa margar till. komið fram í þessum málum á liðnum árum og fjöldi fsp. Leitað hefur verið að leiðum til að auka og endurbæta þjónustu Pósts og síma úti um byggðir landsins, einnig reynt eftir föngum að finna ráð til þess að landsmenn allir geti haft sem jafnasta aðstöðu að þessu leyti, bæði hvað þjónustu, gæði og kostnað snertir. Enn er langt í land að svo sé, þó nokkuð þokist í áttina eftir því sem tímar líða.

Fsp. lýtur að því, hvenær komið verði á fót örbylgjusambandi milli Ólafsvíkur og Stykkishólms eða m. ö. o. frá Stykkishólmi út á nesið. Örbylgjusímasamband er að sjálfsögðu best, bæði hvað snertir öryggi og gæði þjónustunnar. Einföld örbylgja er nú komin til Stykkishólms. Athygli mín var sérstaklega vakin á því, að oft kæmi fyrir að bátar af Snæfellsnesi væru taldir vanrækja tilkynningarskylduna. Við nánari athugun var þetta talið koma til af því, að bátar á Breiðafjarðarmiðum ættu sérstaklega erfitt um vik að koma boðum frá sér til að fullnægja tilkynningarskyldunni, eins og mér hafa verið tjáð dæmi um. Eins hefur komið fyrir að tekið hefur langan tíma að koma boðum í land ef slys hafa orðið um borð í bátum. Þetta mun vera að færast í eitthvað betra horf núna, en þó er ástæða til þess að fá um þetta skýr svör, hvers sé að vænta í þessum efnum.

Nýlega voru ræddar hér á Alþ. fsp. *um símamál* frá hv. 2. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Norðurl. v. Fram kom hjá fyrirspyrjendum að stefna bæri að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld giltu innan sama númerasvæðis, þ. e. a. s. að þeir símanotendur, sem hafa sama svæðisnúmer gætu talað sín á milli í einu „skrefi", eins og er á höfuðborgarsvæðinu. Af svörum hæstv. ráðh. kom fram að stefnt væri í þessa átt og nokkuð hefur þegar áunnist. Nú hagar svo til um Dalasýslu, að hún er eina héraðið í Vesturlandskjördæmi sem er á svæði nr. 95. Að öðru leyti er Vesturland allt á svæði nr. 93. Það gefur auga leið, að Dalasýsla hefur mun meira samband við önnur byggðarlög á Vesturlandi auk höfuðborgarsvæðisins en aðra landshluta. Nýtur hún því ekki góðs af því, þó að gjöld verði jöfnuð innan sama svæðis, sem nú er stefnt að, enda hef ég heyrt að símgjaldakostnaður væri óvíða svo hár sem í Dalahéraði, þótt ég hafi ekki kannað það sérstaklega. Það er því vert að spyrja um og kanna, hvort það hérað gæti ekki tengst númerasvæði Vesturlands þar sem það á í raun og veru heima.

Ég endutek fsp. mínar til hæstv. ráðh.:

„1. Hvenær er áformað að koma á fót ör-

bylgjusambandi frá Stykkishólmi til Ólafsvíkur?

2. Hvaða ráðstafanir þarf að gera til að tengja Dalahérað símasvæði Vesturlands, nr. 93?“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Svar mitt er á þessa leið:

1. Áformað er að bæta símasambandið á milli Stykkishólms og Grundarfjarðar og Ólafsvíkur í tveimur áföngum. Á fjárl. fyrir árið 1978 er gert ráð fyrir jarðsímalögn frá Grundarfirði til Ólafsvíkur. Á árinu 1979 er gert ráð fyrir radíósambandi frá Stykkishólmi til Grundarfjarðar. Á þennan hátt er ódýrast að bæta símasamband og fjölga línum milli nefndra staða á næstu tveimur árum.

2. Til þess að tengja sjálfvirku símstöðina í Búðardal og þar með Dalahérað símasvæði 93 þarf eftirfarandi aðgerðir:

a. Radíósamband milli Búðardals og Stykkishólms með tilheyrandi fjölsímum, sem er áætlað að kosti 29 millj. kr.

b. Jarðlögn frá Búðardal að Saurum með tilheyrandi smáhýsi og raflögn, rúmar 8 millj. Annar kostnaður er 1.7 millj., svo að þetta eru alls 39 millj. kr.

Þessi upphæð er ekki á fjárl. nú. Auk þess skal upplýst, að breyting sú, sem hér um ræðir, útheimtir númerabreytingu í Búðardal og þar af leiðandi þarf þessi breyting að eiga sér stað um leið og ný símaskrá er gefin út. Verður stefnt að því að koma þessu verki í framkvæmd fyrir útgáfu símaskrár á árinu 1979.

Fyrirspyrjandi (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. samgrh. greið svör við spurningum mínum. Ég fagna því, að stefnir í rétta átt á næstu tveim árum. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta, en vil aðeins endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh. og fagna því, að þessi mál virðast vera á réttri leið.

Hundraðföldun á verðgildi íslenskrar krónu, fsp. (þskj. 453). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. viðskrh. á þskj. 453 um hundraðföldun á verðgildi íslenskrar krónu. Fsp. hljóðar þannig:

„Hefur ríkisstj. til athugunar gjaldmiðilsbreytingu þannig að verðgildi íslenskrar krónu hundraðfaldist í samræmi við þáltill. sem vísað var til ríkisstj. með jákvæðri umsögn á síðasta þingi? Ef svo er, hversu langan tíma tekur að undirbúa gjaldmiðilsbreytinguna og hvernig er fyrirhugað að hún verði framkvæmd?“

Sú þáltill., sem vísað er í í þessari fsp., var flutt á síðasta þingi, eins og áður segir. N., sem afgreiddi hana, komst að þeirri niðurstöðu, að með hliðsjón af þeim athugunum, sem fram hefðu farið, væri n. sammála um réttmæti þess, að athugun sú, sem þáltill. gerði ráð fyrir, færi fram og þá sem liður í umfangsmeira verki er miðaði að því að auka virðingu fyrir gjaldmiðli og styrkja hann á annan hátt. Þetta nál. var gefið út af hv. fjh.- og viðskn. Nd., dags. 27. apríl í fyrra.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er ekki hægt að segja, að ríkisstj. hafi nýlega rætt þetta mál eða tekið afstöðu til þess. Eftir að till. var vísað til ríkisstj. s. l. vor leitaði rn., í maímánuði 1977, umsagnar Seðlabanka Íslands um málið. Barst svo bráðabirgðasvar frá Seðlabankanum, dags. 3. apríl s. l., og ég hef verið undir það búinn þennan tíma, sem síðan er liðinn, að lesa upp þetta bráðabirgðasvar, en fsp. hefur ekki komist að fyrr en þetta. Ég get lesið nokkuð upp úr þessu bráðabirgðasvari. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands hafa, svo sem kunnugt er, verið gerðar umtalsverðar breytingar á seðla- og myntútgáfu á undanförnum áratugum án þess þó að breytingar væru gerðar á sjálfri mynteiningunni, en tillögur um gjaldmiðilsbreytingu á árinu 1962 náðu ekki fram að ganga. Í stað þess að gera allsherjarmyntbreytingu hefur á þessu tímabili verið stefnt að því að endurskoða mynt- og seðlastærðir í því skyni að draga úr kostnaði og auka hagkvæmni í notkun seðla og myntar í viðskiptalífinu. Mikilvægasti þátturinn í þessum breytingum hefur verið niðurfelling smámyntar minni en 1 kr., en með þeim hætti hafa í reynd verið strikaðir út tveir aukastafir í öllum fjárhæðum sem notaðir eru í bókhaldi og viðskiptum. Með þessum hætti hefur að verulegu leyti verið náð þeirri beinu hagkvæmni sem hundraðföldun á verðgildi krónunnar hefði í för með sér.“

Síðan er svo í þessu bráðabirgðasvari vikið að því, að vegna verðbólgu og annarra ástæðna geti verið ástæða til þess að huga nánar að því nú að gera myntbreytingu. Í lokin segir í þessu bráðabirgðasvari — og er gerð líka grein fyrir því að það kosti nokkurn tíma og fyrirhöfn að koma þessu í kring:

„Til frekari skýringar er rétt að geta þess, að í fyrsta lagi getur verið unnt að breyta myntkerfinu í ársbyrjun 1980, enda sé þá ákvörðun um breytinguna tekin í síðasta lagi á næsta hausti og nauðsynleg löggjöf afgreidd á haustþingi. Enginn vafi er á því, að æskilegast er að gjaldmiðilsbreyting geti orðið þáttur í heildarátaki til að draga úr þeirri alvarlegu verðbólgu sem geisað hefur hér á landi.“

En síðan hefur það svo skeð, að 21. apríl fæ ég viðbótarsvar frá Seðlabankanum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér vísum til bréfs vors frá 3. apríl s. l. vegna fsp. Lárusar Jónssonar alþm. til viðskrh. um hundraðföldun á verðgildi krónunnar og fyrri grg. bankans um þessi mál — svo og fyrri skýrslu og umræðna um mynt- og seðlamál. Hér með sendist yður álitsgerð bankastjórnar Seðlabankans um endurskipulagningu seðla- og myntútgáfunnar og hugsanlega aukningu á verðgildi krónunnar. Hefur hún nú verið rædd í bankaráði Seðlabankans sem lýst hefur samþykki sínu við birtingu hennar.“

Er þar m. a. gerð grein fyrir þeim breytingum, sem óhjákvæmilega verður að gera á seðla- og myntstærðum, og sú skoðun látin í ljós, að nú sé rétti tíminn til að taka afstöðu til þess, hvort taka skuli upp nýja mynteiningu.

Jafnframt er nokkur grein gerð fyrir hugsanlegri framkvæmd gjaldmiðilsbreytingar og lýst þeirri undirbúningsvinnu sem fram hefur farið til þessa, og fylgja till. að útliti og gerð nýrrar mynt- og seðlaraðar.

Þessi skýrsla, sem fylgir með þessu bréfi, er nokkuð löng. Sé ég mér ekki fært að fara að lesa upp úr henni, enda mun hún verða kynnt af bankastjórn Seðlabankans einmitt í dag fyrir blaðamönnum og fréttamönnum frá fjölmiðlum. Ég geri því ráð fyrir því, að hv. alþm. eigi kost á því að lesa í blöðum eða heyra í fjölmiðlum á morgun hverjar skoðanir Seðlabankans eru á þessu máli. Það er ekki hægt að segja að seðlabankastjórnin taki í grg. beina afstöðu til spurningarinnar, heldur er þetta grg. af hennar hálfu um það, hvernig þetta skuli gert, en ákvörðun ekki tekin, enda er það ríkisstjórnarinnar og löggjafans að taka ákvörðun og málinu vísað þangað. Ég held þó að ekki fari á milli mála að draga verði þá ályktun af þessari grg. Seðlabankans, að stjórn hans sé jákvæð í þesssu efni.

Ekki hefur verið fjallað í ríkisstj. um þessa nýkomnu grg. Seðlabankans. Að sjálfsögðu verður það gert á næstunni og þá tekin afstaða til þessa máls. Ég get að sjálfsögðu ekki á þessu stigi sagt til um það, hvernig sú afstaða muni verða, en ég geri ráð fyrir því, að með því að fá þessa skýrslu Seðlabankans birta geti hv. alþm. áttað sig betur á þessu máli en ella.

Ég læt þetta svar nægja með tilliti til þess, að það eru á leiðinni nánari upplýsingar um þetta.

Benedikt Gröndal: *Herra forseti. Þær upplýsingar varðandi þetta mál, sem Seðlabankinn sendi þjóðinni í gær og ríkisstj. veitir nú Alþ. í dag, eru að sjálfsögðu mjög athyglisverðar. Hugmyndin um að breyta verðgildi peninga hjá löndum, sem hafa átt við erfitt efnahagsástand og mikla verðbólgu að etja, er auðvitað ekki ný. Evrópuþjóðir, eins og Frakkar og Finnar, hafa fyrir nokkrum árum beitt þessum ráðum og er sjálfsagt hægt að læra mikið af þeirra reynslu. Ég hygg að flestir þeir, sem efnahagsmálum eru sérkunnugastir, séu sammála um að breyting á verðgildi peninganna sé í sjálfu sér ekki lækning á meinsemdum þeim, sem við eigum við að stríða, og þess vegna hafi ekki verið meiri áhugi á slíkri breytingu en raun ber vitni undanfarin ár. Það er til lítils að hundraðfalda krónunar ef 30—40% verðbólga heldur áfram. Það er til lítils að sænska krónan verði 55 aurar íslenskir eða eitthvað svoleiðis, ef gildið á að breytast um 30—40% á hverju ári. Hitt tel ég vera rétt, sem fram hefur komið nú síðustu dagana, að ástand efnahagsmála okkar sé orðið svo alvarlegt, þjóðin hafi misst svo verðskyn og virðingu fyrir gjaldmiðli, að það eitt skipti meira máli en nokkru sinni að reyna að rétta við virðingu fyrir krónunni með því að auka verðgildi hennar. En það breytir ekki því, að áður en það verður gert er nauðsynlegt að hafa náð valdi á verðbólgunni og dregið verulega úr hraða hennar.*

Í yfirlýsingu um markmið og leiðir í efnahagsmálum á næstu árum, sem Alþfl. gaf út fyrir örstuttu, er þetta atriði nefnt, en þó sem hið síðasta af tíu atriðum og á þann hátt, að svo fremi sem aðstæður leyfi beri að stefna að því að auka verðgildi krónunnar. En þær aðstæður, sem um er að ræða, verða að vera fyrir hendi. Það getur farið svo, að ákveða verði breytinguna og láta Seðlabankann taka á sig kostnað undirbúningsins, en raunveruleg ákvörðun um það, hvenær breytingin eigi sér stað, verði að fara eftir því, hvernig þróun verðbólgunnar verður, t. d. frá þessu vori og fram til 1980.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. greinargóð svör. Ég vil sérstaklega fagna því, að það kom fram í máli hans og raunar líka í máli bankastjóra Seðlabankans í gær, að bankastjórn Seðlabankans virðist hafa tekið eindregnari afstöðu til þessa máls en hún hefur löngum haft. Svo var, þegar áðurnefnd till. var flutt á Alþ. og var til afgreiðslu í hv. fjh.- og viðskn. Nd., að fyrir lá umsögn frá Seðlabankanum þar sem komu fram rök bæði með og á móti þessu máli, og sjálfsagt má lengi finna þau. En það lítur svo út sem stjórn Seðlabankans sé orðin þessu máli jákvæðari en áður.

Ég hef verið lengi þeirrar skoðunar, að þetta gæti verið ein af þeim aðgerðum sem hægt væri að gera til þess að snúast gegn því mikla verðbólguhugarfari sem gripið hefur um sig núna í nokkur ár meðal þjóðarinnar. Mér finnst að menn geri ekki nægilegan greinarmun á því, hversu það er miklu alvarlegra að verðbólga sé meiri en 30% á ári og það í langan tíma en t. d. *á milli 10 og 15%, eins og hún var löngum áður.* Ég held því að grípa þurfi til nýrra og áhrifaríkari meðala til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar og þetta sé eitt af því sem hægt sé að gera til þess að byrja í rauninni nýtt líf á þessu sviði og það fari fram vorhreingerning í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Síldarverksmiðja ríkisins á Skagaströnd, fsp. — Ísafold, fsp. — Bræðsluskipið Norglobal, fsp. (þskj. 550). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ber fram á sama þskj. þrjár fsp. í nokkrum liðum til hæstv. sjútvrh. Að höfðu samráði við hann og með leyfi forseta vildi ég gjarnan í tímasparnaðarskyni fá að gera grein fyrir þessum fsp. öllum í einni ræðu. Ég bið hæstv. forseta endilega að minnast þess í sambandi við bjölluna sína, að ég tilskil mér þá e. t. v. örlítið lengri tíma, en þó mun embætti forseta græða á þessu fyrirkomulagi.

Í fyrsta lagi leyfi ég mér að spyrja hæstv. sjútvrh. hversu hár sé áætlaður kostnaður við endursmíði Skagastrandarverksmiðju SR. Í öðru lagi, hvernig ætlunin sé að fjármagna fyrrnefndar framkvæmdir á Skagaströnd. Ég er ekki með þessari fsp. á neinn hátt að gagnrýna fyrirhugaðar framkvæmdir á Skagaströnd, en gjarnan vildi ég að menn gerðu sér grein frir því: 1) hversu mikið fé á að leggja í endursmíð hinn-

ar fornu síldarverksmiðju á Skagaströnd þannig að hún verði hæf til þess að vinna loðnu, og 2) hvaðan þeir peningar koma sem eiga að fara í þetta fyrirtæki. Þær upplýsingar gætu menn síðan lagt til grundvallar umþenkingu sinni um þann raunverulega ávinning sem það er fyrir sjávarpláss, þar sem fyrir er þróttmikill útvegur og sæmilega vel rekinn, að fá til viðbótar stórar fiskmjölsverksmiðjur sem kalla til sín vinnuafl á ákveðnum tímum árs, en láta síðan hlé verða á á milli.

Önnur fsp., sem ég ber fram í tveimur liðum, varðar útgerð á vélskipinu Ísafold, sem eins og kunnugt er var gert út á loðnuvertíðinni hér við land s. l. vetur með sérstakri heimild Alþ. Fsp. hljóðar um það, hvar Ísafold hafi landað afla í vetur. Hv. þm. má vera það minnisstætt, að ein af forsendunum fyrir samþykktinni á því, að þetta erlenda skip veiddi í landhelgi okkar í vetur, var sú, að skipið mundi landa afla sínum í verksmiðjur fjarri loðnumiðunum — verksmiðjur sem yfirleitt væru settar hjá við löndun á loðnunni.

Síðari liður þessarar fsp. er um það, hvar útgerðarmenn og áhöfn Ísafoldar greiði opinber gjöld af feng sínum á Íslandsmiðum í vetur. Heyrst hefur, svo að maður leyfi sér nú að nota dálítið almennt orðalag, að þeir Ísafoldarmenn hafi fengið mjög svo ríflegar yfirfærslur af hlut sínum á loðnuvertíðinni hérna í danskar krónur nú í vetur. Má rifja upp í tengslum við þessa fsp. um opinber gjöld þeirra, útgerðarmanna og áhafnar á Ísafold, að svo mun vera um sjávarfang, sem á íslensk skip gefur hér við land, að a. m. k. 75 kr. af hverjum 100 í verðgildi, miðað við verðlag hér, renni í sameiginlega sjóði landsmanna á einn eða annan hátt í gegnum opinber gjöld og óbeina skatta.

Þriðja fsp., sem einnig er í tveimur liðum, varðar síðan hræðsluskipið Norglobal. Spurt er um, hversu háa leigu hinir erlendu eigendur Norglobals fengu frá íslenskum leigutökum í vetur og hvort hægt sé að draga ályktun um hagnað loðnubræðslnanna hér við land af afgreiðslugetu leigutaka Norglobals í þessu sambandi.

Um fsp. vil ég svo ekki orðlengja fremur að sinni.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla eins og hv. fyrirspyrjandi að spara forsetaemættinu tíma með því að svara öllum þremur fsp. í eitt skipti fremur en koma þrisvar í ræðustól til þess.

Þá er svarið við fyrstu fsp., varðandi Skagastrandarverksmiðjuna.

Þegar stjórn Síldarverksmiðja ríkisins ákvað á s. l. hausti að hefja starfrækslu á ný við vinnslu á hræðslufiski í Skagastrandarverksmiðjunni, var kostnaður áætlaður á milli 600 og 700 millj. kr. Síðan þá hafa orðið miklar verðhækkanir. Búið er að panta erlendis öll helstu tæki sem til þarf. Verð þeirra er sem hér segir: Löndunarvogir 27.7 millj. kr. Sjóðari 32.3 millj. Forsía 6.1 millj. Pressa 59.5 millj. Mjölvog 7.0 millj. Mjölskilvindur 30.0 millj. Stækkun soðeimingartækja 50.7 millj. Samtals 213.3 millj.

Framleiðendur tækjanna útvega lán fyrir 67% af kaupverði með 8—9% ársvöxtum. Aðrar framkvæmdir verða unnar af innlendum aðilum og verða þær fjármagnaðar af eigin fé verksmiðjanna með þeim hraða sem efni og ástæður leyfa.

Þá er önnur fsp., varðandi Ísafold. Ísafold HG-209 hefur í vetur landað eftirtöldu magni í verksmiðjur á eftirtöldum stöðum: Siglufjörður 2 202 885 kg, Akureyri 78 541, Vopnafjörður 1 865 140, Seyðisfjörður 961 803, Neskaupstaður 242 890, Eskifjörður 262 310, Reyðarfjörður 735 316, Vestmannaeyjar 3 160 920, Reykjavík 1 986 430, Akranes 244 370. Samtals nam afli Ísafoldar 11 740.6 tonnum. Ísafold tók aldrei þróarrými frá íslenskum skipum og var af loðnunefnd beint til þeirra staða sem vantaði loðnu. Má því segja að afli Ísafoldar hafi verið umframafli sem lengdi starfstíma þeirra verksmiðja sem hér eiga hlut að máli.

Við b-lið fsp. er svarið þetta:

Áhöfn Ísafoldar var eingöngu skipuð Íslendingum sem greiða opinber gjöld á Íslandi. Útgerðarfyrirtækið er hins vegar danskt, þó að Íslendingur eigi þar allstóran hluta, og greiðir opinber gjöld í Danmörku. Ísafold greiddi til flutningasjóðs, en fékk ekkert úr flutningasjóði í staðinn.

Þriðja fsp., a-liður, varðandi Norglobal. Svar við a-liðnum er þetta:

Ekki er unnt að segja nákvæmlega, hverjar verða leigugreiðslur fyrir Norglobal á síðustu loðnuvertíð. Leigusamningurinn var þannig, að Ísbjörninn hf. Reykjavík tók skipið á leigu í 80 daga og átti að greiða 130 þús. norskar kr. í leigu á dag. Leigugjald þetta var miðað við 16.5% mjölnýtingu hráefnis og 1500 tonna afköst á dag, ef nægilegt hráefni væri fyrir hendi. Átti leigugjaldið að hækka eða lækka eftir atvikum, ef farið yrði fram úr þessum viðmiðunarmörkum eða þeim ekki náð. Samkv. upplýsingum Ísbjarnarins hf. hefur lokauppgjör ekki verið gert við eigendur skipsins. Mjölnýting var væntanlega lítið eitt betri en 16.5% sem mun hækka leiguna lítillega. Hins vegar voru afköstin talsvert undir 1500 tonnum á sólarhring og mun það væntanlega lækka leiguna nokkuð meira en nemur hækkuninni vegna nýtingar.

B-liður fsp.:

Ekki er hægt að draga neinar ályktanir í þessa átt, vegna þess hve hér er ólíkum rekstri saman að jafna, bæði milli landverksmiðja innbyrðis og milli þeirra og hræðsluskipsins. Auk þess er ekki vitað hverjar verða endanlegar leigugreiðslur fyrir skipið. Svo eru enn óseldar nokkrar birgðir af loðnumjöli, bæði því sem unnið var í skipinu og í landi.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ætla aðeins í örfáum orðum að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við þessum fsp. mínum. Að vísu finnst mér leiðinlegt vegna þeirra Ísbjarnarmanna, hversu lengi þeir eru að átta sig á því, hvað þeir hafi haft upp úr Norglobal-leigunni í vetur, og veit ég að þar er hæstv. ráðh. alls ekki um að kenna. Ég geri ráð fyrir því, að útvarpsfréttir austan af landi um að m/s Ísafold hafi þann og þann daginn verið að landa í Norglobal kunni að hafa byggst á mis-

skilningi ellegar að þar hafi verið um dulbúin skip að ræða sem hafi verið að landa í Norglobal. Þetta eru raunverulega aukaatriði í málinu, og ég vil síður en svo gefa í skyn að ráðh. hafi ekki svarað eftir því sem hann vissi best til þessum spurningum. Ég ítreka þakklæti mitt til hans.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það eru einkar athyglisverðar upplýsingar sem hér hafa komið fram, að fyrir liggur að mikið á 3. hundrað millj. kr. eigi að setja í Skagastrandarverksmiðjuna svo nefndu og reyna að gera hana nothæfa En þetta er bara ein hlið á málinu. Einnig liggur fyrir sú staðreynd, að öll stærri skipin, sem mundu fyrst og fremst geta þjónað þessari verksmiðju, geta ekki flotið að verksmiðjunni. Það liggur fyrir hjá Vitamálastofnun núna beiðni um að dýpka höfnina þarna, sem að því er mér er sagt kostar tugi millj. kr. og mjög vafasamt er hvort hægt verður að sinna. Það liggur einnig fyrir að engin netaþjónusta er á þessum stað, en allir vita, sem hafa nálægt þeirri þjónustu komið, og einnig útgerðarmenn, að ekki er hlaupið að því að tryggja hana almennilega.

Þá var einnig upplýst fyrir rúmu ári, í ársbyrjun 1977, að 100 millj. vantaði til eða frá til þess að koma Þórshafnarverksmiðjunni í gang, en ómögulegt var að útvega það fé, þó að margar raddir hvettu til þess úr þessum ræðustól að gera það átak.

Mér finnst þetta alveg furðuleg ákvörðun. Það liggur einnig fyrir sem margyfirlýstur vilji þm., sem talað hafa úr þessum ræðustól, að hjálpa skuli þeim á Snæfellsnesi til að koma af stað einni lítilli verksmiðju þar. Þar renna verömæti fyrir tugi millj. í sjóinn á hverri vertíð. En það er ekki hlustað á þá.

Þetta er ein spegilmyndin af því sem helst mætti kalla geggjaða ákvörðunartöku. Við ráðstöfun fjár á Íslandi virðist mér í öllu öfugt að farið. Hér eru slegnir erlendir peningar að láni. Það eru mörg ár þangað til þetta verður af viti gert, það fullyrði ég þegar í stað. — Og það var skrifuð ákaflega góð grein af einum reyndasta útgerðarmanni á Íslandi. Hann rökstuddi fullkomlega að fjarstæða væri að taka ákvörðun í þessu efni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég neyðist til þess að blanda mér lítillega í þessar umr. Ég þarf ekki langan tíma, því að ég ætla bara að tala um eina af fsp. hv. þm. Stefáns Jónssonar.

Ég fagna þeim fréttum, sem ráðh. flutti, að búið er að panta þau tæki sem til verksmiðjunnar á Skagaströnd koma, og þakka upplýsingarnar sem þar komu fram. Í sjálfu sér fagna ég líka sérstaklega þeim áhuga hv. þm. Stefáns Jónssonar að fara að spyrja um þetta sérstaka mál. Ég hefði talið eðlilegra að flokksbróðir hans, Ragnar Arnalds, hefði óskað svara um þetta atriði. Ég vona að þessi fsp. hv. þm. sé ekki til komin af neinum hreppapólitískum sjónarmiðum eða að hann telji þessa peninga eftir á einhvern hátt. Raunar verð ég að viðurkenna, að á öðru þskj. sem hér liggur á borðum okkar, till. til þál. um könnun á atvinnu- og félagsmálum á Þórshöfn, þar sem hv. þm. Stefán Jónsson er einn af flm., segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sú viðbára stjórnar SR á að vega þungt, að fyrirtækinu (SR) sé nauðsynlegt að ráðast í miklar framkvæmdir á Skagaströnd og að það hafi ekki bolmagn til þess að ráðast í meiri fjárfestingar."

Ég held að óþarft sé að vera að telja eftir þessa fjárfestingu á Skagaströnd, og ég held að við eigum að hjálpast að við að endurbyggja þessa verksmiðju fremur en vera að reyna að vinna því máli ógagn.

Ég vil út af ummælum hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar taka fram, að að vísu verður e. t. v. ofurlítið öðruvísi hagað framkvæmdum við höfnina á Skagaströnd en annars hefði verið gert vegna þessarar sérstöku endurbyggingar verksmiðjunnar, en þar hafa staðið yfir, eins og sumir vita, umfangsmiklar hafnarframkvæmdir og eðlilegt er að taka tillit til endurbyggingar verksmiðjunnar og endurskoða áætlanir um hafnargerðina með tilliti til þess.

Skagaströnd er einmitt ákaflega gott dæmi um það, hvernig byggðastefna getur lánast í framkvæmd. Það var sannarlega ekki blómlegt um að litast á Skagaströnd þegar hv. þm. Jón Árm. Héðinsson var einn af þeim sem fóru með stjórn landsins.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég held að það hafi verið alveg óþarfi af hv. síðasta ræðumanni að vera með einhverjar dylgjur í garð Stefáns Jónssonar um afstöðu hans til verksmiðjubyggingar á Skagaströnd. Ekki varð ég var við það, að í máli hans kæmi fram á nokkurn máta að hann væri andvígur þessari framkvæmd.

Varðandi verksmiðjubygginguna sjálfa vil ég láta það koma skýrt fram, að auðvitað er það aðalatriði málsins hvar þessi verksmiðja er staðsett. Það hefur verið sýnt fram á það, að brýn þörf er á að auka bræðslu á þessu svæði, og sýnt fram á það með sterkum rökum, að uppbygging verksmiðju á Húnaflóasvæðinu gæti verulega aukið það magn af loðnu, sem brætt væri á hverju ári, og kæmi þjóðarbúinu öllu þar af leiðandi til mikilla tekna. Ég hef ekki tíma til að rekja þessa útreikninga, en þarna er um mjög háar fjárhæðir að ræða.

Varðandi það, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði hér áðan, að stærstu skipin gætu ekki lagst upp við verksmiðjuna á Skagaströnd, þá er það út af fyrir sig rétt. Á þessu vakti ég athygli við afgreiðslu fjárl. í vetur, að finna yrði fjárveitingu til að dýpka höfnina á Skagaströnd. Ég var einmitt með till. um að svo yrði gert með ákveðinni fjárveitingu til þess verks, en till. náði ekki fram að ganga. Hins vegar er mér kunnugt um að gert hefur verið ráð fyrir því, að þessi dýpkun hafnarinnar færi fram í vetur. Ég veit satt að segja ekki betur en hún hafi staðið yfir, þessi ákveðna dýpkun sem þm. gerði að umtalsefni, hún hafi staðið yfir á undanförnum vikum, þó ég viti ekki nákvæmlega hversu langt því verki hefur miðað eða hvernig fjármagns hefur verið aflað til þess. Það er

önnur saga. En ég veit ekki betur en að þessu hafi verið unnið að undanförnu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Eg hafði ekki ætlað mér að taka til máls öðru sinni, en tel mig til knúinn vegna ræðu hv. þm. Páls Péturssonar.

Svo vill nú til, að Skagaströnd er þrátt fyrir allt innan íslenskrar efnahagslögsögu. Þessi hv. þm. Norðurl. v. verður því að una því, að þm. úr öðrum kjördæmum fái að minnast á þann stað. Ég get heitið honum því, að fara ekki nánar út í feimnismál hans kjördæmis, en ég gaf honum enga átyllu til þess að ætla það, að ég hefði borið fram fsp. þessa í sambandi við vandræði þeirra Þórshafnarbúa. Enda þótt ég sé meðflm. að þáltill. þeirri er hann gat um hér áðan, þá bar ég fyrst og fremst fram frv. í Ed. um að ríkisstj. yrði gert að leita eftir kaupum á síldarverksmiðju á Þórshöfn á Langanesi og ef kaup gengju saman, þá yrði náttúrlega Síldarverksmiðjum ríkisins falið að reka þessa verksmiðju. Í sambandi við það mál var ekki, ef mig minnir rétt, hvorki í greinum né í grg., minnst einu orði á Skagastrandarverksmiðjuna — alls ekki. En ef það eitt að minnast á þessa verksmiðju og fyrirhugaðar framkvæmdir þar telst að viti hv. þm. vera andmæli gegn því, að hún verði reist, og þar með talið allar þær upplýsingar sem kynnu að koma fram við þær umr., að þær hljóti að hníga gegn framkvæmdinni, þá er það hans privat og persónulega mat. Hitt er annað mál, að það er ákaflega athyglisvert fyrir þm. að fá upplýsingar sem þessar, m. a. um greiðslugetu Síldarverksmiðja ríkisins. Ef við setjum þessar upplýsingar í eðlileg tengsl við þær upplýsingar sem við fengum um hagnaðinn, þó loðnar væru, ekki nógu fullkomnar, hagnaðinn af rekstri Norglobal og hagnaðinn af því að taka þennan bræðslufisk á Íslandsmiðum yfirleitt af þessum almenningi okkar, þá kynnu menn að fara að fá hráefni í merkilegar hugleiðingar um þýðingarmikil atriði í sambandi við fjárhag Íslendinga og þá ekki Húnvetninga privat og persónulega fyrir sig.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég heyrði því miður ekki þegar þessar umr. hófust, en það, sem ég hef heyrt, gaf mér tilefni til þess að fara hér upp og segja örfá orð.

Ég tel að það þurfi alls ekki að vera af neinni andstöðu við þetta mál að spurt sé um það, og þetta mál er auðvitað ekkert einkamál okkar Húnvetninga eða þeirra sem næst standa. Þetta er framkvæmd sem er ákveðin af stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, og sú stjórn er ekki skipuð af Húnvetningum. Það er vegna þess, hve Skagaströnd liggur vel við miðum á sumarvertíð og haustvertíð og fram yfir áramót, að það fyrirtæki telur mikla nauðsyn á að endurbyggja loðnubræðsluna á Skagaströnd. Það eru þær röksemdir sem til liggja. Verksmiðjubyggingin verður auðvitað fjármögnuð af eigin fé þeirrar stofnunar, Síldarverksmiðja ríkisins. Sú stofnun á ekki mikinn kost á lánsfé og fjármagnar það af eigin fé. Ég er ekki með hér við höndina kostnaðaráætlanir um þetta verk, en þær hafa farið nokkuð hækkandi við endurskoðaða áætlun. Af þeim sökum kann að þurfa að fara þarna nokkru hægar en fyrst var stefnt að, en þá var gert ráð fyrir að verkinu yrði lokið fyrir 1. ágúst.

Hér hefur verið talað um hafnarmálin í sambandi við þessa framkvæmd. Nú er unnið að því verki og hefur verið gert frá því um áramót með þeim hætti að dýpka höfnina, þannig að loðnuskipin gætu lagst að.(**StJ:** Það er langt í Grundartanga.) Kemur það lítið Grundartanga við, þó að það mannvirki virðist vera á heilanum á hv. þm. sem situr hér beint fyrir framan mig. Hafnarmannvirkin verða gerð með það fyrir augum, að loðnuskipin geti lagst þarna að, enda er það nauðsyn til þess að loðnubræðslan sem slík komi að fullum notum.

Ég skal svo ekki lengja þetta að öðru leyti en því, að ég tel raunar ástæðu til að fagna því, að hv. þm. úr öðrum kjördæmum sýna þessu máli áhuga og virðast vilja styðja framgang þess.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er sýnilegt, að áætlun upp á 600—700 millj. kr. um endurgerð þessarar verksmiðju hækkar í 1 milljarð eða meira á endanum. Það, sem ég er að gagnrýna hér er röðun á framkvæmdum og ákvörðunartaka. Það er það sem ég er að gagnrýna. Það er oft búið að gera það. Við höfum ekki ótakmarkað fjármagn. Ég benti á það, að fyrir rúmu ári var upphæð varðandi framkvæmdir í verksmiðjunni á Þórshöfn yfir 100 millj. Ég undirstrika að varðandi Snæfellsnes var minnst á 500—700 millj. Þar fer í súginn verðmæti sem nemur tugum millj. eða meira á þessari vertíð, og ekkert er gert. Þetta segi ég hiklaust að sé röng ákvörðunartaka. Alþm. verða að standa upp á þingi og mótmæla svona ákvörðunum.

Það hef ég líka fyrir satt, nema nýlega hafi orðið breyting á, að djúprista allra stærri skipanna sé 17 fet og meira, en hámarksdýpi átti að vera þarna 17—18 fet eftir áætluninni. Það kann þó að hafa breyst síðustu daga. Það þarf að fara upp í 20 fet til þess að þau hafi nóg dýpi, ella komast þau ekki að. Það eru einmitt þessi skip sem sækja afla á þessum árstíma og tryggja verksmiðjunni væntanlegt hráefni, svo að hér er ekki lítið mál á ferðinni.

Einnig vil ég vekja athygli á því, að til er svokölluð loðnunefndarskýrsla þar sem alfarið er lagst gegn svona fjárfestingu. Einn manna í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins, sennilega formaðurinn núna, skrifar undir þessa skýrslu. Þetta er því undarleg ákvörðunartaka, vægast sagt.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að þetta eru einhverjar þær heimskulegustu umr. sem ég hef nokkurn tíma hlýtt á, og er þá mikið sagt, því að þetta er ekki fyrsti fundur sem ég sit með þeim sem hér hafa talað. Hvað veit hv. 1. landsk. þm. um arðsemi þeirra framkvæmda sem nú er verið að ráðast í á Skagaströnd? Ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut. Hvað veit hann um djúpristu þeirra skipa sem ætla að landa þar? Ekki nokkurn skapaðan hrær-

andi hlut. Hvað veit hann um hafnarframkvæmdir sem nú er ráðist í þar? Ekki nokkurn skapaðan hræranda hlut. Ákvörðunartakan, segir hann, er röng. Hann veit ekkert um það. Hann hefur engar forsendur til að byggja á.

Svona er allt þetta tal. Hvar á því að linna? Vill ekki hæstv. forseti gá að því að slíta þessum umr., þannig að fleiri gefist ekki kostur á því að verða sér til skammar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er nú ansi gott að hv. þm. Sverrir Hermannsson skyldi fara að vanda um við okkur. Hann hefur sannarlega efni á því. Ég held að hann sé eini maðurinn sem hefur staðið í 9 klukkustundir í þessum ræðustól án þess að segja orð af viti. Þar fyrir utan er hann búinn að þvæla um z fund eftir fund og sagt þar margt skemmtilega að vísu, en misviturlega.

Hvað varðar feimnismál í kjördæmum manna, þá vil ég benda hv. þm. Stefáni Jónssyni á það, að ég held að það séu engin feimnismál á Skagaströnd og ég veit raunar ekki um þau á Norðurl. v. Og ég fagna því, ef hv. þm. og þm. og við allir erum sammála um endurbyggingu verksmiðjunnar á Skagaströnd, því að *ég held að þetta þjóðfélag eigi að minum* dómi að byggjast á atvinnulífi eins og er á Skagaströnd núna, ekki atvinnulífi eins og var á Skagaströnd í tíð viðreisnarmanna. Þá hafði hv. 1. landsk. þm. tíma til þess að koma á framfæri ákvarðanatökum sínum í atvinnumálum dreifbýlisins og þjóðarinnar allrar og öðrum framkvæmdum.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég leyfi mér að minna hv. alþm. á að halda sig við þær fsp. sem til umr. eru, en ekki önnur mál.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í raun og veru var þetta grínræða, og þarf ekki að svara henni, hjá 3. þm. Austurl. Hann virðist vera villtur í þokunni og muni aldrei þaðan komast. En það vita allir menn, sem á sjó hafa farið, að stærri loðnuskipin hafa djúpristuna 17—18 fet og fara ekki að bryggju nema þar sé aðdýpi meira en nemur 17—18 fetum. Það liggur fyrir, að slíkt er ekki fyrir hendi og verður ekki *fyrir hendi nema leggja í tugmilljóna* framkvæmdir. Og arðsemisútreikningar liggja fyrir varðandi þessa verksmiðju eins og aðrar í loðnuskýrslunni og eru mjög gaumgæfilega gerðir. Hins vegar liggur ljóst fyrir núna, að þessi ákvörðunartaka hefur verið einhver sú vitlausasta hjá stjórn SR sem um getur, því menn muna það sumir, að í fyrra lá smátæki, lífsnauðsynlegt í reksturinn, vikum saman á hafnarbakka og var ekki hægt að leysa það út, en það kostaði fáeina tugi millj. kr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins minna hv. ræðumenn á það, að Síldarverksmiðjur ríkisins starfa samkv. sérstökum lögum og það voru samkv. þeim lögum byggðar verksmiðjur á sinni tíð. Þessum verksmiðjum Síldarverksmiðja ríkisins hefur verið mismunandi vel haldið við. Það hafa verið miklir erfiðleikar í rekstri í mörg ár, þangað til nú síðustu árin að hagur verksmiðjanna hefur batnað mjög. Þá hefur fyrst og fremst verið stefna síldarverksmiðjustjórnar að kaupa ný tæki til þeirra verksmiðja sem fyrir eru, bæta nýtingu þeirra.

Hvað Skagaströnd viðvíkur, þá hefur sú verksmiðja ekki verið í starfrækslu árum saman. Þar eiga Síldarverksmiðjur ríkisins allmiklar eignir. Töluvert af því fjármagni, sem fer í þessa verksmiðju, fer í tæki sem er auðvitað hægt, eins og áður hefur gerst, að flytja á milli síldarverksmiðja og á milli landshluta þegar breyting verður á veiðum.

Ég ætla ekki að gagnrýna stjórn Síldarverksmiðja ríkisins fyrir þessa ákvörðun. Hún verður auðvitað að standa sjálf fyrir því að verja þessa ákvörðun sem hún tók gagnvart Skagaströnd, en hún var tekin í síldarverksmiðjustjórn af fulltrúum allra þeirra flokka, sem þar eiga sæti, og sömuleiðis af fulltrúum atvinnuveganna, sem eiga einnig sæti í síldarverksmiðjustjórn, annar sem fulltrúi sjómanna og hinn sem fulltrúi útgerðarmanna.

Í sambandi við það sem hv. 1. landsk. þm. sagði varðandi verksmiðjuna á Snæfellsnesi, þá er það alls ekki rétt að ekkert hafi verið gert *í því máli. Þar eru mikil vandkvæði á að taka* ákvörðun, vegna þess að Snæfellingar hafa ekki komið sér saman um byggingu einnar verksmiðju á ákveðnum stað, heldur eru tvö félög stofnuð um tvær verksmiðjur. Og það kemur auðvitað alls ekki til greina að fara að byggja tvær verksmiðjur á Snæfellsnesi. Hitt hefði verið æskilegasta leiðin, að byggja þar eina verksmiðju, og það er auðvitað það sem stendur til að gera, en þetta ósamkomulag hefur haft í för með sér tafir eða réttara sagt hefur orðið togstreita á milli staða, eins og oft á sér stað.

Ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel það rétta stefnu hjá *Síldarverksmiðjum ríkisins að gera* þær verksmiðjur, sem þær eiga, eins vel úr garði og hægt er, bæta nýtingu þeirra. Það er til hagsbóta ekki eingöngu fyrir síldarverksmiðjurnar sjálfar, heldur ekki síður fyrir sjómenn og útgerðarmenn sem skipta við þessi fyrirtæki. Mín skoðun er sú, þó nýjar verksmiðjur kunni að rísa, að ekki sé mikil þörf fyrir margar fleiri verksmiðjur. Þó viðurkenni ég alveg fullkomlega sérstöðu Snæfellsness, *og ég hef áður lýst yfir* því, bæði á Snæfellsnesi og annars staðar, að ég tel að það eigi að byggja þar verksmiðju. Sú verksmiðja á að mínum dómi að vera fyrst og fremst í höndum útgerðarmanna, sjómanna, verkamanna og fólksins á Snæfellsnesi, en jafnframt á auðvitað að skapa þessari verksmiðju skilyrði til að fá lánsfé til að byggja hana upp. Þetta er það sem ég álít að sé langeðlilegast að gera, en ekki *færa sífellt út Síldvarverksmiðjur* ríkisins. Þessar verksmiðjur eiga miklu frekar að vera í höndum þeirra aðila sem hafa mesta þörf og mestan áhuga á að reisa þær, en það á aftur að vera skylda samfélagsins að fjármagna þær þannig að þær fái lán alveg til jafns við ríkisverksmiðjur í þessum efnum. (Gripið fram í.) Það þarf auðvitað að taka ákvörðun um það á öðrum hvorum staðnum. En hins vegar er það hygginna manna háttur að reyna samkomulags-

leið til hlítar. Við í sjútvrn. höfum kallað þessa aðila báða saman til fundar. Það hefur ekki gengið saman með aðilum, en nú fer að koma að úrslitum málsins.

Umræður utan dagskrár.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli á máli, sem hljótt hefur farið og varðar mjög hagsmuni bænda. Þar á ég við útflutningsgjald af dilkakjöti. Í því sambandi verð ég að fá tækifæri til að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. landbrh.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vandamál landbúnaðarins hafa verið mjög í sviðsljósinu nú í seinni tíð. Það er ljóst, að bændur hafa orðið að búa við stórlega skert kjör, svo að vantað hefur árlega 25—30% til að laun þeirra jöfnuðust á við kjör svonefndra viðmiðunarstétta. Tekjulægstu bændur hafa vafalaust verið í hópi þeirra landsmanna sem búið hafa við allra lökust kjörin.

Ástæða þess, að þetta vandamál hefur farið vaxandi, er auðvitað í fyrsta lagi það öngþveiti í efnahagsmálum sem ríkt hefur hér á landi á undanförnum árum og þá sér í lagi verðbólguskeið núv. stjórnar, en verðbólguþróunin hefur að sjálfsögðu komið mjög þungt við efnahag bænda. Í öðru lagi er um að ræða skipulagsleysi og stefnuleysi í framleiðslumálum landbúnaðarins, sem lengi hefur verið ríkjandi hér á landi, en augu margra eru nú loks að opnast fyrir.

Það er rétt að vekja á því athygli í þessu sambandi, að engin veruleg framleiðsluaukning hefur orðið á kindakjöti á undanförnum árum. Það er ekki af þeirri ástæðu sem vandamál er nú fyrir hendi. Árið 1975 var heildarframleiðslan í landinu um 14700 tonn, en hún var á s. l. ári um 14000 tonn.

Astæðan er fyrst og fremst sú, að sala innanlands hefur dregist saman, og á það sér ýmsar skýringar: Í fyrsta lagi minnkaðan kaupmátt launa meðal fólksins við sjávarsíðuna. Í öðru lagi minnkaðar niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum. Í þriðja lagi hækkandi söluskatt sem hefur gert þessar vörur dýrari en ella þyrfti að vera, og má á það minna að t. d. er ekki söluskattur á sjávarafurðum. Afleiðingin hefur orðið sú, að neyslan hefur dregist nokkuð saman, sérstaklega á árunum 1976 og 1977.

Án þess að fjölyrða frekar um þetta vandamál má aðeins á það minna, að vandinn hefur vaxið verulega þar sem úrlausnin hefur dregist. Til þess að draga úr þessum vnada hefði strax á s. l. ári, ekki síðar en á s. l. hausti, þurft að fella niður söluskatt á kjötvörum og gera markaðsáætlun sem stefndi að því að komast hjá verulega auknum útflutningi. Ráðamenn landbúnaðarmála virðast hins vegar hafa snemma gefist upp á því að koma í veg fyrir, að bændur yrðu fyrir stórfelldum skell af völdum þessa markaðsvandamáls, og hafa lítið annað gert en hlýða á þetta. Bændur hafa þó allan þennan vetur hamrað á þeirri kröfu sinni, bæði á stéttarsambandsfundum og á almennum fundum um allt land, að söluskattur yrði afnuminn af kjötvörum, en þeir hafa, eins og kunnugt er, talað fyrir daufum eyrum. Nú virðast afleiðingarnar af þessu uppsafnaða vandamáli vera að dynja yfir af fullum þunga.

Spurst hefur að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafi sent kaupfélögum og öðrum sláturleyfishöfum um allt land kröfu um greiðslu útflutningsgjalds af kindakjöti — kröfu sem nemur í mörgum tilvikum 60—70 millj. kr. á sláturleyfishafa og allt upp í 150 millj. kr. Gjald þetta mun nema um 70 kr. á hvert kg dilkakjöts, þ. e. a. s. rétt um 1000 kr. á meðaldilk, og það þýðir fljótt á litið að bóndi með meðalsauðfjárbú fær á sig skell af völdum þessarar ákvörðunar sem nemur öðru hvorum megin við ½ millj. kr. Þetta mun vafalaust mörgum bóndanum þykja æðiiskyggileg tíðindi, að ekki sé meira sagt. Segja má að með þessari gjaldtöku, um og yfir ½ millj. kr. á lítið bú, sé raunverulega verið að kippa rekstrargrundvellinum undan afkomu slíkra búa, og það er greinilegt að hér er á ferðinni slíkt vandamál fyrir fjöldann allan af bændum að ekki sér fyrir endann á.

Vegna þess að þetta mál hefur alls ekki verið upplýst í fjölmiðlum og mér er ekki kunnugt um að nein tilkynning hafi verið send út um þetta mál, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. nokkurra spurninga í þessu sambandi, en þessar spurningar hef ég þegar látið hann fá. Þær eru þannig:

1. Er það rétt, að ákvörðun hafi verið tekin um innheimtu útflutningsgjalds af kjöti sem nemur 70 kr. á hvert kg dilkakjöts og 35 kr. á kg ær- og hrútakjöts?
2. Ef svo er, gerir landbrh. sér ljósa grein fyrir því, hversu gífurleg kjaraskerðing er fólgin í þessari ákvörðun fyrir þá sem sauðfjárbúskap stunda?
3. Er það ætlun ríkisstj., að sauðfjárbændur beri slíkan skell án nokkurra gagnráðstafana til að rétta þeirra hlut?
4. Eru engar frekari ráðstafanir fyrirhugaðar til að auka sölu á dilkakjöti innanlands?
5. Eru engar ráðstafanir fyrirhugaðar til að skipuleggja betur framleiðslu á dilkakjöti innanlands í því skyni að samræma betur framboð og eftirspurn á innlendum markaði?

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vona að mér leyfist að víkja nokkuð að því, sem hv. fyrirspyrjandi bar hér fram, áður en ég svara beint spurningum hans, því að þar ræddi hann almenns eðlis mál og byggði ekki á mikilli þekkingu, enda er ég ekkert hissa á því, þó að svo væri.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. taldi að ríkisstj. hefði ekkert gert landbúnaðinum til stuðnings nú á þessu eða s. l. ári. Hv. þm. telur að það hafi ekki verið til stuðnings landbúnaðinum, að á miðju sumri í fyrra voru niðurgreiðslur auknar um 1500 millj. kr., sem varð til þess að auka sölu á innanlandsmarkaði. Hann telur að það hafi ekki heldur verið til stuðnings landbúnaðinum þegar ákveðnar voru ullarniðurgreiðslurnar. Þær hafa staðið í nokkur ár, en hafa þó verulega verið hækkaðar á s. l. og þessu ári og eru nú um 650 millj. kr. sem í það eiga að fara, eða um 400 kr. á hvert ullarkg. Þetta þýðir að kjötið á innanlandsmarkaði hefur lækkað.

Enn fremur hafa nú fyrir stuttu verið auknar niðurgreiðslur á kjöti á innanlandsmarkaði um 1300 millj. kr. Þessar tölur mínar, sem ég hef hér farið með eru miðaðar við ársverðlag. Enn fremur hefur nú um nokkurra mánaða skeið farið fram útsala á smjöri sem hefur gert það að verkum, að nokkur hundruð tonn af smjöri hafa selst, en smjörsala var algerlega komin í kyrrstöðu. Hér er um að ræða fjárhæð sem mun nema a. m. k. um eða yfir 200 millj. kr. Þegar þetta er tekið saman, þá er um 3 milljarða kr. að ræða. Er það verulega hærri fjárhæð en hinn margumtalaði söluskattur sem hv. þm. talaði um.

Hv. þm. vitnaði svo til afkomu bændastéttarinnar og viðmiðunarstéttanna. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun og byggt hana á rökum, að hér er ekki um haldgóðan samanburð að ræða vegna þeirrar breytingar sem gerð var á skattframtölum annars vegar og þessum samanburði. En nú ætla ég ekki að fara langt aftur í tímann, heldur hverfa til ársins sem er nýliðið, þess árs sem hv. þm. miðaði við og nefndi eitt mesta vandræðaárið.

Ég hafði óskað eftir því, að Þjóðhagsstofnun gerði úrtak á tekjum bændastéttarinnar eins og gert er hjá öðrum stéttum. Hún hefur framkvæmt þetta. Þetta svar barst mér í dag. 200 bændur voru teknir til athugunar og var einungis tekið mið af þeim bændum sem höfðu landbúnað að aðalatvinnu. Athugun var gerð í öllum skattumdæmum landsins nema Reykjanesi. Og hver er niðurstaðan? Með leyfi hæstv. forseta er hún þessi:

„Niðurstöður þessara athugana leiddu í ljós verulega hækkun tekna bænda á milli áranna 1976 og 1977 eða á bilinu 60—70% eftir því við hvaða tekjur er miðað. Þannig hækkuðu hreinar rekstrartekjur á landbúnaðarmeðaltali um 68%, heildartekjur bænda um 60% og nettótekjur um 65%. Athugun Þjóðhagsstofnunar á tekjum annarra stétta á árinu 1977, úrtak úr skattframtölum í Reykjanes- og Reykjavíkurskattumdæmi, bendir til þess, að heildartekjur og nettótekjur hafi hækkað mun minna eða um 44—45%."

Þessar athuganir renna stoðum undir þá skoðun Þjóðhagsstofnunar, sem sett var fram í jan. s. l. og birtist sem viðauki í skýrslu verðbólgunefndar að tekjur bænda hafi á síðasta ári hækkað mun meira en tekjur annarra stétta. Hv. 5. þm. Norðurl. v. virðist ekki hafa kynnt sér þetta, enda fsp. í öðrum tilgangi gerð.

Út af fsp. vil ég segja það, að í bréfi, sem mér hefur að vísu ekki borist hingað enn þá, en ég fékk að heyra efni þess í morgun, kom eftirfarandi fram hjá forráðamönnum Stéttarsambands bænda, með leyfi hæstv. forseta. Þetta stendur í upphafi bréfs, sem er dags. 14. apríl og hafði verið sent rn., en er ekki komið hingað enn þá:

„Eins og frá hefur verið greint á fundum í vetur og komið hefur fram í fréttum margsinnis, er ljóst að útflutningsbótaréttur bænda hjá ríkissjóði mun engan veginn nægja á þessu ári."

Út af þeirri ákvarðanatöku, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. spyr um, skal það tekið fram, að hún er gerð af framkvæmdanefnd Framleiðsluráðs, en hana skipa formaður, framkvæmdastjóri og Oddur Andrésson. Þar var þessi ákvörðun tekin. Þessi ákvörðun nefndarinnar var rædd á fundi í Framleiðsluráði sem haldinn var 21. þ. m. Þar kemur fram ágreiningur eða urðu skoðanaskipti hjá framleiðsluráðsmönnum um þessa tryggingu sem sett er til þess að öruggt sé að jafnar útborganir verði til sláturleyfishafa, því hætta geti verið á því, að þeir, sem hafi minnst, geti verið búnir að selja allar sláturafurðir sínar og geti þess vegna ekki innt þetta gjald af hendi eða það gjald sem kynni að þurfa að inna af hendi ef til þess kæmi. Í þessu bréfi, sem mér var afhent í morgun, kemur þetta fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ingi Tryggvason spurðist fyrir um hvort ekki hefðu komið til umr. önnur úrræði til tryggingar en að leggja þetta fé á bankabók. Formaður upplýsti að Seðlabankinn hefði ekki léð máls á öðrum tryggingum en þessum. Agnar Tryggvason taldi að leita bæri til landbrh. um liðveislu, sem gæti t. d. verið fólgin í því, að unnt væri að dreifa innheimtunni hjá sláturleyfishöfum á lengri tíma. Ingi tók undir þetta. Hann taldi nauðsyn á að innheimtunni yrði dreift meir en gert er ráð fyrir samkv. ákvörðun framkvæmdanefndar. Ingi lagði til, að haft yrði samband við landbrh., og óskaði þess, að hann freistaði þess að gera ráðstafanir sem draga mætti og dreifa innheimtu útflutningsgjalds á lengri tíma en nú er gert ráð fyrir.

Till. var borin undir atkv. og samþykkt."

Þetta bréf barst mér í morgun. Til frekari skýringar á þessu máli vil ég geta þess, að snemma í þessum mánuði ræddi ég ásamt deildarstjóranum í landbrn. við bankastjóra Seðlabankans, m. a. um rekstrarlán þau, sem í hönd fara, og svo hitt, að ljóst væri af tali þeirra, sem best væru að sér í þessum málum, að útflutningsuppbætur mundu ekki nægja á þessu ári, þ. e. að 10% skalinn yrði sprengdur. Hins vegar væri það ekki séð enn þá, hvort þetta reyndist rétt eða líkur væru á því eða hversu mikla fjárhæð væri hér um að ræða. Eitt af því, sem ég fór því fram á í þessum umr., var að Seðlabankinn innheimti ekki afurðalánin af þeim vörum sem út væri búið að flytja og ekki væri búið að greiða útflutningsbætur á. Þessi háttur var á hafður árið 1956 þegar greiðslur á útflutningsuppbótum voru svo mjög á eftir, eins og kunnugt er og þá var umtalað. Kannske var ekki svo mikið gert úr þessu máli þá, en mikils virði var það. Seðlabankinn hefur nú svarað því til, að þetta muni hann gera. Hann muni ekki innheimta þessi lán af þeim vörum sem út úr landinu hafa verið fluttar og útflutningsbætur væru ekki á greiddar. Hins vegar mun það hafa komið til tals í umr. milli formanns og framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs, að þetta væri auðvitað gert gegn því, að Framleiðsluráðið ábyrgðist að greiðslan færi fram, þó að útflutningsbæturnar nægðu ekki. Mun hafa komið fram í umr. þeirra á milli, að rétt væri að binda fé til tryggingar þessu, svo að Framleiðsluráðið stæði ekki félaust uppi. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef þegar fengið, er talið að eftir standi kannske um 500 millj. sem þarna munar á næstu 4 mánuðum, sem Seðlabankinn hefur lánað umfram það sem tekið er til tryggingarinnar.

Því að athuga möguleika á, hvort hægt væri

að lengja þennan frest eða draga þessar greiðslur, hef ég að sjálfsögðu ekki haft neinn tíma til þess að sinna, þar sem mér barst ekki þessi ályktun fyrr en í morgun og hún var ekki gerð í samráði við landbrn., enda er það ekki rn. sem ber ábyrgð á greiðslunni ef fjármuni skorti. Hins vegar mun að sjálfsögðu verða leitast við að draga úr þessu til þess að átta sig betur á því, að hve miklu leyti eða hvort þarf að nota þetta fé til þess arna, eins og þarna er stefnt að. Hér er því ekki um gjaldtöku að ræða, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. vildi vera láta, nema ef þetta brestur, heldur er hér um tryggingu að ræða, ef svo skyldi fara að útflutningsverðmætin yrðu meiri en bótaréttirinn er. T. d. var á s. l. hausti farin þessi leið, að taka þá slíkt gjald, en því var skilað aftur þar sem tókst, ég vil segja fyrir góða frammistöðu stjórnvalda, að koma þannig fyrir útflutningsbótaréttinum, að fullar útflutningsbætur náðust þá. Það leit um tíma út fyrir að það yrði nokkur upphæð sem þar vantaði, en það reyndist svo, að hún náðist að fullu.

Nú er mér ljóst að ekki er hægt að taka neina ákvörðun um þennan þátt núna. Það getur ekki orðið fyrr en séð er hvernig málum kann að ljúka þegar upp verður staðið og verðlagsárið er búið. Mér er einnig tjáð að það séu nú líkur fyrir því, að jafnvel þótt taka yrði allt að því þetta gjald, þá mundi grundvallarverðið frá síðasta hausti nást. Þetta er mér tjáð, því að að sjálfsögðu hef ég ekki þekkingu á þessu.

Ég vil þá segja það út af því sem fram kemur í þessum spurningum, að ríkisstj. hefur unnið mikið að þessum málum, eins og ég hef þegar bent á, með margvíslegum aðgerðum. En auk þess sem ég hef talið, þá hefur setið að störfum síðan í fyrra nefnd til að fjalla sérstaklega um markaðsmálin. Í ræðu þeirri, sem forseti Búnaðarþings flutti, og einnig minni ræðu við setningu Búnaðarþings í febrúar 1977, þá kom fram einmitt sú ósk, að þessi mál yrðu sérstaklega tekin til meðferðar. Það var gert og hefur nefnd verið að störfum síðan. Sú nefnd heldur fundi á hverjum þriðjudegi og í fsp.-tíma nú fyrir stuttu gerði ég grein fyrir störfum nefndarinnar að því leyti sem upplýsingar lágu þá fyrir.

Það hefur verið ljóst þeim sem best þekkja, að til þess gæti komið að salan innanlands á landbúnaðarafurðum nægði ekki og farið yrði fram úr útflutningsuppbótaréttinum. Það er ekki svo, að aukist hafi framleiðsla á landbúnaðarvörum á öllum sviðum. En sérstaklega var það á s. l. ári, m. a. á mjólkinni. Það er núna ör aukning í mjólkurframleiðslunni. Útflutningsbótaréttinum er skipt á milli þessara greina og hvernig ráðstafað er tekjum þeim, sem þar eru umfram, er komið undir ákvörðun Framleiðsluráðs. Þess vegna held ég að ljóst sé, að það hafi verið mikið að þessum málum unnið. Það er líka ljóst, það hefur sýnt sig, að það hefur borið árangur. Það sýna tekjutölurnar frá s. l. ári. Einnig hefur sýnt sig, að salan á kjöti innanlands jókst um 10—15%, a. m. k. nú í marsmánuði, frá því sem var á árinu áður. Ég vil enn fremur minna á að afurðalán út á landbúnaðarafurðir á s. l. hausti urðu meiri en nokkru sinni fyrr og það svo, að í lok marsmánaðar voru lánin, sem þá stóðu úti, 73% hærri en á sama tíma í fyrra. Þess vegna er mikils virði að nú sé gengið að því að endurgreiða þessi lán ef útflutningsbæturnar nægja ekki til, en samkv. frásögn eða útreikningum Framleiðsluráðs er búið að greiða það miklar útflutningsbætur fyrir sauðfjárafurðir það sem af er þessu ári, að þeir telja sig þurfa að tryggja sig gagnvart þeim vanda sem hér er við að fást.

Ég tel mig þá hafa upplýst að verulegu leyti það sem fram kom í fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v. Ég vil endurtaka það, að ákvörðun framkvæmdanefndar Framleiðsluráðsins um gjaldtökuna er tekin til þess að tryggja að jöfnuður verði á milli sláturleyfishafa, en það leggist ekki allt á þá sem hafa mestar afurðir að selja, ef til þess þyrfti að grípa, sem ég geri ráð fyrir eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja, að taka aukagjald vegna þess að útflutningsuppbætur skorti. En að sjálfsögðu mun það verða mál sem stjórnvöld kunna að fjalla um á komandi hausti þegar dæmið liggur alveg fyrir.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 71. fundur.

Þriðjudaginn 25. apríl, að loknum 70. fundi.

Notkun raforku í atvinnufyrirtækjum, þáltill. (þskj. 656). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegáætlun 1977—80, þáltill. (þskj. 281, n. 579, 576). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 576 samþ. með 40 shlj. atkv.

— 652 felld með 26:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, EÁ, KGS, HÁ, HFS, IH, KÁ, JGS, JónasÁ, KP, VilbH, MÓ, MB, ÓlJ, PP, PJ, RA, SigurlB, StJ, SV, StH.

nei: StG, TÁ, ÞK, ÞS, AG, BGr, EBS, ÓÓsk, FÞ, GeirG, GH, GuðlG, GHG, HES, IT, IngJ, GHB, JHelg, JÁH, JSk, LárJ, MÁM, ÓE, GFr, RH, ÁB.

GF greiddi ekki atkv.

12 þm. (SvJ, VH, SvB, AJ, EðS, BrS, GS, GTh, GÞG, LJós, OÓ, SighB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af till. á þskj. 625 vil ég taka það fram, að ég er auðvitað alltaf reiðubúinn til þess að athuga nýjar leiðir til tekjuöflunar fyrir vegagerð. En ég tel að kosningasumar sé óheppilegt til þess að gera slíka athugun. Það, að búið væri að leggja slíkt fyrir nýkjörið þing, tel ég alls óhugsandi. Miklu eðlilegra væri, að nýkjörið þing kynni að ákveða svona mál heldur en þing sem situr að störfum síðustu dagana sem umboð þess nær yfir. Þess vegna segi ég nei.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Með sérstöku tilliti til þess, sem hæstv. samgrh. sagði hér áðan um kosningasumarið, en líkur eru á mikilli umferð á því sama sumri, og auðvitað með tilliti til þess einnig, að ég er flm. að þessari till., þá segi ég já.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. samgrh. um að mjög ákjósanlegt sé að hér sé um að ræða verkefni nýs þings, má geta þess, að till. þessi er einmitt flutt vegna þess, að á þessu sumri á að kjósa til Alþ. og að hausti kemur saman nýtt þing sem fær þá málið til umfjöllunar og ákvörðunar. Það er því augljóst mál, að hæstv. samgrh. hafa orðið á mismæli. Hann hefur ætlað að segja já, en sagði nei. Með hliðsjón af því og því, að ég er 1. flm. að málinu, segi ég já.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 44 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RA, RH, SigurlB, StJ, SV, StH, StG, SvH, TÁ, ÞS, AG, BGr, EÁ, EBS, ÓÓsk, FÞ, GeirG, GH, KGS, GuðlG, GHG, GF, HÁ, HES, IT, IH, IngJ, KÁ, GHB, JHelg, JÁH, JSk, JónasÁ, LárJ, VilhH, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, GFr, ÁB.
KP greiddi ekki atkv.
15 þm. (SighB, SvJ, VH, ÞK, SvB, AJ, EðS, BrS, GS, GTh, GÞG, HFS, JGS, LJós, OÓ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori lét ég og margir aðrir þm. í ljós megna óánægju með efni áætlunarinnar, í fyrsta lagi vegna þess að fjármagn til vegagerðar hefur rýrnað stórlega að framkvæmdagildi svo að allt of lítið fé er til skiptanna, í öðru lagi vegna þess að Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun í vegamálum voru þá felldar niður. Við Alþb.-þm. á Norðurlandi, hv. þm. Stefán Jónsson og ég, fluttum í fyrra till. um áframhald Norðurlandsáætlunar, en sú till. var felld. Við höfum ekki séð ástæðu til að endurtaka flutning þessarar till. nú við endurskoðun vegáætlunar eða yfirleitt að flytja nokkra sérstaka till. að þessu sinni. Við ítrekum hins vegar mótmæli okkar við þeim mikla niðurskurði framkvæmda sem átt hefur sér stað á liðnum árum. Við mótmælum enn niðurfellingu Norðurlandsáætlunar. Þrátt fyrir það verður að afgreiða þessa vegáætlun. Ég segi því já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 699).

Réttindi bænda, sem eiga land að sjó, þáltill. (þskj. 384). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lax- og silungsveiði, þáltill. (þskj. 422). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Flugöryggismál, þáltill. (þskj. 533). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kosning eins manns í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til 1. júlí 1981 í stað Halldórs H. Jónssonar, sem hefur beðist lausnar.

Aðeins einn maður var tilnefndur. Samkv. því var kjörinn án atkvgr.:
dr. Björn Sigurbjörnsson forstjóri.

Umræður utan dagskrár.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég skal fúslega verða við þeim tilmælum að lengja ekki mjög þessar umr., sem hér voru hafnar utan dagskrár, en ég get þó ekki orða bundist vegna þess, hvernig þær ber að, og vegna atriða, sem komið hafa fram í þessum umr.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. og upphafsmaður þessara umr. kvaðst vera að vekja athygli á máli sem hljótt hefði farið. Mér finnst ekki seinna vænna að hv. þm. frétti af þessu. Það var gott hjá Víðdælingum að vekja hann til umhugsunar á sumardaginn fyrsta. Víðdælingar eru búnir að vita þetta um tíma, hygg ég, kannske góða stund, því að það voru horfur á því, að haldið yrði eftir af verði bænda 104 kr. á kg fyrir svona mánuði síðan. Þetta er komið niður í 70 kr. og er það þó strax skárra en ekkert, en engan veginn gott. Hv. 5. þm. Norðurl. v. boðaði til bændafundar norður í Víðidal ásamt með hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni. Og það er út af fyrir sig mjög gott fyrir 2. þm. Austurl. að rifja upp fyrir sér málefni bændastéttarinnar, því að hann er þm. í kjördæmi þar sem u. þ. b. helmingurinn af íbúunum stundar landbúnað. En ég vil óska þess, að hv. þm. taki fremur mark á Víðdælingum og þá sér til fyrirmyndar í umr. um landbúnaðarmál en hv. frsm. á þessum fundi, Lúðvík Jósepsson, þó að auðvitað sé geysileg breidd í hæfileikum hv. þm., að geta jöfnum höndum þjónað bæði landbúnaði og sjávarútvegi.

Ég held að þetta vandamál, sem við er að glíma, skapist fyrst og fremst vegna samdráttar í neyslu. Ég er ekki sammála hv. 5. þm. Norðurl. v. um að þarna sé verulega um að kenna fátækt almennings í landinu, hann hafi ekki efni á því að kaupa þessar góðu landbúnaðarvörur okkar. Ástæðan er það heilsufarskjaftæði sem hefur verið uppi haft nú um sinn. Svo sér þess auðvitað stað þegar 70 þús. manns eða um þriðji partur þjóðarinnar bregður sér til útlanda og dvelur þar þó nokkra stund á s. l. ári. Þeir voru ekki að borða lambakjöt sem lágu suður á Mallorka í fyrrasumar, og þeir voru ekki að borða íslenskt

smjör sem voru á Kanaríeyjum. Það er þessi breyting á neysluvenjum þjóðarinnar, sem er óheppileg að mínum dómi, og þessi breyting á lífnaðarháttum.

Hv. þm. Ragnar Arnalds taldi að niðurgreiðslur þyrfti að auka. Ég get verið honum sammála um það. En eins og fram hefur komið hafa niðurgreiðslur verið auknar talsvert mikið. Það er alveg rétt, að söluskattur hefur ekki verið felldur niður. En það ráð hefur verið tekið að verja þeim mun hærri upphæð til niðurgreiðslna. Út af fyrir sig má bændum vera hér um bil sama um það, hvort söluskatturinn er felldur niður eða niðurgreiðslurnar hækkaðar, ef þarna er um svipaðar upphæðir að ræða. En ef þeir í fjmrn. óska frekar eftir því að sækja vatnið yfir lækinn, þá er þeim ekki of gott að gera það.

Nú er vandinn, sem við er að glíma, einkum vegna dilkakjöts sem safnast hefur fyrir. Fyrir áramót var mjög mikill vandi fyrirsjáanlegur vegna umframbirgða af smjöri í landinu, en ríkisstj. brá vel og skynsamlega við og hóf útsölu eða gerði mögulega útsölu á smjöri, þannig að þeim vanda hefur verið bægt frá í bili. Ég sé sérstaka ástæðu til þess að bera lof á hæstv. landbrh. fyrir leiðréttingu á útflutningsbótum fyrir áramót, vegna þess að það er alls ekki nýtt að bóla — jafnvel þó að það sé nýtt fyrir hv. þm. Ragnari Arnalds sem hefur ekki haft nægilega mikinn áhuga á þessum málum fyrr en nú alveg síðustu dagana — það voru horfur á því í haust að bændur þyrftu að leggja stórfé í verðjöfnunargjald á dilkakjöt og það mundi vanta stórkostlega upp á dilkakjötsverð til bænda. En sem betur fór tókst hæstv. landbrh. að fá þetta leiðrétt á síðustu dögum ársins 1977 þannig að það ár sluppum við.

Bændur hafa átt um þrjár leiðir að velja. Þær gerði aðalfundur Stéttarsambands bænda í haust að umræðuefni:

Í fyrsta lagi að leggja á fóðurbætisskatt í því skyni að reyna að draga nokkuð úr framleiðslunni og vinna þá það jafnframt, að sem mest yrði framleitt af innlendu fóðri, að skattleggja innflutt kjarnfóður.

Í öðru lagi var hugsanlegt að taka upp kvóta kerfi á landbúnaðarframleiðslu. Það hefur ýmsa kosti, en það er að ýmsu leyti mjög snúið að koma því í framkvæmd. Það er eins og með skattalögin sem hv. þm. Ragnar Arnalds hefur hugsað miðið um. Það er þó nokkuð erfitt að framfylgja kvótakerfi svo að það komi gersamlega réttlátlega niður og menn komist ekki upp á lag með að fara í kringum það.

Þá er eftir þriðja leiðin, að láta vanta upp á verð.

Frammi fyrir þessu stóðu bændur. Það er náttúrlega hægt að heimta það af samfélaginu, að þarna verði hlaupið undir bagga. Skynsamlegt er að gera það að vissu marki, en alfarið er það ekki skynsamlegt fyrir einn eða neinn að heimta allt af öðrum.

Meiri hluti bænda hefur tekið hugmyndinni um kjarnfóðurgjald, innflutningsgjald á kjarnfóður, ákaflega illa. Það hafa borist fundarsamþykktir frá bændafundum vítt um land sem hafa verið mjög andsnúnar þeirri leið sem mér finnst að að mörgu leyti og flestu leyti hefði verið, ef hún hefði verið farin, sársaukaminnst fyrir bændur og komið minnst við pyngju þeirra. Og þá sitjum við uppi með þetta ástand, stöndum núna frammi fyrir því, að það verður að taka fé, a. m. k. í bili, til verðjöfnunar á dilkakjöti. Þetta er ekki gott ástand. Það þarf að reyna að vinna að því leysa þetta mál og það verður unnið að því, ekki endilega fyrir orð hv. 5. þm. Norðurl. v., heldur fyrir orð bænda sjálfra. Bændur eru fullir vilja til að leysa málið og forustumenn þeirra. Búnaðarþing gerði ályktun um nefndarskipun í þessu sambandi, sem að vísu er kannske óþarflega seinvirkt ráð, en e. t. v. farsælla en margt annað sem við gætum gert.

Hæstv. landbrh. vitnaði í tölur frá Þjóðhagsstofnun um hækkun á tekjum bænda, að þær hefðu hækkað um 60—70%. Þetta er að vissu leyti rétt hjá ráðh. En mér fannst ekki sögð öll sagan. Hún var ekki öll sögð með því að tekjur bænda hefðu hækkað um 60—70%, en meðaltekjur viðmiðunarstétta hefðu hækkað eitthvað milli 40 og 50%, vegna þess að það er ekki sama hvar maður byrjar að bæta við. Ég hef fyrir framan mig Hagtíðindi, októberhefti 1977, þar sem gefnar eru meðalbrúttótekjur á árinu 1976 eftir samandregnum starfstekjum. Þá kemur í ljós að starfslið banka og sparisjóða hefur haft 2 millj. 678 þús. kr. á árinu 1976. Verkamenn og iðnaðarmenn í þjónustu sveitarfélaga og stofnana þeirra hafa haft 2 millj. 124 þús. kr. Faglærðir iðnnemar hafa haft 2.3 millj. Ófaglærðir við byggingarstörf hafa haft 2 millj. 117 þús. Ófaglærðir við fiskvinnslu hafa haft 2 millj. 32 þús. Ófaglærðir við iðnaðarframleiðslu 1953 þús. Ófaglærðir hafnarverkamenn hafa haft 2 millj. 202 þús. Þessar tölur hafa flestar hækkað frá árinu 1975 frá bilinu 28.7% upp í 34.3%. En ég átti eftir að nefna töluna sem var meðalbrúttótekjur bænda. Þeir höfðu ekki nema 1558 þús. Þeirra meðaltekjur hækkuðu ekki um 28% eða þaðan af meira, heldur um 27.4%. Þannig er alls ekki sama hvar byrjað er að reikna. Þó að prósentuhækkun bænda samkv. þessari Þjóðhagsstofnunaráætlun hafi verið allrífleg á þessu ári, þá má betur ef duga skal. Sannarlega má betur ef duga skal. Og raunar er ég ekki alveg búinn að sjá það, hvernig Þjóðhagsstofnun hefur farið að því að finna þetta út. Það getur skeð að þeir hafi einhverjar leiðir hjá Þjóðhagsstofnun, sem mér eru huldar, til þess að sjá fyrir þróunina, en að sjálfsögðu eru þeir ekki búnir að fá í hendur framtöl bænda fyrir árið 1977, því að þau eru nú í vinnslu á skattstofum. Sem betur fer hefur nokkur hluti bændastéttarinnar og sem betur fer allgóður hluti bændastéttarinnar komist vel af á s. l. ári. Þeir bera náttúrlega uppi þessa tekjuhækkun. Og árið hefur verið hagstætt vel settum bændum sem eiga það fjármagn sem þeir hafa verið með í búrekstri sínum og ekki orðið fyrir neinum áföllum. En það hefur ekki verið hagstætt bændum með verulegar lausaskuldir. Verulegur hluti teknanna hefur farið í vaxtagjöld á þessu ári. Ef svo heldur fram sem horfir með vaxtastefnuna í þjóðfélaginu fara nánast allar tekjur

bænda, sem skulda dálitlar upphæðir, í vaxtagjöld. Og það er atriði sem ég held að sé ákaflega brýnt að reyna að kippa í lag.

Ég hef verið sí og æ að klifa á því, að það yrði að útvega bændum lausaskuldalán. Það er verið að vinna að þessu máli, en sú vinna gengur of hægt. Ég held að því fjármagni, sem til þess færi að útvega bændum lausaskuldalán, væri vel varið og betur en ýmsu öðru fjármagni sem við erum að ráðstafa í þjóðfélaginu.

Ég vil svo að endingu undirstrika það, að ég er á því, að því fjármagni, sem til landbúnaðarins fer, þurfi að verja skynsamlega, ekki kannske endilega með sama hætti og hingað til hefur verið gert, heldur mætti hugsa sér annars háttar ráðstöfun á því fjármagni. T. d. væri hægt að láta sér detta í hug að leggja það fé sem fer nú til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta, í sérstakan sjóð sem gæti verið nokkurs konar stjórnunarsjóður landbúnaðarins og undir hatti bændasamtakanna og hægt væri að nota þá til að auka niðurgreiðslur eða flytja út þær vörur sem skást væri að flytja út eftir atvikum.

Það er auðvitað sjálfsagt af bændum að krefja ríkisvaldið um réttmæta og eðlilega fyrirgreiðslu og standa fast á rétti sínum. En hitt er mesti misskilningur, að ætlast til þess, að ríkisvaldið leysi alfarið úr öllum vanda í landbúnaðarmálum. Bændur þurfa að sjálfsögðu — og það hefur ekki heldur staðið á þeim — að leggja nokkuð á sig líka og gefa góð ráð í því sambandi að vinna að lausn þessara mála.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mér þykir illt að hæstv. landbrh. skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera hér viðstaddur, en engu að síður vil ég þakka honum fjarstöddum fyrir að gefa svör við nokkrum spurningum sem ég lagði fyrir hann.

Það var því miður ekki á hæstv. ráðh. að heyra, að hann hefði miklar áhyggjur af því máli sem ég gerði hér áðan að umtalsefni. Við heyrðum það, þm., að búið mundi að gera æðimikið í landbúnaðarmálum á seinustu árum og meira yrði ekki gert í bili, engar frekari ráðstafanir væru á döfinni til þess að létta bændum þá þungu byrði, sem með þessari gjaldtöku væri á þá lögð. Og söluskatturinn yrði sem sagt ekki afnuminn. Og hann bætti því við, að samkv. skýrslum, sem hann hefði undir höndum, hefðu tekjur bænda hækkað ákaflega mikið. Var nánast á honum að skilja að allt þetta kvak væri meira eða minna út í bláinn.

Ég er samflokksmanni hæstv. ráðh., Páli Péturssyni, innilega þakklátur fyrir að hann skyldi benda okkur á það í ræðu sinni áðan, hversu yfirborðslegar þessar upplýsingar ráðh. væru þegar nánar væri skoðað. Þarf ég ekki að fara frekari orðum um það, svo vel sem hann tók á þeim hluta málsins.

Ég er hræddur um að svar hæstv. ráðh. verði bændum almennt til lítils ánægjuauka. Ég er satt að segja hræddur um að ástand mála sé verra en svo, að kokhreysti og ánægjuyfirlýsingar af þessu tagi séu líklegar til þess að falla í sérlega góðan jarðveg.

Ráðh. talaði mjög um auknar niðurgreiðslur á undanförnu ári. Auðvitað neitar því enginn, að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum hafa verið auknar nokkuð. Verðbólgan hefur að sjálfsögðu aukist einnig, og það segir sig sjálft, að ekki er hægt að taka tölur af þessu tagi og leggja út af þeim einum út af fyrir sig, heldur verður að líta á að hve miklu leyti þarna er um að ræða aukningu sem skýrist af aukinni verðbólgu. Mér finnst að röksemdafærsla ráðh. minni allt of mikið á orðræður hans um rekstrarlán til bænda, en hann hefur staðið hér upp næstum að segja á ári hverju og lýst því yfir, að nú væri einmitt nýlega búið að auka rekstrarlánin verulega. Þannig hefur þetta gengið ár frá ári. Hann hefur alltaf verið að auka rekstrarlánin. En þeir, sem gerst þekkja til, eins og t. d. kaupfélagsstjórar, hafa marglýst því yfir, og skiptir þar engu hvort þeir eru úr flokki ráðh. eða úr öðrum flokki, að í reynd hafi rekstrarlán til bænda staðið meira eða minna í stað á undanförnum árum og ekki gert betur en að halda í við verðbólguþróunina. Þetta kom t. d. ákaflega skýrt fram á þeim bændafundi sem hér var vitnað til áðan og haldinn var í Víðidal nú fyrir skemmstu, þar sem kaupfélagsstjórinn á Blönduósi gaf einmitt yfirlýsingu um að þrátt fyrir að lánunum hefði fjölgað og þau hefðu fengið ný og ný nöfn, þá væru þau, ef á heildina væri litið, ekki meiri en verið hefði, ef tekið væri tillit til kostnaðaraukans.

Varðandi niðurgreiðslurnar er það að sjálfsögðu rétt, eins og ég sagði áðan, að niðurgreiðslur hafa aukist í krónutölu. Þær voru t. d. auknar um 1300 millj. kr. 13. mars s. l. En ég tel að þá verði að hafa í huga að niðurgreiðslur höfðu verulega lækkað á undanförnum árum og aukningin, sem hefur orðið á s. l. ári, er auðvitað fyrst og fremst til þess fallin að ganga upp í fyrri lækkanir.

Í öðru lagi verður að minna á að þessi ákvörðun kemur allt of seint. Þessi niðurgreiðsluaukning, sem varð 13. mars s. l., kemur a. m. k. hálfu ári of seint, og vegna þess, hversu seint hún er á ferðinni, hefur orðið til verulegt vandamál, sem nú finnast engin önnur ráð til að leysa hjá stjórnvöldum en að láta það lenda með fullum þunga á bændastéttinni.

Í þriðja lagi má benda á að þessa ákvörðun um auknar niðurgreiðslur verður auðvitað fyrst og fremst að skoða í ljósi þess, að þá var nýlega um garð gengin mikil gengisfelling, gengi hafði verið fellt um 13% og gengisfellingin hafði að sjálfsögðu aukið rekstrarkostnað búsins verulega. Ég er hræddur um að ef málið er skoðað frá þeirri hliðinni, þá geri þessi aukning niðurgreiðslna upp á 1300 millj. ekki miklu meira en ganga upp á móti áhrifum gengisfellingarinnar á rekstrarkostnað búsins.

Í fjórða lagi má benda á það í sambandi við þessar niðurgreiðslur, að til að gera hvort tveggja eða allt í senn: að hækka niðurgreiðslurnar í hlutfalli við þá verðhækkun sem orðið hefur af völdum verðbólgu, að koma til móts við áhrif gengisfellingarinnar og að jafna út áhrif söluskattsins, þá hefði hækkun niðurgreiðslnanna þurft að vera talsvert miklu hærri

en hún varð sennilega um það bil tvöfalt hærri. Þannig er fjarstæðukennt að halda því fram hér, að þessi hækkun niðurgreiðslna, sem átti sér stað 13. mars s. l., hafi í raun og veru verið afnám söluskattsins eða eitthvert jafngildi þess.

Eins og ég hef rakið hér eru ástæðurnar til þessarar hækkunar á niðurgreiðslum allt aðrar og má rekja til annarra þátta, en eftir stendur söluskatturinn á landbúnaðarvörunum. Í þessu sambandi er kannske fróðlegt að nefna að niðurgreiðslur á súpukjöti, svo að nefnt sé dæmi, námu aðeins 210 kr. á kg fyrir hinn 13. mars s. l., en söluskatturinn af þessari sömu vöru nam þá tæpum 200 kr. Í reynd má því segja að ekki hafi verið um neina niðurgreiðslu að ræða. Þessar tölur voru mjög nálægar hvor annarri.

Hæstv. ráðh. gaf í skyn áðan að þessum miklu álögum á bændastéttina yrði skilað aftur. Ég verð að segja alveg eins og satt er, að ég tel að þetta sé ein djarfasta fullyrðing sem lengi hafi komið fram í þinginu. Og ég er hræddur um að þetta hafi verið harla vanhugsað kosningaloforð af hálfu hæstv. ráðh., geti orðið honum dýrkeypt, satt best að segja, og kostað nokkra gengisfellingu orða hans almennt í augum kjósenda þegar annað kemur í ljós að 1—2 mánuðum liðnum. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég fékk í morgun, hafði upphaflega verið tilkynnt að um yrði að ræða gjaldtöku upp á 104 kr. Raunar staðfesti seinasti ræðumaður það áðan. Afráðið var þó að þessu sinni yrði ekki um að ræða meiri gjaldtöku en 70 kr. á hvert kg dilkakjöts. Sveinn Tryggvason framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs tjáði mér aftur á móti, og var alveg vafalaust ekki að fara með neitt leyndarmál, að ekki væri aðeins þörf á þessari gjaldtöku, heldur þyrfti sjálfsagt að leggja á aukið gjald þótt síðar yrði. Hann tjáði mér að þarna væri um gjaldtöku að ræða sem næmi 930 millj. kr., en væntanlega yrði um að ræða gjaldtöku sem næmi milli 1000 og 1100 millj. kr. þegar allt kæmi til alls og kæmi það í ljós að nokkrum árum liðnum. Ég er alveg sannfærður um að þeir, sem vilja hafa það sem rétt er í þessu efni, geti staðfest þetta og að þess vegna hljóti yfirlýsing ráðh. hér áðan, að þessu gjaldi yrði hugsanlega skilað aftur, að hafa hljómað heldur en ekki furðulega í eyrum þeirra manna sem best þekkja til. Nei, ég held að það hefði sannarlega verið hyggilegra og varlegra fyrir ráðh., því að enn er lagt til kosninga, að gefa enga slíka yfirlýsingu, þar sem hann mátti vita að hún gæti aldrei staðist og að mestar líkur mundu vera á því, að hið rétta kæmi í ljós fyrir kosningar.

Það kom fram í ræðum hæstv. ráðh. og hv. þm. Páls Péturssonar, að ég mundi ekki hafa mikið vit á þessum vanda og færi með rangt mál. Þessu til sannindamerkis sagði hv. þm. Páll Pétursson að það hefði einfaldlega legið fyrir í haust, að bændur þyrftu að taka á sig stórfelld útgjöld af völdum þess vanda, sem hér hefði blasað við, í einni eða annarri mynd. Þetta geta þeir sagt eftir á sem hafa komið málunum á þann veg í hnút, að þau virðast illeysanleg með öðrum hætti. Hann viðurkenndi þó í hinu orðinu að vandamálið, sem við blasti, stafaði ekki af offramleiðslu. Hann sagði að vandamálið stafaði fyrst og fremst af því, að neyslan væri ekki nægileg. Þar með er hann í raun að viðurkenna að hefðu verið gerðar ráðstafanir á s. l. sumri eða s. l. hausti til þess að auka neysluna innanlands, þá væru allar líkur til þess, að þetta vandamál, sem nú blasir við, væri miklu smávaxnara en það er í reynd. Það er einmitt þess vegna og einmitt með nákvæmlega þessum rökum sem við Alþb.-menn höfum hvað eftir annað í vetur flutt till. um að söluskattur á kjötvörum yrði afnuminn. Reyndar vil ég einnig minna á að í till. stjórnarandstöðunnar við meðferð efnahagsmála fyrr í vetur var einmitt gert ráð fyrir því, að niðurgreiðslur yrðu verulega auknar. Þetta er það eina ráð sem fyrir hendi var til þess að koma í veg fyrir að þetta vandamál lenti með fullum þunga á bændastéttinni, þ. e. a. s. að tryggja að um svolitla neysluaukningu yrði að ræða. Ekki þurfti mikið til í sjálfu sér, því að eins og ég hef bent á hefur framleiðslan alls ekki aukist, en neyslan lítillega gengið til baka, þó þar skakki ekki nema réttum 10%. Með breyttu verðlagi á þessum vörum hefði alveg vafalaust verið hægt að snúa þeirri öfugþróun við.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja um þetta mál og síst af öllu þar sem hæstv. ráðh. sér sóma sinn helstan í því að vera fjarstaddur. Ég vil þó leyfa mér að harma hvað hæstv. ráðh. virtist hafa litlar áhyggjur af þessum vanda. Hér er um að ræða, eins og ég tók fram í upphafi máls míns, að verið er að leggja ½ millj. og þaðan af meira, kannske upp í 900 þús. kr. aukagjald á stétt manna sem stendur illa að vígi. Ég er hræddur um að ýmsir aðrir en ráðh. hafi meiri áhyggjur af þessu vandamáli.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Hér hafa hafist umr. um landbúnaðarmál. Er það út af fyrir sig ekkert undrunarefni þó að vandamál landbúnaðarins séu rædd úr þessum ræðustól.

Upphafsmaður að þessum umr. nú, hv. 5. þm. Norðurl. v., gerði þessi mál að umræðuefni vegna þeirrar ákvörðunar framkvæmdanefndar Framleiðsluráðs að innheimta verðjöfnunargjald af kindakjöti vegna hættu á óhagstæðum útflutningi kindakjöts á þessu verðlagsári. Þegar ég tala um óhagstæðan útflutning, þá á ég við það, að allar eru horfur á því, að flytja þurfi út verulegt magn af kindakjöti án þess að fáist greiddar á það útflutningsbætur eftir þeim leiðum og samkv. þeim lögum sem um þetta gilda nú.

Ég vil taka undir það, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði, að mér finnst ekki hafa verið hljótt um þessi mál. Þó er þessi nýja ákvörðun kannske ekki enn á allra manna vitorði, en varla líður á löngu áður en svo verður.

Ég verð að segja eins og er, að komið hafa svo mörg atriði fram, einkum í ræðu hv. þm. Ragnars Arnalds, að ástæða væri til að tala nokkuð lengi um þetta efni. Ég get ekki varist þeirri hugsun, þegar ég hlusta á hv. þm., að nokkuð skorti á að hann hafi kynnt sér þessi mál til fullrar hlítar. Ég er honum ekki sammála um

það t. d., sem fram kom í ræðu hans nú síðast, að það hafi verið vegna ráðstafana sem juku kindakjötssölu hér innanlands, að hægt var að skila aftur því verðjöfnunargjaldi sem búið er að ákveða að taka og raunar búið að taka að nokkru leyti af sölu kindakjöts. Það var einfaldlega vegna þess, að fé fékkst úr ríkissjóði til að greiða þetta gjald beint, þannig að ekki þurfti að taka það af bændum. Ég veit ósköp vel að hægt er að deila um hvort landbúnaðarvörur séu dýrar eða ódýrar. Og ég veit að sumar tegundir landbúnaðarvara eru þannig verðlagðar, að þær eiga í mjög örðugri samkeppni. Þar á ég alveg sérstaklega við smjörið. Öllum er kunnugt að auk smjörs er selt annað tiltölulega vinsælt viðbit í landinu, sem kallað hefur verið fram til þessa smjörlíki, en geengur nú undir öðrum og líklega fallegri nöfnum stundum. Þetta viðbit, sem hefur tekið við af jafnágætu viðbiti og menn notuðu í gamla daga og var ýmist flot eða bræðingur, hefur m. a. það sér til ágætis, að læknastéttin hefur bundist nokkuð viðtækum samtökum um að hæla því á kostnað smjörsins. Það hlýtur að vera tiltölulega þægileg tilfinning fyrir húsmóður, sem velur á milli tveggja misdýrra fæðutegunda, að hafa það sér til stuðnings í valinu, að önnur fæðutegundin sé talin mjög miklum mun hollari en hin, en það hefur verið sagt um smjörlíki nú að undanförnu. Um hollustu þess eru þó mjög skiptar skoðanir fræðimanna, og ég vil leyfa mér að efast um að sá áróður, sem hér hefur verið rekinn gegn smjöri, hafi við nokkur fullkomin fræðileg rök að styðjast.

Því miður er það svo, að ekki er nægilegt til þess að leysa söluvandamál landbúnaðarins að auka stórlega niðurgreiðslur. Það mundi vafalaust auka sölu á smjöri þó — ég geri ekki lítið úr því — ef niðurgreiðslur væru enn auknar. En þrátt fyrir það tiltölulega lága verð, sem nú er á smjörinu, hefur salan, sem jókst mjög fyrst eftir að verðið lækkaði aftur, minnkað svo að nú er salan mjög svipuð því sem hún var áður en þessar auknu niðurgreiðslur hófust. Og þó að það sé út af fyrir sig rétt, að neysla smjörs og kindakjöts hafi minnkað allverulega frá því sem var þegar þessi neysla var mest — og það var á árinu 1974, þá jókst t. d. sala á smjöri úr 1576 tonnum árið 1973 í 2000 tonn árið 1974, — þó að þessi sala hafi minnkað mjög verulega frá árinu 1974, þá er það ekki endilega sönnun þess, að þessi minnkun stafi öll af hækkuðu verði. Vafalaust hefur verðið sín áhrif, en það er fleira sem gerist. Eitt af því, sem gerðist, var að einmitt á árinu 1974 var verð lengstan hluta ársins, bæði á smjöri og kindakjöti, mjög lágt miðað við kaupgetu í landinu. Má raunar telja verðið óeðlilega lágt, því að það er ekki heldur til framdráttar sölu landbúnaðarvara að svo miklar sveiflur séu á verði þeirra miðað við almennt kaupgjald að neytendurnir missi að meira eða minna leyti sjónar á raunverulegu og eðlilegu verðgildi þessara vara. Ég er sannfærður um að stöðugra verðlag á landbúnaðarvörum hefði verið til lengdar heppilegra fyrir söluna. Það er að vísu auðvelt að auka söluna í bili með verðlækkun, en hitt er jafnvíst, að þegar hækkanir koma aftur, þær koma óhjákvæmilega í verðbólguþjóðfélagi eins og við búum í, þá verður ekki eins auðvelt að skýra þær hækkanir fyrir neytendum.

Hv. síðasti ræðumaður sveigði nokkuð að landbrh. Hann er nú raunar því miður ekki staddur hér. Hann er kominn, já. En ég vil geta eins, þar sem mér fannst gæta misræmis í því sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hann fullyrti í öðru orðinu, að ráðh. hefði fullyrt að þessu gjaldi yrði skilað aftur. (RA: Kynni að verða skilað aftur.) Það kom seinna. Síðar kom svo breytt útgáfa og þar fullyrti sami ræðumaður, að ráðh. hefði sagt að þessu gjaldi kynni að verða skilað aftur. Hann hafði mörg orð um það, að fyrri ummælin, sem hann hermdi eftir ráðh. og ekki voru rétt, væru ekki gott kosningaloforð, því að hið sanna mundi koma í ljós fyrir kosningar.

Ég get ekki varist þeirri hugsun, að mér finnst ræður hv. 5. þm. Norðurl. v. hér í dag hafa dálítið minnt á kosningaræður, ekki einungis ræðurnar um þetta mál, heldur jafnvel ræðan sem flutt var í sambandi við nafnakall um vegáætlun. Ég leyfi mér að láta mér detta í hug, að þessi skyndilega og mikla umhyggja hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir bændum og málefnum þeirra, sem vissulega þurfa á miklum skilningi að halda, sé nú kannske svolítið tímabilsbundin. Það marka ég þó einkum af því að eins og ég sagði áðan finnst mér hann ekki hafa kynnt sér málin til fullrar hlítar.

Það, sem ég vil einkum benda á í því sambandi, er fyrst þetta: Ræðumaður talaði mjög mikið um afnám söluskatts. Það er rétt að mjög æskilegt væri ef hægt væri að afnema söluskatt af kindakjöti. Hitt er jafnrétt, að auknar niðurgreiðslur koma bændum engu síður að notum en niðurfelling söluskatts. Það er blekking, að það sé sérstaklega mikils vert fyrir hinn almenna landbúnað að fella söluskattinn niður. Það er einfaldlega vegna þess að söluskattur yrði naumast niður felldur af kindakjöti nema hann yrði einnig felldur niður af þeim kjöttegundum sem eru í mestri samkeppni við kindakjötið, svo sem fuglakjöti og svínakjöti.

Hér er talað um að orðið hafi samdráttur á sölu kindakjöts, og það er rétt, talsverður samdráttur ef miðað er við árið 1974. Hér eru ekki nefndar neinar skýrslur um breytingar á sölu annarra kjöttegunda á þessu tímabili. Ég hef því miður ekki slíkar skýrslur hér í höndum, en mér er kunnugt um að verið hefur mikil sala á undanförnum mánuðum bæði á svínakjöti og fuglakjöti og það þrátt fyrir að þetta kjöt hafi verið miklu dýrara en dilkakjötið. Lækkun sú, sem varð í vetur á dilkakjötinu, mun hafa örvað sölu að einhverju marki, en þar sjást ekki neinar stökkbreytingar. Sannleikurinn er einfaldlega sá, að það er mjög takmarkað sem hægt er að auka söluna með lækkun verðs. Það er hægt að auka hana nokkuð. En menn vilja tilbreytingu í mataræði sínu. Það mun vera tiltölulega sjaldgæft að menn spari við sig kaup á kindakjöti, a. m. k. eins og verðlag þess er í dag. Annar matur, sem er í mestri samkeppni við kindakjötið, er hreint ekkert mjög ódýr

heldur. Ég held þess vegna að ekki sé hægt að gera sér vonir um stóraukna sölu á kindakjöti þótt verðið væri lækkað. Það þarf að leita annarra ráða til þess að bændur fái fullar tekjur af framleiðslu sinni.

Eins og ég sagði áður, þá hygg ég að vegna þessarar sérstöku aðstöðu smjörsins sé mjög mikilvægt að halda verði þess í skefjum ef sala á að verða góð á því. Í sambandi við það vil ég gjarnan geta þess, að gerðar hafa verið tilraunir til þess árum saman að fá breytt í Sexmannanefnd hlutföllum á milli verðs hinna ýmsu mjólkurvara. Það hefur ekki fengist. Og það hefur raunar, undir sumum kringumstæðum a. m. k. gætt áhrifa frá ríkisvaldinu og þá á ég við stýringu niðurgreiðslna. Staðreynd er að það er allt annað hlutfall hér á milli verðs t. d. á nýmjólk og smjöri en er í nágrannalöndum okkar. Þar er nýmjólkin hlutfallslega miklu dýrari og smjörið ódýrara. Við fulltrúar bænda í Sexmannanefnd höfum ítrekað, — ég vil ekki fullyrða að það hafi verið við hverja einustu verðlagningu, en mjög oft höfum við farið þess á leit, — að þessum verðhlutföllum yrði breytt. Þar hefur ævinlega strandað á samþykki fulltrúa neytenda. Ég get út af fyrir sig vel skilið að menn leggi kapp á að hafa lágt verð á neyslumjólk, jafnmikilsverð og almenn neysluvara og hún er. En í þeim eilífa samanburði, sem verið er að gera á milli landa og landbúnaðarvörur hafa sannarlega ekki farið varhluta af, þá eru þessi verðhlutföll, svo ólík því sem er í nágrannalöndunum, óheppileg fyrir landbúnaðinn.

Í sambandi við söluskattinn, sem ég nefndi áðan, minnist ég þess, að á þeim tíma sem Lúðvík Jósepsson var viðskrh. og felldur var niður söluskattur á mjólkurvörum, þá var farið mjög ákveðið fram á það af hálfu bændasamtakanna, að einnig yrði felldur niður söluskattur á kjöti. Það þótti ekki fært. Það er ástæðulaust, að ég fari að rekja hér hvers vegna stjórnvöld hafa ekki tekið undir þetta, hvorki á tímum vinstri stjórnar né þeirrar stjórnar sem nú situr. Það eru á því verulegir tæknilegir örðugleikar að fella niður söluskatt af kjöti, og þó að ekki væri til staðar sú ástæða sem ég nefndi áðan, að náttúrlega á að lækka hlutfallslega mest dýrasta kjötið og minna það ódýrara, þá mun það vera svo að dómi þeirra sem fást við innheimtu og eftirlit með söluskatti, að það mundi veikja söluskattsinnheimtuna og gera hana óöruggari og meira áætlanakennda ef söluskattur á kindakjöti yrði felldur niður. Ég ætti náttúrlega ekki að taka að mér það hlutverk út af fyrir sig að skýra hvernig á þessu stendur, en mér finnst að eftir langa mæðu hafi ég kannske skilið hvað er ólíkt með kindakjöti eða kjöti yfirleitt og öðrum landbúnaðarvörum sem ekki er söluskattur á, að þessar vörur breyta verðgildi sínu í búðunum umfram það sem nemur venjulegri verslunarálagningu. Kaupmennirnir kaupa kjötið helst í heilum skrokkum og brytja það og vinna með ýmsum hætti. Aftur á móti veit ég ekki annað um aðrar landbúnaðarvörur, sem seldar eru hér í smásölu án söluskatts, en að þær komi allar í umbúðum inn í verslanirnar og hægt sé að sýna fram á það með mjög glöggum reikningum, hvað keypt hafi verið og hvert verðmæti þess sé sem selt er. Ég veit ekki hvort þetta er nógu skýrt hjá mér, en þetta eru þau rök sem heyrast frá embættismönnum, og ég get út af fyrir sig skilið að þau séu ekki út í bláinn og hin harða andstaða, sem jafnan hefur verið gegn því að fella niður söluskatt á kindakjöti, mun af þessu stafa. Hitt get ég svo aftur endurtekið, að það mundi auðvitað verða tiltölulega virkt meðal til þess að lækka verð á öllu kjöti, og þá náttúrlega mest á dýrustu kjöttegundunum, að fella niður söluskattinn og það mundi lækka framfærslukostnaðinn í landinu. Það má margt jákvætt segja um ráðstöfun sem slíka, þó að ekki hafi orðið enn þá samkomulag um hana. En ég endurtek, að slík ráðstöfun væri ekkert sérstakt mál fyrir bændur að mínum dómi, miklu stærra mál fyrir neytendur og aðeins að því leyti mál fyrir bændur, að slík niðurfelling á söluskatti væri hærri upphæð en lækkaði í reynd verðið til neytenda. Yrði að sama skapi dregið úr niðurgreiðslum, þá álít ég að það mundi ekki verða jákvætt fyrir þá bændur sem stunda hinn venjulega hefðbundna landbúnað.

Eitt af því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., var að hann gerði ráð fyrir að niðurgreiðslur landbúnaðarvara nú eftir áramótin hefðu komið til þess að bæta bændum áhrif gengisfellingar. Þetta skil ég ekki mjög vel. Nýr verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara tók gildi 1. mars og inn í þann grundvöll voru komin áhrif gengisfellingarinnar að mjög verulegu leyti — ég vil ekki segja að fullu og öllu, því það er í raun og veru ekkert beint samband á milli niðurgreiðslna og ákvarðana landbúnaðarvöruverðs, eins og mér fannst að mætti skilja á orðum hv. þm. Verðið í verðlagsgrundvellinum er ákveðið án tillits til þess, hverjar niðurgreiðslur verða, þótt útsöluverðið á vörunum sé hins vegar ákveðið með hliðsjón af niðurgreiðslunum. Þess vegna er ekki verið að bæta bændum út af fyrir sig hækkun rekstrarvöruverðs og fjárfestinga, sem stafa af gengisfellingum, með því að hækka niðurgreiðslur. Það er algjör misskilningur þm. Fannst mér þetta bera vott um það, að hann hefði ekki glöggvað sig jafnvel á þessum málum og full þörf hefði verið á.

Ég held að ég ætti ekki að þurfa að skýra þetta betur. Ef þessar auknu niðurgreiðslur auka sölu á dilkakjötinu, sem þær áreiðanlega gera að einhverju leyti, þá minnkar útflutningsbótaþörfin, þá minnkar hættan á því, að útflutningsbætur dugi ekki til þess að greiða bændum umsamið verð.

Á s. l. hausti, eins og fram hefur komið hjá fyrri ræðumönnum, var skilað til bænda aftur gjaldi sem tekið hafði verið vegna verðjöfnunar eða hugsanlegrar áætlaðrar verðjöfnunar vegna útflutnings á dilkakjöti. Það var gert vegna þess að það komu beinar greiðslur úr ríkissjóði til þess. Það, sem nú er verið að gera og ég held að mönnum hljóti að vera alveg ljóst og bændum hefur verið ljóst lengi, er að verið er að gera ráðstafanir til þess að bægt sé að jafna þeim halla, sem kann að verða á útflutningi landbúnaðarvara, niður á bændurna. Þetta er gert

vegna þess að í lögum finnst ekki þess stoð hvorki í fjárlögum né öðrum lögum, að hægt verði að auka útflutningsbætur umfram þann 10% rétt sem framleiðsluráðslögin gera ráð fyrir nú í dag. Að áliti bændasamtakanna væri það ábyrgðarleysi að gera ekki bændum grein fyrir þeim vanda sem þarna hefur ekki enn verið leystur, og það væri sömuleiðis ábyrgðarleysi að gera ekki ráðstafanir í tæka tíð til þess að bændur sætu við sama borð um verð á vörunum. Hins vegar, eins og kom fram í ræðu hæstv. landbrh., var nokkur ágreiningur um, hvernig þessi gjaldtaka skyldi fara fram, og ágreiningur um, hvort á því lægi að ákveða þetta gjald nú. Þessi ágreiningur stafar einfaldlega af því, að enn er alls ekki að fullu ljóst hversu hátt þetta gjald þarf að verða. Það er ekki að fullu ljóst og verður ekki ljóst fyrr en sést hver salan er í kindakjötinu. Við eigum eftir af þessu verðlagsári rúma fjóra mánuði, og við vitum ekki með neinni vissu hvernig sala á dilkakjöti verður þennan tíma. Við vitum ekki heldur með fullri vissu um verð á því dilkakjöti sem er selt til útlanda. Það er vitað að það koma á það einhverjar verðbætur umfram það verð, — eða a. m. k. norska kjötið, ég er ekki viss um að það sé víðar, — sem þegar hefur verið greitt á þann útflutning sem fram hefur farið, og það kann að verða, án þess að við getum fullyrt um það, að breyting verði á verði þess kjöts sem eftir er að flytja út. Þess vegna er alls ekki víst í dag hversu hátt þetta gjald þyrfti að vera, þó ekki kæmu til neinar ráðstafanir annars staðar að til þess að bæta þetta.

Á s. l. hausti gerði ríkisstj. ráðstafanir til þess að komið væri í veg fyrir þessa gjaldtöku, sem ég var að lýsa áðan. Það er að vísu ekki séð hvaða ríkisstj. verður við völd á næsta hausti, en það er engin ástæða til þess að fullyrða að það kynnu ekki að verða gerðar ráðstafanir áður en verðlagsári lýkur og áður en þessir reikningar eru upp gerðir sem minnkuðu þessa byrði sem þó virðist nú að þyrfti að leggja á bændastéttina.

Ég ætti náttúrlega ekki að þurfa í sjálfu sér að eyða mörgum orðum um þessi mál að öðru leyti. Mér er það ekki síður ljóst en öðrum, að fari svo að vanti á verð dilkakjöts frá s. l. hausti upphæð sem nemur kannske 70—80 kr. á hvert kg innvegins dilkakjöts, þá er það geysileg tekjuskerðing fyrir bændur. Og ég er þess fullviss, að þeir, sem vinna fyrir bændur, gera það sem hægt er og mögulegt er til þess að koma í veg fyrir að þessi tekjuskerðing verði. Hvort það tekst hlýtur tíminn að leiða í ljós.

Það kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., að skipulagsleysi hái landbúnaði. Það kann að vera rétt. Það hefur mikið verið talað um landbúnaðinn að undanförnu. Eitt af því, sem menn hafa þar deilt um, er það t. d., hvernig ætti að skipuleggja framleiðsluna. Fulltrúar bænda hafa verið bornir þeim sökum, að þeir sæju ekkert annað ráð en að minnka framleiðsluna. Í grein, sem hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, sem hér er raunar ekki staddur í dag, skrifaði í Þjóðviljann um miðjan janúar s. l., ræddi hann þessi mál allítarlega. Hann gerði þar samanburð, sem ég hef nokkuð vikið að, á framleiðslu og sölu landbúnaðarvara á árunum 1973—1977. Þar kemur auðvitað í ljós, að árið 1974 sker sig algjörlega úr um neyslu, enda er það svo, að við þetta ár er fyrst og fremst miðað þegar um þessi mál er rætt og talað um samdrátt í neyslu og litla aukningu í framleiðslu. En aukning í framleiðslu hefur ekki orðið mjög mikil fyrr en í mjólkurframleiðslunni núna á síðasta ári og það sem af er þessu — þá er um mikla aukningu að ræða. Það vil ég skýra svolítið nánar, að þegar við tölum um mikla aukningu í mjólkurframleiðslu, þá þarf hún ekki endilega að vera mjög mörg prósent af heildarframleiðslunni, en hún þarf ekki að vera ýkjamikil til að hún sé mjög mörg prósent af því sem ekki er seljanlegt í landinu. Það er það sem veldur vandkvæðum. Þegar heildarmjólkurframleiðslan vex um 5%, þá vex það, sem við getum ekki selt í landinu, um allt aðra prósentutölu og miklu hærri. Það er það sem vandkvæðum veldur, að tiltölulega lítil framleiðsluaukning veldur eða getur valdið mjög mikilli aukningu á útflutningsþörfinni, og það er nákvæmlega það sem hefur gerst með mjólkina núna, þó að mjólkin sé ekki enn þá orðin svo mikil að þar sé um neitt svipað því eins mikið vandamál að ræða og varðandi sauðfjárafurðirnar.

Í þessari grein Lúðvíks Jósepssonar, sem ég minntist á, er talað um að nauðsynlegt sé að skipuleggja framleiðsluna. Ég er þm. hjartanlega sammála um að það sé nauðsynlegt, og þá á ég við nauðsyn vegna bændanna sjálfra að framleiðslan sé skipulögð. Sú skipulagning, sem talað er um í greininni, er þó eingöngu sú, að því er virðist, að það þurfi að skipuleggja það, hvar sé framleidd mjólk og hvar sé framleitt kjöt. Þetta skiptir að vísu kannske nokkru máli, en er ekki höfuðatriði í málinu. Hins vegar segir beinlínis í greininni: Aðalatriðið er, að það á ekki að draga úr framleiðslunni. — Það gerir þm. að aðalatriði boðskapar síns, að það eigi ekki að draga úr landbúnaðarframleiðslunni. Undir þessi orð gæti ég tekið ef bændum væri jafnframt tryggt fullt verð fyrir þessa framleiðslu sína. En meðan það er ekki hægt — og mér er til efs að það verði auðvelt að fá fulla tryggingu fyrir slíku — tel ég að nauðvörn bændastéttarinnar sé að draga nokkuð úr framleiðslunni. Enn þá hafa bændur ekki orðið sammála um hvernig ætti að gera þetta, en ég held að það sé ákaflega víðtæk samstaða á meðal bænda um það, að þetta sé nauðvörn þeirra, að það sé dregið úr framleiðslunni að nokkru án þess að með því sé t. d. fækkað fólki í sveitunum í verulegum mæli eða aðrar erfiðar afleiðingar komi upp. Það er nefnilega þannig, að það borgar sig auðvitað ekki fyrir bóndann frekar en annan að framleiða vöru, sem hann getur ekki fengið neitt teljandi verð fyrir, og það skilja bændur mætavel.

Eins og ég sagði áðan hafa bændur ekki orðið sammála um hvernig ætti að gera þetta. Það finnst mér raunar ekki óeðlilegt. Það er mjög eðlilegt að það taki verulegan tíma fyrir bændastéttina sem heild að koma sér saman um skipulagsatriði eins og þessi. Það hefur verið tal-

að um ýmislegt í þessu sambandi. Það hefur verið talað um kvótakerfi. Það hefur verið talað um fóðurbætisskatt. Það hefur verið talað um skipulagningu gegnum lánastarfsemi o. s. frv. Þetta er einn stærsti vandi bændastéttarinnar í dag, að ekki hefur enn þá fundist leið til þessarar skipulagningar sem bændastéttin í heild hefur getað fellt sig við. Ég er sannfærður um að slík leið finnst. E. t. v. gerist það, að t. d. nágrannar okkar gjörbreyta landbúnaðarpólitík sinni. E. t. v. gerist það t. d., að Norðmenn hætti að greiða dilkakjöt sitt niður um meira en helming, þannig að við getum farið að selja dilkakjöt í Noregi á eðlilegu verði. Þá væri með einu pennastriki, ef svo mætti að orði kveða, læknaður allur stærsti vandi landbúnaðarins. Norskir neytendur greiða með niðurgreiðslunum meira en helmingi hærra verð fyrir eigið dilkakjöt heldur en það sem fæst fyrir íslenska dilkakjötið í Noregi. Norskir bændur fengu á s. l. ári milli 4 og 5 þús. kr. meira fyrir það, sem við köllum meðaldilk, heldur en íslenskir bændur fá, en niðurgreiðslurnar eru svo miklar að við fáum í Noregi núna tæpan helming þess verðs sem við þyrftum að fá til að við gætum greitt bændunum fullt verð. Ef slíkar breytingar yrðu hjá frændum okkar Norðmönnum, þá kynni sá stóri vandi, sem við búum nú við, að minnka mjög og verða tiltölulega vel viðráðanlegur.

Líka er hægt að hugsa sér það, að útflutningsbætur verði auknar eða aðrir styrkir við landbúnaðinn til þess að bændur fengju full kjör. Ég vil geta þess, að fyrir liggur till. um það, ef ég man rétt, frá einverjum þm. Alþb. að breyta útflutningsbótum, þannig að hækkuð verði prósenttala á hverja búgrein um sig, sauðfjárafurðir og nautgripaafurðir. Ef þessi till. yrði samþ. og hún kæmi til framkvæmda, þá mundi það kannske undir einhverjum kringumstæðum auka útflutningsbætur, en undir öðrum kringumstæðum stórminnka þær. T. d. hefðu þær minnkað á s. l. ári ef þessi regla hefði verið í gildi, vegna þess að þá var eiginlega ekkert flutt út nema sauðfjárafurðir. Þá hefðu stórminnkað útflutningsbætur á sauðfjárafurðir. Við megum líka muna að útflutningsbæturnar eru miðaðar við heildarlandbúnaðarframleiðsluna og þar með aðrar afurðir en sauðfjárafurðir og nautgripaafurðir. (Gripið fram í.) Þm. Alþb.? (Gripið fram í.) Var það Alþfl sem gerði það? Já, þá tek ég það aftur og þykir slæmt að hafa ætlað þeim það.

Herra forseti. Ég er nú þegar búinn að nota mikinn tíma fyrir þetta skraf og læt því lokið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég lýsi nú yfir sérstöku þakklæti við hæstv. landbrh., að hann skyldi sýna okkur þá sæmd og tillitssemi að koma aftur og vera viðstaddur síðari hluta umr. um ráðstafanir af hálfu ríkissti. í landbúnaðarmálum sem leiða til þess að það verður lagður skattur, sem nemur 600—700 þús. kr. að meðaltali, á hverja sveitafjölskyldu á landinu. Þetta var mjög sæmilega gert af honum, að koma aftur til þess að hlusta á athugasemdir okkar við ræðu hans sem hann flutti áðan, sérstaklega vegna þess að það er bráðnauðsynlegt að við göngum nú á hann og biðjum hann um frekari skýringu á því, að þessi skattheimta sé eiginlega ekki gjaldtaka. Ég veit ekki betur, hæstv. ráðh., en Kaupfélagi Þingeyinga á Húsavík hafi þegar verið send krafa upp á 45 millj. kr., þar sem náðarsamlegast er fallist á að þessi umboðsverslun bænda í Þingeyjarsýslu borgi þetta þó í þrennu lagi. Þetta er ekki gjaldtaka. Heldur hæstv. ráðh. að Kaupfélag Suður-Þingeyinga sé aflögufært um þessa peninga, eða hvarflar það að honum að greiða þurfi vexti af þeim? Hv. þm. Páll Pétursson sagði frá því áðan að víst væri þannig ástatt fyrir bændum flestum hverjum, sem í skuldum eru, að vaxtagreiðslur þeirra tækju svo að segja arðinn af búinu. Hinir væru nokkrir að vísu sem þannig væri ástatt um efnahagslega, að þeir ættu það fé, sem þeir sýsluðu með, og væru ekki skuldum vafðir og afkoma þeirra væri náttúrlega mjög góð. En hversu margir skyldu þeir vera?

Hv. þm. Ingi Tryggvason vék lauslega að því, að hann teldi að komandi alþingiskosningar kynnu að vera einhver hvati að því, að hv. þm. Ragnar Arnalds vakti máls á þessu lítilræði sem þessi gjaldtaka er fyrir bændastéttina. (**Gripið fram í:** Ekki orðaði ég það þannig.) Það var það sem í skyn var gefið. (**Gripið fram í:** Onei.) Og nú vil ég spyrja hv. þm. Inga Tryggvason, hvort honum virðist það í hjarta sínu, að kosningarnar í júnílok í sumar séu Alþ. óviðkomandi og hæstv. landbrh. þá um leið, sem gerði þá grein fyrir atkv. sínu við atkvgr. um vegáætlun að ekki vildi hann binda komandi þingi bagga eða komandi ríkisstj. í sambandi við till. um vegagjaldið, hann vildi ekki binda komandi ríkisstj. eða komandi þingmeirihl. bagga. Hverjum finnst hæstv. ráðh., að hann sé að binda bagga með þessu loðna fyrirheiti sínu um endurgreiðslu á þeim peningum sem nú er verið að taka af bændastéttinni, þar sem miðað er að 600—700 þús. kr. gjaldtöku á ári á hvert sveitaheimili? Hverjum finnst hæstv. ráðh. að hann sé að binda bagga með þessu loðna fyrirheiti sínu um að e. t. v. verði þetta greitt til baka?

Ég verð nú að þakka hv. þm. Inga Tryggvasyni kærlega fyrir skýringu hans á formerkjum þess að fella niður söluskatt á kjöti. Þetta geri ég í einlægni vegna þess að hann hefur með skilningi sínum á skýringum embættismanna svo sannarlega auðveldað skilning minn á málinu. Þetta hefði enginn leikið hér nema gamall kennari, að koma þessum skilningi svo ljóst til skila. Aftur á móti gaf hv. þm. það alls ekki í skyn, að ógerlegt væri að fella niður söluskattinn af kjötinu. Enn þá síður gaf hann í skyn, að hann væri þeirrar skoðunar, að ógerlegt væri að endurgreiða söluskatt af kjöti. Og það kom aldrei til mála er rædd var till. okkar Alþb.-manna, sem hv. þm. má vel muna, hér á haustdögum um niðurfellingu á söluskatti eða endurgreiðslu, þá kom aldrei til mála að þar á móti yrðu felldar niður niðurgreiðslu sem fyrir voru. Það var alveg ljóst mál, að hetta átti hvort tveggja að ske. Enda mun það hafa verið mála sannast, að þegar hv. þm. Ingi Tryggvason og hv. þm. Jón Helgason stóðu að samþykktum bændasamtakanna um áskorun um að fella niður söluskatt af kjöti á sínum tíma, þá hafi það ekki verið með neinu slíku fororði sem sú krafa var gerð,

sem þeir félagar hjálpuðu að koma á framfæri vítt um landsbyggðina, að niður yrði felldur söluskattur á kjöti. Þá mun það ekki hafa verið með því fororði, að þá yrðu felldar niður eða lækkaðar niðurgreiðslur á kjöti — víðs fjarri.

(**Gripið fram í:** Þær voru hækkaðar í staðinn fyrir að fella niður söluskatt.) En það er alveg rétt, að á haustdögum myndaðist ríkisstj. við að láta greiða úr ríkissjóði til bænda upphæð sem ella hefði skert kjör þeirra enn þá umfram það sem fram kom á þeim sömu haustdögum og nú fyrir jólin í vetur, að launakjör bænda voru talin vera í kringum 62% af lögbundnum kjörum viðmiðunarstéttanna.

Við Alþb.-menn bárum fram till. um niðurfellingu á söluskattinum, við bárum fram um það till. hér á þingi, að látið yrði að kröfum þeirra hv. þm. Inga Tryggvasonar og Jóns Helgasonar sem þeir báru fram fyrir hönd bændastéttarinnar. Við höfðum nafnakall um þessa till. í Ed. Hv. þm. sögðu báðir nei, þeir greiddu báðir atkv. gegn till., og hv. þm. Ingi Tryggvason gerði þá grein fyrir atkv. sínu, að hann segði nei í því trausti, að ríkisstj. mundi standa við fyrirheit um að leysa þetta vandamál vegna birgðanna — yfirvofandi útflutnings — á annan hátt. Ég hygg að hv. þm. Ingi Tryggvason hafi ekki mælt um hug sér þá. Ég veit að hann gerði það ekki. Hann gerði þá grein fyrir atkv. sínu, að hann gerði þetta í því trausti að ríkisstj. mundi leysa málið á annan hátt. Nú spyr ég hv. þm. **Inga Tryggvason:** Var það á þennan hátt sem hann bjóst við að ríkisstj. mundi leysa málið, á þann hátt að taka 700—900 þús. kr. gjald á ári af sveitaheimilunum til þess að leysa þetta mál? Var það þess vegna sem hann greiddi atkv. við nafnakall í Ed. gegn till. sem hann hafði tekið að sér fyrir hönd bændastéttarinnar sem forustumaður þar að knýja fram?

Við höfum vitnað til þess, Alþb.-menn, sem hv. þm. Ingi Tryggvason viðurkenndi í ræðu sinni áðan og gerði prýðilega grein fyrir, að kindakjötsframleiðslan, dilkakjötsframleiðslan hefur ekki aukist síðustu 10 árin að því skapi sem fólki hefur fjölgað í landinu, en neysla á íbúa hvern hefur dregist saman. Fyrir liggja opinberar skýrslur um það, með hvaða hætti kaupgeta í landinu annars vegar og verðlag á dilkakjötinu hins vegar hefur stjórnað neyslunni á þessari vöru. Árið 1974 fór það saman, að kaupgeta var tiltölulega góð í landinu og niðurgreiðslur á dilkakjöti voru miklar. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Ingi Tryggvason segir, að verðsveiflur á þessum vörum eru ákaflega óheppilegar fyrir markaðinn, fyrir tryggan markað. En hv. þm. virtist, að því er mér fannst, hafa mestar áhyggjur af niðursveiflunni. Þó er það staðreynd, að það er hækkað verðlag á vörunni sem dregur úr sölu á henni. Ég hygg að hv. þm. muni með glöðu geði taka undir það álit mitt, að æskilegt sé að verðlag á þessum vörum sé að verulegu leyti miðað við kaupgetu í landinu, eins og hún er á hverjum tíma. Sannleikurinn er sá, að verðlagsmál landbúnaðarins verða undir engum kringumstæðum, ef vel á að vera, slitin úr tengslum við kjaramál launamanna á þessu landi, við kaupgetu fólksins sem neytir þessa varnings.

Hæstv. landbrh. gat þess á sínu létta svifi yfir staðreyndum þessa alvarlega máls íslensks landbúnaðar, að það hefði setið nefnd að störfum síðan í fyrra að fjalla um markaðsmálin, t. d. um það, hversu vel málum hefði verið sinnt í tíð núv. ríkisstj., samtímis því sem hann kom inn á þetta, að afurðalán hefðu stórhækkað. Það veit hver maður, sem rætt hefur þessi mál við þá aðila sem þetta hvílir mest á, þar sem eru forstöðumenn umboðsverslana bænda, kaupfélagsstjórarnir, að afurðalán hafa ekki stórhækkað. Myndum þeirra fyrirbrigða hefur hins vegar fjölgað. Það eru komin fleiri heiti á þessi fyrirbæri, en þau hafa svo sannarlega ekki stórhækkað. Kaupfélögin eru í svelti. Langsamlega erfiðust er rekstrarfjárstaðan hjá þeim sölustofnunum bænda sem starfa á sauðfjárræktarsvæðunum, beinlínis vegna þess að lánamálin eru í ólestri.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni fyrir stundu, að hagur bænda hefði samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar stórbatnað á árunum 1976—1977. Með rökum hefur hæstv. ráðh. ekki svarað þeim staðhæfingum forustumanna bændastéttarinnar, að á s. l. hausti og um síðustu áramót hafi skort allt að því 40% upp á það, að bændur hefðu sambærileg laun við viðmiðunarstéttirnar, svo sem kveðið er á um í lögum. Ég reyndi að afla mér upplýsinga um það í dag, hverju þessi gjaldtaka, sem hæstv. fjmrh. segir að sé ekki gjaldtaka, — við skulum þá segja: hverju þessi innheimta á 630—700 þús. á meðalsveitaheimili muni nema í tekjum bóndans, ef við miðum enn við viðmiðunarstéttirnar. Ég get ekki fengið ljós svör um það, en þeir aðilar, sem um fjölluðu og gerst eiga að vita, leiddu getum að því, að þetta mundi leiða til þess, að að þessu áfalli fengnu til viðbótar undir stjórn hæstv. landbrh. yrðu laun bænda komin ofan í eitthvað frá 43 til 50% af launum viðmiðunarstéttanna. Þetta skeður á þeim sömu dögum þegar tilkynnt er nýtt verð á áburði, hækkun um 32%. Nú munu menn vitaskuld koma hér upp á eftir og tilkynna svo það, að það sé allt í lagi vegna þess að þessi hækkun á áburði reiknast inn í grundvallarverðið. Hvaða grundvallarverð? Það grundvallarverð, sem kemur fram á pappírnum, eða hið raunverulega grundvallarverð, sem gildir?

Það er rétt, svo ég víki enn að því sem hv. þm. Páll Pétursson sagði, að til eru bændur á landinu sem vel standa, tiltölulega fáir, sem höfðu ágætisafkomu á árinu sem leið. En ég hef fullgilda ástæðu til þess að ætla að það séu nú ekki þeir sem hv. þm. Páll Pétursson ber helst fyrir brjósti í þessu sambandi, ekkert fremur en ég. Þeir eru fáir og þeir standa vel og þeir bjarga sér. Það er hagur hinna sem við berum fyrir brjósti og við erum uggandi út af honum, miklu fremur uggandi heldur en hæstv. landbrh., eins og fram kom í ræðu hans áðan. Og nú er það spurningin: Er hægt að búast við því, að þessir bændur, sem hv. þm. Páll Pétursson talaði um áðan, sem standa þannig fjárhagslega að arður af búinu nægir tæpast fyrir vöxt-

um af áhvílandi lánum, haldi áfram búskap eftir þetta áfall? Ef arðurinn af búinu nægir ekki nema rétt fyrir vöxtum, hvaðan eiga þeir þá að taka þessar 630—700 þús. kr. sem nú eru á þá lagðar? Og þá eiga þeir eftir að borga áburðinn núna í vor, sem ekki kemur til arðs fyrr en eftir tvö ár, ef mér skilst rétt. Það eru þessir menn, sem svo er ástatt fyrir, sem við höfum áhyggjur af, við Páll Pétursson, í þessu sambandi og raunar, það hvarflar ekki að mér nokkur efi um það, líka mennirnir sem hv. þm. Ingi Tryggvason ber fyrir brjósti ekkert síður en við Páll Pétursson. Hvaða hlutskipti ætlið þið þessum mönnum? Það hvarflar ekki einu sinni að ykkur að trúa hæstv. landbrh., sem þið berið þó ábyrgð á, þegar hann gefur í skyn að næsta ríkisstj. kunni e. t. v. að endurgreiða þessa peninga. Í fyrsta lagi hefur hæstv. ráðh. ekkert umboð til þess að tala fyrir komandi ríkisstj. eða gefa neitt í skyn um það, hvað hún muni gera, og í öðru lagi, jafnvel þó hann gegndi nú embætti landbrh. í þeirri ríkisstj., þá gefur ferill hans í þessari ríkisstj. okkur enga ástæðu til þess að ætla að hann hefði þrek til þess að framkvæma slíkt. Og ef þessir menn flosna nú upp frá búum sínum, sem virðist viðbúið, þá er það spurningin, hvar ríkisstj. ætlar með stuðningi hv. þm. Inga Tryggvasonar, Jóns Helgasonar, Pálma Jónssonar og Páls Péturssonar að koma þessum mönnum fyrir í starfi. Kannske í frystihúsum á Suðurnesjum eða álverinu eða á vellinum eða á Grundartanga eða í einhverju öðru álíka starfi sem yrði þá að mati þessara manna þjóðhagslega hagkvæmara að láta þessa menn stunda heldur en að framleiða þessi matvæli?

Það er illa gert að telja úr bændum kjarkinn núna og að eggja þá á að draga úr framleiðslu sinni, vinna minna þegar harðnar á dalnum. Það er illa gert vegna þess, að við glímum ekki í kjötframleiðslunni og mjólkurframleiðslunni hérna við það sem hægt er að nefna offramleiðslu. Við glímum við efnahagsmálastefnu, kolranga efnahagsmálastefnu á þessu sviði eins og á öðrum sviðum íslenskra atvinnumála. Við þurfum á því dilkakjöti að halda, sem framleitt hefur verið að meðaltali síðustu 10 árin, handa fólkinu okkar, ef við sjáum til þess að fólkið okkar hafi efni á því að kaupa nægju sína af því. En til þess að fyrir þeirri nauðsyn verði séð og þar með fundin leið til þess að leysa þennan aðsteðjandi vanda bændastéttarinnar, þá þurfum við nú kosningar í sumar, hvort sem hv. þm. Inga Tryggvasyni er það ljúft eða leitt, og við þurfum að stappa stáli fyrst og fremst í bændastéttina að kjósa nú ekki öðru sinni á þingi þá menn sem hamskipti hafa á milli sætanna í Framleiðsluráði landbúnaðarins og sætanna hér á þingi.

Og svo vildi ég gjarnan aðeins í lokin fá skýringu á því, hvers vegna hamrað er á því, að þetta sé ákvörðun framkvæmdastjórnar Framleiðsluráðs landbúnaðarins: Það var fjallað um þetta í Framleiðsluráði og Framleiðsluráð er æðsti aðilinn, ákvörðunartökuaðilinn í þessu tilefni. — Hvers hendur er verið að þvo með því að orða það á þennan hátt: Það er Framleiðsluráð landbúnaðarins sem að þessu stendur?

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að þreyta kappræður við hv. 5. þm. Norðurl. e., en láta alveg afskiptalaust orðafar hans og lýsingu á mönnum og málefnum sem er að hans geðþótta. Það er ekki mitt að reyna að koma þessum hv. þm. inn á aðra braut. Hitt er annað mál, að þegar farið er að dróttа því að manni að maður fari með staðlausa stafi eða hafi sagt þetta og hitt sem ekki hefur sagt, þá verður leiðrétting að koma á því.

Í fyrsta lagi var ekki hægt að skilja orð hv. 5. þm. Norðurl. e. á annan veg en þann, að í skýrslu þeirri frá Þjóðhagsstofnuninni sem ég las upp og er sýnishorn af skattframtölum bænda á þessu ári fyrir liðna árið, væri ekki rétt með farið. Það hefur ekki komið fram nein heildarviðmiðun, eins og er gerð af Hagstofunni, frá því á árinu 1977, samanburður við aðrar viðmiðunarstéttir á árinu 1977. Slíkt er ekki tíundað í þessari skýrslu sem þar er um að ræða. Ég hef áður margendurtekið það á hv. Alþ., að á þessu varð geysileg breyting sem gerir að verkum að þessi samanburður er ekki marktækur eftir nefndar breytingar. Ástæðan fyrir því er sú, svo ég fari nú að endurtaka það einu sinni enn þá, að áður fyrr var fært á brúttótekjur bænda allt nema nauðsynlegustu rekstrarvörur landbúnaðarins, eins og fóðurbætir, áburður og slíkar vörur. Þær voru taldar á landbúnaðarskýrslum. En með breytingum sem voru gerðar á árinu 1972, er þessu breytt á þann veg að vextir, fasteignagjöld, flýtifyrningar og annað því um líkt er fært á landbúnaðarskýrsluna. Það gerir þá miklu breytingu, að ekki er hægt að gera þennan samanburð á milli áranna 1964—1976 nema taka tillit til þess arna. Og það veldur þessum mismun bændum í óhag, ef þetta er tekið beint svona, vegna þess að það eru brúttótekjur bændanna sem eru lagðar til grundvallar í þessari viðmiðunaruppsetningu, en þegar búið er að draga svo og svo mikið frá þeim, þá lækka þær af sjálfu sér. Hins vegar varð bændunum í hag sú ákvörðun sem er tekin af hinum illgjarna manni, núv. landbrh., að dómi þessa hv. þm., — að hún var tekin á þann veg, því skattalega séð var þetta mikill hagnaður fyrir bændur. Ekki síst verður það ljóst þegar skattar verða lagðir á fyrir s. l. ár, því sem betur fer hafa tekjur bænda hækkað verulega á milli þessara ára, eins og ég gat um áðan.

Þetta vona ég að hv. 5. þm. Norðurl. e. skilji, jafnvel þó mér sé ljóst að annað er honum nær að hafa óskir um.

Ég verð líka að segja það, að eftir að hafa setið í ríkisstj. með þeim Alþb.-mönnum í þrjú ár, sem ég hef nú samt allt gott um að segja, og þegar ég heyri það nú í útvarpi og les í blöðum, að minn ágæti kunningi og maður sem ég met mikils, Lúðvík Jósepsson, hv. 2. þm. Austurl., er farinn að ferðast og tala á bændafundum, þá verður mér að hugsa og þá dettur

mér fyrst og fremst í hug Steinn Steinarr: „En eitthvað er breytt, og annað hvort ég eða þjóðin“ — eða þá Lúðvík. Hv. 2. þm. Austurl. er aldrei í essinu sínu nema hann tali fyrst og fremst um útvegsmál og sjávarútveg og allt það. Skelfing vildi ég nú óska þess, að ég ætti eftir að heyra hann og Kristján Friðriksson tala um atvinnuvegina, hann um sinn sjávarútveg og Kristján um sinn iðnað. Það væru ábyggilega ánægjulegar viðræður á að hlusta, því báðir væru svo sanntrúaðir og sannfærðir um að það eitt, sem þeir héldu fram, væri rétt.

En svo er það þessi nýja pólitík Alþb. Hvað gerðist ekki í vetur sem leið? Þá skiptu þeir um, voru komnir inn á þessa línu. Það sem ég hef sannast heyrt af því — ég veit nú ekki hversu satt það er, ég skal ekki segja um það — er að Ólafur Ragnar Grímsson, sem við þekkjum, framsóknarmenn, hafi gefið þeim fyrirskipun um að taka upp þessa línu því þeir mundu sennilega geta náð einhverjum atkvæðum af Framsókn út á þetta. Hitt vissu menn, að þetta stæði nú ekki nema fram yfir kosningar því þá átti það að vera búið að ná tilgangi sínum. — En hugsið ykkur nú annað eins, að Alþýðusambandsstjórnin fer í mál við bændasamtökin þegar þeir hækka launin sín og verðlagið í fyrra samkv. ákvörðun Sexmannanefndar, sem er sammála um þetta, af því þeim bar réttur til þess samkv. lögum. Hún fer í mál út af því, að þetta er hækkað. Og svo eigum við að trúa því, að þetta séu hinir nýju málsvarar fyrir íslenskan landbúnað og íslenska bændur. Já, eitthvað er breytt, annaðhvort ég eða þjóðin — rétt er það. Og ef Alþb. á að verða sá flokkur sem á að bera upp pólitíkina fyrir íslenskan landbúnað, þá segi ég: Guð hjálpi mér. (Gripið fram í.) Það er ekki nokkur leið að hjálpa landbúnaðinum úr því og það er jafnsorglegt fyrir mig eins og fyrir landbúnaðinn. (Gripið fram í.) Það er ekki hægt ef þeir fela þessum mönnum málefni sín. Það er alveg vonlaust.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði að ég hefði gefið fyrirheit um endurgreiðslu á þessari gjaldtöku. (Gripið fram í.) Ég sagði: Hún er ákvörðuð af framkvæmdanefnd framleiðsluráðs bænda, ekki haft samráð við landbrh. og hann ræður þar engu um. Hins vegar, eins og ég sagði líka í dag, þá hafði ég rætt við Seðlabanka Íslands um það, að þeir hættu að innkalla lánin á landbúnaðarvörum, afurðalánin á landbúnaðarvörunum, þann hlutann af niðurgreiðslum sem ætti að endurgreiðast, þangað til séð yrði hvernig færi um þann þátt. Ef þeir hefðu gert þetta í fyrra hefðum við verið búnir að innheimta verulegan hluta af afurðalánum vegna þess sem ógreitt var þangað til ríkisstj. tókst að fá þau mál afgreidd með þeim hætti, að það var allt greitt upp um áramót. En það var ekki fyrr en um áramót. Þannig var þetta líka 1976. Meira að segja voru þeir þá farnir að innheimta og farnir að taka af einum sláturleyfishafanum, Sláturfélagi Suðurlands, út á afurðalánin. Þá var það landbrh. sem fékk þá til þess að doka við þangað til séð yrði hvernig færi um útflutningsbæturnar. Ég er ekki að segja og ég tók það fram í ræðu minni í dag, að ég hefði ástæðu til að ætla að þeir, sem best þekktu, eins og Framleiðsluráðið, mætu það rétt, að útflutningsbæturnar mundu ekki nægja til þess að greiða þetta að fullu í haust. En hversu mikið það kann að verða, því kann ég ekki heldur skil á. Ég veit líka, að ef ekki þarf á þessu fé að halda verður því skilað aftur, af því það er ekki gjald, heldur geymslufé, alveg eins og t. d. ef hv. 5. þm. Norðurl. v. þyrfti að flytja vörur inn í landið sem banki tæki ábyrgð á, en bankinn léti hann greiða geymslufé þangað til varan væri að fullu greidd. Ég held að það hafi verið á þessu ári rætt nokkuð um hlutverk deildar í banka einum sem annast slík eðlileg viðskipti, þó að mistök yrðu þar á. En þetta er sá háttur sem hafður er á til tryggingar þeim sem ábyrgðina tekur, og þegar Seðlabankinn innheimtir ekki afurðalánið, þó að veðið sé farið, þá er ekkert undarlegt þó að hann vilji hafa einhverja tryggingu fyrir slíku. Það, sem hann taldi tryggingu 1976, var að ríkissjóður mundi greiða 10%, eins og lögin mæltu fyrir um. Það var gert. Það var ekki eins öruggt í fyrra vegna þess að þá var reglan brotin, þó að það væri jafnað upp með ónotuðum heimildum frá fyrri árum. Nú er slíkt ekki til staðar vegna þess að heimildin er fullnýtt. Það er þess vegna sem er verið að þessu.

Það þjónar engum tilgangi og er engum til góðs að fara að telja bændum trú um að það sé alveg sama hvort þeir framleiða lítið eða mikið, ekki vaxi möguleikar til þess að selja framleiðsluna að heldur. Ekkert gagn er í því. Og það þýðir ekkert að halda því fram, að hægt sé með niðurgreiðslum að mæta þessu að öllu leyti. Það er alveg vonlaust. Og ég vil m. a. segja hv. 5. þm. Norðurl. e. það, að niðurgreiðslurnar 1974, sem að mínu viti fóru fram úr því sem réttmætt og skynsamlegt var, og ég hef aldrei hikað við að viðurkenna það, gengu enn lengra. Þær höfðu áhrif á söluna, ég veit ekki hvað langan tíma á eftir. En það voru nefnilega margir þá sem keyptu sér frystikistur til þess að eiga birgðirnar nokkuð lengi. Þess vegna þýðir ekki að ætla að byggja upp landbúnaðarpólitík eða aðra framleiðslu með slíkum hætti. Það verður að byggja stefnu sína á raunsæi.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. taldi það goðgá, að landbrh. hefði sett markaðsnefnd og hvort þar væri ekki treystandi umboðsmönnum, umboðssölu til samvinnufélaganna, til þess að selja. Heyrst hefur það nú, og ég veit ekki nema það hafi komið í blaði hv. 5. þm. Norðurl. e., að ekki væri þeim ágætu mönnum í öllu treystandi. Nú vil ég ekki taka undir það, þó ég viti að þar séu menn mannlegir eins og annars staðar. Hitt vil ég segja, að það er alveg eins með þá og aðra, og það er alveg sama hvar er, þessi mál verða ekki unnin upp nema leggja í þau mikla vinnu. Og ástæðan til þess, að það var kostað til að fara á sýninguna í Berlín í vetur, var einmitt að reyna að vinna þar upp markað. Og þetta er það sem verður að gera. Þó er mér fullkomlega ljóst að það þarf mikið til fyrir landbúnað okkar meðan verðbólga í landi okkar heldur svo áfram eins og raun ber vitni um.

Ég sagði um daginn, að t. d. um það leyti sem ég var valinn í ráðherrastól, þá hafi verð á fiskblokkinni í Bandaríkjunum verið 21 cent. Hvað hefur skeð núna? Fiskblokkin kostar yfir 1 dollar. Það hefur hæst við 1 dollar, en samt á sjávarútvegurinn við margvíslega erfiðleika að etja. (Gripið fram í.) Það er nú fleira en stjórnin. Þetta gekk nú svona líka, vinur sæll, hv. 5. þm. Suðurl. þegar við vorum í stjórn með Alþb. 1974 var ekki létt ár. Það var fjarri því. Og við hefðum ekki farið út í gífurlegar niðurgreiðslur þá nema af því að því miður tókst okkur ekki að ráða við verðlagið í landinu. Það skal hins vegar viðurkennt, að erlend áhrif voru þar geysilega virk vegna olíukreppunnar. Þær afleiðingar, sem af henni hlutust, voru engir smámunir. Við höfum líka orðið að búa við það. Þess vegna höfum við orðið að leggja eins mikið og við höfum gert núna á síðustu árum í hitaveitur og m. a. s. í Kröflu, til þess að reyna að ná jafnvægi vegna olíuhækkunarinnar. En þetta er annað mál. Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði í sambandi við vegamálin áðan, að ég hefði ekki viljað binda bagga. Ég tel það miklu eðlilegri hátt í þingmennsku, að þegar um er að ræða mál sem á að vinna sérstaklega að í framtíðinni, þá fáist nýkjörið þing við undirbúning slíks máls, en ekki þing sem er að ljúka störfum sínum, eins og við erum að gera nú. Hitt er mér ljóst, að hver sem kann að verða landbrh. í haust eða fara með ríkisstj. verður að fást við þessi vandamál.

En mér er líka ljóst að við greiðum ekki auknar útflutningsbætur nema með lagabreytingum. Það hefur nú ekki verið sá tónninn í mönnum hér á landi, að það sé það — sem stefna ætti að. Ég er sannfærður um, eins og hv. þm. Ingi Tryggvason, hv. 6. þm. Norðurl. e., kom hér að áðan, að niðurgreiðslurnar hafa viss áhrif, en þeim eru líka takmörk sett. Eins og hann nefndi réttilega mun t. d. sala smjörsins, sem er áhrifameira en flest annað, vera komin í fyrra horf þrátt fyrir háar niðurgreiðslur. Svo skulum við bara gera okkur grein fyrir því, að neyslubreyting hefur orðið, kindakjötið er ekki eins mikilvæg neysluvara Íslendinga og áður var. Nautakjötið er komið þar inn í, svínakjötið og alifuglakjötið.

Eins og hv. þm. Ingi Tryggvason sagði og út af því sem kom fram um afstöðu hans í vetur í atkvgr., þá mun fyrirvari hans hafa verið þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Herra forseti. Í trausti þess, að athugað verði mjög gaumgæfilega, hvort ekki sé rétt að auka niðurgreiðslu á kjöti og sú athugun fari fram mjög fljótt, og vísa ég þar til þess sem áður hefur verið sagt hér við atkvgr., þá segi ég nei.“

Þetta var líka gert. Niðurgreiðslurnar voru auknar. Niðurgreiðslur hafa sömu áhrif og söluskattur nema að einu leyti: Ef verðhækkanir verða, en niðurgreiðslurnar standa í stað, þá eru áhrifin ekki þau sömu. Og nú erum við komnir með verulega fjárhæð fram yfir það sem hefði gerst ef við hefðum fellt niður söluskattinn og þá líka niðurgreiðslurnar. (Gripið fram í.) Það skal hv. 5. þm. Norðurl. e vita, að ekki er mögu-leiki hér á hv. Alþ. að breyta þarna alveg um. Hvernig á líka að hugsa sér að hægt sé að auka útgjöld ríkissjóðs án þess að afla honum tekna á móti? Það er ekki hægt. Auk þess er það rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Inga Tryggvasyni og kom fram í athuguninni sem gerð var af vinstri stjórninni, að hættan samfara því að fella söluskattinn niður af kjöti var svo mikil vegna þess að við vorum þá að opna leiðir til þess að svindla í hinum stóru verslunum. Það á engin ríkisstj. að fara inn á þá leið sem getur beinlínis boðið upp á skattsvik. Ég segi hv. 5. þm. Norðurl. e. það, og það er alveg sama hvort hann trúir því eða ekki, að ég hefði hiklaust gert þetta. Ég lét leggja í það geysilega vinnu að athuga þetta og ég ræddi þetta mikið í ríkisstj., hvort ég eða aðrir treystu sér til að leggja út í þessa aðgerð. Það er allt annað að fást við kjötið vegna þess hve breytileikinn er mikill í endanlegri sölu á því. Það er ekkert sambærilegt að selja smjör eða egg eða þess háttar. Það er allt annað. Kjötið er sú landbúnaðarvara sem breytileikinn er hvað mestur í.

Hér kom fram áðan atriði í sambandi við grundvallarverðið. Grundvallarverðið er það verð sem Framleiðsluráðið, sem er umboðsmaður bændanna og Sexmannanefnd ákveða og þeir umboðsmenn, sem eru á hinum kantinum, annaðhvort með samkomulagi eða með dómi, sem hefur mjög sjaldan komið til nú á síðustu árum, þangað til dómurinn í haust var ákveðinn. Þetta er það verð sem lagt er til grundvallar, og þetta eru þær tekjur sem þeir ákveða að bændur skuli fá fyrir framleiðslu sína. Það er ekki ríkisstj. sem ákveður þetta. Ég gerði tilraun til að láta semja við ríkisstj. þgear ég lagði fram frv. um breyt. á framleiðsluráðslögunum. En vinur okkar hérna, sem kallar sig Alþb.-mann, og minn ágæti kunningi, hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, vildi þá ekki fallast á frv. Hann var einn af þeim sem stöðvuðu það frv. fyrir mér. Það er víst eina frv. sem ég hef ekki komið í gegnum þingið í minni ráðherratíð, og munu þó vera um eða yfir 30 lög í landbúnaði sem hafa verið sett á mínum vegum á þessum árum. En þetta frv. var stöðvað. Ég vil líka minna á, og það er gott fyrir hv. 5. þm. Norðurl. e. að muna það þegar hann fer að tala sem bændafulltrúi norður í Þingeyjarsýslu og Eyjafirði í vor, þegar við vorum að breyta framleiðsluráðslögunum um mjólkursöluna. Það var ekki deilt um það af fulltrúa Alþb. í landbn., heldur um það, að í þessu frv. var heimild til þess að færa á milli og jafna á milli sláturhúsanna, þeirra nýju og þeirra gömlu, að ná í gegnum sláturkostnaðinn jöfnun á þessu. Það var þetta sem stóð í Alþb., en ekki mjólkursalan. Hv. 5. þm. Norðurl. e. skal lesa sér til í þskj. og þingræðum og vita hvort hann finnur þetta ekki. En þá var Alþb. ekki orðið landbúnaðarflokkur eins og þm. þess telja sér trú um og ætla að reyna að vera núna.

Ég minni nú á þetta og minni á að það var eingöngu árið 1975 sem ekki náðist fullt grundvallarverð. Öll hin árin hefur það náðst. Ég minni á það, að ef hv. þm. vilja kynna sér afkomu bændastéttarinnar með réttum saman-

burði, þá mun það sýna sig að árin 1971—1977 eru jafnbestu árin um afkomu bænda í þessu landi. Árin 1964—1965 eru þar líka með þeim fremstu. En ef tekið er lengra tímabil, þá eru þetta bestu árin. Það er alveg sama hvað haldnir eru margir fundir til þess að reyna að prédika annað. Þetta er staðreynd sem ekki verður um flúin. Árið 1977 mun sýna það ekki hvað síst. Sennilega verður það enn þá betra en árið 1973, sem var þó það besta hingað til.

Ég sé að ég þarf að fara að stytta mál mitt. Það var ekki það, að ég vildi ekki vera hér við umr. áðan, eins og var verið að glósa með, heldur hitt, að ég var búinn að ákveða og þurfti að hitta mann, sem fer úr landi í fyrramálið, og gat ekki látið það hjá líða. En ég vil segja það, að ég gerði um daginn grein fyrir lausaskuldum bænda og þeirra sem verst væru settir. Eitthvað fannst mér á sumum að dregið væri í efa að rétt væri með farið. Form. nefndarinnar sagði mér, að það hefði verið leitað til sín og hann spurður, hvort hann hefði gefið þessar upplýsingar, sem og hann sagðist hafa gert. En hann gerði meira. Hann hafði, frá því að þetta gerðist og þangað til hann hitti mig, farið í nokkur skattumdæmi til að kynna sér þetta og þá voru staðreyndirnar þær, að það varð breyting til batnaðar á árunum 1976—1977 frá því sem áður hefur verið. Hún var að vísu ekki stórfelld og var misjöfn eftir héruðum, en um flest í rétta átt, enda ekki undarlegt. Það kemur líka fram í þessari grg. — (Gripið fram í.) Já, 1976—1977, en ég var ekki með 1977 í ræðu minni hérna um daginn. Það var ekki komið. Hann athugaði það fyrir mig þá, eins og ég sagði að ég hefði beðið hann að gera. Það kemur líka fram í þessari grg. frá Þjóðhagsstofnuninni sem ég vitnaði til í dag, að breytingin er minni á Norður- og Austurlandi en hún er á Suður- og Vesturlandi og Vestfjörðum milli þessara ára, enda ekki undarlegt því árin 1975 og 1976 voru verulega erfið ár á Suður- og Vesturlandi. Þess vegna er ekki undarlegt þótt breytingin sé þar meiri.

Nú ætla ég ekki að eyða í þetta lengri tíma. Það fer svo, að við hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Norðurl. v. erum ekki sammála um þessa bændapólitík, enda ekki undarlegt, því þeirra hugsun er að byggja sína bændapólitík á því, að ég hafi verið lélegur landbrh. Að vísu eru það ekki haldgóð rök. Ég minnist þess, að frambjóðandi þeirra, hv. 5. þm. Vesturl., sagði á framboðsfundi síðast: Til þess að þið tryggið nú að halda ykkar góða landbrh., þá verðið þið að kjósa mig. — En það er rökvísi á svipaðan hátt og hér hefur verið notuð.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hér hafa orðið miklar umr. utan dagskrár um verðlags- og markaðsmál og framleiðslumál landbúnaðarins og vandamál á þessu sviði. Þessi mál eru nú höfuðmál landbúnaðarins auk lánamála, sem ég skal ekki fara út í hér. Vegna þess, hve áliðið er dags, skal ég stytta mál mitt og aðeins drepa á nokkra þætti af því sem hér hefur komið fram og mér þykir ástæða til að vekja athygli á.

Það er rétt, sem fram hefur komið, að það sækja þung vandamál að bændum þessa dagana í tengslum við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um verðjöfnunargjald af sauðfjárframleiðslu. Þetta er þó ekki, eins og hv. þm. og talsmenn Alþb. hafa talað, með þeim hætti að bændum hafi í raun og veru komið þetta á óvart. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Inga Tryggvasyni, að þetta hefur legið fyrir frá því skömmu eftir sláturtíð og er því ekki um nýtt mál að ræða. Það úrræði, sem hér er tekið, að taka innvigtunargjald, er hið eina sem framleiðsluráðslögin gera ráð fyrir til þess að mæta því að jafnað verði á milli framleiðslusvæða ef útflutningsbótafé dugar ekki til. Þetta vissu bændur og þurfti engum að koma á óvart. Það er hins vegar alveg rétt, að ríkisstj. hefur ekki gripið til neinna ráða til þess að breyta þessum lögum á þá lund, að til annarra ráða mætti grípa. Það hefur ekki verið tekið upp í lögin svokallað kvótakerfi, ekki verið tekið upp að leggja sérstakt gjald á innflutt fóður né breytt lögum á þá lund að hækka útflutningsbætur frá því sem nú er og lögin gera ráð fyrir. Ég hefði kosið að heyra það hjá talsmönnum Alþb., sem hér hafa talað, hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Norðurl. e., til hvaða ráða þeir hefðu kosið að grípa til þess að greiða úr þessum vanda.

Ég undrast það nokkuð, að hv. þm. Alþb. hafa runnið um héruð og haldið fundi um landbúnaðarmál, vandamál landbúnaðarins, og koma hingað til þess að ræða þessi mál án þess að þess verði vart að þeir geti bent á eina einustu leið til úrbóta. (Gripið fram í.) Það eina, sem þið hafið bent á, hv. þm. Alþb., í þessum umr., er það að ef niðurgreiðslur væru auknar meira eða þá að söluskattur verði felldur niður af kjöti, þá væru öll mál leyst af sjálfu sér. (Gripið fram í.) Og það er kannske dálítið svipað sem bóndi einn sagði mér af bændafundi þar sem hv. 2. þm. Austurl. mætti, að hann hafi talið öll þessi vandamál landbúnaðarins vera eiginlega tilbúning af hálfu stjórnvalda vegna þess að ef fólkinu væri borgað meira gæti það étið meira og þá væru framleiðslu- og markaðsmál landbúnaðarins leyst. Þetta þótti bónda vera heldur ódýr lausn. Það eina, sem bryddað hefur á í þessum umr. af hálfu talsmanna Alþb., er á þá lund, að ef niðurgreiðslur væru auknar mundi greiðast úr sölumálum landbúnaðarins, vegna þess að þá mundi neyslan vaxa það mikið að ekki þyrfti lengur að hafa áhyggjur af þessum málum.

Þessu hefur raunar þegar verið svarað svo rækilega að ég skal ekki bæta miklu við, en ég tel þó að hér sé hvergi nærri um fullnægjandi lausn að ræða og í rauninni nánast að segja leikaraskap einn.

Það er út af fyrir sig rétt, að það mundi létta nokkuð þessi mál ef söluskattur væri felldur niður af kjötvörum eða niðurgreiðslur enn auknar, en hvergi nærri duga til þess, að ekki vantaði á verð til bænda eða vantaði þannig á verðtryggingarfé. Það er alveg ljóst. Og ég held að þeir hv. 5. þm. Norðurl. e. og v. ættu að huga betur að þessum málum áður en þeir halda því fram, að þeir geti leyst vanda markaðsmála og framleiðslumála landbúnaðarins með jafneinföldum hætti. Og ég hlýt að lýsa eftir svari við því

frá þessum hv. þm., hvort þeir vilji t. d. leggja það til, að útflutningsbætur verði auknar, að það verði farið fram úr þeim 10% mörkum sem núverandi framleiðsluráðslög gera ráð fyrir og heimila. Ef þeir væru tilbúnir til þess að gefa slíka yfirlýsingu, þá væru þeir viðræðuhæfir um að þeir legðu eitthvað til mála sem mark væri á takandi. Ef þeir benda ekki á nein slík úrræði, þá eru þessar ræður þeirra, eins og ég sagði, að miklu leyti leikaraskapur einn, gerður til þess að ala á mikilli óánægju, sem vissulega er til staðar og er réttmætt að sé til staðar vegna þess að þau vandamál, sem við er að etja, bitna að sjálfsögðu þungt á bændastéttinni.

Ég hefði gjarnan viljað bíða eftir svari við þessari fsp. minni. (Gripið fram í.) Hún kemur væntanlega á eftir. En þessir hv. þm. báru hér áðan brigður á það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. Ingi Tryggvason, gat um, að þeir hefðu lagt til í þingmáli að greiðslufyrirkomulagi útflutningsbóta yrði breytt á þá lund, að útflutningsbótaréttur inn yrði einskorðaður við hverja búgrein fyrir sig. (StJ: Ég bar brigður á það. Ég sagði að þetta hefði verið í sambandi við grg. Það hefði ruglað þá.) Báðir þessir hv. þm., 5. þm. Norðurl. e. og 5. þm. Norðurl. v., báru brigður á það og sögðu, að þetta væri ekki þingmál Alþb., heldur Alþfl. Svo vill til að á þskj. 115 er flutt till. til þál. af hv. þm. Stefáni Jónssyni, Helga F. Seljan, Geir Gunnarssyni og Ragnari Arnalds. Þar kemur fram að þeir telja að búast megi við, ef skipulagsbreytingar verða svo sem tillgr. gerir ráð fyrir, nokkurri umframframleiðslu búvara í góðæri. Eins og segir orðrétt í grg., með leyfi hæstv. forseta: „og má því búast við að jafnan þurfi að grípa til útflutningsuppbóta öðru hverju. Þyrfti þá að koma málunum fyrir á þá lund, að miðað verði við ákveðna hlutfallstölu — 10—15% — af verði hlutaðeigandi framleiðsluvöru á viðkomandi verðlagsári, fremur en heildarframleiðslu búvöru." (RA: 10—15%, já.) Rétt, 10—15%. Ég hef fengið í hendur útreikninga frá starfsmönnum Framleiðsluráðs á þá lund, að ef þessi regla hefði verið tekin upp, þá hefðu útflutningsbætur með 10% útflutningsbótarétti á sauðfjárframleiðslu annars vegar og nautgripaframleiðslu hins vegar lækkað á síðustu 4 árum um rúmlega 2000 millj. kr. Ef hin talan hefði verið tekin, 15% á hvora þessa framleiðslugrein, þá hefði útflutningsbótaféð á síðustu tveimur árum lækkað um 1203 millj. kr. Í þessari þáltill., sem hér er flutt af m. a. þessum tveimur hv. þm. Alþb. sem hér hafa mest talað, þá er sem sé verið að gera því skóna, að með skipulagsbreytingum og tilfærslum á niðurgreiðslufé megi koma því þannig fyrir að halda útflutningsbótaréttinum einvörðungu við þessar tvær tilgreindu búgreinar, sem þýðir í raun að réttur bænda til verðtryggingar er stórkostlega skertur. Svo hlaupa þessir menn út um allt land á bændafundi til þess að telja bændum trú um það, hversu miklir vinir bændanna þeir séu og að þeim sé einum treystandi til þess að fara með landbúnaðarmál. E. t. v. koma þeir hér á eftir, hv. þm., og svara fsp. á þá lund, að þrátt fyrir þessa þáltill., sem sé nú kannske marklcysa, þá vilji þeir þó auka útflutningsbótaféð. Kannske verður það þannig. Það væri ágætt að fá slíkt svar, ella verður að telja að þeir meini það sem stendur í þessu þskj.

Ég skal ekki fara mörgum fleiri orðum um þennan málflutning. Það hafa auðvitað í mörgum greinum komið fram villur í máli hv. þm., sumpart vegna þess að þeir eru ekki nægilega kunnugir málum. Það er eðlilegt. Þessir hv. þm. hafa ekki starfað að framleiðslu búvara og hafa litið þann atvinnuveg á hlaupum á ferðum sínum, kannske góðvildaraugum, kannske hornauga, ég skal ekki um það dæma. Hitt er ljóst, að sumpart fara þeir með rangfærslur vísvitandi. Hv. þm. Ragnar Arnalds sagði, að það innvigtunargjald, sem nú er tekið af kjöti og kjötvörum, af dilkakjöti og ærkjöti, mundi nema 500—900 þús. kr. á bónda í landinu. (RA: Sauðfjárbónda.) Sauðfjárbónda í landinu. Þetta er ekki rétt. Ef á að líta á þessar tölur sem eitthvert meðaltal, mun meðaltal á sauðfjárbónda vera innan við 500 þús. kr. Hv. þm. Stefán Jónsson sagði þetta vera gjaldtöku, eins og hann orðaði það, upp á 700—900 þús. kr. á ári á sveitaheimili. (RA: Í mörgum tilvikum, já.) Þetta eru vitaskuld vísvitandi rangfærslur. Hér getur ekki verið um slíkan sljóleik í hugsun að ræða að þeir sjái ekki að hér er farið með rangt mál. Það er auðvitað viljandi gert.

Ég skal aðeins segja það út af þessum málum, að ég treysti því, að þær stjórnskipuðu nefndir, sem nú starfa að því að finna hagkvæmustu lausn út úr vandamálum landbúnaðarins á sviði framleiðslu- og markaðsmála, beri gæfu til þess að skila um það efni góðum og viturlegum till. Ég tel að það þurfi meira en gert hefur verið að leggja upp úr markaðsþættinum, markaðsleit, markaðsöflun erlendis. Þó er ljóst að þar er vissulega um erfitt hlutverk að ræða vegna þess hve í helstu markaðslöndum okkar eru nú miklar niðurgreiðslur á framleiðslu þarlendra vara. Og verðlagsþróunin innanlands togar í hinn endann þessum málum til óhags. Ég tel einnig að það þurfi að huga betur að skipulagningu framleiðslu og leita vandlega leiða til þess að koma við að einhverju leyti svokölluðu kvótakerfi í verðlagsmálum landbúnaðarins. Til þess vænti ég að megi finna leiðir og þá á þá lund, að þeir sem búa við t. d. eitt vísitölubú hljóti fullt verð, síðan, ef um skerðingu þarf að vera að ræða, komi það á stærri búin, hlutfallslega vaxandi eftir því sem þau stækka og verki þannig til þess að hafa hemil á framleiðslu þeirra sem stærst hyggja í þessum efnum, og aftur hitt, að lægra verð eða bara útflutningsverð verði greitt á framleiðslu ríkisbúa, því að þau eru óþarflega stór, svo að ekki sé meira sagt. Til greina kemur einnig, sem ég skal ekki ræða um, að láta slík ákvæði að einhverju eða öllu leyti gilda um svokallaðan tómstundabúskap sem ýmsir þéttbýlisbúar reka sér til skemmtunar, ánægju og lífsfyllingar. En það er svo, að ýmislegt vilja menn gjarnan kaupa fyrir mikla peninga. Og það getur verið íþrótt að eiga nokkrar kindur fyrir þéttbýlismann og sýsla um þær, alveg á sama hátt og fyrir þann næsta við hliðina í götunni að kaupa sér laxveiðileyfi fyrir tugi ef ekki hundruð þúsunda á ári hverju.

Ég skal taka undir það sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði undir lok ræðu sinnar, að það væri illa gert að draga úr bændum kjarkinn núna. Þetta skal ég taka undir. Þótt vandamál séu mikil á þeim sviðum landbúnaðarmála, sem við höfum mest rætt í dag, þá megum við ekki mikla þau vandamál um of fyrir okkur. Þau eru sumpart til komin vegna mikillar framleiðslu, vegna mikils góðæris á síðasta framleiðsluári. Þó að þessi vandamál séu kannske þungbær, þá eru þó enn þungbærari þau vandamál þegar illæri verður svo mikið að framleiðsla dregst saman og kjör stórskerðast af þeim sökum. Þessum vandamálum, sem við er að glíma nú, er væntanlega hægt að ráða fram úr. Þau hafa ekki í för með sér jafnalvarlega kjaraskerðingu fyrir bændastéttina eins og hin, sem af náttúrunnar völdum spretta. En þó að við slík vandamál sé að etja, þá verðum við heldur að telja kjark í bændur en hið gagnstæða. Og ég verð að segja það, að að undanskilinni þessari setningu hv. þm. Stefáns Jónssonar var öll hans ræða eitt uppflosnunartal og til þess lagað að koma því inn hjá bændum, sem ekki kunna kannske allir nægilega skil á málum, að þeir væru betur komnir annars staðar en við landbúnaðarframleiðslu. Það er ekki gott verk að halda þannig á málum. Það er þarflegt og gott um það að segja að rökræða vandamál, en að mála alltaf svart á vegginn án þess að benda á leiðir út úr vandanum er niðurrifsstarf.

Ólafur B. Óskarsson: Herra forseti. Það er fámennt í þingsalnum og hvorki er þar staddur hæstv. landbrh. né heldur hv. þm. Ragnar Arnalds sem hóf þessar umr. Þrátt fyrir það verð ég, held ég, að segja nokkur orð í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa fram farið.

Þegar þessar umr. hófust í dag stóð þannig á, að ég var að tala í síma. Ég var að ræða við einn af sláturleyfishöfum á heimaslóðum mínum og var hann að vonum mjög óhress yfir þeim fyrirmælum sem hann hafði fengið frá Framleiðsluráði um að halda eftir af verði til bænda 70 kr. á hvert kjötkg. Það kom fram í máli hv. þm. Ragnars Arnalds, að þetta væru kringum 500 þús. kr. á meðalbú. Hygg ég að það láti nokkuð nærri. Skakkar þar að vísu talsverðu frá því sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði hér, þar sem hann talaði stundum um 600—700 þús. kr. og stundum um 700—900 þús. Verður, held ég, að meta málflutning hv. þm. með hliðsjón af því. En þrátt fyrir það erum við bændur að vonum heldur óhressir yfir skatti þessum, því að þetta er allstór hluti af kaupi bænda sem getur farið svo að verði af þeim tekinn.

Hæstv. landbrh. gat þess í ræðu sinni, að hann liti á þetta sem tryggingafé sem verið gæti að yrði greitt síðar. En þá er þess að gæta, að sá verslunarstjóri, sem ég ræddi við í dag, tjáði mér að þeta hefði þau áhrif, að hann sæi sig knúinn til að draga úr fyrirgreiðslu við þá bændur, sem við hann versluðu, með tilliti til þessa, vegna þess að hann hefði hreinlega ekki fjármagn til þess, þegar honum væri gert að halda þessu eftir, og þannig skellur þetta að nokkru leyti á bændum þegar í stað. Hjá því verður ekki komist.

Í máli hæstv. landbrh. kom fram að tekjur bænda hefðu samkv. úrtaki úr skattframtölum hækkað fullt svo mikið og tekjur annarra stétta. Ég ætla nú ekki að fara að rengja þetta beinlínis. Í máli hans kom fram að tekjur bænda hefðu hækkað um 60—70% á síðasta ari, en hins vegar hefur manni alltaf heyrst að launataxtar hafi hækkað um 60—80%. Bændur gera þannig ekki betur en að halda í horfinu og eru jafnlangt á eftir viðmiðunarstéttum og fyrr. Þá kom það einnig fram í máli hæstv. landbrh., að hann áliti að þrátt fyrir þetta mundi verðlagsgrundvallarverð síðasta árs nást. En ég sé ekki betur en þrátt fyrir að það náist út af fyrir sig falli það í reynd niður, að verðlagsgrundvöllur verði endurskoðaður ársfjórðungslega fram að næstu haustverðlagningu og á þann hátt verði eftir sem áður sá launaliður af bændum tekinn, ef svo fer að þetta verð verði alfarið af bændum tekið.

Nú er þess að gæta, að kjaramál bænda hafa verið mjög í brennidepli að undanförnu og hafa bændur verið óhressir yfir sínum málum sem von er. Nú er þess ekki að dyljast, að við verðum að taka það sem staðreynd, að landbúnaðarframleiðsla hefur verið fullmikil að undanförnu. Það er það sem við stöndum frammi fyrir, og í þessum efnum sem öðrum verður að vera visst jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar. Það gengur ekki í nokkurri framleiðslugrein að framleiða langt fram yfir það sem hægt er að selja. Ég álít því að bændur standi frammi fyrir því nú, að þeir verði að gera ráðstafanir til að takmarka að einhverju leyti heildarframleiðslu landbúnaðarafurða, að öðrum kosti verður staða þeirra mjög veik. Það er hins vegar um það deilt, hversu að því skuli staðið. Raktar hafa verið hér í umr. og víðar þær leiðir sem til greina koma: kvótakerfi, fóðurbætisskattur o. fl. Fóðurbætisskattur hefur verið mjög harðlega gagnrýndur af bændum. Ég hygg eðlilegt að slíkar ráðstafanir til takmörkunar framleiðslu standi nokkuð í bændum og leiðtogum þeirra. Þetta er visst tregðulögmál þegar þannig er vikið frá þeirri stefnu sem fylgt hefur verið undanfarna áratugi. Og þetta er ekkert sérstakt fyrirbæri fyrir landbúnað, að slíkrar tregðu gæti. Við getum nefnt fjárfestingu t. d. í sjávarútvegi. Hún mun vera af ýmsum talin langt fram yfir það sem nauðsynlegt er. Og það má enn fremur nefna, þó að einhverjum þyki kannske óskylt, verkalýðsmál og vinnulöggjöf, að verkalýðsfélögin halda dauðahaldi í staðnaða og úrelta vinnulöggjöf. Þannig er ekkert sérstakt fyrirbæri að bændur skirrist við að víkja frá því skipulagi sem verið hefur.

Það, sem nauðsynlegt er að hafa í huga í þessum efnum, er að það verður að reyna að móta samræmda heildarstefnu í landbúnaðarmálum sem taki mið af því að framleiðslan samsvari þörfum innanlandsmarkaðar eða ríflega það, þannig að örugglega verði ekki skortur á þessum vörum. Bændasamtökin og fulltrúar þeirra, bæði á Alþingi og annars staðar, verða að sameinast um að reyna að finna leiðir sem til þess duga. Ég er ekki viss um að þessi nývaknaði áhugi hv. þm. Alþb. verði happadrýgstur í því efni. Hæstv. landbrh. rakti það fyrr í kvöld, hvernig þessi mál hefðu gengið til í samstarfi við Alþb. og hver

málflutningur Alþb.-manna hefði verið. Ég á ekki von á að það verði nein breyting á því, nema kannske núna rétt fram yfir kosningarnar. Við heyrðum það líka á máli hv. þm. Alþb. sem hér töluðu, að í aðalatriðum voru þetta slagorð, nánast kosningaslagorð. Ég held að ekki sé hægt að segja um ræður þeirra annað. Það örlaði hvergi á raunhæfum till. til úrbóta. En ég verð að lýsa því trausti mínu á leiðtogum bænda, forustumönnum bændasamtakanna og og fulltrúum þeirra á Alþ., sem um þetta fjalla, að þeir beri gæfu til þess að móta raunhæfa stefnu í þessum málum, og að því ber að vinna. Kosningabrölt hv. þm. Alþb. mun þar engu breyta.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er sannarlega ekki af því að ég telji ekki íslensk landbúnaðarmál þess virði að þau séu rædd á hinu háa Alþ., að ég kem í ræðustól nú til þess eins að láta í ljós undrun mína og megna óánægju yfir umr. utan dagskrár sem hér hafa farið fram má segja í svo til allan dag. Það eru hartnær 50 mál á dagskrá þessa fundar. Ég sé ekki að það hafi verið það knýjandi málefni í máli þeirra hv. þm., sem þessar umr. hófu, að það geti réttlætt að trufla með þessum hætti regluleg þingstörf. Við munum leggja nótt við dag þá daga, sem eftir eru til þinglausna, til að ljúka afgreiðslu mikilvægra mála og enda þótt margt hafi verið hér af viti sagt og fróðlegt um leið, þá tel ég þessar umr. algerlega rangt tímasettar. Mér finnst að af þeim öllum hafi verið nokkur keimur og heldur leiðinlegur keimur af því að kosningar eru í nánd. Ég held að það sé meira en tími til kominn að inn í þingsköp Alþ. komi eitthvað til að verja okkur gegn því, að vinnutíma þingsins sé varið með þeim hætti sem hér hefur verið í dag.

Umr. frestað.

Húsnæðismál, þáltill. (þskj. 525). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Vilborgu Harðardóttur leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál. um húsnæðismál:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að við endurskoðun þá, sem nú fer fram á lögum nr. 30 frá 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, verði eftirfarandi atriði sérstaklega tekin til athugunar:

1. Fjármagn til byggingar verkamannabústaða verði aukið verulega og sveitarfélögum gert kleift og skylt að byggja verkamannabústaði, enda verði hlutdeild ríkisins í lánveitingum til þeirra aukin.

Jafnframt verði aukin og bætt fyrirgreiðsla til þeirra sveitarfélaga sem byggja leiguíbúðir.

2. Lán úr Byggingarsjóði ríkisins verði hækkuð verulega til þeirra fjölskyldna, sem ekki eiga íbúð og ekki hafa átt íbúð á s. l. 5 árum. Verði við það miðað, að slík lán nemi allt að 60% af byggingarkostnaði íbúðar í fjölbýlishúsi, eins og hann er á hverjum tíma, samkv. útreikningum Hagstofu Íslands.

Lán þessi verði veitt til byggingar eða kaupa á nýjum íbúðum og einnig til kaupa og endurbóta á eldri íbúðum.

3. Við ákvörðun á lánakjörum hjá Byggingarsjóði ríkisins verði við það miðað, að árlegar afborganir, vextir og vísitöluálag af lánum sjóðsins til hverrar íbúðar fari aldrei yfir 20% af launum fyrir 8 stunda vinnu samkv. 2. taxta Dagsbrúnar.

4. Stofnaður verði nýr lánaflokkur til endurbóta á eldri íbúðum. Á þann hátt verði dregið úr þörfinni fyrir byggingu nýrra bæjarhverfa og kostnaðarsamra opinberra mannvirkja til þjónustu við íbúa þeirra hverfa. Um framkvæmd slíkrar endurbyggingar verði tekin upp samvinna við sveitarfélögin um nýtingu á eldri bæjarhverfum og þeim mannvirkjum sem þar eru.“

Þessari till. okkar fylgir svo alllöng grg., sem ég tel óþarfa að vera að rekja hér nánar, en mun víkja kannske að nokkrum atriðum hennar á eftir.

Þegar till. um svo viðamikið efni og þýðingarmikið kemur fram svo síðla þings á síðasta ári kjörtímabils, þá er von að menn spyrji: Hvers vegna ekki fyrr, hvers vegna nú á elleftu stund, þegar útséð er um alla afgreiðslu? Er þetta ekki sýndarmennska, aðeins til að sýna lit svona rétt fyrir kosningar? Það er von að slíkar spurningar vakni og þær þarfnast svara.

Hér er um mjög ákveðnar og skýrar till. að ræða, sem í mjög verulegum atriðum eru gerólíkar því lánakerfi, uppbyggingu þess og kjörum öllum, sem í dag ríkir og hefur ríkt undanfarin ár. Og þegar svo róttækar og fjárfrekar till., að því er mönnum sýnist í upphafi, eru bornar fram, er von að enn ein spurningin vakni þá hjá þeim sem halda að þetta þýði mikinn aukakostnað — svo sem er forsenda tillögugerðarinnar — þ. e. hvaðan fjármagnið skuli koma, sem til þarf til þess að koma þessum till. í framkvæmd, hvernig kerfinu skuli komið á.

Allt fram á þetta síðasta ár þessa kjörtímabils höfum við, m. a. s. stjórnarandstæðingar, trúað á það, að endurskoðun sú, sem yfir hefur staðið allt kjörtímabilið og raunar lengur, birtist í einhverjum till. til úrbóta. Hefur líka verið óspart að því ýjað, m. a. í sambandi við umr. á þingi í sambandi við húsnæðismál og beinar till. eða frv. sem snert hafa Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þær till. og þau frv. hafa fengið sína afgreiðslu. Þeim hefur verið vísað til ríkisstj. vegna þess að heildarendurskoðun þessara mála stæði yfir. Svo var t. d. um frv. okkar hv. þm. Ragnars Arnalds um útibú frá Húsnæðismálastofnun ríkisins úti á landi. Svipað var um frv. hv. þm. Kjartans Ólafssonar um breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnunina, þar sem m. a. var vikið að sumu af því sem þessi till. lýtur að. Og frv. þeirra framsóknarmanna í Nd. um aukna fyrirgreiðslu við kaup eldra húsnæðis virðist ekki ætla að hljóta afgreiðslu, án efa með þeirri meginafsökun, að heildarendurskoðun standi enn þá yfir.

Við Alþb.-menn höfum átt fulltrúa í þessum endurskoðunarnefndum, því að þær eru fleiri en ein, sem starfað hafa nú á undanförnum árum.

Við höfum einnig átt og eigum fulltrúa í stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Allir þessir aðilar hafa starfað vel að þessum málum og það hafa án efa fulltrúar annarra flokka gert einnig. Okkar fulltrúar hafa lagt þar fram till. í þá átt sem við erum nú að flytja á þingi, en þær hafa ekki fremur en aðrar, sem þar hafa komið fram, hlotið náð fyrir augum þeirra sem með æðstu stjórn hafa farið í þessum efnum. Því hefur allt þetta kjörtímabil liðið án teljandi breytinga á lögum um húsnæðismál. Allar eru þær a. m. k. þess eðlis, að þar er engum sköpum skipt, þó að helst megi nefna breytinguna varðandi leiguíbúðir sveitarfélaga, er þeim var breytt í söluíbúðir einnig, eða réttara sagt: sveitarfélögunum var heimilað að selja íbúðirnar, enda flestum þeirra ofvaxið með öllu að eiga þessar íbúðir nema þá að leigja þær út við óhóflegri leigu, sem sveitarfélögunum hefði ekki verið sæmandi og þau hefðu í raun og veru ekki getað staðið að. Þetta er auðskilið, þegar litið er á töfluna á fskj. II um vaxta- og verðtryggingarbyrðina af þeim lánum sem veitt eru til þessara íbúða. Eins og kemur fram þar og er eftir beinum upplýsingum frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, þá taka þeir, sem taka þessar leiguíbúðir, og er þar miðað við algengasta kostnaðarverðið, lán Byggingarsjóðs ríkisins að upphæð 9.2 millj. kr. Á fimmta ári eru vextir og afborganir ásamt vísitöluálagi komnir upp í 1 millj. 838 þús. 649 kr., eins og sést á skýrslunni. Vextir og vísitöluálag af slíku láni verða samkv. þessum forsendum 88.205 kr. á mánuði fyrsta árið eða strax á fyrsta árinu 60.5% af launum verkamanna á 2. taxta Dagsbrúnar, eins og þau voru í jan. 1978. Þetta skýrir það að fullu, held ég, að þeir, sem fóru inn í þessar íbúðir á vegum sveitarfélaga og keyptu þær vegna þess að lánið var svo hátt og menn þurftu svo lítið að greiða í upphafi, þeir sem lítið áttu til, þeir hafa heldur betur kynnst því hvernig er að taka þetta á sig á eftir. Margir þeirra, ég þekki dæmi úr minu kjördæmi um það á tveim stöðum hafa reynt eftir mætti að losa sig út úr þessu með því að selja þær einhverjum öðrum, en bæði eru á því ýmsir annmarkar samkv. þeim lögum, sem farið er eftir, og einnig eru aðrir ekki ginkeyptir fyrir því heldur þegar þeir eru búnir að sjá hver reynslan er af þessum íbúðum. Þetta hefur þess vegna ekki leyst vandann, þó þetta væri talið mjög mikið bjargráð á sínum tíma fyrir sveitarfélög. Sveitarfélögin sóttust óneitanlega eftir þessu. En menn höfðu hreinlega ekki reiknað dæmið til enda, er þeir hurfu frá því fyrirkomulagi, sem áður hafði ríkt, og að þessu, hurfu frá byggingu verkamannabústaða í stórum stíl og að þessu fyrirkomulagi í staðinn. Varanlegar till. hins vegar til breytinga á húsnæðislöggjöfinni, einnig í þá átt að auðvelda fólki að eignast þak yfir höfuðið í þess orðs einföldustu merkingu, hafa ekki komið fram og það er útséð um að þær komi fram á þessu kjörtímabili. Því var það, að okkur þótti sjálfsagt að kynna þær helstu till. sem fulltrúar okkar Alþb.-manna hafa verið með í endurskoðunarnefndunum og í stjórn þeirrar stofnunar sem æðst er í þessu næst rn. og ráðh. En ásamt þeim fulltrúum okkar, sem þar hafa setið, hefur Óskar Hallgrímsson einnig staðið að þessari tillögugerð.

Ég hef nokkrum sinnum á undanförnum árum spurt um það, hvernig þessum málum liði, ekki bara hér á þingi, heldur einnig í þessum nefndum og hvort ekki væri við hæfi að flytja till. beint inn á þing. Þá hafa þeir ágætu fulltrúar, sem við höfum átt þarna, af eðlilegum ástæðum, af löghlýðni við þá sem skipuðu þá í þessar endurskoðunarnefndir og í þessar stjórnir, sagt að nú væri von um að málið væri að leysast, það miðaði a. m. k. í áttina og slíkar till. gætu jafnvel spilt fyrir heildarlausn og samkomulagi um annaðhvort einstök atriði eða á víðari grundvelli, sem tæki t. d. alveg sérstaklega mið af félagslegri uppbyggingu og aukinni þátttöku og aðild launþegahreyfingarinnar að því kerfi.

Þessar eru í stuttu máli ástæðurnar fyrir svo síðbúnum flutningi þessarar till., sem við töldum rétt að flytja hér, þó að við séum auðvitað hvergi uppnæm fyrir talinu um sýndarmennsku, ekki síst þegar stjórnarsinnar, jafnvel með öll völd í hendi sér, flytja till. á þingi í „massevís", ef svo má segja, sem eins mætti flokka undir sýndarmennsku og auðvitað enn frekar og með meiri rétti, að ekki sé á bámarkið minnst — núna síðustu dagana — þar sem eru till. stjórnarsinna um kjördæmaskipan og kosningalög rétt í þinglokin.

Ég vildi undirstrika að okkur er full alvara með þessum till. Þær hafa verið undirbúnar á réttum stöðum í húsnæðismálakerfi okkar, þó að þær hafi ekki hlotið þar þann framgang sem við hefðum viljað. Ég held því að rétt sé að sýna þessar till. og geta þess, hverjir hafi átt að þeim aðild, áður en þær komu í okkar hendur og við gerðum þær að till. okkar hér á þingi. Þeir aðilar, sem að þessu hafa unnið, hafa svo sannarlega lagt sig í líma við að reyna að ná þarna samkomulagi. En eitthvað hefur verið að, viljaleysi eða eitthvað annað komið til, að ekkert hefur sést. Það hefur sem sagt verið valt að trúa ýmsum loforðum hæstv. núv. ríkisstj. um úrbætur í ýmsum efnum, og það hefur, held ég, áþreifanlega sannast varðandi húsnæðismálin. Því má segja að trú mín og ýmissa annarra á alvöru endurskoðunarinnar á húsnæðismálunum hafi enga afsökun átt, enda skal ekkert frekar um þetta fjölyrt.

Af hinni meginspurningunni, þ. e. fjármögnuninni, sem ég hygg að menn vilji gjarnan huga að einnig, skal ég svo víkja í lokin. Ég hygg að grg. ásamt fskj., sem hér með fylgja, nægi að mestu sem raunveruleg framsaga fyrir málinu í heild. Ég gæti vikið að grg. í einstökum atriðum og því, sem þar er reifað, en vil þó frekar koma inn á ýmis atriði sem væru hér til viðbótar. 2. flm. þessarar till. mun svo hér á eftir tíunda enn frekar tilgang og markmið þáltill. Ég fer því ekki frekar út í það og ekki heldur út í þau langtímamarkmið, sem hv. 2. flm. mun einnig rekja nánar. Reyndar kemur fram í grg. okkar ákaflega glögglega það framtíðarmarkmið sem ég tel að eigi að vera í húsnæðismálunum í heild.

Um sjálfa till. er svo það að segja, að hún skýrir sig sjálf. Grg. kemur mjög ítarlega inn

á 1. liðinn og er þar engu við að bæta. Ég hef í höndum grg. sem þeir hafa sent frá sér, Björn Ólafsson og Óskar Hallgrímsson, sem unnu í þessum nefndum, grg. um félagslegar íbúðabyggingar, þar sem þeir rökstyðja ákaflega vel bæði þörfina á því að koma því verkamannabústaðakerfi, sem þeir eru að leggja þar til, í sem best gagn. Þeir sýna jafnframt fram á það í þeirri skýrslu sinni, hvað verkamannabústaðakerfið hefur verið á algeru undanhaldi nú síðustu árin.

Þegar hefur komið fram í grg. okkar á Alþ. og raunar nokkrum sinnum áður verið minnst á þörfina á stórhækkuðum lánum til kaupa á eldra húsnæði. Það hefur ævinlega fengið hér hinar bestu undirtektir. Ég minnist þess t. d., að þegar ég flutti brtt. í Ed. við frv. um húsnæðismál varðandi ákveðna prósentu af ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins, sem rynni beint til kaupa á eldri íbúðum og viðgerðum á þeim, þannig að það væri hægt að koma þeim í not, þá fékk hún hinar ágætustu undirtektir allt þangað til kom að atkvgr., en þá var þessi brtt. mín vissulega kolfelld af þeim stjórnarsinnum. Hana virtust þeir fella af mestri ánægju, sem höfðu talað þar mest með þörfinni rétt áður. Sama er uppi á teningnum hjá hæstv. félmrh., sem er nú því miður ekki viðstaddur. Í umr. um fsp. frá mér um húsnæðislán og sérstaklega skiptingu þeirra eftir lánaflokkum, þá sérstaklega þessum lánaflokki, varðandi eldri íbúðirnar, sagði hæstv. ráðh. — ef mig minnir rétt — að hann hefði talið það þjóðhagslega nauðsyn að auka mjög verulega lánveitingar til kaupa á eldri íbúðum, og það er auðvitað auðskilið mál.

Eftir síðustu ákvörðun húsnæðismálastjórnar lítur dæmið þannig út, að hámarkslán til kaupa á eldra húsnæði er 700 hús. nema til þeirra, sem ekkert húsnæði hafa átt, þá getur upphæðin farið upp í 1 millj. kr. Til samanburðar eru svo nýbyggingarlánin, sem eru upp á 3.6 millj. samkv. síðustu hækkun. Til endurbóta eða viðgerða á húsum fæst ekkert í dag, svo sem hefur þó stundum áður verið. Það bekkja menn úr veðdeild Landsbankans. Það hefur stundum áður verið. Það hefur stundum verið veitt til hennar nokkru fé, og ég sé á lánsfjáráætlun að þangað er ætlað að veria 50 millj. E. t. v. á að reyna að koma því út á einhvern hátt á þessu ári, ekki hori ég að fortaka það, en það hefur ekki komist í gang enn þá. Þarna er oft um forsendu að ræða fyrir því, hvort viðkomandi húsnæði er nýtt eða ekki.

Á síðasta ári var nýbyggingarlán, eins og menn vita, upp á 2.7 milli., en þá var meðallán til eldri íbúða um það bil 540 hús. samkv. upplýsingum frá Húsnæðismálastofnun ríkisins. Sú viðbára hefur oft heyrst sem röksemd gegn því að hækka þessi lán, að söluverð húsa myndi þá hækka stórlega, jafnvel svo að næmi lánshækkun, fasteignasalar fylgdust hér vel með öllum hreyfingum og nýttu sér til hins ítrasta. Eitthvað kann að vera hæft í þessu, og ég reikna ekki með því, að háttur fasteignasala okkar sé til neinnar fyrirmyndar sé hann skoðaður í heild. Mér hefur tjáð maður, sem búsettur hefur verið í þrem þjóðlöndum og þurft hefur að hafa skipti við fasteignasala, að hvergi sé um eins hraksmánarlega þjónustu að ræða og yfirleitt er hér. Og hann segir það t. d., og ég treysti þessum manni mætavel, að hér hafi fasteignasalar oft ekki litið söluíbúðir sínar augum, viti oft sáralítið um þær, nema söluupphæðina náttúrlega, og eins og hann orðaði, þá virðast margir vilja sem minnst vita og þá auðvitað um leið minnsta ábyrgð bera. Ekki vil ég fullyrða, þó að þetta sé sannorður og greinargóður maður, að hér sé í öllu rétt með farið, en veit að í þessu felst meiri sannleikur en hóflegt og eðlilegt gæti talist, ef viðskipti af þessu tagi ættu að vera með skaplegum hætti.

Endurbótalánin ber að vekja upp á ný og þá með þeim hætti sem till. okkar gerir ráð fyrir, eins og sjá má bæði í sambandi við lið 2 og eins í sambandi við lið 4 í till. okkar.

Töflurnar um lánakjörin, sem ég vék nokkuð að áðan, eru auðvitað táknrænar hið besta um vaxtastefnu þá sem nú er fylgt, og þær þarfnast því í raun og veru engra útskýringa. Ég benti áðan á það, hvernig færi fyrir verkamanni, sem fengi það lán sem hæst er og hagstæðast fyrir hann í upphafi, þegar hann gengur inn í lánakerfið, þ. e. a. s. söluíbúð sveitarfélags. Svo sem víða er einmitt um þá tækjulægstu, eins og ég tók fram áðan, vegna lítillar útborgunar í upphafi, þá glæpast menn til þess arna. Þá kemur mánaðarleg greiðsla, eins og ég var að benda á áðan, strax á fyrsta árinu eins hrikaleg og þar kemur fram, eða yfir 60.5% af launum verkamanna á 2. taxta Dagsbrúnar. Ef hann hins vegar fær venjulegt lán með þeirri mánaðarlegu greiðslu sem af því er og tafla 1 segir til um, þá verða menn auðvitað að hafa í huga, að það lán gildir aðeins um ⅓ af íbúðarverðinu í hæsta lagi, þar sem um þessar 3.6 millj. er að ræða í dag. — Þetta hlýtur að vera hrein villa hér hjá mér, að það sé ⅓. Vafalaust er nær að þarna væri um að ræða ¼ af íbúðarverðinu. Og við skulum segja að þá bætist við lífeyrissjóðslán með 23% vöxtum, lán sem getur verið á bilinu 1—1.5 millj., skulum við segja, sem ég veit að er algengast t. d. úr lífeyrissjóði launþega á Austurlandi. Ekki ná endar saman með því. Ef menn vilja svo fara út í önnur lán, þá fara menn kannske út í vaxtaaukalán með 33% vöxtum eða taka víxil til skamms tíma með raunvöxtum upp á 25—26% eða ríflega það þegar allur kostnaður er talinn. Heildargreiðslan getur því orðið þá ef lánafyrirgreiðslan fæst. En um það þekki ég auðvitað enn fleiri dæmi, að ekki sé um að ræða aðra fyrirgreiðslu banka en lán út á húsnæðismálastjórnarlán og þá aðeins að hluta. Það er því von að við leggjum til þá breytingu, sem er í sambandi við lið nr. 2 og lið nr. 3, er hefur verið mikið ræddur og kynntur og virðist eiga og hafa átt fylgi í þessum endurskoðunarnefndum og einnig í stjórn Húsnæðismálastofnunar, þó að ekkert hafi í því gerst. Ég veit t. d. að báðir þessir liðir eru háðir því, sem ég mun síðar víkja að varðandi fjármögnuninni á þessu. Þeir eru auðvitað báðir

háðir því, hvernig fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins er varið.

Lánataflan á fskj. I, sem sýnir vexti og vísitölu af láninu eins og það er núna, sýnir að ef miðað er við 30% verðbólgu, sem hlýtur að teljast sanngjarnt á dögum þessarar hæstv. ríkisstj., þá verða vextir og vísitöluálag af þessu eina láni, sem ætla má að sé, eins og hér segir, ⅓ af kostnaðarverði íbúðar, en er nú áreiðanlega ekki rétt tala í raun, því að það er óvenjuódýr íbúð þó að í blokk væri, 34 515 kr. á mánuði eða 23.6% af launum verkamanns samkv. 2. taxta Dagsbrúnar eins og þau voru í jan. 1978, en við það eru þessar upplýsingar Húsnæðismálastofnunar ríkisins miðaðar. Hér er hins vegar um það að ræða í till. okkar, að lánsfyrirgreiðsla sé nægileg fyrir hvern þann sem vill eignast íbúð, svo að hann geti á einum og sama staðnum fengið sæmilega fullnægjandi lán með viðráðanlegum lánskjörum, þannig að honum sé ekki um langan tíma búið óhæfilegt og óafsakanlegt ok og álag, líkamlegt sem andlegt.

Ég sagði að ég mundi víkja að fjármagnshliðinni. Um hana skal ég segja þetta eitt: Byggingarsjóður ríkisins hefur í dag mikið fjármagn til útlána og ég ætla aðeins — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upplýsingar sem eru komnar frá þessum nefndum varðandi þennan byggingarsjóð.

Hér er um að ræða öflugustu fasteignalánastofnun þjóðarinnar. Útlán sjóðsins til húsnæðismála á árinu 1977 voru samtals 6141 millj. Gróf skipting á því fjármagni til einstakra lánaflokka er sem hér segir:

Lánað einstaklingum til nýrra íbúða 4297 millj.

Lánað sveitarfélögum til að byggja leigu- og söluíbúðir, 80% lán, 722 millj.

Lánað einstaklingum til kaupa á eldri íbúðum og viðgerðarlán til öryrkja, — sem ég gleymdi nú reyndar áðan, því að þau eru til, góðu heilli, þó að önnur viðgerðarlán séu ekki til, — 500 millj.

Lánað sveitarfélögum og öðrum aðilum til að byggja leiguíbúðir fyrir aldraða 234 milli.

Byggingarsjóðslán til verkamannabústaða 388 millj.

Áætlaðar tekjur Byggingarsjóðs á árinu 1978 eru 9.3 milljarðar og til ráðstöfunar í lánveitingar rúmlega 8 milliarðar. Skipting þess fjár á milli lánaflokka hefur enn ekki verið ákveðin, en ljóst er að aðeins lítill hluti þess fjár fer til verkamannabústaða eða annarra félagslegra íbúðabygginga, sem verkalýðshreyfingin hefur lagt áherslu á við gerð síðustu kjarasamninga og fengið ítrekað loforð ríkisstj. fyrir.

Framlag ríkissjóðs á fjárl. til Byggingarsjóðs ríkisins hefur staðið óbreytt í krónutölu í sjö ár, 75 millj. kr. Hins vegar hefur verkalýðshreyfingin stutt mjög vel að fjármögnun sjóðsins: Í fyrsta lagi með því, að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur látið verulegan hluta af fjármagni sínu renna til sjóðsins í formi lána til langs tíma. Í öðru lagi samþykkti verkalýðshreyfingin árið 1974, að launaskattur væri hækkaður um 1% og rynni hækkunin til Byggingarsjóðs sem tekjur sjóðsins. Í þriðja lagi hafa lífeyrissjóðir verkalýðsfélaganna keypt skuldabréf Byggingarsjóðs í mjög ríkum mæli á meðan þeir sjóðir voru frjálsir með ráðstöfun á fjármagni sínu.

Ég vitna svo beint í þann mann sem hefur staðið hvað strangast í þessu, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir að það sé óverjandi slóðaskapur hjá félmrn. að vera með lögin um Húsnæðismálastofnun ríkisins í málamyndaendurskoðun heilt kjörtímabil á meðan byggingar verkamannabústaða eru að leggjast niður þó að brýn þörf sé fyrir slíkar byggingar í flestum þéttbýlisstöðum á landinu. Ólafur Jónsson hefur einnig það um þetta mál að segja, að það hafi verið afdrifarík mistök sem gerð hafi verið með breytingunum á lögum um verkamannabústaði árið 1970, þegar byggingarfélög verkamanna voru lögð niður sem byggingaraðilar og sveitarstjórnunum þar með gefið sjálfdæmi um það, hvort haldið væri áfram með byggingu verkamannabústaða eða ekki. Allmörg sveitarfélög úti á landi hafa þess í stað hafið byggingu leigu- eða söluíbúða og á til þess lán, allt að 80% af byggingarkostnaði, en þær íbúðir leysa á engan hátt sama vanda og verkamannabústaðir.

Nú veit ég ekki hvað ég á að vitna mikið í það, sem hér kemur á eftir, en það er stærsta átak sem gert hefur verið í húsnæðismálum á þessu svæði, höfuðborgarsvæðinu, þegar ríkisvaldið var knúið til þess í samningum 1965 að byggðar væru 1250 íbúðir fyrir félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar og seldar þeim eða leigðar með mjög hagstæðum kjörum. En sá galli var auðvitað á gjöf Njarðar, að eingöngu var um að ræða þetta svæði og út fyrir það náði átakið ekki. Landsbyggðin var því afskipt. Síðan fór hún aftur út í þessar byggingar á leigu- og söluíbúðum, sem ég hef rakið hér rækilega og enn betur sést á töflunum með grg. að hafa verið óhagstæðar hið versta. Og ég skal alveg játa, að ég stóð að því ásamt öðrum að þessi lög um byggingu 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga voru sett árið 1972. Ég ber þannig á þeim ábyrgð og síðar einnig á þeirri breytingu, sem var algerlega óhjákvæmileg fyrir sveitarfélögin, að þessar íbúðir voru færðar yfir á sölugrundvöll vegna þess að sveitarfélögin hreinlega gátu ekki staðið undir þessum íbúðum eða þá þau urðu að leigja þær með kjörum sem er kannske allt í lagi fyrir einstaklinga að leigja á í dag, einstaklingar láti sér ekki bregða við að leigja á því verði, en það er ekki verjandi og ekki hægt fyrir sveitarfélög að standa að leigu á þeim grundvelli ef þau vilja standa sæmilega að málum. Nú eru lánakjör orðin svo óhagstæð að bygging slíkra íbúða leysir engan vanda fyrir efnalitla launamenn, eins og til var ætlast.

Lögin um verkamannabústaði eru ótvírætt það fyrirkomulag, sem best hefur gefist fyrir verkalýðshreyfinguna til þess að aðstoða efnalítið fólk við að eignast eigin íbúð og leysa þannig sín húsnæðismál. Árið 1977, eins og ég sagði áðan, lánaði Byggingarsjóður verkamanna 432

millj. til verkamannabústaða í 11 sveitarfélögum, en það er einkennandi fyrir þessa þróun, að á því ári — og ég lét nú segja mér þessa tölu og skrifa hana fyrir mig tvisvar áður en ég vildi trúa henni — á s. l. ári hófu aðeins tvö sveitarfélög utan Reykjavíkur byggingu verkamannabústaða. Aðeins tvö sveitarfélög utan Reykjavíkur hófu byggingu verkamannabústaða á s. l. ári þrátt fyrir að þar sé auðvitað tvímælalaust um að ræða það fyrirkomulag sem sveitarfélögin ættu að fara út í af þeim ástæðum sem ég hef rakið, vegna þess að þar er um viðráðanlegt fyrirkomulag að ræða.

Við segjum í grg., að félagsleg uppbygging húsnæðismála eigi að sitja í fyrirrúmi varðandi heildarlausn þeirra, bæði varðandi byggingarform og lánafyrirgreiðslu, og ég vildi aðeins koma lítillega inn á byggingarformin á eftir. Við viðurkennum að vísu, að allt hafi þetta verið snarir þættir í húsnæðiskerfinu: verkamannabústaðirnir, leigu- og söluíbúðirnar og byggingarsamvinnufélögin, sem við skulum ekki heldur gleyma. En við leggjum áherslu á að það beri að efla og styrkja þá þætti jafnhliða því sem leitað er nýrra leiða á félagslegum grunni sem tiltækar þykja til árangurs.

Þeir menn, sm þarna hafa að unnið, segja alveg ákveðið, og þá vitna ég aftur í þá Björn Ólafsson og Óskar Hallgrímsson í því efni: Þörfin fyrir íbúðir byggðar á félagslegum grundvelli verði í meginatriðum leyst með byggingu verkamannabústaða, en jafnframt verði tryggt að öll sveitarfélög hafi rétt á að byggja leiguíbúðir til að fullnægja húsnæðisþörfum þeirra sem ekki hafa bolmagn til að eignast íbúð samkv. verkamannabústaðakerfinu. Lán til slíkra leiguíbúða verði þá einnig sambærileg við lán til verkamannabústaða og endursala slíkra íbúða bönnuð. Á þennan hátt verði byggt fyrir efnalítið fólk á starfsaldri og í stéttarfélögum A. S. Í. eigi minna en sem svarar þriðjungi af árlegri íbúðaþörf landsmanna. — Samkv. fyrrnefndri íbúðaspá — það er áður búið að nefna, hver íbúðaspáin sé fyrir árið 1978 til 1980 — svarar það til byggingar 800—950 íbúða í verkamannabústaða- eða leiguíbúðakerfinu á ári fram til 1980. En þeir segja meira og í það höfum við einnig vitnað: Til þess að Byggingarsjóður verkamanna verði þess umkominn að sinna þessu verkefni er óhjákvæmilegt að gera grundvallarbreytingar á lögum um sjóðinn. Hér segir: „Ríkissjóður fjármagni alfarið Byggingarsjóð verkamanna og sjái sjóðnum fyrir því fjármagni sem þarf til þess að standa undir árlegri þörf fyrir íbúðir í verkamannabústöðum um land allt. Þyki ástæða til þess, að sveitarfélög leggi áfram fjármagn til sjóðsins vegna verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, verði það gert í formi fasts iðgjalds en ekki sett sveitarfélögum í sjálfsvald. Byggingarsjóður verkamanna veiti lán sem svarar 80% byggingarkostnaðar, en hluti lánsfjár verði með sömu kjörum og almenn lán Byggingarsjóðs ríkisins vegna verðtryggingar þess lánsfjár sem gert er ráð fyrir að komi frá lífeyrissjóðum.“

En síðan segja þessir ágætu menn:

„Með beinni aðild Alþýðusambandsins að stjórn sjóðsins verði sambandinu gert kleift að fylgja fram efndum á þeim fyrirheitum, sem gefin hafa verið, og gæta þannig hagsmuna umbjóðenda sinna. Öll áætlanagerð og framkvæmd um verkamannabústaðakerfið verði treyst, m. a. með því að komið verði upp sérstakri framkvæmdadeild við Húsnæðismálastofnun ríkisins sem lúti stjórn Byggingarsjóðs verkamanna. Slík framkvæmdadeild hafi með höndum áætlanagerð um byggingu verkamannabústaða um allt land, annist samræmingu á hönnun og stöðlun íbúða og húshluta og hafi yfirumsjón með þeim framkvæmdum sem ákveðnar eru. Þá annist deildin útboð og hlutist til um að ítrustu hagkvæmni og smekkvísi sé gætt við allar framkvæmdir og hönnun.“

Ég held að ég haldi áfram — með leyfi hæstv. forseta — og lesi enn eina aths. þessara ágætu félaga. Þar segja þeir:

„Horfið verði frá því úthlutunarkerfi sem viðhaft hefur verið samkv. núgildandi lögum. Í þess stað verði stofnuð byggingarfélög efnalítils fólks í stéttarfélögum innan A. S. Í. sem hefur hug á íbúðum í verkamannabústöðum. Hljóti hver og einn kost á íbúð í samræmi við inngöngu sína í félagið að uppfylltum nánari skilyrðum í samþykktum félaganna. Stjórnir þessara félaga, sem skipaðar verði kjörnum fulltrúum félagsmanna ásamt fulltrúa stéttarfélaga og hlutaðeigandi sveitarfélags, hafi frumkvæði um undirbúning framkvæmda á grundvelli áætlunar- og framkvæmdadeildar Húsnæðismálastofnunar ríkisins um íbúðaþörf í hverju sveitarfélagi og komi fram gagnvart Byggingarsjóði verkamanna og sveitarstjórnum í umboði félagsmanna.“

Þetta var lítið eitt af því sem þeir félagar hafa sent frá sér bara í eitt skipti. Þetta hefur oft gerst. Áður voru í þessari endurskoðunarnefnd aðrir aðilar og þeir sendu einnig frá sér grg. sem ég hef ekki handbæra nú. Hefði verið full ástæða til þess að lesa upp úr henni einnig. Í henni er minnst á sömu atriði og þeir drepa á hér, en kannske með nokkuð öðrum hætti, kannske alveg sérstaklega í sambandi við liði nr. 2 og 3, þ. e. a. s. að lánin verði hækkuð verulega til þeirra fjölskyldna sem ekki eiga íbúð og ekki hafa átt íbúð á s. l. 5 árum.

Það er sagt að við séum þarna að fara fram á nokkuð sem ekki sé hægt að eiga við, þarna sé um svo mikil fjárútlát að ræða. Allir þeir menn, sem ég hef talað um þessi mál við, framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar ríkisins, stjórnarmenn þar — þeir sem ég þekki til — og þeir menn, sem hafa unnið í endurskoðunarnefndunum, eru allir sammála um að það skipti mestu í þessu, hvernig þessu mikla fjármagni sé varið. Þeir segja t. d. að þeir séu að lána sama fólkinu á 5 ára fresti. Það er þeirra regla, að lán skuli ekki veitt nema á 5 ára fresti, en þeir eru að veita sama fólkinu oft lán á 5 ára fresti, allt upp í 5—6 sinnum, sumum til þess að stækka við sig og öðrum vafalaust í einhverjum öðrum tilgangi. En þetta er gert. Á þessu eru sem sagt ekki meiri hömlur en ég gat um varðandi þessa

5 ára reglu. Þessir menn hafa margir hverjir ekki dregið neina dul á að það mætti fella niður lánveitingar alveg þar sem sannarlega væri engin þörf fyrir þær, svo sem til þessara sífellt stærri og íburðarmeiri bygginga eða eins og þeir segja: til að byggja villur. Þeir segja að lán sé veitt til slíkra framkvæmda, að vísu svolitið takmarkað, en engu að síður ótrúlega mikill hluti þess heildarfjármagns sem Húsnæðismálastofnunin hefur yfir að ráða í Byggingarsjóði ríkisins. Hér þarf auðvitað að gera uppskurð og hér rekast á grundvallarskoðanir um það, hvernig eigi að standa að húsnæðismálunum í heild, hvort þarna eigi að lána „holt og bolt", eins og maður getur sagt á slæmu máli, hvort hér eigi einhverjir að hafa forgang, þeir sem þörfina hafa, eða þá happa- og glappastefnu sem í þessu ríkir í dag.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á eitt atriði. Frændur okkar á Norðurlöndum hafa komið sér upp mjög fullkomnu lánakerfi, eins og vikið er að í grg. og ég sé ekki ástæðu til að vera að þylja upp. Þeir hafa einnig komist langt í sambandi við verksmiðjuframleiðslu húsa. Ég hef fengið vissa reynslu af því, hvernig hefur gengið að koma slíkri verksmiðju á fót hér. Fyrir rúmu ári hóf sveitarstjórn Reyðarfjarðarhrepps ásamt fjölmörgum áhugamönnum úr byggðarlaginu og undir forustu manns, sem sérstaklega hefur kynnt sér möguleika til lækkunar byggingarkostnaðar með slíkri raunverulegri verksmiðju, baráttu fyrir því að reisa eystra fullkomna verksmiðju af þessu tagi. Og nú má segja að staðið sé í sömu sporum að mestu. Við erum að vísu reynslunni ríkari, en þessi reynsla er ekki fögur. Kostnaðaráætlanir okkar hafa lítt verið vefengdar og væntanlegur framleiðslukostnaður húsanna, sem er um 20% lægri en almennt gengur og gerist, hefur ekki heldur verið vefengdur. Og þeir hjá Húsnæðismálastofnuninni draga enga dul á það, t. d. framkvæmdastjóri þeirrar stofnunar, Sigurður E. Guðmundsson, að hér sé um framtíðarlausn fyrir okkur að ræða sem okkur beri að styðja. Og hann er ekki í neinum vafa um að ef slík verksmiðja væri orðin verulega samkeppnisfær og gæti stundað fjöldaframleiðslu, — verksmiðja eða verksmiðjur, eins og hann orðaði það, — þá mundi þarna vera um stórlækkun kostnaðar að ræða.

En eitthvað hefur verið að í sambandi við þetta, einhver tregða eins og í fleiru varðandi húsnæðismálin Á tímabili tóku menn allt í einu upp á því að koma með virðulega skýrslu frá Iðnþróunarstofnun sem hún hafði látið vinna, og þar var komist að því, að sennilega væri enginn markaður fyrir þessi hús. Eftir þeirri skýrslu að dæma hefði maður alveg eins getað ímyndað sér að húsbyggingar hlytu að dragast saman, markaður fyrir svona hús mundi ekki verða neinn vegna þess að fólk vildi ekki hafa öll hús stöðluð, öll eins. Það væri gersamlega útilokað að bugsa sér það, af því að barna var um einbýlishús eða raðhús eingöngu að ræða. Þetta var dregið stórlega í efa.

Nú var gerð skýrsla fyrir okkur, önnur markaðsskýrsla varðandi þessi verksmiðjuhús, af verkfræðiskrifstofu hér í bæ sem er mjög virt í því efni. Þá kom það auðvitað fram, að þetta sem áður var sagt í skýrslu Iðnþróunarstofnunar, var tóm endileysa. En þá fóru þeir að draga í efa, þeir góðu menn, að kannske væru útreikningar okkar varðandi hitt atriðið ekki alveg nákvæmlega réttir, þannig væri kannske vissara fyrir okkur að bíða örlítið lengur og sjá hvernig þetta tækist til. Og lánaaðilar hafa haldið að sér höndum. Þeim þykir mikið í lagt, þótt undarlegt sé, að reisa verksmiðju sem fullbúin á að kosta samkv. nýjustu upplýsingum, sem við höfum á verðlagi ársins 1979 framreiknuðu, upp undir 200 millj. að vísu, en gæti framleitt milli 60 og 100 hús árlega, ef rétt væri að staðið — hús sem væru sannarlega eftir þessari nýjustu skýrslu, sem við höfum fengið, yfir 20% ódýrari en hús á almennum markaði.

Ég dyl hvergi vonbrigði mín með þetta, en ég vík aðeins að þessu hér af því hvað tregðan er mikil, þótt reynsla annarra þjóða sé í raun og veru allt of ótvíræð til þess að það sé möguleiki að vísa þessari tilraun okkar á bug. Og það hefur einnig komið inn í þetta, að hér hefur verið um að ræða veigamikinn lið í því að reyna að efla atvinnulíf staðar sem viðurkennt er að standi fremur höllum fæti nú. Einnig hefur verið talið að þarna væri um merkilega tilraun að ræða. Þeir aðilar, sem hafa gleggst þekkt til, þ. e. a. s. hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, telja það. Verður málið enn illskiljanlegra í ljósi þess. En þeir hafa ekkert fjármagn til þess að lána til þess arna. Byggingarsjóður ríkisins getur ekki gert það. Þar verðum við að leita í aðra sjóði. Ég skal ekki vera að tíunda ýmis einkennilegheit, sem upp hafa komið varðandi þessa viðleitni okkar og ástæðulaust er kannske að skýra mönnum frá hér, en þetta er þó eitt dæmi um þessa gífurlegu tregðu.

Stundum er sagt að þeir aðilar, sem standa mest fyrir byggingum hér á landi, eigi nokkra sök á þessu. Það kann vel að vera. Ég hef heyrt þær röksemdir og ég tel að þær eigi við nokkur rök að styðjast, að byggingameistarar standi oft allþressilega í vegi fyrir ýmsum nýjungum og haldi að þar með sé tekinn spónn úr þeirra aski. Auðvitað verður það staðreynd ef slík verksmiðja kæmist á t. d., þá yrði um það að ræða. Einnig færi svo ef lán til eldri íbúða nýttust mönnum betur og eldri íbúðir væru teknar meira í notkun en raun ber vitni í dag, væru notaðar og nýttar til hins ítrasta — þessi hjóðhagslega nauðsyn sem hæstv. félmrh. talaði einu sinni um úr þessum ræðustól.

Ég held að ég hafi þessa framsögu ekki öllu lengri. Ég vitna í grg. með þessari till. okkar. Ég hef sagt það, og ég hygg að ég geti staðið við það, að þó að lánakjörum og lánsupphæðum verði breytt á hann hátt, sem við gerum ráð fyrir í lið 2 og 3, þá þurfi ekkert aukafjármagn í Byggingarsjóð ríkisins, það þurfi aðeins aðrar úthlutunarreglur. Ég hygg að þeir menn, sem halda þessu fram og hafa kynnt sér þetta náið, fari með rétt mál. En þeir segja einnig, að til þess að svo megi verða þurfi að verða gerbreyting á stjórn húsnæðismála, þeirri sem öllu ræður og æðst stendur hjá félmrh. og rn. hans, þá

verði að vera gjörbreyting á þessu fyrirkomulagi og menn verði bara að gera svo vel og hætta að lána í byggingar sem engin þörf er að lána út á. En um daginn gerðist það, eins og menn eflaust vita hér, að það voru rýmkaðar að kröfu þessara sömu aðila reglurnar um það, hvað byggja mætti stórt og lána út á það. Þær voru rýmkaðar. Að vísu er prósentan ekki alveg eins há, en talið er að þessi rýmkun geti skilað kannske nokkrum hundruðum millj. úr Byggingarsjóði ríkisins, jafnvel á þessu ári, sem væru auðvitað betur komnar í verkamannabústöðum eða til þeirra fjölskyldna sem ekki eiga íbúð og hafa ekki átt íbúð s. l. 5 ár, eins og við leggjum til í till. okkar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þessa till. frekari orðum, en veit að það er nánast formsatriði að vera að vísa þessari till. til n., því að till., sem ég fékk vísað til n. í nóvembermánuði, hefur ekki enn þá sést. Till., sem er að koma núna í apríllok, getur varla annað en farið til n. Kannske horfir einhver á hana og fær kannske verðugan svima af fskj. II, þó ekki væri annað, í sambandi við það sem þar stendur um afborganir. En ég tel að það sé svolítill vandi að ákveða til hvaða n. eigi að vísa till. Hér er ekki um atvinnumál að ræða. Allshn. hefur verið að láta eitthvað frá sér fara núna upp á síðkastið. Ég hélt að hún væri alveg liðin undir lok í þinginu, en hún hefur eitthvert lífsmark sýnt núna upp á síðkastið. Kannske ég vogi mér að leggja til að vísa till. til hv. allshn.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. 1. flm. þessarar till. hefur þegar gert allítarlega grein fyrir henni, svo að ég sé ekki ástæðu til að hafa um hana mjög mörg orð. Þó vildi ég nota tækifærið til að leggja áherslu á að það er löngu orðið tímabært að losa húsnæðismál á Íslandi undan því braski og gróðabralli, sem hefur einkennt framkvæmd þeirra mála hingað til, og viðurkenna þá frumþörf fólks að hafa þak yfir höfuðið sem félagslegt úrlausnarefni eins og raunar hefur verið gert að nokkru með lögum um verkamannabústaði og leiguíbúðir sveitarfélaga. En það er raunar langt frá því að nóg sé að gert. Verkalýðssamtökin hafa sýnt vilja sinn til að vinna að þessum málum með því að berjast fyrir að fá tekin ákvæði varðandi þau inn í kjarasamninga, en áður en nokkur viðhlítandi lausn fáist þarf að styrkja þá starfsemi og efla mjög mikið, eins og þessi till. gerir raunar ráð fyrir.

Ég vil leggja áherslu á að það er okkur flm. og öðrum Alþb.-mönnum langt frá því að vera eitthvert sáluhjálparatriði, að allir eignist eigið húsnæði, fyrir utan það, að í þjóðfélagi okkar eru mjög margir sem alls ekki hafa nokkur einustu tök á því eða von til þess að eignast nokkurn tíma húsnæði eins og launamálum hér er háttað.

Ég veit ekki hvort þarf að lýsa fyrir hv. þm. því öryggisleysi sem leigjendur hér á landi búa við, en eins og nú er misnota húseigendur aðstöðu sína sem kostur er og okra á húsaleigunni án þess að leigjendur komi nokkrum vörnum við, enda hafa engin húsaleigulög verið í gildi um langan tíma. Ég gæti nefnt mörg dæmi.

Ég get nefnt dæmi um það þegar leigjendur — ég hef sjálf lent í þessu, svo að ég hef eigin reynslu að segja frá — eru látnir borga mun hærri upphæð en gefin er upp. Af hverju gera þeir þetta? Af hverju leita þeir ekki réttar síns? Það er hreinlega ekki hægt. Það er enginn réttur þarna. Og bara til að halda húsnæðinu lætur fólk sig hafa það að borga kannske 50 þús., en fá uppgefið 25 þús. Annars er því bara sagt upp. Annars getur það farið. Þetta er nú eitt dæmi um varnarleysi leigjenda.

Annað dæmi er að það er ævinlega hægt að segja fólki upp fyrirvaralaust. Það eru yfirleitt engir samningar um fyrirvara í sambandi við húsnæði.

Hið þriðja gæti ég nefnt. Það er ákaflega dýrt að leigja. Það er miklu dýrara í reynd að leigja en ef fólk hefur nokkurn möguleika að klóra saman til þess að eignast húsnæði. Það er mjög dýrt að flytja í hvert sinn, og fyrir utan það eru þessar duldu greiðslur sem þarna koma til.

Það ber að fagna því, að leigjendur hér í Reykjavík og nágrenni eru nú loksins að vakna til meðvitundar um það, hver máttur getur verið með samstöðunni, og hafa stofnað með sér samtök til að berjast fyrir rétti sínum. En þá fyrst verður réttur leigjenda raunverulega tryggður, að annaðhvort ríki eða bæjar- og sveitarfélög sjái þeim, sem þess æskja, fyrir leiguhúsnæði með viðráðanlegum kjörum. Þetta hlýtur að vera félagslegt framtíðarmarkmið og þá um leið sú stefna sem þetta frv. miðar örlítið í áttina til, þ. e. a. s. að gefa þeim, sem þess óska, kost á að eignast með skilorðsbundnum ráðstöfunarrétti íbúðir, sem byggingarfélög almennings reisa á félagslegum grundvelli með tilstyrk opinbers lánakerfis, svo sem lögin um verkamannabústaði og leiguíbúðir sveitarfélaga stefna í rauninni að. Og þótt það sé ekki gert í þessu frv., þá vil ég leyfa mér að nefna sem annað framtíðarmarkmið að færa fasteignasölu og húsnæðismiðlun alfarið á hendur opinberra aðila um leið og girt verði fyrir lóðabrask með því að færa lóðir og væntanleg byggingarsvæði undir eignarhald bæjar- og sveitarfélaga. Á sama tíma þyrfti að gera skipulegt átak til að lækka húsnæðiskostnaðinn, t. d. með fjöldaframleiðslu húsa og húshluta, enn fremur að leitast við að finna húsagerðir sem hæfa sem best íslenskum aðstæðum, og á ég þar við bæði veðurfar og sambúðarháttu, um leið og reynt yrði að sjálfsögðu að forðast hvort tveggja: einhæfni og óþarfa íburð. Get ég ekki séð annað en þetta væri m. a. verðugt verkefni fyrir Húsnæðismálastofnunina, ef hún fengi starfslið sem ynni að hinum félagslega þætti íbúðarbygginga. En eins og málin standa nú er aðalatriðið að auðvelda fólki að komast yfir hóflega íbúð með sem hagfelldustum kjörum, hvort sem er með því að auðvelda því að eignast hana eða auka möguleikana á því að fá leiguhúsnæði, þar sem leigukjörin séu undir eftirliti eins og ætti að gilda um íbúðir sem bæjar- og sveitarfélög leigja út. Að þessu tvennu miðar þetta frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóður frv. (þskj. 334). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 745).

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 597 (sbr. 573), n. 687, 688). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar d. hefur haft til meðferðar frv. til laga um breyt. á lögum nr. 48 frá 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. lög nr. 69 23. maí 1974, um breyt. á þeim lögum.

Frv. þetta hefur að sjálfsögðu verið til meðferðar hjá iðnn. Nd. og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Það á sér einnig nokkurn aðdraganda, sem mér þykir rétt að fara um örfáum orðum, þótt ekki vilji ég hafa mál mitt langt, enda má segja að þetta mál sé nokkuð vel rakið í aths. við lagafrv., sem fram kom með frv.

Þar er þess getið að með lögum nr. 48 frá 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, hafi stofnuninni verið lagt til óendurkræft framlag úr ríkissjóði, 25 millj. kr. ár hvert fyrstu 5 starfsárin. Einnig var með þeim lögum settur á fót sérstakur sjóður, Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins. Tekjur hans voru ákveðnar öll útflutningsgjöld af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum næstu 5 ár frá samþykkt laganna. Þessi 5 ár eru nú liðin, þannig að þessar tekjur hafa fallið niður. Jafnframt var þá gert ráð fyrir öðrum breytingum hjá Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, þ. e. a. s. þeirri, að fulltrúar lagmetisiðnaðarins verða hér eftir í meiri hl. í stjórn fyrirtækisins.

Ég ætla ekki að rekja það hér, enda kemur það greinilega fram í fyrrnefndri grg., að tekjur Þróunarsjóðs hafa verið miklar undanfarin 5 ár og raunar líka mestar af söltuðum grásleppuhrognum. Að sjálfsögðu var gjald þetta á lagt m. a. með það í huga, að stofnuninni gæti tekist á þessu 5 ára tímabili að efla hér á landi verulega niðurlagningu grásleppuhrogna, sem gæti ekki aðeins orðið til þess að auka verulega verðmætasköpun í hjóðfélaginu, heldur einnig tekjuauki fyrir þá sem salta grásleppuhrogn. Þetta hefur því miður ekki tekist og eru ýmsar ástæður til þess, m. a. og kannske fyrst og fremst hér, að útflutningur á niðurlögðum grásleppuhrognum hefur átt við töluverða tollmúra að stríða í þeim löndum sem fyrst og fremst flytja slíkar afurðir inn, þannig að mjög lítil aukning hefur orðið innanlands í þessum iðnaði. Í þessu hefur nú orðið breyting, þannig að tollur er felldur niður af niðurlögðum grásleppuhrognum. Vænta forstöðumenn Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins þess nú að veruleg aukning geti orðið á slíkum iðnaði hér á landi.

Nú má vitanlega um það deila, hvort aukin niðurlagning á grásleppuhrognum innanlands muni auka tekjur þeirra sem salta grásleppuhrogn. Vafalaust eykur þetta nokkuð þjóðartekjur, en um hitt má að sjálfsögðu deila. Staðreyndin er hins vegar sú, að við Íslendingar munum framleiða u. þ. b. 80% af söltuðum grásleppuhrognum á heimsmarkaðnum. Vinnsla úr þessum afurðum er því mjög á okkar valdi og ætti raunar að geta verið alveg á okkar valdi, ef hér tekst að sameina menn um sölu á söltuðum grásleppuhrognum.

Því hef ég sérstaklega getið um grásleppuhrognin, að í sambandi við það frv., sem hér er til meðferðar, hafa fyrst og fremst orðið deilur um þá till. í frv., að framlengt verði gjald af söltuðum grásleppuhrognum í 3 ár enn, að vísu ekki 6% gjald heldur 3%. Nýstofnuð samtök grásleppuhrognaframleiðenda hafa lagst eindregið gegn slíku gjaldi og með töluverðum rétti getað bent á að þeir hafa ekki notið þeirra hagsbóta af 6% gjaldinu undanfarin 5 ár, sem þeir hafa greitt, sem að var stefnt, heldur hafa þessar tekjur Þróunarsjóðsins fyrst og fremst staðið undir margvíslegum öðrum störfum Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að rekja þessi mál til lengdar, en vil þó geta þess, að í meðferð hv. iðnn. Nd. náðist samkomulag með forstöðumönnum Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins og Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda þess efnis, að Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins verði gert skylt að greiða ⅓ hluta af þessum tekjum af söltuðum grásleppuhrognum til fyrrnefndra Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda. Sömuleiðis hefur náðst samkomulag milli þessara aðila um aðstöðu sem Samtök grásleppuhrognaframleiðenda munu fá í húsnæði því sem Sölustofnun lagmetisiðnaðarins hefur komið upp. Málið var þannig shlj. afgreitt frá Nd., að þessu samkomulagi fengnu.

Í Nd. urðu hins vegar þau mistök, að úr brtt. frá iðnn. við 3. gr. frv. féll niður mikilvæg setning sem einmitt hnígur að þessu samkomulagi. Því flytur iðnn. þessarar d. brtt. á þskj. 688, sem er umskrifun 3. gr., en breyt. felst í því einu, að við fyrri málsgr. þeirrar greinar er bætt setningu, svo hljóðandi:

„Af fullvinnslugjaldi af grásleppuhrognum skal Þróunarsjóður lagmetis greiða ⅓ hluta til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.“

Með þessari viðbót er fullnægt þessu samkomulagi, sem ég hef áður nefnt. Ég vil taka það fram, að formaður Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda hefur staðfest það við mig, að hjá þeim sé fullkomin eining um þessa afgreiðslu málsins. Ég hef jafnframt undir höndum bréf frá Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, dags. 17. apríl 1978, þar sem þetta er enn staðfest.

Þá vil ég geta þess, að á því hefur leikið nokkur vafi, hvort greiða beri 6% útflutnings-

gjald af söltuðum grásleppuhrognum, sérstaklega eftir að þetta gjald féll niður til Þróunarsjóðs Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins 1. jan. s. l. Því hefur verið gengið eftir áliti sjútvrn. á þessu máli. Hefur rn. ritað Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda svo hljóðandi bréf 24. apríl 1978, með leyfi forseta:

„Með tilvísun til ódagsetts bréfs yðar um það, hvort 6% útflutningsgjald eigi við um söltuð grásleppuhrogn, staðfestir rn., að skilningur þess á lagaákvæðum um útflutningsgjald af sjávarafurðum er sá, að hið almenna 6% útflutningsgjald skuli ekki innheimt eftir 1. jan. 1978."

Litur iðnn. því svo á, að þessu atriði í samkomulagi títt nefndra aðila, þ. e. a. s. Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins og Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, sé einnig fullnægt.

Ég vil aðeins segja að lokum, að mér finnst ánægjuefni að náðst hefur samkomulag á milli þessara aðila. Ég fagna því, að grásleppuhrognaframleiðendur hafa myndað samtök. Ég hygg að það hafi verið mjög mikil þörf á slíkum samtökum. Þarna eru margir smáir aðilar sem eiga hlut að máli, og þótt e. t. v. megi segja að þetta sé ekki stór hlutur í þjóðarbúskap okkar, þá er staðreyndin þó sú, að þetta er ákaflega mikilvægur hluti í tekjum fjölmargra smárra aðila, m. a. fjölmargra bænda víða um land. Ég held að þeirra hagsmuna sé stórum betur gætt með því, að þeir hafa nú myndað þessi samtök. Ég hygg að þeir þurfi að gæta hagsmuna sinna á mörgum sviðum. Þeir þurfa í fyrsta lagi að gæta hagsmuna sinna í sambandi við sölu á söltuðum grásleppuhrognum sem eru í höndum margra aðila og að mínu áliti þarf að samræma. Þessi samtök hafa nú komið fram gagnvart Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og þar eiga þeir mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við niðurlagningu á söltuðum grásleppuhrognum. Ég hef fyrr lýst því samkomulagi, sem þar hefur náðst, sem tvímælalaust má rekja til stofnunar þessara samtaka.

En ég vil aðeins segja það hér, að ég tel að ástæða sé til þess að gefa gaum miklu betur en gert hefur verið grásleppuveiðum við landsins strendur. Ég hygg að þar þurfi að hafa á meiri gát en verið hefur. Að vísu hefur verið gerð tilraun til þess að hafa nokkra stjórn á þeim veiðum með reglugerð sem sjútvrn. hefur gefið út um leyfi til grásleppuveiða, en grunur minn er þó sá, að ofveiði sé víða mjög mikil og ofveiði þessi hafi komið fram á undanförnum árum í minnkandi veiði víðast hvar, ef ekki alls staðar við landið. Þær fréttir hef ég nú, að mjög sé áberandi að grásleppuveiði minnki enn á sumum bestu og áður öruggustu veiðisvæðunum. Ég held að það sé sem sagt orðið mjög tímabært að hafa ákveðnari og fastari stjórn á þessum veiðiskap, takmarka hann að vissu marki, setja honum eðlileg takmörk. Mér sýnist að nú sé stórum betri grundvöllur til slíks með stofnun þessara samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

Ég vildi aðeins láta þessi orð falla, jafnframt því sem ég lýsi samþykki iðnn. Ed. við frv. eins og það kom úr Nd., en með þeirri viðbót, sem ég hef getið um, í sérstöku skjali sem fylgir þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 688 (ný 3. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 488, n. 685). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur tekið til meðhöndlunar frv. til l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Mælir n. með, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að leiðrétt verði prentvilla í 9. gr. Þar stendur „Aldurstryggingasjóði", en breytist í: Aldurslagasjóði. Þetta er í samræmi við frv. að öðru leyti.

N. var ekki mjög hrifin af þessu orði: „Aldurslagasjóður", en komst hins vegar að raun um að það mundi vera mjög merkilegt og sá sér ekki fært að leggja til að það yrði fellt niður.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að rekja þetta mál. Hér er um það að ræða að taka upp aldurstryggingu, þ. e. a. s. að fyrir báta, sem eru orðnir úreltir og úr sér gengnir, verði heimilt að greiða bætur, þannig að það verði mögulegt að hætta að nota þá, enda eru þeir oft orðnir úr sér gengnir og óarðbærir fyrir þjóðfélagið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 685 samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
10.—19. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1976, frv. (þskj. 622, n. 686). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1976. Fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Axel Jónsson.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 675 (sbr. 462)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má segja að þetta frv. eigi rætur að rekja til stefnuyfirlýsingar ríkisstj. frá því 29.

ágúst 1974, en þar sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirbúin sé ný löggjöf um verðmyndun, viðskiptahætti og verðgæslu. Stefnt sé í átt til almenns eftirlits neytenda með viðskiptaháttum til að tryggja heilbrigða samkeppni og eðlilega verðmyndun verslunar- og iðnfyrirtækja til bættrar þjónustu fyrir neytendur. Haft sé samráð við hagsmunasamtök, sem hlut eiga að máli.“

Í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu var fljótlega hafist handa um undirbúning að frv. um þetta efni. Sá háttur var fyrst hafður á, að fenginn var dr. Magni Guðmundsson hagfræðingur, sem þá stundaði nám í þessum fræðum eða undirbjó ritgerð um þessi efni í Kanada, til þess að kanna þau og rannsaka. Hann vann nokkuð að þessum málum, sendi m. a. fyrirspurnabréf út til ýmissa aðila og fékk svör við þeim og tók svo saman skýrslu um það efni. En að því búnu og þegar þessi gagnaöflun hafði farið fram var sett nefnd til þess að semja frv. um þetta efni. Í þessari nefnd áttu þeir sæti Björgvin Guðmundsson skrifstofustjóri í viðskrn., Georg Ólafsson verðlagsstjóri og Gylfi Knudsen fulltrúi í viðskrn. Þeir hafa síðan samið þetta frv. Það þótti eftir atvikum réttara að mínu mati að fela nefnd embættismanna að taka saman þetta frv. heldur en að setja stóra nefnd þeirra hagsmunasamtaka sem helst gátu komið hér til álita. Það þótti eðlilegri háttur, að þessi nefnd embættismanna hefði samband við þessi hagsmunasamtök eftir að fyrir lægju drög að frv., bæri þau frv.-drög undir þessi hagsmunasamtök og þeim væri þannig gefið færi á því að koma fram ábendingum sínum og aths. Það þótti hætta á, að ef farið væri út í að skipa fjölmenna nefnd fulltrúa þessara ýmsu hagsmunasamtaka, þá yrði niðurstaðan sú, að þeir gætu ekki náð samkomulagi og niðurstaðan mundi verða mörg nál. Þessi háttur var því hafður á.

Þessir embættismenn hafa lagt í frv. mikla vinnu. Þeir sendu það til ákveðinna hagsmunasamtaka, sem greind eru í aths. með frv. Þessi hagsmunasamtök voru: Verslunarráð Íslands, Félag ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtök Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Vinnuveitendasamband Íslands, Samband ísl. samvinnufélaga, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Kvenfélagasamband Íslands og Neytendasamtökin. Öll þessi samtök létu að lokum í té umsagnir um þau frv.-drög, sem þeim voru send, og gerðu við þau ýmsar aths. Svörin bárust að vísu ekki öll innan þeirra tímatakmarka sem sett höfðu verið í upphafi. Þess vegna má segja að það sé ein af ástæðunum fyrir því, að dregist hefur nokkuð á langinn að koma þessu frv. á framfæri.

Þessar ábendingar og umsagnir voru, eins og ég sagði, athugaðar af þessum embættismönnum. Eitthvað af þeim var hægt að taka til greina, en annað var þess eðlis, að ekki var talið hægt að taka það inn í þetta frv.

Til þess að hv. alþm. gætu áttað sig fyllilega á því, hvaða ábendingar og aths. þessi hagsmunasamtök hefðu í té látið, eru álit þeirra birt í heilu lagi í aths. með þessu frv. Hv. þm. eiga því með auðveldum hætti að geta áttað sig á því, hvað það er, sem þeir eru annaðhvort ánægðir eða óánægðir með, og hvaða breytingar þeir vilja gera á í þessu efni. Eftir að frv. lá þannig fyrir í nokkurn veginn fullmótaðri mynd voru að minni ábendingu gerðar á því örlitlar breytingar.

Þetta frv. er allmikið að vöxtum. Það er í níu köflum. I. kaflinn er almenns eðlis og fjallar um markmið og gildissvið laganna. II. kaflinn fjallar um stjórnsýslu. III. kaflinn fjallar um verðákvarðanir. IV. kaflinn er um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. V. kaflinn fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. VI. kafli hefur að geyma almenn ákvæði. VII. kaflinn hefur inni að halda ákvæði um meðferð og áfrýjun mála. VIII. kaflinn er um birtingu. IX. kaflinn er um refsiákvæði, gildistöku o. fl. Að síðustu er svo ákvæði til bráðabirgða. Þessi ákvæði, sem frv. hefur að geyma, eru að mínu mati allítarleg og þeim fylgja mjög skilmerkilegar athugasemdir, bæði almenns eðlis og eins við einstakar greinar. Ég hygg því að það sé tiltölulega auðvelt fyrir hv. dm. að átta sig á frv. og þess vegna sé ekki mikil þörf á því, að ég haldi langa framsöguræðu um þetta mál.

Það hefur talsvert verið um málið rætt og menn vita nokkuð um hvað er hér að ræða að meginstefnu til. En með þessu frv. er reynt að framkvæma það stefnumið, sem sett var fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., sem ég byrjaði á að vitna til, þ. e. a. s. það er stefnt að því að koma versluninni og álagningarreglum og verðmyndun í verslun í frjálslegra horf, ef svo má segja, en verið hefur. Og það er stefnt að því að veita neytendum sérstaklega vernd í þessu frv.

Það er svo, eins og menn vita, að við höfum búið alllengi hér á landi við verðlagsákvarðanir í einni eða annarri mynd, allt frá því fyrir 1940 að fyrst var skipuð verðlagsnefnd hér á landi, 1937 eða 1938 ef ég man það rétt. En síðan voru völd verðlagsnefndar eða viðskiptaráðs, eins og það var kallað, allmikið aukin á styrjaldartímanum 1942 eða 1943. Síðan má segja að hafi í meginatriðum gilt svipað fyrirkomulag í þessum efnum, þó svo að það hafi verið nokkuð breytt um skipulag á stjórn verðlagsmálanna. Fyrst var þetta í höndum stjórnskipaðra nefnda, síðan í höndum nefndar kjörinnar af Alþ., en nú um nokkuð langt skeið í höndum fulltrúa, sem nefndir hafa verið af tilteknum hagsmunasamtökum, auk oddamanns, sem hefur verið skipaður af viðskrn.

Það gefur auga leið, að þeim mun lengur sem svona kerfi stendur, þeim mun hættara er við að það verði dálítið staðnað og steinrunnið, að menn festist þar í nokkuð föstum skorðum og kerfið hætti að þjóna því sem upphaflega var til ætlast, eða réttara sagt: það nái ekki þeim tilgangi fullkomlega sem upphaflega var til ætlast. Ég held að verðlagsnefnd hafi hér yfirleitt unnið gott starf og hafi gert nokkurt gagn. En það er hins vegar mín skoðun, að það sé aldrei nema að takmörkuðu leyti hægt með slíkum verðlagsákvörðunum af hálfu hins

opinbera að hafa áhrif á verðlagsþróun. Það eru önnur öfl, sem þar eru að verki að verulegu leyti, og fer eftir aðstæðum í þjóðfélaginu, hversu skilvirk slík verðlagslöggjöf er og hvert gagn það verðlagseftirlit, sem uppi er haldið, gerir.

Ég held að mönnum hætti stundum til í umr. um þessi mál að telja valdsvið verðlagsnefndar víðtækara en það er í raun og veru og hætti til að álykta sem svo, að það sé eiginlega aðalákvörðunaraðilinn um verðlagsmál. En það er nú ekki þannig í reyndinni, að það ráði yfir öllu því sviði sem tilheyrir verðlagsmálum. Sannleikurinn er sá, að undir verðlagsnefnd falla ekki nema u. þ. b. 40 eða rúm 40% af öllum verðlagsgeiranum. Nær 40% eru landbúnaðarvörur, sem verðlagðar eru með sérstökum hætti samkv. sérstökum lögum, og um 20% eða kannske liðlega það er svo opinber þjónusta ýmiss konar. Endurgjald fyrir hana er ákveðið oftast nær í ýmsum gjaldskrám, sem settar eru stundum af lægra settum stjórnvöldum og þá oft staðfestar af stjórnarráði, en stundum stjórnarráði eða einstökum rn. beint. Þannig hafa ekki og eru ekki í raun og veru nema 40% af öllum verðlagsgeiranum, sem hafa heyrt undir þetta almenna verðákvörðunarvald og vald verðlagsnefndar, sem er stundum kallað verðlagsyfirvöld og þá stundum kannske í þeirri merkingu, að það séu einhver altæk yfirvöld á þessu sviði sem ráði þróun verðlagsmála í landinu yfirleitt. En ég hef látið þá skoðun í ljós áður, að t. d. hafi opinber þjónusta stundum verið verðlögð nokkuð á undan verðlagsþróuninni, ef svo mætti segja, og ekki hafi gætt þar fulls samræmis. Það hefur að vísu verið reynt með stjórnarsamþykkt að ráða dálitla bót á þessu, þannig að það hefur verið tekin upp sú skipan, að verðlagsstjóri og tveir alþm. skuli fjalla um allar beiðnir um hækkanir á opinberri þjónustu og láta í té álit um þær beiðnir. Ef sú nefnd og viðkomandi rn. eru sammála, þá verður hægt að gefa út gjaldskrána eða verðákvörðunina, hver sem hún er, en ef á milli ber þessara aðila, þá fer það fyrir ríkisstj.

Það hefur kannske ekki heldur alltaf komið fram í almennum umr. um verðlagsmál, hvernig verðlagsákvörðunarvaldi verðlagsnefndar er háttað, en þar er um tvenns konar fyrirkomulag að ræða. Annars vegar er það, að verðlagsnefnd hefur ákveðið og ákveður hámarksverð á vörum eða þjónustu, og hins vegar það svo, að það er ákveðin hámarksálagning. Hámarksverð hefur fyrst og fremst verið ákveðið á innlendri framleiðslu og þjónustustarfsemi, þó að þess séu dæmi, að það hafi einnig tekið til innfluttrar vöru. En aftur móti er það álagningin, sem er ákveðinn hundraðshluti af innflutningsverði, sem fyrst og fremst gildir um innfluttu vörurnar.

Því hefur verið haldið fram, en ég geri þá skoðun ekki að minni, að þetta fyrirkomulag um hámarksálagningu hvetji innflytjendur ekki til hagstæðra innkaupa, heldur þvert á móti geti það haft þær verkanir, að þeir sælist jafnvel til þess að kaupa inn dýrari vörur og fá þar með meiri álagningu. Og þeir, sem þessu halda fram, geta náttúrlega sagt sem svo, að ef þessi hámarksálagning væri afnumin, þá væru meiri líkur til þess, að innflytjendurnir gerðu hagstæðari innkaup, en tækju þá náttúrlega sjálfsagt eitthvað hærri álagningu, en þetta gæti samt haft í för með sér að verðið sjálft yrði lægra en ella. Auðvitað er það verðlagið sjálft sem máli skiptir, en ekki verðálagningarprósentan. Og það er sjálfsagt með þessi sjónarmið í huga, auk þess sem ég sagði áðan, að kerfi eins og þetta hefur tilhneigingu með aldrinum til þess að verða dálítið úrelt, að það hafa verið uppi ríkar óskir um að þessu kerfi væri breytt. Og það er ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt.

Það var áður flutt frv. um verðgæslu á þingi 1969. Nokkrar umr. spunnust um það í hv. Nd., hvort þetta frv. væri eiginlega sama frv. og það sem þá var flutt í hv. Ed. eða ekki. Viðurkennt var þó af öllum að í þessu frv. væru nýir kaflar sem ekki hefðu verið í hinu eldra. Í sjálfu sér skiptir það nú ekki nokkru máli, hvort þetta frv. er líkt eða svipað frv. frá 1969. Það skiptir út af fyrir sig ekki neinu um kosti þess eða galla, heldur verða menn auðvitað að meta frv. eins og það liggur fyrir nú og út frá þeim aðstæðum sem hér eru fyrir hendi. Ég skal ekki fjölyrða um það, en ég vil aðeins benda á að það hefur aldrei verið farið í neinar felur með að einn kafli í lögunum, kaflinn um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur, væri svipaður kafla í frv. frá 1969, enda er hann sniðinn eftir fyrirmyndum í hliðstæðum erlendum lögum. Og það segir beinlínis í aths. á bls. 11, með leyfi hæstv. forseta:

„Kaflinn um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur er svipaður kafla um sama efni er var í frv. til laga um verðgæslu og samkeppnishömlur sem lagt var fyrir Alþ. 1969, en náði ekki fram að ganga. Þó eru þar nokkrar veigamiklar breytingar frá fyrri ákvæðum. T. d. eru nú ákvæði í þessum kafla um að samningar, samþykktir og annað samráð milli fyrirtækja um verð og álagningu sé óheimilt."

Þannig hefur aldrei verið farið neitt dult með að þessi kafli frv. væri svipaður kafla í frv. frá 1969. Þeir segja nú líka í aths.:

„Við samningu frv. var höfð hliðsjón af löggjöf um verðlagsmál í Noregi og Danmörku. Var m. a. rætt við fulltrúa Monopolitilsynet í Danmörku. Einnig kynntu höfundar frv. sér samkeppnislöggjöf ýmissa landa."

Þannig hefur aldrei verið ætlunin að ræna höfundarrétti frá einum eða neinum í þessu efni. En þeim til fróðleiks, sem vildu kynna sér að hve miklu leyti þessi kafli í frv. víkur frá frv. frá 1969, vildi ég leyfa mér að benda hv. alþm. á umsögn og álitsgerð Vinnuveitendasambands Íslands, en það vill svo vel til, að þar er gerður rækilegur samanburður á þessum kafla í frv. frá 1969 og þessu frv. Þann samanburð er sem sagt að finna í þessari álitsgerð. Geta menn því, ef þeir hafa áhuga á því, borið frv. saman. Það er að vísu rétt, að þeir, sem álitsgerðina gera, telja breytingarnar yfirleitt ekki til bóta. Það er annað mál og kemur ekki þessu máli við.

Það má segja réttilega, að aðalsjónarmið laganna komi fram í 8. gr., þar sem segir:

„Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú hefur verðlagning verið gefin frjáls og getur verðlagsnefnd skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.“ — Hún getur svo gripið inn í og tekið nýja ákvörðun um þetta og ákveðið verðlag ef hún telur að það standist ekki, að samkeppnin sé nægileg.

Þetta finnst mér vera höfuðstefnumiðið sem felst í þessu frv., þ. e. að gera tilraun til þess að fá heilbrigðari verðmyndun með því að hafa álagninguna frjálsa og ákveða ekki hámarksverð, treysta á neytendur og valfrelsi þeirra í þessu efni. Menn geta haft mismunandi trú á því, hvort slík breyting leiði til verðlækkana eða verðhækkana. Ég geri mér ekki neinar gyllivonir um að það verði verðlækkanir að ráði þegar í stað. En ég held að þetta muni, þegar fram í sækir, leiða til heilbrigðari verslunarhátta. Það má þó segja að slíkt sé að vissu leyti komið undir neytendum, og að sjálfsögðu verður að taka tillit til þeirra aðstæðna, sem hér eru og eru að sumu leyti ólíkar og eru annars staðar, og auðvitað er það skilyrði, að innflutningsfrelsi, fríverslun í þeim skilningi að nægar vörur séu á boðstólum, og við skulum segja að því skilyrði sé nú fullnægt hér. En þá er á hinn bóginn að líta á það, að hér eru aðstæður aðrar að því leyti til en víðast annars staðar, að markaðurinn er miklu minni en gengur og gerist annars staðar. Þess vegna er það, að þó að ég haldi að þetta stefni í rétta átt, þá er það skoðun mín að hér sé rétt að fara með allri gát. Þess vegna er einmitt bráðabirgðaákvæðið, þar sem ákveðið er að þær ákvarðanir um hámarksálagningu og hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru þegar lög þessi taka gildi, skuli halda gildi sínu áfram þar til verðlagsráð tekur afstöðu til þeirra. Enn fremur er svo það ákvæði í 54. gr., að lögin öðlist ekki gildi fyrr en eftir sex mánuði. Þar með er gefinn nauðsynlegur umþóttunartími, af því að það þarf m. a. að gera ýmsar breytingar varðandi sjálfa verðlagsstofnunina og verðlagseftirlitið.

Svo er að sjálfsögðu IV. kafli sem ýmsir leggja talsvert upp úr, kaflinn um markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur. Sá kafli er, eins og ég áðan sagði, sniðinn eftir samþykktum eða ákvæðum í erlendum lögum þar sem aðstæður eru nú e. t. v. talsvert aðrar en hér. Ég legg persónulega ekki mjög mikið upp úr þessum kafla, en tel að hann geti hins vegar áreiðanlega ekki spillt neinu og það sé gott að hafa þau ákvæði sem þar eru.

Aftur á móti legg ég mjög mikið upp úr V. kafla, sem fjallar um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd. Hann er að nokkru leyti, má segja, endurskoðun á þeim lagaákvæðum sem eru í lögunum um óréttmæta viðskiptahætti frá 1933 eða 1934, en þau lög voru með þeim einkennum að þau áttu fyrst og fremst og var fyrst og fremst ætlað að fyrirbyggja óréttmæta og óeðlilega samkeppni á milli verslana innbyrðis og voru þannig sett til verndar kaupsýslumönnum fyrst og fremst, en lutu ekki að neytendum. Við endurskoðun þessara ákvæða og samningu þeirra upp á nýtt, því hér er í raun og veru um alveg gersamlega ný ákvæði að ræða, hefur þessu alveg verið snúið við, þannig að nú er í þessum kafla um að ræða vernd fyrir neytendur og neytendasjónarmiðið fyrst og fremst haft í huga þegar ákveðið er hvað séu óréttmætir viðskiptahættir.

En það, sem ekki hvað síst er kannske meginatriðið í þessu sambandi, er að í þessum lögum frá 1933 um óréttmæta verslunarhætti er ekki séð fyrir neinni stofnun til að hafa eftirlit með þeim lögum, en það er einmitt eitt kjarnaatriðið í sambandi við neytendavernd, þ. e. að það sé til einhver stofnun sem á að hafa eftirlit með því, að ákvæðum um neytendavernd sé haldið uppi í framkvæmd. Það er líka svo, að þar sem sett hefur verið fullkomin löggjöf um neytendamálefni, eins og er reyndar á Norðurlöndunum, flestum a. m. k., ég held öllum, þá er séð fyrir sérstökum opinberum stofnunum sem hafa það hlutverk að líta eftir því, að ákvæði þessi séu ekki virt að vettugi og hagur neytenda sé ekki fyrir borð borinn. Auðvitað hefði mátt fara þá leið hér að setja upp slíka sérstaka neytendastofnun, en það varð ofan á að réttara þótti að setja ekki alveg nýja stofnun til þess að annast þetta hlutverk, heldur setja upp sérstaka deild við verðlagsstofnunina, svokallaða neytendadeild sem ákvæði er um í frv., og fela henni þetta hlutverk. Að sjálfsögðu má svo haga því eftir reynslunni sem af þessu kann að fást. Það getur verið að menn sjái við nánari athugun, að leggjandi sé í þann kostnað, sem mundi vera því samfara, að setja þannig upp alveg sérstaka stofnun, og það sé réttara að hafa þann hátt á. Þá yrði því sjálfsagt breytt. En það er a. m. k. með því fyrirkomulagi, sem er sett í þessu frv., um að tefla vísi að neytendastofnun, opinberri neytendastofnun. Hitt er svo annað mál, að eftir sem áður og þrátt fyrir þessa lagasetningu getur verið þörf á lagasetningu um neytendamálefni og ástæða til að hyggja að því og þyrfti að efla neytendasamtökin.

Ég sé nú ekki beint þörf á því, að ég fari út í önnur sérstök ákvæði eða aðra kafla frv., þar sem líka fylgja þeim ítarlegar skýringar. En eins og ég hef áður fram tekið, þá eru birtar með sem fskj. umsagnir allra þeirra hagsmunasamtaka sem þetta frv. var sent til umsagnar, og geta menn kynnt sér þau álit án þess að ég fari að rekja þau hér. Því miður og verður að segja eins og er, eru þau álit ekki eins jákvæð og maður hefði vonað. Kannske má segja að það sé ekki nema eitt álit sem er alveg skilyrðislaust jákvætt með frumvarpsdrögunum eins og þau voru. En það er líka aðili sem ég fyrir mitt leyti vil leggja mikið upp úr að taka tillit til, aðili sem ég held að hafi æðimikla reynslu í sambandi við þetta. Það er Kvenfélagasamband Íslands sem mælir eindregið með þessu, en ég býst við að konurnar séu ýmsum fróðari um þessi mál. Neytendasamtökin óska að vísu eftir því, að sett verði upp sérstök neytendastofnun, en að öðru leyti vil ég skilja umsögn þeirra á

þá lund, að þau séu hlynntust frv. Fleiri eru hlynntir frv., en telja þó að ýmsar breytingar þurfi á því að gera.

Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Nd. Þar voru gerðar nokkrar breyt. á því. Aðalbreytingin laut að skipun verðlagsráðs. Gert hafði verið ráð fyrir því í frv., að ráðið yrði aðeins skipað sjö mönnum: fjórum tilnefndum af sérstökum aðilum, einum tilnefndum af viðskrh., sem yrði formaður, og svo tveimur sem eiga að sitja í þessari svokölluðu samkeppnisnefnd og eiga að vera tilnefndir af Hæstarétti. Þessu var breytt í hv. Nd. á þá lund, að gert er ráð fyrir því nú í frv., að ráðið sé skipað níu mönnum, eins og verðlagsnefnd er nú, og tekið fram hvaða aðilar það eru sem eiga að tilnefna þá fulltrúa sem tilnefndir eru af sérstökum aðilum, en Hæstiréttur tilnefni tvo og þeir séu í samkeppnisnefndinni og eiga að fullnægja vissum hæfnisskilyrðum.

Auðvitað er það alltaf fullkomið álitamál, hvernig verðlagsnefnd skuli skipuð, hvort hana skuli skipa sjö menn eða níu. Það er kannske ekki mikið mál í sjálfu sér. Manni finnst nú stundum nefndir vera þeim mun skárri sem þær eru fáliðaðri, en það er engin regla án undantekningar. Þarna hafa menn verið níu, og það sjónarmið kom fram í Nd., að þau samtök, sem höfðu nefnt — t. d. launþegasamtökin — fulltrúa í nefndina, mundu taka það óstinnt upp ef taka ætti af þeim fulltrúa. Var því gengið til móts við þau sjónarmið með því að fjölga í nefndinni.

Annað atriði, sem skiptir sáralitlu máli, var t. d. það, að gert var ráð fyrir að í samkeppnisnefndinni sætu þessir tveir menn tilnefndir af Hæstarétti og verðlagsstjóri. Þessu er breytt aftur í það horf, að þar sitja þessir samkeppnisnefndarmenn tilnefndir af Hæstarétti og formaður verðlagsráðsins, sem er tilnefndur af viðskrh.

Aðrar þær breyt., sem gerðar voru á frv. í Nd., eru að verulegu leyti aðeins orðalagsbreytingar og skipta ekki máli. Sé ég því ekki ástæðu til þess að gera þær að umræðuefni.

Ég skal svo, herra forseti, ekki lengja mál mitt um þetta, heldur vísa til þeirra ítarlegu aths. sem frv. fylgja. Að sjálfsögðu eru þeir embættismenn, sem frv. hafa samið, reiðubúnir til þess að mæta hjá hlutaðeigandi þn. og gefa þær upplýsingar sem eftir kynni að vera óskað, og auðvitað er það á valdi viðkomandi þn. að kalla fyrir sig fulltrúa þeirra, sem álit hafa gefið þarna, og kanna hver afstaða þeirra er. Um það hef ég ekki neitt að segja. Það verður auðvitað að vera á valdi þn., hvernig hún vill vinna að þessu máli.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Þar sem ég á ekki sæti í þeirri n., sem þessu máli er vísað til, þykir mér hlýða á þessu stigi málsins að gera grein fyrir þeirri afstöðu sem ég hef varðandi þetta mál.

Ég er persónulega fylgjandi frjálsræði í verslun og viðskiptaháttum og tel siðmannlega samkeppni milli einkaverslana og félagsverslunar ákjósanlegt viðskiptaform þegar þjóðfélagshættir mega teljast í þolanlegu jafnvægisástandi. Hagkvæm verslun og viðskipti hljóta að vera mikilsverðustu atriði hvers svokallaðs neysluþjóðfélags, og er þjóðfélag okkar Íslendinga þar engin undantekning. Þess vegna ber að gæta vel að aðbúnaði þessara atvinnu- og þjónustugreina eigi síður en framleiðslugreinanna, ef rétt er hugsað.

Ég hef fyrir löngu myndað mér þá skoðun, að strangar verðlagshömlur af hálfu hins opinbera og sífelld afskiptasemi af álagningu, ekki síst á sumum vörum og öðrum ekki, væru bæði verslun og neytendum vafasamt aðhald, enda sýnist mér að við séum nú komin í slík öngstræti í þessum málum, að erfitt reynist að feta sig út úr því svo að vandræðalítið verði. Öngstrætið er annars vegar það, að verslunin hefur verið svipt tilfinningunni fyrir nauðsyn hagkvæmra innkaupa, en neytandinn týnt niður þeirri gömlu góðu sjálfsbjargarviðleitni að leita fyrir sér um verð og gæði vöru, heldur hefur kastað þeirri fyrirhöfn á herðar verðlagseftirlits.

Um skeið unnu kaupfélögin og samvinnuhreyfingin ákaflega mikilsvert starf í þágu góðra verslunarhátta og til eflingar verðskyns alþýðu manna víða um land. Hvað seinni þáttinn snertir a. m. k. finnst mér mjög hafa slaknað á, en viðurkenni að sjálfsögðu að bæði eiga þau ekki þar ein sök, enda ill nauðsyn á verðlagshömlum hitt þau eins og aðra verslunaraðila. Ég sagði: ill nauðsyn, því að sjálfsögðu er mér vel ljóst að slíkar aðstæður skapast oftsinnis, að hjá verðlagshömlum og verðlagseftirliti verður alls ekki sneitt, svo sem í styrjaldarárferði eða þegar grípa verður til skyndilegra og sársaukafullra efnahagsráðstafana svo að hægt sé að sigla hættulega slagsíðu af þjóðarskútunni þegar raunverulegir brotsjóir hafa skollið á eða óviturleg skipstjórn hefur stýrt í vandann. Frá því í síðustu heimsstyrjöld hefur meira og minna strangt verðlagseftirlit með fyrirskipuðum verðlagsákvæðum ríkt hér í landi. Launþegasamtökin eru því löngu farin að líta á það sem eitt af varnarvirkjum sínum í sífelldu og flóknu tafli um kaup og kjör við atvinnurekendur og ríkisvaldið og þá ekki síst eins og nú, þegar sami stóllinn virðist undir stjórn ríkisins og stjórn atvinnurekendasambandsins eða hvor situr í keltu hinnar til skiptis.

Við jafnvægisaðstæður í efnahagsmálum þjóðarinnar hefði ég vísast talið mér rétt að fylgja frv. því er hér ræðir um sem áfanga á leið til úrbóta. Þó finnst mér að kaflann um neytendavernd hefði þá orðið að vinna upp, ella semja ný lög um neytendavernd, kvörtunarþjónustu og fljótvirkari og ódýrari meðferð minni háttar slíkra mála fyrir héraðsdómstólum. Ég hefði þó talið mér skylt að hlusta eftir áliti launþegasamtakanna um gildi úrbótanna, því að knýja fram breytingar á gildandi verðlagslögum í andstöðu við álit meiri hluta fólks í þeim röðum finnst mér óskynsamlegt, og nú stendur einmitt svo á, að eftir komandi kosningar er augljóst að ekki verður umflúið að gera mjög sársaukafullan upp-

skurð á efnahagsháttum okkar. Ef snúa skal frá villu okkar vegar, þá munu verðlagshömlur um tiltekið skeið hljóta að verða eitt af úrræðunum og því eðlilegra að skapa þá ný lög að nýjum háttum heldur en breyta nú, meðan enginn veit hver úrræði verða valin. Við þetta bætist og, að samkv. fskj. þessa frv. tjá forsvarsmenn stærstu launþegasamtakanna, ASÍ og BSRB, sig andvíga frv. þessu. Tel ég það ærna ástæðu til þess, að óskynsamlegt er að samþ. það nú. Á því leikur enginn vafi, að eigi íslenska þjóðin að komast þóknanlega frá þeirri efnahagsúlfakreppu, sem vanstjórn og óstjórn núv. og fyrrv. ríkisstj. hefur leitt hana í, þarf víðtæk samstaða að myndast eftir kosningar, þar sem launþegasamtökin hljóta að verða styrktarstoðin, ef vel á að rætast. Það er því óskynsamlegt að samþ. nú á síðustu dögum þings lög um mál sem launþegasamtökin hljóta að láta sig miklu varða, lög í þeirri mynd sem þau hafa ekki sannfæringu fyrir að horfi til heilla og munu ugglaust krefjast umtalsverðra breytinga á. Af þessum sökum og þessum sökum fyrst og fremst hef ég ákveðið að greiða atkv. gegn þessu frv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fyrst taka undir margt í þeirri ræðu sem hér var síðast flutt, ræðu sem var, þó að það sé kannske ekki fallegt að segja það fyrir okkur hina, óvenjulega vönduð og góð ræða. Margt í henni var mjög skynsamlegt, sem ég tek algjörlega undir, án þess að ég ætli að fara að skipta mér af bollaleggingum um það, hvaða ríkisstj. eigi að sitja eftir næstu kosningar.

Það er lítill tími til þess að virða þetta viðamikla frv. fyrir sér núna á síðustu dögum þings. Frv. varð óbeint umræðuefni okkar hér um daginn, þegar til umr. var frv. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni. Það er ástæðulaust að vera að endurtaka það sem þá var sagt í þessum ræðustól.

Það er vitnað í það og má telja eðlilegt, að á sínum tíma eða 1969 hafi verið flutt frv. mjög svipaðs eðlis. Hefur verið bent á að þá hafi sá hæstv. ráðh., sem nú mælir fyrir þessu frv., kannske verið um margt á öndverðri skoðun við það sem hann er nú. Ég ætla ekki að fara að endurspegla umr. í Nd., sem voru víst mjög fróðlegar og jafnframt skemmtilegar, varðandi mismunandi ræður og ræðustíl annars vegar í framsögu fyrir þessu frv. og hins vegar í andmælum gegn öðru líku eða svipuðu áður. Hins vegar fannst mér að framsöguræða hæstv. ráðh. áðan væri þó einhvern veginn á þann veg, að um nokkra afsökun væri að ræða. Einhvern veginn fannst mér það, þó að rétt sé að geta þess, að þessi hæstv. ráðh. mælir ávallt fyrir frv. sínum af sanngirni, en ekki af offorsi, og ber að meta það, að skini í gegnum ræðu hans viss vantrú á því, að hér væri í rétta átt stefnt. Einhvern veginn var það svo, að undir ræðu hans skaut þessari gamalkunnu setningu æ ofan í æ upp í huga mínum: Góð meining enga gjörir stoð.

Ég sem sagt efast ekki um að hæstv. viðskrh. hafi vandlega ígrundað þetta mál áður en hann lagði það hér fram. Ég þykist einnig vita hverjir hafi mest á eftir rekið því, að þetta frv. er fram komið. Ég geri mér hins vegar ekki vonir um að það verði eins með þetta frv. og það frv., sem flutt var 1969 og þá var stöðvað af stjórnarþm. í Ed., sem er ekki viðstaddur núna, fylgismanni þáv. stjórnar. Ég reikna með því, að búið sé að tryggja meiri hl. stjórnarflokkanna, þann hinn stóra og mikla sem þeir hafa, fyrir því að þetta frv. nái óbreytt fram að ganga með þeim breyt. sem í Nd. voru á því gerðar.

Ég hlýt að lýsa yfir andstöðu minni við þetta frv. Ég hef ekki trú á því, að aðhald neytendanna í okkar verðbólgu allri verði það sem menn vilja vera láta. Ég held að fyrst þurfi að snúa hjólinu við, áður en hægt er að tala um að neytendur hafi möguleika á því í raun og veru að átta sig nægilega á þessu, svo brenglað er orðið verðskyn neytendanna almennt í hinum öru verðbreytingum. Og þrátt fyrir alla þá galla, sem við höfum horft upp á varðandi verðlagslöggjöf okkar, varðandi verðlagshömlur okkar, þá hefur þar þó verið, eins og hv. þm. Bragi Sigurjónsson tók fram áðan, helst haldreipi launþegasamtakanna og neytendanna almennt til þess að leita réttar síns. Varðandi þær vörur, þar sem allt hefur verið frjálst, þá hefur ekki verið til neins að leita og verðbreytingar það örar og sviptingar það miklar, m. a. gengisfellingar með þeim skyndilegu afleiðingum sem gengisfellingar hafa á verðlag allt, að neytendur hafa í raun og veru ekkert aðhald getað gefið og þeir munu ekki geta gefið það nema snúið verði við blaðinu.

Ég ætla ekki að fara út í að ræða um það, að hér sé í raun og veru verið að gefa, eins og mig grunar, kaupsýslustéttinni enn meiri möguleika á því að komast yfir aukinn gróða, á sama tíma og hæstv. ríkisstj. er nýbúin að koma á þeirri kaupskerðingu sem hún hefur gert að sinni. Ég vil engu spá ákveðið um þetta. Mér dettur hins vegar ekki í hug að sá mikli þrýstingur, sem hefur verið frá kaupsýslustéttinni, óskir um rýmkun á þessari löggjöf um aukið frelsi, stafi af því, að aðalstefnumið þeirra sé að lækka vöruverð. Mér hefur ekki komið það til hugar og ég get varla ímyndað mér að mönnum detti í hug, að sá mikli þrýstingur, sú mikla gagnrýni, sem hefur komið fram frá þeim á verðlagshömlur allar, stafi af því, að þeir ætli sér að nota nýjar reglur og frjálslegri til þess að lækka vöruverð og gera það neytendum í hag. Það er hins vegar ekkert furðulegt þó að kaupsýslumönnum þyki ekki með þessu frv. nóg að gert, því vissulega eru í frv. ýmsar takmarkanir varðandi verðákvarðanir sem þeir vilja ekki hafa. Þeir vilja ekki hafa þær neinar og vilja láta þá samkeppni ráða sem þeir hafa svo mjög á orði, en sem mér sýnist í öllu að sé miklu fremur samtrygging, og því miður hefur félagsverslunin einnig lent í þessari samtryggingu. Því miður, segi ég, því að auðvitað er það félagsverslunarinnar að sjá svo um, að einkaaðilarnir geti ekki komist upp með að okra á hinum almenna neytanda.

Ég veit vel um ýmsa erfiðleika félagsverslunar í þessu efni og þá alveg sérstaklega samvinnu-

verslunarinnar. Ég veit vel að samvinnuhreyfingin er ekki bara á verslunarsviðinu. Ég veit að hún fæst víða úti á landsbyggðinni við viðamikil viðfangsefni sem kalla á mikið fjármagn og jafnframt skapa atvinnuöryggi fyrir íbúana þar, og ég veit einnig um þá erfiðu aðstöðu, sem þeir glíma við varðandi það að hafa tiltækar vörur af svo fjölbreyttu tagi sem þeim er nauðsynlegt, og eins hvað velta þeirra er auðvitað miklu hægari en verslana á þessu svæði hér. En engu að síður hlýt ég að segja að ég hefði kosið að félagsverslunin í landinu hefði veitt einkaversluninni meiri og verðskuldaðri samkeppni en hún hefur þó gert.

Ég ætla ekki að fara að ítreka það nánar, sem ég sagði um daginn t. d. varðandi Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis og afslátt þess til félagsmanna og afslátt ýmissa kaupfélaga einnig. Þó er það kannske helst, að ef af þessari verslun þeirra verður gróði, þá rennur hann fyrst og fremst til félagsmannanna sjálfra í einhverju formi. Það skiptir þar auðvitað meginsköpum. En engu að síður hlýtur það að vera áfram keppikefli samvinnufélaganna, eins og það var þeim í árdaga, að tryggja neytendum ávallt á hverjum tíma eins hagstætt vöruverð og kostur er, og að því ber samvinnuhreyfingunni vissulega að stefna.

Ég hlýt að taka, eins og hv. þm. Bragi Sigurjónsson, ákaflega mikið mark á því sem launþegasamtökin láta frá sér fara um frv. af þessu tagi. Og með tilvísan til þess einmitt vísa ég til álits þeirra, sem hér fylgir með og ekki sakar að vitna til, með leyfi hæstv. forseta. En í sinni umsögn segir Alþýðusambandið:

Eftir að hafa kynnt sér frumvarpsdrögin allítarlega, er það mat Alþýðusambands Íslands, að þau komi á engan máta til móts við hinar margítrekuðu kröfur sambandsins um breytt fyrirkomulag verðlagsmála.

Í fyrsta lagi hefur Alþýðusambandið krafist þess, að verðákvarðanir verði samræmdar. Í dag er kerfið sundurleitt og án samhengis, og frumvarpsdrögin stefna greinilega að því, að svo verði áfram. Eðlilegt er, að verðákvarðanir á hinum ýmsu sviðum séu teknar út frá samræmdum rekstrarforsendum. Þó það sé gert er fullkomlega mögulegt að taka tillit til séraðstæðna, t. d. þannig að opinberir aðilar niðurgreiði vöru eða þjónustu eða skattleggi sérstaklega.

Í öðru lagi hefur Alþýðusambandið krafist samræmdrar stjórnar á verðákvörðunum og verðgæslu. Alþýðusambandið hefur margsinnis ítrekað nauðsyn þess, að verðlagseftirliti verði hagað öðruvísi en tíðkast hefur og t. d. aukin áhersla lögð á öflun gagna um verðlag erlendis. Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir því, að kerfið greinist í þrennt: verðlagsráð, samkeppnisnefnd og verðlagsstofnun. Þessi aðgreining er óheppileg. Frumvarpsdrögin virðast raunar gera ráð fyrir því, að samkeppnisnefndin, sem aðilum vinnumarkaðarins er ekki ætluð aðild að, geti orðið nokkur samræmingaraðili í þessu tilliti. Skipan þeirrar nefndar er hins vegar í fullkominni andstöðu við óskir Alþýðusambandsins um aukin áhrif á verðlagskerfið, og samræming í höndum þeirrar nefndar yrði því ekki til hins betra. Á það verður ekki fallist, að áhrifaaðstaða verkalýðssamtakanna verði skert og jafnvel aðstaða þeirra til þess að fylgjast með þróun mála.

Í þriðja lagi vantar í frumvarpsdrögin ákvæði, sem tryggja aukna virkni neytenda og aðhald af þeirra hálfu.

Þá eru ákvæði frumvarpsdraganna mörg það óljós, að ekki verður séð hver framkvæmdin muni verða. Þar eð frumvarpsdrögin ganga í meginatriðum í berhögg við kröfur Alþýðusambandsins, teljum við rétt að óska þess, að viðskrh. skipi nefnd, sem fái það verkefni að endurskoða núgildandi löggjöf í samræmi við þau grundvallarsjónarmið, sem hér eru sett fram.“

Neytendasamtökin nefndu hæstv. ráðh. áðan réttilega, þau hefðu sent álit sitt og verið um margt jákvæð. En í fskj. frá þeim er engu að síður tekið glöggt fram, að í löggjöf um neytendavernd þurfi auk þess að koma sérstaklega fram nokkur atriði. Síðan kemur upptalning í 10 atriðum, mörg hver atriðin mjög mikilvæg, sem Neytendasamtökin telja nauðsynlegt að komið sé á til þess að þau geti sætt sig við löggjöf af þessu tagi.

Það, sem kom mér aðallega til að standa hér upp, var þó ekki að lýsa yfir andstöðu minni við þetta frv., því það held ég að hafi nokkurn veginn legið í hlutarins eðli, ekki síst eftir umr. hér á dögunum um mál svipaðs eðlis. Annað kom til. Ég hafði flutt hér á þingi þáltill. um ákveðnari ákvæði um auglýsingar og takmörkunum við þeim, og ég sé að einmitt er að því vikið sérstaklega í áliti frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, en þeir segja einmitt um V. kaflann, um óréttmæta viðskiptahætti og neytendavernd, með leyfi hæstv. forseta:

5. kafli... er að mestu stílfæring á lögum frá 1933. Hlýtur það að valda vonbrigðum hvað þessi kafli er takmarkaður... Athygli vekur, hvað lítið er fjallað um auglýsingar, minna en í lögunum frá 1933. Verður það að teljast aldeilis furðulegt. Ekki er að vikið í frv. að setja skuli reglugerð um auglýsingar. Rétt er að taka fram, að sú nýjung fór ekki fram hjá BSRB að samkeppnisnefnd á að geta bannað t. d. ólöglegar auglýsingar samstundis og síðan verði málsaðilar að hnekkja banninu fyrir dómstólum. Þetta er að sjálfsögðu nokkur bót frá því sem nú er.“

Þetta sá ég einnig, þegar ég leit yfir þetta frv., að þetta var sú eina bót sem ég fann varðandi auglýsingarnar. En í þjóðfélagi okkar eru auglýsingarnar orðnar ansi fyrirferðarmiklar. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að um þær séu settar miklu ákveðnari reglur. Ég hlýt að treysta því, að þetta verði ekki látið gilda eitt, sem hér segir í lögunum, að um þetta verði sett ákveðin reglugerð, t. d. um auglýsingar, sem eru beinlínis rangar, gefa rangar upplýsingar og geta verið skaðsamlegar hreinlega á þann hátt, — um það höfum við dæmi — og auglýsingar sem höfða til, að maður getur sagt, lægstu hvata mannskepnunnar. Nóg er nú samt. Ég sem sagt treysti því, að um þetta mál verði ekki aðeins látið gilda það, sem hér segir í frv., heldur verði ítarleg reglugerð sett um þetta.

Ég hef fyrir mér orð mjög mætra manna, sem höfðu við mig samband eftir að ég flutti þessa þáltill., mjög mætra manna sem ég met mikils. Þeim blöskrar, hvernig auglýsingar okkar eru orðnar, hve þær eru skrumkenndar og rangar, en gefi hins vegar litlar — þ. e. vöruauglýsingar — raunverulegar upplýsingar, að ekki sé nú talað um verðupplýsingar eða raunverulegar gæðaupplýsingar sem byggðar séu á ákveðnum gæðaprófum.

En annars er það að segja um álit BSRB að BSRB segir ákveðið — með leyfi forseta — í lok álitsgerðar sinnar:

„Af þessari ástæðu“ — sem þeir hafa nefnt þarna áður og ég sé ekki ástæðu til þess að rekja því það fer að nokkru inn á álit Alþýðusambandsins — „og þeirri, að með frv. virðist stefnt að því, að frjáls verðlagning verði regla, en ekki undantekning, lýsir stjórn BSRB sig andsnúna því, að þetta frv. verði að lögum, eins það liggur fyrir.“

Ég verð að segja alveg eins og er, að ég hef haft ýmsar aths. að gera við verðlagslöggjöf okkar, en þær hafa verið á þann veg, að mér hefur ekki þótt henni vera nægilega vel framfylgt. Ég verð einnig að segja, að ég leit með töluverðri bjartsýni á það þegar nýr verðlagsstjóri var ráðinn. Hann virtist taka á ýmsum vandamálum á nokkuð ferskan hátt, og olli það því, að ég áleit að hann gæti e. t. v. kippt þessum málum í eitthvað betra lag en verið hefur, því óneitanlega hefur þarna verið um misbrest að ræða. Ég hef ekki breytt þessari skoðun minni varðandi núverandi verðlagsstjóra. Ég álit að hann sé hinn mætasti maður og vilji mjög vel gera í þessum efnum, enda hefur hann sýnt það í einstaka tilfellum að hann hefur tekið röggsamlega á málum og gert vel. En þrátt fyrir að ég hafi séð gallana, þá hefði ég talið meiri nauðsyn á því og miklu betur sæmandi flokki eins og þeim flokki, sem hæstv. viðskrh. er foringi fyrir, að koma með frv. til laga, sem bætti úr því fyrirkomulagi og gerði það betra og öruggara fyrir neytendur, heldur en — eins og BSRB segir réttilega — að það verði undantekning að hömlur verði nokkrar á verðlagi, reglan verði sú, að verðlag verði gefið frjálst. Og miðað við ástandið í þjóðfélagi okkar, þá skil ég hreint ekki þær forsendur sem eru fyrir þessu frv., nema einvörðungu sé verið að tryggja kaupsýslumönnum aukinn gróða.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að segja að þetta frv. til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem nú er lagt fram á allra síðustu dögum þessa kjörtímabils, kemur mér þannig fyrir sjónir, að hér sé verið að fullnægja ákveðnu atriði í stjórnarsáttmála. Er tæplega ætlast til að tími sé til að ræða til hlítar né heldur að þn. nái að fjalla þannig um það, að tími gefist til að gera þær aths. sem þm. vilja gera, þrátt fyrir að þó nokkur vinna hafi verið lögð í stefnumörkun þessa undanfarnar vikur — ég á þá kannske frekar við utan þn. heldur en innan þeirra. Ég lít á þetta frv. sem nokkurs konar dúsu til að halda þeim aðilum, sem hér hafa hagsmuna að gæta, í skefjum, en ekki að stefnt sé sérstaklega í einhverja frelsisátt í verðmyndun, því hömlur eru í þessum köflum og greinum, sem hér liggja fyrir, sem gefa til kynna að hér verði ekki breyting á frá því sem áður hefur verið í sams konar frv. Mun ég koma að því síðar.

Í mínum augum er þetta embættismannafrv., sem ég hef leyft mér að kalla svo í góðra vina hópi, búið til af húsmönnum viðskrh. Eg hafði gert mér vonir um að flokkarnir tveir, stjórnarflokkarnir, settu á stofn sérstaka nefnd til að fjalla um þetta mál í byrjun kjörtímabils, en það varð ekki. Þetta frv. var fyrst samið af starfsmönnum viðskrh. Það fékk ekki hljómgrunn hjá aðilum. Síðan er því frv. breytt lítils háttar, en þær umsagnir, sem voru gefnar af viðkomandi aðilum um fyrsta frv., sem lagt var fram, eru notaðar og prentaðar með því frv. sem hér er lagt fram, þannig að ég held því fram, að umsagnirnar, sem hér fylgja, séu að miklu leyti ekki í gildi hvað þetta frv. snertir.

Ég vil leyfa mér, að lesa upp smákafla úr ræðu minni, sem ég flutti með frv. sem ber sama nafn og var til umr. fyrir nokkru. Hann er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Aðalreglan“ — þá á ég við frv. sem hér liggur fyrir — „er að vísu sú, eins og segir í 8. gr., að verðlagning skuli vera frjáls þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Sá galli er hins vegar á þessu stefnuatriði, að nægilegar skilgreiningar vantar á því, hvað sé nægileg samkeppni, og einnig, hvað sé takmörkuð samkeppni og hvað teljist vera markaðsráðandi fyrirtæki. Á þessu stefnuatriði er einnig annar galli, sem er sá, að því tengist ákvæði til bráðabirgða, þar sem verðlagsráði er fengið það vald að taka afstöðu til gildandi verðlagslaga án stefnumörkunar frá Alþ. Í þessu efni eru verðlagsráði ekki sett nein tímatakmörk, innan hve langs tíma ráðið þarf að taka afstöðu til gildandi ákvæða. Það, sem ég óttast, er að framkvæmd þessa ákvæðis gæti orðið með svipuðum hætti og var á haftaárunum þegar stefnuatriðið var að innflutningur til landsins skyldi vera frjáls nema öðruvísi væri ákveðið, en eins og við munum var öðruvísi ákveðið á þeim árum.“

Ég vil fagna því, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að hann álítur hámarksálagningu, ef ég hef ekki misskilið hann, hvetjandi til óhagstæðra innkaupa. Ég skal ekki um þetta dæma. En fyrirtæki fólksins, þá á ég við Sambandið, kaupfélögin og þá sérstaklega kannske, úr því það var minnst á það áðan af hv. síðasta ræðumanni, KRON, sem ekki hefur neinar skyldur við landsbyggðina og ekki neinar skyldur umfram sína viðskiptavini fram yfir aðrar verslanir á þeim markaði, sem þeir einbeita sér að, og það er Reykjavíkurmarkaðurinn, selja á sama verði og kaupmenn. Og ég get ekki ímyndað mér að hæstv. ráðh. geri því skóna, að þessi fyrirtæki fólksins, en KRON er t. d. alfarið

stjórnað af Alþb.-mönnum, taki þátt í slíkum leik að gera óhagstæð innkaup viljandi.

Ég vil halda því fram, að verðlag sé hátt m. a. vegna þeirra gríðarlegu gjalda, hárra tolla og opinberra gjalda sem ríkisstj. hafa, ekki bara þessi ríkisstj. heldur ríkisstj. undanfarna tíma og kannske nokkuð langt aftur í tímann, talið sig þurfa að leggja á innflutning ofan á eðlilegt innkaupsverð, sem margfaldast í prósentum við álagningu. M. a er á lokastigi 20% söluskattur, sem gerir verðið náttúrlega óbærilegt öllum sem í einhverju magni þurfa að kaupa inn, og á ég þá við stærri fjölskyldur.

Ég vitnaði í 8. gr. og er hræddur um hún geri þetta frv. að sýndarmennskufrv., einungis sömdu til að stinga upp í þá aðila sem héldu í upphafi stjórnarferils þessarar ríkisstj. að nú ætti að taka föstum tökum á því ófrelsi sem ríkt hefur í verðlagsmálum, stinga upp í þá dúsu, því varla verður ætlast til þess, að verðlagsráð telji ríkjandi aðstæður eða ástand í viðskiptamálum nægjanlegt til þess að samkeppni eða verðmyndun geti verið frjáls, úr því að ríkisstj. telur sér ekki fært að leggja það fyrir Alþ., að verðlag skuli vera frjálst við gildistöku þessara laga. Hvers vegna segi ég þetta? Vegna þess að í 8. gr. er upptalið, hvaða aðgerðum megi beita. Með leyfi forseta er best að ég lesi a. m. k. part af greininni. Gríp ég þá inn í hana miðja:

„Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er greint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur“ — ég bið hv. þdm. að taka eftir — „um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.“

Hæstv. ríkisstj. er að fara fram á við Alþ. að samþ. verði alræðisvald embættismanna, sem ekki er ákveðið enn þá hverjir eru, í öllu því sem lýtur að verðlagsmálum. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að samkeppnin um verðmyndun sé nægjanleg þegar og það sé rangt af Alþ. að samþ. lög sem færa það alfarið í hendur embættismanna að ákveða hvort eða hvenær verðmyndun skuli vera frjáls. Þessi samkeppni, sem ég er með í huga, er að í Reykjavík, eins og ég gat um áðan, er Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, undir stjórn Alþb. alfarið með 12 útsölustaði og stórverslanir. Ég giska á að Sláturfélag Suðurlands sé með álíka margar verslanir og stórmarkaði. Samband ísl. samvinnufélaga með stærsta innflutningsfyrirtæki landsins staðsett í Reykjavík, stærstu vörudreifingarstöð landsins, staðsett í Reykjavík, er að fá eigin hafnaraðstöðu. Það gerir innkaup sín í samkeppni við stór norræn samvinnufélög og hlýtur þar af leiðandi að ná þeim magnafslætti er getur verið hvað hæstur. Það flytur vörur sínar með eigin skipum. Það hefur eigið vátryggingafélag, eigin banka og talsvert stóran hóp neytenda sem eigin viðskiptavini. Allan þennan millilíðakostnað verður viðkomandi kaupmaður, skulum við kalla hann, eða innflytjendur að greiða með álagningu. Hvernig stendur þá á því, að verðmyndun er ekki miklu lægri hjá þessum aðilum, sem hvergi þurfa að borga aukamillilíðakostnað, en hjá þeim sem þurfa að borga að fullu allan millilíðakostnað? Ég álít að þarna sé þegar komið fullgilt svar við því, að samkeppni í verslun og viðskiptum er nægileg til þess, að Alþ. geti tekið ákvörðun um að verðlag skuli vera frjálst við gildistöku þessara laga. En til viðbótar þessari upptalningu er vitað, að á mörgum stöðum á landinu eru þessi fyrirtæki fólksins einu viðskiptaaðilarnir. Sem sagt, ég lít á þetta frv. sem einhvers konar fullnægingu á málefnasamningi, en ekki sem raunhæft plagg um væntanlega frjálsa verðmyndun, meðan það er sett í hendur embættismanna að ákveða, hvenær eða hvort verðlagning skuli vera frjáls. Ég óttast að þetta fari á sama hátt og áður, þegar lögin sögðu til um að stefnuatriðið væri að innflutningur til landsins skyldi vera frjáls nema öðruvísi væri ákveðið, en ég tók fram áðan að það var bara öðruvísi ákveðið á þeim tíma.

Ég ætla ekki að fara — þetta er nú 1. umr. um þetta frv. — á þessu stigi að lengja umr. um of með því að fara yfir greinar. Ég áskil mér í n. rétt til þess að koma með brtt. og ræða þær nánar, hvort sem þær verða samþ. eða samþ. ekki. Ég reikna með að það sé rétt hjá þeim hv. þm., sem hér töluðu á undan mér, en á eftir ráðh., að fyrir fram sé ákveðið að frv. skuli ná fram að ganga með þeim breyt. sem áorðnar eru í meðferð Nd.

Ég vil þó víkja nokkrum orðum að ummælum hv. þm. Braga Sigurjónssonar. Ég fagna því, að hann telur að frelsi eigi að ríkja í verslunarháttum þegar þjóðfélagið er í jafnvægi. En eins og ég hef áður sagt, þá held ég að eitt af því, sem kemur þjóðfélaginu eða efnahagsmálum úr jafnvægi, sé einmitt þessi mikla álagning á hinum ýmsum stigum, bæði frá ríki og öðrum aðilum, og kannske líka þessi óhagstæðu innkaup, sem mér er ekki kunnugt um, en hæstv. ráðh. gat um áðan. Ég held því, að það sé tími til þess að breyta þessu og skapa það frelsi í verslunarháttum sem gæti orðið liður í því að koma jafnvægi á í þjóðfélaginu.

En það er eitt sem ég vil svara, bæði hv. þm. Braga Sigurjónssyni og eins hv. 7. landsk. þm. Ég held að það sé hættulegt og meira en hættulegt, ég veit að það er hættulegt, ef áhrifamiklir hópar utan Alþ., hvort sem það eru launþegasamtök eða atvinnurekendasamtök, eiga að ráða því, hvort hér eru samþ. lög, sem þm., ef á annað borð er þingmeirihl., telja rétt að samþ. — þau lög séu þá ekki samþ. bara vegna þrýstings utan frá. Það er kominn tími til þess, að við áttum okkur á því, að þessi þrýstingur utan frá er að skemma þjóðfélagið. Hann er gjörsamlega að eyðileggja þjóðfélagið. Það er nú orðið svo, að framkvæmdavald er ekki til í höndum

ríkisstj., en verkalýðshreyfingin hefur framkvæmdavald, eins og hefur komið fram undanfarið þegar hún lokar fyrirtækjum sem annars hefðu mátt vera opin. En ég held að það eigi bæði við atvinnurekendur og launþega, að hvorugir eigi að hafa áhrif á ákvarðanir Alþ., hvorki í þessu máli né öðru.

Þetta frv. líkist að mínu mati því, að mönnum er gefið frelsi, en þó eru þeir bundnir með teygjubandi. Það er hægt að kippa í hvenær sem er. Ég ítreka það, sem ég vitnaði í áðan um þær ráðstafanir, sem verðlagsráði er heimilað að gera hvenær sem því þóknast. Ég tel að það sé alvarlegt, ef frelsi í athöfnum á sér minnihlutafylgi á Alþingi.

Hæstv. viðskrh. talaði um að V. kaflinn væri að því leytinu til betri en till., sem áður hafa komið fram, að verið væri að vernda neytendur fremur í þessu frv. en öðrum. Ég tek undir það, að þessi kafli er einmitt það sem hann sagði, en ekki „fremur“ en í öðrum till. sem komið hafa fram. Kaflanum um neytendavernd og óréttmæta viðskiptahætti var einmitt beint gegn fyrirtækjum sem hugsanlega gátu náð samkomulagi og komið sér saman um hátt verð. Það var einmitt hugsað til þess að gæta hagsmuna neytenda. En ég vil taka undir það með hv. þm. Braga Sigurjónssyni, að vafasamt er hvort neytendakaflinn á að vera í þessu frv., hvort ekki ætti að setja sérstök lög um neytendavernd.

Ég vil að lokum leyfa mér að vitna til aths. við lagafrv. þetta, á bls. 10. Neðst á bls. stendur það sem eiginlega segir allt um þetta frv. Með leyfi forseta, þá hljóðar það svo:

„Frv. gerir ráð fyrir frjálsri álagningu, þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Hins vegar er jafnframt bráðabirgðaákvæði um það, að öll verðlagsákvæði haldi gildi sínu við gildistöku laganna þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra.“

Í þessari tilvitnun er samandregið það sem ég vildi segja um þetta frv. Ég tel alveg fráleitt að Alþ. skuli afsala sér ákvörðunarrétti um það hvenær verðlag skuli vera frjálst eða hvort það skuli vera frjálst, yfir í hendur embættismanna, sem líklega verða að sumu leyti, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., þeir sömu og eru að matreiða þetta frv. fyrir hv. Alþ. Þar kom fram að form. verðlagsnefndar, sem er skipaður af ráðh., skuli vera einn af þremur í samkeppnisnefnd.

Ég hef ekki meira um þetta frv. að segja á þessu stigi. Ég vona að það taki breytingum í meðferð n. þessarar hv. d. að því leyti til sem snertir 8. gr. a. m. k. En ég fagna því, að ýmsu hefur verið breytt til bóta. Á ég þar sérstaklega við 48. gr., þar sem áfrýjunarvaldið er ekki tekið frá þessari stétt manna í bjóðfélaginu. Þar stóð áður, að ákveðnum hluta í 17. eða 18. gr. mátti ekki áfrýja, en nú er þó komið inn í brtt., að það eiga sömu lög að gilda um þessa stétt manna og aðrar hvað það snertir.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning sem mér fannst koma fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Hann talaði um að embættismönnum væri falið ákvörðunarvald í þessum efnum, en það held ég að standist ekki. Það er einmitt gert ráð fyrir því, að tilteknir aðilar tilnefni fulltrúa í verðlagsráðið og þeir fulltrúar, sem þeir tilnefna, eru ekki færri en sex. Það eru engar líkur til þess, að þeir tilnefni neina embættismenn. Ekki hafa þessir aðilar tilnefnt embættismenn til þessa sem fulltrúa sína. Og það er náttúrlega ekkert vitað um það heldur, að þessir tveir menn, sem Hæstiréttur tilnefnir, verði embættismenn. Þeir eiga að hafa vissa sérþekkingu og sérþekking ætti ekki að skaða í þessum efnum. Þannig eru ekki neinar sérstakar líkur fyrir því, að það verði nema þá níundi maðurinn sem verður embættismaður, en viðskrh. á að skipa hann sem formann.

Nú er það svo, að viðskrh. er alls ekki bundinn við það að skipa neinn úr viðskrn. eða skipa yfirleitt embættismann sem formann. Hann er alveg frjáls að því, þó það hafi verið svo að undanförnu. Ég held þess vegna, að það sé misskilningur hjá hv. þm. að tala um embættismannavald í þessu sambandi. Þarna eru einmitt fulltrúar stórra hagsmunahópa, sem eiga að fara með ákvörðunarvaldið. Og ég held að það sé algjör misskilningur hjá honum, að þetta ímyndaða embættismannavald, sem hann talar um, sé aukið frá því sem nú er. Það væri fremur að hægt væri að tala um embættismannavald núna af því, eins og stundum hefur komið fyrir, að fulltrúarnir skiptast í verðlagsráði í fjóra og fjóra, þ. e. a. s. gagnstæðar fylkingar eftir því hvaða aðili hefur staðið að tilnefningu þeirra, en þá er það aftur á móti oddamaður, sem skipaður er, má segja, af embættisvaldi, þ. e. a. s. viðskrh., sem ræður úrslitum. Ég tel því, að eins og fyrirkomulagið er núna sé í raun og veru frekar hægt að tala um að það sé embættissjónarmið sem mundi ráða úrslitum, en þarna væru þó a. m. k. þrír oddamenn tilnefndir af aðilum sem ekki eiga beinna hagsmuna að gæta. Ég held því að þetta sé á nokkrum misskilningi byggt hjá hv. 12. þm. Reykv.

Ég get sem sagt alls ekki fallist á það, burt séð frá því hvort þessi skipun ráðsins er skynsamleg eða ekki eða hvort önnur væri heppilegri, að það sé þarna um neitt embættismannavald að ræða. Ég get ekki heldur fallist á þá skoðun hv. þm., að Alþ. sé með þessu frv. að afsala sér meira valdi í verðlagsmálum en það hefur gert með núgildandi löggjöf. Verðlagsnefnd hefur þetta vald nú. Alþ. grípur ekki inn í um einstakar verðákvarðanir. Verðlagsnefnd getur bæði ákveðið og hefur ákveðið hámarksálagningu og hámarksverð. Ég veit varla hvort það er hægt að segja að Alþ. hafi afsalað sér valdi til þess. Ég mundi ekki, held ég vilja sitja á Alþ., ef Alþ. ætti að fara að ákveða hámarksálagningu og hámarksverð á vörum. Það held ég að verði nokkuð tafsamt verk. Ég held því að aldrei verði komist hjá því að fela einhverjum aðilum ákvörðunarvald í þessum efnum, ef þetta á á annað borð ekki að vera frjálst. Við getum sagt að það sé hið æskilega markmið, sem stefnt er að með þessu frv., að frjálsræði ríki í þessum efnum þegar skilyrði eru fyrir hendi. Og ég er sannfærður um að það er það

æskilega fyrirkomulag. Það er auðvitað engin tilviljun, að allar nágrannaþjóðir okkar hafa stefnt í þá átt að reyna að gefa eins mikið frelsi í þessum efnum og unnt er. Ég held þó að þær hafi allar einhverja hemla sem þær geta beitt, sem þær geta gripið til ef á þarf að halda.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það sem fram kom. Það er að sjálfsögðu svo, að menn hafa mismunandi skoðanir á þessu. Við því er ekkert að segja. Auðvitað athugar n. þetta, og ef henni finnst ástæða til að gera brtt., þá tek ég því ekki illa að slíkt sé athugað.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs aftur, eru ummæli hæstv. ráðh. Mér fannst hann snúa dálítið út úr málflutningi mínum áðan. (Gripið fram í.) Nei, ég efast ekkert um að það var ekki ætlun hæstv. ráðh. En ég vil samt sem áður nota tækifærið meðan umr. standa yfir til að leiðrétta það sem mér fannst vera misskilningur.

Hann sagði að verðlagsnefnd hefði vald til álagningar á vöru, sem er að sjálfsögðu rétt, en það væri misskilningur hjá mér, og taldi að það væri slæm nýbreytni ef það yrði tekið upp, að Alþ. færi að ákveða um álagningu. Þarna fannst mér ráðh. snúa svolítið út úr fyrir mér. Ég hef lagt á það alla áherslu, að hvorki verðlagsnefnd né Alþ. né neinn annar opinber aðili ákvæði álagningu, og að sjálfsögðu alls ekki Alþ., en Alþ. ákvæði sjálft að verðlag skuli vera frjálst og leggi það ekki í vald verðlagsráðs að ákveða um gildistöku laganna eða hvort lögin eigi að taka gildi eða hvenær ástæða er til þess að lögin taki gildi.

Það er aðeins þetta sem ég vildi koma á framfæri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Réttur til fiskveiða í landhelgi, frv. (þskj. 575, n. 689). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, fjallar um breyt. á lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi og að gefa ráðh. heimild til þess að leyfa undir vissum kringumstæðum íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma erlent skip til veiða hér. Heimildin er þröng. Þó ekki sé beinlínis takmörkuð lengd á leigutíma, þá gat ráðh. þess í framsögu, að það, sem um væri að ræða, væri að skip væru tekin á leigu, t. d. ef skip bilaði eða strandaði, og þá væri þar fyrst og fremst um að ræða leigu út vertíðina eða á meðan viðgerð færi fram. Það hefur komið í ljós, að skapast geta þær aðstæður, að um algjöra nauðsyn geti verið að ræða. Eftir að þetta frv. kom inn í þingið hefur einmitt sú aðstaða skapast, að sýnt þykir að fullkomin ástæða er til að hafa slíka heimild sem þessa í lögum. Þess vegna hefur n. komist að þeirri einróma niðurstöðu að leggja til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frv. (þskj. 605, n. 673). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur. N. varð sammála um að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um frv. Hæstv. landbrh. gerði grein fyrir því hér í d. og vísa ég til þess sem hann sagði um það mál. Ég vil þó aðeins láta það koma fram, að landbn. hafði á því fullan skilning að nauðsynjamál væri að hafa eftirlit með þessum mikilvægu vörutegundum sem eru notaðar í stórum stíl af bændum. Hefur komið í ljós að það fóðureftirlit, sem haft hefur verið með höndum á undanförnum árum, hefur hvað eftir annað komið að góðu liði, að eftirlitið hefur orðið að skerast í leikinn þegar einhverjir gallar hafa reynst á erlendu fóðri. Hið sama er að segja um hina tegundina, sem þetta frv. tekur til, sem er tilbúinn áburður bæði að því er varðar magn og efnasamsetningu, sem er miög mikilvægt að sé rétt. Það sem gefa skal upp um sáðvörurnar gegnir alveg sama máli.

Þessi tilhögun og þetta eftirlit á ekki að skapa ríkissjóði útgjöld, því gert er ráð fyrir að þeir aðilar, sem ýmist framleiða þessa vöru til sölu hér í landi eða flytja hana inn, kosti það eftirlit sem hér er gert ráð fyrir.

Ég endurtek, að landbn. mælir með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—29. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Búnaðarfræðsla, frv. (þskj. 367, n. 669, 670). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft til athugunar frv. til l. um búnaðarfræðslu sem hefur hlotið afgreiðslu í Nd. og hæstv. landbrh. gerði grein fyrir hér í hv. Ed.

Ég held að óhætt sé að leggja á það áherslu, sem kom fram í máli hæstv. ráðh., að hér er ekki um neinar stórar breytingar að ræða frá því sem er um búnaðarfræðsluna. Aðeins er verið að bagræða lögunum miðað við þá reynslu sem fengist hefur af búnaðarfræðslumálum á síðustu árum eða eftir að framhaldsdeild á Hvanneyri var stofnuð.

Eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., þegar hann mælti fyrir frv., þá lýsti hann því, að hann mundi leggja til lítils háttar breytingar við tvær greinar frv. Hefur landbn. Ed. fallist á þær breytingar og tekið þær upp.

Fyrri brtt., sem er við 3. gr., lýtur að svokallaðri búfræðslunefnd, sem skipuð skal samkv. þessum lögum. Skulu fulltrúar í búfræðslunefnd kosnir af vissum aðilum. Kostnaður við starf nm. greiðist af þeim stofnunum sem þeir eru fulltrúar fyrir. Það er sem sagt með þessari breytingu verið að firra ríkissjóð kostnaði af þessu *starfi*.

Síðari brtt., sem er við 21. gr., varðar aðeins aðferðina við skipun fastra kennara. Það var gert ráð fyrir því, að landbrh. skipaði fasta kennara að fengnum till. skólastjóra og deildarstjórnar. Svo kemur breytingin. Hún er sú, að þetta skuli gert samkv. lögum um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana, nr. 97/1974. Þetta er aðeins til þess að það fari ekki á milli mála, að þeir verði ráðnir eftir þeim reglum sem gilda um opinbera starfsmenn.

Ég held að ekki sé nein þörf að fara mörgum fleiri orðum um frv. á þessu stigi. Það var gert skilmerkilega þegar hæstv. ráðh. lagði frv. fram. Ég ætla því ekki að endurtaka neitt af því, en ítreka að landbn. mælir með því samhljóða, allir nm., að frv. verði samþ. með þessari breyt. sem er á þskj. 670.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið viðstaddur þegar hæstv. landbrh. mælti fyrir frv. þessu á sínum tíma, hef ekki heldur haft tóm til þess að kynna mér af hálfu fulltrúa Alþb. í landbn. umfjöllun málsins. En það er eitt atriði, sem að vísu kann nú fljótt á litið ekki miklu að varða í vitund sumra, í 6. gr., II. kafla laganna, sem ég vildi gjarnan fá skýringu á. Það er þetta: Hvers vegna er kveðið á um að búnaðarskólinn á Suðurlandi skuli vera í Odda? Ég held að hin sögulegu rök fyrir staðarvalinu ein saman nægi ekki, og þangað til ég hef heyrt gildari rök er ég þeirrar skoðunar, að hæfilegra væri að kveða á um að hinn þriðji yrði á Suðurlandi. Ef ekki koma fram önnur en hin sögulegu rök, hin fornsögulegu rök fyrir staðarvalinu, að skólinn skuli vera á Odda á Rangárvöllum, þá mun ég bera fram till. um að við bætist á eftir „Odda á Rangárvöllum“: enda heiti skólastjórinn Sæmundur.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ekki er það útilokað að mögulegt væri að fá mann sem héti Sæmundur, til þess að stjórna skóla í Odda aftur. Það byrfti sennilega ekki að torvelda neitt stofnsetningu skóla og þess vegna ekki ástæða til að amast við svona hugmyndum. En það, að í 6. gr. er tilgreint hvar skólinn skuli vera, er einfaldlega vegna þess að um það var á sínum tíma tekin ákvörðun, að þar skyldi skólinn vera. Sérstök nefnd var skipuð til þess að gera till. um það og ákvörðun var síðan tekin um að hann skyldi vera í Odda.

Það er náttúrlega eins og með fleiri ákvarðanir, sem menn taka, að þessu er hægt að breyta. En ég hygg að þetta sé sett þarna inn fyrir það, að það er svo í gildandi búnaðarfræðslulögum. Ég hef ekki önnur svör við því, og ég er ekki að gera aths. við þá ráðstöfun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 670,1 (ný 3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7.—20. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 670,2 (ný 21. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
22.—36. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 335, n. 631, 666, 718). — Frh. 2. umr.

Afbrigði um brtt. 718, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 718 brtt. við 3. gr. frv. Till. felur það í sér, að gengið er til móts við þær óskir sem fram voru færðar við n. frá fulltrúum Félags ísl einsöngvara, og einnig gengur þessi till. til móts við 1. brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds á þskj. 666 og er flutt í samráði við hann og aðra nm. í menntmn.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Meðan hv. d. hefur ekkert annað að gera, þá getur hún lagt það á sig að hlusta á fáein orð frá mér um þetta mál.

Það var í gær rætt um þessa grein ásamt öðrum brtt. frá hv. þm. Ragnari Arnalds. Ég sagði þá, að ég mundi að vissu leyti geta stutt sumar af þeim till. sem hann bar fram. Nú hefur hv. form. menntmn. þessarar d. lagt fram brtt. við 3. gr., sem ég tel koma nokkuð til móts við þær óskir sem settar hafa verið fram af hálfu Félags ísl. einsöngvara. Ég fyrir mitt leyti tel að ekki sé óeðlilegt að halda þarna orðinu „söngleiki“, eins og er í gildandi lögum, þó að „óperu“ sé þá bætt við. Maður verður að vona að það takist svo vel til, að hægt sé að framkvæma þessi lög, en í trausti þess lýsi ég því, að ég mun fylgja þessari brtt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Sú till., sem form. menntmn. deildarinnar hefur lagt fram, er samin í samráði við mig. Ég get verið því fyllilega samþykkur, að málið verði afgreitt á þennan veg. Ég leyfi mér því að draga til baka 1. brtt., sem ég hef borið fram við þjóðleikhúsfrv. Aðrar till., sem ég hef borið fram, koma hins vegar til atkv., þar sem ekki hefur verið neitt gengið til móts við efni þeirra.

ATKVGR.

1 gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 666,1 tekin aftur.
— 718 samþ. með 16 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 666,2 felld með 12:3 atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
6.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 666,3 felld með 7:6 atkv.
12 gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
13.—21. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 26. apríl, að loknum 86. fundi.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 734 (sbr. 335)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frv. (þskj. 605). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Búnaðarfræðsla, frv. (þskj. 733 (sbr. 367)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisreikningurinn 1976, frv. (þskj. 622). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Réttur til fiskveiða í landhelgi, frv. (þskj. 575). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 746).

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 731 (sbr. 573)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 488). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Innkaupastofnun ríkisins, frv. (þskj. 69, n. 484). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JGS, OÓ, RA, StJ, AG, HFS.
nei: IT, IH, JÁH, StH, StG, AJ, ÁB, EggÞ, EÁ, GH, HÁ, ÞK.
2 þm. (JHelg, GeirG) fjarstaddir.
Frv. þar með fallið.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 349, n. 678, 680 og 681, 679). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Alshn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka. N. fjallaði um frv. á allmörgum fundum. Hún bauð til sín fulltrúum stjórnmálaflokka til þess að ræða málið. Aðeins fulltrúi Alþfl. mætti á fundinum. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu, sem hún flytur á sérstöku þskj., að 5. gr. hljóði þannig:

„Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að 10 millj. kr.“

Aðrir nm., Jón G. Sólnes og Bragi Sigurjónsson, skila séráliti.

Frsm. 1. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. N. sú, sem hafði þetta frv., sem hér er til umr., til umfjöllunar, varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. vildi samþykkja frv. með breytingu, en ég vil láta þetta frv. bíða betri tíma.

Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir, að ég er sammála þeirri stefnu sem mörkuð er í þessu frv., að nauðsynlegt sé að setja hömlur við streymi erlends fjármagns til íslenskra stjórnmálaflokka. Okkur ber að hafa vakandi auga á því, að aðstoðar- og stuðningsaðilum erlendis, sem kynnu að vera, verði ekki leyft að veita aðstoð eða stuðning pólitískum flokkum á þann veg, að þannig megi skoðast að hlutaðeigandi flokkar verði orðnir svo háðir og bundnir að það marki afstöðu þeirra í starfsemi flokkanna á íslenskum þjóðmálagrundvelli. Hins vegar er það sitthvað að banna slíka hluti og skilgreina nákvæmlega hvað við er átt og þá einnig um leið að svo tryggilega sé frá slíkum ákvæðum gengið, að þau valdboð, sem hið háa Alþ. setur um þetta efni, séu ekki brotin.

Nú er það svo, að að mínu áliti er þetta ákaflega teygjanlegt hugtak: „fjárhagslegur stuðningur“. Slíkur stuðningur getur verið á margvíslegan hátt, og birst með margvíslegu móti. Og um það höfum við dæmi, að tíðkast hefur hjá okkur slíkur stuðningur, sem má kannske heimfæra undir stuðning við stjórnmálaflokka, annar en bein fjárframlög. Það hefur verið rætt um auglýsingatekjur, það hefur verið rætt um ýmis menningarsamtök og ýmisleg samskipti milli erlendra aðila sem eru á einn eða annan veg bundin — við skulum kalla það félagslegum, skoðanalegum eða hugsanalegum tengslum. Með þessum samskiptum getur vel skapast leið til þess að hafa áhrif og skapast uppspretta að fjárhagslegum stuðningi. Menningarsambönd og samtök hafa ráð á heimsfrægum rándýrum skemmtikröftum, fá þá endurgjaldslaust og geta selt aðgangseyri á slíkar samkomur sem gætu verið eftirsóttar og getur falist í því fjárhagslegur stuðningur.

Ég skal nú — herra forseti — reyna að stytta mál mitt í umr. um þetta mál. En vissulega gefur þetta frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, tilefni til margvíslegra hugleiðinga í sambandi við þá stefnu sem mörkuð er með frv. Ég vil þó leyfa mér í sambandi við þetta frv. að benda á, að mér líkar ekki grg. sem fylgir þessu frv., því að það er eins og verið sé að gefa eitthvað í skyn og beina spjótum að einum ákveðnum stjórnmálaflokki. Með leyfi forseta langar mig til að lesa upp svolítið úr grg.:

„Orsök þess, að flm. flytja nú þetta sérstaka frv., sem varðar einn þátt málsins, er hins vegar sú, að upp komst nú í vetur og liggur fyrir játning eins stjórnmálaflokks, Alþfl., að hann hafi leitað fjárframlaga erlendis frá og fái nú þaðan peninga til þess að kosta útgáfu blaðs síns og standa straum af annarri stjórnmálastarfsemi á landi hér.“

Það getur verið að það markist af stuttri þingsetu minni og því ekki nægilegri reynslu í meðferð mála hér á hinu háa Alþ., en ég verð að segja að mér finnst persónulega að hér sé of harkalega að orði komist. (**StJ:** Er þetta satt Jón?) Ég þykist fylgjast alveg jafnvel með og hver annar, og ég hef ekki orðið var við að hér hafi verið ljóstrað upp einhverju. Þetta kom ekki fram eftir einhverja sérstaka rannsókn. Og mér vitanlega hefur það aldrei farið neitt dult með þessari þjóð, að flokkur sá, sem hér er nefndur, á sínar grundvallarskoðanir að rekja til útlendra sjónarmiða. Hann er meðlimur í alþjóðasambandi flokka sem styðja þá stjórnmálaskoðun sem þessi flokkur hefur fram að bera, og ég held að það sé öllum lýðum ljóst að á milli þessa flokks og þeirra, sem þessi flokkur kallar bræðraflokka sína, t. a. m. á Norðurlöndunum, er ákaflega náið samstarf.

Þegar þessi flokkur var á sínum tíma stofnaður, var hann um leið líka brjóstvörn verkalýðssamtakanna í þessu landi. Það hefur ekki þótt neitt athugavert við það, að verkalýðsfélög, ef þeim hefur legið á, leituðu og sæktust eftir stuðningi frá erlendum samstarfsfélögum. Ég veit ekki hvernig ákvæði eru um samstarf þessara flokka sem mynda að mér skils alþjóðasamband, a. m. k. mjög náið samband hér á Norðurlöndum. Getur vel verið að þar séu einhver ákvæði um gagnkvæman fjárhagslegan stuðning. Og ef það er lífsskoðun, að sú stjórnmálastefna, sem þessi flokkur hefur fram að bera sé um leið stefna sem á að sameina margar þjóðir, þá veit ég ekki hvort það stríðir nokkuð á móti réttlætiskennd að þeir styðji hver annan fjárhagslega ef svo ber undir.

Við Íslendingar höfum verið ákaflega umburðarlyndir, t. a. m. í trúmálum — fjarskalega umburðarlyndir. Við höfum leyft öllum mögulegum trúarsöfnuðum að starfa hér og halda vakningarsamkomur. Við vitum að margir af þessum flækingssöfnuðum hafa meira og minna verið bornir uppi af erlendu fé. Með þessari þjóð eru tveir flokkar sem eru sérstaks eðlis, þ. e. Alþfl. og Alþb. Þeir hafa báðir sótt frumskoðanir sínar til erlendra sjónarmiða, eru báðir ákaflega tengdir erlendum sjónarmiðum og tengsl þeirra eru ákaflega náin. Mér finnst því að það geti ekki verið fjarri rökréttri hugsun, að þar geti einnig verið um einhver fjármálatengsl að ræða. Oft og mörgum sinnum hefur maður séð veiluna miklu: Öreigar allra landa sameinist.

Með þessu frv. er lagt bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila. Hér í okkar litla þjóðfélagi hafa margsinnis farið fram ýmiss konar safnanir til styrktar erlendu fólki. Það hefur oftast verið eitthvað í sambandi við mannúðarlegar ráðstafanir, herferð gegn hungri. Stundum höfum við stutt beiðingjatrúboð. En ég segi fyrir mitt leyti, að þegar ég fer að kafa alveg til botns í þessi mál, þá er mér mjög til efs með til að mynda margar síðustu stórsafnanir, er fé hefur verið sent til vanþróaðra landa, hvort nokkurn tíma hafi nokkur hungruð sál fengið málsverð fyrir það fé. Hafa þessir peningar ekki

lent beint í vasa harðstjóra sem ráða þar ríkjum? Ég hef ekki nokkra minnstu tryggingu fyrir því, að við höfum ekki óbeinlínis verið að veita stjórnmálalegt lið.

Fyrir nokkru var tilnefnd mþn. sem var falið það hlutverk að undirbúa frv. til l. um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Og ég verð að segja það, að að mínu viti kynni ég miklu betur við að slík nefnd tæki það málefni, sem hér er til afgreiðslu samkv. þessu frv., til athugunar ásamt öðru.

Að því er snertir þær upplýsingar, sem felast í grg., að Alþfl. hafi fengið einhvern fjárstyrk vegna blaðaútgáfu sinnar, þá sé ég ekki að það sé slík hætta á ferðinni um erlend afskipti af íslenskum þjóðmálum að það út af fyrir sig geti ekki beðið þangað til við tökum þessi mál til varanlegra úrbóta og afgreiðslu hér á Alþ., sem ég efast ekki um að er verðugt verkefni og nauðsynlegt. Ég styð heils hugar, að reynt verði að finna lausn á því. Hins vegar álít ég að það þurfi að gefa miklu meiri gaum þessu atriði um fjárhagslegan stuðning, því að hann getur verið margvíslegs eðlis. Og það gæti verið ákaflega slæmt, og ég vil nærri því segja verr farið en heima setið, ef við færum að flaustra af einhverri lagasetningu þessu máli viðvíkjandi sem við værum nærri því vissir um að væri illframkvæmanleg og mundi verða lítið annað en bókstafurinn einn. Ég hef því leyft mér, herra forseti, að leggja til að málið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Starfandi er 7 manna mþn. til að undirbúa frv. til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. N. hefur verið falið að hraða störfum. Ed. telur að ekki sé óeðlilegt, að um bann gegn fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og ýmis félög, stofnanir og samtök á þeirra vegum, hverju nafni sem nefnast, verði fjallað af fyrrgreindri mþn., og telur d. því ekki ástæðu til þess að samþykkja nú frv., sem að mjög takmörkuðu leyti kveður á um þau málefni sem snerta starfsemi stjórnmálaflokka almennt, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. 2. minni hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ef maður athugar þetta mál, sem hér er til umr., með snöggum hætti, þá finnst mörgum ugglaust einhlítt að banna stjórnmálaflokkum að taka við fjárstuðningi erlendis frá, slíkt kunni að geta leitt til óeðlilegrar fylgispektar við hugsanlega hagsmuni fjárveitandans og e. t. v. hafa áhrif á skoðanamyndun meðal ýmissa í landinu. En þegar við hugleiðum málið nánar koma ýmsar spurningar upp í hugann: Er hægt að framfylgja slíku banni svo að til blítar sé? Hver á að fylgjast með þessu og hvernig? Hvar á að draga mörk? Á að binda þetta bann eingöngu við stjórnmálaflokka eða á að binda það líka við önnur samtök meira og minna pólitísk, þótt þau séu kannske ekki bundin við einn einstakan flokk, heldur jafnvel fleiri flokka? Og þá vaknar spurningin: Er þá ekki enn þá hættulegra þegar fjármagn er veitt til fleiri en eins flokks — við skulum segja tveggja eða þriggja — til að reyna að hafa áhrif innan þeirra vébanda? Mér dettur t. d. í hug í þessu sambandi til umhugsunar fyrir suma flm. þessa frv.: Hvernig líta þeir á starfsemi Varðbergs? Vitað er, eða a. m. k. haldið, að veitt sé töluvert fjármagn til þeirrar starfsemi hér í landi, a. m. k. til ókeypis utanferða fyrir ýmsa sem telja sig þar innan dyra. Á að banna verkalýðsfélögunum hér á landi, sem óneitanlega eru meira og minna pólitískt skoðanamyndandi félög í þjóðfélaginu, að taka við fjármagni erlendis frá til starfsemi sinnar? Á að banna menningarsamtök, sem svo kalla sig og eru það að vissu marki, a. m. k. friðar- og menningarsamtök kvenna eða MÍR? Það er vitað, að t. d. á vegum MÍR koma hingað til lands afbragðs skemmtikraftar. En þeir eru ekki kostaðir af okkur. Þeir eru kostaðir af öðru ríki hingað til lands. Ég held að við förum ekkert í grafgötur með það, sem hér sitjum, að það er ekki eingöngu verið að kynna okkur ágæta menningarstarfsemi, það er líka með lagni verið að reyna að hafa áhrif á skoðanamyndun í landinu. Á að banna að menn fari utan á við skulum segja vikur eins og Eystrasaltsvikuna, eða á að banna okkur að þiggja boð stórveldanna, sem við skulum ekkert leyna okkur að eru að einhverju leyti tilraunir til þess að hafa áhrif á skoðanir okkar?

Ég er ekki sá bannmaður, að mér finnist þetta rétt. Ég treysti því, að menn, sem eru það sem við köllum hugsandi menn, vegi og meti það, sem að þeim er rétt, og það sé ekki ýkjamikil hætta á að svona framlög hafi hættuleg áhrif á skoðanamyndun í landinu. Ef einhver vildi halda því fram, að Alþýðublaðið hafi fengið einu sinni, tvisvar eða kannske þrisvar ókeypis pappír frá Norðurlöndum til þess að hjálpa til við útgáfu blaðsins, þá held ég að margur hljóti að spyrja sig: Hefur það verið áberandi, að Alþfl. hafi meira verið vilhallur undir það sem við gætum kallað hagsmuni Norðmanna, Svía eða Dana hér á landi heldur en menn úr öðrum flokkum? Mér þætti gaman, ef hér væru einhverjir inni sem gætu á það bent, en persónulega er mér ekki kunnugt um það.

Ég held líka að ef við viljum nú skoða málin vel niður í kjölinn, þá sé ekkert síður hætta á að framlög frá þrýstihópum innanlands séu líkleg og kannske hættulegri til þess að hafa áhrif á gerðir manna og skoðanir, þegar að ýmsum ákvörðunum kemur í landsmálum. Haldið þið t. d., að það sé vegna nákvæmrar skoðanasamstöðu, sem það er, held ég mjög sjaldgæft að Framsfl. gangi á nokkurn hátt á móti hagsmunum kaupfélaga eða SÍS hér á landi? Og allir vita, hvort sem þeir vilja viðurkenna það eða ekki, að blöð Framsfl. eru studd af geysilegu auglýsingaflóði frá kaupfélögum hér í landi og SÍS. Eða haldið þið, að það séu ekki nokkrar líkur til þess, að Sjálfstfl. miði afstöðu sína í ýmsum málum út frá því, að blöð þeirra lifa og hrærast á auglýsingatekjum frá vissum stéttum og vissum stórfyrirtækjum hér í landi?

Hvort sem menn trúa því eða trúa því ekki, þá held ég að langsamlega mestur hluti þjóðarinnar viti að eftir vissum neðanjarðarleiðum hafa komið og koma enn fjármunir inn í landið til eflingar Alþb. Og ég er ekki svo þröngsýnn, að mér finnist það hafa verið nokkur sérstök

goðgá. Ég held, að það hafi verið gott fyrir þessa þjóð að fá þennan flokk inn í hið pólitíska líf hér í landinu, og ég held, að lýðræðishugsunin hér á Íslandi sé það öflug, að við þurfum ekkert að vera hræddir við það, þó að þeir séu eitthvað studdir af þessu fjármagni. Þetta þykir kannske einkennileg ræða í mínum munni af því að ég sé andstæðingur Alþb. að ýmsu leyti, — ég er það ekki að öllu leyti, — en þetta er mín skoðun, að það hafi ekkert gert til þó þeir hafi fengið eitthvert fjármagn utan úr hinni háu og fögru Rússíá.

Og ég er algerlega á móti því, að við verðum svo þröngsýnir, að við þorum ekki að þiggja boð frá erlendum þjóðum, þó að það sé að öllu leyti fyrir okkur greitt, því að við þurfum að kynnast erlendum þjóðum og höfum kannske ekki allir tök á því á annan hátt betri en þennan. Persónulega get ég lýst því yfir, að ég hef þegið eða öllu heldur ég hef átt þess kost að fara bæði til Bandaríkjanna, Kína og Rússlands í svona boðum, sem ég efa ekki að hafa kostað boðendur stórfé, — þetta hafa verið allstórar sendinefndir, — en ég vildi ekki hafa misst af þeirri aukningu á þekkingu og þeirri lífsreynslu sem þessi boð hafa veitt mér.

Þegar allt þetta er athugað og hugleitt, þá finnst mér að þeir, sem hafa flutt þetta frv., — ég er ekkert að draga í efa að þeir hafi gert það í góðum og grunduðum tilgangi, — hafi ekki hugsað málið nógu langt. Hvar á að setja mörkin, ef þetta er bannað á þennan hátt? Er þetta svo óskaplega hættulegt, ef við lítum í kringum okkur, hvernig þetta þjóðfélag hefur þróast og mótast? Mín skoðun er sú, að þetta hafi ekki verið hættulegt, og ég sé ekki nokkur merki þess enn, að það sé hættulegt. Þess vegna legg ég til í þessu nál., að það sé eðlilegt að málinu sé vísað til ríkisstj. í nánara sambandi við þá hugsanlegu rammalöggjöf sem eigi að setja um starfsemi stjórnmálaflokkanna.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil sem 1. flm. þessa frv. þakka allshn. Ed. afgreiðslu þess. Ég fellst á brtt. frá meiri hl. allshn. um breytinguna á 5. gr., þar sem kveðið er á um viðurlög við brotum á lögunum. Að vísu er ég þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða svo alvarlegt og þýðingarmikið atriði, að ákvæði um refsingu við brotum á þessum lögum þurfti að vera býsna hörð, en ég set þessa breytingu ekki fyrir mig.

Af framkvæmd laganna hef ég ekki ýkjameiri áhyggjur en af framkvæmd ýmissa annarra laga. En svo er nú um löggjöfina, að hún er gjarnan byggð upp á boðum og bönnum, og vegna ummæla hv. þm. Jóns G. Sólness hefði ég gjarnan viljað að hann tilgreindi mér ein lög eða svo, þar sem það væri tryggt til hlítar að valdboð frá hinu háa Alþ. yrði ekki brotið. Hann taldi þessu lagafrv. það til lasts, að ekki væri tryggt að valdboð frá hinu háa Alþ. í þessu tilfelli yrði ekki brotið.

Ég vil, áður en ég vík nánar að ræðu hv. þm. Jóns G. Sólness, sem ég mun nú á eftir gera, víkja að ítarlegri og skynsamlegri ræðu hv. þm. Braga Sigurjónssonar um málið, þar sem hann vakti margar spurningar um það, með hvaða hætti við ættum að tryggja okkur gegn því, að erlendir fjármunir yrðu notaðir til áhrifa á íslenskt þjóðlíf yfirleitt, ekki bara í pólitíkinni, heldur einnig í íslensku menningarlífi, með hvaða hætti við gætum tryggt okkur að erlendir aðilar, sem þar vildu um hlutast, gætu ekki gert það í valdi peninga sinna. Margt af því, sem hv. þm. sagði um þessi atriði, er vissulega íhugunarvert. Ég hlýt að játa það, að á því örskamma tímabili sögunnar sem ég hef fylgst með prívat og persónulega og reynt að afla mér upplýsinga og trúrra heimilda, þá bendir t. d. ýmislegt til þess, að jafnvel í hinum hefðbundna gagnkvæma stuðningi, sem verkalýðsfélög víða um heim hafa veitt hvert öðru, hafi ekki allar fjárveitingar verið látnar í té af jafnfrómu hugarþeli. Ég minnist þess t. d., hvernig leyniþjónusta Bandaríkjanna notaði bandarísku verkalýðssamtökin til þess að koma peningum inn í Chile til að styrkja verkfall vörubílstjóra, sem háð var til þess að steypa sósíalískri ríkisstj. af stóli. Því er alls ekki hægt að neita, að það er vel hugsanlegt, að verkalýðssamtök í öðrum heimshluta kynnu að vilja fremja hagsmuni sinnar ríkisstj. með því að styðja verkföll, sem væru við það miðuð að steypa þjóðlegri íhaldsstjórn af stóli í einhverju landi. Þetta er meira en hugsanlegt. Öll þessi atriði þurfum við að hugleiða.

Hv. þm. vék að því, með hvaða hætti innlendir stjórnmálamenn þiggja boð erlendis frá um að koma í kynnisferðir. Einnig þetta atriði er nokkuð sem við hljótum að taka til íhugunar. Æ sér gjöf til gjalda. Þm. Alþfl. fluttu fyrr á þessum vetri þáltill., sem ég vitnaði í þegar ég mælti fyrst fyrir þessu frv., þar sem lagt var til að ríkisstj. léti semja frv. sem bannaði opinberum starfsmönnum að þiggja meiri háttar gjafir eða meiri háttar boð. Nú í vetur kom það upp, að Alþfl., sem eins og hv. þm. Jón G. Sólnes tók fram að er á allra vitorði að er í alþjóðasamtökum sósialdemókratiskra flokka, hefði þegið 50 heimboð erlendis á kostnað bjóðenda sinna á árinu sem leið. Sjálfur hef ég eins og hv. þm. Bragi Sigurjónsson þegið heimboð til Bandaríkjanna, að vísu ekki sem stjórnmálamaður, heldur í tíð minni sem fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu, og til Kína einnig sem starfsmaður hjá Ríkisútvarpinu, en að vísu aldrei til Sovétríkjanna, — ég minnist þess raunar ekki að mér hafi verið boðið þangað. En hér erum við að tala um allt önnur mál í raun og veru og að vissu leyti ekki náskyld því, sem er frv. þetta, sem hér liggur fyrir til umr., til laga um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka. Við erum að tala um dálítið öðruvísi mál. Í 1. gr. frv. segir:

„Íslenskum stjórnmálaflokkum er óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar hérlendis frá erlendum aðilum.“

Í seinni greinum frv. er kveðið nánar á um þessi atriði. Í 2. gr. segir:

„Lög þessi taka til stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar

stofnana, sem starfa á þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða.“

Ég hirði ekki að lesa grg. að þessu sinni, en mun þó aðeins víkja að síðari mgr. hennar vegna ummæla hv. þm. Jóns G. Sólness. Hann sagði, eða eins og hann orðaði það beint: „ég þykist fylgjast jafnvel með og hver annar“. Ég leyfi mér nú rétt á eftir að víkja að því, hversu vel hann fylgist með, en hann telur að hér sé það einsdæmi hversu spjótum sé beint að Alþfl. sérstaklega. Tilefni þessa lagafrv. er beinlínis sú staðreynd, sem fram kemur í þessari mgr., sem ég mun nú lesa:

„Orsök þess, að flm. flytja nú þetta sérstaka frv., sem varðar einn þátt málsins, er hins vegar sú, að upp komst nú í vetur og fyrir liggur játning eins stjórnmálaflokks, Alþfl., að hann hafi leitað fjárframlaga erlendis frá og fái nú þaðan peninga til þess að kosta útgáfu blaðs síns og standa straum af annarri stjórnmálastarfsemi á landi hér. Skiptir hér ekki máli að dómi flm. þótt gjafafé þetta sé sótt til Norðurlanda. Þarf ekki að rökstyðja það álit í grg. því að alls ekki verður við það unað, að neinir erlendir aðilar fái að gera út stjórnmálaflokka á Íslandi.“

Hér er kveðið alveg skýlaust að orði. Þetta er tilefni frv. Og þá komum við að því, hversu Jón er glöggt dæmi í þessu, að þykjast fylgjast jafnvel með og hver annar. Hann leggur þetta til í dagskrártill. sinni:

„Starfandi er 7 manna mþn. til að undirbúa frv. til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. N. hefur verið falið að hraða störfum. Ed. telur að ekki sé óeðlilegt, að um þann gegn fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og ýmis félög, stofnanir og samtök á þeirra vegum, hverju nafni sem nefnast, verði fjallað af fyrrgreindri mþn., og telur d. því ekki ástæðu til þess að samþykkja nú frv., sem að mjög takmörkuðu leyti kveður á um þau málefni.“

Sannleikurinn er sá, að þessi nefnd, sem hv. þm. vill nú vísa málinu til, hefur þegar lokið störfum og er ekki til lengur. Formaður í þessari nefnd var flokksmaður hans, Ellert B. Schram. Þessi nefnd hefur þegar skilað lagafrv. Og svo að ég fræði hv. þm. sem þykist þó fylgjast jafnvel með og hver annar þótt honum sé allóljóst hvernig fjallað hefur verið um mál í þinginu, sem hann lætur þó að sér kveða, þá var í þessari nefnd fjallað um þetta atriði, um fjárhagsstuðning erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, og þar var borin fram till. nokkurn veginn shlj. þeirri sem fram kemur í þessu lagafrv. Hún mætti andstöðu eins nm., eins og einnig hefur komið fram, Gylfa Þ. Gíslasonar. Því ákvað nefndin, fremur en að klofna og skila tveimur álitum, að leggja slíkt í vald Alþ. með sérstöku tilliti til þess, að þetta lagafrv. var komið fram. Ég vil ekki leiða raunverulega neinum getum að neinu slíku, en maður getur rétt ímyndað sér, hvort hugsast geti að einn fyrrv. ráðh., sem á hugsjónalegan aðgang að einum núv. ráðh. í öðrum stjórnmálaflokki, sem virðist eiga opna gátt í hjarta hv. þm. Jóns G. Sólness, hafi tekið það að sér að reyna að koma því til leiðar, að hv. þm. reyndi að tefja fyrir framgangi þessa máls í Ed. En ég segi eins og Ludvig Storr hefði orðað það: Þetta er bara fsp. mín.

Hv. þm. Bragi Sigurjónsson kvað það vera trú meiri hluta manna á Íslandi og sjálfur tryði hann því, að Alþb. fengi fé eftir neðanjarðarleiðum erlendis frá. Ég ætla mér nú ekki þá dul að hlýða hv. þm. yfir þau trúaratriði sem persónuleiki hans er byggður upp af, enda er ég hreint ekki svo viss um að hv. þm. trúi þessu sjálfur en ýmislegt hafa menn uppi. Fyrir liggur játning af hálfu forustumanna Alþfl. á því, að þeir báðu um frá Norðurlöndum og fengu milljónatug í gjöf í formi pappírs og að parti í formi peninga til stjórnmálastarfsemi sinnar á landi hér. Hv. þm. sagði með sinu heiða yfirbragði: Þótt Alþfl. hafi fengið einu sinni eða tvisvar sinnum, ef ekki þrisvar sinnum slíka stoð í pappír frá Norðurlöndum. — Síðan spurði hann, hvort hægt væri að nefna dæmi þess, að flokkurinn hefði verið hallari undir hagsmuni þessara norrænu þjóða en aðrir flokkar á Íslandi. Nú vil ég ekki í líkingu við það sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson gerði áðan, þegar hann lýsti yfir ekki aðeins trúarskoðun sinni, heldur meiri hluta Íslendinga varðandi það, að Alþb. fengi fé erlendis frá, fara að leiða getum að einu eða neinu í þessu sambandi. En hitt má okkur vera minnisstætt, hv. þm., þegar í lok fyrri vinstri stjórnar að brast samstarfið, þá var gerður að forgöngu fyrrv. þm. Alþfl. og fyrrv. þm. gamla Sósialistaflokksins sérstakur samningur við skandinavíska jafnaðarmenn um styrk til Alþýðublaðsins. Beint ofan í þá fjárveitingu gerðist Alþfl. aðili að 12 ára samstarfi við Sjálfstfl. og í því 12 ára samstarfi bróðuðust þess háttar skoðanaskipti hjá ýmsum af forustumönnum Alþfl., sem telja mátti að væru ákaflega hagkvæm t. d. fyrir Bandaríkjamenn, fyrir Atlantshafsbandalagið. Ég hygg að það hafi verið eitthvað um þetta leyti sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson, sem var mjög eindreginn herstöðvarandstæðingur áður, skipti um skoðun og alveg örugglega sem form. bingflokks Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, sem einnig hafði verið mjög eindregið herstöðvarandstæðingur, skipti um skoðun.

Ég get nefnt dæmi þess, að erlendis er litið á peningamiðlunina hjá jafnaðarmönnum sem þésna vafasamar tilfektir. Það hótti Finnum, þegar upp komst að smyglað var peningum frá Svíþjóð til Finnlands til þess að styrkja jafnaðarmannaflokkinn þar. Þá kom það fram í sænskum blöðum, að grunur lék á því, að jafnaðarmenn í Vestur-Þýskalandi miðluðu peningum til Skandinavíu og jafnvel kynni eitthvað af þeim að vera komið frá erlendum ríkisstjórnum. Var ekki bandaríska leynipjónustan ein tilnefnd í því sambandi.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé alveg efalaust að við verðum að kveða á um það með lögum, eins og segir í 1. gr. frv., að íslenskum stjórnmálaflokkum sé óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar hérlendis frá erlendum aðilum. Fyrir liggur frv. frá fyrrnefndri 7 manna nefnd,

sem hv. þm. Jón G. Sólnes verður endilega að trúa að hefur fyrir löngu lokið störfum og er ekki til lengur. Fyrir liggur frá henni frv. um fjárreiður stjórnmálaflokkanna, þar sem kveðið er á um að bókhald þeirra skuli vera opið og *fært samkv. góðum venjum. Sjálfur var ég* þeirrar skoðunar og er enn þá að æskilegt sé, og mun ég leggja slíkt til þegar það frv. kemur hér til meðferðar í Ed., að hert verði á þessum ákvæðum og gerðar strangari kröfur um að þetta bókhald verði fært nákvæmlega. Þar fáum við inn lagaákvæði um að bókhaldið sé opið og eftirlit með bókhaldi stjórnmálaflokkanna og fjárreiðum þeirra. En í þessu frv. er gert ráð *fyrir að það verði klárlega bannað, að íslenskir* stjórnmálaflokkar taki við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar frá erlendum aðilum.

Ég óska þess sem sagt, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá meiri hl. allshn. d., með þeirri breytingu sem lagt er til á sérstöku þskj. að gerð verði.

Umr. frestað.

Neðri deild, 83. fundur.

Miðvikudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 469, n. 591). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 534, n. 660 og 668). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:1 atkv.
2.—9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 668 samþ. með 25 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sala jarðarinnar Staðar í Suðureyrarhreppi, frv. (þskj. 611). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstahóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395, n. 552). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 514, n. 635). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Þinglýsingalög, frv. (þskj. 569 (sbr. 313), n. 700). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hv. allshn. Nd. hefur rætt þetta mál á fundi sínum og orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu í Ed. Með þessu frv. til þinglýsingalaga fylgja allmörg frv., sem eru til samræmingar ef þinglýsingarfrv. sjálft verður samþ. Er augljóst að leiðréttingar þær og lagfæringar, eins og fyrr segir, eru til samræmingar. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt þeirra allra eins og þau liggja fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 700 rita ég undir nál. með fyrirvara. Ástæðan er sú, að mál þetta var tekið til umr. á fundi allshn. í gærmorgun og það afgreitt á einum klukkustundarlöngum fundi. Mér er tjáð að þær breytingar, sem gera á með samþykkt þessa frv., séu fyrst og fremst tæknilegs eðlis, til þess gerðar að tryggja rétt manna og auka öryggi við þinglýsingar og annað sambærilegt. Hins vegar vannst n. ekki tími til að skoða frv. nægilega vel og ég ritaði því undir nál. með fyrirvara. Ég verð að segja eins og er, að mér eru ekki fullljósar þær breytingar sem þarna á að gera vegna þess hve skamman tíma n. hafði til umráða til að fara yfir þetta mál. En ég sé enga ástæðu til að leggjast gegn því, að frv. verði afgreitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
4.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
14.—19. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
20.—39. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
40.—42. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
43.—48. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
49. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
50.—55. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Samningur milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 509, n. 695). — 2. umr.

Frsm. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar d. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til að það verði samþykkt. Einn nm. var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Hér er um það að ræða, að í ágúst 1977, ágúst í fyrra, var gengið frá samningi, sem undirritaður var formlega í Bonn 11. okt. 1977, um gagnkvæma aðstoð í tollamálum milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands. Sú aðstoð, sem gert er ráð fyrir í þessum milliríkjasamningi, er tvenns konar. Það er annars vegar aðstoð við framkvæmd tollalaga almennt, álagningu tolla og annarra innflutnings- og útflutningsgjalda, svo og að haldnar séu reglur um inn- og útflutning, og hins vegar aðstoð til þess að koma í veg fyrir, rannsaka og upplýsa brot á tollalöggjöfinni, en samningurinn tekur til tolla og annarra opinberra gjalda sem ákvæðin eru af tollyfirvöldum.

Svo sem kunnugt er hafa viðskipti Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands aukist mjög á undanförnum árum. Eru báðir aðilar sammála um að æskilegt sé að samvinna þeirra á milli verði bundin í tvíhliða samningi um gagnkvæma aðstoð á sviði tollamála, þar sem slíkur samningur mundi leggja grundvöll að virkari aðgerðum tollyfirvalda í báðum löndum á þessu sviði. Hér er um að ræða algerlega eðlilegt og sjálfsagt framhald á samstarfi sem stofnað var til á sínum tíma, eða 1953, með ályktun Tollasamvinnuráðsins í Brüssel. Þessi samningur er byggður á nákvæmlega sams konar tvíhliða samningum milli Þýskalands annars vegar og hinna Norðurlandanna, að Danmörku einni undanskilinni, hins vegar með vissum breytingum þó vegna íslenskra aðstæðna.

Þessi samningur er að því leyti merkilegur, að hann er fyrsti tvíhliða samningurinn um tollamál sem Ísland gerir.

Það er einróma till. fjh.- og viðskn. að Alþ. heimili ríkisstj. að fullgilda fyrir Íslands hönd þennan samning milli Þýskalands og Íslands um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 314, n. 701). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 315, n. 702). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Bæjanöfn, frv. (þskj. 316, n. 703). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Kyrrsetning og lögbann, frv. (þskj. 317, n. 704). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Landskipti, frv. (þskj. 318, n. 705). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Nauðasamningar, frv. (þskj. 319, n. 706). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Landamerki, frv. (þskj. 320, n. 707). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Aðför, frv. (þskj. 321, n. 708). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 322, n. 709). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 602, n. 693). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. um stimpilgjald er flutt til einföldunar, en ekki í tekjuöflunarskyni, eins og segir í aths. með frv. Það felast ýmsar viðamiklar breytingar í þessu frv., sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér, enda var það gert við 1. umr. málsins. En samhliða þessu frv. er flutt frv. til l. um breyt. á l. um aukatekjur ríkissjóðs. Þar er gert ráð fyrir að fella þinglýsingargjald í núverandi mynd niður og hækka stimpilgjaldið sem því nemur.

Fjh.- og viðskn. d. mælir einróma með samþykkt frv., en nál. er á þskj. 693.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 23 shlj. atkv
10.—15. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
16. —31. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
32.—38. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Bókhald, frv. (þskj. 434, n. 692). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um bókhald. Felur frv. í sér tvær meginbreytingar frá núgildandi bókhaldslögum. Það er í fyrsta lagi fallið frá skilyrði um innbundna eða löggilta efnahagsbók og í öðru lagi er opnuð heimild til þess að setja reglugerðarákvæði um geymslu bókhaldsgagna á filmu. N. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 529, n. 694). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt samhliða frv. til l. um stimpilgjald, en ég mælti áðan fyrir nál. um það frv. Með þessu frv. er lagt til að þinglýsingargjald í núverandi mynd verði fellt niður og sameinað stimpilgjaldi, en í stað núverandi þinglýsingargjalds er lagt til að dómsmrh. ákveði með reglugerð fast gjald fyrir hverja þinglýsingu og yrði það óháð fjárhæð þess gjalds sem þinglýst er.

Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Leigumálar og söluverð landa Reykjavíkurkaupstaðar, frv. (þskj. 513, n. 698). — 2. umr.

Frsm. (Tómas Árnason): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn hefur fjallað um þetta mál, frv. til l. um breyting á l. nr. 86 16. des. 1943, um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar. Þetta frv. kemur frá Ed. og er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur. Í raun og veru er hér um að ræða sjálfsagða breytingu á lögum í þá átt að tryggja innheimtuaðstöðu Reykjavíkurborgar.

Fjh.- og viðskn. var einróma samþykk því að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, frv. (þskj. 551, n. 697). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur B. Óskarsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur rætt frv. um vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga.

Í aths. við lagafrv. þetta kemur fram að Samband ísl. berklasjúklinga var fyrst heimilað að reka vöruhappdrætti árið 1949 og síðan hefur þessi heimild verið framlengd á 10 ára fresti. Með frv. þessu er lagt til að heimildin verði enn framlengd til ársloka 1989. Ágóða af happdrætti þessu skal samkv. lögunum varið til þess að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til uppbyggingar og rekstrar vinnustofa fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstj.

Óþarft er að fjölyrða um þá þýðingu sem þetta happdrætti hefur haft fyrir Samband ísl. berklasjúklinga og fyrir heilsugæsluna í landinu yfirleitt. Nál. er á þskj. 697, og n. leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 84. fundur.

Miðvikudaginn 26. apríl, að loknum 83. fundi.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 469). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 720). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 514). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Bókhald, frv. (þskj. 434). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 725).

Aukatekjur ríkissjóðs, frv. (þskj. 529). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (þskj. 726).

Þinglýsingalög, frv. (þskj. 569 (sbr. 313)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 727).

Jarðalög, frv. (þskj. 314). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 728).

Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna, frv. (þskj. 315). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 729).

Bæjanöfn, frv. (þskj. 316). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 730).

Kyrrsetning og lögbann, frv. (þskj. 317). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 735).

Landskipti, frv. (þskj. 318). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 736).

Aðför, frv. (þskj. 321). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 737).

Lögtak og fjárnám, frv. (þskj. 322). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 738).

Stimpilgjald, frv. (þskj. 602). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 739).

Nauðasamningar, frv. (þskj. 319). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (þskj. 740).

Landamerki, frv. (þskj. 320). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 741).

Samningur milli Lýðveldisins Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands um aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 509). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 742).

Leigumálar og söluverð landa Reykjavíkurkaupstaðar, frv. (þskj. 513). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 743).

Vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, frv. (þskj. 551). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 744).

Neðri deild, 85. fundur.

Miðvikudaginn 26. apríl, að loknum 84. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Það er til sóma, bæði hjá stjórn og stjórnarandstöðu, að sýna mikið umburðarlyndi og hjálpa til við afgreiðslu mála fyrir þinglok, en í þetta skipti finnst mér keyra um þverbak. Það er liðin rétt ein klukkustund síðan útbýtt var frv. til l. um jöfnunargjald, sem nú er búið að setja á dagskrá

og á að hefja umr. um með afbrigðum. Það er, eins og atkvgr. hafa sýnt nokkrar síðustu mínútur, rétt helmingur dm. staddur í deildinni. Hinn helmingurinn er utan deildarinnar og hefur ekki hugmynd um að þetta mál hafi verið lagt fram, hvað þá að það eigi að taka til alvarlegrar umr. á þessum fundi. Ég vil beina því til hæstv. forseta, að þetta er einum of langt gengið og að ekki er hægt að bjóða löggjafarþingi svona afgreiðslu.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil taka fram, að það eru 10 mál á dagskrá þessa fundar og þótt mál þetta sé sett á dagskrá fundarins er ekki þar með sagt að það komi til umr. nú þegar, því það eru ýmis verkefni önnur á fundinum. En rétt er sú ábending, að það er afar slæmt að ekki skuli vera fleiri þdm. hér inni. Ég mun biðja starfsmenn þingsins að gera svo vel að gera þeim þdm., sem eru í húsinu, en utan salarins, viðvart, svo að þeir megi koma inn í salinn og þeim verði þá ljóst hvaða mál hafi hér verið fram lögð. Ég vil taka fram að hv. þm. *þarf ekki að hafa áhyggjur af því, að mál* þetta komi strax til umr. á fundinum.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Benedikt Gröndal. Það er raunar ekki nýtt að í þinglok sé lagt mikið kapp á afgreiðslu mála, en ég hef ekki mikla reynslu eða langa af þingstörfum og man því ekki eftir því, að haldið hafi verið á málum með líkum hætti og hér hefur nú verið gert og er að gerast enn. Það er full ástæða til þess að vekja á því sérstaka athygli, að svo virðist vera að hæstv. ríkisstj., sem teljast verður ábyrg fyrir þinghaldinu og hvernig hagað er þingstörfum hér, virðist ganga á lagið og hrúga upp frv. á síðustu dögum þings, stórum lagabálkum, jafnvel svo að tugum skiptir, og ætla sér að fá þau afgreidd áður en þingi lýkur.

Það ber líka að vekja á því athygli, eins og hér hefur komið fram, að varla er hægt að segja að hér geti átt sér stað eðlilegar atkvgr. um mál. Að sjálfsögðu er hugsanlega hægt að bæta úr því með því að gera þdm., þeim sem ekki eru hér, aðvart um að koma til starfa, en þessu verður ekki breytt nema því aðeins að hæstv. ríkisstj. og þeir, sem *ferðinni ráða í störfum* þingsins, breyti vinnubrögðum frá því sem verið hefur. Það er því full ástæða til þess að vekja sérstaka athygli á því, að einhverjar skorður hljóta að vera fyrir því hvað þm. almennt geti látið bjóða sér í vinnubrögðum í sambandi við þinghaldið.

Vel má vera að það hafi ekki verið ætlun hæstv. forseta, að það mál, sem hér var gert að umræðuefni, að koma til umr. strax, en eigi að síður hlýtur það að hafa átt að koma til umr. á þessum fundi. Þess vegna hefur það verið á dagskrá tekið.

Ég vil sem sagt mjög taka undir þau mótmæli, sem hér hafa komið fram um störf þingsins, og það, að þm. skuli ætlað að taka þátt í þinghaldi eins og hér er að staðið.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil í tilefni af orðum hv. þm. taka fram, að ég hef ekki orðið annars vör en að hið besta samstarf hafi verið milli stjórnarliðs og stjórnarandstöðu um að koma áfram málum. Að því leyti tek ég undir orð hv. þm. En um það, sem hv. 2. landsk. þm. sagði áðan, að störf þingsins í dag hafi verið á nokkurn hátt óeðlileg, vil ég segja að það tel ég engan veginn rétt. Vissulega hafa mörg mál verið afgreidd hér með shlj. samþykki allra viðstaddra þdm., þeirra sem þátt tóku í atkvgr. Afbrigði voru veitt, ef ég man rétt, með 26 atkv. fyrir því, að öll dagskrármálin væru afgreidd við lokaafgreiðslu úr þd. Enginn einasti hv. þm. hreyfði mótmælum við því. Ég vil því algerlega vísa því á bug, að nokkur óeðlilegur hraði hafi verið við afgreiðslu mála, heldur hafi hann þvert á móti verið fullkomlega eðlilegur eins og á stendur.

En út af umkvörtunum hv. þm. um þetta sérstaka stjfrv. vil ég taka fram að það skal ekki verða tekið til umr. fyrr en klukkan hálfsex nú í dag. Og ef menn óska þess, get ég ákaflega vel frestað atkvgr. um afbrigði. Mér sýndist það einungis vera til hagræðis fyrir alla hv. þdm., að *afbrigðanna væri leitað strax*, og er slíkt alltítt. Er þess óskað, að atkvgr. um afbrigðin verði frestað? (Gripið fram í.)

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Inntakið í meginkvörtun minni var það, að þessu frv. var dreift hér í d. fyrir rúmlega klukkutíma. Stjórnarsinnar þekkja þetta frv. vafalaust vel, af því að okkur skilst af orðspori að þeir hafi verið að rífast um þetta í margar vikur — þess vegna er málið svona seint fram komið — en stjórnarandstæðingar hafa ekki séð málið og þekkja það ekki efnislega. Það hefur t. d. ekki verið hægt að taka afstöðu til þess í mínum flokki vegna þess að við vitum ekki hvað í frv. er. Það er hér um að ræða skattlagningu sem nemur rúmlega milljarði á ári, svo að þetta er ekkert smámál. Þess vegna óska ég eindregið eftir því, að þeir, sem ekki hafa séð þetta mál fyrr en núna fyrir einni klukkustund og hafa kannske verið að reyna að glugga í það meðan á öðrum og veigamiklum þingstörfum stóð, fái örlítið meiri tíma en 2—3 klukkustundir til þess að átta sig á málinu og taka afstöðu til þess.

Áfengislög, frv. (þskj. 475, n. 653). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hv. allshn. hefur haft þetta mál til meðferðar og hefur eftir að hafa athugað það ákveðið að mæla með samþykkt þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orlof, frv. (þskj. 549). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Hæstv. forseti. Á þskj. 549 flyt ég frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 24. des. 1971, um orlof, sbr. lög nr. 109 31. des. 1972. Hér er lagt til að breyta 11. gr. gildandi laga um orlof. Lagt er til að sú grein orðist svo:

„Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé að launþegi fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félmrh. setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir.“

Þessi breyting, sem hér er um að ræða, er sú, að skotið er inn í 11. gr. þessu orðalagi, sem er viðbót: „einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir.“ Með þessari breytingu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, er tilgangurinn að tryggja hinum einstöku verkalýðsfélögum rétt til þess að semja um framkvæmd á greiðslu orlofsfjár eins og þau telja heppilegasta. Það skal viðurkennt, að með orlofslögunum, sem sett voru 1971, urðu veruleg umskipti í þá átt, að miklu meira fjármagn kom inn vegna orlofsgreiðslna en verið hafði meðan orlofsmerkjakerfið var. En hitt fer ekki milli mála, að því fer víðs fjarri að svo vel hafi tekist til við þá löggjöf, sem þá var sett og nú er í gildi varðandi orlofsmeðferðina, að ekki sé ástæða til breytinga með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur af þessari löggjöf sem er nú búin að vera í gildi frá því 1971.

Það hefur verið í langan tíma og er enn þó nokkuð gagnrýnt, með hvaða hætti þessi mál eru framkvæmd. Nú er það svo, að Póstur og sími hefur á hendi framkvæmd þessa. Allir fjármunir, sem inn koma vegna greiðslu orlofsfjár, fara til Pósts og síma í gegnum gírókerfi. Sú stofnun hefur það fjármagn því í veltunni svo og svo lengi og hefur eðlilega af því mikla hagræðingu fyrir rekstur sinn sem að vissu leyti er umfangsmikill. Komið hafa fram ýmis vandkvæði á þessari framkvæmd, m. a. þau, að mjög slaklega hefur í mörgum tilfellum verið staðið að innheimtu þessa fjár frá viðkomandi vinnuveitendum. Og líklega eru mýmörg dæmi þess, að sumir vinnuveitendur með mikil umsvif og háar fjárupphæðir, sem inn í þetta kerfi eiga að fara, liggja með þessar upphæðir í veltu hjá sér eða með öðrum hætti í ávöxtun undir sinni hendi svo mánuðum skiptir án þess að þessar upphæðir séu greiddar inn í gírókerfið til þeirrar stofnunar sem þetta fjármagn á að fá og á að ávaxta það. Hefur verið slælega að innheimtunni staðið og er því full ástæða til þess, í ljósi þessarar reynslu, að breyta þessari framkvæmd og skipa málum á þann hátt, að betur sé fyrir þessu séð en nú er.

Það má kannske segja, að ætlunin sé fyrst og fremst tvíþætt með flutningi þessa frv.: Í fyrsta lagi að gefa einstökum verkalýðsfélögum ótvíræðan og frjálsan rétt til að semja um þessi mál við viðsemjendur sína á þann veg sem þau telja, eða verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur, best í hverju tilfelli. Það er löngu ljóst, að mörg verkalýðsfélög hafa óskað eftir þeirri breytingu, að þau fái óskoraðan rétt til þess að semja um það, á hvaða hátt verði farið með þetta fjármagn.

Einnig er sá tilgangurinn með flutningi þessa frv. um breytingu á lögunum orlof, að ekki sé einvörðungu um það að ræða að þetta fjármagn fari allt til ríkisstofnunar, sem er Póstur og sími í Reykjavík, þar verði því safnað saman öllum þeim háu upphæðum, sem þar er um að ræða, og þeim aðilum, sem fjármagnið eiga, einungis greiddir tiltölulega litlir sem engir vextir af geymslu þess fjár. Það er ætlunin með þessu frv., ásamt því að félögin fái óskoraðan rétt til þess að semja um þessi mál, að það fjármagn, sem inn kemur á hverjum stað, sé ávaxtað í heimabyggð, en ekki flutt hingað suður til Reykjavíkur til ávöxtunar.

Þetta eitt út af fyrir sig er ekkert smámál. Ég gæti t. d. trúað því, að í landshluta eins og Vestfjörðum hafi verið um að ræða einhvers staðar á bilinu frá 260—280 millj. sem greiddar voru í orlofsfé á árinu 1977. Hér er því um að ræða upp undir 300 millj. kr. sem safnast saman í þessum eina landshluta á ári. Það er því ekkert lítils um vert að það fé, sem greitt er í svo háum upphæðum, sé ávaxtað á þeim stöðum þar sem fjárins er aflað, en ekki flutt í sérstaka stofnun suður í Reykjavík til ávöxtunar og útdeilingar að hluta.

Einnig er gert ráð fyrir með þeirri breytingu, sem hér er lagt til að gerð verði, að þetta fé sé ávaxtað á bankabók viðkomandi einstaklings sem orlofsféð er greitt inn vegna, ávaxtað á bankabók í þeirri stofnun í heimabyggð viðkomandi einstaklings sem hann sjálfur kýs, en að sjálfsögðu með þeim hætti að hér væri um að ræða eins árs bók sem yrði bundin á þann veg, að út úr þeirri bók fengist ekki tekið þetta fé nema á orlofsárinu, þegar viðkomandi einstaklingur óskar þess að fara í orlof.

Með þessum breytingum, sem hér er verið um að tala, er ekki einungis horfið að því að ávaxta féð heima fyrir, heldur einnig því, og það er líka mikilvægt atriði, að viðkomandi einstaklingur geti með þessum hætti fengið miklum mun betri ávöxtun fjár síns með því að eiga það inni á bankabók í viðurkenndri fjármálastofnun, lánastofnun, og fengið af því hæstu vexti á hverjum tíma í stað þess að fá einungis í besta tilfelli líklega 5% vexti með því að greiða það Pósti og síma. Hér er því um mjög mikilvægt og nauðsynlegt mál að ræða að mínu viti og ætti að breyta í þá veru sem hér er lagt til.

Ég hef leitað mér um það upplýsinga, að engin tæknileg vandkvæði eru á því að breyta í þá átt sem hér er lagt til að gert verði. Það hlýtur að teljast óeðlilegt, að löggjöf standi í vegi fyrir því, að verkalýðsfélögin og viðsemjendur þeirra semji um það fyrirkomulag, sem þau telja að best þjóni hagsmunum sínna umbjóðenda á hverjum tíma, en það er það sem hér er um að ræða að gert verði. Auk þess hefur það heyrst, án þess að ég vilji neitt fullyrða um réttmæti þeirra sagna, að framkvæmd sú eða hliðstæð því sem hér er lagt til að verði höfð varðandi þetta mál sé til sums staðar í kerfinu.

Ég tel að hér sé um stórkostlegt byggðamál að ræða, ef fjármagnið yrði geymt á heimaslóðum í stað þess að flytja það til Reykjavíkur,

en það yrði óneitanlega lyftistöng fyrir þær byggðir sem þess nytu á hverjum tíma. Í öðru lagi er stefnt að því að ávaxta féð á þann veg fyrir viðkomandi einstaklinga, sem það eiga, að þeir njóti bestrar og hagkvæmastrar ávöxtunar sem fyrir hendi er á hverjum tíma á fé sínu. Hér er um fullkomið réttlætismál að ræða. Þessi mál eiga að mínu viti að vera í höndum verkalýðsfélaganna og viðsemjenda þeirra og þau eiga að geta haft óskoraðan ákvörðunarrétt um það, með hvaða hætti þau telja best að haga meðferð þessara mála hverju sinni, sem þjóna fyrst og fremst sjónarmiðum þeirra umbjóðenda sem hér eiga hlut að máli.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég held að hér sé um tiltölulega mjög einfalt mál að ræða, einfalda breytingu, en þó nauðsynlega, sem reynslan hefur sýnt að verður að gera. Ég vænti þess því, að þetta frv. fái jákvæðar undirtektir. Æskilegast þætti mér, þó langt sé liðið þinghalds, að það fengi afgreiðslu á þessu þingi. Hér er verið að ræða og á sjálfsagt enn eftir að ræða miklu, miklu flóknari frv. um breytingar á gildandi lögum og ný frv. til laga en hér er um að ræða, þannig að ekkert á að geta komið í veg fyrir að þess vegna sé hægt að afgreiða þetta mál. Ég vænti þess líka, að almennt séu þm. sammála um að þessa breytingu sé ekki einungis æskilegt að gera, heldur og að nauðsynlegt sé með hliðsjón af fenginni reynslu að breyta í þessa átt. Ég vænti þess því fastlega, að frv. þetta fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og félmn.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, aðeins víkja að brtt. sem hér er komin fram. Ég geri þó ráð fyrir því, að fyrir henni verði mælt sérstaklega á eftir. Ég vil fyrir mitt leyti taka það fram, að í mínum huga er ekkert óeðlilegt við að þessi breyting yrði gerð á frvgr., með þessu sé einungis verið hugsanlega að taka inn fleiri aðila úr launþegasamtökum og kæmu þeir til með að hafa þennan ákvörðunarrétt einnig. Það er a. m. k. mín skoðun, að sem flest stéttarfélög í landinu ættu að fá óskoraðan rétt til þess að ákvarða um þessi mál.

Karl G. Sigurbergsson: Herra forseti. Ég lýsi yfir stuðningi mínum við frv. sem hér er til umr. Það á fullan rétt á sér og er þarft frv. En það er enginn hlutur svo að ekki megi betrumbæta. Þess vegna hef ég leyft mér ásamt 5. þm. Suðurl., Garðari Sigurðssyni, að flytja brtt. við þetta frv., svo hljóðandi, að 3. mgr. 1. gr. orðist þannig:

„Einstök stéttarfélög og samtök stéttarfélaga hafa þó óskoraðan rétt til að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir.“

Það er af sérstökum ástæðum, að ég og við flm. þessarar brtt. leggjum hana fram, og eins og kom fram í máli hv. flm. virðist hann vera á sömu skoðun. Það vill nefnilega þannig til, að þegar rætt er um verkalýðsfélög veldur það oft misskilningi að það er eins og eingöngu sé átt við landverkafólk. Þetta á sér orðið nokkra hefð í málinu, og þess vegna tel ég rétt að það sé kveðið þannig að orði að hér sé um stéttarfélög að ræða og samtök stéttarfélaga.

Mér finnst rétt að benda á það, að þegar orlofslögunum var breytt og horfið var frá orlofsmerkjagreiðslunni yfir í póstgírógreiðslu til Pósts og síma og orlofsféð rann allt í gegnum þá stofnun, þá var leitað samþykkis tveggja aðila aðallega, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem urðu sammála um þessa afgreiðslu málsins. Það var ekki leitað álits t. d. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Ég vil geta þess hér, að á þessari breytingu, þó hún hafi haft ýmislegt jákvætt í för með sér, voru ýmsir annmarkar sem bitnuðu sérstaklega á sjómannastéttinni vegna hinna sérkennilegu aðferða við launagreiðslur til handa sjómönnum sem viðgengist hafa í áraraðir. Það voru gerðar lagfæringar á þessu seinna, en þær lagfæringar hafa ekki náð þeim árangri sem til var ætlast. Þess vegna endurtek ég, að ég álít að þetta frv., sem hér er flutt, sé til bóta og eigi fullan rétt á sér, því að það hlýtur að vera markmið löggjafans að koma ekki í veg fyrir að aðilar nái hagstæðari samningum um slík atriði, sem hér er um að ræða, heldur en lögin segja til um.

Ég veit nokkur dæmi þess, að atvinnurekendur hafa ekki greitt orlofsfé inn á gíróreikning, heldur lagt það inn á bankabók, ýmist — ég segi: ýmist á nafni eigenda eða eigin nafni. Þetta er náttúrlega ekki forsvaranlegt. Þess vegna held ég að það sé fyllilega rétt, sem hér er lagt til að gert verði, að einstök stéttarfélög og samtök stéttarfélaga fái tækifæri til þess að semja á annan hátt og á hagkvæmari að sínu mati um greiðslu orlofsfjárins til umbjóðenda sinna heldur en lögin hafa heimilað hingað til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 515, n. 654 og 667, 710, 711). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta er stjfrv. Hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir því við 1. umr. málsins og tel ég því ekki ástæðu til að rekja efni þess ítarlega.

Iðnn. þessarar hv. d. hefur haft málið til meðferðar, sent það til umsagnar ýmissa aðila og fengið umsagnirnar sem eru að meiri hluta meðmæltar frv. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ., en nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Einn hv. nm., Benedikt Gröndal, skilar séráliti eins og sjá má á þskj. 667.

Ég held að eðlilegt sé að gera nokkra grein fyrir þeim umsögnum sem borist hafa frá þeim stofnunum sem helst eiga hagsmuna að gæta í sambandi við lagasetningu um Tæknistofnun Íslands.

Það hefur verið frestað að ræða frv. nokkuð vegna þess að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir tekjum af jöfnunargjaldi. Eins og kunnugt er eru

engin lög um það, en í dag var útbýtt frv. um jöfnunargjald og tekið er fram í 3. gr. þess frv. að tekjum af jöfnunargjaldi skuli ráðstafað að hluta til eflingar iðnþróunar. Má ætla að það frv. verði að lögum. Hæstv. fjmrh. mun tala fyrir því frv. í þessari hv. d. Ég tel að það sé nú, eftir að frv. er komið fram, eðlilegt að ræða frv. um Tæknistofnun og þessa tekjuöflun, þar sem frv. gætu þá bæði orðið nokkurn veginn samferða út úr d. og það yrði séð, hvaða undirtektir frv. um jöfnunargjald fær.

Frv. þetta var sent m. a. til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, en sú stofnun er ekki ánægð með frv. eins og það er, þar sem frv. gerir ráð fyrir að þrjár stofnanir, Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Rannsóknastofnun iðnaðarins verði allar sameinaðar í eina stofnun. Telur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins það ekki henta og og er mótfallin því, að svo verði gert. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að vera að lesa upp rökstuðninginn fyrir því áliti sérstaklega. Hann er m. a. sá, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hafi starfað sjálfstætt og hún muni gera meira gagn á þann hátt heldur en ef hún sameinaðist hinum stofnununum.

Hér er umsögn frá stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins, sem er ekki eins afgerandi. Þar segir:

„Stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins hefur í dag rætt frv. til l. um Tæknistofnun Íslands. Í framhaldi af fyrri umsögn hefur stjórnin samþykkt að óska eftir því við hv. iðnn. Ed. Alþ., að stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins verði gerð grein fyrir þeim breytingum sem verða kynnu á frv. áður en það fer frá nefndinni."

N. gerði engar till. um breytingar á frv. og hefur þess vegna ekki haft frekara samráð við Rannsóknastofnun iðnaðarins.

Þá er það Félag ísl. iðnrekenda. Það mælir ákveðið með frv. óbreyttu. Umsögn Rannsóknaráðs ríkisins er ekki afgerandi. Það er slegið úr og í, en frekar er umsögnin neikvæð, ef það væri vegið nákvæmlega. Umsögn Iðnþróunarstofnunar Íslands er jákvæð. Mælir hún eindregið með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Félag ráðgjafarverkfræðinga hefur sent umsögn og gerir helst aths. við það, að í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir hámarksbóknun. Þeir segja: „Ákvæði 9. gr. um hámark gjaldskrár verði breytt þannig að gjaldskrá verði aldrei lægri en svo, að tekjur af seldri þjónustu skili raunverulegum heildarkostnaði hennar vegna, að sett verði sérstök löggjöf um fjárstuðning af almannafé við einstök iðnfyrirtæki eða iðngreinar, ef slíks fjárstuðnings er almennt þörf, eða að frv. verði vísað frá að svo komnu máli." Þetta eru aðalaths. félags ráðgjafarverkfræðinga sem telja að ráðgjafarverkfræðingar geti annast það sem Tæknistofnuninni er ætlað að gera verði frv. að lögum.

Áður var búið að segja frá umsögn stjórnar Rannsóknastofnunar iðnaðarins, en hér er umsögn sem framkvæmdastjórinn, Pétur Sigurjónsson, skrifar undir.

„Þar sem iðntæknistofnun hefur tengsl við Rannsóknaráð ríkisins, sbr. 2. gr. l. nr. 64 21. maí 1965, er nauðsynlegt að stofnunin hafi einnig fulltrúa í stjórn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Væru tengslin þá mun traustari. Sá þáttur, sem hvað mest hefur tregðað eðlilega þróun rannsókna og tækniþjónustu fyrir íslenskan iðnað, er hve fjárveitingar hafa verið naumt skammtaðar. Er því brýn nauðsyn að tryggja að ávallt sé nægilegt rekstrarfé fyrir hendi. Skal bent á að án nauðsynlegra tækja, aðstoðar og sérfræðiþjónustu er óhugsandi að auka þá þjónustu sem nauðsynleg er og áætlað er."

Það má kannske segja að það sé leyfi til að bæta nokkuð úr þessu, ef 9. gr. frv. verður lögfest, og jöfnunargjaldið kæmi þar til góða, ef það yrði að lögum.

Landssamband iðnaðarmanna hefur einnig nokkuð að segja um málið. Mælir það eindregið með frv. og vísar í samþykkt sem gerð var á iðnþingi Íslendinga er haldið var á Akureyri 25.—27. ágúst 1977. Það er beinlínis mælt með því, að þessar þrjár stofnanir, sem minnst var á áður, verði sameinaðar og frv. eins og þetta telja þeir að geti orðið iðnaðinum eða tækniþjónustu í landinu til framdráttar.

Og svo kemur umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Framkvæmdastjórarnir skrifa undir hana, — það mun hafa verið stjórnin sem ég vísaði til áðan, — en fram koma eindregin mótmæli gegn því, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði sameinuð hinum stofnununum.

Þetta eru þær umsagnir sem n. fékk, og má segja að þær hafi komið margar, því að stuttur frestur var gefinn til umsagnar vegna þess hve þetta frv. var seint fram komið.

Frv. hefur áður verið lýst og hv. þm. hafa haft það á borðinu hjá sér. Þar segir m. a. að það sé mikilvægur þáttur til uppbyggingar iðnaði í landinu að íslensk iðnfyrirtæki eigi aðgang að tæknibjónustu á borð við þá þjónustu sem látin er í té af stofnunum heim er á Norðurlöndum bera heitið „teknologisk institut", þ. e. a. s. fræðsluráðgjafar-, tilrauna- og þjónustustarfsemi. Að hluta til hafa tæknistofnanir iðnaðarins hér á landi, þ. e. Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknastofnun iðnaðarins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, látið slíka þjónustu í té. Á hitt er að líta, að starfsemi þessara stofnana hefur ekki verið nægilega samræmd gagnvart tæknibjónustuhlutverkinu og þaðan af síður hefur fjármagn þeirra og bolmagn levft að bær gætu tekist á við fjölbættar þarfir iðnfyrirtækja varðandi tækni, rekstrarhagfræði og stjórnun. Frv. þetta miðar að endurskipulagningu og sameiningu fyrrgreindra stofnana þannig að bær myndi eina heild með sameiginlegum og markvissum tilgangi í samræmi við knýjandi þarfir þessa fjölmennasta atvinnuvegar landsmanna. Standa vonir til að með tilskildum mannafla og nægilegu fjármagni geti hin nýja stofnun á fáum árum náð því markmiði að stuðla svo að tæknibróun og framleiðni í íslenskum iðnaði að hann standi á sporði erlendum keppinautum. Það eru byggðar bær vonir á þessu frv. og breyttu skipulagi iðnaðarins í samræmi við það, að það geti orðið til þess að efla tæknibróun í landinu. Geríst þess vissulega þörf, ef íslenskur iðnaður á að

geta orðið samkeppnisfær við útlendan iðnað og ef við eigum að ná eitthvað svipuðum árangri á tæknisviðinu og nágrannaþjóðir okkar.

Í 9. gr. frv. er, eins og áður er á minnst, tekið fram hvernig afla skuli fjár til rekstrar stofnunarinnar. Það er í fyrsta lagi framlag á fjárl. Þá er hluti af jöfnunargjaldi frá og með 1979, en þá er gert ráð fyrir að frv. það, sem hér var lagt fram í dag, verði lögfest. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir tekjum fyrir selda þjónustu samkv. gjaldskrá sem iðnrh. staðfestir. Hámark gjaldskrár skal miðað við raunverulegan heildarkostnað vegna þjónustunnar, en heimilt er að taka tillit til aðstæðna viðtakenda og eðlis þjónustunnar. Fjórði liður er greiðslur frá aðilum vegna stórra verkefna samkv. samningi hverju sinni. Fimmti liður er framlög til sérstakra verkefna og aðrar tekjur. Við skulum vona að þessi tekjuöflun verði nægjanleg til þess að framfarir geti átt sér stað á þessu sviði umfram það sem verið hefur.

Ég minntist á áðan, að hv. þm. Benedikt Gröndal hefði skilað séráliti. Gerir hann væntanlega grein fyrir því.

Hv. 3. þm. Reykv., Vilborg Harðardóttir, hefur flutt brtt. á þskj. 710 og á þskj. 711. Ég ætla nú ekki að fara að mæla fyrir þeim eða segja neitt sérstakt um þær annað en það, að ég tel að nafnbreytingin eigi fullan rétt á sér. Ég tel að eðlilegt sé að stofnunin heiti Iðntæknistofnun Íslands frekar en Tæknistofnun Íslands, get vel fallist á það og mun greiða atkv. með þessari brtt. En nm. allir hafa frjálsar hendur um það, hvað þeir gera í því efni.

Þá er brtt. við 3. gr., þ. e. í sambandi við deildaskiptinguna. Í brtt. hv. þm er upp talið hvernig hún skuli vera. Þetta var rætt í n. Það er tekið fram í frv. að deildaskiptingin skuli ákveðin í reglugerð. Taldi meiri hl. n. að það væri nægjanlegt. Þess vegna var ekki talið nauðsynlegt að flytja brtt. við 3. gr. í þá átt sem er á þskj. 710.

Ég ætla svo ekki að gera brtt. frekar að umræðuefni og tel ekki nauðsynlegt á þessu stigi málsins að fara öllu fleiri orðum um málið. Það liggur alveg ljóst fyrir. En meiri hl. hv. iðnn. mælir með frv. í trausti þess, að það megi verða íslenskum iðnaði og tækniþróun til hagsbóta og megi líklegt telja að sú skipulagsbreyting, sem hér er fyrirhuguð, megi verða til bóta. — Ég ætla svo ekki að svo stöddu að hafa fleiri orð um málið.

Frsm. minni hl. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Aðeins til skýringar er rétt að taka fram, að ég stend einn að minnihlutaáliti um málið, en hinir nm. mynda meiri hl. og standa svo sumir að brtt.

Ég er algerlega samþykkur meginefni og tilgangi þessa frv. í þeirri von, að öflug tæknistofnun verði íslenskum iðnaði stoð og stytta í framtíðinni. Því miður hafa þær stofnanir, sem hér á að sameina, ekki getað samþykkt það allar, en við skulum láta í ljós þá von, að engu að síður takist vel til um þessa stofnun og að sá ágreiningur leysist fljótlega.

Nál. bæði meiri hl. og minni hl. um þetta frv. voru skrifuð og lögð fram um síðustu helgi. Þá stóðu sakir svo, að ekki hafði verið flutt frv. um jöfnunargjald, sem kom fram á fundinum í dag, fyrir nokkrum klukkustundum, en þetta gjald er veigamikið atriði í frv. um tæknistofnun. Ég sá mér því ekki fært annað en benda á þetta með sérstöku minnihlutaáliti, þar sem ég tel að það sé fráleitt að Alþ. samþykki sem þýðingarmikinn tekjustofn fyrir veigamikla stofnun skatt sem ekki er til og þá hafði ekki einu sinni verið lagt fram frv. um og stjórnarandstaðan a. m. k. hafði í einstökum atriðum ekki hugmynd um. Við þessar aðstæður var ómögulegt að mér fannst, að leggja blessun sína yfir 9. gr. Nú eru þessar aðstæður óðum að breytast, þó að ekki hafi verið langur tími til þess að átta sig á jöfnunargjaldinu þessar þrjár klukkustundir eða svo síðan frv. um það kom fram.

Í sambandi við jöfnunargjaldið munu vakna margar spurningar. Ég mun leitast við að ræða það ekki nema bara í beinu samhengi við frv. um tæknistofnunina því að það verður frekar til umr. síðar.

Í fyrsta lagi á jöfnunargjaldið ekki að ganga til tæknistofnunar eða iðntæknistofnunar, eins og ég vona að hún verði kölluð, fyrr en í byrjun næsta árs. Samt sem áður á að byrja að innheimta þetta gjald og munu koma inn um 678 millj. kr., að því er áætlað er, á þessu ári. Þá vaknar sú spurning, hvernig iðnaðurinn eigi að njóta þess eða hluta af því. Nú stendur í frv. um jöfnunargjaldið, að á þessu ári muni því fyrst og fremst verða varið til þeirra viðfangsefna á sviði iðnaðar sem upp eru talin í fjárl. fyrir árið 1978. Öll viðfangsefni á iðnaðarsviði, sem fé er veitt til í fjárl., þar með talið iðnaðar- og orkumálaráðuneytið, kosta 727 millj. eða eitthvað nálægt því, svo að ríkissjóður fær öll útgjöld sín, sem eru á iðnaðargreininni í fjárl., að hluta má upp bætt með þessu gjaldi. Þá vaknar sú spurning, sem rædd er í grg. þessa sama frv., hvort ætlunin sé að greiða iðnaðinum uppsafnaðan söluskatt. Stendur þar, að það muni verða gert, svo að ætla má að þessir peningar, sem þarna renna inn í ríkissjóð, muni þá fara til þess. Það er kannske ekki tímabært að spyrja um, hvernig ætlunin sé að framkvæma það, fyrr en hitt frv. verður rætt.

Þá vil ég benda á að jöfnunargjaldið á ekki að vera í gildi nema til ársloka 1980 og iðntæknistofnunin getur því ekki notið þess sem tekjustofns nema í tvö ár. Að því leyti til finnst mér að tekjuöflunargreinin öll sé nokkuð völt og veiti stofnuninni ákaflega lítið framtíðaröryggi. Að vísu vitum við ekkert um það í dag, hversu mikið af þessu gjaldi stofnunin á að fá. Þær þrjár stofnanir, sem verið er að sameina í eina, fá ekki nema 276 millj. á þessu ári samkv. fjárl., en jöfnunargjaldið er áætlað að gefi um 1 milljarð á ársgrundvelli þegar það kemur til framkvæmda. Spurningin er þá: Á þessi skemmri skirn að duga eða hafa forráðamenn iðnaðarmála gert sér einhverja grein fyrir því, hvernig þessi stofnun á að halda áfram að vaxa í sama mæli eftir þessi fyrstu tvö ár? Ég verð að segja, að mér finnst þetta allt vera nokkuð laust í reipunum og væri ekkert óeðlilegt þó að iðnað-

urinn væri ærið tortrygginn þegar ekki er betur um hnútana búið en þetta.

Ég vil sem sagt benda á að þrátt fyrir þessar skýringar, sem fram hafa komið, koma margar spurningar upp í huga manns varðandi tekjuöflunina og þá sérstaklega jöfnunargjaldið, t. d. hvernig meðferð þess á að vera á þessu ári. Hér er ekki um neina smápeninga að ræða. Það á að taka af almenningi 678 millj. kr. á þessu ári í hækkuðu verði á innfluttri iðnaðarvöru. Ég er hins vegar alveg sammála því, að grundvallarreglan um áhrif söluskattsins á þessi mál er rétt, en það eru þessar tvær hliðar á málinu, að peningarnir verða teknir af almenningi í landinu og svo milljarður á næsta ári eftir þeirri áætlun sem hér er um að ræða.

Virðulegi forseti. Ég hef áskilið mér rétt til þess að fylgja brtt. og hef raunar gerst meðflm. með hv. 3. þm. Reykv., Vilborgu Harðardóttur, að þremur till., sem hún mun gera hér grein fyrir á eftir og ég þarf því ekki að fjölyrða um. Ég vil taka það fram, að ég tel að nafnið eigi að vera Iðntæknistofnun Íslands, en ekki tæknistofnun, því að það er tækni víðar en í iðnaði. Ég tel að það sé til bóta, að deildaskiptingin sé skilgreind betur, og ég tel mjög þýðingarmikið að fulltrúi starfsfólks verði í stjórn þessarar stofnunar.

Vilborg Harðardóttir: Forseti. Ég vil gjarnan byrja á að leiðrétta þann misskilning, að ég hafi staðið að minnihlutanál. Ég stóð einmitt að meirihlutanál. Það er vegna þess að ég er í meginatriðum samþykk stefnu frv. þótt ég hafi flutt nokkrar brtt.

Eins og hv. þm. Benedikt Gröndal benti á, þá var svolítið vafamál hvort hægt væri að fylgja þessu frv. eins og að því var staðið í sambandi við tekjurnar. Ég vil því gjarnan gera fyrst grein fyrir brtt. minni á þskj. 711, um tekjurnar. Hún hljóðar svo:

„Við 9. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Tekjur stofnunarinnar skulu vera sem hér segir:

a) Beint ríkisframlag á fjárlögum, sem skal nema 0.3—0 6% af áætluðu framleiðsluverðmæti íslensks iðnaðar (vergum tekjum á tekjuvirði) árið á undan fjárlagaárinu, enda hafi iðnrn. samþykkt starfsáætlun stofnunarinnar. Liðir c), d) og e) breytist aftur í b), c) og d)."

Það er rétt að segja frá því, að þessi till. um tekjuöflun er samhljóða því er var í frv. sem hv. þm. Magnús Kjartansson flutti fyrr í vetur, reyndar bæði á síðasta þingi og þessu, og upphaflega var flutt á 94. löggjafarþingi af iðnn. Nd. að beiðni þáv. iðnrh. og er 12. mál Nd. Ég bað um það við 1. umr. þessa máls, að n. athugaði þetta frv. um leið og hið nýja. Það hefur hún vinsamlega gert, eins og líka sjálfsagt er. En ég verð að átelja mjög þau vinnubrögð í þessu nýja frv. hæstv. ráðh., að þar er gert ráð fyrir sem tekjustofni hluta af jöfnunargjaldi sem er ekki í gildi, hvorki er í gildi né hafði séð dagsins ljós á Alþ. þegar frv. var lagt fram, ekki heldur þegar það var afgreitt í n. Við höfum fengið það hér á borðið hjá okkur í dag, og þó að ég hafi ekki athugað það náið, ekki haft tækifæri til að lesa mjög vel aths. við frv., þá þarf ekki annað en lesa 3. gr. þess til þess að sjá að þarna er allt mjög óráðið og ótilgreint. Það er sagt að tekjum af jöfnunargjaldi skuli ráðstafað í fjárl. ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar. Það er sem sagt ekki tiltekið að hvaða hluta né hvernig, og stendur ekkert um að ráðstafa eigi einhverju af þessum hluta til tæknistofnunarinnar. Þm. hafa því enn sem komið er ekki nokkra einustu hugmynd um hvernig gjaldið verður lagt á, hversu hátt það verður né hvernig því verður varið að öðru leyti. Mér finnst að ekki sé hægt að ætlast til þess, að Alþ. samþykki sem tekjustofn nýrrar stofnunar skattheimtu sem svona litlar upplýsingar liggja fyrir um. Þess vegna hef ég endurflutt till. frá fyrra frv., og ég vildi gjarnan fá að lesa úr grg. með henni á þskj. 12, en þar segir um þennan tekjustofn, sem ég tek til hérna, þ. e. a. s. beint ríkisframlag í ákveðinni prósentu af áætluðu framleiðsluverðmæti íslensks iðnaðar, — þar segir svo, með leyfi forseta:

„Rétt þykir að tiltaka neðri mörk ríkisframlags til þess að tryggja stofnuninni eðlilegt rekstraröryggi. Jafnframt þykir rétt að gera í lögum ráð fyrir nokkrum sveigjanleika í stærð framlagsins, t. d með tilliti til breytilegs ástands í efnahagsmálum. Slíkur sveigjanleiki er annars ekki verulegur að því er varðar ríkisstofnanir yfirleitt, því að löggjöf leyfir mjög lítið svigrúm til breytinga á starfsmannahaldi þeirra. Mörk þau, sem frv. gerir ráð fyrir um fjárveitingar hins opinbera, hafa fyrst og fremst stefnumarkandi gildi. Aðhald verður hins vegar áfram í höndum rn. og auk þess hjá iðnaðinum sjálfum vegna áhrifa hans í stjórn og í skorum." — Ég skal taka það fram, að gert er ráð fyrir sérstökum skorum í starfsemi stofnunarinnar í fyrra frv. — „Að öllu athuguðu tekur fjárveitingavaldið því ekki á sig meiri eða ósveigjanlegri skuldbindingar með samþykkt þessa frv. en með hefðbundinni lagasetningu um svipaðar stofnanir.

Þar sem Iðntæknistofnun er ætlað að stuðla að íslenskri iðnþróun, sem birtist m. a. í framleiðslumagni, þykir eðlilegt að miða tekjur stofnunarinnar að einhverju leyti við það. Líklega væri eðlilegast að miða við virðisauka iðnaðarins (ratne added, verðmætasköpun). Sá hængur er þó á slíkri viðmiðun, að tölur um verðmætasköpun atvinnuvega á hverju ári liggja ekki fyrir fyrr en alllöngu eftir á. Þess vegna hefur sá kostur verið valinn að miða við framleiðsluverðmæti iðnaðar, en það er að sjálfsögðu nokkuð tengt verðmætasköpuninni. Nægilega áreiðanlegar tölur um framleiðsluverðmæti eiga að liggja fyrir í lok hvers árs, þ. e. áður en gengið er frá fjárlögum næsta árs, svo hægt sé að framkvæma ákvæði frv. snurðulaust."

Það er rétt að benda á að í þeim umsögnum um frv., sem n. hafa borist og form. n. hefur þegar gert grein fyrir, er yfirleitt lögð mjög þung áhersla á örugga fjármögnun stofnunarinnar og bent á víða að tekjuliðurinn sé alls ekki nægilega hugsaður og skýrari mörkunar fjármögnunar sé mikil þörf.

Aðrar brtt., sem ég hef flutt ásamt hv. þm.

Benedikt Gröndal, varða í fyrsta lagi nafn stofnunarinnar. Brtt. er svo hljóðandi og er við 1., 5. og 11. gr., ákvæði til bráðabirgða og fyrirsögn: „Nafn stofnunarinnar verði Iðntæknistofnun Íslands."

Þar sem lagafrv. á að öllu leyti við iðnað, stofnuninni er ætlað að annast alhliða tækniþjónustu í þágu iðnaðar og hún heyrir undir iðnrn. teljum við að nafnið Tæknistofnun Íslands sé alls ekki nógu afmarkað. Og eins og hv. þm. Benedikt Gröndal benti á, þá nær tækni til margra annarra þátta en iðnaðar.

Við 3. gr. frv. höfum við flutt svo hljóðandi brtt.:

„Upphaf greinarinnar orðist svo:

Stofnunin skiptist í aðaldeildir og sérdeildir.

Aðaldeildir séu fyrst um sinn þessar:

Iðntæknideild, sem annast tækniþjónustu við framleiðslu- og þjónustuiðnað.

Byggingatæknideild, sem annast tækniþjónustu við byggingaiðnað.

Stjórnunarmáladeild, sem annast þjónustu við allan iðnað á sviði stjórnunarmála og framleiðsluhagræðingar. Enn fremur sér deildin um skipulagningu og framkvæmd stöðlunarmála.

Fræðsludeild, sem skipuleggur og hefur umsjón með fræðslustarfsemi iðntæknistofnunarinnar. Er þá m. a. meðtalin fræðsla og þjálfun iðnverkafólks og annars faglærðs og ófaglærðs iðnstarfsfólks, almennt námskeiðahald og útgáfustarfsemi, upplýsingaþjónusta og kynning á starfsemi stofnunarinnar. Fræðsludeild sækir kennslukrafta og sérfræðiþekkingu til annarra deilda og til aðila utan stofnunarinnar eftir ástæðum. Fræðsludeild hefur í starfi sínu náið samstarf við iðnskólana í landinu og aðra þá, sem kunna að vinna að svipuðum verkefnum.

Tvær síðustu mgr. 3. gr. standi óbreyttar."

Ég vil taka það fram, að í þessari till. er gert ráð fyrir að þrjár fyrst nefndu deildirnar taki í megindráttum við hlutverki þeirra þriggja stofnana sem þessari nýju stofnun, iðntæknistofnun eða tæknistofnun eða hvað sem hún kemur til með að heita, er ætlað að taka við af, þ. e. a. s. iðntæknideild tekur við hlutverki Rannsóknastofnunar iðnaðarins, byggingatæknideild tekur við af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og stjórnunarmáladeild af Iðnþróunarstofnun Íslands, sem hefur þó einnig gegnt væntanlegu hlutverki fræðsludeildar að nokkru leyti. Hlutverk fræðsludeildar verður þó mun víðtækara, enda ný eining.

Það er rétt að vísa í þessu sambandi til grg. fyrra frv. um iðntæknistofnun sem áður var getið, en þar segir um fræðslustofnun m. a., með leyfi forseta:

„Iðnskólar hafa að undanförnu ekki haft bolmagn til að sinna þjálfun iðnverkafólks og endurmenntun iðnaðarmanna sem skyldi. Ef Iðntæknistofnun reynist hins vegar þess megnug að bæta hér nokkuð úr, virðist óæskilegt að lagabókstafur verði því til hindrunar. Hér þarf þó að koma í veg fyrir tvíverknað og tryggja eðlilega samvinnu, og miðar síðasta ákvæði mgr. 8.4 einmitt að því. Til greina kemur að menntmrn. greiði hluta kostnaðar vegna þjálfunar iðnverkafólks. Telja verður eðlilegt, að fræðsludeild gangist fyrir námskeiðum úti um land eftir ástæðum."

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að þessi fræðsludeild verði tekin upp. Ég hef heyrt það á fólki, sem ég hef talað við um verkmenntun og um þessa stofnun, að það telur mjög mikilvægt að fræðsluhlutverkið falli ekki niður, en í þessu nýja frv., sem ráðh. hefur lagt fram, er mjög óverulega komið að þessari fræðslu. Það stendur að vísu í 2. gr. um hlutverkið, að „hlutverki sínu skal stofnunin gegna m. a. með því að vinna að ráðgjöf og fræðslu, öflun og dreifingu upplýsinga" o. s. frv. En eins og mjög hefur komið fram nú á síðustu tímum, þá er mikill áhugi á því í þjóðfélaginu að efla verkmenntun alls konar og eins að stuðla að aukinni endurmenntun og fullorðinsfræðslu. Þarna held ég að þessi stofnun gæti hjálpað mjög til og þess vegna vil ég alls ekki láta falla niður í frv. að það komi beinlínis fram, að hún skuli sinna þessu fræðsluhlutverki og hafa til þess sérstaka deild.

Ég vil taka fram að till. um byggingatæknideildina er að sjálfsögðu flutt með tilliti til þess, að í afgreiðsu iðnn. er enn þá gert ráð fyrir að stofnunin taki við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Falli það ákvæði hins vegar brott í meðförum deilda þingsins, eins og margt virðist benda til, fellur að sjálfsögðu einnig á brott sérstök byggingartæknideild innan hinnar nýju stofnunar.

Þriðja brtt. okkar er við 4. gr. og er svohljóðandi: „Neðst í upptalningu fulltrúa í aðalstjórn bætist:

einn fulltrúa starfsfólks stofnunarinnar samkv. tilnefningu sameiginlegs fundar."

Þetta er einnig ákvæði sem var í hinu fyrra frv. Ég held að með því hafi verið stigið visst spor í átt til atvinnulýðræðis og finnst vera afturför að fella það niður.

Gunnar J. Friðriksson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. skuli vera fram komið, þó seint sé. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um nauðsyn tæknilegrar þjónustu í þágu iðnaðar, þýðing iðnaðar er orðin það mikil í atvinnulífi okkar. En hins vegar hefur tækniþjónusta við hann ekki þróast að sama skapi og iðnaðurinn hefur vaxið. Það eru að vísu þrjár stofnanir sem hafa það hlutverk að veita iðnaðinum þessa þjónustu, en bæði er það að fjármagn til starfsemi þessara stofnana hefur verið mjög takmarkað og lítillar samræmingar hefur gætt í starfi þessara stofnana, þannig að það fjármagn og þeir starfskraftar, sem við þetta hafa fengist, hafa ekki nýst iðnaðinum eins og skyldi.

Hér hafa komið fram brtt. við frv., eins og það kemur frá iðnn. Nd., frá hv. þm. Vilborgu Harðardóttur og Benedikt Gröndal. Þar leggja þau til að nafninu sé breytt frá því sem það er í frv., að í stað þess að stofnunin sé nefnd Tæknistofnun Íslands sé hún nefnd Iðntæknistofnun Íslands. Ég er þessu andvígur. Mér finnst að tæknistofnunarnafnið sé að öllu leyti mikið þjálla og eðlilegra, sérstaklega með tilliti til þess, að hliðstæðar stofnanir á Norðurlönd-

um eru nefndar „Teknologisk institut“ og þessari stofnun er ætlað að gegna hliðstæðu hlutverki. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til að í nafninu sé hún kennd sérstaklega við iðnað. Það fer ekki milli mála að hún muni þjóna iðnaðinum þar sem stofnunin heyrir undir iðnrn. og stjórn hennar er skipuð fulltrúum iðnaðarins, þ. e. a. s. bæði framleiðendanna og þeirra sem við framleiðsluna vinna. Þess vegna er ég andvígur till. um breytingu á nafninu.

Þá er í brtt. líka lagt til að kveðið sé sérstaklega á um stofnun fræðsludeildar. Í frv. er sérstaklega tekið fram að stofnunin skuli fást við fræðslu. Það er svo, að hliðstæðar stofnanir stunda í mjög ríkum mæli námskeiðahald og fræðslu og þær stofnanir, sem hér á að slá saman, gera það nú reyndar þegar. Þar að auki fer ekki á milli mála að seta fulltrúa iðnverkafólks og iðnaðarmanna í stjórn stofnunarinnar muni tryggja að fræðslumál muni verða á öllum tímum ofarlega á starfsskrá slíkrar stofnunar. Það segir sig líka sjálft þar sem tækniþróun er ör og iðnaðinum er nauðsyn á vel þjálfuðu fólki sem fylgist með tækninýjungum. Þess vegna álít ég óþarfa að sérstaklega sé tekið fram í lögunum að þessi deild skuli sett á stofn frekar en aðrar deildir sem gert er ráð fyrir að verði við stofnunina.

Um þriðju brtt., að starfsfólk stofnunarinnar skuli tilnefna mann í stjórn, vil ég segja það, að í stofnun eins og þessari, og reyndar í flestum íslenskum fyrirtækjum, þar sem starfsmenn skipta aðeins nokkrum tugum, álít ég óþarft að fulltrúar starfsfólks eigi aðild að stjórninni, þar sem dagleg samskipti starfsmanna og stjórnenda eru það náin að formleg stjórnaraðild er að mínu mati ekki til bóta.

Um brtt. hv. þm. Vilborgar Harðardóttur um tekjustofn fyrir stofnunina get ég aftur á móti verið sammála. Það er grundvallarskilyrði fyrir svona stofnun, að hún hafi tryggan tekjustofn. Er þessari stofnun nauðsynlegt að vita hverju sinni hvaða fjármunum hún hefur úr að spila. Ég álít þess vegna að mjög eðlilegt sé að tekjur hennar séu miðaðar við framleiðslumagn eða framleiðsluverðmæti í iðnaði. Ég mun því fylgja þessari brtt. hennar.

Hv. þm. Benedikt Gröndal minntist á jöfnunargjaldið, að þar væri um að ræða skattlagningu á neytendur. Ég vil benda hv. þm. á að hér er að mínu mati ekki um skattlagningu að ræða, þar sem á boðstólum eru hliðstæðar innlendar vörur sem ekki munu hækka í verði við þetta gjald, og náttúrlega munu þær, sem út eru fluttar, lækka. Þeim, sem vilja endilega kaupa erlendar vörur sem þó eru fáanlegar framleiddar hér á landi, er þá í sjálfsvald sett hvort þeir vilja borga þetta gjald í ríkissjóð. Ég álít því að hér sé ekki um skattlagningu á neytendur að ræða.

Kristján Ármannsson: Virðulegi forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu form. n. var hún ekki sammála um afgreiðslu málsins og nm. áskildu sér rétt til að flytja brtt. Ég hef ekki flutt brtt. við þetta mál, en vil samt með örfáum orðum gera ofurlitla grein fyrir afstöðu minni.

Það, sem ég hafði einkum við að athuga, var í 13. gr. og í framhaldi af því í 15. gr. frv., um Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. En ástæðan fyrir því, að ég flutti ekki í þessari d. ákveðna brtt., var að ég treysti því að þegar og ef til afgreiðslu kæmi í hv. Ed., þá yrði þetta mál tekið til betri athugunar en var gert hjá okkur, enda ekki mikill tími til. Ég vil ekki stuðla að því, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sé þarna talin með eins og gert er ráð fyrir. Í 13. gr. segir, með leyfi forseta:

„Stofnunin tekur við starfsemi og eignum, réttindum og skyldum Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands.“

Ég tel að ýmsar forsendur hafi breyst fyrir því, að ástæða sé til þess að þarna sé Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins með í dæminu.

Þetta var sú aths., sem ég gerði í n., er ég áskildi mér rétt til að flytja brtt., sem ég þó eigi gerði. En ég vænti þess, eins og ég sagði áðan, að þegar til frekari afgreiðslu kemur verði þetta tekið mjög til athugunar. Að öðru leyti er ég tilbúinn að fylgja þessu frv. Einnig vil ég lýsa því yfir, að ég er tilbúinn að fylgja brtt. hv. þm. Vilborgar Harðardóttur og Benedikts Gröndals um breytingu á nafni stofnunarinnar og það verði Iðntæknistofnun Íslands.

Ég vildi aðeins, vegna þess að brtt. kom ekki fram frá mér, gera grein fyrir þessari afstöðu. Ég vona að tillit verði tekið til hennar við afgreiðslu í hv. Ed. þegar þar að kemur.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram, að ég hygg að hér sé um allgott frv. að ræða og mun að sjálfsögðu greiða því atkv. En eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. hef ég vissar efasemdir um eitt atriði í frv., þ. e. a. s. ég dreg nokkuð í efa hvort heppilegt sé að leggja niður Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins í þeirri mynd sem hún er í nú og láta hana verða byggingardeild og mannvirkjadeild í Tæknistofnun Íslands. Ég hygg að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem á sér orðið nokkra sögu, hafi þróast mjög heppilega og veiti byggingariðnaðinum mjög veigamikla aðstoð, mjög dýrmæta aðstoð. Ég óttast að með skipulagsbreytingu geti svo farið, eða það sé tekin a. m. k. nokkur áhætta með því að þjónusta í byggingariðnaðinum verði ekki eins góð. Auk þess sýnist mér að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sé í sjálfu sér nógu stór stofnun, alveg nógu stór, og sé þetta sameinað allt undir einum hatti sé sett upp æðimikið bákn í tæknilegum efnum.

Þetta frv. verkar þannig á mig, að mér sýnist að hér sé fremur um „teknologiska“ stofnun að ræða, þ. e. a. s. eins og nafnið bendir til, Tæknistofnun, og rannsóknaþátturinn, þó að hann sé að vissu leyti hafður hér með í upptalningu á verkefnum tæknistofnunarinnar, sé í hættu, hann verði út undan. Þá er illa farið, því að rannsóknaþátturinn hefur skilað mjög verulegum árangri einmitt hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Það hefur komið fram líka í þessum umr., að Rannsóknaráð ríkisins

mun vera á þeirri skoðun að tekin sé áhætta hvað varðar þennan rannsóknaþátt.

Hins vegar mun ég eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. greiða þessu frv. atkv. mitt. En ég mundi fagna því ef Ed. sæi sér fært að gera breytingu á þessu. Sjálfur mun ég ekki standa að brtt. úr því að n. sá sér ekki fært að hafa þar frumkvæði.

Hvað varðar heiti stofnunarinnar get ég ekki verið samþykkur þeirri brtt. sem hér kemur fram, að kalla hana iðntæknistofnun. Mér finnst tæknistofnun í sjálfu sér ágætt orð og ástæðulaust að vera að rjála þar neitt við.

Vilborg Harðardóttir: Forseti. Vegna þess, sem sagt hefur verið um Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, held ég að ég geti ekki látið hjá líða að koma fram með það álit mitt, að mér býður í grun að þarna sé um svolítið valdatafl hinna og þessara smákónga að ræða. Í raun og veru er ég fylgjandi því, að allar þessar þrjár stofnanir, sem þarna er talað um, komist undir einn og sama hatt. Ég held að það væri affarasælast. En ég mun þó ekki standa á móti hinu, því að ég held að jafnvel þó að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins væri ekki með, þá væri hitt svo mikilvægt, að þessi stofnun komist af stað í starfi sínu, að ég mun ekki standa á móti því þó hún yrði tekin þarna undan. En ég vildi gjarnan að þetta álit kæmi fram.

Vissulega hefur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins unnið að mörgu leyti mjög þarft og gott starf. Fjárskortur hefur þó náttúrlega háð henni eins og ýmsum stofnunum af þessu tagi. En það er einn þáttur, sem mér finnst hún hafi kannske ekki sinnt eins og skyldi, og það er hinn félagslegi þáttur. Rannsóknastörf hennar hafa fyrst og fremst verið á hinu tæknilega sviði, sem er auðvitað alveg sjálfsagt og ágætt, en ef hún fengi nú e. t. v. meira fjármagn og ynni eins og henni var sett í upphafi, þá ætti hún auðvitað að sinna meira hinum félagslega þætti í sambandi við byggingar hér á landi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnþróunarstofnun Austurlands, frv. (þskj. 46, n. 567 og 578). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. um Iðnþróunarstofnun Austurlands á þskj. 46 hefur legið nokkuð lengi í iðnn. Mætti ætla að n. væri ekki fljót að afgreiða mál þegar miðað er við það, hvenær þetta frv. kom til n. En ástæðan fyrir því, að dregist hefur að afgreiða málið, er einfaldlega sú, að nm. margir voru í vafa um hvort flm. kærði sig um að fá málið afgreitt miðað við þær umsagnir sem n. bárust um málið. N. óskaði eftir umsögnum frá ýmsum aðilum sem þetta mál snertir, og þær voru yfirleitt neikvæðar, nema frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi sem mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt.

Þetta frv. gengur út á það að setja á stofn Iðnþróunarstofnun Austurlands sem vinni að eflingu iðnaðar á Austurlandi. Það út af fyrir sig gæti verið gott, þegar tímar líða, að setja á stofn iðnþróunarstofnanir í ýmsum landshlutum, en þó tæplega fyrr en meira fjármagn er til að spila úr en nú er eða hefur verið. Það er hætt við því, að það mundi leiða til aukins kostnaðar og minni afkasta ef farið væri að dreifa þessu á marga staði á meðan ekki er um meira fjármagn að ræða en raun ber vitni og flestum er nú kunnugt um. Þess vegna er ekki talið ráðlegt að lögfesta þetta frv., a. m. k. ekki að sinni.

Rannsóknaráð ríkisins hefur þetta um málið að segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs telur mjög nauðsynlegt að auka rannsókna- og þjónustustarfsemi fyrir íslenska atvinnuvegi um land allt. Hins vegar getur framkvæmdanefndin ekki fallist á að rétt sé að skipta þeim tiltölulega litlu stofnunum, sem starfandi eru í landinu, með því að stofnsetja sjálfstæðar stofnanir fyrir hvern landshluta. Framkvæmdanefndin telur réttara að fara þá leið að setja á fót útibú í hinum ýmsu landshlutum, eins og gert hefur verið þegar á sviði fiskiðnaðarrannsókna og hafrannsókna. Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs getur því ekki mælt með samþykkt umræddds frv. eins og það er.“

Þá er umsögn frá Iðnþróunarstofnun Íslands. Hún mælir einnig gegn því, að frv. verði lögfest:

„Ekki verður annað séð en í frv. þessu felist sú stefnumörkun, að iðnþróun verði sérmál einstakra landshluta eða kjördæma. Verður að telja slíka stefnu hæpna í þessu litla landi, einkum þegar haft er í huga að á yfirstandandi þingi verður fjallað um lagafrv. sem miðar að því að koma á fót tæknistofnun í þágu iðnaðar á landsvísu með heimild til að setja á stofn útibú. Virðist sú stefna eðlilegri en sú sem fólgin er í téðu frv., enda hætt við að einangruð landshlutaiðnþróunarstofnun yrði vart verkefni sínu vaxin.“

Umsögn Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins:

„Við vísum til bréfs yðar, dags. 16. des. s. l., þar sem beðið er um umsögn: 1) um frv. til laga um Iðntæknistofnun Íslands, 2) um frv. til laga um Iðnþróunarstofnun Austurlands.

Við teljum það ekki í okkar verkahring að gefa umsögn um frv. um Iðntæknistofnun Íslands frá tæknistofnunarsjónarmiði, enda mun um það fjallað af öðrum aðilum. Á hinn bóginn tökum við undir það sjónarmið, sem kemur fram í 11. gr., þar sem kveðið er á um að tengja skuli saman tækniþjónustu og markaðsstarfsemi með því að kveða á um að Útflutningsstofnun iðnaðarins eigi fulltrúa í framkvæmdanefnd iðntæknistofnunar. Hvað viðkemur frv. til laga um Iðnþróunarstofnun Austurlands, þá teljum við það ekki í okkar verkahring að gefa umsögn um það mál.“

Umsögn Félags ísl. iðnrekenda:

„Stjórn Félags ísl. iðnrekenda fjallaði á fundi sínum um frv. til laga um Iðnþróunarstofnun Austurlands. Varðandi umsögn um frv. þetta vill stjórn félagsins vísa til umsagnar sinnar um shlj. frv. frá síðasta þingi, sem fylgir hjálagt í ljósriti.

Stjórn Félags ísl. iðnrekenda vill nota þetta

tækifæri til að koma því á framfæri við iðnn. Nd. Alþ., að n. beiti sér fyrir því að efld verði starfsemi þjónustustofnana iðnaðarins með því að samhæfa starfsemi þeirra og tryggja þeim fjármagn til þess að þær geti betur valdið hlutverki sínu.“

En umsögn Félags ísl. iðnrekenda frá fyrra ári endar svona:

„Að því er varðar iðnþróun á landsbyggðinni sérstaklega gæti vel komið til greina, ef ástæða þætti til, að stofna sérstakar deildir eða útibú frá slíkri stofnun úti um land, sem hefði með höndum sérstök hlutverk í þessu sambandi, enda hefur verið gert ráð fyrir því í þeim frumdrögum um tæknistofnun, sem lögð hafa verið fram á Alþ.“ — En áður er búið að segja í þessu bréfi, að það sé ekki vænlegt til árangurs nema með stóraukna framlagi og fjármagni til starfseminnar.

Þá er umsögn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um frv. um Iðnþróunarstofnun Austurlands. Þetta er nokkuð langt bréf. Það segir m. a.:

„Ef stofnuninni er ætlað að sinna verkefnum af sama toga og Iðnþróunarstofnun Íslands, ætti að vera auðveldara og árangursríkara að byggja upp og þróa iðnað á Austfjörðum með aðstoð Iðnþróunarstofnunar Íslands í stað þess að setja á laggirnar nýja stofnun.“

Það eru sem sagt borin fram mótmæli í þessu bréfi, m. a. vegna fjárskorts.

Fleiri umsagnir er nú ekki um að ræða. En ég held að það hæfi að segja að þetta er fremur neikvætt, þegar frá er tekin umsögn sveitarstjórnarsambands Austurlands. Meiri hl. iðnn. hefur þess vegna ekki treyst sér til þess að mæla með frv. Í meiri hl. eru Ingólfur Jónsson, Lárus Jónsson, Ingvar Gíslason, Pétur Sigurðsson, og Þórarinn Þórarinsson, en þessi meiri hl. vill afgreiða frv. eins og hér segir:

„N. hefur rætt frv. og fengið umsögn aðila, sem málið snertir sérstaklega, m. a. sveitarstjórnarsambands Austurlands og Félags ísl. iðnrekenda.

Meiri hl., undirritaðir nm., leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj. Vilborg Harðardóttir vill samþ. frv. og skilar séráliti.“

Hv. þm. Benedikt Gröndal er ekki með, ég held vegna þess að hann var fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Ég sé ekki ástæðu til, hæstv. forseti, að fara fleiri orðum um málið. Það má vel vera að þróunin verði sú, og verður vonandi sú, að ástæða þyki til að auka starfsemina með því að færa hana út í landshlutana, en það verður tæplega fyrr en þjóðin í heild hefur treyst sér til þess að auka verulega og mjög mikið fjármagn til rannsóknastarfsemi og tækniþróunar í landinu.

Frsm. minni hl. (Vilborg Harðardóttir): Hæstv. forseti. Ég hef mælt með samþykkt þessa frv. vegna þess að ég er fylgjandi þeirri stefnu að færa sem mest af stefnumótun og framkvæmdavaldi út í landshlutana sjálfa. En fyrst og fremst var ég þó á móti því að vísa málinu til ríkisstj., sem ég tel algjörlega gagnslaust og jafngilda því að henda málinu út í ystu myrkur, því það sem fer þangað, kemur aldrei aftur, því verður aldrei nokkurn tíma sinnt meira. Ég tel að það væri betra að fjalla um málið hér í deildinni. Ég geri ráð fyrir að flm. sjálfur mæli fyrir því, ef hann telur þörf á, umfram það sem hann gerði við 1. umr. og það sem fram kemur í grg. En ég legg alla áherslu á að mál séu afgreidd í d. af þm., því það er meiri von til að þau fái þá einhverja afgreiðslu heldur en ef þeim er vísað til ríkisstj. Og mér finnst það í raun og veru óheiðarlegt og sýndarmennska af meiri hl. að vilja afgreiða málið á þennan hátt í staðinn fyrir að leggja til þá frekar að það verði fellt hér.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við málið, því að það hefur þegar verið rætt við fyrri umr. Reyndar hefur það verið rætt oftar en einu sinni, því það hefur verið flutt áður. Till. meiri hl. iðnn. um að vísa málinu til ríkisstj. er auðvitað aðeins leið til þess að fella frv. Það er greinilegt að meiri hl. er ekki við því búinn að vilja fara inn á þá braut sem mörkuð er í frv.

Í sambandi við þær umsagnir, sem gerð var grein fyrir, frá nokkrum landsstofnunum sem hafa með iðnaðarmál að gera er alveg augljóst að þar er ríkjandi röng skoðun á því máli, sem hér er verið að ræða um. Auðvitað er ekki ætlunin með þessu frv., þó að það yrði samþ., að taka neitt verkefni af Iðnþróunarstofnun Íslands, Rannsóknaráði ríkisins eða öðrum slíkum stofnunum, heldur — eins og greinilega kemur fram bæði í frv. og grg. sem því fylgir — er hér gerð tilraun til þess að finna leið sem mætti duga til þess að örva iðnaðaruppbyggingu í einum landsfjórðungi.

Þó að frv. sé aðeins miðað við einn landsfjórðung, þá gefur það auga leið, eins og ég hef sagt áður, að fyllilega kæmi til mála síðar að sams konar stofnanir kæmu upp í öðrum landsfjórðungum. Það er vissulega vandamál, hvernig eigi að taka á því verkefni að landsbyggðin fylgi með í iðnaðaruppbyggingu. Eins og segir í grg. með frv., þá er það skoðun flm. að helst verði tekist á við það vandamál að efla iðnað á Austurlandi þannig að umtalsvert verði á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. með sameiginlegu átaki heimamanna og stuðningi ríkisins.

Það er eðlilegt að samtök sveitarstjórnarmanna á Austurlandi skilji þetta mætavel, að þátttaka Austurlands í iðnaðarþróun í landinu verður ekki nema eitthvert afl komi til. Þau taka því undir stefnu frv. En auðvitað er þessu frv. ekki á neinn hátt ætlað að raska starfssviði Iðnþróunarstofnunar Íslands, en Iðnþróunarstofnun Íslands hefur starfað í allmörg ár og fleiri þessara landsstofnana og lítið hefur miðað áfram í iðnaðarþróun landsbyggðarinnar, nema aðeins í sambandi við þann þjónustuiðnað sem leiðir af rekstri annarra atvinnugreina.

Ég skal ekki fara að endurtaka hér það sem ég hef sagt áður um þetta mál. Það er skoðun mín að mjög aðkallandi sé, ef menn meina eitthvað með því að við eigum að leggja verulega meiri áherslu í þjóðarbúskap okkar á iðnað og

iðnþróun, að taka á þessum málum með sérstökum hætti varðandi þátt landsbyggðarinnar sem heildar. Annars verður þetta eins og það hefur verið, að landsbyggðin gefur sig eingöngu að landbúnaði og sjávarútvegi og þessum gömlu undirstöðugreinum. Hún getur ekki orðið með í neinni iðnþróun, ef ekki kemur til eitthvert sérstakt átak í þessum efnum.

Ég hafði áður bent alveg sérstaklega á það sem fordæmi annars staðar frá, að þó að á landsbyggðinni séu margir staðir og smáir, þá er hægt með ákveðnu skipulagi og ákveðinni aðstoð ríkisvaldsins að virkja í sameiginlega iðnaðarframleiðslu starfskrafta margra byggðarlaga. Þetta er þekkt í Noregi og víðar annars staðar, þar sem mörg byggðarlög standa að einni sameiginlegri iðnaðarframleiðslu. Þannig gæti vinnuaflið nýst og væri í samræmi við aðstöðu. Hvort nákvæmlega er valin sú leið, sem lögð er til í þessu frv., það er annað mál. En ég held að það hljóti að koma að því, að hv. alþm. viðurkenni að brýn þörf er á því, að landsbyggðin geti verið með í iðnaðaruppbyggingu í landinu og það þurfi að gera sérstakt átak til þess að þar geti verið um eðlilegan iðnað eða iðnaðarframleiðslu að ræða. Það þarf að efna til samvinnu með þeim stöðum, sem þarna eiga hlut að máli, og hefja sameiginlega framleiðslu.

Það er ekkert við því að segja, það verður að hafa sinn gang, þó að frv. finni ekki náð fyrir augum meiri hl. Alþ. En erfitt á ég með að trúa því, að meiri hl. Alþ. sé ekki sammála þeirri meginstefnu, sem kemur fram í frv., eða því, að reynt sé að finna ráð til þess að leysa þann vanda sem frv. er ætlað að leysa.

Ég þakka svo fyrir afgreiðslu á málinu. Það gengur væntanlega undir atkv. Meiri hl. verður að ráða í þessu eins og öðrum málum.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frekar en orðið er. En ég vil mótmæla því, að nokkuð sé óheiðarlegt við það að vísa máli til ríkisstj. Hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan, að það væri óheiðarlegt. Þetta er gömul þingvenja. (Gripið fram í.) Þetta er ekki nýtt og er eðlilegra undir mörgum kringumstæðum. Ef málin eru þannig, að þau þyki þess virði að þau verði athuguð frekar, þá er miklu eðlilegra að vísa þeim til ríkisstj. heldur en beinlínis að fella þau. Sannleikurinn er sá, að meiri hl. iðnn. var alls ekki mótfallinn því, að þessi stefna gæti verið sú rétta, að koma upp svona stofnunum úti á landi, ekki aðeins á Austurlandi, heldur í öllum landsfjórðungum, en meiri hl. iðnn. taldi þetta alls ekki tímabært eins og er, miðað við það fjármagn sem er úr að spila. Með því að fella frv. ekki, en hafa þann hátt á að vísa því til ríkisstj., er lögð áhersla á að málið skuli athugað, og hæstv. ríkissti., þegar hún fær málið í sínar hendur, veit, að iðnn. og sá meiri hl., sem kann að standa að afgreiðslu málsins, vill að málið sé athugað. Málið er þess virði, að það sé kannað. Málið er ekki þannig, að þd. vilji fella það. Það er reginmunur á þessu. Þess vegna er það á miklum misskilningi byggt þegar hv. 3. þm. Reykv. fullyrðir að þetta sé óheiðarleg afgreiðsla og hún sé óeðlileg, það hefði verið betra fyrir n. að leggja til að frv. yrði fellt. Meiri hl. iðnn. taldi ekki ástæðu til þess, heldur leggur til að málið fari til ríkisstj. til frekari athugunar og þá til áherslu á því, að það sé þörf á meira fjármagni og frekari athugun á þessum málum.

Það er svo alltaf hægt að deila um það, þegar mál eru send til umsagnar, hvort umsagnirnar eru á rökum reistar, hvort þær skoðanir, sem koma fram í umsögnum, eru réttar eða rangar. Hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan að það kæmi fram röng skoðun í umsögnunum. Sú er skoðun hv. þm., en ekki er alveg víst að sú skoðun sé rétt. Og ég fyrir mitt leyti tel að umsagnirnar séu að því leyti til réttar, að það sé alls ekki tímabært og alls ekki eðlilegt, meðan ekki er um meira fjármagn að ræða, að leggja í þann kostnað sem því fylgir að stofna svona útibú á Austurlandi og þá sennilega fljótlega annað á Norðurlandi og svo þar næst kannske það þriðja á Vestfjörðum, að dreifa kröftunum meðan fjármagnið, sem úr er að spila, er svo lítið, og leggja í mikinn stofnkostnað. Það getur ekki verið rétt á meðan málin standa þannig.

Hv. 2. þm. Austurl. sagði að alls ekki væri ætlunin að taka verkefni af öðrum stofnunum, eins og Iðnþróunarstofnun Íslands. Það hljóta að vera skiptar skoðanir um það. Ef stofnun væri sett niður á Austurlandi, þó hún væri lítil, þá yrði hún að taka að sér verkefni sem Iðnþróunarstofnunin eða væntanleg tæknistofnun hefði annars tekið að sér.

En það er ástæðulaust að vera að deila um þetta eins og sakir standa. Ég tel að það sé ekki tímabært og það sé ekki skynsamlegt, á meðan við erum ekki sterkari en þetta fjárhagslega og á meðan við treystum okkur ekki til að leggja miklu meira til þessara mála, að dreifa kröftunum og leggja í aukinn kostnað. Ég tel að við getum gert meira með því að bæta skipulagið og taka upp betri vinnubrögð á ýmsum sviðum. Ég vil þá taka undir það, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan, að landsbyggðin þarf að vera með í uppbyggingunni og í iðnaðarþróuninni og tileinka sér iðntæknina. Það þarf landsbyggðin að gera. En það getur hún jafnvel gert betur með því að leita til einnar stofnunar, þótt hún sé í Reykjavík, ef hún er öflug og vinnur skipulega, heldur en þótt hver landsfjórðungur hefði eigin stofnun sem væri vanmáttug og fjárvana.

Frsm. minni hl. (Vilborg Harðardóttir): Forseti. Aðeins örstutt aths. Ég hef ekki enn þá sannfærst um gagnsemi að senda mál til ríkisstj., þrátt fyrir það sem hv. form. iðnn. sagði áðan. Mér sýnist að þau mál, sem hafa verið send þangað undanfarin ár, a. m. k. þau mál sem komið hafa frá þm. stjórnarandstöðunnar, hafi ekki fengið afgreiðslu. Hafi mér hins vegar orðið misskilningur á um áhuga n., þá vil ég biðjast afsökunar á því. Ég óska þess þá, að sá áhugi hennar á ýmsum málum, sem hún nú vill ekki afgreiða, megi koma fram í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 88. fundur.

Fimmtudaginn 27 apríl, kl. 2 miðdegis.

Orlof húsmæðra, frv. (þskj. 721). — 1. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. Ed. hefur verið beðin að flytja frv. þetta og n. hefur orðið við óskum félmrh. um það án skuldbindingar um fylgi við málið.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að breytt verði gildandi lagaákvæðum um framlög sveitarfélaga til orlofs húsmæðra. Miðar frv. að hækkun þessara framlaga og að þau miðist að nokkru við vísitölu framfærslukostnaðar á hverjum tíma. Framlag til Orlofssjóðs húsmæðra hefur hingað til miðast við fjölda húsmæðra, en í þessu frv. er gert ráð fyrir að miðað verði við fólksfjölda í hverju sveitarfélagi. Ætti þessi breyting að verða til hagræðis við ákvörðun framlags af hálfu sveitarfélaga.

Í frv. er gert ráð fyrir að lágmarksframlag sveitarfélags verði fjárhæð sem svari minnst 100 kr. á hvern íbúa sveitarfélagsins, en það er samkv. gildandi lögum 150 kr. fyrir hverja húsmóður. Þessi breyting mundi hafa í för með sér talsverða hækkun á framlögum sveitarfélaganna. Þá felst í frv. það nýmæli, að hið nefnda lágmark framlags breytist á ári hverju til samræmis við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar. Þetta er ákvæði sem forvígiskonur í orlofsmálum húsmæðra hafa löngum haft áhuga á að koma í lög.

Ef frv. þetta verður að lögum munu breytingar þær, sem í því felast, verða til mikillar eflingar orlofsstarfsemi fyrir húsmæður í landinu, en hún er mikils metin af konum og hefur átt vaxandi vinsældum að fagna. Lögin um orlof húsmæðra og sú starfsemi, sem innt er af höndum samkv. þeim, hafa veitt margri húsmóðurinni kost á hvíld og tilbreytingu sem hún hefði ekki getað notið ella. En jafnan ber að leggja á það áherslu, að þessi aðstaða til orlofs standi fyrst og fremst til boða þeim konum sem hafa hennar mesta þörf og við erfiðust kjör búa.

Ég tók það fram í upphafi máls míns, að félmn. hefði fallist á að flytja þetta frv. án skuldbindingar um fylgi við málið. En ég vil taka það fram, að sá fyrirvari af hálfu n. felur ekki í sér að n. sé neikvæð í þessu máli. Hann felur einfaldlega það í sér, að n. hefur ekki athugað málið efnislega og vill því ekki taka efnislega afstöðu til málsins fyrr en það verður gert. Hins vegar er það ósk af hálfu félmrh., að mál þetta fái afgreiðslu á þessu þingi, og þess vegna geri ég ráð fyrir að n. leitist við að afgreiða málið fljótt.

Ég geri það að till. minni, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. félmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem hv. frsm. hafði um málið að segja. Ég vildi þó aðeins átelja það nokkuð, að þannig skuli vera að þessu máli staðið, því að ég veit að þetta mál er búið að vera það lengi á döfinni og búið að vera það lengi á þetta sótt við hæstv. félmrh., að mig undrar mjög að það skuli ekki vera komið fram löngu fyrr. Það er vitað að sú upphæð, sem þarna er, er löngu orðin ófullnægjandi. Það var reyndar vitað þegar á síðasta ári, að upphæðin var alls ófullnægjandi og þessu þurfti að breyta. Við sáum það auðvitað í félmn., að þetta skapaði vissa erfiðleika fyrir sveitarfélögin, sem eru öll búin núna að ganga frá fjárhagsáætlunum sínum. Þetta eru að vísu ekki stórar upphæðir, en skipta þó e. t. v. máli. Aldrei er gott að koma með slíkar breytingar þegar búið er að ganga frá öllum áætlunum, þó ekki sé um neinar stórupphæðir að ræða.

Hins vegar tel ég að með þeirri breytingu, sem gerð var 1972 um orlof húsmæðra, hafi verið farið inn á rétta braut, en aftur stigið spor til baka með lögunum 1975. M. a. hefur það komið glöggt í ljós hjá okkur í fjvn. varðandi landsnefndina, sem hefur skipulagt þessa starfsemi, að eftir þessa breytingu, þegar sveitarfélögin fengu þetta verkefni alfarið að sjá um, hefur hún dottið út, lent á milli og ekki getað sinnt hlutverki sínu eins og hún gerði áður.

Ég var þegar í vetur, ég hygg rétt eftir áramót, búinn að heita atfylgi mínu við frv. sem félmrh. mundi flytja um þetta efni, og við það loforð stend ég að sjálfsögðu, þó ég sjái annmarkana á því og átelji vinnubrögð hæstv. ráðh. varðandi þetta. En það er erfitt að gera mikið af því að fara út í það, þar sem hæstv. ráðh. er ekki hér í d. og ég efast um að hann sé í landinu.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins út af ummælum síðasta ræðumanns, þar sem hann var að átelja vinnubrögð hæstv. félmrh., láta það koma fram, að mér er kunnugt um að félmrh. hefur mikinn áhuga á þessu máli og óskar mjög eindregið eftir að það nái fram að ganga eða fái afgreiðslu á þinginu. Og hvað líður vinnubrögðum get ég *ekkert sagt, nema að ég hygg að það hafi verið* reynt að vanda svo til vinnubragða sem best mátti verða og því kunni málið að hafa dregist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Sáttastörf í vinnudeilum, frv. (þskj. 604, n. 713, 714, 722). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. það, sem hér liggur fyrir, og n. hefur kynnt sér afstöðu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands til þess. N. mælir með að frv. verði samþ. með breyt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jón Helgason.

Þetta frv. fjallar um starfsemi sáttasemjara ríkisins — starfsemi sem á síðari tímum hefur margfaldast frá því að sett voru gildandi lög um sáttasemjara ríkisins. Ný verkefni hafa verið lögð undir sáttasemjara ríkisins og verkefnaaukning blasir við í framtíðinni. Með þetta í

huga er í frv. þessu lagt til að breytt verði laga-ákvæðum um sáttatilraunir í vinnudeilum. Meginbreytingarnar, sem felast í þessu frv., eru þær að starf sáttasemjara verði aðalstarf, að á hann verði lögð miklu ríkari skylda en nú er til að hefjast handa um sáttastörf og honum fengið starfslið. Enn fremur verði sáttasemjara veittur víðtækari réttur til afskipta af vinnudeilum en er í gildandi lögum og jafnframt lögð á hann ríkari skylda til að hefjast handa um sáttastörf en nú er.

Ég ætla ekki að fara að flytja framsöguræðu um efni frv. Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan hæstv. félmrh. gerði frv. skil þegar hann mælti fyrir því hér í hv. d. við 1. umr. En ég vil þá víkja að brtt. n., sem er að finna á þskj. 714. Þar er um að ræða þrjár brtt.

1. brtt. er við 8. gr. frv. um það, að í stað orðsins „rétt“ í 1. málsl. komi orðið: heimilt. Þetta er til komið vegna þess, að mönnum þótti ekki einsýnt hvað orðið „rétt“ þýddi, hvort það þýddi að það væri skylda eða hvort um heimild væri að ræða, en þessi 1. málsl. hljóðar svo í frv.: „Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur, er honum rétt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilum.“ Nú leggjum við til að í staðinn fyrir „er honum rétt að leggja fram miðlunartillögu“ komi: er honum heimilt að leggja fram miðlunartillögu.

2. brtt. n. er við 9. gr. frv. Sú brtt. er í tveimur liðum. A-liður er um að 5. mgr. falli niður. 5. mgr. er á þessa leið: „Áður en atkvgr. hefst skal afhenda sáttasemjara kjörskrá. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.“ Þarna er um að ræða vissar skyldur varðandi afskipti eða eftirlit sáttasemjara með kosningum í verkalýðsfélögunum varðandi vinnudeilur, og það er lagt til að þetta falli niður. — Sömuleiðis er lagt til að 7. mgr. sömu greinar falli niður, en hún er á þessa leið: „Sáttasemjara eða fulltrúum hans er heimilt að vera viðstaddir kjörfundi.“ Það er lagt til að þessi heimild sé felld niður. Hvort tveggja miðar að því að draga úr valdi eða stöðu sáttasemjara í þessum tilteknu tilvikum.

3. brtt. er við 12. gr. frv., að 2. mgr. falli niður. Það leiðir af því ef 5. og 7. mgr. í 9. gr. féllu niður og þarf ekki að skýra það frekar.

Ég vil láta koma hér fram að þessar brtt. eru gerðar að ósk Alþýðusambands Íslands. Það hefur verið gengið út frá því og það hefur verið vilji hæstv. félmrh., að þetta mál næði ekki fram að ganga nema væri full samstaða um það og ekki ágreiningur við aðila vinnumarkaðarins. Og til þess að fullnægja þessu skilyrði eru þessar till. bornar fram. Ég vil taka það fram, að einstakir nm. telja að þetta sé ekki til bóta, þó að aðrir nm. kunni að telja að svo sé. Brtt. eru því fyrst og fremst miðaðar við að samstaða sé um málið. Ég vil taka það fram, að Vinnuveitendasamband Íslands telur ekki vera til bóta, nema síður sé, að fella niður ákvæðin í 9. og 12. gr. sem brtt. félmn. gerir ráð fyrir. En Vinnuveitendasambandið lætur kyrrt liggja í þeirri merkingu, að Vinnuveitendasambandið gerir ekki ágreining um að málið nái fram að ganga í þeirri mynd sem hv. félmn. leggur til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 722 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 714,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 714,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—11. gr. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 714,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 720). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 534 er frv. til l. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hinn 12. maí 1976 skipaði landbrh. nefnd til þess að endurskoða þessi lög. Nefndina skipuðu Stefán Pálsson framkvæmdastjóri, sem var formaður hennar, alþm. Jón Helgason, Pálmi Jónsson, Stefán Valgeirsson, Friðjón Þórðarson og Helgi F. Seljan og Eiríkur Guðnason deildarstjóri í Seðlabanka Íslands.

Verkefni nefndarinnar var fyrst og fremst að koma málum Stofnlánadeildarinnar þannig fyrir, að fjárhagur deildarinnar væri sæmilega vel tryggður. Tilraun hafði verið gerð í þá átt með lögunum frá 1973, þar sem tekjur deildarinnar voru ákveðnar með þeim lögum, en vegna þeirrar verðbólgu, sem verið hefur í landi okkar, og þess, að ekki hefur verið hægt nema að mjög takmörkuðu leyti að fá innlent lánsfé til handa Stofnlánadeildinni, þá hefur orðið að fjármagna hana með erlendu lánsfé eða verðtryggðu lánsfé. Ekki hefur reynst unnt að lána þetta út úr deildinni á þann veg að verðtrygging eða gengistrygging gæti verið eins mikil og á lántöku deildarinnar sjálfrar.

Þetta hefur gert það að verkum, að á höfuðstól deildarinnar hefur verið gengið og þó fyrst og fremst að þær tekjur, sem deildinni voru ætlaðar til þess að efla höfuðstól sinn, hafa gengið í að greiða lánin niður. Sú leið, sem nefndin varð sammála um að mæla með að farin yrði til þess að bæta úr þessu, er jöfnunargjald sem lagt yrði á heildsöluverð landbúnaðarvara hverju sinni við sölu þeirra.

Kostir jöfnunarleiðarinnar eru fyrst og fremst þeir, að hún eykur ekki það misræmi sem er á milli bænda þeirra, sem búa við eldri lán, og þeirra, sem eru að taka lánin nú í dýrari framkvæmdir en hinir sem áður hafa framkvæmt. Bændastéttin í heild mundi taka á sig hluta þeirra byrða sem bera verður vegna uppbyggingar í atvinnugreininni. Segja má að með þessu móti sé aðeins verið að lengja lánstímann, því að sá bóndi, sem fær lán á þessum kjörum, greiðir ekki fullan fjármagnskostnað, en á móti nýtur hann ekki sömu launa síðar meir og hann nyti væri um vaxtaleiðina að ræða. Ef

vaxtaleiðin væri valin, þá kæmu áhrifin fram í verðlaginu hverju sinni, en með þessu móti leggst gjaldið eingöngu á heildsöluverð í staðinn fyrir að vaxtakostnaðurinn af þessum lánum, ef vaxtaleið hefði verið valin, hefði hvort tveggja orðið að vera meiri en hér er gert ráð fyrir og komið strax beint út í verðlagið. Hún hefði auk þess sem áður greinir orðið til þess að skapa enn þá meira ósamræmi en er á milli hinna einstöku bænda í bændastétt, þeirra, sem nú eru í framkvæmdum, og hinna sem eru búnir að framkvæma. Þess vegna var þessi leið valin. Að vísu voru till. nefndarinnar viðtækari en gert er ráð fyrir í þessu frv. Innan hæstv. ríkisstj. varð þó ekki samstaða um að fara alfarið þá leið, sem nefndin lagði til, en algjör samstaða um þessa leið sem hér hefur verið valin.

Þá er og það ákvæði í þessu frv., að Byggingarsjóður ríkisins láni til bygginga í sveitum eins og í kaupstöðum, enda er það talið eðlilegt. Var og Stofnlánadeild landbúnaðarins einí stofnlánasjóðurinn sem lánaði út á íbúðabyggingar.

Með þessu frv. er einnig styttur lánstími frá því sem var hjá Stofnlánadeildinni. Er það gert til þess að stefna að því marki að tryggja hag deildarinnar, en þó geti hún um leið sinnt hlutverki sínu.

Sú breyting, sem er gerð á lánstímanum, er t. d. að hámarkið var 42 ár, en verður nú 25 ár. Einnig eru færð niður í 5 ár stystu lánin.

Sú breyt. var gerð í hv. Nd. að heimila stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að veita lán til endurbóta á íbúðarhúsnæði á lögbýlum eftir sambærilegum reglum og verið hefur, þar til Byggingarsjóður ríkisins tekur upp lánveitingar til slíkra framkvæmda. Þetta var gert til öryggis um það, að á meðan þessi atriði væru ekki komin til fullra framkvæmda, þá yrði farin þessi leið. Enn fremur er ekki gert ráð fyrir því, að gildistaka þess ákvæðis, að Byggingarsjóður ríkisins láni til íbúðarhúsa í sveitum, komi til greina fyrr en við næstu áramót, enda verður þá hægt að taka tillit til þess við lánsfjáráætlun sem gerð yrði fyrir það ár. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir að frv. þetta öðlist gildi fyrr en 1. sept. 1978, og er þá miðað við verðlagsár landbúnaðarins.

Á þskj. 720 er frv. prentað eins og gengið var frá því í hv. Nd. með þeim breyt. sem ég hef nú greint frá. Má segja að að mestu leyti næðist samstaða um frv., enda er það þannig vaxið. Fyrir neytendur er frv. ekki á neinn veg óhagstæðara, vegna þess að vextir, sem að öðrum kosti hefðu orðið að koma til, eða vaxtahækkun hefði haft sömu áhrif á vísitölu verðlags og þetta frv. gerir ráð fyrir, og þær útlánareglur, sem hafa verið samþ. fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins, eru við þetta miðaðar.

Ég treysti hv. Ed. til þess að taka á þessu máli eins og gengið var frá því í hv. Nd. og hraða afgreiðslu þess nú fyrir þinglok. Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það þarf að sjálfsögðu ekki að taka það fram af minni hálfu, að ég styð þetta frv. Ég var einn af þeim nm. sem sömdu frv., þó það sé að vísu nokkuð breytt frá því er það kom frá okkar hendi. Það gerðist reyndar fyrir rúmlega ári síðan og við reiknuðum þá að sumu leyti út frá öðrum forsendum en þeim sem nú hafa komið í ljós, m. a. varðandi það fjármagn sem Stofnlánadeildin fengi til ráðstöfunar á hverjum tíma. Við reiknuðum ekki með því, að launakjör yrðu t. d. svo óhagstæð sem raun ber vitni nú um það lánsfjármagn, að 70% af því eru nú fullverðtryggð, en aðeins 30% óverðtryggð, en með 25% vöxtum.

Við vorum einnig með í þessu frv. okkar, sem samið var fyrir hæstv. landbrh., ákvæði um að jafnhátt framlag kæmi á móti þessu jöfnunargjaldi úr ríkissjóði. Ég hygg að hæstv. ráðh. hafi verið því sammála, en það hafi ekki komist í gegn í ríkisstj. að fá það framlag. Þetta var alveg hliðstætt því sem gerðist með neytenda- og framleiðendagjaldið. Það var ákveðið jafnhátt framlag frá ríkissjóði á móti. Við töldum það einnig eðlilegt með þessu gjaldi og til þess að styrkja stöðu deildarinnar sömuleiðis, og á þann hátt hugðumst við einnig, eins og fram kom í frv. okkar eða álitsgerð til hæstv. ráðh., taka jarðakaupalán öll inn í Stofnlánadeildina, sem nú eru hjá veðdeildinni, sem er í miklum vanda vegna þess að á veðdeildinni er um 60 millj. kr. halli.

Rétt er að taka það fram, að ég harma það, eins og ég hef gert áður, hvað þetta frv. kemur seint fram. Ég vil ekki ásaka hæstv. landbrh. fyrir það. Ég veit að hann hefði áreiðanlega viljað að það kæmi fyrr fram. Að þetta frv. öðlast ekki gildi fyrr en 1. jan. 1979 þýðir það t. d., að það skilar engu fjármagni 1. sept. 1978. Nú, prentvilla. Já, auðvitað. En það þýðir að þetta skilar engu til Stofnlánadeildarinnar á þessu ári og skilar í raun, eftir upplýsingum frá Stofnlánadeildinni og Framleiðsluráði, ekki nema 9 mánuðum á næsta ári. Þarna er um að ræða að sama aðferð verði viðhöfð og við framleiðenda- og neytendagjaldið í sambandi við gjalddagana 1. júlí og 1. jan., og þá lýkur þessu í raun og veru 7 mánuðum á eftir greiðslunum, eins og varðandi framleiðenda- og neytendagjaldið. En ég fagna því sem sagt, að þetta frv. skuli hafa fram komið, þó í breyttri mynd sé. Það hefur létt vanda Stofnlánadeildarinnar að nokkru, þó að það hafi auðvitað komið í ljós að þetta frv. dygði hvergi.

Til viðbótar við þetta jöfnunargjald hefur það svo gerst í Stofnlánadeildinni, að verðtrygging á þeim lánum, útihúsalánum til bænda og þeim lánum, sem voru með 25% verðtryggingu, hefur verið hækkuð upp í 33%. Ef ekki hefði verið farin sú leið að hækka vextina á eldri lánum, þá hefði lágmarkið sjálfsagt verið um 40% verðtrygging. Vextir hafa svo verið hækkaðir til viðbótar varðandi þetta jöfnunargjald um 3% af þessum lánum. Húsnæðismálin hafa eðlilega verið færð til samræmis við það sem gerst hefur hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, 60% verðtrygging og 9.75% vextir, og til þess að þurfa ekki að verðtryggja hærra og til að ná endum saman eða gera tilraun til þess að ná endum saman hefur svo verið ákveðin 3% hækk-

un vaxta aftur fyrir sig á öllum lánum frá 1973 — þeim sem heimild var fyrir í skuldabréfum að mætti hækka vexti á.

Hér togaðist það á í stofnlánadeildarstjórninni, hvort ætti að fara út í enn hærri verðtryggingu eða láta þá bændur, sem hafa fengið lán á þessum árum, koma nokkuð inn í þetta dæmi til jöfnunar, þó það kæmi svo aftur á móti að í stofnlánadeildarstjórninni segðu menn að þarna væri verið að koma aftan að mönnum með því að hækka vextina á þegar teknum lánum um 3%. Meiri hl. stofnlánadeildarstjórnarinnar taldi hins vegar að með þessu móti væri gengið til móts við kröfur stjórnvalda um það, hvernig þessum málum skyldi háttað, og það með, að lánahorfurnar yrðu þá bjartari ef gengið yrði að þessum skilyrðum.

Í lánsfjáráætluninni stendur þessi fallega tala: 2222 millj. til beggja deilda Stofnlánadeildar og veðdeildar. Ég benti á það þá, að þar væri um litla hækkun að ræða milli ára eða 6.7% hækkun frá fyrra ári. En þegar Stofnlánadeildin hefur verið að gera upp dæmið nú og lagt saman eigið fé og vexti af eldri lánum, sem eru 114 millj. kr. plús það lánsfjármagn sem deildinni hefur verið úthlutað, þá kemur út einnig falleg tala, en ekki sú sama, 1900 millj. Það er ráðstöfunarfé okkar eins og mál standa núna. Og nú er knúið á um það af hálfu stofnlánadeildarstjórnarinnar, að þessi tala verði ekki látin gilda, heldur hin talan, fallega talan 2222 millj., að hún verði ekki pappírstala ein, heldur raunveruleg tala.

Það er ljóst að sú útlánaskipting, sem reiknað er með, er á þá leið, að til framkvæmda, sem eru í gangi, verði úthlutað um 650 millj., til íbúðarhúsa, þ. e. a. s. nýbygginga, um 170 millj., til vinnslustöðvanna um 350 millj. Þar er um að ræða vinnslustöðvar landbúnaðarins sem taka á sig núna 100% verðtryggingu á lánum sínum. Ég veit að það verður fyrir suma aðila ábyggilega nokkuð þungbært, eins og þá á Breiðdalsvík t. d., sem eru að baksa við sitt sláturhús, að koma því upp, og lítill fjöldi innleggjenda stendur þar að baki. Dráttarvélalánin er reiknað með að fari upp í 290 millj. og mjaltakerfi o. fl. upp í 100 millj. Þegar við erum búin að leggja þetta allt saman og sjáum hvað við höfum til afgangs í nýjar framkvæmdir, þá er það samkv. útlitinu í dag, ef við verðum að reikna með þessum 1900 millj., þá sýnist mér það vera 340 millj.

Þá er að geta þess, að jarðakaupalánin eru öll eftir. Það er rétt að geta þess, að Lífeyrissjóður bænda hefur fjármagnað þau lán að miklu leyti, í fyrra yfir 60% eða um 60% líklega. Lífeyrissjóðurinn hefur lagt til í kringum 60% af fjármagninu. Nú er óvíst um getu lífeyrissjóðsins í ár vegna aukinnar bindingar hjá lífeyrissjóðunum, en ég ætla að koma síðar að því máli.

Það var ljóst að umsóknir um nýframkvæmdir bænda voru talsvert á annan milljarð kr. og Stofnlánadeildinni var því mikill vandi á höndum hvað hún ætti í þessu máli að gera. Endirinn varð sá, að samkv. sérstakri ósk frá fulltrúum bænda í stjórn Stofnlánadeildarinnar var sú regla upp tekin að taka hlöður eða heygeymslur úr alveg sérstaklega og láta þær hafa forgang. Og við settum ákveðna reglu: annars vegar væri um að ræða framhaldsframkvæmdir við áður byggð útihús og hins vegar yrði að vera knýjandi þörf vegna þess að ónógar heygeymslur væru fyrir. Ég átti satt að segja ekki von á því, þegar ég stóð að þessari reglu, að niðurstaðan yrði sú sem þarna kom út, að mati þeirra sem best til þekktu. Þar var nú annars vegar forstöðumaður Stofnlánadeildarinnar, Stefán Pálsson, sem er mjög vandvirkur maður og kynnir sér vel alla hluti, og einnig var þetta yfirlitið af Gunnari Guðbjartssyni formanni Stéttarsambands bænda. Ég efast því ekki um að þeir hafi dregið þarna þau mörk sem mögulegt væri að fara eftir. En niðurstaða þessa varð þó sú, að játandi svör voru gefin um 280 millj. til hlöðubygginganna og þá hlaut ég að vara við. Ég held að það hafi fleiri gert einnig. Við vorum orðnir á því, að við hefðum kannske gengið þarna of langt með reglu sem slíkar afleiðingar hafði miðað við að Stofnlánadeildin væri með óbreytt fjármagn frá því sem við höfum nú. En ég efast ekki um að þessi niðurstaða þeirra hafi verið rétt og efast ekki um að þetta séu allt saman knýjandi framkvæmdir.

Öðrum umsóknum varð svo að svara neitandi, þ. e. a. s. gripahúsaumsóknum varð svo að svara neitandi, öllum nýjum gripahúsum, en með heimild til endurumsóknar fyrir 15. maí ef talið væri óhjákvæmilegt að ráðast í framkvæmdina. En þá kemur auðvitað upp hinn mikli vandi Stofnlánadeildarinnar, miðað við þann sem er nú sjáanlegur, að samkv. útlitinu eru þarna ekki eftir nema 60 millj. til ráðstöfunar. Einhver skýring hlýtur að vera á því, að þarna skuli vera þessi mismunur á tölum, sem ég hef verið að tala um, 1900 millj. annars vegar og 2222 millj. í lánsfjáráætluninni hins vegar. Ég efast ekki um að hæstv. landbrh. vill láta standa við hina hærri tölu, sem mundi þá gera hvort tveggja í senn, rýmka nokkuð um möguleika stofnlánadeildarstjórnarinnar til þess að veita gripahúsalán og sjá fyrir fjármagni til jarðakaupalánanna, því að að öðrum kosti er útilokað að sjá hvernig þau verða leyst. Það má t. d. reikna með því að jarðakaupalánin verði svipuð og í fyrra. Þau voru þá 175 millj. kr. Samkv. lauslegri áætlun Stefáns Pálssonar eru þau nú 200 millj., jafnvel allt upp að þeirri tölu, en auðvitað væri þá ekki farið í kapp við verðbólguna með hækkun á þessum lánum. Og eins og ég upplýsti áðan hefur stjórn, í þessu tilfelli veðdeildar, ekki tekið afstöðu til þess, hvort um hækkun eða mögulega hækkun yrði að ræða. Ef 200 millj. færu þarna, þá færu þó til Stofnlánadeildarinnar 122 millj. Það munar auðvitað mjög miklu fyrir stjórn Stofnlánadeildarinnar, þegar hún tekur hinar endurnýjuðu umsóknir til athugunar í maí, hvort hún hefur þá til ráðstöfunar 60 millj., sem hún verður kannske að setja í jarðakaupalán eingöngu, eða hvort hún hefur 182 millj. Jarðakaupalánin eru þá einnig úr öllum vanda.

Menn spyrja eðlilega: Hvað veldur? Hverju er þessi mismunur að kenna? Ég hef ekki tiltæka skýringu á því, en einhvern veginn finnst mér af þeim umr., sem ég hef hlýtt á um þessi mál,

og þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að þetta stafi m. a. af því, að tvær stofnanir annist gerð lánsfjáráætlunar. Fyrst er um að ræða Framkvæmdastofnun ríkisins. Sú stofnun fær allar upplýsingar hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og hefur við hana ágætt samband. Eg held að Stofnlánadeildin geti ekki kvartað undan því, að Framkvæmdastofnun ríkisins hafi ekki leitað nákvæmra upplýsinga hjá forstöðumanni Stofnlánadeildar um fjárþörfina og áætlað fjármagn sem Stofnlánadeildin þyrfti. Síðan tekur hinn almáttugi Seðlabanki við. Að því er forstöðumaður Stofnlánadeildar tjáir mér, þá lætur Seðlabankinn vitanlega ekki svo lítið að tala við forstöðumann Stofnlánadeildar eða neinn af stjórnarmönnum hennar og er þó t. d. nærtækt að fara í formann stofnlánadeildarstjórnarinnar, sem er um leið formaður bankaráðs Búnaðarbankans, og þarf ekki langa leið að fara. En Seðlabankinn virðist svo, hreint út sagt, búa sér til ákveðnar tölur. Ég skal nefna um það dæmi sem eru rétt — dæmi fengin beint frá forstöðumanni Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Seðlabankinn hækkar markaða tekjustofna um 31 millj. frá því sem Framleiðsluráðið hefur gefið upp, þ. e. a. s. varðandi neytenda- og framleiðendagjaldið. Það er óskiljanlegt og engin rök hafa verið færð fyrir því, hvers vegna þessi upphæð er hækkuð þannig, því að hún mun vera í algjöru hámarki hjá Framleiðsluráði, sem mun hafa reynt að hafa hana eins nærri réttu lagi og hægt væri, en þó í hærra lagi engu að síður. En Seðlabankinn hækkar markaða tekjustofna sem sagt um 31 millj. kr. Þá er gerð krafa um 3% hærri vexti á eldri lán, eða lán frá 1973 og til þessa árs, og stofnlánadeildarstjórnin verður við þessari kröfu. En mismunurinn er sá, að þegar henni er fylgt nákvæmlega, eins og farið er fram á af Seðlabankanum, þá koma þar út 114 millj. sem hámark á þessu ári í staðinn fyrir að Seðlabankinn gefur sér upp auðvitað allt aðra tölu eða 170 millj. Og þó er tekin, og var áreiðanlega ekki sársaukalaust fyrir menn, ákvörðun um þessa hækkun á áður teknum lánum um 3% beinlínis til þess að það væri þá staðið við áður gerða lánsfjáráætlun og upphæðina sem þar væri.

Og síðan kemur auðvitað það, sem meginmáli skiptir að áliti forstöðumanns Stofnlánadeildar, þ. e. a. s. um Lífeyrissjóð bænda. Í stað þess 150 millj. kr. fasta framlags eða upp á 25%, sem þýðir 150 millj., sem lífeyrissjóðurinn leggur Stofnlánadeildinni til, þá setur Seðlabankinn upp töluna 350. Þar munar auðvitað langmestu.

Það er upplýst af Stefáni Pálssyni, sem er málefnum lífeyrissjóðsins ekki síður kunnugur en málefnum Stofnlánadeildarinnar, að ekki hafi Lífeyrissjóður bænda eða aðilar hans verið spurðir neitt um þetta. Þessi tala var hreinlega tilbúin þarna. Og að hans mati eru þessir fjármunir, sem þarna er verið að ræða um, ekki til. Seðlabankann varðar kannske ekkert um það, ég veit það ekki, en alla vega virðist það vera þannig. Ástæður þess, að þessir fjármunir eru ekki til, eru t. d. þær, að eftirlaun til bænda, sem voru 160 millj. á s. l. ári verða nú á þessu ári um 300 millj. kr. Og þá er spurt: Hvað gerir þá Lífeyrissjóður bænda annað en þetta, fyrir utan þetta fasta framlag sem þarna er reiknað með, 25% eða 150 millj.? Hann lánar almenn viðbótarlán til íbúðarhúsa á sama hátt og aðrir lífeyrissjóðir. Það fer í gegnum Stofnlanadeildina og kemur ekki inn í þetta dæmi á nokkurn veg og getur ekki komið inn í áætlunardæmi Seðlabankans um ráðstöfunarfé Stofnlánadeildarinnar með nokkru móti. Það er útilokað. Þetta er óskylt mál. Þetta eru viðbótarlán eins og lífeyrissjóðir veita félagsmönnum sínum. Síðan koma bústofnskaupalánin sem bændasamtökin og lífeyrissjóður þeirra komu á og fara einnig um Stofnlánadeildina og geta vitanlega ekki komið inn í þetta áætlunardæmi nema þá að taka bústofnskaupalánin inn í líka hinum megin. Og það er ofvaxið minum skilningi, nákvæmlega eins og okkar í stofnlánadeildarstjórninni yfirleitt, að þessa peninga megi nýta til jarðakaupa og útihúsabygginga annars vegar og til viðbótarlána og bústofnskaupalána hins vegar sömu peningana. Ég hefði haldið að þetta ættu m. a. s. vitringar Seðlabankans að skilja. En það væri betra fyrir ríkissjóð og aðra þá aðila, sem þar eiga mest í viðskiptum, ef Seðlabankinn gæti þannig áætlað tvöfalda notkun þeirra peninga sem hann er að reikna með.

Ég hlýt að beina þeirri áskorun til hæstv. ráðh., sem ég veit að hefur starfað mikið að þessum málum, að þarna fáist á sú nauðsynlega leiðrétting sem er óhjákvæmileg, ekki síst með tilliti til þess, að í lánsfjáráætluninni var um litla hækkun milli ára að ræða til Stofnlánadeildarinnar. Þetta sést auðvitað best á því, að ef dæmið stendur óbreytt eins og það er nú, þá eru jarðakaupalánin öll til gripahúsabygginga á landinu, nýbygginga, 60 millj. Ef það á að fara að nota þetta út af fyrir sig sem hemil á framleiðsluna, sem sögð er of mikil hér á landi, þá er auðvitað ekki um neina samræmda aðgerð að ræða í því efni. Ég held ég tali fyrir munn allra í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins er ég segi að það sé ekki ætlun þeirra að standa þannig að málunum, enda sér auðvitað hver maður að þessar 60 millj., dreifðar um allt land, eru rétt aðeins fyrir þeirri nauðsynlegu endurnýjun sem þyrfti að vera í einu kjördæmi.

Auðvitað væri hægt að tala um þetta langt mál. En ég var að lesa í morgun það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði í Nd. um þetta mál. Ég tek undir það, að rótin að þessu og aðalorsakavaldurinn að þessum vandræðum öllum er auðvitað sú vaxtaokurstefna sem hér er á ferðinni ásamt verðbólgunni og sem hliðarverkun við hana, því að hversu mjög sem reynt er að kenna okkur í bankaráði Búnaðarbankans það, að vaxtahækkunin sé bara afleiðing verðbólgunnar og ekkert annað og óhjákvæmileg afleiðing, þá viljum við halda því fram, að vaxtahækkunin sé ekki síður orsök og sé a. m. k. meðverkandi orsök alveg eins.

Ég vildi svo aðeins, vegna þess að ég sé það í nál. frá minni hl. landbrn. í Nd., leiðrétta það sem þar kemur fram. Segir þar — með leyfi hæstv. forseta — í nál. frá Benedikt Gröndal, ég er nú svolítið hissa, frá svo glöggum manni: „Jöfnunargjaldið leggur þunga hárra vaxta á neytendur.“ Og svo aftur: „Með því að leggja jöfnunargjald á heildsöluverð búvöru

hækkar að krónutölu álagning smásölu á þessar vörur. Við það hækkar verðið til neytenda um meira en gjaldinu nemur.“ Þarna er óbeint verið að gefa í skyn, að þó að vextir eða verðtrygging hefði verið hækkuð á móti þessu, þá hefði það ekki komið við neytendur, en hins vegar þetta jöfnunargjald. Hér er um grundvallarmisskilning að ræða. Það var reiknað út fyrir okkur í n. — við vildum hafa allt á hreinu um það — reiknað af okkur í n., eins og hæstv. ráðh. kom inn á áðan, að hér væri um nákvæmlega sömu byrðar að ræða fyrir neytendur hvort sem þetta jöfnunargjald yrði upp tekið eða ekki. Hitt er svo rétt, sem segir í nál. einnig: „Raunar mismunar gjaldið bændum sjálfum. Það styður þá, sem eru skuldugir, á kostnað hinna, sem lítið skulda.“ En þarna greinir okkur mikið á, vegna þess að mér sýnist að þarna sé verið að tala um neikvæða hlið, en ég hlýt að líta á þetta sem það jákvæða í þessu efni. Hér er verið að draga úr byrði þeirra sem nú standa í dýrum framkvæmdum, og það er verið að reyna að jafna henni á stéttina vegna þess að annars kæmi þetta fram í búvöruverðshækkun til allra bænda og væri ekkert hægt að nota í því skyni sem gert er hér ráð fyrir. Og það hélt ég að væri jafnvel stefna hv. þm. Benedikts Gröndals — þó að það sé óviðeigandi að vera að fara út í það hér í annarri deild — að þá, sem erfiðara ættu uppdráttar í landbúnaði, væri sanngjarnt að styðja meira en aðra. Ég vona þess vegna að þetta sé ekki sagt í neikvæðri merkingu í þessu nál. Ég vona það sannarlega.

En vandinn er sem sagt mikill hjá Stofnlánadeildinni og væri ábyggilega kærkomið fleiri en mér ef hæstv. ráðh. gæti á þessu stigi málsins gefið einhver svör um það, hvað gæti orðið til ráða til þess að fá töluna 2222 millj. raunverulega til ráðstöfunar fyrir Stofnlánadeildina og veðdeildina. Þetta skiptir okkur gífurlegu máli, sem stöndum í þessum vanda í stjórninni, og það skiptir auðvitað bændur gífurlega miklu máli. Þarna er um að ræða menn sem hafa byrjað hlöðubyggingar og eru búnir með þær og ætla svo að halda byggingum áfram. Þetta getur stöðvað þá. Ég veit að hæstv. ráðh. gerir sér engu síður en við grein fyrir þeim hættulegu afleiðingum sem það getur haft. Nægur verður nú niðurskurður okkar samt, þó að þetta fengist og við gætum þó mylgrað, ef svo mætti segja einhverju út í mai í staðinn fyrir að þurfa þá að synja öllum endurumsóknum. Það væri ekki bara slæmt fyrir bændur, heldur hygg ég að við í stjórn Stofnlánadeildarinnar fengjum orð í eyra og bændur misstu hreinlega alla trú á okkur ef við yrðum svo að sætta okkur við að neita öllum þessum endurumsóknum sem við erum óneitanlega að gefa viss fyrirheit um að við munum a. m. k. athuga vandlega og reyna að meta þær brýnustu þegar þar að kemur.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er ætlað til þess að einhverju leyti að létta undir með þann vanda sem Stofnlánadeild veðdeildar hefur vegna þess mikla fjármagnskostnaðar sem deildin býr við og er vissulega mikið vandamál.

Í sambandi við þetta langar mig til að vekja athygli á því, að við rekstur slíks fyrirtækis sem Stofnlánadeild landbúnaðarins er, því hún er orðin allumfangsmikil stofnun, eru fleiri útgjöld en vaxtakostnaður eingöngu. Það er líka verulegur kostnaður við rekstur deildarinnar almennt.

Því minnist ég á þetta atriði, að á sínum tíma, þegar Framkvæmdabankinn var lagður niður, var sett á fót stofnun sem nefnd er Framkvæmdasjóður Íslands. Var þeim sjóði ætlað svipað hlutverk og Framkvæmdabankinn hafði gegnt áður, sem var að annast um stofnlán til hinna ýmsu stofnsjóða í þjóðfélaginu. Mér áskotnaðist sá heiður, að ég átti sæti í stjórn þessa framkvæmdasjóðs í nokkur ár — mig minnir að það hafi verið tvö kjörtímabil. Þá var það, að oft kom til umræðu, þegar fyrrgreindur sjóður starfaði og var verið að úthluta upphæðum til hinna ýmsu stofnlánasjóða, að kostnaðurinn við rekstur Stofnlánadeildarinnar þótti ekki vera í neinu samræmi við það sem eðlilegt gæti talist. Að þessu var fundið, ég held í hvert skipti sem úthlutun á fjármagni til deildarinnar var til umr., og það var rætt um það innan stjórnar Framkvæmdasjóðsins, að brýna nauðsyn bæri til að ræða um það við stjórnendur Búnaðarbankans, sem þá um leið voru stjórnendur Stofnlánadeildarinnar, að þessi mál væru athuguð. Og ég vil segja það, að hafi engin lagfæring verið gerð á því hlutfalli, sem ríkti á þessum árum sem ég er nú að ræða um um kostnaðarhlutdeild Stofnlánadeildar landbúnaðarins í almennum kostnaði við rekstur Búnaðarbanka Íslands, þá er þar um miklar upphæðir að ræða.

Nú háttar svo til, að lagt hefur verið til að vísa þessu frv. til hv. landbn. þessarar d. til meðferðar. Ég á ekki sæti í þeirri n. Ég vildi því gjarnan beina þeim tilmælum til þeirra aðila, sem eiga sæti í hinni virðulegu landbn., að þegar þetta mál verður tekið til umfjöllunar í n. verði reynt að afla upplýsinga um það, hvað rekstrarkostnaður Stofnlánadeildarinnar er mikill, hver rekstrarkostnaður deildarinnar hefur t. d. verið undanfarin 5—6 ár, hversu umfangsmikil starfsemi deildarinnar er og hvort sá hluti rekstrarkostnaðar, sem færður er á reikning Stofnlánadeildarinnar, sé í eðlilegu samræmi og hlutfalli við hinn almenna kostnað við rekstur Búnaðarbankans. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um svo mikilvægt atriði að ræða, sem hafi svo stórkostlega fjárhagslega þýðingu, að það sé fyllsta ástæða til að kanna þetta mál ofan í kjölinn. Ég tel því rétt að koma þessum óskum mínum á framfæri. Nú skal ég taka það skýrt fram, að ég vil á engan hátt verða til þess að tefja afgreiðslu þessa frv., því mér skilst að þetta sé stjfrv. sem hafi verið ákveðið að næði fram að ganga, en mér finnst að þessi athugun geti ekki tekið langan tíma og ætti að vera auðvelt að fá þær upplýsingar sem ég hef verið að biðja um.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Vegna þess að ég legg mikið kapp á að koma þessu máli til hv. landbn. og 2. umr., þá ætla ég ekki að fara út í neina umr. um málið frekar en ég gerði í framsöguræðunni áðan. En

út af fsp. hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég taka skýrt fram, að upplýsingarnar skulu liggja fyrir, og gleðja hann með því, að prósentulækkun hefur verið árlega og orðinn er verulegur munur. Ég skal láta upplýsingarnar ná yfir árið næst á undan því sem ég tók við starfi landbrh. og til síðustu áramóta.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður, en ástæður fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs eru tvær. Annars vegar eru þau ummæli hæstv. ráðh., að þetta mál hafi farið gegnum Nd. án nokkurrar andstöðu við það. Ég vek athygli á því, sem raunar hefur komið fram í ræðum manna, að þingflokkur Alþfl. hefur lagst gegn þessu frv. eins og það liggur fyrir. Ástæðan er sú að eftir að það var rætt í þingflokknum þótti okkur stefnan, sem þar er tekin upp, ekki samrýmast því, sem virðist vera nú stefna í sambandi við vaxtahækkanir, að reyna að nota þær til þess að spyrna gegn óeðlilega miklum fjárfestingum. Í öðru lagi sýndist okkur að þegar þessi mismunun væri borin saman við aðra atvinnuvegi, væri vafasamt að vera að taka eina atvinnugreinina svona út úr, að láta hana ekki sitja við sama borð með vexti eins og aðrar atvinnugreinar.

Þá virtist okkur að með því að leggja þetta gjald á heildsöluverð, en ekki gegnum vextina, þá yrði það neytendum nokkru erfiðara, enda kæmi á þetta gjald hækkun smásöluálagningar og söluskattur þar ofan á, þannig að það mundi ekki vera réttur útreikningur að þetta væri neytendum ekki erfiðara en sú vaxtaprósenta sem þarna var gert ráð fyrir.

Einnig kvaddi ég mér hljóðs út af því, sem hv. þm. Helgi F. Seljan sagði. Hann misskilur að mínum dómi grg. Benedikts Gröndals þar sem segir: „Jöfnunargjaldið leggur þunga hárra vaxta á neytendur, en þurrkar út þau áhrif (sem eru tilgangur hávaxtastefnunnar) að draga úr framkvæmdum og þar með hugsanlega aukinni framleiðslu á sama tíma sem offramleiðsla í landbúnaði er vandamál.“ Hérna held ég að hv. þm. Benedikt Gröndal eigi við það, að alveg eins og vextirnir leggi þunga hárra vaxta á neytendur, þá geri framleiðslugjaldið það líka, en í staðinn fyrir að vextirnir fylgja tilgangi hávaxtastefnunnar, ef það er lagt á, þá þurrki hin aðferðin út þennan tilgang. Þetta held ég að felist í orðum Benedikts.

Og loks er það svo sú hlið, hvort rétt sé að hlífa þeim sem skulda mikið við vöxtunum, vegna þess að þá sé maður um leið að hlífa þeim sem erfiðar standa í lífsbaráttunni. Ég er ekki viss um að þetta sé alls staðar rétt. Ég hef einmitt séð að margir svæsnustu skuldakóngar í landbúnaði eru menn sem hafa beinlínis spekúlerað í því að skulda mikið. Ég þekki til þess. Ef þetta væri ekki, þá mundi ég taka undir orð Helga F. Seljans, en ég hef því miður séð allt of mikið um að jafnvel í landbúnaðinum sé spekúlerað í skuldum.

Hér er enn bent á í nál. Benedikts Gröndals, sem nokkuð hefur verið vitnað í og ég hef einnig gert, að ekki sé fullt samræmi gagnvart bændastéttinni annars vegar og Húsnæðismálastofnun ríkisins hins vegar, eins og hann segir: „Einn af tekjustofnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins er skyldusparnaður, nema hvað í sveitum rennur hann til Stofnlánadeildar.“ Okkur fannst eðlilegt, að ef Húsnæðismálastofnun ríkisins tæki við lánveitingum til íbúðabygginga í sveitum ætti allur skyldusparnaður líka að renna til þessa sjóðs.

Þetta voru þær aths. sem þingflokkurinn gerði á fundi í sambandi við þetta mál. Mér þykir rétt að það komi fram þegar við 1. umr.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. sem neinu nemur, en vegna þeirra orða, sem fallið hafa í sambandi við það gjald sem lagt er á landbúnaðarvörur til þess að jafna eða lækka vaxtabyrði nýrra lána í Stofnlándeildinni, þá langar mig að benda á það, að ég tel þetta einmitt mikið hagræði fyrir neytendur. Það er útilokað að nokkur atvinnuvegur geti staðist það til lengdar, að fjármagnskostnaður í verðútreikningum sé langt frá því sem fjármagnskostnaður er á hverjum tíma í sambandi við nýframkvæmdir. En einmitt með því að leggja svona gjald á, þá er komið í veg fyrir að kröfurnar um mjög háan fjármagnskostnað innan atvinnugreinarinnar komi fram. Það er dregið úr þeim kröfum sem menn hljóta að gera til þess, að það fjármagn, sem menn leggja í atvinnuveginn, skili sér. Ég tel að þetta sé ekki síður hagsmunamál neytenda, að vöxtunum sé haldið í skefjum til nýframkvæmdanna einmitt á þennan hátt. Það er á annan hátt sem ég tel að eigi að koma í veg fyrir offramkvæmdir í landbúnaði. Það er einmitt með því að hafa hemil á lánveitingunum. Eins og nú horfir, sést ekki annað en það verði gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395). — 1. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Við 1. umr. vil ég þegar láta koma fram nokkrar aths. við þetta mál. Ég skal þó reyna að vera stuttorður.

Hér er um að ræða, eins og fram kemur á þskj., sölu tveggja eyðijarða í Önundarfirði til bónda sem er leiguliði á næstu jörð, Kirkjubóli. Eyðijarðir þessar hafa verið leigðar öðrum bónda þar í nágrenninu, á Veðrará. Á Veðrará er landrými mjög lítið og byggir hann búskap sinn að verulegu leyti á þessum tveimur eyðijörðum.

Um þetta mál hafa orðið miklar deilur, óvenjumiklar satt að segja þegar um sölu eyðijarða er að ræða, í hv. Nd. Hafa umsagnir um málið verið mjög á tvo vegu. Jarðanefnd og hreppsnefnd hafa mælt með þessari sölu. Hins vegar hafa ráðunautar á svæðinu eindregið mælt gegn henni, og sömuleiðis liggur fyrir bréf frá fyrrnefndum bónda á Veðrará þar sem hann lýsir þeim erfiðleikum sem þetta muni valda honum, jafnvel svo að hann muni þurfa að bregða

búi. (StJ: Jarðanefnd var klofin í málinu.) Já, það er rétt sem hv. þm. segir. Jarðanefnd var klofin í málinu, en meiri hl. mælti með þessu engu að síður.

Ég vil láta koma fram, að ég teldi það mikið óráð að selja á þessu stigi þessar tvær eyðijarðir, eins og þarna er gert ráð fyrir. Í Önundarfirði er nægilegt landrými fyrir báða þessa bændur. Þarna eru fleiri eyðijarðir sem ég þarf ekki að nefna hér, t. d. eyðijörðin Hestur og reyndar fleiri. Það er vafalaust að báðum þessum bændum má búa ákjósanleg búskaparskilyrði þarna í firðinum. Ég er því þeirrar skoðunar og vil beina því til hv. landbn., sem eflaust fær þetta mál til meðferðar, að þetta mál verði athugað betur, en ekki afgreitt í flýti með verulegum deilum, sem það mun hafa í för með sér innan þessa svæðis, og þeim vandræðum, sem ég hef lýst. Ég vil því biðja n. að athuga þá leið að vísa málinu til ríkisstj. með tilmælum um að það verði athugað hvernig megi leysa vanda þessara bænda beggja farsællega. Ég leyfi mér að fullyrða að það er hægt. Vandalaust er að gera það og gæti landbrn. falið jarðanefnd að gera till. um það.

Þetta vildi ég láta koma fram þegar við 1. umr. þessa máls.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það var aðeins út af ummælum hv. síðasta ræðumanns varðandi jarðirnar í Önundarfirði, sem frv. þetta fjallar um. Ég vil láta það koma fram, að mælt er með þessari sölu af hreppsnefnd Mosvallahrepps einróma, öllum hreppsnefndarmönnum. Ég vil enn fremur láta þess getið, að mælt er með sölu þessara jarða af jarðakaupanefnd. Og ég vil láta það líka koma hér fram, að þetta mál hefur verið mjög rækilega athugað, ekki síst af heimamönnum sem öllum hnútum eru kunnugastir. Ég hygg, að það sé erfitt að halda því fram á hv. Alþ., að mál, sem hreppsnefnd Mosvallahrepps mælir einróma með á þann hátt sem hér liggur fyrir, sé lítt athugað. Og þess er vænst af þessum aðilum, að þetta mál fái framgang á þessu þingi. Vildi ég einungis láta þetta koma hér fram á þessu stigi af gefnu tilefni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætti nú kannske síst að blanda mér í þess háttar mál sem jarðasölumálin eru í öðrum kjördæmum. En þó fór svo fyrir mér, að ég hét því kunningjum mínum þar vestra, sem mál þetta snertir, að hvetja til þess að farið væri varlega í að taka ákvörðun um sölu þessara tveggja jarða að svo komnu máli. Ég hef fyrir framan mig bréf, undirritað af búnaðarráðunautum sem rannsakað hafa þetta mál, og einnig ljósrit af bréfi frá Jóni Guðjónssyni á Veðrará. Bréf þessi sýna mér ljóslega, að fyrir Jóni bónda á Veðrará, sem nú hefur heyskaparnytjar á Kroppsstöðum, lægi tæpast annað en að hætta búskap ef hann yrði nú sviptur nytjum af þessu túni sem hér kemur til greina að selt yrði. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa umsögn ráðunautanna varðandi málið. Bréfið er dags. á Ísafirði 19. mars. Þar segir:

„Okkur undirrituðum hefur borist beiðni frá Jóni Guðjónssyni bónda á Ytri-Veðrará, Mosvallahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, þess efnis að gefa umsögn um búskaparhæfni jarðar hans, bæði með tilliti til hugsanlegs missis nytja af jörðinni Kroppsstöðum í sömu sveit og mikilla framkvæmda opinberra aðila á eignarjörð hans. Einnig hefur Jón sent okkur ljósrit af bréfi sínu til landbrh. og þm. Vestfjarðakjördæmis, dags. 9. 12. 1977. Viljum við staðfesta það, er kemur fram í bréfi Jóns, að jörðin Ytri-Veðrará ber ekki vísitölubú, og mun þó aðstaða Jóns enn versna vegna mikilla framkvæmda opinberra aðila í landi hans. Gróft áætlað ber jörðin um hálft vísitölubú. Kemur þar bæði til lítið beitarland og takmarkað ræktunarland. Samkvæmt skýrslum er ræktun á Ytri-Veðrará 12 ha, en af því eru 1—2 ha tæpast nýtanlegir vegna grjóts og bleytu. Ræktunarmöguleikar eru 4—6 ha, en það land er mjög grýtt og illa fallið til ræktunar. Jón hefur sótt heyskap á fjórar jarðir í Mosvallahreppi alls um það bil 16 ha, þar af eru í landi Kroppsstaða 6 ha nokkuð samfellt og sæmilegt tún. Auk þess lét Jón grafa á Kroppsstöðum s. l. sumar 5435 rúmmetra til að bæta túnin til þurrkunar ræktunarlands og til bættrar nýtingar á engjum í Kroppsstaðalandi. Þó Kroppsstaðir liggi 4—5 km frá Ytri-Veðrará er þetta stærsta og samfelldasta túnið sem Jón hefur haft á leigu. Telja verður ólíklegt, ef Jón missir ítök sín í Kroppsstöðum, að hann geti fengið annað heppilegt land í þess stað og mundu því afleiðingarnar verða mjög skertir afkomumöguleikar á Ytri-Veðrará."

Þetta bréf er undirritað af þeim ráðunautum Sigurði Jarlssyni og Þórarni Sveinssyni.

Ég leyfi mér að taka undir tilmæli hv. þm. Steingríms Hermannssonar um það, að þetta mál verði athugað mjög vel í landbn. áður en tekin verður ákvörðun um að selja þessar jarðir, a. m. k. nú þegar, ef af því gæti leitt að Jón bóndi Guðjónsson flosnaði upp af jörð sem hann hefur setið lengi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 86. fundur.

Fimmtudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 717). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir til umr. frv. til l. um jöfnunargjald.

Með frv. þessu er lagt til að sérstakt gjald verði lagt á innfluttar iðnaðarvörur til þess að vega upp á móti þeim söluskatti sem verður hluti af framleiðsluverði innlends varnings.

Við myndun markaðssamstarfs landa Vestur-Evrópu á sjötta áratugnum — Efnahagsbandalags Evrópu og Fríverslunarsamtaka Evrópu — kom fljótlega í ljós að hin mismunandi kerfi söluskatta þessara landa röskuðu að ýmsu leyti samkeppnisaðstöðu framleiðslugreina þessara

landa, eftir því hvaða skattkerfi voru í gildi. Var það talið verka sem hemill á þá fríverslun sem stefnt var að. Í sumum löndum var innheimtur svonefndur fjölstigasöluskattur, er lagðist á heildsöluverð á hverju viðskiptastigi og gat því lagst oft á sömu vöruna á leið hennar um hin ýmsu viðskiptastig frá framleiðanda til hins endanlega kaupanda. Í öðrum löndum var innheimtur svonefndur eins stigs söluskattur, en hann er krafinn aðeins á einu viðskiptastigi, t. d. heildsölustigi eða smásölustigi.

Söluskattur á Íslandi er almennt bundinn við síðustu stig viðskipta og er því eins stigs söluskattur, þótt frá þeirri meginreglu séu nokkrar undantekningar. Í öðrum löndum er í gildi svonefndur virðisaukaskattur. Hann er fjölstigaskattur, er greiðist á hverju viðskiptastigi, en við skil á skatti þessum til ríkissjóðs má fyrirtæki draga frá álögðum skatti af heildarsölu þann skatt, sem það hefur greitt við kaup á vörum og hvers konar aðföngum til framleiðslunnar.

Til þess að koma í veg fyrir að þessi mismunandi skattkerfi röskuðu innbyrðis samkeppnisaðstöðu aðildarlandanna var fljótlega hafist handa um að samræma söluskattskerfin. Má nú heita að öll aðildarlönd Efnahagsbandalagsins og Fríverslunarsamtaka — að Finnlandi og Íslandi undanskildum — hafi samræmt söluskattskerfi sín með því að taka upp virðisaukaskatt.

Þetta skattkerfi felur í sér m. a., að enginn skattur er innifalinn í verði útfluttrar vöru og þjónustu, þar sem uppsöfnunaráhrifa gætir ekki frá virðisaukaskattkerfi.

Í grg., er fjmrn. birti um virðisaukaskatt, er fjallað ítarlega um þá uppsöfnun, sem á sér stað á söluskatti hér á landi, og áhrif hennar á samkeppnisaðstöðu. Í álitinu segir m. a., með leyfi forseta:

„Uppsöfnunaráhrifin valda ófyrirsjáanlegri mismunun á samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina og framleiðsluaðferða. Þau geta þar með haft áhrif á val neytenda á neysluvörum og þau hafa tilviljunarkennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara, bæði á erlendum og innlendum markaði, í samkeppni við erlendis framleiddar vörur.“

Með frv. þessu, ef að lögum verður, er jöfnuð að verulegu leyti sú mismunun sem íslenskur iðnaður hefur búið við að talið er. Áætlað er að tekjur af jöfnunargjaldi muni nema 675 millj. kr. árið 1978 miðað við lögfestingu nú á næstu vikum, en 1 milljarði 80 millj. kr. á ársgrundvelli. Lagt er til í þessu frv. að tekjum þessum verði að hluta varið til eflingar iðnþróunar samkv. því er ákveðið verður í fjárlögum fyrir ár hvert, þ. á m. til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti, til eflingar Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og markaðsöflun fyrir íslenskar iðnaðarvörur, til undirbúnings og skipulagningar tæknistofnunar fyrir iðnaðinn, en frv. um þá stofnun er til umr. hér á þessum fundi í hv. d., til eflingar tækniaðstoð við iðnfyrirtæki, til starfsþjálfunar og eftirmenntunar faglærðs og ófaglærðs fólks er við iðnað starfar, til að auka stuðning við nýiðnaðarverkefni, til eflingar vöruþróun. Á þessu ári gerir frv. ráð fyrir að það verði ríkisstj. sem taki ákvörðun um ráðstöfun þeirra tekna sem þetta gjald, ef að lögum verður, gæfi.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meir um frv., vísa til þeirrar grg., sem með því fylgir, og leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það hefur alllengi verið rætt um svonefndan uppsafnaðan söluskatt iðnfyrirtækja og ráðstafanir í sambandi við það vandamál sem því er samfara. Ég hygg að nær allan tímann, sem þetta mál hefur verið rætt, hafi athyglin beinst að því, að eðlilegt væri að ríkið skilaði nokkrum hluta af þeim söluskatti, sem ríkið hefur innheimt í þessum tilvikum og ekki er í rauninni í samræmi við það sem gildir hjá þeim þjóðum þar sem annar háttur er hafður á söluskattsinnheimtu, eða þar sem virðisaukaskattur er kominn til sögunnar. Og gjarnan hefur verið um það rætt að endurgreiða þessa fjárhæð, sem þannig hefur verið innheimt af þessum tilteknu vörum, þeim starfsgreinum sem eiga hlut að máli, aðallega iðnaðarfyrirtækjum. En með þessu frv. er farið inn á alveg nýja braut. Hér er ekki gert ráð fyrir því, að ríkið endurgreiði neitt, heldur er farið fram á að ríkið geti lagt á nýjan skatt umfram það sem fyrir er, söluskattsforminu verði haldið algerlega óbreyttu, en til viðbótar komi tiltekið gjald á ákveðnar innfluttar vörur, svonefndar samkeppnisvörur.

Mér sýnist að með þessum hætti sé farið alveg í öfugan enda á þessu máli, það sé alveg staðið öfugt að þessu. Raunverulega kemur því málið þannig fyrir, að hér er um að ræða að samþykkja nýja skattlagningu sem gengur út í verðlagið. Hér er verið að gera ráð fyrir því, að á þessu ári komi til nýjar álögur á innfluttar vörur af tilteknum tegundum sem munu nema í kringum 675 millj. kr. að áætlað er á þessu ári, en síðan 1080 millj. kr. á heilu ári.

Ég er algerlega andvígur þessari aðferð. Ég viðurkenni þann vanda sem samkeppnisiðnaður okkar á við að etja, hvort heldur er um útflutningsvöruiðnað að ræða eða samkeppnisiðnað á innlendum markaði. Hér er um vandamál að ræða. Ég hefði viljað hafa hönd í bagga með að leiðrétta það misræmi sem þarna er komið upp, en á þeim grundvelli, að ef farið yrði í það að leggja á gjald, þá rynni það hreinlega til þess samkeppnisiðnaðar sem hér á hlut að máli, en engar veginn á þeim grundvelli, að hér sé bætt við nýju gjaldi sem er raunverulega nýr tekjustofn fyrir ríkið. Þó að látið sé skína í að þetta gjald verði niður fellt þegar hér verður gerð kerfisbreyting í sambandi við þessa skatta, þá trúir maður því mátulega, miðað við alla þá reynslu sem fyrir er af nýjum sköttum sem eru hér lagðir á.

Það er beinlínis tekið fram í grg. með þessu frv., að ríkið geti varið tekjunum af þessu nýja gjaldi til þess að greiða þau útgjöld sem búið var að reikna með á fjárl. að ríkið ætti að hafa tekjur til þess að standa undir. Hér er því aug-

ljóslega um nýja tekjuöflunarleið að ræða fyrir ríkið, enda er allt frv. gert með þeim hætti, að ég tel að það sé í rauninni alveg einstakt í sinni röð. Þannig er sagt í grg., að verja skuli þessu gjaldi að hluta í þessu skyni í sambandi við fjárgreiðslur sem hefur verið áður velt af iðnaðinum, en þá á gjaldið líka að öðrum hluta að renna beint í ríkissjóð. Og í rauninni rennur allt gjaldið á þessu ári í ríkissjóð, miðað við það sem þegar hefur verið ákveðið í sambandi við fjárlög.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þetta gjald verði lagt á svonefndar samkeppnisvörur frá EFTA-löndum og Efnahagsbandalagslöndum. En það er einnig gert ráð fyrir í 1. gr., að þetta gjald eigi að lenda á sams konar vörur sem fluttar eru inn frá öðrum löndum, þó að tollum hafi í mörgum tilfellum ekki verið breytt, t. d. í síðustu tollbreytingu á slíkum vörum, því að kunnugt er að tollaniðurfærslur í slíkum tilfellum hafa ekki allar verið með sama hætti. Vissulega er hægt að nefna dæmi um að tollar á slíkum vörum hafi verið lækkaðir eitthvað, en engan veginn eins. Þarna er ekki jafnræði á milli, eins og kunnugt er. Ég tel því mjög hæpið að fara inn á þá braut að leggja á þetta gjald í þessu formi, þó að menn hneigðust að því að taka þetta gjald, sem ég tel vera ósanngjarnt.

Í 3. gr. frv. segir, að tekjum af jöfnunargjaldi skuli ráðstafa í fjárl. ár hvert að hluta til til eflingar iðnþróunar. Þetta er auðvitað svo óákveðið að alls ekki er sæmandi að setja slíkt í lög. Ef verið er að leggja á ákveðið gjald og það er gert undir því fororði, að það sé fyrir einhvern tiltekinn aðila, þá á að binda það um leið í lögum. Allt annað er í rauninni að nota þetta sem skálkaskjól. Það er verið að réttlæta nýjan tekjustofn með því að góður aðili eigi í hlut, en allt er óákveðið og fljótandi um það, hvernig með þetta skuli farið. Auðvitað er ekki sæmandi að ganga á þennan hátt frá máli eins og þessu.

Þá tekur nú ekki betra við, sýnist mér, í sambandi við síðari mgr. 3. gr., en þar segir: „Tekjum af gjaldi þessu, er til falla árið 1978, skal ráðstafa samkv. ákvörðun ríkisstj.“ Þarna þykir mér heldur en ekki frihendis að farið, því að vitanlega á, þegar um nýjan gjaldstofn eins og þennan er að ræða, að segja til hvers hann á að ganga, ekki síst þegar nýlega hefur verið gengið frá fjárl. fyrir árið og búið er að ráðstafa þar tekjum og ákveða gjöld. Vitanlega er eðlilegt að þegar kemur nýtt tekjufrv. sé hreinlega frá því gengið, í hvað fé á að renna, en ekki segja einfaldlega: Ríkisstj. ákveður hvað hún gerir við peningana. — En þetta er að mörgu leyti í samræmi við önnur ákvæði í þessu frv. sem eru einmitt af þessari tegund, eins og t. d. 4. gr. Þar segir: „Ráðh. ákveður með reglugerð, hvaða vörur skulu gjaldskyldar samkv. 1. gr.“ — M. ö. o.: algerlega er opið hvaða vörur hann kann að ákveða í þessum efnum. Þetta er ekki heldur sæmandi. Ég geri ráð fyrir því, að flestir hefðu látið sér til hugar koma að allar þær vörur, sem falla undir það að kallast EFTA-vörur eða samkeppnisvörur, hefðu átt að falla undir þetta, nema þá um tiltekin frávik væri að ræða, sem væru tilgreind þannig að það gæti ekki verið mikill vafi á því, hvað gæti undir það flokkast.

Mín afstaða til þessa frv. við fyrstu athugun er því sú, að ég er á móti frv. í þessari mynd. Ég viðurkenni vandamálið sem hér er verið að ræða um. Það er enginn vafi á því, að hér hefur safnast upp söluskattur sem hefur verið innheimtur af íslenskum framleiðslufyrirtækjum, bæði þeim, sem starfa einkum fyrir erlendan markað, og einnig þeim, sem vinna í samkeppni við innfluttar vörur. Það hefur verið innheimt of hátt gjald af þessum aðilum sem ber að skila, og um það þarf að setja reglur. En þessi aðferð, sem hér er á höfð, er þannig, að ég get ekki fallist á hana. Ég get ekki séð annað en hér sé um nýja gjaldtöku að ræða og gjaldtöku sem er fyrst og fremst hugsuð til þess að bæta hag ríkissjóðs. Mér hefði líka fundist eðlilegt að hæstv. fjmrh., sem talaði fyrir frv., gerði grein fyrir því, að hve miklu leyti hann hugsar sér að um nettó tekjuauka sé að ræða fyrir ríkissjóð. Þó að sagt sé að verja skuli þessu gjaldi að hluta til iðnþróunar, þá segir það ekki neitt. Að hve miklum hluta er þetta hugsað sem tekjuauki fyrir ríkissjóð og þá að hvaða hluta hugsa menn sér að þetta eigi að ganga til þess að efla iðnþróun og með hvaða hætti? Ég kalla það auðvitað ekki að renna til eflingar iðnaðar í landinu, ef það atriði er þegar komið inn á fjárlög og búið að leggja á gjöld til slíkrar starfsemi, eins og þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum.

Ég skal ekki ræða um þetta mál nú við 1. umr. í löngu máli. Ég veit að tími er knappur. Það er heldur engin ástæða til þess að halda langa ræðu, því að málið gengur til þeirrar n. sem ég á sæti í. Þar upplýsist málið að sjálfsögðu betur. En ég vildi að þetta kæmi strax fram, að ég get ekki stutt frv. sem miðar að því að leggja á nýtt gjald sem gengur til verðhækkunar sem nemur heilum milljarði kr. umfram það sem nú er og nemur 675 millj. kr. það sem eftir er af þessu ári, sem fjárlög hafa verið afgreidd fyrir. Allra síst get ég fallist á þetta þar sem þannig er frá gengið, að í rauninni er allt óbundið um það, hvernig skuli farið með þessa fjármuni. Hitt viðurkenni ég, að vandamál í sambandi við uppsafnaðan söluskatt er til. Ég er tilbúinn fyrir mitt leyti að taka þátt í því að reyna að leysa þann vanda, en ekki á þeim grundvelli sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Að öðru leyti mun ég svo ræða frekar um þetta mál þegar það hefur fengið athugun í fjh.- og viðskn. sem frv. gengur væntanlega til.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Við, sem stóðum að inngöngu í EFTA árið 1970, þ. e. a. s. þingflokkar Sjálfstfl. og Alþfl., ætluðumst til þess, að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar yrði gerð hliðstæð aðstöðu þeirra iðnfyrirtækja í EFTA sem flyttu vörur á íslenskan markað. Ég var þá viðskrh. og gaf um það fyrirheit fyrir hönd þáv. ríkisstj. gagnvart forustumönnum íslenskra iðnrekenda, að stefnt mundi verða að því, að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar yrði hliðstæð því sem ætti sér stað um samkeppnisfyrirtæki í öðrum löndum, og að því yrði unnið á því tímabili sem gert var ráð fyrir að liði

þangað til tollar yrðu að fullu afnumdir á þeim vörum sem um var að ræða, þ. e. a. s. 1980.

Okkur var þá algerlega ljóst, báðum aðilum, að það skipti miklu máli í þessu sambandi, að söluskattskerfið væri ólíkt í hinum EFTA-löndunum og hér hjá okkur. Í þeim næstum öllum hafði verið komið á svonefndum virðisaukaskatti sem allir hv. þm. gera sér ljóst hvað er, en hér var enn og er enn í gildi söluskattur sem greiddur er á síðasta stigi. Við gerðum okkur þess skýra grein, að á þessu væri grundvallarmunur, þetta skapaði mismunandi samkeppnisaðstöðu þeirra fyrirtækja hér á landi, sem mundu greiða söluskatt, og iðnaðarfyrirtækja í hinum EFTA-löndunum, sem byggju við virðisaukaskatt. Þess vegna var það einmitt einn af þáttunum í undirbúningi aðildar okkar að EFTA að undirbúa breytingu á söluskattskerfinu í virðisaukakerfi.

Þáv. fjmrh., Magnús Jónsson, hafði látið vinna mikið undirbúningsstarf í þessu efni og hafði raunar látið semja frv. um virðisaukaskatt sem að sjálfsögðu þurfti mjög rækilegrar athugunar við, en allur undirbúningur hafði þegar átt sér stað að því að breyta söluskattinum í virðisaukaskatt þegar við gengum í EFTA, þó að ljóst yrði að það mundi taka eitt til tvö ár að koma því máli í framkvæmd. En ýmislegt annað var samt gert til þess að létta undir með íslenskum iðnaði í samkeppni við iðnfyrirtæki í hinum EFTA-löndunum, svo sem að láta tollalækkun á hráefnum koma fyrr til framkvæmda en ella hefði verið gert ráð fyrir og hafa hana meiri en hún var á ýmsum öðrum vörum. Hin sérstaka tollalækkun á hráefnum til iðnaðar og tækjum til iðnaðar var beinlínis gerð í því skyni að stuðla að því, að samkeppnisaðstaða íslensks iðnaðar við iðnað í öðrum EFTA-löndum yrði sem jöfnust. En ég endurtek, að það var viðurkennt þá, sem auðvitað er rétt, að samkeppnisaðstaðan getur ekki orðið jöfn fyrr en um sams konar söluskattskerfi er að ræða í löndunum öllum. Einmitt þess vegna var undirbúningurinn að virðisaukaskattskerfinu hafinn, þó að seint hafi miðað í þeim efnum, eins og ég mun síðar víkja að.

M. ö. o.: þegar gengið var í EFTA 1970 fékk íslenskur iðnaður fyrirheit um það af hálfu þáv. stjórnvalda, að unnið skyldi í alvöru og raunhæft að því, að ekki hallaði óeðlilega á íslenskan iðnað að því er snertir samkeppnisaðstöðu. Í þessu sambandi held ég að verði nú ekki hjá því komist að minna á að Íslendingar gengu í EFTA, sem ég held að allir viðurkenni nú að hafi verið rétt spor og skynsamlegt, gegn eindreginni andstöðu alls þingflokks Framsfl. og alls þingflokks Alþb. Raunar var hatrömm andstaða gegn inngöngunni í EFTA af hálfu þáv. stjórnarandstöðu, þ. e. a. s. þessara tveggja flokka. En þeir komu til valda einu ári síðar, á miðju ári 1971. Nú kynni einhver að hafa haldið á þeim tíma, að þeir notuðu tækifærið, fyrst ekki var nema eitt ár síðan gengið var í EFTA, til að ganga úr EFTA, segja sig úr EFTA. Það eitt hefði verið í samræmi við allan margra ára málflutninginn gegn aðild Íslands að EFTA. En það gerði stjórn þessara flokka ekki. Hún var kyrr í EFTA og virtist una sér þar vel, virtist hafa gert sér grein fyrir því, að sporið fyrir ári hafði verið rétt, þó að það hefði verið harðlega gagnrýnt af þeim fyrir ekki lengri tíma en rúmu ári. Með því móti ómerktu þessir flokkar að sjálfsögðu allan andróður sinn gegn aðild Íslands að EFTA, með því að láta Ísland halda áfram aðild sinni að EFTA aðeins ári eftir að við gengum í það. Þar með var í raun og veru sagt í reynd, að bókstaflega allt, sem þessir flokkar höfðu sagt í 5 ára umr. um aðild Íslands að EFTA, hefðu verið staðlausir stafir, hefði verið markleysa. Og þáv. ríkisstj. lét ekki við það eitt sitja að vera kyrr í EFTA, heldur gerði þáv. ríkisstj. undir forustu Framsfl. og með stuðningi Alþb. viðskiptasamning við Efnahagsbandalagið, við það voðalega afl, við þá voðalegu stofnun Efnahagsbandalagið — samning sem var í eðli sínu nákvæmlega eins og aðildarsamningur okkar að EFTA. Svo rækilega tóku forsvarsmenn þessara flokka aftur hvert einasta orð sem þeir höfðu sagt í 5 ár um aðild að EFTA og nokkur viðskiptatengsl við Efnahagsbandalagið.

Það er svo sem ekkert nýtt á þessum áratug, að forustumenn þessara flokka geri allt annað en þeir sögðust ætla að gera meðan þeir voru í stjórnarandstöðu, svo að ég fer í sjálfu sér ekki fleiri orðum um það. Hitt skiptir miklu meira máli, að vinstri stjórnin svokallaða og sú stjórn, sem nú situr, þessar tvær stjórnir hafa ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin voru íslenskum iðnaði 1970 af hálfu þáv. ríkisstj. Við þau hefur ekki verið staðið. Og brigðmælin eru fyrst og fremst fólgin í því, að enn búum við við söluskatt í stað virðisaukaskatts og m. a. s. við miklu hærri söluskatt en var þegar við gengum í EFTA á sínum tíma. Og þeim mun hærri sem söluskatturinn er, þeim mun meira er ranglætið gagnvart iðnaðinum, þeim mun ójafnari er samkeppnisaðstaða íslenskra iðnfyrirtækja gagnvart iðnfyrirtækjum í öðrum EFTA-löndum. M. ö. o.: allar götur síðan 1970 hefur íslenskur iðnaður verið látinn greiða söluskatt, sem keppinautar hans hafa ekki greitt vegna þess að þeir hafa greitt virðisaukaskatt. Allar götur síðan við gengum í EFTA hefur íslenskum iðnaði verið mismunað með þessum hætti. Það hafa verið lagðar á hann byrðar sem samkeppnisiðnaðurinn í hinum EFTA-löndunum hefur ekki þurft að bera. Og auðvitað er þetta ranglátt. Þetta ranglæti hefur orðið þeim mun meira sem söluskatturinn hefur hækkað, en hann hefur stórhækkað á þessum áratug og ójöfnuðurinn gagnvart íslenskum iðnaði þar með vaxið.

Þennan uppsafnaða söluskatt, sem innheimtur hefur verið frá því að við gengum í EFTA, hefði átt að endurgreiða jafnóðum. Íslenskur iðnaður hefur verið látinn greiða söluskatt í 7—8 ár, gjald til ríkissjóðs í formi söluskatts, sem keppinautar hans hafa ekki þurft að greiða. Ég tel því hiklaust að fullyrða megi að íslenskur iðnaður eigi beinlínis hjá ríkissjóði þær upphæðir sem hér er um að ræða og að ríkissjóður eigi að endurgreiða íslenskum iðnaði heildarupphæðina í einu eða öðru formi.

Þess ber að sjálfsögðu að geta, að á árunum

1974 og 1975 endurgreiddi ríkissjóður uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum áranna 1973—1974. En það má til sanns vegar færa, að greiðsla söluskatts hér miðað við virðisaukakerfið í nágrannalöndunum bitnar auðvitað þyngst á útflutningsiðnaðinum. Þess vegna var þó vinstri stjórnin ekki samviskulausari en svo, að það var hafin á árinu 1974 endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti til iðnaðarins vegna útflutnings og það var aftur gert árið 1975. Þetta var gert vegna útflutnings 1973 og 1974. En síðan 1975 hafa engar endurgreiðslur, ekki einu sinni vegna útflutnings, átt sér stað, — engar. M. ö. o.: það hefur ekkert verið endurgreitt af uppsöfnuðum söluskatti á útflutningi á árunum 1975 og 1976. Iðnaðurinn hefur verið svikinn um uppsafnaðan söluskatt, m. a. s. af útflutningnum, á þessum tveimur árum, á árunum 1975 og 1976. Það er fyrst núna, þegar hálf önnur vika er eftir af starfstíma síðasta þingsins á þessu kjörtímabili, sem kemur fram frv. sem boðar að nú skuli náðarsamlegast endurgreiða söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum frá 1977, sem mér er tjáð, þó að það sé ekki tekið fram í frv., að nemi 235 millj. kr. Það, sem iðnaðurinn á von á samkv. þessu frv., er endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts af útflutningi ársins 1977, en sú upphæð nemur 235 milli. kr. Og fyrirætlun um þetta er tilkynnt hálfri annarri viku fyrir þinglok.

Með þessu móti er engan veginn tekið á þessu máli eins og réttmætir hagsmunir iðnaðarins krefjast. Ég segi það aftur: Íslenskur iðnaður á í raun og veru kröfu til þess að fá endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt, ekki aðeins á öllum útflutningi síðan gengið var í EFTA, heldur og á allri innanlandssölunni á EFTA-vörum síðan það átti sér stað, og þar verður um miklu, miklu meiri fjárhæð að ræða heldur en varðandi útflutninginn einan. En hitt er rétt, að sárast er ranglætið gagnvart útflutningsiðnaðinum, og samt hefur það aðeins verið bætt fyrir tvö ár, 1973—1974, og nú á að bæta það fyrir árið 1977. Þetta mundi einhver einhvern tíma hafa kallað hundsbætur.

En um hvað er þetta frv. að öðru leyti? Um hvað er það fyrst og fremst? Það er fyrst og fremst um það að bæta samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar gagnvart EFTA-iðnvörum á íslenskum markaði með því að hækka innfluttu vörurnar með 3% innflutningsgjaldi. Og það verður að taka fram, að auðvitað má þá búast við því að hliðstæðar innlendar iðnaðarvörur komi til með að hækka í hlutfalli við það sem erlendar iðnaðarvörur hækka vegna þessa nýja 3% jöfnunargjalds eða 3% innflutningsgjalds. Gert er ráð fyrir því, að þetta 3% innflutningsgjald verði tæpar 700 millj. á þessu ári, en um 1100 millj., eða 1080 milli., ef miðað er við heilt ár. Hér er m. ö. o. um það að ræða, að lagt er nýtt gjald á vissar innflutningsvörur sem gefur um það bil 1 milliarð í tekjur miðað við eitt ár. Og hver á að borga þennan milliarð? Hver á að borga hann? Það eiga íslenskir neytendur að gera. Það er kjarni þessa frv. Íslenskir neytendur eiga nú að bæta fyrir vanrækslusyndir tveggja síðustu ríkisstj. gagnvart íslenskum iðnaði með því að borga 1 milljarð á ári. Þetta er réttlæti þeirrar ríkisstj., sem nú situr, gagnvart íslenskum iðnaði. Auðvitað munu íslenskir neytendur og málsvarar þeirra ekki taka þessu með þögninni, það er alveg augljóst mál. Það er ekki skylda þeirra að bæta fyrir það sem tvær ríkisstj. undanfarin 7—8 ár hafa haft af íslenskum iðnaði með rangindum, fyrst og fremst með vanrækslu sem í hafa falist veruleg rangindi. Auk þess eru ákvæði frv. um ráðstöfun á þessum 800 þús. kr. á þessu ári með þeim hætti, að í raun og veru er ekki boðlegt að sýna það. Alþ. ætlar að samþykkja að á skuli lagt gjald sem ríkisstj. ráðstafar eftir geðþótta. Það eru engar fastar reglur settar í frv. um það, hvernig þessum tekjum skuli ráðstafað, og það held ég að sé nær einsdæmi, að lagt sé á gjald sem nemur hvorki meira né minna en 1 milljarði, rúmum milliarði á ársgrundvelli, án þess að settar séu fastar reglur um það, hvernig með tekjurnar skuli farið. En það er ekki gert í þessu frv. Það eitt út af fyrir sig væri alveg nægilegt til þess að snúast gegn frv.

Það er ekkert um það sagt heldur í þessu frv., hversu mikil áhrif til hækkunar á vísitölunni þetta nýja gjald mundi hafa. Um það munum við að sjálfsögðu, sem eigum sæti í fjh.- og viðskn., vilja fá nákvæmar upplýsingar. Ekki fer hjá því að gjald, sem færir ríkissjóði 1 milljarð í tekjur á ári, hafi talsverð áhrif til hækkunar á vísitölunni. Og þetta gerist samtímis því sem Alþ. hefur talið nauðsynlegt að skerða vísitöluuppbætur til launþega um helming. Þetta kemur ekki til með að milda afstöðu neytenda og fulltrúa þeirra til þessara fyrirhuguðu ráðagerða.

Annars er það athyglisvert, hvað hér gerist í fjármálum ríkisins og fjármálum yfirleitt á allra síðustu dögum þessa þings. Það hefur verið fjallað um það á allra síðustu dögum í miklum skyndingi að leggja nýtt gjald á sölu allra landbúnaðarafurða til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, 1% gjald á söluverð landbúnaðarafurða sem renna á til Stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Þetta 1% gjald til Stofnlánadeildarinnar gefur í tekjur einhvers staðar á milli 900 og 1000 milli. kr., tæplega milliarð. Það er einn milliarður har, annar milliarður hér. Hver á að borga? Neytendur í landinu. Á örfáum dögum — og það eru síðustu starfsdagar þingsins — er Alþ. að fjalla um frv. sem býður 2 milljarða álögur á íslenska neytendur.

Um stofnlánadeildargjaldið er það að segja, að það er réttlætt, eins og komið hefur fram í umr., með því að að öðrum kosti mundi vaxtaliður verðlagsgrundvallar landbúnaðarins hækka. Um það hafa verið gefin munnleg fyrirheit, að ef þetta gjald verði samþykkt, þá muni vaxtaliðurinn ekki hækka. Það er sagt, að áhrifin á vísitöluna séu svipuð af 1% gjaldinu og af réttlætanlegri vaxtahækkun í verðlagsgrundvellinum. Ég hef enga sönnun fyrir því, að þetta sé svo. Mér var raunar tjáð í morgun af sérfróðum mönnum, að engir útreikningar hafi verið gerðir um þetta, þeir væru ekki til og þetta væru fullyrðingar út í bláinn. Það var einn af fulltrúum landbúnaðarins sem tjáði mér að hann hefði enga útreikninga séð um þetta. En látum það vera. Ég skal ekki bera neitt á móti því,

að þetta kunni að vera rétt, að áhrifin á vísitöluna mundu verða svipuð af réttmætri hækkun vaxta í búvörugrundvellinum annars vegar og 1% sölugjaldinu hins vegar. En það jafngildir ekki því, að þetta séu jafngóðar eða jafnslæmar ráðstafanir eða jafnréttlætanlegar ráðstafanir, vegna þess að með því að halda vöxtunum á lánum til landbúnaðarins niðri, en útvega stofnlánadeildinni tekjur með almennu 1% sölugjaldi á allar vörur, er verið að ívilna fjárfestingu í landbúnaði með óeðlilega lágum vöxtum. M. ö. o.: það er ýtt undir aukna fjárfestingu í landbúnaði. Þetta er þveröfug stefna við það sem nauðsynlegt er. Það eina rétta í þessu efni væri að draga úr fjárfestingu í landbúnaði. Ný fjárfesting þar skilar engum arði, það er margsannað og á móti því er ekki borið með neinum rökum, sem ég og margir fleiri hafa fullyrt í þeim efnum. Viðbótarfjárfesting í landbúnaði á þessu ári eða því næsta skilar bókstaflega engum arði. Ef nokkuð er, þá skilar hún neikvæðum arði, vegna þess að hún stuðlar að aukinni framleiðslu sem þjóðin í heild verður að greiða með. Að leggja 1% gjald almennt á söluverð landbúnaðarafurða í stað þess að hækka vexti er því algerlega röng stefna. Það er stefna sem gengur gegn allri skynsemi í efnahagsmálum og landbúnaðarmálum.

En um hinn milljarðinn, sem ríkissjóður ætlar að láta neytendur borga og segist ætla að nota með einhverjum hætti til hagsbóta fyrir iðnaðinn, gildir það, að auðvitað á iðnaðurinn rétt á þeim milljarði, hann á rétt á miklu meira en þeim milljarði. Það hafa verið hafðir af honum — töluna veit ég ekki, ég hef ekki getað fengið hana — nokkrir milljarðar á undanförnum 7—8 árum. En nú á að skila honum 1 milljarði í einhverju formi sem ríkisstj. ætlar sér að ákveða. Hver á að borga hennan milljarð? Sami aðilinn og á að borga 1% stofnlánagjaldið til landbúnaðarins, þ. e. íslenskur almenningur, íslenskir neytendur, íslenskir launþegar. Það er þetta, sem er rangt við þetta frv. Það er ekkert rangt í því, að íslenskur iðnaður fái með einhverjum hætti 1 milljarð, — ég segi það enn, hann á rétt á meiru en 1 milljarði, vegna þess misréttis sem hann hefur orðið við að búa, — en það er ríkissjóður sem á að skila honum, ekki þessum 1 milljarði, heldur stórri fjárhæð til viðbótar, kannske öðrum eða jafnvel 2 milljörðum til viðbótar, af því að ríkissjóður hefur látið iðnaðinn borga þessa upphæð með röngu. Það var hallað á iðnaðinn með því að leggja þessa greiðslu á hann, og þá ber ríkissjóði skylda til þess að skila því aftur. Og í raun og veru er það eitt í samræmi við hau fyrirheit sem íslenskum iðnaði voru gefin þegar Ísland gerðist aðili að EFTA.

Ég á sæti í þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, og þar mun ég fyrir mitt leyti ganga eftir því að fá ýmsar upplýsingar sem illilega vantar í grg. með þessu frv. fyrst og fremst vil ég fá að vita — og það er rétt að skýra frá því strax við 1. umr. — hver hækkun vísitölunnar verður vegna þessa 3% gjalds. Í því sambandi mun ég einnig óska eftir upplýsingum um það, hver áhrif til hækkunar á vísitölunni verða af hinum milljarðinum, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins á að fá, þ. e. a. s. hvað hv. Alþ. á síðustu starfsdögum sínum ætlar að leggja mikið á almenning og hvað þessar álögur kosta eða hvað þær þýða í hækkun vísitölunnar. Sömuleiðis mun ég gera tilraun til þess að fá upplýsingar um það, sem mér ekki hefur tekist að fá eftir að frv. var lagt fram í gær, hvað uppsafnaður söluskattur nemur mikilli fjárhæð, annars vegar á útfluttar vörur og hins vegar í heild, því að í raun og veru er það heildartalan, sem ég tel máli skipta, sem ranglega hefur verið höfð af iðnaðinum, þótt hitt sé algert lágmark, að honum sé skilað aftur þeim uppsafnaða söluskatti sem tekinn hefur verið af útfluttum vörum. En frv. gerir eingöngu ráð fyrir greiðslu á útflutningi 1977, en hins vegar engu fyrir 1976 og 1975.

Ég lýk máli mínu á því að gera grein fyrir því fyrir fram, eftir hvaða upplýsingum ég mun óska í n. Ég legg áherslu á að málinu verði ekki hraðað meira en svo, að þær upplýsingar geti fengist, því ég tel þm. þurfa að fá svar við þeim spurningum, sem ég hér varpaði fram, áður en þingheimur eða þessi hv. d. tekur endanlega afstöðu til málsins.

Gunnar J. Friðriksson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. skuli nú loks fram komið, en harma um leið hversu seint það er á ferðinni, þannig að teflt er á tæpasta vað með að það nái að fá fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Það eru aðeins tæp tvö ár eftir af aðlögunartíma íslensks iðnaðar að markaðsbandalögum Evrópu, þannig að eftir þann tíma eru burtu fallnir allir þeir verndartollar sem íslenskur iðnaður hefur búið við. Þessi 8 ár, sem liðin eru og iðnaðinum var ætlað að nota til þess að búa sig undir opna samkeppni, hafa því miður ekki notast eins og forsvarsmenn iðnaðar höfðu gert sér vonir um þegar gengið var í EFTA. Ber þar að vísu hæst verðbólgu þá sem hrjáð hefur þetta þjóðfélag og haft hefur geigvænleg áhrif á íslenskt atvinnulíf, ekki síst iðnaðinn. Það fer ekki milli mála, að nú, þegar 8 ár eru liðin frá því að við gengum í EFTA, eru mörg hau fyrirtæki, sem þá stóðu vel og áttu sæmilegt eigið fjármagn, verr stödd en þegar gengið var í EFTA. Fjármagn þeirra hefur meira og minna brunnið upp í verðbólgunni.

Í sambandi við frv. þetta sakna ég þess, að ekki skuli kveðið á um hvernig fjármunir þeir, sem innheimtir verða, skuli notaðir. Það væri mjög eðlilegt, að þar væri kveðið ákveðið á um að þessum fjármunum, sem búið er að innheimta af iðnaðinum, skuli varið í hans þágu. Það er tekið fram í frv., að tekjurnar skuli að hluta til notaðar til eflingar iðnbróunar. Ég hefði kosið, að hér væri mun ákveðnar að orði komist, og vænti þess, að við meðferð í n. þeirri, sem frv. verður vísað til, muni þetta tekið til athugunar. Ég vil sérstaklega benda á að endurgreiðslur á uppsöfnuðum söluskatti fyrir árin 1975 og 1976 þurfa nauðsynlega að eiga sér stað. Iðnaðurinn fékk endurgreiddan uppsafnaðan söluskatt vegna útflutnings árin þar á undan og hafði að sjálfsögðu gengið út frá að því yrði haldið

áfram. Sú varð því miður ekki raunin og telur inaðurinn sig eiga þessar upphæðir inni hjá ríkissjóði. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að kveðið verði ákveðið á um það, að útflutningsiðnaðurinn skuli fá þessar endurgreiðslur fyrir árin 1975 og 1976.

Ég vil minna á að frv. þetta, ef að lögum verður mun leiðrétta að nokkru þann mismun sem íslenskur iðnaður býr við gagnvart erlendum keppinautum, og á það við bæði á erlendum og innlendum mörkuðum. En þetta er þó aðeins hluti af því sem laga þarf, því að enn á talsvert í land með að íslenskur iðnaður búi við sömu samkeppnisaðstæður og félagar þeirra í nálægum löndum. Vil ég þar sérstaklega nefna skatta og tolla og álögur á vélar og tæki. Er þar síðast að nefna nýleg dæmi um að gjöld af vörulyfturum, sem eru orðnir nær ómissandi tæki við alla framleiðslu, voru felld niður um tíma í samræmi við ákvæði í tollalögum og eins og iðnaðinum hafði verið lofað. Nú hefur þetta verið afturkallað. Nefni ég þetta sem dæmi um það misrétti og misræmi sem er á milli samkeppnisaðstöðu innlendra og erlendra framleiðenda.

Í sambandi við það, sem fram hefur komið hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni, að hér væri um skatt á neytendur að ræða, vil ég benda hv. þm. á að þetta gjald kemur eingöngu á innfluttar vörur sem eru hliðstæðar vörum sem framleiddar eru í landinu. Það er enginn neyddur til að kaupa þessar erlendu vörur. Það eru til innlendar vörur sem eru fyllilega sambærilegar að gæðum og verði. Ætti þetta þá frekar að verða til þess, að neytendur sneru sér að innlenda varningnum, og er það vissulega kostur við þetta gjald, þó að ég sé áfram fylgjandi því, að innflutningsgjöld af iðnaðarvörum séu felld niður. Áhrif þessa gjalds á vísitöluna mun vera hverfandi. Ég vil vísa á bug fullyrðingum hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar um það, að innlendur iðnaður komi til með að hækka sínar vörur sem samsvari þessu gjaldi. Íslenskur iðnaður á í harðri samkeppni innbyrðis og við innflutning og hefur ekki svigrúm til þess að haga verðlagningu sinni eftir vild. Hins vegar kann þetta að leiða til lækkunar á íslensku verðlagi, ef gjald þetta verður notað í þágu iðnaðar.

Ég vil þá ljúka máli mínu með því að láta í ljós von um þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi með þeim breytingum sem ég hef nefnt.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er ekki langt mál sem ég ætla að flytja um frv. sjálft, en vikja örfáum orðum að vissum kafla í ræðu hv. 9. þm. Reykv. sem varðaði alveg sérstaklega afstöðu Framsfl. á sínum tíma til EFTA-samningsins og aðildar Íslands að EFTA. Það vildi svo til, að ég var þá varaþm. á Alþ. um tíma og flutti m. a. ræðu um þetta mál, talsvert ítarlega og undirbúna ræðu. Ég man eftir því, að í þeirri ræðu var ég jákvæður í afstöðunni til aðildar Íslands að EFTA almennt séð, og þannig var um marga framsóknarmenn. Hins vegar var það eitt atriði sem við gagnrýndum alveg sérstaklega á sínum tíma og ég gerði það einmitt í þessari ræðu. Við óttuðumst að aðlögunarfresturinn væri of stuttur og við óttuðumst einnig að þær aðstæður, sem iðnaðinum yrðu búnar á aðlögunarfrestinum, væru ekki nógu hagstæðar. Þetta var í raun og veru kjarninn í gagnrýni Framsfl. á þessu máli á sínum tíma. Við óttuðumst að vanþróaður og veikur íslenskur iðnaður stæðist ekki samkeppni við háþróaðan iðnað Vestur-Evrópuríkjanna.

Það er í sjálfu sér nokkuð íhugunarefni í sambandi við þessi mál öll að reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig aðrar þjóðir, sem eru meðlimir að EFTA, hafa staðið í ístaðinu við að framkvæma þá stefnu sem felst í EFTA-samkomulaginu. Það er alveg ljóst, að verulegur stuðningur á sér stað við iðnaðarfyrirtæki í EFTA-löndunum. Ég var t. d. í vetur á fundi í stjórn Norræna fjárfestingarlánasjóðsins og þar kom fram í sambandi við afgreiðslu mála að t. d. norski byggðasjóðurinn styður með stórkostlegum framlögum, óafturkræfum framlögum, sterk iðnaðarfyrirtæki í Noregi sem keppa á EFTA-markaðnum. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi, en sjálfsagt má finna fjölmörg dæmi af svipuðum toga í EFTA-löndunum. Og það er rannsóknarefni að athuga hvað hefur gerst í þessum efnum á aðlögunartímanum sem við erum hér að ræða um.

Þetta frv., sem hér er lagt fram, gengur í raun og veru í sömu stefnu og ég hef verið að ræða. Það gengur í þá átt að styrkja samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar, að lengja í framkvæmdinni aðlögunarfrestinn í raun og veru og bæta þau skilyrði sem íslenskur iðnaður þarf að búa við gagnvart erlendum iðnaði. Ég get tekið undir það, að það er galli á þessu frv., að ekki skuli kveðið nánar á um ráðstöfun þess fjár sem inn kemur vegna álagningar þessa gjalds. En það kann að vera dálítið erfitt að áætla gjaldið vegna þess, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að þessi ákvæði hafa vonandi, ef lögfest verða, þau áhrif að íslenskir neytendur auki innkaup á innlendum varningi, en það þýðir að sjálfsögðu minni tekjur vegna þessa gjalds.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess, herra forseti, að gera þetta mál að frekara umtalsefni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 515, n. 654 og 667, 710, 711). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 710,1 samþ. með 15:7 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 710,2 felld með 20:6 atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 710,3 felld með 19:6 atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr., breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 711 felld með 22:11 atkv.
9. gr. samþ. með 22:1 atkv.
10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
11. gr., breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
12.—16. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb., breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn, breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Iðnþróunarstofnun Austurlands, frv. (þskj. 46, n. 567 og 578). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 567 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 21:3 atkv.

Áfengislög, frv. (þskj. 475, n. 653). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 72. fundur.

Fimmtudaginn 27. apríl, kl. 3.30 síðdegis.

Húsnæðismál, þáltill. (þskj. 525). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efling útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 17, n. 491). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi og hefur samþ. shlj. að mæla með því að vísa málinu til ríkisstj. Einn nm., Gylfi Þ. Gíslason, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Þessi till. fjallar um það, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að gera úttekt á skipulagi og aðstöðu útflutningsverslunar landsmanna og leita leiða til þess að efla og samræma útflutningsstarfsemi fyrir íslenskar framleiðsluvörur og þjónustu. Um úttekt þessa, samræmingu og eflingu útflutningsstarfsemi skal hafa samráð við þá aðila sem nú annast útflutning og markaðsstarfsemi.

Síðan er gerð nánari grein fyrir þessu í till., á hvað skuli lögð sérstök áhersla við þessa úttekt og athugun. Það fylgir ítarleg grg. með till. og kemur þar fram, að þessi till. var flutt á seinasta þingi, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Þá eru í grg. mjög fróðlegar og margháttaðar upplýsingar um útflutningsstarfssemina, sérstakleg á Norðurlöndunum, og raunar greinargóð úttekt á því, hvernig hún fer fram hér á landi, en eins og kunnugt er annast fjölmargir aðilar útflutningsstarfsemina hér á Íslandi.

Þetta mál er ekki nýtt mál í sölum Alþingis. Það hefur oft komið á dagskrá áður í svipaðri mynd og hér er lagt til og stundum raunar með enn þá beinni tillögugerð en hér kemur fram. Fyrir löngu fluttu t. d. ég og hæstv. viðskrh. þáltill. um athugun á því að setja á fót útflutningsráð með svipuðu sniði og gerðist í Noregi við stríðslokin.

Þetta mál var athugað, eins og ég sagði áðan, í utanrmn. Sendi n. málið til umsagnar allmargra aðila og bárust nokkrar umsagnir. Það bárust t. d. umsagnir frá utanrrn. og viðskrn. Ég sé ástæðu til þess að greina í stuttu máli frá megininntaki þess sem kemur fram í umsögnum rn.

Í umsögn utanrrn. kemur m. a. fram þetta:

„Það er skoðun þessa rn., að til þess að störf umræddra rn. á sviði útflutningsstarfsemi og efling á starfi utanríkisþjónustunnar í þessum málum geti yfirleitt borið sem mestan árangur sé nauðsynlegt að sem viðtækast skipulegt samstarf sé fyrir hendi á Íslandi milli rn. annars vegar og fyrirtækja eða samtaka útflytjenda hins vegar. Í því sambandi verður að hafa í huga að þörfin er ekki hin sama hjá hinum ýmsu útflutningsgreinum fyrir aðstoð utanríkisþjónustunnar á sviði útflutningsstarfsemi og markaðsleitar. Þörfin er lítil hjá stóru sölusamtökunum í fiskiðnaði sem hafa komið sér upp sjálfstæðu og umfangsmiklu sölukerfi í mörgum löndum þar sem íslensk sendiráð eru staðsett. Aðstoð sú, sem utanríkisþjónustan veitir sölusamtökunum, kemur hins vegar fram í margvíslegum fyrirgreiðslum í þeim ríkjum sem ekki búa við algert viðskiptafrelsi og því þörf opinberra afskipta, svo sem í Austur-Evrópuríkjum og á Spáni, svo að dæmi séu nefnd. Að hinu leytinu hafa útflytjendur iðnaðarvara í ríkum mæli leitað til utanríkisþjónustunnar um fyrirgreiðslu varðandi markaðsleit og kynningu á iðnaðarvarningi erlendis og gegnir sama máli um ýmsar landbúnaðarafurðir.

Að lokum skal tekið fram að utanrrn. er fyrir sitt leyti mjög fylgjandi því, að málefni þau, sem þáltill. fjallar um, fái rækilega athugun. Mun rn. fagna því, að unnt verði að efla starfsemi utanríkisþjónustunnar á sviði utanríkisviðskipta til muna frá því sem nú er, þó að slíkt hljóti óhjákvæmilega að hafa einhvern kostnað í för með sér fram yfir það sem fjárhagsgeta utanríkisþjónustunnar leyfir í dag.“

Þetta var orðrétt úr umsögn utanrrn., með leyfi hæstv. forseta.

Viðskrn. sendir einnig alllanga og ítarlega umsögn um þetta mál. Það er nú raunar öllu heldur ráðuneytisstjórinn í viðskrn. sem ritar þessa umsögn. Hann gefur umsagnir oftast nær í sínu nafni, þó að hann skrifi undir þær fyrir hönd ráðh., og hann notar 1. pers. í þessari umsögn að langsamlega mestu leyti. Þessi umsögn er, eins og ég sagði, mjög ítarleg og í raun og veru allt of ítarleg til þess að tök séu á því að greina frá henni allri í framsöguræðu, en

þar kemur fram m. a. svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Að mínum dómi kemur til greina að sameina utanrrn. og viðskrn. og þá sérstaklega ef sú skoðun verður ofan á að sameina ætti fleiri rn. Hér er þó ekki um neina aðkallandi breytingu að ræða, því að núverandi fyrirkomulag hefur reynst vel, og það er einnig í samræmi við það skipulag sem þekkist í flestum öðrum löndum. Eftir því sem alþjóðasamstarf hefur farið vaxandi hefur þróunin víða orðið sú að aðskilja viðskipta- og efnahagsmál frá hinum almennu alþjóðastjórnmálum, m. a. með verkaskiptingu viðskrh. og utanrrh.“

Svo segir hér að lokum í umsögninni, með leyfi forseta:

„Ég vil ekki að þessi umsögn mín sé skilin þannig, að allt sé í fullkomnu lagi á þessu sviði og ekki megi bæta og efla útflutningsstarfsemina frá því sem nú er. Allar umr. um þessi mál eru gagnlegar og geta leitt til ýmissa endurbóta. Ber því að þakka flm. till. fyrir að hafa vakið máls á þessum málum, en um leið að vænta að framhaldsaðgerðir, hverjar svo sem þær verða, miðist fyrst og fremst við raunhæfar ráðstafanir til að efla útflutningsstarfsemina. Þá á ég fyrst og fremst við aukna fjárveitingu til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, og einnig kemur til greina að skipa til reynslu viðskiptafulltrúa við eitt sendiráð í Vestur-Evrópu til þess að vinna sérstaklega að markaðsöflun fyrir iðnaðarvörur.“

Ég held að ég fari rétt með það, að ég hafi lesið í einhverju blaði núna í dag eða í gær, að það stæði einmitt til að skipa verslunarfulltrúa í Vestur-Evrópu. Var þá sérstaklega getið um París í því sambandi.

Ef maður ber saman þessar umsagnir tvær, þá finnst mér umsögnin frá utanrrn. vera jákvæðari gagnvart till. heldur en umsögn ráðunevtisstjóra viðskrn.

Það voru fleiri sem sendu umsagnir, eins og t. d. Sölusamband ísl. fiskframleiðenda sem var jákvætt í afstöðu til till. Sama er að segja um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins og Samlag skreiðarframleiðenda.

Það má kannske segja að í þessum málum séu fyrst og fremst tvær stefnur. Annars vegar er sú stefna, að einstök fyrirtæki eða einstakar greinar atvinnulífsins annist útflutninginn og sölustarfsemina sjálfar og e. t. v. fleiri aðilar en einn í hverri grein, hins vegar sú stefnan, sem Norðmenn völdu og náðu samkomulagi um í stríðslokin. Ég hef ekki trú á því, að það hefði náðst samkomulag um slíkt í Noregi við aðrar aðstæður en þær sem sköpuðust í stríðslokin. En þeir stofnuðu útflutningsráð sem er mjög sterkur aðili í útflutningsmálum Noregs, og þetta útflutningsráð er í raun og veru undir stjórn atvinnugreinanna eða atvinnuveganna, atvinnulífsins í raun og veru, þó að ríkisstj. eigi aðild að því nú. Það eru því tvær stefnur í þessum efnum: annars vegar að hafa marga aðila og hins vegar að hafa þá færri. Ég persónulega aðhyllist þá stefnu að hafa þá færri. Er slíkt sérstaklega hentugt fyrir okkur Íslendinga sem erum fámenn þjóð og ákaflega veikir á hinum sterka og stóra heimsmarkaði. Við þurfum að þjappa okkur saman til stórra átaka í þessum málum. Hins vegar kann að vera að bera megi í þessu efni sættir á milli þessara tveggja stefna.

Ég vil að lokum leggja á það nokkra áherslu, að þó að utanrmn. hafi orðið sammála um að vísu þessu máli til ríkisstj., þá er það gert í því trausti, að fram fari frekari athugun málsins. Eins og alþm. er kunnugt, er það gamalkunnug aðferð til þess að drepa eða svæfa mál að vísa þeim til ríkisstj. En það þarf ekki svo að vera og það er að sjálfsögðu á valdi ríkisstj., hver afdrif máls verða sem er vísað til hennar. Utanrmn. varð sammála um það, þó að menn hefðu nokkuð skiptar skoðanir um till. og í þessum málum, að vísa málinu til ríkisstj. í því trausti að þar færi fram frekari athugun málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tónmenntafræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 59, n. 394). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hér er um að ræða till. til þál. um tónmenntafræðslu í grunnskóla, flutta af hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur og 5 öðrum hv. þm. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj., að hún hlutist til um að hafinn verði nú þegar af hálfu menntmrn. skipulegur undirbúningur að tónmenntafræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins þar sem engin slík fræðsla er veitt nú og verður ekki við komið með venjulegum lögboðnum hætti.

Áhersla verði lögð á að tengja starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntafræðslu grunnskólanna.

Þá verði og tónmenntafræðsla felld, sem valgrein, inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands til viðbótar námskjarna.“

Allshn. hefur fjallað um þessa till. og fengið um hana umsagnir frá menntmrn., Kennaraháskóla Íslands og Skólastjórafélagi Íslands. Umsagnir þessar eru allar jákvæðar, en bent er á að skortur á tónkennurum og fjármagni standi tónmenntinni fyrir þrifum. N. álítur að sú leið, sem till. felur í sér um eflingu námskeiða og farkennslu, sé allrar athygli verð. N. vill fyrir sitt leyti mæla með samþykkt till., með þeirri breytingu þó að tónmennt sé tekin upp sem valgrein í Kennaraháskóla Íslands, þar sem það sýnist óraunhæft, eins og húsnæði og aðstöðu allri er háttað hjá skólanum að samþykkja till., a. m. k. að svo stöddu. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vísa til umsagnar Kennaraháskóla Íslands, sem er undirrituð af Baldri Jónssyni, en þar segir m. a.:

„Kennaraháskólanum er að sjálfsögðu bæði ljúft og skylt að leitast við að bæta úr skorti á hæfum kennurum á þessu sviði grunnskólans sem öðrum. En jafnframt verður ekki hjá því komist að vekja athygli hv. alþm. á því, hve skólinn er vanbúinn að bæta á sig nýjum verk-

efnum og raunar að valda þeim verkefnum, sem þegar eru lögð á hann. Orsök þessara vandkvæða skólans er það fjármunalega svelti sem hann hefur staðið í um árabil og stendur enn. Á þetta jafnt við um skort á húsnæði, föstum og traustum kennslukrafti og kennslutækjum og gögnum. Ljóst er að skólinn getur ekki hýst verklega tónmenntakennslu nema að óverulegu leyti í eigin húsakynnum enn um sinn, þar yrði að koma til einhver samvinna við aðra aðila uns úr verður bætt heima fyrir."

Það er ekki síst með hliðsjón og tilvísun til þessara ummæla sem n. telur rétt að gera þá breyt. á þessari till. til þál., að síðasta mgr. till. falli niður, þ. e. a. s. setningin hljóðar svo:

„Þá verði tónmenntafræðsla felld sem valgrein inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands við viðbótar námskjarna."

Þessi brtt. stafar ekki af því, að n. sé andvíg því að þessi leið sé valin, en hún telur að áður en þessi ákvörðun sé tekin þurfi að útvega fjármagn og bæta aðstöðuna í skólanum, þannig að hann geti raunverulega sinnt þessu verkefni sínu.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Ég get þó ekki neitað því, að sú brtt., sem n. gerir, olli mér mikilli hryggð. Ég mun í örstuttu máli leitast við að skýra þá hryggð mína og afstöðu mína til afgreiðslu nefndarinnar.

Það er réttilega á það bent í nál. frá allshn., að samkv. umsögnum þeirra aðila, sem fjölluðu um till. sem umsagnaraðilar, er bent á að skortur á tónmenntakennurum og að vísu einnig skortur á fjármagni standi tónmenntinni fyrir þrifum. Þetta er mergurinn málsins. Ég álít, að ef niðurlagsgrein till., þar sem farið er fram á að tónmenntin komi sem valgrein inn í Kennaraháskóla Íslands, sé kippt burt, þá sé um leið kippt fótum undan mögulegri framkvæmd á meginefni till. Ég hygg að þetta sé svo skýrt og augljóst að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum.

Ég vil benda á að í umsögn menntmrn. er fjallað um þennan tónmenntakennaraskort. Það er ekki einungis að þetta eigi við um skólana úti á landsbyggðinni, heldur er bent þar á, að í mörg ár hefur ekki fengist tónmenntakennari að hinu mikla skólasetri á Laugarvatni. Menntmrn. hefur ár eftir ár auglýst eftir tónmenntakennara án árangurs. Einu sinni hefur tekist að fá þangað erlendan kennara og mun brugðið á það ráð nú aftur. Ég vil líka benda á að það eru núna á landinu starfandi 70—80 tónmenntakennarar í 225 grunnskólum og skólamönnum hvar sem er á landinu, ekki síður í Reykjavík en utan Reykjavíkur, er bent á þetta sem meginvanda með framkvæmd tónmenntafræðslunnar, að það séu ekki til tónmenntakennarar. Tónmenntakennaraskóli Íslands framleiðir mjög hægt kennara. Á þeim 15 árum, sem hann hefur starfað, hefur hann brautskráð 70 kennara. Þessir kennarar leita fyrst og fremst út í tónlistarskólana sjálfa, sérskólana þar sem kennsla er auðveldari og meira í samræmi við þeirra menntun.

Með tilliti til þessa og með tilliti einnig til þess, sem hv. frsm. benti á í umsögn frá Kennaraháskólanum, þá vil ég vænta þess að hv. allshn. taki nú til nánari athugunar afstöðu sína. Og í þeirri von og af því að ég hef orðið vör við skilning og vinsemd bæði hjá formanni og öðrum nm. í garð þessa máls, þá tel ég ástæðu til þess að vera bjartsýn um að n. endurskoði þessa afstöðu sína, — í þeirri von hef ég leyft mér að bera fram brtt. á þá lund, að síðasta mgr. till. fái að vera inni nokkuð breytt. Brtt. hljóðar á þá leið:

„Þá verði og tónmenntafræðsla felld svo fljótt sem unnt er" o. s. frv. — „Svo fljótt sem unnt er" er þarna bætt inn í til nokkurs konar málamiðlunar svo að Kennaraháskóli Íslands hafi meira svigrúm en í tillgr. felst nú til þess að taka upp þessa kennslu.

Í umsögn Kennaraháskólans, sem hv. frsm. las upp, kemur einmitt fram, að þessa kennslu tónmennta sem valgreinar í Kennaraháskólanum væri hægt að framkvæma með því að hafa samvinnu við aðra aðila uns úr væri bætt heima fyrir í Kennaraháskólanum, sem er mjög þröngt um hvað húsnæði snertir. Það er einmitt þetta atriði sem ég hef í huga, að tónlistarskólinn yrði þarna samvinnuaðili. Ég hef í samtölum bæði við rektor Kennaraháskóla Íslands og starfsmenn og kennara við Tónlistarskólann komist að raun um að þetta er atriði sem í rauninni hefur verið gert ráð fyrir, og þetta, sem við förum fram á í okkar till. ætti að gera það mögulegt. Og ég vil benda á að hvað menntaskólana varðar hafa nemendur þar allmargir tekið tónmennt sem valgrein innan menntaskólanna og stundað tónmenntanám í Tónlistarskólanum. Ég held sem sagt að enda þótt vandkvæði séu nokkur fyrir Kennaraháskólann að taka upp þessa kennslu, þá sé mjög ákveðinn vilji ráðamanna þar og Tónlistarskólans einnig til þess að auka framleiðslu tónmenntakennara með þessum hætti.

Ég vil leyfa mér að leggja fram þessa brtt. sem mun þurfa afbrigða við. Hún er skrifleg og vænti ég þess, að hún megi koma til umr. og afgreiðslu.

Umr. frestað.

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 40, n. 594). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hér er um að ræða till. til þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, flutta af Karvel Pálmasyni o. fl. Hún er efnislega á þá leið, að Alþ. álykti að fela samgrh. að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði með þar til greindum hætti, sem segir í till.

Allshn. Sþ. hefur borist umsögn frá flugmálastjóra, sem er dags. 31. mars s. l., en þar segir:

„Bréf yðar varðandi umsögn um till. til þál. um athugun á úrbótum á flugsamgöngum við Vestfirði, 39. mál, var lagt fyrir 931. fund flugráðs og samþykkt að flugmálastjórn veiti umbeðna umsögn um þær úrbætur, sem getið er

um í till. Verður væntanlega unnið að þeirri umsögn n. k. sumar með það fyrir augum, að hún liggi fyrir n. k. haust fyrir fjárlagaumr.“

Með vísan til þessarar umsagnar hefur allshn. lagt til að þessi þáltill. verði afgreidd með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem fram kemur í umsögn frá flugmálastjóra, að þegar hefur verið ákveðið að fram fari sú athugun, sem þáltill. fjallar um, tekur Sþ. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er margt sem við Vestfirðingar þurfum að reyna á hv. Alþ., t. d. þá afgreiðslu sem hv. allshn. Sþ. hefur látið frá sér fara varðandi þetta mál.

Í sambandi við nál. og það, sem fram kemur í því, ásamt hinni rökstuddu dagskrá, sem hér er lögð til í nál. allshn., þá vil ég í fyrsta lagi segja það, að mér þykja þetta furðuleg vinnubrögð af hálfu n., hvernig hún leggur málið nú fyrir og leggur til að það verði afgreitt. Frsm. n., hv. þm. Ellert B. Schram, gerði grein fyrir því áðan, að þessi afstaða n. byggðist á umsögn frá flugmálastjóra, og hann las hana upp. Ég vil vekja athygli á því, að hvergi kemur fram í þessu bréfi flugmálastjóra, að þessi athugun verði gerð á því sumri sem nú er gengið í garð. Það er rétt að lesa bréf flugmálastjórnar aftur, þannig að hv. þm. geti þá alveg áttað sig á því. Ég vil leyfa mér að lesa það, með leyfi forseta:

„Bréf yðar varðandi umsögn um till. til þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, 39. mál, var lagt fyrir 931. fund flugráðs og samþykkt að flugmálastjórn veiti umbeðna umsögn um þær úrbætur, sem getið er um í tillögunni.“

Það er einungis um það að ræða, að flugmálastjórn ætlar að veita umsögn. Kannske ber að skilja þetta svo, að flugmálastjórn hafi ekki getað veitt umsögn um þessar tilteknu úrbætur, sem till. felur í sér að athugaðar verði, vegna þess að málið sé ókannað, en ég vil í því sambandi aðeins benda á, að sams konar þáltill. var flutt á síðasta Alþ. og hafi verið vilji fyrir því hjá flugmálastjórn eða flugráði að framkvæma athugun sem þessa, þá gat hún gert það á s. l. sumri. En það var ekki gert. Í besta skilningi má skilja þessa afstöðu flugráðs á þann veg, að það muni velviljað því að framkvæmd sé þessi athugun á komandi sumri — því sumri sem nú er nýgengið í garð. En það er ekkert, sem bindur það, að athugunin skuli gerð. Hér er því einungis um það að ræða, að þetta verkefni ætti það undir ákvörðun eða duttlungum embættismanna hvort það yrði framkvæmt eða ekki, ef þáltill. verður afgreidd eins og hv. n. leggur hér til.

Hér er því ekki um það að ræða, að fyrir liggi ótvírætt að þessi athugun verði gerð. Ég vil að sjálfsögðu líta með velvilja á þetta bréf flugmálastjórnar eða flugráðs, en ég sé ekki nokkuð sem mælir gegn því, að enn þá léttara verði fyrir flugmálastjórn eða flugráð að framkvæma þessa athugun eftir að samþykkt hefur verið á Alþ. þessi þáltill. um að þetta verði gert, þ. e. a. s. að vilji Alþ. liggi fyrir um að þetta verði gert, en ekki sé einungis treyst á að þessi aðili kunni hugsanlega að láta af þessu verða, ekki síst vegna þess að það hefur liðið heilt sumar án þess að neitt verði gert, þó að sams konar till. hafi legið fyrir á síðasta Alþ. Ég verð því að segja að það er köld kveðja allshn.-manna til Vestfirðinga, að þessi till. skuli fá þá afgreiðslu hjá hv. n., að hún skuli leggja til að málinu verði vísað frá. Það er engu líkara en það þyki svo mikið við liggja í sambandi við þetta, að Vestfirðingar eða Vestfirðir verði áfram jafneinangraðir og þeir hafa verið um árarraðir, að ekkert minna skal duga en það, að komi slíkt mál upp á Alþ. skuli því vísað frá, þó að ekki sé um að ræða annað en athugun á því, hvað æskilegt sé að gera til úrbóta í þessum málum.

Ég hef oft vikið að því á Alþ., og margir fleiri raunar, að Vestfirðir séu sér á parti að því er varðar allar samgöngur, bæði innan héraðs og við aðra landshluta. Þetta er sá landshluti, sem í öllum tilvikum er langsamlega verst settur með samgöngur. Varðandi flugsamgöngur er það svo, að hann er líklega eini landshlutinn sem hefur ekki lýstan flugvöll sem hægt er að fljúga til á hvaða tíma sólarhrings sem er. Einungis á þrjá staði í Vestfjarðakjördæmi hefur Flugfélag Íslands áætlunarflug þ. e. á Ísafjörð, Þingeyri og Patreksfjörð. Þannig er nú málum háttað um flug á Ísafjarðarflugvöll, kringumstæður eru á þann veg af guði gerðar, að þó að hið besta veður sé á svæðinu hagar þannig til vindátt og er slíkt misvindi á þeim stað sem flugvöllurinn er á, að varla má í vissri átt blakta hár á höfði að ekki sé ófært að lenda á þeim flugvelli. Og það eru mörg dæmi þess, að flug hafi legið niðri svo dögum skiptir um Ísafjarðarflugvöll einmitt vegna þessara kringumstæðna, bara vegna þess að það er ekki hin rétta vindátt svo að hægt sé að lenda á vellinum, en hið besta veður — og má raunar segja blíða — að öðru leyti. Við þetta bætist svo það, að Vestfirðir eru gersamlega einangraðir frá þjóðvegakerfinu, frá sambandi við aðra landshluta 7—9 mánuði á ári hverju, eftir því hvernig vetrar. Þá er skipaferðum einnig þannig háttað og hefur verið, að það líða allt að 13—14 dagar milli skipaferða.

Ég hélt að slíkar staðreyndir væru nægjanlegar til þess, að alþm. almennt gerðu sér ljóst að þessar kringumstæður eru þess eðlis, að allt mælir með því að þessi landshluti njóti forgangs í framkvæmdum í samgöngumálum eins og mál standa og hafa raunar staðið alllengi. En staðreyndin er sem sagt sú, að þegar beðið er einvörðungu um athugun á úrbótum á máli, þá rísa hv. þm. upp hver á fætur öðrum og sameinast um það í n. að leggja til að slíku máli skuli vísað frá.

Ég segi það strax sem mína skoðun í þessu, að ég mun greiða atkv. gegn þessari till. allshn. Ég tel að hún eigi engan rétt á sér — bókstaflega engan rétt á sér. Það mælir allt með því, að þessi þáltill. verði samþ. og sú samþykkt Alþ. standi á bak við það, að þessi athugun verði gerð, en ekki einungis á það treyst, að vera kunni velvilji hjá flugráði eða flugmálastjórn til að kanna þetta. A. m. k. sakar ekki að vilji Alþ. liggi fyrir í málinu.

Ég vildi mjög gjarnan vænta þess, og raunar fara þess á leit við hv. form. allshn. Sþ., hv. þm. Ellert B. Schram, og aðra nm. í allshn., að þeir taki þessa afstöðu sína til endurskoðunar. Ég skil ekki að nein rök séu fyrir því, að málið sé afgreitt með þessum hætti. Það má vel vera að flugmálastjórn eða flugráð þurfi þennan tíma fyrir sér til þess að senda þá umsögn, sem um var beðið, og ætli sér að vinna að henni á komandi sumri. En að minni hyggju styrkir það að athugunin verði gerð, að Alþ. hafi tekið af skarið í málinu og samþykkt till. Það á að gera slíka samþykkt. Ég vænti þess því og beini þeim eindregnu tilmælum til hv. form. allshn., að hann boði til fundar aftur í n. og taki málið til endurskoðunar í ljósi þessa. Ég er ekki kunnugur mjög þingstörfum á Alþ. En mér þykir ólíklegt að þess finnist mörg dæmi, að með mál hafi verið farið eins og hér er lagt til að gert verði, nema þá því aðeins að það sé skoðun þeirra manna, sem leggja þetta til, að Alþ. eigi alls ekki að ákvarða neitt í þessu máli, það skuli vera í höndum embættismanna.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um þetta að sinni, en ég fer þess eindregið á leit við hv. n., að hún taki þetta mál til endurskoðunar og endurmeti afstöðu sína til þess, því að það er skoðun mín, að þessa þáltill. eigi skilyrðislaust að samþykkja nú á þessu þingi, þannig að tryggt sé að þessi athugun eigi sér stað á þessu sumri.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég er einn af flm. þessa máls. Ég ætla ekki að gera efnisatriði þess að umræðuefni hér, aðeins málsmeðferðina. Ég viðurkenni að mér finnst umsögn flugráðs nokkuð óljós, en mér finnst þó ekki ástæða til að sýna henni svo neikvæða afstöðu sem hv. 5. þm. Vestf. hefur gert. Ég held að afstaða allshn. byggist ótvírætt á því, eins og kemur fram í nál., að hún telji að þegar hafi verið ákveðið að sú athugun, sem farið er fram á í till., verði gerð í sumar. Sú afstaða, sem ég tek í þessu máli, byggist á því, að í samtali við flugmálastjóra lét hann svo um mælt, að till. og álitsgerð mundi skilað fyrir haustið. Í trausti þess, að svo verði, sem ég hef ekki ástæðu til að rengja, get ég fellt mig við þessa afgreiðslu málsins. Að sjálfsögðu hefði ég þó heldur viljað að till. hefði verið samþykkt.

En sem sagt, ég get sætt mig við þessa afstöðu n. með tilliti til þess skilnings sem hún leggur í umsögn flugráðs og ég tel mig hafa fengið staðfestan af sjálfum flugmálastjóra.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Það er stundum þegar ég hlusta á hv. þm. Karvel Pálmason, að ég velti fyrir mér hvort tal hans stafi af því að hann hafi sefjað sig upp í krónískа tortryggni gagnvart öllum þeim sem sitja ekki í flokki hans eða hvort það er vegna þess að hann hefur svo óskaplega gaman af því að tala í smæstu málum og þvæla um þau og rugla með þau þannig að annar skilningur sé lagður í mjög einfalda íslensku. Ég veit ekki hvor ástæðan er fyrir þessari ræðu, en ég held, að það þurfi meiri háttar skilningstregðu til þess að fá upp þennan skilning og þær útskýringar á umsögn flugmálastjóra sem ég hef lesið upp og við reyndar báðir.

Þetta mál er mjög einfalt. Það er lögð fram till. til þál. um að stjórnvöld láti gera athugun á tilteknu máli. Þessari till. er vísað til umsagnar þeirra aðila, sem með þau fara, og komu fram mjög ljósar upplýsingar um að þessi athugun, sem beðið er um, verði framkvæmd nú á þessu ári, þ. e. a. s. það er búið að samþykkja að gera þetta, sem till. felur í sér. Ég held að þetta sé svo einfalt að ekki þurfi að halda hálftíma ræðu út af þessu og komast að einhverri annarri niðurstöðu.

Ég vek athygli á því líka, að það kemur mjög skýrt fram í nál. allshn., að hún lítur svo á, að þessi athugun verði framkvæmd og flugmálastjóri eða flugmálastjórn og flugráð séu að segja frá því í umsögn sinni, sbr. tilvísað bréf. Það kemur jafnframt fram í ummælum hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, að sami skilningur er fyrir hendi, þannig að þetta fer ekkert milli mála. Það segir í bréfinu, að samþykkt sé að flugmálastjórn veiti umbeðna umsögn um þær úrbætur, sem getið er um í till., og verði væntanlega unnið að þeirri umsögn n. k. sumar með það fyrir augum að hún liggi fyrir n. k. haust fyrir fjárlagaumr. Ég held að það væri í meira lagi óþinglegt, ef Sþ. færi að samþykkja till. um að gera eitthvað ákveðið verk, framkvæma eitthvað ákveðið verk sem búið er að samþykkja að skuli framkvæmt. Við mundum gera okkur að viðundrum í þinginu með því að samþykkja slíka till. um að skora á stjórnvöld að gera eitthvað sem búið er að ákveða að gert skuli.

Nei, ég held að þetta séu ónauðsynlegar umr. um mjög einfalt mál. Og að vera að tala um að allshn. sé að senda Vestfirðingum kaldar kveðjur og þetta sífellda þokuvæl og þessi barlómur frá þessum hv. þm. fyrir hönd Vestfirðinga, — ég veit ekki um aðra þm., en ég á bágt með að trúa því, að Vestfirðingar ætlist til þess, að slíkur málflutningur sé hafður uppi fyrir þeirra hönd í þinginu. Ég efast um að það sé í samræmi við það stolt og þann hugsunarhátt, sem ríkir þar fyrir vestan, að láta vera að vorkenna sér sífellt og vilja láta líta á sig sem minni máttar eða undirmálsmenn í þjóðfélaginu.

Ég vil lýsa því yfir, a. m. k. fyrir mína hönd, að auðvitað kemur ekki til greina að fara að endurskoða afstöðu n. eða fara að samþykkja till., einfaldlega vegna þess að það er búið að samþykkja að gera það sem till. felur í sér.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka fram í upphafi máls míns, að ég tala hér öllu fremur sem flugráðsmaður en Vestfjarðaþm.

Mér þótti koma fram töluverður misskilningur í orðum hv. 5. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar, sem ég vil reyna að leiðrétta. Ég vil í fyrsta lagi upplýsa, að þegar núv. flugráð tók til starfa var mörkuð þar mjög ákveðin stefna í þessum málum. Það var ákveðið að láta öryggismál flugsins ganga fyrir öllu öðru og fyrst og fremst öryggi í aðflugi að flugvöllum, sem víða er hér mjög ábótavant. Þetta varð t. d. til

þess, að malbikun brauta úti um land var yfirleitt frestað, því að flugmenn og öryggisnefnd þeirra er einróma á því, að slíkt sé ekki í fyrstu röð öryggismála, heldur aðflugstæki ýmiss konar. Það varð einnig til þess, að lýsingu flugvalla, sem var nokkuð ofarlega á dagskrá áður, var frestað. Það var talið mikilvægara að fá fullkomnari aðflugstæki en að lýsa upp flugvelli. Þetta var einróma niðurstaða t. d. þeirra flugmanna sem sitja í flugráði, og ég vil jafnvel leyfa mér ekki síst að vísa til þess flugmanns sem flýgur innanlandsflug og er þar þátttakandi.

Ég vil jafnframt segja að þetta mál allt og öryggismál hinna ýmsu landshluta voru vandlega athuguð. Flugráð var einróma á því, að Vestfirðirnir væru þar í sérstökum flokki og kannske Austfirðir að sumu leyti. Þó er skárra aðflug t. d. að Egilsstöðum og Höfn í Hornafirði heldur en finnst nokkurs staðar á Vestfjörðum. Um þetta voru allir sammála og öryggismál Vestfjarða voru því sérstaklega athuguð. Staðreyndin er hins vegar sú, að þegar farið er fram á 1300 millj. og fjárveitingin raunverulega skorin niður í 530 millj., eins og nú er, þá er ekki unnt að setja allt það fjármagn í Vestfirðina. Það væri auðvelt að koma því öllu þar fyrir, en ég hygg að Vestfirðingar geti sannarlega fagnað því, að framlag til Vestfjarða hefur ávallt verið í fremstu röð. Það er rétt, að nokkrir stórir flugvellir, eins og t. d. Akureyri þar sem umferð er gífurlega mikil og öryggisþáttum ýmsum ábótavant, og t. d. Reykjavík þar sem nálægt því hver einasti flugfarþegi fer um, hafa hlotið miklar fjárveitingar. Hjá því varð ekki komist og engin ástæða til þess. Vestfirðir hafa samt verið þarna mjög framarlega og um það — ég legg á það áherslu — fullkomið samkomulag af öryggisástæðum flugsins á Vestfjörðum og einnig með tilliti til þess, hve Vestfirðingar eru háðir fluginu.

Ég vil geta þess þá í sambandi við þá liði, sem hér eru, að í 1. lið er talað um lýsingu og öryggistæki vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli. Í fyrrasumar var hafin uppsetning á svokölluðum miðlínusendi, sem sendir frá Ögri og gefur mjög örugga stefnu fyrir aðflug út Djúpið áður en flogið er inn á Ísafjarðarflugvöll. Því miður er ekki unnt vegna aðstæðna að koma slíkum sendi fyrir, eins og nafnið ber með sér, í miðlínu flugvallarins á Ísafirði. Fjöll varna því. Einnig verður fjarlægðarmælir — og er reyndar kominn upp núna — settur upp á Ögri. Þetta er samtals fjárfesting fyrir meira en 40 millj., ef ég man þá tölu rétt. Þetta gerbreytir öryggi aðflugs að Ísafjarðarflugvelli. Auk þess er radar þar til staðar, ef til hans þarf að grípa, en þetta eru langtum öruggari tæki, sem gera flugmanninum kleift að þurfa ekki að treysta á mann á jörðu niðri, heldur á tæki í eigin vél. Þetta tel ég mjög mikla framför og að verulegu leyti, þó lengi megi um bæta, fullnægja öryggiskröfum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli. Ég legg áherslu á það, að lengi má um bæta, en þetta er þó mjög mikilvægur fyrsti áfangi.

Mikið hefur verið rætt um lýsingu á Ísafjarðarflugvöll og m. a. skoðaðar í flugráði teikningar að lágmarkskröfum sem gerðar eru, bæði alþjóðlegum og jafnvel niðurskornum slíkum kröfum, til þess að lýsa megi flugvelli. Ísafjarðarflugvöllur er langt, langt undir þeim kröfum. Fjöllin eru allt of nálægt til þess að þar megi setja ljós og nota þau í myrkri. Þau gætu kannske gert flugvélum kleift að fara á loft svona hálftíma lengur en reglur gera ráð fyrir, og það er nokkuð til þess vinnandi að vísu. En á að leggja í mikinn kostnað? Ég vona að aldrei verði nokkur flugvél göbbuð til þess að fljúga þarna inn í myrkri af því að það séu til ljós á Ísafjarðarflugvelli, ef ég má orða það svo. Það er stórhættulegt og kemur að mínu mati ekki til mála. Ég held að við verðum að viðurkenna það. Og af öllum flugvöllum á Vestfjörðum, — þetta hefur sérstaklega verið athugað og teiknað vandlega inn á kort og fjallað um þetta, — þá er aðeins einn flugvöllur sem talið er að geti komið til greina, þ. e. Patreksfjarðarflugvöllur. Fjallahringurinn er þar fullokaður og kemur inn í þann radíus sem lágmarkskröfur gera ráð fyrir, en þó telur flugmálastjóri og starfslið hans að þetta komi til greina þar, enda verði ljósin notuð við góðar aðstæður og yrði þá að sjálfsögðu að vera á valdi flugvallarvarðar, að hann notaði þau eingöngu við góðar aðstæður. En sem sagt, þessari lýsingu, ekki bara þarna, heldur víðar, var frestað vegna þess að annað var talið mikilvægara og fjármagn ekki fyrir hendi t. d. til að lýsa Patreksfjarðarflugvöll, sem þó er á óskalista flugráðs, en hefur orðið að fresta vegna þess að fjárveitingar eru skornar mjög niður. Ég get ekki sagt um, hvenær tækifæri verður til að setja ljósin þar upp, sem ég fyrir mitt leyti tel að eigi að gera.

Ég get svo getið þess, að ýmis önnur öryggismál hafa verið til umr., eins og t. d. að gera öryggissvæði við ytri enda flugbrautar við Ísafjarðarflugvöll fyrst og fremst, sem talin er dálítið varhugavert. Þar hefur verið byggt skýli fyrir sand, þannig að unnt sé að hafa sand á flugvelli á öllum tímum. Mun það vera, ég leyfi mér að fullyrða, það besta sandskýli sem hefur verið byggt hér á landi. Ég held að ekki sé annars staðar til svo stórt og gott skýli til geymslu á sandi. Þetta hefur því verið stöðugt í athugun og nokkuð unnist, eins og takmarkað fjármagn hefur leyft.

Um Önundarfjörð og Bolungarvík vil ég segja, að löngu áður en þessi till. kom fram var rætt um það í flugráði, hvort unnt yrði að byggja varaflugvöll, sérstaklega í Önundarfirði. Satt að segja hafa sérfræðingar, þegar ég hef talað við þá, ávallt vísað því á bug, að á Bolungarvík gæti orðið varaflugvöllur. En það er sjálfsagt að skoða það betur. Athygli hefur beinst að Önundarfirði, en í ljós hefur komið að það eru engar skýrslur til um veðurfar á Ísafirði og í Önundarfirði samtímis. Það eru engar mælingar til. Þannig liggur ekki fyrir hvort Önundarfjörður yrði opinn þegar Ísafjarðarflugvöllur er lokaður. Þetta þarf að sjálfsögðu að liggja fyrir áður en lagt er í milljónatugaframkvæmd. Svo er náttúrlega, eins og við þm. Vestf.

þekkjum ákaflega vel, ekki aðeins æskilegt, heldur nauðsynlegt að fært sé á milli þessara flugvalla, — ef lent væri í Önundarfirði að vetri til væri opið til Ísafjarðar, — en að sjálfsögðu er flugið fyrst og fremst notað á Ísafirði. Og sú athugun, sem hér er gert ráð fyrir og ég kem að aðeins síðar og flugráð hefur ákveðið að gera, beinist ekki síst að því að kanna hvernig þessir tveir flugvellir mundu vinna saman, þ. e. a. s. varaflugvöllur í Önundarfirði og aðalflugvöllur á Ísafirði, og til þess þarf því miður að afla upplýsinga sem ekki liggja fyrir núna. Ég hefði fagnað því, ef þær upplýsingar hefðu legið fyrir. Reyndar má gjarnan koma fram hér, að ég harmaði það, þegar um þetta var rætt, að ekki hafði tekist að afla slíkra upplýsinga, því að á þetta hefur oft verið minnst, eins og ég sagði áður.

Um öryggisútbúnað og lýsingu á Þingeyrarflugvelli þarf ég lítið að segja til viðbótar. Lýsingin þar er háð sömu erfiðleikum og á öðrum flugvöllum á Vestfjörðum, þótt ekki sé þar eins erfitt og á Ísafjarðarflugvelli. Öryggisútbúnaður þar verður t. d. bættur í sumar með merkivita sem settur verður á Fontinn eða þar við, við Galtarvita, en einnig er gert ráð fyrir að breikka flugbrautina eða bæta réttara sagt kanta flugbrautarinnar, sem er mikið öryggi fyrir flugvélar. Slökkvitæki verða sett þar upp, og raunar gildir það sama um fleiri flugvelli, t. d. Patreksfjörð. Á Patreksfirði verður nýr aðflugsviti settur upp við fjörðinn o. fl., sem ég ætla ekki að fara að tína til, enda hygg ég að þetta hafi komið fram þegar fjárveiting var afgreidd til þessara flugvalla við fjárlagaafgreiðslu.

En það, sem ég vildi fyrst og fremst leggja áherslu á, er að innan flugráðs hafa öryggismál Vestfjarða notið mikils og fullkomins skilnings af öllum sem þar hafa setið, ég undanskil engan, og ég verð að segja fyrir mitt leyti, að þótt miklu meira fjármagn hefði þurft að fást til þessara mála eins og til flugvallanna í heild, þá hafa Vestfirðir ekki farið varhluta af því sem hefur fengist, þótt miklu meira megi bæta. Ég held því að þessi aths. hv. þm. sé á töluverðum misskilningi byggð. Ég lýsi því fyrir mitt leyti, að ég mun fylgja því eftir, að þessum upplýsingum verði safnað sem ekki liggja nú þegar fyrir. Ég vona að það takist fyrir haustið. Því er lofað hér með og ég mun leggja áherslu á það. En eins og ég sagði áðan, þá er dálítið erfitt t. d. um veðurfar á þessum tveimur stöðum. Það hefur flugmálastjóri að sjálfsögðu staðfest þegar um þetta hefur verið rætt. Og m. a. með tilliti til þess eru flugöryggismál á Vestfjörðum í stöðugri athugun. T. d. hefur verið í athugun nú í tvö ár, hvort rétt væri að setja upp svokallaðan fjölstefnuvita á Þverfjalli, sem væri mikið öryggistæki fyrir flug á Vestfirðina. Ekki hefur þetta verið talið fært vegna þess að ný tækni, svokölluð Omega-staðsetningartæki, er að ryðja þessum fjölstefnuvitum úr vegi. Þess vegna hefur ekki verið talið fært að leggja í þann mikla kostnað, heldur athuga það mál betur. Þannig gæti ég nefnt fleiri dæmi um athugunun á öryggi flugs á Vestfirði. Þar sem slík athugun er í gangi tel ég ákaflega eðlilega meðferð hjá hv. allshn. að leggja til að vísa þessu máli til ríkisstj. með þeirri rökstuddu dagskrá sem hér er flutt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að það sé mesti misskilningur hjá flugráðsmönnum, — hv. þm. Steingrímur Hermannsson var að ljúka máli sínu og tók sérstaklega fram í upphafi að hann talaði sem flugráðsmaður — að hér sé verið að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. Það er verið að leggja til að málinu verði vísað frá og næsta mál tekið á dagskrá. Það er ekkert um það í þessari till., að málinu verði vísað til ríkisstj. Séu allar athuganir og upplýsingar flugráðsmanna byggðar á svipuðum grundvelli og þessi afstaða hv. þm. Steingríms Hermannssonar, 2. þm. Vestf., þá gef ég ekki mikið fyrir það að eiga allt undir flugráði um það, hvort þessi athugun fer fram eða ekki. Þá er eins gott fyrir hv. þm., a. m. k. þm. Vestfjarðakjördæmis aðra en hv. þm. Steingrím Hermannsson, að samþykkja þessa páltill. og það verði Alþ. sjálft sem sker úr um það, hvort þessi athugun fer fram eða ekki.

Ég var ekkert hissa á þeirri ræðu sem hv. þm. Ellert B. Schram flutti áðan. En ég var nánast furðu lostinn yfir þeirri ræðu sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson flutti sem þm. þess kjördæmis sem hér á í hlut, þess kjördæmis sem er langsamlega verst sett af öllum kjördæmum í landinu að því er varðar samgöngur, ekki bara í lofti, heldur og á landi og legi. Kannske er það vegna búsetu þessa hv. þm. hér syðra sem honum er ekki um þetta kunnugt, en þá væri til leiðbeiningar fyrir hann rétt að hann flytti lögheimili sitt og byggi vestra, þannig að hann vissi af eigin raun hvernig þessum málum er háttað þar.

Það eru fleiri en ég, sem þykir bréf flugráðs eða flugmálastjóra óljóst. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði áðan, að henni þætti það óljóst, en hún vildi enn sem fyrr treysta á fögur orð og fyrirheit góðra manna og láta á það reyna. Hún er í 4 ár búin að treysta á yfirlýsingar hæstv. samgrh. um ýmis málefni hér á Alþ. og ekkert hefur staðist. Og enn ætlar hv. þm. að treysta á fögur orð og fyrirheit, í þessu tilfelli flugráðs eða flugmálastjóra. Guð gefi að þeir séu betur heima í málinu en hv. þm. og flugráðsmaður Steingrímur Hermannsson sem var að tala áðan.

Það kemur ekkert fram í því bréfi, sem liggur fyrir frá flugmálastjórn, um að þessi athugun verði gerð. Það er rétt að þm. fái að heyra þetta bréf einu sinni enn, með leyfi forseta:

„Bréf yðar varðandi umsögn um till. til þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, 39. mál, var lagt fyrir 931. fund flugráðs og samþykkt að flugmálastjórn veiti umbeðna umsögn um þær úrbætur, sem getið er um í till. Verður væntanlega unnið að þeirri umsögn n. k. sumar með það fyrir augum, að hún liggi fyrir“, þ. e. a. s. umsögnin.

Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Steingrímur Hermannsson vissi allt um þessi mál. Hann útilokaði lýsingu á Ísafjarðarflugvelli. Það má vel vera rétt. Og hann bað guð að forða mönn-

um frá því að hafa neitt slíkt í huga. Hann útilokaði líka lýsingu á Patreksfjarðarflugvelli. (**StH:** Nei.) Mjög torveld, sagði hv. þm. Og það veit ég hvað þýðir í hans munni. Svona taldi hann upp svo að segja hvern einasta lið, sem greint er frá í till. og á að athuga, og hafði í raun og veru á takteinum upplýsingar um hvert og eitt einasta atriði annað en um sameiginlegar vindmælingar á Ísafirði og Flateyri í Önundarfirði. Allt annað vissi hann um, þannig að hann hefði væntanlega sem flugráðsmaður getað veitt þessa umsögn á stundinni. Séu aðrir í flugráði jafnvel uppbirgðir af upplýsingum um þessi málefni, þá hefði þessi umsögn átt að geta legið fyrir.

Ég vísa því á bug, sem hv. 2. þm. Vestf. lét í ljós áðan, að Vestfirðingar megi vel við una það sem fyrir þá hefur verið gert í framkvæmdum í flugmálum. Ekki síst miðað við þá aðstöðu og þá sérstöðu, þá einstæðu sérstöðu sem sá landshluti hefur við að búa í þessum efnum, þá tel ég ekki lofsvert þó að hann hangi aftan í öðrum kjördæmum að því er varðar fjárveitingar til flugmála, sem ætti, ef rétt væri á málum haldið, að veita sérstakan forgang um framkvæmdir varðandi flugsamgöngur og raunar fleiri samgöngur. Því fer víðs fjarri, og það fullyrði ég að talað sé í nafni Vestfirðinga, þegar hv. 2. þm. þeirra, Steingrímur Hermannsson, segir að Vestfirðingar geti vel við unað það sem þar hefur gert. Ég vísa því a. m. k. á bug fyrir mitt leyti. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson telur nægilegt fyrir framkvæmdir í flugmálum á Vestfjörðum, í því kjördæmi sem er algerlega einangrað, að það fái 70 millj. af þeim 543 millj. sem ætlaðar eru til framkvæmda í flugmálum á öllu landinu á fjárlagaárinu 1978. Þetta er hæfilegur skammtur handa Vestfirðingum, segir hv. 2. þm. þeirra, Steingrímur Hermannsson. Þeir væntanlega þakka fyrir þessa kveðju í júní, þegar þeir hafa til þess tækifæri.

Ég eða við, sem að þessari þáltill. stöndum, höfum ekki slegið einu eða neinu föstu um það, hvað hægt væri að gera í þessum efnum. Það eina, sem við höfum farið fram á og förum fram á, er að málin verði athuguð. (**Gripið fram í:** Það held ég að sé best.) Það má vel vera og það er meira að segja mjög líklegt að mínu viti, að útilokað sé að lýsa upp Ísafjarðarflugvöll. En þá þarf það bara að koma í ljós, en ekki vera að slá því neitt föstu fyrir fram eða meira eða minna út í loftið. (Gripið fram í.). Ég á nú eftir að koma betur að hv. þm. Ellert Schram hér á eftir, þannig að hann getur beðið rólegur. (**Gripið fram í:** Þarf hann ekki að vara sig?) Nei, það eru kannske aðrir sem þurfa frekar að vara sig varðandi þetta mál.

Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Ellert B. Schram, að ég sé með neinn krónískan sjúkdóm varðandi gagnrýni, en ég gagnrýni það sem mér finnst gagnrýnisvert. Og þessi gagnrýni á ekki bara við þennan hv. þm. Hún beinist að öllum nm. allshn. og nú beinist hún líka að hv. 2. þm. Vestf. fyrir þá afstöðu sem hann tekur í málinu. Og svo segir hv. þm. Ellert B. Schram að ég tali hér í smæstu málum. Þetta telur hann eitt af smæstu málunum sem hér sé um að ræða, að gera tilraun til þess að fá athugun á því, að Vestfirðingar búi við svipað og aðrir landsmenn á samgöngusviði. Það er smámál á Alþ. En þetta er ekki litið smáum augum heima í héraði, það get ég fullvissað þennan hv. þm. um. Það skyldi ekki vera, að hann hefði í fórum sínum, þó að þess hafi ekki verið getið hér, sérstaka ályktun og samþykkt frá bæjarstjórnum vestur á fjörðum um að þessi þáltill. yrði samþykkt? Það hefur ekki komið fram enn í umr., en ég veit að slík samþykkt hefur verið gerð og send hv. n. a. m. k. af einni bæjarstjórn á Vestfjörðum. Heimaaðilar heima í héraði, sem við þetta þurfa að búa ár eftir ár og áratug eftir áratug, eru því annarrar skoðunar en þeir, hvort sem þar er um að ræða þm. Reykvíkinga eða Vestfirðinga, sem sitja hér á Suðurlandsundirlendinu, í gósenlandinu sem þeir telja vera.

Það er ljóst að ekkert liggur fyrir um það í bréfi flugráðs, að þessi athugun fari fram. En umsögnina ætlar flugráð að veita eftir að þetta sumar er liðið. Það er það eina sem fram kemur og er ljóst í bréfinu. Ég get að sjálfsögðu getið í eyður eins og aðrir hv. þm., en a. m. k. er ekki ljóst eða ótvírætt að þessi athugun verði gerð. Svo segir hv. þm. að það væri í meira lagi óþinglegt, ef alþm. tjáðu sig um málið þó svo að viðkomandi embættismenn eða flugráðsmenn væru jákvæðir í málinu og vildu láta athuga það, þá er ekki óþinglegt að Alþ. taki ákvörðun um mál sem liggur fyrir því. Og ég vil spyrja hv. þm. Steingrím Hermannsson, 2. þm. Vestf., flugráðsmanninn: Hvers vegna lét ekki flugráð framkvæma þessa athugun á s. l. sumri? Það lá sams konar till. fyrir á síðasta þingi. Af hverju sváfu menn þá? Hver var ástæðan? Eða þurfti að flytja þetta mál tvisvar á Alþ. til þess að flugráðsmenn vöknuðu? Það er engu líkara en að hv. þm. Steingrímur Hermannsson sé að segja það fullum fetum, að málið hafi tvisvar þurft að koma til umr. á Alþ. til þess að þeir í flugráði vöknuðu og veittu málinu þá athygli sem það á fyllilega skilið. En þá er líka best að Alþ. taki málið til endanlegrar afgreiðslu, en vísi því ekki frá.

Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Ellert B. Schram, að ég sé með stöðugt þokuvæl eða barlóm fyrir hönd Vestfirðinga. En við Vestfirðingar krefjumst þess, að við séum settir við sama borð og aðrir landsmenn í þessu sem öðru. Nógu lengi höfum við verið meðhöndlaðir af stjórnvöldum og ráðandi mönnum í þjóðfélaginu sem annars eða þriðja flokks þjóðfélagsþegnar og á fleiri sviðum en þessu. Það er kannske sá boðskapur sem hv. þm. Ellert B. Schram vill nú koma á framfæri, að haldið skuli áfram að meðhöndla Vestfirðinga á þann hátt sem gert hefur verið. Ég a. m. k. vænti þess, að hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, taki ekki undir þann boðskap, þó að hann hafi tekið undir margt af því, og hann hefði gjarnan mátt láta ógert að taka undir það sem undir bjó í ræðu hv. þm. Ellerts B. Schram.

Vestfirðingar krefjast þess, að þeir fái sambærilega aðstöðu í samgöngum og aðrir landsmenn hafa og hafa búið við í mörg ár og ára-

tugi. Það ætti ekki að vera neitt sérstakt áhorfsmál um að við þeirri beiðni mætti verða á Alþ., en því miður virðist allt annað vera uppi á teningnum. Ég held sem sagt enn við þá afstöðu, að ótvírætt liggi á borðinu að flugráð ætli að framkvæma þessa athugun í sumar. Það, sem frá flugráði hefur komið, er vægast sagt það óljóst, að það gefur ekki tilefni til þess að ætla að þetta verði framkvæmt. Ég held mig því enn við þá afstöðu, að það eina, sem sæmir Alþ. í þessu efni, er að þessi þáltill. verði samþykkt, en henni verði ekki vísað frá með rökstuddri dagskrá. Henni verður ekki vísað til ríkisstj. Ég leiðrétti enn einu sinni þann misskilning hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Og a. m. k. er ég viss um það, að það verður sérstaklega eftir því tekið hjá viðkomandi aðilum, sem hér eiga hlut að máli, ef þessu máli verður vísað frá Alþ. með rökstuddri dagskrá. Það verður miklu frekar litið svo á að þeir, sem slíkri afgreiðslu veita liðsinni, séu höfuðandstæðingar þess, að eitt eða neitt verði gert á Vestfjörðum umfram það, sem gert er annars staðar á landinu hlutfallslega, þó svo Vestfirðingar hafi setið á hakanum í áraraðir. Og Alþ. gerir sig ekki hlægilegt með því að samþykkja þessa þáltill. Alþ. setur blett á sig að mínu viti með því að vísa þáltill. frá og samþykkja þá rökstuddu dagskrá sem allshn. hefur lagt fyrir Alþ. Ég vona fastlega að hv. þm. átti sig á því, hvað hér er að gerast, a. m. k. vænti ég þess, að þm. Vestf. átti sig á því.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég gerði tilraun til þess áðan að ræða málefnalega um flugmál á Vestfjörðum. Ég gerði það vegna þess, að mér var ljóst, sem ég reyndar vissi fyrr, að hv. 1. flm. veit ákaflega lítið um þau mál, enda almæli að hann fari lítið út fyrir Bolungarvík. En þetta mistókst algerlega. Vitanlega mátti ég vita það. Eina skynsemin er, eins og flestallir þm. gera, að fara niður í kaffistofu þegar hv. þm. talar Það er ekki hægt að tala við manninn málefnalega. Mér þykir satt að segja ákaflega leitt að þurfa að taka undir það sem hv. þm. Ellert Schram sagði um þennan hv. þm. Vestf. áðan, en því miður var hvert orð af því rétt — hvert orð. Þessi hv. þm. er orðinn okkur Vestfjarðaþm. til stórkostlegrar skammar í þingsölum.

Það er rétt, mér urðu á þau mistök að segja að till. væri vísað til ríkisstj. En dæmir það einskis virði það sem ég sagði um flugmál á Vestfjörðum og reyndi að upplýsa áðan af því, sem ég hef um þau mál lært — segi ég í hreinskilni — með setu minni í flugráði þar sem mjög mikið hefur verið um þau mál fjallað og af fullri hreinskilni af öllum þeim mönnum sem í því hafa tekið þátt? Ég var að reyna að upplýsa hv. þm. um sum mál sem þar hafa verið rædd í þessu sambandi, t. d. öryggismál í aðflugi. Hann minnist ekki á þau í ræðum sínum eða grg., en hins vegar fjallar hann um málið án þess að fara nokkrum orðum um það sem hefur verið gert. Nei, það er tilgangslaust að ræða málefnalega við þennan hv. þm. og ég geri ekki fleiri tilraunir til þess.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Manni leyfist kannske að leggja örfá orð í belg, þótt málið snúist um rannsókn á úrbótum í flugsamgöngum á Vestfjörðum, enda er þetta ekkert einkamál Vestfjarðaþm.

Ég hef marglesið yfir nál. frá hv. allshn. Hv. n. hefur sent málið og beðið um umsögn flugmálastjórnar, en flugmálastjóri svarar og segist ekki vera tilbúinn með umsögn um málið — það ber bréf hans með sér, ef það er rétt upp prentað — og lofar að senda umsögn um till. á hausti komanda. Forsendurnar fyrir hinni rökstuddu dagskrá eru að mínu viti alls engar til eftir þessu bréfi. Till. fjallar um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði og þar er talið upp í 3—4 liðum nákvæmlega hverju farið er fram á rannsókn á. Það er aldeilis útilokað fyrir hið háa Alþ. að mínum dómi að samþykkja rökstudda dagskrá sem byggist á svona misskilningi, vil ég nú kalla það, sem hlýtur að vera.

Hér hlýtur að vera um algeran misskilning að tefla. Ég út af fyrir sig get skilið það. Fyrst þegar ég leit á þetta sýndist mér að þarna byggju í forsendur fyrir rökstuddu dagskránni, en svo er alls ekki, því að ekki segir nokkurn skapaðan hlut um það, að flugmálaráð ætli að kanna þessa þætti, sem hér er lagt til að kannaðir verði, heldur veita umsögn um þá. Þar af leiðir að útilokað er að byggja rökstudda dagskrá á þeim forsendum, að flugmálastjóri hafi þegar ákveðið að fram fari sú athugun sem ályktunartill. gerir ráð fyrir. Það er aldeilis óþingleg málsmeðferð í hæsta máta. Ég skal nú ekki segja til hvaða ráða hægt er að grípa til þess að leiðrétta þessi afglöp annarra en að fella þessa rökstuddu dagskrá. Vil ég þó fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann athugi það hjá sér, hvort hann getur ekki beitt sér fyrir því, að leiðréttíng verði á þessu gerð og þetta nál. dregið til baka og n. komi saman á nýjum fundi.

Ég verð að segja líka tilviðbótar þessu, að ef þeir hafa skilið það svo, hv. nm. allshn. að í vinnslu væri þessi rannsókn sem hér er lagt til, þá hefði átt að vera skaðlaust að mæla með samþykkt till. Ef þeir hafa trúað því í raun og sannleika, að hér væri á lokastigi úttekt á málinu, þá hefði ekki átt að skaða að hnykkja á málinu með því að samþykkja þessa till. En mér sýnist alla vega heldur óhöndulega að þessu máli staðið.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Það er ekki lítill akkur í því fyrir hv. þm. Karvel Pálmason að fá í lið með sér vitsmunaveruna og íslenskusérfræðinginn Sverri Hermannsson til þess að útskýra, hvað felst í umsögn flugmálastjóra. En ég verð nú samt að leyfa mér að lýsa því yfir, að skilningur hans í þessu máli er auðvitað algerlega rangur og á misskilningi byggður, og ég vona einfaldlega að svona misskilningur ríki ekki í huga hans í öðrum og stærri málum. Þetta skal ég útskýra nokkru nánar.

Þetta margumrædda bréf, sem vitnað er til,

segir að samþykkt hafi verið að flugmálastjórn veitti umbeðna umsögn um þær úrbætur sem getið er um í till. Og hvernig er hægt að veita þessa umsögn um þessar úrbætur nema láta athugun fara fram, nema gera athugun á því, hvers eðlis þessar úrbætur séu? Og nú vísa ég til þess, sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði, til að reyna að festa hendur á einhverju sem frá honum kemur af viti í þessum umr. Hann segir: „Það eina, sem við biðjum um, er að láta athuga þetta mál.“ — Þetta sagði hann orðrétt. Við höfum skilið bréfið svo, að flugmálastjórn sé búin að samþykkja að láta athuga málið. Þetta er ekki aðeins nokkuð augljóst af bréfi flugmálastjóra, heldur var ég búinn að fá sjálfur sem formaður allshn. upplýsingar um að þessi skilningur okkar væri réttur. Svo hefur hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir staðið hér upp — hún er einn af flm. till. — staðfest að flugmálastjóri hafi lýst því yfir við hana, eins og hún sagði orðrétt, „að till. og álitsgerð um þetta mál mundi skilað fyrir haustið.“ Ég get því ekki séð, að þetta fari nokkuð milli mála, og held að þetta sé ofureinfalt mál. Og enn til staðfestingar á þessu, ef menn eru í vafa um, hver sé skilningur og vilji hv. allshn., þá kemur eftirfarandi fram í hinni rökstuddu dagskrá okkar:

„Þar sem fram kemur í umsögn frá flugmálastjóra, að þegar hefur verið ákveðið, að fram fari sú athugun, sem þáltill. fjallar um, tekur Sþ. fyrir næsta mál á dagskrá.“

(KP: Það er rangt.) Ja, þetta er okkar skilningur. Þarna kemur því fram, að ef þessi rökstudda dagskrá er samþykkt, þá er það staðfest af Alþ., að við lítum svo á að þessi athugun hafi verið ákveðin. Það er því ekki verið að vísa málinu frá eða hafna því. Það er einmitt verið að staðfesta þann skilning sem ég hef hér margítrekað. Ég sagði ekki að það væri óþinglegt að tjá sig í málinu. Ég sagði að þegar lögð væri fram till. í þinginu og í millitíðinni, áður en að afgreiðslu till. kemur, er búið að samþykkja að framkvæma það sem till. felur í sér, þá finnst mér óþinglegt, og ég hygg að fleirum finnist það, að Alþ. sé að gera slíka ályktun um verk sem búið er að samþykkja að gert skuli. Því er ekki um nein afglöp að ræða, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson heldur fram. Þvert á móti eru þetta mjög eðlileg vinnubrögð. Þetta sagði ég 1. flm. þessarar till., Karvel Pálmasyni, hvernig umsögnin hljóðaði, hvernig allshn. öll ritaði um málið og skildi það. Ég lýsti því fyrir honum, að ég teldi eðlilegt að málið lægi kyrrt í n. þar sem það væri komið á rekspöl, það væri búið að samþykkja málið. En hann óskaði eftir því engu að síður, að afgreiðsla færi fram, og mæltist frekar til þess að allshn. afgreiddi málið. Ég sagði honum að hún gæti ekki afgreitt málið með öðrum hætti en þessum. Og svo koma menn og standa upp og eru að rífast yfir því, að við skulum vera að leggja fram þessa till. að rökstuddri dagskrá.

Ég vil endurtaka það sem ég hef sagt í þessari umr., að mér finnst fráleitt að allshn. fari að endurskoða afstöðu sína. Það liggur alveg ljóst fyrir, hver skilningur hennar er. Það kemur fram ákveðin viljayfirlýsing í tillögugerð hennar, og ég held að einfaldast sé að þingið sjálft taki afstöðu til þessa máls.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, fyrst og fremst vegna rangfærslu hv. þm. Ellerts B. Schram. Hann sagði — að ég held orðrétt — að hann hefði tjáð mér þessa fyrirhuguðu afgreiðslu allshn. og að ég hefði óskað sérstaklega eftir því, að málið yrði afgreitt nú. Það er rangt. Hv. formaður allshn. tjáði mér að tvennt kæmi til greina: annaðhvort að láta málið kyrrt liggja eða þessi yrði afgreiðsla allshn. Ég tjáði honum að ég vildi fá málið afgreitt. En jafnframt óskaði ég sérstaklega eftir því, að hann athugaði frekar hina ákveðnu afstöðu allshn. Ég er nærri viss um að sumir hverjir hv. nm. í allshn. hafa bókstaflega ekki áttað sig á því, hvað hér hefur verið að gerast. Ég er viss um það og það er mín fyllsta sannfæring. Þess vegna er ástæða til þess að málið verði athugað betur, því að það segir í hinni rökstuddu dagskrá, með leyfi forseta:

„Þar sem fram kemur í umsögn frá flugmálastjóra, að þegar hefur verið ákveðið, að fram fari sú athugun.“

Þetta er rangt. Það kemur ekkert fram í bréfi flugmálastjóra um það, að þessi athugun skuli fara fram, heldur bara að umsögn skuli verða látin í té. Hér er því farið með staðlausa stafi í hinni rökstuddu dagskrá n. Það er full ástæða til, ekki síst fyrir hv. form. n., sem er lögfræðilærður, að íhuga eilítið betur hvort frambærilegt sé að bera á borð fyrir hv. alþm. ósannindi sem þessi. Farið er með staðlausa stafi í hinni rökstuddu dagskrá. Og ég vek athygli á því að lokum, herra forseti, að nú er þannig komið, að sú harka, sem var í orðum hv. frsm. og formanns allshn. í hinni fyrstu ræðu í dag, hefur breyst. Hann segir nú: Við höfum skilið þetta svo. Við höfum skilið það svo á bréfi flugmálastjóra, að þetta eða hitt kunni að verða gert. — Maðurinn er sem sagt farinn að efast.

Það er best að athuga málið betur, þannig að menn séu alveg fullvissir um hvað hér er að gerast og að hér verði ekki framin nein glöp sem flokkist undir það, að ekki sé fjallað hér um mál á þinglegan hátt.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er greinilega kominn mikill tilfinningahiti í umr., en ég get alveg haldið mér utan við slíkt fjargviðri. Ég held því enn fram, að forsendurnar séu rangar fyrir hinni rökstuddu dagskrá. Það segir alveg greinilega, að flugmálastjóri ætli að veita hina umbeðnu umsögn um úrbæturnar sem beðið er um, en hann er ekki tilbúinn með umsögn sína um úrbæturnar fyrr en á hausti komanda. Síðan er því slegið föstu í hinni rökstuddu dagskrá og það er forsenda hennar, að þegar hafi verið ákveðið að þessar athuganir, sem þáltill. gerir till. um, muni fara fram. Það kemur hvergi fram í þessu bréfi. Og fyrir því er það, að þetta getur ekki staðist að mínum dómi. En mér dettur ekki í hug að fullyrða að mér geti ekki missýnst í þessu máli eins og öðru. En þetta er ekki það stórt mál að menn þurfi að ganga af göflunum þótt ágreiningur sé um

skilning á málsmeðferðinni. Ég held þess vegna, að það verði að biðja um úrskurð — fram á það hlýtur að vera hægt að fara — úrskurð um það, hvort forsendur hinnar rökstuddu dagskrár eigi sér nokkra stoð, vegna þess að ef svo er ekki, þá er dagskrártill. óþingleg og hægt að úrskurða hana frá. Þetta vil ég nú biðja hæstv. forseta um að athuga hjá sér.

En ég endurtek það sem ég sagði áður, að ef það hefur verið skilningur hv. n., að þessi úttekt og þessi athugun væri í aðdrögum og henni yrði raunverulega lokið, svo sem gerð er till. um í þáltill., á hausti komanda, þá hefði nú ekkert skaðað að taka undir það með velviljuðum orðum og þá t. a. m. að hafa þá aðferð að vísa málinu til ríkisstj. til þess nú að fylgja því eftir, svo að ekki gengi neitt úrskeiðis hjá flugmálastjóra. En ég held fast við skilning minn á þessu og tel þessa dagskrártill. út í hött.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitna, þáltill. (þskj. 565). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Við höfum leyft okkur nokkrir þm. í Alþfl., eða auk mín Benedikt Gröndal og Jón Ármann Héðinsson, að bera fram svofellda þáltill.:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum, svo að niður falli aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskattur af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna (þ. e. framkvæmda að dreifikerfi):“

Þáltill. þessi, sem nú er endurflutt, var í fyrstu flutt snemma vetrar 1976, en fékk ekki afgreiðslu. Fylgdi þá till. svofelld grg., með leyfi forseta:

„Það mun í flestum tilvikum ríkjandi hefð að fella niður gjöld til ríkisins af innfluttu efni til framkvæmda við raforkuver og hefur þótt fullkomlega réttlætanlegt. Hitt ætti ekki síður að þykja réttmætt, að fella þessi gjöld niður af hitaveituframkvæmdum, sem nú eru ýmist í gangi eða mjög í athugun, til að nota innlendan hitagjafa og láta hann leysa dýran, innfluttan hitagjafa (olíuna) sem víðast og mest af hólmi.

Venjulegast mun sá háttur hafa verið hafður á um raforkuver, að Alþ. hefur heimilað ríkisstj. eftirgjöf tiltekinna gjalda á hverri virkjun fyrir sig, enda varla nema 1—2 umtalsverðar virkjanir í gangi hverju sinni. En öðru máli gegnir um hitaveituframkvæmdir nú. Þegar eru í gangi hitaveituframkvæmdir á Suðurnesjum, Suðureyri við Súgandafjörð, á Siglufirði og í þéttbýli Reykjadals í Suður-Þingeyjarsýslu, en fram undan hitaveita til Akureyrar og væntanlega Akraness, Borgarness, Blönduóss og ýmsar fleiri vafalaust innan tíðar. Það gefur því auga leið, að afar mikilsvert er, að Alþ. marki ákveðna heildarstefnu í þessu máli, þegar það liggur í loftinu að hagkvæmni sumra þessara hitaveitna sé undir því komin, hvort framannefnd gjöld eru felld niður eða ekki.

Þegar á það er horft, að verulegur hluti þessara framkvæmda hlýtur að gerast fyrir erlend lán, sem viðkomandi sveitarfélög verða að standa straum af, hafandi bundna tekjustofna, verður það tæpast talið ósanngjarnt, að ríkið rétti þeim hjálparhönd í því formi, sem hér er greint, litandi á, að engar yrðu ríkistekjur af framkvæmdunum, geti sveitarfélögin ekki ráðist í þær.“ — Hér lýkur þeirri grg., sem fylgdi till. í vetrarbyrjun 1976.

Síðan þessi grg. var samin á haustdögum 1976 hefur það gerst varðandi hitaveitu frá Svartsengi og hitaveitu til Akureyrar, að umrædd gjöld hafa með sérstöku ráðherrabréfi ýmist verið felld niður eða lánuð til ákveðins tíma með góðum kjörum. Munu hlutaðeigandi bæjarfélög að sjálfsögðu ekki vanþakka þá fyrirgreiðslu, en um leið og það vekur athygli, að þetta virðist ekki gert samkv. sérstökum heimildum í fjárlögum, er ljóst að undir geðþótta stjórnvalda er hér enn að sækja, en ekki lagaákvæði. Er því óvissan enn fyrir hendi um niðurfellingu þessara gjalda til þeirra hitaveitna sem nú eru á athugunarstigi eða síðar koma til álita. Kunna ýmsar þeirra að vera svo á hagkvæmnismörkum, að úrslitum réði, hvort þessi gjöld eru lögð á eða ekki. Teljum við flm. þessarar þáltill. því mikils vert, að hér verði skarið tekið af.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um þessa þáltill., vona, að þingheimur hafi algerlega áttað sig á hvað hér er um að tefla, og vænti þess, að till. fái góðan og greiðan gang í gegnum þingið, en legg til að umr. verði frestað og málinu vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, þáltill. (þskj. 42, n. 595). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um skipulag sérfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum, flutt af hv. þm. Helga Seljan og Stefáni Jónssyni. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipuleggja þjónustu sérfræðinga í sem flestum greinum læknisfræðinnar á heilsugæslustöðvum landsbyggðarinnar og auka og bæta hannig þá þjónustu, sem heilsugæslustöðvarnar eiga að veita samkv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Áætlun um þessa sérfræðiþjónustu verði gerð af heilbrrn. og liggi fyrir eigi síðar en 1. maí 1978 og jafnframt verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda áætluninni í framkvæmd þegar á næsta ári.“

Þessari till. var vísað til hv. allshn. og hún hefur tjáð sig um till. á þski. 595, þar sem fram kemur að n. sé efnislega sammála þessari till., en vísar til þess, að nú hefur verið lagt fram á Alþ. stjfrv. til laga um heilbrigðisþjónustu þar sem fjallað er um heilsugæslu og skipulag hennar. Leggur allshn. til að till. verði afgreidd með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem lagt hefur verið fram á Alþ. stjfrv. til laga um heilbrigðisþjónustu, sem fjallar m. a. um efni þáltill., tekur Sþ. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Það má segja um þetta mál eins og það, sem

hér var á dagskrá áðan, og ýmis önnur sem eru á dagskrá þessa fundar, að alltaf megi deila um hvernig n. eigi að afgreiða mál. Og víst er það rétt, að undir vissum kringumstæðum er farin sú leið að vísa málum til ríkisstj. frekar en salta þau í n. eða beinlínis leggja til að þau séu felld. Þegar um er að ræða till. eins og þessa, þar sem n., sem fjallar um málið, er efnislega alveg sammála því sem felst í till., en á sama tíma eða skömmu eftir að till. er lögð fram er lagt fram frv. um sama málaflokk, þá finnst allshn. óeðlilegt eftir atvikum að vera að vísa slíkri till. til ríkisstj., þar sem hún er þegar búin að tjá sig með því að leggja fram sitt frv. Þess vegna hefur allshn. valið þann kostinn í þessu máli og ýmsum öðrum að leggja til, að þessi till. sé afgreidd með rökstuddri dagskrá, og vísað til þess, að nefnt stjfrv. er komið fram.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka allshn. fyrir afgreiðslu á till. Ég kann því miklu betur, að till. séu afgreiddar úr n. en þær séu þar svæfðar og ekki teknar til neinnar afgreiðslu. Ég get líka fyrir hönd okkar flm. fagnað því, að n. er efnislega sammála um þessa tillögu.

Sannleikurinn er sá, að hér er um mjög brýnt og nauðsynlegt mál að ræða og alls ekki flutt að ástæðulausu, vegna þess að þegar lögin um heilbrigðisþjónustu voru samþykkt á sínum tíma stefndu þau ekki hvað síst að því að reyna að tryggja íbúum landsbyggðarinnar sem besta þjónustu í hvívetna. Við flm. bentum á það í vetur, að við hefðum áður reifað það hér á þingi, að sjúkratryggingarnar greiddu hluta af ferðakostnaði þess fólks sem þyrfti að leita ítrekað til læknis eða sérfræðinga í Reykjavík, og því hefði verið vísað til ríkisstj. á þeim forsendum að málið væri í athugun. Nú höfum við séð það í frv. til laga um almannatryggingar, sem lagt hefur verið fram nú alveg á síðustu dögum, að gert er ráð fyrir því, að vísu eftir reglum sem tryggingaráð setur, að óhjákvæmilegur ferðakostnaður vegna ítrekaðra ferða af völdum sjúkdóma á fund sérfræðings verði greiddur. Eftir þeim skilningi, sem ég hef fengið út úr því, á sá ferðakostnaður jafnvel að greiðast að fullu, sem var meira en okkur þm. Stefán Jónsson dreymdi um. En ekki er ég búinn að fá þennan skilning staðfestan í reynd, svo að þar er einnig að nokkru komið inn á það mál og að verulegu leyti inn á það mál sem við hv. þm. Stefán Jónsson reifuðum í vetur.

Ég fagna sem sagt þessu ákvæði sérstaklega, einkum ef ég má leggja þennan skilning í þetta. Hér var áðan mjög deilt um skilning eða misskilning, en ég vil leggja þann skilning í frv. um almannatryggingar, að þessi óhjákvæmilegi ferðakostnaður verði greiddur jafnvel að fullu, en það sé ekki tryggingaráðs að setja reglur, ekki bara um sjúkdómana, eins og okkur er sagt, heldur einnig um ferðakostnaðinn, að hve miklum hluta hann verði greiddur, því þá er ég hræddur um að greiðslan lækki nokkuð, ef ég þekki það góða ráð rétt.

Í þáltill. er hins vegar um það að ræða að færa þessa sérfræðiþjónustu til fólksins, sem okkur þykir auðvitað miklu nær sanni. Það er alveg rétt, að í frv., sem nú hefur verið lagt fram um heilbrigðisþjónustu, segir svo, að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita þjónustu eftir því sem við á, svo sem segir í 3. lið upptalningarinnar: sérfræðilega læknisþjónustu, tannlækningar og endurhæfingu. Þetta er hins vegar engin breyting frá því sem áður var, þetta er óbreytt frá því sem var í lögum. Það, sem við vorum að vísa til hér sérstaklega, var 42. gr., sem nú er í frv. til l. um heilbrigðisþjónustu. Þar segir einmitt — og það er óbreytt einnig frá lögunum:

„Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.“

Ég er ekki viss um hvort þetta heimildarákvæði hefur verið notað eða ekki, en ég hygg þó að afar lítið hafi verið að því gert. En m. a. við þetta var till. okkar um skipulag sérfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum miðuð. Við höfum þarna vissa lagastoð og hún er áfram í þessu frv.

Ég sem sagt vil aðeins taka það fram, að í þessu frv., sem nú hefur verið lagt fram um heilbrigðisþjónustu, eru engin frekari ákvæði um þetta tiltekna atriði sem við erum að fara þarna fram á. En í almannatryggingafrv., sem nú liggur fyrir Nd., er um að ræða mjög veigamikið atriði, ef af þeirri framkvæmd verður, sem kemur til móts við bæði frv., sem við hv. þm. Stefán Jónsson höfum flutt, og snertir svo aftur í raun og veru sama mál og hér er um að ræða. Ég felli mig einnig við þessa afgreiðslu n. af þeim ástæðum, að þetta frv. er nú til umfjöllunar í þinginu og við hv. þm. Stefán Jónsson getum þá og höfum fullt tækifæri til þess að bera fram við það frv. þær brtt., að við getum fengið einhverja staðfestingu á vissri áætlun, t. d. tengda þessu heimildarákvæði sem er í 42. gr.

Af þessum ástæðum tveimur get ég fyllilega fellt mig við þessa afgreiðslu og met það miklu meira, að hún skuli koma fram, heldur en ef málið hefði legið eftir í n. og ekkert verið í því gert. Það er sem sagt af þessum tveimur ástæðum, sem ég sætti mig við afgreiðslu þessa, þó hins vegar gildi ekki hið sama um ýmis mál önnur sem hafa verið lögð fram og hafa ekki hlotið afgreiðslu á sama máta. Ég skal ekki fara frekar út í það, til þess að ekki verði af nein deila um skilning eða misskilning, en aðalatriðið er auðvitað að að þessu ber að stefna, að skipuleggja sérfræðiþjónustuna á heilsugæslustöðvunum, og það er skylda okkar hv. þm. Stefáns Jónssonar, úr því að frv. er komið fram frá ríkisstj. nokkuð breytt frá fyrri lögum, þó það snerti ekki þetta, að reyna að koma inn í það þeim ákvæðum, sem við leggjum til með flutningi þessarar tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi, þáltill. (þskj. 45, n. 617). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hér er um að ræða till. til þál., sem flutt er af hv. þm. Jóni Skaftasyni, um upplýsinga- og fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að skora á menntmrh. að beita sér fyrir því, að sjónvarpið hefji svo fljótt sem verða má reglulega upplýsinga- og fræðsluþætti um efnahagsmál í umsjá viðskiptadeildar Háskólans og Þjóðhagsstofnunar."

Þessari till. var vísað til umsagnar Þjóðhagsstofnunar, viðskiptadeildar Háskóla Íslands og frétta- og fræðsludeildar sjónvarps. Tveir fyrrnefndu umsagnaraðilarnir mæltu með eflingu slíkrar fræðslu í sjónvarpi. Reyndar gerði frétta- og fræðsludeild það einnig, en vakti athygli n. á því, að nú þegar væri búið að ákveða og lengi hefðu verið í undirbúningi þættir um efnahagsmálafræðslu í sjónvarpinu, sem mundu verða undir umsjón dr. Þráins Eggertssonar og Ásmundar Stefánssonar. Þessir þættir verða væntanlega í dagskrá sjónvarps innan mjög skamms tíma. Af þessum ástæðum, þar sem ljóst er og fyrir liggur að það, sem felst raunverulega í till., hefur nú þegar verið samþykkt og ákveðið að gera, þá leggur allshn. til að þessi till. verði afgreidd með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi:

„Þar sem upplýst er, að þegar hefur verið ákveðið að umrædd efnahagsmálafræðsla verði á dagskrá sjónvarpsins á þessu sumri, tekur Sþ. fyrir næsta mál á dagskrá."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosningalög, þáltill. (þskj. 4, n. 642). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hér er til umr. till. til þál. um breytingu á kosningalögum, flutt af hv. þm. Ragnari Arnalds o. fl. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er skipuð sé einum fulltrúa frá hverjum þingflokki, til að semja frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 1959, um kosningar til Alþ., er miði að því að gera kjósendum auðveldara en nú er að velja á milli frambjóðenda á þeim lista sem þeir kjósa."

Þetta mál snertir endurskoðun á kosningalögum og fléttast jafnframt inn í almennar umr. um breytingar á stjskr., starfsháttum Alþingis o. s. frv. Það er hluti af miklu víðtækara og stærra máli, eins og flestum er ljóst af þeim umr. sem fram hafa farið í þjóðfélaginu og hér á Alþ. að undanförnu. Hv. allshn. hefur leyft sér að leggja fram till. til þál., þar sem gert er ráð fyrir því, að núv. stjskrn. verði leyst frá störfum og ný nefnd verði skipuð, sem fjalli um endurskoðun stjskr. og þá sérstaklega um þau ákvæði stjskr., sem lúta að kjördæmaskipun, svo og að þessi nefnd fjalli um og geri till. um breytingar á kosningalögum og á lögum um Alþingi. Þessi till. er að vísu ekki á dagskrá í dag og er það miður, því að hún er raunverulega móðurskipið í þeim tillöguflutningi sem allshn. hefur gert varðandi þetta mál, sem hér er nú til umr., og önnur þau, sem eru á dagskrá, en með vísan til þessarar till. um nýja nefnd, sem á að fjalla um stjskr., kosningalög og lög um Alþ., hefur allshn. tekið þá afstöðu að leggja til að þessari till. til þál. um breytingu á kosningalögum verði nú á þessu stigi málsins vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo:

„Þar sem allshn. hefur lagt fram till. til þál. um skipan nefndar sem m. a. skal fjalla um það mál, sem hér um ræðir, tekur Sþ. fyrir næsta mál á dagskrá."

Umr. (atkvgr. frestað).

Starfshættir Alþingis, þáltill. (þskj. 6, n. 643). — Síðari umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Till. sú, sem hér um ræðir, er flutt af hv. þm. Benedikt Gröndal og fjallar um bætta starfshætti Alþ. Hún er í sex liðum. Þar er kveðið á um að skipuð skuli sjö manna nefnd þm. til þess að gera breytingar á skipan og verkefnum fastanefnda þingsins, að láta fastanefndir starfa milli þinga, að setja í þingsköp reglur varðandi umr. utan dagskrár, að breyta meðferð þáltill., að taka upp forsætisnefnd og að staðfesta í lögum þá hefð, að þingforsetar gegni störfum milli þinga, jafnvel þegar þing er rofið.

Það er mat hv. allshn., að margar þessara till. séu athyglisverðar og það sé skammt undan að gera þurfi ýmsar slíkar breytingar á þingsköpum og öðrum lögum, sem lúta að Alþ. Þessari till. var vísað til umsagnar þriggja forseta Alþ., en n. barst ekki umsögn frá þeim. Hins vegar er það mat n., að þessi endurskoðun þurfi að haldast í hendur við endurskoðun á stjskr., sem m. a. snertir Alþ., svo og ýmislegt sem varðar kosningalög. Með vísan til þess, sem ég sagði áðan um það mál sem hér var á dagskrá næst á undan, þá hefur n. lagt til að þessi till. verði afgreidd með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi:

„Þar sem allshn. hefur lagt fram till. til þál. um skipan nefndar sem m. a. skal fjalla um það mál, sem hér um ræðir, tekur Sþ. fyrir næsta mál á dagskrá."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sami kjördagur fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, þáltill. (þskj. 89, n. 644). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Lögð hefur verið fram till. til þál. um sama kjördag fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar, flutt af hv. þm. Jóni Skaftasyni. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort ekki sé æskilegt, að reglulegar kosningar til Alþ. og sveitarstjórna fari fram samtímis."

Með vísan til þess, sem ég hef sagt um tvö síðustu dagskrármál, hefur allshn. lagt til að þessi till. verði afgreidd með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Þar sem allshn. hefur lagt fram till. til þál. um skipan nefndar sem m. a. skal fjalla um það mál, sem hér um ræðir, tekur Sþ. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég vil geta þess, herra forseti, að þetta mál hefur fengið þessa afgreiðslu í n. með fullu samþykki flm., enda á hann sæti í allshn. sjálfur. Það sama gildir um þau mál sem ég hef gert grein fyrir hér á undan, að þau hafa verið afgreidd með vitund og samþykki flm. þessara tillagna.

Ég vil svo að endingu kvarta undan því, að till. til þál. um skipan nýrrar nefndar til þess að endurskoða stjskr. skuli ekki vera hér á dagskrá, því að það hefði verið eðlilegra að hún hefði verið tekin fyrir fyrst, á undan þessum málum. En ég vænti þess og treysti því, að forseti bæti úr því þannig að sú till. geti komið til umr. sem allra fyrst og þetta mál og þessi mál öll geti því hlotið afgreiðslu samtímis.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði um þá sameiginlegu till., sem allshn. flytur um endurskoðun á stjskr. og ýmsum þáttum hennar, að hún skuli ekki hafa verið á dagskrá, er alveg rétt, að það væri æskilegt að sú till. hefði verið á dagskrá nú, en ástæðan fyrir því, að svo er ekki, er sú, að ég bjóst ekki við því að það yrðu margir á þingfundi nú og það væri því heppilegri tími síðar til að ræða slíkt stórmál. Ég skal sjá um að afgreiðsla þeirra mála, sem fjallað hefur verið um á þessum þingfundi og snerta till. allshn., og endanleg atkvgr. um þau fari ekki fram fyrr en búið er að ræða þá till. sem hv. þm. minntist á. En það mun verða fljótlega, annaðhvort á laugardag eða þá strax upp úr helgi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing. 73. fundur.

Fimmtudaginn 27. apríl, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 15—20 mín. í þeirri fyrri og 10—15 mín. í þeirri síðari. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Alþb., Alþfl., SF, Framsfl. og Sjálfstfl. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Alþb. í fyrri umferð Garðar Sigurðsson, 5. þm. Suðurl., og Karl G. Sigurbergsson, 3. þm. Reykn., í síðari umferð Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., og Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm., í síðari umferð Bragi Sigurjónsson, 4. landsk. þm., og Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm. Fyrir SF í fyrri umferð Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., og í síðari umferð Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Ólafur Jóhannesson dómsmrh., en í síðari umferð Einar Ágústsson utanrrh. Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Geir Hallgrímsson forsrh. og í síðari umferð Matthías Á. Mathiesen fjmrh.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 5. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, og talar af hálfu Alþb.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. „Ég skal aldrei gera það aftur,“ sagði forsrh., þegar hann lækkaði gengið síðast. „Vegurinn til vítis er varðaður fögrum fyrirheitum.“ *stendur einhvers staðar. Fögur fyrirheit ein* nægja ekki. En á þau hefur ekki skort í stjórnartíð skipstjórans á þjóðarskútunni sem nýverið sigldi henni í strand, eins og kunnugt er, og kallaði þá til stjórnarandstöðunnar á dekkinu: Hvar eru ykkar ráð? — Það er bara of seint að biðja um rétt strik þegar skútan velkist um í fjöruborðinu.

Í ágúst 1974 voru fyrstu fyrirheit enn sitjandi stjórnar gefin út á prykk. Þar sagði m. a., og þar var auðvitað um ráðstafanir að ræða eins og á hverju ári síðan:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir ráðstöfun til að koma í veg fyrir rekstrarstöðvun atvinnuvega, tryggja atvinnuöryggi, bæta gjaldeyrisstöðu, treysta hag fjárfestingarsjóða og ríkissjóðs, sporna við hinni öru verðbólguþróun“ o. s. frv. Og síðan: „Við aðgerðir þessar verður lögð áhersla á að þær komi sem minnst við þá sem lægst laun hafa og lakast eru settir í þjóðfélaginu.“

Svo mörg voru þau orð. En hvernig hefur svo til tekist? Allt of langt mál væri að gera grein fyrir því í smáatriðum, en í fáum orðum sagt hefur allt farið úrskeiðis. Geir Hallgrímsson og hjálparkokkar hans, kúgaðir og kramdir, hafa engin tök á efnahagsmálum, enda mála sannast að þeir hafi ekki kært sig um að hafa stjórn á neinum þeim meginþáttum sem efnahagsstjórn byggist á, svo sem eins og fjárfestingu, innflutningi og skipulagningu framleiðslu og atvinnulífs. Loforðið um að halda atvinnuvegunum í fullum gangi stendur nú þannig og hefur gert, að framleiðsluatvinnuvegirnir eru sagðir á heljarþröminni, enda hefur verðbólgustefnan og vaxtaokrið leikið mörg fyrirtæki í þessum greinum grátt. Og skemmst er að minnast upphafs vertíðar í Eyjum og raunar víðar, þar sem byrjað var á að tilkynna uppsagnir. Öðruvísi mér áður brá, þegar þessi tími var notaður til að slást um vinnuaflið, en ekki til þess að segja því upp.

Gjaldeyrisstaðan hefur m. a. verið bætt með því, að á síðasta ári var hvorki meira né minna en 9000 millj. viðskiptahalli og erlendar skuldir ríkisins, fyrir utan skuldir einkaaðila, nema nú einum litlum 155 þús. millj. kr. Hagur fjárfestingarsjóða er nú með allra lakasta móti, sumir raunar algerlega fjárvana. Hagur ríkissjóðs hefur verið tryggður, eins og lofað var, með því að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hefur aukist úr 600 millj. í um 25 þús. millj. Hækkunin

er tæplega 4000%. Hjá þeim bregðast ekki fyrirheitin.

Höfuðatriði *stefnuyfirlýsingarinnar* var þó það að berjast gegn verðbólgunni. Þarf ekki að orðlengja það. Erlendur gjaldeyrir hefur nær þrefaldast í verði og annað eftir því, sem sagt hrein uppgjöf.

Allar aðgerðirnar áttu að miðast við að hlífa hinum lægst launuðu. Kannske sjá menn það á síðustu ráðstöfunum stjórnarinnar, hvernig staðið er að því, þegar verkafólki er ætlað að búa við 40% verðbólgu með varla hálfum vísitölubótum. Allt tal Geirs forsrh. um að kaupmátturinn eigi að haldast er blekking. Síðustu aðgerðir sýna einfaldlega, að fólk vinnur einn mánuð kauplaust, ef miðað er við nýgerða samninga.

Það allra alvarlegasta við nýjustu ráðstafanir ríkisstj. er þó það, að raunverulegur samningsréttur er tekinn af launafólki með því að ónýta gerða samninga með *lagaboði*. Við þessa staðreynd ætti launafólk að staldra og gera sér glögga grein fyrir því, að kjarabaráttan er pólitísk stéttabarátta og kosningarétt sinn verður það að nýta til þess að hafna kaupránsflokkunum algerlega í komandi kosningum. Það er eðlilegt, að gripið sé til efnahagsráðstafana þegar þjóðarbúið verður fyrir skakkaföllum vegna hratt versnandi viðskiptakjara, þegar afurðir okkar falla í verði og innflutningsvörur hækka á sama tíma eða þegar um aflaleysi er að ræða eða önnur ytri skilyrði. En einkennilegt má það vera, að þegar betur veiðist en nokkru sinni fyrr, þegar verð á afurðum er hærra en nokkur dæmi eru til um áður, þá þurfi að grípa til ráðstafana af því tagi sem nú er um að ræða. Því er nú borið við, að kaupmáttur launa sé of hár, hann hafi vaxið of mikið, launafólkið fái of mikið í sinn hlut, laun frá 120 til 150 þús. kr. á mánuði séu að setja landið á hausinn, verðbólgan sé því að kenna. Hvers vegna var þá yfir 30% verðbólga árið 1976, þegar kaupmáttur lækkaði verulega, eða þá árið 1975? Þá var verðbólgan um 50% á sama tíma og kaupmáttur launa lækkaði um tæp 15%. Er það von að fólk spyrji? Verðbólgan vex hvort sem kaupmáttur hækkar eða lækkar. Ríkisstj. lendir í efnahagsvanda, hvort sem verð hækkar eða lækkar erlendis á afurðum. Sífelldur efnahagsvandi, hvort sem viðskiptakjörin eru góð eða vond eða hvort sem vel eða illa veiðist.

Og nú er helsta hjargráðið í efnahagsmálunum að prenta öðruvísi seðla. Hvar er nú Kröflukerlingin með svarta kassann? Ætli hún kunni ekki líka ráð við þessu?

En Geir Hallgrímsson finnur alltaf orsökina þegar óstjórnin í efnahagsmálum er að setja allt í strand, nema verslunina auðvitað. Þegar hann er í gervi innflytjandans hrópar hann með kollegum sínum: Kaupið, kaupið — þ. e. a. s. meiri innflutning. Þegar hann bendir á orsakir efnahagsvanda kallar hann líka ásamt Framsóknarfélögum sínum: Kaupið, kaupið — og þá á hann við laun erfiðismanna. „Kaupið, kaupið“ eru einkunnarorð stjórnar braskaranna í landinu og ríkisstj. þeirra.

Forsrh. var ekki heldur lengi að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Neytendur hjá Rafmagnsveitunum skyldu bara borga. Þó er rafmagnsverð á Rafmagnsveitnasvæðinu um 85% hærra en í Reykjavík. Skyldu landsbyggðamenn ekki vera ánægðir?

En skyldi það bara vera kaupið sem gerir framleiðsluatvinnuvegunum svo erfitt fyrir? Eru engir aðrir kostnaðarliðir sem valda erfiðleikum? Það er staðreynd, að vaxtaokurstefna ríkisstj. hefur haft þau áhrif á meðaliðnfyrirtæki, að þegar laun og launatengd gjöld eru samtals um 1 millj., þá eru vextirnir um 400 þús. að meðaltali. Dæmi eru til um að vaxtakostnaður fyrirtækja sé meiri en öll útgreidd laun samtals. En það eru aðeins launin sem ráðist er á. Auðvitað eru það fleiri kostnaðarhækkanir en þessar sem koma beint vegna verðbólgustefnu stjórnarinnar, en of langt væri upp að telja.

Landbrh. var yfir sig hrifinn af kjörum bænda í ræðu sinni í fyrradag. Kannske telur ráðh. landbúnaðinum best borgið með því að láta bændur greiða svo háa vexti sem raun ber vitni af fjármagni sem skilar sér að hluta eftir hálft til eitt ár og að hluta eftir kannske tvö ár. Það er ekki sami veltuhraðinn á peningunum í þeirri atvinnugrein og í verslunarbraski í Reykjavík. Þau vaxtakjör, sem bændum eru nú boðin, nægja alveg til að gera út af við þá bændur, sem verst eru settir, og þyngja óskaplega fyrir þeim, sem betur standa nú, ef um miklar skuldir er að ræða í fjárfestingu. Um rekstrarlánin er það að segja, að þau hafa ekki einu sinni haldið í við verðbólguna.

Framsfl. hefur löngum talið sig bændaflokk, jafnvel að því marki að þeir hafa talið sig eiga bændur. Hvenær ætli þeir hætti sér fyrir því, að bændur eins og annað launafólk fái launin *sín greidd í peningum*, en ekki sífellt bundnir við innskriftarverslun að fornum sið? Það er svo sannarlega ömurlegt um að litast í þessum atvinnuvegi *eftir samfellda 7 ára stjórn* Framsfl. í þessum málum. Víst er að Framsókn verður að færa allmarga bændur út úr reikningi sínum nú þegar bændur hafa vaknað til þeirrar stéttarvitundar sem komið hefur í ljós nú undanfarin ár.

Að lokum vil ég segja það, að vissulega þarf að taka verðbólguvandann föstum tökum og ráðast á miskunnar á hinar raunverulegu ástæður vandans í fullu samráði við alþýðu þessa lands. Hagur alþýðunnar verður ekki tryggður fyrr en verðbólgan hefur verið skorin niður í eðlilegt mark. Hagur sparifjáreigenda er ekki tryggður með núverandi vaxtastefnu, þó að reynt sé að skrökva því að þeim. Gengisfellingarnar sjá um að hirða vaxtamuninn og vel það. Rekstur framleiðslu atvinnuveganna er óhugsandi með þeim aðferðum sem ríkisstj. hefur beitt til þessa. Iðnaðurinn í landinu verður ekki tryggður fyrr en verðbólgunni hefur verið komið í þokkalegt horf og honum boðið sambærilegt orkuverð, vaxtakjör og önnur skilyrði sem samkeppnisaðilar búa við erlendis. Óheftur innflutningur og skilyrðislaus hlýðni við boðorðið um frjálsa verslun og EFTA og stjórnlausan innflutning, hvort sem peningar eru til fyrir honum eða ekki, gerir hvort tveggja að drepa hvert iðnfyrirtækið af öðru og steypa okkur í enn hrika-

legri skuldir erlendis en nú er orðið og er löngu nóg komið.

Ég skal aldrei gera það aftur, sagði forsrh. enn einu sinni þegar hann lagði fram síðasta frv. um nýjar efnahagsráðstafanir. Nú eiga kjósendur kaupránsflokkanna að segja hver fyrir sig: Ég skal aldrei gera það aftur. Ég skal aldrei kjósa þá aftur. Og standa við það. — Þökk fyrir áheyrnina. Góða nótt.

Karl G. Sigurbergsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á þeim ræðutíma, sem ég hef hér, get ég varla drepið á nema fátt eitt af því, sem ég vildi þó gera, af þeim fjölda mála sem liggja á borðum þm. og komið hafa til umr. Frá því að ég tók sæti á þingi finnst mér hafa haft mesta þýðingu frv. sem nýlega var lagt fram af hálfu stjórnarinnar, þ. e. frv. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þetta frv. ásamt fleiri er ríkisstj. að knýja í gegn nú í þinglok með hörku. Frv. er þó ekki þýðingarmikið hvað varðar almenna hagkvæmni fyrir launafólkið í landinu, heldur vegna þess að það speglar umbúðalaust stefnu ríkisstj. í veigamiklum atriðum og gefur nokkurn veginn örugga vissu um framhaldið, ef ekkert verður að gert.

Um þetta frv. hafa farið fram á þingfundum kátleg orðaskipti milli núv. viðskrh. Ólafs Jóhannessonar og viðskrh. viðreisnarstjórnarinnar, Gylfa Þ. Gíslasonar, þar sem báðir hafa af miklu kappi reynt að sannfæra verslunarvaldið, rammasta íhaldið í landinu, um að þeir hvor um sig hefðu verið og væru þess albúnir að leggja sig alla fram til að fá að stjórna landinu með Sjálfstfl. Gylfi Þ. Gíslason hefur fært að því rök, að frv. sé að efni til það sama og hann flutti á tíma viðreisnar, haustið 1969, og ekki um teljandi orðalagsbreytingar að ræða frá því sem þá var, en þá hafi Ólafur Jóhannesson beitt sér fyrir því, að frv. yrði fellt. Það hefur komið greinilega fram í hinum broslegu umr. þeirra, að þeir keppa um það, hvor muni verða trausts verðari að mati Sjálfstfl. að kosningum loknum. Að sjálfsögðu er það persónubundnara keppikefli hæstv. ráðh. Ólafs Jóhannessonar, þar sem hann enn um sinn er ótvíræður foringi Framsfl. og ekkert bendir til að hann hugsi til breytinga þar á. Öðru máli gegnir um Gylfa Þ. Gíslason sem nú býr sig undir það að láta af þingmennsku, en engu að síður reynir hann að skila hlutverkinu sæmilega af hendi til arftakanna.

Orðið „frelsi“ er mjög notað til skýringar á þessu frv. og óspart gefið í skyn að frjáls og eftirlitslaus verslunarálagning leiði til lækkaðs vöruverðs, samkeppnin feli slíkt í sér. Því er þó öfugt farið. Að geðþótta og kröfu ýmissa verslunaraðila komu fljótlega til umtalsverðar verðhækkanir eftir kjarasamningana s. l. vor. Þannig hækkaði verslunarálagningin almennt um 1.5 prósentustig snemma á haustdögum, en þá hækkun gekk illa að réttlæta með rökum. Við afgreiðslu fjárl. um s. l. áramót voru beinir skattar auknir og lagður á skyldusparnaður. Áhrif þessara aðgerða jafngiltu 2.5% rýrnun ráðstöfunartekna miðað við það sem annars hefði verið. Í framhaldi af þessu kom svo gengisfellingin og ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum, sem m. a. fólu í sér ógildingu kjarasamninga með þeim hætti, sem kunnugt er, og hótun um að taka beina skatta út úr grundvelli vísitölunnar. Á sama tíma og launasléttirnar eru með lagaboði sviptar réttinum til að gera samninga á eðlilegan og frjálsan hátt er lagt til að verslunin í landinu fái það frelsi sem hún hefur lengi krafist, frelsi til að ákveða vöruverðið eftirlitslaust á kostnað launastéttanna, á kostnað alls vinnandi fólks í landinu. Samtímis því sem orðið „frelsi“ er misnotað svo herfilega til að túlka ágæti ákvörðunar ríkisstj. um að afnema eftirlit með verslunarálagningu er Morgunblaðið með síðdegiskálfum sínum látið básúna óspart að frjáls álagning þýði lægra vöruverð. Þessar fullyrðingar eru settar fram með algeru virðingarleysi fyrir því sem sannara reynist. Reynslan er í þessum efnum sem öðrum ólygnust. Kannanir hafa leitt í ljós að verð á vöru hækkar óeðlilega við það að álagning er gefin frjáls.

Ég sagði fyrr í ræðu minni, að stefna ríkisstj. væri nokkurn veginn ljós og örugg vissa væri um framhaldið ef ekki yrði spornað við. Stefnan er ljós að því leyti, að foringjar verslunarinnar hafa markað hana. Aðeins er tekist á um það, hvor muni aðstoða við að framkvæma hana að kosningum loknum, Framsfl. eða Alþfl. Það er stefnt að svipuðu frelsi handa fólkinu í landinu og við blasti að afloknu viðreisnartímabilinu. Of langt mál yrði að rifja það upp hér, hvernig ástatt var, en á örfátt skal þó minnt.

Vandamálin blöstu hvarvetna við. Atvinnuleysi var þó alvarlegast af þeim öllum og af því leiddi að sjálfsögðu almennan og vaxandi tekjuskort. Illur aðbúnaður var á vinnustöðum, félagsleg og menningarleg afturför, öryggisleysi í heilbrigðis- og heilsugæslumálum, ófullnægjandi skólakerfi, slæmar samgöngur og léleg þjónusta hins opinbera að einhverju eða öllu leyti, sérstaklega hvað varðaði landsbyggðina. Óvissan og öryggisleysið, sem er dæmigerður fylgifiskur atvinnuleysisins, sagði auðvitað mest til sín úti um dreifbýlið, þannig að fólksflótti til höfuðbólissvæðanna varð mjög mikill og óx stöðugt og varð jafnvel landflótti, svo að við borð lá að blómlegar byggðir legðust í auðn af þeim sökum.

Þannig var viðskilnaður Sjálfstfl. og Alþfl. eftir 12 ára setu í ríkisstj. Þannig var ástandið í landinu í grófum dráttum, þegar gengið var til kosninga vorið 1971. Út úr þeim kosningum kom greinilegur og ótvíræður vilji kjósenda fyrir því, að breytt yrði um stefnu. Það var líka tekin upp önnur stefna af stjórninni sem við tók, vinstri stjórninni: stefna framfara og bjartsýni, sem byggðist á trú á landið og hjóðlega atvinnuvegi, trú á eigin getu og vilja. Grundvallarmarkmið þeirrar stefnu var og er að beita samfélagslegum aðgerðum til stuðnings og eflingar hverju því byggðarlagi sem kann að halla á hverjum tíma.

Viðreisnarstjórnin gerði smánarsamning við Breta og Vestur-Þjóðverja um að landhelgin yrði ekki færð út án beirra samþykkis, brátt fyrir stórfellda rányrkju þeirra á miðunum hér við landið og augljóst hrun fiskstofnanna. Í þess stað var treyst á erlenda stóriðju og opnuð leið fyrir viðamikil umsvif erlendra auðhringa

í atvinnulífi landsmanna. Í vinstri stjórninni beitti Alþb. sér fyrir uppsögn smánarsamningsins við Breta og Vestur-Þjóðverja og útfærslu landhelginnar í 50 sjómílur ásamt eflingu útgerðar og fiskvinnslu um allt land. Á þeim skamma tíma, sem sú stjórn var við völd, gekk yfir sjávarútveg og fiskiðnað okkar stórkostleg bylting sem gerbreytti öllu atvinnuástandi í landinu til hins betra. Sú bylting og þær ráðstafanir, sem gerðar voru, eru grundvöllur þeirra lífskjara sem þjóðin býr við í dag.

En hvernig er útlitið nú að loknu kjörtímabili undir samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl.? Það sækir greinilega í sama horf og á dögum Viðreisnar. Einkennin eru hin sömu. Þau koma m. a. fram í því stéttastríði sem ríkisstj. hefur efnt til. Nú eru allir launasamningar í landinu lausir og bólar ekki á lausn þess vanda frá hendi ríkisstj., heldur hið gagnstæða. Áform eru uppi um að takmarka eða afnema samningsréttinn. Stjórnin vill ófrið, hún vill stríð við samtök launafólks. Atvinnuleysisdraugurinn er farinn að ríða húsum. Það er farið að bera á samdrætti á mörgum sviðum. Einkennin koma vel fram í tómlæti stjórnvalda um það að bregðast við á eðlilegan hátt til hjálpar byggðarlögum sem af einhverjum orsökum ráða ekki við aðsteðjandi og tímabundinn vanda.

Glöggt dæmi um það er aðgerðaleysið varðandi atvinnuástandið á Suðurnesjum. Allt kjörtímabilið hefur sjávarafli þar farið minnkandi. Af þeim sökum hefur atvinna dregist saman. Ekkert er aðhafst til bjargar, en þar er treyst á herinn á Miðnesheiði. Gengið er út frá auknum umsvifum hersins og á hans vegum. Þetta er tímabundið ástand til að kanna nýjar stríðsmaskínur, segir utanrrh. En atvinnuvandamál Suðurnesjabúa eru óleyst. Í hernum felst engin framtíð, því að það dylst ekki að „varnarliðið“ — að sjálfsögðu innan tilvitnunarmerkja — í næsta nágrenni við byggðarlögin á Suðurnesjum veldur margvíslegum vandræðum, það veldur siðleysi og spillingu, það glepur mönnum sýn, það eykur dáðleysi, það dregur úr sjálfsbjargarhvöt manna og kjarki til að takast á við vandamálin á raunsannan hátt. Og það veldur sundrungu, þannig að menn verða vanbúnir til allra eðlilegra viðbragða sem þarf til að ráða við þau félagslegu verkefni sem fyrir liggja hverju sinni. Atvinnumál á Suðurnesjum verða ekki leyst til frambúðar nema með brottför hersins. Í því máli nægja ekki neinir fataskiptasamningar. Því heyrast nú æ fleiri raddir taka undir þau kjörorð herstöðvaandstæðinga: Ísland úr NATO, herinn burt.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Senn líður að kosningum. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé: Verður breyting á stjórn og stefnu? Því er auðsvarað. Það verður engin breyting á stjórnarstefnu, þótt þeir hafi vistaskipti í hjáleigu Íhaldsins, Framsfl. og Alþfl. Það þarf meira til. Til þess að um breytingu á stefnu geti verið að ræða og til þess að komið verði í veg fyrir að sama ráðleysið ríki þarf að stórefla Alþb., þannig að það verði að kosningum loknum a. m. k. næststærsti stjórnmálaflokkur landsins, svo að það verði fært um að veita nægjanlegt aðhald. Þann þátt treysti ég kjósendum til að sjá um. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Senn lýkur síðasta þingi þessa kjörtímabils. Tímamót eru fram undan. Þess vegna er eðlilegt að skyggnast nú bæði aftur á bak og fram á við. Auðvitað er aðalatriði að horfa til framtíðarinnar. Björt framtíð íslenskrar þjóðar á að vera mark okkar allra. En heilbrigð framtíðarstefna verður ekki mörkuð nema lært sé af reynslu fortíðar. Þess vegna mun ég fyrst fara nokkrum orðum um þróun mála á Íslandi á undanförnum árum.

Því miður verður ekki annað sagt en stjórn íslenskra efnahagsmála hafi farið mjög úr böndum á þessum áratug. Svo alvarleg hafa lausatökin á sviði efnahagsmála orðið, að sjálfu þjóðfélaginu hefur stafað og stafar hætta af. Mistökin hafa fyrst og fremst verið fólgin í því, að á þessum áratug hefur árlegur vöxtur verðbólgu verið um þrisvar sinnum meiri en hann var á s. l. áratug. Eitt árið var hann svo gífurlegur að um Evrópumet var að ræða. Þetta hefur valdið margvíslegu tjóni. Lífskjör almennings hafa orðið lakari en þurft hefði að vera. Ranglæti í skiptingu tekna og eigna hefur aukist. Atvinnurekstur hefur átt í erfiðleikum, þótt sem betur fer hafi tekist að komast hjá atvinnuleysi. Hagnýting auðlinda hefur orðið óhagkvæmari en ella. Mat á verðmætum hefur brenglast. Í kjölfar alls þessa hefur siðgæðisvitund þjóðarinnar hrakað. Þeirrar staðreyndar er of sjaldan getið. Hún er þó e. t. v. alvarlegasti fylgifiskur óðaverðbólgu þegar til lengdar lætur.

Þá hafa átt sér stað stórkostleg mistök í fjárfestingu. Sumpart standa þau í sambandi við verðbólguna, sumpart hafa þau ýtt undir hana. Fyrst og fremst bera þau vott um rangar ákvarðanir, aðallega af hálfu stjórnvalda, en einnig af hálfu forráðamanna fyrirtækja. Á síðasta ári hafði fjárfesting aukist um 80% frá árinu 1970 samtímis því sem þjóðartekjur jukust um 44%. Á sviði orkumála verður þjóðin nú og á næstu árum að standa straum af arðlausri fjárfestingu sem nemur á annan tug milljarða. Sérfræðingar, sem starfað hafa á vegum Rannsóknaráðs ríkisins, telja að afkastageta fiskiskipaflotans sé orðin rúmlega tvöfalt meiri en nauðsynlegt geti talist. Haldið hefur verið áfram að stórauka fjárfestingu í landbúnaði, þótt augljóst hafi átt að vera að viðbótarfjárfesting gat engum arði skilað. Sauðfé í landinu er 50% fleira en þarf til að fullnægja innanlandsþörf fyrir afurðir þess.

Þá hefur fjármálastefna opinberra aðila verið mjög ógætileg. Ríkisútgjöld og útgjöld sveitarfélaga hafa vaxið úr hófi fram. Þess vegna hefur ríkissjóður safnað meiri óreiðuskuldum í Seðlabankanum en dæmi eru um áður. Verðbólgan, stjórnleysið á fjárfestingarmálunum og fjármálastefna opinberra aðila hefur síðan leitt til stórhættulegrar skuldasöfnunar erlendis, sem nemur nú upp undir 600 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu.

Enn er samt ónefnt það mál sem við hlið verðbólgunnar er að mínu viti alvarlegasta vandamál Íslendinga, þótt of sjaldan sé um það rætt af

hreinskilni. Það er sú staðreynd, að þrátt fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu ofveiðum við mikilvæga fiskstofna við Ísland. Ef því verður haldið áfram eiga komandi kynslóðir e. t. v. eftir að dæma það alvarlegustu mistök þessara ára. Svipað á raunar við um landið, þótt þar séu ekki jafnmikil verðmæti í húfi. Um ótvíræða ofbeit á landið er að ræða.

Allar þessar staðreyndir bera því miður vott um slæma ráðsmennsku á þjóðarbúinu á undanförnum árum. Lífskjörin hafa orðið lakari en ella. En skert lífskjör má bæta. Þess vegna er efnahagshliðin á vanda okkar kannske ekki alvarlegasta þróun mála á undanförnum árum. Mér finnst margt benda til þess, að í kjölfar verðbólguhugsunarháttarins sé þjóðin að bíða tjón á sálu sinni. Ef sá ótti minn er á rökum reistur er þar um að ræða tjón sem erfiðara er að bæta, en þeim mun nauðsynlegra er að við þeim vanda verði **brugðist.**

En nú skulum við horfa til framtíðarinnar. Hvers er þörf til þess að ráða fram úr þeim efnahagsvanda sem allir viðurkenna að við er að etja? Hvernig á að bægja frá dyrum þjóðarinnar þeim háska sem heilbrigt þjóðlíf í landinu stendur andspænis? Í þessu sambandi tel ég nauðsynlegt að vekja athygli á að ekki aðeins er nauðsynlegt að tekin verði upp algerlega ný stefna í efnahagsmálum, heldur að í þjóðlífinu sem heild skapist nýtt hugarfar, ný afstaða atvinnurekenda til launþega og launþega til atvinnurekenda, ný afstaða ríkisvaldsins til skattgreiðenda og skattgreiðenda til þess, ný afstaða stjórnmálaflokka hvers til annars og til mikilvægustu samtaka þjóðfélagsins, svo sem samtaka launþega, samvinnufélaga og vinnuveitenda. Síðast, en ekki síst ber að nefna nauðsyn þess, að við öll sem einstaklingar breytum afstöðu okkar hvert til annars, aukum skilning okkar á skoðunum andstæðings, virðum rétt hver annars og vinnum sameiginlega gegn hvers konar óréttí, sýnum umburðarlyndi, en stöndum fast um kröfuna um réttsýni og heiðarleika. Þetta eru forsendur þess, að okkur takist að sigrast á þeim vanda sem nú er við að **etja.**

Ég skal nefna nokkrar raunhæfar ráðstafanir sem ég tel eiga að vera grundvöll nýrrar stefnu.

Í fyrsta lagi verður að koma verðbólgunni niður í viðráðanlegt horf. Í því skyni verður að hagnýta verðjöfnunarsjóði til þess að jafna tekjusveiflur í útflutningsatvinnuvegunum. Launþegasamtök, vinnuveitendur og ríkisvald verða að koma sér saman um stefnu í launamálum sem sé innan ákveðinna þjóðhagsmarka og taki fyrst og fremst mið af hagsmunum láglaunafólks, en ofbjóði ekki gjaldgetu vel rekinni fyrirtækja. Í því sambandi ætti að hverfa frá hinu sjálfvirka vísitölukerfi sem nú gildir, en koma á skipan er hefði hliðsjón af breytingum á þjóðartekjum sem meldar yrðu með eins konar þjóðhagsvísitölu. Öll fjárfesting verður að fara fram samkv. áætlun, miðast við innlendan sparnað og vera á hverjum tíma innan marka sem efnahagsjafnvægi og framleiðslugeta þjóðarbúsins setur. Stefnan í fjármálum og peningamálum verður að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Í öðru lagi verður ríkisvaldið að hafa forustu um heildarátak til aukningar á framleiðni og arðsemi í íslensku atvinnulífi, bæði í framleiðslu og dreifingu, m. a. með því að auka heilbrigða samkeppni.

Í þriðja lagi verður að taka upp markvissa stjórnun á sókn í þá fiskstofna sem hafa verið ofveiddir. Eina skynsamlega leiðin til þess að tryggja hæfilega hagnýtingu þessarar mikilvægustu auðlindar Íslendinga er að gera veiðar háðar leyfum sem greitt yrði fyrir, en nota tekjurnar til þess að auka hagkvæmni sjávarútvegsins sem heildar. Slík ráðstöfun hefur verið furðulítið rædd, en þó hafa ýmsir helstu sérfræðingar á sviði sjávarútvegsmála lýst fylgi sínu við hana.

Í fjórða lagi verður að byggja framkvæmdir á sviði orkumála í miklu ríkari mæli á arðsemisjónarmiðum en átt hefur sér stað.

Í fimmta lagi verður að móta nýja stefnu í landbúnaðarmálum, þannig að smám saman yrði að því stefnt að landbúnaðurinn framleiddi fyrir innanlandsmarkað, en kæmist hjá útflutningi í stórum stíl, enda verður ekki stundaður blómlegur landbúnaður á Íslandi með öðru móti.

Í sjötta lagi er þörf nýs skattkerfis, staðgreiðslukerfis, og breytingar söluskatts í virðisaukaskatt, jafnframt því sem tekjuskatturinn hætti að vera fyrst og fremst skattur á launafólk, en atvinnurekstur beri réttláta skattbyrði.

Í sjöunda lagi er endurskipulagning á almannatryggingakerfinu og heilsugæslunni orðin tímabær, ekki aðeins til að bæta kjör gamals fólks og barnmargra fjölskyldna og auka þjónustu við sjúka, heldur ekki síður til þess að auka hagkvæmni á þessu sviði og gera þjónustuna ódýrari.

Í áttunda lagi ber brýna nauðsyn til að hið fyrsta verði komið á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn og tryggi það elli- og örorkulífeyrisþegum viðunandi og verðtryggðan lífeyri en þess nýtur nú aðeins hluti eftirlaunamanna í landinu.

Í níunda lagi þarf að gera ráðstafanir til þess að bæta árangur þess mikla starfs sem fram fer í skólum, þannig að það leiði til hvors tveggja: sannari menntunar og meiri starfshæfni.

Í tíunda lagi verður að gera nýtt átak til þess að efla vísindarannsóknir í landinu og hagnýta niðurstöður þeirra í þágu atvinnuveganna. Listir eiga að blómstra veglegri sess í daglegu lífi þjóðarinnar. Jafnframt þarf að efla heilbrigt fjölskyldulíf og hreskandi notkun tómstunda.

Í ellefta lagi ber brýna nauðsyn til þess, að dómskerfi landsmanna verði traustara og fljótvirkara.

Og í tólfta og síðasta lagi þarf að setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá, þar sem m. a. sé kveðið á um jöfnun kosningarréttar.

Mér er ljóst að í þessum orðum er markið sett hátt og miklar breytingar taldar nauðsynlegar. En við skulum vera hreinskilin við sjálf okkur og gera okkur þess fulla grein, að við höfum verið á hættulegri braut. Hér er ófremdarástand í efnahagsmálum. Heilbrigðu þjóðlífi er hætta búin. Við skulum ekki gleyma því, að ekki er vandalaust fyrir örfámenna þjóð við ysta haf að varðveita fullveldi sitt. Okkur tekst því aðeins að endurreisa efnahagslífið, bægja háskanum frá þjóðlífinu og varðveita fullveldið, að

tvennt gerist: annars vegar að ný siðgæðisvitund móti gerðir okkar, hins vegar að við eflum samstarf okkar og samstöðu á öllum sviðum, í stjórnmálum, á vinnumarkaðinum, í félagsmálum, á sviði menningarmála. Sannleikurinn er sá, að opinberar umræður á Íslandi, og þá ekki síst hér á Alþ., mótast of sjaldan af slíkum sjónarmiðum. Hér á Alþ. tölum við tímum saman um smámál. Við pexum um alls konar aukaatriði, en leiðum hjá okkur það, sem mestu máli skiptir, en það er að mótuð sé ný heildarstefna í efnahagsmálum byggð á víðtæku og traustu samstarfi helstu þjóðfélagsafla. Þá er varanlegri lausung og hættulegri sundrung boðið heim og þá er persónuleg hamingja okkar fyrr en varir í hættu.

Ég lýk þessum orðum mínum með því að minna á, að öll höfum við skyldur við sjálf okkur og þá um leið við þjóðfélagið. Því aðeins að við gegnum þessum skyldum okkar eigum við rétt til frelsis og velmegunar og því aðeins fáum við notið frelsis og velmegunar að við séum á verði, þegar þjóðarvanda ber að höndum. Sómi okkar er í veði ef við leysum ekki þann vanda. Auðvitað hlýtur frjálsa menn að greina á um fjölmarga hluti. En hitt er jafnljóst, að slíkan þjóðarvanda getur borið að höndum, að nauðsynlegt sé að allir skilji að þjóðin þarf að eiga eina sál. Við slíkan þjóðarvanda er nú að etja. Vonandi verður gæfa Íslendinga slík, að þeir bregðist vel og réttilega við honum. — Þökk fyrir áheyrnina.

Sighvatur Björgvinsson: Gott kvöld, góðir hlustendur. Þegar umr. þessum er útvarpað er aðeins rösk vika eftir af starfstíma Alþ., síðasta þings á kjörtímabilinu. Rétt er því að athuga hvernig til hefur tekist.

Hinn 29. ágúst árið 1974 gaf ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar út stefnuyfirlýsingu sína. Þar sagði hún hvað hún ætlaði að gera. En hvað skyldi hún hafa gert?

Í stefnuyfirlýsingunni lofaði ríkisstj. að láta gera sérstaka athugun á stöðu lífeyrissjóða og lífeyrisþega í landinu með umbætur fyrir augum. Það var aldrei gert.

Í stefnuyfirlýsingunni lofaði ríkisstj. að beita sér fyrir aðgerðum til jöfnunar á húsnæðiskostnaði og til þess að auka aðstoð við öflun húsnæðis. Það hefur ekki heldur verið gert.

Í stefnuyfirlýsingunni lofaði ríkisstj. því, að ríkisútgjöldum yrðu sett ákveðin takmörk miðað við þjóðartekjur. Það var ekki gert.

Því var líka lofað, að gætt skyldi ítrasta sparnaðar í ríkisrekstrinum. Fjárlög hafa hækkað á kjörtímabilinu um meira en 360%, og á dögunum var upplýst á Alþ. að þrjár tilteknar ríkisstofnanir hefðu á árinu 1976 eytt 158 millj. kr. í bílakostnað einvörðungu, en það samsvarar hartnær 300 millj. kr. á núverandi verðlagi.

Í skattamálum lofaði ríkisstj. endurskoðun, þar sem tekjuskattur yrði afnuminn af almennum launatekjum. Við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1978 voru skattleysismörk lækkuð, þannig að skattbyrðin jókst um meira en 2000 millj. kr. frá fyrra ári. Nýjar skattálögur, sem núv. ríkisstj. hefur lögleitt á kjörtímabilinu, nema á árinu 1978 tæpum 17 milljörðum kr.

Þá lofaði ríkisstj. því einnig, að virðisaukaskattur yrði tekinn upp í stað söluskatts. Það hefur ekki verið gert.

Hún lofaði, að staðgreiðslukerfi skatta yrði komið á eins fljótt og framast væri kostur. Það hefur ekki gerst enn.

Í lánamálum lofaði ríkisstj. því að endurskoða skipulag og starfsemi fjárfestingarsjóða lánastofnana. Það hefur ekki verið gert. Hún lofað að draga úr erlendum lántökum. Á síðasta ári jukust erlendar skuldir þjóðarinnar um tæplega 20 milljarða.

Ríkisstj. lofaði því að koma á jafnvægi í ríkisfjármálum. Síðast þegar til fréttist skuldaði ríkissjóður Seðlabankanum rétt innan við 23 milljarða og á s. l. ári námu meðalskuldir ríkissjóðs við bankann 41% af öllu innstæðufé bankans og seðlaveltu, eða um 15% af heildarráðstöfunarfé bankakerfisins í landinu.

Á þeim takmarkaða tíma, sem ég hef hér til umráða, gefst mér ekki tækifæri til þess að rekja þessa sorgarsögu öllu lengra. Þó vil ég drepa á eitt mál enn.

Norður við Kröflu stendur minnisvarði um núv. orkuráðh. sem kosta mun þjóðina ekki minna en 17 000 millj. kr. á verðlagi í apríl 1978, en það er talsvert meira fé en segir í fjárl. að sé samanlagður tekjuskattur allra einstaklinga og allra félaga á Íslandi á yfirstandandi ári. Til þess að reisa þennan minnisvarða hefur þjóðin tekið erlend lán sem um s. l. áramót námu jafnvirði 160 þús. kr. á hverja meðalfjölskyldu í landinu. Greiðslubyrðin vegna þeirra einna mun nema a. m. k. 1500 millj. kr. á ári næstu ár. Engar upplýsingar er að hafa um rekstrarkostnað virkjunarinnar, enda framleiðir hún hartnær enga raforku. Og svo eru menn að undrast hvers vegna lífskjör hér á Íslandi séu ekki betri en þau eru þegar fé þjóðarinnar er kastað á glæ með þessum hætti.

Góðir hlustendur. Okkur Alþfl.-mönnum hefur lengi verið ljóst, að við þvílíkar aðstæður í efnahagsmálum sem við er að etja á Íslandi er ein af mikilvægustu forsendum þess, að árangur náist sú, að efnt sé til víðtæks samráðs og samstarfs með þjóðinni um lausn. Þetta var skoðun okkar fyrir kosningarnar 1974. Reynslan hefur staðfest hversu rétt hún var og er. Einmitt þess vegna er það rauði þráðurinn í efnahagsúræðum þeim, sem flokksstjórn Alþfl. hefur nýlega samþykkt, að gerður verði kjarasamningur milli ríkisvalds og verkalýðshreyfingar, nokkurs konar gagnkvæmur friðar- og samstarfssamningur sem tryggi m. a. framkvæmd láglaunastefnu Alþýðusambandsins, en veiti jafnframt ríkisstj. svigrúm og nauðsynlegan bakstuðning til þess að stjórna landinu með árangri.

Fyrir um það bil tveimur áratugum var svipað ástatt í efnahags- og stjórnmálum á Íslandi og nú. Tvær ríkisstj. höfðu gefist upp með skömmu millibili. Leiðtogum stóru flokkanna höfðu fallist hendur frammi fyrir vandanum. Fráfarandi forsrh. skýrði þjóðinni svo frá, að hún stæði á barmi hengiflugs og engin samstaða væri um úrræði. Við þessar aðstæður sýndi Alþfl. hvað

í honum bjó. Hann axlaði ábyrgðina einn og tókst á aðeins einu ári að finna leiðina út úr vandanum og leggja grundvöllinn að mesta framfaraskeiði í sögu þjóðarinnar.

Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar gafst upp vorið 1974 eftir að hafa brugðist trausti verkalýðshreyfingarinnar, lent í andstöðu við stjórn Alþýðusambands Íslands og komið þjóðarbúinu á vonarvöl. Allir vita að ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hefur í rauninni einnig gefist upp, þótt hún tóri enn að nafninu til.

Við þessar aðstæður hefur Alþfl. einn flokka lagt fram ákveðnar efnahagstill. Í þeim eru ekki fólgin nein kraftaverkameðul, því að slík meðul eru ekki til. Till. okkar mótast af raunsæi, yfirvegun og ákveðnum vilja til þess að ná árangri. Stjórnmálabrautin hefur aldrei reynst okkur Alþfl.-mönnum auðveld yfirferðar. Að engum flokki hefur jafnoft og jafnhart verið sótt og að Alþfl. Okkar vegferð hefur verið stöðug barátta. En hún hefur líka kennt okkur ýmislegt. Hún hefur kennt okkur seiglu, festu og þrautseigju. Hún hefur kennt okkur umburðarlyndi og sáttfýsi. Ég er þeirrar skoðunar, að nú þarfnist íslenska þjóðin forustu sem hefur slíka kosti til að bera. Ég hef þá trú, að í komandi kosningum muni koma mjög áþreifanlega í ljós, að Ísland þarfnast Alþfl. Alþfl. hefur nú byr og er alls óhræddur við að sigla. Alþfl.-menn hafa aldrei óttast ábyrgðina. — Góða nótt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það var mikið af því gumað fyrir tæpum 4 árum, þegar Ólafur Jóhannesson myndaði ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, að nú væri komin til valda sterk ríkisstj. sem hefði á bak við sig traustan meiri hl. Þá var mikið um það talað af stjórnarsinnum, að nú væri íslenska þjóðin loks búin að fá starfhæfa ríkisstj., sem þyrði og gæti tekið á vandamálunum.

Víst er það satt og rétt, að ekki skortir þingmeirihl., höfðafjöldinn er 42 sem að baki ríkisstj. stendur. Og þessum 42 höfða meiri hl. hefur tekist það á tæpum 4 árum að halda svo á málum þjóðarbúsins að sigla öllu í strand. Þetta vita jafnt stjórnarsinnar sem aðrir. Fram undan er hengiflugið og hæstv. ríkisstj. stefnir beint fram af því. Þetta er táknrænt þegar þess er gætt, að fyrir nokkrum dögum lét seðlabankastjóri, Jóhannes Nordal, það álit í ljós á aðalfundi bankans, að árferði og ytri aðstæður allar fyrir þjóðarbúskap Íslendinga hefðu verið með besta móti. Árferðið er með besta móti, segir seðlabankastjóri, en eigi að síður er allt efnahagskerfið í rúst. Mótsagnakenndara getur þetta varla verið, en eigi að síður er þetta alvarleg staðreynd.

Ríkisstj. hefur leikið efnahagskerfið svo grátt með skipulagslausum og óarðbærum fjárfestingum að vandfundin verða sambærileg dæmi. En það eru fleiri málaflokkar en efnahagsmálin og Krafla sem munað verður eftir við næstu kosningar, það má núv. ríkisstj. vera viss um. Launþegar eiga óuppgerðar sakir við ríkisstj. fyrir kaupránið sem hún stóð að fyrir nokkrum vikum.

Þrátt fyrir allt þetta má svo heyra það svona af og til frá hæstv. ráðh., að þeir hefðu svo sem ekkert á móti því að stjórna a. m. k. eitt kjörtímabil í viðbót. Það hvarflar svona ósjálfrátt að manni, að þeir séu búnir að finna lausnina á efnahagsmálunum og það sé sú niðurlægjandi ráðstöfun að skerða íslenska gjaldmiðilinn hundraðfalt, þá sé komið tækifæri fyrir ráðh. að fikra sig aftur upp í talnaröðinni með gjaldmiðilinn. En ekki er þetta sannfærandi ráðstöfun efnahagsmála, þegar vitað er að ríkisstj. hefur engin haldbær tök á efnahagslífinu miðað við nútímaaðstæður. Það getur því varla nokkur verið í vafa um að núv. ríkisstj. hefur tekist öðrum ríkisstj. fremur að halda svo á efnahags- og launamálum að allur þorri vinnandi fólks í landinu, ekki síst það launafólk sem hvað mest þarf fyrir brauðstritinu að hafa, telur núv. ríkisstj. vera hina verstu um langan tíma, og skiptir þá ekki máli hvar menn hafa skipað sér í pólitíska flokka.

Og eitt þeirra séreinkenna, sem hæstv. ráðh. hafa, er hvað mest áberandi er í fari þeirra, er sú mælistika þeirra, að eftir því sem fleiri eru andsnúnir og á móti stefnu og störfum ríkisstj., þeim mun betri hljóti ríkisstj. að vera. Best væri að þeirra mati að allir landsmenn væru á móti ríkisstj. og stefnu hennar. Það sýndi hvað mesta festu og styrkleika hennar, hæfileika til góðrar og jákvæðrar stjórnunar, segja hæstv. ráðh. og ekki er dómgreindin lítil. Svo furðulegt sem þetta er, er það þó staðreynd, að hver ráðh. á fætur öðrum hefur haldið þessari firru fram á Alþ. að undanförnu.

Það fer ekki á milli mála, að stefna ríkisstj. í efnahags- og launamálum er í fullkominni andstöðu við verkalýðshreyfinguna og launafólk í landinu.

Hinn 14. febr. s. l. var útvarpað héðan frá Alþ. umr. um þau huggulegheit hæstv. ríkisstj. — eða hitt þó heldur — að ógilda alla kjarasamninga í landinu og svipta þar með launafólk þeim launahækkunum sem koma áttu til framkvæmda 1. mars s. l. samkv. gildandi samningum, — launahækkunum sem ríkisstj. sjálf lagði blessun sína yfir með aðild að samningunum á s. l. sumri, — launahækkunum sem fyrst og fremst komu til vegna þeirrar verðbólgustefnu sem ríkisstj. hefur alið og elur enn við brjóst sér og kyndir undir. Með kaupskerðingarlögum stjórnarflokkanna hér á Alþ., sem gildi tóku 1. mars s. l., var ekki einungis samningsréttur verkalýðsfélaganna fótum troðinn, heldur var ranglætið með lagasetningunni slíkt að með endemum er.

Ráðh. og þm. Sjálfstfl. og Framsóknar sögðu eftirfarandi við launafólk með þessari lagasetningu: 117 þús. kr. mánaðarlaun verkamanns, sem hækka áttu samkv. samningum um 11 200 kr. 1. mars, eru allt of mikið. Þjóðarbúið þolir ekki þessa hækkun. Við tökum helminginn af þeirri hækkun. Þetta kaup má aðeins hækka um 5 600 kr. Meira þolir þjóðarbúið ekki. — Og enn heldur stjórnarliðið áfram og segir: Þm. eru með 350 þús. kr. á mánuði. Jú, það erum við sjálfir. Við verðum að fá 18 600 kr. hækkun á það. Þjóðarbúið þolir það vel, þó að verkamaðurinn með 117 þús. kr. fái ekki nema 5600 kr.

hækkun. Jú, þetta mun vera í lagi, segja hv. stjórnarsinnar. — Og enn heldur stjórnarliðið áfram og segir: Já, bankastjórar með 600—700 þús. kr. á mánuði lifa ekki án þess að fá 34 500 kr. hækkun á það kaup, enda ætti þjóðarbúið að þola það. Og flugstjórarnir, segja stjórnarmenn, hafa ekki nema ca. 550 þús. kr. á mánuði. Þetta er ekkert líf hjá þeim. Við látum þá hafa 29. þús. kr. hækkun á mánuði, það er í lagi. Og forstjórar flugfélaganna munu illa haldnir og verða því að fá 55 þús. kr. hækkun á mánuði á sitt kaup, sem er um 1 millj. til 1100 þús. kr. á mánuði. Það er nú ekki mikil hætta á að þjóðarbúið kollsigli sig vegna þessa, segja hv. stjórnarsinnar hér á Alþ. Og svo kemur að blessuðum ráðh. Við þá verður að gera vel. Þeir hafa úr heldur litlu að spila, segja hv. þm. stjórnarliðsins, ekki nema í kringum 1 millj. á mánuði. Það er nú víst í lagi þó að þeir fái hækkun upp á 50 þús. kr. á mánuði. Þoli þjóðarbúið það ekki, þá er eins gott að hætta þessu.

Það var þetta efnislega sem þingmeirihl. hér á Alþ. sagði við launafólk með þeim lögum sem afgreidd voru í febrúarlok. Það var þetta sem gert var. Þetta var kveðja stjórnarliðsins til launafólks 1. mars s. l. Því miður verður að segja að þær gagnaðgerðir, sem forusta verkalýðshreyfingarinnar hefur gripið til gegn þessum harkalegu árásum ríkisstj. á launafólk, hafa ekki verið með sem æskilegustum hætti. Það er því nauðsynlegt fyrir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar og hreyfinguna sem heild að huga vel að því, með hvaða hætti best verði mætt þessum árásum, og umfram allt að beita engum þeim aðferðum sem orðið gætu vatn á myllu þess höfuðandstæðings sem við er barist, sem er ríkisstj. og meiri hl. Alþ. ásamt Vinnuveitendasambandi Íslands. Launafólk þarf að muna eftir að svara fyrir sig á réttan hátt í komandi kosningum. Launþegar verða að skilja, að aukin áhrif fulltrúa úr verkalýðshreyfingunni á Alþ. verða að koma til og tryggja að hvaða ríkisstj. sem er og hverjir sem hana skipa stjórni efnahagsmálum þjóðarinnar í samráði við verkalýðshreyfinguna, en ekki í andstöðu við hana.

En önnur kveðja er á leiðinni. Stjórnarliðið ætlar ekki að láta við svo búið standa. Nú er verið að keyra í gegnum þingið frv. til l. um að afnema verðlagseftirlit í landinu og gefa verðlagningu frjálsa, þ. e. að gefa kaupsýslustéttinni í landinu sjálfdæmi um að taka sér laun að eigin vild á sama tíma og launafólki er bannað að semja um kaup sitt og kjör. Hér er nú aldeilis á ferðinni vinarkveðja stjórnarliðsins til launþega. Þessi kveðja stjórnarliðsins er flutt undir því yfirskini, að samkeppnisaðstaða sé fyrir hendi og hún eigi að gefa lækkað vöruverð. Nú er það eigi að síður staðreynd, sem enginn hefur á móti mælt, að hin svokallaða samkeppnisaðstaða er einungis fyrir hendi hér á Reykjavíkursvæðinu og þá einungis í sölu á örfáum vörutegundum. Hvergi úti á landsbyggðinni eru þessar forsendur fyrir samkeppnisaðstöðu fyrir hendi. Frjáls álagning vöruverðs mundi því þýða stórhækkað vöruverð hjá landsbyggðarfólki. Hér er því enn stefnt að því að auka þann herfilega mismun og það hróplega ranglæti sem ríkir milli þessa fólks, sem býr úti á landsbyggðinni, og þess, sem býr hér á Reykjavíkurhorninu. Nóg var þetta óréttlæti fyrir, þó að ekki sé nú með þessu við það bætt.

Það er á fleiri sviðum en þessu sem þingmeirihl. hér á Alþ. hefur sýnt landsbyggðarfólki vígtennurnar. Hér hefur að undanförnu hvert frv. á fætur öðru, sem lotið hefur að því að rétta hlut landsbyggðarinnar gagnvart Reykjavíkursvæðinu, verið drepið af stjórnarliðinu og fylgifiskum þess úr öðrum flokkum. Ég minni á í þessu sambandi frv. til l. um aukna þátttöku ríkissjóðs í byggingu sundlauga í sjávarplássum. Þetta frv. miðar að því að gera þeim sjávarplássum, þar sem sjómennska er undirstöðuatvinnuvegurinn, kleift að koma upp sundaðstöðu. Fæst þessara plássa hafa þessa aðstöðu og engar líkur á því, að óbreyttum lögum fái þau þessa aðstöðu í náinni framtíð. Þetta frv. var drepið af stjórnarliðinu. Þess ætti landsbyggðarfólk að minnast við kjörborðið í sumar.

Ég minni einnig á frv. til l. um bætt móttökuskilyrði til sjónvarpssendinga á fiskimiðin, sem miðaði að því að sjómannastéttin nyti svipaðra mannréttinda og þjónustu og aðrir landsmenn, hún mætti njóta þessa sjálfsagða fjölmiðils. Þetta frv. var einnig drepið af stjórnarliðinu og fylgifiskum þess úr öðrum flokkum. Þessa ættu sjómenn að minnast við kjörborðið í sumar.

Ég minni á þáltill. um athugun á bættum flugsamgöngum við Vestfirði, þann landshluta sem langsamlega verst er settur í öllum tilvikum samgöngulega séð og byggir fyrst og fremst og svo til einvörðungu á flugsamgöngum 7—9 mánuði á ári. Hér liggur nú fyrir álit allshn. Sþ., undirritað af öllum nm., um að vísa þessari till. frá. Sá er hugur þessara fulltrúa hinna pólitísku flokka hér á Alþ. í garð Vestfirðinga, að ekki má einu sinni athuga með hvaða hætti hægt sé að búa svo að Vestfirðingum í samgöngumálum að svipað sé og hjá öðrum landsmönnum. Svo langt ganga þessir herrar í þessu máli að leggja til afgreiðslu á þessari till. sem vafasamt er að talist geti þingleg afgreiðsla. Þessa ættu Vestfirðingar að minnast við kjörborðið í sumar.

Ég vil að síðustu minna á að í fyrradag var samþykkt hér á Alþ. endurskoðuð vegáætlun. Sú afgreiðsla var með þeim hætti, að ekki verður annað séð en það sé fastmótuð stefna ráðandi manna í þjóðfélaginu og yfirgnæfandi meiri hl. Alþ., að Vestfirðir skuli hér eftir sem hingað til vera einangraður landshluti, bæði að því er varðar samgöngur innanhéraðs og við aðra landshluta. Það má með eindæmum teljast, að Vestfirðingum skuli boðið að vera alltaf við lágmarkið varðandi fjárframlög til vegaframkvæmda, þrátt fyrir þá óyggjandi staðreynd, sem hér hefur verið bent á um einangrun. Og nú gerðist það við þessa endurskoðun vegáætlunar, að hlutfallstala Vestfjarðakjördæmis í framlögum til vegaframkvæmda er lækkuð með afgreiðslunni frá í fyrradag, miðað

við það sem hún var áður en endurskoðunin fór fram. Þessi er rausnin í garð Vestfirðinga af hálfu Alþ. Og rétt er að bæta því hér við, að á árunum 1970—1977 hefur Vestfjarðakjördæmi verið með langlægsta hlutfallstölu af heildarframkvæmdafé til vegamála eða 8.5% að meðaltali. Það kjördæmi, sem næst kemur þetta tímabil, er með 10.3% og síðan er hlutfallið allt upp í 27.7%. Getur nokkrum blandast hugur um það með þessar staðreyndir í huga, að svínað hafi verið á Vestfirðingum í þessum málaflokki eins og mörgum fleirum?

Með því, sem verið hefur að gerast hér á Alþ. að undanförnu í garð landsbyggðarfólks og þá sérstaklega Vestfirðinga, er engu líkara en þeir, sem ferðinni ráða, hafi viljað undirstrika, svo að ekki verði um villst, það mjög svo storkandi öfugmæli hv. þm. Sjálfstfl., Alberts Guðmundssonar, sem hann viðhafði hér á Alþ. fyrir skömmu, að Reykvíkingar væru orðnir vinnudýr fyrir landsbyggðina og þjóðfélagið hefði ekki efni á því að búa eins að landsbyggðarfólki og Reykvíkingum. Þessa ættuð þið, góðir hlustendur úti á landsbyggðinni, að minnast við kjörborðið í sumar.

Herra forseti. Það hefur mikið verið rætt og ritað og það réttilega um þá miklu spillingu sem virðist hafa þróast í þjóðfélaginu á undanförnum árum — spillingu sem allir þjóðhollir Íslendingar hljóta að hafa ímugust á. Enginn vafi er á því, að stóran þátt í þessari þróun á sú flokkspólitíska spilling sem hér hefur verið um langan aldur. Það pólitíska flokksræði, sem við höfum búið við og tröllriðið hefur allri pólitískri starfsemi í landinu, hefur haft í för með sér slíka óáran á öllum sviðum sem enginn sér fyrir endann á. Hér eiga allir pólitísku flokkarnir sök á, mismunandi mikla, en allir sök. Það pólitíska flokksgæðinga- og klíkusjónarmið, sem hér hefur verið þróað og ræður ríkjum undir handarjaðri peningavalds og flokksfjötra, hefur haldið öllum í heljargreipum. Almenningur hefur litlu sem engu ráðið. Örfáir einstaklingar, útvaldir af hinum pólitísku flokksklíkum, hafa hér deilt og drottnað í krafti flokksræðis. Sem betur fer er nú að rofa til. Augu almennings í landinu eru að opnast fyrir því, að ekki má lengur við svo búið standa. Almenningur í landinu mun nú segja: Hingað og ekki lengra. — Almenningi er að verða ljóst að hann hefur of lengi látið það afskiptalaust, að fáir útvaldir, sjálfskipaðir flokksgæðingar deili og drottni á kostnað alls almennings.

Flokksræðið riðar nú til falls. Í hönd farandi kosningum gefst fólki tækifæri til að veita hinum sjálfskipuðu fulltrúum flokkseigendafélaganna það aðhald og þá ráðningu sem til þarf til að ná fram þeirri breytingu í þjóðmálabaráttunni, að hún verði sveigð til heilbrigðari, heiðarlegri áttar frá þeirri spillingu sem hún hefur þróast í. Slík breyting er nú í augsýn. Fyrsta orrustan er fram undan. Komandi alþingiskosningar munu skera úr um hvort þessi atlaga að hinni pólitísku spillingu tekst. Margt bendir til þess í þjóðfélaginu nú, að hún takist. Verði það tækifæri, sem nú gefst, ekki nýtt er víst að flokksræðið og öll sú óáran, sem því fylgir, mun enn frekar hreiðra um sig. Það er á valdi ykkar, góðir tilheyrendur, hvort svo verður eða ekki. Segjum flokksræði og pólitískri spillingu stríð á hendur og veitum hinum sjálfskipuðu fulltrúum og pólitísku gæðingum flokksvaldsins í landinu það aðhald í kosningunum í sumar sem þarf til að þeir sjái að sér. Eg heiti á Vestfirðinga að ryðja þessu brautina sem og öðrum nauðsynjamálum. — Eg þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Kjörtímabilið er senn á enda. Ýmsir spáðu því, að stjórnarsamstarfið mundi ekki endast út það tímabil. Þær spár hafa reynst hrakspár. Það liggur í hlutarins eðli, að stjórnarflokkarnir hafa ekki alltaf verið sammála um úrræði og leiðir. Ákvarðanir hafa því oft byggst á málamiðlun, svo sem jafnan vill verða í samsteypustjórnum. En innan ríkisstj. hefur yfirleitt verið unnið að málum af skilningi á mismunandi viðhorfum samstarfsflokksins. Og innan ríkisstj. hefur fullur vilji verið til að fylgja eftir þeirri stefnuyfirlýsingu sem samkomulag varð um við upphaf stjórnarsamstarfsins. Sumum markmiðum hefur tekist að ná, öðrum ekki. En við lok kjörtímabilsins verður ekki vefengt, að margt hefur verið framkvæmt samkv. áætlun og margt hefur þokast til réttrar áttar. Þar tala staðreyndir sínu máli.

Landhelgismálið er komið í höfn. Okkur hefur tekist að tryggja okkur óskoruð yfirráð yfir fiskimiðum umhverfis landið og getum nýtt þau á þann hátt sem skynsamlegastur er talinn. Stækkun landhelginnar mun skipta sköpum um framtíð þessarar þjóðar.

Ríkisstj. setti sér það mark að koma í veg fyrir stöðvun atvinnuvega og tryggja landsmönnum fulla atvinnu. Því marki hefur verið náð. Það hefur ekki til þessa verið hægt að tala um atvinnuleysi hér á landi á þessu tímabili, þó að af ýmsum ástæðum sé ekki unnt að koma í veg fyrir tímabundinn atvinnuskort á stöku stað. Þetta er allt annað ástand en ríkt hefur í flestum nálægum löndum, þar sem atvinnuleysi er víðast hvar venjulegt og sums staðar geigvænlegt.

Núv. ríkisstj. hefur haldið áfram og eflt þá byggðastefnu sem hafin var og mótuð í tíð fyrrv. stjórnar. Sú stefna hefur borið ríkulega ávexti. Það geta menn séð hvar sem er á landinu, ekki síst í þéttbýlisstöðum við sjávarsíðuna. Vera má að menn hafi ekki fundið jafnáþreifanlega fyrir henni í sveitum landsins. Má til sanns vegar færa að þar þarf að verða breyting á. En hinu má þá ekki heldur gleyma, að velgengni á þéttbýlisstöðum getur haft sitt að segja fyrir nálæg landbúnaðarhéruð, m. a. hvað markað varðar.

Þau þrjú atriði, sem ég hef nefnt: landhelgismálið, atvinnuöryggið og byggðastefnan, vega þungt þegar störf núv. stjórnar eru metin. Kjósendur ættu ekki að gleyma þeim þegar þeir ganga að kjörborði, og þeir ættu líka að hugleiða hvaða flokki sé best treystandi til þess að standa vörð um það, sem áunnist hefur í þessum efnum, og halda áfram sókninni á þessum sviðum.

Á því kjörtímabili, sem senn er lokið, hafa stjórnarflokkarnir beitt sér fyrir fjölmörgum

nýjungum og endurbótum í löggjöf og stjórnarframkvæmd á ýmsum sviðum, svo sem í atvinnumálum, samgöngumálum, dómsmálum, heilbrigðismálum og menningarmálum. Er eigi unnt að gera þeim málum öllum nein viðhlítandi skil í þeim fáu orðum sem ég segi hér. En ég ætla aðeins að víkja að þeim málum, sem hafa sérstaklega verið í mínum verkahring, og þá fyrst og fremst dómsmálum.

Á þeim árum, sem ég hef farið með stjórn dómsmála, hafa talsverðar umbætur átt sér stað á því sviði, bæði að því er varðar löggæslu, rannsókn og meðferð mála og dómaskipun. Um þessi efni hafa nokkur mikilvæg frv. verði lögð fram sem enn hafa ekki hlotið afgreiðslu. Nefni ég þar til frv. til lögréttulaga og frv. um breytingar á meðferð einkamála. Bæði þessi frv. geyma gagngerar breytingar á dómstólakerfinu og dómsmálameðferð. Miða þær ekki hvað síst að hraðari afgreiðslu dómsmála. Þær endurbætur, sem átt hafa sér stað, eru ýmist ákveðnar í löggjöf eða í fyrirmælum dómsmrn.

Meðal laga, sem sett hafa verið á þessu tímabili, má t. d. nefna lög um lögreglumenn, lög um eignarnám, lög um fangelsi og vinnuhæli, lög um Hæstarétt, þar sem dómurum Hæstaréttar var m. a. fjölgað úr 5 í 6, lög um fjölgun héraðsdómara við tiltekin embætti, lög um sérstakan dómara í ávana- og fíkniefnum, lög um rannsóknarlögreglu ríkisins, lög um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, lög um breytingu á skiptalögum, lög um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nýafgreidd gjaldþrotalög og þinglýsingalög ásamt fylgifrv. Auk þess hafa auðvitað verið sett fjölmörg lög um minni háttar atriði. Í sumum tilvikum er um að ræða endurskoðun eldri laga. Reglugerð hefur verið sett um refsifullnustu. Verður hún framvegis í höndum dómsmrn. og annast hana sérstök deild innan rn. Ætti sú skipan að stuðla að betra samræmi á þessu sviði. Reglur hafa og verið settar um þriggja manna nefnd sem á að láta í té umsagnir um náðunarbeiðnir og reynslulausn. Reynt hefur verið að auka eftirlit með lögreglu og dómgæslu.

Af verklegum framkvæmdum í sambandi við þessi mál vil ég nefna að hafin er bygging gæsluvarðhaldsfangelsis í Reykjavík og einangrunarfangelsis að Litla-Hrauni.

Alþingi hefur verið gefin skýrsla um meðferð dómsmála, og er þess að vænta, að slík skýrslugjöf verði árviss atburður á hverju Alþ. framvegis.

Rógsherferð þeirri, sem um skeið var haldið uppi á hendur löggæslu, dómsmálakerfi og dómsmrh., hefur slotað og hún hefur gersamlega gufað upp. Ræði ég hana því ekki á þessum vettvangi.

Hitt er annað mál, að heilbrigð gagnrýni er löggæslunni og dómsmálasýslunni jafnan nauðsynleg til aðhalds og eflingar, og enn er margt ógert á því málefnasviði. Þar er eflaust margt sem betur má fara. Það má því ekki láta staðar numið í umbótum, þótt auðvitað verði að gæta hófs í útgjöldum. Á þessu sviði þurfa menn að halda vöku sinni og mega ekki láta tómlæti ríkja um þessi mál, svo sem stundum hefur viljað brenna við. Sú ógnvekjandi hryðjuverkaalda, sem nú gengur yfir mörg lönd og hér þarf ekki að fjölyrða um, er okkur alvarleg áminning um að vera vel á verði í þessum efnum.

Við Íslendingar ættum ekki að gleyma hinu fornkveðna, að með logum skal land byggja, en með ólögum eyða. Það er orðið of mikið af því, að einstaklingar og hagsmunahópar vilji taka sér rétt sinn sjálfir án þess að hirða um hvað leikreglur þjóðfélagsins, lögin, segja. Slíkt horfir ekki til þjóðarfarsældar. Stjórnmálaflokkar, sem kynda undir slíkum ófarnaði, bera þunga ábyrgð. Þeir stuðla að því að slíta í sundur friðinn og brjóta niður þjóðfélagið.

Af löggjafarmálum, sem tilheyra viðskrn., vil ég nefna það, að ég hef lagt fyrir þetta þing frv. til l. um ríkisviðskiptabanka og frv. til l. um sparisjóði. Um örlög þeirra frv. er enn óráðið. Hins vegar eru allar líkur til að þetta þing afgreiði hlutafélagalög og nýja verðlagslöggjöf.

Lögin um hlutafélög geyma mörg nýmæli og eru áreiðanlega góð réttarbót.

Með lögum um verðlag og viðskiptahætti er stefnt að frjálsara og heilbrigðara verðlagskerfi, spornað gegn óeðlilegum viðskiptaháttum, og þar er að finna vísi að neytendavernd.

Efnahagsmálin, og þá sérstaklega verðbólguna, ber hæst í umr. um þessar mundir. Það er skiljanlegt, því að verðbólgan ásamt stöðunni út á við er stærsta vandamálið sem við verður að fást á næstunni. Í þessum efnum hefur ekki tekist að ná því markmiði sem stefnt var að. Ákvörðun ríkisstj. s. l. vetur um að stöðva frekari skuldasöfnun erlendis var þó spor í rétta átt. Á það má og minna, að verðlagsþróun hafði um skeið þokast til réttrar áttar frá því sem verst var, þ. e. að hraði verðbólgunnar hafði minnkað og var kominn niður í rúmlega 26% um mitt s. l. ár. En síðan seig á ógæfuhlið og var hraðinn orðinn um 50% um áramótin. Ástandið í efnahagsmálum nú er á ýmsan hátt óráðið, en allir hljóta að sjá, að þessi mál verður að taka fastari tökum en hingað til og beita verður að einhverju leyti nýjum úrræðum og starfsaðferðum. Ég lít svo á, að efnahagsmálin og verðbólguvandinn hljóti að verða meginviðfangsefni Alþ. og ríkisstj., hver svo sem hún verður, á næsta kjörtímabili svo og það að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuvega. Ég tel að á næstunni verði að leggja aðaláherslu á lausn þeirra mála, bæði með tímabundnum ráðstöfunum og varanlegri úrræðum er hafi það markmið að treysta grundvöll atvinnuveganna og tryggja afkomu og atvinnuskilyrði allra landsmanna.

Á flokksþingi sínu í síðasta mánuði samþykkti Framsfl. allítarlegar till. um efnahagsmál, og má segja að kjarni þeirra sé tekinn upp í stjórnmálayfirlýsingu flokksþingsins. Þær ályktanir mun Framsfl. hafa að áttavita í þessum efnum. Ég tel rétt að rifja hér upp nokkur meginatriði þessara ályktana. Þar segir m. a. svo, með leyfi forseta:

Við lausn aðsteðjandi efnahagsvanda telur Framsfl. óhjákvæmilegt að ráðast gegn verðbólgunni með það fyrir augum að jafna eigna- og tekjuskiptingu landsmanna og stuðla að auknum félagslegum jöfnuði. Flokksþingið leggur því áherslu á eftirfarandi:

a) Stefnan í efnahagsmálum verði samræmd. Ákvarðanir á sviði efnahagsmála taki fullt tillit til afkomu þjóðarbúsins hverju sinni.

b) Aukningu peningamagns og útlána verði haldið innan hæfilegra marka. Samhliða breyttri efnahagsstefnu verði vextir lækkaðir, þó þannig að hagur sparifjáreigenda sé tryggður.

c) Jöfnunarsjóðir verði stórefldir. Lagt verði í jöfnunarsjóði þegar markaðsverð er hagstætt og aflahorfur góðar, en greitt úr þeim þegar verr gengur. Auka ber áhrif ríkisvaldsins á stjórn sjóðanna til að tryggja að svo verði jafnan gert.

d) Tryggður verði hallalaus rekstur ríkissjóðs. Vanda ber betur gerð fjárlaga og auka eftirlit með útgjöldum ríkisins. Gera þarf skattheimtuna sveigjanlegri með því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta og virðisaukaskatt.

e) Hægt verði á fjárfestingu um sinn, jafnt á vegum hins opinbera sem einkaaðila. Mat á arðsemi framkvæmda fari fram, þótt arðsemin ein megi ekki ráða ferðinni. Stjórn fjárfestinga beinist fyrst og fremst að því að auka framleiðslu og framleiðni atvinnuvega.

f) Allir kjarasamningar verði gerðir samtímis. Gildandi vísitölukerfi verði endurskoðað þannig að verðbætur miðist við afkomu þjóðarbúsins, en fylgi þó jafnan verðhækkunum á lífsnauðsynjum.

g) Verðlagslöggjöf verði færð í frjálslegra horf, þó að fara eigi með gát við þá breytingu.

h) Samhliða því, sem tekin verði upp breytt efnahagsstefna, verði tvö núll tekin af krónunni, þ. e. að 1 kr. svari til 100 kr. nú, til að stuðla að æskilegri hugarfarsbreytingu á sviði peningamála.

i) Lagður verði á sérstakur verðbólguskattur og skattur á sölu hagnaðar til að jafna eignaskiptinguna í þjóðfélaginu. Jafnframt verði tekjuskatti breytt þannig að hann hafi meiri áhrif til tekjujöfnunar.

Þetta voru nokkur meginatriði stjórnmálaályktunar flokksþingsins um efnahagsmál. Þessi grundvallaratriði eru svo nánar útfærð í sérstakri efnahagsmálaályktun flokksþingsins. Verður eigi hér farið út í þá útlistun.

Sú stefna, sem felst í þessum ályktunum, er að mínu mati gott veganesti í efnahagsmálum. Þau sjónarmið, sem þar eru sett fram, mun Framsfl. leggja sérstaka áherslu á ef til samstarfs við aðra flokka kemur eftir kosningar. En það vil ég undirstrika, að þessi stefna verður ekki framkvæmd án þess að hún komi við einhvern, og sjálfsagt munu ýmsir telja vegið að hagsmunum sínum, ímynduðum eða raunverulegum. En stundarhagsmunir einstaklinga, stétta eða hagsmunahópa mega ekki ráða ferðinni, heldur hagsmunir alþjóðar þegar til lengri tíma er litið.

Kjarni málsins er sá, að við höfum að undanförnu lifað um efni fram. Af því verðum við að láta um sinn. Við verðum að taka upp hóflegri lífnaðarhátt, bæði hjá hinu opinbera og í einkalífi. Það verðum við að gera hvort sem okkur líkar betur eða verr og hvers konar stjórn sem verður við völd á Íslandi að kosningum loknum. Það ætti engum að reynast ofraun, enda erum við vel í stakk búin til þess að takast á við nokkra tímabundna erfiðleika á meðan við fetum okkur svolítið niður verðbólgustigann. En eitt er alveg víst, að á meðan á því stendur verður ekki hægt að gera allt fyrir alla.

Ég vil alveg sérstaklega leggja áherslu á nauðsyn þess að taka vísitölukerfið til endurskoðunar. Það er sannfæring mín, að hér verði ekki á viðhlítandi hátt hægt að ná tökum á stjórn efnahagsmála nema upp sé tekið annað og skynsamlegra vísitölukerfi. Ég tel, svo sem áður er fram komið, að rétt væri að miða við lífsnauðsynjaverðbætur, en að öðru leyti væri vísitalan miðuð við afkomu þjóðarbúsins. Ef slíkt næst ekki fram ætti mjög að hyggja að þeirri skipan sem gildir í Danmörku og e. t. v. í fleiri löndum, að hvorki óbeinir skattar né niðurgreiðslur séu inni í vísitölu.

Tekjuskipting og launapólitík eru viðkvæm mál og vandmeðfarin. Ég leyfi mér að spyrja: Væri ekki eðlilegt, að ákveða hlutfall á milli hæstu og lægstu launa, annaðhvort með samkomulagi eða jafnvel með lagasetningu?

Þessi mál öll eru ekki hvað síst viðkvæm fyrir þá sök, að í sambandi við þau ríkir mikil tortryggni. Ef unnt væri að draga úr eða eyða þeirri tortryggni væri það mikill ávinningur. Ég kann því miður ekkert töfraráð til þess. En væri ekki hugsanlegt að setja á fót launamálaráð, sem skipað væri fulltrúum frá því opinbera, launþegum og atvinnurekendum, sem hefði það hlutverk að safna upplýsingum um raunverulega tekjuskiptingu — ekki bara tilbúna tekjuskiptingu, heldur raunverulega? Það launamálaráð ætti jafnan að hafa tiltækar upplýsingar um það efni. En ég endurtek, að það eru upplýsingar um rauntekjur sem á að afla, en ekki um taxtakaup. Nefndin þyrfti að hafa víðtækt vald til að afla slíkra upplýsinga. Hún mætti ekki láta sér nægja skattskýrslur eða skýrslugjöf aðila. Ég held að það sé ekki til nein stofnun eða nefnd sem leyst hafi þetta verkefni af hendi hér á landi á viðhlítandi hátt. — Ég þakka þeim er hlýddu. Góða nótt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Reynslan sýnir að þjóðum farnast best þegar festa ríkir í stjórnarfari þeirra og unnt er að ná samstöðu hagsmunahópa.

Frá lýðveldisstofnuninni 1944 sker áratugurinn 1960—1970 sig úr að því leyti, að aðeins þá hafa ríkisstj. setið út allt kjörtímabil Alþingis, þar til núv. ríkisstj. hefur setið það til enda.

Viðreisnarárin voru eitt mesta framfaraskeið í sögu landsins þrátt fyrir efnahagsleg áföll og átök hagsmunahópa. Á því stjórnartímabili, sem nú er að ljúka hefur verið tekist á við margvíslegan vanda. Niðurstaða réttsýnna manna hlýtur að verða sú, að almennt hafi vel til tekist, þótt tilætluðum árangri hafi ekki verið náð í öllum greinum. Hrakspár stjórnarandstöðu um upplausn stjórnarsamstarfsins hafa ekki ræst. Þvert á móti hefur hafist ný framfarasókn.

Strax tveimur mánuðum eftir að ríkisstj. var mynduð 1974 var horfið frá óvissu og öryggisleysi og gert samkomulag við Bandaríkjastjórn.

Síðan hefur verið unnið að framkvæmd þess, m. a. varðandi endanlega kostnaðarskiptingu í fjármögnun nýrrar flugstöðvarbyggingar, svo að unnt sé að greina algerlega á milli almennrar starfsemi og varnarstarfa á Keflavíkurflugvelli.

Öryggismál landsins þurfa að vera til stöðugrar athugunar og umræðu. Sjálfstæðið byggist á því, að landinu séu tryggðar varnir. Með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfinu við Bandaríkin er best fyrir þessu séð eins og málum er nú háttað.

Þegar Sjálfstfl. ályktaði fyrstur stjórnmálaflokka um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur varð ljóst að efasemdir um ályktunina mundu koma fram, bæði innanlands og þó fyrst og fremst andstaða erlendis. Þó höfðu ekki liðið nema tvö ár frá því að núv. ríkisstj. var mynduð þar til 200 mílna lögsagan hafði hlotið alþjóða viðurkenningu.

Síðan hefur ekki verið um ágreining við erlend ríki að ræða. Ekki má þó láta deigan síga við gæslu hagsmuna landsins út á við. Nú er brýnast að tryggja útflutningsverðmætum hagstæðustu markaði og afla innfluttra verðmæta með bestu kjörum. Stuðla verður að því, að eðlileg verkaskipting milli þjóða fái að þróast, samkeppni verður að vera frjáls svo að hugkvæmni og útsjónarsemi fái notið sín.

Ágreiningur er um það, hvernig öryggi landsins skuli tryggt. En hvað er það annað í raun sem deilt er um nú í lok þessa síðasta þings fyrir kosningar, og hvað er það, sem menn eru sammála um?

Allir eru sammála um nauðsyn þess að halda uppi fullri atvinnu og bægja frá böli atvinnuleysisins. Þetta hefur tekist á kjörtímabilinu. Hér á landi finnst mönnum það sjálfsagt. En er það svo víst? Ekki þarf annað en líta til nágrannalandanna til að sjá að það er meiri vandi en flest þeirra fá við ráðið að tryggja hverri vinnandi hönd verkefni. Víða er um það rætt í fullri alvöru, hvort ekki sé unnt að skipta atvinnuleysinu jafnt á borgarana. Það yrði ekki þolað hér á landi, ef 10 þús. manns gengju um atvinnulausir, svo að heimfært sé hlutfallslegt dæmi úr einu nágrannalanda okkar.

Allir eru sammála um að ekki skuli stofnað til frekari erlendra skulda og ekki beri að auka greiðslubyrði afborgana og vaxta erlendra lána frá því sem nú er. Tekist hefur að halda þessari greiðslubyrði innan við 14% hlutfalls útflutningstekna, í stað þess að búist var við að meira en 20% útflutningsteknanna yrði þannig ráðstafað fyrir fram. Menn vara með réttu við erlendum lántökum, þótt lánstraust Íslendinga erlendis sé óskert og beri skilvísi þeirra og áliti gott vitni. Það er því að þakka, að okkur hefur einnig tekist að lækka viðskiptahallann við útlönd úr 11—12% af þjóðarframleiðslu í um 2% síðustu tvö árin og miðum að jöfnuði á þessu ári.

Allir eru sammála um að stefna að auknum kaupmætti launa. Ríkisstj. hefur staðfastlega bent á nauðsyn þess, að kaupmátturinn sé í samræmi við afkomu þjóðarinnar. Á fyrstu stjórnarárunum, þegar orkuframkvæmdir voru með mesta móti til þess að mæta olíuverðhækkunum og viðskiptakjörin versnuðu um nær 30% á tveimur árum, var óhjákvæmilegt að dregið væri úr kaupmættinum. En nú er sá kaupmáttur, sem almenningur nýtur, hærri en nokkru sinni fyrr. Efnahagsráðstafanirnar, sem ríkisstj. greip til í febr. s. l., höfðu einmitt að höfuðmarkmiði að varðveita hann. Kaupmátturinn hefur nú um tíma haldist um 15% meiri en hann var fyrir kjarasamningana á síðasta ári. Uni menn við það getur þessi ávinningur haldist út árið og aukist síðan smám saman ef ytri skilyrði versna ekki. Við getum ekki búist við því, að unnt sé að auka kaupmáttinn meira á jafnskömmum tíma, þegar við heyrum fréttir af því frá nágrannaþjóðunum að jafnvel verði að draga úr kaupmætti þar.

Allir eru sammála um að ráða verði niðurlögum verðbólgunnar og einbeita beri kröftunum að því. Við spyrjum ekki að ástæðulausu: Er óhjákvæmilegt að verðbólga sé þrisvar til fjórum sinnum meiri á Íslandi en annars staðar í Vestur-Evrópu? — Við svörum öll þessari spurningu neitandi. Að vísu getum við fært fram ýmislegt okkur til afsökunar. Við búum við einhæfa atvinnuvegi, 75% útflutnings eru sjávarafurðir. Svipull er sjávarafli og óvenjumiklar sveiflur eiga sér stað í verðlagi hans. Við hagstæð skilyrði aukast tekjur einstaklinga, atvinnuvega og hins opinbera, eftirspurnin þar með og verðlag hækkar í kjölfarið. Þegar afli minnkar og útflutningsverð lækkar verður engu að síður að greiða háan tilkostnað innanlands með því að fjölga íslenskum krónum miðað við söluverð í erlendri mynt, þ. e. a. s. lækka gengið, og verðlagið hækkar aftur í kjölfarið. Þetta er gömul saga og ný. Almennur skilningur hefur því vaxið á því, að við verðum að nýta jöfnunarsjóði í sjávarútvegi betur en hingað til. Enn má læra af draumi Faraós um feitu kýrnar og mögru.

En þótt allir séu sammála um þau markmið sem að skuli stefnt: atvinnuöryggið, viðskiptajöfnuðinn, kaupmáttinn og stöðvun verðhækkana, eru kenningarnar um leiðirnar að markmiðunum margar og mismunandi.

Sjálfsagt má t. d. um það spyrja, hvort haldið hafi verið uppi of mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og meiri en nauðsynleg var til að tryggja fulla atvinnu og þannig sköpuð óeðlilega mikil spenna í efnahagslífinu sem tafið hefur förina að öllum markmiðunum fjórum. Ef við sækjum of fljótt að einu þeirra getum við fjarlægst hin þrjú.

Við verðum að sameinast um þá höfuðreglu og heilræði, sem óhjákvæmilegt er að halda ef árangri á að ná, að eyða ekki meiru en við öflum. Við hljótum því að leggja áherslu á að auka tekjurnar, framleiðslu og útflutning, og draga úr þjóðarútgjöldum með hagkvæmni og sparnaði.

Sjávarútvegurinn hefur dregið okkur drýgsta björg í bú undanfarna áratugi. Með útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur höfum við tryggt okkur yfirráðin yfir auðlindum sjávar, en vegna ástands fiskstofnanna höfum við takmarkað sóknina í þá, gagnstætt því sem Gylfi Þ. Gíslason hélt fram hér áðan, einmitt svo að haga megi nýtingu þeirra þannig að við getum treyst af-

komuna til lengri tíma, jafnframt því sem leitað hefur verið nýrra miða og fisktegunda.

Virkjun fallvatna verður að halda áfram og beisla þarf aðrar orkulindir til að efla undirstöður vaxandi iðnaðar og draga úr notkun erlends eldsneytis. Innlenda verk- og tækniþekkingu verður að efla og veita fjármagn til nauðsynlegra rannsókna áður en í stór og smá verkefni er ráðist. Nýta þarf gróðurmátt jarðar til að treysta tekjuöflun okkar í framtíðinni. Vel menntuð æska er ótæmandi auðspretta og ekki síst verður hún að finna kröftum sínum viðnám í verðugum verkefnum.

Þótt við séum nú í orði sammála um að halda þjóðarútgjöldum innan tekjuöflunar á hverjum tíma greinir okkur gjarnan á um hvernig skipta skuli útgjöldunum milli einstaklinga og opinberra aðila. Sjálfstæðismenn hafa ávallt talið að einstaklingarnir skapi verðmætin og afli teknanna og því beri hinu opinbera ekki umráð útgjalda með skattlagningu nema þegar unnt er að færa gild rök fyrir því, að framkvæmdir og þjónusta séu betur komin í höndum þess en einstaklinganna sjálfra til þess að tryggja félagslegt öryggi. Forvígismenn ýmissa verkalýðssamtaka og stjórnmálaflokka hafa aftur á móti haldið fram hlut hins opinbera. Nú hefur brugðið svo við, að jafnvel skilningur þessara manna hefur aukist á því, að svigrúm fyrir kaupmáttarauknингu launþega fæst ekki nema útgjöldum opinberra aðila séu takmörk sett.

Í yfirlýsingu ríkisstj. var skýrt tekið fram, að ríkisútgjöldum skyldu sett ákveðin takmörk miðað við þjóðartekjur, og það heit hefur verið efnt, gagnstætt því sem Sighvatur Björgvinsson hélt fram. Í stað þess, að ríkisútgjöld námu 31% af þjóðartekjum, nema þau nú 27% af þeim. Í þessu felst sparnaður á yfirstandandi ári er nemur um 16 milljörðum kr., og þannig er ráðstöfunarfé almennings aukið.

Hluti opinberrar skattheimtu fer til fjárfestingar og fjölskyldur og atvinnufyrirtæki festa fé sitt í íbúðum, öðrum mannvirkjum og vélum. Hyggileg fjárfesting er nauðsynleg, býr í haginn fyrir framtíðina og bætir lífskjörin. En allir þekkja af eigin reynslu, að sömu peningarnir verða ekki notaðir bæði til framkvæmda og daglegra útgjalda. Hæpið er að fjárfestingarútgjöld þjóðarinnar megi vera meiri en um fjórðungur þjóðarframleiðslunnar, ef þær vonir eiga að rætast, að sparnaður innanlands geti undir þeim staðið. Að öðrum kosti aukast erlendar lántökur eða svigrúmið fyrir hæfilegar ráðstöfunartekjur almennings og greiðslu á nauðsynlegri opinberri þjónustu verður of þröngt.

Ríkisstj. hefur tekist að draga úr fjárfestingu og minnka hana úr 34% í 27% af þjóðarframleiðslunni eins og hún er nú. Þessum árangri hefur m. a. verið náð með því að draga úr opinberri fjárfestingu um 16% á árinu 1977 og 9% 1978.

Sú stefna ríkisstj. að beita vöxtum og verðtryggingu hefur borið þann árangur, að jöfnuður hefur náðst milli sparnaðar og útlána peningastofnana sem á skorti fyrrum. Þá hefur ríkisstj. samhliða samræmt útlánakjör banka og fjárfestingarlánasjóða til þess að veita fjármagninu til arðbærustu framleiðsluþáttanna í þjóðfélaginu. Þeir, sem deila á notkun vaxta og verðtryggingar í þessu skyni, segja í raun að þeir, sem spara, eigi að tapa, en þeir, sem eyða, eigi að græða á verðbólgunni. Málsvarar Alþb., sem við heyrðum í hér áðan, ganga þannig erinda verðbólgubraskara og skuldakónga, en á móti hagsmunum launþega og almennings.

En þótt það sé grundvallaratriði til að ná markmiðunum fjórum, sem fyrr voru nefnd, að beita jöfnunarsjóðum sjávarútvegs, hallalausum ríkisrekstri og jöfnuði í sparnaði og útlánum ásamt hóflegri og hagkvæmri fjárfestingu, þá ráða launa- og tekjuákvarðanir í þjóðfélaginu úrslitum.

Víðar en hér á landi er við þann vanda að glíma að ákveða tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu, og víðar en hér hafa stjórnvöld skipt sér af kjarasamningum. Í Bretlandi setja stjórnvöld bann við kauphækkunum, sem eru hærri en 10% á ársgrundvelli, og beita fyrirtæki, sem út af bregða, refsiaðgerðum. Í Danmörku hefur þessu verið líkt farið. Ríkisstj. hefur einhliða sett viðmiðunarreglur um hæstu launahækkanir. Í Noregi eru sett lög um gerðardóm sem ákveða skal laun innan þeirra marka sem þjóðarbúið þolir. Í öllum þessum löndum eru svonefndir verkamannaflokkar við völd. Í Svíþjóð tókust frjálsir samningar um 2—5% kauphækkun á ári.

Það þarf engum að koma á óvart þótt íslensk stjórnvöld telji rétt og skylt að grípa inn í kjarasamninga, sem þó er ávallt neyðarúrræði, þegar hækkunin í krónutölu launa nemur 60—70%, eins og hún var á síðasta ári, og útlit var fyrir að laun hefðu hækkað um 40% í krónutölu á þessu ári. Þessi þróun stefndi atvinnurekstrinum í landinu í strand. Þessi þróun hefði leitt til stórfellds viðskiptahalla. Þessi þróun hefði kippt stoðunum undan kaupmættinum, því að óstarfhæf atvinnutæki veita engum vinnu eða tekjur. Þessi þróun hefði aukið verðbólguna sem umfram allt verður að berjast gegn.

Ræður manna hér í kvöld gefa tilefni til að benda á hefðbundinn áróður vinstri manna — stjórnarandstöðunnar. Þeir lofa mönnum gulli og grænum skógum. Þeir vilja auka í senn framkvæmdir hins opinbera og draga úr skattheimtu. Þeir vilja auka fjárfestingu avinnuvega, en draga úr tekjum þeirra. Þeir vilja auka útlán án þess að geta þess, hvar peningana eigi að taka. Þeir vilja bæta hag sparifjáreigenda, en minnka vaxtagjöld lántakenda. Þeir vilja létta kostnaði af atvinnurekstrinum, en auka skattlagningu á avinnufyrirtækin. Þeir vilja auka tekjur bænda, en lækka verð landbúnaðarvara til neytenda. Þeir vilja samtímis auka allt í senn: opinber útgjöld, fjárfestingu, bæði opinberra aðila og einkaaðila, og tekjur einstaklinga. Dæmið gengur alls ekki upp. Ekki er langur tími síðan landsmenn brenndu sig á slíkri stjórnvisku.

Í áramótaávarpi mínu komst ég þannig að orði:

„Kosningaár er að hefjast. Að því er stundum látið liggja, að stjórnmálamenn reyni að kaupa sér vinsældir kjósenda með stórtækum útgjöldum og loforðum um fyrirgreiðslu. Víst er það rétt, að í lýðræðisríkjum er jafnan mikill þrýst-

ingur á stjórnvöld í þá átt að auka hvers konar framkvæmdir og félagslega þjónustu. Og valfrelsi og ráðstöfunarrétti einstaklinga hættir til þess að fara út á og stundum út fyrir ystu brún þess sem þjóðarefnin leyfa. En ég veit að allur almenningur er í raun og veru ekki ginkeyptur fyrir gylliboðum.“

Ég ítreka þessi orð hér, því að ég veit að allir skilja í raun nauðsyn þeirra efnahagsráðstafana sem ríkisstj. greip til nú fyrir skömmu og notaðar eru nú sem átylla til að efna til hættulegs óróa á vinnumarkaðinum. En það eru fleiri en stjórnmálamennirnir sem verða að forðast að kaupa sér vinsældir og verða að sýna þann kjark og þá festu að falla ekki fyrir freistingum. Verkföllin og útflutningsbannið skaða þá fyrst og fremst sem taka þátt í aðgerðunum og auðvitað þjóðina alla um leið.

Þörf er áframhaldandi endurbóta á hagstjórninni, togstreitu hagsmunasamtaka og stjórnvalda verður að linna. Grundvöllur nýrrar stefnu hefur þegar verið lagður með starfi ríkisstj. Gagngerar umbætur hafa verið gerðar í ríkisfjármálum, fjárfestingu og lánamarkaði. Hagur lífeyrisþega hefur verið verulega bættur og tillögur eru í mótun um verðtryggðan lífeyri fyrir alla landsmenn. Vandlega undirbúin frv. um skattamál og verðlagsmál hafa verið lögð fram á Alþ. Frjálsræði í gjaldeyrismálum hefur einnig verið aukið. Nefnd hefur skilað mikilli skýrslu um verðbólguvandann og lagt fram till. um umbætur í stjórn efnahagsmála. Við eigum að sameinast um slíkar umbætur og ég hef með samþykki ríkisstj undanfarna daga og vikur ráðgast um það við ýmsa fulltrúa vinnuveitenda og verkalýðssamtaka, hvernig best er að koma á samstarfi þeirra þriggja aðila sem mestu ráða um efnahagsstefnuna og árangur hennar, en það er forsenda skynsamlegra aðgerða, eins og t. d. endurskoðunar vísitölubóta.

Leita verður lausnar þeirrar deilu sem nú er uppi, og veltur þá á því hvort samtök launþega og vinnuveitenda geta komið sér saman og fundið leið til þess að sinna þörfum hinna lægst launuðu án þess að bera í bakkafullan læk hinna tekjuhærri. Með efnahagsráðstöfunum ríkisstj. var stigið skref í átt til þess að taka sérstakt tillit til hinna lægst launuðu. Því miður tóku fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar ekki þátt í mótun þeirra reglna, en raunhæfum endurbótum innan skynsamlegra marka má ekki hafna. Við þurfum á þjóðarsátt að halda, samheldni, en ekki sundurlyndi.

Íslendingar búa nú við meiri velsæld, veita sér meira af efnislegum gæðum lífsins en nokkru sinni fyrr. En hvorki þau né sá andlegi broski og sú siðferðilega reisn, sem sjálfstæðri þjóð er nauðsynleg, verða varanleg ef við bekkjum ekki okkar vitjunartíma. Kosningar á vori komanda munu leiða í ljós að landsmenn hekkja mun áþyrgrar stjórnarstefnu og yfirboða og yfirborðsmennsku. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstj. hefur mörg járn í eldi þessa seinustu starfsdaga Alþ. Orrusta er í aðsigi og vikurnar, sem nú eru að líða, gætu orðið síðustu ævidagar þessarar stjórnar. Á slíkum stundum hafa höfðingjar stundum tíðkað að bregða sér í betri fötin og deila og drottna í ríkari mæli en hversdagslega. Hver fær þá nokkuð við sitt hæfi og svo er enn.

Á þessari kveðjustund, áður en lagt er í bardagann, getur fáum dulist hverjir eru í náðinni hjá núv. ríkisstj. og hverjir ekki. Það dylst t. d. ekki, að þessa stundina nýtur ein stétt manna meiri sóma af hálfu þingmeirihl. Sjálfstfl. og Framsfl. en nokkur önnur. Þetta er kaupmannastéttin, heildsalar og verslunareigendur, sem nú fá loksins uppfylltan sinn óskadraum eftir áratuga bið, þ. e. nýja löggjöf um frjálsa álagningu að vissum skilyrðum uppfylltum.

Á það hefur verið bent, að verðbólgan rugli verðskyn almennings frá degi til dags og geri eftirlit af hálfu neytenda útilokað. En á slíkt er ekki hlustað. Með því einu skilyrði, að unnt sé að halda því fram að einhver málamyndasamkeppni sé fyrir hendi, fær kaupmannastéttin vilyrði fyrir því af hálfu stjórnvalda, að mega að 6 mánuðum liðnum skammta sér laun úr vasa neytenda að eigin geðþótta. Svo eru aftur aðrir og fjölmennari hópar á óæðri bekk sem hljóta trakteringar af allt öðru tagi og hafa raunar þegar fengið sinn skammt. Þetta eru launamennirnir sem sömdu um kjör sín í frjálsum samningum á liðnu sumri. Það eru víst þeir sem lifað hafa um efni fram að dómi Ólafs Jóhannessonar, sbr. orð hans hér áðan. Þeim hefur hlotnast sá heiður með lagasetningu frá Alþ. að eiga að vinna einn mánuð á árinu kauplaust miðað við gerða kjarasamninga. Þannig er gjöfunum útdeilt og sumir eru þakklátir og kátir, aðrir ekki.

Þeir, sem eiga hlutabréf í stórum stíl, eru meðal kátari manna þessa dagana. Þeirra hlutur er fólginn í nýja skattafrv. sem verið er að þjösna gegnum Alþ. á seinustu dögum kjörtímabilsins. Frv. tekur að vísu ekki gildi við álagningu skatta fyrr en á miðju næsta kjörtímabili, árið 1980, en betra er seint en aldrei. Oft hefur eigendum hlutabréfa verið lofað ýmsu sem ekki hefur orðið að veruleika. Nú er þeim heitið skattfríðindum umfram alla aðra sem fólgin eru í því, að arður, sem nemur ½ millj. á hjón, verður dreginn frá tekjum áður en skattur er lagður á. Þetta verður enn ein smugan sem ýmsa gleður, enn ein glufan í götóttu skattkerfi, ætluð til að auðvelda hópi manna að velta af sér skattbyrði yfir á aðra.

Frá eigendum hlutabréfa hverfum við svo aftur í hóp þeirra þjóðfélagsþegna sem meðtaka gjafir stjórnvalda þessa dagana með litilli gleði. Í þeim hópi, meðal margra annarra, standa bændur sem stunda sauðfjárbúskap. Þeir hafa einmitt verið að frétta undanfarna daga, að þeir hafi fengið reikning sendan frá Framleiðsluráði að upphæð um 1000 kr. á hvern dilk sem þeir lögðu inn til slátrunar á liðnu hausti. Vafalaust má víða leita skýringa á þessum bakreikningi, m. a. í því skipulagsleysi og stefnuleysi sem verið hefur ríkjandi í landbúnaðarframleiðslu. En þó er ein nærtækasta skýringin fólgin í tregðu stjórnvalda á liðnu ári

að afnema söluskatt af kjötvörum. Sumargjöf stjórnvalda til bænda, sem sauðfjárbúskap stunda, nemur um það bil ½ millj. kr. á hvert meðalbú og teflir fjárhagslegri afkomu hundraða bænda í hreina tvísýnu. Sagt er að ríkissjóður hafi ekki efni á að lækka vöruverð og vinna gegn verðbólgu með því að afnema söluskatt af kjötvörum. Sama svar er almennt gefið af hálfu stjórnvalda í hvert sinn sem hagsmunir vinnandi stétta eiga í hlut. Ekki er unnt að gera allt fyrir alla, sagði Ólafur Jóhannesson hér áðan — og þó.

Lítum á enn einn hópinn. Okkur er sagt að ríkissjóður hafi ágætlega efni á að sjá á bak nokkrum þúsundum millj. kr. á þessu ári og hinu næsta með óbreyttum ákvæðum laga um skattlagningu fyrirtækja sem greiða lítinn eða engan tekjuskatt. Það er ekki sama að heita Jón og séra Jón.

Eins og ég hef þegar nefnt eiga nýju skattalögin hvorki að gilda við álagningu skatta í sumar né næsta sumar. Lögin taka aðeins gildi hvað varðar nokkur atriði í bókhaldi fyrirtækja í byrjun næsta árs, en það er almennt viðurkennt í fjh.- og viðskn. beggja d., að álagningin sjálf fari áfram eftir gömlu lögunum til ársins 1980. Fátt bendir raunar til þess, að nýju lögin auki skattgreiðslu fyrirtækja, nema síður sé, en það kemur þó ekki á daginn fyrr en á reynir. En þeir, sem trúa því í raun og veru, að nýju lögin snerti frekar við hagnaði fyrirtækja en þau gömlu, ættu að sjálfsögðu að fallast á till. okkar Alþb.-manna um breytingar á fyrningarreglum og öðrum helstu ívilnunarreglum gildandi skattalaga, svo að leiðrétta megi að einhverju leyti það misrétti sem í því felst að sleppa undan skatti veltu sem nemur mörgum hundruðum milljarða kr. á næstu tveimur árum. Þó er sýnt að svo verður ekki. Aðgerðaleysi Sjálfstfl. og Framsfl. í skattamálum stórfyrirtækja er einmitt nýjasta dæmið af mörgum, sem nefna mætti, sem sýnir einkar skýrt hvernig gjöfunum er útdeilt af hálfu þessarar stjórnar í anda íhaldsstefnu og þjóðfélagslegs ranglætis.

Ýmsir stuðningsmenn þessarar stjórnar, ekki síst í hópi Framsóknar, töldu sér trú um fyrir 4 árum að stjórnarsamvinna þessara flokka með sterkum þingmeirihl. væri nauðsyn til að vinna bug á verðbólgunni. En er hugsanlegt að nokkur stjórn hefði farið verr að ráði sínu en þessi stjórn, sem hefur náð þeim ótrúlega árangri að meira en þrefalda vöruverð á tæpum 4 árum?

Á seinasta ári vinstri stjórnar fór mikil verðbólgualda um allan hinn kapitalíska heim. Þá urðu verðhækkanir í öllum nálægum löndum tvisvar til þrisvar sinnum meiri en þær höfðu áður verið. Olían fjórfaldaðist í verði og timbur, stál og hvers konar hráefni tvöfaldaðist í verði á undraskömmum tíma. Auðvitað varð ekki hjá því komist, að áhrif þessarar einstæðu verðbólgu í öllum nálægum löndum næðu einnig til Íslands. Á árinu 1974 hækkuðu innfluttar vörur í verði samkv. opinberum skýrslum um 34% miðað við fast gengi. Þá fluttum við inn verðbólgu á hverjum einasta degi og þurfti engan að undra þótt erfiðleikar sköpuðust í íslensku efnahagslífi við svo óvenjulegar aðstæður.

En fljótlega eftir að núv. ríkisstj. komst til valda var þessi alþjóðlega verðbólga gengin hjá garði. Innfluttar vörur hafa aðeins hækkað um 5% að meðaltali á ári seinustu þrjú árin miðað við fast gengi. Að sjálfsögðu átti verðbólgan að hjaðna aftur hér á landi sem annars staðar, a. m. k. niður í 10—12% eins og hún áður var. En þetta hefur ekki gerst, eins og kunnugt er. Og enn er verðbólgan fast að 40%. Það er sérstaklega athyglisvert, að engu breytti þótt almenn launakjör væru skert um 25—30% á fyrri hluta kjörtímabilsins og öllum bæri saman um að verkalýðshreyfingin hefði sýnt ítrustu þolinmæði og langlundargeð.

Nú er ljóst að stjórnarflokkarnir hafa gersamlega gefist upp í viðureigninni við verðbólguna og vita ekki sitt rjúkandi ráð. Á flestum sviðum efnahagsmála er upplausnarástand ríkjandi og ríkissjóður og fyrirtæki hans í einstæðum kröggum. Víða gætir svartsýni og kvíða og ótrúlega margir eru farnir að trúa því, að íslenska verðbólgan sé eins konar náttúrulögmál sem enginn ráði við, eða eins og segir í helgu riti: Vindurinn blæs hvar sem hann vill. Þú heyrir þytinn, en ekki veistu hvaðan hann kemur eða hvert hann fer. — En ætli við þurfum að efast um hvaðan á okkur stendur veðrið þegar íhaldsgusturinn leikur um þjóðlífið.

Meinsemdin felst í núverandi stjórnarstefnu og orsakirnar blasa við augum. Í nýlegri og mjög ítarlegri stefnuyfirlýsingu, sem miðstjórn Alþb. hefur nýlega samþykkt og birt verður innan fárra daga, er bent á fjöldamargar orsakir núverandi efnahagsvanda, beinar og óbeinar, t. d. skipulagsleysi fjárfestingar, stjórnleysi í fjármálum ríkisins, götótt skattkerfi, haldlítið verðlagseftirlit, rándýra milliliðasarfsemi. En sérstaklega er bent á látlausa viðleitni ríkisstj. aftur og aftur til að knýja fram breytta tekjuskiptingu með því að skammta launafólki kjör sem ekki eru í neinu samræmi við heildartekjur þjóðarinnar, m. a. með skefjalausum gengisfellingum og hækkunum á óbeinum sköttum. Þessi látlausa viðleitni til kjaraskerðingar hefur stuðlað að verðbólgu meira en nokkuð annað.

Nýjasta dæmi eru kaupránslögin í vetur, sem nú er mætt af hálfu Verkamannasambands Íslands með útskipunarbanni. Baráttuaðferðin er nýstárleg og hefur ekki áður verið reynd. Eins og allir sjá miðar hún að því að þreyta andstæðinginn án þess að verkafólk þurfi að færa miklar fórnir og án þess að framleiðsla stöðvist í einstökum byggðarlögum. Það var þegar í upphafi tilkynnt, að veittar yrðu undanþágur til útskipunar, ef nauðsyn bæri til þess að komast hjá framleiðslustöðvun. Nú hafa undanþágur verið veittar hvað eftir annað. Hitt leynir sér ekki, að þeir atvinnurekendur, sem þráast við að standa við gerða samninga, eru settir í mikinn vanda. Kostnaður þeirra eykst verulega, ekki síst fjármagnskostnaður, og hagnaður þeirra af kjaraskerðingunni verður að engu. Atvinnurekendur, sem nú stynja undan afleiðingum útskipunarbannsins, ættu að hafa það í huga, að ekkert í kaupránslögum ríkisstj. frá því í vetur bannar þeim beinlínis að greiða fullar vísitölubætur. Þeir verða til neyddir fyrr eða síðar að

hlaupa undan pilsfaldi ríkisstj. og standa við þá samninga sem þeir hafa gert.

Góðir hlustendur. Hver efast um að breytinga sé þörf? Hver efast um að þörf sé nýrrar stefnu í efnahags- og atvinnumálum Íslendinga? Þar dugar engin hentistefna. Þungamiðja íslenskra stjórnmála verður að færast til vinstri. Ég vil sérstaklega hvetja menn til að kynna sér ítarlegar till. Alþb. í efnahags- og atvinnumálum. Þessar till. eru í rúmlega 100 liðum og verða sérstaklega kynntar einhvern næstu daga.

Margt ber til að ástæða er fyrir menn að hlusta vel eftir þeim till. sem Alþb. ber fram. Alþb. er langstærsti stjórnarandstöðuflokkurinn og öflugasti málsvari verkalýðshreyfingar. Alþb. er eini flokkurinn með skýra vinstri stefnu á öllum sviðum. Lítum t. d. á verðlagsmálin og frv. ríkisstj. um frjálsa álagningu. Þar stendur Alþb. eitt gegn liði stjórnarflokkanna, en bæði Alþfl. og SF klofin með Gylfa Þ. Gíslason og Magnús T. Ólafsson í liði stjórnarsinna. Alþb. er eini flokkurinn sem einhuga hafnar erlendri stóriðju. Allir þm. flokksins greiddu atkv. gegn járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Í stóriðjumálum hafa Alþfl. og Sjálfstfl. staðið saman eins og einn maður til stuðnings erlendri stóriðju, en Framsfl. klofnaði í tvær fylkingar. Þannig má rekja hvert málið af öðru: herstöðvamál, skattamál, kjaramál. Án áhrifa Alþb. verður ný og róttæk stefna ekki mörkuð.

Núv. ríkisstj. hefur gengið svo fram af mönnum með harkalegri kjaraskerðingu, aðgerðaleysi í skattamálum og almennu stjórnleysi á flestum sviðum, að hennar hlýtur að bíða harður dómur fólksins þegar þar að kemur. En hvað tekur við? Svar kjósenda verður að vera ótvírætt. Því aðeins eru gagnger umskipti í nánd, að Alþb., forustuflokkur vinstri manna, vinni ótvíræðan sigur. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Gleðilegt sumar. Upp úr nýári í vetur tóku mér sem tryggingafulltrúa á árum áður að berast varfærnislegar fsp. um það, hvort verið gæti að yfirvöld væru af ráðnum hug að torvelda öryrkjum að hljóta örorkulífeyri. Ekki kvaðst ég trúa slíku, en þegar ég fékk öræk dæmi þess, að menn, sem árum saman höfðu talist 75% öryrkjar og þar með notið fullra bóta, höfðu allt í einu verið úrskurðaðir 65—70% öryrkjar og þannig þokast niður á óvissu örorkustigs af vissu örorkulífeyris, menn sem kunnugir sáu að frekar hafði förlast heilsa en hitt, tók mér ekki að lítast á. Ég ráðlagði ítarlegri læknisskoðun og læknisvottorð. Bæri engan árangur, var svarið. Og þrautalendingin, að hitta tryggingayfirlækni, var að sjálfsögðu dýrt utan af landshornum. Loks hringdi ég í góðkunningja minn í tryggingunum. Væri í raun verið að þrengja að einum umkomuminnsta hópnum á vegum tryggingganna? spurði ég. Nei, svaraði vinur minn og dró þó seim á neiinu. Okkur er ætlað að gæta þess, að tryggingarnar séu ekki misnotaðar, eins og þú veist að alltaf vill ögn brenna við. Mér skildist að tekjur kæmu nú inn í dæmið varðandi örorkuúrskurð, þannig að maður, sem væri heilsufarslega séð 75% öryrki, væri ekki metinn svo, ef hann hefði tekjur yfir ákveðið mark vegna andlegs atgervis eða óvenjulegs harðfylgis að afla sér tekna, þótt vanburða væri.

Mér sýnist ekki vanþörf á að þarna sé varfærni gætt, 5—10% lækkun á örorkustigi úr 75% sviptir öryrkjan ekki einungis örorkulífeyri, heldur rétti til tekjutryggingar og barnalífeyris, ef hann hefur börn á framfæri, og getur þannig verið með einu vangrunduðu pennastriki kippt fótum undan lífsafkomu hans. Aðgæsla er góð, en hún þarf að vera réttlát. Og ég nota tækifærið til að minna hæstv. ríkisstj. á að fyrr hefði hún mátt ýmislegt óþarfara spara en aðstoð við þá þegna sem ekki ganga heilir til skógar.

Þegar Sjálfstfl. missti kjarkinn í svonefndri Laxárdeilu og hikaði við fulllúkningu Laxárvirkjunar III, þ. e. að reisa 20 m stíflu í Laxárgljúfrum ofar Brúum og gera kleift að bæta þar við í virkjun 1—2 vélasamstæðum þannig að nóg rafmagn fengist þar fyrir Laxárvirkjunarsvæðið fram til 1985—1990, var áætlað að 450 millj. kr. þyrfti til þessarar fulllúkningar. Þegar Magnús Kjartansson fyrrv. orkumálaráðh. vann sér það til afreks nokkru síðar að afskrifa frekari framkvæmdir við Laxá og ákveða að farið skyldi í gufuvirkjun við Kröflu mun ekki hafa verið fyrir því haft að framreikna þessar 450 millj. kr. á þáverandi verðbólguverðlagi. En ætla mætti að 800—1000 millj. kr. hafi ekki verið fjarri lagi. Núv. orkumálaráðh., Gunnar Thoroddsen, hélt Magnúsarverkinu áfram af þeirri fyrirhyggju sem alþjóð er nú kunnug, með rómuðum dugnaði og fyrirleitni Kröflunefndar. Og í dag sýna verkin merkin. 10 milljarða kr. virkjunarframkvæmdir gapa við augum á Kröflusvæði þar sem 11 vélstjórar og tæknifræðingar auk eins framkvæmdastjóra vaka yfir dýrgripnum. Einn galli er þó á gjöf Njarðar. Lítið sem ekkert rafmagn er hægt að framleiða og enginn veit hvenær, hvar eða hvort það verður nokkru sinni hægt, nema þá með ómældum viðbótarkostnaði. En hverju skiptir það? Takið þið því ekki með fögnuði, ágætu hlustendur, að skjóta saman af tekjum ykkar, sem okkar virðulegu ríkisstj. finnst hvort eð er fullháar, — takið þið því ekki með fögnuði að skjóta saman úr eigin vasa fyrir þessu einstæða minnismerki fyrirhyggju og fjármálaspeki?

Fyrrv. ríkisstj., svonefnd vinstri stjórn, hlaut þungar ákúrur fyrir misvitra fjármálastjórn og óforsjálni ýmiss konar. Þessum vopnum beitti Sjálfstfl. hvað harðfengast gegn henni og uppskar líka laun fyrir í auknu kjörfylgi. Almenningi fannst vissulega að fjármálastjórnin hefði farið úrskeiðis, og Sjálfstfl. yfirtók fjármálastjórn ríkisins úr hendi Framsóknar. En hvað hefur skeð? Ekki var ráðdeild vinstri stjórnar fyrir að fara, en þó hefur tekið steininn úr hjá núv. ríkisstj. Minnismerkjaákefðin hefur ekki sést fyrir. Erlendar skuldir hafa hlaðist upp. Skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann hlaupa á milljörðum. Ríkisfyrirtæki, svo sem RARIK og Orkusjóður, vita ekki sitt rjúkandi ráð af fjárskorti. En við vandanum kann ríkisstj. það ráð eitt að skerða umsamið kaup launþega. Sam-

bandsleysið og skilningsskorturinn á viðhorfi og kjörum almennings er svo ofboðslegt, að menn standa agndofa yfir þessum turnbúum í ríkisstj. Í munni þeirra heitir þetta aðhaldssemi og menn verði að sýna þjóðhollustu og taka á sig byrðar. Og á byrðunum stendur ekki. Nauðþurftir manna hækka í risatölum frá degi til dags. Póstur og sími hafa hækkað um 46% frá s. l. áramótum. Bændur fá vorglaðningu í 32% hækkun á áburði, húsbyggjendur 29% hækkun á sementi auk margs konar hækkunar á öðru byggingarefni, að ógleymdum vaxtahækkunum. Og svona mætti lengi telja þótt hér verði staðar numið.

En hvað er þá helst til úrræða? spyrð þú ugglaust, hlustandi góður. Fyrsta úrræðið liggur þér í hendi innan tíðar, að kjósa þessa ráðdeildarlausu ríkisstj. frá. „Aldrei framar samstjórn Sjálfstfl. og Framsóknar“ er lykilorðið. Síðan þarf að mynda breiða ríkisstj. þar sem hagsmunir atvinnuveganna og launþega skipa öndvegi og skilningur þeirra og samvinna orka saman til átaka og úrlausnar, en togast ekki á í tortryggni eins og nú er. Þetta tvennt er alger forsenda góðrar úrlausnar. Hér er það sem Alþfl. einn getur borið hið afgerandi friðarorð á milli og því er efling hans og stóraukning í komandi kosningum þjóðarnauðsyn. Hins þarf enginn að dylja sig, að það mun kosta þjóðina mikið átak að rétta úr efnahagskút sem hún hefur verið keyrð í með óstjórnartökum, átak og sjálfsafneitun í ýmsum greinum, en það mun þjóðin ekki heldur telja eftir sér finni hún að stjórnað sé af réttsýni, skilningi og röggsemd.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Alþfl. hefur um skeið haldið uppi mjög harðri gagnrýni á íslenskt þjóðfélag eins og það er nú orðið. Flokkurinn hefur ráðist á spillingu í valdastéttum, lokað flokkakerfi, sérréttindi og hvers konar misrétti. Hann hefur gagnrýnt hugarfar gróðahyggju, skattsvik og eigingirni, sem farið hefur sívaxandi.

Ein meginorsök þessarar óheillabróunar er verðbólgan sem nú er langhættulegasta vandamál sem þjóðin hefur við að glíma. Ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. hefur sýnt undanfarin 4 ár að hún ræður ekki við hann vanda. En nú verður ekki lengur flotið á baldlitlum bráðabirgðaráðstöfunum. Alþingiskosningarnar hljóta að snúast um þetta umfram allt annað.

Alþfl. hefur fyrir nokkru birt till. sínar um aðgerðir í verðbólgumálum næsta kjörtímabil. Till. eru dregnar saman í stutt mál í 10 þáttum og mun ég nú fara fljótlega yfir þær og verð að stytta enn verulega.

Í fyrsta þætti er fjallað um heildarumsvif þjóðfélagsins og fjárfestingu. Það verður að stöðva óarðbæra verðbólgufjárfestingu og setja sterka heildarstjórn yfir lánasjóðakerfið. Allir atvinnuvegir verða að sitja við sama borð.

Í öðrum þætti efnahagsstefnu Alþfl. er lagt til að komið verði á stéttafriði með því að gera svokallaðan kjarasáttmála milli launþegasamtakanna og ríkisvaldsins til að tryggja raunhæfa kaupmáttaraukningu, launajöfnuð og atvinnuöryggi. Á þessu sviði hefur ríkisstj. sérstaklega brugðist með því að hella hvað eftir annað olíu í eld átaka í stað þess að slökkva hann.

Í þriðja þætti er fjallað um verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Hlutverk þeirra er að leggja til hliðar í feitu árunum til hinna mögru, svo einfalt er það í raun og veru. En ríkisstj. gerir þveröfugt. Hún hefur greitt úr sjóðunum í góðæri svo að enginn forði er til hinna verri.

Í fjórða þætti er fjallað um fjárhags- og framleiðslumál landbúnaðarins sem allir viðurkenna nú að eru erfið, en þar verður að koma til meginbreyting bæði fyrir þjóðarheildina og bændur sjálfa.

Í fimmta þætti er sagt að lánskjör verði að taka mið af verðbólgustigi til að hindra auðsöfnun stórskuldara, sem við öll bekkjum allt of vel, án þess þó að íþyngja heilbrigðum rekstri og húsbyggjendum.

Í sjötta þætti efnahagsstefnu Alþfl. er fjallað um skattamál allítarlega. Tekjuskattur má ekki halda áfram að vera almennur launaskattur og það verður að skattleggja verðbólgugróða. Fyrirtæki verða að bera eðlilegar byrðar, sem þau gera auðvitað ekki í dag. Hætta verður að færa einkaneyslu á reikning fyrirtækja í stórum stíl og stórauka verður baráttu gegn skattsvikum. Jafnvel Seðlabankinn ávítar nú ríkisstj. fyrir að kynda undir verðbólgu með óstjórn í fjármálum ríkisins.

Í sjöunda þætti er sagt að endurskoða beri frá grunni almannatrygginga- og sjúkratryggingakerfið sem er að stofni 30—50 ára gamalt. Tryggingakerfið, þetta gamla baráttumál jafnaðarmanna, verður að gegna upphaflegum tilgangi sínum við nýjar og gerbreyttar aðstæður. Að auki þurfum við lífeyrissjóð allra landsmanna með verðtryggðum lífeyri.

Í áttunda þætti er fjallað um húsnæðismálin, sem hafa miklu meiri áhrif á lausn verðbólguvandans en flesta grunar. Það verður að tryggja betri lánskjör, meiri lán til eldri íbúða og a. m. k. þriðjungur nýrra íbúða á hverju ári verður að vera félagslegt átak, svo að nokkuð sé nefnt.

Í níunda þætti eru hemlar á erlendar lántökur sem aðeins mega vera fyrir erlendum kostnaði arðsamra fyrirtækja, en ekki til eyðslu eins og verið hefur.

Í tíunda og síðasta þætti efnahagsstefnu Alþfl. er sagt að strax og þjóðin hafi náð valdi á verðbólgunni eigi að taka upp nýja og verðmeiri mynt til að endurnýja virðingu fyrir gjaldmiðlinum og auka ráðdeild og sparnað. Seðlabankinn er búinn að láta teikna nýju myntina og segir að við getum fengið hana 1980.

Þegar þessir 10 þættir í fullri lengd sinni í stefnu Alþfl. í verðbólgumálum eru fléttaðir saman mynda þeir heilsteypta og áþyrgða efnahagsstefnu sem er óbrigðvæmileg, þó að hún muni vafalaust krefjast þolinmæði og fórna af öllum landsmönnum.

Ríkisstj. ræður ekki við verðbólguna. Þess vegna segir heilbrigð skynsemi að skipta verði um ríkisstj. Okkur langar öll til að hefja nýtt efnahagslíf, hvo af okkur verðbólguna og allan þann sora sem henni fylgir. Okkur langar til að snúa við blaði og taka upp nýja, sterka mynt sem við getum borið virðingu fyrir, en hlæjum

ekki að eins og litlu krónunni okkar nú sem flýtur á vatni. En við fáum ekki nýja mynt nema fylgt verði í efnahagsmálum sem næst stefnu eins og Alþfl. leggur nú til. Þetta þýðir í reynd, að við fáum ekki nýja mynt 1980 nema kjósendur felli ríkisstj. í kosningunum í vor. Markmiðið á því að vera ný stjórn, ný stefna og nýr og stærri Alþfl. á Alþingi. — Góða nótt.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Áður en árið 1978 er á enda kemur að því, að minnst verður dagsins þegar Ísland varð frjálst og fullvalda ríki fyrir 6 áratugum. Á þessu ári eru sem sé liðnir tveir mannsaldrar frá þeim þáttaskilum í íslenskri sögu sem gerðu þjóðina á ný að fullu frjálsa til að skipa málum sínum og færðu henni um leið fulla og óskoraða ábyrgð á hversu til tækist að ráða fram úr þeim málum sem sköpum skipta um heill lands og lýðs.

Þegar fullveldisafmælið 1. des. 1978 rennur upp verður nýkjörið Alþ. að réttu lagi fyrir nokkru sest að störfum, spegilmynd af þeim vilja sem kjósendur láta í ljós í alþingiskosningum á miðju sumri. Ég hef orðið þess var, að með ýmsum býr hugboð um að niðurstaðan, sem af þeim kosningum verður um stjórn landsins, geti orðið harla afdrifarík. Þeim, sem svo álykta, segir svo hugur um, að á það geti reynt æðifreklega áður en mjög langt um líður, hvort ákvörðunin, sem tekin var 1918 um frjálst og fullvalda Ísland, standist til fullnustu og frambúðar.

Ástæðan til að uggur um þetta efni læðist að mönnum er öðru fremur þróun síðustu ára í íslenskum fjármálum. Erlendar skuldir þjóðarinnar eru komnar í slíka upphæð, 580 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu, að öllum, sem tjá sig um það efni, ber saman um að lengra verði ekki gengið á sömu braut, vilji menn ekki vísvitandi bjóða háskanum heim — háskanum af greiðslufalli og glötun lánstrausts ef illa árar til að standa í skilum. En með þessu er sagan ekki nema hálfsögð. Á kjörtímabilinu, sem nú er að ljúka, á valdatíma núv. ríkisstj., hefur keyrt um þverbak að því leyti, að erlendar skammtímaskuldir hjá alþjóðlegum lánastofnunum hafa hækkað óðfluga. Halla á greiðslujöfnuði við önnur lönd hefur verið mætt með töku eyðslulána. Erlendu lánsfé hefur verið varið til að halda uppi eyðslu sem aflafé þjóðarinnar hrökk ekki til að greiða. Og það er ríkisstj. sjálf sem þarna hefur gengið á undan, notað erlendu skammtímalánin til að standa straum af umframeyðslu sinni, hallanum á ríkissjóði.

Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hefur á kjörtímabilinu rokið upp úr öllu valdi og þótt á heim mánuðum, sem liðnir eru frá áramótum, óðfluga upp eftir þriðja tug milljarða. Rúmur helmingur þessarar skuldar ríkissjóðs er þannig til kominn, að Seðlabankinn hefur endurlánað ríkisstj. lán tekin hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til skamms tíma. Þessi lán þarf Seðlabankinn að endurgreiða hinni erlendu lánastofnun á næstu 4—5 árum, og nema slíkar skuldbindingar bankans við þennan eina lánadrottin rúmum hálfum fimmtánda milljarði kr. Verður því Seðlabankinn að krefja þá ríkisstj., sem við tekur, um endurgreiðslu á þessum óreiðuskuldum núv. ríkisstj. sem þessari upphæð nemur. Þá reynir á að ríki og þjóðarbú séu í stakk búin til að standa við þessar og aðrar greiðsluskuldbindingar á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði. Verði misbrestur á því, svo að leita þurfi eftir endurlánum, getur svo farið að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn beiti valdi sínu til að setja kosti um efnahagsstefnu og fjármálastjórn á Íslandi en slíka skilmála hefur þessi alþjóða peningastofnun gert þegar um var að ræða þess háttar fyrirgreiðslu við önnur ríki og þau meiri þóga en Ísland. Það er því ljóst, að á næsta kjörtímabili verður að halda þannig á ríkisfjármálum ár frá ári, að ríkissjóður sé rekinn með afgangi sem nemur sem næst 5 milljörðum til þess eins að lækka skuldina, sem núv. ríkisstj. hefur safnað við Seðlabankann, eins og með þarf, hvernig svo sem árar til tekjuöflunar.

Þegar til þess er litið, hversu torsótt hefur reynst að halda settu marki um afkomu ríkissjóðs þegar bærilega árar, geta menn gert sér í hugarlund þau vandkvæði sem upp kunna að koma ef erlendar skuldakröfur og svipull afli þrengja svigrúmið til muna. Það er tvímælalaust brýnasta, vandasamasta og viðurhlutamesta þjóðfrelsismál Íslendinga nú og í náinni framtíð að treysta til frambúðar efnahagslegt sjálfstæði.

Marka má, hversu komið er í peningamálum af áformi æðstu peningastofnunar íslenska ríkisins að skipta um gjaldmiðil að hálfu öðru ári liðnu og hundraðfalda þá verðgildi krónunnar. Ákvörðun um það mál verður meðal verkefna þeirrar ríkisstj. sem við tekur eftir kosningar. En skipti á gjaldmiðli megna ein saman lítils, þótt þau geti orðið verulegur stuðningur við atlögu á öðrum sviðum gegn verðbólgumeininu. Aðgerðin, sem ríkisstj. hét við valdatöku sína að gera á þessum höfuðsjúkdómi íslensks efnahagskerfis, hefur látið á sér standa. Heildarmynd af starfsferli stjórnarinnar er sú, að henni hafi verið með eindæmum mislagðar hendur í öllu sem að fjármálastjórn og meðferð efnahagsmála lýtur. Verðbólgan magnast á ný, ókyrrð vex á vinnumarkaði í kjölfar síðustu efnahagssráðstafana stjórnarflokkanna. Hallarekstri ríkissjóðs, þegar á heildina er litið, og skuldasöfnun við Seðlabankann hef ég þegar lýst. Kórónan á vandræðaleg vinnubrögð stjórnarflokkanna er þó meðferð þeirra á skattamálum og hvers kyns álögum á landsmenn. Söluskattur hefur verið hækkaður upp í fimmtung vöruverðs. Sérstakt vörugjald á stóran hluta innflutnings nemur 18% og var í upphafi látið heita að það væri sett til skamms tíma. Á fjórum þingum í röð hefur verið lofað nýrri löggjöf um tekju- og eignarskatt. Nú loksins, rúmum hálfum mánuði fyrir lok síðasta þings kjörtímabilsins, er lagt fram skattalagafrv., sem einhverjar horfur eru á að stjórnarflokkarnir geti komið sér saman um svo að það hljóti afgreiðslu. En þó er tæpast í stjórnarliðinu slík að málið tefst enn, þótt komið sé nærri eindaga. Þetta gerist einvörðungu vegna ósamkomulags milli stjórnarflokkanna og innan þeirra, því að talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa bæði í orði

og verki lagt sig fram um að greiða fyrir því, að skattalagafrv. fái greiða afgreiðslu, þótt það sé svo seint fram borið að stjórnarandstöðu gæti þótt sér misboðið með þeim vinnubrögðum.

Leiðréttingar á göllum skattakerfisins eru aðkallandi, en þetta nýja frv. kemur ekki til framkvæmda við álagningu skatta fyrr en á öðru ári hér frá, árinu 1980. Þar á ofan bætist að frv. er miðað við staðgreiðslukerfi á sköttum. Frv. um staðgreiðslu á sköttum var lagt fram um leið og skattalagafrv., en það er svo flókið mál, nýstárlegt og umfangsmikið að engum dettur í hug að hreyfa því til athugunar á þessu þingi. Getur því svo farið, ef nýtt þing breytir staðgreiðslukerfinu, sem till. eru gerðar um, eða hafnar því, að taka verði veigamikil atriði nýrra skattalaga til endurskoðunar áður en þau hafa svo mikið sem gengið í gildi.

Misréttið í skattamálum er slíkt að ekki verður við unað, og því hefur stjórnarandstaðan lagt sig í líma til að greiða fyrir breytingum sem hún telur horfa til bóta. Sama verður því miður ekki sagt um annað mikilvægt réttlætismál sem varðar hvern einasta kjósanda í landinu, breytingar á kosningalögum til að auka vald kjósandans á kjördag og ráðstafanir til að gera kosningarréttinn jafnari eftir kjördæmum. Á fyrsta starfsdegi þessa þings gaf forsrh. í nafni ríkisstj. fyrirheit um að allir þingflokkar skyldu kallaðir til samráðs í því skyni að kanna hvort samstaða næðist um breytingar í þá átt, að réttur kjósandans sé aukinn til að skera úr um hvaða frambjóðendur á lista, sem hann kýs, nái kjöri til Alþingis og ráða bót á því ástandi, að hvert atkvæði getur eins og nú er komið vegið allt að fimm sinnum þyngra í einu kjördæmi en öðru, en munurinn á gildi atkv. var mestur 3:1 þegar núverandi kjördæmaskipun var sett fyrir tæpum tveim áratugum.

Sú hefur raunin orðið, að foringjar fjögurra stærstu flokkanna á þingi hafa í rauninni gert með sér þegjandi samkomulag um að leiða þessi réttindamál óbreyttra kjósenda hjá sér og svæfa þau, ýmist með því að þn. afgreiddi ekki frá sér frv. eða nefnd allra þingflokka til að fjalla um málaflokkinn í heild, sem heitið var yrði ekki nema nafnið eitt. Þarna er að verki flokksvald í sinni verstu mynd. Þrátt fyrir áhuga hjá einstökum þm. í öllum flokkum á auknum rétti allra kjósenda til röðunar á frambjóðendum eða jöfnun kosningarréttar milli kjördæma ellegar þessum atriðum báðum gera foringjarnir sér lítið fyrir og leggjast á stórmál sem þeir telja valdi sínu og aðstöðu í flokkunum óþægilegt að taka til meðferðar með afgreiðslu fyrir augum.

Meira en lítil þversögn felst í því, að foringjar þeirra flokka, sem bjóða hverjum sem koma vill hátttöku í prófkjöri hjá sér um röðun á framboðslista og telja slíkt stóraukið lýðræði, skuli veigra sér við að röðun frambjóðenda til kjörs sé að öllu leyti færð inn í kjörklefann, þar sem hún yrði tvímælalaust aðeins í þeirra höndum sem eru raunverulegir kjósendur flokksins sem í hlut á.

Óafsakanlegt er að láta það dragast eitt kjörtímabil enn að jafna kosningarréttinn frá því sem nú er. Í því efni á ríkisstj. að meginhluta sakir, því það var hún sem gaf fyrirheit við valdatöku um að láta málið til sín taka og hennar er yfirgnæfandi meirihlutavald á þingi.

Meðferðin á þessu máli, eins og reyndar efnahagsmálunum í heild á þessu kjörtímabili, ber þess ljósan vott, að þeir, sem ferðinni ráða, hafa ekki þekkt sinn vitjunartíma. Því aðeins er von um úrbætur í réttindamálum jafnt og fjármálastjórn, að menn geri sér ljóst, að tímarnir eru breyttir í veigamiklum atriðum frá því sem var fyrir tiltölulega skömmu, og hagi sér samkv. því. Úrræði eða þá afskiptaleysi, sem gat gefist bærilega fyrir einum áratug eða tveimur, dugir ekki lengur.

Tímabili þenslu og hraðs hagvaxtar, sem stóð frá því skömmu eftir síðustu styrjöld fram að olíukreppu, er lokið. Hagvaxtarhraðinn megnar ekki lengur að leysa pólitísk vandamál eða breiða yfir þau hulu. Forréttindi tæknivæddra þjóðfélaga fara þverrandi. Vanþróaðar þjóðir gera tilkall til síns skerfs af auðlindum jarðar, og kostnaður vex við orkuvinnslu og hráefnanám.

Þessi þróun segir til sín hérlendis sviþað og í öðrum þjóðfélögum sem líkt eru á vegi stödd. Sóun, sem margur hefði lokað augum fyrir á uppgangstímabilinu, verður óþolandi. Krafa tímans er ráðdeild. Misrétti, sem menn hefðu látið sig litlu skipta, þegar flestir töldu sig hvort eð var á hraðri velmegunarbraut, veldur nú uppnámi. Krafan um réttlæti magnast þegar ljóst verður að minna er til skiptanna en fyrr.

Það er verkefni íslenskra stjórnmálamanna á líðandi tíma að bregðast við þessum breyttu aðstæðum við þau skilyrði sem land okkar og þjóðfélag skapar. Offjárfesting, hvort heldur er af opinberri hálfu til atkvæðaveiða eða hjá einkaaðilum í því skyni að hreppa verðbólgugróða, má ekki lengur skerða afkomu landsmanna og stöðu þjóðarbúsins gagnvart umheiminum. Áætlanir um framkvæmdagetu og þjóðhagsstærðir um tiltekið árabil fram í tímann þurfa að verða undirstaða ákvarðana í efnahagsmálum. Eitt meginmarkmið slíkrar áætlunargerðar verður að vera að bæla verðbólguna niður á það stig sem ríkir í helstu viðskiptalöndum.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Kjörtímabilið, sem nú er senn á enda, hefur sýnt að þörf er nýrra vinnubragða í íslenskum stjórnmálum, ef ekki á að tefla hag þjóðarinnar og frelsi í tvísýnu. Menn verða á því sviði eins og öðrum að þora að hafna ef árangur á að nást. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Vonandi höfum við alþm. eitthvað lært af reynslunni, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. En hversu sem næmi okkar er varið er víst, að kjósendur um byggðir landsins, við sjó og í sveit, hafa dregið lærdóma af því sem fram hefur farið í landsstjórn síðustu 4 ár. Niðurstaðan af þeim lærdómi mun sýna sig í kosningunum í sumar. — Þökk þeim sem hlýddu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Senn líður að lokum þessa kjörtímabils og er því eðlilegt að ríkisstj. geri grein fyrir störfum sínum áður en dagar hennar eru allir. Tímans vegna verður þó að stikla á stóru og mun ég hér aðeins drepa á örfá atriði.

Í því rn., sem ég hef starfað, er eitt mál sem borið hefur ægishjálm yfir öll önnur þann tíma sem ég hef verið þar — landhelgismálið að sjálfsögðu. Til þess að gera langa sögu stutta finnst mér skýrast til mats á því, hvað áunnist hefur, að bera saman, hvernig umhorfs var í fiskveiðilögsögumálum Íslendinga árið 1971 annars vegar og ástand þeirra mála nú hins vegar.

Árið 1971, þegar ég fór fyrst til samningaviðræðna við Breta og Vestur-Þjóðverja, voru aflatölur þessara þjóða á Íslandsmiðum sem hér segir: Bretland 210 þús. tonn, Vestur-Þýskaland 125 þús. tonn, en auk þess höfðu fiskað á Íslandsmiðum aðrar erlendar þjóðir og mun afli þeirra hafa numið samtals 56 þús. tonnum. Alls er þarna því um að ræða 391 þúsund tonn.

Leiðsögn Haag-dómstólsins var hafnað af stjórn Ólafs Jóhannessonar, ekki bara Alþb., eins og hv. þm. Karl Sigurbergsson virðist halda, fremur en það voru Alþb.-menn sem einir beittu sér fyrir útfærslu í 50 mílur. Menn verða að fara rétt með þó að nokkur hrollur sé í þeim. En í Haag létu menn málið engu að síður til sín taka og dæmdist þeim rétt vera, að Bretum skyldi heimilaður 170 þús. tonna ársafli, en Þjóðverjum 119 þúsund. Þessar tölur voru miðaðar við meðaltal 5 undanfarinna ára, en það sýnir að ekki var um einstakt aflaár að ræða fyrir útlendinga 1970, þótt í góðu meðallagi væri.

Afli útlendinganna hefur farið minnkandi stig af stigi eftir því sem sigrarnir hafa unnist. Nú eru aðeins í gildi þrír samningar er veita samtals á yfirstandandi ári veiðileyfi fyrir um það bil 27 þús. tonnum, þar af aðeins 8 þús. tonnum af þorski. Auk þessa er í gildi samningur við Færeyinga um gagnkvæm réttindi til veiða annars vegar á loðnu og hins vegar á kolmunna.

Þegar þessar tölur eru athugaðar hljóta allir að sjá hversu gífurlegum árangri hefur verið náð á umgetnu tímabili. Árið 1971 var afli útlendinga 391 þús. tonn, nú verður hann 27 þús. tonn. Árið 1971 var fiskveiðilögsagan 12 sjómílur, nú er hún 200 sjómílur. Árið 1971 var Ísland bundið af úrskurði erlends dómstóls um útfærslu fiskveiðilögsögunnar, nú erum við ótvírætt okkar eigin húsbændur.

Þessi árangur hefur ekki náðst fyrirhafnarlaust og margir hafa þar lagt hönd að verki, ríkisstjórnir, Alþingi, sérfræðingar, Landhelgisgæsla, svo að ég nefni nokkra. En fyrst og fremst er það þó samstaða þjóðarinnar allrar sem úrslitum hefur ráðið, auk þess sem þróun alþjóðamála hefur verið okkur hagstæð.

Engum þarf á óvart að koma, þótt óvættur sú, er haldið hefur erlendum togurum uppi að ofveiða á fiskimiðum Íslendinga um aldir, yrði ekki bráðkvödd, heldur þyrfti snarpa orrustu til að leggja hana að velli. Þá orrustu höfum við nú unnið og getum því sagt eins og Atli á Bergþórshvoli, er hann var spurður hvort hann hefði vegið Kol frá Hlíðarenda: „Svo mun Hallgerði sýnast, að hann hafi eigi sjálfdauður orðið.“

Landhelgin er nú okkar eign án skilyrða, og vona ég að þau landráðabrigsl, sem ég og félagar minir urðum stundum að þola þegar talað var um svikasamninga, launráð og annað í þeim dúr, hafi orðið sér svo rækilega til skammar að óþarfi sé að hnykkja þar á, en það verður gert ef með þarf. Hitt er svo annað mál, að stundum kann að vera fullt svo erfitt að gæta fengins fjár og að afla þess. Vona ég að íslenska þjóðin beri gæfu til þess að standa vörð um auðæfi hafsins, því að hvort tveggja er, að undirstaða íslensks efnahagslífs hygg ég að enn um langan aldur verði fiskveiðar og fiskvinnsla, og svo hitt, að friðun fiskimiðanna á ekki að vera fyrir okkur Íslendinga eina, heldur jafnframt til sköpunar fæðuforðabúrs fyrir aðra. Offramleiðsla matvæla er orð, sem aldrei ætti að heyrast meðan nokkur maður sveltir, hvað þá hálfur heimur eins og nú.

Um varnarmálin er vert að geta þess, að ákvæði þau, er samþykkt voru haustið 1974 í sambandi við endurskoðun varnarsamningsins þá, hafa flest þegar verið ýmist framkvæmd eða þá að unnið er að þeim um þessar mundir. Þessar breytingar eru fyrst og fremst til þess gerðar að koma á aðskilnaði hernaðarumsvifa og annarrar starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ég tel verulegan ávinning að slíkum aðskilnaði fyrir okkur og að ýmislegt af þeim erfiðleikum og óþægindum, sem af sambúðinni leiðir, muni minnka og jafnvel hverfa þegar hann er kominn í kring að fullu.

Ég hygg að ósk flestra Íslendinga sé að hér þurfi ekki að vera erlendur her, þótt menn greini enn á um það, hvort slíkar aðstæður séu nú fyrir hendi. Ég ítreka enn þá von mína, að sá dagur sé ekki langt undan, að sólin renni á ný upp yfir herlaust Ísland. Með þetta í huga voru skilyrðin um að taka bæri tillit til sérstöðu Íslands, að Íslendingar mundu ekki taka þátt í hernaði, að það væri algerlega á valdi okkar sjálfra hvenær herinn hyrfi á braut og að hér skyldi ekki vera erlendur her á friðartímum sett fram af Íslands hálfu við gerð samningsins frá 1951. Og þau eru enn í fullu gildi. Engum fyrirvara hefur verið afsalað.

Framsfl. hefur á nýafstöðnu flokksþingi mótað afstöðu sína til þessara mála á þann veg, að Ísland verði að óbreyttum aðstæðum aðili að samsökum vestrænna þjóða, en vill, með vísan til þess er áðan sagði, vinna að því, að varnarliðið hverfi úr landi. Um utanríkismál að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til skýrslu er ég flutti Alþ. nú fyrir skemmstu.

Ég geri ráð fyrir því, og hef reyndar heyrt það hér í kvöld, að um þessar mundir snúist hugsanir manna mest um efnahagsmál, og er það mjög að vonum eins og ástatt er á þeim vettvangi, ekki síst þegar þess er gætt, að á ýmsum stöðum á landinu ríkir nú útflutningsbann á afurðum okkar. Þykir mörgum sem alvarlega horfi þegar nokkur hópur Íslendinga tekur sér vald til þess að stöðva blóðrás útflutningsviðskiptalífsins. Verður að ætla að þeir menn, er fyrir slíku standa, telji sig hafa gildar ástæður fyrir gerðum sínum. Vil ég nú freista að athuga þetta nokkru nánar.

Það er alkunna, að í mörgum löndum Evrópu og raunar víðar hafa veruleg efnahagsleg vandamál orðið afleiðingar olíukreppu og mikillar verðbólgu, einkum á árunum 1973 og 1974. Hefur viða sóst erfiðlega róðurinn til úrbóta. Þurfum við ekki annað en líta til grannlanda okkar til að fá staðfestingu á því. Öll vitum við að Danir,

Finnar og Svíar búa nú við gífurlegt atvinnuleysi og erfiðleika í fjármálum, og sama er að segja frá Kanada. Norðmönnum hefur á hinn bóginn tekist til þessa að halda uppi fullri atvinnu, en hafa gripið til þess ráðs að banna svo til allar kauphækkanir næstu tvö árin. Það ætti því engum á óvart að koma þótt Íslendingar eigi einnig við talsverðan vanda að glíma, þar eð við búum við einhæfa atvinnuvegi og máttum þola talsverða efnahagsörðugleika á sama tíma og aðrir.

Enda þótt verðlag á útflutningsvörum okkar sé nú hátt, ber að hafa í huga að aflinn er takmarkaður og gæta verður hófs í veiðum vegna þess hve seint var hafist handa um útfærslu fiskveiðilögsögunnar og þá friðun fiskstofnanna sem hún gerir kleifa. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason benti réttilega á það áðan, að enn vofði hætta yfir fiskstofnunum. Já, þeir hefðu betur áttað sig á því fyrr — mennirnir sem fram til ársins 1970 töldu það siðleysi að færa út landhelgina.

En þrátt fyrir þetta, sem ég áðan sagði, tókst hér á landi frá því á miðju ári 1975 og fram á mitt síðasta ár að gera hvort tveggja: draga verulega úr viðskiptahalla við útlönd og hægja á verðbólguhraðanum án þess að til atvinnuleysis kæmi. Síðan hefur verðbólgan þrammað áfram þungum skrefum, og um s. l. áramót var svo komið að við stöðvun lá í mörgum atvinnugreinum og öllum var ljóst að eitthvað þurfti að gera. Var þá gripið til þess gamalkunna ráðs að fella gengi krónunnar, nú um 13%, sem raunar þykir ekki stórfelld gengisfelling á íslenskan mælikvarða þegar borið er saman við ýmsa fyrri, svo sem þá sem viðreisnarstjórnin sæla framkvæmdi á sínum tíma og nam einhvers staðar á milli 60 og 70%, ef ég man það rétt. Engu að síður er 13% gengisfelling án bóta umtalsverð kjararýrnun fyrir launþega. Þess vegna var ákveðið að bæta þessa lækkun að hálfu hjá öllum og meira hjá þeim, sem lægri hafa launin, í formi láglaunabóta. Auk þessa voru eftirtaldar ráðstafanir gerðar: Niðurgreiðslur auknar um 1300 millj. kr., sem koma fram í lækkuðu vöruverði og þar með auknum kaupmætti launa. Vörugjald lækkaði um 2%, sem væntanlega þýðir um 700 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð og þá samsvarandi upphæð í lækkuðu vöruverði og auknum kaupmætti launa, og barnabætur í skatti voru hækkaðar um 5 hús. kr., sem einnig þýðir aukningu kaupmáttar hjá þeim sem bótanna njóta. Þannig var með samverkandi aðgerðum dregið verulega úr kjaraskerðingu gengisfellingarinnar, og reiknuðu sérfróðir menn að af 10 hundraðshlutum fengjust allt að 8 uppi bornir.

Þegar nú eru hafðar í huga ýmsar ráðstafanir fyrri ára, geta menn þá í alvöru haldið því fram, að hér sé um eina harkalegustu árás að ræða sem gerð hafi verið nokkru sinni á launakjör fólksins í landinu? Þeir menn, sem þannig tala, eru sannarlega fljótir að gleyma, svo að ekki sé meira sagt.

Sannleikurinn er sá, að hér er vægilegar í sakir farið en í mörgum öðrum tilvikum svipaðrar tegundar. Auðvitað væri æskilegt að Íslendingar gætu við ríkjandi aðstæður einir nágrannaþjóða siglt hraðbyri til vaxandi velmegunar, á sama tíma og hinir herða sultarólina, ganga atvinnulausir þúsundum saman, lifa á því að sækja atvinnuleysisstyrkinn á kontórinn, fella gengið til að geta greitt þann styrk og safna erlendum skuldum eða ganga á varasjóði ef til eru. En getur nokkur í alvöru gert sér vonir um að við einir allra séum svona lánsamir? Því miður finnst mér það harla ólíklegt.

Ríkisstj. hefur lagt á það áherslu, að allir hefðu fulla atvinnu. Í sumum tilfellum kostar þetta það, að verðbólgan hefur vaxið. Ég er sannfærður um að það á betur við Íslendinga að vinna fyrir kaupinu sínu heldur en að lifa á styrkjum, þótt auðveldara kunni að vera og minna skóslit því samfara. Þess vegna segi ég það hér enn, að ég tel að lögin, sem samþykkt voru í s. l. febrúar, leggi ekki þær kvaðir á launþega er þeir geti með engu móti búið við um takmarkaðan tíma. Valið stendur á milli þess að hægja ferðina í bili eða búa við atvinnuleysi. Svo svarar því hver fyrir sig, hvað hann vill. Ég fyrir mitt leyti kýs að fólk haldi atvinnunni, enda hætt við að rauntekjur verði harla lágar hjá þeim sem enga eða stopula vinnu hafa.

Mér finnst raunalegt til þess að vita, að láglaunafólkið í Verkamannasambandinu skuli láta beita sér fyrir þann vagn sem á að tryggja þeim, sem háu launin hafa innan ASÍ og BSRB, því að þeir eru margir, á ný fullar vísitölubætur svo að þeir þurfi nú ekki að missa af Mallorkaferðinni. Hitt er svo skylt að viðurkenna, að þegar til framkvæmda kom virðast hinir skynsamari menn hafa ráðið þar ferðinni og er það vel, enda þótt hv. þm. Ragnar Arnalds teldi sig þurfa að afsaka það hér áðan. Nær hefði verið að beina kröftunum að því að koma hér á raunverulegri launajöfnunarstefnu. Lítils háttar tilraun var gerð í þá átt með fyrrgreindum lögum. Skyldu stjórnarandstæðingar á Alþ., sem flestir eru sjálfskipaðir talsmenn launafólksins, ekki hafa tekið þeim ákvæðum vel og talið þau, þótt ónóg kynnu að vera, a. m. k. spor í rétta átt? Ónei, ekki var nú því að heilsa. Þeir fundu þeim allt til foráttu og virtust telja það hina mestu goðgá að vera eitthvað að bisa við að jafna launin. Ég segi það alveg eins og er, að ég skil ekki svona vinnubrögð og það frá mönnum sem sumir hverjir, ekki kannske allir, en sumir hverjir eru einlægir baráttumenn fyrir fátæka fólkið. Af hverju heita þessir menn sér ekki fyrst og fremst fyrir því að fá lægstu launin hækkuð?

Það er því miður enginn vafi á því, að enn þá er hér á Íslandi til fólk sem ekki hefur mannsæmandi laun, þótt ég telji að sem betur fer fari því fækkandi. En ár eftir ár semja launþegasamtökin um sömu sultarlaunin handa sömu starfsstéttunum um leið og þau semja um hán launin hinna. Síðan verða allir að fá sama vísitölubundnaðshlutann ofan á kannið sitt til þess að það sé alveg tryggt, að 10% vísitölubætur þýði 13 hús. kr. fyrir hann lægsta og 100 hús. kr. fyrir hann hæsta, alveg eins og hv. þm. Karvel Pálmason var að bröna hér áðan til Vestfjarða.

Ég viðurkenni að sjálfsögðu að lögin frá því í febr. hafa hækkað kjaraskerðingu, enda sett

af illri nauðsyn. En þau vísa þó jafnframt veginn í átt til réttlátari launaskiptingar en um var samið með því að skerða minna lág laun en há og jafna þannig bilið. Væri okkur ekki sæmst að slíðra nú vopnin, taka höndum saman og leita nýs og réttlátara fyrirkomulags á hlutaskiptum þjóðarskútunnar? Jafnframt því ættum við að taka upp sameiginlega baráttu gegn verðbólgudraugnum og læra þannig af samstöðu okkar í landhelgismálinu er færði okkur sigurinn heim, *því að þann dag hygg ég seint munu upp renna* að Hallgerði þyki Glámur sá sjálfdauður orðið hafa.

Talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna þykjast allir standa báðum fótum í jötu og telja sér trú um mikla kosningasigra í vor: Alþb., Alþfl., SF og Karvel. Framsóknarmenn ganga óbundnir til kosninganna. Við erum vanir því að þoka okkur því þéttar saman, þeim mun harkalegar sem að okkur er sótt, og mér kæmi það ekki á óvart, að þetta ættu hv. stjórnarandstæðingar enn eftir að reyna.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með baráttukveðju til þeirra sem aðhyllast frjálsa, framsýna og öfgalausa stefnu Framsfl. Ég þakka þeim sem hlýddu og býð góða nótt.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Sú endurreisn efnahagsmála, sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hóf fyrir tæpum 4 árum, hafði á miðju síðasta ári borið greinilegan árangur. Þjóðarframleiðslan hafði vaxið og viðskiptahalli stórlega minnkað, dregið hafði úr verðbólgunni og tekist hafði að halda fullri atvinnu og bæta lífskjör.

Þótt mikilvægt sé að gera sér grein fyrir þeim árangri, sem náðst hefur, skiptir hitt ekki síður máli að viðurkenna það, sem miður hefur farið, og taka af því mið við mótun framtíðarstefnu. Við lok kjörtímabils núv. ríkisstj. er eðlilegt að litið sé til baka og það rifjað upp sem óneitanlega hafði áhrif á efnahagsmálin í upphafi kjörtímabilsins, ekki síst ríkisfjármálin 1974 og 1975.

Þannig má nefna þróun *peningamála*. Nettóstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum var óhagstæð í ágúst 1974 um 4.2 milljarða og hafði þá rýrnað um 7.3 milljarða kr. frá ágúst 1973. Ovenjumikil útlánaaukning innlánsstofnana hafði átt sér stað. Þegar litið er á árið 1974 í heild jukust útlán þeirra um 49% samanborið við 33% árið 1973. Á sama tímabili hafði staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum versnað um 850 millj. kr. og greiðsluhalli ríkissjóðs á árinu 1974 verið 8.3% af heildarútgjöldum. Verulegir erfiðleikar blöstu við í utanríkisviðskiptum og viðskiptajöfnuður gagnvart útlöndum óhagstæður um 15.5 milljarða kr. Verðbólgan var komin yfir 50% síðari hluta árs 1974 og hafði aukist úr 15% frá 1972. Þessar tölur nægja til að leiða glöggt í ljós, hvað við blasti.

Engin merki voru um að þensluástandið færi hjaðnandi, heldur þvert á móti. Ekkert áhlaupaverk var að fást við efnahagsvandann. Þó urðu töluverð umskipti til hins betra í þróun peningamála þegar á árinu 1975. Útlán innlánsstofnana jukust í 26% miðað við 49% árið áður. Á sviði ríkisfjármála tók lengri tíma að snúa við hinni óhagstæðu þróun og reyndist greiðsluhalli ríkissjóðs um 9.4% af heildarútgjöldum. Viðskiptajöfnuður gagnvart útlöndum var neikvæður um 21.4 milljarð á árinu 1975 og endurspeglaði það jafnvægisleysi efnahagslífsins auk rýrnandi viðskiptakjara vegna utanaðkomandi orsaka. Ég skýt mér að sjálfsögðu ekki undan ábyrgð á þessari útkomu ríkissjóðs það ár, en í því *sambandi ber þó að minna á að útgjaldastefna* ríkissjóðs á því ári hlaut að markast mjög af ákvörðunum sem teknar höfðu verið af ríkisstj. og Alþ. á síðustu missirum vinstri stjórnarinnar.

Á árinu 1976 varð efnahagsþróunin knúin til betri vegar. Þannig batnaði lausafjárstaða innlánsstofnana. *Greiðsluafkoma ríkissjóðs batnaði* mjög verulega, enda þótt ekki tækist að ná algerum jöfnuði, en greiðsluhalli nam 0.7% af heildarútgjöldum. Þennan bata má annars vegar rekja til þeirrar almennu efnahagsstefnu sem ríkisstj. markaði þegar í upphafi stjórnarferils síns og byrjaði að bera verulegan árangur, eins og ég sagði áðan, á árinu 1976, og hins vegar til bættra stjórnunaraðgerða í fjmrn. sjálfu. Á sama hátt batnaði viðskiptajöfnuður gagnvart útlöndum og verulega dró úr verðhækkunum.

Þróun á s. l. ári, 1977, hélt áfram að vera hagstæð, enda þótt ekki tækist að draga frekar úr verðbólguvextinum sem reyndist svipaður og árið á undan. Lausafjárstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum batnaði enn. Greiðsluhalli varð að vísu hjá ríkissjóði, eða um 1.7% af heildarútgjöldum, en þá ber að hafa í huga að töluverðar byrðar voru lagðar á ríkissjóð í formi skattalækkana og útgjaldaaukningar og voru þær ráðstafanir liður í viðleitni ríkisstj. til hóflegra kjarasamninga. Viðskiptajöfnuður var aðeins óhagstæður um 2.6%.

Ríkisreikningur fyrir A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 1977 hefur nú verið fullgerður. Helstu niðurstöður eru að gjöld námu 102.8 milljörðum kr., sem er 15% hærri fjárhæð en gjaldatala fjárl. Frávik þetta má fyrst og fremst rekja til hækkunar launakostnaðar og framlaga til almannatrygginga svo og vegna gjaldfærslu fasteignakaupa. Munar þar mestu um kaup ríkisins á Landakotsspítala. Sé litið á skiptingu útgjalda eftir verkefnum kemur í ljós að nálægt þriðjungi þeirra eða um 33% er varið til heilbrigðis- og tryggingamála. Til menntamála er varið 16% af heildarútgjöldum. Til húsnæðismála er varið 4%. Þannig er meira en helmingi ríkisútgjalda, eða um 53%, varið til þeirrar félagslegu þjónustu sem framangreindir þrír málefnaflokkar fela í sér.

Tekjur ríkissjóðs námu á árinu 1977 100.2 milljörðum kr., sem er 11% umfram fjárlög. Í formi beinna skatta aflar ríkissjóður 14% af heildartekjum, en með óbeinum sköttum 84%. Þau 2%, sem eftir eru, koma aðallega í formi vaxtatekna.

Ef litið er til áranna 1974—1977 hefur greiðsluafkoma ríkissjóðs á þessu tímabili verið óhagstæð um 11.2 milljarða kr., þar af 8.9 milljarða

kr. vegna áranna 1974 og 1975 eða um 80% af þeirri fjárhæð.

En hvað þá um skuldasöfnun ríkissjóðs á þessum fjórum árum, er spurt úr því að afkoma ríkissjóðs hefur að mati fjmrh. batnað svo mjög á kjörtímabili núv. ríkisstj.? Í árslok 1975 námu skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann alls 15 milljörðum kr. Af þessum 15 milljörðum eiga 2.5 milljarðar rætur að rekja til gengismunar á þessu tímabili, en af þeim 12.5 milljörðum, sem þá eru eftir, má rekja 9 milljarða til áranna 1974 og 1975, en einungis 3.5 milljarða til síðustu tveggja ára. Þetta mætti hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni vera í minni þegar hann ræðir um skuldasöfnun ríkissjóðs.

Ég hef hér nefnt 15 milljarða kr. skuld um síðustu áramót, en á það var minnt hér í kvöld að skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum væru nú nærri 25 milljarðar. Til viðbótar þeim skuldum, sem til eru komnar af þeim ástæðum sem ég vék að hér áðan, er auðvitað ljóst að ríkissjóður hlýtur að hafa árstíðabundna lánafyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum og beinlínis gert ráð fyrir því í lögum Seðlabankans. Tekjur ríkissjóðs koma að mjög verulegu leyti á síðari hluta ársins, en ríkissjóður verður að greiða laun og önnur framlög jöfnum höndum allt árið um kring, þannig að eðli málsins samkv. hlýtur ríkissjóður að verða að hafa árstíðabundna lánafyrirgreiðslu hjá Seðlabankanum.

Heildarútgjöld ríkissjóðs á þessu ári verða sjálfsagt um 140—150 milljarðar. Af tæplega 10 milljarða kr. aukningu lána hjá Seðlabankanum frá áramótum stafa 2.5 milljarðar af gengisbreytingu, þannig að raunveruleg árstíðabundin lánafyrirgreiðsla nemur 7.5 milljörðum, sem er 5% af heildarútgjöldum fjárlagaársins.

Þótt þessar séu skýringar á skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabanka er auðvitað ljóst að slík skuldasöfnun er neikvæð fyrir efnahagslífið í heild sinni. Þessi skuldasöfnun hefur haft verðbólguhvetjandi áhrif. Þeir, sem gagnrýna ríkisstj. og fjmrh. fyrir rekstrarhalla og skuldasöfnun hjá Seðlabanka, verða um leið að horfast í augu við þá staðreynd, að harkalegri samdráttaraðgerðir og meiri niðurskurður opinberra framkvæmda hefði leitt til verulegs atvinnuleysis. Ég vil minna á að ríkisstj. markaði þá stefnu í upphafi starfstíma síns að tryggja bæri fulla atvinnu. Því er ljóst að hér var um að ræða að gera ráðstafanir í ríkisfjármálum sem hefðu þurrkað út rekstrarhallann, en leitt til atvinnuleysis, eða hins vegar að tryggja fulla atvinnu eins og gert hefur verið á kostnað þess að ríkissjóður hefur verið rekinn með nokkrum halla. Slíkt ástand er að sjálfsögðu ekki hægt að láta vera til lengdar og er því nauðsynlegt að tryggja hvort tveggja í senn: fulla atvinnu í landinu og hallalausan ríkisbúskap.

Í umræðum á opinberum vettvangi á undanförnum missirum hafa kjaramál opinberra starfsmanna komið mjög við sögu og núv. ríkisstj. hefur verið gagnrýnd allharkalega fyrir að hafa veitt opinberum starfsmönnum samningsrétt svo og fyrir þá kjarasamninga sem gerðir voru við opinbera starfsmenn á s. l. hausti. Vil ég fara um þetta nokkrum orðum.

Þeir, sem gagnrýna ríkisstj. fyrir að veita opinberum starfsmönnum takmarkaðan verkfallsrétt, verða að hugsa til baka til þess ástands sem ríkti í málefnum opinberra starfsmanna áður en þeir fengu þennan verkfallsrétt. Menn eru fljótir að gleyma. Ýmsir hópar opinberra starfsmanna höfðu gripið til eigin ráða og stóðu fyrir ólöglegum verkfallsaðgerðum. Lög landsins hafa litla þýðingu ef þau stríða gegn réttlætisvitund almennings. Ríkisstj. tók því ákvörðun um að veita opinberum starfsmönnum takmarkaðan verkfallsrétt. Það var auðvitað umdeild ákvörðun, en þrátt fyrir þá stefnu, sem verkfall opinberra starfsmanna tók s. l. haust, er ég sannfærður um að hún var rétt. Það var skynsamlegra að veita opinberum starfsmönnum takmarkaðan verkfallsrétt en að búa við stöðugan óróa í þeirra röðum vegna þess að meginþorri þeirra taldi sig ekki búa við sama réttlæti og aðrir þjóðfélagsþegnar.

Sagt er að ríkisstj. hafi gert allt of háa kjarasamninga við opinbera starfsmenn s. l. haust. Það er út af fyrir sig rétt, að þeir voru háir og skattgreiðendum í landinu dýrir. En hver var aðstaðan þegar þessir samningar voru gerðir? Í fyrsta lagi höfðu verið gerðir almennir kjarasamningar sem voru langt umfram það sem skynsamlegt gat talist og búist hafði verið við. Í öðru lagi hafði verið gerður samanburður á launakjörum opinberra starfsmanna og annarra sambærilegra starfshópa áður en kjarasamningar voru gerðir 1977 — samanburður sem leiddi í ljós að fjölmargir hópar opinberra starfsmanna bjuggu við mun lakari launakjör en aðrir. Með þessi rök í huga gerði ríkisstj. opinberum starfsmönnum ákveðið tilboð áður en þeir hófu verkfallsaðgerðir sínar á haustmánuðum. Samtök opinberra starfsmanna féllust að lokum á það tilboð í öllum meginatriðum. Vonandi draga aðilar lærdóm af því.

Í umr. á opinberum vettvangi um skattamál mörg undanfarin ár hefur berlega komið í ljós að stór hluti skattgreiðenda í landinu hefur talið að þau lög, sem gilda um álagningu opinberra gjalda, hafi ekki tryggt jafnrétti milli þjóðfélagsþegnanna. Í fjmrn. hefur á undanförnum árum verið lögð mikil vinna í samningu og gerð nýrra skattalaga og var viðamikið skattafrv. lagt fram á Alþ. á s. l. ári. Það frv. leiddi til mikillar umræðu sem fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu tóku þátt í. Skattafrv. það, sem nú er til afgreiðslu hér á Alþ., tekur mið af þeim umr. og athugasemdum.

Efnislega felast fjölmargar breytingar frá gildandi lögum í tekjuskattsfrv. Meðal hinna mikilvægustu má nefna sérsköttun hjóna. Samkv. frv. telur hvort hjóna um sig fram og er skattlagt sérstaklega af launatekjum sínum og atvinnurekstrartekjum. Sá hluti persónuafsláttar, sem öðru hjóna nýtist ekki, er yfirfæranlegur. Til eignarskatts eru eignir hjóna lagðar saman og helmingur heildareignanna síðan skattlagður hjá hvoru um sig. Annað mikilvægt nýmæli er að gjaldendum er gefinn kostur á því að telja 10% af launatekjum sínum til frádráttar í stað vaxtagjalda, lífeyrissjóðsgjalda, stéttarfélagsgjalda og gjafa til menningarmála. Með þessu

er gert tvennt. Framtalsgerð verður einfaldari hjá miklum hluta einstaklinga og þeir, sem hafa litla vaxtabyrði, t. d. þeir er í leiguhúsnæði búa, fá nokkra ívilnun. Ákvæði fyrra frv. um aðgreiningu á atvinnurekstri og einstaklingi þeim, er að honum stendur, er haldið óbreyttu að mestu. Með þessu er leitast við að tryggja að sjálfstæðir atvinnurekendur greiði sinn skerf til sameiginlegra þarfa. En þetta ákvæði hefur valdið gagnrýni. Því er ætlað að koma í veg fyrir þá miklu óánægju sem skattlagning á einstaklinga með sjálfstæðan atvinnurekstur hefur valdið, en jafnframt er tryggður réttur þeirra aðila í þjóðfélaginu, sem ekki geta skilað fullum vinnudegi, en starfa við sjálfstæðan atvinnurekstur.

Að því er skattlagningu atvinnurekstrar varðar eru mikilvægustu nýmælin í frv. hinar breyttu reglur um fyrningar og söluhagnað svo og ákvæðin um takmörkun á gjaldfærslu vegna skulda. Stofnverðið er framreiknað með verðbreytingastuðli, sem miðast við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar milli ára, og árleg fyrning reiknuð af hinu framreiknaða stofnverði. Fengnar fyrningar eru endurmetnar á sama hátt. Þá er í frv. ákvæði um takmörkun fyrninga þeirra aðila sem hafa fjármagnað fyrnanlegar eignir með lánsfé. Söluhagnaður allra eigna annarra en íbúðarhúsnæðis innan vissra stærðartakmarka í eigu manna er samkv. frv. skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma.

Með þessum reglum tel ég að stórt skref sé stigið í þá átt að gera raunverulega afkomu atvinnurekstrarins að grundvelli skattlagningar. En verðbólga undanfarinna áratuga hefur gert það að verkum, að sá tekjustofn, sem skattur af atvinnurekstri er reiknaður af, hefur ekki gefið að öllu leyti rétta mynd af raunverulegri rekstrarafkomu.

Að öllu samanlögðu felast í frv. grundvallarendurbætur á tekjuskattskerfinu og sú raunhæfasta tilraun sem gerð hefur verið til lagfæringar á þessum málum nú um skeið, enda þótt hv. þm. Ragnar Arnalds fái ekki með nokkru móti skilið þær.

Rétt er að staðgreiðslufrv. er nú lagt fyrir Alþ. í fyrsta sinn, þannig að málið hefur ekki á undanförnum árum hlotið sömu umfjöllun og tekjuskattsfrv. Hitt vil ég benda á, að enda þótt frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda hafi ekki verið lagt fram áður er ekki þar með sagt að hugmyndir þær, sem í frv. felast, séu þeim mönnum ókunnar er gefa skattamálum gaum. Frá árinu 1965 hafa fjórar skýrslur verið samdar um þetta málefni, og byggist frv. að mestu á þeim hugmyndum sem fram komu í skýrslu ríkisskattstjóra um málið árið 1975, en að sjálfsögðu er það Alþingis að segja til um hvort og þá hvenær slík breyting eigi að koma til framkvæmda.

Góðir hlustendur. Víða um lönd leita stjórnvöld ráða til lausnar á aðsteðjandi efnahagsvanda. Nauðsynlegt er að við Íslendingar náum árangri í baráttunni gegn verðbólgunni eins og aðrar þjóðir. Sjálfstæðismenn leggja á það megináherslu, eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. hér í kvöld. Forsenda þess er að stjórnmálamenn, forustumenn hagsmunasamtaka og ekki síst allur almenningur hafi til þess vilja og ábyrgðartilfinningu að láta viðureignina við verðbólguna sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum markmiðum. Þá er fyrst að taka afstöðu til þess, hvaða áherslu sé á hverjum tíma unnt að leggja á þau markmið sem að er stefnt svo sem kjarabætur, framkvæmdir, félagslega þjónustu og byggðajafnvægi með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum.

Við Íslendingar erum ekki einir þjóða sem nú reyna að leysa verðbólguvanda. Fyrir skömmu setti norska ríkisstj. gerðardóm til þess að úrskurða kaup og kjör þar í landi næstu tvö ár. Ekki er þar búist við aukningu rauntekna næstu fjögur árin. Bretar hafa háð langa og stranga baráttu við verðbólgu, sem nú virðist vera að bera árangur, enda hefur ríkt skilningur þjóðarinnar á nauðsyn þess að vinna bug á efnahagsvandanum. Í Bandaríkjunum er nú verið að gera ráðstafanir til þess að sporna gegn verðbólgu þar í landi.

Við Íslendingar eigum við áþekk vandamál að etja og fjölmargar aðrar þjóðir. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því, að innbyrðis barátta um skiptingu afrakstursins, sem ekki byggist á málefnalegum forsendum, leiðir okkur ekki að því marki sem landsmenn allir, hvar í stétt sem þeir standa og hvaða stjórnmálaskoðanir sem þeir hafa, hljóta að keppa að, en það er að geta búið í landi sínu sáttir við sjálfa sig og umhverfið. — Ég þakka áheyrnina og býð góða nótt.

Efri deild, 89. fundur.

Föstudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, frv. (þskj. 603, n. 716). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Félmn. hefur athugað frv. til l. um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.

Eins og fram kemur í frv., er þetta frv. til staðfestingar á samningi frá 20. febr. 1976 milli borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Seltjarnarneskaupstaðar um að gerðar verði áminnstar breytingar á lögsagnarumdæmum kaupstaðanna, sem í stórum dráttum fela það í sér, eins og ítarlega er fram tekið í grg. með frv., að lögsögumörkin breytast. Undir lögsögu Reykjavíkur leggjast eyjarnar Engey, Viðey og Akurey, en núverandi vesturmörk borgarinnar breytast þannig, að landspildu er afsalað þar til eignar og lögsögu Seltjarnarneskaupstaðar.

Þetta samkomulag hefur verið samþ. einróma í sveitarstjórnum viðkomandi sveitarfélaga og mælst til þess, að þetta frv. verði lögfest á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 469). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til félmn. með 17 shlj. atkv.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 447, n. 747 og 755, 472, 756). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um vátryggingarstarfsemi. N. hefur gefið út svo hljóðandi nál.:

„N. hefur fjallað um frv. á nokkrum fundum. Hún fékk á sinn fund Guðmund Guðmundsson tryggingafræðing. Einar B. Ingvarsson aðstoðarmaður ráðh. hefur einnig verið n. til aðstoðar. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem n. flytur till. um á sérstöku þskj., en Helgi Seljan mun skila séráliti.“

Það þótti orðið tímabært að endurskoða lögin frá 1973 um vátryggingarstarfsemi og vegna ýmissa breyttra viðhorfa var talið rétt að endurskoða lögin í heild. Afleiðingin er sú, að ýmis nýmæli og breytingar koma fram í þessu frv. Helstu breytingar, sem felast í frv., eru þessar:

Lágmarkshlutafé félags, sem sækir um leyfi til vátryggingarstarfsemi, er hækkað úr 20 millj. kr. og ekki gerður greinarmunur á liftryggingarhlutafélögum og öðrum. Til liftrygginga voru áður gerðar lægri kröfur, eða 10 millj.

Á svipaðan hátt eru kröfur um stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags, sem starfsleyfis óskar, hækkaðar úr 5 og 10 millj. í 35 millj. kr.

Þá eru sett ný og ítarleg ákvæði um ávöxtun eigin tryggingarsjóðs erlends vátryggingarfélags sem starfar hér á landi á sviði skaða- og endurtrygginga. Eru þessar reglur hliðstæðar þeim sem eru í gildandi lögum um íslensk vátryggingarfélög.

Í nýrri grein er gerð krafa um skýrleika í nafni tryggingarfélaga og að umboðs- og sölumenn beri jafnan skilríki frá félaginu er sanni störf á vegum þess.

Veigamikil breyting er fólgin í þeirri till. rn. að fella niður núverandi 38. gr. laga nr. 26 frá 1973 um tímabundna skipun til fjögurra ára í senn í tryggingaeftirlitið. Kostnaður við þessa stjórn eftirlitsins nam s. l. ár nálægt 2 millj. kr.

Þá er í gildandi lögum ákvæði sem sætti mikilli gagnrýni tryggingamanna á sínum tíma. Það hljóðar svo:

„Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun vátryggingarstarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir vátryggingartaka og vátryggða, getur trmrh. neitað að skrá félagið í vátryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi.“

Í ljósi þeirrar reynslu, sem á lögin og framkvæmd þeirra er komin, telur rn. ekki lengur þörf á slíku ákvæði og leggur til að það falli burt.

Síðasta veigamikla breytingin er sú, að skipuð verði þriggja manna nefnd til þess að fjalla um ágreining, sem rísa kann milli tryggingaeftirlitsins og vátryggingarfélags um framkvæmd laganna. Nefnd þessi yrði umsagnar-, en ekki úrskurðaraðili.

N. sendi þetta frv. til umsagnar og fékk einkum frá tveimur aðilum viðamiklar umsagnir, frá tryggingaeftirlitinu og frá Sambandi ísl. tryggingarfélaga. Ekki var unnt að fallast á allar þær breytingar sem lagðar voru til af þessum aðilum, enda voru þær nokkuð misjafnar, en meiri hl. n. kom sér saman um vissar breytingar á frv., sem lagðar eru fram á þskj. 756.

Er þá fyrst til að taka, að við 6. gr. leggjum við til að í staðinn fyrir að innborgað hlutafé skuli nema minnst 50 millj. verði það 65 millj.

Síðasta mgr. 6. gr. orðist svo:

„A. m. k. einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til þess að endurskoða reikninga félagsins.“

Þarna var áður talað um kjörinn endurskoðanda eða ráðinn, en samkv. þeim hlutafélagalögum, sem nú er verið að ganga frá hér á hv. Alþ., var talið rétt að gera þessa breytingu, þar sem er kveðið svo á að endurskoðendur skuli kjörnir.

Við 10. gr. leggjum við til, að í staðinn fyrir 35 millj. komi 45 millj. Þar stendur að stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skuli leggja fram stofnfé sem nema skuli hið minnsta 35 millj. Við leggjum til að það hækki um 10 millj. upp í 45 millj.

Síðasta mgr. 10. gr. orðist svo:

„A. m. k. einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn til þess að endurskoða reikninga félagsins. Um hæfnisskilyrði endrskoðenda skulu gilda sömu reglur og um endurskoðendur í hlutafélögum.“

Þá gerum við till. um 15. gr., að í staðinn fyrir 25 millj. komi 35 millj.

Við 22. gr. hafði hv. þm. Albert Guðmundsson lagt fram brtt. Þetta varð til þess að við rannsökuðum þá till. allítarlega. N. flytur hana hér nokkuð breytta. Er hún þá þannig, að aftan við 22. gr. komi svo hljóðandi viðbót:

„Aðilar hér á landi, sem hyggjast tryggja erlendis verðmæti, sem eru eign viðkomandi að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu vátryggingarfélags sem hefur starfsleyfi á Íslandi samkv. lögum þessum, skulu sækja um leyfi til trmrh., sem að fenginni umsögn tryggingaeftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn. Þeir, sem samkv. leyfi trmrh. tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda trygingaeftirlitinu skýrslu um tryggingar sínar, svo sem um væri að ræða íslenskt vátryggingarfélag, sbr. 42. gr. laga þessara. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaeftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög, sbr. 46. gr. laganna.“

Við leggjum til að 1. mgr. 23. gr. orðist svo:

„Í nafni vátryggingarfélags skal koma fram, að félagið reki vátryggingarstarfsemi. Aðrir en þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi,

mega ekki bera heiti, sem kunna að benda til eða gefa í skyn að vátryggingarstarfsemi sé rekin. Nafn vátryggingarfélagsins, eða skrásett firmamerki þess“ — þetta er það sem bætist við frá okkur — „skal koma skýrt fram í tilkynningum og öllu prentuðu máli, sem frá félaginu fer. Starfi félag eða annar aðili sem umboðsaðili fyrir vátryggingarfélag, skal koma fram, að um umboð sé að ræða“ o. s. frv.

2. mgr. 40. gr. leggjum við til að orðist svo:

„Hyggist þeir, sem leyfi hafa til vátryggingarstarfsemi, breyta vátryggingarskilmálum sínum, eða semja nýjan skilmála, skulu þeir senda tryggingaeftirlitinu fyrirhugaða skilmála svo fljótt sem auðið er til athugunar. Endurrit breytinganna og hina nýju skilmála í endanlegu formi skal senda tryggingaeftirlitinu þegar í stað.“

Í frv. stendur, að breytingar skuli senda tryggingaeftirlitinu með hæfilegum fyrirvara, en talið var að þar væri ekki nógu vel um hnúta búið, því hæfilegur fyrirvari gæti verið ósköp óákveðið tímatakmark. Þess vegna var farin sú millileið að segja: „svo fljótt sem auðið er“.

Við gerum enn fremur till. um að 48. gr. verði breytt á þann veg, að síðari mgr. orðist svo:

„Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga eða viðkomandi vátryggingarfélags, hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.“

Þetta byggist á því, að í frv. stendur:

„Í nefndinni eiga sæti þrír menn, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga, hagstofustjóri og er hann formaður nefndarinnar og einn án tilnefningar.“

Samkv. upplýsingum frá tryggingaeftirlitinu kom það í ljós, að ekki eru öll tryggingafélög í Sambandi ísl. tryggingafélaga, og þess vegna þótti nauðsynlegt samkv. till. þeirra að setja inn: „eða viðkomandi vátryggingarfélags.“

„Ég vil enn fremur geta þess, að n. ræddi allmikið um 38. gr. frv., þar sem rætt er um stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar. 38. gr. hljóðar svo:

„Sérstök stofnun, tryggingaeftirlitið, hefur eftirlit með starfsemi vátryggingarfélaga og rekstri þeirra samkv. ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkv. þeim.

Ráðh. skipar forstöðumann tryggingaeftirlitsins, en forstöðumaður ræður annað starfsfólk. Forstöðumaður annast stjórn stofnunarinnar og gætir þess að hún starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma, allt undir yfirstjórn trmrn. og ráðh.

Ráðh. setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaeftirlits.“

Eins og nú er hefur trygingaeftirlitið sérstaka stjórn þriggja manna, sem síðan ræður framkvæmdastjóra. Lagt er til að þetta breytist á þann veg, að tryggingaeftirlitið heyri beint undir ráðh. og forstöðumaður annist stjórn stofnunarinnar á ábyrgð ráðh., en ekki stjórnar eins og áður var. Um þetta ræddum við allmikið og að höfðu samráði við ýmsa merka aðila ákváðum við að breyta ekki þessu fyrirkomulagi. Það er ýmist á Norðurlöndunum, að tryggingaeftirlitið er undir sérstakri stjórn eða þá það heyrir beint undir rn. Þetta fyrirkomulag, sem nú er lagt til, mun hins vegar aðeins vera í einu Norðurlandanna, Finnlandi, en mér er sagt að það hafi reynst þar vel og við séum ekki það stórir í sniðum að við ættum ekki að geta unað við þetta fyrirkomulag.

Að þessum till. fluttum leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að skila minnihlutaáliti á þskj. 747. Þar tek ég fram, að ég taki ekki þátt í afgreiðslu þess nú, og legg til, að afgreiðslu þess verði frestað til næsta þings. Ég hef rætt það í nál. mínu, hverjar ástæður eru fyrir þessu, og því er kannske óþarft að lesa það upp, en ég ætla þó að gera það og með þeim skýringum, sem eru þó nauðsynlegar, án þess að fara að efna til allsherjarumræðna um tryggingamál.

Alþb. hefur það á stefnuskrá sinni, að öll vátryggingastarfsemi hérlendis verði á einni hendi og ein ríkistrygging gildi. Í svo smáu þjóðfélagi sem okkar er það einnig eina réttlætanlega fyrirkomulagið.

Hér starfa í dag fjölmörg tryggingafélög, sem hafa eins konar samtryggingu sín á milli í stað þeirrar „eðlilegu og heilbrigðu“ samkeppni sem oft er á orði höfð af fylgismönnum óhefts einkaframtaks. Undirritaður vill við þetta tækifæri undirstrika nauðsynina á gerbyltingu þessara mála í heild í stað þess fáránlega ofhlæðis sem í dag ræður ríkjum.

Undirritaður viðurkennir þó þörfina á löggjöf um þessa starfsemi og eftirlit og aðhald, svo sem að var stefnt með lögunum frá 1973, fyrst þessi skipan er á vátryggingarstarfsemi í landinu. Undirritaður telur ekki heldur að breytingarnar séu neikvæðar, einstaka sé meira að segja til bóta. Engin rök hafa hins vegar verið færð fram fyrir því, að nauðsyn sé á lögfestingu þeirra nú í þinglok þegar margt kallar að og enginn kostur er að taka málið til þeirrar meðferðar sem þyrfti.

Undirritaður studdi löggjöf um vátryggingarstarfsemi á sínum tíma ekki hvað síst á þeim forsendum, að tryggingaeftirliti var þá komið á. Það lágu ágæt markmið þar að baki og eflaust getur slíkt eftirlit verið virkt og haft hin jákvæðustu áhrif. Hins vegar leynir undirritaður hvergi vonbrigðum sínum með ýmislegt hjá tryggingaeftirlitinu, m. a. því, hversu tryggingafélögin virðast fá uppáskrift þessa eftirlits varðandi óhæfilegar hækkanir tryggingagjalda. Ríkisstj. þeirri, sem nú situr og slær hvert metið af öðru í verðhækkunum, hefur meira að segja þótt nóg um og lækkað prósentuna í gjaldhækkunum frá því sem tryggingaeftirlitið hefur lagt blessun sína yfir. Fylgi undirritaðs við tryggingaefitrlit af þessu tagi hefur því farið síhrakandi og lætur hann sig því litlu skipta hvort þessi stofnun hefur stjórn eður eigi.

Það var einmitt eitt atriði, sem kom fram hjá hv. frsm. hér áðan, að um það hefði verið nokkuð rætt, að þarna yrði um nokkurn sparnað ræða. Þar af leiðandi má það kannske segja að það sé jákvætt við þetta. En það jákvæðasta, sem undirritaður hefur séð í þessu máli nú, hefur komið fram í brtt. Alberts Guðmundssonar, sem undirritaður tjáði sig fylgjandi við 1. umr. þessa máls, en hún hefur svo komið fram núna í brtt. frá n., nokkuð breytt að vísu.

En með tilliti til aðalstefnu undirritaðs í trygg-

ingamálum og þess, að engin nauðsyn knýr á um lögfestingu þessa frv., leggur hann til að afgreiðslu þess verði frestað til næsta þings og tekur því ekki þátt í afgreiðslu þess.

Lög um vátryggingarstarfsemi, sem hér er verið að breyta, voru sett á dögum vinstri stjórnarinnar. Þau voru sett af þáv. heilbr.- og trmrh. Magnúsi Kjartanssyni. Það er engin launung á því, að hann ásamt öðrum Alþb.-mönnum hafði knúið á það við þá stjórnarmyndun, að öðruvísi yrði gengið frá vátryggingarmálum en nú er í landinu, einmitt á þann veg sem er undirstrikað í 1. mgr. nál. míns. Það tókst hins vegar ekki að ná neinum áfanga í því efni nema þeim að setja löggjöf og koma á fót þessu tryggingaeftirliti. Af þeirri ástæðu er því ekki nein ástæða fyrir mig að halda sérstakri tryggð við þetta mál, að þetta var það mesta, sem fékkst gert í þáv. vinstri stjórn til þess að lagfæra þessa starfsemi og langt í frá að það væri á nokkurn hátt fullnægjandi fyrir okkur Alþb.-menn. Þessi lög eru því síður en svo heilög í mínum augum, og ég verð nú að viðurkenna að hið sama má segja um mörg lög frá dögum þessarar ágætu vinstri stjórnar. En þessi hæstv. ríkisstj. hefur reyndar verið að reyna að afnema bestu atriðin alla sína tíð.

Ég tala um samtryggingu. Ég rakti um það dæmi á dögunum, hvernig þessi samtrygging tryggingafélaganna hefði komið fram hjá okkar litla sveitarfélagi austur á landi. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það. En svo glöggt var það, að ekki fór á milli mála hvers konar samband var þarna á milli tryggingafélaganna, því aðeins liðu tveir dagar frá því að tilboð um húsatryggingar kom frá Brunabótafélagi Íslands þangað til samhljóða tilboð og þó kannske ívið betra í sambandi við lánamöguleika var komið frá Samvinnutryggingum. Og það sýndi náttúrlega og sannaði okkur að þarna voru svo sterk og rík tengsl á milli að ekkert fór á milli mála. Þó hafa þau einmitt í þessu að nokkru að keppa, að maður gæti haldið, en svo er samtryggingin rík, að ekki einu sinni þarna gengur hnífurinn á milli þeirra.

Ég sem sagt ætla ekki að greiða atkv. á móti þessu máli. Ég nenni aðeins ekki að taka þátt í afgreiðslu máls sem engin rök hafa verið færð fram fyrir að þyrfti að lögfesta. Ríkisstj. hellir nú yfir málum, bæði nauðsynlegum og ónauðsynlegum, kannske meira þeim síðar nefndu, og ætlast til þess, að þm. taki afstöðu til þeirra á stuttum tíma. Það er engin ástæða til þess fyrir okkur stjórnarandstæðinga að sýna þá fylgispekt við hana eða það tillit sem við í raun og veru gerum nú á þessum síðustu dögum æ ofan í æ, tillit til þeirra óhæfilegu vinnubragða sem ríkisstj. lætur hafa sig út í að beita. Það á ekkert frekar við um þetta frv., það skal tekið skýrt fram. En mér fannst ágætt að nota tækifærið til þess að undirstrika grundvallarágreining um tryggingamál í þessu efni, án þess þó að setja á nokkurn hátt fótinn fyrir það, að þessar breytingar nái fram að ganga.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n. sem fjallaði um þetta frv., en gat því miður ekki verið á síðasta nefndarfundinum, þar sem ég var bundinn á öðrum nefndarfundi. En mér þykir rétt að láta þess getið hér, að ég hafði áður lýst því yfir, að ég mundi fylgja frv. og þeim brtt., sem meiri hl. hafði lagt fram, vegna þess að mér sýnist ýmislegt í þeim heldur til bóta frá þeirri löggjöf sem nú gildir, þó að ég léti þess, held ég, getið líka, að ég væri í höfuðstefnumálum andvígur svo mörgum tryggingarfélögum sem nú starfa hér á landi og gæti að því leyti tekið alveg undir 1. liðinn í nál. minni hl. Helga F. Seljans. En eins og ég sagði áðan, þá sýnist mér sú breyting á lögunum, sem meiri hl. leggur til að gerð verði, fremur til bóta en hitt og sé ekki ástæðu til annars en að vera með því eins og mál standa nú í þessum efnum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 756,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 756,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
11.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 756,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
15 gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv
16.—21. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 472 tekin aftur.
— 756,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 756,5 samþ. með 11 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt,samþ. með 11 shlj. atkv.
24.—39. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 756,6 samþ. með 11 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
41.—47. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 756,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
48. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
49.—52. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 612, n. 753, 754). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Svo sem fram kom í ræðu ráðh. við 1. umr. um þetta mál er frv. það, sem hér liggur fyrir árangur af starfi nefndar sem heilbr.- og trmrh. skipaði fyrir u. þ. b. einu ári í þeim tilgangi að gera till. um skipulegt samstarf háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans og heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og félagsins Heyrnarhjálpar. Enn fremur átti nefndin að gera heildartillögur um framtíðarfyrirkomulag talmeina- og heyrnarþjónustu og skipulag heyrnarmálefna hér á landi.

Mikil og vaxandi þörf er fyrir bætt skipulag og aðstöðu til rannsókna og lækninga á þessu sviði hér. Verði það frv. að lögum, sem hér liggur fyrir, þá ætti það að tryggja eina fullkomna rannsókna- og lækningastöð í landinu í þessum efnum. Það er einnig mjög mikilvægt ákvæði í

þessu frv., að hægt er að stofna deildir í heyrnar- og talmeinahjálp við heilsugæslustöðvar úti á landi og þessar deildir mundu þá njóta sérfræðiþjónustuaðstoðar frá aðalstofnuninni í Reykjavík.

Það, sem unnið hefur verið hér í heyrnarhjálp, hefur sérstaklega — og fram undir það síðasta einnig á talmeinasviði — verið unnið á vegum félagsins Heyrnarhjálpar, sem notið hefur lítilfjörlegs ríkisstyrks til þess að sinna þessari þjónustu. Þar af leiðandi hefur sú þjónusta ekki verið fullnægjandi. Félaginu hefur verið ljóst síðustu árin, að breytingu þurfti að gera á. Ég held að þetta sé að frumkvæði þess félags, sem málum á nú að skipa á annan veg en hingað til hefur verið.

Við búum við vaxandi heyrnarskerðingu af tveimur eða kannske fleiri orsökum: í fyrsta lagi vegna hávaðasamrar vinnu, sem með tækniöldinni hefur orðið meira heyrnarskaðandi en áður var, en einnig af því að skemmtanalífið er orðið á þann veg, að þaðan má einnig vænta heyrnarskertra sjúklinga. Aftur á móti hafa framfarir orðið á ýmsum sviðum í þessum málum, þ. á m. hafa mjög mikilvægar skurðaðgerðir orðið algengar nú upp á síðkastið, sem geta gjörbreytt möguleikum heyrnardaufra, og lukkast mjög oft að gefa þeim aftur sæmilega heyrn. Allt þetta stuðlar að því, að nauðsynlegt sé að fá hér fullkomna heyrnar- og talmeinastöð. Slíkt er talið að verði best gert með samþykkt þessa frv.

Samkv. beiðni þeirra aðila, sem að frv. stóðu, flytur n. brtt. við 6. gr. frv. 6. gr. hljóðar svo nú:

„Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík."

Viðbótin, sem við leggjum til að komi, er svo hljóðandi:

„Við greinina bætist: enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum."

Enn fremur leggjum við til að 7. gr. verði breytt á þann veg, að eitt orð bætist þar inn í. Greinin hefjist svo:

„Stofnunin hefur sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð."

Að öðru leyti höfum við gefið út svofellt nál.:

„N. hefur fjallað um frv. Hún hefur fengið á sinn fund ýmsa þá aðila, er að málinu hafa unnið. N. leggur einróma til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum er hún flytur till. um á sérstöku þskj."

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. —5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 754,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 754,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395). — Frh. 1. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í framhaldi af ræðu hv. 3. þm. Vestf. Það kom fram nokkur misskilningur hjá honum. Hann sagði að hreppsnefnd mælti einróma með sölu jarðarinnar. Þetta er misskilningur. Eins og kemur fram í fskj. var hreppsnefndin klofin um málið, en mælt með sölu jarðarinnar af meiri hl. hreppsnefndar og meiri hl. jarðanefndar. Ég vil jafnframt upplýsa, að landbrn. hefur skilað áliti um þetta mál til landbn. Nd. og leggst gegn sölu jarðarinnar, m. a. á þeim forsendum sem hér hafa komið fram, m. a. í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., en einnig hefur landbrn. vakið athygli á því, að jarðirnar tvær, sem hér er um að ræða, eru í leigu til bóndans á Veðrará til ársins 1981 og því alls ekki tímabært að taka afstöðu nú til þessarar sölu.

Hér hefur komið mjög greinilega fram, m. a. í umsögn ráðunauta sem hv. 5. þm. Norðurl. e las upp, að jörðin Veðrará er lítil og mjög skert og verður ekki búið þar nútímabúi án þess að fá viðbótarjarðnæði. Því held ég með tilliti til þess, að hér liggur satt að segja ekkert á, að langsamlega skynsamlegast sé að íhuga þetta mál betur. Ég veit að hv. 3. þm. Vestf. þekkir aðstæður þarna manna best af mönnum hér — hann er þaðan ættaður — og hann er sammála mér um að þarna er jarðnæði nóg inni í firðinum og mjög gott landbúnaðarland, a. m. k. ágætt á vestfirska vísu. Engin ástæða er til annars en þessir tveir ágætu bændur geti búið þarna góðu búi báðir, ef landi er skynsamlega skipt á milli þeirra.

Ég veit að hann vill hafa frið um slíkt mál sem þetta. Það er öllum byggðarlögum áreiðanlega fyrir bestu. Ég bið hann að hugleiða þá hugmynd mína nánar, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. með tilmælum um að það verði kannað, hvernig megi fullnægja þörfum þessara bænda beggja, og leggja síðan málið að nýju fyrir hv. Alþ. til meðferðar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að taka undir orð síðasta ræðumanns og tel að þetta mál sé þannig vaxið, að langheppilegast sé fyrir alla aðila að málið sé lagt í dóm og komi aftur fyrir þingið í frv.-formi í haust. Það liggur ekki svo mikið á þessu.

Mér hefur borist til eyrna, að því miður hafi þessum bónda verið gefið munnlegt loforð um að sala væri möguleg, ég veit þó ekki nákvæmlega hvenær. En sé svo, þá er það hörmulegt, að einhverjir starfsmenn í rn. láti slíkt fara frá sér, þó að munnlegt sé, því að um ráðstöfun á þessu landi, sem er ríkiseign, verður að fara eftir lögum.

Ég vil að málið verði athugað gaumgæfilega, ella mun ég leggjast á móti því og fara eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér í málinu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs út af því sem hv. 2. þm.

Vestf. sagði. Auðvitað tek ég undir það, bæði með honum og hv. síðasta ræðumanni, að svona mál á að athuga vandlega.

Hv. 2. þm. Vestf. minnti á það, að ég er staðháttum þarna mjög vel kunnugur, og ekki mun það síður sagt um þá sem sitja í hreppsnefnd Mosvallahrepps, sem hér er um að ræða, og þá sem eru í jarðakaupanefnd og hér koma við sögu. Sannleikurinn er sá, að málið hefur að sjálfsögðu verið vel athugað og fengið sína eðlilegu meðferð, og ég geri ráð fyrir að það hafi ekkert óeðlilegt verið við það.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði að ég hefði ekki farið alveg rétt með þegar ég talaði um fylgi í hreppsnefnd og jarðakaupanefnd við þetta mál. Ég vil aðeins í því sambandi segja, að auðvitað deilum við hv. 2. þm. Vestf. ekki um staðreyndir. Og staðreyndirnar eru þær, að í hreppsnefnd, þar sem fimm menn sitja, greiddu fjórir atkv. með þessu, einn sat hjá. Í jarðakaupanefnd, þar sem þrír menn eru, greiddu tveir atkv. með þessu, einn sat hjá. Eins og kemur fram í fskj. með frv. þessu, er sagt að hreppsnefnd Mosvallahrepps hafi samþykkt þetta með samhljóða meiri hl. atkv. Ég kann að hafa orðið fyrir einhverjum áhrifum af þessu orði: samhljóða, og því voru ummæli mín ekki alveg nákvæmlega rétt. En ég býst við að allir menn sjái, að það hefur verið mikill samhljómur alla vega kringum þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 577, n. 671, 672). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur rætt frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á umferðarlögum, og mælir n. með samþykkt þess með breytingu sem gerð er grein fyrir á þskj. 672. Breytingin er í því fólgin, að dómsmrh. sé heimilt að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins að hækka vátryggingarfjárhæðir samkv. 1. og 2. mgr. frv. í samræmi við verðlagsbreytingar.

Vátryggingarfjárhæðum í 70. gr. umferðarlaga er ætlað að tryggja greiðslu, að því leyti sem til hrekkur, á bótakröfum vegna tjóna af völdum skráningarskyldra ökutækja í notkun. Hér er sem sagt takmörkuð sú fjárhæð sem tryggt er fyrir. Hugsanlegt er að tjón vegna umferðarslyss geti orðið hærra, en það verður ekki bætt með hinni lögboðnu tryggingu. Verðlagsbreytingar hafa á undanförnum árum verið örar og vátryggingarfjárhæðir hafa e. t. v. ekki verið látnar fylgja þeirri þróun nægilega ört. Bætur eru ákvarðaðar miðað við verðlag þegar tjón er gert upp, en vátryggingarfjárhæðin er miðuð við tryggingartímabilið. Bætur vegna sumra tjóna, einkum persónutjóna, sem ekki er hægt að gera upp fyrr en jafnvel mörgum árum eftir að atburður átti sér stað, verða því hærri að krónutölu og á verðbólgutímum er hætta á að bótafjárhæðin fari upp fyrir þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi var. Nauðsynlegt er því, að vátryggingarfjárhæðirnar fylgi verðlagsþróun.

Vátryggingarfjárhæðunum hefur verið breytt á nokkurra ára fresti með lagabreytingu. Segja má að einfaldara sé að breyta vátryggingarfjárhæðunum með stjórnvaldsákvörðun en með lagabreytingum. Spurning er hins vegar við hvaða verðlagsbreytingar eigi að miða. Stærstu tjónin eru vegna persónuslysa og þar er launaviðmiðun þyngst á metum. Leiðbeinandi aðili í vátryggingarmálum er nú tryggingaeftirlitið og hefur það yfirsýn um samsetningu tjónabóta.

Allshn. varð, eins og ég gat um áðan, sammála um að mæla með þessari breytingu á frv., að ráðh. verði hér eftir heimilað að breyta vátryggingarfjárhæðum og miða breytingarnar við almenna verðlagsþróun, þó að ekki hafi þótt fært að taka þarna til, hvaða vísitölu skyldi miðað við.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 672 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Sáttastörf í vinnudeilum, frv. (þskj. 758 (sbr. 604)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 349, n. 678, 680 og 681, 679). — Frh. 2. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs undir ræðum frsm. minni hl. sem hér töluðu við fyrri hluta þessarar umr. Annar þeirra ræðumanna, hv. þm. Jón G. Sólnes, er ekki hér viðstaddur.

Ég kvaddi mér hljóðs, því að mér þótti að í ræðum þeirra kæmi fram ýmiss konar misskilningur, m. a. á tilgangi þess frv. sem hér er til umr. Fram kom hjá þeim báðum, að fjármagnsstreymi inn í íslenskt þjóðfélag er ákaflega viðtækt og í margs konar mynd, en ég er þeim ekki sammála, að allt sé það jafnskaðlegt. Ég held að þar sé ákaflega mikill munur og beri að gera mjög mikinn greinarmun á því fjármagni sem inn streymir. Ég vil að vísu taka það fram, að ég er hræddur við allt slíkt fyrir hönd okkar litla íslenska þjóðfélags, því að það er ákaflega auðvelt fyrir eina meðalstofnun í hinum stóra heimi að hafa hér gífurleg áhrif með tiltölulega litlu fjármagni á mælikvarða slíkrar stofnunar. Þó geri ég stóran greinarmun á, eins og ég sagði áðan, t. d. því, hvort hingað koma listamenn og sýna hér fyrir okkur og tengja okkur þannig list í hinum stóra heimi í kringum okkur eða

hvort um er að ræða fjárstreymi t. d. til stjórnmálaflokks eða til verkalýðsfélaga í verkföllum. Þarna geri ég mikinn greinarmun á. Vitanlega er það rétt, að viðkomandi þjóð er eflaust að reyna að hafa nokkur áhrif á skoðanir hér, þegar hún sendir hingað listafólk, vill kynna þjóðlíf sitt, land sitt og hafa þannig óbein áhrif. En þetta tel ég samt sem áður allt annað en þau dæmi, sem ég nefndi áðan, og gæti ég nefnt fjölmörg fleiri. Mér fannst allt of mikið bera á því í ræðum þessara hv. þm., að þessu væri öllu slengt saman í eina kippu og sett undir **sama hattinn.**

Ég sagði áðan, að mér þætti t. d. varhugaverð aðstoð við verkalýðsfélög í verkföllum. Þetta bar á góma við fyrri hluta þessarar umr. Ég geri engan greinarmun á því, hver aðilinn er sem veitir slíka aðstoð, en staðreyndin er vitanlega sú, að slík aðstoð, einmitt við verkalýðsfélög, hefur víða um heim verið notuð jafnvel til þess að kollvarpa ríkisstjórnum. Það er ákaflega auðvelt fyrir svokölluð vinveitt verkalýðsfélög, hvort sem þau eru í austri eða vestri eða ég veit ekki hvar, að halda hér gangandi verkfalli árum saman án þess að það sjáist högg á vatni hvað snertir fjárhag þeirra, og ég tel slíkt vera ákaflega varhugavert. En þetta er raunar alls ekki til umr. Hér er til umr. annar þáttur fjárhagsstuðnings, þ. e. a. s. við stjórnmálaflokka. Kem ég að sjálfsögðu nánar að því síðar.

Einnig fannst mér mjög mikið á því bera, að menn vildu gera að líku innlendan stuðning við stjórnmálaflokka og erlendan. Ég lít svo á að þar sé mjög mikill munur á. Ég sé ekkert athugavert við það, ef íslenskir heildsalar vilja styrkja þann flokk, sem þeir hallast einkum að, með verulegu fjármagni, enda væri það þá opinbert. Hér var á það minnst, að ekki gengi hnífurinn á milli Framsfl. og samvinnuhreyfingarinnar. Við styðjum samvinnuhreyfinguna, við teljum hana heppilegasta skipulagið í okkar litla þjóðfélagi á ýmiss konar atvinnurekstri. Ég harma að það er ekki rétt sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson sagði, að mikið fjármagn streymi frá samvinnuhreyfingunni til Framsfl. Ég held að það mætti vera, mætti koma fram sá stuðningur. Ég tel ekkert rangt við slíkt, enda ætti hann þá að vera opinber og öllum ljós. Ég vil t. d. benda á að forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga vakti athygli á því á beinni línu í Ríkisútvarpinu fyrir tveimur árum eða svo, að Samband ísl. samvinnufélaga auglýsir meira í Morgunblaðinu en í Tímanum. Mér er sem sagt ekki kunnugt um það feikna fjármagn sem þarna streymir á milli. Ég held að það mætti gjarnan vera meira.

Svipað gæti ég sagt um einhverjar aðrar hreyfingar. Ég tel að innlendur fjárhagsstuðningur við stjórnmálaflokka eigi að vera opinber, hann eigi að telja fram, hann eigi að leggja fram í reikningum þeirra og um hann eigi vitanlega að gilda ákveðnar reglur, eins og að er stefnt, að því er ég best veit, í drögum að frv. sem sérstök nefnd hefur samið þar um. En ég lít á slíkan opinberan innlendan stuðning allt, allt öðrum augum en stuðning erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka.

Hér hefur nokkuð verið á það minnst, að á frv. þetta mætti líta sem sérstaka árás á Alþfl. Ég harma það, ef svo er á málið litið. Hins vegar er rétt, að umr. um fjárhagsstuðning við Alþfl. vöktu okkur flm. til hreyfings í þessu sambandi. En því fer víðs fjarri að ég vilji sérstaklega ráðast á Alþfl. í þessu sambandi.

Ég efa ekki að það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Braga Sigurjónssyni, að aðrir íslenskir flokkar hafi notið slíks stuðnings. Ég er honum hins vegar ósammála um, að það sé í lagi að slíkt hafi verið gert. Það hefur kannske ekki valdið miklu tjóni, — það hugsa ég að sé rétt, — en það má vel vera að stjórnmálaþróun hér hefði orðið önnur, ef það hefði ekki verið gert og innlendar aðstæður einar ráðið.

Ég er sem sagt mjög eindregið þeirrar skoðunar, að erlent fjármagn til stjórnmálaflokka hér á landi eigi alls ekki að hafa áhrif á þróun slíks grundvallarþáttar í íslensku lýðræði — eigi alls ekki að hafa þar áhrif.

Ég skipa íslenskum stjórnmálaflokkum, og reyndar stjórnmálaflokkum í öðrum lýðræðislöndum öllum, í flokk þeirra stofnana sem mikilvægastar eru í hverju landi. Stjórnmálaflokkar eru hornsteinn þess lýðræðis sem við viljum hafa. Við þekkjum ekki annað betra. Ég harma mjög þær árásir sem íslenskir stjórnmálaflokkar hafa orðið fyrir í síðdegisblöðum og virðist nokkuð vinsælt hjá ýmsum aðilum og hefur að mínu mati tvímælalaust grafið undan þeirri lýðræðishugsjón sem þarf að byggjast á því, að stjórnmálaflokkar starfi á heilbrigðan hátt. Ég tel slíkt ákaflega skaðlegt og alls ekki séð fyrir endann á þeim áhrifum, sem það getur haft, ef ekki tekst að sporna við. Ég lít svo á, að þetta frv. sé þáttur í slíkri viðleitni, að reyna að búa íslenskum stjórnmálaflokkum þann sess sem þeir eiga að skipa sem hornsteinn lýðræðis okkar. Ég lít á þetta frv. sem þátt í að undirstrika það, að þetta séu íslenskir flokkar, þótt ég hafi ekkert við það að athuga að þeir tengi hugsjón sína hugsjónum stjórnmálaflokka í öðrum löndum. Ég sé ekkert við slíkt að athuga og ég sé heldur ekkert við það að athuga og tel það útúrsnúning, að frv. beinlínis banni t. d. boðsferðir jafnvel til Kína, Rússlands eða Bandaríkjanna. Ég sé ekkert við það að athuga. Það er misskilningur. Ég tel að 1. gr. frv. sé það skýr, að slíkur misskilningur sé óþarfur. Þar er talað um fjárhagslegan stuðning við starfsemi stjórnmálaflokka hér á landi. Þetta tel ég ekki fjárhagslegan stuðning við starfsemi stjórnmálaflokka. Og ég er sannfærður um að forustumenn flokkanna hafa gott af því að ferðast til bessara landa og sjá, hvernig þar er hagað málum.

Hér er verið að tala um það grundvallaratriði, sem greinilega kemur fram, að íslenskir stjórnmálaflokkar eða starfsemi þeirra verði ekki kostuð af erlendu fjármagni, þ. e. a. s. starfsemi þeirra hér á landi né stofnanir, sem eru nátengdar þessum flokkum, eins og t. d. blaðaútgáfa þeirra. Ég geri mér fyllilega ljóst, að það kunna að vera ýmsar leiðir til að fara fram hjá þessu. Því miður er svo með flest lög og er sjálfsagt að gaumgæfa í framhaldi af þessu, hvernig úr því verði dregið. Ég held hins vegar

að hér sé gerð tilraun til þess að koma í veg fyrir fjárstuðning við grundvallarstarfsemina, stjórnmálaflokkana sjálfa, og því sé um ágæta byrjun að ræða.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vil aðeins að lokum undirstrika að hér er alls ekki um að ræða árás á neinn einstakan flokk. Ég vil ekki að stuðningur minn við þetta frv. sé skilinn svo, heldur sem viðleitni til þess að íslenskir stjórnmálaflokkar skipi æðra bekk en þar hafa því miður skipað upp á síðkastið í fjölmiðlum, m. a. í umr. um erlendan fjárstuðning til þessara flokka.

Jón Árm Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla mér, með leyfi forsetans, að vitna í ræðu minni í Alþýðublaðið og dreifibréf Alþfl. er varða þetta mál, þar sem ekki verður komist hjá því að ræða það á nokkuð breiðum grundvelli. Það hefur verið sagt, og var sagt strax þegar þetta frv. kom fram, að grg. væri lúaleg árás á Alþfl. og Alþýðublaðið. Hófst þegar innan flokksins skipulagður áróður gegn mér og hefur ekki linnt enn þá. Það getur vel verið, að síðari hluti grg. sé klaufalega orðaður, það hafði ég ekki hugleitt nægilega, en hún er skýring á því, hvert var upphaf að þessu máli, og þurfti þó varla að taka það fram, þar sem aldrei var farið leynt með það sem um var að ræða af hálfu Alþfl., hvorki af mér né öðrum, að um tímabundinn styrk væri að ræða. Ég andmælti styrk þessum engan veginn heldur og taldi hann mjög eðlilegan. Ég sagði það opinberlega. Hins vegar andmælti ég því, að haldið yrði áfram á þeirri braut að bjarga rekstri blaðsins við með erlendu fjármagni, þó í formi pappírsgjafar væri. Og þeir eru miklu fleiri en aðeins ég, sem hafa sagt það. Það hefur sagt einn eftirsóttasti frambjóðandinn, a. m. k. í röðum Alþfl., í útvarpinu: Já, ég styð þetta frv. — Og það eru margir fleiri. Og mér er ekki grunlaust um að í hjarta sínu telji 4. landsk. þm. þetta ekki eðlilega leið, þó að hann vilji vísa málinu frá. Í ágætri ræðu taldi hann raunverulega að þetta væri ekki leið til björgunar, þó að hún gæti verið réttlætanleg. Ég tel hana réttlætanlega við erfiðar aðstæður.

Það er ekkert nýtt, að Alþýðublaðið hafi átt við erfiðleika að stríða. Ég hef liggjandi fyrir framan mig lista með 36 nöfnum. Ég stóð fyrir því ásamt fleirum, að vísu mjög duglegum mönnum, fyrir nærri 4 árum að safna fé. Og okkur tókst þá að krafsa saman 4.2 millj. Þetta var ekkert leyndarmál. Þetta var birt opinberlega. Og Tíminn greip það strax á lofti og byrjaði að ráðast á okkur, en hætti því skyndilega. Við földum ekki eitt eða neitt. Sama hefur komið fyrir við Þjóðviljann, að alþm. hafa lagt stórfé fram — mér skilst milljón á höfuð — og margir aðrir myndarlegt framlag. Ég hef alltaf talið það rétt og skylt, sé um raunverulegt fylgi flokks að ræða, að hafa málgagn sem brjóstvörn. Ég mun telja það áfram. Og hafi einhver efni á meiru en 1 000 kr., hafi einhver efni á meira en 5 000 eða jafnvel 100 þús., þá leggi hann það fram af fúsum og frjálsum vilja. Þegar leitað er til manna, sem eru í ákveðnum flokki, sem aðhyllast ákveðna hugsjón og kalla það flokk, þá hlýtur það að skapa ákveðin tengsl að styrkja brjóstvörn sína. Hins vegar hefur það komið fram, og kom fram hjá Vilmundi Gylfasyni löngu áður en hann fór að tala um framboð, að hann teldi Alþýðublaðið það lélegt að best væri að lóga því. Hann hefur ekkert farið leynt með það enn þá. Ég hef ekki gengið svo langt. Ég vil að blaðið lifi, en ég vil að það lifi á fúsum og frjálsum stuðningi stuðningsmanna Alþfl. í landinu og dreg enga dul á það.

En þetta hefur þróast þannig, sem ég tel enga ástæðu til að dylja, að ósætti er orðið. Með leyfi forseta mun ég nú lesa orðrétt úr dreifibréfi Alþfl., þar stendur svart á hvítu það sem ég mun lesa á eftir. Er ekkert leyndarmál lengur, að ég tilkynnti það form. flokksins, að ef hann drægi ekki þessa árás sína á mig og þrjá aðra þm. til baka, þá sæti ég ekki lengur við sama borð og hann. Orðrétt hljóðar plaggið þannig, það er dags. 13. mars 1978, Dreifibréf undir flokksmerki Alþfl. í Reykjavík:

„Fjárhagsleg aðstoð, sem Alþfl. hefur fengið frá Norðurlöndum, er orðin að meiri háttar kosningamáli, enda grípa hinir flokkarnir nú allt til að stöðva sókn okkar. Þótt skiptar séu skoðanir um þetta, jafnvel í okkar röðum, er ekki hægt að sjá merki þess, að málið skaði okkur í augum almennings.“ — Ég vona að svo sé sannarlega ekki. — „Það hefur ekkert verið falið og verður ekkert falið. Rétt er þó að kynna ykkur nokkur meginatriði varðandi það.

Aðstoðin er tvíþætt:

Vorið 1976 stofnaði framkvæmdastjórn flokksins norrænan fræðslusjóð og hafa jafnaðarflokkar hinna Norðurlandanna lagt nokkuð fé í hann, greitt í reikning hjá Landsbankanum.

Um síðustu áramót stóðum við andspænis því að leggja Alþýðublaðið niður. Þá bauð norræna A-pressan, sem alþýðusamböndin eru aðilar að, okkur bráðabirgðahjálp. Vonandi dugir hún til að fresta örlagaríkum ákvörðunum um blaðið fram yfir kosningar. Að öðrum kosti hefðum við orðið að safna stórskuldum til að halda blaðinu úti.

Hér fara á eftir nokkrir punktar um þetta mál:

1. Jafnaðarstefnan og verkalýðshreyfingin eru alþjóðlegar hreyfingar og fjárhagsleg aðstoð þeirra milli landa er algeng, opinber og almennt talin eðlileg.

2. Í hvert sinn sem íslensk verkalýðsfélög hafa gert stórverkfall hafa þau, eða A. S. Í. óskað eftir norrænum stuðningi og hann hefur verið fáanlegur. Alþb.-menn hafa staðið að þessu og aldrei gagnrýnt það. Sum stéttarfélög eru aðilar að norrænum verkalýðssjóðum, t. d. Blaðamannafélagið.

3. Alþfl. hefur þegið boð um norræna aðstoð fyrir opnum tjöldum, engu leynt og í öllu farið að lögum.

4. Það er útilokað annað en Þjóðviljinn fái erlenda aðstoð. Hann tapaði 26 millj. 1976 og miklu meira 1977. Á sama tíma var byggt glæsilegt blaðhús fyrir tugi millj. Það stendur aldrei á greiðslum Þjóðviljans, t. d. fyrir prentun. Er þetta fjársöfnun frá íslenskri alþýðu — eða

hvað? Hafa þeir ekki í áratugi fengið stórfellda aðstoð, ólöglega og leynilega?“

5. liður er sá liður, sem ég tek ekki þegjandi og gerði ekki, strax og mér var bent á að þetta bréf væri í umferð. Hann hljóðar þannig:

„5. Fjórir þm., Stefán Jónsson, Steingrímur Hermannsson, Oddur Ólafsson og Jón Árm. Héðinsson, hafa flutt frv. um að banna erlenda aðstoð við stjórnmálaflokka. Ef þetta frv. væri í dag lög á Íslandi, væri formaður Alþfl. í varðhaldi og flokkurinn sektaður um milljónir.“

Já, við 4 þm. erum að reyna að koma einum starfsfélaga okkar í fangelsi og milljónasektir. Ég krafðist þess, að þetta yrði dregið til baka, því þótt við deilum hart og höfum skiptar skoðanir á þingi, þá ætla ég engum þm. þá lágkúru, að hann sé með frv.-flutningi, sem auðvitað aldrei mundi vinna aftur fyrir sig, að koma einhverjum félaga sínum í fangelsi og milljónasektir. Slíkt er alger fjarstæða og ekki sæmandi formanni flokks og síst Alþfl. Hann fékk viku frest. Fresturinn var ekki notaður og ég hef ekki mætt á fundi síðan. Lái mér hver sem vill, en ég læt ekki bjóða mér allt í þessum efnum, hvorki mér né öðrum mönnum sem vissu ekki um bréfið.

„6. Slíkt bann væri auðvitað óframkvæmanlegt, eins og kommarnir hafa sýnt og sannað. Þeir mundu sleppa, en við hinir, sem fylgjum gjaldeyrislögum, en brjótum þau ekki, sem segjum þjóðinni satt, en ljúgum ekki að henni, mundum hljóta refsingu.“ — Hvaða maður á Íslandi hlýtur refsingu, sem fer að lögum og segir satt? Ekki einn einasti og svo mun vonandi aldrei verða.

„7. Menningarsjóður Norðurlandaráðs hefur veitt miklu fé til stjórnmálafræðslu og sjóðir Evrópuráðsins gera það einnig. Frv. mundi útiloka þátttöku Íslands í slíku samstarfi. Það byggir því á óraunhæfri einangrunarstefnu.“

Þetta er það blað, sem ég sætti mig ekki við. Ég bauð fullar sættir ef það yrði dregið til baka, taldi það til orðið vegna misskilnings eða kannske gremju eða fljótfærni. Því var ekki svarað og þá fer að sköpum. Og lítum nú nánar á málið.

Hér hefur komið fram, að menn vilja blanda ýmsu í, kurteisisboðum milli þjóðþinga og menningarstarfsemi. En slíkt er gerólíkt.

Það sagði hér einn ræðumaður, 1. flm. þessa frv., — *ég veit ekki hvaðan honum kemur sú* viska og ekki var mér kunnugt um það, enda var mér aldrei boðið eitt eða neitt því um líkt, — að Alþfl. hefði fengið boð um 50 ferðir 1977 á vegum bræðraflokkanna. Mér er kunnugt um að farnar hafa verið nokkrar ferðir, en svo margar vissi *ég* ekki um og veit ekki hvernig hann hefur reiknað slíkt út. Ég hef aldrei beðið um eitt eða neitt í mína þágu í þessi 11 ár — aldrei. Ekki er hægt að tilfæra eitt einasta atvik. Ég hef talið það nóg starf að vera þm., þó ég væri ekki að hlaða á mig pinklum og nefndastörfum út um hvippinn og hvappinn. Hins vegar hef ég stundum tekið að mér viss störf, ef annar hefur gengið úr skaftinu, og jafnvel ferðalög, en aldrei sem fyrsti aðili.

Afstaða manna til þessa máls er misjöfn. Það er ósköp eðlilegt og heilbrigt. Það, sem við viljum framvegis, er að þetta sé á hreinu, með hvaða hætti á að skipa þessum málum. Það skiptir engu máli, þó að í deiglunni sé frv., sem eigi að koma einhvern tíma, um starfsemi stjórnmálaflokka á landinu. Það er vel tímabært að setja lög um hana og hefði verið betra ef það hefði verið gert fyrir löngu. Það hefur bara ekki gengið betur að ná um slíkt samstöðu hér á Alþ. eða milli manna er starfa að þessu. Stjórnmálaflokkarnir eru lýðræðislegt skipulag samkv. stjórnarskrá Íslands og það er ósköp eðlilegt að um þá starfsemi gildi nokkuð góð rammalöggjöf og síðan reglugerð. Fjármálin eiga að vera á hreinu, a. m. k. ef menn láta af hendi vissar upphæðir og vissar ábyrgðir. Við þekkjum það langflestir þm., að við höfum orðið að taka á okkur stórábyrðir vegna rekstrar blaðanna og e. t. v. flokkanna.

Ég hef gengið í ábyrgð fyrir Alþýðublaðið. Það skiptir millj. og er ekkert leyndarmál. En það hindrar mig ekki frá því að gera þá kröfu til flokksmanna, að ef þeir vilja Alþýðublaðið sem brjóstvörn baráttu sinnar, þá leggi þeir því lið. Ég vil ekki þiggja erlent fé sem lífsviðurværi fyrir blaðið. Þar skilur á milli. En ég var því samþykkur í þetta skipti. Formlegt samþykki þurfti ekki, því að aðstoð var þegin í annarri mynd. Okkur var skýrt frá því bæði í þingflokki og flokksstjórn og enginn andmælti, og það tel ég sama og samþykki. Þó þurfti ekki formlegt samþykki til að þiggja þessa aðstoð.

Þetta er orðið með ólíkindum stórt mál og kann að hafa alvarlegar afleiðingar, þó að formaður flokksins voni að svo verði ekki í kosningabaráttunni.

Menn hafa ekkert verið feimnir við að segja: Sumir eru með og aðrir á móti. — Hins vegar er það dauðasynd hjá mér að hafa verið á móti þessu. Það nær þá ekki lengra. Það er mat manna, að best sé að losna við mig, og þar við stendur.

En er það nú svo, að hið opinbera veiti blöðunum og flokkunum ekki styrk? Ég man ekki betur en frá Alþ. eigi að koma 16.5 millj. til flokkanna og á fjárlögum fari 40 millj. í blöðin. Í stefnuskrá Alþfl. er einfaldlega sagt, að gerð sé krafa til þess, að ríkisvaldið styrki frjálsa blaðaútgáfu ríflega og þar með flokksblöðin fyrst og fremst, svo að þau geti starfað. Þetta tel ég réttlætanlegt. Af hverju? Af hverju tel ég þetta réttlætanlegt? Jafnvel í skattafrv. nýja er auglýsingakostnaður frádráttarbær. Hvað þýðir það? Jú, hafi fyrirtæki 5 millj. í hreinar tekjur og auglýsi fyrir 2 millj., þá skulu þær 2 millj. dragast frá áður en ríkissjóður fær sitt, þ. e. skattstofninn lækkar. Hver borgar þá brúsann af auglýsingunum? Ríkissjóður. Þess vegna þykir okkur félagshyggjumönnum engin goðgá að tryggja það í gegnum fjárlög, að dagblöðin, sem minna fá af auglýsingum, en eru nauðsynleg í heilbrigðu og eðlilegu stjórnarfarslegu ríki, fái styrk frá ríkissjóði beint. Mun ég ekki skammast mín fyrir að tala fyrir slíku.

Því er ekki haldið á lofti núna frá því á tímum viðreisnarstjórnarinnar, þegar við vorum að koma á fót Blaðaprenti. Ég man ekki betur en ég væri flm. að ríkisábyrgð á kaupum á vélun-

um. Af hverju var mér ýtt fram fyrir skjöldu? Það voru nefnilega sumir fínir pappírar feimnir við að standa við hugsjón sína. Kannske var ég nógu vitlaus að gera það. Ég man ekki betur en Magnús Kjartansson væri með mér á plagginu og Þórarinn Þórarinsson. Það fór í gegn sem betur fór, og endurskipulagning í blaðaútgáfunni hér átti sér stað. Síðan hefur því verið slegið upp, að þetta væri orðið milljónatuga virði. Vissulega er það rétt. Krónan er nú orðin svo lítilfjörleg, að milljón þá og jafnvel meira telst tugmilljarða virði í dag. Það kemur þó þessu máli alls ekkert við. Við náðum samkomulagi um það, þrír flokkarnir, og Vísir flaut með í þeirri endurskipulagningu, að gera sérstakt átak með aðstoð ríkisvaldsins. Þetta er tugmilljóna verðmæti í dag eða jafnvel meira. Það skiptir bókstaflega engu máli þótt það yrði talið í milljörðum. Grundvallarafstaðan er sú, að við töldum heilbrigt og eðlilegt að ríkisvaldið aðstoðaði við að halda blöðunum gangandi — og munum vonandi margir telja það áfram — með íslensku fjármagni og í gegnum fjárlög og fela ekki neitt. Ef Alþýðublaðið þarf meira en hin blöðin, þá verður það að fá meira. Þá kemur upp deila um það, hvers vegna það á að fá meira, sem er minnst og kannske verst rekið. Um þetta eru skiptar skoðanir. Í Noregi eru þær reglur, held ég, að það blað á viðkomandi svæði, sem er stærst, fær ekkert. Svo er aftur beitt þeirri reglu, eftir því sem mér hefur verið sagt, að blöðin, sem verst eru sett, fá hlutfallslega mest og jafnvel langmest. Þetta fengist sennilega aldrei í gegn á Íslandi í þeim frjálshyggjuheimi sem hér ríkir, og er því vonlaust að vera um það að tala, a. m. k. ekki fyrr en raunveruleg vinstri stjórn kæmi hér til valda og sæti lengi, sem vonandi verður.

Mikið hefur verið rætt um blöðin. Síðasti ræðumaður kom inn á það, hvers við alþm. megum vænta af blöðunum. Kannske vildu menn blöðin steindauð vegna þeirra árása á Alþb. sem um er að ræða. Ég ætla ekki að neita mér um það, fyrst það kom hér upp, og lesa upp — með leyfi hæstv. forseta — úr Alþýðublaðinu, þó að það hafi verið lesið upp í útvarpinu, vegna þess að ég tel bau skrif ekki sæmandi. Sé eitthvað rétt í þessu, þá krefst ég rannsóknar þegar í stað, hvorki meira né minna, á efni þessa leiðara, það er svo alvarlegt. En leiðarinn er svona og birtist miðvikudaginn 26. apríl 1978 í Alþýðublaðinu:

„Gunnar krafinn svara." — Með stórri briggja dálka fyrirsögn.

„Ekki er ein báran stök við Kröflu. Um þessar mundir er Gunnar Thoroddsen orkumálaráðherra loksins að skila af sér skýrslu um framkvæmdir við Kröflu. Á sama tíma verður ljósara, að æ fleiri þættir þessa sérstæða fjármálaævintýris eru með þeim hætti, að sérstakra skýringa er þörf. Skýrt hefur verið frá því, að í apríl 1976 fóru fram útboð í raflagnir við Kröflu. Útboðinu var sérstaklega frestað til þess að verktakafyrirtæki í Reykjavík, Rafafl, gæti tekið þátt í útboðinu. Þeir komu með lægsta tilboð, sem upphaflega var um það bil 28.5 millj. kr. Aðrir verktakar, sem buðu í verkið á þessum tíma, töldu gersamlega útilokað að vinna verkið fyrir þetta verð nema þá með því að greiða fjárfúlgur með verkinu. Engu að síður var þetta lægsta boð og því var tekið. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að verkið var aldrei unnið fyrir 28.5 millj. Í haust höfðu verktökunum verið greiddar rúmar 130 millj. kr. og má gera ráð fyrir að nú hafi þeim verið greitt mun meira. Skýringar á þessum aukaupphæðum eru ærið flóknar, en ljóst er að engin útboð hafa farið fram vegna þessara aukaverkefna.

Rafafl er samvinnufélag. Helsti forustumaður þess og talsmaður hefur verið Sigurður Magnússon, sem jafnframt hefur um nokkurt skeið verið einn helsti forustumaður Alþb. í Reykjavík. Það vekur einnig athygli, að Þjóðviljinn hefur að undanförnu staðið í sérstæðum framkvæmdum. Sjálfir segja þeir, að þessar framkvæmdir séu fjármagnaðar af öreigum þessa lands. Slík söguskoðun stenst trauðla nánari athugun, vegna þess að í ljós hefur komið að þegar þeir seldu gamla Þjóðviljahúsið til þess að byggja nýtt í Síðumúla í Reykjavík var kaupandinn enginn annar en Rafafl — verktakinn sem hefur mokað fjármunum upp af almannasjóðum norður við Kröflu fram hjá öllu venjulegu viðskiptasiðferði. Sambandið þarna á milli virðist vera augljóst. Það hefur komið mörgum á óvart, hvers vegna Ragnar Arnalds hefur öll þessi ár setið í Kröflunefnd ásamt Jóni G. Sólnes og beinlínis tekið þátt í að verja þá augljósu fjármálaspillingu sem hefur átt sér stað í sambandi við þessa gufulausu virkjun í smáu og stóru. Það virðist ekki fráleitt að ályktа að 100 millj., sem gæðingar hans hafa fengið fram hjá öllum venjulegum útboðsaðferðum og hafa að hluta runnið til þess að kaupa gamla Þjóðviljahúsið við Skólavörðustíg, sé ein ástæðan fyrir þátttöku þm. í Kröfluævintýrinu.

Alþýðublaðið krefst þess, að dr. Gunnar Thoroddsen orkumálaráðherra svari því undanbragðalaust, hvernig á því standi, að rafverktakar við Kröflu, sem fyrir tveimur árum taka að sér verk fyrir 30 millj. kr., hafa nú fengið greiddar eitthvað hátt á annað hundrað millj. Málið lyktar af pólitískum hrossakaupum. Það virðist nærtækt að draga þá ályktun, að Kröflunefnd hafi verið notuð til þess að flytja verulegar upphæðir úr vösum skattgreiðenda til pólitískra gæðinga, en skattgreiðendur hafa ekkert fengið fyrir sinn snúð nema gufulausa virkjun og 12 milljarða sem hafa farið í vindinn." — Undirskrift er Ó.

Þegar svonalagað birtist í blaðinu sem við erum mjög að ræða um vegna þessa frv., þá geri ég kröfu hér úr ræðustól í Ed. að málið sé rannsakað. Annað er ekki hægt.

Við vorum að tala um árásir blaða á Alþingi og almennt siðgæði í þjóðfélaginu. Ekki verður lengur undir þessu setið. Hafa verður þetta á hreinu. Að vísu er það boðað, að rannsóknarblaðamennska sé að leysa Ísland úr efnahagsvandræðum og margt margt fleira, og kunna þá að koma betri tímar. En fram hjá svona skrifum verður ekki gengið og þess vegna tek ég þessi skrif upp í Alþingistíðindi. Það er ekki hægt annað. Þetta er það mikilvægt mál.

Við fórum, nokkrir þm. að skoða Sigöldu-

virkjun og Hrauneyjafossvirkjun á sumardaginn fyrsta. Reyndar skal ég viðurkenna að ég hafði ekki ætlað að gefa mér tíma til að fara þessa ferð, en þegar ég heyrði að við þm. værum sérstakir dýrðlingar og dekurbörn þjóðfélagsins, sem mér var reyndar ekki kunnugt um áður, þá ákvað ég, og sagði konu minni það strax, að nú færi ég og hún kæmi hiklaust með. Og mér skilst að sumir þm. hafi tekið ákvörðun eftir að þeir heyrðu að við værum óvelkomnir á staðinn. En vinnubrögðin við að koma þessari frétt út í fjölmiðlunum voru bæði fjölmiðlunum og þeim, sem aðstoðuðu, til lítils sóma. Mun ég ekki rekja það. En samt fór svo, að Morgunblaðið tók fréttinni fegins hendi og líkti jafnvel stjórnarmönnum við Bokassa, einhvern mesta og versta einræðisherra sem til er á jarðríki. Er þetta hægt, Matthías? mundi nú einhver segja. Á hvaða stigi er íslensk blaðamennska? Og ætla alþm. að sitja undir þessu endalaust? Enginn svarar, því að við megum ekki svara neinu.

Íslenskt réttarfar virðist vera komið á það stig, að í fjölmiðlum skulum við sanna sakleysi okkar hvað sem um okkur er sagt. Ég er svo mikið barn, að ég hélt að það ætti að sanna á alþm. og aðra sök, ef þeir væru sekir. Nei, það er um að gera að láta í veðri vaka að við höfum eitthvað unnið til saka, það er aðalatriðið. Ég frábið mér ríkisstyrk til handa slíkri pressu. Þá skal ég falla frá kröfu minni, að hún sé rekin dag frá degi, þó með erfiðismunum sé. Og ég ætla blaðamönnum þá siðgæðisvitund, að þeir hætti svona skripaleik. Ef eitthvert blað lifir ekki með öðrum hætti, þá má það blað deyja, með því blaði og rétti ég ekki mína hægri hönd við atkvgr. til að fá fjármagn úr ríkiskassa, þó ég hafi gert það hingað til.

Fjölmiðlarnir sleiktu út um. Af hverju sleiktu þeir út um? Það var sérstakt tækifæri á Sumardaginn fyrsta, þegar allir óska hver öðrum til hamingju samkv. gamalli íslenskri venju og bjóða gleðilegt sumar, að ráðast á Alþingi. Hinn virðulegi forseti Sþ. sagði í snjallri og ágætri ræðu, eins og honum einum er lagið, að hann hefði varla getað gert sér í hugarlund þegar hann á jólanótt kveikir ljósin á sínum bóndabæ, að þau væru raunverulega tendruð uppi í óbyggðum Íslands. En alþm. eiga ekki að fá tækifæri til þess að fylgjast með framkvæmdum sem kosta milljarða við slíkar aðstæður. Það voru 7 ár síðan flestir höfðu komið þarna. Reyndar hafði ég lagt það á mig að fara þangað áður á góðviðrisdögum og njóta þess að horfa á margar hendur vinna, en einnig notið dýrlegs útsýnis og öræfakyrrðar. Þetta er furðuleg ranghverfa á því, sem er jákvætt og eðlilegt í þjóðfélaginu. Og að mínu mati hefðum við átt að fara miklu fleiri ferðir. Veisluföng voru ekkert sérstök. Það hefði á venjulegum bóndabæ verið gert miklu betur við okkur en þarna var gert og sæi enginn eftir því. Þó var snyrtilegt og sómasamlegt í hvívetna, og þeim, er að stóðu, til sóma að mínu mati. En það má ekki gagnrýna neitt. Sjálfsagt verður maður hæddur fyrir að segja frá þessu. Það skiptir mig þó engu máli, af því að ég tel rétt og skylt að svara þessu, þó að úr þessum ræðustóli sé.

Það getur vel verið að mórallinn, bæði í þingsölum og á meðal þm. og annarra sé kominn á sérstaklega lágt stig í samanburði við eitthvað annað sem fjarlægðin hafi gert óskaplega fallegt og fínt. Ég veit það ekki. Ég þekki það ekki nógu vel. En ég ætla það engum samstarfsfélaga mínum í þessari háu stofnun, sem ég er nú að yfirgefa, að hann starfi óheiðarlega. Það hvarflar ekki að mér. Við skiptumst á skoðunum og við kunnum að rífast hressilega, bæði í n. og hér á Alþ., en að menn starfi hér óheiðarlega með svindl og brask í huga, — ég frábið mér að hugsa þannig um þessa menn. Ég þekki marga þeirra vel og hef starfað lengi með þeim, þó að við séum hatrammir andstæðingar á hugsjónasviði.

Ég barðist hér fyrir því, einmitt á vordögum eins og þessum, að fjarlægja auglýsingar úr íslenskum blöðum. Þetta var fyrir 7 árum. Það urðu hatrammar deilur hér og það svo langar, að svo fór, að forseti varð að ávíta mig, ekki fyrir orðbragð, heldur fyrir að nota of mikinn tíma, af því að ég vildi ekki gefast upp við að losna við tóbaksauglýsingar, sem voru kostaðar af erlendu fé, ómældu og ótæmdu, úr íslenskum blöðum og var það af mörgum ástæðum sem ég ætla ekki að fara að rekja. Þá var lítill tími til stefnu. Ég gerði það fyrir beiðni forseta að stytta mál mitt og skal líka stytta mál mitt nú, en legg á það megináherslu, að engum væri hollt að lifa á þessu fé. Þó það sé jafnvel tugir millj. yrði að reka íslenska blaðaútgáfu með öðrum hætti. Það voru svo margir ágætir þm. á sömu skoðun og ég þá, að þingið féllst á þetta og blessunarlega urðu þetta lög á Íslandi, fyrstu lögin í Evrópu, fullyrði ég, sem tóku þetta skref og hreinsuðu þennan áróður úr íslenskum blöðum. Sjálfsagt sjá margir enn í dag eftir þeim peningum sem þessi lög höfnuðu. Við því er hreinlega ekkert að segja. Mönnum er frjálst að bera fram frv. um að leyfa bæði auglýsingar á tóbaki og brennivíni í blöðunum og moka í það peningum. Það hefðu sjálfsagt fengist 100 millj. með þeim hætti. Ég mun hins vegar og margir aðrir fylgjast spenntir með hvaða þm. taka það hlutverk að sér. Það frv. mundi vekja þjóðarathygli, ekkert síður en bjórfrv.

Þessi upphæð, sem Alþýðublaðið þiggur og hefur valdið svona miklu fjaðrafoki, bæði innan Alþfl. og nú hér á Alþ. og í fjölmiðlum, er um 10 millj. kr. að mati þeirra manna er til þekkja. Þetta er út af fyrir sig ekki mikið fé, en var lífsnauðsynlegt, eins og rakið var í þessu margumræddu dreifibréfi, sem ég amaðist við vegna sérstaklega eins þáttar í bréfinu, sem var ósanngjarn og órökstuddur með öllu. Þetta ýtti við ýmsum mönnum og vakti efasemdir um, að hér væri verið að fara inn á rétta braut. Mér var boðin aðild að þessu frv. og ég tók þá ákvörðun, án þess að ræða við einn eða neinn, að eiga aðild að því. Það er skammarleg frammistaða af góðum flokksmanni að gera slíkt, það skal ég viðurkenna og skorast ekkert undan því að vera hundskammaður þess vegna. En ég

hef þó fullt frelsi til að taka afstöðu eftir minni samvisku og geðþótta. Til þess sitja menn hér á Alþ. að starfa þannig, en vera ekki bundnir á höndum og fótum og með bundið fyrir augu. Ég get vel fallist á og mönnum er alveg frjálst að líta þannig á svo alvarlegt agabrot, að það jaðri við brottrekstur eða sé brottrekstrarhæft og þurfi að senda dreifibréf til að vara við slíkum fyrirbrigðum. En þá nær það ekki lengra og hver hefur sitt. Ég vil alls ekki með nokkru móti líkja við þetta samskiptum milli þjóðþinga, milli sendinefnda, milli félagssamtaka, né kalla skylt, jafnvel ekki starfsemi Varðbergs, æskulýðsstarfsemi og þar fram eftir götunum, þó þar komi við sögu ákveðin pólitísk hliðstæð samtök erlendis. Slíkt er allt annað. Auðvitað má setja um það reglur og lög, að allt ætti að vera eins og síðasti ræðumaður sagði og menn hafa gert hér í ræðum sínum, að heilbrigt væri að setja víða og eðlilega rammalöggjöf um alla stjórnmálastarfsemi í landinu. Það kann vel að vera, að hægt sé að brjóta slík lög. En hvaða lög er ekki hægt að brjóta, ef það er ásetningur manna að brjóta lögin á annað borð? Ætla menn að þm. eða starfsmenn flokkanna mundu leggja sig í líma við að brjóta slíka löggjöf? Ég ætla engum slíka lágkúru, ekki nokkrum manni. Og hvar er okkar réttarríki á vegi statt og allt okkar eftirlitskerfi niður komið, sem er farið að telja mörg hundruð manna og velta milljörðum, allur þessi eftirlitsher sem er þegar fyrir hendi og á að koma? Hvað á hann að starfa? Við þurfum ekki að hræðast löggjöf þess vegna. Það má ekki gera mönnum upp sakargiftir fyrir fram og fella dóm samkv. því. Það er ekki hægt í lýðfrjálsu ríki og er engum þm. samboðið að hugsa þannig. Þess vegna vísa ég á bug, þó að vel sé fram sett, þeirri hugsun, að þetta sé eitthvað skylt. Það er ekkert skylt og mun vonandi aldrei verða.

Þetta mál er orðið stórt og mikið mál og verður sjálfsagt frægt í sögu blaða hér á landi. Það gerir ekkert til. Það aðeins vekur menn til umhugsunar um það, að óhjákvæmilegt er að setja um þetta lög, bæði þennan þátt í starfsemi íslenskra blaða og íslenska stjórnmálastarfsemi almennt, en einnig um íslensku stjórnmálaflokkana. Það er alveg tímabært, eins og ég sagði áðan. Og þá verð ég að segja það alveg hreinskilnislega, að það var ekki slæmt að þetta frv. kom fram á hv. Alþingi.

Frsm. 2. minni hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Af því að mér finnst að orð mín hafi að nokkru verið misskilin hér í síðustu ræðu minni um þetta frv., tel ég mig ekki geta annað en farið um það nokkrum orðum aftur, þó að ég vilji ekki tefja tímann mikið fyrir hv. þd. Það stendur í 2. gr. þessa frv.:

„Lög þessi taka til stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra, svo og til hvers konar stofnana, sem starfa á þeirra vegum, beint eða óbeint, þ. á m. blaða.“

Í nál. mínu varðandi þetta mál benti ég á að það hlytu að vakna margs konar spurningar hjá manni varðandi það, til hvers væri ætlast með þessu frv. Hvar á að draga mörkin, spurði ég, hver á að hafa þetta eftirlit og hvernig verður hægt að framfylgja þessu svo að einhlítt sé? Ég held að þessum spurningum hafi enn ekki verið svarað með ræðum hv. þm. hér. Ég veit það og heyrði það á mönnum, að þeim fannst ekki sambærilegt að t. d. væri lagt fé til starfsemi Varðbergs eða æskulýðsstarfsemi, verkalýðsfélaga og fleira slíks. Ég get viðurkennt að það er ekki sambærilegt að því leyti, að þar eru fleiri aðilar að baki, sem þiggja það, heldur en einn flokkur hverju sinni, en ég fullyrði að margt af þessum fjárframlögum, sem þarna koma fram, er ætlað til að hafa áhrif á skoðanir hér á landi. Spurningin er: Er það nokkuð síður hættulegt, ef menn óttast áhrif gegnum einn flokk, að áhrifin komi í gegnum fleiri flokka? Ég held ekki. Þá er hættan jafnvel meiri. Þá verða fleiri, sem geta boðað þessar skoðanir, heldur en ef það væri gegnum einn flokk.

Ég tók það ekki fram síðast, en það er í nál., gaman væri að heyra skoðanir hv. þm. á því, að hér gefur a. m. k. eitt sendiráð út blað, — sem kemur nú út vikulega eða hálfsmánaðarlega, ég fylgist ekki svo nákvæmlega með því. Finnst hv. flm. ekki þarna vera notað erlent fé til þess að reyna að hafa áhrif á skoðanamyndun hér í landinu, og vilja þeir ekki taka inn í frv. t. d. bann við þessu?

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson var að gera aths. við ræðu mína hér í þd. fyrir einum eða tveimur dögum og vildi ekki jafna saman að flokkur fengi fé erlendis frá eða einhverjir sérstakir aðilar innanlands legðu tilteknum flokkum fjármagn til. Það vildi ég ekki segja í ræðu minni, þótt það kunni að hafa misskilist. Ég var ekki endilega að segja að það væri eitt og hið sama. En ég benti á hitt, að skoðanamyndunin gæti verið jafnáhrifarík og kannske enn þá áhrifaríkari gegnum ákveðin fjárframlög vissra aðila hér í landinu, og benti á sérstök dæmi til þess.

Það kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, að hann taldi athugavert við það, að erlendir aðilar birtu auglýsingar í íslenskum blöðum og greiddu fyrir það með erlendu fé. Þá vaknar sú spurning: Er ekki ástæða til að taka það þá inn í þetta frv.? Og það hygg ég að leiði enn rök að því, sem ég vildi benda á með nál. minu, að þetta frv. er harla gloppótt og ekki gott að finna því stað, hvernig á að framfylgja því.

Enn langar mig að benda á eitt, — ég veit ekki annað, en það verður þá leiðrétt ef það er skakkt hjá mér, — að þegar svokallað Blaðaprent var sett upp, þá nutu blöðin, sem þar eru prentuð, ráðgjafar erlendis frá og fengu fjármagn í því formi erlendis frá. Það er kannske ekki saknæmt, þegar það eru flokkar sem njóta þess, en saknæmt ef einn flokkur nýtur þess.

Svona spurningar hljóta að koma til umhugsunar þegar frv. eins og þetta er lagt fram og ég vil segja ekki að fullgrunduðu máli. Þess vegna held ég mig enn við það, að mér fyndist réttara að málinu væri vísað til nánari ákvörðunar, einmitt í sambandi við það mál, sem hér hefur verið drepið á, að það væri hugmyndin að semja frv. að lögum um starfsemi stjórnmálaflokkanna, — fyndist eðlilegt að þessu máli yrði vísað til hæstv. ríkisstj. ásamt drögum að því frv., sem

ég nefndi áðan að mun hafa verið gert, og að þessi mál yrðu öll athuguð í því sambandi nánar og betur.

Ég sagði í ræðu minni í gær eða fyrradag, að við flýtisathugun fyndist mörgum sjálfsagt og einhlítt að banna stjórnmálaflokkum að taka við og njóta fjárstuðnings erlendis frá. Ég hygg að *menn hafi lesið út úr því, að í hjarta mínu* tel ég ekki eðlilegt að slíkur fjárstuðningur komi. En ég vil að það sé afmarkað miklu gleggra en hér er, hvernig og hvað megi þiggja. Mér er ekki til efs, að það er ekkert síður hægt að hafa áhrif á skoðanir almennings hér í landinu með ýmiss konar öðrum hætti en þessum, sem hér er verið að fetta fingur út í, og ég er jafnsannfærður um að það geti verið alls óvíst, hvort hitt er réttara eða hvort hitt er ekki jafnhættulegt, ef við orðum það svo, að þetta komi inn á borð margra flokka heldur en eins flokks.

Ég ítreka það svo aftur, að ég tel að þetta mál þurfi betri athugunar við en enn hefur verið raunin á, og held fast við það, að deildin sjái það rétt, að vísa þessu máli til ríkisstj.

Umr. frestað.

Efri deild, 90. fundur.

Föstudaginn 28. apríl, að loknum 89. fundi.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 791 (sbr. 447)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13. shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 793). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13. shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 792 (sbr. 612)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, frv. (þskj. 603). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 349, n. 678, 680 og 681, 679). — Frh. 2. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins aths. í örstuttu máli. Ég vil alls ekki lengja þessar umr. og mun ekki gera til þess neina tilraun að ganga á hv. þm. Braga Sigurjónsson um það nánar, hvaðan hann hafi þær upplýsingar að Alþb. þiggi fé erlendis frá. Út úr slíkum spurningum og svörum mundum við efalaust ekkert fá, því ég efast m. a. s. um að hv. þm. Bragi Sigurjónsson mundi fást til þess að tilgreina hjarta sitt sem heimildarmann að slíku. Hér er leikinn gamall leikur sem hefur verið leikinn býsna lengi á litlum rökum reistur.

Ástæðan fyrir því, að ég kem hér upp í ræðustólinn, er fyrst og fremst upplestur hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar á ritstjórnargrein úr Alþýðublaðinu, sem ég skildi nú sem svo, að hann læsi upp fyrir okkur áðan til dæmis um sérstaka tegund blaðamennsku, sem stundið hefur verið nú hin síðari missirin. Ég vil vekja athygli á því, að einmitt í Dagblaðinu í dag er svar af hálfu stjórnar samvinnufélagsins Rafafls við þessari ritstjórnargrein, sem ætluð er Vilmundi Gylfasyni með réttu eða röngu. Nú hefur það áður komið fram í umr. hér á Alþ., að ýmsir menn nota þetta Ó undir ritstjórnargreinar í Alþýðublaðinu, og fer ég ekki nánar út í það, en vil aðeins geta þess, að ósárt væri mér um það þó að upp rynni sá dagur, að einn eða tveir þeirra manna skrifuðu undir slíkar ritstjórnargreinar bæði Ó og Æ, enda kynni svo að fara. Og til þess að stuðla að slíku vildi ég nú gjarnan taka undir tilmæli hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar um rannsókn á þeim sakargiftum sem þarna koma fram, ef vera mætti að höfundur ritstjórnargreinarinnar væri þess háttar „karakter", að það væri í honum naglhald til að spýta hann upp fyrir skrif af þessu tagi.

Fyrst ég er kominn hingað upp, þá vil ég aðeins svara þeim spurningum, sem ég hef að vísu ekki heyrt hér í deildinni, en tengjast þó skrifum eins og þessum, sem nú eru komin inn í þskj. eins og þessi leiðari, sem áðan var lesinn, að vísu með fordæmingu af hv. ræðumanni, hvers vegna Þjóðviljinn og Alþb. hafi ekki tekið þátt í leik þeim sem sumir af hinum yngri forsprökkum Alþfl. nú hafa byrjað og kallast: hinn nýi heiðarleiki. Þar er skemmst til að svara, að Alþb. með málgagn sitt Þjóðviljann stendur nokkuð öðruvísi að gagnrýni sinni á opinbert misferli en þessir ungu Alþfl.-menn og þó afkomendur gamalla Alþfl.-manna. Alþb. sem slíkt eða fyrirrennarar þess áttu t. d. engan þátt í því að kom-

ast yfir fasteignir alþýðusamtakanna í Reykjavík á sínum tíma né heldur náði Þjóðviljinn sér í útgáfupeninga úr peysusjóðum Gagnfræðaskóla Austurbæjar og enn síður úr sjóðum Friðriks Jörgensens. Þessi aðferð er forn. Frá því segir í fornum ritum Rómverja, að á dögum Sesars var vasaþjófum kennt það í Rómaborg, er þeir höfðu náð til sín þeim hluta af náunganum er þeir vildu hafa á brott með sér, að hlaupa þá fram í hópnum og hrópa: Þjófur, þjófur. — Þá hljóp múgurinn af stað og hentugt var fyrir vasaþjófinn að láta sakka aftur úr, eins og kallað var, og gat þá jafnan gripið sinn hlut af borði kaupmanna um leið og hann skaust inn í hliðarstræti. Dickens segir frá því, hvernig Fagin þjálfar unga vasaþjófa í Lundúnaborg í þessari sömu íþrótt: að hrópa „þjófur, þjófur" og skjótast síðan inn í öngstræti þegar eftirleitarmennirnir voru komnir fram fyrir hinn vísa þjóf sem hélt uppi hrópunum. Ég er ekki viss um að þetta verði nú til fremdar fyrir hina ungu skírlífu, þetta gamla bellibragð sem kunnugt er úr fornum sögum. Þegar þessir menn hlaupa nú fram í fylkingum og hrópa: „heiðarleiki, heiðarleiki", þá hygg ég að þorrinn af mönnum geri sér grein fyrir því, að þetta eru bara ungir kratar sem ætla að smeygja sér inn næsta hliðarstræti og inn á þing.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 680 felld með 13 shlj. atkv.

Till. á þskj. um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrS.

nei: GeirG, HÁ, HFS, IT, IH, JHelg, JÁH, OÓ, RA, StJ, StG, AJ, ÞK.

ÁG, EÁ greiddu ekki atkv.

4 þm. (GH, JGS, StH, AB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 679 samþ. með 14 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 68, n. 712 og 715). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1974, um grunnskóla, er flutt í Nd. og eru flm. fjórir, þar af þrír — Ólafur G. Einarsson, Gils Guðmundsson og Jón Skaftason — þm. Reykn. Það er ágreiningur um þetta frv. En frv. er stutt og í 1. gr. segir:

„Heimilt er ráðh. að stofna sérstakt fræðsluumdæmi í sveitarfélagi með 10 þús. íbúum eða fleiri, ef sveitarstjórn óskar þess og fjárveiting er fyrir hendi. Í slíkum tilvikum fer sveitarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum."

Í grg. segir, að frv. þetta sé flutt samkv. beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Það hefur áður séð dagsins ljós hér á Alþ., en náði ekki fram að ganga, og enn er ágreiningur um málið. Við erum fjórir nm. í menntmn., sem mælum með frv. í nál. á þskj. 712. Tveir nm., Axel Jónsson og Steingrímur Hermannsson, skila sérálíti. Einn nm., Jón Helgason, gat því miður ekki verið viðstaddur er afgreiðsla fór fram.

Frsm. minni hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, þá var menntmn. þessarar hv. d. ekki sammála við afgreiðslu þessa máls. Við Steingrímur Hermannsson skilum sérálíti þar sem við leggjum til að frv. verði fellt.

Eins og fram kemur í grg. með frv. var þetta frv. lagt fram í lok síðasta þings, en komst ekki á dagskrá. Því fylgdi þá svo hljóðandi grg., með leyfi forseta:

„Frv. þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Á fundi bæjarstjórnar 5. nóv. 1974 var samþykkt áskorun til Alþingis þess efnis, að heimila að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra. Hafa þessi tilmæli verið ítrekuð við menntmrh. og viðræður hafa farið fram um málið milli bæjaryfirvalda og þm. kjördæmisins.

Árið 1969 stofnaði Hafnarfjarðarbær eigin fræðsluskrifstofu. Jafnframt réð bærinn fræðslustjóra samkv. sérstökum samningi við menntmrn. Hafnarfjörður hafði því að eigin frumkvæði komið þessari stjórnunar- og þjónustuaðstöðu upp í sínum skólamálum löngu áður en grunnskólalögin tóku gildi. Er eðlilegt að svo fjölmennt sveitarfélag fái að halda þessari aðstöðu sinni áfram.

Þegar frv. til l. um grunnskóla var til meðferðar á síðustu dögum þingsins vorið 1974, lá einnig fyrir Alþingi frv. til l. um landshlutasamtök sveitarfélaga. Hafði það frv. hlotið afgreiðslu í fyrri þd. ágreiningslítið. Allmörg ákvæði í grunnskólafrv. voru við það miðuð, að landshlutasamtökunum yrði markað ákveðið hlutverk með lögum. Lög um landshlutasamtök hafa hins vegar ekki verið sett.

Það verður að teljast óeðlilegt að fela áhugasamtökum svo veigamikið hlutverk sem kostningu í fræðsluráð. Frv. þetta bætir ekki þá annmarka grunnskólalaga, sem stafa af því að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa ekki fengið lögfestingu. Hins vegar opnar það leið fyrir bæjaryfirvöld í Hafnarfirði til þess að halda áfram fræðsluskrifstofu í skólahéraði sínu, en það verður að teljast mikilvægt, m.a. vegna þess að Hafnarfjörður á ekki aðild að samtökum sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og hefur því engin áhrif í fræðsluráði umdæmisins. Auk þess má benda á að íbúafjöldi Hafnarfjarðar er um 12 þús. eða meira en í sumum fræðsluumdæmum eða kjördæmum."

Herra forseti. Ég vildi rifja þetta upp til þess að hv. þm. glöggvuðu sig á því, hver væri forsendan fyrir flutningi þessa frv.

Ég er kunnugur því, að þegar frv. til l. um grunnskóla var á undirbúningsstigi, þá var greinilegt að í það var lögð jafnvel meiri vinna en tíðkast við undirbúning frv. Það var margkynnt víðs vegar um landið. Sérstaklega er ég kunnugur meðferð málsins í Reykjaneskjördæmi. Þar var mjög ítarlega unnið að því að kynna málið öllum þeim aðilum sem fjölluðu fyrst og

fremst um skólamál, þ. e. a. s. skólamönnum annars vegar og sveitarstjórnarmönnum hins vegar, sem kynntu sér frv. ítarlega á undirbúningsstigi. Á lokastigi við undirbúning málsins voru teknar til greina ábendingar frá Reyknesingum varðandi þetta mál og er þær að finna í 15. gr. frv. og 85. gr. þess. Í grg., sem fylgdi frv. í lokagerð þess, er sérstaklega vitnað til þess, að tekið hafi verið tillit til óska sveitarstjórna úr Reykjaneskjördæmi.

Reynslan, sem fengin er af störfum fræðsluskrifstofunnar á Reykjanesi, er góð. Þó ber á það að líta, að hér er um byrjunarstarf að ræða. Starfsemin er enn í mótun. Aðstæður í Reykjaneskjördæmi eru máske nokkuð aðrar en í öðrum kjördæmum. Ég bendi m. a. á að þar eru betri samgöngumöguleikar að vetri til en annars staðar. Svo er annað atriði. Allt frá því 1969 höfðu sveitarfélögin þar rekið sameiginlega á sinn kostnað sálfræðiþjónustu innan barnaskólanna, þannig að fyrir var vísir að samræmdu starfi innan kjördæmisins á því sviði sem grunnskólalögin tóku síðan yfir.

Svo var ástatt, að tvö stærstu sveitarfélögin, Kópavogur og Hafnarfjörður, höfðu samkv. sérsamningi við menntmrn. sérstaka fræðslustjóra. Þeirra verksvið breyttist við samþykkt grunnskólalaganna og báðir þessir staðir halda áfram að reka fræðsluskrifstofur sínar. Þær heita raunar samkv. grunnskólalögunum skólaskrifstofur núna, og þeir starfsmenn þar, sem áður hétu fræðslustjórar, heita samkv. grunnskólalögunum skólafulltrúar og eru nú starfsmenn sveitarfélaganna í stað þess að vera ríkisstarfsmenn áður.

Eitt af meginmarkmiðum grunnskólalaganna var að flytja tiltekna þætti fræðslumálanna út í héruðin, þ. e. a. s. frá menntmrn. og út í kjördæmin. Til þess að ná því markmiði eru settar á stofn fræðsluskrifstofur í kjördæmunum og ráðnir fræðslustjórar sem eru ríkisstarfsmenn. Ég tel, og er ekki einn um það álit, að sú skamma reynsla, sem fengin er af þessari skipan, lofi góðu. Ég vitna enn til þess héraðs, sem ég er kunnugastur í, Reykjaneskjördæmis. Reynslan af fræðsluskrifstofunni í Reykjaneskjördæmi er slík, að sveitarstjórnir þar vilja fremur efla starfsemina en að draga úr henni, og það er álit margra, sem gleggst til þekkja, að gerbreyting til batnaðar hafi átt sér stað í þessum málum þann skamma tíma, sem fræðsluskrifstofa hefur verið rekin í þessu formi í kjördæminu. Störf hennar hafa leitt til hagræðis og hreins sparnaðar fyrir sveitarfélögin.

Eitt af því, sem skrifstofan gerir án þess að henni sé falið það lögum samkv. og er þar af leiðandi ekki lögum samkv. í hennar verkahring, er að skrifstofan annast útreikning varðandi alla aukavinnu kennara í kjördæminu. Þetta hefur orðið til samræmingar og til mikils hagræðis og sparnaðar fyrir sveitarfélögin. Fræðsluskrifstofan bauð öllum sveitarstjórnum kjördæmisins þessa þjónustu sína og báðu þau það öll, einnig bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Hafnarfjörður hefur einnig verið aðili að hinni sameiginlegu áður áminnstri sálfræðiþjónustu, sem nú hefur verið færð yfir á allt grunnskólastigið. Þetta gera Hafnfirðingar þrátt fyrir að þeir séu ekki lengur aðilar að landshlutasamtökum kjördæmisins og þó svo þeim beri engin skilda lögum samkv. til þess að notfæra sér þessa þjónustu fræðsluskrifstofunnar. Þeir sjálfsagt einfaldlega sjá sér hag í þessu samstarfi.

Fjárveitingavaldið hefur óneitanlega verið fremur sparsamt á fjárveitingar til fræðsluskrifstofa, bæði hvað snertir húsnæðismál þeirra og til rekstrar. Það skýtur því nokkuð skökku við reynsluna, ef tilkoma fleiri fræðsluskrifstofa en nú eru verður ekki til þess að takmarka enn frekar fjárveitingar til hverrar einnar þeirrar og þar með draga úr starfseminni í stað þess að þörf er á því að hún sé aukin og efld.

Menntmn. hv. Nd. hafði mál þetta lengi til meðferðar. Allt í einu var rokið til og málið afgreitt úr n. án þess að það væri sent til umsagnar nokkurs einasta aðila. Við í menntmn. þessarar hv. d. höfum ekki lengi haft þetta mál til meðferðar, en það var talið eðlileg og sjálfsögð skylda að kanna viðhorf nokkurra aðila til þessa máls, og þess vegna var það sent til umsagnar fræðsluráðanna úti um landið svo og til Sambands ísl. sveitarfélaga. Hafa borist umsagnir frá fræðsluráðunum í Reykjaneskjördæmi, Suðurlandskjördæmi, Austurlandskjördæmi, Norðurlandi eystra og Norðurlandi vestra, og þær eru allar efnislega í einu hljóði á þann veg, að þær mæla gegn samþykkt þessa frv. Auk þess hefur borist erindi frá bæjarstjórn Kópavogs, Samtökum sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og frá stjórn Landssambands framhaldsskólakennara. Þessir aðilar allir leggjast gegn samþykkt þessa frv. Ég ætla, herra forseti, að kynna samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs, sem samþ. var einróma í bæjarstjórn Kópavogs hinn 11. apríl, en þar segir svo:

„Bæjarstjórn Kópavogs samþykkir að skora á Alþ. að fella fram komið frv. til breytinga á grunnskólalögum, sem gerir ráð fyrir því, að heimilt verði að stofna fræðsluskrifstofur í sveitarfélögum með yfir 10 þús. íbúa. Bæjarstjórn telur, að sú fræðsluumdæmaskipan, sem ákveðin er í grunnskólalögum, sé heppileg og sú reynsla, sem af þessari skipun er fengin, sé mjög jákvæð. Sérstaklega vill bæjarstjórn Kópavogs vekja athygli á þeirri ágætu reynslu sem nú þegar er fengin af fræðsluskrifstofu Reykjaneskjördæmis, en hún veitir sveitarfélögum í umdæminu hina bestu fyrirgreiðslu og þjónustu. Á þeim stutta tíma, sem fræðsluskrifstofan hefur starfað, hefur orðið gagnger breyting til bóta í þeim málum, sem hún annast, til mikils hagræðis og sparnaðar fyrir sveitarfélögin í umdæminu. Bæjarstjórn Kópavogs telur að það þjóni best hagsmunum sveitarfélaga, að þær fræðsluskrifstofur, sem fyrir eru í landinu, verði efldar, en ekki að þeim verði fjölgað."

Í svipuðum dúr eru áður áminnstar umsagnir og erindi sem borist hafa.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur ekki sent frá sér umsögn, en ég vitna til þess, herra forseti, að í des. 1975, þegar til umr. voru hér á Alþ. breyt. á lögum um verkefni sveitarfélaga, þá lagði stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga ríka áherslu á að auknar yrðu fjárveitingar til þessarar starfsemi, til þess að efla starf fræðsluskrifstofa. Það var eitt af þeim atriðum sem

þeir sendu frá sér til ábendingar og athugunar við meðferð þess máls hér á hv. Alþ. í des. 1975.

Ég hef rakið í stuttu máli hvað hefur skeð á þeim skamma tíma sem þessi skipan hefur verið. Flestir, sem til þekkja, telja að góð reynsla sé fengin af þessari starfsemi og frekar sé ástæða til að auka hana en draga úr henni. Ef aukið fjármagn fæst til þessara starfa er það betur komið í því að efla það starf, sem fyrir er, í stað þess að dreifa kröftunum frekar.

Aðaltilefni þessa frv. og allar röksemdir fyrir því sem eru ekki vegna þess kerfis sjálfs sem við erum að koma upp og móta, virðast runnin af rótum þess, að menn eru ekki ánægðir með þá skipan, að áhugasamtökum sveitarfélaga sé falið það hlutverk að kjósa fræðsluráð kjördæmanna. Þetta virðist vera mergurinn málsins í sambandi við þetta frv., en ekki óánægja með sjálft skipulagið og það starf sem þarna er unnið. Og meginástæðan fyrir þessu liggur í því, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur afsalað sér því að hafa áhrif á val fræðsluráðsins með því að segja sig úr landshlutasamtökum Reykjaneskjördæmis, sem lögum samkv. á að kjósa þar fræðsluráð. Þessi skipan getur verið óeðlileg. Ég endurtek: Þessi skipan getur verið óeðlileg, að áhugasamtök sveitarfélaga, eins og landshlutasamtökin eru í dag, eigi að kjósa í fræðsluráð kjördæmanna. Það geta nánast öll sveitarfélög, stór eða smá, afsalað sér rétti sínum til þess að hafa áhrif á kosningu fræðsluráða í dag. Það er ekkert sem í lögum bindur þau til þess að vera í landshlutasamtökunum og taka á þann hátt þátt í kosningu fræðsluráða. Þarna er því vissulega um nokkra missmíð á lögunum að ræða og eðlilegt að snúa sér að kjarna málsins, sem er þessi. Þetta frv. bætir hins vegar að ákaflega litlu leyti úr þeim vanda. Það miklu fremur getur orðið til þess að auka á vandamálið, en það hygg ég að sé ekki tilgangurinn. Hliðstæður geta komið upp um allt land hvað það áhrærir, að sveitarfélög geta að þessu leyti sett sig í sömu spor og Hafnarfjörður er í nú. Þetta frv. bætir ekkert úr varðandi það efni. Og hvað verður gert ef óskir koma frá fámennari sveitarfélögum en þeim sem hafa 10 þús. íbúa og þar yfir? Hvað gerir hv. Alþ. þá? Hvers eiga þau sveitarfélög að gjalda, sem eru með innan við 10 þús. íbúa, en setja sig í sömu aðstöðu og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur gert með því að afsala sér valdinu eða réttinum til þess að kjósa fræðsluráð kjördæmisins, með því að vera ekki aðili að þessum áhugasamtökum sveitarfélaganna? Sömu eðlilegu rökin geta legið fyrir ótal umsóknum annarra sveitarfélaga um það, að nauðsyn sé á að stofnaðar séu fræðsluskrifstofur hjá þeim vegna þess að þau séu ekki lengur aðilar að landshlutasamtökum og taki þá ekki lengur þátt í kosningu fræðsluráðs.

Ég endurtek: Mér hefur skilist að það sé ekki tilgangurinn með þessu frv. að brjóta niður það kerfi sem verið er að byggja upp, — það er a. m. k. ekki haft á orði, — en aðalástæðan sé þessi, að sveitarfélagið hafi afsalað sér réttinum til að velja í fræðsluráð kjördæmisins. Og þannig getur það orðið, eins og ég áður sagði, um æ fleiri sveitarfélög hvað þetta snertir. Þetta frv. leysir því ekki þann vanda sem ávallt getur verið fyrir hendi samkv. lögunum núna. Miklu fremur væri að snúa sér að því að leysa það mál á annan hátt, tryggja að sveitarfélögin gætu tekið þátt í kosningum fræðsluráðs án þess að þurfa að vera í landshlutasamtökum, sem eru og verða aðeins áhugasamtök. Það eru til lögformlegir stjórnunaraðilar í hverju sveitarfélagi, bæjarstjórnir í kaupstöðum, hreppsnefndir í hreppum og samnefnari þeirra, sýslunefndirnar, í sýslunum. Þessir aðilar geta vissulega kosið fræðsluráð og þá væri enginn út undan og þá þyrfti Alþ. ekki að standa, kannske árlega, frammi fyrir því að vera að breyta þessum ákvæðum vegna sömu raka og flutt eru fram fyrir þessu frv. hvað snertir stöðu Hafnarfjarðarbæjar í dag.

Herra forseti. Niðurstaða mín í þessu máli er því þessi:

1. Það er ánægja með þá reynslu sem fengin er af starfi fræðsluskrifstofunnar á Reykjanesi, þó hún hafi aðeins starfað um skamman tíma, og vilji er fyrir því, að sú starfsemi verði efld. Frv., ef að lögum verður, getur leitt til þess að brjóta þetta kerfi niður.

2. Fjölgun fræðsluskrifstofa frá því sem er hefur í för með sér aukin útgjöld miðað við sömu starfsemi og nú er. Samþykkt frv. leiðir því af sér annað tveggja, að dregið verður úr núverandi störfum fræðsluskrifstofanna eða að hægar gengur að fá aukið fjármagn til að auka við þá starfsemi sem þar er rekin nú og almennur vilji er fyrir.

3. Frv. tekur ekki nema að mjög takmörkuðu leyti á þeim vanda sem uppi er og upp getur komið vegna þess að landshlutasamtökum sveitarfélaga er falið það verkefni að kjósa í fræðsluráð, en þau samtök eru aðeins áhugasamtök, eins og ég hef áður minnst á. Samþykkt frv. getur hins vegar beinlínis kallað á enn meiri vanda í þessum efnum. Sveitarfélög með innan við 10 þús. íbúa geta krafist sama réttar með sömu rökum og tilfærð eru með þessu frv.

4. Það ber því að snúa sér frekar að því að finna lausn á þessum heildarvanda, þ. e. kosningatilhöguninni til fræðsluráðanna, án þess að tefla í hættu þeirri skipan, sem er í dag, og vinna að því að lögfesta breytingu í þá átt á næsta þingi.

Samþykkt þessa frv. getur skapað mikinn og alvarlegan vanda, en það leysir ákaflega lítinn vanda og því tel ég að það eigi að fella frv.

Umr. frestað.

Efri deild, 91. fundur.

Föstudaginn 28. apríl, að loknum 90. fundi.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 514). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 757). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 68, n. 712 og 715). — Frh. 2. umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í menntmn. sem fékk þetta frv. til athugunar, en var fjarverandi við afgreiðslu málsins, þá vil ég láta það koma fram, að ég styð álit frá minni hl. menntmn., sem Axel Jónsson og Steingrímur Hermannsson skrifa undir, þar sem þeir leggja til að frv. verði felllt.

Ástæðuna fyrir því, að ég er því meðmæltur, tel ég vera augljósa, þar sem ég finn engin rök fyrir þeirri breytingu á lögum um grunnskóla, sem frv. gerir ráð fyrir. Ef frv. yrði samþykkt væri verið að brjóta niður það skipulag, sem komið var á fót með grunnskólalögunum, eins og hv. frsm. minni hl. gerði glögga grein fyrir áðan. Þegar byrjað er að hverfa frá þessu skipulagi, þá er erfitt að sjá hvar yrði staðar numið. Það virðist þá a. m. k. fjarstæða að telja að þörfin fyrir sérstakan fræðslustjóra í sveitarfélagi fari eftir því hvort íbúar sveitarfélagsins eru 10001 eða 9999. Ég held að slík skipting geti varla verið bundin við íbúatölu. Það virðist a. m. k. furðulegt, ef það er meiri þörf fyrir t. d. Hafnfirðinga og Kópavogsbúa að fá sérstakan fræðslustjóra, eins og frv. veitti heimild til ef það yrði samþykkt, vegna þess hvað það væri erfitt fyrir þá að sækja til sameiginlegs fræðslustjóra í Garðabæ, þar sem hann situr nú, — ef það væri meiri þörf fyrir þá heldur en t. d. fyrir Vestmanneyinga, sem eiga að sækja upp á Selfoss, svo að eitthvert dæmi sé nefnt. En það kom fram í ræðu hv. frsm. minni hl., að Kópavogsbúar telja fjarstæðu að breyta þessu skipulagi enda þótt heimildin mundi ná til þeirra líka.

Það væri hægt að halda lengi áfram að telja upp rökin sem mæla gegn þessu, en það hefur nú þegar verið gert af hv. frsm. og ég mun ekki lengja þessar umr. þess vegna. Ég vil þó taka það fram, að ég sé engin rök, sem mæla með samþykkt frv., og vil undirstrika, að ég tel ákaflega hæpið af hv. Alþ. að fara að samþykkja þetta frv.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós stuðning minn við meirihlutaálitið. Ég sé ekki annað en það liggi til þess gild rök að gera þarna á breytingu og vil nú aðeins fara um það nokkrum orðum.

Við eigum það sameiginlegt, hv. 10. landsk. þm., Axel Jónsson, og ég, að við erum báðir ánægðir með fræðsluskrifstofu okkar í Reykjaneskjördæmi og viljum hennar veg mikinn. Við erum ánægðir með fræðslustjórann og ég, sem bý nú í dreifbýlinu í Kjósarsýslu, hef fengið að heyra, hve gott starf þessi skrifstofa hafi innt af hendi og hve innilega menn séu ánægðir með að hafa fengið þessa tilbreytingu og fengið þetta starf leyst af hendi sem hreppsfélögin gjarnan sáu um áður. Hins vegar er það álit mitt, að starfhæfni fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis mundi síður en svo minnka við það, þó að Hafnarfjarðarbær fengi sína eigin fræðsluskrifstofu og fræðslustjóra.

Þó að Hafnarfjarðarbær yrði sérstakt fræðsluumdæmi, þá er fræðsluskrifstofa Reykjanesumdæmis langsamlega stærsta fræðsluskrifstofan utan Reykjavíkur. Hún á að sjá um þrefaldan íbúafjölda borið saman t. d. við Austurlandskjördæmi eða Norðurland vestra eða Vestfjarðakjördæmi. Sem sagt, hún á að þjóna 13 sveitarfélögum og um 36 þús. manns. Þetta virðist vera ærið verkefni og þar sem ég er þeirrar skoðunar, að auðveldara sé að fækka þeim íbúum, sem hún á að sjá um, og halda fjármagninu, það sé auðveldara en fá aukið fjármagn og halda íbúafjöldanum óbreyttum, þá er það ein af ástæðunum og m. a. rök fyrir því að mínu mati, að þetta sé eðlilegt og gott.

Þar að auki er það nú svo, að menn vilja ógjarnan missa það sem þeir hafa haft og líkar vel við. Hafnarfjörður hafði sína sérstöku fræðsluskrifstofu. Hafnarfjörður hafði sinn sérstaka fræðslustjóra. Það er því í raun og veru ekkert óeðlilegt, þó að Hafnfirðingar vilji gjarnan halda þessu fyrirkomulagi. Þar að auki, eins og komið hefur fram hér, eru þeir ekki í landshlutasamtökunum.

Þá vil ég geta þess að lokum, að Reykjaneskjördæmi hefur nokkra sérstöðu. Það er svo margbreytilegt, stórt og fjölmennt að ekki er óeðlilegt þó að einhverjum öðrum rökum verði að beita þar en annars staðar og aðra aðferð eigi að hafa en í minni kjördæmunum. Um Reykjavík, sem er eitt kjördæmi, þó að hún sé mannfleiri, eitt sveitarfélag, gegnir allt öðru máli. En þar sem um 13 sveitarfélög er að ræða innan Reykjaneskjördæmis og 36—37 þús. íbúa, þá sýnist mér að það muni vera allstórt og gott fræðsluumdæmi fyrir þessa fræðsluskrifstofu okkar eins og hún er nú.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð um þetta frv. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða, að því er virðist, og vandratað út úr því. Þetta er orðið að vandamáli í viðkomandi kjördæmi og er vandséð hvernig hægt er úr því að bæta. Ekki er ég þess umkominn að segja til um það, ókunnugur maður á þessum slóðum, hvort þetta muni verða til nokkurra bóta þar. En ég hef ákveðið að greiða ekki atkv. um þetta frv. Þetta er næstum að segja orðið algert innanhéraðsmál, þannig að ég sé mér ekki fært að setja mig upp á móti þessu tiltekna atriði þrátt fyrir að ég sé í grundvallaratriðum á móti því að veikja fræðsluskrifstofurnar. Þetta er þegar orðin staðreynd þarna suður frá og ekki nein von til þess að þeirri illsku, sem þar er á milli, linni neitt á næstunni. Því þarf varla að búast við því, að við getum með því að fella

þetta frv. komið viti fyrir þá sem viti þarf fyrir að koma þar suður frá, því að eitthvað hlýtur þar meira en lítið að vera að þegar svona er að málum staðið.

Ég legg áherslu á, eins og ég hef gert ævinlega varðandi allar umr. um grunnskólalögin, að nauðsynlegt sé að styrkja og efla fræðsluskrifstofurnar. Þetta frv. er nú svo stórt í sniðum hvað snertir íbúafjölda, að það snertir ekki Austurlandið, kemur ekki við okkur þar neitt á næstunni og þess vegna engin hætta á því, að það, þótt samþykkt verði, veiki fræðsluskrifstofu okkar nokkuð, sem betur fer. Ég er nú svo mikill kjördæmamaður, að ef ég hefði séð það á frv., að það mundi hafa í för með sér að draegi úr athafnasviði fræðsluskrifstofu okkar, þá hefði ég ekki getað stillt mig um að greiða atkv. gegn þessu vitlausa frv. En málið er allt þess eðlis, að ég held að það sé best að sitja hjá og lofa þeim að stríða áfram eins og þeir hafa gert þarna suður frá. Einhver sjónarmið liggja þarna eflaust að baki sem eru réttlætanleg, en meginatriði málsins held ég að séu þó annarlegs eðlis, svo að ekki sé meira sagt. Ég þekki t. d. fræðslustjórann í Reykjanesumdæmi mætavel og ekki hefðu þeir Hafnfirðingar átt að fráfælast þann mæta mann og allra síst miðað við hans fyrri stöðu þar suður frá, enda mun annað liggja að baki en það.

Ég ætla hins vegar aðeins að mótmæla því, sem segir í grg. þessa frv., sem er til marks um ýmislegt annað í þessum málflutningi öllum. En þar stendur: „Það verður að teljast óeðlilegt að fela áhugasamtökum svo veigamikið hlutverk sem kosningu í fræðsluráð.“ Þetta er eitt af þeim gullkornum sem finnast í þessari grg., sem þeir standa að fjórir þm. í Nd. og menn gera með stuðningi við þetta ósjálfrátt eða sjálfrátt að sínum rökstuðningi einnig. Það er enn þá verið að klifa á því, og það skil ég vegna 1. flm. frv., að allmörg ákvæði í grunnskólafrv. hafi verið við það miðuð, að landshlutasamtökunum yrði markað ákveðið hlutverk með lögunum, þó að lög um landshlutasamtök hafi hins vegar ekki verið sett. Þetta er hrein endileysa og kemur þessu máli ekkert við. Landshlutasamtökin starfa algerlega jafnvel og ég hugsa að þau starfi betur vegna þess að þau voru ekki lögfest og kosning í fræðsluráð þeirra, að undanþegnu þessu tiltekna umdæmi, hefur farið fram, held ég, með miklum ágætum — a. m. k. veit ég þess dæmi úr mínu kjördæmi — og almenn ánægja verið með það og fræðsluráð þar gegnt í raun og veru mikilvægara hlutverki en vera bara fræðsluráð grunnskóla — og er það vel. Og þá er nú langt gengið þegar hv. þm. Ólafur G. Einarsson, sérstakur talsmaður óopinberra afskipta, segir að það sé óskaplegt að fela áhugasamtökum kosningu í fræðsluráð, — þá er nú langt gengið í lélegum og aumum rökstuðningi.

En sem sagt, eins og ég sagði áðan, ég hef lýst grundvallarafstöðu minni til þessa máls. Þetta snertir ekki mitt kjördæmi, en ég er hræddur um að það geti orðið til skaða. Ég hygg þó að Akureyringar séu það mikið þroskaðri en þeir þarna suður frá, að þeir muni ekki fara að hlaupa til og stofna sitt sérstaka umdæmi þar norður frá. Um aðra gildir þetta ekki en þá Kópavogsmenn, sem við höfum þegar fengið álitið frá. Ég held að ég taki ekki þátt í þessari vitleysu og greiði ekki atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég held mér sé óhætt að segja að það er orðið langt síðan ég hef orðið jafnforviða eins og þegar ég sá að meiri hl. hv. Nd. samþykkti þetta frv. Og ég er raunar engu minna hissa á því, sumpart að sjá í nál. og svo heyra í ræðum hér í þessari hv. d. undirtektir hv. þm. sem hafa þegar tjáð sig um þetta mál. Sannleikurinn er sá, að þetta frv. er að mínum dómi gersamlega óþarft. Það eru engin rök fyrir því að flytja þetta frv. Það er ágætt samstarf um fræðsluskrifstofurnar um allt land og líka í Reykjaneskjördæmi. Reykjavík er margfalt stærri eining en Reykjaneskjördæmi, margfalt fólksfleiri. Engum dettur í hug að þar þurfi tvær fræðsluskrifstofur. Austfirðir og Vestfirðir og allir aðrir landshlutar en Reykjaneskjördæmi hafa margfalt erfiðari samgöngur og miklu lengri vegalengdir að glíma við. Enginn þar hefur hreyft því, að það þyrfti að skipta fræðsluhéruðum — enginn. Og í Reykjaneskjördæmi, eins og ég sagði, hefur einnig tekist ágætt samstarf um störf fræðslustjóra og fræðsluskrifstofunnar. Það var viss stirðleiki fyrst, eins og ég skal gera nánar grein fyrir síðar, en slíkt er algerlega niður fallið og milli skólafólksins og fræðsluskrifstofunnar er hið ágætasta samstarf á þessum stað. Það eru aðeins nokkrir bæjarfulltrúar, að því er ég best veit, í Hafnarfirði sem ekki una því skipulagi sem nú er á.

Með þessu frv. er stefnt að því að sprengja heillegt skipulag um skólastjórnunina, sem byggt er upp á fræðsluhéruðunum 8, jafnmörgum og kjördæmin eru, þó að þau séu ekki byggð á kjördæmunum sem slíkum, heldur eru þau byggð, eins og segir í grunnskólalögunum, á lögsagnarumdæmunum sem fyrirfinnast í hverju einstöku fræðsluhéraði sem hefur sömu landfræðileg mörk og kjördæmin. Nú eru sem sagt 8 fræðsluskrifstofur í landinu samkv. þessu kerfi, en ef þetta frv. verður að lögum og heimildirnar notaðar sem í því eru, þá yrðu þær 11. Og þá kæmi það upp úr dúrnum að það yrðu 4 fræðsluskrifstofur hér á ca. 14 km. vegalengd, þær yrðu eins og perlur á festi, 4 skrifstofur, 3 þarna á eitthvað 6—7 km svæði. Og enn bætist það við, að allar umsagnir, sem hafa komið um þetta, eru líkar. Menn segja: Það er ekki þörf á þessu. Við skiljum ekki, hvað þarna er um að ræða!

Þetta er afskaplega furðulegur málatilbúnaður sem hér er á ferðinni, sannast að segja. Þetta hefur náttúrlega aukinn kostnað í för með sér. Öll ný embætti hljóta að kosta nokkuð. Þetta stækkar báknið, eins og sagt er. Þarna er um að ræða þrjú ný embætti með tilheyrandi kostnaði, skrifstofuhaldi, húsnæði og öðru slíku. Og það, sem gerir þetta enn þá fáránlegra en nokkur hefur kannske í fljótu bragði gert sér grein fyrir, er það, að nokkrir menn, sem skipa bæjarstjórn Hafnarfjarðar, hafa látið í ljós óskir um að fá fræðsluskrifstofu í Hafnarfirði, en hliðstæður hópur í Kópavogi mótmælir þessu! Þetta eru bæir með yfir 10 þús. íbúa. Kópavogur mótmælir þessu, og frá Akureyri hefur engin rödd komið

um þetta. Samt dettur hv. þm. í hug að setja löggjöf um þrjár nýjar fræðsluskrifstofur í viðbót, þó að aðeins hafi komið fram óskir um eina frá nokkrum bæjarstjórnarmönnum á viðkomandi stað, en á næsta svæði er því mótmælt og á þriðja svæðinu hefur enginn lifandi maður farið fram á það og ég veit ekki til að nokkur hafi leitt hugann að því. Hvers konar vinnubrögð eru þetta hjá hv. þm., hjá hv. flm. þessa frv. og hjá þeim hv. þm., sem fallast á þennan málatilbúnað með því að gjalda samþykki sitt við þessu frv.? Fyrir utan þetta er með svona lagasetningu gefið undir fótinn með það síðar að fjölga þessum skrifstofum enn. Hví skyldu ekki Suðurnes með yfir 10 þús. íbúa og samfellda byggð, fráskilda öðrum byggðum mjög svo, vilja fá sína skrifstofu? Og hví skyldu ekki þeir landshlutar, þó að fólk sé þar eitthvað færra, sem hafa við mesta samgönguerfiðleika að búa, mestar vegalengdir, einnig vilja fá sínar skrifstofur síðar, og því þá ekki að láta það einnig eftir, ef á annað borð er sprengt upp það heillega stjórnunarkerfi grunnskólans sem sett var með grunnskólalögunum og ákvæðum þeirra um fræðsluhéruð, fræðsluskrifstofur og fræðslustjóra?

Þetta er enn furðulegra þegar þess er gætt, að um þessar mundir gengur maður undir manns hönd víðs vegar í þjóðfélaginu um að fordæma útþenslu og aukningu opinberrar starfsemi. Maður gengur undir manns hönd — og þar er nánast enginn undanskilinn. Það vill nú svo til að sá stjórnmálaflokkur, sem hvað heillegast, að ég held, stóð að þessu máli í Nd., Sjálfstfl., hefur uppi sérstaka baráttu undir forustu ungra manna í flokknum: Báknið burt. Um þetta er alþjóð kunnugt. En menn virðast í þeim flokki, með að vísu fáum heiðarlegum undantekningum, eins og ég heyrði á ræðu hv. frsm. minni hl., vera samtaka um þetta. Mér er þetta alveg óskiljanlegt. Ég hygg að fjmrh., sem sýnt hefur mikla viðleitni til aðhalds á ýmsum sviðum, fylgi þessu. Ég veit raunar að hann hefur haft mikinn áhuga á þessu máli, því að við höfum oft rætt það. Og það bætist svo enn ofan á, að sjálfur núv. form. fjvn., hv. frsm. meiri hl. n., styður þetta. Þessi hv. þm. hefur barist hinni góðu baráttu í fjvn. við að reyna að beita aðhaldi eftir því sem mögulegt var og eftir því sem lipurð hans, ágætir mannkostir og samvinnuvilji gat frekast leyft, en einnig hann styður þetta eindregið. Ég tala nú ekki um, — ja, maður litur nú öðruvísi á það með stjórnarandstöðuna e. t. v., en ég sé að hún fylkir sér um þetta nál. og er með þessu. Og hv. 7. landsk. þm. ætlaði að sitja hjá, að vísu. Hann var ekki alveg öruggur með það, að óhætt væri að vera á móti þessu, þó að honum litist ekki á það!

Ég verð að segja að mér finnst flutningur frv. af þessu tagi, eins og þetta frv. er uppbyggt, og ég skal koma örlítið nánar að því síðar, ákaflega ógeðfelldur satt að segja, þegar þm. heils kjördæmis sameinast um að flytja frv., og það í því formi sem þetta frv. er, til þess að þjóna duttlungum fárra manna á sínu svæði og fjöldi annarra þm. síðan geldur því jákvæði sitt. Ef við lítum á frv. og lítum á þá grg. sem fylgir frv., þá a. m. k. sjá kunnugir strax að þar eru sett fram fullkomin falsrök. Það er talað um að árið 1969 hafi Hafnarfjarðarbær stofnað eigin fræðsluskrifstofu og jafnframt réði bærinn fræðslustjóra samkv. sérstökum samningi við menntmrn. Svo segir:

„Hafnarfjörður hafði því að eigin frumkvæði komið þessari stjórnunar- og þjónustuaðstöðu upp í sínum skólamálum mörgum árum áður en grunnskólalögin tóku gildi. Er eðlilegt að svo fjölmennt sveitarfélag fái að halda þessari afstöðu sinni áfram.“

Það er kannske eðlilegt að þeir menn, sem ekki hafa sett sig mjög vel inn í grunnskólalögin í einstökum atriðum, ákvæði þeirra og framkvæmd síðan, sjái ekki í gegnum þessi falsrök sem ég vil kalla svo. En fræðsluskrifstofurnar voru allt annars eðlis áður en grunnskólalögin voru sett og höfðu allt öðrum verkefnum að gegna að verulegu leyti en fræðsluskrifstofurnar samkv. grunnskólalögunum, þó að nafnið sé hið sama. Í grunnskólalögunum er hins vegar gert ráð fyrir embættum í sveitarfélögunum, þar sem eru skólafulltrúarnir, og verkefni þeirra eru nokkuð hliðstæð því sem skrifstofurnar höfðu áður.

Ég vil aðeins nefna það, að fræðsluskrifstofunum er samkv. grunnskólalögunum ætlað að samræma og fara yfir áætlanagerð skólanna og staðfesta hana til fullnustu, nema eitthvert sérstakt ágreiningsmál komi upp sem sé þá vísað til rn. Þeim er einnig ætlað að endurskoða reikninga skólanna og samræma þá og úrskurða þá. Þetta var alls ekki verkefni fræðsluskrifstofanna eins og þær voru áður. Með þessu er reynt að dreifa valdinu, dreifa þeirri starfsemi, sem áður fór fram í menntmrn., nokkuð út um landshlutana, en slíkri dreifingu verður ekki við komið nema mikil alúð sé lögð við það að allir vinni í samræmi, og það er eitt, sem mælir gegn þessu frv., að því fleiri sem þessi embætti verða, því erfiðara er að koma við fyllstu samræmingu að þessu leyti.

Þá er það einnig verkefni þessarar skrifstofu, sem hvergi nema í Reykjavík, hygg ég, var áður komið á, að skipuleggja og samræma sálfræði- og ráðgjafarþjónustu fyrir heil fræðsluhéruð.

Ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst gerð þessa frv. og flutningur alveg dæmigert um óæskileg vinnubrögð alþm. Ég vil aftur vitna í grg. þeirri ályktun minni til stuðnings, en þar segir: „Það verður að teljast óeðlilegt að fela áhugasamtökum svo veigamikið hlutverk sem kosningu í fræðsluráð.“ — Gott og vel. En síðar segir í grg., og það eru ekki mín orð, heldur flm. frv.: „Frv. þetta bætir ekki þá annmarka grunnskólalaga, sem stafa af því, að landshlutasamtök sveitarfélaga hafa ekki fengið lögfestingu.“ — Bætir ekki! Ef þm. sáu sig knúna til þess að flytja frv. um þetta efni, þá áttu þeir vitanlega að orða það þannig, að það bætti þessa annmarka sem voru á lögunum, en ekki annars vegar að miða það eingöngu við að þjóna duttlungum þessara manna, sem hér hafa harðast barist fyrir breytingu, og þó jafnframt að taka með í leiðinni nánast að reyna að troða nýjum embættum upp á sveitarfélög sem ekki kæra sig nokkurn skapaðan hlut um þau!

Nei, hér er alls ekki tekið á því sem þarf að lagfæra fyrr eða síðar, þ. e. a. s. kosningafyrirkomulaginu, því að það er hugsanlegt og hefur

auðvitað sýnt sig þarna, að landshlutasamtökin, sem við köllum svo, sem ekki eru lögbundin, bæði geta lagst niður hreinlega og eins geta þau riðlast, þannig að eitt eða fleiri sveitarfélög segi sig úr þeim. Hins vegar álít ég að það sé enginn vandi að koma því fyrir í lögunum og það álít ég að þurfi að gera, eins og ég sagði, fyrr eða síðar, þ. e. ákvæðum um það, hversu með skuli fara, ef þannig ber til. Eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, þá eru fræðsluhéruðin byggð upp á lögsagnarumdæmunum og ekkert auðveldara en að koma fyrir breytingum að þessu leyti.

Gerð frv. ber sannarlega ekki vott um að flm. og aðrir, sem hafa fylgt frv. fram til þessa, hafi haft mikla viðleitni í frammi til þess að skoða hlutina í víðara samhengi, heldur er litið á þá eingöngu frá þrengsta sjónarhorni, og til þess að reyna að gera þetta líklegra til framgangs og reyna að knýja fram vilja sinn er gripið til þess fáránlega ráðs að taka með tvo aðra kaupstaði, þar sem beinlínis er mótmælt þessu ákvæði í öðru tilvikinu og á hinum staðnum, eins og ég hef líka tekið fram, hefur ekki komið fram nokkur minnsta ósk um þessa breytingu.

Nú hefur þetta gerst, sem hefur komið hér fram og allir vita, að Hafnarfjarðarkaupstaður hefur sagt sig úr Sambandi sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi. Það má vera, að æskilegt sé að sundra samtökum sveitarfélaga. Ég er algerlega á öndverðum meiði. Ég álít að þessi samtök geri mikið gagn. Ég álít að það að nýta þessa félagslega einingu, kjördæmin, til þess að mynda þar stjórnunarkjarna líkt og þarna er gert og líkt og hefur verið gert í fleiri greinum sé mjög æskilegt. En það er auðheyrt að þeir, sem ráðið hafa ferðinni í Hafnarfirði, eru á annarri skoðun. Þeir telja þetta ekki æskilegt, ekki á því landssvæði a. m. k. Þeir kannske leggja ekki dóm á það annars staðar. Það er þeirra mál. En maður getur þó ekki annað en veitt því athygli, að það er hvergi á landinu þægilegra fyrir sveitarfélög að vinna saman en einmitt í þessu kjördæmi, þar sem búið er að teppaleggja mikinn hluta af vegunum. Og þetta er nánast að því leyti til eins og menn byggju í einni borg. Og þrjár skrifstofur í einum hnapp þarna, Hafnarfjörður, Garðabær og Kópavogur, þetta er svo furðulegt að maður á varla nokkur orð yfir þetta satt að segja.

En það er nú ástæða til að vekja athygli á því, hvernig þetta mundi henta annars staðar. Hvað um Akureyri, Norðurland eystra, í þessu sambandi? Hvernig er líklegt að það henti norður frá að skipta svæðinu upp á milli tveggja fræðsluskrifstofa? Væntanlega yrði þá önnur skrifstofan austur á Húsavík, en Akureyrarkaupstaður yrði með sérstaka skrifstofu eingöngu fyrir sig eftir þeim ákvæðum sem eru í þessu frv. Þá slitnuðu Eyjafjarðarbyggðirnar nánast út úr, þær þyrftu þá að sækja langt yfir skammt austur til Húsavíkur, en Akureyri er eins og allir vita kjarni byggðar við Eyjafjörð. Í Norðurlandskjördæmi eystra hefur heldur enginn ágreiningur verið um það, hvar fræðsluskrifstofan ætti að vera, ekki svo að mér sé kunnugt um. En þetta náttúrlega byði ágreiningi heim, ef þeir norður þar kynnu að óska eftir því að nota þessa heimild. En það er ekki verið að hugsa um þetta.

Mér finnst fara mjög illa á því að bjóða öðrum bæjarfélögum upp í þennan dans, þó að bæjarstjórn Hafnarfjarðar eða meiri hl. þar hafi óskað þess arna, og hefði verið eðlilegt, eins og þetta er allt í pottinn búið, að flm. þessa frv. hefðu hreinlega bundið frv. við Hafnarfjörð einan. Ég tala nú ekki um hvað manni finnst þetta fráleitt eftir að mótmæli eru beinlínis komin fram frá bæjarstjórninni í Kópavogi. Nei, hér er allt á eina bókina lært!

Minni hl. menntmn. í Nd. gerði að mínum dómi ákaflega glögga grein fyrir þessu í örstuttu máli, sem ég sé ástæðu til að vekja athygli á hér, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo: „ef frv. þetta verður samþykkt verði brotið niður það skipulag fræðslumála á grunnskólastigi sem kveðið er á um í lögum grunnskóla“ — og vitnað í tilteknar greinar, — „er landinu skipt í fræðsluumdæmi. Í öllum umdæmunum hafa fræðsluskrifstofur tekið til starfa og fræðslustjórar verið ráðnir. Ef horfið yrði að því ráði að heimila stofnun fræðsluskrifstofu í sveitarfélögum með 10 þús. íbúa eða fleiri, er um grundvallarstefnubreytingu að ræða. Undir þau heimildarákvæði féllu nú þrjú sveitarfélög, þ. e. Akureyri, Hafnarfjörður og Kópavogur. Hugsanlega mundi breyting nú í samræmi við frv. leiða til þeirrar breytingar síðar, að undir heimildarákvæðin féllu tvö eða fleiri nágrannasveitarfélög með samtals 10 þús. íbúum, ef þau sameinast um að óska eftir sérstakri fræðsluskrifstofu. Það yrði stigsmunur, en ekki grundvallarbreyting.

Stofnun og rekstur fræðsluskrifstofa er liður í þeirri viðleitni að dreifa valdi og færa yfirstjórn út til héraðanna. Á þetta ekki aðeins við um skólamál, heldur og fleiri málaflokka. Kjördæmi til alþingiskosninga móta nú umdæmi fræðsluráðanna. Til athugunar er hjá stjórnskipaðri nefnd, hvort þetta séu hin einu réttu mörk. Eðlilegt virðist að samræma umdæmi yfirstjórnar í héraði varðandi einstaka málaflokka.“

Þetta tel ég þýðingarmikið atriði og hér samanþjappað í eðlilegri ályktun um þetta mál.

Ég verð svo að segja það, að mér er alveg óskiljanleg afstaða samstarfsmanna minna í ríkisstj.-samstarfi, bæði einstakra hv. þm. og hæstv. ráðh. Annars vegar er það, sem mörgum er kunnugt um, en mér betur en öðrum mönnum, að það hefur verið gífurleg tregða frá byrjun og sérstaklega í fyrstu gegn því að stofna þessar fræðsluskrifstofur, að hleypa þeim af stað. Hins vegar hafði Alþ. veitt fé til þeirra á fjárl. Síðan höfðu þær fjárhæðir verið endurskoðaðar og lækkaðar nokkuð við niðurskurð sem gerður var á þeim tíma, en ekki meira en svo, að unnt var og þar með eðlilegt að auglýsa störf fræðslustjóra. Og það gerði ég á sínum tíma, en tregðan var mikil gegn því hjá ýmsum innan stjórnarliðsins. Síðan kemur það, að fjárveitingar til þessara stofnana hafa verið ákaflega naumar. Nú er það út af fyrir sig eðlilegt, að ekki sé hægt að gera allt í senn og ekki hægt að hleypa í gang fullbúnum fræðsluskrifstofum eins og þær eru hugsaðar þegar allt kemur til alls. En ég vil þó segja að fjárveitingar til þessara starfa hafa verið það naumar, að það hefur valdið stórkostlegum erfiðleikum, sérstaklega fyrst í stað. Svo naumt var gefið hvað þetta snerti,

að um tíma þurftu fræðslustjórarnir sjálfir að leggja fram fé fyrir útlögðum kostnaði, af því að það fengust ekki greiðslur til skrifstofanna — já, svo langt gekk þetta í einu tilviki að ég þurfti að taka persónulegt lán til þess að koma í veg fyrir að loka yrði tiltekinni fræðsluskrifstofu! Þannig var staðið að þessu þá. Og þegar færð voru verkefni á milli ríkis og sveitarfélaga tókst mér ekki að fá þetta mál uppgert þá um leið. Það tókst ekki. Þetta er á öðru leitinu, þetta blasir við frá mínum sjónarhóli séð, en á hinu leitinu er það, að nú er til reiðu að stofna þrjár nýjar skrifstofur! Auðvitað kosta þær ríki og sveitarfélög peninga. Ríkið á að borga laun fræðslustjóranna á þessum skrifstofum og hluta af öðrum kostnaði og svo sveitarfélögin afganginn auðvitað, og skiptir ekki meginmáli hvort það eru sveitarfélög eða ríki. Þetta verður tekið að sjálfsögðu af skattborgurunum eins og annar opinber kostnaður. Hvar er aðhaldið, samdráttarstefnan og það allt saman, að ég tali nú ekki um hugsjónina „báknið burt", þegar hér er komið sögu og menn standa frammi fyrir þessum tilburðum?

Það er ekki hægt annað en vera nokkuð þungorður um þennan málatilbúnað allan, satt að segja. Hann er að mínum dómi endemi. Hitt er svo annað mál, að fjármál fræðsluskrifstofanna hafa verið leyst með góðu samkomulagi við fjmrn. að því leyti, að ríkið greiði það, sem ekki kemur sem framlög að heiman, þar til ákvarðanir verða teknar um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þær sem nú eru í undirbúningi. Það varð samkomulag um að úr því sem komið væri, þá væri ekki ástæða til þess að fara að gera sérstakar ráðstafanir, heldur haga þessu svona. Hitt er svo annað mál, að þetta þýðir náttúrlega ekki að fræðsluskrifstofurnar fái ótakmarkað fjármagn, því að það er eftir sem áður miðað við nokkuð naumar fjárveitingar á fjárl. En þetta vil ég láta koma fram, að þannig stendur þetta núna og verður væntanlega þangað til menn afgreiða einhverja fleiri þætti í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Að sjálfsögðu fer Alþ. sínu fram, þm. aðeins bundnir af sannfæringu sinni o. s. frv. og hægt að meðhöndla þetta mál eins og önnur mál, samþykkja það eða fella eftir því hvað er með hv. þm. þegar þar að kemur. En ég hlýt hins vegar að benda á að það er fremur sjaldgæft og óviðfelldið, að samstarfsmenn í stjórnunarsamstarfi beiti sér af hörku fyrir skipulagsbreytingum á þýðingarmiklum þætti algerlega gegn vilja viðkomandi ráðh., sem er samstarfsmaður í stjórnarsamstarfinu. Ég hlýt að vekja athygli á því, að þetta eru ekki venjuleg vinnubrögð á Alþingi Íslendinga, að samstarfsmenn í stjórnarsamstarfi beiti sér fyrir skipulagsbreytingu á viðkvæmum þætti gegn vilja viðkomandi ráðh. og samstarfsmanns. Þetta eru óvenjuleg vinnubrögð. Hér hefur hins vegar verið unnið að af fullum krafti og þó meira í kyrrþey en í umr., því að umr. hafa ekki verið miklar um þetta mál, og með þeim árangri sem þegar liggur fyrir í Nd. og að nokkru leyti hér, eins og ég sagði í upphafi, í nál. og í ræðum hv. þm., sem þegar hafa tjáð sig um þetta mál.

Nú vil ég taka það fram í þessu sambandi og vil láta það koma skýrt fram, að þarna var í engu farið á bak við mig. Ég og hæstv. fjmrh., hv. 1. þm. Reykn., ræddum þetta mál oftlega og reyndum að komast að sameiginlegri niðurstöðu til þess að leysa málið, — niðurstöðu sem ég sem menntmrh. gæti sætt mig við og þá staðið að. En þetta tókst ekki. Þá var farin þessi leið, sem ég tel mjög óvenjulega í stjórnarsamstarfi á Íslandi. En einnig þegar farið var af stað með það var mér kunnugt um það, það fer ekkert á milli mála, og ég þarf ekki að bera hæstv. fjmrh. það á brýn að hafa farið á bak við mig í þessu efni, það er annað mál. En hitt endurtek ég í þriðja sinn, að þessi aðferð er ekki venjuleg í þingsögu okkar.

Ég verð nú að segja, að ég hefði ekkert vorkennt þessum hv. þm. úr Reykjaneskjördæmi að standa gegn þessari ásókn þarna sunnan að um þetta. Ég hef sjálfur staðið frammi fyrir álíka atburðum í mínu kjördæmi, um breytingu á læknishéraðaskipan. Sveitarstjórnarmaður, oddviti, minnir mig, skrifaði mér bréf og sagði að þessi breyting gæti orðið örlagarík, því hún gæti kostað mannslíf, og færi svo mundu kjósendur gjalda í sömu mynt. Ég áleit hins vegar að þarna væri um örökstuddar ástæður að ræða og féllst ekki á þetta og stóð að þeirri skipan sem mér sýndist vera heildstæð, enda var viðkomandi byggðasvæði tryggð læknisþjónusta úr hvoru héraðinu sem var. Ég á erfitt með að viðurkenna að menn þurfi að bogna fyrir skrúfum eins og þarna er um að ræða auðsjáanlega og frá þessum eina stað, með eiginlega alla aðra staði í kjördæminu gegn þessu og harðar yfirlýsingar frá þeirri bæjarstjórn, eins og ég hef margtekið fram, annarri, sem átti að fá þá náð að fá fræðsluskrifstofu hjá sér. En þeir menn virtust hafa sett sig meira inn í grunnskólaframkvæmdina heldur en ýmsir aðrir.

En hvað um það, hér gerist þetta, að samstarfsmenn í stjórnarsamstarfi, þ. á m. ráðh., ganga í það að brjóta niður skipulag þýðingarmikils málaflokks þvert gegn vilja viðkomandi ráðh. Mér er nú spurn: Hvað mundi t. d. hæstv. fjmrh. hafa sagt ef ég hefði tekið mig til og ef mér hefði nú tekist það, — sem mér hefði náttúrlega aldrei tekist og í fyrsta lagi hefði ég aldrei borið það við, — ef ég hefði tekið mig til og beitt mér fyrir því að stofna sérstakt skattaumdæmi suður á Hornafirði og gengið í það, kannske með samþm. mínum úr kjördæminu, að fá þetta fram gegn vilja hans, sem færi með þennan málaflokk? Ég efast um að honum hefði þótt það góð latína né nokkrum öðrum ráðh. heldur. Það mætti auðvitað taka fleiri dæmi um þetta, en ég sleppi því.

Mér er alveg ljóst, að í sumum nálægum löndum hefðu vinnubrögð af þessu tagi leitt til afsagnar viðkomandi ráðh., alveg hiklaust. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, án þess að ég sé nákunnugur vinnubrögðum þar, en svo mikið þykist ég þó vita að í mörgum tilvikum hefði það gert það. Hér hagar öðruvísi til. Það eru hér nokkuð önnur vinnubrögð að þessu leyti, og ég tel ekki að um svo stórt mál sé að ræða og miðað við íslenskar venjur að ástæða sé til slíkra aðgerða. En það má ekki minna vera en maður þakki fyrir sig — það er bæði rétt

og skylt fyrir viðkomandi ráðh. að þakka fyrir svona „trakteringar".

Ég legg að sjálfsögðu til, að þetta frv. verði felld. Auk þess vil ég minna á það, sem fram hefur komið áður hér í d., að þær umsóknir allar, sem borist hafa hv. n. hér í Ed., hafa verið andstæðar og það hafa engin meðmæli komið fram með þessari lagasmíð neins staðar frá — engin. Á einu stigi málsins spurðist ég fyrir um það, hvernig væri háttað um samstarf þarna suður frá við fræðsluskrifstofuna, og fékk þessa frásögn að beiðni minni frá fræðslustjóranum þar, „að málefni Hafnarfjarðarbæjar fá að sjálfsögðu sömu meðferð á allan hátt hjá embætti mínu og mál annarra skólahverfa í umdæminu. Öll samskipti við skólana í Hafnarfirði hafa frá upphafi verið með eðlilegum hætti, og hið sama má nú orðið segja um samskipti embættisins við skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (fræðsluskrifstofu Hafnarfjarðar), en nokkrir erfiðleikar voru þar á í byrjun sökum þess, að forstöðumaður skrifstofunnar hafði um það fyrirmæli frá yfirboðurum sínum að skipta ekki við fræðslustjóraembættið í Reykjanesumdæmi, en snúa sér til menntmrn. í þess stað. Með þeim hætti varð menntmrn. milliliður milli Hafnarfjarðarbæjar og fræðslustjórans í umdæminu, því að rn. tók við erindum frá Hafnarfjarðarbæ og sendi þau áfram til min til afgreiðslu. Af þessum sökum urðu nokkrar tafir á afgreiðslu mála. En eftir að mál fóru að berast eðlilega leið og eðlileg samvinna var tekin upp ganga allar afgreiðslur mun betur á allan hátt og slík eðlileg samvinna hefur haldist síðan."

Þetta bréf var skrifað 4. maí 1977, fyrir rétt um það bil einu ári. Ég bað einnig um það um líkt leyti, að mér væri gefin sérstök umsögn um þetta mál. Sú umsögn er mjög greinargóð og ég óska þess, að hún komist inn í Alþingistíðindi að meginmáli. Ég rifja hana upp hér í meginatriðum. Þar segir:

„Sú fræðsluumdæmaskipan, sem ákveðin er í lögum um grunnskóla, hefur nú hlotið nokkra reynslu. Sú reynsla er yfirleitt mjög jákvæð, ef dæma má eftir þeim undirtektum sem störf fræðslustjóranna hafa fengið. Nægir þar að nefna samþykktir velflestra sveitarstjórna í Reykjanesumdæmi sem fögnuðu stofnun fræðsluskrifstofuumdæmisins. Frv. gerir ráð fyrir að þessari fræðsluumdæmaskipan sé breytt. Það hljóta því að liggja veigamikil rök fyrir því, að flutt er frv. um slíka breytingu, önnur og veigameiri en fram koma í grg. með frv. Þau rök, sem þar koma fram, eru aðallega þau, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafi samþykkt áskorun til Alþingis þess efnis að heimila að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra og að Hafnarfjörður hafi árið 1969 stofnað eigin fræðsluskrifstofu, ráðið eigin fræðslustjóra og hafi að eigin frumkvæði komið á stjórnunar- og þjónustuaðstöðu í sínum skólamálum og vilji halda þessari stöðu áfram. Enn fremur er minnst á samning við menntmrn. um starfið. Ef þessi rök eru skoðuð nánar og fyrst litið á þá röksemd, að Hafnarfjörður verði sérstakt fræðsluhérað með sérstökum fræðslustjóra, skal bent á eftirfarandi:

1. Í ályktun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 5. nóv. 1974, sem fylgir hér með í ljósriti, segir m.a.: Enn fremur skorar bæjarstjórn á Alþingi að gera þá breytingu á lögum um grunnskóla, að Hafnarfjörður verði hér eftir sem hingað til sérstakt fræðsluhérað með sérstakan fræðslustjóra. Í þessu sambandi skal á það bent, að Hafnarfjörður var sérstakt fræðsluhérað samkv. lögum nr. 34/1946, en er nú sérstakt skólahverfi samkv. lögum nr. 63/1974. Á þessu tvennu er í raun enginn munur, vegna þess að í lögum um grunnskóla táknar orðið skólahverfi það sama og orðið fræðsluhérað táknaði í eldri lögunum, þegar um er að ræða sveitarfélag sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1946, en upphaf greinarinnar hljóðar svo: „Hver sýsla og hver kaupstaður er eitt fræðsluhérað", sbr. einnig 16. gr. laga nr. 63/1974, en þar segir m.a.: „Sveitarfélag, sem rekur tvo eða fleiri grunnskóla innan marka sinna, telst þó eitt skólahverfi."

2. Hafnarfjörður hefur aldrei verið sérstakt fræðsluumdæmi, vegna þess að landinu var í fyrsta sinn skipt í fræðsluumdæmi með lögum um grunnskóla. Áður var landið allt eitt fræðsluumdæmi. Starfsheitið fræðslustjóri er nýmæli í lögum um grunnskóla með því starfssviði sem þar er skilgreint. Til samanburðar má sjá lög nr. 34/1946, 34. gr., og lög nr. 41/1955, 11. gr., enn fremur lög nr. 49/1967, 16. gr., þar sem alls staðar er fjallað um þessi atriði. Þegar starf fræðslustjóra Hafnarfjarðar var stofnað af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, var starfssvið skilgreint í sérstöku erindisbréfi, sem samþykkt var af bæjarstjórn, en ljósrit af erindisbréfinu fylgir hér með. Eins og fram kemur í erindisbréfinu var fræðslustjóri Hafnarfjarðar framkvæmdastjóri fræðsluráðs, æskulýðsráðs og íþróttanefndar. Hann var einnig fulltrúi og ráðunautur bæjarráðs og bæjarstjóra í skóla-, æskulýðs- og íþróttamálum."

Ég ætla ekki að fara lengra út í þetta hér. En það held ég að sé alveg ljóst, ef menn hugleiða það sem hér segir um verkefni fræðslustjórans áður, og bera saman við það sem ég vék að í byrjun um verkefni fræðslustjóranna nú, að það eru allt önnur störf. Það er e. t. v. rétt að fara aðeins nánar út í þetta til þess að taka af öll tvímæli um þetta.

Ef erindisbréf fræðslustjóra Hafnarfjarðar er borið saman við reglugerð nr. 182/1976, um störf fræðslustjóra, sést að hér er um gerólík störf að ræða. Starf fræðslustjóra Hafnarfjarðar var að sjálfsögðu að langmestu leyti unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ og fræðsluráð Hafnarfjarðar, nú skólanefnd Hafnarfjarðar, en störf fræðslustjóra samkv. grunnskólalögunum er að mestu leyti embættisfærsla á vegum menntmrn. og fagleg aðstoð við skólanefndir og sveitarstjórnir. Þessu til sönnunar nægir að taka eftirfarandi dæmi: Fræðslustjóri Hafnarfjarðar átti samkv. erindisbréfi að semja áætlanir um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda og áætla kostnað ríkissjóðs annars vegar og bæjarsjóðs hins vegar fyrir hvert komandi skólaár og leggja fyrir fræðsluráð. Samþykkta áætlun fræðsluráðs skyldi leggja fyrir bæjarráð og senda menntmrn. til úrskurðar um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, sbr. 2. lið samnings milli rn. og bæjarstjórnar Hafn-

arfjarðar frá 10. febr. 1969. En fræðslustjóri, sem starfar samkv. lögum um grunnskóla, á hins vegar að úrskurða um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs vegna slíkra áætlana, en það annaðist menntmrn. áður. Við framkvæmd þessara áætlana gerði fræðslustjóri Hafnarfjarðar kröfur um greiðslur úr ríkissjóði, en samkv. grunnskólalögum fellir fræðslustjóri úrskurð um að hve miklu leyti slíkar kröfur skuli greiddar úr ríkissjóði.

Það, sem hér gæti valdið misskilningi, er að sama starfsheiti er notað um mismunandi störf. Það er þó sameiginlegt með þessum störfum, að í báðum tilfellum er almenn námsstjórn hluti af starfinu. Í því sambandi er rétt að benda á að í samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 5. nóv. 1974 segir m. a. og því vil ég biðja hv. þdm. að taka vel eftir:

„Þá vill bæjarstjórn benda á, að hún telur eðlilegt að ein sameiginleg fræðsluskrifstofa starfi fyrir Reykjanesumdæmi, en að verkefni hennar verði kennslufræðilegs eðlis, svo sem námsstjórn, eftirlit með störfum skólanna, leiðbeiningastörf fyrir kennara, skólastjóra og skólanefndir, námskeiðahald, tilraunakennsla o. fl."

Í sama bréfinu og beðið er um sérstakan fræðslustjóra og sérstaka skrifstofu er þetta að finna:

„Ef svo er litið á þá röksemd, sem sett er fram í grg., að Hafnarfjarðarbær vilji halda áfram rekstri þeirrar stjórnunar- og þjónustuaðstöðu, sem bærinn kom upp mörgum árum áður en grunnskólalögin tóku gildi, skal á það bent, að ekkert er því til fyrirstöðu, að bærinn haldi þessari starfsemi áfram, m. a. vegna þess að í grunnskólalögunum eru ákvæði um að sveitarstjórnir og skólanefndir geti ráðið sér skólafulltrúa til að sinna sameiginlegum stjórnunar- og þjónustumálum fyrir viðkomandi skólahverfi."

Af framansögðu er ljóst að ekki þarf að breyta lögunum til þess að Hafnarfjarðarbær geti haldið áfram þeirri starfsemi sem fræðsluskrifstofa Hafnarfjarðar hefur annast frá upphafi til þessa dags. Verksvið skólafulltrúa getur verið það sama og fræðslustjóra Hafnarfjarðar, ef bæjarstjórn óskar þess. Hann getur að vísu ekki annast námsstjórn á sama hátt og hann gerði, þar sem fræðslustjóri umdæmisins annast hana hátt. En á það er að líta að það er einnig í samræmi við óskir bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sbr. tilvitnun í samþykkt bæjarstjórnar, sem ég áðan las.

Það er því ljóst, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar getur framfylgt ályktun sinni frá 5. nóv. 1974 efnislega í öllum aðalatriðum án þess að lagabreytingar komi til. Það er á valdi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að ráða sér skólafulltrúa og fela honum það starf sem fræðslustjóri Hafnarfjarðar annaðist fyrir Hafnarfjarðarbæ, á sama hátt og bæjarstjórn Hafnarfjarðar stofnaði starf fræðslustjóra á sínum tíma. Það er á valdi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að halda áfram þeirri starfsemi sem hún stofnaði til þegar fræðsluskrifstofa Hafnarfjarðar var stofnuð. Hvorki lög um grunnskóla né nýjar reglugerðir taka nein hana völd í skólamálum af bæjarstjórn Hafnarfjarðar sem hún hafði áður. Hitt er svo það, sem lagt er til í frv., að splundra skipulaginu um dreifingu valds að því er varðar framkvæmd grunnskólalaganna.

Það er gert ráð fyrir í frv., að ríkið greiði laun fræðslustjóra og að miklum hluta annan kostnað við þessar fræðsluskrifstofur. E. t. v. er það lausn, þar sem hægt væri að koma til móts við óskir bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði án þess að splundra skipulaginu, að taka upp þá breytingu að ríkissjóður greiddi laun skólafulltrúa og e. t. v. einhvern rekstrarkostnað. Ég held að það væri miklu nær, miklu skynsamlegra, ef ástæða þykir til að gera þarna einhverja breytingu, sem ég hins vegar tel að ekki þurfi nú. Með því móti væri að nokkru leyti komið til móts við óskir Hafnfirðinga í þessu máli, eins og ég sagði, án þess að sundra því kerfi sem verið er að byggja upp, því að þetta er náttúrlega allt svo nýtt að starfsemi fræðsluskrifstofanna er enn í mótun og ekki líkt því komin í það form sem henni er ætlað að vera í.

Ég vil svo að lokum aðeins segja að það er, eins og nú er oft komist að orði, algert lágmark ef á að breyta ákvæðum grunnskólalaganna og það um fræðsluskrifstofur, að tekin séu með ákvæði um það, hvernig fara skuli um kosningar í fræðsluráð ef landshlutasamtök leggjast niður eða riðlast. Það getur komið fyrir og þá er nauðsynlegt að hafa slík ákvæði í lögum. Ég hef ekki talið að það í sjálfu sér skipti miklu máli að drífa þá breytingu af, skipti ekki máli hvort hún er gerð ári fyrr eða síðar, en hún þarf auðsjáanlega að koma. Ef á að fara að breyta ákvæðum grunnskólalaganna um fræðsluskrifstofur finnst mér alveg fráleitt, satt að segja, að gera það án þess að taka þetta til meðferðar. Og færi nú svo móti von minni, að hv. d. samþykkti þetta frv. nú við 2. umr., þá mundi ég vilja áskilja mér rétt til þess að flytja brtt. í þessa stefnu við 3. umr. málsins hér í hv. d. og mundi þá biðja hæstv. forseta að gefa mér tóm til að ganga frá þeim, þannig að þær gætu þá a. m. k. legið fyrir prentaðar eða fjölritaðar á borðum þm., þyrfti ekki að afhenda þær skriflega. Við erum ekki komin það naumt enn þá, að það á ekki að þurfa að hindra endanlega afgreiðslu þessa máls frá þessu þingi.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég stend nú hér upp til að gera grein fyrir skoðunum mínum á þessu máli og um leið til að þakka hæstv. ráðh. fyrir eftirtektarverða ræðu. Hann lýsti yfir andstöðu sinni við þetta frv. og hef ég ekki áður heyrt hann gera það. Hann upplýsti, að leitað hefði verið til sín með framgang þessa máls á sínum tíma, en hann og samstarfsmenn hans í rn. hefðu ekki getað fallist á þá lausn sem hér væri gerð till. um, og þá væri farin sú leið af hálfu hæstv. fjmrh. og skoðanabræðra hans í þessu máli að þröngva þessu máli í gegnum Alþ. í andstöðu við menntmrh. Hæstv. menntmrh. sagði það ekki einu sinni, heldur líklega þrisvar sinnum, að hér væri um einsdæmi að ræða, að einn ráðh. í samsteypustjórn ryddist þannig inn á valdsvið annars ráðh. og þröngvaði fram máli sem undir hann heyrði, þrátt fyrir að viðkom-

andi ráðh. væri þar í andstöðu. Mér þóttu þetta hin mestu tíðindi. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, að málið væri þannig vaxið. Ég verð að segja það eins og er og taka undir með hæstv. ráðh., að í sjálfu sér ber það ekki vott um mikla tillitssemi af hálfu eins ráðh. að fara þannig að gagnvart samstarfsmanni sínum.

Mér fundust líka ábendingar ráðh. um margt skynsamlegar. Ég verð hins vegar að segja eins og er, að mér sýnist ekki að þetta sé neitt stórmál. Ég held að samþykkt frv. muni ekki breyta miklu til eða frá. Ég satt að segja lít svo á, að sum þau mál, sem hafa verið hér til afgreiðslu í d. á seinustu dögum og varða menntamál og ágreiningur hefur orðið um, hafi í raun verið miklu stærri í sniðum en þetta mál. Ég geri miklu meira úr því persónulega, svo að ég nefni dæmi, að frv. um Kvikmyndasjóð, sem kom frá ríkisstj. eftir þriggja ára umþenkingu, skyldi vera látið fara í gegnum Alþ. jafnaftskræmt og það var, en það er hrein sýndaraftgreiðsla í raun og veru, ef málið er skoðað grannt. Það var virkilega stórt mál, en mér sýnist að þetta sé ekki sérlega stórt mál. Mér sýnist að samþykkt þessa frv. muni ekki skapa nein alvarleg fordæmi. Það eru ekki horfur á að fylgt gætu þarna í kjölfarið aðrir staðir en Akureyri og svo hugsanlega Kópavogur. Mér skilst að það sé fyrst og fremst raunhæft í sambandi við Akureyri, en hins vegar afar hæpið að það sé neinn sérstakur vilji fyrir hendi að fá þessu framgengt þar. Ég tel ákaflega ósennilegt að Akureyringar vilji fara að kljúfa sig frá kjördæminu. Þeir fyrir norðan vilja áreiðanlega hafa samstarf sín á milli. Þar af leiðandi er ekki útlit fyrir að þeir muni nota þetta sem fordæmi fyrir sig.

Ég vil bæta því við, að ég, eins og ég hef þegar sagt, hafði aldrei orðið var við andstöðu menntmrh. eða menntmrn. í þessu máli. Hins vegar hafa Reyknesingar sótt fast á að fá þessa skrifstofu. Ég er einn þeirra mörgu sem hafa fallist á að leysa þennan hnút, höggva á þennan hnút og verða við bón þeirra, vegna þess að ég hef út af fyrir sig alls ekki óttast að þetta hefði neinar alvarlegar afleiðingar. Mín afstaða er hins vegar alveg hrein og bein hvað það snertir. Ég kæri mig ekki um að splundra fræðsluskrifstofunum, sem nú hefur verið komið upp víða um land, og mun á engan hátt líta á það, sem hér hefur verið gert fyrir Hafnarfjörð, sem nokkurt fordæmi í þá áttina. Ef ég raunverulega óttaðist að slíkt gæti verið á ferðinni, þá mundi ég alls ekki fylgja þessu frv.

Þetta er sem sagt afstaða mín í grófum dráttum. Ég þakka ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hér áðan og voru nýjar fyrir mig, en satt best að segja fannst mér að ræða hans væri heldur seint á ferðinni og hann hefði mátt halda þessa ræðu fyrr. Ég mun greiða frv. atkv. við 2. umr. í samræmi við afstöðu mína í menntmn., en að sjálfsögðu áskil ég mér fullan rétt til þess að kynna mér þær brtt. sem fram kynnu að koma við 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 87. fundur.

Föstudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 549). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Búnaðarfræðsla, frv. (þskj. 733 (sbr. 367)). — Ein umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Virðulegi forseti. Þær einu breyt., sem voru gerðar á þessu frv. í hv. Ed., voru þær, að af vangá hafði fallið niður, að þeir, sem ættu fulltrúa í búnaðarfræðslunefndinni, skyldu kosta þá. Í öðru lagi gleymdist, að um ráðningu á slíkum starfsmönnum og húsnæði færi eftir lögum nr. 97/1974. Að öðru leyti er frv. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 782).

Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 731 (sbr. 573)). — Ein umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Frv. er endursent frá Ed., þar sem smámistök urðu í prentun á þskj., og er hér einvörðungu um leiðréttingu að ræða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 784).

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 757). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Áfengislög, frv. (þskj. 475). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 789).

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, frv. (þskj. 732 (sbr. 488)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 790).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. (þskj. 512, n. 751). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 12 frá 17. mars 1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Frv. þetta er komið frá Ed. og var samþ. þar samhljóða. Heilbr.- og trn. Nd. hefur rætt þetta frv. og mæla allir nm. einróma með samþykkt þess óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Ónæmisaðgerðir, frv. (þskj. 661 (sbr. 448), n. 748). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur fjallað um frv. þetta sem komið er frá Ed. og var þar afgreitt ágreiningslaust. Fyrir skemmstu beitti heilbr.- og trmrn. sér fyrir því, að gildandi lög um ónæmisaðgerðir, lög nr. 36 frá 1950, væru endurskoðuð, enda eru þau talin að verulegu leyti óraunhæf miðað við ástand þessara mála hjá okkur í dag.

Frv. það, sem hér liggur frammi sem 234. mál, er ávöxtur þessa endurskoðunarstarfs. Með ákvæðum frv. er skipan þessara mála hér á landi komið í líkt horf og nú er í nágrannalöndum okkar. Heilbr.- og trn. Nd. mælir því einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lyfjafræðingar, frv. (þskj. 449, n. 749). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til laga um lyfjafræðinga, 235. mál þessa þings, en það er komið frá Ed.

Hinn 9. mars 1973 skipaði heilbr.- og trmrh. 5 manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lyfsölulög, sem eru frá árinu 1963. Niðurstaða af athugunum þessarar nefndar er sú, að heppilegast er talið að skipta efni lyfsölulaganna í þrjá nýja lagabálka. Í þeim fyrsta verður fjallað sérstaklega um lyfjafræðinga, í öðrum lagabálkinum um lyfjabúðir og í þeim þriðja verður fjallað um sjálf lyfin og framleiðslu þeirra.

Þetta frv., sem ég nú mæli fyrir, fjallar þannig um réttindi og skyldur lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga. Heilbr.- og trn. Nd. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
13.—15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Manneldisráð, frv. (þskj. 662 (sbr. 456), n. 750). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til laga um manneldisráð, sem er 241. mál á þessu þingi. Frv. þetta er undirbúið af nefnd sem heilbr.- og trmrh. skipaði 6. júní s. l. til þess að endurskoða lög um manneldisráð, nr. 16 frá 24. jan. 1945. Helstu nýmæli í frv. frá gildandi lögum eru tvö. Í fyrra lagi er nýmæli um fræðslu á sviði manneldisfræði og í öðru lagi um leiðir til þess að efla samstarf á milli framleiðenda og neytenda matvæla.

Heilbr.- og trn. Nd. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frv. (þskj. 605). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 605 er frv. til laga um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær. Þetta frv. felur í sér að sameinuð eru í einn lagabálk lög sem eru í þremur nú og enn fremur er eftirlit með áburðarframleiðslunni sameinuð þessu. Talið er að af þessu sé hvort tveggja í senn beinn og óbeinn fjárhagslegur hagnaður, þar sem nauðsyn ber til að hafa með þessu eftirlit vegna þess að veilur hafa komið upp í sambandi m. a. við áburð sem ekki er nú undir eftirliti.

Enda þótt seint sé að staðið, enda barst mér þetta mál ekki í hendur fyrr en mjög seint, þá treysti ég því, að hv. d. treysti sér til að afgreiða þetta mál. Það var lagt fyrir hv. Ed. og urðu allir á eitt sáttir þar um afgreiðslu þess. Ég vona að svo verði einnig hér.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 490, n. 696). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. felur í sér að þyngja viðurlög við vanskilum á söluskatti í samræmi við hækkun vaxta. Frv. felur ekki önnur ákvæði í sér. Það hefur verið til athugunar hjá fjh.- og viðskn. og er nál. hennar á þskj. 696. N. mælir með samþykkt frv., en fjarverandi afgreiðslu málsins var Lúðvík Jósepsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Hlutafélög, frv. (þskj. 555 (sbr. 526), n. 690, 691). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. var flutt snemma á þessu þingi og lagt fyrir hv. Ed., þar sem það hefur verið afgreitt.

Fjh.- og viðskn. beggja d. unnu saman að athugun málsins og nutu aðstoðar Gylfa Knudsens deildarstjóra í viðskrn.

Hér er um að ræða yfirgripsmikið mál. Gildandi lög um hlutafélög eru frá árinu 1921 og litlar breytingar hafa verið gerðar á þeim lögum allan þennan tíma, í meira en hálfa öld. Lögin eru því að mörgu leyti orðin úrelt. Löggjöf sem þessi verður að sjálfsögðu að fullnægja þörfum atvinnu- og viðskiptalífsins á hverjum tíma, en á þessum tíma, sem liðinn er síðan lögin voru sett, hefur atvinnu- og viðskiptalíf tekið miklum breytingum og hlutafélögum að sjálfsögðu fjölgað mjög. Þess vegna er orðið tímabært að setja nýja hlutafélagalöggjöf. Á síðustu árum hefur verið sett ný löggjöf um hlutafélög á Norðurlöndum og nú er sem sagt komið hér nýtt frv. um hlutafélög.

Við yfirferð á frv. eftir að það kom frá hv. Ed., þar sem gerðar voru margar breytingar, komu í ljós nokkur atriði sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Þar er einkum um að ræða prentvillur, rangar tilvitnanir og minni háttar breytingar. Vegna þessa flytur fjh.- og viðskn. brtt. á sérstöku þskj., b. e. á þskj. 691. Þessar breyt. eru allar smávægilegar og eins og ég sagði einkum um að ræða ritvillur og rangar tilvitnanir. Ég sé því ekki ástæðu til að fara að telja þær sérstaklega upp. Það er ekki heldur sérstök ástæða til að rekja að öðru leyti breytingarnar sem gerðar voru í hv. Ed. á upphaflega frv. Það fylgir greinargott yfirlit eða umsögn um hverja breyt. með nál. hv. fjh.- og viðskn. Ed. á þskj. 476 og vísa ég til þess.

Ég vil taka sérstaklega fram varðandi 2. mgr. 1. gr. frv., sem segir að hlutafélag merki í lögum þessum félag þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins, að með þessari skilgreiningu er ekki ætlunin að breyta skilgreiningunni eða breyta möguleikum til stofnunar annarra félaga en hlutafélaga með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samlaga eða sölusamtaka. Þetta tek ég fram fyrir hönd n., vegna þess að um þetta hefur verið spurt, en n. þótti ekki ástæða til að breyta orðalagi greinarinnar þess vegna og telur það nægilega skýrt.

Nál. er á þskj 690 og þar kemur fram að n. mælir einróma með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
6.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 691,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
15.—18. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
20.—43. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
45.—46. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 691,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
47. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
48.—60. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,6 samþ. með 21 shlj. atkv.
61. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
62.—66. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
67. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
68.—84. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 691,8 samþ. með 22 shlj. atkv.
85. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
86. —101. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 691,9 samþ. með 22 shlj. atkv.
102. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
103.—104. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 691,10 samþ. með 21 shlj. atkv.
105. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
106.—122. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,11 samþ. með 23 shlj. atkv.
123. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
124.—132. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
133. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,12 samþ. með 21 shlj. atkv.
134. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
135.—146. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,13 samþ. með 23 shlj. atkv.
147. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
148.—157. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 691,14 samþ. með 21 shlj. atkv.
158. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
159.—162. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1976, frv. (þskj. 622). — 1. umr.

Fimrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1976 liggur hér fyrir á þskj. 622 og hefur frv. verið afgreitt frá hv. Ed. Þá hefur verið lagt fyrir þingið frv. til fjáraukalaga vegna sama árs.

Eins og fram kemur í aths. með frv. er það samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1976. Reikningurinn, A-hluti hans, var afhentur yfirskoðunarmönnum til meðferðar og lagður óendurskoðaður fyrir Alþ. í maímánuði 1977 og B-hlutinn í nóv. sama ár. Nú er hann lagður fyrir Alþ. endurskoðaður með aths. og till. yfirskoðunarmanna og svörum ráðh.

Við 1. umr. um fjárlagafrv. fyrir þetta ár gerði ég nokkra grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1976 og ríkisreikningi. Í maímánuði 1977 lagði ég einnig fram skýrslu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1976. Hinn 11. jan. það ár gaf fjmrn. út sérstaka tilkynningu um afkomu ríkissjóðs samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds. Skýrsla mín til Alþ. var síðan nánari grg. um afkomuna. Enda þótt niðurstöðutölur reikningsins séu aðrar en bráðabirgðatölur skýrslunnar m. a. vegna þess að hún var fyrst og fremst byggð á niðurstöðutölum greiðsluhreyfinga, en reikningurinn er gerður upp á rekstrargrunni, eru efnislegar breytingar óverulegar og mun ég því ekki gera nema örstutta grein fyrir ríkisreikningi nú, enda hafa hv. þm. haft hann til athugunar, eins og ég sagði, frá 1977.

Yfirskoðunarmenn gerðu fyrirspurnir í 14 liðum og birtu auk þeirra yfirlit um viðskipti innheimtuembætta við ríkissjóð samkv. bókhaldi ríkisbókhaldsins fyrir árið 1976 með hliðstæðum hætti og áður hefur verið gert. Svör við fyrirspurnum sínum telja yfirskoðunarmenn ýmist fullnægjandi eða rétt að viðkomandi atriði verði til athugunar. Tillögum sínum skiluðu yfirskoðunarmenn í þessum mánuði og leyfi ég mér að vísa í ríkisreikninginn varðandi þær svo og sjálfar fyrirspurnir þeirra og svör við þeim. Tel ég ekki ástæðu til að gera nánari grein fyrir þeim að svo stöddu.

Með frv. til fjáraukalaga fyrir 1976 gerði ég stutta grein fyrir helstu frávikum reiknings og fjárlaga þess árs og tel ekki ástæðu að breyta hv. þm. með því að endurtaka þær tölur sem þar var getið.

Heildarniðurstaða rekstrarreiknings A-hluta ríkisreikningsins fyrir 1976 var að gjöld námu 70 milljörðum 597 milli. 766 þús., en tekjur námu 71 milljarði 393 milli. 851 þús. kr. Afgangurinn á rekstrarreikningi var því 816 milli. 85 þús. kr. Greiðsluafkoma ríkissjóðs á árinu 1976 samkv. breytingum sjóðseignar, innstæðu og skuldaávísana á hlaupareikningi við Seðlabanka Íslands og við innlánsstofnanir ásamt breytingum lánareikninga við Seðlabankann var hins vegar óhagstæð á árinu 1976 um 518 milli. Lausafjárstaðan við aðra en Seðlabankann og innlánsstofnanir batnaði hins vegar um 2 milljarða 739 milli. kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Ég vísa til þess, sem sagt var við framlagningu fjáraukalaga, og leyfi mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Vildi ég mega venjast til, að það tækist að afgreiða ríkisreikninginn áður en þinglausnir fara fram, svo fremi að Alþ. hafi samþykkt þau fjáraukalög sem nú liggja fyrir þinginu fyrir sama ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 734 (sbr. 335)). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið til meðferðar á hv. Alþ. býsna lengi. Núna síðustu þingin hefur það verið flutt í Ed. og hefur legið þar. Nú hefur Ed. afgreitt þetta frv. eins og það var lagt þar fram, með lítils háttar breytingum þó sem enginn getur haft neitt við að athuga.

Við 1. umr. málsins í hv. Ed. gerði ég nokkra grein fyrir efni frv. Sú ræða er þegar komin út í alþingistíðindum og liggur fyrir og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hana hér, en leyfi mér að vísa til hennar og svo þeirra athugasemda sem þessu frv. fylgja.

Í Ed. var nokkuð rætt um og nokkur ágreiningur um skipan þjóðleikhúsráðs. Í frv. er að mestu haldið fyrra formi um þetta atriði, nema hvað áður var kjörið í þetta ráð til óákveðins tíma, en nú er það gert um ákveðið árabil, eins og venja er um slíkar þingkjörnar stjórnir eða stjórnskipaðar nefndir og stjórnir af þessu tagi.

Ég legg nú til fyrir mína parta, að frv. verði afgreitt óbreytt að þessu leyti og raunar í heild. En ég tel hins vegar að mjög komi til greina, t. d. með ákvæði í reglugerð, að gefa starfsfólki Þjóðleikhússins formlega kost á að fylgjast með og vinna að gerð árlegrar verkefnaskrár og fleiri atriðum varðandi skipulag starfa og verkstjórn í Þjóðleikhúsinu. Að sjálfsögðu verður ekki í reglugerð farið út fyrir ákvæði laga að þessu leyti, en ég mun beita mér fyrir því, að þetta verði gert að þessum lögum samþykktum. Mér finnst það mjög eðlileg meðferð máls að þessu leyti. Mér er ljóst að um þetta má að sjálfsögðu deila enda hefur það vissulega verið gert, — það hefur verið mikið rætt um skipan þessa ráðs og auðvitað fleiri slíkra ráða og stjórna.

Ég vil svo aðeins leyfa mér að vekja athygli hv. þdm. á þeirri gífurlega miklu grósku sem verið hefur í starfi þessarar stofnunar síðustu árin. Mér er kunnugt um að gestum í Þjóðleikhúsinu, á sýningum Þjóðleikhússins yfir höfuð, hefur fjölgað mjög mikið. Gestafjöldinn var fyrir örfáum árum eitthvað um 80 þús. á ári, en hefur komist upp í samtals 134 þús. á ári — og hefur komist upp í 117 þús. á stóra sviðinu. Það, sem hefur svo hleypt tölunni enn þá meira upp, er að Þjóðleikhúsið hefur eignast sitt litla svið. Þá hefur verið sýnt í skólum meira en áður, farnar leikferðir um landið og einnig farið út fyrir pollinn eins og kunnugt er. Þetta er ánægjuleg bróun og hvetur til þess fremur en hitt, að þetta lagafrv. verði samþykkt.

En það má segja það í einni setningu, að meginatriði þessa lagafrv. er annars vegar það, að viðurkenndir eru með lögum nokkrir þættir í starfsemi leikhússins, sem teknir hafa verið upp frá því að lög voru sett fyrst og ekki er þar beinlínis gert ráð fyrir, og svo annars vegar að gefa aukið svigrúm til meiri umsvifa, enda

þótt það sé háð fjárveitingum svo sem er um aðra starfsemi á vegum ríkisins.

Ég held að það hljóti að vera hvatning til þess að afgreiða þetta mál nú, hversu til hefur tekist um rekstur Þjóðleikhússins mörg seinni árin. Einnig held ég að allir hljóti að sjá að það er ekki fyrr en að líkum lætur, að sett séu ný lög um Þjóðleikhúsið, þar sem lögum um það hefur lítið verið breytt frá því þau voru sett í upphafi um 1950. Ég vil einnig aðeins víkja að því, nefna það, að Þjóðleikhúsið er hugsað, hannað eða hvað við viljum kalla það fyrir 1930. Það er orðin hálf öld síðan húsið var hugsað og hannað og það má heita með ólíkindum, hversu miklu hefur verið hægt að afkasta í þessu húsi fram á þennan dag, svo gífurlegar breytingar sem orðið hafa á lífsvenjum og byggðinni hér í höfuðstaðnum og landinu yfirleitt.

Það er hins vegar svo, að fyrirsjáanlegt er að húsnæðið eins og það er takmarkar nokkuð aukningu í starfi þessarar stofnunar. Það er t. d. erfitt að koma fyrir meiri tónlistarflutningi, meiri óperuflutningi innan veggja Þjóðleikhússins sjálfs, því það getur ekki orðið með öðru móti en því að ýta þá til hliðar að nokkru öðrum verkefnum og þá jafnvel að ónýttir yrðu starfskraftar úr hópi leikara. Það gefur því auga leið, að þegar við teljum okkur þess umkomna að efla starfsemi á borð við óperu, þá verðum við að snúa okkur að því að finna henni stað utan veggja leikhússins. Það er einnig orðið afar erfitt um geymslur o. fl. í þessu húsi, enda hefur verið hugað að því, að ríkið eignaðist nálægar lóðir sem eru um þessar mundir lausar og þá með gömlum húsum. En þetta er nú önnur saga og kemur ekki þessu máli við að öðru leyti en því, að ég minni á þetta í sambandi við flutning þessa frv., að þarna eru, eins og víðar á menningarsviðinu, stór verkefni framundan, mikið verk að vinna jafnskjótt og við verðum þess umkomin fjárhagslega að færa út kvíarnar að þessu leyti. Sannleikurinn er sá, að við eigum margt ágætra listamanna, t. d. söngvara, sem hafa tiltölulega takmörkuð verkefni og sumir mjög takmörkuð verkefni. E. t. v. er ekki gott við því að gera, því þjóðin er ekki fjölmennari en hún er, en að því verður þó að hyggja.

Ég vil vænta þess, þó þetta frv. komi seint fyrir þessa hv. d., að hv. þdm. sjái möguleika á því að afgreiða það áður en þingi lýkur án þess að ég auðvitað geti gefið um það nokkur fyrirmæli. Legg ég svo til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til menntmn.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Ég vil taka það fram strax í upphafi máls míns, að ég teldi mjög ánægjulegt ef frv. þetta gæti loks orðið að lögum. Við höfum fjallað um það áður á Alþ. og aldrei tekist að afgreiða það endanlega. Ég á sæti í þeirri n., sem fær þetta til meðferðar, og er kunnug frv. frá fyrri tíð. Ég tel að ýmislegt í þessu frv. sé til bóta frá fyrri gerð þess, en tel að það hafi ekki verið gengið nógu langt til móts við óskir starfsmanna leikhússins, sérstaklega varðandi stjórn leikhússins og skipun í Þjóðleikhúsráð.

Í Ed. flutti hv. þm. Ragnar Arnalds brtt. m. a. við 5. gr., sem fjallar um þjóðleikhúsráð, og þessi brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds er í samræmi við brtt. sem ég og aðrir þm. Alþb. höfum áður flutt. Ég tel mjög miður farið að afgreiðsla málsins í Ed. skyldi hafa farið svo, að haldið yrði í algjörlega úrelt fyrirkomulag, þ. e. a. s. að miða skipun í þjóðleikhúsráð við alþingiskosningar og gefa því þann pólitíska svip sem fólk, sem fæst við listir, hefur árum saman barist gegn. Það er í samræmi við tíðarandann og í samræmi við nútímavinnubrögð, að starfsfólk við leikhúsið fái meira að segja um innri málefni þess en það hefur nú.

Ég vil einnig lýsa óánægju minni með afgreiðslu Ed. á brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds við 12. gr. Í frv. er kveðið svo á að Þjóðleikhúsinu sé heimilt, eftir því sem ástæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda til þriggja eða sex mánaða. Hv. þm. Ragnar Arnalds hefur tekið upp fyrri till. Alþb. um að heimildin verði gerð rýmri og að höfundur, leikritahöfundur eða tónskáld, verði ráðinn til eins árs í senn. Hvort tveggja er heimild. Í frv. er þó veikar kveðið að orði, þar sem sagt er: „eftir því sem ástæður leyfa“, en það er auðvitað ákaflega veikt. Ég er að gera þetta að umtalsefni hér vegna þess að mér virðist hv. þm. ekki gera sér alveg fyllilega ljóst, að hér getur það ráðið úrslitum fyrir leikhúsið, fyrir leikritahöfund og þá jafnframt fyrir áhorfendur, hvort þessi heimild nær til lengri tíma en aðeins sex mánaða. Ef heimildin nær til árs, þá er von til þess, að sá tími nægi höfundi til þess að skrifa verkið og fylgjast með uppfærslu. Hvort tveggja er nauðsynlegt. Þetta er ekki hægt að slíta í sundur. Þarna er því aðeins gefinn hálfur biti.

Ef menn vilja halda þeirri grósku í leikritun og leiksýningum sem nú er, þá held ég að hv. þm. verði að gera sér það ljóst, að hálfur biti getur verið verri en enginn, ef þetta frv. verður að lögum, sem ég vona.

Ég mun taka upp brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds í menntmn. Nd. og vona að bæði nm. og hv. þm. athugi vandlega hvað hér er um að ræða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 27, n. 632 og 655). — 2. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hv. þm. Jónas Árnason hefur flutt frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun, þar sem hann gerir ráð fyrir breytingu á 20. gr. þeirra laga

Menntmn. hefur athugað þetta mál og fengið til viðtals Arnþór Garðarsson. Hann hefur veitt n. haldgóðar upplýsingar um þessi mál og þ. á m. upplýst n. um það, að nú liggi fyrir tillögur endurskoðunarnefndar hjá menntmrn., þar sem gerðar eru till. um breyt. á þessum lögum.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum þótti meiri hl. n. rétt að bíða með einstakar breyt.

á lögunum og leggur því til að þessu máli sé vísað til ríkisstj.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir mælir með því, að frv. sé samþ., og skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég mæli með því, að frv. þetta verði samþ. Efni þessa frv. er í samræmi við Alþjóðasamþykkt um verndun fugla, sem Íslendingar gerðust aðilar að fyrir meira en 20 árum. Frv. gengur út á það að banna marghlaðnar eða sjálfhlaðnar byssur. Í rauninni er það svo, að allir eru sammála um að þetta verði gert og svo mun kveðið á um í drögum að frv. því sem hefur nýlega verið lagt inn í menntmrn., eins og hv. frsm. meiri hl. gat um. Efnislega virðist því enginn ágreiningur vera. Ágreiningurinn virðist vera um það, hvort hlífa eigi mönnunum sem eiga byssurnar, eða hvort það eigi að hlífa rjúpunni.

Í drögum þeim að frv., sem liggja nú í rn., er gert ráð fyrir 10 ára aðlögunartíma og því borið við, að þessi skotvopn séu mjög dýr. Nú er það svo einnig, að við vitum ekkert hvort þetta frv. verður samþ. eða þá hvenær. Þessi 10 ár, sem eru í þeim frv.-drögum, geta því orðið að 15 ef ekki 20.

Mér er tjáð af kunnugum, þeim sem þekkja byssur, — ég viðurkenni fúslega að ég veit ekkert um byssur, — að það sé hægt með mjög litlum tilkostnaði að breyta marghlöðnum eða sjálfhlöðnum byssum til samræmis við það sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Skoðun mín er sú, að það sé þeim mönnum, sem eiga þessar byssur, *engin vorkunn að gangast undir alþjóðasamþykkt* sem Íslendingar gerðust aðilar að fyrir meira en tveimur áratugum, þegar þar að auki er viðurkennt að slíkt sé nauðsynlegt til fuglaverndunar. — Ég legg því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Till. á þskj. 632 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 106, n. 633). — 2. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þetta frv. er lagt fram af hv. þm. Jónasi Árnasyni og felur í sér breyt. á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Hann leggur til að e-liður 2. málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

„Frá 15. nóv. til 22. jan.: rjúpa.“

Efnislega gengur frv. út á það að breyta veiðitíma á rjúpu, og samkv. grg. á það að stuðla að því, að ekki sé veitt eins mikið af rjúpu og nú er og þessi fugl verndaður að því leyti.

Menntmn. hefur borist umsögn frá líffræðistofnun Háskólans, sem undirrituð er af Arnþóri Garðarssyni. Ég held að sé rétt að ég lesi hana til upplýsingar fyrir þingheim:

„Í þessu frv. leggur Jónas Árnason til að veiðitíma rjúpu verði seinkað um einn mánuð og megi þá veiða rjúpu frá 15. nóv. til 22. jan. í stað 15. okt. til 22. des.“

Áður en lengra er haldið sé ég mig tilneyddan til að *mótmæla eindregið* orðalagi grg., er fylgir téðu frv. Þar er vísað til fyrri meðferðar þessa frv. og *umfjöllunar menntmn. sem lagði* til að frv. yrði vísað til ríkisstj. með hliðsjón af sérfræðilegri umsögn Finns Guðmundssonar. Þetta verður að teljast eftir atvikum eðlileg afgreiðsla. Hins vegar er það í hæsta máta óviðeigandi og beinlínis ruddalegt þegar Jónas Árnason afgreiðir umsögn Finns Guðmundssonar með persónulegum skætingi í grg.

„Frv. sjálft gengur því miður í þveröfuga átt við yfirlýstan tilgang þess. Það miðar frekar í þá átt að auka áhrif veiða, sem eru þó lítil á rjúpnastofninn, og dregur auk þess úr hagkvæmri nýtingu hans. Þessu til nánari skýringar eru eftirfarandi atriði:

1. Íslenski rjúpnastofninn er mjög sveiflóttur. Á síðustu 100 árum hefur hann venjulega sveiflast með um 10 ára tíðni. Tvær undantekningar eru þó þekktar. 1900—1920 var stofninn stöðugt nærri hámarki, og kringum 1970 varð ekki verulegt lágmark og síðan hefur vöxtur verið mjög hægur.

2. Hliðstæðar sveiflur eru þekktar í rjúpnastofnum og skyldum tegundum hæsnfugla af orraætt um öll norðlæg lönd. Þessar stofnsveiflur hafa verið mjög rannsakaðar án þess að nokkur endanleg skýring hafi enn hlotið almenna viðurkenningu sérfræðinga. Hins vegar er alveg víst að veiðar hafa hér engin áhrif.

3. Meðalaldur rjúpna er lágur, viðkoman er hröð og árleg afföll, sérstaklega ungfugla, mjög mikil. Ungar eru ⅔ af veiðinni þegar stofninn er í jafnvægi eða fækkun, en um ⅘ þegar stofninn er í hraðri fjölgun. Afföll unga eru hröðust *fyrst á hausti, en síðan dregur úr þeim. Eftir* því sem líður á veturinn verða hins vegar meiri líkur á því hver fugl lifi til vors. Til þess að nýta stofninn sem best er því heppilegast að byrja veiðar um leið og ungar hafa náð fullum vexti í september. Ef líkur þættu á að veiðar hefðu veruleg áhrif ætti á hinn bóginn að ljúka veiðitíma tiltölulega snemma vetrar.

4. Rjúpnastofninn, jafnvel þótt hann sé í minna lagi eins og nú, er samt langstærstur þeirra fuglastofna sem leyft er að veiða, ef frá eru taldir sjófuglar. Seinkun rjúpnaveiðitíma getur haft í för með sér aukna sókn í ýmsa stofna andfugla sem allir eru miklu minni en rjúpnastofninn. Reyndar er æskilegt að veiðitími rjúpna og andfugla hefjist á sama tíma að haustinu.“ — Undir þetta ritar Arnþór Garðarsson.

Ég taldi ástæðu til að lesa þessa umsögn, þar sem þetta frv. er flutt nú í annað sinn. N. hefur með hliðsjón af þessum upplýsingum svo og af því, sem áður hefur komið fram, að þessi lög eru til endurskoðunar, mælt með því, að frv. verði vísað til ríkisstj.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það mun vera 92. mál, sem hér er til umr., en flm. þess er Jónas Árnason. Hann hefur fjarvistarleyfi nú og er ekki mættur. Mér þykir því eðlilegt að fara fram á það, að þessari umr. verði frestað nú, enda sé ég ekki neina þörf á því að ljúka henni á þessum fundi. Mér þykir eðlilegt að flm. fái tækifæri til að vera hér við afgreiðslu málsins við 2. umr. Ég fer því fram á að málið verði tekið af dagskrá og 2. umr. ekki lokið á þessum fundi.

Umr. frestað.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 399, n. 634). — 2. umr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Hér er enn um að ræða breyt. á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Mál þetta er flutt af hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, Jónasi Árnasyni og Gunnlaugi Finnssyni.

Ég tel ástæðulaust að vera að tíunda hvað í þessu frv. felst, en vil aðeins vísa til þeirra raka og forsendna, sem ég hef haft uppi varðandi tvö síðustu mál, og upplýsa að eftir atvikum og með hliðsjón af því leggur n. til að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég hef skrifað undir álit menntmn. Nd. sem mælir með því að þessu máli verði vísað til ríkisstj. Það kann að þykja undarleg lítilþægni af 1. flm. að standa að slíku áliti, en ég tel að yfirveguðu máli að málið sé betur komið þannig í höndum ríkisstj. en að láta það sofna í n. eða hugsanlega verða fellt í hv. þd.

Þetta frv. er borið fram í góðum tilgangi og vegna þess að flm. töldu fulla þörf á, vegna hagsmuna ákveðins hóps bænda í Breiðafjarðareyjum sem báru sig illa undan tjóni af völdum arnar. Hitt er svo annað mál, að þetta mál var hér í umr. afflutt. Það virtist fara nokkuð fyrir hjartað á einstaka þm. Það varð tilefni til þess, að ágætur félagsskapur hér í bæ, Fuglaverndarfélag Íslands, skrifaði flm. og að ég hygg fleiri þm. bréf, sem var raunar bæði ódagsett og nafnlaust þannig að það var varla marktækt, en í þessu bréfi fólst bæði ranghermi og ósæmilegar ásakanir og dylgjur í garð varpbænda við Breiðafjörð. Ég vil vegna beirra, sem fengu þetta bréf í hendur, og ég held að það hafi verið allmargir þm., upplýsa það, að ég skrifaði Fuglaverndarfélagi Íslands til baka allharðort bréf, í fullri vinsemd þó, og síðan fékk ég mjög kurteist og elskulegt bréf frá fuglavini miklum hér í bæ sem stendur að Fuglaverndarfélagi Íslands, en var þó ekki höfundur bréfsins, og vorum við flm. beðnir afsökunar á þessu bréfi sem áður hafði verið skrifað nafnlaust og ódagsett. Það kom fram, sem ég hygg að sé tilfellið með fleiri, að þeir höfðu algjörlega misskilið tilgang og innihald frv. Þeir töldu að með þessu væri verið að gera atlögu til útrýmingar erni, sem var auðvitað á fullkomnum misskilningi byggt.

Ég hef, eftir að umr. urðu hér í hv. d., kynnt mér málið nokkru nánar, og ég hef m. a. komist að því, sem er í alla staði gleðilegt, að erninum hefur stórfjölgað hér á landi undanfarin ár, þótt stundum sé bið gagnstæða látið í veðri vaka. Þannig hef ég samkv. arnarskýrslum, sem fuglaverndarmenn hér góðfúslega lánuðu mér, komist að raun um að árið 1939 voru taldir 53 ernir á Íslandi, en árið 1977 eru þeir 100. Þetta eru vissulega ánægjulegar upplýsingar, er stinga nokkuð í stúf við ramakvein þeirra manna sem telja að síðasti örninn sé í dauðateygjunum einhvers staðar vestur við Breiðafjörð eða annars staðar þar sem hann helst heldur sig.

Ég vil einnig upplýsa, af því að mér fannst gæta í umr. þeirrar skoðunar að þetta mál væri ekki á rökum byggt og væri jafnvel dálítið móðursýkiskennt, að einmitt í skýrslum um örninn koma fram staðreyndir sem ég sem 1. flm. vísaði til í grg., m. a. það, að fæða arnar er eftir athugunum að dæma aðallega æðarfugl, ásamt með hrognkelsum og öðrum fuglum að vísu líka, eins og fýl og svartfugli, og það kemur fram, að á einni viku fundust árið 1960 16 dauðir æðarfuglar við eitt arnarhreiður. Fólk, sem á við alvarlegan ágang arnar að búa, fer því með rétt mál og það er aldeilis út í bláinn að bregða því um ýkjur og öfga og ofsóknarlöngun gegn erninum. Þetta er á fullum rökum reist.

Nú veit ég að það er alveg rétt, sem fuglafræðingar segja, að það er alls ekki alltaf að nærvera arnar í varplandi þýði eyðileggingu á varpinu. Það er alls ekki alltaf. Við vitum ekki hverju það veldur, að stundum, en stundum ekki verður þetta mikið tjón af erninum. Það er athugunarefni. Það er vitnað í að örn hafi orpið í varpi og lítið tjón hafi orðið af á varpinu. Þetta er rétt. En það koma upp þau tilvik að örn getur lagt æðarvarp í rúst, og ég veit dæmi um það, að vísu ekki frá Breiðafirði, heldur frá Ísafjarðardjúpi. Þar eru 3—4 varpeyjar og í einni þeirra, Borgarey, inni við Vatnsfjörð, lagðist örn á varpið sumar eftir sumar og dántekja hrundi úr allverulegu magni, frá allt að því 100 pundum af dún niður í nánast ekki neitt. Varpið hefur ekki náð sér síðan. Þetta vil ég aðeins benda á til þess að fólk skilji, að hér er um mál að ræða sem er ekkert hégómamál.

Ég sætti mig við þessa málsmeðferð, að málinu verði vísað til ríkisstj., í von um að þessi umr. hafi þó vakið skilning á vandamálum bænda sem þarna eiga í hlut. Ég held raunar, af því að fuglaverndarmenn og alþm. eru ósveigjanlegir á því að slaka í nokkru til á friðunarákvæðum um örninn og ég er því persónulega hlynnt líka, að þá væri einna helst til ráða að gera fljótvirkari aðferð bænda til þess að fá einhverjar skaðabætur þegar í einstaka tilvikum, sem þetta mál miðast við, verður stórfellt sannanlegt tjón í æðarvarpi af völdum arnarins. Ætti ég eftir að eiga hér lengri vist á Alþ., þá mundi ég reyna að huga að þessu máli í því formi síðar. En eins og ég gat um í framsögu á sínum tíma hefur það tekið varpbónda 15 ár að fá með hæstaréttardómi bætur fyrir tjón sem æðarvarp varð fyrir af völdum arnarins. Þarna þyrfti að gera einhverjar ráðstafanir í lögum til þess að gera þessa skaðabótaheimtu auðveldari en hún er nú.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég fór nokkrum orðum um þetta frv., þegar það var hér til 1. umr., og þarf litlu við að bæta. Þetta er eitthvað alómerkilegasta frv. sem flutt hefur verið þau 7 ár sem ég hef átt sæti á hinu háa Alþ., og beinlínis hættulegt fyrir utan ómerkilegheitin. Það er nú ekki hátt risið á hinu háa Alþ., ef menn ætla að fara að afgreiða einstök kvörtunarbréf, sem berast með póstinum, með lagafrv. hér á hinu háa Alþingi.

Frú Sigurlaug, hv. þm., virtist hafa leitað sér nýrra viðhótarupplýsinga um örninn og það tjón sem hann kann að valda á æðarvarpi, en ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — úr því sem hv. frsm. n. las ekki upp þá umsögn sem hér hefur borist um þetta frv., að gera svo, en

það er umsögn frá Arnþóri Garðarssyni til menntmn. Nd. Alþ. um þetta frv. til l., flutt af hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, Jóhannesi Árnasyni og Gunnlaugi Finnssyni. Hann segir svo:

„Frv. fjallar um aðgerðir til varnar æðarvarpi gegn ágangi arnar einkum með tilliti til Breiðafjarðareyja. Arnarstofninn er í mikilli hættu um svo til allt útbreiðslusvæði hans, sem nær frá Vestur-Grænlandi til Austur-Síbiríu. Ísland er eina landið á þessu svæði þar sem arnarstofninn sýnir merki þess að vera í hægfara vexti, en íslenski stofninn er þó enn í hættu. Helstu ástæður fyrir því, að íslenski arnarstofninn virðist byrjaður að rétta við, eru sennilega:

1. Eitrun með strykníni hefur verið bönnuð um allt land og engin notkun eiturefna til þess að drepa vargfugl hefur verið leyfð um vestanvert landið, þ. e. innan núverandi varpútbreiðslusvæðis arnar.

2. Tekist hefur að draga úr truflunum af völdum umferðar við arnarhreiður, en eggin og sérstaklega litlir ungar eru afar viðkvæmir fyrir kælingu. Í þessu sambandi hefur starf fuglaverndunarfélags Íslands verið sérstaklega þýðingarmikið. Félagið hefur m. a. tekið varpsvæði arna á leigu og þannig komið í veg fyrir umferð."

Rétt er að geta þess, að flestöll arnarhreiður, sem vitað er um hérlendis, eru innan um varplönd æðarfugls. Kvartanir um beint tjón á æðarvarpi af völdum arna heyra þó til undantekninga, en bréf og bréf slæðist í hendur hv. þm. Vestf.

„Má geta þess, að dúntekja á því svæði, sem um ræðir í grg. með frv. þessu, virðist ekki hafa minnkað þrátt fyrir örninn. Með þessu frv. virðist stefnt að því að opna möguleika til þess að trufla erni við hreiður, þrátt fyrir ákvæði 27. gr. laga nr. 33/1966 og reglugerð samkv. þeirri grein. Verður að telja líklegt í fyrsta lagi, að slíkar aðgerðir geti reynst arnarstofninum hættulegar, og í öðru lagi, að þær auki fremur en dragi úr hugsanlegu tjóni af völdum arnar."

Um fyrri hluta frv. má segja að hann sé meinlaus í sjálfu sér. Starf Fuglaverndunarfélags Íslands hefur m. a. beinst að því að kanna þetta atriði og finna viðunandi lausn í hverju tilviki, þó þannig að viðkoma arnarins sé tryggð. Reynslan hefur sýnt, að þetta starf hefur borið árangur, og leyfi ég mér að efast um gildi þess, að hið opinbera taki þetta hlutverk að sér.

Loks er rétt að benda á, að telji einstakir varpbændur eða aðrir hagsmunaaðilar að þeir verði fyrir tekjumissi af völdum arna er sú leið opin fyrir þá að leita eftir rétti sínum fyrir dómstólum.

Að öllu þessu athuguðu vil ég eindregið mælast til þess, að hv. Alþ. felli þetta frv., sem er stefnt gegn viðgangi íslenska arnarstofnsins."

Þetta er umsögn fengin að beiðni hv. menntmn. og hefði verið nærtækast a. m. k. að byrja á að vitna til þeirrar umsagnar, en ekki einhverra óræðinna upplýsinga, sem aðrir einstakir nm. hafa heyjað sér, þó ég sé út af fyrir sig ekki að lasta þær. Ég benti við 1. umr. málsins á þá sérkennilegu staðreynd, að æðarvarp og dúntekja hefur mjög minnkað þá áratugi sem við borð hefur legið að erninum yrði útrýmt. Þannig eru ekki orsakatengsl í milli, augljóslega ekki, enda kemur það skýrt fram í þessu bréfi, þar sem beinlínis er rætt um Breiðafjarðareyjar, þar sem allt þetta mál á að sjálfsögðu við, að undantekningum einum eða tveimur arnarhjónum sem annars staðar verpa, að þar hefur verið rannsakað, eftir að Fuglaverndunarfélagið hefur haft með því umsjón um árabil, að tilvist arnar þar hefur ekki valdið minnkun æðarvarps. Og ég leyfi mér að leggja trúnað á það sem vísindamenn okkar í þessum fræðum segja.

Ég tek undir það með hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur og ég skal verða henni samferða í því að beita mér fyrir því, að hændur, sem telja sig eiga rétt og talið er að eigi rétt á bótum vegna ágangs arnar, eigi greiðari leið til þess eftir en áður, enda hef ég síðan þetta óbermi var flutt hér í frumvarpsformi velt því fyrir mér, með hvaða hætti væri hægt að ganga til móts við þá sem með einhverjum hætti telja sig verða fyrir áföllum af tilvist arnar, jafnvel þótt vægar sannanir séu fyrir hendi. Og raunar gæti ég vel hugsað mér að launa þá varphændur sérstaklega, sem eru þannig í sveit settir, að örn verpir í nálægð, — launa þá sérstaklega til vonar og vara, ef svo skyldi vera, að þeir yrðu fyrir búsifjum af hálfu þessa konungs fuglanna og mesta djásns sem í fánu Íslands finnst.

Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, að þessu máli verði vísað til ríkisstj. Ég sé ekki neinar forsendur fyrir slíkri tillögugerð, enda ekki gerð tilraun til neinnar röksemdafærslu, hvers vegna eigi að vísa þessu til ríkisstj. Ég skil þá málsmeðferð með þeim hætti, að það geti verið eins konar meðmæli með því, að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál, eins og það er úr garði gert, til einhverrar athugunar og þá til þess væntanlega að gera um það till. síðar, með hvaða hætti það í sjálfu sér yrði framkvæmt. Undir það tek ég með engu móti. Fyrir því er það, að ég legg til að frv. á þskj. 399 verði felld.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil bara benda á það og undirstrika það einu sinni enn, að þessi undantekningartilvik, sem málið og frv. miðast við, eru dýrar undantekningar, og ég verð nú að segja að mér finnst málflutningur allur af hendi þessa ágæta vinar míns, hv. 3. þm. Austurl., Sverris Hermannssonar, bera vitni um undarlega fáfræði og skilningsleysi, sem ég tel að sé honum vart samboðið. Að sjálfsögðu er það svo ákvörðun hv. þd., hvort þdm. vilja fella þetta frv. eða hvort þeir geta fallist á þá ofurvenjulegu meðferð, sem í flestum tilfellum býðir hægan og þægilegan dauðdaga, að vísa því til ríkisstj. án þess að til komi að það verði felld.

ATKVGR.

Till. á þskj. 634 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 20:1 atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 600, n. 763, 765 og 787, 760, 764, 766). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til laga um tekju- og eignar-

skatt. N. hefur rætt þetta frv. nú að undanförnu á allmörgum fundum sínum og það voru í fyrstu sameiginlegir fundir með fjh.- og viðskn. Ed. Þessa fundi n. hafa einnig setið þeir Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjmrn., Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi, svo og hafa komið á fund n. Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri og dr. Þorkell Helgason dósent. Þessir menn hafa veitt nefndunum margháttaðar upplýsingar varðandi frv. og útskýrt það, komið með reiknuð dæmi sem sýna breytta skattbyrði og önnur áhrif frv.

Þetta frv. er að stofni til og efnisskipan byggt á því frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt sem lagt var fyrir síðasta þing, en varð þá eigi útrætt. Mörg efnisatriði þessa frv. eru óbreytt frá hinu fyrra. Eins og kunnugt er, var á síðasta þingi lögð mikil vinna í fjh.- og viðskn. þingsins í athugun þess frv. sem þá var til umr. N. héldu þá fjölmarga fundi um málið og áttu viðræður við fulltrúa flestra þeirra aðila og samtaka sem sendu umsagnir, en umsagnir bárust frá yfir 20 aðilum þá. Sú athugun, sem nú hefur farið fram á þessu frv., er þess vegna beint framhald þeirrar vinnu, sem innt var af hendi á síðasta þingi.

Formenn fjh.- og viðskn. beggja þd. fóru á s. l. sumri ásamt sérfræðingum yfir allar umsagnirnar, sem bárust um fyrra frv., og þessir aðilar gerðu till. til fjmrh. um breyt. með hliðsjón af ýmsum atriðum, sem komið höfðu fram í umsögnum og á fundum fjh.- og viðskn., og einnig lögðu þeir þar til, að frv. yrði endursamið með tilliti til þess, að staðgreiðslukerfi skatta yrði komið á. Síðan hefur verið unnið að þessu máli í fjmrn. og frv. endursamið á grundvelli þessara aths. og tillagna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að rekja frv. nú, það gerði hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir því á sínum tíma, en mér þykir rétt vegna hinnar miklu umr., sem fram fór á s. l. ári um fyrra frv., að gera sérstaka grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa frá fyrra frv.

Það er þá í fyrsta lagi um skattlagningu einstaklinga, en þar er lögð til gerbreyting á reglunum um skattlagningu hjóna. Í stað helmingaskiptareglu fyrra frv. er lögð til takmörkuð sérsköttun hjóna. Hvort hjóna um sig telur fram og er skattlagt af launatekjum sínum og atvinnurekstrartekjum. Eignartekjur beggja eru skattlagðar með tekjum þess hjóna er hærri hefur launatekjurnar. Hvort hjóna um sig hefur sama skattstiga og persónuafslátt og einstaklingar. Sá hluti persónuafsláttar, sem öðru hjóna nýtist ekki, færist yfir til hins hjóna. Barnabætur skiptast til helminga á milli hjónanna. Til eignarskatts eru eignir hjónanna lagðar saman og helmingur heildareignanna síðan skattlagður hjá hvoru um sig eftir sama eignarskattsstiga og gildir um einstaklinga.

Þá er lagt til að launatekjur barna verði sérskattaðar hjá þeim með lágu föstu skatthlutfalli, 5% af tekjum, en börn njóta ekki persónuafsláttar. Í fyrra frv. var gert ráð fyrir algjörri samsköttun foreldra og barna. Þá er horfið frá afsláttarkerfi fyrra frv., en tekið upp frádráttarkerfi svipað ákvæðum gildandi laga. Frádráttarliðum er þó fækkað nokkuð og gjaldendum gefið val um að nota fastan frádrátt sem ákveðið hlutfall af launatekjum í stað þess að tíunda og njóta frádráttar vegna lífeyrisiðgjalda, stéttarfélagsiðgjalda, vaxtagjald og sérstakra gjafa til menningarmála. Er talið að um 75% af framteljendum — einstaklingum — muni notfæra sér þessa heimild í frv.

Ýmsum öðrum atriðum er breytt, svo sem reglum um söluhagnað ófyrnanlegra fjármuna og reglum um söluhagnað íbúðarhúsnæðis, reglum um frádráttarbærni meðlaga, reglum um skattlagningu utanríkisþjónustumanna, tekjuuppgjör af útleigðu húsnæði o. s. frv.

Um skattlagningu atvinnurekstrarins vil ég taka þetta fram. Reglum um fyrningar og söluhagnað er gjörbreytt. Í stað ákvæða fyrra frv. um fyrningu lausafjár af bókfærðu verði og fyrningu fasteigna að upphaflegu kostnaðarverði eru ákvæði um að fyrning skuli reiknuð af endurmetnu stofnverði fyrnanlegra eigna. Stofnverðið er framreiknað með verðbreytingastuðli sem miðast við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar milli ára, og árleg fyrning er reiknuð af hinu framreiknaða stofnverði. Fengnar fyrningar eru endurmetnar á sama hátt, þannig að fengin fyrning hvers árs er margfölduð með verðbreytingastuðli fyrningarársins. Fyrningahlutföll eru lækkuð frá því sem nú er. Kveðið er á um 10% niðurlagsverð mannvirkja og lausafjár. Í ákvæði til bráðabirgða eru sérstakar reglur um endurmat á stofnverði þeirra eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir gildistöku laganna, og um endurmat á fengnum fyrningum þeirra vegna. Söluhagnaður allra eigna annarra en íbúðarhúsnæðis innan vissra stærðarmarka í eigu manna er samkv. frv. skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Hins vegar er ákvæðum um útreikning hans breytt frá fyrra frv. að því er lausafé varðar. Þannig er upphaflegt kaup- eða kostnaðarverð endurmetið miðað við byggingarvísitölu og söluhagnaðurinn telst munur söluverðs og þannig endurmetins stofnverðs, að teknu tilliti til endurmetinna fyrninga, ef um er að ræða sölu á fyrnanlegum eignum. Þá er heimiluð útgáfa jöfnunarhlutabréfa miðað við raunverulegt verðmæti hreinnar eignar hlutafélags í árslok 1978, en útgáfa jöfnunarhlutabréfa vegna eignabreytinga eftir það er bundin almennum verðhækkunum. Ákvæðum um frádráttarbærni þeirra fjárhæða, sem samvinnufélög greiða félagsmönnum sínum eða færa þeim til séreignar í stofnsjóð, er breytt frá fyrra frv. Eru þau nú líkari ákvæðum gildandi laga um þetta efni. Vaxtatekjur félaga af innstæðum í innlendum bönkum eru gerðar skattfrjálsar að vissum skilyrðum fullnægðum, en voru ávallt skattskyldar samkv. fyrra frv. Þá er heimiluð 5% niðurfærsla útistandandi viðskiptaskulda og er þar um nýmæli að ræða. Skilgreiningu á hugtakinu vörubirgðir er breytt, þannig að heimild til 30% niðurfærslu nær til fleiri hluta en samkv. fyrra frv.

Ýmis önnur atriði hafa sætt breytingum. T. d. er skilgreiningu á rekstrarkostnaðarhugtökum breytt frá fyrra frv., þannig að orðið „nauðsynlegir“ er fellt út, dráttarvextir af opinberum

gjöldum verða frádráttarbærir, ákvæði er til að forðast tvísköttun við úthlutun arðs milli félaga og fleira mætti telja.

Um framkvæmdakaflann er það að segja, að innheimtukaflinn er tekinn út vegna staðgreiðslukerfisins og er hann að finna í frv. um staðgreiðslu skatta. Ákvæði um heimild til að leita fyrirframúrskurðar ríkisskattanefndar er fellt niður. Frumálagning á grundvelli hálfendurskoðaðra framtala nær samkv. frv. til allra einstaklinga, en náði samkv. fyrra frv. einungis til þeirra sem ekki stunduðu atvinnurekstur. Beiting álaga vegna vanrækslu á að skila framtali eða telja fram allar eignir og tekjur er ekki lengur skilyrðislaus skylda skattstjóra. Ýmis önnur atriði hafa tekið breytingum.

Í frv. eru óbreytt ákvæði um skyldu þess er vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, að telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila, sbr. 7. gr., 1. tölul., 2. mgr. Í 59. gr. frv. eru ákvæði um hvernig með skuli fara ef ætla má að viðkomandi telji sér lægri tekjur af starfinu en launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið hjá óskyldum aðila sem launþegi Þau ákvæði eru einnig óbreytt frá fyrra frv., en bætt hefur verið við ákvæðum sem varða viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til þessarar tekjuákvörðunar. Um þessi ákvæði hafa orðið nokkuð skiptar skoðanir. Því hefur verið haldið fram, að með framangreindum heimildum verði skattyfirvöldum gefnar of frjálsar hendur með álagningu skatta á hina ýmsu aðila sem stunda alls konar smáatvinnurekstur. Meiri hl. n. telur ekki ástæðu til að óttast ranglæti af hálfu skattyfirvalda á þessu sviði eða órétmæta skattlagningu láglaunafólks í smáavinnurekstri. Lýsir meiri hl. n. þeim skilningi sínum á 59. gr., að með henni sé lögð skilyrðislaus skylda á herðar skattyfirvalda að taka tillit til þeirra atriða sem upp eru talin í greininni og áhrif hafa á launaupphæðina sem skattþegn ákveður sér sjálfur. Einnig er bent í þessu sambandi á þá reynslu sem þegar er fyrir hendi um hliðstæðar viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra að því er varðar grundvöll að ákvörðun launaskatts þessara aðila svo og lækkun vergra tekna til skatts til takmörkunar á nýtingu persónuafsláttar til greiðslu útsvars. Ríkisskattstjóri hefur lýst því yfir, að viðmiðunarreglur verði hliðstæðar vegna þessara launaákvarðana þótt grunnurinn kunni að verða endurskoðaður. Með þessari breytingu er stigið skref í þá átt að skattleggja allan atvinnurekstur með hliðstæðum hætti án tillits til þess, hvort hann er rekinn í félagsformi eða af einstaklingum. Meiri hl. n. telur að veigamestu áhrif breytinganna verði þau, að tap af atvinnurekstri í eigu einstaklinga verði ekki frádráttarbært frá öðrum tekjum eigendanna, svo sem launatekjum.

Ákvæði 44. og 45. gr. frv. gera ráð fyrir því, að stofnverð eigna sé árlega endurmetið til fyrninga. Ekki hefur þótt rétt að heimila fulla fyrningu af endurmetnu stofnverði í þeim tilvikum sem fyrnanlegar eignir eru fjármagnaðar að einhverju eða öllu leyti með lánsfé, en frv. gerir ráð fyrir því, að fjármagnskostnaður, þar með taldar verðbætur og gengistap af lánum, sé gjaldfært óháð fyrningum. Ótakmarkaðar endurmatsfyrningar samhliða gjaldfærslu alls fjármagnskostnaðar mundi í reynd auka mismuninn milli þess atvinnurekstrar, sem fjármagnar fyrnanlegar eignir með eigin fé, og hins, sem fjármagnar þær með lánsfé. Í þessum greinum eru sett fram skerðingarákvæði til að draga úr þessari mismunun. Í þeim tilvikum, sem skuldir skattaðila í heild fara fram úr eignum hans að undanskildum fyrnanlegum eignum og eignarhlutum í félögum, er gert ráð fyrir því, að fyrnanlegar eignir séu að hluta til fjármagnaðar með lánsfé. Skerðing á fyrningum er síðan reiknuð út frá þessum mismun eigna og skulda. Reiknað er árlega tillag í sérstakan reikning, mótreikning fyrninga, sem er ákveðið hlutfall af þeirri fjárhæð sem skuldir eru umfram þessar tilteknu eignir. Hlutfallið miðast við sama verðstuðul og endurmat eigna, og er mótreikningurinn eða eftirstöðvar hans síðan framreiknaðar árlega með verðbreytingastuðli. Í lok hvers árs er síðan reiknuð fyrning á mótreikningum sem er tekjufærð á móti almennum fyrningum.

Meiri hl. n. telur að frekari athugun þurfi að fara fram á áhrifum þessara ákvæða. Hér er um algjört nýmæli að ræða sem ekki hefur fengist reynsla af hér á landi eða meðal nágrannaþjóðanna þótt margir hafi ihugað sams konar vandamál. Er því nauðsynlegt að kanna áhrif þessara greina frekar á hinar ýmsu greinar atvinnurekstrar, en til þess gefst nægur tími áður en lögin koma til fullra framkvæmda.

Eins og fram hefur komið miðast frv. þetta við að staðgreiðsla skatta verði lögfest og þess vegna er flutt frv. um það efni samhliða þessu. Ljóst er að staðgreiðslufrv. verður ekki afgreitt á þessu þingi, til þess er ekki nægur tími, enda er málið viðamikið og nýtt í augum þm., þrátt fyrir áratuga umr. í þjóðfélaginu um upptöku staðgreiðslukerfis. Fjh.- og viðskn. mun því ekki gefa út álit um það mál nú, en leggur áherslu á að frv. verði kynnt þeim sem best þekkja til innheimtu opinberra gjalda, þ. e. a. s. innheimtumönnum ríkissjóðs og innheimtum sveitarfélaga. Jafnframt verði óskað umsagnar þessara aðila um málið, þótt sveitarfélögin hafi oft tjáð sig meðmælt því, að staðgreiðsla yrði upp tekin. Þá mundi við það miðað, að frv. um staðgreiðslu yrði lagt fram þegar í upphafi næsta þings og stefnt að afgreiðslu þess fyrir áramót.

Það hafa komið fram efasemdir um það, hvort raunhæft sé að ætla að staðgreiðsla komist á 1. jan. 1979 eins og gert er ráð fyrir í þessum frv., en þótt sú skipulagsbreyt. komist ekki á fyrr en ári síðar, eða 1. jan. 1980, þá breytir það engu um gildistöku og önnur ákvæði þessa frv. um tekju- og eignarskatt. Í báðum tilvikum taka lögin samkv. þessu frv. gildi 1. jan. 1979, en álagning 1979 vegna tekna 1978 færi þá eftir núgildandi lögum.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að þetta frv. verði samþ., en flytur allmargar brtt. sem eru á þskj. 764, og mun ég nú gera nokkra grein fyrir þeim brtt.

Í fyrsta lagi eru hér brtt. við 13. og 14. gr. frv., en samkv. ákvæðum þeirra greina í frv. er með vissum skilyrðum heimilt að fresta skattlagningu söluhagnaðar um 2 ár frá söluári. Sá söluhagnaður sem frestað er að tekjufæra samkv. þessari heimild skal samkv. frv. hækka samkv. verðbreytingarstuðli frá söluári til tekjufærsluárs. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt innan tveggja ára skal söluhagnaðurinn teljast til skattskyldra tekna þannig upphækkaður að viðbættum 20% álagi. Meiri hl. n. telur óeðlilegt að vextir af þannig verðtryggðri frestun á tekjufærslu sé mun hærri en almennt gerist um vexti af verðtryggðum lánum, og þess vegna er lagt til að álagið lækki í 10%. Þetta á við bæði um 13. og 14. gr. frv.

Þriðja brtt. er við 16. gr. frv., en þar eru lögð til breytt stærðarmörk til viðmiðunar. Það er álit meiri hl. n., að þau stærðarmörk íbúðarhúsnæðis, sem hljóta skulu sérmeðferð umfram það sem eðlilegt getur talist um einkaeign til eigin nota skattþegns, séu of há. Þess vegna leggur n. til að þau séu lækkuð þannig að sérreglur 16. gr. gildi einungis um íbúðarhúsnæði undir 600 rúmmetrum í eigu einhleypings og 1200 rúmmetra í eigu hjóna. En þrátt fyrir þessa lækkun stærðarmarka má telja að sala íbúðarhúsnæðis í eigu einstaklinga muni almennt falla undir þessa sérreglu 16. gr.

Fjórða brtt. er við 18. gr.: Í stað „65“ í 2. mgr. komi: 55%, en þessi breyting kemur til vegna breyttra reglna í 72. gr. um skatthlutfall lögaðila og þarfnast ekki nánari skýringa.

Fimmta brtt. er svo við 27. gr. frv., en þar er breytt frá frv., þar sem segir í 27. gr.: „Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og helmingur söluandvirðis hennar eða meira er greiddur með skuldarviðurkenningum til 5 ára.“ Þessu er breytt þannig: „Nú selur skattaðili eign með skattskyldum söluhagnaði og hluti söluandvirðis hennar er greiddur með skuldarviðurkenningum til 3 ára“ o. s. frv. Með þessari brtt. er lagt til að almennt verði tekið tillit til hlutfalla miili lána og útborgana við sölu á eignum. Það er alkunna, að söluverð eigna ræðst almennt af hlutfalli útborgunar og lána í heildarfjárhæð söluverðs. Þess vegna verður að telja eðlilegt að tillit sé tekið til þessa atriðis með heimild til frestunar á skattlagningu þess hluta söluhagnaðar sem samsvarar hlutdeild skuldaviðurkenningar í heildarsöluverði eignarinnar. Hliðstæð regla þessari hefur hefur verið í norskum skattalögum um alllangt skeið, og má ætla að vegna sérreglna 16. gr. um sérmeðferð söluhagnaðar íbúðarhúsnæðis þurfi almennt ekki að koma til beitingar þess ákvæðis um söluhagnað af íbúðarhúsnæði því sem almenningur á og notar til eigin þarfa.

Sjötta brtt. er svo við 30. gr., en hún gerir ráð fyrir að við d-lið gr. bætist nýr tölul., sem verði 3. tölul. og orðist svo: „Iðgjald af lífsábyrgð sem maður hefur keypt sér. Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en 40 þús. kr.“

Þrátt fyrir þá stefnu frv. að fækka frádráttarliðum, þá telur meiri hl. n. ekki æskilegt að draga úr vilja almennings til kaupa á líftryggingum til tryggingar á fjárhagslegri afkomu sinni eða fjölskyldu sinnar, og þess vegna er lagt til að frádráttarhæmi líftryggingariðgjalda verði áfram í lögum, en hámarkið hins vegar lækkað nokkuð.

7. brtt. er svo við 31. gr., 2. tölul., 1. mgr., en með þeirri breytingu eru tekin af tvímæli um að skattaðilum sé í sjálfsvald sett hvort þeir draga aðstöðugjöld eða landsútsvör frá tekjum þess rekstrarárs, þegar stofn gjaldanna myndaðist, eða tekjum næsta rekstrarárs á eftir. Greinina má skilja svo að skattaðili hafi þarna ekki val.

8. brtt. er við 38. gr. frv. sem fjallar um fyrningarhlutföll, og þar er lögð til sú breyting á 1. tölul. 38. gr. að hækka fyrningarhlutfall skipa og skipsbúnaðar úr 8% í 10% og á 3. tölul. að hækka fyrningarhlutfall véla og tækja til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiða og fleiri tækja úr 15% í 18%. Um þetta má segja, að með tilliti til hinnar öru tækniþróunar, jafnt í fiskveiðum sem iðnaði, telur meiri hl. n. að rétt sé að hækka þetta fyrningarhlutfall skipa og véla þannig að það sé í betra samræmi við raunverulegan endingartíma þessara eigna. Við leggjum áherslu á að endingartími eigna sem þessara ræðst ekki einungis af sliti þeirra, heldur hefur úrelding vegna tækninýjunga einnig veruleg áhrif á þann tíma sem nýting þeirra er hagkvæm.

Þá kem ég að 9. brtt., sem er við 44. gr. frv., um takmörkun á fyrningum vegna skulda. Meginefni 44. gr. er haldið, en 1. mgr. er nokkuð breytt með þessari brtt. Færsla í mótreikning fyrninga fer ekki aðeins fram þegar heimildir til fyrninga eru notaðar, heldur skal færslan gerð þegar skattaðili getur notið fyrninga. Þessi breyting er gerð til að koma í veg fyrir frestun á myndun mótreiknings meðan skuldastaða er óhagstæð með því að fresta því að nota fyrningarheimildir. Þá eru eignarhlutar í félögum lagðir að jöfnu við fyrnanlegar eignir, þegar mótreikningur er myndaður. Síðustu mgr. greinarinnar er breytt, en meiri hl. n. telur eðlilegt að tillag í mótreikning fyrninga miðist við stöðu eigna og skulda í byrjun reikningsárs, en ekki í lok þess, en það er í samræmi við reglur 36. gr. um endurmat eigna.

10. brtt. er svo við 45. gr. Efnisbreyting felst í breytingu á hlutfalli því sem færa skal árlega af mótreikningi fyrninga, en það er hækkað úr 10% í 15%. Þessi neikvæða fyrning, ef svo má að orði komast, er reiknuð á bókfærðu verði mótreiknings, þ. e. nettóverði, en fyrningar eigna eru reiknaðar af framreiknuðu kostnaðarverði. Verður því að telja eðlilegt að hundraðshluti árlegrar færslu á mótreikningi sé nokkru hærri, svo að komist verði hjá óeðlilegri uppsöfnun mótreikningsins.

11. till. er við 56. gr. sem fjallar um sameiningu félaga. Þessi brtt., 11. till., felur ekki í sér efnisbreytingu, en 57. gr. frv. er gerð að 2. mgr. 56. gr. og nýrri gr. er bætt inn í sem verður 57. gr., og það er 17. brtt., en hún fjallar um sameignarfélög. Meiri hl. n. telur eðlilegt að sambærilegar heimildir séu opnaðar fyrir sameignarfélög til sameiningar eða breytingar yfir í hlutafélög og frv. leggur til að gildi um sam-

vinnufélög og hlutafélög, að það séu sambærilegar heimildir fyrir sameignarfélögin. Á undanförnum árum hefur það orðið æ algengara, að sameignarfélög, sem vaxið hafa upp úr því félagsformi, hafi lent í vandræðum þegar breyta hefur átt formi félagsins í hlutafélag. Brtt. gerir ráð fyrir því, að sameignarfélög geti sameinast, breyst í hlutafélög eða sameinast hlutafélögum án þess að slík breyting hafi í för með sér skattskyldu fyrir eignaraðila eða félagið sem slíkt. Heimild til slíkrar breytingar er því skilyrði bundin, að ekki verði um útborgun fjár að ræða úr félaginu og að hlutabréf eða eignarhlutdeild í hinu nýja félagi komi að fullu í stað eignarhluta í félagi því sem slitið er.

Þá er 13. brtt. við 69. gr. Við leggjum til að áður en barnabætur komi til útborgunar verði frá þeim dregnar skuldir skattaðila við sveitarsjóði vegna útsvars eða aðstöðugjalds fyrri ára. Verður ekki séð hvaða rök liggja til að fara öðruvísi með gjöld til sveitarsjóðs að þessu leyti en gjöld til ríkissjóðs, og því er till. flutt.

14. till. er svo við 72. gr., en hún fjallar um það, að tekjuskattur lögaðila verði 45% í stað 48% samkv. frv. Vegna fyrirhugaðs staðgreiðslukerfis verður hundraðshluti skattsins að lækka vegna fyrirsjáanlegrar tekjubreytingar milli ára, ef skattbyrðin á ekki að þyngjast verulega. Með þessari breytingu verður svipað hlutfall milli hluta jaðarskatts einstaklinga og félagaskattsins í frv. og er í gildandi lögum.

15. till. er svo við 74. gr., 4. tölul., en þar eru tekin af tvímæli um að aðilum sé heimilt að draga allt að 30% frá vörubirgðum, en ekki skylt að nota þann hundraðshluta að fullu. Þetta er síðasti málsl. í 4. tölul. í frv.: „Þó skal heimilt að draga 30% ...“ en breytingin er: Þó skal heimilt að draga allt að 30% ...

16. brtt. er við 91. gr. Við teljum nægilegt að stjórnir félaga undirriti ársreikninga þá sem fylgja skattframtölum, en ekki sé þörf á þeirri skyldu, að stjórnir félaga undirriti framtalið sjálft. Framtalsskyldan hvílir engu að síður á stjórnum félaganna þó að þær þurfi ekki að undirrita framtalið.

17. till. er svo við 94. gr., en þar er lagt til, að síðasta mgr. falli niður. Meiri hl. n. telur þessa mgr. óþarfa. Hún fjallar um skyldu lögreglu til að veita ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar skattamáls. Við teljum þessa grein óþarfa, en að sjálfsögðu ber lögreglu að veita eðlilega og nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar skattamála.

18. brtt. er svo við 116. gr., en þar kemur viðbót sem leiðir af 6. brtt. sem ég hef hér gert grein fyrir og fjallar um að iðgjöld af líftryggingu verði frádráttarbær eins og þau eru í gildandi lögum. Það leiðir af þeirri breytingu að þessi till. kemur fram.

19. og síðasta brtt. er svo við ákvæði til bráðabirgða, 4. ákvæðið. Þar við bætist ný mgr. sem verði 9. mgr. Þessi breyting er nauðsynleg til að taka af tvímæli um það, hvaða verðbreytingarstuðul skuli nota á árinu 1979 við útreikning á tillagi í mótreikning fyrninga, en þetta er ekki nein efnisbreyting.

Hæstv. forseti. Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt., sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur, og gert frekari grein fyrir málinu. Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín fleiri. Ég ræði ekki á þessu stigi um þær brtt. sem þegar hafa komið fram, enda hefur ekki verið mælt fyrir þeim. En meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum sem ég hef hér gert grein fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Það hefur áður komið fram í umr. um þetta mál, að það þætti nokkuð seint á ferðinni hér og að hæpið væri að það gæti fengið þá afgreiðslu sem í rauninni er þörf á um jafnveigamikið mál eins og hér er um að ræða, enda hefur það nú komið í ljós að mínum dómi, að afgreiðsla málsins í þeirri n., sem hefur haft með það að gera, hefur ekki orðið á þann hátt sem ég tel að hefði verið nauðsynlegt. Það hefur að vísu verið í það vitnað, að frv. um sama efni hafi legið fyrir hv. Alþ. fyrir rétt rúmu ári og það hafi hlotið hér allrækilega meðferð og ekki í rauninni aðeins innan þings, heldur einnig utan þings, og það er rétt. Um það mál urðu miklar umr., og eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., þá bárust í það skipti til n. umsagnir frá hvorki meira né minna en 20 aðilum og höfðu flestir býsna margt við það frv. að athuga. Nú hins vegar bregður svo við, að það liggja ekki fyrir neinar umsagnir, Enginn af þessum 20 aðilum hefur nú getað gefið sig fram, engar umsagnir liggja fyrir og þarf í rauninni engan að undra það, því að menn hafa hreinlega ekki haft tíma til þess að vinna í þessu flókna máli og gera sér grein fyrir því og koma þannig á framfæri aths.

Nú er því ekki þannig varið, að hér sé um að ræða sama frv. og menn voru búnir að gera aths. við fyrir ári. Hér er á ferðinni allt annað frv. Það er í grundvallaratriðum breytt frá fyrra frv. Hér koma inn að mínum dómi veigamestu breytingarnar á gildandi skattalögum sem er að finna í þessu frv. og eru í rauninni nýjar og voru ekki ræddar nema þá að mjög litlu leyti í sambandi við fyrra frv. Ég tel því að það hafi ekki verið unnið að afgreiðslu þessa máls á æskilegan hátt, og ég er satt að segja afar hræddur um að það eigi eftir að fara með þetta frv. eða þessi lög, þegar þetta verður að lögum, ekki ósvipað og gerst hefur stundum áður hjá okkur, að lög verða sett, þau taka ekki gildi strax, því að þessum lögum er ekki ætlað að taka gildi strax, og þykir þá þurfa að taka málið upp aftur og breyta því og jafnvel fer svo, að lög, sem hafa verið sett varðandi skattamál, komi aldrei til framkvæmda. Þetta eru auðvitað ekki æskileg vinnubrögð. Slíkt hefur gerst hjá okkur áður.

Ég verð að játa að eftir að hafa tekið þátt í umr. í n. um málið og átt þar kost á að ræða þetta mál eða einstök atriði þess við þá sérfræðinga sem sömdu frv., þá eru mjög veigamikil atriði þess enn þá óljós fyrir mér, og ég verð að leggja á það áherslu, að svör sérfræðinganna um hin þýðingarmestu atriði frv. voru þannig, að það væri ekki hægt að svara því, hvað út úr

slíkum breytingum kæmi, og vík ég kannske nokkru nánar að því síðar.

Hér er um að ræða endurskoðun á okkar tekju- og eignarskattslöggjöf, og hér er um að ræða breytingar sem eru í ýmsum atriðum grundvallarbreytingar á löggjöfinni. Það er ekki aðeins að verið sé að breyta nokkuð eða fylla upp í fyrri ákvæði og gera þau skýrari og halda sig þar við þær grundvallarreglur sem þar giltu, heldur er hér verið að fara inn á nýja braut. Það er verið að taka upp alveg nýjan skattaháttí ýmsum greinum og af þeim ástæðum hefði auðvitað þurft að fjalla um þetta mál á lengri tíma, þurft hefði að gefast rýmri tími. En mér sýnist að það sé ákveðið af hæstv. ríkisstj. að koma frv. fram, gera það að lögum, þó að það sé út af fyrir sig ekki aðkallandi nauðsyn, því að það er eitt meginatriðið í frv., að ekki er gert ráð fyrir að lögin taki gildi fyrr en 1. jan. 1979 og þó þannig, að þau eigi í rauninni ekki að koma til framkvæmda sem skattlagningargrundvöllur fyrr en með árinu 1980. Því tel ég að það hafi verið með öllu óþarfi, eins og málin liggja nú fyrir, að rasa að þessari lagasetningu og það hefði að skaðlausu mátt bíða.

Það er í rauninni aðeins í einu tilviki sem það hefði getað haft praktíska þýðingu að gera þetta frv. að lögum nú á þessu þingi. Það er ef menn gerðu ráð fyrir að framkvæmd á staðgreiðslu skatta tæki gildi um næstu áramót. En nú er augljóst að ríkisstj. ætlar sér ekki að leiða í lög frv. sem lagt hefur verið fram um staðgreiðslu skatta, það á að bíða, enda sjá allir að það frv. er lítið unnið, og það þarf að ræða við marga aðila, eins og t. d. sveitarstjórnarmenn sem koma inn í þá skattheimtu. Það verður þá að takast að gera það að lögum og ná samkomulagi við alla aðila, sem þar eiga hlut að máli, á tímabilinu frá næsta hausti, væntanlega frá októbermánuði, og fram að jólum, á þeim stutta tíma sem fjárlagaafgreiðsla stendur hér yfir. Ég held að það verði að teljast sáralitlar líkur til þess, að lög um staðgreiðslu skatta verði sett á næsta hausti, það vinnist tími til þess, þannig að þau ættu að geta komið til framkvæmda strax í ársbyrjun 1979. Af þessum ástæðum sýnist mér, að það hefði verið full ástæða til þess að láta þetta frv. liggja og fá ekki afgreiðslu nú á þessu þingi, láta það fá eðlilegri skoðun og betri undirbúning og síðan hefði það þá verið gert að lögum á næsta hausti eða næsta vetri. Sá háttur, sem hæstv. ríkisstj. vill hafa á þessum málum, leiðir til þess, að hér verða að mínum dómi sett lög sem hafa ekki fengið æskilega athugun.

En ég skal svo víkja nokkru nánar að þeim breytingum sem ég tel vera mikilvægastar og segja í sjálfu sér mest og flest í þessu frv. Ég hef gert grein fyrir því í því nál. sem ég skila um frv. og er að finna á þskj. 765, að ég tel að það séu fimm atriði sem megi telja stærst og þýðingarmest í breytingum á gildandi skattalögum og felast í þessu frv. Það eru auðvitað margar aðrar minni háttar breytingar að finna í frv. frá gildandi skattalögum, en það eru fyrst og fremst fimm atriði sem að mínum dómi gnæfa hér upp úr.

Í fyrsta lagi er í þessu frv. að finna ákvæði um skattlagningu á söluhagnaði eigna. Hér er um nýtt skattlagningarform að ræða, gjörbreytingu á því sem áður hefur hér gilt. Nú vil ég strax lýsa því yfir, að ég er ekki alfarið á móti því að taka upp skattlagningu á þeim hagnaði sem fram kemur í sambandi við sölu á eignum. Ég tel að skattlagningin á slíkum hagnaði komi fyllilega til greina og geti verið réttmætur. En ég geri mér grein fyrir því, að þar er mjög misjafnlega ástatt, og ég hélt satt að segja að þegar Alþ. ákveður að leiða í lög ákvæði um þetta nýja skattsvið, þá vildu menn gjarnan vita hvað í þessum reglum felst, hvernig þetta kemur út í reyndinni og þá til breytinga frá því sem verið hefur. En við vitum, að meginreglurnar í skattalögum okkar hafa verið þær, að sala á eignum hefur ekki verið talin gefa af sér tekjur til skattlagningar hafi eignin verið í eigu viðkomandi aðila einhvern tiltekinn tíma. Þetta hefur verið meginatriði sem löggjöf okkar hefur byggst á. Nú á hins vegar að taka upp reglu sem segir fortakslaust: Allur söluhagnaður, sem fram kemur við sölu á eignum, telst til tekna á því ári sem salan fer fram. Það skal vera meginregla. Og þó eru sett í kringum þetta mjög flókin atriði. En segja má þó, eftir því sem ég sé þarna helst og hef gert mér grein fyrir í sambandi við þessi mál, að meginreglan sé sú, að eign er fyrst tekin á því stofnverði sem hún hefur verið á, kostnaðarverði hennar eða upphaflegu verði eignarinnar. Síðan skal framreikna þetta stofnverð til nýs verðlags með verðlagsvísitölu eða byggingarvísitölu frá upphaflega verðtímanum og til þess tíma að eignin er seld. Hún skal hækka eftir verðstuðli. Það sama skal einnig gera í sambandi við fyrningar sem átt hafa sér stað á eigninni, sé um fyrnanlega eign að ræða, að fyrningarnar skulu einnig færðar upp eftir verðstuðli. Sá mismunur, sem síðan kemur fram á söluverði eignarinnar og þeim mismun, sem er á milli þessa tvenns, stofnverðs og afskriftaverðs, telst söluhagnaður, nema í þeim tilfellum þar sem viðbótarákvæði koma inn sem geta breytt þessu, eins og getur komið til í vissum tilvikum.

Þegar um það er spurt, hvort þeir, sem samið hafa þetta frv., hafi gert sér grein fyrir því eða skattayfirvöld hafi gert sér grein fyrir því, hvað telja megi líklegan skatt sem gæti fallið til samkv. þessum reglum, þá er svarið einfaldlega það, að þeir, sem samið hafa frv., og skattayfirvöld landsins segja: Við treystum okkur ekki til að segja neitt til um það. Hér er því verið að setja upp dæmi sem menn vita í rauninni alls ekki hvað kemur út úr. Mér þykir þó alveg einsýnt að í þessum dæmum kemur það út, að í ýmsum tilfellum geti hér orðið um mjög verulega skattlagningu að ræða. Að vísu er það svo, að það eru nokkrir möguleikar fyrir aðila til þess að fresta þessari skattgreiðslu. Ég nefni aðeins sem dæmi til skýringar í þessum efnum, að ef við hugsum okkur að aðili, sem á skip og selur skipið eftir nokkurra ára eigu og þá kemur fram samkvæmt þessari meginreglu, sem ég hef verið að tala um, verulegur hagnaður, gæti verið jafnvel nokkur hundruð millj. kr., eins og

eru mörg dæmi til um í sambandi við sölu á skipum, þá á þessi aðili kost á því að draga þennan mismun, sem fram kemur og telst þarna vera söluhagnaður, frá nýju stofnverði ef hann kaupir annað skip, en þá lækkar um leið fyrningargrunnur hinnar nýju eignar og aðilinn fær þá ekki að fyrna þá eign af réttu stofnverði. Í rauninni má segja að í þessu tilfelli fái þessi aðili aðeins tækifæri til þess með þessum hætti að fresta skattgreiðslu af þessum söluhagnaði, því að það er augljóst mál, að auk þess sem þetta mundi draga úr fyrningarmöguleikum hans, þá kemur þarna fram enn aukinn gróði í því tilfelli þegar þessi eign yrði seld.

Ég hef nefnt þetta sem dæmi aðeins til þess að vekja athygli á því, að samkv. þessum kafla, samkv. þessu meginatriði, sem er að finna í þessu nýja skattafrv., er verið að fara inn á nýtt skattasvið sem alls ekki liggur skýrt fyrir hvernig muni koma út í framkvæmd í mörgum tilvikum, því að undir þetta falla allar eignarsölur, ekki aðeins á skipum og mannvirkjum, heldur á hvers konar eignum sem ganga til sölu, hversu lengi sem aðili er búinn að eiga eignina, að söluhagnaður samkv. þessum reglum er skattskyldur, t. d. í því tilviki að skattaðili hefur átt vél eða tæki, er búinn að eiga þessa vél eða tæki í 5 eða 6 ár, þá ber að færa verð þessarar vélar eða tækis upp sem nemur hækkun byggingarvísitölu á þessum 5 eða 6 árum, og einnig verður reiknaður út söluhagnaður samkv. því af þessari seldu eign. Ég segi það, að ég get vel fallist á að það geti verið réttmætt í mörgum tilvikum að taka upp þessa skattlagningu. Ég þykist þekkja dæmi þess, að aðilar geti farið með myndarlegan hagnað út úr eignasölu sem ég get ekki séð annað en þeir mættu gjarnan borga skatt af eins og öðru. En það, sem ég vil vekja athygli á í þessum efnum, er það, að það liggur engan veginn ljóst fyrir hér, ekki fyrir þeim sem hafa unnið í n, ekki a. m. k. fyrir mér, og hef ég reynt að leggja mig í framkróka um það að átta mig á þessum reglum, — það liggur ekki ljóst fyrir mér, hvernig þetta kæmi út í reynd í ýmsum breytilegum tilvikum, nema mér er þó ljóst að hér hlýtur að verða um að ræða allverulega skattlagningu í ýmsum tilfellum, og eins og ég segi: skattayfirvöld og sérfræðingar þeir, sem standa að frv., treysta sér ekki til að gera neina áætlun um það, hvað þessi nýja skattlagning mundi gefa á ári. Það hefur verið það svar sem ég hef fengið. En ég mun ekki fyrir mitt leyti greiða heldur atkv. gegn þessu. En vegna þess að mér þykir málið ekki upplýst nægilega vel, þá treysti ég mér ekki heldur til þess að greiða atkv. með þessu ákvæði frv. fremur en ýmsum öðrum sem ég tel ekki nægilega upplýst.

Þá vík ég að öðru atriði sem þetta frv. fjallar um og þar sem komið er inn á grundvallarbreytingu frá því sem hefur verið í gildandi lögum, og það eru nýjar fyrningarreglur. Samkv. frv. á að gerbylta þeim reglum sem í gildi hafa verið varðandi fyrningar eigna. Við vitum að það hafa staðið alllengi og allverulegar deilur um það, hvort þær fyrningarreglur, sem í gildi hafa verið, væru sanngjarnar eða ekki. Þegar á heildina er litið, þá tel ég að þær reglur, sem í gildi hafa verið, hafi yfirleitt verið mjög rúmar og veitt aðilum drjúgan rétt til undanskots á skattgreiðslu vegna þess að fyrningarnar hafa verið tiltölulega háar. Þó er mér ljóst, að þessar fyrningarreglur hafa komið mjög misjafnlega út. Sennilega er hægt að nefna ýmis atriði þar sem leyfðar fyrningar geta ekki talist of háar, en í öðrum tilvikum er, held ég, auðvelt að sýna fram á það, að heimilaðar fyrningar hafa verið hærri en þörf hefur verið á. En við þessar meginreglur varðandi fyrningar höfum við búið í langan tíma í okkar skattalögum. Þar hefur aðeins verið um að ræða að breyta fyrningarupphæðinni eða prósentunni nokkuð frá tíma til tíma. En nú er lagt til í þessu frv. að taka upp algerlega nýja reglu og gerbreyta fyrningarprósentum. Nú er gert ráð fyrir því, að fyrning verði jafnan miðuð við uppfærsluverð á eignum þegar búið er að framreikna verð á eigninni til nútímaverðs, þ. e. a. s. að hækka gamla stofnverðið sem nemur byggingarvísitöluhækkun frá því að eignin varð til, og síðan skuli beita þeim fyrningarreglum sem rætt er um í þessu frv. Mér sýnist líka augljóst að þessar fyrningarreglur séu svo gerbreyttar frá því sem verið hefur, að afar erfitt verði að segja um það, hvort í frv. felist auknar fyrningar, þegar litið er á atvinnurekstrinn sem heild, eða minnkandi fyrningar. Við þessu hafa ekki heldur fengist nein svör. Sérfræðingarnir, sem unnið hafa að þessu frv., og skattayfirvöld svara því þannig, að þau treysti sér ekki til að svara þessu, hér sé um slíka grundvallarbreytingu að ræða, að það sé ekki hægt að segja til um það, hvort hér kynni að vera um aukna fyrningarmöguleika að ræða hjá einstökum aðilum eða um minni hjá öðrum. Mér þykir þó alveg sýnt að sumir aðilar munu fá möguleika til þess að fyrna eignir sínar eitthvað meira en verið hefur, en aðrir líka mun minna. Það sýnist mér alveg augljóst.

Þær fyrningarreglur, sem settar eru upp í þessu frv., verða að teljast afar flóknar, og ég held að þeir, sem búið hafa þær til, viðurkenni sjálfir að þær séu svo flóknar að það þurfi býsna lærða og leikna menn til þess að fylgjast með því, að fyrningar fari fram með réttum hætti samkv. þessum nýju reglum. En hér er ekki aðeins um það að ræða, að fyrningin eigi að reiknast af nýju framreiknuðu verði, heldur á einnig að taka tillit til þess, hvort lán hvíli á eigninni, og hefur það þá sín áhrif á fyrninguna. Til þess að gera þetta aðeins ljósara, ef ég gæti gert það, þá vel ég það atriði sem ég þekki best og hef þó fengið hvað skástar upplýsingar um, þá vil ég tilnefna reglur um fyrningar á fiskiskipi.

Við vitum að fiskiskip hafa lengi haft rétt til þess í okkar skattalögum að njóta mikilla fyrningarafskrifta eins og öll skip. Fyrningarafskriftir hafa þar verið um og yfir 20%, þegar allir fyrningarmöguleikar eru notaðir. Það er auðvitað enginn vafi á því, að þessar háu fyrningarafskriftir af skipum hafa verið ákveðin skattafríðindi til þeirra sem þarna áttu hlut að máli, og um það mátti að sjálfsögðu deila, hvort ætti að leyfa svona háar fyrningarafskriftir til þessara aðila, hvort þær ætti að lækka eða ekki. En það hefði einnig mátt deila um það í ýmsum

öðrum greinum varðandi annan rekstur eða aðrar eignir, hvort fyrningarreglur þar væru ekki óþarflega rúmar.

En við skulum virða aðeins fyrir okkur hvernig þetta mundi koma út, t. d. með fyrningar af fiskiskipi. Þar gildir þessi regla, að stofnverðið, upphaflegt kaupverð, er lagt til grundvallar. Síðan á að framreikna verð skipsins eftir aldri og hækka það í verði samkv. byggingarvísitölu, ekki neinni byggingarvísitölu skipa, heldur byggingarvísitölu okkar í sambandi við mannvirki. Þá vísitölu á að nota í sambandi við uppfærslu á verði skipsins. Og síðan verður beitt afskriftum samkv. frv. á eignina þannig uppfærða, þó með ákveðnum aths. eða frádrætti sem þarna kemur inn samkv. viðbótarákvæðum í frv. En þá er þessi afskrift t. d. af skipi ekki lengur 20% eða yfir 20%, eins og hún er nú, þá er hún færð samkv. tillögum meiri hl. n. í 10%, — er í frv. sjálfu 8%, en er nú lagt til að fara með fyrninguna af þessu uppfærða verði í 10%. En svo getur komið til ákveðin lækkun á þessari fyrningu samkv. ákvæðum í frv., samkv. 44. gr. frv. Þar er kafli sem heitir: Takmörkun á fyrningum vegna skulda. Og þar eru settar upp mjög flóknar reglur, sem leiða þó greinilega til lækkunar á fyrningum frá þessari grunnfyrningu sem hér er rætt um, þ. e. 10% af uppfærðu stofnverði. Og raunverulega er það svo, að sá mótreikningur fyrninga, sem rætt er um í 44. gr., fer í sífellu vaxandi í verðlagsþróun eins og þeirri sem við höfum búið við, og það kemur að því tiltölulega fljótlega í flestum tilfellum, að sá mótreikningur verður eins hár eða hærri en fyrningunni nemur, og þá á að taka þann mismun og færa hann upp sem tekjur hjá viðkomandi aðilum.

Ég tel að það sé enginn vafi á því, að þessar nýju reglur varðandi fyrningarrétt mundu koma þannig út hjá mjög mörgum og ég hygg öllum þeim sem hafa með skiparekstur að gera, að hér væri um minnkandi fyrningar að ræða frá því sem verið hefur og það svo að verulegu skipti, og þó sérstaklega mundi þetta verða í vissum tilvikum eftir því hvernig stendur á hjá viðkomandi aðila. Ég tel fyrir mitt leyti að það sé ekki heldur viðunandi að taka upp breytingu eins og þessa, jafnvel þó að það kunni að vera í henni viss sanngirni, að taka upp svona breytta reglu, án þess að það liggi miklu skýrar fyrir en nú liggur fyrir, hvað þessi breyting þýðir í reyndinni. Ég tel t. d. fyrir mitt leyti mjög mikilvægt, þegar er verið að ræða um skattamálin í heild, að vita um það, hvort líklegt megi telja að þær nýju fyrningarreglur, sem á að taka upp, þýði að það cigi að hækka fyrningarnar almennt séð eða hvort stefnt er að lækkun þeirra. Ég tel að það hefði þurft að stefna að því að lækka fyrningarnar þegar á heildina er litið, en kannske nokkuð breytilega á milli aðila, en mér býður í grun að þessar reglur mundu þýða frekar hækkun á fyrningum hjá fjöldamörgum aðilum, en þær mundu sennilega þýða allverulega fyrningarskerðingu t. d. hjá fiskiskipum. Ég held að það sé enginn vafi á því.

Ég vil segja svipað um þetta atriði, um hinar nýju fyrningarreglur, eins og varðandi skattlagningu á söluhagnaði á eignum. Ég treysti mér ekki til þess að standa gegn því, að þessar nýju reglur séu teknar upp. Ég hef ekki aðstöðu til þess að dæma þær, þannig að ég vilji segja að ég sé andvígur þeirri meginstefnu sem í reglunni felst. En ég treysti mér ekki heldur til að samþykkja þessar nýju reglur með þeim upplýsingum sem fyrir liggja. Ég tel að þetta þurfi að liggja fyrir í dæmum miklu skýrar en fyrir liggur. Ég er hræddur um það, að þegar þessar reglur kæmu út í lífið og yrði farið að framkvæma fyrningar samkv. þessum nýju lögum, þá rækju ýmsir aðilar sig á miklar breytingar sem þeir hefðu ekki gert sér grein fyrir. Af því er afstaða mín til þessa meginatriðis í frv. sú sama og ég greindi áðan í sambandi við skattlagningu á söluhagnaði. Þessar nýju fyrningarreglur eru svo flóknar að þær verða að teljast mjög óaðgengilegar, og satt að segja verður fyrirkvíðanlegt fyrir menn að eiga í því að þurfa að halda bókhald í framtíðinni yfir slíkar fyrningarreglur. Ég hygg að þeir, sem þurfa að nota þessar reglur í framtíðinni, þurfi flestir að ráða til sín sérfræðing í þessum lögum til þess að ráða við þessar nýju fyrningarreglur, ef þeir eiga að komast út úr því með skaplegum hætti. Af þessum ástæðum tek ég sem sagt ekki afstöðu til þessara nýju ákvæða. Ég mun ekki greiða atkv. um þennan kafla, hvorki með né móti. Ég hefði talið eðlilegast að málið biði frekari athugunar.

Ég hef þá vikið að tveimur grundvallarbreytingum sem er að finna í þessu frv., og ég skal þá víkja að þriðju breytingunni sem ég tel vera nokkuð stóra, en hún snertir skattlagningu á eignum. Mér sýnist líka að skattlagning á eignum muni breytast mjög verulega frá því sem verið hefur og líklega leiða breytingarnar til nokkurrar hækkunar á eignarskatti. Ég er því út af fyrir sig samþykkur, að eignarskatturinn sé hækkaður. Ég tel að það sé rétt stefna út af fyrir sig að hækka hann nokkuð. En það má segja svipað um þetta atriði og hin, að það liggur auðvitað ekki heldur ljóst fyrir hvernig fer með þennan eignarskatt eftir allan þann framreikning og tilbakareikning sem settur er upp í þessu frv. varðandi eignir. En þó sýnist mér allt benda til þess, að eignarskattur mundi hækka frá því sem hann hefur verið almennt séð eða hjá þeim sem eiga einhverjar teljandi eignir.

Þá er fjórða meginbreytingin sem er að finna í þessu frv. Hún snertir sérsköttun hjóna. Þetta atriði hefur verið allmikið rætt og var sérstaklega mikið rætt í sambandi við fyrra frv. sem var hér á ferðinni fyrir rúmu ári. Ég tel að ákvæði um þetta atriði séu til bóta. Ég álít, að það sé stefnt í rétta átt með því sem ákveðið er í frv. varðandi þessar sérsköttunarreglur. En hitt vil ég líka að komi skýrt fram, af því að mér hefur fundist að það lægi nokkuð í láginni, að ég held að það sé enginn vafi á því, að þessar nýju reglur, sem hér eru settar upp varðandi skattlagningu hjóna, munu þýða það að allur þorrinn af konum, sem unnið hafa fyrir sjálfstæðum tekjum og eru í nokkurn veginn fullkomnum störfum, skattur á þeim konum og slíkum hjónum, þar sem svo hefur staðið á,

mun hækka frá því sem verið hefur um leið og 50% reglan er afnumin.

Það hafa verið lagðar fram nokkrar upplýsingar um þetta atriði, og það er ekkert auðvelt heldur að átta sig á því í skyndi. Ég skal nefna hér aðeins nokkur dæmi af þeim sem fram hafa komið, og geta þá hv. alþm. kannske áttað sig á því sjálfir. Við höfum fengið samanburð á skattlagningu hjóna, barnlausra hjóna, þar sem gert er ráð fyrir því að tekjur eiginkonunnar séu 1 millj. kr. miðað við árið 1978, miðað við yfirstandandi ár, og tekjur eiginmannsins 2.5 millj., og þá er sagt að heildargjaldagreiðsla þessara hjóna mundi vera samkv. frv. 351 þús. kr. eða rétt rúmlega 10%, en samkv. gildandi lögum mundi skattlagning þessara hjóna samanlagt vera í kringum 350 þús. eða nokkurn veginn sú sama. Þetta sem sagt er í því tilfelli þegar eiginkonan hafði í kringum eina millj. í tekjur og naut 50% afsláttarins á slíkri upphæð og eiginmaðurinn hafði 2.5 millj. í tekjur.

Ef dæmið er aftur skoðað þannig, hvað gerist í þessu tilfelli ef eiginkonan hefði 1.5 millj. kr. í tekjur og eiginmaðurinn 2.5 millj. í tekjur á árinu 1978, miðað við það verðlag, þá kemur í ljós að heildarskattlagning hjónanna yrði nokkru hærri samkv. þessu frv. en samkv. gildandi lögum, eða 475 þús. á móti 422 þús. M. ö. o.: í slíku almennu tilfelli eins og því, ef eiginkonan hefur haft tekjur upp á 1,5 millj. á þessu ári, árinu 1978, og eiginmaðurinn 2.5 millj., þá er strax komið í skattahækkun og það gerir auðvitað afnám 50% reglunnar.

Nú hygg ég að eins og þátttaka kvenna er orðin mikil í atvinnulífinu, þá verði að telja að í mjög mörgum tilfellum séu tekjur eiginkonu orðnar, miðað við verðlag á þessu ári, komnar yfir 1.5 millj. — þykir ekki mjög hátt. Og þó að maður áætli þá að eiginmaðurinn hafi, miðað við að konan sé í lægri launaskala, í kringum 2.5 millj., þá sýnist það ekki heldur mikið miðað við verðlag þessa árs, og þá er eins og ég segi komið í nokkra skattahækkun.

Ég vil því vekja athygli á því, að þessi sérsköttunarregla, sem hér er verið að taka upp og ég fellst á að meginstefnu, ég tel að þar sé stefnt inn á rétta braut og það eigi að taka hana upp, en eins og frv. er að gerð, þá mun þetta þýða í reynd, að þar sem eiginkonan hefur unnið nokkurn veginn heilt starf úti, þá verði hér um skattahækkun hjónanna að ræða í langflestum tilvikum. Ég hef sagt það nokkrum sinnum í umr. um þetta mál, að ég tel að það hefði verið eðlilegra að leggja niður 50% regluna — frádráttarregluna í áföngum, t. d. í tveimur til þremur áföngum, en slá því hins vegar föstu í lagasetningu, að reglan eigi að falla út. En til þess að þarna myndist ekki óeðlilegt þrep til skattahækkunar, sem gæti haft áhrif á það, að giftar konur tækju minni þátt í tekjuöflun en þær hafa gert, þá tel ég að það hefði verið eðlilegra að hverfa að því að fella hana niður í áföngum, en ekki í einu lagi. Ég hef ekki flutt um þetta brtt., en gert hins vegar ráð fyrir því í mínum till. að breyta nokkuð skattstiga og vissum frádráttarliðum, þannig að það kæmi þarna eitthvað á móti. En ég tel eðlilegt að vakin sé athygli á þessu, þannig að það sé ekki farið aftan að neinum með það, að um leið og þessi sérsköttun er tekin upp, sem er að finna í frv., þá er tvímælalaust verið að fara inn á þá braut að hækka samciginlega skattgreiðslu hjóna þegar konan vinnur fyrir nokkurn veginn fullkomnum tekjum.

Fimmta meginatriðið, sem ég tel að felist í breytingum í þessu frv., eru reglur um skattlagningu launa við eigin atvinnurekstur. Það á að gera tilraun til þess að skilja á milli persónutekna þeirra einstaklinga, sem hafa með höndum atvinnurekstur og reka hann undir eigin nafni, og rekstrartekna og rekstrargjalda atvinnurekstrarins sem einstaklingurinn hefur með höndum. Við vitum að það hefur verið mikið fundið að þeim reglum sem gilda hjá okkur nú í skattalögum varðandi þetta atriði. Ýmsir einstaklingar, sem hafa með höndum atvinnurekstur og reka hann í eigin nafni, koma út á skattskýrslum með litlar eða engar persónutekjur af því að persónutekjurnar hafa horfið í afskriftir fyrirtækisins eða hallarekstur fyrirtækisins. Ég er fyrir mitt leyti samþykkur þeirri stefnu sem fram kemur í frv. varðandi þetta atriði. Ég álít að það eigi að reyna að skilja þarna á milli, þó að um einstaklingsrekstur sé að ræða, alveg eins og gert er þegar um er að ræða félagsrekstur, t. d. hlutafélagsrekstur, þá hefur afkoma hlutafélagsins ekki bein áhrif á persónutekjur þeirra aðila sem eiga hlutafélagið. Ég álít að í frv. sé stefnt í rétta átt varðandi þetta atriði, en hef alltaf viðurkennt og viðurkenni enn, að þetta atriði er mjög erfitt í framkvæmd. Það verður erfitt að setja reglur varðandi þessar persónutekjur, þannig að ekki verði miklar deilur um. En ég held samt sem áður að það eigi að setja ákvæði í skattalög svipuð þeim sem er að finna í þessu frv. varðandi þetta atriði og skattayfirvöld verði að finna eðlilega leið til þess að skilja þarna á milli og áætla hinum ýmsu aðilum eðlilegar persónutekjur, hvað sem líður afkomu þess fyrirtækis eða þess rekstrar sem þeir hafa haft með höndum.

Ég hef talið þetta fimmtu meginbreytinguna sem ég tel vera að finna í þessu frv. Þessar breytingar, sem ég hef nú gert grein fyrir, eru að mínum dómi aðalbreytingarnar sem er að finna í þessu frv. Vissulega er hér um aðrar breytingar að ræða sem ýmsir munu reka sig á þegar til framkvæmdanna kemur, eins og breytingar varðandi framtalsskyldu á sparifé sem yfirleitt hefur ekki verið talið framtalsskylt, og svo eru felldir niður margvíslegir frádráttarliðir sem ýmsir aðilar hafa notið — þeir eru felldir niður í því formi sem þeir hafa verið. Ég tel að þessar breytingar verði að telja minni háttar, og hef ekki miklar aths. við þær að gera.

Þá er í þessu frv. gert ráð fyrir því, að arður af hlutafjáreign sé frádráttarbær til skatts. Þarna er um að ræða nýtt atriði í okkar skattalögum, — atriði sem hefur komið til umr. alloft áður, en ekki fengist tekið í skattalög. Ég er alveg á móti skattfríðindum í sambandi við þann hagnað sem til fellur á þennan hátt. Ég tel það ekki réttmætt. Það er mín skoðun, að

þeir sem fá arð af því að þeir eiga hlutabréf í hlutafélögum, fá arð af þeim hlutabréfum, það sé jafnréttmætt að þeir greiði einhvern skatt af þessum tekjum sem svona eru til komnar, eins og það þykir sjálfsagt að greiða skatt af launatekjum sem menn hafa fengið frá þessu fyrirtæki. Ég tel mjög óeðlilegt, að arður af hlutafé sé dreginn frá skattskyldum tekjum, og legg því til að það ákvæði í frv. verði fellt niður. Ég kannast vel við það, að því hefur verið haldið fram, að vegna þess að arður af sparifé, þ. e. a. s. vextir af sparifé, er ekki skattskyldur í flestum tilvikum, þá er því haldið fram, að réttmætt sé að arður af hlutabréfum hljóti sömu meðferð. Ég geri stóran mun á þessu. Ástæðurnar fyrir því, að vextir af sparifé voru undanþegnir skattskyldu, voru þær, að það þótti skynsamlegt að reyna að örva menn til sparifjármyndunar. En það að aðili leggur inn sparifé á löggiltar peningastofnanir þýðir að stjórnvöld og þeir, sem ráða málum í þjóðfélaginu, fá vissa möguleika til þess að ráðstafa þessum fjármunum til þess sem þeir telja hagkvæmt og eðlilegt í sambandi við lánveitingar í efnahagskerfinu. En engu líku er til að dreifa í sambandi við það fé sem menn kunna að festa í hlutafélögum. Þar eru menn aðeins að leggja fram fjármuni vegna þess að þeir ætla að hagnast á þeim. Hugsunin er auðvitað sú, að þeir ætla að hagnast á þessum peningum sem þeir leggja inn í atvinnurekstur-inn, og skili þessir peningar hagnaði, þá álít ég að þessi hagnaður eigi að teljast með tekjum eins og annar hagnaður sem fellur viðkomandi aðila til. Ég er því algerlega á móti þessu atriði. En þetta atriði er að mínum dómi líka minni háttar breyting í sambandi við þær breytingar sem hér er um að ræða varðandi endurskoðun skattalaga.

Einnig eru reglur settar varðandi meðferð á söluhagnaði sem getur fallið til í sambandi við sölu á íbúðarhúsnæði þegar það er yfir ákveðnu marki. Þetta eru líka minni háttar atriði sem ég tel ekki skipta neinu höfuðmáli. Og hægt er að nefna margar aðrar breytingar sem ég tel allar minni háttar og geri hér ekki frekar að umræðuefni.

Af þessum ástæðum, sem ég hef hér greint frá, er meginafstaða mín til þessa frv. sú, að ég vil ekki standa gegn því, að frv. verði samþykkt. Ég tel mig varla hafa aðstöðu til þess að greiða atkv. gegn hvorki reglunum um söluhagnað né breyttum fyrningarreglum, eins og ég hef sagt áður. En ég treysti mér ekki til þess að samþykkja þessar reglur heldur. Ég mun því sitja hjá við atkvgr. um frv. sem heild.

Ég hef fundið mjög að málsmeðferð, tel hana óeðlilega og í rauninni Alþ. ekki sæmandi, og mér þætti mjög sennilegt að afleiðingarnar yrðu þær, að það yrði að taka upp þessa löggjöf áður en hún kemur til framkvæmda. Ég vil ekki eiga neinn hlut að því, að t. d. hinum almennu fyrningarreglum verði breytt þannig að fyrningarmöguleikar atvinnurekstrar séu auknir frá því sem verið hefur. En ég er hræddur um að það mundi verða í allmörgum tilvikum.

Ég hef leyft mér að flytja hér nokkrar brtt. við frv. Þær eru tiltölulega einfaldar. Þær er að finna á þskj. 766. 1. brtt. mín er um það, að sá liður í 30. gr. frv., sem fjallar um skattfrelsi arðs af hlutabréfum, sú grein verði felld niður, eins og ég hef þegar lýst.

2. till. mín er um að breyta nokkuð skattstiganum sem er að finna í 67. gr. frv. Þar legg ég til, að skattprósentan á lægstu tekjum verði lækkuð úr 18% í 15%. Ég vil sem sagt skattleggja nokkuð vægar en gert er ráð fyrir í frv. lægstu tekjur. Ég legg einnig til að skattprósentan verði á sama hátt hækkuð lítils háttar á hæstu tekjum eða úr 34% í 36%, þannig að skattstiginn verði hækkaður á hærri tekjum.

3. brtt. mín fjallar um það að hækka persónuafslátt, sem ákveðinn er í frv. 250 þús. á einstakling, upp í 300 þús. Ég legg til að persónuafslátturinn verði nokkuð hækkaður og á þann hátt verði skattleysismörkunum lyft nokkuð frá því sem er að finna í frv.

4. brtt. mín er við 69. gr., og þar legg ég til að barnabætur, sem koma til frádráttar á álögðum gjöldum samkv. 69. gr., verði hækkaðar nokkuð frá því sem gert er ráð fyrir í frv., þ. e. a. s. varðandi barnabætur með fyrsta barni, að í stað 65 þús. komi 85 þús. kr. og síðan með hverju barni eftir það verði barnabætur hækkaðar úr 100 þús. kr. í 120 þús. kr. Það þarf ekki að skýra þessar till. fyrir neinum hv. alþm.

Þá er 5. till. mín. Hún snertir skattvísitölu þá sem ákveðin er í 116. gr. frv. Ákvæðin þar um skattvísitölu eru í aðalatriðum þau sömu og eru í gildandi skattalögum, þ. e. a. s. þar er ákvæði um að skattvísitalan skuli ákveðin í fjárl. ár hvert og í fyrsta sinn í fjárl. fyrir árið 1980, eins og segir í 116. gr. Ég legg til að þetta verði orðað á nokkuð annan veg. Í minni till. segir að þetta skuli orðast þannig: „í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárl. ár hvert, í fyrsta sinn í fjárl. fyrir árið 1980“ — í staðinn fyrir þetta komi: „í samræmi við skattvísitölu sem miðuð sé við breytingu á launatekjum milli ára samkv. mati Hagstofu Íslands.“

Um þetta atriði hefur oft verið þráttað hér á hv. Alþ. Fyrst var miðað við það, að skattvísitalan hreyfðist með framfærsluvísitölu á milli ára. En síðan var sú regla tekin upp, að yfirleitt skyldi miðað við breytingar á launatekjum á milli ára, og ég hygg að það hafi verið þjónarmið sem flestir hafi viðurkennt, en þó er þetta svo, að þetta er opið fyrir Alþ. við afgreiðslu fjárl., að breyta þessum reglum, en það tel ég óeðlilegt. Ég tel að ef Alþ. vill hækka skattana, þá eigi Alþ. að breyta þeim skattstigum sem gengið er út frá í viðkomandi skattalögum, og ef meiningin er að lækka skatta, þá eigi einnig að hreyfa við skattstiga laganna, en ekki að rjúka í þennan almenna mæli sem á að gilda um mörg ákvæði í lögunum. Ég tel alrangt að hafa þann hátt á að svíkja þennan mæli eða lesa allt annað út úr honum en rétt er og því eigi að slá föstu, hvernig þessi skattvísitala skuli reiknuð út, og það eigi að trúa Hagstofunni fyrir því að reikna út þessa skattvísitölu og hún eigi að vera föst. Í þessu tel ég ákveðna tryggingu, en auðvitað, eins og ég sagði áðan, hefur Alþ. alltaf í sínum höndum að breyta

skattalögum þannig, að skattstiganum sé breytt til hækkunar eða lækkunar, ef talin er nauðsyn á því að hækka eða lækka skatta. En ég er á móti því, að þetta sé gert í gegnum skattvísitölu. Við höfum einmitt dæmi um það, að skattvísitalan hafi verið notuð á þennan hátt, og því vil ég við þessa endurskoðun taka upp þetta ákvæði, að skattvísitalan skuli vera bundin þessari meginreglu, hún skuli fylgja breytingum á launatekjum á milli ára samkv. mati Hagstofu Íslands. Við þetta miðast 5. brtt. mín. Ég hef ekki enn flutt fleiri brtt. en þessar við 2. umr. málsins og tel mig hafa gert grein fyrir minni almennu afstöðu til málsins í því sem ég hef sagt.

En ég hef verið beðinn um að mæla hér einnig fyrir brtt. sem Svava Jakobsdóttir flytur á þskj. 760, af því að hún gat ekki verið viðstödd þessa umr. Í þessari brtt. er gert ráð fyrir því að breyta nokkuð 30. gr. frv. eða á þann hátt sem segir í till., með leyfi hæstv. forseta, að 5. liður í c-lið 30. gr. skuli hljóða svo:

„Samanlagt leigugjald fyrir íbúðarhúsnæði, þó aldrei hærri fjárhæð en 300 þús. kr. á ári fyrir einstakling.“

Hér er gert ráð fyrir því, að heimilaður verði frádráttur frá tekjum sem nemur húsaleigu. Þetta er gamalt atriði sem flestir þekkja vel. Ég hygg að það hafi mjög verið viðurkennt, að leigjendur húsnæðis hafi staðið lakar að vígi gagnvart skattalögum en þeir sem eiga húsnæði sjálfir. Þó að nú sé gert ráð fyrir í þessu frv. að felld verði niður þau ákvæði að reikna tekjur af eigin húsnæði og þá fella líka niður heimildir til þess að draga frá ýmsan kostnað sem fylgir eigin íbúð, eins og viðhald á íbúð, — þó að þessi ákvæði séu felld niður, þá stendur það þó áfram, að sá aðili, sem á íbúð, hefur leyfi til þess að draga frá tekjum sínum gjöld af öllum þeim skuldum sem kunna að hvíla á íbúðinni. Leigjandinn verður hins vegar að borga sína háu leigu, eins og allir kannast við að nú er orðið, og ég tel fyrir mitt leyti að það sé réttlætismál að taka upp ákvæði um að heimila nokkurn frádrátt vegna húsaleigu. Það getur auðvitað verið álitamál, hvar eigi að setja mörkin í sambandi við þennan frádrátt. Hér er gert ráð fyrir að hámarkið sé við 300 þús. kr. á ári fyrir einstakling. Það yrði þá að sjálfsögðu fyrir hjón 600 þús.

Ég hygg að það þurfi ekki að tala langt mál fyrir þessari till. E. t. v. tekur flm. till. til máls síðar í umr. hér um málið og getur þá skýrt till. betur. En ég vildi mæla þó fyrir henni hér við 2. umr., vegna þess að hún mun koma til atkvgr. strax við 2. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja það frekar sem ég hef að segja hér um málið við 2. umr., en legg áherslu á það, að ég tel, að þetta mál sé ekki — ja, ég vil ekki beint segja: ekki eins vel undirbúið, því að ég hygg, að málið hafi verið vandlega unnið af þeim sérfræðingum sem hafa samið frv., en Alþ. hefur ekki gefist sá tími sem nauðsynlegur er til þess að skoða þetta margbætta og stóra mál, og af því er það að ég hef gert þær aths. sem ég hef gert við þau vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð.

Ólafur B. Óskarsson: Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 763, þá gerði ég fyrirvara á fylgi mínu við það. Eins og fram kemur í nál. fjh.- og viðskn. er þarna um að ræða fyrst og fremst ákvæði 59. gr. frv., sem minn fyrirvari á rætur að rekja til, þar sem kveðið er á um heimild fyrir skattstjóra að áætla einstaklingum með eigin atvinnurekstur tekjur. Það er að mínu mati óeðlilegt, að skattyfirvöldum séu veittar víðtækar heimildir til áætlunar tekna og skattlagningar á slíkar tekjur, jafnvel þótt hægt væri að sanna að viðkomandi atvinnurekstur hefði ekki skilað þeim tekjum. Þetta ákvæði frv. er einkum rökstutt með því, að ná þurfi til tekna sem dregnar hafa verið undan skatti á undanförnum árum á löglegan hátt, eins og það er gjarnan orðað. Ekki skal því neitað, að eitthvað geti verið um slíkt, en í umræðum þeirra, sem best þekkja til á þessu sviði, hefur það jafnan komið fram, að aðalorsök þessa hafi verið fyrningarreglur þær sem í gildi hafa verið og gefið hafa ýmsum aðilum færi á að spila á reglur þessar til að forðast skattlagningu og jafnvel til að draga fé út úr fyrirtækjunum í formi skattfrjáls söluhagnaðar, hafi menn átt viðkomandi eignir tiltekinn tíma. Það eru því fyrst og fremst þessi atriði skattalaganna sem þurftu endurskoðunar við með tilliti til þess að hamla gegn slíkum undandrætti tekna, og mér sýnast ákvæði þess frv., sem hér er til umr., varðandi fyrningar og söluhagnað vera mjög til bóta. Í 59. gr. frv. segir að ríkisskattstjóri skuli árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til ákvörðunar tekna einstaklinga í atvinnurekstri. Síðan eru talin upp ýmis atriði sem skattstjórum beri að taka tillit til við slíka ákvörðun tekna. Sú breyting er þar gerð frá fyrra skattafrv., sem til umr. var á hv. Alþ. 1976—1977, að settar eru ákveðnari reglur um ákvörðun fyrir þá sem landbúnað stunda, og verður það að vísu að teljast heldur til bóta. En á það skal þó minnt, að Stéttarsamband bænda gerði eftir sem áður aths. við þessi ákvæði sem send voru til fjh.- og viðskn.

Til viðbótar þessu telur formaður fjh.- og viðskn., hv. 5. þm. Reykn., sig vera búinn að ganga svo frá í nál. varðandi þann skilning sem meiri hl. nm. leggur í umrætt ákvæði, að embættismenn skattyfirvalda komist ekki upp með neinn ójöfnuð. Nú ætla ég ekki að gera því skóna, að umræddir embættismenn hafi til að bera meiri mannvonsku en gengur og gerist. En hitt er ég hræddur um, að skattstjórar og starfsmenn þeirra, sem kæmu til með að ákvarða um tekjur manna samkv. umræddri grein frv., hafi oft mjög takmarkaða þekkingu og aðstöðu til að meta þau tilvik, sem upp koma í þessu sambandi, og stundum jafnvel takmarkaðan áhuga á því. Og það vita þeir sem reynt hafa, hvernig gengur að reka réttar síns gegn hinu opinbera kerfi lands vors. Það, sem ég óttast þarna mest, er að þeir, sem verða fyrir barðinu á þessu, verði ýmsir sem reka sjálfstæða starfsemi í smáum stíl, og það er alla vega ekki á minni stefnuskrá að leggja stein í götu slíkrar starfsemi.

Því er haldið fram, að vegna þess að rekstrar-

tap sé færanlegt milli ára sé þetta ekki hættulegt umræddum atvinnurekstri. En því er til að svara, að slíkar upphæðir, sem færðar eru milli ára, eru því miður ekki marktækar í okkar verðbólguþjóðfélagi vegna verðbreytinga milli ára og réttlæta því ekki slíka fyrir fram skattlagningu á hugsanlegum hagnaði seinni ára.

En nú er spurningin hvort þetta nær tilgangi sínum gagnvart þeim stóru, eins og það er gjarnan kallað, og þá verður að athuga viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra við ákvörðun á launaskatti, sem mér skilst að sé stefnumarkandi í þessu efni. Ég hef hér í höndunum frá ríkisskattstjóra þessar reglur, sem sagt er að séu meðaltals viðmiðunarreglur til mats á vinnu við eigin atvinnurekstur eða aðra sjálfstæða starfsemi vegna takmörkunar og nýtingu persónuafsláttar og greiðslu útsvars o. fl. Hér eru tilgreindir læknar, lögfræðingar og aðrir sem vinna störf sem háskólamenntun þarf til, og stundum hefur maður heyrt þá nefnda sem þó nokkra karla í þessu efni. Þeim eru ætluð heils árs laun hér 3 millj. 405 þús. kr., og gæti ég best trúað að þeir brostu bara í kampinn að þessari áætlun og teldu sig sleppa vel með það. Þá koma kaupmenn og framkvæmdastjórar með heils árs laun 2 millj. 140 þús. kr. Og ef við lítum á næsta blað eru bændum þar ætlaðar 2 milli. 273 þús. og 900 kr., og verð ég að segja að ekki yrði það bændum til framdráttar að taka kaupmenn og framkvæmdastjóra í hóp viðmiðunarstétta landbúnaðar. Þá koma hér ófaglærðir menn, sem vinna við fiskverkun, með heils árs laun 2 milli. kr. Ég skal nú ekki ræða um þetta, en mér skilst að það eigi einkum við ýmsa aðila sem stunda fiskverkun, en þó er hér um að ræða menn sem þetta gæti snert, ef þeir vinna ýmis aukastörf og fá þessa áætlun ofan á sínar launatekjur, væntanlega í hæsta skattþrepi. Síðan koma bifreiðastjórar. Ekki skal ég nú segja um hvort þeir séu taldir einhverjir stórkarlar, en þeim eru ætluð laun 1 milli. 210 þús. kr. Við skulum sleppa þeim. Það er rétt um það bil hálfur bóndi. Þetta eru illa haldnir menn. (Gripið fram í.) Já, eftir þessum viðmiðunarreglum að tekjum til.

Eftir því, sem kemur fram, þá virðist þetta ekki hjóna miklum tilgangi við að ná til einhverra stórtekna sem dregnar séu undan skatti. Hins vegar getur þetta verið býsna óþægilegt þeim sem fá einhverjar áætlunartekjur, sem mjög er á huldu hvernig eru metnar gagnvart vinnutíma fyrst og fremst, ofan á aðrar þær tekjur sem fyrir hendi eru.

Á síðasta blaði þessa yfirlits eru ýmsar tölur um gjaldendur tekjuskatts álagningarárið 1977, og þar kemur fram að tekjuskattsgreiðendur séu alls 58 110, en skattlausir 49 765. Þarna er úrtak atvinnurekenda og þar eru tekjuskattsgreiðendur. — Þetta er óglöggt, en mér skilst að þeir séu 7394, en skattlausir 5116. Og við sjáum hér að tekjuskatt greiða 12.72% af heildarfjölda tekjuskattsgreiðenda. En tekjuskattur er hins vegar 16.9% eða tæp 17% af álögðum tekjuskatti. Mér sýnist þetta benda til þess, að atvinnurekendur beri ekki minni tekjuskatt, þegar á heildina er litið, heldur en hverjir aðrir.

Það kom fram hjá einhverjum þeirra, sem ræddu og útskýrðu frv. þetta fyrir okkur í fjh.- og viðskn., að ætlunin væri að ná fram skattalögum þar sem þegnarnir væru jafnir fyrir lögunum, og það er vissulega falleg hugsun og nauðsynleg, hafi það verið öðruvísi áður, auk þess sem hv. 5. þm. Reykn. þykist vera búinn að tryggja þetta fullkomlega í sínu snjalla nál. Skyldi maður því ætla að þetta sé harla gott allt saman. En nú verður að athuga hvað stendur í aths. með frv., og ég veit ekki betur en það standi þar óbreytt enn. Þar segir á bls. 42, efst, um einstaklinga í atvinnurekstri, að engar heimildir séu í gildandi lögum til ákvörðunar launa af eigin atvinnurekstri manns eða sjálfstæðri starfsemi umfram þær sem almennt gerist um einstaklinga. Og það er að skilja, að þetta þyki hvergi nærri nógu gott. Í aths. við 59. gr. segir síðan í niðurlagi aths. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessum hætti er hverjum atvinnurekanda og þeim, sem stunda sjálfstæða starfsemi, ætlað að greiða til hinna sameiginlegu þarfa, jafnvel þótt rekstur hans skili ekki hagnaði."

Hér verður ekki betur séð en það sé stefnan að leggja einhvers konar refsiskatta á þá sem sjálfstæðan rekstur stunda, ef rekstur þeirra skilar ekki tilteknum tekjum. Sýnist mér þá að menn séu ekki lengur jafnir fyrir lögunum, því að allir vita að hafi menn launatekjur miðað við gildandi lög undir tilteknu marki, þá greiða þeir enga skatta. Þess munu mörg dæmi, þegar fólk er að stofna einhverja sjálfstæða starfsemi að miklu leyti í aukavinnu fari það, sem hugsanlega mætti kalla launatekjur af rekstrinum, að miklu eða jafnvel öllu leyti í það að byggja viðkomandi starfsemi upp. Og ég get ekki séð neina sanngirni eða skynsemi í því að skattleggja slíkt eigið fé sérstaklega, eins og ætlunin virðist með umræddu ákvæði 59. gr.

Ég gat hér áðan um þá stefnu sem mér virðist koma fram í aths. við 59. gr. frv., og það er sú stefna sem ég er smeykur um að verði ráðandi við framkvæmd nefndra ákvæða ef samþykkt verða, hvað sem líður öllum saumaskap í nál. og ræðum manna, og slíkt get ég ekki fellt mig við.

Nú kann einhver að segja að þetta, sem ég nú hef sagt, sé allt á misskilningi byggt og ég hafi ekkert vit á þessu og sé nú sveitamanninum best að vera ekkert að rífa sig yfir því. En því er til að svara, að rætt hef ég málið m. a. við aðila sem starfa við framkvæmd skattalaga, og það var álit þeirra aðila, að ákvæði þetta væri tæplega hægt að framkvæma þannig að nokkurt vit yrði í. Auk þess segir í nál. hv. 2. þm. Austurl., að framkvæmd reglunnar muni þó verða erfið, og mun það sjálfsagt ekki ofmælt fyrst sá hv. þm lætur þess getið. Held ég að verði að taka nokkurt mark á þessu, þó að ég sé ekki að öðru leyti að taka neitt sérstakt mark á því sem hv. 2. þm. Austurl. segir. Sýnist mér samkv. álitum manna, sem ég hef aflað mér, flestum stofum kippt undan þessu áætlunarákvæði.

Þess má geta í lokin, að önnur ákvæði þessu tengd verða að teljast eðlileg, eins og t. d. ef atvinnurekandi telur maka sínum eða börnum

hærri tekjur en eðlilegt getur talist, og sömuleiðis er eðlilegt að setja skorður við því, að tap af rekstri sé frádráttarbært frá öðrum óskyldum tekjum, svo sem launatekjum. En það kemur ekki beinlínis við þessu áætlunarákvæði og mætti gjarnan vera í lögunum að því slepptu. Það er innan þessara marka og lagfæringa á reglum um fyrningar og söluhagnað sem vinna ber gegn því, að einstakir aðilar geti skotið tekjum undan skatti, en ekki með óraunhæfum og jafnvel skaðlegum lagaákvæðum um áætlun tekna, að maður segi ekki jafnvel vitlausum ákvæðum.

Að öðru leyti verð ég að segja það, að að þessu atriði frátöldu sé frv. í heild til bóta, og læt ég að sjálfsögðu við það sitja að greiða atkv. gegn þessari tilteknu grein, þ. e. 59. gr. frv., og óskast hún því borin sérstaklega undir atkv. við atkvgr.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Á mörgum undanförnum þingum hefur þingflokkur Alþfl. flutt till. um gagngerar breytingar á skattkerfi Íslendinga. Hann hefur bent á það, að þau skattalög, sem sett voru 1972 og hafa verið í framkvæmd til þessa dags, hafa verið og séu mjög ranglát, hafi fyrst og fremst í raun og veru jafngilt því, að ríkissjóður tæki tekjuskattinn fyrst og fremst af launamönnum, en í reynd hefur atvinnurekstur sloppið ótrúlega undan greiðslu tekjuskatts til ríkissjóðs. Það er gegn þessum annmörkum á gildandi kerfi sem till. Alþfl. á mörgum undanförnum þingum hafa beinst.

Nú þegar loksins í lok fjögurra ára kjörtímabils virðist vera ætlun hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því, að ný skattalög verði sett, og líkur virðast vera á, að þær breytingar nái fram að ganga, sem ég út af fyrir sig fagna og styð í grundvallaratriðum, þá er sannarlega ekki ástæðulaust að athuga, hvað hefur falist í till. þingflokks Alþfl. á undanförnum þingum, og bera það saman við ýmis grundvallaratriði þeirra nýju skattalaga sem nú má gera ráð fyrir að verði sett af hinu háa Alþ. í lok kjörtímabilsins. Ég endurtek: Eftir að undan því hefur verið vikist í 4 ár að efna skýlaust ákvæði stjórnarsáttmála um setningu nýrra laga um tekjuskatt og eignarskatt og eftir að annar núv. stjórnarflokkur hafði áður í 3 ár gagnrýnt gildandi skattalög mjög harðlega ásamt Alþfl.

En það liðna að þessu leyti má gjarnan vera gleymt af minni hálfu þegar loksins sér til þess að sett verði skattalög, sem eru mun réttlátari og skynsamlegri heldur en þau sem gilt hafa síðan 1962. En hitt tel ég gagnlegt og raunar nauðsynlegt vegna allrar sögu málsins, að rekja það, hverjar hafa verið till. þingflokks Alþfl. á undanförnum þingum, og athuga, hvað af þeim kynni að hafa komist inn í till. hæstv. ríkissti. Það er nefnilega meira en menn skyldu halda að óathuguðu máli.

Við fluttum á síðasta þingi í byrjun eða fljótlega á síðasta þingi till. til bál. um afnám tekjuskatts af launatekjum. Hún var í 10 liðum. Samhart var um endurtekningu á fyrri till. að ræða, samhart um nýjar hugmyndir, og skal ég láta þess getið, um leið og ég rek þennan tillöguflutning sem er rúmlega árs gamall. Tillagan var flutt áður en hæstv. ríkisstj. flutti skattalagafrv. sitt á s. l. ári, það skattalagafrv., sem ekki hlaut afgreiðslu þá, sem betur fer, vegna ágreinings innan stjórnarflokkanna um afgreiðslu málsins, en ekki vegna þess að stjórnarandstaðan legði stein í götu afgreiðslu þess.

Fyrsti liðurinn í skattatillögu Alþfl. frá því í fyrra hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Greint skal milli þess, hvort skattgreiðandi er launþegi eða hefur tekjur af atvinnurekstri, hvort sem atvinnureksturinn er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða opinberum aðilum."

Þetta er endurflutningur á hugmynd sem Alþfl. flutti inn á Alþ. fyrstur flokka. Því hafði aldrei verið hreyft áður á Alþ., þegar Alþfl. hafði það í einum sínum fyrstu tekjuskattstillögum, að greina skuli milli þess, hvort skattgreiðandi sé launþegi eða hefur tekjur af atvinnurekstri, hvort sem atvinnureksturinn er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum, samvinnufélögum eða opinberum aðilum. Þessari hugmynd að láta atvinnurekanda greiða tekjuskatt af áætluðum tekjum, samsvarandi tekjum og gera mætti ráð fyrir að annar maður í sviparðri stöðu ynni sér fyrir, þó fyrirtæki hans væri rekið með tapi, — þessari hugmynd var fyrst hreyft af þingflokki Alþfl. hér á hinu háa Alþingi. Þessi hugmynd komst inn í frv. ríkisstj. á s. l. ári, en hún olli stórkostlegum deilum í stjórnarflokkunum og var ein af mörgum ástæðum þess, — það vitum við vel sem eigum sæti í fjh.- og viðskn. beggja þd., — var ein af ástæðum þess, að frv. í fyrra náði ekki fram að ganga. En sem betur fer er ákvæði um þetta í þessu frv. nú, og nú virðist stjórnin, ég segi enn: sem betur fer, — það er ekki svo oft sem maður getur sagt: sem betur fer, þegar maður ber sér ríkisstj. í munn, — en sem betur fer er þetta ákvæði í þessu tekjuskattsfrv. líka. En ég vek athygli á því, að það erum við í þingflokki Alþfl. sem fyrst vöktum máls á þessari hugmynd. Þá var henni ekki aðeins mótmælt, heldur um hana farið hæðnisorðum og væri lítill vandi að lesa þau upp þeim til lítils sóma sem þau viðhöfðu. En það fer sem betur fer oft þannig, að réttur málstaður og góður sigrar, og það hefur átt sér stað í þessu tilfelli. Og það er ástæða til að færa ríkisstj. sérstakar þakkir fyrir að hún skuli hafa gert þessa hugmynd þingflokks Alþfl. — þessa 5 ára gömlu hugmynd þingflokks Alþfl. að sinni hugmynd, og ég vona að þetta ákvæði verði lögfest, þó það hafi líka komið í ljós nú á þessu þingi í fjh.- og viðskn., að þetta ákvæði er langt frá því að vera óumdeilanlegt. En það hefur alla tíð verið skoðun okkar þm. Alþfl., að hér væri um miklar endurbætur að ræða, hér væri ýmsum aðilum, sem eyða miklu fé og búa við góð lífskjör, gert að greiða sinn hluta af skattbyrði þjóðfélagsins, en komast ekki undan því í skjóli þess, að fyrirtæki þeirra er gert upp með tapi. Þetta var raunar skýrt nánar í 2. lið með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Við ákvörðun á skattskyldum tekjum einstaklinga af eigin atvinnurekstri skulu laun hans áætluð eins og telja má eðlilegt miðað við vinnu-

framlag hans í þágu fyrirtækisins sem og stöðu hans og vera hliðstæð tekjum fyrir sams konar störf í atvinnurekstri.“

Þetta er nákvæmlega sama efnisinnihald og er í hliðstæðum ákvæðum frv. í fyrra og þessa frv., sem nú má vænta að verði að lögum.

Þá segir í 3. lið, með leyfi hæstv. forseta, — ég vona að ég fái leyfi einu sinni fyrir allt til þess að mega vitna í þessa till. okkar:

„Af atvinnurekstri, hvort sem hann er stundaður af einstaklingum, sameignarfélögum, hlutafélögum eða opinberum aðilum, skal greiddur *stighækkandi tekjuskattur*.“

Til þessa hefur hæstv. ríkisstj. ekki tekið tillit. Það er ekki gert ráð fyrir stighækkandi tekjuskatti af félögum.

Í 4. lið till. okkar segir:

„Reglur um afskriftir eigna skulu við það miðaðar, að afskriftirnar svari til eðlilegrar verðmætarýrnunar miðað við verðmæti eignarinnar þegar afskrift fer fram. En að jafnaði sé miðað við mat á upphaflegum endingartíma eignarinnar, þ. e. að kaupandi eignar afskrifi hana með sama hætti og seljandi hennar hefði orðið að gera, þannig að sama eign verði aldrei afskrifuð oftar en **einu sinni**.“

Hér er í öllum grundvallaratriðum um að ræða sömu hugsun og felst í ákvæðum þessa frv. um afskriftir og söluhagnað af eignum. Þegar við settum þessar hugmyndir fram fyrst á sínum tíma var þeim ekki ansað. Það hefur ekki heldur náð eyrum hæstv. fjmrh. eða embættismanna hans í fyrra, vegna þess að þær afskriftarreglur og söluhagnaðarreglur, sem voru í frv. í fyrra, voru ekki byggðar á þeim hugsunarhætti sem lýst er í þessum 4. lið till. okkar frá því í fyrra sem ég var að enda við að lesa. En grundvallarhugmyndin í ákvæðum frv. núna um afskriftir og söluhagnað er hin sama í frv. og lýst var í 4. lið till. þingflokks Alþfl. frá því í **fyrrahaust**.

Við sögðum í 5. lið:

„Reglur um heimild til þess að draga vexti af skuldum frá tekjum verði við það miðaðar, að um hafi verið að ræða nauðsynlega lánsfjáröflun í þágu atvinnurekstrarins.“

Það er ekki tekið að fullu tillit til hugsunarinnar sem í þessum 5. lið felst. En sumpart er það þó gert í bráðabirgðaákvæðum frv., þar sem gert er ráð fyrir sérstökum verðjöfnunarsjóðum sem lúta þar sérstökum reglum. Að hluta til er því um sömu hugsun að ræða. Og það er mikil endurbót á núv. frv. miðað við frv. í fyrra. Við sögðum í 6. lið:

„Hagnaður af sölu eigna verði skattlagður að svo miklu leyti sem hann á ekki rót sína að rekja til rýrnunar á verðgildi peninga.“

Til þessa sjónarmiðs var ekki tekið tillit í fyrra, en það er í grundvallaratriðum í frv. núna. Þetta er einn af meginkostum frv. núna miðað við frv. í fyrra. En þessi hugmynd er eldri. Hún er orðin 5 ára gömul í till. þingflokks Alþfl.

7. liðurinn lýtur að ákvæðum um framtal, og ég geri það ekki frekar að umtalsefni.

8. liðurinn er um endurskoðun á útlánakerfi ríkisins.

En svo kemur 9. liðurinn og hann fjallar um sérsköttun hjóna. Við höfum hreyft því í þingflokki Alþfl. í mörg ár, að nauðsynlegt væri að taka upp sérsköttun hjóna. Við höfum í mörg ár talað fyrir daufum eyrum. Meira að segja í fyrra var ríkisstj. ekki á þeim buxunum að stinga upp á sérsköttun hjóna. Samt sem áður var ríkisstj. komin það langt í áttina að réttlæti í þessu efni — ég ætti kannske heldur að segja það langt frá ríkjandi og gömlu ranglæti í þessu efni — að hún lagði til sérstaka reglu um skattgreiðslu hjóna, þ. e. a. s., eins og allir hv. þm. muna, helmingaskiptaregluna, það skyldi skipta tekjum hjóna til helminga. Það töldum við og teljum enn vera mjög ranglátt. Við lögðum fram brtt. við tekjuskattsfrv. í fyrra sem ekki hlaut afgreiðslu frekar en frv. sjálft, en hún hljóðaði þannig, enn með leyfi hæstv. forseta:

„Hjón eru hvort um sig sjálfstæðir skattaðilar og skal þeim reiknaður tekju- og eignarskattur hvort í sínu lagi. Launatekjur og tekjur af séreign hvors hjóna skulu skattlagðar hjá því hjóna sem þeirra aflar. Tekjur hjóna af hjúskapareign og aðrar sameiginlegar tekjur skulu skattlagðar hjá því hjóna sem hærri sértekjur hefur. Sá hluti persónuafsláttar annars hjóna, sem enn er óráðstafað, skal notaður til lækkunar á skatti hins hjóna eða til greiðslu útsvars fyrir það skattárið. Sá hluti persónuafsláttar, sem það á enn óráðstafað, fellur niður.“

Hér er um að ræða nákvæmlega sams konar ákvæði og er í þessu frv. Þetta vildi hæstv. ríkisstj. í fyrra ekki fallast á, meðan það var 5 ára gömul tillaga Alþfl., og auðvitað ekki þegar henni var hreyft fyrst, látum það vera, ekki enn í fyrra. Þá hélt hæstv. ríkisstj. sig enn við helmingaskiptaregluna og tók ekki undir þessa till. En síðan í fyrra hefur hún tekið þeim framförum, að nú flytur hún, nú er í frv. grein um sérsköttun hjóna sem er að efni til alveg eins, bókstaflega alveg eins og brtt. sem við fluttum við frv. í fyrra. Það er því enginn vafi á því, hvaða aðili það er sem leitt hefur hæstv. ríkisstj. í allan sannleika varðandi skattamál hjóna, að það er þingflokkur Alþfl. (**Gripið fram í:** Batnandi manni er best að lifa.) Það er alveg rétt hjá fjmrh., að batnandi mönnum er best að lifa og honum mætti gjarnan batna enn.

Ég læt þetta nægja til þess, að það sé svart á hvítu, til að það komi alveg skýrt fram, að það helsta, sem er til bóta í þessu frv., eru sömu atriðin og Alþfl. hefur vakið máls á hér þing eftir þing, síðast fyrir áramót á s. l. þingi. Ég segi þetta hæstv. fjmrh. til hróss, að hann skuli þó hafa tileinkað sér þau sjónarmið sem við í þingflokki Alþfl. höfum verið talsmenn fyrir á undanförnum árum. Og þetta er auðvitað meginástæðan til þess, að þegar við í þingflokki Alþfl. sáum frv., lýstum við því yfir, að við mundum stuðla að því, að það næði fram að ganga. Við létum hjá líða við 1. umr. að rekja það, hvernig á því stæði, en þegar við fyrsta lestur varð mér það ljóst, að margt í þessu frv., flestar breytingarnar frá því fyrra, mætti í raun og veru rekja til þeirra hugmynda um skattamál sem við í þingflokki Alþfl. höfum verið að setja fram á undanförnum þingum.

Það, sem finna má þessu frv. enn fyrst og fremst til foráttu, þó margt sé í því til bóta, er að það gengur ekki til móts við eina grundvallarhugmynd okkar í þingflokki Alþfl. á undanförnum árum, þá hugmynd að lækka mjög verulega tekjuskatt á einstaklingum, en til þess ber brýna nauðsyn. Það var eitt af meginatriðum í efnahagsáætlun viðreisnarstjórnarinnar svokölluðu þegar hún tók við völdum í árslok 1959, að lækka stórlega tekjuskatt á einstaklingum og gera í reynd venjulegar launatekjur tekjuskattsfrjálsar. Síðar, þegar leið á áratuginn, seig mjög á hina verri hlið í þessum efnum og tekjuskattur á launafólki fór sífellt hækkandi í hlutfalli við skatt á avinnurekstri, og þetta keyrir um þverbak eftir lagasetninguna 1972, þannig að áberandi ósamræmi hefur verið í skattbyrði einstaklinga annars vegar og atvinnurekstrar hins vegar á undanförnum 6 árum. Það hefur verið svo margrakið, að ég eyði ekki tíma hv. d. í að benda á þær staðreyndir enn. En það, sem við þm. Alþfl. höfum fyrst og fremst við þetta frv. að athuga, er að enn er haldið óhæfilega þungri skattbyrði á launamönnum, meira að segja á lágtekjufólki, og við viljum freista þess að fá breytingar á þessu. Þess vegna hef ég fyrir hönd þingflokks Alþfl. flutt sérstakar brtt. í þessa átt á þskj. 788, þ. e. sérstakar brtt. í þá átt að lækka tekjuskatt á almennum launatekjum og þó fyrst og fremst á lágum launum. Till. okkar um þetta efni eru þær, að gert er ráð fyrir því, að frá útreiknuðum tekjuskatti, en ekki útsvari, skuli draga sérstakan viðauka við persónufrádrátt sem nemi 50 þús. kr. hjá hverjum manni, en hann geti færst milli hjóna. Og þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að 10% frádráttarheimildin í 30. gr., sem menn eiga kost á í stað þess að draga frá tiltekna frádráttarliði, — þessi frádráttarheimild hækki úr 10% í 12%. Þessi breyting leiðir til þess, að mun fleiri gjaldendum verður hagstætt að nota heimildina til fasts frádráttar, og þar með ætti að sparast vinna við framtalsgerð hjá fjölda gjaldenda. Það, sem um er að ræða, er að í stað þess að tíunda lífeyrissjóðsgjöld, stéttarfélagsgjöld, vaxtagjöld, sem hafa langmesta þýðingu, og gjafir til menningarmála, þá eigi menn þess kost að draga samkv. till. hæstv. ríkisstj. 10% af tekjum sínum frá, en við leggjum til að sú hlutfallstala verði hækkuð upp í 12%. Þessi hækkun mundi eflaust valda því, að miklu fleiri gjaldendur en ella notuðu þessa heimild, og eins og ég sagði áðan, ætti að spara vinnu við framtalsgerð hjá fjölda framteljenda og jafnframt auðvelda skattstofum yfirferð framtala. Með henni ætti enn fremur að nást aukin nákvæmni í staðgreiðslu opinberra gjalda þegar staðgreiðslukerfið kemur til framkvæmda, auk þess að horfa þannig til einföldunar. Leiðir það einnig til réttlátari dreifingar á skattbyrðinni, vegna þess að frádrátturinn kemur þeim að auknum notum sem hafa ekki notið verulegs frádráttar vegna vaxtagjalda — og þetta skiptir meginmáli — t. d. þeim sem búa í leiguhúsnæði og hafa þess vegna engan vaxtafrádrátt. Hér er hækkun úr 10% upp í 12%. Með þeirri hækkun er komið verulega til móts við þær ábendingar af hálfu leigjenda, að þeim sé íþyngt með gildandi kerfi miðað við íbúðareigendur.

Nú er eðlilegt að sú spurning vakni: Hvaða áhrif mundu þessar brtt. hafa, ef samþykktar yrðu, þessar tvær, annars vegar 50 þús. kr. viðbótin við persónuafsláttinn og svo hækkun fastafrádráttarins úr 10% í 12% hins vegar? Skal ég nú leyfa mér að gera grein fyrir því ítarlega, en þó á grundvelli einfaldra dæma.

Þetta mundi hafa þau áhrif á einstaklinga, að skattfrelsismörk einhleypinga mundu hækka úr 1 millj. 550 þús. kr. í 1 millj. 870 þús. kr., og þessar tölur eiga einnig við um hjón. M. ö. o.: skattskyldar lágmarkstekjur hækka frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, úr 1 millj. 550 þús. kr. í 1 millj. 870 þús. kr., bæði hjá einstaklingum og hjónum. Þetta lýtur eingöngu að hækkun skattfrelsismarkanna. En hvaða áhrif mundi þetta hafa á einstaklinga og hjón sem greiða skatt? Tökum einhleypingana fyrst.

Einhleypingur er skattfrjáls samkv. ákvæðum frv. ef hann hefur 1 millj. 542 þús. kr. í tekjur nákvæmlega. En ef brtt. yrðu samþykktar, þá yrði hann skattfrjáls með 1 millj. 893 þús. kr. tekjur, en þá ætti hann að greiða samkv. frv. 57 þús. kr. í tekjuskatt. M. ö. o.: einstaklingur, sem hefur 1 millj. 893 þús. kr. tekjur, á samkv. frv. að greiða 57 þús. kr. í tekjuskatt, en samkv. brtt. sparar hann þessar 57 þús. kr., þ. e. a. s. skattgreiðsla hans fellur niður.

Hjón, þar sem aðeins annað aflar tekna, eru skattfrjáls samkv. ákvæðum frv. við 2 millj. 820 þús. kr. tekjur, en yrðu skattfrjáls við 3 millj. 322 þús. kr. tekjur samkv. till., en þá ættu þau að greiða samkv. frv. 117 þús. kr. í tekjuskatt. Ég endurtek: Hjón með 3 millj. 322 þús. kr. tekjur ættu samkv. frv. að greiða 117 þús. kr. í tekjuskatt, en yrðu skattlaus samkv. tillögunni.

Einhleypingi, sem hefur 2.5 millj. kr. í tekjur, ber að greiða samkv. frv. 175 þús. kr. í tekjuskatt. Samkv. brtt. mundi tekjuskattur hans vera 112 þús. kr. Lækkun einhleypings með 2.5 millj. kr. í tekjur nemur þannig 63 þús. kr.

Ef menn spyrja hve slíkir einstaklingar séu margir, sem hafa 2.5 millj. kr. í tekjur — þetta er allt miðað við verðlag ársins í ár, þá eru þeir um 10 þús. að tölu. Þessi lækkunartillaga varðandi einhleypinga með 2.5 millj. kr. í tekjur mundi taka til 10 þús. einhleypinga.

Hjón, þar sem aðeins annað hjóna aflar 3.5 millj. kr. tekna, en hitt engra tekna, greiða samkv. frv. 159 þús. kr. í tekjuskatt, en samkv. brtt. 41 þús. kr. Lækkunin er 118 þús. kr. hjá hjónum með 3.5 millj. kr. tekjur, þar sem annað hjónanna aflar teknanna. Þetta dæmi er mjög nálægt meðaltali áætlaðra tekna slíkra hjóna, þar sem annað aflar allra teknanna, á árinu 1978. Skattlækkun slíkra hjóna með 3.5 millj. kr. tekjur yrði 118 þús. kr.

Ef menn spyrja: Hvað eru þetta mörg hjón, sem hafa 3.5 millj. kr. tekjur sem annað hjónanna aflar? — þá er ekki um að ræða nema um 3000 hjón. Um 3000 hjón með 3.5 millj. kr. tekjur, sem annað hjónanna aflar, mundu njóta 118 þús. kr. skattlækkunar samkv. þessum tillögum.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að það er algengt að bæði hjónin afli teknanna,

og þá er langalgengast að annað hjónanna afli um ¾ hluta teknanna. Þetta sýnir athugun á skattframtölum að er algengast, og það er algengast að slík hjón hafi 4 millj. kr. í tekjur, þar sem annar aðilinn aflar 3 millj. og hinn aðilinn aflar einnar millj. Þetta dæmi er mjög nálægt meðaltali áætlaðra tekna slíkra hjóna á árinu 1978. Hvernig færi með skattgreiðslu þessara hjóna? Samkv. frv. ættu þau að greiða 263 þús. kr. í tekjuskatt, samkv. till. 144 þús. Lækkun á þessum stóra hópi hjóna nemur 119 þús. kr. Og ef menn spyrja hvað slík hjón séu mörg, þá kemur í ljós að þau eru 6000. Það eru m. ö. o. helmingi fleiri hjón, þar sem bæði afla teknanna, heldur en þar sem aðeins annað aflar teknanna. Hjónin þar sem annað aflar teknanna eru um 3000, hjónin þar sem bæði afla teknanna eru um 4000, og hlutfallið er þannig, að tekjurnar eru samtals 4 millj. og algengast að annað afli 3 millj. og hitt afli einnar millj.

Þetta eru áhrif 50 þús. kr. aukningar persónuafsláttarins sem gert er ráð fyrir í tillögunum.

Ef við nú athugum hver áhrif hækkun 10% frádráttarins í 12% hefur, þá er hlutfallslegur fjöldi þeirra, sem hefðu fremur hag af föstum frádrætti, fastri prósentu, en sundurliðuðum frádrætti, þannig: Samkv. frv. er hlutfallslegur fjöldi hjóna, sem hagnast á þessu, 65%. Við hækkunina má gera ráð fyrir að þetta hlutfall aukist í 73%, það mundu verða 73% hjóna sem högnuðust á föstum hlutfallslegum frádrætti miðað við það að draga frá vextina, stéttarfélagsgjöldin og þetta sem ég nefndi áðan.

Varðandi einstaklinga er talið að 90% einstaklinga hefðu hag af því að nota 10%-regluna miðað við fasta frádráttinn. Þetta hlutfall eykst upp í 93% ef frádrátturinn er aukinn upp í 12%.

Ef skoðaðir eru sérstaklega einstæðir foreldrar, sem er hópur sem þessi regla er mikil hagsbót fyrir, þá má samkv. frv. gera ráð fyrir að um 75% einstæðra foreldra hafi hag af 10% frádrættinum miðað við einstöku frádráttarliðina. Ef frádráttur er hækkaður upp í 12%, þá hækkar þessi hlutfallstala upp í 80% af einstæðum foreldrum. Og ef teknir eru allir framteljendur, þá má telja að um 75% framteljenda mundu nota sér 10% frádráttarheimild frv. En verði hún hækkuð upp í 12%, er talið að um 80% framteljenda mundu nota sér þá reglu frekar en vaxtafrádráttarregluna. Hér er nefnilega um að ræða mjög mikilvægan aðstöðujöfnuð milli þeirra, sem hagnast á frádráttarliðunum, annars vegar og almennra launþega hins vegar. Einnig ber að leggja á það sérstaka áherslu, eins og ég gerði áðan, að þetta jafnar aðstöðu leigjenda og íbúðareigenda, auk þess sem það er mikil einföldun á skattkerfinu í heild.

Það fer því ekki á milli mála, að launafólki yrði mikil hagsbót að því, ef þessar brtt., sem ég flyt á þskj. 788, yrðu samþykktar, enda gefur það auga leið, ef höfð er hliðsjón af þeim dæmum um skattlækkun á algengum launamannahópum sem ég gat um áðan. En þá er eðlilegt, fullkomlega eðlilegt, að menn spyrji: Er þetta hægt? Er það framkvæmanlegt? Hvað kostar þetta? Á því hef ég gert rækilega athugun og niðurstaðan er sú, að samþykkt þessara brtt. mundi lækka tekjur ríkissjóðs um 5.5 milljarða. En til þess að menn geri sér grein fyrir því, hvað 5.5 milljarðar raunverulega eru nú á dögum, þá ber að hafa það í huga, að fjárlög líðandi árs eru 140 milljarðar kr. Hér er m. ö. o. um það að ræða, að ríkið afsali sér 3.5—4% af tekjum sínum. Þá vaknar auðvitað spurningin: Getur það það? Getur ríkið misst af 3.5% eða 4% af tekjum sínum?

Áður en ég svara þessu í einstökum atriðum eða áður en ég geri grein fyrir því, að það er skoðun mín, að þetta sé hægt ef vilji er fyrir hendi, þá leyfi ég mér að minna á þær till. eða þá valkosti sem Þjóðhagsstofnun lagði fyrir verðbólgunefndina svokölluðu nú fyrir skömmu, fyrir fáeinum mánuðum, í febrúar þessa árs, í febrúar 1978. Það hefur áður verið rætt hér á Alþ., að Þjóðhagsstofnunin lagði fyrir verðbólgunefndina fimm valkosti til þess að velja á milli. Af þessum valkostum, eftir að þeim till. hafði verið hafnað sem við stóðum að, fulltrúar Alþfl., Alþb., Samtakanna og Alþýðusambandsins, í verðbólgunefndinni, taldi ég dæmi 2, svo sem er kallað, valkost 2, vera aðgengilegastan og skynsamlegastan frá öllum sjónarmiðum, og enginn vafi getur talist á því, að Þjóðhagsstofnunin hefði ekki sett þennan valkost frekar en aðra ef hún hefði talið hann vera óframkvæmanlegan. En einmitt í valkosti 2 var gert ráð fyrir 5 milljarða lækkun á fjárl., þ. e. á framkvæmdum samkv. fjárl. og framkvæmdum samkv. lánsfjáráætlun. M. ö. o.: það liggur fyrir í ekki tveggja mánaða gömlu plaggi yfirlýsing um það frá Þjóðhagsstofnuninni, að það sé hægt að lækka fjárlög þessa árs um 5 milljarða kr. Með hliðsjón af þessu, — ég bendi á það sem dæmi, — getur nokkur leyft sér að segja að það sé goðgá eða ábyrgðarleysi að nefna þann möguleika í sambandi við afgreiðslu á tekjuskattsfrv., að hægt sé að lækka 140 milljarða útgjöld um 5.5 milljarða, þegar Þjóðhagsstofnunin sjálf hefur talið að hægt væri og jafnvel nauðsynlegt að lækka framkvæmdaútgjöld ríkisins um 5 milljarða.

Í valkosti 3, dæmi 3, var gert ráð fyrir eins milljarðs lækkun á fjárfestingarútgjöldum ríkisins. Í dæmi 4 var gert ráð fyrir 3 milljarða lækkun á útgjöldum ríkisins. Í dæmi 5 var gert ráð fyrir 2 milljarða lækkun á útgjöldum ríkisins. Það var aðeins í fyrsta valkostinum, sem enginn tók undir og í raun og veru var ekki í alvöru mælt með af Þjóðhagsstofnuninni, að ekki var gert ráð fyrir neinni lækkun á útgjöldum ríkisins, enda var þar um að ræða sérstaka kosti sem í raun og veru voru aldrei sérstaklega ræddir. En í valkostum nr. 2, 3, 4 og 5 var alls staðar gert ráð fyrir mjög verulegum niðurskurði á framkvæmdum ríkisins, frá 1 milljarði og upp í 5 milljarða.

Fulltrúar stjórnarflokkanna í ríkisstj. mæltu með dæmi 5, með valkosti 5. Þeir mæltu með því fyrir tveim mánuðum, að hann skyldi valinn, og þar er gert ráð fyrir 2 milljarða lækkun á framkvæmdafé ríkissjóðs. Sjálfir stjórnarflokkarnir, fulltrúar þeirra, mætir menn í verðbólgunefndinni, töldu þá fært að lækka framkvæmdafé

ríkisins um 2 milljarða. Ég nefni þetta aðeins sem varnaðarorð til þeirra sem kynnu að taka upp á því síðar í þessum umr. að segja að till. Alþfl. um 5.5 milljarða lækkun á fjárl. miðað við núgildandi verðlag sé einhver fjarstæða. Það er ekki hægt að kalla slíkt fjarstæðu, miðað við þær till. sem Þjóðhagsstofnun setti fram í verðbólgunefndinni og miðað við afstöðu sem fulltrúar sjálfra stjórnarflokkanna studdu þá.

Þegar það er haft í huga, að fjárfestingarútgjöld ríkisins, miðað við verðlag ársins í ár, eru 35—40 milljarðar kr., og þegar það er haft í huga, að bein rekstrarútgjöld ríkisins eru 15—20 milljarðar kr., þá sést glögglega um hvaða stærðargráðu hér er að ræða. Þó að fjárfestingarútgjöld ríkisins væru ekki lækkuð nema um 10%, bara um 10%, svo að maður taki meðaltal, þá sparar það um 3.5—4 milljarða. Og þó að rekstrarútgjöld ríkisins væru ekki lækkuð nema um 10%, þá spöruðust við það 1.5—2 milljarðar. M. ö. o.: með því að lækka fjárfestingarútgjöldin í heild og rekstrarútgjöldin í heild um aðeins 10% fengjust 5—6 milljarðar, einmitt sú tala sem útreikningar sýna að er nauðsynleg til þess að geta komið fram þeirri stórkostlegu lækkun og réttmætu lækkun á tekjuskattsgreiðslum launþega, einhleypinga og hjóna, sem hér er gerð till. um.

Auðvitað kostar öll útgjaldalækkun hjá ríkinu átök og auðvitað kemur það einhvers staðar niður, það er augljóst mál. Það er ekki hægt að minnka framkvæmdir án þess að einhver sakni þeirra framkvæmda sem lagðar eru niður. Og það er ekki hægt að spara í rekstrarútgjöldum nema því aðeins að það komi við einhverja skrifstofuna, einhvern skrifstofustjórann, einhvern forstjórann, sem verður að sætta sig við það að hafa minna fé að eyða í rekstur sinn heldur en hann hefði ella haft. En ef við berum þennan sársauka, ef ég má nota það orð, þennan sársauka þeirra, sem verða fyrir lækkun á framkvæmdafé um 10%, og forstjóranna og skrifstofustjóranna, sem verða að draga saman rekstrarkostnað stofnana sinna um 10%, — ef við berum þann sársauka, sem þetta veldur, saman við réttlætið sem felst í því að lækka tekjuskattinn hjá einhleypingum og hjónum um þær upphæðir sem ég nefndi áðan, þá ættu menn ekki að vera í vafa um hvort ætti að gera. Ég sagði áðan að 10 þús. einstaklingar mundu njóta skattalækkunar samkv. till., að 3000 hjón með 3.5 millj. kr. tekjur mundu njóta góðs af till. og að 6000 hjón með 4 millj. kr. tekjur mundu njóta góðs af þeim. Ef við berum saman hagsmuni þessara 19 þús. skattgreiðenda, sem mundu njóta góðs af þessu, berum hagræði þeirra, réttlætiskröfu þeirra til þess að vera ekki íþyngt með óhóflegum tekjusköttum, saman við þann sársauka sem þeir mundu verða fyrir sem verða að sætta sig við 10% lækkun á framkvæmdum og 10% niðurskurð á rekstrarfé, þá hygg ég, ef menn þora að hugsa upphátt, að ekki sé mikill vafi á því, hver orðun þeirrar hugsunar yrði.

Nú er það að vísu svo, að hér nefni ég meðaltalstölur, og það er auðvitað engan veginn rétt, að þó að hægt væri að skera fjárfestingar að meðaltali niður um 10%, þá ætti að gera það. Fjárfestingarliðirnir eru mjög ólíkir og þola mjög misjafnan niðurskurð og að sjálfsögðu ætti að hafa hliðsjón af því. Sama er um stofnanirnar. Sumar eru vel reknar og gætu eflaust ekki framkvæmt 10% niðurskurð á sínum rekstrarkostnaði. Í öðrum er sukk — vitanlega og viðurkennt sukk, þar sem ætti að láta stofnanirnar draga saman um miklu meira en 10%: 20%, 25%.

Að því er varðar framkvæmdaféð vil ég vekja alveg sérstaka athygli á því, að fjárveitingar til opinberra framkvæmda og framlög til fjárfestingarsjóða, sem hafa farið mjög vaxandi á allra síðustu árum og hæpið er að ríkissjóður og skattborgarar eigi að leggja fé til með þeim hætti, sem nú á sér stað, þ. e. a. s. með beinum fjárveitingum á fjárl., beinni skattheimtu á sama ári, — þessar fjárveitingar nema nú milli 25 og 30 milljarða kr. Það er búið að koma inn á sjálf fjárl. framkvæmdafé sem í raun og veru ætti samkv. öllum eðlilegum efnahagslögmálum að fjármagna með lánum. En vegna þess hve lánstraustið hefur verið hagnýtt út í æsar hefur verið farið inn á þá leið að leggja skatt á skattborgarana, tekjuskatt og söluskatt og aðra skatta til þess að afla fjár. Það er ekki heilbrigð efnahagsstefna, það er ekki heilbrigð fjármálastefna að fjármagna lán, lánveitingar til langs tíma, með tekjuöflun á fjárl. Það er að leggja óeðlilega þunga byrði á samtímann, á nútímann, á þá einstaklinga og félög, sem nú greiða skatt sem framtíðin á að njóta góðs af. Í þessum efnum höfum við farið út á mjög háskalegar brautir, og það er kominn tími til þess að hverfa af þessum röngu brautum. Þessar fjárveitingar mætti skera niður um miklu meira en 10%. Ég hika ekki við að nefna 15—20%, sem mundi auðvitað geta þýtt það, að hægt væri að halda óbreyttum fjárveitingum til margra annarra framkvæmda, t. d. vega, svo að ég nefni eitt dæmi.

Ég segi það því með fyllsta þunga, að það er engin goðgá að ræða í alvöru um lækkun á 140 milljarða kr. fjárl. um 5.5 milljarða, miðað við verðlag núgildandi árs. Það er hægt að gera þetta ef vilji er fyrir hendi, og þeir mörgu skattgreiðendur, sem nú eiga að greiða tiltölulega háan tekjuskatt til ríkisins af tekjum sínum, en við leggjum til að tekjuskattur sé lækkaður á, þeir munu taka eftir því, hvort vilji er fyrir því, að ríkissjóður dragi saman seglin sem svara 5.5 milljörðum til þess að geta dregið úr ranglæti sem felst í núgildandi skattheimtu á þessa tekjuaðila.

Ég skal ljúka máli mínu með því að leggja áherslu á að hér er ekki um neinar óraunhæfar till. að ræða. Hér er ekki um neins konar yfirboð að ræða gagnvart till. ríkisstj. að ræða. Hér er um að ræða raunhæfar till. sem eru framkvæmanlegar ef vilji er fyrir hendi, og eftir því mun verða tekið, hverja athugun þessar till. fá hjá hæstv. ríkisstj. og þeim n. sem áfram munu eflaust fjalla um þetta mál. Það hefur verið of algengt undanfarið og er raunar enn, að í slíkum málum sem þessum sé varpað fram óraunsæjum yfirboðstillögum, tillögum sem þýða tekjumissi fyrir ríkissjóð, án þess að sinna því nokkurn skapaðan hlut, hvernig bæta eigi upp tekjumegin. Þannig högum við þm. Alþfl. ekki

tillöguflutningi okkar. Við gerum till. um lækkun á tekjuskatti hjá hópum launþega sem eiga skilið, sem eiga í raun og veru nánast kröfu á því, að tekjuskattur þeirra sé lækkaður. Við reiknum út nákvæmlega hvað þetta mundi þýða mikla tekjulækkun fyrir ríkissjóð, og við teljum okkur í aðalatriðum benda á hvernig hægt væri að gera þeita ef vilji væri fyrir hendi. Og að sjálfsögðu erum við reiðubúnir til þess að taka þátt í starfi sem miðaði að því að leiða í ljós hvernig hægt væri að ná fram 5.5 milljarða kr. sparnaði með útgjaldalækkun á 140 milljarða kr. fjárl. Við lýsum okkur reiðubúna til að taka þátt í ítarlegri og alvarlegri vinnu að þessum efnum og mundum þá í einstökum atriðum sýna fram á hvernig við teldum þetta vera hægt. En það er auðvitað ekki ástæða til að fara lengra út í einstök atriði í þessum efnum ef hugmyndin sjálf fær engan hljómgrunn hjá hæstv. ríkisstj. Um leið og gefið er í skyn, að grundvallarhugmyndin sem hér er um að ræða, lækkun tekjuskatts á almennum launþegum með því móti að draga úr fjárfestingarútgjöldum og auka sparnað í rekstri ríkisins, — um leið og því yrði lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að hún sé reiðubúin til viðræðna um þessa athugun, þá munum við taka þátt í henni og sýna fram á það í einstökum atriðum, hvernig við teljum að þetta muni vera framkvæmanlegt.

Ég lýk máli mínu með því að benda á, að ég held að hæstv. ríkisstj. ætti að taka þessar till. alvarlega. Hún hefði satt að segja betur fyrr tekið alvarlegar hugmyndir Alþfl. um að greina á milli atvinnurekstrar og tekna einstaklinga, þ. e. a. s. gera atvinnurekanda skattskyldan þó að fyrirtæki hans sé gert upp með tapi. Hæstv. ríkisstj. hefði fyrr átt að hlusta á hugmyndir Alþfl. um þetta efni, þó að ég sé síst að vanþakka það, að nú sé hún komin á þessa skoðun. Sömuleiðis hefði hæstv. ríkisstj. fyrr átt að hlusta á hugmyndir þingflokks Alþfl. um sérsköttun hjóna. Það hefur tekið hana langan tíma að komast að þeirri réttu niðurstöðu, sem við þó bentum á fyrir mörgum árum. Ég tel hæstv. ríkisstj. gera rétt í því að hlusta eftir þessum till., en bíða ekki eftir því, að þær séu endurfluttar, áður en ríkisstj. sannfærist um að hér er um réttar og sanngjarnar hugmyndir að ræða.

Sverrir Bergmann: Virðulegi forseti. Ég hef ekki í hyggju að flytja mjög langt mál að þessu sinni, þótt kannski geti eitthvað teygst úr því, enda verður það að teljast fremur illa gert að tefja um of tíma hv. Alþingis sem nú er önnum kafið við á síðustu stundu í lok kjörtímabils að afgreiða mjög viðamikla málaflokka sem ætla hefði mátt að þyrftu við langrar athugunar og krefðust mikilla umr. og tækju jafnvel verulegum breytingum í meðförum þingsins áður en þau væru endanlega samþykkt og afgreidd. En ég hef hins vegar skrifað undir nál. eða kannske eftir atvikum verið gert að skrifa fyrirvaralaust undir nál. hv. fjh.- og viðskn. á þskj. 763 um frv. það um tekjuskatt og eignarskatt á þskj. 600, sem hér er nú til umr. Það ber eiginlega að líta svo á, að fyrirvari minn hafi niður fallið af óviðráðanlegum tæknilegum ástæðum.

Ástæðurnar fyrir undirskrift minni undir nál. eru einkum tvær: Hin fyrri er sú, að frv. þetta um tekjuskatt og eignarskatt er að mínu mati verulega til bóta um margt frá gildandi lögum um þessi efni. Það varðar m. a. breytt ákvæði um fyrningar, tekjur af eigin atvinnurekstri, og þá með tilliti til þess, að bókhaldslegt rekstrartap hafi ekki áhrif á einkatekjur af hinum sama rekstri. Nefna má einnig sérsköttun hjóna og það, að áætlaðar eru tekjur í einkarekstri, þótt segja megi um þetta hvort tveggja, að á því séu einnig nokkrir gallar, eins og ég mun víkja að síðar. Þá er einnig um vissa einföldun að ræða, bæði um gerð framtala og álagningu, og er það vissulega til úrbóta, þótt þetta hefði mátt vera og þurft að vera enn meiri einföldun en raun ber vitni.

Þetta er höfuðástæðan til þess, að ég mun leggja þessu frv. til atkv. mitt í öllum meginatriðum. Hin ástæðan fyrir undirskrift minni er raunar sú, að það er alveg fyrirsjáanlegt, að frv. þetta skal afgreitt á þessu þingi og engum meiri háttar breytingum mun ég einn fram koma, a. m. k. ekki úr þessu og vafalaust ekki yfirleitt. En það ber vægast sagt að harma að frv. sem þetta skuli koma svo seint fram og svo knúið á um afgreiðslu þess, að jafnvel nefndarathugun getur tæplega orðið neitt annað en leit að prentvillum. Í heild hefði þurft að athuga þetta frv. miklu betur og gefa nægjanlegt tímalegt svigrúm til breytinga á því og jafnvel mikilla breytinga. En þó situr auðvitað síst á mér að gagnrýna störf hv. fjh.- og viðskn. að þessu frv., því hún hefur unnið af öllum þeim krafti og notað allan þann tíma sem hún hefur haft möguleika á eins og nú stendur.

Ég kem þá að þeim atriðum sem ég vildi þrátt fyrir undirskrift mína leyfa mér að hafa á um nokkurn fyrirvara, og ég vil vænta þess, að þessi atriði verði enn tekin upp milli umr. og áður en frv. þetta verður endanlega afgreitt frá hv. Alþingi.

Við getum þá fyrst spurt: Af hverju er verið að breyta gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt? Og við kunnum öll svar við því. Gildandi lög um tekjuskatt og eignarskatt hafa a. m. k. í framkvæmdinni reynst hafa að geyma ákvæði er orðið hafa til þess að skapa umtalsvert óréttlæti hvað varðar framlag þegnanna í formi greiðslu tekjuskatts og eignarskatts. Um þetta hygg ég að allir geti verið sammála. Tilgangurinn með þessu frv. er að reyna að sníða af þá vankanta, sem reynst hafa verið í gildandi lögum, og stuðla þannig að meira réttlæti en nú er. Um þetta held ég að menn deili ekki. Það er auðvitað hægt að gera skattalög beinlínis þannig úr garði, að þau skapi einum forréttindi umfram aðra. En mér virðist ekki vera ríkjandi meðal hv. þm. almennt þessi hugsunarháttur, að skattalög eigi beinlínis að vera þannig úr garði gerð, þótt ekki viti ég hvort því veldur fremur kjarkleysi eða gott innræti, heldur munu hv. alþm. almennt líta svo á, að þannig skuli frá þessum lögum gengið, að hver þjóðfélagsþegn beri sem réttlátastar samfélagslegar byrðar í formi tekju-

skatts og eignarskatts, eftir því sem efni hans og ástæður leyfa. Þetta tel ég vissulega vera mjög svo heilbrigt sjónarmið.

Nú er það ekki umdeilt mál, að einmitt fyrningarreglur gildandi laga og það atriði í gildandi lögum, að hægt sé að draga bókhaldslegt rekstrartap þannig frá tekjum, stundum verulegum og ríflegum tekjum til einkaneyslu, að enginn tekjuskattur sé af þeim greiddur, sem og framtalslegt tekjuleysi í atvinnurekstri, — þetta þrennt öðru fremur hefur skapað það óréttlæti sem er um byrðar manna hvað varðar greiðslu til ríkissjóðs í formi tekjuskatts og eignarskatts. Þetta skal reynt að lagfæra samkv. ákvæðum þess frv. sem hér er til umr.

En þá hlýtur að vakna sú stóra spurning: Hvers vegna í ósköpunum er ekki hægt að gera það strax? Við erum búin að horfa upp á það óréttlæti, sem af þessu hefur leitt, ár eftir ár, en enn skal talið fram eftir gildandi lögum bæði í ár og einnig næsta ár, jafnvel þótt þetta frv. verði afgreitt sem lög nú á þessu þingi. Þetta getur ekki verið nauðsynlegt, og það getur ekki verið, að hv. Alþ. ætli beinlínis, eftir að hafa tekið þessi mál til meðferðar með þessum hætti á annað borð, að láta þetta augljóslega óréttlæti halda enn áfram um tveggja ára skeið. Ég get ekkert séð því til fyrirstöðu, að þau ákvæði frv., sem varða þessi atriði, geti komið til framkvæmda strax nú í sumar og þannig sé strax lokað fyrir þetta óréttlæti. Mér finnst að þetta beri að gera, og ég segi það sem mína skoðun, að ég get ekki lagt það á nokkurn hv. alþm. að gera hv. Alþ. þá skömm að leiðrétta ekki strax það hrópandi óréttlæti, sem leiðir af ákvæðum gildandi laga, eftir að hafa viðurkennt það með þeirri breytingu sem ákvæði þessa frv. segja um. Þetta er að auki alger óþarfi, svo að ég noti ekki um það stærri orð.

Annað atriði, sem auðvitað er stór galli á frv., er það, að enn eru allt of margar smugur til þess að skjóta því, sem ætti að vera skattskylt fé og skattskyldar eignir, undan slíkum greiðslum. En það þarf miklu meiri tíma en þann sem hér er gefinn til þess að fjalla um þau atriði og ganga frá þeim betur en er í þessu frv. Því segir mér svo hugur um eins og fleirum, að svo kunni að fara að ýmsar breytingar eigi eftir að gera á þessu frv. og þá raunar á því sem lögum, hýst ég við, áður en það kemur endanlega til framkvæmda. Og mér finnst að vinnubrögð af því tagi orki a. m. k. tvímælis og séu tæpast til þess fallin að auka á virðingu hv. Alþingis.

Loks er svo það atriði sem við ættum að gera okkur mjög svo glögga grein fyrir. Það er nú einu sinni svo, að mikill hluti fjármuna og eigna fer svo milli manna með ýmsu móti að sleppur fram hjá skattakerfinu. Þetta vitum við öll mætavel. Það er auðvitað gott og blessað og það er auðvitað nauðsynlegt, að skattaeftirlit sé strangt og það sé virkt og það sé mikið, en jafnvel það getur ekki ráðið við þetta. Þetta er staðreynd. Það ræður ekki við þetta nema að takmörkuðu leyti, og ætti að vera eitthvað umfram það, þá getur það aðeins gerst með því móti að ganga svo inn á einkamál eða einkalíf fólks að mjög getur orkað tvímælis hvort slíkt sé æskilegt.

Þegar við höfum þessar staðreyndir í huga og jafnframt auðvitað það, að það er fyrst og fremst það fólk, sem þiggur laun og fær þau upp gefin sem greiðslu, sem greiðir hin opinberu gjöld, þá ætti það að vera alger lágmarkskrafa, þegar skattalög eru endurskoðuð, að alls ekki sé gert ráð fyrir aukinni skattbyrði, það sé ekki gert ráð fyrir hækkun á þessari tekjuöflunarleið hins opinbera. Það hefði því hiklaust átt að stefna að því, að í engu launaþrepi væri um hækkun opinberra gjalda að ræða frá því sem er í gildandi lögum, og það hefði hreinlega orðið að ráðast hverju hefði munað í heildartekjuöflun ríkissjóðs. Það er ekki hægt að heimta meiri álögur eftir kerfi sem er þess eðlis að það nær aldrei til alls þess sem gjalda skal af. Menn verða nefnilega að gæta þess, að þrátt fyrir vandlega útreikninga sem fylgt hafa þessu frv. og okkur nm. hafa verið sýndir, þá þýðir þetta frv. í raun hækkun þessara gjalda hjá flestum, m. a. vegna þeirrar breytingar sem nú verður á skattlagningu hjóna. Því er það svo, að enda þótt fagna beri sérsköttun hjóna út af fyrir sig, þá er staðreyndin sú, að eftir því sem konan aflar meiri tekna hækka að öllu jöfnu skattar á því heimili. Þó hljóta menn að gera sér það ljóst, að konur munu í vaxandi mæli sækja út á vinnumarkaðinn, enda þeirra full þörf þar, og koma væntanlega til að afla enn meiri tekna en þær hafa gert hingað til. Það er því galli í sambandi við sérsköttun hjóna, að þessa skuli ekki hafa verið betur gætt í sambandi við álagningarhlutföllin.

Það kemur fram í nál. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að hækka megi álagningarprósentuna á háar tekjur. Í sjálfu sér er ég honum alveg sammála um þetta, og það er raunar algert grundvallaratriði í minum huga og hefur alltaf verið, og auðvitað gerir hv. þm. sér góða grein fyrir því, að þetta lætur afar vel í eyrum og þykir lýsa heldur góðu og göfugu hugarfari og góðu þeli til nábúans, að leggja nógu mikið á þá sem hafa miklar tekjur. Ég hygg að þetta muni hljóma alveg sérstaklega vel á þeim mánuðum sem nú fara í hönd, og ég held að sá mundi eiga lítið upp á pallborðið með þjóðinni almennt sem færi að mæla með því, að einhver skattaleg hlíf skyldi sýnd háum tekjum. Ég legg ekki slíkt til, enda hef ég alltaf fylgt því grundvallaratriði, að því meira sem menn bera úr býtum, því betur séu þeir auðvitað í stakk búnir til þess að greiða ríflegri hlut til sameiginlegra þarfa og skuli gera það. En hitt er eins og bæði hv. þm. og margir aðrir geti ekki skilið eða vilji ekki skilja, að það er heildarsjónarmiðið sem hér skiptir mestu máli, og þar er að finna réttlætið í þessum efnum. Það er þetta, hvernig til tekst með framkvæmdina á góðum ásetningi.

Eins og háttar í dag eru háu tekjurnar á framtölum fyrst og fremst tekjur launafólks þrátt fyrir allt, rétt eins og allar aðrar tekjur sem til skatts koma. Auðvitað er þessi hái launamannahópur mjög svo fámennur, og hv. þm. og við öll hljótum að gera okkur grein fyrir því, að slíkar tekjur verða yfirleitt aðeins til með mjög

óeðlilegum hætti, bæði óhóflegu, óæskilegu og óheilbrigðu álagi, a. m. k. til lengdar. Í þessum hópi kunna t. d. að vera fengsælir skipstjórnarmenn, og víst eru í þessum hópi ýmsir úr minni stétt, a. m. k. þeir sem þurfa að vera til taks allan sólarhringinn allan ársins hring. Það er þessi óhjákvæmilega vinnukvöð, sem skapar þessum aðilum og vafalaust einhverjum fleiri háar tekjur. Það er því auðvitað svo, að við, sem í þessum hópi erum, berum meira en aðrir, greiðum meira en aðrir, og við teljum ekkert óréttlátt að gera það. En ég sé ekki ástæðu til að það sé bætt á þetta meira en er samkv. gildandi lögum. En samkv. ákvæðum þess frv., sem hér er til umr., er alveg ljóst að álögur á okkur munu hækka nokkuð. Það er því, held ég, alveg ástæðulaust að vera að auka hlutfall þessa hóps umfram það sem ákvæði þessa frv. gera ráð fyrir, því hinir raunverulegu hátekjumenn sleppa að miklu leyti undan skattgreiðslunum, einnig samkv. ákvæðum gildandi laga, þegar öllu er á botninn hvolft, því að þótt þeim séu áætlaðar tekjur og þótt það ákvæði út af fyrir sig bitni kannske óréttlátt á einhverjum, þá kemur það þó lét niður á miklum meiri hluta þeirra sem hafa raunverulegar hátekjur, því að áætlun um laun þeirra nær ekki til nema hluta af því sem þeir hafa raunverulega handa á milli. Þetta kemur aftur inn á það, sem ég vék að áðan, hvað viðkemur framkvæmdinni og eftirliti með góðum ásetningi.

Ég tel að þetta verði að liggja til grundvallar og þá það, að meðan við teljum okkur ekki geta lagt alveg niður beina skatta, þá sé þess gætt, að þeir séu ekki hækkaðir umfram það sem nú er og tekjuöfluninni þá haldið innan þessara marka að heildarfjármagni. Þetta er einnig nauðsynlegt þegar það er haft í huga að framtalið verður einnig stofn að ýmsum öðrum álögum, og þannig er jafnvel um það að ræða að visst óréttlæti geti margfaldast. Auðvitað þarf ríkissjóður mikla peninga. En hann mun alltaf finna þörf fyrir það fé sem hann kemst yfir, rétt eins og hugsanlegt er að komist yrði að þeirri niðurstöðu, að þótt eitthvað minna kæmi inn, þá mætti kannske gera flest það gagnlega, en kannske sleppa hinu, því að það er vel þekkt lögmál, að menn áætla og eyða sem næst því sem þeir hyggja að þeim muni til leggjast.

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins koma þessum aths. á framfæri. Ég legg höfuðáherslu á hið fyrst talda, að hinir augljósu vankantar gildandi skattalaga verði afnumdir nú þegar, hvað sem líður gildistöku laganna í heild. Og ég vænti þess enn, að um þetta verði fjallað í n. á milli umr. og áður en til endanlegrar afgreiðslu þessa frv. kemur.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Ég þakka formanni fjh.- og viðskn. hve vel hann brást við tilmælum hæstv. ráðh. og gaf mér tækifæri til að fylgjast með meðferð þessa máls á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. beggja deilda. Sú nána vitneskja, sem þar fékkst, staðfesti í mínum huga þá skoðun sem ég lét í ljós við 1. umr. þessa máls, að efnislega væri, þegar á allt er litið, fengur að frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt á þskj. 600. Annað mál er að það, hvenær og hvernig þetta mál ber að og ýmislegt í aðdraganda þess, er vissulega aðfinnsluvert eins og ég kem að síðar. En hitt vil ég enga dul draga á, að ég tel frv., þegar á heildina er litið, virðingarvert átak hæstv. fjmrh. til að koma til móts við ýmsar helstu aðfinnslur við ríkjandi skattalög. Þar er þó sá galli á gjöf Njarðar að mínum dómi, að í þýðingarmiklum greinum tel ég ekki nógu ljóst á þessu stigi meðferðar málsins, að náð verði tilgangi sem ég tel í rauninni lofsverðan. Ekki fer milli mála að það, sem gert hefur gildandi skattalög óvinsæl og þannig metin af fjölda skattgreiðenda, af miklum meiri hluta skattgreiðenda, vil ég segja, að þau séu óviðunandi, er sú staðreynd, sem legið hefur fyrir og allir hafa kynnst meira eða minna úr sínu umhverfi, að í þjóðfélaginu hefur verið stór hópur skattleysingja enda þótt þeir aðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, hefðu miklar og jafnvel stórmiklar tekjur. Brýnasta verkefni við endurskoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt hefur verið að loka þeim augljósu götum sem allir hafa vitað að eru á gildandi skattalögum. Þetta var vitað fyrir svo löngu, að ríkisstj., sem nú er að skila af sér í lok síðasta þings á kjörtímabilinu, tók það á stefnuskrá sína strax í upphafi að ráða bót á þessu með því að undirbúa ný skattalög. Það starf hefur ekki farið betur úr hendi en svo, að það er loks nú á síðustu vikum síðasta þings kjörtímabilsins að við erum að fjalla um niðurstöðuna af þessu starfi.

Það hefur verið rætt mjög um það, bæði þegar fyrra skattalagafrv. ríkisstj. lá fyrir á síðasta þingi og nú síðan þetta sá dagsins ljós, hversu með skyldi fara ákvæði um áætlun tekna sem vantaldar væru hjá þeim sem í rauninni eiga það undir sjálfum sér, hvaða tölur þeir setja á skattframtal sitt. Þar þarf að hvoru tveggja að gæta, að ekki sleppi þeir við skattlagningu sem vissulega hafa tekjur á við margan þann sem skatta greiðir viðstöðulaust, vegna þess að óháðrar vitneskju verður við komið til að ákvarða tekjustig hans, og að ekki sé skattur lagður með þessari áætlunarreglu á þá sem engar tekjur hafa til að standa undir slíkum skatti. Undir það skal tekið, að hér er vandratað meðalhófið. En þessi ágalli núgildandi skattkerfis er svo augljós og svo almennur og hefur slík áhrif á skattasiðferðið í landinu, viðhorf manna til gjalda til opinberra aðila, að ekki er verjandi að gera ekki úrbót á. En ég vil eindregið taka undir það, sem segir í áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um skilning á 59. gr. frv., að í ákvæðum þeirrar greinar felist skilyrðislaus skylda skattyfirvalda að taka tillit til atriðanna sem rakin eru í greininni og hafa áhrif á launaupphæð skattþegns. Hér væri farið úr öskunni í eldinn ef með þjösnalegri framkvæmd þeirra ákvæða, sem um er að ræða, væri búið til nýtt óréttlæti í stað þess sem ég er viss um að allir, sem að málinu standa, vilja leiðrétta. Þá er það sjálfsagt atriði, að tap á rekstri er ekki frádráttarbært frá tekjum rekstraraðila af allt annarri starfsemi, svo sem af launuðum störfum.

Það ákvæði frv., sem flesta varðar og mest athygli beinist að, er tvímælalaust ákvæðið um

sérsköttun hjóna. Þar hefur verið horfið frá tillögugerð í frv. í fyrra sem olli miklum úlfaþyt. Það, sem gerðist með hinni nýju reglu um sérsköttunina, er að minna er íþyngt þeim heimilum, þar sem eiginkona hefur verulegar tekjur, heldur en gerst hefði, hefði helmingaskiptareglan verið tekin upp, og ætti þetta tvímælalaust að auðvelda breytinguna frá 50% frádrættinum af atvinnutekjum eiginkonu til þess fyrirkomulags sem gerir minni greinarmun á því, hvort fyrirvinna heimilisins er ein eða þær eru tvær.

Ég tel að þýðingarmesta atriðið að öllu samanlögðu, sem að því miðar að leiðrétta misrétti sem viðgengst af skattheimtu samkv. gildandi lögum séu ákvæðin um skattskyldu söluhagnaðar. Það er enginn vafi á því, að þær upphæðir, sem þar hafa sloppið undan skatti, eru langtum meiri en til að mynda þær sem menn ætla sér að ná til með áætlunarákvæðunum um einstaklinga sem hafa sjálfstæðan rekstur. Og næst þýðingarmestar eru reglurnar um fyrningar sem miðist við verðmæti á hverjum tíma. Þar er í rauninni sett rökstudd fyrningarregla í stað þess handahófs sem átt hefur sér stað með þeim margþættu fyrningarreglum sem undanfarið hafa verið í gildi. Hins vegar er það vímælalaust vert meiri skoðunar en hér hefur verið unnt að veita málinu, hvort byggingarvísitala er að öllu samanlögðu fullnægjandi mælikvarði á verðbreytingar sem fyrningar eiga að miðast við. Byggingarvísitala er þess eðlis, að í henni er afar stór hluti af launum, svo að hún hreyfist að mjög miklu leyti eftir breytingum á launakostnaði á hverjum tíma. En launakostnaður er mjög misjafnlega stór hluti af verðmæti fyrningarlegra eigna. Niðurstaðan af notkun byggingarvísitölu sem algildrar reglu til viðmiðunar um uppfærslu fyrnanlegra verðmæta til núvirðis á hverjum tíma verður því til þess, að þær eignir, þeir hlutir, þar sem vinnukostnaðurinn er stór hluti, álíka og í byggingum, ættu að breytast að verðmæti mjög nærri réttu lagi, en aftur þær eignir, sem eru þess eðlis, að vinnukostnaður er tiltölulega lítill hluti í myndun verðmætis þeirra, þær fá hagstæðari meðferð heldur en hinir, þar sem vinnulaunakostnaðurinn er stór hluti. Það liggur ekkert fyrir um það í rauninni með dæmum, hver áhrif þessi skekkja getur haft. En þar eins og í fleiri greinum er ástæðan sú, að það hefur ekki unnist sá tími sem æskilegur hefði verið bæði til að undirbúa þetta mál í hendur þm. eins og það er nú lagt fyrir og fyrir þn. að kanna það niður í kjölinn.

Ég vil sérstaklega víkja að einni af brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., sem sé till. um að breyta fyrningarhlutfalli á vélum og tækjum og ýmiss konar lausafé, svo sem ökutækjum, úr 15% í 18%. Þarna eru vissulega í þessum flokki tæki með mjög mismunandi notkunartíma, og það er vandmeðfarið að finna tölu, sem fari nærri réttu meðaltali. Ég er þeirrar skoðunar, að með því að breyta þessari hundraðstölu úr 15 í 18% sé of í lagt, þar sé farið nær þeim tegundum tækja, sem undir liðinn heyra, sem skemmstan endingartíma hafa og því þeim ívilnað sem eiga tæki sem endast mun lengur en þessi tala gerir ráð fyrir. Sömuleiðis skortir mig satt að segja rök fyrir því, að lækkun skattprósentu lögaðila í 14. brtt. sé réttmæt, því að þótt því sé haldið fram, að þar sé um að ræða breyingu til þess að hliðstæð verði skattlagningin á lögaðila og jaðarskatturinn á einstaklinga, þá hef ég ekki komist að raun um að þar sé réttari talan, sem í brtt. felst, heldur en sú sem í frv. stendur, og ég tel að þar hljóti að hafa verið sett að athuguðu máli.

En heildarmeðferð máls þessa af hálfu ríkisstj. er sannarlega aðfinnsluverð. Það er beðið fram á lokadaga síðasta þings kjörtímabilsins að bera fram frv. sem nýtur stuðnings í stjórnarflokkunum að von sé um afgreiðslu. Frv., sem lagt var fram í fyrra, var ekki athugað betur í stjórnarflokkunum en svo, að í ljós kom, að innan þeirra var enginn meiri hl. fyrir afgreiðslu þess þegar á reyndi. Afleiðing þessa fjögurra ára dráttar á að efna loforðið um ný skattalög er að þær breytingar til batnaðar, sem ég fyrir mitt leyti tel að í frv. felist, koma ekki í gagnið til þess að gera skattkerfið réttlátara fyrr en við álagningu 1980, þegar næsta kjörtímabil er nær hálfnað. Staðgreiðslukerfið, sem frv. er lagt fram um og þetta frv. til tekju- og eignarskattslaga er miðað við, er þar að auki svo snöggsoðið, að það eru engin tök talin á að taka það til athugunar, hvað þá afgreiðslu, á þessu þingi. Ég vil benda á það, að breytingarnar á þessu frv. frá frv., sem lagt var fram í fyrra, voru ekki á vitorði okkar í stjórnarandstöðunni fyrr en degi áður en frv. kom fram. Veigamiklir kaflar í þessu frv., margir hinir veigamestu, eru gersamlega endursamdir frá því sem sýnt var á síðasta þingi. Þar má nefna skattamál hjóna og fyrningarreglurnar, svo að stærstu atriðin séu nefnd.

Skattlagning hjóna, eins og hún er sett upp í þessu frv., var skýrð á fundum fjh.- og viðskn. beggja d. með ítarlegum dæmum og sýnt glöggleg fram á hver áhrifin yrðu miðað við reynslu af gildandi skattalögum. En þýðingarmestu atriðin um lögaðilana, um fyrirtækin, svo sem skattlagning söluhagnaðar og hinar nýju fyrningarreglur, hafa ekki verið útfærð á nokkurn hátt sem að gagni kemur, þannig að ljóst sé þeim sem um hafa fjallað hvernig þessar nýju reglur og gerbreyttu reglur koma niður, hvort þar sé náð þeim tilgangi sem lýst er yfir t. a. m. með hinum nýju fyrningarreglum, að skattstaða fyrirtækja fari að verulegu leyti eftir stundarstöðu þeirra, að þeir, sem hafa undir höndum og hafa í sínum rekstri eigið fé að öllu eða mestu leyti, séu léttar skattaðir af hagnaði, sérstaklega söluhagnaði, heldur en þeir sem hafa fyrst og fremst eða eingöngu undir höndum lánsfé. Þetta er mjög holl regla og ætti að hafa æskilegar afleiðingar fyrir viðskiptlíf. En því miður hefur ekki unnist tími til að gera þann tímafreka samanburð sem vissulega þarf til þess að sýna, hver munurinn yrði á framkvæmdinni eftir þessu frv., ef það verður að lögum, miðað við gildandi reglur. Ég tel þetta bera þess ljósan vott, að þær niðurstöður, sem liggja fyrir í þessu frv., hafi orðið svo seint til hjá hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkunum að það hafi hreinlega ekki unnist tími til nauðsynlegrar undirbúningsvinnu til að ganga frá skýringarefni og dæmum sem

dygðu til þess að leiða mönnum fyrir sjónir hvernig þessi ákvæði koma út í reynd. Meiri hl. fjh.- og viðskn. vísar til þess, að unnt sé að reikna þessa hluti út með nákvæmni áður en frv., ef að lögum verður, tekur gildi. Þetta sýnir að mínum dómi að það, sem fyrir hæstv. ríkisstj. vakir og þeim meiri hl., sem hana styður, er í rauninni að koma nafninu á setningu nýrra skattalaga, enda þótt að sumu leyti sé enginn botn fundinn sem óyggjandi sé í þýðingarmiklum efnisatriðum þess máls sem við erum að fjalla um. Það er rennt blint í sjóinn með sum afdrifaríkustu ákvæði þess lagafrv. sem fyrir liggur, sérstaklega hvað varðar skattlagningu lögaðila og meðferð sölugróða. Í mínum augum eru ákvæðin um skattlagningu einstaklinga ljós og í heild til bóta miðað við þau lög sem nú gilda. Aftur á móti eru önnur atriði sem ekki hafa verið upplýst á fullnægjandi hátt að mínum dómi, og því tel ég að stjórnarflokkarnir verði að hafa veg og vanda af að ráða þeim til lykta. Ég get stutt ýmis ákvæði þessa frv. eindregið, en á málinu í heild get ég ekki tekið ábyrgð með atkv. mínu.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Það er við hæfi að þm. tjái sig eitthvað um jafnviðamikið mál og hér er til umr. Ég vil þó segja það strax í byrjun, að það er ekki rétt þegar stjórnarandstæðingar eru að deila á hæstv. fjmrh. fyrir það, að hér sé síðbúið mál á ferðinni. Við minnumst þess, að þetta sama mál var lagt fyrir síðasta þing og fékk þar töluverðar umræður og var síðan sent til umsagnar fjölda aðila, þannig að hv. alþm. máttu búast við því, að þetta frv. yrði lagt fram á yfirstandandi þingi með þeim hætti sem gert hefur verið.

Það er að sjálfsögðu svo með þetta mál, að menn eru aldrei á eitt sáttir um öll ákvæði skattalaga, og er svo með mig. En ég vil þó segja það, að í meginatriðum finnst mér þetta frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt stefna í rétta átt, og er því þakkarvert að hæstv. fjmrh. hefur staðið við þau fyrirheit að leggja fram frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt sem felur í sér jafnveigamiklar breytingar til hins betra og mörg ákvæði frv. bera með sér. Þá finnst mér einnig ástæða til þess að þakka hv. formanni fjh.- og viðskn. sem hefur leitt þetta mál áfram með mikilli sæmd, bæði innan n. og hér í d., og væri betur að fleiri þm. og mætir tækju hann sér til fyrirmyndar um vinnubrögð.

En ástæðan fyrir því, að ég stend hér upp, er sem sagt sú, að þótt ég sé stuðningsmaður frv. í heild og fylgjandi þeirri meginstefnu sem birtist í frv., þá eru örfá atriði sem ég vildi gera hér að umtalsefni og jafnframt leyfa mér að koma fram með ákveðnar brtt. sem eru að vísu nokkuð síðbúnar.

Þar er fyrst til að taka það sem segir í frv. um söluhagnað af íbúðarhúsnæði, 16. gr. Í 2. málsl. 1. mgr. segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði þessarar greinar gilda aðeins um sölu íbúðarhúsnæðis, sem eru í eigu manna og aðeins að því marki sem heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis seljanda fer ekki fram úr 750 m³ á söludegi ef um einstakling er að ræða, en 1500 m³ ef hjón, sbr. 63. gr., eiga í hlut.“

Í brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn., 3. tölul., segir við 16. gr.: „Í stað „750 m³ og 1500m³“ í 1. og 5. mgr. gr. komi: 600 m³ og 1200 m³.“ Mér er það óskiljanlegt, hvers vegna verið er að þrengja þau mörk sem gert er ráð fyrir í upprunalega frv., og ég er þess vegna á móti þessum tölul. í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. og mun því greiða atkv. gegn þessum tölul. og legg áherslu á það, að greinin í sínu upprunalega formi verði samþykkt, þó ég verði að segja það, að mér finnst hún ekki að öllu leyti góð og langt frá því að vera nægjanleg.

En það er annað atriði í þessari 16. gr. sem hv. þm. hafa e. t. v. ekki tekið eftir, og kannske er það svo, að þeir meti það þannig að það skipti engu máli. En 3. málsl. 1. mgr. 16. gr. segir:

„Stærðarmörk þau, sem gilda fyrir hjón, gilda einnig um sölu eftirlifandi maka á íbúðarhúsnæði sem var í eigu hjónanna, enda fari salan fram innan þriggja ára frá andláti þess skammlífara.“

Mér finnst mjög óeðlilegt að setja þessi tímamörk inn í frv., vegna þess m. a. að ástæður geta verið mjög margbreytilegar við fráfall maka, þannig að kringumstæður leyfi það ekki, að sú breyting verði á högum sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. að maki skuli selja sína eign innan þriggja ára ef hann vill njóta þeirra ákvæða sem greinin gerir ráð fyrir samkv. 2. málslið. Mér finnst að það eigi að vera frjálst, það eigi ekki að ýta á eða knýja á um það, að maki skuli selja íbúð sem er innan þeirra marka sem hjónum er leyft, sem er samkv. frv. 1500 m³. En það getur vel verið, eins og ég sagði áðan, að sumum finnist þetta aukaatriði. Það er kannske vegna þess, að fæstir, sem hér eru á hv. þingi, hafa lifað það að standa frammi fyrir þessu. En það er nú svo, að mikill fjöldi manns býr nú við þetta, að búa í húsnæði sem þessi mörk ná til, og það hendir okkur flest örugglega fyrr eða síðar að standa frammi fyrir sama vandamáli. Ég er þess vegna með brtt., skriflega brtt., sem er seint fram komin, varðandi þetta atriði, sem ég verð að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða um í sambandi við afgreiðslu, en brtt. er svo hljóðandi:

„Við 16. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo:

Stærðarmörk þau, sem sem gilda fyrir hjón, gilda einnig um sölu eftirlifandi maka á íbúðarhúsnæði sem var í eigu hjónanna.“

Það er sem sagt numið á brott þar sem gert er ráð fyrir því, að sala skuli fara fram innan þriggja ára frá andláti þess skammlífara.

Um 59. gr., sem lýtur að ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur, vil ég segja það, að á þessari grein hefur að vísu orðið veigamikil breyting frá því frv. sem var lagt fram á síðasta þingi. Það er mun ákveðnara varðandi það, með hvaða hætti skattstjórar skuli ákveða tekjur, og þar er gert ráð fyrir ákveðnum viðmiðunarreglum, þar sem á að gæta aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu, starfstíma, umfangs starfsins o. s. frv., og er þetta allt ágætt og góðra gjalda vert. En ég verð að segja það, eins og hv. þm. Ólafur Óskarsson sagði hér fyrr í sinni ræðu, að heldur finnst mér það ógeðfellt, að áætlunarákvæði í þessum efnum skuli eiga að

vera í skattalögunum. Ég leyfi mér að minna á það, að á sínum tíma var það ákvæði í gömlu útsvarslögunum, að unnt væri að leggja á eftir efnum og ástæðum, og ef ég man rétt, þá var það eitt af aðalstefnuskráratriðum fyrstu viðreisnarstjórnar að nema þetta brott úr úsvarslögunum, að hægt væri að leggja á menn útsvar eftir efnum og ástæðum. Það var strax stórt spor í áttina þegar þetta var numið úr útsvarslögunum. Hér er þetta ákvæði að vissu leyti afturgengið, en þó í annarri mynd.

Þó ég sé ekki gamall að árum, þá minnist ég þess, hvernig þetta ákvæði í gömlu útsvarslögunum var notað af óprúttnum stjórnmálamönnum á sínum tíma til þess að reyna að klekkja á sjálfstæðum atvinnurekendum í ákveðnum byggðarlögum, og skal ég ekki tilgreina þau nánar hér, en hæstv. fjmrh. veit örugglega við hvaða byggðarlag ég á, það er ekki langt hér frá. Þá voru þessar nefndir svo til einhliða í höndum rauðliða og þeir notuðu þessi ákvæði óspart til þess að reyna að klekkja á sjálfstæðum atvinnurekendum í því byggðarlagi sem ég er nú að vitna til. Auk þess kom það fyrir og voru þess dæmi, að þetta — að leggja á eftir efnum og ástæðum — væri notað gegn einstaklingum af hálfu þeirra manna, sem sátu í þessum n., til þess m. a. að gera þessu fólki erfiðara um vik. Þess vegna var það réttlætismál á sínum tíma og sjálfsagt að nema það úr útsvarslögunum. Ég hef ekki trú á þessari leið.

Þeir, sem eru aðalhöfundar þessa skattalagafrv., hafa gert sér grein fyrir því eins og við allir, að það er auðvitað nauðsynlegt að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að menn geti vikið sér undan því að greiða skatta og skyldur, en að því hafa því miður verið allt of mikil brögð og auðvitað nauðsynlegt að sporna við því með einhverjum hætti. Í mínum huga var um tvær meginleiðir að ræða í þeim efnum. Það var í fyrsta lagi um þá leið að ræða að herða allt skatteftirlit, setja strangari viðurlög og koma á öflugra eftirliti um það að menn teldu fram. Það eru dæmi þess frá nágrannaríkjum okkar, ég nefni t. d. Bandaríkin, að ef það kemur í ljós að einhverjir, hvort sem það eru fyrirtæki eða einstaklingar, virðast lifa um efni fram eða alla vega hafa meira umleikis en skattaframtöl gefa tilefni til, þá er þar í landi skattalögregla sem getur gengið inn í viðkomandi fyrirtæki og framkvæmt mjög stranga skattrannsókn, jafnvel eins og um sakarannsókn væri að ræða, án þess að sakir væru beint sannaðar, en ef líkur væru til að þar væri um skattsvik að ræða. Hið sama gildir um einstaklinga. Í því ríki hefur sú leið verið valin að nota frekar stranga skattalögreglu, sem hefur mjög mikið frelsi varðandi allt sitt rannsóknasvið, heldur en fara inn á þá leið sem hér er gert, sem er hin leiðin, þ. e. að fara áætlunar- og ákvæðisleiðina. (Gripið fram í.) Nei, við erum hérna greinilega í gamla tímanum, að vera á móti þessu. En við alla vega erum stefnunni trúir, þessari stefnu sem viðreisnin er kennd við og þótti allra stefna best og er það auðvitað og var.

Það er sem sagt greinilegt, að menn hafa ekki trú á því, að það að fara hina hertu skattaeftirlitsleið henti þótt það sé nú gert í öðrum ríkjum. En ég ætla ekki að fjölyrða frekar um það.

Ég hef ekki trú á þessari leið.. Það er framkvæmd hennar sem ræður náttúrlega úrslitum um það, hvernig hún reynist, og ég verð að segja það, þó að ég treysti mörgum embættismönnum, að ég treysti ekki öllum embættismönnum og ég treysti því ekki, að einhverjir embættismenn kunni ekki í framtíðinni að falla fyrir freistingunni og reyna að misnota það vald sem þetta ákvæði leggur þeim í hendur. Ég mun því greiða atkv. gegn þessari grein. En því miður er ég ekki undir það búinn að vera með í minni brtt. leið sem lyti að því, að inn í skattafrv. kæmi ákvæði um strangara skatteftirlit og þá betri möguleika fyrir skattalögreglu að fjalla um það.

Þá er það varðandi 67. gr. sem sumir þm. hafa fjallað hér um í itarlegu máli. Það er sú grein sem fjallar um skattstiga manna. Ég er satt að segja ekki alveg ánægður með þá skattprósentu sem gert er ráð fyrir í þessari grein, en í 2. mgr. segir, að af fyrstu 2 millj. kr. af tekjuskattsstofni skuli reiknast 18%, af næstu 2 millj. kr. af tekjuskattsstofni skuli reiknast 26%, en af tekjuskattsstofni yfir 4 millj. skuli reiknast 34%. Fljótt á litið finnst mér ekki stefnt í rétta átt með þessum prósentutölum. Ég tel að þær prósentur, sem hefðu átt að vera hér, ættu að vera lægri, til þess að lág- og meðaltekjur færu enn betur út úr þessu frv. heldur en þær raunverulega gera. Ég viðurkenni það, að þessar prósentur eru í stórum dráttum til bóta fyrir bæði lágar tekjur og meðaltekjur, þannig að hér er um matsatriði að ræða. Ég hef talið, að það ætti að lækka þessar prósentur við álagningu enn frekar, og leyfi mér að gera till. til breytingar varðandi prósenturnar, þannig, við 67. gr., að í stað 18, 26 og 34% í 2. mgr. komi: 16%, 24% og 36%, þ. e. a. s. 18% lækki niður í 16%, 26% niður í 24%, en hins vegar hækki 34%, sem eru á háu tekjunum, upp í 36%.

Því er ekki að leyna, að þessi till. mín felur í sér ákveðinn tekjumissi fyrir ríkissjóð. En að sjálfsögðu yrðu fjvn. og hv. Alþ. að taka tillit til þess, ef þessi brtt. mín yrði samþykkt, við gerð fjárl. þegar þar að kemur. Æskilegast væri að í reynd yrðu áhrif þessara breytinga, ef brtt. mín yrði samþ., þau, að samdráttur yrði í ríkisumsvifum sem næmi þessum tekjumissi hjá ríkissjóði.

Nú kunna sumir að segja að þetta sé erfitt, jafnvel útilokað. En ég vil fullyrða að það sé framkvæmanlegt, og þá skulum við setja okkur dálitið í stöðu þeirra sem bera ábyrgð t. d. á atvinnurekstri úti í atvinnulífinu. Er nokkur munur á því að gera kröfur til hins opinbera um það, að þar eigi sér stað ákveðinn samdráttur sem nemi 2—4 milljörðum. Það er ekki meira en sem nemur 2—3% ef miðað er við útgjöld á fjárl. 1978. Það er minna en sá sparnaður nemur hjá atvinnurekstrinum, ef maður miðar við þær kröfur sem nú eru gerðar af hálfu stjórnvalda, banka og lánastofnana til þessara aðila í sambandi við hagræðingu í rekstri og þess háttar.

Það er alkunna og það þekkja allir, sem eitthvað koma nálægt atvinnurekstri, að þær kröfur, sem eru gerðar til atvinnurekstrar í dag á Íslandi um aukinn sparnað, nema miklu hærri prósentum raunverulega heldur en þessum 2—3% sem ég áætla að það hefði í för með sér ef till. mínar um lækkun skattprósentu samkv. 67. gr. væru samþykktar. Satt að segja finnst mér tími til kominn að hv. Alþ. hætti að móta skattheimtu sína út frá því sjónarmiði, að ríkið þurfi fyrst og fremst að fá sitt, óháð því og án tillits til þess, hvert er greiðsluþol skattgreiðenda, bæði fyrirtækja og einstaklinga. Í stað þess finnst mér tími til kominn og full ástæða til að hv. alþm. spyrji sjálfa sig: Hvað þolir gjaldstofninn? Hvað þola skattgreiðendur? Hvað þolir atvinnureksturinn? Og hvað þola einstaklingar?

Á þingi 1974—1975 flutti ég ræðu í sambandi við þáltill. þar sem ég gerði till. um að ríkisstj. kannaði hvort hægt væri að breyta fjárlagaári. Í þeirri ræðu minni gat ég þess, að heildarskattheimta hins opinbera, þ. e. a. s. ríkis og sveitarfélaga, væri komin í um það bil 42—45%. Ég geri ráð fyrir því, að hún sé komin yfir 50% núna, og með tekjutilfærslum gæti ég ímyndað mér að hún sé komin upp í ca. 60%. En með tekjutilfærslum er átt við það sem fer í gegnum tryggingakerfið, óháð því sem er í fjárl. og utan við fjárl. Í vestrænum ríkjum er það metið þannig, að þegar skattheimta og tekjutilfærsla hins opinbera er komin yfir 50%, þá sé að skapast hættulegt ástand í viðkomandi þjóðfélögum, þá sé byrðin orðin of mikil á þeim stofnum sem standa raunverulega undir opinberu kjörunum, þ. e. a. s. atvinnulífinu. Ég vek máls á þessu atriði hér í tengslum við þetta atriði til þess að undirstrika þörfina á því að lækka skattprósentuna samkv. 67. gr.

Ég er ekki með brtt. við fleiri gr., en það hefði e. t. v. verið full ástæða til þess að fjalla hér um fleiri greinar á þessu stigi. En eins og fram hefur komið ætti að vera nægilegt svigrúm til þess að fjalla um það á þingi í haust eða næsta þingi komi fram einhverjir ákveðnir meinbugir í sambandi við ákveðnar greinar, sem fljótt á litið koma ekki í ljós, en vitað er að kynnu að leynast í frv. Þá geri ég ráð fyrir að þing, sem þá situr, muni gera þær leiðréttingar og breytingar sem þörf krefur. Í því sambandi væri e. t. v. rétt að vekja athygli á því, að í frv. eru ákveðin ákvæði sem varða hlutafélög og skatt af arði sem án nokkurs vafa þarf að taka til gaumgæfilegrar athugunar. Það er í 31. gr., 1. tölul. og 8. og 9. tölul., og vil ég vekja athygli á því við þessa umr.

Ég vil, virðulegi forseti, leyfa mér að leggja hér fram skriflega till., eins og ég hef kynnt. Till. er seint fram komin og ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða um tillöguna.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það er fjarri mér að fara út í það að ræða þetta frv. í heild, enda styð ég það í megindráttum og tel ekki ástæðu til að fjölyrða um það nema í einstökum atriðum. Sá er þó háttur minn, þegar ég er í þeirri aðstöðu að vera stuðningsmaður ríkisstj. sem með völd fer á hv. Alþ., að láta þess getið í umr. ef ég get ekki fallist á einstakar greinar eða einstaka þætti í þeim frv. sem hún ber fram.

Ég vil segja það strax, að ég hef orðið fyrir verulegum vonbrigðum með það, að í þeirri endurbættu útgáfu af frv. til skattalaga, sem hér liggur fyrir, skuli sú grein, sem nú er 59. gr., vera efnislega að mestu óbreytt. Þessari grein er ég andvígur og tel að hún geti leitt af sér ranglæti sem stangast á við mínar grundvallarhugsjónir. Ég vil í þessu efni taka undir og þakka ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., Ólafs Óskarssonar, áðan og einnig það er fram kom í ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar um þetta efni hér síðast.

Í þessari grein er, eins og fram hefur komið, ákvæði þess efnis, að skattstjórar skuli reikna tekjur þeim mönnum, sem starfa að eigin atvinnurekstri og eigi hafa talið sér tekjur af þessu starfi til samræmis við það sem verið hefði ef þeir hefðu unnið starfið hjá öðrum óskyldum aðila, — þá skuli þeim reiknaðar tekjur til samræmis við það, að þeir hefðu unnið hjá öðrum. Inn í greinina hafa komið nokkrir fyrirvarar sem eru e. t. v. til einhverra bóta, en þó þannig að það er ekki hægt að festa á þeim hendur að neinu marki eða sjá til hvers þeir muni leiða. Þar segir m. a., að skattstjóri skuli ákveða tekjur þessar með hliðsjón af viðmiðunarreglum, og skal þá gætt aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Þetta er góðra gjalda vert. En það er ekki unnt að sjá fyrir fram hvernig framkvæmd slíkra viðmiðunarreglna verður. Enn segir, að viðmiðunarreglur þeirra, er landbúnað stunda, skuli miðast við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, þá á m. til afurðaverðs, árferðis og annarra atriða er máli skipta. Ég tel að þessi ákvæði, sem þarna eru í 59. gr., taki fyrst og fremst til þeirra, sem stunda smáatvinnurekstur, og taki lítt til stærri atvinnurekstrar, enda eingöngu stefnt að því að ná til einkaatvinnurekenda. Þetta veldur því, að þeir aðilar, sem að þessu starfa og minnst bera úr býtum, eiga mest á hættu. Þeir, sem reka sín fyrirtæki með litlum eða engum hagnaði, gefa lítið af sér í hlut eigandans, en vilja samt vinna að þeim atvinnurekstri til þess að vera sjálfstæðir og starfa að framleiðslu eða þjónustu í þágu annarra með þeim hætti, þeir eiga á hættu að vera hundeltir af skattyfirvöldum og þeim reiknaðar tekjur til skatts sem erfitt er að sjá fyrir hvað verða miklar. Með þessum hætti er mikil hætta á því, að mörg slík smáfyrirtæki neyddust til þess að leggja upp laupana og mikil hætta eða nærri því vissa fyrir því, að einstaklingar mundu fráfælast að stofna til nýrra fyrirtækja, því að mér er nokkur spurn, hvaða smáfyrirtæki það eru í atvinnurekstri hér á landi í dag sem geta skilað arði fyrstu árin. Ég hygg að þau séu næsta fá. Og það segir sig sjálft, hve erfitt það verður, ef það bætist við að skattalagaákvæði eru þannig úr garði gerð, að þeim mönnum, sem vildu samt sem áður freista þess að koma á fót slíkum

fyrirtækjum og reka þau, væru reiknaðar tekjur og skattlagðir hvernig svo sem reksturinn gengur. Þetta er algerlega andstætt minum hugmyndum og ég get ekki fylgt slíkum ákvæðum.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason fagnaði mjög þessum ákvæðum í ræðu sinni áðan og hrósaði sér og Alþfl. fyrir að hafa hreyft þessum hugmyndum á hv. Alþ. Hann sagði: Við Alþfl.-menn eigum heiðurinn af því, að þetta er komið inn í frv. hæstv. ríkisstj. Hann taldi að þarna hefði Alþfl. barist fyrir réttum og góðum málstað og væri sýnilega á leið með að sigra í þeirri góðu baráttu. Hann taldi enn fremur að það væri til hróss fyrir hæstv. fjmrh. að hafa tekið þessi ákvæði um þetta efni inn í það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég get sagt það út af þessum orðum hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, að það þarf í sjálfu sér engum að koma á óvart þó að hann telji að þetta séu góð og gild ákvæði, hann telji þetta til hróss fyrir Alþfl., vegna þess að þessi hv. þm. og sjálfsagt að verulegu leyti hans flokkur hafa ekki reynst málsvarar þeirra einstaklinga í þessu þjóðfélagi sem smæstir eru á sviði atvinnurekstrar. Það hafa verið flokksmenn annarra flokka sem hingað til hafa staðið vörð um þessa aðila í þjóðfélaginu. Því miður virðist vera brostinn flótti í það lið, og ég get ekki tekið undir það, að það sé til hróss fyrir hæstv. fjmrh. að hafa gengið í lið með þeim sem vilja koma þessum skattalagaákvæðum fram.

Þessi skattalagaákvæði fela það í sér, að allir landsmenn skuli skattlagðir sem launþegar án tillits til þess, hvaða stöðu þeir bera að öðru leyti, og án tillits til þess, hvort atvinnurekstur einkaaðila, smáfyrirtæki, skilar arði eða ekki, og jafnvel þótt það sé óyggjandi sannað með bókhaldi, að fyrirtækið sé rekið með halla. Það var vitnað til þess áðan af hv. þm. Ólafi Óskarssyni, að þetta ákvæði í frv. hefði verið skýrt með því m. a., að það væri gert til þess að allir væru jafnir fyrir lögunum. Ég tek undir það með hv. þm., að þetta sýnist mér í hæsta máta vafasamt og ganga jafnvel í þveröfuga átt. Ef það ætti með svona ákvæðum að gera alla jafna fyrir lögunum, þá ætti vitaskuld einnig að vera ákvæði í þessu frv. þess efnis, að þá skyldi reikna öllum launþegum tekjur til samræmis við eitthvað ákveðið mark, hvort sem þeir hefðu unnið eða unnið ekki. Þá væru allir gerðir jafnir fyrir lögunum, bæði eiginlegir launþegar og smáatvinnurekendur sem eftir þessu frv.-ákvæði eiga að undirgangast slíkar reglur. Þetta væri auðvitað ranglæti og ekki mælti ég með því, að það verði tekið upp. En það væri samræmi í slíku ranglæti, en það er ekki með þessum ákvæðum verið að gera menn jafna fyrir lögunum.

Nú er það svo og það skal viðurkennt, að ýmsir einstaklingar, sem starfa að sjálfstæðum rekstri, munu hafa komist í þær álnir að tekjur þeirra séu ekki réttlátlega metnar til skatts. En það er ekki að finna í þessari frvgr. eða aths. við hana né heldur gat ég heyrt það í framsöguræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., að það yrði tekið nokkurt tillit til þess, hverjir væru lífshættir þeirra manna sem þessi ákvæði væru látin ná yfir. Væri þó nær að undirgangast slíkt, ef fyrirvari væri um að t. d. sveitarstjórnir eða umboðsmenn skattstjóra gætu gefið upplýsingar um, að lífshættir þeirra atvinnurekenda, sem gætu fallið undir þessa grein, væru með óeðlilegum hætti miðað við þær tekjur sem þeir telja fram, og þá skyldi slíkum ákvæðum beitt. Það væri miklu nær. Enn fremur tel ég að strax væri tekið skref nokkuð í rétta átt ef ákvæði þessa efnis giltu ekki allmörg fyrstu ár sem slíkur atvinnurekstur væri rekinn, því eins og ég sagði áður: hver treystir sér til þess á Íslandi í dag að stofna fyrirtæki og láta það skila arði fyrstu árin þannig að það gæti orðið stofn til skattlagningar? Mér þætti gaman að sjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason eða aðra þá hv. þm., sem hafa fagnað því ákvæði frv. sem er að finna í 59. gr. þess, sýna landsmönnum að þeir væru færir um að setja á stofn einkarekstur sem fyrstu árin skilaði hagnaði þannig að réttmætt væri til skattlagningar. Engin slík ákvæði er að finna í aths. með frv. eða í þeim aths., sem hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. lét falla í ræðu sinni í dag, og ég fæ ekki séð að þeir fyrirvarar, sem er þó að finna í frvgr., séu marktækir og á engan hátt hægt að átta sig á því, hvernig þeir muni verka í framkvæmd. Mun sönnu nær að þar sé allt í hinni mestu óvissu.

Nú hefur hér verið vitnað til þess, að ríkisskattstjóri skuli birta viðmiðunarreglur til skattstjóra um framkvæmd þessa ákvæðis. Hér var í dag vitnað til slíkra viðmiðunarreglna sem gilda skyldu fyrir gjaldárið 1978 sem samanburður um það, hvernig með slík mál yrði farið. Þær viðmiðunarreglur voru næsta hlálegar og gefa ekki góð fyrirheit um hvernig með mundi farið, þegar kæmi til kasta Teits og Siggu.

Ég vil leyfa mér að rifja þessar reglur upp, þó að það hafi verið gert hér í dag. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að læknar og lögfræðingar og aðrir, sem vinna störf sem háskólamenntun þarf til, svo og löggiltir endurskoðendur, hafi heilsárslaun 3 millj. 405 þús. kr., kaupmenn og framkvæmdastjórar 2 millj. 140 þús,. iðnaðarmenn, hljómlistarmenn, matreiðslumenn og þjónar heilsárslaun 2 millj. 180 þús. kr., kr., ófaglærðir menn og þeir sem vinna að fiskverkun 2 millj. kr., bifreiðastjórar, heilsárslaun 1 millj. 210 þús. kr., bændur 2 373 900 kr. Svo eru nokkur fleiri ákvæði, þ. á m. ef gengið sé út frá því að þeir, sem taldir eru upp í stafliðum b, c og d, þ. e. kaupmenn, iðnaðarmenn, ófaglærðir o. s. frv., hafi í þjónustu sinni eigi færri en 3 menn, og sé það ekki, þá megi lækka þessar tölur allt niður í 70%.

Nú er dálítið forvitnilegt að sjá hvernig þessar viðmiðunartölur koma heim við tekjur þessara starfshópa á árinu 1976, en þær er að finna í októberhefti Hagtíðinda frá Hagstofu Íslands. Það eru að vísu ekki nákvæmlega allir þessir starfshópar, en það gefur þó bendingar um hvílíkt samræmi hér er um að ræða.

Árið 1976 voru bruttótekjur t. d. lækna og tannlækna 4 millj. 829 þús., í viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra fyrir árið 1978 var gert ráð

fyrir 3 millj. 405 þús. Bifreiðastjórar, brúttótekjur 1976 2 millj. 184 þús., í viðmiðunarreglum skattstjóra 1210 þús. eða gert ráð fyrir nærri helmingi lægri tekjum 1978 en 1976. Forstjórar eru með 3 millj. 8 þús. kr. tekjur 1976, en í viðmiðunarreglum 2 millj. 140 þús., faglærðir iðnaðarmenn og þess háttar með tekjur 1976 2 millj. 430 þús., í viðmiðunarreglum fyrir 1978 2 millj. og bændur, brúttótekjur 1976 1558 þús., en í viðmiðunarreglum 2 millj. 373 þús.

Þarna kemur það fram, að í viðmiðunarreglum eru það aðeins bændur sem eiga að sæta því að vera reiknaðar hærri og það verulega hærri, nálega 50% hærri tekjur heldur en tekjur þeirra voru 1976. Allir aðrir starfshópar, sem hér eru taldir upp, eru miklu lægri í viðmiðunarreglum 1978 heldur en tekjur þeirra voru 1976. Þetta er ég ekki að tala um neitt sérstaklega vegna þess að hér eiga bændur í hlut, heldur vegna hins, að þetta sýnir þegar í stað að viðmiðunarreglur af þessu tagi eru markleysa og hrein vitleysa og ekki til þess lagaðar að auka traust á því, hvernig fer um framkvæmd slíkra mála þegar til kastanna kemur.

Ég hef hér gert grein fyrir því, að ég er þessari grein frv. andvígur. Ég endurtek að hún stangast á við mínar réttlætishugmyndir, mínar grundvallarskoðanir um það, hvað sé rétt í álagningu opinberra gjalda, að það geti aldrei verið rétt að leggja skatt á tekjur sem ekki eru til. Fyrir nokkrum árum var fundið upp á því við breytingu á skattalögum að borga fólki skatt fyrir það að borga ekki skatt, eins og hv. fyrrv. þm. Björn Pálsson orðaði það. Það var í mínum augum einnig vitleysa. En það er þó hálfu verra og það er fyrst og fremst ranglæti að heimta skatta af fólki fyrir tekjur sem það hefur ekki. Og ég hygg að það verði ýmsum þeim, sem er smælingi á þessum vettvangi, erfið spor að eiga allt undir náð og miskunn skattyfirvalda, hversu háar tekjur þeim verði reiknaðar og hvort og hversu mikinn skatt þeir skuli af slíkum tekjum greiða. Ég vænti þess, að það finnist fleiri í þessari hv. d. en við hér, sem höfum látið þessar skoðanir í ljós, sem eru svipaðrar skoðunar.

Ég skal svo ekki lengja þetta. Það mætti lengi um þetta tala, en ég skal ekki tefja tímann lengur. Ég mun greiða atkv. gegn þessari grein frv., og ég tel að það kynni að vera ástæða til þess að freista þess milli umr., ef þessi grein verður ekki felld við þessa umr., að koma fram á henni breytingum sem gætu fært hana til réttari áttar. Ella mun þess verða freistað, áður en þessi lög koma til fullra framkvæmda, að fá þar breytt um til betri vegar.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Það eru örfá atriði sem mig langar til að koma inn á í tilefni af þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar um þetta mál.

Það má segja að frv. hafi yfirleitt verið vel tekið af þeim hv. þm. sem hér hafa talað. Einstaka atriði eru þó að sjálfsögðu ágreiningsmál, en helst sýnist mér þó fundið að vinnubrögðum. Það er gert nokkuð mikið úr því, að of skammur tími hafi verið til stefnu. Jafnframt er talað um að ríkisstj. hafi ekkert gert í þessu máli í 4 ár. Um þetta vil ég aðeins segja það, að þegar á árinu 1972 skipaði hæstv. fjmrh. ýmsar vinnunefndir til þess að vinna að endurskoðun skattalaga, og má segja að það hafi verið unnið að undirbúningi þessa máls alveg samfellt síðan snemma á árinu 1972. Ég get ekki heldur fallist á að það hafi verið mjög skammur tími til meðferðar þessa máls, þótt ekki sé langur tími síðan þetta frv. var lagt fyrir þingið. Eins og ég sagði í ræðu minni í dag er vinnan við þetta frv. hér í þinginu beint framhald af þeirri vinnu sem innt var af hendi á síðasta þingi vegna frv., sem þá var til meðferðar.

Í ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar kom líka fram, að afgreiðslan væri ekki sem skyldi í fjh.- og viðskn., engar umsagnir lægju fyrir um þetta frv., og þá lagði þm. áherslu á að hér væri um allt annað frv. að ræða heldur en umsagnir komu um í fyrra. Það er vissulega rétt, að hér er um allt annað frv. að ræða heldur en var til meðferðar í þinginu í fyrra, en umsagnir komu um það eins og hefur greinilega komið fram, þá er þetta frv., sem nú er til meðferðar, samið með hliðsjón af þeim aths. sem fram komu, bæði innan þings og utan. Þess vegna var engin ástæða til að senda þetta frv. til umsagnar nú.

Þá er talað um að engin aðkallandi nauðsyn sé að samþykkja þetta frv. núna, það megi eins bíða til haustsins vegna gildistökuákvæðanna. Ég bendi á í því sambandi, að nú er snúið við af þeirri braut, sem ætíð hefur verið gengin í sambandi við breytingu skattalaga, að þau hafa ævinlega haft afturvirk áhrif. Nú á að breyta til, sem hefði átt að vera búið að gera fyrir líðandi lönguþví að breytingar á skattalögum eiga ekki að hafa afturvirk áhrif og svo verður ekki með þetta frv.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson ræddi allmikið um ákvæði frv. um söluhagnað og fyrningar. Hann taldi að fyrningarreglurnar hefðu verið rúmar og í mörgum tilfellum umfram þörf í gildandi lögum. Við höfum búið við þær í langan tíma. Það er að vísu ekki svo langur tími, því að núgildandi skattalög voru sett af vinstri stjórninni árið 1972 og mun hv. þm. Lúðvík Jósepsson hafa haft nokkur áhrif á þær fyrningarreglur sem nú eru í gildi og honum þykja nokkuð rúmar. Hann taldi að stefna hefði átt að lækkun fyrninga almennt. En einhvern veginn fannst mér að hann fyndi þó að því, að um minni fyrningar yrði að ræða hjá sumum aðilum, og nefndi þar sérstaklega þá sem eiga skip. Það er rétt hjá hv. þm., að það eru minni fyrningar, a. m. k. fyrstu árin eftir að skipakaup hafa átt sér stað. En það, sem verið er að gera í sambandi við fyrningarákvæðin í þessu frv., er fyrst og fremst að það er verið að gera fyrningarreglurnar rökréttari en þær eru í gildandi lögum. En það er rétt hjá hv. þm., að það hefur ekki verið hægt að gefa óyggjandi svör við því, hver áhrifin verða á skattlagningu einstakra fyrirtækja af þessum breyttu reglum, og á það verður við að hætta, ef við viljum á annað borð gera reglurn-

ar rökréttar. Og það er það sem við erum að gera.

Um söluhagnaðinn vil ég fara örfáum orðum til viðbótar og segja það, að skattlagning söluhagnaðar kemur varla til greina nema í þeim tilvikum sem eignir hækka í verði meira en nemur almennum verðbreytingum, ef fyrning hefur verið hraðari en slit eða úrelding segir til um. Í atvinnurekstri er alltaf hægt að nota skattskyldan söluhagnað til að fyrna nýjar eignir eða þá gamlar fyrnanlegar eignir. Sérregla um íbúðarhúsnæði leiðir til þess, að varla kemur til skattlagning á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis í eigu einstaklinga.

Það er ekki reiknað með að tekjur ríkissjóðs breytist verulega með þessum breyttu reglum. Hér er fyrst og fremst um að ræða breytingar sem leiða ættu til eðlilegrar meðferðar á söluhagnaði. Það er komist hjá að skattleggja söluhagnað sem stafar af verðhækkunum eigna vegna verðbólgu, sem oft gerist samkv. gildandi lögum. Hins vegar er einnig komið í veg fyrir það, að hægt sé að selja eignir milli fyrirtækja, eins og nú er hægt, með verulegum skattfrjálsum söluhagnaði og draga þannig sömu eignina kannske oft frá tekjum í formi fyrninga. Við þessu er séð í þessu frv.

Hv. þm. ræddi hér nokkuð um sérsköttun hjóna og taldi ákvæði frv. vera til bóta, en hafði nokkrar áhyggjur af því, að koma mundi til hækkunar á sköttum þeirra hjóna þar sem konan vinnur fyrir einhverjum tekjum að ráði, eða yfir 1.5 millj. kr. Það er vissulega rétt, að það verður nokkur breyting á skattbyrðinni og á sumum heimilum hækka skattar við það að 50% reglan er afnumin. En ég held að allir hafi gert sér grein fyrir því, að þegar komist yrði út úr þessari reglu, sem mér skilst að allir séu sammála um að hafi verið kominn tími til að breyta, þá yrði um breytingu á skattbyrði að ræða. Ég held hins vegar að það sé gert of mikið úr þessu, og ég bendi sérstaklega á í því sambandi, að með skattstiganum eins og hann er í frv. þá lenda tekjur, sem eru innan við 2 millj., í 18% skattstiganum, en hámarkið í stiganum er svo 34%. Það má því segja að þær konur, sem hafa ekki yfir 2 millj. í tekjur, njóti svipaðra hlunninda og 50% reglan gefur, þannig að það er farið eins mildilega í þessa breytingu og unnt er og engin ástæða til að taka þetta í þrepum eins og hv. þm. nefndi.

Ég vil sérstaklega í þessu sambandi nefna ályktun sem Kvenréttindafélag Íslands hefur gert. Mér var að berast í dag erindi frá Kvenréttindafélaginu, en þar segir svo m. a. á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. þessu frv. er ljóst að dreifing tekjuöflunar innan fjölskyldu, þ. e. ef fleiri en einn afla teknanna, minnkar skattbyrði heimilanna verulega. Telur stjórn Kvenréttindafélags Ísland að í þessu felist hvatning til virkari þátttöku í atvinnulífi þjóðarinnar og jafnari ábyrgð innan fjölskyldu."

Það er ástæða til að þetta komi hér fram.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson flytur hér nokkrar brtt. sem ég skal nú ekki fara mörgum orðum um. Þessar till. eru snotrar á pappírnum og sjálfsagt líklegar til að auka kjörfylgi tillögumanns, a. m. k. sumar, við fljótan yfirlestur. En ég veit ekki hvort hv. þm. gerir sér grein fyrir hvað þessar till. þýða. Hann fann að því í ræðu sinni að hann fengi ekki nákvæm svör við ýmsum ákvæðum frv., hvernig þau kæmu við hina ýmsu aðila, og eins má ég þá finna að því við hv. þm., að hann skuli ekki kanna það betur, hvað þessi tillöguflutningur hans þýðir. Ég hef grun um að hann viti það ekki. En það vill svo til að ég veit það og ætla að upplýsa hann um það.

Sú till. þm. að breyta skattstigunum, lækka neðsta þrepið úr 18% í 15%, er talin kosta 3 milljarða, sú till. að hækka barnabæturnar kostar 1.5 milljarða og sú till. að breyta persónufrádrættinum úr 250 þús. í 300 þús. kr. kostar 6 milljarða. Þarna eru komnir 10.5 milljarðar. Og þá er spurningin þessi, hvort það sé ekki betra að hætta þessu öllu saman og leggja tekjuskattinn endanlega niður.

En eina till. er hv. þm. með til hækkunar og þar átti nú heldur betur að ná sér niðri á breiðu bökunum, skilst mér, að hækka sem sagt efsta þrepið úr 34% í 36%, og upp úr því krafsi hafast hvorki meira né minna en 300 millj., það er ekkert annað, þannig að allur pakkinn hjá hv. þm. kostar samkv. þessu 10.2 milljarða. Það er ekki ónýtt að geta farið með þetta í nestið í kosningabaráttuna í vor, að hafa ætlað að gera landsmönnum þetta viðvik á síðustu dögum þingins.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þessar till., mér sýnist þær engan veginn raunhæfar.

Um till. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar get ég verið stuttorður. Mér sýnist sá munur þar á, að þm. hefur gert sér grein fyrir hvað þær kostuðu, 5.5 milljarða. Það væri vissulega gaman að taka þátt í því með hv. þm. að draga úr ríkisútgjölunum. En við gerum það ekki þetta árið með því að samþykkja þessar till. þm., vegna þess að þær hafa engin áhrif á álagningu skatta á þessu ári.

Um till. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson mælti fyrir í dag, get ég verið fáorður. Mér sýnist sú till. byggjast á algerum misskilningi. Hún fjallar um það, að draga megi frá tekjum leigugjald fyrir íbúðarhúsnæði, þó aldrei hærri fjárhæð en 300 þús. kr. á ári fyrir einstakling. Þessi till. byggist á misskilningi, sýnist mér, vegna þess að þeir aðilar, sem ekki eiga húsnæði, skulda í flestum tilfellum lítið, þeir eru með fáa frádráttarliði á framtali og þeir mundu undantekningarlítið notfæra sér 10% frádráttarregluna sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Sú regla kemur fyrst og fremst þessum aðilum til góða. Ef við tökum einstakling sem er í leiguíbúð og borgar 300 þús. kr. á ári fyrir hana, en hefur 4 millj. kr. í árstekjur, þá fær hann samkv. þessari reglu dregnar frá 400 þús. kr. sem hann ekki getur náð með núv. reglum.

59. gr. frv. hefur verið hér talsvert til umr. og um hana ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Ég taldi mig gera nokkuð glögga grein fyrir viðhorfum meiri hl. n. til þess máls í ræðu minni í dag, og þess vegna er ekki ástæða til að ræða sérstaklega um hana. Mér finnst þó einhvern

veginn gleymast að aðalreglan er í 7. gr., sem kveður á um að menn skuli sjálfir reikna sér tekjur, þannig að það þurfi ekki að koma til þess, að þeir fái aðstoð hjá skattstofunum til þess. Þeir eiga ekki að þurfa þess, þeir eiga að geta gert þetta sjálfir samkv. 7. gr. frv. En um þetta er grundvallarágreiningur. Þessi ágreiningur felst í því, hvort aðgreina eigi persónutekjur í framtali frá atvinnurekstrinum. Þessi ágreiningur felst í því, hvort menn fallist á þá till. eða ekki, að maður, sem atvinnurekstur stundar í eigin nafni eða sjálfstæða starfsemi, sitji við sama borð og eigandi félags af starfslaunum sínum frá félaginu. Málflutningur um það, að verið sé með þessu ákvæði að skattleggja tekjur sem aldrei hafi komið í hendur skattþegns, er ekkert annað en útúrsnúningur sem varla er svara verður. Hér er ekki um að ræða neinn refsiskatt á þá sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda, eins og kom fram í ræðu eins hv. þm. í dag. Hér er um það að ræða, að vinnandi menn í eigin atvinnurekstri greiði skatta eins og aðrir. Það er málið. Það er reynt að gera þessa grein tortryggilega með því að klifa sífellt á því, að menn verði hundeltir af skattyfirvöldum verði þessi regla lögfest. Ég verð nú að segja, að ef mikið er af mönnum með slíku hugarfari á skattstofunum, þá þurfa þeir ekki þessa reglu til þess að iðka sína iðju. Þeir hafa nóg tækifæri til þess að hundelta menn ef þeir endilega vilja. Ég held að þessi regla breyti þar ekki nokkrum sköpuðum hlut. Þvert á móti held ég að þessi regla einmitt sé það ítarlega orðuð, að skattyfirvöld komist ekki upp með það að vera að hundelta menn að þessu leyti. Annars held ég, að andmælendur þessarar greinar séu kannske í hjarta sínu ekki svo mjög ósammála þessu ákvæði. Ég held að þeir viðurkenni í raun að það vantar ákvæði í skattalögin sem heimila það að ætla tekjur mönnum sem greiða ekki neina skatta, en hafa sannanlega úr verulegum tekjum að spila. Þessir gagnrýnendur óttast hins vegar yfirgang skattyfirvalda, og þar held ég að of mikið sé gert úr. Núgildandi reglur gera mögulegt slíkt ranglæti, að það er ekki viðunandi lengur. Ég held að það sé vitað mál, að með þessum reglum er boðið upp á það, að menn fari að skipta fyrirtækjum sínum til þess að geta valsað með þetta eins og þeim sýnist og taka þetta í einkarekstrinn. Nóg um þetta.

Það hefur einnig verið gert hér talsvert mál úr viðmiðunarreglunum. Við erum búnir að heyra þær lesnar upp tvisvar í dag, svo leiðinlegar sem þær eru. Þær eru að vísu ekki fullkomnar. Því fer víðs fjarri, að þessar viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra séu fullkomnar. En þær sýna okkur þó það, að engin ástæða er fyrir menn í smáatvinnurekstri að óttast stórfellda skattlagningu ef farið verður eftir þessum reglum.

Meira var það ekki, hæstv. forseti, sem ég sé ástæðu til að ræða hér um.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Það eru aðeins nokkrar aths. við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði varðandi þær till., sem **ég hafði flutt.**

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því, að till. mínar væru svona góðar eins og hann lýsti, en þykir nú mjög vænt um að heyra það, að þær skuli þó draga þetta hátt. Hins vegar þykir mér rétt að taka fram, að hann skýrði nokkuð hlutdrægt frá því, hversu góðar þessar till. væru. Hann gerði grein fyrir því, að sú till. mín að lækka lægsta skattþrepið úr 18% í 15% eða um 3% næmi 3 milljörðum kr. Hann hefði gjarnan mátt geta þess, að þessi 18%, sem um er að ræða af þessum skattstiga, eiga þá að gefa 18 milljarða í tekjur eftir sömu reglu. (**ÓE:** Þetta er vitlaust reiknað.) Jú, þetta er rétt reiknað, af því að hér er um bráttóálagningu að ræða. Þetta er sama skekkjan hjá hv. þm. eins og þegar hann reiknar hækkunina á persónufrádrætti. Með því að hækka persónufrádráttinn úr 250 þús. kr. á persónu upp í 300 þús. á persónu eða um 50 þús. og ef það á að gefa 6 milljarða, þá gefur vitanlega persónufrádrátturinn allur sex sinnum meira, eða eins og hann er í frv. 5 sinnum meira, 30 milljarða. Hér er aðeins um það að ræða að hækka þennan persónufrádrátt að tiltölu úr 250 þús. upp í 300 þús. og að lækka lítillega þessa prósentu.

Út af fyrir sig sæi ég ekkert eftir því, þó að hér yrði um lækkun á þessari heildarskattlagningu að ræða á þann hátt sem hv. þm. gerði hér grein fyrir. Aðalatriðið er það, að ég tel að það sé ekki sanngjarnt, að þeir, sem hafa ekki hærri tekjur en þarna ræðir um, þ. e. a. s. upp í 2 millj. kr., eigi að skattleggjast hærra en sem nemur 15% af þessum tekjum. Raunverulega mundi þetta þýða það á einstakling, að sá, sem hefði 2 millj. í tekjur og félli undir 15% skattlagninguna, eins og ég legg til, mundi bera 300 þús. kr. í skatt, en frá honum yrði síðan dreginn 300 þús. kr. persónufrádráttur. M. ö. o.: 2 millj. kr. yrðu skattfrjálsar. Það er allt og sumt sem felst í minni tillögu. Mín tillaga miðast við það, að tekjur einstaklings upp í 2 milli. kr. verði skattfrjálsar. Ég hef ekki mikinn áhuga á því að leggja mikla skatta á tekjur sem eru undir því marki. Það er að því sem tillaga mín stefnir.

Mér fannst líka að aths. hv. þm. við það, sem ég hafði gert hér grein fyrir varðandi niðurfellingu á 50% reglunni, stæðust ekki á neinn hátt. Breyttur skattstigi breytir því ekki, að þeir útreikningar, sem lagðir hafa verið fyrir n. og miðaðir eru við skattstiga hins nýja frv., sýna að ef tekjur eiginkonu, sem vinnur fyrir sjálfstæðum tekjum, eru í kringum 1.5 milli., þá verður þegar um skattabækkun að ræða, svo að þó að barna hafi orðið breyting á skattþrepunum, þá vitanlega breytir það ekki þessum útreikningum sem eru miðaðir við þau skattþrep sem gert er ráð fyrir í frv. Það er því fullkomlega rétt sem ég sagði, að ef tekjur eiginkonu fara yfir 1.5 milli. og eiginmaðurinn hefur í kringum 2—2.5 milli., þá verður um skattabækkun að ræða samkv. þeim útreikningum sem fyrir liggja. Og það er þessi staðreynd sem ber að taka tillit til. En ég hef ekki flutt brtt. varðandi þennan lið. Hins vegar vildi ég láta koma skýrt fram, að svona er þessu farið, og ég álít að ekki eigi að dvelja neinn þess, að þetta felst í frv. Og það er ekki hægt að skýra þetta út með því, að breytt

sé um skattstiga, því að þetta er útkoman samkv. þeim skattstigum sem tilgreindir eru í frv.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson minntist á skattalögin frá 1971 og vildi kalla þau skattalög vinstri stjórnarinnar, sem ég gerði mikið úr að leyfðu of rúmar fyrningarreglur almennt. Auðvitað eru fyrningarreglurnar, sem eru í gildandi skattalögum, ekki reglur vinstri stjórnarinnar, vegna þess að breytingin, sem hún gerði á fyrningarreglum með skattalögunum, var að stórdraga úr fyrningarreglum frá því sem ákveðið hafði verið af viðreisnarstjórninni áður. Ein meginbreytingin, sem gerð var í tíð vinstri stjórnarinnar, var einmitt að stórminnka fyrningarmöguleika frá þeim skattalögum sem viðreisnarstjórnin hafði sett. Hitt er rétt, að það var ekki samkomulag um það í vinsri stjórninni að draga þarna enn meira úr, eins og við Alþb.-menn vildum. Þetta varð niðurstaðan og eftir sátu hér fyrningarreglur sem voru að okkar dómi enn þá of háar. En meginstofn fyrningarreglnanna er auðvitað miklu eldri.

Ég get ekki fallist á þá skoðun hv. frsm. meiri hl., að það hafi ekki verið ástæða núna við afgreiðslu þessa máls að senda málið til umsagnar. Það hefði fyllilega verið ástæða til þess, vegna þess að þetta frv. tekur slíkum stórbreytingum frá frv. sem hér var til meðferðar fyrir rúmu ári. En um það þýðir ekki að deila. Eflaust fer það svo, eins og ég hef sagt áður, að frv. verður að lögum eins og meiri hl. fjh. leggur til, og þannig standa lögin ónotuð a. m. k. í eitt eða tvö ár, af því að þeim er ekki ætlað að taka gildi fyrr en eftir þann tíma, og mér þykir mjög sennilegt, að áður en þau koma til framkvæmda verði gerðar breytingar á þessum lögum, vegna þess að menn hafa þá áttað sig á því, að málið hafi ekki verið fyllilega skoðað sem skyldi og hér er verið að ganga frá ýmsum atriðum sem fá varla staðist. Ég óttast það og af því treysti ég mér ekki til að fylgja ýmsum þeim ákvæðum frv. þar sem farið er inn á nýjar brautir, því að þær till. hafa ekki verið skýrðar nægilega vel.

Ég skal svo ekki lengja umr. frekar um þetta mál, en tel að þær till., sem ég hef flutt um lækkun á skattstiga, séu fullkomlega eðlilegar. Satt að segja hefðu þetta ekki þótt mjög róttækar till. borið saman við þær sem fulltrúar Sjálfstfl. fluttu hér fyrir nokkrum árum. Þessar lækkunartillögur mínar eru aðeins svipur hjá sjón borið saman við þær lækkanir sem þá voru fluttar hér till. um. Þær þóttu ekki of stórar þá, svo að þeir, sem að þeim stóðu, eins og hv. þm., formaður fjh.- og viðskn., ættu ekki að láta sér blöskra þó að nú séu fluttar till. sem eru aðeins brot af því sem Sjálfstfl. flutti hér fyrir nokkrum árum um sama efni.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti Það eru örfá orð við lok þessarar umr.

Varðandi það, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði um gildistöku þessa frv., ef að lögum verður, þá liggur ljóst fyrir að það tekur gildi frá 1. jan. 1979, við álagningu skatta frá og með þeim degi.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir hennar störf og það að vel hefur verið unnið að þessu frv. Ég gerði mér auðvitað grein fyrir því, eins og ég sagði við 1. umr. máls, að æskilegra hefði verið að frv. hefði verið fyrr á borðum þm. En sú mikla vinna og sú mikla umr., sem fram fór á s. l. þingi um skattamálin, hefur að sjálfsögðu verið nú til halds og trausts fyrir þá sem að þessum málum hafa unnið.

Ég er fyllilega samþykkur þeim till. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur við frv.

Hv. 5. þm. Reykn., formaður fjh.- og viðskn., gerði grein fyrir kostnaði við till. þær, sem minni hlutarnir flytja, og benti réttilega á að ekki hefði nógu nákvæmlega verið reiknað út hvað slíkt kostaði og kannske flutningurinn ekki í þeim tilgangi að þær næðu fram að ganga, heldur að hægt væri að veifa þeim sem þskj. síðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 801) samþ. með 27 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 764,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 764,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,3 samþ. með 23:1 atkv.
— 801,1 tekin aftur til 3. umr.
16. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 764,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
19.—26. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 764,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 766,1 felld með 21:3 atkv.
— 760 felld með 19:4 atkv.
— 764,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 788,1 felld með 19:2 atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 764,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
32.—37. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,8 samþ. með 25 shlj. atkv.
38. gr.,svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
39.—43. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,9 (ný 44. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,10 (ný 45. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
46.—55. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,11 samþ. með 25 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,12 (ný 57. gr.)samþ. með 25 shlj. atkv.
58. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
59. gr. samþ. með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, PP, GFr, SigurlB, SvH, TÁ, VH, SvB, EBS, GuðlG, GF, GÞG, HES, LárJ, MB, MÁM, RH.

nei: PJ, ÓÓsk, FÞ, GHG, IngJ.

SV, GS, KÁ, GHB, LJós, VilbH, MÓ greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÓlJ, SighB, SvJ, ÞS, BGr, EðS, KGS, GTh, JSk, JónasÁ, KP) fjarstaddir.

2. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Þessari gr. frv. er ætlað að tryggja það, að þeir, sem stunda eiga atvinnurekstur, greiði skatta á borð við aðra skattborgara, og í öðru lagi ætla ég að greininni sé einnig ætlað að tryggja það, að mönnum verði aldrei gert að greiða skatt af tekjum sem þeir ekki hafa. Í því trausti, að þessi skilningur minn sé réttur, segi ég já.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er skattyfirvöldum með þessari grein gefið mikið vald. Því tel ég nauðsynlegt að sett verði nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessarar greinar sbr. heimild í 114. gr., og segi já.

60.—66. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 766,2 felld með 22:4 atkv.
— 801,2 felld með 13:8 atkv.
— 788,2 felld með 23:3 atkv.
67. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 766,3 felld með 22:3 atkv.
— 788,3 felld með 22:4 atkv.
68. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 766,4 felld með 22:4 atkv.
— 764,13 samþ. með 24 shlj. atkv.
69. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
70.—71. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 764,14 (ný 72. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
73. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,15 samþ. með 25 shlj. atkv.
74. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
75.—90. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,16 samþ. með 24 shlj. atkv.
91. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
92.—93. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 764,17 samþ. með 24 shlj. atkv.
94. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
95.—115. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 764,18 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 766,5 felld með 22:5 atkv.
116. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
117.—118. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 764,19 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 788,4 felld með 20:1 atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 88. fundur.

Laugardaginn 29. apríl, kl. 0.50 eftir miðnætti.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 802 (sbr. 600), 801,1).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Það eru óafgreidd enn þá till. sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti við 2. umr. málsins, brtt. við 16. gr. frv. Till. fjallar um það, að tiltekið tímamark er tekið út. Ég skal lesa málsl. eins og hann verður:

„Stærðarmörk þau, sem gilda fyrir hjón, gilda *einnig* um sölu *eftirlifandi maka á íbúðarhús*næði sem var í eigu hjónanna.“

Till. er þess efnis, að niður falli: „enda fari salan fram innan þriggja ára frá andláti þess *skammlifara*.“

Fjh.- og viðskn. hefur rætt þessa till. og mælir einróma með því, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 801,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 29. apríl.

Byggðaáætlun Hólsfjalla og Möðrudals.

Skriflegt svar forsætisráðherra við fyrirspurn Ingvars Gíslasonar og Sverris Hermannssonar um byggðaáætlun Hólsfjalla og Möðrudals á Efra-Fjalli, á þskj. 482, afhent þm. 29. apríl.

Fyrirspurn þessari var beint til forsætisráðherra, en þar sem Landnám ríkisins hefur með málefni það að gera, sem um var spurt, er greinargerð þess birt sem svar. Skrifstofa Alþingis sendi þingsályktun þá, sem vísað er til í greinargerð fyrirspurnarinnar, til samgönguráðuneytisins. Landbúnaðar- og samgönguráðherra mun því svara öllum frekari fyrirspurnum um þetta mál, ef fram kunna að koma.

GREINARGERÐ

um framkvæmdir samkvæmt Hólsfjallaáætlun.

Vegna fyrirspurnar á Alþingi, 251. mál.

Vísað er til upphaflegrar framkvæmdaáætlunar 1975—1980 í Hólsfjallaáætlun, alls í 8 liðum, og tillagna um stuðning við búsetu á Hólsfjallasvæðinu.

1. **Framkvæmdir:**

1.1. **Möðrudalur:**	Kostn. þús. kr.	Lán og framl. þús. kr.
Íbúðarhús	15 700	5 850
Hlaða f. þurrhey, 270 m²	4 500	4 209
Fjárhús, 400 fjár	2 400	2 010
Vatnsveita, 1283 m	1 300	1 093
Nýrækt, 16.74 ha Girðingar	1 500	1 370
Dísilrafstöðvar, 2, 7 og 13 kw	3 000	3 000
Vélakaup, 2 dráttarv. o. fl.	3 200	1 140
Alls kr.	31 600	18 672

1.1.2. **Skipting lána og framlaga:**	þús. kr.	þús. kr.
Byggðasjóður, lán	4 759	
Stofnlánadeild, lán	7 450	
Orkusjóður, lán	3 000	
Framl. samkv. jarðræktarlögum	2 240	
Framl. ríkis	1 223	18 672

1.1.3. **Lausaskuldir:**

Ýmsir lánadrottnar	9 554	9 554

1.2. **Grímsstaðabæir:**

	Kostn. þús. kr.	Lán og framl. þús. kr.
Íbúðarhús Braga	9 600	7 780
Fjárhús, 800 fjár	20 000	14 069
Þurrheyshlaða, 2800 m³	13 600	9 809
Bifreiðaverkstæði o. fl.	2 000	1 200
Nýrækt 9.6 ha. og girðing	1 000	800
Skurðgröftur, 28.179 m³	1 000	789
Vatnsveita um 400 m	400	217
Dráttarvélar o. fl. vélar	3 000	1 458
Bústofnskaup, 196 fjár	2 400	1 374
30 kw. rafstöð	2 000	2 000
Alls kr.	55 000	39 496

1.2.1. **Skipting lána og framlaga:**

Stofnlánadeild, lán	18 564	
Byggðasjóður, lán	5 632	
sami, framlag	2 900	
Landnám ríkisins, lán (75)	3 500	
Orkusjóður, lán	2 000	
Framlag samkv. jarðræktarlögum	6 900	39 496

1.3. **Hólssel:**

	Kostn. þús. kr.	Lán og framl. þús. kr.
6 kw. rafstöð (Orkusjóður)	750	750

Kostnaður við byggingarframkvæmdir er að mestu samkvæmt áætluðum byggingakostnaði Byggingastofnunar landbúnaðarins, eins og hann var áætlaður til lántöku, en það er meðaltalskostnaður fyrir allt land.

Reynslan hefur sýnt, að byggingakostnaður á Hólsfjöllum er talsvert hærri af ýmsum ástæðum, svo sem vegna fjarlægðar frá verslunarstað.

Tölur um þennan mismun liggja ekki fyrir, en varlega mætti áætla hann 10% hærri.

2. **Framkvæmdir á Hólsfjallasvæði, sem eftir eru 1. janúar 1978:**

	Samkv. áætlun	Ólokið	Áætl. kostn. á verðl. 1.4.78 millj.
2.1. **Tegund framkvæmda.**			
Íbúðarhús	2	2	25.0
Endurbygging íbúðarh.	0	3	12.0
Fjárhús	2200	1000	28.0
Þurrheyshlöður m³ ..	2000	600	3.0
Verkfærageymslur m³	1200	600	3.0
Ræktun ha	150	120	12.0
Dráttarvélar stk.	6	3	6.0
Ýmsar vinnuvélar	20	12	4.0
Disilrafstöðvar	6	2	4.0
Áætlað samt.			97.0

3. **Jarðakaup.**

Samkvæmt Hólsfjallaáætlun var gert ráð fyrir að ríkissjóður eða jarðeignadeild keypti 2 jarðir, Möðrudal og Víðidal.

Möðrudalur var keyptur 1976, en eigendur Víðidals hafa enn ekki óskað eftir að selja. Kaupverð Möðrudals var 8 milljónir króna, sem eru að mestu greiddar.

4. **Rafmagnsmál.**

Í Hólsfjallaáætlun var gert ráð fyrir að leggja einsvíralögn frá Reykjahlíð á 5 bæi — þ. e. Hólssel, Nýhól, Grímsstaðabæi, Víðihól og Möðrudal. En á meðan væri beðið eftir raflögn skyldi sjá býlunum fyrir raforku með heimilisrafstöðvum. Segir svo orðrétt í áætluninni:

> **„Rekstur dísilstöðva.**
> Búendur annist rekstur dísilstöðva og allt viðhald þeirra á eigin ábyrgð, en ríkissjóður greiði mismun á verði kwst. dísilstöðva og raforkuverðs til heimilisnota á næstu samveitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins."

Þessi þáttur Hólsfjallaáætlunar er enn ekki kominn í það horf, sem áætlunin gerði ráð fyrir. Ríkissjóður hefur enn ekki greitt nokkra krónu upp í þennan mismun. Byggðasjóður greiddi s. l. ár kr. 500 000.00 upp í þennan mismun og sömu upphæð í byrjun þessa árs og hefur því nú greitt alls eina milljón.

Þrátt fyrir þessa greiðslu Byggðasjóðs er kominn allmikill skuldahali, sem vonlegt er, þar sem nú eru liðin um þrjú ár síðan þessi ákvæði áttu að koma til framkvæmda. Samkvæmt áætlun Rafmagnsveitna ríkisins 11.11. 1976 gerðu sérfræðingar þeirra ráð fyrir að þessi mismunur yrði á ársgundvelli kr. 1 085 730.00 á öllum byggðum býlum á Hólsfjallasvæðinu, þ. e. Grímsstöðum, Hólsseli, Nýhól, Víðidal og Möðrudal, og var þessi áætlun byggð á verðlagi á raforku á áætlunartíma, bæði að því er varðaði sölu til notenda og framleiðslu rafmagns með dísilstöðum. Það er mjög mikilvægt að koma þessum þætti Hólsfjallaáætlunar í framkvæmd svo búendur geti betur sætt sig við frestun á lagningu sveitalínu um byggðir Hólsfjalla.

5. **Um framkvæmdatíma.**

Þær framkvæmdir, sem mest eru aðkallandi og sótt hefur verið um í ár og á næsta ári, eru þessar:

1. Íbúðarhús fyrir Pál Kristjánsson, Grímsstöðum.
2. Íbúðarhús fyrir Sigurð Axel Benediktsson, Grímstungu.
3. Endurbygging íbúðarhúss í Hólsseli.
4. Dísilvél til vara á Grímsstöðum.
5. Dísilvél til vara á Hólsseli.
6. Ræktun á öllum bæjum.

6. **Áætlun um lagningu raflínu til Hólsfjalla.**

Nauðsynlegt er að taka sem allra fyrst ákvörðun um hvenær Hólsfjöll verða tengd samveitu-

kerfi Rafmagnsveitna ríkisins, svo að kaup og endurnýjun heimilisrafstöðva geti verið við það miðuð.

Reykjavík, 18. apríl 1978.

LANDNÁM RÍKISINS.
Árni Jónsson.

Efri deild, 89. fundur.

Laugardaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Grunnskólar, frv. (þskj. 68, n. 712 og 715). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:7 atkv.
2. gr. samþ. með 8:5 atkv.
3. gr. samþ. með 8:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÁH, OÓ, RA, StG, BrS, GeirG, GH, IH, ÞK.
nei: AG, AJ, EÁ, HÁ, HFS, IT, JHelg.
JGS, ÁB greiddu ekki atkv.
2. þm. (StJ, StH) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 803 (sbr. 802 og 600)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., hefur nú um nokkurt skeið verið til umr. á hv. Alþ. og í nótt sem leið afgreiddi hv. Nd. frv. til Ed.

Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt var *flutt á síðasta þingi og fékk þá allítarlegar umr.* á hv. Alþ. svo og víðar. Það frv. var sent til umsagnar fjölmargra aðila, og til nefnda þingsins bárust fjölmargar aths. og till. um breytingar. Á s. l. sumri var unnið og fram eftir vetri að endurskoðun frv. *Gjarnan hefði ég viljað sjá* frv. fyrr á borðum hv. þm., en þar sem það er heim vel kunnugt frá síðasta þingi, þá vonast ég til að þetta frv. geti náð fram að ganga og orðið lögfest áður en þinglausnir verða.

Fjh.- og viðskn. beggja d. hafa unnið saman að skoðun þessa frv. eftir að það var lagt fram í hv. Nd., þannig að ég ætla að þeim þm., sem þá n. skipa í hv. Ed., sé orðið þetta mál mjög kunnugt og því megi vonast til þess, að n. geti á þeim tíma, sem enn er til þingloka, yfirfarið og skoðað frv. enn betur og lokið afgreiðslu þess til deildarinnar aftur og það síðan orðið lögfest.

Meginbreytingin í því frv., sem hér er til umr., er að lögð er til gerbreyting á reglum um skattlagningu hjóna. Í stað helmingaskiptareglu fyrra frv. er lögð til takmörkuð sérsköttun hjóna. Hvort hjóna um sig telur fram og er skattlagt af launatekjum sínum og atvinnurekstrartekjum. Eignatekjur beggja eru skattlagðar með tekjum þess hjóna er hærri hefur launatekjurnar. Hvort hjóna um sig hefur sama skattstiga og persónuafslátt og einstaklingur. Sá hluti persónuafsláttar, sem öðru hjóna nýtist ekki, færist yfir til hins. Barnabætur skiptast til helminga milli hjóna. Til eignarskatts eru eignir hjóna lagðar saman og helmingur heildareigna síðan skattlagður hjá hvoru um sig eftir sama eignarskattsstiga og gildir um einstaklinga.

Þá er lagt til að launatekjur barna verði sérskattaðar hjá þeim með lágu föstu skatthlutfalli, en börnin njóti ekki persónuafsláttar. Í fyrra frv. var gert ráð fyrir algerri samsköttun foreldra og barna.

Horfið er frá afsláttarkerfi fyrra frv., en tekið upp frádráttarkerfi svipað ákvæðum gildandi laga. Frádráttarliðum er þó fækkað nokkuð og gjaldendum gefið val um að nota fastan frádrátt, sem er ákveðið hlutfall af launatekjum, í stað þess að tíunda og njóta frádráttar vegna lífeyrisiðgjalda, stéttarfélagsiðgjalda, vaxtagjalda og sérstakra gjafa til menningarmála.

Gert er ráð fyrir, að barnabætur verði hærri með börnum undir skólaskyldualdri en öðrum börnum og barnabætur til einstæðra foreldra verði hærri en til annarra.

Ýmsum öðrum atriðum er breytt, svo sem reglunum um söluhagnað fyrnanlegra lausafjármuna, reglunum um söluhagnað íbúðarhúsnæðis, reglunum um frádráttarbærni meðlaga, reglunum um skattlagningu utanríkisþjónustumanna og reglunum um tekjuuppgjör af útleigðu húsnæði.

Þetta var um höfuðbreytingarnar á skattlagningu einstaklinga.

Meginbreytingar varðandi skattlagningu atvinnurekstrar eru að reglum um fyrningar og söluhagnað er gerbreytt. Í stað ákvæða fyrra frv. um fyrningu lausafjár af bókfærðu verði og fyrningu fasteigna af upphaflegu kostnaðarverði eru ákvæði um að fyrning skuli reiknuð *af endurmetnu stofnverði fyrnanlegra eigna.* Stofnverðið er framreiknað með verðbreytingarstuðli sem miðast við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar milli ára, og árleg fyrning er reiknuð af hinu framreiknaða stofnverði. Fengnar *fyrningar eru endurmetnar á sama hátt,* þannig að fengin fyrning hvers árs er margfölduð með verðbreytingarstuðli fyrningarársins. Fyrningarhlutföll eru lækkuð frá því sem nú er. Kveðið er á um 10% niðurlagsverð mannvirkja og lausafjár. Þá er í frv. ákvæði um takmark fyrninga þeirra aðila sem hafa fjármagnað fyrnanlegar eignir með lánsfé. Eru þau þess efnis, að af hluta skulda, sem telja verður að hafi verið til fjármögnunar fyrnanlegra eigna, er reiknuð hækkun eftir sama stuðli og beitt er á eignirnar og það síðan til frádráttar þegar gert er upp.

Söluhagnaður allra eigna annarra en íbúðarhúsnæðis innan vissra stærðarmarka í eigu manna, eins og kemur fram, er samkv. frv. skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Hins vegar er ákvæðinu um útreikning hans breytt frá fyrra frv. að því er lausafé varðar. Þannig

er upphaflegt kaup- eða kostnaðarverð endurmetið miðað við byggingarvísitölu, og söluhagnaður telst munur söluverðs og þannig endurmetins stofnverðs að teknu tilliti til endurmetinna fyrninga, ef um er að ræða sölu á fyrnanlegum eignum.

Heimiluð er útgáfa jöfnunarhlutabréfa miðað við raunverulegt verðmæti hreinnar eignar hlutafélagsins í árslok 1978, og er útgáfa jöfnunarbréfa vegna eignabreytinga eftir það bundin almennri verðhækkun.

Ákvæðin um frádráttarbærni þeirrar fjárhæðar, sem samvinnufélög greiða félagsmönnum sínum eða færa þeim til séreigna í stofnsjóði, eru breytt frá fyrra frv. og eru nú líkari ákvæðum gildandi laga um þetta efni.

Vaxtatekjur af innistæðum í innlendum bönkum eru gerðar skattfrjálsar að vissum skilyrðum fullnægðum, en voru ávallt skattskyldar samkv. fyrra frv.

Heimiluð er 5% niðurfærsla útistandandi viðskiptaskulda.

Skilgreiningu á hugtakinu vörubirgðir er breytt þannig að heimild er til 30% niðurfærslu. 30% niðurfærsla nær til fleiri hluta en samkv. fyrra frv.

Ýmis önnur atriði hafa sætt breytingu, t. d. skilgreining á rekstrarkostnaðarhugtökum. Þar er breytt frá frv. þannig að orðið „nauðsynlegir" er fellt út. Dráttarvextir af opinberum gjöldum verða frádráttarbærir. Ákvæði eru til þess að forðast tvísköttun við úthlutun arðs milli félaga o. fl.

Ég tel ekki ástæðu til að víkja að fleiri breytingum á frv.

Við meðferð málsins í Nd. voru gerðar á frv. nokkrar breytingar sem eru á þskj. 764, frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Þær brtt. voru allar samþykktar eins og þær liggja fyrir á því þskj., og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þær hér. Þá var einnig við 3. umr. samþ. brtt. við 16. gr. frv. þar sem þriggja ára frestur hjá ekkju eða ekkli í sambandi við söluhúsnæði var felldur niður.

Samhliða þessu frv. var flutt frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda. Það frv. hefur ekki áður verið lagt fram á Alþ. og er nýunnið. Hins vegar eru hugmyndir frv. öllum kunnar af nokkrum skýrslum sem gerðar hafa verið þar um og nú síðast 1975. En það er ljóst, að það frv. verður ekki afgreitt á þessu þingi. Til þess er ekki nægur tími, enda málið viðamikið og eins og ég sagði áðan nýtt fyrir augum þm. Það er gert ráð fyrir því, að sumartíminn verði notaður til þess að endurskoða það frv. og kynna það þeim aðilum sem við það eiga að búa, og jafnframt óskað umsagna þessara aðila um málið, þótt sveitarfélögin hafi t. d. oft tjáð sig meðmælt því, að staðgreiðsla yrði upp tekin. Við það yrði miðað, að frv. um staðgreiðslu yrði lagt aftur fram á næsta þingi og stefnt þá að afgreiðslu þess máls fyrir n. k. áramót.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða meir um frv. Ég vísa til ræðu minnar, sem ég áður hef flutt, og þess, sem fram hefur komið, og legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að halda langa ræðu um þetta mál hér við 1. umr. Nú skín sól í heiði og blíða úti fyrir og þdm. hafa áreiðanlega margt betra við tímann að gera heldur en vera hér á löngum fundi. Þar við bætist, að ég hef átt þess kost að lýsa skoðunum mínum á þessu máli margsinnis áður en það kemur nú til 1. umr. hér í deildinni, og á þessu stigi hef ég ekki miklu við það að bæta. Ég tel, að frv. þetta sé keyrt í gegnum Alþ. með óhæfilegum hraða og að hér sé um hraðsuðu að ræða sem áreiðanlega verði tekin til betri eldunar næsta haust, enda ekkert því til fyrirstöðu að frv. verði tekið til endurskoðunar þá, því að eins og fram hefur komið mun það einungis gilda hvað snertir ákvæðna þætti bókhalds fyrirtækja á árinu 1979, en ekki koma til framkvæmda hvað snertir álagningu fyrr en á árinu 1980. Ástæðan til þess að verið er að keyra þetta frv. nú í gegn er einfaldlega sú, að hæstv. fjmrh. er að leita eftir syndakvittun hjá kjósendum sínum, en frá almennu sjónarmiði séð væri ekkert því til fyrirstöðu að afgreiðsla málsins biði til haustsins.

Svo mikill er hraðinn á meðferð þessa máls, að þegar hæstv. fjmrh. beitir sér fyrir því, að reiknaðar séu út afleiðingar af samþykkt frv. og landslýð gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra útreikninga og hann kemur fram í sjónvarpi og skýrir fyrir þjóðinni töflur, þar sem sýnt er hvernig skattarnir komi út, og það var reyndar sama taflan og svo var aftur sýnd í umræðuþætti sem átti sér stað í sjónvarpinu tveimur eða þremur dögum seinna, þá eru þeir útreikningar kolvitlausir og ekkert mark á þeim takandi. Ég efast ekki um, þó að ég hafi ekki þessar töflur undir höndum, að menn minnist þess sem sáu þessa töflu sem birt var í sjónvarpinu, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur a. m. k. þrisvar, að þar var gerð grein fyrir því, að kona, sem hefði 2.5 millj. í tekjur og ætti mann sem einnig hefði sömu tekjur, mundi snarlega og þau hjónin samtals lækka í skatti með tilkomu þessa nýja frv. Og ef menn hafa tekið glöggt eftir, þá munu þeir minnast þess, að um var að ræða skattalækkun hjá þeim hjónum úr 200 þús. kr. og niður í 160 þús. kr. Þetta var bara eitt dæmi af mörgum um snarvitlausan útreikning á sköttum.

Þetta var að sjálfsögðu alls ekki rétt. Kona, sem þannig stendur á fyrir, hækkar í sköttum, en lækkar ekki. Og ég verð að segja það við hæstv. fjmrh., að ég er óneitanlega undrandi og dálítið hneykslaður á því, að hann skuli ekki hafa beitt sér fyrir því, að þessi mistök væru leiðrétt í sjónvarpinu. Ég veit ekki til þess að þjóðinni hafi verið gerð grein fyrir því, að þarna var um skakka útreikninga að ræða, þó að það sé nú viðurkennt af sérfræðingum. Og ég verð að segja það, að þegar búið er að blekkja þjóðina, að vísu ekki vísvitandi í þessu tilviki, heldur vegna mistaka, þá eiga sjónvarpsáhorfendur heimtingu á því, að beðið sé afsökunar á þessu og nýir útreikningar birtir með sama

hætti. En fólk, sem þannig stendur á fyrir, stendur að sjálfsögðu í þeirri trú, að þarna hafi verið um rétta útreikninga að ræða. Ég hef ekki haft orð á þessu fyrr vegna þess að mér datt satt að segja ekki í hug annað en þessar tölur yrðu leiðréttar. En nú þegar liðin er meira en vika, líklega einir 10 dagar síðan þessir röngu útreikningar voru birtir í sjónvarpinu, eins og ég sagði hér áðan, ekki einu sinni, heldur tvisvar eða þrisvar, þá er kominn tími til að leiðrétta.

Ég mun við 2. umr. gera grein fyrir afstöðu minni til einstakra atriða frv. Ég tel að veigamestu efnisbreytingarnar, sem fólgnar eru í þessu frv., séu annars vegar breytt skattlagning á tekjum hjóna, og þar er tvímælalaust um tillögugerð að ræða sem horfir til bóta, og svo aftur breytt skattameðferð á tekjum í atvinnurekstri. Þar er um mjög flóknar reglur að ræða sem eru satt best að segja með talsvert ólíkum hætti og var í frv. fyrir einu ári og því langt frá því, að nm. í fjh.- og viðskn. hafi gefist nokkurt tóm til að kanna það til hlítar, að ég tali nú ekki um utanaðkomandi aðila eins og þá sem þetta skattafrv. á að ná til. Í þeim hópum hafa menn ekki átt þess neinn kost að láta sérfræðinga yfirfara efni þessa frv. svo vandlega að unnt sé að átta sig á afleiðingum þess. En ég get sagt það eitt á þessu stigi, að þó að ég viðurkenni fúslega að fyrningarreglurnar, sem í þessu frv. eru, séu eðlilegri en þær fyrri frá tæknilegu sjónarmiði, þá fylgja þeim þess háttar glufur og smugur sem gera það að verkum, að sennilega koma fyrirtæki betur út úr skattlagningu samkv. þessu frv. heldur en fyrri lögum. Ég get bætt því við, að það hafa komið að máli við mig menn, sem eru þessum málum gerkunnugir og hafa tekið þátt í skattuppgjöri og skattálagningu árum saman, sem hafa gert tilraun til að sjá hvernig þetta nýja skattakerfi kæmi út með því að leggja á samkv. því á nokkur fyrirtæki. Og þeir hafa sagt mér, þó að þeir hafi að vísu haft skamman tíma til að komast að óyggjandi niðurstöðu, en þeir hafa sagt mér og áreiðanlega í fyllstu hreinskilni að útkoman hjá þeim hafi verið sú, að smugurnar og glufurnar væru síður en svo minni samkv. þessu frv. en hinu fyrra og sennilega kæmi atvinnureksturinn ekki verr — sennilega betur út úr þessari álagningu. Frómt frá sagt hef ég persónuega ekki haft neina aðstöðu til þess að meta þetta nákvæmlega. En mér segir svo hugur að ýmsar greinar þessa frv. séu á þann veg, að þær muni leiða til óeðlilegrar ívilnunar gagnvart rekstrinum í landinu sem lítinn og í flestum tilvikum engan tekjuskatt hefur greitt.

Herra forseti. Um þetta mál mætti fara mörgum orðum, en með tilvísun til fyrri orða minna læt ég þetta duga að sinni.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég get verið stuttorður við þessa 1. umr. þar sem ég á sæti í þeirri n. sem mun fjalla um þetta frv. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. ráðh., hélt hann yfirgripsmikla ræðu í Nd. og vísaði í hana, og við höfum haldið marga sameiginlega fundi í þessum nefndum og farið í gegnum frv., svo að það liggur sæmilega ljóst fyrir okkur sem erum í fjh.- og viðskn. Engu að síður er það bagalegt, vægast sagt, að þetta frv. skuli koma hér inn þegar störf þingsins eru innan viku talin í tíma.

Þetta er það stórmál, að þrátt fyrir það að við höfum unnið sameiginlega á nokkrum fundum eru hér atriði sem ég hefði viljað ræða mjög miklu nánar, og ég er ekki alveg ásáttur með þær breytingar sem frv. hefur tekið í Nd., t. d. um þrengri ákvæði varðandi skattfrjálsa eign, sem ég tel í öfuga átt. Sómasamleg íbúð sem skattfrjáls eign er það öryggi sem hjón eða einstaklingar verða að eiga í dag til elliáranna, og þó að þetta fólk hafi sparað nokkuð gegnum árin, þá er verðbólgan slík að það sparifé eyðist upp. Sómasamlegur lífeyrir, þegar maður hefur staðið á sextugu, er orðinn gagnslaus þegar hann er orðinn 65 ára, ég tala nú ekki um ef það líður 10 ára tímabil, svo að það er engin ofrausn frá hendi þjóðfélagsins og Alþ. að veita þessum hugsanlegu gömlu hjónum eða einstaklingum það að eiga sómasamlega íbúð sem varasjóð ef á þarf að halda þegar þau nálgast ellilífeyrismörk. Ég vil sérstaklega undirstrika þetta strax í upphafi, vegna þess að breytingin, sem gerð var í Nd., er algerlega öfug að mínu mati.

Þetta ákvæði frv. er til helminga, og var talað um 750 rúmmetra á einstakling og 1500 á hjón. Ég varpaði fram hugmynd um að þetta væri ekki tekið svona til helminga, einstaklingurinn gæti átt nokkru rýmri eign. Mér virtust sumir menn hlæja að þessu — og þeir um það. En ég tel þetta mjög þröng sjónarmið. Einstaklingurinn hefur verið sérstaklega hundeltur í gegnum skattalög á Íslandi, svo að ég segi ekki meira. Það getur vel verið að hann hafi rýmri hendur en margir aðrir, en löggjöfin sem slík af hendi margra ríkisstj. hefur verið þannig í fjöldamörg ár, og það virðist eiga að halda áfram verulega að vega í sama knérunn. Auðvitað má segja að hann hafi breiðara bak en hjón og barnmargar fjölskyldur, en líka getur hann átt við ýmis önnur vandamál að etja sem gera honum ekki fært annað en reyna að hafa vörn í lögum, og kannski er það fyrir hendi fyrir þá sem þekkja nægilega vel.

Skattalög eru hverju sinni mjög stór þáttur og snerta raunverulega hvern einasta mann í okkar þjóðfélagi. Það er því eðlilegt að almenningur fylgist vel með hvað er að gerast á þessu sviði. Við myndun þessarar ríkisstj. var boðað að það kæmi strax fram frv. sem snerti þessi mál, og nú hafa liðið nær 4 ár og við erum loksins að eygja möguleika á því að afgreiða þetta síðustu daga þingsins, annan eða þriðja síðasta dag þessa þings. Þetta er bagalegt, eins og ég sagði áðan — vægast sagt mjög bagalegt. Sumt af þessu á ekki að taka gildi nærri strax, og ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns, að það er ekki skaði skeður þó að þetta frv. fari ekki í gegn.

Þó vil ég strax viðurkenna það, að margt í þessu frv. er miklu betur gert að mínu mati og með sómasamlegri viðhorfum gagnvart al-

menningi heldur en var í fyrri frv. Engu að síður eru hér svo veigamikil atriði, að þetta þarf mikla yfirvegun og miklu, miklu meiri yfirvegun en við getum nú komið við, sérstaklega í stjórnarandstöðu. Þó að embættismenn, sem hafa unnið að þessu frv., hafi komið og skýrt í stórum dráttum vissa þætti, þá hefur hvergi nærri gefist það svigrúm sem eðlilegt er til að fara í gegnum einstakar greinar og ræða framkvæmd þeirra, sem er það mikilvægasta í þessu máli. Og það, sem mér finnst að þessu frv. og reyndar mörgum öðrum, er að þetta er það flókið enn þá að venjulegur borgari á í erfiðleikum með að sjá, hver skattbyrði hans verður, — því er nú verr. Þetta frv. felur því í sér óumdeilanlega að stórt lið eftirlitsmanna, færra sérfræðinga, verður til kvatt að framkvæma lögin eða aðstoða fólk við að telja fram rétt samkv. lögunum, svo að það verði ekki skattsvikarar af því að það þekki ekki lögin, og það er líka slæmt.

Það er margt jákvætt í þessu frv. sem ég ætla ekki að rekja, enda hefur það verið tíundað á öðrum stað. En 16. gr., sem fjallar um söluhagnað af íbúðarhúsnæði, þarf athugunar við. Það hefur nú verið fellt niður, að ekkjan væri knúin til þess — eða ekkill — að selja eign sína innan þriggja ára, og er það mikið spor í réttlætisátt að löggjöfin knýi ekki þann einstakling, sem eftir er, til að ráðstafa eignum sínum. En þetta sýnir aðeins að menn verða að hugleiða það sem er að gerast hér utan dyra í okkar þjóðlífi og við megum ekki setja löggjöf sem knýr fólk til að flytja burt úr því lágmarksöryggi, sem það á, vegna þröngra sjónarmiða skattalega séð.

Akvæðin um söluhagnað eru gerbreytt í frv. og er það vel réttlætanlegt í verðbólguþjóðfélagi. Það hefur jafnan verið sagt að menn spiluðu mjög á verðbólguna, þeir sem til þess hefðu aðstöðu, og er eðlilegt að ríkisvaldið reyni að hamla á móti slíkum vinnubrögðum. Út af fyrir sig get ég vel fallist á þá meginhugsun sem er í þeim kafla frv. Þegar kemur að ákvæðum um hvernig á að finna út þennan söluhagnað, þá er um það fjallað stuttlega í 26. gr. og þar er grundvallarbreyting. Okkur var tjáð að með því að taka vísitölu byggingarkostnaðar fengist, þegar yfir langt tímabil er litið, sæmilega góður mælikvarði á verðbreytingar í þjóðfélaginu. Um þetta má auðvitað deila og um það geta menn verið sammála, að ómögulegt er að setja mælikvarða er sýni allar breytingar í verðhækkunarátt, og eitthvað verðum við að miða við. Hins vegar má mönnum vera það ljóst, að þegar við lítum á styttri tímabil, þá mun þetta koma mjög misjafnlega fram gagnvart hinum einstöku atvinnugreinum og einstaklingum í þjóðfélaginu og mismunandi eignarformi, svo að hér vil ég leggja áherslu á að ekki verði bókstaflega beitt hinu ítrasta ákvæði, þegar er verið að seilast til í skattheimtu, sérstaklega varðandi eignir manna. Hér veltur sem sagt mjög mikið á framkvæmdinni.

Frádráttarliðirnir eru margir í þessu frv., mjög margir, og ekki hægt að fara út í þá nákvæmlega. En mikið hefur verið deilt um einn þátt hér, hvort ætti að setja ákveðið hámark í því efni, og skal ég aðeins nefna einn þáttinn, þ. e. a. s. vaxtagjöldin. Ég hefði talið rétt að einfalda þessa liði alla saman og tel það vel framkvæmanlegt, og það er reyndar gert í frv. með því að gefa mönnum kost á því að velja ákveðna prósentu í eitt skipti fyrir allt og nota hana við skattframtal sitt heldur en vera að tína til marga smáliði, því að nákvæmt úrtak sýnir að talan 10% er ekki fjarri lagi þegar litið er á allstóran hóp manna sem hefur þann möguleika að tína til ýmsa smáliði. Hins vegar mun það auðvitað koma fram, þegar svona einföldun er gerð, að það mun koma allmjög misjafnlega niður og sumir, er ávinning hafa, þegja, en þeir, sem fara halloka, munu kveina. Þetta á við ýmsa námsliði og minni háttar kostnaðarliði sem menn eru að stofna til, stundum bundið við eitt eða tvö ár, og getur orðið tilfinnanlegt fyrir einstaklinga í vissum tilfellum. Einstaklingurinn hefur val og verður þá að velja á milli hvað hann vill, svo að það má segja að flestir ættu að geta sætt sig við þessa aðferð. En aðferðin, sem verður umdeilanleg, eru vaxtagjöldin og hvað þau þýða í skattaniðurstöðu mannsins. Ég tel eðlilegt að fundinn verði nokkuð sanngjarn vaxtafótur á venjulega íbúð, eins og hún er tilgreind í frv., og hámarksvaxtafrádráttur miðaður við hana hjá þeim sem þurfa að hafa slík vaxtagjöld, en ekki ef menn eiga kost á stórmiklu fjármagni fram yfir, þá er það vegna einhverra annarra þarfa og verður þá að gera sérstaka grein fyrir slíku.

Ýmis önnur ákvæði eru tekin upp hér sem hafa valdið deilum, um niðurfærslu á viðskiptaskuldum og ýmsu fleiru sem er of langt mál að telja hér upp í þessu tilfelli.

Síðan kemur kaflinn um fyrninguna sem er afar mikilvægur þáttur í þessu frv. Ef reikna má með jafnvægi í okkar þjóðarbúskap, sem allir segjast vilja stefna eindregið að, þá er eðlilegt að prósentutala sé sæmilega há á fyrnanlegum eignum. En sé hins vegar reiknað með því, að verðbólgan í þessu landi á ári sé tveggja stafa tala og nemi tugum, þá getur vandamálið orðið miklu erfiðara viðureignar. Um þetta fjallar 38. gr., og hafa orðið um hana verulegar umr. og næstu grein á eftir, og þær reglur, sem hér eru settar fram, verða mörgum erfiðar í framkvæmd, það er ég alveg viss um. 44. gr. sem er algerlega nýtt mat á þessum málum, mun einnig verða mjög mörgum erfið í framkvæmd. Þetta mun ekkert verða erfitt í framkvæmd hjá okkur sem höfum til þess menntun og þjálfun að framkvæma það sem þarna stendur, en fyrir fjölda einstaklinga, fullyrði ég: vörubílstjóra, dráttarvélaeigendur eða vinnuvélaeigendur, smábátamenn og marga, marga aðra verða þessar greinar allar erfiðar í framkvæmd og þeir munu að mínu mati þurfa á sérfræðingaaðstoð að halda í miklu, miklu stærri stíl en nokkurn tíma hefur verið áður. E. t. v. er tilgangur löggjafans ag knýja alla í gegnum slíkt eftirlit, og það kann að vera nauðsynlegt og eðlilegt. En mjög margir menn fara þá að fást við það eitt að líta eftir náunganum á öllum sviðum, frá fyrstu öflun fisksins og til síðustu stundar,

er fiskimaðurinn leggur ávinning verka sinna í gegnum skattstofuhurðina.

Akvæði, sem mjög er deilt um, er í 59. gr. Þar er ákvörðun um hvernig meta eigi vinnu hjá því fólki er vinnur við eigin fyrirtæki. Þetta er afar viðkvæmt mál í íslensku þjóðfélagi vegna þess hve mikill smárekstur er hér og hve það er algengt að fjölskylda vinni hjá eigin fyrirtæki. Eins og greinin er í dag hefur hún tekið miklum bótum, og sennilega munu flestir geta fallist á hana eins og hún stendur, en ég vil þó undirstrika það hér sem jafnan áður, að mjög veltur á framkvæmd og skilningi viðkomandi skattstjóra. Ég tel að hægt væri að sætta sig við greinina eins og hún er orðuð í dag. Þó munu þeir vera margir utan Alþingis sem telja hana fráleita. Ég vildi aðeins vekja sérstaka athygli á þessu, af því að hún mun snerta mjög marga aðila úti um allt land sem eiga smáfyrirtæki, eru á búum sínum, með sinn litla bát, með sína litlu vinnuvél, með sinn vörubíl og þar fram eftir götunum. En greinin er eðlileg, vegna þess að það hefur verið sagt með réttu, að margir hafa sloppið „billega“ gegnum heldur slöpp skattalög varðandi þetta mat undanfarið. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, er mat skattamanna að gera það, en þess vegna er þessi grein komin inn nú svona ákveðin, að menn hafa talið það óhjákvæmilegt og gert fyrir því fulla grein. En greinin er mjög umdeilanleg, og ég undirstrika það, að hér þarf heilbrigt mat skattstjóra að vera fyrir hendi í framkvæmdinni.

Tekjuskattur hjóna er hér í grundvallarbreytingarformi, og um það hafa flestir verið sammála á fundum, að það væri rétt spor og í rétta átt að hafa þau sérsköttuð, og ég held að þessi kafli njóti almenns stuðnings.

Síðan eru nokkrar heimildir hvernig á að lækka tekjuskatt og ýmislegt í sambandi við það, og sá kafli hefur ekki orsakað miklar umr. og fengið heldur góðan stuðning sem heild. Þó er þar ákvæði í 5. lið 66. gr. á þessa leið: Ef útgjöld vegna menntunar manns eftir 26 ára aldur hafa skert gjaldþol hans verulega, þá skal koma til frádráttarmöguleika, og einnig ef menn hafa sérstakan kostnað vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri. — Sennilega munu margir háskólamenn og þeir aðilar, er þurfa sérstaka endurmenntun með vissu áramillibili, ekki vera ánægðir með þetta ákvæði og munu þurfa að leita mjög á náðir skattyfirvalda til að meta þann kostnað er þeir leggja í til þess að halda við menntun sinni og þjálfun í starfi. Þetta er þrengra en verið hefur og ég veit ekki hvort þetta er algerlega fortakslaust rétt stefna, vegna þess að þróun í tækni og menntun er svo ör í hinum stóra heimi að margir sérfræðingar, t. d. á heilbrigðismálasviði og tæknisviði, verða óhjákvæmilega að leggja í mikinn kostnað með vissu millibili til að vera starfi sínu vel vaxnir. En sem sagt, þeir eiga þetta undir gæðamati skattyfirvalda, hvað þessi kostnaður má vera mikill, og verður að vona að framkvæmdin verði mannúðleg.

Skattstigi manna er jafnan umdeilanlegur og er fjallað um hann í 67. gr. Það má segja að þarna hafi verið seilst dálítið langt, og það er búið að breyta því núna í meðförum Alþingis. Ég tel að hér sé farið fram á ystu nöf. Þegar við stefnum að því að taka skattheimtuna af samtímatekjum, þá hlýtur þessi prósenta að mega vera verulega lægri en hún var sett fram í frv., enda er tilhneiging til að gera það. Það var eðlilegt að hafa hana nokkru hærri í mjög miklu verðbólguþjóðfélagi, þar sem krónurnar, sem menn greiddu árið eftir, voru þá orðnar miklu minni. Þess vegna þótti það rétt að hafa hana háa. En nú stefnir að samtímagreiðslu, og þá er eðlilegt að þetta viðmiðunarhlutfall sé mun lægra. Það verður alltaf umdeilanlegt og ekkert við því að segja, en ég held að hér sé seilst eins hátt og hægt er — og jafnvel fram yfir það.

Kaflinn um barnabætur er með þeim hætti nú eins og verið hefur um skamman tíma, að ekki verða greiddar barnabætur nema viðkomandi einstaklingur hafi gert skil á mörgum opinberum gjöldum, og kann að vera rétt að taka slíkt fram. En þá er bara að framkvæmdin verði einnig nokkuð mannúðleg, því að svo gæti farið að það bitnaði á saklausu fólki, og get ég ekki farið nánar út í það á þessu stigi.

Kaflinn um skattskyldar eignir er mjög mikið breyttur og skiptir miklu máli, eins og ég var að drepa á áðan, varðandi þennan öryggisstuðul fyrir einhleypinginn og hjónin, og tel ég að hafi verið skakkt að rýra þetta hlutfall fyrir hina venjulegu fjölskyldu og fyrir einstaklinginn.

Önnur atriði í þessu frv. eru um ýmiss konar framkvæmd og refsiákvæði. Mikið var deilt um ákvæði í 94. gr. og er það mjög svipað og er í núgildandi lögum, en þó er þessari setningu bætt við: „Lögreglu er skylt innan starfsmarka sinna að veita ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra nauðsynlega aðstoð í þágu rannsóknar skattamáls.“ Hér töldu menn að stefnt væri að hinum venjulega borgara of mikilli ógnun raunverulega og ekki í samræmi við megingildi réttaröryggis. Ég hef ekki komist í gegnum þær brtt. sem komu frá Nd. í nótt, en í n. fannst mér vera hljómgrunnur fyrir því, að þessi setning félli niður og það yrði auðvitað að ganga dómur áður en slíkri hörku yrði beitt. Það er samkv. íslenskri réttarvenju, og þentu lögfræðingar, sem sátu fundinn, á að eðlilegt væri að þetta félli niður.

Önnur atriði í þessu frv. fjalla um framkvæmd og refsiákvæði, og varð ekki mikill ágreiningur um þau í n. og sé ég ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta mál, en mun geyma mér rétt til að gera aths. við þessar greinar þegar við fáum málið í n. En eftir því sem ég sé best mun sá tími verða afar naumur og kann því að fara svo, að ég treysti mér ekki endanlega til að fylgja frv., þó að ég viðurkenni að hér sé mjög margt til bóta frá því sem var áður.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun ekki halda langa ræðu á þessu stigi um það skattalagafrv. sem hér er lagt fram, enda eins og síðasti hv. ræðumaður ekki kynnt mér þær breytingar sem komið hafa frá Nd. nú í nótt.

En það er ýmislegt í þessu frv. sem ég vil gera aths. við og þá fyrst taka undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég tel að ekki sé nægjanlega gætt hagsmuna þeirra sem eitthvað eiga, skulum við segja. Það er ein af skyldum Sjálfstfl. að standa vörð um hagsmuni einstaklingsins og eignarréttinn, en mér finnst að sumu leyti höggið að honum.

Þá stendur, svo að ég fari aftarlega í frv., á bls. 29, í 94. gr., um upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildir, með leyfi forseta:

„Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um."

Nú skulum við segja að þær lögregluaðgerðir, sem getið er um, verði teknar útúr. Þó finnst mér allt of langt gengið ef með lögum er hægt að skylda hvern sem er til að njósna um hvern sem er hvenær sem er, ef skattayfirvöldum dettur í hug að leita upplýsinga um náungann, t. d. ef skattyfirvöldum dettur í hug að hann geti veitt þær upplýsingar sem gætu klekkt á viðkomandi aðila.

Ég vil enn gera að umræðuefni 59. gr. þessa frv., sem varð til þess, má segja, að frv. sem ekki komst í gegn á síðasta þingi, var tekið til endurskoðunar víðar en í þn. Það er enn þá talað um að áætla tekjur þeirra atvinnurekenda sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, eins og þar kemur fram, og tel ég það andstætt þeim lífsskoðunum, sem ég hef, og trúi því tæplega, að sjálfstæðismenn hér á þingi séu þessu ákvæði samþykkir. Ég tel fjarstæðu að ætla sér að láta ríkisskattstjóra setja árlega viðmiðunarreglur til ákvörðunar um skattlagningu á fólk, hvernig sem útkoma þessara smáatvinnurekenda annars kann að vera.

Það er annað í þessari 59. gr. sem ég er einnig á móti, og ég ætla að fá leyfi til þess hjá hæstv. forseta að lesa það upp. Þar er vitnað í 2. mgr. 1. tölul. A-liðar í 7. gr., og þar er talað um almenn ákvæði um skattskyldar tekjur í II. kafla, það sem til tekna skal telja, og skiptir eigi máli hver innir greiðslu þeirra af hendi.

Í 7. gr. segir svo: „Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum."

Nú vitum við að ungt fólk kemur upp þaki yfir höfuðið að miklu leyti í vinnuskiptum, og ég verð að segja það, að það hefur verið eitt af baráttumálum verkamanna í Sjálfstfl. að fá að vera í friði með vinnuskipti sín á milli þegar menn hjálpa hver öðrum til að koma sér þaki yfir höfuðið. Og ég geri ráð fyrir því, að þetta sé mál sem skiptir svo til hvern einasta byggingaraðila, sem á unga aldri fer út í fjárfestingar í stað þess að skemmta sér fyrir tekjur sínar. Ég vara við þessu, því að hér er ríkisskattstjóra gert að skyldu að meta þessi vinnuskipti.

Þá get ég ekki séð að það sé jöfnuður á milli hlutabréfaeigna annars vegar í hlutafélögum, sem eiga fasteignir, og hins vegar í hlutafélögum, sem eiga ekki fasteignir. Hlutafélag, sem á ekki fasteignir, getur verið miklu betra fyrirtæki heldur en félag sem á fasteignir.

Svona gæti ég talið nokkuð lengi, en ég ætla ekki að gera það á þessu stigi. Ég vil þó benda á, áður en ég lýk máli mínu um þetta mál hér og nú, að ég hef talsvert við 4. gr. frv. að athuga. Það eru taldir aðilar undanþegnir skattskyldu og þar er nr. eitt forseti Íslands og maki. Ég er ekki með núv. forseta Íslands í huga, heldur almennt þá sem gegna forsetastörfum. Ég geri ekki ráð fyrir að forsetafrúin hafi það í huga nú eða upplýsingar liggi fyrir um að hún ætli að fara að vinna úti. En það gæti komið að því, að forseti Íslands væri kona og eiginmaðurinn ynni úti. Mér finnst alveg fráleitt, ef það væri hátekjumaður, bara vegna þess að hann er giftur forseta Íslands, að hann sé ekki skattskyldur. Það getur verið stóreignamaður. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, ef ættum Rockefeller og hann yrði forseti Íslands, að hann yrði skattlaus af öllum þeim tekjum sem hann hefur utan við embættistekjur sínar. En mér finnst jafneðlilegt að forseti Íslands og maki, ef hann hefur embættistekjur, sé skattfrjáls af þeim embættistekjum sem hann hefur, en ekki af tekjum sem hann hefur annars staðar frá.

Þá er þar í sömu grein nr. tvö ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki. Af hverju eiga ríkisfyrirtæki ekki að geta borið nákvæmlega sömu gjöld og önnur fyrirtæki, ef á annað borð er talið heppilegt að hafa þau starfandi á vegum ríkisins. Þau gæfu af sér tekjur til ríkissjóðs ef þau væru ekki rekin af ríkinu. Sama er um 3. lið: Sýslufélög, sveitarfélög og fyrirtæki sem þau reka. Og í 4. lið sömu greinar er talað um erlend ríki og alþjóðastofnanir og fasteignir sem þær nota vegna viðurkenndrar starfsemi sinnar hér á landi. Þar finnst mér að eigi að koma inn: ef í gildi eru gagnkvæmir samningar, og þá náttúrlega eins og vant er þurfi að sækja um leyfi hverju sinni til þess að festa hér fé í fasteignum. Það þarf að liggja ljóst fyrir, að það sé þá vegna viðurkenndrar starfsemi erlendra ríkja hér á landi og að það ríki þá gagnkvæmir samningar þar um eins og á öllum öðrum sviðum í samskiptum milli þjóða.

En sem sagt, ég ætla ekki á þessu stigi að hafa þessi orð fleiri, en eins og frv. er í dag mun ég greiða atkv. gegn því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. (þskj. 457, n. 761, 723, 762). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til umfjöllunar um nokkurn tíma frv. til lyfjalaga. N. hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Hún hefur fengið til sín nokkra þá aðila er þetta mál snertir, og hún hefur fengið umsagnir frá öðrum. N. hefur lagt

fram nál. þar sem allir nm. leggja til að frv. verði samþ. með breytingum, en nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Lyfsölulög þau, sem nú gilda, geyma ákvæði um alla helstu þætti lyfjamálaefna, svo sem lyfin sjálf, lyfjabúðir, starfsmenn lyfjabúða, dreifingu lyfja, verðlagningu þeirra, framleiðslu og gerð. Til þess að endurskoða þessi lög skipaði heilbrrn. 1973 nefnd, og þessi n. hefur nú skilað áliti og lagt til að frv. til nýrra lyfjalaga yrði lagt fram á þessu þingi. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að það væri heppilegt að skipa þeim þáttum lyfjamála, sem nú er skipað með lyfsölulögum frá 1963, með þrennum lögum, þar sem í einum verði fjallað um lyfjafræðinga, það frv. hefur þegar verið hér til umfjöllunar í deildinni og er nú til umr. í Nd., í öðrum lögum verði fjallað um lyfjabúðir, þau lög eru enn ekki komin fram, en í hinu þriðja um lyfin sjálf og framleiðslu þeirra, og það er það frv. sem hér er til umr.

Það eru ýmis nýmæli í þessu frv. Þar eru settar fram reglur um efni sem ekki eru ákveðin í núgildandi lögum. Má þar t. d. nefna 10. kafla þessa lagafrv. um lyfsölusjóð sem er ætlað að aðstoða við að koma upp lyfjasölu og lyfjabúðum og ýmislegt fleira í sambandi við sölu og afgreiðslu lyfja. Þá er ákvæði í XI. kafla um skráningu hjáverkana lyfja, sem er nýmæli, enn fremur ákvæði um framleiðslu lyfja, ávísun og merkingu. Þar að auki er ýmislegt annað sem er tekið nánar fram um í þessu frv. heldur en í lyfjalögum þeim er nú gilda.

N. leggur fram nokkrar brtt. og vil ég nú geta þeirra með fáum orðum.

Við 4. gr. leggur n. til, að aftan við gr. bætist: „enda sé talið líklegt að langvinn neysla geti valdið heilsutjóni."

4. gr. hljóðar svo:

„Vítamín til inntöku teljast ekki lyf nema magn þeirra í hverri mældri einingu sé umfram 1 ½ venjulegan dagskammt. Manneldisráð ákveður, hver sé venjulegur dagskammtur miðað við íslenskar aðstæður. Heimilt er þó að kveða svo á í reglugerð, að ákveðin vítamín teljast ávallt lyf, enda þótt magn þeirra í einingu sé ekki umfram venjulegan dagskammt."

N. vill sem sagt kveða á um að það sé eingöngu miðað við hvort heilsutjón geti hlotist af þegar tekin er ákvörðun um hvort skuli selja vítamín eingöngu í lyfjabúðum.

Við 5. gr. leggur n. til að bætist: „Í reglugerð þessari skal kveða á um hverjar vörur lyfjabúðir einar megi selja."

Þá er brtt. n. við 11. gr. og hún er um það, að á eftir orðinu „lyfjaformum" í fyrri mgr. komi: verðs, geymsluþols og notagildis lyfjanna við meðferð tiltekinna sjúkdómseinkenna svo og hjáverkana.

Það, sem hér skeður, er eingöngu það, að orðinu „verðs" er bætt inn í þegar talað er um til hvers beri að taka tillit við ákvörðun lyfjanefndar um hvenær skuli skrá lyf. Talin er full ástæða til að þar komi verðið einnig inn í.

Við 13. gr. leggjum við til að í stað orðsins „aukaverkunum" í síðustu setningu greinarinnar komi: hjáverkunum. Það er í samræmi við það sem nú er yfirleitt notað, að orðinu „aukaverkanir" er nú sleppt, en hjáverkanir komi í staðinn.

Við 14. gr. leggjum við til að aftan við greina bætist ný mgr., sem hljóði svo: „Lyfjabúðum, tveim eða fleiri, er heimilt að sameinast um framleiðsluvinnustofu, rannsóknavinnustofu og birgðastöð." Talið er að þetta sé nauðsynlegt, því að þótt það sé ofviða einni lyfjabúð að framleiða lyf, jafnvel sem þeim er þó nokkurn veginn gert að skyldu að framleiða, þá er talið að ef fleiri sameinast um það geti það orðið auðvelt og nauðsynlegt.

Við 15. gr. leggjum við til að aftan við hana komi: „Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávísunuum lækna." Þetta er í samræmi við venjur og reglugerðarákvæði og þykir rétt að taka fram um það í lögunum.

Við 16. gr. Við leggjum til, að hún hljóði svo:

„Lyfjanefnd gerir till. að reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja í samráði við landlækni. Í reglugerð þessari skal m. a. kveða á um eftirfarandi atriði:

1. Hver lyf megi einungis láta út gegn lyfseðli og hve oft gegn sama lyfseðli.

2. Hversu hátta skuli áritun á ílát (afhendingarílát) undir fullgerð lyf.

3. Ávísun lyfja í síma.

4. Ávísun ávana- og fíknilyfja.

5. Ávísun lyfja til notkunar í skipum og loftförum.

6. Rétt læknisefnis til að ávísa lyfjum."

Þetta er í samræmi við ábendingar hæfustu manna og talið nauðsynlegt, eins og málum er komið nú, að kveðið sé á um þetta í lögum.

Þá leggjum við til að í 21. gr. komi 28 í stað 18. Hér hefur aðeins verið um misritun að ræða.

Þé er 22. gr. Leggjum við til að orðin „en einungis samkv. beiðni" falli niður. Þetta þykir heldur strangt, sérstaklega gagnvart þeim læknum, sem starfa úti á landinu, að ekki sé heimilt að senda þeim lyfjasýnishorn í minnstu pakkningu nema samkv. beiðni. Þess vegna leggjum við til að þessi orð falli niður.

Við 24. gr. leggjum við til að síðari málsl. falli niður, en hann er þannig: „Áður en slík auglýsing er send út ber honum að gefa lyfjaframleiðanda kost á að gera aths." En greinin hljóðar um það, að landlækni er heimilt að senda út tilkynningar um lyf, m. a. til þess að vara við hjáverkunum þeirra, sbr. 29. gr. 3. tölul. Þetta mundi þýða það, að enda þótt upp kæmi skyndilega að lyf væri hættulegt, þá yrði landlæknir að eyða tíma í það að ná í framleiðanda og gera honum þetta ljóst. Það þykir okkur of langt gengið og leggjum til að það falli niður.

Við 33. gr. gerum við þær brtt. að orðin „og skal hann vera formaður n." í 1. mgr. falli niður, en á eftir orðunum „Varamenn eru skipaðir á sama hátt" komi: Ráðh. skipar einn nm. formann. — Þarna er aðeins um breytingu á orðalagi að ræða og enn fremur að gefa ráðh. meira ráðrúm til að velja formann.

Við 50. gr. er sú brtt., að í stað orðsins „skráningarverð" í 4. tölul. komi: kaupverð, en það er

til samræmingar við það sem áður er komið fram, og að í stað orðanna „28.—36. gr.“ í 6. tölul. komi 18.—26. gr.

Við 60. gr. eða bráðabirgðaákvæðið gerum við þá brtt., að í stað 1985 komi 1983. Enn fremur leggjum við fram þá brtt. skrifl., með leyfi forseta, að orðin „60. gr.“ falli niður, þar sem hér er um bráðabirgðaákvæði að ræða.

Með þessum breytingum leggjum við svo til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 815) samþ. með 12 shlj. atkv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gat ég þess, að mér þætti það lakara að einum kafla í tillögum þeirrar n., sem hafði samið þetta frv., skyldi hafa verið sleppt og hann ekki tekinn fyrir á þessu þingi, þ. e. a .s. kaflanum um sölu og dreifingu lyfja. Rn. taldi, eins og segir í grg., að sá kafli gæti að ósekju beðið væntanlegs frv. um rekstur lyfjabúða og dreifingu lyfja. En ég er á þeirri skoðun, að við hefðum þurft í raun og veru að líta á allt málið í heild, því að sum ákvæði í þessu frv. gætu rekist á við það sem á eftir kann að koma., því að hér er komið inn á verðlagningu lyfja, lyfjaverðlagsnefnd, lyfsölusjóð og lyfjaeftirlit, en síðan er punkturinn settur og það, sem áfram kemur um frekari sölu og dreifingu á lyfjunum, er enn eftir. Við því er ekkert að segja, því að að meginformi til held ég að þetta frv. sé til bóta, þó að það sé eins með það og önnur þau frv. sem við höfum verið að fá í hendur nú síðustu daga, að við höfum hvergi nærri getað skoðað þau svo sem skyldi og áttað okkur á þeim. Þó að við séum að vísu vel settir varðandi allt sem snertir heilbrigðismál með hv. formann n. sem leiðsögumann í þeim efnum, þá er það engu að síður ýmislegt sem við hefðum þurft og þyrftum að athuga betur áður en slíkt er afgreitt, m. a. í sambandi við lyfsölusjóðinn, enda er þar um algert nýmæli að ræða.

Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 723 tvær litlar brtt. Ég bar þær fram einn, hefði e. t. v. átt að bera þær beint inn í n., en mér heyrðist á öllu, a. m. k. með þá fyrri, að hún ætti þar ekki fylgi, menn væru ánægðir með það orðalag sem gilti um 32. gr. En sú seinni kemur af mjög eðlilegum ástæðum sem afleiðing af tillögu sem við hv. þm. Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds og Geir Gunnarsson fluttum fyrr í þinginu í vetur um eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu.

Ég hef haft samband við þann aðila sem gleggst veit um þessi mál og ég tel hafa um þetta töluvert að segja, þar sem er Almar Grímsson, og bæði í n. og eins í samtali við hann var það staðfest, að hann taldi orðalag í fyrra frv., sem búið var að samþykkja á sínum tíma hér í Ed., en komst ekki í gegn, um lyfjaframleiðslu, — hann taldi það orðalag, sem þar var og ég hef tekið upp í 32. gr. í minni brtt., betra og markvissara. Í 32. gr. stendur í frv. nú: „Verð lyfja skal vera hóflegt. Það skal birta í lyfjaverðskrá er ráðh. staðfestir.“ En í fyrra frv., sem ég hef tekið óbreytt hér upp og hv. Ed. var búin að samþykkja á sínum tíma, stóð:

„Framleiðsluverð lyfja skal vera kostnaðarverð með hæfilegu tilliti til rannsókna- og þróunarkostnaðar. Söluverð innlendrar lyfjaframleiðslu fer að öðru leyti eftir reglum gildandi lyfjaverðskráa, sem staðfestar eru af heilbrrh.

Lyfjaverðlagsnefnd er til umsagnar um öll atriði er varða verðlagningu samkv. þessari grein.“

Það má kannske segja að þetta síðasta atriði komi nokkuð af sjálfu sér, en þó þykir mér rétt að hnykkja þannig á. Það þótti þeim ráðuneytismönnum á sínum tíma rétt að gera, og ég vil sem sagt gera þessa gömlu tillögu þeirra að minni. Ég hef borið þetta undir nokkra aðra menn, sem eru þessu kunnugir, og þeir telja einnig að þarna sé um meira og verulegra aðhald að ræða, þó að orðalagið sé ekki neitt ljótt í 32. gr.: „Verð lyfja skal vera hóflegt,“ en það segir ákaflega lítið í raun, og síðan bara að það skuli birta og búið. Ég hefði því eindregið viljað að alþm. hv. dm. athuguðu hvort þeim þætti ekki fært að breyta þessari grein í það form sem þeir áður voru búnir að samþykkja hér í sambandi við frv. um lyfjaframleiðslu á sínum tíma. Ég hef að vísu ekki borið þetta undir hæstv. ráðh., en mér skildist á formanni n., — ég held að ég hafi skilið það rétt, — að hann teldi rétt að halda sig við orðalag 32. gr. eins og það væri og sæi ekki beina ástæðu til þess að breyta því, þó að hann gæti tekið undir það, að þarna mætti vissulega hafa annað orðalag, eitthvað í þá áttina, og voru þær litlu umr., sem fram fóru í n., um þetta atriði.

Við 41. gr., um lyfjasölusjóðinn, er till. sem þarfnast örlítillar skýringar. Það er þá í fyrsta lagi það, að í haust snemma fluttum við á þskj. 20, allir þm. Alþb. í þessari deild, till. til þál. um eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu, þar sem Alþ. ályktaði að skora á ríkisstj. að láta undirbúa frv. á þá lund, að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs umfram innflutt lyf sé hún fyllilega samkeppnisfær og að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum verði læknum lögð viss skylda á herðar um að nýta þau umfram hin erlendu lyf, jafnframt verði stuðlað að fjölbreyttari lyfjaframleiðslu en nú er. Þessi till. og grg. með henni var samin í beinu samráði við Almar Grímsson sem hafði átt í nokkrum orðaskiptum m. a. á síðasta vetri varðandi lyf og var þar auðvitað eingöngu að svara faglega í því máli, en tók undir ýmis þau atriði, þó að hann viðurkenndi að þarna gæti verið um að ræða erfið atriði til umfjöllunar, eins og reyndar var þá bent á af hv. þm. Oddi Ólafssyni, sérstaklega varðandi skyldu læknanna að nýta hin innlendu lyf umfram hin erlendu. Í grg. okkar og í framsöguræðu minni fyrir þessari till. kom fram að það er gífurlegur mismunur á erlendum lyfjum og innlendum sem talin voru jafngóð lyf eftir prófun og eftir því sem ég fékk upp gefið hjá Almari Grímssyni. Verðmunur var allt að fjórfaldur og gat hvergi nærri talist eðlilegur. Engu að síður rakti ég þar dæmi um það, hvernig læknar hefðu ítrekað gefið ávísun út á hin dýrari lyf, þrátt fyrir það að þeir hefðu einnig í sínum fórum, í sínum lyfjabúðum, þar sem þeir eru með þær einnig, verið

með hin ódýrari og verið búnir að fá á því staðfestingu, að áhrif þessa tiltekna innlenda lyfs væru jafngóð. Það var eiginlega hvatinn að þessari till. minni, að ég varð var við þetta við persónulega reynslu heima í héraði.

Í þessum lyfsölusjóðsákvæðum, sem hér eru um hlutverk lyfsölusjóðsins, eru tvö atriði sem ég vil setja í aðra röð, þó að þarna sé kannske ekki um neina forgangsröðun að ræða, en ég vil að innlenda lyfjaframleiðslan komi þarna inn sem annað atriði. Ég viðurkenni að fyrsta atriðið ætti að vera, því að það er ábyggilega erfiðast af öllu, að stuðla með fjárframlögum að stofnun og rekstri lyfjabúða á þeim stöðum er heilbrigðisyfirvöld telja nauðsyn lyfjabúða ótvíræða, en vafasamt er hvort reksturinn geti borið sig með eðlilegum hætti. Þetta álít ég að eigi að vera verkefni nr. eitt í þessu, alveg tvímælalaust, og hef þess vegna lagt til að töluliðirnir breytist þannig. En efnisleg breyting er þarna engin, aðeins til frekari áhersluauka. Liður 2 verði síðan um innlendu lyfjaframleiðsluna alveg óbreyttur, þ. e. a. s. að efla með lánum eða styrkveitingum innlenda lyfjaframleiðslu og rannsóknir í lyfjagerðarfræðum. Hér er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur aðeins spurningu um röð og áherslu, og ég vil hafa áherslu á þessum tveimur atriðum.

Ég hafði einnig samband við Almar Grímsson út af þessu tiltekna atriði, og hann taldi að þó ekki væri um beina forgangsröðun í þessu að ræða, þá væri engu að síður rétt að breyta þessari orðaröð, þessari atriðaröð, til þess að leggja aukna áherslu á þessa tvo þætti sem hann út af fyrir sig var á að væru þýðingarmestu þættirnir í þessu, en kannske ekki þeir fjárfrekustu. Hann hélt að það gæti alveg eins verið að fyrsti liðurinn, sem nú er, gæti orðið hvað frekastur á fé og þar mundi verða mest gengið eftir: að lána fé til stofnunar, kaupa eða endurnýjunar lyfjabúða, enda hefði meining lyfsala með þessum lyfsölusjóði eða beiðni um hann e. t. v. einmitt verið að fá fram lið nr. 1, síðan hefðu þeir í rn. og hæstv. ráðh. komið með hina liðina. Ég hygg að þetta sé algerlega rétt skilgreining varðandi þetta atriði.

Ég vil svo bæta þarna við til þess að tryggja að ekki fari allt í nr. 1, sem ég veit að verður sótt í, og ég veit að hv. frsm. okkar n. er áreiðanlega á sama máli. Það verður auðvitað langmest sótt í sambandi við 1. liðinn, — þá vil ég tryggja að til tölul. 1 og 2, þ. e. a. s. til stofnunar og rekstrar lyfjabúða, þar sem vafasamt er að þær geti borið sig, en þarf að dómi heilbrigðisyfirvalda að hafa lyfjabúðir, og til eflingar innlendrar lyfjaframleiðslu fari a. m. k. 50% af fjármagni sjóðsins. Það vantar inn í þetta vitanlega enn þá. Ég vildi ekki fara lengra í þeirri von að menn gætu kannske sætt sig við þessar breytingar, ekki bæta við neinu um forgang eða neitt í því efni eða neinar skyldur varðandi lyfjaávísun lækna, hvorugt fór ég nokkuð inn á varðandi okkar till. En ég gekk ekki lengra vegna þess að með þessu móti taldi ég möguleika á því að koma þessu fram, og held að það ætti að vera saklaust fyrir hv. stjórnarliða, þó að þeir treysti sínum ráðh. auðvitað betur en öllum öðrum í þessum málum, þá ætti það að vera sársaukalaust fyrir þá að samþykkja þessa litlu till. og reyndar hina, sem er um 32. gr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Varðandi brtt. hv. þm. Helga Seljans er það rétt, að við ræddum nokkuð um þetta og að sjálfsögðu viljum við allir hafa hæfilegt verð á lyfjum. Hins vegar var það svo, að okkur fannst orðið „hóflegt“ vera svo ákaflega hóflegt að ekki bæri að hrófla við því.

Í öðru lagi er það svo, að varðandi 41. gr. skilst mér á hæstv. ráðh. að enda þótt þetta sé tölusett á þennan hátt, að nr. 1 komi fé til stofnunar, kaupa eða endurnýjunar lyfjabúða, nr. 2: áhöld nýrra lyfjabúða, nr. 3: bráðabirgðarekstur lyfjabúða o. s. frv., þá sé alls ekki þarna um að ræða að þessir fyrstu liðir: 1, 2 og 3, skuli endilega hafa forgang fram yfir 4 og 5, það sé hreint ekki ætlunin.

Ég veit líka að það er beinlínis ætlun ráðh. að stuðla með öllu móti að innlendri lyfjaframleiðslu. Það er að vísu svolítið flókið mál og þarf mikillar athugunar við, en það er nú þegar allmikið af lyfjum framleitt í landinu og ætlunin, eins og ég segi, að auka það svo sem unnt er. Að vissu leyti komum við til móts við þetta sjónarmið, þar sem bætt verði inn í þau atriði sem lyfja-nefnd á að ákveða um þegar hún lætur skrá lyf, þannig að ég held að hv. flm. geti verið rólegur fyrir því, að það verði tekið tillit til hans sjónarmiða, enda þótt við samþykkjum ekki þessa till. og tökum hana ekki fram yfir okkar tillögu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er út af síðustu ummælum hv. þm. Odds Ólafssonar. Það er rétt, að sú breyting var tvímælalaust til bóta sem þarna var gerð, þó að ég hefði talið að orðalag till. minnar ætti rétt á sér í 32. gr.

Varðandi lyfsölusjóðinn efast ég ekkert um að það sé meining hæstv. ráðh., að þessir liðir verði jafngildir og a. m. k. liðir 4 og 5 verði ekkert út undan eða ekkert síðri. En ég hallast að því samt sem áður, af því að þarna er, held ég, ekki um ágreiningsatriði milli okkar að ræða, að ég dragi þessa seinni brtt. til baka til 3. umr. og gæti þá kannske hugleitt hvort það væri möguleiki að ná þar um samstöðu. Ég ætla aðeins að spyrja hv. þm., sem er þessu máli mjög kunnugur, hvort hann telji ekki að það sé út af fyrir sig rétt skoðun, að það verði a. m. k. núna fyrst um sinn langmest sótt á fé úr lyfsölusjóði skv. lið nr. 1, þannig að af þeim ástæðum sé viss þörf á því að raða þessu öðruvísi og ákveða einhverja prósentu. Ég fór eins vægt í þetta og hugsanlegt var, því að sannast sagna var mér bent á að það væri engin fjarstæða að fara upp í 60—65% varðandi þessa tvo liði. En ég fór í 50% til þess að vera ekki of frekur á þessa tvo seinni liði.

Ég dreg sem sagt þessa seinni till. til baka til 3. umr., ef vera kynni að við í n. gætum komist þar að einhverju samkomulagi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 762,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 762,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 762,3 samþ. með 18 shlj. atkv
11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 762,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 762,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 762,6 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 762,7 (ný 16. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
17.—20. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 762,8 samþ. með 17 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 762,9 samþ. með 17 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 762,10 samþ. með 17 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
25.—31. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 723,1 felld með 10:6 atkv.
32. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 762,11 samþ. með 17 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
34.—40. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 723,2 tekin aftur til 3. umr.
41.—49. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 762,12 samþ. með 17 shlj. atkv.
50. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
51.—59. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 815 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 762,13 samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 18 shlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 794). — 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Í gær, þegar þetta frv. var til 2. umr. hér í þessari hv. d., stóð svo á að ég hafði fjarvistarleyfi. Ég hafði látið skrifa mig á lista sem þátttakanda í umr., en þar sem ég vildi ekki tefja fyrir afgreiðslu málsins féll ég frá orðinu svo að málið yrði afgreitt til 3. umr.

Til þess að taka af öll tvímæli og hugsanlegan misskilning um afstöðu mína í þessu máli vil ég endurtaka þá yfirlýsingu sem ég hélt að ég hefði skilmerkilega gert grein fyrir í ræðu minni þegar ég tók til máls í sambandi við afgreiðslu málsins, að ég væri eindregið á móti því, að stjórnmálaflokkar tækju við styrktarfé frá erlendum aðilum, ef það væri í því *magni sem hægt væri að tala um að gæti haft* einhver áhrif. Hins vegar lýsti ég þá yfir að þetta mál væri viðkvæmt, þetta væri mjög erfitt í framkvæmd og það þyrfti að athuga frá mörgum hliðum, það væru svo mörg atriði þessu máli viðvíkjandi og þess vegna byggði ég á þessari skoðun þá ákvörðun mína að vísa málinu til nefndar sem ég nefndi í nál. mínu. Það var svo upplýst að þessi n. hefði lokið störfum af því að hún hefði skilað frv. Ég athugaði það síðar og það er ekkert sem stendur í bréfi n. um það, að hún *telji sig hafa lokið* störfum. Hún hefur skilað frv. og það er allt annað en hún hafi lokið störfum, þannig að ég hef ekki efnislega séð að formsins vegna sé neitt athugavert við það að n. sem slíkri hafi verið falið að athuga nánar það málefni, sem hér er til umr., og láta í té umsögn um það.

Það fór nú svo að till. mín til rökstuddrar dagskrár var kolfelld, svo að það er ekki um neitt slíkt að ræða í sambandi við þetta mál. En til þess að taka af allan vafa um afstöðu mína til málsins vil ég bara lýsa því yfir, að ég er samþykkur þeirri meginstefnu sem mörkuð er í frv., og þrátt fyrir það að ég finni galla á ákvæðum frv., þá mun ég greiða því atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IH, JHelg, JGS, OÓ, RA, StG, AJ, ÁB, GeirG, HÁ, HFS, IT, ÞK.

nei: BrS.

AG, EÁ *greiddu ekki* atkv.

4 þm. (JÁH, StJ, StH, GH) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil enn ítreka að ég tel mikla vansmíði á þessu frv., en endurtek að ég er samþykkur þeirri meginstefnu sem mörkuð er í frv., og því segi ég **já.**

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um þetta frv. Vissulega hefði verið ástæða til þess að leggja hér orð í belg, ekki síst vegna furðulega ósvífinnar grg. sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson sendi frá sér um þetta mál, þar sem hann varpar fram algerlega rakalausum dylgjum og ósvífnum ósannindum. En þar sem hér var um svo einfeldingslegar fullyrðingar að ræða, að ég taldi þær ekki svaraverðar, þá lét ég kyrrt liggja, enda hef ég litið á það ofar öllu öðru nú á seinustu dögum þingsins, þegar mjög tvísýnt er hvort unnt verður að ná þessu máli í gegnum báðar deildir þingsins vegna annríkis, að málið fengi sem greiðasta ferð í gegnum Ed., og hef ég því ekki viljað tefja það með einum eða neinum umr. af minni hálfu. Ég get vel tekið undir það sem fram kom hjá hv. þm. Jóni Sólnes, að e. t. v. kynnu einhver minni háttar — algerlega minni háttar atriði að þurfa athugunar við. En þau eru svo smávægileg og minni háttar miðað við allt meginefni og megintilgang frv., að ég tel að ekki sé tímabært og ekki sé aðstaða til að snurfusa frv. frekar og það verði þá að bíða betri tíma, jafnvel eftir að það verði orðið að lögum, ef mönnum sýnist svo. Það er ekkert í frv. sem getur talist til meiri háttar vankanta. Með þetta í huga segi ég **já.**

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég er sammála hv. þm. Jóni G. Sólnes að efnið er gott, en frágangurinn lélegur. Þess vegna greiði ég ekki atkv.

Frv. afgr. til Nd.

Orlof húsmæðra, frv. (þskj. 721, n. 774, 775). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Félmn. hefur athugað þetta frv. Formaður n. gat þess þegar hann mælti fyrir því hér fyrr í d. að frv. er flutt að beiðni félmrh. Efni frv. er, eins og fram kemur í frv., að hækka framlög sveitarfélaganna vegna orlofs húsmæðra. Í dag greiða sveitarsjóðir 150 kr. fyrir hverja starfandi húsmóður úr sveitarfélaginu. Þetta hefur verið gert síðan breyting var gerð á þessum lögum í des. 1975. Áður greiddi ríkissjóður 100 kr., en sveitarsjóðir 50 á móti.

Hér er lagt til að sú breyting verði í fyrsta lagi gerð, að nú verði greitt vegna hvers íbúa sveitarfélagsins og 100 kr. fyrir hvern íbúa, og í öðru lagi, að þetta verði verðtryggt miðað við febrúarvísitölu ár hvert.

Við í félmn. leggjum til á þskj. 775 eina breytingu á frv., sem er á þá leið, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. í stað þess að frv. gerði ráð fyrir því að lögin öðluðust þegar gildi. Meginorsökin fyrir þessari breytingu er sú, að félmn. er sammála um að óeðlilegt sé að samþykkja auknar greiðslubyrðar á sveitarfélögin á vormánuðum löngu eftir að þau hafa gengið frá sinni fjárhagsáætlun. Ég vil geta þess, að framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga kom á fund n. þegar þetta var til athugunar hjá n., og hann upplýsti okkur um að nánast öll sveitarfélögin hér í Reykjavík og á Reykjanessvæðinu hefðu á sínum fjárhagsáætlunum miklu hærri upphæðir til þessara mála heldur en þeim ber skylda til lögum samkv., þannig að þau eru þegar komin talsvert langt í áttina við það sem þarna er lagt til. En það þykir eðlilegra að láta þetta ekki taka gildi fyrr en 1. jan. 1979 þar sem löngu er um liðið hvað afgreiðslu fjárhagsáætlunar snertir. En vitanlega hefur sveitarfélögunum verið í sjálfsvald sett og verður, hvort þau greiða hærra en það sem lögbundið er.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta fleiri orðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 775 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 780). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun er að sjálfsögðu eingöngu lagt hér fram til kynningar á þessum síðustu dögum þinghalds að þessu sinni. Þetta frv. er samið af n. sem til þess var sett, en í henni áttu sæti Ásgeir Bjarnason forseti Sþ., dr. Arnþór Garðarsson prófessor og Runólfur Þórarinsson stjórnarráðsfulltrúi. Ég vil aðeins minna á það, að margar samþykktir og ályktanir hafa borist til rn. um nauðsyn þess að taka þessi lög til endurskoðunar og m. a. það varð tilefni til að þessi endurskoðun fór fram. N. hélt nokkuð marga fundi og vann að þessu máli og hafði samband við marga aðila og leitaði tillagna og hugmynda frá þeim, áður en hún lauk störfum.

Ég vil ekki tefja hv. þd. með langri framsögu um þetta mál. Í aths. með frv. er nánast sagt flest eða allt það sem ég vildi um það segja á þessu stigi, og vil ég leyfa mér að vísa til þeirra.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. vísað til menntmn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hér er vissulega lagt fram frv. sem er í sjálfu sér stórmál og er gott að fá það til yfirsýnar. Það er nú svo að fá þetta í þeim önnum sem nú ríkja. Maður hefur bókstaflega ekki haft tíma til að líta á þetta mál, en ég sé strax, að nokkurt vandamál getur orðið uppi varðandi 4. gr. og varðandi 5. gr., og komum við þá að því, hvað er sameign og hvar landamerki liggja og þar fram eftir götunum. Þetta finnst mér mjög veigamikið mál og er ekki gott úrlausnar fyrr en það er orðið svo, eins og við höfum lagt til hér, Alþfl.-menn, oft á undanförnum árum, að það sé sett löggjöf um hvernig með skuli fara það sem utan girðingar liggur. T. d. segir í 4. gr. — það er nú ekki eins erfitt mál og varðandi 5. gr. um landið sjálft — að ef firðir séu það þröngir að breiddin sé innan 230 metra skuli skipta til helminga.

Þetta er mjög viðkvæmt mál, vægast sagt. Tökum þá aðila t. d. á Ströndum eða einhvers staðar annars staðar sem eru að fást við svartfugl eða einhvern annan fugl sem leyfilegt er að veiða. Það gætu orðið árekstrar þarna. Ég held að í sambandi við svona mál sé mjög erfitt að hafa þá ævagömlu venju, að netlög skuli ráða í sambandi við veiði. Það er mjög erfitt — ég vil bara undirstrika það — jafnvel þó að það geti verið sterk rök fyrir því, að maður telji sig eiga rétt á veiði 115 metra frá landi á fugli sem er á örri hreyfingu.

Það er nú svo með fuglamál að þau eru afar viðkvæm og litlar eða engar rannsóknir liggja fyrir, því miður, hvað fuglinn gerir sem skaðvaldur, jafnvel hinn ágætasti og vinsælasti fugl eins og álftin, hvað gerir hún sem skaðvaldur. Ég segi það alveg hreinskilnislega, að það er fráleitt að hafa svo ströng lög að það sé ekki heimilt, auðvitað undir vísindalegu eftirliti, eins og það heitir, að menn verji land sitt með veiði á álft ákveðinn tíma ársins og ýmsum öðrum fugli, því að það þýðir ekkert að neita þeirri staðreynd, að álftinni hefur fjölgað svo mikið undanfarin ár að af henni er orðið stórtjón, og það ættu bændur best að vita, svo að ég tali nú ekki um það mikla átak sem fram undan er í laxveiðimálum, þá er þar enn meira tjón og svo gíf-

urlegt tjón að ég reyni ekki að spá hvað hún spillir miklu. Við skulum ekki flana að neinu hér. Ég vil vekja athygli á þessu strax, vegna þess að við komumst ekki hjá því að taka á þessum vanda. Og þá verður í löggjöf, sem er hér í undirbúningi og ég þakka sérstaklega fyrir að skuli vera sýnd núna, að taka á þessu máli. Það eru ýmsar fleiri fuglategundir sem hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Sumt er alfriðað, sumt ekki, og við verðum að fá nákvæmt yfirlit og miklu meira yfirlit en fyrir hendi er um hvað þetta þýðir í okkar lífríki.

Það segja mér fróðir menn, að eftir að veiðar á svartfugli lögðust að verulegu leyti niður hafi honum fjölgað óhemjulega. Allir þdm. geta lesið það sjálfir í bókinni um fiskana eftir Bjarna heitinn Sæmundsson, hversu mikið svartfuglinn tekur til sín og hvað þetta þýðir. Þess vegna langar mig til að vekja athygli á því, að þetta mál þarf *nákvæma athugun*.

Ég er mikill aðdáandi fuglaríkisins hér á landi og vil að við gerum allt til þess að hægt sé að efla það og hafa það sem fjölskrúðugast. En það er öfugt að þora ekki að viðurkenna þá þróun sem er til tjóns fyrir lífríkið sjálft, og löggjafinn verður að taka tillit til þess, að a. m. k. á vissum tímum, eftir undangengna rannsókn og talningu t. d. á álft eða súlu eða einhverju öðru, þá sé heimilt undir eftirliti eða umsjón menntmrn., eins og t. d. með hreindýr, að veiða á ákveðnum tíma ákveðna tölu. Það eru fræg dæmi um það úr þingsögunni, að það hafi orðið dýrt fyrir menn að nefna álftina, og skal ég ekki fara nánar út í það. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þetta er mikið vandamál og nauðsynlegt að löggjafinn fjalli um það hleypidómalaust. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að vissum fuglategundum hefur fjölgað hér svo mikið að það er með ólíkindum. Ég man eftir því frá Norðurlandi, að fram yfir fermingu var það undantekning að sjá grágæs. Hettumáf hafði ég alls ekki séð og einn og einn fýl. Nú er þetta talið í þúsundum og tugþúsundum einstaklinga. Sumir bændur segja, að þetta sé vágestur hinn mesti, aðrir láta það átölulaust, eftir því hvernig land liggur. En þetta er mál sem þarf mikla athugun.

Það er dálítið fróðlegt að vita til þess, að til Íslands berast miklar samþykktir frá veiðifélögum í Englandi og víðar í Suður-Evrópu um að við friðum þennan fugl svo að hann geti komið í stórum flokkum til Englands þar sem hann er skotinn, ég vil ekki segja miskunnarlaust, en verulega. Það eru birtar myndir af fyrirmönnum með jafnvel prinsinn í broddi fylkingar í veiðitímaritum. Þetta geta menn séð og þetta hef ég séð, þar sem talin eru upp afrek þessara fyrirmanna og höfðingja, hvað þeir hafi skotið af gæsum og smáfuglum, niður í fugla sem okkur dytti aldrei — ekki nokkrum manni — í hug á Íslandi að menn legðust svo lágt að blaka við, hvað þá að deyða. Sumir kunna að segja að þetta komi málinu ekki við. En þetta snertir okkur alla, vegna þess að varðandi farfugla er hér um eitt lífríki að ræða, þá fugla sem hrevfa sig á milli suðlægra og norðlægra slóða. Mjög ánægjulegt væri að sjá það, að átak væri gert í því að alfriða fugla sunnanlands, vestan, norðan og austan á vissum svæðum. Ég átti þess kost t. d. að sjá á austurströnd Bandaríkjanna gríðarlega stórt svæði tekið til friðunar fyrir fugla rétt norðan við Atlantic City, og þar er fólki gefinn kostur á því að fara um og skoða fugla og vera í útivist þar. Þar eru þess háttar mannvirki að fólkið getur gist þar, haft sjónauka og tekið myndir. Tugþúsundir fugla hafa fengið þar aðsetur og eru orðnir staðbundnir, aðrir halda norður um og til nyrstu héraða Kanada og til Íslands. Einnig eru þarna mjög víðtækar upplýsingar um hinar ýmsu tegundir og sýnt samkv. rannsóknum, hvernig fuglarnir hreyfa sig.

Það er því ekkert einkamál, hvorki Breta, Frakka, Spánverja né annarra manna, hvernig við tökum á þessum málum, og varla verður sagt að það sé einkamál okkar heldur. Og í þeirri hreyfingu, sem aukin náttúruvernd á nú við að búa hér, sem er blessunarlegt, tel ég hér eitt af meiri háttar málum á ferðinni. Ég vil eindregið mælast til þess, að þetta mál verði rækilega undirbúið og hleypidómalaust litið á þetta. Ég tel þetta stórmál, og ég tel það líka stórmál hvað í 4. og 5. gr. segir um veiðirétt *hins almenna þegns hér á landi*. Eins og þær eru orðaðar í dag gæti ég ekki alls ekki fylgt þeim.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð lengri, en ég vil ítreka það að lokum, að ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að sýna okkur þetta og raunar sýna allri þjóðinni þetta. En ég vil láta fylgja jafnframt, að um þessi mál verði hleypidómalaust fjallað, því að það hefur oft verið gert með öfgum, stundum af of miklum tilfinningahita, og ég vænti þess, að þeim þætti í þessum málum sé lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 89. fundur.

Laugardaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 490). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hlutafélög, frv. (þskj. 781 (sbr. 526)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv. (þskj. 512). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 811).

Ónæmisaðgerðir, frv. (þskj. 661 (sbr. 448)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 812).

Lyfjafræðingar, frv. (þskj. 449). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 813).

Manneldisráð, frv. (þskj. 662 (sbr. 456)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 814).

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 455, n. 768, 767, 783). — 2. umr.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti hv. heilbr.- og trn. um frv. til l. um heilbrigðisþjónustu. N. hefur rætt frv. á allmörgum fundum. Einn þeirra var sameiginlegur með heilbr.- og trn. Ed. Þá mættu og á fund n. Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn., Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og Páll Gíslason læknir, formaður heilbrigðismálaráðs Reykjavíkurborgar. Komu þeir fram með ýmsar aths. og ábendingar sem n. athugaði síðar og tók tillit til. Tveir þessara aðila sendu og n. skriflegar álitsgerðir og nokkrar brtt. og kemur nokkuð af því fram í brtt. n. á sérstöku þskj., 767.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur gert ítarlega grein fyrir frv. sem heild í framsögu málsins á sínum tíma hér í hv. þd., og mun ég því nú takmarka framsögu mína fyrir þessu nál. við þær breytingar sem heilbr.- og trn. varð ásátt um að gera till. um. Allir nm. skrifa undir álitið, en Ragnhildur Helgadóttir og Karvel Pálmason með fyrirvara. Einstakir nm. áskilja sér samkv. nál. rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Þá bárust og, eftir að n. afgreiddi málið, álitsgerðir sem fólu í sér nokkrar brtt. frá Hjúkrunarfélagi Íslands og VRS, nefnd þeirri sem fjallað hefur að undanförnu um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. N. gat ekki fjallað um þessar álitsgerðir þar eð hún hafði þegar afgreitt málið, en þær verða væntanlega teknar til skoðunar á síðara stigi málsins í meðförum Ed.

1. brtt., sem n. flytur, gerir ráð fyrir að aftan við málsl. 7.2, sem er ákvæði sem fjallar um heilbrigðismálaráð, bætist nýr málsl. þess efnis, að í Reykjavík kjósi borgarstjórn 7 fulltrúa óbundinni kosningu, en stjórnir heilbrigðisstofnana ríkisins og einkaaðila tilnefni fulltrúa frá hverri stofnun. Þótti eðlilegt með tilliti til þess, að heilbrigðisstofnanir í Reykjavík eru fleiri og eignaraðild fjölbreytilegri en annars staðar, að nánar sé kveðið á um skipun heilbrigðismálaráðs Reykjavíkurborgar, þ. á m. hversu margir fulltrúar heilbrigðisstofnana borgarinnar, borgarspítala og heilsugæslustöðvar skuli eiga þar sæti. Þetta var fyrsti liður 1. brtt.

Annar liður eða b-liður 1. brtt. gerir ráð fyrir að málsliðir 7.3.4. og 7.3.5. í kaflanum um heilbrigðisráð falli út. Allmiklar umr. urðu í n. um heibrigðismálaráðin. Nm. voru yfirleitt á einu máli um að í læknishéruðum úti á landsbyggðinni og þá í einkum hinum dreifbýlli landshlutum, þar sem erfiðast er um samgöngur allar, væri varla grundvöllur fyrir því, að heilbrigðismálaráðin gætu gegnt því viðfeðma hlutverki, sem þeim er ætlað í frv., og því eðlilegt og raunhæft að þessir liðir, sem kveða á um heilbrigðiseftirlit í héraði og skýrslugerð um heilbrigðismál, falli út.

2. brtt. n., a-liður, gerir ráð fyrir að á Kópaskeri verði H 1, þ. e. a. s. heilsugæslustöð með einum lækni, en samkv. gildandi lögum er þegar H 1 á Kópaskeri og þykir ekki ástæða til að breyta þeirri skipan nú. Ég tel ástæðu til að benda sérstaklega á í þessu sambandi ákvæði 14. og 15. gr. frv., en í 14. gr. 11 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem þrír læknar eða fleiri eru starfandi á heilsugæslustöð getur ráðh. ákveðið að fengnum tillögum landlæknis og heilbrigðisráðs, að einn þeirra skuli hafa tímabundna búsetu á heilsugæslustöð (H) í sama umdæmi, enda sé starfs- og húsnæðisaðstaða þar viðunandi að mati landlæknis og héraðslæknis og sérstök staðarleg rök mæli með slíkri skipan.“

Í 15. gr., þeirri sem kemur næst á eftir, er kveðið svo á, að ráðh. sé heimilt að breyta með reglugerð flokkun stöðva samkv. 14. gr. ef aðstæður breytast svo að þess sé talin þörf. Með þessum ákvæðum í frv. er tryggður nauðsynlegur sveigjanleiki í samræmi við ólíkar aðstæður og þarfir.

B-liður brtt. nr. 2 er um að í gr. 14.11 komi tveir læknar í stað þrír læknar, þ. e. a. s. að ráðh. geti, enda þótt ekki séu nema tveir læknar á heilsugæslustöð lögum samkv., ákveðið að læknir sé búsettur á H-stöð ef ástæða þykir til.

3. brtt. er við 19.1, 5. lið 10. Þessi brtt. er auðskýrð og sjálfsögð og fyrst og fremst málfarslegs eðlis. Við stefnum varla að því að

vernda sjúkdóma, en viljum gjarnan leita þá uppi, lækna þá og auðvitað best af öllu að fyrirbyggja þá, því að í því er hin eiginlega heilsuvernd að sjálfsögðu fólgin. En þarna er aðeins lagt til að í staðinn fyrir hópskoðanir og skipulega sjúkdómavernd komi hópskoðanir og skipulögð sjúkdómaleit. Þetta er í kaflanum um hlutverkaskipun heilsuverndar.

Brtt. 4 frá n. gerir ráð fyrir að aftan við gr. 20.1 komi ákvæði um að ráðh. setji gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp. Þessi breyting er til komin fyrir ábendingu frá sveitarfélögum og gefur ráðh. möguleika til að stuðla að því, að heilsugæslustöðvar geti rekið eigin rannsóknarstofur, röntgenstofur, meinatæknistörf og annað slíkt, þar sem ástæður gera slíkt eðlilegt og hagkvæmt, í stað þess að leita til annarra stærri stöðva þar sem slík þjónusta er veitt nú.

Í brtt. 5 er lagt til að auk viðkomandi héraðslæknis skuli koma til álit landlæknis á nauðsyn og gagnsemi heilbrigðisstofnana sem leyfi er veitt fyrir af ráðh. Virðist þessi viðbót eðlileg og þarf ekki nánari skýringar.

Brtt. 6, við 30. gr., 5. lið, gerir ráð fyrir að þróunar- og rekstraráætlun sjúkrahússtjórna skuli send viðkomandi heilbrigðismálaráðum til samþykktar í stað umsagnar, eins og stendur í frv., ég tel ekki fremur en um brtt. á undan ástæðu til að gefa þar sérstakar skýringar á.

7. og síðasta brtt. n. gerir ráð fyrir að aftan við 1. lið ákvæða til bráðabirgða um fjárframlög úr ríkissjóði til eldri læknastöðva, þar sem enn hafa ekki verið reistar heilsugæslustöðvar samkv. nýjum lögum, komi ákvæði um greiðslu á húsaleigu sé um leiguhúsnæði að ræða. Það virðist eðlilegt og sanngjarnt að þeir staðir, sem ekki eru fullkominnar heilsugæslustöðvar aðnjótandi, beri ekki einnig skarðan hlut fjárhagslega á meðan þeir þurfa að búa við bráðabirgðalausn á sviði heilsugæslumála.

Fleiri voru brtt. n. ekki og ég tel mig hafa gert nægilega grein fyrir þeim og þarf því ekki að fjölyrða frekar um það nú.

Mig langar aðeins, úr því að ég er hér í ræðustól og þarf að hverfa af fundi fljótlega nú á eftir, að skjóta hér inn í örstuttu máli aths. frá eigin brjósti.

Ég átti sæti í þeirri n., sem endurskoðaði heilbrigðisþjónustulögin, og við héldum marga fundi, víst eina 40, og ræddum mikið. Það var ágætur starfsandi í þessari n. og fór vel á með okkur. En ekki er fyrir það að synja, að ágreiningur var nokkur um ýmis veigamikil atriði, og ég hlýt að segja það fyrir mitt leyti, að frá minni hálfu var í mörgum tilvikum um málamiðlun að ræða, því að sjálfsögðu gátu ekki allir fengið fram það sem þeir helst vildu, og vona ég að frv. sé þannig úr garði gert, að það horfi til bóta frá því sem var. Alla vega er nú búið svo um hnútana að heilbrigðislöggjöfin nær til alls landsins, sem ekki var áður, þar sem Suðurland hafði ekki komið undir framkvæmd laganna.

En það er eitt atriði sem brennur mér mjög í huga í sambandi við heilbrigðisþjónustu almennt, og ég get ekki látið vera að minnast á það, af því að nú fer sumar í hönd og þar með sá þáttur í íslenskri heilbrigðisþjónustu, sérstaklega að sumrinu til, að læknastúdentar eru sendir út á landsbyggðina. Sumir þeirra hafa varla meira en hálflokið námi og gegna þar þjónustu í mánaðartíma, síðan fara þeir og annar nýr kemur í staðinn. Ég hef mjög oft minnst á þetta við yfirstjórn heilbrigðismála og þó sérstaklega landlækni, sem ég tel að þetta heyri beint undir, mönnun læknishéraða, og hann hefur tekið mjög vel þeirri ábendingu, að óboðlegt væri fólki að búa við slíka læknisþjónustu. Þetta er þannig til komið, að mér skilst, að ráðningarstjóri læknadeildarstúdenta útdeilir milli námsmanna í háskólanum þessum héraðslæknis- eða heilsugæslulæknastörfum úti á landsbyggðinni. Þeir færa það sem rök fyrir þessari ráðstöfun, að það sé nauðsynlegt fyrir verðandi lækna að kynnast heilbrigðisþjónustunni úti á landsbyggðinni. Þetta eru ágæt rök út af fyrir sig, sem ég viðurkenni. En mánaðartími á stað úti á landi er auðvitað hvorki fugl né fiskur fyrir læknastúdentinn til þess að öðlast nokkra marktæka reynslu, og fyrir fólkið, sem verður að búa við þetta, er þetta fyrir neðan allar hellur, og ég vil skora á þá, sem fara með úrskurðarvald í þessum málum, að láta ekki slíkt viðgangast lengur. Fólk er langþreytt orðið á þessu, það sem hefur orðið að búa við þetta ár eftir ár, og að mínu mati er það engan veginn réttlætanlegt og algerlega óbrúklegt. Ég veit ekki betur en þessir ungu læknar eða læknastúdentar taki auk þess fullt þjónustugjald á við fullmenntaðan lækni, þó þori ég ekki að fullyrða um það, en ég held að svo sé. Og því forkastanlegra er þetta þar að auki.

Launaþátturinn að því er læknastéttina varðar er auðvitað kapituli út af fyrir sig og verulega gagnrýnisverður. Ég vakti oftlega máls á þessu í n. Hér er víst erfitt að koma við breytingum, og ég viðurkenni að hingað til hef ég látið sitja við orðin tóm að reyna ekki að ná fram breytingum þarna, að læknar eins og aðrir opinberir starfsmenn hlíti launakjörum opinberra starfsmanna. Þeir eru eina stéttin innan Bandalags háskólamanna sem gerir sérsamninga, og samkv. þessu frv., sem hér er lagt fram, og samkv. gildandi heilbrigðislögum taka þeir laun með tvennu móti: föst laun og síðan samkv. sérstökum samningum Læknafélags og fjmrn. Ég vona að þetta skoðist ekki sem árás á læknastéttina. Í henni eins og öðrum stéttum og starfshópum eru margir sannir heiðursmenn og ég þekki marga slíka. En þetta er óeðlileg skipan og einn angi af því ófremdarástandi sem ríkir í kjaramálum á okkar landi, þessir sérsamningar hér og þar, útúrkrókar og afkimar, þar sem menn geta tekið laun margfalt hærri en nokkurn tíma í rauninni kemur fram opinberlega. Að sjálfsögðu ættu læknar að geta unað því eins og aðrir opinberir starfsmenn að taka laun samkv. launataxta opinberra starfsmanna, og það hlýtur að koma að því, að þessu verði breytt í þessa sjálfsögðu átt.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira hér um. Ég vænti þess, að hér verði einhverjar umr. á eftir, en því miður verð ég að hverfa af fundi.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Nú þegar þetta frv. kemur til 2. umr. í þessari d. og hefur hlotið meðferð í heilbr.- og trn., þá virðist vera um þetta mál allvíðtæk pólitísk samstaða þar sem nál. ber það með sér að fulltrúar allra flokka þar skrifa undir nál. og þar eru aðeins tveir sem skrifa undir það með fyrirvara, enda þótt einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Það kann því að þykja nokkuð út í hött að koma hér í ræðustól og benda á agnúa sem kunna að vera á þessu frv., og láta í ljós efasemdir um að það sé unnið sem skyldi, þegar ný lagasetning á sér stað í svo víðtæku og viðkvæmu máli, þætti sem tekur til landsbyggðarinnar allrar og snertir mjög öryggiskennd fólks um land allt annars vegar og hins vegar þar sem þetta er sá málaflokkur sem tekur til sín mest útgjöld af hálfu ríkisins.

Þess er getið í greinargerðinni, að með skipan n. og störfum hennar hafi verið fyrir hana lagt í erindisbréfi að gera breytingar á lögunum frá 1973, og í framhaldi af því, að þessar brtt. hafi orðið svo miklar og margvíslegar að það hafi verið talið einfaldara eða eðlilegra að setja fram lagabálkinn aftur í heild. Ég verð þó að segja það, að ég lít nokkuð öðrum augum á það, hvort gerðar eru breytingar á gildandi lögum, þar sem ýmislegt er fært til betri vegar og nánast þar sem staðfest eru ýmis atriði sem þegar eru komin til framkvæmda í reynd, eða hvort lagabálkur er endurskoðaður í heild og þá má ætla að það verði lengri tími þangað til málið verður tekið upp aftur. Ég tel nefnilega að það hefði þurft að fara til áframhaldandi vinnslu til frekari umsagna ýmissa aðila áður en endanlega yrði tekin ákvörðun í málinu.

Ég skal strax viðurkenna það, að ég tel að í þessu frv. sé margt til bóta frá lögunum eins og þau eru núna. En ég vil líka undirstrika það, að í þessu frv. er ýmislegt sem ég tel að þar sé spor stigið aftur á bak frá gildandi lagaákvæðum. Ég hefði t. d., svo að ég víki að nefndarskipuninni aðeins aftur, talið eðlilegt að n., sem átti að endurskoða lögin í heild, hefði innan sinna vébanda fulltrúa fleiri aðila en raun ber vitni. Við sjáum að auk þess að n. skipa tveir alþm., sem ég tel fulltrúa stjórnarflokkanna tveggja, áttu í henni sæti þrír læknar og sá fjórði bættist síðar í hópinn. Varðandi vinnubrögð tel ég að það hefði verið æskilegt, að fulltrúar fleiri starfsstétta heilbrigðismála hefðu strax á fyrsta stigi haft aðstöðu til þess að hafa áhrif á gang mála og mótun stefnu, og ég er ekki fjarri því, að það hefði leitt til þess, að frv. hefði komið með nokkuð öðrum blæ sem ég hygg meira vera í takt við það sem er að gerast í okkar nágrannalöndum. Ég hef það fyrir satt t. d., að hvorki hjúkrunarfræðingar né aðrar stéttir heilbrigðismála hafi haft möguleika á því að sjá frv. meðan það var í vinnslu hjá n. né heldur að setja fram aths., né heldur í meðförum heilbr.- og trn. hafi þær haft tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Í annan stað tel ég, þar sem þarna er um skipta kostnaðarþátttöku ríkisins og sveitarfélaganna að ræða, að það hefði verið mjög mikilsvert að sveitarfélögin sjálf, að héraðasamtökin hefðu fengið að átta sig á málinu á milli þinga til þess að setja fram þær skoðanir sem sveitarstjórnarmenn og sýslunefndir eða landshlutasamtök hefðu um reynslu af því fyrirkomulagi sem lögfest var 1973 og hvað þau teldu þar helst til bóta.

Ég vil á þessu stigi aðeins benda á það, að annar ráðh. ríkisstj. skipaði n. til að fjalla um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í heild, og þó að hún hefði með höndum víðtæka athugun á öllum efnisþáttum, þá var að sjálfsögðu einn stærsti þátturinn heilbrigðismálin. Og þar sem sú n. hafði lokið störfum hvað verkaskiptinguna sjálfa snerti, þá hefði ég talið að það væri eðlilegt að það væri samstarf á milli þeirra n. sem þessir tveir ráðh. skipuðu, félmrh. annars vegar og heilbrmrh. hins vegar, báðir í sömu ríkisstj. og raunar líka sama flokki, og að það hefði verið kannað þá a. m. k. og kynnt fyrir heilbr.- og trn. þau sjónarmið sem þar komu fram. Ég vil þó láta það koma fram, að undirnefnd þessarar n. sat einn fund með þeirri n. sem undirbjó og samdi þetta frv., og mun ég víkja að því síðar.

Ég sagði að það væri ýmislegt í þessu frv. að mínu mati sem væri til bóta. En ég sagði líka að það væri annað sem mér þætti mjög horfa á hinn verri veg. Ég sé í þessu frv., svo að ég drepi niður, að t. d. kaflanum um heilsugæsluumdæmin hefur verið breytt allverulega frá því sem áður var. Ég minnist þess, að sennilega 1972, þegar undirbúningur fór fram að lögum um heilbrigðisþjónustu sem lögfest var 1973, þá voru haldnir víðs vegar um land fundir um þessi lög. Ég minnist þess t. d., að einn slíkur fundur var haldinn á Ísafirði og í framhaldi af því átti ég aðild að og fór í ferðalag og sat fundi bæði á Hólmavík, í Króksfjarðarnesi og á Patreksfirði. Út úr þessum fundarhöldum kom það, að upphaflega frv. var breytt frá því sem þá var fyrirhugað af landfræðilegum og samgöngulegum ástæðum. Þar var t. d. Múlahreppur lagður undir Patreksfjarðarlæknishérað sem og Auðkúluhreppur, sem átti að vera undir Patreksfjarðarlæknishéraði, færður til Þingeyrarlæknishéraðs. Það kom í ljós þegar á fundunum í Hólmavík og á Króksfjarðarnesi, að þeir í Strandasýslu gátu vel hugsað sér að hafa sameiginlega læknisþjónustu með Reykhólahreppi, Geiradalshreppi og Gufudalssveit, þ. e. a. s. Austur-Barðastrandarsýslu, en þá var gert ráð fyrir því, að svo gæti aðeins orðið ef heiðarvegur þar á milli yrði endurbyggður þannig að hann væri fær lengst af. Hins vegar var það sjónarmið þeirra sem bjuggu í Austur-Barðastrandarsýslu, að þeim væri mun hagkvæmara að sækja suður á bóginn. Í upphaflegri gerð frv. var gert ráð fyrir því, að þessir hreppar allir ættu að sækja til Stykkishólms sem og Flateyjarhreppur. Niðurstaðan varð sú, að það var sett á stofn heilsugæslustöð með lækni í Búðardal og hann þjónaði Austur-Barðastrandarsýslu með læknamóttöku á Reykhólum, en þar er gert ráð fyrir að verði H-stöð og er að sjálfsögðu til bóta í frv. En hins vegar hefur Austur-Barðastrandarsýsla í frv. verið lögð sem heilsugæsluumdæmi undir Hólmavík og Múlahreppur færður

þangað og Flateyjarhreppur er færður þangað, sem ætlð hefur sótt til Stykkishólms.

Það er rétt að vísu að minnast á það, að það kemur annars staðar fram í frv. og síðar, þegar lokið hefur verið við að setja upp stöðvarnar, að það er undanþáguákvæði sem gerir ráð fyrir að til bráðabirgða eða þar til öðruvísi verður ákveðið geti þessar stöðvar, bæði Flateyjarhreppur og Austur-Barðastrandarsýsla, sótt til Stykkishólms og eins til Búðardals. En mér finnst að þegar verið er að marka stefnu til framtíðar um skipulagningu, þá hljóti fyrst og fremst að vera höfuðatriði að taka mið af því, hvernig við viljum hafa það í framtíðinni. Það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því í lögum, að hægt sé að sækja til annarra heilsugæslustöðva ef þörf krefur. En ég vil benda á það, að málið fjallar ekki aðeins um það, hvert sjúklingar fara og sækja þjónustu, heldur líka um fjármálatengslin milli sveitarfélaganna og aðild þeirra að heilsugæslustöðvunum. Mér sýnist að það sé mjög laust kveðið á um þessi fjármálatengsl í frv. Mér finnst ástæða til að minnast á það, að sjúkrahús landsins eru ýmist hrein eign ríkisins eða sveitarfélaga, og ég veit dæmi þess, að t. d. bæði á Selfossi og á Ísafirði hafa verið gerðir samningar, og svo að ég taki dæmi frá Ísafirði: milli allra nærliggjandi sveitarfélaga, sem eiga að sækja að þessu sjúkrahúsi, hafa verið gerðir samningar um stofnkostnaðaraðild og þá væntanlega í sömu tilvikum rekstrarkostnaðaraðild, ef sjúkrahúsið kemur ekki til með að bera sig fjárhagslega séð.

Ég hygg að við þarna fyrir vestan höfum sótt fyrirmynd um þetta til Selfoss, þar sem var breytilegt vægi varðandi þátttöku einstakra sveitarfélaga í stofnkostnaði sjúkrahússins eftir möguleikum viðkomandi sveitarfélags til þess að njóta þjónustunnar. Mér finnst að varðandi heilsugæsluumdæmin sjálf, stofnun og rekstur heilsugæslustöðva, þá megi það ekki vera tilviljanakennt, hverjir standa að stofnun heilsugæslustöðvanna og greiða af þeim rekstrarkostnað. Ég held að það hljóti að verða gert samkomulag á milli þeirra sveitarfélaga sem eiga sókn að hverri heilsugæslustöð, hvernig þessum kostnaði verði skipt, og eðlilegt að það verði gert með breytilegu vægi eftir því, hvers sveitarfélagið nýtur í tekjum til baka, sem og möguleikum til þess að njóta þjónustunnar. Mér er þess vegna spurn, hvort hægt er að ætlast til þess, að Flateyjarhreppur verði skyldaður til þess að leggja fé af mörkum til uppbyggingar og rekstrar heilsugæslustöðvar að Hólmavík sem íbúar þar munu aldrei sækja. Og mér er líka spurn, hvort Austur-Barðastrandarsýsla, sem á undanþágu má áfram sækja til heilsugæslustöðvarinnar í Búðardal, verði með breytingunni á lögunum nú skylduð til þess að taka upp greiðslur á stofnkostnaði og rekstri heilsugæslustöðvar á Hólmavík, hvernig sem þeim tengslum hefur verið háttað áður, þ. e. við Búðardal. Satt að segja finnst mér að í þessu frv. sé ekki nálægt því nógu skýrt kveðið á um þessi tengsl.

Annað atriði, sem ég vil víkja að og mér er kunnugt um að hefur verið mjög sótt á og komið fram að væru óskýr ákvæði í gildandi lögum, er varðandi viðhaldskostnað heilsugæslustöðva. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði helming viðhaldsins á móti sveitarfélögunum. Viðhaldskostnaður er þess vegna á annan hátt tekinn þarna út úr rekstri heilsugæslustöðvanna en aðrir þættir. Ég geri ráð fyrir að sveitarfélögunum í landinu í heild þyki akkur að þessu ákvæði. Hins vegar er í lögunum líka annað ákvæði, og ég vil varpa þeirri spurningu fram hér, hversu mikið það ákvæði, sem ég nú mun víkja að, vegur á móts við þá auknu hagkvæmni fyrir sveitarfélögin sem leiðir af viðhaldsþátttöku í heilsugæslustöðvunum, en það er það, að sjúkrahúsin eiga nú að fá helming af viðhaldi fasteigna og tækja greitt af sveitarfélögunum. Ef við tökum viðhaldsþáttinn út úr rekstrarkostnaðinum, þá hlýt ég að spyrja um það í áframhaldi af því sem nú er, þegar rekstur sjúkrahúsa er greiddur með daggjöldum, hvort í daggjaldagreiðslunum verði gert ráð fyrir því, að aðeins helmingurinn af viðhaldskostnaði komi inn í þá útreikninga, en hitt komi til með að greiðast beint af sveitarfélögunum. Og mér er dálítil spurn hvert vægi er á milli þessa þáttar, þ. e. a. s. aukins viðhalds beint af hálfu sveitarfélaganna á sjúkrahúsum og tækjabúnaði þeirra annars vegar, — hvert vægi er þarna á milli og hins þáttarins, um aukna þátttöku ríkisins í viðhaldskostnaði heilsugæslustöðvanna.

Ég vil líka vekja athygli á því sem ég nefndi áðan, að verkaskiptingarnefnd ríkis og sveitarfélaga fjallaði um þessa þætti, og ég harma út af fyrir sig hau mistök þegar álitsgerð þessari var dreift hér á borð þm., að þá var það skammstafað án frekari skýringar, þannig að það kann að vera margur sem ekki áttaði sig á hvað þetta VSR var. En þessu var dreift hér af hálfu félmrn. til þess að þm. gætu kynnt sér þá álitsgerð sem þar hefur komið fram. Ég vil vekja athygli á þeim mismun sem kemur fram í þeim hugmyndum, sem koma fram í þessari álitsgerð, og þeim hugmyndum um yfirstjórn, sem koma fram í þessu frv. Allt orkar að sjálfsögðu nokkuð tvímælis, og ég er ekki að segja það út af fyrir sig, að sú hugsun, sem þar er sett fram, sé sú eina rétta og þar þurfi ekki ýmsu að þótta nokkuð til, enda var það verkefni n. að setja fram hugmyndir, en ekki að útfæra þær í frv.-formi. Ég óttast það nokkuð, að sú hugmynd, sem hér er fram sett í frv. um heilbrigðismálaráðin, verði nokkuð þung í vöfum. Og sérstaklega er mér spurn um það, hvernig stjórn þeirra verður, hversu virk hún verður, nema þá til þess verði varið allmiklu fjármagni. Það var raunar við setningu fjárl. 1977 sem mörkuð var ný stefna í sjúkrahúsmálum á þann hátt, að það var gert ráð fyrir að ríkisspítalarnir yrðu teknir út úr daggjaldakerfinu og reknir af ríkinu, og fyrir þingi og fjvn. var þetta skýrt þannig, að þetta væri að vísu tilraun — tilraun sem menn hefðu afgerandi trú á — og ef sú tilraun tækist væri rétt að stíga þetta skref lengra, þannig að rekstur sjúkrahúsa í landinu yrðu að öllu leyti á vegum ríkisins, en sveitarfélögin aftur á móti tækju þá frekar að sér aðra verkþætti að fullu.

Nú veit ég ekki hvernig til hefur tekist um það á síðasta ári, þar sem ríkisspítalarnir hurfu út úr daggjaldakerfinu. En í leit n., sem ég nefndi áðan, að *hreinni verkaskiptingu á milli* ríkis og sveitarfélaga tók hún mið af þessu sjónarmiði, sem stjórnvöld höfðu sett fram, og leitaðist þess vegna við að fá hreinna fjármagnsstreymi, skýrara, með því að færa sjúkrahúsin að öllu leyti yfir til ríkisins, en hins vegar að sveitarfélögin tækju við heilsugæslustarfinu sem sínum verkefnum. Í umr. um það, hvernig þetta mætti vera, voru það hugmyndir n. að reyna að komast af með sem allra minnsta yfirstjórn, en yfirstjórn yrði í smærri einingum og virk þannig að hver yfirstjórnareining í heilbrigðismálum í héraði yrði landfræðileg eining þar sem virk stjórn gæti verið til. Eins og fram kemur í álitinu t. d., er gert ráð fyrir að það hérað, sem sækir að einni og sömu heilsugæslustöð, hafi að sjálfsögðu stjórn heilsugæslustöðvar í sínum höndum, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að ríkið sem ábyrgur fjármálaaðili að rekstri sjúkrahúsanna fari með meginstjórn sjúkrahúsanna. Hins vegar mætti hafa ráð sem harla sjaldan kæmi saman, spannaði ekki yfir stórt svæði, en yrði stefnumarkandi um samstarf á milli heilsugæslustöðva og hvaða þætti hver og ein sinnti, ef þær sinntu einhverjum sérstökum sérfræðilegum þáttum, sem og hvaða sérfræðileg þjónusta yrði veitt á sjúkrahúsum í umdæmunum.

Ég drep aðeins lauslega á þessar hugmyndir stjórnunarlega séð, vegna þess að ég held í raun að þær séu miklu einfaldari í framkvæmd en þær hugmyndir sem settar eru fram í frv. Ég held t. d. að það sé ákaflega erfitt fyrir alla strandlengjuna norðan úr Vopnafirði og suður í Öræfi að sameinast um eitt heilbrigðismálaráð sem á að fara með heilbrigðismál eins kjördæmis í heild. Ég held að þarna yrðu að koma til minni einingar, enda þótt yfirmenn eða starfsmenn heilbrigðisstétta þar verði að vera vissir samnefnarar sem hafi yfirsýn yfir þessi mál í heild.

Mér þótti rétt við þessa umr. að koma þessum hugleiðingum mínum á framfæri. Ég geri mér grein fyrir því, að miðað við það sem þegar hefur verið unnið í málinu, miðað við afgreiðslu n., þá er út af fyrir sig tómt mál um það að tala að koma hér með till. um að vísa málinu frá eða vísa því til ríkisstj. Ég skildi þetta þannig satt að segja, að nú væri málið komið á það stig, að það yrði lagt fram til kynningar og að því yrði unnið frekar í sumar.

Mér hefði þótt rétt að gera nokkrar minni háttar breytingar, eins og ég nefndi áðan, til staðfestingar á því sem þarf að staðfesta og er orðið í reynd. En sem stefnumarkandi frv. um stjórnsýslu, um skiptingu héraða í umdæmi og um starfsemi heilbrigðisráða og kostnaðarþátttöku hefði þurft að fara fram víðtæk umr. þar sem allar heilbrigðisstéttir, ekki síst þær sem telja hlut sinn hafa verið fyrir borð borinn, ættu þátt í þeirri umr. Ég er viss um að ef það hefði fengist gert, þá mundi ýmsu þoka til betri vegar, eins og gert var þegar fyrra frv. var í vinnslu og undirbúningi, það sem lögfest var 1973.

Ég býst við að varðandi frv., sem kemur fram svo seint á þingi, verði erfitt að vinna brtt. eins og ég var að lýsa að ég teldi eðlilegt að upp hefðu verið teknar. En ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni, að við setningu þessara laga nú, sem ég býst við, að verði gert, þá lít ég svo á að það sé eigi að síður aðkallandi verkefni að athuga áfram þá þætti sem ég hef hér rætt um.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, geta þess, að í fjarveru hv. 3. þm. Reykv., Vilborgar Harðardóttur, hef ég orðið við því að mæla fyrir brtt. sem hún flytur á þskj. 783. Ég sé að þessar brtt. eru í samhljóðan við það álit sem mun hafa borist hingað í þingið í gær frá hjúkrunarfræðingum eða Hjúkrunarfélagi Íslands, þar sem tekið er til greina ýmislegt af þeirra óskum um að hjúkrunarfræðingar komi í auknum mæli inn í stjórnunarafild og ákvörðunartöku á sínu sviði á sjúkrahúsum og í heilsugæslustöðvum. Ég leyfi mér þess vegna að taka undir þær brtt. sem hún flytur á þessu þskj.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil taka það fram í sambandi við brtt. þær sem n. flytur, að í 1. brtt. segir: „Í Reykjavík kýs borgarstjórn 7 fulltrúa óbundinni kosningu, en stjórnir heilbrigðisstofnana ríkisins og einkaaðila tilnefna fulltrúa frá hverri stofnun.“ Hér er vitaskuld átt við að hér kýs borgarstjórn Reykjavíkur sjö fulltrúa án tilnefningar, en þau gætu kannske misskilist, þessi orð: óbundinni kosningu, þannig að meiri hl. gæti þá notað sér það og kosið alla. En hér er örugglega ekki við það átt.

Ég vil jafnframt lýsa því yfir, að ég er samþykkur þeim brtt. sem fram koma í nál. heilbr.- og trn. og n. stendur að. En varðandi þær brtt., sem Vilborg Harðardóttir flytur, þá er ég þar ekki á sama máli.

Ég held að það hafi verið 1968 eða 1969 sem hafist var handa að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu, og það frv. var svo lögfest hér á Alþ. 27. apríl 1973 og átti að koma til framkvæmda 1. jan. 1974. En þrátt fyrir þennan langa undirbúning, þrátt fyrir allar umr. og margvísleg álit sem leitað var, bæði til heilbrigðisstétta, sveitarfélaga, innan Alþingis við þáv. stjórnarflokka, rætt við þáv. stjórnarandstöðu, þá fór þetta frv. ekki í gegn nema með þeim hætti að II. kafli laganna kæmi ekki til framkvæmda. Þess vegna hefur verið haldið áfram og reynt að komast að niðurstöðu í þeim málum sem Alþ. gæti sætt sig við.

Skiptingu landsins í læknishéruð samkv. þessum lögum var illa tekið, eins og t. d. að Suður- og Vesturlandshérað átti að taka yfir svæðið frá Skeiðará að Kollafirði að Geirólfsnúpi á Ströndum og svæði frá Geirólfsnúpi á Ströndum að Kollumúla, aðsetur héraðslæknis í fyrsta tilfelli í Hafnarfirði, öðru tilfelli á Ísafirði og þriðja á Akureyri, og loks Austurlandshérað frá Kollumúla að Skeiðará, aðsetur héraðslæknis á Egilsstöðum. Ég var einn af þeim sem voru

mjög óánægðir með þetta og það voru menn úr öllum flokkum. Ég taldi fráleitt að t. d. því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir hér á Alþ., væri skipt í þrjú læknishéruð. Nú tel ég að sú n., sem hefur unnið að endurskoðun þessara laga, hafi náð mjög góðri niðurstöðu hvað þetta snertir og jafnframt ódýrri niðurstöðu. Með þessum tillögum er komist að mjög heppilegum niðurstöðum að mínu mati sem ég veit að eiga fylgi að fagna hér, og ég skil nú ekki í því þegar einn af þm. Vestf. þykir það vera alveg óskapleg afturför að skipta ekki læknishéruðum í því kjördæmi inn í önnur kjördæmi. Hins vegar er tekið tillit til þeirra aðstæðna sem nú eru.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég væri því langhlynntastur að Austur-Barðastrandarsýsla og Strandasýsla væru saman heilsugæslustöð, en það er ekki því að heilsa nú um nokkurn tíma fyrr en kominn er góður vegur á milli Austur-Barðastrandarsýslu og til Hólmavíkur. Það stendur opið þegar þar að kemur, en á meðan verður þjónustan veitt í öðru tilfelli á Hvammstanga og í hinu tilfelli í Búðardal.

Það hafa verið gerðir samningar um það og það þarf eiginlega ekki að spyrja að því, hvort nokkurt hérað verði þvingað til þess að fara inn í heilsugæslustöð á einhverjum öðrum stað og leggja fjármuni til hennar á móti vilja þess. Það dytti heilbrigðisstjórn eða heilbrrh., hver sem hann væri, aldrei í hug að gera. Það yrði aldrei farið fram á það, að Austur-Barðastrandarsýsla yrði að leggja fjármuni til heilsugæslustöðvar á Hólmavík ef hún heldur áfram aðstöðu og samvinnu við heilsugæslustöð í Búðardal.

Ég tel að það komi ekki til greina að bíða lengur með að ákveða þessi mál. Það er búið að bíða núna á fimmta ár. Þessi n. hefur verið starfandi frá því í október 1975. Í henni hafa átt sæti tveir alþm., annar frá Sjálfstfl. og hinn frá Framsfl., tilnefndir af þessum flokkum, líkt og gert var við síðasta undirbúning löggjafarinnar um heilbrigðisþjónustu. Þá tilnefndu þáverandi þrír stjórnarflokkar sinn hvorn manninn. Auk þess hafa verið starfandi í n. formaður Læknafélags Íslands, ráðuneytisstjórinn í heilbrmrn., sem jafnframt var formaður n., landlæknir, sem heilsugæslan að verulegu leyti og héraðslæknisembættin og eftirlit með heilbrigðisþjónustunni heyra undir. Læknadeild Háskóla Íslands óskaði nokkrum mánuðum síðar eftir því að mega tilnefna mann í n. Við þeirri ósk var orðið. Það fór ekkert dult með þessa nefndarskipun á sínum tíma. Hennar var getið í fjölmiðlum. Það komu engar aðrar óskir um að það yrði bætt í n. Annars er ég þeirrar skoðunar, að eftir því sem n. eru fjölmennari er erfiðara að vinna í þeim, og það má segja að þessi n. hafi kannske verið í það fjölmennasta, en ekki að þar hafi vantað fjöldamarga. Hins vegar má alltaf um það deila, hvort það hafi átt að vera fulltrúi frá þessum hópnum eða hinum í n., og getur hver haft rök fyrir því. En hinu verður ekki mælt á móti, að í þessari n. eru menn sem hafa mesta reynslu á þessu sviði. Ég veit ekki hvaða maður hefur meiri og betri reynslu í þessum efnum en ráðuneytisstjórinn í heilbr.- og trmrn., sem starfaði mjög að undirbúningi þessarar löggjafar og hefur starfað að öllu því sem gert hefur verið síðan, og landlæknir ásamt auðvitað öllum öðrum nm. og mörgum fleiri sem til var leitað í þessum efnum.

Hv. þm. Gunnlaugur Finnsson minntist á að það væri margt óljóst í þessu frv. Það er margt óljóst í þeim lögum sem við höfum starfað eftir. Það hefur margt komið í ljós, eins og með alla nýja löggjöf, sem þarfnast lagfæringar við. Þessi lög eru þar engin undantekning. Það hlýtur að koma einnig að því, að það þurfi að endurskoða þau. Það er alltaf opin leið. Það er ekki verið að ganga hér frá nokkurs konar stjórnarskrá og að endurskoðun taki nokkuð ríflegan tíma, eins og hefur gerst í þeim málum. Það getur hver og einn þm. flutt þegar á næsta þingi brtt. við heilbrigðisþjónustuna um það sem hann telur að fari miður. Það er ekki verið að setja hér eitthvað um aldur og ævi. Hins vegar ætla ég að segja það, að ég er nú senn búinn að vera heilbrigðisráðherra í 4 ár og ég legg á það höfuðkapp, að þetta frv. fari fram og hér í gegn, vegna þess að ég tel að það mætti frekar vera aðfinnsla á mig, að þessi lögfesting hefði ekki orðið fyrr en nú, heldur en að hún sé gerð of snemma. Ég hefði tekið því mjög vel og reynt að afsaka það, því að starf þessarar n. tók miklu lengri tíma en ég reiknaði með og nm. sjálfir, vegna þess að það er erfitt að vinna að þessum málum og það er erfitt að fá lausn sem allir sætta sig við.

Það er ómögulegt að hafa læknishéruðin í lausu lofti. Hér er búið að finna niðurstöðu. Það er ekki hægt að hafa eitt kjördæmi í landinu utan við, eins og Suðurlandskjördæmi. Það verður að ganga frá þeim málum og það verða að koma hér hreinni línur, eins og þetta frv. ber glöggt vitni.

Það er eðlilega alltaf ágreiningur á milli einstakra stétta og starfshópa og þá ekki síður í heilbrigðisþjónustunni en annars staðar. Það þekki ég mjög vel, og ég hygg að það verði ákaflega erfitt að fá alveg einróma álit í þeim málum. Ég held að jafnvel þó ég verði langlífur, þá muni ég ekki lifa það. Þess vegna verður auðvitað oft og tíðum að skera á.

Í brtt., sem Vilborg Harðardóttir flytur, segir í 1. brtt. að ráðh. skipi einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum héraðsins sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn. Ég er alveg andvígur þessari till. Ég tel ekki þörf á því að stofna til þessara embætta þótt það hafi verið í gildandi löggjöf sem aldrei kom til framkvæmda, eins og stóru læknishéruðin. Þó er ég þó enn meira á móti 3. till. sem kemur frá Vilborgu Harðardóttur og ég tel að sé flutt án þess að málið hafi verið mjög ígrundað, en í þeirri till. segir að laun hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum, sem jafnframt eru héraðshjúkrunarfræðingar, fari eftir launasamningi fjmrh. og Hjúkrunarfélags Íslands á hverjum tíma. Nú eru að lögum tveir samningsaðilar um launamál við ríkið: Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna, BHM. En

auk þess er heimild fyrir Læknafélag Íslands að semja sérstaklega. Fyrsti samningurinn, sem Læknafélagið gerði við ríkið eða fjmrh., var gerður 1965, og þetta hefur haldist síðan. Skoðun mín er sú, að það eigi að gera allt sem hugsanlegt er til þess að Læknafélag Íslands geri ekki sérsamninga við fjmrh. eða ríkissjóð, heldur verði það aðeins þessi tvö félagasamtök sem það geri. Að því ber að stefna að fækka þarna um einn samningsaðila, sem er Læknafélag Íslands, en ekki að fara að fjölga samningsaðilum við ríkið. Slíkt mun leiða af sér að allir aðrir starfshópar komi á eftir og krefjist þess að fá að semja beint við ríkissjóð, þannig að viðsemjendur ríkissjóðs verða þá orðnir nokkrir tugir. Þetta tel ég ekki vera spor í rétta átt eða til þess að liðka fyrir í samningamálum í þjóðfélaginu.

Það er út af fyrir sig þegar einhver starfshópur kemur með sín mál og ber fram sínar frómu óskir og kröfur. En þá finnst mér að þm. og ráðh. eigi ekki að taka bara við þeim og festa þær á blað sem brtt. eða í frv.-formi. Það verður fyrst og fremst að hugsa um það samræmi sem á að vera í þessum málum. Og ég er undrandi á hv. síðasta ræðumanni að taka undir slíka till. sem þessa. Ætlar hann að stuðla að því að mala alveg niður samningsmeðferð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og BHM? Vill hann stuðla að því, að það verði innleitt í stéttarfélögunum að semja við hvert einasta smáfélag í landinu? Verður það einfaldara og léttara í framtíðinni við gerð hinna erfiðu kjarasamninga?

4. liðurinn í till. Vilborgar Harðardóttur er við ákvæði til bráðabirgða, að niður falli síðasta setning 3. liðar. Ég get fyrir mitt leyti vel fellt mig við það. Ég tel ekki að það skemmi neitt 3. lið í ákvæðum til bráðabirgða þó að þetta sé fellt niður, en það eru þessi orð: „Heimilt er ráðh. að ráða hjúkrunarfræðinga til lækna utan heilsugæslustöðva.“ Var hugsað að þetta væri nokkurs konar bráðabirgðaákvæði á meðan uppbygging heilsugæslustöðva færi fram, og ég fyrir mitt leyti get mjög vel greitt atkv. með þeirri tillögu.

Í sambandi við samskipti ríkis og sveitarfélaga tel ég að ekki sé um neitt að ræða í þessu frv., sem breytir þeim samskiptum eða hlutföllum í þeim samskiptum. Það eina, sem skiptir verulegu máli, er viðhaldskostnaðurinn. Hér er engu hreyft í sambandi við stofnkostnað. Ég varð að mörgu leyti undrandi þegar ég sá umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga þar sem það vildi fella niður ákvæðinn hluta stofnkostnaðar, þannig að það væri háð því hvað Alþ. dytti í hug að hafa stofnkostnaðinn á hverjum tíma við afgreiðslu fjárlaga. Frá sjónarmiði sveitarstjórnarmanna fannst mér þessi tillaga furðuleg. En ef við lítum svo á viðhaldskostnaðinn, þá er hann, eins og síðasti ræðumaður gat um, greiddur í gegnum daggjaldakerfið á sjúkrahúsunum. En hann er ekki greiddur við heilsugæslustöðvarnar. Við í heilbr.- og trmrn. höfum lagt til frá því haustið 1974 eða sérstaklega haustið 1975 og síðan að fá fjárveitingu sem fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur ekki fallist á og telur að samkv. gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu eigi ríkið ekki að greiða neitt í viðhald heilsugæslustöðva. Fjvn. Alþingis hefur ekki tekið neina fjárveitingu upp. Haustið 1976 ræddi ég við fjvn. sérstaklega um þetta atriði og lagði mjög fast að n., að það yrði tekin upp ákveðin upphæð í fjárlög. Ég spyr: Er það réttlæti að þau héruð, sem reka eingöngu heilsugæslustöðvar, eigi ekkert að fá til viðhalds, en aftur héruð, sem reka sjúkrahús, eigi að fá viðhald uppborið í daggjaldakerfinu að fullu og öllu eða upp í 85%? Hér skapast í framkvæmdinni óskaplegir erfiðleikar. Það verður rík tilhneiging hjá þeim, sem reka hvort tveggja, að koma á sjúkrahúsið viðhaldi heilsugæslustöðvarinnar eða þess hluta hússins sem notaður er undir heilsugæslustarfsemi. Hér er um algeran jöfnuð að ræða með því að taka upp alveg ákveðnar línur um 50% af öllum viðhaldskostnaði og þá er þessari hættu afstýrt í eitt skipti fyrir öll og allir búa við það sama, sem er alveg sjálfsagt og eðlilegt að gera. Ég fullyrði að eftir þá athugun, sem gerð hefur verið á því hlutfalli, sem núna er, og því, sem verður, þá er ekki gengið á sveitarfélögin, heldur mun þátttaka ríkisins fremur vaxa þegar á heildina er litið. Auðvitað er hægt að líta á einstakt fyrirbrigði út af fyrir sig og segja að þar hækki hlutfall eigenda sjúkrahúss og hlutfall ríkisins lækki. En þegar á heildina er litið hækkar hlutdeild ríkissjóðs, og ef þetta frv. yrði ekki að lögum hefði verið óhjákvæmilegt að setja á ákaflega strangar reglur í sambandi við viðhald sjúkrahúsa til þess að koma í veg fyrir að það sé fært yfir á heilsugæslustöðvar. Hér er verið að ná því að allir fái réttmætt framlag til þessarar mikilvægu starfsemi.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr., en mér fannst nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram út af þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar.

Hv. 9. landsk., sem mælti hér fyrir áliti n., Sigurlaug Bjarnadóttir, fór nokkuð út fyrir nál. þegar framsögu fyrir því var lokið og talaði mikið um lækna og læknakandídata, sem sendir væru út um land, og gagnrýndi það mjög, hvað þeir væru stutt í einu. Þetta er mikið vandamál sem verður ekki leyst á einum degi og ekki með einni eða tveimur ræðum. Þetta er mál sem þarfnast töluverðs tíma til þess að laga, og það, sem fyrst og fremst er um að ræða, er að það er skortur á læknum úti um landsbyggðina og þess vegna hafa heilbrigðisstjórnin og landlæknir orðið oft og tíðum að gera sig ánægð með það að fá menn aðeins í örskamma tíma, og þetta verða þm. að skilja. Við erum öll sammála um að þetta ástand er langt frá því að vera gott, en við það fær enginn ráðið eins og stendur. Vonandi líður ekki mjög langur tími þar til úr þessu rætist.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að flytja hér mikla gagnrýni á þetta frv. til l. um heilbrigðisþjónustu, og ég ætla mér ekki að gera neinar aths. við einstakar greinar þess.

Þetta frv. er samið af n. sem hæstv. heilbrrh. skipaði á árinu 1975. Í þessa n. hefur valist fólk ákaflega vel hæft til að fjalla um þessi mál, og ég dreg alls ekki í efa að það hafi fjallað um þessi mál af mikilli samviskusemi og trúmennsku. N. var falið að endurskoða lögin með tilliti til þeirrar reynslu sem af þeim er fengin og einkum var henni falið að taka til athugunar með hverju móti þau ákvæði laganna, sem enn hafa ekki tekið gildi, gætu tekið gildi sem fyrst. Ég dreg ekki í efa að þetta hefur verið gert af mikilli kostgæfni, og það frv., sem við sjáum hér, er árangurinn af því sem best verður eftir komist. Ég vil því segja sem svo, að ég býst við að þar hafi vel til tekist, og það er mín skoðun að bæði skipulagslega og stjórnunarlega sé hér mörkuð alveg rétt stefna í megindráttum og sá rammi, sem okkur birtist í þessu frv., sé góður, þótt auðvitað eigi enn eftir að reyna á það, hvort allt sé mögulegt í framkvæmdinni, bæði með tilliti til fjármuna og skipulags raunar líka, og þá jafnvel frekar innan afmarkaðra svæða heldur en í heild.

Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs, er kannske fyrst og fremst sú, að ég sé að n. hefur jafnframt verið falið að kanna þær till. sem fram hafa komið á Alþ. um breytingar á lögum, en þessum till. hefur verið vísað til ríkisstj. Mig minnir að það hafi verið á árinu 1975, að ég flutti hér á hv. Alþ. ásamt hv. þm. Oddi Ólafssyni þáltill. sem fól í sér nokkra úttekt á heilbrigðisþjónustunni. Þetta varðaði sérstaklega skipulag á rekstri sjúkrahúsanna og skipulag á þeirri þjónustu sem sjúkrahúsin veita og einnig hvernig best yrði komið starfi sérfræðinga. Þetta tók raunar einnig til starfs heimilis- og héraðslækna og heilsugæslulækna eða hvaða nafn við viljum helst þar á velja.

Þegar ég lít yfir þetta frv. get ég ekki áttað mig á því a. m. k. að mikið hafi verið litið eftir þessu. Nú er það auðvitað svo, að margt af því, sem við lögðum til að yrði kannað, er kannske erfitt að setja beinlínis í lög og yrði að ákveða með reglugerðum. En þó býst ég við, að ef á þetta hefði verið litið og ef á okkar till. hefði verið áhugi, þá hefði mátt koma inn nokkrum ákvæðum, sérstaklega í sambandi við kaflann um sjúkrahús. Ég sé enn frekari ástæðu til þess að minnast á þetta hér þar sem hv. frsm. heilbr.- og trn., hv. 9. landsk. þm., gerði talsvert að umræðu laun lækna. Það er nefnilega svo, að ef tillit hefði verið tekið til þeirra hugmynda sem við hv. þm. Oddur Ólafsson settum fram í okkar þáltill., þá hefði væntanlega verið hægt að fylgjast betur með tekjum lækna en menn halda að hægt sé að gera nú í dag. Og það virðist vera svo í okkar þjóðfélagi, að fyrir marga sé það ákaflega stórt atriði, og kom raunar greinilega fram hjá hv. frsm. heilbr.- og trn. sem því miður er nú ekki lengur hér á fundinum.

Ég er hiklaust þeirrar skoðunar, að það skipti ákaflega miklu máli að hér eigi sér stað virkileg breyting á heilbrigðiskerfinu og þá sérstaklega með tilliti til starfs sérfræðinga og með tilliti til starfsemi sjúkrahúsa. Ég er alveg viss um að þetta mætti gera miklu hagkvæmara, gera kerfið sjálft miklu afkastameira, ódýrara, stjórnunarlega miklu léttara, og ég dreg ekki í efa að þetta gæti skapað möguleika til þess að við gætum fylgst með svo sem vera ber og þá jafnframt að það verði léttara fyrir hæstv. heilbrrh. að standa undir því sem segir í 1. gr. frv.: „Ráðh. heilbrigðis- og tryggingamála sér um, að heilbrigðisþjónusta sé eins góð og þekking og reynsla leyfir.“ Það hefur margur tekið að sér að sjá um minna en það, og alveg sjálfsagt að allir leggi hæstv. ráðh. og reyndar þjóðinni allri svolítið lið til þess að koma málunum í það horf að þetta sé yfirleitt mögulegt. Ég lýsi því vonbrigðum mínum yfir því, að ég skuli ekki sjá þess stað a. m. k. í frv. að till. okkar hafi verið athugaðar hið minnsta.

Að öðru leyti vildi ég aðeins víkja að því sem fram kom í ræðu hv. frsm. heilbr.- og trn., hv. 9. landsk. þm., en hún fjallaði nokkuð um læknanema sem sendir væru út á landsbyggðina. Hæstv. heilbrrh. hefur svarað þessu að allnokkru leyti, en það, sem hér er um að ræða, er auðvitað það að læknanemum er ætlað að kynnast starfsemi úti í héraði. Til þess fá þeir ákveðinn tíma á námsárum sínum í læknadeild. Þetta er raunverulega alveg hliðstætt því, að þeim er ætlað að starfa á einstökum deildum sjúkrahúsa, það er hluti af þeirra námi. Ég dreg ekki í efa að það er auðvitað ætlast til þess, að á þessum tíma séu þeir ekki einir í héraðinu. Þeir eru að læra þar hjá þeim sem fyrir sitja. Hins vegar er svo enn hjá okkur, þrátt fyrir það að nokkuð hafi dregið úr læknaskorti, að það eru einstök héruð, sem verða að leysa læknisvanda sinn um stundarsakir með því að hafa læknanemana til þess að gegna þjónustunni. Þeir gera að sjálfsögðu sitt besta, en þeir eru ekki fullfærir læknar af skiljanlegum ástæðum. En hér er einfaldlega um að ræða afleiðingar af ástandi sem flest virðist nú benda til að muni fara batnandi og að læknanemar geti farið út í hérað til þess að læra þar af þeim, sem fyrir sitja, og það sé þáttur í þeirra námi og mjög mikilvægur þáttur. Hins vegar hefur það auðvitað verið svo eftir að námi lýkur, að læknanemar fara út í héruð og gegna þar skyldustörfum. En það gefur auga leið, að eftir því sem heilsugæslustöðvar koma víðar úti um landið eru minni líkur til að óreyndir menn, þótt þeir hafi góða þekkingu og mikið starfsþrek og góðan vilja að sjálfsögðu, verði alveg einir. Mér finnst því ekki ástæða til þess að gera allt of mikið úr þessu atriði. Við vitum alveg hvernig á því stendur og það horfir flest til bóta í því efni.

Annað, sem hv. frsm. vék að, voru laun lækna og ég ætla ekki að gera þau hér að umtalsefni. En hv. frsm. lét sér þó þau orð um munn fara, að læknar hefðu margfalt hærri laun en fram kemur opinberlega. Því miður er hv. frsm. ekki staddur hér, en ég vona að þetta hafi ekki verið hugsað nákvæmlega svona, heldur hafi hún orðað þetta ógætilega, að læknar hefðu margfalt hærri laun en fram kemur opinberlega. Við vorum hér í gær að ræða um skattamál. Mér segir svo hugur um, þótt betra sé nú fyrir mig að taka ekki of sterkt til orða, að það hafi kannske margir nokkuð hærri laun en fram koma opin-

berlega. En það gildir ekki um lækna. Það er rétt, að þeir taka sín föstu laun og þeir taka laun fyrir sérstök störf eftir sérstakri gjaldskrá. En launin liggja fyrir. Þau koma fram opinberlega og þeir greiða af þeim sína skatta og skyldur. Þar skilur á milli þeirra og ýmissa annarra. Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða það frekar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef undirritað þetta nál. með fyrirvara. Ég mun nú ekki fara ítarlega út í að útskýra þann fyrirvara og tíunda einstök atriði í frv. sem ég hef gjarnan viljað að væri með örlítið öðrum hætti.

Fyrst og fremst var fyrirvari minn vegna þess atriðis sem mest stakk í augun þegar ég sá þetta frv. fyrst, og má vel vera að þar sé um að kenna rótgróinni ráðstjórnarandstöðu minni. Mér þykir sem sagt dálítið einkennilegt að þegar ljóst liggur fyrir að Heilbrigðisráð Íslands hafi ekki þótt starfhæft eða ekki getað starfað þann tíma sem það hefur lögum samkv. átt eða mátt gera það, þá skuli menn sjá nauðsyn til að lögfesta skipan 8 nýrra heilbrigðisráða og til viðbótar undirbyggja og styrkja umrætt Heilbrigðisráð Íslands og sjá hvort það mundi ekki taka til starfa ef það fengi ríkisfé til þess að launa ritara og greiða hugsanlegan kostnað af störfum sínum. Vissulega stendur í frvgr. að ráðið skuli starfa án þóknunar, en samt er það nú svo að fjárskortur er talinn hafa staðið því fyrir þrifum. Meginröksemd mín í þessu sambandi er þó sú, að ég tel og hef alla tíð talið að stofnun sú, sem heitir Heilbrigðismálaráð Íslands, sé ekki nauðsynleg. Með því er ég ekki að segja, að það geti ekki gert gagn, að þeir skynsömu menn, sem þar sitja, tali saman og ráði ráðum sínum öðru hverju þegar þeim þykir ástæða til. Vissulega er slíkt alltaf gagnlegt. En ég sé ekki minnstu ástæðu til að binda það í lögum, hvað þá að kosta af ríkisfé. Þeir, sem umrætt Heilbrigðisráð Íslands skipa, eru fulltrúar þeirra aðila sem við ráðfærum okkur við hvort sem er þegar við fjöllum um heilbrigðis- eða tryggingamál, en það er höfuðverkefni þessa ráðs að gefa umsagnir um heilbrigðis- og tryggingamál. Ég kann ekki að meta það, að það sé fest í lögum að starfa skuli með ríkisstyrk sérstök n. til þess að gefa umsagnir um lagafrv. á Alþingi. Það hafa menn hingað til gert án sérstaks ríkisstyrks, og ég sé ekki að við höfum ráð á að fara inn á þá braut.

Það eru allt önnur rök sem liggja að baki stofnun hinna nýju heilbrigðismálaráða að vísu. En hitt er ljóst, að þau eru málamiðlunarlausn sem varð til í endurskoðunarnefnd laga um heilbrigðisþjónustu, einhvers konar millivegur milli þess fyrirkomulags, sem gert hefur verið ráð fyrir í núgildandi lögum og ekki hefur komið til framkvæmda, og svo þess fyrirkomulags, sem upp verður tekið með nýrri læknishéraðaskipun, samkv. þessu frv. Þótt við tökum upp nýja læknishéraðaskipun, þá er ég svo íhaldssöm að ég get alls ekki séð nauðsynina á því að festa í lög að í hverju slíku héraði skuli vera heilbrigðismálaráð sem skipað sé með þeim hætti sem segir í frvgr. Fljótt á litið hljómar það allvel að sveitarstjórnir skuli kjósa þar fulltrúa. En það er sveitarstjórnum engan veginn frjálst hvaða fulltrúa þær kjósa. Í fyrsta lagi er það lögbundið, að héraðslæknir skuli vera formaður ráðsins, og í öðru lagi er það lögbundið, að fulltrúarnir, sem sveitarstjórn kýs, skuli vera úr stjórnum heilsugæslustöðva. Með þessu er ég ekki að segja að þessi skipun geti ekki oft og tíðum verið mjög skynsamleg og sennilega yrði þetta oft niðurstaðan. En ekki kann ég því vel, að þetta sé bundið í lögum. T. d. er það svo hér í Reykjavíkurborg, þar sem um nokkurra ára skeið hefur starfað heilbrigðismálaráð, að þar hefur verið farið eftir þeirri meginreglu, að það eru fulltrúar í borgarstjórn eða varaborgarfulltrúar sem eru í heilbrigðismálaráðinu, og n. tók upp samkv. ósk heilbrigðismálaráðs Reykjavíkurborgar þá brtt. sem frsm. n. kynnti, að í Reykjavík skuli heilbrigðismálaráð kosið óbundinni kosningu, svo að þetta ákvæði verður skaplegra að því er Reykjavík varðar. En eftir stendur það, að ekki minnkar báknið eða skriffinnskan við að skipa ný heilbrigðismálaráð, 8 talsins, lögum samkv. með kostnaði greiddum úr ríkissjóði. Ég tel að það hefði verið betra að sveitarstjórnum væri það frjálst, hvort þær setja á laggirnar heilbrigðismálaráð eða ekki.

Í þessu var fólgið það fyrsta sem ég sá athugavert við fljóta athugun málsins, og mér hefur ekki dugað sá tími, sem við höfum haft til stefnu, til að láta af þessari skoðun minni og hef einhvern veginn ekki getað kingt þessari meginreglu. En mér er ljóst að hæstv. heilbrmrh. leggur á það mikið kapp að koma máli þessu í gegn og telur þar við liggja að töluverðu leyti stolt sitt. Ég mun því ekki reyna að standa í vegi fyrir framgangi þess máls á neinn hátt, enda hafa þær skoðanir, sem ég hef á þessum heilbrigðismálaráðum, að því er virðist ekki fylgi meðal hv. þm. sem til þess dugi að þeir vilji sleppa því að lögfesta þau. Ella hefði verið fylgi fyrir því að gera þá breytingu á frv. að fella öll þessi ráð burt, láta frv. e. t. v. halda sér að öðru leyti með ýmsum öðrum minni háttar breytingum, m. a. þeim sem hér hefur þegar verið gerð grein fyrir.

28. mars s. l. barst heilbr.- og trn. Nd. Alþingis svo hljóðandi bréf, ef ég má — með leyfi hæstv. forseta — lesa það:

„Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 16. þ. m. var samþ. að fara þess á leit við Alþingi, að breyting verði gerð á lögum nr. 56/1973, 32. gr. 2, þannig að inn í greinina komi svo hljóðandi viðbót:

„Heilbrigðismálaráð Reykjavíkur kýs fulltrúa borgarinnar í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar.“

Í trausti þess, að þér neytið atbeina yðar til þess að ofangreind lagabreyting nái fram að ganga, sendist yður hjálögð till. að frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 1973.

Birgir Ísl. Gunnarsson.“

Eftir að við fengum þetta bréf var lagt fram frv. sem við fjöllum um hér nú, þannig að mér þykir hlýða að flutt verði brtt. sem formuð er með sama efni við þetta frv., en grg. borgar-

stjóra fyrir þessari till. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1969 ákvað borgarstjórn að taka upp nýja skipan að því er varðaði stjórn heilbrigðismála á vegum borgarinnar. Stofnað var heilbrigðismálaráð, kjörið af borgarstjórn, er fór með stjórn heilbrigðismála borgarinnar í umboði borgarstjórnar og undir yfirstjórn hennar. Tilgangur þessara breytinga innan þessa málaflokks var heildarstjórn og samræming aukin til muna. Voru heilbrigðismálaráði fengin í hendur þau verkefni, sem stjórn Heilsuverndarstöðvar, sjúkrahúsanefnd Reykjavíkur og heilbrigðisnefnd höfðu áður haft. Þessar breytingar voru gaumgæfilega undirbúnar með því að afla upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum.

Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar tók til starfa að loknum sveitarstjórnarkosningum árið 1970. Með lögum um heilbrigðisþjónustu var stjórn sjúkrastofnana borgarinnar klofin frá ráðinu aftur, jafnvel þótt Alþ. hefði ítrekað verið sendar óskir um að slíkt yrði ekki gert.

Það frv., sem hér er flutt, miðar að því“ — ég skýt hér inn í lesturinn að þá er borgarstjóri að tala um drög að frv. sem hann lagði til að flutt yrði áður en þetta frv. hér var lagt fram, — ég held áfram lestri grg. borgarstjóra, með leyfi hæstv. forseta: „Það frv., sem hér er flutt, miðar að því að færa skipan mála í svipað horf aftur, þó þannig, að fremur yrði um yfirstjórnarhlutverk að ræða af hálfu heilbrigðismálaráðs. Samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 56/1973, gr. 32.2, skal stjórn sjúkrastofnana sveitarfélaga skipuð 5 mönnum, þremur fulltrúum kjörnum af sveitarstjórn og tveimur kjörnum af starfsmannaráði. Með þessu ákvæði var rofin sú heildarstjórn heilbrigðismála sem Reykjavíkurborg hafði komið á 1970, og vegna ákvæðis í samþykkt um borgarstjórn frá 10. 8. 1964 var ekki kleift að tengja stjórn sjúkrastofnana og heilbrigðismálaráð saman að nýju með því t. d. að fela ráðinu kjör fulltrúa borgarinnar í þá stjórn.

Nokkurs misræmis gætir í lögum um heilbrigðisþjónustu, þar sem varðar heilbrigðismálaráð, þar sem það fær lögformlega viðurkenningu sem stjórn heilsugæslustöðva í Reykjavík. Ráðinu er þó ekki ætlað að stjórna heilsugæslustöð við Borgarspítalann, heldur félli hún saman við stjórn sjúkrastofnana, sbr. gr. 23.2. Það er álit borgarstjórnar Reykjavíkur, að sú heildarstjórn heilbrigðismála, sem komið var á 1970, sé heppilegust skipun að því er borgina varðar og hefur hún því óskað eftir að frv. þetta yrði flutt.“

Ég leyfi mér, herra forseti, að flytja skriflega brtt. í samræmi við þessa ósk borgarstjóra og bið um, að leitað verði afbrigða fyrir henni. Það er frá mínu sjónarmiði nægilegt að það verði gert þegar að atkvgr. kemur, en brtt. er formuð við 30. gr. frv. og er um að 2. tölul. orðist svo:

„Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórnum. Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa tvo menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir þrjá. Heilbrigðismálaráð Reykjavíkurborgar kýs fulltrúa borgarinnar í stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða kýs starfsmannaráð einn stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn einn, en eigendur þrjá.“

Aðra litla skrifl. brtt. langar mig að kynna. Vegna þess að frsm. n. var svo mjög tímabundinn, þá bað hún mig að koma þessari brtt. á framfæri og það vil ég gjarnan gera. Brtt. er við 41. gr. frv., 2. tölul., og hljóðar svo: „Í stað orðsins „læknisþjónusta“ komi: heilbrigðisþjónusta.“ Mér virðist þessi brtt. skýra sig sjálf og ég þurfi ekki frekar að gera grein fyrir henni.

Ég hef gert grein fyrir þeim atriðum sem ég vildi sérstaklega víkja að í sambandi við þetta mál efnislega. Mér er þó ljóst að nokkur atriði eru í sambandi við ákvæðin um rekstur sjúkrahúsa þar sem óskir eru uppi um frá heilbrigðisstéttum, fyrst og fremst hjúkrunarkonum og yfirlæknum, að gerð séu skýrari mörk milli verkefnasviðs þessara stétta. Yfirlæknar óska þess mjög, að gerð verði gleggri grein í lögum fyrir verksviði yfirlæknis. Þessar till. og þessar aths. eru fyrst og fremst fram komnar og bera ast svo seint til okkar vegna þess að n. gaf sér í rauninni ekki tíma til þess að senda málið formlega til umsagnar, eins og vissulega hefði verið æskilegt. Í stað þess völdum við þá leið að fá til viðtals fulltrúa nokkurra aðila sem málið snertir. Þó er það vitanlega ekki nægilegt, og við höfum e. t. v. ekki haft samband við nægilega marga til þess að við getum talist hafa unnið vel að málinu. Með þessar staðreyndir í huga þykir mér heldur leitt að standa að afgreiðslu málsins, en vil þó vegna þess, hver áhersla er lögð á framgang þess af hálfu ráðh., og vegna þess, að nokkrir kaflar í því þurfa sem fyrst að komast í lög, þá mun ég greiða atkv. með frv. En ég verð að áskilja mér rétt til að sitja hjá við atkvgr. um heilbrigðismálaráðin, og hv. þdm. mega flokka það undir sérvisku ef þeim sýnist svo. En ég legg fram hér þessa skrifl. brtt.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég verð nú að játa eins og fleiri hv. þm. að ég hef ekki átt kost á því að kynna mér þetta frv. svo sem skyldi. Hér er um stórmál að ræða, allsherjarendurskoðun á þessum mikla lagabálki. Ég mun því ekki ræða um málið almennt séð.

Ég hef veitt því athygli í umr. nú um málið, að ein allmikilvæg breyting er gerð með þessu frv. varðandi rekstur sjúkrahúsa. Í 34. gr. frv., 4. lið, er nú skýrt sagt að viðhald fasteigna og tækja í sjúkrahúsum skuli greiðast að jöfnu af ríki og sveitarfélögum. En í reyndinni hefur þetta verið þannig, að þessi kostnaður eins og annar hefur fallið saman við hinn almenna kostnað húsanna og það er daggjaldakerfið sem þarna hefur komið á móti eða ráðið tekjunum. Þessi hús hafa verið undir sérstöku eftirliti í sambandi við þær tekjur sem húsin geta haft, og kostnaður jafnt af viðhaldi fasteigna og endurnýjun tækja hefur fallið inn í hinn sameiginlega kostnað. Nú er það tekið mjög skýrt fram í lögunum, að eignaraðild sjúkrahúsa sé sú sama og gildir um stofnframlag aðila til hús-

anna, þ. e. a. s. að ríkið eigi 85% og sveitarfélögin 15%. Ég hef því alltaf litið þannig á, og ég hygg að það hafi allir gert, að ef til þess kæmi að upp á vantaði hjá húsunum í rekstri þeirra til þess að standa undir eðlilegu viðhaldi og endurnýjun tækja, þá auðvitað greiddi hvor aðili sitt: sveitarfélögin 15% og ríkið 85%. Nú er þessu breytt með þessu frv. og því er slegið föstu, að sveitarfélögin skuli greiða jafnan hluta af þessum kostnaði, þ. e. a. s. viðhaldi eignanna og endurnýjun tækja. Þess er að vísu getið um leið, að það er verið að taka af öll tvímæli um að þessar reglur skuli gilda varðandi viðhaldskostnað og endurnýjun tækja í heilsugæslustöðvum, og á það er bent, að því hafi verið haldið fram að túlka bæri eldri lög þannig að þessir kostnaðarliðir ættu að hvíla eingöngu á sveitarfélögunum þar sem um heilsugæslustöðvar væri að ræða, en nú væri þessu lyft upp í 50% eða helming á hvorn aðila og þetta væri til bóta fyrir heilsugæslustöðvarnar. Þetta er eflaust rétt, og ég tek undir það, að sjálfsagt er að leiðrétta það.

En ég hlýt að vekja athygli á því, að það er verið að stíga skref aftur á bak varðandi rekstur sjúkrahúsanna, og að mínum dómi er þetta skref, sem þarna er stigið aftur á bak, órökrétt, óeðlilegt á allan hátt. Viðhald á nútímasjúkrahúsi er ekkert smáræði ef þar er staðið eðlilega að, og endurnýjun á tækjum sjúkrahúsanna, sem nú teljast til stofnkostnaðar, er auðvitað stórmál líka.

Nú er auðvitað hægt að hugsa sér að þetta falli áfram inn í daggjaldakerfið í sambandi við hinar almennu tekjur. Ég hygg þó að þegar þetta er sagt á svona skýran hátt eins og hér er, að hvor aðili skuli greiða þetta að jöfnu, þá verði gengið eftir því að sveitarfélögin borgi sinn helming af þessum kostnaði, alveg án tillits til þess sem daggjöldin geta gefið í tekjur. Ég er algerlega á móti þessu og tel þetta órökrétt. Ef það er svo, að ríkið á að eiga 85% af sjúkrahúsunum, þá verður ríkið líka að halda eign sinni við til jafns við mótaðilann. Það var nokkuð deilt um það á sínum tíma, að þessi undirstrikun á eignaraðildinni meira að segja gengi svo langt að hún breytti fyrri eignaraðild að þeim sjúkrahúsum sem byggð höfðu verið eftir eldri lögum. Það var nokkuð deilt um það á sínum tíma. En sem sagt, ákvæði í lögunum eru mjög skýr um þessa eignaskiptingu, og satt að segja sýnist mér að ríkið hafi gengið mjög stíft eftir því, að það réði öllu varðandi byggingu, breytingu og annað þess háttar á þessum húsum, hefur raunverulega tekið að sér yfirstjórnina varðandi þetta atriði. Það er búið sem áður var, að stjórnir húsanna mættu hafa t. d. með byggingarframkvæmdir að gera sjálfar. Nú er það Innkaupastofnun ríkisins sem býður öll verk út og stjórnar þeim og ræður menn og hefur algerlega með þetta að gera í krafti þess að ríkið á 85% af eigninni. Endurnýjun tækja er heldur ekkert smáræði í sambandi við sjúkrahús því að tækin eru dýr.

Ég held að þetta sé ekki rökrétt, þetta sé óeðlilegt og þetta muni leiða af sér viss vandkvæði og það sé ekki fært að stíga þetta skref aftur á bak. Ég hef því leyft mér að flytja skrifl. brtt. við þennan lið og hún hljóðar þannig — það er við 34. gr. frv., lið 34.4 og till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í stað orðanna, en greiða viðhald fasteigna og tækja að jöfnu“ komi: og greiða viðhald fasteigna og tækja í sömu hlutföllum“ — en áður er búið að tala um eignarhlutfallið.

Ég vil taka það fram, að verði þessi till. mín samþ. við 2. umr. tel ég sjálfsagt að það verði einnig flutt brtt. við ákvæðin í 20. gr. sem fjalla um sams konar atriði varðandi heilsugæslustöðvar. En í henni segir að viðhalds- og endurnýjunarkostnaður fasteigna og tækja greiðist að jöfnu af hvorum aðila, ríkissjóði og sveitarfélögum, varðandi heilsugæslustöðvar. Ég mun þá hlutast til um það að flytja brtt. einnig við þennan lið í 20. gr. til þess að setja heilsugæslustöðvarnar þarna á sama stig, þannig að það verði líka eignarhlutfallið sem ræður í þessum efnum og heilsugæslustöðvarnar fái þá 85% af viðhaldskostnaði og 85% af kostnaði við endurnýjun tækja frá ríkinu og heimastaðurinn leggi þá fram 15%. Þá þarf ekki að koma til neins vanda með það, því að þá gildir það sama varðandi þetta atriði um sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. En að þurfa að leiðrétta málin gagnvart heilsugæslustöðvunum eins og gert er í þessu frv. með því að gera hlut sjúkrahúsanna lakari, það tel ég fráleitt. Ég er á móti því að leysa málið á þann hátt. Ég veit að hv. þm. sjá að það er óeðlilegt þegar ríkið á 85% af eign og hefur ráðið byggingu og gerð og ákvörðun tækja og ráðið öllu um kaup tækja og allt saman og ráðið reyndar yfirmennina sem eiga að vinna með þessum tækjum, að þá sé sagt að sveitarfélagið eigi að endurnýja öll tækin sem æðioft kemur til. Þetta fær, held ég, ekki staðist í framkvæmd. Þetta er óeðlilegt og það á að breyta þessu.

Ég efast auðvitað ekkert um að hæstv. heilbrrh. getur stutt þetta. En hann hefur eflaust ekki treyst sér til að komast lengra í leiðréttingu á þessum málum en að viðhalds- og endurnýjunarkostnaður varðandi heilsugæslustöðvar yrði greiddur að hálfu og þá þótti eðlilegt að setja þetta hvort tveggja á sama stig. Og ég get vel viðurkennt það sjónarmið. Till. mín beinist að þessu, og ég vænti að hún nái fram að ganga.

Um önnur atriði, sem hér hafa verið rædd, sé ég ekki ástæðu til þess að ræða. Ég hef ekki sett mig svo inn í þessi mál að ég treysti mér til þess. Ég sé að hér er verið að hreyfa nokkuð til í þessari löggjöf, þessari tiltölulega nýju löggjöf, og eflaust er þetta gert til bóta. Ég mun því ekki verða meinsmaður þess á neinn hátt, að þetta mál nái fram að ganga, eða tefja fyrir því á neinn hátt, en get tekið undir það með mönnum sem hér hafa talað í málinu, að æskilegra hefði að sjálfsögðu verið að hafa lengri tíma til þess að fara yfir mál eins og þetta. Ég mun styðja framgang málsins, en flyt þessa till. Till. er sem sagt skrifleg og þarf að leita afbrigða fyrir henni, og ég óska eftir því, að hæstv. forseti leiti eftir afbrigðum fyrir þessari tillögu.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vil nú einungis koma lítils háttar aths. á framfæri

og láta að öðru leyti nægja það sem ég sagði áðan.

Það kom fram hjá hæstv. heilbrrh., að hann undraðist það að ég skyldi standa að eða vera með hugmyndir um það að kljúfa út úr Vestfjarðakjördæmi stjórnunarlega séð einstök sveitarfélög varðandi heilbrigðismálin. Ég vil leggja á það áherslu í þessu sambandi, að ég lít svo á að það sé ekki nokkur leið hjá okkur, hvort sem það er á sviði heilbrigðismála eða skólamála, að draga skýr, ákveðin mörk þar sem menn kæmust í eina tíð að niðurstöðu varðandi kjördæmin, — skýr mörk sem ekki skuli yfir stigið, hvort heldur er t. d. í skólamálum eða í heilbrigðismálum. Ég sé t. d. ekki hvað sameiginlegt er hjá fulltrúum Bæjarhrepps í Strandasýslu og þeim, sem eru í Bolungarvík eða Ísafirði, varðandi yfirstjórn í heilbrigðismálum. Þær hugmyndir, sem ég minntist á áðan, eru allt aðrar varðandi þetta atriði. Ég skil það, að n. hefur komist að þeirri niðurstöðu að fylgja kjördæmamörkunum, en ég tel hins vegar að það sé ekki nokkur vegur að komast fram hjá því að líta á landfræðilegar aðstæður og þéttbýliskjarna til að mynda ákveðin þjónustusvæði, jafnvel þótt í stjórnmálalegu tilliti í pólitískum málum standi sveitarstjórnirnar saman um sínar málaleitanir. En það er annað mál sem við ekki ræðum hér hvernig hægt er að samhæfa slíka hluti.

Mér finnst það vera óglöggt enn þá í sambandi við það sem kom fram hjá hæstv. ráðh., þar sem hann sagði að sveitarfélag yrði aldrei þvingað til kostnaðarþátttöku í heilsugæslustöð í öðru sveitarfélagi. Er það í raun og veru svo, að það sveitarfélag eitt, þar sem heilsugæslustöðin er reist, sé skuldbundið til að standa undir rekstrarkostnaði og sínum hluta af byggingarkostnaði? Er það svo, að við komumst hjá því að gera ráð fyrir að sérhvert sveitarfélag sé skuldbundið til þess að eiga aðild að öllu leyti að ákveðinni heilsugæslustöð, jafnvel þótt um það semdist, eins og ég drap á áðan, að það yrði nokkuð misjafnt vægi eftir því hver fjarlægðin er. Ég held að það verði ekki komist hjá því og þess vegna hljóti sveitarfélag einhvers staðar að eiga að gegna þessum skyldum. (**Sjútvrh.**: Þegar sveitarfélag ákveður að byggja heilsugæslustöð, þá verður að liggja fyrir hjá því framlag á móti ríkisframlagi, og þá liggur fyrir, ef það eru fleiri en eitt sveitarfélag, samningur við fleiri sveitarfélög.) Já, þetta er einmitt í samræmi við það sem ég drap á hér áðan, að það væri ósk sveitarfélaganna í Austur-Barðastrandarsýslu að eiga aðild að heilsugæslustöðinni í Búðardal, og ég hygg að um það hafi verið gerður samningur. Ég hygg t. d. að sveitarstjórn Flateyjarhrepps sé reiðubúin til slíkrar samningagerðar við Stykkishólmshrepp, en ekki við Hólmavíkurhrepp. En samkv. lögum er gert ráð fyrir að í framtíðinni yrði þessu breytt og Flateyjarhreppur eigi að sækja til Hólmavíkur. Það var á þessi atriði sem ég vildi benda og taldi að allar sveitarstjórnir ættu að eiga aðild einhvers staðar að heilsugæslustöð.

Í öðru lagi verð ég að segja það, að ég mælti hér fyrir brtt. hv. 3. þm. Reykv., Vilborgar Harðardóttur, og ráðh. fór svolítið hörðum orðum um 3. brtt. og þá ekki síst að ég skyldi hafa almennt séð tekið undir þessar brtt., eins og ég gerði án þess að fara ofan í einstaka þætti þess, enda er ég ekki flm. að þeim. En mér finnst ekkert óeðlilegt út af fyrir sig, það verð ég að segja, þó að till., sem þarna koma fram af hálfu þessa stéttarfélags, séu nánast orðréttar í takt við þá stefnu sem mörkuð er í frv. með 10. gr. Það hefði þá verið alveg eins eðlilegt að í 10. gr. væri mörkuð sú stefna, að það skuli samið við BHM í þessu tilviki með þeirri undantekningu sem nú gildir. En ég get alveg tekið undir það með hæstv. ráðh. að ég tel mjög óeðlilegt að mál hafi þróast svo sem þau hafa gert varðandi samninga um kaup og kjör. En hitt hygg ég að sé aðalatriðið, hvernig sem þetta er orðað, að það komi þarna til ákveðinn launaflokkur. Ég geri ekki ráð fyrir því og mér er raunar tjáð að þetta hafi verið athugað og slíku fylgi mjög lítill aukinn kostnaður.

Ég hef satt að segja, eins og kom fram í ræðu hjá mér áðan, fjölmargt við þetta frv. að athuga. Mér hefur ekki unnist ráðrúm til þess að móta brtt., og sannleikurinn er sá, að þær mundu verða býsna margar og þar mundu að grundvallarhugmynd í sumum tilvikum vera á annan hátt en fram er sett í frv., þannig að til þess hefur ekki gefist tækifæri. Sú er ástæðan fyrir því, að ég hef ekki lagt inn á þá braut að flytja einstakar till., því að ég hef þá ekki vitað hvar staðar skyldi numið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 821, 822 og 823) og brtt. 783, sem var of seint útbýtt, samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 783,1 felld með 18:4 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 767,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 783,2-3 komu ekki til atkv.
8.—13. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 767,2 samþ. með 24 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
15.—18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 767,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 767,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
21.—26. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 767,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 821 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 767,6 samþ. með 25 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 822 felld með 22:3 atkv.
34.—40. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 823 samþ. með 21 shlj. atkv.

41. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
42.—43. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 783,4 samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 767,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Heyrnar og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 192 (sbr. 612)). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Hinn 4. mars 1977 skipaði ég n. sem hafði það hlutverk að gera till. um skipulegt samstarf háls-, nef- og heyrnardeildar Borgarspítalans, heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og félagsins Heyrnarhjálpar. Enn fremur var þessari n. falið að gera heildartillögur um framtíðarfyrirkomulag talmeina- og heyrnarþjónustu og skipulag heyrnarmálefna hér á landi. Í þessari n. áttu sæti tryggingayfirlæknir, Björn Önundarsonar, sem jafnframt var formaður n., Hallgrímur Sæmundsson yfirkennari, Stefán Skaftason yfirlæknir, Erlingur Þorsteinsson yfirlæknir og Birgir Á. Guðmundsson heyrnarfræðingur.

Þessi n. tók þegar til starfa og skilaði eftir tiltölulega skamman tíma heildartillögum um framtíðarfyrirkomulag talmeina- og heyrnarþjónustu og skipulag heyrnarmálefna í landinu. Að þessum tillögum fengnum var ákveðið í heilbr.- og trmrn. að útbúa frv. til l. um heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Frv. þetta er að mestu leyti byggt á till. þessarar n. En áður en að fullu var gengið frá frv., sem hér liggur fyrir, var það sent til umsagnar landlæknis og lýsti hann sig fyllilega samþykkan frv. og svo hafa reyndar allir þeir aðilar gert sem starfað hafa að þessum málum á undanförnum árum.

Það var álit rn., að ekki væri annað fært en að skipa fyrir um þessi mál með lögum bæði vegna þeirrar samræmingar, sem þeim er ætlað að hafa í för með sér, og þess kostnaðar, sem af þeim mun leiða, jafnvel þótt hann sé í dag að langmestu leyti greiddur úr ríkissjóði.

Eins og fram kemur í 2. gr. þessa frv. á sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins að greiða kostnað af lögum þessum eða 90% af rekstrarkostnaði, en sveitarfélögin 10%. Þessi stofnun á að heyra undir heilbr.- og trmrh. sem skipar henni sérstaka stjórn, sem er skipuð samkv. tilnefningum eins og segir í 4. gr. frv.

Ed. Alþ. gerði smávægilega breytingu á 6. gr. frv. Við var bætt að stofnunin skyldi hafa náið samstarf við háls-, nef- og heyrnardeild Borgarspítalans í Reykjavík, og henni er ætlað í framtíðinni að vera í hinni nýju stofnun við Borgarspítalann sem Ed. Alþ. taldi rétt að taka öll tvímæli af um, og bætti því við 6. gr. eins og hún liggur nú fyrir eftir afgreiðslu málsins í Ed. Frv. var þar samþykkt shlj. og um það var full samstaða í nefndinni.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, frv. (þskj. 603). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 791 (sbr. 447)). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Lög um vátryggingarstarfsemi voru sett á árinu 1973, en í ljós hefur komið að þörf var að endurskoða þessi lög því að ýmislegt hafði komið í ljós í sambandi við framkvæmd laganna sem gerði nauðsynlegt að endurskoðun færi fram. Frv., sem lagt var upprunalega fyrir Ed. og er komið hingað, er að stofni til byggt á ýmsum tillögum og ábendingum sem borist hafa um breytingar. Víða þurfti að breyta orðalagi eða efni, og kaflinn um vátryggingarfélög, sem starfandi voru þegar lögin frá 1973 tóku gildi, var orðinn óþarfur og úreltur, eins og fyrir fram var vitað að hann yrði, þegar föst skipan væri komin á starfsemi félaganna. Af þessum sökum var sá kostur valinn að flytja frv. til nýrra laga. Veigamestu till. bárust rn. á útmánuðum 1977 frá tryggingaeftirlitinu. Eins og við mátti búast hafði tryggingaeftirlitið að fenginni reynslu af framkvæmd laganna ýmislegt til málanna að leggja. Þá hafði rn. áður borist till. frá n. sem starfaði að endurskoðun á lögum þessum á vegum Sambands ísl. tryggingafélaga. Og loks hafði rn. bæði að eigin frumkvæði og eftir annarra ábendingum hugmyndir um tímabærar lagfæringar á lögunum.

Helstu breytingar frá gildandi lögum, sem í þessu frv. felast, eru að krafa um lágmarkshlutafé félags, sem sækir um leyfi til vátryggingarstarfsemi, er hækkuð úr 20 millj. í 50 millj. kr. og ekki gerður greinarmunur á líftryggingarfélagi og öðrum. Til líftryggingarfélaga voru áður gerðar lægri kröfur eða um 10 millj. kr. lágmark. Á svipaðan hátt eru kröfur um stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags, sem starfsleyfis óskar, hækkaðar úr 5 og 10 millj. í 35 millj. kr.

Í gildandi lögum er m. a. það skilyrði sett fyrir starfsleyfi erlends vátryggingarfélags, að það sanni að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en 10 millj. kr. en í frv. þessu er lagt til að lágmarkið verði hækkað í 25 millj. Þá eru sett ítarleg ákvæði um ávöxtun eigin trygg-

ingarsjóðs erlends vátryggingarfélags sem starfar hér á landi á sviði skaða- og endurtryggingar. Þessar reglur eru hliðstæðar þeim, sem eru í gildandi lögum um íslenskar vátryggingar.

Í nýrri grein er gerð krafa um skýrleika í nafni tryggingarfélaga svo og að umboðs- og sölumenn beri jafnan skilríki frá félaginu.

Þá er veigamikil breyting fólgin í þeirri till. rn. að fella niður 38. gr. núv. laga um tímabundna skipun til fjögurra ára í stjórn tryggingaeftirlitsins. Kostnaður við þessa stjórn eftirlitsins nam nákvæmlega 2 milljónum kr. sem nú sparast. Afleiðing af þessu verður sú, að stofnunin starfar áfram undir daglegri stjórn framkvæmdastjóra sem ráðh. skipar, eins og gildir um flestar aðrar ríkisstofnanir, eins og nánar er rakið í aths. um 38. gr. frv.

Í Ed. voru gerðar nokkrar breytingar á frv., eða nánar sagt koma 7 brtt. frá heilbr.- og trn. Flestar þessar brtt. fela í sér hækkun á upphæðum, bæði á hlutafé í vátryggingarfélögum og ýmsum öðrum greiðslum. Þær breytingar skýra sig sjálfar. En veigamesta breytingin, sem gerð var í Ed., var sú, að aðilar hér á landi, sem tryggja erlendis verðmæti, sem eru eign viðkomandi að einhverju eða öllu leyti, án milligöngu vátryggingarfélags sem starfsleyfi hefur samkv. íslenskum lögum, skuli sækja um leyfi til trmrh. sem að fenginni umsögn tryggingaeftirlitsins getur veitt slíkt leyfi til eins árs í senn, og þeir, sem samkv. leyfi trmrh. tryggja erlendis án milligöngu íslensks tryggingafélags, skulu árlega senda tryggingaeftirlitinu skýrslu um tryggingar sínar svo sem um væri að ræða íslenskt vátryggingarfélag. Þeir eru og gjaldskyldir til tryggingaeftirlitsins á sama hátt og íslensk tryggingafélög.

Þá gerði Ed. þá breytingu á 23. gr., að í nafni vátryggingar skal koma fram að félagið reki vátryggingarstarfsemi.

Þá var einnig breytt nokkuð 48. gr. á þann veg, að í n., eins og segir þar í greininni eiga sæti þrír menn, einn samkv. tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga eða viðkomandi vátryggingarfélags, hagstofustjóri, og er hann formaður n., og einn án tilnefningar. Ég tel að þessar breytingar, sem Ed. gerði á frv., séu allar til bóta og hafi verið sjálfsagt að gera þær breytingar. Þetta frv. var vandlega yfirfarið í Ed. Ég er mjög ánægður með þær breytingar sem gerðar voru þar, og legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 793). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Virðulegi forseti. Þetta frv. er einfalt að efni til. Það fjallar um hækkun vátryggingarfjárhæðar ökutækja og tilsvarandi hækkun á sjálfsábyrgð. Þessi breyting er talin eðlileg og nauðsynleg vegna verðlagsbreytinga, og þetta þarf, held ég, ekki skýringa við.

Í hv. Ed., sem frv. hefur gengið í gegnum, var gerð sú breyting á frv., að bætt var við 1. gr. þess heimild þess efnis, að dómsmrh. geti ákveðið hækkun vátryggingarfjárhæða að fengnu áliti tryggingaráðs í samræmi við verðlagsbreytingar, og er sjálfsagt hugsunin með þeirri breytingu sú að spara Alþingi tíma, þannig að það þurfi ekki alltaf að fara með það til Alþingis ef þarf að gera breytingar á þessu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta einfalda frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sáttastörf í vinnudeilum, frv. (þskj. 758 (sbr. 604)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Þjónustustofnanir, frv. (þskj. 719). — 1. umr.

Kristján Ármannsson: Virðulegi forseti. Frv. það, sem ég hef lagt hér fram á þskj. 719 ásamt hv. þm. Ólafi Óskarssyni, Stefáni Valgeirssyni, Lárusi Jónssyni, Pálma Jónssyni og Páli Péturssyni, flytjum við að beiðni Áskels Einarssonar framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Norðlendinga, en hann hefur fyrir sína hönd og annarra framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga farið þess á leit, að frv. þetta verði flutt hér á hv. Alþ. Við flm. teljum eðlilegt að verða við þeirri beiðni, en áskiljum okkur allan rétt til afstöðu til frv. í heild og til einstakra ákvæða þess.

1. gr. frv. hljóðar svo: „Þjónustustofnun er samstarfsstofnun um húsnæðisafnot, um nýtingu tækja og búnaðar og um aðstoðarþjónustu til að efla nauðsynlega þjónustustarfsemi með samstarfi innan sömu stofnunar.

2. gr. Þjónustustofnun skal jafnan að vera að meiri hluta í eigu ríkis og sveitarfélaga eða aðila þeirra.

Heimilt er þó, að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og félmrh., að sjálfseignarstofnun eða þjónustuaðili, sem annast þjónustu við almenning innan ramma sérstakra laga, sé eigandi að meiri hluta í þjónustustofnun.

Starfsaðstöðu fyrir stjórnsýslustarfsemi á vegum sveitarfélaga eða sveitarfélagasamtaka má telja þjónustustofnun og nýtur réttar samkv. þessum lögum.

3. gr. Telji sveitarstjórn eða samtök sveitarfélaga nauðsynlegt að komið verði á stofn þjónustustofnun, skal leitað samstarfs við þá aðila, sem vegna starfsemi sinnar koma til greina um þátttöku,

Framkvæmdastofnun ríkisins skal gera könnun á þörf fyrir þjónustustofnun, sé þess óskað af sveitarstjórn eða samtökum sveitarfélaga, sem miðist við staðarval í þéttbýlisstað eða í stærri bæjarhluta.

Við undirbúning og stofnun þjónustustofnunar skal kannað, hvort á vegum ríkisins sé fyrir hendi heppileg starfsaðstaða fyrir þjónustustofnun og hvort ekki sé hagkvæmt að samræma framtíðarhúsnæðisþörf ríkisaðila uppbyggingu þjónustustofnunar.

Framkvæmdastofnun ríkisins gerir áætlun til 10 ára um þróun opinberrar þjónustu og almennrar þjónustustarfsemi á starfssvæði þjónustustofnunar. Við áætlunargerðina skal leitað eftir framtíðaráformum þjónustuaðila á áætlunartímabilinu.

Framkvæmdastofnunin skal leggja mat á það, hvort sé þörf þjónustustofnunar. Skal hún gera till. um skiptingu eignaraðildar að þjónustustofnun.

Komi í ljós að dómi Framkvæmdastofnunar ríkisins, að þörf er fyrir þjónustustofnun á svæði, þar sem ekki er fjárhagslegur grundvöllur fyrir starfsemi hennar, skal félmrn. kanna í samráði við heimaaðila leiðir til þess að koma upp þjónustustofnun. Heimilt er að veita fjárframlög úr Byggðasjóði í þessu skyni og styrki úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í fjárlögum.

4. gr. Nú ákveða tveir eða fleiri aðilar að stofna félag um þjónustustofnun og skulu þeir gera með sér stofnsamning.

Í stofnsamningi skal kveðið á um eignaraðild, atkvæðisrétt á eigendafundum, stjórnarfyrirkomulag og reikningshald. Framlag eignaraðila að eigin fé skal a. m. k. vera 25% af stofnkostnaði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum sameignarfélags um þjónustustofnun. Hann kýs stjórn félagsins, endurskoðendur reikninga og úrskurðar ársreikninga.

Stjórn félagsins fer með málefni þess milli aðalfunda.

Óheimilt er að veðsetja eignarhlut í þjónustustofnun, nema með samþykki stjórnar.

Skylt er stjórn félagsins að boða til eigendafunda, ef eigendur ⅓ eignarhluta óska þess.

5. gr. Sameignaraðili getur hætt starfsemi í þjónustustofnun. Sveitarfélagsaðilar, síðan ríkisaðilar skulu hafa forkaupsrétt að eignarhlut. Að þeim frágengnum getur aðalfundur ráðstafað eignarhlut til annarra eigenda eða nýrra aðila. Ef ekki semst um verð á eignarhluta þess er gengur úr, skal verð hans ákvarðast að mati tveggja óvilhallra dómkvaddra manna. Heimilt er sameignarfélagi um þjónustustofnun að leysa til sín eignarhlut.

6. gr. Stofnfundur sameignarfélags um þjónustustofnun setur henni samþykkt um stjórn og starfshætti, sem tekur gildi með staðfestingu félmrh. Samþykkt eigenda félags má aðeins breyta á aðalfundum með ⅔ atkv.

Sé þjónustustofnun í eigu eins aðila skal hann setja henni samþykkt, sem tekur gildi með staðfestingu ráðh.

7. gr. Í samþykkt skulu vera ákvæði um, hvers konar starfræksla sé við hæfi í þeirri þjónustustofnun, sem samþykktin nær til.

Eigandi (stjórn sameignarfélags) ákveður endurgjald fyrir húsnæðisafnot og aðra starfsaðstöðu eftir því sem nánar er kveðið á í samþykkt. Setja má það skilyrði fyrir starfsaðstöðu í þjónustustofnun, að starfsaðili greiði leigu fyrir fram a. m. k. til 5 ára í samræmi við leigusamning.

Nú kemur í ljós, að starfsaðili hlítir ekki samþykkt þjónustustofnunar og starfsreglum eða nýtir ekki starfsaðstöðu í samræmi við settar reglur, og er þá heimilt að víkja honum úr stofnuninni.

Verði ágreiningur um starfsréttindi er heimilt að skjóta ágreiningi til félmrh., sem sker úr.

Óheimilt er að framselja húsnæðisafnot og starfsaðstöðu við þjónustustofnun.

8. gr. Starfræksla þjónustustofnunar er m. a. samrekstur húsnæðis, ýmiss konar búnaðar, samnot af fundaaðstöðu og skjalageymslu, ásamt rekstri þjónustudeildar.

Þjónustudeild annast sameiginlega forsvarsþjónustu fyrir stofnunina, svo sem upplýsingaþjónustu, símavörslu, umsjón með rekstri sameiginlegra tækja og búnaðar, skjalavörslu, ljósritun, fjölritun, vélritun og aðra skrifstofuþjónustu eftir nánari reglum samkv. sérstökum samningum við starfsaðila í þjónustustofnun.

Þjónustudeild er heimilt að taka að sér verkefni fyrir aðila utan stofnunarinnar, eftir því sem nánar er ákveðið í starfsreglum.

Heimilt er að veita aðila húsnæðisafnot við þjónustustofnun, sem gert hefur samning við þjónustudeild, að hún annist störf fyrir hann.

Fela má samstarfsnefnd starfsaðila daglegan rekstur stofnunarinnar eða einstakra deilda hennar með sérstökum samningi. Sama gildir um einstaka starfsaðila eða aðila utan stofnunarinnar.

9. gr. Ríkisstj. skal leita samninga við lánastofnanir um stofnlánafyrirgreiðslu vegna uppbyggingar þjónustustofnana, með sama hætti og um lánsfjármagn til framkvæmda á vegum sveitarfélaga.

Heimilt er ríkisstj. að fela Lánasjóði sveitarfélaga og Byggðasjóði að vera stofnlánasjóðir fyrir þjónustustofnanir.

10. gr. Félmrh. setur reglugerð samkv. þessum lögum, eftir því sem þörf krefur.

11. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Eins og ég sagði í upphafi flytjum við þetta frv. og því fylgir alllöng grg. Við flytjum þetta algerlega óbreytt frá hendi höfunda, og eins og segir í upphafi grg. og ég sagði reyndar áðan er það Áskell Einarsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga sem hefur fyrir sína hönd og annarra framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga farið þess á leit, að frv. þetta verði flutt á Alþ. Við sem sagt teljum rétt og eðlilegt að verða við þeirri beiðni, en áskiljum okkur allan rétt til afstöðu til frv. í heild og einstakra ákvæða þess.

Meginmál grg.-höfundar ætla ég að leyfa mér að lesa hér á eftir. Það skiptist í eina 3—4 kafla.

I. kafli grg. nefnist: „Er þörf þjónustustofnana?“

„Fyrir fáum árum gekkst Fjórðungssamband Norðlendinga fyrir könnun á þjónustustarfsemi á Norðurlandi. Niðurstöður voru þær, að víða skorti mikið á að til staðar sé í minni þéttbýlisstöðum allra nauðsynlegasta þjónusta á sviði stjórnsýslu og algengasta þjónustustarfsemi við almenning. Kemur þar einkum tvennt til, að þjónustumarkaðurinn er svo lítill, að ekki er grundvöllur fyrir eðlilegum rekstri einstakra starfsgreina, og ekki er fyrir hendi hentugt húsnæði. Með skírskotun til þessa er leitað að úrræðum til þess að gera hinum mörgu þjónustu- og stjórnsýsluaðilum kleift að dreifa starfinu með hagkvæmum hætti. Víða hefur komið fram áhugi fyrir því að byggja upp húsnæðisaðstöðu ásamt starfsaðstöðu, svo að ólíkar þjónustugreinar geti stutt hvor aðra með samstarfi innan sömu stofnunar, svo og að skapa skilyrði fyrir skrifstofuþjónustu fyrir smærri aðila.

Þessar stofnanir eru ýmist nefndar stjórnsýslumiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar eða þjónustustofnanir, eins og hér er gert. Þessar stofnanir eiga að láta í té húsnæðisaðstöðu og aðra starfsaðstöðu fyrir stjórnsýslu- og þjónustustarfsemi, sem ásamt félags- og atvinnuaðilum hafa veruleg viðskipti við almenning. Stofnunin annast þjónustu við einstaka aðila með sameiginlegri þjónustudeild, sem hefur skrifstofu- og upplýsingaþjónustu. Þannig er hægt með samstarfi og samræmingu á milli einstakra aðila að ná hagkvæmni í rekstri og gera mögulegt að margir aðilar geti notið sameiginlegrar þjónustu, sem þeim er um megn að reka hverjum fyrir sig. Með þessum hætti má auka þjónustuframboð heima fyrir og draga úr kostnaði við að sækja sömu þjónustu í burtu. Þjónustustofnanir gera aðilum kleift að stunda tímabundna þjónustu fyrir svæðið og að fá um stundarsakir aðstöðu í stofnuninni. Þetta getur í senn orðið vísir að nýrri þjónustu við svæðið og sparar ómældan kostnað fyrir heimaaðila.

Þjónustustofnanir hafa mjög verulega þýðingu fyrir atvinnuval víða um landið. Sama má reyndar segja um atvinnudreifingu milli bæjarhluta í stærri kaupstöðum. Þess konar stofnanir staðsettar miðsvæðis í bæjarhluta eru til mikils hagræðis út um land, er til mikils hagræðis fyrir íbúana, og ekki síst þá sem láta þjónustuna af hendi. Víða í þéttbýlisstöðum úti um land mundu þjónustustofnanir verða eins konar ráðhús staðarins, sem ætti að setja svip á staðinn og knýja á um raunhæft miðkjarnaskipulag með framtíðarsjónarmið í huga.

Áætlanagerð um þjónustustofnanir: Fyrir frumkvæði Fjórðungssamband Norðlendinga hefur áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins unnið frumdrög að áætlun um þörf fyrir þjónustustofnanir á Norðurlandi. Ekki hefur tekist að ljúka þessu verki enn. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir að Framkvæmdastofnun ríkisins annist þess konar áætlunargerð.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir því, að sama gerð þjónustustofnunar hentar ekki alls staðar á landinu. Þær hugmyndir að skipta landinu fyrir fram í þjónustusvæði, þar sem uppbygging þjónustustofnana grundvallast á svæðisskiptingu, geta reynst varhugaverðar fyrir starfsemi þeirra. Sú kenning að byggja upp eina þjónustustofnun fyrir landshluta eða landsfjórðung munu reynast varasöm í reynd og getur valdið búseturöskun. Í áætlanagerð um þjónustustofnanir verður að gæta þess, að starfsemin sé miðuð við þörf þess fólks, sem með eðlilegum hætti mundi sækja þjónustu til hennar. Þetta útilokar ekki að þjónustustofnun geti þjónað í sumum efnum landshluta ásamt næsta þjónustusvæði, ef þetta fer saman með eðlilegum hætti. Hér verður reynslan að skera úr um hvernig best skuli hagað fyrirkomulagi.

Þjónustustofnanir eiga hliðstæður á öðrum sviðum: Með lögum um félagsheimili, og með fjármagni af skemmtanaskatti til uppbyggingar félagsheimila, var stigið eitt merkasta spor í þá átt að færa landsbyggðina inn í nútímann um aðstöður til skemmtana- og félagslífs. Félagsheimilin eru gott dæmi um félags- og menningarstofnanir, þar sem tekst með samvinnu um húsnæðisafnot og starfsaðstöðu að tryggja almenna félags- og menningarstarfsemi, auk þess að gera einstökum félögum og hópum kleift að stunda starfsemi sína sérstaklega sem ekki eru skilyrði til, nema með samstarfi innan sömu stofnunar. Ekki er vafamál, að sú aðstaða, sem félagsheimilin hafa látið í té, hefur átt veigamikinn þátt í því að bæta búsetuskilyrði úti um dreifðar byggðir.

Víðs vegar um landið hafa verið reistar heilsugæslustöðvar, sem eru í senn samstarfsvettvangur lækna og heilbrigðisstétta annars vegar og hins vegar samstarfsstofnanir ríkis og sveitarfélaga um að samhæfa ólíkar greinar og dreifa þeim um leið út um landið. Það samstarf ólíkra sérhæfðra aðila, sem á sér stað innan heilsugæslustöðvanna, ásamt samnotum af sameiginlegri aðstoðarþjónustu, er mjög hliðstætt því, sem fyrirhugað er í þjónustustofnun.

Þetta sýnir að samstarf innan þjónustustofnunar á sér hliðstæður í því starfi, sem þegar á sér stað á Íslandi. Í hinu frjálsa athafnalífi á svona samstarf sér hliðstæðu t. d. með samvinnustofnun heildverslana í Sundagörðum í Reykjavík. Segja má að verslunarmiðstöðvar, þar sem margar verslanir starfa saman með sérgreindu vöruvali undir sama þaki, séu hliðstæður á sviði smásöluverslunar. Uppi hafa verið hugmyndir um að koma upp iðngörðum, þar sem hugsuð er samvinna um húsnæðisafnot og aðra sameiginlega starfsemi. Allt er þetta af sömu rót og hugmynd um þjónustustofnanir.

Meginmarkmið er að skapa þjónustumarkað á einum stað, er fullnægi sem mestri eftirspurn á sem hagkvæmasta hátt fyrir alla aðila. Frv. þetta stefnir að því, að löggjafinn setji nánari ákvæði um þessi mál, þannig að á sviði þjónustustarfsemi verið hliðstæð þjónustuþróun og í heilbrigðisþjónustu úti um landið og í stærri bæjarhverfum. Þetta verður best gert með eðlilegum stofnfjárfyrirgreiðslum.

Uppbygging þjónustustofnana er staðreynd: Víða um landið er hafinn undirbúningur að byggingu svonefndra bæjarhúsa, þ. e. húsnæðis á vegum sveitarfélags, þar sem til húsa eru skrif-

stofur þess og þjónustudeildir, t. d. slökkvistöð og e. t. v. aðstaða fyrir lögreglu. Staðreyndin er sú, að sveitarfélögin hafa ekki átt aðgang að fjármagni til þessa verkefnis. Lánasjóður sveitarfélaga og Byggðasjóður hafa verið ófáanlegir til að lána sveitarfélögum til að koma upp stjórnsýslu- og þjónustuhúsnæði. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er þetta þjónustuhúsnæði viðurkennt sem þjónustustofnanir og ætlast til að Lánasjóður sveitarfélaga og Byggðasjóður láni til þessa verkefnis.

Mjög víða hagar svo til, að stjórnsýsluhúsnæði sveitarfélaga er staðsett í kjarna þéttbýlisstaðar og er staðsett við aðalsamgönguleiðir. Því er hagkvæmast að stækka það húsnæði, sem fyrir er, og koma upp við hlið á starfsemi sveitarfélags aðstöðu fyrir þjónustuaðila, þ. e. þjónustustofnun. Sveitarfélagið gæti veitt sameiginlega þjónustu eða hlutast til um að hún verði látin í té. Þannig má skapa aðstöðu fyrir farandþjónustu sérhæfðra þjónustuaðila og koma á fót almennri skrifstofuþjónustu fyrir þá aðila, sem þurfa að einhverju leyti á slíkri þjónustu að halda.

Sums staðar hafa sveitarfélögin haldið það myndarlega á hlutunum, að þau hafa byggt yfir stjórnsýsluþjónustu ríkisins í byggðarlögum, t. d. í Bolungarvík og á Höfn í Hornafirði. Á báðum þessum stöðum setja þessi stjórnþjónustuhús svip á staðina. Eðlilegt er að ríkið og sveitarfélag standi saman að þess konar byggingum sem væru jafnframt að hluta til almenn þjónustustofnun við almenning á sviði annarrar þjónustu. Á Ísafirði er unnið að undirbúningi þjónustustofnunar, sem í senn er miðuð við heimaþarfir á Ísafirði og Vestfirði í heild. Stefnt er að því að í einni og sömu byggingu verði til staðar flestar deildir opinberrar stjórnsýslu á Ísafirði, ásamt bankastarfsemi, auk sveitarfélagsins. Á Seyðisfirði er mál þetta í athugun á líkum grundvelli. Á Húsavík er í athugun að stækka núverandi skrifstofuhúsnæði bæjarins, og til athugunar er að tryggja til viðbótar sambyggt húsnæði, verði um þjónustustofnun að ræða, í samstarfi við sýslumannsembættið. Á Kópaskeri er í athugun bygging þjónustustofnunar með aðild sýslubókasafns, hreppsfélags, tryggingafélags og bankaútibús. Sums staðar hefur verið rætt um héraðsþjónustustofnun eða þjónustustofnun fyrir afmörkuð svæði. Á Dalvík er hafin bygging sérstakrar þjónustustofnunar, þar sem gert er ráð fyrir verulegu þjónustusamstarfi á milli aðila. Í stofnuninni á að vera sparisjóður, bæjarskrifstofa, bókhaldsskrifstofa og bæjarfógetaskrifstofa. Auk þess verði þar skrifstofuaðstaða fyrir félagasamtök og atvinnufyrirtæki auk fundaaðstöðu. Reiknað er með að stofnunin reki sameiginlega þjónustudeild, sem annist símavörslu, skrifstofuþjónustu og skjalavörslu, sem starfi í tengslum við einhvern rekstraraðila í stofnuninni. Þetta sýnir á augljósan hátt, að uppbygging þjónustustofnana er aðkallandi málefni, sem krefst eðlilegrar fyrirgreiðslu.

Skipulag og þjónustuhlutverk: Það er staðreynd, að þjónustustarfsemi og viðskipti eru að verða stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Á tímabilinu 1963—1975 hafa þjónustugreinarnar dregið til sín 59.5% allrar mannaflaaukningar í landinu. Það veltur því á miklu fyrir þjóðarbúið, hvar þetta vinnuafl sest að í þjóðfélaginu og gætt sé hagkvæmni í staðarvali þjónustustarfseminnar.

Með þjónustustofnunum er kerfi kjörmarkaðanna fært yfir í þjónustustarfsemi með því að færa saman ólíka starfsþætti á einn stað við hæfi markaðarins og færa þjónustuna nær búsetu fólksins. Til þess að svo verði þarf fjármagn og framtak. Ríki og sveitarfélög eru leiðandi aðilar í þjónustustarfsemi og því er ekki að vænta forgangs einkaaðila á þessu sviði. Hér þarf að koma til heimaframtak sveitarfélaganna, sem verða að gæta hagsmuna borgaranna í dreifðri byggð og gæta skynsamlegs mótvægis á milli bæjarhluta. Krafa nútímans er að fólk búi við þjónustujafnrétti í þjóðfélaginu, hvort heldur menn búa í dreifbýli eða í stærri úthverfum, sem eru jafnfjölmenn heilum landshlutum. Skipulag og hlutverk þjónustustofnana eiga að miðast við þetta. Uppbygging þjónustustofnana er ekkert sérmál dreifbýlisins, heldur einnig hagsmunamál stóru hverfanna í Reykjavík og í stærri kaupstöðum.

Samræmi á milli framleiðslu- og þjónustusvæða: Það er staðreynd, að þrátt fyrir hraða uppbyggingu sjávarútvegsgreina víðs vegar um landið mun fólkinu ekki fjölga þegar til lengdar lætur, í sjávarþorpum, nema þar verði efldur iðnaður og þá einkum þjónustustarfsemi. Það er að verða ljóst, að sú vaxandi skipting þjóðarinnar í framleiðslusvæði annars vegar og þjónustusvæði hins vegar muni hafa vond áhrif á atvinnuþróun Reykjavíkur, þegar til lengdar lætur. Þetta sýnir að mönnum er að verða ljóst, að landið verður ekki setið með góðum hætti, nema aukið jafnvægi náist á þessu sviði milli landshluta.

Á tímabilinu 1963—1975 fóru 90.4% af viðbótarmannafla í Reykjavík í þjónustugreinar. Öllum er ljóst, að þessi þróun er ekki heppileg fyrir Reykjavík eða landið í heild. Mannafli í viðskiptum jókst á þessu tímabili um 53.2%. Um ⅔ af þessu nýja vinnuafli settust að í Reykjavík. Opinber þjónusta hefur dregið til sín 31.4% af nýju vinnuafli í landinu 1963—1975, og 44% af þeim er leituðu eftir vinnu í Reykjavík fóru í þessar greinar. Í hlut Reykjavíkur kom 67.5% af vinnuaflsaukningu í þjónustustarfsemi einkaaðila á þessu tímabili. Þessar tölur sýna, svo ekki verður um villst, að þróun þessa tímabils er ekki heppileg, hvorki fyrir áframhaldandi þróun Reykjavíkur né almenna byggðaþróun í landinu. Það er nauðsynlegt, að með opinberum aðgerðum sé stefnt að eðlilegu samræmi á milli byggðarlaga til að ná þjóðhagslegu jafnvægi á milli framleiðslu- og þjónustustarfsemi í samræmi við búsetu.

Nauðsyn lagasetningar um þjónustustofnanir: Það er orðið aðkallandi, að þjónustustarfsemi sé viðurkennd sem atvinnuvegur í þjóðfélaginu, en ekki látin þróast skipulagslaust. Þess vegna er brýn nauðsyn, að sett séu rammalög um þjónustustofnanir og tryggt verði til þeirra stofnfjármagn. Þetta er byggðamál allrar þjóðarinnar, þar sem byggð stendur með byggð til að jafna aðstöðuna í landinu.“

Þá hef ég lokið lestri þessarar grg. höfundar,

en síðan eru stuttar aths. sem höfundur hefur gert um einstakar greinar, sem ég ætla svo að leyfa mér að lesa:

„Um 1. gr. Hér er skýrt kveðið á um að þjónustustofnun eigi að vera samstarfsstofnun ekki aðeins um húsnæði, heldur einnig um notkun tækja og búnaðar. Með aðstoðarþjónustu er átt við skrifstofuþjónustu og aðra aðstoð við fleiri aðila í þjónustustofnun, sem væri hluti af rekstri stofnunarinnar.

Um 2. gr. Gengið er út frá þeirri meginreglu, að sveitarfélög, samtök þeirra, ríkissjóður eða aðilar á vegum ríkisins hafi meirihlutaumráð í þjónustustofnun. Þetta er mjög í samræmi við þær hugmyndir, sem eru uppi um byggingu þjónustustofnana. Eftir atvikum þykir eðlilegt að hálfopinberir aðilar, eins og bankar og sparisjóðir, geti verið aðaleigendur að þjónustustofnun. Víða hagar svo til, að starfsemi viðkomandi sveitarfélags er eins konar allsherjarmiðstöð í byggðarlagi og því ekki óeðlilegt að þjónustuaðstaða sveitarfélags teljist vera þjónustustofnun staðarins.

Um 3. gr. Reiknað er með því sem almennri reglu að sveitarstjórnir eða samtök þeirra hafi frumkvæði um uppbyggingu þjónustustofnana. Því er talið nauðsynlegt, að sú skylda sé samkv. lögum að gefa öllum þeim kost á að taka þátt í undirbúningi, sem fást við þjónustustarfsemi.

Sú meginstefna er mörkuð, að Framkvæmdastofnun ríkisins geri könnun á því hvort þörf sé fyrir þjónustustofnun, og enn fremur sé gert ráð fyrir staðarvali í þéttbýlisstað eða í stærri bæjarhluta. Hér er gert ráð fyrir að þjónustustofnanir geti átt rétt á sér í stærri úthverfum Reykjavíkurborgar og hinna stærri kaupstaða. Sýnilegt er að þjónustustofnanir hafa ekki síður hlutverki að gegna á þessum vettvangi en í smærra þéttbýli. Það verður að vera í lögum, að ríkisvaldið sé ekki að pukrast sér með uppbyggingu á þjónustuhúsnæði á meðan viðkomandi heimaaðilar eru að byggja upp þjónustustofnun. Hér er að vísu ábendingarákvæði, sem ætti að tryggja eðlilegt samstarf. Mjög nauðsynlegt er, að gerð sé í sambandi við uppbyggingu þjónustustofnunar áætlun til 10 ára um þá starfsemi, sem telst í verksviði hennar. Slík áætlanagerð hlýtur að krefja opinbera aðila og einkaframtak um að gera grein fyrir framtíðaráformum, t. d. stofnanatilfærslu í landinu. Ljóst er að í sumum tilvikum er ekki fjárhagsgrundvöllur fyrir rekstri þjónustustofnana, þótt þær séu sérstaklega nauðsynlegar, þar sem framboð á þjónustu er lítið og langt að sækja afgreiðslu hjá hinu opinbera kerfi. Frá byggðasjónarmiði er nauðsynlegt að í slíkum tilvikum verði veitt aðstoð úr Byggðasjóði eða með beinum styrkjum úr ríkissjóði, sérstaklega þegar hlut á að máli húsnæðisþörf, sem að öðrum þræði er fyrir starfsemi ríkisins.

Um 4. gr. Í þessari grein eru almenn ákvæði um stofnun sameignarfélags í þjónustustofnun. Gert er ráð fyrir að eignarhluti verði ekki lægri en 25% stofnkostnaðar. Nauðsynlegt er að setja almennar hömlur á veðsetningu eignarhluta.

Um 5. gr. Ákvæði til að tryggja að eignarhluti í þjónustustofnun gangi ekki kaupum og sölum á frjálsum markaði, svo að tryggt sé að þeir aðilar fái aðstöðu í stofnuninni, sem starfa á vettvangi hennar.

Um 6. gr. Eðilegt er að sett sé sérstök samþykkt um stjórn og starfshætti hverrar þjónustustofnunar, þar sem rekstur þeirra og eignarfyrirkomulag geta verið frábrugðin.

Um 7. gr. Gert er ráð fyrir að bæði eigendur og aðrir notendur þjónustustofnunar séu leigjendur hennar og greiði fyrir leiguafnot í samræmi við samþykkt stofnunarinnar og nánari ákvörðun stjórnar og umráðaaðila. Nauðsynlegt er að til staðar sé skýlaus heimild um fyrirframgreiðslu á leigu, þar sem sú tekjuöflun verður happadrjúg við greiðslu á stofnkostnaði. Sjálfsagt er að fyrir hendi séu skýlaus ákvæði um, að ekki megi framselja leigurétt, og heimild til að víkja aðila úr stofnuninni, sem brýtur reglur hennar. Eðlilegt er að skjóta megi ágreiningi um þetta efni til ráðherra.

Um 8. gr. Þessi grein skýrir, hver séu verkefni samrekstrar um þjónustustofnun, og greinir hlutverk þjónustudeildar. Gert er ráð fyrir þeim möguleika, að samstarfsnefnd reki þjónustustofnun. Þetta getur verið sérstaklega heppilegt að því er varðar rekstur þjónustudeildar, sem í senn annast störf fyrir almenning og aðila innan stofnunar.

Um 9. gr. Lögð er sú kvöð á ríkisstj. að tryggja við lánsfjáráætlun hverju sinni stofnlán til þjónustustofnunar með sama hætti og nú gildir með stofnlánafyrirgreiðslu vegna framkvæmda á vegum sveitarfélaga. Stefnt er að því, að Lánasjóður sveitarfélaga, ásamt byggðasjóði, veiti stofnlán til byggingar þjónustustofnana.“

Um 10. gr. segir: „Þarfnast ekki skýringar.“ 11. gr. „skýrir sig sjálf“.

Þá hef ég, virðulegi forseti, lokið að gera grein fyrir frv. þessu, grg. og aths., sem eins og áður kom fram er hér flutt orðrétt eins og það kemur frá höfundum. Flm. áskilja sér allan rétt um afstöðu til frv. í heild og til einstakra ákvæða þess. En áður en ég lýk máli mínu vil ég fara nokkrum orðum um hugmyndina og nauðsyn á flutningi frv. sem gengur í þessa átt.

Ég vil taka það fram, að mér er það sérstök ánægja að verða við beiðni um að verða 1. flm. frv. þessa. Mér er það sérstök ánægja þar sem þessi hugmynd, sem hér liggur að baki, hefur verið mér allhugleikin og ég hef allmikið um hugmyndina hugsað og fjallað í minni heimabyggð, þar sem einmitt hagar svo til, að opinber þjónusta er — ég held ég verði að segja: vægast sagt í lágmarki. Það eina, sem við sjáum í því efni ofan jarðar a. m. k., er læknisbústaður sem á engan hátt þjónar kröfum tímans, — læknisbústaður sem raunar varð að tveim í jarðskjálfta fyrir tveim árum, en við höfum nú tjaslað saman í einn aftur, en nær ekki sínum tilgangi lengur nema að mjög takmörkuðu leyti. Þetta er það eina sem má sjá af byggingarframkvæmdum og flokka undir opinbera þjónustu í minni heimabyggð. Skammt utan kauptúnsins er barnaskóli sem er að halda upp á hálfrar aldar afmæli sitt um þessar mundir, og þær hugmyndir, sem mér finnst í raun og veru lýsa sér í þessu frv., hafa verið uppi um nokkurt skeið í minni heimabyggð. Þær hafa e. t. v. náð nokkuð út fyrir ramma þess frv. sem hér er gert ráð fyrir, en þar er

verið að reyna í sama húsnæði eða skipulagsheild að tengja sem flestar þarfir lítils samfélags eins og okkar á þessu þjónustusviði. En þarfir lítils samfélags eru óneitanlega þær sömu og þeirra sem stærri eru, þó verr gangi að uppfylla þær á smærri stöðum. En á Kópaskeri hefur verið gert frumskipulag að slíkum þjónustukjarna, þar sem gert er ráð fyrir m. a. eftirfarandi, auk þess sem kom fram í grg. höfunda áðan, en það er sýslubókasafn og bankaútibú, tryggingarfélag og aðstaða fyrir skrifstofur og stjórnsýslu hreppsins. En auk þess er í þessu frumskipulagi okkar gert ráð fyrir barnaskóla, félagsheimili, íþróttaaðstöðu, íþróttahúsi, dagheimili, heilsugæslustöð, þjónustu frá sýslumanni, verslunarþjónustu og ég man nú ekki fleira upp að telja. Margt af þessu, sem ég hef hér upp talið, held ég að megi með einum eða öðrum hætti tengja saman, ekki í endilega sama húsnæði nema þar sem það á við, en þetta megi með einum eða öðrum hætti tengja saman og spara ekki aðeins í stofnkostnaði, þar sem það á við, heldur einnig í ýmsum svokölluðum föstum og breytilegum rekstrarkostnaði. Ég er ekki með þessu að segja að við séum svo stórhuga þarna fyrir norðan að ætla okkur að ráðast í þetta allt í einu, heldur teljum við nauðsynlegt að gert sé í upphafi ráð fyrir þeim hlutum sem geta með einhverjum hætti átt samleið.

Mér er ekki grunlaust um það, að víða og einkum í smærri þéttbýlisstöðum úti um land hafi nokkuð skort á um skipulagsgerð. Ég held að margir kannist við það, að það hafi verið hugsað um að hafa eitthvað til af íbúðarhúsalóðum til úthlutunar og síðan þjónustuhúsnæði, atvinnuhúsnæði og öðru þess háttar þá skellt niður þegar það hefur borið að, ef svo má segja. Hins vegar mun þetta standa mjög til bóta víða. En ég tel sem sagt að þetta frv. eða réttara sagt kannske hugmyndin að því stuðli enn frekar að skilningi manna á nauðsyn á skipulagi og nauðsyn á vönduðum vinnubrögðum í því sambandi. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. ræðumann að gera hlé á ræðu sinni, því að hv. þdm. aðrir eru nú tímabundnir og bíða eftir að fram geti farið atkvgr. um önnur mál, en hv. þm. getur fengið orðið að atkvgr. loknum og lokið þá ræðu sinni.) Það er aðeins örstutt eftir, en ég skal mjög gjarnan gera það. — [Frh.]

Umr. frestað.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frv. (þskj. 605, n. 795). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Frv. þetta er um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur. Frv. er samið af n. sem hæstv. landbrh. skipaði til að endurskoða lög nr. 32 frá 1968, um *eftirlit með framleiðslu og verslun á fóðurvörum*, og fella inn í þau ákvæði um eftirlit með áburði og sáðvörum. Búnaðarþing fjallaði um þetta frv. á síðasta Búnaðarþingi og gerði við það nokkrar brtt. sem að mestu leyti voru teknar til greina þegar gengið var frá þessu frv.

Landbn. fjallaði um þetta mál og var sammála um að mæla með samþykkt þess með einni breytingu, þ. e. a. s. að 1. mgr. 12. gr. falli niður, en þessi grein er þannig, með leyfi forseta: „Óheimilt er að versla með fóðurvörur og sáðvörur nema með leyfi landbrn.“ En í 6. gr. eru ýmsar heimildir, þannig að rn. hefur þar heimildir til að stjórna þessum málum alveg, svo að okkur virtist þetta vera alger óþarfi og óvenjulegt.

Einn nm., hv. þm. Benedikt Gröndal, skrifaði undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 795 samþ. með 21 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
20.—22. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
25.—29. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 90. fundur.

Laugardaginn 29. apríl, að loknum 89. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 824). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frv. (þskj. 825 (sbr. 605)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Þjónustustofnanir, frv. (þskj. 719). — Frh. 1. umr.

Flm. (Kristján Ármannsson) [frh.]: Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengi enn þá, enda vakir ekki nein ríkisstj.-hraðlest fyrir þessu frv. okkar, við getum tekið því rólega þess vegna. En ég var kominn að lokaorðum mínum. Ég var að leggja áherslu á það, að mér fyndist að í þessu frv. eða hugmyndum að því væri knúið

á ýmsa jákvæða hluti og nefndi m. a. skipulagsmál í því sambandi og einkum hjá hinum smærri sveitarfélögum. Ég vil einnig vekja sérstaka athygli á því, að þær hugmyndir, sem koma fram í þessu frv., gera ekki ráð fyrir, eins og kom fram í grg. höfundar, samsöfnun opinberrar þjónustu t. d. fyrir hvern landsfjórðung eða þess háttar. Þó er það eigi að síður að á engan hátt útilokað að nokkur sveitarfélög og fjórðungssambönd komi upp þjónustustofnun þar sem það kann að eiga við.

Ég ætla sem sagt ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. og ég ætla ekki við þessa umr. að gera neinar sérstakar aths. við frv. þetta, en ég efa ekki að margt þarf þar gaumgæfilegrar athugunar við. Mér dettur í hug nafnið á frv.: þjónustustofnun. Í mínum huga hefur þetta frekar flokkast undir stjórnsýslu eða kallast stjórnsýslustofnun eða eitthvað þess háttar. Þjónustustofnun er náttúrlega ákaflega viðtæk. En ég vil sem sagt aðeins ítreka það að lokum, að við flm. flytjum þetta frv. algerlega óbreytt frá hendi höfundar, en töldum rétt að það fengi að sjá dagsins ljós á þessu Alþ., þó að það fái ekki hér neitt hraða afgreiðslu. — Svo þakka ég fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 93. fundur.

Laugardaginn 29. apríl, að loknum 92. fundi.

Lyfjalög, frv. (þskj. 816 (sbr. 457), 723,2). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð með 15 shlj. atkv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Önnur brtt. á þskj. 723 var dregin til baka til þessarar umr. áðan, og ég gerði mér e. t. v. vonir um að það tækist að ná samkomulagi um þá breytingu sem þar er ráð fyrir gert. Það hefur ekki tekist þrátt fyrir góðan vilja hv. formanns til þess að við nálguðumst hvor annan nokkuð. Við höfum gert það kannske í skilningi á þessu, en ekki varðandi tillögugerðina. Af því tilefni er rétt að taka það fram, að ég tel að þarna sé um skýrari og eindregnari ákvæði að ræða varðandi þetta tvennt sem ég legg mesta áherslu á, þ. e. a. s. að stuðla með beinum fjárframlögum að stofnun og rekstri lyfjabúða á þeim stöðum, er heilbrigðisyfirvöld telja nauðsyn lyfjabúða ótvíræða, en vafasamt er hvort reksturinn geti borið sig með eðlilegum hætti, og að efla með lánum eða styrkveitingum innlenda lyfjaframleiðslu og rannsóknir í lyfjagerðarfræði. Ég tel sem sagt að þetta eigi að vera forgangsliðir nr. 1 og 2, og ég legg á það aukna áherslu með því að segja að til þessara liða skuli skylt að ráðstafa a. m. k. 50% af fjármagni sjóðsins og virðist ekki fram á mikið farið.

Ég þykist vita að hv. formaður heilbr.- og trn. muni vitna í orð hæstv. ráðh., þar sem hann telji sig mjög meðmæltan þessu hvoru tveggja, að þetta verði jafnrétthátt og kannske rétthærra, en þarna greinir okkur auðvitað nokkuð á. Hann treystir eðlilega ráðh. sínum til framkvæmdanna. Ég vil fá þetta ótvírætt inn í lögin svo að það sé hægt að treysta því, að hver sem verður ráðh., þá standi hann við þetta og sé skylt að fara eftir ákveðnum lagafyrirmælum hvað þetta snertir.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Varðandi efni þessarar brtt. hv. 7. landsk., Helga F. Seljans, þá hef ég rætt við ráðuneytisstjóra heilbrmrn., og sagði hann mér að þeir hefðu athugað gaumgæfilega þessa liði sem hér er um að ræða og að vel athuguðu máli fyndist þeim að hendur þeirra væru of bundnar við þá ákvörðun að ráðstafa a. m. k. 50% af fjármagni sjóðsins til þeirra liða sem um getur í brtt., þeim væri óhagstætt að binda það í lögum. Hins vegar er það svo, að þeir liðir, sem brtt. fer fram á að verði nr. 1 og 2 og eru nú nr. 4 og 5, virðast hafa notið forgangs undanfarin ár, þ. e. fjármögnun á þeim svæðum þar sem verið er að byggja upp heilsugæslustöðvar, og er því ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir að einmitt verulegum hluta af þessu fjármagni verði ráðstafað á þessu svæði. Hins vegar vil ég endurtaka það, að ráðuneytisstjóri og ráðh. vilja ógjarnan láta binda þetta svo fast, og því verð ég að leggja til að brtt. verði felld.

ATKVGR.

Brtt. 723,2 felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HFS, JÁH, RA.
nei: GH, IT, IH, JHelg, JGS, OÓ, StG, AG, AJ, ÁB, BrS, EÁ, ÞK.

3 þm. (HÁ, StJ, StH) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orlof húsmæðra, frv. (þskj. 817). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heyrnleysingjaskóli, frv. (þskj. 796). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum um heyrnleysingjaskóla. Það ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð um þetta frv., það er mjög stutt, það er ein efnisgrein og einfalt að allri gerð. Þar segir að við Heyrnleysingjaskólann skuli starfa framhaldsdeild er hafi það hlut-

verk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Það segir einnig: „Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði.“

Ég vil aðeins rifja það upp, að Heyrnleysingjaskólinn er fyrst og fremst grunnskóli, en vegna sérstöðu heyrnskertra hefur hann leyfi til og er gert ráð fyrir að kennsla hans nái tiltekið bil út fyrir grunnskólaaldurinn. Þetta hins vegar reynist ónóg eins og ástatt er með þessa nemendur. Annars vegar er það brýn nauðsyn, að þeir fái nokkra meðferð og hjálp og alveg sérstaklega foreldrarnir leiðbeiningu og hjálp áður en þau koma á skólaaldur, þessi heyrnskertu börn. Hins vegar er mjög brýnt að veita þeim stuðning áfram, stuðning út í framhaldsnám, stuðning til að komast inn í störf. Þessu hvoru tveggja er að vísu nokkuð sinnt eins og nú er, en það er þó ekki traustur grundvöllur fyrir framhaldshjálpina þarna í Heyrnleysingjaskólanum, og þessu frv. er ætlað að bæta þar nokkuð úr.

Ég vil minna á það, að Heyrnleysingjaskólinn er mjög merkileg stofnun. Hann er t. d. ágætlega húsaður og ég held dável eða vel búinn að tækjum. Og þrátt fyrir nokkrar sveiflur í fjölda nemenda þarna, þá eru þar ekki alvarleg þrengsli. Hann verður að teljast vel settur að þessu leyti. Og í annan stað vil ég minna á það, sem hv. þdm. er e. t. v. kunnugt, að við þennan skóla hefur starfað um árabil skólamaður sem hefur lagt mikla rækt við þetta starf og er, að ég hygg, nokkuð sérstæður og þá að ágætum. Brandur Jónsson skólastjóri hefur lagt sig allan fram og í raun og veru unnið þarna þrekvirki í forustuhlutverki. Þetta frv. er unnið undir forustu hans og að frumkvæði hans og starfsfélaga hans við þennan skóla. Ég tel þess vegna að hér yrði byggt á nokkuð traustum grundvelli með samþykkt þessa frv. Ég legg áherslu á að hér er ekki síst um það að ræða að veita hjálp til þess að starfa við aðra skóla. Þarna mundi verða um mjög nána samvinnu að ræða við aðra skóla og skóladeildir.

Ég vil svo að lokum aðeins leggja alveg sérstaka áherslu á það, að það er náttúrlega ákaflega slæmt þegar búið er að leggja við alúð og vinna af eljusemi að fræðslu og uppeldi þessa fólks um árabil á grunnskólaaldrinum, ef þá skyldi vanta kannske herslumuninn til þess að það geti komist áleiðis út í aðra skóla og út í lífið og neytt krafta sinna þar. Það er auðvitað ekki aðeins óskynsamlegt og óæskilegt frá sjónarmiði einstaklingsins, heldur mjög óskynsamlegt frá fjárhagslegu sjónarmiði þjóðfélagsins í heild. Á það legg ég einnig sérstaka áherslu.

Þó að þetta frv. komi seint fram, þá vil ég nú leyfa mér að biðja hv. þdm. að athuga möguleika á afgreiðslu málsins. Ég hef rætt þetta mál sérstaklega við samráðh. mína og nokkra þm., eftir því sem ég hef getað komið við, og mér virðist þeir, sem ég hef rætt við, vera ásáttir um að málið nái fram að ganga, ef ekki kemur þá upp einhver sérstakur ágreiningur í sambandi við meðferð þess sem ylli töfum sem ekki yrðu viðráðanlegar eins og nú er komið þingtímanum.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. menntmrh. fyrir að leggja þetta frv. fram, og ég vona, eins og hann tók fram, að það nái að fá framgang á þessu þingi.

Heyrnarleysi er talið mesta örorka sem til er, og heyrnarleysi barna er kannske fyrst og fremst vegna sjúkdóms mæðra, sem sagt rauðra hunda. Nú eru skapaðir möguleikar að framkvæma ónæmisaðgerðir gagnvart þessum sjúkdómi, þannig að við getum átt von á því, að í framtíðinni fáum við færra af heyrnarskertum börnum en hingað til hefur verið.

Mér er kunnugt um það, að Heyrnleysingjaskóli Íslands hefur unnið frábært starf á undanförnum árum og áratugum og eins og hæstv. ráðh. tók fram fyrir forgöngu eins manns. Til þess að mennta þessi börn þá er enginn vafi að það þarf ekki aðeins þekkingu, það þarf bæði samviskusemi og natni. Þetta hefur í ríkum mæli verið fyrir hendi við þennan skóla, og ég held því að hv. Alþ. sé fullsæmt af því að afgreiða þetta mál enda þótt tími sé naumur.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið. Ég hafði af því heyrt, að það væri á leiðinni, að vísu fyrir allnokkru. Og víst er það, að seint er orðið að koma þessu fram nú, en alls ekki of seint, því að ég hygg að menn séu allir sammála um þetta og ég hlýt að lýsa yfir mikilli ánægju minni með þetta. Það er vitað að þetta mun kosta töluvert fé, það fer ekki á milli mála. En ég held að það sé óhætt að segja það, að hægt sé að taka undir það sem segir hér, að þeir fjármunir, sem til deildarinnar rynnu, mundu örugglega skila sér aftur í þjóðarbúið.

En ég vildi aðallega koma inn á það, að ég hygg að á fleiri sviðum þyrfti að huga hér að varðandi framhaldsnám og það þyrfti að lengja þann tíma, sem t. d. þroskaheftir hafa til náms, frá því sem nú er. Það er vitað að fyrir þessu er heimild í dag og sú heimild er nýtt að nokkru. En ég er ekki í neinum vafa um að það mundi einnig skila sér örugglega aftur ef við færum þá leið að nám þessa fólks yrði aukið og lengt og skyldunám þess fært a. m. k. upp um 2—3 ár hið minnsta og lögfest þannig, því að ekki mun af veita, og e. t. v. þyrfti enn frekar í því máli að gera.

Ég vildi aðeins koma þessu að, um leið og ég lýsi yfir fullum stuðningi mínum við þetta frv. Ég veit að það er borið fram af brýnni þörf, hef heyrt um hana lengi og vitað að hún var fyrir hendi, en minni á hitt í leiðinni, að þetta á aðeins að vera upphafið að því að þeir, sem á einhvern hátt eru öryrkjar eða eru þroskaheftir á einhvern máta, njóti þeirra fyllstu réttinda og möguleika til náms og þjálfunar og þroskunar sem þeir geta og þjóðfélagið getur veitt þeim á hverjum tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 94. fundur

Laugardaginn 29. apríl, að loknum 93. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs hér um dagskrána í tilefni af því, að mál nr. 3, Stofnlánadeild landbúnaðarins, er komið hér á dagskrá. Við vorum að afgreiða þetta mál rétt fyrir hádegið og ég gat ekki betur skilið á okkar ágæta formanni en það lægi ekki fyrir að málið kæmi til umr. nú seinni partinn í dag. Eins og fram kemur á þskj., sem var verið að dreifa rétt áðan, ætla ég mér að skila sérnál. og gera grein fyrir afstöðu minni í n., en til þess vannst enginn tími því að annir á Alþ. eru svo miklar. Það þarf ekki að vera að tíunda það, að ég, sem sit í fjórum n. hér í Ed., hafði rétt svigrúm til að fá mér smámatarhressingu ef ég átti að fylgja eftir þeim fundarboðum og dagskrá er hér var boðað. Þetta kemur mér því alveg á óvart. Að vísu skiptir það kannske ekki miklu máli þegar allir aðrir sameinast um að leggja þetta gjald á, og skal ég ekki hafa þetta mál mitt lengra, heldur mun ræða um það ef leyft verður að taka málið á dagskrána. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, að þetta mun hafa gengið fljótar fyrir sig en upplýst var í n., án þess að ég sé að sakast beinlínis við formann okkar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil taka fram að hv. 1. landsk. þm. hefur lög að mæla, og ég mun ekki gera það að till. minni að fá afbrigði fyrir þessu máli. (**JÁH:** Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga.) Já, ég skil. Það hefur ekki verið vakin athygli mín á þessu.

Hlutafélög, frv. (þskj. 781 (sbr. 526)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Eins og menn e. t. v. muna, var frv. til l. um hlutafélög afgreitt héðan frá Ed. með mjög mörgum brtt. Síðan komu í ljós nokkrar prentvillur í frv., sem okkur hafði yfirsést, og einnig nokkrar rangar tilvitnanir og við nánari yfirferð og yfirlestur á frv. var þetta leiðrétt í hv. Nd. Engin efnisbreyting hefur orðið á frv. frá því að það var afgreitt héðan frá Ed. og ég vil því eindregið leggja til að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 818).

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 469, n. 806). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Félmn. hefur fengið frv. til l. um breyt. á l. um erfðafjárskatt til athugunar. Efni þessa frv. er um að hækka þau skattþrep sem erfðafjárskattur miðast við. Hækkun á þeim var síðast gerð árið 1972, og sú hækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, er í samræmi við þá hækkun sem fyrst og fremst hefur orðið á fasteignum frá þeim tíma, í samræmi við það fasteignamat sem nú gildir.

Félmn. var sammála um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 514, n. 808). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til breytinga á lögum um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þar er um að ræða breytingu á mörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar og til þess að kveða þar skýrar á um og er algert samkomulagsmál milli sveitarstjórna Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Hv. félmn. hefur athugað frv., eins og fram kemur í nál. á þskj. 808, og mælir með samþykkt þess óbreytts. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 490). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 490 er frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt, sbr. lög um skattkerfisbreytingu. Ákvæðum söluskattslaga um viðurlög var síðast breytt með lögum nr. 10 frá 1974, um skattkerfisbreytingu. Voru þá ákveðin 2% viðurlög af þeirri upphæð, sem vangreidd var, fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, þó ekki hærri en 10%, og 1.5% til viðbótar af vangreiddri upphæð fyrir

hvern byrjaðan mánuð talið frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Dráttarvextir innlánsstofnana voru 1.5% af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan mánuð þegar ofangreind ákvæði voru lögfest. Nú eru vextir þessir 3% og eru því vanskil á söluskatti orðin langódýrasti máti söluskattsskylds aðila til þess að verða sér úti um rekstrarfé.

Samkv. ákvæðum laga nr. 10/1960, um söluskatt, skyldu, 10% viðurlög leggjast á strax að eindaga loknum, en með lögunum 1974 voru þessi viðurlög gerð léttari fyrstu dagana eftir eindaga, þannig að 2% bættust við á hverjum degi þar til 10% var náð. Að dómi flestra, er við innheimtu söluskatts starfa, var þetta nýmæli til bóta.

Sú breyting, sem almennt hefur orðið á vaxtakjörum í þjóðfélaginu, hefur gert núgildandi viðurlagaákvæði úrelt. Sú hefur ætíð verið stefnan að tryggja fljót og góð skil söluskatts, og fela þær breytingar, sem nú er lagt til að gerðar verði á viðurlagsákvæðum söluskattslaganna, aðeins í sér breytingar í hlutfalli við hækkun sem orðið hefur á vöxtum í landinu.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. En ég vil vekja athygli á því, að láðst hefur í Nd. að gera breytingu á 2. gr. frv., þar sem gert var ráð fyrir gildistöku laganna 25. apríl. Því þarf að sjálfsögðu að breyta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Sameinað þing, 73. fundur.

Þriðjudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Efling útflutningsstarfsemi, þáltill. (þskj. 17, n. 491). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 491 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 37 shlj. atkv.

Sérfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, þáltill. (þskj. 42, n. 595). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 595 samþ. með 37 shlj. atkv.

Fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi, þáltill. (þskj. 45, n. 617). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 617 samþ. með 39 shlj. atkv.

Niðurfelling gjalda af efni til hitaveitu, þáltill. (þskj. 565). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skýrsla um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins segir, að ríkisstj. skuli árlega gefa Alþ. skýrslu um starfsemi stofnunarinnar. Þar segir einnig, að árlega skuli birta skrá yfir lánveitingar Framkvæmdastofnunar. Sú venja hefur skapast, að stofnunin hefur gefið út prentaða ársskýrslu sína og hefur henni verið dreift til þm. og annarra sem áhuga hafa á málefni stofnunarinnar. Er þeirri venju fylgt nú og liggur skýrslan fyrir og vísa ég til hennar um einstök atriði í starfi þeirra þriggja deilda sem Framkvæmdastofnunin skiptist í lögum samkvæmt.

Málefni Framkvæmdastofnunar ríkisins eru þm. ekki fjarlæg því í stjórn hennar sitja einvörðungu alþm. og forstjórar hennar eiga einnig sæti á Alþ. Eitt af stefnuatriðum ríkisstj. var að endurskoða lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins og lauk því vorið 1976, þegar ný lög um hana voru samþ. Árið 1977 er því fyrsta heila árið sem starfað er samkv. hinum nýju lögum, en eitt af nýmælum þeirra var að mæla fyrir um sérstaka byggðadeild innan stofnunarinnar. Samkv. lögum hefur deildin það hlutverk að gera áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins. Hún fjallar um áhrif opinberra aðgerða á byggðastefnu og gerir till. til úrbóta, ef þörf þykir. Störf sín skal deildin vinna í náinni samvinnu við hinar tvær deildir stofnunarinnar, lánadeild og áætlanadeild.

Í þeim hluta skýrslunnar, sem fjallar um byggðadeild, er m. a. rætt um byggðastefnu framtíðar. Mér virðist ýmislegt af því, sem þar er sagt, ótímabært og hefði byggðadeild mátt sanna gildi sitt á lengri tíma áður en hún tekur sér fyrir hendur t. d. að fella dóm um stefnumótun borgaryfirvalda í Reykjavík við endurskoðun aðalskipulags borgarinnar. Réttilega er á það bent í þessum hugleiðingum byggðadeildar, að hún eigi að sinna athugunum er koma að gagni við mótun byggðastefnu, en það sé annarra að móta þá stefnu, og minnt er á að sérstök mþn. kjörin af Alþ. starfi að slíkri stefnumótun. Ég legg áherslu á að sú n. skili fljótt áliti sínu, því hún hefur þegar setið að störfum síðan 1973.

Hinn 20. apríl 1977 var á Alþ. gerð svo hljóðandi ályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hvaða lahrif fjárhagsleg fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar ríkisins, sérstaklega Byggðasjóðs, hefur haft á atvinnu- og byggðaþróun í landinu. Sérstaklega skal kannað hvaða áhrif þessi fyrirgreiðsla hefur á búsetu fólks, tekjuskiptingu eftir landshlutum og aðstöðumun fyrirtækja eftir staðsetningu og starfsgreinum. Til samanburðar skal höfð í huga þróun sömu mála í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar þau 5 ár sem liðin eru frá því að lög nr. 93 frá 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, tóku gildi. Niðurstöður þessarar könnunar skulu birtar næsta reglulegu Alþingi.“

Ríkisstj. fól Agli Sigurgeirssyni hæstaréttarlögmanni og Ólafi Björnssyni prófessor að semja álitsgerð á grundvelli þessarar ályktunar. Hefur forsrn. nú gefið hana út og henni verið útbýtt og er vísað til hennar að öðru leyti en því sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — vitna til þess sem höfundar álitsgerðarinnar nefna „Nokkrar niðurstöður“ og hljóðar svo:

„Frá því á seinni heimsstyrjaldarárunum hafa orðið mjög miklar breytingar á byggðaþróun hér á landi. Þótt aldrei hafi að vísu verið um stökkbreytingar að ræða, þannig að hægt sé að nefna sérstök ár sem dæmi um straumhvörf í þessu efni, þá hefur þróunin í stórum dráttum verið þessi:

Fyrstu tvo áratugina eru miklir fólksflutningar, bæði til Reykjavíkur og nágrannabyggða hennar. Á sjöunda áratugnum dregur úr fólksfjölgun í Reykjavík, en fólki heldur áfram að fjölga ört í Reykjaneskjördæmi. Það sem af er áttunda áratugnum staðnar fólksfjöldi í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi dregur úr fólksfjölgun, en fólki tekur að fjölga í öðrum landshlutum og fólki hætti jafnvel að fækka þar sem áður hafði verið fólksfækkun um áratugaskeið, svo sem á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Hér hafa margvíslegar orsakir verið að verki og er erfitt að meta mikilvægi hverrar einstakrar. Hvað Reykjavík snertir hefur verið um langtímaþróun að ræða, sem er mjög í samræmi við þá þróun sem orðið hefur í höfuðborgum erlendis. Þegar þær hafa náð ákveðinni stærð, sem auðvitað er mismunandi eftir íbúafjölda þeirra landa, sem borgin er höfuðstaður í, hætta þær að vaxa, en fólksstraumurinn beinist til nágrennis þeirra fyrst í stað og síðar til þéttbýliskjarna utan höfuðborgarsvæða. Orsakir breytinga þeirra, sem orðið hafa á byggðaþróuninni, geta bæði átt rót sína að rekja til markvissra aðgerða stjórnvalda í þá átt að hafa áhrif á hana og annarra orsaka, sem eru — ef svo mætti segja —

sjálfvirkar. Sem dæmi um hið síðarnefnda mætti hér á landi nefna bætt samgönguskilyrði sem bæta aðstöðu hinna afskekktari landshluta til þess að koma afurðum sínum á markað og njóta þeirrar þjónustu sem aðeins þéttbýliskjarnar geta veitt. Ekki er þó vafi á því, að opinberar aðgerðir í mynd fjárhagslegs stuðnings við þau byggðarlög, er æskilegt er talið að efla, hafi einnig haft sína þýðingu, þó erfitt sé að meta slíkt tölulega. Aðrar opinberar aðgerðir í þágu þessara byggðarlaga, svo sem bætt þjónusta í menntamálum, heilbrigðismálum o. fl., hafa einnig haft sín áhrif. Jafnvel aðeins stefnuyfirlýsingar um það, að keppt skuli að jafnvægi í byggð landsins, geta haft sín sálrænu áhrif þannig að fólk fresti því að yfirgefa byggðarlag sitt í von um að eitthvað verði gert í samræmi við þessar stefnuyfirlýsingar til þess að bæta lífskjör og aðstöðu íbúa byggðarlagsins.

Að því er snertir lög um Framkvæmdastofnun ríkisins frá 24. des. 1971 og starfsemi Byggðasjóðs, sem álitsgerð þessi á sérstaklega að taka til meðferðar, þá hefur sú starfsemi, sem einkum hefur verið fólgin í lánveitingum og styrkjum til fiskveiða og fiskvinnslu, átt sinn þátt í eflingu atvinnulífs á þeim stöðum sem góðs hafa notið af starfseminni, en með tilliti til þess, hve hér er um lítið brot að ræða af heildarfjárfestingu á landinu, geta áhrif þessarar starfsemi á byggðaþróunina varla verið mikil. Til þess að fá svar við þeirri spurningu, sem ætla má að raunverulega hafi vakað fyrir flm. þáltill., þyrfti að gera heildarkönnun á þeirri lánafyrirgreiðslu, sem veitt er af fjárfestingarsjóðum, bönkum, sparisjóðum og öðrum lánastofnunum, sundurliðað bæði eftir atvinnugreinum og byggðarlögum. Kæmi þá í ljós hvort um raunverulegan mismun er þar að ræða sem gæti haft veruleg áhrif, æskileg eða óæskileg, á atvinnu- og byggðaþróun. Við höfum að sjálfsögðu ekki haft tök á því að gera slíka könnun, en ef talið væri nauðsynlegt að kryfja til mergjar það málefni, sem okkar sérstaka viðfangsefni er hluti af, þá er sú allsherjarkönnun, sem á hefur verið drepið, óhjákvæmileg."

Þegar rætt er um byggðastefnu vil ég einnig vekja athygli á annarri grg. sem dreift hefur verið til þm. nýlega og gefin er út af forsrn., þar sem fram kemur afstaða ríkisstj. til nál. um flutning ríkisstofnana ásamt umsögn alþm. Ellerts B. Schram og Ingvars Gíslasonar um það nál.

Eins og þm. muna var á árinu 1972 skipuð nefnd til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar koma helst til greina í því efni. Nefndin skilaði áliti í lok árs 1975 og síðan hefur málið verið til athugunar í forsrn. Leitað var umsagna fjölda aðila og að því búnu var þess farið á leit við alþm. Ellert B. Schram og Ingvar Gíslason, að þeir létu ríkisstj. í té álit á till. nefndarinnar með hliðsjón af umsögnum um það og umræðum á Alþ., en mál þetta hefur tvisvar komið til umr. í fyrirspurnarformi hér í þinginu. Að fengnu þessu áliti samþykkti ríkisstj. ályktun um þetta mál, þar sem fram kemur að hún telur eðlilegt að áður en tekin sé ákvörðun um flutning ríkisstofnana frá höfuðborginni skuli liggja fyrir afstaða viðkomandi rn., stjórnar stofnunar, forstöðumanns og starfsfólks til flutningsins og samþykki fjvn. Alþ. Leitað skuli umsagnar byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins um flutning ríkisstofnunar og skal hún kanna viðhorf sveitarfélaga.

Í framlagðri skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar kemur fram að Framkvæmdasjóður veitti ný lán að fjárhæð 634.2 millj. kr. Má lesa í skýrslunni skiptingu þeirra lána, en rúmur helmingur fjárhæðarinnar var veittur Fiskveiðasjóði Íslands. Lánadeildin vinnur með Seðlabanka Íslands að gerð hinnar árlegu lánsfjáráætlunar, sem lögð er fyrir ríkisstj. og síðan Alþ. Enn fremur endurskoða þessir aðilar árlega lánskjör fjárfestingarlánasjóðanna og gera till. um þau til ríkisstj. Byggist þessi endurskoðun á grundvelli laga nr. 13/1975, en aðalefni þess máls er að fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Framkvæmd þessara laga er mikilvæg til að koma veg fyrir rýrnun eigin fjár sjóða, auk þess sem veruleg samræming hefur náðst innbyrðis á lánskjörum hinna ýmsu sjóða. Þetta er jafnframt þýðingarmikið til þess að fjárfesting atvinnugreinanna njóti jafnræðis og raunhæfur samanburður fáist milli fjárfestingar hinna ýmsu greina svo og til að aðilar sætti sig betur við þau lánskjör sem nauðsynlegt er að setja.

Í ársskýrslu Framkvæmdastofnunarinnar er að finna skrá yfir lánskjör fjárfestingarlánasjóðanna eins og þau voru á árinu 1977 eftir breytingu þá. En nú undanfarnar vikur og mánuði hefur verið unnið að endurskoðun þessara lánskjara fyrir árið 1978 og hefur ríkisstj. nýlega gert samþykkt um það, hvernig kjörunum skuli háttað hjá öllum sjóðunum.

Þá er í skýrslu Framkvæmdastofnunar sérstakur kafli þar sem þess er minnst, að 10. apríl s. l. voru 25 ár liðin frá stofnun Framkvæmdabanka Íslands. Aðdragandinn að stofnun bankans má öðru fremur rekja til þess samnings sem Íslendingar gerðu við Bandaríkin í júlímánuði 1948 um efnahagsmál með sama hætti og önnur ríki Vestur-Evrópu, en samningar þessir voru jafnan nefndir Marshall-aðstoðin og miðuðu að því að rétta efnahag þátttökuríkjanna eftir áföll síðari heimsstyrjaldarinnar. Með lögum frá 1966 var Framkvæmdabankanum breytt í Framkvæmdasjóð Íslands og þá varð einnig sú meginbreyting að því er útlán varðar, að Framkvæmdasjóður lánar í fáum tilvikum og í smáum stíl til einstakra framkvæmda, en nálega einvörðungu til annarra fjárfestingarlánasjóða og í vissum tilvikum til framkvæmda á vegum hins opinbera.

Ég tek undir lokaorð kaflans í skýrslunni er varðar afmæli Framkvæmdasjóðs, en þar segir:

„Þjóðin hefur ekki þurft að taka á sig byrðar til að byggja upp þennan sjóð. Hins vegar hefur hann verið íslensku atvinnulífi ómetanleg lyftistöng á liðnum aldarfjórðungi og greitt götu ýmissa þeirra þörfustu framkvæmda, sem þjóðin býr að í dag."

Á árinu 1977 voru samþ. ný lán og styrkir úr Byggðasjóði samtals að fjárhæð 2 101.7 millj. kr., og er í skýrslu stofnunarinnar rakin skipting fjárins til hinna ýmsu framkvæmda og einnig birtur listi yfir hvern einstakan lántaka. Byggðasjóður tók engin löng lán á árinu til starfsemi sinnar, enda hefur starfsfé sjóðsins aukist stórlega með auknu ríkisframlagi. Vextir sjóðsins voru hækkaðir úr 12% í 14% á árinu.

Starfsemi áætlunardeildar var með líku sniði og áður, en sérstök áhersla var lögð á að ljúka ýmsum áætlunum og skýrslum sem lengi höfðu verið á döfinni, svo sem segir í ársskýrslunni, og vísast að öðru leyti til hennar. Alls voru gefnar út 10 skýrslur á vegum áætlunardeildar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum að sinni um skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins og læt því máli mínu lokið.

Fjáraukalög 1976, frv. (þskj. 623, n. 778). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1976 og hefur borið saman niðurstöður þess við ríkisreikning. N. mælir einróma með samþykkt. frv.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Flugöryggismál, þáltill. (þskj. 533, n. 776). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál um markmið og leiðir í flugöryggismálum sem hæstv. samgrh. hefur lagt fram.

Þegar þáltill. var hér fyrst til umr. í Sþ. mælti hæstv. samgrh. fyrir henni og skýrði hana og sé ég ekki ástæðu tjl að endurtaka neitt af því sem hann sagði um efni hennar, en vil aðeins ítreka það, að fjvn. samþ. einróma að mæla með því, að þáltill. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 850).

Skipun nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá, þáltill. (þskj. 641). — Fyrri umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hv. allshn. Sþ. hefur leyft sér að flytja till. til þál. um skipun nefndar til að gera till. um breyt. á stjórnarskrá og fleira, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar, að umboð núverandi stjórnarskrárnefndar falli niður nú þegar, en skipuð verði ný nefnd 7 manna, eftir tilnefningu þingflokka, tveir frá tveim stærstu þingflokkunum hvorum um sig, og einn frá hverjum hinna, til að endurskoða stjórnarskrána, til að gera till. um breyt. og þá sérstaklega á kjördæmaskipan og enn fremur á ákvörðun stjórnarskrár og lögum um Alþ. og á kosningalögum.

N. skili till. sínum í tæka tíð, svo unnt sé að leggja þær fyrir næsta þing."

Ég tel ástæðulaust, herra forseti, eins og á stendur með þingstörf nú að hafa langt mál um þessa till. Geri ég ráð fyrir því, að flestir hv. þm. þekki forsögu þessa máls og aðdragandann að þessum tillöguflutningi.

Í aðalatriðum eru forsendurnar þær, að allt frá árinu 1972 hefur setið að störfum stjskrn., sem er þingskipuð nefnd, og þrátt fyrir þetta langan tíma eða 6 ár hafa enn ekki neinar till. frá þessari nefnd séð dagsins ljós. Það hefur jafnframt verið upplýst á síðustu dögum, að nefndin hefur ekki verið kölluð saman til funda a. m. k. í rúmt ár. Það hefur því verið mat okkar í allshn., að þessi stjskrn. væri nánast óstarfhæf og nauðsynlegt væri að skipa nýja nefnd, sem hefði endurskoðun stjskr. að verkefni, og jafnframt væru þessari nýju nefnd sett ákveðnari verkefni, þannig að hún gæti jafnframt endurskoðað ákvæði í kosningalögum svo og ýmis lagaákvæði um Alþ. Í þessu sambandi er þess að geta, að fyrir allshn. hafa nú legið á þessu þingi a. m. k. þrjár till., sem fjalla um þessi efni og skyld málefni, og á undanförnum þingum hafa verið lagðar fram allmargar till. frá einstökum þm. um þessi mál. Allar þessar till. hafa ýmist alls ekki fengið afgreiðslu eða þeim verið vísað til stjskrn. og sífellt vísað til þess, að sú nefnd sæti að störfum, en það hefur aftur leitt til þess, að engin afgreiðsla hefur fengist á ýmsum brýnum úrlausnaratriðum sem snerta Alþ., kosningalög og stjskr. Hafa menn þá einkum í huga þá nauðsyn að endurskoða núverandi kjördæmaskipan með hliðsjón af þeim miklu breytingum sem hafa orðið á búfestu manna í hinum ýmsu kjördæmum.

Hv. allshn. var einróma sammála því að flytja slíka till. og af ýmsum ummælum og aths., sem gefnar hafa verið í fjölmiðlum, má ætla að þessi till. fái góðan hljómgrunn og megi búast við því, að hún verði í öllum aðalatriðum afgreidd hér á hinu háa Alþ. nú.

Á dagskrá þessa fundar eru jafnframt nál. hv. allshn. um þrjú önnur mál sem varða kosningar til Alþingis. Gerir n. till. um að þessum málum verði vísað frá með rökstuddri dagskrá með hliðsjón af því, að þessi till. er nú komin fram. Er þá gert ráð fyrir því, að þau mál fái athugun og afgreiðslu í þeirri nefnd sem væntanlega verður skipuð.

Ég tel ástæðulaust, herra forseti, að fjalla frekar um þetta mál nema tilefni gefist til. Til þess að flýta fyrir þingstörfum og ekki síst til þess að flýta fyrir afgreiðslu þessarar till. læt ég nú máli mínu lokið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það hafa á þessu þingi orðið allmiklar umr. um breyt. á kosningalögum og kjördæmaskipan. Menn minnast þess, að strax í upphafi þings, á s. l. hausti, urðu umr. utan dagskrár um þessi mál og í þeim umr. gaf hæstv. forsrh., ef ég man rétt, þá yfirlýsingu, að þess mundi verða farið á leit við þingflokka hér á Alþ., að þeir tilnefndu fulltrúa í nefnd til viðræðna um breyt. á þessum málum.

Það segir í grg. með þessari þáltill., sem hv. allshn flytur: „Einhverjar viðræður munu hafa farið fram, en þær hafa engan árangur borið, m. a. vegna þess að stjskrn. hefur engum till. skilað og virðist að mestu óstarfhæf." Ég sé ekki að stjskrn. hafi á nokkurn hátt komið í veg fyrir það með starfi sínu eða starfsleysi, hvað sem menn vilja kalla það, að viðræður þær, sem lofað var af hálfu hæstv. forsrh. hér í byrjun þings, hefðu ekki átt að geta farið fram tímanlega og þá væntanlega að hægt hefði verið að koma á þeim breytingum sem hugsanleg samstaða hefði orðið um í þinginu. En það mun hafa verið fyrir líklega hálfum mánuði til þremur vikum að boðað var til fundar vegna þessa máls, eins stutts fundar. Þegar komið var að þinglokum og algjörlega útséð um að breytingar yrðu gerðar á þessu á yfirstandandi þingi, þá var fyrst efnt loforð hæstv. forsrh. eða ríkisstj. um að kalla menn til viðræðna um þetta mál. Þar var því einvörðungu um að ræða málamyndaumr. og því augljóst að hæstv. ríkisstj. með forsrh. í broddi fylkingar hefur ekki, þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem hún gaf á s. l. hausti, haft þann áhuga, sem allt tal sumra hverra hæstv. ráðh. hefði

átt að benda til, á því að breyta frá því sem nú er.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa þáltill., en ég vil fyrir mitt leyti lýsa því sem minni skoðun, að ég tel að á engan hátt sé hægt að ásaka stjskrn. fyrir það, að þær viðræður, sem lofað var hér af hæstv. forsrh. á s. l. hausti, hafi ekki borið árangur. Þar er við einhvern annan að sakast, hitt er þó fullyrt í grg. með þessari þáltill.

Ég vil aðeins bæta því við varðandi þetta mál, að það má vel vera að áfellast megi stjskrn. fyrir athafnaleysi. Ekki ætla ég að kveða upp dóm í því máli. En ég vil aðeins minna á að mér vitanlega voru þessari nefnd engin tímamörk sett um að skila af sér. Og mér hefur fundist að þeir, sem veist hafa að stjskrn., hafi beint skeytum sínum fyrst og fremst að formanni hennar, Hannibal Valdimarssyni. Ég hygg að mönnum sé ljóst að hver og einn nm. hefur haft til þess aðstæður og til þess rétt að ýta á starfsemi í þessari nefnd og beinlínis að knýja fram, hafi hann haft til þess stöðu í nefndinni, úrlausn í þessu máli innan nefndarinnar. Hér er því ekki við neinn einn um að sakast, eins og menn hafa látið í veðri vaka. Sé hér um sök eða sakfellingu að ræða, þá eru þar fleiri, sem sök eiga á, en form. nefndarinnar.

Ég vil einnig segja það sem mína skoðun, að mér hefði fundist viðkunnanlegra að hv. allshn., sem þetta mál flytur hér í þinginu, hefði a. m. k. átt viðræður ekki bara við formann stjskrn. heldur nefndina sem slíka og látið hana vita af því, að von væri slíkrar till. hér í þinginu og þá líklega fyrst og fremst að áliti allshn. vegna starfsleysis stjskrn. Ég er ekki með þessu að segja að nein skylda hafi verið til þessa, en a. m. k. hefði mér fundist viðkunnanlegra að þau vinnubrögð hefðu verið viðhöfð.

Ég skal ekkert um það segja, hversu mikils fylgis þessi þáltill. kann að njóta hér á Alþ. Ég heyrði hv. frsm. fyrir þessari till. nefna að ef taka mætti mið af því, sem fram hefði komið í fjölmiðlum, þá ætti þessi till. að eiga greiðan aðgang í gegnum þingið. Nú veit ég ekki hvort fjölmiðlar hafa það almennt á takteinum, hver niðurstaða verður þingmála hér á Alþ. Vel má vera að þeir hafi kannað það sérstaklega í þessu tilfelli. Ekkert skal ég um það segja. Það má vel vera að svo fari, að þessi þáltill. njóti mikillar hylli og sigli hraðbyri gegnum þingið. En ég taldi nauðsynlegt strax við þessa umr. að þessi sjónarmið mín kæmu fram sem ég hef hér í sem allra stystu máli gert grein fyrir.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er ljóst af þeim umr., sem orðið hafa um stjskr. og stjórnskipunarmál á þessu þingi frá upphafi, að rík ástæða er til þess að gera einhverjar ráðstafanir til þess að hraða endurskoðun stjskr. Ég verð þó að lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst blærinn á þessari till. vera að því leyti til mjög óviðfelldinn, að hún hefur verið túlkuð og ekki að ástæðulausu sem heldur hranalegt vantraust á núv. stjskrn. og þá sérstaklega formann hennar. Ég vil taka það skýrt fram, að ég vil alls ekki taka þátt í neinni slíkri yfirlýsingu og vil þá minna á að þetta er ekki fyrsta stjskrn. sem hefur setið langan tíma án þess að skila miklum árangri, því þær munu fleiri hafa reynt við þetta verkefni síðan lýðveldið var stofnað.

Ég hef stundum hreyft þeirri hugmynd í umr. um þetta mál, þó ekki hér á þingi, að til mála kæmi að fela sérstökum hópi utanþingsmanna, sem gæti jafnvel verið tímabundið stjórnarskrárþing, það verkefni að endurskoða stjskr. Það felst í því dálítill hroki, að engir geti unnið þetta verkefni nema þær hv. sálir, sem hafa verið kosnar til setu á Alþ., og að ekki megi vinna þetta verkefni nema undir verndarvæng núv. stjórnmálaflokka. Það hefur verið reynt í öðrum löndum og gefist vel að velja fólk, sem ekki hefur verið kosið í pólitískar trúnaðarstöður, til þess að endurskoða stjórnarskrár, og má þá minnast þess, að árangur slíkrar endurskoðunar hlýtur að koma fyrir Alþ., því enginn getur breytt stjskr. nema það. Um þetta þýðir ekki að tala frekar því að þessi hugmynd hefur í viðræðum litlar undirtektir fengið meðal annarra stjórnmálamanna.

Í tillgr. er hinni nýju nefnd falið að endurskoða lög um Alþ., og ein af till., sem vísað er frá, er um endurskoðun á starfsháttum Alþingis. Nú eru viss atriði varðandi starfshætti Alþ. hluti af stjórnarskrármálinu og þá fyrst og fremst deildaskiptingin og gæti orðið fleira. Þetta á að sjálfsögðu að falla undir verkefni nefndarinnar, en ég tel að það sé mjög hæpið að fela sömu nefnd að endurskoða þingsköp. Þegar stjskr. hefur verið breytt, sem við skulum vona að verði áður en langur tími líður, þá tel ég að óhjákvæmilegt verði að það verði þingmannanefnd sem endurskoðar þingsköp á grundvelli þeirra breytinga varðandi meginatriði sem kynnu að vera gerð í stjskr. Ég vona að það sé nóg að það komi fram hér, og vona, að allshn. sé sammála mér um það, að ekki sé ætlast til að stjskrn. fari að setjast niður og tala um mínútur í umr. og önnur smáatriði sem eru í grein eftir grein í þingsköpum. Ég býst við að nm. mundu fljótlega komast að þessari niðurstöðu sjálfir og taka fyrir þau atriði varðandi starfshætti Alþ., sem eiga heima í stjskr. eða gætu átt þar heima, en leggja þingsköpin til hliðar, því það er eðlilegt að taka þau á eftir stjskr. sjálfri og það er eðlilegt að um þau fjalli menn sem sitja á Alþ. og hafa reynslu af störfum þar.

Ég vil að lokum láta í ljós að þeir, sem kunna að verða kosnir í nýja stjskrn., eru varla þau ofurmenni að þeir ljúki þessu verki frá kosningalokum — eða jafnvel þó þeir byrjuðu í næstu viku — fyrir 10 okt. í haust. Það er mjög hátt stefnt að sníða þeim svo þröngan stakk og hæpið að það sé æskilegt, m. a. vegna þess að ef þeim tekst að ná samkomulagi um breytingar á kjördæmaskipan eða aðrar verulegar breytingar á stjskr., þá ber samkv. gildandi stjskr. að rjúfa þing. Gæti verið að við stofnuðum með því til tvennra kosninga næsta haust og vetur, þó að hugsanlegt sé að Alþ. taki sér lengri tíma til að fjalla um drög að nýrri stjskr., jafnvel þó að það tækist að ljúka þeim fyrir haustið. Á hinn bóginn hefur þetta ákvæði staðið í mörgum ályktunum um endurskoðun laganna og svo oft verið látið víkja fyrir beinni nauðsyn raunveruleikans, að e. t. v. er ekki ástæða til að hafa miklar áhyggjur af því.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég tel rétt að láta það koma fram af minni hálfu, og ég held ég geti sagt að þar eigum við allir allshn.-menn., sem að þessari till. stöndum, óskilið mál, að það er algjör rangtúlkun á tillöguflutningnum að reyna að snúa honum upp í einhvers konar vantraust á form. þeirrar stjskrn., sem starfað hefur síðan 1972. Þetta er tilbúningur í óvönduðum blaðaskrifum sem síðan hefur fengið bergmál í blöðum sem ættu að telja það fyrir neðan virðingu sína að sinna slíku skrifi og varð tilefni til þessa orðasveims um form. stjskrn. Hvorki form. núv. stjskrn. né formenn þeirra stjskrn., sem áður hafa setið og einnig hafa verið hinir

mætustu menn, geta borið sök fyrir að allar þessar nefndir, sem áður hafa starfað, hafa hætt störfum án þess að ljúka verkefni sínu. Sé hér um sök að ræða, þá er hún fyrst og fremst á herðum þeirra stjórnmálaflokka, sem bera ábyrgð á mönnum sem nefndina skipa, og þeirra flokka á hverjum tíma sem myndað hafa meiri hl. til að fara með stjórn landsins. Einn maður, hvort hann er form. eða annað í slíkri nefnd, getur með engu móti tekið að sér slíka forustu og slíkt vald, að á hans herðum hvíli úrslit svo stórs máls.

Ég hef áður látið það í ljós, og ég endurtek það, að ég tel að rýr afrakstur, a. m. k. á opinberum vettvangi enn sem komið er, af störfum stjskrn., sem setið hefur frá 1972, hljóti fyrst og fremst að skrifast á reikning núv. stjórnarflokka. Það eru þeir, sem hafa borið ábyrgð á stjórn landsins allt kjörtímabilið. Það voru þeir, sem lýstu því yfir í upphafi stjórnarsamstarfs, að þeir ætluðu að taka þarna á þýðingarmiklum málum, þ. e. a. s. á kosningalagaákvæðunum. Það var forsrh. þeirrar ríkisstj., sem þessir flokkar bera ábyrgð á, sem lýsti því yfir á fyrsta starfsdegi þingsins, að ríkisstj. hefði ákveðið að setja á laggirnar nefnd allra þingflokka til að athuga bæði kosningalög og kjördæmaskipunarákvæði stjskr. og jafnvel fleiri atriði þeim skyld. Það er því ekki í mínum huga neinn vafi á því, að það, sem staðið hefur fyrst og fremst í vegi fyrir því að þessu máli þokaði áfram á þessu kjörtímabili, að ég tali nú ekki um að það gæti komið til ákvörðunar fyrir þær kosningar sem fram undan eru, er að það er ekki samkomulag í núv. stjórnarflokkum um að ráða málinu til lykta. Það er ekki vilji fyrir því hjá þeim að taka málið til afgreiðslu um þessar mundir.

Þetta er sú pólitíska staðreynd, sem að mínum dómi ræður mestu um það, hversu málið er á vegi statt. En þar að auki, hvað varðar störf stjskrn. út af fyrir sig, þá tel ég orðið ljóst af störfum þessarar nefndar og af störfum fyrri stjskrn., að það er engin knýjandi pólitísk eða þjóðfélagsleg nauðsyn sem rekur á eftir allsherjarendurskoðun á stjskr., eins og menn hafa sett sér hvað eftir annað. Það, sem gerst hefur, sýnir að mínum dómi að þau ákvæði, sem sérstaklega er þörf fyrir athugun og endurskoðun á, eins og málum er nú komið, eru kosningaákvæðin og að auki ákvæðin um Alþ. Þessi ákvæði og kosningalögin reka á eftir og eru það sem allir flokkar munu komast að raun um að brennur á baki þeirra af hálfu kjósenda víða um land a. m. k. — að gera breyt. á, og þá vonandi slíka breyt. að ekki þurfi æ ofan í æ á nokkurra kjörtímabila fresti að hrófla við þessum ákvæðum á ný. Ég er þeirrar skoðunar, að þar beri að leggja allt kapp á að finna leið sem geti tryggt að kjördæmaskipunin leiðréttist af sjálfvirkum ákvæðum eftir því sem tímar líða, eftir því sem búseta og þjóðfélagshættir áskilja, en ekki þurfi sí og æ að efna til stjórnarskrárbreytinga með öllu því umstangi sem því fylgir, ef menn komast að þeirri niðurstöðu að þar þurfi lagfæringa og umbóta við.

Ég vil í þessu sambandi taka undir þau ummæli hv. 2. landsk. þm., að það er að mínum dómi fyrst og fremst hin meiri háttar efnislegu grundvallarákvæði um Alþ. og störf þess, sem eðlilegt er að nefndin, sem gert er ráð fyrir í þáltill. á þskj. 641, taki fyrir, en ekki smáatriði í þingsköpum. Það er hárrétt athugað hjá hv. þm. og undir það tek ég.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess einfaldlega, að ég átti í hreinskilni sagt von á því, að formenn tveggja þeirra stærstu flokkanna, er nú styðja ríkisstj., tækju til máls og ítrekuðu yfirlýsingu sína, er þeir sögðu í sjónvarpi í haust rétt áður en Alþ. kom saman, að þeir hefðu fullan hug á því, að breyting á kosningalögunum ætti sér stað. Nú hefur þetta þing liðið svo, að ekkert hefur skeð. E. t. v. hefur það verið yfirvarp að kalla saman nefndina, einu sinni skilst mér, er fjallaði lítils háttar um þessi mál á einum eða tveimur tímum. En ég vil fá það skýrt fram hér úr ræðustóli í Sþ., að það sé raunverulegur vilji fyrir þessari breyt., því sé hann ekki fyrir hendi og mennirnir — þessir ágætu leiðtogar — staðfesti hann ekki, þá gerir næsta stjskrn. lítið að mínu mati. Við getum ályktað um að endurnýja hana í fimmta sinn, held ég, en sjálfsagt rennur hún sömu slóðir og aðrar á undan.

Ég fullyrði að hinir þrír flokkarnir hafa á þessu mikinn og einarðan áhuga. Formenn þeirra hafa staðfest það aftur og aftur. Og þó að hér séu frv. í gangi sem ekki hafa verið tekin til afgreiðslu í n., er sýnt þar með að menn úr öllum flokkum hafa áhuga á þessum málum, þá er það að mínu mati ekki nægilegt. Þess vegna vildi ég beina þeim tilmælum í fullri vinsemd og einlægni til þessara tveggja ágætu leiðtoga, sem nú eru hæstv. forsrh. og dómsmrh., að þeir staðfesti það, að þeir muni hafa áhuga á því eftir næstu kosningar, að þetta nái fram að ganga, því þeir hafa viðurkennt að það viðgengst ranglæti í dag í þessum málum, a. m. k. varðandi kosningalögin og þeir muni ekki láta ranglætið vara að eilífu.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í tilefni af ummælum síðasta ræðumanns vil ég að það komi fram, að ég hafði óskað eftir því við forseta Sþ., að umr. yrði ekki slitið, heldur frestað og þess freistað að ná samkomulagi við formenn þingflokka um vinnubrögð hvað snertir endurskoðun stjskr. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að blanda mér inn í þessar umr., sem hér hafa farið fram í dag.

Ég vil þó aðeins láta það koma hér fram, að í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj. kemur það fram, að unnið skuli að endurskoðun stjskr. á kjörtímabilinu, en í því fólst ekki loforð um að þeirri endurskoðun yrði lokið. Núv. ríkisstjórn var það vel ljóst, að reynslan sýndi að ekki hefur verið auðhlaupið að því verki að ljúka endurskoðun stjskr., og því vildi hún ekki fyrir fram ábyrgjast að þessari endurskoðun yrði lokið á stjórnartímabilinu eða kjörtímabilinu, þótt unnið skyldi að þeirri endurskoðun. Ég hef áður lýst því, að það eru mér vonbrigði, að eigi hafi unnist betur í stjskrn. en raun ber vitni um.

Hvað hitt atriðið snertir, þær yfirlýsingar sem gefnar voru hér í upphafi þings, skal ég aðeins segja að fulltrúar voru tilnefndir af hálfu stjórnarflokkanna til viðræðna. Vera má að þær viðræður hafi ekki komist í gang nægilega fljótt eða orðið eins ítarlegar og æskilegt hefði verið. Má vissulega kenna stjórnarflokkunum um það. En þar á móti verður þá einnig að segjast að áhugi annarra þingflokka hefur verið takmarkaður þar sem ekki var eftir þeim viðræðum gengið frekar en raun ber vitni. Þetta er liðin tíð og skiptir ekki öllu máli að deila um það sem liðið er, heldur hitt, að reyna að ná samstöðu um málsmeðferð nú í lok þessa þings þannig að starf að endurskoðun stjskr. og endurskoðun kosningalaganna geti

hafist og borið árangur.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það var aðeins af því, að hv. þm. Jón Árm. Héðinsson beindi sérstaklega fsp. til forsrh. og mín, sem ég óskaði eftir því að segja nokkur orð, en ekki af því að ég ætli að fara að tefja umr. um þetta mál.

Ég vil segja það, að ég er alveg sama sinnis í þessum efnum og ég var í þessum sjónvarpsþætti, sem hv. þm. mun nú hafa á spólu og þar með alveg örugglega hægt að heyra hvað hver sagði við það tækifæri. Ég álít að það verði að gera endurbætur á kjördæmaskipan eða kosningafyrirkomulagi, ef menn vilja nefna það því nafni, en það, sem í raunveruleikanum þarf að gerast, er að sá landshluti, sem til sín hefur safnað miklum mannfjölda á suðvesturhorni landsins, verður að fá fleiri fulltrúa.

Þetta er mín skoðun og mín stefna og fyrir henni mun ég berjast, ef ég hef aðstöðu til. Með hvaða hætti það á hins vegar að vera er ekki eins einfalt mál og sumir vilja vera láta. Það má segja að eðlilegt sé að færa þá þm., sem úthlutað hefur verið á hlutfallstölu, til þessara fjölmennustu kjördæma. En það er þó svo, að gæta þarf að ýmsu í því sambandi. Það er að mínum dómi a. m. k. alveg óverjandi að koma aftan að þeim mönnum, sem hafa farið í framboð í þeim kjördæmum sem geta gefið von um slík sæti, og það eftir að framboð hafa verið ákveðin þar og í mörgum tilfellum með prófkjörum. Þess vegna verður að játa að þrátt fyrir góðan ásetning í haust um að breyta þessu, þá höfum við orðið of seinir á okkur, og þess er ekki kostur að mínum dómi að fara að breyta þessu þegar í eindaga er komið og búið að ákveða framboð yfirleitt.

Ég tel alveg óþarfa að vera að varpa steini að stjsrkn. Ég vil ekki og hef enga löngun til að skjóta mér á bak við hana. Ég tel að stjórnmálaflokkarnir hafi haft þau ráð, að þeir hefðu getað ýtt betur á ef þeir hefðu verið ákveðnir í að gera það. Og ég vil ekki skorast undan neinni ábyrgð í því efni. Þess vegna er það vitaskuld við — ja, við getum sagt stjórnarflokkana að sakast og kannske einnig við stjórnarandstöðuflokkana, af því að þeir hafa ekki heldur verið mjög ýtnir í þessu efni. Við skulum líka, eins og hér hefur verið rifjað upp, minnast þess, að það hafa starfað stjórnarskrárnefndir á undan þessari, og sumar hverjar starfað eða verið til öllu lengur en 6 ár, án þess að það hafi legið mikið eftir þær. Það er ekkert óeðlilegt, þó að það sé vandaverk að ákveða það þegar verið er að setja toppramma um pólitíska starfsemi í landinu og á Alþ., þó að það sé ekki alveg hlaupið að því. Og það er auðvitað mál, að við getum ekki ætlast til þess, að fulltrúar, sem í stjskrn. eru kosnir af flokkum, fari upp á sitt eindæmi að fitja í þeim efnum upp á leiðum. Þeir munu auðvitað hafa samband og samráð við sína flokka þegar þeir taka afstöðu til slíkra mála. Annað væri óeðlilegt. Hitt er aftur allt annað mál, sem skotið hefur hér upp kollinum og var minnst á af hv. þm. Benedikt Gröndal, að það er svo sem ekki ný hugmynd, að rétt sé að fela mönnum utan þingsins að fást við þessar aðgerðir. Það er auðvitað hægt. Með stjórnarskrárbreytingu er hægt að gera samþykkt um sérstakt stjórnlagaþing og fela því stjórnlagaþingi að setja nýja stjskr. En ég á eftir að sjá framan í þá hv. alþm. sem afsala sér valdi sínu í hendur sérstaks stjórnlagaþings. Það getur verið, að síðar meir eigi eftir að skipa þessa þingbekki svo miklir „idealistar" að þeir verði reiðubúnir til þess. Ég fyrir mitt leyti hef ekki mikla trú á því.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta. Ég tel þörf á breytingum á stjskr. Ég tel þörf á breytingum í þessum efnum sem minnst hefur verið á. Ég tel líka þörf á breytingum á skipan Alþingis að því leyti til, að það hefur alltaf verið mín persónulega skoðun, sem hefur orðið sterkari með hverju árinu sem ég hef kynnst starfsháttum Alþingis betur, að það er auðvitað ekkert vit, það er ekki snefill af viti í deildaskiptingu lengur. Hún á að hverfa og hér á að starfa þing í einni málstofu. Og það eru einnig fleiri atriði sem þarf að taka til íhugunar, — atriði sem líka hafa pólitíska þýðingu, því að við skulum ekki gleyma því, að deildaskiptingin, þó að sjaldan reyni á hana, getur haft sína pólitísku þýðingu, og menn verða þá að gera það upp við sig, hvort þeir telja eðlilegt að svo sé eða ekki, að 1/3 þm. eigi að hafa „teoretískt" sama vald og 2/3, sem kosnir eru með alveg nákvæmlega sama hætti, fyrir nú utan vinnubrögðin á Alþ. sem þetta skapar og eru að mínum dómi orðin fyrir neðan allar hellur, og ætla ég ekki að kveða sterkar að orði um það.

Ég skal láta máli mínu lokið. En það, hvort þessi stjskrn. er leyst frá störfum nú í þinglokin eða hvort endurskipun þeirra mála er látin bíða næsta Alþingis finnst mér út af fyrir sig ekkert höfuðatriði.

Umr. frestað.

Tónmenntafræðsla í grunnskóla, þáltill. (þskj. 59, n. 394, 759). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Eftir að ég hafði fyrir hönd hv. allshn. Sþ. gert grein fyrir nál., sem fram kemur á þskj. 394, þar sem n. kemst að þeirri niðurstöðu að mæla með samþykkt þessarar þáltill., með þeirri breytingu þó, að síðasta mgr. tillgr. falli niður, þá flutti hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir brtt. þar sem gert er ráð fyrir því, að síðasta mgr. væri aftur tekin upp með þeirri viðbót, að inn í setninguna væru felld orðin: „svo fljótt sem unnt er." Ég óskaði þá eftir því, að umr. yrði frestað til þess að kanna viðhorf allshn. til þessarar brtt. Enda þótt ég hafi ekki náð í alla nm., þá er það álit okkar, sem höfum athugað þetta mál, sem er meiri hl. a. m. k. í n., að ekkert sé við það að athuga að samþykkja þessa brtt. N. er því hlynnt því, að hún verið samþ. og tillgr. verði þá samþ. í heild sinni með þeirri breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 394 tekin aftur.
— 759 samþ. með 34 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 851).

Flugsamgöngur við Vestfirði, þáltill. (þskj. 40, n. 594). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 594 samþ. með 40:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, AJ,

BGr, EðS, EÁ, EBS, ÓÓsk, FÞ, GS, GH, KGS, HES, IT, IH, IngJ, KA, GHB, JHelg, JSk, JGS, JónasÁ, LárJ, MÓ, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PS, GFr, RH, ÁB.

nei: StJ, BrS, GF, HFS, KP, LJós, VilbH, SighB.

SvB greiddi ekki atkv.

11 þm. (SvJ, AG, GeirG, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HÁ, JÁH, MB, RA) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þar eð ég tel mig hafa ástæðu til að treysta því, að athugun sú, sem till. gerir ráð fyrir, verði framkvæmd á þessu sumri, þá get ég fallist á þá málsmeðferð, sem lagt er til, og segi já.

Stefán Jónsson: Þar sem ég hef enga ástæðu til þess að treysta neinu í þá veru, sem hv. síðasti ræðumaður gerði grein fyrir, en tel að hér sé um nauðsynjamál að ræða, þá segi ég nei.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði í umr. um þessa till. við afgreiðslu hv. allshn. talið að forsendur fyrir hinni rökstuddu dagskrá væru hæpnar. En mér hefur hins vegar verið sýnt fram á það með yfirlýsingu frá flugmálastjóra, að fram mun fara sú rannsókn og athugun, sem till. gerir ráð fyrir, á þessu sumri, og því er það, að ég segi já við hinni rökstuddu dagskrá.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Forsendur þessarar afgreiðslu hv. allshn. eru þær, að samkv. bréfi flugmálastjóra, dags. 31. mars s. l., var upplýst, að sú athugun, sem farið er fram á í till., eigi sér stað og verði framkvæmd nú í sumar. Hins vegar urðu allmiklar deilur á fundi í Sþ. í síðustu viku um skilning á orðalagi í umsögn flugmálastjóra. Að mínu áliti er ljóst, hvernig skilja ber bréf flugmálastjóra. En vegna þessara umr., sem hér fóru fram, þá óskaði ég eftir nýju bréfi frá flugmálastjórn. Mér hefur nú borist það og ég mun leyfa mér að lesa það, með leyfi hæstv. forseta, en það hljóðar svo:

„Reykjavík, 2. maí 1978.

Ég vísa til bréfs míns til allshn. Sþ., 30. mars s. l., varðandi till. til þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, 39. mál, og ítreka að gefnu tilefni, að flugmálastjórn mun í sumar beita sér fyrir umræddri athugun á flugvalla- og flugöryggismálum Vestfjarða."

Ég held, að þetta bréf taki af allan vafa um að það, sem farið er fram á í till., hefur nú þegar verið ákveðið að framkvæmt verði í sumar. Þess vegna segi ég já.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tel, að sú rökstudda dagskrá, sem hér liggur fyrir um frávísun þessarar þáltill. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, sé í alla staði óeðlileg. Það er beinlínis rangt, sem fullyrt er í hinni rökstuddu dagskrá n., að í umsögn flugmálastjóra komi fram, að þegar hafi verið ákveðið, að sú athugun, sem þáltill. gerir ráð fyrir, verði framkvæmd. Ekkert slíkt kemur fram í bréfi flugmálastjóra. Nú hefur það gerst, að við atkvgr. hefur komið fram nýtt bréf, upp lesið af hv. formanni allshn., hv. þm. Ellert B. Schram. Hann segir að þar sé fastar að orði kveðið um að þetta verði gert. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu embættismanna tel ég á engan hátt eðlilegt að vísa þessari þáltill. frá. Það er í fyllsta máta eðlilegt, að þingvilji liggi fyrir og sé að baki þessari athugun, þannig að fulltryggt sé, að hún verði framkvæmd. Þessi till. allshn. um að vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá er því í hæsta máta óeðlileg og á hæpnum forsendum fram borin, vafasamt að hún sé með þinglegum hætti. Ég segi því nei.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þar sem fyrir lá við afgreiðslu málsins í allshn., að hlutaðeigandi ríkisstofnun hefði ákveðið að framkvæma athugun þá, sem um ræðir í till., á komandi sumri og þessi vitneskja hefur enn verið staðfest fyrir þessa atkvgr., eins og fram kom í máli hv. formanns allshn., þá tel ég afgreiðslu n. þá einu eðlilegu eins og málið lá og liggur fyrir og segi því já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það mun ekki vera algengt, mun nánast vera einsdæmi, að þm. greiði atkv. með því að vísa máli frá, sem hann er flm. að. Ég tel, að það sé einsdæmi í þingsögunni, að slíkt geti gerst, vegna barnslegs trúnaðartrausts á flugmálastjóra. Ég get ekki annað sagt en mikil er trú þín, kona. Ég segi nei.

Lífnaðarhættir æðarfugls, þáltill. (þskj. 387, n. 752). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Fyrir liggur till. á þskj. 387 um vísindalega rannsókn á lífnaðarháttum æðarfugls.

„Alþingi ályktar að fela landbrh. að láta framkvæma vísindalega rannsókn á lífnaðarháttum æðarfugls."

Atvmn. hefur athugað þessa till. á fundum sínum og aflaði n. sér umsagna Æðarræktarfélags Íslands, Líffræðistofnunar háskólans og Búnaðarfélags Íslands. Allar þessar umsagnir hníga í þá átt, að mikil nauðsyn sé á að rannsaka nánar lífnaðarhætti æðarfugls. Því eru allir nm. sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Ég vil leyfa mér að lesa örfáar línur úr þessum umsögnum.

Æðarræktarfélag Íslands segir: „Við fögnum því fram kominni till. til þál., enda teljum við ekki vansalaust, að Íslendingar hafi ekki yfir að ráða sem fyllstri vitneskju um jafnmikla nytjaskepnu og æðarfuglinn er."

Líffræðistofnun háskólans segir: „Það er skoðun okkar, að aðgerðir, sem stuðla eiga að eflingu æðarræktar, verði kák eitt nema að undangengnum ítarlegum rannsóknum á æðarfugli og samskiptum hans við manninn, fæðutegundir og þau rándýr, sem á hann leggjast. Því er mjög fagnað fram kominni till. og lagt til, að hún verði samþykkt."

Í umsögn Búnaðarfélags Íslands segir: „Undanfarin ár hefur Búnaðarfélagi Íslands borist beint erlendis frá eða verið framsend erindi frá landbrn., sem því hafa borist víðs vegar að frá vísindastofnunum og einstaklingum, og ýmsar fsp. varðandi dún og æðarrækt. Nái þáltill. fram að ganga og tilætluðum árangri munum við geta veitt fyllri svör auk þess sem þá fær almenningur þjóðarinnar að vita meira en áður um raungildi þessarar ágætu búgreinar, en um þessar mundir gefa 4 kollur af sér sama verðgildi í útflutningi og meðaldilkur af kjöti."

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun

Alþingis (þskj. 852).

Skýrsla menntamálaráðherra um framkvæmd grunnskólalaga, (þskj. 554). — Frh. umr.

Enginn tók til máls.

Efri deild, 95. fundur.

Þriðjudaginn 2. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, frv. (þskj. 825). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. til l. um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur höfum við fjallað um hér í þessari hv. d. Þegar það kom til Nd. og var athugað þar í n. kom í ljós, að betur fór á því að gera á því smávægilega breytingu, sem er nánast leiðrétting. Það má segja, að í 6. og 12. gr. sé komið inn á nákvæmlega sömu atriðin. 1. mgr. 12. gr., sem Nd. hefur lagt til að verði felld niður, er á þessa leið:

„Óheimilt er að versla með fóðurvörur og sáðvörur nema með leyfi landbrn."

Þetta er alveg fortakslaust tekið fram þarna í 12. gr. og eru menn ekki alveg fyllilega sáttir við það. Hins vegar er í 6. gr. komið inn á þetta sama efni. 6. gr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbrn. getur hvenær sem er bannað innflutning einstakra vörutegunda, sem lögin ná til, ef þær að dómi eftirlitsdeildar eru skaðlegar eða með öllu gagnslausar við íslenskar aðstæður. Einnig getur landbrn. bannað eða takmarkað innflutning á eftirlitsskyldum vörum til verndunar íslenskrar framleiðslu."

Þetta var álitið fullnægjandi. Formaður landbn. Nd. kom að máli við mig og kynnti þessar hugmyndir þeirra um breytingar á lögunum, sem ég féllst á fyrir mitt leyti og hef borið undir ýmsa í landbn. þessarar hv. d., sem hafa einnig tjáð sig samþykka. Ég tel því eðlilegt, að þessi hv. d. samþykki frv. eins og það kemur nú frá Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 862).

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 514). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 863).

Umræður utan dagskrár.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár í hv. Ed. af þessu tilefni:

Okkur alþm. hefur í dag borist bréf, sem ekki verður hjá komist, þó í miklum önnum sé, að taka fyrir til umr. og fá um vissar yfirlýsingar frá hæstv. forsrh. Það er um að ræða bréf skrifað fyrir hönd hagsmunasamtaka starfsmanna Orkustofnunar. Þessir sömu aðilar hafa rætt við allmarga þm. Þeir hafa gefið þm. þær upplýsingar m. a., umfram það sem stendur í þessu bréfi, að hér sé um mál að ræða, sem snerti starfsframtíð fjölmargra núverandi starfsmanna Orkustofnunar, þ. á m. 27 sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum, sem Orkustofnun sinnir. En bréfið felur einnig í sér beinar fullyrðingar um að fjármagni, sem ráðstafað hefur verið af fjvn. og Alþ. til vissra verkefna, hafi þegar verið ráðstafað til allt annarra hluta. Síðast, en ekki síst eru þar beinar fullyrðingar um ákveðin rannsóknarverkefni, sem niður muni þá falla á árinu eða hljóti að verða skert verulega að öllu óbreyttu. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa bréfið orðrétt. Það hljóðar svo, og er stílað í Reykjavík 1. maí 1978:

„Reykjavík, 1. maí 1978.

Hr. alþingismaður.

Bréf þetta er ritað vegna mjög alvarlegs ástands, sem skapast hefur í málum Orkustofnunar undanfarið. Árlega fær Orkustofnun framlag á fjárlögum íslenska ríkisins til þess að standa straum af rannsóknum á orkulindum landsins. Fé það, sem hér um ræðir, er ætlað í viss verkefni víðs vegar um landið. Gerð er grein fyrir þessum verkefnum í rannsóknaráætlun stofnunarinnar, sem liggur fyrir fjvn. Alþ. þegar n. tekur ákvörðun sína um fjárveitingu til heirra verkefna sem hún vill að framkvæmd séu á viðkomandi ári.

Undanfarið hefur fjárhagsstaða Orkustofnunar verið mjög slæm og vanskilaskuldir hafa safnast upp vegna framkvæmda Orkustofnunar við Kröfluvirkjun, en kostnaður vegna gufuveitu og borana hefur farið mjög fram úr áætlun. Þessi verk, sem eru hluti af Kröfluvirkjun, hefur Orkustofnun framkvæmt að boði ríkisstj., sem síðan hefur ekki útvegað nægt fé til framkvæmdanna. Til þess að borga hluta þessara vanskilaskulda hefur að undirlagi fjmrn. verið seilst í fjárveitingu Orkustofnunar á fjárl., sem fjvn. og Alþ. ætla til rannsókna á orkulindum landsins la árinu 1978. Í jan. og febr. 1978 tók fjmrn. 30 millj. kr. af fjárveitingu Orkustofnunar, hluta af því með samþykki iðnrn. Fyrir fáeinum dögum tók þó steininn úr, er fjmrn., með samþykki ríkisstj., tók 150 millj. kr. til viðbótar af fjárveitingu stofnunarinnar til þess að borga áður nefndar skuldir, sem óumdeilanlega eru hluti stofnkostnaðar Kröfluvirkjunar og því óviðkomandi rannsóknaráætlun Orkustofnunar. Alþ. hafði samþykkt að þessu fé yrði varið til ákveðinna verkefna í flestum kjördæmum landsins í sambandi við jarðhita-, vatnsafls- og neysluvatnsrannsóknir, sem nú munu óhjákvæmilega falla niður að mestu eða öllu leyti. Augljóst er, að sérhver dráttur á rannsókn innlendra orkulinda hlýtur að hafa í för með sér seinkun á nýtingu þeirra á meðan verð innfluttrar orku fer stöðugt hækkandi.

Meðal þeirra fjölmörgu verkefna, sem óhjákvæmlega munu falla niður, ef ekki fæst leiðrétting mála, eru:

1. Vatnsorkurannsóknir. Þar undir falla rannsóknir á

Austurlandi, á Vestfjörðum og í Skagafirði, a. m. k. mikill hluti rannsókna vegna Blönduvirkjunar og uppsetning vatnshæðarmæla vegna hugsanlegra virkjana í náinni framtíð, t. d. á veitusvæði Bessastaðaár, í Vatnsdalsá á Barðaströnd og í efri hluta Markarfljóts. Auk þess eru fjölmörg smærri verkefni, sém ekki eru síður mikilvæg.

2. Jarðhitarannsóknir. Þau verkefni, sem til greina kemur að skera niður að verulegu eða öllu leyti, eru:

1) Jarðhitaleit á Vestfjörðum, Eyjafirði, Suðurlandi, Snæfellsnesi og í Borgarfirði, 2) úrvinnsla eldri gagna dregst verulega og tefur því áframhaldandi rannsókn á hverjum stað, 3) verulega mun draga úr borholumælingum og eftirliti með borholum, 4) jarðefnafræðistarfsemi Orkustofnunar, sem aðallega er vegna rannsókna á heitu vatni, leggst nánast niður.

3. Neysluvatnsrannsóknir. Neysluvatnsleit og neysluvatnsrannsóknir jarðkönnunardeildar Orkustofnunar munu sjálfkrafa falla niður, þar sem nær öllum starfsmönnum deildarinnar verður sagt upp, ef fjárhagsvandinn leysist ekki.

Af þessari upptalningu má sjá, að starfsemi Orkustofnunar verður gersamlega lömuð þetta árið og mikil hætta er á því, að segja þurfi upp tugum starfsmanna sem flestir hafa yfir að ráða sérþekkingu á ýmsum sviðum orkurannsókna. Á tímum hækkandi orkuverðs í heiminum er rannsókn og nýting innlendra orkulinda eitt mikilvægasta verkefni sem vinna þarf hér á landi. Eru því þær aðgerðir fjmrn., sem að ofan hefur verið lýst, óskiljanlegar og stangast algerlega á við ummæli forsrh. í útvarpsumr. s. l. fimmtudagskvöld, en þá sagði hann:

„Virkjun fallvatna verður að halda áfram og beisla þarf aðrar orkulindir til að efla undirstöður vaxandi iðnaðar og draga úr notkun erlends eldsneytis. Innlenda verk- og tækniþekkingu verður að efla og veita fjármagni til nauðsynlegra rannsókna, áður en í stór og smá verkefni er ráðist."

Og önnur tilvitnun: „Vel menntuð æska er ótæmandi auðsuppspretta og ekki síst verður hún að finna kröftum sínum viðnám í verðugum verkefnum."

Starfsmenn Orkustofnunar skora á alþm. að láta ekki taka fram fyrir hendur sér og að þeir láti ekki viðgangast að embættismenn fjmrn. ráðskist án alls samráðs við Alþ. með fjárveitingar þingsins og verji þeim til annarra framkvæmda en Alþ. hafði ætlast til."

Undir þetta bréf skrifa svo fyrir hönd hagsmunasamtaka starfsmanna Orkustofnunar Birgir Jónsson, Heimir Sigurðsson, Ásgrímur Guðmundsson, Hákon Helgason, Guðrún Gísladóttir og Jón Ingimarsson.

Hér er um mjög alvarlegar fullyrðingar að ræða sem ég hef hvorki ástæðu til þess að vefengja né hef heldur fengið tækifæri til þess að staðfesta. Hér er um að ræða, samkv. þeim upplýsingum sem ég veit að hefur þegar verið komið á framfæri við marga alþm., mjög alvarlegt mál, ef svo margir færir og sérhæfðir sérfræðingar eiga nú að hrekjast frá Orkustofnun þegar sífellt er að því vikið að nauðsyn sé aukinna rannsókna og athugana á orkulindum okkar.

Fyrir mig sem Austfirðing eru fullyrðingar af þessu tagi, sem koma fram í bréfinu, ef sannar reynast, ákaflega alvarlegar, því að þar er beinlínis sagt að það, sem nú hefur verið gert, geti orðið til þess að allar rannsóknir á Austurlandi falli niður, en einmitt hafa verið gefin fyrirheit um aukið fjármagn til rannsókna eystra þannig að fullnaðarhönnun Fljótsdalsvirkjunar megi ljúka á árinu, og mætti eflaust á ýmis önnur vatnsorkurannsóknarverkefni benda með jafnmiklum rétti.

Hér er um alvarlegt mál að ræða einnig, ef rétt reynist, vegna þess hvernig hið svokallaða olíugjald, þ. e. a. s. söluskattsstigið sem átti að fara í niðurgreiðslur til hins almenna neytanda, hefur verið skert einmitt til hans vegna þess að orkurannsóknir og verkefni á því sviði orkumála þyrftu á því fjármagni að halda, en það mun vera nú til neytanda aðeins um 30% af þessum tekjum á söluskattsstiginu eða rétt innan við það. Og allt kallar þetta svo á spurninguna um lögmæti slíkra ákvarðana um ráðstöfun í öðru skyni á fjármagni til framkvæmda sem fjvn. og Alþ. hafa ákveðið, ef þessar upplýsingar og fullyrðingar reynast réttar.

Í tilefni þessa bréfs, sem án efa verður kynnt í fjölmiðlum og er full ástæða til þess að taka fyrir strax og fá um skýr svör, vil ég beina því til hæstv. forsrh. um leið og hann svarar meginefni þessa bréfs, svo sem ég tel fulla nauðsyn á, að hann lýsi því hér yfir, að ekki verði vikið frá áður teknum ákvörðunum um ráðstöfun fjármagns Orkustofnunar til vatnsorkurannsókna, til jarðhitaleitar og neysluvatnsrannsókna, þ. e. a. s. fjármagnið verði veitt til þess sem ákveðið hafði verið, en ekki notað til allt annars, eins og fullyrt er í þessu bréfi. Ég hlýt að undirstrika það auðvitað, að ég tel það ólöglegt ef fjárveitingar eru samþykktar til ákveðinna verkefna, en svo nýttar til allt annarra hluta án samráðs við fjvn. og Alþ. Ég vona að hæstv. forsrh. gefi yfirlýsingu sem taki af öll tvímæli í þessu efni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég hafði ekki fengið umrætt bréf í hendur þegar hv. 7. landsk. þm. tjáði mér að hann óskaði eftir að spyrja mig út úr efni þess hér á Alþ., og fékk það ekki fyrr en fyrir skömmu fyrir milligöngu hans.

Ég held að það komi ekki neinum þm. á óvart, að vandamál er til staðar varðandi fjármál Orkustofnunar. Það vandamál hefur borið á góma hér á hv. Alþ. áður og það er til staðar. Sannleikurinn er sá, að fjármál þessarar stofnunar eru ekki í því lagi sem vera ber, og hygg ég þá hóflega að orði komist.

Í þessu bréfi er í 1. mgr. sagt frá þeim vinnubrögðum, að gerð sé grein fyrir verkefnum Orkustofnunar í rannsóknaráætlun stofnunarinnar sem liggur fyrir fjvn. Alþ. þegar n. tekur ákvörðun sína um fjárveitingu til þeirra verkefna sem hún vill að framkvæmd séu á viðkomandi ári. Þetta eru út af fyrir sig alveg rétt og skynsamleg og eðlileg vinnubrögð. En að því hefur verið m. a. fundið, að stofnunin hafi ekki farið eftir þeim starfsáætlunum, sem hún hefur lagt fyrir fjvn., og hún hafi ráðið til sín fleiri starfsmenn en hún hafði heimild til samkv. fjárl. og samþykkt fjárveitingavaldsins. Það er verið að kanna réttmæti þessarar gagnrýni, m. a. nú af stjórnskipaðri nefnd sem sett var einmitt á laggirnar til þess að fjalla um fjárhagsvanda Orkustofnunar. Í þessari nefnd eiga fulltrúar frá ýmsum greinum ríkisvaldsins sæti og það er þeirra verkefni að endurskoða fjármál Orkustofnunar og gera till. til endurbóta, gera grein fyrir hvernig á þessum efnahagsfjármálavanda standi og fjárskorti.

Í 2. mgr. þessa bréfs er réttilega á það minnst, að Orkustofnun hefur eytt hærri fjárupphæðum til borana við Kröflu og gufuveitu þar en hún hefur fengið fjárveitingar til að standa undir. Í þessu efni er spurningin hvort

hún hafi farið fram úr veittum heimildum, ráðist í fleiri og fjárfrekari framkvæmdir en hún var búin að útvega sér fyrir fram heimild til að ráðast í, eða hvort hér sé um eðlilega hækkun kostnaðar að ræða vegna t. d. verðhækkana eða ófyrirsjáanlegra atvika. Ég vil undirstrika það, að nauðsynlegt er fyrir fjárveitingavaldið, bæði Alþ. og ríkisstj., að gengið sé úr skugga um að stofnun eins og Orkustofnun, sem hefur mjög mikla fjármuni með höndum, fari að heimildum og fari ekki út fyrir heimildir. Slík stofnun, eins og allar aðrar ríkisstofnanir, verður að hafa aðhald og þeim verður að vera ljóst að þær verða að fara eftir settum reglum og halda sér innan veittra fjárveitingaheimilda. Ef Alþ. og ríkisstj. eru ekki ákveðin í því að halda slík vinnubrögð, þá verður fjármálum okkar ekki stjórnað. Þessi nefnd, sem ég gat um áðan, mun fjalla um þetta atriði nákvæmlega og gera sínar ályktanir eftir að fram hafa komið skýringar Orkustofnunar og forráðamanna hennar að þessu leyti.

Þegar svo í 4. mgr. er í þriðja lagi sagt, að fjmrn. hafi tekið fyrst 30 millj. kr. af fjárveitingu Orkustofnunar og síðan 140 millj. til viðbótar til að borga skuldir vegna kostnaðar af framkvæmdum við gufuveitu og boranir við Kröflu, þá er gangur mála mjög einfaldaður.

Ég tel þess vegna nauðsynlegt að greina frá hvernig á þessum fjármunum stendur.

Það er blátt áfram samþykkt af hálfu fjmrn. og iðnrn. með samþykki ríkisstj., að fjárveitingum til Orkustofnunar innan ársins skuli breytt þannig, að fjmrn. borgi út ávísanir iðnrn. fyrr en gert var ráð fyrir samkv. greiðsluáætlun til þess að létta þessar vanskilaskuldir. Það fer svo eftir niðurstöðum og endurskoðun á fjármálum Orkustofnunar, hvenær, hvernig og að hve miklu leyti aflað verður fjár til þess síðar á árinu að endurgreiða þessa fjármuni eða hafa þá til reiðu til venjubundinna verkefna Orkustofnunar. Um það verður ekki hægt að fullyrða á þessu stigi málsins endanlega, en ég tel þó ekki ástæðu til þeirra miklu svartsýni sem um getur í bréfi hagsmunasamtaka Orkustofnunar, þar sem mér skilst að vatnsorkurannsóknir, jarðhitarannsóknir og neysluvatnsrannsóknir muni nær allar falla niður.

Nú skal ég taka það fram, að ef ég man rétt — ég hef ekki litið í fjárlög í tilefni þessa bréfs — eru í fjárl. ætlaðar um 800 millj. kr. til Orkustofnunar. Því til viðbótar eru ætlaðar ýmsar fjárveitingar til sérstakra verkefna. Ég hygg því, að það fari aldrei svo illa að þessi orð hagsmunasamtaka starfsmanna Orkustofnunar rætist, sem betur fer. Ég vil láta það koma hér fram, að það verður auðvitað, þegar svona stendur á, að fara aftur yfir allan verkefnalista Orkustofnunar og forráðamenn Orkustofnunar verða að gera grein fyrir verkefnum stofnunarinnar og kostnaði við þau á árinu að nýju þegar svona er komið, að fjárþröng er til staðar. En að svo miklu leyti sem þessi fjárþröng stafar af eðlilegum ástæðum verður leitast við að leysa úr þeim fjárhagsvanda og á það verður auðvitað lagt kapp, að starfsemi Orkustofnunar sem slíkrar megi ganga með eðlilegum hætti og þau verkefni, sem henni voru ætluð samkv. starfsáætlun, er fjvn. hefur gengið frá, verði haldin. Endurskoðunarnefnd fjármála Orkustofnunar mun skila áliti sínu til ríkisstj., og að fengnu því áliti mun ríkisstj. vitaskuld taka afstöðu til málsins og þeirrar fjáröflunar, sem nauðsynlega blasir þá við, og að svo miklu leyti sem um er að ræða breytingar á starfsáætlunum, er þn. eins og fjvn. hefur fjallað um, þá mun hún verða til kvödd eða undirnefnd hennar, ef tilefni gefst til.

Ég vil svo aðeins ítreka það og leggja á það áherslu, að leitast verður við að halda starfsáætlun þá sem þn. og fjárveitingavald hafa fallist á, en um leið verður með þessari endurskoðun á fjármálum Orkustofnunar að sjá svo um, að fjármálastjórn þessarar stofnunar sem annarra ríkisstofnana sé með þeim hætti að við verði unað og slíkur vandi endurtaki sig ekki.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Ég vil taka það fram, að ég er ekki í heild að verja allar aðgerðir Orkustofnunar, — ég er þeim ekki nægilega kunnugur til þess að ég geti skrifað upp á allt sem sú stofnun gerir. Án efa er þar á ýmsan veg með fé farið, eins og hjá ýmsum öðrum ríkisstofnunum, og ég get ekki dæmt um það, þó að ég hafi séð þær skýrslur og starfað í fjvn., hversu skynsamlega þar er á fjármunum haldið hverju sinni. Og ég tek fyllilega undir það, að aðhald sé nauðsynlegt, og eins það, að nefnd fari í þetta mál. — Það er auðvitað gott — og að fengnu áliti þeirrar nefndar verði málið kannað af hálfu ríkisstj. Þetta er allt saman út af fyrir sig gott og blessað og ágætt ef þessu væri beitt sem víðast og menn fylgdust sem allra best með og það í tíma — einnig með því hvernig með skuli farið og hvernig hinar ýmsu stofnanir fara með fjármuni þá sem þeim eru veittir.

Það kom fram í svari hæstv. forsrh., að það, sem segir í bréfinu um þessar 180 millj., er rétt að því leyti til, að þarna hefur verið um samþykkt af hálfu fjmrn. og iðnrn. að ræða með samþykki ríkisstj. að greiða þessa fjármuni fyrr út, eins og hæstv. forsrh. sagði, til þess að létta vanskilaskuldir. En síðan sagði hæstv. forsrh., að það færi svo eftir niðurstöðum síðar, hvort og hvernig um þetta færi. Því miður gat hæstv. forsrh. ekki tekið af nein tvímæli um þetta, hvort hér yrði um það að ræða að farið yrði í þau rannsóknarverkefni sem hefðu verið ákveðin, það kæmi allt í ljós síðar. Þetta hlýt ég að harma, því að hér er um svo mikilvæg verkefni að ræða í orkumálum okkar að ég tel að þrátt fyrir þessi fjárhagsvandræði geti þessi verkefni ekki beðið.

Ég sem Austfirðingur alveg sérstaklega hlýt að minna á að það er ekki langt síðan orkumál á Austurlandi komu sérstaklega til umr. í Sþ. út af fsp. þar. Þar var einmitt verið að spyrja um það, hvort nægilegt fjármagn yrði tryggt til þess að frá fullnaðarhönnun Fljótsdalsvirkjunar yrði gengið á árinu, sem er ein forsendan fyrir því og sú forsenda sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fyrir sig að yrði að vera fyrir hendi til þess að hægt væri að taka ákvörðun um þessa virkjun. Þá var upplýst að til þess að þessu mætti ljúka þyrfti um tvöfalda þá upphæð sem áætluð er, og hæstv. iðnrh. gaf um það ótvíræð fyriheit að mínu viti, að allt yrði gert til þess að við þetta yrði staðið. Ég hygg að sama hafi komið fram þegar sveitarstjórnarmenn eystra gengu á fund hæstv. forsrh., að hann hafi sömuleiðis gefið yfirlýsingar í þá átt, að allt yrði gert til þess að hægt yrði að ljúka þessu verkefni. Ég hygg því að við höfum ekki fengið við þessu þau svör sem ég hefði vænst og hefði vonað. Þó að málið sé í rannsókn, held ég að það hljóti að vera lífsnauðsyn fyrir okkur, að að þessum verkefnum verði staðið svo sem ákveðið var í haust að gert yrði. Þessi verkefni þola yfirleitt ekki bið, það sem ég þekki til þeirra, og við erum að verja til þessara mála meira fé einmitt til þess að hraða framkvæmdum í þessu skyni, auka rannsóknir og flýta þeim. Þar af leiðandi tel

ég illa farið ef hæstv. ríkisstj. getur ekki fyrir þinglokin tekið af öll tvímæli um þetta, að það verði farið eftir ákvörðunum fjvn. og Alþ. um það, að hvaða verkefnum eigi að vinna og hvaða fjármagn eigi til þeirra að fara.

Það er vitað að þarna var um mikinn niðurskurð að ræða frá áætlunum Orkustofnunar, gífurlegan niðurskurð á þessum rannsóknarverkefnum, og ef nú enn á að fara skera þau niður, þá er ekki að furða þó að yfir vofi í dag uppsagnir hjá fjöldamörgum sérhæfðum sérfræðingum hjá Orkustofnun, ef nú á enn þá að skera stórlega niður frá því sem þó var búið að gera í haust við afgreiðslu fjárlaga til þeirra nauðsynlegu verkefna sem hæstv. ríkisstj. segir þó, segir vonandi enn, hefur sagt a. m. k., að hefðu algeran forgang.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn geri greinarmun á þeim vanda sem Orkustofnun stafar annars vegar af því, að hún hefur sjálf farið út fyrir heimildir fjárveitingavaldsins og ráðið til sín fleiri starfsmenn og e. t. v. beitt sér fyrir rannsókn á fleiri verkefnum en fjárveitingavaldið veitti fjármagn til, og hins vegar þeim fjárskorti, sem stofnunin býr við vegna þess að hún fór út fyrir veittar fjárveitingar í sambandi við gufuöflun og gufuveitu við Kröflu. Þetta eru tvær höfuðástæður fyrir fjárhagsvanda stofnunarinnar eins og mér kemur hann fyrir sjónir.

Ég vil aðeins láta það koma hér fram, að umræddar 180 millj. kr. eru flýting á greiðslu til stofnunarinnar og eftir er að taka ákvörðun um hvernig úr þeim fjárhagsvanda verði ráðið síðar á árinu, þegar þessi endurskoðunarnefnd hefur skilað áliti sínu.

Það er líka rétt að hér komi fram, að Orkustofnun fær, eins og ég gat um áðan, ákveðnar fjárveitingar til ákveðinna verkefna. Ég hygg að í lánsfjáráætlun hafi t. d. verið ætlaður um 53 millj. kr. til þess að fullhanna virkjun við Bessastaðaá á Austurlandi og þá hafi verið talið að skort mundi hafa annað eins eða rúmlega þá upphæð, og það er sú viðbótarupphæð, 50—60 millj. kr., sem ég hygg, að bæði ég og iðnrh. höfum látið í ljós að æskilegt væri að útveguð yrði til þess að fullnaðarhönnun þessarar virkjunar væri lokið á árinu, án þess að í því fælist skuldbinding um tímasetningu virkjunarframkvæmdanna sjálfra. Þannig er um fleiri verkefni að ræða, sem Orkustofnun hefur með höndum, og því er ákaflega mismunandi með hvaða hætti þessi fjárskortur Orkustofnunar þarf að hafa áhrif til seinkunar á úrlausnum annarra verkefna sem stofnunin hefur með höndum. En allt þetta er nauðsynlegt að fram komi skýrt og skilmerkilega við endurskoðun fjármála stofnunarinnar. Ég held að allir alþm. hljóti að vera áhugasamir um það, að vandað verði til þessarar endurskoðunar og úrlausn á fjárhagsvandanum byggist á því í senn, að aðhald sé veitt stofnuninni og reynt sé að leysa úr brýnum fjárveitingum til aðkallandi rannsóknarverkefna.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að taka undir þau ummæli hv. þm. Helga Seljans, að ég hafði vænt mér skýrari svara af hálfu hæstv. forsrh. við ýmsum þýðingarmiklum atriðum bréfs þess sem starfsmenn Orkustofnunar afhentu alþm. í dag. Mér er að vísu ljóst að hæstv. forsrh. fékk ekki þetta bréf í hendur fyrr en núna eftir hádegið, en ljóst var af ummælum hans aftur á móti, að honum voru þessi fjárhagsvandræði Orkustofnunar ljós. Honum var það ljóst, að ráðstafað hafði verið 180 millj. af þeim fjárveitingum, sem Alþ. hafði samþykkt til Orkustofnunar til hinna ýmsu rannsóknarstarfa og undirbúningsstarfa, og af þessari ráðstöfun hlutu að fylgja mjög alvarleg vandræði fyrir stofnunina eins og fjárhag hennar var að öðru leyti komið.

Orkumálaráðh., hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen, er því miður fjarverandi þessar umr. En velflestar þær spurningar, sem við beinum nú til hæstv. forsrh., hefðu átt að eiga leið í gegnum hlustir hans inn til ríkisstj. Ég mun því ekki sveigja að hæstv. iðnrh. í þessu sambandi umfram það að gera því skóna, að kannske væri rétt fyrir hæstv. forsrh. að nota einmitt þessa daga, þegar hæstv. iðnrh. er erlendis, og leysa þau stórfelldu vandamál sem hlaðist hafa upp í iðnrn. á þeim fjórum árum sem núv. iðnrh. hefur setið þar á valdastóli.

Ég vil aðeins víkja að þeirri aths. hæstv. forsrh., að e. t. v. væri, þrátt fyrir þetta ástand sem lýst er í fyrrnefndu bréfi og hæstv. forsrh. ber út af fyrir sig ekki brigður á að svo slæmt sé, — þrátt fyrir það sé e. t. v. ekki ástæða til þeirrar svartsýni, sem fram kemur í bréfinu, að rannsóknir í svo fjölmörgum þýðingarmiklum greinum sem þar segir frá muni beinlínis falla niður. Ástæðan fyrir þessari svartsýni kemur ljóslega fram í því og er kirfilega rökstudd með því, að nú liggur það fyrir, að 45% af starfsmönnum Orkustofnunar er vísað, að sönnu efalaust með löglegum hætti, úr starfi óbeint með þeim hætti að þessum 30 starfsmönnum er boðið að undirrita ráðningarsamning til þriggja mánaða með fyrirvara um að hann gildi ef séð verði fyrir fjármunum til þess að borga launin þeirra og til þess að sjá þeim fyrir verkefnum. Mér er kunnugt um að a. m. k. ýmsir af þessum 30 starfsmönnum, — það skal tekið fram að þarna er um að ræða hina yngstu og óþreyttustu starfsmenn Orkustofnunar, hvaða nafn sem gefa má ráðningu þeirra, — ýmsir þeirra eru þeirra skoðunar, að hinn skilorðsbundni ráðningarsamningur til þriggja mánaða jafngildi raunverulega lagalega því, að þeir leggi sjálfir inn afsögn um starfið. Þeim, sem ekki undirrita slíkan ráðningarsamning með slíkum fyrirvörum, verður sagt upp. Eftir sitja í ýmsum deildum Orkustofnunar deildarstjórar einir saman til þess að annast þessar rannsóknir, sem hæstv. forsrh. var að óska áðan að hægt yrði að framkvæma eigi að síður, upp á hundruð millj. kr.

Svo að vikið sé aðeins að því sem varðar rétt þessara starfsmanna. Velflestir þessara starfsmanna, eða 27 þeirra, eru sérfræðingar sem allflestir hafa sérhæft sig í ýmsum greinum þeirra vísinda, sem lúta að nýtingu jarðvarma, vatnsafls og ferskvatnsnýtingu, í fullu trausti þess og beinlínis samkv. óskum innlendra yfirvalda um að þeir legðu þessa sérgrein fyrir sig, vegna þess að viðfangsefni eru ærin í landinu og nóg að vinna, ef rétt er á haldið. Í trausti slíkra beiðna um að þeir legðu út í dýrt og langt sérgreinarnám, fóru þeir út í slíkt nám. Í trausti þess réðust þeir síðan til starfa hjá Orkustofnun. Ég get getið þess, að í þessum hópi er m. a. einn verkfræðingur sem lagði í það þrjú ár af kappsfullri vinnu að sérhæfa sig í því að rannsaka orsakir á tæringu og útfellingum í hitavatnsrörum. Hann er einn af þeim í þessum hópi sem nú eru settir þessir kostir um starf framvegis í þágu stofnunarinnar.

Ég held að það, sem nú þurfi að gera, sem við þurfum að óska af hæstv. forsrh. nú, sé það, að hann gefi einhvers konar fyrirheit um að ráðin verði bót á fjárhagsvanda

Orkustofnunar, sem ég er alveg viss um að hæstv. forsrh. hefur fullan hug á, — ráðin verði bót á fjárhagsvanda Orkustofnunar með þeim hætti að þessir 30 starfsmenn eða nær helmingur af starfsmönnum stofnunarinnar, allir yngstu og frískustu sérfræðingar hennar, þurfi ekki að hætta störfum, hann gefi einhvers konar fyrirheit um að vandi Orkustofnunar verði leystur þannig að ekki þurfi að segja þessum mönnum upp störfum.

Það væri ákaflega æskilegt að hæstv. forsrh. upplýsti okkur um það í fyrsta lagi, hvar hægt sé að finna heimildir þær sem Orkustofnun hafði til þess að ráða fleiri sérfræðinga til starfa heldur en fyrirmæli fundust um hjá fjárveitingavaldinu. Enn fremur það, hvaðan Orkustofnun hafði heimildir eða ella hvaðan Orkustofnun fékk fyrirmæli um að inna af höndum greiðslur eða takast á hendur skuldbindingar varðandi framkvæmdir við Kröflu fram yfir það sem fjárhagur stofnunarinnar leyfði, hvort þetta er uppáfinning stjórnar Orkustofnunar eða hvort hér var verið að láta að kröfum sem koma annars staðar frá.

Ég dreg ekki í efa að hæstv. forsrh. sagði okkur satt frá því, með hvaða hætti þessi tilfærsla af peningum frá Orkustofnun, 180 millj., fór fram, þótt ég í fávisku minni um meðferð hinna æðri fjármála fengi það einhvern tíma á tilfinninguna að þarna hefði verið um einhvers konar tékkaskipti að ræða, svo sem fræg hafa nú orðið í kaupsýsluheiminum annars staðar. En tilgreind afleiðing af þessari fjármunatilfærslu er sú, að nú er búið að skrifa 30 starfsmönnum Orkustofnunar bréf og þeim sagt að annaðhvort skrifi þeir undir skilyrtan ráðningarsamning til þriggja mánaða ellegar þeir verði að sæta uppsögn úr starfi. Þetta er afleiðingin af þessari meðferð fjármála Orkustofnunar. Ljóst var af orðum hæstv. forsrh., að þar væri ekki um að kenna yfirstjórn Orkustofnunar, heldur hefðu þær ákvarðanir verið teknar af hæstv. iðnrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. með samþykki allrar ríkisstj. Ég ítreka að það hvarflar ekki einu sinni að mér að efast um að hæstv. forsrh. hafi fullan vilja til þess að leysa þennan vanda, — það hvarflar ekki einu sinni að mér. En ég vil vekja athygli á því, að þessir 30 menn, sem nú mun annaðhvort verða sagt upp störfum ellegar þeir verða tilknúnir að undirrita skilyrtan samning, sem ýmsir þeirra telja sjálfir að jafngildi því að þeir segi sjálfir upp starfi ef í það fer, — þessir menn verða að sjá sér farborða á annan hátt. Sumir hverjir verða kannske að leita sér að vinnu á alþjóðlegum markaði og þeir, sem fríska astir eru til verka og kunna svolítið til þeirra, eins og ýmsir námsmenn hafa lært á liðnum árum, guði sé lof, verða kannske að reyna að koma sér á skuttogara. Þeir verða ekki tiltækir e. t. v. til þess að hlaupa í þessi störf aftur til Orkustofnunar strax og nefndin, sem hæstv. forsrh. tilgreindi áðan, hefur lokið störfum, hvenær svo sem það verður. Hér er um það að ræða, að við erum að missa þessa verðmætu starfskrafta út úr höndunum á okkur. Því tel ég ákaflega eðlilegt að fara þess á leit við hæstv. forsrh., ekki að hann gefi loforð sem hann viti ekki hvernig eigi að efna, ég hygg að hvað sem um hæstv. ráðh. hefur verið sagt hætti honum ekki mjög mikið til slíks, heldur gefi yfirlýsingu um að þessi vandi, sem augljóslega er aðkallandi og við hljótum að leysa, verði leystur með þeim hætti, að þeir geti treyst því að þeir haldi áfram störfum, þessir menn sem við þurfum á að halda, að losa þá við ugginn um að þeir muni nú í þessari flækju og í þessu millibilsástandi missa starfið sitt, fá þá til þess að trúa því, að þeim sé óhætt að doka við þangað til málin verða komin í það horf að lausnin á þessum efnahagsvanda sé fyrirsjáanleg. Ég efast ekki um að ríkisstj. þurfi að fjalla frekar um þetta mál, en ítreka sem sagt aðeins þessa ósk til hæstv. ráðh., að hann athugi það nú þegar á stundinni, — ég geri ráð fyrir því að hann viti það þegar, að þetta mál verði að leysa, — að þetta mál verði leyst, hvort hann geti ekki gefið slíka yfirlýsingu núna til þess að róa þessa ágætu starfsmenn og draga úr líkunum á því að við missum þá.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég held, að öll efnisatriði málsins séu fram komin, og lít raunar á ræðu síðasta hv. ræðumanns þannig, að hann sé að tala fyrir pallana fremur en okkur hv. þm. En það er líka góðra gjalda vert.

Sem svar við fsp. hv. þm. vil ég segja, að ég er sannfærður um að allir starfsmenn Orkustofnunar, bæði eldri sem yngri, — ég geri ekki þann greinarmun á þeim samkv. aldursröð sem síðasti hv. þm. gerði, — leggja auðvitað áherslu á að þannig sé haldið á fjármálum Orkustofnunar, að ekki komi ítrekað til þess vanda sem staðið er frammi fyrir nú. Ég er sannfærður um að allir starfsmenn Orkustofnunar eru sammála okkur öllum hv. þm. um að þetta skipti mestu máli, bæði fyrir starfsöryggi einstaklinganna, sem vinna við Orkustofnun, svo og fyrir framgang þeirra mikilvægu verkefna sem unnið er að innan veggja stofnunarinnar.

Ég hef ítrekað sagt frá því, að endurskoðunarnefnd er að störfum varðandi fjármál Orkustofnunar, og þær ráðstafanir, sem forráðamenn Orkustofnunar hafa gert varðandi starfsmenn stofnunarinnar að því er snertir uppsagnir eða ábendingar um önnur eða breytt starfskjör, eru ekki gerðar í samráði við ríkisstj. í heild sem slíka. Það er misskilningur hjá hv. ræðumanni. En hins vegar eru þetta ráðstafanir sem gerðar eru af forráðamönnum stofnunarinnar sjálfsagt í tengslum við þá endurskoðun, sem fram fer, til þess að geta haft frjálsari hendur um aðgerðir að endurskoðun lokinni.

Ég skal ekki segja það á þessu stigi, hvort eða að hve miklu leyti þær uppsagnir koma til með að ganga í gildi sem þarna er um að ræða. En að lokinni endurskoðun fullyrði ég að bæði starfsmenn og stjórnendur stofnunarinnar standa á öruggari grundvelli, og ég er sannfærður um að allir starfsmenn Orkustofnunar óska eftir því, að slíkur öruggur grundvöllur sé myndaður fyrir starfsemi þá er innan stofnunarinnar fer fram.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 469). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 864).

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 824). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í okt. 1975 skipaði ég nefnd sem hafði það hlutverk að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 frá 1973. Þessi

nefnd starfaði undir formennsku ráðuneytisstjórans í heilbrmrn., Páls Sigurðssonar, en með honum voru í nefndinni alþm. Sigurlaug Bjarnadóttir og Jón Helgason, Ólafur Ólafsson landlæknir og Tómas Á. Jónasson formaður Læknafélags Íslands. Frá byrjun var Jón Ingimarsson ritari nefndar þessarar. Nefndin kom til síns fyrsta fundar 28. okt. 1975, en skilaði nál. sem fullkomnu lagafrv. ásamt grg. í lok nóv. á s. l. ári. Í ársbyrjun 1976 óskaði læknadeild Háskóla Íslands eftir aðild að nefndinni. Tók Þorkell Jóhannesson prófessor sæti í henni sem fulltrúi læknadeildar í mars 1976 og starfaði með henni til loka starfstímans.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni falið í fyrsta lagi að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu með tilliti til þeirrar reynslu, sem af þeim var þá fengin, en einkum var henni falið að taka til athugunar með hverju móti þau ákvæði laganna sem ekki tóku gildi við setningu þeirra, gætu sem fyrst tekið gildi. Jafnframt var nefndinni falið að kanna þær till. sem fram hefðu komið á Alþ. og mundu koma á starfstíma hennar um breytingar á lögunum og vísað hafði verið til ríkisstj.

Þegar til kom urðu brtt. nefndarinnar það víðtækar, að það ráð var tekið að endursemja lögin frá byrjun og leggja breytingarnar fram sem nýtt frv. til l. um heilbrigðisþjónustu. Ég ætla að rekja þær breytingar, sem felast í því frv. sem hér liggur fyrir, og taka fram, að frv. í núverandi mynd er ekki algerlega shlj. nál. eins og það var lagt fyrir á sínum tíma, því að í rn. og ríkisstj. hafa verið gerðar nokkrar breytingar til samkomulags á frv.

Í 3. gr. er gerð sú breyting, að ákveðið er að embætti aðstoðarlandlæknis skuli vera lögbundið og hann skuli ávallt vera staðgengill landlæknis og sé fylgt því fordæmi sem til er um ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra stjórnarráðsins.

Nokkrar umr. hafa verið um gildi heilbrigðismálaráðs Íslands og hafa bæði legið fyrir till. um að leggja það niður í heild og að breyta fyrirkomulagi þess. Í þessu frv. er farin sú leið að hafa ráðið óbreytt, en hins vegar að auka möguleika þess til starfs með því að fá fé til að leita álits sérfræðinga í einstökum málum og hafa ritara í þjónustu sinni. Eftir sem áður er ekki gert ráð fyrir að ráðsmenn séu launaðir.

II. kafli laganna um heilbrigðisþjónustu hefur aldrei tekið gildi og er þar um að ræða veigamestu breytingarnar sem í þessu frv. felast. Í stað þess fyrirkomulags, sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum, er horfið frá því ráði að skipa sérstaka héraðslækna. Hins vegar er lagt til að skipta landinu í læknishéruð í samræmi við kjördæmaskipun og skipun í fræðsluumdæmi, og gera því lögin ráð fyrir 8 læknishéruðum. Það er ekki gert ráð fyrir sérstökum embættislæknum í þessum héruðum, en gert ráð fyrir því að ráðh. skipi einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn. Undantekning er þó gerð um Reykjavík, þar sem gert er ráð fyrir að borgarlæknir sé jafnframt héraðslæknir.

Þá er gert ráð fyrir því nýmæli, að í hverju héraði starfi heilbrigðismálaráð, sem sé þannig skipað að héraðslæknirinn, þ. e. a. s. sá heilsugæslulæknir sem ráðh. hefur skipað sem héraðslækni, sé formaður ráðsins, en að sveitarstjórnir héraðsins kjósi aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Þessir ráðsmenn skulu kosnir úr hópi fulltrúa úr stjórnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa og skal hver slík stofnun innan héraðsins jafnan eiga einn fulltrúa í heilbrigðismálaráði héraðsins. Með þessu móti er gert ráð fyrir að tengja saman í sérstakan starfshóp fulltrúa allra þeirra stofnana sem um heilbrigðismál fjalla í hverju kjördæmi, og skal vinnuhópurinn starfa undir stjórn héraðslæknis. Þá er gert ráð fyrir að ráðh. setji reglugerð um starfsháttu heilbrigðismálaráða, að fengnum till. landlæknis. Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvað eina sem við kemur heilbrigðismálum héraðsins. Er gert ráð fyrir að ráðh. setji honum sérstakt erindisbréf. Kostnaður vegna starfa heilbrigðismálaráða mun skiptast milli ríkissjóðs og sveitarsjóða eins og nánar er fyrir mælt í lögunum. Þá er gert ráð fyrir að reglugerð sé sett, að fengnum till. heilbrigðismálaráðs og landlæknis, um starfsaðstöðu héraðslæknis og starfsliðs hans.

Með þeirri breytingu, sem ég hef nú lýst, hefur það stjórnkerfi, sem áður var gert ráð fyrir í II. kafla laganna um heilbrigðisþjónustu, verið mjög einfaldað. Það er ekki gert ráð fyrir sérstökum embættislæknum, heldur reynt að sameina störf núverandi heilsugæslulækna embættislækningum að eins miklu leyti og unnt er og ákvæði gildandi laga um héraðshjúkrunarfræðinga eru algerlega felld niður. Hér er því ótvírætt um að ræða sparnað í sambandi við það sem að margra áliti er ónauðsynleg stjórnunaryfirbygging.

Í kaflanum um heilsugæslu eru nokkrar breytingar í núverandi 13. gr. Á 13. gr. gildandi laga er sú breyting gerð, að nú eru heilsugæslustöðvar ákveðnar með þrennu móti, þ. e. heilsugæslustöð H þar sem starfar hjúkrunarfræðingur eða ljósmóðir og læknir hefur móttöku sjúklinga reglubundið, heilsugæslustöð 1 þar sem starfar einn læknir ásamt starfsliði og heilsugæslustöð 2 þar sem starfa tveir læknar eða fleiri. Ástæðan til þess, að tekið var upp nýtt nafn á því sem áður var kallað læknismóttaka, er sú, að heilsugæslustöð er hér réttnefni, þar sem á þessum stað fer fram heilsugæsla á sama hátt og á heilsugæslustöðvum 1 og 2 og aðstaða verður sköpuð í samræmi við það starf sem þar fer fram. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag muni reynast vel og að heilsugæslustöðvar H muni gegna mikilvægu hlutverki um landsbyggðina í framtíðinni.

Þá er sú viðbót gerð við núgildandi 13. gr., að inn er bætt heimild til ráðh. að ákveða að lyfjabúð geti verið í heilsugæslustöð, en áður voru einungis heimildir til að lyfjaútibú eða lyfjaútsölur væru á heilsugæslustöðvum.

Þær breytingar, sem gerðar eru á 14. gr. frv., eru beinar afleiðingar af þeirri breytingu sem áður hefur verið lýst á 6. gr. og á 13. gr., þ. e. að læknishéruð breytast í samræmi við 6. gr. og að upp eru taldar heilsugæslustöðvar H í hverju umdæmi fyrir sig. Þá var lögð til sú breyting, að Kópasker er flutt í Húsavíkurumdæmi og þar sett H-stöð. Sú breyting var gerð við þetta ákvæði í Nd., að þetta er óbreytt frá gildandi lögum, svo að engin slík breyting á sér stað. Í lokaákvæði 14. gr. er í fyrsta lagi um að ræða að þjónustuskyldar heilsugæslustöðvar nái út fyrir héraðamörk þar sem þannig háttar til, svo sem að heilsugæslustöð í Stykkishólmi þjóni Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal sjái um læknismóttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóni Skeggjastaðahreppi. Þá er einnig það ákvæði, að ráðh. hafi heimild til að ákveða tímabundna búsetu læknis í heilsugæslustöð H í sama umdæmi, enda sé starfs- og húsnæðisaðstaða þar viðunandi að mati landlæknis og héraðslæknis.

17. gr. er breytt til samræmis við það sem áður er sagt um héraðshjúkrunarfræðinga, en inn í greinina kemur heimild til að ráða hjúkrunarforstjóra að heilsugæslustöðvum þegar þess telst þörf.

Nokkrar umr. og skoðanaágreiningur var í nefndinni um það, hvar breyta ætti kostnaðarhlutfalli ríkis og sveitarfélaga í byggingu og búnaði heilsugæslustöðva. Einkum hefur verið rætt um að hækka hlut sveitarfélaganna. Niðurstaða nefndarinnar var sú, að halda kostnaðarhlutföllum óbreyttum, þ. e. a. s. ríkissjóður greiði 85% og sveitarfélög 15% af stofnkostnaði. Viss rök mæla með því, að sveitarfélög verði meiri þátttakendur en nú er í kostnaði við uppbyggingu heilsugæslustöðva, en ég tel að breyting af því tagi verði að fylgja með víðtækari breytingu á verkefna- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga og því sé ekki tímabært að taka hana upp við umr. um þetta frv.

Í 19. gr. er nokkuð ítarlegar rætt um heilsuverndargreinar en áður var, en að mestu er greinin óbreytt. Hins vegar eru sett ótvíræð ákvæði í 20. gr. um kostnaðarskiptingu ríkissjóðs og sveitarsjóðs um viðhalds- og endurnýjunarkostnað fasteigna og tækja heilsugæslustöðva. Um þetta atriði hefur verið ágreiningur milli heilbr.- og trmrn. og fjmrn. og Alþ. Rn. hefur litið svo á, að ríkissjóður ætti að taka þátt í viðhalds- og endurnýjunarkostnaði húseigna og tækja í sama hlutfalli og byggingarkostnaði, en fjárveitingavaldið hefur ekki fallist á það frá því að þessi lög tóku gildi. En í þessum lögum er gert ráð fyrir því, að viðhaldi verði skipt að jöfnu á milli ríkis og þeirra sem sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar reka, þannig að fullur jöfnuður sé á milli allra þessara greina eða allrar þessarar starfsemi, sem ég tel bæði eðlilegt og nauðsynlegt.

Í 21. gr. er sú breyting gerð, að gert er ráð fyrir að stjórnir heilsugæslustöðva 1 og 2 séu kosnar með sama móti. Þá er það nýmæli að læknaráð skuli vera við heilsugæslustöðvar þar sem tveir læknar eða fleiri starfa og formaður þess sé yfirlæknir stöðvarinnar.

Í 22. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að heimild sé til þess að tannlæknir sé ráðinn fyrir föst laun að heilsugæslustöð til skólatannlækninga, svo sem er um ráðningu lækna til sambærilegra starfa við stöðina.

Í kaflanum um sjúkrahús eru gerðar nokkrar breytingar, aðallega varðandi stjórnunarhætti. Í 31. gr. er gerð sú breyting, að þar er lengdur frestur sá sem stöðunefnd hefur til að skila áliti. Er það gert af þeirri reynslu, að stöðunefnd hefur sjaldan getað skilað áliti innan tiltekins tíma. Þá er gerð sú breyting á þessari grein, að læknaráð sjúkrahúsanna eru ekki lengur umsagnaraðilar um yfirlæknisstöður við ríkisspítala, heldur stjórnarnefnd spítalanna. Sama máli gegnir um yfirlækna annarra sjúkrahúsa. Í sambandi við stöðu hjúkrunarforstjóra er gert ráð fyrir því, að leitað sé umsagnar hjúkrunarráðs um umsækjendur.

Í 33. gr. er gerð sú breyting, að í stað þess að ráðh. á að láta gera 10 ára áætlun um byggingu heilbrigðisstofnana, þá er gert ráð fyrir að hér sé gerð 5 ára áætlun. Sú breyting er líka gerð, að þessi áætlun skuli unnin af heilbr.- og trmrn. í samvinnu við heilbrigðismálaráð héraðanna, landlækni og Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Í 34. gr. er gerð sú breyting, að ótvírætt sé að sveitarfélögin hafi skyldu til að taka þátt í framkvæmdum í samræmi við ákvarðanir Alþ. um fjárveitingar á hverjum tíma svo og að annast rekstur heilbrigðisstofnana. Þá er það nýmæli í þessari grein að taka viðhaldskostnað sjúkrahúsbygginga, þ. e. af bæði tækjum og fasteignum, út úr daggjaldi sjúkrahúsa eins og það er í dag og gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög, sem eru eigendur og rekendur stofnananna, greiði þennan kostnað að jöfnu, eins og ég sagði áðan.

Greinar í V. kafla laganna eru að kalla má óbreyttar nema 38. gr. laganna er felld niður, þar sem reynslan hefur sýnt að hún er óþörf og óraunhæf miðað við núverandi aðstæður. Þá er gert ráð fyrir því, að lögin taki þegar gildi verði þau samþykkt, en fjögur bráðabirgðaákvæði eru í lögunum. Í nýju ákvæði er gert ráð fyrir því, að vegna þess að uppbygging heilsugæslustöðva tekur langan tíma geti rn. viðurkennt starfsemi í bráðabirgðahúsnæði sem heilsugæslustöð fyrir svæði og hún njóti viðurkenningar og geti fengið árlega fjárframlag úr ríkissjóði sem samsvarar kaupi fastráðins sérlærðs starfsfólks. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að boðnir séu fram námsstyrkir til sérmenntunar á sviði heilbrigðismála. Í þriðja lagi er ákvæði shlj. 3. ákvæði í gildandi lögum. Næsta ákvæði er shlj. 4. bráðabirgðaákvæði í gildandi lögum.

Í Nd. voru gerðar nokkrar breytingar á þessu frv. Það má segja að engin sú breyting sé veigamikil. Það eru gerðar nokkrar breytingar til þess að skýra nánar hin ýmsu ákvæði þessa frv., en um yfirgripsmiklar efnisbreytingar hefur ekki verið að ræða í meðförum Nd. Að því er ég best veit hefur n. í Nd. haft nokkuð náið samstarf við n. í Ed., einkum formann n., og því liggur þetta frv. nokkuð ljóst fyrir eins og ég hef verið að skýra það. N. hefur og fjallað um þær umsagnir sem hún fékk um frv. frá þó nokkrum aðilum.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er alveg ljóst, að fyrir þingið hafa komið nú síðustu daga og vikur mörg mjög stór mál. Þetta er ekki meðal þeirra stærstu e. t. v., en allstórt mál. Því hefur verið svo háttað, að ég veit, að það munu hafa verið boðaðir sameiginlegir fundir um þetta mál, en hins vegar hefur það verið svo, að í þeim tilfellum sem það hefur verið gert, a. m. k. vissi ég til þess í einu tilfelli, hefur það rekist á við fundi fjh.- og viðskn. þingsins, sem hafa verið að vinna í mjög mikilvægu máli. Ég hef þess vegna ekki átt þess kost að fá nægilega innsýn í þetta mál. Mér er ljóst að það er orðinn lítill tími eftir af starfi þingsins, en hins vegar tel ég nauðsynlegt að við fáum nauðsynlegar upplýsingar í heilbr.- og trn. Ed.

Þetta mál snertir hvern einasta þm. hér í deildinni. Það er ljóst, að t. d. í Austurlandskjördæmi hafa lengi legið fyrir óskir um að í læknishéraðinu Eskifjörður — Reyðarfjörður, en það er mjög nálægt því að muni búa þar um 2000 manns, yrði H 2 stöð. Þessir aðilar hafa ítrekað leitað með það mál til okkar þm. Austurlandskjördæmis. Þar sem hér er um mjög stórt svæði að ræða og fjölmennt finnst mér eðlilegt, að á þessu svæði verði H 2 stöð. Þess vegna vænti ég þess, að við hv. þm. Helgi Seljan munum beita okkur fyrir því að koma þessum sjónarmiðum á framfæri við meðferð þessa máls.

Síðan er ýmislegt fleira, sem snertir okkur í sambandi við þessa skipan mála. M. a. er nokkuð óljóst hvernig skuli háttað með Skeggjastaðahrepp. Hann tilheyrir Austurlandskjördæmi, en ætlunin mun að þjóna honum

áfram frá Þórshöfn. Þetta er, að einhverju leyti a. m. k., tiltölulega erfitt atriði á mörkum kjördæma þar sem eru mjög stór svæði, eins og t. d. Skeggjastaðahreppur og fleiri svæði. Fyrir suma íbúana er styttra á Þórshöfn og fyrir aðra er styttra á Vopnafjörð. Þetta sama vandamál er líka í Öræfum — fyrir suma íbúana er styttra á Kirkjubæjarklaustur og fyrir aðra á Höfn í Hornafirði. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að það sé ekki tekið bærilega á móti þessu fólki ef það kemur á aðra heilsugæslustöð en tilheyrir þeirra umdæmi, en þetta er atriði sem þarf að gera ráð fyrir, að menn séu ekki alveg rígbundnir í þessa skipan og fólk geti leitað til annarra stöðva sé það þægilegra fyrir það.

Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri, herra forseti, en ætla mér ekki að tefja tímann með því að ræða þetta mál frekar að sinni.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fæ nú tækifæri til þess, að vísu mjög stopult og stuttan tíma áreiðanlega, að fjalla um þetta frv. í n. En það er rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að einn sameiginlegur fundur hefur verið haldinn um þetta frv. og þar skýrðist margt. Hins vegar er þó sá hraði á þessu og öllu og það mikið hér um að vera yfirleitt, að ég hef enn ekki alveg fyllilega áttað mig á því, hvernig frv. lítur út endanlega eftir 3. umr. í Nd., hvort það hafa verið gerðar einhverjar frekari breytingar á því. Það kann að vera að það hafi verið, en ég hef hreinlega ekki fylgst með því. Þar vissi ég að var uppi — (Gripið fram í). Engin breyting gerð, þannig að það er óbreytt eftir 2. umr.? Þá er það sem sagt ljóst, að ýmsar óskir, sem komu fram frá Hjúkrunarfélagi Íslands, hafa þar ekki verið teknar inn í. Ég hef í höndum ljósrit af bréfi til formanns n. okkar, hv. þm. Odds Ólafssonar, frá Hjúkrunarfélaginu um þessi lágmarksatriði sem hjúkrunarfræðingarnir óska eftir að koma inn í heilbrigðislöggjöfina. Ég út af fyrir sig tel eðlilegt að við athugum vandlega í n., hvort ekki er unnt að verða við þeim óskum, því að mér sýnist þarna vera um hreint jafnréttismál að ræða. Ég er sannfærður um að margt í þessu frv. nú er til bóta varðandi þá endurskoðun sem fram hefur farið á þessum mikla lagabálki. Það hefur verið unnið eftir honum allvel og reynt að framkvæma ýmislegt af því, sem í þessum lagabálki er, en auðvitað er margt ógert, sem vonlegt er, í því efni eins og hlýtur að vera þegar um svo viðamikið mál er að ræða. Þó má segja að einmitt þetta, að þessi mál voru tekin til gagngerðrar endurskoðunar og úrbóta, hafi haft í för með sér ákveðin straumhvörf í heilsugæslumálum landsbyggðarinnar í heild. Í stað þess sífellda læknaskorts, sem áður vofði yfir og ríkti, þá hefur þar nú orðið mikil breyting til batnaðar, m. a. vegna þeirra fyrirheita sem í þessum lagabálki fólust og hafa sumpart verið að komast í framkvæmd, en eru sum óframkvæmd að vísu enn.

Nýmæli er í þessu varðandi heilbrigðismálaráðið. Ég naut þess heiðurs á sínum tíma að sitja í heilbrigðismálaráði Íslands, sem það hét, hvorki meira né minna, sem formaður í heilbr.- og trn. þessarar hv. d. Ég vonast til þess að heilbrigðismálaráð hvers héraðs verði virkara og öflugra en þetta heilbrigðismálaráð Íslands, því að ég held að nú sé óvíst um líf þess, hvort það er á lífi eða ekki. Það hefur þó þótt nauðsynlegt, að það sé í frv. í sambandi við þessa ráðgjafarnefnd, að það skuli vera reiknað þar með einhverjum kostnaði. Þá verður kannske farið að starfa eitthvað þegar þar að kemur. Hér er um ráðgjafar- og umsagnaraðila um heilbrigðis- og almannatryggingamál að ræða, og það kann vel að vera, að eftir að ég hvarf úr þessari nefnd — ég hef víst ekki verið boðaður á fund í þessari nefnd eða þessu ráði núna í hálft annað ár — þá hafi það tekið eitthvað til umfjöllunar. En starf þess var sem sagt sáralítið. Ég held að það hafi engu að síður komið fram, að nauðsynlegt hafi verið að koma þessu ráði á. Það hefði bara átt að skapa því víðari starfsgrundvöll en það hefur, og það hefði átt að vera, eins og kom fram á fyrsta fundi þessa ráðs, ekki bara umsagnaraðili, heldur líka ráðgefandi og koma sjálft á framfæri ýmsum atriðum, sem menn teldu þar að máli skiptu fyrir heilbrigðismál í landinu í heild.

Ég verð að segja það, að ég hnýt örlítið um í 7. gr. lið 3.2, þ. e. a. s. þegar heilbrigðismálaráði í hverju héraði eru falin þau verkefni að gera till. og áætlanir um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði. Það er nú svo, að okkur þm. gengur nægilega illa, finnst mér, að raða þessum verkefnum og ákveða þeim vissan forgang, þó ekki sé farið að deila um það heima í héraði, hvaða staður eigi að vera á undan öðrum þar. Það gengur ansi treglega. Ég hefði í raun og veru a. m. k. viljað fella niður, að lítt athuguðu máli að vísu, þetta orð: „forgang," því að ég er hræddur um að þegar menn úr öllu Austurlandskjördæmi koma saman og eiga að fara að raða verkefnum, þá gangi þeim ekki mjög vel, jafnvel þó að svona ágætir menn eigi að skipa þetta ráð eins og gert er ráð fyrir, að finna þessa forgangsröðun. En hvað um það, það er kannske rétt að knýja á um það, að menn taki þarna eðlilegt tillit til — (Gripið fram í.) Jú, það gæti allt eins farið svo, að þar yrði um ýmis sérálit að ræða. Þess vegna hefði ég viljað sleppa þessari forgangsröðun, hafa hana ekki þarna með. En vel kann að vera að við séum á það mikilli þroskabraut varðandi hreppapólitíkina okkar, að það sé alveg óhætt að hafa þetta með og þetta sé einmitt hvetjandi fyrir þessa ágætu fulltrúa að láta hana nú lönd og leið. En ef hún er dáin út, þá er ég illa svikinn.

Ég vil fagna því ákvæði, sem þarna er varðandi viðhalds- og endurnýjunarkostnaðinn, þó að ég telji að þarna sé kannske ekki nógu langt gengið og það megi deila um hvort þarna eigi að vera sömu hlutföll og í sambandi við stofnkostnaðinn. En vissulega er þarna höggvið á hnút, þar sem deilur hafa verið á milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig að skyldi staðið með viðhald og endurnýjun. Þarna er þó komin ákveðin regla um 50% og þá aðeins umdeilt, hvort sú regla er rétt eða hvort það eigi að miða við hlutföllin 85:15, eins og er í sambandi við stofnkostnaðinn.

Ég get ekki stillt mig um að koma inn á atriði sem við komum á framfæri nokkrir þm. fyrir ári eða svo, rúmlega ári reyndar, varðandi listskreytingar sjúkrahúsa. Það tilheyrir að vísu öðrum lögum, lögum um skipan opinberra framkvæmda, og verður víst ekki möguleiki á að koma því þarna inn, það veit ég. En því miður gilda aðrar reglur þarna í sambandi við skipan opinberra framkvæmda heldur en varðandi skólamannvirki. Það verður að teljast mjög miður að svo skuli vera, að ekki skuli mega í þessum stofnunum, enn frekar í raun og veru, verja ákveðinni prósentu af fjármagni til vissra listskreytinga. Við vorum svo hógværir í þessu, við þm. sem fluttum þetta, fjórir, sinn úr hverjum flokki, að sú prósenta hefði ekki gert mjög mikið og aðeins verið til þess að sýna lit, en ekki annað.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni varðandi þetta vandamál okkar eystra með Eskifjarðarhérað. Það var uppi á sínum tíma spurning um það, hvort þar ætti að vera H 1 eða H 2 stöð. Þá var staðnæmst við markið 2000. Á sameiginlegum fundi beggja n. með ráðuneytisstjóra kom það fram hjá honum, að enn yrði staðnæmst við það mark. Nú var að vísu vikið frá 2000 íbúa markinu við lagasetninguna með brtt. sem samþykkt var hér á sínum tíma varðandi a. m. k. eitt umdæmi. Hér er um umdæmi að ræða sem er alveg rétt við þessi mörk. En þannig stóð á, að það var dálítið óhæg aðstaða fyrir okkur þm. að standa hart fyrir þessu á sínum tíma, því að héraðslæknirinn þá á Eskifirði taldi heilsugæslu þarna mjög létt verk fyrir einn lækni. Þetta var gífurlegur afkastamaður. — Ég held að hann hafi átt met í afgreiðslu á sjúklingum á sínum tíma, og án efa voru það góðar afgreiðslur. Ég er ekki að segja annað. Það er sjálfsagt gott að læknar séu röskir. — Hann taldi að það væri fásinna að hafa tvo lækna í þessu héraði. En síðan hafa komið ýmsir aðrir læknar þarna sem eru ekki á þessari skoðun og telja nauðsynlegt að þarna séu tveir læknar, þó á hitt megi benda, að nálægðin við sjúkrahúsið í Neskaupstað og heilsugæslustöðina á Egilsstöðum sé að vísu mikil og það sé röksemd sem vegi þarna á móti. En eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson kom inn á, þá hafa sveitarstjórnir þessara hreppa lagt á þetta áherslu og við munum að sjálfsögðu framfylgja því.

Aðeins svo eitt til viðbótar við þessa umr. Á sínum tíma fluttum við hv. þm. Stefán Jónsson till. um ákveðna áætlunargerð í sambandi við sérfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum. Í 42. gr. þessa frv. er óbreytt ákvæði frá gildandi lögum um að heimilt sé að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæslustöðvar, allt að tveim mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að fjórum mánuðum fyrir aðstoðarlækna. Nú vil ég ekki um það dæma, hef ekki fengið um það nægilegar upplýsingar, hvernig að þessu hefur verið staðið, hversu mikið þessi heimild í 42. gr. hefur verið notuð. En þó er ég sannfærður um að hún muni hafa verið nýtt að einhverju leyti. Mér þykir ótrúlegt að það hafi ekki verið gert að einhverju leyti. En til þess að reyna að festa örlítið betur, þó ekki verði nú lengra gengið því að það er nýbúið að afgreiða þessa till. okkar með rökstuddri dagskrá í Sþ. vegna þess að einmitt þessi löggjöf liggur nú fyrir þinginu, þá höfum við hv. þm. Stefán Jónsson leyft okkur að leggja fram brtt. um það, að aftan við gr. 42 bætist:

„Heilbrmrn. er skylt að gera árlega áætlun um það, á hvern hátt megi best nýta þessa heimild og dreifa sérfræðiþjónustunni sem mest um landið allt."

Hér er að vísu um takmarkaða heimild að ræða og alls ekki fullnægjandi miðað við það markmið sem við vorum með í þáltill. okkar, en engu að síður væri hér um leið að ræða sem ætti að vera auðvelt að framkvæma. Með árlegri skipulegri áætlun ætti að vera meiri trygging fyrir því, að þessi heimild yrði nýtt, sérstaklega varðandi sérfræðingana, sem ég reikna nú ekki með að séu neitt sérstaklega áfjáðir í að vera sendir í þessa „útlegð", sem þeir kalla, út á landsbyggðina. En ég held að það sé rétt að nýta heimildina til fullnustu og vorkenni sérfræðingunum ekki að starfa við heilsugæslustöðvarnar úti á landi frekar en þeir virðast lítt vorkenna fólki að koma ótal ferðir hingað suður á þeirra fund, sumar af þörf, aðrar algerlega að óþörfu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hv. tveir alþm. segja, sem hér hafa talað á undan, varðandi breytingu í sambandi við Eskifjörð, að breyta í H 2. Ég fyrir mitt leyti er andvígur hvers konar breytingu í þessa átt, ekki af þeirri ástæðu að ég geti ekki vel unnt Eskifjarðarhéraði að fá þessa breytingu, fá annan lækni, heldur hitt, að á meðan við stöndum frammi fyrir því að geta ekki mannað þau læknishéruð, sem fyrir eru samkv. lögum, og stöndum í sífelldu stríði að fá menn út á landsbyggðina, þá finnst mér það ekki rétt stefna hjá Alþ. að fjölga þeim störfum. En það þarf ekki að þýða að engu megi breyta um langa framtíð.

Ég er mjög leiður yfir því, hvað illa gengur að fá lækna úti um land. Við höfum reynt að beita þessari heimild, sem hv. 7. landsk. þm. nefndi, eins oft og við getum, og það eru fjölmargar óskir um að læknir hafi móttöku víðar í læknishéraði sínu en hann hefur. Þar rekumst við oft á vegg, sérstaklega hjá mörgum hinna yngri lækna sem setja sig upp á móti því. Það eru mjög ólík sjónarmið þeirra eða hinna eldri, sem alltaf voru boðnir og búnir að fara til fólksins, hvar sem það var, sem þurfti á þeim að halda. En hitt er aftur mjög áberandi hjá flestum yngri læknum, að þeir telja að læknamóttökurnar eigi að vera fáar og það eigi flestir að koma þangað, en þeir ekki á viðkomandi heimili eða eiga löng ferðalög. Hér er um ákaflega erfið og viðkvæm mál að ræða. Við erum fyrst og fremst að leita samstarfs, bæði landlæknir og heilbrigðisstjórnin. Í mörgum neyðartilfellum höfum við farið þess á leit við ríkissjúkrahúsin stóru að fá menn þar af stærstu deildunum til þess að gegna, þó ekki væri nema um stuttan tíma. Það hefur verið nokkuð góður vilji hjá sumum þessara yfirlækna að reyna að leysa þessi mál og í mörgum tilfellum hefur það tekist. En það eru líka æðimörg tilfelli þar sem það tekst ekki.

Ég bið hv. þm. og nm. að taka tillit til þess, að þetta er ekki andstaða mín við þessa ósk, heldur fyrst og fremst það, að meðan við getum ekki staðið okkur betur með það sem lögin leggja okkur á herðar, þá er ég andstæður því að fara að færa út kvíarnar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir að hafa komið með þessar breytingar á hinu nýja lagafrv. um heilbrigðisþjónustu, enda þótt ég neiti því ekki, að við hefðum gjarnan viljað sjá það svolítið fyrr, þannig að við hefðum haft meiri tíma til þess að athuga og huga að svo mikilvægu máli.

Eins og kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni er þetta mál sem varðar alla þm. og alla þjóðina. Hér er margt til bóta, og ég verð að segja það, að þótt ég tæki heilbrigðismálaráðum, sem gerð er till. hér um, heldur fálega í fyrstu — mér fannst að þetta nýmæli gæti ekki orðið að miklu liði — þá býst ég við við nánari athugun að þetta gæti orðið upphaf að nánu samstarfi á milli héraða innan hvers kjördæmis og gæti þannig gert sitt mikla gagn. Og ég held að það yrði þá fyrst og fremst ef þarna yrði um aukið vald heimahéraðanna að ræða, þannig að ráðin fengju ekki eingöngu heimild til þess að skipuleggja og gera till. um stjórnun, heldur fengju þau framkvæmdavald, fjvn. hætti að deila niður aurunum sem eiga að fara í hvert kjördæmi, en léti það eftir t. d. heilbrigðismálaráðunum. Með þessu móti væri stjórnin og ráðstöfunin komin út í héruðin. Það held ég að gæti

orðið til mikilla bóta. Ég hef ekki trú á öðru en heimamenn mundu geta komið sér saman um forgangsröðun. A. m. k. heyrist manni oft, að þeir vildu gjarnan fá fleiri verkefni heim í héruðin og að það þyrfti ekki að miðstýra öllu frá Reykjavík.

Það er ýmislegt sem ég vildi að nánar væri kveðið á um hér. Hæstv. ráðh. minntist einmitt á eitt atriði í þessu efni, sem er mjög mikilvægt, og það er að heilbrigðisstjórnin mun nú sjá fram á örðugleika með að manna eins manns héruðin, þessi litlu héruð úti á landinu. Þetta er og var þegar 1970, þegar verst var ástandið, vandamálið, fyrst og fremst litlu héruðin, þar sem var einn læknir og tiltölulega lítið um að vera, en mikil þörf fyrir þjónustu og kannske mjög miklir erfiðleikar á vetrum. Það er ekki mikið um það í þessu frv., að tekið sé nokkurt sérstakt tillit til sjónarmiða og þarfa þessara litlu héraða. Þetta hafa aftur á móti nágrannar okkar á Norðurlöndunum, a. m. k. Norðmenn, gert á þann veg, að í sínum dreifðu byggðum gera þeir nokkru betur við þá heilbrigðisþjónustustarfsmenn, sem þar starfa, heldur en þá, sem starfa í þéttbýli, t. d. með því að meta þjónustutíma þar lengri en hann raunverulega er. Ef þeir eru tvö ár í héraði fá þeir kannske þriggja til fjögurra ára þjónustutíma sem tekið er tillit til við stöðuveitingar. Þetta byggist að nokkru leyti á þörfinni fyrir að fá starfsfólkið út í héruðin, en einnig á því, að starfsmenn þessir vinna í raun og veru miklu lengri vinnutíma en unninn er í stóru héruðunum, ekki síst læknarnir sem hafa fastar vaktir, og því ekki óeðlilegt að þeir fengju í raun og veru lengri þjónustutíma.

Í öðru lagi er ekki enn þá séð fyrir fjármögnun í þéttbýli hér við Faxaflóa. Í Reykjaneskjördæmi, en þar búa um 48 þús. manns, er núna verið að byggja fyrstu heilsugæslustöðina frá grunni. Ein er reyndar komin hér í Reykjavík. Okkur hefur vantað algerlega fé til þess mikla nauðsynjamáls að byggja upp heilsugæslustöðvar í þéttbýlinu hér.

Ég hef þá trú, að ef við höfum nokkra von um að geta lækkað hlutfallslega kostnaðinn til heilbrigðismála í þessu landi, þá sé það einmitt með því að leggja aukna áherslu á heimilislækningar og lækningar á heilsugæslustöðvum. Þetta er reynsla annarra þjóða. Á þann hátt á að vera hægt að draga mjög verulega úr sjúkrahúsþörfinni. Það er hún sem kostar okkur mesta peninga. Allt er þetta annmörkum háð, það verð ég að viðurkenna, og ég veit að þó að við höfum ekki mikinn tíma í Ed. til þess að sinna þessu frv. munum við sjá til þess að það komist frá okkur, því að við viljum ekki standa í vegi fyrir að þær umbætur, sem hér er um að ræða, komist í not sem fyrst.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins ein eða tvær spurningar til hæstv. ráðh.

Í frv. kemur fram að Austur-Barðastrandarsýsla á að falla undir Hólmavíkurumdæmi. Er það að sjálfsögðu breyting frá því sem nú er, þar sem Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur falla undir Búðardal, en Flateyjarhreppur er undir Stykkishólmi. Ég get út af fyrir sig fagnað því, að við fáum að halda þessu innan kjördæmisins. Mér hefur alltaf verið það dálítill þyrnir í auga að færa þetta undir Vesturlandskjördæmi. Hins vegar höfum við orðið að viðurkenna vissar staðreyndir í samgöngum og því höfum við látið það nokkuð átölulaust.

Til þess að þetta geti staðist þarf stórlega að bæta samgöngur þarna á milli, einkum samgöngur yfir Tröllatunguheiði. Reyndar held ég að við getum allir verið sammála um það. Annars er leiðin til Hólmavíkur of löng. En sérstaklega hef ég nú áhyggjur út af Flateyjarhreppi, því að samgöngur milli Flateyjar og Hólmavíkur eru ansi slæmar, vægast sagt. Ég verð því að segja, að ég tel heldur vafasamt að flytja eyjarnar undir Hólmavíkurumdæmi, þótt það væri að öðru leyti ánægjulegt. Eðlilegt er að þær séu áfram undir Stykkishólmi. Ég vildi gjarnan fá að heyra frá hæstv. ráðh., hvaða hugmyndir hann hefur um þetta. Í frv. mun vera heimild til bráðabirgða þess efnis að a. m. k. Austur-Barðastrandasýsla falli áfram undir Búðardal. En ég vil spyrja hann að því, hvort hann telji að þetta geti þó fljótlega færst undir Hólmavík. Það tengist þá að sjálfsögðu þeim samgöngubótum sem þarna eru nauðsynlegar. Ég hef mínar efasemdir um þennan flutning, þótt ég sé ekki beinlínis að leggjast gegn honum.

Í öðru lagi vaknar sú spurning í sambandi við heilsugæslustöðina á Hólmavík, sem er H 1, hvort hana ætti ekki að stækka í H 2, þar sem svæði hennar hefur stækkað gífurlega, nær jafnframt yfir Bæjarhreppinn, sem ef ég man rétt fellur nú undir Hvammstangaumdæmi. Kæmi til greina þá að stækka þessa heilsugæslustöð og gera hana betur færa til þess að sinna svo víðáttumiklu umdæmi. Þessar spurningar vildi ég leyfa mér að leggja fyrir hæstv. ráðh.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil taka mjög undir það með hæstv. ráðh., að það er ískyggileg þróun hjá læknum í þá átt að skylda fólk og skikka til þess að koma til sín á þessar heilsugæslustöðvar og yfirleitt að hreyfa sig ekki úr þeim ágætu stöðvum sem þeir hafa þar. Þetta er orðin árátta, sem mér þykir algerlega óþolandi. Þetta er misjafnt að vísu. Við erum með tiltölulega ungan lækni í okkar héraði nú og hann sinnir þessu ágætlega. En ég veit um önnur dæmi svo neikvæð að þau eru ótrúleg, þar sem læknir jafnvel heimtar til sín á heilsugæslustöð sína sjúklinga sem ég hélt að væri ekki skynsamlegt að fara með í frosti og snjó um vetur með 40 stiga hita. En lækninum þótti það sem sagt eina ráðið, því að hann vildi ekki fara sjálfur út úr eigin stofu og stofuhita þar, heilbrigður — vonandi heilbrigður.

En það var aðeins eitt atriði, sem kom mér til þess að standa hér upp, og það er varðandi þetta, sem við höfum báðir komið inn á, við hv. þm. Halldór Ásgrímsson, að í sambandi við H 2 stöðina á Eskifirði vaknar auðvitað upp sú spurning, hvernig ástandið er núna í þessum efnum. Ég býst ekki við að hæstv. ráðh. geti svarað því núna á stundinni, en vildi þó óska eftir því, að það lægi fyrir okkur í heilbr.- og trn., hvernig ástandið er, hve marga lækna vantar á H 1 stöðvar núna og hve marga lækna vantar á H 2 stöðvar, með tveim læknum eða fleiri. Ég býst ekki við því, að hæstv. ráðh. sé með þetta á takteinum, en gott væri ef hann upplýsti okkur um það nú þegar. Að öðrum kosti óska ég eftir því við formann n., að við fáum um það upplýsingar, á hve margar stöðvar vantar lækna og skiptinguna á þeim í H 1 og H 2. Ég er nefnilega alveg viss um að þó að við hv. þm. Halldór Ásgrímsson fengjum þessari till. okkar framgengt um H 2 stöðina á Eskifirði, þá mundi það ekki breyta neinu um möguleikana á því að fá lækna í einbýlisstöðvarnar. Þetta er að vísu „prinsip"-mál, eins og ráðh. talaði um, og

þetta er eflaust að vissu leyti rétt hjá honum, en ég er viss um að þessi eini læknir, sem þarna kæmi til viðbótar, ef hann fengist — og ég er viss um að hann fengist, mundi ekki breyta þessu, nema þessari einu tölu sem þarna er á ferðinni. Og ég hygg að það sé ekki svo ástatt um mörg héruð, þótt hér kæmi fram spurning áðan, sem eru alveg við þetta mark, sem hefur verið sett þarna, eins og Eskifjarðarhérað er einmitt.

Aðeins svo í sambandi við heilbrigðismálaráðin. Það er auðvitað gott og blessað að fá valdið heim í héruðin. En fjvn. Alþ. hefur nú reynt það, held ég, yfirleitt að taka tillit til og hafa samráð við þm. hvers kjördæmis um röðun og þær framkvæmdir sem hafa verið á ári hverju, og ég hygg að þm., þótt slæmir séu nú taldir yfirleitt, reyni að gera sér grein fyrir því hvað er nauðsynlegast og hverjar óskir heimamanna eru í hverju tilfelli, ekki síður en þeir sem munu eiga sæti í þessu heilbrigðismálaráði.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Því, sem hv. 7. landsk. þm. spurði um, get ég ekki svarað nú á stundinni, hversu marga lækna vantar á H 1 eða H 2 stöðvar. En það er mjög árstíðabundið, og nú fer sá tími í hönd sem vantar yfirleitt lítið af læknum, yfir hásumarið. Þó að slíkt lægi fyrir í dag, þá getur það breyst innan kannske hálfs mánaðar eða þriggja vikna mjög verulega, en þær breytingar eru ekki til langs tíma í senn. Þess vegna er afar illt að byggja á yfirliti, þótt það væri gefið í dag, hvað þetta varðar.

Í sambandi við Eskifjörð, þá er hér líka á bak við, að nú eru miklu traustari samgöngur á milli Neskaupstaðar og Eskifjarðar og annarra staða á Austfjörðum með tilkomu jarðganga í gegnum Oddsskarð og tilkomu H 2 stöðvar í Neskaupstað og sjúkrahúss þar, svo að trygging fyrir fólk á þessu svæði er auðvitað stórkostleg breyting frá því sem áður hefur verið, eins og allir hljóta að viðurkenna.

Hv. 2. þm. Vestf. spyr um það hvort hér sé ákveðið að færa saman með þessu í eina H 1 stöð Hólmavík og Austur-Barðastrandarsýslu. Þegar formaður nefndarinnar, sem er ráðuneytisstjóri heilbr.- og trmrn., ræddi við mig lagði ég mjög fast að honum að halda þessu innan sama kjördæmis, og ég hugsa að það hafi verið fyrir mín áhrif að það var gert frekar en ella hefði verið. En það er ákveði í 14.10, að þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið skuli heilsugæslustöð í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal sjá um læknismóttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóna Skeggjastaðahreppi. Ég lít svo á, að þessi ákvæði verði í gildi á meðan ekki koma fram óskir frá þessum byggðarlögum sjálfum um að breyta þessu. Ef íbúar Skeggjastaðahrepps vilja tilheyra Vopnafirði er sjálfsagt að verða við því, annars verður það óbreytt áfram. Ég tel það vera rétt að láta alla Austur-Barðastrandarsýslu fylgja í þessu ákvæði, en undanskilja ekki Flateyjarhrepp. Hins vegar verður það á valdi íbúa Flateyjarhrepps sjálfra, ef þeir óska að tilheyra heilsugæslustöð í Stykkishólmi. Í reynd held ég því, að þetta komi aldrei til með að rekast á vilja fólks í þessum héruðum, með því að setja þetta upp með þessum hætti. Í sambandi við það að gert sé í framtíðinni ráð fyrir því, að undir heilsugæslustöð á Hólmavík komi Austur-Barðastrandarsýsla, sem er mannfæsta sýsla landsins, þá eru í þessu frv. og í núgildandi lögum svæði sem eru jafnvel fjölmennari en þessar tvær byggðir og reiknað er með að verði H 1, eins og t. d. Fáskrúðsfjörður með starfssvæði yfir Fáskrúðsfjarðarhrepp, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahrepp og Stöðvarhrepp og svo aftur móttaka eða H stöð á Stöðvarfirði. Ýmsir staðir, þó að þar sé e. t. v. ekki nákvæmlega eins há íbúatala nú og í Strandasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu samanlagðri, eins og Ólafsfjörður, Seyðisfjörður, Vopnafjörður og fleiri staðir, sem eru með yfir 1000 íbúa, eru með H 1 stöð. Ég tel því ekki rlett, þar sem það hangir líka á ákaflega veikum þræði, hvort þessi breyting verður gerð á næstu árum, að horfið verði frá því að hanna og byggja H 1 stöð á Hólmavík, og ég held að mér sé óhætt að fullyrða að það sé sameiginlegt álit allra þeirra embættismanna og fagmanna, sem um þessi mál hafa fjallað.

Ég held, að ekki hafi komið fram fleiri spurningar, og læt þetta nægja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 720, n. 807 og 827). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft frv. til l. um breyt. á l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum til meðferðar um stuttan tíma, en hefur komist að þeirri niðurstöðu, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Jón Árm. Héðinsson mun skila séráliti.

Ég tel ekki þörf á því, að ég fari mjög út í efnisatriði þessa frv. við þessa umr., þar sem hæstv. landbrh. gerði grein fyrir þeim breytingum, sem hér er aðallega um að ræða, í máli sínu hegar hann talaði fyrir frv. við 1. umr. En við 1. umr. óskaði hv. 2. þm. Norðurl. e. eftir upplýsingum um rekstrarkostnað Stofnlánadeildarinnar, sem hann taldi að hefði verið mjög mikill á þeim tíma þegar hann hafði tækifæri til að fylgjast með. Þær upplýsingar lágu fyrir hjá n., og ég ætla að kynna þær hér og lesa bréf sem Stofnlánadeildin hafði skrifað hæstv. landbrh. og hann framsent til n. Í því bréfi segir svo:

„Samkv. beiðni landbrh. sendum við hér með kostnaðarhlutfall Stofnlánadeildar landbúnaðarins í heildarkostnaði bankans árin 1969—1977, en hlutfallið er sem hér segir:

1969 23.30%, 1970 21.17%, 1971 19.46%, 1972 16.16%, 1973 14.54%, 1974 14.54% (óbreytt), 1975 13%, 1976 12.5% og 1977 12%."

Við lítum svo á, að það megi eftir þessum tölum álykta að hér hafi snúist til betri vegar með rekstrarkostnað deildarinnar og er það vel.

Ekki síður fyrir þá sök getum við vænst þess, að sú aukna aðstoð, sem deildin fær í álagningu jöfnunargjaldsins, sem er 1%, eins og kom hér fram í umr., verði að verulegu liði fyrir deildina. Það er upplýst, að þegar litið er til lengri tíma jafnast þetta 1% gjald á við 4% vaxtamun sem annars yrði að vera á lánum Stofnlánadeildarinnar, og er það að sjálfsögðu allmikið hagræði fyrir þá, sem lánanna þurfa að njóta, og á að koma um leið landsmönnum öllum að liði.

Eins og ég sagði áðan tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál efnislega — það var reifað hér það

rækilega við 1. umr., — en ég ítreka að meiri hl. landbn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Nd.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Landbn. ræddi þetta mál á einum fundi og ég óskaði ekki eftir nánari upplýsingum um stöðu deildarinnar. Það var ekkert svigrúm til þess nú á þriðja síðasta vinnudegi Alþ. En ég geri grein fyrir afstöðu minni í nál. sem nú er rétt útbýtt og hefur númerið 827.

Þetta frv. felur í sér að setja skal á svonefnt jöfnunargjald er nemi 1% og skal því varið til þess að bæta upp mjög lélega afkomu Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Viðurkennt er í aths. við lagafrv. þetta, að Stofnlánadeildin hefur verið rekin með stórfelldum halla um nokkurt skeið. Augljóst er, að jafnþýðingarmikill fjárfestingarsjóður getur ekki haldið lengi áfram án þess að tryggja eðlilega eiginfjármyndun.

Skiptar skoðanir eru um hvernig þetta skuli gert. Undanfarin ár hafa hinir ýmsu fjárfestingarsjóðir landsmanna hækkað útlánsvexti vegna verðbólguáhrifa og komið á vísitöluákvæðum sem tryggja verðgildi útlána meira en verið hefur. Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur farið varlegar í þessu efni en aðrir stofnlánasjóðir, og svo virðist sem stjórnendur Stofnlánadeildarinnar treysti sér ekki að fylgja hliðstæðum reglum um lánakjör og vísitöluákvæði og nú er orðið hjá hliðstæðum fjárfestingarsjóðum.

Margsinnis hefur það komið fram af hálfu talsmanna Seðlabanka Íslands og annarra, er með fjárfestingarmál fara, að nauðsyn er á að samræmi sé milli útlána og vísitöluákvæða fjárfestingarsjóðanna og þar sitji atvinnuvegirnir við sama borð. Stuðningsmenn þessa frv. eru sýnilega á annarri skoðun og telja stöðu landbúnaðarins svo sérstæða, að um lánakjör hjá Stofnlánadeildinni skuli gilda verulega önnur ákvæði en hjá öðrum stofnlánasjóðum. Þess vegna er þetta frv. flutt til þess að tryggja með jöfnunargjaldi, er komi inn í vöruverð, betri afkomu Stofnlánadeildarinnar, þar sem lánareglur eru svo óraunhæfar að þær tryggja ekki í raun eigið fjármagn deildarinnar. Niðurstaðan af þessu verður því sú, að almenningur er látinn borga í gegnum þetta 1% jöfnunargjald alrangrar fjárfestingarstefnu í landbúnaðinum. Það er kunnugt, að aðstaða bænda er afar misjöfn, og það hefur ekki farið leynt, sbr. fjölmarga fundi og langa sem bændur hafa sjálfir staðið fyrir á undanförnum mánuðum og rætt þar hin margvíslegu vandamál sín.

Þótt þetta gjald eigi að vera tímabundið, þá felur það í sér mjög takmarkaða lausn á vandamálum bændastéttarinnar, en yfir upp andstöðu margra gagnvart ríkjandi stefnu í fjárfestingarmálum í landbúnaði. Mikilvægast, þegar til lengdar lætur, bæði fyrir bændastéttina og neytendur, væri að vandamál bænda væru tekin á miklu breiðari grundvelli og stefna mörkuð er tryggði bændum sem jafnasta og öruggasta afkomu og jafnaði út hinn gífurlega mismun á milli þeirra innbyrðis.

Þar sem þetta frv. leysir aðeins örlítinn anga af miklu vandamáli, telur undirritaður það ótímabært við ríkjandi aðstæður og getur ekki fallist á samþykkt þess.

Þetta er nál. mitt. Ég vildi aðeins vekja athygli manna á því, að á bls. 3 segir í aths. við frv., þó að það sé nú held ég ekki í frv. sjálfu:

„Eðlilegt er að í skuldabréfum Stofnlánadeildar verði framvegis ákvæði um heimild fyrir stjórn deildarinnar að breyta lánakjörum.“ Það er talað um heimild. — „Hún nýti þá heimild, ef breytingar verða á útlánareglum, svo að allir lántakendur deildarinnar njóti jafnt þeirrar lánakjarajöfnunar, sem ákveðið verður á hverjum tíma.“ — Ekki eru menn nú bjartsýnir á að jafnvægi verði á lánamarkaðinum og jafnvægi í peningamálunum.

Þá er talið að 1% jöfnunargjald mundi leiða til 0.18% hækkunar á framfærsluvísitölu eða sömu áhrifa og ef vaxtaleið yrði valin.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þessi mál. En ég sé hér í frásögnum af umr. í Nd., að talað er um vaxtaokur og margt fleira. Ég vil aðeins minna á þá staðreynd, sem ég sagði frá hér í haust þegar umr. fóru fram um stefnuræðu forsrh., að árið 1976 urðu sparifjáreigendur í þessu landi að sæta rúmlega 14 milljarða verðrýrnun, hvorki meira né minna. Ég hef ekki fengið enn upplýsingar um skiptingu sparifjár og útreikninga frá Seðlabankanum 1977, en þegar við hugleiðum þessar tölur, þá er það ekki neitt smámál að hafa vaxtaákvæði og verðtryggingarákvæði sem næst raunveruleikanum í íslenskum fjármálum.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil hér með þakka fyrir það, að mér voru sendar alveg sérstaklega frá hæstv. landbrh. upplýsingar þær sem frsm. landbn. var að skýra frá áðan í sambandi við rekstrarkostnað Stofnlánadeildarinnar. Ég býst við að fleiri en mér hafi brugðið við að heyra þessar tölur, og þó að það yfirlit, sem lesið var áðan, beri með sér að þessi kostnaður við rekstur deildarinnar hafi farið minnkandi á liðnum árum, þá hefur samt sem áður ekki náðst betri árangur en svo, að kostnaður við rekstur þessarar deildar nemur á s. l. ári 12% af öllum útgjöldum og heildarkostnaði Búnaðarbankans, og ég vil undirstrika: með útibúum og öllu saman. Þetta finnst mér allt of há upphæð. Eins vil ég geta í sambandi við þessar upplýsingar, að mér finnst skorta mikið á að upplýsingunum skyldu ekki fylgja upphæðirnar. Ég held að hefði verið betra að átta sig á þessu ef þær hefðu legið fyrir.

Ég hef því miður ekki haft aðstöðu til þess að athuga hvernig er háttað starfsemi annarrar stofnunar sem er líkt ástatt um og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hér á ég við veðdeild Landsbanka Íslands. Veðdeild Landsbanka Íslands afgreiðir öll lánsskjöl Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Bankinn tekur enn fremur að sér innheimtu á öllum greiðslum til þeirrar stofnunar. Því miður hef ég ekki í fórum mínum tölur um hver kostnaður er við rekstur veðdeildarinnar, en ég fullyrði að hann er langt fyrir neðan 12% af heildarkostnaði Landsbanka Íslands.

Um leið og ég þakka þessar upplýsingar, sem hér hafa séð dagsins ljós, þá sakna ég þess, að upphæðir skuli ekki hafa verið tilgreindar. Ég fer ekki ofan af því, að erfiðleikar Stofnlánadeildarinnar séu að meginstofni til óeðlilega hár kostnaður við rekstur deildarinnar og það sé fyrst og fremst þar sem sé þörf verulegra úrbóta.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vildi aðeins nota tækifærið, af því að hæstv. landbrh. er hér í d. og fylgist með umr. og fylgdist einnig með 1. umr. málsins, og beina því til hans, hvort hann sjái nokkra leið út úr þeim vanda sem Stofnlánadeildin stendur í varðandi þann mismun sem er á þeirri áætlunarupphæð, sem er í láns-

fjáráætluninni áætluð til Stofnlánadeildar og veðdeildar sameiginlega, og því ráðstöfunarfjármagni sem deildin hefur í raun og veru. Það hefur komið fram í upplýsingum frá forstöðumanni Stofnlánadeildar, Stefáni Pálssyni, að þessi mismunur stafaði m. a. af því, að Seðlabankinn hefði hækkað áætlað framleiðenda- og neytendagjald og mótframlag úr ríkissjóði frá því sem framleiðsluráð hefði ákveðið milli 30 og 40 millj. kr., að þeir hefðu ofreiknað þá hækkun á vöxtum, sem þeir sjálfir fóru fram á að yrði og var samþykkt í Stofnlánadeildinni, ofreiknað hana um 56 millj. kr. a. m. k. og síðan hafi þeir ætlað Lífeyrissjóði bænda 200 millj. til viðbótar við það sem lífeyrissjóðurinn á að leggja Stofnlánadeildinni til. Ekki er spurt að ástæðulausu, því að enn höfum við þessa peninga ekki í sjónmáli og verðum að treysta á að þessi mistök, sem ég tel að þarna séu á ferðinni, verði leiðrétt, að þessi mistök Seðlabankans í sambandi við þessa áætlun verði leiðrétt og við fáum þennan mismun til ráðstöfunar. Að öðrum kosti lítur dæmið þannig út, eins og ég rakti við 1. umr. og ekki þarf að vera að endurtaka hér, að til nýframkvæmda á þessu ári eru aðeins hugsaðar til nýrra hlöðubygginga 280 millj kr., til nýrra gripahúsa — þá á öllu landinu — 60 millj., óbreytt tala verður, og jarðakaupalán eru svo öll óafgreidd þó að ég reikni með því auðvitað að lífeyrissjóðurinn reyni eftir föngum að hlaupa undir bagga, en þá ekki nema að hluta til.

Ég vildi mega óska eftir því við hæstv. ráðh., að hann segði okkur frá því hvað væri þarna efst á baugi núna, hvort við ættum von leiðréttingar á þessu auðsæja ranglæti, sem Stofnlánadeildin er þarna beitt. Ég hef ekki fengið neinar skýringar á móti þeim skýringum sem forstöðumaður Stofnlánadeildarinnar hefur gefið okkur í stjórn Stofnlánadeildarinnar. Og meðan mótrök eru ekki við þeim skýringum, sem hann hefur gefið, þá trúi ég orðum hans, að þarna sé um mistök og misreikning þeirra seðlabankamanna að ræða, sem ég treysti hæstv. ríkisstj. til þess að leiðrétta.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 7 landsk. þm. vil ég taka það fram, að þegar lánsfjáráætlun var afgreidd hjá ríkisstj. í vetur lét ég bóka, að ef það væri rétt að afgreiðslan viðvíkjandi Stofnlánadeild væri á misskilningi byggð, eins og þá hafði komið fram, þá óskildi ég mér rétt til þess að athuga það mál betur þegar til framkvæmda kæmi. Hins vegar hefur ekki enn þá verið leyst úr því, enda ekki tími verið hagstæður til þess að athuga slík mál nú á síðustu vikum, en það verður gert þó að í þessu felist ekki loforð um að fjármunirnir verði fundnir, því að það loforð verður ekki gefið nema þeir séu til reiðu. Það er ástæðulaust að lofa fjármunum nema maður hafi þá í hendi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:2 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14:2 atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Heyrnleysingjaskóli, frv. (þskj. 796, n. 820). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., var tekið til 1. umr. hér s. l. laugardag. Hélt menntmn. þessarar hv. d. fund að loknum þingfundi og afgreiddi málið shlj., eins og fram kemur í nál. á þskj. 820. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Eins og hæstv. menntmrh. tók fram í framsöguræðu sinni er frv. þetta flutt til þess fyrst og fremst að tryggja það, að við Heyrnleysingjaskólann starfi framhaldsdeild er hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum eða háskólum. Deildin skal starfa í samvinnu við skóla á viðkomandi námssviði og nánari ákvæði um starfsemi deildarinnar skulu sett í reglugerð, eins og segir í 1. gr. frv. er kveður á um þetta.

Í grg. frv. er svo ítarlegur rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að gera enn betur til þess að sinna þessu verkefni og það rakið, hvað þurfi fyrst og fremst að gera. Ég skal ekki, herra forseti, tefja tímann með því að vitna í það, það hafa hv. þm. á borðunum hjá sér, en endurtek það, að menntmn. mælir einróma með því, að frv. sé samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Lögréttulög, frv. (þskj. 365, n. 777, 805). — 2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál allshn. á þskj. 777 mælir n. með því, að mál það, sem hér er til umr., frv til lögréttulaga, hljóti samþykki deildarinnar. N. sem heild gerir ekki till. um breytingar á frv., en einn nm. hefur skrifað undir nál. með fyrirvara þar sem hann hyggst flytja brtt. við frv. Er hún komin fram á þskj. 805.

Svo sem hæstv. dómsmrh. gat um í framsögu við 1. umr. var frv. þetta lagt fyrir hv. Nd. í þinglok á 97. löggjafarþingi, en hefur legið fyrir þessari hv. d. á síðasta löggjafarþingi og nú á þessu þingi. Svo sem fram kemur í nál. hafði allshn. aflað umsagna ýmissa aðila þegar á síðasta þingi og nú einnig á þessu þingi svo og rætt við hæstaréttardómarana Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson, sem sæti eiga í nefnd þeirri sem samdi frv. Við athugun á umsögnum þeirra aðila, sem n. hefur leitað til, kemur í ljós að undirtektir við frv. eru almennt jákvæðar, þannig að svo er litið á að samþykkt þess og framkvæmd þeirrar nýskipunar, sem frv. gerir ráð fyrir, að setja á stofn millidómstig, muni bæði stuðla að því að gera dómgæsluna traustari og nútímalegri og að flýta meðferð mála.

Í millidómstigi þessu verða tveir dómstólar, annar fyrir

Suður- og Vesturland með aðsetur í Reykjavík, en hinn fyrir Norður- og Austurland með aðsetur á Akureyri. En gert er í 12. gr. frv. ráð fyrir að heimilt sé að stofna til reglulegra dómþinga svo og meðferðar einstakra mála utan aðsetursstaða dómstólanna, annars staðar í umdæmi þeirra, eftir því sem hagkvæmara þykir. Brtt. hv. 3. þm. Vestf. munu víkja að því að herða á þessum ákvæðum.

Svo sem einnig var bent á í framsögu hjá hæstv. dómsmrh. hefur sú breyting verið gerð á frv. þessu frá því sem lá fyrir síðasta þingi, að ekki skuli að jafnaði nema einn dómari fjalla um mál sem lögð eru fyrir lögréttu sem fyrsta dómstig. Þar sem ætla má að þetta sé verulegur hluti af málum þeim, sem lögréttum er ætlað að fjalla um, má ætla að eitthvað færri dómarar þurfi að starfa við lögrétturnar og að útgjaldaauki vegna stofnunar þeirra verði því nokkru minni. Ljóst er að útgjaldaauki muni verða talsverður af stofnun hins nýja dómstigs, en flýtisauki í meðförum mála mun trúlega spara fé, þótt þær tölur séu efalaust vanmældar.

Það er hvort tveggja, að von er til að þessi nýskipan létti nokkru álagi af Hæstarétti og enginn vafi er á að stigið er mikilvægt skref til aðskilnaðar á meðferð dómsvalds og framkvæmdavalds, þar sem öll hin veigameiri mál verða nú lögð beint fyrir þetta dómstig, en ekki fyrir héraðsdóm, sem að fornum sið er samfara meðferð framkvæmdavalds við embætti bæjarfógeta og sýslumanna.

Lagt er til að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. allshn. skrifaði ég undir nál. með fyrirvara. Mér þykir því hlýða að gera hér nokkra grein fyrir sjónarmiðum mínum í þessu máli. En ég vil taka það fram, að ég mun mjög stilla máli mínu í hóf og víkja aðeins að meginatriðum sem ég tel rétt að hér komi fram.

Þetta frv. til lögréttulaga er frv. að merkilegum lagabálki og varðar mál sem hefur grundvallarþýðingu fyrir réttarfarið í landinu, og er þess vegna, hvernig sem á frv. er litið, um hið mikilvægasta mál að ræða. Það hefur verið talið, og kemur fram í grg. með frv. þessu, að það markmið, sem leitast er við að ná með frv., ef að lögum verður, sé í fyrsta lagi að hraða meðferð dómsmála og í öðru lagi að stuðla að meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds. Ég hygg að flestir, ef ekki allir, séu sammála um þetta markmið, og auðvitað hef ég ekkert við það að athuga. Það er svo augljóst mál og hefur nú á síðari tímum verið svo umtöluð nauðsyn þess að hraða meðferð dómsmála, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að fjölyrða um það hér.

Um hitt markmiðið, að stuðla að meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds, er líkt ástatt og með hitt, að ég hygg að flestir, ef ekki allir, taki undir slíkt. En þó vil ég í því sambandi minna á það að kenningin um aðskilnað hinna þriggja þátta ríkisvaldsins: löggjafarvaldsins, dómsvaldsins og framkvæmdavaldsins, hefur verið útfærð með mismunandi hætti í hinum ýmsu þjóðlöndum. Sannleikurinn er sá, að í hverju landi hefur framkvæmd þessarar kenningar um aðskilnað hinna einstöku greina ríkisvaldsins verið mjög mismunandi og farið eftir staðháttum og venju og sögulegri hefð í hverju landi fyrir sig. Og ég held að í öllum umr. um aðskilnað þessara þátta ríkisvaldsins ættum við líka að hafa þetta í huga og hyggja vel að því, hverjar aðstæður eru og hver þróunin hefur verið í landi okkar, og það beri að taka nokkurt mið af því.

En þó að allir séu sammála um þessi tvö höfuðmarkmið með þessu frv., þá er augljóst mál að leikið getur nokkur vafi á því og menn getur greint á um það, hvernig þessum markmiðum verði best náð, og kemur þar ýmislegt til greina. Ég skal ekki fara að ræða þetta almennt, en ég hafði hugsað mér að víkja sérstaklega að einu viðhorfi varðandi þessi mál sem eru að mínu viti ákaflega þýðingarmikil.

Þegar ákveða á dómskipan landsins þarf m. a. að taka mið af landsháttum. Skiptir þá miklu máli hver staðarmörk eru sett valdsviði dómstóla. Með skiptingu landsins í umdæmi er stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Þegar umdæmi dómstóla eru ákveðin ber að hafa í huga aðra umdæmaskipan opinbers valds í landinu. Íbúar einstakra landshluta líta þeim mun frekar á sig sem eina heild, því fleira sem þeir hafa sameiginlegt. Þannig verða landshlutarnir eða umdæmin sterkari einingar inn á við og út á við.

Í frv. þessu, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir dómaskipun sem hefur það í för með sér að sums staðar á landinu verða menn að leita eða hafa ekki tryggingu fyrir því að þeir þurfi ekki að leita í annan landsfjórðung til að reka mál sín á fyrsta dómstigi. Ég hygg að við þurfum að staldra við áður en við setjum lög sem hafa þessa þýðingu. Ég ætla að ef svo yrði farið að, þá væri það í fyrsta sinn síðan að fornu, að vorþingin voru stofnuð, sem menn hefðu ekki tryggingu fyrir því að þeir gætu, ef þeir vildu, rekið mál sín á fyrsta dómstigi í eigin landsfjórðungi. Með tilliti til þessa hefur hugsun mín varðandi þetta frv. mjög snúist um það, hvernig mætti bæta úr þessum annmarka.

Það er hægt að hugsa sér, að ýmsar leiðir komi til greina. Það er t. d. hægt að hugsa sér, að svo sé kveðið á, að það skuli vera lögrétta með föstu aðsetri í hverjum landsfjórðungi fyrir sig. Ég veit að þegar slíkri hugsun er hreyft, þá spyrja sumir hvort það mundi ekki kosta of mikið, það sé ekki vandi að hafa fullkomna dómaskipan ef ekki þurfi að líta á kostnaðarhliðina, og auðvitað verður ekki litið fram hjá þessu. En ég bendi á, að þegar þetta frv. var borið fram á þessu þingi, þá var orðin á því ein breyting frá því, sem frv. var fram borið á fyrra þingi, á þá leið, að það væri ekki skilyrði að í hvorri lögréttu væri fjöldi dómara þrír, heldur gæti það verið einn. Mér hefur komið til hugar að einmitt þetta, að fækka dómendum eins og heimilt er samkv. frv. nú, gæti frekar stutt að því að framkvæma þá hugmynd að hafa lögréttu í hverjum landsfjórðungi. En ég geri mér grein fyrir hverjir eru annmarkarnir á því. Málafæð í ýmsum landshlutum er það mikil, að það kann að vera hæpið að grípa til þessa ráðs, og ég hef ekki á þessu stigi treyst mér til þess að bera fram brtt. í þessa átt. En innra með mér er ég ekki sannfærður um að það sé útilokað að finna einhverja lausn á þennan veg.

Þá er það önnur hugmynd sem ég hef látið mér koma til hugar, og hún er sú, ef byggt er á ákvæðum þessa frv. um tvær lögréttur, hvort það kæmi til greina að gera þá breytingu, að lögrétturnar yrðu aldrei fyrsta dómstig, en yrðu alltaf annað dómstig og þá í þeim málum sem samkv. frv. er gert ráð fyrir að lögrétturnar dæmi sem annað dómstig, þ. e. a. s. þeim sem greind eru í 16. gr.

frv., 1. tölul., málin 1.1—1.7., þ. e. a. s. áskorunarmál, víxla- og tékkamál, barnsfaðernismál, mál til ógildingar skjala, kjörskrármál o. fl. Það er svo, að ég hygg að þessi mál, sem hér um ræðir, séu um 90% af öllum dómsmálum í landinu. Þannig mætti ætla, að þó að hlutverk lögréttu væri einungis bundið við annað dómstig þessara mála, þá mundi verulega muna um slíkt í viðleitninni til þess að hraða meðferð dómsmála og létta á verksviði Hæstaréttar. En ef horfið yrði að þessu, þá yrði óbreytt sú skipan sem nú gildir um fyrsta dómstigið, og það verður að viðurkennast, að það er ákaflega mikil þörf fyrir að styrkja einmitt fyrsta dómstigið, og með tilliti til þess hef ég ekki að svo stöddu treyst mér til þess að bera fram ákveðnar till. um þetta efni. En ég hef velt þessu nokkuð fyrir mér og mér finnst rétt að láta þessa hugmynd koma fram. Og þó að ég hafi ekki borið fram till. í þessa átt, þá þýðir það ekki að ég hafi með sjálfum mér endanlega útilokað að eitthvað í þessa átt gæti komið til greina.

Ég nefni aðeins þriðju leiðina sem mér hefur dottið í hug. Hún er á þá leið, að lögréttan verði einungis ein með aðsetri í Reykjavík, en verði skipt í deildir, eina deild fyrir hvern landsfjórðung, og kannske mundi það minna á þá skipan sem var á fjórðungsdómunum á sinni tíð. En ég hef ekki heldur borið fram brtt. um þetta. Mér finnst það nokkuð viðamikið. En mér finnst að þetta sé hugmynd sem sé fyllilega þess virði að hreyfa henni hér og að hún verði athuguð.

Ég gæti talið upp fleiri hugmyndir sem stuðla að því að taka á þessu máli með það sjónarmið í huga að tryggja sem best rétt og stöðu manna, hvar á landinu sem þeir búa, og að reyna að ná því grundvallarmarkmiði í mínum huga, að skipulagið sé þannig að það sé ekki útilokað að hver og einn, sem leitar til dómstólanna, geti gert það á fyrsta dómstigi í sínum landshluta.

Ég hef komið hér með brtt. á þskj. 805. Þær brtt. miða í þá átt sem ég vildi stefna í þessu efni. En ég verð að viðurkenna að þær ganga verulega skemur í þessa átt en ég gjarnan hefði viljað. Hv. frsm. n. vék að því ákvæði, 12. gr. frv., sem er á þá leið, að dómsmrh. getur mælt fyrir um regluleg dómþing utan Reykjavíkur og Akureyrar. Hér er um ákvæði að ræða sem ekki er hægt að hafa á móti, nema síður sé. En hér er einungis um heimildarákvæði að ræða. Ráðh. þarf ekki að mæla fyrir um regluleg dómþing utan Reykjavíkur og Akureyrar nema honum þóknist svo. Till. mín gengur út á það — það er till. 1 á þskj. 805 — að orða þetta efni á þann veg, að regluleg dómþing skuli haldin utan Reykjavíkur. Og lagt er til að þetta ákvæði sé tekið upp í 1. gr. frv. og undirstrikuð þannig sú stefnumörkun — viss stefnumörkun — sem fram kemur í þessari brtt. Hér segir í þessari brtt., að hin reglulegu dómþing skuli haldin utan Reykjavíkur og Akureyrar þar sem þörf krefur. Það er sjálfsagt engin ástæða til þess að vera að hafa regluleg dómþing þar sem ekki er þörf. Það kann kannske að vera að sumum finnist þegar tekið er fram: „þar sem þörf krefur", að það sé lítill munur á þessu ákvæði og heimildarákvæðinu í 12. gr. sem ég áður hef vikið að. En í mínum huga er þetta verulegur munur, vegna þess að ef brtt. mín verður samþykkt lít ég svo á, að ef ósk kemur um að regluleg dómþing skuli haldin utan Reykjavíkur og Akureyrar, þá verði ráðh. að taka það mál fyrir og taka ákvörðun um hvað skuli gert og þá verði að sjálfsögðu að færa rök fyrir því, ef ekki verður orðið við þeim óskum sem fram eru bornar í þessu efni.

Önnur brtt. á þskj. 508 er um að 12. gr. frv. orðist svo sem þar segir. Hér er í raun og veru ekki um að ræða aðra breytingu heldur en leiðir af fyrri brtt., og hin síðari breyting er nauðsynleg afleiðing af hinni fyrri, ef brtt. verður samþykkt.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég ætlaði að stilla máli mínu í hóf, og ég ætla ða standa við það þó að það væri freistandi að víkja að einstökum atriðum. Það væri t. d. freistandi að víkja að lögréttuheitinu sjálfu sem sett er á þá dómstóla sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv. að verði stofnaðir. Það kann að vera aukaatriði hvað þessir dómstólar eru kallaðir, en ég verð að segja það, að þessi nafngift kemur ekki vel við mig og mér fyndist að það gæti farið vel á því þess vegna að breyta hér nafni. Lögrétta vekur ýmsar minningar og tilfinningar. Lögrétta er sérstakt heiti á sögulegri stofnun og það minnir ekki sérstaklega á dómstól. Þegar við hugsum til Lögréttu, þá höfum við í huga þá tíma þegar vegur Lögréttunnar stóð sem hæst og þegar við vorum stoltastir af þeirri stjórnskipan sem hún var veigamikill þáttur í. Okkur kemur ekki til hugar sérstaklega dómstóll. Hlutverk Lögréttu að fornu var það, að þar gátu menn rétt lög sín, eins og það var kallað, þ. e. a. s. það var hægt að skýra lögin, en þær skýringar höfðu ekki dómsígildi. Hlutverk Lögréttu var að gera nýmæli, þ. e. a. s. að setja lög. Og enn má minna á að það var hlutverk Lögréttu að veita leyfi, þ. e. a. s. að veita undanþágur frá lögum. Og þetta minnir á það, að aðskilnaður löggjafarvalds og dómsvalds er eitt merkilegasta atriðið í löggjöf Íslendinga á þjóðveldisöld. Og það liðu aldir þar til það fór að brydda á því, að Lögrétta væri einnig dómstóll, eins og var á árunum frá 1271—1661. En það er ekki fyrr en eftir 1661, að ég hygg, að það sækir verulega í þá átt, að Lögrétta verði dómstóll, og ekki að fullu fyrr en á mesta niðurlægingartíma okkar á 18. öld. Það eru lög í Lagasafninu okkar í dag sem eru frá Lögréttu. Ég minni á alþingissamþykkt frá 1. júlí árið 1700 um almanaksbreytinguna, þegar hér var með lögum ákveðið að hverfa frá júlíanska tímatalinu og taka upp gregoríanska tímatalið. Ég skal nú ekki fjölyrða um þetta. En þetta vekur þá spurningu, hvernig mönnum litist á það, ef Hæstiréttur hefði hlotið nafnið „Alþingi." Ég hygg að mönnum hefði ekki líkað það. Og þó að ég sé ekki að leggja þetta að jöfnu, þá hefur þetta eitthvað hliðstæð áhrif á mína málkennd og mínar tilfinningar. En eins og ég sagði í upphafi, þetta er kannske ekki aðalatriði. Mér fannst þó ekkert á móti því að lýsa þessari skoðun.

Ég sagði að það væri freistandi að minnast hér á einstök atriði. Það er t. d. það, að mér finnst spurning hvort það sé rétt að forseti lögréttu skuli vera skipaður ævilangt í starf, t. d. hvort það sé ekki heppilegri skipan að dómendur kjósi forseta í lögréttunni, menn geti skipst á um að skipa það sæti. Fleira mætti hér telja upp af slíkum atriðum sem þessum, en ég skal ekki tefja tímann með því.

En ég vil taka skýrt fram að það, sem ég hef verið hér að tala um frv., má ekki á neinn hátt skilja að leggja út sem eitthvert sérstakt vantraust af minni hálfu á réttarfarsnefnd sem hefur unnið þetta verk. Hennar vandi er mikill, og það er mitt álit að þeir, sem hér hafa verið að störfum, hafi unnið mikið og gott verk. En auðvitað geta verið skiptar skoðanir um viss stefnumarkandi atriði og ég hefði kosið að þetta frv. hefði verið meira í þá átt sem

ég hef hér verið að túlka. Og ég er að vona að það verði ekki svo gengið frá þessu máli, að þessi atriði verði ekki athuguð nokkru nánar. Ég er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að gera endurbætur á dómaskipuninni — mjög nauðsynlegt, og tek undir hin almennu sjónarmið manna hvað það varðar. En ég tel að þegar um svo veigamikið mál sem þetta er að ræða, gjörbyltingu og mætti segja byltingu á dómaskipuninni, þá þurfi mjög að vanda sitt ráð áður en endanlega er gengið frá málinu. Samkv. þessu tel ég mig vera mjög jákvæðan í þessu máli að því leyti, að ég tel að það þurfi að koma hér breyting á, og með tilliti til þess skrifaði ég undir nál. En ég er með sjálfum mér í vafa — mjög miklum vafa um viss veigamikil atriði í frv., og vegna þess almennt hafði ég fyrirvara fyrir undirskrift minni undir nál.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég get vel fallist á þær brtt. sem fram hafa verið bornar af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Ég vil leyfa mér að þakka allshn. fyrir jákvæða afgreiðslu á þessu frv. Þetta er mikill lagabálkur, og það er rétt, sem hér var tekið fram, að þetta frv., ef að lögum verður, felur í sér verulega og má segja gerbreytingu á dómaskipan. Þess vegna er það ekkert óeðlilegt, þó að það hafi tekið tíma að kanna þetta mál og athuga það. Ég tel að hv. Alþ. og þessi hv. d. hafi haft góðan tíma til að athuga málið. Jafnframt hafa allir hv. alþm. haft tækifæri til þess að kynna sér þetta mál vel, þar sem það hefur legið fyrir þremur þingum. En afgreiðslan hér er að vísu seint á ferð, og það verður að sjálfsögðu að ráðast hvort frv. nær afgreiðslu á þessu þingi eða ekki. Þegar um slíkt mál sem þetta er að ræða, þá skiptir það ekki sköpum hvort það nær samþykkt einu árinu fyrr eða seinna.

Það er svo rétt, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að auðvitað eru í svona frv. mörg álitamál — það fer ekki hjá því — og við munum seint afgreiða það þannig að það yrðu ekki eftir sem áður ýmis álitamál. Og það getur vel verið að það verði seint afgreitt þannig að ekki komi í ljós eftir á að fenginni reynslu að það þurfi að breyta einhverju í þessum lögum. Ég held þess vegna að það verði seint beðið með afgreiðslu svo lengi að tryggt sé að það þurfi ekki neinu að breyta síðar eða það megi ekki betrumbæta það. Þá mundi seint verða mikið um endurbætur, ef þannig væri unnið að málum.

Ég held að hér sé stigið mjög stórt skref til réttrar áttar. Án þess að ég ætli nú að fara út í hugleiðingar þær sem hv. síðasti ræðumaður var með og margar geta átt rétt á sér, þá vil ég segja að auðvitað er það rétt, sem hann sagði, að þó að kenningin um þrígreiningu ríkisvaldsins sé ágæt út af fyrir sig, þá mega menn ekki vera svo teoríubundnir að halda að einn spekingur, sem uppi var fyrir tveimur öldum rúmlega eða svo, hafi getað orðað alveg ákveðnar formúlur sem eigi að gilda um eilífð fyrir leikreglur mannlífsins. Þær verður alltaf að laga dálítið í hendi. En hvað sem líður kenningunni um þrígreiningu ríkisvaldsins, þá held ég að það verði lengi, vona ég, á meðan þær hugarstefnur eru við lýði sem við metum mest, lögð megináhersla á það, að dómstólar séu sjálfstæðir, — það er eitt höfuðskilyrðið fyrir því, að við getum búið í því, sem við viljum kalla réttarríki, — og þeir séu skildir frá framkvæmdavaldinu og gerðir því svo óháðir sem kostur er. Það álít ég eitt höfuðatriðið. En ef við ætluðum að fara að skilgreina það nákvæmlega nú, hvort það væru ekki nema þrír þættir eða þrjár greinar ríkisvaldsins sem um er að ræða í reyndinni, þá er ég ekki viss um að allir yrðu á sama máli um það. En allir mundu, að ég ætla, telja að dómsvaldið ætti að vera einn af þeim þáttum sem eiga að vera sjálfstæðir.

Það er auðvitað svo, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að það getur lengi verið álitamál um ýmis atriði, hvernig eigi að skipa þessum málum. Hann nefndi nafnið. Auðvitað getur verið álitamál, hvort á að kalla þetta lögréttu eða eitthvað annað. Ég hefði t. d. vel getað hugsað mér að taka upp hið gamla nafn lögþingsréttur og kalla lögþingsréttinn sunnan og vestan og lögþingsréttinn norðan og austan. Það var það skipulag sem hélst lengst. En þar fyrir var lögréttan þessu ekki óháð, vegna þess að lögmennirnir tveir nefndu menn í dóm úr hópi lögréttumanna. Það kerfi stóð miklu lengur en það kerfi, sem við búum við, hefur staðið. Þegar Hæstiréttur var settur á stofn voru ekki allir sammála um hvaða nafn hann ætti að hljóta. Sumir töldu orðið Hæstiréttur ákaflega óíslenskt og fjarri því sem hefði verið og vildu kalla hann fimmtardóm. Það er gamalt nafn. Ég er ekki viss um að það hefði orðið sérstaklega vinsælla. Þó veit maður það ekki.

Um önnur þau atriði, sem hv. þm. minntist á, er það að segja, að ég tel of langt mál að fara út í þau. Það er svo, að þær hugleiðingar má setja fram eins og margar aðrar í sambandi við þetta, en ég hygg að þegar menn hugleiða þetta betur og átta sig betur á þessu muni þeir komast að raun um að þarna sé yfirleitt reynt að þræða meðalhóf og nokkuð skynsamlegur meðalhófsvegur fundinn. En auðvitað verður aldrei fullyrt um það, fyrr en reynslan sker úr því, hvernig til tekst. Og því verður að breyta skipulaginu eftir því sem þarfirnar segja til um. Við skulum ekki hugsa okkur það, að við séum með þessum lögum frekar en öðrum, sem við erum að samþykkja, að setja upp eitthvert eilífðarskipulag.

Ég endurtek svo þakklæti mitt til n. fyrir mjög jákvæða afgreiðslu á málinu.

ATKVGR.

Brtt. 805,1 samþ. með 10:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 805,2 (ný 12. gr.) samþ. með 11:2 atkv.
13.—60. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 14 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 406, n. 771, 772). — 2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál á þskj. 771 mælir allshn. þessarar hv. d. með því, að frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, verði samþ. með breytingu sem flutt er till. um á þskj. 772.

Frv. þetta er, svo sem fram kemur í grg. og hæstv. dómsmrh. lýsti við 1. umr., fylgifrv. með frv. til lögréttulaga. Frv. þetta lá einnig fyrir tveim síðustu löggjafarþingum og hefur allshn. fjallað um það samhliða frv. til lögréttulaga.

Frv. þessu hefur verið breytt þannig frá því sem það var á síðasta þingi, að unnt er að samþykkja það eitt sér

ásamt fylgifrv., sem getið er í nál. á þskj. 772, þótt frv. til lögréttulaga hlyti ekki afgreiðslu. Í frv. eru ýmis atriði sem eindregið munu verða til flýtisauka við meðferð almennra einkamála og er talinn ótvíræður ávinningur að þeim breytingum.

Brtt. n. á þskj. 772 er að nokkru leyti leiðrétting á orðun málsliðar, en jafnframt eru numin burt ákvæði um aldursmörk um meðdómendur, en látið nægja að hafa almenn hæfnisskilyrði. Lagt er til að brtt. verði samþ. og frv. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 772 samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
10.—39. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 407, n. 473). —2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Frv. um breyt. á l. nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, sem hér liggur fyrir d., er fylgifrv. með frv. um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði sem einnig er til meðferðar í þessari hv. deild.

Allshn. mælir með því á þskj. 773, að frv. verði samþykkt með breytingu á sama þskj. sem varðar gildistöku frv., en slíkt ákvæði vantar í frv.

Breyting sú, sem gert er ráð fyrir í frv., snertir meðferð sjóprófa sem færð eru til meðferðar í sakadómi, en í frv. um meðferð einkamála er ráðgert að sjó- og verslunardómur verði lagður niður.

Lagt er til að brtt. verði samþ. og málinu vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 773 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 675 (sbr. 462), n. 769, 770 og 829). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti til athugunar. Þegar þetta frv. var til umr. í hv. Nd. voru haldnir sameiginlegir fundir með fjh.- og viðskn. Nd., en síðan hefur fjh.- og viðskn. Ed. haldið þrjá fundi um málið og hefur fengið þá Gylfa Knudsen og Georg Ólafsson verðlagsstjóra á sinn fund.

Í 1. gr. frv. er markmið og gildissvið laganna skilgreint þannig, að þau hafi það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að a) vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum, b) vinna gegn óréttmætum viðskipta- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild.

Til þess að ná þessum tilgangi koma síðan í frv. margvísleg nýmæli, sem eiga að stuðla að því að gera okkur kleift að koma hér á því verðlagningarkerfi er hentar best við okkar aðstæður. Það á að reyna að fá fram þá kosti, sem frjáls samkeppni um verðmyndun kann að geta skapað, án þess að taka þá áhættu að afleiðingin verði gagnstæð, því að með öflugu eftirliti á að fylgjast með verðlagsþróuninni og grípa í taumana ef ástæða verður til. Það er því alger firra að halda því fram, að með þessu frv. sé stefnt að því að gefa kaupsýslumönnum og milliliðum tækifæri til að skammta sér laun. Það á að gefa þeim tækifæri til að sýna kosti frjálsrar samkeppni fyrir neytandann, en misnoti þeir það hefur verðlagsráð víðtækar heimildir til aðgerða.

Í upphafi 3. gr. núgildandi laga um verðlagsmál segir: „Verðlagsnefnd getur ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.“ — Að öðru leyti virðist verðlagning eiga að vera frjáls eftir núgildandi lögum og engin ákvæði eru í þeim sem setja skilyrði fyrir frjálsri álagningu. En í þessu frv. segir hins vegar að verðlagning skuli vera frjáls þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Það eru því tvímælalaust sett strangari skilyrði en nú eru.

Auk þess er í frv. nýr kafli um samkeppnishömlur, þar sem m. a. er kveðið á um eftirlit með samningum og samþykktum um samkeppnishömlur. Samkv. því á að vera heimilt að banna að gefa út sameiginlegar verðskrár **eða viðmiðunartaxta, sem ýmis samtök og hagsmunahópar hafa gert þar sem verðlagsákvæði hafa ekki gilt,** og í reynd hefur þar orðið um lágmarksverð á viðkomandi þjónustu að ræða. Þarna getur því orðið um mikilvægt ákvæði að ræða.

Í V. kafla laganna eru að nokkru leyti endurskoðuð lög um óréttmæta verslunarhætti, sem fyrst og fremst áttu að *koma í veg fyrir að kaupsýslumenn beittu óréttmætum* viðskiptaháttum hver gegn öðrum. En með ákvæðum frv. um óréttmæta viðskiptahætti er reynt að gæta hagsmuna neytandans, enda hafa mörg ákvæði kaflans ekki verið hér í lögum fyrr. Gert er ráð fyrir að sérstök neytendamáladeild sjái um framkvæmd þessa kafla, en af hagkvæmnisástæðum er valin sú leið að hafa slíka deild innan verðlagsstofnunarinnar, þar sem þetta er nátengt verðlagsmálum.

Vegna þessara mörgu nýmæla frv. er augljóst, að miklar breytingar verða á starfi verðlagsskrifstofunnar og vel þarf að standa að því að koma þeim á þar sem aðeins 6 mánuðir eru þangað til lögin skulu öðlast gildi. En á miklu veltur að framkvæmd laganna takist vel, svo að þau nái tilgangi sínum.

Í verðlagsmálum eru mjög skiptar skoðanir um leiðir. Sumir telja best að vera lausir við öll opinber afskipti og aðrir að opinberir aðilar eigi að stjórna þar öllu. Þessi ólíku viðhorf komu að nokkru fram við afgreiðslu málsins í fjh,- og viðskn. En í þessu frv. er reynt að fara meðalveg, þ. e. að ná sem flestum af kostum hvorrar

leiðar, en losna við gallana. Það á t. d. að reyna að hverfa frá þeirri reglu, að hátt innkaupsverð veiti rétt til mikillar álagningar, eins og núverandi verðlagsákvæði heimila. Í staðinn mun verðlagsstofnunin reyna að fá upplýsingar um raunverulega verðmyndun á innfluttum vörum. Þegar hefur verið hafinn undirbúningur að slíkri starfsemi. Það verða engar sjálfkrafa breytingar á verðlagsákvæðum frá núgildandi ástandi, enda þótt þetta frv. verði samþykkt, þar sem í bráðabirgðaákvæðunum segir að samþykktir um hámarksálagningu og fleira skuli halda gildi sínu þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra. Þetta undirstrikar það því, að hér sé ekki um einhverja gerbyltingu að ræða.

Meiri hl. n. leggur til á þskj. 769 að frv. verði samþykkt eins og það kom frá hv. Nd., en þeir Ragnar Arnalds, Jón Árm. Héðinsson og Albert Guðmundsson skila séráliti.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er aðalefni þessa frv. að gefa verslunarálagningu í landinu frjálsa svo og verðlagningu á ýmiss konar þjónustu. Því skal að vísu ekki haldið fram, að núverandi ástand verðlagsmála sé fullnægjandi og að unnt sé að vera ánægður með það ástand sem ríkjandi er. Framkvæmd verðlagseftirlits er ófullkomin, og tvímælalaust væri full þörf á því að efla það og gera almenningi betur kleift að fylgjast með verðbreytingum. Þrátt fyrir allt eru gildandi lagafyrirmæli til þess fallin að veita þeim aðilum, sem stunda verslun og viðskipti, nokkurt aðhald. En þetta aðhald þyrfti að efla og auka. Það er hins vegar ljóst af því frv., sem hér liggur fyrir, að núv. þingmeirihluti, þingmeirihluti Sjálfstfl. og Framsfl., hefur komið sér saman um að stefna í þveröfuga átt.

Kaupsýslumenn eiga að fá samkv. aðalreglu sjálfdæmi um verslunarálagningu. Afleiðingin getur ekki orðið önnur en sú, að álagning mun hækka verulega og þar með allt vöruverð. Þeir, sem hlýddu á framsöguræðu hv. seinasta ræðumanns, Jóns Helgasonar, sem mælti fyrir nál. meiri hl., hafa vafalaust tekið eftir því, að hann reyndi að halda því fram og færa rök að því, að það væri nú síður en svo að verið væri að gefa verslunarálagninguna frjálsa. Var nánast á honum að skilja að frv. fæli í sjálfu sér ekki í sér neina verulega breytingu frá því sem nú væri í gildi. Ég held að ég þurfi ekki á aðstoð hv. þm. Jóns Helgasonar að halda til þess að komast að raun um hvað fólgið er í þessu frv. Í 8. gr. þess segir, með leyfi forseta:

„Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls."

Þetta er að sjálfsögðu mikilvægasta ákvæði frv. Í þessum orðum felst að frjáls verðlagning er gerð að aðalreglu þess kerfis sem á að taka við. En við vitum að samkv. núgildandi kerfi er hitt aðalreglan, að opinberir aðilar ákveði álagninguna. Það skal að vísu viðurkennt, að hin frjálsa verðlagning er háð ákveðnu skilyrði sem skýrt kemur fram í 8. gr. þótt loðin verði að teljast, þ. e. a. s. þetta margendurtekna skilyrði, að samkeppni sé nægileg. Sé hún nægileg að dómi svonefndra samkeppnisnefnda, þá er verðlagningin gefin frjáls. Ég þykist vita að í æðimörgum tilvikum muni vera hægt að halda því fram. t. d. hvað snertir verslunarrekstur hér á Reykjavíkursvæðinu, að samkeppni sé fyrir hendi. Eða hvað telja menn eiginlega að felist í þessu orði annað en það, að fleiri en einn aðili annist sölu á viðkomandi vörutegund? Vegna þess að svo vill til í langflestum tilvikum, að fleiri en einn aðili er um boðið og þeir hafa ekki samband sín í milli, verður vafalaust sagt sem svo, að um sé að ræða samkeppni. Þar af leiðandi verður álagningin gefin frjáls. Það er beinlínis skylt samkv. þessu lagaákvæði. Í þessu er meginbreytingin fólgin og ekki nokkur þörf á því að vera að vefja hana í eitthvert orðskrúð, nema menn vilji beinlínis hafa uppi blekkingar.

Við Alþb.-menn teljum að frjáls álagning eigi ekki rétt á sér í hvert einasta sinn sem unnt er að segja að samkeppni sé nægjanleg. Við teljum að önnur skilyrði þurfi einnig að vera fyrir hendi og að það vanti gersamlega í frv. að gera grein fyrir þessum skilyrðum.

Eitt mikilvægasta skilyrði þess, að frjáls álagning geti átt nokkurn minnsta rétt á sér og þá um leið að þessi svokallaða frjálsa samkeppni geti gengið með eðlilegum hætti, er það, að um sé að ræða stöðugt verðlag. Það atriði er ekki síður mikilvægt heldur en að um samkeppni sé að ræða. Sé þetta skilyrði ekki fyrir hendi og verðlag sé hækkandi ár frá ári, jafnvel mánuð eftir mánuð, ef ekki viku eftir viku, sem er við ríkjandi aðstæður, er allt þetta háværa tal um nægilega samkeppni orðskrúð og innantómt gjálfur og ekkert annað. Það er af þessari ástæðu sem við Alþb.-menn mótmælum harðlega setningu þessara laga, sem við teljum að muni bersýnilega hafa í för með sér hækkandi verðlag. Neytendur, sem eru sá aðilinn sem samkv. þessari hugsun um frjálsa samkeppni og frjálsa álagningu á að annast það aðhald sem stjórnvöld hafa nú, hafa enga möguleika til að gegna þessu hlutverki þegar verðlag er ekki stöðugt, hafa ekki minnstu möguleika til að fylgjast með því, hvort þessi aðilinn býður í raun betra boð en einhver annar. Því má hiklaust segja, að þó að samkeppni sé nægileg að forminu til á þann hátt, að fleiri en einn séu um boðið, þá er hún ekki í reynd fyrir hendi þegar verðlag er mjög breytilegt. Þá er þessi frjálsa samkeppni og frjálsa verðlagning hrein blekking.

Aðalatriði þessa máls eru því þau, að við búum í þjóðfélagi þar sem geisar mikil verðbólga. Verðlagið breytist frá viku til viku, og kaupsýslumenn sækja fast á að fá meira í sinn hlut í formi aukinnar verslunarálagningar. Það er við þessar aðstæður sem núverandi ríkisstj. segir: Það er sjálfsagt að kaupmenn og viðskiptaaðilar ráði því sjálfir, hvaða verð þeir setja á vöru sem þeir selja. Þeir eiga að hafa frelsi til að ákveða tekjuhlut sinn sjálfir. — Og þessi stefna ríkisstj. er alveg sérlega athyglisverð fyrir kjósendur í komandi kosningum og mun ekki verða sparað að benda þeim á það. Þegar haft er í huga að á sama tíma segir ríkisstj.: Við verðum að ákveða laun vinnandi fólks. — Um þau mál mega ekki einu sinni gilda frjálsir samningar, hvað þá að vinnandi fólk megi ákveða sjálft hvaða kaup það fær. Nei, launafólkið má ekki tryggja sig með samningum gegn sívaxandi dýrtíð. Það verður að ákveða launin fyrir það með lagasetningu frá Alþ., og það er það sem gert hefur verið nú fyrir skemmstu. Á hinn bóginn segir ríkisstj.: Það er sjálfsagt að vextirnir hækki í hluftalli við verðbólgu og tekjur ríkissjóðs hækki í hlutfalli við dýrtíð. — En að kaupið hækki í hlutfalli við verðbólguna er bannað með lögum. Álagningin á ekki aðeins að hækka eftir mati kaupsýslumanna á því, hver er þörf hjá þeim að hækka vöruna miðað við verðbólguþróunina, þeir geta hækkað álagninguna enn frekar.

Ég held að það fari ekkert milli mála, að þetta frv. skýri og sýni svo ljóslega sem verða má hver er stefna

Sjálfstfl. og Framsfl. í dýrtíðar- og verðlagsmálum. Það er þetta sem ég hef verið hér að segja: Launamenn, sjómenn og raunar bændur, sem ég hef ekki vikið sérstaklega að hér, allir þessir aðilar verða að vera undir eftirliti, þeir fá ekki frjálsan samningsrétt, en kaupsýslumenn og millilliðir eiga að ákveða launakjör sín sjálfir.

Í þessu frv. er fólgin nokkur sjónblekking gagnvart þeim sem ekki kynna sér efni þess gjörla. Í núv. verðlagslögum er gert ráð fyrir verðlagsnefnd sem skipuð er fulltrúum atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar, auk þess fulltrúa sem tilnefndur er af viðskrh. Í þessum lögum er hliðstætt ákvæði, þar sem er ákvæðið um verðlagsráð sem upphaflega var gert ráð fyrir að í ættu sæti sjö menn, þar af tveir samkv. tilnefningu samtaka launþega, en eiga nú að verða níu menn, þar af þrír samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Og þá liggur beint við að segja sem svo, að hér sé um einhverjar hliðstæður að ræða og verkalýðshreyfingin hafi hönd í bagga með hver framkvæmd laganna verði. En þetta er sjónblekking, eins og ég nefndi áðan, vegna þess að völd þessara tveggja stofnana eru alls ekki hliðstæð. Það er nefnilega önnur stofnun, sem heitir samkeppnisnefnd, sem ákveður hvenær og á hvaða sviðum verðlagning skuli vera frjáls og hvenær hún skuli ekki vera það. Og þessi samkeppnisnefnd er þannig skipuð, að í henni eiga sæti þeir tveir verðlagsráðsmenn, sem Hæstiréttur skipar, auk formanns verðlagsráðsins sem er skipaður án tilnefningar. Aðilar vinnumarkaðarins og þar með verkalýðshreyfingin hafa þannig ekkert um það að segja, í hvaða tilvikum álagning er gefin frjáls og í hvaða tilvikum hún er ekki gefin frjáls. Eins og segir í upphafi 4. gr.: „Verðlagsráð getur fjallað um öll þau mál, sem lög þessi taka til. Ákvörðunarvald í málum samkv. IV. kafla og ...V. kafla þessara laga er í höndum samkeppnisnefndar, sem í eiga sæti formaður Verðlagsráðs og þeir tveir verðlagsráðsmenn, sem Hæstiréttur skipar. Ákvörðunarvald í öðrum málum er í höndum Verðlagsráðs.“ Mér virðist því ljóst, að ákvörðunarvald um þetta atriði er í höndum samkeppnisnefndar, enda er beinlínis í 8. gr. 2. mgr. vísað til IV. kafla laganna, þar sem segir:

„Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, þá getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánari reglum.
3. Verðstöðvun í allt að 6 mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.“

Þetta á greinilega aðeins við, ef samkeppnisnefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, að verðlagningin skuli ekki vera frjáls vegna þess að samkeppnin sé takmörkuð, sbr. IV. kafla laganna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um ákvæði þessa frv. Ég hef gert hér grein fyrir því, hvers vegna við Alþb.-menn erum andvígir þessu frv. Það er einfaldlega vegna þess, að allt hjal um nægilega samkeppni í þjóðfélagi, þar sem verðlag er mjög breytilegt, er út í hött. Við munum því greiða atkvæði gegn þessu frv. Okkar stefna er sú, að við núverandi aðstæður þurfi að efla verðlagseftirlit og framfylgja stranglega þeim heimildum sem eru í gildandi lögum til þess að koma í veg fyrir óeðlilegt verðlag á vörum og þjónustu.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Nál. mitt um frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti er á þskj. 829.

Frv. til l. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti hefur verið skamman tíma nú til umr. á Alþ. og Ed. haft mjög takmarkaðan tíma til athugunar á frv. Hins vegar má segja að meginefni þess sé margra ára gamalt og þekkt meðal þm. og hinna ýmsu félagssamtaka.

Frv. eins og það birtist nú, er samið af sérstakri nefnd, er viðskrh. skipaði í mars 1976. Frv. fylgja fjölmargar aths. og þar kemur fram m. a. mjög mismunandi afstaða til hinna ýmsu greina, annars vegar frá hendi margra samtaka úr atvinnulífinu og hins vegar frá hendi launþega og félagasamtaka þeirra.

Á fund nefndarinnar í Ed. kom Georg Ólafsson verðlagsstjóri og gerði nokkra grein fyrir verðlagseftirliti í dag hér á landi og framkvæmd núgildandi laga. Þar kom fram, að svonefnd verðlagsnefnd heldur nokkuð reglulega fundi, þar sem hún tekur fyrir verðákvörðunarbeiðnir. Hins vegar er framkvæmdaþátturinn í höndum verðlagsskrifstofunnar, sem skal fylgjast með að samþykktir verðlagsnefndar séu í framkvæmd eins og til stendur. Einnig gefur verðlagsskrifstofan út tilkynningar um álagningarprósentu á margvíslega vöruflokka og vinna kaupmenn samkv. þessum tilkynningum og innan þeirra marka er þær gefa svigrúm til.

Það kom fram í máli verðlagsstjóra, að t. d. af hálfu iðnaðarins er kvartað yfir seinagangi í ákvörðunartöku hjá verðlagsnefnd. Hins vegar hefur sú trú skapast af hálfu neytenda eftir margra ára verðgæslukerfi, að þeir telja sig verndaða í gegnum núverandi verðlagskerfi. Miðað við reynslu, a. m. k. í vissum vöruflokkum, má halda því fram, að hér sé um missýn að ræða og því réttlætanlegt að reyna annað kerfi í verðlagningu. Það skal tekið fram, að núverandi löggjöf er það rúm, að innan hennar væri hægt að gera verðlag frjálsara eða frjálst, ef almennur áhugi og samstaða væri um slíkt.

Það, sem þetta frv. hefur einkum í för með sér og er nýtt, er löggjöf um samkeppnishömlur. Það skal undirstrikað, að sá þáttur í frv. er afar mikilvægur og er e. t. v. það besta fyrir hinn almenna neytanda og vel rekin fyrirtæki hér á landi.

Því má halda fram, að áhættan með samþykkt þessa frv. að lögum sé ekki ýkjamikil og því vel réttlætanlegt að það nái nú fram að ganga í síðustu vinnuviku Alþ. Þó ber þess að geta og leggja á það ríka áherslu, að allt veltur hér á hve vel tekst til að tryggja þá framkvæmd um samkeppnishömlur og frjálsa verðmyndun er frv. gerir ráð fyrir að muni eiga sér stað þegar vissum forsendum er fullnægt.

Samfara þessum breytingum, sem frv. boðar, lagði verðlagsstjóri mikla áherslu á að óhjákvæmilegt væri að endurskipulagning ætti sér stað á verðlagsskrifstofunni til að tryggja raunhæft eftirlit með ýmsum hugsanlegum samkeppnishömlum og óréttmætum viðskiptaháttum. Því miður var á verðlagsstjóra að heyra, að ekkert hafi verið hugsað enn sem komið er fyrir þessum mikilvæga þætti í framkvæmd væntanlegra laga og taldi hann því

óhjákvæmilegt, ef vel ætti að takast til, að gildistími laganna væri með 12 mánaða fyrirvara í stað 6 mánaða, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta mat verðlagsstjóra á ríkjandi ástandi hvað varðar heilbrigða samkeppni er einkar athyglisvert. Þetta vill segja að forsendur fyrir gildi frv. virðast ekki vera fyrir hendi, og ekkert fullvissar undirritaðan á þessu stigi, miðað við aðrar fram komnar upplýsingar, um að verðlag mundi lækka á næstunni þótt frv. yrði að lögum nú.

Það hefur komið fram í umr. um þetta frv., að hér mun mjög velta á hvernig til tekst um framkvæmd laganna. Þar sem nú liggur fyrir að ekkert sérstakt hefur verið gert til þess að tryggja heppilega framkvæmd, bæði fyrir þá, er annast verslunina sjálfa, og neytendur almennt, virðist undirrituðum ekki tímabært, þrátt fyrir langan aðdraganda, að frv. verði samþ. nú alveg í þinglok.

Undirritaður vill leggja áherslu á að nauðsynlegt er að tryggja hér frjálsa, heiðarlega og samkeppnishæfa verslun og einnig er nauðsyn að setja sérstaka löggjöf er tryggi hagsmuni hins almenna neytanda. Því miður hefur komið í ljós að þessar forsendur eru ekki fyrir hendi, svo að hagsmunaaðilar finna margt að frv. eins og það liggur fyrir. Það er því mat undirritaðs, að óskynsamlegt sé að þetta frv. verði samþykkt nú, rétt fyrir alþingiskosningar, samtímis því að mikill óróleiki er á vinnumarkaðinum og launþegasamtökin hafa lýst alvarlegri andstöðu við vissar greinar frv. Það eru því heppileg vinnubrögð, að málið í heild verði athugað af næstu ríkisstj. og lagt fyrir væntanlegt Alþ. á haustdögum. Þess vegna leggur undirritaður til, að málinu verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Ég gæti farið nánar út í vissa þætti sem þetta frv. fjallar um, en ætla ekki að eyða þessari kvöldstund í það. Ég tel að búið sé að ræða mjög mikið um málið og sýnilegt er að um það í heild er engan veginn samstaða. Það er mjög athyglisvert, eins og ég undirstrika hér, hversu ólíkir eru hagsmunir þeirra sem telja að frv. sé ekki viðunandi. Að vísu sjá þeir frv. frá mismunandi sjónarhorni og taka þess vegna mismunandi afstöðu til greina eftir því hvernig þær snúa eða kunna að verka gagnvart þeim. Ég álít þess vegna fullréttmætt og eðlilegt að málið fái ekki afgreiðslu nú þrátt fyrir ágætan undirbúning og þrátt fyrir mikla meðferð af hendi hæstv. ráðh. Ég tel slíkt ekki skynsamlegt og legg því til, eins og ég sagði í lokaorðum nál., að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma að hv. 5. þm. Norðurl. v. skuli vera fjarverandi. Ég hefði gjarnan viljað svara honum nokkrum orðum, en reyni að beina máli mínu í aðra átt meðan hann er í burtu.

Eins og kom fram í ræðu hv. 1. landsk. þm. kom verðlagsstjóri á fund fjh.- og viðskn. í morgun. Bar ég þá upp við hann sömu spurningu og ég varpaði hér fram við 1. umr. þessa frv., en hún var á þessa leið: Hvað skortir á að samkeppni sé nægileg til þess að verðlagning geti nú þegar verið frjáls? Það vafðist fyrir honum að svara spurningunni, en þó kom svar hans á þá leið, að enn væri eftir að kanna ýmislegt áður en hann gæti svarað þeirri spurningu. Jafnvel taldi hann að sú breyting, sem var gerð á frv. við meðferð í Nd., að gildistaka yrði bundin við 6 mánuði frá samþykkt þessa frv. hér í þessari hv. d., væri of stuttur aðlögunartími.

Ég er verðlagsstjóra alveg sammála. Ég tel nauðsynlegt að þetta mál, frv. í heild sinni, verði kannað miklu betur en gert hefur verið og fullkannað, áður en Alþ. samþykkir það sem lög. Ég ítreka það sem ég sagði við 1. umr. þessa frv., að ég tel fráleitt að fela nefndum eða ráðum úti í borg eða bæ að ákveða hvenær eða hvort samþykkt Alþ. taki gildi. Ég vil að þeir aðilar, sem hafa unnið að þessu frv., og kannske einhverjir fleiri, verði beðnir um að fullkanna málið og svara þeim spurningum sem fyrir hafa verið lagðar hér: Hvað vantar upp á það, að verðlagning eða verðmyndun geti verið frjáls? Hvað vantar á að við getum hér á Íslandi búið við sömu skilyrði í þessari atvinnugrein og starfsbræður í öðrum löndum? Það hefur ekki fengist neitt svar við þessu.

Ég verð að segja það, að ég vorkenndi hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. þegar hann mælti með samþykkt þessa frv. Mér fannst hann tala án sannfæringar. Maður les á milli orðanna, enda var það augljóst á málflutningi hans, að ekkert eigi að gera í neinni fljótfærni, heldur eigi alltaf að vera möguleiki á að grípa í taumana, — ég skil það þannig, — koma hlutunum aftur í það ástand, skulum við segja, sem nú ríkir, ef einhver skyldi sjá fyrir að þessi lög verkuðu ekki eins og til er ætlast af einhverjum, sem ég veit ekki hverjir verða, í viðkomandi nefndum og ráðum sem upp eru talin í frv. Það segir líka í 8. gr., í 4. tölul. sem þar er, að verðlagsráð geti sett aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni — alveg ótímabundið. Það getur tekið í taumana hvenær sem því dettur í hug, sem sagt, því er þarna gefið alræðisvald.

Ég harma það aftur, að hv. 5. þm. Norðurl. v. er — ja, hann gengur nú í salinn og fagna ég því. Eins og ég hef áður sagt úr þessum hv. ræðustól er mikill skoðanamunur, eins og gefur að skilja, þ. e. lífsskoðanamunur á milli hans og mín. Við erum báðir sammála um að aðalatriðið í þessu frv., eins og hann réttilega gat um, er frjáls álagning. Hann er á móti frjálsri álagningu á þeim forsendum, að hún sé ekki hugsanleg við breytilegt verðlag. Ég vil aftur á móti halda því fram, að frjáls álagning sé hugsanleg ekki bara við breytilegt verðlag, en jafnvel einmitt vegna breytilegs verðlags. Það er alltaf breytilegt verðlag á vörum eins og kaffi, sykri og hveiti. Tökum til dæmis járn, stál eða ýmislegt annað. Þar eru alltaf verðsveiflur. Það er alveg sama hvort verðbólga geisar eða ekki, það hafa alltaf verið verðsveiflur á þessum og mörgum öðrum vörutegundum. Þannig verður verðlag alltaf breytilegt ef um frjálsa samkeppni er að ræða.

Ég er líka ósammála hv. 5. þm. Norðurl. v. um það, að framkvæmd verðeftirlitsins hafi verið slæleg eða ekki nóg. Verðeftirlitið hefur starfað sem verðeftirlit til fyrirmyndar á margan hátt og ég hef ekkert undan því að kvarta og ég veit ekki til þess, að kaupsýslumenn hafi almennt kvartað undan verðeftirlitinu. Ég held að það hafi starfað mjög vel og oft verið gott að leita til þess með **alls konar upplýsingar. En við erum bara á móti verðeftirliti og viljum frjálsa verðmyndun. Það er ekki verið að kasta rýrð á þá, sem hafa starfað að verðeftirlitinu. Það hefur verið ágætt í starfi sínu. Ég er ekki heldur sammála hv. þm. um að þingmeirihl. hafi komið sér saman um aukið frjálsræði fyrr en Alþ. hefur ákveðið það sjálft, að verðlag skuli vera frjálst.**

Það er talað um hátt verðlag og það muni kannske hækka. Ef við tölum um hátt verðlag og tökum þá lið fyrir lið: Hvað er það sem myndar verðið, og hvaða milliliður er stærstur af öllum, við skulum segja milliliðaaðilinn? Það er ríkið sjálft. Það er því alveg rétt sem hv. þm. sagði, að verðbólgan er að mörgu leyti heimatil-

búin. Ég skildi hann þannig. Ég veit ekki hvort hann átti við það, en ég túlka orð hans þannig, að þetta breytilega verðlag væri mikið til heimatilbúið. Ég er honum sammála um það.

Ég er því miður neyddur til að mótmæla því, að kaupmenn ákveði eigin laun og þetta frv. gefi þeim eitthvert tækifæri fram yfir aðrar stéttir til að ákveða sér tekjur. Og ég verð að ítreka það, sem ég sagði við 1. umr., að kaupsýslumenn, sem hann er með í huga, sem eiga að ákveða sín laun, verða að borga allan þann milliliðakostnað sem safnast á vöruna frá því að þeir gera innkaup erlendis þar til þeir skila henni í hendur neytandans, en fyrirtæki fólksins hér þurfa aftur á móti ekki að standa undir þessum uppsafnaða milliliðakostnaði á einn eða annan hátt. Ég taldi upp við 1. umr. alla þá útsölustaði sem Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hefur í Reykjavík í samkeppni við aðra kaupmenn. Sláturfélag Suðurlands er með álíka marga útsölustaði og eigin framleiðendur. Og svo Samband ísl. samvinnufélaga með alla þá milliliðaþætti sem þeir þurfa þá ekki að kaupa sjálfir. Ég gat um þá. Þeir eiga ekki bara sameiginleg innkaup með stórum norrænum innkaupahringum samvinnufélaga, heldur flytja þeir vörurnar með eigin skipum, þeir tryggja þær í eigin vátryggingarfélagi, þeir hafa eigin banka, þeir skipa vörunum upp með eigin vinnuafli og geyma vörurnar í eigin pakkhúsi, þangað til þeir dreifa þeim á útsölustaði og til neytenda. Þarna kemur enginn milliliðakostnaður. En þrátt fyrir allt þetta er verðlagið það sama og annars staðar. Af hverju er þetta? Það eru þannig hinir vondu kaupmenn, sem geta ráðið sjálfir launum sínum. Ég mótmæli því. Og þessi fyrirtæki fólksins, sem margir vilja halda fram að þau séu, eiga þá að koma í veg fyrir með sinni samkeppni að verðlagið hækki eða fari úr böndum!

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég vil taka undir það sem kom fram hjá verðlagsstjóra í morgun. Hann treysti sér ekki að segja til um það, hvað skorti á til þess að verðmyndun gæti verið frjáls. Hann sagði að margt þyrfti að athuga og skoða. Hann taldi 6 mánuði of lítinn tíma, en að sjálfsögðu mundi hann gera allt sem hann gæti til þess að vinna það verk sem þarf að vinna í endurskipulagningu og athuga hvað vantar til þess að verðmyndun geti almennt verið frjáls.

Ég tel alveg fráleitt að þeir, sem eru látnir vinna að frumvarpsgerð, skili þeim ekki þannig í hendur Alþ., að Alþ. sjálft geti tekið endanlega ákvörðun um gildistöku laganna. Vegna þess treysti ég mér ekki til þess að standa að samþykkt þessa frv.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mér hefur verið bent á að í ræðu minni um þetta frv. áðan hafi ég misskilið eitt atriði frv. Þykir mér rétt að leiðrétta það atriði, en það var að samkv. 4. gr. væri ákvörðunarvald um frjálsa verðlagningu í höndum samkeppnisnefndar, en ekki verðlagsráðs. Orðalag 4. gr. bendir eindregið í þá áttina, sérstaklega þegar það er lesið með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr., og ekkert í þessum tveimur greinum segir ótvírætt að verðlagsráð taki ákvörðun um það, hvort verðlagning skuli vera frjáls. Það er beinlínis sagt í 4. gr., að ákvörðunarvald í málum samkv. IV. kafla laganna sé í höndum samkeppnisnefndar. IV. kaflinn fjallar einmitt um þær aðstæður þegar samkeppni er ekki talin vera fyrir hendi. Þetta verður raunverulega ekki, ef annað kemur ekki til, skilið á annan veg en þann, að samkeppnisnefndin hafi þetta ákvörðunarvald í sínum höndum. Hæstv. ráðh. hefur hins vegar bent mér á að þannig beri ekki að skilja þessar greinar og hefur bent á ákvæði til bráðabirgða máli sínu til stuðnings, en þar segir:

„Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu halda gildi sínu áfram, þar til verðlagsráð hefur tekið afstöðu til þeirra."

Mér sýnist á öllu að það sé alveg rétt, að með hliðsjón af þessu ákvæði til bráðabirgða hljóti það að vera verðlagsráð sem tekur þessar ákvarðanir, enda þótt það segi hvergi skýrum orðum í þeim greinum frv., sem um það atriði fjalla, þ. e. a. s. í 4. gr. og 8. gr., sem auðvitað væri æskilegra, því að ég veit að margir fleiri en ég hafa misskilið frv. hvað þetta atriði snertir. — Ég vildi sem sagt leiðrétta þetta atriði strax, svo að það yrði ekki grundvöllur að orðaskiptum, því að það er ævinlega óeðlilegt að láta orðaskipti snúast um misskilning.

Ég vildi segja það að lokum í framhaldi af orðum hv. þm. Alberts Guðmundssonar, sem sagði hér áðan að samkeppni gæti átt sér stað jafnvel þótt verðlag væri mjög breytilegt, að auðvitað er aðalatriðið af hvaða ástæðum verðlagið er breytilegt. Ef um er að ræða það sem við getum kallað stöðugt verðlag, sem felst í því að verðlagsvísitala hækkar ekki neitt teljandi frá ári til árs, þá er ríkjandi það sem við getum kallað stöðugt verðlag, og þá verður það hlutverk neytandans að fylgjast með því, hvort ein vara hækkar lítillega vegna þess að kaupmaðurinn hefur gert óhagkvæm innkaup eða vegna þess að varan er komin til landsins á þessu ákveðna verði af einhverjum öðrum ástæðum. Hann á þá kannske annarra kosta völ og getur snúið sér að annarri vörutegund. Hann hefur möguleika að velja og hafna. Ég er alls ekki að segja að við þessar aðstæður, þegar verðlag er stöðugt, þá geti það ekki verið breytilegt í smærri atriðum. Það hlýtur verðlag ævinlega að vera. Um þetta getum við verið alveg sammála, að verðlag er breytilegt í smærri atriðum þegar um er að ræða markaðsaðstæður á annað borð. Það var að sjálfsögðu ekki það sem ég átti við.

Það, sem ég átti við hins vegar, var að þegar ekki er nóg með það, að verðlag breytist vegna þess að menn gera mismunandi innkaup, heldur bætist hitt við, að verðbólga er svo geipileg í landinu að verðlag hækkar af þeim sökum. M. a hækkar verðlag um 30—40% á ári vegna gengisfellinga eða vegna hækkandi álagningar, vegna hækkandi söluskatts eða af ýmsum öðrum ástæðum. Við slíkar aðstæður hættir neytandinn að skynja þær breytingar á verðlagi sem stafa af öðrum orsökum og hann þyrfti að verða var við til þess að geta valdið því hlutverki sínu að fylgjast með verðlaginu. Í verðbólguþjóðfélagi er eðlileg frjáls samkeppni í verðmyndun og verðlagningu óhugsandi. Það er það sem er aðalatriði málsins.

Ég stóð hins vegar fyrst og fremst upp til þess að leiðrétta þetta atriði sem ég hef nú þegar getið um. Það breytir því ekki, að aths., sem ég gerði, á fyllsta rétt á sér, vegna þess að ljóst er að samkeppnisnefndin fær það hlutverk að dæma um fjölmörg mál sem æskilegast væri að verðlagsráð skipað fulltrúum atvinnurekenda og launþega hefði sitt að segja um.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan að hann þyrfti ekki á kennslu frá mér að halda í sambandi við þetta frv. Ég bjóst nú við að ég þyrfti að segja hér að sennilega mundi ekki þýða fyrir mig að reyna að kenna honum, það væri vonlaust. En nú hefur þegar komið í ljós að það hefur komið að gagni, þegar honum er leiðbeint með það sem hann taldi vera eitt af grundvallaratriðunum í mótmælum sínum áðan. Og ég vænti þess, að ef hann les nú frv. nánar sjái hann að það er fleira í málflutningi hans á misskilningi byggt, sem væntanlega leiðréttist eftir því sem tíminn líður.

Hann tók það skýrt fram að efla þyrfti verðlagseftirlit, þar sem sérstaklega á verðbólgutímum væri ómögulegt fyrir neytendur að fylgjast nægilega vel með. Eins og hv. 1. landsk. þm. sagði hér áðan, er ákvæðið um samkeppnisnefndina og það eftirlit, kannske eitt af mestu nýmælum þessa frv. sem henni er heimilt að hafa. Þó að verðlag hafi verið gefið frjálst, þá á hún að fylgjast með hvernig verðlagsþróunin verður. Ég trúi ekki öðru en hv. 5. þm. Norðurl. v. telji það nokkurn ávinning, að hún getur gripið inn í, eins og ég sagði áðan, þegar einhverjir aðilar, sem sumir hverjir vilja selja sína vinnu og þjónustu einna dýrast, gefa út viðmiðunargjaldskrá sem í raun verður lágmarksgjaldskrá og kemur í veg fyrir samkeppni innbyrðis á milli þessara aðila. Ég held að þarna sé um mjög mikinn ávinning að ræða.

Verðlagsstjóri gerði grein fyrir því á fundi hjá fjh.- og viðskn. í morgun, hvernig hann teldi að það gæti farið fram að gefa eitthvert verðlag frjálst. Fyrst þarf vitanlega að athuga hvort það eru nægilega mörg fyrirtæki sem veita þá þjónustu, sem um er að ræða, eða selja þá vöru, og síðan væri þessum aðilum sagt að nú ætti að gera tilraun til þess að sjá hvort kostir frjálsrar samkeppni kynnu ekki að leiða til lægra verðs í viðkomandi grein, og verðlagið væri gefið frjálst. En samkeppnisnefnd mundi fylgjast með hvernig verðþróunin yrði og ef þetta gæfi ekki góða raun, ef verðlagið hækkaði, þá gæti verðlagsráð gripið í taumana og tryggt það ástand sem hefur verið fyrir. Eins og hv. 12. þm. Reykv. sagði: Ef það ástand, sem fyrir var, hefur verið betra, þá á að taka þá skipan upp. — Með þessu frv. er sem sagt verið að reyna að leita að því fyrirkomulagi sem er best til þess að ná því markmiði sem sagt er í 1. gr. frv., og ég verð að segja, að ég get talað af sannfæringu fyrir því að reyna að skapa slíkt ástand. Það er þess vegna alger misskilningur hjá hv. 12. þm. Reykv., að ég hafi ekki sannfæringu fyrir því, að þetta frv. geti verið til góðs.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. minntist ekkert heldur á þau ákvæði frv. sem fjalla um neytendaverndina og eru mjög mikið nýmæli, og það virtist vera að hann teldi þau einskis virði — a. m. k. gat hann þeirra ekki.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að það muni fara eins fyrir fleiri en hv. 5. þm. Norðurl. v., að eftir því sem þeir kanna frv. betur og fá fræðslu um það, þá muni koma í ljós að þeir gallar, sem þeir telja á því, eru ekki á rökum reistir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands, frv. (þskj. 797). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um Myndlista- og handíðaskóla Íslands er samið af mþn. eða öllu heldur af stjórnskipaðri nefnd, sem var skipuð 27. maí 1970. Hún hefur tekið sér góðan tíma til starfa. Það þótti rétt að kynna þetta frv. núna, þannig að þeim, sem hér eiga hlut að máli, hv. alþm. fyrst og fremst og svo öðrum, sem þetta mál varðar sérstklega, gæfist kostur á að hafa málið fyrir framan sig í sumar og líta á það.

Ég sé ekki ástæðu til, eins og á stendur með þingtíma og frv. er eingöngu lagt fram til kynningar, að hafa um það fleiri orð, en legg til að því verði vísað til hv. menntmn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 68, 819, 832). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 832 — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Jón Helgason: Herra forseti. Það kom fram hér við 2. umr. þessa máls í hv. d., að ein fræðsluskrifstofa annast nú lögbundin verkefni fyrir öll sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi og gengur það vel. Hafnfirðingar hafa látið í ljós ósk um að hafa samstarf við önnur sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi um nokkra þætti skólastarfs. Stofnun nýrrar fræðsluskrifstofu í Reykjaneskjördæmi er því óþörf og eingöngu til útgjalda fyrir ríkissjóð og eykur og torveldar samstarf milli sveitarfélaganna á þessu svæði. Þetta kom glöggt fram í ræðu hæstv. menntmrh. Þess vegna hef ég ásamt Axel Jónssyni, hv. 10. landsk. þm., og Helga Seljan, hv. 7. landsk. þm., flutt till. um að þessu máli verði vísað til ríkisstj. til nánari athugunar. Þessi till. er á þskj. 819.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég lýsti því við 2. umr. málsins hér í hv. d., að ég er algerlega andvígur þessu frv. og tel það nánast endaleysu. Það hefur nú komið fram till. um að vísa frv. frá til frekari athugunar eða til ríkisstj. Ég lýsi að sjálfsögðu fylgi mínu við þá till. Ég tel það í alla staði eðlilega afgreiðslu, því ef á að fara að gera breytingar í þessum efnum þyrftu þær að ná yfir miklu fleiri svið heldur en þarna og vera þá eitthvað örlítið skynsamlegri en ég tel að þarna sé um að ræða.

Mér þykir leitt að tefja hv. d. með alllöngum ræðum um þetta mál, en ég get ekki hjá því komist. Ég þykist sjá á allri afgreiðslu hér í Alþ., að það hafi verið unnið nokkuð rækilega að þessu máli á bak við tjöldin og kynnt þm. þannig, því að ekki hafa verið um þetta langar ræður í Alþ. Ég er heldur slakur við þess háttar vinnu, en vil þá reyna að gera grein fyrir málinu hér í d. eins ítarlega og ég get.

Það, sem þarna er um að ræða, er að breyta, hreyfa einhvern viðamesta, þýðingarmesta þáttinn í skipu-

laginu, stjórnunarlegu skipulagi grunnskólans. Og ég held að ég verði að rifja upp nokkur atriði úr þessu skipulagi og biðja hv. þdm. að íhuga vandlega, hvort hér er ekki verið að gera hæpna hluti með tilliti til þess, hvernig þetta skipulag er byggt upp í grunnskólalögunum.

II. kafli grunnskólalaganna fjallar um stjórn grunnskóla, eins og það heitir hér, og segir þar í byrjun: „Menntmrn. fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Rn. til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd skipuð tveimur fulltrúum frá menntmrn. og tveimur frá Samb. ísl. sveitarfélaga.“ — Og síðan er sagt, hvað hún skuli gera, þessi nefnd, og að hana skuli skipa til fjögurra ára í senn.

Með þessu ákvæði er verið að leggja alveg sérstaka áherslu á það atriði, sem gengur svo eins og rauður þráður í gegnum þennan kafla um stjórn grunnskólanna, leggja ríka áherslu á samstarf sveitarfélaga og ríkisvalds um stjórnun þessa skólastigs. Lögin gera ráð fyrir því, að þetta skólastig sé kostað sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, kostað sameiginlega af þessum aðilum, og jafnframt að þessir aðilar stjórni sameiginlega, þó menntmrn. fari vitanlega með yfirstjórnina. En þá er lögð mjög rík áhersla á þátt héraðanna, sveitarfélaganna, í stjórnun grunnskólastigsins í samræmi við það, að sveitarfélögin kosta rekstur þess að mjög miklum hluta. Ákvæðum í 9. gr. um þessa samstarfsnefnd eru sett til þess að leggja á þetta sérstaka áherslu strax í byrjun kaflans um stjórnun, áherslu á að samráð milli þessara aðila sé annað og meira en nafnið, að hlutur sveitarfélaganna sé annað og meira en nafnið. Í lögunum eru svo skýr ákvæði um það, sem svo eru nánar útfærð í reglugerð, hvert sé hlutverk héraðsstjórnanna, sveitarstjórnanna, í þessu samstarfi og í þessari stjórnun og það er skilgreint þar allítarlega.

Í 10. gr. er kveðið á um það, hvernig landið skiptist í fræðsluumdæmi. Þau eru 8, fræðsluumdæmin. Þau fylgja mörkum kjördæmanna, en eru eigi að síður kölluð fræðsluumdæmi, en ekki kennd við kjördæmi. Fræðsluumdæmi og skilgreining á því hvaða landssvæði, hvaða byggðir falla undir hvert umdæmi út af fyrir sig, eru lögsagnarumdæmin. Þau eru talin upp í hverju einstöku tilviki. T. d. eru á Austurlandi taldar sýslurnar þrjár og kaupstaðirnir þrír sem eru í þeim landshluta. Þannig eru þessi umdæmi byggð upp.

Síðan er svo það, að í 11. gr. er kveðið á um að landshlutasamtökin hafi þarna vissu hlutverki að gegna, þau kjósi fræðsluráðin og standi að rekstri fræðsluskrifstofanna á móti ríkissjóði. Breytileg tala er í fræðsluráði, 5—7, en þau skulu kosin af hlutaðeigandi landshlutasamtökum. Það sýnir glöggt að þessi ákvæði voru sett í þeirri trú og því var fyllilega treyst, að lög yrðu sett um landshlutasamtökin, því að það segir hér í greininni, að um kosningu og starfshætti fer samkv. lögum og reglugerð um starfshætti landshlutasamtaka sveitarfélaga. En þó er hér varnagli nokkur, því að það segir jafnframt: „En að öðru leyti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga nr. 58 1961.“ — Ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. dm., hvernig á þessu ákvæði stendur. Það er einfaldlega vegna þess, að samferða frv. um grunnskóla var á ferðinni í Alþ. frv. til l. um landshlutasamtök og það var komið langt á leið, að mig minnir til seinustu umr., þegar það var skyndilega stöðvað og náði ekki fram að ganga. En þá varð ekki aftur snúið með grunnskólalögin, sem um alveg sama leyti voru afgreidd frá Alþingi.

Nú er eitt umdæmið aðeins eitt sveitarfélag, eitt byggðarlag, þar sem er Reykjavík. Og þar er sagt í sérstakri mgr., að „í Reykjavík fer borgarstjórn með hlutverk landshlutasamtaka samkv. lögum þessum eftir því sem við á.“ Sveitarfélögin, sýslur, bæir og borg eru þau undirstöðuumdæmi eða undirstöðueiningar, sem þarna er byggt á, þó að landshlutasamtökin komi inn í sem aðili til þess að kjósa í fræðsluráðin, af því að allir reiknuðu með að þau yrðu lögfest og af því að þá voru svo til öll sveitarfélög á landinu aðilar að landshlutasamtökunum.

Í nokkrum mgr. í þessari 11. gr. er enn lögð sérstök áhersla á að tryggja breitt og gott samstarf og sem víðtækast samráð sveitarstjórna við ríkisvaldið. Síðan er þetta útfært allítarlega í lögunum, sem ég skal ekki tefja tíma á að fara að lesa hér upp. En í 12. gr. grunnskólalaganna eru verkefni fræðsluráða skilgreind allnákvæmlega. Þau eru allt önnur og meiri en skólanefndir og skólaráð höfðu áður og allt önnur og meiri en fræðslustjórar einstakra byggðarlaga höfðu áður, eins og ég kom að í ræðu minni við 2. umr. málsins. Uppbygging fræðsluráðanna, eins og þau eru nú og eins og fram kemur í lögunum, er byggð á því að ná yfir öll svæðin, ná sem mestri breidd í uppbyggingu þessara ráða, og það eru teknar stórar einingar byggðarlega séð og nokkuð fjölmennar allar, þó mjög mismunandi. Þetta er augljós andstæða við það sem var. Það er ekki hægt að bera þetta saman við fræðsluráð einstakra kaupstaða og kauptúna sem áður voru. Það er algerlega ósambærilegt. Þó að Reykjavík sé einstakt sveitarfélag með sérstaka fræðsluskrifstofu, þá er það mál út af fyrir sig, því að Reykjavík er svo margfalt stærri en nokkurt annað sveitarfélag á landinu að ekki er hægt að jafna því neitt saman.

Í 14. gr. er svo hlutverk fræðslustjóranna, sem eru framkvæmdastjórar fræðsluráðanna, einnig skilgreint mjög ítarlega í mörgum liðum. Þar eru t. d. tvö atriði sem skera úr um það, að hér er allt annað verksvið en var áður í hinum einstöku sveitarfélögum hjá fræðsluskrifstofum þeirra. Fræðslustjórarnir eiga að samræma og úrskurða áætlanir skólanna, en það var áður unnið í menntmrn. Þeir eiga að úrskurða um reikninga skólanna, sem einnig var áður unnið í menntmrn., og til þess að þetta megi verða mega þessir menn vitanlega ekki vera háðir einstökum byggðarlögum. Og það hefur verið lögð gífurlega mikil vinna í það og mikil áhersla á það að samræma og glöggva sameiginlegan skilning þessara aðila á því verkefni sem við er að fást, þannig að ekki gæti ósamræmis í störfum þeirra og úrskurðum. Eitt mjög þýðingarmikið atriði í starfsemi skrifstofanna og fræðslustjóranna er ráðgjafar- og sálfræðiþjónustan, og það liggur alveg í augum uppi, að margfalt hagfelldara er að skipuleggja þessa þjónustu yfir nokkuð stór svæði heldur en vera með hana á mörgum stöðum, t. d. í sama kjördæmi eins og að virðist stefnt með þessu frv.

Ég skal ekki fara nánar út í skilgreiningu á störfum fræðslustjóranna, það hefur ekki þýðingu í þessu sambandi, en eins og ég sagði áðan eru þau nokkuð ítarlega skilgreind hér í viðeigandi lagagr. og svo enn nánar í reglugerð og erindisbréfi.

Síðan heldur þessi skilgreining laganna á hinu stjórnunarlega kerfi grunnskólastigsins áfram. Í 16. gr. laganna er fjallað um skólahverfi og skólanefndir svo og í 17. gr. Og einmitt í þessum greinum, 16., 17. og 18. gr., um

skólahverfin, skólanefndirnar og kosningarnar í þær, er lögð alveg sérstök áhersla á valdsvið sveitarstjórnanna og þeim eru ætluð þarna meiri áhrif en áður var. Nú skulu sveitarstjórnir kjósa skólanefndirnar allar samkv. grunnskólalögunum, alla nm., en áður var það svo, að rn. skipaði formanninn. Nú kjósa þær sér sjálfar formann. Þetta er sett þarna inn augljóslega að yfirlögðu ráði til þess að stuðla á þennan hátt að auknum áhrifum sveitarfélaganna og sveitarstjórnanna í sambandi við stjórnun grunnskólastigsins.

Síðan er þetta útfært enn nánar hér um stjórnina, skilgreint hver sé aðild skólastjóranna og kennaranna, gert ráð fyrir foreldrafélögum og raunar nemendafélögum í efstu bekkjunum tveimur.

Ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á það í sambandi við umr. um þetta mál, að í grunnskólalögunum er um að ræða samfellt stjórnunarkerfi sem er uppbyggt mjög vandlega að mínum dómi með ákveðið markmið í huga. Þarna er skilgreint, eins og ég hef aðeins rakið, þó mjög stuttlega, hversu þarna koma inn áhrif stærri og minni sveitarstjórnaheilda, áhrif sveitarstjóranna sjálfra og síðan skólafólksins, kennara, skólastjóra og nemenda, eftir því sem við getur átt með svo unga nemendur. Og ég árétta það enn, að meginácherslan er lögð á það að færa raunverulegt vald út í héruðin og fá sveitarstjórnunum meira verksvið en áður. Þessi þáttur, þessi ákvæði hafa þegar verið útfærð með ítarlegum reglugerðum sem settar hafa verið eftir því sem lögin gera ráð fyrir um hvert einstakt atriði þessara mála og svo í framkvæmdinni svo langt sem því er nú komið, svo langt sem hægt hefur verið að komast, vil ég segja, miðað við það fjármagn sem verið hefur til umráða til þessara hluta þau misseri sem fræðsluskrifstofur og fræðslustjórar hafa starfað.

Ég vildi með þessu reyna að bregða upp mynd af stjórnunarþættinum, rekja örlítið þessa uppbyggingu grunnskólalaganna til þess að undirstrika það, sem ég tel alveg höfuðnauðsyn ef menn vilja fara að breyta þessum þáttum, sem ég tel nú enga nauðsyn á, að alveg er ófært og óforsvaranlegt með öllu að gera það á þann hátt að pilla út úr eitt einstakt atriði og láta algerlega undir höfuð leggjast að mynda sér nokkra heildarskoðun. Það verður að reyna að fá heildarsýn yfir þetta áður en menn ráðast í breytingar á einum eða öðrum þáttum. Og það er ákaflega óskynsamlegt, vil ég segja, að gera breytingar á svona umfangsmiklu kerfi í einhverju flaustri og gera þær þannig að einskorða þær við eitthvert eitt atriði sem einhverjum einstaklingi, einum eða fleiri, hefur þóknast að láta sér detta í hug að þyrfti nú að breytast, án þess að líta nokkurn skapaðan hlut á samhengi málsins.

Lögin gera ráð fyrir 8 héruðum, eins og ég hef margtekið fram, bæði nú og við 2. umr., 8 fræðsluhéruðum og þá um leið 8 fræðslustjórum, framkvæmdastjórum fræðsluráðanna í þessum 8 héruðum. Þetta fyrirkomulag er raunverulega valddreifing frá menntmrn. út í byggðirnar. Það er meira en verið að dreifa þarna verkum, skrifborðsvinnu, það er verið að dreifa valdinu út til héraðanna. Ég minni aftur á úrskurðun reikninga, samræmingu áætlana o. s. frv. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir að fjölga þessum fræðslustjórum og fræðsluskrifstofum um þrjá, og ég vil aftur víkja að því, sem ég kom að við 2. umr. málsins, að með þessu móti verður fyrir komið r fræðsluskrifstofum og fræðslustjórum á um það bil 14 km kafla, trúi ég, þar sem vegakerfið og allar samgöngur eru betri en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Með þessu móti er splundrað því skipulagi, sem byggt var upp með grunnskólalögunum að þessu leyti, og stefnt að aukinni þátttöku héraðanna í stjórn grunnskólastigsins sem ég áðan var að lýsa.

Ég held að þetta sé svo ljóst sem verða má, enda hef ég ekki heyrt nokkur haldbær rök borin fram gegn því, að þarna sé verið að sundra skipulega uppbyggðu kerfi. Og ég óttast það nú satt að segja, að það sé stofnað til þessa máls í upphafi, af upphafsmönnunum, beinlínis til þess að gera tilraun til þess að splundra framkvæmd grunnskólalaganna, torvelda framkvæmd þeirra að þessu leyti. Það er ekkert leyndarmál, að þeir menn voru til og eru kannske til enn sem sáu rautt þegar talað var um grunnskólalögin. Það var eins og þeir álitu að það hefði engin fræðsla, engin barnafræðsla og ekkert slíkt kerfi verið til áður og þetta væri allt saman eitthvað nýtt, einhver óskapnaður sem ekki hefði séð dagsins ljós fyrr. Og það var eins og þessir aðilar, sem tóku þennan pól í hæðina þegar grunnskólalögin voru sett, gerðu sér ekki grein fyrir því, að grunnskólalögin, sem við köllum svo, löggjöfin frá 1974, eru náttúrlega að mjög miklum hluta sama löggjöfin og við áður höfðum. Skólaskyldan er sú sama enn. Henni hefur ekki verið breytt, þó að það gæti orðið eftir 6 ára tímabil frá gildistöku, og fjöldamörg atriði eru hin sömu. En hitt er svo annað mál, að það er lögð aukin áhersla á ýmis atriði í grunnskólalögunum. En það á ekki að mínum dómi að vera til að fráfælast og til þess að menn rjúki upp með hinar furðulegustu ráðstafanir til þess að torvelda framkvæmd grunnskólalaganna. Þessar nýjungar eru m. a. aukið vald til héraðanna, aukin áhersla á sérkennslumálin o. s. frv., án þess að ég ætli að eyða tíma í að telja það upp í löngu máli. En ég get ekki varist því, að sá grunur læðist að mér, að farið sé af stað með þetta í fyrstu hreinlega til þess arna, þó að ég álíti hins vegar ekki að þeir hv. þm., sem flytja þetta mál hér og styðja þetta mál hér, geri það af þessum ástæðum, — það held ég nú að ekki sé, heldur held ég að það sé nánast á misskilningi byggt og tilkomið vegna þess að hv. þm. hafa ekki gert sér nægilega ljósa grein fyrir því, hvernig þetta stjórnunarkerfi er upp byggt, hverju það á að þjóna o. s. frv.

Ég hlýt að árétta það, sem ég benti á við 2. umr. málsins hér í Ed., að eini grundvöllurinn undir þetta frv., sem ég hef a. m. k. fundið á blaði, er samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar sem gerð er fyrir 4 árum. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr., hversu þessi samþykkt er að verulegu leyti byggð á stórkostlegum misskilningi. Þetta er það eina sem ég hef fundið að liggi fyrir sem rökstuðningur á blöðum um þetta. En hvað segja svo menn, t. d. þeir menn sem hefur verið leitað til, og hvaðan fær þetta mál svo stuðning annars staðar en frá þessu upphafi, samþykktinni frá 1974 sem ég hef rökstudda ástæðu til að ætla að sé tæplega í fullu gildi enn? Ég efast um að þeir bæjarfulltrúar í Hafnarfirði, sem stóðu að þessu þá, séu allir sama sinnis núna. Ég get ekki staðhæft þetta, en ég hef verulega ástæðu til að halda það, og þá fer að þynnast þessi annars býsna fámenni hópur sem verður til þess að koma þessu máli hér af stað, fá þetta mál flutt inn á Alþingi.

En hvað segja svo aðrir um þetta, t. d. þeir, sem hefur verið leitað til núna, þegar hv. n. þessarar d. tók að leita álits hjá þeim mönnum sem einkum koma nálægt því að framkvæma grunnskólalögin? Ég hef ekki skrá yfir það, til hverra hv. n. sneri sér, en ég hef fengið að sjá þær

umsagnir sem borist hafa. Það má vera að hún hafi leitað til fleiri.

Ég hef hér umsögn Landssambands framhaldsskólakennara, sem margir starfa við grunnskólann, því að þetta heiti er til komið meðan gagnfræðastigið, unglingaskólarnir sem nú falla undir grunnskólann, var sérstakt skólastig. Þeir mótmæla þessu. Þeir segjast telja óheppilegt að stofna sérstaka skrifstofu í Hafnarfirði og kljúfa þannig kaupstaðinn frá öðrum hlutum kjördæmisins. Og stjórn þessara samtaka telur einróma, að núverandi skipan mála hafi reynst vel og sé ekki ástæða til breytinga og lýsir andstöðu við þessa tillögu.

Síðan hef ég séð umsagnir frá nokkrum fræðsluráðum utan af landi og þau byggja náttúrlega á sinni reynslu. Þau eru öll saman algerlega andvíg þessu og finna málinu allt til foráttu og telja enga ástæðu til þess að breyta til, en telja rétt að halda áfram framkvæmdinni í því formi sem hún nú er í. Þær umsagnir eru allar neikvæðar. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að umsögnin úr því fræðsluumdæmi sem þessi heimild, sem frv. gerir ráð fyrir, mundi m. a. taka til, Norðurlandi eystra, þar sem Akureyri er með meira en 10 þúsund íbúa, hún er einnig neikvæð. Þeir kæra sig ekkert um þetta. Þeir eru ekkert að biðja um heimild til þess að stofna nýtt embætti á Norðurlandi eystra og fá nýjan fræðslustjóra þar. Þeir kæra sig ekkert um það fremur en fólk í öðrum umdæmum, þar sem ekki er um það að tefla að þessi samþykkt gæti náð til sérstaklega.

En svo er það ákaflega eftirtektarvert, hvað fræðsluráðið í Reykjanesumdæmi sjálfu segir um þetta, og hefur áður verið að því vikið hér, en ég vil enn árétta það, því að ég tel það mjög mikilvægt. Fræðsluráð Reykjanesumdæmis er alfarið andvígt því, að stofnuð verði sérstök fræðsluumdæmi í einstökum sveitarfélögum með fleiri en 10 þús. íbúum, eins og gert er ráð fyrir í lagafrv., og segir: Fræðsluráðið telur óverjandi að efnt sé til slíks kostnaðarauka fræðslukerfisins í landinu á meðan óleystar eru brýnar þarfir á flestum sviðum fræðslumála. — Og þar segir enn: Fræðsluráð telur að sveitarfélag með fleiri en 10 þús. íbúum njóti verulegs ávinnings af núverandi fræðslustjóraembættum, — eins og reynslan mun sýna af starfi fræðslustjórans þar.

Svo kemur hér enn þá eitt álit, sem er frá bæjarstjórn Kópavogs, en Kópavogur er eitt af þeim þremum sveitarfélögum, sem gætu, ef þetta frv. yrði að lögum sett upp hjá sér sérstaka fræðsluskrifstofu, látið ríkið borga fræðslustjóranum laun og hluta af öðrum kostnaði. Hún beinlínis segir hér: Bæjarstjórn Kópavogs skorar á Alþ. að fella fram komið frv. um breytingu á grunnskólalögunum sem gerir ráð fyrir því, að heimilt verði að stofna fræðsluskrifstofur í sveitarfélögunum með yfir 10 þús. íbúa. — Og segir enn: „Bæjarstjórn telur að sú fræðsluumdæmaskipan, sem ákveðin er í grunnskólalögunum, sé heppileg og sú reynsla, sem fengin er af þessari skipan, sé mjög jákvæð. Sérstaklega vill bæjarstjórn Kópavogs vekja athygli á þeirri ágætu reynslu sem nú þegar er fengin af fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis, en hún veitir sveitarfélögum í umdæminu hina bestu fyrirgreiðslu og þjónustu. Á þeim stutta tíma, sem fræðsluskrifstofan hefur starfað, hefur orðið gerbreyting til bóta í þeim málum sem hún annast til mikils hagræðis og sparnaðar fyrir sveitarfélögin í umdæminu. Bæjarstjórn Kópavogs telur að það þjóni best hagsmunum sveitarfélaga, að þær fræðsluskrifstofur, sem fyrir eru í landinu, verði efldar, en ekki að þeim verði fjölgað."

Þetta segir bæjarstjórn Kópavogs — einmitt í því umdæmi þar sem á að bjóða fjölgun. Og maður hlýtur auðvitað að spyrja: Hví í ósköpunum er Alþ. að reyna að troða embættum og skrifstofum upp á sveitarfélög sem alls ekki vilja með þau að hafa? Hvers konar fígúra er þetta eiginlega? Þetta er náttúrlega alveg fyrir neðan allar hellur og stórkostlega furðulegt. En svona er það. Þetta er það sem felst í þessu frv. Það hefði þá verið sæmra, eins og ég benti á við 2. umr. málsins, að menn hefðu bara miðað þetta við það að stofna skrifstofu í Hafnarfirði, þar sem óskað var eftir henni, og væru ekki að reyna að stofna fleiri embætti og troða þeim upp á landshlutabyggðarlög sem ekki kæra sig nokkurn skapaðan hlut um þau. En það er nú ekki því að heilsa. Þrátt fyrir það að enginn pappír liggur fyrir um það, að nokkur óski eftir þessu, nema þessi fjögurra ára gamla samþykkt bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði, þvert á móti hörð mótmæli frá byggðarlögunum sem eiga nú að komast í sæluna eftir þessu frv., á samt að knýja þetta fram hvað sem tautar og raular — og þó að engin skynsamleg rök séu með þessu og enginn kæri sig um það á þessum stöðum tveimur sem frv. eða heimildinni er ætlað að ná til.

Ég verð að segja: Mér finnst þetta vera fáheyrð uppákoma, að þetta skuli henda hér á hv. Alþ. Og ekki síður er það fáheyrt, sem ég vék að hér og fjölyrti nokkuð um við 2. umr. og skal ekki endurtaka mikið af því hér, — fáheyrð uppákoma, að samráðh. og samstarfsmenn í stjórnarsamstarfi beiti sér af hörku fyrir slíkum breytingum, skipulagslegum breytingum á lögum sem heyra undir rn. og ráðh. sem eru gjörsamlega andvíg breytingunum. Ég er ekki svo fróður í þingsögunni að ég geti neitt fullyrt um þetta, en ég gæti best trúað því, að þetta væri einsdæmi.

Mér hefur skilist að það hafi þótt eitthvað óljóst af minni hálfu, hvort ég væri þessu fylgjandi, léti þetta hlutlaust eða ekki. Og það er viss ástæða til þess að álíta það, vegna þess, eins og ég tók fram við 2. umr., að ég ræddi þetta mál ítrekað og ítarlega við fjmrh. og við reyndum að finna á því einhvern flöt sem báðir gætu orðið ánægðir með, ég sem viðkomandi ráðh. og þeir Hafnfirðingar. En við fundum ekki þennan flöt, og það finnst mér lágmark að ætlast til þess af samráðh. sínum og samstarfsmönnum, sem standa að ríkisstj., að þeir geri sér gleggri grein fyrir því þá en orðið var, hver er afstaða viðkomandi ráðh. En ég tek það fram aftur, til þess að það fari ekkert á milli mála sem ég sagði hér við fyrri umr., að það hefur ekki verið farið á bak við mig með þetta á nokkurn hátt og ég vissi um það, að hæstv. fjmrh. sem 1. þm. þessa kjördæmis, sem þessar óskir höfðu komið fram í, hafði hug á því, að málið yrði flutt á Alþ., og að hann mundi beita sér fyrir því. En eins og ég sagði við 2. umr. datt mér ekki í hug að hv. alþm. mundu í svo ríkum mæli gína við þessari flugu. Ég segi þetta alveg eins og er og það má hver lá mér það sem vill.

Þetta tiltæki í samstarfshópi finnst mér afskaplega furðulegt. Mér er sem ég sjái framan í hæstv. fjmrh. ef ég færi að beita mér fyrir því, þvert ofan í vilja hans, að kljúfa skattstjóraumdæmi Austurlands og stofna skattstofu austur á Hornafirði, enda mundi mér aldrei detta það í hug, — ellegar aðra hæstv. ráðh. ef maður gerði svipað. Hvað ætli hæstv. landbrh. segði, ef ég færi að beita mér fyrir breytingu á búnaðarfræðslunni þvert ofan

í vilja hans, vissi að hann væri algerlega andvígur því? Ég er hræddur um að það þyti í tálknunum á honum. Og þannig má telja áfram, hvar sem maður vildi nú bera niður. Ég hef orðið fyrir svipuðu áður, aðeins í annarri mynd og það var ekkert við því að segja. En það kom þó flatt upp á mig þegar samstarfsflokkurinn sem ein heild beitti sér fyrir því að nema burt ákvæði úr frv. um lánasjóð, sem ég hafði flutt, og ég var mjög andvígur. Það var e. t. v. ekkert við því að segja. Stjórnarandstaðan hjálpaði þá upp á sakirnar hjá núv. menntmrh. Ég get ekki ætlast til þess, að hún sé alltaf til taks til þess að gera það. En eins og ég hef sagt: Í öðrum löndum hefðu svona hlutir sjálfsagt orsakað það, að ráðh. segði af sér. En hér eru aðrir hættir og ég er vel ásáttur með þá hætti, að menn geri sér grein fyrir heildarniðurstöðum í málum og láti þær móta aðgerðir, en hagi sér ekki eftir einstökum afmörkuðum atriðum. Og þegar ég lít á málin í heild tel ég að mikið hafi áunnist í þessu stjórnarsamstarfi í menntamálum. Það er tog um fjárveitingar, en það er og verður alltaf. Og ég hef ekki yfir samstarfi að kvarta þannig almennt. Það eru bara þessi einstöku atriði. Og ég kann miklu betur við þennan sið, sem hér er, að líta á þetta í heild, heldur en láta einstök mál og sum þá kannske ekki stór í sjálfu sér ráða tiltektum. En ég álít hins vegar að þetta mál sé þó nokkuð stórt, því að þarna er um skipulagslegt atriði að ræða.

Ég vil enn þá minnast á kostnaðinn, því að auðvitað hefur þetta kostnað í för með sér, sumpart fyrir ríkissjóð og sumpart fyrir viðkomandi sveitarfélög, en vel að merkja: allt kostnaður sem skattborgararnir greiða. Og hvar er tal manna um „báknið burt" sem Sjálfstfl. hefur hæst um, þeir ungu menn þar, og ég held allir taki undir? Ég held að stjórnarandstaðan taki nú undir það, að það eigi að draga úr hinum opinbera rekstri svona í orði. Það vill nú að vísu fara út um þúfur hjá stjórnarandstöðunni þegar verið er að afgreiða fjárlög, en þetta er þó títt um talað. En nú á að fara að stofna nýjar skrifstofur, þrjár. Ég álít að í tíð núv. ríkisstj. hafi verið sýnd mjög virðingarverð viðleitni til aðhalds á ýmsum sviðum. Stundum svíður nokkuð undan þessu. En hvað skal segja? Það verður ekki bæði sleppt og haldið. En mér kom í hug atvik eins og t. d. ráðning sérkennslufulltrúa að menntmrn. Alþingi tekur sig til fyrir nokkrum árum og samþykkir að skora á ríkisstj. eða menntmrh. — ég man nú ekki hvernig það var orðað — að ráða sérkennslufulltrúa til menntmrn. Já, já, þetta var samþ. hér á Alþ., þáltill. um þetta. Við förum svo á stúfana í rn. og skrifum ráðningarnefnd og förum fram á að fá að ráða þennan fulltrúa. En það var ekki fjárveiting á fjárlögum, þetta mun hafa verið gert eftir að fjárlög voru afgreidd enda synjaði n. þessu ákveðið. Og næstu fjárlög eru afgreidd án þess að taka þetta upp — það er svona verið að hamla þarna nokkuð á móti aukningu. Og síðast var þetta tekið inn á fjárl. og maður ráðinn tæpum tveim árum eftir að Alþ. samþykkti þetta. Þarna er verið að sýna aðhald.

Ég er nú ekki á því, að þetta aðhald hafi komið fram á réttum stað, en aðhald var það eigi að síður. Og það er alkunna þeim, sem einhvern tíma hafa starfað t. d. í fjvn., og dettur mér það í hug þegar ég lít á hv. 2. þm. Vestf., að það er ár eftir ár verið að togast á um hálfan ritara í stofnunum, hálfan kvenmann í þessu tilfelli hjá Rannsóknaráði ríkisins, ár eftir ár, við fjárlagagerð og annað. Það er hægt að gagnrýna þetta og eins og ég segi: Þá, sem fyrir þessu verða, svíður undan þessu oft og mönnum finnst þetta stundum ekki koma á réttan stað. En hvað skal segja? Ef ekki er reynt að spyrna við broddunum, þá flæðir út yfir alla bakka. Þess vegna blöskrar mér þegar á að troða skrifstofum, embættum upp á sveitarfélög eða bjóða þeim — þetta er nú heimild að vísu — en bjóða þeim það, reyna að lokka þau til þess að stofna ný embætti og ráða nýja menn og bjóða: Jú við skulum borga laun fræðslustjórans og við skulum borga helming af tilteknum kostnaði o. s. frv., o. s. frv. — Þetta eru vinnubrögð, sem mér þykja satt að segja hreint furðuleg og sérstaklega stórbrotin! Ég var ekki við atkvgr., en ég held að það hafi verið nafnakall og ég held að hæstv. forsrh. hafi greitt þessu atkv., og þá er hann þriðji aðili þarna, — þeir eru fjmrh., forsrh. og formaður fjvn., því að hann skrifaði undir nál. svo að ég veit að hann er með þessu, — en þetta eru einmitt aðilar sem hafa stöðu sinnar vegna haft frumkvæði um aðhald og tekist nokkuð. Við hinir stöndum kannske ekki alltaf nógu vel að slíku. Mér er a. m. k. ekki lagið að standa fyrir aðhaldi. Ég hef stundum boðið fjmrh. að taka að mér skattaþáttinn hjá honum, en útgjöldin aldrei, því að það væri ekki á mínu færi að halda þar í.

Ég hef lagt fram brtt. við þetta frv. Ég vil taka það fram og árétta það sem ég sagði áðan, að ég fylgi að sjálfsögðu till. um að vísa frv. til ríkisstj. En hún gengur vafalaust fyrst til atkv. og að henni felldri mundi þá brtt. mín koma til álita, en ekki ella. Mín brtt. fjallar um það, hversu með skuli fara kosningar í fræðsluráð ef landshlutasamtök leggjast niður í einu fræðsluumdæmi sem fer saman við umdæmi landshlutasamtakanna eins og þau eru núna. Ég hef áður vikið að því, að frv. tvö voru á útmánuðum 1974 samferða hérna á Alþ., þangað til frv. um landshlutasamtökin var stöðvað alveg á síðasta snúningi. En vegna þess að undirstaða fræðsluhéraðanna er lögsagnarumdæmið, sýslurnar og bæjarfélögin, eins og ég hef áður vikið að, þá álít ég að það þyrfti út af fyrir sig ekki að raska neinu þó að sett væru inn í grunnskólalögin ákvæði um það, hversu með skyldi fara kosningu í fræðsluráð ef þessi samtök hverfa úr sögunni, því að þau eru frjáls samtök, en ekki lögbundin og geta því lagst niður. Ég held að það þurfi ekki að vera vandræði að breyta því, og ég held að það megi komast fram úr því eins og greinir í brtt. minni sem liggur hér fyrir fjölrituð og hv. þdm. hafa séð. Þar geri ég ráð fyrir því, að lögsagnarumdæmin, þ. e. bæjarstjórnir, sýslunefndir, kysu fulltrúa í fræðsluráð.

Nú má vera að einhverjir hv. þm. vildu ganga lengra og breyta þessu alfarið, þannig að í stað þess að landshlutasamtökin kjósa nú fræðslunefndirnar, svo fremi þau eru til staðar, þá kysu þessir aðilar þær undir öllum kringumstæðum, bæjarstjórnir og sýslunefndir. En ég er andvígur þeirri hugsun. Nú skal ég ekki segja hvort hún er hér til staðar, en það má vera.

Ég er andvígur þeirri hugsun. Ég álít að landshlutasamtökin hafi verið góðu heilli gerð og þau hafi mörgu góðu til vegar komið nú þegar, í raun og veru sannað tilverurétt sinn, þótt þau séu ekki nema frjáls samtök áhugamanna. Ég álít að sameining sveitarfélaganna í þessum samtökum hafi mjög treyst stöðu þeirra mörgu smáu sveitarfélaga sem starfa víðs vegar um landið. Þessi samtök hafa unnið þýðingarmikið starf að ýmsum skipulagsmálum. Þau hafa haft frumkvæði og verið vettvangur fyrir sveitarfélögin til þess að ná saman um ýmis stór verkefni sem ekki voru á færi einstakra eða örfárra sveitarfélaga að leysa. Þau hafa beitt sér fyrir áætlana-

gerð og úttekt á stöðu ýmissa þýðingarmikilla málaflokka á hinum ýmsu landssvæðum, og skal ég ekki fara nánar út í það. Og þau hafa unnið mjög að því í mörgum tilvikum að samræma sjónarmiðin á hinum ýmsu landshlutum. Það er t. d. okkar reynsla austur frá, að þau hafa orðið alþm. að miklu liði og oft getað leiðbeint þeim og veitt þeim stuðning þegar um hefur verið að ræða að vinna að framgangi ýmissa mála fyrir annaðhvort svæðið allt eða þá afmarkaða hluta þess. Og mér skilst að það sé sama raunin víðar um land en hjá okkur eystra.

Fræðsluhéruðin falla saman við þessi svæði og þar sem ég þekki til telja menn það eðlilegt og óska einskis frekar en kosningin í fræðsluráðin fari fram á þann hátt sem það núna er gert. Ég held að menn telji að með því fáist heillegri skipan fræðsluráða heldur en ef ráðsmenn væru tíndir saman einn og einn, einn og einn kosinn á hverjum stað. Ég geri þess vegna að sjálfsögðu enga till. um slíka allsherjarbreytingu. En ég vil taka alveg skýrt fram, að ég teldi langeðlilegast að breyting á kosningafyrirkomulagi fræðsluráðanna, ef á að gera hana, — og ég tel það nauðsynlegt því að landshlutasamtökin geta þó lagst niður, það er a. m. k. fræðilegur möguleiki, — slík breyting væri vandlega undirbúin og hún kæmi þá fyrir Alþ. ásamt með fleiri atriðum sem menn kynnu að telja þörf á að breyta í grunnskólalögunum, t. d. eftir 5 ára reynslu af þessari löggjöf. Ég tel það ekki ólíklegt, enda sjálfsagt að það komi í ljós agnúar við framkvæmd slíkrar löggjafar, svo viðamikil sem hún er, sem menn vildu sverfa af og lagfæra.

Nú er nýkomin fram skýrsla á hv. Alþ., eins og lögin sjálf gera ráð fyrir, um framkvæmd grunnskólalaganna fyrstu 4 árin. Mér fyndist mjög eðlilegt, eftir að þessi skýrsla hefur verið skoðuð, rædd og brotin til mergjar, bæði hér á hv. Alþ. og annars staðar, þar sem fólk hefur hagsmuna að gæta eða áhuga á þessum málum, þá fyndist mér kjörið tækifæri til þess að íhuga um breytingar á lögunum almennt. T. d. segir í lögunum, að það eigi að gera Alþ. kost á að álykta um 9 ára skólaskylduna að fengnum upplýsingum. Það hefur verið gert. Með því að leggja skýrsluna fram getur hver þm. sem er, hvort sem það er ráðh. eða þm. aðrir, haft frumkvæði að því, að Alþ. breyti því ákvæði laganna, ef því þykir ástæða til. En burt séð frá því, þá finnst mér það bera mjög eðlilega að, að eftir að menn hafa fengið þessa skýrslu og skoðað hana, athuguðu menn það í heild, hvort sem það væru einstaklingar ellegar rn. hvaða ákvæði það væru í grunnskólalögunum sem þeir teldu ráðlegt að breyta.

Eins og ég hef margtekið fram og aldrei verður of mikil áhersla á lögð að mínum dómi, þá er hæpið að breyta svona umfangsmiklum lagabálkum eða þýðingarmiklum ákvæðum þeirra í skyndi. Maður á alltaf á hættu með því að raska eðlilegum hlutföllum, eðlilegu jafnvægi í framkvæmd viðkomandi laga. Og það er síst von á góðu þegar menn standa álengdar og eru lítt kunnugir framkvæmd laganna, og þeir gátu nú hreinlega ekki verið það, þeir sem ályktuðu 1974, þegar lögin voru enn ekki komin til framkvæmda — þeir gátu náttúrlega ekki verið kunnugir henni, það var engin reynsla á hana komin þá. Það er síst á góðu von ef menn rjúka til og breyta þýðingarmiklum ákvæðum eftir svona bendingum sem eru fram settar áður en nokkur reynsla er fengin. Síðan eru liðin 4 ár og það eru margskjalfestar upplýsingar um að samstarf þarna suður frá gengur ágætlega. Það er ekki eitt orð frá skólafólki í Hafnarfirði um annað, — ekki eitt orð, ekki hér í þessum bréfum, heldur þvert á móti frá fræðsluráði, en þar er þó einn fulltrúi maður búsettur í Hafnarfirði. En ef á að fara að breyta lögunum núna, þrátt fyrir allt þetta sem ég nú hef bent á, þá tel ág rétt og hef lagt fram brtt. um að breytt verði kosningafyrirkomulaginu.

Ég satt að segja vænti þess nú, hvað sem líður afgreiðslu þessa máls í heild, að hv. þdm. geti orðið mér sammála um þetta atriði, þó að við verðum kannske ekki sammála um endanlega afgreiðslu málsins því að ég vil láta annaðhvort fella það eða vísa því frá til frekari rannsóknar. Það er alveg fráleitt að nokkuð liggi á að gera þetta nú á þessu þingi. Það er alveg út í bláinn. Þetta hefur gengið ágætlega í 4 ár, og það liggur ekkert á þessu, ef menn vilja bara hugleiða það, að eðlilegt er að meðhöndla þessi mál í heild og vanda þá afgreiðslu þeirra. En hvað sem því líður, þá vænti ég þess fastlega, að hv. þdm. geti orðið mér sammála um, að ef á að breyta grunnskólalögunum á annað borð, þá verði þetta með kosningarnar tekið til athugunar og brtt. mín samþykkt.

Ég þarf ekki að lýsa brtt., hún liggur hér fyrir. Ég held að ég geti þá látið máli mínu lokið. Ég vil bara að lokum — og gæti þá kornið fyllt mælinn — árétta það, að ég tel að þetta frv. miði í öfuga átt. Það stefnir að því að sundra því skipulagi sem byggt var upp og byggt á þeirri hugsun að efla þátttöku sveitarfélaganna, áhrif þeirra. Ég tel að það miði í öfuga átt, auki ekki áhrif þeirra, heldur veiki þau. Og svo þetta, sem ég var rétt núna að segja, að það leysir ekki vandann hvað snertir kosningafyrirkomulagið.

Herra forseti. Ég hef þessi orð svo ekki fleiri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 91. fundur.

Þriðjudaginn 2. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lyfjalög, frv. (þskj. 815 (sbr. 457)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í aths. með þessu lagafrv. hefur verið starfandi nefnd á vegum heilbr.- og trmrn. að endurskoðun lyfjamálefna um 5 ára skeið. Niðurstaðan hefur orðið sú, að eðlilegt þótti að skipta gildandi lyfsölulögum í þrjá lagabálka. Hér liggur fyrir frv. til lyfjalaga og enn fremur hefur verið afgreitt frá Alþ. annað frv., um lyfjafræðinga, en í þriðja frv., sem ekki er samið og verður ekki lagt fram á Alþ. fyrr en í fyrsta lagi að hausti eða næsta vetur, verður fjallað um dreifingu lyfja almennt og þar með rekstur lyfjaheildverslana og lyfjabúða.

Þessi nefnd gerði drög að frv., sem hér liggur fyrir, og skilaði þeim í árslok 1977. Rn. sendi að því loknu drögin til umsagnar Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands og lyfjavöruhópi Félags ísl. stórkaupmanna. Að fengnum aths. þessara aðila hefur rn. gert ýmsar breytingar frá hinum fyrri drögum nefndarinnar. Er þá fyrst og fremst að telja kafla, sem

nefndin hafði í sínum drögum og fjallaði um sölu og dreifingu lyfja. Rn. telur að þessi kafli eigi betur heima í væntanlegu frv. um dreifingu lyfja og geti þannig beðið að ósekju, enda voru í þeim kafla veigamikil nýmæli, svo sem um stofnun sérstakra lyfjabúða á vegum Háskóla Íslands og sérstakra sjúkrahúslyfjabúða, sem rétt er að fjallað verði um við lagasetningu um heildarskipulag lyfjadreifingarmála hér á landi.

Þá hafa verið gerðar verulegar breytingar á skipan lyfjaverðlagsnefndar og lyfjanefndar og stjórn lyfsölusjóðs frá því er greindi í upphaflegum drögum nefndarinnar. Eru breytingarnar helst þær, að fækkað er nefndar- og stjórnarmönnum frá því sem var í drögum nefndarinnar, og er það einnig í samræmi við skoðnair áðurgreindra umsagnaraðila. Það blandast engum hugur um að lyf eru mjög viðkvæmur varningur og er sífellt meiri ástæða til að gæta fyllstu varúðar í allri meðferð á þeim.

Annar þáttur, sem yfirvöld þurfa að gæta, er að verð á lyfjum sé hóflegt svo sem kostur er, enda eru útgjöld vegna lyfja verulegur kostnaðarhluti í greiðslum almannatrygginga vegna sjúkrakostnaðar. Einnig er nauðsynlegt að heilbrigðisyfirvöld hlutist til um að allt dreifingarkerfi lyfja og framleiðsla þeirra innanlands fari fram með sem öruggustum hætti. Segja má að þessum nefndu þáttum séu gerð skil í þessu frv., en að undanskildum dreifingarþættinum sem tekinn var út og ég gat um hér áðan.

Veigamesta nýmælið er án efa stofnun lyfsölusjóðs. Helsta röksemdin fyrir stofnun slíks sjóðs er að mjög ör eigendaskipti eru á lyfjabúðum, að meðaltali um það bil á 15 ára fresti, og þar af leiðandi er lyfjaverðinu ætlað að taka þátt í að greiða mjög ört niður stofnkostnað af lyfjabúðum. Annað mál er svo að sá, sem byrjar lyfjabúðarekstur, þarf á tiltölulega stuttum tíma að festa mikið fé í húsnæði, tækjum og birgðum og verður því að stofna til skulda sem einatt verða honum þungur baggi framan af. Afleiðingar þessa hafa verið að sumir menn hafa ekki getað notfært sér lyfsöluleyfi, og ætla má einnig að hæfir menn veigri sér við að sækja um leyfi til lyfsölu. Tilgangur lyfsölusjóðs er því að stuðla með nokkrum hætti að lausn þessa vanda og þá einkum að auðvelda eigendaskipti að lyfjabúðum. Þá er honum einnig ætlað að jafna aðstöðu þeirra, sem fá lyfsöluleyfi.

Annað veigamikið nýmæli í þessu frv. er að áætlað er að lyfjabúðir hafi ekki, eins og tíðkast hefur frá upphafi og fram til þessa tíma, sjálfkrafa rétt til framleiðslu lyfja, heldur lúti þær sömu kröfum og um lyfjagerðir eftir árið 1985. Er þetta liður í þeirri þróun sem hefur orðið sífellt örari síðustu árin í framleiðslu lyfja. Öll tækni og rannsóknakröfur hafa aukist svo að smáir framleiðendur eiga örðugt um vik og í rauninni er óhagkvæmt að margir aðilar hér á landi fáist við sömu framleiðslu. Eftir sem áður má ætla að stærri lyfjabúðir haldi áfram framleiðslu eftir árið 1985, að fengnu starfsleyfi. En annars verða það fyrst og fremst stærri aðilar í lyfjaframleiðslu í dag sem hafa á hendi lyfjaframleiðslu eftir þann tíma. Er þar fyrst og fremst um þrjú fyrirtæki að ræða, eitt ríkisfyrirtæki og tvö fyrirtæki einkaaðila.

Í Ed. voru gerðar allmargar breytingar á frv. Flestar voru þær fremur litlar og aðallega þá til þess að gera hin ýmsu ákvæði skýrari en áður var. Auk þess voru nokkrar smávægilegar efnisbreytingar gerðar á frv. Um það var full samstaða bæði í þeirri n., sem hafði með frv. að gera þar, og í d. í heild.

Mér þykir ekki rétt að orðlengja um fleiri atriði þessa frv. á þessu stigi, en vitna til ítarlegra aths. með frv. og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv.

Orlof húsmæðra, frv. (þskj. 721). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Skipulagning á fisklöndun til fiskvinnslustöðva, þáltill. (þskj. 467). — Ein umr.

Flm. (Lúðvík Jósepsson): Hæstv. forseti. Á þskj. 467 flyt ég till. til þál. um skipulagningu á fisklöndun til fiskvinnslustöðva. Í upptalningu, sem fram kemur í till. sjálfri, kemur fram lýsing á því meginverkefni sem lagt er til með þessari till. að unnið verði að. En till. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrn. að undirbúa löggjöf um skipulag á fisklöndun til fiskvinnslustöðva með það að markmiði, að fiskiskipafloti landsmanna nýtist sem best til þess að tryggja fiskvinnslustöðvum sem jafnast og best hráefni til samfelldrar vinnslu.“

Og síðan segir í till.: „Áhersla skal lögð á eftirfarandi meginatriði í hinu nýja skipulagi:

1. Landinu sé skipt í löndunarsvæði í samræmi við samgönguaðstæður og hagkvæm samskipti á milli fiskvinnslustöðva. Endanlegt ákvörðunarvald um svæðaskiptingu hafi hagsmunaaðilar á svæðunum.

2. Yfirstjórn á hverju löndunarsvæði sé í höndum heimaaðila á svæðinu þ. e. a. s. í höndum fulltrúa fiskvinnslustöðva, útgerðaraðila og sjómanna og fiskvinnslufólks.

3. Stefnt sé að því að miðla hráefni á sem hagkvæmastan hátt á milli fiskvinnslustöðva þannig að vinna geti verið samfelld og hagkvæm í öllum vinnslustöðvum svæðisins.

4. Fiskafli sé fluttur í kældum og lokuðum flutningatækjum á milli vinnslustöðva eftir því sem þörf er á.

5. Að því sé stefnt, að fiskiveiðiflotinn, sem veiðir fyrir svæðið, sé í góðu samræmi við afkastagetu vinnslustöðvanna.

6. Tryggt sé í væntanlegri löggjöf, að ríkissjóður leggi fram nokkurt fé til að koma skipulagningunni á og til þess að standa undir hluta af rekstri nauðsynlegra flutningatækja.

Heimilt verði að taka nokkurt gjald af öllum lönduðum fiski á svæðinu til þess að standa undir sameiginlegum kostnaði.“

Mér er ljóst að starfstími þingsins er orðinn skammur og það eru því ekki tök á því að ræða þessa till. í löngu

máli. Till. fylgir allítarleg grg. og þar kemur fram hvað fyrir mér vakir með flutningi þessarar tillögu. En til viðbótar við það, sem þar kemur fram, vil ég segja það, að ég er ekki í neinum vafa um að hér er um að ræða eitt af allra þýðingarmestu málum sem við stöndum nú frammi fyrir varðandi skipulagningu á atvinnumálum okkar.

Auðvitað eru fiskveiðar okkar og fiskvinnsla stærsti þáttur atvinnulífs okkar og sá þátturinn sem margir aðrir þættir ráðast af. Að sjálfsögðu er ekki dregið á neinn hátt úr gildi hins almenna iðnaðar, landbúnaðar eða annarra atvinnugreina, þó að á það sé bent, að eins og til háttar í atvinnumálum okkar er það sjávarútvegurinn, fiskveiðarnar og fiskvinnslan, sem stendur undir meginparti gjaldeyrisöflunarinnar, en það er sú gjaldeyrisöflun sem síðan ræður því, hvað er hægt að gera á öðrum sviðum í hinum ýmsu greinum atvinnulífsins.

Nú hefur nokkuð verið rætt um það í seinni tíð, að e. t. v. væri íslenski fiskiskipaflotinn orðinn of stór, og miklar fullyrðingar hafa komið fram um þau efni, einkum þó og sérstaklega frá þeim sem minnst þekkja til að mínum dómi. Þá er gjarnan í það vitnað, að fiskiskipaflotinn hafi stækkað að rúmlestatölu svo og svo mikið frá fyrri árum, en hins vegar hafi heildaraflamagnið ekki breyst í réttum hlutföllum við stækkun flotans. Samanburður á þennan hátt er að mínum dómi algerlega út í hött. Í fyrsta lagi er það svo, að verulegur hluti af stækkun fiskveiðiflota okkar að rúmlestatölu — mjög verulegur hluti — hefur hreinlega farið í það að bæta aðbúnað og aðstöðu þeirra sem á sjónum eru og vinna við veiðarnar. Þar hefur sem sagt átt sér stað svipað og gerst hefur í landi, að kröfur eru orðnar allt aðrar um vistarverur og vinnusvæði en áður þekktust. Áður var það t. d. mjög algengt að á aðalfiskibátum okkar, sem stunduðu þorskveiðar og þar sem skipshöfnin var 10 eða 12 menn, væru skipshöfninni boðin slík kjör, að allir urðu að búa þar í einni káetu eða einum lúkar á þessum gömlum bátum, og þá þótti það sjálfsagt sem allsherjarskipulag að alltaf væri hvert rúm, svefnrúm fyrir menn, ætlað tveimur mönnum minnst. Nú er þetta auðvitað liðin tíð í flestum tilvikum og sérstaklega varðandi nýju skipin, þar sem algengast er að hver skipverji ráði jafnvel yfir eigin herbergi. Og það er ekki aðeins á þessu sviði að óhjákvæmilegt hefur verið að fiskiskipin hafi stækkað að rúmlestatölu, þótt að sjálfsögðu breyttist ekki veiðihæfnin að sama skapi, eins og sumir virðast álíta að hefði átt að vera.

Það er rétt, að nú um skeið hefur verið óhjákvæmilegt að grípa til ýmiss konar ráðstafana sem dregið hafa nokkuð úr afkastagetu flotans. Ekki hefur þótt mögulegt að láta flotann vinna allt árið, og hefur verið gripið til stöðvana vegna ástands fiskistofna. En þar er að sjálfsögðu um tímabundið vandamál að ræða og væri algert óvit að ætla að miða fiskiskipaflotann við slíkt. Ef það yrði gert stæðum við frammi fyrir því að hafa allt of lítinn fiskiskipaflota þegar aðstæður væru orðnar aðrar á fiskimiðunum.

Það er líka skoðun mín, að raunverulega sé það svo, að það aflamagn, sem fiskiskipafloti okkar dregur að landi, sé það mikið þegar á heildina er litið, að við finnum ekki dæmi um annað eins hjá neinni fiskveiðiþjóð og það sé afar hæpið að reikna með því, að fiskiskipin komi með að landi miklu meira magn en þau gera nú, svo framarlega sem vel er staðið að því að fara með aflann og búa um hann til vinnslu. En að sjálfsögðu nálgumst við það meir og meir, að við þurfum að hyggja vandlega að því, hve stór fiskiskipaflotinn á að vera þannig að hann sé í sem bestu samræmi við nýtingu fiskimiðanna og auðvitað einnig í samræmi við þá vinnslumöguleika sem eru fyrir í landi til þess að vinna aflann.

Að mínum dómi verður mjög erfitt að taka á þessu verkefni, þ. e. a. s. að samræma þarna veiðigetu og stöðu fiskstofna heildarskipulagi á þessi mál yfir allt landið. Og þá komum við auðvitað að því, að nokkuð þarf að breyta frá því sem verið hefur því grundvallarskipulagi sem veiðarnar hafa verið byggðar upp á og eins vinnslan í landi. En við vitum að meginkerfið hefur verið það, að hver einstakur útgerðarstaður hefur reynt að tryggja sér ákveðinn fiskiskipafjölda og sá útgerðarstaður hefur einnig komið upp hjá sér ákveðnum fjölda af fiskvinnslustöðvum. En ég er á þeirri skoðun, og það kemur fram í þessari till., að það sé þegar komið að því, að við eigum að líta á þessi skipulagsmál á víðara sviði. Við eigum ekki að miða þetta eingöngu við hvern einstakan stað, heldur við stærri veiðisvæði, jafnvel heila landshluta. Því er það, að ég held að kominn sé tími til þess að við setjum löggjöf sem miði að því að koma skipulagi á þessi mál í þá átt sem till. gerir ráð fyrir.

Í grg. með till. er nokkuð vitnað til þess, að á árinu 1973 hófum við skipulagningu í sambandi við loðnuveiðar og loðnulöndun og vinnsluna á loðnu í landi. Ég hygg að allir séu á einu máli um að það skipulag hafi reynst rétt og gagnlegt fyrir alla aðila. Við vitum líka að það fyrirbæri er algengt enn í dag hjá okkur, að það berist að einni verstöð meiri fiskafli á vissum tíma en verstöðin ræður við með eðlilegum hætti, þó að nálæg verstöð kunni að vera þannig sett að hún hafi ekki nægilegt hráefni til þess að vinna úr. Nokkuð hefur verið farið inn á þá braut að flytja fiskafla á milli stöðva, taka upp samvinnu á milli verkunarstöðva, og það hefur sýnt sig í reyndinni að hafa komið að miklu gagni. Það er mín skoðun, að við eigum að taka upp skipulag, en e. t. v. tekur það okkur nokkurn tíma. Sé t. d. miðað við svæði eins og Reykjanessvæðið, þá eigi að taka upp skipulag sem gengur út frá því, að Reykjanessvæðið allt sé í rauninni eitt löndunarsvæði og eitt fiskvinnslusvæði. Skipti ekki höfuðmáli, hverjir væru eigendur að veiðiflotanum fyrir svæðið eða hvar skipin landa, því að tiltölulega auðvelt væri að dreifa fiskaflanum á milli vinnslustöðvanna í gegnum eina sameiginlega miðstöð. Væri svona skipulagi komið á væri miklu auðveldara að samræma veiðiafköstin og vinnsluafköstin á svæðinu, og þar sem stendur þannig á, eins og t. d. á Reykjanesinu, að þar þarf í rauninni að byggja upp fiskvinnsluna að nýju að mjög verulegu leyti, væri þýðingarmikið að gera það út frá slíku grundvallarsjónarmiði, að þetta svæði væri eitt og sameiginlegt, sem gæti þá að sjálfsögðu tryggt miklu öruggari atvinnu í fiskvinnslunni og væntanlega betri rekstur og betri nýtingu en gerist þegar svæðinu er margskipt í mörg smærri umdæmi með litlu sambandi á milli útgerðarstaða.

En þetta fyrirkomulag gildir ekki að mínum dómi aðeins um Reykjanessvæðið. Alveg sams konar skipulag er hægt að taka upp annars staðar á landinu. Það er tiltölulega auðvelt að skipta landinu þannig í veiði- og vinnslusvæði, skipuleggja þau sem slík og lyfta þannig fiskvinnslu okkar, sem er langsamlega stærsta atvinnugrein í landinu og þýðingarmesta, upp á miklu hærra stig en hún er á nú. Samvinna af þessu tagi hefur tekist á milli

einstakra staða og gefist ágætlega, en það er að mínum dómi þýðingarmikið að farið verði að vinna að þessu á skipulegan hátt.

Till. mín er sú, að þetta verkefni verði falið sjútvrn., það taki að sér undirbúning þessa máls og vinni áfram að því í samráði við þá sem hér eiga hlut að máli, þ. e. a. s. bæði útvegsmenn og sjómenn og fiskverkendur í landinu og fiskvinnslufólk, því að þessir aðilar eiga þarna mestra hagsmuna að gæta. Mér dettur ekki í hug að það verði hafður sá háttur á í sambandi við þetta mál, að komið verði með löggjöf og hún drifin í gegnum Alþ. og síðan verði allir skyldaðir til þess að fara eftir þessari löggjöf strax, menn verði þvingaðir til þess að fara þarna eftir mjög föstum reglum. Ég held að þetta verði að vinna upp á nokkrum tíma og í samvinnu við þá sem eiga hlut að máli.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns er mér ljóst að ekki er tími til þess að þessu sinni á Alþ. að ræða þetta mál ítarlega, en ég vísa til grg. með till. Ég vænti þess, að hv. Alþ. geri sér grein fyrir því, að hér er um að ræða eitt af þýðingarmestu málum í skipulagningu á atvinnulífi okkar. Að mínum dómi er ekki of mikið sagt, þó að það væri metið svo, að hægt væri með góðri skipulagningu að auka vinnsluverðmæti fiskvinnslunnar í landinu um 10 — 20% frá því sem nú er á stuttum tíma með svona skipulagningu. Þarna væri hægt að komast af með tiltölulega minni fjárfestingu en ella og miklu betri nýtingu á öllum tækjum umfram það sem nú er. Og hið sama mundi einnig koma í ljós að mínum dómi í sambandi við veiðiflotann. Hann mundi nýtast betur og á eðlilegri hátt, ef að þessu væri unnið.

En aðaltilgangur minn með flutningi þessarar till. að þessu sinni er að vekja athygli á þessu stóra máli, kynna það á Alþ. og ýta á að sjútvrn. fari að undirbúa þetta mál. Ég vona að flutningur þessarar till. hafi nokkuð að segja í þessa átt.

Að lokinni umr. um till. legg ég til, hæstv. forseti, að henni verði vísað til sjútvn. d. til frekari athugunar og fyrirgreiðslu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér er ljóst að ekki er hægt að ræða þessa till. eða þetta mál efnislega í heild, en ég vil aðeins minna á að á nokkrum stöðum á landinu hefur verið tekin upp nokkuð góð samvinna á þessu sviði, að fiski sé miðlað á milli fiskvinnslustöðva þar sem samgönguaðstæður eru með þeim hætti, og samstarf hefur verið vaxandi á undanförnum árum. Þó er það rétt, að á öðrum stöðum er varla hægt að segja að slíkt samstarf sé til og oft og tíðum er ráðandi skefjalaust kapphlaup um það hráefni sem á land berst. Ég tel að eðlilegt sé og sjálfsagt að skipuleggja þessi mál betur og í fullri samvinnu við sjómenn, útgerðarmenn og fiskvinnslustöðvar, en hugsa ekki um að gera heildarskipulag fyrir allt landið í einu, enda bendir flm. þessarar till. á, að landinu sé skipt í löndunarsvæði í samræmi við samgönguaðstæður og hagkvæm samskipti á milli fiskvinnslustöðva. Þetta er auðvitað alveg rétt og eðlileg ábending.

Ég fyrir mitt leyti tel mikils virði að hreyfa þessu máli og er því í öllum grundvallaratriðum sammála og finnst það eðlilegt. Þar sem óvíst er að þessi þáltill. nái fram að ganga vegna þess að þinghaldi er nú að ljúka, þá hef ég fullan hug á því að leita samstarfs við aðila, ekki eingöngu heildarsamtök, sem staðsett eru í Reykjavík, heldur ekki síður og jafnvel enn frekar samtök í sjálfum byggðarlögunum, þar sem þarf fyrst og fremst að koma slíku samstarfi á. Ég tel að með þessari till. sé minnt á mál, sem að vísu oft áður hefur verið hreyft af ýmsum aðilum. Og ég tel fyrir mitt leyti, eins og háttað er með fiskveiðar og fiskgengd á hinum ýmsu svæðum, að rétt sé að fara í verulegum atriðum inn á sömu braut og hér er lagt til.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 22 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ríkisreikningurinn 1976, frv. (þskj. 622, n. 809). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með samþykkt þess. Tölur í frv. hafa verið bornar saman við ríkisreikninginn og reynst réttar.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Byggingarlög, frv. (þskj. 390, n. 798, 799). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. liggur nú fyrir Alþ. í þriðja sinn. Í fyrra var frv. afgreitt frá þessari deild, en náði ekki fram að ganga í Ed., enda þá orðið mjög liðið á þingtímann. Í meðförum Nd. í fyrra höfðu verið gerðar allmiklar breytingar á frv. frá því að það var lagt fram í upphafi, og í meðförum Ed. nú voru enn gerðar á því nokkrar breytingar.

Það kom fram þegar frv. var lagt fram í Ed., að það væri þá lagt fram eins og það var afgreitt úr Nd. í fyrra, en einhverra hluta vegna er þar um misskilning að ræða vegna þess að í V. kafla frv., 16. gr., höfðu komið inn viðbótarákvæði að því er byggingarstjóra varðaði.

Ég tel rétt að nefna aðeins til skýringar þær efnisbreytingar fyrst og fremst sem gerðar voru í Ed.

Þar voru gerðar þær breytingar á 6. gr. frv., þ. e. varðandi byggingarnefndir, að tekin var út úr frv. hugmyndin um að það skyldi að lögum kjósa svæðisbyggingarnefndir, þannig að landið allt yrði skylt til þess að lúta ákveðnu kerfi, ákveðinni samvinnu á milli sveitahreppanna, hinna fámennari hreppa, en hins vegar óbreytt ástand í þeim hreppum, þar sem íbúar eru 300 og fleiri. Í þeirri mynd, sem frv. er í nú og kom í frá Ed., er eingöngu gert ráð fyrir skyldu til að kjósa byggingarnefndir í öllum sveitarfélögum, en gert að heimild að skipa eða kjósa svokallaðar svæðisbyggingarnefndir. Þetta er meginbreytingin, sem kemur fram í 6. gr. varðandi byggingarnefndirnar. Félmn. Nd. hefur fyrir sitt leyti fallist á að þessar breytingar standi í frv. áfram.

Í öðru lagi er varðandi efnisatriði gert ráð fyrir nokkurri breytingu í 12. gr., þar sem rætt er um hverjir hafi heimild til þess að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af húsum og öðrum mannvirkjum. Í meðförum Ed. var nokkuð rýmkað um ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir, að

nánast allir, sem til þess eru hæfir og teknir gildir af byggingarnefndum, geti gert aðaluppdrætti og séruppdrætti. Er þá gert ráð fyrir því, að það séu frekar svæðisbundin leyfi, sem þar eru veitt, en það sé háð allsherjarlöggildingu. Á þessa efnisbreytingu hefur félmn. Nd. einnig fallist.

Þriðja breytingin, sem gerð var, varðar byggingarstjórana. Eins og frv. fór frá Nd. í fyrra var gert ráð fyrir að byggingarstjórar skyldu skipaðir við gerð hvers mannvirkis og vera ábyrgir aðilar fyrir því. Í Ed. var þessi skylda tekin út og ákvæðinu breytt þannig að þetta var gert að heimildarákvæði. En jafnframt var skotið inn í þennan kafla, sem ekki hafði þá lengur yfirskriftina „Byggingarstjórar", heldur „Umsjón með byggingarframkvæmdum", fjórum nýjum greinum, sem voru teknar beint upp úr byggingarsamþykkt Reykjavíkurborgar og jafnframt eru greinar sem eru í fyrirmynd að byggingarsamþykktum fyrir þéttbýlisstaði og óhætt er að segja að velflest þéttbýlli sveitarfélög í landinu hafi farið eftir og fengið staðfestingu fyrir.

Það er óhætt að segja að nokkur misskilningur hafi komið upp á milli félagsmálanefndanna og raunar þá deildanna um það, hvað felst í hugtakinu byggingarstjóri. Eins og við gengum frá frv. í fyrra og fram kemur í því nál., sem hér er lagt fram, þá var það okkar skoðun, að byggingarstjóraembættið væri ekki faglegt embætti, þ. e. a. s. að viðurkenning á byggingarstjóra væri ekki viðurkenning á réttindastöðu í byggingarmálefnum, heldur væri þetta embætti fyrst og fremst framkvæmdastjóraembætti, þar sem viðkomandi hefði það hlutverk annars vegar að vera ábyrgur gagnvart byggingarnefndum, en hann á líka að sjá um að tengja saman störf hinna ýmsu iðnmeistara sem við viðkomandi mannvirkjagerð starfa. Þannig var það aðalatriði og er í okkar huga, að byggingarstjóri, sem fær viðurkenningu, fær viðurkenningu aðeins fyrir þeirri framkvæmd sem viðurkenningin hljóðar upp á, en ekki almennt fyrir öðrum framkvæmdum. Eftir sameiginlegan fund beggja félmn. hefur það þess vegna orðið endanleg niðurstaða okkar í félmn. Nd. að leggja til, að aftur verði þessum kafla breytt, þ. e. a. s. að 16., 17., 18 og 19. gr. í frv., eins og það er samþykkt frá Ed., falli niður og auk þess falli niður 2. mgr. 20. gr., sem var og verður nú 16. gr. Með þessu móti teljum við að við náum þeim markmiðum sem sett voru og hugsuð varðandi byggingarstjórana sem slíka. Þess vegna eru fluttar brtt. á þskj. 799, fyrst og fremst að því er þetta atriði varðar. Aðrar brtt., sem eru á þessu þskj., eru fyrst og fremst tilfærslur eða leiðréttingaratriði með tilliti til þess að greinaröðin breytist við það að þessar fjórar greinar eru aftur felldar niður.

Ég held að ekki sé ástæða til þess að rekja þetta efnislega frekar. Ég vil minnast aftur á, eins og ég sagði áðan, að það er orðin knýjandi þörf að byggingarlög verði sett. Þetta er þriðja þingið sem fjallar um byggingarlögin. Það hefur átt sér stað mikil undirbúningsvinna. Það var stór nefnd, nefnd 13 manna, sem vann að gerð frv. í upphafi og náði um það samstöðu. Það var sent út mjög víða og bárust 29 umsagnir um frv. sem unnið var úr. Það hefur fengið enn fremur ítarlega athugun í Ed. Ég hygg að við séum nú komnir að því að geta afgreitt þetta frv. sem lög, og ég vænti þess, miðað við þá þörf sem er á að fá fyrstu samræmdu byggingarlögin fyrir landið, að það verði hægt að ljúka því nú á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 799, 1 samþ. með 26 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 799,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 799,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 799,4 (16.—19. gr. falli niður) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 799,5 (ný 20. gr., verður 16. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
21.—22. gr. (verða 17.—18. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 799,6 samþ. með 25 shlj. atkv.
23. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
24.—29. gr. (verða 20.—25. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 799,7 samþ. með 21 shlj. atkv.
30. gr. (verður 26 gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
31.—32. gr. (verða 27.—28. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 799,8 samþ. með 25 shlj. atkv.
33. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
34.—36. gr. (verða 30.—32. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 799,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
37. gr. (verður 33. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
38.—40. gr. (verða 34.—36. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 799,10 samþ. með 24 shlj. atkv.
41. gr. (verður 37. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 734 (sbr. 335), n. 804). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Hv. menntmn. hefur tekið þetta mál til meðferðar á fundum sínum og hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu í Ed., en þó með þeirri breytingu að 2. mgr. 12. gr. hljóði svo:

„Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda allt að einu ári."

Breytingin er í því fólgin, að í staðinn fyrir að heimildin nái til þess að ráða leikritahöfund eða aðra höfunda til þriggja eða sex mánaða, þá er þessi tími rýmkaður í allt að eitt ár. N. varð sammála um að mæla með þessari breytingu.

Ég tel, hæstv. forseti, að þm. sé þetta mál svo kunnugt,

enda hefur þetta frv. legið fyrir hér á fleiri en einu þingi, að ástæðulaust sé að fara um það fleiri orðum og lýsa því efnislega, en endurtek að menntmn. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 26:1 atkv.
Brtt. 804 samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
13.—21. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Skipulagslög, frv. (þskj. 391, n. 800). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Um þetta mál er mjög lítið að segja. Félmn. leggur til að það verði samþ. eins og það kom frá Ed. Þetta frv. er eins og það var afgreitt hér frá n. í fyrra með viðbótartill. sem kom frá félmn. Ed. og er á þskj. 371. Þar er tekið fram að kveða skuli á um að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar.

Ég hef ekki um þetta fleiri orð. N. leggur til að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 794). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 133, n. 799). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv., sem lagt var fram á öndverðu þinginu, og sendi það til umsagnar Húsnæðismálastofnunar ríkisins. N. lítur svo á, að hér sé mjög þýðingarmiklu og merku máli hreyft.

Það hefur mjög komið fram í umr. manna á meðal, að marka þurfi aðra stefnu en þá sem nú er varðandi það atriði að tryggja sem best nýtingu eldra húsnæðis, viðhald og endurbyggingu, þannig að það fjármagn, sem fer til húsnæðismálanna, nýtist sem best, jafnhliða því að hamla gegn þeirri þróun, sem víða hefur átt sér stað, að ákveðnir borgarhlutar hafa nánast eyðst að byggð, þ. e. fólk hefur flutt í ný hverfi og sú staða komið upp, að mikið ónotað húsnæði eða illa nýtt húsnæði er fyrir hendi á vissum svæðum, vissum hlutum bæja, með þeim afleiðingum að bæði sveitarstjórnaryfirvöld sem og ríkisvaldið verða að leggja í margháttaðar dýrar framkvæmdir vegna þessarar tilfærslu innan þéttbýlissvæðanna eða bæjanna eða borgarinnar sjálfrar, svo sem dæmi eru um héðan úr Reykjavík.

Hins vegar er þetta mál svo viðamikið, að það þarf að marka stefnu í því í samráði við þá ríkisstj. sem með völd fer hverju sinni, og þar sem vitað er að húsnæðismálalöggjöfin er nú í endurskoðun, þá varð það samdóma álit n. að taka undir þetta mál á jákvæðan hátt, en leggja til að því yrði vísað til ríkisstj. og þess vænst, að þeirra sjónarmiða, sem þar koma fram, verði gætt eða tillit verði til þeirra tekið við endurskoðun laganna um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

ATKVGR.

Till. á þskj. 779 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég ætla að beina ákveðnum fsp. til hæstv. forsrh. Ég held að hann hafi lokið að svara fsp. utan dagskrár í Ed., ef hæstv. forseti vildi gera svo vel og athuga, hvort hann hefði aðstöðu til þess að ganga í þingsalinn **(Forseti:** Eins og hv. þm. sér hefur nú hæstv. forsrh. gengið í salin og sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að hv. þm. haldi áfram ræðu sinni.) Virðulegi forseti. Ég þakka upplýsingarnar. Mér er ljóst að hæstv. forsrh. hefur miklu meira en nóg að gera þessa dagana, þó að ekki sé hann notaður sem eins konar skálkaskjól fyrir hæstv. iðnrh.

Virðulegi forseti. Þann 7. nóv. árið 1977 lögðu 10 þm. fram beiðni um skýrslu frá iðnrh. um virkjun Kröflu. Í þessari beiðni studdumst við við ákvæði 31. gr. þingskapa Alþingis, þar sem segir að fæst níu þm. geti óskað skýrslu ráðh. um opinbert málefni. Skuli beiðnin prentuð og útbýtt meðal þm. á fundi. Skýrslan skuli síðan prentuð og einnig útbýtt meðal þm. á fundi og ef óskað er skuli taka skýrsluna til umr. Við, þessir 10 þm., sem lögðum beiðni um skýrslu frá iðnrh. um virkjun Kröflu fram á Alþ. 7. nóv. árið 1977, óskuðum þess, að skýrslan yrði tekin til umr. á Alþ. áður en afgreiðsla fjárl. og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 lyki, en það var, eins og þm. muna, skömmu fyrir jól.

Mjög skömmu eftir að þessi beiðni var fram lögð var hafist handa um gerð skýrslunnar. Júlíusi Sólnes prófessor var falið verkið. Mér er kunnugt að hann lauk því að mestu í desembermánuði árið 1977. Mér var m.a. tjáð rétt áður en Alþ. fór í jólaleyfi fyrir jólin 1977, að líklegt væri, nær öruggt að ég fengi skýrsluna til aflestrar í jólafríi þm. Af því varð hins vegar ekki. Nokkuð var fjallað um skýrsluna í janúarmánuði og þá m. a. leitað umsagnar hjá Orkustofnun. Ekki síðar en um mánaðamótin jan.-febr. var samningu skýrslunnar lokið. Hún var send til hæstv. iðnrh., sem síðan fjallaði um skýrsluna og sat á henni, eins og sagt er, vikum og mánuðum saman án þess að leggja hana fram hér á hinu háa Alþ. eins og honum ber þingleg skylda til. Það var fyrst mánudaginn 24. f.m. sem skrifstofu Alþingis voru send 70 eintök, klippt og skorin, af skýrslu iðnrh. um Kröflu, eitt eintak á

hvern þm. og varaþm. og ekkert aukreitis, — ekkert eintak fyrir blöðin, ekkert fyrir útvarp eða sjónvarp, ekkert fyrir þær stofnanir og þá sérfræðinga, sem skýrslan fjallaði um. Mér var tjáð að síðan væri ætlað að taka skýrsluna til umr. daginn eftir, þriðjudaginn 25. f. m.

Ég gerði þegar í stað aths. við forseta Sþ. um hvernig væri að málinu staðið.

Í fyrsta lagi benti ég hæstv. forseta Sþ. á það, að skýrslu þessari hefði verið dreift á borð þm. eins og gagni sem sent væri frá óviðkomandi aðila, en skýrslunni hefði ekki verið dreift sem þskj. og henni ekki gefið þskj.-númer eins og tvímælalaust ætti að gera.

Í annan stað beindi ég þeim tilmælum til hæstv. forseta Sþ., að skýrslunni yrði dreift formlega strax á næsta fundi, þ. e. a. s. þriðjudaginn 25. f.m.

Í þriðja lagi vakti ég athygli hæstv. forseta á því, að það væri almenn regla, að þskj. væru ekki tekin til umr. samdægurs og þeim væri útbýtt nema með afbrigðum.

Í fjórða lagi benti ég hæstv. forseta Sþ. á það, að þetta mál væri þannig vaxið, að það væri í hæsta máta óeðlilegt, að umr. um það yrðu hafnar með afbrigðum sama dag og skýrslunni var dreift, þannig að hvorki þm. né þeim, sem skýrslan fjallaði um, gæfist tími til þess að athuga hvað í henni stæði.

Forseti Sþ. reyndist sama sinnis í þessu máli og ég. Hann útbýtti skýrslunni formlega úr forsetastól þriðjudaginn 25. f. m., gaf henni þá þskj.-númer. Þá óskaði hæstv. iðnrh. m. a. eftir því að fá að mæla fyrir skýrslunni með nokkrum orðum sama dag og henni var útbýtt, þar eð hann hyggðist halda til útlanda daginn eftir, miðvikudaginn 26. f. m., og umr. að lokinni framsoguræðu hans yrði síðan frestað þar til síðar. Forseta mun ekki hafa þótt þetta rétt málsmeðferð, enda varð ekki af.

Nú í morgun hringdi ég vestan af Ísafirði til hæstv. forseta Sþ. til þess að spyrja hann, hvort líklegt væri að skýrslan um Kröfluvirkjun yrði tekin til umr. á fundi Alþ. í dag að viðstöddum iðnrh. Forseti Sþ. tjáði mér þá, að hann hefði orðið þess áskynja, að hæstv. iðnrh. hefði ekki í huga að koma heim frá útlöndum fyrr en að þinghaldi loknu. Forseti sagði mér einnig, að sér hefði ekki verið kunnugt um þessa fyrirætlun hæstv. iðnrh. fyrr, m. a. ekki þegar hæstv. iðnrh. óskaði eftir því við forseta Sþ. að fá að mæla fyrir skýrslunni þriðjudaginn í síðustu viku og umr. yrði síðan frestað. Af þessu virðist ljóst vera:

Hæstv. iðnrh. hefur af ráðnum hug dregið vikum saman að afhenda Alþ. skýrslu, sem alþm. kröfðust að fá og samin hafði verið, þar til örfáir dagar lifðu eftir af starfstíma þings, að skýrslunni var dreift til þm.

Í öðru lagi er einnig ljóst, að þegar skýrslan var afhent, var hún afhent í eins fáum eintökum og framast var kostur, þannig að t. d. blöðum, ríkisfjölmiðlum og þeim sérfræðingum og sérfræðistofnunum sem um var fjallað í skýrslunni, gafst ekki kostur þess að sjá hana eða fjalla um hana.

Í þriðja lagi var tilraun gerð til þess að útbýta skýrslunni, ekki sem þskj. þannig að hún yrði opinbert plagg og prentuð í þingtíðindum, heldur var skýrslunni dreift meðal þm. í fyrstunni án þess að tilkynnt yrði um útbýtingu hennar úr forsetastól og henni fengið þskj.-númer.

Í fjórða lagi: þegar bent var á þetta, að ekki væri hér í samræmi við þingvenjur að staðið, þá gerði hæstv. iðnrh. tilraun til þess, að hann fengi að mæla fyrir skýrslunni með afbrigðum, síðan yrði umr. frestað. En ráðh. hafði þá þegar afráðið að hverfa af landi brott daginn eftir og koma ekki til baka til landsins fyrr en þingi yrði lokið. Um þetta var hvorki kunnugt forseta Sþ., sem beiðnin var borin upp við, né mér né ég ætla nokkrum öðrum þm.

Nú er hæstv. ráðh. farinn. Forseti Sþ. hefur tjáð mér að hann hafi orðið þess áskynja, að hæstv. iðnrh. hafi ekki í huga að koma aftur til þings, a. m. k. ekki fyrr en þá eftir næstu kosningar. Það er sem sé alger ógerningur, að hann geti flutt Alþ. skýrslu sína um Kröflumálið, eins og þingsköp þó mæla fyrir um að gert skuli. Ef skýrslan er tekin til umr. þrátt fyrir það, eins og unnt er, er sá, sem er ábyrgur fyrir henni gagnvart Alþ., fjarstaddur eins og landflóttamaður.

Virðulegi forseti. Þetta er reginhneykslí. Hæstv. iðnrh. ber ábyrgð á umdeildustu framkvæmd Íslandssögunnar, einhverju mesta fjárhags- og stjórnunarhneyksli sem um getur. Og þegar alþm. beita stjórnarskrárbundnum réttindum sínum til þess að krefja ráðh. um skýrslu um gerðir sínar, eins og þingsköp heimila, þá dregur ráðh. eins lengi og hann framast getur að sinna þeirri beiðni og flýr svo land þegar hann á að standa fyrir máli sínu á Alþ. Við slíka framkvæmd verður ekki unað. Þm. er ætlað af hæstv. ríkisstj., þar með talið þm. stjórnarandstöðunnar, að sitja hér á næturfundum dag eftir dag til þess að afgreiða mál sem ríkisstj. þykir nauðsynlegt að koma fram síðustu þingdagana. En einn af þeim æðstu mönnum, sem eiga að stjórna þessu landi, gerir sér lítið fyrir og fer til útlanda, forðast að standa Alþ. skil á gerðum sínum og tekur ekki þátt í þingstörfum með öðrum þm., eins og t. d. okkur stjórnarandstæðingum er meira að segja ætlað að gera.

Ég óska þess hér með, að hæstv. forsrh. geri þingheimi grein fyrir hverjar ástæður hæstv. iðnrh. hefur til að hverfa á braut nú og taka þá ákvörðun að snúa ekki aftur til þings fyrr en að þinghaldi loknu. Ég fer þess eindregið á leit við hæstv. forsrh., að hann beiti sér fyrir því sem yfirmaður hæstv. iðnrh. og annarra ráðh. ríkisstj., að hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen snúi tafarlaust aftur til að sinna þingskyldum sínum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég er því miður ekki kunnugur forsögu þeirri er hv. síðasti ræðumaður rakti hér, hv. 8. landsk. þm., og skal því ekki fjalla um hana. Ég vil aðeins láta það koma fram, að hæstv. iðnrh. tjáði mér í síðustu viku að hann þyrfti að fara af landi brott til þess að sitja fund í Osló, aðalfund Íslenska járnblendifélagsins, og síðan að taka þátt í fundum í Kaupmannahöfn. Ég hef fengið þær fréttir nú í dag, að hann hygðist ekki koma heim fyrr en 9. maí, og veit ekki hvað hefur breytt ferðaáætlunum hans, en ég mun tjá hæstv. ráðh., að hans hafi verið saknað í þingsölum, og geta um ástæður fyrir því.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Til þess að firra öllum misskilningi þegar hæstv. forsrh. ræðir við hæstv. iðnrh. vil ég taka það fram, að hæstv. iðnrh. er ekki saknað, hans er vænst. Honum ber skylda til þess að standa hér og flytja Alþ. skýrslu sem 10 þm. hafa krafist að hann flytti Alþ. samkv. réttindum sem bundin eru í stjskr. og þingsköpum. Hæstv. iðnrh. hefur vísvitandi dregið það að leggja skýrsluna fram, vísvitandi forðað sér undan því að þurfa að standa frammi fyrir þm. og beitt til þess öllum ráðum, m.a. þeim að leyna þm. og forseta Sþ. upplýsingum um fyrirætlanir sínar. Ég sakna

ekki hæstv. iðnrh. úr þessum sal. Ég vænti þess aðeins, að hann sýni þann manndóm a. m. k. að ætla sjálfum sér sem ráðh. í ríkisstj. Íslands að gegna sömu skyldum og krafist er af okkur stjórnarandstæðingum að við gegnum hér á Alþingi.

Þjónustustofnanir, frv. (þskj. 719). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 417, n. 557 og 558, 451, 558, 589). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 558,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 589 felld með 18:6 atkv.
— 451 tekin aftur til 3 umr.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 558,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 92. fundur.

Þriðjudaginn 2. maí, kl. 9 síðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 201, n. 830, 831).— 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar á þskj. 201. N. hefur athugað umsagnir og umsóknir, sem henni bárust síðan frv. var lagt fram. Á brtt. á þskj. 831 leggur n. til að ríkisborgararéttur verði veittur 36 aðilum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frv. á milli deilda hafa formenn allshn. þd. ásamt skrifstofustjóra Alþingis, athugað frv. vandlega og umsóknir, sem því fylgdu, og þær umsóknir, sem síðar bárust. Þessi málsmeðferð er hin venjulega. Reglur, sem allshn. beggja deilda hafa farið eftir og eru frá 17. maí 1955, voru hafðar til hliðsjónar og þær eru birtar með nál. á þskj. 830, en þær eru:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalist.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar,skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

N. mælir með því, að þessum 36 einstaklingum, sem taldir eru upp á þskj. 831, verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Að þessu áliti n. standa allir nm.

ATKVGR.

Brtt. 831 (ný 1.gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Byggingarlög, frv. (þskj. 859 (sbr. 390)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Skipulagslög, frv. (þskj. 391). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 865).

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 856 (sbr. 335)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 792 (sbr. 612), n. 828). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur haft til athugunar frv. til l. um heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sem er 289. mál þessa þings og er komið hingað frá hv. Ed.

Á ofanverðum vetri skipaði heilbr.- og trmrh. 5 manna nefnd, sem fékk það hlutverk að gera till. um skipulegt samstarf háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, heyrnardeildar Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík og félagsins Heyrnarhjálpar í Reykjavík. Var nefndinni jafnframt falið að gera heildartillögur um framtíðarfyrirkomulag talmeina- og heyrnarþjónustu og skipulag heyrnarmálefna hér á landi. Skilaði nefndin ítarlegu áliti til heilbr.d og trmrn. á s. l. sumri og er frv. þetta byggt á því að verulegu leyti. Vísa ég um frekari upplýsingar um málsmeðferð til grg.

Heilbr.- og trn. Nd. leggur shlj. til á þskj. 828 að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. Fjarverandi þessa afgreiðslu málsins í n. voru Vilborg Harðardóttir og Karvel Pálmason, sem bæði höfðu boðað forföll fyrir fundinn vegna fjarveru úr bænum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 793, n. 842). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hv. allshn. hefur rætt þetta frv. á fundi sínum og mælir einróma með því, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 717, n. 838 og 853). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til l. um jöfnunargjald til athugunar. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. mælir með samþykkt frv. óbreytts, en minni hl. skilar séráliti og er andvígur málinu.

Nm hélt nokkra fundi sameiginlega með fjh.- og viðskn. hv. Ed. Á fundi n. komu eftirgreindir aðilar og gáfu þeim upplýsingar og skýrðu þeim frá skoðunum sínum á frv.: Frá Félagi ísl. iðnrekenda komu Davíð Scheving Thorsteinsson formaður og Haukur Björnsson framkvæmdastjóri, frá Verslunarráði Íslands komu Þorvarður Elíasson formaður og Ragnar Halldórsson varaformaður, frá ASÍ mætti Ásmundur Stefánsson hagfræðingur og frá Iðju Bjarni Jakobsson formaður.

Fulltrúar iðnrekenda mæltu eindregið með samþykkt frv., sem þeir töldu hagsmuna- og sanngirnismál fyrir íslenskan iðnað. Þeir bentu á að æskilegt væri að kveða fastar á um að uppsafnaður söluskattur yrði greiddur af útfluttum iðnaðarvörum á árinu 1979 og að fram kæmi greinilegar til hvers ætti að verja tekjum af jöfnunargjaldinu. Í nál. meiri hl. er að þessu vikið. Þar er á það bent að líta verði á það sem sjálfsagðan hlut, að þessi uppsöfnunaráhrif verði endurgreidd meðan gjaldið er lagt á og ekki verður tekinn upp virðisaukaskattur.

Fulltrúar Verslunarráðs Íslands lögðu fram ályktun um málið, dags. 28. apríl s. l. Ályktunin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdastjórn Verslunarráðs Íslands telur að álagning 3% jöfnunargjalds á innfluttar vörur, eins og frv. til l. þar um gerir ráð fyrir að verði komið á, hafi ýmis miður æskileg áhrif í för með sér og sé ekki til þess fallin að leysa vanda íslensks iðnaðar. Verslunarráð Íslands bendir á að sú skerta samkeppnisaðstaða, sem íslenskur iðnaður býr við gagnvart erlendum framleiðendum, verði ekki leiðrétt með fullnægjandi hætti fyrir íslenskan iðnað á annan hátt en með því að taka upp virðisaukaskatt og fella núverandi söluskatt niður. Jafnframt því sem Verslunarráð Íslands varar við samþykkt frv. hvetur það stjórnvöld til að hraða gerð frv. til l. um virðisaukaskatt og lýsir yfir fullum vilja til samstarfs í því máli. Enn fremur er rétt að vekja athygli stjórnvalda á því, að ef efnahagslíf í landinu þolir þá auknu verðbólgu, sem álagning jöfnunargjalds mundi hafa í för með sér og ætla má að verði um 0.75—1%, þá eru það hagsmunir íslensks iðnaðar og alls annars atvinnulífs í landinu, að slíkt eigi sér stað með almennri gengisbreytingu, en ekki upptöku nýrra verndartolla."

Félag ísl. stórkaupmanna mun hafa svipaða afstöðu til máls þessa, að því er mér er tjáð.

Þrátt fyrir þessa ályktun Verslunarráðs Íslands tóku formaður og varaformaður ráðsins fram á fundi með n., að miðað við harðnandi samkeppni íslensks iðnaðar og í trausti þess, að virðisaukaskattur yrði tekinn upp sem fyrst, en það væri kjarni málsins frá þeirra hálfu, og hér sé um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, þá vildu þeir ekki bregða fæti fyrir málið.

Hagfræðingur ASÍ lýsti áhyggjum sínum af þeim áhrifum, sem þetta gjald hefði á verðlag í landinu, og taldi þau áhrif verða meiri en Hagstofan áætlar. Hagstofa Íslands áætlar verðhækkunaráhrifin 0.3% samkv. athugun sem barst n., dags. 10 febr. 1978, en hagfræðingur Alþýðusambands Íslands taldi ekki raunsætt að meta þau minni en 0.5%.

Fulltrúi Iðju, Bjarni Jakobsson, kvaðst meðmæltur því að efla íslenskan iðnað, en ekki hafa haft tækifæri til þess að kynna sér frv. og því væri óhægt um vik fyrir sig að meta hvort þetta væri rétta leiðin til þess að hans dómi.

Jafna má samkeppnisaðstöðu innlendra og erlendra

framleiðenda á þessu sviði skattlagningar, sem frv. fjallar um, á þrennan hátt:

Í fyrsta lagi með því að endurgreiða þann söluskatt sem innlendir framleiðendur verða að greiða í ríkissjóð, en erlendir keppinautar þeirra gera ekki í viðkomandi löndum vegna virðisaukaskattskerfis. Þetta er afar flókin aðferð og í raun illframkvæmanleg. Reikna yrði út í hverri iðngrein, hversu mikil uppsöfnunaráhrif söluskattsins eru, en þau eru talin í flestum tilfellum milli 2 og 4% af framleiðslukostnaði og endurgreiða síðan hverjum einasta framleiðanda. Auk þess þyrfti að afla fjár til ríkissjóðs með einhverjum hætti til þess að standa straum af þessum auknu útgjöldum eða skera niður framkvæmdir eða þjónustu til þess að vega á móti þeim.

Í öðru lagi mætti ná þessum jöfnuði með því að taka upp virðisaukaskattskerfi hér á landi. Iðnrekendur og verslunarráðsmenn lögðu mikla áherslu á að því yrði hraðað, og skal undir það tekið. Óhjákvæmilegt er því að gera bráðabirgðaráðstafanir til lausnar þessum vanda iðnaðarins.

Í þriðja lagi er unnt að ná framangreindum jöfnuði í skattlagningu innlendra og erlendra iðnaðarframleiðenda með álagningu slíks jöfnunargjalds á meðan virðisaukaskattur er ekki upp tekinn, eins og gert er ráð fyrir í frv., en sé þá útflytjendum endurgreiddur söluskattur sem leggst á framleiðslukostnað þeirra vara sem fluttar eru út. Þetta er fyrst og fremst markmið þessa frv. og að koma þannig á jöfnuði í skattlagningu íslenskra iðnrekenda og erlendra, bæði innanlands og á útflutningsmarkaði. Með álagningu jöfnunargjaldsins er þó hægt að ganga lengra en að jafna skattlagninguna, þ. e. a. s. með því að verja verulegum hluta af þeim tekjum, sem verða af gjaldinu, til almennrar íslenskrar iðnþróunar. Þetta er einnig yfirlýst markmið með lögfestingu frv., og þannig er stefnt að því að gera enn þá betur en jafna samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar með þessu frv. Markmiðið er að fjármagna nýjar iðnþróunaraðgerðir sem út af fyrir sig eru til mikilla hagsbóta fyrir þennan mikilvæga atvinnuveg.

Hliðstætt jöfnunargjald og lagt er til að lagt verði á í þessu frv. er lagt á í Finnlandi, en þar er ekki ósvipað söluskattskerfi og hér á landi, gagnstætt því sem er í flestum löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins, þ. e. a. s. helstu framleiðslulöndum samkeppnisvöru á íslenskum markaði og á þeim mörkuðum, sem Íslendingar selja framleiðsluvöru sína. Þetta jöfnunargjald er þó misjafnt eftir tegundum vara í Finnlandi, allt frá 1.5—6%, og hefur verið lagt á í mörg ár til stuðnings finnskum iðnaði og til jöfnunar í samkeppni við þá sem búa við söluskattskerfi.

Áætlað er að tekjur af þessu jöfnunargjaldi muni verða um 675 millj. kr. á yfirstandandi ári, en um 1080 millj. á heilu ári. Þessi áætlun er reist á þeirri forsendu, að ekki er ætlunin að leggja þetta gjald á aðföng til iðnaðar, skip, veiðarfæri, áburð o. fl., sem ákveði verða sett um í reglugerð. Ákveðið er að verja tekjum af gjaldinu til þess að endurgreiða útflytjendum söluskatt, sem leggst á kostnaðarverð útfluttra iðnaðarvara meðan gjaldið er á lagt og virðisaukaskattur er ekki upp tekinn, og jafna þannig aðstöðu þeirra til þess að keppa við framleiðendur á erlendum mörkuðum sem búa við virðisaukaskattskerfi. Þá er enn fremur ákveðið að verja hluta gjaldsins til iðnþróunar, t. d. nýiðnaðarverkefna og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, Tæknistofnunar Íslands, starfsþjálfunar o. s. frv. Vísa ég til ræðu hæstv. fjmrh. um þetta atriði við 1. umr.

Benda má á að þau nýju iðnþróunarverkefni, sem ráðist yrði í með tekjum af þessu frv., eru mörg hver á undirbúningsstigi. Þar má m. a. nefna nokkur þeirra veigamiklu verkefna sem yrðu undirbúin á vegum Iðntæknistofnunar Íslands sem fyrirhugað er að setja á laggir og sameina þannig 2—3 stofnanir iðnaðarins samkv. sérstöku frv. sem er nú til afgreiðslu hér á hv. Alþ. Þessum verkefnum verður auðvitað haldið áfram þótt þetta gjald verði fellt niður, og verður þá að standa straum af kostnaði við þau að verulegu leyti úr ríkissjóði. Það er því ekki óeðlilegt, að ekki sé öllum tekjum af jöfnunargjaldinu varið strax til þessara verkefna, heldur gert ráð fyrir, að ríkissjóður styðji þessi verkefni síðar, og mun þá þurfa til miklu meiri fjármuni en ríkissjóður fær nú í sinn hlut í bili af þessu gjaldi.

Mjög eru skiptar skoðanir um áhrif þessa jöfnunargjalds á verðlag í landinu. Hagstofa Íslands hefur áætlað bein og óbein verðhækkunaráhrif um 0.3%, eins og ég sagði áðan, en hagfræðingur ASÍ telur að þau muni verða um 0.5%. Fulltrúar Verslunarráðs Íslands töldu þau geta numið 0.7—1%. Aftur á móti vilja iðnrekendur halda því fram, að verðhækkunaráhrifin verði einungis frá 0.1—0.2%. Þessar áætlanir eru að sjálfsögðu miðaðar við mismunandi forsendur. Sannleikurinn er sá, að mjög örðugt er að gera sér fulla og nákvæma grein fyrir því, hver verðhækkunaráhrifin verða.

Það er einkum tvennt sem veldur þessu. Hið fyrra er spurningin um hvort innflutt iðnaðarvara hækkar að fullu í samræmi við þetta gjald eða hvort erlendir framleiðendur reyna að halda þrátt fyrir gjaldið hliðstæðu verði á íslenska markaðnum og þar með þeirri markaðshlutdeild sem þeir höfðu. Á það hefur þrásinnis reynt áður, þegar gengisfellingar hafa orðið, að erlendir framleiðendur iðnaðarvara hafa lækkað vörur sínar í fobverði til þess að standast betur samkeppni á íslenska markaðnum. Félag ísl. iðnrekenda heldur því fram að þetta muni gerast að nokkru leyti, ef gjaldið er lagt á.

Síðari ástæðan fyrir því, hversu örðugt er að meta verðhækkunaráhrif gjaldsins, er óvissa um hvort íslenskir iðnrekendur muni hækka vörur sínar í skjóli þessa gjalds. Fulltrúar Verslunarráðs Íslands töldu þetta einsýnt þar sem tilgangurinn með gjaldinu væri að bæta samkeppnisaðstöðu slenskra framleiðenda. Í útreikningum sínum reikna þeir með að gjaldið hækki allar innfluttar vörur sem nemi um 3% og íslenskir iðnaðarframleiðendur noti tækifærið til samsvarandi hækkunar. Því til viðbótar reikna þeir verðhækkunaráhrifin í langan tíma. Fulltrúar Félags ísl. iðnrekenda eru á allt öðru máli. Þeir segjast beinlínis skuli beita sér gegn því, að íslenskir iðnrekendur hækki vöru sína í skjóli gjaldsins, en reyna á hinn bóginn að styrkja stöðu sína á markaðnum þegar jöfnun hefur komist á í skattlagningu þeirra og keppinauta.

Af framansögðu er ljóst, að mjög örðugt er að gera sér hlutlæga grein fyrir verðhækkunaráhrifum þessa gjalds og þar með þeim hækkunum sem af því kynni að leiða á launagreiðslum atvinnuveganna miðað við óbreytta vísitölu og verðbótakerfi launa. Meginhluti fjh.- og viðskn. er þó þeirrar skoðunar, að áætlun Hagstofu Íslands sé líklega raunsæjust.

Um verðhækkunaráhrifin mætti margt fleira segja. T. d. mætti á það benda, að hefði þessi mismunur á skatt-

lagningu íslenskra og erlendra framleiðenda iðnaðarvöru verið jafnaður með endurgreiðslu úr ríkissjóði og tekna til þess aflað með hækkun tekjuskatts, þá hefði slík ráðstöfun ekki haft áhrif á kaupgreiðsluvísitölu. Þetta segir sína sögu um það kerfi sem enn er haldið á þessu sviði. Jöfnunargjald, sem á er lagt til þess að jafna aðstöðu íslenskra atvinnugreina og erlendra og til þess að efla iðnþróun, verður á hinn bóginn til þess að hækka launagreiðslur í landinu að einhverju leyti með óbreyttu kerfi.

Hér er ekki staður né stund til þess að gera úttekt á stöðu íslensks iðnaðar í sambandi við það mál sem hér er til umr. Hv. þm. hafa fengið miklar upplýsingar um þau efni, ekki síst á iðnkynningarári sem lauk fyrir skömmu, svo að ekki er þörf á því. Samt sem áður vil ég vekja athygli á einum þætti þess máls, sem ég held því miður að sé tæpast nógu ljós fyrir íslenskum forustumönnum, þm. og embættismönnum. Ég á hér við þá hættu sem stafar af því fyrir íslenskan iðnað, að forráðamenn nágrannaþjóða okkar og helstu keppinauta okkar, bæði á okkar eigin innlenda markaði og erlendum mörkuðum, hafa tekið upp þá stefnu í mjög vaxandi mæli að verja sívaxandi fjárhæðum úr ríkissjóði viðkomandi landa til almennra og sérstakra stuðningsráðstafana við iðnað. Afleiðingin er sú, að iðnaðarvörur, sem framleiddar eru í þessum löndum, eru í samkeppni við framleiðsluvörur íslensks iðnaðar og eru þar í raun meira og minna niðurgreiddar. Ástæðurnar fyrir þessu eru vafalaust margþættar. Niðurfelling tolla og aukin fríverslun hefur neytt ýmsar þjóðir til þess að fara inn á þá braut að styðja iðnaðarframleiðslu sína með ýmsum hætti, en við þetta bætist gífurleg áhersla á byggðasjónarmið, eflingu iðnaðar í strjálbýli og á afskekktari svæðum og barátta gegn atvinnuleysi og efnahagserfiðleikum sem hrjáð hafa margar þjóðir að undanförnu. Hver svo sem ástæðan er hlýtur þessi þróun að vekja ugg. Við Íslendingar höfum reynt að efla iðnaðinn með almennum aðgerðum, en við höfum alls ekki bolmagn til þess að gera það á svipaðan hátt og þessar þjóðir, með sérstökum stuðningsaðgerðum og raunar beinum niðurgreiðslum iðnaðarvara, eins og sumar þjóðir hafa að nokkru leyti gert.

Því er á þetta minnt hér, að þessi staðreynd um vaxandi tilhneigingu til beinna niðurgreiðslna undirstrikar rækilega að ekki er unnt að daufheyrast lengur við því sanngirnismáli, að íslenskum iðnaði sé ekki sérstaklega íþyngt með skattálögum umfram þá sem eru í samkeppni við framleiðendur íslenskra iðnaðarvara, bæði á heimamarkaði og erlendis. Þegar þessi rök eru færð til viðbótar því, sem ég hef tíundað hér að framan, ætti mönnum að skiljast hversu brýnt er að leysa það mál sem þessu frv. er ætlað að leysa. Þess vegna leggur meiri hl. fjh.- og viðskn. til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur fram komið varð fjh.- og viðskn. ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, skipum minni hl. n. og höfum gefið út nál. á þskj. 853, en þar leggjum við til, að frv. verði fellt.

Í þessu frv. felst ný skattlagning, eins og greinilega hefur komið fram í umr. um málið. Er gert ráð fyrir því, að lagt verði nýtt gjald, 3%, á allar innfluttar samkeppnisvörur eða svonefndar EFTA-vörur — þær vörur sem hafa hlotið tollalækkun í samræmi við samning Íslands við Fríverslunarsamtök Evrópu og Efnahagsbandalagið.

Látið er að því liggja, að þetta gjald sé lagt á vegna íslensks iðnaðar. En það er nú síður en svo, að það sé, að mati okkar sem skipum minni hl. Um það er ekki deilt, að ástæða er til þess að endurgreiða íslenskum iðnaði svonefndan uppsafnaðan söluskatt sem orðið hefur til með þeim hætti, að hér er lagður hár söluskattur á marga þá hluti sem iðnaðurinn verður að kaupa, og þannig verður íslenskur iðnaður að greiða gjald í formi söluskatts sem samkeppnisiðnaður sá, sem á aðgang að íslenskum markaði, þarf ekki að greiða í sínum heimalöndum. Endurgreiðsla af þessu tagi á söluskatti hefur átt sér stað hér áður. Og það er einnig gert ráð fyrir því að endurgreiða söluskatt með þessum hætti fyrir árið 1977. Það er gert ráð fyrir því á yfirstandandi fjárl., svo að það er ekkert nýtt. Út af fyrir sig erum við, sem skipum minni hl., sammála þessu sjónarmiði, að sanngjarnt sé og eðlilegt að endurgreiða svonefndan uppsafnaðan söluskatt. Deilan stendur því ekki um það.

En þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar ekki að því að endurgreiða þegar innheimtan söluskatt eins og áður hefur verið gert. Þetta frv. miðar að því að leggja á nýjan innflutningsskatt, nýtt innflutningsgjald, og því er að sjálfsögðu haldið fram, að með því að leggja á þetta gjald verði það íslenskum iðnaði nokkur vernd. Auðvitað er ekki hægt að neita því, að það geti orðið honum nokkur vernd út af fyrir sig að leggja gjaldið á, alveg eins og tollarnir voru það áður. En þar með er ekki öll sagan sögð. Það ber að skoða hvaða áhrif verða af þessu gjaldi.

Frsm. meiri hl. n., sem hér talaði á undan mér, vék nokkuð að því, að þær upplýsingar, sem fjh.- og viðskn. hefur fengið, eru ekki allar á eina lund um það, hve mikil áhrif til verðhækkunar muni hljótast af þessu gjaldi. En í rauninni er það afar eðlilegt, sem hér hefur komið fram í upplýsingum um málið, að þessum upplýsingum ber ekki algerlega saman. Ástæðurnar eru einfaldlega þær, að það er ómögulegt annað en geta sér nokkuð til um hvernig til muni takast í sambandi við þetta gjald. Í bréfi, sem n. barst frá Hagstofu Íslands, gerði hún ráð fyrir, að þetta 3% innflutningsgjald mundi þýða 0.3% hækkun á almennu verðlagi eða á verðlagsvísitölu, en þá reiknaði hún ekki með að afleiðingarnar af innlendri hækkun á hliðstæðri iðnaðarvöru yrðu nema litlar. Samráð hafði verið haft við fleiri aðila. Frsm. meiri hl. minntist á að það hefði komið fram hjá hagfræðingi Alþýðusambandsins, að hann teldi að verðhækkun af þessu gjaldi mætti telja ekki minni en 0.5%. Og þarna komu fleiri aðilar til. Það var einnig haft samráð við hagfræðing Þjóðhagsstofnunar sem sagði að hans álit væri að ef reiknað væri á venjulegan hátt með áhrifum slíkra gjalda, þá væri mjög sennilegt að þetta gæti numið 0.7—0.8%. Hagfræðingar á vegum Verslunarráðs Íslands töldu að ef reiknað væri með þeim verðhækkunum, sem eðlilegt væri að fylgdu í kjölfar svona gjalds, þá mundi verðhækkunin nema 0.7—1%.

Ég tel að það leiki enginn vafi á því, miðað við þessar upplýsingar og þegar þær forsendur eru athugaðar, sem þessir aðilar leggja til grundvallar, að þetta gjald muni í reynd þýða almenna verðhækkun sem nemur einhvers staðar á milli 0.5 og 1%. Það er að mínum dómi hrein blekking að tala um að íslenskur iðnaður muni ekki sigla í kjölfarið og hækka sínar innlendu vörur til samræmis við þá samkeppnisaðstöðu sem þarna skapast. Auðvitað er það líka tilgangur hjá iðnaðinum í þessu tilfelli að

njóta nokkurs í þessum efnum. Greinilega var á það bent, að einmitt þær greinar, eins og fataiðnaður og ýmsar fleiri, hafa slíka aðstöðu að þær munu notfæra sér þetta. Og þá er mjög hætt við því, þegar verðhækkunin hefur gengið út í kerfið og haldið áfram að margfalda sig, eins og alltaf er afleiðingin af svona innflutningsgjöldum, að þessir útreikningar frá Verslunarráðinu séu réttir, búast megi við því, að verðlagsvísitala hækki í kringum 1%.

En með þessu er ekki heldur öll sagan sögð. Mönnum sýnist út af fyrir sig, að 1% eða 0.5% sé ekki ýkjamikið í öllum hækkunum hjá okkur. En þá er rétt að athuga hvaða aðrar upplýsingar liggja fyrir um hvað þetta þýði raunverulega í hagkerfi okkar.

Það liggur fyrir, að heildarlaunagreiðslur í landinu eru um 220 milljarðar kr. 1%, sem þessi launaupphæð hækkaði um, mundi þá nema 2200 millj. kr. Þetta kom greinilega fram hjá talsmanni Verslunarráðsins, þegar hann gerði grein fyrir afstöðu sinni og þeirra til málsins. En þó að menn vildu reikna með því, að þessi verðhækkun yrði helmingi minni, eða í kringum 0.5%, sem er algert lágmark, þá mundu afleiðingarnar verða þær, ef þessu yrði velt út í kaupgjaldið, sem maður verður að reikna með að gerist fyrr eða síðar, þá væri hér um hækkun á almennu kaupgjaldi að ræða sem næmi á ári kringum 1100 millj. kr. eða álíka hárri upphæð og gjaldið á að nema á heilu ári. En með þessu er ekki öll sagan sögð. Að mínum dómi er einmitt mjög fróðlegt fyrir alþm. að virða dæmi eins og þetta fyrir sér. Gjald er lagt á í sambandi við innflutning og það getur gefið í tekjur í kringum 1100 millj. Það endurkastast þannig, að þegar það er búið að vefja upp á sig í kerfinu þýðir það almenna launahækkun a. m. k. upp á sömu fjárhæð. En þar með er ekki öll sagan sögð, eins og ég sagði. Auðvitað fer það svo, þegar launaupphæðin í landinu hefur hækkað um 1100 millj. kr. eða 2200 millj. kr., að ríkissjóður kemur á nýjan leik og tekur sinn tekjuskatt af þessari upphæð. Það er mjög varlega áætlað óhætt að reikna með því, að ríkið komi og taki í þessu tilfelli, þegar þetta bætist ofan á aðrar tekjur, að meðaltali 20—25%. Ríkið tekur ekki aðeins þetta, heldur gerist það svo, að um leið og launahækkunin verður þessi í kerfinu, þá vitanlega nota menn þessi laun og það kemur fram í auknum innflutningi og aukinni umsetningu í landinu, þá kemur ríkið með sinn söluskatt til viðbótar. Þarna fara menn að sjá hvernig margföldunarkerfið gengur fyrir sig. Þeir mættu kannske hugsa eitthvað til þess sem standa hér upp sí og æ og ætla að leysa allan vanda með því að búa alltaf til nýjan og nýjan skatt eða hækka skattana í sífellu, eins og núv. hæstv. ríkisstj. gerir ósparlega. En þegar menn eru búnir að hækka þessa skatta, sem hefur þessar afleiðingar, þá koma þeir á eftir og segja: Nú verður að lækka launin í frystihúsunum. Þetta gengur ekki lengur. — Og þá reka menn sig auðvitað á klett. Þá lenda menn fljótlega í útflutningsbanni og olíuafgreiðslubanni o. s. frv., gefast svo upp eftir tiltekinn tíma, semja og taka nýja veltu.

En þetta dæmi getur líka verið fróðlegt fyrir íslenskan iðnað, og það kom einnig fram í umr. í n. Út af fyrir sig er ekki ósennilegt að íslenskur iðnaður fái eitthvað af þessu gjaldi, — ég segi eitthvað, því að það hafa engar upplýsingar fengist um hvað ætti að renna til iðnaðarins af þessu gjaldi — engar — aðeins talað um að eitthvað eigi að renna til hans, hluti af þessu gjaldi. Ég vil geta þess, að þeir fulltrúar, sem mættu hjá n. fyrir hönd íslenskra iðnrekenda, sögðu beinlínis á nefndarfundinum að þeir gerðu kröfu til þess, að fram kæmi skýrt og ákveðið, annað hvort í lagasetningunni, í nál. eða á annan hátt bindandi á Alþ., hvað af þessu gjaldi ætti að renna til iðnaðarins. Og þeir settu fram sínar kröfur. Kröfur þeirra voru um að af þessu gjaldi á yfirstandandi ári, þegar tekjurnar af gjaldinu eru áætlaðar að nema 675 millj. kr., fengju þeir greiddar í ákveðnu skyni 457 millj. Og þeir sögðust ekki sætta sig við minna en þetta og þeir gerðu grein fyrir þessu á eftirfarandi hátt:

Í fyrsta lagi væri um að ræða 217 millj. kr. vegna uppsafnaðs söluskatts í sambandi við útfluttar iðnaðarvörur á árunum 1975 og 1976. Í öðru lagi rynnu til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins 60 millj. kr. Og í þriðja lagi rynnu til Tæknistofnunar Íslands í sambandi við undirbúning og skipulagningu við þá stofnun 25 millj. kr. Í tækniaðstoð fyrir iðnfyrirtæki færu 30 millj. kr. Starfsþjálfun og endurmenntun fengi 25 millj. kr. Ný iðnaðarverkefni 50 millj. kr. Vöruþróun, sérstakt framlag í iðnrekstrarsjóð, 50 millj. kr. Samtals 457 millj. kr. af 675 millj. kr.

Þeir tóku einnig fram á þessum fundi, að þeir gerðu kröfu til þess að fá sama hlutfall og 457 millj. af 675 af tekjum næsta árs, sem í frv. væru áætlaðar 1080 millj., sem sagt á milli 700 og 800 millj. á næsta ári. Ég tel að það hafi komið skýrt fram hjá þessum fulltrúum iðnrekenda, að ef þeir fengju þetta ekki fast og ákveðið, þá kærðu þeir sig ekkert um gjaldið, af því að auðvitað er þeim ljóst að gjaldið kemur til með að leggjast á íslenskan iðnað. En við þessum kröfum iðnrekenda hefur ekki verið orðið. Það kemur ekkert fram með breytingum á ákvæðum frv. frá hv. meiri hl. og það kemur ekkert bindandi fram um það, hve mikið af þessu gjaldi eigi að renna til iðnaðarins. Hitt vita allir að hæstv. fjmrh. berst fyrir þessu gjaldi vegna þess að hann vill fá nýjar tekjur í ríkissjóð. Hann dregur enga dul á að þetta eigi að renna í ríkissjóð, þó að óákveðinn hluti af gjaldinu sé tengdur iðnaði.

En þetta er ekki heldur öll sagan varðandi hagsmuni iðnaðarins. Nú á auðvitað, þó að iðnaðurinn fengi þetta, sem ekki lítur út fyrir á neinn hátt, eftir að reikna út hve mikið fellur á íslenskan iðnað af þeim kauphækkunum sem munu sigla í kjölfar þessara verðhækkana. Ef launahækkanirnar sem heild verða eins og fulltrúar Verslunarráðsins reikna út, þ. e. a. s. í kringum 2200 millj. kr. á ári, þá er mjög sennilegt að íslenskur iðnaður verði, þegar á allt er litið, að greiða af þessari heildarlaunahækkun hátt í 30% miðað við umsetningu hans og stærð í þjóðfélaginu. Það er ekki ósennilegt, að hlutfallið liggi einhvers staðar þar í kringum. Og þá gæti þessi launasumma, sem iðnaðurinn fengi í hausinn, numið í kringum 660 millj. Við skulum lækka upphæðina nokkuð í áætlun og segja að hún gæti verið á milli 400 og 500 millj. kr.

Það er alveg augljóst, að þessi leið, sem hér er valin, er ekki mikill stuðningur við íslenskan iðnað. Ég veit vissulega að þetta kæmi eitthvað dálítið mismunandi við hinar einstöku iðngreinar. Sumar mundu eingöngu fá á sig þær afleiðingar, sem koma fram í hækkandi verðlagi og hækkandi launagreiðslu, og fá ekkert í aðra hönd. Aðrar mundu fá eitthvað, af því að þær standa að beinum útflutningsgreinum og fá einhverjar beinar greiðslur, sem eflaust yrðu þá jafnmiklar eða þá kannske meiri en sem næmi auknum útgjöldum.

Þegar á þetta er litið hika ég ekki við að segja að samþykkt þessa frv. er ekki til stuðnings íslenskum iðnaði, síður en svo. Það miðar að því að auka tekjur ríkissjóðs, það er rétt, og meira að segja mun ríkið fá mun meira í sinn hlut en það sem virðist koma beint út úr gjaldinu. Ríkið mun fá eins og fyrri daginn allmikið af auknum tekjum í kjölfar hækkandi verðlags í landinu almennt. En auðvitað fær ríkið líka á sig vissa bagga. Ríkissjóður þarf sjálfur að borga allmikla launafúlgu og sú launafúlga hækkar auðvitað með áhrifum þessa gjalds.

Að mínum dómi er þetta gjald, sem hér er á ferðinni, alveg dæmigert um skatta á vegum ríkisins. Till. kemur fram um skatt. Menn mega helst ekki vera að því að vega og meta þennan skatt. Menn skulu verða að renna honum niður umhugsunarlaust, og helst er sagt við menn, að þeir ættu ekki að vera að grufla neitt út í það, hvaða afleiðingar þetta hefði. Og á allra síðustu stundu í þinginu á auðvitað að reyna að koma þessu í gegn. Þeir, sem standa fyrir þessu, að leggja á einn nýjan skattinn enn í þessu formi, reyna að afsaka sig og segja: Þetta stendur ekki nema svona í tvö ár, það á að koma virðisaukaskattur eftir tæp tvö ár, svo að það er ekkert voðalega mikið þó að ríkissjóður hirði nú 1 milljarð á ári í 2 ár eða kannske 2½ ár. En í fyrsta lagi, eins og bent hefur verið á, er auðvitað ekki nokkur minnsta vissa fyrir því, að neinn virðisaukaskattur verði kominn eftir tvö ár. Það er í algerri þoku ennþá. Auk þess er svo það, að menn ættu að vera búnir að læra það, að þó að hér kæmi upp virðisaukaskattur hjá okkur, auðvitað í staðinn fyrir söluskatt, þá mun sá fjmrh., sem þá verður í stólnum, standa fast á því að halda í alla þá tekjustofna sem hann hefur komist einu sinn yfir, og ef hann á stoð á Alþ. í álíka fylgispökum mönnum og núv. fjmrh. á í þessu tilfelli, þar sem menn munar ekkert um að taka á sig hvað sem er, þá heldur hann þessu og rúmlega það og öllum þessum aukaköttum sem hann hefur verið að koma á að undanförnu.

Nei, það mál, sem hér liggur fyrir, var í rauninni afskaplega einfalt. Það var búið að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt í nokkur ár, það var búið að taka ákvörðun um endurgreiðslu á söluskatti fyrir árið 1977. (**Gripið fram í:** Bara af útflutningi.) Já, bara af útflutningi. Og það var aðalatriðið. Það var því ósköp auðvelt að halda því áfram. Að því leyti til sem iðnaður, sem framleiddi fyrir innlendan markað, átti hér hlut að máli, þá var vitanlega enginn vandi að semja um að hann fengi hluta af uppsöfnuðum söluskatti og þar yrði gengið út frá almennri meðaltalsprósentu. Það er auðvitað alger fjarstæða, sem kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., að gera þyrfti þetta þannig upp, að þetta væri endurgreitt, á meðan við höfum ekki tekið upp virðisaukaskatt, mismunandi til hvers einstaks fyrirtækis. Iðnaðurinn hefði vissulega sætt sig við að hér yrði reiknuð út meðaltalsprósenta og hér yrði um endurgreiðslu að ræða. Hér átti auðvitað að vera um endurgreiðslu að ræða, en ekki fara þann veg að leggja bara á nýjan skatt.

Ég hef í rauninni gert grein fyrir afstöðu minni og væntanlega okkar beggja í minni hl. til þessa máls. Við höfum lýst yfir þeirri afstöðu okkar, að við erum reiðubúnir til þess að taka þátt í því að setja reglur um endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. En við erum algerlega á móti því að fara þá leið sem lögð er til í þessu frv., vegna þess að hún er ekki í samræmi við hagsmuni iðnaðarins almennt séð. Iðnaðurinn veit ekkert hvað hann fær út úr þessu gjaldi. Honum hefur algerlega verið neitað um svör við því, hvað hann eigi að fá mikið af gjaldinu. Það liggja engar bindandi upplýsingar fyrir um hvernig eigi að ráðstafa gjaldinu. Hitt liggur miklu frekar fyrir, hvað iðnaðurinn muni fá í hausinn í sambandi við afleiðingarnar af þessu gjaldi. Og ég sé ekki neina ástæðu til þess að liggja á því, að það kom skýrt fram hjá formanni Félags íslenskra iðnrekenda og samstarfsmanni hans, að þeir gerðu þetta að algeru skilyrði — að fá þetta ákveðið og fá þetta hlutfall af gjaldinu — fyrir stuðningi sínum við málið. Þessu skilyrði hefur ekki verið mætt. Þá liggur málið þannig fyrir: Iðnaðurinn hefur ekki samþykkt þetta. Verslunarráðið mælir á móti þessu. Alþýðusambandið mælir á móti þessu. En fjmrh. mælir með því. Það er rétt, hann mælir með því, hann vill fá gjaldið. — En það er svo auðvitað í stíl við ýmislegt annað að leggja á ný og ný gjöld og afsaka það með því, að verið sé að gera slíkt fyrir þennan eða hinn. Ef þessa leið á að velja, sem hér er lögð til, þá er það auðvitað algert lágmark að gera skýra grein fyrir því, hvernig á að verja þessum fjármunum, alveg bindandi, svo að það liggi alveg á ljósu hvað af fjármunum þessa gjalds eigi að fara til stuðnings við iðnaðinn á beinan eða óbeinan hátt og hvað eigi að renna í ríkissjóð.

Afstaða okkar í minni hl. er sú, að með tilliti til þessa, sem ég hef sagt og upplýst hefur verið um þetta mál, þá teljum við að fella beri þetta frv.

Tómas Árnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar við það sem hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. sagði í framsögu sinni um þetta mál. Að vísu var fróðlegt að hlusta á ræðu hv. 2. þm. Austurl. um það, hvernig vísitölufyrirkomulagið skrúfar upp verðlagið í landinu, en ég ætla ekki að stofna til frekari umr. um það mál við þetta tækifæri.

Það, sem ég vildi ræða stuttlega, er um ráðstöfun þessa gjalds. Ég sagði við 1. umr. málsins, að ég teldi það vera galla á frv. að ekki lægi fyrir hvernig ætti að ráðstafa gjaldinu. En þó er ljóst, að það mikið liggur fyrir í þessu efni að það á að ráðstafa því í tvennum tilgangi, annars vegar til ríkissjóðs og hins vegar til iðnaðarins. En ekki liggur fyrir hvernig þetta skiptist.

Augljóst er að þetta frv. opnar leið til þess að greiða eða endurgreiða þennan svokallaða uppsafnaða söluskatt af útflutningsvörum samkeppnisiðnaðar fyrir árin 1975 og 1976. Ég hygg að ég fari rétt með það, að sú upphæð muni nema um 217 millj. kr., eftir því sem fulltrúar iðnaðarins hafa upplýst. Ég er þeirrar skoðunar að endurgreiða eigi þennan söluskatt af þessu gjaldi. Ég hygg að flestir eða allir þm. Framsfl. séu sömu skoðunar. Og ég vil láta það koma fram og líta svo á, að alls ekki sé loku fyrir það skotið, að svo verði gert þar sem tekjur eiga að verða nægar til þess, a. m. k. á næsta ári. Ég álít því að eðlilegt sé að ráðstafa tekjum af þessu gjaldi á þann hátt að hluti af því renni til ríkissjóðs.

Það er rétt, sem komið hefur fram, að gjaldið veldur auknum útgjöldum ríkissjóðs, laun hækka vegna gjaldsins. Það er deilt um hversu mikil verðhækkunaráhrifin af gjaldinu séu. Hagstofan hefur sagt að þau yrðu 0.3% og aðrir hafa nefnt hærri tölur, eins og hér hefur komið fram. Ég hygg að ekki væri óeðlilegt að álíta að verðhækkunaráhrifin væru í kringum 0.5%. Það mundi þýða veruleg útgjöld í hækkuðum launum ríkisstarfs-

manna. Kannske væri ekki óeðlilegt að nefna 200—300 millj. í því sambandi. En gjaldið á að gefa 675 millj. kr. á árinu 1978 og 1080 millj. á ársgrundvelli.

Í öðru lagi hefur verið lýst yfir, að gjaldið muni að hluta til renna til iðnaðarins, og sérstaklega verið nefnd iðnþróun í því sambandi, til stuðnings iðnaðinum, til þess að hann geti staðist harða samkeppni við iðnað EFTA-landanna. Auk þessa álít ég að eðlilegt sé að uppsafnaði söluskatturinn fyrir árin 1975 og 1976 verði greiddur af þessu gjaldi. — Ég vildi láta þetta koma fram sem skoðun af hálfu okkar þm. Framsfl.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Hann ræddi um að það væri að því látið liggja að þetta gjald væri lagt á vegna íslensks iðnaðar. Mér fundust þetta dálítið undarleg ummæli miðað við það, að yfir okkur hv. þm. hefur rignt till. frá íslenskum iðnrekendum núna unanfarin ár og ég man nú ekki betur en sú till., að lagt yrði á jöfnunargjald til þess að íslenskir iðnrekendur stæðu jafnfætis erlendum samkeppendum sínum, væri komin frá þeim, þó kannske væri hún ekki númer eitt. Númer eitt var að fá frestun á tollalækkunum vegna EFTA-aðildar, en þetta hygg ég að sé samdóma álit íslenskra iðnrekenda og hafi verið till. þeirra. Verður ekki komist nær því að mæta tilmælum þeirra og létta þeim róðurinn.

Þetta mál snýst í rauninn um mjög einfaldan hlut. Allir íslenskir iðnrekendur, hvort sem þeir flytja út vöru eða selja hana á heimamarkaði, greiða söluskatt í ríkissjóð. Þessi söluskattur er 2—4%. Þá var það till. þeirra, að í stað þess að þetta yrði endurgreitt úr ríkissjóði, sem ég skal koma að í örfáum orðum á eftir, þá yrði lagt á þetta gjald og þá stæðu hinir erlendu framleiðendur jafnfætis þeim, sem greiddu í ríkissjóð 2—4% söluskatt. Samkeppnisaðstaða þessara beggja aðila væri hin sama, ef þeir seldu vöru sína á innlenda markaðnum og ef söluskatturinn yrði endurgreiddur fyrir þá, sem selja erlendis, sem gefur auga leið að þarf að vera með í myndinni. Um þetta snýst málið fyrst og fremst, þ. e. a. s. jöfnun á aðstöðu í skattlagningu alveg án tillits til þess, hvernig þessu gjaldi er að öðru leyti varið. Þetta hefur verið tillaga forráðamanna íslensks iðnaðar um margra mánaða skeið að yrði gert. Það þarf því ekki að fara neitt í grafgötur um að þetta er gert að þeirra ósk og þetta er gert fyrir íslenskan iðnað. Allt annað mál er, að þeir vildu kannske kveða dálítið fastar á um hvernig ætti að verja þessu gjaldi til eflingar iðnþróun, en það er bara allt annað mál þó það sé kannske tengt þessu. — Ég vildi láta þetta koma skýrt fram, að að sjálfsögðu er þetta mál flutt fyrir eindregna áeggjan forráðamanna íslensks iðnaðar.

Hv. þm. sagði að ekki væri ágreiningur um að endurgreiða söluskatt sem leggst á iðnrekendur, bæði þá, sem flytja iðnaðarvörur úr landi, og þá, sem framleiða vörur fyrir innanlandsmarkað. En þetta eru engar smáupphæðir sem þarna er um að ræða. Ég hef ekki tölur um þetta, en ég gæti giskað á að þetta væri allt að því að vera um 1 milljarður, svipuð upphæð og jöfnunargjaldið er reiknað á einu ári, — 1 milljarður sem þarna er um að tefla. Og þá er spurningin: Hvernig á að afla fjár til þess að greiða þetta? Þetta eru aukaútgjöld fyrir ríkissjóð, miðað við það sem reiknað hefur verið með í fjárlagagerð. Og hvernig á að afla tekna til þess að greiða þetta? Á að skera niður? Hvar á þá að skera niður? Á að leggja á söluskatt? Það fer alveg nákvæmlega eins fyrir því og þessu gjaldi, að vísitölukerfið okkar, eins og hv. þm. lýsti svo glæsilega áðan, mundi skrúfa söluskattinn upp nákvæmlega eins og þetta gjald. Þó er von til þess að þetta gjald verði miklu viðaminna í verðhækkun, eins og hér var rakið að framan, og ég ætla ekki að fara út í það. En það er nákvæmlega sama hvernig aflað væri fjár til þess að standa straum af því tekjutapi eða þeim útgjaldaauka sem ríkissjóður yrði fyrir, nema með því að hækka tekjuskatt. Það er einasta leiðin sem opin er, þannig að það fari ekki út í verðlagið og margfaldist ekki upp í því vísitölukerfi sem við búum við.

Svo að lokum: Ég skal ekki orðlengja um þetta mál, en hv. þm. gerði mikið úr því, að ráðstöfun á tekjum væri óljós. Ég verð að segja fyrir mig, að mér fyndist að æskilegt væri að kveða skýrar á um það. Um þetta er nokkur óvissa, þar sem lagt er í dóm ríkisstj. á þessu ári að ráðstafa tekjum af þessu gjaldi. Á hinn bóginn er skýrt tekið fram, að þessu gjaldi, sem verður áreiðanlega til á næsta ári, því að ekki er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur verði þá tekinn upp, mun Alþ. ráðstafa þá samkv. þessum lögum. Fjvn. mun gera till. til Alþ. um að ráðstafa því, þannig að Alþ. hefur það í hendi sér á næsta ári. Og það hefur verið skýrt tekið fram, bæði í framsögu minni og nál. meiri hl., að á meðan þetta gjald verði lagt á geti útflytjendur íslenskra iðnaðarvara reiknað með því, að endurgreiddur verði söluskattur af útfluttum iðnaðarvörum.

Hv. þm. klykkti út með því að endurtaka margoft, að þetta frv. væri ekki til stuðnings íslenskum iðnaði. Ég vil nú leggja það í dóm hv. þm. hér í d., hvort þeir líti svo á, að Félag ísl. iðnrekenda og forustumenn iðnaðarins viti ekki nokkurn veginn hvað þeirra atvinnuvegi er fyrir bestu eða hvort Verslunarráðið eða Félag ísl. stórkaupmanna sé ekki dómbært á það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÓsk, FÞ, GuðlG, GHG, GF, HES, IngJ, GHB, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, GFr, SigurlB, SV, SvH, TÁ, ÞS, SvB, EBS, RH.

nei: KGS, GÞG, JónasÁ, KP, LJós, VilbH, MÓ, EðS.

8 þm. (GS, GTH, KÁ, PJ, SighB, SvJ, VH, BGr) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 28:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:7 atkv.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 791, n. 857). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru í Ed., en 2 nm. skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

2.—52. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, frv. (þskj. 603, n. 845). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Félmn. hefur athugað þetta mál og það er raunar hliðstætt frv. sem við höfum afgreitt hér áður, sem var um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðakaupstaðar. Gerðir hafa verið sérstakir samningar á milli Reykjavíkurborgar og Seltjarnarneskaupstaðar, þeir voru gerðir 1976, og er nú óskað eftir staðfestingu Alþ. á þeim samningum. N. leggur því til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Sáttastörf í vinnudeilum, frv. (þskj. 758 (sbr. 604), n. 846). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Eðvarð Sigurðsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er til umr., til 1. um sáttastörf í vinnudeilum, gerir ráð fyrir breytingum á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80 frá 1938. Verði frv. þetta að lögum er gert ráð fyrir að III. kafli nefndra laga um sáttatilraunir í vinnudeilum falli niður úr lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur og þessi lög komi í staðinn.

Aðalbreytingin, sem hér um ræðir á störfum sáttasemjara, er sú, að starf sáttasemjara verður samkv. þessu frv. gert að aðalstarfi og honum fengið starfslið. Gert er ráð fyrir að félmrh. skipi ríkissáttasemjara til fjögurra ára í senn. Þá er enn fremur felld niður úr núgildandi lögum um stéttarfélög og vinnudeilur skipting landsins í sáttaumdæmi, en landinu hefur verið skipt í fjögur sáttaumdæmi samkv. vinnulöggjöfinni. Hins vegar verður að segja að þessi umdæmisstörf hafa yfirleitt ekki verið mikið virk; má segja kannske að í einu eða tveimur umdæmum hafi þau einhvern tíma á þessum árum, sem liðin eru frá setningu vinnulöggjafarinnar 1938, verið verulega virk. Gert er aftur á móti ráð fyrir því í þessu frv., að ríkissáttasemjari geti kvatt menn sér til aðstoðar við lausn vinnudeilna eða til sjálfstæðrar lausnar í ákveðnum deilum. Gæti það að sjálfsögðu verið afmarkaðar deilur úti á landi og ekkert því til fyrirstöðu að slíkir aðstoðarsáttasemjarar væru þar búsettir.

Ed., en þar var frv. þetta lagt fram, gerði nokkrar breytingar á frv. eins og það var lagt fyrir. Hún gerði eina breytingu á 8. gr. frv., en þar sagði svo í frv.:

„Ef samningaumleitanir sáttasemjara bera ekki árangur, er honum rétt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar vinnudeilu."

Það var dálítil deila um það eða álitamál, hvernig skilja bæri þessi orð: „er honum rétt," hvort það væri skylda sem því fylgdi. Í lögum um sáttatilraunir í vinnudeilum, vinnulöggjöfinni, er nákvæmlega sama orðalag nema þar er sagt: „er honum heimilt," og það orðalag var tekið upp í breytingum félmn. Ed. Orðalagið er þá óbreytt frá því sem er í vinnulöggjöfinni núna.

Aðrar breytingar, sem félmn. Ed. gerði á frv., eru á 9. gr. þess. Þær varða atkvgr. um miðlunartillögu sáttasemjara, að afhenda skyldi sáttasemjara kjörskrá áður en atkvgr. hæfist og að félagsdómur ætti úrskurðarvald í deilum um kjörskrá, enn fremur að sáttasemjara eða fulltrúum hans væri heimilt að vera viðstaddir kjörfundi. Þetta voru nýmæli frá lögunum eins og þau hafa verið, og að tillögu fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar, sem fóru yfir þetta frv., var þetta fellt niður. Þótti ekki ástæða til að taka þessi ákvæði upp í þessi lög, þar sem ekki væri vitað til að neinn ágreiningur hefði yfirleitt verið um framkvæmd atkvgr. um miðlunartill. sáttasemjara af því tagi sem hér er fjallað um. Ef sáttasemjari eða fulltrúar hans hafa áhuga á því að koma á kjörstaði þegar atkvgr. fara fram, þá mundi sjálfsagt enginn verða til þess að meina honum það. Virðist því ástæðulaust að taka þetta inn í lögin. Og á þetta var fallist.

Þetta eru þær breytingar, sem gerðar voru, og svo breyting á 12. gr., síðustu mgr. hennar, sem leiðir af breytingunni á 9. gr.

Félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um þetta frv. og leggur einróma til að frv. verði samþ. óbreytt eins og Ed. gekk frá því.

Ég vil aðeins nota tækifærið og segja örfá orð um þetta mál, en skal ekki taka langan tíma frá störfum d. á þessum síðustu stundum. Ég vil aðeins geta þess, að hér er farið inn á að breyta vinnulöggjöfinni, og það er sjálfsagt öllum hv. dm. kunnugt, að slíkt er ákaflega viðkvæmt mál. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess á þeim 40 árum sem núv. vinnulöggjöf hefur verið í gildi, en svo til engar breytingar verið á henni gerðar. Vitað er að það eru ýmsar till. á lofti frá aðilum vinnumarkaðarins, hvort sem eru samtök atvinnurekenda eða samtök launafólks, en allar slíkar hugmyndir fara yfirleitt algerlega í gagnstæðar áttir og ekki hefur tekist samkomulag um neinar breytingar að heitið getur. Ríkisstjórnir á ýmsum tímum hafa einnig haft löngun til þess að breyta þessum lögum, en reyndin er sú, að þau hafa verið nær algerlega óbreytt allan tímann.

Æðimikið hefur verið rætt um þessi mál á undanförnum árum og þá ekki hvað síst einmitt þann þátt vinnulöggjafarinnar sem komið er inn á með þessu frv., þ. e. a. s. störf sáttasemjara og sáttastörf í vinnudeilum. Það má segja að aðilar hafi eiginlega verið sammála nú um nokkurn tíma um að starf ríkissáttasemjara væri orðið svo viðamikið að það væri naumast leggjandi á einn mann sem gegndi jafnframt öðrum störfum. Og nú hefur verið flutt frv. sem gerir það að verkum, að starf ríkissáttasemjara yrði gert að aðalstarfi og honum fengið starfslið. Ég ætla ekki og þarf ekki að rekja hér, hve starf sáttasemjara hefur aukist gífurlega mikið á síðari árum. Hann hefur fengið meira starfssvið, m. a. með breytingum á lögum um samningsmál opinberra starfsmanna og annað, þannig að í rauninni virðist augljóst að nauðsynlegt sé að gera þetta starf að aðalstarfi. Raunar eru

kannske líka allir sammála um að það sé gott, ef til þessa starfs velst hæfur maður sem báðir aðilar vinnumarkaðarins bera traust til, að hann fjalli meira um þessi mál en verið hefur.

Þetta frv. gerir líka ráð fyrir því, að sáttasemjari geti haft meira frumkvæði í afskiptum af vinnudeilum en lög um stéttarfélög og vinnudeilur gera nú ráð fyrir. Öll venja, sem skapast hefur, hefur líka orðið á þann veg, að það er í raun og veru æðimikið undir valdi þeirra komið, sem í deilum eiga hvenær sáttasemjari kemur inn í málið. Með þeim breytingum, sem felast í þessu frv., ekki aðeins þeirri, að starf sáttasemjarans sé gert að aðalstarfi, heldur einnig með öðrum ákvæðum frv. er sáttasemjara nú gert að fylgjast miklu nánar með gangi mála á hverju stigi og hann getur gripið inn í ef hann telur að slíkt gæti orðið málum til framdráttar.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég vildi aðeins undirstrika, að þó að menn fallist á að þessi breyting sé gerð á vinnulöggjöfinni, á kaflanum um sáttatilraunir í vinnudeilum, þá er engan veginn þar með sagt að aðilar vinnumarkaðarins séu endilega sáttir við allt sem í þessu er og hefur verið. Þeir vildu kannske gjarnan hafa eitt og annað á annan veg. En um það er ekki að ræða. Það hefur ekki tekist neitt samkomulag annað en það sem kemur fram í þessu frv., og ég held að allir séu sammála um að það út af fyrir sig sé breyting til batnaðar.

Ég vil aðeins taka það fram, að í 9. gr. þessa frv. er sáttasemjara fengið heldur rýmra vald en í núgildandi lögum um tilhögun á atkvgr. um miðlunartill. Þegar um er að ræða fleiri en einn aðila og sama till. getur snert mörg félög eða fleiri en eitt félag, landssamband, landshlutasamtök o. s. frv., þá getur sáttasemjari hagað atkvgr. þannig, að það sé sameiginleg atkvgr. og talið í einu lagi. Heimild til þessa var einnig í núgildandi vinnulöggjöf, en hins vegar má segja að með orðalagi 9. gr. núna, sem svarar til 30. gr. í núverandi vinnulöggjöf, sé þetta kannske nokkru rýmra og sáttasemjari gæti haft heldur rýmri hendur um það, hvaða tilhögun hann hefði á atkvgr. Orðalagið í þessu efni er þó þannig, að þetta skuli gert í samráði við deiluaðila. Og ég undirstrika sérstaklega þann skilning á þessum atriðum, að ekki verði farnar þær leiðir að hafa sameiginlega atkvgr. eða eina allsherjartalningu frá fleiri en einu félagi eða mörgum aðilum nema um það sé samkomulag deiluaðila. Þetta hefur ævinlega verið svo, og ég reikna með því, að svo verði áfram, og legg sérstaka áherslu á að þessi skilningur sé á framkvæmd þessara ákvæða, hann sé réttur eins og ég hef hér túlkað.

Ég endurtek svo að félmn. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 93. fundur.

Þriðjudaginn 2. maí, að loknum 92. fundi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 869). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 717). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24:3 atkv. og afgr. til Ed.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 791). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 872).

Umferðarlög, frv. (þskj. 793). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 873).

Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, frv. (þskj. 603). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 874).

Sáttastörf í vinnudeilum, frv. (þskj. 758 (sbr. 604)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 875).

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, frv. (þskj. 792 (sbr. 612)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 876).

Lyfjalög, frv. (þskj. 816 (sbr. 457), n. 858). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar að undanförnu frv. til lyfjalaga, sem er 242. mál þessa þings og er komið hingað frá Ed.

Hinn 9. mars 1973 skipaði heilbr.- og trmrn. nefnd til þess að endurskoða lyfsölulög, nr. 30 frá 1963. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að heppilegt væri að skipta efni þessara laga niður í þrenn lög, þar sem ein lögin fjalla um lyfjafræðinga, önnur um lyfjabúðir og þriðju lögin um lyfin sjálf og framleiðslu þeirra. Frv. um lyfjafræðinga hefur þegar verið samþykkt sem lög á þessu þingi, en þetta frv. fjallar um lyfin og framleiðslu þeirra.

Heilbr.- og trmrn. sendi till. nefndar þeirrar, er ég gat um í upphafi, eftirtöldum aðilum til umsagnar: Í fyrsta lagi Apótekarafélagi Íslands, í öðru lagi Lyfjafræðingafélagi Íslands, í þriðja lagi Læknafélagi Íslands og í fjórða og síðasta lagi lyfjavöruhóp Félags ísl. stórkaupmanna. Bárust umsagnir frá öllum þessum aðilum og komu þær til athugunar við endanlegan frágang á frv.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta frv., en heilbr.- og trn. mælir einróma með samþykkt þess, með þeim fyrirvara þó, að einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—58. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
59. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 94. fundur.

Þriðjudaginn 2. maí, að loknum 93. fundi.

Lyfjalög, frv. (þskj. 816 (sbr. 457)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 877).

Efri deild, 96. fundur.

Miðvikudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Grunnskólar, frv. (þskj. 68, 819, 832). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 819 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JHelg, StH, AJ, ÁB, EÁ, HÁ, HFS, IT.
nei: JÁH, JGS, OÓ, StJ, StG, AG, BrS, GeirG, GH, IH, ÞK.
RA greiddi ekki atkv.

Brtt. 832 felld með 12:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StH, AJ, ÁB, HÁ, IT, JHelg.
nei: JGS, OÓ, RA, StJ, StG, AG, BrS, GeirG, GH, IH, JÁH, ÞK.
EÁ, HFS greiddu ekki atkv.

Frv. samþ. með 12:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 896).

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 675 (sbr. 462), n. 769 og 829). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:2 atkv.
2.—54. gr. samþ. með 13:3 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:4 atkv.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 856 (sbr. 335)). — Ein umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Menntmn. þessarar hv. d. hefur rætt þá breytingu sem gerð var á frv. í Nd., og fellst n. fyrir sitt leyti á þá breytingu og mælir með því, að hún nái samþykki. En þetta er Ed.-mál eins og kunnugt er.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég fagna því, að Nd. hefur gert þá breytingu á frv. sem raun ber vitni og er efnislega að mestu shlj. till. sem ég flutti við 2. umr. málsins í þessari d., en var þá felld. Ég tel að vísu að orðalag á greininni, sem um ræðir, hafi ekki breyst til batnaðar í brtt. Eins og ég flutti hana var þetta orðað á þá leið, að heimilt væri að ráða rithöfund, tónskáld eða aðra höfunda til starfa hjá Þjóðleikhúsinu í allt að eitt ár, en í þeirri útgáfu, sem Nd. hefur samþykkt, er orðið „tónskáld" fellt niður. Ég hef að vísu ekki orðalagið fyrir framan mig, en þetta mun vera orðað þannig: „Þjóðleikhúsinu er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa, að ráða til starfa leikritahöfund eða aðra höfunda allt að einu ári." Ég lít svo á, að í orðinu „höfundur" geti hugtakið tónskáld innifalist, og lít því svo á, að efnislega sé hér um alveg sömu till. að ræða. Það segir sig sjálft, að vel getur komið til greina að höfundur, sem ráðinn yrði að Þjóðleikhúsinu, fengist við að semja meira en ritað orð. Um gæti verið að ræða samningu óperu eða söngleiks. Ég tel að það sé ekki síður ástæða til þess að heimilt sé að ráða mann af því tagi. Orðið „höfundur" er vissulega víðtækt orð. Vil ég undirstrika það hér, að ég leyfi mér að skilja það orð þessum víðtæka skilningi, að í því geti einnig falist að heimilt sé að ráða tónskáld, enda þótt orðið hafi fallið niður við afgreiðslu Nd. á málinu.

Ég sem sagt vil undirstrika, að ég tel ekki að túlka megi þá breytingu á till. á þann veg, að tónskáld séu útilokuð þegar um það er að ræða að ráða höfunda að Þjóðleikhúsinu. Að öðru leyti lýsi ég eindregnum stuðningi mínum við þessa breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 897).

Lögréttulög, frv. (þskj. 866 (sbr. 365)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 867 (sbr. 406)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 868). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heyrnleysingjaskóli, frv. (þskj. 796). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 720). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 898).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 869). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mál þetta hefur verið til meðferðar í hv. Nd. og sætt þar venjulegri meðferð. Um málið hefur sérstaklega verið fjallað af formönnum allshn: beggja d. ásamt skrifstofustjóra Alþingis og hafa þeir farið yfir upphaflega frv., sem lagt var fram, og bætt inn þeim mönnum, sem sótt hafa um ríkisborgararétt síðan og fullnægja þeim skilyrðum, sem sett voru af Alþ. á sínum tíma fyrir veitingu ríkisborgararéttar með sérstakri þáltill. Þær reglur er að finna í nál. á þskj. 830.

Alls eru þeir aðilar, sem veittur er ríkisborgararéttur, 36, en voru 17 í upphaflega frv.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 717). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hér liggur fyrir til umr. frv. til l. um jöfnunargjald. Með frv. þessu er lagt til að sérstakt gjald verði lagt á innfluttar iðnaðarvörur til að vega upp á móti þeim söluskatti sem verður hluti af framleiðsluverði innlends varnings.

Við myndun markaðssamstarfs landa Vesur-Evrópu á sjötta áratugnum — Efnahagsbandalags Evrópu og Fríverslunarsamtaka Evrópu — kom fljótlega í ljós að hin mismunandi kerfi söluskatta þessara landa röskuðu að ýmsu leyti samkeppnisaðstöðu framleiðslugreina þessara lands eftir því hvaða skattkerfi var í gildi. Var það talið verka sem hemill á þá fríverslun sem stefnt var að. Í sumum löndum var innheimtur svonefndur fjölstigasöluskattur er lagðist á heildsöluverð á hverju viðskiptastigi og gat því lagst oft á sömu vöruna á leið hennar um hin ýmsu viðskiptastig frá framleiðanda til endanlegra kaupenda. Í öðrum löndum var innheimtur svonefndur einsstigs söluskattur, en hann er krafinn aðeins á einu viðskiptastigi, t. d. heildsölustigi eða smásölustigi.

Söluskattur á Íslandi er almennt bundinn við síðasta viðskiptastig og er því einsstigs söluskattur þótt frá þeirri meginreglu séu nokkrar undantekningar. Í enn öðrum löndum var í gildi svonefndur virðisaukaskattur. Hann er fjölstigaskattur er greiðist á hverju viðskiptastigi. Við skil á skatti þessum til ríkissjóðs má fyrirtæki draga frá álögðum skatti af heildarsölu þann skatt sem það hefur greitt við kaup á vörum og hvers konar aðföngum til framleiðslunnar.

Til þess að koma í veg fyrir að þessi mismunandi skattkerfi röskuðu innbyrðis samkeppnisaðstöðu aðildarlanda var fljótlega hafist handa um að samræma söluskattskerfin. Má nú heita að öll aðildarlönd Efnahagsbandalagsins og Fríverslunarsamtakanna — að Finnlandi og Íslandi undanskildum hafi samræmt söluskattskerfi sín með því að taka upp virðisaukaskatt. Þetta skattkerfi felur í sér m. a., að enginn skattur er innifalinn í verði útfluttrar vöru og þjónustu þar sem uppsöfnunaráhrifa gætir ekki frá virðisaukaskattkerfi.

Í grg., er fjmrn. birti um virðisaukaskatt, er fjallað ítarlega um þá uppsöfnun, sem á sér stað á söluskatti hér á landi, og áhrif hennar á samkeppnisaðstöðu. Í álitinu segir m. a.:

„Uppsöfnunaráhrifin valda ófyrirsjáanlegri mismunun á samkeppnisaðstöðu hinna ýmsu atvinnugreina og framleiðsluaðferða. Þau geta þar með haft áhrif á val neytenda á neysluvörum, og þau hafa tilviljunarkennd áhrif á samkeppnisaðstöðu íslenskra framleiðsluvara, bæði á erlendum og innlendum markaði, í samkeppni við erlendis framleiddar vörur."

Með frv. þessu er jöfnuð að verulegu leyti sú mismunun sem íslenskur iðnaður hefur búið við. Áætlað er, að tekjur af jöfnunargjaldi muni nema 675 millj. kr. á árinu 1978, en tæpum 1100 millj. árið 1979. Gert er ráð fyrir að hluta af þessum tekjum verði varið til eflingar iðnþróun samkvæmt því er ákveðið verður í fjárl. ár hvert, en árið 1978 verði það með ákvörðun ríkisstj. Þ. á m. er gert ráð fyrir að hluta gjaldsins verði varið til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti, til eflingar útflutningsmiðstöð iðnaðarins og markaðsöflun fyrir íslenskar iðnaðarvörur, til undirbúnings og skipulagningar tæknistofnunar fyrir iðnaðinn, til eflingar tækniaðstoð við iðnfyrirtæki, til starfsþjálfunar og eftirmenntunar faglærðs og ófaglærðs fólks er við iðnað starfar, til að auka stuðning við nýiðnaðarverkefni og til eflingar vöruþróun.

Ég vil að þessu mæltu, herra forseti, leyfa mér að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Vænti ég þess, að hún og d. hafi aðstöðu til að afgreiða þetta frv. áður en þingi lýkur.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég fagna fram komnu frv. til l. um jöfnunargjald. Ég held að það sé vafalaust, eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., að þörf er á aðgerðum til þess að jafna aðstöðumun milli íslensks iðnaðar og erlends, sem nú fær að flytja inn í landið án tollverndar og nýtur forréttinda. Ég þarf ekki að rekja það, það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., á hvern máta þetta verður. Fyrst og fremst valda mismunandi söluskatts- eða virðisaukakerfi sem gilda í viðskiptalöndum okkar.

Frv. þetta hefur verið nokkuð lengi á döfinni og hefur verið mikið áhugamál Félags ísl. iðnrekenda. Það var til umr. manna á meðal hér á þinginu áður en það var lagt fram. M. a. hefur í þeim umr. verið töluvert um það rætt, á hvern máta beri að ráðstafa þessu jöfnunargjaldi, og fyrir hafa legið till. frá Félagi ísl. iðnrekenda um það, sem mér er kunnugt um að hafa verið ræddar við hæstv. ráðh. og ég efast raunar ekki um í hæstv. ríkisstj.

Í frv., eins og það liggur nú fyrir, kemur hins vegar ekkert fram um þessa skiptingu. Ég vil því leyfa mér að bera fram spurningar til hæstv. fjmrh. um hugmyndir hans, ef ég má kalla það svo, um ráðstafanir hans á þessu jöfnunargjaldi eða, ef fyrir liggja um hugmyndir hæstv. ríkisstj.

Í frv., 3. gr. þess, er gert ráð fyrir því, að tekjum af gjaldi þessu, er til falla árið 1978, verði ráðstafað samkv. ákvörðun ríkisstj. Um það hefur verið rætt, að uppsafnaður söluskattur verði endurgreiddur. Það var gert fyrir árið 1974 og ákveðið hefur verið að gera það fyrir árið 1977. Árin 1975 og 1976 hafa ekki verið verið endurgreidd, en um það hafa hins vegar komið fram óskir og raunar kröfur. Um það hefur jafnframt verið talað við undirbúning þessa frv., að jöfnunargjald það, sem innheimtist nú í ár, verði að hluta notað til þess að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt 1975 og 1976. Nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hann sé því fylgjandi og muni leggja til að uppsafnaður söluskattur 1975 og 1976 verði endurgreiddur.

Einnig, eins og raunar kemur fram í frv., hefur verið gert ráð fyrir að verja hluta af þessu gjaldi til eflingar iðnþróun. Í till., sem fyrir liggja frá Félagi ísl. iðnrekenda um það efni, er sú skipting gefin sem Félag ísl. iðnrekenda leggur áherslu á. Ég ætla ekki að spyrja um einstaka liði, en ég vil þó spyrja um fjármagn til tæknistofnunarinnar, sem heitir eftir meðferð Nd. Iðntæknistofnun Íslands. Í frv. til l. um Iðntæknistofnun Íslands er beinlínis gert ráð fyrir tekjum af þessu jöfnunargjaldi og í trausti þess gert ráð fyrir því að fella niður tekjur sem Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur nú. Það er því mikilvægt fyrir þessa hv. d. að vita hvort ráð muni vera gert fyrir því, að Iðntæknistofnunin fái af þessu jöfnunargjaldi fjármagn sem a. m. k. nemur þeim tekjum sem stofnunin missir, sem munu vera, ef ég veit rétt, um 23 millj. kr.

Í þessu frv. er jafnframt gert ráð fyrir því, að á fjárl.

hvers árs verði jöfnunargjaldinu ráðstafað. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann geri ráð fyrir því, a. m. k. ef hann verður fjmrh. áfram, að hluti af þessu jöfnunargjaldi fari til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti og hluti að sjálfsögðu til eflingar iðnþróun, eins og fram er tekið reyndar í frv.

Ég vil taka það fram, að ég tel ekki óeðlilegt að ríkissjóður hafi einhvern hluta af þessu jöfnunargjaldi til eigin þarfa. Aukin launahækkun, sem af þessu stafar, mun valda aukinn greiðslubyrði ríkissjóðs, svo að mér finnst það vera skiljanlegt. Ég tel hins vegar að eðlilegt sé að nota meginhluta þessa jöfnunargjalds til þess að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt og efla íslenska iðnþróun.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af orðum hv. 2. þm. Vestf. vil ég segja þetta: Það hefur ekki nú þegar verið ákveðið með hvaða hætti þessum áætluðu 675 millj. kr. verður skipt, þ. e. a. s. hver verður hluti ríkissjóðs og hvað verður til ráðstöfunar eins og sagt er í þessu frv. Ég er því ekki viðbúinn því að gera grein fyrir hverjum upphæðum verður ráðstafað til einstakra þátta. En ég sagði áðan í ræðu minni að m. a. yrði þetta fjármagn notað til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti, og ég tel að endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts 1975 og 1976 eða 1978, 1979 og 1980, því að frv. gerir ráð fyrir að þessi lög standi til ársloka 1980, komi til greina í sambandi við nýtingu eða ráðstöfun á þessu gjaldi. Ég vona að það, sem ég nú hef sagt, skýri fullkomlega að endurgreiðsla á uppsöfnuðum söluskatti er hugsuð og þá kemur hvort tveggja til greina, það sem ekki hefur verið greitt 1975 og 1976

Fjárlög 1978 gera ráð fyrir endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti 1977 — og þá aftur 1978, 1979 og 1980

Síðan vék ég að því, að það væri hugmynd m. a. að nota eitthvað af þessu til eflingar Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og markaðsöflun fyrir íslenskar iðnaðarvörur, til undirbúnings og skipulagningar tæknistofnunar fyrir iðnaðinn og til eflingar tækniaðstoð við iðnfyrirtæki, til starfsþjálfunar og eftirmenntunar faglærðs og ófaglærðs fólks, er við iðnað starfar, til að auka stuðning við nýiðnaðarverkefni og til eflingar vöruþróun. Ég held að þessi atriði séu þau sem iðnrekendur hafa bent á og gert till. um. En í fyrsta lagi voru hugmyndir þeirra um hærra gjald en þetta frv. gerir ráð fyrir og síðan að ekki hafði verið komin niðurstaða eða útreikningar á hver væri t. d. kostnaður ríkissjóðs af álagningu þessa gjalds. Ekki hefur því fengist endanleg niðurstaða um hvernig gjaldið skiptist á milli annars vegar ríkissjóðs og hins vegar til þeirra þátta í sambandi við þróun iðnaðarins sem ég gat um.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma að hæstv. fjmrh. skyldi ekki svara betur eða beint þeirri fsp. sem hv. 2. þm. Vestf. beindi til hans varðandi endurgreiðslu á söluskatti fyrir árin 1975 og 1976 af því jöfnunargjaldi sem hér er til umr. Tilkoma þessa frv. er samkv. hugmyndum iðnrekenda til þess eins að reyna að pína út úr fjmrn., fjmrh. og ríkissjóði endurgreiðslu á peningum sem þegar eru komnir í ríkissjóð og hefur alltaf staðið til í hugum iðnrekenda að skyldi endurgreiða, enda hefur ríkissjóður endurgreitt hluta, þ. e. til 1975, og stendur til að endurgreiða eftir 1976 uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum. Ég ítreka því fsp. hv. þm. Steingríms Hermannssonar til fjmrh. og óska eftir hreinu og beinu svari: Stendur til að endurgreiða, verði þetta frv. samþykkt, uppsafnaðan söluskatt af útflutningsafurðum eða iðnaðarvörum fyrir árið 1975 og 1976? Og ég óska ekki eftir loðnu svari.

Varðandi þennan uppsafnaða söluskatt, sem mikið hefur verið talað um, flutti ég á sínum tíma þáltill. í Sþ. á þskj. 96, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að endurgreiða fyrir júnílok 1978 uppsafnaðan söluskatt af útfluttum iðnaðarvörum áranna 1975, 1976 og 1977."

Þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir hefur mér ekki tekist að fá þessa þáltill mína rædda í Sþ., og það svar, sem ég hef fengið frá hv. formanni fjvn., er að þeir væru ekki tilbúnir að afgreiða hana úr n. Mér er alveg óskiljanlegt hvernig á því stendur. Það, sem ég hef í huga sem ástæðuna, vil ég ekki segja í þessum ræðustól. En ég vona að hæstv. fjmrh. skilji og viti nákvæmlega hvað ég á við.

Þetta frv. til l. um jöfnunargjald er að mínu viti mjög slæmt, vegna þess að hér er verið að leggja á slíkt gjald — ég ætla að biðja hæstv. fjmrh. að taka eftir því sem ég segi — að það næsta, sem hentar íslenskum iðnaði, er að óska eftir því að þjóðin kaupi erlendan iðnaðarvarning til þess að styrkja íslenskan iðnað. Því meira sem keypt er af honum, þeim mun hærri upphæð skapa þessi 3% til skiptanna. Þetta er furðulegt gjald, fyrir utan að vera tvísköttun. Það er uppsafnaður söluskattur í ríkissjóði, sem ríkissjóður á að skila, en iðnrekendur voru beðnir um að koma með till. um gjaldtöku til þess að ríkissjóður gæti aflað tekna til að standa í skilum. Og þetta er till. sem hér liggur frammi í formi frv. til l. um jöfnunargjald.

Það liggur ekki fyrir nein sundurliðun á því, hvernig á að ráðstafa þessu fé, sem á þessu ári yrði eitthvað á sjöunda hundrað millj. — á ársgrundvelli yfir milljarð a. m. k. — sem hefur bein áhrif á allt verðlag og þar að auki, eftir því sem fram kom hjá fulltrúa Alþýðusambands Íslands þegar hann kom á nefndarfund, nákvæmlega sömu áhrif á Alþýðusambandið og ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum, þó í minna mæli sé. Og ég held að allir séu búnir að fá sig fullsadda af þeim.

Ég ætla að endurtaka það, að þetta er slæmt frv., fyrir utan að þessu frv. er ekki eingöngu ætlað að standa undir aðstoð eða uppbyggingu á íslenskum iðnaði eða auka atvinnutækifæri eða styrkja hann til endurnýjunar. Það er langt frá því. Það er eins og þetta frv. sé líka notað, í þetta skipti eins og öll önnur skipti, til að gera hugmyndir, sem eiga að standa undir einhverju ákveðnu, að tekjulind fyrir ríkissjóð. Það eru ekki orðið til nein samskipti, hvorki opinberra aðila þeirra á milli né við fyrirtæki eða einkaaðila, svo að ríkið sé ekki að einhverju leyti með klærnar inni í innheimtu eða gjaldtöku. Og nú er nóg komið.

Það allra minnsta, sem hægt er að gera hér, er að það komi skýrt fram, hvernig á að ráðstafa væntanlegum tekjum, þannig að þjóðin sjái, og ég tala nú ekki um þm. viti nákvæmlega hvað þeir eru að samþykkja. En þetta er frv., sem þeir aðilar, sem komu á fund fjh.- og viðskn., sameinaða fundi, vöruðu við. Ég man ekki eftir neinum öðrum en iðnrekendum sjálfum sem hafa mælt með samþykkt þessa frv., og ég verð að álíta að þeir geri það að óathuguðu máli, því að þetta gerir ekki annað en að hvetja til þess að kaupa erlendar iðnaðarvörur til að styrkja íslenskan iðnað.

Ég ætla ekki að rekja frekar efni þessa frv., en þó

langar mig til að benda á, að í aths. við 3. gr. segir svo: „Gert er ráð fyrir að tekjum af jöfnunargjaldi verði að hluta til varið til eflingar iðnþróunar." Ég reikna með að hitt fari beint í ríkissjóð. Ég á eftir að sjá það, að ríkissjóður haldi áfram að endurgreiða söluskattinn. En neðar í þessum sömu aths. segir: „Lagt er til að ríkisstj. ráðstafi því fé er innheimtist árið 1978, og mun því fyrst og fremst varið til þeirra viðfangsefna á sviði iðnaðar sem upp eru talin á fjárlögum fyrir árið 1978." — Það er ekki sagt hvort það eigi að koma til aðstoðar því, sem talað er um í fjárl., eða hvort á að gera eitthvað meira á því sviði sem talið er upp í fjárl. 1978. Búið er að taka ákvörðun um það á fjárl., hversu mikið á að gera á þessu sviði, þ. e. a. s. á sviði iðnaðar, en þetta er sem sagt viðbót við fjárl., hvort sem það á að auka verkefnin eða ríkissjóð vantar tekjur til að standa undir þeim fjárl. sem þegar er búið að samþykkja. Þetta er allt jafnóljóst.

Ég vil svo undirstrika það, að þeir aðilar, sem komu á fundi fjh.- og viðskn. og voru beðnir að láta í ljós skoðun sína á þessu jöfnunargjaldi, töldu það vera verðbólguhvetjandi og mæltu á móti samþykkt þess. Það voru m. a. fulltrúar frá Iðju og frá Alþýðusambandinu og fyrir fjh.- og viðskn. lá líka samþykkt framkvæmdastjórnar Verslunarráðs Íslands

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil ekki fallast á að ég hafi gefið loðin svör við fsp. hv. 2. þm. Vestf. Ég vil og vekja athygli á því, að í framsöguræðu minni gat ég þess, til hvers jöfnunargjaldinu skyldi varið í þágu iðnaðarins. Ég nefndi fyrst endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Þar koma til greina árin 1975, 1976, 1978, 1979 og 1980. (**AG:** Þetta er loðið, það kemur til greina, stendur það til? Það er það sem ég spurði um.) Meðan ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um hvernig þessu skuli varið, þá get ég ekki svarað því. Ég get sagt, eins og ég sagði, að ætlunin er að nota þetta gjald m. a. til endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ég taldi upp fleiri atriði sem ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hér, en það eru allt, eins og ég sagði áðan, hugmyndir sem komið hafa frá samtökum iðnaðarins og fulltrúum þeirra.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Við umr. í Nd. var sýnt fram á með ljósum rökum að jöfnunargjaldið, sem hér er um að ræða, kemur alls ekki í stað endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti, svo sem í veðri er látið vaka. Einnig var gerð grein fyrir því, að jöfnunargjaldið mun verka eins og nýr skattur með verðbólguhvetjandi afleiðingum.

Ég hlýt að taka undir með hv. 12. þm. Reykv. gagnrýni hans á meðferð á till. í Sþ. varðandi uppsafnaðan söluskatt, þeirri meðferð sem hún hefur þar hlotið. Það er óskiljanlegt að þessi till. skuli ekki hafa komið úr n. Ég verð að viðurkenna að ég get alls ekki rennt grun í hinar óttalegu hugrenningar hans, sem hann gerði grein fyrir áðan, grunsemdir hans um hvatningar sem að baki þessari tregðu liggja, en leyfi mér sjálfur að bera fram vingjarnlegustu tilgátuna, sem er beinlínis sú, að ríkisstj. fremur en hæstv. fjmrh. sem slíkur hafi bara ákveðið að svíkja gefin fyrirheit í þessu máli.

Auðvitað eru svör hæstv. fjmrh. við fsp. þm. hérna loðin, að ætlunin sé, að fyrirhugað sé að verja þessu gjaldi til greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Hv. þm. vita ósköp vel og hafa fyrir sér reynslu af því og það er frá næstliðnum dögum og síðan í gær, en þá var hér til umr. hvernig hæstv. fjmrh. hefur notað fé, sem er miklu fastar skilorðsbundið en þetta, til annars konar ráðstöfunar en þeirrar sem ætlað var. Það kom fram við umr. hér í þessari d. í gær, með hvaða hætti hæstv. fjnrh. varði fjárveitingum sem bundið var með lögum frá hv. Alþ. að fara skyldu til rannsóknarstarfa á vegum Orkustofnunar, til þess að greiða með vanskilaskuldir. Og ég get alls ekki, enda þótt ég vilji síður en svo bera hæstv. fjmrh. á brýn neins konar undirhyggju og enn þá síður óheiðarleika, — ég get eigi að síður alls ekki tekið mark á yfirlýsingum af þessu tagi og hef fullkomna ástæðu til þess að ætla að það fé, sem næst inn með jöfnunargjaldinu, sé beinlínis í voða.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil taka undir þau ummæli, sem hér hafa komið fram í d., að óviðfelldið er að leggja á þjóðina nýja skatta og skjóta sér undan því að skilgreina til fulls, í hvað þeir eiga að lenda, ekki síst þegar við heyrum og finnum að þetta eru í raun og veru peningar sem þegar er búið að leggja á þjóðina og innheimta, sem á að greiða að hluta. Það er þannig verið að tvítaka hluta af þessu, en hitt, sem eftir stendur, fáum við ekki að vita með fullu hvernig hugsað er að nota. Ég held einnig að það sé í raun og veru ákaflega óvenjulegt að slíkt gjald sé lagt á eins og hér er á ferðinni. Þess vegna vil ég taka mjög ákveðið undir ummæli hv. 12. þm. Reykv., Alberts Guðmundssonar, um leið og ég enda þessi fáu orð með því að lýsa því yfir að ég er alfarið á móti þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Embættisgengi kennara og skólastjóra, frv. (þskj. 625 (sbr. 297), n. 834, 835). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er Nd.-mál og felur í sér ákvæði varðandi skilyrði sem fullnægja þarf til þess að vera settur eða skipaður kennari við skyldunámsskóla, framhaldsskóla, þ. á m. menntaskóla og sérskóla. Hæstv. menntmrh. greindi ítarlega frá efni frv. við 1. umr. í hv. þd. og sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekar í efni frv., enda eru ítarlegar skýringar við greinar þess.

Menntmn. þessarar hv. d. fjallaði um málið og mælir með samþykkt þess, eins og fram kemur í nál á þskj. 834, en flytur brttm sem er að finna á þskj. 835. Við afgreiðslu málsins í n. var Þorv. Garðar Kristjánsson fjarverandi.

Það er ákvæði til bráðabirgða sem hér um ræðir. Í fyrsta lagi leggjum við til, að orðin „19. gr." falli burt. Það virðist aðeins farið að bera á því, að í stjfrv. sé farið að greinanúmera ákvæði til bráðabirgða. Það hefur komið fyrir áður hér í hv. d., að við höfum breytt slíku.

Bráðabirgðaákvæðið felur það í sér, að við gildistöku þessara laga geti þeir, sem hafa starfað sem kennarar um ákveðinn tíma, — það er lagt til í frv. 6 ár eða lengur, en brtt. n. er um að stytta tímann í 4 ár eða lengur, — en fullnægja ekki skilyrðum laganna til að hljóta skipun í stöður, átt kost á að ljúka námi á vegum Kennaraháskóla Íslands og öðlast slík réttindi.

Á undanförnum árum hefur orðið að setja til kenn-

arastarfa allmargt manna sem ekki hafa full kennsluréttindi samkv. gildandi lögum og geta því ekki hlotið skipun í kennarastöður. Í umr. um þessi mál hefur verið bent á, að æskilegasta lausnin á vanda þessara kennara sé að greiða þeim leið til að afla sér fullra réttinda með viðbótarnámi. Í þessu ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir sérstöku átaki við gildistöku laganna um embættisgengi kennara á þann veg, að þeim, sem þá hafa starfað sem settir kennarar við skyldunámsskóla samkv. till. n. 4 ár eða lengur, skuli gefinn kostur á að ljúka á vegum Kennaraháskólans réttindanámi er verði sérstaklega skipulagt í því skyni. Gert er ráð fyrir því, að um tilhögun námsins og mat á fyrri menntun og starfsreynslu verði sett nánari ákvæði í reglugerð.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til þess að orðlengja frekar um frv. og mæli með því, að það verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef tilgreint.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 835 samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395, n. 843). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijarðirnar Kroppsstaði og Efstaból í Mosvallahreppi. Þegar þetta frv. kom til 1. umr. og kom þá frá Nd. urðu um það nokkrar umr. og ég sé þess vegna ekki ástæðu til að rekja efnisþætti frv. Það á öllum að vera ljóst, hvernig það liggur fyrir. En að athuguðu máli hefur landbn. gefið út svofellt nál., sem er á þskj. 843:

„N. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt í fullu trausti þess, að sveitarstjórn Mosvallahrepps sjái fyrir því, að áformuð jarðasala raski ekki búskaparaðstöðu bænda í sveitarfélaginu."

Undir þetta nál. skrifa allir nm. í landbn. Er það því einróma álit n. að leggja til að frv. verði samþykkt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég fagna þeim fyrirvara sem kemur fram í nál. þess efnis, að sveitarstjórn Mosvallahrepps sjái fyrir því, að áformuð jarðasala raski ekki búskaparaðstöðu bænda í sveitarfélaginu. Ég tel að þarna sé tekið tillit til þess, sem kom fram við 1. umr. um þetta mál. Hins vegar er mér ekki alveg ljóst, hvort það sé í raun og veru ekki landbrn., sem á þessar jarðir og fer með þær, sem þarf að sjá til þess að svo verði, að þarna verði ekki raskað búskaparaðstöðu. Nú er mér alveg ljóst, að þetta gefur til kynna einróma vilja landbn., að þess verði gætt að búskaparaðstöðu verði ekki raskað. Ég efast um að nokkur maður hafi í huga að búskaparaðstöðuverði raskað. Mér sýnist hins vegar að þetta verði betur tryggt með því að taka þennan fyrirvara n. inn í tillgr., þannig að landbrn. beri jafnframt að gæta þess við ráðstöfun á jörðunum. Því vil ég leyfa mér að flytja brtt. svo hljóðandi:

„Á eftir orðunum „sem um semst" komi: „enda raski áformuð jarðasala ekki búskaparaðstöðu bænda í sveitarfélaginu."

Þetta er eins og ég sagði áðan tekið nokkurn veginn óbreytt upp úr nál. og með þessu hyggst ég undirstrika þann vilja sem kemur fram hjá hv. landbn. E. t. v. óttast einhverjir að þetta mál komist ekki í gegnum þingið, ef þessi brtt. verður samþykkt. Ég held að það sé alveg ástæðulaust. Við erum nú með frv. eftir 1. umr. til 2. umr., sem að sjálfsögðu eiga eftir að fara í gegnum Nd., og mér sýnist að þetta mál geti vel fylgt þeim frv. og ekki þurfi að óttast að það nái fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl brtt. (sjá þskj. 886) samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á þeirri brtt. sem hér er lögð fram, því að ég vil taka það fram, að í umr. í landbn. Ed. kom í ljós að við höfðum fullt traust á hreppsnefnd Mosvallahrepps til þess að fjalla um þetta málefni. Ég verð að segja að mér finnst ekki vera rétt af Alþ. að vantreysta heimamönnum til þess að hlutast til um mál sem þetta. Ég hef að vísu ekki borið það undir meðnm. mína í landbn., hvort þeir séu samþykkir þessari brtt. eða ekki, en ég dreg það mjög í efa eftir þær umr. sem urðu í n. Við töldum að það væri mjög eðlilegt, að það væri hreppsnefndin sem hefði síðasta orðið um hvernig með þessi mál yrði farið heima fyrir. Og ég verð að segja fyrir mig, að ég ber fyllsta traust til hreppsnefndar Mosvallahrepps til að sjá þessu máli farsællega borgið þannig að allir geti vel við unað heima fyrir.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég get nú notað sömu orð og hv. 6. þm. Suðurl. Ég get lýst furðu minni. Ég taldi mig vera að undirstrika þann vilja sem kemur fram hjá hv. landbn. Ég hef ekki lýst nokkru vantrausti á hreppsnefnd Mosvallahrepps. Hins vegar get ég einnig upplýst það, að ég hef rætt við landbrn. um málið, sem hefur lýst furðu sinni á því, að svona mikið kapp skuli lagt á að selja þessar jarðir sem eru í leigu til 1981. Það eru fleiri sem geta lýst furðu sinni en hv. 6. þm. Suðurl. Ég satt að segja skil þetta ekki.

En ég vil ekki vera að bregða fæti fyrir þessa samþykkt fyrst hv. landbn. hefur athugað málið. Ég veit að hún ræddi við þann bónda, sem hér er um að ræða, um það hvort búskaparaðstaða er þarna í hættu. Ég vil og þakka hv. landbn. fyrir það, sem kemur fram í nál. hennar. En það er landbrn., sem selur jarðirnar. Landbrn. fer með eignarrétt á þessum jörðum fyrir hönd ríkissjóðs og því er ég ekki síst að beina þessu til landbrn. auk hreppsnefndar Mosvallahrepps. Ég held að báðir aðilar þurfi að vera sér þess fyllilega meðvitandi, hvað hér er um að ræða. Ég veit að hér inni er enginn sem vill raska búskaparaðstöðu þeirra manna, sem þarna hafa aðstöðu.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Þetta er eingöngu til að undirstrika það og til þess að tryggja að þessi vilji hv. landbn. og ég vona hv. d. allrar komi skýrt fram.

ATKVGR.

Brtt. 886 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Byggingarlög, frv. (þskj. 859 (sbr. 390)). — Eitt umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. Nd. hefur gert nokkrar breytingar á þessu frv. og því kemur það á nýjan leik til okkar. Þessar breytingar eru allnokkrar að vöxtum, aðallega fyrir það að Nd. hefur fellt niður úr frv. fjórar frvgr. sem hv. Ed. setti inn í frv. Það er um að ræða almennar reglur um byggingarmeistara. Nd. hefur fellt þessar reglur niður á þeirri forsendu, að þessar reglur væri að finna í öðrum lögum og reglugerðum og væri því óþarft að hafa þessar frvgr. inni í þessum lögum.

Ég verð að segja, að ég tel að það sé betri lagagerð að hafa þessar frvgr. inni í lögunum, en hins vegar er hér um algert formsatriði að ræða og þess vegna hefur hv. félmn. Ed. fallist á að láta kyrrt liggja og samþykkja þessar breytingar og aðrar breytingar sem hv. Nd. hefur gert á frv., því að þær eru ekki efnisbreytingar, heldur minni háttar formbreytingar eða leiðréttingar á númerum greina, sem leiðir af því að fjórar greinar eru felldar niður. Félmn. mælir því með að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 899).

Söluskattur, frv. (þskj. 490, n. 826, 870). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað og fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 1974, um söluskatt. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt. Albert Guðmundsson skilar séráliti, en fjarverandi afgreiðslu málsins var Ragnar Arnalds.

Hér er um að ræða breytingu á viðurlögum sem falla á ef söluskattur er ekki greiddur á réttum tíma, og einnig er um að ræða hækkun á dráttarvöxtum sem greiða þarf ef um vanskil á söluskatti er að ræða. Þessi breyting er gerð vegna þess að vextir í landinu hafa hækkað mjög að undanförnu og þess vegna orðið verulegt ósamræmi á milli þeirra viðurlaga, sem hér um ræðir, og dráttarvaxta og þeirra vaxtakjara sem gilda á rekstrarfé og skuldum almennt.

N. gerir till. um að það verði gerð breyting á 2. gr. frv. Þar stendur að lög þessi öðlist gildi 25. apríl 1978. Um það er vart að ræða að svo geti orðið, og þess vegna gerir n. þá till., að lögin öðlist gildi 15. maí 1978 verði frv. samþykkt.

Ég vil að lokum aðeins endurtaka að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Oft hefur hvarflað að mér sú spurning, hve ríkissjóður og aðrir opinberir innheimtuaðilar hafi mikið upp úr öllum þeim sektum og kvöðum sem innheimtar eru af annars heiðarlegu fólki. Hvað eru þessar sektartekjur ríkissjóðs miklar? Hvað eru þær stór hluti af heildartekjum ríkissjóðs?

Ástæðan fyrir því, að ég mun greiða þessu frv. mótatkv., er sú, að oft er það svo að skilvísasta fólk, sem er söluskattsskylt, hefur ekki innheimt skattinn þegar greiðslu er krafist. Þessir aðilar verða að sæta þeim afarkostum fram yfir aðra innheimtumenn ríkistekna, að þeir eru með lögum skyldaðir til þessara starfa endurgjaldslaust gegn vilja sínum og hljóta peningasektir fyrir hafi þeir þau eðlilegu samskipti við viðskiptavini sína að eiga við þá lánsviðskipti, því að ef svo er hafa þeir ekki tekið á móti söluskattinum á gjalddaga hans. Mér er næst að segja, að aldrei hafi nein stétt verið meiri órétti beitt og aldrei hafi svo margir verið pískaðir áfram kauplaust í skjóli laga. Því mun ég greiða þessu frv. mótatkv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 870 samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13:1 atkv.

Sala eyðijarðarinnar Kollsvíkur í Rauðasandshreppi, frv. (þskj. 452, n. 844). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur rætt frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi. Borist hafa umsagnir til n. bæði frá jarðadeild landbrn., þar sem mælt er með að frv. verði samþ., og eins hefur borist umsögn frá Landnámi ríkisins, þar sem nokkur grein er gerð fyrir málinu. Niðurstaða þeirrar grg. er sú, að Landnámið mælir með því, að jörðin verði seld Össuri Guðbjartssyni bónda á Láganúpi.

Þarna er um að ræða eyðibýli og það er talið eðlilegt af þeim mönnum, sem um þetta hafa fjallað, að byggðin á Láganúpi verði styrkt með því, að bóndanum þar verði gefinn kostur á því að kaupa eyðibýlið Kollsvík og það muni stuðla að því, að byggð haldist á þessum stað, en á þessu svokallaða Kollsvíkursvæði er aðeins einn bóndi eins og er og langt til annarrar byggðar.

Ég held að ekki sé ástæða til þess að rekja þetta nánar, en bæði hreppsnefnd Rauðasandshrepps og jarðanefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hafa mælt með þessari jarðasölu við Landnámið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 97. fundur.

Miðvikudaginn 3. maí, að loknum 96. fundi.

Verðlag, samkeppnishömlur og óréttmætir viðskiptahættir, frv. (þskj. 675 (sbr. 462)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 901).

Embættisgengi kennara og skólastjóra, frv. (þskj. 889 (sbr. 397)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Sala eyðijarðanna Kroppsstaða og Efstabóls í Mosvallahreppi, frv. (þskj. 395, 886). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 886 felld með 9:5 atkv.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 902).

Söluskattur, frv. (þskj. 895). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Sala eyðijarðarinnar Kollsvíkur á Rauðasandshreppi, frv. (þskj. 452). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 39, n. 878, 879). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til meðferðar frv. til iðnaðarlaga og skilar nál á þskj. 878. N. fékk á sinn fund fulltrúa Landssambands iðnverkafólks og sömuleiðis fulltrúa Iðnsveinaráðs ASÍ. Ástæðan til þess, að þessir menn voru beðnir að mæta á fundi n., er sú, að í þeim 7 umsögnum, sem n. bárust, komu fram skiptar skoðanir einkum um einn þátt þessa frv.

Í 8. gr. segir: „Ráða má þó verkafólk til iðnaðarstarfa." Ýmsar umsagnir, eins og t. d. frá Iðnnemasambandi Íslands, Sveinafélagi skipasmiða, Múrarafélagi Íslands og Málm- og skipasmiðasambandi Íslands, vara við þessari breytingu á gildandi löggjöf. Í gildandi löggjöf er þessi heimild til þess að ráða verkafólk til iðnaðarstarfa háð samþykki viðkomandi sveinafélags.

Þeir fulltrúar, sem mættu á fundi n., voru báðir þátttakendur í nefnd þeirri, sem samdi umrætt frv., og höfðu kynnt sér þetta atriði vel. Fram kom að þetta ákvæði um samþykki sveinafélaga er mjög sjaldan notað, slíks samþykkis er yfirleitt ekki leitað þegar um einstakar ráðningar er að ræða. Einnig hefur farið í vöxt að verkafólk, sem vinnur iðnaðarstörf, hefur verið tekið inn í viðkomandi félög og þannig nánast orðið aðili að þeim kjarasamningum, sem þessi félög gera fyrir hönd meðlima sinna. Einnig kom fram að þess mun ávallt vera getið í kjarasamningum, að þeir, sem faglærðir eru í viðkomandi iðngrein, skulu ganga fyrir starfi í þessari iðngrein. Loks er í grg. með frv. nánar greint frá þessu atriði. Þar segir: „Ráða má þó verkafólk til iðnaðarstarfa. Eðlilegt er talið að meistari geti ráðið til sín aðstoðarfólk til iðnaðarstarfa. Iðnlært fólk hefur ætíð forgang til iðnaðarstarfa samkv. kjarasamningum."

Ég vil stytta mál mitt og læt þetta nægja um þetta atriði sem fyrst og fremst var um deilt. Niðurstaða n. var sú, eftir að hafa kynnt sér þessar umsagnir og rætt við þá fulltrúa, sem ég nefndi, og athugað grg. og það annað sem er að finna í frv., að þarna væri ekki um að ræða hættu á óeðlilegri notkun þessarar heimildar. Hins vegar væri í mörgum tilfellum æskilegt að allrúm heimild væri fyrir hendi til þess að ráða verkafólk til iðnaðarstarfa, sérstaklega sem aðstoðarfólk og þar sem iðnlært fólk er ekki fyrir hendi. N. mælir því ekki með breytingu á þessu ákvæði frv.

Frá einum aðila komu fram aths. við 9. og 10. gr. Í 9. gr. segir, með leyfi forseta: „Rétt til að kenna sig í

starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni."

Sú aths. kom fram frá Iðnnemasambandi Íslands, að eðlilegt væri að geta einnig þar um iðnnema í þessari grein, heimila þeim m. ö. o. að kenna sig við þá grein sem þeir nema. N. er þeirrar skoðunar, að iðnnemar hafi raunar ávallt slíka heimild. Bent er á læknanema, verkfræðinema, lögfræðinema o. s. frv. við Háskóla Íslands. Þarna er ekki um að ræða heiti sem veiti viðkomandi aðilum rétt til starfs, heldur auðkennir hann aðeins sem nemanda í viðkomandi grein. N. telur því ekki þörf á því að binda í lögum að nemendur hafi rétt til að kenna sig við það nám sem þeir stunda. Þetta var einnig rætt við fyrrnefnda fulltrúa, sem mættu á fundi n., og voru þeir þessarar sömu skoðunar.

Þá kom einnig fram aths. við 10. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hver maður getur leyst meistarabréf, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem í 3. gr. segir, og hefur lokið sveinsprófi í iðngrein sinni, enda hafi hann unnið að henni síðan undir stjórn meistara ekki skemur en eitt ár og lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Meðan eigi er meistaraskóli í iðninni, getur hver maður leyst meistarabréf, hafi hann unnið undir stjórn meistara í iðngreininni eða nátengdri iðngrein að loknu sveinsprófi, eigi skemur en tvö ár."

Aths. var á þá leið, að þarna ætti að greina á milli iðngreina. Mismunandi tími kynni að vera nauðsynlegur fyrir hinar ýmsu iðngreinar. Þetta er áreiðanlega réttmæt aths. Hins vegar er opið að ákveða slíkt með reglugerð sem gefin yrði út með þessum lögum. Það er ekkert þarna, sem lokar fyrir mismunandi starf í greininni með meisturum. Aðeins er sett lágmark. N. komst því að þeirri niðurstöðu, að ekki væri þörf á því í þessum lögum að skilgreina eða binda nánar í lögunum og ekki æskilegt að binda nánar í lögunum hver sá starfstími skyldi verða og að ýmsu leyti hentugra að gera það í reglugerð, þótt n. taki undir þessa aths.

Á sérstöku þskj., þskj. 879, flytur n. eina brtt. Sú brtt. er við 3. gr. Þar segir, með leyfi forseta: „Hver maður, karl eða kona, getur fengið leyfi til að reka iðnað" o. s. frv.— N. leggur til, að „karl eða kona" verði fellt út. Það er í anda jafnréttis, sem nú er tíðkað mjög, að karl og kona eru bæði menn. Við gerum því þessa lítilfjörlegu brtt. við frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 879 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
4.-18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 803 (sbr. 802 og 600), n. 837 og 871). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt og hefur skilað nál. á þskj. 837. Frv. þetta hefur ekki verið til meðferðar mjög lengi hér á Alþ., en hins vegar var á s. l. vetri fjallað mjög ítarlega um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem fjmrh. flutti á síðasta þingi. Við meðferð þess máls var það frv. sent til umsagnar fjölmargra aðila og var til ítarlegrar meðferðar í fjh.- og viðskn. beggja d. Það má segja, að þetta frv., sem hér er fram komið, sé að miklu leyti ávöxtur og niðurstöður af því starfi, sem unnið var á s. l. vetri, og þær breytingar, sem á frv. hafa verið gerðar, taka mið af þeim sjónarmiðum sem fram komu við meðferð málsins.

Aðdragandi þessa frv. um tekjuskatt og eignarskatt er orðinn mjög langur. Það hefur í tíð þriggja síðustu ríkisstj. og þriggja fjmrh. verið stefnt að því að gera umfangsmiklar breytingar á skattalögum. Í þessum efnum hefur verið unnið mikið starf, en það má segja að sú löggjöf, sem við byggjum einkum á, sé að stofni til frá árunu 1971 og 1972. Þeim lögum, sem voru sett á árinu 1971 af þáv. ríkisstj., var síðan breytt af þeirri ríkisstj., sem tók við, svokallaðri vinstri stjórn, ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, á árinu 1972. Ekki voru gerðar umfangsmiklar breytingar á þeim lögum. Það voru gerðar á þeim ýmsar breytingar, en hins vegar var þar ekki um mjög veigamiklar breytingar að ræða. Því má segja að allir þeir stjórnmálaflokkar, sem starfa í landinu í dag, hafi staðið að þeim lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem í gildi eru. Hins vegar hefur komið gjörla fram að allir eru meira og minna óánægðir með þessi sömu lög, og er það ekki að undra, því að lög, sérstaklega skattalög, þurfa að taka sífelldum breytingum og taka mið af aðstæðum í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Það má segja að mikið hafi verið unnið að endurskoðun þessara mála. Allir hafa að vísu ekki verið sammála um það, hvað væri að núgildandi lögum, en flestir sammála um að eitthvað væri að. Það, sem einkum hefur komið fram og gagnrýnt hefur verið í sambandi við núgildandi skattalög og þá í fyrsta lagi varðandi einstaklinga, eru að mínum dómi þrjú atriði:

Í fyrsta lagi er það skilgreining á tekjuhugtakinu, þ. e. a. s. sá stofn, sem skattur er lagður á, er oft og tíðum nokkuð óljós og ófullnægjandi. Þar kemur til að ýmiss konar hlunnindi geta verið skattfrjáls, um það getur verið að ræða að aðilar hafi heimildir til úttektar úr atvinnurekstri eða fyrirtækjum án skattskyldu af eigin hendi og reglur um meðferð söluhagnaðar eru mjög ófullnægjandi miðað við þá verðlagsþróun sem hefur orðið á undanförnum árum.

Í öðru lagi hafa frádrátttarheimildir þótt og eru mjög rúmar og verið mikið gagnrýndar. Frádráttarheimildir þessar hafa nýst þeim mun betur sem tekjur eru hærri, og þessar frádráttarheimildir hafa skapað verulegan ójöfnuð þannig að aðilar, sem búa við sambærilegar aðstæður, hafa á engan hátt alltaf fengið sambærilega skatta.

Í þriðja lagi er að vísu um að ræða frádráttarheimild, en ég vil nefna það atriði sérstaklega. Það er svokölluð 50% regla, þ. e. a. s. að helmingur af launum eiginkonu sé frádráttarbær frá skatti. Þessi regla er fyrir löngu orðin úrelt og hefur skapað verulegan ójöfnuð þannig að það er ekki sama hvort hjóna vinnur fyrir tekjunum. Á því er verulegur munur, hvort eiginkona vinnur fyrir tekjunum eða eiginmaður.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gengur að mínum dómi alllangt í þeim efnum og í mörgum tilfellum mjög langt í að leiðrétta þessi atriði. Varðandi fyrsta atriðið er þess einkum að geta, að framtalsskylda á margvíslegum hlunnindum er stóraukin og ætti því að verða til þess að

skilgreining á tekjuhugtakinu gæti orðið ljósari. Einnig er reglum um meðferð söluhagnaðar breytt verulega. Og síðast en ekki síst verður skylt samkv. 7. gr. frv. að sérhver maður, sem vinnur að eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, telji sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hann hefði innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Mun ég koma að þessu atriði síðar.

Þessi atriði, sem ég hef hér greint, eru út af fyrir sig tilraun til þess að varpa nýju ljósi á tekjuhugtakið og þann stofn sem skattur er lagður á. Í öðru lagi varðandi frádráttarheimildir, þá er frádráttarliðum fækkað nokkuð. En það, sem skiptir einnig miklu máli, er að tekinn er upp ákveðinn staðlaður frádráttur, eða 10% af tekjum, sem allir hafa heimild til að draga frá tekjum sínum. Mun þetta væntanlega verða til þess, að allt að 70% eða meir af framteljendum mun fremur velja þetta form heldur en tíunda einstaka frádrátttarliði, sem mun verða til verulegrar einföldunar í framkvæmd skattamála. Og varðandi þriðja atriðið, sem ég nefndi, þá er tekin upp takmörkuð sérsköttun hjóna og þar með úr gildi felld sú 50% regla sem verið hefur í gildi um langan tíma.

Það má segja að ýmsar leiðir séu til þess að skattleggja einstaklinga í þjóðfélaginu. Í fyrsta lagi getur verið um það að ræða að skattleggja hjónin, í öðru lagi getur verið um það að ræða að skattleggja fjölskylduna og í þriðja lagi að skattleggja einstaklinginn. Það má færa rök að öllum þessum leiðum. Hjón og fjölskylda lifa í félagi og sameiginlegu búi og heimili og þess vegna hlýtur stærð þeirrar fjölskyldu og aðstæður að móta að verulegu leyti greiðslugetu þessara aðila. Að hinu leytinu á sérhver einstaklingur rétt til þess að mínu mati, að á tekjur hans og eignir sé lagt sjálfstætt skattalegt mat þannig að hann geti vitað sjálfur hvað honum ber að greiða til samfélagsins. Þessi sjónarmið stangast á í verulegum mæli, og þess vegna hefur verið farin sú leið að viðurkenna rétt sérhvers einstaklings til sjálfstæðs mats á tekjum sínum og eignum að nokkru leyti. Hins vegar varð ekki hjá því komist, að unnt væri að taka verulegt tillit til fjölskylduaðstæðna, hvort viðkomandi einstaklingur býr í hjónabandi eður ei, og þess vegna heimiluð millifærsla á þeim persónufrádrætti, sem ekki nýtist hjá viðkomandi einstakling, yfir á maka þessa aðila.

Það má segja að í stuttu máli séu þetta þau stærstu atriði sem varða skattlangingu einstaklinga. Hins vegar er ljóst að nokkrar og verulegar breytingar verða á skattleysismörkum. Skattleysismörkin samkv. þessu frv. munu hækka og skattbyrðin færist til á hina hærra launuðu og frá hinum lægra launuðu. Skattbyrðin færist einnig til frá þeim, sem nutu verulegrar ívilnunar í formi frádráttar, sérstaklega í sambandi við 50% regluna, yfir til þeirra sem nutu þeirra ekki. Um umtalsverða breytingu á skattbyrði er því að ræða.

Að því er varðar félög og rekstraraðila, þá hafa einkum þrjú atriði vakið deilur og umtal í sambandi við skattlagningu þessara aðila. Í fyrsta lagi, og það er að mínum dómi langstærsta atriðið, er skattfrelsi söluhagnaðar af eignum. Söluhagnaður af fyrnanlegum eignum er samkv. núgildandi lögum skattfrjáls að hálfu, hafi aðili átt þá eign í tvö ár, en skattfrjáls að fullu hafi aðili átt hana í fjögur ár. Þessi söluhagnaður getur í mörgum tilfellum verið mjög mikill, og þegar við verðbólgu er að etja eins og í þjóðfélagi okkar, þá getur þessi söluhagnaður og skattfrelsi þessa söluhagnaðar orðið til þess að rekstraraðili búi jafnvel við skattfrelsi um aldur og ævi. Ef viðkomandi aðili er nægilega duglegur og iðinn við að skipta um eignir og skapa sér þar með skattfrjálsan söluhagnað, sem verður aðallega til þess að nýr fyrningarstofn myndast, þá er það svo í einstaka atvinnugreinum, að slíkir hlutir geta orðið til þess, að um skattfrelsi sé að ræða þótt greiðslugeta sé mjög bærileg.

Í öðru lagi hafa ýmis atriði varðandi fyrningar vakið deilur, en að mínu mati eru þetta minni háttar atriði í samanburði við söluhagnaðinn. Það, sem einkum er ámælisvert varðandi þær fyrningar sem gilda samkv. núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt, er svokölluð verðstuðulsfyrning, en verðstuðulsfyrning leggst á fengnar fyrningar, og þeir sem hafa hæstu fyrningarnar, fá hæstu verðstuðulsfyrninguna, en þeir, sem hafa lægstu fyrninguna, fá lægstu verðstuðulsfyrninguna. Þetta verður til þess, að tiltölulega nýjar eignir fá mjög háar verðstuðulsfyrningar, en gamlar eignir fá svo til engar verðstuðulsfyrningar. Að sjálfsögðu er miklu meiri ástæða til þess, að þeir, sem eiga gamlar eignir, sem keyptar hafa verið á lágu verði, fái fremur hækkun á sínum fyrningum heldur en þeir sem nýlega hafa keypt eignir.

Í þriðja lagi hafa, eins og ég nefndi áður, ýmis atriði varðandi einstaklinga í atvinnurekstri vakið deilur og umtal, og þar er komið í reynd það sama vandamál sem ég minntist á áðan, þ. e. a. s. skilgreining á tekjuhugtaki. Um það hefur verið að ræða í allmörgum tilfellum, að tapsfrádrættir, sem t. d. eru myndaðir með fyrningum, hafa orðið til þess að tekjur eru sáralitlar þótt greiðslugeta geti verið bærileg. Mjög mikill mismunur er því í einstökum tilfellum á milli þess, sem viðkomandi aðilar hafa sér til neyslu og sér til framfæris, og þess sem skattskylt er samkv. skilgreiningu skattalaga.

Varðandi þessi atriði er ýmislegt gert í þessu frv. sem lagfærir þessa ágalla. Í fyrsta lagi verður það ófrávíkjanleg regla, að söluhagnaður samkv. skilgreiningu, sem fram kemur í 10. gr., verður ávallt skattskyldur. Heimilt verður að vísu að fyrna aðrar eignir sem nemur þessum söluhagnaði, en að stofni til verður þessi söluhagnaður ávallt skattskyldur í sambandi við fyrnanlegar eignir. Söluhagnaður í sambandi við íbúðarhúsnæði verður hins vegar ekki skattskyldur. Hafi aðili átt eignina í fimm ár eða lengur og viðkomandi aðili á ekki meira en 600 m³ eða hjón 1200 m³, þá verður ávallt um skattfrelsi að ræða. Hafi viðkomandi aðili átt eignina í skemmri tíma, þá verður einnig um skattfrelsi að ræða, ef viðkomandi aðili kaupir aðra eign í staðinn, og skiptir þá eigi máli á hvaða byggingarstigi eignin er.

Þetta atriði hefur valdið verulegum erfiðleikum. Það er algengt í þjóðfélaginu, að ungt fólk ráðist í að byggja húsnæði sem það síðan ræður ekki við að byggja og þarf að selja á byggingarstigi. Ef slík eign er seld með söluhagnaði, þá verður sá söluhagnaður ávallt skattskyldur því að um skattfrelsi getur ekki verið að ræða nema búseta hafi verið hafin í viðkomandi eign. Hér er því um verulega bót að ræða.

Ákvæðum um fyrningar er breytt verulega. Fyrningarhlutfall er lækkað, en hins vegar tekið upp endurmat á öllum eignum og fyrningar síðan skertar í hlutfalli við skuldastöðu og skal það fært á svokallaðan mótreikning fyrninga. Hér er um allflókið mál að ræða við fyrstu sýn, en það verður það þó ekki þegar menn byrja að athuga það nánar. Hins vegar er rétt að gera sér grein fyrir því,

að slíkt endurmat verður vart tekið upp nema um allflóknar reglur sé að ræða. Ég vil taka það fram, að ég hef ekki verið sérstaklega bjartsýnn á það fram að þessu, að takast mætti að taka upp sjálfvirkt endurmat í skattalögum. Það má segja að slíkt hafi verið reynt hér allt í kringum okkur, í löndunum í kring, ekki með löggjöf, heldur hafa menn hugleitt það nú í mörg ár, hvernig takast megi að taka upp endurmat í skattalögum og fyrningar af endurmatsverði. Mér er ekki kunnugt um að nein þjóð í löndunum hér í kring hafi enn tekið slíkar reglur upp. Þess vegna er um verulegt nýmæli að ræða.

Í fyrsta lagi verður heimilt samkv. þessu frv. að endurmeta gamlar eignir með ákveðnum verðstuðli og endurmatið verður þeim mun hærra sem eignirnar eru eldri. Hins vegar verða fyrningar endurmetnar einnig með verðstuðli þess árs, sem eignin er keypt á, þannig að fyrningarnar verða endurmetnar með mun hærri verðstuðli en annars væri tilefni til. Af þessum orsökum verður þetta endurmat allverulega lægra en verðlagsþróunin að öðru leyti gefur tilefni til. Þess vegna mun endurmatið hafa tiltölulega litla þýðingu í sambandi við gamlar eignir. Fasteignir verður hins vegar heimilt að endurmeta upp að fasteignamatsverði, sem mun hafa verulega þýðingu. Í framhaldi af þessu verður heimilt að endurmeta eignir með vísitölu byggingarkostnaðar á hverju ári og fyrningar verða endurmetnar á sama hátt.

Það er hins vegar svo, að viðkomandi aðilar skulda oft verulegar fjárhæðir í þessum eignum, borga fyrir þau lán verðtryggingu, gengistap og fleiri atriði koma til, þannig að ef ekkert væri frekar að gert væri það í mörgum tilfellum svo, að viðkomandi aðilar fengju frádrátt tvívegis varðandi þetta. Þess vegna hefur verið tekin upp í frv. svokallaður mótreikningur fyrninga eða takmörkun á fyrningum vegna skulda. Reiknað er út samkv. ákveðnum aðferðum, hversu mikið lánsfé stendur á bak við fyrnanlegar eignir, og síðan mótreikningur færður upp til samræmis við það. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara ítarlega út í þennan reikning, en ég vil þó geta þess, að ljóst er að nauðsynlegt er að gera ítarlegri prófanir á því, hverning þessi reikningur virkar, heldur en ningað til hefur verið gert, til þess að gera sér glögga grein fyrir þýðingu hans. Mér er ljóst, að þessi mótreikningur og takmörkun á fyrningum verkar mun meir þegar líður fram í tímann heldur en á fyrstu árunum. Má í stuttu máli segja að viðkomandi aðilar fái ekki í reynd til frádráttar meira en sem svarar jákvæðum vöxtum á hverjum tíma. Mótreikningurinn verkar á þann hátt. Neikvæðir vextir miðað við verðlagsþróun koma því ekki til frádráttar þegar tímar líða. En ég vil aðeins ítreka það, að ég tel nauðsynlegt að tíminn verði vel notaður í sumar til þess að fullkanna þessi atriði og athuga fleiri leiðir í þessum efnum. Ég er ekki með þessu að segja, að ég telji ekki að þessi leið, sem hér hefur verið valin, geti ekki gengið, þvert á móti, aðeins það, að rétt er að leita leiða, ef hægt væri að einfalda þessar tærslur, því að það er töluvert gefandi fyrir að geta haft framkvæmdina sem einfaldasta.

Ég mun nú aðeins víkja að frv. því, sem flutt var á s. l. ári, og þeim helstu breytingum, sem hafa verið gerðar í þessu frv., sem nú liggur fyrir.

Að mínum dómi lá fyrir á s. l. vetri frv. sem fól í sér verulegar endurbætur á skattakerfinu. Þetta varðaði sérstaklega skilgreiningu á tekjuhugtaki, reglur um söluhagnað, fyrningarreglur og framkvæmd skattamála og ýmissa frádráttarliða, sem voru lagðir niður og einfaldaðir, sem varð til verulegra bóta. Hins vegar komu fram við meðferð málsins fjölmargar aths. frá ýmsum aðilum og hefur að mörgu leyti verið tekið verulegt tillit til þeirra atriða.

Í fyrsta lagi virtist vera almennur vilji fyrir í þjóðfélaginu að taka upp einhvers konar sérsköttun einstaklinganna, sérsköttun hjóna, og það frv., sem nú liggur fyrir, felur slíkt í sér. Hins vegar er ljóst að þetta er ekki ágallalaust því að m. a. mun þessi háttur hafa í för með sér að framteljendum mun fjölga um 40—50 þús. Það fer ekki hjá því, að þessi fjölgun framteljenda mun hafa í för með sér nokkurn kostnaðarauka. En hins vegar hefur það verið mat manna, að þessi regla sé bæði réttlætismál og einnig sé hún einfaldari ef upp verður tekið staðgreiðslukerfi skatta.

Reglum um söluhagnað hefur ekki verið breytt að neinu ráð nema að því leytinu til, að endurmat eignanna hefur nokkur áhrif á söluhagnað á hverjum tíma, en í því sambandi verður einnig að taka tillit til þess, að fengnar fyrningar verða líka endurmetnar. Í sumum tilfellum hefur viðkomandi endurmat því ekki eins mikil áhrif og við fyrstu sýn mætti halda og einnig skiptir þarna miklu máli hinn svokallaði mótreikningur fyrninga.

Þá hefur verið horfið frá afsláttarkerfi frv. frá því í fyrra og tekið upp frádráttarkerfi í stíl við gildandi lög, þó með heim hætti, eins og ég áður gat um, að ákveðinn staðlaður frádráttur er heimilaður.

Varðandi skattmeðferð barna er gert ráð fyrir því, að börn verði skattlögð sérstaklega af séraflafé. Þá hefur verið felld niður heimild til þess að arður af hlutafé barna verði frádráttarbær eins og gert var ráð fyrir í fyrra frv., en hins vegar er gert ráð fyrir því, að arður af hlutafé allt að 500 þús. kr. verði ekki skattlagður hjá hjónunum. Aftur á móti fær viðkomandi félag ekki frádrátt vegna þessa arðs nema að hálfu leyti. Ef arður er hærri en 500 þús. hjá hjónum, þá getur það orðið til þess að arður verði í einhverjum tilfellum tvískattaður.

Söluhagnaðarreglum er að mestu leyti haldið og litlar breytingar í þeim efnum.

Ákvæðum um heimildir samvinnufélaga til útborgunar til félagsaðila og til færslu í stofnsjóði er breytt frá frv. þannig að þau verða með svipuðum hætti og í gildandi lögum.

Eignarskattur lögaðila verður ekki frádráttarbær, enda hefur eignarskattshlutfall þessara aðila þegar verið lækkað og því ekki eðlilegt að eignarskattur lögaðila sé frádráttarbær, en eignarskattur einstaklinga ekki.

Þá hefur verið tekin upp sérstök heimild til niðurfærslu á útistandandi viðskiptaskuldum í atvinnurekstri að hámarki 5% af nafnverði þeirra. Þessi heimild hefur ekki verið fyrir hendi, en hins vegar hefur verið fyrir hendi heimild fyrir atvinnurekstur að draga frá allt að 30% af verðmæti vörubirgða. Það er oft nokkrum tilviljunum háð um hver áramót, hversu mikil verðmæti liggi annars vegar í vörubirgðum og hversu mikil verðmæti hinsvegar í útistandandi skuldum. Og útistandandi skuld um áramót, sem á að greiðast nokkrum mánuðum síðar, getur ekki verið nafnvirðis síns virði. Bæði er um vaxtatap að ræða og einnig er alltaf einhver hætta á því, að viðkomandi eignir tapist. Þess vegna tel ég að þessi heimild sé mjög eðlileg og sjálfsögð.

Ýmsar fleiri breytingar hafa verið gerðar frá fyrra frv., en ég sé ekki ástæðu til að rekja þær frekar.

Ég ætla að gera stutta grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar voru á frv. þegar það var til meðferðar í Nd. Unnið var að málinu sameiginlega í báðum n. og þess vegna var nm. í Ed. kunnugt um þessar brtt. Mun ég því í stuttu máli gera grein fyrir þeim.

Í fyrsta lagi er gerð sú breyting á skattfrelsi íbúðarhúsnæðis, þ. e. brtt. nr. 3 á þskj. 764, að miðað verði við 600 m^3 og 1200 m^3 í staðinn fyrir 750 m^3 og 1500 m^3 áður.

5. brtt., sem gerð var í Nd., var þess efnis, að söluhagnaður af eignum, sem greiddur er með skuldabréfum, kæmi aðeins til skattlagningar miðað við greiðslu skuldabréfanna. T. d. ef söluhagnaður væri 50 millj. og hann lægi allur í skuldabréfum, þá yrði hann skattlagður á afborgunartíma skuldaviðurkenningannna, en þó ekki á lengri tíma en 7 árum.

6. brtt., sem gerð var í Nd., fjallar um að lífsábyrgð yrði áfram frádráttarbær.

8. brtt. gekk í þá átt að hækka fyrningarhlutfall af skipum úr 8% í 10% og af ýmsum eignum úr 15% í 18%. Þessi breyting var gerð með tilliti til þess, að menn töldu að hér væri um að ræða nokkuð raunhæfa viðmiðun varðandi endingartíma þessara eigna. En hitt er svo annað mál, að ógerlegt er að finna almenna skilgreiningu á endingartíma eigna og þess vegna yrði að taka upp mjög mörg fyrningarhlutföll ef vel ætti að vera. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að fyrningarhlutföll séu tiltölulega fá, og þess vegna verða slíkar afskriftir eða fyrningar að geta gilt almennt og eiga við í sem flestum tilfellum.

9. og 10. brtt. miðuðu að því að gera nokkrar lagfæringar á greinum um mótreikninga, en 11. og 12. brtt. miða að því að heimila sameignarfélögum að sameinast hlutafélögum án þess að til skattlagningar komi á varasjóð eða þá að heimila sameignarfélagi að breyta forminu yfir í hlutafélag. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða vegna þess að menn byrja oft rekstur sinn í formi sameignarfélags, en síðar, þegar fleiri koma til og menn vilja taka fleiri aðila inn í sinn rekstur, verður mjög erfitt að halda sameignarfélagsforminu. Með þessu er tekin upp heimild til þessara aðila að breyta félaginu í hlutafélag.

14. brtt., sem gerð var í Nd., var þess eðlis, að tekjuskattur lögaðila yrði 45%, en ekki 48%, sem var upphaflega prentvilla, eftir því sem mér skilst. 45% skattur samsvarar því, að svipuð breyting verði á félagaskatti og í hæsta þrepi þegar um einstaklinga er að ræða og miðað sé við staðgreiðslukerfi. Hér er um nokkra hækkun á félagaskatti að ræða sé tekið tillit til þess, að hér er miðað við staðgreiðslukerfi.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að gera grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru í Nd.

Þótt þessi löggjöf, sem væntanlega verður sett um tekjuskatt og eignarskatt, sé að mínum dómi mjög mikilvæg, þá má ekki gleyma því, að framkvæmd núgildandi laga og framkvæmd þessara laga er það sem skiptir meginmáli. Nokkrar breytingar eru gerðar á frv., sem geta orðið til þess að auðvelda framkvæmdaaðilum í skattamálum vinnu sína. Bæði er um að ræða aukna framtalsskyldu og það, að viðurlög verða þyngd við skattsvikum. Þessi viðurlög verða verulega þyngd, t. d. ákveðin há sektarmörk. En veigamesta stefnubreytingin í þessu efni er þó að heimilað er við ítrekuð brot eða fyrir miklar sakir að dæma auk sektar í varðhald eða fangelsi allt að 6 árum, eins og nú gildir um þjófnað, fjárdrátt og önnur auðgunarbrot samkv. almennum hegningarlögum.

Þá er gert ráð fyrir því, að ríkisskattanefnd verði breytt í þá veru, að þar starfi fast 3 menn sem hafi það sem aðalstarf eins og hver annar dómstóll að dæma í skattamálum. Núverandi skipan ríkisskattanefndar er í þá veru, að þar starfa 6 menn sem hafa það sem aukastarf. Ég tel að með þessu sé stefnt í rétta átt, en hins vegar vil ég láta í ljós nokkrar efasemdir um að það sé ávallt heppilegast, að þeir, sem starfa í ríkisskattanefnd, hafi það allir sem aðalstarf. Að mínum dómi er nauðsynlegt að þar séu menn, a. m. k. tveir, sem hafi það sem aðalstarf. Hins vegar held ég að til bóta sé að inn í störf nefndarinnar komi menn með víðtæka reynslu, sem starfa annars staðar í þjóðfélaginu, koma út úr hinu daglega lífi með oft og tíðum önnur sjónarmið en þeir sem starfa eingöngu að þessum málum, þannig að þeir geti haft nokkur áhrif þar á, ekki að þeir hafi alla tíð úrslitaáhrif, heldur verki þannig á nefndina að fleiri sjónarmið komist að. Þess vegna vil ég segja, að ég hefði talið að það hefði að sumu leyti verið betra að hafa eitthvað fjölmennari nefnd, en hluti af nm. skyldi starfa eingöngu við nefndina.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að komið verði á staðgreiðslukerfi skatta, og frv. þess efnis hefur verið lagt fyrir Alþ. Það frv. hefur enga meðferð hlotið í þinginu og var alveg ljóst að útilokað mundi vera að afgreiða það frv., vegna þess að það hafði ekki verið til umfjöllunar hjá þeim aðilum sem það kemur til með að snerta. Hér er um mjög veigamikla breytingu að ræða sem snertir hvern einasta einstakling í þjóðfélaginu og hvern einasta lögaðila og einnig þá sem starfa að innheimtu skattanna. Innheimtukerfið kemur til með að gjörbreytast og álagningin líka. Gert er ráð fyrir því, að hver einstaklingur þurfi að skila áætlun um tekjur sínar og einnig að lögaðilar, þ. e. a. s. fyrirtæki, þurfi að skila áætlun um sínar tekjur. Þessar breytingar eru það umfangsmiklar, að taka hlýtur alllangan tíma að undirbúa þær og kynna þær, ef vel á að takast til. Í mínum huga er ljóst að ekki er raunhæft að stefna að því að taka upp slíkt kerfi um næstu áramót, en þetta frv. heldur alveg gildi sínu þótt svo verði ekki, ef auðnast má að taka upp slíkt kerfi 1. jan. 1980. Hins vegar er ljóst að fara þarf mjög vel yfir það, á hvern hátt þessari staðgreiðslu skuli háttað, t. d. hvort tekin skuli upp staðgreiðsla á sköttum lögaðila. Ég hef ekki sannfæringu um það, að það sé rétt eða besta leiðin að taka upp staðgreiðslu hjá lögaðilum, en ég er þeirrar skoðunar, að eindregið skuli stefna að því varðandi einstaklinga. Um þessi atriði er þó í sjálfu sér ekkert hægt að fullyrða né mynda sér um þau fasta skoðun nema ræða þau mál við hina ýmsu aðila sem málið snertir. Það er mjög brýnt að koma á staðgreiðslukerfi hér á landi, m. a. vegna hagstjórnaráhrifa slíks kerfis, og hljóta allir að stefna að því, að slíkt kerfi verið tekið upp sem fyrst. Aftur á móti mega menn ekki flýta sér það mikið, að það sé dæmt til að mistakast.

Ýmsar aðrar lagfæringar koma fram í þessu frv. og mun ég ekki ræða þær frekar. Hins vegar vildi ég að lokum fara nokkrum orðum um brtt. sem fram hafa komið frá hv. þm. Ragnari Arnalds á þskj. 871.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því, að fyrningarhlutföll breytist nokkuð. Hér er ekki um veigamiklar breytingar að ræða. Eins og ég sagði áður má ávallt um það deila, hversu langur endingartími eigna er. Þessar brtt. hafa ekki veruleg áhrif og eru þess vegna að mínum dómi minni háttar.

Það, sem hins vegar er mikilvægt, er 3. brtt., við 42. gr., að greinin falli niður. (Viðbótarfyrning á skattskyldum hluta söluhagnaðar.) Ef þessi skipan yrði tekin upp, þá mundi það verða til þess, að mönnum væri í mörgum tilfellum ómögulegt að skipta um eign. Ef maður selur bát til þess að kaupa sér nýjan bát og stækka við sig, sem er alltaf þróunin, að menn stækka og ná sér í betri tæki, þá er um það að ræða að honum bæri að greiða skatt af söluhagnaðinum, hvort sem hann keypti sér nýjan bát í staðinn eða ekki. Þetta yrði til þess að stöðva þróun í sumum atvinnugreinum. Ég fæ ekki skilið hvaða markmiðum á að ná með svona ákvæði. Söluhagnaðurinn kemur til skattlagningar á þann hátt, að fyrningarnar lækka, en mundi hins vegar verka til þess, ef skattskyldan ætti að koma á strax, að þróun í ýmsum atvinnurekstri mundi jafnvel fara aftur á bak.

4., 5., 6. og 7. brtt. hv. þm., hafa veruleg áhrif. Hér er um það að ræða, að fluttar eru brtt., sem þá hafa í för með sér lækkun á skattlagningu sem nemur um það bil 13.5 milljörðum. **(RA:** Vill ræðumaður endurtaka.) Ræðumaður sagði, að brtt. þær, sem fluttar eru í 4., 5., 6. og 7. lið, væru þess eðlis, að um væri að ræða að lækka tekjuskatta í þjóðfélaginu um 13.5 milljarða. Ég vildi gjarnan upplýsa hv. þm. um þetta. Ég hef fengið þetta reiknað út gróflega — um einhverja skekkju getur verið að ræða — en ég skal rekja það í nokkrum atriðum:

Að lækka skattstiga úr 18% í 15% kostar u. þ. b. 6 milljarða kr. Að lækka tekjuskatt úr 26% í 24% mun kosta u. þ. b. 1.6 milljarða kr. a. m. k. Að hækka skatt úr 34% í 38% mundi hafa í för með sér u. þ. b. 600—700 millj. kr. tekjuaukningu. Að hækka persónuafslátt úr 250 þús í 300 þús. þýðir 5.3 milljarða skattalækkun. Að hækka persónuafslátt 67 ára og eldri um helming þýðir u. þ. b. 500 millj. kr. skattalækkun. Að hækka barnabætur úr 65 þús. í 85 þús. og úr 100 í 120 þús. þýðir u. þ. b. 1.5 milljarð og að hækka skatt lögaðila úr 45% í 53% hefur í för með sér u. þ. b. ½ milljarð í hækkun. Nettóáhrifin eru þess vegna u. þ. b. 13.5 milljarðar. Samkv. frv. er gert ráð fyrir því, að tekjuskattur sé 21 milljarður 565 millj. mínus barnabætur og endurgreiðslur á útsvari, þannig að nettótekjuskattur er 12 milljarðar 188 millj. Tekjuskattur félaga er einhvers staðar á milli 3 og 4 milljarða. Eftir stæðu þá nettó af tekjuskattinum u. þ. b. 15 milljarðar. Mér er ekki ljóst, hvernig hv. þm. gerir ráð fyrir því, að ná tekjum hér á móti eða lækka fjárveitingar til ýmissa verkefna í þjóðfélaginu, en ég vildi aðeins upplýsa það, því að nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir áhrifum slíks.

Varðandi það að hækka persónuafslátt þeirra, sem eru 67 ára og eldri, sem hefur oft og tíðum verið vinsælt á Alþ., að koma á alls konar skattívilnunum fyrir fólk sem er orðið 67 ára og eldra, þá kemur þetta náttúrlega fyrst og fremst þeim til góða sem hafa tiltölulega hærri tekjur. Að mínum dómi væri nær að verja þeim fjármunum, sem þetta kostar, til þess að hækka tekjutryggingu og aðrar greiðslur til gamalmenna með litlar tekjur. Það var ívilnun í skattalögum fyrir nokkrum árum til handa þessum aðilum, sem var felld út úr lögunum og í þess stað var samsvarandi fjárhæð notuð til að hækka tekjutryggingu. Ég held að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir því, að þótt fólk hafi náð ákveðnum aldri, þá er til fólk á þeim aldri í þjóðfélaginu sem hefur verulegar tekjur, t. d. úr lífeyrissjóðum. Og að mínum dómi er engin ástæða til þess að eyða fjármunum ríkisisns til þess að bæta hag þessa fólks. Fremur ætti að eyða þeim til að bæta kjör þeirra sem verr eru staddir. Þess vegna er ég undrandi á því, að hv. þm. skuli leggja slíkt til.

Varðandi aðrar brtt. skal ég ekki fjölyrða að sinni. Það, sem sagt er í nál. með þessum brtt., er fyrst og fremst um fyrningarhlutföll og endurmat eigna. Ég hef skilið hv. þm. þannig að undanförnu, að hann telji mjög til bóta að taka upp endurmat. Hann hefur viðhaft þau orð, að það sé eitt hið besta í þessu frv. að taka upp endurmatið. Hann fullyrðir að í þessu séu alls konar ívilnunarreglur og samanlögð áhrif af öllum þessum smugum, eins og hann orðar það, hljóti að verða þau, að verulegur hluti atvinnurekstrar í landinu sleppi með að borga lítinn sem engan tekjuskatt. Ég held að þetta sé langt frá því að vera rétt.

Ég tel að með þessu frv. sé tekjuhugtakið verulega betur skilgreint en áður og muni hafa áhrif í réttlætisátt í miklum mæli. Og menn mættu einnig hafa í huga að það endurmat, sem hér á að eiga sér stað, mun hafa þau áhrif að eignarskattsstofn mun verulega hækka. Ekki hefur verið reiknað út hversu mikið eignarskattur mun hækka, en hins vegar er mér ljóst að það mun vera um allverulega hækkun á eignarskatti að ræða, þannig að þótt auknu endurmati fylgi nokkur réttindi fylgja því einnig verulegar kvaðir.

Eg sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fjölyrða meir um þetta mál, en vildi aðeins ítreka að meiri hl.n. leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., en hv. þm. Ragnar Arnalds og Albert Guðmundsson munu skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Um þetta mál mætti halda langa ræðu eins og gefur að skilja. En þar sem við deildarþm. erum í nokkurri tímaþröng af ýmsum ástæðum, þá neyðist ég til að hafa mál mitt ekki mjög ítarlegt.

Það hefur gengið á ýmsu í skattamálum þessarar ríkisstj. og við höfum reynt það, að á hverju ári hefur verið lofað umbyltingu skattkerfisins, allt frá því að þessi ríkisstj. komst fyrst til valda. Það var hins vegar ekki fyrr en á s. l. ári sem skattafrv. sá dagsins ljós á Alþ., en það náði þó ekki fram að ganga þar sem mjög mikill ágreiningur var um málið, ekki aðeins milli ríkisstj. og stjórnarandstæðinga, heldur einnig í hópi stjórnarsinna sjálfra. Þegar loks er komið að því, að afgreiðsla stendur yfir á skattamálum á Alþ., þá er það svo seint á ferðum að vandræðum veldur og menn geta leyft sér, eins og hv. síðasti ræðumaður, að fleygja fram ýmiss konar tölum og útreikningum um áhrif ákveðinna skattbreytinga, m. a. brtt. sem ég hef flutt, án þess að nokkur aðstaða eða tími sé til að sannreyna þá útreikninga eða fá þá staðfesta af aðilum sem til þess eru færir.

Í fljótu bragði sagt er sjálfsagt að viðurkenna að í þessu frv. eru viss atriði til bóta. En eins og ég hef margbent á eru gallarnir miklu fleiri. Ég hef hiklaust talið það einn af kostum þessa frv., að um er að ræða takmarkaða sérsköttun hjóna. Afnám 50% reglunnar varðandi frádrátt frá tekjum giftrar konu mun leiða til hækkunar á sköttum hjóna þar sem konan hefur haft góðar tekjur. Að því leyti hefði verið eðlilegra að stíga þetta spor í nokkrum áföngum, þar sem hætt er við að þetta geti haft umtalsverð áhrif á atvinnuþátttöku giftra kvenna, en stefnan er í sjálfu sér skynsamleg og rétt.

Megingallar frv. eru hins vegar þeir, að allar horfur

eru á því, að skattlagning fyrirtækja og rekstraraðila verði áfram smávaxin. Ég hef flutt á Alþ. ár eftir ár till. um breytingar á skattkerfinu og í grg. með till. hefur fylgt ítarleg skrá um fyrirtæki sem ekki greiða tekjuskatt enda þótt þau hafi umtalsverðar tekjur. Þessar upplýsingar ætla ég ekki að endurtaka hér, en vísa til þessarar seinustu tillögugerðar okkar frá því í vetur, þar sem kemur ljóslega fram að um helmingur atvinnurekstrar í landinu borgar lítinn sem engan tekjuskatt, þ. e. a. s. innan við 100 þús. kr., enda þótt um sé að ræða um helminginn af veltu atvinnufyrirtækja á landinu, þ. e. á árinu 1976 um 160 millljarða kr. Er þá einungis átt við fyrirtæki sem rekin eru í félagsformi, en heildarvelta slíkra fyrirtækja mun á árinu 1976 hafa numið um 325 milljörðum kr.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er með þeim ágalla gert, að í því eru fjölmargar smugur frá fyrri tíð, uppvakningar frá fyrri lögum, sem ætlað er það hlutverk að lækka tekjuskatta rekstraraðila og jafnvel nokkrum nýjum bætt við.

Ég verð að fara fljótt yfir sögu. En ég minni á að fyrningarhlutföll eru í flestum tilvikum hærri en þau hafa áður verið í fyrri lögum. Þau eru hærri í öllum tilvikum öðrum en hvað snertir skip og skipshluta.

Endurmat eigna, sem nú er tekið upp, hækkar fyrningargrunninn stórkostlega og það á sinn þátt í því að auka fyrningar. Það er hins vegar rétt, sem fram kom í ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, að ég hef talið til bóta að taka upp endurmat eigna og ég flyt ekki brtt. við það atriði, vegna þess að ég tel að í sjálfu sér sé skynsamlegt að hverfa að því ráði. En það þýðir ekki að loka augunum fyrir því, að sú regla hækkar fyrningargrunninn og fyrningarhlutföllin þyrftu því að vera að sama skapi lægri.

Söluhagnaður eigna verður sjaldnast skattlagður vegna víðtækrar heimildar til viðbótarfyrningar sem fólgin er í 42. gr. frv. Ég tel að þarna sé um allt of víðtæka heimild að ræða, sem ekki nái nokkurri átt að heimila. Ég viðurkenni að vísu að hugsanlegt væri að flytja aðra till. um þetta efni en ég hef gert, sem hlyti þá að verða allmiklu flóknari. Ég legg einfaldlega til að þessi regla, sem þarna er gerð till. um, sé afnumin. Það virðist vera einfaldasta lausnin þegar ekki er neinn tími til að undirbúa till. Ég tel að það sé út af fyrir sig vel viðunandi lausn, en viðurkenni þó að aðrar leiðir hefði hugsanlega verið hægt að fara. Ég bendi hins vegar á, að þarna er um að ræða heimild, sem felur í sér að heimilt er að fyrna sérstakri viðbótarfyrningu skattskyldan hagnað af sölu, og þá er ekki um það að ræða að menn þurfi endilega að flytja þessa viðbótarfyrningu á sams konar hlut sem þeir eru að kaupa í staðinn, heldur vel hugsanlegt að þeir flytji hana yfir á einhverjar aðrar eignir. Og það er einmitt þess vegna sem þessi regla er alveg sérlega óskynsamleg og mun valda því, að í reynd verður skattskyldur söluhagnaður ekki skattlagður nema í hreinum undantekningartilvikum. Menn fá með þessari reglu tækifæri til þess að fleyta á undan sér skattskyldum hagnaði a. m. k. svo langt fram í tímann að verðbólgan hefur séð fyrir því, að þegar þetta loks kemur til sköttunar verður um mjög óverulega sköttun að ræða.

Í fjórða lagi bendi ég á, að skattstigi lögaðila, — það eru fyrst og fremst félög sem átt er við, — er lækkaður í þessu frv. úr 53% í 45%. Þar er um stórkostlega nýja ívilnun að ræða. Ég sé ekki að það séu nokkur rök fyrir þessari breytingu. Að vísu má benda á að við upptöku staðgreiðslukerfis skatta er áætlað að skattleggja hagnað líðandi stundar, en ekki hagnað frá fyrra rekstrarári, og sennilega eru það rökin fyrir því, að hér er um að ræða lækkun á skattstigahlutfalli. Þessi rök eru ákaflega hæpin í raun og veru. Ég sé ekki að í raun og veru sé neitt réttlæti í því, að fyrirtæki hagnist á því að vera að greiða skatt af tekjum liðins árs, þegar krónurnar voru meira virði en þær eru þegar þær komu til gjalda. Ef ekki væri verðbólga í þjóðfélaginu, þá yrðu þessi fyrirtæki að greiða 53% af tekjum, sem væru þá miðaðar við jafngildar kr., og það teldi ég alveg eðlilegt og sjálfsagt. Mér virðist að ákaflega erfitt sé að réttlæta það að lækka prósentuna í skattstiga félaga út á það eitt, að það sé verðbólga í þjóðfélaginu og verið sé að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Það eru í raun og veru engin rök. Það gildir ekki alveg nákvæmlega sama um þetta atriði hjá einstaklingunum þar sem um það er að ræða að launafólkið hefur orðið að taka á sig stórfelldar nýjar skattaálögur í formi aukinna neysluskatta og hækkaðs söluskatts þegar verðbólgan hefur rýrt tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti. Það hefur tekið á sig þessa byrði. En ég veit ekki til þess að félögin og lögaðilarnir hafi raunverulega tekið á sig nokkra samsvarandi byrði, því að þeir velta söluskattinum jafnóðum út í verðlagið. Ég er því andvígur því, að um sé að ræða lækkun á skattstiga félaga, og tel það óeðlilega ívilnun.

Þá er hér ákveði um fenginn arð af hlutabréfum eða hlut í fyrirtæki, að allt að ½ millj. kr. hjá hjónum megi vera skattfrjáls. Þetta er regla sem reynt var að smygla inn í skattalög árið 1971 af gömlu viðreisnarstjórninni. Alveg nákvæmlega sama fyrirbærið er hérna á ferðinni. En það var einmitt fyrsta verk okkar Alþb.-manna með aðstoð samstarfsmanna okkar, framsóknarmanna, að nema þetta burt úr skattalögunum í ársbyrjun 1972 þegar skattalögin voru tekin til endurskoðunar. Og ég hefði talið það til meiri heilla, að kunningjar mínir í Framsfl. hefðu staðið áfram fast á því að regla af þessu tagi næði ekki fótfestu í skattalögum.

Þá má minna á ívilnunarregluna, sem snertir andvirði vörubirgða sem kemur til lækkunar á skattskyldum tekjum allt að 30% af reiknuðu matsverði vara, og svo gömlu ívilnunaregluna um að félögum sé heimilt að leggja til hliðar fjórðung af hagnaði áður en skattur er á lagður. Ýmsar fleiri ívilnunarreglur mætti nefna, en samanlögð áhrif af öllum þessum smugum hljóta að verða þau, eins og segir í grg. minni, að verulegur hluti atvinnurekstrar í landinu sleppur með að borga lítinn sem engan tekjuskatt.

Ég ætla nú að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég hef flutt við frv. Ég vil fyrst nefna brtt., sem lúta að því, að skattlagning rekstraraðila verði með eðlilegum hætti.

Þar er um að ræða brtt nr. 1.a, um að frádráttur vegna fengins arðs falli niður. Á það hef ég þegar minnst og fært að því rök. Í öðru lagi er till. nr. 2, sem felur í sér lækkuð fyrningarhlutföll. Í þriðja lagi er till. nr. 3, um að viðbótarfyrning af skattskyldum hluta söluhagnaðar falli niður. Og í fjórða lagi er till. nr. 7, að tekjuskattur lögaðila, skattstigi, hækki úr 45% í 53% eins og hann er nú

Ég vísa orðum hv. þm. Halldórs Ásgrímsonar á bug, að með brottfalli viðbótarfyrningar á skattskyldum hluta söluhagnaðar sér verið að stöðva þróun í íslenskum atvinnuvegum. Ég tel að þessi söluhagnaður eigi að koma til skattlagningar og það sé svo sannarlega tími til kominn að hann komi til skattlagningar þegar eignin er seld,

og heimildir til þess að fleyta honum eitthvað langt fram í tímann eru einfaldlega heimildir til þess að skjóta þessum hagnaði undan.

Ég vík svo næst að lækkun skatta af lágum tekjum og hækkun af háum tekjum með brattari skattstiga. Þar er um að ræða sams konar till. og fram kom í Nd. um að skattur af lágum tekjum verði lækkaður úr 18% í 15% og úr 26% í 24%, en hækkaður af háum tekjum. Ég tel eðlilegt að persónuafsláttur sé hækkaður, en það leiðir til hækkunar á skattleysismörkum, og að barnabætur séu auknar. Að því lúta till. nr. 5. a og 6.

Ég tel sjálfsagt að undanþiggja nær alla tekjuskatti, sem náð hafa 67 ára aldri, með því að veita þeim tvöfaldan persónuafslátt. Þessir menn greiða rúma 2 milljarða í skatta, þar af rúman 1 milljarð í tekjuskatt, 1 milljarð í útsvar og 200 millj. í sjúkragjald. Ég tel að þetta fólk ætti að vera skattlaust af venjulegum tekjum. Það er hægt að skattleggja hátekjufólkið í þessum hópi, en með því að hækka persónuafsláttinn er verið að gera þetta fólk skattlaust af venjulegum tekjum og það á það sannarlega skilið.

Ég flyt till. um að gera leigu fyrir íbúðarhúsnæði frádráttarbæra frá skatti, allt að 25 þús. kr. fyrir einstakling og 50 þús. kr. fyrir hjón, með þeim rökum að eigin leiga er ekki lengur talin til tekna hjá íbúðaeigendum. Þetta mundi hins vegar stuðla að betra framtali af hálfu íbúðareigenda og er tvímælalaust til bóta að því leyti.

Í ellefta lagi flyt ég till. um að hækkun skattvísitölu fylgi hækkun tekna milli ára og að þetta verði bundið í lögum þannig að menn geti ekki leyft sér samskonar hundakúnstir og hæstv. fjmrh. leyfir sér nú um þessar mundir. Hann hækkar skattvísitöluna með stuðningi Alþ. minna en nam tekjum milli áranna 1976 og 1977 með þeim afleiðingum, að skattabyrði á almenning verður miklu þyngri á n. k. sumri en hún ætti að vera að öllu eðlilegu.

Áður en ég hverf frá þessum brtt. verð ég að fara örfáum orðum um útreikninga hv. frsm. n. sem hann hafði uppi hér áðan. Hann nefndi stórar tölur um hvað till. mínar hefðu í för með sér mikil útgjöld og tekjumissi fyrir ríkissjóð, án þess að nefna nokkuð hvaðan hann hefði þær upplýsingar, hvernig þær væru reiknaðar og hversu áreiðanlegar þær væru. Ég verð nú einfaldlega og ekki síst á þessu stigi málsins að draga upplýsingar hans stórlega í efa. Ég er ekki viss um það og hef ekki verið sannfærður um það, að hér sé um réttar tölur að ræða. Ég nefni bara eitt atriði, sem flýgur í huga minn í þessu sambandi. Er ekki dálítið erfitt að trúa því, ég er ekki að neita því alfarið, ég vil fyrst sjá útreikningana, en ég segi aðeins: er ekki dálítið erfitt að trúa því, að þegar fyrir liggur að tekjuskattur einstaklinga er áætlaður á árinu 1978 12 milljarðar kr., þá hafi lækkun á skattstiga úr 18% í 15% í för með sér að helmingurinn af öllum þessum tekjuskatti detti niður? Þetta þykir mér ótrúleg útkoma, enda þótt ég sé ekki að fullyrða að þetta sé rangt út reiknað. Ég bið hins vegar hv. þm. að fara aftur með forsendurnar, sem hann hefur í höndunum, til hinna reikningsglöggu manna og biðja þá að reikna þetta dæmi út á nýjan leik, því að þessum útreikningi trúi ég ekki fyrr en ég sé hann fyrir framan mig, að helmingurinn af tekjuskatti einstaklinga detti niður við það að prósenta á lægsta skattþrepi lækki úr 18% í 15%. En þetta var stærsta upphæðin, sem hann nefndi. Ég vefengi enga af þessum tölum sem hann kom með, vegna þess að ég hef enga aðstöðu til þess. Hann nefndi ekki einu sinni, hvaðan hann hefði heimildir sínar eða hvernig þær væru reiknaðar út. En ég hefði talið eðlilegra að hv. þm. hefði komið með þessar upplýsingar á nefndarfundi og hefði þá gefið nm. færi á því að sjá, hvernig dæmið væri reiknað. T. d. kom þessi till. um lækkun á skattstiga úr 18% í 15% fram í Nd. fyrir viku og hann hefði vafalaust getað upplýst n. um það, hvaða afleiðingar þessi till. hefði. (**HÁ:** Það var upplýst í Nd.) Ja, ég á nú ekki sæti í Nd. og fylgdist ekki með umr. þar, en ég hefði talið að þessar reikningskústir hefðu gjarnan mátt koma fyrir augu okkar nm. í Ed. úr því að þær eru á annað borð viðhafðar. Og ekki hef ég neitt reikningsapparat á bak við mig til að reikna út slíka hluti. En hefði verið kostur á því, þá hefði verið vel hugsanlegt að nýta sér það.— Ég segi sem sagt það eitt, að mér þykja þessar tölur sumar hverjar ótrúlegar, en vefengi þær ekki á þessu stigi málsins. Mér þykir hins vegar dálítið kynlegt, að hv. þm. skuli bara pilla út eina og eina till., sem ég geri hér, og koma með útreikninga um hvaða afleiðingar þær till. hafi, en hafi ekki uppi neina tilburði að reikna út aðrar till. sem ég hef hér flutt og flestar eru til hækkunar. Hann pillar út þá liði í till. mínum sem honum líst væntanlega best á, þykir líklegast að njóti almannahylli, en hitt, sem horfir til tekjuauka fyrir ríkissjóð, skilur hann eftir. Hann gerir enga tilraun til að reikna það út og hefði þó ekki verið minni ástæða til þess. Ég vil minna á, að þm. hafði stór orð um að 3. brtt. mín hefði stórfelldar afleiðingar og hefði því ekki verið síður ástæða til þess að reikna hana út, gera einhverja áætlun um hana. Ef á annað borð á að reikna út þessa till. nákvæmlega, þá er best að gera það bæði í debetreikning og kreditreikning og sjá hvað út kemur.

Ég er a. m. k. sannfærður um eitt, að till. mínar munu hafa í för með sér stórfelldan tekjuauka fyrir ríkissjóð á þessu ári og hinu næsta, og það veit ég að hv. þm. vefengir ekki. Í till. mínum er gert ráð fyrir því, að breyting verði gerð á núgildandi skattalögunum, sem varða skattálagningu á árunum 1978 og 1979, vegna þess að fyrir liggur að þetta frv., sem hér er verið að ganga frá, á ekki að taka gildi varðandi skattálagningu fyrr en komið er fram á mitt næsta kjörtímabil. — Hér er auðvitað fyrst og fremst um kosningamál að ræða, en ekki að menn séu af fúlustu alvöru að koma sér saman um hvernig skattalögum verði best komið fyrir. Ég efast ekki eitt andartak um að þetta frv., ef að lögum verður, þessi lög, sem hugsanlega verða sett að fáum dögum liðnum, eiga eftir að taka miklum og stórfelldum breytingum áður en kemur til álagningar samkv. þeim. Þau taka sennilega breytingum þegar í haust, og það gerir svo sannarlega ekkert til. Þau eiga ekki að taka gildi fyrr en 1. jan. 1979 og ég tel langlíklegast að þau taki enn frekari breytingum áður en til skattálagningar kemur samkv. þeim.

Eins og kemur fram í nál. mínu, þá er 9. brtt. um afnám nokkurra ívilnunarreglna núgildandi laga og þá fyrst og fremst um verðstuðulsfyrningu, flýtifyrningu og viðbótarfyrningu vegna skattskylds hluta söluhagnaðar. Ég legg til að þessar heimildir verði allar felldar niður. Mér þætti vænt um að hv. þm., sem er svo talnaglöggur sem raun ber vitni, stæði ekki upp til að flytja aðra ræðu fyrr en hann gæti fært okkur upplýsingar um hversu mikið ríkissjóður hagnaðist á þessari breytingu á árinu 1978 og 1979. Ég efast ekki um að hann hefur mikla reiknimaskínu á bak við sig, og mér væri kært að hann yrði með upplýsingar um þessi atriði í pússi sínu næst þegar hann

tekur til máls, sem væntanlega verður ekki fyrr en n. k. föstudag, þegar framhaldsumr. verður.

Ég vil svo að lokum segja það eitt, að ég tel að frv. sé meingallað. Það snertir lítt þann meginvanda sem við er að glíma. Ég minni á, að enn er tími til stefnu að breyta þessu frv. og jafnvel hugsanlegt að gera það á n. k. hausti. Ég undirstrika því, að verði till. mínar felldar nú við 2. umr., þá mun ég leggja til við 3. umr. að málinu verði vísað til hæstv. ríkisstj. svo að henni gefist færi á í sumar eða næstu ríkisstj., sem tæki við að loknum kosningum, að endurskoða málið og flytja nýtt skattafrv. á næsta hausti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Oft er það svo, að hv. 5. þm. Norðurl. v. og ég erum sammála um að frv. séu meingölluð, en aldrei erum við þó sammála um ástæðuna fyrir þessum göllum. Eins er það með þetta frv. Síst af öllu er ég honum sammála um að þetta sé eitthvað sérlega gott eða fyrst og fremst kosningafrv. meirihlutaflokka á Alþingi.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á frv. frá því það var lagt fram á síðasta þingi, og sætti ég mig vel við þær flestar, en ýmis meginatriði standa enn þá eftir og gera það að verkum að ég fyrir mitt leyti gat ekki skrifað undir meirihlutaálit fjh.- og viðskn. Í þessu frv. er enn þá beint ýmsum spjótum að lífsskoðunum mínum sem urðu til þess að sjálfstæðismenn óskuðu eftir því, að frv. færi ekki í gegn og yrði að lögum á síðasta þingi.

Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir þeim aths. sem m. a. gera það að verkum að ég get ekki staðið að samþykkt þessa skattalagafrv. Ég hef áður getið um að í 4. gr. þessa frv. að lögum, eins og það liggur fyrir til umr. er talað um skattfrelsi forseta Íslands og maka hans. Ég er því sammála, að forseti Íslands og maki eiga að vera skattfrjáls af embættistekjum sínum, en ekki af öðrum tekjum. Ég hef fært rök að því, að forseti Íslands gæti t. d. verið kona og átt eiginmann sem væri stórtekjumaður, og ég sé enga ástæðu til þess, að maki í því tilfelli nyti skattfrelsis, eða ef forseti Íslands væri stórtekjumaður fyrir utan embættið, að hann nyti skattfrelsis af þeim tekjum. Ég sé enga ástæðu til þess heldur, að ríkisfyrirtæki njóti algers skattfrelsis eins og stendur í 2. lið 4. gr. og ég sé enga ástæðu til þess, í 4. gr. 4. lið, að erlend ríki og stofnanir njóti skattfrelsis af viðurkenndri starfsemi hér á landi, nema um gagnkvæmnisamninga sé að ræða.

Í II. kafla, 7. gr., er svo hljóðandi setning:

„Til tekna skal telja og skiptir eigi máli hver innir greiðslu þeirra af hendi: ..... Hvorki skiptir máli hver tekur við greiðslu né í hvaða gjaldmiðli goldið er, hvort sem það er í reiðufé, fríðu, hlunnindum eða vinnuskiptum."

Við vitum að unga fólkið verður oft bjargálna og eignast þak yfir höfuðið með ókeypis aðstoð frá vinum og kunningjum og hvort við annað. Ég mótmæli því, að nokkur sá sjálfstæðismaður, sem hér á Alþ. situr, geti með góðri samvisku greitt þessari grein atkv. sitt. Þetta hefur verið eitt af baráttumálum Sjálfstfl., að fólk fái að vinna fyrir hvert annað í friði án þess að vera hundelt af ríkisskattstjórum eða öðrum opinberum aðilum.

Neðar í 7. gr., neðst í 1. lið, stendur að það skuli reikna gjald eins og þar kemur fram: „Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf sem innt er af hendi af maka manns eða barni hans sé starfið innt af hendi fyrir famangreinda aðila." — Sem sagt, ef annaðhvort foreldri eða maki er með einhvers konar rekstur á sínum vegum. Mér finnst þetta vera hreint siðleysi.

Ég skal fara fljótt yfir sögu. Ég vil gera aths. við þá breytingu sem orðið hefur á 16. gr., þegar talað er um söluhagnað af íbúðarhúsnæði. — Ég er í fjh.- og viðskn. Ed. Ég fylgist ekki, fremur en hv. 5. þm. Norðurl. v., vel með því, sem gerist í fjh.- og viðskn. Nd., og ekki heldur umr. þar. Mér er ekki kunnugt um hvernig þessi viðmiðunartala hefur lækkað úr 750 kúbikmetrum í 600 og úr 1500 í 1200. En þó að hún hefði ekki verið lækkuð, þá vil ég mótmæla því, að svo sé höggvið að einstaklingum eða eignafólki sem hér er gert. Fulltrúi fjmrn., sem kom á fund fjh.- og viðskn., staðfesti líka að hér væri að verulegu leyti þrengt að eignafólki frá því sem nú er, sem sagt, það er gengið á eignarrétt fólks. Ég vil enn þá undirstrika að Sjálfstfl. þykist a. m. k. hafa það á stefnuskrá sinni að verja eignarrétt allra, hvort heldur þeir eiga miklar eða litlar eignir. Og það kom fram, sem undirstrikar það sem ég segi nú, hjá hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., að það fer ekkert á milli mála að eignarskattur mundi hækka verulega — það eru hans orð — hækka verulega frá því sem nú er. Og nóg er fyrir.

Í 59. gr., — ég stikla enn á stóru, þetta er rétt til að gera grein fyrir þeirri afstöðu sem ég tók í hv. fjh.- og viðskn., er talað um, með leyfi forseta, best ég lesi það upp:

„Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, skal ákvarða honum tekjur af starfinu. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til slíkrar ákvörðunar."

Þetta finnst mér vera svo andstætt mínum lífsskoðunum, að ég er farinn að spyrja mig: Hvar er ég eiginlega staddur í flokki?

Í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að lesa bréf sem borist hefur frá Kaupmannasamtökunum og dags. er 3. maí, en það er svo hljóðandi og stílað til hv. alþm. Halldórs Ásgrímssonar, formanns fjh.- og viðskn. Ed. Alþ. Bréfið lá að sjálfsögðu ekki fyrir þegar þetta frv. var rætt á fundi n. í gær, en það hljóðar svo:

„Vegna frv. um tekju- og eignarskatt, sem nú liggur fyrir Alþ., harma Kaupmannasamtök Íslands það, að ekki skuli hafa verið leitað álits þeirra á efni frv. Sem umbjóðendur um 700 smásölufyrirtækja um land allt telja Kaupmannasamtök Íslands það skyldu alþm. og eðlileg vinnubrögð þingsins, að haft sé samráð við þau um málefni sem koma til með að hafa mikil áhrif á starfsemi fyrirtækja og einstaklinga í landinu.

Að gefnu þessu tilefni vilja Kaupmannasamtök Íslands mótmæla harðlega þeim ákvæðum 7. gr. áðurnefnds frv., þar sem eru sérstök ákvæði um það, að allir þeir, sem stunda eigin atvinnurekstur, séu skuldbundnir til þess að telja sér til tekna ákveðna fjárhæð, burt séð frá því hvort þeir hafi fengið hana greidda eða hvort fyrirtæki þeirra hafi getað innt af hendi slíka greiðslu. Það verður að telja mjög óeðlilegt og mismunum þjóðfélagsþegna, að ekki nægi að byggja álagningu skatta á framtölum þessara manna jafnt sem annarra. Jafnframt skal bent á, að með slíkum ákvæðum eru einstökum embættismönnum ríkisins fengin í hendur mikil völd sem auðvelt er að misnota."

Undir þetta skrifar framkvæmdastjóri Kaupmanna-

samtaka Íslands og afrit sent hæstv. fjmrh.

Ég vil taka undir þessi orð og er hissa á því, að hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. skyldi ekki lesa þetta bréf upp í framsöguræðu sinni.

Þá vil ég einnig gera aths. við þann kafla sem gerir sparifé og vexti af því framtalsskylt. Það hefur ekki verið framtalsskylt hingað til. Og með leyfi forseta ætla ég fyrst að fá að lesa upp úr drögum að aths. og álitsgerð frá Sambandi ísl. viðskiptabanka. Þau eru að vísu dags. 8.3. 1977, en eiga við um þetta atriði. Þar er í II. kafla vitnað í ummæli fjmrh. um þetta efni 1953,en þar segir svo:

„Lausafé er af skornum skammti, sparnaður hin síðari ár vanrækt dyggð, enda hefur sú dyggð um skeið ekki verið virt sem skyldi, eyðslu þar af leiðandi oft ekki stillt í hóf eins og hægt væri. Sparifé hefur verið skattlagt fullu verði, en aðrar eignir ýmiss konar skattlagðar samkv. lágu mati og með því mati framið ranglæti, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, að peningar hafa fallið í verði."

Hann segir svo:

„Ég minnti á, hversu erfitt væri að afla fjár til þeirra framkvæmda, sem þjóðin vildi hafa og teldi nauðsynlegt að væri komið áleiðis .... Það er ekki hægt að nota sama féð til venjulegrar eyðslu og einnig til framkvæmda. Það yrði þess vegna að auka sparnaðinn, ef draumur manna um miklar framkvæmdir á næstu árum ættu að rætast ....

Margir skynsamir menn halda því fram, að það sé mjög stórt atriði til þess að örva sparnaðinn að menn þurfi ekki að telja fram innstæður, og muni notast miklu betur af skattfrelsisákvæðinu til þess að örva sparnaðinn með því að hafa þetta ákvæði í lögunum. Þess vegna hefur verið horfið að þessu ráði og skrefið stigið alveg hiklaust og heilt. Það hefur verið mjög gaumgæfilega athugað, hvort í þessu muni vera fólgin hætta fyrir framkvæmd skattalaganna .... Sú athugun hefur leitt til þess, að menn setja þetta ekki fyrir sig og telja, að það muni ekki vera nein veruleg hætta á þessu .... Hér er **sparifé gert skattfrjálst beinlínis til þess að gera aðgengilegra fyrir menn að leggja fyrir peninga ... Það hefur hallað stórkostlega á sparifjáreigendur undanfarið, og þó að við vonum, að það þurfi ekki að halla á þá eins í framtíðinni þá held ég, að engum þurfi að bera kvíðaboga fyrir því, að það verði of vel að þeim búið. Svo þýðingarmikið er, að menn gerist til þess að leggja fyrir fé, einmitt eins og hér horfir um framkvæmdaáhuga og fjárskort.**"

Hér lýkur tilvitnun í ráðh. En því las ég þessa tilvitnun í ræðu fjmrh. frá 1953, að vitnað er í hana í annarri tilvitnun hér, sem er álit Sambands ísl. viðskiptabanka um þetta atriði. En þar segir í formála að álitinu:

„Afleiðingar og áhrif framangreindra breytinga, sem allar miða að því að skerða rétt sparifjáreigenda frá því sem nú er, verða ekki séðar fyrir með fullri vissu. Hins vegar má fullyrða með hliðsjón af erfiðleikum sparifjármyndunar undanfarinna ára og síversnandi kjörum þeirra, sem lána viðskiptabönkunum sparifé sitt, vegna verðbólgu og rangsnúinnar efnahagsþróunar, að fyrirhugaðar breytingar koma til með að auka verulega þann vanda sem fyrir er. Fjármagn viðskiptabankanna til útlána mundi verða minna en orðið er, og má það þó ekki við meiri minnkun að mati bestu manna."

Þetta er formáli að álitinu. Ég held áfram með álit stjórnarsambands íslenskra viðskiptabanka, en þar segir:

„Stjórn sambands ísl. viðskiptabanka vill hér með gera áður tilfærð orð grg. og fjmrh. frá 1953 að sínum, sbr. II. kafla hér að framan, sem æskilegar meginforsendur og markmið ákvæða skattalaga um framtalsskyldu og skattfrelsi sparifjár. Framangreind rök frá árinu 1953 eiga ekki síður við í dag en þá. Þess vegna er engin haldbær ástæða til að skrefið, sem stigið var 1953 alveg hiklaust og heilt, verði stigið til baka. Með breytingum þeim, sem frv. ráðgerir á framangreindum ákvæðum skattalaga, er að mati viðskiptabankanna verið að rykkja ótraustum stoðum undan veikburða viðleitni almennings og fyrirtækja til sparnaðar og þar með grundvellinum undan sparifjármyndun í landinu. Þær stefna því í öfuga átt við æskilegar og nauðsynlegar breytingar á löggjöf, sem tryggt gætu betur en nú er og verið hefur raunhæfan árangur af þeim réttu og þjóðhagslega brýnu forsendum og stefnumiðum gildandi ákvæða skattalaga sem áður greinir. Stjórn Sambands ísl. viðskiptabanka varar mjög eindregið við fyrirsjáanlegum neikvæðum og mjög varhugaverðum áhrifum fyrirhugaðra breytinga á ákvæðum gildandi skattalaga um framtalsskyldu og skattfrelsi sparifjár."

Með þessum ráðstöfunum, aðför að sparifé almennings með framtalsskyldu, eða hvernig menn vilja orða það, álít ég vera höggvið að rótum þess trúnaðartrausts sem ríkir milli einstaklingsins og bankans. Álít ég þá að sé farið að fenna í flest spor, allt að því að einstaklingurinn sé kominn í spennutreyju.

Ég vil þá leyfa mér að benda á eitt andstyggilegt atriði í þessu skattafrv., sem er jafnandstyggilegt þó að það sé líka í þeim lögum sem eru í gildi. En á 29. bls. í 94. gr. segir um upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildir:

„Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té." — Ég bið hv. þdm. að taka vel eftir næstu grein: „Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða aðra aðila sem hann getur veitt upplýsingar um." Á bls. 30 er þessu fylgt eftir á enn dramatískari hátt og þetta — verð ég að segja — er mjög mikið á móti mínum lífsskoðunum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara nánar út í hverja grein fyrir sig. Ég hafði hugsað mér að flytja brtt., en hætti við það af þeirri einföldu ástæðu að ég er í nákvæmlega sömu aðstöðu og þeir hv. þm. sem tilheyra minni hl. hér á Alþ. Þeir geta lagt í það vinnu að semja grg. og till., en það er fyrir fram vitað um afdrif þeirra. Ég féll því frá því og lét nægja að gera munnlega grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. Ég hefði líklega ekki gert það heldur, hefði ekki staðið í nál. meiri hl. að ég mundi leggja fram einhvers konar álit.

Ég sat nokkra fundi um þetta skattalagafrv., bæði með embættismönnum og á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. beggja hv. þd. Það, sem mér fannst helst skorta á í vinnubrögðum, var sú grundvallarstefna, sem unnið var eftir, eða þær forsendur, sem þetta skattalagafrv. er byggt á, en þær eru eflaust ekki aðrar en kannske hefur verið byggt á alla tíð. Ég hef áður látið það koma fram, eins og segir í lögum um álagningu fyrirtækja, að álagning skuli miðast við, að hún dugi vel reknu fyrirtæki. Ég sé enga ástæðu til þess, að þetta sjónarmið ríki ekki líka við gerð fjárl. Ég hefði viljað taka þátt í og er ávallt reiðubúin til að taka þátt í því að gera úttekt á ríkisbúskapnum og leggja síðan á skatta sem yrðu miðaðir við

að skilja sem mest af ráðstöfunartekjum fólksins eftir hjá fólkinu, en ekki að leggja miskunnarlaust á skatta til þess að standa undir því sem við erum allir sammála um að er orðið of þungt í vöfum og kostnaðarsamt.

Af því, sem ég hef hér sagt, held ég að engum dyljist lengur, að ég tel mig ekki geta staðið að samþykkt þessa skattalagafrv. Það gerir ekki ráð fyrir samdrætti eða endurskoðun á útgerð ríkisbáknsins, heldur gerir það ráð fyrir að ná af fólki því sem þarf til rekstrar að óbreyttum rekstri, að ríkið geti haldið ótrautt áfram á þeirri braut, — við skulum viðurkenna að það er ekki sérstaklega þessari ríkisstj. að kenna, heldur fyrri ríkisstj. líka — á þeirri braut sem hefur leitt til hinnar miklu verðbólguóvissu, sem þjóðin býr við í efnahagsmálum. Ég tel að það þurfi að breyta hugargangi þeirra, sem ráða ferðinni við gerð skattalaga, enda kom það ljóst fram í framsöguræðu hv. talsmanns meiri hl. fjh.- og viðskn. að nota þyrfti tímann vel, frá því að þetta frv. verður samþ. á þessu þingi þangað til lögin taka gildi, til þess að gera á því ýmsar endurbætur. Ég túlka það á þann hátt, að í hans augum hljóta að vera augljósir gallar á frv. Að öðrum kosti væri hann ekki að tala um að endurbætur þurfi að gera á frv. sem ekki er samþ. enn þá.

Þetta er í stórum dráttum það sem ég vil segja, vegna þess að það kom fram hjá meiri hl. fjh.- og viðskn., í áliti hans, að ég mundi gera grein fyrir afstöðu minni.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þessa frv., en skal reyna að vera mjög stuttorður. Ég vil þó fyrst átelja þau vinnubrögð hæstv. ríkisstj. að láta svo mikilsvert og margslungið frv., sem snertir nær alla þegna landsins, þ. e. afkomu þeirra í einni eða annarri mynd, koma svo seint fyrir augu alls þorra þm. og knýja það síðan á fáum dögum gegnum þingið án þess að kostur gefist á að skoða það nógu gaumgæfilega eða hlusta á raddir hinna ýmsu hópa þegnanna um viðhorf þeirra til frv. Þetta finnst mér mjög ólýðræðisleg vinnubrögð og háskaleg fyrir virðingu þings og stjórnar, — vinnubrögð sem eru raunar ekki einsdæmi fyrir þessa ríkisstj. þótt mér finnist hún hafa þessa síðustu þingdaga beitt þeim í ríkari mæli en dæmi munu finnast til. Vinnubrögð þessu lík munu ekki síst undirrót þess, hve afgreiðsla þingmála nýtur takmarkaðrar virðingar.

Það liggur í augum uppi að lagasmíð, sem svo mjög snertir afkomu manna sem sköttun tekna og eigna, hlýtur alltaf að vera umdeild. Það, sem sumum finnst rétt og gott, finnst öðrum hróplegt ranglæti. Síðast var skattalögum breytt 1971—1972, og frá þeim tíma hafa oft farið fram ítarlegar og gagnlegar umræður um skattakerfið. Hafa verið bornar fram athyglisverðar till. til breytinga og lagfæringa, sem sumar hafa greinilega haft áhrif á mörkun þess frv. sem hér liggur fyrir. Nefni ég þar fyrst sérsköttun hjóna, ákveðin og hækkandi skattfrelsismörk einstaklinga, skattlagningu launa við eigin atvinnurekstur og skattlagningu söluhagnaðar eigna. En á öll þessi atriði hefur Alþfl. lagt áherslu í tillöguflutningi sínum á Alþ. undanfarin ár. Sömuleiðis bendi ég á nokkra lagfæringu á fyrningarreglum. En á nauðsyn úrbóta þar hefur t. d. hv. 5. þm. Norðurl. v. lagt oft þunga áherslu hér í d. með tillögu- og ræðuflutningi. Og ég tel að frv. hefði þurft að ganga lengra til móts við þær till. Einnig tek ég undir þá gagnrýni hans og fleiri, að frv. þetta, þó að lögum verði, mun ekki hindra að ýmis fyrirtæki og einstaklingar munu eftir sem áður smjúga skattlaust gegnum möskva skattkerfisins, þótt áhorfendum sýnist slíkt ekki geta verið réttlátt miðað við þá eyðslu sem þeir auðsjáanlega veita sér, og geta, þó að þetta frv. gangi í gegn, auðveldlega velt af sér skattbyrði yfir á aðra.

Enda þótt ég telji breytinguna frá samsköttun hjóna til sérsköttunar tvímælalaust réttarbót, leynist mér ekki að sú breyting við niðurfelkingu 50%-reglunnar, sem svo er nefnd, hlýtur að koma illa við stóran hóp launþega. Eg harma því, að hv. Nd. sá sér ekki fært að samþykkja till. þm. Alþfl. þar við 68. gr. frv., því að það hefði létt stórum hópi þessa breytingu. Þar sem ég þykist þess hins vegar fullviss, að framgangur þessa frv. sé þegar ráðinn hér í d. án efnislegra breytinga, vil ég ekki tefja tímann með því að endurflytja þessa till., þó í breyttri mynd væri.

Sama er að segja um þá till. Alþfl. í Nd. við 30. gr. frv. að leyfa 12% frádrátt tekna í stað 10% fremur en framtal sundurliðaðra frádráttarliða. Tel ég að hún hefði verið aukin réttarbót fyrir margt láglauna- og miðlaunafólk.

Ég vil taka undir aths. hv. 12. þm. Reykv. varðandi 1. tölul. 4. gr. og benda á, að í núgildandi lögum er forsetinn aðeins tilgreindur, en ekki maki. Þá vil ég og taka undir aths. hans varðandi 4. tölul. sömu greinar, að réttmætt sé að taka þar fram, að gagnkvæmni sé skilyrði.

Þá veit ég að aths. hv. 1. landsk. þm., Jóns Árm. Héðinssonar, við 59. gr. frv. hafa margt til stuðnings sér og mun greinin verða erfið í framkvæmd. Þó tel ég hana ekki mega missa sig nema betra komi í staðinn.

Ég tel augljósan galla á frv., að það þrengir frádráttarkosti námsmanna að loknu námi, en einmitt fyrstu árin eftir námslok reynast ýmsum kostnaðarsöm. Sýnist mér gildandi regla námsmönnum hagfelldari en sú sem frv. gerir ráð fyrir.

En þó að ég telji margt miður í þessu frv., svo sem að skattfrelsismörk launþega séu of lág, fyrningarreglur enn of rúmar og þokukenndar, nokkuð ljóst að margur háfur mun enn smjúga klakklaust um möskva skattálagningar sér til léttis, en öðrum til aukins skattþunga, námsmönnum sé fremur íþyngt en hitt, og fleira mætti upp telja, þá tel ég þó að frv. þetta, ef að lögum verður, sé lagabót í heild skoðað frá gildandi lögum, svo sem sérsköttun hjóna, réttlátari álagningarreglur gagnvart einstæðum foreldrum, að tekin skuli upp skattlagning á söluhagnaði eigna og á launum við eigin atvinnurekstur. Nokkur fleiri atriði gæti ég tínt hér til, en tímans vegna skal því sleppt. Með þessa niðurstöðu í huga, að lagfæringarnar vegi þyngra en ókostirnir, mun ég fylgja frv. þessu, en áskil mér þó að sjálfsögðu rétt til að fylgja brtt. ef mér sýnist svo.

Umr. frestað

Efri deild, 98. fundur.

Miðvikudaginn 3. maí, að loknum 97. fundi.

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 900 (sbr. 39)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 393). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 824, n. 887, 854, 855, 888). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um heilbrigðisþjónustu. N. hefur gefið út svofellt álit:

„N. hefur rætt frv. Hún fékk Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra á sinn fund og veitti hann nm. veigamiklar skýringar og upplýsingar um frv.

N. leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem hún flytur till. um á sérstöku þskj."

Þrír nefndarmanna, þeir Halldór Ásgrímsson, Ásgeir Bjarnason og Helgi F. Seljan, skrifa undir nál. með fyrirvara.

Þetta er viðamikið frv. eins og gefur að skilja, og enda þótt það hafi verið til umfjöllunar í Nd., þá sáum við okkur ekki fært annað en gera vissar till. til breytinga á því. Við höfðum hins vegar lítinn tíma til stefnu, gerðum okkur ljóst að tími hefði þurft að vera lengri, því að margt orkar tvímælis í þessu, enda þótt segja megi að frv. sé til mikilla bóta frá þeim lögum sem nú gilda. En ýmislegt, sem við höfðum viljað koma að, vannst ekki tími til að vinna til fullnustu og verður að bíða betri tíma og endurnýjaðrar endurskoðunar á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Við flytjum nokkrar brtt. við frv., og er sú fyrsta við II. kafla frv. og við 6. gr., að í stað Árnessýslu komi: Árnessýslu og Selfosskaupstað. — Þetta er eðlileg afleiðing af því að svo stutt er síðan Selfosshreppur gerðist kaupstaður, að frv. mun hafa verið komið í prentun áður en svo varð.

Við 14. gr. frv. gerum við í fyrsta lagi brtt. við 14. 6. 4. Þórshafnarumdæmi. Leggjum við til að liðurinn hljóði svo: Þórshöfn H 1, starfssvæði Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur og Sauðaneshreppur.

Og nýr liður komi þar: Raufarhöfn H 1, starfssvæði Raufarhafnarhreppur.

Þessi breyting stafar af því, að sú breyting hefur verið gerð frá upphaflegu lögunum, að Vopnafjarðarhérað hefur verið sett undir Egilsstaði í Austfjarðakjördæmi og heilbrigðisumdæmi, þannig að Þórshöfn er nú orðin á austurendanum í Norðurlandskjördæmi eystra. Er þá í raun og veru fallinn burt grundvöllurinn fyrir því, að Þórshöfn verði eins konar miðsvæði þarna, en það var áður svo, að Þórshöfn átti að vera höfuðstöð fyrir Vopnafjörð og Raufarhöfn og jafnvel Kópasker líka. Nú hefur þessu verið breytt þannig, að Vopnafjörður, Þórshöfn, Raufarhöfn og Kópasker verða öll H 1 stöðvar þar sem verður starfandi læknir og e. t. v. hjúkrunarfræðingur. Er talið að þetta falli miklu betur að þeim aðstæðum, sem þarna eru, einkum vegna þess hve tíðarfar er þarna erfitt á vetrum og umferð öll erfið. Er því ekki talið forsvaranlegt annað en að læknir sitji jafnan á hverjum þessum stað og þeir séu sjálfstæðar einingar.

Enn fremur gerum við brtt. við 14.7.1 á þá leið, að þar verði Vopnafjörður H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur. Í öðru lagi, sem 5. liður: Bakkafjörður H, starfssvæði Skeggjastaðahreppur.

Bakkafjörður er nú mjög illa settur varðandi heilbrigðisþjónustu. Hann heyrir í rauninni undir Vopnafjörð, en er með bráðabirgðaákvæði settur undir Þórshöfn og þjónað þaðan nú að nokkru leyti a. m. k. Þótt þetta sé fámennur hreppur, þá er talið nauðsynlegt að hann fái aðstöðu til betri heilbrigðisþjónustu en nú er hægt að veita. Því er lagt til, að þar komi aðstaða til lækninga og þar geti verið starfandi hjúkrunarfræðingur.

Þá gerum við brtt. við 19. gr., og er hún aðeins á þá leið, að í stað orðsins „sjúkdómsleit" komi: sjúkdómaleit.

Fleiri eru þær brtt. ekki sem við gerum. Okkur er ljóst að æskilegt hefði verið að koma til móts við sumar af þeim heilbrigðisstéttum, sem við okkur hafa talað og telja að þurfi að kveða nánar um starfssvið þeirra í þessu frv. En ég sé hins vegar ekki að við getum annað gert en að leggja til að nú þegar verði hafin athugun á samvinnu og valdaaðstöðu hinna ýmsu heilbrigðisstétta og að það bíði næstu endurnýjaðrar athugunar á heilbrigðislögunum hvað gera skuli í þeim málum og hvernig skuli kveða á um slík atriði.

Varðandi sérstakar brtt. sem Helgi Seljan flytur, þá verð ég að segja, að margt af því hefur verið til umfjöllunar og athugunar hjá okkur, en við höfum af ástæðum, sem ég áður hef greint nokkuð, ekki séð okkur fært að taka þau atriði inn í frv. núna. Þess vegna get ég ekki lagt til að þessar till. verð samþ. Annað mál er það, að án efa verður fljótlega að kveða nokkuð nánar á um hlut hjúkrunarfræðinga í heilsugæslunni og þeim nýju héruðum, sem nú myndast, og hef ég trú á því, að bæði ráðh. og landlæknir hafi áhuga á að þau mál verði leyst hið allra fyrsta.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hlýt að harma hve stuttur tími hefur gefist til þess að athuga mál þetta. Stjórnarsinnar gera sér að sjálfsögðu einnig ljóst að hér hefur verið allt of takmarkaður tími til að fjalla um jafnveigamikið mál. Reyndar hafa ekki komið fram fullnægjandi röksemdir fyrir því, að slík alllsherjaruppstokkun, eins og í sumu hér er þó farið inn á, hefði þurft að koma til. Það hefur verið bent á það af hálfu þeirra, sem þetta mál flytja af mestu kappi, að nauðsynlegt hefði verið að gera ákveðnar breytingar, sérstaklega varðandi Suðurland, og það hefur verið sjálfsagt og ekki staðið á okkur að standa að þeim breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu sem þar hefðu verið nauðsynlegar. En

fyrir nauðsyn allsherjaruppstokkunar á þessu, eins og þarna er í sumum greinum, þó ekki nægilega í öllum, höfum við ekki fengið neinar röksemdir. Og það kemur líka glögglega í ljós, eins og síðast núna hjá hv. frsm. n. okkar, að hann telur að í ýmsum greinum þurfi fljótlega að endurskoða þessa endurskoðun sem nú hefur farið fram. Og það er alveg rétt. Það er alveg ljóst. Þar af leiðandi er hér að miklu leyti um handahófskennt verk að ræða. Ég bendi m. a. á það, að í Nd. var fellt út eitt ákvæðanna um verkefni heilbrigðismálaráðs, og það var fellt út af einum nm. í þeirri nefnd, sem stóð að þessari endurskoðun og átti þó gerst að vita hvað væri nauðsynlegt að hafa á verkefnalista þessa heilbrigðismálaráðs og hvað ekki. En þegar þessi hv. þm. fer að starfa í þn., leggur hann til að þetta sé fellt brott! Þetta er dæmi um vinnubrögðin.

Ég skal ekki hafa um málið mörg orð, því að þær breytingar, sem hér er um að ræða, eru til bóta. Þær hafa náðst fram þó í gegnum það starf sem þarna hefur verið unnið. Og ég ásaka ekki formann n., hann er undir stífri pressu frá hæstv. ráðh. um að koma þessu í gegn hið fyrsta og ég skil vel hans starfsaðstöðu. Ég þakka sérstaklega fyrir hönd okkar Austfirðinga þann skilning sem kom fram hjá honum og reyndar ráðuneytisstjóra einnig varðandi þá uppástungu sem kom fram í n. um aðstöðu fyrir lækni á Bakkafirði. En ég held að það hafi ekki heldur verið færð nein rök gegn þeirri till. sem við **flytjum hér, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, um að Eskifjörður yrði H 2 stöð. Það hafa engin rök komið fram gegn henni, sem ég tel haldbær. Við munum að sjálfsögðu** standa áfram við þá till. okkar og láta hana koma til atkv.

Brtt. frá okkur hv. þm. Stefáni Jónssyni er um að heimildin í 42. gr. verði betur tryggð með því, að heilbrmrn. sé skylt að gera áætlun um það árlega, á hvern hátt megi best nýta hana og dreifa sérfræðiþjónustunni sem mest um landið allt. Við þessu fengust ekki svör á nefndarfundi í dag hjá ráðuneytisstjóra, einfaldlega vegna tímaskorts. Það féll niður að fá svör hjá honum við því, hversu mikið þessar sérfræðiheimildir hefðu verið notaðar. Tíminn hefur sem sagt ekki verið rýmri en það, að jafnvel einföldum spurningum eins og þessari hefur ekki fengist svarað.

Ekki komu heldur fram í n. hjá okkur nein teljandi mótrök, sem ég get fallist á, gegn þeirri brtt. sem ég hef flutt hér sérstaklega og voru fluttar áður í Nd. af hv. þm. Vilborgu Harðardóttur varðandi héraðshjúkrunarfræðingana. Ég hef ekki enn þá, hvað sem menn segja um vissan stéttarig, sem er nú nægur hjá þessum heilbrigðisstéttum að vísu, séð neitt sem mælir í móti því að fara eftir óskum Hjúkrunarfélags Íslands um þær breytingar sem það hefur farið fram á núna upp á síðkastið alveg sérstaklega, og eru aðeins orðnar þrjár. Félagið bar upp miklu fleiri breytingar, en hefur dregið þær saman og beðið um að við tækjum aðeins tillit til þriggja þeirra. Það er engin ástæða til þess að taka þetta jafnréttismál, eins og ég tel þetta mál, neitt út úr. Því hef ég leyft mér að flytja þessa till., sem er í þrem liðum og snertir í raun og veru allt það sama, að ráðh. skipi einn af starfandi heilsugæsluhjúkrunarfræðingum — svo gáfulegt orð sem það er nú orðið, en það er ekki mér að kenna, það er þeim að kenna sem semja þessi vísu frv. — sem héraðshjúkrunarfræðing til fjögurra ára í senn. Og síðan sé þetta eins í sambandi við 8. gr., þar sem sagt er að ráðh. setji héraðslæknum erindisbréf að fengnum till. landlæknis, þar setji ráðh. héraðshjúkrunarfræðingum erindisbréf að fengnum till. Hjúkrunarfélags Íslands. Hið sama gildir svo aftur varðandi 10. gr., þar sem talað er um laun heilsugæslulækna sem jafnframt eru héraðslæknar, þau fari eftir launasamningum fjmrn. og Læknafélags Íslands á hverjum tíma, þá fari um laun hjúkrunarfræðinga á heilsugæslustöðvum, sem jafnframt **eru héraðshjúkrunarfræðingar, eftir launasamningi** fjmrh. og Hjúkrunarfélags Íslands á hverjum tíma.

Ég neita því ekki, að vafalaust er einhver stéttarmetnaður hér á bak við. Vafalaust mætti fara lengra niður í sambandi við heilbrigðisstéttirnar til þess að veita þeim aukinn rétt og aukna aðild, þannig að læknaeinveldið, sem hefur ríkt í heilbrigðismálum okkar, væri nokkuð skert, því að það hygg ég að mætti gera alveg að skaðlausu. **En brtt. þessar eru það meinlausar, að ég held að** meira að segja læknar ættu að geta samþykkt þær.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr. hafði heilbr.- og trn. ekki mikinn tíma til að athuga þetta frv. Satt best að segja er ekki svo langt um liðið síðan þeirri skipan í læknisþjónustu var komið á sem nú gildir og á að breyta með frv. þessu. Vera má að það sé eitthvað í þessu frv. sem er aðkallandi, um það skal ég ekki dæma.

Ég hafði ritað undir nál. með fyrirvara sem byggist fyrst og fremst á því er varðar það læknishérað sem ég tel mig nokkru máli skipta, Stykkishólmsumdæmi, þar sem í fyrsta lagi á að taka Flateyjarhrepp á Breiðafirði frá þjónustustarfsemi í Stykkishólmi og fela læknishéraðinu á Hólmavík. Nú ætla ég ekki að dæma um það, hvort hægt verður að sinna þeirri læknisþjónustu nægjanlega frá Hólmavík, en mér finnst harla ótrúlegt að aðstaðan verði betri fyrir Flateyjarbúa að fá sína þjónustu þaðan að norðan en úr næsta nágrenni, frá Stykkishólmi.

Í öðru lagi vil ég benda á 3. lið að því er varðar Stykkishólmsumdæmi: Búðardalur H 2 sem er nú starfssvæði allra hreppa Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að austustu hreppar Barðastrandarsýslu, þ. e. Geiradalur, Reykhólasveit, Gufudalssveit og Múlahreppur, tilheyri Hólmavík. Vera má að það sé líka hægt að þjóna þeim hreppum betur frá Hólmavík en frá Búðardal. En margt finnst mér benda til þess, að það fólk, sem þarna býr, fái betri þjónustu frá Búðardal en frá Hólmavík.

En hvað um það, það, sem mér finnst á skorta í frv. þessu er, að þegar haft er í huga að þarna á að skipta umdæmi þessu, sem stendur að heilsugæslustöðinni í Búðardal og hefur tekið á sig vissar byrðar í uppbyggingu þar, þá er hvergi neitt ákvæði um hvaða háttur verður á hafður í fjármálum þegar slík breyting verður gerð, um það hvort Austur-Barðstrendingar eigi að fá endurgreitt þegar þeir flytja til Hólmavíkur og byrja á því að byggja þar upp læknisþjónustu sína ásamt þeim sem þar eru fyrir og hver kaupir þeirra hlut í stofnkostnaði.

Ég leyfi mér líka að benda á að þegar lög um heilsugæslu voru lögfest fyrir 5 árum, þá var það talin lágmarksstærð, að á einu heilsugæslusvæði væru 1500—2000 manns, og þar af leiðandi væru íbúar á þessu heilsugæslusvæði, þ. e. Dalasýslu ásamt Austur-Barðastrandarsýslu alveg á mörkum þess að vera nógu margir. En hvernig verður þá með rekstur heilsugæslustöðvarinnar í Búðardalshéraði einu saman, þegar Austur-Barð-

strendingar eru ekki lengur með? Mér finnst þetta vera nokkur spurning, og þetta hlýtur að valda mikilli fjárhagslegri röskun, ekki bara að því er varðar stofnkostnað, heldur einnig og ekki síður að því er varðar rekstrarkostnað, þó maður haldi sig eingöngu við fjárhagshliðar þessa máls, en ekki þá heilbrigðisþjónustu sem þarf að veita öllu þessu fólki í framtíðinni. Ákvæði um þessi efni eru öll óviss í frv., bæði að því er varðar skiptingu á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, ef um breytingar verður að ræða í framtíðinni. Ég tel breytingu þessa því óþarfa og ekki til bóta og mun ekki greiða þessu frv. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 757, n. 884, 885). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til athugunar frv. til l. um Iðntæknistofnun Íslands, sem hét reyndar Tæknistofnun Íslands þegar frv. var lagt fram í Nd., en var breytt þar í Iðntæknistofnun Íslands. Nál. kemur fram á þskj. 884 og brtt. á þskj. 885.

Eins og kemur fram í nál. kvaddi n. á sinn fund þá Davíð Scheving Thorsteinsson formann Félags ísl. iðnrekenda, Hauk Björnsson framkvstj. sama félags, Harald Ásgeirsson framkvstj. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, Gunnar Björnsson formann Meistarasambands byggingarmanna og Sigurð Kristinsson formann Landssambands iðnaðarmanna. Fyrst og fremst var um það fjallað á þessum fundum hvort rétt væri að sameina Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins fyrirhugaðri Iðntæknistofnun Íslands. Um það gæti ég haft langt mál, því að þetta mál hefur verið í undirbúningi í allmörg ár eða allt frá 1972. Hefur reyndar mikið vatn runnið til sjávar frá því að sú athugun hófst. Nefnd var þá sett á laggirnar sem skilaði áliti um sameiningu þessara þriggja stofnana. Var gert ráð fyrir öðrum mjög veigamiklum breytingum í því sambandi, m. a. margföldun á fjármagni til þessara stofnana með vissum mörkuðum tekjustofnum og sömuleiðis frjálsræði til handa þessari stofnun, hinni nýju tæknistofnun, til að lausráða starfslið í langtum ríkara mæli en nú er. Við nánari athugun á þessum málum í höndum iðnrn. voru þessi atriði bæði felld út.

Á sama tíma hefur jafnframt orðið veruleg breyting í starfsemi þessara stofnana, sem hefur, svo ég hlaupi mjög hratt yfir sögu, valdið miklum breytingum í viðhorfi þeirra, sem eiga hlut að máli, til þessa atriðis um sameiningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins við þær aðrar stofnanir, þ. e. a. s. Iðnþróunarstofnun Íslands og Rannsóknastofnun iðnaðarins, sem hér um ræðir.

Ég vil geta þess, að almennt er sú regla viðhöfð í öllum nágrannalöndum okkar, að tæknistofnanir, sem annast alls konar daglega þjónustu við viðkomandi iðngrein, eru aðskildar frá rannsóknastofnunum, sem starfa sjálfstæðar eða óháðar slíkum vandamálum hins líðandi dags. Þetta er gert vegna þess að yfirleitt er mjög erfitt að sameina þetta tvennt. Yfirleitt verður þjónustustarfsemin það yfirgnæfandi að sjálfstæð rannsóknastarfsemi fær lítinn framgang. Hér hefur verið reynt að sameina þetta. Þetta hefur gefist nú upp á síðkastið vel hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, þar sem hvort tveggja hefur þróast. Hins vegar á það eflaust verulegan þátt í þeirri staðreynd, að hjá Rannsóknastofnun iðnaðarins hefur þjónustustarfsemin orðið yfirgnæfandi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta miklu meira mál, enda flestir horfnir af fundi, en þó geta þess, að á þessum fundi, sem haldinn var með fyrrnefndum mönnum, kom m. a. mjög eindregið fram hjá Gunnari Björnssyni formanni Meistarasambands byggingarmanna, að hann og hans samband óskar ekki eftir því, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði sameinuð í Iðntæknistofnun Íslands. Undir þetta var tekið mjög ákveðið af Haraldi Ásgeirssyni framkvæmdastjóra Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og sömuleiðis af Sigurði Kristinssyni formanni Landssambands iðnaðarmanna. Einnig kom fram að formaður Félags ísl. iðnrekenda, sem hefur verið mikill hvatamaður að þessari sameiningu, telur að þetta sé ekki rétt að gera gegn vilja Meistarasambands byggingarmanna. Að þessum niðurstöðum fengnum varð n. sammála um að fella út úr frv. þau ákvæði sem fjalla um Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og eru brtt. í þá veru fluttar á þskj. 885.

Ég vil taka það fram, að á fundi n. kom fram að vel gætu viðhorf breyst seinna, ef t. d. unnt reynist að afla verulegra tekna til sameinaðrar stofnunar og skapa henni ýmsa starfsaðstöðu. En eins og horfir í dag voru þeir menn, sem til voru kvaddir frá byggingariðnaðinum, á einu máli um að þeirra starfsemi væri betur þjónað af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eins og hún hefur þróast upp á síðkastið heldur en í sameinaðri stofnun. Ég vil jafnframt geta þess, að þróun Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur að þessu leyti verið mjög ánægjuleg s. l. ár. Tækniráðgjafarnefnd, sem í sitja 14 menn úr byggingariðnaðinum og starfa við þá stofnun, hefur starfað vel. Starfsemi hennar hefur aukist. Tengsl Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins við sína iðngrein hafa þannig verulega eflst.

Eins og ég sagði áðan mætti hafa um þetta mörg fleiri orð. Ég vil lýsa ánægju minni með þá samstöðu sem náðist í iðnn. um þetta mál. Það er persónuleg sannfæring mín, og ég hygg að ég tali þar af nokkurri reynslu og þekkingu um þetta mál, að því sé stórum betur farið á þennan veg en ráð var fyrir gert í frv. Jafnframt er það skoðun mín og okkar allra, að Iðntæknistofnun Íslands, sem mynduð verður með sameiningu Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Iðnþróunarstofnunar Íslands, verði íslenskum iðnaði til framdráttar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 95. fundur.

Miðvikudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Á fundi í þessari hv. d. í gær vakti ég athygli á því utan dagskrár, að

þá um morguninn, þ. e. a. s. í gærmorgun, hefðu þær fregnir borist af hæstv. iðnrh., sem hélt til útlanda s. l. miðvikudag, að hann hefði ekki í hyggju að koma aftur heim fyrr en að þingi loknu. Til þeirrar stundar hygg ég að allir þm. hafi staðið í þeirri trú, að hæstv. iðnrh. kæmi aftur til landsins um s. l. helgi. Ég veit að þeirrar skoðunar var m. a. forseti Sþ. þegar hæstv. iðnrh. baðst leyfis til þess að mæla fyrir Kröfluskýrslu sinni s. l. þriðjudag og að frekari umr. yrði síðan frestað þar til hann kæmi aftur til þings. Þessar nýju upplýsingar um fyrirætlanir hæstv. iðnrh., að koma ekki til þings fyrr en þá eftir þinglausnir, gerðu það að verkum, að ljóst var að ekki gæti svo farið að hæstv. ráðh. mælti fyrir skýrslu sinni um Kröflu á Alþ. eins og þingsköp gera ráð fyrir. Ef skýrslan hefði þrátt fyrir það verið tekin til umr., hefði orðið að gera það án þess að ráðh. sá, sem ber ábyrgð á skýrslunni til Alþ., væri viðstaddur.

Ég óskaði þess í gær, að hæstv. forsrh. beitti sér fyrir því, að hæstv. iðnrh. breytti fyrirætlunum sínum og kæmi til þings fyrir þinglok til þess að sinna þingskyldum sínum. Hæstv. forsrh. svaraði því til, að hann mundi tafarlaust gera hæstv. iðnrh. viðvart. Ég hef þá trú, að það hafi verið gert, og nú leikur mér forvitni á að fá að vita frá hæstv. forsrh., hvort líkur séu til að hæstv. iðnrh. hafi saknað Alþ., þegar honum var gert viðvart, og hvort líkur séu á að Gunnar snúi aftur.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Sem svar við fsp. hv. þm. get ég upplýst að hæstv. iðnrh. kemur til landsins á morgun.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svarið og hef þá trú, að hæstv. forsrh. hafi beitt áhrifum sínum til þess að fá hæstv. iðnrh. til að breyta áformum sínum. Það er ánægjuefni að hæstv. iðnrh. skuli snúa aftur á morgun, uppstigningardag, til þess að sinna þingskyldum sínum síðustu tvo þingdagana. Ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. komi síðan heill til þingstarfa á föstudag og aðflutningsbann það, sem verkalýðshreyfingin hefur upp tekið, nái ekki til hæstv. orkumálaráðh. Ég vænti þess svo fastlega, að Kröfluskýrslan komi til umr. í Sþ. n. k. föstudag þegar líkur eru á að fundur verði í Sþ.

Umferðarlög, frv. (þskj. 393, n. 842). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Virðulegi forseti. Hv. allshn. hefur rætt þetta mál á fundi sínum og mælir einróma með því að það verði samþykkt. Tveir nm. voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 96. fundur.

Miðvikudaginn 3. maí, að loknum 95. fundi.

Lögréttulög, frv. (þskj. 866 (sbr. 365)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og á stendur mun ég ekki halda langa framsöguræðu um þetta mál. Ég vil aðeins geta þess, að það hefur gengið í gegnum hv. Ed. og verið samþ. þar með tveimur lítils háttar breytingum.

Þetta frv. er ekki nýtt, hvorki í þessari hv. d. né annars staðar. Þó það komi svo seint til d., þá hafa þm. auðvitað átt þess kost að lesa það og kynna sér það. Ég mun hins vegar leggja á vald hv. n., sem það fær til meðferðar, og d., hvort hún telur sér fært að afgreiða þetta mál á svo stuttum tíma sem nú er eftir þingtímans. Ég er ekki meðmæltur slíkum starfsháttum, en ef hún treystir sér til þess, þá mun ég að sjálfsögðu vera henni þakklátur fyrir það.

Um aðalefni þessa frv. má segja, að það hefur í sér fólgna mjög verulega og jafnvel gjörbreytingu á skipan dómstóla. Það er um að setja upp nýja dómstóla, lögréttur sem kallaðar eru, annan dómstólinn sunnan og vestan, sem hefur aðsetur í Reykjavík og í eiga að sitja 12 dómendur, hinn norðan og austan, sem í eiga að sitja 3 dómarar, og hann á að hafa aðsetur á Akureyri. Þó að talað sé um aðsetur þessara dóma á þessum stöðum, þá eiga þeir að geta og eiga að halda dómþing utan þessara staða eftir því sem þörf krefur. Þó að þarna sé um þriðja dómstigið — má segja — að tefla, þá er eftir sem áður gert ráð fyrir því, að hvert og eitt mál geti aðeins farið um tvö dómstig, þ. e. a. s. að sum meiri háttar mál verði höfðuð fyrir lögréttum sem fyrsta dómstig, en þeim megi síðan áfrýja til Hæstaréttar. Um mörg mál, sem talin eru nánar upp í frv., er gert ráð fyrir því, að þau séu höfðuð fyrir héraðsdómi og þeim megi áfrýja til lögréttu. Þá fara þau ekki og geta ekki farið til Hæstaréttar.

Það má segja í stuttu máli, að aðalmarkmiðið með þessu frv. sé tvenns konar: Annars vegar að stefna að og stíga skref í átt að meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds og gera dómstóla óháðari og í öðru lagi að flýta afgreiðslu dómsmála og m. a. létta störfum af Hæstarétti sem augljóst er að í framtíðinni geti varla annað þeim störfum sem til hans berast, nema þar verði þá fjölgað dómurum eða breytt um meðferð mála með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Er gert ráð fyrir því, að lögréttudómur starfi ýmist sem fjölskipaður dómur eða í honum sitji aðeins einn maður.

Ég leyfi mér, herra forseti, af því að tíminn er svo naumur, að vísa til frv. og hinnar ítarlegu grg., sem með því fylgir, og leyfi mér að óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 867 (sbr. 406)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. geymir veigamiklar breytingar á meðferð einkamála. Það má segja, að frv. sé fyrst og fremst fylgifiskur með lögréttufrv. og eigi að gilda um málsmeðferð þar, en jafnframt hefur því þó verið, eða var nú s. l. sumar breytt á þann veg af réttarfarsnefndinni, sem hefur samið þessi frv., að það er ekki í svo föstum tengslum við lögréttufrv. að það má, ef menn vilja, samþ. þetta frv. út af fyrir sig, þó að lögréttufrv. væri látið bíða.

Ég fer ekki út í það að rekja einstök ákvæði þessa frv., en þau miða fyrst og fremst að því að flýta málsmeðferð og að mál séu rekin, ef svo má segja, í meiri samfellu en verið hefur, málið sé tekið fyrir og það sé haldið áfram með það þar til því er lokið. Það hefur nú ugglaust verið ætlunin með einkamálalögunum upphaflega, að svo væri á haldið, en framkvæmdin hefur orðið önnur og þess vegna hefur viljað brenna við að einkamál hafa oft dregist óhóflega á langinn.

Ég leyfi mér líka að vísa til þeirra skýringa sem með frv. fylgja. Það var afgreitt shlj. í hv. Ed., aðeins gerð á því ein örlítil breyting.

Ég leyfi mér að óska eftir því, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn., og ef svo færi að frv. þessi kæmu aftur á dagskrá hér í d., þá áskil ég mér rétt til þess að ræða nánar um þau við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 868). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er fylgifiskur lögréttufrv. Þar er gert ráð fyrir því, að sjó- og verslunardómur sé lagður niður, en þau mál, sem hann hefur farið með, flytjist til sakadóms. Ég vísa til frv. og skýringa með því og leyfi mér að óska eftir því, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Endurtek ég að örlög þessa frv. fara algjörlega eftir því, hvort lögréttufrv. verður afgreitt eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Heyrnleysingjaskóli, frv. (þskj. 796). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. þar sem það var samþ. óbreytt eins og það var lagt þar fram. Það er um breyt. á lögum um Heyrnleysingjaskóla og er um það, að við Heyrnleysingjaskólann skuli starfa framhaldsdeild sem hafi það hlutverk að veita nemendum undirbúning og aðstoð til að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttindi til sérnáms í framhaldsskólum.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það er mjög einfalt að gerð. Heyrnleysingjaskólinn er grunnskóli og hefur starfað sem slíkur. Að vísu er það svo í grunnskólalögunum, að heimilt er að seilast nokkru lengra fram eftir aldri að kennslu þeirra, sem eru þroskaheftir á einhvern hátt, í þessu tilfelli heyrnskertir. Skólinn hefur veitt aðstoð einnig fyrir skólaskyldualdur, bæði með leiðbeiningarstarfi fyrir foreldra og að einhverju leyti hjálp og meðferð heyrnskertra eða þjálfun heyrnskertra. Einnig hefur skólinn seilst nokkuð fram yfir skólaskyldualdurinn og það hefur verið reynt að veita heyrnskertum hjálp til þess að komast inn í aðra skóla og til þess að komast út á vinnustaðina. En það hefur í raun og veru vantað lagaákvæði til þess að hægt væri að framkvæma þetta með eðlilegum hætti. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því að setja slíkt ákvæði inn í lögin.

Ég vil leggja áherslu á að þarna yrði alls ekki eingöngu um að ræða kennslu í skólanum sjálfum á framhaldsskólastiginu, heldur jafnframt og ekki síður aðstoð við hina heyrnskertu til þess að nema við aðra skóla, og þarna yrði um mjög náið samstarf að ræða með Heyrnleysingjaskólanum og ýmsum skólum á framhaldsstigi og svo við vinnustaði.

Ég held að það fari ekki á milli mála, að það er ómetanleg og ákaflega brýn nauðsyn að fylgja fram þeim árangri sem næst við meðferð heyrnskertra á venjulegum skólaskyldualdri og þeim missirum sem gert er nú ráð fyrir í lögum að vinna með þeim þar fram yfir, fylgja þessu eftir þannig að það nýtist sem búið er að kenna og viðbótarhjálp sé veitt þannig að fólkið verði sjálfbjarga. Þarna er bæði um að ræða mannhjálp og fjárhagslegan ávinning fyrir þjóðfélagið.

Ég vil vekja athygli á því sérstaklega, að Heyrnleysingjaskólinn er vel búinn skóli. Hann er nægilega stór og getur þess vegna annað sínu hlutverki þó að sveiflur verði, sem eru einmitt tíðar varðandi þetta svið. Og skólinn hefur verið og er mjög vel rekinn. Hann hefur notið mikilshæfs stjórnanda, þar sem er Brandur Jónsson skólastjóri, sem hefur gegnt þar skólastjórastarfi lengi, og hann hefur haft ágætt starfslið. Ég held að það sé ekki ofsögum sagt. Ég vek athygli á þessu til þess að árétta það, að þarna væri, ef þetta frv. verður að lögum, byggt á mjög traustum grunni.

Nú er þetta frv. að vísu mjög seint fram komið. Hv. Ed. hefur þó séð sér fært að afgreiða það. Ég vil því beina því til hv. dm. í þessari d. og svo í menntmn. sérstaklega, að þeir íhugi möguleika á því að afgreiða þetta mál einnig hér þannig að frv. megi verða að lögum.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta, virðulegi forseti, en legg til að málinu verði að lokinn umr. vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. attkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 393). — 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Orlof húsmæðra, frv. (þskj. 817, n. 882). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. N. fjallaði um þetta frv. í morgun, eins og það var afgreitt frá Ed., og varð sammála um að mæla með því, að það yrði samþ. óbreytt eins og það kom þaðan. Mér finnst samt rétt að vekja athygli á því, að hér er verið að breyta lögunum, sem sett voru rétt fyrir jólin 1975, þar sem ýmis verkefni, sem höfðu verið sameiginleg ríki og sveitarfélagi, voru færð yfir til sveitarfélaganna alfarið. Það hafa þess vegna komið upp spurningar um hvort út af fyrir sig sé rétt að Alþ. einhliða taki ákvarðanir um að auka útgjöld sveitarfélaganna lögbundið í málaflokkum sem þau fara með ein út af fyrir sig, án þess að á undan hafi farið viðræður um verkaskiptinguna og tekjuskiptinguna. Hins vegar er hér um óverulega upphæð að ræða þar sem gert er ráð fyrir 100 kr. á hvern íbúa í landinu eða u. þ. b. 22 millj. í heild, og málið það smátt í sniðum að sveitarfélögunum verður ekki íþyngt, enda hefur komið í ljós við könnun, að samkv. úrtaki úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna hafa velflest sveitarfélögin gert ráð fyrir aukningu á þessu sviði sem er fyllilega sambærileg við það sem verða mundi að lögum yrði þetta frv. samþykkt.

Ég vil líka skýra frá því, að upp komu í nefndinni nokkrar vangaveltur um hvort sjálfsagt væri eða rétt að skuldbinda sveitarstjórnir, ef orlofsnefndirnar sem slíkar væru ekki virkar, án tímamarka til þess að leggja til hliðar eða afhenda þær greiðslur sem gert er ráð fyrir í frv., ef svo kynni að fara að orlofsnefndir sinntu ekki þessum málum né heldur notuðu það fjármagn, sem fram yrði lagt, í því skyni sem til er ætlast. Nefndin gerði þó ekki till. til breyt. í trausti þess, að þessi starfsemi verði áfram alls staðar virk. En ef svo reyndist að hún yrði það ekki, þá kæmi til greina, a. m. k. að mínu mati, að breyta lögunum síðar þannig að skylda sveitarfélaganna félli niður eftir ákveðið árabil, ef svo yrði í framkvæmd að orlofsnefndir notuðu ekki fjármuni til þess, sem þær eiga að gera, og söfnuðu þeim ár af ári inn á bók.

Sem sagt, hér er um tiltölulega lítið fjárhagsmál að ræða, og af þeirri ástæðu fyrst og fremst og þeirri, að nefndin telur þetta gott málefni og auk þess er lagt til, sem miklu eðlilegra er, að miðað verði við íbúatölu, en ekki miðað við starfandi húsmæður í sveitarfélaginu, sem getur verið ákaflega teygjanlegt hugtak, þá leggur n. til að þetta frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom úr Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 74. fundur.

Föstudaginn 5. maí, kl. 1 miðdegis.

Notkun raforku í atvinnufyrirtækjum, þáltill. (þskj. 656). — Ein umr.

Flm. (Ólafur B. Óskarsson): Herra forseti. Á þskj. 656 flyt ég ásamt hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónssyni, till. til þál. um notkun raforku í atvinnufyrirtækjum. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hagkvæmni þess að nýta raforku til atvinnufyrirtækja í stað olíu, þar sem því verður við komið af tæknilegum ástæðum."

Eins og fram kemur í tillgr. og meðfylgjandi grg. er lagt til með þessari till., að kannaðir verði möguleikar til þess að nota raforku í stað olíu í atvinnufyrirtækjum.

Í þessu sambandi ber að hafa í huga þann gjaldeyrissparnað, sem felst í því að nota innlenda orku í stað innfluttrar í sem ríkustum mæli. Í grg. með till. er bent á það, að ætla megi, að innan tíðar verði fyrir hendi nægilegt framboð á raforku framleiddri með vatnsafli og jarðgufu. Bæði hefur verið unnið að miklum virkjunarframkvæmdum að undanförnu og aðrar standa fyrir dyrum, svo sem Hrauneyjafossvirkjun, auk annarra sem eru á rannsókna- og undirbúningsstigi, t. d. Blönduvirkjun o. fl. Allt verður þetta að teljast liður í eðlilegri nýtingu einnar af mestu auðlindum lands okkar, jarðvarma og vatnsorku. En jafnhliða því sem unnið er að öflun orkunnar verður að huga að markaðnum. Þar kemur venjulega fyrst í hugann ýmiss konar nýr orkufrekur iðnaður, og má nefna, að nú virðist nokkur hreyfing í þá átt að nýta ýmis innlend jarðefni til iðnaðarframleiðslu, t. d. perlustein og fleiri efni.

En jafnframt því sem hugað er að nýjum iðngreinum í þessu sambandi er ekki síður nauðsyn að huga að aukinni nýtingu innlendrar orku í þeim atvinnugreinum sem fyrir eru. Þar koma að sjálfsögðu til greina bæði raforka og jarðvarmi, þó að við flm. þessarar till. höldum okkur við þann þátt sem snýr að raforkunni.

Segja má, þegar þetta mál er athugað, að það séu einkum þrír þættir, sem mest þörf er á að beina athyglinni að:

Í fyrsta lagi bein nýting raforku, þar sem olía er notuð nú, og fyrst og fremst yrði um notkun forgangsorku að ræða.

Í öðru lagi könnun á aukinni notkun afgangsorku.

Og í þriðja lagi könnun á staðsetningu og leiðbeiningar um staðsetningu nýrra fyrirtækja, auk þess sem kannaðar verði leiðir til samræmingar í orkunotkun með það

fyrir augum, að heildarframleiðsla og dreifikerfi nýtist sem best.

Varðandi fyrsta þátt þess, sem ég nefndi hér áðan, má benda á ýmsa möguleika. Þar má nefna ýmis fyrirtæki t. d. sem nota gufukatla kynta með olíu, en kynda mætti með raforku í staðinn. Þar sem katlar þessir eru mjög dýrir kemur mjög til greina að veita fyrirtækjum sérstaka fyrirgreiðslu í því skyni að skipta um og einnig að sjálfsögðu að greiða fyrir því, að ný fyrirtæki velji fremur tæki sem knúin eru raforku.

Þá skal nefnt atriði sem e. t. v. tilheyrir ekki beinlínis atvinnurekstri, en rétt er þó að vera vakandi fyrir, en það er notkun rafknúinna ökutækja. Mér er sagt að sums staðar erlendis séu slíkar bifreiðar í notkun og eru það enn sem komið er aðallega fremur smáir sendiferðabílar.

Þá verður ekki hjá því komist að nefna stóra orkunotendur á landi hér, þar sem eru loðnubræðslurnar í landinu. Tæknilegir möguleikar munu vera á því að nota að mestu eða öllu leyti raforku í verksmiðjum þessum í stað svartolíu sem nú er notuð, og yrði þá væntanlega að taka upp gufuþurrkun í verksmiðjunum. Til þess að átta sig á því orkumagni, sem hér þyrfti til, skal þess getið, að hver verksmiðja þyrfti ca. 6—10 mw. orku miðað við notkun raforku eingöngu. Vandamálin við þetta eru hins vegar þau, að aðalvinnslutími verksmiðjanna er yfir vetrartímann þegar önnur orkuþörf er mest, og því um *mikla notkun forgangsorku að ræða. Þá ber að nefna sem* vandamál hinn stutta árlega notkunartíma verksmiðjanna. Og síðast, en ekki síst skal það nefnt, að dreifikerfi raforku eru engan veginn svo úr garði gerð að þau geti tekið við því álagi sem þarna skapaðist og miklar fjárhæðir kostar að endurbæta þau þannig að þau gætu flutt þá orku sem hér þarf til. Hins vegar er á það að líta, að olíunotkun þessara verksmiðja kostar einnig miklar fjárhæðir, og skal það nefnt til dæmis, að Síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði notaði olíu fyrir 1.3—1.4 millj. kr. á sólarhring miðað við það olíuverð sem gilti á seinni hluta árs 1976 og fyrri hluta árs 1977. Það er því fyllsta ástæða til þess að þessu máli sé gaumur gefinn, sérstaklega ef þess er gætt, að olíuverð getur stórhækkað hvenær sem er, auk þess sem spár eru um að beinlínis verði um olíuskort að ræða á heimsmarkaði á næstu áratugum.

Í sambandi við það að auka nýtingu framleiddrar raforku er eflaust um ýmsa möguleika að ræða og er ekki ástæða til að fara út í langa upptalningu á slíku.

Þó skal þess getið, að heykögglaverksmiðjurnar, ef í þeim væri notuð raforka í stað olíu eins og nú er gert, þá væri að verulegu leyti um afgangsorku að ræða, og ber því sérstaklega að greiða fyrir því, að þar verði breytt um til notkunar raforku.

Þá ber að nefna hina svokölluðu aflmarkstaxta sem bændur eiga kost á að fá. Ég hef þær upplýsingar að þessi raforkusala sé fremur hagstæð fyrir rafmagnsveiturnar, og byggist það á því, að þar er álagstoppnum haldið niðri, en hagur notandans felst í því að ná sem bestri nýtingu orkunnar innan hins fyrrgreinda taxta og er þá með góðri nýtingu hægt að fá mjög hagstætt orkuverð. Það kemur því að mínu áliti til greina að gefa öðrum atvinnurekendum kost á að kaupa raforku með svipuðum hætti, telji þeir sig geta nýtt afgangsorku þannig að meðalverð til þeirra geti lækkað verulega.

Ég nefndi það hér áðan sem þriðja atriði þeirrar könnunar sem gera þarf, að nauðsynlegt væri, eftir því sem hægt er, að leiðbeina um og skipuleggja orkunotkun þannig að orkuframleiðsla og dreifikerfi nýtist sem best. Þetta er atriði sem eflaust er erfitt í framkvæmd, en ber fullkomlega að hafa í huga, m. a. með tilliti til orkusparnaðar. Þar er nauðsynlegt að hyggja að hagkvæmri staðsetningu orkufrekra fyrirtækja og auk þess þar sem um er að ræða fyrirtæki með árstíðabundna starfsemi, að fyrirtæki, sem starfa á mismunandi árstímum, séu byggð upp á sama veitusvæði og þannig verði dreifikerfin arðbærari, og ætti það að geta leitt til lægra orkuverðs, auk þess sem þetta er að sjálfsögðu atvinnuspursmál.

Það mun flestum ljóst, að alltaf má búast við stórfelldum verðhækkunum á olíu á heimsmarkaði, eins og dæmin sanna, auk hættu á beinum olíuskorti. Hlýtur því einnig að verða ljós nauðsyn þess, að markvisst verði stefnt að nýtingu innlendrar orku í atvinnurekstri landsmanna, þannig að við verðum sem óháðust innfluttu eldsneyti þegar að því kemur, að það stórhækkar í verði eða verður jafnvel illfáanlegt.

Herra forseti. Ég legg til að nú að lokinni umræðu verði till. vísað til hv. atvmn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Með till. þessari er hreyft við allmerkilegu máli að mínum dómi, því að vissulega væri það þýðingarmikið ef hægt væri að auka notkun á raforku verulega frá því sem nú er í sambandi *við rekstur ýmiss konar verksmiðja sem við rekum nú í* dag og þar sem notuð er svo að segja eingöngu olía í sambandi við reksturinn. En ég held að þegar á þetta mál er minnst verði ekki hjá því komist að vekja athygli á því ástandi sem er í dag í þessum efnum. Nú er það ekki aðeins að ýmiss konar stærri iðnfyrirtæki og ýmsar verksmiðjur kaupi talsvert af raforku sem þeim er í rauninni alveg óhjákvæmileg í sambandi við sinn rekstur til þess að knýja alls konar smærri vélar, þó að meginaflið sé fengið úr olíukyndingu. En raforkuverðið er svo óhagstætt, að mér er kunnugt um að margir þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafa verið að sækja um leyfi til þess að fá að setja upp eigin aflstöðvar, dísilstöðvar, alveg sérstaklega í sambandi við rekstur síldarverksmiðja og loðnuverksmiðja og stærri frystihúsa, til þess að losna undan þeim gífurlega óhagstæðu verðtöxtum sem þeir búa við í dag. Forstöðumaður eins slíks fyrirtækis sagði mér nú nýlega, — þar er að vísu um nokkuð stórt fyrirtæki að ræða, — að hann hefði þurft á s. l. ári að greiða fyrir raforku 20 millj. kr. hærri fjárhæð en hann hefði þurft að greiða fyrir raforkuna ef fyrirtæki hans hefði verið hér í Reykjavík. Þetta er aðeins dæmi um það, hvernig þessir rafmagnstaxtar eru frá þessari stóru og miklu stofnun, Rafmagnsveitum ríkisins, sem þjónar landsbyggðinni að langmestu leyti. Það er auðvitað alveg tómt mál að tala um það að ætla að taka upp enn þá frekari raforkunotkun í stað olíunotkunar í sambandi við rekstur stærri verksmiðja ef þeirri stefnu á að halda áfram sem nú er í verðlagningu á raforku.

Í beinu framhaldi af þessu vil ég nota tækifærið, sumpart til þess að spara hér tíma og af því að mér finnst að það sé beinlínis tengt við það mál sem hér er á dagskrá, þá vil ég leyfa mér að leggja hér fyrir hæstv. forsrh. nokkrar fsp. í beinu framhaldi af því sem um hefur verið rætt hér á Alþ. áður um þessi sömu mál, af því að hér er að sjálfsögðu komið að rafmagnssölumálunum í landinu. En ég veit að þingtíminn er orðinn knappur og ég skal því ekki taka hér upp mjög almennar umr. um þessi mál, þó

að fyllilega hefði verið ástæða til þess í framhaldi af þeim umr. sem hér hafa orðið, en vil halda mér fyrst og fremst við tilteknar fsp. sem hægt ætti að vera að svara hér í stuttu máli, en skipta þetta mál. Fyrsta spurning mín er þá til hæstv. forsrh. á þessa leið: Hefur ríkisstj. breytt fyrri ákvörðun sinni um hækkun á húsahitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins? Hér voru gefnar upplýsingar um það, að ríkisstj. hefði til þess að reyna að ráða bót á fjárhagsvanda þess fyrirtækis gripið til þess ráðs að hækka verulega húshitunartaxtann hjá fyrirtækinu. Síðar kom í ljós einnig hér í umr. að þetta væri mjög hæpin ákvörðun sem væri komin á nýjan leik til ríkisstj. til endurskoðunar. Ég spyr því: Hefur þessari ákvörðun ríkisstj. um hækkun á húsahitunartaxtanum verið breytt, og hafi honum verið breytt, hvernig var honum þá breytt með ákvörðun ríkisstj.?

Ég spyr í öðru lagi: Hefur ríkisstj. gert ráðstafanir til þess að leysa úr fjárhagsvandamálum Rafmagnsveitna ríkisins? Hér hafði verið mikið rætt um það mál. Ég skal ekki fara að hefja hér upp almennar umr. um það, en ég vil fá svar við því nú áður en þingi er slitið: Hefur ríkisstj. gert tilteknar ráðstafanir til þess að leysa úr fjárhagsvandamálum Rafmagnsveitna ríkisins, og hvaða ráðstafanir hefur hún gert? Þá vil ég einnig bæta þeirri fsp. við, sem er í beinu framhaldi af þessu og varðar alveg sérstaklega okkur á Austurlandi: Hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um byggingarframkvæmdir við Bessastaðaárvirkjun á Austurlandi? Það hefur verið upplýst áður, að þetta mál var lagt fyrir ríkisstj. strax í desembermánuði og nú er komið fram í maímánuð, og það er auðvitað aðkallandi að ákvörðun sé tekin í málinu. Það er algerlega út í hött að afgreiða þetta mál með því, að enn þá sé verið að hanna þessar framkvæmdir. Það er fyrir löngu komið fram yfir það stig sem almennt er miðað við þegar ákvarðanir er teknar um virkjanir. Hér stendur því á ákvörðun.

Þessar fsp. mínar standa í beinu sambandi við þá till., sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. að gera athugun á því, hvaða möguleikar séu á því að selja meiri raforku en nú er gert til atvinnurekstrar. Það er auðvitað algerlega tómt mál að tala um þetta víða á landinu eins og ástatt er í raforkumálum og með bakhjarlinn eins og hann er hjá Rafmagnsveitum ríkisins — algerlega tómt mál að tala um að auka við raforkusölu nema til allra brýnustu þarfa, ef ekki er tekið á þessum vandamálum, sem eru fjárhagsvandamál Rafmagnsveitna ríkisins og möguleikar þess fyrirtækis til þess að selja einhverja raforku. Því hef ég nú leyft mér að koma fram með þessar fsp. Ég hafði hugsað mér að leita eftir svari við þessum fsp. áður en þingi lyki, og mér finnst það vera fullkomlega eðlilegt að gera það í sambandi við þessa tillögu.

Að öðru leyti vil ég segja það um till., að ég er henni samþykkur út af fyrir sig. Ég tel að hér sé verkefni sem eigi að athuga. En hitt er vitanlega alveg út í hött, að ætla að fara að gefa út enn eina viðbótarskýrsluna í þykkri bók, eins og við erum alltaf að fá um alls konar athuganir, þegar athuganirnar eru á þeim grundvelli að það er útilokað með öllu að þær geri nokkurt einasta gagn, nema þá það litla gagn að hægt er að fela einhverjum tilteknum mönnum að setjast niður og fá nokkurra mánaða laun eða árslaun, eins og mörg dæmi eru til um, til þess að athuga eitthvað og senda þm. bók um málið. Ástandið í raforkumálunum er svo alvarlegt, einkum og sérstaklega hjá landsbyggðinni og í verðlagningarmálunum, að það þarf að taka á þessum málum ef nokkuð á frekar að gera á þessum vettvangi.

Ég vil vænta þess, að hæstv. forsrh. telji sér fært að svara þessum beinu fsp. mínum og það sé þannig hægt að afgreiða þennan hluta málsins án þess að í það þurfi að fara allt of langar umr. Ég geri mér auðvitað ljóst, að hér er um slíkt stórmál að ræða að það væri svo sem ekkert óeðlilegt að það yrðu um þetta mál nokkrar umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við þessa þáltill. Ég vil taka fram, að á s. l. vetri og enn þá hafa staðið yfir viðræður og samstarf um að koma málum bæði heykögglaverksmiðja og súgþurrkun hjá bændum betur fyrir um verðlag og annað er varðar sölu á raforku. Í sambandi við heykögglaverksmiðjurnar hefur Jónas Elíasson prófessor tekið að sér athugun á málinu og þá með tilliti til þess að breyta út frá því sem nú er um olíunotkun í sambandi við þurrkun á heyi því sem fer í gegnum verksmiðjurnar. Þetta gæti þýtt það, að auðvelt væri að koma þarna upp spennistöð og hægt væri að eiga bein viðskipti við Landsvirkjun um þessi mál, en ég hef einnig rætt við formann hennar í sambandi við þennan þátt í sölu raforkunnar. — Þetta vildi ég upplýsa í sambandi við till. sem hér er nú til umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil verða við beiðni hv. 2. þm. Austurl. og svara fsp. hans.

Hann spurði fyrst hvort ríkisstj. hefði breytt fyrri ákvörðun sinni um húsahitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins.

Því er til að svara, að eins og hv. alþm. er kunnugt var leyfð hækkun á húsahitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins af hálfu ríkisstj. á þeim forsendum, að húsahitun með rafmagni yrði ekki dýrari en með olíu. Í ljós kom að hækkunarbeiðnin hafði ekki tekið tillit til þess, að olíunotkun er niðurgreidd, og ríkisstj. taldi þess vegna rétt að leggja fyrir Rafmagnsveitur ríkisins að hvergi væru húsahitunartaxtar hærri en svo, að útgjöld vegna kyndingarkostnaðar með rafmagni yrðu ekki hærri en með olíu, og veit ég ekki betur en það hafi verið gert.

Þá spyr hv. þm. hvort ríkisstj. hafi gert ráðstafanir til að leysa úr fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins og hvaða ráðstafanir hún hafi gert.

Um það er ekkert meira að segja en hér hefur verið sagt frá á hv. Alþingi. N. starfar að þessum málum, auk þess sem nýskipuð stjórn Rafmagnsveitna ríkisins mun að þeim vinna. Verður fjallað um lausn fjárhagsvandans í samræmi við tillögur þessara aðila.

Þá spyr hv. þm. um það, hvort ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um byggingarframkvæmdir við Bessastaðaárvirkjun.

Ég tek þessa fsp. svo, að hér sé verið að spyrja um hvort tekin hafi verið ákvörðun um tímasetningu framkvæmda, og því er til að svara, að það hefur ekki verið gert. Hins vegar hefur það komið hér fram í umr. á Alþ., að í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir um 53 millj. kr. útgjöldum til hönnunar þessara mannvirkja, en til þess að ljúka hönnun þessarar framkvæmdar mun þurfa um 110 millj. kr. Ég hef lýst því yfir hér á Alþ., að kapp mun verða á það lagt að útvega þá fjármuni þannig að fullnaðarhönnun sé fyrir hendi hvað þessi mannvirki snertir. Og þá hefur mér skilist að ákvörðun um hvenær hefja skuli byggingarframkvæmdir, ef þær ættu að hefjast t. d.

á næsta ári, þyrfti að taka einhvern tíma fyrir haustið eða í haust. Ég held að það muni vera samdóma álit hv. alþm., að það sé einmitt æskilegt, að hönnun sé lokið áður en endanlega er afráðið hvenær í framkvæmdirnar skuli ráðist.

Tómas Árnason: Herra forseti. Hér er hreyft við mjög athyglisverðu máli sem vissulega væri ástæða til að ræða, en til þess er ekki tóm eins og sakir standa. En ég vil sérstaklega lýsa yfir ánægju minni með þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf hér um Bessastaðaárvirkjun, þar sem hann lýsti því yfir, að það væri lagt á það kapp að ljúka hönnun virkjunarinnar og undirbúa útboð. Og ég vil enn fremur vísa til þess og lýsa ánægju yfir því, að sama skoðun hefur komið fram í fjölmiðlum frá hæstv. iðnrh. Vísir segir um þetta miðvikudaginn 3. maí, þar sem hann segir frá svörum hæstv. iðnrh. við spurningum sem voru lagðar fyrir hann þar sem hann sat fyrir svörum í síma hjá dagblaðinu Vísi, — hann segir svo hljóðandi:

„Það, sem nú er fram undan varðandi Bessastaðaárvirkjun, er að ljúka rannsóknum, gera fullnaðarhönnun og undirbúa allt til útboðs. Að því verður unnið í sumar og ætti þetta allt að vera tilbúið á þessu ári."

Ég vil aðeins lýsa yfir ánægju minni yfir því, að það er fullur og eðlilegur gangur á þessu máli og væntanlega að því stefnt, að fyrri áfangi þessarar virkjunar geti tekið til starfa í árslok 1982.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans, þau voru að mínum dómi alveg skýr og ótvíræð. Varðandi fyrstu spurninguna um breytingu á húsahitunartöxtum er svarið að mínum dómi alveg skýrt. Ákvörðun ríkisstj. stendur með þessa hækkun á töxtunum að því einu tilskildu, að raforkusala á þennan hátt verði ekki dýrari en húsahitun með olíunotkun er. Sem sagt, það á að lyfta þessu orkuverði upp í það að vera jafnóhagkvæmt og það óhagkvæmasta sem menn búa við nú í dag. Það er alveg ljóst.

Í öðru lagi var svo svar forsrh. um það sem sneri að fjárhagsvandamálum Rafmagnsveitna ríkisins, að í því máli hefði ekkert gerst, nefnd væri í málinu. Það er mjög algengt, þegar menn gera ekkert, að setja málið í n. En sem sagt, þar hefur ekkert gerst.

Varðandi ákvarðanir um það að ráðast í Bessastaðaárvirkjun, þá var svarið þar líka á sömu lund. Þar kom í rauninni ekki neitt nýtt fram annað en staðfesta það, sem áður hafði komið fram, nema þá það eitt, að hv. 4. þm. Austurl., Tómas Árnason, er ánægður með þessa stöðu, hann er ánægður með það, að við fáum ekkert svar. En þetta svar, sem okkur er gefið nú, að halda eigi áfram að fullljúka hönnun og undirbúa undir útboð, lá fyrir fyrir löngu. Því lýsti hæstv. iðnrh. yfir á Alþ. fyrir löngu, að hann mundi sjá til þess, að það yrði lokið við þetta verk. Það var hitt atriðið, sem lá fyrir, að það var búið að vinna að hönnun þessa mannvirkis lengra áleiðis en almennt er gert þegar komið er að því að taka ákvörðun um hvort ráðast skuli í mannvirkið eða ekki. Það lágu því fyrir, eins og skýrlega kom fram hjá bæði forstöðumanni Rafmagnsveitna ríkisins og þeirri stofnun, sem hafði verið sett sérstaklega til þess að athuga málið, að það var komið á það stig, að það var engin ástæða til þess að bíða með það einum degi lengur, hvort ætti að ráðast í þetta mannvirki eða ekki. En svarið er skýrt, engin ákvörðun tekin, hún getur orðið tekin á næsta hausti. Þá á að taka afstöðu til málsins, þá hafa menn þó a. m. k. sloppið fram yfir kosningar.

Ég sem sagt lýsi undrun minni yfir þessu og óánægju og veit að þar tala ég fyrir munn Austfirðinga almennt. Þeir eru ekki ánægðir með að fá þessa afgreiðslu mála, þó að það kunni að finnast einhverjir í þeirra hópi sem geti þakkað ríkisstj. fyrir þetta og lýst yfir ánægju sinni, þá hygg ég að það verði lítið um ánægju á Austurlandi í sambandi við þetta mál.

Um svörin hef ég svo ekkert frekar að segja. Þau eru að mínum dómi ljós. Málið liggur alveg ljóst fyrir varðandi öll þessi atriði og þá það um leið varðandi þá till. sem hér er til umr., að raunverulega er ástandið í þessum málum varðandi raforkusöluna víðast hvar á landinu og varðandi raforkuframleiðslu og verð á raforku þannig, að það er í sjálfu sér tómt mál að tala um einhverja meiri háttar rannsókn í þá átt að ætla að selja þar meiri raforku. Í rauninni er sú stefna ríkisstj. miklu nær hinu sanna, sem kom fram í ákvörðun hennar varðandi það að hækka húsahitunartaxtana upp í það að hafa þá svo háa að menn hlutu að hætta við að nota rafmagnið. Það er miklu meira samræmi við ástandið í raforkumálum að reyna að koma þessum málum þannig, að menn hætti þessari vitleysu: að vera að nota þessa innlendu orku, og haldi sér í lengstu lög við það að nota olíuna, því að þannig eru taxtarnir eins og þeir eru settir upp og þannig líta þessi mál út í þeim orkuskorti, sem víðast er, og því öngþveiti, sem er ríkjandi í þessum málum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég verð nú að lýsa undrun minni á því, að hv. 2. þm. Austurl. snýr út úr svari mínu og segir að það hafi borið vitni, að engin breyting hafi orðið varðandi fyrri ákvarðanir um rafmagnshitunartaxta. Ég lét það skýrt koma í ljós, að fyrsta ákvörðun ríkisstj. eða heimild hennar til handa Rafmagnsveitum ríkisins að hækka rafmagnshitunartaxta hefði verið byggð á því, að þeir yrðu ekki hærri en olíukyndingarkostnaður. Þegar fram kom, að svo mundi verða ef hækkunin hefði náð fram að ganga, sem var, að því er mig minnir, um 25% hækkun taxtanna, þá gekk ríkisstj. í það að hækkunin yrði innan þessara marka sem olíukyndingarkostnaður setti, og án þess að ég hafi gögnin við höndina, þá tel ég að hækkunin verði innan þess ramma, um 12% í stað 25%. Er þá í þessu efni byggt á útreikningi fjögurra sérfræðinga, sem fengnir voru sérstaklega til þess að tryggja það, að þessir taxtar yrðu ekki hærri en olíukyndingarkostnaður gæfi tilefni til, hvort heldur væri um niðurgreidda eða óniðurgreidda olíu að ræða.

Varðandi málið að öðru leyti skal ég ekki lengja umr., heldur aðeins láta í ljós þá skoðun, að það er ekki sama hvernig innlendir orkugjafar eru nýttir. Það er ekki sama hvernig hús eru tengd við rafmagnskerfi landsins til þess að nýta innlenda orkugjafa til hitunar húsa. Og það er einmitt vegna þess að ekki hefur verið valin rétt leið eða rétt stefna tekin að þessu leyti sem fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins er til kominn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil aðeins mótmæla því, að ég hafi snúið út úr orðum hæstv. forsrh. á nokkurn hátt. Ég tók það alveg skýrt fram, að breytingin væri sú ein að binda þetta við að þessi hækkun á rafmagnstöxtunum færi ekki yfir það að vera jafnóhagkvæm og er nú óhagkvæmast þekkt, þ. e. a. s. með olíu-

kyndingu. Þetta tók ég fram, og var þetta sem hann sagði. Eg notaði hins vegar mín orð, og þau skiljast e. t. v. aðeins betur en orð hans. Annað er það ekki. Ég sagði hér ekkert annað en það sem hann hafði sagt.

En ég vil svo um leið einnig mótmæla því, og það er satt að segja mjög alvarlegt ef forsrh. landsins gengur í slíkri villu eins og virðist koma fram í orðum hans nú og reyndar hefur komið fram áður hjá honum, að halda að fjárhagsvandi Rafmagnsveitna ríkisins stafi af húshitunartöxtum eða stafi af því, hvernig hús séu hituð upp nú með raforku. Það er meiri háttar villa að halda að vandi Rafmagnsveitnanna stafi af þessu. Auðvitað hefur ekki verið neinn ágreiningur um það, að hægt er að hita upp hús eftir fleiri leiðum en eftir beinni hitun, ofnahitun, eins og algengast hefur verið. En til þess að þar verði á einhver breyting þurfa auðvitað að koma upp nýir taxtar. Menn verða vitanlega að fá einhverjar upplýsingar um það, á hvaða verði eigi að selja raforkuna, ef taka á upp annan hátt, svo að hér er vitanlega ekki því til að dreifa. En eftir stendur sem sagt hitt, að þessi þáttur raforkusölunnar er miðaður við það af hálfu ríkisstj. að vera jafnóhagkvæmur og það óhagkvæmasta sem fyrir er, þ. e. a. s. olíunotkunin, sem þýðir auðvitað í reynd að menn halda sig áfram við það að nota olíuna, því að hví skyldu þeir vera að breyta til ef þeir eiga að fara yfir í það sem er jafnóhagkvæmt? Til þess eru auðvitað engar líkur.

Flm. (Ólafur B. Óskarsson): Herra forseti. Þetta er aðeins örstutt út af því sem fram hefur komið hér í umr. Sérstaklega var það hv. 2. þm. Austurl. sem gerði sér tíðrætt um málið og fór út í nokkuð aðra sálma í tilefni af þessu. Nú fannst mér málflutningur hans nokkuð reikull, þar sem hann nefndi í öðru orðinu að raforkusalan væri svo óhagstæð núna, að það væri tómt mál að tala um að auka hana, í hinu orðinu heimtaði hann afdráttarlaust virkjun á Austurlandi sem væntanlega eftir þessum kokkabókum getur enga raforku selt, ef ekki er markaður fyrir hana.

En ég verð að segja það, að ekki er sama hvernig raforkuver og dreifikerfi eru nýtt, og það hefur áhrif á raforkuverðið. Sú athugun, sem ég geri hér ráð fyrir, stefnir að því að samræma alla þá þætti sem gætu orðið til lækkunar orkuverðs: aukna nýtingu beinnar orku, aukna nýtingu afgangsorku og í þriðja lagi hagkvæma staðsetningu fyrirtækja. Og ég leyfi mér að staðhæfa að það séu möguleikar á því með góðri nýtingu að lækka raforkuverð frá því sem nú er, og að því ber að vinna. Það breyti engu þar um, þó að hv. 2. þm. Austurl. komi hér upp og snúist hringinn í kringum sjálfan sig í sambandi við málið. Mér þykir náttúrlega slæmt þegar menn eldast illa, en við því verður ekki gert.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öryggisbúnaður smábáta, þáltill. (þskj. 77, n. 596). — Frh. einnar umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar till. til þál. um öryggisútbúnað smábáta. N. fékk umsagnir frá sjóslysanefnd, Slysavarnafélagi Íslands og siglingamálastjóra. Umsagnir þessar voru allar jákvæðar. Siglingamálastjóri benti þó á að það skorti löggjöf til þess að unnt væri að setja reglugerð fyrir 6 metra báta og styttri og því breytti allshn. tillgr. í þá veru sem segir á þskj, 596:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa löggjöf um eftirlit með opnun smábátum og öryggisbúnaði þeirra."

Það hafa komið fram raddir um það, að e. t. v. mundi þessi afgreiðslumáti á þessari till. draga eitthvað á langinn að nauðsynlegar reglugerðir verði settar eða ákvæði um þessi atriði í reglugerð. N. hefur hins vegar litið svo á, að það væri nauðsynlegt að styðja þessa reglugerð með lagasetningu, og væntir þess eindregið, að þessi afgreiðsla verði ekki til þess að tefja þetta nauðsynjamál.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja það um afgreiðslu hv. allshn., að hún hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum að því leyti, að sú breyting, sem n. gerir ráð fyrir, mun að öllu óbreyttu tefja málið a. m. k. um eitt ár. Það er rétt, að lagaheimildir skortir til þess að gera báta undir 6 metrum skoðunarskylda og fella þá undir starfsemi Siglingamálastofnunar ríkisins. En það var alls ekki meining mín með þessari till., að það yrði gert, heldur hitt, að settar væru einfaldar reglur, staðfestar af hæstv. ráðh., sem gæfu möguleika Slysavarnafélagi Íslands og öðrum þeim aðilum sem vilja vinna að eftirliti með þessum bátum og freista þess að koma í veg fyrir slysatilvik, sem mörg hafa orðið orðið á undanförnum árum, með ódýrum hætti og á þann veg að reyna að laða saman samstarf margra aðila til þess að vinna að slíku eftirliti og koma í framkvæmd slíku eftirliti án þess að það hefði óhóflegan kostnað í för með sér. Sé þetta gert af tiltekinni opinberri stofnun þykir mér ákaflega mikil hætta á því að af því mundi leiða kostnað sem gerði allt slíkt eftirlit óvirkt. Ég tel þess vegna að afgreiðsla hv. n. sé síst til bóta.

Síðan afgreiðsla n. varð kunn hefur Slysavarnaþing fjallað um málið og sent til formanns hv. allshn. bréf þess efnis, að óska eftir því, að till. verði samþykkt óbreytt. Því miður hef ég ekki getað fundið þetta bréf nú, því að það mun verða í fórum hv. formanns n. sem sennilega er ekki á landinu þessa stundina, en undir þetta bréf skrifaði fjöldi þingfulltrúa og málið hafði einróma stuðning alls Slysavarnaþingsins.

Nú skal ég ekki mæla gegn því, að till. verði þó afgreidd í því formi sem n. leggur til, að því tilskildu að hæstv. samgrh., ef hann treystir sér til að gefa um það yfirlýsingu, muni þrátt fyrir þessa afgreiðslu láta kanna og það í skyndi, eins og till. mín gerir ráð fyrir, hvort ekki sé unnt að setja um það reglur, að eftirlit og öryggisbúnaði smábáta verði komið í það horf sem till. gerir ráð fyrir. Ég tel að hér sé ekki um mál að ræða sem hefði átt að þurfa að vefjast fyrir hv. n. eða hv. Alþ. yfirleitt. Hér er um öryggismál að ræða sem er brýnt, og við vitum að það hafa orðið hörmuleg slys á þessum bátum á undanförnum árum, eða um það bil fjögur slys á ári að meðaltali í mörg ár, og fram undan er sú árstíð að vænta má að eitthvað slíkt geti endurtekið sig ef ekki er brugðið við og reynt að bæta úr þeim ágöllum sem hægt er. Þess vegna vil ég ítreka beiðni mína til hæstv. ráðh., að hann kanni það og gefi helst um það yfirlýsingu hér, hvort ekki sé unnt að bregða þegar við og setja reglur um þá litlu báta, sem þessi till. fjallar fyrst og fremst um, og það strax.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs við umr. um þessa till. hv. þm. Pálma Jónssonar á sínum tíma og lét í ljós þá skoðun mína, að hér væri um nauðsynjamál að ræða. Ég er enn þá þeirrar skoðunar. Ég sætti mig alls ekki fremur en hann við afgreiðslu n. á þessu máli. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að algerlega hafi verið óþarft að hlíta í þessu tilfelli áliti Siglingamálastofnunarinnar. Hér hef ég grun um að sú ágæta stofnun seilist til máls sem raunar eigi ekki undir hana að heyra. Svo vill gjarnan fara um stofnanir lýðveldisins ýmsar, að það er eins og séra Parkinson heitinn gerist þar að meira eða minna leyti yfirstjórnandi.

Ég veit að þeir slysavarnamenn studdu þessa till. eindregið. Ég veit einnig að þeir menn, sem gerst þekkja til þeirra slysa sem orðið hafa á smábátum hjá okkur hin síðari árin og þá aðallega á fjallavötnunum okkar, eru þeirrar skoðunar, að með tiltölulega litlum kostnaði sé hægt að draga stórlega úr slysahættunni og að til þess þurfi raunar ekki lagasetningu.

Ég vil alls ekki segja neitt niðrandi um starf siglingamálastjóra eða málefni stofnunar hans. En í þessu tilfelli hefði ég talið betur að þeir sættu sig við um sinn að fjalla um þá farkosti sem notaðir eru utan hinna innri marka landhelginnar okkar, en að við fengjum að neyta ágætra starfskrafta þeirra slysavarnamanna í því sem lýtur að öryggi á vatnabátunum okkar.

Það er rétt sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði: Þessi afgreiðsla málsins hér á hv. Alþ. mundi leiða til þess að það drægist a. m. k. í ár að eitthvað yrði gert í málinu. Ég fæ með engu móti séð með hvaða hætti neitt illt gæti af því stafað, að við samþykktum þessa till. óbreytta. Ég sé ekki með hvaða hætti sú afgreiðsla gæti orðið til tjóns. Aftur á móti kynni það samkv. meðaltalinu, sem hv. þm. Pálmi Jónsson nefndi áðan og ég veit að er rétt, að eiga nokkra sök á fjórum banaslysum til viðbótar af þessu tagi ef málið yrði dregið.

Ég hef ekki heyrt nein marktæk andmæli gegn þessari till. Ég veit að hv. flm. grundaði þessa till. á álitri margra mætra manna sem kunnugir eru einmitt slysum sem hér hafa orðið með þessum hætti á þessum litlu fleytum, sem sumar hverjar hafa reynst manndrápsbollar. Ég veit að hann grundaði þessa till. á áliti margra mætra manna sem þessum málum eru mjög kunnugir. Ég hef ekki heyrt nein rökstudd andmæli gegn þessari till. Ég hef ekki heyrt eina einustu vísbendingu um það, að þessum málum væri verr komið með því að samþykkja till. Ég veit og ég hygg að þeim hv. þm., sem hafa kynnt sér þessa till. og hugleitt þetta mál, er það ljóst, að að flestu leyti, þrátt fyrir skort á lagaákvæðum, væri málunum betur komið með því að við samþykktum þessa till. óbreytta, og ég legg eindregið til að till. verði samþykkt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af umr. þeirri sem hér fer fram um þáltill. á þskj. 77 vil ég taka fram, að á vegum samgrn. hefur verið unnið að reglugerð í sambandi við þetta mál nú s. l. vetur. Í því sambandi hefur verið leitað umsagna aðila sem eiga skemmtibáta og hafa með sér félagsskap þar að lútandi, og reglugerðarbeinagrind mun vera til í rn., en hefur hins vegar dregist nú í sambandi við þetta mál. Ég lít svo á, að þó að þessi till. verði afgreidd eins og hv. allshn. leggur til, þá sé ekkert því til fyrirstöðu, að rn. hafi rétt til þess að gefa út reglugerð um þetta efni sem mundi gilda þangað til lög hefðu verið sett um málið. Þess vegna mun af minni hendi verða unnið að því að láta samgrn. halda áfram með þessa reglugerð og leita eftir samstarfi við Slysavarnafélagið um hana og fyrst og fremst miða við að hún nái þeim tilgangi sem ætlast er til um öryggi og verði ódýr í framkvæmd, vegna þess að rn. hefur þar ekki yfir miklum fjármunum að ráða. En ég tel ekki að þáltill. þessi, þó samþykkt yrði eins og n. leggur til, hamli gegn því að gefa út reglugerð núna í þessu sambandi, þó að lög um þessi atriði komi fram síðar. Þá er málið komið á annað stig. En rétt til þess að gefa út reglugerð í þessu sambandi tel ég að rn. hafi og muni nota.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ráðh. hefur gefið út af þessu máli, sem mér finnst nú að hafi verið kannske að einhverju leyti misskilið af hálfu okkar sem að þessari afgreiðslu höfum staðið frá hv. allshn. Það var einmitt þetta, sem hæstv. ráðh. sagði hér núna, sem lá fyrir n., að það væri svo til tilbúin í rn. reglugerð um þessi atriði, og þess vegna töldum við óþarft að Alþ. væri að álykta um það atriði sérstaklega. Þó hefði það að sjálfsögðu getað verið í tillgr., ég skal játa það. En við litum svo á, að n. væri með þessari afgreiðslu að taka undir það líka að sjálfsögðu, að reglugerðin yrði samin. En með því að breyta þessu þannig vildum við leggja áherslu á að eitt skorti til þess að framfylgja reglugerðinni. Það var t. d. hér á árum áður, þegar tilkynningarskyldunni var komið á, að þá var henni komið á með reglugerð sem ekki átti stoð í lögum, og ef menn kusu að hundsa þessa reglugerð, þá var ekkert hægt við því að segja. Hún studdist ekki við lög. Og við í hv. allshn. erum með þessari brtt. okkar að benda á að það þurfi að setja löggjöf til þess að styðja þessa reglugerð í framkvæmd og erum jafnframt að benda á hversu mikið nauðsynjamál þetta sé í heild sinni.

Ég hygg að það hafi komið skýrt fram hjá hæstv. ráðh., að þessi reglugerð verði sett og þessi afgreiðsla n. tefji ekki á neinn hátt setningu reglugerðarinnar, enda alls ekki meining n. En aftur á móti mundi samþykkt þessarar till. þýða það, að löggjöf til þess að þessi reglugerð hvíldi á lagaheimild yrði flýtt.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka yfirlýsingu hæstv. samgrh. þess efnis, að hann muni setja reglugerð um þetta efni, ef ég hef skilið hann rétt. Mér er um það kunnugt, að siglingamálastjóri fyrir hönd Siglingamálastofnunarinnar hefur tekið þátt í samstarfi um mótun reglugerðar fyrir skemmtibáta 12 m og styttri sem á að reyna að koma á samræmdri fyrir Norðurlöndin öll. Þetta starf er langt komið, og ég hygg að það sé sú reglugerð sem beinagrind liggur að í samgrn. Það er ekki nema gott um það að segja, að sú reglugerð verði sett. Þó er við það að athuga, eins og hér hefur raunar fram komið, að ákvæði eru ekki til í íslenskum lögum um neitt eftirlit með bátum 6 m og styttri, og ef skemmtibátar eða svokallaðir sportbátar, sem við köllum gjarnan í mæltu máli, eru af þeirri stærð eða minni, þá er óvíst að slík reglugerð næði til þeirra.

Nú er það svo, að miklu fleiri bátar eru í notkun hér á landi heldur en þessir svokölluðu sportbátar og eru framleiddir innanlands og það einmitt innan þeirra stærðarmarka sem hér er fjallað um eða styttri en 6 metra. Engar reglur hafa verið settar, hvorki um flothæfni þeirra, búnað á nokkurn hátt eða annað það er máli

skiptir í sambandi við öryggi þessara tækja. Það eru þessir bátar, sem ekki eru notaðir alfarið sem skemmtibátar, heldur einnig sumpart í atvinnuskyni, sem allra mest nauðsyn er á að settar séu reglur um.

Ég kom nú upp í ræðustólinn m. a. til þess að greina frá því, að ég hef fengið í hendur það plagg sem Slysavarnaþing sendi hv. allshn. Sþ., og með leyfi forseta vil ég leyfa mér að lesa það hér. Það hljóðar svo:

„Aðalfundur Slysavarnafélags Íslands 1978, haldinn í Reykjavík 28.—30. apríl 1978, skorar eindregið á samgrh. að setja nú þegar reglugerð um öryggi smábáta, eins og fram kemur í þáltill. er nú liggur fyrir 99. löggjafarþingi, 68. mál, á meðan undirbúin er löggjöf samkv. brtt. allshn. Haft verði samráð við Slysavarnafélag Íslands, rannsóknarnefnd sjóslysa og Siglingamálastofnun ríkisins við samningu þessarar reglugerðar."

Undirskriftir eru, að mér sýnist, á milli 140 og 150 þingfulltrúa, og ætla ég að það sé Slysavarnaþingið allt.

Ég vænti þess og hef ekki ástæðu til annars en að vænta þess, að hæstv. samgrh. setji þær reglur sem hér er um rætt og hann hefur a. m. k. tekið vel undir í ræðu sinni hér áðan, og það með svo skjótum hætti að þær verði tilbúnar innan fárra vikna eða áður en sá tími ársins er kominn sem slysahættan er mest af þessum bátum. Ég vænti þess einnig, að hæstv. ráðh. hafi ekki einvörðungu um slíkar reglur samráð við Siglingamálastofnun ríkisins, og felst í því engin gagnrýni á þá stofnun, heldur einnig og ekki síður hitt, sem fram kemur í bréfi Slysavarnaþings, að haft verði samráð við Slysavarnafélag Íslands og sjóslysanefnd. Þessir aðilar a. m. k. ráða yfir þekkingu og geta miðlað bæði gögnum og af sinni þekkingu sem verða má ákaflega mikilsverður stofn til slíkra reglna. Ég treysti því, að fram hjá þeim aðilum verði ekki gengið við setningu þeirra reglna sem hér er rætt um.

Að svo mæltu þakka ég undirtektir hæstv. ráðh. og treysti því, að það komist fram sem ætlast var til að kæmist fram með flutningi þessarar þáltill.

ATKVGR.

Brtt. 596 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 934).

Karfamið, þáltill. (þskj. 329, n. 839) — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 329 um leit að nýjum karfamiðum. N. leggur til að till. verði samþykkt, en það er skoðun n., að framkvæmd hennar hljóti að frestast a. m. k. til nýs fjárhagsárs. Við gerum okkur ljóst að fjárreiður Hafrannsóknastofnunar og sjútvrn. eru ekki með þeim hætti, að þeim sé ætlandi að hefja svo kostnaðarsöm umsvif í fiskileit, og fyrir því er það, að rætt var sérstaklega, að enda þótt hér sé mælt formálalaust með samþykkt þessarar till., þá er það vitað að hún kemur ekki til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi á nýju fjárhagsári.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 935).

Íslenskukennsla í fjölmiðlum, þáltill. (þskj. 336, n. 836). — Frh. einnar umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar till. til þál. á þskj. 336. N. hefur fengið allmargar umsagnir um till. Nm. voru sammála um mikilvægi þess að halda uppi móðurmálsfræðslu í Ríkisútvarpinu, en efasemdir voru um það, að nauðsynlegt væri að sú fræðsla væri undir þeirri stjórn sem till. gerir ráð fyrir. Þess vegna varð samkomulag um það í allshn. að leggja til að till. verði breytt og hún verði orðuð eins og fram kemur á þskj. 836:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um, að kennsla og fræðsla í Ríkisútvarpinu í öllum greinum móðurmálsins verði efld."

Fyrirsögn orðist svo:

„Tillaga til þingsályktunar um íslenskukennslu í Ríkisútvarpinu."

ATKVGR.

Brtt. 836,1 (ný tillgr.) samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 836,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 44 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 936).

Framhald Inndjúpsáætlunar, þáltill. (þskj. 396, n. 848). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um þessa till. og mælir með samþykkt hennar með nokkrum breytingum sem fram koma í sérstöku nál. á þskj. 848.

Inndjúpsáætlun hófst árið 1974 og lýkur árið 1978. Inndjúpsáætlun hefur notið sérstakrar lánafyrirgreiðslu úr Byggðasjóði og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Með Inndjúpsáætlun hefur orðið mikið ágengt í Inndjúpi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Þar eru búskaparhættir allt aðrir en þeir voru áður. Það má segja að þar hafi orðið bylting fyrir áhrif Inndjúpsáætlunar. Mér þykir ástæða til þess að geta þess hér, því að þess misskilnings gætir æði oft, að Inndjúpsáætlun hafi farið svo úr skorðum að jafnvel lítið gagn hafi orðið að henni. Það er rétt, að ýmis mistök hafa orðið við framkvæmd Inndjúpsáætlunar. Þau mistök eru stjórnunarlegs eðlis, og ég hygg að það sé fyrst og fremst um mistök að ræða sem megi rekja til byrjunarerfiðleika. Þetta er fyrsta landbúnaðaráætlunin, sem hrundið er í framkvæmd. Af framkvæmd hennar hefur mikið lærst, og hygg ég að það sé þegar komið fram t. d. í framkvæmd landbúnaðaráætlunar í Árneshreppi á Ströndum. En staðreyndin er sú sem ég gat um áðan, að Inndjúpsáætlunin hefur valdið gerbreytingu í búskaparháttum í Inndjúpi og stöðvað þann flótta sem þaðan var. Nýir bændur hafa tekið sér þar búsetu. Er það eitt merki um áhrif Inndjúpsáætlunar.

Sumir þættir Inndjúpsáætlunar eru hins vegar orðnir nokkuð á eftir og verður ekki við þá lokið á því 5 ára tímabili sem ráð var fyrir gert. Með till. er stefnt að því að

fá þeim þáttum haldið áfram með sömu lánafyrirgreiðslu og veitt hefur verið til þessa.

Atvmn. gafst ekki tækifæri til að senda till. út til umsagnar, en hún aflaði sér vitneskju um viðhorf þeirra aðila sem að málinu koma og að því athuguðu mælir n. með að lánum í svipuðu formi og verið hefur verði haldið áfram til ræktunar í Inndjúpi, en leggur hins vegar gegn því, að síðari mgr. verði samþ., þ. e. a. s. að haldið verði áfram sams konar lánafyrirgreiðslu til byggingarframkvæmda á áætlunarsvæðinu. Stafar þetta af því, að byggingarframkvæmdum hefur miðað vel og má heita nokkurn veginn lokið í samræmi við áætlunina, en ræktunarframkvæmdir hafa hins vegar tafist allverulega.

Einnig leggur n. til, eins og fram kemur í nál., að við mgr. verði bætt setningunni: „enda verði unnið samkv. endurnýjaðri áætlun.“ Þessi orð vísa til þess, að Byggðasjóður hefur með stjórnarsamþykkt ákveðið að sú fyrirgreiðsla, sem hann veitir við slíkar framkvæmdir í sveitum, skuli vera háð því, að þær séu framkvæmdar samkv. áætlun. Þarna er því lögð áhersla á að áætlunin verði endurskoðuð með tilliti til þeirra þátta, sem ekki hefur verið lokið við, og þá unnið samkv. framlengdri eða endurnýjaðri áætlun.

Með þessum breytingum, sem ég hef nú lýst, leggur n. til að till. verði samþ.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég þakka hv. atvmn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Mér urðu það að vísu nokkur vonbrigði, að síðari mgr. tillgr. skyldi felld út, þar sem farið var fram á að lánafyrirgreiðsla til byggingarframkvæmda á áætlunarsvæðinu skyldi framlengjast til næstu þriggja ára. Hins vegar er orðalag breytingarinnar, sem n. hefur lagt til, með þeim hætti og einnig kom það fram í framsögu hjá frsm. n., að ég hef ástæðu til að ætla að þessari lánafyrirgreiðslu til byggingarframkvæmdanna verði haldið áfram samkv. þeirri endurskoðuðu og endurnýjuðu áætlun sem um er talað í nál.

Ég tek undir þau orð sem hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, lét falla í þessu máli og þarf ekki að endurtaka þau hér, en treysti því, að þessi endurskoðun og framlenging, sem gefin er í skyn í nál., komi til framkvæmda fyrir atbeina Byggðasjóðs og helst einnig að Stofnlánadeildin haldi áfram sínum 10% aukalánum sem bændur hafa notið á áætlunartímanum.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins vegna umræddra byggingarframkvæmda samkv. Inndjúpsáætlun vil ég geta þess, að það er mín persónulega skoðun, að sérstaklega þurfi að hugsa um íbúðabyggingar á svæðinu sem ekki hafa notið sérstakrar fyrirgreiðslu í Byggðasjóði. Þess eru dæmi við aðrar landbúnaðaráætlanir, að slíkar framkvæmdir í áætlunum hafa notið þess háttar fyrirgreiðslu. Ég tel að íbúðabyggingar á þessu svæði þurfi sérstaklega að taka til athugunar. Ég vil geta þess hér, að nokkur íbúðarnús hafa verið lagfærð innan þessarar áætlunar, en ekki hefur tekist að fá til þeirra sérstaka fyrirgreiðslu. Það þarf að athuga að mínu mati sérstaklega.

ATKVGR.

Brtt. 848 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 937).

Skipun nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá, þáltill. (þskj. 641). — Frh. fyrri umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Síðast þegar þetta mál var hér á dagskrá urðu um það nokkrar umr. M. a. töluzu hér bæði hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að þeir allshn.-menn, sem að þessari till. standa, töluðu hér í þeim dúr, að á engan hátt væri hér verið að veitast að stjórnarskrárnefnd núverandi eða formanni hennar, og sömuleiðis kom fram í máli hæstv. forsrh., sem talaði hér fyrr við þessa umr., að það hefði ekki komið fram áhugi af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna hér á Alþ. um að neitt yrði gert í þessu máli á þessu þingi.

Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að í grg. með þessari till. allshn. stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„*Í upphafi þings lýsti ríkisstj. yfir þeim vilja sínum* að efna til viðræðna þingflokka um ofangreind mál. Einhverjar viðræður munu hafa farið fram, en þær hafa engan árangur borið, m. a. vegna þess að stjórnarskrárnefnd hefur engum tillögum skilað og virðist að mestu leyti óstarfhæf.“

Það eina, sem er tilgreint hér að ástæðu til fyrir því, að ekkert hefur orðið úr þessu máli á þessu þingi, er það, að stjskrn. hafi engum *till.* skilað. Nú muna hv. þm. það, að á fyrstu dögum þings í haust urðu hér nokkrar umr. og í þeim umr. var einmitt gerður að umtalsefni sjónvarpsþáttur sem þá hafði farið fram, þar sem formenn flokkanna skeggræddu þessi mál m. a., og í þessum umr. virtist ekki annað koma fram í orðum þeirra en eindreginn vilji væri fyrir því að á þessu þingi yrði gerð breyting á kosningalögum. Nú fór það svo um þennan blessaða þátt, að sú spóla, sem hann var á, mun hafa týnst inni í sjónvarpi, og mér er ekki um það kunnugt, en þó getur það verið þrátt fyrir það, að hún hafi fundist enn. Einhver hv. þm. mun hafa tekið þetta beint upp og hefur því verið svo forsjáll, að hægt er að fá um það upplýsingar, hvaða afstöðu þessir einstaklingar, formenn flokkanna, höfðu í þessum þætti. En það var alveg augljóst af ummælum þeirra, að þeir töldu ástæðu til þess að breyta kosningalögum og það yrði gert á þessu þingi. Og eins og hér hefur verið vitnað til áður lýsti hæstv. forsrh. því yfir í upphafi þings í haust, að það mundi verða óskað eftir því, az þingflokkar tilnefndu menn til umr. um þetta mál. Og hæstv. forsrh. upplýsti það fyrr við þessa umr., að fulltrúar af hálfu stjórnarflokkanna hefðu verið tilnefndir, og ekki dreg ég það í efa. En fundur til þess að ræða þessi mál var fyrst boðaður mér vitanlega í aprílmánuði. Ég man ekki nákvæmlega dagsetningu, en líklega mun það hafa verið fyrri hluta aprílmánaðar, þ. e. a. s. þegar komið var fram í þann mánuð sem gert var ráð fyrir að þingslit ættu sér stað og það var alveg augljóst að ekkert yrði gert í málinu. En það væri gaman að forvitnast um það, fá um það vitneskju hjá hæstv. forsrh., hvenær t. d. Sjálfstfl., þingflokkur Sjálfstfl., hafi kosið sinn fulltrúa, sem þá hefði átt að hafa frumkvæði að því að kalla slíka n. saman og reyndar gerði það þegar það var gert.

Mér heyrðist á ræðu hæstv. forsrh. að hann vildi í og með skella þeirri skuld á stjórnarandstöðuflokkana hér á Alþ., að ekkert hefði gerst í þessu máli, þeir hefðu ekki sýnt áhuga á því að ýta á eftir málinu hér á þingi. Ég held

að þetta sé rangt hjá hæstv. ráðh. Það var augljóst mál og gefið loforð af hans hálfu strax í upphafi þings, að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því, að slík n. yrði skipuð eða tilnefnd af þingflokkum og hún mundi hafa frumkvæði að því, að málið yrði tekið til umr. Það er því við stjórnarflokkana hér á Alþ. fyrst og fremst að sakast, að ekkert hefur gerst í þessu máli. Og mér finnst ástæðulaust af þeim allshn.-mönnum, eins og fram kemur í grg. með þessari þáltill., að fyrst og fremst og sú eina ástæða, sem þeir telja fyrir því að ekkert hefur gerst á þessu þingi, sé sú, að stjskrn. hafi engum till. skilað og hún sé óstarfhæf. Ég held, eins og ég hef raunar áður tekið fram, að það sé ekki við þá n. að sakast um það, að ekkert hefur gerst á þessu þingi varðandi breytingar á kosningalögunum, heldur er þar fyrst og fremst um að ræða áhugaleysi stjórnarflokkanna og forustumanna þeirra, þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem voru gefnar strax í þingbyrjun í haust.

Ég vil sem sagt láta það koma fram, hef raunar gert það áður, að mér finnst að allshn. hafi með því, sem hún hefur látið frá sér fara í grg. með þessari þáltill., verið að átelja eða sakfella stjskrn. fyrir það, að engar breytingar hafi komið til umr. á þessu þingi varðandi breytingu á kosningalögum. Ég er annarrar skoðunar. Ég tel að þar sé ekki við stjskrn. að sakast. Þessar breytingar á kosningalögum hefði verið hægt að gera hér á Alþ. hefði verið vilji eða áhugi fyrir því, burt séð frá því, hvað starfi stjskrn. leið. Ég vil því vísa á bug aðdróttunum um það, að stjskrn. sé fyrst og fremst sá þrándur í götu og sökudólgur fyrir því að ekkert hafi gerst í breytingum varðandi þessi mál nú á þessu þingi. Og sérstaklega vil ég þó vísa á bug þeim áróðri, sem mikið hefur verið uppi hafður, og sakfellingu á formann stjskrn., sem ég tel að hafi verið að ástæðulausu sakfelldur um vanrækslu í störfum til þess að fara að tala um það hér sérstaklega nú, þegar menn eru að tala um að vera röskir í störfum, þá höfum við því miður mörg dæmi hér innanþings um það, að nefndarformenn margir hverjir hafa ekki sýnt af sér þá hreysti eða þann dugnað að þeim sé í raun og veru fært að kasta steini að öðrum í þeim efnum. Mörg dæmi þess, að nefndarformenn hér á Alþ. hafi ekki staðið vel í stöðu sinni, eru finnanleg og hægt að benda á þau, en ástæðulaust að gera það á þessu stigi. En ég vildi sem sagt að þetta kæmi fram við umr., en skal ekki hafa þessi orð fleiri að sinni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ítreka það sem ég sagði fyrr í umr. um þessa till. eða rifja upp deilur, hverjum sé að kenna að breytingar á kosningalögunum hafa ekki verið gerðar á þessu þingi eða till. hafa ekki komið fram frá stjskrn. um breytingar á tilhögun kosninga til Alþingis. Mér finnst meira máli skipta, úr því sem komið er, að við náum samstöðu um það, hvernig haga skuli vinnubrögðum framvegis, svo að úr þessu megi verða bætt sem við erum sammála um að nauðsyn sé á.

Eins og getið var um í þessum umr. fyrir nokkrum dögum var haft samráð milli formanna stjórnmálaflokka, sem fulltrúa eiga á Alþ., og formanna þingflokka á Alþ. um hvernig réttast væri að afgreiða till. þá frá allshn. sem um getur á þskj. 641. Hefur niðurstaðan orðið sú, að formenn stjórnmálaflokkanna í samráði við formenn þingflokkanna og formann allshn. hafa borið fram brtt. á þskj. 892 sem ég treysti að allir þm. hafi í höndum. Þar eru þær breytingar gerðar á till. allshn., að gerð er grein fyrir því, hver ástæða sé til þess að á ný sé tilnefnt í stjskrn. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að tilnefning í stjskrn. fari ekki fram fyrr en að loknum kosningum til Alþingis. Þá er og gert ráð fyrir því, að tala fulltrúa stjórnmálaflokka í stjskrn. verði í hlutfalli við þingmannatölu þeirra. Í sambandi við það skal ég láta koma fram, að það er skoðun flm., að æskilegt sé að allir flokkar, sem fulltrúa eiga á þingi að loknum kosningum, hafi aðild að starfi stjskrn., og leitast mun verða við að ná samkomulagi um það. Það ætti einnig að auka líkurnar á því, að í stjskrn. er fjölgað um 2, úr 7 mönnum í 9 menn, samkv. þessari brtt. Að vísu eru menn nú e. t. v. ekki á eitt sáttir um hvort það auki líkurnar á fljótri afgreiðslu frá n. að fjölga í henni, en æskilegt er þó að í slíkri n. komi fram sem flest sjónarmið.

Þá er og talinn of skammur tími að ætla stjskrn. að skila till. sínum svo fljótt að unnt sé að leggja þær fyrir næsta þing. Hins vegar sett að hámarki til tveggja ára starfstími n., eins og greinir frá í brtt. Ég vonast til að það samkomulag, sem brtt. byggist á, verði staðfest af hv. þm.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af skrifum sem orðið hafa vegna umr. hér á Alþ. um störf stjskrn. svokallaðrar.

Það hefur komið fram, eins og hv. 5. þm. Vestf. benti hér á, sérstaklega þó í blöðum, að í þessum umr. hafi falist mjög hörð gagnrýni á formann stjskrn., Hannibal Valdimarsson. Þetta er ákaflega rangt. Ég vil eindregið mótmæla þessu. Ef slíkar fullyrðingar hafa verið hafðar í frammi gagnvart formanni stjskrn. Hannibal Valdimarssyni, þá er það ákaflega ósanngjarnt í hans garð, því að ég held að það sé hægt að kenna Hannibal Valdimarssyni ýmislegt annað en það, að hann hafi ekki verið nægilega röskur.

En staðreyndin er sú, sem hefur komið fram hjá Hannibal og raunar fleirum og alþm. vita, það þýðir ekkert að reyna að hlaupa á bak við þá staðreynd, að breytingar á kjördæmaskipan og kosningalögum og öðrum slíkum atriðum hafa aldrei verið gerðar nema stjórnmálaflokkarnir allir eða einhverjir, a. m. k. þá þeir sem talsverðan meiri hl. hafa haft á Alþ., hafi náð um það samkomulagi. Hannibal Valdimarsson lýsti því yfir bæði í útvarpsviðtali og blaðagrein fyrir talsverðu, að hann liti svo á, að hlutverk stjskrn. hvað þessi atriði varðar væri að safna upplýsingum og hugmyndum. Hins vegar treysti hann sér ekki til þess að stjskrn. afgreiddi frá sér endanlega tillögugerð varðandi kjördæmaskipan og fjölda þm. hvers kjördæmis öðruvísi heldur en flokkarnir hefðu áður komið sér saman þar um. Það er skýringin á því, hvers vegna svo seint hefur gengið með störf stjskrn. Það hefur verið beðið eftir því að flokkarnir kæmu sér saman um þá tilhögun sem eðlilegt væri að taka upp ef breyta ætti ákvæðum stjórnarskrár um kjördæmaskipan og fjölda þm. Hvers vegna það hefur ekki verið gert, svarið við því er einfaldlega það, að flokkarnir hafa ekki verið reiðubúnir til þess að ganga til slíks verks.

Það er ekki vandalaust að gera þær breytingar sem rætt hefur verið um að gera þurfi. Reynslan sýnir okkur að það hefur ávallt tekið talsverðan tíma og þurft talsvert mikið til að þær breytingar yrðu gerðar. Flokkarnir hafa verið að safna að sér gögnum alveg eins og stjskrn. Innan flokkanna eru ýmsar hugmyndir og tillögur sem ræddar hafa verið. Það hefur einfaldlega ekki verið tímabært hjá

flokkunum að taka neina flokkslega afstöðu enn þá til þeirra hugmynda sem fram hafa komið, og það er skýringin á því, hvernig á því stendur, að stjórnarskrárnefnd hefur ekki skilað till. Ég tel það ákaflega lítilmannlegt af flokkanna hálfu að ætla að afsaka þennan seinagang með því að skjóta sér á bak við formann stjskrn. sem hefur ekki aðstöðu, a. m. k. ekki hér innan þingsala, til þess að svara fyrir sig og skýra viðhorf sín.

Ég er sammála því, að flokkarnir reyni nú að koma sér saman um ákveðna lausn á þessum málum, eins og till sú, sem lögð hefur verið hér fram, gerir ráð fyrir. En ég vil eindregið lýsa þeirri skoðun minni og væntanlega fleiri þm., að þó að sú till. verði samþykkt, þá felist alls ekki í þeirri samþykkt nein slík gagnrýni á formann stjskrn., Hannibal Valdimarsson, sem sumir virðast vilja láta í veðri vaka, heldur sé þingið þar að taka undir þá skoðun, sem Hannibal Valdimarsson hefur sjálfur lýst, að þessum málum verði ekki ráðið til lykta, þ. e. a. s. endurskoðun á kosningalögum og kjördæmaskipan, nema í samkomulagi milli flokkanna og flokkarnir hafi að þeirri till. samþykktri, sem hér verður borin upp, komið sér saman um það að ganga til samstarfs um slíka lausn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv.

Atvinnuleg og félagsleg aðstaða byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 347). — Ein umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Till. mín á þskj. 347 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kanni atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar og geri næsta Alþ. grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar."

Ástæðan til þess, að ég flyt þessa till., er sú, að svo sem öllum er kunnugt hefur atvinnustaða þessara byggðarlaga í nágrenni Vallarins verið veik á undanförnum árum, einkum vegna samdráttar í afla og breytingu á afla. Um aldaraðir hafa Suðurnesjabúar að mestu lifað á því að fiska hrygningarfiskinn, þegar hann kemur upp að suðvesturströndinni, og aflað mestan hluta af sínu heildaraflamagni ársins á tiltölulega skömmum tíma yfir vetrarvertíðina. Nú hefur orðið á þessu mikil breyting á þann veg, að hrygningarstofninn hefur dregist saman, en aftur á móti hefur veiði jafnast mikið og dreifst á lengri tíma, og þótt aflamagnið haldist nokkurn veginn, þá hefur samsetning aflans orðið þeim erfiðari, verðminni, og þess vegna er nú svo komið að fjöldi þeirra fyrirtækja, sem stunda veiðar og vinnslu á Suðurnesjum, býr nú við bágan hag. Reyndar er þetta ekki einstakt um þennan landshluta, en mér finnst að öðruvísi hafi verið brugðist við þarna heldur en annrs staðar á landinu, og telja ýmsir að nágrennið við Keflavíkurflugvöll geri það að verkum, að þeir séu betur settir atvinnulega og þurfi þess vegna ekki á þeirri aðstoð að halda sem öðrum landsbúum er nauðsynleg og hefur verið veitt í ríkum mæli. En hér er ekki nema hálfsögð sagan. Vitað er að sjávarútvegur er enn þá og hefur reyndar ætíð verið höfuðatvinnuvegur þeirra Suðurnesjabúa og flest fyrirtæki þar syðra eru á einn eða annan hátt bundin þessari atvinnugrein. Þegar þess vegna illa gengur þar, þá er það ekki eingöngu að þau fyrirtæki, sem stunda veiðar og vinnslu, líði við þetta ástand, heldur allur iðnaður sem tengdur er þessum atvinnuvegi, og er þar með sagt, að það séu í raun og veru flest iðnfyrirtæki á Suðurnesjum sem búi nú við bágan hag.

Svo sem vitað er verður 20% eða meira af öllu því verðmæti, sem frá sjávarútvegi kemur, til þarna á Suðurnesjunum,og þessi háa prósenttala hefur lengi verið svo. Þess vegna er ástæða til að líta vel til þessara staða, þar sem heildargjaldeyrisöflun er svo há prósentutala sem nú er, og það eru um eða yfir 40% af öllum Suðurnesjavinnukraftinum sem vinna beint eða óbeint við fiskveiðar og fiskvinnslu. Þarna suður frá hefur lengst af verið stöðugleiki í lifnaðarháttum og búmennsku. Þarna hafa búið öld eftir öld um 2000 manns, og það er í raun og veru fyrst um 1940 sem snögg umskipti verða á þann veg, að frá 1940 hefur íbúafjöldi þarna þrefaldast og er nú orðinn rúmlega 13000 manns. Á sama tíma aftur á móti hefur t. d. höfuðborgin rétt rúmlega tvöfaldað íbúafjölda sinn. Þetta byggist á því, að Keflavíkurflugvöllur hefur verið byggður upp og rekinn frá þeim tíma og þar vinna um 2000 manns og af þeim eru 70% búsettir á þessu svæði. Þar að auki má segja að nágrenninu við flugvöllinn fylgja ýmsir félagslegir örðugleikar, og mér finnst að það sé ástæða til að rannsaka það betur en gert hefur verið.

Því er ekki að leyna, að á undanförnum árum hafa verið gerðar ýmsar athuganir á báðum þessum þáttum sem till. fjallar um, bæði stöðu sjávarútvegs og einnig félagslegri aðstöðu íbúanna þarna. T.d. létu Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi fyrir nokkrum árum gera nokkuð vandaða úttekt á fiskveiðum og fiskvinnslu á Reykjanesi, og enn fremur hefur félagsvísindastofnun Háskólans unnið nokkuð að því að kanna félagslega aðstöðu þarna. Þá eru og fleiri aðilar sem hafa unnið að könnun þarna. En þetta eru aðeins brot sem þörf er á að raða saman og enn fremur að athuga betur aðstöðuna og gera þá heildarúttekt sem mér finnst nauðsynlegt að verði gerð sem allra fyrst. Þess vegna hef ég hug á því að Framkvæmdastofnuninni með sinni þjálfun í slíkum úttektum verði falið þetta verkefni og verði gert fært að skila áliti sem allra fyrst.

Ég legg því til, herra forseti, að þessari till. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

Karl G. Sigurbergsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða, þó að *lítill tími virðist vera orðinn hér til að ljúka* málum, að taka aðeins til máls varðandi þá þáltill. sem hér er flutt.

Í grg. með þessari till. kemur fram, að flm., hv. 2. þm. Reykn., lítur svo á, að hugsanlegt sé að nálægð Keflavíkurflugvallar hafi jafnvel haft neikvæð áhrif á atvinnulíf á Suðurnesjum og á þann veg, að ekki hafi verið vegna tilvistar flugvallarins brugðist við sem skyldi þegar aðsteðjandi og tímabundna erfiðleika væri við að etja í atvinnumálum byggðarlaganna þar um slóðir. Ég vil nú, eins og ég segi, nota tækifærið og ekki einungis taka undir þetta sjónarmið sem fram kemur í grg. frá hv. flm., heldur leggja áherslu á að tilvist hersins og herstöðvarinnar með tilheyrandi umsvifum hefur í ríkum mæli haft ill áhrif á félagslega þætti og allt atvinnulíf byggðarlaganna á Suðurnesjum og mun koma til með að hafa það

áfram meðan herinn dvelur á heiðinni.

Um þetta mál væri hægt að hafa mörg orð og ræða á margvíslegan hátt, en ég skal ekki eyða tíma þingsins í það. Það væri hægt að vísa til ummæla margra þekktra og merkra manna, bæði í atvinnulífi og á öðrum sviðum suður á Reykjanesi og hingað og þangað um landið, sem hafa viljað kynna sér þessi mál

Það liggur alveg ljóst fyrir meginþorra þeirra sem búa í nálægð flugvallarins, hvað hefur verið á ferðinni. Það hefur legið ljóst fyrir öllum Alþb.-mönnum frá því að herinn kom til landsins, hvílík aðstaða manna er að búa við það ástand sem í kringum völlinn er á öllum sviðum. Það væri hægt, eins og ég segi, að styðja það með mörgum rökum, en ég skal ekki fara út í það.

Atvinnuástandið, eins og því er nú háttað á Suðurnesjum, er á þann veg, að því er vart lýsandi í fáum orðum, nema þá helst þannig, að nú standa ráðamenn, sem raunverulega ættu að koma þarna og hlaupa undir bagga og gera einhverjar úrbætur, eins og gaurar í grýtu og þykjast ekkert skilja hvernig á þessu standi, halda að það sé eingöngu um aflabrest að ræða. Það hefur gerst fyrr á Íslandi að aflabrestur yrði í einstökum byggðarlögum. Við því hefur verið brugðist á mannlegan og eðlilegan hátt venjulegast. En þarna á Suðurnesjum, verð ég að segja, hefur það ekki verið gert, vegna þess að menn hafa haldið að sér höndum, eins og kom fram í framsöguræðu hv. flm., í þeirri von að Völlurinn og sú starfsemi, sem þar er, bjargaði öllu við.

Ég vil nota tækifærið og lýsa yfir því, að ég get fyrir mitt leyti stutt þessa till., þó að ég sé hins vegar alveg fullviss um það, að hún er algerlega óþörf. Hún er óþörf í því tilliti, að það blasir við hverjum manni, að það þarf ekki að gera þarna neina könnun, ástandið er svo augljóst. En ef hv. flm. og aðrir fleiri efast um það enn, að ástandið sé alvarlegt, þá skal ég fyrir mitt leyti fallast á, að þessi till. verði samþ. og nái fram að ganga, ef það mætti verða til þess að opna augu fleiri manna fyrir því ófremdarástandi sem ríkir í þessum efnum, sérstaklega í nágrenni flugvallarins og vegna veru hersins þarna suður á nesjum. Þó er ég ekki í nokkrum vafa um að þetta hefur áhrif víðar en í næstu byggðarlögum.

Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð hér um. Mig langar aðeins til að varpa fram einni spurningu til hv. flm. Ef þannig færi nú, að þingheimur samþykkti þessa till. og hæstv. ríkisstj. fæli Framkvæmdastofnuninni eða einhverri stofnun að gera þá könnun sem þarna er talað um og ef niðurstaðan yrði á þann veg sem ég efast ekkert um að hún verði, hún verði á þann veg að það sé mjög neikvætt og í alla staði neikvætt að hafa herinn þarna staðsettan, vill þá hv. flm. fyrir sitt leyti binda það fastmælum, að hann muni þá beita sér fyrir því, að herinn verði látinn fara, eftir því sem honum verði mögulegt?

Jón Skaftason: Herra forseti. Það er nú það langt komið á þetta þinghald, að það gefst ekki tækifæri til eða a. m. k. tel ég ekki eðlilegt að einstakir þm. séu að efna til mjög langra umr. um þau mál sem á eftir að ræða á þeim tveim starfsdögum þingsins sem eftir eru. En það mál, sem hér er verið að fjalla um, gæti gefið tilefni a. m. k. fyrir okkur þm. Reykn. til þess að tala nokkuð langt mál um efni þess. En ég skal ekki verða til þess nú vegna þess að tíminn er frá okkur hlaupinn. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs og vildi segja nokkur orð í sambandi við þessa umr., eru þau ummæli sem komu fram í ræðu hv.flm. og ég tek mjög undir. Hann sagði efnislega eitthvað á þá leið, að þegar ástand kemur upp eins og nú um sinn hefur verið á Suðurnesjum, þar sem fyrst og fremst vegna samdráttar í afla og ýmissa annarra hluta hefur skapast gífurlega erfitt ástand í sambandi við atvinnureksturinn, þá hefur venjulegast af hálfu þjóðfélagsins verið brugðið hraðar og betur við en staðreynd er þarna suður frá.

Ég vil skýra frá því hér, að við þm. Reykn. í öllum flokkum höfum árangurslítið barist við stofnanir í landinu sem eiga samkv. sínum reglum að stuðla að að bæta úr vandræðum, þar sem atvinnureksturinn lendir í slíkum vandræðum að leitt getur til atvinnuleysis og fólksflótta á svæðinu. Ég hygg að allir, sem til þekkja, viðurkenni þá staðreynd, að um sinn hefur ástandið á Suðurnesjum verið slíkt. Stórfelld minnkun á afla á því svæði segir að sjálfsögðu til sín, og þau eru mörg, fyrirtækin í útgerð, í fiskvinnslu og í ýmissi þjónustu, sem nú hafa lifað, ef svo mætti segja, dag frá degi í fullkominni óvissu um hvort þau gætu haldið rekstri sínum áfram í næstu viku. Við þessar aðstæður höfum við þm. Reykn. reynt að komast í gegnum hið svokallaða kerfi til þess að knýja fram aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins sem gætu bætt að einhverju leyti úr þessu ástandi, eins og kerfið hefur sem betur fer getað gert mjög víða um land. En án þess að ég ætli að fara að rekja það nokkuð nánar, hversu erfið sú barátta hefur verið, þá vil ég þó segja það, að árangur okkar þm. Reykn. hefur verið til þessa nánast mjög rýr. Við höfum gjarnan spurt í þeim stofnunum, sem um þessi mál fjalla, hvenær mætti vænta afgreiðslu á vissum málum, og fengið ýmis svör sem síðan hafa ekki staðist í reynd og hafa m. a. leitt til þess, að ég hef borið fram fyrir nokkru fsp. um það, hvenær og hvernig úthluta ætti þeim 500 millj. kr. sem gefið var fyrirheit um að úthlutað yrði sem láni í sambandi við frystihúsin og fleiri atvinnugreinar. Og ég hef enn fremur spurt um það, eftir hvaða reglum yrði úthlutað þeim 300 millj. kr. sem ráðgert er að úthluta úr svokölluðum gengismunarsjóði. Því miður hefur þessari fsp. ekki verið svarað enn þá, og vafalaust verður henni ekki svarað á þessu þingi. En ég vil fullyrða það, að það eru mörg fyrirtæki á Suðurnesjum og margir aðilar á Suðurnesjum sem hafa lifað í von um einhverja slíka aðstoð, m.a. vegna þess að við þm. Reykn. höfum margir hverjir gefið yfirlýsingar og sagt það sem við höfum ekki vitað betur en væri rétt og satt, en ekki hafa svo í framkvæmdinni verið eins og sagt var. Ég tel rétt að þetta kom hér fram. Ég er mjög mikill stuðningsmaður þess, að við höfum hér í landinu starfandi eitthvert slíkt kerfi sem er þess umkomið að bregðast við, þegar atvinnulíf á heilum svæðum landsins er í mikilli hættu. Slíkt hefur ástandið verið um marga mánuði á Suðurnesjum. En ef þetta kerfi byggist á slíkum reglum, að það sé nánast óstarfhæft þegar vissir hlutar landsins lenda í úlfakreppu eins og hefur gerst með Suðurnesin, þá finnst mér kerfið meira en lítið gallað og þurfi að takast til heildarendurskoðunar, því að það er staðreynd, að atvinnuleysi og bág afkoma fyrirtækja er jafnsár þeim sem við þurfa að búa hvar svo sem þeir búa í landinu.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir þeirra, sem talað hafa, við umr. um till. mína.

En varðandi beina fsp. hv. 3. þm. Reykn., þá vil ég nú svara því, að ekki treysti ég mér til þess að gefa honum

vonir um það, að ég muni styðja hann í því að herstöðinni á Keflavíkurflugvelli verði lokað. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því, að félagslegir örðugleikar geta skapast við búsetu í nálægð herstöðvar, og þá er að leita eftir leiðum til að lagfæra það ástand, og það held ég að sé mögulegt. En mér finnst, enda þótt við höfum um þetta bæði reynslu og rannsóknir, að það vanti enn þá heildarúttekt á aðstöðu þessara byggðarlaga þarna, bæði á þessu sviði og ýmsum öðrum, og því sé ástæða til að þetta sé athugað frekar og heildarúttekt fari fram.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjáraukalög 1976, frv. (þskj. 623). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 933).

Efri deild, 99. fundur.

Föstudaginn 5. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 757, n. 884, 885). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 885,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 885,2 samþ. með 16 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 885,3 samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákvæði til brb., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 824, n. 887, 854, 855, 883, 888). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 883,1 felld með 11:4 atkv.
Brtt. 888,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
6.gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
7. gr.samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 883,2 tekin aftur.
8.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 883,3 tekin aftur.
10. — 13. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 854 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, EggÞ, GeirG, HÁ, HFS, JÁH, RA, StJ.
nei: EÁ, GH, IT, JHelg, JGS, OÓ, StH, StG, AG, AJ, ÞK.

IH greiddi ekki atkv.
Brtt. 888,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
15.—18. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 888,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
20.—41. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 855 felld með 10:5 atkv.
42. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
43.gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 869, n. 890). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur farið yfir frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Frv. hefur, eins og hefur raunar komið fram við 1. umr., sætt sams konar meðferð og venja hefur verið á undanförnum árum. Það hefur verið yfirfarið sérstaklega af formönnum allshn. og skrifstofustjóra Alþingis og n. síðan fjallað um málið hvor í sínu lagi í hvorri deild. Á frv., eins og það er nú eftir þær breytingar sem urðu á því í Nd., er till. um að 36 mönnum verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

Allshn. Ed. mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Síst vil ég tefja afgreiðslu þessa máls um veitingu ríkisborgararéttar, en finn þó ástæðu til þess að taka hér aðeins til máls og heiti hv. forseta því að tala ekki lengi. En tilefnið er í 2. gr. frv., þar sem segir:

„Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkv. lögum um mannanöfn."

Ég hef áður við afgreiðslu frv. samkynja þessu gert grein fyrir þeirri skoðun minni, að við gerumst hér harla dreissugir að ópörfu við það fólk sem heiðrar okkur með því að óska eftir íslensku ríkisfangi, að gera kröfu til þess að það skipti um nöfn. Ég er ásáttur um að kveðið verði á um það, að börn þessara nýju ríkisborgara fædd á Íslandi skuli skírð samkv. íslenskum lögum um mannanöfn. En mér finnst harla fráleitt að gera kröfu til þess, að maður, sem er, eins og George Bernard Shaw orðaði það forðum daga, orðinn hluti af nafninu sínu í gegnum allt það sem hann hefur gert undir því, sé skyldaður til þess að leggja niður nafnið sitt og taka upp annað nafn. Þessu er ég algerlega mótsnúinn og blygðast mín raunar fyrir það, að ég skuli ekki vera búinn að bera fram frv. um breytingu á þessum lögum. Því verður auðna að ráða, hvort ég lifi það eða hvort einhver annar fróður maður tekst það á

hendur fyrir mína hönd að beita sér fyrir slíku. En alveg burt séð frá því vil ég nú leggja til, — ég kom ekki auga á þennan málgalla í 2. gr. frv. fyrr en rétt áðan og hafði ekki tíma til þess að semja brtt., — að hér verði vikið við orðalagi. Hér stendur í 2. gr.: „Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn." Ég hygg, að hér muni vera átt við skírnarnafn. Fornafn hefur, að því er ég best veit, allt aðra merkingu. Fornöfn er orðflokkaheiti og fornöfnin eru býsna mörg. En ég reikna fastlega með því að höfundur frv., þ. e. a. s. ef höfundurinn er ekki Koo litli Man Suk, fæddur 27. desember 1973 í Suður—Kóreu, eða, — sem kannske væri sennilegra — Yamagata Nobuyasu, sem er eldri, — ef það eru ekki þeir sem hafa orðað þetta svona, þá hygg ég að það, sem fyrir frv.-smið vaki, sé skírnarnafn. Ég vil að þetta verði athugað og þá jafnframt tekið til athugunar, ef menn vilja raunverulega láta þetta með fornafnið standa, að þetta verði takmarkað að einhverju leyti. Ég tel það æskilegt t. d., að afturbeygilega fornafnið yrði þá útilokað, það mætti orðast: „að afturbeygilegu fornafni undanskildu", eða jafnvel mætti útiloka óákveðnu fornöfnin líka. Sum þeirra gætu orkað ákaflega tvírætt og óákveðið í stað nafns hins erlenda nafns. Afturbeygilega fornafnið „sig" gæti beinlínis valdið misskilningi. Menn gætu ímyndað sér að þetta væri skammstöfun fyrir „Sigurður" eða „Sigurlaug" eða eitthvað þess háttar, og sama væri með óákveðnu fornöfnin. Sem sagt, ef þessi breyting fæst ekki fram, þá vísa ég því til hv. þm., hvort þeir gætu ekki fellt sig við að þetta yrði þá takmarkað við persónufornöfnin og þá t.d. eignarfornöfn.

Ég sé nú að tímans vegna verð ég líklega að beina því til hæstv. forseta, að ef honum þykir málið þess efnis, og ég held að það hljóti raunverlega að vera það hjá löggjafarþingi þeirrar þjóðar sem setur sig á svo háan þjóðlegan hest að heimta að erlendir ríkisborgarar, sem ætla að fá ríkisfang á Íslandi, skipti um nöfn og taki upp íslensk nöfn, þá finnst mér nú einhvern veginn að löggjafarþingið geti ekki verið þekkt í fyrsta lagi fyrir annað en að láta það koma ljóst fram í 2. gr. frv., hvað löggjafarþingið á við, hvort það á við það, að hinir erlendu ríkisborgarar, sem nú verða íslenskir ríkisborgarar, skuli taka sér fornafn í stað skírnarnafnsins eða hvort ætlast er til þess, að þeir taki sér íslenskt skírnarnafn. Ég tel alveg bráðnauðsynlegt að þetta komi ljóst fram, þannig að ekki fari á milli mála. Ég vildi sem sagt fá tóm til þess, fáist n. ekki til þess að gera þá brtt., að leggja fram skrifl. brtt. fyrir 3. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir þessa mjög svo athyglisverðu ræðu, sem hann flutti hér, og fyrir að hafa svo vakandi auga með íslensku máli sem raun ber vitni, því að vissulega er það rétt, að þetta er ekki vel að orði komist. Ég verð að viðurkenna það, að þessi 2. gr. hefur hlotið fremur fljótfærnislega afgreiðslu í allshn., og ég treysti mér ekki til þess, án þess að athuga það, að fullyrða að þarna sé farið eins að og hefur verið á undanförnum árum. Ég hygg, að þarna hafi verið breytt um og í staðinn fyrir að áður hafi staðið í lögum að menn skuli taka sér íslenskt nafn, þá komi allt í einu inn þetta orð: fornafn.

Nú hef ég þann skilning á orðinu fornafn sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni og ætla ekki að útskýra það nánar. Hins vegar finnst mér að e. t. v. gæti verið vafasamt að tala um skírnarnafn, ef menn skyldu alls ekki vera skírðir og alls ekki vilja láta skíra sig. Þess vegna vil ég nú mælast til þess við hv.flm. munnlegrar brtt., að hann dragi brtt. sína til baka til 3. umr. og n. fái tóm til að athuga þetta mjög svo athyglisverða og vandasama mál og gera e. t. v. till. flm. að sinni eða gera aðrar þær breytingar sem n. kynni að hafa áhuga á.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að biðja hv. síðasta ræðumann, Inga Tryggvason, velvirðingar á því, að mér láðist að gera það sem ég ætlaði þó í fyrri ræðu minni, að taka það fram, að mér væri alveg ljóst að hv. formaður allshn. Ed. stæði mér á engan hátt að baki í mati á orðalagi sem þessu, og mér var það ljóst að honum hefði eflaust yfirsést þarna og þeim nm. Ég er fús til þess að fallast á uppástungu hans um að þarna komi í stað fornafns beinlínis: íslenskt nafn. — Mér er ekki alveg ljóst að aths. hans fenginni, hvort nafnorðið „skírnarnafn" felur það í sér, að nafnið hafi verið gefið samkv. kristnu eða kirkjulegu ritúali. Þó ætla ég að það kunni að vera, því að ekki minnist ég þess, að orðið komi fyrir í fornum sögum okkar fyrr en eftir kristnitöku. Vildi ég síst verða þess valdandi, að við misnotuðum á þann hátt tæknilegt, trúfræðilegt orð, þar sem ætla má, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að ýmsir af þessum útlendingum, verðandi Íslendingum, komnir víðs vegar utan úr heimi, þar sem hin ólíkustu trúarbrögð ríkja, víðast hvar langt umfram kristna trú, séu þess fýsandi, hinir eldri þeirra, a. m. k. sumir hverjir, ekki síst þeir sem kunna að hafa verið aldir upp við algerlega guðlausan kommúnisma, en þeir kjósi e. t. v. að velja sér nafn á einhvern látlausari hátt heldur en þann að ganga undir skírn.

En ég vil sem sagt ítreka þetta aftur, að mér láðist strax í upphafi máls um þetta atriði að taka það fram, sem ég veit fullvel, að þarna er ekki um að kenna hæpnum málsmekk hjá hv. þm. Inga Tryggvasyni, formanni allshn. En þau gerast nú mörg málin sem að kalla til afgreiðslu á þessum síðustu dögum og tími lítill til þess að rýna í orðalag og stíl, enda kynni það að koma í ljós seinna, og er þar ekki um hrakspá að ræða af minni hálfu, að brátt verði þörf á því að gera breytingar á ýmsum þeim lögum og þingsályktunum sem samþ. eru nú á þessum síðustu dögum fyrir hvítasunnu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 530, n. 891). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir hv. d. til afgreiðslu, er um breytingu á umferðarlögum frá 20. apríl 1968. Allshn. athugaði frv. og hafði samband við dómsmrn. um orðalag þess. Niðurstaðan af þessum athugunum varð sú að leggja til að breyta nokkuð orðalagi. Breytingin er einkum í því fólgin, að gert er ráð fyrir því í till. eins og hún er nú, að

dómsmrh. geti veitt leyfi til keppni í ökuhraða, keppni sem felur í sér meiri hraða en almennt er leyfður á vegum úti. Eins og orðalag var áður á greininni varð ekki séð, þó gert væri ráð fyrir að dómsmrh. mætti leyfa hraðari akstur en þann sem lögleyfður er á vegum landsins, að það hefði neina stoð í lögum annars staðar, að hann gæti veitt slíkt leyfi. Með þessu breytta orðalagi á að vera þannig frá gengið, að það sé augljóst að ráðh. hefur heimild til þess að veita slíkt leyfi.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta frekar. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá, að svokallaðar akstursíþróttir eða akturskeppni fari ekki fram án þess að rétt yfirvöld hafi þar eftirlit með og stefnt er að meira aðhaldi með slíkri keppni en verið hefur.

ATKVGR.

Brtt. 891 (ný 1. gr.), samþ. með 14 shlj. atkv.
2.gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 100. fundur.

Föstudaginn 5. maí, að loknum 99. fundi.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 919 (sbr. 824)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það hefur verið svo mikill hraði á afgreiðslu mála hér í d. núna í seinni tíð, að ekki hefur gefist kostur á því að fylgjast með hverju máli, jafnvel þótt maður hafi reynt að hafa sig allan við. Og þannig fór fyrir mér, að þetta mál leið hjá hér í d. án þess að ég næði því að gera aths. við það. Þess vegna vil ég nú nota það tækifæri sem gefst við 3. umr.

Ég minnist þess þegar lög um heilbrigðisþjónustu voru sett veturinn 1973, að ekki voru allir fullkomlega sáttir um þá niðurstöðu sem þá fékkst. Einkum voru það nokkrir minni staðir sem misstu af því með þeirri lagasetningu, að þar yrði áframhaldandi læknisumdæmi eða þar sæti læknir með sína þjónustu. Dæmi um þetta voru tvö í mínu kjördæmi: annað á Skagaströnd, þar sem læknir hafði setið um langt árabil, og hitt á Hofsósi. Það var einmitt megintilgangur lagasetningarinnar á sínum tíma að sameina kraftana, byggja upp stórar og sterkar heilsugæslustöðvar, gefa læknunum kost á því að hafa á milli sín hæfilega verkaskiptingu og gefa þeim kost á að leysa hver annan af, og var talið að meiri möguleikar yrðu fyrir hendi að ráða lækna í þau héruð sem lengi höfðu verið læknislaus. Ég held að bakgrunnur þeirrar lagasetningar hafi einmitt verið læknaskorturinn. Það var áberandi mikið vandamál í okkar þjóðfélagi, að víða úti um land fékkst ekki læknir, hafði ekki fengist læknir um langt árabil, og þannig var einmitt um þessa tvo staði sem ég nú nefndi, annars vegar Skagaströnd og hins vegar Hofsós, sem ég nefni hér kannske sér í lagi sem dæmi um slíka staði. En mörg dæmi önnur mætti að sjálfsögðu nefna. Þarna höfðu ekki fengist læknar árin á undan. Það var því mjög eðlilegt að stokka gamla kerfið upp. En hitt vil ég láta koma fram, að ég taldi að réttara hefði verið í slíkum tilvikum að heimild væri fyrir því, að einn af þremur læknum í nálægri heilsugæslustöð hefði búsetu og starfsaðstöðu á viðkomandi stað, og þetta hefði verið auðvelt að framkvæma í sambandi við Skagaströnd og vel hugsanlegt með nokkrum úrbótum að framkvæma á Hofsósi. Ég flutti till. um þetta efni, en þær voru felldar. Það var hins vegar almennt heimildarákvæði í lögunum sem gerði kleift að fara þessa leið, en heilbrigðisyfirvöld hafa ekki verið fáanleg til að framkvæma hana, ekki á þessum stöðum a.m.k.

Ég vil nú láta það koma hér fram, að ég tel að aðstæður hafi töluvert breyst frá þv sem var fyrir fimm árum þegar heilbrigðislögin voru sett. Ég er að vísu ekki gjörkunnugur þeim málum og ekki eins vel kunnugur og sumir aðrir dm. sem eru öllum hnútum kunnugir í þessum efnum. Ég get þó leyft mer að fullyrða það, að læknum hefur mjög farið fjölgandi í seinni tíð og nú eru farnar að heyrast raddir um það, að e.t.v. sé um að ræða offramleiðslu á læknum, þeir kunni að verða of margir á næstunni. Ég dreg það mjög í efa, að nokkur raunveruleg hætta sé á slíku. En ég bendi á að fólk víðs vegar um land gerir auknar kröfur til læknisþjónustu, og ég er sannfærður um að við hljótum að veita fólki betri þjónustu en gert hefur verið. Og ég vil láta það koma hér fram, um leið og þetta mál er afgreitt, að ég tel að að því hljóti að stefna, að læknir verði búsettur og verði með starfsaðstöðu í öllum kauptúnum landsins, smáum og stórum, enda þótt ég telji hins vegar langeðlilegast að læknar verði allir í starfstengslum við stóra heilsugæslustöð og þeir þurfi ekki að vera einir á báti með neinn stað. Ég er alveg sannfærður um að sú skipan, sem upp var tekin 1973, að safna kröftunum saman og gefa læknum aukinn kost á verkaskiptingu, var rétt stefna. Og þó að við kæmumst að þeirri niðurstöðu að við hefðum efni á því að hafa lækni búsettan með starfsaðstöðu í hverju einasta kauptúni landsins, þá væri eðlilegt að þeir væru um leið allir í tengslum við heilsugæslustöðvar þar sem fleiri læknar væru starfandi.

Ég tel að á þeim tveimur stöðum, sem ég hef nú nefnt, Hofsósi og Skagaströnd, væri þetta fullkomlega raunhæft nú þegar, þar sem um er að ræða svo stórar heilsugæslustöðvar, að ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að einn læknir af mörgum, sem eru á hvorum þessara staða, væru með búsetu og starfsaðstöðu annars vegar á Hofsósi og hins vegar á Skagaströnd. Ég minni á það, að á það hefur verið bent, að mannslíf hafi verið í veði vegna þess að enginn læknir hefur verið búsettur á Hofsósi. Það eru rúmir 40 km milli Hofsóss og Sauðárkróks, og það er dálítið langur vegur í norðanstórhríðum að fara. Og ég þori að fullyrða að þess eru fleiri en eitt dæmi, að fólk hefur ekki fengið nauðsynlega læknisþjónustu og látið fyrir það lífið, vegna þess að löng er leið milli þessara tveggja staða og of seint var fyrir lækna að grípa inn í þegar komið var með sjúklinginn á Sauðárkók. Þetta er staðreynd sem á hefur verið bent, og ég held að þetta sé svo alvarlegt mál, að það verði ekki undan því vikist að ráða bót á þessu fyrr eða síðar, og mér er nú næst að halda að þegar sé orðið tímabært að stíga þetta skref.

Ég er sem sagt ekki alveg ánægður með frv. eins og það liggur hér fyrir okkur. Ég held að það sé að vísu til bóta, að á báðum þessum stöðum, eins og mörgum öðrum sem

líkt stendur á um, er gert ráð fyrir því, að um sé að ræða formlega heilsugæslustöð, nefnd H án númers. En ég hefði talið að þessu hefði þurft að fylgja ákvæði um búsetu og starfsaðstöðu læknis á þessum stöðum. Og um leið og ég segi að ég er ekki ánægður með frv., þá verð ég að harma það, að ráðh. skuli hafa séð ástæðu til þess að hraða málinu svo sem raun ber vitni í gegnum þingið. Ég veit ekki betur en tími hafi verið til þess í allan vetur að taka þetta mál til umr. ef rn. hefði lagt það fram, og að koma með þetta rétt undir þinglokin, án þess að fólkinu úti um landsbyggðina gefist kostur á að senda okkur umsagnir sínar og ábendingar, það er ekki forsvaranlegt. Ég vildi gjarnan mega heyra af vörum hæstv. ráðh. rök fyrir því, að óhjákvæmilegt sé að afgreiða þetta mál nú á þessu þingi, því að þau rök hef ég ekki heyrt. (**Sjútvrh.:** Ég rakti þau í deildinni) Já, það má vera að það hafi farið fram hjá mér.

Ég vil taka það fram, að ég hef ekki séð ástæðu til að flytja sérstakar brtt. varðandi Skagaströnd og Hofsós, þótt það verði að teljast ærið freistandi, vegna þess að ég veit að það stendur ákaflega líkt á um marga aðra staði heldur en þessa tvo og mér finnst eðlilegast að staðir, sem líkt stendur á um, fylgist að í þessum efnum og ekki séu einhverjir ákveðnir staðir teknir langt á undan.

Hins vegar neita ég því ekki, að frv. ber það með sér, að ákveðnir staðir hafa haft forgang — staðir sem mjög líkt stendur á um og einmitt þessa staði, — og ég vildi gjarnan heyra það af vörum hæstv. ráðh., hver er skýringin á því. Ég nefni hér sem dæmi, að það er heilsugæslustöð 1 á Hvolsvelli og það er heilsugæslustöð 1 á Hellu. Það eru 13 km á milli þessara tveggja staða. Ég tel að víða annars staðar hefði verið brýnni þörf á að dreifa læknisþjónustunni en á þessum stöðum þar sem svo stutt er á milli, prýðilegur vegur og reyndar steinsnar að fara í bíl. Ég veit að hæstv. ráðh. hefur einhverjar sögulegar skýringar á þessu atriði, en ég vil gjarnan spyrja hann, hvort honum finnist þetta eðlilegt, að þessi skipun sé höfð á varðandi Hvolsvöll og Hellu annars vegar, meðan staðið er fast á móti því, að staðir eins og Skagaströnd eða stazir eins og Hofsós fái aukna þjónustu með búsetu og starfsaðastöðu læknis á þeim stöðum. Ég vil taka það fram, að ég er alls ekki að átelja ráðh. fyrir að flytja hér frv. sem gengur út frá óbreyttri skipan þessara mála hvað snertir Hvolsvöll og Hellu. Ég ætla ekki að átelja ráðh. fyrir það. Það er mál sem aðrir þekkja betur en ég. En ég spyr bara hvort það sé ekki talsvert ósamræmi í þessu frv. þegar svona lagað blasir við. Og ég bendi einnig á það, að milli staða eins og Hveragerðis og Selfoss eru aðeins 12 km. Það eru hins vegar heilsugæslustöðvar 2 á báðum þessum stöðum. Og er ekki í nokkurri mótsögn við fyrirkomulag frv., að á Patreksfirði skuli vera heilsugæslustöð 2, en engin sérstök þjónusta á Tálknafirði og aðeins læknismóttaka, en engin búseta læknis á Bíldudal. Ég efast ekkert um áhuga ráðh. á því að bæta þjónustu í heilbrigðismálum á Vestfjörðum og minnist þess reyndar að hæstv. ráðh. flutti einmitt till. um það hér í þinginu á sínum tíma, að komið yrði upp heilsugæslustöð 1 væntanlega á Bíldudal, en sú till. náði ekki fram að ganga. En ég spyr, úr því að þessu skipulagi hefur nú verið komið á á Suðurlandi í þessum tveimur tilvikum sem ég nú hef nefnt, hvers vegna beitir þá ráðh. sér ekki fyrir því, að um verði að ræða aukna þjónustu á öðrum stöðum sem miklu verr stendur á fyrir, því að auðvitað er ekki á nokkurn hátt hægt að bera saman ástandið annars vegar á Bíldudal með tvo fjallvegi að fara yfir til Patreksfjarðar eða á Hvolsvelli eða Hellu þar sem er skotvegur á milli, svona rétt eins og að skjótast til Hafnarfjarðar eftir rennisléttum vegi. Þarna er um að ræða bersýnilegt ósamræmi sem leg rek mig á og á erfitt með að skýra og á erfitt með að rökstyðja fyrir t.d. kjósendum mínum á Norðurlandi vestra. Ég vil því enn spyrja ráðh. að því, hvort ekki væri ástæða til þess að athuga þetta mál svolítið betur, þannig að hægt væri að afgreiða heilbrigðislöggjöfina með svolítið meira innra samræmi en raun ber vitni. Ég vil taka það alveg skýrt fram, að ég er ekki að fetta fingur út í það, að heilsugæslustöð skuli vera bæði á Hveragerði og Selfossi og bæði á Hvolsvelli og Hellu. Ég hef þegar tekið það fram, að það þekkja aðrir betur, þær sögulegu skýringar og forsendur sem skýra þær aðstæður. En þarna er um að ræða ósamræmi hvað snertir aðra staði sem hafa sótt hart á um aukna þjónustu, og yfirmenn heilbrigðismála og alþm., sem standa að samþykkt þessa frv., verða þá að geta útskýrt hvernig á þessu ósamræmi stendur.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég hef þegar tekið það fram, að ég er ósáttur við frv., flyt þó ekki brtt., vegna þess að ég tel að það þyrfti að samræma frv. í heild, en ekki bara hvað snertir einstaka staði, þó að þeir staðir séu í mínu kjördæmi. En ég vildi gjarnan heyra frekari skýringar ráðh. á því ósamræmi sem er innbyrðis í þessum væntanlegu lögum.

Sjátvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. um heilbrigðisþjónustu átti langan aðdraganda og það var unnið af nefnd og nefndum, réttara sagt, sem störfuðu í mörg ár. Það var byrjað á undirbúningi þess frv. á dögum hinnar svokölluðu viðreisnarstjórnar og það var lagt fram á öðru valdaári vinstri stjórnarinnar. Þá dagaði þetta frv. uppi. Það var svo lögfest snemma á árinu 1973 og gildistaka þess var frá 1. jan. 1974.

Þrátt fyrir þennan langa aðdraganda á tímum tveggja ríkisstj. var þetta frv. lögfest með þeim hætti, að kafli laganna um læknaskipunina kom aldrei til framkvæmda. Þeim kafla laganna var frestað.

Á árinu 1975 skipaði ég n. sem í áttu sæti tveir alþm., landlæknir og formaður Læknafélags Íslands, síðar kom inn í n. fulltrúi læknadeildar Háskólans, og n. var undir formennsku ráðuneytisstjórans í heilbrn., til þess að fjalla um á hvern hátt megi lögfesta og breyta þeim kafla sem mætti svo mikilli andstöðu á Alþ. að framkvæmd hans var frestað. Það var læknaskipunin, stóru læknishéruðin sem voru í þeim kafla, sem átti ekki hljómgrunn þm. á þeim tíma. Ég tel að með þessu frv. hafi tekist að koma þessum málum fyrir á bæði hagkvæman hátt og líka sé gætt sparnaðar, því að það veitir ekkert af því að gæta sparnaðar í heilbrigðisþjónustu eins og í öðrum málum.

Sömuleiðis minntist hv. síðasti ræðumaður á það, að fellt hefði verið út aðsetur lækna sem voru í áður gildandi lögum, og nefndi til staðfestingar Skagaströnd, Bíldudal og fleiri staði. Þegar þetta frv. var til umr. á Alþ. var ég einn í hópi þeirra sem voru á móti því að fella niður þessi læknishéruð. En með samþykkt frv. 1973 og gildistöku þess frá áramótum 1974 er búið að marka stefnu sem hefur verið farið eftir í sambandi við hönnun heilsugæslustöðva. Í sambandi við hönnun heilsugæslustöðva, t. d. á Patreksfirði, sem nær yfir alla Vestur-Barðastrandarsýslu og einn hrepp Austur-Barðastrandar-

sýslu, er gert ráð fyrir því, að þar verði heilbrigðisþjónusta fyrir þetta svæði allt. Í sambandi við hönnun heilsugæslustöðvar fyrir Austur-Húnavatnssýslu er gert ráð fyrir í þeirri hönnun að Skagaströnd njóti heilsugæslustöðvar á Blönduósi.

Samkv. þessari stefnu og þessari lagasetningu hefur verið unnið. Það hlýtur að fylgja í kjölfarið. Það er ekki hægt að setja fyrst lög og marka þar stefnu, fara eftir því og byrja framkvæmdir í þessum efnum, og snúa, þegar þessum framkvæmdum er ekki lokið, aftur við blaðinu og taka upp ný læknishéruð eða réttara sagt gömlu læknishéruðin eins og hau voru

Þá kem ég að því, að það virðist engin hætta á því, sem hv. þm. dró reyndar í efa, að það verði offramleiðsla á læknum. A. m. k. er ekki offramleiðsla á læknum til starfa úti um land, og þar hefur engin breyting orðið til batnaðar frá því að lögin voru sett 1973, ætla ég að leyfa mér að fullyrða. Ég tel þýðingarlaust að setja ný læknishéruð, aðsetur lækna á fleiri stöðum en eru í gildandi lögum og þeim verður ekki fjölgað á meðan við getum ekki mannað þau, aðeins til þess að fá það til viðbótar hvað mörg læknishéruð séu mannlaus tíma og tíma og sum alllengi á hverju ári.

Ég mælti ekki gegn till. tveggja Austfjarðaþm. hér við 2. umr. varðandi H 2 á Eskifirði, að ég væri á móti því að byggja heilsugæslustöð 2 á Eskifirði, heldur hitt, að það er erfitt að manna þessar stöðvar, og jafnframt, að á meðan við eru að byggja upp heilsugæslustarfið verður að taka tillit til þeirra breytinga sem hafa orðið í samgöngulegu tilliti. Samfélagið er ásamt læknishéraðinu í Neskaupstað að byggja þar upp sjúkrahús, stækka sjúkrahúsið og heilsugæslustöð 2 á Neskaupstað. Við getum ekki fjölgað stöðvunum þannig að við ráðum ekki við neitt.

Hv. þm. minntist á það, sem er alveg rétt, og spurði, hvort ég væri sáttur við það að byggja heilsugæslustöðvar, eins og á Suðurlandi, þar sem er örstutt á milli. Ég er mjög ósáttur með þá afgreiðslu. En það var eitt af því sem var frestað í þessari löggjöf 1973, það var Suðurlandið. Það var því í lausu lofti og hefur verið þennan tíma allan. Nefnd hefur starfað á þriðja ár. Hún skilaði áliti rétt fyrir áramót. Síðan fóru fram kostnaðarútreikningar í fjárlaga- og hagsýslustofnuninni. Að þeim loknum og með leyfi ríkisstj. lagði ég frv. fram, og það er að byrja annar mánuðurinn frá því. Í mörgum tilfellum er ekki um veigamiklar breytingar að ræða. En breytingarnar bæði á héraðslæknisembættum, skýr ákvæði um viðhaldskostnað, um heilsugæslustöðvar sjúkrahúsa, sem hefur verið synjað vegna þess að það hefur verið óskýrt í lögum, — þetta allt gerir það að verkum, að það er brýn nauðsyn að lögfesta þetta frv. og láta þetta ekki vera lengur í lausu lofti. Það er þetta sem er fyrst og fremst á bak við það, að ég legg á það mikla áherslu, að frv. nái fram að ganga, vegna þess að það er margt í þessu frv. sem þolir ekki bið.

Ég vildi mjög gjarnan geta notað ákvæði reglugerðar um það, að læknir ætti aðsetur á hinum ýmsu stöðum þar sem erfitt er um vik að fara á milli. En til þess auðvitað að geta notfært sér þau ákvæði og beitt þeim ákvæðum verðum við að hafa lækna, og það er þannig enn, að heilbrigðisstjórnin ræður ekki við þegar er hörgull á fólki. Það er alveg eins í þessu starfi og í öðrum atvinnugreinum, að það er ekki gott að ráða við þegar hörgull er á starfsfólki. En margt bendir til þess, að á næstu árum verði breytingar á þessu, og það eru ákvæði í frv. þar sem ráðh. getur fjölgað stöðvum ef til þess kemur, og það er brýn þörf á því. Ég er alveg sama sinnis og ég var 1973 hvað snertir Skagaströnd. En það, sem er búið að gera síðan, gerir það að verkum, að við getum ekki horfið frá því í bili. En það þýðir ekki að staður, sem er í uppgangi, þar sem fólki fjölgar, eigi að vera læknislaus um aldur og ævi. Það þýðir vitaskuld að þó að þetta frv. verði að lögum, þá er hægt að taka þessi ákvæði upp hvenær sem er, ef við sjáum þörf á því, enda er heimild fyrir því í frv.

Ég tek alveg undir það með heilsugæslustöðvarnar á Suðurlandi, sérstaklega þessar tvær og í raun og veru Hveragerði líka, að það er auðvitað allt of stutt á milli þessara stöðva. En vegna þess að þetta var ekki bundið í lögum tók fjvn. þetta upp og Alþ. samþykkti það með fjárveitingum til þessara staða. Og þó að ég gjarnan vildi, þá treysti ég mér ekki til þess að leggja fram frv. sem gengur alveg í berhögg við það sem búið er að samþykkja við afgreiðslu fjárl., og það er búið að reikna með því á þessum stöðum. En það er ósköp eðlilegt, að bent sé á þetta annars staðar á landinu. En fyrst og fremst er hér um að ræða skort á læknum, skort á öðru starfsliði, en þar hefur þó unnist mjög mikið á frá því að þessi lög komu til framkvæmda. Það er margt í gangi og margar heilsugæslustöðvar bætast við á næstu tveimur árum. Þessi lög eru eins og öll önnur mannanna verk ekki fulltæmandi, og það er mjög eðlilegt að þau komi aftur til endurskoðunar hvað þetta snertir og ýmislegt annað.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann veitti í ræðu sinni.

Ég er ekki að draga það í efa, að það kunni að vera rétt hjá ráðh., að framboð á læknum til starfa úti um land hafi lítið aukist á seinni árum. Ég hélt satt best að segja að það hefði eitthvað aukist en ráðh. þekkir það vafalaust betur en ég, og víst er að þar hefur ekki orðið nein teljandi breyting til batnaðar. Hins vegar er mér sagt að um sé að ræða verulega fjölgun á útskrifuðum læknum frá Háskóla Íslands og þar sé um að ræða svo stórfellda fjölgun í stéttinni, að það geti varla farið hjá því, að innan skamms tíma hafi það veruleg áhrif á framboð lækna til starfa úti á landi. Þetta verða þeir að dæma um sem gerst þekkja. En ég veit að stúdentar í deildinni hafa, eins og ég nefndi hér áðan, nokkrar áhyggjur af því, að um sé að ræða offjölgun í stéttinni.

Það, sem ég var að nefna hér áðan, var ekki hvort hyggilegt væri að koma upp nýjum læknishéruðum. Það mátti ekki skilja orð mín á þann veg, að ég væri að mæla með því. Ég var eingöngu að mæla með því, að þar sem margir læknar væru starfandi á einni og sömu heilsugæslustöðinni, þá væri einn þeirra búsettur og með starfsaðstöðu í þeim þéttbýliskjarna sem engan lækninn hefur, og ég tel að það sé fullkomlega raunhæft, að hann geti sinnt margvíslegum störfum við heilsugæslustöðina, jafnvel þótt það yrði hans aðalstarf að starfa á þeim stað þar sem hann væri búsettur. Eins og hæstv. ráðh. er vafalaust kunnugt, þá er það mjög tíðkað, t. d. við heilsugæslustöðina á Blönduósi, að læknirinn fer í ferðir til þess þéttbýlisstaðar sem hann á einnig að sinna, í þessu tilviki Skagastrandar. Hann fer þangað, held ég tvisvar í viku. Og læknir á Sauðárkróki fer til Hofsóss einu sinni í viku. Á Hofsósi segja menn að ástandið sé nú svo illt, að menn megi helst ekki vera veikir nema á fimmtudögum, og það er auðvitað afleit aðstaða fyrir fólk þegar það má ekki

vera veikt nema á fimmtudögum. Þess vegna hefur fólki fundist að það gæti vel verið raunhæft, að einn af læknunum væri þar búsettur og þá þyrfti hann ekki að gera sér ferðir á þann stað, en aftur á móti hugsanlegt að hann færi nokkrar ferðir, kannske tvær ferðir í viku hverri, til sjálfrar aðalheilsugæslustöðvarinnar til að sinna þar erindum og vinna þar einhver störf, þannig að tíma hans væri vel varið. Hann þarf a. m. k. að vera á ferðinni á milli þessara staða, og þá er erfitt að skilja af hverju ekki er hægt að hugsa sér að hann sé með aðaldvalarstað á læknislausa staðnum og fari síðan ferðir til heilsugæslustöðvarinnar einu sinni til tvisvar í viku.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða um þetta frv. En ég heyrði það á ráðh., að hann væri ósáttur við frv., hann væri ósáttur við þá skipan frv. sem snerti Suðurland. Mér þótti fróðlegt að heyra það, skildi það auðvitað fyrst og fremst á þann veg, að skipanin á Suðurlandi væri í ósamræmi við það sem væri annars staðar á landinu. Ég get hins vegar fullvissað ráðh. um það, að fólk í öðrum landshlutum mun líta á það skipulag, sem á að verða á Suðurlandi, sem fordæmi, og það mun gera kröfur til þess, að læknar verði með búsetu í öllum kauptúnum landsins. Úr því að Alþ. og ríkisstj. samþykkja að hafa lækni á Hvolsvelli og Hellu, þá hlýtur það að hafa þær afleiðingar, sem betur fer vil ég segja, að sú krafa nái fyrr eða síðar fram að ganga, að læknir verði búsettur í öllum slíkum kauptúnum. (**Sjútvrh.:** Ég er fullkomlega sammála um að læknir sé búsettur á öðrum stað en Hvolsvelli, en ég tel nóg að hafa eina heilsugæslustöð). Í þessum efnum er ég innilega sammála ráðh. Ég held að það skipulag hefði verið langákjósanlegast. Það er einmitt skipulagið sem ég er að fara fram á að tekið verði upp á stöðum eins og Hofsósi og Skagaströnd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 918 (sbr. 757)). — 3. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég gat af sérstökum ástæðum ekki verið viðstaddur lok 2. umr. um Tæknistofnunina. Ég skrifaði undir nál. iðnn. með fyrirvara og mælti með samþykkt frv. með ákveðnum hlýlegum þanka, efasemdum að vísu um fararheill þessarar löggjafar um Tæknistofnunina eins og til hennar er nú stofnað, en eindreginni ósk eigi að síður eða öllu fremur bæn um að nú bregði til þess háttar bata í pólitíkinni, að vesalingur þessi megi eigi að síður lífi halda, því að það er nú svo, að margt það, sem bani virðist búinn í rysjóttri tíð, getur dafnað í sólskini.

Hér er um að ræða eins konar kreppuafbrigði af hugsun sem spratt upp úr sérstöku starfi sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna á sínum tíma við áætlanasmíð um innlendan iðnað og á sér því langan aðdraganda. Hér liggur sem sagt fyrir okkur til umfjöllunar og nú til afgreiðslu við 3. umr. í hv. Ed. eitt þeirra þingmála, sem undirbúin voru í tíð vinstri stjórnarinnar. Frv. til l. um Iðntæknistofnun Íslands var samið í ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar í þeim stórhuga tilgangi að sameina krafta íslenskra sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum tækninnar til rannsóknastarfa, tilrauna og ráðgjafar, þannig að stofnunin mætti verða í senn frumkvöðull og aflgjafi nýrrar iðnþróunarstefnu á Íslandi. Í því frv., sem þá var samið, var í senn gert ráð fyrir þeim fjárveitingum, sem slík stofnun þyrfti til þess að gegna hlutverki sínu, og fyrir því skipulagi, sem gerði Iðntæknistofnuninni kleift að ávaxta þá fjármuni, sem í hana væru lagðir, með öruggum og undraskjótum hætti til gagns fyrir land og lýð. Það var annars konar frv. en það sem hæstv. núv. iðnrh. lagði fram á þessu þingi, og það er hans frv. sem við fjöllum nú um.

Við umfjöllun í Nd. reyndu fulltrúar Alþb. að knýja fram þær breytingar á frv. þessu, sem til hefði þurft til þess að koma því í svipað horf og frv. Magnúsar Kjartanssonar, og þá fyrst og fremst með því að fá kveðið á um fjárveitingar handa hinni fyirhugðu Iðntæknistofnun. Þeim breytingum varð ekki fram komið. Eina till., sem samþ. var í Nd. og var till. fulltrúa Alþb. í iðnn. þeirrar d., varðar nafn stofnunarinnar.

Hér er sem sagt á döfinni enn eitt þeirra fjölmörgu mála sem vakin voru í tíð vinstri stjórnarinnar og þóttu þá mikils vísir, en breyttust í afturkreisting í fóstri núv. íhaldsstjórnar, þetta sérstaka mál í alveg sérstakan afturkreisting í hæstv. kviði núv. iðnrh. Er frv. kom til umfjöllunar í iðnn Ed. var það orðið ljóst, að alls ekki fengjust þar fram þær breytingar á því sem nægja mundu til þess að fyrirhuguð tæknistofnun gæti orðið iðnaðinum lyftistöng.

Fyrir iðnn. d. lá þá það hlutverk að gera á frv. þess háttar breytingar sem drægju úr líkindunum fyrir því, að lögin yrðu iðnaðinum beinlínis til tjóns. Svo sem hv. frsm. iðnn. Ed. og formaður hennar, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, hefur gert grein fyrir, þá komst n. að þeirri niðurstöðu, að sennilega yrði hin fyrirhugaða tæknistofnun með þeim hætti, að varhugavert gæti orðið fyrir Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að tengjast henni. Fulltrúar þeirrar stofnunar svo og sérstakir fulltrúar byggingariðnaðarins, sem kvaddir voru á fund n., gerðu mjög ljósa grein fyrir þeirri skoðun sinni, að varlegast væri fyrir þá, sem fyrirhyggju hefðu um hag sinn, að tengjast ekki þessari fyrirhuguðu tæknistofnun, eins og til hennar væri stofnað nú um sinn. Við blasti að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem náð hefur eðlilegum þroska á 13 ára starfsferli sínum og vinnur nú hið merkasta starf í þágu byggingariðnaðarins og opinberra aðila, hlyti að takast á herðar þungbært ómagaframfæri með því að sameinast hinum stofnununum tveimur samkv. lagafrv. þessu, þar sem ekki yrði lagt á borð með þeim til framfærslu, hvað þá heldur meir. Því er það að iðnn. lagði til, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins yrði leyst út úr frv. um sinn, og till. iðnn. Ed. þar að lútandi hafa núverið samþykktar. Að þeirri breytingu fenginni taldi ég að af frv. væri sniðinn versti meinbugurinn.

Í þeirri mynd, sem frv. er nú, tel ég það ekki líklegt að verða til tjóns þótt að lögum verði. Hinar stofnanirnar tvær, sem frv. tekur nú til, eru þannig á vegi staddar, að ekki er sennilegt að hagur þeirra versni við lagasetninguna. Jafnvel má til sanns vegar færa að samþykkt frv. nú geti talist æskilegur áfangi í sókninni til eflingar íslensks iðnaðar að því leyti, að fyrirhafnarminna verði, ef til þess kemur í pólitíkinni, að samþykkja við lögin viðauka og breytingar, það sem með þarf til þess að gera Tæknistofnun Íslands að því fyrirtæki, sem upprunalega

var ætlunin að hún yrði og þá lyftistöng fyrir íslenskan iðnað. Að slíkum breytingum fengnum, sem verða munu og hljóta að verða við myndun nýrrar vinstri stjórnar, er ekki ósennilegt að forsvarsmenn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins telji stofnun sinni hag í því að gerast aðilar að tæknistofnuninni.

Því mun ég greiða frv. atkv. mitt, að ég tel það nú ekki aðeins skaðlaust eftir breytinguna sem á því hefur verið gerð hér í hv. Ed., heldur enn fremur vegna þess, að ég tel að í því kunni að blunda lífsvon með betri tíð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 869). — 3. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Vegna þeirra aths., sem komu fram við 2. umr. málsins í hv. d., vil ég láta þess getið, að ég hef leitað til orðabóka um skýringar á orðinu fornafn og skoðað tvær bækur. Önnur er orðabók Sigfúsar Blöndals, þar er orðið eingöngu skýrt sem fornafn, en í Orðabók Menningarsjóðs, sem út kom fyrir allmörgum árum, er sú skýring, að orðið fornafn þýði í fyrsta lagi skírnarnafn, í öðru lagi fallorð notað í stað nafnorðs. Það er ágætt samkomulag milli mín og hv. 5 þm. Norðurl., að það verði ekki horfið að því ráði að hefja langar umr. í allshn. um orðalagsbreytingu, hugsanlega eða ekki hugsanlega, og vildi ég láta þessa getið hér.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 942)

Umferðarlög, frv. (þskj. 920). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 393, n. 904). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur haft frv. þetta til meðferðar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að niður falli ákvæði um það, að svokallaðir ökuritar skuli vera í langferðabifreiðum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að bifreiðar, sem notaðar eru til fólksflutninga, verði nokkru lengri en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, eða 13 metrar miðað við tveggja öxla bifreið. Rétt er að taka það fram, að það er skoðun n., að þær bifreiðar, sem eru fyrir í landinu þegar þessi lög taka gildi og kunna að vera lengri, fái áfram að vera notaðar á vegum þrátt fyrir þessar hömlur.

Ég held að það sé ekki ástæða til að orðlengja um þetta. Frv. er í upphafi flutt að beiðni Félags sérleyfishafa og helsti rökstuðningurinn fyrir þessari auknu lengd er í fyrsta lagi sá, að þessar bifreiðar eru margar heldur lengri en 12 metrar, og í öðru lagi að hér er nokkru rýmra á milli sæta í langferðabifreiðum en víða annars staðar og þess vegna þurfa þær að vera örlítið lengri til þess að geta flutt sama farþegafjölda.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja hér nokkur orð til þess að undirstrika það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, vegna þess að það er ekki beint tekið fram í frv., að þær bifreiðar, sem komnar eru til landsins og hafa verið í notkun áður en lög þessi taka gildi, fá eftir gildistöku laganna umferðarrétt samkv. þessum lögum, þannig að þær bifreiðar, sem ekki eru löglegar miðað við það sem segir í þessu frv., verði taldar fullgildar og löglegar hér eftir sem hingað til, þó svo þær hafi kannske verið á undanþáguleyfum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 803 (sbr. 802 og 600), n. 837 og 871). — Frh. 2. umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég hef ekki í hyggju að lengja mikið umr. um frv. það sem hér er til meðferðar. Í fyrsta lagi er að fá mál, sem koma til afgreiðslu á hinu háa Alþ., hafa fengið jafngagngera skoðun og almennar umr. og það frv. sem við erum að fjalla hér um nú í þessari hv. d. Að baki þessa frv. liggur óhemjuvinna hinna færustu aðila, þannig að mér er til efs að nokkurt mál hafi hlotið betri undirbúningsvinnu og athugun heldur en þetta frv. um tekjuskatt og eignarskatt sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Þetta sjónarmið staðfestist kannske best með því að benda á þá staðreynd, að frv. var afgreitt frá hv. Nd. án mótatkv. Mun slíkt afar sjaldgæft, ef ekki einsdæmi í sambandi við ný skattalög.

Í öðru lagi er sjálfsagt að taka tillit til þess, að nú dregur senn að þinglokum og annir því mjög miklar í þessari hv. d., og skal ég því reyna að vera stuttorður.

Þó að ég sé eindreginn stuðningsmaður þessa frv., þá eru nokkur atriði í því sem ég er ekki alls kostar ánægður með, og skal ég ekki fara að tíunda þau öll hér, en snúa mér að tveimur þeirra ákvæða þessa frv. sem ég er algerlega andvígur og að mínu mati verður að breyta áður en væntanleg lög taka gildi að fullu, en samkv. ákvæðum frv. tekur það ekki gildi fyrr en 1. jan. 1979, svo að ef vilji er fyrir hendi ætti að vera hægt að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum innan þess tíma.

Vil ég þá snúa mér að því að benda á þau tvö atriði frv. sem eru mér mestur þyrnir í augum.

Í II. kafla frv. um skattskyldar tekjur eru almenn ákvæði og þar stendur í 7. gr. frv., með leyfi forseta: „til tekna skal telja og skiptir eigi máli hver innir greiðslu þeirra af hendi", og í staflið C.3 stendur.: „Vexti, verðbætur, afföll og gengishagnað, sbr. 8. gr." Og í 8. gr. um skattskylda vexti, afföll og gengishagnað stendur svo með leyfi hæstv. forseta:

„Til tekna sem vextir, afföll og gengishagnaður samkv. 3. tölul. C—liðs 7. gr. teljast: 1. Vextir af innstæðum í

innlendum bönkum, sparistjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga“ o. s. frv., og samkv. 5. lið sömu mgr.: „Gengishagnaður af hvers konar eignum í erlendum verðmæli á því ári sem gengisbreyting á sér stað og miðast við kaupgengi hlutaðeigandi erlends gjaldeyris í árslok.“

Það er margyfirlýst af stjórnvöldum, hagfræðingum og öðrum sem best þekkja til, að sparifé almennings sé ódýrasta rekstrarfé þjóðarinnar. Æ ofan í æ hefur það verið yfirlýst stefna fyrrgreindra aðila, að það sé eitt af grundvallaratriðum fyrir nauðsynlegum hagvexti í efnahagskerfi þjóðarinnar, að almennur sparnaður aukist sem mest. Yfir því hefur verið kvartað, að þessi þáttur í efnahagskerfi þjóðarinnar hafi farið mjög úrskeiðis á undanförnum árum, þ.e. að sparifjármyndunin eða vöxtur hennar hafi ekki verið með eðlilegum hætti. Skoðun mín á því, hver sé orsök þess, að sparifjármyndun almennt hafi verið minni undanfarin ár heldur en æskilegt hefur verið talið, er að sjálfsögðu að veigamiklum þætti hin sívaxandi verðbólga. En ég vil þá um leið leggja á það ríka áherslu, að röng skattapólitík og síaukin ásælni skattyfirvalda um upplýsingastreymi frá innlánsstofnunum á verulegan þátt í þeirri öfugþróun sem orðið hefur á vilja almennings til þess að geyma fjármuni í innlánsstofnunum.

Nú er mér það fyllilega ljóst, að þessum aths. mínum verður svarað á þann veg, að sparifé sé skattfrjálst, a. m. k. í vissum mæli. Rétt er það. En ég fullyrði að núgildandi ákvæði um skattfrelsi sparifjár og framkvæmd þar að lútandi eru orðin svo þokukennd og ruglingsleg, að allur almenningur stendur ráðvilltur og jafnvel ráðþrota um það, hvað sé rétt og sé ekki rétt í þeim efnum. Nægir því máli til sönnunar að benda á þann mismun sem komið hefur fram í auglýsingum æðstu peningastofnunar landsins, Seðlabankans, um framtals- og skattfríðindi svokallaðra spariskírteina ríkissjóðs, en þær hafa sannarlega ekki verið samhljóða í sambandi við hin einstöku útboð umræddra spariskírteina.

Sannleikurinn er sá, að Íslendingum er það í blóð borið að vilja eiga sparifé. Menn vilja eiga laust fé til ráðstöfunar. En það er einnig mjög ríkt í eðlisfari þjóðarinnar, að um slík mál vill hún að sé fullur trúnaður milli fjáreigandans og þess sem falið er að geyma féð á hverjum tíma. Eins og nú er komið málum hjá okkur verður maður í sívaxandi mæli var við áberandi tortryggni hjá almenningi í sambandi við þessi mál. Því finnst mér að ákvæði 94. gr. þessa frv., sem kveða á um upplýsingaskyldu og eftirlitsheimildir, þurfi að taka til rækilegrar endurskoðunar og gera á henni víða miklar efnisbreytingar. Í jafnfámennu þjóðfélagi og við búum í eru slík ákvæði sem tilfærð eru í umræddri frvgr. að mínum dómi mjög hæpin, að meira sé ekki sagt. Það liggur alveg hreint fyrir, að lagaákvæði um þagnarskyldu opinberra aðila eru naumast lengur marktæk í okkar þjóðfélagi. Það má einnig benda á það, að með hliðsjón af þeirri gífurlegu tölvutækni, sem er til umráða, þarf að fara með mikilli gát að því að veita jafnvíðtækar heimildir og tilgreindar eru í umræddri frvgr. Hér má svo bæta við að allt orðalag fyrrgreindrar frvgr. er að mínu mati mikill ljóður á jafngóðu plaggi og frv. er í heild sinni.

Þá langar mig til að fara nokkrum orðum um ákvæði frv. um tekjusköttun gengishagnaðar

Eins og öllum er kunnugt var á s. l. ári stofnað til þeirrar nýbreytni, að heimilt var að opna reikning í erlendum gjaldeyri í tilteknum bönkum landsins. Árangur af þessari nýbreytni hefur ekki látið á sér standa, og hann hefur verið mjög jákvæður. Á þeim stutta tíma, sem liðinn er frá því að þessi nýja tilhögun tók gildi, hafa safnast í hlutaðeigandi stofnunum gjaldeyrisreikningar sem munu nema um 600 millj. kr. Umræddir reikningar bera aðeins 3—5% vexti, svo að engum blandast hugur um það, að hér er um mjög ódýrt rekstrarfé að ræða fyrir þjóðfélagið í heild. Samkv. ákvæðum frv., sem hér liggur fyrir og er gert hér að umtalsefni, á nú að fara að skattleggja sem tekjur hugsanlegan gengishagnað sem kann að falla til í sambandi við slíkar gjaldeyriseignir. Ég held að engum blandist hugur um það, að slík ráðstöfun verði til þess eins, að umræddir reikningar hverfi algerlega úr sögunni. Opnun gjaldeyrisreikninganna var að mínu mati mjög virðingarverð tilraun sem hefði getað leitt til þess að gera leið fjármagns að og frá landinu auðveldari en verið hefur, og ég fullyrði að á fáu er okkur Íslendingum meiri nauðsyn heldur en að koma slíkum ráðstöfunum á sem allra fyrst, því að með þeirri tilhögun mundum við opna leið til þess að fá inn í landið ódýrt rekstrarfé og með þeim hætti skapa möguleika til þess að treysta fjárhagskerfi þjóðarinnar almennt, t.d. með almennri vaxtalækkun, og á þann veg stuðla verulega að lækkun á þeirri óðaverðbólgu sem við sífellt erum að berjast við, því miður með misjöfnum árangri.

Sú vitneskja hefur lengi legið fyrir, að sparandinn, sparifjáreigendurnir, eru þeir einu aðilar að fjármagni á Íslandi sem alltaf hafa tekið á sig áhættuna af verðbólgunni án þess að fá neinar tryggingar eða bætur. Sparifjáreigendur eru í áratugi búnir að taka á sig milljarðatöp algerlega bótalaust. Nú vil ég spyrja: Er ekki kominn tími til þess að þjóðfélagið sjái sér fært að taka þessi mál þeim tökum að veita þessu fólki einhverja umbun fyrir allt það órétti sem sparifjáreigendur hafa orðið að þola bótalaust á liðnum áratugum? Svar mitt er hiklaust játandi. Það er fyrir löngu kominn tími til þess að veita sparifjáreigendum verðskuldaða viðurkenningu. Hið fjárhagslega tjón, sem þessir aðilar hafa orðið að þola, verður því miður ekki bætt. En alþm., nú þegar við erum að setja þjóðinni ný, endurbætt skattalög, höfum við dýrmætt tækifæri til þess að veita sparifjáreigendum verðskuldaða viðurkenningu. Við getum gert það á þann veg að undanþiggja allt sparifé, hverju nafni sem nefnist svo og vöxtum af því, framtalsskyldu og allri skattheimtu. Og við skulum gera meira. Við skulum með nýjum skattalögum algerlega skera á upplýsingaskyldur innlánsstofnana til skattyfirvalda nema í algerum undantekningartilfellum, eins og t. d. opinberum sakamálum og þess háttar misferli. Á þann eina hátt sýnum við sem löggjafar þjóðarinnar vilja okkar í verki til þess að bæta, þó ekki sé nema að litlu leyti, fyrir það mikla tjón sem ráðdeildarsemin hefur orðið að þola á liðnum ártugum. Vilji almennings til sparifjársöfnunar er fjöregg efnahagskerfis þjóðarinnar sem Alþ. á að hlúa að og vernda.

Ég er þess mér fyllilega meðvitandi, hafandi sagt framangreind orð, að ég er borinn þeim sökum, að með þeirri framkvæmd skattalaga, sem ég hef hér verið að mæla fyrir, sé ég að hlífa svokölluðum skuldakóngum. Rétt er það, að óhjákvæmilega munu einhverjir verða þeir sem kæmu til með að hagnast óeðlilega á slíkum reglum umfram aðra. En slíkt mundi að mínu mati vera í flokki algerra undantekninga. Ég þykist geta talað um

þessi mál af þó nokkuð mikilli reynslu sem starfsmaður í peningastofnun í hálfa öld. Ég fullyrði að það er alger undantekning, að svokallaðir skuldakóngar eigi peninga á vöxtum í innlánsstofnunum. Slíkir aðilar eru með fjármálaumsvif sín á allt öðrum vettvangi. Hins vegar er ég ekki í neinum minnsta vafa um það, að ef farið yrði að þeirri till. að undanþiggja sparifé framtalsskyldu og skattgreiðslu og loka algerlega fyrir upplýsingastreymi úr innlánsstofnunum, þá mundi almennur sparnaður stóraukast. Þannig mundi aukið fjármagnsstreymi til peningastofnana í hraðvaxandi mæli auka getu þeirra til þess að sinna þeim verkefnum að leysa nauðsynlega rekstrarfjárþörf atvinnuveganna. Líklega mundi fljótlega vera hægt að lækka vexti verulega frá því sem nú er. Og eftir er það sem kannske er langþýðingarmest: Með þeim ráðstöfunum, sem ég hef hér verið að mæla með, mundi með þjóðinni aftur vaxa tiltrúin á gjaldmiðil þjóðarinnar, og það eitt út af fyrir sig réttlætir að þessi mál öll verði tekin til alvarlegrar jákvæðrar athugunar.

Herra forseti. Ég mun ekki nú flytja brtt. við það frv. sem ég hef hér verið að ræða. Framangreindar hugleiðingar eru settar fram til þess að benda á þau atriði sem ég tel að þurfi að taka til athugunar mjög fljótlega. Að öðru leyti er svo margt í frv. þessu sem er til mikilla bóta, að ég mun telja mér skylt að veita því fylgi hér í þessari hv. deild.

Dagur kemur eftir þennan dag, þing kemur eftir þetta þing, og þá gefst væntanlega tækifæri til þess að fjalla nánar um það mál sem ég hér hef gert að umtalsefni

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Við umr. hér á miðvikudag kom ýmislegt fram sem ég sé ástæðu til að fara nokkrum orðum um.

Í fyrsta lagi lýsti hv. þm. Ragnar Arnalds yfir undrun á því, að ég skyldi hafa leyft mér að slá lauslega á hugsanleg áhrif af brtt., sem hann hafði flutt, og koma með þær upplýsingar hér fram, en ekki í fjh.- og viðskn. Sannleikurinn er sá, að ég veit ekki betur en ég hafi reynt sem formaður n. að afla allra þeirra upplýsinga sem um hefur verið beðið. M. a. bað hv. þm. mig um að hlutast til um það, að reiknaður yrði skattur sem fólk 67 ára og eldra greiddi hér í landinu, og reyndi ég að verða við þeim óskum. Hann hafði hins vegar ekki óskað eftir því, að ég aflaði upplýsinga varðandi þessar brtt. hans, enda hafa þær sjálfsagt verið að mótast stuttu áður en umr. hófst, og það er náttúrlega erfitt út af fyrir sig fyrir flm. till. að gera sér fulla grein fyrir þeim hlutum á svo stuttum tíma sem hann hafði þar til umráða. Hins vegar er það svo, að ég vil gjarnan vita nokkurn véginn hvaða áhrif brtt., sem ég hef hugsað mér að greiða atkv. gegn, hafa, þótt vera megi að hv. þm. hafi getað hugsað sér að samþykkja þær án þess að vita um það. Sannleikurinn er sá, að m. a. hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason flutti ýmsar brtt. í Nd. og var með ýmsar hugmyndir í þeim efnum og fékk áhrif þeirra reiknuð út. Hitt er svo annað mál, að nú liggja þessir útreikningar fyrir frá öðrum aðilum en frá mínum munni, og veit ég að hv. þm. hefur fengið þá í hendur. Þar kemur hins vegar fram, að það munar lítillega á þessum útreikningum og því sem ég gat hér um, og sýnist mér það vera um það bil 500 millj. eða að áhrif þessara brtt., sem ég gat hér um, séu 13.5 milljarðar á einstaklingum. Ég mun hafa talað um u. þ. b. 14 milljarða eða 14.2 milljarða, en síðan hækkun á félögum u. þ. b. 500 millj., þannig að heildaráhrifin séu um 13 milljarðar.

Hann gat þess við umr., að ég hefði gert mér far um að pilla út einn og einn lið, en ekki tekið önnur atriði sem ekki hefði verið síður þörf á að reikna, og þá átti hann sérstaklega við 9. brtt. um niðurfellingu á verðstuðulsfyrningu, flýtifyrningu og viðbótarfyrningu vegna skattskylds hluta söluhagnaðar. Ég geri mér fullkomlega ljóst að þessi breyting hefur sjálfsagt veruleg áhrif. Hins vegar er þessi brtt. nokkurs annars eðlis, því að hún gerir ráð fyrir að þessar fyrningar falli brott á einu ári. Það kemur ekki til með að gilda um nokkra framtíð, og þess vegna mun brtt. nr. 9 ekki hafa áhrif á þetta dæmi í heild sinni í framtíðinni. Hins vegar mun brtt. 9 hafa áhrif við álagningu á næsta ári, en þá verður væntanlega lagt á að mínum dómi eftir gildandi lögum og sú breyting mun því hafa áhrif á skattlagningu þess árs. Um hvað miklar upphæðir er þar að tefla höfum við ekki getað fengið upplýsingar.

Ég er því sammála, að verðstuðulsfyrningin er mjög gölluð fyrning, og hef oft lýst því yfir. Hins vegar gildir ekki sama varðandi flýtifyrninguna. Það eru viss rök fyrir flýtifyrningunni, þau rök einkum, að ekki er í gildi endurmat á eignum, og þess vegna þótti mönnum rétt að heimila hraðari fyrningu, m. a. með tilliti til þess, og þar að auki verðstuðulsfyrninguna. Ég get út af fyrir sig fallist á þau rök, sem liggja að baki flýtifyrningunni, og vil ekki fjölyrða fremur um það. Það er hins vegar rétt, að brtt. nr. 3, viðbótarfyrning á skattskyldum hluta söluhagnaðar, mun hafa nokkur áhrif, og hef ég ekki tölur á takteinum í þeim efnum. Hins vegar mun sú breyting ekki hafa áhrif til langs tíma, vegna þess að þessi fyrning kemur til frádráttar stofnverði eigna þegar söluhagnaður myndast og dregur úr seinni tíma fyrningum og sú fyrning veðrur reiknuð út með vísitölu. Hins vegar trúi ég því vart, að þegar til kastanna kæmi mundi hv. þm. standa að því að fella niður þessa fyrningu, og ég endurtek það, að hann er með því að leggja til að þróun í vissum atvinnugreinum stöðvist hreinlega, — eða hvernig hefur hann hugsað sér það, ef maður, sem á 60 tonna bát, ætlar að kaupa sér 100 tonna bát, — hvernig hefur hann hugsað sér, ef þetta ákvæði á að falla niður, að honum verði það almennt kleift, — eða þá aðili, sem vill flytja atvinnurekstur sinn t. d. frá Reykjavík austur á Selfoss eða norður í land, hvernig honum mundi verða kleift að gera það ef til skattlagningar á þessum söluhagnaði ætti að koma þá þegar, án tillits til þess, hvort hann ætlar að fjárfesta í nýjum hlutum? Þess vegna finnst mér þessi brtt. varla vera þess verð að ræða hana frekar.

Hv. þm. Albert Guðmundsson og hv þm. Jón G. Sólnes hafa gert að nokkru umtalsefni meðferð á sparifé og framtalsskyldu á sparifé. Ég tók eftir því, að hv. þm. Albert Guðmundsson sagði að hann og hv. þm. Ragnar Arnalds væru sammála um það, að frv. væri mjög gallað og slæmt frv., en hins vegar væru þeir ekki sammála um gallana. Ég hef nokkra tilhneigingu til þess að halda því fram, að þetta geti verið merki þess, að um nokkuð gott frv. sé að ræða, þar sem það fari e. t. v. meðalveg á milli þess, sem þeir telji vera mikla galla. En það er hins vegar rétt í sambandi við sparifé, og ætla ég nú að gera það að nokkru umtalsefni, að sparifé hefur ekki verið framtalsskylt undir vissum kringumstæðum hingað til og vextir af sparifé hafa undir vissum kringumstæðum ekki verið framtalsskyldir og ekki skattskyldir.

Í 7. gr. núgildandi laga kemur fram, að arður af hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum innlendum og er-

lendum verðbréfum svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum og útistandandi skuldir og öðrum arðberandi kröfum eru að stofni til skattskyldir. Hins vegar eru undanþegnir skattskyldu vextir af skattfrjálsum sparisjóðsinnlánum samkv. 21. gr. En þeir, sem eru undanþegnir framtalsskyldu og eignarskatti af innstæðum í bönkum og sparisjóðum, eru aðilar sem ekkert skulda, sem sagt, innstæður skattgreiðenda, sem ekkert skulda, og í öðru lagi innstæður manns, sem ekki skuldar meira fé en jafngildir hámarki lána Húsnæðismálastofnunar ríkisins til einstaklings um hver áramót, enda séu skuldir þessar fasteignaveðlán tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til að afla fasteigna eða endurbæta þær.

Það, sem breytist í þessu frv., er ekki skattskylda á vöxtum af sparifé. Sú skattskylda verður nokkurn veginn sú sama og áður hefur verið, þ. e. a. s. ef aðili skuldar ekkert, þá er ekki um skattskyldu að ræða. Hins vegar verður um framtalsskyldu að ræða, sem ekki var áður. Skuldi maður hins vegar umfram það sem hér greinir, þ. e. a. s. veðskuldabréf sem eru hærri en húsnæðismálastjórnarlán eða önnur fasteignaveðlán, tekin til 5 ára í stað 10 ára áður, þá getur orðið um skattskyldu af vöxtum að ræða. Og einnig verður sú breyting, að skattskyldir vextir geta aldrei numið meiru en upphæð vaxtanna sem frá eru dregnir, en það hefur ekki verið skýrt í gildandi lögum, þannig að sú breyting, sem hér verður, er ekki sú að auka skattskyldu á vöxtum frá því sem í gildi er, heldur er breytingin í þá átt að auka framtalsskyldu á sparifé.

Varðandi gengishagnað er sama regla í þessu frv., þ. e. a. s. að sé ekki um skuldavexti að ræða umfram það sem nemur vöxtum af húsnæðismálastjórnarlánum, þá verður gengishagnaður ekki skattskyldur. Hins vegar er það ekki skýrt í núgildandi lögum, hvort gengishagnaður fellur undir skilgreiningu laganna á skattfrelsi á vöxtum af sparifé. Sem sagt, þá er gengishagnaður lagður að jöfnu við vísitölubætur, vexti af vaxtaaukalánum og aðra slíka hluti, enda er eðlilegt að mínum dómi að leggja þetta að jöfnu, þótt ég viðurkenni að það geti skapað vissa erfiðleika.

Hv. þm. Jón Sólnes gat um það, að með því að loka sem mest fyrir upplýsingastreymi væri hægt að auka verulega sparnaðinn í landinu. Það má vel vera að svo sé. Mér er ljóst að það er ekki nægilega vel farið með upplýsingar um mál sem eiga að fara leynt. Hins vegar er það svo í mínum huga, að ef menn geta ekki talið fram þann sparnað, sem þeir hafa myndað, og greint frá honum á skattskýrslu, þá má spyrja sjálfan sig, hvort það sé þá þess virði að halda uppi þjóðfélagi á þann hátt, að ekki sé hægt að greina frá slíku. Ég er þeirrar skoðunar, að framtalsskylda á sparifé sé nauðsynlegur þáttur í starfi þeirra aðila sem hafa með höndum eftirlit með framkvæmd skattamála og það sé mikið fyrir það gefandi að auðvelda starf þeirra sem mest, þannig að þeir geti haft sem best yfirlit yfir það, á hvern hátt fjármagn myndast. Hins vegar leggur það þær skyldur á þá aðila að fara sem best með þær upplýsingar og þær verði ekki birtar almenningi. Ég taldi nauðsynlegt að geta um þetta atriði, þannig að það væri skýrt í hugum manna að frv. gerir ekki ráð fyrir því að auka skattlagningu á vöxtum af sparifé. Í þeim efnum er frv. eins og gildandi lög.

Í framsöguræðu féll niður að fjalla um ákvæði 7. gr., en ég hafði getið þess í ræðu minni, að ég mundi gera það síðar, en síðan féll niður að ég gerði það, enda er það svo, að á þessum síðustu dögum er erfitt að koma þessum hlutum skilmerkilega til skila í þeirri tímapressu sem nú er hér ríkjandi. En í 7. gr. segir svo: „Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal hann telja sér til tekna“ og ég endurtek: „skal hann telja sér til tekna“ — það er sem sagt ætlast til þess að viðkomandi aðili geri það sjálfur, en ekki sé um áætlun skattstjóra að ræða — „eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hann hefði innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.“

Um þetta ákvæði er fjallað frekar í 59. gr. frv., en þar segir:

„Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur við slíkar ákvarðanir,“ þ. e. a. s. skattstjórar skulu hafa viðmiðunarreglur til að miða við við endurskoðun framtala. „Skattstjóri ákvarðar síðan tekjur þessar með hliðsjón af viðmiðunarreglunum og skal þá gætt aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta.“

Í nál., sem meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. skilaði, kemur skýrt fram, að eftir þessu skuli farið, og ekki er talin hætta á að hér verði um misnotkun að ræða. Það, sem þetta ákvæði hefur fyrst og fremst sér til gildis, er það, að ekki verður heimilt að draga frá tekjum tap af atvinnustarfsemi. T. d. ef um er að ræða skipstjóra eða stýrimenn eða slíka aðila sem eiga bát og telja fram á sínu nafni, þá ber þeim að reikna sér sinn hlut samkv. reglum um hlutaskipti og verður ekki heimilt að draga frá tap af atvinnustarfsseminni.

Varðandi bændur, sem allmikið hefur verið rætt um, segir:

„Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem því ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis og annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra.“

Það er út af fyrir sig fróðlegt að íhuga hvernig þetta muni verka. Þær viðmiðunarreglur, sem nú gilda um þá sem stunda landbúnað, eru þær, að það er reiknað með því að tekjur bóndans og konu hans í verðlagsgrundvelli séu 2.373.900 kr. ef miðað er við árið 1977. Til þess að fella þessar tekjur inn í frv. þyrfti að hækka þær um 35%, en það er sú almenna viðmiðun sem frv. gerir ráð fyrir, og þá yrðu þessar tekjur 3.2 millj. Þetta eru sem sagt þær hæstu tekjur sem bónda yrðu væntanlega reiknaðar eða hann reiknaði sér sjálfur samkv. þessu frv. Hins vegar skal taka tillit til aðstæðna hverju sinni,svo sem þess að hann nái ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis og annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra. Og ríkisskattstjóra ber að sjálfsögðu að fara eftir þessum reglum og því sem stendur í 59. gr., þannig að í mörgum tilfellum yrði um mun lægri tekjur að ræða. En þetta eru sem sagt þær hæstu tekjur sem unnt væri að reikna samkv. þessu frv. Síðan þarf bóndinn að skipta þessum tekjum á milli sín og konu sinnar og miða þá við það hvernig vinnan skiptist milli þeirra. Ef reiknað er með að þessi vinna skiptist á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvellinum, þá kæmu í hlut bóndans um það bil 2,5 millj. kr. og í hlut konunnar um það bil 700 þús.kr. Ef um þessa skiptingu yrði að ræða yrði skattur þeirra um það bil 60 þús kr. á

ári, væri um barnlaus hjón að ræða, en lækkaði hins vegar sem barnabótum nemur sé um fjölskyldu að ræða. Ef hins vegar tekjur þessar skiptust að jöfnu yrði skatturinn einhvers staðar á milli 10 og 20 þús. kr., þannig að ég tel, að það sé ekki hægt að halda því fram með réttu að hér sé um íþyngingu að ræða. Ég leyfi mér að fullyrða að hér er um skattalækkun að ræða á þessu eins og á öðru lágtekjufólki, en bændur eru eins og allir vita, því miður, oft í hópi þeirra sem lægst launin hafa í þjóðfélaginu. Það er alls ekki hugmynd þessarar frvgr. og hugmyndin, sem að baki henni býr, að auka skattlagningu á þessu fólki, láglaunafólki sem einhvers konar atvinnurekstur stundar, heldur er hér fyrst og fremst um það að ræða að koma í veg fyrir að menn geti dregið tap í atvinnurekstri óendanlega frá launatekjum sem allir hljóta að þurfa að fá.

Ég vildi einnig víkja að því, sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði, að ég hefði talið að það þyrfti að gera ýmsar endurbætur á þessu frv. sem ég væri að leggja til að væri samþykkt.Ég held að það hafi ekki verið orð mín. Ég sagði að það þyrftu að fara fram margvíslegar athuganir til þess að gera sér betur grein fyrir ákvæðum sem eru á nokkrum stöðum í frv.

Það er alveg rétt sem hv. hv. þm. Jón Sólnes sagði áðan, að það er búið að leggja gífurlega vinnu í þetta frv., og ég er fullviss um það, að sú vinna, sem í þetta frv. hefur verið lögð og keypt, t. d. tölvuvinnsla, hlýtur að kosta mjög mikla fjármuni, og ekki vil ég deila á það. En ég vil aðeins undirstrika þetta sem hann sagði, vegna þess að það hefur verið lögð gífurleg vinna í þetta frv. og ýmsir embættismenn hafa lagt — ja, maður má næstum því segja: kannske að sumu leyti óeðlilega mikið á sig við vinnu í sambandi við þetta frv. Það hafa unnið við það mjög færir og duglegir menn sem hafa lagt sig mjög fram um að gera það sem best úr garði. Hins vegar er það svo á hverjum tíma, að það þarf að fara fram stöðug athugun á skattamálum og skattlagningu, og þess vegna hélt ég að mönnum þætti það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að það þyrftu að fara fram frekari athuganir á ýmsum ákvæðum þessa frv. áður en frv. tekur gildi.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en ég vænti þess, að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi fengið þær upplýsingar sem hann þarf á að halda í sambandi við endurmat á sínum brtt. Hann getur þá annaðhvort dregið þær til baka eða lagt til að þær verði samþykktar með þeim áhrifum sem honum eru nú kunn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 97. fundur.

Föstudaginn 5. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 900 (sbr. 39)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Núgildandi iðnaðarlöggjöf er að meginstofni til frá árinu 1927. Oft hefur komið til orða að endurskoða þá löggjöf, og á Alþ. 1975 flutti hv. þm. Gunnar J. Friðriksson till. þar sem lagt var til að fela ríkisstj. að láta endurskoða lög um iðju og iðnað frá 1971, sem eru, eins og ég gat um, að stofni til frá 1927, og leggja frv. til nýrra iðnaðarlaga fyrir Alþ. Þessi till. var samþ. og var í framhaldi af því skipuð n. til þess að endurskoða lög um iðju og iðnað. Formaður þeirrar n. var Þorvarður Alfonsson, en auk hans voru í n. Björgvin Frederiksen framkvstj., Páll S. Pálsson hrl., Sigurður Kristinsson, Axel Gíslason, Guðmundur Þ. Jónsson, Sigurður Guðgeirsson, og voru flestir þeirra samkv. tilnefningu ákveðinna samtaka, eins og gert hafði verið ráð fyrir í ályktun Alþingis. Þessi n. vann vel sín störf og skilaði samróma áliti, og er það það frv.sem hér liggur fyrir.

Frv. var lagt fyrir hv. Ed. á s.l. hausti og hefur nú verið afgreitt þaðan. Það er eindregin ósk að frv. nái lögfestingu á þessu þingi. Hv. iðnn. þessarar d. hefur þegar fjallað um málið, þó að málinu hafi verið formlega vísað til hennar, og vil ég leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og að það fái afgreiðslu nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Sala eyðijarðarinnar Kollsvíkur í Rauðasandshreppi, frv. (þskj. 452). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Embættisgengi kennara og skólastjóra, frv. (þskj. 889 (sbr. 397)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

Söluskattur, frv. (þskj. 895). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 939).

Ríkisreikningurinn 1976, frv. (þskj. 622). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 940).

Orlof húsmæðra, frv. (þskj. 817). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 941).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 847). — 1. umr.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta frv., sem heilbr.- og trn. Nd. hefur flutt að beiðni hæstv. heilbr.- og trmh., er samandregið efni úr tveimur stjfrv. um almannatryggingar sem legið hafa fyrir Alþ. nú í vetur. Hið fyrra var lagt fram skömmu fyrir jól og fjallaði um slysatryggingar, og hið síðara var lagt fram nú seint á þinginu og fjallaði um sjúkratryggingar. Í ljós kom, þegar afgreiða átti þessi mál samtímis úr n., að verulegur ágreiningur var um sum atriði þessara frv. og varð að ráði að steypa saman þeim atriðum úr þessum frv., sem ágreiningslaus voru, og flytja þau í einu frv.

Aðalefnisbreytingarnar, sem þetta frv. felur í sér, eru breyttur fjárhagsgrundvöllur slysatrygginga frá því sem nú er, þannig að horfið er frá sjóðmyndun og skiptingu í áhættuflokka og í stað vikugjalda kemur iðgjald sem reiknað er sem hundraðshluti af greiddum launum.

Að því er sjúkratryggingar varðar eru í frv. ákvæði um greiðslu ferðakostnaðar vegna ítrekaðrar læknismeðferðar.

Breytt er ákvæðum um greiðslu tannlækniskostnaðar.

Ákvæði stjfrv., sem lagt var fram nú nýlega og fjallaði um sjúkratryggingar, hafði að geyma allverulegar breytingar á framkvæmd greiðslu sjúkradagpeninga og þau atriði eru tekin upp í þetta frv., þó þannig, að miðað er við þær upphæðir og aldursmörk sem eru í núgildandi lögum. Ástæðan fyrir því er sú, að breytingar á aldursmarki þeirra, sem áttu að njóta sjúkradagpeninga samkv. því frv., og breyting á upphæð dagpeninga byggðist á því, að samþykkt hefðu orðið frv. bæði eins og þau lágu fyrir og þá fyrst og fremst frv. um breytingu á fyrirkomulagi slysatrygginga eða nánar tiltekið frv. um samruna slysa- og lífeyristrygginga.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ástæða er til þess að rekja þetta frv. efnislega. Það var gert mjög ítarlega í ræðum hæstv. ráðh. þegar umrædd tvö frumvörp lágu fyrir. Ég held því að ekki sé ástæða til þess að tíunda þau efnisatriði, nema þá sérstakt tilefni gefist til í umr. um málið.

Ég vil taka fram að um efni þessa frv. er alger samstaða milli stjórnar og stjórnarandstöðu í heilbr.- og trn. Þó flytur hv. 3. þm. Reykv. nokkrar brtt., en svo langt sem þetta frv. nær er samstaða um það.

Ég vil aðeins geta þess, að það er lítils háttar villa í 10. gr. frv. sem nauðsynlegt verður að leiðrétta við 2. umr. málsins. Þótt villan sé ekki stór er hún þó svo alvarleg að efni til að hún verður að leiðréttast. Villan kom inn vegna þess að greinin var að mestu tekin óbreytt upp úr því stjfrv. sem legið hefur fyrir, en vegna þess að ekki fylgdu ýmis nauðsynleg efnisatriði önnur, sem í því frv. voru, verður að laga þessa grein við 2. umr. Ég bendi á þetta nú strax. Í niðurlagi 4. mgr. 10. gr. stendur: „Ekki skal þó telja með barn, er sjálft nýtur dagpeninga.“ Þessi setning byggðist á aldursmarkinu sem var gert ráð fyrir í upphaflega frv., — aldursmarkinu að því er varðaði sjúkradagpeningagreiðslu, en þar var miðað við 15 ára aldur. Hér er miðað við 17 ára aldur eins og er í núgildandi lögum. Á þetta vildi ég aðeins benda

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr., en vegna þess að það þarf að gera litla breytingu á frv., þá vil ég leyfa mér að óska þess, að n. fái tækifæri til að líta á það enn á ný, og ég get ekki ímyndað mér að það taki langan tíma. En að öðru leyti þarf það ekki meðferðar n. þar eð það er flutt af nefnd.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða við 1. umr. þessa máls að gagnrýna þau vinnubrögð sem átt hafa sér stað í sambandi við þetta frv. eða kannske öllu heldur í sambandi við fyrri frv. sem hafa verið lögð fram um þetta mál. Snemma í vetur var lagt fram frv. þar sem gert var ráð fyrir að steypa saman slysatryggingum og sjúkratryggingum. Síðan var það látið liggja í allan vetur, vegna þess að verið var að bíða eftir seinni hluta þess frv., það var gert ráð fyrir að fjalla saman um þessi tvö frv. Það kom síðan ekki fram fyrr en á síðustu vikum þingsins og ætlunin var að drífa þetta allt saman í gegn á nokkrum dögum óbreytt. Að sjálfsögðu brugðust launþegasamtökin hart við þarna, enda var ráðist á vinnandi fólk og átti að skerða slysatryggingu sem fólk nýtur nú. En sem betur fer hefur þetta verið leiðrétt með því nýja frv. sem nú er komið. Ég veit ekki hvort þetta er 3., 4. eða 5. útgáfa, en ég get sem sagt ekki látið hjá líða að gagnrýna þetta.

Ég ætla að gagnrýna annað líka, og það er að í þau tvö ár sem sú n., sem undirbjó þessi frv. sem lögð voru fram í vetur, starfaði, var öllum frv., sem fram komu hér á þinginu, vísað frá eða nánast vísað frá á þeirri forsendu, að það væri verið að endurskoða lög um almannatryggingar. En þó að þessum frv. væri vísað frá að sjálfsögðu í þeirri meiningu að þessi n., sem væri að endurskoða lögin, liti á þessi frv., þá hefur ekkert verið gert með þau. Ég vil benda hv. þm., sem hafa staðið að frv. um almannatryggingar, á þetta, að þau liggja öll enn þá óskoðuð, og það er nú sannarlega tími til kominn, nú þegar n. hefur loksins skilað af sér, að endurflytja þau. Ég mun flytja hérna nokkrar brtt. við 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 98. fundur.

Föstudaginn 5. maí, að loknum 97. fundi.

Tollskrá o.fl., frv. (þskj. 861, 451). — 3. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það til breytinga á tollskrárlögum, sem hér er til 3. umr., hefur nú um nokkra hríð verið til umfjöllunar á Alþ. Frá því að frv. var lagt fram hefur komið í ljós við frekari athugun í fjmrn., að enn frekari leiðréttinga er þörf til viðbótar þeim sem till. hafa verið gerðar um af meiri hl. fjh.- og viðskn. og Nd. hefur þegar samþykkt. Leiðréttingar þessar stafa m. a. af frekari breytingum, sem nýverið hafa verið samþykktar af Tollasamvinnuráðinu á tollanafnaskrá Tollasamvinnuráðsins. Auk þess er að finna lækkun á örfáum tolltöxtum á tækjum í landbúnaði sem láðist að samræma við meðferð frv. til nýrra tollalaga á síðasta þingi.

Þar sem frv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, felur fyrst og fremst í sér breytingar á íslensku tollskránni vegna breytinga á tollanafnaskránni, þá tel ég rétt að þessar síðustu leiðréttingar á tollanafnaskránni verði auk þess samþykktar nú á þessu þingi og teknar upp í frv. Því leyfi ég mér að flytja skriflega brtt. við frv. við 3. umr. málsins. Ég hef lagt till. inn á skrifstofuna og mun henni útbýtt innan tíðar, en ég leyfi mér, herra forseti, að leggja till. fram og óska efitr því að leitað verði afbrigða. Ég tel hins vegar eðlilegt að atkvgr. yrði frestað, ef forseta sýndist svo, þar til henni hefur verið útbýtt, en mér er kunnugt um að till. er nú í ljósritun. Ég hef kynnt tillöguna fulltrúum stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn., auk þess sem fulltrúar meiri hl. þar, sem áður höfðu flutt till., var um þessa till. kunnugt.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en leyfi mér að leggja til að frv. verð samþ. með þessum breytingum og þá vísað til hv. Ed. og vonast til þess að hægt verði að ná fram afgreiðslu þar í dag eða þá á morgun.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 912) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 451 tekin aftur.

Brtt. 912 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 349, n. 894 og 905, 911). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., er komið frá Ed., þar sem það var borið fyrst fram, og hefur verið til meðferðar hjá allshn. þessarar hv.d. Þar varð að vísu ekki full samstaða um þetta mál, því að einn hv. nm., Ingólfur Jónsson, tók ekki afstöðu til málsins og Sighvatur Björgvinsson hefur skilað séráliti. En að meiri hluta álitinu standa 5 nm. og n. leggur til að þetta frv. verði samþykkt.

Það var nú ekki meining mín að eyða löngum tíma til þess að rökstyðja álit meiri hl. allshn. Við teljum, að þetta frv. sé þess eðlis, að það sé rétt að samþykkja það. Við teljum óeðlilegt, að erlendum aðilum sé heimilt að leggja fram fé til íslenskrar stjórnmálastarfsemi. Hvað mig snertir sjálfan og persónulega, þá vil ég taka það fram, að ég skoða þetta frv. ekki svo, að það sé verið að beina þessu gegn einum fremur en öðrum. Hér er um almenna afstöðu að ræða, og mig undrar satt að segja að það skuli geta komið fram andstaða gegn því, að slíkt frv. sé samþ., því að ég held að þegar menn fara að skoða hug sinn og athuga þetta mál ofan í kjölinn, þá sé í fyllsta máta óeðlilegt að erlendir aðilar leggi fram fé til íslenskrar stjórnmálastarfsemi. Ég held að menn hljóti því almennt að átta sig á að þetta á ekki við.

Það hefur að vísu verið upplýst hér nú á síðustu vikum og mánuðum, að þetta hefur átt sér stað. Það hefur komið fram í yfirlýsingum vissra flokksforustumanna, þ. e. a. s. forustumanna Alþfl., að þeir hafa þegið erlendan fjárhagsstuðning. Og vissulega eru þessar yfirlýsingar þeirra forustumanna Alþfl. kveikjan að því, að þetta frv. var flutt. Og ég verð að segja það, að það er full ástæða til þess að taka í taumana þegar það liggur fyrir að slíkt á sér stað. Og ef það er svo, að t. d. hv. Alþfl.-menn hér í þessari d. leggjast gegn samþykkt þessa frv., þá finnst mér þar skjóta nokkuð skökku við og mig furðar svolítið á afstöðu þeirra. Við skulum fyrirgefa þeim það sem þeir hafa gert, og við skulum fyrirgefa þeim það sem gerst hefur áður í þessum málum, en mér finnst að þeir ættu að hafa heilindi til þess að viðurkenna að þeir hafa farið skakkt að og að það er ekki siðferðilega rétt að þiggja erlendan fjárstuðning til stjórnmálastarfseminnar. Ég geri mér nú þrátt fyrir allt enn þá vonir um að Alþfl.-menn sjái að sér í þessu og þeir sjái að það er óeðlilegt að ganga gegn þessu máli.

Ég sé að hv. minni hl. allshn., Sighvatur Björgvinsson, hefur skilað hér nál. þar sem segir að þar sem í ráði sé að undirbúa og setja rammalöggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna, þá virðist einsýnt að þetta mál eigi erindi inn í þann undirbúning og athugun, og er því hér með lagt til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj. til athugunar í sambandi við fyrirhugaða rammalöggjöf.

Þetta kann að vera að einhverju leyti eðlileg till. fljótt á litið, en þegar maður fer að athuga málið, þá er það ekki.

Sannleikurinn er sá, að þetta mál hefur verið til umr., það að setja lög um stjórnmálaflokka. Það hefur starfað n. að þessu máli, hún hefur þegar skilað mjög ítarlegri álitsgerð og þá m. uppkasti að frv. um starfsemi stjórnmálaflokkanna. Innan þeirrar n. kom til tals að setja ákvæði um bann við því, að erlendir aðilar legðu fram fé til stjórnmálastarfsemi á Íslandi. En það varð samt ekki niðurstaðan að flytja till. um það efni vegna afstöðu sem kom fram hjá a. m. k. einum nm., hv. þm. Benedikt Gröndal. En ég vil upplýsa það, að þetta kom til umr. þar og það var að ég hygg fullur vilji allra annarra nm. en þessa eina manns að setja þetta ákvæði í uppkast að frv. að lögum um starfsemi stjórnmálaflokkanna. Nú þegar frv. kemur fram beinlínis um þetta atriði, þá finnst mér eðlilegt, vegna þess að ég hafði þá skoðun innan þessarar n., sem hér hefur verið fjallað um, að það bæri að setja slíkt bann,— þá finnst mér eðlilegt að taka undir það frv. sem hér liggur fyrir, og sú var mín afstaða innan allshn. og sú er afstaða fjögurra annarra nm. í allshn., þ. á m.

formanns n., Ellerts Schram, sem ekki er hér í dag, en hann var einnig formaður í þeirri n. sem fjallaði um löggjöf um starfsemi stjórnmálaflokkanna. Það kom einmitt mjög skýrt fram hjá honum, meðan hann starfaði sem formaður í þeirri n., að hann teldi eðlilegt að slík ákvæði kæmu inn í lög um stjórnmálaflokkana. Miðað við það, sem gerst hefur, þá held ég því að það sé óeðlilegt að vísa þessu máli til ríkisstj. á þeirri forsendu að verið sé að fjalla um þetta. Ég held að miklu eðlilegra sé að Alþ. taki afstöðu til þessa máls nú þegar og setji bann við því, að útlendingar leggi fram fé til íslenskrar stjórnmálastarfsemi.

Ég ætlaði mér ekki að vera langorður um þetta mál. Ég hef lýst afstöðu minni og afstöðu meiri hl. n. og mun ekki frekar eyða tíma í þetta mál nema þá að gefnu tilefni. En ég sem sagt legg hér fram álit meiri hl. allshn. þar sem lagt er til að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það er í hæsta máta skiljanlegt og eðlilegt, að í þeim umr., sem orðið hafa að undanförnu, þ.á m. um nauðsyn þess að sett verði lög um starfsemi stjórnmálaflokka, skuli hugað að því, hvort ekki eigi að setja reglur um fjárhagsmál stjórnmálaflokkanna, þ. á m. um upplýsingaskyldu þeirra, skyldu þeirra til að upplýsa um sín fjármál, lagaskyldu t. d. sem þeim væri ætlað að sæta í sambandi við kosningafjármál sín, og málefni kosningasjóða flokkanna væru gerð opinber, hvernig þeir safna fé, og e. t. v. settar reglur, eins og mjög víða hafa verið settar, og þá einnig um það, hvaða reglum kosningafjármál og kosningasjóðamál flokkanna ættu að sæta. Það er ósköp eðlilegt, að í þessari umr. komi fram hugmyndir um að setja einhver ákveðin takmörk á fjárhagsstuðning sem stjórnmálaflokkar fá frá öðrum aðilum.

Það er vitað, að ýmsir erlendir aðilar greiða talsvert fé til íslenskra aðila í einu og öðru formi. Nýlega var t.d. haldin bílasýning hér í Reykjavík. Í fréttum af þeirri bílasýningu var frá því skýrt, að þar sem hún bæri heitið Alþjóðleg bifreiðasýning hefðu erlendu framleiðendurnir fallist á að greiða mjög verulegan kostnað af sýningu þessari, þannig að mjög verulegur kostnaður við auglýsingasýningu bílaverslana, sem nýlega er lokið í Reykjavík, var greiddur af erlendu fé. Þá er það einnig vitað, að erlendir aðilar greiða mjög verulegt fé oft í kostnað við auglýsingu á vöru sinni hérlendis sem erlendis. Hér er ekki um að ræða neitt sérískenskt viðhorf. Þetta er viðhorf sem er almennt í flestöllum löndum, og þar er ekki talið óeðlilegt að erlendir framleiðendur á varningi eða öðru slíku greiði úr eigin vasa ýmsan kostnað sem hlýst af auglýsingum og sýningu á varningi þeirra innanlands. Öðru máli gegnir hins vegar að sjálfsögðu um félagasamtök eða stjórnmálaflokka eða önnur slík samtök sem með einhverjum hætti starfa til þess að hafa áhrif á pólitíska skoðanamyndun almennings.

Allir þessir aðilar, sem ég hef hér nefnt og fá með beinum eða óbeinum hætti fé frá erlendum aðilum, vinna að því að hafa áhrif á skoðanamótun almennings, einkum í tilteknum atriðum, en það þarf ekki endilega að vera hvað stjórnmál varðar. Spurningin er því: Er eðlilegt að setja aðrar reglur hvað varðar stjórnmálaskoðanir og stjórnmálastörf heldur en t. d. sett eru öllum öðrum félögum? Og ef líklegt er að þrengri reglur í þessu sambandi gildi um stjórnmálaflokka eða stofnanir sem taldar eru starfa á vegum stjórnmálaflokkanna, má þá ætla að stjórnmálaflokkar stæðust þá freistingu til þess að geta með einhverjum hætti notið svipaðrar fyrirgreiðslu og ég er hér að nefna að setja upp stofnanir sem störfuðu beint eða óbeint í þágu þeirra, en væru skrifaðar sem stofnanir á vegum einstaklinga eða óháðra félagasamtaka.

Í 2. gr. frv., sem hér er til umr., er t. d. sagt að lög þessi taki til stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra svo og til hvers konar stofnana sem starfa á þeirra vegum beint eða óbeint, þ. á m. blaða. Ég held að það yrði ákaflega erfitt fyrir þá, sem mundu fjalla um lögskýringu á þessari grein, að draga markalínuna um það, hvenær telja megi að blöð störfuðu á vegum stjórnmálaflokka og félagssamtaka þeirra og hvenær ekki. Nú vita menn það, að því er haldið mjög stíft fram t. d. að Morgunblaðið starfi alls ekki á vegum neins stjórnmálaflokks í landinu eða í þágu neins stjórnmálaflokks í landinu, enda sé það gefið út af sérstöku hlutafélagi. Sama máli gegnir um Vísi og Dagblaðið. Ef þetta nægir til þess að geta fallið undan þessari 2. gr., að þessi blöð séu rekin af hlutafélögum sem ekki eru í neinum tengslum við stjórnmálaflokkana, má þá ekki ætla að þeir, sem vildu losa sig undan ákvæðum þessarar greinar, gætu gert það með því einu að breyta rekstrarformi á þeim fyrirtækjum eða stofnunum sem þeir ætla að ná undan ákvæðum þessara laga?

Ég skil ákaflega vel hvers vegna hugmyndir um það að setja stjórmálastarfsemi í landinu þau takmörk, sem hér er um að ræða, eru komnar fram. En ég held að menn verði að vanda sig ákaflega við lagasmíði í því sambandi, þannig að það sé alveg ljóst og liggi ljóst fyrir hvað Alþ. á við með setningu slíkra laga. Ég vek t. d. athygli á því, að í 1. gr. eru engin ákvæði um upplýsingaskyldu íslenskra stjórnmálaflokka um gjafafé. Það er enginn möguleiki gefinn á því, að íslenskum stjórnmálaflokkum sé skylt að upplýsa um sín fjármál. Og getur þetta þá orðið þannig, að stjórnmálaflokkur beri raunar ábyrgð á aðgerðum, sem kannke einn eða tveir menn í nafni flokksins hafa gert án þess að þeim hafi borið skylda til þess að upplýsa um gerðir sínar, hvorki innan flokksins né utan hans.

Það eru margar fleiri slíkar spurningar sem vakna, m. a. sú, hvernig eigi að framfylgja því banni sem lagt er til að sett verði með samþykkt þessa frv., hver eigi að hafa eftirlit með því, að það sé ekki gert sem bann er lagt við o. s. frv. Enn fremur: Á að binda þetta bann við stjórnmálaflokka einvörðungu? Hvar ætla menn að draga markalínurnar um það, hvað sé stjórnmálaflokkur og hvað ekki? Engin slík markalína er til í lögum. Það hefur skapast um þetta ákveðin hefð, en ég bendi t. d. á að hér á landi hafa verið starfandi samtök fólks sem hafa stundað stjórnmálastarfsemi, en samt sem áður ekki talið sig vera stjórnmálaflokka. Það er mönnum í fersku minni t. d., að Alþb. taldi sig ekki vera stjórnmálaflokk mörg sín fyrstu ár, heldur fyrst og fremst kosningabandalag. Samkv. orðanna hljóðan í 1. gr. þessa frv. hefði þá sú grein ekki átt að taka til Alþb., þar sem Alþb. væri ekki íslenskur stjórnmálaflokkur, heldur kosningasamtök. Sem sé, það eitt að Alþb. á þessum tíma taldi sig ekki vera stjórnmálaflokk og laut ekki almennum skipulagsreglum stjórnmálaflokka hefði gert það að verkum, að sú stjórnmálahreyfing, ein þeirra sem áttu fulltrúa hér á Alþingi Íslendinga, hefði ekki lotið ákvæðum þessara laga. Önnur stjórnmálasamtök hafa starfað misjafnlega langan tíma hér í landinu. Tökum t. d. Fylkinguna sem starfaði lengi vel sem óháð stjórnmálasamtök. Hún leit

ekki á sig árum saman sem stjórnmálaflokk. Á þá Fylkingin að vera undanskilin ákvæðum 1. gr. frv. þar að lútandi, að íslenskum stjórnmálaflokkum sé óheimilt að taka við gjafafé?

Við höfum fjölmörg önnur félagssamtök sem starfa að stjórnmálum án þess að vera stjórnmálaflokkar. Ég tel t. d. að þeir, sem eru meðlimir í menningarfélagi Íslands og Kína, telji sig starfa að stjórnmálastarfsemi að þó nokkru leyti. Þeim er samkv. orðanna hljóðan í þessu frv. ekki óheimilt að taka við gjafafé eða öðrum fjárhagslegum stuðningi til starfsemi sinnar frá erlendum aðilum vegna þess að þeir eru ekki stjórnmálaflokkur. Sama máli gegnir um menningarsamband eða menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, menningartengsl Íslands og Albaníu sem ég hygg vera til, og ég býst við að það séu til svona menningarleg tengsl við flest Austur-Evrópuríkin. Það eitt, að frv. nær aðeins til íslenskra stjórnmálaflokka, gerir það að verkum, að lögum samkv. mættu þessir aðilar þiggja gjafafé eða annan fjárhagslegan stuðning til starfsemi sinnar frá erlendum aðilum. Ég tel mjög vafasamt að vilji Alþ. sé að þessir aðilar eigi að sitja við eitthvert annað borð heldur en aðrir aðilar sem stjórnmálastarfsemi stunda í landinu. Ef sá er ekki vilji Alþ., að þetta ákvæði taki aðeins til stjórnmálaflokka, en ekki annarra stjórnmálasamtaka, þá tel ég að sjálfsögðu nauðsynlegt að þessi grein verði endurskoðuð.

Við tökum einnig við ýmsum fjárstuðningi frá norrænum aðilum, m. a. ýmis félagasamtök okkar stjórnmálaflokka. Ungliðasamtök stjórnmálaflokkanna taka t. d. við fjárframlagi úr samnorrænum sjóðum til þess að halda stjórnmálaráðstefnur hér á Íslandi með þáttöku Íslendinga og sniðnar til þess að hafa áhrif á íslensk þjóðmál og íslenskar þjóðmálaumræður. Eitt slíkt námskeiðahald eða ráðstefna stendur nú fyrir dyrum á vegum Sambands ungra sjálfstæðismanna. Þetta er ráðstefna sem mun verða kostuð af samnorrænu fé. Þátttakendur í ráðstefnunni verða bæði innlendir og erlendir áhugamenn um stjórnmál. Viðfangsefni ráðstefnunnar er að fjalla um þjóðmál sem m. a. eru mjög ofarlega á baugi hér á Íslandi. Eigum við að gerast eina landið af Norðurlöndum sem ekki gefur færi á því að efna til slíkrar ráðstefnu um þjóðmál með norrænni samhjálp, vegna þess að okkur liggur svo lífið á að banna íslenskum stjórnmálaflokkum að taka við gjafafé frá erlendum aðilum að við gefum okkur ekki tíma til þess að vanda lagagerð eins og best við vildum?

Ég ætla ekki að ræða mjög ítarlega þetta frv., vegna þess að ég á ákaflega bágt með að trúa því, að a. m. k. þm. í þessari hv. d. vilji gera aðrar breytingar eða réttara sagt vilji lögleiða annað en beinlínis fyrir þeim vakir. Og ég hef ekki trú á því, að meiri hluti þm. í þessari deild vilji leiða í lög atriði sem raunar banna ákveðnum stjórnmálahreyfingum í landinu, sem hafa heitið stjórnmálaflokkar, að gera ákveðna hluti eða taka við ákveðnum framlögum erlendis frá, en á sama tíma sé slíkt heimilað öðrum stjórnmálasamtökum.

Ég ætla aðeins að vekja athygli manna á einu. Þetta frv., þó að lögum verði, kemur t. d. ekki í veg fyrir það, að erlendir aðilar kosti blaðaútgáfu í Íslandi. Samkv. þessu frv. er það enn opið að erlendir aðilar, t. d. erlend sendiráð, gefi út dagblöð á sinn kostnað hér álandi. Einu lagahömlurnar við slíkri útgáfu erlendra aðila, dagblaðaútgáfu eða tímaritaútgáfu, er það, að þeir verða að hafa íslenskan ábyrgðarmann. Það hefur nýlega komið í ljós í sambandi við útgáfu fréttatímarits sem heitir Fréttir frá Sovétríkjunum, kostað af rússneska sendiráðinu, að einu hömlurnar, sem upphaflega voru á því að þetta fréttatímarit kæmi út, voru þær að það vantaði íslenskan ábyrgðarmann. Íslenski ábyrgðarmaðurinn var fenginn, nokkuð kunn íslensk kona sem er skrifuð sem ritstjóri og ábyrgðarmaður þessa blaðs. Mér er kunnugt um það í þeirri prentsmiðju, þar sem þetta blað er unnið, að það er að verulegu leyti unnið af starfsmönnum rússneska sendiráðsins, og það er ekkert launungarmál, að blaðið er kostað af rússneska sendiráðinu, þannig að það er ekkert sem kemur í veg fyrir það samkv. íslenskum lögum að erlendur aðili, erlent sendiráð kosti dagblaðaútgáfu á Íslandi, aðeins ef dagblaðið er ekki talið gefið út af stjórnmálaflokki og einhver einn einstaklingur með íslenskan ríkisborgararétt er skráður ábyrgðarmaður blaðsins. Þannig gæti hver og einn, sem hér er inni, og hver og einn landsmaður tekið að sér gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri að gerast ritstjóri blaðs, dagblaðs, sem yrði að öllu leyti kostað af erlendu fé og hann þyrfti því ekkert sjálfur í té að láta annað en nafnið sitt sem ábyrgðarmaður blaðsins.

Í þessu sambandi vil ég gjarnan segja ykkur eina sögu. Fyrir nokkrum árum, þegar ég var ritstjóri Alþýðublaðsins, var starfandi hér hjá rússnesku fréttastofunni APN ákaflega duglegur fréttamaður. Því miður man ég nú ekki nafn mannsins, en m. a. skrifaði hann á þeim tíma, sem hann var hér, mikla og ágæta grein í Morgunblaðið um orrustuna um Leningrad, en þar var hann þátttakandi. Ég býst við að þm. reki minni til þessarar greinar og þá, sem fylgst hafa með starfsemi sovéska sendiráðsins, eins og sumir hafa gert, rekur þá kannske betur minni en mig til nafns mannsins, því miður man ég það ekki. Þessi maður var næstum daglegur gestur á ritstjórnarskrifstofum íslensku blaðanna og ákaflega óþreytandi í því að koma á framfæri við okkur ritstjóra blaðanna hinu og þessu efni frá APN. Ég tók þann pól í hæðina, ég varð fljótt þreyttur á þessum manni, einfaldlega vegna þess að hann gaf manni varla stundlegan frið, hvorki á vinnustað né heima, að ég hætti að birta efni frá þessari rússnesku fréttastofu. Einn góðan veðurdag kom maðurinn síðan að máli við mig á skrifstofu minni og bauðst til þess, að ef ég vildi birta greinar frá APN skyldi hann greiða blaði mínu fyrir sem samsvaraði auglýsingataxta á þeim tíma. Ég neitaði þessu boði algerlega og alfarið og lét athuga það fyrir mig á eftir, hvort þetta væri lagalega hægt, hvort það væri unnt fyrir starfsmann erlends sendiráðs að óska eftir því, að blöð birtu efni frá þessu erlenda sendiráði beint eða óbeint og hið erlenda sendiráð greiddi síðan fyrir það sem auglýsingar í blaðið, og mér var tjáð að ekkert væri sem bannaði þetta, það væri á valdi blaðsins, hvort það birti þetta, og það væri líka á valdi blaðsins, hvort það léti þess getið, að sú grein eða frétt, sem birt var, eða pólitísk umsögn um alþjóðamál, eins og yfirleitt var um beðið, væri birt sem auglýsing.

Skömmu síðar gerðist það, — ég ætla ekki að fara að ræða það neitt frekar, — að eitt dagblaðið í borginni fór að birta mjög títt fréttaumsagnir frá rússnesku fréttastofunni APN, sem vöktu athygli manna mjög, ekki aðeins fréttaumsagnir, heldur beinar stjórnmálagreinar með úttekt á alþjóðastjórnmálum. Ég ætla engum getum að því að leiða, að nokkur íslenskur ritstjóri hafi tekið því auglýsingatilboði sem ég hafnaði. Mér dettur ekki í hug

að nokkur íslenskur ritstjóri hafi gert slíkt eða mundi gera það. En ég er aðeins að segja ykkur þessa sögu til þess að mönnum sé það ljóst, að jafnvel þó að dagblaði eða tímariti væri bannað að taka við fé frá erlendum aðilum, dagblaði eða tímariti sem út væri gefið af stjórnmálaflokki eða á vegum hans, þá er ekkert, hvorki í þessu frv. né gildandi lögum, sem bannar það, að slíkt blað eða tímarit, sem rekið væri af einstaklingi eða félagasamtökum öðrum en stjórnmálaflokkum, veitti viðtöku slíkum styrkjum. Það er ekkert sem bannar það, að ritstjóri íslensks blaðs birti síðu eftir síðu af pólitískum umsögnum fyrir milligöngu erlendra sendiráða og tæki fyrir það fullt gjald eins og um auglýsingataxta væri að ræða.

Ég hef á þskj. 905 í mínu nál. lagt til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar, svo að tími gefist til þess að taka þær hugmyndir, sem þar eru fram settar, betur til athugunar í því skyni að ná þeim tilgangi sem ég býst við að vaki fyrir flm. Þessa till. mína um að vísa frv. til ríkisstj. ætla ég að draga til baka til 3. umr. Hins vegar flytjum við tveir þm. á þskj. 911 brtt. við frv. þetta. Flm. auk mín er hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson. Brtt. er á þá lund, að aftan við 1. gr. frv. eins og hún er bætist: „Þá er erlendum sendiráðum á Íslandi óheimilt að kosta eða styrkja blaðaútgáfu í landinu." Aftan við 2. gr., sem fjallar um til hvaða aðila lög þessi taki, komi viðbót er hljóði svo: „og einnig til blaða eða tímarita, sem út eru gefin á vegum einstaklinga eða félagasamtaka." Og í þriðja lagi að fyrirsögnin orðist svo: „Frumvarp til laga um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka og blaðaútgáfu erlendra sendiráða á Íslandi."

Þessa brtt. flytjum við saman, ég og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, og það hefur orðið að ráði, m. a. til þess að hægt væri að koma í veg fyrir dulbúna útgáfustarfsemi erlendra sendiráða eins og ég hef gert að umræðurefni hér.

Í gær eða réttara sagt í fyrradag, held ég að það hafi verið, sem haldinn var sá nefndarfundur í allshn. Nd. sem um þetta mál fjallaði. Var staðið þannig að því fundarboði, að ég fékk aldrei boð til þess nefndarfundar. Formaður allshn. Nd., hv. þm. Ellert B. Schram, hafði tjáð mér að til stæði að halda fund í allshn. m. a. um þetta mál annaðhvort kl. 10 fyrir hádegi í gærmorgun eða kl. 2 eftir hádegi. Ég sagði að ég væri að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að mæta þá til fundar. Rétt um kl. hálfsex var hringt til mín og mér sagt að búið væri að halda fund í allshn. Nd. þar sem sú afgreiðsla hefði orðið sem hv. frsm. n. lýsti áðan. Ég spurði þá formann allshn. hvort það væri nú ekki vani að halda nefndarfundi þannig að allir nm. væru boðaðir. Hann sagði svo vera og bauðst til þess að boða nefndarfund þá aftur strax um kvöldið, kl. hálfátta í fyrrakvöld eða kl. hálfníu, og ég tjáði honum að ég væri reiðubúinn til að mæta á fundi þá. Það var hins vegar sammæli með okkur til þess að vera ekki að tefja neitt að óþörfu framgang þessa máls, að ég skyldi láta eins og ég hefði fengið fundarboðið og hann tilkynnti í nál., eins og hv. frsm. gerði, að ég myndi skila séráliti. Þrátt fyrir þennan formgalla á boðun fundarins hef ég ekki notað það sem neina átyllu til að tefja þetta mál. En þar sem mér var ekki gefinn kostur á að mæta á nefndarfundinum, þá gat ég að sjálfsögðu ekki gert nm. grein fyrir þeirri skoðun minni, sem ég hef verið að lýsa hér áðan, né heldur efni þeirrar brtt. er við hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson höfum flutt. Ég tel nauðsynlegt að hv. allshn. fjalli um þessa brtt. og vil því beina þeirri eindregnu ósk til hæstv. forseta, að hann geri hlé á umr. um þetta mál svo að hv. allshn. gefist færi á því að fjalla um brtt. á þskj. 911.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég get ekki tekið á mig neina sök í sambandi við boðun fundarins í allshn., og ég verð að segja það eins og er, að ég saknaði þess mjög að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var ekki á þessum fundi, því að vissulega var ástæða til þess að fullmætt væri á fundi sem þessum. (**SighB:** Ég fékk aldrei fundarboð). Já, mér er algerlega ókunnugt um það. En hitt veit ég, að formaður allshn. boðaði mig aftur á fund eftir þetta og sagði að það væri að gefnu tilefni hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, og þótti mér þá auðvitað eðlilegt að mæta á slíkum fundi og ræða þetta mál. Mætti ég síðan á fundarstað, en þá kom í ljós að fundurinn hafði verið afboðaður og boðin höfðu ekki borist mér, enda var erfitt að ná í mig á þeim tíma. Hins vegar var ég við því búinn að mæta til þess að fullræða þetta mál kl. 2 í gær og kom eins og til stóð, en þá hafði fundurinn verið afboðaður. En eins og ég segi, það var erfitt að ná í mig á þeim tíma þó að formaður reyndi að gera viðvart um það. Þetta er út af fyrir sig galli.

Í sambandi við það, sem fram hefur komið hér hjá hv. frsm. minni hl., þá er náttúrlega margt við það að athuga, ýmis atriði sem mér þykir ástæða til að gera aths. við. Ég held t. d. að það sé ekki annað en sýndarmennska þegar hann er að bera þetta mál við það þegar verslunarmenn og kaupsýslumenn setja hér upp bílasýningu til að auglýsa vörur sínar. Ég held að það sé alls ekki sambærilegt við það þegar erlent fjármagn er látið ganga beint til stjórnmálastarfseminnar. Ég geri á þessu stóran mun, og ég held að í lokin hafi hv. frsm. minni hl. gert sér grein fyrir því að þetta tvennt er ósambærilegt. Eins hefur hann áhyggjur af því, hvernig framfylgja skuli banni við erlendum fjárframlögum til stjórnmálastarfsemi. Ég held að það sé engin sérstök ástæða til þess að hafa áhyggjur af því, að ekki sé hægt að framfylgja slíku banni. Ég held að það sé varla erfiðara heldur en að halda uppi ýmiss konar annarri löggæslu í landinu og öðru fjármálaeftirliti, þannig að þessi viðbára er ekki mjög mikilvæg.

Svo kom hann líka að því, að það stæði í frv. að bann væri við því að leggja stjórnmálaflokkum erlent fé. Ég held líka að þessi viðbára sé ekki mikilvæg þegar allt kemur til alls, þó að hitt sé rétt að það hefði kannske verið ástæða til þess að orða þetta skýrar. Sannleikurinn er sán að það er ekki til nein lögákveðin skilgreining á því, hvað sé stjórnmálaflokkur hér á landi, og ég er ekki í nokkrum vafa um að það ber að skýra orðið stjórnmálaflokk í þessu frv. mjög víðtækt. Ég hygg að orðið stjórnmálaflokkur þarna hafi mjög víðtæka merkingu, og ég er ekki í nokkrum vafa um að það nær til stjórnmálasamtaka almennt.

Hv. frsm. minntist t. d. á það, að Alþb. svonefnda hefði á sínum tíma ekki talið sig stjórnmálaflokk. Það má vel vera að Alþb. hafi ekki talið sig stjórnmálaflokk. En ég held að það hafi verið hreinlega pólitískar ástæður, þeir hafi verið að beita einhverju pólitísku orðalagi þegar þeir tóku svo til orða, því að ég hygg að hver einasti maður í landinu hafi skoðað Alþb. sem stjórnmálaflokk á þeim tíma, hvað svo sem þeim Alþb.-mönnum sjálfum hefur

þótt eðlilegt að nefna samtök sín. Vissulega var Alþb. stjórnmálaflokkur á þeim tíma sem henta þótti pólitískt séð að kalla þetta kosningabandalag. Og ég skil þetta frv. svo og ég skil orðið stjórnmálaflokkur í þessu frv. svo, að það nái til allrar stjórnmálastarfsemi.

En nú hefur hv. frsm. minni hl. flutt hér nokkrar brtt., og ég verð að segja um þessar brtt., að það var mjög slæmt að þær skyldu ekki vera komnar fram fyrr. Og þess vegna er það saknaðarefni hjá mér, að sá fundur, sem ég ætlaði að sækja í gær, en hafði verið afboðaður, eftir því sem formaður sagði mér, í fullu samráði við hv. frsm. minni hl., — þá þykir mér illt að sá fundur skyldi ekki hafa verið haldinn, vegna þess að í þessum till. eru ýmis efnisatriði sem ég get fyllilega tekið undir. Ég held að allar þessar þrjár brtt., sem hér koma fram, séu þess eðlis, að ég mundi samþykkja þær. Ég tala að vísu hér eingöngu fyrir mína hönd og lýsi hér minni skoðun. Ég hef ekki haft aðstöðu til þess að bera mig saman við samnefndarmenn mína og þá sem standa að meirihlutaálitinu, en persónulega er ég þeirrar skoðunar að þetta geti vel staðist. Hins vegar held ég þó að þessar till. geti beðið næsta þings, og ég held að það væri mjög mikilvægt fyrir okkur að geta samþykkt frv. í því formi sem það liggur nú fyrir án brtt. sem liggja nú fyrir á þskj. 911. Það er jafnframt mín skoðun. En sem sagt, ég held að það sé *mjög óheppilegt ef við reynum að tefja þetta mál nú á* síðustu mínútum þingsins. Við vitum, að þinginu er að ljúka. Nd.-fundum mun ætlað að ljúka í dag, þannig að ég tel illa farið ef hv. Nd. treystir sér ekki til þess að samþykkja frv. í því formi sem það er, jafnvel þó að hægt sé að hugsa sér að taka þessar till., sem nú hafa komið fram á þskj. 911, síðar til greina og flytja þær sem brtt. á næsta þingi.

Ég tel mjög mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga. Ég tel það mjög mikilvægt að Alþ. sýni vilja sinn og lýsi yfir vilja sínum í því að banna erlendum aðilum að leggja fram fé til stjórnmálastarfsemi í landinu. Það er fullkomlega óeðlilegt að svo sé gert. Það er í andstöðu við, að *ég hygg* almenningsálit hér á landi og getur beinlínis verið þjóðhagslega hættulegt þegar þannig er að staðið.

Eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá lít ég ekki svo á að það sé verið beinlínis að beina þessu frv. gegn neinum ákveðnum aðila, jafnvel þó að ástæðan til flutnings þess sé sú, að það vitnaðist að tiltekinn stjórnmálaflokkur hafði þegið erlent fé. E. t. v. eru fleiri stjórnmálaflokkar sem þiggja erlent fé og hafa þegið það, en um það er mér engan veginn kunnugt og það hefur a. m. k. ekki vitnast til þessa svo að mér sé vitanlegt, en ég held að það sé mjög nauðsynlegt að Alþ. geri upp hug sinn í þessu efni og ákveði það einu sinni fyrir allt, að það skuli bannað að erlendir aðilar leggi fram fé til stjórnmálastarfsemi hér á landi. Ég held að við þurfum að gæta okkar mjög á erlendum áhrifum, ekki síst á erlendum fjármálaáhrifum. Og ef þessi leið er svona opin, að það er mögulegt fyrir stjórnmálaflokka að þiggja erlent fé, þá sjáum við í hendi okkar að það er möguleiki á því, að erlendir aðilar hafi bein áhrif á stjórnmálastefnu og á afstöðu flokka til einstakra mála, þannig að mig undrar það ef til eru menn hér í þessari hv. þd. sem eru andvígir því að reynt sé að sporna við því, að erlent fjármagn renni til stjórnmálaflokka hér á landi. Mig satt að segja furðar á því, að slíkir menn skuli vera til. Hitt er auðvitað alveg rétt, að það er hægt að orða hlutina sífellt betur og betur og það er hægt að fylla frv. og löggjöf með nýjum og nýjum ákvæðum og að því leyti til get ég vel fallist á það, að æskilegt hefði verið að þessar brtt. frá tveimur hv. þm. hefðu fengið hér fullan stuðning og stuðning nefndar. Hins vegar tel ég ekki að það sé neitt aðalatriði á þessari stundu, að þessar till. verði samþykktar nú. Ég tel hitt miklu mikilvægara, að þetta mál verði ekki látið tefjast vegna þessara till., vegna þess að þær þurfi umfjöllun í n. og vegna þess að við vitum að það líður mjög á þingið, það líður á starfstíma þessarar hv. d., og ég tel miklu mikilvægara að við fáum þá yfirlýsingu, sem mér finnst að felist í frv. eins og það liggur fyrir. Það má þá endurbæta það síðar ef mönnum sýnist svo.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að í nál. meiri hl. kemur fram og er sagt að ég hafi ekki tekið afstöðu til málsins. Sannleikurinn er sá, að ég var ekki viðstaddur þegar afgreiðsla málsins fór fram, en formaður n. hringdi til mín og spurði hvaða afstöðu ég hefði til málsins. Ég sagði að mér fyndist þetta frv. ekki nógu víðtækt til þess að það gæti náð tilgangi sínum og þetta mál þyrfti að athuga miklu betur. Mér finnst það ekkert tiltökumál þó að það sé þannig nú í þinglokin að nefndarfundir séu boðaðir með litlum fyrirvara og erfitt að ná fullskipuðum nefndarfundum saman. Það er ekkert tiltökumál. Það hefur alltaf verið svo í þinglokin. En *ég get tekið undir með einum nm. sem talaði hér áðan*, að ég fékk ekki boð á þennan fund. En ég vil gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls sem er á dagskrá.

Ég er vitanlega alveg á móti því, að stjórnmálaflokkar séu styrktir með erlendu fé, hvort sem er til blaðaútgáfu eða annars. Þess vegna vil ég vanda undirbúninginn að þessu máli og þeirri löggjöf sem sett verður að hún geti orðið til nokkurs gagns. Ég skil ekki þann mikla flýti sem nú er á þessu máli, að það liggi svona mikið á.

Hv. alþm., sem flytja þetta frv., segja í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Að dómi flm. er æskilegt að sett verði sérstök lög um starfsemi stjórnmálaflokka á landi hér, þar sem m. a. verði kveðið á um skyldur þeirra til opinberra reikningsskila, og verði þar að sjálfsögðu reistar skorður við því, að erlendir aðilar geti náð á þeim fjárhagslegum tökum. Sérstök þn. skipuð fulltrúum allra flokka vinnur nú að undirbúningi þessa máls sem er allmikið og vandasamt verk.“

Þeir viðurkenna einnig í grg. að frv. sé aðeins einn þáttur af því sem þurfi að setja í þessa löggjöf, en að Alþfl. hafi leitað eftir erlendu fé sér til stuðnings og þess vegna sé þetta frv. flutt. Synd Alþfl. er víst stór eftir því sem hv. 1. þm. Norðurl. e. vildi segja áðan. Ef maður hefði tekið orð hans alveg bókstaflega, þá væri synd Alþfl. stór. Ég veit ekki um það, hvort Alþfl. hefur fengið erlent fé til styrktar blaði sínu. Ég veit ekki einu sinni hvort hann á kost á því, og ég tel harla ólíklegt að hann leiti eftir því eftir þær umr., sem farið hafa fram í báðum deildum, og eftir því viðhorfi sem virðist vera hjá miklum meiri hl. Alþ. til þessa máls. Þess vegna held ég að það þurfi ekki að flýta sér mjög í þessu máli, það sé miklu betra að vanda lagasetninguna þannig að hún komi að fullu gagni.

Hér hefur verið útbýtt þremur brtt. við frv., en þótt þær verði samþykktar er það alls ekki tæmandi. Frv. yrði þó betra með því að þessar brtt. væru samþ., það yrði víðtækara. En það nær alls ekki út yfir það sem það þarf að ná til þess að löggjöfin geti náð þeim tilgangi sem

meginþorri allra alþm. virðist ætlast til. Ég fyrir mitt leyti er reiðubúinn til þess að samþykkja þessar till. því að þær bæta frv. En frv. verður ekki nægilega víðtækt enda þótt þær verði tengdar þarna við. Ég tel þess vegna að það sé miklu betra að vísa þessu frv. nú til hæstv. ríkisstj. með viðeigandi rökstuðningi, með því að leggja áherslu á það, að nauðsynlegt sé að setja lög um þetta mál og að ríkisstj. viti að Alþ. ætlast til að þeirri löggjöf, sem er í undirbúningi í starfandi n., verði hraðað. Þetta er viðhorf mitt til málsins, og það er þess vegna sem ég skrifaði ekki undir þetta nál. Mér fannst ekki taka því.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur flutt hér tvær ræður við þessa umr. og hefur lagt mikla áherslu á að frv. verði samþykkt nú á þessu þingi — mjög mikla áherslu, alveg eins og það bjargi sóma þingsins að það yrði gert og að vansæmd þingsins verði mikil ef það verður ekki gert. Og hv. þm. talaði um að hann skildi ekki þá menn sem hlypu ekki til að samþykkja þetta frv. með glöðu geði. En nú er það svo, að hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég höfum í aðalatriðum alveg nákvæmlega sömu skoðun á þessu máli. Við viljum báðir koma í veg fyrir að erlent fjármagn sé notað til stuðnings íslenskum stjórnmálaflokkum eða blaðaútgáfu. En þá eigum við einnig að vera sammála um að búa þannig um hnútana með þeirri löggjöf sem við setjum, að það nái þeim tilgangi sem ætlast er til.

Þetta frv., þótt það verði lögfest, kemur ekki að gagni. Þess vegna var það að ég skrifaði ekki undir nál. meiri hl., og þess vegna er það, að ég greiði því atkv., að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstj., til þess að leggja áherslu á, að það þurfi að hraða löggjöf sem þannig verði gerð að hún nái þeim tilgangi sem til er ætlast.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem nokkur ágreiningur hefur verið um. Þó er það svo að það hefur hlotið afgreiðslu í Ed. og nálega samhljóða afgreiðslu þar. Það er nú komið til 2. umr. í síðari deild, og ég tel að það hvíli blátt áfram skylda á þinginu að afgreiða þetta mál til fullnustu, samþykkja það eða fella.

Það gerir ekki mikla stoð í máli eins og þessu að lýsa yfir að í rauninni séu menn sammála öllu því sem í frv. standi, þeir vilji þetta, það megi bara bíða, það þurfi að skoða málið betur, vita hvort ekki finnist betra orðalag. Hér er spurningin um það, hvort eigi að taka afstöðu til pólitísks máls, til þess stóra máls, hvort það eigi að vera stefna á Íslandi og heimilt á Íslandi að íslenskir stjórnmálaflokkar séu reknir að meira eða minna leyti með erlendu fjármagni. Þetta er ósköp einfalt mál og í rauninni kemur þessu máli ekkert við hvort menn vilja bæta við og segja: Við skulum líka banna sendiráðum að gefa út blöð, við skulum líka banna menningarfélögum að gefa út blöð, við skulum líka banna þessum og hinum. — Það er allt annað mál.

Ég fyrir mitt leyti get samþykkt þær brtt. sem eru á þskj. 911, þar sem bætt er við því að banna sendiráðum að gefa út blöð hér og þetta skuli einnig ná til einstaklinga og samtaka. Og það þarf ekki að mínum dómi að vísa þessari brtt. til neinnar n. aftur. Það er ekki síður hér, þegar brtt. eru fluttar, að það sé haft svo mikið við þær að senda þær til n. til sérstakrar umsagnar. Það er alveg þarflaust og alveg sérstaklega eins og komið er nú afgreiðslu þessa máls og starfstíma þingsins. Þó að þessi brtt. yrði samþ. yrði væntanlega frv. samþykkt, hið stóra pólitíska mál, hvernig á að fara með erlendan fjárstuðning til íslenskra stjórnmálaflokka. Eins og ég segi, ef hægt er að ná þessu meginatriði fram skiptir ekki máli þó að þetta sé hengt aftan í. En ég veit líka að það eru til hér menn sem segja: Frv. mundi batna við að samþykkja þetta, en svo er margt annað eftir sem mætti líka hengja aftan í. — Þetta eru leiðir þeirra sem vilja drepa mál, vilja komast undan því að taka afstöðu til málsins. Auðvitað er enginn vafi á því, að þetta stefnumál, hvort eigi að banna íslenskum stjórnmálaflokkum með lögum að þiggja slíkar gjafir eða stuðning, þetta er aðgreint mál út af fyrir sig og kemur því ekkert við, hvort enn þá vantar almenna löggjöf um skyldur og réttindi íslenskra stjórnmálaflokka. Eru menn eitthvað að efast um að það séu til íslenskir stjórnmálaflokkar, ætli það fari mikið á milli mála, hverjir þeir eru, og ætli það þurfi þá meiri lögskýringu í sambandi við það, hvað telst stjórnmálaflokkur, heldur en margt annað sem er að finna í lögum.

Auðvitað eru aths. af svipuðu tagi og hér komu fram í rauninni ekkert annað en tilraunir til þess að tefja mál, sem sagt hugleiðingar um að erlendir aðilar kunni að hafa styrkt hér viðskiptaaðila í sambandi við útgáfu hjá þeim eða þá útgáfu sendiráða sem er mjög algeng í mörgum löndum og er þegar komið á hér hjá okkur. Ég skal ekkert segja um það, hvað okkar almennu samningar í sambandi við diplómatísk viðskipti segja, hvort þeir gera almennt ráð fyrir því, að sendiráðin skuli hafa heimildir af þessu tagi. Mér er alveg sama um það. Ég er reiðubúinn til þess að banna það, jafnvel þó að það það sé í sjálfu sér óskylt mál. En ég vil bara ekki gefa þeim aðilum hér á Alþ., sem vilja drepa þessu máli á dreif og stöðva málið, þetta tækifæri. Því skal ég glaður samþykkja þessar brtt. sem hér liggja fyrir, en að sjálfsögðu með þeirri stóru kröfu að þá fari frv. til Ed. og verði gert að lögum, verði samþykkt. Og ég vil líka að það komi alveg skýrt fram, af því að hér er um stórpólitískt mál að ræða, hverjir það eru sem koma í veg fyrir samþykkt þessa frv. ef svo á að fara.

Það hefur þegar komið hér fram á Alþ., að í rauninni eru aðeins fulltrúar eins stjórnmálaflokksins á Alþ. og þó ekki allir úr þeim flokki á móti frv. Það vill svo til að það er Alþfl. sem er á móti þessu frv. Það leynir sér ekki, þeir þm. gera tilraunir til þess að stöðva frv., því að þeir vilja halda áfram því sem þeir hafa viðurkennt, að þeir hafi þegið og ætli sér að þiggja erlent fjármagn til rekstrar sínum flokki. En það vita auðvitað allir, að Alþfl. stöðvar ekki mál hér á Alþ. úr því sem nú er komið. Við höfum nóga daga til að starfs. Það þarf ekki að ljúka Alþ. á morgun. Og það mun einnig verða séð til þess, að því verður ekki lokið á morgun, ef einhver undandráttur er á því að afgreiða mál eins og þetta. Það er komið svo langt, að það er brot á öllum eðlilegum þingvenjum ef þetta mál fær ekki fullnaðarafgreiðslu hér, hvort sem það er samþykkt eða fellt. Og ef það er svo að það séu einhver umbrot í Sjálfstfl. í þessu máli þannig að hann vilji koma hér með brtt. eða tefja málið eða koma á einn eða annan hátt í veg fyrir að málið nái fram að ganga, þá skal það líka koma fram hér óumdeilanlega. En það er ábyggilega á valdi Sjálfstfl. nú eins og hingað til hvernig fer um afgreiðslu þessa máls. Hann á kost á að standa að því að málið verði afgreitt.

Ég ætla mér ekki að efna hér til langra umr. um þetta mál, af því að ég vil greiða fyrir afgreiðslu þess og tel að allar vangaveltur um það, hverju mætti bæta inn í þetta frv., hvað væri rétt að banna í leiðinni, það er svo augljós fyrirsláttur gegn því sem hér er um að ræða, að það á í

rauninni ekki að vefjast fyrir neinum sem hefur hugleitt þessi mál. Hér er sem sagt um stefnumarkandi mál að ræða, og sú stefnumörkun á að koma fram við afgreiðslu málsins.

Auðvitað kemur þetta frv. í þeim búningi sem það kom frá Ed., — og þó að sú brtt. verði samþ. sem hér hefur verið flutt, — þá kemur þetta frv. að fullu gagni. Það er alrangt, sem var sagt úr þessum ræðustól nýlega, að þetta komi kki að fullu gagni. Það kemur að því gagni að banna íslenskum stjórnmálaflokkum að reka starfsemi sína með erlendum fjárstuðningi, og það er kjarni málsins. Spurningin er bara hvort við eigum að fara inn á þá braut eða ekki, og hvort alls konar samtök í okkar landi njóta einhverrar fyrirgreiðslu, heimboða og samstarfs eða fjárhagslegs stuðnings er allt annað mál sem kemur ekkert þessu við, og á ekki að blanda því saman á neinn hátt.

Ég skal svo ekki fara að efna til frekari umr. eða þræta við menn um þau atriði sem þeir hafa þó gefið tilefni til, en ég lýsi því yfir, að ég er reiðubúinn til þess að samþykkja þessar brtt. hér eins og þær eru, þó að mér sé ljóst að þær séu fluttar að verulegu leyti til þess að reyna að tefja málið. En till. þurfa ekki að ganga til n., það er hægt að greiða atkv. um þær eins og aðrar brtt. Málið getur farið til Ed., og það er auðvelt að koma málinu þannig í gegnum þingið að það hafi fengið fullnaðarafgreiðslu. Það er kjarni málsins. Ég legg sem sagt til að sá háttur verði hafður á, en mæli gegn því, að það verði farið að veita hér nokkurt fundarhlé fyrir n. til þess að athuga þessar brtt., af því að ég sé enga ástæðu til þess, ekki nema þá að n. sem slík óski eftir að málinu verði frestað svo að henni gefist kostur á að fjalla um málið. En það að einhverjir aðilar flytji brtt. og geti síðan lagt til að gert verði fundarhlé og n. fari að fjalla um þeirra till, er engin þingvenja og mundi tefja mál heldur betur hér hjá okkur ef taka ætti upp þann hátt. En óski n. eftir að fá að fjalla um þessar brtt., þá er það annað mál. Aðalatriðið er að þetta mál fái fullnaðarafgreiðslu í þinginu og komi í ljós hverjir styðja kjarna málsins og fyrir hverjum það þvælist.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég get fullvissað hv. síðasta ræðumann, Lúðvík Jósepsson, um það, að engin umbrot eru í Sjálfstfl. í þá átt að reyna að eyðileggja þetta mál. Alla vega kannast ég ekki við það og hef ekki heyrt á einum einasta þm. Sjálfstfl. í þessari d. að sú brtt., sem ég er meðflm. að, sé gerð í þeim tilgangi eða studd af þeim í þeim tilgangi að eyðileggja málið. Ég veit að það er fullur vilji fyrir því hjá a. m. k. þeim sem ég hef talað við af mínum flokksbræðrum að þetta mál gangi í gegn á þessu þingi.

Ég tek undir það sem hv. þm. sagði, að mér finnst alger óþarfi að þessar brtt. gangi til n., og ég satt að segja skil ekki þau orð hv. þm. Ingvars Gíslasonar þegar hann talar um að brtt. geti beðið til næsta þings. Þær eru mjög einfaldar og skýrar. Þess vegna þarf ekki að vísa þeim til n. Hv. þm. geta tekið afstöðu til þeirra eins og þær koma fyrir á því skjali sem er fyrir framan hv. þm. í deildinni frá okkur Sighvati Björgvinssyni. En ég er ekki alveg sammála hv. þm. Lúðvík Jósepssyni þegar hann sagði fyrst í sinni ræðu — að vísu dró hann það nokkuð til baka í sínu máli — að þessi brtt. okkar að banna erlendum sendiráðum að gefa út blöð eða styðja aðila með fjárframlögum til að gefa út blöð, sem styðji sérstaklega sjónarmið þeirra ríkja sem viðkomandi sendiráð eru fyrir hérlendis, sé ekki þessu máli skylt, og mun ég leiða nánar rök að því hér á eftir.

Ég mun að sjálfsögðu greiða þessu frv. atkv. mitt og tala þess vegna í málinu frv. til stuðnings og að sjálfsögðu einnig þeim brtt. sem ég flyt. Það er rétt, sem hefur komið fram í ræðum hv. þm. og sérstaklega sterkt hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að hér erum við að fjalla um ákveðið stefnumál, um það, hvort íslenskir stjórnmálaflokkar eða yfirleitt aðrir aðilar eigi að geta þegið fé frá erlendum aðilum í þeim tilgangi að hafa áhrif á þjóðmál og stjórnmál á Íslandi. Allir góðir Íslendingar hljóta að vera sammála um eða ættu að vera sammála um að það ber að koma í veg fyrir slíkt. Best væri auðvitað að við tækjum ekki við slíkum fjármunum og engin lög þyrfti til þess að banna það. En þar sem svo virðist að það þurfi að setja það í lög til þess að hafa þetta ótvírætt, þá er sjálfsagt að d. afgreiði þetta frv. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, eins og hv. 1. flm. brtt., Sighvatur Björgvinsson, að þetta bann þurfi að vera mun víðtækara, það þurfi að ná einnig til erlendra sendiráða, það þurfi að banna þeim að kosta eða styrkja blaðaútgáfu í landinu. Og það er nú mjög nærtækt dæmi um það, að eitt ákveðið sendiráð hér í Reykjavík gefur út hálfsmánaðarrit. Ég er einn af þeim sem fá þetta rit sent til mín. Ég held að ég fái þrjú eintök. Þetta ágæta sendiráð gefur út mjög öflugt blað á íslensku og sendir það líklegast í þúsundum eintaka víðs vegar um landið. Það blað, sem hér er um að ræða, er áreiðanlega stærra að upplagi og dýrara í útgáfu heldur en t. d. það blað, Alþýðublaðið, sem mun vera meginástæðan fyrir þeim umr. og því frv. sem við erum hér að fjalla um.

Ritið Fréttir frá Sovétríkjunum er t. d. þess eðlis, að það fer ekki á milli mála að það blað styður ákveðna hérlenda aðila beint og óbeint með skrifum sínum. Ég er því miður ekki með eintak með mér hér til þess að lesa upp úr greinum þessa blaðs. En það fer ekkert á milli mála, er augljóst mál, hvaða málstað og hverja stuðningsmenn þessa blaðs styðja hérlendis. Eins og ég sagði er það sent hundruðum, ef ekki þúsundum manna hér á Íslandi. Það mun einkum vera um að ræða að blaðið fari til ýmissa framámanna, t. d. forustumanna í æskulýðsfélögum, skólafélögum, verkalýðsfélögum, og ég veit um dæmi þess, að tugum, ef ekki hundruðum eintaka af blaðinu hefur stundum verið dreift í ákveðnum framhaldsskólum hér í bænum og ætla ekki að fara nánar út í það. Þá hafa verið ákveðnar greinar í blaðinu sem útgefendur hafa sérstaklega talið ástæðu til að ungir Íslendingar á aldrinum 14—18 ára fengju í hendur, og það fer ekki á milli mála að í þessum greinum er rekinn skefjalaus áróður gegn því borgaralega þjóðskipulagi sem hérlendis ríkir. Þar með er raunverulega verið að heimila útgáfu á blaði sem vinnur gegn því þjóðskipulagi sem við höfum undirgengist að reyna að vernda. Því miður eru einstöku sinnum greinar í þessu blaði þar sem ofbeldi og manndráp eru lofuð, en þá eru þau lofuð sérstaklega í nafni svokallaðrar „þjóðfrelsisbaráttu“ og þá er það einnig með sérstöku tilliti til svokallaðra alþýðulýðvelda. Og það þarf ekki að tíunda það fyrir hv. þm., að flest þessara alþýðulýðvelda eru til orðin og stofnað til þeirra í gegnum blóðug og miskunnarlaus átök þar sem minni hl. hefur komist til valda með vopnuðum stuðningi m. a. þess ríkis, Sovétríkjanna, sem gefur út umrætt blað. Og því miður verður maður stundum var

við og getur raunverulega endurlesið efni þessa blaðs í sumum dagblaða borgarinnar. Ég ætla ekki að tíunda það frekar, enda var ég ekki undir það búinn að koma með þann samanburð í þingsali í dag. En hefði ég vitað að þessi umr. færi hér fram, þá hefði ég að sjálfsögðu gert ráðstafanir til þess að vera með nokkur eintök af Fréttum frá Sovétríkjunum og umræddum dagblöðum, þannig að hv. þm. hefðu getað séð hversu saman fara ákveðinn áróður, ákveðin túlkun eða ég vil segja ákveðnar skoðanir þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Að vísu eru ekki allir fulltrúar fjölmiðlanna mættir á sínum stað, en það var vissulega mjög eftirtektarvert sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði um þann starfsmann sovéska sendiráðsins sem bauð fram fé til þess að fá birt efni frá þessum aðilum í Alþýðublaðinu. Ég ætlaði að beina orðum mínum til fjölmiðlanna sérstaklega í þessu sambandi og í sambandi við þessa umr. og brtt. okkar. Við hljótum að vonast til þess og vænta þess, að sú brtt. og sú umr., sem hefur orðið um hana, fái jafnítarlega meðhöndlun og umfjöllun í fjölmiðlunum, ég tala nú ekki um hjá ríkisfjölmiðlunum sem eiga að þjóna þjóðinni í heild, en ekki hvað síst hjá þeim dagblöðum sem hafa gert sér mestan mat úr því, að Alþfl. hefur þegið títtnefndan stuðning, — þessi blöð geri það með myndarlegum hætti að vekja athygli á því sem fram kemur í brtt. okkar og baksviði þeirrar tillögu.

Í þessu sambandi rifjast það upp fyrir mér, að ég las á s. l. ári bók, sem kom út í Danmörku, eftir danskan fyrrv. kommúnista. Þessi bók heitir á íslensku: Styrjöldin sem aldrei varð. Þar lýsir þessi fyrrv. kommúnisti starfsemi kommúnistaflokksins fyrir seinni heimsstyrjöldina. Hann fjallar þar sérstaklega um undirróðursstarfsemi kommúnista á Norðurlöndum á tímabilinu 1920—1942 og lýsir mjög nákvæmlega skipulagi, vinnubrögðum og fjármagnsstreymi til þessarar starfsemi. Sú lýsing, sem fram kemur í þessari bók sem er í tveim bindum, skýrir margt og er mjög fróðleg lesning um það hvernig stórveldi, í þessu tilviki Sovétríkin, fjármögnuðu flokka, fyrirtæki og félög sem unnu að framgangi sósíalískra eða kommúníska hugmynda á Norðurlöndum á þessum árum. Ég ætla ekki að fara nánar út í það á þessu stigi að vitna í þessa bók og skýra frá því, hvað stendur í umræddri bók. En óneitanlega er það eftirtektarvert og gott til upprifjunar og umhugsunar, að í formála umræddrar bókar er vikið að því, að enn munu Sovétríkin og nú á síðustu árum Austur-Evrópu ríkin hafa svipaðan hátt á í sambandi við það að auka áhrif sín og þeirra kenninga sem þessi ríki eru grundvölluð á. Þau vinnubrögð, sem lýst er í bókinni, og þau vinnubrögð, að sovéska sendiráðið skuli gefa út jafnöflugt tímarit og við þekkjum, — þessi vinnubrögð fela í sér bein og óbein afskipti af þróun þjóð- og stjórnmála í vestrænum lýðræðisríkjum og þ. á m. hér á Íslandi. Og þá er rétt að hafa það í huga, að við búum við allt annað og frjálsara þjóðskipulag en alþýðulýðveldin svonefndu gera. Um er að ræða einhliða áróðurssókn af þeirra hálfu sem ekki er unnt að svara í sömu mynt á heimavettvangi. Þar er bannað að halda á lofti þeim mannréttindum sem okkur finnast sjálfsögð. Ég nefndi þetta aðeins til að undirstrika það, að það er óeðlilegt að erlend ríki hafi frjálsar hendur um útgáfu- og áróðursstarfsemi með þeim hætti sem að framan er lýst. Þess vegna legg ég áherslu á að brtt. verði samþykkt og það refjalaust, og ég ítreka það sem ég sagði í upphafi míns máls: brtt. er ekki fram komin til að tefja málið eða eyðileggja það, og ég legg einnig áherslu á það, að óþarft er að hún fari til nefndar. Það er sjálfsagt að hún verði samþykkt. Einnig finnst mér ekki tiltökumál þótt frv. að þeirri breytingu samþykktri hér í d. fari síðan til Ed. og fái þar afgreiðslu.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessar umr. að marki, en vegna þess að ég er varaformaður þeirrar n., sem stendur að nál. í málinu, kemst ég ekki hjá því að segja hér nokkur orð.

Ég held að þetta sé merkilegt frv. og það sé skynsamlegt að setja reglur í þá veru sem lagt er til að gert sé í þessu frv. um afskipti útlendinga af stjórnmálastarfsemi á Íslandi, því að vafalaust gæti svo farið einhvern tíma, ef þetta yrði að venju, að einhverjir þættust eiga hönk upp í bakið á skjólstæðingum sínum. Ég er ekki viss um að það sé neinum greiði gerður með því að koma þeirri venju á, að útlendingar leggi peninga í stjórnmálastarfsemi hér. Mér þykir vænt um þær upplýsingar sem komu fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að Alþýðublaðið hafði í hans tíð manndóm til þess að afþakka góð boð frá erlendum fréttamanni. Það er sannarlega til fyrirmyndar. Ég held að þetta sé góð ábending um starfsreglur í pólitík og ennfremur góð ábending til þeirra útlendinga sem e. t. v. hafa áhrif og áhuga á því að hafa áhrif á skoðanamyndun hér á landi.

Formaður n. er farinn af landi brott, og hér hefur komið til umr. lítils háttar boðun þess nefndarfundar þar sem málið var afgreitt. Þessi fundur var boðaður í lok þingfundar á miðvikudaginn var. Ég harma það ef hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur verið horfinn af fundi áður en fundi lauk og hefur ekki verið hér að gegna þingskyldum sínum. Ég treysti því að hann hafi verið alveg rétt nýsloppinn út úr dyrunum þegar þetta bar til, en því miður sat hann ekki þennan fund. Hins vegar held ég að það sé ástæðulaust að halda fund í n. út af brtt. sem hér hafa komið fram. Einn nm., hv. 1. þm. Suðurl., hefur nú lýst því yfir, að jafnvel þó að honum líki ekki vel þetta frv., þá skáni það við að fá þessar brtt. samþ. Ég hef átt tal við 4 nm. hér í d. og þeir sjá ekkert því til fyrirstöðu að standa að samþykkt þeirra. Ég hef aflað mér upplýsinga um það, að í raun og veru eru sumar þessar brtt. óþarfar og rekast á við lög og reyndar innifaldar að ýmsu leyti í frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, en ég leyfi mér að vitna til 41. gr. laga nr. 16 frá 1971, Vínarsamnings um stjórnmálasamband. Þar segir — með leyfi forseta — í 1. mgr. 41. gr.:

„Það er skylda allra þeirra, sem njóta forréttinda og friðhelgi, að virða lög og reglur móttökuríkis, en þó þannig að forréttindi þeirra eða friðhelgi skerðist eigi. Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis."

Þar með er náttúrlega nokkur broddur farinn úr þessum brtt. En við sjáum ekkert á móti því að samþykkja þær, ef einhverjum mönnum hér í deildinni þykir frv. batna við þetta.

Ég vil undirstrika þá skoðun mína, að ég held að þessu máli sé ekki stefnt gegn Alþfl. sérstaklega þó að hann hafi verið hafður nokkuð á orði. Ég held að Alþfl. stæði ekkert hallari jafnvel þó að Alþúðublaðið hætti að koma út. Mér finnst það ekki máttugur málsvari þess flokks. Það er ekki reglulega vel skrifað blað, og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er hættur að vera þar ritstjóri. Það var miklu betra í hans tíð, það vil ég leyfa mér að segja.

En Alþfl.-menn hafa átt greiðan aðgang í aðra fjölmiðla, m. a. í Dagblaðið hér í Reykjavík. Tengsl hafa legið milli Alþýðublaðs og útgáfufélags Vísis. Auk þess hafa sumir Alþfl.-menn haft prýðilega aðstöðu í ríkisfjölmiðlunum til þess að koma skoðunum sínum á framfæri, og þeir eru nú sennilega helsti vaxtarbroddur þess flokks á hinum pólitíska vettvangi. Þetta er ekki stór flokkur, Alþfl., en það eru til enn minni flokkar hér á landi. Það eru Samtök frjálslyndra og vinstri manna. Þau gefa út lítið blað sem ég held að sé ekkert máttlausara sem pólitískt málgagn heldur en það Alþýðublað sem hér hefur verið rætt um. Og a. m. k. var Frjáls þjóð, sem var fyrirrennari Nýrra þjóðmála, áreiðanlega máttugra pólitískt málgagn þegar það naut leiðsagnar manna eins og hv. þm. Ragnars Arnalds og fleiri ágætra stjórnmálamanna á þeim tímum.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég veiti því athygli, að þó að samnm. mínir í hv. allshn. virðist flestir ef ekki allir hafa fallist á réttmæti þeirra brtt. sem við berum fram sameiginlega, ég og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, á þskj. 911, þá virðist mér sem n. ætli ekki að verða við þeim tilmælum mínum, að gert verði smáhlé á þessari umr. þannig að n. geti komið saman. Ég vil aðeins láta það koma fram, að ástæðan fyrir því, að ég óskaði eftir því, var, eins og fram kom hjá hv. þm. Ingólfi Jónssyni, að bæði mér og honum gafst ekki tækifæri til þess að mæta á fundi allshn. þó að við fegnir vildum vegna þess einfaldlega að við fengum ekki fundarboð. Ég veit að það getur oft komið fyrir á síðustu dögum þingsins að ekki náist í alla nm. Hins vegar miðað við hvaða mál hér er um að ræða, þar sem í grg. er sérstaklega vikið að Alþfl. sem ástæðu fyrir því að þetta mál var flutt, þá finnst mér það dálítið vafasöm málsmeðferð að boða til fundar í allshn. Nd., þar sem ég á sæti sem fulltrúi Alþfl., án þess að mér sé gert viðvart og án þess að mér sé gefinn kostur á því að mæta. Ég vil aðeins taka fram til að ítreka þetta enn frekar, að ég vissi ekki betur en fundur þessi, sem var haldinn í allshn. seint á miðvikudaginn, yrði haldinn annaðhvort kl. 10 fyrir hádegi eða kl. 2 eftir hádegi í gær. Formaður n. hafði tjáð mér að fundurinn yrði haldinn á þeim tíma, og ég hefði tekið það sem fundarboð frá formanni n., að ég mundi verða kvaddur til þessa fundar annaðhvort kl. 10 fyrir hádegi eða kl. 2 eftir hádegi í gær. Það er ekki löng leið hér út í úthverfin frá Alþingishúsinu, en á þeim tíma sem ég fór frá Alþingishúsinu og til míns heima uppi í Breiðholti var nefndarfundurinn haldinn. Formaður hringdi í mig þegar ég var kominn heim, tjáði mér að fundinum væri lokið. Mér hafði ekki gefist kostur á að mæta þar, hafði ekki fengið fundarboð. Ég óskaði eftir því, að formlegur fundur yrði haldinn, og það varð að samkomulagi milli mín og formanns allshn., að ég skyldi ekkert gera til þess að tefja gang þessa máls, og því lét ég það gott heita að nál. yrði afgreitt eins og var gert án þess að fundurinn hefði verið löglega boðaður. Ég tek það fram, að ég ætla ekki heldur að gera aths. við þetta nú, mér finnst ekki ástæða til þess. En ég hélt satt að segja, miðað við öll þau mál sem enn bíða á dagskrá Nd., að það væri mætavel unnt að gera örlítið hlé á þessari umr. og annað mál þá væntanlega tekið fyrir á meðan svo að allshn. Nd. hefði a. m. k. möguleika til þess að koma saman til að athuga hvort ekki næðist samstaða um ákveðnar breytingar á þessu frv. En það virðist ekki vera ætlunin að gefa mér þennan kost sem nm. í allshn. og verður þá svo að vera. En mér finnst það ansi hart, þegar tillit er tekið til þess, að allir nm. eða a. m. k. flestir þeirra hafa tjáð sig meðmælta þeim brtt. sem við tveir þm. höfum flutt, og í ræðum manna hefur ekki komið fram annað en þeir gætu verið reiðubúnir til annarrar formbreytingar á frv. sem gerir ekki annað en að bæta það, og kem ég að því hér á eftir.

Eins og ég tók fram áðan, er í 1. gr. fjallað um að íslenskum stjórnmálaflokkum sé óheimilt að taka við gjafafé. Eins og bent hefur verið á er engin skilgreining til í íslenskum lögum um hvað sé stjórnmálaflokkur og hvað ekki. Menn hafa orðið að taka þann pól í hæðina að láta viðkomandi stjórnmálasamtök um það sjálf að segja til um hvort þau séu stjórnmálaflokkar eða ekki. Og það þarf ekki að minna menn á það, í hve miklum erfiðleikum menn hafa oft lent í sambandi við framboð og kosningar, t. d. til Alþingis, í sambandi við útvarps- og sjónvarpskynningar á flokkunum, að ekki er til skilgreining á því, hvað sé flokkur og hvað sé ekki flokkur. Litlir aðilar sem bjóða fram í fáum kjördæmum, fámenn samtök, hafa gert kröfu til þess að vera meðhöndlaðir sem stjórnmálaflokkar vegna þess að þau hafa sagst vera það, og menn hafa orðið að ganga til móts við þeirra sjónarmið.

Hvað þetta frv. sérstaklega varðar býst ég við að það mundi koma upp alveg þveröfugur póll í hæðina, ýmis samtök mundu skírskota til þess, að þau væru ekki stjórnmálaflokkur. Ég tók það sérstaklega fram, að einn af stærri stjórnmálaflokkum þjóðarinnar núverandi, Alþb., starfaði þannig í mörg ár að það taldi sig ekki vera stjórnmálaflokk, heldur aðeins kosningabandalag. Ég veit að hv. þm. Lúðvík Jósepsson telur það talsverð tímamót í sinni ævi þegar sú breyting var gerð á Alþb., að það var lagt niður sem kosningabandalag, en reist upp úr öskustónni sem stjórnmálaflokkur, þannig að ég stórefa að hv. þm. Lúðvík Jósepsson, jafnvel nú, vilji fallast á að frá fyrstu tíð hafi Alþb. verið stjórnmálaflokkur. Sama máli gegnir um fjölmörg önnur stjórnmálasamtök, eins og ég gat um hér áðan, t. d. um Fylkinguna á sínum tíma, t. d. um ýmis brot stjórnmálafélaga ungs fólks sem nú starfa í landinu. Margir þessir aðilar telja sig ekki vera stjórnmálaflokk. Ég held að það hafi líka verið talsverð tímamót í lífi forustumanna KSML, alveg eins og það voru tímamót í lífi Lúðvíks Jósepssonar þegar Alþb. hætti að vera kosningabandalag og varð flokkur sem hann varð síðar formaður fyrir, — þá held ég að það hafi verið talsverð tímamót í lífi ýmissa forustumanna KSML eða Marx-Leninista á Íslandi þegar þeir hættu að vera stjórnmálasamtök eða stjórnmálafélag og stofnuðu stjórnmálaflokk.

Að sjálfsögðu er næsta auðvelt að sjá við þessum vandkvæðum. Það virðist vera að menn, sem hér hafa talað, séu almennt sammála um að það eigi að nota víða skilgreiningu á orðinu stjórnmálaflokkur í þessu tilviki, að með orðinu stjórnmálaflokkur í þessu frv. sé átt við stjórnmálasamtök yfir höfuð, þau félög sem sérstaklega starfa sem stjórnmálafélög. Og það er næsta auðvelt að koma þeirri breytingu á framfæri við afgreiðslu frv. með því að gera þá orðalagsbreytingu á 1. og 2. gr., að þar sem segir að íslenskum stjórnmálaflokkum sé óheimilt að taka við gjafafé o. s. frv., þá verði sagt: íslenskum stjórnmálafélögum. Þetta er að sjálfsögðu aðeins orðalagsbreyting, sem ætti þó að verða til þess, að það, sem allir virðast sammála um, sem hér hafa talað, að sé

meiningin með þessu frv. og tilgangurinn með því verði þá enn skýrar frá gengið eftir þá breytingu heldur en áður. Og þetta er breyting sem ég gæti trúað að ætti mjög auðvelt uppdráttar í hv. allshn. En það verður víst svo að vera fyrst hv. forsvarsmönnum allshn. liggur svo reiðinnar ósköp á að afgreiða þetta mál nú á þessari stundu að þeir gefa ekki færi á því að gera einu sinni þær breytingar á málinu sem þeir þó lýsa sig samþykka úr ræðustóli hér í deildinni.

Þá vil ég enn fremur vekja athygli á því, að það er mjög óeðlilegt að setja lög um þessi efni án þess jafnframt að gera íslenskum stjórnmálaflokkum eða stjórnmálafélögum að skyldu að upplýsa fjármál sín, t. d. með því að birta ársreikninga sína. Það væri mjög eðlilegt, að um leið og þau lög eru sett, sem þetta frv. fjallar um, sé stjórnmálaflokkunum gert að skyldu að birta ársreikninga sína. Ýmsir mundu telja eðlilegt að sama ætti að gilda um kosningafjármál stjórnmálaflokkanna, en látum það nú vera. Alla vega ætti að vera nauðsynlegt, fyrst þessi skylda er lögð á herðar stjórnmálaflokkanna, að þá fylgi henni sú kvöð að þeir upplýsi um fjármál sín með birtingu ársreikninga bæði fyrir félagsmenn sína og allan almenning. Ég býst við að það væri mjög auðvelt að ná samkomulagi um slíka breytingu í hv. allshn., þ. e. a. s. að stjórnmálaflokkar væru skyldaðir til þess að birta ársreikninga sína, því að ég á varla von á því, að það mundi sæta mikilli andstöðu í n., heldur væri hægt að afgreiða slíkar breytingar fyrirhafnarlítið. En það virðist ekki eiga að gefa kost á því, eins og ég sagði áðan, eins og að málinu er staðið.

Þá er eitt vandamálið enn í sambandi við þetta frv. Það er að sjálfsögðu það, að stjórnmálaflokkur er ekki aðili að lögum, þannig að það getur verið talsvert erfitt að koma fram sektarákvæðum í 5. gr., eins og það er orðað. Að vísu er búið að fella niður varðhaldsúrskurðinn sem þar er um að ræða, enda setur víst enginn stjórnmálaflokk í fangelsi, jafnvel ekki okkur Alþfl.-menn sem erum ekki fleiri en raun ber vitni og hv. síðasti ræðumaður fjallaði hér mjög um.

Gallinn við þetta frv. er sem sé sá, að í fyrsta lagi er forustu stjórnmálaflokks ekki gert að skyldu að upplýsa félagsmenn flokksins og almenning um fjármál flokksins með birtingu ársreikninga. Í annan stað er verið að leggja refsikvöð á herðar væntanlegra forustumanna flokka sem geta verið alls óvitandi um þær fjárhagslegu ráðstafanir sem gerðar eru. Það er oft þannig í stjórnmálaflokkunum, eins og menn vita, að kannske eru einum eða tveimur fjáraflamönnum falin ákveðin hlutverk, við skulum segja í blaðrekstri, í rekstri ákveðinna stofnana eða fyrirtækja, í félagsheimilabyggingum og öðru slíku. Stjórnmálamennirnir og flokksforingjarnir treysta iðulega þessum mönnum fyrir því hlutverki sem þeir eiga að gegna. Samkv. þessu frv. eiga flokksforingjar að sæta refsiábyrgð fyrir athafnir þessara manna, án þess að frv. kveði um leið á um að þeim aðilum, sem fara með fjármál flokkanna, beri skylda til þess að gefa um þau upplýsingar. Ég býst við að menn mundu fljótt reka sig á að það yrði erfitt að koma þessu refsiákvæði fram.

Einu atriði enn vildi ég vekja athygli á í þessu sambandi, sem ég býst við að hafi einnig vakað fyrir hv. þm. Ingólfi Jónssyni þegar hann talaði hér áðan, öðrum allshn.-manni sem aldrei fékk fundarboðið og gafst ekki kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í n., en það er að það getur verið nokkuð erfitt að komast að niðurstöðu um hvað sé fjárstuðningur. Ég greindi frá því áðan, að starfsmaður í sendiráði einu hér í borg hefði komið til mín með boð um það, að ef ég vildi birta tiltekið efni sem ritstjóri dagblaðs í borginni skyldi hann greiða fyrir það efni eins og um auglýsingu væri að ræða. Og nú spyr ég: Væri það fjárstuðningur ef slíkt boð hefði verið þegið? Væri það fjárstuðningur eða væri aðeins um það að ræða, að þarna væri verið að greiða fyrir auglýsingu með eðlilegu verði? Búast má við að ýmsum undanbrögðum verði beitt í þessa átt, en það getur verið harla erfitt að segja til um í þessu sambandi hvað er fjárstuðningur og hvað ekki, því að það er vandalítið að koma málum þannig fyrir að fjárstuðningurinn, sem er ekki annað en óbeinn eða beinn stuðningur, sé þannig framkvæmdur að það virðist vera að um borgun sé að ræða fyrir veitta þjónustu, þannig að þarna er einnig atriði, eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson raunar tók fram, sem þarf vissulega að hugleiða betur.

Þá er einnig spurningin um það, sem menn þurfa að átta sig á, að í frv. segir t. d. að það nái til hvers konar stuðnings sem metin verður til fjár þ. á m. til greiðslu launa starfsmanna eða gjafa í formi vörusendinga o. s. frv., o. s. frv. Nú eru þegar starfandi hér á Íslandi a. m. k. einn, ef ekki tveir menn, sem eru greidd laun úr sameiginlegum erlendum sjóðum. Ég veit t. d. ekki annað en laun framkvæmdastjóra Varðbergs séu greidd af Atlantshafsbandalaginu. Alþfl.-menn á Norðurlöndum hafa t.d. með sér formleg samtök. Ungir Alþfl.-menn á Norðurlöndum hafa t. d. með sér samtök, sem heita FMSU, þ. e. a. s. Samband ungra jafnaðarmanna á Norðurlöndum. Þessi samtök hafa skrifstofu í Kaupmannahöfn. Þau hafa þar starfsmenn á launum, bæði danska og sænska. Ef þessi skrifstofa væri staðsett hér á Íslandi, en ekki í Danmörku, þá væri sem sé bannað að reka þá starfsemi sem þar er rekin vegna þess að hér er um að ræða starfsmenn fjölþjóðlegra stjórnmálasamtaka sem taka laun úr sameiginlegum sjóði þeirra. Með þessu móti værum við sem sé að leggja bann við því, að t. d. flokkar jafnaðarmanna á Norðurlöndum gætu sett upp norræna skrifstofu hér í Reykjavík eða samtök frjálslyndra flokka á Norðurlöndum, samtök vinstri flokka á Norðurlöndum o. s. frv., o. s. frv., þannig að ég held að það sé rétt hjá hv. þm. Ingólfi Jónssyni, að menn ættu að huga betur að því sem verið er að gera hér, vegna þess að ég held að það sé mesti misskilningur hjá hv. þm. Ingvari Gíslasyni, að í þessari deild eða hinni á hv. Alþ. séu menn sem séu alfarið á móti því að setja skorður við því að íslenskir stjórnmálaflokkar taki á móti gjafafé. Ég hef ekki orðið þess var. Ég hef að vísu ekki hlustað á umr. í Ed., en ég hef ekki orðið þess var, að þau sjónarmið hafi komið fram hér.

Ingvar Gíslason, hv. þm., hefur tvisvar lýst því yfir héðan úr ræðustól með miklum þjósti, að í þessari hv. d. séu menn sem berjist með kjafti og klóm gegn því að þetta frv. nái fram að ganga. Ég er búinn að hlusta á þessar umr. síðan þær hófust hér, og ég hef ekki orðið var við að nokkur þm. kæmi hingað upp í ræðustól til þess að veitast gegn þessu frv. eða beita sér gegn því að það verði samþykkt, þvert á móti, þannig að hv. þm. Ingvar Gíslason hlýtur að eiga við einhverja allt aðra menn heldur en hingað til hafa talað og einhverja allt aðra menn heldur en sitja í þessari deild, því að ég veit ekki til að nokkur þm., sem í þessari deild situr, sé á móti þeirri hugmynd sem í þessu frv. felst. Það eina, sem deilt er um, er

einfaldlega það: Á þingið og þ. á m. þessi hv. deild að reyna að gera það sem það best getur til þess að sjá við annmörkum á frv. sem stinga í augu?

Ég hef ekki öllu meira að segja um þetta mál á þessu stigi. Ég hefði óskað eftir því, eins og ég sagði áðan, að allshn. gæfi sér tíma til þess að fjalla aðeins um þetta frv. frekar en hún hefur gert, m. a. í þá veru að gera þær tiltölulega lítilvægu breytingar á frv. sem í ljós hefur komið við umr. að allir, sem talað hafa úr þessum ræðustól, eru sammála um að gera þurfi. En aðeins virðist skorta vilja til þess að setja þær á blað og til að halda fund um þær, og þá verður svo að vera.

Í sambandi við söguna sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði áðan um dulinn fjárstuðning erlendis frá við íslenska stjórnmálaflokka, vil ég aðeins geta þess, sem ég býst við að hv. alþm. viti, að fyrir ekki mjög löngu kom út bók sem heitir að mig minnir „Í álögum", eftir mann sem um margra ára bil var einn af æðstu mönnum kommúnista í Þýskalandi og sá m. a. um flutning á fjármagni frá alþjóðasamtökum kommúnista víðs vegar út um Evrópu. Í þessari bók, sem kom út á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu meðan það var og hét, skýrir þessi ágæti fyrrv. kommúnisti og einn af þeirra helstu forustumönnum í Vestur-Evrópu frá því, að ákveðnum aðferðum hafi verið beitt og ákveðnar leiðir verið valdar til þess að koma fjárstuðningi í formi beinharðra peninga frá alþjóðasamtökum kommúnista víða út um Vestur-Evrópu, m. a. hingað til Íslands. Og hann nefnir líka í þessari bók hvernig það hafi verið gert og hvaða skipafélag þar komi við sögu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði, enda er hér mál að mínu viti sem hvorki þarf að halda margar ræður um né langar.

Ég vil segja það strax sem mína skoðun, að ég tel að sjálfsagt sé að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir og ég held að allir þm. og allir íslenskir stjórnamálamenn hljóti að geta verið sammála um, að það sé ekki bara æskilegt, heldur raunar nauðsynlegt að slíkt sé gert, því að það hlýtur að vera öllum Íslendingum efst í huga að skoðanamyndun hér á landi verði ekki vegna áhrifa erlends fjármagns, e. t. v. fyrst og fremst.

Af því að það hefur komið hér fram hjá sumum ræðumönnum a. m. k., að hér væru innan dyra einhverjir þm., sem líklega væru andvígir þessu máli og vildu drepa því á dreif eða jafnvel koma í veg fyrir að það næði fram að ganga nú, og þar tilnefndir fyrst og fremst þm. Alþfl., þá vil ég segja það, að mér finnst afar ólíklegt að það sé bara til í dæminu, að þm. Alþfl. hér í d. vilji á nokkurn hátt bregða fæti fyrir svo sjálfsagt mál sem hér er um að ræða. Ég á a. m. k. eftir að sjá það, að þeir greiði atkv. á móti þessu frv., og byggi ég þá skoðun mína á því, að á 98. löggjafarþingi, þ. e. a. s. árið 1976—1977, var flutt till. til þál. af öllum þm. Alþfl., hverjum og einum einasta, þess efnis, að samdar yrðu afdráttarlausari reglur og lagaákvæði er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum umfram það sem starfsréttindi þeirra kveða á um. Í þessari till. segir með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að óska eftir því við fjmrh., að hann feli þeim aðilum, sem starfa að endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanns, að þeir geri sérstaklega till. um ný og afdráttarlausari fyrirmæli en nú er að finna í lögum, er banni opinberum starfsmönnum að veita viðtöku umtalsverðum gjöfum, endurgjaldslausri þjónustu, sérstökum fríðindum eða óvenjulegri fyrirgreiðslu umfram starfsréttindi, er meta má til peningaverðs, frá opinberum aðilum, einstaklingum eða fyrirtækjum sem viðkomandi starfsmaður hefur starfsleg samskipti við. Auk þess skal í till. kveðið á um skyldu opinbers starfsmanna til þess að upplýsa til réttra aðila um þau fríðindi, gjafir, endurgjaldslausa þjónustu o. s. frv. er hann kynni að hafa þegið, svo og um viðurlög við brotum. Jafnframt verði þeim aðilum, er þessa endurskoðun á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa með höndum, falið að gera till. um sambærilegar reglur varðandi ráðh. og alþm., sveitarstjórnarmenn og starfsfólk sveitarstjórna svo og um aðra þá sem ráðnir eru eða kjörnir til opinberra starfa, og þá sérstaklega lagasetningu þar um ef þurfa þykir, svo og að gera till. um þær breytingar á öðrum lögum, svo sem eins og almennum hegningarlögum, sem gera þyrfti í þessu sambandi."

Svo mörg eru þau orð. Þessi þáltill. mun, að því er ég best veit, aldrei hafa verið rædd. Hún mun ekki heldur, eftir því sem ég best veit, hafa verið endurflutt nú á þessu þingi. Eigi að síður tel ég að svo verði að líta á, að þetta sýni fyrst og fremst hugarfarið til þess að ekki sé um mútuþægni að ræða á einu eða neinu sviði. Ég vil því skoða þetta frv., sem hér liggur fyrir, sem annað skrefið í þeirri siðbótarvæðingu og siðbótartali sem þeir Alþfl.-menn hafa tekið upp, og þökk sé þeim fyrir það, a. m. k. að vissu marki. Ég get því ekki með nokkru móti séð að þeir geti á einu eða neinu stigi, með tilliti til þess sem þeir hafa gert á Alþ. fyrir stuttu, reynt að drepa þessu máli á dreif eða greiða atkv. gegn því hér. Það væri í algerri andstöðu við það sem þeir hafa flutt hér sjálfir fyrir stuttu. Og ég hef enga trú á því, fyrr en ég þá sé það, — að vísu er enginn þeirra nú inni eins og er, — að þeir geri slíkt. Ég hefði því talið miklum mun æskilegra og elilegra með hliðsjón af þessari fyrri þáltill., að við hefðum séð hér þá þm. Alþfl. sem eru í þessari d., alla þrjá, miklu fremur heldur en sjá að hér er aðeins einn Alþfl.-þm., flm. að frv. og sá þm. sem mér skilst, að Alþfl. sé búinn að ákveða að losa sig við. (Gripið fram í) Ég veit það. Alþfl.-þm. er hann eigi að síður.

Ég lít svo á, sem sagt, að þó að menn séu með getgátur hér um það, að Alþfl.-þm. og einhverjir þm. Sjálfstfl., — það á að vísu eftir að koma í ljós, þeir hafa engir flutt slíka þáltill,, eins og hér er hægt að vitna til um Alþfl., um að koma í veg fyrir mútuþægni eða óæskilegar gjafir, — þá hef ég ekki trú á því, að það sé neinn þm. á Alþ. sem vilji koma í veg fyrir að þetta frv. fari í gegn. Ég hef enga trú á því. Ég vil því í lengstu lög taka upp hanskann fyrir þá þm. Alþfl., þangað til ég sé að þeir hafa horfið frá því góða sem þeir fluttu hér 1976 allir sem einn, til þess að koma í veg fyrir að taka næsta skrefið, sem ég lít svo á að þetta frv. sé, í áframhaldi af þeirri þáltill. sem þm. Alþfl. fluttu 1976.

Það var einvörðungu þetta sem ég vildi koma á framfæri til þess að menn myndu eftir því, hverjir hófu innreið siðbótartalsins á Alþ. á sínum tíma. Það er ástæðulaust a. m. k. að sinni að ætla þeim hinum sömu það, að þeir ætli nú að koma í veg fyrir að siðbótaráhrifin haldi áfram að verka í þjóðfélaginu. Undir engum kringumstæðum held ég að þeir geti sóma síns vegna á neinu stigi reynt að bregða fæti fyrir þetta frv.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti hér skrýtna tölu áðan. Hann kom mér þar nokkuð á óvart. Ég hélt að Guðmundur H. Garðarsson væri það sem við nefnum „litterer", Ég hef orðið var við að hann hefur áhuga á góðum bókmenntum, les mikið góðar bókmenntir, er næmur fyrir góðum bókmenntum, og reynsla mín er sú, að slíkir menn nenna yfirleitt ekki að lesa samsetning eins og þann sem birtist í því tímariti sem hann nefndi, þ. e. a. s. Fréttir frá Sovétríkjunum. Ég segi fyrir mig: ekki nenni ég því. Ég fæ að vísu ekki nema eitt eintak af því, kasta því venjulega beint í körfuna. En hv. þm. sagðist fá þrjú, svo að verið getur að þessu valdi meðfædd háttvísi hv. þm. og honum finnist það lágmarkskurteisi af sinni hálfu, af því að hann fær þrjú eintök, að lesa a. m. k. eitt.

Ég vona að hv. þm. misskilji mig ekki. Ég er alveg sammála honum um það, að auðvitað eigum við að setja skorður við útgáfustarfsemi af þessu tagi. Og ég hlakka til þegar við höldum áfram þessari siðbót, hlakka til, ef við verðum báðir á þingi næsta vetur, að flytja með honum till. um það t. d. að skyggnst verði inn í starfsemi samtaka sem nefna sig Samtök áhugamanna um vestræna samvinnu, Varðberg og annað slíkt. Varðberg, eins og nefnt hefur verið hér í ræðu, hefur hér mann á launum til þess að útbreiða sinn fagnaðarboðskap. Það skyldi ekki vera kominn tími til að draga úr því ofurlítið líka? Vegna þess að þessi tónn er í hv. þm., þá er ég ekki í neinum vafa um að hann verður tilbúinn næsta vetur að flytja með mér tillögur af þessu tagi.

Annar nokkuð svo skrýtinn kafli var hjá hv. þm. þar sem hann vitnaði í bók sem hann hafði lesið um undirróðursstarfsemi kommúnistaflokka fram til 1942, kommúnistaflokka á Norðurlöndum. Ég vek athygli á því, að sú „undirróðursstarfsemi", sem hv. þm. nefnir svo, mun þá hafa átt sér stað af hálfu þessara kommúnista á Norðurlöndum, eitt árið, síðasta árið, mun þá síðustu árin hafa beinst gegn nasistum. Þessar þjóðir voru þá undir járnhæl nasista. Þarna verður snögglega stans á. Þessi maður, sem er fyrrv. kommúnisti, hefur ekki lengri sögu að segja. Ég vona að þessi snöggi stans hafi ekki stafað af því, að félagar mannsins hafi allir verið leiddir fyrir aftökusveitir nasista.

Vitaskuld eigum við að torvelda undirróðursstarfsemi, bægja henni sem mest frá landi okkar. Og af því að þessi tónn er í hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, þá sem sagt hlakka ég til, ef við verðum hér á þingi áfram, að þá berum við gæfu til að ganga enn þá lengra og reisa skorður við ýmiss konar starfsemi af þessu tagi úr öðrum áttum.

Ég skil satt að segja ekki afstöðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Hann flytur hér till. með hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, og Guðmundur H. Garðarsson flytur þessa till. auðvitað í þeirri góðu trú, að það vaki fyrir hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að fá þessar till. samþykktar til þess að bæta þetta frv. Nm. viðkomandi n. eru búnir að lýsa yfir að þeir styðji þessar till. Hv. þm. Páll Pétursson kom hér upp áðan og sagðist hafa talað við nm. og þeir styddu þessar tillögur. Ég skil satt að segja ekki þessa afstöðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Ég veit ekki hvað hann ætlast til að gerist helst í n., annað en það þá að hann ætli að fara að þvarga um eigin tillögur. Ég lýsi yfir stuðningi við tillögurnar og þá í trausti þess, að það hindri ekki endanlega afgreiðslu frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 905 um að vísa frv. til ríkisstj. tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 911,1 samþ. með 32 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 911,2 samþ. með 34 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 911,3 samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Neðri deild, 99. fundur.

Föstudaginn 5. maí, að loknum 98. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 847, 880, 913). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. kom saman á örstuttum fundi og leit á tvær brtt., ræddi þær og gerði shlj. samþykkt um að standa að flutningi þeirra. Brtt. liggja nú fyrir á þskj. Hin fyrri þeirra, sem er við 8. gr., er til þess flutt að afmarka betur heimildarákvæði um ferðakostnað sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar læknismeðferðar eða meðferðar í sjúkrahúsi. Síðari brtt., við 10. gr., er nánast leiðrétting, sem leiðir af þeirri samsteypu tveggja frv. sem voru grundvöllurinn að þessu frv. Ég gerði raunar grein fyrir þeirri brtt. í framsögu við 1. umr. málsins og hygg að ekki þurfi fleiri orðum að fara um það. Fleiri brtt. hefur n. ekki lagt til að gerðar verði.

Vilborg Harðardóttir: Herra forseti. Eins og ég gat um við 1. umr. hef ég leyft mér að leggja fram brtt. við þessa svokölluðu endurskoðun sem fram hefur farið á lögum um almannatryggingar, og það er m. a. vegna þess, að ég vil sýna það í verki, að mér finnst vera nauðsyn á að þm. notfæri sér þann rétt sem þeir hafa til þess að bera fram till. um breytingar á þessum lögum en sá réttur hefur satt að segja vart verið í gildi undanfarin tvö ár, þar sem öllum till., sem hafa komið frá einstökum þm. um þessi efni, hefur raunverulega verið vísað frá á þeirri forsendu að verið væri að endurskoða lög um almannatryggingar. Hins vegar hefur komið í ljós — og það reyndar strax í upphafi nefndarstarfa hjá þeirri n. sem undirbjó frv. — að hún ætlaði sér alls ekki að taka til greina neinar till. frá þm. En þetta hefur verið svona í reynd, að þær hafa ekki fengist afgreiddar á þeirri forsendu að verið væri að endurskoða lögin.

Ég hef leyft mér að flytja brtt. í þrem liðum á þskj. 880. Till. eru svo hljóðandi:

a. 3. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

„Tryggingayfirlæknir metur ásamt lífeyrisdeildarstjóra og félagsráðgjafa örorku þeirra sem sækja um örorkubætur."

Þessi till. er flutt hér samkv. ábendingu starfsfólks í

Tryggingastofnuninni, enda er fullkomlega óeðlilegt að þetta mat sé í höndum eins manns þó að hann sé menntaður læknir. Það eru miklu fleiri atriði, sem koma til greina við mat á örorku, heldur en bara læknisfræðilegt mat, og þess vegna legg ég til að félagsráðgjafi fái hér um að fjalla og eins deildarstjóri lífeyrisdeildar. Þetta mál hefur reyndar verið flutt áður á Alþ., en fékk ekki afgreiðslu.

Í öðru lagi flyt ég brtt. sem yrði 4. gr. Hún er um að niður falli í 14. gr. laganna, 1. mgr., orðin „enda eigi barnið lögheimili hér á landi." Í reynd hefur þetta verið svo, að þetta hefur ekki tekið til margra. Það eru nokkrir einstaklingar sem um er að ræða. En það hefur verið þannig í reynd, að börn, sem af einhverjum ástæðum hafa verið búsett erlendis, en samt verið undir forræði fólks hér á landi, hafa ekki fengið þessar bætur.

Og svo er það í þriðja lagi brtt. um að niður falli í 17. gr. laganna 1. mgr., orðin „innan 67 ára aldurs." Þessi till. er flutt vegna þess, að mér finnst vera algerlega óþarfi og meira en lítið skrýtið að taka þessar bætur af fólki sem er komið yfir 67 ára aldur og jafnvel nýtur ekki annarra launa en ellilauna.

Ég held að ég þurfi varla að rökstyðja þessar till. meira hér, þær skýra sig sjálfar. En ég vil taka fram að þetta er allt saman gert fyrir ábendingar fólks sem vinnur í Tryggingastofnuninni. Hins vegar vil ég endurtaka þá gagnrýni sem ég hef komið fram með hér áður, að mér finnst það algerlega óviðunandi afgreiðsla hér á þingi að láta fresta og grafa öll mál, sem almannatryggingarnar snerta, í tvö ár vegna einhverrar endurskoðunar sem að vísu hefur verið gerð, en hefur alls ekki tekið til nærri því allra atriða laganna.

Að lokum langar mig til að minnast á eitt ákvæði til bráðabirgða sem hér hefur einstaka sinnum verið spurt um, en það er um það, að fyrir árslok 1975 átti heilbr.-trmrh. að láta fara fram könnun í fyrsta lagi á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega, og átti hún að ná bæði til einstaklinga og hjóna er njóta elli- og örorkulífeyris, og í öðru lagi á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hliðsjón af þessari könnun átti að vera höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga og síðan við ákvörðun barnalífeyris. Ég minni bara á þetta svona í framhjáhlaupi til að sýna enn betur fram á hversu hefur verið komist hjá að sinna þessum málum á þeirri forsendu að þessi endurskoðun væri í gangi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 880 felld með 21:10 atkv.
3.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 913,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 913,2 samþ. með 31 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
11.—15. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Neðri deild, 100. fundur.

Föstudaginn 5. maí, að loknum 99. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 925 (sbr. 847)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Heyrnleysingjaskóli, frv. (þskj. 796, n. 908). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það frv., sem hér um ræðir, er komið úr Ed. og var þar samþykkt shlj. og óbreytt frá því sem það var lagt fram. Þetta frv. fjallar um það, að við Heyrnleysingjaskólann skuli starfa framhaldsdeild.

Menntmn. Nd. hefur haft þetta mál til umfjöllunar og n. mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt eins og það barst frá Ed. Tveir hv. nm. voru ekki viðstaddir afgreiðsluna: Gunnlaugur Finnsson og Ellert B. Schram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 924, 905). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vek athygli á því, að við atkvgr. að lokinni 2. umr. var samþykkt brtt. frá okkur hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni og frekar þrjár en ein og málið síðan samþ. mótatkvæðalaust og afgreitt til 3. umr. Ég hef þegar flutt frávísunartillögu við frv. í heild. Ég tel að breytingarnar, sem gerðar voru við 2. umr., hafi verið mjög til bóta, en samt sem áður sé rétt að vanda frv. þetta enn meir, m. a. í þá veru sem ég hef bent á.

Ég er sammála því, að nauðsynlegt sé að setja lög um þær hugmyndir sem í þessu frv. felast, og styð það út af fyrir sig, en tel að eins og gengið er frá frv. verði það illframkvæmanlegt og meiningarlítið. Ég held mig sem sé við þá frávísunartillögu sem ég flutti, jafnframt því sem ég bendi á það, að við 2. umr. málsins, atkvgr. sem þá fór

fram, voru brtt. okkar Guðmundar H. Garðarssonar samþykktar mótatkvæðalaust og frv. samþ. mótatkvæðalaust, svo breytt.

ATKVGR.

Till. á þskj. 905 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 27:5 atkv.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 919 (sbr. 824)). — Ein umr.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að vekja athygli á orðalagi sem mér þykir mjög orka tvímælis í þeim brtt., sem samþ. hafa verið í Ed. Þessar brtt. eru á þskj. 888 og þar segir að við í 14. gr., lið 10, bætist:

„Ráðh. getur í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir fellt niður einn eða fleiri af málsliðum þessarar greinar."

Ef við lítum á hvaða grein þetta er sjáum við að hér er um undanþáguákvæði að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að þrátt fyrir framangreinda skiptingu í heilsugæslusvæði eigi heilsugæslustöð í Stykkishólmi þar til öðruvísi verður ákveðið að þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal að sjá um læknismóttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn að þjóna Skeggjastaðahreppi. Eflaust er þessi grein komin inn til þess að gera ráð fyrir því, að ráðh. geti í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir fellt niður að þessar heilsugæslustöðvar þjóni viðkomandi sveitarfélögum. Ég held þess vegna að orðalag sé þarna harla óheppilegt, því að ef við lesum þarna málið eins og það stendur: „Ráðh. getur í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir fellt niður einn eða fleiri af málsliðum þessarar greinar," þá hlýtur að koma spurning upp um það, hvort ráðh. ásamt sveitarstjórnum hafi vald til þess að fella niður málsl. úr lögunum eða breyta lögunum. Ég skil þetta a. m. k. þannig. Þess vegna var ég nú, þegar boðað var að þetta yrði á dagskrá, að hripa upp brtt. sem ég tel að nái þeim tilgangi sem þarna er og að þessi brtt. hljóði þannig:

„Ráðh. getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsliða samkv. 2.—9. mgr. þessarar greinar."

Þá er það skýrt að það er ekki verið að breyta lögunum, heldur er verið að ákveða um framkvæmd þessarar greinar.

Ég vildi gjarnan vekja athygli á þessu, hvernig menn skilja það og hvort þeim sýndist að hér yrði betur orðað eða skýrar orðað. Þessi brtt. mín er að sjálfsögðu allt of seint fram komin, en ég legg hana hér með fyrir, ef mönnum sýndist svo að það væri hægt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 926) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 926 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og endursent Ed.

Efri deild, 101. fundur.

Föstudaginn 5. maí, kl. 6.10 síðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 917). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fyrr á þessu þingi var lagt fram frv. á þskj. 417 um breyt. á l. nr. 120 frá 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum. Þm. er í fersku minni að í des. 1976 voru samþ. á Alþ. ný tollskrárlög. Lögin mörkuðu framhald þeirrar tollastefnu, sem mótuð var með lögum um sama efni frá 1970 og 1974, og kváðu á um samningsbundnar tollalækkanir vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Jafnframt þessum breytingum voru gerðar umfangsmiklar breytingar á undirskiptingu vöruliða í íslensku tollskránni, en breytingar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins höfðu verið samþykktar í ársbyrjun 1976 af ráðinu fyrir tilstilli Tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Ástæðan til þess, að frv., sem hér er til umr. með áorðnum breytingum, var flutt, er sú, — ég gat í fjárlagaræðu minni um framlagningu þessa frv., — að brýna nauðsyn ber til að samræma íslensku tollskrána þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins frá því að hún var gefin út að nýju í jan. 1977 með áorðnum breytingum.

Eins og kunnugt er var ákveðið í heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar frá 1963 að taka upp tollskrárgerð eftir tollnafnaskrárbreytingu Tollasamvinnuráðsins í Brüssel eins og skrá þessi var árið 1959. Tollnafnaskráin var áður þekkt undir heitinu Brüsseltollskráin, en upphafleg gerð hennar var frá árinu 1950 svo og alþjóðleg samþykkt um hana. Um 40 þjóðir eru í dag aðilar að samþykkt þessari, en um 130 þjóðir munu hins vegar hafa tekið upp tollskrár, sem eru í grundvallaratriðum byggðar á tollnafnaskrá Tollasamvinnuráðsins.

Frá árinu 1963, að Ísland tók upp fyrrgreinda tollskrá, hefur 21 breytingaskrá verið samþ. á tollnafnaskránni. Hefur verið leitast við að breyta íslensku tollskránni jafnóðum til samræmis við breytingar þessar, þannig að notið yrði þess hagræðis sem er því samfara að hafa sama tollskrárform og allar helstu viðskiptaþjóðir okkar. Við síðustu heildarendurskoðun íslensku tollskrárinnar árið 1976 var tollskráin þannig m. a. færð til samræmis við nýja útgáfu tollnafnaskrár Tollasamvinnuráðsins í tengslum við samræmingu þeirrar síðar nefndu við hina tölfræðilegu vöruskrá Sameinuðu þjóðanna, eins og áður getur. Jafnframt var tollskránni breytt til samræmis við breytingarskrár nr. 20 og 21, sem höfðu verið gerðar í ársbyrjun 1976.

Tollasamvinnuráðið samþykkti í júní 1976 umfangsmiklar breytingar á tollnafnaskránni sem leiða munu til verulegrar fækkunar á vöruliðum. Vöruliðirnir, sem falla niður vegna breytinga, eru fyrst og fremst vöruliðir sem komið hefur í ljós við samræmingu tollnafnaskrár Tollasamvinnuráðsins og vöruskrár Tölfræðistofnunar Sameinuðu þjóðanna að eru óþarfir þar eð vöruliðirnir

taka til vara sem að magni til eru mjög lítilvægir í alþjóðlegum viðskiptum. Í bréfi Tollasamvinnuráðsins frá 12.7. 1977 segir um breytingar þessar, að þar sem engar aths. hafi borist ráðinu frá aðilum að samþykkt um vöruflokka í tollskránni komi breytingar til framkvæmda frá og með 1. jan. 1978.

Síðan frv. var lagt fram hafa komið frá Tollasamvinnuráðinu aths. sem leiddu til þess, að á þskj. 558 flutti meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. brtt. og er þskj. 861 frv. með áorðnum breytingum. Enn voru að berast aths. og ég flutti því við 3. umr. málsins í Nd. brtt. á þskj. 912 og voru bæði brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. við 2. umr., svo og þær sem ég flutti við 3. umr., samþykktar og er frv. nú þskj. 917. Brtt., sem gerðar voru í Nd. og ég gat um áðan, voru til samræmis við atriði og ábendingar sem komið höfðu frá Tollasamvinnuráðinu. Auk þess voru gerðar örfáar breytingar á tolltöxtum landbúnaðarvéla, en í ljós hafði komið að við sameiningu á tolltöxtum á Alþingi 1976 hafði samræming ekki átt sér stað á örfáum númerum sem lagfærð hafa verið nú með brtt. á þskj. 912.

Ég fjölyrði ekki meir um frv., en leyfi mér að leggja til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vonast til þess, að nm. hafi þann kunnugleika á málinu frá meðferð þess í þingi að takast megi að afgreiða það sem lög nú áður en þingslit verða. Það er vissulega nauðsynlegt og til hagræðis fyrir alla þá sem viðskipti þurfa að stunda að við höfum tollskrá sem er í sem mestu samræmi við tollskrár þeirra þjóða sem við skiptum mest við.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., fjallar einungis um nokkrar tæknilegar breytingar á lögum um tollskrá, en í því felast ekki neinar breytingar á gildandi tolltöxtum. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þessar brtt., sem hæstv. ráðh. flytur, eiga fyllsta rétt á sér. Ég hefði hins vegar talið að ástæða hefði verið til að nota þetta tækifæri til nokkurra efnisbreytinga á tollalögum, — breytinga sem miklu varða allan almenning í landinu.

Ég var á bændafundi norður í landi nú fyrir skemmstu og varð þá var við, að eitt af því, sem bændur kvarta hvað mest um, er m. a. það óréttlæti sem þeir eru beittir varðandi tollmeðferð á vörum og tækjum í landbúnaði. Bóndi í Skagafirði stóð upp og spurði mig hvernig í ósköpunum stæði á því, að ef síldarbræðsla pantaði skilvindu í verksmiðju sína, þá þyrfti hún ekki að borga neinn toll af því verkfæri, en ef mjólkurbú þyrfti á skilvindu að halda, sem væri kannske nákvæmlega eins að allri gerð og samsetningu, kannske nákvæmlega sama verkfærið, bara með öðru heiti, pantað af öðrum aðila, — sennilega eitthvað ofurlítið öðruvísi, því að ég geri ráð fyrir að öðruvísi skilvindur þurfi fyrir mjólk heldur en síldarlýsi eða loðnulýsi, — þá þarf að greiða talsverðan toll. Þetta þykir bændum hér á Íslandi afskaplega einkennilegt. Og síst af öllu skilja þeir það, að þetta misræmi skuli hafa skapast á þeim árum þegar Framsfl. hefur hvað mestu ráðið um meðferð landbúnaðarmála.

Þetta var ekki svona, hlutir af þessu tagi voru í nákvæmlega sama tollnúmeri fyrir nokkrum árum. En vegna þess að iðnaðurinn hefur verið settur í sérstaka kreppu með aðild Íslands að EFTA og viðskiptasamningi við Efnahagsbandalagið, sem haft hefur í för með sér miklu harðari samkeppni af hálfu erlendra aðila, þá hefur verið leitast við að bæta aðstöðu innlendra framleiðenda m. a. með tollalækkunum sem hafa komið út á þann veg, að í dag er orðin mikil mismunun milli atvinnugreina.

Ég tel að hér sé um svo stóralvarlegt mál að ræða, að ekki verði við unað, og ég vil eindregið skora á hv. Ed. og hv. fjh.- og viðskn. d. að taka til athugunar hvort ekki kæmi til greina að gera nokkrar efnisbreytingar á gildandi ákvæðum um tollmeðferð þannig að landbúnaðurinn verði ekki öllu lengur annars flokks atvinnugrein í landinu. Og ég vil sérstaklega skora á hv. þm. Sjálfstfl. að athuga hvort þeir mundu ekki vera reiðubúnir til að taka þátt í breytingum af þessu tagi, því að mér virðist á öllu að hv. þm. Framsfl., sem hafa haft landbúnaðinn á hendi á undanförnum árum, séu ekki sérlega líklegir til þess að standa að slíkum breytingum. **(Gripið fram í:** Er þetta ástarjátning?) Ég held nú að ástarjátningar eigi enhvers staðar annars staðar við en í umr. um tollamál, jafnkaldranaleg sem þau eru. Ég hef ekki sagt þessi orð að ástæðulausu. Ég áfellist Framsfl., sem hefur haft með landbúnaðarmál að gera nú um margra ára skeið, fyrir að láta þessa þróun yfir sig ganga. Ég undrast það. Ég er hins vegar minna hissa á því, að þeir sjálfstæðismenn skuli ekki hafa rekið augun í þetta því að þeir hafa ekki haft með málin að gera. En ég leita eftir samstöðu með Sjálfstfl.-mönnum um það að knýja Framsfl. til að gera breytingar á þessu atriði.

Margt fleira þyrfti að breytast í tollalögum heldur en ákvæði um mjólkurskilvindur. Ég minni á heyblásara sem einnig bera toll. Þar er um að ræða verkfæri sem er mjög nauðsynlegt í landbúnaði og alveg ástæðulaust að um sé að ræða álögur á landbúnaðinn með því að tollur sé lagður á þetta nauðsynlega tæki sem aðeins er til þess fallið að gera landbúnaðarvörur dýrari og þar með minnka neyslu þeirra og eiga þátt í þeim vanda sem skapast hefur í landbúnaðarmálum. Nefna mætti önnur mjög nauðsynleg verkfæri, eins og plóga eða vélar til sáningar og plöntunar eða vélar til að dreifa mykju og áburði. Auðvitað ættu þessar vélar allar að vera tollfrjálsar, að ég nefni ekki t. d. herfi eða sláttuvélar, og ég tek það fram, að ég teldi fullkomlega eðlilegt að greiddur væri tollur af garðsláttuvélum sem alls ekki eru notaðar í atvinnurekstrarskyni, heldur til heimilisnota, og væri því vel hugsanlegt að skilja þær eftir með einhverjum tolli, en afnema tollinn af sláttuvélunum sjálfum. Sama gildir um upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti og hvers konar mjólkurvinnsluvélar. Þessar vélar eiga að vera tollfrjálsar með sama hætti og vélar notaðar til iðnaðar. Og það er alveg sérstök ástæða til þess að gera breytingar af þessu tagi þegar hafður er í huga sá vandi sem við blasir í landbúnaðarmálum.

Ef við lagfærum þessa hluti fyrir landbúnaðinn, eins og gert hefur verið fyrir iðnaðinn, þá er auðvitað ekki síður ástæða til þess að aflétta með öllu tollum af tækjum og vélum til fiskiðnaðarins. En því miður er það svo, að enn eru ýmis tæki í fiskiðnaði sem bera toll, en ættu að vera tollfrjáls. Ég nefni sérstaklega liðina sem eru hér 84.10.31 fiskidælur og 84.17.21 vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu. Eins mætti nefna hér liðinn í tollskrá 84.22.11 kraftblokkir til fiskiskipa og vindur til dráttarbrauta, 84.22.12 akkeris- og skipavindur og aðrar tegundir af vindum, og margt fleira mætti nefna á þessu sviði, t. d. þann stóra og mikla lið sem er 84.30.15 flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roð-

flettingarvélar, slægingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski. Allt eru þetta vélar sem ættu engan toll að bera.

Varðandi útgerðina, sem væntanlega mundi þá fylgja með, ætti einnig að afnema tolla af mikilvægustu vélum til skipa, og vil ég sérstaklega nefna þar stýrisvélar, skipsskrúfur og önnur tæki sem skrúfubúnað snerta.

Þetta tel ég vera brýnast í þessum efnum, tel vera langbrýnast að létta tollum af vörum til landbúnaðarins og fiskiðnaðarins eins og gert hefur verið varðandi iðnaðinn. Og ég tek það fram, að ég held að þetta mundi ekki vera stórfelldur kostnaðarauki fyrir ríkissjóð. Ég held að hér sé um að ræða tiltölulega afmarkaða vöruflokka, breytingu sem ekki þyrfti að kosta ríkissjóð ýkjamikið. Ég vil hins vegar taka það fram, að ég tel að ýmsu fleiru mætti breyta í tollskránni, og þar á ég auðvitað sérstaklega við ýmislegt sem allur almenningur notar til heimilishalds. Það er t. d. mjög eðlilegt að tollur á búsáhöldum verði verulega lækkaður eða tollar á hreinlætistækjum, vöskum, handlaugum og salernisskálum eða tollur á borðbúnaði og öðrum vörum sem eru notaðar í húshaldi eða til hreinlætis. Þarna er ég með liðinn 69.11.00. í huga, þó ég skilji ekki allt sem þar stendur: borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis úr postulíni (þar með talið bisquit og parían). Það munu aðrir vera fróðari en ég um hvaða hlutir þetta eru. (Gripið fram í.) En bisquit mun vera kex á frönsku að því er upplýst er.

Ég vildi einnig nefna hvað búsáhöld snertir þá tolla sem eru á skeiðum, göfflum og öðrum búsáhöldum. Þetta eru allt liðir sem væri eðlilegt að lækka. Ég held að þetta væri líka tiltölulega lítilfjörlegt fyrir ríkiskassann og væri vel hægt að ganga að þessu.

Svo komum við aftur að vöruflokki sem er töluvert stór í sniðum, og ég verð að játa að þar yrði að vísu um að ræða nokkurn tekjumissi fyrir ríkissjóð, en mér finnst koma vel til álita að þar yrði samt um verulegar breytingar að ræða. Ég veit að menn þekkja það að heimilisvél, eins og t. d. lítil eldavél kostar í Bretlandi í búð um það bil 1/4 af því sem hún kostar hér á landi. Ég t. d. sannreyndi þetta sjálfur í fyrra, að tæki, sem ætluð eru til snögghitunar á mat með geislabúnaði, — infrageislaofnar held ég að þeir séu kallaðir, ofnar af þessu tagi kostuðu í Bretlandi um það bil 4500 kr. á s. l. sumri, en nákvæmlega sams konar ofnar kostuðu um 16 þús. kr. hér á Íslandi — nákvæmlega sömu tegundir frá nákvæmlega sama fyrirtækinu. Meginástæðan fyrir þesum gífurlega mun eru tollarnir. Við erum enn með tæki af þessu tagi í mjög háum tollflokki. Og þetta gildir um kæliskápa, frystikistur, þvottavélar, eldavélar, ryksugur, hrærivélar og hvers konar aðrar vélar til heimilisnota. Ég held að það sé ekki forsvaranlegt öllu lengur að halda þessum vörum í svo háum tollflokkum, og að það sé t. d. 400% dýrara að kaupa tæki af þessu tagi á Íslandi heldur en í nálægum löndum er auðvitað algerlega óforsvaranlegt. Nú er það að vísu svo, að skýringin á þessu er ekki sú ein að vörurnar séu í háum tollflokki. Skýringin er líka sú að á útsöluverð vörunnar leggst söluskattur og einnig leggst síðan álagning ofan á þessa íslensku skattlagningu. (**Gripið fram í:** Ekki ofan á söluskattinn.) Nei, ekki ofan á söluskattinn, aftur á móti leggst söluskatturinn ofan á álagninguna þannig að hér er um margföldunaráhrif að ræða sem að nokkru skýra þennan gífurlega mun. En tollurinn er lagður á í innflutningi. Tollurinn er eitt af þeim atriðum sem skapar grunnverð vörunnar áður en aðrir liðir leggjast á, og ég þykist vita að með verulegri lækkun tolls væri um að ræða stórfellda vörulækkun, þannig að munurinn yrði þá kannske ekki miklu meira en svona 1:2 og er það þó nógu mikill munur.

Herra forseti. Ég hef nokkuð fjölyrt hér um æskilegar breytingar á tollskrá. Ég sætti mig ekki við það að engar efnisbreytingar verði gerðar á tollskránni. Ég tel, að það sé tími til kominn, og ég er sannfærður um það, að menn úr öllum stjórnmálaflokkum gera sér grein fyrir þeim mismun sem hér er á, t. d. mismuninum gagnvart landbúnaðinum, og ég þykist vita að þó að Framsfl. hafi mistekist að hafa þá forustu um leiðréttingu í þágu landbúnaðarins sem ætlast hefði mátt til af honum, þá eru áreiðanlega hér í deildinni ágætir þm. Framsfl. sem eru reiðubúnir að leggja gjörva hönd á breytingu í þessa átt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál við 1. umr. málsins þar sem tvær umr. eru eftir, en boða flutning brtt. þegar n. skilar áliti.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér kemur til meðferðar í deildinni enn eitt þeirra mála sem þannig eru sköpuð að n., í þessu tilfelli fjh.- og viðskn., hlýtur að hafa treyst að ákaflega miklu leyti á í fyrsta lagi útskýringar sérfróðra embættismanna, svo sem eðlilegt er um mál sem varðar tollskrána. Tæpast er hægt að ætlast til að hv. þm., sem ekki hafa átt þess kost að yfirheyra embættismenn um hina ýmsu sérstöku liði frumvarps sem lýtur að breytingum á tollskrá, geti raunverulega tekið efnislega afstöðu til þess, og þarf ekki lengi að kanna frv. sjálft til þess efnislega að sjá að slíkt verður býsna torvelt.

Eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni, þá er hér á ferðinni frv. í eðlilegu framhaldi af breytingunni sem gerð var á tollskránni 1976, þar sem fyrst og fremst var fjallað um samræmingu á tollnafnaskránni svonefndu í samræmi við ákvarðanir Tollasamvinnuráðsins. Frá þeim umr. mun okkur ýmsum vera minnisstætt ýmislegt sem þá bar upp á og virtist vera í ákaflega óljósu samhengi við íslenskar þarfir raunverulega í verslunarmálum, margt af því harla torskilið, sumt af því virtist ekki beinlínis lúta að því að fella út af tollskrá samkv. alþjóðlegum samningum verslunarvöru sem litlu máli skipti fyrir verslunarviðskiptin í heild. Mér er það minnisstætt frá því máli, umfjölluninni um tollskrána 1976, t. d. þegar það kom í ljós við athugun á því frv., að það mundi leiða til hækkunar á borðhnífum, göfflum og skeiðum, en aftur á móti til lækkunar tolla á höggsverðum, fallbyssum og öðrum útbúnaði sem að stórskotaliði lýtur. Mér er einnig minnisstætt hversu furðulega það sló ýmsa þm. þá þegar í ljós kom að kveðið var þar á um stórkostlega lækkun á geitaklaufafeiti. Afgreiðslu þess þingmáls bar svo sem nú upp á tíma þegar fjölmörg ákaflega þýðingarmikil mál, sem varða raunverulega efnahag þessarar þjóðar, varða raunverulega undirstöðuatriði varðandi verslunarviðskipti þessarar þjóðar og atvinnumál, biðu óleyst, — mál sem kölluðu vissulega að um umfjöllun hér á hv. Alþ. Ég ítreka það, að mér er ljóst að hæstv. fjmrh. sinnir með því að leggja fram þetta frv. aðkallandi skyldu sinni, einnig það, að hæstv. ráðh. er sjálfum fyllilega ljóst að önnur vandamál og brýnni kalla nú að rn. hans og hv. Alþ. heldur en þetta frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá.

Ég hlýt að taka undir gagnrýni hv. þm. Ragnars Arn-

alds á sinnuleysi hæstv. ríkisstj. um meinbugi á tollamálum okkar, svo sem í sambandi við innflutning á vélum og tækjum til landbúnaðarins og til fiskiðnaðarins. Ég skildi það svo er hv. þm. Ragnar Arnalds beindi máli sínu sérstaklega til sjálfstæðismanna hér í d., þegar hann var að rifja upp með hvaða hætti Framsfl. hefur forsómað það að koma fram breytingu í réttlætisátt varðandi tollun á vélum til landbúnaðarins, — þá skildi ég það svo að hann hefði verið raunverulega að eggja Sjálfstfl. lögeggjan að tala nú um fyrir maddömu sinni, Framsókn, í þessum málum, fremur en þar hafi verið um einhvers *konar tjáningu heitra tilfinninga, hlýrra tilfinninga í garð* Sjálfstfl. að ræða, hvað þá ástarjátningu, enda væri það ekki við hæfi að krjúpa við þann beð og biðla til Sjálfstfl. meðan hann iðar enn í skinninu undan ástaratlotunum sjálfum sem í rekkjunni eiga sér stað.

Hér er um að ræða enn eitt það mál sem leitt hefur af aðild Íslands að Fríverslunarbandalaginu, EFTA, sem gagnrýnt var mjög harðlega á hv. Alþ. á sínum tíma og sögðu ýmsir fyrir að leiða mundi til þess að Íslendingar misstu forræði í ýmsum ákaflega þýðingarmiklum málum sem að tollum lúta. Af hálfu Alþb.-manna var sýnt fram á það á þeim tíma, að íslenskur iðnaður hefði ekki bolmagn til þess að gera þess háttar gagnkvæman samning um afnám verndartolla og lækkun allra tolla, þar sem við værum ekki þannig í stakk búnir, í fyrsta lagi vegna þess hversu iðnaður okkar væri vanþróaður, í öðru lagi vegna þess, hversu illa við erum settir svo fjarri mörkuðum og í þriðja lagi vegna fólksfæðar og vanmáttar af þeim sökum til þess að koma okkur upp öflugum, samkeppnisfærum iðnaði sem stæðist hinum erlenda iðnaði stórþjóðanna snúning. Þess vegna væri aðildin að EFTA hættuleg. Við gætum ekki tekist á herðar sams konar skuldbindingar og hinar stóru þjóðir í þessum efnum og hér yrði um að ræða samning sem ekki leiddi til þess, að hér yrði kaup kaups, heldur að við mundum glata verndinni, íslenskur iðnaður mundi glata þeirri vernd sem hann hefði fengið í löggjöf áður,— vernd sem átti að *nægja honum til þess að hann gæti dafnað og vaxið* fyrst og fremst í því skyni að þjóna innlendri þörf.

Mér er það minnisstætt frá þeim tíma, þótt ekki sæti ég þá á Alþ., en felgdist þeim mun betur með í fréttum, hversu undrandi menn urðu á því almennt, að forsvarsmenn íslensks iðnaðar skyldu ganga fram fyrir skjöldu í kröfunni um það, að við gerðumst aðilar að EFTA. Hvort heldur þeir hafa látið glepjast af gylliboðum utanlands frá, einhverjum snjöllum fortölumanni hafi tekist að tjá svo fyrir þeim málið að þeir sæju einungis gull og græna skóga fram undan, eða hvort þeir sáu raunverulega einhverja möguleika til þess að efla framleiðslu sína og auka útflutning á framleiðsluvöru sinni í skjóli EFTA-laganna, einhverja möguleika sem ekki komu fram raunverulega í umr. um málið á þeim tíma, það skal ég láta ósagt. En hitt er ljóst, að það var ekki langur tími liðinn frá samþykkt þessara laga um aðild Íslendinga að EFTA og lögin höfðu ekki lengi verið í gildi þegar í þessa forustumenn íslensks iðnaðar kom allur annar tónn og þeir tóku að barma sér undan framkvæmd laganna, og er nú svo komið að þeir hafa uppi mjög eindregnar kröfur um að gerðar verði til þess ráðstafanir með hörðu, ef þarf, að tefja það að samningarnir við EFTA um tollamálin, um hina gagnkvæmu lækkun tolla, komi til framkvæmda, vegna þess að erlenda samkeppnin, sem fylgdi í kjölfar þessa samnings, er þá hreint lifandi að drepa. Og þegar maður leyfir sér að minna þessa hv. forustumenn íslensks iðnaðar, sem margir hverjir eru hinir mætustu menn, á það með hvílíku offorsi þeir börðust á sínum tíma fyrir aðildinni að EFTA, þegar maður leyfir sér að spyrja þá að því, hvort þetta hafi komið í ljós raunverulega sem tjáð var fyrir þeim á þeim tíma, að t. d. fragtin á húsgögnum frá Íslandi á Evrópumarkað og til Ameríku mundi hækka töluvert við það að timbrið væri búið að taka á sig nýja og rúmfrekari mynd, þegar maður leyfir sér að minna þá forustumenn íslensks iðnaðar á þessi atriði núna og segja við þá sem svo: Ykkur var nær, þá klökkna þeir allmjög og biðja sér griða, biðja menn að tala ekki um þetta við sig, því að vonirnar hafi gjörsamlega brugðist, og vilja þá kenna ríkisstj. um að hafa svikið fyrirheit að iðnaðurinn skyldi njóta þess háttar fyrigreiðslu um tolla af hráefnum og vélum og skatta og fjármagn að hann stæði erlendum iðnaði jafnfætis, nyti jafngóðra kjara á þessum sviðum, þótt ekki sé nú minnst á hitt, að bætt yrði upp aðstaðan vegna fjarlægðar frá markaði. Og það er skemmst af að segja, að enda þótt ríkisstjórnir hafi þeir nú í fleirtölu þegar þeir bera fram þessa gagnrýni sína, þá hefur hún náttúrlega fyrst og fremst beinst að núv. ríkisstj. sem eðlilegt er, e. t. v. vegna þess að það er nú á síðustu 4 árum sem fyrst og fremst hefur á þetta reynt

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé fyrir okkur að taka afstöðuna til EFTA til algerrar endurskoðunar. Ég er að vona að sú endurskoðun gæti leitt til þess, að við gætum létt af embættismönnum okkar því umfangsmikla orðmyndunarstarfi sem felst í áframhaldandi samræmingu á tollnafnaskrá og að við gætum með einum eða öðrum hætti losað okkur út úr þeim vítahring sem aðild okkar að EFTA nú er. Ég er þess fullviss, að við verðum að gera okkar eigin ráðstafnir, hvort sem þær kunna að brjóta í bága við skuldbindingar okkar gagnvart EFTA eða ekki. Við verðum að gera okkar eigin ráðstafanir til verndar innlendum iðnaði, til þess að efla hann, fyrst og fremst fyrir innanlandsmarkaðinn, og ég hygg að það sé svo mikið í húfi að þetta verðum við að gera þó svo það kostaði það, að við hyggjum á tengslin við EFTA og losuðum okkur undan því helsi sem samningurinn við EFTA hefur reynst okkur í þessu tilliti. Það er á mörgum sviðum sem staða íslenskra atvinnuvega er sérstæð. Því fer víðs fjarri að sá mælikvarði, sem lagður er á markaðssamstarf meginlandsþjóðanna, milljónasamfélaganna, geti átt við okkur. Okkar vandamál á þessu sviði eru sérstaks eðlis sem kannske er ekki furða þegar tekið er tillit til þess, að samfélag eins og okkar eða í líkingu við okkar mun ekki finnast á byggðu bóli. Ég veit að vísu að ekki gefst tækifæri til þess og væri raunar ekki rétt í tengslum við frv. þetta, er við fjöllum hér um nú, að taka þau mál til umr. hér. En ég gæti rakið hér ákaflega mörg dæmi um það, með hvaða hætti er raunverulega andkannalega að unnið í tollun á innflutningsvörum okkar.

Mér er það í minni sem gerðist í fyrrasumar þegar Mjólkursamlag þeirra Suður-Þingeyinga flutti inn tankbíl frá Vestur-Evrópu og fyrir hagkvæmnissakir og sparnaðar var þessi vestur-þýski bíll látinn koma við í Hollandi þar sem ryðfríi stáltankurinn var keyptur til þess að setja á þennan bíl og tankurinn var skrúfaður á bílinn til þess að minna færi fyrir honum og til þess að hægt væri að festa hann á farartæki til flutnings í skip í Kaupmannahöfn. Þannig var þessi bíll fluttur inn á Ís-

landi með mjólkurtankinn skrúfaðan á pallinn. Þessum bíl var skipað upp í Reykjavík þannig, sem líka var eðlilegt, með ståltankinn skrúfaðan á pallinn. Þetta leiddi til þess, að lagt var saman verð þessa ståltanks og verð bifreiðarinnar og hvort tveggja tollað sem bíll. Þetta munaði Mjólkursamlagið ríflega 3 millj. kr. í tollum, að þetta skyldi vera gert á þennan hátt, og þótti forsvarsmönnum þess illt undir að búa og var leitað leiðréttinga, fyrst hjá hæstv. fjmrh. Þar skeði náttúrlega það sem hlaut að ske hjá þeim manni sem ala verður önn fyrir tómum kassa. Hann lét sérfræðinga sína slá upp í lögum og reglugerðum og það kom í ljós, að með því að tankurinn var skrúfaður fastur á bílinn taldist hann orðinn bíll. Þegar forsvarsmaður Mjólkurbúsins leitaði síðan til síns manns, Ólafs Jóhannessonar viðskrh., um það, hvernig við þessu ætti að bregðast, og er hann bæði lögvís maður og efalaust góðgjarn í garð samvinnuhreyfingarinnar, þá leitaði hann til sinna sérfræðinga, sló upp í lögbókum sínum og komst að þeirri niðurstöðu, að eina leiðin til þess að leiðrétta þetta, til þess að koma í veg fyrir að tankurinn yrði tollaður sem bílll, væri að flytja bifreiðina aftur með skipi Eimskipafélagsins út til Kaupmannahafnar þar sem hún var sett um borð í skipið, skrúfa tankinn þar af, það á ekki að vera mikið verk, sagði hæstv. viðskrh., — og flytja síðan hvort tveggja inn aftur sitt í hvoru lagi. Það lá náttúrlega beint við, að þetta mundi kosta stórfé. En þetta var eina leiðin til þess að koma málunum í það horf að bíll og tankur yrðu tollaðir sinn í hvoru lagi.

Það er alveg efalaust að hér var á ferðinni allt annað en nokkurs konar illvilji eða tilraun til þess að gera það sem rangt væri, því fór víðs fjarri. En hér voru í framkvæmd lög og hér voru í framkvæmd reglur sem hljóta að teljast óhæfar.

Ég ítreka það, að ég vil síður en svo draga úr þörf eð vefengja þörf hæstv. fjmrh. fyrir að leggja þetta mál hér fram. En ég vil taka undir orð hv. þm. Ragnars Arnalds um nauðsyn þess að sinna öðrum hliðum sem lúta að íslenskri tollalöggjöf og snerta hag landsmanna miklu meira en það sem lýtur að breytingu á tollskránni til samræmis við tollnafnaskrá og læt svo máli mínu lokið, herra forseti.

Jón Helgason: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan að það mundi ekkert þýða að tala við framsóknarmenn um leiðréttingu á tollamálum landbúnaðarins, því að þar hefðu þeir ekkert gert, sagði þó að vísu í lokin í ræðu sinni, að það væru kannske hér í deildinni til einhverjir slíkir sem vildu eitthvað gera, og það sýnir samræmið í ræðum. En ég held að þetta bendi til þess, að hann viti lítið hvað hefur verið að gerast og er að gerast í þessum málum.

Hv. þm. taldi að landbúnaðurinn væri sérstaklega hart leikinn. En svo fór hann að telja upp ýmislegt fleira: sjávarútveg og ýmis tæki til hans, og svo kastaði þó alveg tólfunum þegar kom að búsáhöldum, hreinlætistækjum, heimilstækjum og slíku, þannig að ranglætið virtist þá í lokin vera orðið víðar en hjá landbúnaðinum.

Ég vil vitanlega ekki draga úr því, að landbúnaðurinn hafi þörf á að tollar séu lækkaðir á rekstrarvörum hans. Hins vegar vil ég benda á það sem gerst hefur í þessum málum og hv. 5. þm. Norðurl. v. virðist alls ekki vita um. Hann virtist ekki vita um það, að í árslok 1976 var tollur af öllum jarðyrkju- og heyvinnuvélum 7%. Hann virðist ekki vita um það, að í ársbyrjun 1977 voru þessir tollar lækkaðir niður í 4%. Og hann virðist ekki vita um það, að í ársbyrjun 1979 eiga þessir tollar að lækka niður 2% þ. e. a. s. verða aðeins rúmlega 1/4 af því sem þeir voru fyrir tveimur árum. Og svo liggur fyrir í þessu frv., sem við erum nú að fjalla um, leiðréttíng á nokkrum tækjum til viðbótar til landbúnaðarins sem urðu eftir við breytinguna í árslok 1976, en fá nú sömu tollmeðferð. Þar eru ámoksturstækin, sem eiga nú þegar að lækka úr 7% og niður í 4% og síðar niður í 2% í byrjun næsta árs, enn fremur allar hjóladráttarvélar og svo heyhleðsluvagnar. Og þetta telur hann að sé ekki neitt, þeir, sem standa að þessum lækkunum, séu ekki að gera neitt. Ég held að hv. þm. þurfi að fara að vita eitthvað hvað hann er að segja hér í ræðustól.

Svo tók hv. þm. sérstaklega heyblásarana, það væri farið illa með landbúnaðinn af því að tollur á heyblásurum væri of hár. Hann virðist ekki vita, að þeir heyblásarar, sem henta íslenskum bændum langbest, eru smíðaðir hér á landi. Það er því ekki af umhyggju fyrir íslenskum bændum sem hann vill lækka toll á innfluttum heyblásurum, þar eru það heildsalarnir sem flytja inn og kannske fá þá möguleika til að selja íslenskum bændum lakari vöru ef tollar eru lækkaðir. Ég held að svona málflutningur eins og hv. þm. hafði hér í frammi sé ekki skynsamlegur, og það er ekki annað en staðfesting á því, að því miður eru umr. hans og hans flokksmanna um íslenskan landbúnað, sem þeir hafa haft í feammi að undanförnu, á mikilli vanþekkingu byggðar.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil taka undir það sem hv. 4. þm. Suðurl. sagði áðan, en vil aðeins upplýsa hv. 5. þm. Norðurl. v. um það, að þegar lög voru sett um tollskrá 21. des. 1976, þá voru gerðar ýmsar lagfæringar á tollum til landbúnaðarins sem hv. 4. þm. Suðurl. hefur gert grein fyrir, og við meðferð málsins fluttu þeir, þm. í nefndinni, sem studdu ríkisstj., Halldór Asgrímsson, Jón Helgason og Jón G. Sólnes, brtt. varðandi landbúnaðinn um mjólkurvinnsluvélar, plóga, upptökuvélar, sláttuvélar, mjaltavélar og mjólkurvinnsluvélar. Þetta eru allt saman tæki og fleiri vélar sem fara í 2% toll. Það kemur ekki fram á nál. hv þm. Ragnars Arnalds, að hann hafði flutt neina aðra brtt., hann flutti aðeins brtt. um ákvæði til bráðabirgða, enda man ég ekki eftir því, að hann hafi sýnt þessum málum þá nokkurn áhuga. En svo virðist sem á fundum undanfarið hafi hann komist í einhverja snertingu við bændur og þá fengið einhvern áhuga á málum þeirra, en ætlar sér svo að flytja hér till., sem hann byggir á litlum grunni, enda virðist hann fremur kjósa að byggja málflutning sinn upp á sleggjudómum en rökum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þessara háværu ræðumanna sem hér töluðu áðan. Það kom mér satt að segja ekkert á óvart að þeir skyldu taka svo illa í till. minar sem raun ber vitni. En ég verð nú að vonast til þess, að það hafi bara verið fyrstu viðbrögð sem réðu gerðum þeirra. Mér finnst að þegar fluttar eru hugmyndir um verulegar lagfæringar í þágu íslensks landbúnaðar ættu einmitt þessir tveir ágætu þm. að taka slíkum hugmyndum fagnandi og aðstoða mig og aðra, sem slíkar hugmyndir bera fram, að koma þeim í gegn. Og ég er satt að segja undrandi að þessir tveir ágætu þm. skuli bregðast svo hart og illa við till., sem ég

er hér með um lækkun á tollum landbúnaðarvara. En staðreyndin er sú, að þetta er nú ekki í fyrsta skiptið sem þessir tveir ágætu þm. koma nokkuð á óvart. Það mun fleirum en mér hafa fundist einkennilegt að sjá þessa ágætu framámenn Framsfl. greiða atkv. gegn aðalkröfu Stéttarsambands bænda um afnám söluskatts af landbúnaðarvörum, enda þótt sumir þeirra hafi verið í hópi þeirra Stéttarsambandsfulltrúa sem þessa kröfu settu á oddinn. Það er nú önnur saga, og ég held að það sé alveg ástæðulaust að vera að fjölyrða neitt frekar um þetta. Ég er sannfærður um að þessir tveir ágætu þm., sem hér töluðu áðan, munu taka afstöðu sína til endurskoðunar og verða viðræðubetri um þessi mál, þegar málið kemur til umr. í hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

En varðandi það atriði, að ég hafi greinilega ekki áttað mig á hver væri tollur á hinum ýmsu landbúnaðartækjum, þá vil ég segja það eitt og get alveg fúslega viðurkennt það, að það er ekkert langt síðan ég gerði mér fyllilega grein fyrir því, af því að ég er ekki með nefið ofan í þessari tollskrá og hverjum einstökum lið hennar og ég hef ekki haft þann tíma, þegar tollskráin hefur verið hér til meðferðar, að ég gæti framkvæmt þar stórfelldan samanburð, en mér kom satt að segja á óvart þegar ég uppgötvaði hvað íslenskur landbúnaður býr við mikla mismunun í þessum efnum. Og ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Framsfl. hér í d. muni vera reiðubúnir, þegar til kastanna kemur, að aflétta þessum mismun.

Ég hjó eftir því sem hv. þm. Jón Helgason sagði áðan, að tollar á landbúnaðartækjum hefðu nokkuð lækkað á seinustu árum. Vissulega er það alveg rétt hjá þessum ágæta þm., auðvitað hafa tollar á tækjum lækkað eins og á mörgu öðru. Þeir hafa lækkað á flestum innfluttum vörutegundum meira eða minna, eins og við vitum. En ekki var eitt einasta orð sem hann færði hér fram til afsönnunar mínu máli. Það kom berlega fram í máli hans áðan, að það eru tollar enn á þessum tækjum, og mér finnst að við ættum að vera sammála um það, að hér sé um að ræða þess háttar framleiðslutæki sem eigi að vera tollfrjáls eins og samsvarandi tæki sem flutt eru inn í þágu iðnaðar.

Jón Helgason: Herra forseti. Það var misskilningur hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., að það væri till. hans um lækkun sem ég væri að mótmæla. Ég var að mótmæla þeim ósannindum að framsóknarmenn hefðu ekki staðið að neinum lagfæringum í tollamálum fyrir landbúnaðinn. Það var hann sjálfur að tala um hér síðast og játaði að það hefði ýmislegt gerst. En í ræðu sinni áðan sagði hann að það þýddi ekkert að tala við framsóknarmenn, þeir stæðu þar aldrei að neinum lagfæringum. Þess vegna stendur algerlega það sem ég sagði. (**RA:** Ég á kannske eftir að taka það aftur.) Já, vonandi eins og fleira sem hv. þm. hefur lært hér síðustu dagana að taka aftur.

En það var annað atriði sem hann minntist hér á, þ. e. söluskatt á kjöti. Og vegna þess að hann minnist hér á það get ég ekki annað en bent aðeins á að ég var nú ekki einn af Stéttarsambandsfulltrúunum sem hann talaði um. Ég er ekki fulltrúi á Stéttarsambandsfundi, en samt sem áður stend ég að því að vinna að þeim málum það sem ég get. Og sakir standa þannig núna eftir ráðstafanir ríkisstj., að niðurgreiðsla á hverju kg af dilkakjöti í smásölu í heilum skrokkum er 363 kr., vegna þess hvað hún hefur verið aukin núna á síðasta einu ári. Söluskatturinn af þessu sama kjöti er hins vegar 149 kr. Það hefur sem sagt verið farin sú leið að endurgreiða söluskattinn, sem af skattheimtuástæðum hefur verið talið æskilegra og vitanlega kemur það í sama stað niður fyrir bændur, hvort söluskatturinn er endurgreiddur eða aldrei lagður á. Aðalatriðið er fyrir þá, að verðið lækki eitthvað, ef það verð kynni að verða til að auka söluna. En því miður hefur salan ekki vaxið eins og bjartsýnustu vonir stóðu til. En það er annað mál. Það hefur verið valin sú leið að endurgreiða söluskattinn, og af algengustu tegund kjöts, 1. verðflokki í heilum skrokkum, er söluskatturinn um það bil tvisvar og hálfum sinnum endurgreiddur með niðurgreiðslunni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er auðvitað ekki viðkunnanlegt að fara nú að upphefja hér langar umr. um söluskattsmál, sem er allt annað mál, en ég vil að gefnu tilefni sérstaklega mótmæla því sem fram kom hér áðan í ræðu hv. þm. Jóns Helgasonar, að með auknum niðurgreiðslum sé í raun og veru búið að afnema söluskatt á kjötvörum. Það, sem hefur gerst, er ekkert annað en það, að niðurgreiðslur voru verulega lækkaðar í tíð þessarar ríkisstj. og þær hafa verið hækkaðar aftur. Söluskatturinn stendur áfram. Og þó að menn geti vitnað til þess, að niðurgreiðslur hafi nokkuð hækkað í krónum talið á seinustu 12 mánuðum, þá verður auðvitað að hafa í huga að dýrtíð hefur líka aukist stórkostlega á þessu tímabili. Við erum nýbúin að fá yfir okkur enn eina gengisfellinguna, og auðvitað hlaut að koma til þess, að niðurgreiðslur yrðu hækkaðar, sérstaklega þegar haft er í huga hvað þær lækkuðu mikið á árunum 1975 og 1976. Það er alveg ljóst, að niðurgreiðslur á kjöti eru hlutfallslega ekkert meiri nú heldur en þær voru árið 1974. Það er ég alveg viss um að hv. þm. getur verið mér innilega sammála um. Aðalatriðið er þá að söluskatturinn hefur enn ekki verið afnuminn. Niðurgreiðslur hafa hins vegar hoppað upp og niður og við stöndum núna frammi fyrir niðurgreiðslum sem ættu það eitt réttnefni að nefnast kosninganiðurgreiðslur eins og við þekkjum frá gamalli tíð, þar sem reynt er að demba sem mestum niðurgreiðslum fram rétt fyrir kosningar, en menn geta svo átt á einhverju verra von að þeim loknum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 102. fundur.

Föstudaginn 5. maí, að loknum 101. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 925). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Sameinað þing, 75. fundur.

Föstudaginn 5. maí, kl. 9 síðdegis.

Endurskoðun meiðyrðalöggjafar, þáltill. (þskj. 570). — Ein umr.

Flm. (Vilborg Harðardóttir): Herra forseti. Sú till. til þál., sem hér er, er borin fram af mér og hv. þm. Páli Péturssyni og Svövu Jakobsdóttur og er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að endurskoða beri löggjöf um ærumeiðingar og samþykkir að kjósa til þess 5 manna nefnd. Nefndin skili niðurstöðum í frumvarpsformi á næsta þingi, fyrir áramót."

Eins og segir í grg. hafa ýmis ákvæði núgildandi meiðyrðalöggjafar þótt orka tvímælis, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, allt frá því að hún var rædd og afgreidd frá Alþ. innan ramma almennra hegningarlaga fyrir hartnær 40 árum

Frv. til núgildandi hegningarlaga var lagt fram á Alþingi 9. mars 1939, en þá hafði refsilöggjöfinni ekki verið breytt að ráði í 70 ár eða frá því 1869. Voru því flestir sammála um að endurskoðunar hlyti að vera orðin þörf. Frv. var eðlilega langur bálkur í 29 köflum og 273 greinum og tekur með grg. yfir 90 dálka í Alþingistíðindum. Það var samið af þremur hæstaréttardómurum, þeim Þórði Eyjólfssyni, Einari Arnórssyni og Gizuri Bergsteinssyni, og aths. eða mótbárur við því urðu fáar sem engar nema við þær tiltölulega fáu greinar þess sem varða ærumeiðingar, aðdróttanir og því um líkt, þ. e. a. s. 108., 236. og 237. gr. Í þáltill. okkar eru hins vegar þrjár aðrar greinar einnig taldar þurfa endurskoðunar við, þ. e. a. s. 234., 235. og 241. gr. Ég ætla nú ekki að tefja tíma hv. þm. á því að lesa þessar greinar upp, en vitna í grg. okkar þar sem segir að í þessum greinum sé m. a. kveðið svo á, að sektum varði bregði maður manni brigslum án tilefnis þótt hann segi satt, og varðandi opinbera starfsmenn að aðdróttun, þótt sönn sé, varði sektum sé hún borin fram á ótilhýðilegan hátt.

Frv. var lagt fram af allshn. Ed. fyrir tilmæli þáv. forsrh. og dómsmrh. Hermanns Jónassonar. Var hann raunar eini þm. sem varði frv. gagnrýni, enda er svo að skilja á umr. að honum hafi verið það mikið kappsmál að koma frv. í heild sem fyrst í gegnum þingið. Frsm. allshn. Ed. og Nd., þeir Ingvar Pálmason, Magnús Gíslason og Bergur Jónsson, höfðu litlar aths. fram að færa við frv. í heild eða einstakar greinar þess. Ingvar Pálmason tók raunar fram við 1. umr. 13. mars, með leyfi forseta: „þótt ég verði að kannast við það fyrir mitt leyti, að ég geri ekki ráð fyrir að ég hafi þekkingu til að dæma um hinar einstöku greinar frv. og ég verði fyrir mína parta aðallega að byggja á þeim skýringum sem höfundurinn hefur látið fylgja frv."

Frsm. n. við 2. umr. í Ed., 14. apríl, Magnús Gíslason, taldi hins vegar 236. gr. eina geta valdið ágreiningi í öllum lagabálkinum og sagði í því sambandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér má kannske segja að nokkuð sé nærri gengið prentfrelsinu og málfrelsinu jafnvel líka. Þetta er það eina ákvæði sem ég hef rekist á er ég gæti trúað að mundi valda ágreiningi." Og síðar: „og ég hef einmitt haft þá sérstöðu í allshn., að réttast mundi að láta afgreiðslu þess bíða fyrst um sinn og láta fleiri sérfróða menn á þessum sviðum fjalla um málið, eins og t. d. prófessora lagadeildar háskólans."

Magnús telur réttast að láta afgreiðslu bíða og fleiri sérfróða menn fjalla um málið, en þessu svarar dómsmrh. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vitanlega er það ekki tilgangur frv. að höggva á nokkurn hátt nærri málfrelsi manna eða skoðanafrelsi eða frelsi manna til að láta í ljós skoðanir sínar í riti. En ég er þó þeirrar skoðunar, að sá réttur hafi stundum hér á landi verið mjög misnotaður. Tilgangurinn með réttinum til að láta í ljós skoðanir sínar í ræðu og riti er fyrst og fremst og eingöngu bundinn við það, að menn láti í ljós skoðanir sem þeir hafi sjálfir ástæðu til að ætla að séu réttar. Það hefur aldrei verið tilgangur prentfrelsis eða valfrelsis að menn hafi leyfi til að láta í ljós skoðanir sem þeir telja sjálfir ósannar. En það getur ekki verið ástæða til að vernda með löggjöf þær athafnir að bera á aðra menn sakarefni sem menn hafa ekki einu sinni sennilega ástæðu til að álíta satt. Því er ég á þeirri skoðun, að þessi frvgr. sé í fullu samræmi við íslenska réttlætismeðvitund, en eftir henni verður alltaf að fara þegar setja skal hegningarlöggjöf.

Hins vegar er því ekki að neita, að dómstólunum er gefið allmikið vald með þessu, því að þeir eiga að ákvarða hvort maður eigi að teljast hafa ástæðu til að ályktа að hann fari með rétt mál eða ekki. En íslenskir dómstólar hafa alltaf síðan hegningarlögin voru sett 1869 verið varfærnir í því að dæma strangar refsingar fyrir meiðyrði, svo að telja verður jafnvel vafasamt að þeir hafi fylgt lögum er gilt hafa hér á landi. Má fullyrða að hjá dómstólunum hefur myndast venja um að fylgja tæplega lögum, vægast sagt. Ég held því að ekki sé ástæða til að óttast að dómstólarnir mundu ekki einnig hér eftir fylgja lögunum af varfærni."

Þetta var það sem dómsmrh. hafði að segja. En frsm. allshn. hins vegar, Bergur Jónsson, sagði þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau ákvæði frv., sem helst mundu geta orkað tvímælis, munu vera ákvæðin um ærumeiðingar, enda er það sá kafli refsifræðinnar sem einna vandasamast er við að eiga, og er það eðlilegt þar sem um er að ræða eins teygjanleg og óákveðin hugtök eins og æru og mannorð." Fyrstu andmælendur þessara greina frv. voru þm. Sósíalistaflokksins, Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson, sem fluttu nokkrar brtt. sem voru felldar eins og við var að búast á þeim tíma.

Helsti andófsmaður þessara greina frv. var hins vegar Gísli Sveinsson sýslumaður og þm. Vestur-Skaftfellinga við 3. umr. í Nd. 22. apríl, og eru orðaskipti þeirra Hermanns Jónassonar einkar athyglisverð fyrir okkur í dag.

Gísli lagði meginháherslu á að afgreiðslu frv. yrði frestað þar til þing kæmi saman aftur að hausti, einkum þar eð hann taldi sum ákvæði þess varðandi ærumeiðingar hæpin og krefjast nánari athugunar. Nota skyldi sumarið til að gefa fleiri aðilum kost á að skoða þessi ákvæði og segja sitt álit, t. d. prófessorum við lagadeild Háskóla Íslands. Gísli sagði þá m. a., ef ég má vitna til þess, með leyfi hæstv. forseta:

„Því hefur verið haldið fram, að mál þetta hafi fengið

meiri og betri athugun en almennt gerist um lagafrv. Það er alveg rétt, að einn dómarinn í Hæstarétti hefur samið frv. og það svo fundið náð fyrir augum samdómara hans. En hvað sem því líður, þá er hitt þó víst, að í frv. eru atriði sem leikmenn í þessum efnum hnjóta um, hvað þá aðrir, og það er sakir þessa, að ég mælist til þess við hæstv. forsrh. að hann fresti máli þessu til næsta hausts. Sum atriðin eru þess eðlis, að þau gefa jafnvel til kynna að beita eigi hörku í praksis þeirra, og verði horfið að því í fullri alvöru, þá fer ýmislegt að líta hér öðruvísi út en æskilegt gæti talist í landi sem er lýðræðisland og hefur stjórn myndaða á þeim grundvelli.

Eftir þinglegum skilningi mun ekki hætta á því, að þetta svokallaða lýðræði brotni á bak aftur fyrir þessari refsilöggjöf, en hinu, sem kalla má lýðfrelsi, má traðka svo fremi sem hún verður samþykkt. Sá kafli frv., sem mest grípur á þessum hlutum, er XXV. kaflinn. Þó að flest í þessum kafla sé í löggjöf nágrannaþjóðanna, þá eru samt 2—3 atriði sem ég tel rétt að minnast á, því að ég tel þau varhugaverð sem fylgismaður lýðfrelsisins.

Þessi atriði, sem ég tel varhugaverð, eru í 236. og 237. gr. frv. Þar er beinlínis farið fram á að skerða þá hluti sem í eina og hálfa öld hafa verið uppistaða alls lýðfrelsis í ræðu og riti. Því hefur verið haldið fram, að búið sé að traðka þessum hlutum hjá mörgum þjóðum heims, en slíkt réttlætir á engan veg að við þurfum að gera það líka. En eins og kunnugt er, þá hafa allar þjóðir keppst um að taka upp í stjórnarskrár sínar ákvæði um ritfrelsi og prentfrelsi allt frá stjórnarbyltingunni miklu í Frakklandi, og svo gera og öll ríki enn þá sem lýðfrelsi unna. Að því er snertir ákvæði 236. gr. frv., þá munu ákvæði síðari mgr. óvíða komin í lög. Í frv., sem dómsmrh. danski bar fram í danska þinginu, fór hann fram á að fá leitt í lög slíkt ákvæði sem þetta í Danmörku, en enn sem komið er hefur það ekki fengist fram. Þar hefur verið deilt mjög um það og hefur ráðh. haldið því fram, að það væri hinn mesti misskilningur að slíkt lagaákvæði sem þetta gæti orðið til þess að traðka lýðfrelsinu, það væri þvert á móti til að tryggja það. En hvað segja nú menn um þetta hér? Ég býst við að flestir verði á þeirri skoðun við rólega yfirvegun þessara hluta, að hér sé of langt gengið, höggvið of nærri lýðræðinu með því að fara að lögfesta slík ákvæði sem þessi. Það á að sjálfsögðu að halda uppi allri reglu í landinu með öflugri lögreglu, og ég vona að lögreglan verði gerð svo sterk, hvort sem það er gert með stofnun svokallaðrar ríkislögreglu eða á annan veg, að hún megni að vernda borgarana og lýðræðið og gera slíkt lagaákvæði sem hér á að lögfesta með öllu óþarft. Ég hef skotið þessum aths. fram af því að ég tel að með síðari mgr. 236. gr. frv. sé stefnt að því að eyðileggja það mál sem grundvöllur alls lýðfrelsis byggist á, ég geri þetta sakir þess, að enn þá tel ég lýðræði í landinu þar sem borgararnir hafi rétt til þess að hugsa og velja og ráða athöfnum sínum, í stað þess að vera beinlínis skipað fyrir um hvað þeir megi gera, eins og gert er í einræðislöndunum.

237. gr. frv. er nýmæli hér. Þó á hún sér stað í löggjöf annarra landa, en það er langt frá því að ég telji nauðsynlegt að lögleiða hér allt sem er í erlendum lögum, ekki aðeins að því er snertir þetta atriði, heldur og miklu fleiri. Að ég hef tekið þesar tvær greinar út úr frv. og rætt þær sérstaklega stafar af því, að hér er um svo viðkvæman punkt að ræða. Þess vegna tel ég rétt að hv. Alþ. athugi, hvort það mundi koma að sök að dráttur yrði á afgreiðslu málsins nú svo að menn og flokkar gætu, ef þeir vilja, leitað eftir upplýsingum um atriði þau er ég talaði um."

Í svari dómsmrh. kom fram, að einn af höfundum frv. hefði sagt honum að einungis XXV. kafli frv., þ. e. a. s. um ærumeiðingar og friðhelgi einkalífs, ætti að geta valdið ágreiningi.

Í næstu ræðu Gísla Sveinssonar kom m. a. eftirfarandi fram, með leyfi hæstv. forseta:

„En það sem ég hef talað um er að séð verði til þess, að enn gefist nokkur tími til þess að aðrir fjölluðu um málið en þm., til þess að þm., sem vitanlega að miklum meiri hl. hvorki eru inni í málinu, eins og gefur að skilja, né heldur óska að vera það, verði rólegri með það, að nú verði samþykkt lög sem þá iðrar ekki í neinu atriði að hafa verið með í að samþykkja.

En ég hef bent á aðrar hliðar á þessu máli. Það eru stofnanir innan þjóðfélagsins sem fara með mál manna sem hér koma mjög til greina. Ritvöllurinn og ræðuvöllurinn eru atriði sem mér virðist að þurfi að taka til greina í þessu sambandi. Blöðin t. d. eru oftast bundin við ákveðnar stofnanir þó að utan þings sé. Og þá komum við að því í þessu frv., sem er ágreiningur nokkur um hér hjá okkur og einnig hefur verið ásteytingarsteinn annars staðar. Það er rétt, að 237. gr. þessa frv. er að ákvæðinu til í löggjöf hjá nokkrum þjóðum þó að hér sé þetta nýmæli. En það er ekki alveg sjálfsagt í fyrstu lotu að lögleiða allt sem aðrar þjóðir hafa í þessu sambandi. Það ber að íhugast og skoðast vandlega, hvort slíkt lagafyrirmæli er heppilegt hér á þessu stigi, sem menn telja, að að sumu leyti sé nauðsyn á að hafa hér hörð ákvæði um, en sem ég efast um að sé á réttu byggt, heldur get búist við að það sé varasamt að gera þá, sem brotlegir kunna að verða gegn þessari grein, að píslarvottum, það getur hefnt sín.

Ef hæstv. ráðh. þykist eiga einhvern ámælanda slíkan hér innan þings, þá er sama um það að segja, að það verður að taka sálfræðilegt tillit til slíkra manna og umhverfis þeirra. Og ef maður talar um 237. gr., þá er það vitanlegt, að þar er nýmæli sem er ekki í lögum með þjóðum almennt annars staðar. En slíkt ákvæði sem þetta er í frv. sem hefur verið lengi til meðferðar í Danmörku og þar mætt mikilli mótspyrnu, sem að vísu ekki hefur gengið fjöllunum hærra, en það hefur frá réttum aðilum mætt seiglingslegri mótspyrnu. Nú heyri ég hjá hæstv. dómsmrh. — það ber kannske eðlilegan, en a.m.k. athyglisverðan vott um sálarfar sumra manna sem eru dómsmrh., að sálarfarið verður svo ósköp líkt með þeim og það er e. t. v. eðlilegt, en hæstv. dómsmrh. hefur sömu rök og Steincke dómsmrh. Dana hefur haft. Hann telur betra að brjóta frelsið til þess að vernda frelsið heldur en að láta þetta ógert. Það hefur ekki farið dult hjá þeim bræðrum okkar við Eyrarsund, að þetta sé að brjóta frelsið. En Steincke hefur varið það með þeirri forsendu, að nauður geti rekið til að brjóta frelsið til að vernda frelsið. En nú hefur það ekki komið fram, hvor hluti frelsisins er þyngri á vogarskálinni, sá sem brotinn er eða sá sem er verndaður." Og áfram heldur Gísli:

„Þegar hæstv. ráðh. talar um að þetta mál hafi legið frammi fyrir hv. þm. til athugunar, svo að þeir hafi getað athuga málið, þá er þetta ofsagt. Hv. þm. hafa haft öðru að sinna á þinginu. Hv. þm. eru heldur ekki allir að stúdera málin til þess að gera sér sjálfstæða grein fyrir því, hvernig þau eru.

Það eru fleiri ákvæði í þessu frv., sem orka tvímælis en

þau, sem ég hef tekið fram, og það jafnvel í þessum kafla. Ég bendi aðeins á það, sem þó er minni ásteytingarsteinn en 237. gr., að í 236. gr. er ákvæði um að það varði varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum ef ærumeiðandi aðdróttun er birt eða borin út opinberlega enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta. Nú er þetta, „sennileg ástæða" mjög svo varhugaverð setning, af því að um það er dæmt af dómstólunum eftir á, að ýmsu upplýstu sem ekki var upplýst á þeirri stundu þegar þessi sakaráberi bar fram sína aðdróttun. Og þá gæti vel farið svo, að dómstólarnir litu á sem svo: Maðurinn hefur ekki haft sennilega ástæðu til að bera þetta fram, hann getur hafa sagt það gegn betri vitund.

En þessi ástæða gat samt verið til staðar, þó að eftir á, að fengnum einhverjum vissum upplýsingum, þyki það ólíklegt. Þarna er rúmt frelsi til að athuga það sem kallað er pólitík. Hér er ekki talað um áburð á einstakan mann, sem varðar æru hans, heldur er hér komið inn á það svið þar sem blaðamenn telja sér leyfilegt að ganga nokkru lengra í hita dagsins en dómstólar e. t. v. eftir strangasta skilningi mundu telja rétt vera.

Fleiri atriði vildi ég gera aths. við sem ég tel að betur mættu fara. Ég hef af eðlilegum ástæðum vegna embættisstöðu minnar meira til brunns að bera til þess að gera slíkar aths. heldur en sumir aðrir hv.þm. og sé því sumt sem menn mundu vilja breyta í þessu frv. ef málið fengi meiri yfirskoðun. Og ég vil slá því föstu, að þó að við e. t. v. samþykktum þetta frv. nú, meira og miður fúsir, þá verður hæstv. dómsmrh. samt að búast við því, sem er þó ekki heppilegt, að það geti mjög bráðlega komið fram það sem menn kalla „opinion" að menn fari að skoða huga sinn um hvort þetta verður þolað. Og þá vona ég að hæstv. ráðh. verði fús til að laga sig og breyta til eftir því sem sennilegar ástæður liggja til og upplýsist að rétt verður að teljast, og er skylt að hafa það sem réttara og sannara reynist."

Í svari sínu sagði dómsmrh. um 236. gr. frv., með leyfi forseta:

„Ég vil vekja athygli á því, að sönnunin í þessu tilfelli er neikvæð. Og við vitum að atriði eru oft ákveðin eða skýrð í lögum með dálítið meiri strangleika en framkvæmd laganna er. Og í þessu tilfelli má gera ráð fyrir slíkum dálítið meiri strangleika en beinlínis verður krafið til þess að sanna hvort maðurinn hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda einhverju fram. Þarna er náttúrlega lagt mikið vald í hendur dómstólanna, og það verður hv. Alþ. að gera upp við sig, hvort það vill gera það eða ekki. Og þess ber einnig að gæta, að allt frá því að hegningarlöggjöfin var sett 1869 hafa dómstólarnir alltaf haft tilhneigingu til að skýra og dæma eftir ákvæðunum um ærumeiðingar vægar heldur en orð hegningarlaganna jafnvel standa til. Það hefur jafnvel verið gengið svo langt að mynda þá dómvenju sem heggur nærri því að vera ekki í samræmi við orð laganna. Og þess vegna er það, að þó að þetta ákvæði standi þannig í lögunum, þá eru ekki nokkrar líkur til þess, að þessu ákvæði verði beitt þannig að ástæða sé til að vera á móti því að lögfesta það, heldur eru allar líkur með því, að þessu ákvæði verði beitt með þeirri fyllstu varúð."

Þetta var álit dómsmrh. Umr. var síðan frestað og frv. ekki afgreitt frá Nd. fyrr en 15. des. veturinn eftir. Flutti frsm. allshn., Bergur Jónsson, þá þrjár brtt., þ. e. a. s. við 108., 236. og 237. gr. Við tvær hinar fyrri var sú breyting ein gerð, að heimilað var að dæma menn í sektir fyrir brot gegn þeim, en ekki endilega í varðhald eða fangelsi. 237. gr., sem áður hljóðaði svo:

„Ef aðdróttun er borin fram á ótilhlýðilegan eða móðgandi hátt, má beita refsingu samkv. 234. gr., enda þótt sönnur hafi verið á hana færðar. Þegar refsingar er krafist samkv. þessari grein eingöngu er ekki heimilt að færa sönnur á aðdróttunina nema nauðsyn þyki til bera vegna almannahags."

Þessari grein var nú breytt í núverandi horf, þ. e. a. s.: „Ef maður bregður manni brigslum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt."

Tók frsm. sérstaklega fram, að hér væri um Grágásarorðalag að ræða, og virðist helst sem sæst hafi verið á það orðalag sem málamiðlun þar sem það væri gagnvart öllum aðilum nægilega úrelt, teygjanlegt og óskiljanlegt. Dómsmrh. kvaðst sætta sig við þessar brtt., þótt hann teldi þær óþarfar. En síðan lauk Gísli Sveinsson umr. með þessum orðum, með leyfi hæstv. foseta:

„Það má segja, að frv. hafi ekki tekið miklum stakkaskiptum eða ekki liggi fyrir á þskj. 445 stórvægilegar brtt. við þennan mikla lagabálk. En þó má segja og er sjálfsagt að viðurkenna, að þessar brtt. á þskj. 445 áhræra það sem sérstaklega þóttu agnúar á meiðyrðalöggjöfinni. Mér er að vísu ekki kunnugt um að nokkrir sérstakir aðilar, sem hafa látið sig málið miklu skipta, hafi fjallað um þetta á því tímabili sem liðið er frá því er málinu var frestað, en það vita sjálfsagt hæstv. dómsmrh. og hv. allshn. En ég ætlaðist til að með þessum fresti yrði tóm til fyrir þær lögfræðistofnanir og sérfræðinga, sem ekki hafa verið nógsamlega til kvaddir, svo og ýmsar „korporationir," eins og blaðamannafélög, til að gera sínar aths. og tillögur. Ég veit ekki, hvort það hafa komið nokkrar slíkar aths., og sakast ég ekki þar um, en vil aðeins lýsa yfir því, að ég tel málinu betur borgið með þessum brtt. hv. allshn. sem eflaust verða samþykktar, og mun ég geta sætt mig við að málið verði afgreitt nú með þeim breytingum, þó að ég hafi að vísu nokkuð að frv. að finna. Vil ég samt gera þá tilraun með þetta, því að það stendur eflaust til bóta sem önnur stórmál, þó að fordæmi sé að þessi gömlu og viðkvæmu lög hafi enzt ótrúlega lengi og ótrúlega vel. Hefur þar farið saman fullkomin framkvæmd laganna og réttlætismeðvitund þjóðarinnar. En nú er þó tími til kominn að breyta þessum lögum og hefur það verið gert og að sumu leyti til batnaðar með frv. þessu, en að sumu leyti er breytingin að vísu lítil, því að mörg þessara gömlu ákvæða hafa staðist eldraun reynslunnar svo vel að ótrúlegt mætti þykja. Annars býst ég ekki við að ég eða aðrir muni leggja stein í götu þessa frv., og vil ég gjarnan sjá hvernig það verkar í þjóðfélaginu er það orðið að lögum eins og nú er ráð fyrir gert."

Það er greinilegt á því, hversu fáir taka þátt í umr. varðandi þetta viðamikla mál, að flestir þm. hafa talið sig lítt dómbæra um einstök ákvæði þess vegna ónógrar lögfræðikunnáttu og því varpað sínum áhyggjum upp á sérfræðingana, ekki ólíkt því sem nú er gert. Þetta viðurkennir Ingvar Pálmason hreinskilnislega sem einn hinna ólöglærðu, og Gísli Sveinsson sýslumaður sem einn hinna löglærðu lætur þessa skoðun óspart og ótvírætt í ljós um samþm. sína. Hann fellst hins vegar á það í lokin að láta megi reyna á þessi lög í framkvæmd, enda megi þá vissulega breyta þeim síðar. Páv. dómsmrh., Hermann Jónasson, kvaðst hafa mikla trú á því, að dómstólar

mundu túlka lagaákvæðin vægilega og með varúð, eins og reynslan hefði verið síðustu áratugi, þótt bókstafur laganna væri að vísu allstrangur.

Það má líka sjálfsagt segja að ekki hafi mikið reynt á túlkun meiðyrðalöggjafarinnar um það bil hálfan fjórða áratug eftir að hún var sett, þótt nokkur kátleg dæmi séu til um það, svo sem þegar maður nokkur fékk uppnefni, sem rithöfundur einn hafði viðhaft um hann á prenti, dæmt dautt og ómerkt. En dómurinn varð hins vegar til þess, að viðurnefnið — það var strigakjaftur — sem áður var lítt þekkt festist við vesalings manninn og var hann naumast kallaður annað síðan.

En svo bar við sumarið 1974, eins og öllum er kunnugt, að þá upphófust hin umfangsmiklu málaferli vegna meintra ærumeiðinga sem ekki eiga sinn líka í íslenskri réttarsögu og í daglegu tali eru kennd við samtökin Varið land. Sá málatilbúnaður og dómar, sem upp hafa verið kveðnir, hafa öðru fremur fært mönnum heim sanninn um að brýn þörf sé orðin á að endurskoða meiðyrðalöggjöfina eins og framsýnustu menn sáu þegar fyrir að við mundi þurfa árið 1939. Í þeim stefnum og dómum væri af mörgu að taka til dæma, en eitt þeirra atriða varðar einmitt túlkun orða og ummæla. Fram hefur komið að stuðst er við Grágásarorðalag í 237. gr. a. m. k. En í Grágás segir um túlkun orða: „Hvert orð skal vera sem mælt er, en ekki skal að skáldskaparmálið ráða.“ Þetta þýðir, segir Gunnar Thoroddsen í doktorsriti sínu: Fjölmæli, með leyfi forseta: „Í óbundnu máli skal túlka hvert orð eftir venjulegri merkingu daglegs máls, en ekki samkv. þeirri sérmerkingu sem orðið kann að hafa í skáldskaparmáli.“

Þá segir einnig í Grágás um hálfréttisorð, að hálfrétti er það orð, „er ræður til hvors tveggja góðs og ills“ eða „færa má til hvors tveggja góðs og ills“. — „Hálfrétti *varðaði almennt ekki við lög samkv. Grágás,*“ segir Gunnar Thoroddsen í áðurnefndu riti. „Almennt eru þau vítalaus.“

Af þeim fjölmörgu orðum og ummælum, sem stefnt var út af í fyrrnefndum VL-málaferlum, skal einungis tekið sem dæmi orðið „mannvitsbrekka“, en í máli stefnenda gegn Úlfari Þormóðssyni blaðamanni var honum m. a. stefnt fyrir eftirfarandi orð: „Þessi hópur mannvitsbrekkna.“ Í aths. lögmanns stefnenda segir svo um þessi ummæli: „Stefnendur telja þessi ummæli móðgandi og refsa beri fyrir þau samkv. 234. gr. laga nr. 19 1940.“ Nú hefur merking orðsins „mannvitsbrekka“ vafist ekki lítið fyrir málfræðingum. Það er notað sem viðurnefni um tvær konur í Íslendingasögum, frænkurnar Ástríði mannvitsbrekku og Jórunni mannvitsbrekku.

Almennastur skilningur viðurnefnisins mun á þessari öld hafa verið einhvers konar „viskufjall“ eða sá klettur sem vitsmunir annarra stranda á. Er þessi skýring runnin frá þýska málfræðingnum Hugo Gering árið 1894, sem þýðir það á þýsku sem „Weisheitsklippe.“

Eldri skýring viðurnefnisins kemur hins vegar fram hjá skylt dönsku sögninni „brække“, enskunni „break“ og þýskunni „brechen“, „Männerwitzbrecherin“, þ.e. sú sem brýtur niður vit karlmanna eða töfrar og tælir horska hali: die verständige Männer bezaubernde.

Er þá talið að orðið maður hafi í fornmáli þýtt karlmaður eins og skyld orð í öðrum málum gera enn í dag.

Finnur Jónsson skilur viðurnefnið hins vegar meira jarðlegum skilningi: Þar sem mannvitið var á þeim tíma talið eiga heima í brjóstholinu hafði orðið mannvitsbrekka átt við konu með sérlega þrýstinn barm.

Ekki er ljóst hvort stefnendur eða dómarar hafa talið einhverja af þessum skýringartilraunum móðgandi fyrir hina 12 horsku hali, en dauð og ómerk voru ummælin dæmd. Væri málfræðingum sjálfsagt þökk á að fá að vita hvaða skilningi orðsins stefnendur og dómarar höfðu komist að. En þetta er aðeins örlítið dæmi þess, hver vandkvæði hljóta að vera á túlkun þessara lagaákvæða. Úr því að á annað borð er verið að hjálpast við orðalag hinna gömlu þjóðveldislaga í 237. gr., þá hefði í rauninni farið betur á því að hafa refsinguna líka í fornum anda og láta liggja við fjörbaugsgarð eða skóggang. Það hefði verið álíka skiljanlegt og sökin sjálf. En samsvarandi grein í Grágás hljóðar svo:

„Ef maður bregður manni brigslum eða mælir honum áljót, þótt hann segi satt, og varðar fjörbaugsgarð.“ Hér er engan veginn ætlunin að gera lítið úr ákvæðum hinna fornu þjóðveldislaga. Við fyrstu sýn getur manni reyndar virst sem hinir frelsisunnandi forfeður okkar hafi verið furðulega orðsjúkir og hvumpnir gagnvart ummælum annarra, einkum þó ef þau voru í bundnu máli. Um þau efni segir m. a. svo í Grágás:

„Skóggang varðar, ef maður yrkir um mann hálfa vísu, þá er löstur er í eða háðung, eða lof það, er hann yrkir til háðungar.“

„Ef maður yrkir mansöng um konu, og varðar skóggang. Kona á sök, ef hún er 20 ára eða eldri. Ef hún *vill eigi sækja láta, og á lögráðandi hennar sökina.*“

En ekki ber að líta á þvílík ákvæði sem vott um venjulega spéhræðslu á okkar mælikvarða. Hér er um að ræða leifar af eldfornri trú á mátt orðsins, einkum kynngimátt skáldskaparins, sem orðið gæti að álögum. Þess konar trú er rótgróin meðal fólks á svokölluðu „frumstæðu“ menningarstigi sem ég vil alls ekki skilja niðrandi merkingu, en leifar þessarar trúar eða form hennar geta lifað og birst í ýmsum myndum löngu eftir að trúin sjálf er úr sögunni eða svo gott sem. Í dæminu um mansönginn felst til að mynda óttinn um það, að óæskilegur maður geti með töfrum skáldskaparins náð ástum konu. En meðan kona var nokkurs konar eign eða vara lögráðanda, sem nota varð við ábatasama hjúskaparsamninga, þá taldist nauðsyn að banna strengilega þvílíka truflun.

Hið sama er að segja um andúð hins svokallaðs „frumstæðs“ fólks á því að láta gera af sér myndir, eins og allir kannast við, vegna hættu á hermigaldri. En í þjóðveldislögunum er einnig ákvæði um tréníð eða að „skera manni tréníð“, og virðist þar vera átt við að gera myndir af mönnum í tré.

Sé þessi forna trú á mátt orðsins, skáldskaparins, galdursins, höfð í huga, þá verða ákvæði þjóðveldislaganna um fjölmæli og áþéttisorð mun skiljanlegri. Hitt er með meiri ólíkindum, að til skuli vera jafnorðsjúkir menn á síðari hluta 20. aldar. Og það er enn fremur sýnilegt, að þegar hálfdauður eða óljós bókstafur laga er gerður að hyrningarsteini án tillits til þeirra kringumstæðna sem ríktu þegar hann var settur, þá er hugsanlegt að beita honum næstum eins og um galdraáburð væri að ræða.

Í útvarpsþætti 13. des. s. l. komst Ólafur Jóhannesson dómsmrh. svo að orði um þessa löggjöf, með leyfi forseta:

„Ég tel nú að það sé þörf á endurskoðun og breytingum á meiðyrðalöggjöfinni. Ég verð hins vegar að játa að ég hef lítið leitt hugann að þessu. En þessi löggjöf er

orðin gömul að stofni til og ýmsar aðstæður hafa breyst, t. d. varðandi fjölmiðlana. Ný fjölmiðlun hefur komið til o. s. frv.

Hins vegar verð ég að segja, að ég hefur nú ekki orðið var við mikinn áhuga á því, að breytingar væru gerðar á þessari löggjöf. Ég held að menn taki ekki þessa löggjöf mjög alvarlega nú og hún sé að verulegu leyti dauður bókstafur. Það er sjaldgæft að menn fari í meiðyrðamál. Það er nú næstum því daglegt brauð, að stóryrði og jafnvel aðdróttanir séu í dagblöðum, fjölmiðlum, en ég held að það sé t. d. alveg óþekkt að stjórnmálamenn eða ritstjórar séu að fara í meiðyrðamál. Menn telja þetta einhvern veginn ekki réttarvörsluúrræði sem dugi.

Hverjar breytingar ætti á þessu að gera? Það er nú svo, eins og ég sagði, ég hef ekki sérstaklega kannað það. Ég held þó að það væru vissar breytingar sem þörf væri á. Það þyrfti kannske að skoða þetta einmitt með tilliti til þeirra breytinga og þeirra nýju fjölmiðla sem hafa komið til, t. d. að ákvæðið um ómerkingu meiðyrða sé alveg úrelt orðið og heimskulegt því að það er ekki hægt að dæma orð dauð."

Þetta voru ummæli hæstv. núv. dómsmrh. En hvað varðar ummæli hæstv. dómsmrh., að ekki hafi orðið vart við mikinn áhuga á breytingum, þá má vel vera að svo hafi ekki verið fyrr en á síðustu missirum. En hin umfangsmiklu VL-málaferli hafa þá einmitt vakið þann áhuga og sýnt fram á þörf breytinganna. Sá áhugi birtist hvað greinilegast á s. l. hausti þegar 78 þekktir borgarar stofnuðu „Málfrelsissjóð" og gáfu af því tilefni út ávarp sem m. a. er undirritað af flestum skólameisturum landsins, forustumönnum listamannasamtakanna og verkalýðssamtakanna, forseta ASÍ og fyrrv. forseta lagadeildar Háskóla Íslands. Í ávarpinu segir m. a., með leyfi forseta:

„Allt frá tímum frönsku stjórnarbyltingarinnar hefur skoðana- og tjáningafrelsi verið einn af hornsteinum þess lýðræðis sem þjóðir um norðanverða Evrópu og Ameríku hafa hafa hyllt og leitast við að festa í sessi. Réttarþróun í þessum efnum hefur mjög gengið í þá átt að rýmka málfrelsi í stjórnmálaumr.

Samkv. stjórnarskrá Íslands eiga þessi réttindi að vera tryggð Íslendingum, en með framkvæmd gildandi laga-ákvæða um meiðyrði er hætta á að þessum réttindum verði í raun settar óæskilegar og ónauðsynlegar skorður."

Tilefni þessa ávarps eru dómar þeir sem nýlega hafa verið kveðnir upp í Hæstarétti vegna ummæla sem fallið hafa í umr. um hersetuna, eitt heitasta deilumál þjóðarinnar síðustu þrjá áratugi. Með þeim hefur mörgum einstaklingum verið gert að greiða háar fjárhæðir í málskostnað og miskabætur handa stefnendum.

Í tillögu okkar er gert ráð fyrir að Alþ. kjósi nefnd til að endurskoða löggjöfina um ærumeiðingar. Ég þykist nú sjá að það sé orðið nokkuð seint sem þetta kemur á dagskrá og kannske of seint til þess að slíka nefnd sé hægt að kjósa. En ég vil þó þakka hæstv. forseta fyrir að hafa leyft mér að flytja þessa framsögu, og í stað þess að leggja til, að þessari till. verði vísað til n., þá legg ég til að henni verði vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íslensk stafsetning, þáltill. (þskj. 64, n. 615 og 624, 82, 102, 616). — Frh. einnar umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Í fjarveru formanns hv. allshn. mæli ég fyrir meirihlutaáliti þessarar hv. n. sem er á þskj. 615 og undirritað af formanni n., Ellert B. Schram, Lárusi Jónssyni, Jónasi Árnasyni og Ólafi G. Einarssyni. Eins og fram kemur á þskj. varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. n. hefur skilað séráliti.

Nefndinni bárust umsagnir í fyrsta lagi frá nýstofnuðum Samtökum móðurmálskennara, þau samtök lýsa sig andstæð tillögunni, og í öðru lagi fékk n. umsögn frá Íslenskri málnefnd og er hún mjög ítarleg, þessi umsögn, og er birt sem fskj. í nál. Í umsögn Íslenskrar málnefndar segir:

„Íslensk málnefnd telur mestu varða að koma á „festu í stafsetningu íslenskrar tungu", eins og segir í grg. með tillögunni. Djúpstæður ágreiningur um stafsetningu er hættulegur til lengdar. Brýnast af öllu er að leita leiða til sátta. Réttritun er, hvort eð er, umfram allt samkomulagsatriði."

Meiri hl. allshn. telur að umsögn Íslenskrar málnefndar taki af tvímæli um að málamiðlunartillaga þessi, sem felst í tillögunni, er til lausnar á illvígum deilum sem nauðsynlegt er að setja niður. Þess vegna hefur umsögn málnefndar verið prentuð með sem fskj. til þess að öllum þm. gefist kostur á að kynna sér hana, eins og ég sagði áðan. Ég vísa til þessarar umsagnar og þessa ítarlega nál. og tel óþarft að fjölyrða um þetta mál frekar að sinni. En n. flytur brtt. á þskj. 616 með tilliti til þessarar umsagnar sem ég hef hér vitnað í. Þar segir:

„Á eftir 2. mgr. tillgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Jafnframt ályktar Alþingi að fela Íslenskri málnefnd að semja reglugerð um ritun z samkv. framangreindum ákvæðum. Þó skal n. heimilt að breyta einstökum atriðum, ef það er einróma álit hennar að betur fari og vænlegra sé til sátta. Samningu reglugerðarinnar skal lokið eigi síðar en 1. júlí n. k. og skal reglugerðin þá birt almenningi."

Meiri hl. allshn. leggur til að þáltill. verði samþykkt með þessari breytingu.

Frsm. minni hl. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það mál, sem nú kemur til umr. hér í Sþ., er ekki nýtt af nálinni. Þetta er gamall kunningi, bæði í Sþ. og í deildinni, og kemur nú fram í nýrri mynd og nýrri líkamningu. En eðlið er þó óbreytt frá fyrri málflutningi, sem þó verður ekki mjög vikið að hér að sinni.

Eins og frsm. meiri hl. allshn. tók fram klofnaði n. um málið. Við í minni hl., ásamt mér hv. þm. Jón Helgason og Jón Skaftason, leggjum til að till. verði afgreidd með rökstuddri dagskrá á þessa leið:

„Þar sem fyrir Alþingi liggur á þskj. 3 frv. menntmrh. um setningu reglna um íslenska stafsetningu, þar sem fjallað er um undirbúning stafsetningarreglna í heild og hlutdeild Alþingis í setningu þeirra, telur Sþ. ekki ástæðu til að taka eina stafsetningarreglu af mörgum út úr og láta hana sérstaklega til sín taka með þeim hætti, sem till. gerir ráð fyrir, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Eins og frsm. meiri hl. tók fram, bárust allshn. tvær umsagnir um till. á þskj. 64. Hún er, eins og ég gat um áðan, að efni til mjög skyld frv. sem flutt var á sínum tíma

í Nd. Alþingis, en þó breytt að sumu leyti. Þegar það frv. var til umr. bar mjög á góma hversu lítið vit væri í því að okkar dómi margra að Alþ. settist á laggirnar við stafsetningarsmíð, gerði stafsetningarreglur í einstökum atriðum og afgreiddi þær frá sér í lagaformi. Nú hafa hv. talsmenn z hér á Alþ. gert á nokkra bragarbót. Þeir leggja ekki lengur til að sett verði lög um stafsetningaratriði, en flytja sama efni í mynd þáltill., og er það nokkur framför, því að eins og allir þm. vita hafa þingsályktanir og lög mjög ólíkt gildi. En það er enn sami bragur á málflutningnum að því leyti, að mjög hefur tekist óhöndulega við stafsetningarreglusmíðina.

Þegar frv. var gert á sínum tíma, sem menn muna, þá var á það bent í meðförum þess, að þar eru alvarlegir meinbugir á og svo virtist sem mjög hefði skort á þekkingu hjá ýmsum þeim sem um fjölluðu, og skal ég ekki rifja það upp. Þar voru a. m. k. í tveim greinum leidd rök að því, að í frvgr. væru meinlokur sem ekki gætu staðist. Nú bregður svo við, þegar z-an og upprisa hennar er færð í þál.-form, þá kemur hið sama á daginn. Í fjölda atriða hafa orðið svo mikil missmíði á þeim málatilbúnaði sem uppi er hafður að umsagnaraðilinn, sem þó er í grundvallaratriðum hliðhollur málstað tillögumanna, hefur farið um till. þeirra slíkum höndum, að sé umsögnin frá Íslenskri málnefnd lesin niður í kjölinn, þá hljóta menn að komast að þeirri niðurstöðu, að í því atriði, sem er aðalatriðið og þungamiðja till. um z-una og z-reglurnar, standi ekki steinn yfir steini. Og ég ítreka það, að að þessari umsögn, að þessum dómi um stafsetningarreglusmíði tillögumanna standa engir fjandmenn z-unnar, öðru nær. Undir þetta rita þeir sem sæti eiga í íslenskri málnefnd um þessar mundir. Af þeim eru tveir, þeir Bjarni Vilhjálmsson þjóðskjalavörður og Þórhallur Vilmundarson prófessor, úr hópi hundraðmenninganna frægu sem sendu hæstv. menntmrh. á sínum tíma áskorun um að vekja z-na frá dauðum, og þriðji maðurinn í Íslenskri málnefnd, Baldur Jónsson lektor, varð einna fyrstur til þess að mótmæla setningu þeirrar stafsetningarreglu sem kvað á um brottnám z úr skyldunámi í skólum. En þessir menn úr hópi þeirra, sem verið hafa ákveðnastir talsmenn z-stafsetningar, sýna fram á það í rækilegri og ítarlegri umsögn, að tillgr. á þskj. 64 fær með engu móti staðist, jafnvel þótt menn séu samþykkir þeirri forsendu sem þar er sett fram, sem sé að það sé þýðingarmikið atriði að skrifa z í íslensku, enda þótt fyrir liggi að allt frá því að Ísland var byggt og raunar á löngum tíma áður í málssögu norrænna þjóða hefur aldrei verið til sérstakt hljóð í málinu sem þessi bókstafur getur táknað.

Ég tel nauðsynlegt, vegna þess að þeir, sem hlynntir eru þáltill. í allshn. hafa reynt að varpa út bjarghring til tillögumanna með því að flytja brtt. á þá leið, að Íslensk málnefnd skuli sett til að leiðrétta vitleysurnar sem hún er búin að sýna fram á, því tel ég nauðsynlegt að sýna fram á allrækilega hversu veigamiklar og margvíslegar aths. Íslenskrar málnefndar eru við till. sem hér liggur fyrir.

Þar er í fyrsta lagi strax á 1. bls. gerð mjög mikilvæg og þungvæg aths. við eina af forsendunum fyrir tillöguflutningi þeirra sem nú vilja taka upp z á ný. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í inngangsgrein 1. mgr. er ályktað, að miða skuli við auglýsingu um íslenska stafsetningu frá 1929 með þeim frávikum, sem síðan eru talin. Málnefndin telur hins vegar heppilegra, að frávik til málamiðlunar séu miðuð við „Auglýsingu um íslenska stafsetningu“ nr. 132 frá 1974 með breytingu þeirri sem gerð var 28. júní 1977, m. ö. o. að miðað verði við gildandi stafsetningu. „Hér gengur Íslensk málnefnd þvert gegn einni aðalforsendu tillögumanna sem standa að till. á þskj. 64. Þeir leggja það til að slegið verði með öllu striki yfir stafsetningarreglurnar frá 1974 með þeirri breytingu sem gerð var 1977. Og Íslensk málnefnd heldur áfram og leiðir rök að þessari afstöðu sinni, þó í stuttu máli sé, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafa ber í huga, að auglýsingin frá 1974 er miklu fyllri en auglýsingin frá 1929. Í hinni síðarnefndu eru t. d. engin skýr ákvæði um y, ý og ey.“

Hér er ekki mikið sagt af öllu því sem segja mætti um þetta eina atriði í till. á þskj. 64, en þó nóg til þess, að það kemur skýrt fram að Íslensk málnefnd hafnar gersamlega þeirri forsendu sem liggur að baki tillöguflutningnum á þskj. 64, að slá striki yfir stafsetningarreglurnar frá 1974, vegna þess að þeir málfróðu menn, sem í Íslenskri málnefnd sitja, hvert álit sem þeir annars hafa á z, viðurkenna það auðvitað samkv. eðli málsins, að ekki nær nokkurri átt, þó menn vilji breyta einu atriði í þessum stafsetningarreglum, að hrinda þeim að öllu leyti, ónýta öll ákvæði þeirra, hvort sem ágreiningur er um þau eða ekki. Og það er Íslensk málnefnd sem bendir rækilega á þetta. En hún bendir að sjálfsögðu ekki á það, sem ég vil hins vegar leggja höfuðáherslu á, að þetta atriði eitt út af fyrir sig hrindir algerlega þeim látalátum tillögumanna, að till. þeirra sé einhver sáttaleið eða málamiðlunarleið í þessu máli. Þvert á móti, með því að gera það að undirstöðu og forsendu till. sinnar að stafsetningarreglurnar frá 1974 skuli ógiltar í hverju og einu atriði, jafnt í þeim tugum atriða, sem enginn ágreiningur er um, og í því eina atriði, sem tillögu mennirnir gera um ágreining, hvort z-an skuli rituð í málinu eða ekki, þá sýna þeir sjálfir fram á að þeir eru ekki að leita eftir málamiðlun, þeir eru ekki að leita eftir sáttum. Með því að leggja málið svona fyrir, með því að krefjast þess að allt, sem gert var í stafsetningarmálunum 1974, sé ónýtt, þá sýna þeir sjálfir fram á með þessum málatilbúnaði sínum að það er ekki málamiðlun sem fyrir þeim vakir. Í huga þeirra ríkir heift. Þar sem þeir vilja vinna það til að ónýta allar stafsetningarreglur frá 1974, hvort sem þeir eru þeim í sjálfu sér samþykkir eða ekki, þá sýna þeir að þeir hyggjast vinna þarna heiftarverk, svo að ég segi ekki fólskuverk, til þess að ná sér niðri á þeim sem stóðu að setningu stafsetningarreglnanna frá 1974. Til þess að sýna fram á, hvað hér er um að ræða, er nauðsynlegt að líta á þessar stafsetningarreglur nokkru nánar.

Þær eru, eins og ég sagði, hinar ítarlegustu sem gerðar hafa verið frá því fyrst var farið að gefa út af opinberri hálfu stafsetningarreglur á árinu 1918. Í þessum reglum er byggt á fenginni reynslu. Þessar reglur eru í öllum meginatriðum samhljóða reglunum frá 1929, það sem þær ná, nema hvað z snertir. Stafsetningarreglurnar frá 1929 gerðu z-stafsetninguna að skyldu í skólum og ritum sem kostuð eru af opinberum aðilum. Reglurnar frá 1974 námu þetta ákvæði úr gildi. En að öllu öðru leyti er byggt á reglunum frá 1929 og þeirri reynslu sem síðan hafði fengist, einkum við skólakennslu, eins og sýnt er fram á í álitsgerð stafsetningarnefndarinnar sem þá starfaði. En stafsetningarreglurnar frá 1929 komust fyrir í einum tvöföldum dálk í Lögbirtingablaði. Þetta ljósrit

sýnir, hvert umfang þeirra er, og þær eru þar í fjórum töluliðum. Af því geta menn séð, að þar er aðeins gripið á einstökum afmörkuðum atriðum, en ekki settar eða samdar allsherjar stafsetningarreglur. Ein aðalástæðan til, að stafsetningarnefndin, sem gekk frá reglunum frá 1974, var skipuð, var að það var krafa uppi um það og hafði lengi verið hjá kennurum, að það væri löngu tími til kominn að fylla út í þessar reglur að gera þær ítarlegri um ákvæði sem ekki hafði verið á tekið 1929, og sömuleiðis var það mjög útbreidd skoðun hjá kennurum og er enn að reynslan hefði sýnt — (**GÞG:** Hvenær kom þessi krafa fram í menntmrn.? Var krafan lengi uppi af hálfu kennara?) Já, sú krafa hafði verið lengi uppi af hálfu kennara. (Gripið fram í.) Kennarar geta tjáð sig, þó að þeir tjái sig ekki við rn. En þessi skoðun, sem var útbreidd í kennarastéttinni, byggðist á því, að það hafði næstum frá upphafi verið föst regla, staðfest af menntmrh. eftir menntmrh., að z var ekki kennd í því sem kallað var barnaskólanám, á barnaskólastigi. Hún var ekki kennd fyrr en komið var á unglingastig eða gagnfræðastig sem áður var kallað í skólunum.

En ég var að bera saman auglýsingarnar um íslenska stafsetningu frá 1929 og 1974 aðeins til að sýna hv. þm. fram á hversu nákvæmar er farið í sakirnar í þeim reglum sem settar voru 1974 og tillögumenn, sem standa að till. á þskj. 64, vilja kollvarpa frá upphafi til enda, aðeins í þeim tilgangi, að því er virðist, að ná sér niðri á þeim sem að því stóðu að nema z brott úr skólastafsetningunni. Það skal kosta það, að niður séu felldar stafsetningarreglur byggðar á mikilli reynslu og mikilli vinnu um fjölda annarra atriða. Þessar stafsetningarreglur eru frá 1974. Þær eru ekki aðeins í fjórum töluliðum, eins og þær frá 1929. Þær eru hvorki meira né minna en í 14 köflum og 42 greinum, svo að allt sé talið. Þar er fjallað um atriði sem ekki er vikið að í auglýsingu um íslenska stafsetningu frá 1929. Þar eru reglur um stóran staf og lítinn staf. Þetta er ekki að finna í reglunum frá 1929. Þar eru reglur um yfsilon, eins og vikið er að í umsögn íslenskrar málnefndar. Þær eru ekki í reglunum frá 1929. Þar eru sömuleiðis reglur um hvar rita skuli eitt orð eða tvö. Þær er ekki að finna í reglunum frá 1929. Síðan eru ýmis önnur stafsetningaratriði sem ekki fylla heila kafla, og er þar þó um ýmis þýðingarmikil atriði að ræða, svo sem hvenær eignarfalls-s falli brott í samsetningum. Þar er sömuleiðis fjallað um greinamerkjasetningu, og henni voru gerð skil í sérstakri auglýsingu í 21. grein, sem varð samferða auglýsingunni um íslenska stafsetningu frá 1974.

Allt þetta vilja tillögumenn, sem standa að till. á þskj. 64, nema úr gildi. Öllu þessu vilja þeir kollvarpa, eingöngu vegna þess að þetta birtist í sömu auglýsingu og nam z-una úr skólastafsetningunni. Og ég læt hv. alþm. eftir að dæma um hvað þeir telja það heppilegt að lúta í stafsetningarmálum forsögn manna sem fara fram af slíku offorsi og slíkum tilfnislausum þjösnaskap gagnvart jafnvandmeðförnu málefni og þarna á sér stað, þegar þeir vilja afnema allar reglur, sem settar voru 1974, aðeins vegna þess að ein reglan af mörgum er þeim ekki að skapi. Þarna hefði verið skynsamlegra og á allan hátt málefninu samboðnara að fara með meiri gát, stillingu og hófsemi. Þá hefði kannske verið hægt að gefa þessari till. það yfirskin að hún væri sáttatill. og málamiðlunarleið. En úr því að svona er farið að hlutunum, lagt til að hvert pút og plagg, sem kom frá stafsetningarnefndinni sem starfaði 1973 og 1974, skuli ónýtt, þar með er verið að sýna að það er síður en svo sættir eða málamiðlun sem fyrir tillögumönnum vakir.

Hér er um að ræða ábendingu og aðfinnslur strax í upphafi á umsögn íslenskrar málanefndar um till. á þskj. 64. En það er ýmislegt fleira sem málnefndarmenn, sem eins og ég sagði áðan eru í sjálfu sér a. m. k. tveir sama sinnis um z-stafsetningu og tillögumenn, telja sig þurfa að gera aths. við í afstöðu skoðanabræðra sinna og merkisbera z-málstaðarins hér á þingi. Þar segir svo í upphafi þeirrar ítarlegu yfirferðar sem málnefndarmenn fara yfir till. og efni hennar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau stafsetningarákvæði þáltill., sem síðan eru talin upp í 6 tölusettum liðum, eiga ýmislegt sameiginlegt með stafsetningunni frá 1929 („gömlu stafsetningunni“) og stafsetningunni frá 1974 („ nýju stafsetningunni“), annarri hvorri eða hvorri tveggja. En hér eru ýmsir agnúar á.“ Og síðar segir í sömu umsögn, með leyfi hæstv. forseta: „Aðalgalli till. er sá, að málfræðilegum meginreglum er ekki nógu dyggilega fylgt frá upphafi til enda og ekki fyllilega ljóst í öllum atriðum, hvernig stafsetja skuli.“ Nefndarmenn eru þarna mjög hófsamir í orðavali, sem auðvitað enginn skyldi lá þeim, bæði stöðu þeirra vegna og vegna þess að þeir eru að ræða um mál sem skoðanabræður þeirra í z-málinu hafa borið fram á þingi. En það, sem í þessum orðum felst, er hreinlega það, að till. á þskj. 64 stenst ekki í grundvallaratriðum, hún byggir ekki á málfræðilegum meginreglum til neinnar hlítar og hún gerir ekki ljóst í öllum atriðum hvernig stafsetja skuli. En síðan segja málnefndarmenn í viðbót: „Eigi að síður má lesa út úr þessum ákvæðum nokkrar meginreglur,“ — með leyfi hæstv. forseta vitna ég í þetta, — „sem eru vel þess virði, að þeim sé gaumur gefinn sem málamiðlunarhugmyndum.“

Síðan taka málnefndarmenn sig til og setja fram þær reglur sem þeir telja að felist í efni tillgr. á þskj. 64 víkja að þeim hverri um sig, og segja t. d. um það, sem þeir kalla fyrstu meginreglu í 1. a, sem sé þá, að í stofni á mótum rótar og afleiðsluviðskeytis (orðmyndunarviðskeytis) í hvaða orðflokki sem er skuli rita z fyrir s-hljóð, um þetta segja þeir síðan í sinni grg.:

„Fyrsta meginreglan, sem fram kemur í 1. tölul. þál. till., er gamalkunn. En þó að hún eigi sér áratugahefð, eru auðvitað álitamál um ritun stöku orða.“

Ekki einu sinni þessi regla, grundvallarreglan um z-una sjálfa, er sett þannig fram í till. á þskj. 64 að einhlítt sé að dómi þeirra sem sitja í íslenskri málnefnd. Og þeir bæta við, með leyfi hæstv. forseta:

„Áhöld geta verið um ýmis önnur orð að þessu leyti, og verður þá að taka af skarið með eins konar salómonsdómi, svo sem algengt er í allri stafsetningu.“

Síðan segja þeir um annað afbrigði af þessari reglu, sem þeir kalla 1. c, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi regla — svo langt sem hún nær — er í samræmi við gömlu stafsetninguna. Svo vill til, að reglan nær ekki til sambandsins ð+s nema í einni sögn, þ. e. bregða, þar sem hið stofnlæga ð er ekki borið fram á undan -st.“

Þarna er sem sagt regla sem nær aðeins til einnar af þeim sögnum þar sem ð og s fara saman. Síðan er vikið að reglu sem íslenskir málnefndarmenn kalla 1. d, sem þeir orða svo, með leyfi hæstv. forseta: „í sagnbót miðmyndar, ef sagnstofninn endar á tannhljóði og næst á undan fer samhljóð, sem er hvorki s né t (henzt (af hendast), virzt (af virðast), birzt (af birtast)).“ Og um þetta segja þeir í

nánari útlistun á þeim reglum, sem þeir hafa unnið úr tillgr., með leyfi hæstv. forseta: „Þessi regla um sagnbót miðmyndar kemur hvergi berlega fram í till., en leynist þar þó.“

Þarna hefur tillögumönnum svei mér tekist upp. Án þess að setja fram reglu hafa þeir falið hana í tillgr., en það þarf jafnsnjalla menn og skipa Íslenska málnefnd til þess að draga hana fram í dagsljósið.

Og þeir segja síðan um 6. töluliðinn í till. á þskj. 64: „Í 6. tölul. er veitt heimild til að rita z í orðum, sem eru erlend að uppruna. Slík heimild er umdeilanleg og kæmi ekki síður til álita að binda hana við sérnöfn á sama hátt og gert er í „Auglýsingu um íslenska stafsetningu“ nr. 132 frá 1974.“

Þarna kemur enn fram í umsögn Íslenskrar málnefndar hvaða vansmíð hafa orðið á tillögugerð þeirra manna sem standa að till. á þskj. 64, vegna þess hverja fæð þeir leggja á stafsetningarreglurnar frá 1974 og þá menn sem að þeim stóðu. Þeir kosta alls kapps um að koma með eitthvað frábrugðið þeim, og meira að segja menn tillögunni hliðhollir, eins og þeir sem skipa Íslenska málnefnd, telja það frekar til óþurftar sem lagt er til aðeins til þess að skera sig úr frá stafsetningarreglunum frá 1974. Og íslenskir málnefndarmenn segja enn fremur, með leyfi hæstv. forseta, um þessi erlendu tökuorð:

„Sumir telja ástæðulaust að rita t. d. tökuorðin bensín og nasisti með z, þótt það hafi stundum verið gert. Á ferli þessara orða í íslensku hafa þau aldrei haft tannhljóð, sem fallið hefur brott á undan s-i. Með sömu rökum mætti segja, að aldrei hafi verið tilefni til að skrifa orðin gasella, sebrahestur ellegar bókstafsheitið seta með z, þótt einhverjar aðrar þjóðir hafi þann hátt á.“

Síðan koma íslenskir málnefndarmenn að þeim atriðum í till. á þskj. 64 þar sem vikið er verulega frá efni stafsetningarreglnanna frá 1929. Þeir segja um síðustu meginregluna, sem þeir merkja með tölustafnum 3 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „að láta tannhljóðstaf sagnbótarviðskeytis (ð eða t) falla bótalaust, *nema hann sé greinilega borinn fram* (náðst) eða unnt sé að bera hann fram til að taka af tvímæli, þ. e. þar sem sagnstofninn endar á s-i (læstst, hresstst).“

Um þessa reglu segja þeir síðan í umsögn sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðasta meginreglan lýtur að stafsetningu sagnbótar í miðmynd, sem líklega hefur reynst torveldasta og jafnframt umdeildasta atriði íslenskrar stafsetningar. Telja má, að viðskeyti sagnbótar séu -að, -ið, -ð og -t (miðað við samtímalega greiningu) en vandinn er, hvernig með þau skuli fara, þegar miðmyndarendingunni -st er skeytt við. Tannhljóð sagnbótarviðskeytisins er sjaldan borið fram á undan henni.

Í stafsetningunni frá 1929 var sá kostur valinn að skrifa sagnbótartannhljóðið, þegar það var greinilega borið fram (náðst) og þegar s fór næst á undan því (kysstst), og láta það að öðrum kosti aldrei falla bótalaust, heldur skrifa z í stað þess og s-ins, sem á eftir fór (farizt, glaðzt, breytzt).

„Í stafsetningunni frá 1974,“ segja íslenskir málnefndarmenn enn fremur, „var blaðinu snúið við. Þar er meginreglan sú að láta tannhljóð sagnbótar ávallt falla óbætt, nema það sé borið fram (náðst). Og gengið var enn lengra: Ef sagnstofn endar á -t, -tt eða -d og sagnbótarviðskeytið ætti samkv. sagnbeygingunni að vera -t, falla einnig stofnlægu stafirnir bótalaust í sagnbót miðmyndar. Sama gildir um ð aftast í stofni, ef r fer næst á undan.“

Síðan fara hér allmörg dæmi hjá íslenskum málnefndarmönnum og til að stytta mál mitt nokkuð sleppi ég þeim, en tek svo aftur til, með leyfi hæstv. forseta, þar sem þeir tala frá eigin brjósti og hætta að rekja dæmin:

„Óhætt mun að segja, að margir hafi átt einna erfiðast með að sætta sig við þessi síðastnefndu atriði nýju stafsetningarinnar, þótt þeim væri að öðru leyti lítil eftirsjá að z.“

Og síðan segja íslenskir málnefndarmenn:

„Í þáltill. er fylgt sömu meginreglu og 1974, að láta ð og t sagnbótar falla óbætt á undan -st. Hér er einnig gerð sama undantekning og 1974, að skrifa ð, þar sem það er borið fram (náðst).“

Af þessu er ljóst að í þessu atriði, sem íslenskir málnefndarmenn telja einna umdeildast af því sem gert hafði verið með stafsetningunni frá 1974, þar hafa tillögumenn þó farið í það far að fylgja fordæminu sem var gefið í stafsetningarreglunum sem þá voru settar. Með þessa vitneskju í huga, að þetta atriði, sem íslenskir málnefndarmenn segja að margir hafi átt einna erfiðast með að sætta sig við í stafsetningunni frá 1974, það skuli tekið upp í z-reglurnar í till. á þskj. 64 — með þessa vitneskju í huga verður gersamlega óskiljanlegt, hvers vegna tillögumenn leggja til að allar aðrar stafsetningarreglur í auglýsingunni frá 1974 séu ógiltar, úr því að þeir hafa ekkert út á þær að setja efnislega og hafa aldrei haft, en fara síðan í smiðju til þeirra, sem sömdu reglurnar frá 1974, og taka hluta af þeim og þann hlutann, sem íslenskir málnefndarmenn telja að mest hafi farið fyrir brjóstið á þeim sem hlynntir eru z-stafsetningu, og gera hann að *sinni eigin tillögu*.

Ég hef fengið tilmæli frá hæstv. forseta um að stytta mál mitt. Mikið er eftir af aths. í þeirri umsögn sem íslensk málnefnd gaf um þá till. sem hér er verið að ræða. Ekki er hægt að láta það allt liggja á milli hluta, en að þessu sinni mun ég fara þar mjög fljótt yfir sögu, því að ég mun sem aðrir frsm. hafa rétt til að taka þrisvar til máls við þessa umr., svo að ég get væntanlega komið að atriðum, sem út undan verða að þessu sinni, í síðari ræðum sem ég held hér. Ég verð sem sagt við þeim tilmælum hæstv. forseta að sleppa hér löngum kafla í umsögn íslenskrar málnefndar. En hins vegar get ég með engu móti gengið með öllu fram hjá umsögn hins umsagnaraðilans, sem lét allshn. í té álit sitt, þ. e. a. s. Samtaka móðurmálskennara, enda er hægt að gera þeirri umsögn skil í mun skemmra máli heldur en þeirri sem ég var nú áður að rekja, því að Samtök móðurmálskennara setja sitt álit fram í mjög stuttu og ákveðnu máli, sem ég vil leyfa mér að vitna hér í, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo í meginmáli:

„Ofannefnd þáltill.“ — þ. e. þáltill. á þskj. 64 — „er meingölluð að áliti okkar nm., bæði þeirra, sem vilja z aftur inn í ritmálið, og hinna, sem vilja ekki hverfa frá breytingunni 1973—1974. Rök okkar eru einkum þessi:

Reglur þær, sem till. gerir ráð fyrir, eru flóknar og til þess fallnar að stórauka á glundroða í stafsetningu.“ Þetta er sem sagt niðurstaða Samtaka móðurmálskennara.

„b. Innbyrðis misræmi er í reglunum þar sem ætlast er til að stafsett sé „ég leit, þú leizt,“ en hins vegar: „ég batt, þú battst; getur sést, getur settst; nyrzt, innst.“ Venjulegum nemendum er vart ætlandi slík aðgreining, auk

þess sem stafsetning með ttst hefur aldrei fest rætur í íslensku.

c. Af kennslufræðilegum ástæðum er brýn þörf að ein og sama stafsetning sé kennd á öllum skólastigum, en reyndin var sú að z var ekki kennd fyrr en á gagnfræðastigi. (Oft var hinum lakari nemendum alveg sleppt við þennan staf). Var þessari venju fylgt lengst af frá 1929 til 1973, en til þess horfs vill þáltill. nú færa stafsetninguna.

d. Með afnámi reglnanna frá 1974 mundu og falla úr gildi öll fyrirmæli um að rita skuli y, ý og ey í íslensku ritmáli, greina sundur hv og kv, hvenær rita skal stóran staf og hvenær lítinn, hvenær eitt orð og hvenær tvö o. s. frv., en um mörg slík atriði voru engar reglur formlega í gildi af hálfu hins opinbera fyrr en reglugerðin frá 3. maí 1974 öðlaðist gildi. Til þess tíma var aðeins stuðst við venjur sem hætt er við að grundvellinum þætti undan kippt ef einu reglurnar um þær yrðu afnumdar.

e. Af þessum sökum er ljóst að samþykkt og framkvæmd þáltill. legði móðurmálskennurum nær ófrávíkjanlega og mjög óljúfa skyldu á herðar og yrði því til að valda verulegum glundroða í stafsetningarmálum.

Við lítum svo á að eðlilegt sé að Alþ. ákveði hvernig staðið skuli að breytingum á löggiltri stafsetningu og hverjir skuli um slíkt fjalla, á sama hátt og það ákveður hvaða aðilar skuli ákveða gerð skólahúss eftir að það hefur ákveðið byggingu þess. Hins vegar teljum við óeðlilegt að Alþ. ákveði um einstök atriði stafsetningar, hvaða lestrarkennsluaðferð skuli notuð í barnaskólum eða hvaða málfræðistefna skuli ríkja í móðurmálskennslu, á sama hátt og það er óeðlilegt að Alþ. ákveði veggjaþykkt og burðarþol skólahúsa."

Þetta er meginefnið í umsögn Samtaka móðurmálskennara um till. til þál. um íslenska stafsetningu á þskj. 64. Í bréfi frá formanni Samtakanna er vikið að erindi sem grunnskólakennarar í Reykjavík, 225 talsins, sendu Alþ. fyrir rétt rúmu ári, 21. apríl 1977. Þar er Alþ. send ályktun um íslenska stafsetningu. „En hana hafa" — segir í meðfylgjandi bréfi, með leyfi hæstv. forseta — „undirritað grunnskólakennarar í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Fór söfnun undirskrifta fram dagana 13.—15. apríl s. l. Svo sem upphafsorð ályktunarinnar bera með sér, höfðu um hana forgöngu móðurmálskennarar í 7. og 9. bekk. Hafa og nær allir kennarar, er hér um ræðir og til náðist, undirritað ályktunina eða alls 100. Reyndin varð hins vegar sú, að miklu fleiri kennarar óskuðu eindregið eftir að ljá þessu máli lið, og fór svo í sumum skólum að flestir kennarar rituðu nöfn sín undir ályktun þessa. Eru undirskriftirnar því alls 225. Virðist okkur þessar undirtektir sýna svo að ekki verður um villst að meðal grunnskólakennara er samstaða um þetta efni svo sem vænta má um allt það er til bóta horfir í móðurmálskennslu." Ég vek athygli á því, að þessi undirskriftasöfnun stóð aðeins í þrjá daga og er því ekki hægt að segja að þar hafi verið leitað með logandi ljósi að mönnum til að undirskrifa þessa ályktun. En ályktunin sjálf er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir móðurmálskennarar í 7. og 9. bekk grunnskóla í Reykjavík og nágrenni förum þess á leit við hæstv. menntmrh. og virðulega alþm. að þeir líti af skilningi á eftirfarandi aths. okkar um íslenska stafsetningu:

1. Við styðjum frv. það sem hæstv. menntmrh. lagði fram á síðasta löggjafarþingi þar sem kveðið er á um hvernig standa skuli að breytingum á stafsetningarreglum í framtíðinni. Jafnframt hvetjum við til þess að málnefnd sé efld á allan hátt, svo að hún reynist þess umkomin að sinna því margþætta hlutverki að rækta og fága íslenska tungu.

2. Við vörum eindregið við því, að hrapað verði að breytingum á núgildandi stafsetningarreglum, sem eru að festast í sessi. Einkum teljum við fráleitt að hrófla við reglum um afnám z. Virðist okkur einsýnt að viðurkenna brottfall tannhljóðs á undan s. Sýnist markleysa ein að slíkt horfi til málskemmda. Íslensk tunga á nú í vök að verjast vegna stórfelldra breytinga á samfélaginu. Er starf móðurmálskennara í veigamiklum atriðum breytt frá því sem áður var. Hann verður í æ ríkara mæli að sinna kennslu í málinu sjálfu. Teljum við að tvímælalaust hafi orðið léttir að því að þurfa ekki að sinna þeirri formdýrkun sem hinar gömlu z-reglur útheimta.

3. Við teljum nú meginatriði að friður og eining haldist um núgildandi stafsetningu. Síðar, þegar nokkur reynsla hefur fengist, mætti e. t. v. hnika til nokkrum atriðum, t. d. í reglum um stóran staf og lítinn.

4. Margan vanda er við að glíma í stafsetningarkennslu. Eitt brýnasta verkefni á því sviði teljum við að sé orðtíðnirannsókn sem væri góður grundvöllur í kennslunni. Einnig yrði ótvíræður fengur að tilraunum sem beindust að því að kanna aðferðir við stafsetningarkennsluna og notagildi þeirra."

Þennan boðskap sendu sem sagt 225 móðurmálskennarar í skólum í Reykjavík og nágrenni til Alþ. fyrir rúmu ári. Ég tel að tilvera þessarar ályktunar og nafnafjöldinn undir henni sýni svo að ekki verði um villst það, sem gerð var aths. við utan úr sal áðan, er ég sagði að vilji hefði verið hjá kennurum til að gera breytingar á stafsetningunni og þær breytingar, sem gerðar voru 1974, hefðu fallið í góðan jarðveg hjá móðurmálskennurum í landinu. Það eru móðurmálskennararnir sem bera hitann og þungann af því að annast málþjálfun og málmenntun þjóðarinnar, eins og nú er komið þegar uppvaxandi kynslóð er að miklu leyti á uppvaxtarárum í langtum minni tengslum við daglegt líf og starf foreldra sinna og annarra fullorðinna heldur en var fram á dag þeirrar kynslóðar sem ég tilheyri.

Það er meginatriði í þessum stafsetningarmálum eins og öllu öðru sem varðar íslenska málkennslu og íslenska málrækt, að kennararnir, sem þetta þýðingarmikla starf annast, hafi sem besta þjálfun og þeim séu búin sem best skilyrði til að vinna verk sitt eins og ég veit að vilji þeirra stendur til. Það er best gert með því að búa svo úr garði stafsetningarreglur, að þær verði ekki að formdýrkun, eins og kennararnir komust að orði í sinni ályktun, að þar sé ekki verið að eltast við innantóm formsatriði, sem hvorki varða hljóðkerfi málsins né beygingarkerfi og því síður merkingarkerfið, heldur að þessir höfuðþættir málsins geti skipað þann heiðurssess og þann aðalsess í móðurmálskennslunni í skólunum sem vera þarf ef móðurmálskennslan á að bera tilætlaðan árangur.

Umr. frestað um stund.

Skýrsla iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun (þskj. 684).

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sú skýrsla, sem hér liggur fyrir, skýrsla um Kröfluvirkjun, er svar við beiðni á þskj. 81, en þó miklu viðameiri en beiðnin gefur tilefni til. Í skýrslunni, sem er nær 230 bls., er leitast við að rekja sögu þessa máls frá upphafi og leggja fram skýrar og greinargóðar upplýsingar um öll atriði málsins. Ef átt hefði að prenta upp allar grg. og bréf um þetta mál hefði skýrslan orðið miklu lengri og viðameiri, enda þá oft orðið um óþarfar endurtekningar að ræða, en allar þessar grg. og bréf, sem um málið fjalla, liggja frammi í iðnrn., eins og bent er á í formála skýrslunnar, og geta menn snúið sér þangað og kannað öll gögn þar sem þeir óska eftir.

I formála skýrslunnar er m. a. drepið á ástæður þess að ráðist var í þessa hina fyrstu meiri háttar framkvæmd á háhitasvæði okkar. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í svari við umræddri fsp. ætti að vera óþarft að geta ástæðu til þess að Alþ. samþykkti vorið 1974 lögin um Kröfluvirkjun, en hún var öðru fremur sú, að alvarlegur orkuskortur var yfirvofandi á Norðurlandi. Norðurlínan hefur nú bægt þessum skorti frá í bili, en kaflanum fyrir Hvalfjörð, sem var hinn veiki hlekkur línunnar, var hraðað og lokið á árinu 1977, en í fjárl. og lánsfjáráætlun hafði verið gert ráð fyrir að ljúka þessum kafla á þessu ári. Engu að síður er nauðsynlegt að Kröfluvirkjun verði tekin í notkun til frambúðar hið fyrsta. Nefna má til þess m. a. tvær ástæður. Önnur er sú, að öryggi orkuflutnings eftir svo langri línu sem Norðurlínu er auðvitað ekki það sama eins og að hafa virkjun nær markaði á sjálfu svæðinu, og það er eðlilegt að Norðlendingar æski meira öryggis heldur en fæst með svo löngum línum. Hin ástæðan er sú, að ef Krafla kemst ekki fljótlega í notkun, þá er búist við rafmagnsskorti, aflskorti, í landinu veturinn 1979—1980.

A árinu 1974 ríkti mikil bjartsýni á að hægt væri að reisa jarðgufuaflstöð, er gæfi verulega lægra orkuverð en vatnsaflsstöðvar gefa, og einnig að byggingartími slíkra stöðva væri mun styttri. Í þessu sambandi er rétt að benda á töflu um orkukostnað frá jarðgufuaflsstöð (bls. 17), er Orkustofnun birti í skýrslu árið 1973. Þar kemur fram að orkuverðið lækkaði mjög með stærð stöðvar.“ — Á sama tíma áætlaði Landsvirkjun að orkuverð frá Sigölduvirkjun yrði verulega hærra en Orkustofnun áætlaði verð frá jarðgufuaflsstöð. Þótti stjórnvöldum því eftir allmiklu að slægjast hér, enda flutti fyrrv. hæstv. ríkisstj. stjfrv. á Alþ. vorið 1974 um virkjun Kröflu og Alþ. samþykkti lögin einróma.

Þessari skýrslu er skipt í 5 meginkafla:

I. kaflinn fjallar um rannsóknir til undirbúnings virkjunarframkvæmdum við Kröflu. Þar eru raktar þær rannsóknir, sem farið höfðu fram á Námafjalls- og Kröflusvæðinu og tillögugerð og síðan ákvarðanataka og lagasetning Alþ. var byggð á.

Í II. kafla er m. a. greint frá lagasetningu, skipun framkvæmdaaðila og annarra stjórnunaraðila. Þá er getið um fyrstu störf Kröflunefndar, val ráðgjafarverkfræðinga, kaup aðalvéla og val á byggingarverktökum.

III. kafli fjallar um virkjunarframkvæmdir við Kröflu. Þar er skýrt frá framkvæmdum Kröflunefndar, Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Þá er þar greint frá niðurstöðum efnisútboða og verksamninga. Rakinn er gangur borana og birtar skýrslur ráðuneyta um þær. Framkvæmdir við gufuveitu og útboð er þar rakin.

Í IV. kafla skýrslunnar eru rakin áhrif eldsumbrota og annarra náttúruhamfara á framkvæmdirnar við Kröflu.

Í V. kafla er svo að lokum fjallað um byggingarkostnað Kröfluvirkjunar.

Eins og hv. þm. mun vera ljóst er mikið verk að taka saman jafnumfangsmikla skýrslu. Ég vona að með birtingu hennar sé varpað ljósi á mörg þau atriði, er máli skipta, og m. a. ýmislegt, sem sumir hafa reynt að gera tortryggilegt í þessu máli.

Sú skýrsla um Kröfluvirkjun, sem hér er á dagskrá í dag, 5. maí, var lögð fyrir Alþ. fyrir 11 dögum, mánudaginn 24. apríl. Ástæðan til þess, að skýrslan hefur ekki verið rædd fyrr, er sú, að þegar hún var á dagskrá Sþ. 25. apríl og ég ætlaði að gera grein fyrir henni, þá var fyrsti fyrirspyrjandi, Sighvatur Björgvinsson, vanbúinn þess að ræða málið. Hann heimtaði það tekið af dagskrá og var það gert. Þm. vissi þó að ég þyrfti daginn eftir að fara utan í opinberum erindum. En þótt hann hefði í fjögur ár eða heilt kjörtímabil helgað Kröfluvirkjun starfskrafta sína í ríkum mæli, þá treysti hann sér ekki til að taka þátt í umr. um málið nema eftir margra daga undirbúning og með aðstoð ýmissa Kröflusérfræðinga Alþfl., svo sem meðframbjóðanda síns á Vestfjörðum í síðustu kosningum.

Nú hafði hv. þm. samt sem áður öll þessi ár rausað um málið í tíma og ótíma innan þings og utan, innan og utan dagskrár. Samt sem áður treysti hann sér ekki til þess að fara í umr. um málið þegar það var á dagskrá Sþ. 25. apríl. Þegar þessi hv. þm. svo ræðst s. l. þriðjudag utan dagskrár að mér fjarstöddum með brigslum um vanrækslu í störfum, þá vissi þessi sami hv. þm. að það var hann sem kom í veg fyrir að skýrslan yrði rædd áður en ég fór utan. Hvað finnst þingheimi um framferði eins og þetta? Að mínum dómi er þetta blygðunarlaus blekking af hálfu þm.

Ég kem þá að næsta ranghermi þm. Hann segir í ræðu sinn hér í þingi s. l. þriðjudag:

„Samningu skýrslunnar var lokið um mánaðamótin jan.—febr. Hún var send iðnrh. sem sat á henni vikum saman og mánuðum án þess að leggja hana fyrir Alþingi.“

Og enn fremur segir hv. þm.: „Hæstv. iðnrh. hefur af ráðnum hug dregið vikum saman að afhenda Alþ. skýrslu sem alþm. kröfðust að fá og samin hafði verið.“

Allt eru þetta ósannindi og tilbúningur þm. Sighvats Björgvinssonar. Samkv. 31. gr. þingskapa geta þm. beðið ráðh. um skriflega skýrslu. Í þingsköpum er enginn tímafrestur settur, og vitanlega verður tíminn að ákvarðast af umfangi skýrslunnar og þeirri vinnu sem í hana þarf að leggja. Hv. 1. fyrirspyrjandi setti hins vegar í beiðni sína, að óskað væri þess, að skýrslan yrði tekin til umr. á Alþ. áður en afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar fyrir 1978 lyki. Þessi tímasetning hv. þm. var auðvitað óraunhæf, hrein fjarstæða og út í hött en hún sýndi að þm. virtist ekki hafa hugmynd um hvað hann var að biðja um. Samning skýrslu um Kröfluvirkjun, þar sem dregin yrði fram mynd af þessu umfangsmikla máli með öllum þeim miklu skjölum og skýrslum, sem þar fjalla um, hlaut auðvitað að taka mjög langan tíma.

Strax eftir að þessi beiðni kom fram var hafist handa við vinnu að draga að gögn og safna heimildum. Það var

safnað gögnum frá Orkustofnun, frá Kröflunefnd, frá ráðgjafarfyrirtækjum og öðrum þeim aðilum þar sem gögn voru fyrir hendi um þetta mál. Síðan þurfti að vinna úr þessum gögnum. Eins og ég gat um áðan var fráleitt að prenta allt frá orði til orðs sem skrifað hafði verið um þetta mál. Það hefði ekki aðeins orðið þykk bók, miklu þykkari en þessi sem hér hefur verið lögð fram, heldur verið þar mikið af óþörfum endurtekningum. Auk þess þurfti, eftir að safnað hafði verið gögnum, bréfum og skýrslum frá þessum aðilum, að fylla upp í eyður þar sem vantaði upplýsingar, því að það er auðvitað með hverja framkvæmd þannig, að ekki er allt sem er að gerast, skrifað jafnóðum í bréf eða skýrslur. Þessu verki öllu var ekki lokið fyrr en um 20. apríl.

Það eru alger ósannindi, að samningu skýrslunnar hafi verið lokið, eins og hv. þm. sagði á einum stað, í desember, á öðrum stað í janúarlok, og ég man ekki hvaða dagsetningar hann hefur fleiri. Þessu verki, samningu skýrslunnar, var ekki lokið fyrr en um 20. apríl og þá strax var hafin fjölritun á þessari skýrslu. Það var unnið að henni yfir helgi. Fyrstu eintökin voru tilbúin fyrir hádegi mánudaginn 24. apríl og eitt af fyrstu eintökunum var þann dag fyrir hádegi sent Sighvati Björgvinssyni sem fyrsta fyrirspyrjanda. Síðan var skýrslunni útbýtt á fundum Alþ. þennan sama dag. Á fundi Sþ. 25. apríl var málið svo tekið á dagskrá.

Ég vil taka það fram til frekari skýringar, að þessi skýrsla, sem hér er lögð fram, og sú skýrsla, sem beðið er um, var ekki grg. Orkustofnunar eða grg. Kröflunefndar, heldur skýrsla iðnrh. Það þýddi að ég hef að sjálfsögðu yfirfarið alla skýrsluna og öll þessi gögn, bætt því við sem ég taldi að ekki mætti vanta. Þetta var önnur rangfærslan í máli hv. þm., uppspuni frá rótum um að skýrslan hafi verið fyrir löngu til og ég hafi dregið það vikum og mánuðum saman, eins og hv. þm. segir, að leggja hana fyrir Alþ. Skýrslan var lögð fyrir Alþ. undireins og hún var tilbúin.

Hv. þm. gerði í sinni furðulegu ræðu hér utan dagskrár s. l. þriðjudag utanför mína að umræðuefni. Og hann komst svo að orði, að ráðh. væri fjarstaddur eins og landflóttamaður og þetta væri reginhneykslí, að manni skilst eitt af stærstu hneykslum sögunnar. Nú er það svo, að þessi utanför mín var ákveðin fyrir um það bil tveim mánuðum. Svo er mál með vexti, að það var ákveðið að að þessu sinni skyldi aðalfundur Járnblendifélagsins haldinn í Noregi, m. a. til þess að stjórnarmenn og aðrir hefðu tækifæri til að skoða þar verksmiðjur, m. a. verksmiðjur þar sem er nýjasta gerð af bræðsluofnum, lokaður ofn, en einnig til þess að þar gæfist kostur á að ræða við alla helstu forráðamenn og sérfræðinga félaga okkar í þessu fyrirtæki. Var sem sagt ákveðið fyrir um tveim mánuðum, að þessi fundur skyldi haldinn og þessi skoðunarferð skyldi farin í lok aprílmánaðar. Auk þessa erindis ætlaði ég að kynna mér nokkur atriði í sambandi við félagsmál, bæði í Noregi og Danmörku.

Hv. þm. sagði m. a., að auk þess sem ég hefði verið landflóttamaður, flúið land til þess að forðast það að þurfa að ræða um Kröflu við hann, hefði ég farið úr landi án vitundar forseta Sþ. Auðvitað eru þetta ósannindi eins og fleira sem kom fram hjá þessum hv. þm. Hæstv. forseti Sþ. vissi að sjálfsögðu um það, alveg eins og þessi hv. þm. vissi einnig um það, að ég mundi fara þennan dag, og ég hafði sagt honum einnig, að ég mundi væntanlega ekki kominn þennan s. l. þriðjudag, þegar hann svo smekklega reis hér upp í þingi utan dagskrár með svívirðingum um mig.

Þessi hv. þm. komst svo að orði, að iðnrh. sinnti ekki þingskyldum sínum, og krafðist þess, að hann kæmi heim sem fyrst til að sinna þingskyldum sínum. Það ætti náttúrlega að vera óþarft að taka það fram, en er þó rétt að gera það af þessu tilefni, að ráðh. hafa margvíslegum skyldum að sinna auk þingstarfa. Sumar þeirra skyldna eru ekki síður mikilvægar en seta á þingfundum, og þegar mismunandi skyldur ráðh. rekast á, þá verður auðvitað að gegna þeirri sem er talin mikilvægari, en hin verður að víkja. Þetta er mat, sem við allir verðum auðvitað oft að framkvæma. Og sumar skyldur ráðh. eru enn mikilvægari en sú skylda að sitja á þingfundi og hlusta á hávaðann í Sighvati Björgvinssyni.

Þessi hv. þm. taldi sér það sæma að deila á mig fyrir vanrækslu í skyldustörfum. Nú vita væntanlega allir hv. þm., sem hér eru staddir, að á s. l. vori fór þessi þm. af þingi, ekki í opinberum erindum. Hann lét ekki kalla inn varamann. Hann fór til útlanda að ég ætla í boði og á kostnað erlendra aðila. Hann vanrækti þar með þingstörf sín í nokkrar vikur, en auðvitað hélt hann fullu þingfararkaupi. Kannske hann hafi verið á einhverri siðvæðingarráðstefnu, því að allt gengur nú út á það hjá Alþfl. að siðvæða hina íslensku þjóð. Ef svo hefur verið, þá væri fróðlegt að heyra eitthvað um árangurinn af þessari siðbót. Er nú þessi hv. þm. þess umkominn að deila á aðra fyrir vanrækslu í þingstörfum? Hins vegar var kannske sá munurinn, að hans var ekki saknað.

Það eru margir, sem undrast það ofstæki, öfgar og vanstillingu sem svo mjög er áberandi hjá þessum hv. þm. og sumum fleiri Alþfl.-mönnum. Þessi vanstilling og ofstæki hv. þm. kom m. a. fram hér fyrir skömmu. Það var einn hv. þm. sem gerði fsp. utan dagskrár út af frv. eða till. um sjónvarpssendingar á fiskimiðum. Þá kvaddi náttúrlega hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sér hljóðs og fór að tala um Kröflu. Þm. gekk illa að skilja samhengið milli Kröflu og sjónvarpssendinga á fiskimiðum, en ég leyfði mér að benda á þá áráttu hv. þm. nú undanfarin þing að þurfa innan dagskrár og utan að tala um Kröflu, þótt allt önnur mál og óskyld væru á dagskrá. Ég leyfði mér í góðlátlegu gamni að benda á hinn merka stjórnmálamann, Kató gamla, sem endaði allar sínar ræður um hvaða mál sem var á því, að Karþagó þyrfti að leggja í eyði, og það væri nú með þennan hv. þm., að hvaða mál sem væri á dagskrá, þá þyrfti hann að koma Kröflu að, því að hann hefði hana á heilanum. Svar hv. þm. við þessari góðlátlegu ábendingu vakti, held ég, undrun margra, því að svar hans var að líkja iðnrh. við geðveikan glæpamann, sem réði ríkjum í Rómaveldi um stund fyrir nærri 2000 árum.

Margir spyrja: Hvernig stendur á allri þessari vanstillingu, þessu ofstæki og þessum öfgum hjá þessum siðbótamönnum? Hún kemur fram, þessi vanstilling, hér í þingsölum hjá þessum hv. þm. hvað eftir annað, alveg eins og hún kemur fram hjá sálufélaga hans í „Kastljósi" í sjónvarpi og víðar. En í rauninni er þetta ekkert undarlegt og þetta er ekkert nýtt. Þessir félagar hafa áður hafið árásir. Öllum er í fersku minni þegar þeir hófu hinar dæmalausu árásir á sínum tíma á hæstv. dómsmrh. með brigslum um alls konar afbrot. Allt hrundi þetta auðvitað eins og spilaborg hjá þessum mönnum. Kannske það hafi einnig sín áhrif sem gerst hefur núna síðustu daga og vikur þegar vissir hlutir hafa komist upp um samherja

þeirra og heimildarmenn, að eitthvað sé úr lagi gengið með jafnvægið og þurfi nú að reyna að slá sig til riddara með þessum öfgum og ofstopa.

Ég taldi nauðsynlegt vegna hinnar dæmalausu framkomu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, ósanninda hans í minn garð, rangfærslna og blygðunarlausra blekkinga að rekja þetta mál hér nokkru nánar. Sannleikurinn er sá, að ef einhver snefill af sómatilfinningu væri til hjá þessum hv. þm., þá ætti hann að biðja opinberlega afsökunar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hlustaði með ánægju á það er hæstv. iðnrh., maður með langa reynslu í stjórnmálum og hér á þingi, flutti sína málefnalegu grg. um skýrsluna um Króflu. Ekki er það nú alveg rétt, að ég hafi líkt hæstv. iðnrh. við geðbilaðan óbótamann hér í sölum Alþingis. Hann var í gamni að ræða um gamlan rómverskan stjórnmálamann, sem hefði haft mikinn áhuga á því, að Karaþó væri lögð í eyði. Ég leyfði mér þá aðeins að benda mönnum á, að annar kunnur rómverskur stjórnmálamaður væri til í sögunni sem hefði orðið frægur fyrir að leika á fiðlu meðan borgin brann. Ekki dettur mér í hug að halda að hæstv. iðnrh. hafi setið úti í Kaupmannahöfn og leikið á fiðlu. Sjálfsagt hefur hæstv. ráðh. verið að hlusta á grösin spretta.

En hitt er rétt ábending hjá hæstv. ráðh., að hér er um að ræða skýrslu hans til Alþingis. Það eru liðnir núna 6 mánuðir og 10 dagar frá því að.um hana var beðið. Nú er síðasti fundardagur Sþ. upp runninn. Ef hæstv. iðnrh. hefði ekki verið við, þá hefði enginn verið til þess að flytja Alþ. þá skýrslu sem hann svo réttilega sagði að hann einn væri ábyrgur fyrir. Og það gekk ekki andskotalaust að fá það fram að hæstv. iðnrh., mætti hér til þess að mæla fyrir þessari skýrslu.

Ég vil aðeins taka það fram, að ef athugaðar væru mætingar þm. á s. l. vori, þá held ég að mætti staðfesta að ég var við þingstörf fram á þann dag að þingi var slitið. Ég vil fara þess eindregið á leit við hæstv. iðnrh., að hann kynni sér þetta sjálfur, og ef hann skyldi koma upp hingað aftur til þess að ræða skýrsluna um Króflu, þá tilkynni hann þingheimi hvaða niðurstaða hefur orðið af þeirri athugun, vegna þess að hún mun staðfesta að ég sat hér á þingi á s. l. vori einnig þann dag er þinglausnir fóru fram og fór ekki á s. l. vori út fyrir hússins dyr, allténd ekki út fyrir landsteinana fyrr en töluvert eftir að þingi var lokið. Ég held að það væri réttara hjá hæstv. iðnrh., þegar hann ræðir um mig, að hafa þá öllu réttari upplýsingar heldur en komnar eru í skýrslu hæstv. ráðh. um Króflu.

Við erum búnir að bíða í 6 mánuði og 10 daga eftir því að fá þessa skýrslu hæstv. ráðh. Vegna þess að um hana var beðið hefur hér í þingsölum orðið minni umr. um Króflumálið en ella mundi verið hafa. Þó að það sé langt liðið á þingtímann nú og aðeins nóttin til stefnu, þá held *ég þó að rétt væri að fara nokkuð ítarlega út í þessa sálma* þó ekki væri til annars en að staðfesta í þingsögunni, hver viðhorf okkar, a. m. k. mín, eru til þess máls sem hæstv. iðnrh. hefur rakið hér.

Í fyrsta lagi er þá rétt að víkja að því, hver þörfin var fyrir raforku á Norðurlandi þegar sú ákvörðun var tekin að virkja Króflu. Þar hefur mönnum — þar undanskil ég ekki hæstv. iðnrh. — hætt til að rugla ýmsum fræðiheitum saman. Annars hafa menn bæði hér á Alþ. og í blaðaskrifum ruglað mjög saman afli og orku. Það var ljóst á árinu 1974, að *ástandið í raforkumálum á* Norðurlandi var þannig, að eftirspurn eftir raforku á svæðinu var að sjálfsögðu mest á vetrum þegar framleiðslugetan var minnst í vatnsorkuverunum. Það tímabundna ástand hafði því skapast, að um hríð yfir hörðustu vetrarmánuðina skorti afl á Norðurlandi. Úr því var bætt með keyrslu á dísilvélum. Samanlagt afl dísilvéla á Norðurlandi 1974 var 10 mw. Seld orka á því ári nam 20 gwst. eða 25% af orkuvinnslugetu dísilvélanna. 75% af árinu voru dísilstöðvarnar sem sé ókeyrðar. Rafmagnsskorturinn á Norðurlandi var því fyrst og fremst tímabundinn aflskortur. Þetta kemur mjög rækilega fram. Ég get t. d. vitnað í umsagnir Jónasar Elíassonar prófessors, sem er að finna í 21. hefti þingtíðinda 1975—1976, dálki 3196. Einnig get ég vísað þessu til staðfestingar í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins um Norðurlandsvirkjun, sem unnin var fyrir samstarfsnefnd í orkumálum Norðlendinga. Á bls. 30 í þeirri skýrslu segir m. a, að á fyrirhuguðu samtengdu svæði Norðurlandsvirkjunar hafi orkuvinnslugetan árið 1975 verið 201 gwst. og af þessari vinnslu hafi 19.9 gwst. verið framleiddar í dísilvélum, en það var einmitt það sem ég var að lýsa hér áðan. Skömmu síðar — á bls. 33 — segir að samanlagður raforkumarkaður fyrir Norðurlands- og Austfjarðasvæðið sé árið 1973 230 gwst., 1980 298—320 gwst. og 1985 438—478 gwst. Það kemur einnig fram í þessari skýrslu, að orkuvinnslugeta Króflunvirkjunar einnar var metin á 380 gwst. án varaafls, en 590 gwst. með varaafli. Niðurstaðan af þessum tilvitnunum er sú, að rafmagnsskorturinn á Norðurlandi, ef má nefna það svo, var á þessum árum tímabundið ástand, aðallega hörðustu vetrarmánuðina, aflskortur en ekki orkuskortur. Þessu tvennu hefur hins vegar verið ruglað mjög oft saman. Eitt átakanlegasta dæmið í því sambandi er grein eftir einn Króflunefndarmanninn, Ragnar Arnalds, í Þjóðviljanum 10. febr. 1977. Þar birtir hann á bls. 9 línurit sem hann gefur yfirskriftina: „Sannleikurinn um orkumarkað Króflu." Þeir, sem línuritið bjuggu til, settu hins vegar sjálfir efst á línuritið um hvað það væri: „Almenn notkun, aflþörf." Það er verið að bera saman annars vegar aflþörf og hins vegar aflgetu. Þessu ruglar Króflunefndarmaðurinn saman með því að setja í fyrirsögn með þessu línuriti: „Sannleikurinn um orkumarkað Króflu" — og er þetta eitt dæmið af mörgum þar sem þeir Króflunefndarmenn virðast ruglast á mjög einföldum staðreyndum og fræðiheitum.

Næsta spurning í þessu máli, svo að farið sé mjög fljótt yfir sögu, er því að sjálfsögðu: Var á þessum tíma þörf fyrir grunnafl á Norðurlandi sem réttlætti 60—70 mw. virkjun við Króflu, hvað þá heldur slíka virkjun að viðbættri byggðalínu með 50 mw. flutningsgetu? Slíkt er að sjálfsögðu fráleitt. Samanlagt dísilafl á þessu svæði var 10 mw. á þessum tíma. Hvaða þörf hafði svæðið fyrir ellefufalt afl í stað dísilvélanna sem keyrðar höfðu verið? Það hefur verið reynt að réttlæta þetta með landsþörfinni. En þá kemur í ljós, svo að enn sé farið fljótt yfir sögu, að í spá Landsvirkjunar er tekið fram að ekki sé þörf fyrir afl frá Króflu fyrr en eftir árið 1981, og í hugum sérfræðinga hefur alltaf verið út frá því gengið, að um það leyti stæði valið raunverulega á milli Hrauneyjafosseða Króflunvirkjunar. Með því að Hrauneyjafoss hafi verið valinn, hefði raunar átt að slá Króflunvirkjun á frest, sem ekki skipti neinu máli í orkumarkaði landsmanna, eins og glögglega kemur fram nú þegar Króflunvirkjun *framleiðir svo til enga raforku, en það virðist engu máli*

skipta fyrir raforkumarkaðinn, hvorki á Norðurlandi né á landinu í heild.

Niðurstaðan er sem sé þessi: Það var rafmagnsskortur á Norðurlandi. Það var ekki um að ræða orkuskort, heldur tímabundinn aflsskort, sem bætt var úr með keyrslu dísilvéla. Að sjálfsögðu varð annað að koma til. Hugmyndin hafði verið stækkun virkjunar í Laxá. Sú hugmynd náði ekki fram að ganga, en það er algerlega fráleitt að halda því fram, að í staðinn fyrir keyrslu dísilvéla með samanlögðu 10 mw. afli hafi þurft að koma Kröfluvirkjun plús byggðalína, enda var það aldrei tilgangur þeirra sem um málið fjölluðu.

Eins og ég sagði áðan var hugmyndin upprunalega sú, að Laxárvirkjun yrði stækkuð og þannig leyst orkuvandamál Norðlendinga. Allir þekkja þá sögu, hvernig til tókst með þá framkvæmd. Henni var slegið á frest. Páv. orkuráðh., Magnús Kjartansson, hafði mikinn áhuga á því að samtengja orkuveitusvæðin í landinu. Hann lét m. a. gera sérstakar kannanir á lagningu orkuflutningslínu yfir hálendið. Hugmyndir hans voru þær, að með þeim hætti bæri að leysa orkuvandamál Norðurlandssvæðisins, þ. e. a. s. með byggingu línu er flytti raforku frá landsvirkjunarsvæðinu og norður. Athuganir þær, sem gerðar voru á línustæðum yfir miðhálendið, leiddu hins vegar fljótt í ljós að þetta væri mjög miklum erfiðleikum bundið. Og menn hljóta að muna þær gegndarlausu skammir og hæðni sem dundu á páv. orkuráðh., Magnúsi Kjartanssyni, m. a. frá flokki hæstv. núv. orkuráðh., vegna hugmynda Magnúsar um hvernig leysa ætti úr rafmagnsskorti Norðlendinga, þ. e. a. s. með byggðalínu. Hver man ekki allt tal þeirra sjálfstæðismanna um „hundinn að sunnan", um „sunnlenska orku fyrir norðlenska notendur" o. s. frv., o. s. frv.

Þeir erfiðleikar, sem komu í ljós við athugun á línulögn yfir miðhálendið, urðu hins vegar til þess, að frá þeirri hugmynd var horfið, a. m. k. um sinn, þó að enn sé hún ekki kistulögð með öllu En þá kom upp sú hugmynd með svonefnda byggðalínu, þ. e. a. s. línu er fylgdi byggðum og yrði til þess að svara raforkumarkaði Norðlendinga. Þann 5. mars árið 1974 skipaði páv. iðnrh., Magnús Kjartansson, nefnd til þess að sjá um byggingu þessarar byggðalínu. Í nefndinni voru skipaðir með bréfi rn., dags. 3/5 1974, þeir Egill Skúli Ingibergsson, formaður, og aðrir nm. Guðjón Guðmundsson skrifstofustjóri, Tryggvi Sigurbjarnarson stöðvarstjóri, Kristmundur Halldórsson fulltrúi. Nefndin tók til starfa og hélt sinn fyrsta fund strax laugardaginn 9. mars. Nefndin fjallaði m. a. um val línustæðisins, og náðist samkomulag við alla hlutaðeigandi aðila um val línustæðis. Nefndin lauk einnig við að gera till. og ganga frá álitsgerðum um álagsforsendur og styrkleikakröfur til línunnar. Nefndin hafði samband við orkuframleiðendur og náði samkomulagi við þá. Nefndin lét frá 1. maí 1974 hefjast handa um byggingartæknilega hönnun á línunni. Því verkefni var einnig lokið. Nefndin lauk við gerð útboðsgagna yfir allt línuefnið, og sumarið 1974 voru keyptir 1325 staurar til verksins, þannig að hægt var að hefja framkvæmdir strax í sept. eða okt. árið 1974. Þessir 1325 staurar komu til landsins um mánaðamótin ágúst-september. Nefndin lét ljúka raftæknilegri hönnun á byggðalínunni og fjallaði einnig um samþykkt við RARIK. Staða verksins, þegar hæstv. núv. iðnrh. leysti nefnd þessa upp, var þannig:

Kaflinn Andakíll—Varmahlíð 150 km. Mælingu og teiknun langhliða er lokið. Staurasetningu er lokið. Eftirhælun er lokið með eftirtöldum undantekningum:

a. Ef öll línan verður byggð á tréstaurum. Eftir er 24.7 km kafli á Holtavörðuheiði með 221 staurastæði.

b. Ef hluti línunnar verður byggður á stálturnum. Eftir eru 10.9 km á Holtavörðuheiði með 71 staurastæði fyrir tréstaura fyrir og 5.7 km í Vatnsskarði með 27 staurasleðum stálturna.

Endanlegir útreikningar og stauralistar eru tilbúnir fyrir Borgarfjörð að Holtavörðuheiði. Verið er að vinna við kaflann norðan Holtavörðuheiðar og er áætlað að því verki verði lokið fyrir áramót.

Þannig var sem sé staðan í byggðalínumálunum þegar hæstv. núv. orkuráðh. leysti byggingarnefnd byggðalínu upp, lagði hana niður og frestaði lagningu byggðalínunnar. Hæstv. fyrrv. orkuráðh., Magnús Kjartansson, hefur tjáð mér, að um mánaðamótin ágúst—sept., þegar staurarnir komu til landsins, hafi hann verið búinn að fá vilyrði hæstv. páv. fjmrh., Halldórs E. Sigurðssonar, um að útvega fé til þess að leysa staurana út svo að línulögnin gæti hafist þá þegar um haustið. Það var hins vegar pólitísk ákvörðun hæstv. núv. iðnrh. að gera þetta ekki.

Það leynir sér ekki ef maður les Alþingistíðindin frá þessum árum þegar Krafla er fyrst tekin til umr. hér á Alþ., hver er vilji ráðh. Ég ætla ekki að lesa tilvitnanirnar í ræðu ráðh., en læt mér nægja að benda á 13. hefti Alþingistíðinda 1974—1975, bls. 2251, þar sem kemur glögglega fram hjá ráðh. hvernig hann hefur hugsað sér að leysa raforkuvandamál Norðlendinga, þ. e. a. s. í fyrsta lagi með byggðalínu, í öðru lagi með virkjun norðanlands. Er raunar furðulegt í þessu ljósi hve sumir Alþb.-menn vilja leggja sig fram um að varpa sök Kröflumistakanna á herðar Magnúsar Kjartanssonar. Það mátti saka Magnús Kjartansson um margt í orkuráðherratíð hans, vera má að rekja megi málið allt til Laxárvirkjunar, sem hann beitti sér fyrir að niður yrði lögð, en þetta verður hæstv. fyrrv. orkuráðh., Magnúsi Kjartanssyni, ekki gefið að sök, að hafa á sama tíma ætlað sér að leggja byggðalínu og reisa Kröfluvirkjun, því að það kemur mjög glöggt fram í þingtíðindum að sú var alls ekki ætlun hans. Hins vegar tekur nýr orkuráðh. við stjórnartaumum eftir stjórnarskiptin. Hann leysir upp bygginganefnd byggðalínu og lætur fresta öllum framkvæmdum við línugerðina. Hann óskar eftir till. frá stjórn Laxárvirkjunar um hvernig leysa beri orkuvandkvæði Norðlendinga. Hann fær till., sem eru þess eðlis sem hér skal lýsa.

Í fyrsta lagi leggur stjórn Laxárvirkjunar til að tekið verði upp málið gamla um stækkun Laxárvirkjunar. Í annan stað leggur Laxárvirkjunarstjórnin til, að ef það væri ekki gert, þá yrði reist lítil bráðabirgðavirkjun í Bjarnarflagi eða við Kröflu. Í þriðja lagi leggur stjórn Laxárvirkjunar til að unnið verði annaðhvort að byggðalínu eða Kröfluvirkjun.

Hæstv. iðnrh., sem við hafði tekið, Gunnar Thoroddsen tók við undirbúnu verki af hæstv. fyrrv. orkuráðh. Hæstv. fyrrv. orkuráðh. hafði valið byggðalínu, látið hanna þá línu og aflað til hennar efnis þannig að hægt var að hefja framkvæmdir við línuna haustið 1974. Hæstv. núv. iðnrh. gerði þann undirbúning að engu og valdi Kröfluvirkjun. Hann vildi ekki „hundinn að sunnan". Hann vildi „norðlenska orku fyrir Norðlendinga", eins og þeir væntanlega njóta nú í ríkum mæli.

Ég vil aðeins geta þess, að í 13. hefti Alþingistíðinda

1974—1975 kemur þetta viðhorf mjög glöggt fram hjá einum af stjórnarþm. Hann mælir þar fyrir fsp., sem hann flytur um byggingu byggðalínu norður, og kemst að þeirri niðurstöðu, að furðulegur og undarlegur dráttur hafi orðið á því verki. Hv. þm. Heimir Hannesson, sem sat þá á þingi, mælti fyrir fsp. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni um byggðalínu og vitnar m. a. í orð hæstv. fyrrv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, á Akureyri í árslok 1973, þar sem hæstv. fyrrv. orkumálaráðh. lýsir því yfir, að unnt sé að taka byggðalínuna í gagnið fyrri hluta árs 1975. „Ég álít" — segir hæstv. fyrrv. iðnrh. — „að það sé ekki neitt raunsæi í öðru en að Norðlendingar, iðnrn. og Orkustofnun vinni saman um það að reyna að hrinda þessari framkvæmd af stað". Og orkumálastjóri, Jakob Björnsson, sagði á sama fundi um margumrædda byggðalínu: „Þessari línulögn sýnist okkur mega ljúka árið 1975, eins og nú horfir".

Heimir Hannesson stjórnarþm. segir síðan í lok sinnar ræðu:

„Nú er þegar farið að líða töluvert á árið 1975 og menn hafa séð harla lítið af framkvæmdum og eru orðnir býsna þreyttir í þessu sérstaka máli ... Ég vil ítreka það einnig að í þessu máli hefur orðið alveg mjög óhæfilegur seinagangur og óhæfilegur dráttur og ég vonast til þess að hraðari gangur komist á þessi mál sem önnur í þessu sérstaka, mikilvæga máli."

Það fer ekkert á milli mála í þessari tilvitnun, að alþm. standa á þessum árum í þeirri trú, að hægt hefði verið að vinna það verk, sem hér um ræðir, árið 1975. Og það fer ekki heldur á milli mála, eftir að hafa lesið þessa tilvitnun og fleiri, að það var stefna þáv. orkumálaráðh., að byggðalínan skyldi verða lögð sumarið 1975. Það var ekki fyrr en í svari hæstv. iðnrh. við þessari fsp. um byggðalínuna frá hv. þm. Heimi Hannessyni sem Alþ. fékk fyrst um það að vita, að líklegt væri að bæði byggðalína og Krafla kæmust í gagnið á sama ári.

Það er oft sagt að sök Kröflumistakanna sé Alþingis, Alþingi hafi afgreitt lögin um heimild fyrir ríkisstj. til að virkja Kröflu m. a. án þess að nauðsynlegum undirbúningi væri lokið. Í skýrslu hæstv. iðnrh. til Alþ. er þetta hvað eftir annað notað sem rökstuðningur fyrir því, hversu mikla áherslu Kröflunefnd hafi lagt á framkvæmdahraðann, Alþingi hafi heimtað að að framkvæmdum yrði staðið með þeim hætti vegna þess að Alþ. hefði afgreitt heimildarlög um Kröfluvirkjun áður en rannsókn væri lokið. Það er hrein firra að halda því fram, að í slíkri afgreiðslu Alþingis felist hvatning um sérstakan framkvæmdahraða. Þvert á móti er mjög algengt að Alþ. afgreiði heimildarlög um ákveðnar virkjanir áður en rannsóknum er lokið og jafnvel áður en í ljós hefur komið, hvort um fýsilegan virkjunarkost sé að ræða eða ekki. Dæmi um þetta eru heimildarlögin sem Alþ. samþykkti í sínum tíma um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi. Þá kom í ljós þegar ríkisstj. hafði fengið þá heimild og virkjunarmálin þar höfðu verið könnuð nokkru rækilegar að þetta var ekki fýsilegur virkjunarkostur. Þess vegna var hætt við hann. Fjölmörg önnur dæmi mætti nefna, t. d. heimildarlög um virkjun Hrauneyjafoss.

Það er regla, en ekki undantekning, að Alþ. afgreiði heimildarlög til ríkisstj. um virkjun áður en endanlegum rannsóknum er lokið. Þó að það hafi verið gert varðandi Kröfluvirkjunina, þá er alls ekki hægt að nota það sem rökstuðning fyrir því, að Alþ. hafi heimtað þann framkvæmdahraða sem á varð. Þvert á móti þegar málið er lagt fram á Alþ., þá er um að ræða frv. til l. um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu. Rannsóknum var ekki lengra komið á veg en það, að ekki var enn búið að skera úr um það hvort væri hagkvæmari virkjunarkostur, Krafla eða Námafjall. Í grg. með frv. er sérstaklega tekið fram, að ef af virkjuninni verði verði hún byggð í tveimur áföngum, þannig að hægt verði að haga byggingunni eftir markaðsþörf og eins sé rekstraröryggi að því, að stöðin sé rekin í tveimur rekstrareiningum o. s. frv. Í þriðja lagi lágu við þetta tækifæri fyrir áætlanir frá Orkustofnun frá árinu 1973 um 8, 12, 16 og 55 mw. virkjun við Kröflu. Í fjórða lagi gátu þeir alþm., sem áhuga höfðu á, vitnað í þessu sambandi til áætlunar um rannsókn háhitasvæða sem Orkustofnun hafði gert, að mig minnir árið 1969, og gerði ráð fyrir ákveðnu framkvæmdaskipulagi um virkjun háhitasvæða, sem gerði að verkum að algerlega útilokað var að ganga út frá því að virkjun við Kröflu gæti tekið til starfa fyrr en í fyrsta lagi 1980—1981, eins og t. d. orkuspá Landsvirkjunar gerir ráð fyrir að gert sé.

Ég get enn lesið fjölmargar tilvitnanir úr Alþt. þessu til staðfestingar. Ég get lesið tilvitnanir úr ræðu hæstv. þáv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar, þar sem hann leggur áherslu á þá framkvæmdaröð sem ég lýsti hér áðan. Ég get lesið tilvitnanir úr ræðu hæstv. þáv. orkumálaráðh. þar sem hann leggur áherslu á að Krafla verði byggð í tveimur áföngum þannig að tekið sé tillit til markaðssjónarmiða. Ég get lesið fjölmargar tilvitnanir, sem ég hef hér í Alþt., og mun lesa ef óskað verður eftir, t. d. í ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, sem var formaður þeirrar n. er um málið fjallaði í Ed. og lýsti því sérstaklega yfir, að fráleitt væri að búast við því að fyrri vélasamstæðan í Kröflu gæti tekið til starfa fyrr en í fyrsta lagi árið 1979 og virkjunin í heild alls ekki fyrr en 1981. Þetta margítrekaði hv. þm. Steingrímur Hermannsson í ræðu sinni.

En það voru tveir hv. þm., sem ekki voru ánægðir með þessa niðurstöðu. Það vildi svo til, að þeir tveir þm. voru báðir úr flokki hæstv. núv. iðnrh. Það voru þeir hv. þm. Halldór Blöndal og hv. þm. Jón Sólnes. Þeir voru ekki sammála hæstv. orkumálaráðh. né heldur hv. þm. Steingrími Hermannssyni um að svo langan tíma tæki að byggja virkjunina. Hv. þm. Halldór Blöndal fór mörgum hæðilegum orðum um þá hugmynd þáv. hæstv. iðnrh. að leysa úr raforkuvandkvæðum Norðlendinga með byggðalínu, með „ hundinum að sunnan". Og það vill svo vel til, að þegar ég var að kynna mér umr. í Alþt. frá þessum árum, þá rakst ég á mjög skemmtilega tilvitnun í mál hv. þm. Jóns Sólness. Ég ætla að lesa þessa tilvitnun þm. til athugunar. Hún er í 21. hefti Alþt. 1973—1974, dálki 3168. Þar segir hv. þm. Jón Sólnes, sem síðar verður formaður Kröflunefndar og stjórnar framkvæmdum:

„En a. m. k. vildi ég leggja áherslu á eitt, sem er aðalatriðið í þessu máli, en það er að nú þegar sé hafist handa að koma pöntun á vélum í væntanlega gufuvirkjun í svokallaða afgreiðsluröð með pöntun á nauðsynlegum vélakosti."

Ég bið menn að athuga að þetta er á þeim tíma sem frv. um heimild til virkjunar við Kröflu eða Námafjall er til umr. á Alþ. Og þá segir þm. Jón Sólnes, sem síðan verður formaður Kröflunefndar, að það sé aðalatriðið í því máli að þá strax verði vélarnar pantaðar. Og hann bætir við: „...það er engin áhætta tekin, þó að þeirri framkvæmd

verði komið á að koma okkur í svokallaða afgreiðsluröð."

Þetta er orðrétt tilvitnun í ræðu hv. þm. Jóns Sólness á Alþ. 1973—1974 þegar heimildarlögin um virkjun annaðhvort við Kröflu eða við Námafjall voru til umr. Þá telur hv. þm. að engin áhætta sé tekin með því þó að þá þegar verði hafist handa um að panta vélar.

Það er mjög athyglisvert, hvernig frá þessu er sagt í þessari hvítu bók hæstv. iðnrh. Það er mjög athyglisvert hvernig höfundur þessarar skýrslu, sem auðsjáanlega gerir ekki ráð fyrir að þm. kynni sér umr. frá þessum árum, segir frá því sem þarna gerðist. Skýrsluhöfundur segir svo á bls. 40 í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Það virðist alger samstaða um að styðja frv.," — hann er að segja frá umr. 1973—1974 — „en aðaláhyggjuefni þm. er greinilega það, að virkjunin taki of langan tíma. Er jafnvel vikið að því, að nauðsynlegt sé að panta aflvélar þegar haustið 1974, til þess að komast í afgreiðsluröð, svo sem fram kemur hér á eftir. T. d. má vísa til þingræðu Steingríms Hermannssonar, en þar segir m. a. svo."

Það var og. Steingrímur Hermannson er talinn segja að nausynlegt sé að panta aflvélar til þess að komast í afgreiðsluröð og engin áhætta sé tekin. Það var ekki hv. þm. Steingrímur Hermannsson sem sagði þetta. Það var hv. þm. Jón Sólnes. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði hins vegar að ástæða væri til að ætla að ekki væri unnt að taka fyrri vélasamstæðu Kröfluvirkjunar í notkun fyrr en í fyrsta lagi árið 1979 og virkjunina í heild ekki í notkun fyrr en í fyrsta lagi árið 1981. En það virðist vera að þeir, sem sömdu skýrsluna um Kröfluvirkjun, hafi gengið út frá því, — ja, við skulum segja, að þm. hefðu svo mikið að gera að þeir gæfu sér ekki einu sinni tíma til þess að kynna sér þessar umr.

En einni spurningu er þá enn ósvarað; hvers vegna hæstv. þáv. orkuráðh., Magnús Kjartansson, leggur til á þinginu 1973—1974 að á Norðurlandi verði reist raforkuver, sem hann veit að skapar umframframboð á raforku, hvort heldur um er að ræða þarfir Norðurlands eða landsins í heild. Auðvitað var hæstv. fyrrv. orkuráðh., Magnúsi Kjartanssyni, ljóst að við eðilegar markaðsaðstæður væri ekki þörf fyrir Kröfluvirkjun, ekki einu sinni á árinu 1979. Hvernig stendur þá á því, að hæstv. iðnrh. leggur fram frv. þessa efnis?

Ég fann einnig skýringu á því, sem er athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Á bls. 1876 í 13. hefti Alþingistíðinda 1973—1974 er tilvitnun, sem mig langar til þess að lesa, í ræðu hæstv. þáv. orkuráðh. Ég vil biðja menn að muna eftir því, að um þessar mundir stendur hæstv. þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, í samningum við erlent stórfyrirtæki, Union Carbide, um stóriðju á Suðvesturlandi. Þegar gengið er á hæstv. iðnrh. út af Kröfluvirkjun segir hann, með leyfi forseta:

„Hv. þm." — þar á hann við hv. þm. Halldór Blöndal —„minntist á, hvort það væri stefna ríkisstj., að ekki skyldi rísa stóriðnaður á Norðurlandi, ekki orkufrekur iðnaður. Því fer mjög fjarri. Ég tel það vera ákaflega mikilvægt atriði, að meiri háttar fyrirtæki af slíku tagi rísi ekki aðeins hér á Suðvesturlandi, heldur einnig á Norðurlandi og Austfjörðum þar sem aðstæður eru hentugar til þess. Og þær aðstæður eru vissulega hentugar bæði á Norðurlandi og Austfjörðum."

Ég held að það leyni sér ekki, ef menn athuga þessa tilvitnun, hvað býr að baki þeirrar fyrirrætlunar hæstv. þáv. iðnrh. að flytja á Alþ. 1973—1974 frv. um virkjun Kröflu, sem hann vissi að ekki var þörf fyrir. Hann, eins og ýmsir aðrir, hafði áhuga á því, að stóriðnaður risi á Norðurlandi eða á Austfjörðum, eins og fram kemur í þessari tilvitnun, og hann var að sjá þeim stóriðnaði fyrir orku, enda er það eina skýringin sem sérfræðingar hafa fundið á því, hvernig á því stendur að Kröfluvirkjun var á annað borð byggð án þess að jafnframt væri tekin ákvörðun um að hefjast ekki handa við Hrauneyjafoss. Eina haldbæra skýringin er sú, að í ráði hafi verið að útvega orku til stóriðju á Norðurlandi eða Austurlandi, eins og fram kemur í þessum tilvitnuðu orðum hæstv. þáv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar. Og það er athyglisvert fyrir flokksbræður hans, sem ekki hafa haldið þessari tilvitnun mjög á lofti, að hugleiða hvað hún þýðir.

Ég hef reynt að sýna fram á það með þessum tilvitnunum mínum, í hvaða trú Alþ. stendur þegar það afgreiðir lögin um Kröfluvirkjun. Alþ. vissi að hafist var handa um gerð byggðalínu og að líkur bentu til að byggðalínubyggingunni yrði að verulegu leyti lokið sumarið 1975. Alþ. vissi um áætlanir Orkustofnunar um virkjun háhitasvæða frá árinu 1969 sem gengu út frá slíku vinnuskipulagi. Og ef ætti að styðjast við þær áætlanir var út af fyrir sig útilokað að ljúka Kröfluvirkjun á styttri tíma en þeim, að unnt væri að taka hana að hluta til í notkun árið 1979 og að fullu árið 1981. Alþ. var ljóst að það var jafnvel eftir að rannsaka hvort væri fýsilegur virkjunarkostur þar nyrðra, hvort ætti á annað borð að byggja þar jarðgufuvirkjun, og ef svo væri, hvort ætti þá að byggja jarðgufuvirkjunina við Kröflu eða við Námafjall. Og það er mesti misskilningur, sem haldið er fram, m. a. í blöðum, að Alþ. hafi látið þar við sitja. Ég get sýnt fram á það með tilvitnunum í Alþt. að í hvert einasta skipti sem Alþ. fær upplýsingar um hvernig að framkvæmdum er staðið, og yfirleitt fá alþm. upplýsingarnar síðastir manna, þá eru gerðar hér á Alþ. tilraunir til þess ýmist að upplýsa um vandamál, sem reynt var að þegja í hel, eða leggja fram till. um eðlilega málsmeðferð.

Lengi vel standa menn í þeirri trú, að verið sé að vinna að lagningu byggðalínu. Þannig flytur hv. þm. Ingi Tryggvason þá þáltill. á Alþ. 1974, á þskj. 165, að lagningu byggðalínu verði hraðað svo að víst sé að hún verði komin í gagnið fyrir árslok 1975. Hann vissi þá ekki, þessi hv. þm., að hæstv. orkumálaráðh. hefði tekið þá ákvörðun að leysa byggingarnefnd byggðalínu upp. Ég hef vitni að því, orð Heimis Hannessonar, hv. þm., þegar hann mælti á þingi árið 1974 fyrir fsp. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni til hæstv. iðnrh. um hvernig gengi bygging línunnar og undraðist mjög hversu miklar seinkanir höfðu á orðið. Ég get bent á að þá fyrst kemur það fram frá hæstv. orkuráðh., að líkur séu á að byggðalínan og Krafla komi í gagnið nokkurn veginn jafnsnemma. Ég get bent á það, að í útvarpsumr. árið 1975, þá um haustið, ræddi þáv. formaður Alþfl., núv. formaður þingflokks Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, séstaklega um Kröfluvirkjun og lýsti því þá yfir, að við þær upplýsingar, sem þá lágu fyrir, bentu allar líkur til þess, að Kröfluvirkjun yrði eitthvert mesta fjárhagsævintýri sem þjóðin hefði þurft að taka á sig.

Ég get bent á það hvernig Bragi Sigurjónsson flytur á þinginu árið 1975 margar fsp. um Kröfluvirkjun og spyr m. a. um, hversu stór sú virkjun eigi að verða, og lætur í ljós mikinn ugg um hvernig að framkvæmdunum er staðið.

Ég get nefnt það, hvernig hér á Alþ. var brugðið við 1.

apríl 1976, eftir að Þorleifur Einarsson jarðfræðingur skrifaði grein í Þjóðviljann þar sem í fyrsta sinn var frá því sagt, að ýmislegt varðandi undirbúning og rannsóknir á Kröflusvæðinu væri með mjög óeðlilegum hætti. Þá fyrst komu fram till. frá jarðfræðingnum um að fresta frekari framkvæmdum við Kröfluvirkjun um tíma. Við þm. Alþfl. tókum þá till. upp hér. Hún fékk enga áheyrn. Hins vegar drógu Kröflunefndarmenn, t. d. hv. þm. Ragnar Arnalds, mjög í efa þekkingu Þorleifs Einarssonar á jarðfræðilegum efnum, eins og fram kemur á bls. 2941 í Alþt. 1976.

Ég get vitnað til umr. sem urðu hér 7. apríl 1976 er hæstv. iðnrh. flutti Alþ. skýrslu sína um Kröflu. Hv. þm. Ragnar Arnalds réðst þá á okkur Alþfl.-menn, sem hann sagði að stunduðu æsifréttamennsku út af Kröfluumræðum og blaðamennska okkar um Kröflu væri pólitísk. Gosið væri merkileg tilviljun sem hefði komið upp, uppákoma sem aldrei mundi endurtaka sig. Það hefði að vísu komið hik á menn svona fyrst í stað, en síðan væru menn staðráðnir í að halda áfram af krafti. Hins vegar ætlaði Alþfl. að nota málið til að hefja sig upp úr pólitísku díki. Hv. þm. Ingvar Gíslason, annar Kröflunefndarmaður, sagði við það tækifæri, að hér væri um að ræða skipulagða áróðursherferð Alþfl. sem mótaðist af pólitísku ofstæki. Þm. sagði orðrétt: „Ég mótmæli öllu ráðslagi um frestun af öðrum ástæðum, eins og fjárhagsástæðum.“ Hv. þm. Stefán Jónsson talaði um eymdarvæl Alþfl.-manna og sagðist vel geta fyrirgefið hv. þm. Jóni Sólnes þó að hann hefði gert 25% skyssur. Það var nú öll alvaran á bak við umr. þá. Þá var rætt um að e. t. v. hefði Jón Sólnes gert 25% skyssur, og honum var það svo sem vel fyrirgefanlegt.

Í fyrsta sinn komu þá fram upplýsingar um lánskjör vegna Kröfluvirkjunar, um greiðslubyrði Kröfluvirkjunar og um rekstrarvandamál Kröfluvirkjunar. Þær upplýsingar komu fram í ræðu sem ég flutti þá, á bls. 3197 í 21. hefti Alþt. árið 1975. Þá lagði ég einnig fram hér á Alþ. till. eða beiðni til hæstv. iðnrh. um að hann beitti sér fyrir því, að athugað yrði hvort ekki væri hægt að hægja á framkvæmdum við Kröfluvirkjun, m. a. að fresta vélakaupum og fresta frekari framkvæmdum í ljósi þess, að ég hafði látið valinkunnan prófessor í lögum við Háskóla Íslands gefa mér umsögn um hvort ákvæði í samningum, almennum verksamningum og kaupsamningum, væru ekki þess eðlis að unnt væri fyrir Íslendinga að fara þess a. m. k. á leit við verksalana við Kröflu og þá, sem seldu Kröfluvirkjun vélar, að afhendingu og afgreiðslu yrði frestað vegna eldgossins sem þá átti sér stað. Ég óskaði þess eindregið, að hæstv. iðnrh. tæki þetta mál til sérstakrar athugunar og beitti sér fyrir því, að framkvæmdum við Kröfluvirkjun yrði frestað með þessum hætti. Það var ekki gert. Hins vegar hefur Jónas Elíasson prófessor lýst því með mjög glöggum hætti í blaðagrein árið 1976, að frestun framkvæmdanna hefði verið eina bjargráðið sem hefði getað komið í veg fyrir þá alvarlegu atburði, sem gerst hafa við Kröflu, og getað tryggt það eða von væri til þess, að Kröfluvirkjun væri rekin án stórra fjárhagsáfalla. Ég get einnig nefnt það, að 3. des. 1976 óskaði ég eftir því hér í þingi, að hæstv. iðnrh. gæfi Alþ. skýrslu um Kröfluvirkjun, svipaða þeirri sem hér hefur verið lögð fram. Umr. var þá frestað um málið án þess að henni væri lokið, og allan þann vetur var umr. ekki tekin á dagskrá.

Ég held að ég sé búinn að fara allrækilega í forsögu þessa máls. Ég er reiðubúinn til þess að styðja það, sem ég hef sagt, með tilvitnunum, ef þess verður óskað. Áður en ég vík að skýrslunni sjálfri ætla ég þó að víkja örfáum orðum að því, hvernig hún er til orðin.

S. l. haust beitti ég mér fyrir því, að 10 þm. notuðu heimild 31. gr. þingskapa til að krefjast skýrslu frá ráðh. Beiðnin var lögð fram 7. nóv. 1977. M. a. var óskað eftir því, að skýrslan um Kröflu tæki til ákveðinna atriða, og einnig óskað eftir því, að umr. um skýrsluna gætu orðið áður en fjárlög og lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 væru afgreidd, þ. e. a. s. fyrir jólaleyfi þm. Mér var kunnugt um að Júlíus Sólnes prófessor tók að sér það verk að ritstýra skýrslu þessari. Ég veit það, hvað sem hæstv. iðnrh. segir, að Júlíus Sólnes lauk því verki að mestu fyrir jól. M. a. get ég minnt hæstv. ráðh. og hv. þm. Jón Sólnes, formann Kröflunefndar, á það, að þeir sögðu mér það sjálfir áður en þing fór í jólaleyfi, að skýrslan væri eiginlega fullbúin og ég mætti eiga von á því að fá hana til aflestrar í jólaleyfi þm. Hæstv. iðnrh. sagði m. a., að ég mundi fá hana sem sérstaka jólabók frá sér. Það er því misskilningur og ekki rétt, að meginefni skýrslunnar hafi ekki legið fyrir af háflu ritstjóra skýrslunnar þegar um s. l. áramót. Mér er líka kunnugt um að í janúarmánuði s. l. lagði höfundur skýrslunnar, Júlíus Sólnes, síðustu hönd á sitt verk, m. a. í samráði við Orkustofnun. Þá ræddi skýrsluhöfundurinn við Orkustofnun í síðasta sinn, og engar umræður milli hans og Orkustofnunar hafa síðan farið fram. Af þessu dró ég þá ályktun, að hæstv. iðnrh. væri búinn að fá þessa skýrslu í hendur fyrir allnokkru. Að vísu er það rétt, sem hann segir, að þetta er ekki skýrsla Júlíusar Sólness til Alþ., þetta er ekki skýrsla Orkustofnunar til Alþ., ekki skýrsla Kröflunefndar til Alþ., heldur skýrsla iðnrh. til Alþ.,þannig að hann getur haldið því fram, að samningu skýrslunnar hafi ekki verið lokið fyrr en hann var búinn að strika út síðustu klausuna sem hann ákvað að fella niður. En hitt er rétt, að hæstv. iðnrh. fékk þessa skýrslu frá ritstjóra hennar í hendur fyrir allnokkru og er nú búinn að hafa hana til meðferðar, að ég fullyrði, vikum saman. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að hann hefur oftar en einu sinni og oftar en tvisvar sagt mér í vetur að skýrslan væri alveg að koma, prentsmiðjuvinna væri hafin o. s. frv., o. s. frv.

Það var hins vegar ekki fyrr en mánudaginn 24. f. m. sem 70 eintök af þessari skýrslu voru send hingað í Alþ. Það voru eintök á hvern þm. og hvern varaþm. og ekkert þar fram yfir. Blöðin fengu ekkert eintak, Ríkisútvarpið, þ. e. a. s. sjónvarp og hljóðvarp fékk ekkert eintak. Þær stofnanir, sem fjallað er um í þessari skýrslu, fengu ekkert eintak. Klippt og skorin 70 eintök voru send hingað niður í þing og borin á borð þm. Þeim var ekki útbýtt, heldur var skýrslan borin á borð þm. Ég frétti síðan að taka ætti skýrsluna til umr. þegar daginn eftir, þriðjudaginn 25. þ. m., það ætti sem sé að taka skýrsluna til umr. án þess að þeim sérfræðingum, sem um er fjallað í skýrslunni, gæfist nokkurt tækifæri til þess að lesa hana eða kynna sér efni hennar og án þess að alþm., mér og fleirum, gæfist kostur á að athuga skýrsluna nema í hæsta lagi 24 klst., og var þá um að ræða tíma þegar Alþ. sat á kvöld- og næturfundum og haldnir voru fundir alla morgna í nefndum.

Þegar mér var þetta ljóst kom ég að máli við hæstv. forseta Sþ. Ég vakti athygli hæstv. forseta á því, að skýrslunni væri í fyrsta lagi ranglega dreift. Hér væri um að ræða svar við beiðni um skýrslu, sem útbýtt hefði

verið sem sérstöku þskj. og svarinu ætti tvímælalaust að útbýta úr forsetastól sem þskj. og gefa því þskj.-númer, en ekki að dreifa til þm. utan fundar líkt og um leyniplagg væri að ræða sem ekki væri ætlunin að gera opinbert. Ég fór einnig fram á það, að hæstv. forseti notaði fyrsta tækifæri sem gæfist til þess að útbýta skýrslunni með formlegum hætti, en það yrði gert þriðjudaginn 25. f. m. Ég benti hæstv. forseta á, að það væri ekki í samræmi við þingvenjur að taka þskj. til umr. á sama fundi og því væri dreift og ég teldi óeðlilegt, eins og að þessum málum væri staðið, að samþykkja afbrigði frá venjum um hvernig það yrði rætt.

Hæstv. forseti féllst á þessa skoðun mína. Hann lét dreifa skýrslunni formlega og tilkynnti það úr forsetastól þriðjudaginn 25. f.m. Hann gaf skýrslunni þskj.-númer við það sama tækifæri. Hæstv. forseti Sþ. heimilaði ekki umr. um hana við það tækifæri. Hins vegar óskaði hæstv. iðnrh. eftir því að þó að svo færi, þá væri honum heimilað að mæla fyrir skýrslunni með nokkrum orðum vegna þess að daginn eftir hygðist hann fara til útlanda, að lokinni framsöguræðu hans væri síðan hægt að fresta umr. þar til síðar. Hæstv. forseta fannst þessi ósk einnig óeðlileg. Í ljós kom hins vegar síðar, að þegar hæstv. iðnrh. bar þessa ósk upp við hæstv. forseta Sþ., þá hafði hann ákveðið að koma ekki til landsins aftur fyrr en að þinghaldi loknu. Óskin var því um það, að hafin yrði umr. um skýrslu iðnrh. til Alþ. um Kröfluvirkjun með því að hæstv. iðnrh. yrði gefið orðið þriðjudaginn 25. f.m. til að mæla fyrir skýrslunni, að lokinni framsöguræðu hans yrði síðan umr. frestað, ráðh. héldi af landi brott og kæmi ekki aftur það sem eftir liði þingtímans.

Þriðjudaginn 2. maí s. l. hafði ég síðan tal af forseta Sþ., þá um morguninn, og spurði hann hvenær dags skýrslan um Kröfluvirkjun kæmi á dagskrá. Hæstv. forseti tjáði mér þá, að hann hefði þá um morguninn haft þær spurnir af fyrirætlunum iðnrh., sem hafði verið erlendis síðan á miðvikudaginn næsta áður, að hæstv. ráðh. ætlaði ekki að koma heim fyrr en líkur væru til að þinghald væri búið. Ég fullyrði að forseta Sþ. var ekki kunnugt um þessa fyrirætlun ráðh. fyrr. Ég fullyrði að engum alþm. var um það kunnugt, þegar hæstv. iðnrh. hélt af landi brott þriðjudaginn 26. apríl, að hann hygðist ekki koma til landsins aftur fyrr en þingi væri lokið. Í því sambandi leyfi ég mér að vitna til svars hæstv. forsrh., sem hann gaf mér þriðjudaginn 2. maí, er ég spurðist fyrir um ferðir hæstv. iðnrh. utan dagskrár, en þá sagði hæstv. forsrh. að þá um morguninn, 2. maí, hefði sér borist vitneskja um að hæstv. iðnrh. hefði breytt fyrirætlunum sínum og ætlaði ekki að koma til landsins fyrr en 9. maí, nokkru eftir að Alþ. hefði lokið störfum.

Allt var gert til þess að fresta því að skýrslan yrði lögð fram. Henni var ekki útbýtt með eðlilegum hætti, eins og upphaflega var ráðgert, og virtist vera að skýrslan ætti ekki að verða opinbert plagg eins og þskj. eru. Séð var svo til, að eintök væru svo fá að fjölmiðlar ættu erfitt með að kynna sér efni skýrslunnar. Í þriðja lagi átti að hespa umr. af 24 klst. eftir að þm. höfðu skýrsluna augum litið. Í fjórða lagi var sú áætlun lögð, þegar þær fyrirætlanir náðu ekki fram að ganga, að hæstv. iðnrh. fengi heimild til að fylgja skýrslunni úr hlaði 24 klst. eftir að hún var borin til þm., síðan yrði umr. strax frestað meðan ráðh. brygði sér bæjarleið, sem seinna kæmi í ljós að stæði yfir þar til þingslit hefðu farið fram. Þegar einnig sú áætlun fór út um þúfur hélt ráðh. utan, hafði svo samband heim nokkrum dögum síðar og tilkynnti að hann væri ekki væntanlegur til þings fyrr en eftir kosningar. Enginn var því til að flytja Alþ. umrædda skýrslu og ef af umr. yrði engu að síður, þá yrðu þær að ráðh. fjarstöddum.

Þessi málsmeðferð er gleggsta dæmið um það, hvaða álit hæstv. iðnrh. sjálfur hefur á þessari Kröfluskýrslu sinni. Hversu erfiðlega hefur gengið að fá hæstv. ráðh. til að ræða skýrslu þessa er gleggsta dæmið um að honum skýst ekki, enda skýr maður og veit að í skýrslu þessari er illt mál að verja sem væri best fyrir hann og hans menn ef hann gæti forðast sem allra mest að þurfa að eyða orðum að. Og þá loksins — herra forseti — er ég kominn að efni skýrslunnar.

Eins og fram er tekið í formála að þessari skýrslu er hún þannig samin, að Júlíus Sólnes prófessor er fenginn til þess að annast skýrslugerðina eða öllu heldur til þess að annast ritstjórn hennar. Hann mun hafa unnið það verk þannig að safna gögnum og álitsgerðum frá ýmsum aðilum og vinna síðan á grundvelli þeirrar gagnasöfnunar skýrsluna sjálfa, m. a. með þeim hætti, eins og raunar er að vikið í henni, að fella niður ýmis atriði úr álitsgerðum sérfræðinga og stofnana sem ritstjóra skýrslunnar þóttu minna virði. En það hefur verið gert meira en það, hvort sem það er verk ritstjórans eða þess manns sem skýrsluna leggur hér fram, hæstv. iðnrh. Sá, sem um hefur fjallað, hefur bókstaflega breytt skýrslu þessari í mjög veigamiklum atriðum. Þetta ber að hafa í huga þegar skýrslan er lesin. Þar sem t. d. er sagt frá áliti Orkustofnunar í þessari skýrslu, er í raun réttri verið að fjalla um niðurstöður stofnunarinnar, eins og ritstjóra skýrslunnar eða hæstv. iðnrh. hefur þótt hlýða að setja það álit fram. Í því sambandi er rétt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Júlíus Sólnes er sjálfur beinlínis tengdur við Kröflumálið og þá sérstaklega við einn aðila af þeim sem um málið hafa fjallað. Með þeim orðum á ég alls ekki við tengsl Júlíusar Sólness við formann Kröflunefndar, heldur hitt, að Júlíus Sólnes hefur starfað á vegum nefndarinnar og m. a. gegnt starfi yfirverkfræðings Kröflunefndar í forföllum Einars Tjörva Elíassonar og væntanlega þar með ekki aðeins þegið laun frá Kröflunefnd, heldur hlýtur einnig að vera beinlínis ábyrgur fyrir sumum aðgerðum og ákvörðunum Kröflunefndar. Hann er því langt í frá að vera óhlutdrægur aðili í málinu, enda þótt ég dragi síður en svo í efa þekkingu og hæfni Júlíusar Sólness í fræðigrein sinni.

Í annan stað leyfi ég mér að benda á, að fyrir u.þ.b. 1 1/2 ári ritaði varaformaður Kröflunefndar, hv. þm. Ingvar Gíslason, blaðagrein, þar sem hann m.a. lét í ljós þá skoðun í fyrsta sinn opinberlega, að ekki væri við Kröflunefnd að sakast hvernig farið hefði, heldur væri það Orkustofnun og sérfræðingar hennar sem bæru sökina. Orkustofnun og sérfræðingar hennar hefðu ekki reynst vandanum vaxnir, ekki gefið réttar ráðleggingar og ekki reynst þess umkomnir að ráða við verkefni af því tagi sem Kröfluvirkjun er. Þarna er um að ræða einhliða yfirlýsingu frá varaformanni Kröflunefndar um að mistökin við Kröflu séu Orkustofnun og vísindamönnunum að kenna, en að Kröflunefnd hefði allt sitt á hreinu. Og ég leyfi mér að benda á, að engum dylst, sem skýrsluna les, að þetta er einmitt niðurstaða þess sem skýrsluna samdi. Þá var Júlíus Sólnes starfsmaður Kröflunefndar, en er þrátt fyrir það falið það mikla trúnaðarstarf að semja óhlutdræga skýrslu um málið. Hann telur ótvírætt

að mistökin við Kröflu beri að skrifa á reikning orkustofnunar, hún hafi reynst vanbúin því að gegna sínu ráðgjafar- og gufuöflunarhlutverki. Hins vegar er aftur og aftur í skýrslunni borið sérstakt lof á Kröflunefnd og verk hennar.

Í sjálfu sér er ekkert við því að segja, að þetta sé skoðun Júlíusar Sólness. Spurningin er aðeins sú, hvort hann eða einhver sá, sem hefur um skýrsluna fjallað, e. t. v. hæstv. iðnrh. sjálfur, hafi beitt aðstöðu sinni sem höfundur skýrslunnar að einhverju leyti til að staðfesta þessa skoðun með ósanngjörnum hætti í garð Orkustofnunar og vísindamanna hennar. Og ég held að ótvírætt sé, að það sé skoðun Orkustofnunar sjálfrar að svo sé.

Ég vil skýra frá því, að í gær var hæstv. orkumálaráðh. afhent bréf frá stjórn Orkustofnunar. Bréf þetta er mjög ítarlegt, mun vera um 18 bls. eða svo, og í því er að finna mjög harðorðar aths. og gagnrýni á það sem sagt er vera álit Orkustofnunar í þessari skýrslu. Ég óskaði eftir því í dag að fá þetta bréf frá orkumálastjóra. Orkumálastjóri sagði að þetta bréf hefði verið sent hæstv. iðnrh. persónulega og hann gæti ekki leyft mér að sjá afrit af þessu bréfi nema með leyfi iðnrn. Lengi dags reyndi ég að ná sambandi við ráðuneytisstjórann í iðnrn. Það gekk ekki vel. Hann var ávallt sagður ekki við á skrifstofu sinni. Hins vegar varð ég þess áþreifanlega var, að hann átti símasamtöl við aðra alþm. frá þeirri skrifstofu sem hann var ekki sagður vera á. Ég náði þó undir lokin símasambandi við ráðneytisstjórann í iðnrn. og spurði hann, hvort ég gæti fengið heimild frá honum til þess að fá að sjá þetta umrædda bréf. Ráðuneytisstjórinn sagðist aðeins hafa fengið eitt eintak, hann hefði sjáfur ekki lesið bréfið og hefði því miður ekkert ljósrit í höndunum, því að frumritið hafði hann sent hæstv. iðnrh., og því gæti hann ekki sinnt beiðni minni. Ég spurði þá ráðuneytisstjórann, hvort ég hefði leyfi hans til þess að fá ljósrit af afriti bréfsins hjá Orkustofnun. Ráðuneytisstjórinn sagðist því miður ekki geta leyft það, hann hefði ekki séð bréfið, þetta væri mál ráðh. Ég fór til hæstv. iðnrh., Gunnars Thoroddsens, og óskaði eftir því við hann, að hann veitti mér heimild til þess að sjá þetta 18 bls. bréf með aths. Orkustofnunar sem honum barst í gær. Hæstv. iðnrh. tjáði mér að hann gæti því miður ekki orðið við þeirri bón minni, því að honum hefði ekki unnist tími enn þá til að kynna sér efni bréfsins.

Það liggur því fyrir, að talinn var nægur tími fyrir alþm. til þess að kynna sér efni þessarar skýrslu, sem alþm. hafa haft núna um nokkurra daga skeið, og taka hana til umr. með 24 klst. fyrirvara. Það liggur fyrir, að Orkustofnun er þeirrar skoðunar að í skýrslunni sé mjög hallað réttu máli í hennar garð. Stjórn Orkustofnunar hefur sent hæstv. iðnrh. bréf með mótmælum. Það er ekki nokkur lífsins leið fyrir alþm. að fá að sjá þessa umsögn Orkustofnunar. Hæstv. iðnrh. virðist þurfa mun meiri tíma til að kynna sér bréf stjórnar Orkustofnunar heldur en hann ætlaði okkur alþm. til að kynnast efni skýrslunnar allrar. Því ætla ég að beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. iðnrh., að þegar hann telur að hann hafi kynnt sér efni umsagnar Orkustofnunar nægilega vel, sem væntanlega verður við fyrsta tækifæri, þá birti hann opinberlega þær aths. sem Orkustofnun hefur gert.

Ég ætla að ítreka þessi tilmæli mín til hæstv. iðnrh., svo að ekki fari á milli mála: Ég óska eftir því, að hæstv. iðnrh. birti opinberlega, með sama hætti og þessi Kröfluskýrsla hefur verið birt, aths. þær sem hann fékk frá stjórn Orkustofnunar í gær með bréfi, og ég óska eftir að það verði gert eins fljótt og við verður komið, svo að fólk geti fengið að sjá hvar það er sem stjórn Orkustofnunar telur á sig hallað í þessari skýrslu. Þar til það bréf liggur fyrir er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða fyrir mig en gefa þm. nokkra hugmynd um hvað í þessu bréfi stendur. Það er þá best að gera það.

Ég er með í höndum gögn varðandi Kröfluvirkjun sem Orkustofnun afhenti Júlíusi Sólnes þegar hann vann að samningu skýrslunnar. Þessi gögn tók Orkustofnun saman og þau eru nýlega komin í mínar hendur. Ég ætla að bera þessi gögn, sem Orkustofnun afhenti, saman við þann þátt sem sagður er álit Orkustofnunar í þessari skýrslu. Ég held að það sé ekki mikið sem kemur fram í þeim samanburði sem sé ótalið í bréfi því sem hæstv. orkuráðh. hefur fengið.

Á bls. 118 í skýrslunni um Kröfluvirkjun er rætt um boranir 1975, í kafla sem sagður er vera álit Orkustofnunar. Þar segir m. a., fyrir neðan miðja bls. 118:

„Nú virðist sem tiltækt fé til borana á sumri komandi verði 150 millj. kr. Eins og sjá má á ofangreindri áætlun nægir það ekki til að ljúka einni holu vegna þess, að af upphæðinni hafa þegar verið keypt fóðurrör og fleira í 5 holur.“ Segir síðan næst í skýrslu Orkustofnunar, en hefur verið fellt niður af höfundi Kröfluskýrslunnar:

„Í þessu sambandi vill Orkustofnun leyfa sér að vísa til bréfs til hins háa rn., dags. 14.3.75, þar sem rædd var sú áhætta, sem því óhjákvæmilega fylgir að hefja byggingu orkuvers og annarra vinnslumannvirkja áður en reynsluborunum er lokið og nægilegt gufumagn fengið upp á yfirborðið. Eins og þar kemur fram er vinnsluborunin í raun og veru of seint á ferðinni, miðað við tímaáætlun Kröflunefndar, miðað við það sem eðlilegt og æskilegt getur talist. Því hefur Orkustofnun áhyggjur af því, ef nú verður dregið úr vinnsluborunum frá því sem ráðgert var, sem getur leitt til þess að þessi áhætta verði meiri en áður.“

Hér er um að ræða viðvaranir frá Orkustofnun sem fram koma í því handriti sem hún sendi þeim sem þessa skýrslu samdi. Þessar viðvaranir Orkustofnunar hefur skýrsluhöfundur fellt niður.

Á bls. 128, á miðri síðu, er enn fremur vikið að árangri borana 1976. Þar er sagt, eftir að fjallað er um tæknilega framkvæmd borana, að hiti þess. þ. e. a. s. neðra kerfisins, sé hærri en fundist hafi áður á jarðhitasvæði hérlendis og með þeim hæsta sem fundist hafi í heiminum. Síðan segir í skýrslu Orkustofnunar: „Í því er mikið magn af óþjappanlegum gastegundum, sem fylgja gufunni inn á vélar virkjunarinnar og draga úr nýtni stöðvarinnar.“ — Þetta álit Orkustofnunar er fellt niður úr skýrslunni.

Á bls. 133 er enn einn kaflinn. Þar er sagt, efst á bls. á eftir lið 3:

„Um þetta leyti“ 7 þ. e. a. s. 7. febr. 1977 7 „var það ljóst orðið, að jarðhitasvæðið við Kröflu var mun flóknara að uppbyggingu en áður hafði verið reiknað með. Nánari lýsingu á því er að finna í holubréfi nr. 7. Til undirbúnings tilllögum að borunum 1977 gekkst Orkustofnun fyrir fundi sem haldinn var að Nesjavöllum í Grafningi dagana 15.—16. febrúar 1977. Á þessum fundi voru fulltrúar Orkustofnunar, Kröflunefndar, verkfræðistofunnar Virkis og VST auk sérstakra ráðgjafa Orkustofnunar. Voru gufuöflunarmálin rædd þar á

mjög breiðum grundvelli til að reyna að fá fram sem flest sjónarmið þar að lútandi. Að loknum Nesjavallafundi samdi Orkustofnun grg. um stöðu mála og till. um boranir á árinu 1977." Allt, er varðar þennan fund, er niður fellt úr þessari skýrslu, e.t.v. til að reyna að koma í veg fyrir að mönnum verði ljóst að Orkustofnun hafði á þessum tíma samráð við Kröflunefnd og verkfræðistofurnar um borunarmál.

Á bls. 148 í þessari skýrslu er mjög athyglisverð breyting, sem gerð hefur verið á handriti Orkustofnunar. Hér er um það að ræða að sá, sem semur þessa skýrslu, hvort sem það er Júlíus Sólnes prófessor eða hæstv. iðnrh. sem um fjallar, fellir mjög verulega niður og jafnvel breytir handriti því, sem hann fær hjá Orkustofnun, á þann veg, að hlutur Orkustofnunar verður allur verri. En á bls. 148 er mjög athyglisverð breyting, sem sumir, er taka mundu stórt upp í sig, mundu jafnvel orða við hálfgerða fölsun. Þar segir í handriti Orkustofnunar, sem skýrsluhöfundi er látið í té, efst á bls. 148: „Rn. tók hins vegar ekki afstöðu á því stigi málsins til tillögu um borun við Námafjall." — Þessu orðalagi breytir höfundur skýrslunnar í þessa veru: „Rn. féllst hins vegar ekki á tillögu um borun við Námafjall." Breytt er orðalagi, þar sem segir að rn. hafi ekki tekið afstöðu til till., þannig, að rn. hafi ekki fallist á till. Hvers vegna skyldi nú skýrsluhöfundur hafa breytt þessu, þegar fyrir liggur bréf frá iðnrn., dags. 26. maí 1977, þar sem segir orðrétt: „Rn. tekur á þessu stigi málsins ekki afstöðu til borunar þar?" M. ö. o.: hér er um það að ræða, að höfundur handrits Orkustofnunar tekur orðrétt upp tilvitnanir rn. er hann semur sína skýrslu. Sá, sem síðar fjallar um, breytir þessari tilvitnun, gerir þar með öllu verri hlut Orkustofnunar, en öllu betri hlut rn.

Það er fjölmargt annað, sem ég ætla að benda á og gera aths. við. Á bls. 18 í skýrslu þessari um Kröfluvirkjun er t. d. gerð sú breyting, að neðst á bls. 51, svo vitnað sé í árslok 1974, er felld niður svo hljóðandi klausa úr áliti Orkustofnunar um vitneskju í árslok 1974:

„Á þessum tíma höfðu engar vinnsluholur verið boraðar og lágu því ekki fyrir upplýsingar um afl vinnsluhola á Kröflusvæði. Ekki lágu heldur fyrir upplýsingar um þrýsting, streymisgerð og streymisviðnám í jarðhitakerfinu. "

Þetta segir Orkustofnun að hafi verið vitneskja í árslok 1974 þegar enn átti eftir að vinna mjög verulega við virkjunina við Kröflu. Þetta fellir höfundur skýrslunnar niður.

Á bls. 21 er enn breyting gerð. Þar segir m.a. í kafla um álit Orkustofnunar, sem felldur er niður í skýrslunni, bréf dags. 22. maí 1975 til iðnrn.:

„Stofnuninni virðist auðsætt, að ef skera verður niður fé til Kröflufframkvæmda frá því sem ráðgert var sé óhjákvæmilegt að endurskoða alla tímaáætlun þeirra framkvæmda, bæði varðandi gufuöflunina og aðra hluta þeirra. Í þeirri endurskoðun þarf að samræma endurskoðunina öðrum framkvæmdaþáttum út frá þeirri staðreynd, að gufan er það, sem allt mannvirkið byggist á, og þarf því öflun hennar að njóta það mikils forgangs að ekki sé verið að taka óþarfa áhættu."

Þetta er bréf frá Orkustofnun til iðnrn., dags. 22. maí 1975, sem er í handriti Orkustofnunar með þessari skýrslu og lýsir viðvörunum Orkustofnunar til iðnrn. Það fellir höfundur skýrslunnar niður. Þá fellir hann þarna einnig niður eftirfarnadi kafla:

„Álit Orkustofnunar var þannig það, að niðurstöður rannsóknarborananna gæfu tilefni til að hefjast handa um borun vinnsluhola."

Þetta er fellt niður og er fullyrt í skýrslunni, að niðurstöður Orkustofnunar hafi orðið þær, að rannsóknarboranirnar hafi gefið tilefni til að hefjast handa, ekki um borun vinnsluhola, heldur um gerð virkjunarinnar. Síðan segir einnig, sem höfundur skýrslunnar eða hæstv. iðnrh. fellir niður:

„Hins vegar taldi Orkustofnun, að áhætta væri tekin með því að hefja byggingu stöðvarinnar áður en upplýsingar lágu fyrir um borun vinnsluhola."

Þetta er talsvert mikið atriði í málinu, sem þarna er bent á að lá fyrir 22. maí 1975 í bréfi. Einnig þetta er fellt niður. Einnig er fellt niður að geta þess, að þegar umr. hófust um gerð aflvéla hafi Orkustofnun óskað að fulltrúar hennar tækju þátt í þeim umr. Hins vegar segir að vísu í skýrslu Kröflunefndar, á bls. 20, að fulltrúi Orkustofnunar hafi tekið þátt í viðræðum sem fram fóru á vegum Kröflunefndar um gerð verk- og tímaáætlunar fyrir virkjunina. Ég fullyrði það eftir samtölum sem ég hef átt við rannsóknarmenn Orkustofnunar, að þeir höfðu ekki hugmynd um að gerð verk- og tímaáætlunar stæði yfir. Verkefnastjóri rannsóknanna á Kröflusvæðinu hafði ekki hugmynd um að það stæðu yfir viðræðufundir um gerð verk- og tímaáætlunar fyrir Kröfluvirkjun, og yfirmaður rannsókna Orkustofnunar á háhitasvæðum, Stefán Arnórsson, hafði ekki heldur minnstu hugmynd um þetta. Það var ekki fyrr en á fundi í iðnrn. 3. mars árið 1975 sem þessir rannsóknarmenn fengu pata af því, að hafin væri gerð verk- og tímaáætlunar um virkjunina áður en lægi fyrir niðurstaða af gufuöfluninni. Á þeim fundi gagnrýndu þeir þær fyrirætlanir mjög harðlega og taka raunar þannig til orða, að þar hefði allt sprungið í loft upp. Í framhaldi af því skrifaði stjórn Orkustofnunar bréf það, sem dags. er 14. mars 1975 og felur í sér fyrstu viðvaranir stofnunarinnar til iðnrn. og Kröfluvirkjunar, þó að stjórn Orkustofnunar hafi í þessu bréfi mjög dregið úr viðvörunum sérfræðinganna. En Orkustofnun er ekki búin að bíta úr nálinni með þá afstöðu enn, vegna þess að þá afstöðu stjórnar Orkustofnunar virðist nú eiga að nota til þess að kenna rannsóknarmönnum stofnunarinnar mjög verulega um þau mistök sem þarna voru gerð.

En það er fleira athyglisvert í sambandi við þessa skýrslu — miklu fleira. Á bls. 28 í Kröfluskýrslu er svo hljóðandi kafli birtur sem álit sérfræðinga Kröflunefndar, — með leyfi forseta vil ég lesa hann orðrétt, — þetta er birt í skýrslunni sem álit sérfræðinga Kröflunefndar:

„Sú vitneskja, sem þarf til þess að finna bestu lausn á legu stöðvarhúss, inntaksþrýstingi á vélar og gerð gufuveitu byggir að talsverðu leyti á vinnslueiginleikum borhola (rennsli við mismunandi mótþrýsting, gufuhluta í rennsli við mismunandi mótþrýsting og útfellingar- og tæringarhættu). Litlar upplýsingar af þessu tagi lágu fyrir, er ákvörðun um aflvélarnar var tekin, að öðru leyti en því, að talin var viss hætta á kísilútfellingum, ef hitastig í vatnsæðum, færi yfir um 300° C."

Þetta er sagt álit sérfræðinga Kröflunefndar. Sá sem þennan kafla samdi var hins vegar ekki sérfræðingur Kröflunefndar, heldur Stefán Arnórsson jarðfræðingur hjá Orkustofnun. Í handriti Orkustofnunar, sem afhent var þeim er skýrslu þessa samdi, er þetta á bls. 13 sem

niðurstaða Stefáns Arnórssonar sérfræðings Orkustofnunar. Það, sem höfundur skýrslu þessarar hefur gert, er að hann hefur tekið það, sem Orkustofnun lætur frá sér fara, sem álit síns sérfræðings, breytt orðalagi eilítið, flutt það yfir sem álit sérfræðinga Kröflunefndar og birt það í þessari skýrslu. Til samanburðar, svo að menn átti sig á hvað hér er um að ræða, ætla ég — með leyfi forseta — að lesa orð Stefáns Arnórssonar í áliti Orkustofnunar á bls. 13, en þau hljóða svo:

„Sú vitneskja, sem þarf til að finna legu stöðvarhúss, inntaksþrýsting á vélar og gerð gufuveitu, lá ekki fyrir, þegar ákvörðun var tekin um tímasetningu framkvæmda og val á vélabúnaði. Hún bygggir að talsverðu leyti á staðsetningu borhola og vinnslueiginleikum þeirra, rennsli við mismunandi mótþrýsting, gufuhluta í rennsli við mismunandi mótþrýsting og útfellingar- og tæringarhættu. Engar upplýsingar af þessu tagi lágu fyrir er nefnd ákvörðun var tekin að öðru leyti en því, að talin var hætta á kísilútfellingum, ef hitastig í vatnsæðum færi yfir 300°C."

Þetta er orðrétt álit Stefáns Arnórssonar, sérfræðings Orkustofnunar, sem höfundur þessarar skýrslu tekur, breytir eilítið orðalagi á og birtir síðan í skýrslunni sem álit sérfræðinga Kröflunefndar.

Svo að ég fari fljótt yfir sögu, þá er næst á bls. 149 að mjög verulegar breytingar eru gerðar á efni þessarar skýrslu. Þar segir m. a. svo:

„Það er hugsanlegt" — segir í Kröfluskýrslu — „að aðgerðirnar í 2. lið, þ.e. á borholum frá í fyrra" — það er verið að vísa þarna til bréfs Orkustofnunar frá 18. júlí — „hafi það jafnframt í för með sér að afköst holanna aukist, a. m. k. um tíma."

Síðan er felldur niður kafli er hljóðar svo:

„Á það ber hins vegar að leggja áherslu, að með öllu er óvíst að svo verði eða hve varanleg hugsanleg afkastaukning verður, ef hún verður einhver. En hvort heldur um slíka aukningu verður að ræða eða ekki getur niðurstaðan samt verið mikilvægar vísbendingar um orsakir hins lélega borárangurs 1976. Sú vitneskja getur komið að góðum notum síðar."

Þetta álit sérfræðinga Orkustofnunar fellir höfundur skýrslunnar burt. Á bls. 154 í skýrslunni er mjög athyglisverð breyting hjá ritstjóra skýrslunnar frá áliti Orkustofnunar, þar sem hann snýr meiningu Orkustofnunar gersamlega við. Umrædd tilvitnun hljóðar svo, á bls. 154 í Kröfluskýrslu:

„Aðgerðir sumarsins 1977 leiddu til verulegrar aukningar gufumagns og urðu til þess að hægt var að hefja prófanir og tilraunaframleiðslu."

Í skýrslu Orkustofnunar, handritinu sem skýrsluhöfundurinn fær til umráða, stendur hins vegar þveröfugt. Þar stendur:

„Þótt aðgerðir sumarsins hafi þannig ekki leitt til verulegrar aukningar gufurennslis úr borholunum, hafa þær gefið verðmætar upplýsingar um útfellingarnar í holunum" o. s. frv. — Hér er um það að ræða, að höfundur skýrslunnar snýr áliti sérfræðinga Orkustofnunar algerlega við.

Það fer að sjálfsögðu ekki á milli mála, hver tilgangur skýrsluhöfundar eða þess, sem um málið hefur fjallað, hafi það verið annar en höfundur skýrslunnar, er með þessum breytingum, niðurfellingum og öðru því um líku. Hér er um það að ræða að breyta handriti Orkustofnunar á þann veg, að mjög er hallað á hlut stofnunarinnar og allur þáttur hennar í málinu gerður mun verri en efni standa til. Í þessu sambandi er ekki hikað við að beita vinnubrögðum sem ég efa að séu sæmandi hæstv. iðnrh. eða aðilum sem hafa fengið það verk í hendur af hans hálfu að taka saman skýrslu sem þessa. Á bls. 156 í Kröfluskýrslunni segir svo, með leyfi forseta:

„Þessum pistli um bormál Kröfluvirkjunar mætti ljúka með því að birta bréf sem Einar Tjörvi Elíasson yfirverkfræðingur Kröflunefndar hefur skrifað iðnrn. varðandi gufuöflun fyrir Kröfluvirkjun 1978. Bréfið, sem er dags. 21. nóv. 1977, hljóðar svo."

Ég ætla ekki að lesa þetta bréf frá orði til orðs, þm. hafa það í Kröfluskýrslu fyrir framan sig. Ég vil aðeins geta þess, að bréf þetta er mjög hörð gagnrýni yfirverkfræðings Kröflunefndar á framkvæmdir Orkustofnunar. Þegar Orkustofnun fékk til athugunar handrit af skýrslu Júlíusar Sólness í janúarmánuði s. l. var þetta bréf, sem ég hef nú vitnað til, í handritinu. Hinn 13. 12. 1977 hafði Orkustofnun sent iðnrn. svarbréf við þessu bréfi Einars Tjörva, þar sem Orkustofnun bar, ef svo mætti segja, hönd fyrir höfuð sér. Þeir Orkustofnunarmenn spurðu þá höfund skýrslunnar, hvort ætlunin væri að birta ársarbréf Einars Tjörva á hendur Orkustofnun í skýrslunni, en ekki svarbréf Orkustofnunar. Höfundur skýrslunnar sagði þá þeim Orkustofnunarmönnum að hér væri um mistök að ræða, bréf þetta frá Einari Tjörva ætti alls ekki að vera með þessum plöggum og væri ekki ætlað til birtingar. Orkustofnunarmenn létu það gott heita, en sögðu að ef ætti að birta þetta bréf Einars Tjörva, þá óskuðu þeir eftir því að fá að birta svarbréf sitt þar við hliðina. Síðan segir ekki af þessum málum fyrr en stjórn Orkustofnunar fær hvítu skýrsluna í hendur. Í henni er birt bréf Einars Tjörva Elíassonar til iðnrn. með hörðum ársum á hendur Orkustofnun og starfsmönnum hennar og sagt að þyki hlýða að ljúka þessum pistli um bormál með þessu ársarbréfi, en ekki orð um bréf það sem Orkustofnun sendi sem svar við þessu ársarbréfi Einars Tjörva. Ég er hins vegar með þetta bréf í höndunum. Þar segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„3. Einar Tjörvi Elíasson leggur til að frekari yfirborðskannanir verði gerðar strax og mögulegt er til nákvæmari staðsetningar á uppstreymisæðum jarðhitasvæðisins. Þessi tillaga er yfirborðskennd og verður ekki séð, hvaða forsendur liggja hér að baki. Tillögur af þessu tagi heyrast oft nú til dags og virðast menn álíta að þar með sé allur vandi gufuöflunarinnar leystur. Raunhæfar tillögur um yfirborðsrannsóknir eiga að byggjast á mati á þeim aðferðum sem til greina koma. Sumar þeirra eru þrautreyndar í könnun jarðhitasvæða, aðrar eru einungis hugmyndir, sem eftir er að prófa. Mat á því, hvaða aðferðir skuli nota, á að byggjast á þekkingu og reynslu færustu manna á þessu sviði. Ekki er hægt að líta svo á að Einar Tjörvi Elíasson sé einn þeirra.

4. Einar Tjörvi Elíasson fullyrðir að úrvinnsla gagna, sem fást meðan á borun stendur, hafi til þessa aðallega verið notuð í sögulegum tilgangi. Þessi fullyrðing er ekki einungis röng, heldur felur hún í sér algerlega ómaklegar og órökstuddar aðdróttanir að starfsfólki Orkustofnunar sem hér á hlut að máli. Orkustofnun mótmælir þessum aðdróttunum harðlega.

5. Einar Tjörvi Elíasson ræðir um nauðsyn þess að koma á betri þjálfun borliðs og þess tækniliðs sem sé til ráðgjafar. Orkustofnun er vel ljós þörfin á sífelldum endurbótum í bortæknilegum efnum, enda er að þeim

unnið eftir ýmsum leiðum. Hér verður þó að muna að umfang jarðborunarstarfseminnar hefur vaxið gífurlega á allra síðustu árum og að það tekur tíma að koma upp vel þjálfuðu borliði. Hins vegar er ekki með réttu unnt að kenna þessu atriði um að ekki hefur fengist meiri gufa við Kröflu en raun ber vitni.

Iðnrn. hefur margsinnis lýst því yfir opinberlega, að það styðjist við ráðleggingar Orkustofnunar varðandi þann hluta Kröfluframkvæmda sem henni hefur verið falin. Stofnunin metur mikils þetta traust rn. og hefur ávallt kappkostað að vanda ráðleggingar sínar í þessu efni. Auk þess hefur stofnunin og rn. kvatt sér til ráðuneytis aðra ráðunauta með mikla þekkingu á jarðhitamálum, eins og dr. Gunnar Böðvarsson. En svo virðist sem ýmsir, jafnvel ótilkvaddir, vilji ólmir gefa rn. margvísleg „góð ráð" varðandi gufuöflun handa Kröfluvirkjun án þess að séð verði að þeir hafi til þess neinar sérstakar forsendur. Með hliðsjón af ofangreindu hlutverki sínu telur Orkustofnun það skyldu sína að benda á að ráðleggingar gefnar án nauðsynlegrar hæfni geta haft afdrifaríkar afleiðingar sé eftir þeim farið.

Allravirðingarfyllst.
Jakob Björnsson. Guðmundur Pálmason."

Hér er um það að ræða, að þættinum um borunarmál Orkustofnunar lýkur með því að skýrsluhöfundur birtir bréf yfirverkfræðings Kröflunefndar til iðnrn. með harkalegum árásum á vísindamenn Orkustofnunar. Orkustofnunarmönnum er tjáð að þetta bréf verði ekki birt í Kröfluskýrslunni nema svarbréf þeirra fái að fylgja með. Við það fyrirheit er ekki staðið, þannig að skýrsluhöfundur lýkur umfjöllun sinni um þátt Orkustofnunar í málinu með því að birta harðort árásarbréf yfirverkfræðings Kröflunefndar á starfsmenn Orkustofnunar án þes að gefa stjórn Orkustofnunar kost á að bera hönd fyrir höfuð sér. (**Gripið fram í:** Er Orkustofnun hafin yfir gagnrýni?) Orkustofnun er ekki hafin yfir gagnrýni. Með þessu er ég aðeins að benda á að í þessari skýrslu er ekki gætt eðlilegs jafnræðis, að á Orkustofnun og vísindamenn hennar er ráðist, að því er þeir Orkustofnunarmenn telja með ómaklegum hætti, og skýrslan er þannig samin að aðeins árásin á vísindamenn Orkustofnunar er birt, en ekki hirt um að birta andsvar Orkustofnunar. (Gripið fram í.) Annars held ég að það dyljist engum, sem þessa skýrslu les, að hún er þannig samin að reynt er af fremsta megni að gera það sem varaformaður Kröflunefndar, hv. þm. Ingvar Gíslason, gerði í blaðagrein fyrir 1½ ári, að kenna sérfræðingunum og vísindamönnunum á Orkustofnun um það sem miður hefur farið, en reyna að rétta hlut annarra í því máli. Og þegar það er gert með þeim hætti, sem ég hef hér lýst, með því að fara beinlínis rangt með það sem viðkomandi aðilar, þ. e. a. s. Orkustofnun, hafa látið frá sér fara, með því beinlínis að falsa ummæli sem sérfræðingar Orkustofnunar hafa viðhaft og afhent þeim sem samdi þessa skýrslu, með því beinlínis að fella niður ýmis atriði úr grg. Orkustofnunar sem sýna fram á að hún hafði varað við þróuninni, með því að taka umsagnir sérfræðinga Orkustofnunar, breyta þeim eilítið og gera það að umsögnum sérfræðinga Kröflunefndar, með slíkum hætti tel ég að verið sé að halla réttu máli á kostnað þessarar stofnunar og starfsmanna hennar til þess eins að reyna með einhverjum ráðum að færa rök að því að þarna sé sökudólgana að finna.

Mér er fyllilega ljóst að Orkustofnun eða öllu heldur stjórn Orkustofnunar ber hér talsverða sök. Einhver úr þeim hópi sendi Kröflunefnd þessa skýrslu, ég veit ekki hver það var, en einhver úr þeirra hópi, úr æðstu stjórn Orkustofnunar. Ég stórefa að sá aðili hafi búið yfir þeirri vísindalegu þekkingu sem ég vil kalla rannsóknarmenn Orkustofnunar, búa yfir. Og það er athyglisvert, að þessir rannsóknarmenn, m. a. yfirmaður rannsókna háhitasvæða og yfirmaður rannsókna á Kröflusvæðinu, eru m. a. leyndir þeim mikilvægu upplýsingum, að verið sé að ganga frá tímaáætlun, verkáætlun og pöntun aflvéla, þeir hafa ekki hugmynd um að það sé verið að gera þetta þegar þeir semja skýrslur sínar. Þegar þeir vita af því rjúka þeir til við fyrsta tækifæri og mótmæla og vara iðnrn. við, en stjórn Orkustofnunar skrifar fljótlega í kjölfarið bréf til þess að draga heldur úr þeim viðvörunum. Það er sök stjórnar Orkustofnunar að hafa gert það, hafa ekki treyst sérfræðingum sínum betur en hún gerði, en sú sök ætlar að reynast stjórn Orkustofnunar dýrkeypt, vegna þess að það atriði ætla menn auðsjáanlega að nota til þess að kenna ekki aðeins stjórn stofnunarinnar, heldur stofnuninni allri og sérfræðingum hennar um hvernig komið er. (**Iðnrh.:** Við hverja á þm. með stjórn Orkustofnunar?) T. d. þá Orkustofnunarmenn sem hafa skrifað iðnrn. þau bréf sem notuð voru í þessari skýrslu sem rökstuðningur fyrir því, að Orkustofnun hefði aldrei talið mjög verulega áhættu tekna með framkvæmdunum í Kröflu, sem ekki sáu ástæðu til þess að vara við með sama hætti og ég veit að sérfræðingar Orkustofnunar, rannsóknarmennirnir við Kröflu, vildu að gert væri. Og það var einnig athyglisvert að sjá — (**Iðnrh:** En veit hv. þm. ekki, hvað hann á við? Það er nú þannig, að það er engin sérstök stjórn við Orkustofnun. Hvað á hv. þm. við?) Ég var að enda við að svara því, að það væru þeir Orkustofnunarmenn sem hefðu undirritað bréfið til hæstv. ráðh. sem þeir notuðu m. a. til þess að draga úr því, að Orkustofnunin hafði varað iðnrn. og Kröflunefnd við ef áfram yrði haldið með þeim hætti sem hafður var á. Ég trúi því nú vart, að hæstv. iðnrh. lesi ekki bréf sem honum eru send.

Ég ætla svo aðeins, — nú er ég búinn með þátt Orkustofnunar, að mestu leyti, — að víkja að þætti Kröflunefndar. Á bls. 44 í þessari ágætu skýrslu er birt skipunarbréf Kröflunefndar. Þar segir m. a. svo, með leyfi forseta, að Kröflunefnd skuli láta gera fullnaðaráætlun byggða á þeirri hönnun, sem um getur í fyrsta lið, um stofnkostnað, rekstrarkostnað og orkuvinnslugetu stöðvarinnar. Þetta hefur aldrei verið gert. Það hefur aldrei verið gerð áætlun af Kröflunefndar hálfu um rekstrarkostnað Kröfluvirkjunar, eins og Kröflunefnd var falið að gera í skipunarbréfi nefndarinnar. Kröflunefnd gerði aðeins þær frumkostnaðaráætlanir sem vaninn er að gera við samanburð á virkjunarkostum til að komast að raun um hvaða virkjunarkostur af tveimur eða fleiri er talinn hagkvæmastur. Þeir útreikningar hafa bókstaflega ekkert með rekstrarkostnaðaráætlanir að gera. Til frekari stuðnings þessu vil ég leyfa mér að vitna í grein sem prófessor Jónas Elíasson skrifaði, að ég held í Dagblaðið á árinu 1976. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ekki er nægilegt að byggja ákvarðanatöku í virkjunarmálum á frumáætlunum. Frumáætlanagerð hefur töluvert verið stunduð undanfarin ár, svo að nú liggja

fyrir margir orkuöflunarvalkostir með svipaðri hagkvæmni. Þessir orkuöflunarvalkostir eru dreifðir um flest orkuveitusvæði landsins. Frumáætlanir eru fyrsti hlekkurinn í keðju athugana, sem gera þarf áður en fjárfestingar í raforkuiðnaði verða ákveðnar. Þær duga einungis til þess að ákveða, hvaða valkostir skulu teknir til nánari athugunar. Þessar nánari athuganir þurfa að innihalda atriði eins og útreikninga á afkastavöxtum, fjármögnunaráætlanir og rekstraráætlanir, en að öðru leyti er ekki við því að búast að hægt sé að fylgja ákveðinni forskrift."

Þessar nánari athuganir, sem prófessorinn talar hér um, útreikninga á afkastavöxtum, fjármögnunaráætlanir og rekstraráætlanir, hefur Kröflunefnd aldrei gert, þó að henni sé beinlínis falið að gera það í skipunarbréfinu. Fyrsta og eina áætlunin, sem út hefur komið um rekstur Kröfluvirkjunar, er í áætlun þeirri sem ég minntist á hér áðan: „Norðurlandsvirkjun. Skýrsla um ástand og framtíðarhorfur unnin fyrir samstarfsnefnd í orkumálum Norðlendinga. Júlí 1976."Að vísu er þar ekki um að ræða áætlun fyrir Kröfluvirkjun, heldur áætlun fyrir Norðurlandsvirkjun í heild. Þar kemur m. a. fram, að miðað við Norðurlandsmarkaðinn og ef lánin til Kröflu eru til 14 eða 15 ára með 8—9.5% vöxtum, þá þurfa að fást fyrir hverja kwst. 6.20—9.25 kr., ef á að standa undir greiðslubyrði annarra en Landsvirkjunar, ellegar þurfa að fást á bilinu frá 4—6.80 kr. fyrir hverja kwst. Á þessum tíma þurfti að fást undir 2 kr. fyrir hverja kwst. til þess að orkan væri samkeppnisfær við svartolíu þá sem notuð var til kyndingar á gufukötlum á Akureyri, sem oft var um talað. (Gripið fram í.) Ég held að það hljóti að vera, að hv. þm. Ingvar Gíslason geti fengið að tala hér á eftir. Það hlýtur að lifa nóg af nóttinni enn til þess að hv. þm. geti rætt málið. En þetta er sú eina áætlun, sem ég hef séð með upplýsingum um rekstrarkostnað Kröfluvirkjunar með tilliti til markaðsaðstæðna. Að vísu ná þessar tölur, eins og ég sagði áðan, ekki til Kröfluvirkjunar. Þetta er um Norðurlandsvirkjun í heild, ekki um Kröfluvirkjun eina. Þá hefði þurft að fá mun hærra verð fyrir hverja selda kwst. Ég gæti trúað því, að það hefði verið á bilinu 15—20 kr.

Ég vil enn fremur vísa til þess, að í grein, sem prófessor Jónas Elíasson birti í Dagblaðinu árið 1976, reiknaði hann út þrjá möguleika á rekstrarafkomu Kröfluvirkjunar. Fyrsti möguleikinn var núverandi orkumarkaður virkjunarinnar. Hann gaf sér að rekstrarlán væru fáanleg með 12% vöxtum. Kostnaður þá var 6676 millj. kr., árlegur rekstrarkostnaður áætlaður 135 millj. kr., lán til 25 ára. Miðað við þessar forsendur var líklegt samkv. *útreikningum prófessors Jónasar*, að á *árunum* 1977—1985 miðað við orkuspá, sem á árinu 1977 var 270 gwst. upp í 490 árið 1985, yrði rekstrarafkoma Kröfluvirkjunar sem hér segir:

Rekstrarlán, sem virkjunin þyrfti að taka á tímabilinu til þess að greiða kostnað, mundu verða við árslok 1985 5572 millj. kr. Vaxtagjöld þá 667 millj. Gjöld alls 1654 millj. Rekstrarárangurinn neikvæður upp á 673 millj. kr. M. ö. o.: miðað við núverandi orkumarkað og fyrirsjáanlegan orkumarkað á Norðurlandssvæðinu yrði rekstrarhalli á Kröfluvirkjun árið 1985 orðinn tæplega 700 millj. kr. á ári.

Síðan sagði prófessor Jónas, að rekstrarlán, sem tekin eru til að greiða hallann, skapa skuldabyrði sem smám saman verður fyrirtækinu ofviða. Árið 1985 eru gjöldin komin nokkurn veginn upp í það sem tekjurnar geta orðið mestar. Eftir það er útilokað að greiða rekstrarlánin niður.

Þetta eru einu upplýsingarnar, sem hér er að fá, sem fram hafa komið um mögulegar rekstraráætlanir Kröfluvirkjunar. Þessar upplýsingar hafa ekki verið vefengdar nema með almennum orðum. Kröflunefnd átti að gera þessa áætlun samkv. skipunarbréfi sínu. Þá áætlun hefur hún aldrei gert. Við þm. Alþfl. höfum hvað eftir annað lýst eftir því hér úr ræðustól á Alþ. undanfarin fjögur ár, hvar þessi rekstraráætlun fyrir Kröfluvirkjun væri, og óskað eftir því að fá að sjá þá rekstraráætlun sem Kröflunefnd átti samkv. skipunarbréfi sínu að gera. Þá áætlun höfum við aldrei fengið að sjá og enginn, sem ég veit til, fyrir utan þær frumáætlanir sem ég ræddi um hér áðan.

Prófessor Jónas setti upp annað dæmi. Hann gerði ráð fyrir því, að reynt yrði að auka orkumarkað Kröfluvirkjunar með því að tekin yrði upp orkusala, 20 mw., til stóriðju. Gerði hann ráð fyrir að sú orkusala gæfi um 256 millj. kr. á ári í tekjuaukningu. Á árabilinu 1977—1985 gerði prófessor Jónas þannig ráð fyrir að orkumarkaðurinn á Kröflusvæðinu ykist sem þessu næmi: orkusölu til stóriðju. Tekjurnar í millj. kr. á ári yrðu við upphaf tímabilsins 556 millj., lok tímabilsins 1236 millj. kr. Rekstrarlán árið 1985 væru orðin 2423 millj. kr. samanborið við 5572 millj. kr. rekstrarlán miðað við óbreyttan orkumarkað, vextir 291 millj., gjöld alls 1275 millj. og rekstrarhalli á ári 40 millj. kr. 1985. Rekstrarhalli hafði lækkað úr 419 millj. kr. árið 1977 niður í 40 millj. kr. árið 1985. Síðan segir prófessor Jónas:

„Þetta lítur miklu betur út. Rekstrarhalli er nærri búinn árið 1985, en þá er nýtingartíminn kominn yfir 8 þús. stundir á ári svo að vafasamt er hvort virkjunin getur nokkuð aukið tekjur sínar og borgað niður rekstrarlánin."

Þó að orkumarkaður Kröfluvirkjunar sé stækkaður með tilkomu stóriðju, er þurfi 20 mw. afl frá Kröflu, er mjög óvíst að virkjunin geti staðið undir sér, að áliti prófessors Jónasar Elíassonar, vafasamt hvort virkjunin geti aukið tekjur sínar þannig að unnt verði að borga niður rekstrarlánin.

Þriðji möguleikinn, sem Jónas Elíasson gefur sér í þessum rekstrarkostnaðaráætlunum sínum, sem eru einu áætlanir þessa efnis sem almenningur hefur séð, er sá sem fólst í till. minni hér á Alþ. árið 1976, einmitt þegar þessar rekstrarkostnaðaráætlanir eru gerðar, þ. e. a. s. að fresta ákveðnum virkjunarframkvæmdum, t. d. kaupum á annarri aflvélinni. Þá fær prófessor Jónas það út úr rekstraráætlunum sínum, að árið 1985 verði orkusalan orðin 1764 millj. kr. á ári, rekstrarlánin komin niður í 160 millj., vaxtagjöld 19 millj., gjöld alls 1004 millj., rekstrarafgangur, þ. e. a. s. tekjur virkjunarinnar, 260 millj. á ári. Það er fyrst og fremst seinkunin á fjárfestingunni sem gerir þetta mögulegt, segir Jónas Elíasson. Hún sparar rekstrarlántökur sem nema um 2000 millj. kr. Síðan segir hann áfram, með leyfi forseta:

„Dæmið með Kröflu sýnir, hvernig virkjun safnar óviðráðanlegum rekstrarskuldum á örfáum árum, ef markaður er ekki fyrir hendi. Stóriðjumarkaður, sem nemur tvöfaldri orkuframleiðslu á fyrstu árum, nægir ekki heldur. Hækkun raforkuverðs um 20%, sem öll er látin koma hinni nýju virkjun til góða, nægir heldur ekki nema að $^1/_3$ af fjárfestingunni sé frestað um a. m. k. 5 ár. Athygli skal vakin á að ef tekst að selja 20 mw. til

stóriðju munu 1977 fást tekjur sem virðast gera að ekki þarf að fresta framkvæmdum. Ef slík stórnotkun kemur ekki, verður að álykta að seinni vélin sé rangt tímasett og tapið á því nemi allt að 2000 millj. kr."

Þetta er álit prófessors Jónasar Elíassonar árið 1976, þegar við Alþfl.—menn vörpum fram þeirri hugmynd hér á Alþ., sérstaklega til iðnrh., að hann beiti sér fyrir því, að gosið, sem varð seint á árinu 1975, verði notað sem átylla til þess að fá viðsemjendur Kröfluvirkjunar til þess að fresta afhendingu og frekari verkum. Og prófessor Jónas leiðir í þessum útreikningum sínum rök að því, að þessi frestun sé eina aðgerðin sem geti gert mögulegt að Kröfluvirkjun standi undir sér.

Þá kemur einnig fram í erindisbréfi Kröflunefndar, að henni sé ætlað að vinna að útboðum. Það má um það segja, að flest stærstu verkefnin, sem Kröflunefnd tók að sér, voru ekki unnin samkv. útboðum, eins og lög þó mæla fyrir um. Það er ósköp auðskilið af hverju. Vegna þess að formaður nefndarinnar, hv. þm. Jón Sólnes, er tvímælalaust duglegur framkvæmdamaður. Hans vandi var ekki sá að byggja virkjun, sem tæki til starfa við raforkuframleiðslu á einhverju tilteknu ári. Hann leit á sinn vanda fyrst og fremst þannig að byggja hús og kaupa vélar. Því fyrr sem hægt var að reisa húsið og því fyrr sem hægt var að fá vélarnar, þeim mun betra, þeim mun betur taldi hann að sér gengi. Hvort húsið væri á réttum stað fyrir gufuöflunina, hvort vélarnar hentuðu þeirri gufu sem unnin var, hvort bókstaflega væri einhver gufa til að snúa aflvélum Kröfluvirkjunar þegar þar að kæmi var ekki hans mál. Hann leit á það sem allsendis óviðkomandi sér og sinni nefnd. Það var, eins og hv. þm. hefur margoft tekið fram, verkefni Orkustofnunar. Hans verkefni var aðeins að byggja stöðvarhúsið og kaupa vélarnar og því fyrr sem húsið yrði byggt og því fyrr sem vélarnar kæmu, þeim mun betur gengi hans verk. Þetta var tvímælalaust skoðun hv. þm. Jón Sólness. Og það er fjarri mér að halda því fram að dugnaður og ósérplægni þessa ágæta þm. hafi ekki vissulega skilað árangri að þessu leytinu til. Nefndin leit á það sem hlutverk sitt, eins og hv. þm. Jón Sólnes tók fram á Alþ. 1974, að hraða verkinu eins og framast væri unnt og að engin áhætta væri tekin þó að vélar væru pantaðar áður en niðurstöður af vinnsluborunum lægju fyrir. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson var á annarri skoðun. Hann taldi útilokað að virkjunin gæti komist í gagnið fyrr en í fyrsta lagi 1979—1981. En hv. þm. Jón Sólnes, sem síðar varð formaður Kröflunefndar, taldi enga áhættu tekna þó að vélar væru pantaðar og hús byggð áður en nokkur gufa væri komin, og hann taldi það hlutverk sitt að sjá til þess að byggja þetta hús og kaupa þessar vélar og því fyrr sem það gæti orðið, þeim mun betur taldi hann og hans menn að þeir stæðu sig. Ef hægt var að stytta sér leið að þessu marki, t. d. með því að láta ekki útboð fara fram, þá töldu þeir Kröflunefndarmenn sjálfsagt að láta af því verða. Einasti óvinur þeirra var tíminn.

Nefndin leit á það sem hlutverk sitt að vinna hratt að verkefnum sínum og það tókst henni framar vonum, ekki síst að þakka dugnaði formanns nefndarinnar, hv. þm. Jóns Sólness. Svo eiga nm. að sjálfsögðu ákaflega erfitt með að skilja, hvers vegna þeir, sem voru svo duglegir að byggja og kaupa vélar, eru svo allt í einu farnir að sæta gagnrýni fyrir þátt sinn í þessu máli.

Eins og ég tók fram, þá töldu þeir sér ekkert koma við, hvort gufa væri til eða ekki, fyrr en byggingarnar voru risnar og vélar komnar niður. Slíkt var ekkert aðalatriði í þeirra augum, enda ekki þeirra viðfangsefni. Þetta var viðfangsefni Orkustofnunar og þeim fannst, hv. Kröflunefndarmönnum, að viðfangsefni annarra aðila kæmu þeim bókstaflega ekkert við. Þannig gera þeir sér t.d. lítið fyrir eftir árið 1974 og henda til hliðar þeim áætlunum, sem Orkustofnun byggði starf sitt á, áætlun um rannsókn á háhitasvæðum frá árinu 1969. Eftir árið 1974 er bókstaflega ekki höfð nokkur hliðsjón af þessari áætlun um rannsóknir á háhitasvæðum, þar sem Orkustofnun setur fram í mjög ljósu og skýru máli, m. a. í myndmáli, hvernig eigi að vinna að undirbúningi jarðgufuvirkjunar.

Þá kemur einnig mjög víða fram í þessari skýrslu hvernig Kröflunefnd starfar, t. d. á bls. 55 í skýrslunni þar sem sagt er frá því hvernig tímaáætlun er gerð og hugsuð á tímabilinu frá 1. febr. 1975 til 1. mars 1978. Þar er framkvæmdum raðað í tímaröð, ákveðið hvenær skýrsla Orkustofnunar skuli liggja frammi, hvenær útboðsgögn skuli liggja frammi, hvenær nokkur tilboð skuli fara fram, hvenær pöntun aðalvéla skuli fara fram o. s. frv., o. s. frv. En í þessari tímaáætlun er engin áætlun um borframkvæmdir. Þar er ekki stafur um það, hvað menn ráðgera að taki langan tíma að bora til gufunnar, að afla gufunnar. Kröflunefnd telur að það komi henni ekkert við, það sé ekki hennar mál. Hún telur að hún eigi að setja upp áætlun um byggingu húss og kaup á vélum, eins og hún gerir, og það skipti hana engu máli hvar í veröldinni Orkustofnun er stödd í sínu viðfangsefni.

Á bls. 58 kemur einnig fram hvernig Kröflunefnd styttir sér leið. Á bls. 55 gerir hún áætlun um tilboð í aðalvélar í júlí 1975, pöntun aðalvéla í sept. 1975, afhendingu véla í sept. 1977 o. s. frv. Síðan gerist það, að nokkru síðar, 15. nóv. á hún fund með fulltrúum japansks fyrirtækis Toshiba, og þá kemur allt í einu fram hjá þessu ágæta fyrirtæki að hægt er að lofa afhendingu véla og tækjabúnaðar til virkjunar seint á árinu 1976, og það er eins og Kröflunefnd hafi himin höndum tekið. Það má segja að þessar óvæntu upplýsingar hafi valdið algerum þáttaskilum í undirbúningi jarðgufuaflstöðvarinnar. Sú staðreynd blasti nú skyndilega við, að hægt var að stefna að uppsetningu véla og rafbúnaðar í jarðgufuaflstöðinni fyrir árslok 1976 og þar með að rafmagnsframleiðslu þegar á árinu 1977. Fulltrúar japansks fyrirtækis komu að máli við Kröflunefnd, sögðu henni: Við erum tilbúnir að láta ykkur hafa vélar einu ári fyrr en ella. — Kröflunefnd þykist hafa himin höndum tekið og kemst að þeirri niðurstöðu, að sjálfsagt sé að taka þessu ágæta boði Japananna því að þar með sé hægt að hefja raforkuframleiðslu í stöðinni þegar á árinu 1977. Þeir leiða ekki einu sinni hugann að því, hvort líklegt sé að gufa verði til þegar búið verði að setja vélarnar niður. Það var ekki heldur þeirra mál, það var mál Orkustofnunar. Þarna verður möguleiki á því að setja niður vélar heilu ári áður en áætlunin, sem sagt er frá hér tveimur bls. framar, gerir ráð fyrir, og er sjálfsagt að taka þann kost. Og ég er viss um að þeir Kröflunefndarmenn hafa þóst menn að meiri, þegar þeir voru búnir að flýta virkjuninni með þessum hætti um eitt ár. Og það segir einnig í skýrslunni, að mjög álitlegt virðist að taka þessu tilboði Toshiba án þess að nokkur útboð hafi farið fram þar sem byggingartími virkjunarinnar yrði mun styttri. Það skiptir meginmáli hjá Kröflunefnd að reka áfram byggingu stöðvarhússins og kaupin á vélum. Hitt er ekki þeirra handleggur, hvort

nokkur gufa er til.

Það hafa vaknað ýmsar spurningar um það, hvers vegna japanska stórfyrirtækið Mitsubishi, sem kemur inn í þetta mál skyndilega og óvænt skömmu eftir að fulltrúar Toshiba hafa tilkynnt Kröflunefnd að þeir séu reiðubúnir til afhendingar á vélum, — hvernig stóð á því, að það kom svo fljótt til leiks, að það var reiðubúið til afhendingar á vélum með svo stuttum fyrirvara. Ekki veit ég, hver ástæðan er. En hitt veit ég, að um svipað leyti og þetta átti sér stað var tekin sú ákvörðun á Filipseyjum að fresta stórri jarðgufuvirkjun sem undirbúningur hafði verið hafinn að. Einhver frændi Marcosar á Filipseyjum mun hafa staðið fyrir þeirri framkvæmd og hún vakið talsvert hneyksli á eyjum þar, og er þó víst ekki margt sem vekur hneyksli á Filipseyjum. En allténd varð niðurstaðan sú, að ákveðið var að slá nú þessari framkvæmd á frest. Skyndilega virtist því vera að japanska stórfyrirtækið Mitsubishi stæði uppi með vélar sem það átti dálítið erfitt með að losna við. Hvort þær vélar eru sömu vélarnar og Kröflunefnd fékk með svo góðum kjörum og stuttum afgreiðslufresti skal ég ekki um segja. Ég vil ekkert um það fullyrða. En hitt er víst, að frændi Marcosar forseta á Filipseyjum losnaði víst undan þeim samningi sem hann var búinn að gera í nafni ættlands síns við fyrirtækið Mitsubishi.

Þá vil ég enn frekar vekja athygli á hversu flýtirinn á framkvæmdunum virðist vera mikill hjá Kröflunefnd og mikil áhersla á það lögð að vera fljótur að byggja og kaupa. T.d. segir á bls. 27, að Kröflunefnd hafi verið afhent uppkast að skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir 1o74 í janúar 1975, strax á eftir hafi farið fram viðræður um tæknilega gerð aflvélanna við báða japönsku framleiðendurna og síðan verið gengið endanlega frá vali framleiðenda aflvélanna 7. febr. 1975. Nú er það svo, að í þessari skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir, sem afhent var Kröflunefnd, eru ýmsar teikningar sem lá svo mikið á að vinna að verkfræðingar og sérfræðingar, sem unnu við Orkustofnun, voru fengnir til þess að handteikna þessar teikningar sjálfir og síðan var tekið ljósrit af þeim, — svo mikið lá við að skilin yrðu á réttum tíma. Í þessari Kröfluskýrslu segir, að skýrsla Orkustofnunar hafi verið afhent í jan. 1975 en síðustu teikningar í febr. Varla má búast við því, að Kröflunefnd fái í jan. í hendur skýrslu sem hefur inni að fela teikninar sem dags. eru 6. febr. Þar er ég ansi hræddur um að eitthvað fari á milli mála. A. m. k. eru það undarlegar aðfarir, ef ætti að vera kleift að Kröflunefnd fengi í hendur teikningar heilli viku áður en þær eru dagsettar. Og undarlega stuttan tíma þarf Kröflunefnd til umhugsunar miðað við að hún hafði fengið skýrslu Orkustofnunar um rannsóknarboranir afhentar sama dag og síðasta teikningin í skýrslunum er dagsett, þ. e. a. s. 6. febr., U undarlega stuttan tíma þarf þá Kröflunefnd til að kynna sér málið áður en hún velur framleiðanda aflvélanna 7. febr. Hún þarf þá öllu skemmri tíma til þess að kynna sér álit sérfræðinga Orkustofnunar og tillögur þeirra en hæstv. iðnrh. þarf til þess að kynna sér efni bréfs þess frá stjórn Orkustofnunar sem ég minntist á í upphafi máls míns. Og það væri athyglisvert að vita, hvar þessir japönsku framleiðendur hafi verið staddir fyrstu vikuna í febrúarmánuði árið 1975, hvort þeir hafi við það tækifæri verið staddir á Íslandi eða ekki. Og enn fremur væri athyglisvert að kanna, að svonefnt „letter of intent" eða kauploforðsbréf er útgefið og dagsett af hálfu Kröflunefndar 7. febr. 1975, en það er hins vegar ekki fyrr en 10. apríl, held ég, ég þarf að fletta upp í skýrslunni til að gá að því, ég held að það sé 10. apríl sem ríkisstj. gefur leyfi til þess, að frá samningum um kaup sé endanlega gengið. Ríkisstj. hefur málið í sínum höndum í rúma tvo mánuði frá því að Kröflunefnd undirritar kauploforðsbréf og þangað til frá málinu er gengið. Það skyldi nú ekki vera að ýmislegt hafi gengið á í ríkisstj. áður en hún féllst á að heimila að staðið væri við það kauploforðsbréf sem undirritað var 7. febr. 1975. A. m. k. vildi ég gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. að því, ef hann væri hér staddur, hvort hann hafi verið alls kostar ánægður með að Kröflunefnd undirritaði kauploforðsbréfið án frekara samráðs við ríkisstj. heldur en haft var 7. febr. 1975.

En það líður ekki á löngu áður en afleiðingarnar koma fram af þessum óskapaflýti við vélakaupin. Á bls. 69 í Kröfluskýrslu er t. d. frá því sagt, hvernig staðið var að verkútboðum. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Þyrfti byggingu stöðvarhússins m. a. að verða nær lokið um mitt ár 1976, eða fyrir afhendingu aðalaflvélanna. Til þess að þetta mætti takast var ljóst að eigi gæfist tími til þess að bjóða þessi verk út á venjulegan hátt."

Það var sem sé búið að taka ákvörðun um að kaupa aflvélar frá japanska framleiðandanum Mitsubishi sem með einhverjum undarlegum hætti gat afgreitt sínar vélar með mjög stuttum afgreiðslufresti. Síðan kemst Kröflunefnd að raun um það, að ef eigi að vera hægt að veita þessum aflvélum viðtöku á tilsettum tíma, þá sé það ekki unnt öðruvísi en þannig að brjóta öll þau fyrirmæli um útboð sem nefndin fékk í erindisbréfum sínum, og það sínum gerir hún svikalaust. Það er mjög athyglisvert í þessari skýrslu, að ýmsir þeir stærstu aðilar, sem valdir eru til framkvæmda á vegum Kröflunefndar, eru valdir án þess að fram fari útboð eins og lög gera ráð fyrir að eigi að vera um opinberar framkvæmdir og eins og fyrir Kröflunefnd var lagt í skipunarbréfi nefndarinnar sem ég vitnaði til áðan. Það mundi taka marga mánuði, segir í skýrslunni, ef verkútboð ætti að fara fram og yrði þá ekki hægt að hefja byggingarframkvæmdir fyrr en vorið 1976. Þar með var fallin burt ein af forsendunum fyrir því, að aflvélarnar gætu komið til landsins um mitt ár 1976. Þannig elur ein vitleysan aðra af sér.

Nú er það orðið meginatriðið að taka formlega á móti vélunum sem koma eiga til landsins einu ári áður en ráðgert hafi verið. Það er ekki hægt að gera nema með því að slaufa öllum fyrirmælum um útboð. En engum dettur í hug að leiða hugann að því, hvort Orkustofnun sé tilbúin með gufuna fyrir sitt leyti þegar vélarnar hefja framleiðslu. Síðan gerist það að sjálfsögðu, að það fyrirtæki, sem valið er til framkvæmda, Miðfell, er komið á staðinn þegar um miðjan vetur, byrjar framkvæmdir þar. Samið hefur verið við Miðfell um að reisa byggingarskála og annast slíkt út í reikning. Miðfell er komið með vélar sínar á staðinn og sinn mannskap. Kröflunefnd kemst síðan að raun um að ekki sé verjandi að ganga til útboðs. Miklu betra væri að semja við þetta fyrirtæki, sem þegar var komið, að það annaðist verkið. Síðan er fram tekið í skýrslunni: „Óskað var eftir því að fá skriflega yfirlýsingu fulltrúa Þingeyinga um, hvaða verktaka þeir teldu líklegan til góðs samstarfs." — Þetta er útboðið. Útboðið er það, að Þingeyingar eru vinsamlegast beðnir um að gefa vottorð um hvaða verktaka í landinu þeir vildu helst vinna með. Og svo kastar tólfunum þegar sagt er talsvert aftar í skýrslunni um þessi útboðsmál, — ég þarf endilega

að finna þá tilvitnun, því að hún er alveg stórkostleg.

„Byggingarvinna er ekki boðin út. Rétt þótti að hafa þann hátt á, enda væri vinnufriður þar með tryggður."

Það var talið eðlilegt að hafa ekki útboð eins og lög mæla fyrir um: í fyrsta lagi til þess að hægt væri að koma vélunum fyrir þegar þær kæmu einu ári undan áætlun og í öðru lagi til að tryggja vinnufrið. — Þetta er alveg stórkostleg aths. út af fyrir sig og þeim til mikils sóma sem leggur slíka skýrslu fram á Alþingi Íslendinga.

Og það er mjög athyglisvert, þar sem um útboð er að ræða, hvernig að heim er staðið. Þar kemur t. d. fram að gerður er samningur við fyrirtækið Rafafl á grundvelli útboða. Rafafl býður 30.4 millj. kr. í verk og fær það vegna þess að það gerir lægsta tilboðið. Hins vegar eru Rafafli greiddar, þegar upp er staðið, ekki 30.4 millj. kr., heldur 106.6 millj. kr. og þar af 50 millj. kr. röskar fyrir aukaverk. Aukaverkin eru þannig þegar upp er staðið, allverulega meiri en tilboðsverkið.

En þetta var ekki versta dæmið af öllum þessum útboðsmálum Kröflunefndar. Í skýrslunni kemur fram að Slippstöðin hf. fær ákveðið verk, sem hún býður í, fyrir 85.9 millj. kr. Hins vegar eru Slippstöðinni greiddar 234.4. millj. kr., þar af 148.8 millj. kr. fyrir aukaverk. Slippstöðin fær útboðsverk upp á 85.9 millj. og fær síðan greitt fyrir aukaverk 148.8 millj. kr. Ég er ansi hræddur um að sú ágæta Kröflunefnd hafi hér haft hausavíxl á því hvað eru aðalverk og hvað eru aukaverk. A. m. k. er það sjálfsagt ekki verra fyrir verktaka að komast í aukavinnu hjá Kröflunefnd.

Þá kemur það í ljós af lestri þessarar skýrslu, að af verkum, sem unnin eru á vegum Kröflunefndar, eru 25 verk unnin án útboðs, gegn fyrirmælum laga um opinberar framkvæmdir og gegn fyrirmælum þeim sem Kröflunefnd fékk í erindisbréfi sínu. Aðeins 12 verk eru unnin samkv. útboði og 2 eftir reikningi: 25 án útboðs, 12 með útboði, 2 eftir reikningi. Þó eru í gildi í landinu lagafyrirmæli um að opinberar framkvæmdir skuli að öllu jöfnu unnar samkv. útboði. Og í erindisbréfi Kröflunefndar er sérstaklega tekið fram, að nefndin skuli annast útboð. Og það er ákaflega gaman að lesa ýmsa kafla í þessari skýrslu, þar sem þessi óskaplega hraði á verkum Kröflunefndar kemur fram. Það mætti halda að þeir Kröflunefndarmenn væru það sem Ameríkanar kalla „þotufólkið", því að þeim liggur svo lifandi reiðinnar býsnin á og þeir eru tilbúnir til þess að taka að sér öll hugsanleg verk annarra aðila til þess að tryggja sem allra mestan flýti. T. d. er hér birt fréttatilkynning frá Kröflunefnd, dags. 26. febr. 1975. Þar segir:

„Það var ljóst," segir Kröflunefnd 20. febr. 1975, „að öflun vélabúnaðar og þá sérstaklega aflvéla til væntanlegs orkuvers mundi taka lengstan tíma."

Það er enn þá eitt og það sama, að byggingin, þ. e. húsið og vélarnar, tekur lengstan tíma. Hitt kemur þeim ekki við, gufan og gufuöflunin. Kröflunefnd hefur því lagt sérstaka áherslu á að flýta þessum hluta undirbúningsins, alveg eins og fram var tekið áðan. En Kröflunefnd hefur einnig bent yfirvöldum á nauðsyn þess að hraða lagningu línu frá Kröflu til Akureyrar. Er nú Kröflunefnd farin að hafa svolítil afskipti af verkefnum Rafmagnsveitna ríkisins. Svo segir í fréttatilkynningunni: „Þá hefur Kröflunefnd unnið að athugun á bráðabirgðavirkjun við Kröflu sem hugsanlega væri hægt að taka í notkun á þessu ári. Kemur helst til greina að setja upp lokaðar gufuaflvélar á svæðinu, 5—10 mw., ef slíkar vélar væru fáanlegar. Kröflunefnd barst vitneskja um tvær lokaðar 5 mw. gufuaflvélar í Kaupmannahöfn, sem Rafmagnsveita Kaupmannahafnar vildi selja. Því miður fékkst hins vegar ekki leyfi borgaryfirvalda til sölunnar."

20. febr. árið 1976 lýsir Kröflunefnd því yfir í fréttatilkynningu, að hún sé reiðubúin til þess að vinna að athugun á bráðabirgðavirkjun við Kröflu og hún sé þegar búin að afla sér upplýsinga um að vélar séu tiltækar í Kaupmannahöfn. Það liggur aldeilis á! Hvað skyldi nú hafa verið mikil gufa til ráðstöfunar 20. febr. 1975, þegar Kröflunefnd, auk þeirra verka sem henni voru falin, var farin að ýta mjög á eftir því að línan frá Kröflu til Akureyrar yrði lögð? Af hverju að leita þess úti í Kaupmannahöfn að fá bráðabirgðavélar?

Því er haldið fram á bls. 220 í skýrslunni og mun víðar, að enginn beinn kostnaðarauki hafi orðið vegna hins mikla framkvæmdahraða, en sérstaklega var um það spurt í beiðninni um Kröfluskýrslu. Þetta er að sjálfsögðu algerlega fráleit staðhæfing. Mér er kunnugt um það, að a. m. k. sum verk, sem unnin voru samkv. reikningi, voru greidd með 50% vetrarálagi. Menn voru látnir hamast af móð miklum norður við Kröflu, m. a. við að leggja gufuleiðslur og veitu að stöðvarhúsi frá borholum sem enga gufu gáfu. Slík Bakkabræðravinnubrögð, sem helguðust af því, hve reiðinnar ósköp lá á, voru greidd m. a. með 50% vetrarálagi. Og þegar gert er tilboð í verk taka aðilar að sjálfsögðu tillit til þess vinnuhraða, sem á verkinu á að vera, og taka því mið af því við gerð tilboða sinna. Að þessi mikli framkvæmdahraði hafi ekki orðið til neins kostnaðarauka er að sjálfsögðu algerlega út í hött.

Það hefur oft verið spurt um hvort þeir Kröflunefndarmenn hafi vitað um áhættuna sem þeir tóku. Já, þeir vissu um hana. Á fundinum í iðnrn. 3. mars 1975 voru þeir varaðir við. Þá höfðu þeir ekki gengið frá endanlegum kaupsamningi á vélum. Þeim var margbent á að þeir hefðu vinnuáætlun Orkustofnunar frá 1969 — áætlun um virkjun háhitasvæða — að engu í sambandi við skipulagningu á framkvæmdum sínum, og þeir tóku aldrei neitt tillit til boráætlana, eins og ég hef margsinnis bent á í ræðu minni hér að framan. Spurt hefur verið um það, hvort Kröflunefnd hafi vitað um goshættuna í Leirhnjúk eða hættu á náttúruhamförum í Mývatnssveit. Ég tel svo vera. Í ágúst árið 1975 var fjölgað jarðskjálftamælum í Mývatnssveit vegna þess að menn höfðu grun um að eitthvað væri þar í aðsigi. Um þetta leyti var hreppsnefnd gert aðvart, almannavarnanefnd sett á fót í Mývatnssveit og áætlanir gerðar um almannavarnir. Ég tel algerlega útilokað að Kröflunefnd hafi verið eini aðilinn á þessu svæði sem ekkert vissi um þetta. Ég vil aðeins benda á að mér hefur verið tjáð að svo áberandi hafi það orðið, hvað þarna var að gerast, að m. a. s. hafi klettur sprungið rétt við vinnubúðir starfsmanna Kröflunefndar. Þannig er algerlega útilokað, að Kröflunefnd hafi verið eini aðilinn sem ekkert vissi um yfirvofandi hættu á náttúruhamförum.

Hinn 19. janúar 1976, skömmu eftir eldgosið í Leirhnjúk, skrifuðu 5 jarðfræðingar Orkustofnunar bréf þar sem þeir vöruðu við eldsumbrotum og lögðu til að ekki yrði að svo stöddu unnið frekar að framkvæmdum við Kröflu. Í framhaldi af því lýsti hæstv. iðnrh. því yfir, að fullt tillit yrði tekið til þessara sjónarmiða og hann hefði þegar gefið þau fyrirmæli, að aðeins yrði unnið að

styrkingu mannvirkja. Daginn eftir, 20. jan. 1976, lýsti hins vegar einn Kröflunefndarmaður því yfir í viðtali við Alþýðublaðið, að enginn stans yrði á framkvæmdum við Kröflu, og þremur dögum síðar kom Kröflunefnd saman til fundar, 22. jan. 1976, og samþykkti þá og tjáði iðnrh. að hún hefði tekið þá ákvörðun að halda framkvæmdum við Kröfluvirkjun áfram af fullum krafti þar sem engin ástæða væri til að óttast frekari náttúruhamfarir á Kröflusvæðinu. Mér er ekki kunnugt um að iðnrh. hafi gert nokkrar aths. við þessa ákvörðun Kröflunefndar, sem tekin er þremur dögum eftir viðvaranir jarðfræðinga Orkustofnunar og tveimur dögum eftir að hæstv. iðnrh. lýsti því yfir í útvarpi að farið yrði að tillögum sérfræðinga þessara. Það var sem sé ekkert tillit tekið til þeirrar vitneskju sem fyrir lá. Áfram var keyrt á fullu undir því mottói, að markmiðið að byggja hús og kaupa vélar væri aðalatriði. *Hvort unnt væri að taka þessi mannvirki í* notkun væri aukaatriði, enda skipti það ekki máli, það væri viðfangsefni annarra aðila en Kröflunefndar. En það er ekki án gamans sem maður les á bls. III í þessari skýrslu svo hljóðandi tilvitnun: „Í Fréttabréfi Verkfræðingafélags Íslands er nýlega vikið að þessu," — þ. e. a. s. Kröflufframkvæmdum. Sá sem þar vék að Kröflufframkvæmdum var Júlíus Sólnes, höfundur skýrslunnar. Það er að vísu ekki tekið fram, heldur bara sagt að í Fréttabréfi Verkfræðingafélags Íslands hafi nýlega verið vikið að Kröflufframkvæmdum. — „Þar er bent á, að virkjunin við Kröflu sé öðrum þræði tilraun í marktækri stærð sem nauðsynleg sé til öflunar þeirrar þekkingar er forsenda sé fyrir nýtingu orku háhitasvæðanna. Hluta kostnaðar Kröfluvirkjunar ætti í raun og veru að afskrifa strax sem kostnað við öflun þekkingar." — 70 mw. virkjun, sem á verðlagi í apríl 1978 kostar 17 milljarða kr., er í Kröfluskýrslu talin öðrum þræði tilraun í marktækri stærð. Slík niðurstaða er blátt áfram borsleg. Það er hlægilegt að kalla virkjun af þessu tagi, af þessari stærð, með þessum kostnaði tilraun í marktækri stærð.

Ég fer nú senn hvað líður að ljúka máli mínu, enda held ég að flestum þyki orðið harla nóg. En ég vildi aðeins í lokin vekja athygli á ýmsum kostnaðarliðum, upplýsingum og fleira af því taginu sem ég held að hvergi hafi komið fram. Fyrst vil ég þó víkja að því, hvað mér finnst hafa verið gert rangt í meginatriðum.

Fyrsta ranga ákvörðunin er að sjálfsögðu sú að fela mörgum og ólíkum aðilum að hafa stjórn á mörgum, ólíkum verkþáttum, en ekki einhverjum einum aðila, t. d. þeim aðila sem ætti að taka við rekstri virkjunarinnar, að sjá um hönnun mannvirkisins og byggingu. Það lá fyrir þegar frv. um Kröfluvirkjun var samþykkt, að stjórn Laxárvirkjunar var fyrir sitt leyti reiðubúin til þess að gerast sá aðili. Þeirri ósk var hins vegar hafnað. En athyglisvert er og kemur raunar fram í þessari skýrslu, hvers konar reiðileysi er á stjórnun þessarar miklu og dýru framkvæmdar. Þar er hver silkihúfan ofan á annarri og enginn einn aðili sem hefur yfirumsjón eða yfirráð, nema ef vera skyldi hæstv. iðnrh. Þannig er verkinu, sem raunar er eitt verkefni, skipt í þrennt: byggingu húss og kaupum á vélum er ráðstafað til Kröflunefndar, rannsóknir og gufuöflun eru í höndum Orkustofnunar og bygging línunnar frá Kröflu til Akureyrar í höndum Rafmagnsveitna ríkisins. En svo bætast silkihúfur ofan á þessar. Það kemur fram á bls. 46. Þar er Þóroddur Th. Sigurðsson skipaður ráðunautur iðnrh. í orkumálum og á í umboði hans að fylgjast með framvindu mála við Kröfluvirkjun. Þar er fjórði aðilinn kominn inn í dæmið. Í lok des. 1975 skipar rn. síðan samstarfsnefnd Kröfluvirkjunar. Verkefni nefndarinnar skyldi vera að samræma allar framkvæmdir hinna. Það er fimmti stjórnunaraðilinn. Í maí 1976 fær iðnrh. síðan Guðmund Einarsson verkfræðing til að vera iðnrn. til aðstoðar varðandi fyrirhugaðar boranir 1976 og vera tengiliður iðnrn. við Orkustofnun. Þetta er sjötta silkihúfan. Síðan segir: „Störf Guðmundar leiddu til afskipta hans af framkvæmdinni í heild fyrir hönd rn." — Var það þá fyrir hönd rn. sem sú margfræga frú með svarta kassann kom hingað á vegum Guðmundar, sem virðist hafa verið sjöunda silkihúfan? Af þeirri silkihúfu hefur nú harla lítið frést, þó að lögð hafi verið fram fsp. hér á Alþ. um hvaða niðurstaða hafi orðið af komu hennar hingað. Síðan segir: „Guðmundur leitaðist einkum við að hafa áhrif á *framgang þeirra verkþátta, sem virtust vera* að dragast aftur úr, og stuðla að gerð endurskoðaðrar verkáætlunar." Og til þess naut Guðmundur þeirra ráðlegginga sem alþjóð er kunnugt. Þá kemur sjöunda silkihúfan. Haustið 1976 skipar iðnrn. öryggisnefnd til þess að hafa umsjón með öryggisráðstöfunum á Kröflusvæðinu vegna eldgosahættunnar og Guðmundur skipaður formaður nefndarinnar. Síðan kemur áttunda silkihúfan: skipun þriggja manna nefndar iðnrn. til þess að samræma aðgerðir og taka ákvörðun um *meiri háttar framkvæmdir* við Kröflu. Þarna eru komnir fyrir utan hæstv. iðnrh. sjálfan, 8 stjórnunaraðilar við þessa framkvæmd: hinir þrír upprunalegu: Orkustofnun, Kröflunefnd, Rafmagnsveitur ríkisins með iðnrh. sem oddamann væntanlega, og svo hvorki meira né minna en fimm aðrir stjórnunaraðilar fyrir utan kerlinguna með svarta kassann. Virðist vera að verkefni séu meira eða minna blandað í höndum þessara stjórnunaraðila, og ekki verður séð af skýrslunni að neinn, nema þá kannske hæstv. iðnrh. sjálfur, hafi átt að annast samræmingarstarfið.

Ég vil að lokum gefa nokkrar frekari upplýsingar en gefnar eru í þessari skýrslu um kostnaðaratriði. Ég hef talsverðan áhuga á að reyna að fara rétt með tölur, sem ekki er gert í þessari Kröfluskýrslu, við hvern svo sem þar er að sakast, en ég vil gefa nokkrar upplýsingar til þess að reyna að bæta úr.

Á bls. 213 er tafla 1: Heildarbyggingarkostnaður í millj. kr., án fjármagnskostnaðar. Þar eru gefnar upp tölur um byggingarkostnað við Kröfluvirkjun skipt á Kröflunefnd og Orkustofnun á árunum 1974, 1975, 1976, 1977, samtals til ársloka 1977, áætlaður viðbótarkostnaður á verðlagi 1977 og áætlaður heildarkostnaður á verðlagi 1977. Ég vil fyrst taka það fram, að þetta er í fyrsta sinn sem ég sé tölur um áætlaðan viðbótarkostnað af völdum Kröfluvirkjunar, annars vegar 780 millj. kr. frá Kröflunefnd, hins vegar 2791 millj. kr. frá Orkustofnun. Ég á þó sæti í fjvn. Alþ. og þar er okkur tjáð, að enginn kostnaður sé ógreiddur, svo að ég veit ekki fyrir hvað þessar tölur standa. En það sem rangt er gert, og er raunar furðulegt að maður með þekkingu og menntun Júlíusar Sólness skuli ganga þannig frá málum, er þegar sagt er frá áætluðum heildarkostnaði á verðlagi 1977 í aftasta dálki töflunnar. Þessi áætlaði heildarkostnaður á verðlagi 1977 er einfaldlega fenginn þannig, að greiddur kostnaður á verðlagi hvers árs um sig: 1974, 1975, 1976 og 1977, er lagður saman án þess að umreikna til sambærilegs verðlags, áætluðum viðbótarkostnaði bætt við

og útkoman sögð vera áætlaður heildarkostnaður á árinu 1977. Ég vona að hér sé um mistök að ræða hjá verkfræðingnum, en ekki af ráðnum hug gert, því að hér er að sjálfsögðu um barnaleg mistök að ræða. Raunar getur verið um að ræða það sem verra er. Þannig er fengið út að áætlaður heildarkostnaður fyrir utan fjármagnskostnað verði 11 milljarðar 223.7 millj. kr.

Ég hef látið reikna þetta út eins og það ætti að vera í þessari skýrslu samanborið við þær fyrirsagnir sem gefnar eru við hvern dálk. Fjármagnskostnaður, sem ekki er gefinn upp í þessari skýrslu, er árið 1975 24.1 millj., árið 1976 215.4 millj., árið 1977 469.7 millj. Samtals til ársloka 1977 709.2 millj. Það eru engar upplýsingar fengnar í þessari skýrslu um fjármagnskostnað vegna Kröflu. Um það hefur verið spurt, m. a. í leiðara eins dagblaðsins í dag, og mér er mikil ánægja að geta upplýst þetta.

Á verðlagi 1977, miðað við byggingarvísitölu, sem vantar inn í þessa áætlun enda þótt sagt sé að reiknað sé þannig, eru kostnaðartölur hvers árs sem hér segir: 1974 90.4 millj. kr., 1975 1372.5 millj. kr., 1976 6107 millj. kr., 1977 2702.1 millj. kr. Samtals til ársloka 1977 10 milljarðar 272 millj. kr. Ég get ekki áætlað viðbótarkostnað, en hann er áætlaður í þessari skýrslu 3571 millj. kr. Eg geri enga breytingu á því, þar sem ég veit ekki fyrir hvað þessar tölur standa. Samtals er áætlaður heildarkostnaður á verðlagi 1977 við Kröfluvirkjun þannig 13 milljarðar 843 millj. kr. Að viðbættum gengismun á lánum upp á 1758.9 millj. kr. er kostnaður vegna Kröfluvirkjunar á verðlagi 1977 samtals 15 milljarðar 601.9 millj. kr., en ekki 11 milljarðar 223.7 millj. kr., eins og ranglega er sagt í þessari skýrslu. Á verðlagi í apríl 1978, í öllum tilvikum miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, er kostnaður við Kröfluvirkjun 17 milljarðar og 6 millj. kr. sléttar.

Ég nefndi hér tölur um fjármagnskostnað upp á 709.2 millj. kr. miðað við stöðuna 31.12.1977. Nákvæmlega er fjármagnskostnaðurinn 709 millj. 184 þús. kr. Miðað við bráðbirgðayfirlit 31.12.1977 er gengismunur lána 1 milljarður 758 millj. 827 þús. kr. sléttar. Engar af þessum upplýsingum er að finna í skýrslunni.

Þá get ég einnig getið þess, að lán til Kröfluvirkjunar hafa verið tekin sem hér segir: Eftirstöðvar 31.12.1977: Endurlán af spariskírteinafé að nafnverði 1 milljarður 27 millj. 377 þús. 167 kr. Endurlán af erlendu fé 5 milljarðar 594 millj. 160 þús. 168 kr. Bein erlend lán frá 1976: Lán frá fyrirtækinu Mitsubishi umreiknað í íslenskar krónur 1 milljarður 420 millj. 144 þús. 709 kr. Eftirstöðvar lána 31.12.1977 vegna Kröfluvirkjunar, þ. e. a. s. vegna framkvæmda Kröflunefndar einnar fyrir utan Orkustofnun, sem ég veit ekki hvað er, eru samtals 8 milljarðar 41 millj. 682 þús. 44 kr. Þetta tel ég nauðsynlegt að fram komi við þessar umr. þar sem um þetta er spurt í fsp. okkar 10 þm., en svör ekki gefin.

Ég veit ekki hversu langt ég á að rekja þetta meira. Það er athyglisvert hvaðan við erum farin að taka þau erlendu lán sem við notum nú til þess að greiða fyrir bæði eyðslu og fjárfestingu á Íslandi. Og það er mjög athyglisvert að hugleiða hversu hár hluti af samanlögðum virkjunarkostnaði þessar lántökur eru. Hér á árum áður var farið eftir þeirri reglu að taka ekki erlend lán nema sem samsvaraði erlendum kostnaði, en nú, eins og af þessum tölum má sjá sem ég var að lesa áðan, er farið að taka erlend lán ekki aðeins til að standa undir erlendum kostnaði, heldur einnig til að standa undir innlendum kostnaði.

Herra forseti. Fjölmennari þjóðir en við Íslendingar erum hafa vissulega efni á mistökum eins og þeim sem gerð hafa verið við Kröflu. En fyrir jafnfámenna þjóð og okkar er það mjög alvarlegt efnahagsáfall þegar slík fjármálamistök eru gerð. Óhemjumiklu fé hefur verið varið norður við Kröflu að þarflausu, eins og ég benti á í upphafi máls míns, og því miður höfum við með því móti ekki aðeins varið fé að þarflausu, nánast kastað fé út um gluggann, heldur höfum við varið fé í framkvæmd sem ekki er fyrirsjáanlegt annað mörg ár fram í tímann en við þurfum að verja mjög miklu fé úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar til að standa undir rekstri á. Þessi framkvæmd er að sjálfsögðu ekki á ábyrgð Kröflunefndar, ekki á ábyrgð Orkustofnunar, ekki á ábyrgð Rafmagnsveitna ríkisins. Þetta er framkvæmd sem hæstv. ríkisstj. var falin af Alþ. í ljósi ákveðinnar vitneskju, sem lá fyrir þegar ákvörðunin um virkjunina var tekin, og í ljósi ákveðinna ákvarðana, sem þá var búið að taka, en var síðan breytt. Mistökin við Kröflu eru því á ábyrgð hæstv. iðnrh. og ríkisstj. Það eru þeir pólitísku aðilar sem þarna hafa ráðið ferðinni.

Og þá að lokum: Hvað er rétt að gera við þær aðstæður sem nú blasa við? Ég er enginn sérfræðingur í þessum málum, en að sjálfsögðu er augljóst að nú þegar höfum við bundið svo mikið fé í Kröfluvirkjun að við bókstaflega verðum að gera það sem skynsamlegast og eðlilegast getur talist til þess að koma þessum fjármunum í gagnið. Við verðum að gera það nú sem átti að gera í upphafi, og gera okkur grein fyrir því, að vandamál Kröflu er ekki aðeins fólgið í gufuöflun og rannsóknum, heldur er einnig um rekstrarfræðilegan vanda að ræða. Við þurfum einnig að taka til gaumgæfilegrar athugunar hvað við getum gert og hvernig við eigum að starfa til þess að létta af okkur sem mest fyrirsjáanlega miklum rekstrarhalla af þessari virkjun, án tillits til þess, hvort hún kemst í gagnið fyrr eða síðar. Við þurfum nú þegar að gera okkur ljóst, að harla litlar líkur eru á því, að Kröfluvirkjun geti tekið til starfa að nokkru ráði í náinni framtíð. Við þurfum að sætta okkur við þessa staðreynd sem er óumflýjanleg. Og við þurfum að hefjast handa núna, eins og hefði verið betra að við hefðum gert í upphafi, standa að rannsóknum á Kröflusvæðinu með tilliti til gufuleitar með eðlilegum hætti innan eðlilegra tímamarka og með trausti á þá sérfræðinga og rannsóknarmenn sem mesta reynslu hafa fengið af slíku og besta þekkingu. Við verðum síðan að gera athuganir á því, hvernig við getum stýrt þessum framkvæmdum þannig að sem minnst rekstrarkostnaðarleg byrði verði á fyrirtækinu, og í þriðja, en alls ekki síðasta lagi, verðum við að fá einhvern aðila til þess að gerast ábyrgur fyrir þessari framkvæmd, sem ekki er fyrst og fremst pólitískt handbendi eins eða neins, ekki er fyrst og fremst til þess valinn að taka á sig ákveðna, afmarkaða þætti framkvæmdarinnar, heldur er sá aðili sem vænta má að eigi að reka þessa virkjun í náinni framtíð og hafi því talsverða ábyrgð að bera sem endist lengur en þangað til hæstv. iðnrh., hver sem það svo verður, heldur formlega norður til Kröflu til þess að ýta á hnappinn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er með hálfum hug sem ég tek til máls. Klukkan er orðin rúmlega hálftvö og boðuð eru þingslit á morgun, reyndar fundir

strax kl. 10, svo að það er kannske varla von að þm. tolli hér í húsinu til þess að hlusta á umr. um þetta mál. Ég hafði þó hugsað mér að gera nokkrar almennar aths. við málið, því að ég tel að hér sé um stórt mál að ræða, — mál sem vissulega hefði átt að taka fullan tíma til þess að ræða og það við eðlilegar aðstæður.

Ég verð að finna í fyrsta lagi að þeim vinnubrögðum sem höfð eru á í sambandi við þetta mál. Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að það liðu um 6 mánuðir frá því að ósk kom fram um þessa skýrslu og þar til skýrslan kom fram á Alþingi. Þess hafði verið óskað sérstaklega, að umr. yrðu hér á þinginu um skýrsluna. Auðvitað sjá allir að umr. um skýrsluna geta ekki farið fram með eðlilegum hætti. Það má segja að nokkurn veginn sé útilokað að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þetta eru auðvitað vítaverð vinnubrögð og satt að segja eru þau að mínum dómi alveg óskiljanleg.

Ég mun ekki fara í að rekja sérstaklega ýmislegt af því, sem þó verður að teljast athyglisvert í þessari skýrslu, um einstök framkvæmdaatriði. Það er líka búið að gera það býsna rösklega, því að það er langleiðina búið að lesa 221 bls. af þessari skýrslu. Reyndar dugði það ekki til, því að ræðumaður hafði aðra álíka þykka bók og las hana líka. Það má því ætla að komið sé talsvert mikið fram af því sem máli skiptir um ýmsa framkvæmdaþætti þessa máls. Ég vil þó segja það strax í tilefni af því sem síðasti ræðumaður ræddi um í sambandi við þessa virkjun, að nokkur atriði fóru mjög afvega hjá honum, að mér fannst, í sambandi við upphaf málsins.

Þegar lögin um Kröfluvirkjun voru sett vorið 1974 voru allir alþm. sammála um þá lagasetningu, að veita heimild til þessarar virkjunar, — allir, Alþfl.-mennirnir ekki síður. Þá lágu þær upplýsingar einar fyrir, að allir þeir, sem áttu helst að vita um þessi mál, töldu að þarna væri um úrvalsvirkjun að ræða. Ráðunautar ríkisstj. í þessum málum, þeir sem réðu fyrir Orkustofnun, gáfu upplýsingar í þá átt. Að vísu höfðu þeir gert ráð fyrir því, að rannsóknum yrði haldið áfram og undirbúningurinn málsins yrði með eðlilegum hætti. Ég vek athygli á því, að þegar þessi lög voru sett datt engum manni í hug að hér væri aðeins um virkjun fyrir Norðlendinga að ræða. Það var alltaf gengið út frá því, að hér væri um allstóra virkjun að ræða eða gæti orðið um allstóra virkjun að ræða sem tengdist landskerfinu, enda kemur það skýrt fram í þessari stóru bók. Það segir t. d., svo að ég fari nú að lesa úr henni til viðbótar við það sem áður hefur verið lesið, á bls. 17, en þar er haft eftir Orkustofnun frá þessum tíma: „Gerð hefur verið rekstrareftirlíking (með rafreikni) á samrekstri jarðgufustöðvar við önnur orkuver, er sendu raforku sína inn á sameiginlegt raforkukerfi.“ — Og síðan er gerð grein fyrir því, hversu hagstæð slík virkjun gæti verið. Þarna í skýrslunni er sagt að reikna megi með 55 mw. gufuaflsvirkjun og framleiðslukostnaður raforku frá henni gæti verið 35 aurar á kwst. Þess er getið um leið, að á sama tíma sé áætlað að orkuverðið frá Sigölduvirkjun sé 70 aurar á kwst. Þetta voru þau gögn sem lágu fyrir alþ. og alþm. um það leyti sem heimildarlögin voru sett. Ég tel því að það sé gersamlega út í hött að setja dæmið um Kröfluvirkjun þannig upp að reikna út að hún hafi í rauninni aldrei átt rétt á sér vegna þess að Norðlendingar hafi ekki þurft á þessari orku að halda og hún hefði orðið óhagstæð í reynd vegna þess að það hafi ekki verið til orkumarkaður. Ég lít á þetta mál frá allt öðrum sjónarhól.

En það var ekki ætlun mín með þessum fáu orðum mínum, því að ég ætla ekki að tala langt mál úr því sem komið er, að fara í það sem ég kalla í rauninni þras um ýmsa framkvæmdaþætti í sambandi við þetta stóra mál, — þras sem hægt væri að halda endalaust áfram með. Auðvitað er engin aðstaða til þess að ætla að gera þá reikninga upp hér á Alþ. og allra síst við þessar aðstæður, eins og spurninguna um það, hvar einhverjir tilteknir Japanir, sem voru að bjóða vélar, hafi verið staddir í febrúarmánuði 1975, eins og hér var spurt um, eða alls konar samanburð á bréfum, sem gengu á milli Orkustofnunar og annarra sérfræðinga á hinum ýmsum tímum, eða deilur um borunaraðferðir, hvort þær voru réttar eða rangar, eða verkútboð eða val á verktökum, að ég tali nú ekki um að fara að ræða um öll þau óhöpp sem hafa stafað af dugnaði Jóns Sólness. Þetta eru mál sem ekki verða gerð hér upp, og ég tel út af fyrir sig að þras um þetta fram og til baka sé heldur gagnslítið.

En staðreyndir þessa máls eru þær, að komið hafa fram margvíslegar aðfinnslur í sambandi við það, hvernig staðið hefur verið að Kröfluvirkjun. Og ég skal svo sem ekki fara að telja þær allar upp. En á það hefur verið bent, að teknar hafi verið alvarlega rangar ákvarðanir varðandi framkvæmdir. Einnig hefur verið á það bent, að ekki hafi verið farið í öllum greinum að ráðleggingum sérfræðinga ríkisstj., eins og Orkustofnunar. Svo hefur verið deilt á ýmislegt í störfum Kröflunefndar, einkum þann hraða sem hún hefur haft á sínum verkum. Að sjálfsögðu hafa líka komið fram aðfinnslur varðandi margvíslegan undirbúning í sambandi við verkið. Ég skal ekki fara að leggja dóm á þessi atriði, en vil þó segja, að mér sýnist að ákvarðanir, sem teknar voru í upphafi árs 1975 um að hraða öllum framkvæmdum, þrátt fyrir að ljóst var að undirbúningur sá, sem hafði verið ráðgerður, hafði ekki getað farið fram, hafi vægast sagt verið hæpnar. Þar hafa menn hreinlega treyst á að lukkan væri með þeim og allt gengi að óskum. Mér sýnist líka að varla þurfi um það að deila, að ríkt hefur mikið skipulagsleysi í sambandi við þær stórframkvæmdir sem þarna hafa farið fram. Ljóst er að sjálft iðnrn. hefur verið framkvæmdaaðili í sambandi við Kröfluvirkjun og það hefur falið ýmsum aðilum hina ýmsu þætti málsins: Orkustofnun að sjá um gufuöflun, Kröflunefnd að sjá um byggingarframkvæmdir og Rafmagnsveitum ríkisins að sjá um ýmsar stofnlínur frá virkjuninni. Það er að mínum dómi enginn vafi á því, að þarna hefur verið ríkjandi skipulagsleysi og það hefur valdið allmiklu um hvernig til hefur tekist. En fyrst ég leiði nú hjá mér að mestu leyti að ræða um það, hvernig til hefur tekist með hina ýmsu framkvæmdaþætti þessa máls, þá ætla ég að eyða þessum fáu mínútum í að ræða nokkuð um hvernig ástandið er í dag í þessum málum.

Við stöndum frammi fyrir því eftir allt sem á undan er gengið, að búið er að verja í Kröfluvirkjun, eftir því sem upplýsingar liggja fyrir um, á milli 7 og 8 milljörðum kr. Það er auðvitað lítill vandi að reikna það út, ef allt er sett á verðlag dagsins í dag. Og okkur er sagt að virkjunin fullbúin kosti a. m. k. 11.2 milljarða kr., — já, og reyndar er hægt að reikna þetta allt til verðlagsins eins og það er nú, sem gerði enn þá hærri fjárhæð. Hitt vitum við svo, að um síðustu áramót var sú ákvörðun tekin af hæstv. ríkisstj. að yfirgefa þetta allt saman eins og það stendur. Frá því var gengið við ákvörðun fjárl. um áramótin að verja ekki einni einustu krónu til viðbótar því sem orðið

er við frekari gufuöflun. Tekið var fram að það fjármagn, sem til væri, skyldi ganga til þess að standa við ákveðnar skuldbindingar, greiða umsamin lán. Allálitleg upphæð átti að fara í það á fjárl. En ákvörðun var tekin um það við fjárlagaafgreiðslu, að mannvirkið með öllu tilheyrandi skyldi skilið eftir þar sem það er og í því ástandi sem það er í. M. ö. o.: um óákveðinn tíma, enginn veit hversu langan tíma, eigum við að eiga þetta þar sem það stendur og eins og það er og hafa aðeins af því útgjöldin ein.

Við vitum að upp kom það sjónarmið, að um það leyti sem gos varð í Leirhnjúk, í desembermánuði 1975, hefði verið rétt að stöðva framkvæmdir með öllu. Þá var þó komið allmikið fjármagn í þetta fyrirtæki og ýmsum þótti illt að stöðva verkið þar sem komið var þrátt fyrir þau óhöpp sem dundu yfir, og það ráð var tekið að halda áfram og frekara fjármagni var eytt í þetta mannvirki. Ég skal ekkert um það segja, hvort það hefði verið rétt að stöðva framkvæmdir á þessum tíma. En ég skil þá mætavel sem völdu þá leið að halda áfram og reyna að ljúka verkinu í von um að þarna gæti orðið um raforkuframleiðslu að ræða. En hvað vakir fyrir þeim mönnum, sem taka þá ákvörðun eins og nú er komið að hverfa frá öllum framkvæmdum, stöðva allar framkvæmdir, nema þá eitthvað minni háttar fikt við einstakar holur sem menn eru að glíma við þar fyrir norðan nú? Þetta er að mínum dómi mjög alvarlegt mál og þarf að gaumgæfa sérstaklega.

En með þessu er ekki sagður nema hluti af alvöru þessa máls. Það er ekki aðeins að þessi mikla framkvæmd við Kröflu er að stöðvast með þessum hætti, heldur er það, sem hefur gerst við Kröflu, nú að stöðva Orkustofnun ríkisins líka. Við alþm. fengum bréf í hendur í dag eða gær þar sem Orkustofnun gerir alþm. grein fyrir því, hvernig ástatt er orðið á því heimili. Þar er okkur skýrt frá því, að ríkisstj. hafi skyndilega tekið ákvörðun um að ráðstafa 150 millj. kr. af framkvæmdafé Orkustofnunar, sem áætlað hafði verið af Alþ. sjálfu til tiltekinna framkvæmda sem Orkustofnun hefur með að gera, en þessi fjárhæð skyldi tekin af fjárveitingu Orkustofnunar til þess að greiða óreiðuskuldir sem safnast höfðu upp vegna Kröfluvirkjunar. Auðvitað segja þeir Orkustofnunarmenn: Við verðum að vona að þetta sé aðeins til bráðbirgða af því að ríkisstj. sé að leita að peningum til þess að borga sínar skuldir, því að vitanlega eigi ekki að taka þær fjárveitingar, sem Alþ. hefur ákveðið í allt aðrar framkvæmdir, til þess að borga skuldir vegna framkvæmda við Kröflu. — Ég skal ekki lýsa því öllu frekar. Menn vita mætavel hversu alvarlegt ástandið er orðið hjá Orkustofnun.

Það er ekki það einasta. Á sama tíma og þetta gengur yfir, þá er sá aðili, sem einnig tengist Kröfluframkvæmdunum, þ. e. a. s. Rafmagnsveitur ríkisins, kominn í þrot líka. Þar er allt að springa. Það er satt að segja ekki sjáanlegt að Rafmagnsveitur ríkisins geti heldur staðið við skuldbindingar sínar. Og þar er líka gripið til örþrifaráða.

Í tilefni af þessu spyr ég: Hvað er að gerast í þessum málum? Ég get ekki séð annað en hæstv. ríkisstj. hafi tekið ákvarðanir um að taka af hæstv. iðnrh. öll völd í þessum málum. Það er ríkisstj., sem ákveður við fjárlagaafgreiðslu og segir við iðnrh.: Þú færð ekki eyri í meiri boranir. Þú skalt hafa Kröflu þar sem hún er. — Síðan eru þeir fjármunir, sem Orkustofnun ræður yfir, teknir til þess að borga vandræðaskuldir vegna Kröflu og iðnrh. auðvitað settur þar í hin herfilegustu vandræði í sambandi við þá stofnun sem einnig er undir hans stjórn. Og svo þekkjum við alþm. mætavel söguna af Rafmangsveitum ríkisins og því ástandi. Er það svo að hæstv. ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um að frysta gersamlega hæstv. iðnrh. og læsa þar öllu? Mér dettur ekki í hug að halda að það sé vilji hæstv. iðnrh. að svona sé að þessu farið.

Í þessum efnum hlýt ég að benda á að hvað svo sem líður mistökum sem kunna að vera frá hálfu iðnrh. í sambandi við þessi mál, þá fer ekki á milli mála að hæstv. ríkisstj. hefur sem heild tekið á sig ábyrgð af öllum þáttum þessara mála. Ríkisstj. hefur staðið að því við afgreiðslu fjárl., svo lengi sem framkvæmdir við Kröflu hafa átt sér stað, að ákveða fjárveitingar í þá framkvæmd. Hæstv. iðnrh. hefur ekki verið nema eins og hver annar framkvæmdastjóri hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við þennan verkþátt. Ríkisstj. getur því ekki sem slík skotið sér undan þeim vanda sem þessu öllu fylgir.

Að mínum dómi er um að ræða hneyksli í sambandi við allar þessar framkvæmdir í orkumálum. Ég vildi sérstaklega vekja athygli á þessum þætti málsins, því að auðvitað er það sú alvara, sem við stöndum frammi fyrir í dag, hvað á að gera í þessari stöðu. Hvað er það sem á að gera? Ég tek eftir því, að þeir, sem tala hér mest um Kröflumálið, eru mjög ákafir í að finna einn ákveðinn sekan aðila og vilja hengja hann sem fyrst. Oftast nær er það hæstv. iðnrh. sem þeir vilja hengja og kenna honum um allt saman. Hann á kannske stóran þátt í þessu öllu. Ég get ekki dæmt um það. En fyrir mér er þetta mál miklu stærra en svo, að ég treysti mér til þess að bera þessa sök á einn aðila. Ef einhvern á að hengja, þá á að hengja ríkisstj. alla. Það er hún sem ber ábyrgð á því sem hefur verið að gerast í þessum málum. Og hafi verið rétt að freista gæfunnar og halda áfram eftir að gosið hafði dunið yfir við Leirhnjúk, þá ber í rauninni skylda til að halda áfram og reyna að afla gufu til þessa dýra mannvirkis sem komið er upp þar fyrir norðan. Það er auðvitað það vitlausasta af öllu vitlausu að hlaupa frá verkinu á því stigi sem það er. Og það er aðeins að bæta gráu ofan á svart að ætla síðan að gera starf Orkustofnunar óvirkt á öðrum sviðum og brjóta þar í rauninni í bága við það sem Alþ. hefur ákveðið um verkefni orkuráðs og Orkustofnunar.

Það er enginn tími til þess að þessu sinni að ræða í ítarlegri ræðu um þessi mál í heild. En ég vildi láta þessar aths. mínar koma fram. Þær skipta fyrst og fremst þann þátt málsins sem snýr að því, hvað á að gera við þær aðstæður sem upp eru komnar. Hvað meinar hæstv. ríkisstj. með því að loka fyrir framkvæmdir sem ekki verður annað séð en séu óhjákvæmilegar eins og komið er? Auðvitað getur ríkisstj., sem veit hvað hún er að gera, losað sig við einn ráðh., ef hún er óánægð með ráðh. Það er enginn vandi. Mér var hótað því á sínum tíma af forsrh., sem ég var í stjórn með, að hann gengi á fund forseta og afmunstraði mig. Ég veit að núv. hæstv. forsrh. veit alveg hvernig hann á að fara að því að rétta ákveðnum ráðh. pokann sinn, ef hann vill það. En ástæðulaust er að gera það með þeim hætti, að allt landið eigi að líða fyrir það. Við eigum ekki að stöðva Orkustofnun og við eigum ekki að taka á okkur ómældar skuldir vegna þess að e. t. v. séu uppi ákvarðanir um að losa sig með þeim hætti við tiltekinn ráðh. Ég sé enga ástæðu til þess að fara þá leið.

Jón Sólnes: Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem svokölluð Kröflumál eru á dagskrá á hinu háa Alþ., og hvað sem um mig verður sagt og mína auvirðulegu persónu, þá hef ég ekki tafið tíma hins háa Alþingis með þátttöku í umr. um þetta vandræðabarn. Og satt best að segja hafði ég fyrir fram hér í kvöld ákveðið að trufla ekki endakappleik sólómannsins, hv. 8. landsk. þm., Sighvats Björgvinssonar, í þessum mikla lokaþætti sem hann var búinn að undirbúa svo vel, æfa svo vel og setja sig í svo stórkostlegt prímadonnuhlutverk til þess nú að fullkomna prófið úr þeim leikskóla sem hann hefur stundað á þessu háa Alþingi s. l. kjörtímabil. En þessum ágæta hv. þm. varð það á að fara að vitna í og slíta úr samhengi örstutta ræðu sem ég hélt hér þegar ég kom eins og hvert annað aðskotadýr — sem varaþm. — um það leyti sem verið var að afgreiða lög um Kröfluvirkjun, — lög sem voru afgreidd í því andrúmslofti innan þessa háa Alþ., að þar komst ekkert annað að, þar var einn vilji, ein ósk öllu ofar, allir voru sammála um nauðsynina. Það var aðeins eitt sem skyggði á: hversu fjótt væri hægt að byggja þessa virkjun. Og herra forseti, með tilliti til þess, hve mikið er búið að lesa, þá leyfi ég mér að vonast til þess að ég megi eyða í það örfáum mínútum, úr því að svefndrunginn er farinn úr mér. Ég er oft nokkuð góður, ef ég get haldið mér vakandi fram yfir klukkan eitt, þá er mér nokkurn veginn sama. Ég átti dálítið erfitt á tímabili undir ræðu hv. þm., en nú er allt í lagi. Og nú langar mig — með leyfi hæstv. forseta — að fá að lesa svolítið úr ævintýrasögu grýlubarnsins Kröfluvirkjunar. Og hefst þá lesturinn. Ég byrja á því herrans ári 1974, 18. mars. Þá er til umr. jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. á þskj. 292, nál. 503, 468, 2. umr., frsm. Steingrímur Hermannssson. Í þessari ræðu er þessi hv. þm. að mæla fyrir nál. iðnn., sem hafði haft til meðferðar frv. til l. um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall í Suður-Þingeyjarsýslu. Og um leið og hann hefur mál sitt þarf hann svolítið að hnýta í Halldór Blöndal, sem þá sat á þingi og hafði verið með aðfinnslur, og nú hefst orðrétt tilvitnun — með leyfi hæstv. forseta — það er verið að lýsa umsögnum:

„Ég get þessa sérstaklega, þar sem hv. þm. Halldór Blöndal gerði hér aths. við drátt á afgreiðslu þessa máls. Ég get ekki samþykkt það, og sýnist mér satt að segja, að málið hafi haft þarna eins skjóta afgreiðslu og hægt var að gera ráð fyrir." — Þarna er verið að minnast hvernig málið hafði farið fram í n. Hv. þm. skýrir í þessari ræðu frá því, að umsagnir hefðu borist frá ýmsum aðilum, sem leitað var til, en það voru Laxárvirkjun, Fjórðungssamband Norðurlands og sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu. Og orðrétt segir í umsögn stjórnar Laxárvirkjunar, sem er skrifuð 10. jan.:

„Í tilefni af fram komnu stjfrv. um lagaheimild til virkjunar gufu við Kröflu til raforkuframleiðslu vill stjórn Laxárvirkjunar lýsa því yfir, að hún telur eðlilegt, að umrædd virkjun verði reist og rekin af Laxárvirkjun, þar eð Krafla er á orkusvæði Laxárvirkjunar." — Og Steingrímur heldur áfram: „N. taldi sér ekki fært að fallast á þetta sjónarmið, hins vegar sjálfsagt og eðlilegt, að Laxárvirkjun geti orðið aðili að væntanlegri Norðurlandsvirkjun eða því fyrirtæki öðru, er falið yrði að reisa og reka jarðgufuvirkjun við Kröflu."

Orðrétt heldur áfram með leyfi forseta:

„Ég vil að gefnu tilefni af orðum hv. þm. Halldórs Blöndals hér í deildinni nýlega geta þess, að ég sat s. l. fimmtudag fund með orkumálastjóra, og voru þar ýmsir aðrir þm. mættir. Þar spurðist ég fyrir um það, hvort nokkuð væri hæft í því, að undirbúningur að Kröfluvirkjun hefði tafist vegna meðferðar málsins hér á Alþ. Orkumálastjóri fullvissaði mig og aðra, sem þar voru, um, að það væri algerlega úr lausu lofti gripið," — menn taki eftir, þetta er í mars 1974,— „undirbúningurinn væri í þeim gangi, sem hann gæti frekast verið, og alls engin töf væri af þeim sökum fram komin. Satt að segja væri fróðlegt að vita, hvaðan hv. þm. hefur haft þessar upplýsingar."

Ég held áfram — með leyfi forseta — að lesa upp úr ræðu þessa hv. þm. Þar stendur orðrétt:

„Þetta sýnir okkur einnig, að það þarf að hraða virkjunum, m. a. Kröfluvirkjun að sjálfsögðu. Telja sérfræðingarnir mér aðspurðir, að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu, að hún geti hafið starfrækslu 1979 í síðasta lagi, jafnvel fyrr. Á það er bent, að erfiðleikar, sem kynnu að koma í ljós á Kröflusvæðinu, gætu orðið til þess, að talið yrði hyggilegra að reisa slíka virkjun við Námaskarð, en sérfræðingarnir fullyrða að á því séu ákaflega litlar líkur, ef meta má af þeim mælingum og upplýsingum, sem þeir hafa þegar safnað."

Ekki var nú sá ljóti maður Jón Sólnes kominn í málið þegar þessi ummæli féllu.

Enn er málið til umr. hinn 20. mars, og þá er það enn hv. þm. Steingrímur Hermannsson sem er á ferðinni. Og hann er enn að stríða við hv. þm. Halldór Blöndal. Með leyfi forseta langar mig til að lesa eftirfarandi úr umr.:

„Herra forseti. Ég skal vera stuttorður enda er ekki rétt að vera að tefja tímann hér í þessari hv. d. með því að svara þeim furðulegu fullyrðingum, sem fram komu hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, sem er nú ekki viðstaddur. Hann svaraði ekki fsp. minni þess efnis, hvar hann hefði fengið þær upplýsingar, að meðferð Alþ. á þessu máli tefði eðlilegan undirbúning, enda er það ekki von, því að það er uppspuni einn. Í staðinn kennir hann mér það nú, að ég hafi tafið Kröfluvirkjun um eitt heilt ár. Ég verð að segja, að meiri er minn máttur en ég erði mér grein fyrir."

Enn stendur í sömu ræðu — með leyfi hæstv. forseta — orðrétt:

„Ég las upp úr orkuspá, sem verið er að vinna að, ítarlegri orkuspá, sem fljótlega verður birt, taldi það vera upplýsingar, sem hv. þm., m. a. þessi hv. þm., hefðu fróðleik af að heyra. Þar gat ég um samanlagða orkuvinnslugetu Norðurlandsvirkjana og virkjana á núv. svæði Landsvirkjunar, og ég gat þess, að árið 1978 væri umframorkugeta þeirra virkjana, sem nú eru komnar í gang, þar með talin Sigölduvirkjun, á þessu svæði samtals 82 gwst., en 1979 yrði hún 134 að meðtalinni Kröflu, sem þá yrði þar með að vera komin í gagnið. Án Kröflu yrði orkuskortur. Vitanlega segir þetta ekki nokkurn skapaðan hlut um það, að Krafla geti ekki verið komin fyrr í orkuframleiðslu. Ég sagði ekkert um það. Ég efast persónulega um að það geti orðið 1976, og met það fyrst og fremst af þeim langa afgreiðslufresti, sem er á vélum. Ég held, að 1977 sé það fyrsta, og það væri ágætt, ef hún yrði tilbúin 1977."

Þm. heldur áfram:

„Ég get fullyrt, þó að aðrir geti betur um það upplýst, að af hálfu stjórnvalda er ekki nokkur minnsta tilraun gerð til þess að tefja þetta mál, enda trúi ég því satt að

segja ekki, að hv. þm. hafi mælt það af alvöru frekar en flest annað, sem hann lét sér um munn fara hér í þessari deild um þetta mál. Það er unnið að þessu af öllum þeim krafti sem hægt er. Það verður borað í sumar. Ákveðið er, hvaða bor það verður, og það er unnið að kaupum á nýjum jarðbor til landsins. Það er vitanlega orðið langtum meiri spenna í þessu heldur en áður var, það vita allir, vegna þeirrar skyndilegu olíuhækkunar, sem orðin er um heim allan. En það hafa einnig verið veittar meiri fjárveitingar til slíkra framkvæmda en áður hefur þekkst í okkar landi, og ég veit, að þeir sérfræðingar, orkumálastjóri og hans menn og aðrir, vinna að þessu máli með forgangshraði, ef ég má orða það svo, með þeirri þekkingu og þeim krafti, sem þeir geta. Þetta hefur verið upplýst í viðræðum við orkumálastjóra, svo að allar fullyrðingar um allt annað eru úr lausu lofti gripnar, eins og það, sem hann hefur látið sér fleira um munn fara, m. a. fsp. í síðustu viku utan dagskrár."

Það var unnið að Kröfluvirkjun og undirbúningi þeirrar virkjunar með forgangshraði löngu áður en Kröflunefnd, sú auma nefnd, kom nálægt þessu máli.

Enn vildi ég — með leyfi hæstv. forseta — halda áfram og vitna í þessa sömu ræðu Steingríms Hermannssonar. Þar stendur orðrétt:

„Sem sagt, ég vildi fyrst og fremst leiðrétta, að í þessu felist nokkur tilraun til þess að fresta Kröfluvirkjun, alls ekki, og ég vil sömuleiðis enn ítreka það, sem fram kom í umr. við orkumálastjóra, að meðferð þingsins á þessu hefur ekki á nokkurn máta tafið þetta mál. Ég vil benda hv. þm. á að tala við flokksbróður sinn, hv. þm. Ingólf Jónsson, um þetta, sem sagði á fundi nýlega, að raunar mætti helst gagnrýna þetta frv. fyrir það að sækjast eftir heimild til virkjunar, áður en nauðsynlegum rannsóknum væri lokið, því að venjulega ættu rannsóknir að vera á undan og heimildin síðan að koma á eftir. Það var hins vegar vilji stjórnvalda að gera þetta á þennan máta, til þess að þarna þyrfti engin töf á að verða og panta mætti vélar þegar á næsta hausti, jafnvel áður en þing kemur samað að nýju."

Þetta er hugarfarið í Alþ. 20. mars 1974. Og ekki heyrist aukatekið orð frá einum einasta þm. Alþfl. um að fara nú að með gát, ekki spurt eftir því, ekkiýjað að því að spyrja um rekstrarlán eða kostnað né minnsta aðvörun um að fara nú að með gát. Mann furðar, eftir allt sem á eftir er gengið, hvað hefur þarna verið á ferðum. Voru mennirnir svona hlaðnir af dópi — eða hvað var að?

Af því, sem ég hef þegar lesið, vona ég að hv. alþm. skiljist, að það, sem fyrst og fremst réð verkunum, var almenn sannfæring þingsins um að þarna væri málefni sem þyrfti að leysa og þyrfti fyrst og fremst að leysa fljótt. Og aðaláhyggjurnar, sem menn höfðu, voru einmitt að afgreiðslufrestur á vélum gæti orðið of langur og tafið fyrir. Þá ske þau ósköp, að persónan Jón G. Sólnes lendir inni á þingi, kemur sem varamaður fyrir Lárus Jónsson, þáv. þm., sem átti sæti í Nd., og einhverra hluta vegna hefur hann áhuga á þessu máli og tekur til máls. Og nú skal ég lesa upp úr þeim orðum sem ég sagði í sambandi við þetta mál. Það er 27. mars 1974 sem þær umr. fara fram

Ég byrja á því að láta í ljós áhuga minn á því, að Laxárvirkjunarstjórn verði falið að vera framkvæmdaaðili í sambandi við þetta mál. En af því að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að vísa til ummæla minna í þessu, þá vildi ég gjarnan að það kæmist til skila að hann sleit þau úr samhengi. Orðrétt sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir því sem ég tel heppilegast, þá held ég og hef nokkurn grundvöll til að byggja á um það, að slíkar stöðvar sem þessar sé hægt að fá fullhannaðar hjá erlendum aðilum. Það eru margir framleiðsluaðilar, t. a. m. á Ítalíu, sem taka að sér að hanna algerlega slík verk sem þessi frá byrjun og gera tilboð í þau. En a. m. k. vildi ég leggja áherslu á eitt, sem er aðalatriðið í þessu máli, en það er, að nú þegar sé hafist handa að koma pöntun á vélum í væntanlega gufuvirkjun í svokallaða afgreiðsluröð með pöntun á nauðsynlegum vélakosti. Það tekur óskaplega langan tíma að afgreiða vélar og öll tæki, sem þarf til virkjunar sem þessarar, og það er engin áhætta tekin, þó að þeirri framkvæmd verði komið á að koma okkur í svokallaða afgreiðsluröð. Ég er svo bjartsýnn á, að ef vel tækist til um að tilnefna framkvæmdaaðila að þessu verki, þá ætti verkið ekki að taka lengri tíma en svo, að það ætti að geta haldist í hendur, að þegar afgreiðsla liggur fyrir á vélum og tækjum, þá sé annað til frá okkar hendi hér innanlands."

Þessi ummæli mín byggjast á því, að samkv. frv., sem er til umr., er ráðgert að fela Norðurlandsvirkjun eða einhverjum öðrum aðila framkvæmdir í þessu máli, og með þessu er ég að benda á að nauðsynlegt sé til þess að verða við þeim almenna vilja sem ríkir innan þingsins um afgreiðslu þessa máls og koma því í framkvæmd, að tilnefna einhvern framkvæmdaaðila, a. m. k. til bráðabirgða, til þess að hægt sé að hefja nauðsynlegan undirbúning í sambandi við þessa fyrirhuguðu virkjun. Og ég enda þessi fáu orð — þetta er ekki löng ræða, — með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem sagt, ég styð þetta frv. heils hugar, en vildi beina þeim tilmælum til þeirrar hv. n., sem fær málið til afgreiðslu, að leggja ber umfram allt áhersluna á, að byrjunarframkvæmdum verði flýtt eins og fært er, þannig að það verði ekki farið að deila um keisarans skegg, um það, hver eigi að vera framkvæmdaaðilinn, en við getum fundið einhvern þann aðila, sem hefði það til samkomulags að verða kallaður bráðabirgðaaðili, til að hefjast nú handa um nauðsynlegar byrjunarframkvæmdir hið allra fyrsta. Það skiptir höfuðmáli."

Enn langar mig til — með leyfi hæstv. forseta — að fá að vísa til umr. Sama dag segir þáv. hæstv. heilbr.- og trmrh., Magnús Kjartansson:

„Ég held, að það sé ákaflega nauðsynlegt að reyna að þoka málum þannig, að landsfjórðungurinn allur telji sig hafa hag af myndarlegri framkvæmd og landsfjórðungurinn allur eigi þá lýðræðislega aðild að slíkri framkvæmd. Um hitt er ég alveg sammála hv. þm. Jóni Sólnes, að framkvæmdatöf á þessu skipulagi má ekki verða til þess að draga úr þeim undirbúningshraða, sem hafa þarf til þess, að þessi virkjun geti sem allra fyrst komið að gagni. Og ég skal vissulega huga að því að reyna að finna leiðir til þess, að hægt sé að flýta þeim framkvæmdum, þannig að þær tefjist ekki, þó að ekki verði endanlega búið að ganga frá Norðurlandsvirkjun. Eftir að þetta er orðið að lögum hér á Alþ. og heimildin er komin, er hægt að fara að hefja ýmsan undirbúning...ég mun fyrir mitt leyti reyna að beita mér fyrir því, að á þessu verði hafður sem mestur hraði, eins og hv. þm. Jón Sólnes lagði áherslu á."

Þetta voru ummæli hæstv. þáv. orkumálaráðh. Þó að leitað sé með logandi ljósi í öllum umr. á hv. Alþ. vorið

1974, þegar var verið að afgreiða þetta mál, þá finnast engin ummæli hæstv. þáv. orkumálaráðh. um að þessa virkjun ætti að vinna í smáskrefum.

Afskiptum mínum af þessu máli við þessa meðferð í þinginu var ekki lokið. Með leyfi hæstv. forseta verð ég að fá að vísa til umr. 4. apríl. Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall er til 2. umr. í Nd. Og nú kemur orðrétt:

„Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það hefur fallið í minn hlut í fjarveru frsm. n., Jónasar Jónssonar alþm., að mæla fyrir nál. frá iðnn. í sambandi við þetta frv. N. ræddi þetta á fundi og hefur verið sammála um að gefa út svo hljóðandi nál.:

N. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts, eins og það er á þskj. 292 og 549.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.-6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.“

Og þá var þætti Jóns Sólness lokið á þessu þingi af þessu dekurbarni hans.

Enn verð ég að reyna á þolinmæði manna og með leyfi hæstv. forseta verð ég að fá að vísa til umr.: „Neðri deild 101. fundur.

Fimmtudaginn 4. apríl, að loknum 100. fundi.

Jarðgufuvirkjun við Kröflu eða Námafjall, frv. (þskj. 549). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþ. (þskj. 607).“

Geta menn ekki verið sammála mér um það, að miðað við alla þá meðferð, sem þetta virkjunarmál við Kröflu fær í meðförum á þessu háa Alþ., hafi menn sannarlega verið innilega sammála? Það voru ekki úrtölurnar. Þetta flýgur í gegn með afbrigðum. Menn voru allir svo innilega sammála um að það eina, sem okkur vantar, væri tími. Það eina, sem menn voru sammála um að hafa áhyggjur af, var að tíminn væri of naumur til þess að geta leyst úr því hroðaástandi sem ríkti á orkumarkaðinum á orkusvæði Laxárvirkjunar og okkar Norðlendinga. Og ég held að það sé ekkert ofsagt af öllum þeim ábendingum og öllu því samráði sem haft var við ráðandi menn hjá Orkustofnun, alla vísindamennina, að það hafi verið samhljóða álit þeirra allra og hjá þeim ríkt fyllsta bjartsýni með að þarna væri óhætt að fara af stað. Og þegar núv. hæstv. ríkisstj. var sett á laggirnar í ágúst 1974 var það einmitt eitt ákvæðið í stjórnarsáttmálanum að fullgerð skyldi rafmagnsvirkjun á Norðurlandssvæðinu. Hún var ekki nefnd Kröfluvirkjun, en allir vissu við hvað var átt. Það stóð í stjórnarsáttmálanum að ljúka ætti við þessa virkjun.

Og mig langar til að benda á að hæstv. þáv. orkumálaráðh., Magnús Kjartansson, lét ekki standa við orðin tóm. Eitt af hans síðustu embættisverkum sem orkumálaráðh. þessa lands var að skipa svokallaða Kröflunefnd, af því að hann vildi ekki skiljast svo við ráðherrastólinn að hann væri ekki búinn að ganga frá því, að kominn væri á stofn einhver ábyrgur bráðabirgðaaðili, sem ætti að sjá um nauðsynlegan undirbúning framkvæmda að Kröfluvirkjun. Og nú langar mig til að spyrja: Er einhver af hv. alþm., er einhver, sem er á áheyrendapalli, þeirrar skoðunar, að það hafi verið af kærleiksfúsri ást til Jóns G. Sólness að hæstv. þáv. orkumálaráðh. skipaði hann í þessa nefnd? Ég held að enginn sé í vafa um að slíkt hafi ekki verið. Ég held að það hafi ráðið gerðum hæstv. þáv. orkumálaráðh., að honum var mjög umhugað um að reyna að skapa sem besta og víðfeðmasta samstöðu um þann bráðabirgðaaðila sem hann ætlaði að fela undirbúning þessa mikla þarfaverks, sem hann alveg sérstaklega lagði áherslu á að kæmist fljótt í gagnið.

En Kröflunefnd hafði ekki starfað lengi þegar maður varð var við að það var hlaupin einhver fýla í einn af stjórnmálaflokkum landsins. Það fer allt í einu að skjóta upp hinum og þessum títuprjónasendingum í blöðum Alþfl. Byrjuðu í blaði þeirra á Akureyri, sem í almennu talið er kallað „Amen“, hinar og þessar dylgjur, glósur og skætingur í garð okkar Kröflunefndarmanna og þá náttúrlega alveg sérstaklega í garð Jóns G. Sólness. Og hvernig svo sem á því stendur, — ég hef aldrei getað fengið neina skynsamlega skýringu á því, — þá fór þessi fýla og úlfúð síversnandi og vaxandi með hverju árinu sem leið og á seinni tímum með hverjum mánuði, viku og degi. Það var allt talið ómögulegt, allt óábyrgt, allt fjas og allt glapræði. Og það var ekki hægt að velja. Allt byggðist þetta á einhverri óráðsíu. Mönnum var brigslað um mútuþægni og kallaðir öllum illum nöfnum. Það mundi taka marga klukkutíma, og ég er ekki viðbúinn því og ég mundi ekki hafa vilja til þess, að fara að lesa upp í hinu háa Alþ. allt það skítkast, sem birst hefur á prenti í blöðum Alþfl. í sambandi við þetta mál.

Kröflunefnd taldi sig vera að gera skyldu sína með því að reyna að búa að málum í sem fyllstu samræmi við það erindisbréf, sem henni hafði verið fengið, og reyndi af fremsta megni að haga svo störfum sínum, að hún gæti uppfyllt þá meginkröfu, sem til hennar var gerð, og hún var sú, að þessi virkjun gæti komist sem fyrst í gagnið. Hvert var svo fyrsta verk Kröflunefndar? Fyrsta verk Kröflunefndar var að reyna að fá sér þá hæfustu hönnuði sem völ væri á í sambandi við þessa framkvæmd. Hér var um frumframkvæmd að ræða í þjóðfélagi okkar og okkur var öllum ljóst, sem skipuðum Kröflunefnd, að ákaflega mikið riði á því, að vel tækist til um þessa fyrstu brautryðjendaframkvæmd á því sviði að virkja jarðgufu í stórum stíl. Það varð úr, að gerður var hönnunarsamningur við íslenskt fyrirtæki, sem vann í nánu sambandi við ameríska fyrirtæki, sem við vorum búnir að afla okkur upplýsinga um hjá aðilum sem við höfðum ástæðu til þess að treysta að væru þess umkomnir að segja rétt álit á málinu og taldir sérlega hæfir sem hönnunaraðilar við slíka framkvæmd sem við vorum að vinna að. Og ég vil til upplýsingar geta þess, að einn af aðalforstjórum þessa fyrirtækis, þessa erlenda fyrirtækis, sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens valdi sér til samstarfs, hr. Kuwada, er mjög fær og menntaður verkfræðingur einmitt á þessu sviði. Er hægt að sanna það með því, að hann var valinn í framkvæmdanefnd á alþjóðaráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar stóðu að um jarðgufuvirkjanir og haldin var í San Francisco í maímánuði 1975. Var ráðstefnan sótt af mjög mörgum þjóðum heims og kannske

var tiltölulega fjölmennust sendinefnd okkar Íslendinga. Við teljum því að ekki hafi verið í kot vísað þegar við vorum að velja þessa aðila okkur til ráðgjafar.

Ég get í þessu sambandi upplýst að ákvarðanir um allar framkvæmdir, hverju nafni sem nefnast, hafa ekki verið teknar af Kröflunefnd nema fyrst hafi verið fjallað um þau mál af þessum ráðgefandi aðilum. En hins ber náttúrlega að geta, að vegna þess skamma tíma, sem var vissulega til stefnu, varð okkur öllum ljóst að það varð að standa að þessu að mörgu leyti með öðrum hætti en við hefðum kosið ef við hefðum ekki haft of skamman tíma til umráða. En það fullyrða þó margir sem hafa mjög góða þekkingu á þessum málum, að samningar þeir, sem Kröflunefnd gerði um kaup á vélbúnaði og tækjum til þessarar virkjunar, hafi verið mjög góðir og hagstæðir. Hugleiðingar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um að þetta hafi verið einhverjar vandræðavélar, sem einhver einræðisherra og fjölskylda á Filipseyjum hafi þurft að losna við, held ég að hafi við lítil rök að styðjast.

Ég verð nú að segja það, að þegar sá ágæti þm. var með hugleiðingar sínar um vandræði Filipseyinganna, að þeir hefðu þurft að losna við þessi tæki sín, þá fannst mér eiginlega ekkert vanta í ræðu hv. þm. annað en að einhvers staðar hefði Sólnesfjölskyldan verið tengd forseta Filipseyja, þessari Marcos-fjölskyldu, þannig að hann hefði nú getað komið því einhvern veginn að. Og af því að hv. þm. og öðrum Alþfl.-mönnum hefur verið svo tamt að reyna að tengja Sólnesfjölskylduna við allar þessar Kröfluframkvæmdir — og þetta eru að mínu mati mjög hæfir og góðir menn sem skipa Alþfl. og mér er annt um þá, — þá held ég að ég verði að koma honum svolítið til hjálpar og bæta við allar þær upplýsingar sem þeir hafa raunar aflað sér, því að ég get bætt svolitlu við fyrir þá.

Hv. þm. minntist á einn aðilann sem hefði fengið verkefni við Kröflu, og hann hefur gert því ákaflega góð skil. Það fyrirtæki heitir Rafafl, samvinnufélag rafverktaka. Það er búið að gefa í skyn að við í Kröflunefnd hefðum einhvern veginn getað komið aurum í gegnum Rafafl handa þeim til þess að kaupa fasteign hérna í bænum. En viti menn, Sólnesfjölskyldan kemur víða við. Fyrir tveimur eða þremur dögum var mér sagt, að einn er maður í stjórn Rafafls, samvinnufélags rafverktaka, sem heitir Einar Kristinsson. Nú mundi einhver segja: Hvað kemur Einar Kristinsson Sólnesfjölskyldunni við? Jú, bíðið þið svolítið rólegir. Ég held nú meira en það. Þessi Einar Kristinsson — ég vil upplýsa hv. Alþfl.-menn sem hér eru inni — er bróðir Margrétar Kristinsdóttur sem er skólastýra við Húsmæðraskólann á Akureyri, og sú ágæta kona er tengdadóttir mín. Hún er gift Gunnari Sólnes hdl. á Akureyri. Finnið þið ekki lyktina af þessu? Þarna komust þið í feitt. Segið svo að Jón G. Sólnes sé ekki vel upp alinn í kristilegu hugarfari og líferni og elski ekki óvini sína og geri þeim gott sem honum bölva.

Hv. ræðumaður, Sighvatur Björgvinsson, gerði mikið úr því hvernig við í Kröflunefnd hefðum staðið að skuldbindingum í sambandi við kaupin á vélum og búnaði. Það er alveg sama hvernig það yrði skýrt og hversu menn séu sér þess vel meðvitandi, að við fylgdumst með væntanlegri skýrslu Orkustofnunar, sem hún gaf í febr. 1974, jöfnum höndum og hún var samin. Og þetta fræga „letter of intent", sem hv. ræðumaður, Sighvatur Björgvinsson, minntist á, sem gefið var út 7. febr., sem hann sagði að hefði verið skuldbindandi fyrir nefndina og ekki hefði hlotið samþykki ríkisstj. fyrr en 10. apríl,— ég vil upplýsa að fyrr greint kauploforð var gefið út með þeim fyrirvara, að samþykki ríkisstj. Íslands, — það var ekki samþykki eins rn., heldur samþykki ríkisstj. Íslands, — svo og seðlabanka landsins fengist fyrir þessu kauploforði. Fyrr tók það ekki gildi gagnvart seljanda vélbúnaðarins. Þannig var frá þessum málum gengið.

Andstæðingar Kröfluvirkjunar fengu ágætan liðsmann sem var eldgosið 20. des. 1975. Ég verð að segja það, — og hef þá fyrir mér ummæli eins ágæts vinar míns sem býr á þessu umbrotasvæði, að í landi okkar, sem er fyrst og fremst eldfjallaland og af þeim ástæðum gefur möguleika á að afl er til ráðstöfunar þar sem jarðgufan er, — að það má kannske út af fyrir sig segja að það sé áhætta sem þjóðin tekur á hverjum tíma. Öllum er kunnugt um að allar stærstu virkjanir landsins eru á umbrotasvæðum, og jafnvel þessi staður, sem ég stend nú á, skilst mér að sé á gömlu umbrotasvæði. Hitt skal svo fúslega viðurkennt, að af því að þetta svæði hafði verið kyrrt í s. l. 250 ár hefði komið sér betur fyrir okkur, a. m. k. þessa aumingja sem eru í Kröflunefnd, að það hefði verið kyrrt næstu 10 árin.

Ég veit það ekki, það getur vel verið að það sé ósanngirni, en einhvern veginn finnst mér sem leikmanni að ef ég hefði haft til umráða þá ágætu menntun sem okkar frábæru vísindamenn eiga á sviði jarðvísinda og jarðvarmaorku, þá hefði ég tilhneigingu til þess að segja að ég tæki eldgosið 20. des. 1975 sem sendingu af himnum ofan, sem verðugt verkefni fyrir mig til þess að nota menntun mína og hæfni til þess að bregðast við á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðina þegar vandræði sem þessi steðjuðu að henni. Ég er ekki menntaður maður og ekki langskólagenginn, en ég hef komið inn fyrir dyr Háskóla Íslands, og vissulega þykir mér sem Íslendingi vænt um að við skulum eiga jafnágæta stofnun og Háskóli Íslands er. Þegar maður kemur þar inn fyrir dyr, standa stórum stöfum kjörorð Háskóla Íslands, sem eru, ef ég fer rétt með: „Vísindin efla alla dáð." En ég verð að segja, að dáðlausari ræfla heldur en suma af vísindamönnum þjóðarinnar, sem hafa verið að fást við verkefni uppi á Kröflusvæðinu, hef ég ekki hitt. Og ég held að ef við hefðum ekki átt dugmeiri einstaklinga í þjóðfélagi okkar á tímum þeirra þrenginga, sem gengið hafa yfir íslenska þjóð frá örófi alda til að bjarga okkur yfir hörmungar og erfiðleika en virðast vera margir af þessum svokölluðu vísindamönnum sem þarna hafa verið að verki, þá hefði orðið lítið úr framsóknaranda í öllu því sem við höfum brotist í gegnum. Það hefði orðið lítið um þá sigra, sem við höfum unnið á harðgerum náttúruöflum, og lítið orðið úr þeim sigrum, sem við höfum unnið undir hinum erfiðustu kringumstæðum.

Nei, það virðist vera svo, að það hafi verið seiglan, þessi meðfædda seigla alþýðunnar, sem kannske hafi dugað okkur hvað best. Og ég verð að segja um allt það mikla fjaðrafok, sem hefur verið í sambandi við framkvæmdirnar við Kröflu, að ég er stoltur af því. Ég er Vestfirðingur að ætt. Ég er alinn upp á fátæku sjómannsheimili þar sem ekki var atvinna nema part úr árinu, þar sem það dugði að bjargast af litlu. En þar var alltaf ríkjandi nógu mikið dugnaðaratgervi og umfram allt trú á það, að með þolgæði og árvekni og æðruleysi væri hægt að komast áfram í lífinu. Ef við tökum með því hugarfari á þeim erfiðleikum, sem við er að etja á hverjum tíma, og ef við tökum með slíku hugarfari á þeim

erfiðleikum, sem hefur verið og á eftir að stríða við í sambandi við Kröfluvirkjun, þá er ég ekki í nokkrum vafa um að vel muni til takast. Það er spá mín, þrátt fyrir það að hér eigi eftir að verða mikið raus og mikilli prentsvertu verði eytt í að skamma og svívirða þá aðila sem staðið hafa fyrir framkvæmdunum við Kröflu, að þá eigi eftir að renna upp sá tími þegar í framtíðinni verður farið að glugga í allt það moldviðri sem búið er að þeyta upp í sambandi við þetta mál, að hvað erfiðast eigi menn með að skilja hvað eiginlega hafi verið að ske, hvað hafi valdið þessu, þegar Kröfluvirkjun verður búin að veita þjóðinni orku, birtu og yl um áratugi — og það gerir hún áreiðanlega.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. á hv. Alþ. um Kröfluvirkjun undanfarið. Ég hef ekki gert það, því að mér hafa þótt þær umr. á satt að segja heldur lágu plani. Mér hafa þótt þær umr. einkennast annars vegar af því, að reynt hefur verið að finna einhvern sökudólg, einhvern til að hengja, ef ekki hv. þm. Jón Sólnes, þá hæstv. iðnrh. eða þá hæstv. ríkisstj., eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. áðan.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Jóni Sólnes, að 1974 voru allir hér á þingi sammála um að rétt væri að ráðast í virkjun Kröflu. Það var ég. Ég fagnaði því árið 1974, að ákveðið var að ráðast í gufuvirkjun, og ég fagna því enn. Ég er enn þeirrar skoðunar sem ég var þá, og raunar veit ég að jarðgufa landsins er ein okkar mesta orkulind. Við hljótum að nýta þá orkulind, og raunar tel ég að við hefðum fyrr átt að ráðst í slíka framkvæmd.

Ég verð hins vegar að segja það, að ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram. Þegar fsp. komu fram frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um Kröfluvirkjun, þá var ég ákveðinn í því að taka til máls, en ég hvarf frá því þegar ég hafði lesið skýrsluna. Mér fannst skýrslan vera hlutdræg og ekki þannig úr garði gerð, að auðvelt væri að byggja á henni ákveðnar niðurstöður, ekki þannig að auðvelt væri að læra af rannsóknum sem orðið hafa við þessa meginframkvæmd á sviði orkuöflunar með jarðgufu.

Nú hefur hins vegar orðið svo í kvöld, að töluvert er vísað til þess sem ég sagði 1974, svo að mér þykir ég varla geta setið þegjandi hjá. Það er allt saman rétt eins langt og það nær. Ég sagði þá að ég fagnaði því að ráðist væri í slíka virkjun, og ég sagði áðan og ég endurtek það, að ég geri það enn. Ég sagði hins vegar þá, að ég teldi ekki ástæðu til að hraða þessari virkjun svo mjög sem fram kom í grg. með því frv. sem þá var lagt fyrir, m. a., eins og ég hygg að ég hafi orðað það, vegna þess að ég efaðist um að afgreiðslutími gæti orðið svo stuttur og reyndar fleira. Og í ræðum, sem ég flutti svo í Ed. með nál. um þessa framkvæmd, rakti ég nokkuð, eins og hér hefur reyndar komið fram, orkuspá sem þá var í vinnslu, og ég taldi ekki þörf á Kröfluvirkjun fyrr en 1979 og þá að sjálfsögðu ekki nema annarri vélinni og seinni vélinni 1980—1981. Þetta eru staðreyndirnar um það sem ég sagði þá. Ég fagnaði því, að ráist var í þessa virkjun, en ég varaði við þeim hraða, sem mér sýndist ráð fyrir gert, og gerði mér grein fyrir því einnig, að rannsóknir á svæðum sem þessum eru ákaflega umfangsmiklar og margt getur komið í ljós sem óljóst er eftir nánast yfirborðskönnun sem þarna hafði verið framkvæmd.

En í raun og veru finnst mér allt þetta vera heldur tilgangslítið að rifja upp. Spurningin er náttúrlega sú, hvað við getum lært af — ég vil leyfa mér að segja: þeim mistökum sem þarna hafa orðið, því að þarna hafa að sjálfsögðu orðið mistök, ég held að enginn efist um það. Og þegar ég ræði um mistök er ég ekki að tala um gosið. Það er náttúrlega fásinna, eins og mér sýnist stundum vera gert, að kenna Kröflunefnd, Jóni Sólnes eða Ingvari Gíslasyni um gosið. Ég mun ekki einu sinni minnast á það meira. Ég vil ræða um Kröfluvirkjun sem framkvæmd við eðlilegar aðstæður. Ég ætla sem sagt ekki að standa hér og áfellast einn eða neinn, hvorki Jón Sólnes, Kröflunefnd, Orkustofnun, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens né Rogers Engineering og hvað þeir heita. Mig langar aðeins til þess að fara nokkrum orðum um það, hvernig framkvæmd var háttað.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að Alþ. heimilaði þessa virkjun 1974. Alþ. er síðan oft kennt um það sem þarna hefur farið á annan veg en við allir væntum og vonuðum. Kröflunefnd var skipuð af fyrrv. hæstv. ríkisstj. og henni var sagt þá strax að hún ætti að virkja, sem sagt að byggja virkjunina eins fljótt og unnt væri. Þetta liggur skjalfest fyrir. Sama rn., þ. e. a. s. iðnrn., fól Orkustofnun að afla þeirrar orku sem nauðsynleg er til þess að snúa þeim hverflum sem þarna átti að setja upp, og það má nefna að Rafmagnsveitum ríkisins var falið að byggja línur þarna frá, sem kannske skiptir minna máli. Allt var óljóst með rekstraraðila. Talað var um væntanlega Norðurlandsvirkjun í því frv. sem hér var samþykkt. Hvað getum við í raun og veru af þessu lært?

Ég held í fyrsta lagi, að það sé ákaflega vafasamt fyrir Alþ. — og það eru mín mistök engu síður en allra annarra sem hér eru inni, að veita heimild til virkjunar áður en meiri rannsóknir liggja fyrir. Ég vil ekki kenna Alþ. beinlínis um þetta þó. Við treystum því sem á eftir kæmi, að þess yrði gætt, en ég held að við eigum í fyrsta lagi að hafa ljóst, þegar við samykkjum slíka virkjunarheimild, og skiptir engu máli hvort það er Blanda, önnur Krafla, Hengill eða hvað það er, að ítarlegar grundvallarrannsóknir liggi fyrir. Þetta er það fyrsta sem ég vil af þessu læra.

Í öðru lagi held ég að það verði að liggja ljóst fyrir, hver á að reka slíka virkjun, hver á að selja orkuna frá slíkri virkjun. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég er sannfærður um að t.d. Kröflunefnd hefur unnið af mikilli samviskusemi að þessari virkjun og gert það sem hún þekkti best. En hún var ekki ábyrg fyrir sölu orkunnar frá þessari virkjun. Henni var bara falið að virkja eins fljótt og unnt væri. En er nokkuð vit í því? Það á ekki að virkja hraðar en unnt er að selja orkuna: Engar áætlanir voru fyrirliggjandi þá um að byggja orkufrekan iðnað fyrir norðan. Rætt var um norðurlínu. Búið var að ákveða að virkja Sigöldu, og eins og ég rakti í framsöguræðu með nál. lá ljóst fyrir að Sigalda átti að fullnægja orkuþörf landsins fram til 1979. Þetta er annað sem mér finnst við geta lært. Við eigum að gera okkur grein fyrir því, hver á að reka slíka virkjun, hver á að selja orkuna.

Og í þriðja lagi vil ég segja, að ég held að það sé ákaflega mikilvægt í öllum slíkum stórum framkvæmdum að þær annist aðili með víðtæka reynslu. Ég er alls ekki með þessu að segja að þeir verkfræðingar, sem þarna komu við málin, Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens, Rogers Engineering o. s. frv., hafi ekki víðtæka reynslu út af fyrir sig, en ég held að heildarábyrgð á slíkri framkvæmd verði að vera í höndum aðila sem hefur

víðtæka reynslu, aðila sem einnig á að reka slíkt orkuver, á að selja orkuna. Eins og ég sagði áðan, þá var aðeins um það talað að væntanleg Norðurlandsvirkjun væri eðlilegur aðili til þess að starfrækja slíka virkjun, ef á fót yrði sett. Ég tel að það hafi verið mikil mistök hjá okkur hér að ganga ekki betur frá þeim þætti áður en ákveðið var að ráðast í slíka virkjun, — virkjun sem er brautryðjendastarf og mjög mikilvægt og áríðandi að vel takist. Ég álít að slíkur aðili eigi að hafa alla ábyrgð á byggingu virkjunarinnar og rekstri á eftir. Hann á að hafa alla tauma í sinni hendi. Ég álít að það hafi verið skakkt að fjármagna annars vegar byggingu orkuversins sérstaklega, kaup vélanna á ég þar að sjálfsögðu við með byggingu orkuversins, og hins vegar borun. Ég held að þetta hefði átt að fjármagnast allt í gegnum einn ábyrgan aðila, sem annaðist framkvæmdir og sæi um rekstur. Þetta kemur átakanlega fram í því ástandi, sem nú er hjá Orkustofnun, og ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt um það. Orkustofnun tók við þessu sem sérstökum samningi sem átti að fjármagnast fyrir utan hennar eðlilega rekstrarfjármagn — fjármagn sem við höfum ákveðið til þeirrar stofnunar til annarra framkvæmda, til ýmiss konar rannsókna. Framkvæmdin fór langt fram úr áætlun, e. t. v. að einhverju leyti vegna mistaka hjá Orkustofnun, en áreiðanlega að verulegu leyti vegna náttúruhamfara sem þarna urðu og engum er hægt um að kenna, engan hægt að hengja fyrir, a. m. k. sem við náum til. Mér verður ljóst, að þarna hafa orðið enn ein mistök, mistök okkar og mistök þeirra sem hlutu þá heimild sem við samþykktum hér.

Mér finnst þannig, að það sé í raun og veru ákaflega margt og mjög mikilvægt af þessum framkvæmdum að læra. Hvernig ætlum við að standa að slíkum málum á næstunni? Vitanlega er það einnig stórt mál út af fyrir sig, hvað á að gera nú. Þó finnst mér það næstum því vera aukaatriði hjá hinu, hvernig við eigum að haga okkur í framtíðinni, því að við hljótum að halda áfram virkjun þessarar mikilvægu orkulindar okkar, jarðgufunnar. Ég vil þó segja það, að persónulega er ég þeirrar skoðunar að við eigum að hinkra aðeins við. Nú er búið að leggja línuna norður og við höfum orku fyrir Norðurland fyrst um sinn, að vísu ekki lengi, en mér sýnist ákaflega óljóst í raun og veru hvar á að bora núna á næstunni. En ég skal taka það fram og viðurkenna, að þarna tala ég algerlega sem leikmaður og það má vel vera að þeir, sem fróðari eru um þessi atriði, hafi aðrar skoðanir.

Mývatnseldar hafa staðið lengi og þeim er áreiðanlega ekki lokið, og ég held að enginn maður geti sagt fyrir nú, hvar þeir kunna að koma upp næst, og þeir gætu auðveldlega eyðilagt borholur sem við réðumst í nú. Því hygg ég að við eigum að nota þann tíma, sem skapast með byggingu norðurlínu, og fara okkur rólega. Það er raunar engu tapað. Ef við kæmum Kröflu nú í fullan gang svo umframorka yrði í landskerfinu, þá yrði að draga úr Sigölduframleiðslu eða annarri framleiðslu hér sunnanlands og flutningi norður. Ég held að við megum því fara okkur rólega

En eins og ég sagði áðan er þetta nánast aukaatriði. Aðalatriðið finnst mér nú vera það, hvað eigum við að læra, hvaða lærdóm við getum dregið af því sem þarna hefur skeð. Þá vil ég nefna í fyrsta lagi, að slík framkvæmd í orkumálum á að vera á einni hendi í landi okkar alveg tvímælalaust. Öll rök benda til þess, að einn aðili eigi að annast alla meginorkuöflun í þessu landi og sá aðili eigi að selja orkuna til allra landshluta, og ég get bætt við: á jafnaðarheildsöluverði. Við eigum að tryggja að sú reynsla, sem næst í framkvæmd, nýtist bæði við allar okkar framkvæmdir og einnig í rekstri. Í raun og veru held ég að þetta sé það mál sem er langmest aðkallandi fyrir okkur hér á Alþ. nú, að skipa þessum málum betur í framtíðinni en við höfum gert til þessa. Og mér finnst að ótalmargt megi læra af því sem þarna hefur farið úrskeiðis og kannske jafnvel víðar. Ég gæti nefnt aðrar virkjanir, sem ég hef ákaflega litla trú á, sem hafa verið samþykktar og ég held að séu þjóðhagslega vafasamar. Og ég held að ef einn aðili ætti að annast framkvæmdir og sölu á orkunni og skila orkunni á lægsta verði sem hægt er til allra landshluta mundi ekki ráðist í þær. Ég er ekki þar með að segja að við eigum ekki að ráðast í gufuaflsvirkjanir, því að þær geta fallið ákaflega vel inn í nýtingu vatnsafls okkar á ýmsan máta sem ég fer ekki nánar út í hér.

Ég ætla ekki að tala lengi. Mér finnst raunar varla rétt að fjalla lengi um þetta mál svo síðla nætur og undir morgun. Ég harma það, ef niðurstaða af þessari skýrslu og þessari umr. getur ekki orðið lærdómur. E. t. v. ættum við að setja á fót einhverja nefnd til þess að athuga þessi mál öll, ekki til þess að hengja hv. þm. Jón Sólnes, Ingvar Gíslason eða hæstv. ráðh. og ríkisstj., heldur fyrst og fremst til þess að læra af því, sem þarna hefur verið gert, og leggja betri áætlanir um virkjanir í framtíðinni. En ég vil segja það fyrir mitt leyti, að mér finnst að ég hafi lært það af þessu og fleiru slíku, að ég efast mjög um að ég muni standa oftar hér á Alþ. fyrir einskonar óútfylltri ávísun til virkjana fyrir hæstv. ríkisstj., hver sem hún er.

Það er miklu fleira en þetta. Árið 1971 var samþykkt heimild til að virkja Sigöldu og Hrauneyjafoss. Ekki var talað við hv. Alþ. þegar Hrauneyjafossvirkjun var ákveðin. Til hvers á að nota þá orku? Veit það nokkur hér? Það er helst komið til okkar þegar vantar ríkisábyrgðir. Ég held að við hljótum að krefjast þess að einn ábyrgður aðili á landinu hafi allar slíkar framkvæmdir með höndum og þær séu fjármagnaðar í gegnum þann aðila. Ég legg ákaflega mikla áherslu á að við hér á Alþ. fáum að sjá langtímastefnu í orkumálum. Hvað ætlum við að gera með orku okkar? Við eigum töluvert mikla orku. Við höfum ekki nýtt nema svona í kringum 12% af vatnsafli nú og minna af jarðvarma, sem að vísu er óljósara, og þetta getur nýst okkur nokkuð langt fram á næstu öld. En það er út af fyrir sig ekki langur tími. Hvernig ætlum við að nýta þá orku? Ætlum við fyrst að ákveða virkjanir og síðan setjast niður og segja til hvers við eigum að nota þá orku? Þetta höfum við í raun og veru gert. Ég vil að ábyrgur aðili fyrir virkjunum ásamt t.d. Orkustofnun, sem er eðlilegur ráðgjafi ríkisstj., leggi fram till. langt fram í tímann um það, hvernig við eigum að nota þessa orku okkar þannig að þjóðarbúinu nýtist sem best.

Eg ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Eins og ég sagði áðan, þá var ég satt að segja í vafa um hvort ég ætti að taka til máls um Kröflu, því mér finnst umr. hafa beinst inn á heldur vafasamar brautir. En mér fannst ég ekki geta annað, því töluvert er vitnað til orða minna frá 1974 og allt þar út af fyrir sig rétt, og ég ætti e. t. v. að fagna því, að bæði sækjendur og verjendur, ef ég má kalla þá svo, virðast nota það til sóknar og varnar. Það hljóta að hafa verið nokkuð góð orð, sem ég sagði þá. En þó fannst mér, eftir að svo mikið var til þeirra vitnað, að ég gæti ekki

annað en sagt þessi fáu orð.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er orðið býsna áliðið nætur, og raunar var það ekki endilega meining mín að taka til máls í kvöld. En hinu er ekki að leyna, að eftir þá löngu dómadagsræðu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti, þá vaknar eitt og annað upp í huga manns. En ég vil taka það fram, að það er alveg útilokað að ég fari að rekja hér alla sögu Króflumáls. Hitt kann að vera, að ég skjóti inn svolitlum þætti í sambandi við forsöguna eða upphaf Króflumálsins, vegna þess að það skiptir ákaflega miklu máli hvernig að því var staðið. Sannleikurinn er sá, að þetta Króflutal er búið að vera móðursýkismál í blöðum og öðrum fjölmiðlum um nokkurra ára skeið og virðist lítið úr því draga og væri út af fyrir sig ástæða til að rekja það, hvernig þetta mál hefur sífellt verið að taka ýmsum myndbreytingum. Ég held að margir, sem hafa fylgst með þessu máli, muni, hvert var hið fyrsta stig Króflusýkinnar, hvað skeði, við skulum segja vorið 1975, þegar byrjað var að skrifa um þetta mál í blaðsnepil Alþýðuflokksins norður á Akureyri, — blaðsnepil sem ég veit varla hvort kemur út lengur og var á þeim tíma, satt að segja, ekki lesinn nema af örfáum mönnum, og lengi vel fengu þeir kratar á Akureyri lítinn hljómgrunn fyrir það þrugl sem þeir þá skrifuðu um aðgerðir Króflunefndar. En þá var það, að ritstjóri þessa blaðs dreif sig í útvarpið og talaði í 20 mínútur um daginn og veginn flutti þann fyrirlestur, sem nokkuð var eftir tekið. Ég minnist lengi þessarar ræðu og hef stundum verið að bera það saman, sem hann hafði þá að segja um Króflumálið, við það sem síðar varð í því máli. Mergurinn málsins í þessum skrifum og þessari ræðu var að koma því orði á Króflunefnd, að hún ynni hlutdrægt að útboðum og vali verktaka og að hún hundsaði þá sem henni sýndist, en tæki þá fram yfir sem henni stæðu að einhverju leyti næst. Og raunar var þá þegar farið að búa til þá sögu, að Króflurirkjun væri einkafyrirtæki Jóns Sólness og fjölskyldu hans.

Þessi mynd Króflumálsins, Króflumóðursýkinnar, stóð um nokkurra vikna skeið, nokkurra mánaða skeið kannske, og stóð hátt í júlímánuði þetta sumar, 1975, þegar Alþýðuflokksmenn á Norðurlandi héldu frægt þing sitt þar nyrðra og ákváðu þar að gera Króflurirkjun að pólitísku máli. En síðan fór þetta mál smám saman að taka breytingum, og eftir að Leirhnúkur gaus, sællar minningar, í des. 1975, þá held ég að þetta mál hafi tekið á sig þá mynd sem hefur einna lífseigust orðið, þ. e. a. s. að Króflunefnd, sem samkv. áróðurskenningunni hafði sjálf búið til þetta viðfangsefni og ákveðið að virkja þarna og vann, að því er virtist, á eigin ábyrgð og að eigin frumkvæði, hafi anað út í þessar framkvæmdir gegn viðvörun Orkustofnunar sem bæði átti að hafa séð fyrir að það mundi aldrei finnast gufa á þessu svæði og jafnframt að það væri nokkuð klárt, að Leirhnúkur eða nágrannafjöllin mundu gjósa fljótlega yfir öll mannvirki Króflunefndar sem hún var að reisa þar fyrir eigin reikning og að eigin frumkvæði, að því er virtist, og sér til gamans.

Þetta er sú mynd Króflumóðursýkinnar sem hefur orðið einna lífseigust og hefur orðið helsta ánægjuefni margra fjölmiðla og eins pólitísks flokks sem á fulltrúa hér á Alþingi. Einn hv. alþm. þessa flokks hefur nú haldið sitt strik og ætlar að enda þetta kjörtímabil með því að minna enn á þá afstöðu sem þeir félagar hafa til þessa máls.

En allt er nú þetta á ansi miklum misskilningi byggt, eins og glögglega kemur fram í þeirri skýrslu sem hér hefur verið lögð fram og ég tel að sé greinargóð lýsing á því, hvað gerst hefur og ég sé enga ástæðu til að rekja. Hún talar sjálf máli sínu.

En vegna þess að það er mikið talað um forsögu málsins, þá langar mig til þess að bæta dálitlu við og horfa lengra aftur í tímann og minna á skjöl, sem er gott að hafa í huga þegar við erum að ræða forsögu þessa máls og sanna það, hversu fráleitt er að halda því fram, að Króflunefnd hafi anað áfram án vilja og vitundar vísindamanna og þá sérstaklega Orkustofnunar.

Ég er hérna með fyrir framan mig fundargerð sem ég hygg að sé í fárra manna höndum, en af einhverri slysni hefur fylgt mér frá því í nóvemberlok 1973. Þá var haldinn fundur á Akureyri um orkumál á Norðurlandi á vegum Fjórðungssambands Norðlendinga, og þetta var mjög langur og ítarlegur fundur. Það voru haldin mörg framsöguerindi, og framsöguerindin fluttu m. a. þáv. iðnrh., orkumálastjóri og Sveinbjörn Björnsson, sem þá er kallaður forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar. Þetta þykja mér allmerkileg plögg sem hér liggja fyrir, og ég vil biðja menn að athuga það, að þessi plögg eru frá því í nóv. 1973, áður en frv. var lagt fram um Króflurirkjun eða um jarðgufuvirkjun við Námafjall eða Króflu og áður en eiginlega nokkur maður í landinu var almennilega kunnugur þessu máli eða þeim hugmyndum sem uppi væru um möguleika á virkjun jarðgufu í svo stórum stíl sem þarna er nú gert ráð fyrir. Ég segi fyrir mig, að þetta var í fyrsta skipti sem ég heyrði þessa kunnáttumenn í þessum fræðum flytja mál sitt um þetta efni. Og fyrstur reið á vaðið páv. iðnrh., Magnús Kjartansson, og flutti býsna langa ræðu um orkumálin og þá sérstaklega um orkumál á Norðurlandi, og einn kafli ræðu hans fjallar einmitt um þessa virkjun og virkjunarmöguleika á jarðhitasvæðinu í Mývatnssveit. Og þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í þessari ræðu iðnrh. Magnúsar Kjartanssonar 30. nóv. 1973 á Akureyri:

„Á Norðurlandi eru sem kunnugt er margir virkjunarmöguleikar. Mér virðist því vera nærtækast og álitlegast að ráðast í jarðgufuvirkun á Króflusvæðinu. Þar hafa sem kunnugt er farið fram rannsóknir á ýmsum valkostum. Það hefur verið könnuð hagkvæmni 8, 6, 12 og 16 mw. virkjana, og það hefur komið í ljós, að þessar virkjanir verða þeim mun hagkvæmari sem þær eru stærri, og nú nýlega hefur verið skilað áætlun um 55 mw. virkjun með einni vélasamstæðu, og samkv. þessari athugun á orkuverð þarna aðeins að vera 39 aurar á kwst. Mér finnst þetta að vísu vera ótrúlega lág tala," segir ráðh. „Ég geri ráð fyrir því, að hún eigi eftir að hækka nokkuð. Engu að síður bera þessar áætlanir með sér, að slík gufuaflsstöð yrði ákaflega hagkvæm, og ég held að það sé óhætt að gera ráð fyrir því, að orka frá henni eigi ekki að þurfa að vera dýrari en frá þrefalt stærri vatnsaflsstöð. Þarna er miðað við eina vélasamstæðu, eins og ég sagði áðan. Ég held það öruggara að hafa samstæðurnar tvær, m. a. af öryggisástæðum, einnig vegna þess að þarna er verið að ráðast í framkvæmdir, sem við höfum sjálfir ekki ýkjamikla reynslu af, en einnig af þeim ástæðum væri mjög mikilvægt að geta ráðist í slíka jarðgufuvirkjun.

Við vitum að jarðhitinn er langstærsta orkulindin á Íslandi, og við þurfum að tryggja okkur nægilega reynslu til að geta ráðist í nýtingu þessarar orku með sem mest-

um hraða. Nú þarf að framkvæma frekari rannsóknir á Kröflusvæðinu áður en hægt er að taka endanlegar ákvarðanir um virkjun þar. Vitað er að það er einnig hægt að ráðast í slíka virkjun í Námaskarði, og það liggur ekki alveg ljóst fyrir, hvort botnhiti á Kröflusvæðinu er jafnhár og í Námaskarði, þannig að segja má að þessir kostir geti verið opnir enn sem komið er. Hins vegar er rétt að minna á það, að Náttúruverndarráð hallast frekar að virkjun á Kröflusvæðinu af umhverfisástæðum.

Þessi niðurstaða um hagkvæmni jarðgufuvirkjunar er fyrir Íslendinga almennt séð athyglisverð. Okkar vandi er sá, að við erum með tiltölulega lítinn raforkumarkað á Íslandi og ef við verðum að ráðast í mjög stórar virkjanir hverju sinni, t. d. 150 mw. eins og Sigölduvirkjun verður, þá verðum við að auka orkuna svo mikið að markaðurinn tekur ekki við henni á eðlilegan hátt og við nýtum þessa orku varla með því að koma upp orkufrekum iðnaði í sambandi við hana. Það getur verið hagkvæmara að virkja í smærri áföngum heldur en að þurfa að taka svona stór stökk hverju sinni. Og verði reynslan góð af rekstri jarðgufuvirkjana hygg ég þá að það verði farið meira inn á þá braut.

Um framkvæmdahraða í sambandi við slíka jarðgufuvirkjun er erfitt að segja. Mér skilst að afgreiðsla véla muni taka a. m. k. 3 ár," segir ráðh. „Eftir er að framkvæma vissar rannsóknir, eins og ég gat um, en ef hámarkshraði verður hafður á þessu, þá ætti slík stöð að geta tekið til starfa á árinu 1978 eða jafnvel fyrr, þ. e. á árinu 1977, ef lögð verður á þetta mikil áhersla.

Unnið er að því í iðnrn. í samvinnu við Orkustofnun að ganga frá frv. um heimild til slíkrar virkjunar, og ég held að það sé skynsamlegt að fá slíka heimild nú þegar vegna þess að hún gerir okkur kleift að ráðast í þann undirbúning sem þarna þarf að ráðast í. Ef Alþ. lýsir yfir jákvæðum vilja, þá höfum við möguleika á að hraða öllum undirbúningsframkvæmdum eins og unnt er.

Þarna kemur einnig að öðru máli, um það, hverjir skuli eiga þessar stöðvar, sem ég hef talað um, þ. e. a. s. varaaflsstöðina hér á Akureyri og jarðgufuvirkjun til að mynda á Kröflusvæðinu. Ég er þeirrar skoðunar, að þessar stöðvar eigi að vera í eigu orkuöflunarstofnunar Norðlendinga. Ég hygg að þið þekkið allir till. sem ég lagði fram á þingi á sínum tíma um skipulag raforkumála."

Ég ætla nú ekki að lesa meira úr þessari ræðu þáv. iðnrh. sem hann flutti í nóv. 1973 áður en hann kynnti þetta mál hér á Alþ., en mér finnst að þessi kafli, sem ég las, sýni glögglega hversu mikla trú ráðh. hafði þá á þessu máli.

Mig langar aðeins til þess að drepa á nokkur orð sem Jakob Björnsson orkumálastjóri flutti á sömu ráðstefnu og sama dag. Þar segir orkumálastjóri m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef við höldum vestur eftir er næst Námafjall og Krafla, sem mjög hefur verið rætt um upp á síðkastið, og eftir að þetta er skrifað er komin út áætlun um þessa virkjun, að vísu frumáætlun, en eins og ráðh. sagði hér áðan, þá verka þær tölur, sem þar eru birtar, býsna lágt og það er rétt, þær eru það, og það er með svona áætlunartölur, að þær eru alltaf dálítið varasamar. Þessi áætlun er t. d. ekki sambærileg að gæðum eða undirstöðubyggingu skulum við segja við áætlanir við Sigöldu eða Hrauneyjafoss þar sem hafa farið fram miklu meiri rannsóknir. Við vitum miklu meira um aðstæður þar en við vitum um Kröflu, þannig að það má t. d. ekki taka þessar tölur og bera þær saman við tölur við Sigöldu eða Hrauneyjafoss. Það eru ekki sambærilegar tölur vegna þess að þær eru ekki byggðar á sambærilegum forsendum. Þetta er hins vegar það lágt að okkur finnst allt benda til þess, að þarna sé um mjög álitlega hluti að ræða. Þessir 39 aurar munu örugglega hækka við frekari áætlanir, en þrátt fyrir það er allt sem bendir til að þarna sé um mjög álitlega virkjunarvalkosti að ræða. Einnig þar er við viss umhverfisvandamál að etja, sem hafa verið talsvert mikið rædd í þessari samstarfsnefnd á öðrum fundi eftir að þetta var samið."

Ég sleppi svo hér úr nokkrum línum, — og þó. Ég held ég haldi nú áfram lestrinum:

„Ég get skýrt frá því, að við hjá Orkustofnun erum með í gangi sérstaka athugun á þessum umhverfisvanda og sumar af þessum rannsóknum, sem þarna er lagt til í ályktun Náttúruverndarráðs, eru í gangi hjá okkur og við höfum góðar vonir um að þetta þurfi ekki að verða til árekstra. Hins vegar er það svo, að við þekkjum Kröflu miklu verr heldur en Námafjall, m. a. þekkjum við ekki botnhitann þar. Það er hugsanleg sú útkoma út úr boruń, og þessi botnhiti verður ekki kannaður nema með borun, að hann reynist til muna lægri heldur en við Námafjall. Ég vil ekki segja að það sé líklegt, en það er ekki hægt að útiloka það, og botnhitinn hefur ákaflega víðtæk áhrif á hagkvæmni svona jarðgufuvirkjunar. Tiltölulega lítil lækkun á hitastigi hefur mikil áhrif á afkomu svona virkjunar. Þá er hugsanlegur sá möguleiki, að rannsóknir mundu sýna að Námafjall væri tæknilega séð heppilegri staður og við höfum einnig rætt þann möguleika í samstarfsnefndinni. Eins og sést í þessari grg. og í samþykkt Náttúruverndarráðs, þá leggja þeir til að það verði frekar lögð áhersla á Kröflu í þessu sambandi, en við höfum rætt hinn möguleikann einnig, og að því er varðar mengunarhættu, þá held ég að menn séu sammála um að það sé nokkuð sama hvor staðurinn er valinn."

En svo segir orkumálstjóri síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er það athyglisverða við niðurstöður af þessari áætlun um jarðgufuvirkjun, eins og bent hefur verið á, að þarna virðist mega fá svipað orkuverð frá 55 mw. stöð eins og hægt er að fá frá vatnsaflsstöð sem er stærri."

Og fleira mun nú sagt hér í þessari löngu ræðu orkumálastjóra m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þó að samtenging sé gerð suður verða viðhorfin talsvert önnur miðað við sömu stærð, vegna þess að þá er jarðhitaorkuverið minni hluti af heildinni, en ef við hugsum okkur að byrja á 55 mw. stöð og halda áfram með önnur 55 mw. næst þar á eftir og síðan e. t. v. þá þriðju, þá er einnig þar um að ræða talsverðan hluta af heildinni. Svipuð sjónarmið gætu þá farið að koma inn, þannig að frá varfærnissjónarmiði má segja að eðlilegast er að hugsa sér að byrja þarna á 55 mw. stöð, næsta stöð þar á eftir væri vatnsaflsstöð og síðan gæti komið til athugunar viðbót í Kröflu."

En það, sem ég held þó að sé hvað skemmtilegasti lesturinn í þessu öllu og hafi ekki síst orðið til þess að kveikja miklar vonir hjá þeim sem hlýddu á orkuyfirvöldin á þessari tíð, er ræða Sveinbjörns Björnssonar forstöðumanns jarðhitadeildar Orkustofnunar, sem hann flutti á þessum tiltekna fundi. Sú ræða er ekki ákaflega löng, og mig langar til þess að lesa upp úr henni nokkur orð:

„Ég vildi byrja á því að fara nokkrum orðum um Kröfluvirkjun sem margir ræðumenn hafa vikið að. Reyndar gerðu ráðh. og orkumálastjóri ágæta grein fyrir stöðu þessa máls. Það voru örfá atriði sem ég vildi drepa á.

Rannsóknir hófust á þessu svæði sumarið 1969 og hafa verið stundaðar síðan. Þetta voru jarðfræðirannsóknir, jarðeðlisfræðimælingar, jarðefnafræðilegar, og það má segja, að því, sem við köllum frumrannsókn hafi lokið sumarið 1971. Þá var búið að gera allt sem okkur þótti fært að gera.

Næsti áfangi, sem við viljum standa fyrir, er svonefnd djúprannsókn. Þá verða boraðar rannsóknarholur. Við óskuðum eftir fjárveitingu til þess að bora árið 1972 tvær rannsóknarholur. Við óskuðum þess enn varðandi fjárlög 1974. Þetta er ekki í því fjárlagafrv. sem lagt var fyrir í þingbyrjun. Hins vegar eru vonir um að fé fáist til að bora þarna eina rannsóknarholu. Eins og ráðh. lýsti er það mjög mikilvægt að gera þarna rannsóknarholu til þess að staðfesta þær rannsóknir sem á yfirborði hafa leitt líkur til að þarna sé nægur botnhiti til þess að fara út í jarðgufuvirkjun, sem ætti helst ekki að vera lægri en 260 stig. Til samanburðar er hitinn í Námafjalli 260—290 stig. Það veltur sem sagt ákaflega mikið á því, að hann reynist þetta hár.

Í þeirri áætlun, sem gefin var út í júlí 1972, var frumáætlun um virkjun Kröflu. Þar voru nefndar stærðirnar 4, 8, 12 og 16 mw. Þá var talið af þeim, sem að áætluninni unnu, að það mundi taka 43 mánuði frá því að ákvörðun yrði tekin um virkjunina þar til hún mundi geta tekið til starfa. Meginhluti þessa tíma virtist vera afhendingarfrestur á túrbínu og tíminn við að koma henni upp og prófa hana. Ef ég man rétt er talið að 22 mánuðir væru líklegur afhendingarfrestur, en síðan eitt ár að koma henni til landsins og setja hana upp. Það kann að vera að hægt sé að fá þessa túrbínu með skemmri fresti. Þetta mál þarf að kanna betur. Það gæti verið að þar kæmi beinlínis heppni til greina eftir því hvaða túrbínustærð verður valin.

Ég vildi taka undir með öðrum sem hér hafa talað, að það er hæpið að menn legðu út í það þarna að virkja með einni 55 mw. vél. Það yrði stærsta vél á landinu, og með tilliti til þess, að þarna er um fyrstu alvörugufuaflsstöðina að ræða, má segja, að hæpið sé að menn leggi út í það að hafa aðeins eina vél. Hins vegar mætti hugsa sér tvær vélar eða þrjár, eftir því hver afhendingarfrestur væri og eftir því í hve mörgum þrepum menn vildu byggja þetta upp.“

Og áfram heldur Sveinbjörn Björnsson ræðu sinni þarna og talar um verðið:

„Verð frá þessari rafstöð mundi hækka eitthvað frá þeirri áætlun sem hér var nefnd um 55 mw. vél, því að það er heldur dýrara ef túrbínurnar eru fleiri. Hins vegar gætu aðrir hlutar virkjunarinnar verið eins. Verðið hækkar eitthvað enn miðað við að stærðin færi aldrei upp fyrir 16 mw. stærðina sem þið hafið í þessari skýrslu.“

Í þessum ræðum er að finna þá bjartsýni sem ríkti hjá Orkustofnun alla tíð frá því að fyrst var farið að kynna þetta mál og leggja það fyrir Alþ. og kynna það alþm. Og þessi bjartsýni var mjög áberandi í þeim þskj., sem lögð voru fram, og í þeim ræðum, sem t. d. iðnrh. þá flutti fyrir sínu máli. Og það er alveg ljóst, að ef einhver er höfundur að Kröfluvirkjun og hefur lagt þar á ráðin, þá er það vitanlega Orkustofnun. Það er Orkustofnun sem gaf mönnum hugmyndina um þessa möguleika og hefur alla tíð og frá fyrstu tíð lagt á ráðin í þessu sambandi. Og þau mistök, sem síðan hafa orðið, hljótum við að skrifa að langmestu leyti á reikning Orkustofnunar.

Sannleikurinn er sá, að okkur, sem fylgdumst með þessum málum eftir að kom til framkvæmdanna, fórum þá að fylgjst með þessum málum, varð fljótlega ljóst að Orkustofnun réð ekki að öllu leyti við það verkefni sem henni hafði verið falið. Það kom í ljós mjög fljótlega, því miður, að sú bjartsýni, sem var í öllum frumskýrslum er fyrir lágu þegar ráðist var í þessa framkvæmd, var að ýmsu leyti á veikum stoðum reist. Það kom í ljós, að Orkustofnun vissi minna en menn héldu að hún vissi. Og því miður verður það líka að segjast, að jafnframt því sem hún vissi kannske miklu minna um raunverulegt ástand svæðisins, þá kom líka í ljós að Orkustofnun var vankunnandi í mörgum praktískum efnum, og þá á ég fyrst og fremst við það sem varðar bortækni. Þetta eru hlutir sem smám saman voru að renna upp fyrir manni því meira sem maður fylgdist með því sem var að gerast á virkjunarsvæðinu. Og ef það er eitthvað sem ég get ásakað mig fyrir í sambandi við Kröflumálið, þá er það að hafa treyst í blindni á þær skýrslur sem lágu fyrir frá Orkustofnun í upphafi þessa máls. En það gerði ég og það gerðum við flestir.

Það hefur satt að segja fallið mér mjög illa, hvernig fjölmiðlarnir hafa reynt að halda á loft því sem ég hef leyft mér að kalla „viðvörunarpólitík“ Orkustofnunar gagnvart einhvers konar flumbruhætti okkar hjá Kröflunefnd. Sannleikurinn er sá, að þessi viðvörunarpólitík Orkustofnunar er mestan part uppspuni fjölmiðla, og það hygg ég að sú skýrsla sýni sem hér liggur fyrir frá hæstv. iðnrh., og það sýna þau plögg sem fyrir liggja, bæði fyrr og síðar, bæði hinar opinberu skýrslur sem gefnar hafa verið allt frá 1969 og fram til ársins 1975, og ræður og yfirlýsingar, blaðaviðtöl, sem komið hafa fram frá Orkustofnun. Þetta þykir mér rétt að nefna, og ég ætla að segja það hér aðeins í einni setningu, að ég álít að Orkustofnun sé ekki hafin yfir gagnrýni, en eftir þeirri löngu ræðu, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti hér í kvöld, virðist að svo sé, því að hann gerðist fyrst og fremst árásarmaður, eins og fyrr, að okkur Kröflunefndarmenn og á iðnrh., en reyndi að bera í bætifláka fyrir Orkustofnun á þann hátt að ósæmilegt er. Það er enginn hafinn yfir gagnrýni, engin stofnun í þessu þjóðfélagi og enginn einstakiingur sem fer með opinbert vald. Mér er það ákaflega óljúft að þurfa að standa í illindum við stofnun af því tagi sem Orkustofnun er og ég veit, að er vel mönnuð — að ýmsu leyti mjög vel mönnuð, það er mér ljóst og það veit ég. En hins vegar hefur mér sviðið það, hvernig áróðurinn hefur orðið til þess að blekkja fólk varðandi ýmsar staðreyndir í sambandi við Kröflumálið.

Ég skal játa það, að þessi ræða mín er kannske nokkuð „konsentreruð“ á eitt atriði og sjálfsagt hefði verið eðlilegra að nota ræðutíma sinn til þess að tala vítt og breitt um þetta mál og nefna fleiri atriði. En þetta er mér efst í huga núna vegna þeirrar ræðu, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti hér í kvöld, vegna þess að hún var slík dómadagsræða, einhliða og þó í sama anda og við höfum heyrt frá honum og sálufélögum hans í Alþfl. og hjá skandalapressunni í landinu.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, þó að af mörgu sé að taka. Ég get fúslega kannast við það, að

við hjá Króflunefnd höfum auðvitað gert margs konar mistök og mætti fyrr vera. En ég vil ekki að okkur sé kennt um mistök annarra.

Íslensk stafsetning, þáltill. (þskj. 64, n. 615 og 624, 82, 102, 616). — Frh. einnar umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég er ekki vanur því að halda langar ræður á næturfundum og enn síður þegar þingslit fara að nálgast. Ég mun ekki heldur gera það í kvöld. Ég mun láta mér nægja fáein orð og til þess duga mér fáeinar mínútur.

Hér er um að ræða tillögu um hvernig haga skuli stafsetningu íslensks máls, og það sem mér finnst að verði að segjast við þessa umr. er þetta:

Málatilbúnaður í þessu máli af hálfu menntmrn. er blettur á rn., fyrst og fremst á fyrrv. menntmrh., en einnig á núv. menntmrh. Saga þessa máls síðan fyrrv. menntmrh. árið 1974 breytti meira en 40 ára gömlum stafsetningarreglum er enn fremur dæmi um valdníðslu af hálfu tveggja ráðh. gegnvart Alþingi. Það, sem gerst hefur, er það, að meira en 40 ára gömlum reglum var breytt, — reglum sem á sínum tíma voru settar að bestu manna yfirsýn. Meginhöfundur þeirra reglna var prófessor Sigurður Nordal, sem mér er persónulega kunnugt um að hafði frumkvæði að setningu þeirra að mjög rækilega athuguðu máli. Um þessar reglur hafði smám saman skapast fullkominn friður og þær höfðu verið viðurkenndar af öllum aðilum: blöðum, fjölmiðlum, rithöfundum, hinu opinbera, í marga áratugi, þegar skyndilega er til þess gripið að þeim er breytt 1974.

Hvers vegna tek ég þannig til orða, að þessi ráðstöfun sé blettur á menntmrn.? Á því er einföld skýring. Það sem gerðist, var það, að hæstv. þáv. menntmrh. skipaði 5 manna n. til að gera tillögur um breytta skipun stafsetningar. Ekki var meira við haft en svo, að engin tilkynning var birt um skipun þessarar nefndar. Það var ekki vitað að hún væri að störfum fyrr en hún lauk störfum og skilaði tillögum til þáv. hæstv. ráðh. Áður en hann fór að tillögum hennar og breytti reglugerðinni, sem gilti um stafsetninguna, leitaði hann ekki umsagnar nokkurs aðila. Hann gerði ekki þann sjálfsagða hlut t. d. að spyrja íslenskudeild Háskóla Íslands um álit hennar á málinu. Hann gerði ekki þann sjálfsagða hlut — og ég skal nefna annað dæmi — að spyrja Íslenska málnefnd, sem starfar lögum samkv., um álit hennar á málinu. Hann spurði engan. Ég spurði í umr. á sínum tíma hæstv. ráðh. hvort hann hefði skýrt ríkisstj., sem þá sat, frá hinum nýju reglum áður en hann gaf þær út. Þeirri spurningu svaraði hann ekki. Ég taldi það þá og tel það enn vera vott þess, að hann hafi ekki gert það, heldur gefið út reglurnar upp á sitt eindæmi.

Það stóð ekki á mótmælum. Ég rek þá sögu ekki nema í örfáum orðum. 60 af kunnustu menntamönnum þjóðarinnar mótmæltu þegar í stað þessari ráðstöfun. Auðvitað voru henni margir fylgjandi, einkum barnakennarar. En afleiðingarnar létu ekki á sér standa. Það skapaðist þegar í stað og ríkir enn alger glundroði í stafsetningu íslenskrar tungu. Dagblöðin nota ekki sömu stafsetningu. Stærsta dagblað landsins, sem kemur á svo að segja hvert heimili í landinu, notar enn gömlu stafsetninguna. Stjórnarráðið sjálft notar ekki eina og sömu stafsetningu. Ýmis rn. nota enn gömlu stafsetninguna þó að önnur fylgi hinum nýju reglum. Læt ég þetta nægja sem dæmi um þá ringulreið sem þessi ráðstöfun fyrir 4—5 árum skapaði.

Þá kem ég að síðara atriðinu. Hvers vegna nefni ég valdníðslu í sambandi við sögu þessa máls síðan þessi reglugerð var gefin út 1974? Ég geri það af eftirfarandi ástæðum:

Hinn 29. apríl 1974, sama árið og reglugerðin var gefin út, reglurnar voru gefnar út, samþykkti Alþ. ályktun um að hinum nýju reglum skuli hrundið og gamla skipanin tekin upp aftur. Alþ. samþykkti skýlausa ályktun um þetta. En ráðh. fjögurra manna þingflokks leyfði sér að hundsa þessa skoðun Alþingis, þessa ályktun Alþingis í skjóli þess, að hann hafi haft samkv. hefð og hafi samkv. hefð rétt til þess að segja fyrir um stafsetningu íslenskrar tungu. Ég hef aldrei efast um og geri ekki enn — ég hef margtekið það fram, að ráðh. hafi haft fullan rétt til þess sem hann gerði. En hina skoðunina hef ég jafneindregna, að eftir að ráðh. vissi um skoðun meiri hl. Alþingis á málinu, þá var það siðleysi að hlíta ekki þeim vilja. Sá ráðh., sem neitar að haga stjórnarathöfnum sínum í samræmi við ályktanir Alþingis, á ekki lengur að sitja í ráðherrastóli. Það er mergurinn málsins. En það gerði þessi ráðh. og það hefur núv. ráðh. einnig gert, eins og ég mun koma að rétt á eftir.

Núv. hæstv. menntmrh. lýsti því yfir við umr. um þetta mál hér á hinu háa Alþ., að hann sjálfur mundi aldrei hafa sett hinar nýju reglur. Þetta er staðfest í þingtíðindum. En, sagði hann, fyrst þær hefðu verið settar vildi hann ekki breyta þeim. Þessi afstaða mun lengi í minnum höfð. Þetta er svipað því að dómari í þjófnaðarmáli segði sem svo: Auðvitað átti þjófurinn ekki að stela, en fyrst hann er búinn að stela, þá verður við það að sitja, svo að ekki er rétt að vera að dæma hann. — Það skiptir ekki máli, hvað var eða er rétt eða rangt, heldur hitt, hvað er búið og gert. Þetta var og er hugsunarháttur hæstv. núv. menntmrh. Hann fékk þegar í upphafi starfs síns, eða á árinu 1975, í hendur áskorun 33 alþm. af 60, — hann fékk í hendur á fyrsta starfsári sínu áskorun 33 alþm. af 60 um að breyta reglunum frá 1974. Þessi hæstv. ráðh. hundsaði einnig þennan þingmeirihl., og þess verður minnst í þingsögunni.

1976, það er þriðja dæmið um valdníðsluna sem ég leyfi mér að nefna, var flutt frv. um lögfestingu hinna gömlu stafsetningarreglna. Fyrrv. menntmrh. beitti ósæmilegu málþófi hér í hv. Nd., hann talaði t. d. einu sinni til kl. 6 að morgni — klukkan er þó ekki nema tæplega 4 núna. Í Nd. hlaut frv. þá afgreiðslu, að það var samþ. með 25:14 atkv., — það var samþ. í Nd. með 25:14 atkv., og allir hv. þm. vissu að það var meiri hl. fyrir frv. í hv. Ed. En með bolabrögðum tókst núv. og fyrrv. menntmrh. að koma í veg fyrir afgreiðslu málsins í Ed. á síðasta starfsdegi þeirrar deildar.

Síðustu orð mín skulu vera þessi: Það er vitað að meiri hl. þm. nú er andvígur hinum nýju reglum, en hæstv. menntmrh. hefur undanfarna daga með hjálp fyrirrennara síns misbeitt þeirri aðstöðu sem hann hefur sem ráðh. til þess að koma í veg fyrir að þessi þingmeirihl. fái að njóti sín eða skoðanir hans fái komist í framkvæmd. Þá sögu rek ég ekki frekar hér nú að næturlagi. En ég kemst ekki hjá því að segja að síðustu, að öll framganga fyrrv. og núv. menntmrh. í þessu máli er þeim því miður — vægast sagt — ekki til sóma og mun verða lengi minnst í þingsögunni.

Umr. frestað.

Efri deild, 103. fundur.

Laugardaginn 6. maí, kl. 10 árdegis.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 927 (sbr. 824 og 919)). — Ein umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Við afgreiðslu heilbr.- og trn. Ed. á frv. til l. um heilbrigðisþjónustu gerðum við breytingu á 14. gr. 10. Hún hljóðaði svo, eftir að við höfðum gert þá breytingu:

„Þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið, skal heilsugæslustöð í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal sjá um læknismóttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóna Skeggjastaðahreppi. Ráðh. getur í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir fellt niður einn eða fleiri af málsliðum þessarar greinar."

Þegar farið var að huga að þessu í Nd. komust menn að þeirri niðurstöðu, að ekki væri eðlilegt að ráðh. gæti fellt niður ákvæði í lagagrein. Þeir fóru því höndum um greinina á ný og umbættu á þann veg, að nú hljóðar hún þannig:

„Þrátt fyrir framangreinda skiptingu og þar til öðruvísi verður ákveðið, skal heilsugæslustöð í Stykkishólmi þjóna Flateyjarhreppi, heilsugæslustöð í Búðardal, sjá um læknismóttöku á Reykhólum og heilsugæslustöð á Þórshöfn þjóna Skeggjastaðahreppi. Ráðh. getur í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveðið breytingar á framkvæmd einstakra málsl. samkv. 2.—9. mgr. þessarar greinar."

Heilbr.- og trn. hefur á fundi sínum í gærkvöld tekið þetta mál fyrir og leggur einróma til að frv. verði samþ. svo breytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 947).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 803 (sbr. 802 og 600), n. 837 og 871). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef ekki ástæðu til að lengja störf þessarar d. um of, en það eru nokkur atriði sem ég þyrfti að víkja lítillega að frá því að seinast gafst kostur á að ræða þessi mál.

Ég vil fyrst þakka hv. form. fjh.- og viðskn. Ed. fyrir að hafa útvegað reikniaðstoð í sambandi við till. sem ég flyt á þskj. 871. Ég held að afgreiðsla þessa máls sýni gjörla hversu fráleitt það er af hálfu ríkisstj. að keyra mál af þessu tagi í gegnum báðar deildir þingsins á tiltölulega skömmum tíma og ætlast til þess að menn taki afstöðu til fjöldamargra reikningslegra atriða, prósentuhlutfalla og annarra stærða sem verka með mjög flóknum hætti hver á aðra. Annaðhvort verða menn að taka við því, sem að þeim er rétt, eða hafa góðan tíma til þess að meta þær breytingar sem gera þyrfti á frv.

Ég flyt á þskj. 871, eins og ég hef áður sagt, allmargar brtt. og ég tel, eftir að ég hef fengið upplýsingar um reikningslegar afleiðingar af samþykkt þessara till., að það leyni sér ekkert, að þær stefna í rétta átt og hér sé að sjálfsögðu fyrst og fremst um stefnumótun að ræða. Hitt er annað mál, að ef ég hefði haft þá reikningsaðstöðu að geta sett upp og látið reikna mismunandi tilvik, þá má vel vera að ég hefði hagað þessum till. með eitthvað öðrum hætti, því að eins og gefur að skilja er erfitt að hitta nákvæmlega á hið rétta ef maður hefur ekki reiknivélina alla í gangi meðan verið er að setjar slíkar till. á blað. En eins og ég hef þegar tekið fram, er ljóst að till. mínar stefna í rétta átt. Þær eru auðvitað fyrst og fremst viðbrögð við þessu frv. og sýna hvers konar stefnumótun ég tel að eðlilegri væri.

Það fór alveg eins, þegar reiknimeistarar komu til sögunnar, og verið hafði við upphaf þessarar umr., að þeir reyndust reiðubúnir að reikna hver útgjöld og tekjutap fælust í till. mínum, en þeir gáfust alveg upp á að reikna hverjar tekjur ríkissjóður gæti haft af samþykkt till., og var þó enginn í vafa um það, sem athugaði till., að þær mundu hafa í för með sér verulegan tekjuauka fyrir ríkissjóð. Ástæðan er auðvitað fyrst og fremst tæknilegs eðlis.

Till., sem horfa til tekjuauka fyrir ríkissjóð, snerta fyrst og fremst skattlagningu fyrirtækja og rekstraraðila, og það verður að segjast eins og er, að það hefur alveg verið vanrækt að hlaða tölvur með upplýsingum um einstaka rekstrarþætti fyrirtækja, sem áhrif hafa á skattlagningu þeirra, svo að auðvelt væri að láta tölvurnar svara ákveðnum atriðum varðandi skattlagningu fyrirtækja.

Ég flyt á þskj. 871 þrenns konar tillögur. Í fyrsta lagi flyt ég till. sem snerta skattálagningu 1978 og 1979, sem sagt bæði á þessu ári og hinu næsta, og ég held að enginn, sem athugar þessar till., sé í neinum minnsta vafa um að þær munu hafa í för með sér stórfelldan tekjuauka fyrir ríkissjóð þannig að á þessum tveimur árum nái ríkissjóður talsverðu forskoti fyrir áhrif þessara till. sem ég hef lagt fram.

Í öðru lagi snerta till. mínar álagningu skatta á árinu 1980, og þá er það vafalaust rétt, sem fram kom við upphaf þessarar umr., að till. hafa í för með sér á því ári meiri útgjöld fyrir ríkissjóð en tekjur. Auðvitað mætti endurskoða þessar till. annaðhvort á þessu vori eða næsta hausti, eftir að ljóst lægi fyrir hver tekjuaukinn væri.En í því sambandi vil ég bara minna á að ekki er minnsti vafi á því, að frv. allt verður tekið til endurskoðunar áður en verður lagt á samkv. lögum á árinu 1980. Ég er sannfærður um að þegar álagning verður gerð á árinu 1980, þá stendur varla ein einasta tala í þessum væntanlegu lögum óbreytt. Þær munu allar breytast, ekki aðeins krónutölurnar vegna verðbreytinga, heldur einnig prósentutölurnar. Þær eru allar miðaðar við aðstæður líðandi stundar og eiga vafalaust eftir að taka breytingum. Einnig er ég sannfærður um að við nánari athugun málsins eigi menn eftir að reka sig á ýmsa vankanta þessa frv., enda þori ég að fullyrða að þeir þm. hér á Alþ. eru teljandi á fingrum annarrar handar sem eru færir um að gera grein fyrir öllum ákvæðum þessa frv. og skilja þau til fullnustu. Ég vil ekki fullyrða að ekki séu nokkrir þm. til hér sem eru fullkomlega klárir á því hvernig bakreikningur fyrninga kemur út í reynd.

Þeir eru áreiðanlega nokkrir, en þeir eru ekki margir. Þeir eru svo sannarlega ekki margir. Ég er því sannfærður um að þetta frv. á eftir að taka verulegum breytingum, jafnvel þótt það verði að lögum nú áður en álagning á sér stað.

Um þessa útreikninga vil ég að öðru leyti ekki segja margt. Talið er að hækkun persónuafsláttar, sem ég hef hér gert till. um og nemur 50 þús. kr., þ. e. a. s. hækkun úr 250 þús. kr., hafi í för með sér rúmlega 5 milljarða útgjöld fyrir ríkissjóð. Þetta þykir mönnum auðvitað harla kynlegt við fyrstu sýn. En ástæðan mun vera sú, að talsverður hluti af þessum persónuafslætti rennur til manna í gegnum útsvörin eða greiðslu útsvara og kemur til lækkunar á þeim, þannig að hér er ekki bara um að ræða lækkun á tekjuskatti, heldur um leið verulega lækkun á útsvari. Þetta setur auðvitað nokkurt strik í reikninginn. Svona er nú þetta skattakerfi orðið flókið, að það er erfitt að koma fram persónuafslætti í tekjuskatti án þess að það komi ekki talsverður partur af honum á sama tíma á útsvarið. Hins vegar væri út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að lækka skattabyrði útsvarsgreiðenda, vegna þess að staðreyndin er sú, að núv. ríkisstj. hefur verið alveg sérlega dugleg að leggja flatan skatt á útsvarsgreiðendur sem kemur þyngst niður á lágtekjufólkinu. Þetta er flatur skattur sem lendir á allar tekjur, jafnvel hinar lægstu, og hann hefur einmitt verið hækkaður sérlega mikið í tíð þessarar ríkisstj. með hækkun sjúkratryggingagjalds, álagningu þess fyrst og svo hækkun þess á s. l. vetri.

Ég veit nú ekki hversu nákvæmlega á að fara í að gera grein fyrir þessum útreikningum. Ég hef fengið tvö plögg. Annars vegar er um að ræða útreikning á skattakerfi Ragnars Arnalds, eins og hér er merkt, og það eru hvorki meira né minna en 14 útskrifaðar síður úr tölvu og felur í sér samanburð á frv. með þeim breytingum, sem ég hef hér gert við það, og gildandi lögum. Ef maður á síðan að komast að niðurstöðu um það, hver sé munurinn á frv. samkv. tillögum mínum og frv. ríkisstj., verður að fara í aðra útskrift sem er engu styttri, einnig upp á 14 útskrifaðar síður og felur í sér samanburð á skattakerfinu eins og það er nú og frv. sem ríkisstj. hefur lagt fram. Það þarf sem sagt að fara í gegnum tvær tölvuútskriftir til þess að komast að niðurstöðu um þessi atriði. Við skulum vona að tölvan hafi ekki misstigið sig á þessari löngu leið og hafi komið þessu til skila með réttum hætti. En þetta sýnir nokkuð vel hversu flókið mál er hér um að ræða.

Eins og ég sagði áðan, þá sé ég ekki að öðru leyti að ástæða sé til að fjölyrða um till. mínar. Ég tel að útreikningarnir, sem lagðir hafa verið fram í þessu sambandi, séu góðra gjalda verðir og gott að hafa þá til samanburðar. En þeir koma ekki nema að takmörkuðu gagni vegna þess að það er engin tilraun gerð til þess að reikna tekjuhlið þessara brtt. Ég vil vekja á því athygli, að atvinnureksturinn í landinu mun velta á árinu 1978 u. þ. b. 800 þús. millj. kr., og miðað við reynsluna af fyrri árum, þegar komið hefur á daginn að réttur helmingur af veltu fyrirtækja lendir ekki í tekjuskatti, eru horfur á því, að á árinu 1978 renni um 400 þús. millj. kr. hjá garði án þess að lenda í tekjuskatti. Með því að gera verulegan uppskurð á núverandi álagningarkerfi hvað snertir tekjuskatt á félög er alveg vafalaust hægt að ná verulegum viðbótartekjum í ríkissjóð. Hversu stórar upphæðir er hér um að ræða er hins vegar ekki auðvelt að fullyrða neitt um, en ég verð að segja það alveg eins og er, að mér þætti ekki ólíklegt að hér gæti verið um að ræða 10 milljarða, svo ég nefni tölu sem vissulega er tekin af nokkru handahófi. Á árinu 1976 er talið að vergur hagnaður fyrirtækja hafi numið tæpum 20 milljörðum kr. Miðað við aukningu veltu milli ára frá árinu 1976 til ársins 1978 þætti mér ekkert ósennilegt, að um væri að ræða vergan hagnað fyrirtækja sem gæti verið milli 40 og 50 milljarða. Fyrirtækin sleppa, eins og ég hef margoft bent á, að verulegu leyti við að greiða tekjuskatt og álagður tekjuskattur félaga á s. l. ári nam aðeins 2870 millj. kr. Ég hef hins vegar getið mér þess til, að með þeim róttæku breytingum, sem ég hef gert hér till. um að gerðar verði á fyrningarreglum, gæti farið svo, að u. þ. b. fjórðungur af þessum verga hagnaði fyrirtækja yrði skattlagður, þ. e. a. s. 10 þús. millj. kr. Þetta er að vísu ágiskunartala sem ég verð að styðjast við eingöngu vegna þess að gögn eru svo ófullkomin af hálfu skattyfirvalda að ekki er hægt að tölvuvinna slíka áætlun. En ég held að þessi tala, sem ég hef hér nefnt, bendi eindregið til þess, að tekjur á árunum 1978, 1979 og 1980 yrðu ekki minni, heldur talsvert meiri af völdum samþykktar þessara till., sem ég hef lagt fram, heldur en útgjöldin.

Herra forseti. Um þetta mál mætti margt fleira segja, en vegna þess hversu naumur tími okkar er í dag læt ég þessi orð nægja.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það eru fróðlegar tölur sem hv. síðasti ræðumaður talaði um. Hann minntist á viðskiptaveltuna, um 8 þús. millj. kr., og eflaust væri hægt að ná meiri tekjum inn í ríkissjóð. Það getur vel verið að hann fari með réttar tölur að mestu leyti, þó svo hann gæti þess að þetta væru ágiskunartölur. En ég er hræddur um að innifalið í þessum 8000 millj. kr., sem hann gat um sé talsvert af fyrirtækjum sem ekki taka neinn þátt í skattgreiðslum, eins og hann réttilega gat um, að því marki sem hann var að tala um. Ég veit ekki til þess, að samvinnuhreyfingin t. d., sem hefur með höndum helminginn af öllum innflutningi til landsins, standi undir sömu gjöldum og aðrir útflytjendur. Ég veit ekki til þess, að önnur fyrirtæki í landinu, sem eru rekin á vegum ríkisins, greiði nokkurn skapaðan hlut í sameiginlegan kostnað. Oftast er greitt með þeim. En nóg um það.

Það er nú orðið dálítið liðið síðan umr. um þetta skattalagafrv. fóru hér fram, það eru einir 24 tímar síðan, og það, sem ég var með í huga þegar þær umr. stóðu yfir, er mikið farið að gleymast. En það sem ég punktaði hjá mér, er þó athyglivert. Hv. 5. þm. Austurl. kom að þeim ummælum mínum, að við Ragnar Arnalds værum ekki alltaf sammála um frv., við værum þó báðir sammála um að þetta frv. væri vont. Og í þessu tilfelli ætla ég að útskýra þetta.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. telur þetta frv. slæmt vegna þess að ekki er nóg þrengt að fyrirtækjum. Hann vill láta ganga harðar að þeim. Ég aftur á móti tel þetta slæmt frv. vegna margra galla sem ég gat um. Ég tel að sé of mikið þrengt að t. d. smáatvinnurekstri, eins og kemur fram í 59. gr. og bæði hefur verið rætt hér ítarlega og eins í Nd., og tel ég ekki ástæðu til að rifja það upp. Þarna eru tvær andstæður. En inn á milli er þetta góða sem hv. 5. þm. Austurl. lítur á, og það er spegilmynd af frv. Það kemur fram í 59. gr., svo hljóðandi:

„Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbún-

aðarafurða, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem því ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra."

Þetta er ágætt. Þetta er viðbót við það sem var áður. Ég er alveg sammála þessu og fagna því, að þetta skuli vera komið inn, tel það sjálfsagt. En á móti kemur svo upphafið að þessari grein sem stangast á við þetta.

„Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila ... skal ákvarða honum tekjur af starfinu."

Þarna stangast á. Ragnar Arnalds telur að frv. gangi ekki nógu hart að atvinnurekendum. Ég tel að það gangi mjög hart að atvinnurekendum, sérstaklega þeim smærri. Það er svo búið að koma ákvæði inn í þessa grein sem tekur verulegt tillit til álagningar á bændur, og það telur hv. 5. þm. Norðurl. v. mjög gott. Svona stangast á í frv. Hægt er að fara í gegnum frv. lið fyrir lið, þannig að einn getur séð margt gott við það og aðrir geta orðið sammála um að það sé vont, þó að þeir séu ekki sammála um að það sé sú sama illska í því alls staðar.

Ég vil taka undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e., og er það að vísu það sama og ég var búinn að leggja áherslu á, að verið er að kippa grundvellinum undan trúnaði milli banka og viðskiptavina þegar sparifé er gert framtalsskylt. Ég vitnaði í álit viðskiptabankanna sem ég leyfi mér að vísa til. Hv. 2. þm. Norðurl. e. er maður með hálfrar aldar starfsreynslu í þjóðbankanum og að það skuli ekki vera hlustað á hann eða tekið tillit til þess, sem hann segir, er alveg furðulegt.

Ég hefði viljað beina spurningum til fjmrh., en ég sé að báðir formenn fjh.- og viðskn, eru staddir í þessari hv. d. og þeir gætu kannske borið sig saman og þá formaður okkar svarað. Það hefur komið í ljós, að stóraukinn kostnaður verður við þá framkvæmd sem ætluð er með þessum lögum. Skattseðlar verða prentaðir í miklu meira magni. Allur útsendingarkostnaður verður miklu meiri. Hvað er þessi kostnaður miklu meiri en hann er við framkvæmd skattalaganna nú? Það er fyrsta spurningin. Hvað er ætlað að miklu meira skrifstofupláss þurfi undir aukastarfslið, og hvað er aukastarfsliðið, sem þarf að bæta við, mikið? Sem sagt, hvað eru margir skattseðlar sendir út og hvað verða margir skattseðlar sendir út? Ég tel mjög áríðandi á þessu stigi að fram komi hvað fjmrh. eða þessir ágætu embættismenn, sem hafa unnið að þessu, telja að báknið við innheimtu ríkissjóðstekna stækki við samþykkt þessa frv. Ég held að það fari ekkert milli mála, að þar verður töluverð breyting á.

Ég vil þá undirstrika það enn einu sinni, að í báðum þeim ræðum, sem hv. frsm. fjh.- og viðskn. hefur haldið hér um þetta mál, hefur hann séð ástæðu til þess að taka fram, að margvíslegar athuganir þurfi að gera á þessu frv. og endurbæta það til að gera sér grein fyrir ýmsum ákvæðum sem eru í frv. Frv., sem hér á að fara að samþykkja, er sem sagt ekki tilbúið svo megi nota það sem lög. Það liggur alveg ljóst fyrir af ummælum allra sem tekið hafa til máls. Og af hverju er þá verið að þrýsta þessu í gegn? Allir, sem tekið hafa til máls, hafa talað um að það þurfi að endurbæta skattalögin og athuga þurfi vel og gera sér grein fyrir ýmsum ákvæðum sem í frv. eru, eins og kom fram hjá frsm. okkar í báðum ræðum. Frv. er sem sagt ekki nothæft eins og það er þó það verði samþykkt. Það þarf að breyta því. Allir eru sammála um þetta.

Tölvuvinnsla hefur kostað gífurlegt fé, sagði hv. frsm. fjh.- og viðskn., og embættismenn hafa lagt mikið á sig til að gera frv. sem best úr garði. Það getur vel verið. Tölvuvinnsla getur verið dýr, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. upplýsti áðan. Hann hefur allt í einu fengið, frá því að síðast var rætt hér um þetta frv., tvisvar sinnum 14 blaðsíðna úttekt úr tölvum. En tölvan skilar ekki öðrum niðurstöðum en hún er fær um að gera miðað við það sem í hana er sett. Og embættismennirnir gera náttúrlega sitt besta til þess að vinna úr því sem þeim er fengið í hendur, ef þeir fá þá ekki frjálsar hendur. Það er það, sem ég er að gagnrýna, þ. e. hugsunina sem er á bak við þetta. Mér finnst reynt að ná sem mestu af einstaklingum í staðinn fyrir að það á að stefna að því að skilja sem allra mest eftir af rauntekjum fólks til ráðstöfunar í höndum fólksins sjálfs.

Ég vil ítreka spurningu mína og beina henni til fjmrh., úr því að hann er kominn í salinn. Mér leikur hugur á að vita hvað framkvæmd þessara laga verður miklu dýrari en framkvæmd þeirra laga sem nú eru í gildi. Hvað er reiknað með miklu meira skrifstofurými, hvaða viðbótarstarfslið þarf, hvað eru margir skattseðlar sendir út í dag, hvað verða margir skattseðlar sendir út ef þetta frv. verður að lögum? Það er kannske ekki raunhæft að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji að báknið við innheimtu ríkistekna minnki eða stækki við þær breytingar sem hér eiga sér stað.

Ég get ekki nógsamlega undirstrikað þá hættu sem felst í 94. gr., þar sem ríkisskattstjóri eða opinberir aðilar hafa heimild til þess að taka hvern sem er fyrir og spyrja hann, yfirheyra um náungann, um hvern sem er. Ef ríkisskattstjóri heldur að einhver einstaklingur geti veitt upplýsingar um annan, þá er honum heimilt að afla sér þeirra upplýsinga, hvort sem viðkomandi aðili er samvinnuþýður eða ekki. Ef hann er það ekki, þá er ég nú kannske heldur bjartsýnn á að lögregluaðferðir verði ekki notaður til þess að fá út úr honum það sem þarf að fá út úr honum, vegna þess að sá kafli eða sú grein er komin út úr frv. En þetta er vondur kafli.

Ég held að ég sjái ekki ástæðu til þess að hafa þetta lengra. En ég vil taka undir orð hv. 2. þm. Norðurl. e., sem ég vil ítreka að er reyndur bankamaður og hefur alist upp í þjóðbankanum, byrjaði þar sem ungur maður í ábyrgðarlitlum störfum, en endaði sem bandastjóri og er með 50 ára starfsreynslu að baki. Hann segir í sínum málflutningi að með setningu þessara skattalaga getum við bætt sparifjáreigendum það tjón sem þeir hafa orðið að þola vegna verðbólgu o. fl. Við erum einmitt að vinna að þessari setningu skattalaga, og ég vona að það verði tekið mark á þeirri miklu reynslu sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur yfir að búa.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Varðandi það sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði hér, þá hefur verið reynt að reikna út eftir bestu getu það sem hann bar hér fram, og það hafa verið reiknaðir einnig teknaliðir eins og hækkun á tekjuskattstiga einstaklinga og félaga. Hins vegar hefur ekki verið reiknaður einn gjaldaliður, sem er frádráttarliður vegna húsaleigu. Þetta eru þau ákvæði sem lúta að framtíðinni. Það er því alveg ljóst að brtt. hans hafa gífurleg

áhrif í sambandi við tekjuskattinn í framtíðinn og nánast niðurfellingu á honum. En hitt er svo alveg rétt, að brtt. hans vegna áranna 1978 og 1979 er mjög erfitt að gera sér grein fyrir. Ég vil á engan hátt áætla áhrif af þeim vegna þess að það væri áætlun út í loftið. Þess vegna vil ég ekki leggja neinn dóm á áætlun hans, þótt mér þyki hún nokkuð í hærra lagi. En það er hins vegar ljóst, að ég held að það sé vart raunhæft að gera breytingu á álagningunni núna, 1978. Þessi álagning er þegar hafin og menn eru búnir að skila inn framtölum í stórum stíl, þannig að framkvæmdalega séð held ég að sé vart hægt að hugsa sér að breyta þar um. En ekki meira um það.

Varðandi það, sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði varðandi viðmiðunartekjurnar, þá vil ég taka það fram, að nauðsynlegt þótti að setja sérreglur í sambandi við landbúnaðinn, vegna þess að það er afskaplega erfitt að finna þar viðmiðun. Út af fyrir sig er ekki erfitt að finna viðmiðun hjá skipstjóra á bát, en það hlýtur að vera sá aflahlutur sem honum er reiknaður. Það er ekki heldur eins erfitt að finna viðmiðun, ja, við skulum segja hjá kaupmanni. Það hljóta að vera þau laun sem eru venjuleg og eðlileg við slík störf sem fjöldi manns vinnur við. Svo mætti lengi telja. En hins vegar er það svo í landbúnaði, að þar er enga slíka viðmiðun að finna. Það eru að vísu til örfá ríkisbú. Og spurningin er: Ætti að reikna bændum svipuð laun og forstöðumenn á þeim búum, sem ríkið rekur, fá til tekna? Ég held að það geti allir verið sammála um að slíkt getur vart gengið. Þess vegna þótti sérstök ástæða til þess, að sett yrði sérstök regla um landbúnað. Hins vegar vil ég endurtaka það, að ég held að ekki sé ástæða til þess að óttast þessar reglur. Þær viðmiðunarreglur, sem eru í gildi t. d. varðandi launaskatt og reiknað er með að yrðu svipaðar í þessu sambandi, eru fremur lágar. En þetta ákvæði hefur þýðingu varðandi hugsanlegan tapsfrádrátt frá launum. T. d. hafa komið upp nokkur dæmi þess, að menn með mjög góðar tekjur eru kannske með búrekstur og reka hann með tapi, m. a. vegna fyrninga o. fl. Í þeim tilfellum mundu viðkomandi aðilar ekki hafa heimild til þess að draga tap af þessum hliðarrekstri frá launum sínum.

Hv. þm. Albert Guðmundsson spurði hvað þetta mundi hafa í för með sér mikinn kostnaðarauka og hvað starfsliði mundi fjölga mikið, og hann spurði, hvað margir einstaklingar og hjón teldu fram. Ég held að ég hafi það nokkurn veginn, hvað þessi framtöl eru mörg. Ég hygg að einstaklingsframtöl séu um 70 þús. og framtöl hjóna um 45 þús. Það, sem gerist, er einfaldlega það, að þessi 45 þús. hjón munu nú telja fram sitt í hvoru lagi þannig að framtölunum fjölgar um 45 þús. Þetta mun að sjálfsögðu hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sér, ég held að það liggi ljóst fyrir. En hitt er svo annað mál, að ekki er víst að hann yrði mikill þegar hann er metinn í staðgreiðslukerfi, því að hvort eð er þyrfti að innheimta af hvoru hjóna um sig þann skatt sem á að innheimta í staðgreiðslukerfinu. Ég held að það sé engin leið að gera sér fulla grein fyrir því, hvað þetta mun hafa í för með sér mikinn kostnaðarauka og hvað starfsliði þurfi að fjölga. Það er ljóst að ýmsar reglur í þessu frv. munu verka mjög til einföldunar, t. d. sá 10% staðalfrádráttur sem gert er ráð fyrir í frv. Hann mun sennilega gera það að verkum, að allt að 70% af framteljendum muni velja þann frádrátt og mun þá ekki þurfa að tíunda hina einstöku frádráttarliði. Þetta hefur mjög mikla einföldun í för með sér sem léttir á skattyfirvöldum. Á þennan hátt má telja ýmis atriði sem verka þarna til mótvægis. En kostnaðaráhrifin verða náttúrlega ekki að fullu metin fyrr en frv. til laga um staðgreiðslu skatta hefur verið afgreitt og farið betur yfir það. Þessi löggjöf miðar við að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta. Það frv. hefur ekki fengið meðferð hér í þinginu, en ég held að meta þurfi áhrif þessara frv. saman.

Varðandi það að ég hafi talið að alls ekki væri hægt að nota þetta frv. nú, það væri alls ekki tilbúið, þá finnst mér það vera á misskilningi byggt. Það, sem má kannske fyrst og fremst um þetta segja, er að eins og ég sagði áðan byggir þetta frv. á því, að frv. til l. um staðgreiðslukerfi skatta verði afgreitt síðar. Þess vegna er náttúrlega ljóst að frv. í núverandi mynd verður ekki tilbúið til notkunar fyrr en það frv. hefur verið samþ. og afgreitt héðan. En hitt er svo annað mál, að ef það tekst ekki og t. d. sú yrði niðurstaðan, að menn tækju alls ekki upp staðgreiðslukerfi skatta, þá er tiltölulega mjög einfalt mál að breyta þessu frv. Það, sem þarf fyrst og fremst að breyta, eru skattprósentur og nokkur önnur atriði, sérstaklega innheimtukaflinn í frv. Ég hef einnig sagt að rétt sé að vinna að frekari athugun á nokkrum atriðum í þessu frv. En hitt er svo annað mál, að það er ekki sama og það sé ekki út af fyrir sig tilbúið til notkunar.

Ég sé svo ekki ástæðu til herra forseti, að fjölyrða meir um þetta mál. Það hefur hlotið tiltölulega stutta meðferð á þessu þingi og ég get tekið undir það. En ég vil svo leggja áherslu á það sem ég sagði hér fyrr við umr., að í þetta frv. hefur verið lögð mjög mikil vinna og í sambandi við tölvuvinnslu við gerð svona frv. hafa skapast gífurlegir möguleikar og gerir það möguleg mun vandaðri og nákvæmari vinnubrögð. Það er nú svo, að vart er hægt að hugsa sér að ganga frá slíkri löggjöf sem þessari nema hafa yfir að búa þeirri tækni, sem tölvurnar hafa við útreikning á hinum ýmsu valkostum, til þess að geta gert grein fyrir áhrifum þeirra og metið hvað skuli valið og hvað sé til mestra hagsbóta fyrir sem flesta í landinu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. frsm. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., 5. þm. Austurl., fyrir hans ágætu svör sem staðfestu það sem ég vildi fá inn í þingbækur, að ekki er vitað annað en það þurfi að „prufukeyra" þetta frv. miklu meira áður en það getur orðið að lögum og þá brúklegt. Og það verða um 45 þús. fleiri skattseðlar sendir út heldur en í því kerfi sem við búum við, ef ég hef skilið hann rétt. Þetta hlýtur að verða talsverður kostnaðarauki. Og svo þarf starfsfólk og skrifstofur, og því fylgir allur sá kostnaður sem er við starfsfólk, ekki bara launagreiðslur, heldur má segja launtengd gjöld og vinnuaðstaða, svona tvisvar sinnum launin, sem greidd eru.

Það er talað um að þetta frv. verki ekki rétt fyrr en staðgreiðslukerfi er komið á. Svarið var, að kostnaðarauki væri óljós, það væri ekki hægt að geta sér til um kostnaðinn. Þá erum við komnir að því, að frv. þarf að endurskoða áður en það getur tekið gildi eða haft notagildi. Það þarf að koma staðgreiðslukerfi á, áður en kerfið í heild verkar. Kostnaðurinn við þetta er óljós. Það er sem sagt óljóst hvort það verkar, hvort það er nothæft og hvað þetta kostar.

Við erum alltaf að tala um staðgreiðslukerfi miðað við það kerfi sem við höfum í dag. En að breyta úr venjulegu innheimtukerfi í staðgreiðslukerfi er alls ekki það sem við erum að gera. Við hlaupum alltaf yfir eitt atriðið og

það atriði er að við höfum ekki venjulegt innheimtukerfi í dag á okkar sköttum. Við höfum fyrirframgreiðslur. Við erum að breyta úr fyrirframgreiðslukerfi í staðgreiðslukerfi og það er dálítið annað.

En sem sagt, það liggur þá ljóst fyrir að framkvæmd þessara laga er verulega miklu dýrari en framkvæmd þeirra laga sem við störfum eftir nú, kostnaðurinn er óljós, það er ekki hægt að geta sér til um hann, og það þarf að athuga þetta frv. verulega mikið áður en heppilegt er að það taki gildi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JGS, OÓ, RA, StJ, StH, StG, AJ, EggÞ, EÁ, GeirG, GH, HÁ, HFS, IT, IH, JHelg, JÁH, ÞK.
nei: AG.

Einn þm. (ÁB) fjarstaddur.
8.—29. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 871,1 felld með 11:4 atkv.
30. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
31.—37. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 871,2 felld með 11:4 atkv.
38. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
39.—41. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 871,3 felld með 12:5 atkv.
42. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
43.—58. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
59. gr. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GeirG, GH, HÁ, HFS, IT, IH, JHelg, JÁH, JGS, OÓ, RA, StJ, StH, StG, AJ, EggÞ, ÞK.
nei: AG.

Einn þm. (ÁB) fjarstaddur.
60.—66. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 871,4 felld með 12:6 atkv.
67. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 871,5.a felld með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, JÁH, RA, StJ, EggÞ, GeirG.
nei: GH, HÁ, IT, IH, JHelg, JGS, OÓ, StH, StG, AG, AJ, EÁ, ÞK.

Einn þm. (ÁB) fjarstaddur.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þar sem þessi brtt. og brtt. við 66. gr., sem nú hefur verið felld, fela nánast í sér að tekjuskattur einstaklinga verði felldur niður, sem ég tel vera ranga stefnu, þá segi ég nei.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég studdi meiri hl. að þessu frv., en tók fram að ég mundi flytja eða fylgja brtt. Þessi till. er mjög í anda þess sem við Alþfl.-menn höfum talað um hér, að það væru fyrst og fremst lagðir beinir skattar á hátekjumenn. Ég held að með þessu björgum við mörgum þeim sem hafa meðaltekjur, sem af mun ekki veita í dag, og af því að önnur grein fjallar um hvernig tekjuskatturinn skiptist í prósentutölum, eins og Halldór Ásgrímsson formaður n. nefndi hér áðan, þá tel ég fullt samræmi í því að samþykkja þessa till. og segi því já.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þar sem till. þessi er í fullu samræmi við það stefnuskráratriði okkar Alþb.-manna að létta sköttum af lágtekjufólki og með það í huga, að samþykkt frv. verður óhjákvæmilega talsvert íþyngjandi fyrir útivinnandi konur og því brýn þörf á að gera þeim þessa skattbreytingu bærilegri, þá segi ég já.

Brtt. 871,5.b felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, JÁH, RA, StJ, AG, EggÞ, GeirG.
nei: GH, HÁ, IT, IH, JHelg, JGS, OÓ, StH, StG, AJ, EÁ, ÞK.

Einn þm. (ÁB) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þessi brtt. miðar fyrst og fremst að því að létta skattbyrði á eldra fólki með tiltölulega háar tekjur. Eins og ég hef áður gert grein fyrir, þá tel ég nær að verja því fjármagni, er til reiðu væri, til þess að bæta kjör þess aldraðs fólks, sem hefur hvað lægstar tekjur, og segi nei.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Þar sem till. þessi léttir byrðina fyrir allflest aldrað fólk, en ekki aðeins hátekjufólk, og með það í huga, að ónýttur persónuafsláttur, sem ekki gagnast við greiðslu tekjuskatts, kemur að góðu gagni í sambandi við greiðslu útsvars, sem er skattur á lágtekjumenn, þá tel ég að hér sé um þarfa till. að ræða og segi já.

68. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 871,6 felld með 12:6 atkv.
69. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
70.—71. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 871,7 fell með 12:6 atkv.
72. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
73.—93. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
94. gr. samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, IT, IH, JHelg, OÓ, RA, StJ, StH, StG, AJ, EÁ, GeirG, GH, HÁ, ÞK.
nei: AG.

JÁH, JGS, EggÞ greiddu ekki atkv.
Einn þm. (ÁB) fjarstaddur.
95.—115. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 871,8 felld með 12:3 atkv.
116. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
117. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 871,9 felld með 11:6 atkv.
118. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14:1 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 717, n. 907 og 909). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um jöfnunargjald og hefur m. a. haft málið til meðferðar á sameiginlegum fundum með fjh.- og viðskn. Nd. Á sameiginlegan

fund n. komu ýmsir aðilar og gáfu upplýsingar og báru fram ýmsar óskir: frá Félagi ísl. iðnrekenda, frá Verslunarráði Íslands, frá Alþýðusambandi Íslands og frá Iðju, félagi verksmiðjufólks. Auk þess kom á fund fjh.- og viðskn. Ed. Klemens Tryggvason hagstofustjóri og skýrði verðhækkunaráhrif jöfnunargjaldsins.

Með þessu frv. er lagt til að lagt verði 3% gjald á innfluttar iðnaðarvörur í því skyni að vega upp á móti þeim söluskatti sem leggst á íslenska framleiðendur hliðstæðra vara, en nágrannalönd okkar búa almennt við virðisaukaskattskerfi, sem hefur ekki þau uppsöfnunaráhrif sem söluskattskerfi okkar hefur. Með frv. er því í fyrsta lagi stefnt að því að jafna á milli íslenskra framleiðenda og erlendra framleiðenda sem keppa hér á sama markaði, og leitast er við að meta þann mismun sem þessi mismunandi skattkerfi fela í sér. Þennan mismun mætti að sjálfsögðu jafna með því að taka upp hliðstætt kerfi hér því sem er í nágrannalöndunum, þ. e. a. s. virðisaukaskattskerfi, en ljóst er að nokkur tími mun líða þangað til slíkt kerfi muni komast á hér á landi, þótt yfirlýstur vilji sé fyrir hendi og nú líði óðum að því, að aðlögunartíminn varðandi EFTA-aðildina renni út og því sé enn þá brýnni nauðsyn til þess að sé sem jöfnust aðstaða íslensks iðnaðar og erlends iðnaðar. Íslenskur iðnaður hefur átt við vaxandi erfiðleika að etja og þar sem, eins og ég gat um áður, stutt er þangað til þessi aðlögunartími rennur út, þá er mikilvægt að hann verði ekki fyrir verulegum áföllum á þeim stutta tíma sem eftir er. Ég er ekki með því að segja, að þetta gjald muni skipta þar algerum sköpum, en það mun þó verka í þá átt að jafna þessa samkeppnisaðstöðu.

Það er ljóst að þetta gjald verkar ekki aðeins í þá átt að jafna samkeppnisaðstöðuna, heldur mun álagning þessa gjalds leiða til þess, að nokkrar tekjur muni koma í ríkissjóð. Áætlað er að þessar tekjur nemi 675 millj. kr. á árinu 1978 og 1080 millj. á árinu 1979 eða á ársgrundvelli

Í 3. gr. frv. er fjallað um á hvern hátt þessum tekjum skuli varið, en þar kemur fram að gert er ráð fyrir að tekjum af jöfnunargjaldi verði að hluta til varið til eflingar iðnþróun, eftir því sem ákveðið verður við setningu fjárl. hverju sinni. Lagt er til að ríkisstj. ráðstafi því fé, er innheimtist árið 1978, og mun því fyrst og fremst varið til þeirra viðfangsefna á sviði iðnaðar sem upp eru talin í fjárl. fyrir árið 1978.

Það er skoðun og álit meiri hl. fjh.- og viðskn., að eðlilegast væri að verja þessu fé til greiðslu á uppsöfnuðum söluskatti fyrri ára. Síðan er nauðsynlegt að gera sér glögga grein fyrir því, en það hefur ekki legið fyrir n., hvað þurfi í hlut ríkissjóðs, m. a. vegna niðurfellingar á súkkulaðigjaldi og vegna áhrifa þessarar hækkunar á launakostnað ríkissjóðs, og því sem eftir verður verði svo varið eftir því sem best verði við komið til ýmissa viðfangsefna á sviði iðnþróunar, en fjöldamörg verkefni liggja fyrir varðandi það atriði og margvíslegar óskir hafa verið fram bornar, m. a. á fundum nefndarinnar.

Nokkuð hefur verið um það deilt, hvaða áhrif þetta gjald mundi hafa á vísitölu framfræslukostnaðar, verðlagsvísitölu, og þar með á launakostnað í landinu. Ýmsar tölur hafa verið nefndar í þessu sambandi. M. a. kemur fram í ályktun Verslunarráðs Íslands, að það megi áætla að þetta muni nema um 1%. Iðnrekendur hafa hins vegar gert ráð fyrir því, að þessi áhrif yrðu á bilinu 0.1—0.2%. Til þess að fá þessi mál sem best skýrð fékk n. á fund sinn Klemens Tryggvason hagstofustjóra, en Hagstofan hefur mesta reynslu og gleggstar upplýsingar um áhrif sem þessi og þess vegna tel ég rétt að byggja fyrst og fremst á áliti Hagstofunnar í þessum efnum. Hagstofustjóri sagði að vísu að erfitt væri að áætla þetta nákvæmlega, en taldi hins vegar eðlilegt að áhrifin af innfluttu vörunum, þ. e. a. s. þegar þetta gjald legðist á innfluttu vörurnar, yrðu um 0.2%. Hins vegar sagði hann, að erfiðara væri að áætla innlendu áhrifin, þ. e. a. s. hugsanlegar verðhækkanir á innlendum iðnaðarvörum sem gætu komið í kjölfarið. Hann taldi þó að hér mundi vera um óverulegar hækkanir að ræða, en taldi hins vegar rétt að áætla þessi áhrif 0.1% eða heildarverðhækkunaráhrif 0.3%. Hann gat þess einnig, að hvernig sem á þetta væri litið, þá væri hér um óveruleg áhrif að ræða í þeim miklu verðhækkunum sem eiga sér stað í þjóðfélaginu og við höfum átt í erfiðleikum með að glíma við. Ég tel hins vegar rétt að láta það koma fram, að hann taldi þetta vera áætlun sem vel væri byggjandi á.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vil aðeins ítreka, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. mun skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Við í minni hl. skilum á þskj. 909 sérstöku nál. Það hljóðar svo:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, en við, sem skipum minni hl., viljum fella það.

Samkv. frv. er lagt til að upp verði tekið nýtt innflutningsgjald — 3% — á svonefndar EFTA - vörur, þ. e. a. s. vöruflokka sem innflutningstollar hafa verið lækkaðir á í samræmi við EFTA-samning og viðskiptasamninginn við Efnahagsbandalagið. Talið er að gjald þetta muni nema um 1080 millj. kr. á ári og leiða af sér hækkun verðlagsvísitölu um 0.7—1% þegar bein víxlverkandi áhrif eru höfð í huga. Samkv. frv. er gert ráð fyrir „að hluti" af gjaldinu renni til eflingar iðnþróun. Ljóst er þó fyrirhugaða jöfnunargjald veldur verulegum ágreiningi við launþegasamtökin og er enn einn vottur þess, hvernig að málum er staðið af hálfu núv. ríkisstj. Þá hefur Verslunarráð Íslands einnig varað við samþykkt gjaldsins.

Minni hl. viðurkennir réttmæti þess, að ríkissjóður endurgreiði svonefndan uppsafnaðan söluskatt í því skyni að jafna samkeppnisaðstöðu iðnaðarins. Frv. fjallar hins vegar ekki um endurgreiðslu ríkissjóðs á of innheimtum söluskatti, heldur það, að lagt verði á nýtt innflutningsgjald sem óhjákvæmilega mundi leiða til verðlagshækkana og síðan kaupgjaldshækkunar sem að sjálfsögðu yki á útgjöld iðnaðarins eins og annars atvinnurekstrar. Minni hl. telur réttlætanlegt að tekið sé til athugunar að lágt gjald yrði sett á sama grunn og frv. gerir ráð fyrir til eflingar íslenskum iðnaði, iðnþróun, og til að skapa ný atvinnutækifæri í iðnaði, ásamt því að styrkja verkþjálfun frá iðnverkafólki.

Minni hl. er andvígur frv. og leggur til að það verði fellt."

Undir þetta rita Jón Árm. Héðinsson, Ragnar Arnalds og Albert Guðmundsson.

Ég vil í tilefni af orðum frsm. meiri hl. fjalla aðeins nánar um málið. Það er rétt, að um áhrif þessa gjalds eru nokkuð skiptar skoðanir. Það sem hann greindi frá, að Hagstofan mundi meta heildaráhrifin um 0.3%, er mjög

varlega metið og aðeins hin fyrstu árin eða eins og hagstofustjóri orðaði það, hin „prímeru" áhrif, hann fór ekki lengra. En hverjum dettur í hug, að áhrifin verði aðeins á fyrsta stigi? Þau hljóta að veltast áfram. Hverjum dettur í hug, að þetta komi ekki fram — fyrr eða síðar — í einhverri verðhækkun þegar frá líður? Þess vegna undirstrikum við það, að líta verði á málið í heild. Þetta snertir fatnað, þetta snertir hreinlætisvörur, þetta snertir leikföng, rafgeymi bíla, kex, súpur, tómatsósu, snyrtivörur og margt og margt fleira og allt margfaldast þetta inn í verðlagið. Hverjum dettur í hug að aðrir íslenskir framleiðendur í iðnaði muni ekki eiga svigrúm og þá nota það til að hækka eilítið hjá sér?

Það er alveg rétt, að hagstofustjóri sagði að þetta væri lítil hækkun í þeirri óðaverðbólgu sem hér ríkir. En þetta er þó einn þáttur í því að halda henni við — því miður — og jafnvel auka hana nokkuð. Og því hefur ekki verið móti mælt, að svo kann að fara að þegar full áhrif eru komin fram, eftir tvö ár, þá þýði þetta gjald í innheimtu um eða yfir 2 milljarða kr. Það liggur fyrir af hendi forsvarsmanna iðnaðarins, þeir hafa gert fjh.- og viðskn. grein fyrir því, að þeir vilja fá samtals um 457 millj. kr. í sinn hlut af þessum fyrstu 660 millj. kr. sem nú muni innheimtast. Ríkissjóður fær sem sagt um 220 millj. strax í sinn vasa. Forsvarsmenn iðnaðarins töldu að það væri réttlætanlegt, án þess að gera nánari grein fyrir því, að þessar 457 millj. hækkuðu samfara verðbreytingum í landinu. E. t. v. kunna þær að hækka í 600—700 millj. á komandi ári, en þá verða líka innheimtar um 1100 millj. kr., þannig að ríkissjóður mun örugglega fá hátt í milljarð af þessu gjaldi þegar öll áhrifin eru komin fram og endanlega verður staðið upp.

Við erum andvígir þessu í minni hl. Hins vegar vorum við tilbúnir að leggja á gjald sem samkomulag hefði verið um bæði af hálfu iðnverkafólks, Verslunarráðs og fleiri aðila, er næmi t. d. um 1% eða jafnvel minna, og því yrði ráðstafað eins og forsvarsmenn iðnaðar óskuðu eftir. Ég tel að slíkt hefði átt að gera og þá hefði allt runnið í gegn og menn verið ánægðir. Það, sem við erum óánægðir með og einnig kemur fram af hendi Verslunarráðsins og í ályktun sem við fengum og ég mun ekki lesa hér, var að þeir vöruðu við áhrifum af þessu og því sem grundvallaratriði að vera að taka upp slíka verndartollа. Iðnaðurinn á í vök að verjast, það viðurkenna allir, og menn eru sammála um að rétt sé að rétta iðnaðinum hjálparhönd, en við teljum hér verið að innheimta bakdyramegin, ef svo má segja, handa ríkissjóði og það er þessu máli ekkert skylt að tryggja honum þannig tekjur. Við áttum að tryggja honum tekjur með því frv., sem við vorum að afgreiða rétt á undan, skattalagafrv., til þess er það, en ekki með svona gjaldtöku.

Það er ekki æskilegt heldur að vera að skapa meiri togstreitu, svo að ekki sé meira sagt, við ríkjandi aðstæður á vinnumarkaðinum. Ég tel og við í minni hl. í n., að hér hafi þess vegna verið gengið of langt, leggjum til að þetta frv. verði fellt, eins og fram kemur í nál. okkar. — Ég hef lokið máli mínu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram, að fylgi mitt við þetta frv. er ákveðið í trausti þess, að jöfnunargjaldið verði notað eins og reyndar hefur komið fram mjög ákveðið í framsöguræðu talsmanns meiri hl. í fjh.- og viðskn. og sömuleiðis kom fram í ræðu í Nd. hjá frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. þar.

Ég varpaði fram þeirri spurningu við 1. umr., hvernig þessu gjaldi yrði ráðstafað og því miður fannst mér ég ekki fá greið svör. Ég legg áherslu á að gjaldinu verði ráðstafað til þess í fyrsta lagi að greiða uppsafnaðan söluskatt áranna 1975 og 1976 og síðan uppsafnaðan söluskatt þau ár sem þetta gjald er lagt á. Í öðru lagi legg ég áherslu á að hluta af þessu gjaldi verði ráðstafað til eflingar iðnaðinum, eins og fram hefur komið í tillögum frá Félagi ísl. iðnrekenda.

Það er í trausti þess, að svo verði gert, sem ég fylgi þessu frv.

Ég fagna því, að í framsöguræðum meiri hl. hefur þessi sami skilningur komið fram.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma að hæstv. fjmrh. skuli ekki heiðra þessa hv. d. með nærveru sinni við þessar umr., en hann telur óþarft að fylgjast með þeim, svo öruggur er hann um meðferð og afgreiðslu þessa tvísköttunarfrv. Ég hefði gjarnan viljað fá það staðfest hjá hæstv. ráðh., sem fram kom hjá hv. formanni fjh.- og viðskn. þessarar d., en hann hóf mál sitt með því að telja sjálfsagt að hluti af þessum tekjum, sem myndast með álagningu þessa jöfnunargjalds, yrði notaður til að greiða uppsafnaðan söluskatt. Ég beindi fsp. til ráðh. fyrir ekki löngu úr ræðustól og bað hann um að svara því afdráttarlaust og ekki loðið, hvort uppsafnaður söluskattur fyrir 1975 og 1976 yrði greiddur. Hæstv. ráðh. kom sér undan því að svara, þessi ríkisstj. ætti eftir að taka ákvörðun um hvernig þessir peningar yrðu notaðir.

Ég er á móti þessu frv. m. a. vegna þess að ríkissjóður fær jafnvel meiri tekjur en iðnaðurinn sem frv. er þó lagt fram til að hjálpa. Það kemur fram að þetta 3% jöfnunargjald er lagt á m. a. til að bæta ríkissjóði tekjumissi við niðurfellingu tolla vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Ég hélt, þegar við gengum í Fríverslunarsamtökin, að tollar mundu lækka og sú lækkun kæmi fólkinu í landinu til góða, en að ríkissjóður legði ekki á nýja og nýja skatta undir öðrum nöfnum sem kæmu í staðinn fyrir tollana. Fólkið í landinu nýtur ekki þess, sem ég hélt að væri stefnt að með lækkandi verði.

Það er furðulegt, að ekki skuli vera lengra liðið síðan ríkisstj. gerði ráðstafanir sínar í efnahagsmálum og lækkaði þá m. a. vörugjald úr 18% niður í 16%. Þessi ráðstöfun hleypti upp Alþýðusambandi Íslands og verkalýðshreyfingunni undir forustu Verkamannasambandsins og af stað aðgerðum sem við sjáum ekki fyrir endann á enn þá. En hér er önnur aðgerð sem er eins, þar sem kemur 3% jöfnunargjald í staðinn fyrir 2% sem tekin voru af með ráðstöfun ríkisstj. í efnahagsmálum þegar vörugjaldið var lækkað úr 18% í 16%, nú kemur bara 3% verðjöfnunargjald í staðinn. Fulltrúi Alþýðusambands Íslands, sem kom á fund hv. fjh.- og viðskn., sagði að þetta hefði nákvæmlega sömu áhrif og ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum þó í minna mæli væri. Af hverju er verið að storka verkalýðshreyfingunni hvað eftir annað með svona lögum. Ég lagði fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins þá spurningu, hvort þeir hefðu ekki getað sætt sig við lægra gjald til þess að fullnægja því framlagi sem iðnaðurinn fer fram á til iðnþróunar og hagræðingar, og til að skapa ný atvinnutækifæri. Hann taldi það ekki útilokað.

Nú er ekkert víst, þó að iðnaðurinn fari fram á 457

millj. af þessum rúmum 600 millj., sem innheimtar verða á þessu ári, að hann fái þær, það getur vel verið að hann fái þessar 457 millj. mínus söluskattinn sem hann reiknar með að fá fyrir árin 1975 og 1976. Þá verður þetta orðin miklu meiri tekjulind fyrir ríkissjóð sjálfan heldur en aðstoð við iðnaðinn.

Ég þarf ekki að taka það fram, það kemur fram í nál. okkar minnihlutamanna, að ég mun greiða þessu frv. mótatkv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., (þskj. 917, n. 929 og 930). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt á l. um tollskrá o. fl., en frv. þetta er fyrst og fremst flutt af ýmsum tæknilegum ástæðum og eins til þess að standa við samþykktir sem við stöndum að á alþjóðavettvangi, og þess vegna er hér um tiltölulega einfalt mál að ræða.

Breytingar þær, sem gerðar eru, eru fyrst og fremst ýmsar breytingar til leiðréttingar. Á árinu 1976, í árslok 1976, voru gerðar nokkrar lagfæringar á tollum, bæði varðandi iðnaðinn, sjávarútveginn og landbúnaðinn, og þá var ekki gengið þannig frá málum að fullt samræmi væri á milli tollflokka. Þetta átti sérstaklega við um nokkur landbúnaðartæki, en tollur á þessum tækjum verður almennt 2% í ársbyrjun 1979. Hæstv. fjmrh. flutti í Nd. nokkrar brtt. sem miðuðu að því að leiðrétta þessa hluti og nokkra aðra, m. a. að færa þar til samræmis ámoksturstæki og hjóladráttarvélar, heyhleðsluvagna og hluti til þessara vagna. Með þessu er komið á þeim lagfæringum, sem stefnt var að að koma á á árinu 1976, og ættu því landbúnaðurinn og sjávarútvegurinn að búa við góð kjör varðandi toll á hinum ýmsu vélum, en hann er aðeins 2%, sem er lægsti tollur sem gerist í þessari tollskrá.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það er fyrst og fremst tæknilegs eðlis og einnig hafa verið gerðar þar nokkrar leiðréttingar. Ég vil aðeins endurtaka að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem samþykktar voru við meðferð málsins í Nd., en minni hl., Ragnar Arnalds, mun skila séráliti. Jón Árm. Héðinsson og Albert Guðmundsson tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og ég tók fram við 1. umr. málsins er ætlun mín að freista þess að koma fram nokkrum efnislegum breytingum á tollskránni, en ég er hins vegar ekki andvígur þeim till. sem fólgnar eru í fyrirliggjandi frv. Þessar till. mínar snerta einkum tolla á vélum, tækjum til fiskiðnaðar, útgerðar og landbúnaðar, en einnig varða þessar till. málefni sykursjúkra.

Við 1. umr. málsins benti hv. þm. Jón Helgason, 4. þm. Suðurl., á það, að við meðferð málsins í Nd. hefði verið bætt inn nokkrum efnislegum breytingum á tollskránni sem fælu í sér lækkun á tollum á vélum til landbúnaðar. Ég skal fúslega viðurkenna, að ég hafði ekki orðið var við þessar breytingar, en í þessu tilviki má segja eins og oft áður, að batnandi manni er best að lifa og vissulega horfa þessar breytingar til hins betra. Hér er um að ræða liði nr. 4 og 5 á þskj. 917, ámokstursvélar, hjóladráttarvélar og heyhleðsluvagna. Það ber vissulega að þakka fyrir, að við meðferð þessa máls í þinginu hefur verið fallist á ofurlitla breytingu til batnaðar í þágu landbúnaðarins. Auðvitað þarf ekki nokkur að efast um, hvers vegna meiri hl. gekkst inn á að breyta þessum ákvæðum. Það var einfaldlega vegna þess, að Lúðvík Jósepsson, formaður Alþb., flutti við meðferð málsins í Nd. till. efnislega shlj. þeim, sem ég flyt hér í Ed. Þess vegna varð sú breyting á frv. sem raun ber vitni, en upphaflega fól það ekki í sér neinar raunverulegar efnisbreytingar. Mér finnst nú satt best að segja, svo að maður segi það alveg hreint út, að þessar breytingar, sem ríkisstj. virðist hafa samþykkt að gerðar yrðu á tollskrá til hagsbóta fyrir landbúnaðinn, séu heldur lítilfjörleg dúsa í munn þeirra sem vilja hag landbúnaðarins sem mestan. Ég held að það hafi verið hægt að ganga miklu lengra í þessum efnum. Eg bendi hv. þdm. á að nú þegar hefur verið farið inn á þá braut að framkvæma efnislegar breytingar á tollskránni. Og því ekki að sigla í kjölfarið og bæta nokkrum breytingum við? Það teldi ég vissulega eðlilegast með hliðsjón af því sem á undan er gengið.

Ég gerði ítarlega grein fyrir brtt. okkar við 1. umr. málsins og sé enga ástæðu til að fara að endurtaka það sem ég sagði þá. Það er ríkjandi talsvert ósamræmi í tollmeðferð á vélum og tækjum til hinna ýmsu atvinnugreina. Vélar og tæki til landbúnaðar eru hærra tollaðar en hliðstæðar vélar til iðnaðar, og það sama má segja um vélar og tæki til fiskiðnaðar og útgerðar. Ég geri sem sagt hér í Ed. tilraun til þess að knýja fram leiðréttingu á þessari mismunun. Ég tel ekki að hér sé um neitt stórmál að ræða fyrir ríkissjóð, hæstv. fjmrh. þarf ekki að sjá á bak miklum fjármunum þótt þessi till. verði samþykkt, en hér er um augljóst sanngirnismál að ræða. Ég tel að forsvarsmenn landbúnaðar hljóti að styðja svo sjálfsagt réttlætismál. Þótt þeir hafi að vísu kannske ekki brugðist nægilega vel við við fyrstu sýn þegar þessar till. voru kynntar hér í d., þá trúi ég ekki öðru en að nánar athuguðu máli muni þeir fúsir að veita þessu máli lið.

Um þá till., sem ég flyt hér og snertir sykursjúka, er kannske ástæða til að fara örfáum orðum vegna þess að hún hefur ekki áður verið flutt hér í þinginu. Eins og nú er eru sykurvörur, hvers konar sykur, tollfrjálsar, það er enginn tollur á venjulegum sykri, hvort sem um er að ræða venjulegan strásykur, púðursykur eða annan hrásykur. Á sama tíma eru fæðutegundir, sem sérstaklega eru víða í tollskránni, en þó alveg sér í lagi undir tollskrárliðnum 21.07.03 sem þannig er orðaður: „Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum, svo og fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka.“ Ég tel það sjálfsagt réttlætismál, að þessu verði breytt þannig að sykursjúkir þurfi ekki að greiða þyngri skatta til ríkisins af þeim vörum, sem þá vanhagar um, en aðrir neytendur.

Ég get upplýst hér að þessi liður, 21.07.03, inniheldur tvenns konar matvæli. Annars vegar er um að ræða

fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka og þær námu að verðmæti cif. 1976 3.5 millj. kr. Hins vegar er um að ræða neyðarmatvæli sem eru í auðkenndum umbúðum og notuð eru í gúmmíbjörgunarbáta. Nú er ég út af fyrir sig ekkert sérstaklega að knýja það fram, að tollur verði lækkaður á matvælum í gúmmíbjörgunarbáta, en það vill nú bara svo til, að þetta er í sama tollskrárnúmerinu og ég hef ekki séð ástæðu til þess að leggja þá vinnu í brtt. að skipta þessum vörutegundum upp, þannig að tollurinn haldist örugglega á matvælunum í gúmmíbjörgunarbátana. Mér sýnist að það væri allt í lagi þó að þau matvæli flytu með og tollur á þeim lækkaði einnig, enda um að ræða nauðsynjamál sem ástæðulaust er fyrir ríkissjóð að tolla sérstaklega. Ég hef því látið þessi matvæli fylgjast að og gert ráð fyrir að tollur verði felldur niður á þessum lið eins og hann leggur sig. Ég hef þegar upplýst hvert er tollskrárnúmerið. Samkv. upplýsingum, sem við fengum í gær frá starfsmanni fjmrn., sem til okkar kom, var cif.-verðmæti þessa tollvöruliðs árið 1977 1.5 millj. kr. Tollurinn er 20% og lagt er til að hann verði felldur niður. Hér er því ekki nema um tiltölulega litla tekjulækkun að ræða, væntanlega tekjulækkun sem nemur um 300 þús. kr.

Ég sé svo ekki herra forseti ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar till. Þær skýra sig nokkuð sjálfar.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það sem ég sagði hér í gær. En það er aðeins vegna þess sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði, af hverju þessar brtt. væru komnar, sem ég vildi segja nokkur orð. Það kom fram hjá hv. 5. þm. Austurl. í gær, að við breytingu á tollskránni í árslok 1976 fluttum við þrír nm. í 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. brtt. við frv. til l. um tollskrá. Það vorum við Halldór Ásgrímsson og Jón G. Sólnes. Sú brtt. var á þá leið að lækka flest landbúnaðartæki, þ. e. allar jarðvinnslu- og heyvinnuvélar, að lækka toll á þeim úr 7% fyrst niður í 4% og síðan niður í 2%. Og þá heyrðist ekkert frá hv. 5. þm. Norðurl. v. eða flokksmönnum hans um að það þyrfti að gera þetta. Það var ekki fyrir þeirra forgöngu sem tollurinn var lækkaður þá. Hins vegar urðu þarna þá eftir nokkur tæki. Ekki var hægt að ná samkomulagi um að ganga lengra í það sinnið.

Nú er flutt, eins og ég sagði í gær, till. um að bæta þarna við nokkrum tollvöruflokkum og þá er einn mjög þýðingarmikill, þ. e. a. s. hjóladráttarvélar. Þetta kallar hv. 5. þm. Norðurl. v. ómerkilega dúsu, að lækka toll á öllum landbúnaðartækjum úr 7% niður í 2% eins og gert hefur verið nú á tæpum tveimur árum. En hann telur að það væri hægt að ganga miklu lengra, og þá flytur hann till. um að lækka toll á nokkrum hluta landbúnaðartækjanna niður í 0. Það telur hann að sé stóra stökkið, að fara á nokkrum hluta úr 2% niður í 0. En hann tekur ekki dýrustu vélarnar þar, þ. e. a. s. dráttarvélarnar, sem nú hefur verið ákveðið að lækka úr 7% niður í 2%. Mér finnst, að þetta sé ekki sannfærandi málflutningur, og ég vildi aðeins láta koma fram að breytingin nú er framhald af því, sem gert var fyrir tveimur árum, að samræma það að taka allar vélarnar nú undir sömu tollmeðferð.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég ætla ekki að hefja efnislegar umr. um þetta, en þegar við heyrum þá framsóknarmenn koma hér upp í stólinn einn af öðrum og ræða um sína gífurlegu þekkingu á landbúnaðarmálum og þeir einir viti og þeir einir kunni og þeir einir skilji, þá get ég ekki stillt mig, því að ég tel mig hafa sæmilegan kunnugleika á landbúnaði á borð við ýmsa af þeim, t. d. ritara Framsfl. sem situr hér beint fyrir framan mig. En einkenni þessara umr. allra þeirra framsóknarmanna eru í raun og veru fólgin í þessum setningum sem mér duttu í hug núna:

Við eigum bændur einir
og erum skjannahreinir
þó himin hranniský.
Við elskum þá og unnum
og allar þarfir kunnum
og aðrir þegi því.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vildi segja þetta eitt í tilefni af ræðu hv. þm. Jóns Helgasonar: Það er rétt, ég nefndi þessar fáu breytingar, sem fengist hafa fram varðandi landbúnaðartækin, dúsu, en ég nefndi þær ekki ómerkilega dúsu, það er rangt. Þetta er nefnilega merkileg dúsa. Ég tel að þetta sé skref í rétta átt, ánægjulegt skref, tók reyndar fram að batnandi manni væri best að lifa og að fagna bæri hverju skrefi í rétta átt. Ég verð að bæta því einu við, að auðvitað er ekki nokkur einasti maður í Nd. Alþ., sem fylgdist með framgangi tollskrármálsins þar, í vafa um hvers vegna afgreiðsla tollskrárfrv. dróst svo úr hömlu í d. að það er nú, fáeinum klukkutímum fyrir þinglok, að koma til 2. umr. hér. Ástæðan var einfaldlega sú, að eftir að formaður Alþb., Lúðvík Jósepsson, hafði lagt fram till. sínar um lækkun tolla á landbúnaðartækjum upphófust langvinnar samningaviðræður um dúsuna, um það, hvað hægt væri að fallast á þannig að þeir framsóknarmenn teldu sig hafa bjargað andlitinu. Þetta er sannleikur málsins, sannleikur sem allir þekkja í Nd., en menn virðast ekki gera sér fullkomlega grein fyrir hér í Ed. Er þó kominn tími til. En eins og ég segi, þá ber að þakka fyrir hvert lítið skref sem stefnir í rétta átt.

ATKVGR.

Brtt. 930, 1 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, EggÞ. GeirG, HFS, JÁH, RA, StJ.
nei: AJ, ÁB, EÁ, GH, HÁ, IT, IH, JHelg, JGS, StH, StG, ÞK.
OÓ greiddi ekki atkv.
Brtt. 930,2 felld með 13:4 atkv.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 925 (sbr. 847), n. 932, 931). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um almannatryggingar. N. leggur einróma til að frv. verði samþ., en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt.

Frv. þetta er orðið til úr tveim frv. til breytinga á

almannatryggingalögum sem liggja fyrir hv. Alþ., og voru tekin út úr þeim frv. þau atriði sem allir voru nokkurn veginn sammála um að inn í lögin þyrftu að koma.

Helstu nýmælin í þessu frv. eru þau, að gert er ráð fyrir breyttum fjárhagsgrundvelli slysatrygginga, þannig að horfið er frá sjóðmyndun, að undanskildu tillagi til varasjóðs, og skiptingu í áhættuflokka og í stað vikugjalda kemur iðgjald reiknað sem hundraðshluti af launum. Í öðru lagi, að í stað vikugjalda atvinnurekenda til lífeyristrygginga komi iðgjald reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum. Þá eru og ákvæði um greiðslu ferðakostnaðar vegna ítrekaðrar læknismeðferðar. Þetta er mál, sem oft hefur legið hér fyrir Alþ. og er mikil þörf á að fá umbætur á og þær eru að verulegu leyti í þessu frv. Ákvæðinu um greiðslu tannlækniskostnaðar er nokkuð breytt, ekki þó stórlega

Að öðru leyti er ekki um stórvægilegar efnisbreytingar að ræða, að undanskildu því, að í bráðabirgðaákvæði er nýmæli þar sem ráðh. er heimilað að fela Tryggingastofnun ríkisins að semja við tiltekin atvinnufyrirtæki um að þau taki í vinnu einn eða fleiri 75% öryrkja sem hafa vinnugetu, en nýtast ekki á vinnumarkaðinum og hafa ekki verulegar aðrar tekjur til lífsviðurværis en bætur lífeyristrygginga. Meðan vinnusamningurinn gildir greiðir vinnuveitandinn öryrkjanum fastakaup, en Tryggingastofnun endurgreiðir 75% af þeim launum sem öryrkinn fær greidd fyrsta starfsárið, 50% af þeim launum sem hann fær greidd annað starfsárið og 25% af þeim launum sem hann fær greidd þriðja starfsárið, og telst þá samningstímabili lokið. Bætur til öryrkjans falla niður á starfstímabilinu. Í reglugerð skal kveða nánar á um öryrkjavinnu þessa.

Þetta er nýmæli, sem gæti orðið okkur allmikils virði. Svo sem alkunnugt er, erum við í mjög miklum vanda með vinnu fyrir þá öryrkja sem hafa vinnugetu, það litla sem hún nýtist ekki á almenna vinnumarkaðinum. Þessi heimild er gerð til þess að reyna að koma til móts við þetta fólk, og er þá ætlunin að fyrsta árið, meðan það er að skólast og þjálfast, séu 75% af launum greidd af opinberum aðilum, en þessi prósenttala fari smám saman lækkandi. Er byggt á þeim grunni, að þá sé maðurinn orðinn meira virði sem starfsmaður og þess vegna geti atvinnurekandinn greitt honum hærra kaup. Þessi aðferð hefur verið reynd í nokkur ár í Svíþjóð og er talin hafa gefist vel.

Þau ákvæði, sem margir hafa áhuga á í þessu frv., eru þau ákvæði er varða flutningskostnað og kostnað sjúkra manna í sjúkrahús innanlands eða utan. Um þetta eru hagstæðari ákvæði fyrir sjúklingana heldur en áður hafa verið í lögum og er það mjög til bóta. Hins vegar er að sjálfsögðu nokkur takmörkun á því, hve langt er hægt að ganga í þessu efni, en það er yfirlýstur vilji bæði tryggingaráðs og ráðh. að bæta um í þessum efnum eins langt og komist verður og lögin leyfa.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þar sem hér er um eiginlegt stjfrv. að ræða, þó að það sé flutt af heilbr.- og trn. Nd., og þar sem hæstv. ráðh. sá ekki ástæðu til þess að mæla fyrir frv. við 1. umr. þess, þá hefði auðvitað verið ágætt að hann hefði verið viðstaddur til þess að hlýða á umr. En ég get náttúrlega talað það lengi, að hæstv. ráðh. verði kominn hér, því að svo ótæpilega hafa þeir stjórnarsinnar hér í d. talað nú að undanförnu, að ekki væri mikið þó að maður eyddi svo sem klukkutíma í svo viðamikinn lagabálk sem þennan, eða jafnvel eins og tveim tímum, til þess þó að jafna metin. Þeir stjórnarsinnar hafa haldið langar og miklar ræður núna, og sýnist ekki vera að þeim hafi legið mikið á að afgreiða sín mál. Hafa þeir þá treyst á sinn sterka og mikla meiri hl. í hverju einu.

Almannatryggingalögin eru auðvitað það stór og þýðingarmikill lagabálkur og hann snertir það marga, að það hlýtur að vera bagalegt að ekki gefist meiri tími til umr. almennt um almannatryggingalögin og hina ýmsu þætti þeirra á Alþ. þegar þau loksins koma úr hinni margumtöluðu endurskoðun almannatryggingalaga sem staðið hefur yfir allt þetta kjörtímabil. Það er víst og satt, tryggingalögin snerta marga og þó að á þeim hafi verið gerðar ítrekaðar úrbætur, þá eru alltaf viss atriði sem koma til álita til bóta, en viss vafaatriði einnig, sem gott er að fá úrskurð um og hreinna orðalag um. Ég veit að tryggingaráð fær oft — allt of oft — til umsagnar og úrskurðar vafaatriði sem betra væri að væru hreinlega svo skýr í lögunum að enginn vafi væri á og tryggingaráð þyrfti ekki að eyða tíma sínum í að vera að athuga með úrskurð um þau.

Hér er um að ræða frv. sem ég út af fyrir sig styð og tel til bóta. Ég er aðeins að gagnrýna þau vinnubrögð, sem við hafa verið höfð, og skal þá fara allt aftur til þess tíma sem þessi endurskoðunarnefnd var sett á laggirnar. Hún hefur án efa ýmislegt gert. Endurskoðunin hefur leitt af sér þessi tvö lagafrv., sem við höfum séð í vetur, stjfrv. um almannatryggingar. Annað frv. vil ég kalla gott frv., en hitt vont. Um tíma leit út fyrir að það væri algert skilyrði, að með hinu góða frv. skyldi hið vonda fylgja með góðu eða illu. Ég hefði eiginlega viljað hafa hæstv. ráðh. hér inni beinlínis til þess að þakka honum fyrir að hafa snúið frá í því efni. Ég fullyrði, að það hefðu ekki allir hæstv. ráðh. gert að snúa þannig frá staðföstum ásetningi sínum um þessi tvö frv. og komast að samkomulagi við stjórnarandstöðuna um að láta hina betri hluta eina, sem auðvitað eru útgjaldaaukandi einnig, koma til afgreiðslu á Alþingi. Ég tek sem dæmi, að í Nd. voru komnar fram brtt. frá hv. þm. Vilborgu Harðardóttur sem snerti vissan þátt þessara mála, og áður en málið kom til 1. umr. í Nd., til þeirrar endanlegu umr. sem um þetta frv. átti að vera, hafði verið tekið tillit til þessara brtt. hennar. Hæstv. ráðh. hefði einmitt beitt sér fyrir því, að sú breyting kæmist inn í þetta frv. Og þó að þar sé um stjórnarsinna að ræða, sem er hv. þm. Oddur Ólafsson, þá kom hann fram með mjög mikilvæga breytingu, sem ég fagna, ekki síst vegna þess að ég var með þáltill. hér á ferðinni varðandi sérstaklega athugun á atvinnumálum öryrkja sem samþ. var í fyrra. Þó að þar væri um stjórnarsinna að ræða og það góðan stjórnarsinna og drottinhollan hæstv. ráðh., þá var þetta engu að síður vel gert og líka vel gert af hæstv. ráðh. að taka þetta ákvæði, sem kom beint frá hv. þm. Oddi Ólafssyni, inn í þetta frv. Ég harma því eiginlega, að hæstv. ráðh., sem lofið eiga skilið, skuli ekki vera viðstaddir þá sjaldan maður getur hælt þeim. Ég verð að biðja hæstv. forsrh. um að bera hæstv. sjútvrh. þetta lof, því að hér er óneitanlega um það að ræða, að hæstv. ráðh. hefur tekið tillit til óska stjórnarandstöðunnar að verulegu leyti, sem er miklu meira en hægt er að segja um ýmsa aðra hæstv. ráðh.

Hins vegar skal ég aftur víkja að vinnubrögðunum í

sambandi við endurskoðunina. Á því tímabili komu vissulega til umr. hér á Alþ. mörg frv. og margar till. um almannatryggingar og úrbætur á þeim. Var öllum þessum till. vísað til þessarar endurskoðunarnefndar, beinlínis vísað til ríkisstj. þar sem hún væri með nefnd í málinu til endurskoðunar á þessu öllu. Nú hefur komið glögglega í ljós, að hessi ágæta endurskoðunarnefnd hefur aldrei athugað þessi lagafrv. og ekki kannað gaumgæfilega hvers eðlis þau væru, hversu sanngjörn eða hve mikið tillit ætti að taka til þeirra óska sem þar kæmu fram. Ég veit ekki við hvern er að sakast, hæstv. ríkisstj. eða hæstv. ráðh. e. t. v., fyrir að hafa ekki komið þessum frv. á framfæri. Þó hygg ég að það sé ekki höfuðmálið, heldur hafi nefndin verið staðráðin í því, eða meiri hl. nefndarinnar, kannske sérstaklega formaður hennar, að vera ekkert að hlusta á slíkt röfl á Alþ., heldur halda sitt strik með það, sem honum sýndist gott eitt, sbr. það að ég heyrði utan að mér og tek ekki á því neina frekari ábyrgð, að formaður þessarar endurskoðunarnefndar hafi furðað sig á því, að það skyldu allt í einu farnar að koma breytingar við þetta frv. frá Alþingi. Alþingi ætlaði sér nú að fara að skipta sér af þessu sem hann hefði verið að baksa við með embættismönnum sínum. Hann var alveg steinhissa á því, að við ætluðum að fara að skipta okkur af þessari löggjöf. — Þetta heyrði ég utan að mér. Ég vil sannast að segja ekki trúa því, en engu að síður eru þetta þó það vel staðfestar fréttir, að ég hygg að það sé mikið til í þeim. Ef svona hugsunarháttur hefur ríkt, þá er ekki von að nefndin hafi verið að líta á frv. frá einstökum þm. Þeim till., sem við Alþb.-menn höfum flutt hér, höfum við komið á framfæri við n. eftir allt öðrum leiðum, við fulltrúa okkar þar.

Ég vil segja að það sé ekki að ástæðulausu sem j-liður 8. gr. er kominn inn í þetta frv., því að við hv. þm. Stefán Jónsson höfðum ítrekað við góðar undirtektir margra þm. flutt frv. um að tekið yrði tillit til hins óhjákvæmilega ferðakostnaðar sem fólk utan af landsbyggðinni yrði fyrir þegar það þyrfti að koma hingað til Reykjavíkur á fund sérfræðinga og það oft til ítrekaðrar meðferðar. Nú er inn í þetta frv., góðu heilli, komið ákvæði sem var upphaflega þannig að greiða óhjákvæmilegan ferðakostnað eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðh. staðfestir, fyrir sjúklinga sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða á sjúkrahúsi með eða án innlagningar. Þessu var þá breytt í Nd. þannig, til hins lakara að mínu viti, að þar stóð: „óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum.“ Þetta atriði er þá auðvitað komið undir geðþótta tryggingaráðs.

Það eru ágætir menn í tryggingaráði, en þeir hafa verið ákaflega íhaldssamir, svo að ekki sé meira sagt, um alla túlkun á þeim ákvæðum sem þeir hafa átt úr að skera, og veitir sjálfsagt ekki af, því að visst aðhald þarf vissulega að hafa. Ég er þess vegna ekkert sérlega hress með þá breytingu sem heilbr.- og trn. hefur gert á þessu frá því sem þetta kom upphaflega frá hæstv. ráðh., þar sem sagt var: „óhjákvæmilegan ferðakostnað, eftir reglum sem tryggingaráð setur.“ Þá hlutum við að reikna með því, enda skýrt þannig fyrir okkur, að þar væri um allan ferðakostnað að ræða, það væri aðeins spurningin um hvaða sjúkdómar ættu að koma inn í þetta og hvaða flokkar sjúkdóma það yrðu sem inn í þetta kæmu, sem tryggingaráð ætti að hafa yfirumsjón með.

Það er ekki hægt að neita því heldur, að ýmsar aðrar breytingar á frv. eru til bóta, en miklu skemmtilegra hefði nú verið ef menn hefðu getað rætt þessi viðamiklu mál, þá loksins frv. frá ríkisstj. fást rædd í alvöru á þessu kjörtímabili, í rólegheitum og komið athugunum sínum á framtæri, ekki síst í ljósi þess, að hæstv. ráðh. hefur reynst við afgreiðslu þessa máls nú miklu skilningsríkari en maður á að venjast af hálfu hæstv. ráðh. þessarar ríkisstj. Ég hygg því að atriði eins og þau sem ég er að flytja brtt. um hér og endurflyt þar með brtt. úr Nd. frá hv. þm. Vilborgu Harðardóttur, sem eru beinlínis komnar frá Tryggingastofnun ríkisins, frá vissum aðilum þar, sem gerst þekkja til og segja að þarna sé um atriði að ræða sem einhverja leiðréttingu verði að fá á, — að einhver leiðrétting þessara atriða hefði fengist þegar hæstv. ráðh. er í slíkum sáttahug sem hann hefur verið í þessa síðustu daga. Þess vegna hefði verið ágætt að fá til umráða lengri tíma, enda skal ekki standa á mér að vera hér í allan dag og mánudaginn einnig, ef það mætti fá enn frekari breytingar og lagfæringar á þessu máli heldur en nú þegar eru á því orðnar.

Í n. hjá okkur voru uppi spurningar varðandi ferðakostnaðinn, og ég hygg a. m. k. að hv. 12. þm. Reykv. geti, miðað við það dæmi sem hann tók þar, ekki komist hjá því að spyrja hæstv. ráðh. um viss atriði í því efni og fá um þau einhverja yfirlýsingu, ef unnt er. En ég skal ekki nánar fara út í það hér. Ljóst er að með þeirri breytingu, sem varð á reglum um ferðakostnað í Nd., er tryggingaráði gefin aukin heimild til þess að skerða endurgreiðslu ferðakostnaðar frá því sem hæstv. ráðh. ætlaðist til í upphafi. Það er alveg ljóst. Og þó að ég treysti þeim ágætu mönnum þar vel, þá treysti ég þeim líka mátulega vel til þess að túlka þetta á þann hátt sem ég hefði gjarnan viljað og fólst m. a. í frv. okkar hv. þm. Stefáns Jónssonar á sínum tíma, þar sem Alþ. blátt áfram setti reglurnar — eins og eðlilegt er — og það átti svo ekki að þurfa að vera að vefjast fyrir tryggingaráði eða einhverjum deildarstjórum í Tryggingastofnun hvað skyldi gilda í hverju og einu varðandi ferðakostnað þessa fólks, sem þarf ítrekað á sérfræði- og læknisaðstoð að halda og verður að sækja hana hingað á höfuðborgarsvæðið. Við höfðum að vísu líka, við hv. þm., gert aðrar tilraunir með því að óska eftir að sérfræðiþjónustan á heilsugæslustöðvunum væri betur skipulögð og reynt yrði að beina sérfræðingunum meira til fólksins í stað þess að fólkið þyrfti sífellt að sækja til þeirra hingað suður, og vorum sannfærðir um það og erum sannfærðir um það enn, að sú skipan væri miklu heilladrýgri og einnig miklu ódýrari í raun fyrir alla aðila og þá ekki síst fyrir samfélagið.

Ég veit ekki hvað ég á að fara nánar út í þetta mál hér, fyrst hæstv. ráðh. er horfinn svo harkalega af vettvangi. En ég vildi þá aðeins víkja að þeim brtt. sem ég hef leyft mér að flytja og ég hefði sannarlega viljað fá að heyra álit hæstv. ráðh. á, þó alveg sérstaklega á c-lið þeirra brtt. (**Forseti:** Má ég vekja athygli hv. þm. á því, að það er e. t. v. úrræði í þessu efni, ef við fáum ráðh. við 3. umr.) Já, já, það er möguleiki, ég fagna því, hæstv. forseti, þó að ég geti ómögulega þá, svona rétt fyrir kosningar, farið að endurtaka það lof sem ég bar á hann áðan fyrir að hafa komið svo mjög til móts við stjórnarandstöðuna sem raun ber vitni og ber óneitanlega að þakka. Ég ætla þá að fara yfir þessar till.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við 3. mgr. í 12 gr. laganna, þ. e. varðandi örorkumatið. Í núgildandi lögum

er á valdi eins manns að úrskurða hér um, þ. e. a. s. tryggingayfirlæknis. Það stendur í greininni: „Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.“ Ég er ekkert að draga úr því, að tryggingayfirlæknir geti verið hinn ágætasti maður og hann vilji allt vel gera. En ég dreg alltaf í efa óskeikulleika manna, hvort sem þeir heita tryggingayfirlæknar eða hvaða nafni sem þeir nefnast og hvaða nafn þeir hafa, bæði að fornafni og eftirnafni. Ég gerði tilraun og vildi gera tilraun, eins og við höfum fengið ábendingu um ofan úr Tryggingastofnun, til þess að breyta þessu þannig að lífeyrisdeildarstjórinn, sem er þessum málum geysikunnugur, fjallaði hér einnig um og einnig félagsráðgjafi vegna þeirra félagslegu ástæðna sem oft koma inn í þetta mál.

Þarna væri því um þrjá aðila að ræða. Þá segja menn: Ja, það er til tryggingaráð og tryggingaráð er þó yfir tryggingalækni og getur fengið til úrskurðar hin ýmsu mál hvað þetta snertir. — Ég fullyrði, að þó að tryggingaráð reyni án efa að gera sér grein fyrir þessu eins vel og hægt er, þá skilst mér það á þeim góðu mönnum, að í langflestum tilfellum láti þeir mat þessa eina manns, tryggingayfirlæknis, ráða. Og ég hef þetta raunar staðfest og ég tel það ekkert óeðlilegt út af fyrir sig kannske. En hér er verið að gefa einum manni ofurvald. Ég vil að fleiri komi inn í þetta. Og ég þekki dæmi um það, mjög hróplegt dæmi, einmitt núna frá síðustu vikum m. a. s., að mér þykir hafa verið fljótfærnislega að málum staðið, e. t. v. vegna þess að þessi maður hefur of mikið að gera, of mikið á sinni könnu, þarf í of mörgu að snúast, og ég held að það kalli á þessa skipan, þó að hún verði ekki nú, þó að hún komi til síðar. Það hefði þess vegna verið gott að við hefðum getað athugað þessi mál í ró og næði og reynt að komast að samkomulagi við hæstv. ráðh. um þetta atriði. Ég tel síður en svo fjarstæðu að hann hefði í einhverju komið til móts við okkur.

Í 14. gr. laganna er lagt til að niður falli í 1. mgr. orðin „enda eigi barnið lögheimili hér á landi.“ Þetta er ákaflega saklaust orðalag og snertir 14. gr. sem hljóði svo, með leyfi forseta:

„Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, enda eigi barnið lögheimili hér á landi og annað hvort foreldri þess eða barnið sjálft hafi átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram.“

Hér er um það að ræða, að Tryggingastofnun ríkisins greiði meðlag fyrir örorkulífeyrisþega, sem ekki eru hreinlega færir um það, meðlag með börnum þeirra. En ef maki eða eiginkona örorkulífeyrisþega flyst úr landi með 2 eða 3 börn heirra hjóna og eignast þar lögheimili, þá fellur þessi endurgreiðsla Tryggingastofnunarinnar niður. Hefur þetta verið reynt ítrekað varðandi einstaka menn. Þetta eru mjög fá tilfelli og ekki mjög venjulegt að konur hlaupi svona úr landi og eignist lögheimili erlendis. Munu ekki vera nema um þrjú tilfelli af þessu tagi. Hér er þess vegna ekki um neinar fjárhæðir að ræða, síður en svo, enda hafði Tryggingastofnunin greitt meðlag fyrir alla þessa aðila áður, en hún gerir það ekki eftir að barnið er komið úr landi og á þar orðið lögheimili. Hér er t. d. um að ræða mann í hjólastól, að mér er sagt, sem hefur enga möguleika á þessu í raun og veru, en er auðvitað áfram meðlagsskyldur með barni sínu. Gagnkvæmir samningar landa á milli munu ekki bæta hér úr. Þar af leiðir að Tryggingastofnunin varð að fella niður þær greiðslur sem hún innti af hendi fyrir þennan mann áður, eftir að börn hans höfðu eignast lögheimili í öðru landi. Þarna er um svo smávægilegt atriði að ræða, en jafnframt svo stórt fyrir þann aðila, sem hér er um að ræða, eða þá fáu aðila, að hér hefði verið vandalítið að breyta. Ég skil eiginlega ekki að þessu skuli ekki hafa verið breytt í Nd., og kenni þar um hraðanum einum. Ég var alveg sannfærður um að hæstv. ráðh. hefði verið tilbúinn til þess að athuguðu máli að breyta þessu.

Síðan kemur að vísu liður sem ekki er hægt að neita að hafi í för með sér útgjaldaaukningu, en liður sem ég álít að sé okkur ekki sæmandi engu að síður eins og hann er. Það er varðandi ekkju- og ekklabætur í 17. gr. laganna. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver sem á lögheimili hér á landi og verður ekkja eða ekkill innan 67 ára aldurs á rétt á bótum í 6 mánuði eftir lát maka“ — og síðan kemur upphæð sem mun nú vera rúmar 48 þús. kr. Hér er um verulega upphæð að ræða. En hver var hugsunin á bak við þessa grein í upphafi? Hún var sú að vegna útfararkostnaðar yrði mikið rask á högum þessa fólks og aðrar auðskildar ástæður kæmu þar inn í og því væri réttmætt og eðlilegt að bæta fólki það nokkuð með þessum 6 mánaða bótum. Og dettur nokkrum í hug að það sé eitthvað óréttlátara að greiða því fólki, sem verður fyrir aukakostnaði, — fyrir utan það áfall sem hér af verður, — óhjákvæmilegum kostnaði fyrir það mikla rask sem getur orðið á högum þessa fólks þó að það sé orðið þetta gamalt, — dettur nokkrum í hug að það sé minna hjá þessu fólki heldur en hinum, einmitt þessu fólki sem hefur kannske allra verstu ástæðurnar til að taka á sig þessar breyttu aðstæður, þessa rýrðu hagi og þann kostnað sem þetta hefur í för með sér?

Það er rétt að hér er auðvitað um að ræða atriði sem ég get ekki farið fram á að sé tekið inn í lög í einni svipan, vegna þess að hér er um að ræða mikil útgjöld fyrir almannatryggingar. Við höfum aldrei farið í neinar grafgötur um það. Við vildum því ekki gera till. út í bláinn í þessum efnum, vildum vita hvar við stæðum. En ekki verður hjá því komist að vekja athygli á þessu misræmi engu að síður, því að um mörg átakanleg dæmi er að ræða sem ég tel að ekki þurfi að rekja fyrir mönnum hér. Mönnum á að vera þetta svo auðskilið sem nokkuð getur verið. Á móti þessu held ég að mætti koma það, að tekjutryggingin fer sífellt lækkandi út úr almannatryggingum í raun sem betur fer, því að lífeyrissjóðirnir taka við æ stærra hlutverki og það koma æ fleiri inn í lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna og hina almennu lífeyrissjóði og sérstaklega þá verkalýðsfélaganna. Og það er greinilegt að þarna gæti jafnvel, eftir upplýsingum deildarstjóra í Tryggingastofnun ríkisins, orðið um að ræða upphæðir sem gætu mæst. Hann fullyrðir ekkert um það. Ég fullyrði ekki um það heldur, en þarna gæti orðið um upphæðir að ræða annars vegar sem lækkuðu varðandi tekjutrygginguna og hins vegar sú hækkun sem af þessu leiddi, sem tæki til fólks sem eldra væri orðið en 67 ára.

Ég held að ég sjái ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Þó segi ég það enn og aftur, að ég harma að þegar þessi lagabálkur kemur til umr. í fyrsta sinn á kjörtímabilinu og á að koma til heildarumr. eftir endurskoðun, þá skuli það vera með þessum hætti. Ég ítreka samt, að ég tel breytingar þær, sem hér er um að ræða, til bóta og þó alveg sérstaklega j-lið 8. gr., sem ég vona sannarlega, af því að ég sé að einn tryggingaráðsmaður er

genginn í salinn, að hann og aðrir tryggingaráðsmenn sjái til þess að verði nýttur sem allra best, þar verði veitt hið fyllsta aðhald, eins og við margtókum fram þegar við fluttum frv. okkar við hv. þm. Stefán Jónsson, hið ítrasta aðhald. Áður hafði því verið svarað til m. a. s. af virktarmanni uppi í Tryggingastofnun, að það væri fjarstæða að fara að borga skemmtiferðir fyrir landsbyggðarfólkið hingað suður „eftir behag", það væri slík ósvífni, að menn skyldu vara sig á því hvað verið væri að gera ef þeir ætluðu að fara út í slíkt. Ég treysti tryggingaráði til þess, að þær reglur, sem það setur um þetta, verði landsbyggðafólkinu verulega til góðs. Og þá get ég fyrir hönd þessa stóra hóps, sem þarna er um að ræða, í lokin, þrátt fyrir fjarveru ráðh., ekki stillt mig um að bæta einni rós í hnappagat hans fyrir þetta atriði alveg sérstaklega.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti.

Illt er að vera illa sofinn,
orðinn á þessu leiður.
Hugans freistar fjallakofinn
og fiskivegur greiður.
En Helgi, sem þekkir bóndans bú,
ég býst við leiti þangað nú.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Það voru aðeins tvö atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns, sem ég vildi segja nokkur orð út af.

Varðandi endurskoðun á almannatryggingalögunum og endurskoðunarnefndina, þá vildi ég upplýsa það, að nefndin hefur ekki hætt störfum og hún er áfram að vinna að endurskoðun laganna. En ástæðan til þess að frv., sem hafa komið frá Alþ., hafa ekki ætíð farið beint til hennar, er sú að henni eru í sjálfu sér falin ákveðin verkefni af heilbrmrn. eða tryggingaráði á hverjum tíma, en ekki að hún taki til meðferðar hvert það mál sem upp kemur. Nú stendur fyrir dyrum að endurskoða kaflann um sjúkrahús og enn fremur verða þá tekin inn ýmis önnur almenn ákvæði sem beðið hafa.

Ég vildi líka segja frá því varðandi það atriði, sem hv. 7. landsk. þm. gerir brtt. við í 12. gr., að tryggingalæknirinn meti örorku þeirra sem sækja um örorkubætur, að það hefur nú þegar að nokkru leyti verið framkvæmt sem hann er að ræða um. Nýlega hefur starfskraftur verið ráðinn til þess að kynna sér félagslegar aðstæður þeirra sem sækja um örorkubætur, og á þann hátt er komið að einhverju leyti til móts við þetta atriði.

Annars vil ég segja það, að almannatryggingalöggjöfin er alltaf í endurskoðun og eins og komið hefur fram hér, þá eru hér tvö frv. sem ekki verða útrædd nú. Þess vegna vona ég að hv. þm. fallist á að við látum þau ákvæði, sem við höfum báðir áhuga á að komi fram, bíða núna, en þau verði tekin upp síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 931 tekin aftur til 3. umr.
3.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Neðri deild, 101. fundur.

Laugardaginn 6. maí, klukkan 10 árdegis.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 918 (sbr. 757)). — *Ein umr.*

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 900 (sbr. 39), n. 914, 915). — *2. umr.*

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. þetta var lagt fram í hv. Ed. á s. l. hausti, en er fyrst núna á ferðinni í þessari hv. d. Í gærmorgun hafði iðnn. þessarar d. fund og á fund hennar komu fulltrúar frá Sambandi byggingarmanna, frá Trésmíðafélagi Reykjavíkur, frá Múrarafélagi Reykjavíkur, frá Prentarafélaginu, frá Félagi ísl. járniðnaðarmanna, frá Rafiðnaðarsambandinu og frá Félagi vélvirkja.

Allir þessir aðilar óskuðu eftir viðtali við n. vegna 8. gr. frv. sem þeir töldu að væri ekki góð og beinlínis skaðleg fyrir verkmenntun í landinu. Í 8. gr. frv. er sagt að ráða megi þó verkafólk til iðnaðarstarfa, þ. e. a. s. alveg skilyrðislaust. Þetta ákvæði er vitanlega ekki gott, að þeir, sem hafa lagt á sig margra ára skólagöngu til verkmenntunar, sitji ekki frekar fyrir iðnaðarstörfum heldur en alveg ólærðir verkamenn. Ef þetta ákvæði yrði lögfest, þá mundi það ekki ýta undir menn að leita sér tæknimenntunar.

Iðnn. varð þess vegna sammála um að koma til móts við óskir þessara fulltrúa, sem ég nefndi, og gerir till. um að breyta 8. gr. laganna, þó þannig að iðnrekendur, meistarar og aðrir atvinnurekendur geti einnig sætt sig við það orðalag og þau ákvæði sem iðnn. vill lögfesta. Brtt. n. er á þskj. 915 og hv. alþm. geta borið saman 8. gr. frv. og brtt. n. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að lesa það upp þar sem það er á borðum hv. þm.

N. varð sammála um að gera þessa einu brtt. Það hefur verið athugað, bæði af iðnn. Ed. og iðnn. þessarar d., hvaða viðhorf er almennt til þessa frv., og það má segja að allir þeir, sem að iðnaðarmálum vinna og iðnaðarmálum starfa, telji að þetta frv. stefni í rétta átt og sé til bóta, þ. e. a. s. ef brtt. iðnn. verður samþykkt í stað 8. gr. eins og hún nú er í frv.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en iðnn. leggur til að frv. verði samþ. með þeirri breytingu sem ég hef lýst.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Ég vil þakka iðnn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli og tel mjög mikilvægt að þetta frv. til iðnaðarlaga verði nú að lögum. Ég tel einnig rétt að fallast á og mæla með samþykkt þeirrar till. sem iðnn. deildarinnar flytur varðandi 8. gr. En ég vil í sambandi við það mál taka fram um þetta ákvæði í 8. gr. sem nú er lagt til að breyta, það ákvæði að ráða megi þó verkafólk til iðnaðarstarfa, að þetta sjónarmið, sem hv. frsm. n. gerði að umtalsefni, kom að

sjálfsögðu til umræðu bæði í undirbúningsnefndinni og til athugunar í rn. Sú n., sem undirbjó þessi lög, varð sammála um það orðalag sem er í greininni nú, og það er skýrt nánar í grg., þannig að þó að þetta ákvæði virðist víðtækt, að ráða megi verkafólk til iðnaðarstarfa, þá takmarkast það að sjálfsögðu af kjarasamningum. Í grg. um 8. gr. segir: „Iðnlært fólk hefur ætíð forgang til iðnaðarstarfa samkv. kjarasamningum.“ Í framkvæmd mundi þetta því ekki verða eins rúm og víðtæk heimild og orðalagið kann að benda til, vegna þess að kjarasamningar mundu að sjálfsögðu alltaf tryggja fullan rétt hinna iðnlærðu.

Hins vegar hefur verið óskað eftir því, eins og hv. frsm. gat um, af vissum stéttarfélögum að breyta þessu. Ég vil að sjálfsögðu fallast á það og mæli með þessari brtt. og vænti þess, að frv. verði samþ. nú við þessa umr., og mun það þá fara aftur til hv. Ed. þar sem ég geri fastlega ráð fyrir að iðnn. og sú deild muni fallast á þessa brtt.

Ég vil aðeins endurtaka það, að ég legg mikla áherslu á að þetta frv. verði að lögum nú á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 915 (ný 8. gr.) samþ. með 24:1 atkv.
9. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
10.—18. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Sala eyðijarðarinnar Kollsvíkur í Rauðasandshreppi, frv. (þskj. 452, n. 921). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Þetta mál er um að veita heimild til þess að selja eyðijörðina Kollsvík í Rauðasandshreppi. Í grg. með frv. kemur fram, að hreppsnefnd Rauðasandshrepps og jarðanefnd Vestur-Barðastrandarsýslu mæla með sölu jarðarinnar. Einnig liggja fyrir jákvæðar umsagnir um málið frá Landnámi ríkisins og jarðeignadeildinni. Þetta er heimild til að selja Össuri Guðbjartssyni, sem er ábúandi og eigandi á jörðinni Láganúp í Rauðasandshreppi, þessa jörð, og hefur hann haft afnot af Kollsvík síðan 1972. Á þskj. 921 kemur fram, að landbn. hv. d. hefur fjallað um málið og mælir með að samþykkja frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 920). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 944).

Neðri deild, 102. fundur.

Laugardaginn 6. maí, að loknum 101. fundi.

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 943 (sbr. 39)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og endursent Ed.

Iðntæknistofnun Íslands, frv. (þskj. 918 (sbr. 757)). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 945).

Heyrnleysingjaskóli, frv. (þskj. 796). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 955).

Sala eyðijarðarinnar Kollsvíkur í Rauðasandshreppi, frv. (þskj. 452). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 956).

Efri deild, 104. fundur.

Laugardaginn 6. maí, kl. 1.25 miðdegis.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 717). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 950).

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 917). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 951).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 925 (sbr. 847), 931). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Af misjöfnu tagi hefur verið sá söknuður, sem menn hafa borið í brjósti yfir því að sjá ekki hæstv. ráðh. í salnum eða á landinu, en ég saknaði hæstv. ráðh. áðan af því óvenjulega tilefni, að ég ætlaði að þakka honum fyrir hvernig að þessum málum hefði verið staðið og hversu hann hefði komið til móts við stjórnarandstöðuna í þessum efnum. Ég sagði hins vegar að tíminn væri það knappur að við gætum ekki rætt þetta mál eins náið og vel og við hefðum þurft á að halda og e. t. v. ekki heldur náð samkomulagi við hæstv. ráðh. um nauðsynlegar lagfæringar sem hefði e. t. v. verið hægt að komast að samkomulagi um ef tíminn hefði verið nægur. Það er nokkuð óvenjulegt, að við stjórnarandstæðingar fáum tækifæri til þess að þakka þannig fyrir okkur, og því ekki að ástæðulausu að ég saknaði hæstv. ráðh.

Ég hafði alveg sérstaklega í huga þann lið 8. gr. þessa frv. sem fjallar um óhjákvæmilegan ferðakostnað, því að það er mál sem ég hef lengi verið með í huga og hefur lengi verið baráttumál okkar hv þm. Stefáns Jónssonar hér að yrði komið á, og eflaust má rekja það enn þá lengra aftur sem baráttumál manna, að landsbyggðarfólk fengi þarna endurgreiddan að hluta til eða að öllu ferðakostnað sinn. Ég met þessa grein langmest af þeim sem í þessu frv. eru, og þó hún ein hefði verið, þá hefði ekki verið að ófyrirsynju samþykkt þetta frv. Hins vegar vildi ég aðeins spyrja hæstv. ráðh. að því vegna þeirrar breytingar sem varð á greininni í Nd. hvaða skilning mætti í hana leggja. Í frv. eins og það kom frá ráðh., og þá á ég við upphaflega frv. eða það upphaflegasta, mætti segja, stóð: „óhjákvæmilegan ferðakostnað eftir reglum, er tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir". Síðan var af heilbr.- og trn. í Nd., skilst mér, bætt inn ákvæðinu: „óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum, eftir reglum er tryggingaráð setur". — Ég vildi aðeins vita, ef hæstv. ráðh. gæti gefið upplýsingar um það, hvað þessi breyting fæli í sér. Hér var um það að ræða áður, eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið, að með þessu ætti hæstv. ráðh. við að viðvíkjandi þeim sjúkdómum, sem tryggingaráð setti reglur um að greiða ætti ferðakostnað með þá yrði ferðakostnaðurinn greiddur alfarið. En nú er sem sagt komið „með takmörkunum", og ég skil það sem skerðingu frá því sem hæstv. ráðh. reiknaði með í hinni upphaflegri gerð frv. Þarna hefur eitthvað komið til sögunnar sem hefur breytt þessu, því miður, tel ég, vegna þess að ég held að sá skilningur okkar hafi verið réttur, að reglurnar hafi átt við um þá sjúkdóma eingöngu, sem þessar reglur ættu að gilda um, og hin ákveðnu tilvik, en ferðakostnaðurinn ætti að greiðast að fullu eins og þetta var í frv. hæstv. ráðh., en síðan hafi því verið breytt í Nd. með því að setja þarna inn „með takmörkunum" og þarna geti verið um verulega skerðingu á þessu að ræða. Ég vildi aðeins spyrja hæstv. ráðh. um það.

Ég veit að það er rétt, sem hv. 2. þm. Reykn. sagði áðan, að vissulega eru tryggingalögin í endurskoðun áfram, og það gerði ég mér fyllilega ljóst. En á okkur hvílir engu að síður sú skylda, þegar við fáum þau loksins til meðferðar í lok kjörtímabilsins, að við reynum að sníða af þá agnúa sem eru svo augljósir að allir eru eiginlega sammála um að þeir eigi að sníðast af.

Það varðaði sem sagt c-liðinn í þessari brtt. frá mér varðandi 14. gr. laganna. Ég vildi aðeins beina því til hæstv. ráðh., að hann beitti sér fyrir því nú þegar við þessa endurskoðunarnefnd, sem er að störfum, að hún undirbyggi breytingu í þá átt sem ég er með í brtt. minni. Hér er um mjög fá tilvik að ræða. Hér er um að ræða meðlagsgreiðslur örorkulífeyrisþega sem Tryggingastofnunin greiðir, en ef eiginkonan flyst af landi burt, þá fellur þetta ákvæði brott og örorkulífeyrisþeginn þarf að greiða meðlagið að fullu, en þarf þess ekki að öðrum kosti. Því tel ég að þessi fáu tilvik eigi að taka út úr og ekki eigi að mismuna á þennan hátt. Ég held að allir séu yfirleitt sammála um það, en þetta er lagaákvæði sem tryggingaráð og Tryggingastofnun verður að halda sig við. Mér er sagt að þetta hafi komið fyrir í þremur tilvikum aðeins, það sé aðeins um þrjú tilvik að ræða. Það er þess vegna ekki um neinar upphæðir að ræða sem skipta máli. Þetta skiptir aftur á móti miklu máli fyrir viðkomandi einstaklinga, og því vil ég beina því til hæstv. ráðh. í framhaldi af því, sem ég hef áður sagt, og skal þá draga þessa till. til baka ef hann lýsir yfir því, að hann muni beita sér fyrir því við þessa endurskoðunarnefnd að hún taki þetta atriði til alvarlegrar athugunar.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem 7. landsk. þm. sagði. Ég skal upplýsa það, að brtt., sem flutt var af heilbr.- og trn. Nd., var tekin upp fyrir áeggjan formanns tryggingaráðs sem taldi erfitt að framkvæma till. eins og hún var orðuð. Það gafst ekki tími til þess að hugleiða nánar þessi atriði, en hins vegar, eins og segir í greininni breyttri, á tryggingaráð að gera till. um reglur varðandi greiðslu þessara ferðapeninga sem ráðh. á að staðfesta. Ég hef kannske verið fremur frjálslyndur í þessum efnum, en ég hef talið að hér sé verið að stíga mikið réttlætisskref gagnvart þeim sem eiga heima fjarri sjúkrahúsum og þurfa að fara langar leiðir. Hins vegar skulum við ekki gleyma því, að fólkið er mjög misjafnt. Margir eru snillingar að nota sér ákvæði sem eru sett því fólki sem þarf sannarlega á þeim að halda, — margir sem ekki þurfa á þeim að halda. Þess

vegna eru auðvitað töluverð vandkvæði á því, hvernig á að framkvæma þessi ákvæði til þess að þau verði með þeim hætti, að þeir einir, sem þurfa á þeim að halda, njóti þeirra, en hinir ekki. Það er eins og fyrri daginn. Mín skoðun er sú, að hugleiða eigi þetta mál miklu betur, og ég skal heita því að hafa samstarf við tryggingaráð í þessum efnum, því að það er auðvitað sett líka í mikinn vanda. En eins og háttað er störfum þingsins, þá tókum við út úr þessum tveimur frv. það sem við töldum að væri brýnt að lögfesta. Endurskoðunin heldur áfram, og ég skal ræða þetta atriði við formann endurskoðunarnefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 931 felld með 12:4 atkv.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 592).

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 943 (sbr. 39)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. þessu var breytt í Nd. 8. gr., sem við ræddum nokkuð um við meðferð þessa máls hér í d., var breytt þannig, að heimild til þess að ráða verkafólk til iðnaðarstarfa, var þrengd og færð í það sama horf og er í gildandi lögum. Krafist er samþykkis sveina- og meistarafélags til þess að heimilt sé að ráða ólært verkafólk til iðnaðarstarfa, og einnig er fram tekið að slíkt skuli aðeins heimilt um stuttan tíma í senn.

Ég hef leitast við að ná í iðnn.-menn. Ekki hafa verið tök á því að halda fund, en ég hef borðið þetta undir, hygg ég, flesta ef ekki alla og gerir iðnn. ekki aths. við þessa breytingu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hvað sem að öðru leyti má segja um þá breytingu sem varð á frv. í Nd., þá hygg ég að þeim iðnn.-mönnum þar hafi orðið á í messunni. Ég er alveg viss um að það hefur verið óvart þar sem komist er svo að orði í 8. gr.: „Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn", — að „nota" megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa. Ég ítreka, að það hvarflar ekki einu sinni að mér að iðnn.-menn Nd. hafi notað þetta orðalag í óvirðingarskyni, en það fer ekkert á milli mála, að eins og þetta hljóðar í frv. hefur það niðrandi merkingu og ber vott um þess háttar fornaldarhugsunarhátt, að maður gæti næstum því ímyndað sér að það hafi verið Björn heitinn buna sem orðaði brtt.

Við hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson leyfum okkur að bera fram skrifl. brtt., svo hljóðandi:

„Í stað orðanna „nota megi ólært verkafólk" komi: ráða megi ólært verkafólk."

Ég ítreka það, að ekki hvarflar að mér að þetta sé orðað þannig af hálfu iðnn. Nd. að yfirveguðu ráði í óvirðingarskyni, en ég vil vekja athygli á því, að einmitt þessi grein kom til álita og átaka milli fulltrúa ólærðs verkafólks og fulltrúa faglærðra við umfjöllun málsins í iðnn. Ég tel þess vegna ákaflega nauðsynlegt, að þessu orðalagi verði breytt. Raunar finnst mér, að Alþ. geti ekki verið þekkt fyrir að samþykkja lög með þessu orðalagi.

Ég kem þessari skriflegu brtt. á framfæri við forseta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 948) samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 948 samþ. með 20 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Nd.

Bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka, frv. (þskj. 924). — Ein umr.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Nd. hefur gert nokkrar breytingar á frv. til l. um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka. Allshn. Ed. vannst ekki tími til að fjalla um þessar breytingar sérstaklega á fundi, en ég hef haft munnlegt samráð við nm. og meiri hl. n. fellst á að þessar breytingar verði samþykktar.

Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta. Þó verð ég að lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst þessar breytingar orka nokkurs tvímælis, en mun þó eftir atvikum greiða frv. atkv. mitt eins og það liggur nú fyrir.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef aldrei dregið neina dul á það í þessari hv. d. við meðferð þessa máls, að mér finnst óþarflega hratt riðið úr hlaði þegar lög um íslenska stjórnmálaflokka eru í undirbúningi og hér er tekið út eitt atriði og hespað af í lagaformi á skömmum tíma. En frv. nýtur mikils fylgis og auðvitað ræður meiri hl. eins og löngum er. Hv. Nd. hefur, eins og áðan var getið um, gert breytingar á frv. frá því sem það fór héðan, breytingar sem ég tel mjög orka tvímælis — mjög svo.

En ég vek athygli á því, að við erum með þessu að fara inn á áður ókunna braut, sem ég hygg að ekki muni tíðkast að fara í nágrannalöndum okkar, þar sem sendiráðum á að banna hvers konar útgáfustarfsemi. Nú má ver að túlka megi þetta orðalag þannig, að hér sé einungis um að ræða blaðaútgáfu, þannig að enn þá sé heimilt að gefa út upplýsingarit og annað slíkt, og ég verð að vona að lögin verði skilin á þann veg, því að ég hygg að við hefðum ekki unað því alls kostar, ef við hefðum ekki t. d. í meðferð landhelgismáls okkar mátt gefa út á erlendum málum og dreifa erlendis upplýsingabæklingum og rökstuðningi fyrir málflutningi okkar. Mér er ljóst að það er of seint að fara að hrófla við þessum ákvæðum, enda njóta þau eflaust meirihlutastuðnings. En ég vil þá, um leið og ég læt þessi varnaðarorð frá mér fara, vonast til þess, að sá skilningur verði lagður í þessi lög, ef þau verða samþykkt sem allar horfur eru á, að þeim verði beitt með varfærni og af ítrustu aðgát, þannig að við förum ekki að ganga fram fyrir skjöldu í því að hefta prentfrelsi ofan í allar þær samþykktir sem við höfum staðið að á erlendum vettvangi í gagnstæða átt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Að gefnu tilefni í ummælum hæstv. utanrrh. vil ég hreinlega mótmæla því,

að nokkurt sendiráð eða erlent ríki hafi rétt til að gefa eitt eða annað út reglulega hér, eins og átt hefur sér stað og komið hefur m. a. frá rússneska sendiráðinu hér eða Novosti fréttastofunni. Það er allt annað að dreifa upplýsingabæklingum eða gefa reglulega út bæklinga eða blöð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 953).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 803 (sbr.802 og 600), 946). — 3. umr.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef margoft bent á að í seinasta ákvæði þessa frv. kemur berlega fram, að því verður ekki beitt við álagningu skatta fyrr en á miðju næsta kjörtímabili. Það er því ljóst að enn er góður tími til stefnu að setja skattalög sem gætu verið ákveðin að vel yfirveguðu ráði. Ég held að það leyni sér ekki, að það frv., sem fyrir liggur, er gallað í ýmsum atriðum. Ég held að ekkert sé því til fyrirstöðu, að afgreiðslu þessa máls verði frestað til næsta hausts og ný ríkisstj., hver svo sem hún verður að kosningum loknum, fái tækifæri til að endurskoða þessi mál og leggja nýtt frv. fyrir næsta þing sem gæti þá samþykkt það á fyrstu mánuðum næsta starfsárs Alþingis þannig að það tæki gildi 1. jan. 1979. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið sem slíkt, en flyt frávísunartillögu, svo hljóðandi:

„Þar sem frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt er ófullkomið og í mörgum atriðum stórgallað, en brtt. minni hl. hafa verið felldar, og með það í huga að ekkert kallar á, að frv. sé afgreitt fyrir komandi kosningar, en eðlilegast er, að sú ríkisstj., sem verður við völd að kosningum loknum, endurskoði frv. og leggi nýtt skattafrv. fyrir Alþ. næsta haust, samþykkir Ed. að vísa málinu til ríkisstj."

Við þm. Alþb. sátum hjá við afgreiðslu málsins við 2. umr. og munum gera það enn, ef þessi till. verður felld, en til þess að undirstrika ótvírætt afstöðu okkar til þessa máls, að við erum síður en svo ánægðir með það frv. sem hér er verið að afgreiða, teljum að það þurfi gagngerðrar endurskoðunar við, þá teljum við rétt að flytja þessa till. um að vísa málinu til ríkisstj. þannig að fyrir liggi afstaða okkar.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við það frv. sem hér er til 3. umr.

Ég hef verið sérstaklega spurður að því, hvort í frv. um tekju- og eignarskatt felist breytingar á skattalegri stöðu vátryggingarfélaga að því er varðar iðgjald og bótasjóð, og þykir mér rétt að taka fram að svo er ekki. Í 5. tölulið 31. gr. frv. eru efnislega sömu ákvæðin og í 6. mgr. 17. gr. núgildandi laga. Vátryggingarfélögum er heimilt að draga frá tekjum sínum það fé sem þau leggja til hliðar til að inna af hendi skyldu sína við vátryggingartaka eða þá vátryggðu. Í þessu felst yfirfærsla þess hluta iðgjalda, sem inn kemur á reikningsárinu og fellur á næsta reikningsár og fært er í iðgjaldasjóð, enn fremur það sem lagt er í bótasjóð vegna óuppgerðra tjóna, bæði tilkynntra og ótilkynntra. Sjóðir þessir eru einu nafni nefndir tryggingasjóðir og er um þá fjallað í 8. gr. reglugerðar um ársreikninga vátryggingarfélaga, nr. 77/1975, sem byggð er á lögum nr. 26/1972, um vátryggingarstarfsemi. Hins vegar er tillag í áhættusjóð, sbr. 19. gr. laga um vátryggingarstarfsemi, ekki frádráttarbært til skatts samkv. frv., en samkv. 19. gr. ber vátryggingarfélögunum að leggja ákveðinn hluta af hagnaði sínum í áhættusjóð. Þar er ekki um að ræða tæknilega tryggingasjóð, heldur bindingu á hluta hagnaðar til að styrkja eigið fé vátryggingarfélaga. — Þetta vildi ég láta hér koma fram.

Varðandi þá till., sem hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, flytur hér um að vísa frv. til ríkisstj. vegna þess að það sé ófullkomið, þá á ég ekki von á því, að flutt verði frv. hvorki um skattalög né annað, sem fullkomin verði talin. Auk þess segir í þeirri till., að frv. sé í mörgum atriðum stórgallað. Ábendingar varðandi þá stóru galla hef ég ekki orðið var við í þeim umr. sem átt hafa sér stað. Ég tel að sá undirbúningur, sem farið hefur fram, sú mikla vinna, sem innt hefur verið af höndum við gerð þess frv. sem hér liggur fyrir, sé með þeim hætti, að fullkomlega sé réttlætanlegt að frv. verð samþykkt. Ég held að ég verði að vekja athygli á því, að sú umr., sem farið hefur fram um þetta frv., sýnir allt annað en fram kemur í þeirri frávísunartillögu sem hv. 5. þm. Norðurl. v. flytur. Auðvitað verða aldrei sett þau skattalög, að einhverjir hópar, einhverjir einstaklingar hafi ekki einhverjar aths. þar að lútandi. En ég er sannfærður um að í því frv., sem hér er væntanlega til síðustu umr., hafi tekist að ná fram þeim höfuðsjónarmiðum, sem hafa komið fram, og það sé til þess að hafa skattbyrðina réttlátari í þjóðfélaginu heldur en hún hefur kannske verið.

Það er gert ráð fyrir því, að þessi skattalög taki gildi 1. jan. 1979, þannig að athafnir manna frá og með þeim degi taki mið af þeim skattalögum sem gilda frá næstu áramótum, og er því eðlilegt — að mínum dómi skynsamlegt og ég vil segja rétt siðferði gagnvart skattborgurunum — að þeir fái um það vitneskju með nokkrum fyrirvara við hvaða skattalöggjöf þeir muni búa.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri. Í trausti þess, að sú till., sem hér er flutt, verði felld, leyfi ég mér engu að síður að þakka þm. beggja d. og forsetum deildanna fyrirgreiðslu þeirra varðandi þau frv. sem hér hafa verið til umr. og afgreiðslu. Ég tel að með þessu frv., sem væntanlega verður að lögum, sé stigið rétt spor og þegar fram í sækir og við förum að finna áhrif þessa frv. sem skattalöggjafar, þá muni menn sannfærast um, þeir sem enn hafa efasemdir, að hér hafi verið rétt að staðið.

ATKVGR.

Tillaga á þskj. 946 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 15:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, HFS, RA, StJ.

nei: AJ, ÁB, EggÞ, EÁ, GH, HÁ, IT, IH, JHelg, JÁH, JGS, OÓ, StH, StG, ÞK.

AG greiddi ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel að frv. þetta sé enn eitt dæmi þess, hve margir tölfróðir menn geta með löngu starfi og miklum erfiðismunum komist að rangri niðurstöðu, og segi því já.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 954).

Efri deild, 105. fundur.

Laugardaginn 6. maí, kl. 4.05 síðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 293). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 958).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að þetta er síðasti þingfundur hv. Ed. að þessu sinni, þar sem nú er ákveðið að þinglausnir fari fram í dag, vil ég nú nota tækifærið til þess að þakka ykkur, hv. þdm., fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifstofustjóra Alþingis, og öðru starfsfólki Alþingis svo og þingfréttariturum færi ég bestu þakkir fyrir ágæta samvinnu. En ekki síst vil ég þakka skrifurum deildarinnar fyrir ágætt starf og varaforsetum fyrir alla þá aðstoð sem þeir hafa veitt mér sem forseta.

Við erum nú ekki einungis að ljúka þessu þingi, heldur er þetta lokaþing þessa kjörtímabils. Fram undan er kosningabaráttan. Ég óska öllum hv. þdm. sæmdar í þeim leik, en auðna mun ráða hverjir okkar eiga hingað afturkvæmt. En vitað er að nokkrir úr hópi hv. þdm. munu ekki verða í kjöri í næstu alþingiskosningum og því ekki sitja hér á næsta kjörtímabili. Þessum hv. þdm. vil ég sérstaklega flytja þakkir, og ég veit að ég mæli þá áreiðanlega fyrir munn okkar allra þdm. Ég vil þakka þessum hv. þdm. fyrir hin góðu kynni og fyrir ánægjulega samvinnu og fyrir þeirra mikilsverðu störf.

Og nú, þegar leiðir skilja, óska ég öllum utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og öllum hv. þdm. heilla og hamingju, hvar sem leiðir liggja.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka forseta hlýjar óskir í garð okkar þdm. Eins og hann minntist á eru hér ekki einungis venjuleg þinglok, heldur eru það einnig lok kjörtímabils okkar til starfa hér á hv. Alþingi. Ég vona einnig að það verði ekki talin helgispjöll eða mér virt til verri vegar þó að ég víki örlítið frá hinum hefðbundnu kveðjuorðum þegar ég þakka öllum hv. þdm. þessarar d. fyrir samveruna, en hér hef ég átt lengst af setu á þingtíma mínum sem varað hefur nú um 25 ára skeið eða samtals 27 þing. Það fer ekki hjá því, að á slíkri stundu verði manni hugsað til ýmissa atvika sem skeð hafa á jafnlöngum starfsferli á sama vinnustað og jafnáhrifaríkum vinnustað og Alþingi er og á að vera um ókomna tíð Íslandsbyggðar. Ég get sagt það af fullri hreinskilni, að ég vík úr þessu starfi ókalinn á hjarta. Hitt er langtum ofar í mínum huga: allar þær ánægjulegu stundir sem ég hef átt hér í sölum Alþingis og þá kannske reynsluríkustu um leið í störfum mínum hér. Ég vil sem sagt nota þetta tækifæri, þar sem ég mun af ástæðum, sem öllum þdm. eru kunnar, ekki taka þátt í þeim bardaga sem fram undan er hjá velflestum ykkar, þ. e. a. s. kosningabaráttunni, sem hæstv. forseti hefur þegar minnst á að fram undan er á næsta leiti.

Ég óska ykkur persónulega öllum gæfu og gengis í lífi ykkar og störfum um leið og ég ítreka þakklæti mitt til ykkar fyrir samveruna þessi ár. Ég ítreka einnig þakklæti mitt fyrir hönd okkar þdm., herra forseti, til fjölskyldu þinnar og þín persónulega fyrir réttláta og góða fundarstjórn á þessu þingi sem og áður á þessu kjörtímabili og reyndar lengur og ánægjuleg samskipti í störfum við okkur þdm. og réttsýni í hvívetna. Ég bið hv. þdm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum].

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir persónulegar óskir í minn garð, og ég vil þakka fyrir hönd okkar allra hin hlýju orð er hann mælti til okkar allra. Liggur þá ekki fleira fyrir þessum fundi. Ég aðeins ítreka óskir mínar til ykkar allra. — Fundinum er slitið.

Neðri deild, 103. fundur.

Laugardaginn 6. maí, kl. 4.05 síðdegis.

Iðnaðarlög, frv. (þskj. 949 (sbr. 39)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá einni umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 957).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Háttvirtir þingdeildarmenn. Þar sem nú líður að þinglokum og að lokum kjörtímabils hef ég sérstakar þakkir fram að færa. Ég þakka ykkur öllum gott samstarf og umburðarlyndi við mig sem forseta. Þetta á jafnt við um hæstv. ráðh., þm., sem stjórnina styðja, og þm. stjórnarandstöðunnar. Skrifstofustjóra Alþingis og starfsliði þess öllu færi ég þakkir fyrir mikið starf og liðsinni við okkur þm. Varaforsetum og skrifurum deildarinnar þakka ég mikilsverða aðstoð við mig.

Nú í lok þessa kjörtímabils er það vitað, að fimm þm. þessarar deildar gefa ekki kost á sér til þingframboðs á ný. Allir eiga þeir langan og litríkan þingferil að baki. Ég leyfi mér fyrir hönd annarra þm. í deildinni að þakka þeim öllum fyrir samstarfið hér á Alþingi. Mörg okkar hafa lengi unnið á þingi með þessum mönnum og eiga um

þá minningar sem ekki mást. Í þessum hópi eru tveir, sem hafa ekki verið á þingi um skeið sökum veikinda. Þeim sérstaklega sendum við hlýjar kveðjur héðan úr deildinni þar sem þeir hafa lengi unnið. Öllum þessum hv. alþm., sem eru að láta af þingstörfum, óska ég gæfu og friðar á þeim vettvangi, sem við tekur nú.

Ég vona að mér fyrirgefist þótt ég freistist til þess að láta hugann einnig hvarfla til hv. Ed. Þar eru einng nokkrir þm. sem hætta þingmennsku og gefa ekki kost á sér til þingframboðs á ný og hafa einnig að baki langan þingferil. Öllum þessum hv. þm. vil ég fyrir hönd okkar deildar þakka samstarfið og þá ekki síst hæstv. forseta Sþ. sem nú lætur af löngu þingstarfi.

Ég óska svo öllum hv. þdm. góðs sumars og utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu svo og öllum þdm. og þeirra fjölskyldum velfarnaðar.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil sömuleiðis þakka hæstv. forseta ánægjulegt samstarf fyrir okkar hönd og flyt honum og hans fjölskyldu árnaðaróskir. Ég tek einnig sérstaklega undir þær óskir sem hæstv. forseti flutti hér til þeirra hv. þm. sem vitað er nú að ekki taka þátt í kosningabaráttu eða gefa kost á sér til framboðs. Ég vil einnig fyrir hönd okkar þdm. þakka skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þingsins fyrir ánægjulegt og gott samstarf og óska því og fjölskyldum þess alls velfarnaðar í framtíðinni. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir árnaðaróskir hans og hlý orð í minn garð og hv. þdm. fyrir undirtektir þeirra. Þá liggur ekkert fleira fyrir þessum fundi og slitið er þessum seinasta fundi deildarinnar á kjörtímabilinu.

Sameinað þing, 76. fundur.

Laugardaginn 6. maí, kl. 2.10 miðdegis.

Rannsóknir á djúprækjumiðum fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 31, n. 849). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Karl G. Sigurbergsson): Herrra forseti. Atvmn. hefur haft til athugunar og rætt till. til þál. á þskj. 31, sem er um tafarlausar ráðstafanir til aukinnar leitar og rannsókna á djúprækjumiðum fyrir Norðurlandi. N. hefur aflað sér umsagna Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar um málið. Það er álit beggja þessara stofnana, að mjög brýnt sé að könnun og leit sú, sem þáltill. gerir ráð fyrir, fari fram, en báðar stofnanirnar telja ekki síður þýðingarmikið að leitin verði gerð sem víðast á landgrunninu, ekki eingöngu fyrir Norðurlandi.

Atvmn. varð sammála um að vísa till. til ríkisstj. til fyrirgreiðslu með svofelldri ályktun:

„Um leið og n. leggur til að till. verði vísað til ríkisstj. vekur hún athygli á mikilvægi þess, að leitað verði að djúprækjumiðum sem víðast umhverfis landið."

Eins og ég sagði varð atvmn. einróma sammála um þetta og rituðu allir undir nál. Eins og fram kemur í álitinu vill n. leggja áherslu á mikilvægi þess, að leitað verði að djúprækjumiðum sem víðast á landgrunninu og jafnframt að gert sé verulegt átak í þeim efnum.

Þótt álit atvmn., sem ég tala hér fyrir, taki einungis til leitar að rækjumiðum umhverfis landið, fer ekki hjá því, að ýmsar spurningar vakni varðandi nauðsyn á víðtækum og skipulögðum haf- og fiskirannsóknum á öllu landgrunninu, vítt og breitt innan allrar landhelginnar. Vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem hér eru þennan síðasta þingdag væntanlega, skal ég ekki eyða löngum tíma hv. þm. í það að ræða haf- og fiskirannsóknir almennt þótt að ýmsu leyti væri ærin ástæða til þess. Ég vil þó nota tækifærið og minna á að enn eru mörg og veigamikil verkefni á því sviði óleyst þrátt fyrir góðan skilning og vilja hv. alþm. og marghátttaðar tillögur sem samþ. hafa verið hér á hinu háa Alþingi varðandi þessi mál á undanförnum árum. En með tilliti til ríkjandi ástands helstu fiskistofna hér við land og raunar ástandsins í atvinnumálum, ekki síst sjávarútvegi, vinnslu sjávarafla og skyldum atvinnugreinum víða umhverfis landið, er full þörf á að efldar séu haf- og fiskirannsóknir til stórra muna frá því sem verið hefur.

Eins og ég sagði skortir ekki vilja til þessara mála, miðað við þær till. og samþykktir sem oft hafa verið gerðar hér á Alþ., en það er sjálfsagt um að ræða vöntun á fjármagni í þessu tilviki. Hafrannsóknastofnunina skortir fjármagn og tæki til að geta sinnt þessum viðamiklu verkefnum. Það kom m. a. fram í ummælum hv. 3. þm. Austurl., þegar hann mælti fyrir nál. atvmn. varðandi þáltill. um leit að karfamiðum, að n. var ljóst að fjármagn skorti til þeirra hluta, þó að áhuginn væri fyrir hendi, að þar væri gert verulegt átak í. Og hann komst þannig að orði, að ekki mundi vera hægt að sinna þessu verkefni fyrr en eftir næstu fjárveitingar. Ég hef orðið þess var, þar sem ég er í stjórn Fiskimálasjóðs, að nálega á hverjum stjórnarfundi liggja fyrir beiðnir frá Hafrannsóknastofnuninni um styrki eða um fjármagn til að standa straum af ýmiss konar rannsóknum og tilraunum sem henni er falið að sjá um án þess að raunverulega sé séð nægilega fyrir fjármunum til þeirra rannsókna. Í mörgum tilvikum er um það háar fjárhæðir að ræða að útilokað er fyrir Fiskimálasjóð að verða við þeim beiðnum, þótt viljinn sé fyrir hendi þar eins og hér á hv. þingi. Ég hygg að það fari ekkert á milli mála að efla þurfi þessar rannsóknir, en til þess að svo geti orðið þarf að auka fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunarinnar, svo að hún verði fær um að sinna hinum veigamiklu og margþættu þörfum sem fyrir liggja. Þeir fjármunir, sem veittir yrðu í þessu skyni, mundu fljótlega skila sér aftur í nýtingu vannýttra fiskitegunda og ýmissa botndýra og renna fleiri stoðum undir fiskiðnað okkar, gera hann fjölbreyttari og öruggari en hann er.

Flm. þáltill. á þskj. 31 nefna í grg. með till. að líkur bendi til þess, að ekki sé ofætlað að gera megi út 15—20 litla skuttogara á rækjuveiðar eingöngu og smæri togskip að auki, meðan hlífa verði bolfiskstofnunum. Þetta álit kemur raunar að nokkru leyti fram í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar sem ég gat um hér áðan að n. hefði borist, og ég vil þess vegna víkja nokkrum orðum að umsögnunum aftur.

Það kemur, eins og ég segi, vel fram í ítarlegri umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að árangur í veiðum vex að sjálfsögðu í réttu hlutfalli við auknar rannsóknir og

leitartilraunir. Umsögn Hafrannsóknastofnunarinnnar er allítarleg og mun ég ekki fara mikið út í hana. Hún skýrir frá, hvernig þessum rannsóknum á djúprækjumiðum hefur verið hagað á undanförnum árum. Þó að tíminn sé nú kannske knappur, þá langar mig til þess að lesa niðurlag umsagnarinnar, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir, þegar þeir eru búnir að skýra frá hvernig að rannsóknum hafi verið staðið, orðrétt:

„Eins og sjá má af þessu yfirliti hafa þau mið, sem nýtt eru, fundist í leiðöngrum Hafrannsóknastofnunarinnar eða á skipum sem leigð hafa verið að tilhlutan sjútvrn. Þessa leit þyrfti almennt að auka á djúpslóð við landið og sérstaklega þyrfti hún að vera samfelldari en verið hefur, þar sem oft verða mikil úrtök vegna veðurs og nýtast þá stuttir leiðangrar verr en skyldi. Frá árinu 1975 hefur afli á úthafssvæðinu norðanlands verið sem hér segir: Árið 1975 414 lestir eða 8.6% heildarársveiðinnar. Árið 1976 497 lestir eða 7.3% heildarársveiðinnar. Árið 1977 680 lestir eða 9.9% heildarársveiðinnar. Á árinu 1977 óx þannig sókn töluvert á djúpslóð norðanlands og munu um 15 bátar" — ég endurtek: um 15 bátar, segir Hafrannsóknastofnunin — „hafa komið þar við sögu. Flestir bátanna voru þó einungis að sumarmánuðina og mun afkoma þeirra hafa verið þokkaleg, en hafís hamlaði töluvert veiðunum um tíma. Eins og áður hefur verið drepið á hefur rækjuleit á djúpslóðum mestmegnis verið fólgin í einstökum leiðöngrum, oft stuttum, og hefur þá ekki fengist það heildaryfirlit sem skyldi. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að hafa gott leitarskip, annaðhvort rannsóknarskip eða leiguskip, sem sinni rækjuleit samfellt í nokkra mánuði, svo sem gert hefur verið um árabil við aðra leit, t. d. loðnuleit. Á annan hátt verður ekki skorið úr því, hve gjöful rækjumið kunni að vera á djúpslóðum hér við land. Án slíkrar gaumgæfilegrar könnunar er ekki von til þess, að rækjuveiðar á djúpslóðum við Ísland þróist að nokkru ráði frá því sem nú er.

Í þáltill. nr. 31 1977 er gert ráð fyrir að gerðar séu tafarlausar ráðstafanir til aukinnar leitar og rannsókna á djúprækjumiðunum fyrir Norðurlandi. Eins og að framan er rakið er hér um brýnt mál að ræða," — segir Hafrannsóknastofnunin — „en óþarft má telja að binda aðgerðirnar fyrir fram við Norðurland eitt sér."

Eins og ég gat um er umsögn Fiskifélagsins á sömu lund. Þar er vitnað til þessarar grg. Hafrannsóknastofnunarinnar og tekið undir þetta sjónarmið. Eins og fram kom í nál. voru nm. sammála um það líka, að þetta sjónarmið ætti rétt á sér og það væri ekki eingöngu bundið við miðin fyrir Norðurlandi ein sér.

Ég gat um í upphafi að ég skyldi ekki eyða löngum tíma og skal nú reyna að standa við það. En mig langar þó aðeins að lokum að geta þess, að n. barst bréf frá Söltunarstöð Dalvíkur hf. og ekki beint varðandi umsögn um málið, en það er svolítið fróðlegt vegna þess að Söltunarstöð Dalvíkur hf. gerir út eina rækjuveiðiskipið sem segja má að sé af þeirri gerð hér á landi, þ. e. a. s. lítinn skuttogara sem er til þess útbúinn að veiða rækju á djúpmiðum og frysta hana um borð. Þetta bréf er frásögn og skýrsla um það, hvernig sú tilraunaútgerð hefur gengið. Og það er ekki nema eðlilegt, — mér finnst það a. m. k. ekki nema eðlilegt, þar sem fram kemur að við ýmsa byrjunarerfiðleika hefur verið að stríða í því sambandi, og ég fyrir mitt leyti geri það með ánægju, — að skýra hér þau sjónarmið sem fram komu í hv. atvmn. varðandi þennan tilraunaveiðiskap.

N. varð sammála um að reyna bæri að stuðla að því, að þessi útgerð gæti haldið áfram og væri hægt að þróa hana meir en gert hefur verið. En vegna þess að það var ekki hlutverk n. að gera sérstaka till. um á hvern hátt ætti að standa að rækjuleit og hvaða skip bæri að fá til þeirrar leitar og rannsókna, þá þótti nm. ekki ráðlegt að gera þar um sérstakt álit, en ég lofaðist til að geta þess, þegar ég mælti fyrir nál., að við teldum nauðsynlegt að hafa það í huga, þegar ráðist yrði í rækjuleit, að það yrði litið og munað eftir þessari útgerð þarna. Við teljum allir sem einn að þetta skip geti verið engu að síður fært til þess að gera leit og könnun á djúprækju eða djúprækjumiðum heldur en skip sem Hafrannsóknastofnun hefur yfir að ráða. Það kemur líka fram í grg. Hafrannsóknastofnunarinnar, að það hafi verið notuð leiguskip jöfnum höndum eftir því sem þurfa hefur þótt. Að lokum vil ég endurtaka það, að ég hygg að enn verði og þurfi að gera betur í þessum efnum, efla verði hafrannsóknir og fiskirannsóknir og það þurfi að vinna markvisst að þeim rannsóknum innan allrar landhelginnar. Og einmitt með tilliti til þess, að við höfum nú öðlast réttindi til að nýta þau gæði, sem þar verða fundin, á skynsamlegan hátt, með því tekst okkur best í framtíðinni að vernda þennan mikilvæga rétt okkar. Ég held að okkur verði ekki stætt á því í framtíðinni að eigna okkur landgrunnið allt umhverfis landið innan 200 mílna markanna nema því aðeins að við getum staðið að því að nýta þau gæði sem þar verða fundin í framtíðinni.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að n. varð sammála um þetta álit og við leggjum til að það verði samþykkt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki eyða löngum tíma í þessa ræðu mína. Ég hlýt að lýsa yfir nokkrum vonbrigðum mínum með afgreiðslu málsins í atvmn. Samþykkt á þá lund að beina því til ríkisstj. að efla rækjuveiðar á fiskislóðum kringum landið er fljótt á litið samsvarandi því raunverulega að samþykkja að ekki skuli lögð nein sérstök áhersla á rækjuleitina fyrir Norðurlandi, eins og fyrir var mælt í þáltill. okkar. Aftur á móti kom það fram í ræðu hv. þm. Karls Sigurbergssonar, frsm. n., að hann gerir sér fulla grein fyrir sérstakri þörf á rækjuleit fyrir Norðurlandi og n. í heild sömuleiðis. Einnig virðist n. hafa gert sér grein fyrir því sem var, að mál þetta var flutt hér í þinginu með sérstöku tilliti til útgerðar Dalborgarinnar, þessa eina togara sem við eigum sem búinn er til djúprækjuveiða.

Hv. frsm. atvmn. gerir sér grein fyrir því, og það kom skýrt fram í ræðu hans, að þegar um allt of lítið fé er að ræða til rækjuleitar yfirleitt og fiskileitarinnar yfirleitt, þá er eðlilegt að því litla fé, sem fyrir hendi er, verði varið til þess að leita þar sem mest er vonin um árangur fremur en dreifa því fé til leitar þar sem ekki hafa fengist vísbendingar áður um að djúprækju sé að fá, á einhverju tilteknu svæði. Þannig er ástandið einmitt fyrir Norðurlandi. Þar hefur fundist veiðanleg djúprækja. Nýting þeirrar djúprækju er raunverulega undirstaða útgerðarinnar á djúprækjutogaranum Dalborginni, og nú hefur, eftir því sem mér skilst best, hæstv. sjútvrh. eða sjútvrn. gengið í það að reyna að samrýma fyrirgreiðslu fyrir þessari útgerð þeirra Dalvíkinganna sem lagt gæti, ef vel tekst til, grundvöll að aukinni útgerð á djúprækju hér við land, — samrýma þess háttar fyrirgreiðslu og stuðning við þessa rækjuleit fyrir norðan.

Ég vil aðeins í lokin ítreka þat sem ég hef áður sagt. Ég tel að árangurinn af þessari útgerðartilraun, sem nú er verið að gera á Dalvík á djúprækjuslóðum með þessu eina skipi, kunni að ráða miklu um hvort fleiri útgerðaraðilar muni lymist ráðast í það að fá sér rækjutogara til útgerðar á djúpslóðina eða jafnvel að breyta skuttogurum, sem fyrir eru í landinu af heppilegri stærð, í rækjuveiðiskip *með ærnum tilkostnaði*.

Og svo þetta í lokin: Það er ljóst mál, eins og segir í þáltill., að það væri okkur mjög hagstætt ef við gætum nú komið málunum svo fyrir að við gætum byrjað arðbæra útgerð á djúprækju með hluta af skuttogaraflota okkar meðan við þurfum að hlífa þorskstofninum og jafnvel einhverju af smærri bátunum líka. Og svo enn þetta: Eins og hv. frsm. atvmn. túlkaði viðhorf n. í ræðu sinni, þá hlýt ég að sætta mig við nál., enda þótt ég hefði kosið að komið hefði fram í því sjálfu skilningur á því, að nauðsynlegt er að verja þessu litla fé, sem við höfum til rækjuleitar, einmitt til þess að leita þar sem við eigum helst von í að finna eitthvað.

ATKVGR.

Till. á þskj. 849 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 45 shlj. atkv.

Atvinnumöguleikar ungs fólks, þáltill. (hskj. 73, n. 810). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir hönd atvmn. fyrir nál. um till. til þát um atvinnumöguleika ungs fólks. N. fjallaði um þetta mál á nokkrum fundum og hún mælir með því að till. verði samþykkt. Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi þeir hv. þm. Sverrir Hermannsson og Karvel Pálmason, en báðir þessir þm. eru því meðmæltir, að till. verði samþ., og styðja hana eindregið.

Rétt er að geta þess, að leitað var umsagnar þriggja aðila varðandi tillöguna, þ. e. Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Reykjavíkurborgar. Barst aðeins ein umsögn til n., frá Reykjavíkurborg, og var hún mjög jákvæð.

Eigi þarf að fjölyrða frekar um efni till., það var gert í mjög ítarlegu máli, þegar hún var lögð fram, en eins og hv. þm. muna eftir er lögð áhersla á það í þáltill., að gerðar verði athuganir á því og gengið úr skugga um hvort eðlilegt og æskilegt jafnvægi sé milli menntunar ungs fólks annars vegar og eðlilegra þarfa atvinnuveganna hins vegar í þeim efnum. Að vísu höfum við íslendingar búið við það góða ástand á undanförnum árum, að hérlendis hefur ekki verið neitt atvinnuleysi. En ekki er ráð nema í tíma sé tekið til þess að sú þróun megi verða áfram.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 959).

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 85, n. 916). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 85 flytja hv. þm. Ingiberg J. Hannesson og Friðjón Þórðarson till. til þál. um að skora á ríkisstj. að gera áætlun um iðnþróun á Vesturlandi til þess að treysta atvinnugrundvöll í kjördæminu. Atvmn. hefur haft þessa till. til meðferðar. Af sérstökum ástæðum uppgötvaði n., að Framkvæmdastofnun ríkisins, hefur með landshlutaáætlanir að gera og m. a. gerð iðnþróunaráætlana, og þar sem þar kváðu vera menn sem eru vaskir til verka sinna er því treyst að slík framkvæmd komist á hið fyrsta varðandi þetta kjördæmi.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur áætlanadeild Framkvæmdastofnunar skilað af sér ýmsum verðmætum áætlunum. Eitt blað lagði út af einni nýlega, þeirri sem var um frægt hérað hér, og hafði verið uppgötvað í áætluninni, að áin rynni eftir dalbotninum alveg neðst. Nú er á leiðinni ný úttekt og áætlun um Dalabyggð, og þar er upplýst að landslagi í Dölum og í Austur-Barðastrandarsýslu *skjóti mjög í tvö horn. Í Dölum hátti þannig* til, að fjöllin gangi í sjó fram og myndi nes, en þessu sé alveg öfugt farið í Austur-Barðastrandarsýslu, þar sem firðir skerist inn í landið.

Í trausti þess, að Framkvæmdastofnunin sinni þessu verkefni sínu, er atvmn. sammála um að leggja til að vísa till. til ríkisstj., enda þótt ég hafi löngum haft litla trú á þeirri aðferð.

ATKVGR.

Till. á þskj. 916 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 49 shlj. atkv.

Varnir gegn ágangi sjávar við sunnanverðan Faxaflóa, þáltill. (þskj. 86, n. 903). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um till. þá til þál. sem hér er til framhaldsumr. Till. er flutt af þm. Reykn. Fjvn. sendi till. til umsagnar vita- og hafnamálastjóra og barst jákvæð umsögn. Hann mælti með samþykkt hennar, en taldi að vísu að víðar um land þyrfti að gera úttekt á slíkum málum. Fjvn. telur rétt að efna til slíkrar úttektar sem till. þessi gerir ráð fyrir. Fjárframlög ríkisins til varnar ágangi sjávar hafa verið ákveðin á fjárl. hverju sinni og hefur fjvn. sannast sagna ekki haft nægilega haldgóðar upplýsingar um þörfina á hverjum stað allt til þessa. Þess vegna telur n. ástæðu til að þessi þáltill. verði samþykkt, og þó að svo sé, að víðar þurfi að gera slíka úttekt, þá telur n. að rétt sé að taka þetta svæði fyrir fyrst og feta sig áfram með það, hversu mikið verk þetta kann að vera og að hve miklu haldi það gæti komið. Vonandi gæti það orðið upphaf að skipulegri aðgerðum í þessu efni en áður hefur verið við komið.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja um efni till., hún skýrir sig sjálf, en nm. voru allir sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 959).

Skipun nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá, þáltill. (þskj. 641, 892). — Síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 892 (ný tillgr.) samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 961).

Atvinnu- og félagsmál á Þórshöfn, þáltill. (þskj. 483). — Ein umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal lofa því að vera afar stuttorður um þessa till., enda er það sannast sagna um hana, að henni fylgir mjög ítarleg grg. og 8 fskj. og í þessu máli er að finna allan rökstuðning fyrir þessari till. Ég ætla að leyfa mér þó að lesa hér tillgr., en þessi till. er, eins og menn sjá, flutt af öllum þm. Norðurl. e., 6 að tölu.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar kanna ástand og horfur í atvinnu- og félagsmálum Þórshafnar í Norður-Þingeyjarsýslu. Athuga skal, hvaða ráðstafanir sé nauðsynlegt að gera til þess að tryggja þar eðlilega byggðaþróun. Sérstaklega skulu kannaðir möguleikar að koma upp loðnuvinnslu á Þórshöfn, t. d. með því að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarbræðsluna á staðnum og breyti henni í loðnuverksmiðju."

Eins og sjá má af þessari tillgr. er þrjú aðalatriði í henni að finna, þ. e. almenn könnun á ástandi og horfum í atvinnu- og félagsmálum á Þórshöfn, í öðru lagi hvað þurfi að gera til þess að tryggja þar eðlilega byggðaþróun og í þriðja lagi að kannaðir verði sérstaklega möguleikar til þess að koma þar upp loðnuvinnslu, m. a. á þann hátt að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarbræðsluna á staðnum. Eins og ýmsum hv. þm. er kunnugt hafa töluverðir erfiðleikar gengið yfir Þórshöfn, það má segja undanfarin missiri, jafnvel undanfarin tvö ár, og þessir erfiðleikar stafa fyrst og fremst af þeim miklu vandræðum, sem orðið hafa í sambandi við útgerð togara staðarins, sem reyndist mjög gallað skip þegar það var keypt og hefur kostað miklar þrautir að reka og koma í rekstrarhæft horf, sem þó er að vísu nú orðið, en hins vegar er skuldahallinn eftir þetta erfiðleikatímabil ákaflega langur og erfitt við að ráða.

Ég skal ekki fjölyrða, herra forseti, um efni þessarar till. vegna þess hversu ítarlega hún er rökstudd í grg. og í fskj. Ég vil gera það að till. minni, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 48 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnuleg og félagsleg aðstaða byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar, þáltill. (þskj. 347, n. 923). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til athugunar og umfjöllunar till. til þál. um könnun á atvinnulegri og félagslegri aðstöðu byggðarlaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Var samkomulag um það í n. að mæla með samþykkt þáltill. Einn nm., Ellert B. Schram, var fjarverandi afgreiðslu málsin.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 50 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 962).

Uppbygging strandferðaþjónustunnar, þáltill. (þskj. 344, n. 922). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar og umfjöllunar till. til þál. um endurnýjun og uppbyggingu strandferðaþjónustunnar. N. barst umsögn frá Skipaútgerð ríkisins sem er mjög jákvæð gagnvart efni till. Nm. urðu allir sammála um að leggja til að till. yrði samþykkt óbreytt. Einn nm., Ellert B. Schram, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til þess að setja á nokkra ræðu til þess að ræða um Skipaútgerð ríkisins og nauðsynina á því að efla strandferðaþjónustuna við dreifbýli landsins, en ég ætla ekki að gera hað við þetta tækifæri. Ég vildi þó aðeins nefna þrjú atriði sem ég álít að þurfi að hafa í huga alveg sérstaklega þegar þessi málefni eru reifuð og rædd.

Í fyrsta lagi það, að öll aðstaða sumra landshluta er með þeim hætti, að ekki er hægt að tryggja í raun og veru öruggar samgöngur við þá nema frá sjó. Veturnir eru þannig og samgöngur á landi og í lofti með þeim hætti, að ekki er hægt að tryggja öruggar samgöngur við suma landshluta hér í landinu öðruvísi en frá sjó.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að minna á, að vöruverð úti um landsbyggðina er yfirleitt dýrara en hér í Reykjavík og grenndinni að því er varðar vörur sem eru fluttar inn frá útlöndum, vegna þess að þær fara yfirleitt í gegnum Reykjavíkurhöfn og þarf að flytja þær út á land. Ég held að það sé samdóma álit manna, að erfitt sé að jafna þennan mun, sérstaklega að því er snertir þungavörur, nema með því að efla strandferðaþjónustuna og flytja vörurnar með þeim hætti til afskekktari landshluta.

Í þriðja lagi er svo atriði sem væri vissulega ástæða til þess að gera athugun á, hvað það mundi spara mikið á afnotum þjóðvegakerfisins í landinu að efla Skipaútgerðina. Við vitum að með stórkostlega auknum vöruflutningum um þjóðvegina hefur þjóðvegakerfið brostið í raun og veru. Ekki hafa verið tök á því að halda því nægilega vel við til þess að mæta stórauknum þungavöruflutningum á landi. Ég er ekki í neinum vafa um að ef Skipaútgerðin yrði efld mundi létta á þungaumferð á þjóðvegunum og það mundi verða til mikils sparnaðar.

Til viðbótar vil ég svo segja að í raun og veru er það

samfélagsleg skylda að sjá öllum landshlutum fyrir öruggum samgöngum. Við erum ekki eina þjóðin sem ver verulegu fjármagni í þessu skyni. Það gera mjög margar þjóðir, eins og t. d. Norðurlandaþjóðirnar. Ég vil sérstaklega nefna Norðmenn sem verja stórkostlegum fjármunum til þess að tryggja samgöngur á sjó við alla landshluta í Noregi.

Ég vil svo þakka n. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál og vonast til þess, að sú ríkisstj., sem tekur við völdum að loknum kosningum, sinni þessu máli af miklum dugnaði.

Páll Pétursson: Herra forseti. Á döfinni eða til athugunar eru merkilegar skipulagsbreytingar á vöruflutningum og strandferðaþjónustu. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á því, að ég held að það þurfi að athuga skipulagsbreytingar á strandferðaþjónustunni í samhengi við samgöngur á landi. Þungavöruflutningar með bifreiðum hafa nú farið sívaxandi og sanna það, þrátt fyrir að sums staðar sé erfitt að koma þeim við, að þeir eiga mikinn rétt á sér og henta sums staðar engu síður. Þetta þarf allt saman samræmingar við, þannig að fólkið í landinu geti átt við sem bestar aðstæður að búa.

Hvað viðvíkur þessum till., sem hér eru á döfinni frá Skipaútgerð ríkisins, þá þykir mér á þeim nokkur galli, því að gert er ráð fyrir að þjónusta minnki við fáein byggðarlög. Ég treysti því, að þegar til kastanna kemur verði reynt að sjá fyrir þeirra hlut ekki síður en annarra.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 963).

Íslensk stafsetning, þáltill. (þskj. 64, n. 615 og 624, 82, 102, 616). — Frh. einnar umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt eftir megni. Á hitt er að líta, að það er eins og það hafi gefist rúmur tími til ýmissa aukaverka hér á hinu háa Alþingi á síðustu annadögum þess. Til að mynda kom hér upp í ræðustól til að flytja tiltölulega nýtt mál hv. 3. þm. Reykv. og talaði langt mál um endurskoðun meiðyrðalöggjafar í gærkvöld. Það var greinilega látið ganga fyrir elstu málum sem réttlæti krafði að fengju lokaafgreiðslu hér. Það mál ætla ég ekki að fara um orðum, enda ekki undir þessum dagskrárlið, en það mun vera að undirlagi þeirra kjaftása í þjóðfélaginu sem hafa nú stofnað sjóð með sér til þess að borga sektir þeirra, er hafa brotið íslensk lög með mannlasti sínu og hæpnum fullyrðingum í meira lagi.

Það mátti greina fyrir nokkrum dögum á ýmsum sólarmerkjum, að þessi till. til þál. um íslenska stafsetningu mundi fá svipuð örlög og tillögugerð af þessu tagi hefur lengst af fengið eða allar götur frá því sem Alþ. ályktaði í þessu máli 29. apríl 1974, þar sem samþykkt var með 28:27 atkv. að hrundið skyldi þeirri ákvörðun að fella z niður í íslensku ritmáli. Enn á ný hefur minni hl. — greinilegum minni hl. á hinu háa Alþ. — tekist að hindra að þingviljinn kæmi í ljós. Þetta er miklu stærra mál heldur en einstök atriði íslenskrar stafsetningar, og þm. hljóta mjög að fara að skoða hug sinn um það, að þannig takist ekki til í framtíðinni. Það þarf engum blöðum um það að fletta að þegar ég fullyrði þetta, þá fer ég með rétt mál, enda hefur afstaða Alþingis margsinnis komið fram. Hún kom fram 29. apríl 1974, hún kom fram 1975 þegar 33 þm. undirrituðu skjal til menntmrh., hún kom fram í sambandi við lagafrv. sem flutt var á þinginu 1975—1976, þar sem það hafði gengið í gegnum Nd. og verið samþ. þar með 25:14 atkv. og fyrir tímaskort og fyrir málþóf var hindrað að hún næði framgangi í Ed. Og ég vek athygli á því, að jafnvel lagasetning, sem ekki er skapfellileg í þessu sambandi, hafði og átti vísan stuðning meiri hl. beggja deilda. Þegar tímaskortur var hjá Ed. varð niðurstaðan sú, að ályktað var að beina því til hæstv. menntmrh. að gangast fyrir ráðstefnu um stafsetningarmál. Menn áttu ekki von á neinni niðurstöðu í því máli á þeirri ráðstefnu, enda ekki ályktunarráðstefna. En það eina, sem upp af stóð í þeirri ráðstefnu, var þó tillaga sem fyrrv. formaður endurskoðunarnefndarinnar — leyninefndarinnar frægu — gerði á ráðstefnunni, að sættir mættu takast um það að varðveita z í stofni orða, og á því byggist þessi till. Að vísu er sá málatilbúnaður sem kemur fram í till. okkar á þskj. 64, í máli 58, ekki hans, heldur er það efni hennar að sættir megi takast á þessum grundvelli.

Nú er það höfuðröksemd þeirra, sem mæla gegn því að þetta mál nái fram að ganga sú, að ekki megi hrapa að þessu máli, að hin nýja skipan sé að vinna sér sess í málinu. Öll rök, sem þeir færa fram í þessu máli, hitta þá sjálfa fyrir. Skyldi festa ekki hafa skapast eftir 44 ár árið 1973? Þegar hróflað var við þessu. Nú segja þessi nýstofnuðu Samtök móðurmálskennara, að það megi ekki hrapa að breytingum á stafsetningu íslenskrar tungu, það þurfi að fara fram rannsóknir fyrst, ítarlegar rannsóknir, eins og lesa má í álitsgerð minni hl. allshn. En ekki þurfti þess þá, þegar gripið var til hinna róttæku breytinga sem gerðar voru 1973. Þá var þessi n. að störfum í leyni og án þess að nokkurn varði var birt auglýsing frá menntmrn. um það, að gerbreytt skyldi til frá því sem áður hafði verið og fullkomnar sættir verið um um 44 ára skeið. Það er alveg sama hvar borið er niður í þessum málflutningi. Öll þau rök, sem þeir nefna til hlutanna, hitta þá sjálfa fyrir.

M. a. bar hæstv. fyrrv. menntmrh. það fyrir sig, að ekki hefði verið hreinn meiri hl. í Alþ fyrir samþykkt till. árið 1974. Það voru 29:28 atkv. Þetta er auðvitað hlægileg eða raunar kannske grátleg viðbára. Alþm. vita að hér getum við samþ. lög á Alþ. með 17 atkv. Við getum samþykkt lög í Nd. Alþingis þar sem 11 greiða því atkv. og 10 gegn, og við getum samþ. lög uppi í Ed. þar sem 6 eru með og 5 eru á móti, þannig að allt er þetta út í hláinn, þessar fullyrðingar.

En Alþingi þarf að fara að gá að sér þegar umboðsmenn þess, ráðh., taka sér vald sem þeir ekki hafa. Ráðh. hafa ekkert annað vald en það sem hið háa Alþ. felur þeim. Og Alþ. getur tekið af þeim umboð þeirra. Alþ. ályktaði án þess að skora á ríkisstj. til eins eða neins árið 1974 að hrundið skyldi ákvörðun um að fella z niður. Þetta var lögleg ákvörðun að sjálfsögðu, en hún er hundsuð, og það er auðvitað læpuskapur af þeirri ríkisstj., sem tók við eftir fyrri stjórnina, að taka ekki þessa ákvörðun gilda, því að auðvitað sneri hún að henni jafnákveðið eins og hinni fyrri, þar sem ekki hafði verið

gerð ný ályktun.

Hér hefur verið gerð tilraun til sátta í þessari illvígu deilu og allir, sem gerst þekkja til, leggja á það höfuðáherslu, að sættir megi takast. Hins vegar kvíði ég engu í því, þótt líði 4—5 eða jafnvel 10 ár, því að við, sem höfum kynnt okkur sögu þessara þræta á umliðnum öldum, vitum að þær stóðu ekki áratugum saman, heldur jafnvel öldum saman. En íslensk tunga vann ævinlega sigur, alveg eins í því eins og á dönskunni, og svo mun enn verða. Eða hverju treysta þeir menn sem halda til streitu málstað sínum í þessu, þeir nýjabrumsmenn — hverju treysta þeir? Treysta þeir því, hæstv. núv. menntmrh. og fyrrv. menntmrh., að um ómunatíð muni sitja í embætti menntmrh. á Íslandi menn, sem eru handkurrur og hankatrog embættismanna. Það er vart að treysta því. Og það mætti segja mér það, að það komi fljótlega að því ef Sjálfstfl. myndar ríkisstj. í þessu landi, að ekki líði önnur 25 ár án þess að hann hafi með höndum þessi þýðingarmiklu mál, fræðslumálin, eins og þau eru nú þokkalega í pottinn búin. Og þá er rétt að þeir fari að vanda sig, þeir sem nú halda máli sínu til streitu, minnihlutamenn hér, vanda sig í sáttatillögum sínum sem þeir þurfa þá að bera fram, vegna þess að af minni hálfu er a. m. k. í bili slitið öllum sáttatilraunum, og mun ég hverfa aftur að því að brjóta því leið sem áður gilti frá 1929 og menn höfðu búið sáttir við í nærri hálfa öld.

Á það var fallist í þessari sáttatillögu, aðalviðbáru þeirra nýjabrumsmanna, að það þyrfti mikla kunnáttu í flóknum málfræðireglum til þess að rita z í miðmyndarendingum sagna. Á þessa höfuðröksemd var fallist. Vita menn hversu mörg orð það eru í íslensku máli þar sem z er ritað í stofni? Þau eru rétt á annað hundrað, og ef menn eru í vafa um hvernig rita skuli, þá geta þeir flett upp í orðabók sinni, þannig að ekki þyrfti þetta að valda neinum þrautum. Ég þarf ekkert að rifja upp röksemdir sem fyrir þessu eru, það hefur margsinnis verið gert, og ef menn nenna að kynna sér sögu þessa máls, þá munu þeir strax sannfærast um hversu brýna nauðsyn ber til að við geymum upprunann einnig, þótt við lögum okkur vitanlega að nýjum og breyttum aðstæðum og gáum vel að þróun málsins. Og má ég spyrja: Hvar eru samþykktir hinna nýju móðurmálssamtaka við tillögugerð hér um það, að stóraukin skuli fræðsla í öllum greinum íslenskrar tungu í ríkisfjölmiðlunum? Hvar eru samþykktir þeirra og undirtektir við þeirri tillögugerð? Það hefur ekki heyrst eitt einasta orð frá þeim. Hvað eru þeir að starfa? Eru þeir aðeins að starfa að því að standa vörð um nýjabrumið frá 1973 og 1974?

Mál hv. 1. minnihlutamanns, Magnúsar Torfa Ólafssonar, í gær voru hreinir útúrsnúningar út í gegn og hann hefur auðvitað langa þjálfun í því og má það merkilegt vera um svo vandaðan mann. En þjálfun sína hlaut hann auðvitað á Þjóðviljanum fyrir mörgum árum, þar sem hann þjálfaði sig í því að halda því t. d. fram, að Stalin í Moskvu austur væri frelsari mannkyns, og manni skildist á tíðum á þeim skrifum þar, að sá mikli mannvinur vekti fjöldann allan upp frá dauðum á degi hverjum. Magnús Torfi Ólafsson fullyrti í máli sínu hér í gær, að það væri lítið vit í því að Alþingi settist á rökstóla um það, hvernig rita ætti íslenska tungu. Hann taldi Alþingi skorta alveg þekkingu til þess arna. Þessi tillögugerð, sem hér er fram flutt, er ekki að undirstöðu til samansett af þm., svo að það sé upplýst, heldur af fræðimönnum í greininni. Auðvitað leita menn til þeirra í þessu efni. En það þurfti að hans áliti alls ekki Alþ. til að taka af skarið í þessu efni. Hann sem menntmrh. getur gert þetta einn, og svo er að sjá sem bóndinn frá Brekku, hæstv., hafi sömu skoðun á því, að það sé út í hött og ekkert vit í því að fara til 60 manna á Alþingi, heldur skuli þeir starfa að þessu einir og hafa á því fullt vald. Það er ekki lítillætinu fyrir að fara.

Því er haldið fram hér og var haldið fram í gær, að það væri mikil missmíði á þessari tillögugerð. Menn skulu athuga það, að þetta var aðeins rúmur rammi um þessa sáttagerð, hvernig rita skyldi z í stofni orða. En Íslensk málnefnd tók sér fyrir hendur að útlista aðferðina út í hörgul að segja má, ef undan eru skilin örfá smáorð. Og þess vegna er það, þegar hv. 1. minnihlutamaður Magnús Torfi heldur því fram, að hún sé rifin að grunni, tillögugerð okkar í þessu máli, þá er farið með alrangt mál og hreina útúrsnúninga.

Umsögn Íslenskrar málnefndar er mjög verðmæt, enda er í framhaldi af því gerð tillaga um að vísa tillögunni til hennar til fullnaðarfrágangs, enda, eins og ég sagði, tekur hún sér fyrir hendur útlistun málsins, næstum því út í hörgul, og telur eins og fram hefur komið, höfuðnauðsyn til bera að sættir komist á og telur þessa tillögugerð mjög verðmæta í því efni og mikinn feng að henni, eins og segir þar.

Málflutning og vinnubrögð þeirra nýjabrumsmanna má auðvitað marka af þeim viðaukatill. og brtt. sem hv. 3. þm. Reykv. flutti hér fyrr á þinginu, en um það ætla ég ekki að fara hér neinum orðum, það dæmir sig sjálft, enda ósvinna þar sem hann er ekki hér til andsvara.

Það hafa engin missmíði orðið á þessari tillögugerð, og það er út í hött og einnig útúrsnúningur að halda því fram, að hún feli í sér að aflagt verði t. d. yfsilon. Ætlar einhver heilvita maður að halda því fram hér í þessum þingsölum að það hafi verið mín tillögugerð? Hún byggist á tillögunni frá 1929, enda innihélt sú tillögugerð að meginhluta til einvörðungu hvernig rita skyldi z og það þarf ekkert að snúa út úr því máli. Okkar mál og tillaga fjallar um hvernig rita skuli z í íslensku máli og ekkert annað.

Hv. þm. Magnús Torfi Ólafsson talaði með ólíkindum og vék því til mín, að í mínum huga ríkti heift í garð þeirra sem að breytingunni stóðu á stafsetningarreglunum, og eins og hann sagði: ég vildi ná mér niðri á þeim sem settu reglurnar 1973 og 1974. Ég fór að hugsa um þetta orðalag eftir að ég kom heim í gærkvöld og rifjaði það vandlega upp fyrir mér, að ég minnist þessa ekki að hafa borið heift í huga til nokkurs manns endilanga ævina. Ég hef reiðst við menn snöggvast, en að bera heiftarhug til nokkurs manns hef ég aldrei gert og síst til hans, því að mér er mjög vel til hans og hef á honum gott álit, þótt honum mistækist hrapallega í þessu og gæti aldrei um frjálst höfuð strokið fyrir embættismönnunum í sinni ráðherratíð, eins og fleiri dæmi eru um. Hann talaði um þjösnaskap og það væri illt verk ef ætti að lúta forsjá slíkra manna, þeir ættu að fara með meiri hófsemi og stillingu. Hvernig var farið að 1973 og 1974? Engan varði fyrr en þetta dundi yfir, þessi tilkynning. Engin rannsókn hafði farið fram. Hún hafði starfað einhverjar vikur um sumar, þessi leyninefnd þeirra nýjabrumsmanna, og hún skilaði engri niðurstöðu þá. Henni var fengið flókið mál í hendur og langt að rannsaka. Hún gerði ekkert á fyrstu vikum sínum annað en að varpa fyrir borð einum bókstaf og starfaði auðvitað hneyksl-

anlega að þeirri endurskoðun sem henni var falin í hendur.

Ég skal stytta mál mitt, hæstv. forseti, og þakka fyrir að hafa gefist tækifæri til þess að ræða þetta mál hér á þingslitadegi. Ég ætla ekki að ræða þá missmíði sem mér sýndist vera á málsmeðferðinni hér í gær, því að það yrði e. t. v. litið svo á að þar væri ég að gagnrýna hæstv. forseta, en það skal aldrei verða, því að þann mann virði ég mikils og þykir enda mikið til koma. En ég ætla aðeins að víkja að hinni rökstuddu dagskrá, sem lýsir í sjónhendingu málatilbúnaði minnihlutamanna sem árum saman hér á hinu háa Alþ. fá ráðið því, að meiri hl. nær ekki *vopnum sínum. Þetta skyldu menn athuga alveg* sérstaklega, hv. þm. Og ég vil aðeins biðja hæstv. ráðh. að hlýða til þess eiðspjalls míns, að þeir geti ekki dregið mig í flokksböndum að borði sínu til þess að greiða atkv. með hverju einu sem fyrirskipað er, og mest af því er þó hrófatildur smíðað af embættismönnum, ef það á að ganga svo á skítugum skónum yfir hugsjónamál mín og áhugamál eins og hér ber raun vitni um. En þeirra rökstudda dagskrá er um að þar sem fyrir Alþ. liggi á þskj. 3 frv. menntmrh. um setningu reglna um íslenska stafsetningu, þá skuli tekið fyrir næsta mál á dagskrá. Þetta er aðalforsenda hinnar rökstuddu dagskrár. En það vill svo til, að till. okkar á þskj. 64 inniheldur nákvæmlega efnislega tillögugerð hæstv. *menntmrh. á þskj.* 3 — nákvæmlega. En á þeim forsendum, að annað sams konar mál liggi fyrir hinu háa Alþ., þá á að rökstyðja frávísunartillögu. Ég vil nú til gamans, ef forseta veitti tíma til, biðja hann að gera svo vel að skoða það hjá sér, hvort þessi rökstudda dagskrá er ekki út í hött, og gefa þessum rökþrota mönnum þá tækifæri til þess að endursemja hana til þess að fyrir liggi ekki á Alþ. eins órökstudd dagskrá og hér getur að líta og er sú langsamlega órökstuddasta sem ég hef nokkurn tíma séð á hinu háa Alþ., að einu máli skuli vísað frá vegna þess að sams konar tillögu sé að finna annars staðar á þskj.

Eins og ég segi, þá er engu að kvíða þótt einhverjir mánuðir og *jafnvel ár líði þar til réttlætið sigrar og meiri* hl. fær að ráða, svo sem vera ber. Eins og ég segi, íslensk tunga hefur ævinlega borið sigurorð og risið upp úr öllum þeim hörmungum sem að henni hafa steðjað öldum saman, og svo mun enn verða. Það er með ólíkindum að menn skyldu ekki grípa tækifærið nú til þess að ná sáttum í þessu máli, eftir að þeir, sem fylgja gömlu stafsetningarreglunum, höfðu teygt sig jafnlangt og raun ber vitni um — ótrúlega langt — og ég verð að játa að ég tók það mjög nærri mér. En eftir sem áður, eftir að hafa séð útlistun íslenskrar málnefndar á málinu, þá sannfærðist ég um að við höfðum verið *á réttri leið, vegna þess að hún* tók þessa skipan mála og útlistaði hana þannig að í mjög einföldu formi getur orðið og engum til trafala, heldur einvörðungu hugað að því, að við missum ekki niður og glötum uppruna orða sem er lífsnauðsynlegur í allri þróun málsins. Það er með ólíkindum, að menn skuli þverskallast svona við þessu, en þó er hitt öllu alvarlegra, að til þess skuli vera gildrað æ ofan í æ og það skuli vera liðið hér á hinu háa Alþ., að greinilegur minni hl. fær því ráðið, að ekki næst fram meirihlutavilji Alþingis. Ég bið hv. alþm. að athuga þetta alveg sérstaklega, svo stóralvarlegt mál sem þetta hlýtur að teljast.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er rætt dálítið um meðferð þessa máls, og ég er nú satt að segja undrandi á því, að síðustu mínútur þingsins skuli vera notaðar til þess að ræða þetta mál. Ég er þá ekkert að finna að þessu út af fyrir sig við hæstv. forseta, en ég er dálítið hissa á því. En þó er ég enn meira hissa á því, að það er mikið talað um það í umr. um þetta mál, að meðferð þess nú og hliðstæðra mála áður sé eitthvað óvenjuleg, þ. e. a. s. að þegar hv. þm. lenda í því, að mál þeirra koma ekki til meðferðar á þingfundum fyrr en á síðustu dögum þings, jafnvel á síðasta degi þings, í mesta annríkinu í þinglokin, þá undrast menn það, að þau verði ekki útrædd, *og tala um að hér sé um eitthvert einsdæmi* að ræða. Við, sem höfum verið lengi á þingi og sumir meira en aldarfjórðung meira og minna, höfum náttúrlega orðið vitni að slíku á hverju einasta þingi svo að segja. Ef deilumál fæst ekki tekið fyrir af einhverjum ástæðum fyrr en á allra síðustu dögunum, þá nær það ekki fram að ganga. Þetta er eins og náttúrulögmál. Þetta eru eiginlega örlög sem þm. hafa til þessa og sjálfsagt þurfa að búa við, nema þá breytt verði um starfshætti. Það er ekkert óvenjulegt við þetta. Bæði ég og fjöldamargir aðrir, sem nú sitja á þingi og áður hafa setið á þingi, hafa orðið að sæta þessum örlögum. Það er nánast barnalegt að heyra menn gera veður út af því, að þetta skuli henda nú með *þetta mál og það hafi áður hent með* hliðstæð mál, því þetta er ekkert óvenjulegt, þvert á móti mjög venjulegt. Hins vegar finnst mér það mjög skiljanlegt, að slíkt valdi gremju einstakra hv. alþm. Þeir hafa kannske flutt sín mál og lagt þau fram á Alþ. snemma á þingi það sinn og það vefst svo fyrir n. að afgreiða málið langt fram eftir vetri. Það er út af fyrir sig eðlilegt að þm. gremjist það. En menn eiga ekki að vera með svona óraunsætt tal hér á hv. Alþ. að ræða um þetta sem einhver einsdæmi.

Ég get nefnt nýjasta dæmið frá mér sjálfum. Ég — eða menntmrh. er það nú víst kallað á frv. — er a. m. k. tvívegis, ef ekki þrisvar búinn að flytja frv. mitt um meðferð *stafsetningarmála, hversu með stafsetningar*mál skuli fara. Þar er mótaður ákveðinn rammi. Það kom ekkert nál. fram um það á síðasta þingi og núna kemur nál. fram alveg á síðustu dögum þingsins og það seint, að mér er ljóst að það er hvorki von til þess, að það verði afgreitt, né heldur að það sé eðlilegt að krefjast þess, miðað við þau vinnubrögð sem tíðkast hafa á Alþ. svo lengi sem ég hef haft kynni af þeim og ég var sem sagt áðan að lýsa. Séu þrætumál svona seint á ferðinni, mál einstakra þm., jafnvel þó það séu ríkisstjórnarmál, ef stjórnarandstaðan setur sig hastarlega á móti því og komið er í þröng, þá nær það ekki *fram að ganga*.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason flutti hér snarpa ræðu í gærkvöld. *Hann* t. d. líkti niðurfellingu z-unnar við þjófnaðarmál sem náttúrlega sýnir það, að þetta er sótt meira af kappi en forsjá, málflutningur út af þessum ágæta bókstaf. Það vita allir, að það er bannað bæði í sjöunda boðorðinu og í lögum landsins að stela, en það er ekki enn þá búið að setja nein slík ákvæði og viðeigandi viðurlög um þennan ágæta bókstaf. Þetta er fráleitt, ég skil ekkert í mönnum að viðhafa svona talsmáta. En auðvitað er þetta eins og hvert annað grín.

En svo talaði þessi hv. þm. töluvert um valdníðslu af hálfu tveggja síðustu menntmrh. og að þeir höfðu ekki *framkvæmt þingvilja sem ýmist hefði komið fram í sam*þykkt þáltill. ellegar í sendibréfum til þeirra frá alþm. — *ég man ekki hvort hann minntist líka á það frv.* sem ekki varð útrætt og hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni

og talaði um valdníðslu, bolabrögð o. s. frv. En þó tók hann það alveg kirfilega fram, þessi hv. þm., eins og hann hefur gert áður, að á því léki enginn vafi, að ráðh. væru í fullum rétti til að gefa út auglýsingar — þó ekki væri það gert samkv. lagafyrirmælum, þá væri komin á það hefð. Og við vitum að það er um það bil 50 ára hefð komin á þessa tilhögun. Mér finnst þetta ekki samrýmast, að viðurkenna það annars vegar, að ráðh. hafi rétt á þessu vegna hefðarinnar, en svo jafnframt að hann brjóti stórkostlega af sér þó að hann fari t. d. ekki eftir bréfum frá þm. Já, ég fékk slíkt bréf í hendur t. d. En ég kem nánar að þessu atriði síðar með afstöðu ráðh. og afstöðu Alþingis, ef tími vinnst til.

Ég vil nú algerlega vísa því á bug, sem sagt var hér í gærkvöld af þessum sama hv. alþm., að menntmrh. hefði misnotað aðstöðu sína hér á þingi undanfarna daga í sambandi við meðferð þessa máls. Ég hef engin afskipti haft af því, hvenær þetta mál var tekið hér á dagskrá. Það er ekki vani minn að ganga í verk forseta og gera tilraun til að segja þeim fyrir verkum hér á hv. Alþ. Ég held að þeir mundu ekki taka því vel, enda fer því fjarri að ég hafi gert það. Það hafa allir hv. alþm. séð það undanfarna daga, að hér hefur verið mikið annríki, dagskrár hafa verið gífurlega langar og það hafa t. d. verið á dagskrá Sþ. mjög mörg mál sem gengið var í að afgreiða. Ég vísa þessu algerlega á bug sem hreinni markleysu, að ég hafi verið að misnota aðstöðu sem ég auðvitað enga hafði til þess að hafa áhrif á það í hvaða röð forsetar tækju fyrir mál hér í Alþingi.

En út af þessum umr., sem ekki eru nýjar, um stöðu Alþingis gagnvart stafsetningarmálunum annars vegar og stöðu rn. eða ráðh. hins vegar, þá vil ég minna á það, að Alþ. hefur ekki enn þá tekið málið í sínar hendur með því að setja um það lög. Það var komið áleiðis frv. til l. um það, hvernig ætti að skrifa íslenskt mál. En á síðustu stundu sá meiri hl. þm. í hv. Ed. sig um hönd og ákvað að það væri réttara að skoða þetta nánar, og málinu var þá vísað frá. Alþ. hefur því ekki enn þá tekið málið í sínar hendur með því að setja um það lög, hvorki um það, hversu rita skuli sérhvert orð, né heldur hversu með skuli fara stafsetningarmálin í heild.

Út af þessum umr. öllum um stöðu Alþ. og stöðu rn., þá aflaði ég mér á sínum tíma lögfræðilegrar álitsgerðar um þetta efni, stöðu þessara tveggja aðila. Þessi álitsgerð er undirbyggð nokkuð ítarlega með því að rekja sögu stafsetningarmálsins frá því að fyrst voru gefnar út opinberar tilskipanir um stafsetningu, og ég vil gjarnan rifja þessa álitsgerð upp hér ef hæstv. forseti telur að tími leyfi það, en í henni segir svo:

„Á síðari hluta 19. aldar og á 20. öld hefur oft verið deilt hart um íslenska stafsetningu og greinarmerkjasetningu.

Hinn 27. mars 1918 gaf dóms- og kirkjumálaráðh. út auglýsingu nr. 15/1918 um eina og sömu stafsetningu í skólum og skólabókum. Í auglýsingu þessari eru lagðar til grundvallar stafsetningarreglur þær er þeir beittu sér fyrir Björn Jónsson og Valdimar Ásmundsson. Samkv. auglýsingunni skal nota þá stafsetningu, sem þar er boðin, í öllum skólum, sem kostaðir eru eða styrktir af landssjóðsfé, á þeim bókum, sem notaðar eru við kennslu í þessum skólum, og á þeim bókum, sem gefnar verða út á kostnað landssjóðs. Ekki hef ég séð að mál þessi hafi áður verið rædd á Alþ., en þó hef ég ekki hirt um að kanna það til hlítar.

Hinn 25. febr. 1929 gaf dóms- og kirkjumálaráðh. út auglýsingu um íslenska stafsetningu, sem birtist í Lögbirtingablaði er út kom 28. sama mánaðar, 22. árg., 9. tbl. Gildissvið er hið sama og auglýsingar nr. 15/1918. Auglýsing þessi skyldi taka gildi 1. okt. 1929. Ekki hef ég fundið umr. á Alþ. sem telja mætti hvata til þessarar auglýsingar, en ekki hef ég þó gerkannað það.

Með bréfi 30. júlí 1964 setti menntmrh. á stofn n. er bar nafnið Íslensk málnefnd. Settar voru reglur um starfsemi nefndarinnar, nr. 49 10. mars 1965. Í 3. mgr. 1. gr. reglnanna segir m. a., að rn. geti falið nefndinni ýmis verkefni, svo sem stafsetningarmál. Breyting á reglum þessum nr. 32 1966 skiptir hér ekki máli.

Á árinu 1972 setti menntmrh. á stofn nefnd sem kölluð hefur verið stafsetningarnefnd. Sú n. mun hafa skilað álitsgerð sem mynda grunn auglýsinga þeirra um þessi mál sem síðar verður vikið að.

Hinn 4. sept. 1973 gaf menntmrh. út auglýsingu nr. 272/1973 um afnám z. Reglur samkv. auglýsingu þessari skyldu gilda um kennslu í skólum, um kennslubækur útgefnar og styrktar af ríkisfé svo og um embættisgögn sem út eru gefin. Ég vek athygli á því, að hér vikið frá því sem var í hinum fyrstu auglýsingum, þar sem gert var ráð fyrir því, að hin ákveðna stafsetning skyldi vera á öllum bókum sem gefnar væru út á vegum landssjóðs, eins og það var þá orðað.

Hinn 29. apríl 1974 var samþ. á Alþ. þáltill. um bókstafinn z í ritmáli, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar, að hrundið skuli þeirri ákvörðun að fella z niður í íslensku ritmáli.“

Þáv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, mun hafa látið í ljós það álit sitt, að hann mundi ekki fara eftir þessari þáltill.

Menntmrh. gaf 3. maí 1974 út auglýsingu nr. 132 1974, um íslenska stafsetningu. Hér er um heildarreglur að ræða og eldri reglur felldar úr gildi, þ. á m. reglur samkv. auglýsingu nr. 272/1973, en efni þeirrar auglýsingar um afnám z er tekið í hina nýju auglýsingu. Gildissvið þessarar auglýsingar og reglna samkv. henni er hið sama og gildissvið auglýsingar nr. 272/1973. Auglýsingin skyldi öðlast gildi 1. sept. 1974. Sama dag gaf menntmrh. út auglýsingu nr. 133/1974, um greinarmerkjasetningu. Gildissvið þessarar auglýsingar svo og gildistaka er hin sama og auglýsingar nr. 132/1974. Ekki er ástæða til að ræða þessa auglýsingu sérstaklega.

Alþingiskosningar fóru fram í júnímánuði 1974. Ný ríkisstj. var mynduð um hausið 1974. Það mun hafa verið 1975, að 5. þm. báru fram í Sþ. till. til þál. um löggjöf um íslenska stafsetningu, 96. löggjafarþing, 289. mál Sþ., þskj. 715. Þáltill. var samþ. á Alþ. 16. maí 1975 og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu.“

Á Alþingi 1975 lögðu 6 þm. fram frv. í Nd. um íslenska stafsetningu, 97. löggjafarþing, 115. mál Nd., þskj. 140. Í frv. þessu er lagt til að tekin verði upp aftur stafsetning sú er boðuð var með auglýsingunni frá 25/2 1929, a. m. k. í meginatriðum. Reglur þessar skyldu gilda um kennslu í öllum skólum ríkisins og þeim er styrks nytu af almannafé. Þá skyldi sú stafsetning, sem þar var lögð til, vera notuð í öllum textum, sem ríkið og ríkisstofnanir gæfu út, og í öllum kennslubókum. Í grg. er vísað til þál. frá 16. maí 1975, áskorunar 33 alþm. til ráðh. um að hann gerði ráðstafanir til að stafsetning sú, sem gildi tók

1929, verði notuð við prentun þeirra skólabóka sem nú er verið að undirbúa til nota á næsta vetri. Þá fylgdi frv. þessu áskorun til menntmrh. um að nema úr gildi auglýsingu nr. 132/1974. Áskorun þessi var undirrituð af 100 merkismönnum. Ég vek athygli á því, að með þessu frv. til l. um íslenska stafsetningu er í fyrsta sinn, að ég hygg, lagt til að setja lagafyrirmæli um það, hversu rita skuli íslenskt mál á tilteknum sviðum sem nánar er skilgreint hér. Og ég vek jafnframt athygli á því, að nú er farið nokkru víðar en áður var, þegar skilgreint er til hverrar útgáfu þessi lögbundna stafsetning skuli ná.

Snemma á árinu 1976 lagði menntmrh. fram í Nd. Alþingis frv. til l. um setningu reglna um íslenska stafsetningu, 97. löggjafarþing, 194. mál Nd., þskj. 406. Í frv. þessu er gert ráð fyrir að menntmrh. setji reglur um stafsetningu með sama gildissviði og auglýsing nr. 132/1974, um setningu stafsetningarreglna skuli leitað tillagna sérfræðinganefndar og áður en stafsetningarreglur séu settar eða þeim sé breytt skuli aflað heimildar Sþ. í formi þál."

Hér er greint frá því lagafrv. mínu, sem ég vék að áðan. Það hefur eftir þessu að dæma legið tvívegis fyrir Alþ., ekki hlotið afgreiðslu n. í fyrra skiptið, má ég segja, núna hins vegar verið afgreitt úr n. shlj. og mælt með samþykkt þess, þó að nokkrir einstakir nm. hafi áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. Ég tel það mjög miður farið með mál, sem virðist þó þetta mikil samstaða um, að tekist skuli hafa til á þann veg, að það hafi ekki hlotið afgreiðslu, því að ef hv. alþm. hefðu afgreitt þettta mál, þá væri þessi meðferð stafsetningarmálanna komin í fastan farveg og við þyrftum væntanlega ekki lengur að deila um það hér á hv. Alþ.

„Meiri hl. menntmn. Nd. lagði til að frv. til sexmenninganna, 115. mál, yrði samþ. með nokkrum breytingum. Minni hl. lagði til, að það yrði afgreitt með rökst. dagskrá, þannig að það yrði tekið af dagskrá, en í þess stað yrði frv. menntmrh., 194. mál, tekið á dagskrá. Var frv., 115. mál, síðan samþ. í Nd. í samræmi við till. meiri hl. menntmn. Frv. fór síðan til Ed. Þar varð menntmn. sammála um að leggja til að frv. yrði vísað til ríkisstj. Jafnframt benti n. á að rétt væri að menntmrh. efndi til fundar með sérfræðingum þar sem reynt yrði að ná sem víðtækustu samkomulagi um meginstefnu varðandi stafsetningarreglur og ákvarðanatöku um breytingar á þeim. Þessi till. menntmn. Ed. var samþykkt. Frv. menntmrh., 194. mál, varð aldrei útrætt.

Í samræmi við ábendingu menntmn. Ed. efndi menntmrh. til mikillar ráðstefnu 30. okt. 1976. Hefur fundargerð þessarar ráðstefnu nú verið birt, þegar þetta er skrifað."

Enn segir í nefndri álitsgerð:

„Ég mun ekki ræða álit mitt á efni þeirra reglna sem hér er um fjallað. Þá mun ég ekki ræða skoðanir mínar á því, hvort eðlilegur eða heppilegur sé sá setningarháttur, sem hafður hefur verið á reglum þessum allt frá upphafi. Enn mun ég ekki ræða um gildissvið auglýsinga þeirra er hér skipta máli. Ef athuga á stjórnskipulega aðstöðu menntmrh. í þessu deilumáli vil ég benda á þetta:

Stafsetningarreglum hefur um langt skeið verið skipað með einhliða ákvörðun ráðh. sem síðan hefur verið auglýst. Telja verður þennan setningarhátt venjubundinn og gildan þar til öðruvísi kann að verða ákveðið með lögum af Alþingi. Þál. eru yfirlýsingar Alþingis sem ekki hafa lagagildi, enda ekki undirritaðar af þjóðhöfðingja. Þær víkja fyrir lögum og breyta ekki settum lögum, sbr. t. d. hæstaréttardóm 1943, nr. 92. Þær geta og haft stjórnskipulega þýðingu, sbr. t. d. þál. frá 10. apríl 1940, um meðferð konungsvalds, og þál. frá 16. júní 1944, um niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins. Í sérflokki eru þær ályktanir Alþingis sem gert er ráð fyrir í stjórnarskránni. Þáltill. frá 29. apríl 1974 hefur ekki lagagildi og bindur því ekki hendur ráðh. stjórnskipulega. Hins vegar getur verið að hún hafi lagt stjórnmálalega ábyrgð á herðar ráðh. og hann hafi mátt vænta vantrausts meiri hl. alþm. ef hann færi eigi eftir henni. Þáltill. frá 16. maí 1975 lagði þá stjórnmálalegu skyldu á herðar ríkisstj. að leggja fram nýtt frv. um heildarskipan þessara mála. Menntmrh. fullnægði þessari skyldu að sínu leyti með framlagningu frv. 1976, 97. löggjafarþing, 194. mál. Afgreiðsla Ed. á frv. sexmenninganna, 97. löggjafarþing, 115. mál, sýnir, að sú deild taldi rétt að unnið yrði meira að þessum málum áður en Alþ. tæki bindandi afstöðu. Einkabréf alþm. hafa enga stjórnskipulega þýðingu og ekki heldur áskoranir einstaklinga þótt merkir séu.

Þegar á allt þetta er litið er það álit mitt, að menntmrh. hafi fullnægt öllum stjórnskipulegum skyldum sínum í máli þessu og reyndar stjórnmálalegum líka. Hitt er svo annað mál, að það verður að móta fasta stefnu í stafsetningarmálum, svo að sæmilegur friður fáist um þetta. Það athugast," segir svo hér að lokum, „að ég hef ekki lagt í það verk að lesa allar umr. um þessi mál, en vona að það skipti ekki máli."

Mér þótti rétt út af þeim margendurteknu ummælum og umr. æ ofan í æ um það, að menntmrh. fyrrv. og núv. hafi brotið af sér, mér skilst stjórnskipunarlega, gagnvart Alþ. að rifja upp þessa umsögn. Nú eru slíkar álitsgerðir vitanlega ekki óyggjandi frekar en önnur mannanna verk. En hér er á mjög skilmerkilegan hátt um það fjallað eða frá því greint í meginatriðum og það rakið, hversu með þessi mál hefur verið farið á undanförnum árum og ályktanir síðan dregnar í framhaldi af slíkri yfirferð. Það er ekki nógu gott, að hv. þm. þurfi að vera að ræða ítrekað sín á milli og ár eftir ár ágreiningsatriði eins og það, hver hafi rétt til þess í raun og veru að skipa stafsetningarmálunum og hver ekki og t. d. í þessu tilviki hver sé staða viðkomandi ráðh. og rn. og hver sé staða Alþ. í þessu máli. Ég ætla ekki að bæta hér við frá eigin brjósti, en tek það fram, að ég álít persónulega að þetta sé eðlileg niðurstaða.

Þessi till., sem liggur fyrir núna og verið er að ræða hér, fjallar um það, að Alþ. skuli mæla fyrir um stafsetningu í einstökum atriðum, sem sagt um það, hversu rita skuli tiltekin orð og orðasambönd í kennslubókum og þeim bókum sem ríkissjóður gefur út — eins og komið hefur hér fram. Ég verð að segja það og árétta það, sem ég hef áður sagt, þó í stuttu máli væri þá, að ég tel það algerlega óeðlilegt, að Alþ. færi sitt verksvið út yfir þennan vettvang. Ég tel það algerlega óeðlilegt. Ég tel að til þess skorti Alþ. og hv. alþm. margt. Alþingi skortir tíma til þess, álít ég, og hv. alþm. ýmsa þekkingu. Ég veit a. m. k. um sjálfan mig, að ég tel að mig skorti algerlega þekkingu til þess að fjalla um þessi mál á þennan hátt, að setja málfræðilegar og flóknar ritreglur. Það getur vel verið að ég sé sá eini, en það er a. m. k. alveg víst, að ég hef ekki slíka þekkingu til að bera að ég treysti mér til að vinna að þeim verkum á þann hátt.

Í síðasta lagi er svo spurningin: Hvar á að nema

staðar? Ef Alþ. á að taka að sér að setja ritreglur og þá væntanlega, miðað við það sem nú er orðið álit margra, að fylgjast með því, að þeim sé framfylgt út í æsar, þá náttúrlega fer ekki hjá því að við verðum að fara ofan í kennslubækurnar hverja um sig o. s. frv. Ég sagði það víst þegar rætt var um þetta á Alþ. áður, að það þyrfti þá að fylgja Alþingistíðindum leiðarvísir um þetta hverju sinni. Alltaf þarf að fylgjast með. Þó að menn reyndu að vera íhaldssamir um beinar breytingar, þá þarf stöðugt að fylgjast með að aðrir séu þá ekki að fikta við slíkt — kannske hálfgert á laun.

Mér finnst þetta augljóst allt saman, þessi þrjú atriði sem ég nefndi. Alþ. hefur gífurlega mikið verksvið þó það bæti ekki þessu við. Þekkingu mun skorta hjá okkur ýmsum. Og svo verður erfitt að fóta sig á hvar eigi að nema staðar ef farið er út í þessa sálma. Þetta er svo augljóst, að mér finnst nánast erfitt að rökstyðja það í löngu máli. Auðvitað gæti ég gert það. Það er hægt að minna á þau svið sem löggjöfin spannar yfir. En mér finnst í sjálfu sér fáranlegt að fara að telja það allt saman upp, öll þau viðfangsefni sem alþm. og Alþ. sem stofnun hljóta að fjalla um, eins og nú er háttað málum, þó það fari ekki inn á svið eins og þetta, að setja löggjöf um hversu skuli rita hvert orð og orðasamband, því að það náttúrlega leiðir af sjálfu sér, að ekki mundi Alþ. láta sér nægja að fjalla aðeins um einn einasta staf, þó kær sé Sverri Hermannssyni, hv. þm., og raunar fleirum. Það hlyti að taka fleira fyrir. Það er útilokað annað. Og ég er alveg ófáanlegur til þess að fallast á þetta sjónarmið. Hitt er mér auðvitað ljóst, að ef Alþ. vill breyta þessari allt að hálfrar aldar gömlu hefð sem hér hefur viðgengist, þá getur það auðvitað hvenær sem er gert það, þó svona hafi tekist til í tvö skipti, að mál hafi komið það seint fram að það hafi ekki náð afgreiðslu. Ef vilji er fyrir því á Alþ. að gera slíkt, þá er náttúrlega hvenær sem er hægt að vinda sér í það. Það geta alþm. gert — og þá það. En þannig verður að fara að ef á að breyta þessari grónu hefð, að því er ég hygg, og álitsgerðin, sem ég vitnaði til, staðfestir það eða rennir stoðum undir þá skoðun, að þessu verði ekki breytt með eðlilegum og lögformlegum hætti öðruvísi en gera það með lögum, ekki með einföldum þál. og þaðan af síður með því að skrifa bréf í rn. Hitt er svo annað mál, og það kemur auðvitað fram í mínum tillöguflutningi og frv. sem ég nefndi áðan, að ég tel rétt og nauðsynlegt að settar séu ákveðnari reglur um meðferð stafsetningarmála, ekki um það, hvernig skuli rita orðin, heldur hvernig með þessi mál skuli fara.

Hæstv. forseti hefur nú óskað þess, að ég stytti heldur mál mitt, og ég skal verða við því. En ég vil aðeins í framhaldi af þessum ummælum um frv. mitt um stafsetningarmál árétta, að það er ekki einasta álit mitt, heldur augljóslega margra alþm., að þörf sé slíkra laga, því þegar þetta mál hefur fengist rætt í þinginu, þá hafa menn tekið því jákvætt og svo er nú komið út nál. þar sem allir mæla með samþykkt frv. Og ég held, að fyrirvari nm. sé ekki um málið efnislega, heldur um annað atriði.

Ég vil svo árétta það sem ég hef áður sagt, að ég tel óráðlegt að taka upp bókstafinn z á ný. Það eru 5 ár liðin frá því að hún var afnumin. Það hefur sýnt sig, að breytingar á stafsetningunni valda gríðarlega miklu fjaðrafoki — það er ekki ofsögum af því sagt. Þessi breyting nú hefur orðið erfið. Breytingin 1929 var líka erfið, því að það tók áratugi fyrir blöð landsins aða fella sig við þá breytingu. Nei, það er ekkert gaman á ferðum, þegar ráðist er í breytingar. Þar að auki sýnist mér það alveg ljóst af öllum þeim mörgu umsögnum, sem hafa komið um þessi mál, samþykktir hafa gengið um það o. s. frv., að það er ekki vilji fyrir því hjá því fólki, sem í raun annast framkvæmd þeirra auglýsinga, sem settar hafa verið, og svo laga, sem kynnu að verða sett síðar, — það er óvilji hjá þessu fólki að breyta nú til á þennan hátt og taka upp z-una. Ég vil leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., að það hefði komið fram till. á ráðstefnunni um að taka upp z í stofn orða. Þetta er ekki rétt. Það er kirfilega fram tekið í ræðu þess manns, sem hreyfði þessu, að hann væri hér með hugmynd, en þetta er ekki tillaga, sagði hann. Ég vil að þetta komi fram.

Ég skal svo að síðustu segja það, að ég get út af fyrir sig vel skilið það og auðvitað þykir manni vænt um það, að hv. þm. sem og aðrir Íslendingar láti sig ekki litlu varða, heldur miklu íslenska stafsetningu, því að ég álít að hún sé einn af þáttunum í meðferð móðurmálsins, að sjálfsögðu, já, og þýðingarmikill þáttur. En ég held að það væri óráðlegt að gera nú þær breytingar sem tillögumenn leggja til. Og ég fyrir mína parta er samþykkur þeirri málsmeðferð, sem minni hl. n. leggur til, að vísa málinu frá nú til frekari athugunar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 77. fundur.

Laugardaginn 6. maí, kl. 5 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hæstv. ríkisstj. Háttvirtir alþingismenn. Ég mun gefa yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið yfir frá 10. okt. til 21. des. og frá 23. jan. til 6. maí 1978, alls 177 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	103
Í efri deild	105
Í sameinuðu þingi	77
	Alls 285

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:

a. Lögð fyrir neðri deild	47	
b. Lögð fyrir efri deild	65	
c. Lögð fyrir sameinað þing ..	3	
	——	115

2. Þingmannafrumvörp:

a. Borin fram í neðri deild ...	53	
b. Borin fram í efri deild	23	
	——	76
Úrslit urðu þessi:		—— 191
a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	88	
Þingmannafrumvörp	20	
	——	108

b. Fellt:		
Þingmannafrumvarp	1	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum	7	
d. Afgreitt með rökstuddri dagskrá:		
Þingmannafrumvarp	1	
e. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	27	
Þingmannafrumvörp	47	
		83
		191

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi	65	
Bornar fram í neðri deild	4	
Bornar fram í efri deild	2	
		71
Úrslit urðu þessi:		
Ályktanir Alþingis	15	
Vísað til ríkisstjórnarinnar ...	3	
Afgreiddar með rökstuddri dagskrá	3	
Ekki útræddar	50	
		71

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi 96. Sumar eru fleiri saman á þskj., svo að málatala þeirra er ekki nema .	48
Öllum þessum fyrirspurnum var svarað nema 13.	
Mál til meðferðar í þinginu alls	310
Skýrslur ráðherra voru	8
Tala prentaðra þingskjala	966

Yfirlit þetta ber það með sér að mál þau, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, eru fleiri en oftast áður. Allflest hafa þau komið til umræðu, en mörg stjfrv. hafa verið lögð fram til kynningar og eru þar með komin á umræðustig. Þessi háttur á kynningum mála er gamalþekktur á Alþ. og hefur oft leitt til þess, að lagasetning hefur orðið haldbetri en annars, þar sem ýmsir þeir, sem til þeirra mála þekkja, kynna sér þau og gefa vissar ábendingar.

Á þingi þessu hafa verið samþykkt lög um margvísleg málefni, m. a. lög um þjóðleikhús, hlutafélög, vátryggingarstarfsemi, búnaðarmenntun, heilbrigðisþjónustu, almannatryggingar, rannsóknarlögreglu, verðlag, samkeppnishömlur og viðskiptahætti og iðnaðarlög með meiru. Þá hafa verið samþykkt ný skattalög, sem hlotið hafa langan og góðan undirbúning og auk þess verið mikið rædd hér í þingsölum nú og einnig á undanförnum árum.

Ég hef áður sagt það og endurtek það, að skattheimtan og framkvæmd hennar er hyrningarsteinn velferðarþjóðfélags, og það varðar alla þegna landsins, hvernig þar tekst til. Sameiginlegar þarfir þjóðarinnar eru miklar og rúmum helmingi ríkisútgjalda er með ýmsu móti varið til þess að bæta lífskjör þeirra sem erfiðara eiga. Efnahagsmálin hafa tekið mikinn tíma á þessu þingi, oft komið til umræðu í sambandi við önnur mál, utan dagskrár og ekki síst í sambandi við lagasetningu þar að lútandi. Ein mesta höfuðnauðsyn til þess að geta búið í haginn fyrir framtíðina er að draga úr verðbólgu, skapa meira jafnvægi í efnahagsmálum, auka sparifé og búa sem mest á flestum sviðum að því, sem er innlent, og á þann hátt að spara gjaldeyri og draga úr erlendum lántökum.

Íslenska þjóðin býr við góð lífskjör á flestum sviðum. Atvinna hefur verið mikil og framfarir stórstígar á undanförnum árum og áratugum. Sex áratugir eru senn liðnir síðan Íslendingar öðluðust sjálfstæði, og segja má að hver sigurinn á fætur öðrum hafi unnist síðan. Ég minni á í því sambandi stofnun lýðveldis 1944 og útfærslu fiskveiðilögsögu íslands í áföngum á aldarfjórðungi úr 3 mílum í 200 mílur. Í kjölfar þessa hefur þjóðlífið breyst. Óskir hafa ræst og vonir orðið að veruleika. Fátæktin, sem flestir bjuggu við áður fyrr, smækkaði ekki íslensku þjóðina, en hvatti hana til drengskapar og dáða. Þessa er vert að minnast um leið og ég minni á það, að ekki er minni vandi að gæta fengins fjár en afla, og þess skulum við einnig minnast og hafa í huga, að sameinaðir stöndum vér, en sundraðir föllum vér.

Þá vil ég geta þess, að á borð þingmanna hefur verið lögð bók sem ber nafnið Alþingi — það er um húsakost Alþingis og væntanlegar byggingar yfir Alþingi í framtíðinni. Um leið og ég þakka húsameistara ríkisins og starfsmönnum hans fyrir mikilvæg störf í þágu þessa, þá vona ég, að störf þeirra auðveldi alþm. að átta sig á því, hvernig best og hagkvæmast verður að haga framkvæmdum um byggingar yfir þingheim í framtíðinni.

Ég vil líka geta þess, að Alþingismannatalið, sem nær til ársloka 1975, er komið í prentun og verður vonandi tilbúið í næsta mánuði.

Ástæða væri fyrir mig að gefa nánari skýrslu um ýmislegt sem snertir Alþ., en ég læt þetta nægja.

Störfum Alþingis á þessu 99. starfsári frá endurreisn Alþingis er að ljúka og þetta er síðasta þing þessa kjörtímabils. Þess vegna veit maður ekki hverjir eiga afturkvæmt hingað á þingbekki að kosningum loknum. Þó er það vitað, að eftirtaldir alþm. og fyrrv. ráðh. verða ekki í kjöri við þær alþingiskosningar sem í hönd fara:

Ingólfur Jónsson, sem átt hefur sæti á Alþ. í 36 ár og verið ráðh. í nær 15 ár.

Gylfi Þ. Gíslason, sem átt hefur sæti á Alþ. í 32 ár og verið samfleytt ráðh. í 15 ár.

Jóhann Hafstein, sem átt hefur sæti á Alþ. í 32 ár og verið ráðh. í 8 ár og þar af forsrh. í eitt ár.

Eggert G. Þorsteinsson, sem átt hefur sæti á Alþ. í 25 ár og verið ráðh. í 6 ár.

Magnús Kjartansson, sem átt hefur sæti á Alþ. í 11 ár og auk þess oft mætt sem varamaður og verið ráðh. í 3 ár.

Guðlaugur Gíslason, aldursforseti Alþingis, sem átt hefur sæti á Alþ. í 19 ár.

Axel Jónsson, sem setið hefur á 15 þingum.

Jón Árm. Héðinsson, sem átt hefur sæti á Alþ. í 11 ár.

Ingiberg J. Hannesson, sem setið hefur hluta af þessu kjörtímabili á Alþingi.

Allir hafa þessir hv. þm. og fyrrv. ráðh. sett svip sinn á Alþingi og unnið mikilvæg störf í þágu lands og þjóðar, bæði á Alþingi og sem ráðherrar og markað spor á framfarabraut þjóðarinnar. Ég færi þeim öllum bestu þakkir Alþingis við þetta tækifæri og óska þeim gifturíkrar ævi í framtíðinni.

Sérstakar kveðjur Alþingis flyt ég þeim Jóhanni Haf-

stein, fyrrv. forsrh., og Magnúsi Kjartanssyni, fyrrv. iðnrh., en þeir eru báðir fjarstaddir vegna veikinda. Ég óska þeim góðs bata.

Þá er það þingheimi kunnugt, að ég hef ákveðið að hætta þingmennsku. Ég þakka ykkur öllum samstarf og kynni á liðnum árum. Ég minnist líka við þetta tækifæri hinna fjölmörgu manna sem ég hef kynnst á Alþingi og unnið með í lengri eða skemmri tíma. Þetta hefur verið viðburðaríkur og lærdómsríkur tími í ævi minni, og ég minnist hans með þakklæti og virðingu fyrir alþm. og Alþingi sem æðstu stofnun þjóðarinnar.

Ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm., skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis umburðarlyndi í minn garð og einnig ánægjulegt samstarf á þessu þingi og á undanförnum árum. Sérstakar þakkir færi ég deildarforsetum sem ávallt hafa verið mjög samvinnuþýðir í öllu því sem að stjórn Alþingis lýtur. Ég þakka einnig varaforsetum sem jafnan hafa veitt mér ágæta aðstoð. Skrifurum þingsins þakka ég frábær störf. Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þakka ég mikil og vel unnin störf, og sérstaklega þakka ég þá ró og festu sem allir hafa sýnt í því mikla annríki sem verið hefur síðustu sólarhringana.

Ég óska hv. alþm. góðrar heimferðar og heimkomu og árna ykkur öllum heilla um leið og ég þakka. Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Ragnar Arnalds: Ég vil fyrir hönd okkar alþm. þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur til handa. Þar sem vitað er að forseti Sþ., Ásgeir Bjarnason, gefur ekki kost á sér til endurkjörs í komandi kosningum og verður því ekki þm. á næsta kjörtímabili, þá vil ég nota þetta tækifæri til þess að færa honum sérstakar þakkir okkar alþm. Ásgeir Bjarnason hefur setið á Alþingi í tæpa þrjá áratugi og hann hefur gegnt forsetastörfum og forustuhlutverki í hópi þm. undanfarin 4 ár. Ég mæli vafalaust fyrir munn allra alþm., þegar ég segi að hann hafi gegnt störfum sínum með miklum sóma. Embættisstörf hans sem og önnur störf hafa einkennst af traustri forustu og réttsýni ásamt þeirri hlýlegu framkomu sem honum er ásköpuð. Ég þakka Ásgeiri Bjarnasyni ágætt samstarf á liðnum árum og óska honum og fjölskyldu hans allra heilla og velfarnaðar á komandi árum. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsliði fyrir ágæt störf á liðnu kjörtímabili.

Ég bið þm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — (Þingmenn risu úr sætum.)

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og öllum hv. alþm. fyrir að hafa tekið undir þær óskir. Ég árna ykkur öllum góðs gengis.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 99. löggjafarþing, lýkur störfum laugardaginn 6. maí 1978. Mun ég því slíta Alþingi þann dag.

Gert í Reykjavík 5. maí 1978.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Samkv. þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég þakka þm. störf þeirra og óska þeim góðrar heimferðar og alls velfarnaðar. Þjóðinni óska ég allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Geir Hallgrímsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.